ALÞINGISTÍÐINDI

1990–91

HUNDRAÐASTA OG ÞRETTÁNDA LÖGGJAFARÞING

A

ÞINGSKJÖL

REYKJAVÍK
PRENTSMIÐJAN GUTENBERG HF.
1991

Skrifstofa Alþingis hefur annast útgáfu Alþingistíðindanna.

Skammstafanir.

afgr. = afgreitt
allshn. (a) = allsherjarnefnd
Alþb. (Ab) = Alþýðubandalag
Alþfl. (A) = Alþýðuflokkur
alþm. = alþingismaður
Alþt. = Alþingistíðindi
atkv. = atkvæði
atkvgr. = atkvæðagreiðsla
atvmn. (atv) = atvinnumálanefnd
Austurl. = Austurlandskjördæmi
Borgfl. (B) = Borgaraflokkur
brbl. = bráðabirgðalög
breyt. = breyting
brtt. = breytingartillaga
db. = dagbókarerindi
dóms- og kirkjumrn. = dóms- og kirkjumálaráðuneyti
dómsmrh. = dómsmálaráðherra
dómsmrn. = dómsmálaráðuneyti
Ed. = efri deild
félmn. (fél) = félagsmálanefnd
félmrh. = félagsmálaráðherra
félmrn. = félagsmálaráðuneyti
FH = Frjálslyndi hægriflokkurinn
fjh.- og viðskn. (fv) = fjárhags- og viðskiptanefnd
fjmrh. = fjármálaráðherra
fjmrn. = fjármálaráðuneyti
fjvn. (f) = fjárveitinganefnd
flm. = flutningsmaður
form. = formaður
forsrh. = forsætisráðherra
forsrn. = forsætisráðuneyti
Framsfl. (F) = Framsóknarflokkur
frávt. = frávísunartillaga
frhnál. = framhaldsnefndarálit
frsm. = framsögumaður
frv. = frumvarp
frvgr. = frumvarpsgrein
fskj. = fylgiskjal
fsp. = fyrirspurn
fundaskr. = fundaskrifari
gr. = grein
grg. = greinargerð
hagstrh. = hagstofuráðherra
heilbr.- og trmrh. = heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra
heilbr.- og trmrn. = heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti
heilbr.- og trn. (ht) = heilbrigðis- og trygginganefnd
heilbrrh. = heilbrigðisráðherra
hl. = hluti
hv. = háttvirtur
hæstv. = hæstvirtur
iðnn. (i) = iðnaðarnefnd
iðnrh. = iðnaðarráðherra
iðnrn. = iðnaðarráðuneyti
k = kjörbréfanefnd
kirkjumrh. = kirkjumálaráðherra
l. = lög
lagafrv. = lagafrumvarp
landbn. (l) = landbúnaðarnefnd
landbrh. = landbúnaðarráðherra
landbrn. = landbúnaðarráðuneyti
lþ. = löggjafarþing
málsl. = málsliður
menntmn. (m) = menntamálanefnd
menntmrh. = menntamálaráðherra
menntmrn. = menntamálaráðuneyti
mgr. = málsgrein
n. (með þingskjalsnúmeri) = nefndarálit
nál. = nefndarálit
Nd. = neðri deild
Norðurl. e. = Norðurlandskjördæmi eystra
Norðurl. v. = Norðurlandskjördæmi vestra
ráðh. = ráðherra
Reykn. = Reyknesingar
Reykv. = Reykvíkingar
rökst. = rökstudd
samgm. = samgöngumál
samgn. (sa) = samgöngunefnd
samgrh. = samgönguráðherra
samgrn. = samgönguráðuneyti
samstrh. = ráðherra norrænna samstarfsmála
samvn. = samvinnunefnd
samþ. = samþykkt
shlj. = samhljóða
Sjálfstfl. (S) = Sjálfstæðisflokkur
SJF = Samtök jafnréttis og félagshyggju
sjútvn. (sj) = sjávarútvegsnefnd
sjútvrh. = sjávarútvegsráðherra
sjútvrn. = sjávarútvegsráðuneyti
SK = Samtök um kvennalista
skv. = samkvæmt
stafl. = stafliður
stjfrv. = stjórnarfrumvarp
stjskr. = stjórnarskrá
stjskrn. = stjórnarskrárnefnd
stjtill. = stjórnartillaga
Suðurl. = Suðurlandskjördæmi
Sþ. = sameinað þing
till. = tillaga
tillgr. = tillögugrein
tölul. = tölulið
umhvrh. = umhverfisráðherra
umhvrn. = umhverfisráðuneyti
umr. = umræða
utanrmn. (u) = utanríkismálanefnd
utanrrh. = utanríkisráðherra
utanrrn. = utanríkisráðuneyti
Vestf. = Vestfirðir
Vesturl. = Vesturlandskjördæmi

viðskrh. = viðskiptaráðherra
viðskrn. = viðskiptaráðuneyti
vþm. = varaþingmaður
þál. = þingsályktun
þáltill. = þingsályktunartillaga
þm. = þingmaður
þmfrv. = þingmannafrumvarp
þskj. = þingskjal

Alþingismenn og ráðherrar

AðB = Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir
AÓB = Anna Ólafsdóttir Björnsson
AS = Alexander Stefánsson
ÁrnG = Árni Gunnarsson
ÁsHE = Ásgeir Hannes Eiríksson
BÍG = Birgir Ísl. Gunnarsson
DS = Danfríður Skarphéðinsdóttir
EG = Eiður Guðnason
EgJ = Egill Jónsson
EH = Eggert Haukdal
EKJ = Eyjólfur Konráð Jónsson
FrS = Friðrik Sophusson
FÞ = Friðjón Þórðarson
GB = Guðmundur Bjarnason
GeirG = Geir Gunnarsson
GGÞ = Guðmundur G. Þórarinsson
GHelg = Guðrún Helgadóttir
GHG = Guðmundur H. Garðarsson
GHH = Geir H. Haarde
GJH = Guðrún J. Halldórsdóttir
GuðmÁ = Guðmundur Ágústsson
GuðnÁ = Guðni Ágústsson
GJH = Guðrún J. Halldórsdóttir
HÁ = Halldór Ásgrímsson
HBl = Halldór Blöndal
HG = Hjörleifur Guttormsson
HJ = Hreggviður Jónsson
IBA = Ingi Björn Albertsson
JBH = Jón Baldvin Hannibalsson
JE = Jóhann Einvarðsson
JHelg = Jón Helgason
JK = Jón Kristjánsson
JóhS = Jóhanna Sigurðardóttir
JónS = Jón Sigurðsson
JSS = Jón Sæmundur Sigurjónsson
JúlS = Júlíus Sólnes
KE = Kristín Einarsdóttir
KP = Karvel Pálmason
KrP = Kristinn Pétursson
KSG = Karl Steinar Guðnason
MálmS = Málmfríður Sigurðardóttir
MÁM = Matthías Á. Mathiesen
MB = Matthías Bjarnason
MF = Margrét Frímannsdóttir
ÓE = Ólafur G. Einarsson
ÓRG = Ólafur Ragnar Grímsson
ÓÞG = Óli Þ. Guðbjartsson
ÓÞÞ = Ólafur Þ. Þórðarson
PJ = Pálmi Jónsson
PP = Páll Pétursson
RA = Ragnar Arnalds
RG = Rannveig Guðmundsdóttir
RH = Ragnhildur Helgadóttir
SalÞ = Salome Þorkelsdóttir
SighB = Sighvatur Björgvinsson
SJS = Steingrímur J. Sigfússon
SkA = Skúli Alexandersson
StG = Stefán Guðmundsson
StH = Steingrímur Hermannsson
SV = Stefán Valgeirsson
SvG = Svavar Gestsson
VS = Valgerður Sverrisdóttir
ÞK = Þorvaldur Garðar Kristjánsson
ÞP = Þorsteinn Pálsson
ÞÞ = Þórhildur Þorleifsdóttir

Varaþingmenn

ÁJ = Árni Johnsen
BDýr = Birgir Dýrfjörð
BVG = Björn Valur Gíslason
BGísl = Björn Gíslason
BGuðm = Björgvin Guðmundsson
ESH = Elín S. Harðardóttir
EE = Ellert J. Eiríksson
GuttE = Guttormur Einarsson
HuJ = Hulda Jensdóttir
JAJ = Jóhann A. Jónsson
JGS = Jóhannes Geir Sigurgeirsson
JHall = Jónas Hallgrímsson
LVJ = Lára V. Júlíusdóttir
NL = Níels Árni Lund
ÓRG = Ólafur Ragnar Grímsson
PB = Pétur Bjarnason
SigH = Sigrún Helgadóttir
SigJ = Sigrún Jónsdóttir
SP = Sólveig Pétursdóttir
SvS = Sverrir Sveinsson
UH = Unnur Hauksdóttir
UÞB = Unnar Þór Böðvarsson
VI = Valdimar Indriðason

Skammstafanir þessar tákna og orðin í fleirtölu og í öllum beygingarföllum.

Sþ. Frumvarp til fjárlaga [1. mál]

fyrir árið 1991

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

	Bls.
A-hluti	3
B-hluti	203
Heimildir	232
Athugasemdir	237
Töfluviðauki	381
Fylgiskjöl	405
Skrá yfir stofnanir, sjóði og viðfangsefni	419
Efnisyfirlit	454

PRENTSMIÐJAN GUTENBERG HF.

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr.

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**99 563 000**
Beinir skattar	19 332 000	
Óbeinir skattar	73 928 000	
Vaxtatekjur	3 710 000	
Aðrar tekjur	2 593 000	
Gjöld		**103 213 000**
Samneysla	42 918 360	
Rekstrargjöld	40 401 360	
Viðhald	2 517 000	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	41 489 840	
Vaxtagreiðslur	9 400 000	
Fjárfesting	9 404 800	
Stofnkostnaður	5 652 900	
Fjármagnstilfærslur	3 751 900	
Gjöld umfram tekjur		**3 650 000**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		330 000
Veitt lán til B-hluta ríkissjóðs	3 680 000	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum	-3 350 000	
Hluta- og stofnfjárframlög		270 000
Viðskiptareikningar		500 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**4 750 000**
Afborganir af teknum lánum		6 900 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**11 650 000**
Lántökur		11 650 000
Innlend verðbréfaútgáfa	11 650 000	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**0**

2. gr.

Árið 1991 eru veittar til gjalda fjárhæðir sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

Rekstrar-

Gjöld:

		Þús. kr.	Þús. kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**		**887 770**
	Embætti forseta Íslands	42 650	
	Alþingi og stofnanir þess	736 440	
	Ríkisstjórn og Hæstiréttur	90 100	
	Annað	18 580	
01	**Forsætisráðuneyti**		**383 850**
	Ráðuneyti	71 500	
	Annað	312 350	
02	**Menntamálaráðuneyti**		**15 426 710**
	Ráðuneyti	219 620	
	Háskólar og rannsóknir	2 422 140	
	Framhaldsskólar	3 450 080	
	Héraðsskólar	162 190	
	Grunnskólar	4 556 660	
	Sérstofnanir fyrir börn og unglinga	577 940	
	Önnur fræðslumál	359 430	
	Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 930 000	
	Söfn, listastofnanir o.fl.	901 340	
	Ýmis framlög	847 310	
03	**Utanríkisráðuneyti**		**1 314 320**
	Ráðuneyti o.fl.	359 070	
	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	204 470	
	Sendiráð og fastanefndir	392 850	
	Þróunarmál, alþjóðastofnanir o.fl.	357 930	
04	**Landbúnaðarráðuneyti**		**4 165 210**
	Ráðuneyti	55 500	
	Landbúnaðarmál	3 589 010	
	Landgræðsla, skógrækt	342 510	
	Búnaðarskólar	178 190	
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**		**952 280**
	Ráðuneyti	75 560	
	Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	796 780	
	Annað	79 940	
	Flutt		23 130 140

3. gr.

Árið 1991 er áætlað að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

reikningur

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
41	**Beinir skattar**		
411	**Eignarskattar**		**3 397 000**
4110	Eignarskattur, einstaklingar	1 400 000	
41101	Eignarskattsauki, einstaklingar	140 000	
4111	Eignarskattur, félög	920 000	
41111	Eignarskattsauki, félög	195 000	
4116-7	Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði	482 000	
4118	Erfðafjárskattur	260 000	
412	**Tekjuskattur, nettó**		**15 565 000**
4120-2	Tekjuskattur, einstaklingar, nettó	12 200 000	
4123	Tekjuskattur, félög	3 365 000	
413	**Persónuskattar**		**370 000**
4130	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	370 000	
42-43	**Óbeinir skattar**		
420	**Gjöld af innflutningi, aðflutningsgjöld, almenn**		**3 405 000**
4200	Aðflutningsgjöld alls	3 405 000	
421	**Gjöld af innflutningi**		**5 625 000**
4210	Gjald af bifreiðum og bifhjólum	1 160 000	
4211	Innflutningsgjald af bensíni	3 570 000	
4212	Jöfnunargjald	700 000	
4213	Jöfnunarálag á hús og húshluti	10 500	
42153	Fóðurgjald, grunngjald, lög nr. 46/1985	52 500	
42154	Kartöflugjald	102 000	
4216	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	30 000	
422	**Tekjur af sölu erlends gjaldeyris**		**589 000**
4220	Gjald af umboðsþóknun og gengismun innlánsstofnana	343 000	
4221	Leyfisgjald	246 000	
	Flutt		28 951 000

Rekstrar-

Gjöld:

		Þús. kr.	Þús.kr.
	Flutt		23 130 140
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**		**4 710 330**
	Ráðuneyti o.fl.	112 190	
	Dómsmálastofnanir	411 170	
	Löggæslustofnanir	1 036 960	
	Sýslumenn og bæjarfógetar	1 720 140	
	Fangelsismál	295 980	
	Landhelgisgæsla o.fl.	716 840	
	Kirkjumál	417 050	
07	**Félagsmálaráðuneyti**		**4 284 600**
	Ráðuneyti	68 080	
	Húsnæðismál	700 000	
	Stjórnsýslustofnanir o.fl.	126 280	
	Málefni fatlaðra	1 612 630	
	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1 304 000	
	Annað	473 610	
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**		**42 408 920**
	Ráðuneyti	97 830	
	Tryggingamál	26 018 730	
	Sjúkrahús	14 105 710	
	Heilsugæsla	1 614 730	
	Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	215 630	
	Annað	356 290	
09	**Fjármálaráðuneyti**		**15 282 880**
	Ráðuneyti o.fl.	389 460	
	Skatta- og tollamál	1 230 200	
	Verðlagsmál og ríkisábyrgðir	3 031 000	
	Vextir	9 400 000	
	Annað	1 232 220	
10	**Samgönguráðuneyti**		**6 472 430**
	Ráðuneyti	50 620	
	Vegamál	5 370 000	
	Siglingamál	459 950	
	Flugmál	439 980	
	Annað	151 880	
	Flutt		96 289 300

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		28 951 000
423	**Skattar af framleiðslu og innflutningi**		**2 457 000**
4235	Vörugjald	2 345 000	
4239	Framleiðslugjald af áli	112 000	
425	**Virðisaukaskattur**		**40 500 000**
4250	Virðisaukaskattur	40 500 000	
426	**Skattar af orku**		**80 000**
4261	Rafmagnseftirlitsgjald	80 000	
427	**Skattar af einkasöluvörum**		**6 405 400**
4271	Hluti af rekstrarhagnaði ÁTVR	6 400 000	
4273	Gjald af einkasöluvörum	5 400	
428	**Sérstakir skattar af þjónustu**		**71 500**
42801	Skemmtanaskattur	61 000	
42802	Miðagjald	10 500	
429	**Aðrir skattar af veittri þjónustu**		**453 500**
4290	Aukatekjur, almennar	445 000	
42942	Samúðarskeyti Landsímans	8 500	
430	**Skattar af launagreiðslum**		**9 130 000**
4300	Tryggingaiðgjald	9 130 000	
	Flutt		88 048 400

Rekstrar-

Gjöld:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		96 289 300
11	**Iðnaðarráðuneyti**		**985 720**
	Ráðuneyti	45 460	
	Iðnaðarmál	255 610	
	Orkumál	684 650	
12	**Viðskiptaráðuneyti**		**5 384 150**
	Ráðuneyti	56 490	
	Niðurgreiðslur	5 250 000	
	Annað	77 660	
13	**Hagstofa Íslands**		**134 850**
14	**Umhverfisráðuneyti**		**418 980**
	Ráðuneyti o.fl.	63 790	
	Náttúruvernd	66 770	
	Skipulagsmál	64 900	
	Rannsóknir o.fl.	223 520	
	Gjöld samtals		103 213 000

r e i k n i n g u r

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		88 048 400
431	**Aðrir óbeinir skattar**		**5 211 600**
4310	Þinglýsingar	70 000	
4311	Stimpilgjald	2 250 000	
43121	Þungaskattur af dísilbifreiðum, skv. ökumælum	1 105 000	
43122	Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	345 000	
43123	Bifreiðagjald	1 010 000	
43132	Vitagjald	39 000	
43133	Skipaskoðunargjald	42 000	
4316	Áhættugjald ríkisábyrgða	304 000	
4317	Einkaleyfisgjald Happdrættis H.Í.	46 600	
48	**Fjármunatekjur**		
481	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**3 710 000**
4811	Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	1 750 000	
4812	Vaxtatekjur af langtímalánum	1 960 000	
482	**Arðgreiðslur**		**2 318 000**
4820	Frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta:		
48201	Afgjöld ríkisjarða	15 000	
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	330 000	
48203	Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	18 000	
48206	Póstur og sími	550 000	
4821	Sameignir ríkisins	600 000	
4822	Arður af hlutabréfum	50 000	
4823	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	750 000	
4829	Aðrar arðgreiðslur ríkisfyrirtækja	5 000	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**275 000**
4990	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	250 000	
4999	Óvissar tekjur	25 000	
	Tekjur samtals		99 563 000
	Gjöld umfram tekjur		3 650 000
	Samtals		103 213 000

Sundurliðun útgjalda eftir ráðuneytum, stofnunum og tegundum útgjalda

4. gr.

00 Æðsta stjórn ríkisins

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–101 Embætti forseta Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 650
1 01	Yfirstjórn	40 510	
1 50	Fálkaorðan	2 140	
	Gjöld samtals		42 650
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 290	
52–58	Önnur gjöld	21 360	
5	Gjöld samtals		**42 650**
00–201 Alþingi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			570 380
1 01	Alþingiskostnaður	260 040	
1 02	Aðalskrifstofa	40 130	
1 03	Þingmálaskrifstofa	97 580	
1 04	Rekstrarskrifstofa	127 420	
1 05	Alþjóðasamstarf þingmanna	18 540	
1 06	Norðurlandaráð	22 420	
1 07	Hús Jóns Sigurðssonar	4 250	
Viðhaldsverkefni:			10 000
5 20	Fasteignir	10 000	
Stofnkostnaður:			15 000
6 01	Tæki og búnaður	15 000	
	Gjöld samtals		595 380

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	322 090	
52–58	Önnur gjöld	246 550	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	26 740	
5	Gjöld samtals	595 380	
4	Sértekjur	8 150	
	Mismunur		**587 230**

00–301 Ríkisstjórn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			63 440
1 01	Ríkisstjórn	60 210	
1 10	Nefndakostnaður vegna samþykkta Alþingis	3 230	
	Gjöld samtals		63 440
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	55 520	
52–58	Önnur gjöld	7 920	
5	Gjöld samtals		**63 440**

00–401 Hæstiréttur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 660
1 01	Hæstiréttur	26 660	
	Gjöld samtals		26 660
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 050	
52–58	Önnur gjöld	610	
5	Gjöld samtals		**26 660**

00–510 Bessastaðir[1])

00–520 Opinberar heimsóknir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 580
1 01	Opinberar heimsóknir	18 580	
	Gjöld samtals		18 580

[1]) Samanber fjárlagalið 02–978

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	18 580	
5	Gjöld samtals		**18 580**

00–610 Umboðsmaður Alþingis

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 690
1 01	Umboðsmaður Alþingis	15 690	
Stofnkostnaður:			900
6 01	Tæki og búnaður	900	
	Gjöld samtals		16 590
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 040	
52–58	Önnur gjöld	8 550	
5	Gjöld samtals		**16 590**

00–620 Ríkisendurskoðun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			125 640
1 01	Yfirstjórn	125 640	
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Tæki og búnaður	7 000	
	Gjöld samtals		132 640
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	84 870	
52–58	Önnur gjöld	47 770	
5	Gjöld samtals	132 640	
4	Sértekjur	20	
	Mismunur		**132 620**
	Samtals		887 770

01 Forsætisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
01–101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			64 010
1 01	Yfirstjórn	43 610	
1 20	Stjórnarráðshús	6 880	
1 21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu	2 280	
1 22	Ráðherrabústaður Þingvöllum	870	
1 23	Hrafnseyri	810	
1 30	Öryggismálanefnd	8 220	
1 40	Gjöf Jóns Sigurðssonar	1 340	
Viðhaldsverkefni:			7 600
5 20	Stjórnarráðshús	2 000	
5 21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu	5 000	
5 22	Ráðherrabústaður Þingvöllum	600	
	Gjöld samtals		71 610
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	28 320	
52–58	Önnur gjöld	41 140	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 150	
5	Gjöld samtals	71 610	
4	Sértekjur	110	
	Mismunur		**71 500**
01–102 Þjóðhagsstofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			64 080
1 01	Þjóðhagsstofnun	64 080	
	Gjöld samtals		64 080

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 080	
52–58	Önnur gjöld	13 000	
5	Gjöld samtals	64 080	
4	Sértekjur	25 380	
	Mismunur		**38 700**

01–171 Byggðastofnun, framlag

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			250 000
6 01	Byggðastofnun, framlag	250 000	
	Gjöld samtals		250 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	250 000	
5	Gjöld samtals		**250 000**

01–901 Húsameistari ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 390
1 01	Húsameistari ríkisins	45 390	
	Gjöld samtals		45 390
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	36 560	
52–58	Önnur gjöld	8 830	
5	Gjöld samtals	45 390	
4	Sértekjur	50 890	
	Mismunur		**−5 500**

01–902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 670
1 01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	14 670	
Viðhaldsverkefni:			3 600
5 01	Þingvallabær o.fl.	1 800	
5 02	Þingvallakirkja	1 800	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			8 000
6 01	Aðalskipulag	6 000	
6 40	Lífríkisrannsóknir í Þingvallavatni	2 000	
	Gjöld samtals		26 270
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 260	
52–58	Önnur gjöld	19 010	
5	Gjöld samtals	26 270	
4	Sértekjur	2 120	
	Mismunur		**24 150**

01–998 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**
	Samtals		383 850

02 Menntamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			218 120
1 01	Yfirstjórn	218 120	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		219 620
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	112 510	
52–58	Önnur gjöld	107 110	
5	Gjöld samtals		**219 620**
02–201 Háskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 583 550
1 01	Yfirstjórn	91 190	
1 02	Sameiginleg útgjöld	236 210	
1 03	Rekstur fasteigna	167 220	
1 04	Háskólabókasafn	52 370	
1 05	Aðrar sérstofnanir og verkefni	56 320	
1 06	Kennslu- og vísindadeildir	980 240	
Viðhaldsverkefni:			60 000
5 50	Viðhald fasteigna	60 000	
Stofnkostnaður:			135 400
6 50	Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	135 400	
	Gjöld samtals		1 778 950

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 171 080	
52–58	Önnur gjöld	607 870	
5	Gjöld samtals	1 778 950	
4	Sértekjur	344 700	
	Mismunur		**1 434 250**

02–202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			84 140
1 01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	65 750	
1 10	Rannsóknadeild fisksjúkdóma	18 390	
Viðhaldsverkefni:			10 000
5 01	Viðhald húseigna	10 000	
Stofnkostnaður:			6 700
6 10	Fiskeldisrannsóknahús	6 700	
	Gjöld samtals		100 840
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	56 870	
52–58	Önnur gjöld	43 970	
5	Gjöld samtals	100 840	
4	Sértekjur	30 910	
	Mismunur		**69 930**

02–203 Raunvísindastofnun Háskólans

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			140 010
1 01	Yfirstjórn	13 760	
1 02	Rekstur fasteigna	11 010	
1 03	Rannsóknastofur	115 240	
	Gjöld samtals		140 010

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	95 890	
52–58	Önnur gjöld	44 120	
5	Gjöld samtals	140 010	
4	Sértekjur	31 850	
	Mismunur		**108 160**

02–204 Stofnun Sigurðar Nordals

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 270
1 01	Stofnun Sigurðar Nordals	6 270	
Viðhaldsverkefni:			500
5 01	Fasteign	500	
	Gjöld samtals		6 770
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 910	
52–58	Önnur gjöld	3 860	
5	Gjöld samtals		**6 770**

02–205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 950
1 01	Yfirstjórn	33 400	
1 20	Bókaútgáfa	5 550	
Viðhaldsverkefni:			900
5 02	Árnagarður, viðhald innanhúss	900	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		40 850
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 350	
52–58	Önnur gjöld	13 500	
5	Gjöld samtals	40 850	
4	Sértekjur	2 310	
	Mismunur		**38 540**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–206 Orðabók Háskólans			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 040
1 01	Orðabók Háskólans	15 040	
	Gjöld samtals		15 040
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 810	
52–58	Önnur gjöld	2 230	
5	Gjöld samtals		**15 040**
02–207 Íslensk málstöð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 820
1 01	Íslensk málstöð	11 820	
	Gjöld samtals		11 820
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 390	
52–58	Önnur gjöld	4 230	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 200	
5	Gjöld samtals	11 820	
4	Sértekjur	1 610	
	Mismunur		**10 210**
02–208 Örnefnastofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 290
1 01	Örnefnastofnun	4 290	
	Gjöld samtals		4 290
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 140	
52–58	Önnur gjöld	1 150	
5	Gjöld samtals	4 290	
4	Sértekjur	10	
	Mismunur		**4 280**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–210 Háskólinn á Akureyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			98 960
1 01	Háskólinn á Akureyri	98 960	
Viðhaldsverkefni:			2 000
5 01	Vinnuaðstaða kennara	2 000	
Stofnkostnaður:			29 100
6 01	Tæki og búnaður	16 000	
6 02	Innréttingar	13 100	
	Gjöld samtals		130 060
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	69 220	
52–58	Önnur gjöld	56 440	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 400	
5	Gjöld samtals	130 060	
4	Sértekjur	460	
	Mismunur		**129 600**
02–221 Kennaraháskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			233 430
1 01	Yfirstjórn	26 780	
1 02	Rannsóknastarfsemi	10 800	
1 03	Rekstur fasteigna	35 170	
1 04	Bókasafn og gagnasmiðja	10 110	
1 05	Kennsla	116 630	
1 20	Endurmenntun	18 560	
1 30	Réttindanám	15 380	
Viðhaldsverkefni:			4 500
5 01	Fasteign	4 500	
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Tæki og búnaður	7 000	
	Gjöld samtals		244 930

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	182 580	
52–58	Önnur gjöld	54 670	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	7 680	
5	Gjöld samtals	244 930	
4	Sértekjur	4 610	
	Mismunur		**240 320**

02–222 Æfinga- og tilraunaskóli
Kennaraháskóla Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			70 240
1 01	Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands	70 240	
Viðhaldsverkefni:			1 500
5 01	Fasteign	1 500	
Stofnkostnaður:			800
6 01	Tæki og búnaður	800	
	Gjöld samtals		72 540
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	64 020	
52–58	Önnur gjöld	8 520	
5	Gjöld samtals	72 540	
4	Sértekjur	19 260	
	Mismunur		**53 280**

02–223 Rannsóknastofnun uppeldismála

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 370
1 01	Rannsóknastofnun uppeldismála	7 370	
	Gjöld samtals		7 370

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 790	
52–58	Önnur gjöld	2 580	
5	Gjöld samtals	7 370	
4	Sértekjur	140	
	Mismunur		**7 230**

02–232 Rannsóknaráð ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 570
1 01	Yfirstjórn	13 800	
1 02	Erlend samskipti	3 050	
1 30	Rannsóknir og þróunarstarfsemi	4 720	
	Gjöld samtals		21 570
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 120	
52–58	Önnur gjöld	11 450	
5	Gjöld samtals	21 570	
4	Sértekjur	1 870	
	Mismunur		**19 700**

02–233 Rannsóknasjóður

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			100 000
6 01	Rannsóknasjóður	100 000	
	Gjöld samtals		100 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	100 000	
5	Gjöld samtals		**100 000**

02–234 Vísindaráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 380
1 01	Vísindaráð	9 380	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			1 000
5 01	Bárugata 3	1 000	
	Gjöld samtals		10 380
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 850	
52–58	Önnur gjöld	4 530	
5	Gjöld samtals	10 380	
4	Sértekjur	1 240	
	Mismunur		**9 140**

02–235 Vísindasjóður

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			20 000
6 01	Vísindasjóður	20 000	
	Gjöld samtals		20 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	20 000	
5	Gjöld samtals		**20 000**

02–276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			46 600
6 01	Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	46 600	
	Gjöld samtals		46 600
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	46 600	
5	Gjöld samtals		**46 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–301 Menntaskólinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			112 780
1 01	Kennsla	86 190	
1 02	Annað en kennsla	26 590	
	Gjöld samtals		112 780
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	101 800	
52–58	Önnur gjöld	10 980	
5	Gjöld samtals		**112 780**
02–302 Menntaskólinn á Akureyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			100 670
1 01	Kennsla	67 380	
1 02	Annað en kennsla	33 290	
	Gjöld samtals		100 670
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	84 000	
52–58	Önnur gjöld	16 670	
5	Gjöld samtals	100 670	
4	Sértekjur	1 390	
	Mismunur		**99 280**
02–303 Menntaskólinn á Laugarvatni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 820
1 01	Kennsla	23 440	
1 02	Annað en kennsla	15 380	
	Gjöld samtals		38 820
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 360	
52–58	Önnur gjöld	7 460	
5	Gjöld samtals	38 820	
4	Sértekjur	960	
	Mismunur		**37 860**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–304 Menntaskólinn við Hamrahlíð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			164 670
1 01	Kennsla	122 990	
1 02	Annað en kennsla	41 680	
	Gjöld samtals		164 670
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	141 520	
52–58	Önnur gjöld	23 150	
5	Gjöld samtals	164 670	
4	Sértekjur	9 920	
	Mismunur		**154 750**
02–305 Menntaskólinn við Sund			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			113 930
1 01	Kennsla	88 250	
1 02	Annað en kennsla	25 680	
	Gjöld samtals		113 930
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	102 600	
52–58	Önnur gjöld	11 330	
5	Gjöld samtals	113 930	
4	Sértekjur	690	
	Mismunur		**113 240**
02–306 Menntaskólinn á Ísafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			59 700
1 01	Kennsla	35 620	
1 02	Annað en kennsla	24 080	
	Gjöld samtals		59 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	43 990	
52–58	Önnur gjöld	15 710	
5	Gjöld samtals	59 700	
4	Sértekjur	1 420	
	Mismunur		**58 280**

02–307 Menntaskólinn á Egilsstöðum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			53 250
1 01	Kennsla	33 110	
1 02	Annað en kennsla	20 140	
	Gjöld samtals		53 250
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 950	
52–58	Önnur gjöld	13 300	
5	Gjöld samtals	53 250	
4	Sértekjur	1 490	
	Mismunur		**51 760**

02–308 Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			72 050
1 01	Kennsla	50 080	
1 02	Annað en kennsla	21 970	
	Gjöld samtals		72 050
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	62 970	
52–58	Önnur gjöld	9 080	
5	Gjöld samtals		**72 050**

02–309 Kvennaskólinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			44 630
1 01	Kennsla	32 160	
1 02	Annað en kennsla	12 470	
	Gjöld samtals		44 630

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 760	
52–58	Önnur gjöld	8 870	
5	Gjöld samtals		**44 630**

02–318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			52 000
5 90	Viðhald, óskipt	52 000	
Stofnkostnaður:			258 300
6 10	Menntaskólinn í Reykjavík, endurbætur KFUM og K húss	7 500	
6 12	Menntaskólinn við Hamrahlíð, endurbætur	15 000	
6 13	Menntaskólinn við Sund, endurbætur	10 000	
6 14	Menntaskólinn á Egilsstöðum, mötuneyti o.fl.	10 000	
6 15	Menntaskólinn í Kópavogi, stjórnsýsluálma	15 000	
6 16	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, íþróttahús	24 000	
6 17	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, kennsluhúsnæði	5 000	
6 18	Fjölbrautaskóli Suðurnesja, viðbygging	4 400	
6 19	Fjölbrautaskóli Vesturlands, mötuneyti	20 000	
6 20	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, viðbygging	10 000	
6 21	Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki, heimavist	7 000	
6 22	Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki, bóknámshús	28 000	
6 24	Verkmenntaskóli Austurlands, heimavist	30 900	
6 25	Verkmenntaskóli Austurlands, kennsluhúsnæði og frágangur lóðar	3 000	
6 26	Verkmenntaskólinn á Akureyri, nýbygging	15 000	
6 29	Fjölbrautaskólinn Ármúla, viðbygging	3 000	
6 30	Framhaldsskólinn Laugum, mötuneyti o.fl.	2 500	
6 31	Framhaldsskólinn á Húsavík, nýbygging	7 000	
6 34	Menntaskólinn á Ísafirði, kennsluhúsnæði	4 000	
6 40	Tæki og búnaður	25 000	
6 50	Tölvubúnaður	12 000	
	Gjöld samtals		310 300
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	310 300	
5	Gjöld samtals		**310 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–319 Framhaldsskólar, almennt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			174 090
1 11	Sameiginleg þjónusta	5 600	
1 12	Orlof kennara	23 710	
1 13	Forfallakennsla	11 860	
1 14	Sérkennsla	12 910	
1 15	Prófkostnaður	21 340	
1 16	Nýjungar í skólastarfi	3 860	
1 17	Námsskrárgerð	10 410	
1 18	Námsefnisgerð	4 750	
1 19	Kennslueftirlit	3 300	
1 20	Framhaldsdeildir	21 150	
1 21	Tannsmíðanám	6 740	
1 22	Námskeið skipstjórnarmanna	4 750	
1 30	Endurmenntun	17 300	
1 40	Framhaldsskólar, óskipt	26 410	
	Gjöld samtals		174 090
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	148 610	
52–58	Önnur gjöld	8 180	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	17 300	
5	Gjöld samtals		**174 090**
02–350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			276 340
1 01	Kennsla	223 170	
1 02	Annað en kennsla	53 170	
	Gjöld samtals		276 340
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	246 210	
52–58	Önnur gjöld	30 130	
5	Gjöld samtals	276 340	
4	Sértekjur	23 000	
	Mismunur		**253 340**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–351 Fjölbrautaskólinn Ármúla			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			100 870
1 01	Kennsla	76 010	
1 02	Annað en kennsla	24 860	
	Gjöld samtals		100 870
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	87 620	
52–58	Önnur gjöld	13 250	
5	Gjöld samtals		**100 870**
02–352 Flensborgarskóli, fjölbraut			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			83 760
1 01	Kennsla	60 850	
1 02	Annað en kennsla	22 910	
	Gjöld samtals		83 760
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	71 040	
52–58	Önnur gjöld	12 720	
5	Gjöld samtals	83 760	
4	Sértekjur	2 340	
	Mismunur		**81 420**
02–353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			103 240
1 01	Kennsla	74 810	
1 02	Annað en kennsla	28 430	
	Gjöld samtals		103 240
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	86 060	
52–58	Önnur gjöld	17 180	
5	Gjöld samtals	103 240	
4	Sértekjur	2 880	
	Mismunur		**100 360**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–354 Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			107 220
1 01	Kennsla	76 090	
1 02	Annað en kennsla	31 130	
	Gjöld samtals		107 220
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	87 300	
52–58	Önnur gjöld	19 920	
5	Gjöld samtals	107 220	
4	Sértekjur	5 100	
	Mismunur		**102 120**
02–355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 540
1 01	Kennsla	27 660	
1 02	Annað en kennsla	15 490	
1 03	Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum, kennsla	4 640	
1 04	Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum, annað en kennsla	1 750	
	Gjöld samtals		49 540
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	40 620	
52–58	Önnur gjöld	8 920	
5	Gjöld samtals	49 540	
4	Sértekjur	1 640	
	Mismunur		**47 900**
02–356 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			74 420
1 01	Kennsla	47 160	
1 02	Annað en kennsla	27 260	
	Gjöld samtals		74 420

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	58 060	
52–58	Önnur gjöld	16 360	
5	Gjöld samtals	74 420	
4	Sértekjur	2 590	
	Mismunur		**71 830**

02–357 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			121 690
1 01	Kennsla	81 970	
1 02	Annað en kennsla	25 520	
1 03	Fiskeldi, kennsla	6 790	
1 04	Fiskeldi, annað en kennsla	7 410	
	Gjöld samtals		121 690
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	101 270	
52–58	Önnur gjöld	20 420	
5	Gjöld samtals	121 690	
4	Sértekjur	5 700	
	Mismunur		**115 990**

02–358 Verkmenntaskóli Austurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 310
1 01	Kennsla	25 750	
1 02	Annað en kennsla	11 560	
	Gjöld samtals		37 310
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 340	
52–58	Önnur gjöld	6 970	
5	Gjöld samtals	37 310	
4	Sértekjur	110	
	Mismunur		**37 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–359 Verkmenntaskólinn á Akureyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			179 130
1 01	Kennsla	123 060	
1 02	Annað en kennsla	43 280	
1 03	Sjávarútvegsbraut Dalvík, kennsla	7 910	
1 04	Sjávarútvegsbraut Dalvík, annað en kennsla	4 880	
	Gjöld samtals		179 130
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	148 070	
52–58	Önnur gjöld	31 060	
5	Gjöld samtals	179 130	
4	Sértekjur	10 790	
	Mismunur		**168 340**
02–360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			81 950
1 01	Kennsla	56 720	
1 02	Annað en kennsla	25 230	
	Gjöld samtals		81 950
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	65 530	
52–58	Önnur gjöld	16 420	
5	Gjöld samtals		**81 950**
02–361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 530
1 01	Kennsla	9 150	
1 02	Annað en kennsla	6 380	
	Gjöld samtals		15 530

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 580	
52–58	Önnur gjöld	3 950	
5	Gjöld samtals	15 530	
4	Sértekjur	1 700	
	Mismunur		**13 830**

02–362 Framhaldsskólinn á Húsavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			35 750
1 01	Kennsla	25 460	
1 02	Annað en kennsla	10 290	
	Gjöld samtals		35 750
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 050	
52–58	Önnur gjöld	5 700	
5	Gjöld samtals	35 750	
4	Sértekjur	480	
	Mismunur		**35 270**

02–363 Framhaldsskólinn á Laugum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 330
1 01	Kennsla	21 490	
1 02	Annað en kennsla	10 840	
	Gjöld samtals		32 330
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 530	
52–58	Önnur gjöld	4 800	
5	Gjöld samtals	32 330	
4	Sértekjur	640	
	Mismunur		**31 690**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–422 Námsgagnastofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			254 560
1 01	Skrifstofa	19 290	
1 10	Skólavörubúð	22 150	
1 11	Afgreiðsludeild	13 450	
1 20	Framleiðsludeild	115 760	
1 30	Fræðslumyndasafn	24 220	
1 40	Kennslumiðstöð	8 870	
1 60	Námsefnisgerð	50 820	
	Gjöld samtals		254 560
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	58 880	
52–58	Önnur gjöld	195 680	
5	Gjöld samtals	254 560	
4	Sértekjur	30 270	
	Mismunur		**224 290**
02–501 Tækniskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			159 880
1 01	Tækniskóli Íslands	159 880	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		162 880
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	117 270	
52–58	Önnur gjöld	45 610	
5	Gjöld samtals	162 880	
4	Sértekjur	510	
	Mismunur		**162 370**
02–506 Vélskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			46 380
1 01	Kennsla	35 710	
1 02	Annað en kennsla	10 670	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		48 380
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 820	
52–58	Önnur gjöld	8 560	
5	Gjöld samtals	48 380	
4	Sértekjur	850	
	Mismunur		**47 530**

02–507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 720
1 01	Kennsla	24 460	
1 02	Annað en kennsla	5 260	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		31 720
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 010	
52–58	Önnur gjöld	5 710	
5	Gjöld samtals	31 720	
4	Sértekjur	830	
	Mismunur		**30 890**

02–514 Iðnskólinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			357 340
1 01	Kennsla	281 960	
1 02	Annað en kennsla	75 380	
	Gjöld samtals		357 340

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	312 290	
52–58	Önnur gjöld	45 050	
5	Gjöld samtals	357 340	
4	Sértekjur	18 840	
	Mismunur		**338 500**

02–516 Iðnskólinn í Hafnarfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			51 030
1 01	Kennsla	38 160	
1 02	Annað en kennsla	12 870	
	Gjöld samtals		51 030
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	43 880	
52–58	Önnur gjöld	7 150	
5	Gjöld samtals	51 030	
4	Sértekjur	2 270	
	Mismunur		**48 760**

02–517 Hótel- og veitingaskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 210
1 01	Kennsla	15 210	
1 02	Annað en kennsla	23 000	
Viðhaldsverkefni:			300
5 01	Fasteign	300	
Stofnkostnaður:			500
6 01	Tæki og búnaður	500	
	Gjöld samtals		39 010
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 640	
52–58	Önnur gjöld	20 370	
5	Gjöld samtals	39 010	
4	Sértekjur	3 070	
	Mismunur		**35 940**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–518 Fiskvinnsluskólinn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 610
1 01	Kennsla	12 250	
1 02	Annað en kennsla	14 360	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
	Gjöld samtals		31 610
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 560	
52–58	Önnur gjöld	17 050	
5	Gjöld samtals	31 610	
4	Sértekjur	6 350	
	Mismunur		**25 260**
02–523 Fósturskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 720
1 01	Kennsla	31 870	
1 02	Annað en kennsla	11 900	
1 03	Fjarkennsla og námskeiðahald	4 950	
Viðhaldsverkefni:			2 000
5 01	Fasteign	2 000	
	Gjöld samtals		50 720
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	42 240	
52–58	Önnur gjöld	8 480	
5	Gjöld samtals	50 720	
4	Sértekjur	940	
	Mismunur		**49 780**
02–531 Íþróttakennaraskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 860
1 01	Kennsla	15 280	
1 02	Annað en kennsla	10 580	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			2 000
5 01	Viðhald íþróttavalla o.fl.	1 000	
5 02	Endurbætur á húsum	1 000	
Stofnkostnaður:			13 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
6 10	Sundlaug	12 000	
	Gjöld samtals		40 860
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 670	
52–58	Önnur gjöld	21 190	
5	Gjöld samtals	40 860	
4	Sértekjur	1 480	
	Mismunur		**39 380**

02–541 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 500
1 01	Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	8 500	
	Gjöld samtals		8 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 590	
52–58	Önnur gjöld	1 910	
5	Gjöld samtals	8 500	
4	Sértekjur	1 590	
	Mismunur		**6 910**

02–551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 870
1 01	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	7 870	
	Gjöld samtals		7 870

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 020	
52–58	Önnur gjöld	1 850	
5	Gjöld samtals	7 870	
4	Sértekjur	1 060	
	Mismunur		**6 810**

02–553 Hússtjórnarskólar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 700
1 01	Hússtjórnarskólar, almennt	1 700	
Viðhaldsverkefni:			4 200
5 90	Viðhald, óskipt	4 200	
	Gjöld samtals		5 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 870	
52–58	Önnur gjöld	3 030	
5	Gjöld samtals		**5 900**

02–561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			95 430
1 01	Kennsla	46 770	
1 02	Annað en kennsla	48 660	
Viðhaldsverkefni:			2 000
5 01	Fasteign	2 000	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		98 430
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	61 680	
52–58	Önnur gjöld	36 750	
5	Gjöld samtals	98 430	
4	Sértekjur	36 870	
	Mismunur		**61 560**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–562 Leiklistarskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 630
1 01	Kennsla	12 070	
1 02	Annað en kennsla	18 560	
	Gjöld samtals		30 630
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 480	
52–58	Önnur gjöld	10 150	
5	Gjöld samtals	30 630	
4	Sértekjur	1 040	
	Mismunur		**29 590**
02–563 Tónlistarskólinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 760
1 10	Tónlistarskólinn í Reykjavík	9 760	
	Gjöld samtals		9 760
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 760	
5	Gjöld samtals		**9 760**
02–571 Sjómannaskólahúsið			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 210
1 01	Sjómannaskólahúsið	20 210	
Viðhaldsverkefni:			3 000
5 01	Fasteign	3 000	
Stofnkostnaður:			4 000
6 10	Lóðaframkvæmdir	4 000	
	Gjöld samtals		27 210

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 890	
52–58	Önnur gjöld	15 320	
5	Gjöld samtals	27 210	
4	Sértekjur	1 060	
	Mismunur		**26 150**

02–580 Samvinnuskólinn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 650
1 01	Kennsla	15 720	
1 02	Annað en kennsla	17 930	
	Gjöld samtals		33 650
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 380	
52–58	Önnur gjöld	15 270	
5	Gjöld samtals	33 650	
4	Sértekjur	1 380	
	Mismunur		**32 270**

02–581 Verslunarskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			183 960
1 01	Kennsla	137 810	
1 02	Annað en kennsla	46 150	
	Gjöld samtals		183 960
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	148 730	
52–58	Önnur gjöld	35 230	
5	Gjöld samtals		**183 960**

02–601 Héraðsskólinn Reykholti

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 210
1 01	Kennsla	14 620	
1 02	Annað en kennsla	7 590	
	Gjöld samtals		22 210

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 590	
52–58	Önnur gjöld	4 620	
5	Gjöld samtals	22 210	
4	Sértekjur	1 270	
	Mismunur		**20 940**

02–602 Héraðsskólinn Núpi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 170
1 01	Kennsla	8 010	
1 02	Annað en kennsla	10 160	
	Gjöld samtals		18 170
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 660	
52–58	Önnur gjöld	7 510	
5	Gjöld samtals	18 170	
4	Sértekjur	790	
	Mismunur		**17 380**

02–603 Héraðsskólinn Reykjanesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 160
1 01	Kennsla	6 860	
1 02	Annað en kennsla	8 300	
	Gjöld samtals		15 160
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 490	
52–58	Önnur gjöld	5 670	
5	Gjöld samtals	15 160	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**14 260**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–604 Héraðsskólinn Reykjum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 710
1 01	Skólabúðir	14 710	
	Gjöld samtals		14 710
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 610	
52–58	Önnur gjöld	5 100	
5	Gjöld samtals	14 710	
4	Sértekjur	210	
	Mismunur		**14 500**
02–605 Alþýðuskólinn Eiðum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 820
1 01	Kennsla	15 870	
1 02	Annað en kennsla	12 950	
	Gjöld samtals		28 820
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 210	
52–58	Önnur gjöld	9 610	
5	Gjöld samtals	28 820	
4	Sértekjur	1 380	
	Mismunur		**27 440**
02–606 Héraðsskólinn Skógum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 160
1 01	Kennsla	11 030	
1 02	Annað en kennsla	9 130	
	Gjöld samtals		20 160

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 760	
52–58	Önnur gjöld	6 400	
5	Gjöld samtals	20 160	
4	Sértekjur	690	
	Mismunur		**19 470**

02–607 Héraðsskólinn Laugarvatni

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 650
1 01	Kennsla	7 310	
1 02	Annað en kennsla	6 340	
	Gjöld samtals		13 650
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 250	
52–58	Önnur gjöld	3 400	
5	Gjöld samtals	13 650	
4	Sértekjur	1 110	
	Mismunur		**12 540**

02–610 Héraðsskólar almennt

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			5 000
5 90	Viðhald, óskipt	5 000	
Stofnkostnaður:			26 000
6 90	Stofnkostnaður, óskipt	26 000	
	Gjöld samtals		31 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	31 000	
5	Gjöld samtals		**31 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–621 Skálholtsskóli			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 920
1 01	Kennsla	3 640	
1 02	Annað en kennsla	2 280	
	Gjöld samtals		5 920
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 130	
52–58	Önnur gjöld	1 790	
5	Gjöld samtals	5 920	
4	Sértekjur	1 260	
	Mismunur		**4 660**
02–700 Grunnskólar, Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 247 360
1 01	Grunnskólar, Reykjavík	1 247 360	
	Gjöld samtals		1 247 360
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 246 020	
52–58	Önnur gjöld	1 340	
5	Gjöld samtals		**1 247 360**
02–701 Grunnskólar, Reykjanesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 000 850
1 01	Grunnskólar, Reykjanesi	1 000 850	
	Gjöld samtals		1 000 850
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 000 850	
5	Gjöld samtals		**1 000 850**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–703 Grunnskólar, Vesturlandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			307 160
1 01	Grunnskólar, Vesturlandi	307 160	
	Gjöld samtals		307 160
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	307 160	
5	Gjöld samtals		**307 160**
02–704 Grunnskólar, Vestfjörðum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			211 330
1 01	Grunnskólar, Vestfjörðum	211 330	
	Gjöld samtals		211 330
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	211 330	
5	Gjöld samtals		**211 330**
02–705 Grunnskólar, Norðurlandi vestra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			229 550
1 01	Grunnskólar, Norðurlandi vestra	229 550	
	Gjöld samtals		229 550
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	229 550	
5	Gjöld samtals		**229 550**
02–706 Grunnskólar, Norðurlandi eystra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			468 410
1 01	Grunnskólar, Norðurlandi eystra	468 410	
	Gjöld samtals		468 410
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	468 410	
5	Gjöld samtals		**468 410**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–707 Grunnskólar, Austurlandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			275 180
1 01	Grunnskólar, Austurlandi	275 180	
	Gjöld samtals		275 180
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	275 180	
5	Gjöld samtals		**275 180**
02–708 Grunnskólar, Suðurlandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			392 780
1 01	Grunnskólar, Suðurlandi	392 780	
	Gjöld samtals		392 780
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	392 780	
5	Gjöld samtals		**392 780**
02–710 Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			41 360
1 01	Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis	41 360	
	Gjöld samtals		41 360
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	32 020	
52–58	Önnur gjöld	9 340	
5	Gjöld samtals		**41 360**
02–711 Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 970
1 01	Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis	25 970	
	Gjöld samtals		25 970

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 820	
52–58	Önnur gjöld	7 150	
5	Gjöld samtals		**25 970**

02–713 Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 480
1 01	Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis	15 480	
	Gjöld samtals		15 480
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 810	
52–58	Önnur gjöld	4 670	
5	Gjöld samtals		**15 480**

02–714 Fræðsluskrifstofa Vestfjarðaumdæmis

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 210
1 01	Fræðsluskrifstofa Vestfjarðaumdæmis	12 210	
	Gjöld samtals		12 210
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 090	
52–58	Önnur gjöld	4 120	
5	Gjöld samtals		**12 210**

02–715 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 380
1 01	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	14 380	
	Gjöld samtals		14 380
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 840	
52–58	Önnur gjöld	4 540	
5	Gjöld samtals		**14 380**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–716	**Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		22 930
1 01	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra	22 930	
	Gjöld samtals		22 930
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	16 450	
52–58	Önnur gjöld	6 480	
5	Gjöld samtals		**22 930**
02–717	**Fræðsluskrifstofa Austurlandsumdæmis**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		12 600
1 01	Fræðsluskrifstofa Austurlandsumdæmis	12 600	
	Gjöld samtals		12 600
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	8 530	
52–58	Önnur gjöld	4 070	
5	Gjöld samtals		**12 600**
02–718	**Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		15 000
1 01	Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	15 000	
	Gjöld samtals		15 000
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	9 500	
52–58	Önnur gjöld	5 500	
5	Gjöld samtals		**15 000**
02–719	**Fræðsluskrifstofur, almennt**		
	Viðfangsefni:		
	Viðhaldsverkefni:		1 500
5 01	Viðhald, óskipt	1 500	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		3 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	3 500	
5	Gjöld samtals		**3 500**

02–720 Grunnskólar, almennt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			199 330
1 12	Umferðarfræðsla í skólum	3 350	
1 20	Kennsla á Landspítala og Landakotsspítala	3 580	
1 30	Safnakennsla	2 740	
1 31	Sérstök fræðsluverkefni	9 680	
1 33	Þróunarsjóður dagvistarheimila	3 740	
1 41	Landakotsskóli, rekstrarstyrkur	2 880	
1 42	Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur	5 170	
1 43	Suðurhlíðarskóli, rekstrarstyrkur	4 360	
1 50	Orlof kennara	5 870	
1 51	Rannsóknasjóður grunnskólakennara	39 100	
1 60	Stjórnskipaðir prófdómarar	8 640	
1 70	Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi	11 240	
1 80	Sérkennsla í grunnskólum, óskipt	16 350	
1 82	Þróunarstörf í grunnskólum	9 640	
1 83	Starfsleiknínám	14 340	
1 84	Námsstjórn og þróunarverkefni	10 010	
1 86	Endurmenntun sálfræðinga	2 650	
1 88	Réttindanám leiðbeinenda	6 540	
1 89	Leiðsögn nýliða	5 240	
1 90	Grunnskólar, óskipt	34 210	
Stofnkostnaður:			8 000
6 90	Tölvuvæðing í grunnskólum	8 000	
	Gjöld samtals		207 330
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	143 190	
52–58	Önnur gjöld	33 650	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	30 490	
5	Gjöld samtals		**207 330**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–750 Skólar fyrir fatlaða			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			228 330
1 31	Skólinn við Kópavogsbraut	35 720	
1 32	Skólinn að Sólheimum	3 320	
1 34	Brautarskóli	16 990	
1 36	Skólinn að Tjaldanesi	3 050	
1 37	Hvammshlíðarskóli	24 610	
1 38	Sérdeild fyrir einhverf börn	10 890	
1 40	Dagvist fatlaðra forskólabarna	76 840	
1 50	Sameiginleg þjónusta	44 960	
1 60	Almennt	11 950	
Viðhaldsverkefni:			2 600
5 90	Viðhald fasteigna	2 600	
	Gjöld samtals		230 930
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	104 190	
52–58	Önnur gjöld	35 650	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	71 070	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	20 020	
5	Gjöld samtals	230 930	
4	Sértekjur	2 150	
	Mismunur		**228 780**
02–752 Öskjuhlíðarskóli			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			102 520
1 10	Öskjuhlíðarskóli	91 290	
1 20	Fjölskylduheimilið Reynilundi 4	6 120	
1 30	Skóladagheimilið Lindarflöt 41	5 110	
	Gjöld samtals		102 520
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	91 330	
52–58	Önnur gjöld	11 190	
5	Gjöld samtals	102 520	
4	Sértekjur	520	
	Mismunur		**102 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–754 Safamýrarskóli			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			54 010
1 01	Safamýrarskóli	54 010	
	Gjöld samtals		54 010
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	50 490	
52–58	Önnur gjöld	3 520	
5	Gjöld samtals		**54 010**
02–755 Dalbrautarskóli			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 850
1 01	Dalbrautarskóli	19 850	
	Gjöld samtals		19 850
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 930	
52–58	Önnur gjöld	1 920	
5	Gjöld samtals		**19 850**
02–798 Einholtsskóli			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 040
1 01	Skóli Unglingaheimilis ríkisins	13 040	
	Gjöld samtals		13 040
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 610	
52–58	Önnur gjöld	3 430	
5	Gjöld samtals		**13 040**
02–799 Heyrnleysingjaskólinn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			60 690
1 01	Kennsla	34 730	
1 02	Annað en kennsla	20 660	
1 03	Þjónusta við heyrnleysingja	5 300	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			800
6 01	Tæki og búnaður	800	
	Gjöld samtals		61 490
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	50 360	
52–58	Önnur gjöld	11 130	
5	Gjöld samtals	61 490	
4	Sértekjur	210	
	Mismunur		**61 280**

02–802 Vernd barna og ungmenna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 480
1 30	Meðferðarheimili Torfastöðum	12 480	
	Gjöld samtals		12 480
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	12 480	
5	Gjöld samtals	12 480	
4	Sértekjur	5 280	
	Mismunur		**7 200**

02–804 Kvikmyndaeftirlit ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 080
1 01	Kvikmyndaeftirlit ríkisins	4 080	
	Gjöld samtals		4 080
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 030	
52–58	Önnur gjöld	1 050	
5	Gjöld samtals	4 080	
4	Sértekjur	2 820	
	Mismunur		**1 260**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–806 Barnaverndarráð Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 260
1 01	Barnaverndarráð Íslands	10 260	
	Gjöld samtals		10 260
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 660	
52–58	Önnur gjöld	2 600	
5	Gjöld samtals		**10 260**
02–870 Meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 240
1 01	Meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur	42 240	
	Gjöld samtals		42 240
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 970	
52–58	Önnur gjöld	10 270	
5	Gjöld samtals		**42 240**
02–871 Unglingaheimili ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			72 040
1 01	Unglingaheimili ríkisins	72 040	
	Gjöld samtals		72 040
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	53 970	
52–58	Önnur gjöld	18 070	
5	Gjöld samtals	72 040	
4	Sértekjur	32 760	
	Mismunur		**39 280**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–872 Lánasjóður íslenskra námsmanna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 930 000
1 01	Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 930 000	
	Gjöld samtals		1 930 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	1 930 000	
5	Gjöld samtals		**1 930 000**
02–881 Náms- og fræðimenn, framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 670
1 10	Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum	9 880	
1 11	Styrkur til grænlenskra námsmanna	850	
1 14	Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna	1 210	
1 15	Styrkur til útgáfustarfa	2 440	
1 19	Safngripaviðgerðir, námsvistargjöld	1 600	
1 20	Félagsstofnun stúdenta	5 690	
Stofnkostnaður:			7 000
6 20	Stúdentagarðar	7 000	
	Gjöld samtals		28 670
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	850	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	27 820	
5	Gjöld samtals		**28 670**
02–883 Lektorar í íslensku við erlenda háskóla			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 650
1 10	Lektorsstaða við Lundúnaháskóla	1 040	
1 20	Íslenskukennsla erlendis, óskipt	1 610	
	Gjöld samtals		2 650
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 650	
5	Gjöld samtals		**2 650**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–884 Jöfnun á námskostnaði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			89 000
1 01	Jöfnun á námskostnaði	77 940	
1 10	Skólaakstur	11 060	
	Gjöld samtals		89 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	11 060	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	77 940	
5	Gjöld samtals		**89 000**
02–885 Fullorðinsfræðsla			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 820
1 10	Fjarkennsla	9 020	
1 20	Bréfaskólinn	3 300	
1 60	Heimilisiðnaðarskólinn	1 100	
1 80	Fullorðinsfræðsla, almenn	1 400	
	Gjöld samtals		14 820
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 550	
52–58	Önnur gjöld	7 470	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	4 400	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 400	
5	Gjöld samtals		**14 820**
02–901 Landsbókasafn Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 260
1 01	Landsbókasafn Íslands	42 260	
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Bókakaup o.fl.	7 000	
	Gjöld samtals		49 260

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 650	
52–58	Önnur gjöld	18 610	
5	Gjöld samtals	49 260	
4	Sértekjur	1 320	
	Mismunur		**47 940**

02–902 Þjóðminjasafn Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 750
1 01	Þjóðminjasafn Íslands	49 750	
Viðhaldsverkefni:			11 100
5 01	Húseign við Suðurgötu	3 000	
5 90	Verndun gamalla húsa	8 100	
Stofnkostnaður:			14 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
6 02	Breyting sýningarsala	3 000	
6 90	Húseign við Suðurgötu, endurbætur	10 000	
	Gjöld samtals		74 850
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 970	
52–58	Önnur gjöld	36 880	
5	Gjöld samtals	74 850	
4	Sértekjur	590	
	Mismunur		**74 260**

02–903 Þjóðskjalasafn Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			41 920
1 01	Þjóðskjalasafn Íslands	41 920	
Viðhaldsverkefni:			1 000
5 01	Fasteignir	1 000	
Stofnkostnaður:			7 500
6 01	Endurbætur	5 000	
6 02	Tæki og búnaður	2 500	
	Gjöld samtals		50 420

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 450	
52–58	Önnur gjöld	25 970	
5	Gjöld samtals	50 420	
4	Sértekjur	2 490	
	Mismunur		**47 930**

02–904 Safnahúsið við Hverfisgötu

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 130
1 01	Safnahúsið við Hverfisgötu	5 130	
Viðhaldsverkefni:			1 500
5 01	Viðhald fasteignar	1 500	
	Gjöld samtals		6 630
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 590	
52–58	Önnur gjöld	2 040	
5	Gjöld samtals		**6 630**

02–906 Listasafn Einars Jónssonar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 470
1 01	Listasafn Einars Jónssonar	4 470	
Viðhaldsverkefni:			1 000
5 01	Viðhald fasteignar	1 000	
	Gjöld samtals		5 470
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 990	
52–58	Önnur gjöld	1 480	
5	Gjöld samtals	5 470	
4	Sértekjur	360	
	Mismunur		**5 110**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–907 Listasafn Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 700
1 01	Listasafn Íslands	40 070	
1 02	Listasafn Ásgríms Jónssonar	2 630	
Viðhaldsverkefni:			1 900
5 02	Viðhald fasteignar Ásgrímssafns	1 900	
Stofnkostnaður:			17 000
6 01	Listaverkakaup	12 000	
6 20	Fríkirkjuvegur 7	5 000	
	Gjöld samtals		61 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 320	
52–58	Önnur gjöld	35 280	
5	Gjöld samtals	61 600	
4	Sértekjur	7 730	
	Mismunur		**53 870**
02–908 Kvikmyndasafn Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 360
1 01	Kvikmyndasafn Íslands	6 360	
	Gjöld samtals		6 360
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 010	
52–58	Önnur gjöld	4 350	
5	Gjöld samtals		**6 360**
02–909 Blindrabókasafn Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 330
1 01	Blindrabókasafn Íslands	23 330	
Stofnkostnaður:			1 700
6 01	Tæki og búnaður	1 700	
	Gjöld samtals		25 030

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 130	
52–58	Önnur gjöld	13 900	
5	Gjöld samtals		**25 030**

02–972 Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 230
1 01	Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn	26 230	
	Gjöld samtals		26 230
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 150	
52–58	Önnur gjöld	5 080	
5	Gjöld samtals	26 230	
4	Sértekjur	3 020	
	Mismunur		**23 210**

02–973 Þjóðleikhús

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			192 000
1 01	Þjóðleikhús	192 000	
Stofnkostnaður:			75 000
6 50	Endurbætur	75 000	
	Gjöld samtals		267 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	75 000	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	192 000	
5	Gjöld samtals		**267 000**

02–974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			94 000
1 01	Sinfóníuhljómsveit Íslands	94 000	
	Gjöld samtals		94 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	94 000	
5	Gjöld samtals		**94 000**

02–976 Menningarsjóður, framlag

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 500
1 01	Menningarsjóður, framlag	10 500	
	Gjöld samtals		10 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	10 500	
5	Gjöld samtals		**10 500**

02–977 Þjóðarbókhlaða[1])

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			100 000
6 01	Þjóðarbókhlaða	100 000	
	Gjöld samtals		100 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	100 000	
5	Gjöld samtals		**100 000**

02–978 Endurbótasjóður menningarstofnana

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			150 000
6 01	Endurbótasjóður menningarstofnana	150 000	
	Gjöld samtals		150 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	150 000	
5	Gjöld samtals		**150 000**

[1]) Samanber fjárlagalið 02–978

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–980 Listskreytingasjóður			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			12 000
6 01	Listskreytingasjóður	12 000	
	Gjöld samtals		12 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	12 000	
5	Gjöld samtals		**12 000**
02–981 Kvikmyndasjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			81 000
1 01	Kvikmyndasjóður	81 000	
	Gjöld samtals		81 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	81 000	
5	Gjöld samtals		**81 000**
02–982 Listir, framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			230 120
1 10	Listamannalaun	8 490	
1 11	Launasjóður rithöfunda	24 230	
1 12	Starfslaun listamanna	21 810	
1 13	Höfundagreiðslur skv. 21. gr. höfundalaga	330	
1 14	Rithöfundasjóður Íslands	9 580	
1 15	Þýðingarsjóður	6 060	
1 16	Bókmenntakynningarsjóður	1 650	
1 20	Leikfélag Reykjavíkur	15 000	
1 21	Leikfélag Akureyrar	15 410	
1 22	Leiklistarstarfsemi	13 580	
1 23	Bandalag íslenskra leikfélaga	3 040	
1 24	Önnur leiklistarstarfsemi	3 000	
1 25	Leiklistarráð	300	
1 26	Alþýðuleikhúsið	8 000	
1 28	Kynning á íslenskri list erlendis	7 000	
1 30	Íslenska óperan	14 430	
1 33	Íslensk tónverkamiðstöð	4 050	
1 34	Sinfóníuhljómsveit æskunnar	2 300	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 35	Íslenska hljómsveitin	2 000	
1 37	Tónlistarstarfsemi, styrkir	5 000	
1 41	Listasöfn, styrkir	3 000	
1 42	Myndlistaskólinn í Reykjavík	3 800	
1 43	Myndlistarskólinn á Akureyri	6 500	
1 44	Samband íslenskra myndlistarmanna	1 500	
1 45	Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	4 600	
1 46	Listasafn ASÍ	2 300	
1 47	Nýlistasafn	2 750	
1 48	Listamiðstöð í Straumi	1 100	
1 70	Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	12 240	
1 72	Starfslaunasjóður myndlistarmanna	1 220	
1 73	Bandalag íslenskra listamanna	500	
1 74	Listkynning, styrkir	400	
1 75	Lista- og menningarmál, ýmis	12 000	
1 76	Menningarsjóður félagsheimila	6 100	
1 77	Samnorræn menningarkynning	1 000	
1 79	M-hátíð	1 100	
1 80	Listahátíð	2 050	
1 82	Ferðaleikhúsið	900	
1 83	Leikbrúðuland	1 800	
	Gjöld samtals		230 120
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	230 120	
5	Gjöld samtals		**230 120**

02–983 Vísindaleg starfsemi, styrkir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 950
1 10	Vísinda- og fræðistörf	1 510	
1 12	Samstarfsnefnd um upplýsingamál	400	
1 14	Rannsóknaleyfi sérfræðinga á vísindastofnunum	9 540	
1 16	Kvennasögusafn	1 500	
	Gjöld samtals		12 950
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 540	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 410	
5	Gjöld samtals		**12 950**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–984 Norræn samvinna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 890
1 10	Norrænt samstarf	1 050	
1 11	Norræna félagið	630	
1 17	Menningarsamskipti við Færeyinga	630	
1 18	Menningarsjóður Íslands og Finnlands	1 050	
1 21	Alþjóðleg rannsóknaáætlun um borun á hafsbotni	900	
1 22	Norræna félagið, norræn atvinnumiðlun	630	
	Gjöld samtals		4 890
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 890	
5	Gjöld samtals		**4 890**
02–985 Alþjóðleg samskipti			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 100
1 10	Evrópubandalagið, vísindasamstarf	2 000	
1 11	Kvikmyndasjóður Evrópu	1 510	
1 12	Evreka	4 360	
1 20	Þátttaka í starfi UNESCO	230	
1 90	Ýmsir alþjóðlegir samningar	10 000	
	Gjöld samtals		18 100
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	18 100	
5	Gjöld samtals		**18 100**
02–988 Æskulýðsmál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 100
1 10	Æskulýðsráð ríkisins	1 500	
1 11	Æskulýðssamband Íslands	700	
1 12	Ungmennafélag Íslands	9 500	
1 13	Bandalag íslenskra skáta	5 000	
1 14	Bandalag íslenskra skáta, Úlfljótsvatn	2 000	
1 16	Íslenskir ungtemplarar	1 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 17	Starfsemi KFUM og KFUK	2 000	
1 18	Iðnemasamband Íslands	2 550	
1 19	Æskulýðsmál, almennt	1 850	
	Gjöld samtals		26 100
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	26 100	
5	Gjöld samtals		**26 100**

02–989 Ýmis íþróttamál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			66 720
1 10	Íþróttasamband Íslands	24 920	
1 11	Ólympíunefnd Íslands	4 500	
1 12	Ólympíunefnd fatlaðra	1 140	
1 13	Íþróttamál fatlaðra	4 000	
1 15	Íþróttastarfsemi, almenn	660	
1 16	Íþróttafélög, styrkir	14 000	
1 20	Glíman, íslenska þjóðaríþróttin, kynning í skólum	2 500	
1 21	Skáksamband Íslands	2 000	
1 22	Launasjóður stórmeistara í skák	5 540	
1 23	Skákmót, styrkir	660	
1 24	Skólaskákmót	400	
1 30	Bridgesamband Íslands	900	
1 40	Ýmis framlög til íþróttamála	5 500	
	Gjöld samtals		66 720
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 540	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	61 180	
5	Gjöld samtals		**66 720**

02–991 Húsafriðun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			280
1 50	Hið íslenska fornleifafélag	280	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			27 500
6 10	Húsafriðunarsjóður	10 500	
6 20	Nesstofa	4 000	
6 40	Byggða- og minjasöfn	6 000	
6 60	Sjóminjasafn Íslands	7 000	
	Gjöld samtals		27 780
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	27 780	
5	Gjöld samtals		**27 780**

02–997 Uppgjör við sveitarfélög

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			300 000
6 01	Uppgjör við sveitarfélög	300 000	
	Gjöld samtals		300 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	300 000	
5	Gjöld samtals		**300 000**

02–998 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	15 000	
	Gjöld samtals		15 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	15 000	
5	Gjöld samtals		**15 000**

02–999 Ýmislegt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 190
1 21	Norræn umhverfisráðstefna	5 000	
1 29	Amtsbókasafn, vegna skilaskyldu	380	
1 42	Reykholtsstaður	690	
1 50	Landssamband hjálparsveita skáta	2 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 75	Til Cornell- og Manitobaháskóla	520	
1 90	Söfn, styrkir	2 000	
1 91	Tónlistarsaga Íslands	2 000	
1 92	Ýmis framlög	11 500	
1 93	Kvenfélagasamband Íslands	1 200	
1 94	Iðnsaga Íslands	4 550	
1 97	Útvarpsréttarnefnd	920	
1 98	Félög, styrkir	570	
1 99	Sögusafn alþýðu	860	
	Stofnkostnaður:		8 700
6 10	Náttúrufræðihús	2 500	
6 20	Gamli Stýrimannaskólinn við Öldugötu	1 000	
6 24	Safnastofnun Austurlands	5 200	
	Gjöld samtals		40 890
	Tegundasundurliðun:		
52–58	Önnur gjöld	2 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	38 390	
5	Gjöld samtals		**40 890**
	Samtals		15 426 710

03 Utanríkisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			307 380
1 01	Yfirstjórn	147 460	
1 10	Kjörræðismenn	620	
1 21	Alþjóðaráðstefnur	21 870	
1 30	Upplýsinga- og kynningarstarfsemi	5 400	
1 31	Kvikmyndir og myndbönd, landkynning	630	
1 50	Viðskiptaskrifstofa	77 730	
1 51	Útflutningsráð Íslands	16 300	
1 53	Þýðingar laga og reglugerða Evrópubandalagsins	37 370	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		310 380
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	87 270	
52–58	Önnur gjöld	206 810	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	16 300	
5	Gjöld samtals		**310 380**
03–102 Varnarmálaskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 970
1 01	Varnarmálaskrifstofa	33 670	
1 02	Fulltrúi í Brussel	5 300	
	Gjöld samtals		38 970

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	25 260	
52–58	Önnur gjöld	13 710	
5	Gjöld samtals	38 970	
4	Sértekjur	1 750	
	Mismunur		**37 220**

03–103 Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 470
1 01	Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs	11 470	
	Gjöld samtals		11 470
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 970	
52–58	Önnur gjöld	6 500	
5	Gjöld samtals		**11 470**

03–201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			225 820
1 01	Yfirstjórn	17 000	
1 10	Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	88 070	
1 20	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	120 750	
Viðhaldsverkefni:			500
5 20	Viðhald lögreglustöðvar	500	
Stofnkostnaður:			1 300
6 01	Tæki og búnaður	1 300	
	Gjöld samtals		227 620
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	184 800	
52–58	Önnur gjöld	42 820	
5	Gjöld samtals	227 620	
4	Sértekjur	23 150	
	Mismunur		**204 470**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–301	**Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd hjá Evrópuráðinu**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 900
1 01	Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd hjá Evrópuráðinu	23 900	
	Gjöld samtals		23 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 910	
52–58	Önnur gjöld	5 990	
5	Gjöld samtals		**23 900**
03–302	**Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 210
1 01	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	28 210	
	Gjöld samtals		28 210
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 750	
52–58	Önnur gjöld	11 460	
5	Gjöld samtals		**28 210**
03–303	**Sendiráð Íslands í London**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 420
1 01	Sendiráð Íslands í London	31 420	
	Gjöld samtals		31 420
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 450	
52–58	Önnur gjöld	12 970	
5	Gjöld samtals		**31 420**
03–304	**Sendiráð Íslands í Moskvu**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 530
1 01	Sendiráð Íslands í Moskvu	29 530	
	Gjöld samtals		29 530

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 120	
52–58	Önnur gjöld	10 410	
5	Gjöld samtals		**29 530**

03–305 Sendiráð Íslands í Ósló

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 620
1 01	Sendiráð Íslands í Ósló	25 620	
	Gjöld samtals		25 620
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 860	
52–58	Önnur gjöld	7 760	
5	Gjöld samtals		**25 620**

03–306 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD og UNESCO

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 220
1 01	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD og UNESCO	38 220	
	Gjöld samtals		38 220
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 350	
52–58	Önnur gjöld	15 870	
5	Gjöld samtals		**38 220**

03–307 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 670
1 01	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	21 670	
	Gjöld samtals		21 670
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 510	
52–58	Önnur gjöld	7 160	
5	Gjöld samtals		**21 670**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–308	**Sendiráð Íslands í Washington**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		28 840
1 01	Sendiráð Íslands í Washington	28 840	
	Gjöld samtals		28 840
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	18 630	
52–58	Önnur gjöld	10 210	
5	Gjöld samtals		**28 840**
03–309	**Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		38 300
1 01	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	38 300	
	Gjöld samtals		38 300
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	18 970	
52–58	Önnur gjöld	19 330	
5	Gjöld samtals		**38 300**
03–310	**Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		41 990
1 01	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	41 990	
	Gjöld samtals		41 990
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	24 270	
52–58	Önnur gjöld	17 720	
5	Gjöld samtals		**41 990**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–311	**Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 000
1 01	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	33 000	
	Gjöld samtals		33 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 220	
52–58	Önnur gjöld	10 780	
5	Gjöld samtals		**33 000**
03–312	**Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			36 150
1 01	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	36 150	
	Gjöld samtals		36 150
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 400	
52–58	Önnur gjöld	15 750	
5	Gjöld samtals		**36 150**
03–313	**Sendiráð, almennt**		
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			8 000
5 90	Viðhald sendiráða	8 000	
Stofnkostnaður:			8 000
6 90	Tæki og búnaður	8 000	
	Gjöld samtals		16 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	16 000	
5	Gjöld samtals		**16 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–390	**Þróunarsamvinnustofnun Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			78 570
1 01	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	78 570	
	Gjöld samtals		78 570
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	78 570	
5	Gjöld samtals		**78 570**
03–391	**Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 080
1 10	Háskóli Sameinuðu þjóðanna	18 120	
1 11	Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	6 040	
1 12	Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	14 490	
1 13	Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	2 060	
1 14	Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna, WFP	860	
1 15	Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNHCR	2 170	
1 16	Aðstoð Sameinuðu þjóðanna við palestínska flóttamenn, UNRWA	590	
1 17	Sameinuðu þjóðirnar, ýmsir sérsjóðir	690	
1 18	Alþjóðaráð Rauða krossins	2 230	
1 19	Neyðarhjálparstofnun Sameinuðu þjóðanna, UNDRO	370	
1 20	Alþjóðamatvælabirgðasjóðurinn, IEFR	360	
1 21	Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM	1 100	
	Gjöld samtals		49 080
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	49 080	
5	Gjöld samtals		**49 080**
03–399	**Ýmis utanríkismál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 000
1 20	Kynningarátak um Leif Eiríksson	5 000	
1 30	Lögberg-Heimskringla	410	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 40	Samskipti við Vestur-Íslendinga	280	
1 50	Móttaka flóttamanna	16 100	
1 70	Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	210	
	Gjöld samtals		22 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	5 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	17 000	
5	Gjöld samtals		**22 000**

03–401 Alþjóðastofnanir

Viðfangsefni:

Almennur rekstur:			203 280
1 10	Sameinuðu þjóðirnar, UN	14 010	
1 11	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	5 240	
1 12	Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	3 120	
1 13	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	4 390	
1 15	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	3 690	
1 16	Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti, GATT	1 960	
1 17	Alþjóðaveðurfræðistofnunin, WMO	1 060	
1 18	Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMCO	1 030	
1 23	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna á Kípur, UNFICYP	690	
1 25	Eftirlitsnefnd með gin- og klaufaveiki, FAO	50	
1 27	Alþjóðagerðardómurinn í Haag	10	
1 28	Tollasamvinnuráðið, CCC	1 200	
1 29	Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB	420	
1 30	Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC	2 690	
1 31	Alþjóðahafrannsóknir (ICES, ICNAF, NEAFC)	5 310	
1 32	Alþjóðastofnun til útgáfu tollalaga	110	
1 33	Alþjóðalandfræðisambandið, IGU	20	
1 34	Alþjóðajarðfræðisambandið, IUGS	20	
1 35	Parísarsamþykktin um vernd á sviði iðnaðar	1 100	
1 36	Bernarsambandið	630	
1 38	Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL	1 970	
1 39	Evrópuráðið	7 410	
1 40	Efnahags- og framfarastofnunin, OECD	9 840	
1 41	Atlantshafsbandalagið, NATO	28 750	
1 42	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	24 870	
1 44	Alþjóðanáttúruverndarsambandið	380	
1 45	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Miðjarðarhafs	710	
1 46	Alþjóðasamband um byggingarskipulag	50	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 47	Óslóarsamningur um varnir gegn mengun	450	
1 48	Alþjóðajarðeðlisfræðisambandið	60	
1 49	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Líbanon, UNIFIL	4 050	
1 50	Sameindalíffræðiþing Evrópu	360	
1 52	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Persaflóa	2 220	
1 53	Parísarsamningur um varnir gegn mengun	460	
1 54	Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA	160	
1 56	Sjóður Sameinuðu þjóðanna fyrir fórnarlömb pyntinga	240	
1 57	Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	2 300	
1 58	Eftirlitssveitir Sameinuðu þjóðanna í Angólu, UNAVEM	110	
1 59	Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna í Mið-Ameríku, ONUCA	1 420	
1 60	Tölvugagnaskiptakerfi fyrir viðskipti, TEDIS	350	
1 61	Framlag Íslands til fjárlaga Norrænu ráðherranefndarinnar	70 370	
	Gjöld samtals		203 280
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	203 280	
5	Gjöld samtals		**203 280**

03–998 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**
	Samtals		1 314 320

04 Landbúnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			58 210
1 01	Yfirstjórn	58 210	
	Gjöld samtals		58 210
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 920	
52–58	Önnur gjöld	26 290	
5	Gjöld samtals	58 210	
4	Sértekjur	2 710	
	Mismunur		**55 500**
04–171 Jarðeignir ríkisins, framlög			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			20 000
6 01	Jarðeignir ríkisins	20 000	
	Gjöld samtals		20 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	20 000	
5	Gjöld samtals		**20 000**
04–172 Jarðasjóður			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			15 000
6 01	Jarðasjóður	15 000	
	Gjöld samtals		15 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	15 000	
5	Gjöld samtals		**15 000**

04–201 Búnaðarfélag Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			79 500
1 01	Yfirstjórn	25 010	
1 20	Ráðunautar	33 650	
1 30	Sérfræðileg aðstoð við landbúnaðinn	20 840	
	Gjöld samtals		79 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	49 450	
52–58	Önnur gjöld	30 050	
5	Gjöld samtals	79 500	
4	Sértekjur	7 590	
	Mismunur		**71 910**

04–202 Hagþjónusta landbúnaðarins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 330
1 01	Hagþjónusta landbúnaðarins	8 330	
	Gjöld samtals		8 330
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 570	
52–58	Önnur gjöld	3 760	
5	Gjöld samtals	8 330	
4	Sértekjur	270	
	Mismunur		**8 060**

04–206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			125 920
1 01	Aðalstöðvar	101 540	
1 82	Tilraunastöðin Stóra-Ármóti	3 780	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 83	Tilraunastöðin Hesti og Hvanneyri	5 930	
1 85	Tilraunastöðin Möðruvöllum	6 970	
1 87	Tilraunastöðin Sámsstöðum og Gunnarsholti	7 700	
	Viðhaldsverkefni:		1 000
5 80	Tilraunastöðvar, viðhald	1 000	
	Stofnkostnaður:		3 500
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
6 92	Tilraunastöðin á Möðruvöllum, fjósbygging	500	
	Gjöld samtals		130 420
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	90 550	
52–58	Önnur gjöld	39 870	
5	Gjöld samtals	130 420	
4	Sértekjur	12 820	
	Mismunur		**117 600**

04–231 Skógrækt ríkisins

	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		133 480
1 01	Yfirstjórn	113 520	
1 81	Nytjaskógar	13 870	
1 82	Fimmtán ára áætlun um nytjaskógrækt	4 240	
1 90	Skógrækt einstaklinga, styrkir	1 850	
	Viðhaldsverkefni:		3 500
5 01	Fasteignir	3 500	
	Stofnkostnaður:		7 300
6 01	Tæki og búnaður	2 300	
6 32	Fasteignir, óskipt	5 000	
	Gjöld samtals		144 280

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	62 280	
52–58	Önnur gjöld	62 040	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	18 110	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 850	
5	Gjöld samtals	144 280	
4	Sértekjur	64 250	
	Mismunur		**80 030**

04–232 Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 370
1 01	Rannsóknastöðin á Mógilsá	18 250	
1 10	Tilraunir með rótarskóga	480	
1 20	Tilraunir með ræktun iðnviðar	6 960	
1 30	Sérstakt rannsóknaverkefni	4 680	
Stofnkostnaður:			600
6 01	Tæki og búnaður	600	
	Gjöld samtals		30 970
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 630	
52–58	Önnur gjöld	5 220	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	4 680	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	7 440	
5	Gjöld samtals		**30 970**

04–235 Landgræðsla ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			92 910
1 10	Almenn landgræðsla	80 650	
1 50	Landgræðsluframkvæmdir Mývatnssveit	1 100	
1 60	Búrekstur	11 160	
Viðhaldsverkefni:			3 000
5 20	Viðhald, óskipt	3 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			13 000
6 01	Tæki og búnaður	4 000	
6 10	Gunnarsholt, viðbygging	5 000	
6 20	Fræverkunarstöð	4 000	
	Gjöld samtals		108 910
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	33 190	
52–58	Önnur gjöld	74 620	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	1 100	
5	Gjöld samtals	108 910	
4	Sértekjur	11 900	
	Mismunur		**97 010**

04–242 Mat á landbúnaðarafurðum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 540
1 01	Mat á landbúnaðarafurðum	5 540	
	Gjöld samtals		5 540
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 740	
52–58	Önnur gjöld	2 800	
5	Gjöld samtals	5 540	
4	Sértekjur	5 540	
	Mismunur		

04–243 Sauðfjárveikivarnir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			328 000
1 01	Sauðfjárveikivarnir	328 000	
Viðhaldsverkefni:			9 200
5 01	Varnargirðingar	9 200	
	Gjöld samtals		337 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 580	
52–58	Önnur gjöld	9 040	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	313 580	
5	Gjöld samtals		**337 200**

04–244 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 400
1 01	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	6 400	
	Gjöld samtals		6 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 830	
52–58	Önnur gjöld	570	
5	Gjöld samtals		**6 400**

04–245 Laxeldisstöðin í Kollafirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 400
1 10	Laxeldisstöðin í Kollafirði	10 400	
	Gjöld samtals		10 400
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	10 400	
5	Gjöld samtals		**10 400**

04–246 Veiðimálastofnunin

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 960
1 01	Veiðimálastofnunin	55 960	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		57 460

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 320	
52–58	Önnur gjöld	23 140	
5	Gjöld samtals	57 460	
4	Sértekjur	25 740	
	Mismunur		**31 720**

04–247 Yfirdýralæknir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			54 080
1 01	Yfirstjórn	8 640	
1 20	Héraðsdýralæknar	42 330	
1 30	Dýralæknir fisksjúkdóma	2 530	
1 52	Eftirlit og eftirlitsferðir	580	
Viðhaldsverkefni:			4 000
5 90	Dýralæknisbústaðir, óskipt	4 000	
	Gjöld samtals		58 080
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	47 280	
52–58	Önnur gjöld	10 800	
5	Gjöld samtals	58 080	
4	Sértekjur	2 640	
	Mismunur		**55 440**

04–270 Landgræðslu- og landverndaráætlun

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			131 500
6 20	Landgræðsluáætlun, RALA	7 000	
6 30	Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins	16 000	
6 40	Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins	76 000	
6 50	Landgræðsluáætlun, ýmis starfsemi	3 700	
6 80	Landþurrkun	4 800	
6 90	Fyrirhleðslur	24 000	
	Gjöld samtals		131 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	131 500	
5	Gjöld samtals		**131 500**

	Þús. kr.	Þús. kr.
04–271 Landgræðslusjóður		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		3 000
6 01 Landgræðslusjóður	3 000	
Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5 Gjöld samtals		**3 000**
04–272 Einangrunarstöð í Hrísey		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		4 990
1 01 Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey	4 990	
Stofnkostnaður:		1 500
6 02 Bygging einangrunarstöðvar	1 500	
Gjöld samtals		6 490
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	1 500	
59 Tilfærslur:		
5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	4 990	
5 Gjöld samtals		**6 490**
04–287 Stofnlánadeild landbúnaðarins		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		53 680
1 01 Stofnlánadeild landbúnaðarins	53 680	
Gjöld samtals		53 680
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	53 680	
5 Gjöld samtals		**53 680**

	Þús. kr.	Þús. kr.
04–288 Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		55 120
1 01 Búfjárrækt	23 050	
1 10 Ráðunautar	32 070	
Stofnkostnaður:		190 000
6 20 Jarðræktar- og búfjárræktarframlög	190 000	
Gjöld samtals		245 120
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	55 120	
59 Tilfærslur:		
5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	190 000	
5 Gjöld samtals		**245 120**
04–289 Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		507 000
1 10 Endurgreiðsla kjarnfóðurgjalds	507 000	
Gjöld samtals		507 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	507 000	
5 Gjöld samtals		**507 000**
04–290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		2 078 000
1 01 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	1 427 000	
1 10 Framleiðnisjóður landbúnaðarins	651 000	
Gjöld samtals		2 078 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	2 078 000	
5 Gjöld samtals		**2 078 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 990
1 18	Skógræktarfélag Íslands	1 580	
1 19	Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	15 710	
1 22	Ýmis verkefni	4 700	
	Gjöld samtals		21 990
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	15 710	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 280	
5	Gjöld samtals		**21 990**
04–501 Bændaskólinn á Hvanneyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			92 360
1 01	Yfirstjórn	13 980	
1 30	Rekstur skóla	49 600	
1 40	Rannsóknir og tilraunastarfsemi	5 680	
1 50	Búrekstur	23 100	
Viðhaldsverkefni:			3 700
5 01	Fasteignir	3 700	
Stofnkostnaður:			7 900
6 01	Fasteignir og lóðir	6 900	
6 02	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		103 960
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	58 680	
52–58	Önnur gjöld	45 280	
5	Gjöld samtals	103 960	
4	Sértekjur	31 360	
	Mismunur		**72 600**
04–502 Bændaskólinn á Hólum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			63 260
1 01	Bændaskólinn á Hólum	63 260	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			4 500
5 01	Fasteignir	4 500	
Stofnkostnaður:			4 400
6 01	Fasteignir og lóðir	3 400	
6 02	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		72 160
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 290	
52–58	Önnur gjöld	37 870	
5	Gjöld samtals	72 160	
4	Sértekjur	13 020	
	Mismunur		**59 140**

04–503 Garðyrkjuskóli ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 600
1 01	Garðyrkjuskóli ríkisins	39 590	
1 10	Tilraunir og rannsóknastörf	3 010	
Viðhaldsverkefni:			3 500
5 01	Viðhald fasteigna	3 500	
Stofnkostnaður:			6 600
6 10	Fasteignir og tæki	6 600	
	Gjöld samtals		52 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 590	
52–58	Önnur gjöld	23 110	
5	Gjöld samtals	52 700	
4	Sértekjur	6 250	
	Mismunur		**46 450**

04–998 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3 000	
	Gjöld samtals		3 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**
	Samtals		4 165 210

05 Sjávarútvegsráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
05–101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		73 060
1 01 Yfirstjórn	73 060	
Stofnkostnaður:		2 500
6 01 Tæki og búnaður	2 500	
Gjöld samtals		75 560
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	41 530	
52–58 Önnur gjöld	34 030	
5 Gjöld samtals		**75 560**
05–201 Fiskifélag Íslands		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		44 680
1 90 Fiskifélag Íslands	44 680	
Gjöld samtals		44 680
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	44 680	
5 Gjöld samtals		**44 680**
05–202 Hafrannsóknastofnun		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		434 500
1 01 Yfirstjórn	50 810	
1 10 Rannsóknasvið	92 000	
1 11 Raftæknideild	8 300	
1 12 Tölvudeild	10 650	
1 19 Tímabundin verkefni	18 600	
1 20 Útibú á Húsavík	3 180	
1 21 Útibú á Höfn í Hornafirði	2 610	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 22	Útibú á Ísafirði	3 980	
1 23	Útibú í Ólafsvík	3 290	
1 24	Útibú í Vestmannaeyjum	3 100	
1 31	R/s Bjarni Sæmundsson	62 920	
1 32	R/s Árni Friðriksson	54 190	
1 33	R/s Dröfn	32 170	
1 36	Veiðarfærakostnaður	20 790	
1 39	Annar skiparekstur	36 130	
1 40	Hvalarannsóknir	10 000	
1 41	Lúðueldi á Reykjanesi	13 770	
1 42	Aflaskýrslur	1 520	
1 50	Alþjóðlegt samstarfsverkefni á hafsvæðinu milli Íslands og Austur-Grænlands	6 490	
Viðhaldsverkefni:			27 000
5 31	Viðhald, r/s Bjarni Sæmundsson	10 000	
5 32	Viðhald, r/s Árni Friðriksson	9 000	
5 33	Viðhald, r/s Dröfn	6 000	
5 90	Viðhald, óskipt	2 000	
Stofnkostnaður:			37 500
6 31	Tæki og búnaður í r/s Bjarna Sæmundsson	3 000	
6 32	Tæki og búnaður í r/s Árna Friðriksson	6 500	
6 33	Tæki og búnaður í r/s Dröfn	10 700	
6 90	Tæki og búnaður deilda og útibúa	17 300	
	Gjöld samtals		499 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	235 630	
52–58	Önnur gjöld	263 370	
5	Gjöld samtals	499 000	
4	Sértekjur	21 180	
	Mismunur		**477 820**

05–203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			143 290
1 01	Yfirstjórn	33 200	
1 10	Rannsóknasvið	83 690	
1 20	Rannsóknastofa í Vestmannaeyjum	2 450	
1 21	Útibú á Ísafirði	5 260	
1 22	Útibú á Neskaupstað	6 130	
1 23	Útibú á Akureyri	6 290	
1 25	Sjávarútvegur, iðnaður	6 270	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			21 000
6 01	Tölvuvæðing	1 000	
6 10	Tæki og búnaður	20 000	
	Gjöld samtals		164 290
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	91 140	
52–58	Önnur gjöld	66 880	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	6 270	
5	Gjöld samtals	164 290	
4	Sértekjur	67 930	
	Mismunur		**96 360**

05–216 Ríkismat sjávarafurða

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			95 390
1 01	Ríkismat sjávarafurða	95 390	
Stofnkostnaður:			2 800
6 01	Tæki og búnaður	2 800	
	Gjöld samtals		98 190
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	50 530	
52–58	Önnur gjöld	47 660	
5	Gjöld samtals	98 190	
4	Sértekjur	31 210	
	Mismunur		**66 980**

05–221 Verðlagsráð sjávarútvegsins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 150
1 01	Verðlagsráð sjávarútvegsins	6 150	
	Gjöld samtals		6 150
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 170	
52–58	Önnur gjöld	1 980	
5	Gjöld samtals		**6 150**

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			20 000
6 01	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	20 000	
	Gjöld samtals		20 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	20 000	
5	Gjöld samtals		**20 000**
05–290 Veiðieftirlit			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			63 330
1 01	Veiðieftirlit	63 330	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		65 330
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	43 960	
52–58	Önnur gjöld	21 370	
5	Gjöld samtals	65 330	
4	Sértekjur	32 690	
	Mismunur		**32 640**
05–299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			70 790
1 21	Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknabátur	11 040	
1 31	Stjórn fiskveiða	9 140	
1 32	Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi	50 610	
	Gjöld samtals		70 790

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 110	
52–58	Önnur gjöld	20 180	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	49 500	
5	Gjöld samtals		**70 790**

05–901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 810
1 01	Yfirstjórn	24 350	
1 30	Keldnaholt	31 460	
Viðhaldsverkefni:			4 400
5 30	Keldnaholt, viðhald	4 400	
	Gjöld samtals		60 210
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 690	
52–58	Önnur gjöld	36 520	
5	Gjöld samtals	60 210	
4	Sértekjur	1 910	
	Mismunur		**58 300**

05–998 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**
	Samtals		952 280

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			80 080
1 01	Yfirstjórn	80 080	
	Gjöld samtals		80 080
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 510	
52–58	Önnur gjöld	28 570	
5	Gjöld samtals		**80 080**
06–102 Stjórnartíðindi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 740
1 01	Stjórnartíðindi	19 740	
	Gjöld samtals		19 740
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 660	
52–58	Önnur gjöld	17 080	
5	Gjöld samtals	19 740	
4	Sértekjur	10 270	
	Mismunur		**9 470**
06–103 Kosningar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 640
1 01	Kosningar	22 640	
	Gjöld samtals		22 640

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 920	
52–58	Önnur gjöld	15 720	
5	Gjöld samtals		**22 640**

06–201 Hæstiréttur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 280
1 01	Yfirstjórn	14 800	
1 02	Útgáfa Hæstaréttardóma	12 480	
Viðhaldsverkefni:			2 000
5 01	Viðhald fasteigna	2 000	
	Gjöld samtals		29 280
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 790	
52–58	Önnur gjöld	18 490	
5	Gjöld samtals	29 280	
4	Sértekjur	2 350	
	Mismunur		**26 930**

06–202 Ríkissaksóknari

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			39 230
1 01	Ríkissaksóknari	39 230	
Stofnkostnaður:			2 000
6 02	Innrétting húsnæðis	2 000	
	Gjöld samtals		41 230
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 740	
52–58	Önnur gjöld	11 490	
5	Gjöld samtals		**41 230**

06–203 Borgardómarinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			63 890
1 01	Borgardómarinn í Reykjavík	63 890	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			800
6 01	Tæki og búnaður	800	
	Gjöld samtals		64 690
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 160	
52–58	Önnur gjöld	13 530	
5	Gjöld samtals	64 690	
4	Sértekjur	690	
	Mismunur		**64 000**

06–204 Borgarfógetinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			88 480
1 01	Borgarfógetinn í Reykjavík	88 480	
Stofnkostnaður:			800
6 01	Tæki og búnaður	800	
	Gjöld samtals		89 280
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	61 750	
52–58	Önnur gjöld	27 530	
5	Gjöld samtals		**89 280**

06–205 Sakadómur Reykjavíkur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			59 140
1 01	Sakadómur Reykjavíkur	59 140	
	Gjöld samtals		59 140
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	49 520	
52–58	Önnur gjöld	9 620	
5	Gjöld samtals		**59 140**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–206	**Lögreglustjórinn í Reykjavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			844 500
1 01	Yfirstjórn	52 610	
1 02	Sími og fjarskipti	6 690	
1 20	Almenn löggæsla	646 200	
1 21	Eftirlit á vegum	3 780	
1 22	Fangaklefar	16 450	
1 24	Eftirlit með vínveitingahúsum	3 060	
1 30	Útlendingaeftirlit	14 610	
1 40	Mötuneyti	28 020	
1 60	Aðallögreglustöð	27 550	
1 80	Rekstur ökutækja	45 530	
Viðhaldsverkefni:			9 000
5 60	Aðallögreglustöð, viðhald	9 000	
Stofnkostnaður:			19 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
6 80	Endurnýjun ökutækja	16 000	
	Gjöld samtals		872 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	672 320	
52–58	Önnur gjöld	200 180	
5	Gjöld samtals	872 500	
4	Sértekjur	51 940	
	Mismunur		**820 560**
06–208	**Rannsóknarlögregla ríkisins**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			148 630
1 01	Rannsóknarlögregla ríkisins	148 630	
Viðhaldsverkefni:			1 500
5 01	Viðhald húseignar	1 500	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
	Gjöld samtals		155 130

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	115 950	
52–58	Önnur gjöld	39 180	
5	Gjöld samtals	155 130	
4	Sértekjur	1 380	
	Mismunur		**153 750**

06–209 Lögregluskóli ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 110
1 01	Lögregluskóli ríkisins	20 110	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
	Gjöld samtals		25 110
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 910	
52–58	Önnur gjöld	12 200	
5	Gjöld samtals		**25 110**

06–210 Héraðsdómstólar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 060
1 91	Héraðsdómari á Suður- og Vesturlandi	5 510	
1 92	Héraðsdómari á Vestfjörðum	5 070	
1 93	Héraðsdómari á Norðurlandi	5 170	
1 94	Héraðsdómari á Austurlandi	5 310	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Húsnæði héraðsdómstóla	10 000	
	Gjöld samtals		31 060
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 820	
52–58	Önnur gjöld	15 240	
5	Gjöld samtals		**31 060**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–211 Sýslumenn og bæjarfógetar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			68 160
1 10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	11 370	
1 20	Forfallakostnaður og námskostnaður	46 790	
1 90	Skipulags- og hagræðingarverkefni	10 000	
Viðhaldsverkefni:			15 000
5 50	Fasteignir	15 000	
Stofnkostnaður:			6 000
6 01	Tæki og búnaður	6 000	
	Gjöld samtals		89 160
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 720	
52–58	Önnur gjöld	61 440	
5	Gjöld samtals		**89 160**
06–212 Bæjarfógeti Akranesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			57 770
1 01	Yfirstjórn	25 590	
1 20	Löggæsla	32 180	
Stofnkostnaður:			8 000
6 10	Innrétting lögreglustöðvar	8 000	
	Gjöld samtals		65 770
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	45 400	
52–58	Önnur gjöld	20 370	
5	Gjöld samtals	65 770	
4	Sértekjur	1 670	
	Mismunur		**64 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–213 Sýslumaður Borgarnesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			47 930
1 01	Yfirstjórn	21 850	
1 20	Löggæsla	24 650	
1 30	Hreppstjórar	1 430	
	Gjöld samtals		47 930
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 380	
52–58	Önnur gjöld	10 550	
5	Gjöld samtals	47 930	
4	Sértekjur	1 970	
	Mismunur		**45 960**
06–214 Sýslumaður Stykkishólmi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			58 540
1 01	Yfirstjórn	23 130	
1 20	Löggæsla Stykkishólmi	12 740	
1 21	Löggæsla Grundarfirði	8 090	
1 24	Löggæsla Ólafsvík og Hellissandi	13 500	
1 30	Hreppstjórar	1 080	
Stofnkostnaður:			11 900
6 20	Lögreglustöð	11 900	
	Gjöld samtals		70 440
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	44 430	
52–58	Önnur gjöld	26 010	
5	Gjöld samtals	70 440	
4	Sértekjur	1 640	
	Mismunur		**68 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–215 Sýslumaður Búðardal			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 120
1 01	Yfirstjórn	9 190	
1 20	Löggæsla	3 330	
1 30	Hreppstjórar	600	
	Gjöld samtals		13 120
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 080	
52–58	Önnur gjöld	3 040	
5	Gjöld samtals	13 120	
4	Sértekjur	110	
	Mismunur		**13 010**
06–216 Sýslumaður Patreksfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 850
1 01	Yfirstjórn	15 530	
1 20	Löggæsla	15 420	
1 30	Hreppstjórar	900	
Stofnkostnaður:			4 000
6 10	Viðbygging	4 000	
	Gjöld samtals		35 850
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 310	
52–58	Önnur gjöld	11 540	
5	Gjöld samtals	35 850	
4	Sértekjur	960	
	Mismunur		**34 890**
06–217 Bæjarfógeti Bolungarvík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 550
1 01	Yfirstjórn	9 980	
1 20	Löggæsla	8 570	
	Gjöld samtals		18 550

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 350	
52–58	Önnur gjöld	4 200	
5	Gjöld samtals	18 550	
4	Sértekjur	280	
	Mismunur		**18 270**

06–218 Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			77 890
1 01	Yfirstjórn	34 970	
1 20	Löggæsla	40 630	
1 30	Hreppstjórar	1 100	
1 40	Tollgæsla	1 190	
	Gjöld samtals		77 890
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	54 980	
52–58	Önnur gjöld	22 910	
5	Gjöld samtals	77 890	
4	Sértekjur	2 680	
	Mismunur		**75 210**

06–219 Sýslumaður Hólmavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 760
1 01	Yfirstjórn	8 950	
1 20	Löggæsla	4 130	
1 30	Hreppstjórar	680	
	Gjöld samtals		13 760
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 100	
52–58	Önnur gjöld	3 660	
5	Gjöld samtals	13 760	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**13 660**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–221 Sýslumaður Blönduósi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 660
1 01	Yfirstjórn	20 660	
1 20	Löggæsla	20 540	
1 30	Hreppstjórar	1 460	
	Gjöld samtals		42 660
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 700	
52–58	Önnur gjöld	11 960	
5	Gjöld samtals	42 660	
4	Sértekjur	850	
	Mismunur		**41 810**
06–222 Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			46 480
1 01	Yfirstjórn	21 080	
1 20	Löggæsla	23 230	
1 30	Hreppstjórar	1 170	
1 40	Tollgæsla	1 000	
Stofnkostnaður:			26 800
6 10	Nýbygging	26 800	
	Gjöld samtals		73 280
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	36 600	
52–58	Önnur gjöld	36 680	
5	Gjöld samtals	73 280	
4	Sértekjur	290	
	Mismunur		**72 990**
06–223 Bæjarfógeti Siglufirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 230
1 01	Yfirstjórn	13 650	
1 20	Löggæsla	16 580	
	Gjöld samtals		30 230

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 560	
52–58	Önnur gjöld	6 670	
5	Gjöld samtals	30 230	
4	Sértekjur	710	
	Mismunur		**29 520**

06–224 Bæjarfógeti Ólafsfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 180
1 01	Yfirstjórn	10 020	
1 20	Löggæsla	6 160	
	Gjöld samtals		16 180
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 390	
52–58	Önnur gjöld	3 790	
5	Gjöld samtals	16 180	
4	Sértekjur	240	
	Mismunur		**15 940**

06–225 Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			171 700
1 01	Yfirstjórn	70 530	
1 20	Löggæsla Akureyri	77 020	
1 21	Löggæsla Dalvík	8 290	
1 25	Fangelsi	9 200	
1 30	Hreppstjórar	1 110	
1 40	Tollgæsla	5 550	
	Gjöld samtals		171 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	133 970	
52–58	Önnur gjöld	37 730	
5	Gjöld samtals	171 700	
4	Sértekjur	1 010	
	Mismunur		**170 690**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–226 Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			70 070
1 01	Yfirstjórn	31 410	
1 20	Löggæsla Húsavík	25 090	
1 21	Löggæsla Raufarhöfn	5 410	
1 22	Löggæsla Þórshöfn	6 120	
1 30	Hreppstjórar	2 040	
Stofnkostnaður:			800
6 01	Nýbygging, uppgjör	800	
	Gjöld samtals		70 870
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	50 200	
52–58	Önnur gjöld	20 670	
5	Gjöld samtals	70 870	
4	Sértekjur	1 140	
	Mismunur		**69 730**
06–227 Sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			41 080
1 01	Yfirstjórn	20 850	
1 20	Löggæsla Seyðisfirði	10 720	
1 21	Löggæsla Vopnafirði	5 910	
1 30	Hreppstjórar	860	
1 40	Tollgæsla	2 740	
	Gjöld samtals		41 080
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 860	
52–58	Önnur gjöld	10 220	
5	Gjöld samtals	41 080	
4	Sértekjur	530	
	Mismunur		**40 550**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–228 Bæjarfógeti Neskaupstað			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 150
1 01	Yfirstjórn	12 130	
1 20	Löggæsla	8 020	
	Gjöld samtals		20 150
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 650	
52–58	Önnur gjöld	5 500	
5	Gjöld samtals	20 150	
4	Sértekjur	450	
	Mismunur		**19 700**
06–229 Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 810
1 01	Yfirstjórn	23 940	
1 20	Löggæsla Eskifirði og Reyðarfirði	11 810	
1 21	Löggæsla Egilsstöðum	10 730	
1 22	Löggæsla Fáskrúðsfirði	6 800	
1 23	Löggæsla Suðurfjörðum	960	
1 30	Hreppstjórar	1 570	
Stofnkostnaður:			8 000
6 21	Lögreglustöð Egilsstöðum, nýbygging	7 000	
6 22	Lögreglustöð Fáskrúðsfirði, innrétting	1 000	
	Gjöld samtals		63 810
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	41 290	
52–58	Önnur gjöld	22 520	
5	Gjöld samtals	63 810	
4	Sértekjur	1 130	
	Mismunur		**62 680**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–230 Sýslumaður Höfn í Hornafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 670
1 01	Yfirstjórn	13 870	
1 20	Löggæsla	13 240	
1 30	Hreppstjórar	560	
Stofnkostnaður:			4 500
6 01	Innrétting	4 500	
	Gjöld samtals		32 170
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 900	
52–58	Önnur gjöld	12 270	
5	Gjöld samtals	32 170	
4	Sértekjur	970	
	Mismunur		**31 200**
06–231 Sýslumaður Vík í Mýrdal			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 420
1 01	Yfirstjórn	11 520	
1 20	Löggæsla	5 420	
1 30	Hreppstjórar	480	
	Gjöld samtals		17 420
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 910	
52–58	Önnur gjöld	4 510	
5	Gjöld samtals	17 420	
4	Sértekjur	440	
	Mismunur		**16 980**
06–232 Sýslumaður Hvolsvelli			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 230
1 01	Yfirstjórn	16 100	
1 20	Löggæsla	16 070	
1 30	Hreppstjórar	1 060	
	Gjöld samtals		33 230

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 430	
52–58	Önnur gjöld	8 800	
5	Gjöld samtals	33 230	
4	Sértekjur	850	
	Mismunur		**32 380**

06–233 Bæjarfógeti Vestmannaeyjum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			70 390
1 01	Yfirstjórn	31 280	
1 20	Löggæsla	33 700	
1 40	Tollgæsla	5 410	
	Gjöld samtals		70 390
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	54 690	
52–58	Önnur gjöld	15 700	
5	Gjöld samtals	70 390	
4	Sértekjur	3 680	
	Mismunur		**66 710**

06–234 Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			108 390
1 01	Yfirstjórn	42 510	
1 20	Löggæsla	64 160	
1 30	Hreppstjórar	1 720	
	Gjöld samtals		108 390
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	82 610	
52–58	Önnur gjöld	25 780	
5	Gjöld samtals	108 390	
4	Sértekjur	5 860	
	Mismunur		**102 530**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–235	**Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			175 470
1 01	Yfirstjórn	55 820	
1 20	Löggæsla Keflavík og Njarðvík	94 020	
1 21	Löggæsla Grindavík	17 530	
1 30	Hreppstjórar	490	
1 40	Tollgæsla	7 610	
Stofnkostnaður:			9 000
6 01	Skrifstofuhúsnæði	4 000	
6 21	Lögreglustöð Grindavík	5 000	
	Gjöld samtals		184 470
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	137 970	
52–58	Önnur gjöld	46 500	
5	Gjöld samtals	184 470	
4	Sértekjur	4 420	
	Mismunur		**180 050**
06–236	**Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			211 090
1 01	Yfirstjórn	99 480	
1 20	Löggæsla	100 690	
1 30	Hreppstjórar	470	
1 40	Tollgæsla	10 450	
	Gjöld samtals		211 090
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	167 670	
52–58	Önnur gjöld	43 420	
5	Gjöld samtals	211 090	
4	Sértekjur	1 210	
	Mismunur		**209 880**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–237 Bæjarfógeti Kópavogi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			134 860
1 01	Yfirstjórn	70 180	
1 20	Löggæsla	64 680	
	Gjöld samtals		134 860
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	106 640	
52–58	Önnur gjöld	28 220	
5	Gjöld samtals	134 860	
4	Sértekjur	1 120	
	Mismunur		**133 740**
06–238 Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 460
1 01	Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum	8 460	
	Gjöld samtals		8 460
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 330	
52–58	Önnur gjöld	1 130	
5	Gjöld samtals		**8 460**
06–239 Fangelsismálastofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 240
1 01	Fangelsismálastofnun	22 240	
Stofnkostnaður:			800
6 01	Tæki og búnaður	800	
	Gjöld samtals		23 040
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 310	
52–58	Önnur gjöld	6 730	
5	Gjöld samtals		**23 040**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–240 Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			101 900
1 01	Yfirstjórn	2 750	
1 21	Hegningarhúsið í Reykjavík	42 270	
1 22	Fangelsið Síðumúla	29 640	
1 23	Fangelsið Kópavogsbraut	27 240	
	Gjöld samtals		101 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	64 080	
52–58	Önnur gjöld	37 820	
5	Gjöld samtals	101 900	
4	Sértekjur	800	
	Mismunur		**101 100**
06–242 Vinnuhælið Litla-Hrauni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			126 590
1 01	Yfirstjórn	109 500	
1 21	Númeradeild	3 520	
1 31	Ýmis framleiðsla og fangavinna	13 570	
	Gjöld samtals		126 590
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	76 870	
52–58	Önnur gjöld	49 720	
5	Gjöld samtals	126 590	
4	Sértekjur	23 980	
	Mismunur		**102 610**
06–243 Vinnuhælið Kvíabryggju			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 100
1 01	Vinnuhælið Kvíabryggju	25 100	
	Gjöld samtals		25 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 770	
52–58	Önnur gjöld	10 330	
5	Gjöld samtals	25 100	
4	Sértekjur	4 150	
	Mismunur		**20 950**

06–251 Landhelgisgæsla Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			643 590
1 01	Yfirstjórn	58 270	
1 21	V/s Ægir	108 680	
1 22	V/s Óðinn	97 970	
1 23	V/s Týr	108 240	
1 30	Fluggæsla	235 540	
1 31	Þyrluvakt lækna	3 450	
1 40	Sjómælingar og sjókortagerð	31 440	
Viðhaldsverkefni:			7 500
5 90	Viðhaldsfé	7 500	
Stofnkostnaður:			14 000
6 90	Tæki og búnaður	14 000	
	Gjöld samtals		665 090
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	301 990	
52–58	Önnur gjöld	363 100	
5	Gjöld samtals	665 090	
4	Sértekjur	4 060	
	Mismunur		**661 030**

06–252 Ökukennsla

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 820
1 01	Ökukennsla	23 820	
	Gjöld samtals		23 820

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 310	
52–58	Önnur gjöld	11 510	
5	Gjöld samtals	23 820	
4	Sértekjur	23 820	
	Mismunur		

06–253 Almannavarnir ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 440
1 01	Almannavarnir ríkisins	19 440	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		22 440
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 340	
52–58	Önnur gjöld	13 100	
5	Gjöld samtals		**22 440**

06–255 Umferðarráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 160
1 01	Umferðarráð	29 160	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		30 160
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 160	
52–58	Önnur gjöld	22 000	
5	Gjöld samtals	30 160	
4	Sértekjur	7 170	
	Mismunur		**22 990**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–281 Dómsmál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			105 960
1 10	Málskostnaður	63 450	
1 11	Meðdómsmenn	9 370	
1 12	Setu- og varadómarar	3 440	
1 13	Siglingadómur	600	
1 14	Gjafsóknar- og málsvarnarlaun	5 520	
1 15	Setusaksóknari	5 870	
1 20	Próf málflytjenda	380	
1 21	Próf skjalaþýðenda	670	
1 22	Próf fasteignasala	1 890	
1 30	Útgáfa lagasafns	4 500	
1 31	Útgáfa norræns dómasafns	420	
1 40	Tölvunefnd	2 580	
1 41	Matsnefnd eignarnámsbóta	1 150	
1 50	Námsleyfi lögfræðinga	2 510	
1 80	Orator, almenn lögfræðiaðstoð	250	
1 81	Norræn samvinna á sviði sakfræði	450	
1 82	Aðgerðir gegn fíkniefnum	2 910	
Stofnkostnaður:			8 000
6 90	Tæki og búnaður	8 000	
	Gjöld samtals		113 960
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 940	
52–58	Önnur gjöld	92 580	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	440	
5	Gjöld samtals	113 960	
4	Sértekjur	22 890	
	Mismunur		**91 070**
06–282 Ýmis löggæslukostnaður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 540
1 20	Ýmis löggæslukostnaður	9 540	
Stofnkostnaður:			33 700
6 10	Lögreglubifreiðar	33 700	
	Gjöld samtals		43 240

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 690	
52–58	Önnur gjöld	35 520	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 030	
5	Gjöld samtals	43 240	
4	Sértekjur	5 700	
	Mismunur		**37 540**

06–283 Fangamál, ýmis kostnaður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 280
1 10	Fangahjálp	4 480	
1 11	Sjúkrakostnaður refsifanga	890	
1 12	Námskeið fangavarða	2 140	
1 13	Forföll fangavarða	3 360	
1 20	Vistun fanga	22 410	
Viðhaldsverkefni:			5 000
5 30	Viðhald og endurbætur fangelsa	5 000	
Stofnkostnaður:			10 000
6 30	Bygging ríkisfangelsa	10 000	
	Gjöld samtals		48 280
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 190	
52–58	Önnur gjöld	37 340	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 750	
5	Gjöld samtals		**48 280**

06–284 Áfengis- og fíkniefnamál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 380
1 10	Matsnefnd vínveitingahúsa	1 340	
1 20	Fíkniefnamál	1 040	
	Gjöld samtals		2 380

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 260	
52–58	Önnur gjöld	930	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	190	
5	Gjöld samtals		**2 380**

06–301 Biskup Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 140
1 01	Yfirstjórn	20 010	
1 02	Biskupsbústaður	640	
1 10	Fræðslu- og þjónustudeild	10 790	
1 11	Kirkjuráð	890	
1 12	Kirkjuþing	3 500	
1 13	Alþjóðasamvinna	970	
1 14	Prestastefna	340	
	Gjöld samtals		37 140
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	25 080	
52–58	Önnur gjöld	12 060	
5	Gjöld samtals	37 140	
4	Sértekjur	3 550	
	Mismunur		**33 590**

06–302 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 800
1 01	Yfirstjórn	7 260	
1 10	Tónskóli þjóðkirkjunnar	5 540	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		14 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 320	
52–58	Önnur gjöld	6 480	
5	Gjöld samtals	14 800	
4	Sértekjur	640	
	Mismunur		**14 160**

06–303 Prestaköll og prófastsdæmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			285 200
1 90	Prestar og prófastar	285 200	
Viðhaldsverkefni:			32 000
5 20	Prestsbústaðir	32 000	
Stofnkostnaður:			11 000
6 20	Prestsbústaðir	10 000	
6 21	Kaup á eignum	1 000	
	Gjöld samtals		328 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	230 680	
52–58	Önnur gjöld	97 520	
5	Gjöld samtals	328 200	
4	Sértekjur	110	
	Mismunur		**328 090**

06–304 Ýmis kirkjuleg málefni

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 440
1 42	Húsmæðraskólinn á Löngumýri	1 170	
1 58	Kirkjugarðaeftirlit	1 980	
1 90	Ýmislegt	5 290	
Stofnkostnaður:			9 000
6 50	Skálholtsstaður	3 000	
6 51	Hallgrímskirkja	3 000	
6 52	Hóladómkirkja	3 000	
	Gjöld samtals		17 440

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 640	
52–58	Önnur gjöld	2 920	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	11 880	
5	Gjöld samtals		**17 440**

06–371 Kirkjubyggingasjóður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 550
1 01	Kirkjubyggingasjóður	6 550	
	Gjöld samtals		6 550
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	6 550	
5	Gjöld samtals		**6 550**

06–373 Kristnisjóður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 220
1 01	Kristnisjóður	17 220	
	Gjöld samtals		17 220
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	17 220	
5	Gjöld samtals		**17 220**

06–998 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 000	
5	Gjöld samtals		**8 000**
	Samtals		4 710 330

07 Félagsmálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			68 150
1 01	Yfirstjórn	68 150	
	Gjöld samtals		68 150
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 950	
52–58	Önnur gjöld	30 010	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	190	
5	Gjöld samtals	68 150	
4	Sértekjur	70	
	Mismunur		**68 080**
07–272 Byggingarsjóður verkamanna			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			700 000
6 01	Byggingarsjóður verkamanna	700 000	
	Gjöld samtals		700 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	700 000	
5	Gjöld samtals		**700 000**
07–302 Ríkissáttasemjari			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 340
1 01	Ríkissáttasemjari	21 340	
	Gjöld samtals		21 340

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 330	
52–58	Önnur gjöld	7 010	
5	Gjöld samtals		**21 340**

07–700 Málefni fatlaðra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			177 240
1 01	Stjórnarnefnd	2 240	
1 02	Samráðsnefnd	1 250	
1 03	Samráðsnefnd um ferlimál	1 720	
1 04	Kostnaður skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra	130 900	
1 05	Kostnaður skv. 19. gr. laga um málefni fatlaðra	6 860	
1 10	Vistanir	8 190	
1 50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	7 810	
1 60	Félagslegar íbúðir fyrir fatlaða	8 030	
1 80	Starfsþjálfun	8 220	
1 81	Tölvumiðstöð fatlaðra	2 020	
	Gjöld samtals		177 240
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 720	
52–58	Önnur gjöld	3 330	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	156 190	
5	Gjöld samtals		**177 240**

07–701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			145 310
1 01	Svæðisstjórn	9 780	
1 20	Sambýli Drekavogi 16	6 850	
1 21	Sambýli Akurgerði 20	8 620	
1 22	Sambýli Stuðlaseli 2	10 850	
1 29	Sambýli Vesturbrún 17	6 980	
1 31	Tæknivinnustofa Öryrkjabandalagsins	5 410	
1 32	Verndaður vinnustaður	2 690	
1 33	Vinnustofa Blindrafélagsins	4 080	
1 64	Skammtímavistun Álfalandi 6	16 920	
1 73	Vistheimili við Holtaveg	18 820	
1 74	Sambýli Njörvasundi 2	13 380	
1 75	Sambýli, óstaðsett	9 160	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 80	Atvinnuleit	2 380	
1 91	Sambýli Grundarlandi 17	10 020	
1 93	Sambýli fyrir ungmenni	7 990	
1 94	Sambýli fyrir blinda	11 380	
	Gjöld samtals		145 310
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	96 850	
52–58	Önnur gjöld	8 360	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	27 920	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	12 180	
5	Gjöld samtals		**145 310**

07–702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			125 910
1 01	Svæðisstjórn	8 780	
1 20	Sambýli Vallargerði 26, Kópavogi	9 370	
1 21	Sambýli Klettahrauni 17, Hafnarfirði	9 260	
1 22	Sambýli Markarflöt 1, Garðabæ	6 930	
1 24	Sambýli Bakkaflöt, Garðabæ	460	
1 26	Sambýli Hrauntungu 54	9 200	
1 27	Sambýli Keflavík	10 830	
1 30	Verndaður vinnustaður, Örvi	18 660	
1 32	Verkstjórn	1 210	
1 40	Leikfangasafn Keflavík	1 170	
1 60	Skammtímavistun	13 950	
1 61	Dagvistun Keflavík	9 340	
1 62	Helgarvistun	2 980	
1 64	Dagvist	7 240	
1 72	Gistiheimili Kópavogi	3 040	
1 73	Vistheimili fyrir börn	11 170	
1 80	Atvinnuleit	2 320	
	Gjöld samtals		125 910
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	102 560	
52–58	Önnur gjöld	23 350	
5	Gjöld samtals	125 910	
4	Sértekjur	3 710	
	Mismunur		**122 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 700
1 01	Svæðisstjórn	6 480	
1 20	Sambýli Akranesi	13 520	
1 21	Sambýli Borgarnesi	3 200	
1 30	Verndaður vinnustaður Akranesi	7 450	
1 40	Leikfangasafn Borgarnesi	1 420	
1 41	Leikfangasafn Ólafsvík	1 210	
1 60	Dagvistun Akranesi	6 400	
1 70	Sumarbúðir	2 150	
1 80	Atvinnuleit	870	
	Gjöld samtals		42 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 460	
52–58	Önnur gjöld	8 240	
5	Gjöld samtals	42 700	
4	Sértekjur	1 970	
	Mismunur		**40 730**
07–704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 910
1 01	Svæðisstjórn	5 180	
1 40	Leikfangasafn Ísafirði	990	
1 50	Þjónustumiðstöð Bræðratungu	31 740	
	Gjöld samtals		37 910
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	28 580	
52–58	Önnur gjöld	9 330	
5	Gjöld samtals		**37 910**
07–705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 860
1 01	Svæðisstjórn	6 920	
1 20	Sambýli Siglufirði	9 080	
1 21	Sambýli Sauðárkróki	6 210	
1 22	Sambýli að Gauksmýri	7 140	
1 40	Leikfangasafn Siglufirði	2 020	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 41	Leikfangasafn Blönduósi	2 040	
1 42	Leikfangasafn Sauðárkróki	2 020	
1 70	Sumardvöl Egilsá	1 590	
1 80	Atvinnuleit	840	
	Gjöld samtals		37 860
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 510	
52–58	Önnur gjöld	6 350	
5	Gjöld samtals		**37 860**

07–706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			223 740
1 01	Svæðisstjórn	9 610	
1 20	Sambýli Byggðavegi 91	8 080	
1 21	Sambýli Borgarhlíð 3	7 260	
1 22	Sambýli Vanabyggð 2c	2 980	
1 23	Sambýli Húsavík	4 080	
1 24	Sambýli Álfabyggð 4	6 320	
1 25	Sambýli Akureyri	7 770	
1 30	Iðjulundur, verndaður vinnustaður	24 240	
1 31	Verndaður vinnustaður Bjargi	12 240	
1 40	Leikfangasafn Akureyri	1 900	
1 60	Skammtímavistun	3 180	
1 70	Vistheimilið Sólborg	130 560	
1 71	Sumarbúðir í Botni	4 470	
1 80	Atvinnuleit	1 050	
	Gjöld samtals		223 740
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	160 210	
52–58	Önnur gjöld	50 240	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 050	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	12 240	
5	Gjöld samtals	223 740	
4	Sértekjur	14 360	
	Mismunur		**209 380**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07-707	**Málefni fatlaðra, Austurlandi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 230
1 01	Svæðisstjórn	5 560	
1 20	Sambýli Egilsstöðum	7 620	
1 30	Verndaður vinnustaður Egilsstöðum	7 000	
1 40	Leikfangasafn	1 930	
1 50	Þjónustumiðstöð Vonarlandi	31 170	
1 60	Þroskaþjálfun Höfn í Hornafirði	1 950	
	Gjöld samtals		55 230
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	43 260	
52-58	Önnur gjöld	11 970	
5	Gjöld samtals	55 230	
4	Sértekjur	2 590	
	Mismunur		**52 640**
07-708	**Málefni fatlaðra, Suðurlandi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			92 550
1 01	Svæðisstjórn	6 900	
1 20	Sambýli Árvegi 8, Selfossi	7 370	
1 21	Sambýli Vallholti 9	11 640	
1 22	Sambýli Vallholti 12-14	6 730	
1 24	Sambýli Bitru	6 060	
1 25	Sambýli Hlíðartungu	6 060	
1 26	Sambýli Vestmannaeyjum	4 750	
1 30	Verndaður vinnustaður Selfossi	6 230	
1 31	Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum	10 120	
1 40	Leikfangasafn Vestmannaeyjum	1 830	
1 70	Lambhagi	11 720	
1 72	Skaftholt	6 060	
1 73	Meðferðarheimili Búhamri 17, Vestmannaeyjum	7 080	
	Gjöld samtals		92 550

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	59 380	
52–58	Önnur gjöld	14 990	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	18 180	
5	Gjöld samtals	92 550	
4	Sértekjur	5 530	
	Mismunur		**87 020**

07–710 Meðferðarheimili og sambýli einhverfra barna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			39 290
1 70	Meðferðarheimili fyrir einhverf börn, Sæbraut 2	23 620	
1 71	Sambýli einhverfra barna, Trönuhólum 1	15 670	
	Gjöld samtals		39 290
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	33 800	
52–58	Önnur gjöld	5 490	
5	Gjöld samtals		**39 290**

07–711 Styrktarfélag vangefinna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			184 710
1 20	Sambýli Háteigsvegi 6	5 700	
1 21	Sambýli Sigluvogi 5	7 220	
1 22	Sambýli Auðarstræti 15	6 990	
1 23	Sambýli Víðihlíð 11	7 570	
1 24	Sambýli Víðihlíð 7	5 620	
1 25	Sambýli Víðihlíð 5	6 060	
1 30	Vinnustofan Ás	21 580	
1 60	Dagvistun Lækjarási	24 000	
1 61	Dagvistun Bjarkarási	29 070	
1 62	Dagvistun Lyngási	37 980	
1 63	Skammtímavistun Víðihlíð 9	12 700	
1 64	Skammtímavistun Blesugróf 31	10 220	
1 90	Sambýli Blesugróf 29	7 640	
1 91	Styrktarfélag vangefinna, sambýli	2 360	
	Gjöld samtals		184 710

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	135 180	
52–58	Önnur gjöld	49 530	
5	Gjöld samtals	184 710	
4	Sértekjur	11 640	
	Mismunur		**173 070**

07–719 Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 490
1 70	Vistheimilið Tjaldanesi	33 490	
	Gjöld samtals		33 490
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 260	
52–58	Önnur gjöld	9 230	
5	Gjöld samtals		**33 490**

07–720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			100 480
1 70	Vistheimilið Skálatúni	100 480	
	Gjöld samtals		100 480
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	73 270	
52–58	Önnur gjöld	27 210	
5	Gjöld samtals	100 480	
4	Sértekjur	1 670	
	Mismunur		**98 810**

07–722 Sólheimar Grímsnesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			76 640
1 70	Vistheimilið að Sólheimum Grímsnesi	76 640	
	Gjöld samtals		76 640

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	45 780	
52–58	Önnur gjöld	30 860	
5	Gjöld samtals	76 640	
4	Sértekjur	2 970	
	Mismunur		**73 670**

07–750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			60 050
1 01	Yfirstjórn	60 050	
	Gjöld samtals		60 050
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	43 410	
52–58	Önnur gjöld	16 640	
5	Gjöld samtals	60 050	
4	Sértekjur	1 040	
	Mismunur		**59 010**

07–795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			225 000
6 01	Framkvæmdasjóður fatlaðra	225 000	
	Gjöld samtals		225 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	225 000	
5	Gjöld samtals		**225 000**

07–801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 304 000
1 10	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1 304 000	
	Gjöld samtals		1 304 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 304 000	
5	Gjöld samtals		**1 304 000**

07–951 Brunamálastofnun ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			54 720
1 01	Brunamálastofnun ríkisins	54 720	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		55 720
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 000	
52–58	Önnur gjöld	37 720	
5	Gjöld samtals	55 720	
4	Sértekjur	62 410	
	Mismunur		**–6 690**

07–953 Jafnréttisráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 260
1 01	Jafnréttisráð	13 260	
	Gjöld samtals		13 260
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 220	
52–58	Önnur gjöld	6 040	
5	Gjöld samtals		**13 260**

07–954 Vinnueftirlit ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			104 370
1 01	Vinnueftirlit ríkisins	104 370	
Stofnkostnaður:			9 000
6 01	Fasteignakaup og búnaður	9 000	
	Gjöld samtals		113 370

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	71 020	
52–58	Önnur gjöld	42 350	
5	Gjöld samtals	113 370	
4	Sértekjur	15 000	
	Mismunur		**98 370**

07–981 Vinnumál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			52 600
1 10	Félagsdómur	2 060	
1 13	Sjómannasamtök, lögskráning	440	
1 51	Sjómannadagsráð	200	
1 60	Orlofsheimili launþegasamtakanna	4 860	
1 70	Atvinnumál kvenna á landsbyggðinni	15 000	
1 90	Ýmislegt	30 040	
	Gjöld samtals		52 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	890	
52–58	Önnur gjöld	1 170	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	200	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	50 340	
5	Gjöld samtals		**52 600**

07–982 Ríkisábyrgð á launum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			261 500
1 01	Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota	232 500	
1 10	Ríkisábyrgð á orlofslaunum	29 000	
	Gjöld samtals		261 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	261 500	
5	Gjöld samtals		**261 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–985 Félagsmálaskóli alþýðu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 240
1 10	Almennur rekstur	12 020	
1 20	ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu	4 410	
1 30	ASÍ, norræni verkalýðsskólinn í Genf	140	
1 40	Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum	1 670	
	Gjöld samtals		18 240
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	18 240	
5	Gjöld samtals		**18 240**
07–998 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**
07–999 Félagsmál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			136 270
1 10	Meðlög skv. 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga	10 560	
1 11	Meðlög skv. lögum nr. 9/1981	58 170	
1 27	Slysavarnafélag Íslands	8 260	
1 30	Sjómannastofur	1 050	
1 31	Félagasamtök, styrkir	14 870	
1 32	Starfsmenntun í atvinnulífinu	15 590	
1 40	Kvennaathvarf í Reykjavík	10 210	
1 41	Stígamót	4 620	
1 80	Snjóflóða- og skriðufallavarnir	6 380	
1 90	Ýmis framlög	6 560	
	Gjöld samtals		136 270

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	6 380	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	129 890	
5	Gjöld samtals		**136 270**
	Samtals		4 284 600

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–101	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			99 380
1 01	Yfirstjórn	99 380	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		101 380
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	57 470	
52–58	Önnur gjöld	43 790	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	120	
5	Gjöld samtals	101 380	
4	Sértekjur	3 550	
	Mismunur		**97 830**
08–271	**Tryggingastofnun ríkisins**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 687 480
1 01	Yfirstjórn	421 480	
1 10	Lífeyristryggingar	13 780 000	
1 20	Sjúkratryggingar	10 060 000	
1 30	Slysatryggingar	426 000	
Viðhaldsverkefni:			2 200
5 01	Viðhald húseignar	2 200	
Stofnkostnaður:			18 000
6 01	Tæki og búnaður	18 000	
	Gjöld samtals		24 707 680

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	221 420	
52–58	Önnur gjöld	220 260	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	24 266 000	
5	Gjöld samtals	24 707 680	
4	Sértekjur	126 850	
	Mismunur		**24 580 830**

08–273 Atvinnuleysistryggingasjóður, framlag

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 280 000
1 01	Framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs	1 280 000	
	Gjöld samtals		1 280 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	1 280 000	
5	Gjöld samtals		**1 280 000**

08–274 Eftirlaunasjóður aldraðra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			137 900
1 01	Eftirlaunasjóður aldraðra	137 900	
	Gjöld samtals		137 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	137 900	
5	Gjöld samtals		**137 900**

08–277 Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 000
1 01	Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna	20 000	
	Gjöld samtals		20 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	20 000	
5	Gjöld samtals		**20 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–301 Landlæknir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 150
1 01	Yfirstjórn	29 420	
1 10	Læknaráð	1 040	
1 20	Sjúkraflutningaráð	690	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		32 150
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 180	
52–58	Önnur gjöld	13 970	
5	Gjöld samtals		**32 150**
08–323 Tryggingaeftirlitið			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 140
1 01	Tryggingaeftirlitið	21 140	
	Gjöld samtals		21 140
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 520	
52–58	Önnur gjöld	7 620	
5	Gjöld samtals	21 140	
4	Sértekjur	23 840	
	Mismunur		**−2 700**
08–324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			83 400
1 01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	83 400	
Stofnkostnaður:			4 000
6 01	Tæki og búnaður	4 000	
	Gjöld samtals		87 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 350	
52–58	Önnur gjöld	19 890	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	41 160	
5	Gjöld samtals	87 400	
4	Sértekjur	15 980	
	Mismunur		**71 420**

08–325 Hollustuvernd ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			86 780
1 01	Hollustuvernd ríkisins	23 120	
1 02	Heilbrigðiseftirlit	14 030	
1 03	Rannsóknastofa	25 780	
1 04	Mengunarvarnir	18 200	
1 05	Eiturefnaeftirlit	5 650	
Stofnkostnaður:			11 100
6 90	Tæki og búnaður	11 100	
	Gjöld samtals		97 880
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	59 240	
52–58	Önnur gjöld	38 640	
5	Gjöld samtals	97 880	
4	Sértekjur	18 610	
	Mismunur		**79 270**

08–326 Sjónstöð Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 190
1 01	Sjónstöð Íslands	23 190	
	Gjöld samtals		23 190
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 880	
52–58	Önnur gjöld	5 820	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 490	
5	Gjöld samtals		**23 190**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–327 Geislavarnir ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 270
1 01	Geislavarnir ríkisins	16 270	
Stofnkostnaður:			1 400
6 01	Tæki og búnaður	1 400	
	Gjöld samtals		17 670
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 060	
52–58	Önnur gjöld	8 610	
5	Gjöld samtals	17 670	
4	Sértekjur	5 370	
	Mismunur		**12 300**
08–340 Málefni fatlaðra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			47 480
1 10	Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	11 000	
1 20	Sjálfsbjörg Akureyri	9 750	
1 30	Sumardvalarheimili í Reykjadal	9 900	
1 40	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga	7 150	
1 50	Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	1 980	
1 60	Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	4 400	
1 90	Önnur starfsemi	3 300	
	Gjöld samtals		47 480
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	47 480	
5	Gjöld samtals		**47 480**
08–350 Sjúkrahúsið Akranesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			415 580
1 01	Sjúkrahúsið Akranesi	415 580	
	Gjöld samtals		415 580

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	290 480	
52–58	Önnur gjöld	125 100	
5	Gjöld samtals	415 580	
4	Sértekjur	38 550	
	Mismunur		**377 030**

08–352 Sjúkrahúsið Patreksfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			74 800
1 01	Sjúkrahúsið Patreksfirði	74 800	
	Gjöld samtals		74 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	48 880	
52–58	Önnur gjöld	25 920	
5	Gjöld samtals	74 800	
4	Sértekjur	2 790	
	Mismunur		**72 010**

08–353 Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			177 370
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði	177 370	
	Gjöld samtals		177 370
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	118 890	
52–58	Önnur gjöld	58 480	
5	Gjöld samtals	177 370	
4	Sértekjur	18 410	
	Mismunur		**158 960**

08–355 Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			117 280
1 01	Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi	117 280	
	Gjöld samtals		117 280

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	88 620	
52–58	Önnur gjöld	28 660	
5	Gjöld samtals	117 280	
4	Sértekjur	8 680	
	Mismunur		**108 600**

08–356 Sjúkrahúsið Sauðárkróki

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			263 310
1 01	Sjúkrahúsið Sauðárkróki	263 310	
	Gjöld samtals		263 310
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	192 330	
52–58	Önnur gjöld	70 980	
5	Gjöld samtals	263 310	
4	Sértekjur	16 370	
	Mismunur		**246 940**

08–357 Sjúkrahúsið Siglufirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			124 650
1 01	Sjúkrahúsið Siglufirði	124 650	
	Gjöld samtals		124 650
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	82 830	
52–58	Önnur gjöld	41 820	
5	Gjöld samtals	124 650	
4	Sértekjur	6 030	
	Mismunur		**118 620**

08–358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 049 600
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	1 049 600	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			9 000
5 01	Viðhald húsnæðis	9 000	
Stofnkostnaður:			51 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
6 50	Nýbygging	41 000	
	Gjöld samtals		1 109 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	711 390	
52–58	Önnur gjöld	398 210	
5	Gjöld samtals	1 109 600	
4	Sértekjur	98 330	
	Mismunur		**1 011 270**

08–359 Sjúkrahúsið Húsavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			236 370
1 01	Sjúkrahúsið Húsavík	236 370	
	Gjöld samtals		236 370
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	166 980	
52–58	Önnur gjöld	69 390	
5	Gjöld samtals	236 370	
4	Sértekjur	22 230	
	Mismunur		**214 140**

08–360 Sjúkrahúsið Seyðisfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			76 080
1 01	Sjúkrahúsið Seyðisfirði	76 080	
	Gjöld samtals		76 080

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	48 230	
52–58	Önnur gjöld	27 850	
5	Gjöld samtals	76 080	
4	Sértekjur	2 650	
	Mismunur		**73 430**

08–361 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			158 620
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	158 620	
	Gjöld samtals		158 620
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	108 980	
52–58	Önnur gjöld	49 640	
5	Gjöld samtals	158 620	
4	Sértekjur	10 880	
	Mismunur		**147 740**

08–363 Sjúkrahúsið Egilsstöðum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			95 760
1 01	Sjúkrahúsið Egilsstöðum	95 760	
	Gjöld samtals		95 760
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	64 990	
52–58	Önnur gjöld	30 770	
5	Gjöld samtals	95 760	
4	Sértekjur	3 490	
	Mismunur		**92 270**

08–365 Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			229 250
1 01	Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	229 250	
	Gjöld samtals		229 250

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	155 920	
52–58	Önnur gjöld	73 330	
5	Gjöld samtals	229 250	
4	Sértekjur	23 710	
	Mismunur		**205 540**

08–366 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			176 990
1 01	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	176 990	
	Gjöld samtals		176 990
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	116 790	
52–58	Önnur gjöld	60 200	
5	Gjöld samtals	176 990	
4	Sértekjur	15 840	
	Mismunur		**161 150**

08–367 Sjúkrahúsið Keflavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			205 890
1 01	Sjúkrahúsið Keflavík	205 890	
	Gjöld samtals		205 890
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	128 980	
52–58	Önnur gjöld	76 910	
5	Gjöld samtals	205 890	
4	Sértekjur	36 460	
	Mismunur		**169 430**

08–368 Sólvangur, Hafnarfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			206 620
1 01	Sólvangur, Hafnarfirði	206 620	
	Gjöld samtals		206 620

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	162 880	
52–58	Önnur gjöld	43 740	
5	Gjöld samtals	206 620	
4	Sértekjur	4 110	
	Mismunur		**202 510**

08–370 Sjúkrahús í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 905 560
1 01	Sjúkrahús í Reykjavík	9 905 560	
Viðhaldsverkefni:			123 500
5 01	Viðhaldsfé	123 500	
Stofnkostnaður:			249 000
6 01	Tæki og búnaður	110 000	
6 50	Nýframkvæmdir	65 000	
6 70	Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð	74 000	
	Gjöld samtals		10 278 060
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 460 400	
52–58	Önnur gjöld	3 817 660	
5	Gjöld samtals	10 278 060	
4	Sértekjur	906 560	
	Mismunur		**9 371 500**

08–378 Læknishéraðasjóður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 500
1 01	Læknishéraðasjóður	2 500	
	Gjöld samtals		2 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	2 500	
5	Gjöld samtals		**2 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–381 Sjúkrahús og læknisbústaðir			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			26 000
5 50	Viðhald sjúkrahúsa, óskipt	26 000	
Stofnkostnaður:			251 700
6 60	Tækjakaup, óskipt	20 000	
6 90	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	210 000	
6 91	St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	9 000	
6 92	Heilsugæsla í Garðabæ samkvæmt samningi	10 700	
6 96	Heimili mænuskaddaðra við Grensásdeild	2 000	
	Gjöld samtals		277 700
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	46 000	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	220 700	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	11 000	
5	Gjöld samtals		**277 700**
08–385 Framkvæmdasjóður aldraðra			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			240 000
6 01	Framkvæmdasjóður aldraðra	240 000	
	Gjöld samtals		240 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	240 000	
5	Gjöld samtals		**240 000**
08–393 Lyfjamál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 980
1 31	Lyfsölusjóður	880	
1 41	Útgáfa sérlyfjaskrár og lyfjaverðskrár	3 550	
1 51	Evrópska lyfjaskráin	320	
1 61	Norræn samvinna í lyfsölumálum	320	
1 71	Samheitaverðskrá lyfja	910	
	Gjöld samtals		5 980

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	770	
52–58	Önnur gjöld	4 330	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	880	
5	Gjöld samtals	5 980	
4	Sértekjur	850	
	Mismunur		**5 130**

08–394 Lyfjaverðlagsnefnd

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 000
1 01	Lyfjaverðlagsnefnd	2 000	
	Gjöld samtals		2 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 600	
52–58	Önnur gjöld	400	
5	Gjöld samtals		**2 000**

08–395 Lyfjaeftirlit ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 620
1 01	Lyfjaeftirlit ríkisins	10 620	
	Gjöld samtals		10 620
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 620	
52–58	Önnur gjöld	4 000	
5	Gjöld samtals	10 620	
4	Sértekjur	11 920	
	Mismunur		**–1 300**

08–396 Lyfjanefnd

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 610
1 01	Lyfjanefnd	12 610	
	Gjöld samtals		12 610

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 350	
52–58	Önnur gjöld	4 260	
5	Gjöld samtals	12 610	
4	Sértekjur	16 080	
	Mismunur		**–3 470**

08–399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			235 460
1 22	Eiturefnanefnd	1 090	
1 23	Daggjaldanefnd	2 800	
1 25	Neyslu- og manneldismál, manneldisráð	10 440	
1 30	Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	2 000	
1 31	Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	116 800	
1 32	Minningarsjóður Landspítalans	8 500	
1 35	Hjartavernd, Monica-rannsóknir	2 980	
1 37	Hjartavernd	7 600	
1 40	Kostnaður vegna laga nr. 25/1975	1 000	
1 42	Kostnaður skv. lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	41 000	
1 53	Tóbaksvarnir	9 330	
1 60	Ljósmæðralaun	860	
1 71	Norræni heilsugæsluskólinn	11 320	
1 90	Ýmis framlög	9 930	
1 91	Kvartananefnd	420	
1 95	Kynsjúkdómar, alnæmi	9 390	
	Gjöld samtals		235 460
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 200	
52–58	Önnur gjöld	41 710	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	181 550	
5	Gjöld samtals		**235 460**

08–400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			249 740
1 01	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	249 740	
	Gjöld samtals		249 740

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	165 620	
52–58	Önnur gjöld	84 120	
5	Gjöld samtals	249 740	
4	Sértekjur	26 300	
	Mismunur		**223 440**

08–401 St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			100 540
1 01	St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	100 540	
	Gjöld samtals		100 540
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	69 150	
52–58	Önnur gjöld	31 390	
5	Gjöld samtals	100 540	
4	Sértekjur	4 950	
	Mismunur		**95 590**

08–402 Sjúkrahús Hvammstanga

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			85 490
1 01	Sjúkrahús Hvammstanga	85 490	
	Gjöld samtals		85 490
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	61 240	
52–58	Önnur gjöld	24 250	
5	Gjöld samtals	85 490	
4	Sértekjur	2 250	
	Mismunur		**83 240**

08–403 Sjúkrahús Bolungarvíkur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			39 560
1 01	Sjúkrahús Bolungarvíkur	39 560	
	Gjöld samtals		39 560

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 300	
52–58	Önnur gjöld	10 260	
5	Gjöld samtals		**39 560**

08–404 Sjúkraskýlið Hólmavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 340
1 01	Sjúkraskýlið Hólmavík	23 340	
	Gjöld samtals		23 340
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 050	
52–58	Önnur gjöld	6 290	
5	Gjöld samtals	23 340	
4	Sértekjur	250	
	Mismunur		**23 090**

08–405 Sjúkraskýlið Þingeyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 330
1 01	Sjúkraskýlið Þingeyri	10 330	
	Gjöld samtals		10 330
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 880	
52–58	Önnur gjöld	2 450	
5	Gjöld samtals		**10 330**

08–406 Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 080
1 01	Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri	9 080	
	Gjöld samtals		9 080
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 420	
52–58	Önnur gjöld	2 660	
5	Gjöld samtals		**9 080**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–407 Sundabúð II, Vopnafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 500
1 01	Sundabúð II, Vopnafirði	26 500	
	Gjöld samtals		26 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 710	
52–58	Önnur gjöld	7 790	
5	Gjöld samtals	26 500	
4	Sértekjur	1 380	
	Mismunur		**25 120**
08–408 Sunnuhlíð Kópavogi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			111 560
1 01	Sunnuhlíð Kópavogi	111 560	
	Gjöld samtals		111 560
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	83 550	
52–58	Önnur gjöld	28 010	
5	Gjöld samtals	111 560	
4	Sértekjur	3 820	
	Mismunur		**107 740**
08–420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			229 400
1 01	Sjúkrastofnanir SÁÁ	229 400	
Stofnkostnaður:			15 000
6 01	Byggingarstyrkur	15 000	
	Gjöld samtals		244 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	118 960	
52–58	Önnur gjöld	110 440	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	15 000	
5	Gjöld samtals	244 400	
4	Sértekjur	4 720	
	Mismunur		**239 680**

08–500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			88 110
1 10	Heilsugæslustöðvar, almennt	88 110	
Viðhaldsverkefni:			30 000
5 01	Viðhald, óskipt	30 000	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Tæki og búnaður	4 000	
6 90	Tölvuvæðing	6 000	
	Gjöld samtals		128 110
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	43 620	
52–58	Önnur gjöld	60 290	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	24 200	
5	Gjöld samtals		**128 110**

08–510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			292 430
1 01	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	292 430	
	Gjöld samtals		292 430
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	229 110	
52–58	Önnur gjöld	63 320	
5	Gjöld samtals	292 430	
4	Sértekjur	6 480	
	Mismunur		**285 950**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–511 Heilsugæslustöðvar í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			187 210
1 10	Heilsugæslustöðin Árbæ	27 750	
1 20	Heilsugæslustöðin Asparfelli	24 300	
1 30	Heilsugæslustöðin Fossvogi	21 020	
1 40	Heilsugæslustöðin Miðbæ	14 610	
1 50	Heilsugæslustöðin Hlíðum	14 020	
1 60	Heilsugæslustöðin Garðastræti	24 690	
1 70	Heilsugæslustöðin Hraunbergi	31 790	
1 80	Heilsugæslustöðin Álftamýri	29 030	
Stofnkostnaður:			40 000
6 01	Tæki og búnaður	40 000	
	Gjöld samtals		227 210
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	142 670	
52–58	Önnur gjöld	84 540	
5	Gjöld samtals	227 210	
4	Sértekjur	8 640	
	Mismunur		**218 570**
08–521 Heilsugæslustöðin Akranesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 640
1 01	Heilsugæslustöðin Akranesi	25 640	
	Gjöld samtals		25 640
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 960	
52–58	Önnur gjöld	7 680	
5	Gjöld samtals	25 640	
4	Sértekjur	40	
	Mismunur		**25 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 500
1 01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	29 500	
	Gjöld samtals		29 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 710	
52–58	Önnur gjöld	8 790	
5	Gjöld samtals	29 500	
4	Sértekjur	4 220	
	Mismunur		**25 280**
08–523 Heilsugæslustöðin Stykkishólmi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 390
1 01	Heilsugæslustöðin Stykkishólmi	13 390	
	Gjöld samtals		13 390
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 950	
52–58	Önnur gjöld	3 440	
5	Gjöld samtals		**13 390**
08–524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 500
1 01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	19 500	
	Gjöld samtals		19 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 380	
52–58	Önnur gjöld	8 120	
5	Gjöld samtals	19 500	
4	Sértekjur	2 790	
	Mismunur		**16 710**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 530
1 01	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	9 530	
	Gjöld samtals		9 530
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 500	
52–58	Önnur gjöld	3 030	
5	Gjöld samtals	9 530	
4	Sértekjur	780	
	Mismunur		**8 750**
08–526 Heilsugæslustöðin Búðardal			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 080
1 01	Heilsugæslustöðin Búðardal	17 080	
	Gjöld samtals		17 080
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 150	
52–58	Önnur gjöld	6 930	
5	Gjöld samtals	17 080	
4	Sértekjur	910	
	Mismunur		**16 170**
08–531 Heilsugæslustöðin Patreksfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 030
1 01	Heilsugæslustöðin Patreksfirði	21 030	
	Gjöld samtals		21 030
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 840	
52–58	Önnur gjöld	9 190	
5	Gjöld samtals	21 030	
4	Sértekjur	2 460	
	Mismunur		**18 570**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–532 Heilsugæslustöðin Ísafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 070
1 01	Heilsugæslustöðin Ísafirði	37 070	
	Gjöld samtals		37 070
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 840	
52–58	Önnur gjöld	14 230	
5	Gjöld samtals	37 070	
4	Sértekjur	2 000	
	Mismunur		**35 070**
08–533 Heilsugæslustöðin Þingeyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 790
1 01	Heilsugæslustöðin Þingeyri	6 790	
	Gjöld samtals		6 790
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 630	
52–58	Önnur gjöld	2 160	
5	Gjöld samtals	6 790	
4	Sértekjur	420	
	Mismunur		**6 370**
08–534 Heilsugæslustöðin Flateyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 830
1 01	Heilsugæslustöðin Flateyri	7 830	
	Gjöld samtals		7 830
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 060	
52–58	Önnur gjöld	2 770	
5	Gjöld samtals	7 830	
4	Sértekjur	1 010	
	Mismunur		**6 820**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–535 Heilsugæslustöðin Bolungarvík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 440
1 01	Heilsugæslustöðin Bolungarvík	9 440	
	Gjöld samtals		9 440
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 510	
52–58	Önnur gjöld	3 930	
5	Gjöld samtals	9 440	
4	Sértekjur	950	
	Mismunur		**8 490**
08–536 Heilsugæslustöðin Hólmavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 630
1 01	Heilsugæslustöðin Hólmavík	9 630	
	Gjöld samtals		9 630
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 370	
52–58	Önnur gjöld	3 260	
5	Gjöld samtals	9 630	
4	Sértekjur	570	
	Mismunur		**9 060**
08–541 Heilsugæslustöðin Hvammstanga			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 170
1 01	Heilsugæslustöðin Hvammstanga	12 170	
	Gjöld samtals		12 170
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 820	
52–58	Önnur gjöld	3 350	
5	Gjöld samtals	12 170	
4	Sértekjur	2 520	
	Mismunur		**9 650**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–542 Heilsugæslustöðin Blönduósi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 240
1 01	Heilsugæslustöðin Blönduósi	19 240	
	Gjöld samtals		19 240
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 610	
52–58	Önnur gjöld	4 630	
5	Gjöld samtals	19 240	
4	Sértekjur	3 120	
	Mismunur		**16 120**
08–543 Heilsugæslustöðin Sauðárkróki			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 110
1 01	Heilsugæslustöðin Sauðárkróki	25 110	
	Gjöld samtals		25 110
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 390	
52–58	Önnur gjöld	8 720	
5	Gjöld samtals	25 110	
4	Sértekjur	1 330	
	Mismunur		**23 780**
08–544 Heilsugæslustöðin Siglufirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 380
1 01	Heilsugæslustöðin Siglufirði	10 380	
	Gjöld samtals		10 380
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 990	
52–58	Önnur gjöld	3 390	
5	Gjöld samtals	10 380	
4	Sértekjur	90	
	Mismunur		**10 290**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 330
1 01	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	10 330	
	Gjöld samtals		10 330
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 130	
52–58	Önnur gjöld	3 200	
5	Gjöld samtals	10 330	
4	Sértekjur	770	
	Mismunur		**9 560**
08–552 Heilsugæslustöðin Dalvík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 630
1 01	Heilsugæslustöðin Dalvík	15 630	
	Gjöld samtals		15 630
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 760	
52–58	Önnur gjöld	4 870	
5	Gjöld samtals	15 630	
4	Sértekjur	1 570	
	Mismunur		**14 060**
08–553 Heilsugæslustöðin Akureyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			133 380
1 01	Heilsugæslustöðin Akureyri	133 380	
	Gjöld samtals		133 380
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	76 160	
52–58	Önnur gjöld	57 220	
5	Gjöld samtals	133 380	
4	Sértekjur	19 050	
	Mismunur		**114 330**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–554 Heilsugæslustöðin Húsavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 480
1 01	Heilsugæslustöðin Húsavík	23 480	
	Gjöld samtals		23 480
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 140	
52–58	Önnur gjöld	7 340	
5	Gjöld samtals	23 480	
4	Sértekjur	140	
	Mismunur		**23 340**
08–555 Heilsugæslustöðin Kópaskeri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 270
1 01	Heilsugæslustöðin Kópaskeri	8 270	
	Gjöld samtals		8 270
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 620	
52–58	Önnur gjöld	2 650	
5	Gjöld samtals	8 270	
4	Sértekjur	370	
	Mismunur		**7 900**
08–556 Heilsugæslustöðin Raufarhöfn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 960
1 01	Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	8 960	
	Gjöld samtals		8 960
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 610	
52–58	Önnur gjöld	2 350	
5	Gjöld samtals	8 960	
4	Sértekjur	320	
	Mismunur		**8 640**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–557 Heilsugæslustöðin Þórshöfn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 930
1 01	Heilsugæslustöðin Þórshöfn	9 930	
	Gjöld samtals		9 930
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 800	
52–58	Önnur gjöld	3 130	
5	Gjöld samtals	9 930	
4	Sértekjur	350	
	Mismunur		**9 580**
08–561 Heilsugæslustöðin Vopnafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 910
1 01	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	13 910	
	Gjöld samtals		13 910
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 620	
52–58	Önnur gjöld	4 290	
5	Gjöld samtals	13 910	
4	Sértekjur	330	
	Mismunur		**13 580**
08–562 Heilsugæslustöðin Egilsstöðum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 560
1 01	Heilsugæslustöðin Egilsstöðum	31 560	
	Gjöld samtals		31 560
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 860	
52–58	Önnur gjöld	12 700	
5	Gjöld samtals	31 560	
4	Sértekjur	7 400	
	Mismunur		**24 160**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–563 Heilsugæslutöðin Seyðisfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 570
1 01	Heilsugæslustöðin Seyðisfirði	8 570	
	Gjöld samtals		8 570
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 250	
52–58	Önnur gjöld	2 320	
5	Gjöld samtals		**8 570**
08–564 Heilsugæslustöðin Neskaupstað			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 050
1 01	Heilsugæslustöðin Neskaupstað	12 050	
	Gjöld samtals		12 050
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 410	
52–58	Önnur gjöld	2 640	
5	Gjöld samtals	12 050	
4	Sértekjur	2 830	
	Mismunur		**9 220**
08–565 Heilsugæslustöðin Eskifirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 160
1 01	Heilsugæslustöðin Eskifirði	18 160	
	Gjöld samtals		18 160
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 140	
52–58	Önnur gjöld	6 020	
5	Gjöld samtals	18 160	
4	Sértekjur	970	
	Mismunur		**17 190**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–566 Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 170
1 01	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	11 170	
	Gjöld samtals		11 170
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 660	
52–58	Önnur gjöld	3 510	
5	Gjöld samtals	11 170	
4	Sértekjur	680	
	Mismunur		**10 490**
08–567 Heilsugæslustöðin Djúpavogi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 000
1 01	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	12 000	
	Gjöld samtals		12 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 420	
52–58	Önnur gjöld	3 580	
5	Gjöld samtals	12 000	
4	Sértekjur	240	
	Mismunur		**11 760**
08–568 Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 220
1 01	Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	21 220	
	Gjöld samtals		21 220
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 770	
52–58	Önnur gjöld	7 450	
5	Gjöld samtals	21 220	
4	Sértekjur	1 800	
	Mismunur		**19 420**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–571	**Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 020
1 01	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	9 020	
	Gjöld samtals		9 020
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 040	
52–58	Önnur gjöld	2 980	
5	Gjöld samtals	9 020	
4	Sértekjur	580	
	Mismunur		**8 440**
08–572	**Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 440
1 01	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	8 440	
	Gjöld samtals		8 440
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 700	
52–58	Önnur gjöld	2 740	
5	Gjöld samtals	8 440	
4	Sértekjur	350	
	Mismunur		**8 090**
08–573	**Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 290
1 01	Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum	25 290	
	Gjöld samtals		25 290
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 640	
52–58	Önnur gjöld	5 650	
5	Gjöld samtals	25 290	
4	Sértekjur	750	
	Mismunur		**24 540**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–574 Heilsugæslustöðin Hvolsvelli			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 640
1 01	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	8 640	
	Gjöld samtals		8 640
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 070	
52–58	Önnur gjöld	2 570	
5	Gjöld samtals	8 640	
4	Sértekjur	390	
	Mismunur		**8 250**
08–575 Heilsugæslustöðin Hellu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 060
1 01	Heilsugæslustöðin Hellu	10 060	
	Gjöld samtals		10 060
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 730	
52–58	Önnur gjöld	3 330	
5	Gjöld samtals	10 060	
4	Sértekjur	910	
	Mismunur		**9 150**
08–576 Heilsugæslustöðin Laugarási			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 120
1 01	Heilsugæslustöðin Laugarási	15 120	
	Gjöld samtals		15 120
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 380	
52–58	Önnur gjöld	3 740	
5	Gjöld samtals	15 120	
4	Sértekjur	1 510	
	Mismunur		**13 610**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–577 Heilsugæslustöðin Selfossi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 770
1 01	Heilsugæslustöðin Selfossi	29 770	
	Gjöld samtals		29 770
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 730	
52–58	Önnur gjöld	8 040	
5	Gjöld samtals	29 770	
4	Sértekjur	1 580	
	Mismunur		**28 190**
08–578 Heilsugæslustöðin Hveragerði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 300
1 01	Heilsugæslustöðin Hveragerði	8 300	
	Gjöld samtals		8 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 280	
52–58	Önnur gjöld	2 020	
5	Gjöld samtals		**8 300**
08–579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 110
1 01	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	9 110	
	Gjöld samtals		9 110
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 390	
52–58	Önnur gjöld	2 720	
5	Gjöld samtals	9 110	
4	Sértekjur	60	
	Mismunur		**9 050**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–581 Heilsugæslustöðin Keflavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			86 070
1 01	Heilsugæslustöðin Keflavík	86 070	
	Gjöld samtals		86 070
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	49 290	
52–58	Önnur gjöld	36 780	
5	Gjöld samtals	86 070	
4	Sértekjur	4 450	
	Mismunur		**81 620**
08–582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			85 500
1 01	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	85 500	
	Gjöld samtals		85 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	47 660	
52–58	Önnur gjöld	37 840	
5	Gjöld samtals	85 500	
4	Sértekjur	2 700	
	Mismunur		**82 800**
08–583 Heilsugæslustöðin Garðabæ			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 060
1 01	Heilsugæslustöðin Garðabæ	21 060	
	Gjöld samtals		21 060
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 960	
52–58	Önnur gjöld	4 100	
5	Gjöld samtals	21 060	
4	Sértekjur	1 070	
	Mismunur		**19 990**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–584 Heilsugæslustöðin Kópavogi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			58 390
1 01	Heilsugæslustöðin Kópavogi	58 390	
	Gjöld samtals		58 390
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	43 820	
52–58	Önnur gjöld	14 570	
5	Gjöld samtals	58 390	
4	Sértekjur	7 830	
	Mismunur		**50 560**
08–585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 540
1 01	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	42 540	
	Gjöld samtals		42 540
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	32 960	
52–58	Önnur gjöld	9 580	
5	Gjöld samtals	42 540	
4	Sértekjur	1 280	
	Mismunur		**41 260**
08–586 Heilsugæslustöðin Reykjalundi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 830
1 01	Heilsugæslustöðin Reykjalundi	16 830	
	Gjöld samtals		16 830
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 830	
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals	16 830	
4	Sértekjur	690	
	Mismunur		**16 140**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–591 Héraðslæknir í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 910
1 01	Héraðslæknir í Reykjavík	11 910	
	Gjöld samtals		11 910
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 710	
52–58	Önnur gjöld	3 200	
5	Gjöld samtals		**11 910**
08–595 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 780
1 01	Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	5 780	
	Gjöld samtals		5 780
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 430	
52–58	Önnur gjöld	2 350	
5	Gjöld samtals		**5 780**
08–601 Ljósmæðraskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 350
1 01	Ljósmæðraskóli Íslands	2 350	
	Gjöld samtals		2 350
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 110	
52–58	Önnur gjöld	240	
5	Gjöld samtals		**2 350**
08–602 Þroskaþjálfaskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 120
1 01	Þroskaþjálfaskóli Íslands	16 120	
	Gjöld samtals		16 120

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 650	
52–58	Önnur gjöld	5 470	
5	Gjöld samtals		**16 120**

08–603 Lyfjatæknaskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 990
1 01	Lyfjatæknaskóli Íslands	8 990	
	Gjöld samtals		8 990
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 990	
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals		**8 990**

08–604 Sjúkraliðaskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 080
1 01	Sjúkraliðaskóli Íslands	2 080	
	Gjöld samtals		2 080
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 080	
5	Gjöld samtals		**2 080**

08–610 Gæsluvistarsjóður, framlag

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			12 000
6 10	Gæsluvistarsjóður	10 000	
6 40	Samhjálp	2 000	
	Gjöld samtals		12 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	10 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 000	
5	Gjöld samtals		**12 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–621 Bindindisstarfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 450
1 10	Áfengisvarnir	8 020	
1 20	Stórstúka Íslands, ungliðastarf	1 430	
1 40	Átak í áfengisvörnum	10 000	
1 50	AA-samtökin	2 000	
	Gjöld samtals		21 450
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 600	
52–58	Önnur gjöld	12 760	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 090	
5	Gjöld samtals		**21 450**
08–998 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 000	
5	Gjöld samtals		**8 000**
	Samtals		42 408 920

09 Fjármálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			177 590
1 01	Yfirstjórn	153 000	
1 10	Hagræðingarverkefni	11 500	
1 20	Tölvumál	13 090	
Stofnkostnaður:			3 500
6 01	Tæki og búnaður	3 500	
	Gjöld samtals		181 090
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	115 300	
52–58	Önnur gjöld	65 540	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	250	
5	Gjöld samtals		**181 090**
09–102 Launaskrifstofa ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			73 520
1 01	Launaskrifstofa ríkisins	73 520	
Stofnkostnaður:			4 500
6 01	Tæki og búnaður	4 500	
	Gjöld samtals		78 020
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	54 460	
52–58	Önnur gjöld	23 560	
5	Gjöld samtals		**78 020**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–103 Ríkisbókhald			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			83 350
1 01	Ríkisbókhald	83 350	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		85 350
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	62 930	
52–58	Önnur gjöld	22 420	
5	Gjöld samtals		**85 350**
09–104 Ríkisfjárhirsla			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 540
1 01	Ríkisfjárhirsla	27 540	
	Gjöld samtals		27 540
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 680	
52–58	Önnur gjöld	12 860	
5	Gjöld samtals		**27 540**
09–105 Ríkislögmaður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 880
1 01	Ríkislögmaður	16 880	
Stofnkostnaður:			900
6 01	Tæki og búnaður	900	
	Gjöld samtals		17 780
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 310	
52–58	Önnur gjöld	7 470	
5	Gjöld samtals	17 780	
4	Sértekjur	320	
	Mismunur		**17 460**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–201 Ríkisskattstjóri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			245 510
1 01	Yfirstjórn	184 220	
1 10	Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa	61 290	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
	Gjöld samtals		255 510
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	146 250	
52–58	Önnur gjöld	109 260	
5	Gjöld samtals		**255 510**
09–202 Skattstofan í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			144 310
1 01	Skattstofan í Reykjavík	144 310	
Stofnkostnaður:			5 700
6 01	Tæki og búnaður	5 700	
	Gjöld samtals		150 010
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	118 310	
52–58	Önnur gjöld	31 700	
5	Gjöld samtals		**150 010**
09–203 Skattstofa Vesturlands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 500
1 01	Skattstofa Vesturlands	22 500	
	Gjöld samtals		22 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 700	
52–58	Önnur gjöld	4 800	
5	Gjöld samtals	22 500	
4	Sértekjur	110	
	Mismunur		**22 390**

09–204 Skattstofa Vestfjarða

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 040
1 01	Skattstofa Vestfjarða	18 040	
	Gjöld samtals		18 040
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 890	
52–58	Önnur gjöld	4 150	
5	Gjöld samtals	18 040	
4	Sértekjur	130	
	Mismunur		**17 910**

09–205 Skattstofa Norðurlands vestra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 890
1 01	Skattstofa Norðurlands vestra	17 890	
	Gjöld samtals		17 890
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 060	
52–58	Önnur gjöld	3 830	
5	Gjöld samtals	17 890	
4	Sértekjur	110	
	Mismunur		**17 780**

09–206 Skattstofa Norðurlands eystra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 340
1 01	Skattstofa Norðurlands eystra	42 340	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			2 500
6 01	Tæki og búnaður	2 500	
	Gjöld samtals		44 840
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 880	
52–58	Önnur gjöld	9 960	
5	Gjöld samtals	44 840	
4	Sértekjur	370	
	Mismunur		**44 470**

09–207 Skattstofa Austurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 210
1 01	Skattstofa Austurlands	22 210	
	Gjöld samtals		22 210
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 270	
52–58	Önnur gjöld	4 940	
5	Gjöld samtals	22 210	
4	Sértekjur	150	
	Mismunur		**22 060**

09–208 Skattstofa Suðurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 640
1 01	Skattstofa Suðurlands	25 640	
	Gjöld samtals		25 640
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 030	
52–58	Önnur gjöld	4 610	
5	Gjöld samtals	25 640	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**25 240**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–209 Skattstofa Vestmannaeyja			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 540
1 01	Skattstofa Vestmannaeyja	11 540	
	Gjöld samtals		11 540
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 880	
52–58	Önnur gjöld	2 660	
5	Gjöld samtals	11 540	
4	Sértekjur	30	
	Mismunur		**11 510**
09–211 Skattstofa Reykjaness			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			65 680
1 01	Skattstofa Reykjaness	65 680	
	Gjöld samtals		65 680
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	56 220	
52–58	Önnur gjöld	9 460	
5	Gjöld samtals	65 680	
4	Sértekjur	830	
	Mismunur		**64 850**
09–212 Skattamál, ýmis útgjöld			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			73 990
1 01	Ýmis sameiginleg útgjöld	59 990	
1 10	Endurskoðun atvinnurekstrarframtala	14 000	
Stofnkostnaður:			18 500
6 01	Tæki og búnaður	18 500	
	Gjöld samtals		92 490
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 000	
52–58	Önnur gjöld	88 490	
5	Gjöld samtals		**92 490**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–214 Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 870
1 01	Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd	22 870	
	Gjöld samtals		22 870
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 790	
52–58	Önnur gjöld	3 080	
5	Gjöld samtals		**22 870**
09–251 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			134 160
1 01	Gjaldheimtan í Reykjavík	74 690	
1 02	Gjaldheimta Suðurnesja	6 950	
1 10	Ýmis innheimtukostnaður	43 620	
1 20	Kostnaður við sérstakar innheimtuaðgerðir	5 000	
1 30	Þungaskattsálagning með ökumælum	3 900	
	Gjöld samtals		134 160
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 680	
52–58	Önnur gjöld	125 480	
5	Gjöld samtals		**134 160**
09–261 Ríkistollstjóri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			90 350
1 01	Ríkistollstjóri	90 350	
Stofnkostnaður:			6 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
6 10	Hugbúnaðargerð vegna SAD-tollskjals	4 000	
	Gjöld samtals		96 350

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 110	
52–58	Önnur gjöld	45 240	
5	Gjöld samtals	96 350	
4	Sértekjur	690	
	Mismunur		**95 660**

09–262 Tollstjórinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			257 220
1 01	Tollstjórinn í Reykjavík	138 580	
1 10	Tollgæsla	118 640	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		259 220
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	185 660	
52–58	Önnur gjöld	73 560	
5	Gjöld samtals	259 220	
4	Sértekjur	5 930	
	Mismunur		**253 290**

09–381 Uppbætur á lífeyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			788 000
1 01	Uppbætur á lífeyri	788 000	
	Gjöld samtals		788 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	788 000	
5	Gjöld samtals		**788 000**

09–402 Fasteignamat ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			98 830
1 01	Fasteignamat ríkisins	98 830	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			19 500
6 01	Tæki og búnaður	19 500	
	Gjöld samtals		118 330
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	60 310	
52–58	Önnur gjöld	58 020	
5	Gjöld samtals	118 330	
4	Sértekjur	54 850	
	Mismunur		**63 480**

09–481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			200 000
6 01	Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	200 000	
	Gjöld samtals		200 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	200 000	
5	Gjöld samtals		**200 000**

09–801 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 400 000
1 10	Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	9 400 000	
	Gjöld samtals		9 400 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	9 400 000	
5	Gjöld samtals		**9 400 000**

09–901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 420
1 01	Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	43 420	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		45 420

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 430	
52–58	Önnur gjöld	15 990	
5	Gjöld samtals	45 420	
4	Sértekjur	49 310	
	Mismunur		**–3 890**

09–971 Ríkisábyrgðir og tjónabætur

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			350 000
6 01	Ríkisábyrgðir	300 000	
6 10	Tjónabætur	50 000	
	Gjöld samtals		350 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	50 000	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	300 000	
5	Gjöld samtals		**350 000**

09–981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			8 000
5 01	Arnarhvoll, viðhald	8 000	
Stofnkostnaður:			178 000
6 02	Arnarhvoll, mötuneyti	30 000	
6 10	Laugavegur 166	35 000	
6 20	Stjórnsýsluhús á Ísafirði	3 000	
6 23	Hafnarstræti Akureyri, innrétting skattstofu	25 000	
6 30	Seljavegur 32, innrétting	15 000	
6 40	Tollhúsið við Tryggvagötu	20 000	
6 41	Tollafgreiðsla, Reykjavík	15 000	
6 50	Sölvhólsgata 7	15 000	
6 60	Sölvhóll	20 000	
	Gjöld samtals		186 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	186 000	
5	Gjöld samtals		**186 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–989	**Launa- og verðlagsmál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 011 000
1 01	Rekstur	1 911 000	
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra í samræmi við samþykktir ríkisstjórnarinnar	100 000	
Stofnkostnaður:			50 000
6 01	Stofnkostnaður	50 000	
	Gjöld samtals		2 061 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 399 000	
52–58	Önnur gjöld	562 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	100 000	
5	Gjöld samtals	2 061 000	
4	Sértekjur	168 000	
	Mismunur		**1 893 000**
09–995	**Skýrsluvélakostnaður**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			337 900
1 01	Launagreiðslukerfi	66 000	
1 02	Tekjubókhaldskerfi	128 500	
1 03	Skattavinnslukerfi	109 400	
1 04	Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	34 000	
Stofnkostnaður:			58 000
6 03	Hugbúnaðargerð fyrir skattkerfið	58 000	
	Gjöld samtals		395 900
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	395 900	
5	Gjöld samtals		**395 900**
09–998	**Ráðstöfunarfé**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	6 000	
	Gjöld samtals		6 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 000	
5	Gjöld samtals		**6 000**

09–999 Ýmislegt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			357 230
1 10	Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	52 580	
1 13	Kjarasamningar	12 540	
1 14	Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	5 000	
1 15	Kjararannsóknir	5 250	
1 16	Bókhaldskerfi ríkisins	4 000	
1 17	Ýmis sameiginlegur kostnaður	17 020	
1 18	Styrkur til blaðaútgáfu samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar	66 020	
1 19	Ýmsar endurgreiðslur	35 000	
1 30	Lífeyrissjóðir sjómanna	1 260	
1 31	Lífeyrissjóður bænda	89 500	
1 45	Ýmsar nefndir	4 830	
1 50	Sektarnefnd	1 170	
1 60	Dómkröfur	10 680	
1 70	Til útgáfumála samkvæmt ákvörðun þingflokka	27 380	
1 90	Óviss útgjöld	25 000	
Stofnkostnaður:			27 500
6 20	Ríkisbifreiðar, framlag	6 500	
6 30	Tölvumál Stjórnarráðs o.fl.	21 000	
	Gjöld samtals		384 730
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	25 480	
52–58	Önnur gjöld	206 110	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	153 140	
5	Gjöld samtals		**384 730**
	Samtals		15 282 880

10 Samgönguráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 620
1 01	Yfirstjórn	48 560	
1 10	Flugeftirlitsnefnd	1 060	
Stofnkostnaður:			1 200
6 01	Tæki og búnaður	1 200	
	Gjöld samtals		50 820
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 150	
52–58	Önnur gjöld	23 670	
5	Gjöld samtals	50 820	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**50 620**
10–211 Vegagerð ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			265 000
1 01	Yfirstjórn	265 000	
Viðhaldsverkefni:			1 980 000
5 10	Viðhald vega	1 980 000	
Stofnkostnaður:			3 125 000
6 10	Nýframkvæmdir	2 275 000	
6 11	Jarðgöng á Vestfjörðum	350 000	
6 30	Fjallvegir	50 000	
6 40	Tilraunir	25 000	
6 51	Sýsluvegir	173 000	
6 52	Þéttbýlisvegir	252 000	
	Gjöld samtals		5 370 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	421 300	
52–58	Önnur gjöld	4 523 700	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	425 000	
5	Gjöld samtals		**5 370 000**

10–321 Skipaútgerð ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			134 400
1 10	Rekstrarframlag	134 400	
	Gjöld samtals		134 400
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	134 400	
5	Gjöld samtals		**134 400**

10–322 Flóabátar og vöruflutningar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			134 190
1 20	Stofn- og rekstrarstyrkir	134 190	
	Gjöld samtals		134 190
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	134 190	
5	Gjöld samtals		**134 190**

10–331 Vita- og hafnamálaskrifstofan

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			75 640
1 01	Vita- og hafnamálaskrifstofan	75 640	
Stofnkostnaður:			26 400
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
6 10	Húsbygging	24 900	
	Gjöld samtals		102 040

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	54 150	
52–58	Önnur gjöld	47 890	
5	Gjöld samtals	102 040	
4	Sértekjur	75 480	
	Mismunur		**26 560**

10–332 Vitastofnun Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			92 770
1 10	Rekstur vita	89 660	
1 20	Sjómerki	3 110	
Stofnkostnaður:			16 200
6 01	Tæki og búnaður	1 200	
6 30	Vitabyggingar	15 000	
	Gjöld samtals		108 970
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	60 130	
52–58	Önnur gjöld	48 840	
5	Gjöld samtals	108 970	
4	Sértekjur	45 570	
	Mismunur		**63 400**

10–333 Hafnamál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 720
1 10	Hafnarannsóknir og mælingar	20 720	
Stofnkostnaður:			475 400
6 10	Tæki og búnaður	1 400	
6 20	Ferjubryggjur	6 000	
6 30	Hafnarmannvirki	315 000	
6 32	Lendingarbætur	3 000	
6 40	Sjóvarnargarðar	100 000	
6 70	Hafnabótasjóður, framlag	50 000	
	Gjöld samtals		496 120

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	22 120	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	50 000	
	5912 Til sveitarfélaga	424 000	
5	Gjöld samtals	496 120	
4	Sértekjur	496 120	
	Mismunur		

10–341 Siglingamálastofnun ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			119 250
1 01	Siglingamálastofnun ríkisins	111 440	
1 02	Mengunarmælingar í sjó	6 210	
1 03	Sérstök verkefni	1 600	
Stofnkostnaður:			3 200
6 01	Mengunarvarnabúnaður	3 200	
	Gjöld samtals		122 450
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	71 670	
52–58	Önnur gjöld	50 780	
5	Gjöld samtals	122 450	
4	Sértekjur	26 460	
	Mismunur		**95 990**

10–342 Rannsóknanefnd sjóslysa

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 410
1 01	Rannsóknanefnd sjóslysa	5 410	
	Gjöld samtals		5 410
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 030	
52–58	Önnur gjöld	2 380	
5	Gjöld samtals		**5 410**

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–471	**Flugmálastjórn**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		757 570
1 01	Yfirstjórn	57 050	
1 20	Loftferðaeftirlit	26 090	
1 30	Reykjavíkurflugvöllur	86 430	
1 40	Flugvalladeild	155 080	
1 50	Flugleiðsöguþjónusta	82 070	
1 60	Flugumferðarþjónusta	166 010	
1 70	Alþjóðaflugþjónusta	184 840	
	Stofnkostnaður:		333 000
6 80	Flugvellir, framkvæmdir	333 000	
	Gjöld samtals		1 090 570
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	503 670	
52–58	Önnur gjöld	586 900	
5	Gjöld samtals	1 090 570	
4	Sértekjur	650 590	
	Mismunur		**439 980**
10–485	**Ýmis framlög**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		43 460
1 10	Flugbjörgunarsveitir	1 930	
1 20	Tilkynningarskylda íslenskra skipa	13 530	
1 22	Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	1 100	
1 30	Rannsóknanefnd flugslysa	1 650	
1 33	Slysavarnaskóli sjómanna	22 330	
1 35	Skipulagsnefnd fólksflutninga	2 010	
1 41	Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	910	
	Gjöld samtals		43 460
	Tegundasundurliðun:		
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	43 460	
5	Gjöld samtals		**43 460**

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–651 Ferðamálaráð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 420
1 01	Ferðamálaráð	13 420	
Stofnkostnaður:			93 000
6 10	Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985	68 000	
6 20	Hótel, framlög	25 000	
	Gjöld samtals		106 420
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 640	
52–58	Önnur gjöld	4 780	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	25 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	68 000	
5	Gjöld samtals		**106 420**
10–998 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	2 000	
	Gjöld samtals		2 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 000	
5	Gjöld samtals		**2 000**
	Samtals		6 472 430

11 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
11–101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			56 960
1 01	Yfirstjórn	44 460	
1 02	Vörumerkja- og einkaleyfaskrifstofa	12 500	
Stofnkostnaður:			1 000
6 02	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		57 960
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 200	
52–58	Önnur gjöld	23 760	
5	Gjöld samtals	57 960	
4	Sértekjur	12 500	
	Mismunur		**45 460**
11–201 Iðntæknistofnun Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			220 820
1 01	Iðntæknistofnun Íslands	214 530	
1 91	Samstarfsverkefni iðnaðar og sjávarútvegs	6 290	
Stofnkostnaður:			9 200
6 01	Tæki og búnaður	9 200	
	Gjöld samtals		230 020

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	116 630	
52–58	Önnur gjöld	107 100	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	6 290	
5	Gjöld samtals	230 020	
4	Sértekjur	125 530	
	Mismunur		**104 490**

11–203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			103 800
1 01	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	103 800	
Stofnkostnaður:			7 200
6 01	Tæki og búnaður	7 200	
	Gjöld samtals		111 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	75 150	
52–58	Önnur gjöld	35 850	
5	Gjöld samtals	111 000	
4	Sértekjur	55 580	
	Mismunur		**55 420**

11–240 Iðnaðarrannsóknir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 320
1 01	Iðnaðarrannsóknir	26 320	
	Gjöld samtals		26 320
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	26 320	
5	Gjöld samtals		**26 320**

		Þús. kr.	Þús. kr.
11–299	**Iðja og iðnaður, framlög**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			69 380
1 14	Iðnþróun og tækninýjungar	8 800	
1 15	Alþjóðastaðlar CEN-CENELEC	9 080	
1 21	Byggingarþjónustan	660	
1 26	Iðnþróunarverkefni	2 420	
1 27	Iðnráðgjafar	12 550	
1 30	Evreka	14 490	
1 40	Smáiðnaður í dreifbýli	11 770	
1 50	Iðnþróun og markaðsmál	9 610	
	Gjöld samtals		69 380
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	18 690	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	12 550	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	37 480	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	660	
5	Gjöld samtals		**69 380**
11–301	**Orkustofnun**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			324 440
1 01	Orkustofnun	321 240	
1 90	Rannsóknir í Öxarfirði	3 200	
Stofnkostnaður:			6 400
6 01	Tæki og búnaður	6 400	
	Gjöld samtals		330 840
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	180 390	
52–58	Önnur gjöld	150 450	
5	Gjöld samtals	330 840	
4	Sértekjur	107 600	
	Mismunur		**223 240**

		Þús. kr.	Þús. kr.
11–302 Rafmagnseftirlit ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			78 180
1 01	Rafmagnseftirlit ríkisins	78 180	
	Gjöld samtals		78 180
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	46 260	
52–58	Önnur gjöld	31 920	
5	Gjöld samtals	78 180	
4	Sértekjur	6 580	
	Mismunur		**71 600**
11–371 Orkusjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 340
1 01	Rekstur Orkusjóðs	1 700	
1 23	Notendur utan samveitna	2 640	
Stofnkostnaður:			103 400
6 14	Lánagreiðslur, framlög	60 400	
6 15	Lán til jarðhitaleitar	12 200	
6 20	Sveitarafvæðing	10 000	
6 21	Styrking dreifikerfis í sveitum	20 800	
	Gjöld samtals		107 740
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	105 100	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 640	
5	Gjöld samtals		**107 740**
11–399 Ýmis orkumál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			274 070
1 13	Setlagarannsóknir	2 120	
1 15	Niðurgreiðsla á rafhitun	262 000	
1 17	Markaðs- og skipulagsmál	9 950	
	Gjöld samtals		274 070

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	274 070	
5	Gjöld samtals		**274 070**

11–998 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 000	
5	Gjöld samtals		**8 000**
	Samtals		985 720

12 Viðskiptaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
12–101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			56 490
1 01	Yfirstjórn	55 390	
1 03	Icepro-nefnd	1 100	
	Gjöld samtals		56 490
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	25 170	
52–58	Önnur gjöld	25 220	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 100	
5	Gjöld samtals		**56 490**
12–201 Niðurgreiðslur á vöruverði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 250 000
1 01	Niðurgreiðslur á vöruverði	4 995 000	
1 10	Lífeyrissjóður bænda	255 000	
	Gjöld samtals		5 250 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	4 995 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	255 000	
5	Gjöld samtals		**5 250 000**
12–301 Löggildingarstofan			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 410
1 01	Löggildingarstofan	22 410	
	Gjöld samtals		22 410

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 530	
52–58	Önnur gjöld	8 880	
5	Gjöld samtals	22 410	
4	Sértekjur	22 410	
	Mismunur		

12–902 Verðlagsstofnun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			64 020
1 01	Verðlagsstofnun	64 020	
Stofnkostnaður:			1 200
6 01	Tæki og búnaður	1 200	
	Gjöld samtals		65 220
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	48 990	
52–58	Önnur gjöld	16 230	
5	Gjöld samtals		**65 220**

12–903 Skráning hlutafélaga

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 440
1 01	Skráning hlutafélaga	9 440	
	Gjöld samtals		9 440
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 240	
52–58	Önnur gjöld	3 200	
5	Gjöld samtals		**9 440**

12–998 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3 000	
	Gjöld samtals		3 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**
	Samtals		5 384 150

13 Hagstofa Íslands

		Þús. kr.	Þús. kr.
13–101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			105 200
1 01	Yfirstjórn	98 150	
1 02	Sérstakar kannanir	4 550	
1 03	Manntal 1991	2 500	
Stofnkostnaður:			5 500
6 01	Tæki og búnaður	5 500	
	Gjöld samtals		110 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	60 150	
52–58	Önnur gjöld	50 550	
5	Gjöld samtals	110 700	
4	Sértekjur	4 940	
	Mismunur		**105 760**
13–102 Þjóðskráin			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			59 090
1 01	Þjóðskráin	59 090	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		60 090

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 860	
52–58	Önnur gjöld	39 230	
5	Gjöld samtals	60 090	
4	Sértekjur	31 000	
	Mismunur		**29 090**
	Samtals		134 850

14 Umhverfisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
14–101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 970
1 01	Yfirstjórn	29 970	
	Gjöld samtals		29 970
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 370	
52–58	Önnur gjöld	12 600	
5	Gjöld samtals		**29 970**
14–201 Náttúruverndarráð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			47 770
1 01	Yfirstjórn	15 280	
1 02	Fræðslustarfsemi	2 480	
1 20	Friðlýsingarsjóður	2 320	
1 21	Friðlýst svæði, merkingar og eftirlit	4 540	
1 30	Eftirlit við Mývatn og Laxá	1 760	
1 31	Þjóðgarðurinn í Skaftafelli	9 020	
1 32	Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum	6 410	
1 40	Rannsóknastörf við Mývatn	5 960	
Viðhaldsverkefni:			1 000
5 01	Viðhaldsfé	1 000	
Stofnkostnaður:			6 000
6 10	Ýmsar framkvæmdir	6 000	
	Gjöld samtals		54 770

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 640	
52–58	Önnur gjöld	30 130	
5	Gjöld samtals	54 770	
4	Sértekjur	16 140	
	Mismunur		**38 630**

14–210 Veiðistjóri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 510
1 01	Veiðistjóri	28 510	
	Gjöld samtals		28 510
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 000	
52–58	Önnur gjöld	4 870	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	19 640	
5	Gjöld samtals	28 510	
4	Sértekjur	370	
	Mismunur		**28 140**

14–301 Skipulagsstjóri ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			74 960
1 01	Skipulagsstjóri ríkisins	74 960	
	Gjöld samtals		74 960
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 810	
52–58	Önnur gjöld	35 410	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	22 740	
5	Gjöld samtals	74 960	
4	Sértekjur	74 960	
	Mismunur		

		Þús. kr.	Þús. kr.
14–310 Landmælingar Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			105 250
1 01	Landmælingar Íslands	94 890	
1 10	Sérstök verkefni í kortagerð	10 360	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
	Gjöld samtals		110 250
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	36 210	
52–58	Önnur gjöld	74 040	
5	Gjöld samtals	110 250	
4	Sértekjur	45 350	
	Mismunur		**64 900**
14–401 Náttúrufræðistofnun Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 970
1 01	Náttúrufræðistofnun Íslands	29 970	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		31 470
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 250	
52–58	Önnur gjöld	12 220	
5	Gjöld samtals	31 470	
4	Sértekjur	1 730	
	Mismunur		**29 740**
14–410 Veðurstofa Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			242 920
1 01	Yfirstjórn	25 720	
1 02	Bóka- og skjalasafn	1 470	
1 03	Síma- og útvarpskostnaður	17 790	
1 10	Veðurspádeild	21 500	
1 11	Veðurfarsdeild	8 280	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 12	Veðurstöðvar	45 670	
1 20	Jarðeðlisfræðideild	14 970	
1 40	Tölvudeild	7 510	
1 50	Tækni- og veðurathuganadeild	22 900	
1 60	Hálendisathuganir	5 170	
1 61	Hafísrannsóknir	3 890	
1 62	Snjóflóðavarnir	3 090	
1 63	Veðurfræðirannsóknir	2 200	
1 65	Alþjóðasamvinna	1 860	
1 70	Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	60 900	
Stofnkostnaður:			16 000
6 90	Veðurratsjá o.fl.	16 000	
	Gjöld samtals		258 920
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	162 770	
52–58	Önnur gjöld	96 150	
5	Gjöld samtals	258 920	
4	Sértekjur	65 140	
	Mismunur		**193 780**

14–998 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**

14–999 Ýmis verkefni

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 820
1 10	Mótun atvinnustefnu	2 000	
1 11	Undirbúningur að umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna	3 000	
1 12	Uppgræðsla og gróðurvernd	3 000	
1 13	Sérfræðirannsóknir við Mývatn	9 900	
1 14	Norrænar jarðskjálftarannsóknir á Suðurlandi	7 920	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 15	Geysir í Haukadal	1 500	
1 16	Norrænt umhverfisár	1 500	
1 17	Gróðurkortagerð	2 000	
	Gjöld samtals		30 820
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	10 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	20 820	
5	Gjöld samtals		**30 820**
	Samtals		418 980

B-HLUTI
Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign

5. gr.

Árið 1991 er ætlast til að rekstri og fjármunahreyfingum eftirtalinna ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign verði hagað samkvæmt áætlunum í þessari grein.

21 Forsætisráðuneyti

		Þús. kr	Þús. kr.
21–172	**Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	17 000	
571	Fjármagnskostnaður	633 000	
5,8	Gjöld samtals	650 000	
48	Fjármunatekjur	448 000	
4,7	Tekjur samtals	448 000	
	Mismunur		−202 000
	Fjármunahreyfingar út:		
26	Afborgun lána	414 000	
	Fjármunahreyfingar inn:		
16	Innheimtar afborganir	291 000	
26	Tekin lán	325 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−202 000	

22 Menntamálaráðuneyti

		Þús. kr	Þús. kr.
22-201	**Happdrætti Háskóla Íslands**		
51	Laun	34 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	217 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	909 000	
5,8	Gjöld samtals	1 160 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 393 000	
48	Fjármunatekjur	9 000	
4,7	Tekjur samtals	1 402 000	
	Mismunur		242 000
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað, greitt í ríkissjóð	46 600	
32	Annað, greitt Háskóla Íslands og stofnunum hans	195 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	242 000	
22-202	**Lyfjabúð Háskóla Íslands**		
51	Laun	29 530	
52–57	Önnur rekstrargjöld	8 020	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	80 670	
571	Fjármagnskostnaður	7 840	
51–57	Viðhald	11 030	
593	Afskriftir	390	
5,8	Gjöld samtals	137 480	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	137 030	
48	Fjármunatekjur	7 620	
4,7	Tekjur samtals	144 650	
	Mismunur		7 170
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað	7 560	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	390	
39	Ráðstöfun eigin fjár	7 170	

		Þús. kr	Þús. kr.
22–211	**Háskólabíó**		
51	Laun	30 760	
52–57	Önnur rekstrargjöld	37 030	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	75 650	
571	Fjármagnskostnaður	50 180	
51–57	Viðhald	12 050	
593	Afskriftir	15 000	
5,8	Gjöld samtals	220 670	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	181 440	
48	Fjármunatekjur	8 060	
49	Aðrar tekjur	26 000	
4,7	Tekjur samtals	215 500	
	Mismunur		−5 170
	Fjármunahreyfingar út:		
18	Fjárfestingar	6 160	
26	Afborgun lána	3 670	
	Fjármunahreyfingar inn:		
19	Afskriftir	15 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−5 170	
22–233	**Rannsóknasjóður**		
59	Yfirfærslur	100 000	
5,8	Gjöld samtals	100 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	100 000	
4,7	Tekjur samtals	100 000	
22–235	**Vísindasjóður**		
59	Yfirfærslur	134 000	
5,8	Gjöld samtals	134 000	
48	Fjármunatekjur	3 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	20 000	
49	Aðrar tekjur, Arðsjóður Seðlabanka Íslands	111 000	
4,7	Tekjur samtals	134 000	
22–276	**Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna**		
571	Fjármagnskostnaður	3 400	
59	Yfirfærslur	20 000	
5,8	Gjöld samtals	23 400	
4910	Framlög úr ríkissjóði	46 600	
4,7	Tekjur samtals	46 600	
	Mismunur		23 200

		Þús. kr	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	15 200	
26	Afborgun lána	8 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	23 200	
22–679	**Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni**		
51	Laun	1 890	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	4 980	
593	Afskriftir	560	
5,8	Gjöld samtals	7 430	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	8 170	
4,7	Tekjur samtals	8 170	
	Mismunur		740
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	1 200	
26	Afborgun lána	100	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	560	
39	Ráðstöfun eigin fjár	740	
22–872	**Lánasjóður íslenskra námsmanna**		
51	Laun	39 200	
52–57	Önnur rekstrargjöld	31 800	
571	Fjármagnskostnaður	606 250	
59	Yfirfærslur	80 000	
5,8	Gjöld samtals	757 250	
48	Fjármunatekjur	225 250	
4910	Framlög úr ríkissjóði	1 930 000	
4,7	Tekjur samtals	2 155 250	
	Mismunur		1 398 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	3 717 000	
26	Afborgun lána	1 050 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	369 000	
26	Tekin lán	3 000 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 398 000	

		Þús. kr	Þús. kr.
22–970	**Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður**		
49	Aðrar tekjur	189 700	
4,7	Tekjur samtals	189 700	
	Mismunur		189 700
	Fjármunahreyfingar út:		
18	Fjárfestingar	92 000	
26	Afborgun lána	97 700	
	Fjármunahreyfingar inn:		
39	Ráðstöfun eigin fjár	189 700	
22–971	**Ríkisútvarpið, hljóðvarp**		
51	Laun	325 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	390 000	
571	Fjármagnskostnaður	26 000	
593	Afskriftir	21 000	
59	Yfirfærslur	73 500	
5,8	Gjöld samtals	835 500	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	735 000	
48	Fjármunatekjur	43 000	
4,7	Tekjur samtals	778 000	
	Mismunur		−57 500
	Fjármunahreyfingar inn:		
19	Afskriftir	21 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−57 500	
32	Annað	36 500	
22–972	**Ríkisútvarpið, sjónvarp**		
51	Laun	392 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	697 000	
571	Fjármagnskostnaður	26 000	
593	Afskriftir	47 500	
59	Yfirfærslur	116 200	
5,8	Gjöld samtals	1 278 700	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 162 000	
48	Fjármunatekjur	42 200	
49	Aðrar tekjur	12 000	
4,7	Tekjur samtals	1 216 200	
	Mismunur		−62 500

		Þús. kr	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	47 500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−62 500	
32	Annað	15 000	
22–973	**Þjóðleikhúsið**		
51	Laun	210 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	100 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	31 000	
571	Fjármagnskostnaður	5 000	
51–57	Viðhald	4 000	
5,8	Gjöld samtals	350 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	152 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	192 000	
49	Aðrar tekjur	6 000	
4,7	Tekjur samtals	350 000	
22–974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**		
51	Laun	129 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	50 000	
51–57	Viðhald	3 000	
5,8	Gjöld samtals	182 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	21 100	
4910	Framlög úr ríkissjóði	94 000	
49	Aðrar tekjur	68 900	
4,7	Tekjur samtals	184 000	
	Mismunur		2 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	2 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 000	
22–976	**Menningarsjóður**		
51	Laun	11 100	
52–57	Önnur rekstrargjöld	4 650	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	13 660	
571	Fjármagnskostnaður	4 480	
51–57	Viðhald	330	
593	Afskriftir	330	
59	Yfirfærslur	2 000	
5,8	Gjöld samtals	36 550	

		Þús. kr	Þús. kr.
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	34 300	
48	Fjármunatekjur	340	
4910	Framlög úr ríkissjóði	10 500	
49	Aðrar tekjur	380	
4,7	Tekjur samtals	45 520	
	Mismunur		8 970
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	9 300	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	330	
39	Ráðstöfun eigin fjár	8 970	

23 Utanríkisráðuneyti

		Þús. kr	Þús. kr.
23–101	**Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	138 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	116 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	753 000	
571	Fjármagnskostnaður	22 000	
593	Afskriftir	16 000	
5,8	Gjöld samtals	1 045 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 360 000	
48	Fjármunatekjur	10 000	
49	Aðrar tekjur	1 000	
4,7	Tekjur samtals	1 371 000	
	Mismunur		326 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	12 000	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	330 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	16 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	326 000	
23–111	**Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	125 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	38 000	
51–57	Viðhald	8 000	
593	Afskriftir	2 000	
59	Yfirfærslur	21 500	
5,8	Gjöld samtals	194 500	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	194 900	
48	Fjármunatekjur	600	
49	Aðrar tekjur	19 000	
4,7	Tekjur samtals	214 500	
	Mismunur		20 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	5 000	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	18 000	

		Þús. kr	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar inn:			1 000
19	Afskriftir	2 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	20 000	
23–114	**Flugstöð Leifs Eiríkssonar, rekstur**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	118 000	
571	Fjármagnskostnaður	276 000	
51–57	Viðhald	40 000	
593	Afskriftir	103 000	
5,8	Gjöld samtals	537 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	256 000	
49	Aðrar tekjur	104 000	
4,7	Tekjur samtals	360 000	
	Mismunur		−177 000
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	103 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−177 000	
32	Annað	74 000	
23–118	**Ratsjárstöðvar, rekstur**		
51	Laun	233 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	384 000	
571	Fjármagnskostnaður	14 500	
593	Afskriftir	13 000	
5,8	Gjöld samtals	644 500	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	613 000	
48	Fjármunatekjur	23 000	
4,7	Tekjur samtals	636 000	
	Mismunur		−8 500
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	4 500	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	13 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−8 500	

23–121	**Sala varnarliðseigna**	Þús. kr	Þús. kr.
51	Laun	20 220	
52–57	Önnur rekstrargjöld	9 260	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	42 010	
51–57	Viðhald	1 100	
593	Afskriftir	3 230	
5,8	Gjöld samtals	75 820	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	86 960	
48	Fjármunatekjur	11 200	
49	Aðrar tekjur	4 430	
4,7	Tekjur samtals	102 590	
	Mismunur		26 770
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað, greitt í ríkissjóð	30 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	3 230	
39	Ráðstöfun eigin fjár	26 770	

24 Landbúnaðarráðuneyti

		Þús. kr	Þús. kr.
24–171	**Jarðeignir ríkisins**		
4910	Framlög úr ríkissjóði	20 000	
4,7	Tekjur samtals	20 000	
	Mismunur		20 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	20 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	20 000	
24–172	**Jarðasjóður**		
4910	Framlög úr ríkissjóði	15 000	
4,7	Tekjur samtals	15 000	
	Mismunur		15 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	10 600	
26	Afborgun lána	4 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	15 000	
24–206	**Tilraunastöðin Hesti og Hvanneyri**		
51	Laun	4 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	5 000	
5,8	Gjöld samtals	9 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	8 500	
49	Aðrar tekjur	500	
4,7	Tekjur samtals	9 000	

		Þús. kr	Þús. kr.
24–221	**Áburðarverksmiðja ríkisins**		
51	Laun	273 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	311 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	329 000	
571	Fjármagnskostnaður	74 500	
51–57	Viðhald	49 500	
593	Afskriftir	201 000	
5,8	Gjöld samtals	1 238 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 134 000	
48	Fjármunatekjur	14 000	
4,7	Tekjur samtals	1 148 000	
	Mismunur		−90 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	70 000	
26	Afborgun lána	131 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	201 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−90 000	
32	Annað	90 000	
24–245	**Laxeldisstöðin Kollafirði**		
51	Laun	9 840	
52–57	Önnur rekstrargjöld	6 990	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 300	
571	Fjármagnskostnaður	4 370	
51–57	Viðhald	2 810	
593	Afskriftir	5 960	
5,8	Gjöld samtals	32 270	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	19 600	
48	Fjármunatekjur	700	
4910	Framlög úr ríkissjóði	10 400	
4,7	Tekjur samtals	30 700	
	Mismunur		−1 570
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	1 760	
26	Afborgun lána	2 630	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	5 960	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−1 570	

		Þús. kr	Þús. kr.
24–272	**Einangrunarstöð í Hrísey**		
51	Laun	5 770	
52–57	Önnur rekstrargjöld	4 570	
51–57	Viðhald	1 110	
5,8	Gjöld samtals	11 450	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	6 460	
4910	Framlög úr ríkissjóði	4 990	
4,7	Tekjur samtals	11 450	

25 Sjávarútvegsráðuneyti

		Þús. kr	Þús. kr.
25–222	**Síldarverksmiðjur ríkisins**		
51	Laun	245 800	
52–57	Önnur rekstrargjöld	263 400	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	996 000	
571	Fjármagnskostnaður	104 000	
51–57	Viðhald	78 000	
593	Afskriftir	182 000	
5,8	Gjöld samtals	1 869 200	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 874 000	
48	Fjármunatekjur	2 200	
49	Aðrar tekjur	6 000	
4,7	Tekjur samtals	1 882 200	
	Mismunur		13 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	40 000	
26	Afborgun lána	115 000	
32	Annað	48 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	8 000	
19	Afskriftir	182 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	13 000	
25–272	**Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging**		
51	Laun	1 170	
52–57	Önnur rekstrargjöld	5 810	
51–57	Viðhald	4 600	
5,8	Gjöld samtals	11 580	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	21 580	
4910	Framlög úr ríkissjóði	20 000	
49	Aðrar tekjur	20 000	
4,7	Tekjur samtals	61 580	
	Mismunur		50 000

		Þús. kr	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	50 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	50 000	

26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		Þús. kr	Þús. kr.
26–101	**Lögbirtingablað**		
51	Laun	4 500	
52–57	Önnur rekstrargjöld	31 000	
5,8	Gjöld samtals	35 500	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	35 500	
4,7	Tekjur samtals	35 500	
26–371	**Kirkjubyggingasjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	250	
59	Yfirfærslur	6 550	
5,8	Gjöld samtals	6 800	
48	Fjármunatekjur	2 760	
4910	Framlög úr ríkissjóði	6 550	
4,7	Tekjur samtals	9 310	
	Mismunur		2 510
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	4 110	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	1 600	
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 510	
26–372	**Kirkjugarðasjóður**		
51	Laun	120	
52–57	Önnur rekstrargjöld	2 330	
571	Fjármagnskostnaður	11 940	
59	Yfirfærslur	22 000	
5,8	Gjöld samtals	36 390	
48	Fjármunatekjur	15 680	
49	Aðrar tekjur	25 000	
4,7	Tekjur samtals	40 680	
	Mismunur		4 290
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	21 360	

		Þús. kr	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	17 070	
39	Ráðstöfun eigin fjár	4 290	
26–373	**Kristnisjóður**		
51	Laun	2 920	
52–57	Önnur rekstrargjöld	490	
59	Yfirfærslur	17 000	
5,8	Gjöld samtals	20 410	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	990	
48	Fjármunatekjur	2 200	
4910	Framlög úr ríkissjóði	17 220	
4,7	Tekjur samtals	20 410	

27 Félagsmálaráðuneyti

		Þús. kr	Þús. kr.
27–271	**Byggingarsjóður ríkisins**		
51	Laun	130 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	170 000	
571	Fjármagnskostnaður	3 239 000	
5,8	Gjöld samtals	3 539 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	88 000	
48	Fjármunatekjur	2 825 000	
49	Aðrar tekjur	38 000	
4,7	Tekjur samtals	2 951 000	
	Mismunur		−588 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	5 108 600	
18	Fjárfestingar	20 000	
26	Afborgun lána	2 437 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	1 824 000	
26	Tekin lán	6 330 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−588 000	
27–272	**Byggingarsjóður verkamanna**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	110 000	
571	Fjármagnskostnaður	970 000	
5,8	Gjöld samtals	1 080 000	
48	Fjármunatekjur	159 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	700 000	
49	Aðrar tekjur	420 000	
4,7	Tekjur samtals	1 279 000	
	Mismunur		199 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	3 780 000	
26	Afborgun lána	606 000	

		Þús. kr	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	457 000	
26	Tekin lán	3 730 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	199 000	
27–972	**Bjargráðasjóður Íslands**		
51	Laun	7 840	
52–57	Önnur rekstrargjöld	5 540	
59	Yfirfærslur	111 220	
5,8	Gjöld samtals	124 600	
48	Fjármunatekjur	10 080	
49	Aðrar tekjur	114 520	
4,7	Tekjur samtals	124 600	

28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr	Þús. kr.
28–273	**Atvinnuleysistryggingasjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	50 000	
59	Yfirfærslur	1 430 000	
5,8	Gjöld samtals	1 480 000	
48	Fjármunatekjur	40 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	1 280 000	
49	Aðrar tekjur	2 000	
4,7	Tekjur samtals	1 322 000	
	Mismunur		−158 000
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	158 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−158 000	
28–311	**Ríkisspítalar, þvottahús**		
51	Laun	84 010	
52–57	Önnur rekstrargjöld	63 790	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	86 480	
593	Afskriftir	6 330	
5,8	Gjöld samtals	240 610	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	234 280	
4,7	Tekjur samtals	234 280	
	Mismunur		−6 330
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	6 330	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−6 330	
28–378	**Læknishéraðasjóður**		
59	Yfirfærslur	2 500	
5,8	Gjöld samtals	2 500	
4910	Framlög úr ríkissjóði	2 500	
4,7	Tekjur samtals	2 500	

		Þús. kr	Þús. kr.
28–610	**Gæsluvistarsjóður**		
4910	Framlög úr ríkissjóði	10 000	
4,7	Tekjur samtals	10 000	
	Mismunur		10 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	10 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	10 000	

29 Fjármálaráðuneyti

		Þús. kr	Þús. kr.
29–101	**Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins**		
51	Laun	270 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	550 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 308 000	
571	Fjármagnskostnaður	3 000	
51–57	Viðhald	79 000	
593	Afskriftir	79 000	
5,8	Gjöld samtals	3 289 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	9 646 000	
48	Fjármunatekjur	11 000	
49	Aðrar tekjur	1 000	
4,7	Tekjur samtals	9 658 000	
	Mismunur		6 369 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	40 000	
26	Afborgun lána	8 000	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	6 400 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	79 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	6 369 000	
29–102	**Lyfjaverslun ríkisins**		
51	Laun	95 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	75 700	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	485 500	
571	Fjármagnskostnaður	45 300	
51–57	Viðhald	40 000	
593	Afskriftir	9 100	
5,8	Gjöld samtals	750 600	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	788 000	
48	Fjármunatekjur	40 000	
4,7	Tekjur samtals	828 000	
	Mismunur		77 400

		Þús. kr	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	32 000	
26	Afborgun lána	2 200	
26	Afborgun lána, greiðsla á skuldum við ríkissjóð	52 300	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	9 100	
39	Ráðstöfun eigin fjár	77 400	
29–103	**Innkaupastofnun ríkisins**		
51	Laun	46 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	24 700	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 745 000	
571	Fjármagnskostnaður	2 300	
51–57	Viðhald	3 000	
593	Afskriftir	2 500	
5,8	Gjöld samtals	1 823 500	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 811 500	
48	Fjármunatekjur	4 500	
49	Aðrar tekjur	5 000	
4,7	Tekjur samtals	1 821 000	
	Mismunur		−2 500
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	2 500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−2 500	
29–931	**Arnarhvoll**		
51	Laun	38 960	
52–57	Önnur rekstrargjöld	22 080	
51–57	Viðhald	27 580	
593	Afskriftir	6 000	
5,8	Gjöld samtals	94 620	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	94 620	
4,7	Tekjur samtals	94 620	
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	6 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	6 000	

		Þús. kr	Þús. kr.
29–971	**Lánasýsla ríkisins**		
51	Laun	29 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	16 000	
571	Fjármagnskostnaður	56 000	
5.8	Gjöld samtals	101 000	
48	Fjármunatekjur	107 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	300 000	
49	Aðrar tekjur	33 000	
4.7	Tekjur samtals	440 000	
	Mismunur		339 000
	Fjármunahreyfingar út:		
16	Veitt lán	507 000	
	Fjármunahreyfingar inn:		
16	Innheimtar afborganir	168 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	339 000	
29–981	**Fasteignir ríkissjóðs**		
51	Laun	9 520	
52–57	Önnur rekstrargjöld	53 010	
51–57	Viðhald	113 550	
5.8	Gjöld samtals	176 080	
43–46.7	Seldar vörur og þjónusta	176 080	
4.7	Tekjur samtals	176 080	

30 Samgönguráðuneyti

		Þús. kr	Þús. kr.
30–101	**Póst- og símamálastofnunin**		
51	Laun	3 293 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	2 055 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	221 000	
571	Fjármagnskostnaður	68 000	
51–57	Viðhald	149 000	
593	Afskriftir	1 434 000	
5,8	Gjöld samtals	7 220 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	6 652 000	
48	Fjármunatekjur	78 000	
49	Aðrar tekjur	122 000	
4,7	Tekjur samtals	6 852 000	
	Mismunur		−368 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	970 000	
26	Afborgun lána	52 000	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	550 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 434 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−368 000	
32	Annað	506 000	
30–211	**Vegagerð ríkisins, áhaldahús**		
51	Laun	413 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	697 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	420 000	
571	Fjármagnskostnaður	2 900	
51–57	Viðhald	463 000	
593	Afskriftir	82 000	
5,8	Gjöld samtals	2 077 900	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	2 137 200	
4,7	Tekjur samtals	2 137 200	
	Mismunur		59 300

		Þús. kr	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	130 000	
26	Afborgun lána	11 300	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	82 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	59 300	
30–321	**Skipaútgerð ríkisins**		
51	Laun	222 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	221 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	33 000	
571	Fjármagnskostnaður	25 000	
51–57	Viðhald	42 000	
593	Afskriftir	109 000	
5,8	Gjöld samtals	652 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	477 600	
48	Fjármunatekjur	14 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	134 400	
4,7	Tekjur samtals	626 000	
	Mismunur		−26 000
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	83 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	109 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−26 000	
30–331	**Vita- og hafnamálaskrifstofa, þjónustumiðstöð**		
51	Laun	19 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	13 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	4 000	
51–57	Viðhald	5 000	
5,8	Gjöld samtals	41 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	41 000	
4,7	Tekjur samtals	41 000	

		Þús. kr	Þús. kr.
30–332	**Hafnabótasjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 660	
571	Fjármagnskostnaður	10 640	
59	Yfirfærslur	40 000	
5,8	Gjöld samtals	52 300	
48	Fjármunatekjur	33 600	
4910	Framlög úr ríkissjóði	50 000	
4,7	Tekjur samtals	83 600	
	Mismunur		31 300
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	271 300	
26	Afborgun lána	49 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	49 000	
26	Tekin lán	240 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	31 300	
30–470	**Alþjóðaflugþjónustan**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	406 000	
5,8	Gjöld samtals	406 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	406 000	
4,7	Tekjur samtals	406 000	
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	115 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
26	Tekin lán	115 000	

31 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr	Þús. kr.
31–231	**Sementsverksmiðja ríkisins**		
51	Laun	300 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	225 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	123 000	
571	Fjármagnskostnaður	44 000	
51–57	Viðhald	61 000	
593	Afskriftir	99 000	
5,8	Gjöld samtals	852 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	789 000	
49	Aðrar tekjur	6 000	
4,7	Tekjur samtals	795 000	
	Mismunur		−57 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	4 000	
18	Fjárfestingar	40 000	
26	Afborgun lána	53 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	2 000	
19	Afskriftir	99 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−57 000	
32	Annað	53 000	
31–321	**Rafmagnsveitur ríkisins**		
51	Laun	392 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	553 500	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 670 000	
593	Afskriftir	680 000	
5,8	Gjöld samtals	3 295 500	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	2 830 000	
48	Fjármunatekjur	40 000	
49	Aðrar tekjur	22 400	
4,7	Tekjur samtals	2 892 400	
	Mismunur		−403 100

		Þús. kr	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	375 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	70 000	
19	Afskriftir	680 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−403 100	
32	Annað	28 100	
31–371	**Orkusjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 700	
571	Fjármagnskostnaður	25 000	
59	Yfirfærslur	10 000	
5,8	Gjöld samtals	36 700	
48	Fjármunatekjur	7 900	
4910	Framlög úr ríkissjóði	105 100	
4,7	Tekjur samtals	113 000	
	Mismunur		76 300
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán, jarðhitaleit	12 200	
26	Afborgun lána	92 100	
32	Annað, styrking dreifikerfa í sveitum	20 800	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	48 800	
39	Ráðstöfun eigin fjár	76 300	

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldamegin ef lög verða staðfest frá Alþingi 1991 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

1.2 Að ákveða að Póst- og símamálastofnunin innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld (fastagjöld) síma árið 1991 hjá allt að 50 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélagsins í Reykjavík. Menn þessir séu fyrirvinnur heimilis eða vinni einir á vinnustað.

1.3 Að ákveða að Póst- og símamálastofnunin innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld (fastagjöld) síma árið 1991 hjá allt að 50 fötluðum mönnum, eftir tilnefningu Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra.

Fjármálaráðherra er heimilt:

2.1 Að stofna til tímabundins yfirdráttar á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum á árinu 1991 vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins og semja ef með þarf um greiðslu yfirdráttarskuldar og um lánskjör.

Eftirgjöf annarra gjalda en aðflutningsgjalda

3.1 Að endurgreiða upphæð jafnháa skemmtanaskatti af fé sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land og til byggingar dvalar- og hjúkrunarheimila aldraðra.

3.2 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skuldabréfum sem skipasmíðastöðvar eða útgerðaraðilar gefa út til viðskiptabanka vegna endurlána bankanna á erlendum lánum sem tekin eru með samþykki Fiskveiðasjóðs til nýsmíði fiskiskipa, endurbóta hvers konar, þar með talin tækjakaup og vélaskipti.

3.3 Að fella niður stimpilgjöld af veðskuldabréfum sem út kunna að verða gefin vegna fiskiskipakaupa, enda veiti Fiskveiðasjóður ekki lán til kaupanna. Hámarksfjárhæð þeirra skuldabréfa, sem heimilt er að fella niður stimpilgjöld af, skal miðast við sama hlutfall af verði skips og Fiskveiðasjóður lánar út á við kaup á skipum er falla undir almennar útlánareglur hans.

3.4 Að fella niður stimpilgjöld vegna kaupa Flugleiða hf. á Boeing 737-400 og Boeing 757-200 þotum.

3.5 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af hlutabréfum sem gefin eru út á árunum 1989 og 1990 í sambandi við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja með aðild hlutafjársjóðs Byggðastofnunar.

3.6 Að fella niður stimpilgjöld vegna leigu Arnarflugs hf. á farþegaþotu á árinu 1990.

Ráðstöfun eigna

4.1 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húseigninni Hrísholt 8, Selfossi.

4.2 Að selja eignarlóð Rafmagnsveitna ríkisins sem liggur að Gránufélagsgötu og Grímseyjargötu á hafnarsvæði Akureyrar.

4.3 Að selja húseignina Hafnargötu 11, Seyðisfirði.

4.4 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í íbúðarhúsnæði að Sigtúni, Grímsey, Eyjafjarðarsýslu.

4.5 Að selja íbúðir í eigu ríkissjóðs við Grænás á Keflavíkurflugvelli.

4.6 Að selja Hlíðarveg 4, Siglufirði.
4.7 Að selja Hafnarlóð 7, Skagaströnd.
4.8 Að selja Einbúastíg 8, Skagaströnd.
4.9 Að selja Hafnarlóð 6, Skagaströnd.
4.10 Að selja Vetrarbraut 6, Siglufirði.
4.11 Að selja Strandgötu 34, Skagaströnd.
4.12 Að selja lögreglubifreiðaverkstæði og lóð að Síðumúla 24-26, Reykjavík og verja hluta andvirðisins til húsnæðis fyrir þvotta- og þjónustumiðstöð fyrir lögreglubifreiðar.
4.13 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í Hússtjórnarskólanum að Varmalandi.
4.14 Að selja húseignir í eigu Skógræktar ríkisins og kaupa aðrar sökum breytinga á aðstöðu vegna flutnings aðalstöðva Skógræktar ríkisins á Fljótsdalshérað, að höfðu samráði við fjárveitinganefnd.
4.15 Að selja íbúðarhús í eigu Einangrunarstöðvarinnar í Hrísey, að höfðu samráði við fjárveitinganefnd.
4.16 Að selja jörðina Slítandastaði í Staðarsveit, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.
4.17 Að selja húseignina Norðurvang 32, Hafnarfirði.
4.18 Að selja húseign Rafmagnsveitna ríkisins að Sandholti 34, Ólafsvík.
4.19 Að selja húseign Rafmagnsveitna ríkisins að Úthaga 6, Selfossi.
4.20 Að selja svonefnt Hekluhús á Akureyri.
4.21 Að selja húseignir tilraunastöðva Rannsóknastofnunar landbúnaðarins sem nauðsynlegt verður vegna breytinga á starfsemi stofnunarinnar og skipulagi tilraunastarfseminnar og verja andvirði þeirra til uppbyggingar á starfseminni annars staðar.
4.22 Að selja hluta ríkisins í húseigninni Víkurbraut 42, Grindavík.
4.23 Að selja eignarhluta ríkisins í húseigninni Gránugötu 18, Siglufirði.
4.24 Að selja eignarhluta ríkisins í húseigninni Álfheimum 74, Reykjavík
4.25 Að selja húseignina Funahöfða 7, Reykjavík.
4.26 Að selja gamalt áhaldahús Vegagerðar ríkisins í Stykkishólmi.
4.27 Að selja núverandi prestsbústað á Skagaströnd og verja andvirði hans til þess að kaupa annan hentugri í staðinn.
4.28 Að selja núverandi embættisbústað heilsugæslustöðvarinnar í Austur-Skaftafellssýslu og verja andvirðinu til þess að kaupa annan hentugri í staðinn.
4.29 Að selja gamla sýslumannsbústaðinn við Strandgötu 35, Eskifirði.
4.30 Að selja núverandi prestsbústað að Miðtúni 3, Höfn í Hornafirði og kaupa annað hentugra húsnæði í staðinn.
4.31 Að selja prestsbústað í Þykkvabæ.
4.32 Að selja fyrrverandi prestssetur að Staðarfelli, Köldukinn.
4.33 Að selja húseignina Byggðaveg 91, Akureyri.
4.34 Að afhenda Borgarnesbæ húseignina Brákarbraut 13, Borgarnesi að gjöf.
4.35 Að selja húseignina Vesturberg 11, Reykjavík.
4.36 Að selja húseignina Súðavog 6, Reykjavík.
4.37 Að selja húseignina Álfaskeið 50, Hafnarfirði.
4.38 Að selja húseignina Kaplahraun 11, Hafnarfirði
4.39 Að selja eignarhluta ríkisins í húseigninni Vestmannabraut 35, Vestmannaeyjum.
4.40 Að selja eignarhluta ríkisins í húseigninni Tjarnargötu 3, Keflavík.
4.41 Að selja eignarhluta ríkisins í húseigninni Pólgötu 8, Ísafirði.
4.42 Að selja jörðina Mel í Staðarsveit, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

4.43 Að selja jörðina Straum í Hafnarfjarðarkaupstað í eigu Skógræktar ríkisins.
4.44 Að selja dýralæknisbústaðinn Krossholt við Birkimel á Barðaströnd.
4.45 Að selja eignarhluta ríkisins í Torfastaðaskóla í Vopnafirði.
4.46 Að selja húseignina Sæbraut 1, Seltjarnarnesi og ráðstafa söluandvirði til kaupa á öðru húsnæði í þágu Listasafns Íslands.
4.47 Að selja gamalt áhaldahús Vegagerðar ríkisins á Blönduósi.
4.48 Að selja núverandi sendiherrabústað og skrifstofuhúsnæði sendiráðsins í Bonn og kaupa sendiherrabústað og skrifstofuhúsnæði í Berlín.
4.49 Að selja húseignina Suðurgötu 7, Sauðárkróki.
4.50 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í skólastjórabústað að Laufási 8, Egilsstöðum.

Fasteignakaup, lántökuheimildir o.fl.

5.1 Að kaupa jörðina Gunnólfsvík I og II í Skeggjastaðahreppi í Norður-Múlasýslu og taka til þess nauðsynleg lán.
5.2 Að kaupa húsnæði fyrir lögreglustöð á Raufarhöfn og taka til þess nauðsynleg lán.
5.3 Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.
5.4 Að kaupa húsnæði eða semja um aðild að byggingu stjórnsýsluhúss á Akranesi til nota sem skrifstofuhúsnæði fyrir ýmsar stofnanir ríkisins og taka til þess nauðsynleg lán.
5.5 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslulækni í Ólafsvík og taka til þess nauðsynleg lán.
5.6 Að kaupa húseignir í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán, að höfðu samráði við fjárveitinganefnd.
5.7 Að kaupa húsnæði fyrir Ríkisendurskoðun og taka til þess nauðsynleg lán.
5.8 Að kaupa húsnæði að fengnu samþykki fjárveitinganefndar fyrir héraðsdómstóla sem stofnaðir voru með lögum nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, og taka til þess nauðsynleg lán.
5.9 Að kaupa húsnæði til nota fyrir embætti sýslumanns á Blönduósi og taka til þess nauðsynleg lán.
5.10 Að kaupa húsnæði fyrir lögreglustöð á Þórshöfn og taka til þess nauðsynleg lán.
5.11 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslulækni í Stykkishólmi og taka til þess nauðsynleg lán.
5.12 Að kaupa húsnæði fyrir tollafgreiðslu við Sundahöfn og taka til þess nauðsynleg lán.
5.13 Að kaupa húsnæði fyrir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Tryggingastofnun ríkisins og taka til þess nauðsynleg lán.
5.14 Að kaupa húsnæði fyrir starfsemi Námsgagnastofnunar og taka til þess nauðsynleg lán.
5.15 Að kaupa húseignir og lóðir í nágrenni Arnarhvols í Reykjavík fyrir Stjórnarráð Íslands og taka til þess nauðsynleg lán, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar.
5.16 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Heyrnar- og talmeinastöð Íslands og taka til þess nauðsynleg lán, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar.
5.17 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslulækni á Fáskrúðsfirði og taka til þess nauðsynleg lán.
5.18 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir starfsemi Myndlista- og handíðaskóla Íslands og taka til þess nauðsynleg lán, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar.
5.19 Að kaupa húsnæði fyrir lögreglustöð í Vestmannaeyjum og taka til þess nauðsynleg lán.

5.20 Að kaupa húsnæði fyrir sóknarprest á Hvammstanga og taka til þess nauðsynleg lán.
5.21 Að kaupa húsnæði fyrir sóknarprest á Tálknafirði og taka til þess nauðsynleg lán.
5.22 Að kaupa húsnæði fyrir sóknarprest í Þorlákshöfn og taka til þess nauðsynleg lán.
5.23 Að kaupa skrifstofuhúsnæði fyrir embætti sýslumanns á Höfn í Hornafirði og taka til þess nauðsynleg lán.
5.24 Að kaupa skrifstofuhúsnæði fyrir embætti sýslumanns á Seyðisfirði og taka til þess nauðsynleg lán.
5.25 Að kaupa húsnæði fyrir lögreglustöð á Vopnafirði og taka til þess nauðsynleg lán.
5.26 Að kaupa húsnæði fyrir embætti bæjarfógeta á Akureyri og taka til þess nauðsynleg lán.
5.27 Að kaupa íbúðarhúsnæði til nota fyrir héraðsdómara á Austurlandi og taka til þess nauðsynleg lán.
5.28 Að kaupa húsnæði fyrir ríkisstofnanir og taka til þess nauðsynleg lán ef fullreynt þykir að ekki fáist fyrir þær leiguhúsnæði á viðunandi leigukjörum að mati fjármálaráðuneytisins.
5.29 Að kaupa eignarhluta í húseigninni Hafnarstræti 1, Ísafirði og taka til þess nauðsynleg lán.
5.30 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslulækni á Þórshöfn og taka til þess nauðsynleg lán.
5.31 Að kaupa húsnæði fyrir sjúkrahúslækni á Ísafirði og taka til þess nauðsynleg lán.
5.32 Að kaupa fasteignina Suðurgötu 40 í Hafnarfirði vegna lóðarskipulags við St. Jósefsspítala og taka til þess nauðsynleg lán.
5.33 Að kaupa eða taka á leigu húsnæði til uppbyggingar heilsugæslu í Reykjavík, ásamt kaupum á nauðsynlegum innréttingum og taka til þess nauðsynleg lán.
5.34 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslustöð á Akureyri og taka til þess nauðsynleg lán.
5.35 Að kaupa jörðina Tungu í Fljótshlíð fyrir Skógrækt ríkisins.
5.36 Að kaupa húsnæði fyrir Fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis og taka til þess nauðsynleg lán.
5.37 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal.
5.38 Að kaupa hlut Kaupfélags Austur-Skaftfellinga í þjónustumiðstöðinni við þjóðgarðinn í Skaftafelli.
5.39 Að kaupa hreyfanlegar kennslustofur fyrir Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands.

Ýmsar heimildir

6.1 Að kaupa dagblöð fyrir stofnanir ríkisins, allt að 250 eintökum af hverju blaði umfram það sem veitt er til blaðanna í 4. gr. frumvarpsins.
6.2 Að kaupa dagblöð fyrir skóla, sjúkrahús og aðrar þjónustustofnanir ríkisins, allt að 500 eintökum af hverju blaði umfram það sem veitt er til blaðanna í 4. gr. og í lið 6.1.
6.3 Að fella niður allt að 10 m.kr. af vanskilaskuld Grindavíkurhafnar að lokinni athugun á fjármálum hennar og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar.
6.4 Að greiða bætur til þeirra sem sýkst hafa af alnæmi við blóðgjöf hér á landi fyrir 1986. Bætur ákveðast af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
6.5 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af sérbúnum bifreiðum fyrir fatlaða.
6.6 Af fella niður aðflutningsgjöld af öryggis- og hjálpartækjum fyrir fatlaða.

6.7 Að semja við sveitarfélög með yfir 10.000 íbúa um greiðslu á hluta ríkissjóðs í kaupum eða framkvæmdum til þess að ljúka brýnum sameiginlegum verkefnum að tilskildu samþykki fjárveitinganefndar.

6.8 Að afhenda Hinu íslenska kennarafélagi og Kennarasambandi Íslands að gjöf hús Kennaraskólans við Laufásveg.

6.9 Að fella niður allt að 3 m.kr. af vanskilaskuld Bakkafjarðarhafnar að lokinni frekari athugun á fjármálum hennar og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar.

6.10 Að fella niður allt að 3 m.kr. vanskilaskuld Norðurfjarðarhafnar að lokinni frekari athugun á fjármálum og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar.

6.11 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 1991, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárveitinganefndar.

6.12 Að draga úr starfsemi ríkisstofnana og ráðuneyta, enn frekar en gert er ráð fyrir í fjárlögum með því m.a. að draga úr yfirvinnu og takmarka nýráðningar, endurráðningar og fella niður greiðslur til verkefna sem hætt er við eða frestað.

6.13 Að afhenda Landgræðslu ríkisins, Gunnarsholti til nota við fræverkunarstöð fasteignir ásamt vélbúnaði og tækjum í eigu grænfóðurverksmiðjunnar Fóður og fræ í Rangárvallasýslu.

6.14 Að selja Andakílsárvirkjun u.þ.b. tveggja kílómetra langa 66 kV línu milli Vatnshamra og Andakílsárvirkjunar, sem nú er í eigu Rafmagnsveitna ríkisins, og hluta af byggðalínustöðinni að Vatnshömrum í Borgarfjarðarsýslu.

6.15 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af sjálfvirkum símstöðvum, fjölsímum, jarðsímum og radíótækjum sem flutt eru til landsins á vegum Póst- og símamálastofnunar. Fjármálaráðuneyti setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

6.16 Að ábyrgjast lán að fjárhæð allt að 15 m.kr. eða veita veðheimildir að sama marki í fasteignum ríkissjóðs á Bernhöftstorfu í Reykjavík til minjaverndar í því skyni að ljúka byggingarframkvæmdum þar.

6.17 Að fella niður aðflutningsgjöld og virðisaukaskatt af hreinsibúnaði fyrir Vatnsveitu Ísafjarðar.

6.18 Að leita samninga um kaup á steinbrjót til að mylja nýrnasteina og gallsteina til nota á Ríkisspítölum að fenginni umsögn heilbrigðisráðherra og í samráði við fjárveitinganefnd.

6.19 Að semja við Ingimund hf. um sölu á rækjuverksmiðju í eigu ríkissjóðs á Siglufirði.

6.20 Að fella niður allt að 50 m.kr. af vanskilaskuld Útvers hf. á Ólafsvík hjá Ríkisábyrgðarsjóði.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta

Inngangur

Framlagning frumvarpsins og umfjöllun á Alþingi. Samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar ber að leggja fjárlagafrumvarp fyrir Alþingi strax og það kemur saman að hausti. Í samræmi við þetta hefur frumvarpið jafnan verið lagt fram á fyrsta fundi Sameinaðs þings. Fjárlagafrumvarpið er lagt fyrir sameinað Alþingi en meginefni þess fær umfjöllun í fjárveitinganefnd þingsins. Fjárlög og fjáraukalög eru einu lögin sem afgreidd eru frá Sameinuðu þingi. Heimildar til lántöku og nauðsynlegra breytinga á tekjuöflun ríkissjóðs er aftur á móti leitað í frumvörpum sem fjallað er um í báðum deildum þingsins. Fjárlagafrumvarp er jafnan afgreitt undir lok haustþings, í síðari hluta desembermánaðar.

Efnisskipan fjárlagafrumvarps. Fjárlagafrumvarpinu er skipt í fjóra meginhluta. Í fyrsta hlutanum eru hinar eiginlegu lagagreinar frumvarpsins. Greinarnar eru sex.

Í 1. grein er birt heildaryfirlit yfir tekjur, gjöld og lánahreyfingar, í 2. grein er yfirlit yfir útgjöld eftir ráðuneytum og helstu málefnaflokkum, í 3. grein er sundurliðun tekna, í 4. grein er ítarleg sundurliðun gjalda eftir ráðuneytum, stofnunum og tegundum útgjalda, í 5. grein er birt yfirlit yfir fjárreiður B-hluta fyrirtækja og í 6. grein er yfirlit yfir heimildarákvæði fjármálaráðherra og ríkisstjórnar.

Í öðrum hluta frumvarpsins er að finna greinargerð þar sem lýst er helstu forsendum og farið yfir einstaka þætti frumvarpsins, breytingar frá fyrra ári o.fl. Þetta er fyrirferðarmesti hluti frumvarpsins enda er þar að finna skýringar á flestum þeim atriðum sem það varða. Nokkrar breytingar eru gerðar á greinargerðinni að þessu sinni sem einkum lúta að framsetningu efnisins. Með þessu er reynt að gera efnið aðgengilegra og auðvelda yfirsýn. Auk þess er gerð sérstök grein fyrir almennum efnahagshorfum og helstu forsendum frumvarpsins.

Í fyrsta kafla greinargerðarinnar, ráðherrakaflanum, er gerð grein fyrir stefnunni í efnahags- og ríkisfjármálum og helstu áhersluatriðum frumvarpsins í því sambandi.

Í öðrum kafla er yfirlit yfir helstu niðurstöður fjárlagafrumvarps. Þar er lýst meginbreytingum á tekju- og gjaldahlið, meðal annars í ljósi framvindunnar síðustu ár.

Í þriðja kafla er gerð grein fyrir efnahagsforsendum fjárlaganna, bæði þróuninni að undanförnu og þjóðhagshorfum fyrir árið 1991, meðal annars í ljósi óvissunnar í olíumálum og hugsanlegra álframkvæmda. Jafnframt er fjallað um heildarumsvif ríkis og sveitarfélaga í þjóðhagslegu samhengi.

Í fjórða kafla er nánari umfjöllun um tekjuhlið frumvarpsins þar sem farið er yfir breytingar einstakra tekjustofna með samanburði við fyrri ár.

Í fimmta kafla er ítarleg umfjöllun um gjaldahlið frumvarpsins eftir einstökum ráðuneytum, málaflokkum og stofnunum.

Í sjötta kafla er gerð grein fyrir fjárreiðum B-hluta fyrirtækja og sjóða.

Í sjöunda kafla er yfirlit yfir lánamál ríkissjóðs. Jafnframt er horft á þróunina á innlenda lánamarkaðnum og horfur fyrir árið 1991, meðal annars með hliðsjón af lánsfjárþörf opinberra aðila.

Í þriðja hluta frumvarpsins eru töflur um helstu þætti ríkisfjármálanna auk yfirlitstaflna um fjárfestingu, erlendar lántökur o.fl. Í fjórða kaflanum eru fylgiskjöl, atriðisorðaskrá og efnisyfirlit.

Uppgjörsgrunnur fjárlaga og ríkisreiknings. Fjárlagafrumvarpið er sett fram á svokölluðum greiðslugrunni. Sama gildir um fjárlögin sjálf. Greiðslugrunnur mælir raunverulegar greiðslur í og úr ríkissjóði á hverjum tíma, þ.e. um leið og þær fara fram en lýsir ekki skuldbindingum sem stofnað er til umfram beinar greiðslur. Hins vegar hefur meginreglan við uppgjör ríkisreiknings verið svokallaður rekstrargrunnur, enda þótt reikningurinn sé líka færður á greiðslugrunni til að tryggja raunhæfan samanburð við fjárlög hverju sinni. Þessi tvö uppgjörsform eru í sjálfu sér jafngild en þjóna hvort sínum tilgangi.

Meginrökin fyrir því að setja fjárlög fram á greiðslugrunni eru þau að frá sjónarhóli almennrar hagstjórnar og eftirlits með framkvæmd fjárlaga er mjög mikilvægt að fá fram yfirlit yfir innheimtar tekjur og greidd gjöld ríkissjóðs eins og þau eru skráð á hverjum tíma. Jafnframt er þó mikilvægt að stjórnvöld geri sér grein fyrir þeim skuldbindingum sem stofnað hefur verið til af hálfu ríkisins. Rekstrargrunnur mælir þannig tekjur og gjöld ríkisins þegar til gjaldanna er stofnað eða tekjurnar falla til, óháð því hvenær greiðsla úr eða í ríkissjóð fer fram.

Nokkuð hefur skort á að skilin milli þessara tveggja uppgjörsforma væru nægilega skýr. Af því tilefni ákvað ríkisreikningsnefnd að skoða þessi og önnur skilgreiningarmál ríkisreiknings frá grunni. Nefndin er skipuð samkvæmt ákvæðum laga nr. 52/1966 um ríkisreikning, gerð fjárlaga o.fl. til að vera til ráðuneytis og úrskurðar um bókhaldsleg málefni. Hana skipa fulltrúar úr fjármálaráðuneyti, Ríkisendurskoðun, Ríkisbókhaldi, Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka og Hagstofu Íslands.

1 Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga

1.1 Hagstjórn og stefnan í ríkisfjármálum

Ákvarðanir um tekjur, gjöld, lánveitingar og lántökur ríkissjóðs eru umgjörð þeirrar opinberu þjónustu og jöfnunaraðgerða sem ríkið stendur að og þeirrar opinberu fjárfestingar sem talin er nauðsynleg á hverjum tíma. Þessar ákvarðanir gegna lykilhlutverki í allri hagstjórn. Samþykkt fjárlaga er í raun mesta efnahagsaðgerð hvers árs. Tekjur og gjöld ríkissjóðs hafa mikil áhrif á heildarútgjöld þjóðarbúsins og þar með jöfnuðinn í viðskiptum við útlönd. Lánsfjáreftirspurn ríkissjóðs og fjármögnun hennar gegna mikilvægu hlutverki varðandi ákvörðun vaxta og þróun peningamála.

Á undanförnum árum hefur skilningur á hagstjórnarhlutverki ríkisfjármála vaxið, sem m.a. birtist í því hvernig ríkisfjármálum hefur verið beitt markvisst til að stuðla að betra jafnvægi í þjóðarbúskapnum, sérstaklega á undanförnum tveim árum. Ekki þarf þó að fara langt aftur í tímann til að sjá dæmi þess að stefnan í ríkisfjármálum hefur gengið á skjön við skynsamlega hagstjórn. Nægir að nefna í því sambandi hallarekstur ríkissjóðs í góðærinu 1985-87. Einnig eru þess ófá dæmi á undanförnum árum að bráðabirgðaaðgerðir í efnahagsmálum, sem oft á tíðum hafa falist í stórum gengiskollsteypum, hafa verið gerðar skömmu eftir að fjárlög hafa verið samþykkt, og án sýnilegra tengsla við þau. Að nokkru leyti hefur verið um að kenna sveiflukenndu eðli íslensks þjóðarbúskapar, en skilningsskortur og fylgispekt við sérislenska skyndihagstjórn hefur þó einnig leikið stórt hlutverk.

Á undanförnum tveim til þrem árum hefur verið lagður grundvöllur að **nýrri hagstjórn** hér á landi sem er nær viðurkenndum vestrænum hagstjórnaraðferðum en sú hagstjórn sem áður var fylgt. Hin nýja hagstjórn felst í að beita samræmdri stefnu á sviði ríkisfjármála, peningamála og gengismála til að stýra heildareftirspurn, stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og að skapa eðlileg og sem jöfnust rekstrarskilyrði fyrir atvinnulífið, án þess að til komi skyndilegar og harkalegar breytingar á tekjuskiptingunni í landinu. Í þessu samhengi gegnir stefnan í ríkisfjármálum lykilhlutverki.

Ríkisfjármálin og efnahagsstefnan 1988-90. Efnahagskreppan haustið 1988 átti rætur að rekja annars vegar til mistaka í hagstjórn sem leiddu til ofþenslu og jafnvægisleysis í hagkerfinu á árinu 1987 og á fyrri hluta árs 1988, og hins vegar til hefðbundins samdráttar þjóðartekna vegna minni afla og verri viðskiptakjara. Mistök í ríkisfjármálum og stjórn peningamála á árunum 1986 og 1987 leiddu til þess að raungengi krónunnar hækkaði verulega og raunvextir náðu nýju sögulegu hámarki. Fyrirtækin, sérstaklega í útflutnings- og samkeppnisgreinum, guldu þessarar þróunar, og þannig var komið haustið 1988 að útflutningsgreinarnar voru að því komnar að stöðvast og verulegt atvinnuleysi blasti við. Viðvarandi skipulagskreppa í helstu atvinnuvegum landsmanna, sem birtist m.a. í offjárfestingu í sjávarútvegi og óhagkvæmni í landbúnaði, langvarandi hallarekstur ríkissjóðs og áratuga halli í viðskiptum við útlönd gerðu þessi vandamál erfiðari viðureignar.

Í ljósi þessara aðstæðna voru verkefni hagstjórnarinnar þau að aðlaga þjóðarútgjöld að þjóðartekjum og að lækka raungengi og raunvexti, án þess þó að verðbólga færi úr böndum og hörð átök um skiptingu þjóðartekna brytist út. Miðað við þessi markmið og allar

aðstæður var því nauðsynlegt að stefnan í ríkisfjármálum miðaðist við að draga úr heildareftirspurn í hagkerfinu annars vegar og minnka lánsfjáreftirspurn ríkissjóðs hins vegar. Því var lögð höfuðáhersla á það í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1989 að hækka skatta og draga úr útgjöldum. Haldið var áfram aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum í fjárlögum fyrir árið 1990, sem birtist þá fyrst og fremst í niðurskurði útgjalda.

Stefnan í ríkisfjármálum 1989 og 1990 hefur skilað sér í stiglækkandi halla ríkissjóðs, þrátt fyrir samdrátt í þjóðarbúskapnum sem að jafnaði veikir tekjustofna ríkissjóðs og kallar á ýmiss konar útgjöld. Þannig nam halli ríkissjóðs 2,8% af landsframleiðslu 1988 en verður um 1,5% í ár. Um leið hefur dregið úr lánsfjáreftirspurn og innlend fjármögnun hennar hefur verið aukin. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs nam 3,3% af landsframleiðslu 1988 og innlend fjármögnun hennar utan Seðlabanka var ekki nema 18%. Í ár er útlit fyrir að hrein lánsfjárþörf muni nema 1,9% af landsframleiðslu og að henni verði að fullu náð innanlands. Þessi stefna í ríkisfjármálum stuðlaði að því að hægt var að ná niður raungengi krónunnar í áföngum á árinu 1989 án þess að verðbólga færi úr böndunum.

Árangur efnahagsstefnunnar 1989-90. Sú efnahagsstefna sem fylgt hefur verið frá haustinu 1988 hefur þegar skilað umtalsverðum árangri. Í því sambandi má nefna eftirfarandi atriði:

Verðbólgan er nú komin niður á svipað stig og í mörgum nágrannalöndum, en útlit er fyrir að hækkun framfærslukostnaðar yfir árið verði um 7%. Til samanburðar má geta þess að í nýlegri spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er gert ráð fyrir að verðbólga verði tæplega 5% í iðnríkjum í ár, en í Bretlandi og Svíþjóð mun verðbólga verða hærri í ár en hér á landi. Lækkun verðbólgunnar sést vel á meðfylgjandi línuriti, sem sýnir jafnframt lækkun nafnvaxta.


Vextir hafa einnig lækkað. Nafnvextir hafa lækkað samfara lækkun verðbólgunnar. Þannig voru meðalvextir óverðtryggðra útlána bankanna 12,9% í byrjun október 1990, en 35% í byrjun ársins. Á sama tíma hafa vextir ríkisvíxla lækkað úr 23% í 10%. Raunvextir hafa einnig lækkað töluvert. Vextir spariskírteina ríkissjóðs lækkuðu úr 7-8% haustið 1988 í 6-6,2% nú. Lækkun raunvaxta útlána bankanna varð sérstaklega mikil á milli áranna 1988 og 1989, m.a. vegna breytinga á grunni lánskjaravísitölunnar.

Fjöldaatvinnuleysi var bægt frá þrátt fyrir andstæðar spár. Þrátt fyrir efnahagserfiðleika undanfarinna ára er Ísland enn í hópi þeirra ríkja á Vesturlöndum þar sem atvinnuleysið er minnst.

Viðskiptahalli rúmlega helmingaðist á síðasta ári, þrátt fyrir samdrátt útflutningstekna, og útlit er fyrir að hallinn aukist aðeins lítillega í ár, þrátt fyrir mikil flugvélakaup Flugleiða. Þau umskipti sem hér hafa orðið sjást best á því að vöruskiptaafgangurinn jókst úr 0,1% af landsframleiðslu 1988 í 2,3% í ár, en án innflutnings og útflutnings skipa og flugvéla er aukningin úr 1% af landsframleiðslu í 4,7%.

Staða atvinnuveganna hefur batnað verulega með lækkun raungengis og raunvaxta. Þessa sást þegar stað á síðasta ári í bættri afkomu fyrirtækjanna.

Nafnvextir og verðbólga



Jafnvægi á peninga- og lánamarkaði hefur ekki verið betra í mörg ár. Lausafjárstaða bankanna var jákvæð um nær 18 milljarða króna í lok ágúst og hafði batnað um rúmlega 7½ milljarð króna frá áramótum. Útlit er fyrir að lánsfjárþörf ríkissjóðs verði að fullu uppfyllt á innlendum lánsfjármarkaði á þessu ári, og gott betur, því útlit er fyrir að hægt verði að greiða afborganir af erlendum lánum með innlendu lánsfé og að gera upp yfirdráttarskuld ríkissjóðs í Seðlabankanum um síðustu áramót.

Markmið fjárlaga 1991. Stefnan í ríkisfjármálum fyrir 1991 tekur mið af þeim árangri sem náðst hefur í efnahagsmálum til þessa. Það er eitt af meginmarkmiðum fjárlaga fyrir 1991 að varðveita þennan árangur og þann efnahagslega stöðugleika sem náðst hefur. Í ljósi þess að hagvöxtur mun væntanlega glæðast á ný á næsta ári er það mikilvægt að sú þróun til jafnvægis sem átt hefur sér stað í ríkisfjármálum haldi áfram á næsta ári. Því er stefnt að eftirfarandi markmiðum í ríkisfjármálum á næsta ári:

* Að halli ríkissjóðs haldi áfram að lækka og verði um 1% af landsframleiðslu samanborið við 1,5% í ár.

* Að lánsfjárþörf ríkissjóðs haldi áfram að lækka og verði 1,3% af landsframleiðslu samanborið við 1,9% í ár.

* Að lánsfjárþörf ríkissjóðs verði að fullu fjármögnuð innanlands.

Stefnt er að svipuðum tekjum ríkissjóðs að raungildi og á þessu ári, en þær lækka lítillega í hlutfalli við landsframleiðslu, þ.e. úr 27,6% í 27,4%. Til að ná markmiðinu um lægri halla er því nauðsynlegt að beita niðurskurði útgjalda sem nemur 1,1% að raungildi, en þau lækka úr 29,1% af landsframleiðslu í ár í 28,4% á næsta ári.


1.2 Umbætur í skattamálum

Á undanförnum árum hefur verið unnið að umtalsverðum umbótum á sviði skattamála. Þar má nefna að ný tollalög tóku gildi 1. september 1987, staðgreiðsla tekjuskatts og útsvars hjá einstaklingum var tekin upp í byrjun árs 1988 og virðisaukaskattur var tekinn upp um síðustu áramót. Á síðustu tveim árum hefur einnig verið gert átak til að bæta innheimtu opinberra gjalda, sem hefur skilað umtalsverðum árangri. Ýmsar mikilvægar umbætur eru nú í undirbúningi, sem m.a. miða að því að aðlaga skattkerfið hér á landi að því sem gengur og gerist í samkeppnislöndunum á þeim sviðum þar sem það er talið hagkvæmt eða óhjákvæmilegt til að varðveita samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs.

Íslenska skattkerfið. Það er gagnlegt að bera saman íslenska skattkerfið við skattkerfi viðskiptalandanna til að sjá líklegar breytingar á næstu árum. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að séreinkenni íslenska skattkerfisins séu eftirfarandi:

Skattar ríkis og sveitarfélaga í OECD-ríkjum 1988/1989

% af landsframleiðslu



* Heildarskattheimta er tiltölulega lág í hlutfalli við landsframleiðslu. Þetta sést vel á meðfylgjandi línuriti sem sýnir skatta ríkis og sveitarfélaga í nokkrum OECD-ríkjum 1989 eða 1988 þar sem 1989 tölur liggja ekki fyrir. Árið 1989 voru öll aðildarríki

Evrópubandalagsins og öll aðildarríki EFTA nema Sviss með hærri heildarskattheimtu en Ísland.

* Tekjuskattar eru tiltölulega lágt hlutfall heildarskattheimtunnar hér á landi og möguleikar til að nota tekjuskatt í jöfnunarskyni eru því minni en í mörgum Evrópulöndum.

* Tiltölulega stór hluti skattheimtunnar er í formi óbeinna skatta. Þannig voru skattar á vöru og þjónustu 57% af skattheimtunni hér á landi árið 1988 á sama tíma og þeir voru 32,5% að meðaltali í aðildarlöndum Evrópubandalagsins. Afleiðing þessa er sú að skatthlutfall virðisaukaskatts er eitt hið hæsta í Evrópu.

* Vaxtatekjur einstaklinga eru ekki skattlagðar hér á landi, sem er nánast einsdæmi á Vesturlöndum.

* Tekjuskattshlutfall fyrirtækja er tiltölulega hátt hér á landi, en hins vegar eru tekjuskattsgreiðslur fyrirtækja í hlutfalli við landsframleiðslu tiltölulega lágar, sem skýra má m.a. með frádráttarliðum og tiltölulega lágri hlutdeild hagnaðar í landsframleiðslu. Tekjuskattshlutfall fyrirtækja er 50% hér á landi. Nokkur lönd, eins og t.d. Danmörk, Þýskaland og Svíþjóð hafa haft svipað eða hærra skatthlutfall. Hins vegar virðist meiri hluti iðnríkja stefna í skatthlutfall um eða undir 40%.

Skattaumbætur framundan. Þær skattaumbætur sem framundan eru munu með margvíslegum hætti taka tillit til ofangreindra staðreynda um íslenska skattkerfið. Þær munu einnig miða að því að gera íslenska skattkerfið réttlátara og hagkvæmara. Í þessu efni má nefna eftirfarandi:

Undirbúningur að samræmdri **skattlagningu fjármagnstekna** einstaklinga hefur verið í gangi nú um nokkurt skeið. Það er í senn réttlætismál og liður í alþjóðlegri samræmingu skattakerfisins að raunvaxtatekjur einstaklinga séu skattlagðar eins og aðrar tekjur. Nefnd hefur verið að störfum sem skilaði áfangaskýrslu um efnið í ágúst á síðasta ári. Stefnt er að því að endanlegar niðurstöður liggi fyrir innan tíðar. Þótt skattlagning raunvaxtatekna sé sjálfsagt réttlætismál er á margan hátt um flókið viðfangsefni að ræða, þar sem leiðrétta þarf vaxtatekjur fyrir verðbólgu auk þess sem stefnt er að staðgreiðslu, þannig að skattlagningin verði sem auðveldust í framkvæmd fyrir almenning. Í öðrum löndum eru nafnvextir yfirleitt skattlagðir og því um þyngri skattlagningu raunvaxta að ræða en hér er stefnt að. Lækkun verðbólgunnar að undanförnu gerir þetta viðfangsefni þó mun auðveldara.

Skattlagning fyrirtækja er nú til endurskoðunar. Við gerð síðustu kjarasamninga áréttaði ríkisstjórnin fyrri yfirlýsingar um að samræma skattlagningu fyrirtækja því sem gerist í samkeppnislöndunum. Fjármálaráðherra hefur nú skipað nefnd til að gera tillögur í þessu máli. Nefndinni er einnig falið að endurskoða lög um skattlagningu peningastofnana. Til þess er ætlast að nefndin eigi viðræður við samtök atvinnulífsins um viðfangsefnið og eru þær þegar hafnar. Ljóst er að verkefnin á þessu sviði munu m.a. felast í því að lækka tekjuskattshlutfall fyrirtækja en fækka um leið undanþágum. Ýmsar tæknilegar leiðréttingar á tekjuskattlagningu fyrirtækja og peningastofnana eru til umræðu. Einnig munu verða til skoðunar ýmsir aðrir skattar sem hafa áhrif á samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja, svo sem aðstöðugjald og launaskattar. Stefnt er

að því að nefndin skili fyrstu tillögum fljótlega, en verkefnið í heild mun taka töluvert lengri tíma.

Tekjuskattlagning einstaklinga er til skoðunar með það að markmiði að auka jöfnunarhlutverk tekjuskattsins. Í því sambandi er m.a. til skoðunar með hvaða hætti megi taka upp húsaleigubætur til tekjulágra einstaklinga.

Ýmsir aðrir þættir skattamála eru til skoðunar og má þar nefna tollalög, þungaskatt, lög um stimpilgjöld og lög um aukatekjur ríkissjóðs. Einnig mun reynslan af upptöku virðisaukaskatts verða metin þegar frá líður.

1.3 Stefnan í útgjaldamálum

Á undanförnum tveim árum hafa útgjöld ríkissjóðs nánast staðið í stað á föstu verðlagi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir um 1% samdrætti útgjalda, sem mun fyrst og fremst ná til fjárfestingar og ýmissa framlaga. Samneysla mun hins vegar aukast lítillega, en verður þó minni en árið 1988. Mestur hefur samdráttur útgjalda ríkissjóðs orðið á sviði opinberrar fjárfestingar, enda auðveldast til skemmri tíma litið að skera hana niður.

Hér er um að ræða mikil umskipti eftir stöðuga útgjaldaþenslu undanfarin ár. Reynslan sýnir að takmörk eru fyrir því hversu langt verður komist í niðurskurði ríkisútgjalda án skipulagsbreytinga, annað hvort í ríkiskerfinu sjálfu eða í atvinnulífinu. Aðhald í ríkisrekstri og virkt eftirlit með framkvæmd fjárlaga er viðvarandi verkefni. Án skipulagsbreytinga af ýmsu tagi er þess hins vegar ekki að vænta að sú viðleitni geri betur en að halda aftur af vexti útgjalda.

Rekstrargjöld nema tæplega 40% af útgjöldum ríkissjóðs, eða um 40 milljörðum króna, og þar af er rekstur skóla, heilsugæslu og sjúkrahúsa nærri 70%. Yfirstjórn ráðuneyta er ekki nema rúmt 1% af heildarútgjöldum ríkisins og hefur því lítið að segja varðandi niðurskurð útgjalda. Tryggingagreiðslur, niðurgreiðslur og framlög af ýmsu tagi eru rúmlega 40% ríkisútgjaldanna, eða 42 milljarðar króna. Þessum útgjöldum er ekki endanlega ráðstafað innan ríkiskerfisins, heldur renna þau um ríkissjóð og þaðan til einstaklinga og fyrirtækja. Af þessari upphæð eru nær 60% vegna almannatrygginga, eða lífeyris- og sjúkratrygginga, og niðurgreiðslur á vöruverði nema 12%. Vaxtagreiðslur nema 9% útgjalda og viðhald um 2½%. Þá nemur fjárfesting 9% útgjalda.

Þessar tölur sýna að svigrúm til margmilljarða niðurskurðar rekstrargjalda er takmarkað nema farið verði að skera niður spítalana og sjálft skólakerfið. Vöxtum og viðhaldi verður lítið breytt. Það er auðvitað mögulegt að skera niður opinbera fjárfestingu frekar, en hún hefur verið skorin verulega niður á undanförnum árum og stór verkefni bíða á úrlausnar á þessu sviði á næstu árum. Samdráttur opinberrar fjárfestingar má ekki verða það mikill og langvarandi að opinber mannvirki grotni niður. Helst er þess að vænta að hægt verði að skera niður niðurgreiðslur á vöruverði og framlög af ýmsu tagi, einkum til atvinnurekstrar. Búast má þó við að lækkun niðurgreiðslna mæti mikilli andstöðu.

Það er ljóst af ofansögðu að skipulagsbreytingar í atvinnulífinu og ríkiskerfinu eru lykillinn að því að halda megi aftur af auknum ríkisútgjöldum á næstu árum. Slíkar breytingar geta einnig stuðlað að því að gera opinbera þjónustu skilvirkari og réttlátari. Það er ljóst að þeir erfiðleikar sem við hefur verið að glíma í landbúnaði leggja þunga bagga á ríkissjóð í formi niðurgreiðslna, útflutningsbóta og annars stuðnings. Takist á næstu árum að draga úr umframframleiðslu í landbúnaði og lækka framleiðslukostnað verður hægt að spara umtalsverðar upphæðir í ríkisútgjöldum. Aðrar skipulagsbreytingar lúta fremur að ríkiskerfinu sjálfu. Slíkar breytingar þurfa að byggja á eftirfarandi meginreglum:

* Fyrirtæki, rekstraraðilar og aðrir notendur opinberrar þjónustu standi í auknum mæli undir þeim kostnaði sem ríkið greiðir í þeirra þágu.

* Sjálfstæði stofnana verði aukið, m.a. varðandi ráðstöfun fjárveitinga, og þær fái rýmri heimildir til að fjármagna sig með sértekjum og til að ráðstafa þeim.

* Betra jafnvægi komist á tekju- og útgjaldaskiptingu ríkisins og stærstu sveitarfélaganna og aukið verði svigrúm ríkisins til að jafna aðstöðu sveitarfélaga á landsbyggðinni.

1.4 Lántökumál ríkisins

Að undanförnu hafa miklar breytingar orðið á lántökumálum ríkisins. Ríkissjóður hefur þurft að bregðast við harðnandi samkeppni og nýjum aðferðum til að hasla sér völl í markaðssetningu á innlendum lánsfjármarkaði. Haustið 1988 gerði ríkissjóður annars vegar og innlánsstofnanir og verðbréfafyrirtæki hins vegar með sér samning um að þessar stofnanir tryggðu sölu á ákveðnu magni spariskírteina. Samningurinn var ekki endurnýjaður í byrjun árs 1989, m.a. vegna ágreinings um vaxtamál. Það er vafamál hvort þetta hefði verið heppilegt framtíðarfyrirkomulag á sölu spariskírteina, enda eru bankar og verðbréfafyrirtæki keppinautar ríkissjóðs á lánsfjármarkaðnum. Því var hafist handa um að byggja upp sjálfstætt sölukerfi á vegum ríkissjóðs og var stofnun Þjónustumiðstöðvar ríkisverðbréfa og síðar Lánasýslu ríkisins liður í því. Komið var á fót svokölluðu áskriftarkerfi þar sem einstaklingar gera samning um mánaðarleg kaup á spariskírteinum og gátu þeir greitt með kreditkortum. Nú eru tæplega 4.500 manns í þessu kerfi. Einnig hefur tekist að byggja upp traustan markað fyrir spariskírteini meðal lífeyrissjóða og annarra stórkaupenda. Síðastliðið sumar voru þannig seld eða gerðir bindandi kaupsamningar við stórkaupendur um kaup á spariskírteinum fyrir 4½ milljarð króna. Á sama tíma hefur ríkisvíxlamarkaðurinn vaxið verulega. Nú er unnið að því að koma á markað nýrri tegund ríkisverðbréfa, sem eru óverðtryggð og með lánstíma frá nokkrum mánuðum til þriggja ára.

Fram undan eru enn frekari breytingar á íslenska lánsfjármarkaðnum sem munu hafa áhrif á lántökumál ríkissjóðs. Opnun fjármagnsmarkaðarins og óheftar fjármagnshreyfingar á milli Íslands og umheimsins eru mikilvæg í því sambandi. Ríkissjóður hefur þegar hafið undirbúning að þessari þróun og var stofnun Lánasýslu ríkisins í vor hluti af því. Lánasýslan mun bæði sjá um innlenda og erlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs og ríkisábyrgðamál í samvinnu við fjármálaráðuneytið og Seðlabankann. Ein af afleiðingum óheftra fjármagnsflutninga er að mörkin milli innlendrar og erlendrar lánsfjármögnunar verða óskýrari. Því þótti mikilvægt að samræmd fagleg stjórn væri á innlendum jafnt sem erlendum lántökum ríkissjóðs.

Skoðun á ábyrgðamálum ríkisins mun halda áfram, bæði með tilliti til þess að draga úr ábyrgðum, skerpa eftirlit með notkun þeirra og tryggja eðlilega gjaldtöku fyrir veitingu þeirra.

1.5 Umbætur í fjármálastjórn

Á undanförnum árum hafa verið gerðar ýmsar umbætur á fjármálastjórn ríkisins. Í því sambandi má nefna:

* Útgjaldaeftirlit hefur verið stórbætt. Haldnir eru fundir með öllum ráðuneytum og stofnunum um framkvæmd fjárlaga.

* Aukafjárveitingar heyra nánast sögunni til og fjáraukalög fyrir yfirstandandi ár eru nú í annað sinn lögð fram á haustþingi. Fjáraukalög og ríkisreikningar margra undanfarinna ára voru afgreiddir á þingi 1988. Ríkisreikningur var á síðasta ári lagður fram á sama tíma og fjárlagafrumvarp.

* Nú er unnið að sameiningu fjármálaráðuneytisins og fjárlaga- og hagsýslustofnunar og er þess vænst að það muni bæði bæta áætlanagerð og eftirlit með framkvæmd fjárlaga.

Mikil umræða hefur að undanförnu átt sér stað um fjármálastjórn ríkisins. Í umræðum á Alþingi s.l. vetur kynnti fjármálaráðherra eftirfarandi tillögur um það efni í umræðum um frumvarp til laga um fjárgreiðslur úr ríkissjóði og fleira:

1. Fjallað verði um útgjaldahlið fjárlaga og tekjuhlið fjárlaga á sama tíma og af sömu aðilum á Alþingi. Þingsköpum verði breytt til að tryggja slík samhæfð vinnubrögð.

2. Í stað fjárveitinganefndar verði sett upp með breytingum á þingsköpum fjárlaganefnd sem hafi það verkefni að fjalla bæði um útgjaldahlið og tekjuhlið fjárlaga.

3. Ákveðin verði verkaskipting milli hinnar nýju fjárlaganefndar og einstakra fagnefnda Alþingis. Fjárlaganefndin hafi það verkefni að fjalla um heildargerð fjárlaganna og stærstu drættina í gerð þeirra. Fagnefndir þingsins - menntamálanefndir, heilbrigðisnefndir, samgöngunefndir o.s.frv. - fjalli um þann þátt fjárlaganna sem snýr að þeirra vettvangi, þ.e. menntamálafjárlögin, heilbrigðisfjárlögin o.s.frv.

4. Samin verði fjárlagaáætlun til þriggja ára í senn, hún samþykkt á Alþingi og síðan notuð sem viðmiðun og grundvöllur fyrir fjárlagagerð hvers árs.

5. Hlutverk, markmið og starfshættir ákveðins hluta allra ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja verði metið árlega frá grunni. Með slíkum hætti verður að finna réttlætingu fyrir öllum útgjaldaliðum viðkomandi stofnana á reglulegu árabili og skera þá niður ella. Með því að taka fimmtung ríkisstofnana fyrir með þessum hætti á ári yrði tryggt að ríkiskerfið allt væri endurmetið tvisvar á áratug.

6. Til að tryggja aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdavalds verði starfsvettvangur fjárveitinganefndar eða hinnar nýju fjárlaganefndar bundinn við setningu fjárlaga. Afskiptum fjárveitinganefndar af framkvæmd fjárlaga, sem tíðkast hefur mjög á undanförnum áratugum og bundin er í ýmsum lögum, verði hætt með öllu og þannig dregnar skýrari línur milli framkvæmdavalds og löggjafarvalds.

7. Innan sérhvers ráðuneytis verði komið upp öflugum fjármálaskrifstofum sem annist undirbúning fjárlagagerðar í hverju ráðuneyti og eftirliti með framkvæmd fjárlaga innan þess.

8. Fjárlagagerðin fari fram á grundvelli rammafjárlaga þar sem heildarupphæð fyrir hvert útgjaldaráðuneyti verði ákveðið fyrirfram og síðan ráðuneytunum falið að gera tillögur um útgjöldin innan þess ramma.

9. Allar greiðslur úr ríkissjóði verði annaðhvort samkvæmt heimildum í fjárlögum eða fjáraukalögum, og aukafjárveitingar lagðar niður.

10. Með hverju því þingmáli, stjórnarfrumvarpi eða þingmannafrumvarpi, sem leitt gæti til aukinna útgjalda, fylgi tillaga eða greinargerð um það hvernig þeirra viðbótarútgjalda skuli aflað með breytingum á skattalögum eða með niðurskurði á öðrum ríkisútgjöldum. Þannig verði dregið úr þeirri þróun að auka sífellt ríkisútgjöldin með setningu nýrra laga án tilsvarandi tekjuöflunar.

11. Til að tryggja vandaða meðferð Alþingis á fjárlögum og fjáraukalögum og öðrum skyldum frumvörpum er nauðsynlegt að annað hvort verði fjárlagaárinu breytt eða Alþingi komi saman fyrr en nú er, t.d. í byrjun septembermánaðar.

12. Til að auðvelda störf þingsins að ríkisfjármálum verði fjárveitinganefnd eða hin nýja fjárlaganefnd gerð að heilsársnefnd, líkt og utanríkismálanefnd. Eðlilegt er að fjárveitingarnefnd eða fjárlaganefnd hafi sjálfstæða starfsmenn. Þessi skipan mundi efla störf nefndarinnar og létta af því bráðabirgðaástandi að starfsmönnum Ríkisendurskoðunar sé gert að taka þátt í daglegum störfum löggjafans, sem ekki var ætlunin við breytingarnar á skipan stofnunarinnar nýverið.

13. Ríkisreikningsnefnd verði falið að endurskoða og meta hvaða úrbótum megi ná fram í gerð fjárlaga og ríkisreiknings.

2 Yfirlit yfir fjárlagafrumvarpið

Heildaryfirlit. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1991 er reiknað með 3,7 milljarða króna halla á rekstrarreikningi ríkissjóðs, eða sem svarar til 1,0% af landsframleiðslu. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs, þ.e. sú fjárhæð sem ríkissjóður þarf að afla til þess að mæta halla á rekstrarreikningi og útstreymi á lánareikningum, er áætluð 4,6 milljarðar króna á næsta ári.


Undanfarin tvö til þrjú ár hefur verulega dregið úr hallarekstri ríkissjóðs. Þannig nam rekstrarhallinn 2,8% af landsframleiðslu árið 1988, eða jafnvirði 10,5 milljarða króna á áætluðu verðlagi næsta árs. Árið 1989 minnkaði hallinn um fjórðung, í jafnvirði 7,4 milljarða króna, eða 2,1% af landsframleiðslu, og samkvæmt áætlun fyrir árið 1990 er reiknað með halla sem svarar til 1,5% af landsframleiðslu. Samhliða minnkandi halla hefur dregið úr lánsfjárþörf ríkissjóðs auk þess sem henni hefur í vaxandi mæli verið mætt með lántökum innanlands. Meðfylgjandi yfirlit sýnir helstu kennitölur úr ríkisbúskapnum árin 1988-1991.

Afkoma ríkissjóðs 1988 - 1991
(m.kr.)

	1988	1989	Áætlun 1990	Frumvarp 1991
1. Tekjur	64.382	80.001	92.575	99.563
2. Gjöld	71.583	86.056	97.535	103.213
3. Rekstrarafkoma (1-2)	**-7.201**	**-6.055**	**-4.960**	**-3.650**
4. Lánveitingar, nettó	1.106	1.541	1.250	1.100
5. Hrein lánsfjárþörf (4-3)	**8.307**	**7.596**	**6.210**	**4.750**
6. Lántökur, nettó	4.078	5.470	6.220	4.750
Innlend lántaka - afborganir	1.526	5.837	12.162[2])	6.180
Erlend lántaka - afborganir	3.198	5.181[1])	-380	-1.280
Lán í Seðlabanka - afborganir	-646	-5.548	-5.562[2])	-150
7. Greiðsluafkoma (6-5)	**-4.229**	**-2.126**	**10**	**-**

1) Þar af er 5.000 m.kr. lán til að greiða skammtímaskuld í Seðlabanka vegna halla ríkissjóðs árið 1988.
2) Hér er meðtalin 3.797 m.kr. lántaka hjá innlánsstofnunum í tengslum við lækkun bindiskyldu úr 10% í 7% í maímánuði. Þessi upphæð var notuð til að greiða upp 3.517 m.kr. skuldabréfalán í Seðlabanka og bæta stöðu ríkissjóðs á aðalviðskiptareikningi í bankanum. Þessar lánahreyfingar höfðu hvorki áhrif á peningamyndun né vexti eins og aðrar innlendar lántökur.

Afkoma ríkissjóðs 1988-1991
Áætlað verðlag 1991



Tekjur. Heildartekjur ríkissjóðs árið 1991 eru áætlaðar 99,6 milljarðar króna, eða 7½% hærri í krónutölu en árið 1990. Almennt verðlag hækkar um 7% milli áranna 1990 og 1991 þannig að tekjurnar haldast því sem næst óbreyttar að raungildi.

Breytingar á tekjuhlið árið 1991 eru bæði til hækkunar og lækkunar. Þannig er reiknað með að vaxandi þjóðarútgjöld skili sér í auknum tekjum til ríkisins. Þá er áætlað að álagning sérstaks tryggingaiðgjalds í stað launaskatts og ýmissa launatengdra gjalda skili ríkissjóði nokkrum viðbótartekjum. Aftur á móti er gert ráð fyrir minni tekjum af virðisaukaskatti og jöfnunargjaldi en á þessu ári. Auk þess skilar hluti bættrar innheimtu árið 1990 vegna eldri skattskulda sér ekki aftur á næsta ári eðli málsins samkvæmt.

Að öllu samanlögðu er því gert ráð fyrir svipuðum tekjum í ríkissjóð að raungildi næsta ár og áætlað er fyrir þetta ár. Samkvæmt áætlun fjárlagafrumvarps verður hlutfall heildartekna ríkissjóðs af landsframleiðslu 27,4%, samanborið við 27,6% árið 1990 og 27,2% árið 1989. Skýringin á hækkun skatthlutfallsins árið 1990 er tvíþætt. Annars vegar betri innheimta á sköttum, bæði á eldri skattskuldum og álagningu ársins. Hins vegar skilar álagning opinberra gjalda, einkum tekjuskatts félaga, talsvert meiri tekjum en búist var við. Veltubreytingar hafa á hinn bóginn verið svipaðar og áætlað var. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er reiknað með að tekjur ríkissjóðs fari 3,5 milljarða króna fram úr áætlun fjárlaga árið 1990.

Útgjöld. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1991 er gert ráð fyrir að heildarútgjöld verði 103,2 milljarðar króna. Þetta er tæplega 6% hækkun í krónutölu frá áætlun 1990 en í því felst um 1% raunminnkun gjalda milli ára.

Samkvæmt áætlun fyrir árið 1990 er talið að útgjöld fari að óbreyttu um 4 milljarða króna fram úr fjárlögum. Þar skipta auknar greiðslur til tryggingakerfisins mestu máli. Einnig má nefna aukin framlög til samgöngumála. Frávik í rekstrarútgjöldum er minna og stafar að stærstum hluta af vanmati á kostnaðaráhrifum verkaskiptingarlaganna í rekstri framhaldsskóla og heilsugæslu. Í þessari áætlun felst að útgjöld ríkissjóðs hækki um 13½% milli áranna 1989 og 1990, en það jafngildir tæplega 1% lækkun að raungildi.

Útgjöld ríkissjóðs hafa nánast staðið í stað frá árinu 1988. Árið 1989 jukust þau aðeins um 0,6% að raungildi miðað við verðlag landsframleiðslu. Hins vegar er sem fyrr segir gert ráð fyrir að þau dragist saman um tæplega 1% á þessu ári. Á þessum tveimur árum verða þó töluverðar innbyrðis breytingar milli einstakra gjaldflokka.

Frá efnahagslegu sjónarmiði er gjarnan horft á skiptingu útgjalda eftir því til hvaða þátta þeim er varið. Þessi skipting kemur fram í meðfylgjandi töflu.

Magnbreyting ríkisútgjalda 1988-1991 [1]

	1989 %	Áætlun 1990 %	Frumvarp 1991 %
Samneysla	-3,8	1,4	0,6
Tryggingagreiðslur, framlög o.fl.	6,2	3,6	-2,4
Vaxtagjöld	4,2	-10,0	-0,2
Fjárfesting	-4,4	-4,7	-3,9
Heildarútgjöld	**0,6**	**-0,9**	**-1,1**

1) Miðað við verðlag landsframleiðslu.

Um það bil 40% heildarútgjalda ríkissjóðs fara til svokallaðrar samneyslu, en það er fyrst og fremst launa- og rekstrarkostnaður. Þessi þáttur hefur lækkað nokkuð að raungildi frá árinu 1988. Árið 1991 er reiknað með lítils háttar aukningu umfram almennt verðlag, einkum hjá stofnunum menntamála, fatlaðra og heilsugæslu.

Undanfarin tvö ár hefur verið mikil aukning í svonefndum tilfærslum, en það eru fyrst og fremst bótagreiðslur almannatryggingakerfisins, framlög úr ríkissjóði til sjóða og atvinnuvega og niðurgreiðslur á búvörum. Þessar greiðslur hafa umtalsverð áhrif á útgjaldaþróun í þjóðarbúskapnum enda koma þær jafnt fram í auknum ráðstöfunartekjum heimilanna í gegnum tryggingakerfið og hafa þar að auki áhrif á verðmyndun í gegnum niðurgreiðslur og ýmsar greiðslur til atvinnuvega. Þessi liður hækkar um 10% að raungildi yfir þetta tveggja ára tímabil. Vægi þessara greiðslna í heildarútgjöldum hefur því farið vaxandi og er nú um 40%, eða svipað og samneysluliðurinn. Árið 1991 er hins vegar gert ráð fyrir að þessi útgjaldaþáttur dragist saman að raungildi. Það er þó meðal annars háð því að settum markmiðum um hagræðingu og breytt skipulag í heilbrigðiskerfinu verði náð.

Framlög til fjárfestingar hafa minnkað verulega að raungildi undanfarin ár og árið 1991 er enn gert ráð fyrir samdrætti. Það er þó rétt að hafa í huga að fjárfesting ríkisfyrirtækja í B-hluta er hér undanskilin en hún kemur fram í töfluviðauka með þessari greinargerð ásamt fjárfestingu á vegum sveitarfélaga.

Vaxtagreiðslur ríkisins hafa líka dregist saman að undanförnu eftir verulega raunaukningu nokkur undanfarin ár. Þessi lækkun stafar fyrst og fremst af því að gengi hefur verið


stöðugt en einnig hafa vextir innan lands lækkað að undanförnu. Þessir tveir útgjaldaliðir, þ.e. fjárfesting og vaxtagreiðslur, eru svipað hlutfall af heildarútgjöldum, kringum 10% hvor þáttur. Árið 1991 er reiknað með áframhaldandi lækkun vaxtaútgjalda að raungildi.

Eins og hér hefur komið fram eru veigamestu breytingar á útgjöldum ríkissjóðs undanfarin ár þær að vægi tilfærslna hefur aukist en hlutur samneyslu hefur að sama skapi minnkað. Árið 1986 voru samneysluútgjöld um þriðjungi meiri en tilfærslur. Samkvæmt áætlun fyrir árið 1990 er hins vegar varið svipuðum fjárhæðum til þessara tveggja útgjaldaþátta.

Lánahreyfingar. Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs árið 1991 er áætluð um 11,7 milljarðar króna. Þar af fara tæplega 3,7 milljarðar til að fjármagna rekstrarhalla ríkissjóðs á næsta ári, 6,9 milljarðar króna fara til afborgana af eldri lánum og rúmlega 1 milljarður króna fer í lánveitingar, nettó, þ.e. þegar innkomnar afborganir hafa verið dregnar frá lánveitingum ríkisins til B-hluta fyrirtækja o.fl. Hrein lánsfjárþörf, þ.e. heildarlánsfjárþörf að frátöldum afborgunum ríkisins af teknum lánum, er því áætluð 4,7 milljarðar króna á næsta ári, sem svarar til 1,3% af landsframleiðslu. Þetta hlutfall hefur farið lækkandi frá árinu 1988.

Hrein lánsfjárþörf ríkisjóðs og fjármögnun hennar

% af landsframleiðslu



Til samanburðar má nefna að lántökur ríkissjóðs á árinu 1990 eru áætlaðar 12,6 milljarðar króna. Þar af fara 6,4 milljarðar króna til greiðslu afborgana af eldri lánum. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs árið 1990 er því áætluð 6,2 milljarðar króna. Taldar eru góðar horfur á að lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs árið 1990 verði mætt á innlendum lánamarkaði með sölu spariskírteina, ríkisvíxla og nýrra ríkisverðbréfa. Heimild er til erlendrar lántöku fyrir greiðslu afborgana af erlendum lánum en horfur eru á að ekki þurfi að nota hana.

3 Efnahagsforsendur fjárlaga 1991

Þessi kafli greinargerðarinnar er þrískiptur. Í fyrsta hlutanum er fjallað um efnahagslegt baksvið fjárlaganna, bæði efnahagsframvinduna að undanförnu og horfur fyrir árið 1991 eins og þær eru metnar í þjóðhagsáætlun. Meðal annars er vakin athygli á nokkrum óvissuþáttum sem setja mark sitt á fjárlagagerðina, einkum þó þróun olíuverðs og hugsanlegum álversframkvæmdum. Í öðrum hluta er gerð nokkur grein fyrir heildarumsvifum hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, og lýst þróun undanfarinna ára. Í þriðja hluta þessa kafla er birt yfirlit yfir veigamestu forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 1991.

3.1 Framvinda og horfur í efnahagsmálum

Hagvöxtur. Eftir mikla uppsveiflu í þjóðarbúskapnum 1985-1987 sló harkalega í baksegl á árinu 1988. Frá þeim tíma og allt fram á þetta ár hefur íslenskt efnahagslíf einkennst af verulegum samdrætti í framleiðslu og erfiðleikum í atvinnurekstri. Efnahagssamdrátt undanfarinna þriggja ára má fyrst og fremst rekja til mikilla erfiðleika í sjávarútvegi, þar sem saman fór minni sjávarafli og lækkandi afurðaverð á erlendum mörkuðum.

Ýmislegt bendir nú til þess að samdráttarskeiðinu sem hófst um mitt ár 1988 sé að ljúka. Batamerkin eru raunar merkjanleg þegar á þessu ári, þar sem rekstrarskilyrði útflutningsatvinnuveganna hafa batnað í kjölfar hagstæðrar þróunar viðskiptakjara og lækkandi raungengis á síðasta ári. Þó er gert ráð fyrir óbreyttri landsframleiðslu eða jafnvel lítils háttar samdrætti árið 1990.

Á næsta ári er hins vegar spáð 1½% hagvexti, sem meðal annars má rekja til aukinnar útflutningsframleiðslu sjávarafurða. Þjóðartekjur eru taldar aukast enn meira, eða um 2%, vegna áframhaldandi bata í viðskiptakjörum.


Enda þótt efnahagshorfur hafi heldur glæðst upp á síðkastið mun hagvöxtur hér á landi verða nær helmingi minni en í aðildarríkjum OECD á næsta ári. Þegar horft er yfir síðasta áratug (sbr. línurit) kemur í ljós að fram undir 1987 var þróunin svipuð hér á landi og í öðrum ríkjum OECD. Eftir það skilja leiðir. Milli áranna 1987 og 1990 minnkar landsframleiðsla hér á landi um tæplega 8% á mann á meðan hún eykst um 9% í öðrum ríkjum OECD. Við lok áratugarins er því staðan sú að landsframleiðsla á mann hefur aukist um 9% frá árinu 1980 á Íslandi, eða innan við 1% á ári. Á sama tíma hefur landsframleiðsla á mann í öðrum OECD-ríkjum aukist um 25%, eða um tæplega 2½% á ári.

Á næsta ári eru horfur á að bilið breikki enn frekar. Þessi þróun setur útgjaldaaukningu hér á landi mjög þröngar skorður og gildir það jafnt um ríkissjóð, atvinnurekstur og heimilin í landinu ef ekki á að koma til áframhaldandi skuldasöfnunar erlendis.

Þjóðarútgjöld. Til þess að koma í veg fyrir vaxandi viðskiptahalla í kjölfar samdráttarins árið 1988 gripu stjórnvöld til ýmissa aðgerða í því skyni að halda aftur af aukningu þjóðarútgjalda. Útgjöld til neyslu og fjárfestingar drógust þannig saman um tæplega 9% að raungildi á árunum 1988 og 1989. Á þessu ári er hins vegar reiknað með nær óbreyttum þjóðarútgjöldum. Árið 1991 er aftur spáð nokkurri aukningu þjóðarútgjalda sem gæti numið 1-1½%. Þessi útgjaldaaukning kemur ríkissjóði til góða í auknum tekjum af veltusköttum eftir samdrátt síðustu þriggja ára.

Einkaneysluútgjöld – en þau nema um 60% af heildarútgjöldum þjóðarbúsins – hafa dregist saman um 13% að raungildi frá árinu 1987. Þetta eru mikil umskipti. Hins vegar er rétt að hafa í huga að árið 1987 jukust þau um 16½% að raungildi. Samdrátturinn náði hámarki um mitt ár 1989 en síðan hefur heldur þokast upp á við. Enda þótt í áætlunum fyrir árið 1990 sé gert ráð fyrir 1½% samdrætti milli ára er rétt að hafa í huga að þetta eru ársmeðaltöl. Flest bendir til að þessi samdráttur hafi komið fram á síðari hluta ársins 1989 en útgjaldastigið hafi haldist nokkuð stöðugt árið 1990 enda hefur kaupmáttur verið nær óbreyttur innan ársins. Á næsta ári er hins vegar reiknað með um 1½% aukningu einkaneysluútgjalda, í samræmi við spá um vaxandi kaupmátt.

Hagvöxtur á mann á Íslandi og í OECD-ríkjunum 1980-1991




Í kjölfar samdráttar í innlendri eftirspurn hafa tekjur ríkisins af veltusköttum dregist mikið saman, en upp undir tveir þriðju hlutar þeirra eru skattar af veltu. Stjórnvöld hafa því þurft að grípa til ýmissa mótaðgerða, jafnt á tekjuhlið sem gjaldahlið, til þess að koma í veg fyrir aukinn hallarekstur á ríkissjóði.

Þessi þróun kemur glöggt fram á meðfylgjandi línuriti, sem sýnir raunaukningu þjóðarútgjalda annars vegar og tekna ríkissjóðs hins vegar. Á fyrri hluta tímabilsins, fram til 1986, er þróunin í þjóðarútgjöldum og tekjum ríkissjóðs nánast hin sama. Í uppsveiflunni 1986 og 1987 dregur í sundur því að tekjurnar ná ekki að fylgja þjóðarútgjöldunum. Hið gagnstæða gerðist í niðursveiflunni 1988 og 1989 en þá minnkuðu þjóðarútgjöldin verulega á meðan tekjurnar jukust. Skýringin á þessu fráviki á síðari hluta tímabilsins liggur í sérstökum aðgerðum stjórnvalda í skattamálum, til lækkunar árin 1986 og 1987 og til hækkunar árin 1988 og 1989.

Áhrif aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum koma meðal annars fram í raunlækkun samneysluútgjalda ríkisins frá árinu 1988 miðað við verðlag landsframleiðslu. Þetta eru veruleg umskipti frá árunum 1980-1988 þegar samneysla jókst um 4-5% að raungildi á hverju ári. Á næsta ári er hins vegar gert ráð fyrir lítils háttar aukningu samneysluútgjalda.

Fjárfestingarútgjöld drógust verulega saman árin 1988 og 1989. Þetta má að langmestu leyti rekja til umtalsverðs samdráttar í fjárfestingu atvinnuveganna en hún hefur minnkað um tæplega 40% að raungildi frá 1987 þegar flugvélakaup Flugleiða eru frátalin. Árið 1990 er að vísu spáð 4,5% raunaukningu í heildarfjárfestingu en hún stafar öll af áframhaldandi flugvélakaupum og fjárfestingu Landsvirkjunar og álversins í Straumsvík. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði hefur þó að mestu haldist óbreytt síðustu tvö árin, þrátt fyrir verulegan samdrátt í kaupmætti, en þar vega aukin útlán byggingarsjóðanna þungt. Jafnframt hefur fjárfesting opinberra aðila lítið breyst þegar á heildina er litið.

Þróun þjóðarútgjalda og heildartekna ríkissjóðs 1980-1991



Fjárfestingarhorfur fyrir árið 1991 eru hins vegar nokkuð óvissar, þar sem ekki liggur fyrir á þessari stundu hvort ráðist verður í byggingu nýs álvers hér á landi. Að því slepptu er spáð svipaðri fjárfestingu og á þessu ári. Af einstökum liðum má nefna að fjárfesting atvinnuveganna er talin dragast lítils háttar saman, eða um 1,2% að raungildi. Að frátöldum flugvélakaupum er hins vegar um 7% raunaukningu að ræða. Þá er spáð 5% raunaukningu í byggingu íbúðarhúsnæðis.

Aftur á móti er reiknað með nokkrum samdrætti í opinberri fjárfestingu, sem nemur tæplega 2% að raungildi. Þessi samdráttur liggur nær alfarið í virkjunarframkvæmdum. Hins vegar er reiknað með 4% aukningu í samgöngumannvirkjum og 1% aukningu í byggingarframkvæmdum opinberra aðila.

Utanríkisviðskipti. Skerðing á aflaheimildum þrjú ár í röð hefur leitt til umtalsverðs samdráttar í framleiðslu sjávarafurða síðan 1987. Heildarvöruútflutningur hefur hins vegar ekki minnkað eins mikið, þar sem nokkur aukning hefur verið í framleiðslu annarra útflutningsafurða auk þess sem gengið hefur á birgðir, einkum sjávarafurða.


Þrátt fyrir minnkandi vöruútflutning hefur vöruskiptajöfnuður snúist úr halla árin 1987 og 1988 í tæplega 8 milljarða króna afgang árin 1989 og 1990. Þetta stafar fyrst og fremst af miklum samdrætti í almennum vöruinnflutningi, en síðustu þrjú ár hefur hann minnkað um hartnær fjórðung að raungildi.

Árið 1991 er spáð tæplega 1% aukningu í vöruútflutningi. Hins vegar er reiknað með lítils háttar samdrætti í vöruinnflutningi þrátt fyrir nokkra útgjaldaaukningu innan lands. Ástæðan er fyrst og fremst mikill samdráttur í innflutningi skipa og flugvéla sem vegur á móti auknum neysluvöruinnflutningi. Þá er spáð samdrætti í olíuinnflutningi í kjölfar hækkunar olíuverðs. Vöruskiptajöfnuður er því talinn verða hagstæður um 10,6 milljarða króna á næsta ári.

Þjónustuviðskipti, án vaxta, hafa einnig skilað nokkrum afgangi síðustu tvö ár og er gert ráð fyrir að svo verði áfram á næsta ári. Heföbundin vöru- og þjónustuviðskipti, þ.e. án vaxta, hafa því skilað afgangi sem svarar til 2½-3% af vergri landsframleiðslu frá árinu 1988, samanborið við ½% halla 1987 og 1988, og er reiknað með svipaðri niðurstöðu á næsta ári.

Viðskiptajöfnuður1980-1991

% af landsframleiðslu



Hallinn á viðskiptum við útlönd hefur því minnkað verulega undanfarin tvö ár þrátt fyrir erfiðleika í útflutningsgreinum og samdrátt í útflutningi. Áfram er þó halli en hann stafar alfarið af vaxtagreiðslum af erlendum lánum. Árin 1987 og 1988 nam viðskiptahallinn um 3½% af vergri landsframleiðslu, eða sem svarar til 12½ milljarðs króna á verðlagi 1990.

Árið 1989 nam viðskiptahallinn hins vegar tæplega 5½ milljarði króna á sama verðlagi, eða um 1,6% af landsframleiðslu, og hafði því minnkað um meira en helming á einu ári. Á þessu ári er spáð heldur meiri halla, eða 6,7 milljörðum króna, sem svarar til 2% af landsframleiðslu. Aukningin stafar fyrst og fremst af miklum flugvélakaupum.

Á næsta ári er spáð nokkru minni viðskiptahalla en í ár, eða 5,7 milljörðum króna, en það svarar til 1,6% af landsframleiðslu. Það er þó rétt að hafa fyrirvara á þessum tölum vegna þeirrar óvissu sem ríkir á sviði olíuviðskipta vegna Persaflóadeilunnar. Eins og fram kemur í meðfylgjandi línuriti hefur allur þessi áratugur einkennst af viðskiptahalla gagnvart útlöndum, jafnt í uppsveiflu sem á samdráttarskeiði.

Vinnumarkaður. Efnahagssamdráttur síðustu missera hefur óhjákvæmilega haft áhrif á vinnumarkaðinn. Þannig hefur samdráttur í þjóðarútgjöldum og erfiðleikar í atvinnurekstri leitt til vaxandi atvinnuleysis. Þetta eru veruleg umskipti frá fyrri tíð þegar atvinnuleysi var nánast óþekkt fyrirbæri hér á landi og atvinnuástandið bar fremur keim af manneklu.

Þessi samdráttaráhrif á vinnumarkaði komu strax fram á síðari hluta ársins 1988, en þá fór að gæta vaxandi atvinnuleysis. Í fyrra voru að meðaltali 2.100 manns atvinnulausir, sem nam 1,6% af mannafla. Fyrstu átta mánuði þessa árs voru um 2.600 manns skráðir atvinnulausir að meðaltali, samanborið við 2.200 á sama tíma í fyrra. Þessar tölur eru þó ekki alveg sambærilegar þar sem skráningarreglur voru rýmkaðar um mitt síðasta ár. Fyrir árið í heild má reikna með að skráður fjöldi atvinnulausra verði einhvers staðar á bilinu 2.500-2.700 manns, eða sem næst 2% af mannafla. Að mati Þjóðhagsstofnunar verða ekki teljandi breytingar á árinu 1991, þannig að atvinnuleysi verður áfram um 2% af mannafla.

Verðlag, laun og viðskiptakjör. Á þessu ári hafa orðið mikil umskipti til hins betra í verðlagsmálum. Í kjölfar kjarasamninga í febrúar, sem fólu í sér tiltölulega litlar kauphækkanir, hefur verðbólga minnkað verulega. Árshraði verðbólgunnar, sem var meira en 20% í upphafi ársins, mældist í septemberbyrjun rétt um 5,5%, hvort tveggja miðað við þriggja mánaða meðalhækkun umreiknaða til ársbreytinga. Þrátt fyrir verulega hjöðnun verðbólgunnar innan ársins mælist meðalbreyting milli ára þó enn í tveggja stafa tölu. Samkvæmt síðustu áætlunum er gert ráð fyrir um það bil 15% hækkun framfærsluvísitölu milli áranna 1989 og 1990, en hækkunin frá upphafi til loka ársins er hins vegar talin verða um 7%.

Horfur í verðlagsmálum fyrir árið 1991 eru nokkuð óvissar, meðal annars vegna ótryggs ástands á sviði olíuviðskipta. Á grundvelli fyrirliggjandi kjarasamninga er reiknað með að almennar verðlagsbreytingar verði kringum 7% á næsta ári, hvort sem miðað er við meðalbreytingu milli ára eða hækkun frá upphafi til loka ársins.

Eins og fram kemur á meðfylgjandi línuriti hefur verðbólga hér á landi verið langt yfir því sem gengur og gerist í öðrum OECD-ríkjum. Undanfarið hefur munurinn þó minnkað enda hefur verðbólga hér á landi lækkað úr um og yfir 60% í upphafi áratugarins niður í 15% á þessu ári og 7% samkvæmt spá fyrir næsta ár. Til samanburðar má nefna að í spám OECD er gert ráð fyrir tæplega 5% verðbólgu árið 1990 og 5½% verðbólgu árið 1991 í aðildarríkjum samtakanna.


Rétt er að vekja á því athygli að í þessum verðbólguspám er gert ráð fyrir verulegri hækkun á olíuverði frá því sem reiknað var með fyrr á þessu ári. Þannig hefur spáin fyrir OECD-ríkin hækkað um tæplega ½% árið 1990 og hátt í 1% árið 1991. Áhrifin hér á landi eru af svipaðri stærðargráðu. Hér er þó ekki reiknað með að olíuverðið haldist jafn hátt og það hefur verið síðustu daga septembermánaðar og fyrstu daga októbermánaðar. Um þetta er nánar fjallað síðar í þessum kafla.

Launabreytingar hafa einnig mælst í eins stafs tölu á þessu ári. Samkvæmt kjarasamningunum í febrúar 1990 var gert ráð fyrir 5,1% samningsbundinni hækkun á árinu. Jafnframt voru ákvæði um hugsanlega viðbótarhækkun ef verðlag færi fram úr ákveðnum viðmiðunarmörkum. Auk þess voru nokkur atriði, svo sem hækkun á orlofsframlagi og desemberuppbót, sérstakur launaauki o.fl., sem voru metin til tæplega ½% hækkunar heildarlauna.

Síðustu áætlanir benda til þess að almenn dagvinnulaun hækki um 7% innan ársins. Meðalbreytingin milli ára er þó meiri, eða á bilinu 9½-10%. Inn í þessar tölur eru auk fyrrnefndra launahækkana komin áhrif ýmissa samningsbundinna atriða, svo sem starfsaldurshækkana og ýmissa tilfærslna milli launaflokka. Samkvæmt því helst kaupmáttur dagvinnulauna nánast óbreyttur frá upphafi til loka þessa árs, en lækkar nokkuð að meðaltali milli ára.

Heildartekjur hækka heldur meira en dagvinnulaun, meðal annars vegna meiri hækkunar lífeyris- og tryggingagreiðslna svo og vaxtatekna. Að teknu tilliti til heldur aukinnar skattbyrði er áætlað að ráðstöfunartekjur á mann hækki um 10½% að meðaltali og kaupmáttur þeirra lækki því um tæplega 4% milli áranna 1989 og 1990. Þessi lækkun endurspeglast í samdrætti einkaneysluútgjalda og þar með í innheimtu veltuskatta.

Verðbólga á Íslandi og í OECD-ríkjunum 1980-1991



Á næsta ári er reiknað með að dagvinnulaun hækki svipað og verðlag. Heildartekjur eru taldar aukast meira, meðal annars vegna fjölgunar á vinnumarkaði. Að teknu tilliti til þessa atriðis og óbreyttrar skattbyrði frá 1990 er því spáð að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist um 1% árið 1991.

Ein af grundvallarforsendum kjarasamninganna er að viðskiptakjör batni á þessu ári eftir samfellda rýrnun tvö undangengin ár. Hækkandi fiskverð á erlendum mörkuðum, styrkari staða útflutningsgreina og von um áframhaldandi bata á viðskiptakjörum lögðu grunninn að

kjarasamningunum á síðastliðnum vetri. Á þeim forsendum var jafnframt ákveðið að halda gengi íslensku krónunnar stöðugu.

Samkvæmt síðustu áætlunum er talið að viðskiptakjör, án stóriðju, muni batna um tæplega 5% að meðaltali á þessu ári. Meginskýringin liggur í verulegri hækkun fiskverðs erlendis. Viðskiptakjörin í heild hafa batnað mun minna, eða um 1¼%, meðal annars vegna verðlækkunar á áli og kísiljárni.

Í þjóðhagsáætlun fyrir næsta ár er spáð um 1% bata í viðskiptakjörum í heild, einkum vegna hækkandi fiskverðs. Enn fremur er reiknað með að verð á áli og kísiljárni hækki aftur eftir lægð á þessu ári. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir umtalsverðri olíuverðshækkun, sem dregur úr þessum áhrifum.

Óvissa vegna olíuverðshækkunar. Olíuverð hefur sem kunnugt er hækkað verulega á erlendum mörkuðum í kjölfar Persaflóadeilunnar. Til marks um þessi áhrif má nefna að á fyrstu sjö mánuðum ársins 1990 var skráð verð á bensíni í Rotterdam aðeins um 5% hærra en meðalverðið 1989 og gasolíuverð var svipað og meðalverðið 1989. Samkvæmt síðustu skráningum hefur verðið hins vegar tvöfaldast frá því í fyrra. Annar mælikvarði á olíuverð er verð á olíufati úr Norðursjó. Þetta verð var um 18 dollarar að meðaltali árið 1989. Um mitt ár 1990 var verðið komið niður í 15-16 dollara. Í septemberlok fór verðið hátt í 40 dollara fyrir hvert fat, en hefur síðan lækkað nokkuð.

Á þessari stundu er ástandið á olíumörkuðunum þó enn afar ótryggt og engin leið að segja til um framvinduna næstu mánuði. Það er nokkuð útbreidd skoðun að hin mikla verðhækkun, sem orðið hefur, stafi fyrst og fremst af spákaupmennsku fremur en raunhæfu mati á framboði á olíumörkuðum, birgðastöðu o.fl. Álíka mikil eining ríkir hins vegar um þá skoðun að þróunin næstu vikur og mánuði muni áfram ráðast af spákaupmennsku. Það er því allt eins líklegt að olíuverð verði áfram mjög hátt, jafnvel fram á mitt næsta ár.

Áhrif olíuverðshækkunar á tekjur ríkissjóð koma fram með tvennum hætti. Fyrstu áhrifin af hærra innflutningsverði á bensíni koma fram í auknum tolltekjum af bensíni. Á móti vegur samdráttur í innlendri eftirspurn í kjölfar þessarar verðhækkunar. Þessi samdráttaráhrif koma víða fram. Þannig má búast við að kaup almennings á ýmsum varanlegum neysluvörum dragist saman. Enn fremur hlýtur mikil bensínverðshækkun að leiða til samdráttar í bensínsölu. Þá mun sala á bílum dragast saman og jafnframt verður tilflutningur yfir í ódýrari og sparneytnari bíla. Allt þetta kemur fram í minni tekjum ríkissjóðs af veltusköttum. Það er erfitt að meta nákvæmlega hver endanleg áhrif olíuverðshækkunar á afkomu ríkissjóðs verða. Það fer meðal annars eftir því hversu varanleg hún verður.

Fjárlagafrumvarpið er byggt á þeirri forsendu að meðalverð á olíu verði kringum 26 dollarar á næsta ári, en það er rúmlega 40% hækkun frá meðalverðinu 1989, sem var um 18 dollarar fyrir hvert olíufat. Þetta er svipuð forsenda og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn leggur til grundvallar í nýjustu efnahagsspá sinni, þó heldur hærri. Haldist verðið á næsta ári hins vegar jafnhátt og síðustu skráningar gefa til kynna verður ekki hjá því komist að endurskoða forsendur fjárlagafrumvarpsins.

Hugsanlegar álversframkvæmdir. Þegar þetta er ritað (í byrjun október) liggja ekki fyrir ákvarðanir um byggingu nýs álvers á Íslandi. Forsendur fjárlagafrumvarps eru því miðaðar við almennar þjóðhagshorfur án tillits til hugsanlegra álframkvæmda. Það er hins vegar ljóst að framkvæmdir við byggingu og rekstur nýs álvers eru mjög umfangsmiklar og hafa víðtæk áhrif á allt efnahagslíf í landinu.

Til að gefa hugmynd um heildarstærðir má nefna að fjárfesting við byggingu nýs álvers er áætluð um 40 milljarðar króna. Þar til viðbótar kemur fjárfesting í virkjunum og öðrum tengdum framkvæmdum upp á tæplega 30 milljarða króna. Samanlagt er því um að ræða 70 milljarða fjárfestingu, sem í meginatriðum fellur á fjögur ár. Þetta er svipuð fjárhæð og fer í allar nýfjárfestingar Íslendinga til samans á næsta ári. Hins vegar er ljóst að framkvæmdir á næsta ári, ef af þeim verður, verða takmarkaðar. Þannig er talið að innlendur hluti þeirra verði innan við 1% af landsframleiðslu. Mestur hluti framkvæmdanna fellur á næstu ár þar á eftir.

Verði ráðist í byggingu álvers og virkjana er nauðsynlegt að fylgja mjög aðhaldssamri stefnu í útgjaldamálum hér innan lands til þess að hamla gegn þenslu og auknum viðskiptahalla. Ákvörðun um byggingu álvers kallar því á endurmat ýmissa framkvæmdaáforma, jafnt hjá opinberum aðilum sem einkaaðilum.

3.2 Hlutur hins opinbera í þjóðarbúskapnum


Heildarumsvif ríkis og sveitarfélaga. Til þess að fá heildarmynd af umsvifum opinberra aðila í þjóðhagslegu samhengi er fróðlegt að skoða hlutföll heildartekna og gjalda af landsframleiðslu yfir nokkurt tímabil. Eins og fram kemur í meðfylgjandi línuriti var hlutur ríkisins framan af þessum áratug nálægt fjórðungi á þennan mælikvarða en hefur heldur vaxið síðustu tvö til þrjú ár. Svipuð þróun kemur fram hjá sveitarfélögum þar sem jafnt útgjöld sem tekjur hækka í hlutfalli við landsframleiðslu, úr tæplega 7% á fyrri hluta tímabilsins í 8% síðustu tvö til þrjú ár. Heildarumsvif hins opinbera hafa því aukist úr 32-33% framan af tímabilinu í 35-36% árin 1989-1990.

Sveitarfélögin hafa heldur aukið hlutdeild sína í opinbera búskapnum í heild á þessu árabili. Þannig hækkuðu tekjur þeirra um 43% að raungildi tímabilið 1980-1989 á sama tíma og tekjur ríkissjóðs jukust um 34%. Sama þróun kemur fram á gjaldahlið þar sem raunaukning hjá sveitarfélögunum er um 47% á tímabilinu en 43% hjá ríkissjóði. Þessi þróun endurspeglast í mismunandi afkomu ríkis og sveitarfélaga á þessu tímabili. Þannig nam rekstrarafgangur sveitarfélaga tæplega ½% af heildartekjum þeirra að meðaltali þessi ár. Hins vegar var halli á ríkissjóði sem nam 3½% af heildartekjum að meðaltali. Þessi meðaltöl segja ekki alla söguna en gefa þó vísbendingu um þróunina.

Skýringar á auknum umsvifum. Gróft reiknað hefur hlutfall heildartekna ríkissjóðs hækkað úr 25½% um miðjan áratuginn í 27½% af landsframleiðslu, eða rétt um 2%. Útgjaldahlutfallið hefur hækkað ívið meira, eða úr 25% í 28-29% á sama tímabili. Það eru ýmsar skýringar á þessum auknu umsvifum ríkisins síðustu árin. Almennt er þó rétt að hafa í huga að tímabilið frá 1987 hefur verið samdráttartímabil. Þessi samdráttur hefur skert hefðbundna tekjustofna ríkissjóðs. Verulegur hluti útgjalda ríkisins er hins vegar lögbundinn og markaður til ákveðinna verkefna að mestu án tillits til efnahagsástandsins á hverjum tíma. Án sérstakra aðgerða má því alla jafna búast við að útgjaldahlutfallið hækki á tímum samdráttar og minnkandi landsframleiðslu.

Hækkun tekjuhlutfallsins úr 25½% í 27½% má alfarið rekja til beinna skatta en hlutfall tekju- og eignarskatta af landsframleiðslu hefur hækkað úr 3½% í 5½% undanfarin tvö til þrjú ár. Aðrir skattstofnar skila hins vegar svipuðum tekjum og áður þegar á heildina er litið. Verulegar tilfærslur verða þó milli skattstofna á þessu tímabili. Meginbreytingin kemur fram í minnkandi vægi tolla í tekjuöflun ríkissjóðs, úr tæplega 5% af landsframleiðslu framan af tímabilinu í 2¼% samkvæmt fjárlagafrumvarpi. Til að mæta þessu tekjutapi hafa aðrir skattstofnar verið hækkaðir. Þar vega þyngst auknar tekjur af veltusköttum, þ.e. sölu-/virðisaukaskatti og bifreiðasköttum, auk beinu skattanna.

Tekjur og gjöld ríkis og sveitarfélaga
1980-1991



Hækkun gjaldahlutfallsins úr 25½% í 28-29% má fyrst og fremst rekja til aukins vægis heilbrigðis- og tryggingamála, en það skýrir meira en helming hækkunarinnar. Það sem eftir stendur skýrist einkum af auknu vægi menntamála auk þess sem niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum hafa verið auknar.

Að undanförnu hafa verið gerðar ýmsar kerfisbreytingar sem torvelda samanburð milli ára. Hér má nefna breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem hefur haft í för með sér ýmsar tilfærslur bæði á tekju- og gjaldahlið. Þá hefur upptaka staðgreiðslukerfis skatta og gildistaka virðisaukaskatts valdið ýmiss konar erfiðleikum við samanburð á tekjufærslum einstakra ára. Þessa fyrirvara ber að hafa í huga þegar hlutfallstölurnar eru skoðaðar.

Samanburður við OECD-ríkin. Þrátt fyrir aukin umsvif ríkis og sveitarfélaga upp á síðkastið er Ísland enn neðarlega á blaði í alþjóðlegum samanburði. Samkvæmt nýrri skýrslu frá OECD, en þar er Ísland í fyrsta skipti tekið inn í alþjóðlegan samanburð á þessu sviði, er heildarskattbyrði opinberra aðila hér á landi með því lægsta sem þekkist í aðildarríkjum OECD-samtakanna. Árið 1988 er skatthlutfallið 31,7% hér á landi fyrir ríki og sveitarfélög samanlagt. Til samanburðar má nefna, að meðalskattbyrði í Evrópuríkjum OECD var rétt um 40%, en heldur hærri bæði í EFTA- og EB-ríkjunum, eða um 41%.

Samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árið 1989, en þær lágu ekki fyrir þegar skýrslan var gefin út, hækkaði skatthlutfallið hér á landi í 34%, enda hækkuðu bæði skatttekjur ríkis og sveitarfélaga á því ári. Við þetta færist Ísland upp um tvö sæti, upp fyrir Sviss og Kanada.

3.3 Yfirlit yfir forsendur fjárlagafrumvarps 1991

Í meðfylgjandi töflu er gerð grein fyrir veigamestu forsendum þessa fjárlagafrumvarps. Þjóðhagslegar forsendur eru þær sömu og lýst er í þjóðhagsáætlun. Auk þess eru raktar ýmsar tölulegar forsendur sem liggja á bak við áætlanir frumvarpsins um tekjur, gjöld og lánahreyfingar. Til samanburðar eru sýndar áætlanir um sömu stærðir fyrir árið 1990.

Helstu forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 1991

		Áætlun 1990	Spá 1991
I	**Helstu þjóðhagsstærðir - magnbreytingar milli ára, %**		
	Einkaneysla	-1,5	1,5
	Fjárfesting	4,5	0,0
	þar af atvinnuvegir	9,5	-1,2
	þar af íbúðabyggingar	0,0	5,0
	þar af opinber fjárfesting	0,7	-1,9
	Samneysla	1,0	2,0
	Þjóðarútgjöld	0,5	1,2
	Útflutningur vöru og þjónustu	-1,5	1,2
	Innflutningur vöru og þjónustu	0,5	0,6
	Verg landsframleiðsla	0,0	1,5
II	**Launa- og verðlagsforsendur - meðalbreytingar milli ára, %**		
	Atvinnutekjur á mann	10	8
	Heildartekjur á mann	11	8
	Ráðstöfunartekjur á mann	10½	8
	Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	-4	1
	Framfærsluvísitala	15	7
	Byggingarvísitala	17½	6½
	Lánskjaravísitala	14	7
	Meðalgengi	12½	0
	Gengi USD	2½	-3½
	Erlend verðbólga	5	5½
	Innflutningsverð olíu	35	20
	Verðvísitala samneyslu	11½	7
	Verðvísitala landsframleiðslu	14	7
III	**Vinnumarkaður**		
	Mannafli, ársverk í þúsundum	128	130
	- hlutfallsleg breyting milli ára	1½	1½
	Atvinnuleysi, sem hlutfall af mannafla	2¼	2¼
	Mannfjöldi, hlutfallsleg breyting milli ára	1	1
IV.	**Ýmsar forsendur**		
	Gjaldstofn virðisaukaskatts, meðalhækkun milli ára	11	6
	Gjaldstofn staðgreiðslu, meðalhækkun milli ára	11	9
	Innflutningur bifreiða, fjöldi	7.200	6.800
	þar af fólksbifreiðar	6.000	6.000
	þar af atvinnubifreiðar	1.200	800
	Sala á bensíni, milljónir lítra	167	167
	Verð á hráolíufati, USD	21	26
	Liborvextir, USD	8½	9
	Skattbyrði einstaklinga, sem hlutfall af tekjum	13,7	13,7
	þar af beinir skattar ríkis	6,5	6,5
	þar af beinir skattar sveitarfélaga	7,2	7,2

4 Tekjur

4.1 Heildaryfirlit

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1991 eru heildartekjur ríkissjóðs áætlaðar 99,6 milljarðar króna. Þetta eru 7 milljörðum króna meiri tekjur en gert er ráð fyrir í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1990 og nemur hækkunin 7½% milli ára. Miðað við forsendur þjóðhagsáætlunar um almenna verðþróun á næsta ári verða tekjur ríkissjóðs, metnar á föstu verðlagi, svipaðar á árinu 1991 og á þessu ári. Heildarskattbyrði, þ.e. skatttekjur ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, lækkar hins vegar lítillega milli ára og sama gildir um hlutfall heildartekna af landsframleiðslu.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Áætlun 1990 m.kr.	Frumvarp 1991 m.kr.
Tekjur ríkissjóðs	**80.001**	**88.945**	**92.575**	**99.563**
Tekju- og eignarskattar	13.251	16.026	17.445	19.332
Óbeinir skattar	61.239	67.041	68.822	73.928
Aðrar tekjur	5.511	5.878	6.308	6.303
Verg landsframleiðsla	**293.918**	**335.400**	**335.100**	**363.600**
Skatttekjur ríkissjóðs sem hlutfall af VLF [1]	**25,3**	**24,8**	**25,7**	**25,6**
Heildartekjur ríkissjóðs sem hlutfall af VLF	**27,2**	**26,5**	**27,6**	**27,4**

1) Þessar tölur um skattbyrði eru ekki fyllilega sambærilegar við þær tölur sem birtar eru í nýrri skýrslu OECD um skattamál. Meginmunurinn liggur í því að samkvæmt flokkun OECD eru barnabætur bókfærðar sem útgjöld en hér á landi hafa þær verið færðar á tekjuhlið til lækkunar á tekjuskatti. Samræming á uppgjöri ríkisreiknings við aðferðir OECD er eitt þeirra verkefna sem nú er unnið að á vegum ríkisreikningsnefndar.

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1990 verða innheimtar tekjur ríkissjóðs talsvert meiri á þessu ári en áður var áætlað, eða nálægt 92,6 milljörðum króna. Í fjárlögum ársins var hins vegar reiknað með að þær yrðu réttir 89 milljarðar króna. Þessi aukning á sér tvær meginskýringar. Annars vegar skilar álagning opinberra gjalda fyrir gjaldaárið 1990 meiri tekjum en búist var við. Munar þar mestu um tekjuskatt félaga. Hins vegar hefur hert innheimta á eldri skattskuldum skilað umtalsverðum viðbótartekjum, einkum á fyrri helmingi ársins. Þá hefur innheimta á virðisaukaskatti orðið ívið meiri en áætlað var.
Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps byggist á forsendum þjóðhagsáætlunar um efnahagsframvinduna á þessu ári og horfunum framundan, enda ráðast tekjur ríkissjóðs í ríkum mæli af eftirspurnarástandi í þjóðarbúskapnum á hverjum tíma. Samdráttur í innlendri eftirspurn rýrir að óbreyttu tekjur ríkissjóðs vegna þess hversu þungt veltuskattar vega í heildartekjum. Hið

sveiflukennda ástand sem einkennt hefur íslenskan þjóðarbúskap gerir það að verkum að mun meiri óvissa ríkir alla jafna um áætlaðar tekjur ríkissjóðs en útgjöld.


Eins og fram hefur komið er því spáð að þjóðarútgjöld haldist því sem næst óbreytt á þessu ári en aukist um rúmlega 1% á því næsta. Á hinn bóginn er talið að einkaneysla dragist saman um 1½% á þessu ári en vaxi síðan um svipað hlutfall á árinu 1991 í kjölfar aukins kaupmáttar. Þá er reiknað með að almennar verðbreytingar verði í kringum 7% að meðaltali á næsta ári og svipaðar yfir árið. Á þessum forsendum byggist tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 1991.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Áætlun 1990 m.kr.	Frumvarp 1991 m.kr.	Breyting 1990-1991 %
Tekju- og eignarskattar	**13.251**	**16.026**	**17.445**	**19.332**	**10,8**
Einstaklingar	9.552	12.551	13.050	14.370	10,1
Fyrirtæki	3.699	3.475	4.395	4.962	12,9
Óbeinir skattar	**61.239**	**67.041**	**68.822**	**73.928**	**7,4**
Innflutningsgjöld	7.395	7.163	7.747	7.917	2,2
Virðisaukaskattur/söluskattur	34.179	37.750	38.350	40.500	5,6
Hagnaður ÁTVR	5.370	6.020	5.920	6.400	8,1
Launa- og tryggingaiðgjöld	5.820	6.800	7.280	9.130	25,4
Bifreiðagjöld	4.732	5.385	5.425	6.030	11,2
Aðrir skattar	3.743	3.923	4.100	3.951	-3,6
Aðrar tekjur	**5.511**	**5.878**	**6.308**	**6.303**	**-0,1**
Vaxtagreiðslur	4.261	3.670	4.070	3.710	-8,8
Arðgreiðslur o.fl.	1.250	2.208	2.238	2.593	15,9
Heildartekjur ríkissjóðs	**80.001**	**88.945**	**92.575**	**99.563**	**7,5**
Verg landsframleiðsla	**293.918**	**335.400**	**335.100**	**363.600**	**8,5**
Verðvísitala landsframleiðslu	88	100	100	107	7,0

Um það bil fimmtungur heildartekna ríkissjóðs kemur af tekju- og eignarsköttum einstaklinga og fyrirtækja. Í áætlun fyrir árið 1991 er búist við lítils háttar aukningu af þessum tekjustofni umfram verðlag. Þá aukningu má meðal annars rekja til batnandi afkomu fyrirtækja á þessu ári, sem birtist í auknum tekjuskatti árið 1991. Þrír fjórðu hlutar ríkissjóðsteknanna eru hins vegar bundnir í veltusköttum. Þar vegur virðisaukaskatturinn þyngst, um 40%. Reiknað er með að tekjur af þessum sköttum verði nær óbreyttar að raungildi á næsta ári þrátt fyrir 1½% aukningu í almennri veltu. Að baki liggja tvær meginskýringar, sem ganga hvor í sína áttina. Annars vegar eru minni tekjur af virðisaukaskatti og jöfnunargjaldi. Hins vegar er stefnt að umfangsmiklum breytingum á álagningu tryggingaiðgjalda og annarra launatengdra gjalda, sem skilar ríkissjóði nokkrum tekjuauka. Þá munu vaxtatekjur dragast saman á næsta ári, en auknar arðgreiðslur vega þar á móti.

Tekjur ríkissjóðs 1980 og 1991

Hlutfallsleg skipting



4.2 Yfirlit yfir helstu tekjustofna

Tekju- og eignarskattar einstaklinga. Áætlað er að innheimtar tekjur ríkissjóðs af tekju- og eignarsköttum einstaklinga verði tæplega 14,4 milljarðar króna á árinu 1991. Þar vegur tekjuskattur einstaklinga þyngst, en hann er 12,2 milljarðar króna, eða rúmlega 12% af heildartekjum ríkissjóðs.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Áætlun 1990 m.kr.	Frumvarp 1991 m.kr.	Breyting 1990-1991 %
Tekjuskattur	8.047	10.621	11.145	12.240	9.8
Framkvæmdasjóður aldraðra	-	230	300	370	23.3
Eignarskattar	1.279	1.500	1.365	1.500	9.9
Erfðafjárskattur	226	200	240	260	8.3
Samtals	**9.552**	**12.551**	**13.050**	**14.370**	**10,1**
Sem hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs	**11,9**	**14,1**	**14,1**	**14,4**	**0,3**

Áætlun um tekjuskatt 1991 byggir á forsendum um óbreytta skattbyrði milli ára, en í þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir að heildartekjur heimilanna aukist um 9-10% á næsta ári. Í þessu felst að helstu afsláttarliðir tekjuskatts, persónuafsláttur, barnabætur o.fl., hækki í

takt við áætlaðar tekjubreytingar. Í meðfylgjandi töflu kemur fram nánari sundurliðun á áætluðum tekjuskatti einstaklinga.

	Frumvarp 1991 m.kr.	Hlutfall af tekjum %
Staðgreiðsla, brúttó	**76.550**	**39,8**
Frá dregst persónuafsláttur	-43.850	-22,8
Staðgreiðsla, nettó	**32.700**	**17,0**
Útsvar sveitarfélaga	-13.460	-7,0
Sóknar- og kirkjugarðsgjöld	-1.080	-0,6
Barnabætur	-4.760	-2,5
Vaxtabætur, húsnæðisbætur	-2.350	-1,2
Hlutur ríkisins í staðgreiðslu	**11.050**	**5,7**
Við bætist innheimta af eftirstöðvum fyrri ára	1.150	
Tekjuskattur einstaklinga	**12.200**	


Þessa áætlun ber þó að skoða með nokkrum fyrirvara þar sem nú eru í undirbúningi ýmsar breytingar á tekjuskattslögunum, sem raunar varða bæði einstaklinga og fyrirtæki. Að því er varðar tekjuskatt einstaklinga er verið að skoða ýmsar hugmyndir um hvernig megi jafna skattbyrði enn frekar í gegnum tekjuskattskerfið. Ein þeirra hugmynda er að tengja greiðslu barnabóta í ríkari mæli en nú er við tekjur fjölskyldna. Gengið yrði út frá þeirri meginviðmiðun að barnabætur tekjuhærri fjölskyldna verði skertar en bætur til fjölskyldna með tekjur undir meðallagi hækki að sama skapi. Enn fremur er verið að skoða hvort tengja megi hugsanlegar breytingar á barnabótakerfinu við hugmyndir um greiðslu húsaleigubóta. Stefnt er að því að ljúka þessum athugunum fyrir endanlega gerð fjárlaga og er við það miðað að þær rúmist innan ramma þeirrar tekjuáætlunar sem nú liggur fyrir.

Það sem af er ári hefur staðgreiðslan skilað heldur meiri tekjum en reiknað var með í fjárlögum 1990. Skýringin er meðal annars sú að skattstofninn, þ.e. heildarlaunagreiðslur, hefur hækkað 1½-2% umfram áætlanir. Þá hefur innheimta eftirstöðva einnig orðið meiri. Á grundvelli þess er nú reiknað með 500 m.kr. meiri tekjum af tekjuskatti einstaklinga á þessu ári en gert var ráð fyrir í fjárlagaáætlun.

Spá um hækkun fasteignamats ræður mestu um áætlaðar tekjur af eignarsköttum, en fasteignir eru uppistaða þessa skattstofns. Innheimta á eignarsköttum er talin verða 1.500 m.kr. 1991 og byggist á forsendu um 10% hækkun á fasteignamati íbúðarhúsnæðis milli áranna 1989 og 1990. Eignarskattur einstaklinga er lagður á í tveimur þrepum, þar sem efra þrepið er tengt tekjum skattgreiðenda. Samkvæmt gildandi lögum verður lagður 1,2% almennur eignarskattur á skuldlausa eign einstaklings umfram 3,2 m.kr. á árinu 1991. Eigi einstaklingur skuldlausa eign umfram 8,9 m.kr. leggst að auki 0,75% eignarskattur, eða samtals 1,95%, á umframeignina, ef skattskyldar tekjur hans eru hærri en 150 þús. kr. á mánuði á árinu 1990. Séu tekjurnar aftur á móti undir 75 þús. kr. á mánuði leggst skatturinn eingöngu á samkvæmt lægra þrepi. Milli þessara tekjumarka hækkar skatturinn síðan hlutfallslega.

Gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra hækkar líklega um 10% milli ára og verður að óbreyttu 3.480 kr. á hvern gjaldanda á árinu 1991. Þessi hækkun er í samræmi við ákvæði

laga um að gjaldið hækki í takt við breytingar á byggingarvísitölu milli tveggja næstliðinna ára. Innheimta á eftirstöðvum fyrra árs leiðir hins vegar til þess að tekjur af gjaldinu aukast nokkuð umfram hækkun gjaldsins.



Tekju- og eignarskattar fyrirtækja. Gert er ráð fyrir tæplega 5 milljarða króna tekjum af fyrirtækjasköttum á næsta ári, sem er um 13% hækkun í krónum talið frá þessu ári. Tekjuskattur félaga skýrir meginhluta hækkunarinnar, en búist er við að innheimta hans hækki um 18% milli ára. Rétt er þó að hafa fyrirvara á þessari áætlun, þar sem jafnan ríkir óvissa um tekjur ríkissjóðs af þessum stofni. Bjartari þjóðhagshorfur benda þó til þess að afkoma fyrirtækja hafi heldur vænkast á þessu ári fremur en hitt og er reiknað með að sá bati skili sér í auknum tekjuskatti félaga á árinu 1991.

Álagning tekjuskatts á fyrirtæki varð talsvert hærri á þessu ári en gert hafði verið ráð fyrir í tekjuáætlun fjárlaga 1990, en það skýrist væntanlega af betri afkomu á árinu 1989. Þessi hækkun er talin skila ríkissjóði 700-800 m.kr. viðbótartekjum í ár.


Síðastliðið sumar skipaði fjármálaráðherra nefnd til þess að endurskoða lög um skattlagningu fyrirtækja, meðal annars með tilliti til gildandi reglna í helstu viðskiptalöndum okkar og starfsskilyrða fyrirtækja hér á landi. Gert er ráð fyrir að fyrstu tillögur þessarar nefndar liggi fyrir innan skamms. Meðal þess sem nefndin hefur skoðað eru möguleikar á því að breikka tekjuskattstofninn og einfalda og fækka frádráttarliðum. Á móti kæmi lækkun á skatthlutfallinu, en það er nú 50%. Í þeirri tekjuáætlun, sem hér um ræðir, er gengið út frá því að hugsanlegar breytingar á tekjuskatti fyrirtækja raski ekki áætlaðri innheimtu tekjuskatts á árinu 1991.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Áætlun 1990 m.kr.	Frumvarp 1991 m.kr.	Breyting 1990-1991 %
Tekjuskattur	2.523	2.100	2.850	3.365	18,1
Eignarskattar	1.176	1.375	1.545	1.597	3,4
Samtals	**3.699**	**3.475**	**4.395**	**4.962**	**12,9**
Sem hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs	**4,6**	**3,9**	**4,7**	**5,0**	**0,3**

Verð á atvinnuhúsnæði hefur haldist lágt að undanförnu vegna mikils framboðs á fasteignamarkaði. Sú þróun ræður mestu um að áætlaðar tekjur af eignarsköttum félaga hækka aðeins um 3-4% á næsta ári. Þá hefur innheimta á eignarsköttum félaga verið mun betri á þessu ári en nokkur undangengin ár. Talið er að upptaka virðisaukaskatts um síðustu áramót eigi þar nokkurn hlut að máli, en fyrirtæki í útflutnings- og samkeppnisgreinum fá ekki endurgreiddan virðisaukaskatt af aðföngum nema þau séu skuldlaus við ríkissjóð. Ekki er búist við að þessara áhrifa gæti í jafnríkum mæli á árinu 1991.

Innflutningsgjöld. Hlutur innflutningsgjalda í tekjum ríkissjóðs hefur minnkað verulega á undanförnum árum. Á fyrri helmingi níunda áratugarins skiluðu þau um fimmtungi ríkissjóðstekna en nú er hlutur þeirra aðeins um 8%, sbr. meðfylgjandi línurit.


Hlutur innflutningsgjalda í heildartekjum ríkissjóðs 1980-1991



Stærst var stökkið milli áranna 1987 og 1988. Þá drógust tekjur af innflutningi saman um meira en helming í kjölfar endurskoðunar á tollakerfinu, sem meðal annars fólst í verulegri lækkun tolltaxta. Á sama tíma hefur hlutur sölu- og virðisaukaskatts í heildartekjum vaxið um 7-8% og hlutur beinna skatta nálægt 4%.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Áætlun 1990 m.kr.	Frumvarp 1991 m.kr.	Breyting 1990-1991 %
Tollar	2.615	2.975	3.150	3.405	8,1
Innflutningsgjald af bifreiðum	967	1.020	1.125	1.160	3,1
Jöfnunargjald	833	495	960	700	-27,0
Vörugjald	2.311	1.980	2.180	2.345	7,6
Önnur innflutningsgjöld	669	693	332	307	-7,5
Samtals	**7.395**	**7.163**	**7.747**	**7.917**	**2,2**
Sem hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs	**9,2**	**8,1**	**8,4**	**8,0**	**-0,4**

Áætlað er að heildarinnheimta innflutningsgjalda verði tæpir 8 milljarðar króna á árinu 1991. Miðað við forsendur um óbreytt gengi á næsta ári og að erlendar verðbreytingar verði kringum 5% felst í þessari spá 2½-3% samdráttur frá tekjum þessa árs. Hér skipta mestu minni tekjur af jöfnunargjaldi en stefnt er að lækkun þess í áföngum árið 1991.



Áætlun um innflutningsgjald af bifreiðum byggist á forsendum um innflutning á svipuðum fjölda fólksbíla á árinu 1991 og á þessu ári, eða nálægt 6.000 bílum. Atvinnubílar eru hins vegar undanþegnir þessu gjaldi. Hér gætir tvenns konar áhrifa. Annars vegar er aukin velta vegna vaxandi kaupmáttar. Á móti vegur samdráttur vegna olíuverðshækkunarinnar, bæði í sölu nýrra bíla og eins er reiknað með að einhver tilfærsla muni eiga sér stað yfir í sparneytnari og þar með ódýrari bíla.

Innflutningur bifreiða er einn þeirra óvissuþátta sem oft hafa valdið óvæntum sveiflum í tekjum ríkissjóðs á undanförnum árum. Þá hafa miklar breytingar á bifreiðasköttum einnig átt hér stóran hlut að máli. Sem dæmi má taka árin 1986 og 1987 þegar bifreiðatollar lækkuðu verulega samhliða gífurlegri kaupmáttaraukningu. Þannig voru fluttir inn nálega þrefalt fleiri fólksbílar að jafnaði árin 1986-1988 en á þessu ári. Meðfylgjandi línurit sýnir breytingar á bílainnflutningi frá árinu 1980. Talið er að tekjur af vörugjaldi verði 7-8% hærri á árinu 1991 en í ár, eða rúmlega 2,3 milljarðar króna. Þar af nema tekjur af innlendri framleiðslu nálægt 1.000 m.kr. Helstu gjaldstofnar vörugjalds eru sælgæti, öl og gosdrykkir, sem bera 25% gjald, svo og rafmagnstæki og byggingarvörur ýmiss konar en á þær vörur er lagt 9% vörugjald.

Af öðrum innflutningsgjöldum má nefna að reiknað er með áframhaldandi samdrætti í tekjum af kjarnfóðurgjaldi og minni tekjum af sölu varnarliðseigna á árinu 1991.

Virðisaukaskattur. Um síðustu áramót var tekinn upp virðisaukaskattur hér á landi í stað söluskatts. Það sem af er ári hefur innheimta þessara skatta vikið nokkuð frá áætlun fjárlaga 1990, bæði til hækkunar og lækkunar. Annars vegar hafa tekjur af virðisaukaskatti orðið talsvert meiri en búist var við. Á móti vegur að söluskattstekjur vegna veltu í desember 1989, sem innheimtar voru í febrúar á þessu ári, urðu minni en spáð var.

Viðbótarinnheimta virðisaukaskatts kemur nær eingöngu fram í meiri tekjum af innflutningi. Meiri skil af innflutningi þurfa hins vegar ekki að þýða auknar tekjur, þar sem þessi þáttur er að verulegu leyti innskattur sem kemur til frádráttar útskatti síðar. Með öðrum orðum, aukin innheimta í innflutningi kemur fram í minni tekjum af virðisaukaskatti við endanlegt uppgjör. Þetta kemur raunar glöggt fram í uppgjöri fyrir tímabilið janúar til ágúst. Hér gæti því verið um að ræða tilfærslu innan ársins en ekki hreina viðbót.

Auk þessa er tvennt sem vegur á móti þeim tekjuauka virðisaukaskatts sem fram er kominn á þessu ári. Annað er að niðurfellingu virðisaukaskatts af íslenskum bókum var flýtt fram til 1. september, sem skerða mun tekjur ríkissjóðs um 50-70 m.kr. frá fyrri áætlun. Hitt er að nú hefur verið ákveðið að viðhalda eins mánaðar gjaldfresti í tolli enn um sinn, en áætlað er að sú ráðstöfun kosti ríkissjóð nálægt 400 m.kr. á þessu ári. Þegar allt er meðtalið er gert ráð fyrir að heildarinnheimta söluskatts og virðisaukaskatts verði þó um 600 m.kr. meiri á árinu 1990 en áður var áætlað.

Af einstökum þáttum ræður einkaneysla heimilanna mestu um þróun tekna af virðisaukaskatti. Í þjóðhagsáætlun er því spáð að einkaneysla aukist um 1½% á næsta ári á föstu verðlagi, en almenn verðbreyting er áætluð 7%. Þjóðarútgjöld eru talin aukast heldur minna. Þá hafa aðgerðir stjórnvalda, sem nú þegar eru komnar til framkvæmda, talsverð áhrif á áætlaðar tekjur af virðisaukaskatti árið 1991. Þar vegur þyngst niðurfelling virðisaukaskatts af íslenskum bókum og viðhaldsvinnu íbúðarhúsnæðis, en þær aðgerðir eru taldar rýra tekjur ríkissjóðs um 800 m.kr. Lægra skatthlutfall virðisaukaskatts en söluskatts og minni innheimta eftirstöðva mun einnig rýra tekjurnar í einhverjum mæli. Á grundvelli þessara forsendna er því spáð að tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti verði 40,5 milljarðar króna á árinu 1991.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Áætlun 1990 m.kr.	Frumvarp 1991 m.kr.	Breyting 1990-1991 %
Virðisaukaskattur/söluskattur	34.179	37.750	38.350	40.500	5,6
Sem hlutfall af tekjum ríkissjóðs	**42,7**	**42,4**	**41,4**	**40,7**	**-0,7**

Þegar haft er í huga að einn og sami skattur, þ.e. virðisaukaskatturinn, stendur undir allt að helmingi allra skatttekna ríkissjóðs er ljóst að jafnvel minni háttar breytingar á greiðsluflæði jafnt innskatts sem útskatts og innheimtu virðisaukaskatts í tolli geta leitt til verulegrar röskunar á tekjum og þar með afkomu ríkissjóðs. Í raun má segja að innheimtuferill virðisaukaskatts sé enn óþekkt stærð enda skammur tími liðinn frá upptöku hans. Þetta skapar óhjákvæmilega nokkra óvissu við gerð tekjuáætlunar nú og ber að skoða tölurnar fyrir árin 1990 og 1991 með þessum fyrirvara.

Hagnaður ÁTVR. Reiknað er með að ÁTVR skili ríkissjóði 6.400 m.kr. af rekstrarhagnaði sínum á árinu 1991. Þá er miðað við að verð á áfengi og tóbaki hækki í takt við almennar kostnaðarbreytingar og að neysla aukist lítillega milli ára samhliða auknum kaupmætti.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Áætlun 1990 m.kr.	Frumvarp 1991 m.kr.	Breyting 1990-1991 %
Hagnaður af sölu áfengi og tóbaks	5.370	6.020	5.920	6.400	8,1
Sem hlutfall af tekjum ríkissjóðs	**6,7**	**6,8**	**6,4**	**6,4**	**-**

Rétt er þó að hafa í huga að umtalsverður samdráttur hefur verið í tóbaksneyslu tvö undangengin ár og ýmislegt sem bendir til að þeirrar þróunar muni gæta enn á næsta ári. Þetta leiðir meðal annars til þess að hagnaður ÁTVR verður 100 m.kr. minni á þessu ári en búist var við. Áætlanir um neyslu á áfengi, þ.m.t. bjór, hafa aftur á móti gengið eftir.

Launa- og tryggingaiðgjöld. Einn þeirra þátta, sem fyrrgreind fyrirtækjaskattanefnd hefur verið að skoða, er samræming og einföldun í álagningu launatengdra gjalda. Þar er meðal annars horft til þeirrar þróunar sem er í öðrum löndum í átt til aukinnar samræmingar í álagningu gjalda milli einstakra atvinnugreina. Nú eru lögð á að minnsta kosti fimm mismunandi launatengd gjöld og er skattstofninn í flestum tilvikum svipaður. Fjögur þessara gjalda eru lögð á eftir á, þ.e. taka mið af launagreiðslum liðins árs. Þau eru lífeyristryggingagjald, slysatryggingagjald, iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs og vinnueftirlitsgjald. Síðast talda gjaldið hefur verið bókfært sem sértekjur Vinnueftirlits ríkisins. Þessi gjöld eru í eðli sínu tryggingaiðgjöld. Þá er innheimtur mánaðarlega 3½% launaskattur sem tekur mið af launagreiðslum líðandi árs. Landbúnaður, sjávarútvegur og iðngreinar eru hins vegar undanþegnar greiðslu launaskatts.

Það er ljóst að sú mismunun í skattlagningu einstakra atvinnugreina sem hér hefur

tíðkast er ekki í samræmi við þá stefnu sem mörkuð er víða erlendis á þessu sviði. Ennfremur er núverandi fyrirkomulag afar óhentugt og þungt í vöfum, bæði fyrir skattgreiðendur og skattyfirvöld. Meðal annars af þeirri ástæðu er stefnt að því fyrir endanlega afgreiðslu fjárlaga 1991 að fella í eitt gjald, tryggingaiðgjald, þau fimm, sem að ofan eru nefnd, ásamt því að innheimta þau samhliða tekjuskatti í staðgreiðslu. Þetta fyrirkomulag hefði tvímælalaust mikið hagræði í för með sér fyrir alla aðila, jafnframt því sem ætla má að innheimtan batni.

Fyrst í stað verður tryggingaiðgjaldið þó lagt á í tveimur þrepum, 3% og 6%, en stefnt er að samræmingu í gjaldtöku milli félagaforma og atvinnugreina í áföngum og að fyrsti áfangi komi til framkvæmda 1991.

Samkvæmt þessari kerfisbreytingu er miðað við að 3% tryggingaiðgjald verði lagt á þær atvinnugreinar sem til þessa hafa verið undanþegnar launaskatti en 6% gjald á aðrar greinar. Í þessu felst um ½% hækkun á meðalgjaldi allra atvinnugreina. Þessi hækkun stafar að verulegu leyti af hærra gjaldhlutfalli einstaklinga í atvinnurekstri þar sem reiknuð laun eiganda eru nú undanþegin 2% lífeyristryggingagjaldi. Meðalgjald hlutafélaga hækkar minna. Áætlað er að þessar breytingar skili ríkissjóði um 800 m.kr. í auknum tekjum á árinu 1991. Þessar breytingar verða kynntar nánar í sérstöku frumvarpi þegar tillögur nefndarinnar liggja fyrir.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Áætlun 1990 m.kr.	Frumvarp 1991 m.kr.	Breyting 1990-1991 %
Launaskattur	3.238	3.730	3.980	-	-
Lífeyristryggingagjald	2.014	2.400	2.595	-	-
Slysatryggingagjald	316	357	450	-	-
Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs	252	313	255	-	-
Tryggingaiðgjald	-	-	-	9.130	-
Samtals	**5.820**	**6.800**	**7.280**	**9.130**	**25,4**
Sem hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs	**7,3**	**7,6**	**7,9**	**9,2**	**1,3**
Vinnueftirlitsgjald	85	95	95	-	-

Í áætlun um tekjur af hinu nýja tryggingaiðgjaldi fyrir árið 1991 er auk fyrrgreindrar breytingar gert ráð fyrir sérstöku álagi á iðgjaldsstofninn. Þetta atriði er tengt þeim breytingum sem kunna að verða í skattlagningu ríkis og sveitarfélaga með aukinni samræmingu skattkerfisins við alþjóðlega þróun. Enn fremur er álagið hugsað til að mæta auknum kostnaði ríkisins vegna ýmiss konar þjónustu við sveitarfélög, sérstaklega hin stærri, á síðari árum. Hins vegar kemur til greina að í stað álagsins komi aukin þátttaka sveitarfélaga í þessum kostnaði. Miðað er við að álagið skili 800 m.kr. á næsta ári.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs af hinu nýja tryggingaiðgjaldi eru áætlaðar 9,1 milljarður króna árið 1991, þar af eru 800 m.kr. vegna sérstaka álagsins. Vægi launa- og tryggingaiðgjalda í heildartekjum ríkissjóðs eykst um 1½% milli ára, úr 7,8% í 9,2%. Til samanburðar má nefna að tryggingaiðgjöld eru afar veigamikill þáttur í tekjuöflun hins opinbera í helstu viðskiptalöndum okkar sem liður í fjármögnun tryggingakerfsins. Þannig lætur nærri að rekja megi um fjórðung allra skatttekna hins opinbera í aðildarríkjum OECD til þessa eina þáttar.

Bifreiðagjöld. Bensíngjald og þungaskattur eru tekjustofnar sem markaðir eru vegagerð samkvæmt lögum og er heimilt að hækka þessar gjaldskrár í takt við breytingar á byggingarvísitölu. Í þjóðhagsáætlun 1991 er því spáð að byggingarvísitalan hækki um 6½% á næsta ári. Sé miðað við að bensíngjald og þungaskattur hækki í takt við þá spá verða áætlaðar tekjur til vegagerðar tæplega 4.700 m.kr. árið 1991. Sé aftur á móti miðað við forsendur vegáætlunar, sem samþykkt var á Alþingi árið 1988, ættu þessir tekjustofnar að skila tæpum 5.400 m.kr. á árinu 1991. Í þeirri áætlun er gengið út frá því að þær heimildarhækkanir á bensíni og þungaskatti sem nú eru fyrir hendi verði nýttar að fullu. Í þeirri forsendu felst allt að 20% hækkun þessara gjaldstofna umfram almennt verðlag á næsta ári, eða um tæplega 30%. Í fjárlagafrumvarpi 1991 er hins vegar farið bil beggja og miðað við að tekjur af bensíngjaldi og þungaskatti verði 5.020 m.kr. Það þýðir, að þessi gjöld verða að hækka um 9-10% umfram almenna verðlagsþróun á árinu 1991. Rétt er að vekja á því athygli að í öllum tilvikum er reiknað með að bensíngjaldið hækki um 6% í október 1990 í samræmi við forsendur fjárlaga.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Áætlun 1990 m.kr.	Frumvarp 1991 m.kr.	Breyting 1990-1991 %
Bensíngjald	2.945	3.185	3.125	3.570	14,2
Þungaskattur, km-gjald	854	915	1.045	1.105	5,7
Þungaskattur, árgjald	278	285	305	345	13,1
Markaðar tekjur til vegagerðar	**4.077**	**4.385**	**4.475**	**5.020**	**12,2**
Bifreiðagjald	655	1.000	950	1.010	6,3
Samtals	**4.732**	**5.385**	**5.425**	**6.030**	**11,2**
Sem hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs	**5,9**	**6,1**	**5,9**	**6,1**	**0,2**

Í byrjun þessa árs var gripið til sérstaks átaks í innheimtu á þungaskatti sem skilar ríkinu 130-150 m.kr. í viðbótartekjum á árinu. Þetta skýrir minni hækkun á innheimtu þungaskatts milli 1990 og 1991 en af bensíngjaldi.

Gert er ráð fyrir að innheimta bifreiðagjalds verði kringum 1.000 m.kr. á árinu 1991 á þeirri forsendu að gjaldið hækki til samræmis við almennar verðlagsbreytingar. Samanlagt munu bifreiðagjöldin því skila ríkissjóði nálægt 6 milljörðum króna á árinu 1991, eða sem svarar til rúmlega 6% af heildartekjum. Þetta er um 11% hækkun frá þessu ári. Skattar af rekstri bifreiða munu því hækka að raungildi milli 1990 og 1991.

Aðrir skattar. Reiknað er með að aðrir skattar skili 150 m.kr. minni tekjum á næsta ári en í ár, eða tæpum 4 milljörðum króna. Þá lækkun má alfarið rekja til breyttrar færslu á ICAO-tekjum, en þær verða framvegis færðar sem sértekjur í B-hluta. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að ýmis þjónustu- og afgreiðslugjöld hækki í takt við almennar verðlagsbreytingar á árinu 1991.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Áætlun 1990 m.kr.	Frumvarp 1991 m.kr.	Breyting 1990-1991 %
Skattar af erlendum gjaldeyri	831	540	575	589	2,4
Þinglýsingar, stimpilgjald	1.756	1.983	2.135	2.320	8,7
Aðrir skattar	1.156	1.400	1.390	1.042	-25,0
Samtals	**3.743**	**3.923**	**4.100**	**3.951**	**-3,6**
Sem hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs	**4,7**	**4,4**	**4,4**	**4,0**	**-0,4**

Aðrar tekjur. Talið er að vaxtatekjur verði talsvert minni á árinu 1991 en í ár. Meginskýringar eru tvær. Á þessu ári, líkt og á árinu 1989, eru tekjur ríkissjóðs af dráttarvöxtum óvenjumiklar vegna mikillar innheimtu eldri skulda, sem meðal annars má rekja til upptöku virðisaukaskatts um síðustu áramót, auk þess sem innheimta ógreiddra skulda hefur verið hert til muna. Þó svo að haldið verði áfram á sömu braut er ekki að vænta sama tekjuauka af þessum ástæðum á næsta ári og í ár. Þá hafa dráttarvextir farið lækkandi á þessu ári og mun sú þróun vafalítið halda áfram gangi þær verðlagsforsendur eftir sem frumvarpið byggist á.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Áætlun 1990 m.kr.	Frumvarp 1991 m.kr.	Breyting 1990-1991 %
Vaxtatekjur	4.261	3.670	4.070	3.710	-8,8
Arðgreiðslur og aðrar tekjur	1.250	2.208	2.238	2.593	15,9
Samtals	**5.511**	**5.878**	**6.308**	**6.303**	**-0,1**
Sem hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs	**6,9**	**6,6**	**6,8**	**6,3**	**-0,5**

Tekjur ríkissjóðs af arðgreiðslum eru áætlaðar um 2.600 m.kr. árið 1991, eða heldur meiri en í ár. Sú hækkun skýrist nær alfarið af hærri arðgreiðslu frá Seðlabanka Íslands, en búist er við að hann skili 750 m.kr. í ríkissjóð á næsta ári samanborið við tæpar 500 m.kr. í ár. Gert er ráð fyrir að arðgreiðslur Íslenskra aðalverktaka verði 450 m.kr. 1991, en það er sama fjárhæð og þeir greiða á þessu ári. Í þessum áætlunum er reiknað með að þær breytingar sem gerðar voru á eignarhaldi fyrirtækisins síðastliðið sumar skili ríkissjóði 400 m.kr. og er þeirri fjárhæð skipt jafnt á árin. Þá er reiknað með 550 m.kr. arðgreiðslu frá Pósti og síma á næsta ári samanborið við 500 m.kr. á þessu ári.


5 Gjöld

Í þessum kafla er fjallað um áætluð útgjöld A-hluta ríkissjóðs 1991. Fyrst verður fjallað um heildarútgjöld og hagræna skiptingu þeirra og því næst um fjárveitingar til einstaka ráðuneyta, málaflokka og stofnana.

5.1 Heildaryfirlit útgjalda

Heildarútgjöld ríkissjóðs 1991 eru áætluð 103,2 milljarðar króna. Er sú fjárhæð um 5,7 milljörðum króna hærri en útlit er fyrir að verði niðurstaða gjalda á yfirstandandi ári. Hækkun milli ára er tæp 6% eða ívið minna en nemur almennum forsendum um verðlagsbreytingu milli áranna 1990 og 1991. Á eftirfarandi töfluyfirliti eru útgjöld sýnd bæði samkvæmt samþykktum fjárlögum ársins 1990 og samkvæmt mati á útgjaldahorfum á árinu. Yfirlitið er því upplýsandi um breytingu á veigamestu útgjaldaliðum á árinu 1990 og um breytingar frá horfum þessa árs til áætlunar fyrir næsta ár. Jafnframt sést af meðfylgjandi línuriti hvernig útgjaldaskiptingin hefur breyst frá árinu 1987. Meginbreytingin er sú að vægi tryggingagreiðslna hefur aukist en hlutur samneysluútgjalda, þ.e. rekstrarkostnaðar, að sama skapi minnkað.

Hagræn skipting ríkisútgjalda 1987 og 1991




	Reikningur 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr	Áætlun 1990 m.kr.	Frumvarp 1991 m.kr.	Breyting frá áætlun %
1. Rekstrarkostnaður	**32.525**	**35.774**	**37.465**	**40.401**	**7,8**
Laun	25.100	27.492	28.745	31.663	
Önnur gjöld	10.925	12.679	12.970	13.909	
Sértekjur	-3.500	-4.397	-4.250	-5.171	
2. Tryggingagreiðslur, niðurgreiðslur, framlög	**33.599**	**37.956**	**39.800**	**41.490**	**4,2**
Lífeyristryggingar	10.760	12.459	12.560	13.780	
Sjúkratryggingar	7.626	8.931	9.950	10.060	
Slysatryggingar	318	390	390	426	
Atvinnuleysistryggingasjóður	207	1.027	1.027	1.280	
Ríkisábyrgð á launum	216	267	277	262	
Uppbætur á lífeyri	1.104	536	670	788	
Lífeyrissjóður bænda	337	359	359	345	
Niðurgreiðsla á vöruverði	4.227	5.053	5.053	4.995	
Niðurgreiðsla á rafmagni	227	246	246	262	
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	490	592	592	651	
Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	1.127	752	820	1.427	
Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði	463	498	498	507	
Endurgreiðsla til atvinnuvega	2.066	-	200	-	
Sauðfjárveikivarnir	423	298	298	314	
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.798	2.171	2.171	1.930	
Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	-	1.207	1.220	1.304	
Annað	2.210	3.170	3.469	3.159	
3. Vaxtagreiðslur	**8.548**	**9.125**	**8.800**	**9.400**	**6,8**
4. Viðhald	**1.782**	**2.157**	**2.320**	**2.517**	**8,5**
Vegagerð ríkisins	1.385	1.702	1.840	1.980	
Annað	397	455	480	537	
5. Fjárfesting alls	**9.602**	**8.467**	**9.150**	**9.405**	**2,8**
Stofnkostnaður	5.252	4.535	5.050	5.653	
Vegagerð ríkisins	1.795	2.086	2.160	2.700	
Flugvellir	272	319	319	333	
Endurbætur menningarbygginga	-	20	325	335	
Sjúkrahús í Reykjavík	351	250	250	249	
Framkvæmdasjóður fatlaðra	175	197	197	225	
Annað	2.659	1.663	1.799	1.811	
Fjárfestingarframlög	4.350	3.932	4.100	3.752	
Vegagerð ríkisins	330	374	374	425	
Hafnamál	536	530	600	474	
Byggðastofnun	275	196	220	250	
Byggingarsjóðir	1.150	532	537	700	
Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina	500	343	343	-	
Framkvæmdasjóður aldraðra	160	193	193	240	
Sjúkrahús og læknisbústaðir	223	234	245	232	
Annað	1.176	1.530	1.588	1.431	
Samtals	**86.056**	**93.479**	**97.535**	**103.213**	**5,8**

Rekstrarútgjöld A-hluta ríkissjóðs eru talin hækka um sem næst 3 milljörðum króna eða um tæplega 8% frá áætlun fyrir 1990. Launagjöld nema alls 31,7 milljörðum króna og hækka um 10% frá því sem talið er verða í ár. Launagjöldin eru um 70% rekstrarútgjalda ríkisstofnana og því skiptir starfsmannahald, kjarasamningar og eftirlit með launagjöldum mjög miklu um stjórn á útgjöldunum. Í launagjöldum 1991 felst nokkur raunaukning og er skýring á henni fyrst og fremst aukinn launakostnaður hjá stofnunum menntamála, fatlaðra og í heilsugæslu. Með breytingu á lögum um grunnskóla, sem samþykkt voru á síðast liðnu þingi, hefst skyldunám barna nú við 6 ára aldur og lengist það þar með um eitt ár. Þá hefur ný reglugerð um sérkennslu í för með sér nokkurn kostnaðarauka og ný lög um framhaldsskóla veita öllum þeim sem ljúka grunnskóla rétt til framhaldsnáms. Aukinn launakostnaður hjá stofnunum fatlaðra er fyrst og fremst vegna eflingar á starfsemi sem hófst á þessu ári en kemur með fullum þunga til gjalda árið 1991, auk þess sem áætlað er fyrir launum starfsmanna á þrem nýjum stofnunum sem taka munu til starfa á næsta ári. Þá er þess að geta að launaútgjöld heilsugæslustöðva og héraðslæknisembætta hækka nokkuð og ræður þar mestu breytt verkaskipting ríkis og sveitarfélaga. Að frátöldum þeim launahækkunum sem hér eru raktar, en þær jafngilda um 700 m.kr., hækka launagjöld ríkisins fyrst og fremst vegna almenna launahækkana samkvæmt kjarasamningum frá því í febrúar 1990. Hvað snertir launahækkun á árinu 1991 þá miðast hún við umsamdar hækkanir samkvæmt gildandi kjarasamningum.

Önnur rekstrargjöld ráðuneyta og stofnana nema 13,8 milljörðum króna og hækka um rúm 7%. Er það í hátt við almennar verðlagsbreytingar. Breytingar koma fram á ýmsum liðum en þær eru ekki raktar hér.

Rekstrarkostnaður ríkissjóðs 1991
Hlutfallsleg skipting



Sértekjur stofnana ríkisins hækka alls um 920 m.kr. eða 22% frá því sem talið er verða í ár. Á undanförnum árum hafa stofnanir verið hvattar til þess að afla aukinna sértekna til þess að standa undir hlutaðeigandi starfsemi. Nú er stigið nýtt skref í þessa átt þar sem áformað er að leggja á þjónustugjald hafna og eru tekjur af því áætlaðar 560 m.kr. Þessum tekjum er ætlað að standa undir kostnaði við rekstur og framkvæmdir við hafnir og vita. Einnig færast nú sem sértekjur kaup Alþjóðaflugþjónustunnar á þjónustu frá Flugmálastjórn og Veðurstofu Íslands, alls um 234 m.kr., en áður hafa þær tekjur bókast sem ríkissjóðstekjur. Að þessum liðum frátöldum nema sértekjur alls 4.377 m.kr.

Á meðfylgjandi mynd er sýnd hlutfallsleg skipting rekstrarútgjalda eftir málefnaflokkum. Þar kemur meðal annars fram, að tveir þriðju hlutar þeirra fara til reksturs skóla og sjúkrahúsa.

Tryggingagreiðslur, niðurgreiðslur og framlög taka misjöfnum breytingum eins og taflan ber með sér. Þessi þáttur ríkisútgjalda, um 40% heildarútgjalda ríkissjóðs, eru beinar greiðslur til atvinnuvega, sveitarfélaga og einstaklinga. Þessi útgjaldaflokkur hækkar um 4½% frá því sem talið er verða í ár. Ýmsir þættir eru hér til skýringar.

Á vegum heilbrigðisráðherra er verið að endurskoða lög um almannatryggingar og móta tillögur um með hvaða hætti sé unnt að draga úr kostnaði ríkisins við útgjöld almannatrygginga, einkum lyfjakaup. Þetta skýrir fyrst og fremst litla hækkun á framlögum til sjúkratrygginga.

Liðir sem taka nafnverðum breytingum til hækkunar eru Atvinnuleysistryggingasjóður, en framlag til sjóðsins hækkar um 250 m.kr., uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir hækka um 550 m.kr. og uppbætur á lífeyri félaga í Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna hækka um nálægt 120 m.kr. Nokkrir liðir skera sig úr vegna lægri framlaga í frumvarpinu fyrir 1991 heldur en verður í ár. Þannig lækka framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna um 240 m.kr. og endurgreiðsla uppsafnaðs söluskatts til útflutningsgreina verður engin 1991, enda eru áhrif breyttra skattareglna þá framkomin að fullu.

Vextir af lánum ríkissjóðs hækka milli ára um 600 m.kr. eða um 7%. Vaxtagreiðslur eru mjög sveiflukenndar og háðar gengi, vaxtastigi á innlendum og erlendum lánamörkuðum og hvernig spariskírteini koma til innlausnar. Þá ráðast vaxtagreiðslur einnig af því hvort ríkissjóður mætir nauðsynlegri fjárþörf með skammtímalánum, svo sem ríkisvíxlum eða verðbréfum til lengri tíma.

Viðhald hækkar um 8½% frá því sem talið er verða á þessu ári sem er lítilsháttar raunaukning. Í þeim samanburði er meðtalin sérstök hækkun á útgjöldum vegna vetrarviðhalds vega í frumvarpi til fjáraukalaga 1990. Að henni frátalinni er hækkun milli ára 13,6% sem að stærstum hluta tengist Vegagerðinni.

Fjárfesting alls hækkar um tæp 3% og er það þriðja árið í röð sem framlag ríkisins til fjárfestingar lækkar að raungildi. Eins og vænta má breytast einstakir liðir misjafnlega milli ára. Þannig verður um 13% hækkun á framkvæmdafé Vegagerðarinnar að hluta til vegna ályktunar Alþingis frá því í vor um jarðgangagerð á Vestfjörðum, en til þess verks eru áætlaðar 350 m.kr. Framlög til annarra framkvæmdaflokka haldast ýmist óbreytt í krónum talið eða breytingar eru ekki umtalsverðar. Tilfærslur framkvæmdafjár eru í heild ívið lægri í krónum talið en áætlað er að verði 1990. Framlög til byggingarsjóðanna, þar með talin framlög til framkvæmdasjóða fatlaðra og aldraðra, hækka um 230 m.kr. en á móti má benda á að framlag til Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina fellur niður en það var 350 m.kr. í fjárlögum 1990.

5.2 Ráðuneyti, málefnaflokkar og einstakar stofnanir

Í þessum hluta greinargerðarinnar eru skýrðar helstu breytingar á útgjöldum til einstakra ráðuneyta, málaflokka og stofnana. Í umfjölluninni er aukin áhersla lögð á skýringar er taka til heildstæðra málaflokka en minna lagt upp úr frásögn af breytingum á rekstrar- og framkvæmdaliðum einstakra stofnana. Þessari breyttu framsetningu er ætlað að auðvelda yfirsýn um framlög til veigamikilla útgjaldaflokka og er í anda þeirra vinnubragða sem viðhöfð voru við undirbúning frumvarpsins, þ.e.a.s. að ráðuneytin tóku verulegan þátt í því að deila framlögum á einstaka fjárlagaliði og leggja til efni í athugasemdir um þá.

Í annan stað er þess að geta að þegar fjallað var um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1990 í fjárveitinganefnd Alþingis var á það bent að samanburður við reikningstölur liðins árs væri þarfur. Úr þessu er nú bætt.

Í þriðja lagi þarf að taka fram að þegar vitnað er til fjárlaga 1990 í þessu frumvarpi er átt við fjárlög með áorðnum breytingum samkvæmt fjáraukalögum sem sett voru á s.l. vori í tengslum við kjarasamningana og formlegum breytingum sem samþykktar eru af fjárveitinganefnd. Fjárheimildir einstakra stofnana eru því færðar í samræmi við þá ákvörðun Alþingis að heimila fjármálaráðherra í samráði við fjárveitinganefnd að lækka ríkisútgjöld um sem nemur 300 m.kr., sbr. 6. gr. fjárlaga. Þessari lækkun var ekki skipt niður á einstaka stofnanir eða fjárlagaliði í fjárlögum heldur var fjárlagaliðurinn *09-989 Launa- og verðlagsmál* lækkaður um ofannefnda fjárhæð. Snemma árs 1990 lagði fjármálaráðherra tillögu fyrir fjárveitinganefnd um lækkun ýmissa útgjaldaliða um allt að 300 m.kr. Til þessa hefur afgreiðsla nefndarinnar leitt til að útgjöld ráðuneyta og stofnana hafa verið lækkuð um 160 m.kr. Aðrar formlegar breytingar á útgjaldaheimildum hafa ekki verið gerðar. Í umfjöllun hér á eftir er þar af leiðandi ekki tekið tillit til þeirra útgjaldabreytinga sem fram munu koma í fjáraukalagafrumvarpi fyrir 1990, sem lagt verður fyrir á Alþingi innan skamms.

Í fjórða lagi verða ýmsar ríkisstofnanir, sem færðar hafa verið sem viðfangsefni, nú skráðar á sér fjárlagalið. Er þetta liður í samræmingu á fjárlögum og ríkisreikningi. Í þessu sambandi er tekið tillit til ábyrgðar starfsmanna í rekstri og fyrirkomulagi greiðslueftirlits. Hér ber að nefna heilsugæslustöðvar, fræðsluskrifstofur, einstaka stofnanir fatlaðra og skóla heilbrigðisstétta.

Loks er þess að geta að líkt og í fjárlögum 1990 eru tölur um laun, rekstrarútgjöld og sértekjur fyrir 1991 hjá einstökum stofnunum á verðlagi í janúar 1991. Framlög til annarra þátta eru á meðalverðlagi 1991. Í textanum hér á eftir er almennt fjallað um fjárhæðir í milljónum króna í stað þúsunda eins og gert hefur verið fram til þessa.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Útgjöld æðstu stjórnar ríkisins breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Embætti forseta Íslands	35.800	42.857	42.650	.	19
Alþingi og stofnanir þess	627.200	690.292	736.440	7	17
Ríkisstjórn og Hæstiréttur	101.700	83.835	90.100	7	-11
Annað	60.100	141.250	18.580	-87	-69
Samtals	**824.800**	**958.234**	**887.770**	**-7**	**8**
Rekstrarkostnaður	716.500	789.266	828.130	5	16
Neyslu- og rekstrartilfærslur	18.000	24.118	26.740	11	49
Stofnkostnaður og viðhald	90.300	144.850	32.900	-77	-64
Samtals	**824.800**	**958.234**	**887.770**	**-7**	**8**

Heildarframlag til æðstu stjórnar ríkisins er áætlað 887,8 m.kr. sem er 7% lækkun samanborið við gildandi fjárlög en 8% hækkun ef miðað er við reikning 1989. Lækkun frá fjárlögum 1990 skýrist af því að framlag til *Bessastaða* færist á fjárlagalið *02-978 Endurbótasjóður menningarstofnana*. Gert er ráð fyrir að starfsemi stofnana og embætta sem falla undir æðstu stjórn ríkisins verði með hefðbundnum hætti á næsta ári.

Hér á eftir verður fjallað um málefnaflokka æðstu stjórnar ríkisins og um einstaka fjárlagaliði þar sem tilefni er til.

Embætti forseta Íslands

Rekstrarútgjöld embættis forseta Íslands eru áætluð 42,7 m.kr. Í fjárlögum 1990 eru áætluð bifreiðakaup embættisins færð undir rekstrargjöld. Að þeim frátöldum hækkar rekstrarframlag til embættisins um 9% frá gildandi fjárlögum. Hækkun verður á viðfangsefninu *1.50 Fálkaorðan* en fyrir kostnaði við smíði orðunnar vegna opinberra heimsókna var áður áætlað á fjárlagalið *520 Opinberar heimsóknir*.

Alþingi og stofnanir þess

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201 Alþingi; 610 Umboðsmaður Alþingis og 620 Ríkisendurskoðun. Rekstrarútgjöld eru áætluð 703,5 m.kr. á næsta ári samanborið við 668,4 m.kr. í gildandi fjárlögum. Með framlagi til stofnkostnaðar er m.a. tekið mið af framkvæmdaáætlun um að endurbyggja tölvuþjónustu Alþingis og fyrirhugaða flutninga Ríkisendurskoðunar að Skúlagötu 57.

Helstu efnislegu breytingar hjá einstökum stofnunum eru eftirfarandi:

201 Alþingi. Heildarframlag er áætlað 587,2 m.kr. samanborið við 565,4 m.kr. í gildandi fjárlögum og 509,3 m.kr. í reikningi 1989. Þar af er framlag til viðhalds fasteigna Alþingis áætlað 10 m.kr. og til uppbyggingar á tölvuþjónustu þingsins er varið 15 m.kr. Rekstrarútgjöld *Alþingis* eru áætluð 562,2 m.kr. á næsta ári. Ef frá er talin fjárveiting í fjárlögum 1990 vegna fundar Norðurlandaráðs hér á landi hækkar rekstrarframlag til

Alþingis um tæp 4% að raungildi. Um helming þeirrar hækkunar má skýra með 9 m.kr. tímabundinni fjárveitingu eða sem svarar launum fjögurra alþingismanna, til að standa undir hugsanlegum biðlaunum í kjölfar alþingiskosninga. Rekstrarviðfangsefnum Alþingis hefur verið fækkað úr sextán í sjö og er það gert til samræmis við bókhald Alþingis. Á viðfangsefnalið *1.01 Alþingiskostnaður* er nú áætlað fyrir þingfararkaupi, starfskostnaði, launum yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka og uppbótum á lífeyri starfsmanna stjórnmálaflokka. Á viðfangsefnalið *1.02 Aðalskrifstofa* er áætlað fyrir rekstri aðalskrifstofu, alþjóðlegum heimsóknum, sem ekki falla undir önnur viðfangsefni, og óskiptum kostnaði. Á viðfangsefni *1.03 Þingmálaskrifstofa* er gert ráð fyrir kostnaði vegna yfirstjórnar og skjaladeildar, nefndadeildar og útgáfudeildar. Á viðfangsefni *1.04 Rekstrarskrifstofa* er áætlað fyrir fjármáladeild, tölvudeild, bókasafni, þjónustudeild og rekstri húseigna. Viðfangsefnið *1.05 Alþjóðasamstarf þingmanna* er vegna Þingmannasamtaka Norður-Atlantshafsbandalagsins, Þingmannasamtaka Evrópuráðsins, Þingmannanefndar EFTA, Alþjóðaþingmannaráðsins, Vestnorræna þingmannaráðsins og þátttöku þingmanna í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Viðfangsefnin *1.06 Norðurlandaráð* og *1.07 Hús Jóns Sigurðssonar* eru óbreytt frá því sem verið hefur að öðru leyti en því að þau hafa fengið ný viðfangsefnisnúmer.

620 Ríkisendurskoðun. Áætluð rekstrarútgjöld Ríkisendurskoðunar nema 125,6 m.kr. og hækka um 11% frá fjárlögum 1990. Hækkun umfram verðlagsforsendur er að stærstum hluta vegna aukinna launagjalda. Þá er 7 m.kr. framlag til húsbúnaðarkaupa vegna fyrirhugaðra flutninga Ríkisendurskoðunar að Skúlagötu 57.

Ríkisstjórn og Hæstiréttur

Heildarútgjöld til þessa málefnaflokks eru áætluð 90,1 m.kr. og er þá miðað við óbreytt umfang á næsta ári. Lækkun frá reikningi 1989 skýrist einkum af útgjöldum sem tengdust heimsókn páfans á því ári. Rekstrarframlag *ríkisstjórnar* er áætlað 63,4 m.kr. Eftir sem áður er gert ráð fyrir launum ellefu ráðherra og ellefu aðstoðarmanna. Framlag til *Hæstaréttar* er áætlað 26,7 m.kr. samanborið við 23,7 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs.

Annað

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 510 Bessastaðir og 520 Opinberar heimsóknir. Undir þessum málefnaflokki er nú aðeins áætlað fyrir framlagi til *opinberra heimsókna*. Framlagið, 18,6 m.kr., lækkar að raungildi miðað við gildandi fjárlög. Lækkunin skýrist af áðurnefndum tilflutningi á fjárveitingu yfir á viðfangsefnið *1.50 Fálkaorðan* undir fjárlagalið embættis forseta Íslands.

Framkvæmdir við embættisbústað forseta Íslands að Bessastöðum eru fjármagnaðar af fé sem ætlað er til endurbóta á menningarmannvirkjum, sbr. lög nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga. Á fjárlagalið *02-978 Endurbótasjóður menningarstofnana* er fjárveiting að upphæð 150 m.kr. sem ætluð er til framkvæmda að Bessastöðum og við Þjóðarbókhlöðu. Gert er ráð fyrir að Alþingi ákvarði skiptingu fjárhæðarinnar við afgreiðslu fjárlaga 1991.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld forsætisráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	64.000	69.980	71.500	2	12
Annað	833.000	593.288	312.350	-47	-63
Samtals	**897.000**	**663.268**	**383.850**	**-42**	**-57**
Rekstrarkostnaður	106.600	103.727	107.500	4	1
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2.400	6.821	7.150	5	198
Stofnkostnaður og viðhald	788.000	552.720	269.200	-51	-66
Samtals	**897.000**	**663.268**	**383.850**	**-42**	**-57**

Heildarútgjöld ráðuneytisins eru áætluð 383,9 m.kr. sem er 42% lækkun ef miðað er við gildandi fjárlög en 57% ef miðað er við reikning 1989. Framlag til *Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina* fellur niður á næsta ári og skýrir það þá lækkun sem verður milli fjárlaga og frumvarps og 500 m.kr. af þeirri lækkun sem verður milli reiknings 1989 og frumvarps. Enn meiri lækkun frá reikningi skýrist af framlagi í Hlutafjársjóð Byggðastofnunar á árinu 1989 sem hvorki kemur til 1990 né 1991. Hér á eftir verður fjallað um málefnaflokka ráðuneytisins og um einstaka fjárlagaliði þar sem tilefni er til.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks telst aðalskrifstofa ráðuneytisins. Heildarframlag til *aðalskrifstofu* er áætlað 71,5 m.kr. Til rekstrar eru áætlaðar 63,9 m.kr. samanborið við 65,3 m.kr. í gildandi fjárlögum og 59,7 m.kr. í reikningi 1989. Fjárveiting til *atvinnumálanefndar* og *framtíðarkönnunar* fellur niður á næsta ári og skýrir það lækkun á framlagi miðað við fjárlög 1990. Launagjöld á *yfirstjórn* verða 19,5 m.kr. og hækka um 13% frá gildandi fjárlögum. Hækkun umfram verðlagsforsendur skýrast m.a. af aukinni yfirvinnu. Framlag til *öryggismálanefndar* hækkar um 21% frá fjárlögum 1990 og verður 8,1 m.kr. Hækkunin skýrist að mestu leyti af hækkun annarra gjalda vegna vinnu við gerð tölvutækrar atriðaskrár yfir umræður og tillögur um utanríkismál á Alþingi. Þá eru veittar 7,6 m.kr. til viðhaldsverkefna. Þar af eru eru 2 m.kr. vegna Stjórnarráðshússins, 5 m.kr. vegna ráðherrabústaðarins við Tjarnargötu og 0,6 m.kr. vegna ráðherrabústaðarins á Þingvöllum.

Annað

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 102 Þjóðhagsstofnun; 171 Byggðastofnun; 901 Húsameistari ríkisins; 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og 998 Ráðstöfunarfé. Heildarframlag til þessa málefnaflokks er áætlað 312,4 m.kr. sem er lækkun um 47% frá gildandi fjárlögum en þá kemur til greiðslu síðasti hluti stofnfjár *Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina*, 350 m.kr.

Helstu efnislegu breytingar á stofnunum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

102 ***Þjóðhagsstofnun.*** Ríkissjóður og Seðlabanki Íslands skipta með sér kostnaði af starfsemi Þjóðhagsstofnunar. Seðlabankinn greiðir allan húsnæðiskostnað stofnunarinnar, svo og kostnað vegna ýmiss konar þjónustu. Auk þess greiðir Seðlabankinn 40% af öðrum kostnaði stofnunarinnar en ríkissjóður 60%. Framlag ríkissjóðs til Þjóðhagsstofnunar verður 38,7 m.kr. og hækkar um 11% frá gildandi fjárlögum. Hækkun umfram almennar verðlagsforsendur skýrist m.a. af uppgjöri við Seðlabankann á hluta ríkissjóðs, um 0,9 m.kr., vegna reksturs stofnunarinnar frá fyrri árum.

171 ***Byggðastofnun.*** Samkvæmt lögum nr. 64/1985 ákvarðast ráðstöfunarfé Byggðastofnunar af eigin fé, framlögum í fjárlögum og lánsfé samkvæmt lánsfjárlögum. Á árinu 1991 verður framlag ríkissjóðs 250 m.kr. Hækkar það um 54 m.kr. frá fjárlögum 1990 eða um 28%. Þrátt fyrir þetta er eiginfjárstaða stofnunarinnar veik. Á næstu vikum þarf að kanna með hvaða hætti hana megi styrkja.

902 ***Þjóðgarðurinn Þingvöllum.*** Framlag til þjóðgarðsins er áætlað 24,2 m.kr. sem er um 16% hækkun frá fjárlögum. Rekstrarframlag er fyrirhugað óbreytt að raungildi eða 12,6 m.kr. Til viðhalds girðinga, tjaldstæða, bifreiða og ýmissa mannvirkja er áformað að verja 1,8 m.kr. og til að hefja endurbætur á Þingvallakirkju 1,8 m.kr. Vegna þátttöku Þingvallanefndar í gerð svæðaskipulags og endurskipulagningar á þinghelginni verða veittar 6,0 m.kr. Framlag til *6.40 Lífríkisrannsóknir í Þingvallavatni* er áætlað 2 m.kr. Miðað er við að lífríkisrannsóknum í Þingvallavatni, sem hófust 1975, ljúki á næsta ári með útgáfu bókar.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld menntamálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	170.200	174.062	219.620	26	29
Háskólar og rannsóknir	1.986.300	2.148.781	2.422.140	13	22
Framhaldsskólar	2.926.800	3.082.405	3.450.080	12	18
Héraðsskólar	175.700	158.836	162.190	2	-8
Grunnskólar	4.413.400	4.120.727	4.556.660	11	3
Sérstofnanir fyrir börn og unglinga	400.900	494.401	577.940	17	44
Önnur fræðslumál	313.900	345.665	359.430	4	15
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.798.300	2.170.700	1.930.000	-11	7
Söfn, listastofnanir o.fl.	676.500	539.497	901.340	67	33
Ýmis framlög	619.000	811.112	847.310	4	37
Samtals	**13.481.000**	**14.046.186**	**15.426.710**	**10**	**14**
Rekstrarkostnaður	8.983.000	9.630.549	10.885.140	13	21
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2.782.000	3.175.866	2.968.970	-7	7
Stofnkostnaður og viðhald	1.716.000	1.239.771	1.572.600	27	-8
Samtals	**13.481.000**	**14.046.186**	**15.426.710**	**10**	**14**

Rekstrarútgjöld menntamálaráðuneytis, þar með taldar neyslu- og rekstrartilfærslur, aukast um 1.050 m.kr. frá fjárlögum 1990. Meginskýringar hækkunar er að leita í rekstri skóla. Í fyrsta lagi hækka framlög til *háskóla og rannsókna* um 226 m.kr. eða 13%, aðallega vegna Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands. Í annan stað hækka útgjöld *framhaldsskóla* um rúmar 400 m.kr. eða 15% sem má að mestu rekja til fjölgunar nemenda og nýrra laga um framhaldsskóla. Þá hækkar rekstrarkostnaður *grunnskóla* um 430 m.kr. eða 10%. Þar vegur þyngst breyting á lögum um grunnskóla, þar sem kveðið er á um skólaskyldu 6 ára barna, og ný reglugerð um sérkennslu. Sú reglugerð hefur einnig áhrif á útgjöld *sérstofnana fyrir börn og unglinga* sem hækka um rúmar 80 m.kr. eða 17%. Aðrar hækkanir á útgjöldum menntamálaráðuneytis nema um 150 m.kr. Á móti framangreindum hækkunum lækkar framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna um rúmar 240 m.kr.

Fjárveiting til stofnkostnaðar og viðhalds menntamálaráðuneytis nemur 1.570 m.kr. og hækkar um 27% milli ára. Hækkun skýrist að mestu af breyttri framsetningu á framlagi til Endurbótasjóðs menningarstofnana.

Hér á eftir verður fjallað um málefnaflokka ráðuneytisins og um einstaka fjárlagaliði þar sem tilefni er til.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks telst eingöngu fjárlagaliðurinn 101 Aðalskrifstofa.

Heildarframlag til aðalskrifstofu menntamálaráðuneytis er áætlað 219,6 m.kr. og að frátöldu framlagi til stofnkostnaðar eru 218,1 m.kr. ætlaðar til reksturs. Rekstrarframlag hækkar nokkuð umfram verðlag og er skýringin tvíþætt. Í fyrsta lagi fluttist aðalskrifstofa í nýtt húsnæði að Sölvhólsgötu 4 á þessu ári og veldur það hækkun á rekstrarútgjöldum hennar. Í öðru lagi flytjast á aðalskrifstofuna verkefni sem fram til þessa hafa verið á tveim fjárlagaliðum, *423 Námsstjórn og þróunarverkefni* og *431 Iðnfræðsluráð*. Heimiluð stöðugildi á þessum fjárlagaliðum eru 17,8 í fjárlögum 1990 og flytjast níu þeirra á aðalskrifstofu ráðuneytisins. Útgjöld aðalskrifstofu hækka af þessum ástæðum um 10,5 m.kr. Að auki eykst launakostnaður vegna námsstjóra í tónlistarfræðslu sem ráðinn var um mitt ár samkvæmt heimild í fjárlögum 1990. Stöður á aðalskrifstofu verða því 62, þar af er ráðið tímabundið í 7,5.

Háskólar og rannsóknir

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201-208 Háskóli Íslands og stofnanir tengdar honum; 210 Háskólinn á Akureyri; 221 Kennaraháskóli Íslands; 223 Rannsóknastofnun uppeldismála; 232 Rannsóknaráð ríkisins; 233 Rannsóknasjóður; 234 Vísindaráð; 235 Vísindasjóður; 276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna og 501 Tækniskóli Íslands.

Heildarframlag er 2.422,1 m.kr. og er það um 13% hækkun frá fjárlögum 1990. Í eftirfarandi töflu er sýnd skipting framlagsins á fjárlagaliði og helstu gjaldaliði:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Háskóli Íslands	1.147.000	1.300.445	1.434.250	10	25
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	66.700	51.539	69.930	36	5
Raunvísindastofnun Háskólans	108.900	97.753	108.160	11	-1
Stofnun Sigurðar Nordals	-	-	6.770	.	.
Stofnun Árna Magnússonar	33.800	33.984	38.540	13	14
Orðabók Háskólans	11.400	13.610	15.040	11	32
Íslensk málstöð	6.600	7.533	10.210	36	55
Örnefnastofnun	3.800	3.797	4.280	13	13
Háskólinn á Akureyri	52.100	102.454	129.600	27	149
Kennaraháskóli Íslands	191.800	207.713	240.320	16	25
Rannsóknastofnun uppeldismála	4.600	5.011	7.230	44	57
Rannsóknaráð ríkisins	18.500	18.292	19.700	8	6
Rannsóknasjóður	80.100	83.100	100.000	20	25
Vísindaráð	6.000	7.629	9.140	20	52
Vísindasjóður	10.000	11.760	20.000	70	100
Byggingarsj. rannsókna í þágu atvinnuveganna	87.300	42.924	46.600	9	-47
Tækniskóli Íslands	157.700	161.237	162.370	1	3
Samtals	**1.986.300**	**2.148.781**	**2.422.140**	**13**	**22**
Rekstur	1.495.400	1.765.080	1.980.160	12	32
Neyslu- og rekstrartilfærslur	7.100	3.655	14.280	291	101
Stofnkostnaður og viðhald	483.800	380.046	427.700	13	-12
Samtals	**1.986.300**	**2.148.781**	**2.422.140**	**13**	**22**

Rekstrarframlag er áætlað 1.980,2 m.kr. og er hækkun aðallega vegna Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands og verður það skýrt nánar í umfjöllun um hvern skóla fyrir sig. Einnig er hækkun vegna Vísindaráðs. Rekstur ráðsins telst nú til þessa málefnaflokks en tilheyrði áður málefnaflokknum *ýmis framlög*.

Heildarframlag til fjárfestingar og viðhalds er 427,7 m.kr. Þar vegur þyngst framkvæmdafé Háskóla Íslands. Til viðbótar við það sem fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir skal þess getið að viðhaldsfjárveiting til *Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum* er 10 m.kr. og er ætluð til utanhússviðgerða. Stofnframlag vegna rannsóknahúss fiskeldis er 6,7 m.kr. en þar munu fara fram rannsóknir á fisksjúkdómum og lífeðlisfræðilegum þáttum fiskeldis. Gert er ráð fyrir samstarfi sjö aðila um fjármögnun byggingarinnar og rekstur hússins sjálfs. Þessir aðilar eru Rannsóknaráð ríkisins, Reykjavíkurborg, Háskóli Íslands, Tilraunastöð Háskólans að Keldum, landbúnaðarráðuneytið, sjávarútvegsráðuneytið og Landssamband fiskeldis- og hafbeitarstöðva.

Helstu efnislegu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

201 Háskóli Íslands. Framsetningu á fjárveitingum til Háskólans í frumvarpinu er breytt frá fjárlögum þannig að rekstrarviðfangsefnum fækkar í sjö. Viðfangsefnin *1.01 Yfirstjórn*, *1.02 Sameiginleg útgjöld*, *1.03 Rekstur fasteigna* og *1.04 Háskólabókasafn* verða óbreytt frá fjárlögum hvað framsetningu varðar. Á viðfangsefnið *1.05 Aðrar sérstofnanir og verkefni* færast nú fjárveitingar sem í fjárlögum 1990 eru færðar á *1.04 Rannsóknir í kvennafræðum*, *1.21 Mannfræðistofnun*, *1.22 Reiknistofnun* og *1.27 Upplýsingaþjónusta*. Á viðfangsefnið *1.06 Kennslu- og vísindadeildir* færast nú fjárveitingar vegna almennra kennslu- og rannsóknadeilda sem áður voru færðar á viðfangsefnin *1.10 Guðfræðideild*,

1.11 Læknadeild, 1.12 Tannlæknadeild, 1.13 Lyfjafræði lyfsala, 1.14 Lagadeild, 1.15 Viðskipta- og hagfræðideild, 1.16 Heimspekideild, 1.17 Verkfræðideild, 1.18 Félagsvísindadeild, 1.19 Íþróttakennsla, 1.23 Námsbraut í hjúkrunarfræðum, 1.24 Námsbraut í sjúkraþjálfun og *1.25 Raunvísindadeild.* Þá er einnig sú breyting gerð að fjárveiting til Stofnunar Sigurðar Nordals er flutt frá Háskólanum á nýjan fjárlagalið, *204 Stofnun Sigurðar Nordals*, og fjárveiting vegna *fjarkennslu* flyst á fjárlagalið *885 Fullorðinsfræðsla.* Með þessari breyttu framsetningu er stefnt að aukinni ábyrgð og aðild stjórnenda skólans að ráðstöfun fjárveitinga og þar með möguleiki til þess að sveigja skólastarfið að þeim áhersluatriðum sem uppi eru hverju sinni.

Framlag til Háskóla Íslands verður 1.434,3 m.kr. og hækkar um 133,8 m.kr. eða 10% frá fjárlögum 1990. Hækkunin á rætur að rekja til fjögurra meginþátta. *Í fyrsta lagi* hækkar fjárveiting um 88 m.kr. vegna verðlagsbreytinga. *Í öðru lagi* valda tilflutningar og leiðréttingar frá fjárlögum 1990 um 21 m.kr. hækkun. Um er að ræða tilflutning á þremur stöðum frá Nýja hjúkrunarskólanum, tilfærslu tveggja dósentsstaðna frá Raunvísindastofnun, leiðréttingu fastra launa og yfirvinnu og hækkun rekstrargjalda til samræmis við fæðispeningagreiðslur til starfsmanna. *Í þriðja lagi* hækkar fjárveiting um nálægt 11 m.kr. vegna nýrrar starfsemi. Um er að ræða tilfærslur verkefna frá menntamálaráðuneyti vegna ráðningarmála Háskólans og alþjóðasamskiptanefndar, alls um 3,5 m.kr., sem færist hjá *yfirstjórn.* Þá hækkar framlag um 4,5 m.kr. vegna fjölgunar stundakennara á föstum lektorslaunum og færist hækkunin á *sameiginleg útgjöld.* Rekstrargjöld *Háskólabókasafns* hækka um 2,6 m.kr. vegna kostnaðar við nýtt tölvukerfi hjá Þjóðarbókhlöðu. *Í fjórða lagi* hækkar fjárveiting um 25 m.kr. til styrktar almennu kennslu- og vísindastarfi, m.a. til að standa straum af kostnaði við kennslu í fjölmiðlafræðum og námsráðgjöf. Hækkunin færist sem launagjöld á viðfangsefni *kennslu- og vísindadeilda.* Á móti framangreindum hækkunum lækka gjöld Háskólans vegna tilflutnings á fjárveitingum til *fjarkennslu* og *Stofnunar Sigurðar Nordals* svo sem að framan greinir.

Stofnkostnaður og viðhald fasteigna. Áætlað er að Háskóli Íslands verji 195,4 m.kr. af tekjum Happdrættis Háskóla Íslands til byggingaframkvæmda, viðhalds, tækja- og búnaðarkaupa. Gert er ráð fyrir að auk þess að kosta eigin framkvæmdir og viðhald taki Háskólinn áfram þátt í kostnaði við byggingu Þjóðarbókhlöðu, þótt þeir fjármunir sem í frumvarpinu eru færist ekki sem sérstakt framlag til hennar. Þá er einnig ætlast til að Háskólinn kosti að hluta til tækjakaup *Tilraunastöðvarinnar á Keldum* og uppgjör á skuldum *Raunvísindastofnunar* við Tæknigarð hf.

203 Raunvísindastofnun Háskólans. Rekstrarframlag til Raunvísindastofnunar er 108,2 m.kr. og hækkar um 11%. Ástæður hækkunar er m.a. aukinn rekstrarkostnaður vegna stærra húsnæðis. Einnig er höfð hliðsjón af niðurstöðum reiknings ársins 1989 en viðvarandi hallarekstur hefur verið á þessari stofnun á undanförnum árum. Viðfangsefnaskipan stofnunar er breytt frá því sem er í fjárlögum 1990 þannig að framlag til einstakra vísindastofa, sem áður voru færðar á viðfangsefni 1.20-1.80, er sameinað á eitt viðfangsefni, *1.03 Rannsóknastofur.*

204 Stofnun Sigurðar Nordals. Þetta er nýr fjárlagaliður en fjárveiting til stofnunarinnar var áður færð á sérstakt viðfangsefni undir Háskóla Íslands. Rekstrarframlag er 6,3 m.kr. sem er um 28% hækkun frá fjárlögum 1990. Hækkun framlags er til aukinnar rannsókna- og kynningarstarfsemi. Eins og áður er gert ráð fyrir launum sem nemur einni fastráðinni stöðu. Þá eru 0,5 m.kr. ætlaðar til viðhalds á fasteign.

207 ***Íslensk málstöð.*** Framlag til Íslenskrar málstöðvar er 10,2 m.kr. og hækkar um 36% frá fjárlögum 1990. Starfsemin er með svipuðu sniði og fyrr. Lagt er til að framlag ríkisins til málræktarsjóðs verði 2,2 m.kr. Sænska akademían gaf 1 m.kr. í stofnframlag sjóðsins og á þessu ári veitti menntamálaráðuneyti 1 m.kr. af óskiptu ráðstöfunarfé til hans.

210 ***Háskólinn á Akureyri.*** Rekstrarframlag til Háskólans á Akureyri er 98,5 m.kr. og hækkar um 35% milli ára. Gert er ráð fyrir áframhaldandi eflingu á skólastarfi og útgjöld aukast vegna nýrra árganga í námi sem bætast við, einkum í sjávarútvegsdeild. Framlag til kaupa á bókum, tækjum og búnaði er 16 m.kr. og til að ljúka við breytingar á leiguhúsnæði skólans við Glerárgötu 26 eru ætlaðar 13,1 m.kr. Loks eru ætlaðar 2 m.kr. til endurbóta á vinnuaðstöðu kennara.

221 ***Kennaraháskóli Íslands.*** Við gerð fjárlaga 1990 var framlag til skólans endurmetið í samvinnu menntamálaráðuneytis og fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Áætlaður rekstrarkostnaður Kennaraháskólans 1991 er 228,8 m.kr. og er það um 14% hækkun frá fjárlögum 1990. Ástæður hækkunarinnar nú er einkum að rekja til kjarasamninga sem leiddu m.a. til fastráðningar stundakennara. Stundakennsla dregst saman en að sama skapi eykst yfirvinna fastra kennara sem er talsvert dýrari. Þá er gert ráð fyrir því að styrkja kennslu í heimilisfræðum, handavinnu og við námsskrárgerð. Loks er framlag til endurmenntunar hækkað um 3,8 m.kr. vegna greiðslna á dagpeningum og ferðakostnaði til þátttakenda á námskeiðum, en kveðið er á um slíkar greiðslur í kjarasamningum við kennara. Framlag til viðhalds fasteigna er 4,5 m.kr. en framlag til búnaðar- og tölvukaupa er 7 m.kr. og er þetta áþekk fjárhæð og 1990.

223 ***Rannsóknastofnun uppeldismála.*** Framlag til þessarar stofnunar er 7,2 m.kr. og hækkar um 2,2 m.kr. milli ára. Fjöldi starfa er óbreyttur frá því sem verið hefur eða 1,5 talsins. Aftur á móti fær stofnunin 1,6 m.kr. til að sinna sérstökum rannsóknaverkefnum, auk þess sem útgjöld aukast vegna þess að stofnunin hefur flutt í nýtt húsnæði og dýrara í rekstri en hið fyrra.

232 ***Rannsóknaráð ríkisins.*** Fjárveiting til ráðsins hækkar um 8% og verður 19,7 m.kr. Er það óbreytt framlag að raungildi samanborið við fjárlög 1990. Að venju er fjallað um framlög til rannsóknastofnana í heild undir þessum fjárlagalið. Fjárveitingar til rannsóknastofnana, sem fjallað er um í langtímaáætlun Rannsóknaráðs, að viðbættum fjárveitingum til Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands og Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum, hækka alls um 10% samanborið við fjárlög 1990 en 16% ef miðað er við reikning 1989. Rétt er að geta þess að í frumvarpi eru rekstrargjöld og sértekjur einstakra stofnana á áætluðu janúarverðlagi 1991. Í fjárlögum 1990 eru sértekjur hins vegar á meðalverðlagi ársins en rekstrargjöld á janúarverðlagi. Við samanburð á frumvarpi og fjárlögum 1990 þýðir þetta að í þeim tilvikum sem sértekjur eru hátt hlutfall af rekstrargjöldum virðist fjárveiting hækka meira en almennar verðlagsforsendur gefa tilefni til. Um breytingar á einstökum stofnunum vísast í greinargerðir um þau ráðuneyti sem þær falla undir. Eftirfarandi yfirlit sýnir hvernig útgjöld einstakra stofnana breytast milli ára:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	66.700	51.539	69.930	36	5
Raunvísindastofnun Háskólans	108.900	97.753	108.160	11	-1
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	117.700	115.854	117.600	2	.
Veiðimálastofnun	45.100	37.998	31.720	-17	-30
Laxeldisstöðin Kollafirði	-	-	10.400	.	.
Hafrannsóknastofnun	369.600	447.505	477.820	7	29
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	79.100	78.589	96.360	23	22
Iðntæknistofnun Íslands	92.600	93.462	104.490	12	13
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	46.100	49.301	55.420	12	20
Orkustofnun	194.100	205.783	223.240	8	15
Samtals	**1.119.900**	**1.177.784**	**1.295.140**	**10**	**16**

233 ***Rannsóknasjóður.*** Framlag til sjóðsins hækkar úr 83,1 m.kr. í 100 m.kr. en auk þessa framlags rennur til sjóðsins samkvæmt lögum 10% af hreinum tekjum Framkvæmdasjóðs.

234 ***Vísindaráð.*** Framlag til Vísindaráðs, 9,1 m.kr., er nú fært á sérstakan fjárlagalið til samræmis við framsetningu á Rannsóknaráði og Rannsóknasjóði. Í fjárlögum var framlag til ráðsins fært á sérstakt viðfangsefni undir fjárlagalið Vísindasjóðs. Ekki eru fyrirhugaðar breytingar á rekstri Vísindaráðs og starfsemin verður með svipuðu sniði og gert er ráð fyrir í fjárlögum 1990. Til viðhalds á húseign að Bárugötu 3 er ætluð 1 m.kr.

235 ***Vísindasjóður.*** Vísindasjóður hefur tekjur af arðsjóði Seðlabanka Íslands auk framlags í fjárlögum. Framlag úr ríkissjóði verður 20 m.kr. en nánar er gerð grein fyrir sjóðnum í athugasemdum um B-hluta frumvarpsins í 6. kafla.

276 ***Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.*** Tekjur sjóðsins nema 20% af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands. Talið er að tekjur sjóðsins 1991 verði 46,6 m.kr. sem er 3,7 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Fé sjóðsins skal ráðstafa til uppbyggingar rannsóknastofnana atvinnuveganna. Meðal þeirra verkefna sem sjóðurinn mun væntanlega kosta á næsta ári er innrétting á húsnæði Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins við Skúlagötu. Leitað verður til sjóðsins um 20 m.kr. þátttöku á móti jöfnu framlagi úr ríkissjóði.

Framhaldsskólar

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 301-307 og 309 Menntaskólar; 318-319 Framhaldsskólar, safnliðir; 308, 350-363 Fjölbrautaskólar og 506-581 Ýmsir sérskólar.

Heildarframlag til framhaldsskóla nemur 3.450 m.kr. og skiptist á gjaldategundir sem hér segir:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Launagjöld	-	2.328.684	2.685.650	15	.
Önnur rekstrargjöld	-	367.531	413.130	12	.
Viðhald	-	44.256	65.500	48	.
Stofnkostnaður	-	341.934	285.800	-16	.
Samtals	**2.926.800**	**3.082.405**	**3.450.080**	**12**	**18**

Til rekstrar framhaldsskóla eru alls áætlaður 3.098,8 m.kr., þar af nema launagreiðslur 2.685,7 m.kr. eða um 87% af rekstrargjöldum. Farið var ítarlega í rekstraráætlun þessa skólastigs þar sem m.a. var höfð hliðsjón af reikningi 1989 og afkomuhorfum 1990. Talið var nauðsynlegt að hækka rekstrarframlag um 15% og felst í því nokkur raungildishækkun frá fjárlögum 1990. Menntamálaráðuneyti gerði tillögu um dreifingu hækkunarinnar á einstaka skóla. Helstu skýringar á hækkun rekstrarframlags umfram launa- og verðlagsbreytingar til framhaldsskólar eru eftirfarandi:

Gert er ráð fyrir að nemendum á framhaldsskólastigi fjölgi um rúm 3% milli ára og að þeir verði um 18.000, þar af er áætlað að nemendur í öldungadeildum verði um 2.300. Aukinn kennslukostnaður sem af fjölguninni leiðir og breytt samsetning nemendahópsins skýrir um 85-90 m.kr. af hækkun á rekstrargjöldum framhaldsskóla.

Kennslulaun hækka einnig vegna aukinnar vinnu við utanskólaáfanga, vegna endurtekningarprófa, stöðuprófa o.fl. Að hluta til er þar um að ræða áhrif af kjarasamningum. Þessi hækkun nemur um 25 m.kr.

Í nýjum lögum um framhaldsskóla er kveðið svo á að úr ríkissjóði skuli greiða allan rekstrarkostnað fjölbrautaskóla. Áður var úr ríkissjóði greiddur allur beinn kennslukostnaður og helmingur annars kostnaðar. Með nýjum lögum urðu allir starfsmenn fjölbrautaskóla ríkisstarfsmenn en þeir voru áður að hluta til starfsmenn sveitarfélaga. Heildarkostnaður vegna þessara breytinga, svo og annarra þátta er tengjast yfirtöku ríkissjóðs á samrekstrarskólunum, lá ekki fyrir að fullu við gerð fjárlaga líðandi árs. Í ljós hefur komið að leiðrétta þarf til hækkunar annan rekstrarkostnað en kennslukostnað. Kemur þetta einkum fram í yfirvinnu húsvarða og annars starfsliðs skóla þó svo að ekki sé um fjölgun starfa að ræða.

Í framhaldi af setningu laga nr. 57/1988 var í byrjun þessa árs sett ný reglugerð um rekstur framhaldsskóla. Þar er m.a. kveðið á um aukna stjórnun, fjölgun starfa á bókasöfnum og skrifstofum skólanna, laun skólanefnda o.fl. Þá er aukin þörf fyrir sér- og stoðkennslu óbein afleiðing af hinum nýju lögum sem kveða svo á að allir nemendur, sem lokið hafa grunnskólaprófi, skuli hafa aðgang að framhaldsskóla. Þar sem hærra hlutfall hvers aldursárgangs nema á framhaldsskólaaldri skilar sér inn í framhaldsskólana munu fleiri þeirra væntanlega þurfa á ýmiss konar námsaðstoð að halda. Þetta veldur m.a. hækkun útgjalda til sérkennslu á fjárlagalið *319 Framhaldsskólar, almennt* um 6,1 m.kr.

Þá hækka rekstrarútgjöld framhaldsskóla um 20 m.kr. vegna aukins námsframboðs. Þar er aðallega um að ræða sjávarútvegsbraut við Verkmenntaskólann á Akureyri sem rekin er á Dalvík og framlag til Fósturskóla Íslands hækkar vegna nýjunga í fjarkennslu og námskeiðahaldi sem komið er á fót til að bregðast við skorti á starfsfólki á dagvistarstofnunum.

Loks er að nefna hækkun launagjalda þar sem aldursþrep og launaflokkar kennara eru hærri en þau meðalgildi sem stuðst hefur verið við í launaútreikningum við vinnslu fjárlaga

líðandi árs. Ræstingarlaun eru og vanmetin í fjárlögum 1990 en sá kostnaður hefur hækkað umfram annan launakostnað.

Aðrar breytingar á framlagi til framhaldsskóla skýrast af eftirfarandi: Framlag til tónlistarfræðslu lækkar um 32,7 m.kr. þar sem tónlistarfræðsla er nú á ábyrgð sveitarfélaga og kostnaðaruppgjöri við þau vegna þessa er lokið. Framlag til *319 Framhaldsskóla, almennt* hækkar um 65,7 m.kr. eða um 61%. Fjárveitingin skiptist á viðfangsefni sem hér segir:

	Fjárlög 1990 þús. kr.	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting %
Sameiginleg þjónusta	2.280	5.600	146
Orlof kennara	22.160	23.710	7
Forfallakennsla	11.400	11.860	4
Sérkennsla	6.840	12.910	89
Prófkostnaður	6.840	21.340	212
Nýjungar í skólastarfi	7.068	3.860	-45
Námsskrárgerð	-	10.410	.
Námsefnisgerð	2.544	4.750	87
Kennslueftirlit	-	3.300	.
Framhaldsdeildir	-	21.150	.
Tannsmíðanám	-	6.740	.
Námskeið skipstjórnarmanna	4.560	4.750	4
Endurmenntun	7.415	17.300	133
Framhaldsskólar, óskipt	25.900	26.410	2
Uppgjör við samrekstrarskóla	11.400	-	.
Samtals	**108.407**	**174.090**	**61**

Hækkun heildarframlags skýrist að mestu af tilfærslum af öðrum fjárlagaliðum og af hækkun á framlagi til sérkennslu eins og áður hefur verið greint frá. Þó ber að geta þess að samanburður milli ára á þessum fjárlagalið er ekki nákvæmur þar sem framlag er í fjárlögum fært á eitt viðfangsefni en skiptingar á fjárveitingunni aðeins getið í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga. Þetta skýrir t.d. lækkun á framlagi til *nýjunga í skólastarfi* en í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga 1990 taldist þessi kostnaður með kostnaði vegna óviss nemendafjölda.

Iðnskólar teljast með framhaldsskólum í lögum um það skólastig. Í fjárlögum 1990 er færður ýmiss kostnaður vegna iðnnáms á fjárlagalið *515 Iðnnám, almennt*. Hann fellur nú niður og fjárveitingin færist á *319 Framhaldsskólar, almennt*. Þetta veldur hækkun á eftirfarandi viðfangsefnum þessa fjárlagaliðar: *Prófkostnaður* þrefaldast en við þennan lið bætist nú kostnaður vegna sveinsprófa. *Námsefnisgerð* hækkar um 87%. *Endurmenntun* hækkar um 133%. Eitt nýtt viðfangsefni bætist við vegna tilflutnings frá *515 Iðnnám, almennt* en það er kostnaður vegna *tannsmíðanáms*.

Fjárlagaliðurinn *431 Iðnfræðsluráð* fellur einnig niður og sú fjárveiting sem þar var færð kemur að hluta til hækkunar gjalda á *319 Framhaldsskólar, almennt. Sameiginleg þjónusta* hækkar um 146%. Eins og undanfarin ár er gert ráð fyrir tveimur árslaunum vegna sameiginlegrar þjónustu en nú bætist við ígildi hálfra annarra árslauna vegna nefndarþóknunar o.fl. til iðnfræðsluráðs og fleiri nefnda sem gert er ráð fyrir að starfi samkvæmt ákvæðum laga um framhaldsskóla. *Námsskrárgerð* er nýr liður og framlag til hans er 10,4 m.kr. en hluti þess kostnaður var áður greiddur af fjárlagalið Iðnfræðsluráðs. *Kennslueftirlit* er nýr

liður en hér er gert ráð fyrir þóknun til iðnfræðslufulltrúa er nemi einum árslaunum. Þóknun til þeirra hefur til þessa verið greidd af fjárlagalið *Iðnfræðsluráðs.*

Að lokum eru framhaldsdeildir í grunnskólum nú færðar á þennan fjárlagalið en þær voru áður færðar á *720 Grunnskólar, almennt.*

Til stofnkostnaðar og viðhalds framhaldsskóla eru ætlaðar 351,3 m.kr. Fjárhæð þessi er að stærstum hluta færð á fjárlagalið *318 Almennir framhaldsskólar* en einnig eru fjárhæðir sérgreindar á nokkrum sérskólum. Í töflu á næstu síðu er sýnd skipting stofnkostnaðar- og viðhaldsfjárveitinga. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðuneyti ráðstafi fé til *viðhalds* o.fl. af fjárlagalið *318 Almennir framhaldsskólar.* Að öðru leyti skýra fjárveitingarnar sig að mestu leyti sjálfar en fyrir afgreiðslu frumvarpsins í fjárveitinganefnd Alþingis mun verða leitað eftir minni háttar breytinga á framlögum undir þeim lið vegna Framhaldsskóla í Austur-Skaftafellssýslu.

Héraðsskólar

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 601-607 Héraðsskólar; 610 Héraðsskólar almennt og 621 Skálholtsskóli.

Fjárveiting til héraðsskóla nemur alls 162,2 m.kr. en að stofnkostnaðar- og viðhaldsframlagi frátöldu eru samtals 131,2 m.kr. ætlaðar til reksturs.

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstur	129.100	131.234	131.190	.	2
Viðhald	4.900	2.322	5.000	115	2
Stofnkostnaður	41.700	25.280	26.000	3	-38
Samtals	**175.700**	**158.836**	**162.190**	**2**	**-8**

Ekki er fyrirhuguð breyting á rekstri héraðsskóla og verður hann með sama sniði og gert er ráð fyrir í fjárlögum 1990. Framlag til rekstrar héraðsskóla lækkar hins vegar að raungildi sem skýrist af lækkun á kostnaði ríkisins vegna heimavistargæslu. Á grundvelli laga um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er gert ráð fyrir að sveitarfélög greiði heimavistargæslu fyrir nemendur héraðsskóla á grunnskólastigi. Til viðhalds og stofnkostnaðar eru ætlaðar 31 m.kr. og að venju er gert ráð fyrir að fjárveitinganefnd Alþingis skipti fjárveitingu til stofnkostnaðar á einstaka héraðsskóla.

	Fjárlög 1990 þús. kr.	Frumvarp 1991 þús. kr.
Viðhald		
318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður		
Viðhaldsfé, óskipt	34.888	52.000
517 Hótel- og veitingaskóli Íslands, viðhald húsnæðis	-	300
523 Fósturskóli Íslands, fasteign	-	2.000
531 Íþróttakennaraskóli Íslands, viðhald íþróttavalla o.fl.	1.862	1.000
531 Íþróttakennaraskóli Íslands, endurbætur á húsum	-	1.000
553 Hússtjórnarskólar, viðhald, óskipt	3.096	4.200
561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands, viðhald húsnæðis	-	2.000
571 Sjómannaskólahúsið, fasteign	4.410	3.000
Stofnkostnaður		
318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður		
Menntaskólinn í Reykjavík, endurbætur KFUM og K húss	8.300	7.500
Menntaskólinn á Laugarvatni, endurbætur	3.420	-
Menntaskólinn við Hamrahlíð, framhald endurbóta	25.254	15.000
Menntaskólinn við Sund, endurbætur	7.800	10.000
Menntaskólinn á Egilsstöðum, mötuneyti	9.740	10.000
Menntaskólinn í Kópavogi, stjórnsýsluálma	4.880	15.000
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, íþróttahús, verklok og frágangur	43.364	24.000
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, kennsluhúsnæði, nýbygging	1.460	5.000
Fjölbrautaskóli Suðurnesja, viðbygging, uppgjör	11.466	4.400
Fjölbrautaskóli Vesturlands, mötuneyti	21.020	20.000
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, viðbygging	12.720	10.000
Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki, heimavist, uppgjör	17.640	7.000
Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki, bóknámshús	5.340	28.000
Fjölbrautaskólinn á Selfossi, kennsluhúsnæði	30.576	-
Verkmenntaskóli Austurlands, heimavist	16.856	30.900
Verkmenntaskóli Austurlands, kennsluhúsnæði, frágangur lóðar	5.272	3.000
Verkmenntaskólinn á Akureyri, nýbygging, 5. og 6. áfangi	38.494	15.000
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, innrétting á húsnæði	1.048	-
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu, skólastjórabústaður	1.450	-
Fjölbrautaskólinn Ármúla, viðbygging, hönnun	1.460	3.000
Framhaldsskólinn Laugum, mötuneyti o.fl.	1.940	2.500
Framhaldsskólinn á Húsavík, kennsluhúsnæði, nýbygging	960	7.000
Menntaskólinn á Akureyri, stofnkostnaður	2.440	-
Fjölbrautaskóli Breiðholts, hönnun kennsluhúss	392	-
Menntaskólinn á Ísafirði, kennsluhúsnæði	1.460	4.000
Menntaskólinn á Ísafirði, íþróttahús	10.220	-
Tæki og búnaður	14.700	25.000
Tölvubúnaður	8.310	12.000
506 Vélskóli Íslands, tæki og búnaður	1.460	2.000
507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík, tæki og búnaður	980	2.000
514 Iðnskólinn í Reykjavík, tæki og búnaður	11.200	-
515 Iðnnám, almennt	980	-
517 Hótel- og veitingaskóli Íslands, tæki og búnaður	676	500
518 Fiskvinnsluskólinn, tæki og búnaður	2.802	5.000
523 Fósturskóli Íslands, lóðarframkvæmdir og tækjakaup	2.254	-
531 Íþróttakennaraskóli Íslands, sundlaug	6.800	1.000
531 Íþróttakennaraskóli Íslands, tæki og búnaður	2.048	12.000
561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands, tæki og búnaður	2.058	1.000
571 Sjómannaskólahúsið, lóðarframkvæmdir	2.694	4.000
Samtals	**386.190**	**351.300**

Grunnskólar

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 222 Æfingaskóli Kennaraháskóla Íslands; 700-708 Grunnskólar; 710-719 Fræðsluskrifstofur og 720 Grunnskólar, almennt.

Heildarkostnaður er áætlaður 4.556,7 m.kr. og skiptist hann sem hér segir:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstur grunnskóla	-	3.978.821	4.393.230	10	.
Fræðsluskrifstofur	-	141.906	163.430	15	.
Samtals	**4.413.400**	**4.120.727**	**4.556.660**	**11**	**3**
Launagjöld	-	4.025.713	4.452.550	11	.
Önnur rekstrargjöld	-	86.372	90.310	5	.
Stofnkostnaður og viðhald	-	8.642	13.800	60	.
Samtals	**4.413.400**	**4.120.727**	**4.556.660**	**11**	**3**

Rekstur grunnskóla hækkar um 10% milli ára og skiptist fjárveitingin með eftirfarandi hætti:

	Fjárlög 1990 þús. kr.	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting %
Almenn kennsla	3.288.529	3.567.438	8
Sérkennsla	427.060	506.112	19
Forfallakennsla	121.304	142.227	17
Orlof kennara	36.314	33.750	-7
Annað	105.614	143.703	36
Samtals	**3.978.821**	**4.393.230**	**10**

Í ofangreindum fjárhæðum eru meðtaldar fjárveitingar til *Æfingaskóla Kennaraháskóla Íslands* og *Grunnskóla, almennt.*

Kennslukostnaður hækkar umfram verðlag milli ára og er skýringa að leita í breyttum lögum um grunnskóla og nýrri reglugerð um sérkennslu. Í lögum nr. 52/1990 um breytingu á lögum um grunnskóla er m.a. kveðið á um skólaskyldu 6 ára barna. Þessi lagaákvæði leiddu til nokkurra breytinga á kennslu yngri barna, fjölgunar bekkjardeilda og lengingar kennslu 6 ára barna en kennsla 7 og 8 ára barna var aukin um eina kennslustund á viku. Áætlaður kostnaðarauki vegna þessa er um 100 m.kr. Einnig hækkar framlag til forfallakennslu vegna lengingar barnsburðarleyfa og nemur sú hækkun um 20 m.kr.

Ný reglugerð um sérkennslu tók gildi 1. ágúst s.l. en samkvæmt henni fjölgar sérkennslustundum talsvert og sjúkrakennsla er nú í fyrsta sinn áætluð sérstaklega. Reglugerðin hefur áhrif bæði í almennum grunnskólum og í skólum fyrir fatlaða. Áætlaður kostnaðarauki í grunnskólum vegna reglugerðarinnar er um 50 m.kr.

Gert er ráð fyrir að nemendur verði rúmlega 41.600 talsins á næsta skólaári og fjölgar þeim lítillega milli ára.

720 Grunnskólar, almennt. Að teknu tilliti til flutnings viðfangsefna til og frá fjárlagaliðnum lækkar framlag um 1%. Fjárveitingin skiptist á viðfangsefni sem hér segir:

	Fjárlög 1990 þús. kr.	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting %
Framhaldsdeildir í grunnskólum	20.000	-	.
Umferðarfræðsla í skólum	2.792	3.350	20
Sundskylda í skólum	23.285	-	.
Kennsla á Landspítala og Landakotsspítala	3.159	3.580	13
Safnakennsla	2.435	2.740	13
Sérstök fræðsluverkefni	6.094	9.680	59
Þróunarsjóður dagvistarheimila	3.500	3.740	7
Landakotsskóli, rekstrarstyrkur	-	2.880	.
Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur	-	5.170	.
Suðurhlíðarskóli, rekstrarstyrkur	-	4.360	.
Orlof kennara	10.425	5.870	-44
Rannsóknasjóður grunnskólakennara	39.819	39.100	-2
Stjórnskipaðir prófdómarar	8.218	8.640	5
Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi	10.015	11.240	12
Sérkennsla í grunnskólum, óskipt	15.255	16.350	7
Kennsla yngri barna í grunnskólum	40.678	-	.
Þróunarstörf í grunnskólum	9.038	9.640	7
Starfsleikninám	13.439	14.340	7
Námsstjórn og þróunarverkefni	-	10.010	.
Endurmenntun sálfræðinga	1.480	2.650	79
Réttindanám leiðbeinenda	5.830	6.540	12
Leiðsögn nýliða	4.947	5.240	6
Grunnskólar, óskipt	12.185	34.210	181
Tölvuvæðing í grunnskólum	3.860	8.000	107
Sérstakt sparnaðarátak	-30.380	-	.
Samtals	**206.074**	**207.330**	**1**

Eftirfarandi viðfangsefni falla nú niður á þessum fjárlagalið: Framlag til *framhaldsdeilda í grunnskólum* færist á safnlið framhaldsskóla, *319 Framhaldsskólar, almennt. Sundskylda í skólum* fellur nú niður vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga en uppgjöri við sveitarfélög vegna þessa þáttar í skólastarfi er nú lokið. Fjárveiting til viðfangsefnisins *kennsla yngri barna í grunnskólum* færist yfir á fræðsluumdæmin í kjölfar lögfestingar á skólaskyldu 6 ára barna. Viðfangefnið *sérstakt sparnaðarátak* fellur nú niður en í frumvarpi með fjárlögum 1990 var gert ráð fyrir sérstökum aðgerðum að þessu leyti í öllum stofnunum menntamálaráðuneytis. Menntamálaráðuneyti tókst ekki að ná áformuðum sparnaði að fullu fyrir afgreiðslu fjárlaga og var sú fjárhæð sem eftir stóð færð til lækkunar gjalda á þessum fjárlagalið.

Eftirfarandi viðfangsefni bætast við á þessum fjárlagalið: Rekstrarstyrkir til *Landakotsskóla, Hlíðardalsskóla* og *Suðurhlíðarskóla* voru áður færðir á fjárlagalið *999 Ýmislegt* en færast nú á safnlið grunnskóla. *Námsstjórn og þróunarverkefni* er nýtt viðfangsefni en var áður hluti af fjárlagalið *423 Námsstjórn og þróunarverkefni* sem nú fellur niður.

Aðrar skýringar á helstu breytingum milli ára eru eftirfarandi: Fjárveiting til *sérstakra fræðsluverkefna* hækkar um 59%. Gert er ráð fyrir því að þriðjungur þessa framlags fari til

námsráðgjafar í grunnskólum, en það sem eftir er skiptist nokkurn veginn jafnt milli jafnréttisfræðslu, fræðslu um fíkniefni og loks annarra sérstakra fræðsluverkefna sem menntamálaráðuneyti ákveður. Framlag til *orlofs kennara* lækkar um 44% en framlag miðast við að menntamálaráðuneyti geti ráðstafað sem nemur einum fimmta af þeim orlofum sem áætlað er fyrir í fræðsluumdæmunum. Gert er ráð fyrir 25 orlofum kennara í áætlunum fræðsluumdæma fyrir næsta skólaár og er því fjárveiting sem nemur fimm ársleyfum færð á þennan lið. Framlag til *endurmenntunar sálfræðinga* hækkar um 79% en samkvæmt kjarasamningum á hluti þeirra sálfræðinga sem starfa á fræðsluskrifstofunum rétt á ferðastyrkjum vegna endurmenntunar. Framlag til *grunnskóla, óskipt* hækkar um 181% og er ætlað að mæta ófyrirséðum kostnaði, m.a. vegna flutnings nemenda milli skólahverfa o.fl. Flutningur þessi hefur árlega leitt til viðbótarkostnaðar frá áætlun vegna fjölgunar bekkjardeilda, ekki síst í yngri bekkjum grunnskóla. Ákvæði um hámarksfjölda, 22 nemendur í 1. bekk grunnskóla, leiðir til enn meiri óvissu um skiptingu bekkjardeilda milli ára en verið hefur.

710-719 Fræðsluskrifstofur. Framlag til fræðsluskrifstofa hækkar um 15% milli ára og skiptist sem hér segir:

	Fjárlög 1990 þús. kr.	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting %
Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis	38.582	41.360	7
Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis	22.322	25.970	16
Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis	14.682	15.480	5
Fræðsluskrifstofa Vestfjarðaumdæmis	11.308	12.210	8
Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	11.630	14.380	24
Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra	18.217	22.930	26
Fræðsluskrifstofa Austurlandsumdæmis	11.480	12.600	10
Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	13.685	15.000	10
Viðhald, óskipt	-	1.500	.
Tæki og búnaður	-	2.000	.
Samtals	**141.906**	**163.430**	**15**

Kostnaður við rekstur fræðsluskrifstofa er í fyrsta sinn á árinu 1990 greiddur alfarið úr ríkissjóði en var áður greiddur sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Við gerð fjárlaga 1990 lágu ekki fyrir upplýsingar um heildarrekstrarkostnað þeirra. Þykir sýnt að hann er of lágt metinn í fjárlögum og hækkar því rekstrarframlag til fræðsluskrifstofa um 7-8% að raungildi. Fræðsluskrifstofurnar hækka þó mismikið en tekið var m.a. mið af niðurstöðu reiknings 1989 og afkomuhorfum 1990. Mest er hækkunin til fræðsluskrifstofu Reykjaness-umdæmis, Norðurlandsumdæmis vestra og Norðurlandsumdæmis eystra. Stöðugildi eru samtals 69,3 að fræðslustjórum meðtöldum. Skiptast þau sem hér segir: Reykjavíkurumdæmi 21,6; Reykjanesumdæmi 10,7; Vesturlandsumdæmi 7,0; Vestjarðaumdæmi 5,0; Norðurlands-umdæmi vestra 5,0; Norðurlandsumdæmi eystra 8,5; Austurlandsumdæmi 5,5 og Suðurlandsumdæmi 6,0. Fjárveiting til tækja- og búnaðarkaupa, 2 m.kr., er vegna flutnings fræðsluskrifstofu Vesturlandsumdæmis í nýtt húsnæði og til fræðsluskrifstofu á Selfossi vegna tækjakaupa.

Sérstofnanir fyrir börn og unglinga

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 750-755 Skólar fyrir fatlaða; 799 Heyrnleysingjaskólinn; 802 Vernd barna og ungmenna; 806 Barnaverndarráð Íslands; 870 Meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur og 871 Unglingaheimili ríkisins.

Heildarframlag til málefnaflokksins er 577,9 m.kr. og skiptist fjárveiting á fjárlagaliði sem hér segir:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Skólar fyrir fatlaða	305.400	355.610	404.640	14	33
Einholtsskóli	-	11.312	13.040	15	.
Heyrnleysingjaskólinn	50.500	54.790	61.280	12	21
Vernd barna og ungmenna	7.300	6.233	7.200	16	-1
Barnaverndarráð Íslands	9.300	9.486	10.260	8	10
Meðferðarheimili Móum	-	20.000	42.240	111	.
Unglingaheimili ríkisins	28.400	36.970	39.280	6	38
Samtals	**400.900**	**494.401**	**577.940**	**17**	**44**

Rekstur hækkar um 17% sem er rúmlega 10% hækkun að raungildi. Þar vegur þyngst ný reglugerð um sérkennslu sem tók gildi 1. ágúst s.l. og hækkun á framlagi til Meðferðarheimilis fyrir unga fíkniefnaneytendur sem starfrækt verður að Móum á Kjalarnesi.

Helstu efnislegu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

750-755 Skólar fyrir fatlaða. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1991 er fjárveitingu til *skóla fyrir fatlaða,* sem áður var undir einum fjárlagalið, skipt á fjóra fjárlagaliði. Í töflu á næstu síðu er sýnd skipting fjárveitingar til þessara skóla samanborið við fjárlög 1990. Vegna nýrrar sérkennslureglugerðar, sem nefnd var í umfjöllun um grunnskóla, eykst kennslukostnaður um tæpar 10 m.kr. Stöðugildum fjölgar um 6,5 vegna reglugerðarinnar og veldur það einnig hækkun annarra gjalda, svo sem ferðakostnaðar ráðgjafa. Þessar breytingar leiða til þess að rekstrarframlag til skólana hækkar um 48 m.kr. og er það 7-8% hækkun að raungildi.

798 Einholtsskóli. Framlag til Einholtsskóla nemur alls 13 m.kr. og hækkar um 15%. Við afgreiðslu fjárlaga 1990 var miðað við þrjár stöður kennara allt árið og tvær nýjar stöður kennara frá hausti 1990. Nú er áætlað fyrir fimm stöðum kennara allt árið og hækka launagjöld sem því nemur. Að öðru leyti er gengið út frá því að starfsemi skólans verði með sama sniði og ákveðið var með fjárlögum 1990.

799 Heyrnleysingjaskólinn. Framlag til skólans er 61,3 m.kr. Kennslukostnaður lækkar um 3 m.kr. en á móti bætist við nýtt viðfangsefni *1.03 Þjónusta við heyrnleysingja* og er fjárveiting til þess 5,3 m.kr. Um er að ræða kostnað við ýmiss konar þjónustu við heyrnarlausa og aðstandendur þeirra eins og táknmálstúlkun, kennslu táknmáls o.fl. Fyrirhugað er að flytja frumvarp til laga um stofnun Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra sem annast mun þessa þjónustu. Til kaupa á brunavarnakerfi og ljósabjöllu, þ.e. skólabjöllu með ljósum, eru veittar 0,8 m.kr.

806 Barnaverndarráð Íslands. Barnaverndarráð Íslands færist nú sem sér fjárlagaliður en var áður viðfangsefni á fjárlagalið *802 Vernd barna og ungmenna*. Framlag til ráðsins er 10,3 m.kr. og hækkar um 8% frá fjárlögum. Eins og áður er áætlað fyrir fjórum stöðum fastráðinna starfsmanna. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á starfsemi ráðsins.

870 Meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur. Í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar hefur verið sett á stofn meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur. Keypt hefur verið húsnæði fyrir starfsemina að Móum á Kjalarnesi. Miðað er við að lagfæra húsið þannig að starfsemi geti hafist síðla þessa árs. Í fjárlögum 1990 var miðað við það að starfsemi hæfist á miðju ári. Fjárveiting í frumvarpi til fjárlaga 1991 er 42,2 m.kr. og miðast hún við heils árs starfsemi. Launagjöld nema alls 32 m.kr. og er gert ráð fyrir 15 störfum við heimilið. Annar rekstrarkostnaður en laun er áætlaður 10,3 m.kr.

Skólar fyrir fatlaða

	Fjárlög 1990 þús. kr.	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting %
Skólar fyrir fatlaða			
Skólinn við Kópavogsbraut	33.914	35.720	5
Skólinn að Sólheimum	3.178	3.320	4
Brautarskóli	15.939	16.990	7
Skólinn að Tjaldanesi	2.722	3.050	12
Hvammshlíðarskóli	21.139	24.610	16
Sérdeild fyrir einhverf börn	6.569	10.890	66
Dagvist fatlaðra forskólabarna	68.491	76.840	12
Sameiginleg þjónusta	37.956	42.810	13
Almennt	10.493	11.950	14
Viðhald fasteigna	1.548	2.600	68
Öskjuhlíðarskóli			
Öskjuhlíðarskóli	80.044	90.770	13
Fjölskylduheimilið Reynilundi 4	5.716	6.120	7
Skóladagheimilið Lindarflöt 41	4.678	5.110	9
Safamýrarskóli	45.936	54.010	18
Dalbrautarskóli	17.287	19.850	15
Samtals	**355.610**	**404.640**	**14**

Önnur fræðslumál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 422 Námsgagnastofnun; 423 Námsstjórn og þróunarvekefni; 431 Iðnfræðsluráð; 881 Náms- og fræðimenn; 883 Lektorar í íslensku við erlenda háskóla; 884 Jöfnun á námskostnaði og 885 Fullorðinsfræðsla.

Heildarframlag til þessa málefnaflokks er áætlað 359,4 m.kr. og skiptist á fjárlagaliði sem hér segir:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Námsgagnastofnun	195.400	194.623	224.290	15	15
Námsstjórn og þróunarverkefni	28.200	28.091	-	.	.
Iðnfræðsluráð	14.100	9.863	-	.	.
Náms- og fræðimenn	20.200	23.082	28.670	24	42
Lektorar í íslensku við erlenda háskóla	2.100	2.519	2.650	5	26
Jöfnun á námskostnaði	51.300	83.792	89.000	6	73
Fullorðinsfræðsla	2.600	3.695	14.820	301	470
Samtals	**313.900**	**345.665**	**359.430**	**4**	**15**

Rekstrarframlag er svipað og í fjárlögum en nokkrar innbyrðis breytingar hafa átt sér stað. Tveir fjárlagaliðir hafa verið felldir niður, *423 Námsstjórn og þróunarverkefni* og *431 Iðnfræðsluráð*, en að teknu tilliti til þess hækkar rekstrarframlag til þessa málefnaflokks um 17%. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu efnisbreytingum á fjárlagaliðum málefnaflokksins.

422 Námsgagnastofnun. Rekstrarframlag til Námsgagnastofnunar er áætlað 224,3 m.kr. og hækkar um 15% milli ára. Er það um 13 m.kr. hækkun umfram verðlag og færist aðallega á tvö viðfangsefni, *1.20 Framleiðsludeild* og *1.60 Námsefnisgerð*. Hækkun framlags er til útgáfu á námsefni fyrir 6 ára börn, en í nýjum lögum um grunnskóla er kveðið á um skólaskyldu þeirra og fjölgar því nemendum í skyldunámi um rúmlega 4.000. Fjárveiting til Námsgagnastofnunar í frumvarpi til fjárlaga 1991 jafngildir 5.350 kr. á hvern nemanda í skyldunámi samanborið við 5.560 kr. í fjárlögum 1990, hvort tveggja á verðlagi í janúar 1991. Þetta viðmiðunarframlag hefur hækkað jafnt og þétt undanfarin ár en lækkar nú nokkuð þar sem skyldunámsnemendum fjölgar mikið milli ára. Þó hér sé um lækkun að ræða er þess að geta að Námsgagnastofnun hefur nú þegar samið nokkurt námsefni fyrir forskólabörn og því þarf ekki að hækka framlag til stofnunarinnar sem nemur nemendafjölguninni. Í eftirfarandi töflu er sýndur fjöldi nemenda og framlag í fjárlögum á nemanda í skyldunámi undanfarin fjögur ár samanborið við frumvarp til fjárlaga 1991. Tölur eru á föstu verðlagi og miðast við janúar 1991.

	Fjöldi skyldunáms-nemenda	Framlag á nemanda kr.
Fjárlög 1987	37.100	4.410
Fjárlög 1988	38.000	5.230
Fjárlög 1989	37.700	5.370
Fjárlög 1990	37.800	5.560
Frumvarp 1991	41.900	5.350

423 Námsstjórn og þróunarverkefni. Framlag til þessa fjárlagaliðar er 28,1 m.kr. í fjárlögum 1990 og heimiluð störf ellefu. Fjárlagaliðurinn fellur nú niður. Af störfunum ellefu flytjast sex á aðalskrifstofu menntamálaráðuneytis og fimm störf námsstjóra færast á safnlið, *720 Grunnskólar, almennt.*

431 Iðnfræðsluráð. Framlag til Iðnfræðsluráðs er 9,9 m.kr. í fjárlögum 1990 og heimiluð stöðugildi 6,75. Þrjú störf flytjast á aðalskrifstofu ráðuneytisins en fyrir öðrum starfsmönnum og kostnaði, sem tengist iðn- og verkmenntun, er nú áætlað á fjárlagalið *319 Framhaldsskólar, almennt.*

881 Náms- og fræðimenn. Framlag á þessum lið nemur 23,1 m.kr. og hækkar um 24% frá fjárlögum 1990. Hækkun umfram verðlag er nær eingöngu vegna viðfangefnisins *1.10 Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum*, en styrkjum fjölgar úr fjórtán í tuttugu auk tíu mánaðarstyrkja sem veittir verða þeim er hyggjast ljúka fyrra árs prófi í íslensku. Fjölgun styrkjanna stafar af sérstökum stuðningi við námsmenn frá Austur-Evrópu. Til viðfangsefnisins *6.20 Stúdentagarðar* eru veittar 7 m.kr.

885 Fullorðinsfræðsla. Heildarframlag nemur 14,8 m.kr. og hækkar um 11,1 m.kr. frá fjárlögum 1990. Nýtt viðfangsefni *1.10 Fjarkennsla* bætist við en þetta verkefni var áður fært á fjárlagalið Háskóla Íslands. Viðfangsefnið *1.80 Námskeið fyrir ófaglærða bókaverði* fær nú heitið *1.80 Fullorðinsfræðsla, almenn* og er fjárveiting 1,4 m.kr. Fullorðinsfræðslan mun vaxa verulega á komandi árum. Framlög til hennar hækka lítillega til þess að unnt sé að kosta útgáfu og dreifingarstarfsemi á hennar vegum. Framlag til *Bréfaskólans* hækkar um 35% en hann er elsta stofnun fullorðinsfræðslu á Íslandi. Skólinn er 50 ára á þessu ári og er í frumvarpinu gert ráð fyrir að bæta megi búnað hans svo að hann geti enn betur sinnt hlutverki sínu í framtíðinni. Að öðru leyti eru viðfangsefni þau sömu og í fjárlögum 1990.

Lánasjóður íslenskra námsmanna

Framlag til sjóðsins er 1.930 m.kr. og lækkar úr 2.171 m.kr. í fjárlögum 1990. Fjallað er um Lánasjóð íslenskra námsmanna í athugasemdum um B-hluta fjárlaga í 6. kafla.

Söfn, listastofnanir o.fl.

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 901 Landsbókasafn Íslands; 902 Þjóðminjasafn Íslands; 903 Þjóðskjalasafn Íslands; 904 Safnahúsið við Hverfisgötu; 906 Listasafn Einars Jónssonar; 907 Listasafn Íslands; 908 Kvikmyndasafn Íslands; 909 Blindrabókasafn; 972 Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn; 973 Þjóðleikhús; 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands; 977 Þjóðarbókhlaða og 978 Endurbótasjóður menningarstofnana.

Framlag til málefnaflokksins verður 901,3 m.kr. Samkvæmt fjárlögum 1990 stóð til að Endurbótasjóður menningarstofnana tæki lán til áformaðra framkvæmda, allt að 300 m.kr. Orðið hefur að ráði að ríkissjóður taki umrædd lán á árinu 1990 og veiti fénu til hlutaðeigandi framkvæmda. Hækkun á útgjöldum 1991 samanborið við 1990 er því af tæknilegum toga fremur en að hér sé um efnislega breytingu að ræða. Á árinu 1991 er veitt fé til sjóðsins 335 m.kr. og greint er nánar frá ráðstöfun fjárins í umfjöllun um fjárlagalið-

inn *978 Endurbótasjóður menningarstofnana*. Þess má og geta að lækkun á framlagi til málefnaflokksins samanborið við reikning 1989 skýrist að mestu leyti af lækkun á rekstrarframlagi til Þjóðleikhússins. Heildarframlag til málefnaflokksins skiptist á gjaldaliði sem hér segir:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landsbókasafn Íslands	39.800	42.844	47.940	12	20
Þjóðminjasafn Íslands	56.200	59.293	74.260	25	32
Þjóðskjalasafn Íslands	32.200	39.927	47.930	20	49
Safnahúsið við Hverfisgötu	5.700	5.554	6.630	19	16
Listasafn Einars Jónssonar	4.300	4.454	5.110	15	19
Listasafn Íslands	56.700	58.136	53.870	-7	-5
Kvikmyndasafn Íslands	6.300	5.951	6.360	7	1
Blindrabókasafn Íslands	18.900	22.604	25.030	11	32
Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn	-	-	23.210	.	.
Þjóðleikhús	265.300	196.000	267.000	36	1
Sinfóníuhljómsveit	71.000	84.574	94.000	11	32
Þjóðarbókhlaða	120.100	-	100.000	.	-17
Endurbótasjóður menningarstofnana	-	20.160	150.000	644	.
Samtals	**676.500**	**539.497**	**901.340**	**67**	**33**

Rekstrarútgjöld eru áætluð 512,6 m.kr. og hækka ívið meir en almennt verðlag. Að teknu tilliti til þess að framlag til Íslenska dansflokksins og Listdansskólans er nú fært með rekstrargjöldum, en var áður fært sem rekstrartilfærslur, hækka rekstrarútgjöld þessa málefnaflokks sama og ekkert.

Fjárveiting til stofnkostnaðar og viðhalds nemur alls 388,7 m.kr. Þar af eru 335 m.kr. áætluð innheimta sérstaks eignarskatts samkvæmt lögum nr. 83/1989 og skal ráðstafa til endurbóta á menningarbyggingum.

Helstu efnislegu breytingar á einstökum stofnunum eru eftirfarandi:

901 Landsbókasafn. Fjárveiting til Landsbókasafns Íslands nemur 47,9 m.kr. og hækkar um 12% frá fjárlögum 1990. Hækkun umfram verðlag er vegna reksturs tölvukerfis, sem Háskóli Íslands mun fjármagna, en rekstrarkostnaður skiptist á bókhlöðusöfnin. Fjárveiting til bóka- og handritakaupa og kaupa á filmulesvél nemur 7 m.kr.

902 Þjóðminjasafn Íslands. Rekstrarframlag til Þjóðminjasafns Íslands er áætlað 49,2 m.kr. og er það hækkun um 10% frá fjárlögum. Launagjöld nema alls 38 m.kr. en gert er ráð fyrir nýju tímabundnu starfi safnstjóra. Föst störf við safnið verða þá nítján, þar af fimm með tímabundna ráðningu. Til undirbúnings endurbóta á húseigninni við Suðurgötu eru ætlaðar 10 m.kr. Það fé er hluti af ráðstöfunarfé Endurbótasjóðs menningarstofnana.

909 Blindrabókasafn Íslands. Rekstrarframlag er 23,3 m.kr. og er gert ráð fyrir svipaðri starfsemi og í fjárlögum 1990. Framlag til tækjakaupa er 1,7 m.kr. og er ætlað til tölvubúnaðar vegna nýs útlánakerfis.

972 Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn. Hér er um nýjan fjárlagalið að ræða sem áður var sérstakt viðfangsefni hjá Þjóðleikhúsinu og er framlag 23,2 m.kr. Gert er ráð fyrir störfum skólastjóra Listdansskólans, listdansstjóra Íslenska dansflokksins og ellefu listdansara, samtals þrettán störfum, auk kostnaðar við stundakennslu o.fl. Launagjöld nema alls 21,1 m.kr. en önnur rekstrargjöld 5,1 m.kr. Gert er ráð fyrir sértekjur verði 3 m.kr. Rekstrarumsvif eru áætluð óbreytt frá því sem er í fjárlögum 1990.

973 Þjóðleikhús. Framlag til reksturs Þjóðleikhússins nemur 192 m.kr. samanborið við 175,4 m.kr. í fjárlögum 1990 og miðast við að starfsemi hefjist í húsinu í febrúar 1991. Er þá gert ráð fyrir því að tekist hafi að lækka rekstrarkostnað til samræmis við það sem ákveðið var í fjárlögum 1990. Nauðsynlegt er að fjallað verði um fjárframlög til hússins í meðförum fjárveitinganefndar Alþingis og mun menntamálaráðuneyti gera nefndinni grein fyrir áformum um rekstur. Í ár hefur verið unnið að umfangsmiklum breytingum á húsinu. Fjárveitinganefnd verður gerð grein fyrir stöðu verksins og heildarkostnaði við þann áfanga framkvæmdarinnar sem unnið er að. Í frumvarpinu er gerð tillaga um 75 m.kr. úr Endurbótasjóði menningarstofnana til þess að ljúka þeim endurbótum sem ákveðnar hafa verið.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands. Framlag til Sinfóníuhljómsveitarinnar nemur 94 m.kr. sem er um 11% hækkun frá fjárlögum. Nánari umfjöllun um Þjóðleikhús og Sinfóníuhljómsveit er að finna í greinargerð um B-hluta frumvarpsins.

977 Þjóðarbókhlaða og ***978 Endurbótasjóður menningarstofnana.*** Samkvæmt lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, skal fram til aldamóta lagður á sérstakur eignarskattur sem varið skal til að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana og stuðla að verndun gamalla bygginga í eigu ríkisins. Tekjur af skattinum á árinu 1991 eru áætlaðar um 335 m.kr. og er ráðstöfunarfé sjóðsins. Lagt er til að fénu sé ráðstafað til framkvæmda við Þjóðleikhús 75 m.kr., Þjóðminjasafn Íslands 10 m.kr. og Þjóðarbókhlöðu 100 m.kr., samtals 185 m.kr. Framlagið til Þjóðarbókhlöðunnar er ætlað til að ljúka við 11. áfanga framkvæmda og til áframhaldandi hönnunar og framkvæmda við 12. áfanga. Óráðstafað fé sjóðsins er 150 m.kr. og er gert ráð fyrir að þeirri fjárhæð verði skipt af Alþingi milli framkvæmda við Bessastaði og Þjóðarbókhlöðu. Eins og í ár verður leitað samkomulags við Háskóla Íslands um að skólinn leggi nokkuð af mörkum til þess að hraða megi framkvæmdum við Þjóðarbókhlöðu.

Ýmis framlög

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 804 Kvikmyndaeftirlit ríkisins; 976 Menningarsjóður; 980 Listskreytingasjóður; 981 Kvikmyndasjóður; 982 Listir, framlög; 983 Vísindaleg starfsemi, styrkir; 984 Norræn samvinna; 985 Alþjóðleg samskipti; 988 Æskulýðsmál; 989 Ýmis íþróttamál; 991 Húsafriðun; 997 Uppgjör við sveitarfélög; 998 Ráðstöfunarfé og 999 Ýmislegt.

Heildarframlag til málefnaflokksins er áætlað 847,3 m.kr. og er það um 4% hækkun frá fjárlögum 1990. Framlag skiptist á fjárlagaliði sem hér segir:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Dagvistarheimili, stofnkostnaður	83.100	-	-	.	.
Kvikmyndaeftirlit ríkisins	2.500	1.240	1.260	2	-50
Menningarsjóður, framlag	11.500	8.330	10.500	26	-9
Listskreytingasjóður	6.000	9.800	12.000	22	100
Kvikmyndasjóður	70.900	69.580	81.000	16	14
Listir, framlög	210.700	210.484	230.120	9	9
Vísindaleg starfsemi, styrkir	3.200	12.842	12.950	1	305
Norræn samvinna	6.900	6.213	4.890	-21	-29
Alþjóðleg samskipti	-	-	18.100	.	.
Íþróttasjóður	51.500	-	-	.	.
Æskulýðsmál	17.800	24.549	26.100	6	47
Ýmis íþróttamál	59.300	67.091	66.720	-1	13
Húsafriðun	14.900	21.046	27.780	32	86
Uppgjör við sveitarfélög	-	294.000	300.000	2	.
Ráðstöfunarfé	-	14.700	15.000	2	.
Ýmislegt	80.700	71.237	40.890	-43	-49
Samtals	**619.000**	**811.112**	**847.310**	**4**	**37**

Einn fjárlagaliður, *975 Vísindasjóður*, sem telst til þessa málefnaflokks í fjárlögum 1990, flyst undir málefnaflokkinn *Háskólar og rannsóknir* og verður *234 Vísindaráð* og *235 Vísindasjóður*. Nokkrir liðanna þarfnast ekki skýringa enda ekki gert ráð fyrir breyttri starfsemi en um eftirtalda liði er talið þarft að fjalla:

976 Menningarsjóður, framlag. Tekjur Menningarsjóðs eru samkvæmt lögum gjald af aðgöngumiðum að kvikmyndasýningum og dansleikjum og árlegt framlag úr ríkissjóði. Áætlaðar markaðar tekjur nema 10,5 m.kr. og er gjaldfærsla í samræmi við það.

981 Kvikmyndasjóður. Samkvæmt lögum nr. 94/1983 eru tekjur sjóðsins söluskattur af seldum miðum kvikmyndahúsa. Framlag til sjóðsins er 81 m.kr. og hækkar um 11,4 m.kr. frá fjárlögum 1990. Á þessu ári rennur til kvikmyndasjóðs frá innlendum og alþjóðlegum sjóðum, sem Íslands er aðili að, liðlega 100 m.kr.

982 Listir, framlög. Framlag nemur 230,1 m.kr. og hækkar frá gildandi fjárlögum um 13%. Nokkur ný viðfangsefni bætast við en þau eru: *Bókmenntakynningarsjóður*, til styrktar þýðingum á íslenskum bókmenntum á erlend tungumál. Sjóðurinn verður nú sérstakur liður en hefur áður verið tekinn af óskiptum liðum ráðuneytisins. *Nýlistasafn* en fjárveitingin er 2,8 m.kr. Ríkið hefur ásamt Reykjavíkurborg stuðlað að því að safnið komist í nýtt húsnæði. Framlaginu er ætlað að gera ríkinu kleift að standa við þær skuldbindingar. Þá er að nefna liðinn *Listamiðstöð í Straumi* en Hafnarfjarðarkaupstaður hefur styrkt þessa starfsemi. Hér er gert ráð fyrir nokkurri upphæð frá ríkinu. *M-hátíð* er nýr liður en M-hátíðir eru orðnar fastur liður í starfsemi menntamálaráðuneytis. Að auki færist nú *Menningarsjóður félagsheimila* á þennan fjárlagalið en hann var áður sjálfstæður fjárlagaliður. Samkvæmt lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga skulu 10% af skemmtanaskatti renna til sjóðsins. Framlag er 6,1 m.kr. Viðfangsefnið *1.31 Íslenski dansflokkurinn* fellur nú niður en gert er ráð fyrir kostnaði vegna hans á sérstökum fjárlagalið, *972 Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn*. Framlag til

Leikfélags Akureyrar nemur 15,4 m.kr. og hækkar lítillega frá fjárlögum 1990. Félagið hefur átt við fjárhagserfiðleika að stríða. Taka þarf á þeim málum sérstaklega við meðferð málsins í fjárveitinganefnd. Framlag til *Íslensku Óperunnar* er 14,4 m.kr. samanborið við 13,6 m.kr. í fjárlögum 1990. Málefni íslensku óperunnar eru í athugun en hún hefur átt við fjárhagsvanda að stríða. Þegar afstaða Reykjavíkurborgar liggur fyrir verður málið kynnt fjárveitinganefnd Alþingis. Til *Íslenskrar tónverkamiðstöðvarinnar* eru veittar 4,1 m.kr. og felst í því lítils háttar raunhækkun. *Myndlistarskólinn á Akureyri* hefur verið rekinn með fjárframlögum ríkis og bæjar. Akureyrarbær hefur hækkað sinn hlut verulega. Gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi að auka hlut ríkisins nokkuð og er gerð tillaga um 6,5 m.kr. framlag. Yfirleitt er miðað við að framlög til annarra viðfangsefna séu óbreytt að krónutölu nema þar sem fyrir er sérstök tenging við laun eða verðlag. Framlag til *heiðurslauna listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis* er 12,2 m.kr. en að venju er gert ráð fyrir að Alþingi ráðstafi fénu.

984 Norræn samvinna. Fjárveiting til norrænnar samvinnu lækkar úr 7,8 m.kr. í fjárlögum 1990 í 4,9 m.kr. Framlag til *Ferðamálasamtaka Vestur-Norðurlanda* fellur niður en fjárveiting til þessara samtaka færist nú á fjárlagalið *485 Ýmis framlög* í samgönguráðuneyti. Viðfangsefnið *Kynningar- og útbreiðsluverkefni varðandi umhverfismál* fellur niður en fjárveiting færist undir umhverfisráðuneyti á fjárlagalið *999 Ýmis verkefni*. Framlag til Menningarsjóðs Íslands og Finnlands er lokaframlag í átaki til að efla höfuðstól sjóðsins.

985 Alþjóðleg samskipti. Þetta er nýr fjárlagaliður með fimm viðfangsefnum en fjögur þeirra voru áður færð á fjárlagalið *999 Ýmislegt*. Þau eru *1.10 Evrópubandalagið, vísindasamstarf, 1.11 Kvikmyndasjóður Evrópu, 1.12 Evreka* og *1.20 Þátttaka í starfi UNESCO*. Fjárveiting til þessara viðfangsefna er óbreytt frá fjárlögum 1990 og nemur alls 8,1 m.kr. Fimmta viðfangsefnið, *1.90 Ýmsir alþjóðlegir samningar*, er nýtt og er ætlað að standa undir kostnaði við ýmsa alþjóðlega samninga á sviði menningar- og menntamála samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar en framlagið nemur 10 m.kr.

988 Æskulýðsmál og ***989 Ýmis íþróttamál.*** Framlag til þessara tveggja fjárlagaliða er að mestu óbreytt frá fjárlögum 1990. Fjárveiting til æskulýðsmála nemur 26,1 m.kr. Viðfangsefni eru þau sömu og í fjárlögum utan að eitt viðfangsefni, *1.19 Félagsstörf í skólum*, skiptir nú um heiti og fær nafnið *1.19 Æskulýðsmál, almennt*. Til ýmissa íþróttamála eru ætlaðar 66,7 m.kr. og er það nær óbreytt fjárhæð frá fjárlögum. Eitt viðfangsefni, *6.13 Íþróttasamband fatlaðra vegna endurhæfingar*, fellur nú niður.

991 Húsafriðun. Fjárveiting nemur alls 27,8 m.kr. og hækkar um 32% frá fjárlögum. Viðfangsefni eru þau sömu. Framlag til *Byggða- og minjasafna* lækkar um 3,9 m.kr. og verður 6 m.kr. en framlag til *Húsafriðunarsjóðs* hækkar um 6,9 m.kr. og verður 10,5 m.kr. Um sjóðinn gilda lög nr. 88/1989. Til framkvæmda við Nesstofu og við útihúsin á Nesi eru ætlaðar 4 m.kr. og 7 m.kr. til Sjóminjasafns Íslands.

997 Uppgjör við sveitarfélög. Framlag er 300 m.kr. samanborið við 294 m.kr. í fjárlögum 1990. Í lögum um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga segir um kostnaðaruppgjör milli ríkissjóðs og sveitarfélaga, að fara skuli að eins og mælt verður fyrir um í fjárlögum fyrir árin 1990-1993, enda verði greiðslu lokið að fullu á því árabili.

999 Ýmislegt. Fjárveiting til þessa fjárlagaliðar er 40,9 m.kr. og lækkar um 43% frá fjárlögum. Viðfangsefnin *1.96 Útflutnings- og markaðsskólinn, 6.43 Skriðuklaustur* og *Skóli Ísaks Jónssonar, stofnkostnaður* falla niður. Þá flyst viðfangsefnið *1.31 Geysir í Haukadal* til umhverfisráðuneytis. Viðfangsefnin *Þátttaka í starfi UNESCO, Vísindasamstarf EB, Evreka* og *Kvikmyndasjóður Evrópu* færast á nýjan fjárlagalið í menntamálaráðuneyti, *985 Alþjóðleg samskipti.* Að auki er þess að geta að rekstrarstyrkir til *Landakotsskóla, Hlíðardalsskóla* og *Suðurhlíðarskóla* færast til fjárlagaliðarins *720 Grunnskólar, almennt.* Á fjárlagaliðinn bætast tvö ný viðfangsefni: *Náttúrufræðihús* sem var áður fært á fjárlagalið Náttúrufræðistofnunar en stofnunin flyst nú frá menntamálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Bygging þessa húss er samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Náttúrufræðistofnunar og áhugamanna um byggingu náttúrufræðihúss og er framlaginu ætlað að standa straum af undirbúningskostnaði. Loks er þess að geta að framlag til *gamla Stýrimannaskólans við Öldugötu* er 1 m.kr. og er til að hefja nauðsynlegt viðhald á húsinu og til að forða húsinu frá fyrirsjáanlegum skemmdum.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka utanríkisráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti o.fl.	261.200	298.690	359.070	20	37
Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	197.400	196.738	204.470	4	4
Sendiráð og fastanefndir	287.700	348.530	392.850	13	37
Þróunarmál, alþjóðastofnanir o.fl.	262.700	311.400	357.930	15	36
Samtals	**1.009.000**	**1.155.358**	**1.314.320**	**14**	**30**
Rekstrarkostnaður	716.100	802.281	919.990	15	28
Neyslu- og rekstrartilfærslur	276.600	330.243	374.230	13	35
Stofnkostnaður og viðhald	16.300	22.834	20.100	-12	23
Samtals	**1.009.000**	**1.155.358**	**1.314.320**	**14**	**30**

Framlag til ráðuneytisins er áætlað rúmar 1.314,3 m.kr. og hækkar um 14% frá fjárlögum. Hækkun umfram verðlag skýrist einkum af vaxandi umsvifum ráðuneytisins vegna aukins samstarfs Evrópuríkja í efnahags- og öryggismálum. Hér á eftir verður fjallað um málefnaflokka ráðuneytisins og um einstaka fjárlagaliði þar sem tilefni er til.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 102 Varnarmálaskrifstofa og 103 Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs.

Heildarframlag til málefnaflokksins verður ríflega 359 m.kr. og hækkar um 60,4 m.kr. frá fjárlögum 1990. Hækkunin skiptist á einstaka fjárlagaliði með eftirfarandi hætti:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Aðalskrifstofa	217.800	253.746	310.380	22	43
Varnarmálaskrifstofa	30.100	34.125	37.220	9	24
Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs	13.300	10.819	11.470	6	-14
Samtals	**261.200**	**298.690**	**359.070**	**20**	**37**
Rekstur	245.800	277.877	339.770	22	38
Rekstrar- og neyslutilfærslur	13.900	18.843	16.300	-14	17
Stofnkostnaður	1.500	1.960	3.000	53	100
Samtals	**261.200**	**298.680**	**359.070**	**20**	**37**

Eins og sést af yfirlitinu kemur nær öll hækkunin fram hjá *aðalskrifstofu* og skýrist hún einkum af auknum kostnaði samfara samningaviðræðum EB og EFTA um sameiginlegan innri markað í Evrópu. Viðfangsefnið *Þýðingar laga og reglugerða Evrópubandalagsins* er nýtt og til þess eru veittar 37,4 m.kr. til þess að standa straum af kostnaði við samnefnt verkefni. Launakostnaður *viðskiptaskrifstofu* hækkar um nálægt 5,5 m.kr. umfram verðlagsbreytingar, aðallega vegna þriggja nýrra starfa sem ætlað er fyrir fram á mitt næsta ár til þess að vinna að samningaviðræðum EFTA og EB. Á móti vegur að 7,5 m.kr. framlag vegna markaðsátaks fyrir lagmeti í Vestur-Þýskalandi fellur niður þannig að heildarfjárveiting til *viðskiptaskrifstofu* lækkar að raunvirði um nálægt 2 m.kr. Framlag til þess að standa straum af kostnaði af *alþjóðaráðstefnum* er hækkað um 4 m.kr. að raungildi, m.a. til þess að mæta auknum kostnaði af *Ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu* og auknu samráði ríkja Norður-Atlantshafsbandalagsins í kjölfar þeirra breytinga sem eiga sér stað í skipan öryggismála í álfunni. Á móti þessu er fellt niður framlag vegna *viðskiptafulltrúa í Japan* að fjárhæð um 3,5 m.kr. Þá er viðfangsefnið *Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi* flutt af aðalskrifstofu yfir á sérstakt viðfangsefni á fjárlagalið *03-399 Ýmis utanríkismál*. Fjárveiting til *Skrifstofu ráðherranefndar Norðurlandaráðs* er óbreytt að raungildi en lækkar talsvert frá reikningi 1989. Ástæðan er sú, að á árinu 1989 gegndi íslenski samstarfsráðherrann formennsku í Norrænu ráðherranefndinni og af því hlaust nokkur umframkostnaður. Fjárveiting vegna stofnkostnaðar verður 3 m.kr. og er að mestu ætluð til endurnýjunar á ýmsum tækjabúnaði í aðalskrifstofu ráðuneytisins.

Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli

Til þessa málefnaflokks heyrir eingöngu samnefnd stofnun og hækkar fjárveiting til embættisins um 4%, sem felur í sér nokkurn samdrátt í starfsemi. Ástæða þessa er samkomulag milli utanríkisráðuneytis og fjármálaráðuneytis á árinu 1989 sem leiddi til fækkunar starfsmanna. Störfum við embættið fækkar um 2,2 miðað við fjárlög 1990 og hefur þeim þá fækkað um 13 frá árinu 1989 eins og gert var ráð fyrir í samkomulaginu. Til endurnýjunar á tveimur bifreiðum og viðgerðar á lögreglustöðvarhúsi eru ætlaðar 1,1 m.kr. á stofnkostnaðar- og viðhaldsliðum.

Sendiráð og fastanefndir

Til þessa málefnaflokks heyra öll sendiráð og fastanefndir Íslands erlendis undir fjárlagaliðum *301-313*. Heildarfjárveiting til þessa málefnaflokks verður tæplega 393 m.kr.

og hækkar um 13%. Hækkunaráhrif af gengisbreytingum frá forsendum fjárlaga 1990 nema rúmlega 4% og áhrif erlendrar verðbólgu rúmlega 5% þannig að verðbreytingar einar sér hækka útgjöld um tæp 10%. Að teknu tilliti til þessa hækkar því fjárveiting til *sendiráða og fastanefnda* um tæplega 4% að raungildi. Hækkunin stafar af auknum umsvifum tveggja sendiráða og fastanefnda og tengist aðallega samningaviðræðum EFTA og EB um sameiginlegan innri markað eins og áður segir. Þannig hækkar fjárveiting til *sendiráðsins í Brussel og hjá Evrópubandalaginu* um 11,9 m.kr., en við afgreiðslu fjárlaga 1990 var ákveðið að stofna sérstakt sendiherraembætti við sendiráðið, auk þess sem fulltrúum var fjölgað um einn. Þessi ákvörðun kemur nú að fullu til framkvæmda. Þá hækkar framlag vegna *fastanefndar Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf* um nálægt 1,9 m.kr. og færist hækkunin á önnur rekstrargjöld. Fjárveiting til viðhalds- og stofnkostnaðar allra sendiráða og fastanefnda verður 16 m.kr., sem er lítils háttar lækkun frá fjárlögum 1990 og skýrist af sérstakri hækkun það ár vegna viðgerða á eignum íslenska ríkisins í París og Moskvu. Fjárveiting nú er ætluð til hefðbundins viðhalds og endurbóta á eignum íslenska ríkisins erlendis auk þess sem framhald verður á endurbótum á tækjabúnaði sendiráða.

Þróunarmál, alþjóðastofnanir o.fl.

Til þessa málefnaflokks heyra eftirtaldir fjárlagaliðir: 390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands; 391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi; 399 Ýmis utanríkismál; 401 Alþjóðastofnanir og 998 Ráðstöfunarfé.

Framlag til þessa málefnaflokks verður tæpar 358 m.kr. og hækkar um 15%. Framlag til *Þróunarsamvinnustofnunar Íslands*, sem nú færist á sérstakan fjárlagalið, verður óbreytt að raungildi frá fjárlögum 1990. Sama gildir um framlag til ýmissa annarra verkefna á sviði þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi. Sérstakur starfshópur á vegum utanríkisráðuneytis og fjármálaráðuneytis vinnur nú að athugun á málefnum er snerta þróunaraðstoð og alþjóðlegt hjálparstarf og er ætlunin að niðurstöður hópsins liggi fyrir áður en að afgreiðslu fjárlaga kemur. Á liðnum *ýmis utanríkismál* er bætt við 5 m.kr. framlagi á sérstöku viðfangsefni til kynningar á landafundum Leifs Eiríkssonar. Fjárveitingin er fyrri hluti 10 m.kr. framlags Íslands til norsk-íslensks samvinnuverkefnis til kynningar á landafundum víkinga í Vesturheimi til mótvægis við áform Spánverja um stórfelld hátíðahöld og kynningarherferð í tengslum við að 500 ár verða liðin frá því að Kristófer Kólumbus steig á land í Ameríku árið 1492. Þá færist á þennan fjárlagalið framlag til *Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi* að fjárhæð 210 þús. kr., en í fjárlögum 1990 var fjárveiting til félagsins færð á *aðalskrifstofu*. Framlög undir liðnum *alþjóðastofnanir* eru að mestu leyti skuldbundnar greiðslur vegna aðildar Íslands að ýmsum alþjóðlegum stofnunum og samtökum. Framlag á liðnum verður 203,3 m.kr. og hækkar um 21%. Hækkun vegna gengisbreytinga nemur ríflega 6% og tæpum 4% vegna erlendrar verðbólgu. Að teknu tilliti til þessa nemur hækkun umfram gengis- og verðbreytingar um 10%. Hækkunin skýrist að miklu leyti af hækkun á fjórum viðfangsefnum. Framlag til *Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA*, hækkar um nálægt 9,7 m.kr., einkum vegna aukins kostnaðar samtakanna af samningaviðræðum við Evrópubandalagið. Þá hækkar *framlag Íslands til fjárlaga Norrænu ráðherranefndarinnar* um 3,5 m.kr., þar sem hlutur Íslands í þeim kostnaði vex úr 1% af heildarkostnaði í 1,1%. Loks hækka framlög til *Atlantshafsbandalagsins, NATO*, um 2,4 m.kr. og til *Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, ILO*, um 1,2 m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld landbúnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	49.800	51.649	55.500	7	11
Landbúnaðarmál	3.387.500	2.822.260	3.589.010	27	6
Landgræðsla, skógrækt	254.500	306.925	342.510	12	35
Búnaðarskólar	169.600	165.803	178.190	7	5
Samtals	**3.861.400**	**3.346.637**	**4.165.210**	**24**	**8**
Rekstrarkostnaður	509.900	653.752	701.490	7	38
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2.985.000	2.261.803	3.025.820	34	1
Stofnkostnaður og viðhald	366.500	431.082	437.900	2	19
Samtals	**3.861.400**	**3.346.637**	**4.165.210**	**24**	**8**

Heildarútgjöld landbúnaðarráðuneytisins hækka um 818 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Í fjárveitingunni felst tæplega 17% hækkun að raunvirði milli ára. Samanborið við niðurstöðutölur ríkisreiknings fyrir árið 1989 nemur hækkunin þó einungis 304 m.kr. Sveiflur í fjárveitingum til ráðuneytisins milli ára má að mestu rekja til örfárra fjárlagaliða og koma fyrst og fremst á tilfærsluliðum. Rekstrarframlag til ráðuneytis og stofnana þess hækkar í stórum dráttum einungis sem verðbreytingum nemur, en helsta breyting frá fjárlögum 1990 felst í verulegri hækkun á framlagi til uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir undir málefnaflokknum landbúnaðarmál. Hér á eftir verður fjallað um málefnaflokka ráðuneytisins og um einstaka fjárlagaliði þar sem tilefni er til.

Ráðuneyti

Aðeins einn fjárlagaliður, *101 Aðalskrifstofa*, heyrir undir þennan málefnaflokk. Rekstrargjöld ráðuneytisins hækka um 3,8 m.kr. frá fjárlögum, en það er örlítil aukning milli ára. Hækkun skýrist af hækkun launagjalda og er það í samræmi við fjölda starfsmanna á aðalskrifstofu ráðuneytisins. Við afgreiðslu fjárlaga 1990 heimilaði Alþingi auknar launagreiðslur sem nemur einu ársverki og er nú áætlað fyrir óbreyttum fjölda starfa, þ.e. 13,5 ársverk.

Landbúnaðarmál

Þessi málaflokkur er nokkuð sundurleitur en öll útgjöld sem til hans teljast tengjast atvinnugreininni ef frá er talin fjárveiting sem ætluð er til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra. Undir málefnaflokkinn falla eftirtaldir fjárlagaliðir og framlög til þeirra breytast milli ára eins og hér greinir:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
171 Jarðeignir ríkisins	18.700	18.326	20.000	9	7
172 Jarðasjóður	11.700	14.700	15.000	2	28
201 Búnaðarfélag Íslands	88.800	76.644	71.910	-6	-19
202 Hagþjónusta landbúnaðarins	-	8.417	8.060	-4	.
206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	117.700	115.854	117.600	2	.
221 Áburðarverksmiðja ríkisins	22.000	30.000	-	.	.
242 Mat á landbúnaðarafurðum	5.100	118	-	.	.
243 Sauðfjárveikivarnir	423.100	319.106	337.200	6	-20
244 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	7.200	6.253	6.400	2	-11
245 Laxeldisstöðin Kollafirði	-	-	10.400	.	.
246 Veiðimálastofnunin	45.100	37.998	31.720	-17	-30
247 Yfirdýralæknir	49.900	53.221	55.440	4	11
272 Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey	4.900	3.881	6.490	67	32
287 Stofnlánadeild landbúnaðarins	38.800	47.393	53.680	13	38
288 Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög	222.800	226.531	245.120	8	10
289 Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði	676.500	498.438	507.000	2	-25
290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	1.617.400	1.343.380	2.078.000	55	28
299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi	37.800	20.060	21.990	10	-42
998 Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	-	1.940	3.000	.	.
Samtals	**3.387.500**	**2.822.260**	**3.589.010**	**27**	**6**

Innan málefnaflokksins fellur einn fjárlagaliður niður frá fjárlögum 1990 og annar bætist við. Við stofnun umhverfisráðuneytis fluttist fjárlagaliður *205 Embætti veiðistjóra* til hins nýja ráðuneytis. Nýr fjárlagaliður er *246 Laxeldisstöðin Kollafirði*, en fram til þessa hefur Laxeldisstöðin verið sérstakt viðfangsefni undir fjárlagalið *247 Veiðimálastofnun*. Nú er stefnt að fjárhagslegum aðskilnaði þessara tveggja stofnana, enda er Laxeldisstöðin B-hluta fyrirtæki og ætlað að afla tekna til að standa straum af kostnaði við starfsemi sína.

Útgjöld til málefnaflokksins hækka um tæplega 767 m.kr. frá fjárlögum en hækkunin er minni ef mið er tekið af reikningstölum fyrir árið 1989, eða um 202 m.kr. Rekstrartilfærslur eru alls áætlaðar 2.993 m.kr. en laun og önnur rekstrargjöld að frádregnum sértekjum stofnana um 350 m.kr. Rekstrargjöld stofnana eru sem næst óbreytt að raunvirði milli ára, en áætluð raunhækkun rekstrartilfærslna nemur um 25%. Þótt uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir séu afgerandi skýring á hækkun rekstrartilfærslna þá má einnig geta þess, sérstaklega ef tekið er mið af reikningstölum fyrir árið 1989, að framlög til Sauðfjárveikivarna og endurgreiðsla uppsafnaðs söluskatts ýmist lækka verulega eða falla niður á árinu 1991. Áfram er áætlað fyrir endurgreiðslu kjarnfóðurgjalds eins og verið hefur en framlag til Áburðarverksmiðju ríkisins fellur niður.

Að því er tekur til viðhalds- og stofnkostnaðarverkefna nemur fjárveiting til viðhalds 14,2 m.kr. og er svipuð að raungildi og fjárveiting þessa árs. Nokkur samdráttur verður aftur á móti á raunvirði framlaga til stofnkostnaðar samanborið við gildandi fjárlög. Fjárveiting er alls 231,5 m.kr. sem felur í sér um 13% raunlækkun milli ára. Stærstur hluti fjárins er ætlaður til að greiða framlög samkvæmt ákvæðum jarðræktar- og búfjárræktarlaga, eða 190 m.kr.

Helstu efnislegu breytingar á stofnunum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

171 Jarðeignir ríkisins og 172 Jarðasjóður. Framlög til þeirra verkefna sem falla undir þessa fjárlagaliði eru sem næst óbreytt að raunvirði frá 1990 að því er tekur til jarðeignanna, en framlagið til Jarðasjóðs hækkar heldur minna en verðlagsbreyting gæfi tilefni til.

201 Búnaðarfélag Íslands. Nokkur lækkun er áætluð á framlagi til Búnaðarfélagsins á næsta ári. Í tengslum við gerð fjárlaga undanfarinna tveggja ára hefur verið gert ráð fyrir að heildarendurskoðun færi fram á framtíðarskipan verkefna og tekjustofnum félagsins. Aðstæður hafa breyst á þessu ári sem skýra lækkun fjárframlags úr ríkissjóði. Annars vegar hafa tiltekin verkefni verið færð frá Búnaðarfélaginu til *Hagþjónustu landbúnaðarins*, sem tók til starfa í byrjun þessa árs. Hins vegar fær félagið aukið starfsfé með nýsettum lögum nr. 41/1990, um Búnaðarmálasjóð. Framlag úr ríkissjóði miðast við að félagið geti staðið undir þeim verkefnum sem ríkissjóði er lögum samkvæmt ætlað að greiða. Það á fyrst og fremst við um ráðunautaþjónustu í landbúnaði og skýrsluhald samkvæmt jarðræktar- og búfjárræktarlögum og umsýslu við greiðslur og uppgjör rekstrar- og fjárfestingarstyrkja samkvæmt ákvæðum sömu laga. Framlagið er áætlað 71,9 m.kr. sem er um 6% lækkun frá fjárlögum. Launaútgjöld eru alls um 50 m.kr. vegna 13 starfa hjá félaginu auk 17,5 starfa landsráðunauta.

202 Hagþjónusta landbúnaðarins. Hagþjónustan hóf starfsemi í upphafi árs og er hún til húsa á Hvanneyri. Framlag til stofnunarinnar er í frumvarpinu áætlað 8 m.kr. og er það óbreytt frá fjárlögum að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Við umfjöllun fjárlagafrumvarps á Alþingi þarf að taka afstöðu til þess hvernig uppbyggingu stofnunarinnar verður háttað á næsta ári og árum bæði um mannahald og búnað.

206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Rekstrarfjárveiting til Rannsóknastofnunarinnar er óbreytt að raungildi frá gildandi fjárlögum og nemur hún alls 113 m.kr. Fjárveiting til viðhalds og stofnkostnaðar er áætluð tæplega 5 m.kr. lægri en á þessu ári og dregst heildarfjárveiting til stofnunarinnar því lítið eitt saman að raungildi. Á þessu ári voru tvær tilraunastöðvar stofnunarinnar lagðar niður, þ.e. stöðvarnar að Skriðuklaustri og Reykhólum. Á næsta ári er stefnt að því að efla áfram þær tilraunastöðvar sem eftir eru með því að auka samstarf þeirra við aðrar stofnanir landbúnaðarráðuneytisins, þ.e. *Bændaskólann á Hvanneyri* og *Landgræðslu ríkisins* í Gunnarsholti. Því hefur nafni tveggja tilraunastöðva verið breytt frá því sem fram kemur í gildandi fjárlögum og nefnast þær nú *Tilraunastöðin Hesti og Hvanneyri* og *Tilraunastöðin Sámsstöðum og Gunnarsholti*. Breytingin hefur að öðru leyti ekki áhrif á framsetningu fjárlaga. Starfsmannafjöldi breytist ekki frá fjárlögum og er miðað við 57,8 störf hjá stofnuninni.

221 Áburðarverksmiðja ríkisins. Í fjáraukalögum sem sett voru í tengslum við kjarasamninga í febrúar á þessu ári var ákveðið að veita 30 m.kr. úr ríkissjóði til þess að draga úr áburðarverðshækkun s.l. vor. Afkoma verksmiðjunnar hefur reynst heldur betri á árinu 1990 heldur en spáð var og er það skýrt nánar í greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði. Á árinu 1991 er ekki ráðgert framlag úr ríkissjóði til verksmiðjunnar.

243 Sauðfjárveikivarnir. Fjárframlag til Sauðfjárveikivarna er áætlað 337,2 m.kr. á næsta ári og skiptist í þrjá liði eins og verið hefur. Launa- og rekstrargjaldaáætlun stofnunarinnar er miðuð við óbreytt framlag frá fjárlögum og hið sama gildir um

framlag til viðhalds varnargirðinga. Stærstur hluti fjárveitingarinnar fer til greiðslu bóta vegna niðurskurðar á sauðfé vegna riðuveiki. Á næsta ári er áætlað að bótagreiðslurnar nemi um 314 m.kr. en í áætlun þessa árs er gert ráð fyrir tæplega 300 m.kr. Raunvirði bótagreiðslna úr ríkissjóði er nánast óbreytt milli ára. Á þessu ári hefur landbúnaðarráðuneytið gert samninga við bændur á svæðinu milli Lagarfljóts og Jökulsár á Dal um niðurskurð á 13.400 fjár í þeim tilgangi að útrýma riðuveiki á Austfjörðum. Þessi niðurskurður er lokaátak þess áfanga í baráttunni við riðuveiki sem hófst árið 1986. Í upphafi var gert ráð fyrir að átakinu lyki á árunum 1987 og 1988 og samtals þyrfti að farga 40-50 þús. fjár. Með þeim niðurskurði sem samþykktur var á þessu ári mun alls verða fargað um 90 þús. fjár á fjögurra ára tímabili. Bótagreiðslur úr ríkissjóði nema um hálfum öðrum milljarði króna á árunum 1986-1992 miðað við núgildandi verðlag.

245 ***Laxeldisstöðin Kollafirði og 246 Veiðimálastofnunin.*** Sameiginleg fjárveiting til þessara tveggja stofnana miðast við óbreytt raungildi frá fjárlögum. Breytt framsetning fjárlaga á fjárreiðum stofnananna tengist athugun á framtíðarskipan verkefna og tekjustofnum Veiðimálastofnunar. Tillögur þar að lútandi verða væntanlega kynntar í lok þessa árs.

272 ***Einangrunarstöð í Hrísey.*** Framlag til Einangrunarstöðvar holdanauta í Hrísey hækkar talsvert frá fjárlögum. Annars vegar hækkar rekstrarframlag um tæplega 2 m.kr. til samræmis við raunveruleg rekstrarútgjöld stöðvarinnar. Hins vegar er varið 1,5 m.kr. til áframhaldandi framkvæmda við byggingu einangrunarstöðvar fyrir gæludýr. Ráðgert er að leita til Stofnlánadeildar landbúnaðarins um lán til að ljúka byggingu stöðvarinnar. Stöðin mun síðan afla eigin tekna til greiðslu afborgana og vaxta af láninu.

287 ***Stofnlánadeild landbúnaðarins.*** Framlag úr ríkissjóði er ætlað til að greiða 37,5% hluta Stofnlánadeildar af lífeyrisgreiðslum til bænda samkvæmt 1. gr. laga nr. 126/1989, um breytingu á 19. gr. laga nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum. Lögin kveða á um að frá 1. janúar 1992 skuli Lífeyrissjóður bænda standa undir þessum lífeyrisgreiðslum.

288 ***Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög.*** Framsetning frumvarpsins á fjárveitingum úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum jarðræktarlaga nr. 56/1987 með síðari breytingum og búfjárræktarlaga nr. 84/1989 er óbreytt frá fjárlögum 1990. Framlag til rekstrarviðfangsefnanna *búfjárrækt* og *ráðunautar* eru ætlað til greiðslu á 65% hluta ríkissjóðs af launagreiðslum vegna 39,5 starfa forstöðumanna ræktunarstöðva, aðstoðarmanna þeirra og frjótækna, og vegna 38,5 starfa héraðsráðunauta. Framlagið hækkar um 10,7 m.kr. milli ára og nemur alls 55 m.kr. Á móti kemur að sérgreint viðfangsefni í fjárlögum 1990, *framlög til búnaðarsambanda*, fellur niður. Raunvirði rekstrarfjárveitingar úr ríkissjóði helst því óbreytt. Önnur lögbundin framlög falla undir viðfangsefnið *jarðræktar- og búfjárræktarframlög*. Í fyrsta lagi er þar um að ræða uppgjör jarðræktarstyrkja vegna framkvæmda á árinu 1988 sem koma til greiðslu eigi síðar en 1. ágúst á næsta ári. Greiðslan er áætluð 115 m.kr. samkvæmt samkomulagi sem fjármálaráðherra hefur gert um uppgjör þessara styrkja. Lögbundin framlög til búfjárræktar eru áætluð 35 m.kr. og 40 m.kr. eru veittar til að styrkja nýframkvæmdir samkvæmt ákvæðum jarðræktarlaga á árinu 1991. Fjárveiting til þessa viðfangsefnis er því samtals 190 m.kr.

289 Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði. Fjárveiting úr ríkissjóði fer til niðurgreiðslu á nokkrum vöruflokkum landbúnaðarafurða sem ekki njóta framlags af niðurgreiðslulið viðskiptaráðuneytisins. Hér er um að ræða niðurgreiðslur á nauta-, svína- og hrossakjöti, eggjum og kjúklingum. Framlag er áætlað óbreytt að raungildi frá fjárlögum og miðast við að niðurgreiðslur haldist óbreyttar frá því sem nú er til ársloka 1991. Í fjáraukalögum fyrir árið 1990, sem samþykkt voru á Alþingi s.l. vor, var undir þessum fjárlagalið veitt 25 m.kr. framlag til niðurgreiðslu fóðurs í loðdýrarækt. Ekki er á þessu stigi ljóst hvort nauðsynlegt reynist að veita framlag úr ríkissjóði til þessa verkefnis á næsta ári. Landbúnaðarráðherra mun gera Alþingi nánari grein fyrir stöðu málsins.

290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir. Í lögum nr. 29/1987, um breytingu á lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, er kveðið á um greiðslur úr ríkissjóði til útflutningsbóta og til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á árunum 1987-1992. Framlag úr ríkissjóði skal vera jafnvirði allt að 9% af heildarverðmæti landbúnaðarafurða á hverju ári. Áætlað heildarverðmæti landbúnaðarafurða á verðlagsárinu 1990/91 samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands er rúmlega 16,2 milljarðar kr. Lögbundin framlög eru allt að 5% eða 814 m.kr. til greiðslu útflutningsbóta og 4% eða 651 m.kr. til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Búvörulögin kveða þó á um að ríkissjóður tryggi bændum fullt grundvallarverð fyrir framleiðslumagn samkvæmt ákvæðum búvörusamnings hverju sinni.

Á þessu ári var að beiðni útflytjenda heimilaður útflutningur á um 550 tonnum af kindakjöti umfram forsendur fjárlaga gegn því að greiðsla uppbóta úr ríkissjóði kæmi á næsta ári. Við þann útflutning minnka birgðir kindakjöts í um 1.500 tonn í góðu samræmi við viðauka við gildandi búvörusamning sem gerður var í lok síðasta árs. Þá kemur til greiðslu á næsta ári afborgun af láni sem Framleiðsluráð landbúnaðarins tók á árinu 1988 til greiðslu útflutningsbóta. Áætlað framlag til greiðslu útflutningsbóta á árinu 1991 er því alls 1.427 m.kr. og verður því ráðstafað sem hér segir:

	m.kr.
Útflutningur á kindakjöti	880
Útflutningur á mjólkurvörum	160
Greiðslur fyrir ónotaðan fullvirðisrétt	70
Greiðslur fyrir leigu á fullvirðisrétti	40
Afborgun af láni sem tekið var á árinu 1988	277
Samtals	**1.427**

Ofangreind áætlun miðast við óbreytta birgðastöðu kindakjöts milli ára. Framlag til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er áætlað 651 m.kr. í samræmi við ákvæði búvörulaga. Ráðgert er að taka upp viðræður við sjóðinn um að hann noti allt að 150 m.kr. af þessari fjárveitingu til margs konar aðgerða í tengslum við markaðsátak við sölu á kindakjöti. Með því móti er vonast til að snúa megi við stöðugum samdrætti í neyslu á kindakjöti innanlands. Á þessu ári hefur markaðsátak alfarið verið greitt af fjárlagalið viðskiptaráðuneytisins til niðurgreiðslna á vöruverði. Næsta ár mun viðskiptaráðuneytið leggja fram 60-80 m.kr. til þessa verkefnis jafnframt því að þess er vænst að Framleiðnisjóður styðji myndarlega við þetta mikilvæga hagsmunamál bænda.

299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi. Undir þennan fjárlagalið heyra þrjú viðfangsefni. Rekstrarstyrkur til *Skógræktarfélags Íslands* er áætlaður rúmlega 1,5 m.kr. og til *ýmissa verkefna* renna 4,7 m.kr. Í fjárlögum eru sambærilegar fjárveitingar til þessara viðfangsefna. Til þriðja viðfangsefnisins, *skógræktarátaks á Fljótsdalshéraði*, eru ætlaðar 15,7 m.kr. samkvæmt áætlun sem prentuð er í þessu frumvarpi en það er óbreytt framlag frá fjárlögum. Hér er um ranga fjárhæð að ræða, því að fjármálaráðuneytið hafði fallist á að gera tillögu um 25 m.kr. framlag til þessa verkefnis á næsta ári. Þess er vænst að fjárhæðin verði leiðrétt við afgreiðslu Alþingis á frumvarpinu.

Landgræðsla, skógrækt

Fimm fjárlagaliðir heyra undir þennan málefnaflokk, en þeir eru 231 Skógrækt ríkisins; 232 Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins; 235 Landgræðsla ríkisins; 270 Landgræðslu- og landverndaráætlun og 271 Landgræðslusjóður. Framlag til málefnaflokksins er í heild áætlað 342,5 m.kr. og hækkar milli ára um 35,5 m.kr. samkvæmt eftirfarandi skiptingu:

	Fjárlög 1990 þús.kr.	Frumvarp 1991 þús.kr.	Mismunur þús.kr.
231 Skógrækt ríkisins	72.943	80.030	7.087
232 Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins	29.083	30.970	1.887
235 Landgræðsla ríkisins	87.140	97.010	9.870
270 Landgræðslu- og landverndaráætlun	114.035	131.500	17.465
271 Landgræðslusjóður	3.724	3.000	-724
Samtals	**306.925**	**342.510**	**35.585**

Rekstrarframlag að upphæð 180 m.kr. er sem næst óbreytt að raungildi frá fjárlögum 1990. Rekstraráætlanir Skógræktarinnar, Rannsóknastöðvar Skógræktarinnar að Mógilsá og Landgræðslunnar eru samtals að upphæð 257 m.kr. en gert er ráð fyrir að um 30% kostnaðar greiðist með sértekjum stofnananna. Hæst er sértekjuhlutfallið hjá Skógrækt ríkisins, um 48%, hjá Landgræðslunni um 13%, en Rannsóknastöð Skógræktarinnar aflar ekki sértekna til starfsemi sinnar. Þessi hlutföll eru óbreytt frá fjárlögum 1990.

Fjárveiting til viðhalds er 6,5 m.kr. sem er óbreytt upphæð frá fjárlögum. Hún skiptist samkvæmt venju á viðhald fasteigna Skógræktarinnar og Landgræðslunnar og til reglubundins viðhalds á flugvélum Landgræðslu ríkisins. Framlag til stofnkostnaðar er 155 m.kr. Af þeirri fjárveitingu er 131,5 m.kr. ráðstafað samkvæmt Landgræðslu- og landverndaráætlun og hækkar framlagið um 15% frá fjárlögum þessa árs. Styrkur úr ríkissjóði til Landgræðslusjóðs er 3 m.kr. og lækkar um rúm 700 þús. kr. frá fjárlögum. Af öðrum helstu stofnkostnaðarverkefnum má nefna að 5 m.kr. renna til viðbyggingar við starfsmannahús í Gunnarsholti, 4 m.kr. til frágangs og tækjakaupa í fræverkunarstöð Landgræðslunnar og 5 m.kr. til greiðslu af skuldabréfum Skógræktarinnar vegna kaupa á jörðunum Litla-Skarði og Múlakoti. Aðrir þættir í starfsemi stofnana sem teljast til þessa málaflokks gefa ekki tilefni til skýringa.

Búnaðarskólar

Til málefnaflokksins teljast búnaðarskólarnir þrír, 501 Bændaskólinn á Hvanneyri; 502 Bændaskólinn á Hólum og 503 Garðyrkjuskóli ríkisins. Fjárveiting til skólanna nemur

samtals 178,2 m.kr. Hún hækkar um 12,4 m.kr. frá fjárlögum 1990 en það er nánast óbreytt framlag að raungildi.

Ekki eru áætlaðar breytingar á rekstri skólanna á næsta ári og miðar rekstraráætlun frumvarpsins við óbreytt rekstrarumfang milli ára. Framlag til viðhalds á húseignum búnaðarskólanna er 11,7 m.kr. á næsta ári og er það um einnar m.kr. hækkun frá fjárlögum. Fjárveitingin er ætluð til almennra viðhaldsverkefna og skiptist nokkuð jafnt milli skólanna þriggja. Fjárveiting til stofnkostnaðar er áætluð 18,9 m.kr. á árinu 1991 og er það ætlað til áframhaldandi framkvæmda við þau verkefni sem stofnað hefur verið til á undanförnum árum. Til jarðvegsskipta og frágangs á hlaði Bændaskólans á Hvanneyri eru veittar 6,9 m.kr. auk 1 m.kr. til tækjakaupa. Framlag til framkvæmda og tækjakaupa við Bændaskólann á Hólum er 4,4 m.kr. og 6,6 m.kr. til Garðyrkjuskóla ríkisins í Hveragerði.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld sjávarútvegsráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	54.400	65.054	75.560	16	39
Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	647.300	713.467	796.780	12	23
Annað	1.421.600	64.383	79.940	24	.
Samtals	**2.123.300**	**842.904**	**952.280**	**13**	.
Rekstur	521.900	660.210	732.430	11	40
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.521.700	85.788	103.450	21	.
Stofnkostnaður og viðhald	79.700	96.906	116.400	20	46
Samtals	**2.123.300**	**842.904**	**952.280**	**13**	.

Útgjöld sjávarútvegsráðuneytisins hækka um tæplega 110 m.kr. frá fjárlögum sem er u.þ.b. 5% hækkun umfram verðlagshækkun milli ára. Af töflunni má sjá að útgjöld ráðuneytisins lækka um ríflega helming frá árinu 1989. Þar munar endurgreiðslu á söluskatti til fyrirtækja í sjávarútvegi að upphæð um 1.370 m.kr. en við upptöku virðisaukaskatts frá síðustu áramótum féll endurgreiðsla söluskatts niður. Hér á eftir verður fjallað um málefnaflokka ráðuneytisins og um einstaka fjárlagaliði þar sem tilefni er til.

Ráðuneyti

Aðalskrifstofa sjávarútvegsráðuneytisins er eini fjárlagaliður þessa málaflokks. Útgjöld eru áætluð rúmar 75 m.kr. og er það um 10 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Áætlun um launagjöld er miðuð við 17 störf á aðalskrifstofu auk fiskimálafulltrúa í Brussel. Hækkun rekstrarliða umfram verðlagsbreytingar er vegna meiri kostnaðar af starfi fulltrúans í Brussel heldur en áætlað er í fjárlögum, og vegna 4 m.kr. fjárveitingar til að greiða kostnað af ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins sem haldinn verður hér á landi á næsta ári. Til tækja- og húsgagnakaupa eru veittar 2,5 m.kr.

Rannsókna- og eftirlitsstofnanir

Undir þennan málefnaflokk falla eftirtaldir fjárlagaliðir og framlög til þeirra breytast milli ára sem hér greinir:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
201 Fiskifélag Íslands	40.900	41.768	44.680	7	9
202 Hafrannsóknastofnun	369.600	447.505	477.820	7	29
203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	79.100	78.589	96.360	23	22
216 Ríkismat sjávarafurða	61.500	62.124	66.980	8	9
272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegs	-	-	20.000	.	.
290 Veiðieftirlit	42.500	28.820	32.640	13	-23
901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuv.	53.700	54.661	58.300	7	9
Samtals	**647.300**	**713.467**	**796.780**	**12**	**23**

Útgjöld til málefnaflokksins í heild hækka um 83,3 m.kr. frá fjárlögum sem er nokkuð umfram áætlaðar verðlagsbreytingar milli ára. Almenn rekstrargjöld eru stærsti hluti útgjaldanna en þau eru áætluð 683 m.kr. að frádregnum sértekjum og hækka um liðlega 11% milli ára. Til stofnkostnaðar og viðhalds er áætluð fjárveiting 114 m.kr. og hækkar um 20 m.kr. frá fjárlögum. Hækkunin er vegna 20 m.kr. framlags til endurbóta á *Byggingu rannsóknastofnana sjávarútvegsins* við Skúlagötu 4 Reykjavík. Nánar er fjallað um endurbætur á húsinu í greinargerð með B-hluta fjárlaga.

Helstu efnislegu breytingar á útgjöldum einstakra stofnana málaflokksins eru eftirfarandi:

202 Hafrannsóknastofnun. Framlag til stofnunarinnar er áætlað 477,8 m.kr. og hækkar um rúmlega 30 m.kr. frá fjárlögum. Af þeirri fjárhæð er rekstrarfjárveiting áætluð 413,3 m.kr. og hækkar um 42 m.kr. Rekstrargjöld hækka nokkuð milli ára umfram hækkun verðlags vegna aukins rekstrarkostnaðar rannsóknaskipanna þriggja og vegna stofnunar sérstakrar tölvudeildar við Hafrannsóknastofnun. Aukinn rekstrarkostnaður skipa er vegna hækkaðs olíuverðs og virðisaukaskatts sem nú leggst á olíu. Til tölvudeildar er áætlað að veita 10,7 m.kr. en hún mun m.a. taka við auknum verkefnum sjávarútvegsráðuneytisins við skráningu og eftirlit með fiskveiðum í samræmi við ákvæði nýrra laga um stjórnun fiskveiða. Framlag til hvalarannsókna er áætlað 10 m.kr. á næsta ári en er 18 m.kr. í fjárlögum. Áætlað var að þessum rannsóknum lyki á árinu 1990 en nú þykir ljóst að framlengja verði rannsóknarstarfið um eitt ár. Þessar og aðrar minni breytingar á rekstraráætlun fela samtals í sér um 5% raunhækkun á rekstrarkostnaði stofnunarinnar miðað við fjárlög. Fjárveiting til viðhalds og stofnkostnaðar er áætluð 64,5 m.kr. og lækkar um liðlega 11 m.kr. frá fjárlögum. Undanfarin ár hafa umtalsverðar endurbætur verið gerðar á skipum stofnunarinnar og lýkur því átaki á þessu ári. Á næsta ári er ætluð 10 m.kr. fjárveiting til uppgjörs vegna endurbóta á rannsóknaskipinu Dröfn. Fjárveiting til reglubundins viðhalds og minni endurbóta á tækjum og búnaði skipanna og til kaupa á tækjum og búnaði fyrir deildir og útibú stofnunarinnar er 54,5 m.kr.

203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Nokkur hækkun verður á framlagi til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins á næsta ári. Rekstrarframlag hækkar um 10 m.kr. frá fjárlögum og verður 75,3 m.kr. Rekstrarkostnaður stofnunarinnar er alls áætlaður rúmar 140 m.kr. og er gert ráð fyrir að 47% kostnaðar greiðist með tekjum af veittri þjónustu, en það hlutfall er nánast óbreytt milli ára. Sérstakt framlag að upphæð 6,3 m.kr. er til samstarfsverkefnis Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Iðntæknistofnunar og ýmissa fyrirtækja um þróun tækja og búnaðar fyrir fiskvinnslu og útgerð. Markmið verkefnisins, sem styrkt er af Norræna iðnaðarsjóðnum, er að auka nýsköpun í iðnaði og framleiðni í sjávarútvegi. Stofnkostnaðarfjárveiting til kaupa á tækjum og búnaði verður 21 m.kr. á næsta ári og hækkar um rúmlega 8 m.kr. frá fjárlögum.

290 Veiðieftirlit. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1990 voru kynnt áform um verulega eflingu veiðieftirlits í sjávarútvegi þar sem jafnframt var gert ráð fyrir að allur kostnaður við eftirlitið skyldi greiddur með sérstöku gjaldi á fiskiskipaflotann. Í meðförum Alþingis breyttist þessi áætlun á þann veg að helmingur kostnaðar skyldi innheimtur af fyrirtækjum í sjávarútvegi og á móti kæmi jafn hátt framlag úr ríkissjóði. Þessi breyting skýrir þann mun sem fram kemur í töflunni á fjárveitingu til veiðieftirlits milli áranna 1989 og 1990. Á næsta ári er áætlað fyrir óbreyttu framlagi til reksturs, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga, en heildarframlag hækkar vegna 3,8 m.kr. frá fjárlögum. Þar af er framlag til endurnýjunar á bifreiðum stofnunarinnar 2 m.kr.

Annað

Eftirtaldir fjárlagaliðir teljast til þessa málaflokks; 221 Verðlagsráð sjávarútvegsins; 299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi og 998 Ráðstöfunarfé. Fjárveiting til *Verðlagsráðs* miðast við óbreytt rekstrarumfang, en nokkrar breytingar verða á fjárveitingu til *Sjávarútvegsmála, ýmis starfsemi*. Framlag að upphæð 70,8 m.kr. skiptist á þrjú viðfangsefni eins og í fjárlögum og hækkar um samtals 15 m.kr. Fjárveiting til *sjóvinnukennslu, sjóvinnu- og rannsóknabáts*, 11 m.kr., er áætlaður rekstrarstyrkur til útgerðar sjóvinnu- og rannsóknabátsins Mímis. Upphæðin miðast við óbreytt verðgildi samsvarandi styrks í fjárlögum 1990. Til viðfangsefnisins *stjórn fiskveiða* renna rúmlega 9 m.kr. til að halda áfram gerð hugbúnaðar vegna stjórnunar fiskveiða. Þriðja viðfangsefnið er *gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi*. Fjárveiting er 50,6 m.kr. og hækkar um rúmlega 14 m.kr. frá fjárlögum og rennur samkvæmt nánari skiptingu sjávarútvegsráðherra til verkefna á þessu sviði.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Útgjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti o.fl.	70.100	82.675	112.190	36	60
Dómsmálastofnanir	336.400	344.399	411.170	19	22
Löggæslustofnanir	905.100	994.209	1.036.960	4	15
Sýslumenn og bæjarfógetar	1.544.600	1.597.894	1.720.140	8	11
Fangelsismál	249.900	283.257	295.980	4	18
Landhelgisgæsla o.fl.	509.700	570.340	716.840	26	41
Kirkjumál	363.600	377.202	417.050	11	15
Samtals	**3.979.400**	**4.249.976**	**4.710.330**	**11**	**18**
Rekstur	3.611.100	3.954.092	4.435.930	12	23
Stofnkostnaður og viðhald	368.300	295.884	274.400	-7	-26
Samtals	**3.979.400**	**4.249.976**	**4.710.330**	**11**	**18**

Rekstrarútgjöld ráðuneytisins aukast nálægt 5% að raungildi, þ.e. um 220 m.kr., og á það sér ýmsar skýringar. Alþingiskosningar verða væntanlega á næsta ári og áætlast að kostnaður við þær verði tæpar 23 m.kr. Lagasetning í ársbyrjun um stofnun fjögurra héraðsdómaraembætta tímabundið veldur 21 m.kr. kostnaðaraukningu. Rekstrarútgjöld sýslumanna og bæjarfógeta aukast um tæpar 50 m.kr. umfram áætlaðar verðlagshækkanir og rekstrarútgjöld Landhelgisgæslu Íslands um liðlega 100 m.kr. vegna kostnaðarsams viðhalds flugvéla og skipa og mikillar hækkunar á eldsneytisverði. Þá hækka rekstrarútgjöld til kirkjumála um nálægt 30 m.kr. að raungildi sem aðallega má rekja til kjarasamnings presta og nýrra laga um prestaköll og prófastsdæmi.

Dregið hefur úr útgjöldum til stofnkostnaðar og viðhalds hjá stofnunum ráðuneytisins milli áranna 1989 og 1990 og í frumvarpinu er reiknað með enn frekari lækkun. Mest munar um lækkun stofnkostnaðar hjá embættum sýslumanna og bæjarfógeta en einnig hefur dregið úr stofnframlögum til löggæslustofnana og kirkjumála.

Hér á eftir verður fjallað um málefnaflokka ráðuneytisins og einstaka fjárlagaliði þar sem tilefni er til.

Ráðuneyti o.fl.

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa; 102 Stjórnartíðindi og 103 Kosningar.

Nýjung í frumvarpinu er áætlun um útgjöld vegna alþingiskosninga á næsta ári um 22,6 m.kr. Þá má geta þess að í fjárveitingu til aðalskrifstofu eru 2 m.kr. ætlaðar til fjármála- og hagræðingarverkefna og er það liður í auknu eftirliti og umbótum á starfsemi ráðuneytisins.

Útgjaldatölur umræddra fjárlagaliða í reikningi, fjárlögum og frumvarpi eru sýndar í yfirlitinu hér á eftir.

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	63.700	74.226	80.080	8	26
Stjórnartíðindi	6.200	8.449	9.470	12	53
Kosningar	200	-	22.640	.	.
Samtals	**70.100**	**82.675**	**112.190**	**36**	**60**

Dómsmálastofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Hæstiréttur; 202 Ríkissaksóknari; 203 Borgardómarinn í Reykjavík; 204 Borgarfógetinn í Reykjavík; 205 Sakadómur Reykjavíkur; 210 Héraðsdómstólar; 238 Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum og 281 Dómsmál, ýmis starfsemi.

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hæstiréttur	23.000	20.158	24.930	24	8
Ríkissaksóknari	34.300	35.956	39.230	9	14
Borgardómarinn í Reykjavík	50.200	57.604	63.200	10	26
Borgarfógetinn í Reykjavík	80.800	81.353	88.480	9	10
Sakadómur Reykjavíkur	51.600	52.783	59.140	12	15
Héraðsdómstólar	-	-	21.060	.	.
Dómstóll í ávana- og fíkniefnamálum	7.700	8.189	8.460	3	10
Dómsmál, ýmis starfsemi	72.900	77.048	83.070	8	14
Rekstur samtals	**320.500**	**333.091**	**387.570**	**16**	**21**
Stofnkostnaður og viðhald samtals	**15.900**	**11.308**	**23.600**	**109**	**48**

Rekstrarútgjöld í þessum málefnaflokki hækka um tæp 10% að raungildi eða u.þ.b. 34 m.kr. frá gildandi fjárlögum og er skýringin tvíþætt. Í byrjun þessa árs voru sett bráðabirgðalög um stofnun fjögurra dómaraembætta, og voru þau lög síðar staðfest á Alþingi, sbr. lög nr. 27/1990. Lögin voru sett í kjölfar hæstaréttardóms þar sem niðurstaðan var að sýslumaður og fulltrúi hans voru taldir vanhæfir til þess að fara með dómsvald í opinberum málum. Umræddum fjórum dómurum er ætlað að annast dómstörf í opinberum málum við þau embætti sýslumanna þar sem ekki starfa sjálfstæðir dómarar. Stöður þessar eru ákveðnar tímabundið eða þar til lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði ganga í gildi 1. júlí 1992. Kostnaður af þessum lögum er metinn 21 m.kr. á næsta ári. Önnur hækkun rekstrarkostnaðar umfram verðlag er um 13 m.kr. og dreifist á ýmsar stofnanir. Vinnuálag í dómskerfinu hefur verið að aukast undanfarin ár vegna fjölgunar dómsmála og skýrist hækkunin af því.

Framlög til stofnkostnaðar og viðhalds skiptast þannig: Til þess að koma upp húsnæði fyrir héraðsdómstóla eru ætlaðar 10 m.kr. Óskipt fjárveiting til kaupa á tækjum og búnaði verður 8 m.kr. undir fjárlagaliðnum *Dómsmál, ýmis starfsemi*, en 5,6 m.kr. dreifast á fjórar stofnanir sem hér segir: Til viðhalds á húsnæði Hæstaréttar eru veittar 2 m.kr. Til lagfæring-

ar á húsnæði embættis ríkissaksóknara eru veittar 2 m.kr. en embættið þarf á auknu húsnæði að halda vegna aukinna verkefna, m.a. í kjölfar breytingar á réttarfarslögum. Á síðustu árum hefur verið unnið að tölvuvæðingu hjá embætti Borgardómarans í Reykjavík og eru veittar 0,8 m.kr. til framhalds þess verks. Sömuleiðis eru veittar 0,8 m.kr. til að halda áfram tölvuvæðingu hjá embætti Borgarfógetans í Reykjavík.

Löggæslustofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 206 Lögreglustjórinn í Reykjavík; 208 Rannsóknarlögregla ríkisins; 209 Lögregluskóli ríkisins og 282 Ýmis löggæslukostnaður.

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lögreglustjórinn í Reykjavík	678.500	755.049	798.560	6	18
Rannsóknarlögregla ríkisins	117.000	137.268	147.250	7	26
Lögregluskóli ríkisins	16.300	19.339	20.110	4	23
Ýmis löggæslukostnaður	12.100	9.313	9.540	2	-21
Rekstur samtals	**823.900**	**920.969**	**975.460**	**6**	**18**
Stofnkostnaður og viðhald	**81.200**	**73.240**	**61.500**	**-16**	**-24**

Við afgreiðslu Alþingis á fjárlögum fyrir árið 1990 var framlag til *Lögreglustjórans í Reykjavík* hækkað um 40 m.kr. auk þess sem liðurinn *Ýmis löggæslukostnaður* var hækkaður um 5 m.kr. Við samþykkt fjáraukalaga voru rekstrarfjárveitingar hins vegar lækkaðar um 9 m.kr. Nú er gert ráð fyrir óbreyttu raungildi rekstrarútgjalda miðað við gildandi fjárlög. Taka ber fram að námskostnaður í tengslum við lögreglunámið, sem færður hefur verið á fjárlagalið Lögregluskóla ríkisins í fjárlögum 1989 og 1990, er nú fluttur undir liðinn *211 Sýslumenn og bæjarfógetar*. Þar er um að ræða heildaráætlun þess kostnaðar er fellur á embættin vegna skólagöngu nýliða í löggæslu. Tekið hefur verið tillit til þessa í yfirlitinu að ofan að því er fjárlaga- og reikningstölur lögregluskólans varðar.

Framlag til viðhalds verður 10,5 m.kr. og skiptist í tvo staði. Til viðgerðar á aðallögreglustöð í Reykjavík eru ætlaðar 9 m.kr. og 1,5 m.kr. til viðhalds húss Rannsóknarlögreglu ríkisins í Kópavogi.

Stofnkostnaðarframlög eru alls 51 m.kr. Til endurnýjunar ökutækja eru veittar 38 m.kr., þar af 10 m.kr. til Lögreglustjórans í Reykjavík og 28 m.kr. til ráðstöfunar af sameiginlegum lið. Til kaupa á tækjum og búnaði eru alls veittar 13 m.kr., þ.e. 3 m.kr. til Lögreglustjórans í Reykjavík, 5 m.kr. til Rannsóknarlögreglu ríkisins og 5 m.kr. til Lögregluskóla ríkisins en það framlag er einnig ætlað til endurbóta á húsnæði skólans.

Sýslumenn og bæjarfógetar

Til þessa málefnaflokks heyra fjárlagaliðir númer 211-237, þ.e. liðir embætta sýslumanna og bæjarfógeta. Eftirfarandi yfirlit sýnir þróun heildarútgjalda miðað við skiptingu í kostnaðarþætti. Þess ber að geta að reikningstölur eru hér á rekstrargrunni og því ekki sambærilegar við reikningstölu málefnaflokksins í yfirlitstöflu ráðuneytisins:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Yfirstjórn	620.071	603.853	650.680	8	5
Löggæsla	752.154	792.072	857.060	8	14
Tollgæsla	30.541	28.473	31.460	10	3
Hreppstjórar	17.301	17.337	18.780	8	9
Sameiginlegur kostnaður	31.500	47.719	68.160	43	116
Rekstur samtals	**1.451.567**	**1.489.454**	**1.626.140**	**9**	**12**
Stofnkostnaður og viðhald	**156.500**	**108.440**	**94.000**	**-13**	**-40**

Rekstrargjöld málefnaflokksins hækka um 2½ til 3% að raungildi frá gildandi fjárlögum að meðtalinni 10 m.kr. fjárveitingu til skipulags- og hagræðingarverkefna.

Næsta ár verður hið síðasta með núverandi skipan embætta sýslumanna og bæjarfógeta. Á miðju ári 1992 tekur gildi breyting samkvæmt lögum um aðskilnað dómsvalds og framkvæmdavalds í héraði. Raunar er þessi breyting þegar gengin í garð að hluta með því að skipaðir hafa verið fjórir héraðsdómarar á landinu svo sem áður hefur verið drepið á.

Hagræðingarverkefnin tengjast fyrst og fremst breytingu á dómaskipaninni og endursamningu á öllum réttarfarslögum jafnframt því sem gert verður átak til þess að koma á sem mestri hagræðingu við afgreiðslu dómsmála og stjórnsýsluverkefna er heyra undir sýslumenn. Við frumvarpsundirbúninginn hafa útgjaldatillögur verið metnar með hliðsjón af útgjaldatölum 1990 og reikningstölum frá 1989. Einnig hefur verið tekið tillit til útgjalda sjúkrasamlaga á árinu 1989 en kostnaður vegna þeirra bættist við fjárlagagrunn sýslumanna og bæjarfógeta við breytingu á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Námskostnaður vegna lögregluskóla er nú færður á sameiginlegan lið embættanna og er tekið tillit til þess í yfirlitinu að ofan hvað varðar tölur fjárlaga og reiknings. Loks er þess að geta að ófyrirséður afleysingarkostnaður vegna veikinda, barneigna o.fl. er nú áætlaður í heild á sameiginlegum kostnaðarlið embættanna.

Eftirfarandi yfirlit sýnir fjárveitingar til viðhalds og stofnkostnaðar hjá embættum sýslumanna og bæjarfógeta:

Stofnun, viðfangsefni	þús. kr.
Sýslumenn og bæjarfógetar, viðhald fasteigna, óskipt	15.000
Sýslumenn og bæjarfógetar, tæki og búnaður, óskipt	6.000
Bæjarfógeti Akranesi, innrétting lögreglustöðvar	8.000
Sýslumaður Stykkishólmi, lögreglustöð	11.900
Sýslumaður Patreksfirði, viðbygging	4.000
Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki, nýbygging	26.800
Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík, nýbygging, uppgjör	800
Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði, nýbygging	7.000
Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði, innrétting	1.000
Sýslumaður Höfn í Hornafirði, innrétting	4.500
Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík, skrifstofuhúsnæði	4.000
Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík, lögreglustöð Grindavík	5.000
Stofnkostnaður og viðhald samtals	**94.000**

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti mun ráðstafa alls 15 m.kr. af óskiptum lið til nauðsynlegs viðhalds á embættisbústöðum, skrifstofuhúsnæði og lögreglustöðvum. Til ráðstöfunar hjá ráðuneytinu er einnig óskipt framlag til kaupa á tækjum og búnaði en því er að mestu varið til endurbóta á tölvuneti milli embættanna og SKÝRR.

Framlög til bygginga á vegum embættanna eru alls 73 m.kr. og skiptast á tíu verkefni. Fyrir tveimur árum var keypt húsnæði á Akranesi til nota fyrir lögreglustöð. Veittar eru 8 m.kr. til innréttingar á því. Í Stykkishólmi hefur verið sett upp einingahús fyrir lögreglustöð en gamla lögreglustöðin var dæmd óhæf til notkunar af Vinnueftirliti ríkisins. Aðstaðan er nú leigð en fjárveiting er ætluð til að kaupa húsið og nauðsynlegan húsbúnað ásamt því að kosta frágang lóðar og húsgrunns. Á Patreksfirði hefur verið lokið við stækkun og breytingar á húsnæði embættisins og er heildarkostnaður á verðlagi í júní um 29 m.kr. Til að ljúka uppgjöri á verksamningi, kaupum á ýmsum húsbúnaði og frágangi á lögreglustöð eru veittar 4 m.kr. Unnið er að innréttingu húsnæðis sýsluskrifstofu og lögreglustöðvar að Suðurgötu 1 á Sauðárkróki. Gerður hefur verið verksamningur er lýtur að því að ljúka að mestu efri hæð byggingarinnar á þessu ári en gert er ráð fyrir að taka hana alla í notkun á næsta ári. Fjárveitingin er ætluð til að ljúka samningstengdum greiðslum og kaupa nauðsynlegan búnað fyrir skrifstofu og lögreglustöð embættisins. Gerður hefur verið verksamningur um byggingu húss á Egilsstöðum miðað við fokhelt ástand. Á neðri hæð verður lögreglustöð en héraðsdómstóll Austurlands á efri hæðinni. Umrædd fjárveiting er að mestu ætluð til þess að efna umræddan verksamning. Gert er ráð fyrir að á þessu ári verði keypt hálfinnréttað húsnæði fyrir sýsluskrifstofu á Höfn í Hornafirði. Til að ljúka innréttingu og kaupa nauðsynlegan búnað eru ætlaðar 4,5 m.kr. Í Keflavík er frágangi á skrifstofuhúsnæði lokið innandyra. Fjárveiting til að ljúka uppgjöri og til húsgagnakaupa í afgreiðslusal er áætluð 4 m.kr. Á árinu 1988 var keypt húsnæði í Grindavík sem ætlað er fyrir lögreglustöð. Veittar eru 5 m.kr. til að gera nauðsynlegar breytingar á húsnæðinu svo að unnt verði að taka það í notkun.

Fangelsismál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 239 Fangelsismálastofnun; 240 Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu; 242 Vinnuhælið Litla-Hrauni; 243 Vinnuhælið Kvíabryggju og 283 Fangamál, ýmis kostnaður.

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fangelsismálastofnun	17.700	20.487	22.240	9	26
Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu	83.800	90.295	101.100	12	21
Vinnuhælið Litla-Hrauni	102.800	100.243	102.610	2	-0
Vinnuhælið Kvíabryggju	17.700	19.400	20.950	8	18
Fangamál, ýmis kostnaður	7.900	35.976	33.280	-7	321
Rekstur samtals	**229.900**	**266.401**	**280.180**	**5**	**22**
Stofnkostnaður og viðhald	**20.000**	**16.856**	**15.800**	**-6**	**-21**

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir óbreyttu raungildi fjárveitinga til rekstrarútgjalda í þessum málefnaflokki. Við afgreiðslu Alþingis á fjárlögum fyrir 1990 voru framlög til fangelsismála hækkuð um 27,5 m.kr., þar af 27 m.kr. til að bæta úr vistunarmálum fanga. Nú er í frumvarpinu ætlaðar 22,4 m.kr. til þeirra verkefna. Ekki eru ætlaðar neinar breytingar á starfsemi fangelsismálastofnana frá líðandi ári en rekstrarkostnaður fangelsanna ræðst jafnan að mestu leyti af fjölda fanga. Nokkur hækkun verður þó á fjárveitingum og er þá tekið mið af niðurstöðutölum síðasta árs. Jafnframt er nú gert ráð fyrir dagpeningum til fanga í Hegningarhúsinu og fangelsinu í Síðumúla og veldur það hækkun fjárveitinga til þessara fangelsa um 2,4 m.kr. Þessi réttindi eru áskilin föngum sem ekki eiga kost á launaðri vinnu í fangelsum.

Nú er áætlað fyrir afleysingakostnaði vegna veikinda og ófyrirséðra forfalla fyrir fangelsin sem heild og er sá kostnaður færður á nýtt viðfangsefni, *forföll fangavarða*, undir fjárlagaliðnum *Fangamál, ýmis kostnaður*. Fangavarsla þarf að vera fullmönnuð allan sólarhringinn og því er jafnan nauðsynlegt að ráða afleysingafólk þegar fastráðnir fangaverðir forfallast vegna veikinda eða af öðrum ástæðum.

Óskipt framlag til viðhalds og endurbóta fangelsa verður 5 m.kr. en í gildandi fjárlögum er fjárveiting um 6,9 m.kr. til þessa.

Undanfarin ár hefur verið vaxandi þörf fyrir aukið fangelsisrými. Allt tiltækt rými er nú í notkun og ekki útlit fyrir að þörfin minnki í bráð. Í frumvarpinu eru því 10 m.kr. veittar til undirbúnings að úrlausn þessara mála.

Landhelgisgæsla o.fl.

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 251 Landhelgisgæsla Íslands; 252 Ökukennsla; 253 Almannavarnir ríkisins; 255 Umferðarráð; 284 Áfengis- og fíkniefnamál og 998 Ráðstöfunarfé.

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landhelgisgæsla Íslands	421.300	502.815	639.530	27	52
Ökukennsla	22.500	476	-	.	.
Almannavarnir ríkisins	17.000	18.578	19.440	5	14
Umferðarráð	22.800	19.239	21.990	14	-4
Áfengis- og fíkniefnamál	1.600	1.992	2.380	19	49
Ráðstöfunarfé	-	7.840	8.000	2	.
Rekstur samtals	**485.200**	**550.940**	**691.340**	**25**	**42**
Stofnkostnaður og viðhald	**24.500**	**19.400**	**25.500**	**31**	**4**

Með breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands hefur Löggildingarstofan, sem áður var skipað í þennan málefnaflokk, verið flutt undir viðskiptaráðuneyti og er tekið tillit til þess í töflunni hér á undan.

Rekstrarútgjöld í þessum málefnaflokki hækka um rúmar 100 m.kr. umfram áætlaða verðlagsþróun. Hækkunin gengur nær öll til Landhelgisgæslu Íslands og verður nánar fjallað um hana hér á eftir.

Til tækja- og búnaðarkaupa eru alls veittar 18 m.kr., þar af 14 m.kr. til Landhelgisgæslu Íslands. Til Almannavarna er 3 m.kr. framlag til kaupa á ýmsum búnaði og viðvörunarkerfum og 1 m.kr. til Umferðarráðs til innréttinga og búnaðar.

251 Landhelgisgæsla Íslands. Rekstrargjöld Landhelgisgæslunnar á næsta ári taka mið af óvenjulegum aðstæðum að tvennu leyti og aukast mikið þó að gert sé ráð fyrir óbreyttu rekstrarumfangi. Annars vegar verður óvenjumikill kostnaður af nauðsynlegu viðhaldi flugfara og skipa og hins vegar veldur hátt orkuverð allmikilli hækkun gjalda. Auk þess leggst nú virðisaukaskattur á bæði varahluti og eldsneyti. Hækkunin skiptist í nokkra meginþætti. Í fyrsta lagi hækkar viðhaldsliður í rekstri flugfara og skipa um 62 m.kr. miðað við áætlun fjárlaga. Þar af eru um 52 m.kr. vegna varahluta í flugför og skylduskoðana sem hvort tveggja miðast við flugstundir. Á varðskipum þarf að framkvæma ýmsar kostnaðarsamar skylduskoðanir og m.a. skipta um hluti í aðalvél og ljósabúnaði v/s Óðins fyrir utan slipptökur og ýmislegt minni háttar viðhald. Í annan stað hækkar eldsneyti í rekstri skipa og flugfara um 42 m.kr., bæði vegna virðisaukaskatts á olíu og hækkunar á heimsmarkaðsverði. Í forsendum frumvarpsins er miðað við að lítraverð á brennsluolíu skipa sé 24,40 kr. og á flugvélaeldsneyti sé meðalverðið 33,30 kr. Í smíðum hefur verið sjómælingabátur fyrir fé úr Landhelgissjóði sem áformað er að taka í notkun á næsta ári. Rekstrarkostnaður er áætlaður um 6 m.kr. og er gert ráð fyrir nýju starfi vélstjóra sem hefur umsjón með og ber ábyrgð á bátnum. Til að mæta þessum kostnaði er miðað við að úthald skipa styttist nokkuð og flugstundum fækki. Þannig er gert ráð fyrir að úthald varðskipa á næsta ári verði um 31 mánuður samtals í stað 33 og flugstundum hjá TF-SYN og TF-SIF fækki um 50 hjá hvoru flugfari. Í fjárlögum 1990 er fjárveiting til að festa kaup á leitarratsjá fyrir leitar- og björgunarflugvél og heimild er til að taka að láni hluta kaupverðsins. Í frumvarpinu eru 14 m.kr. ætlaðar til að greiða upp eftirstöðvar kaupverðsins. Til viðhalds og endurnýjunar á tækjum og búnaði eru veittar 7,5 m.kr.

Kirkjumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Biskup Íslands; 302 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar; 303 Prestaköll og prófastsdæmi; 304 Ýmis kirkjuleg málefni; 371 Kirkjubyggingasjóður og 373 Kristnisjóður.

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Biskup Íslands	25.700	31.394	33.590	7	31
Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	12.700	10.819	12.160	12	-4
Prestaköll og prófastsdæmi	224.900	239.591	285.090	19	27
Ýmis kirkjuleg málefni	11.500	7.855	8.440	7	-27
Kirkjubyggingasjóður	4.600	5.439	6.550	20	42
Kristnisjóður	14.300	15.464	17.220	11	20
Rekstur samtals	**293.700**	**310.562**	**363.050**	**17**	**24**
Stofnkostnaður og viðhald	**69.900**	**66.640**	**54.000**	**-19**	**-23**

Rekstrarútgjöld til kirkjunnar hækka allnokkuð frá fjárlögum 1990 og stafar öll hækkunin af auknum kostnaði við *prestaköll og prófastsdæmi* en þau taka til þriggja fjórðu hluta af heildinni. Nánar er sagt frá þessari hækkun í umfjöllun um þann fjárlagalið.

Útgjöld til fjárfestingar og viðhalds skiptast samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

Viðfangsefni	þús. kr.
Prestsbústaðir, viðhald	32.000
Prestsbústaðir, stofnkostnaður	10.000
Kaup á eignum	1.000
Skálholtsstaður, framlag	3.000
Hallgrímskirkja, framlag	3.000
Hóladómkirkja, framlag	3.000
Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	2.000
Stofnkostnaður og viðhald samtals	**54.000**

Viðhald á prestsbústöðum nær til 84 eigna í mismunandi ásigkomulagi. Í kringum 50 bústaðir eru í viðunandi ástandi en aðrir eru verr farnir. Stefnt er að því að bæta ástand þeirra. Til að byggja eða kaupa prestsbústaði eru veittar 10 m.kr. Leysa þarf húsnæðismál presta á nokkrum stöðum, m.a. á Útskálum, Hvammstanga, Tálknafirði og í Þorlákshöfn með því að kaupa hús eða byggja. Í 6. gr. frumvarpsins er leitað heimildar til að kaupa húsnæði á þessum stöðum. Undir viðfangsefninu *kaup á eignum* er ætlað fé vegna kaupskyldu ríkissjóðs á framkvæmdum á jörðum er heyra undir ráðuneytið. Fjárveiting til embættis söngmálastjóra þjóðkirkjunnar er ætluð til breytinga á húsnæði, sem embættið hefur fengið til afnota, og til búnaðarkaupa.

301 Biskup Íslands. Framlag til rekstrar biskupsstofu er óbreytt að verðgildi frá fjárlögum. Reiknað er með auknu framlagi, um 1,5 m.kr., til þýðingar á gamla testamentinu úr hebresku en í það var ráðist á þessu ári í tilefni Kristnihátíðar árið 2000. Framlagið er miðað við tvenn prófessorslaun og verður 2,7 m.kr. Aftur á móti fellur framlag til safnaðaruppbyggingar niður og er því verkefni vísað til sjóða sem lögum samkvæmt er ætlað að sinna verkefnum sem þessu.

303 Prestaköll og prófastsdæmi. Rekstrarkostnaður hækkar um 10% að raungildi og stafar aðallega af kjarasamningi við presta og breytingu á lögum um prestaköll og prófastsdæmi. Í nóvember 1989 var gengið frá breytingu á kjarasamningi presta er laut að viðveruskyldu og greiðslum fyrir afbrigðilegan vinnutíma. Þetta leiddi til hækkunar á launa- og starfstengdum greiðslum. Í upphafi þessa árs var ennfremur gerð breyting á sama kjarasamningi sem einnig veldur nokkurri hækkun. Þess ber að geta að útgjöld á þessum fjárlagalið eru að langmestum hluta bundin í kjarasamningi eða ákveðin með reglum um greiðslur á embættiskostnaði presta sem dóms- og kirkjumálaráðuneyti setur. Því er áætlun útgjalda byggð á traustum grunni. Á síðastliðnu vori voru samþykkt lög um skipan prestakalla og prófastsdæma. Ýmsar breytingar voru gerðar á prestakallaskipaninni sem leiða til óverulegrar hækkunar útgjalda í heild. Fjögur prestaköll voru lögð niður en jafnmörg tekin upp annars staðar. Stofnaðar eru með lögunum tvær nýjar stöður vígslubiskupa, með aðsetur að Hólum og í Skálholti. Stöðurnar eru jafnframt

sóknarprestsstöður en í Skálholti mun þó tímabundið verða áfram aukastaða sóknarprests í samræmi við bráðabirgðaákvæði laganna. Hækkun vegna þessa nemur um 2,5 m.kr. Gert er ráð fyrir í lögunum að enginn guðfræðikandídat taki vígslu nema hann hafi starfað að loknu embættisprófi í fjóra mánuði. Af þessu leiða viðbótarútgjöld sem áætluð eru um 3 m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld til málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	57.858	65.771	68.080	4	18
Húsnæðismál	1.149.998	532.000	700.000	32	-39
Stjórnsýslustofnanir o.fl.	22.776	10.017	126.280	.	.
Málefni fatlaðra	1.305.572	1.409.024	1.612.630	14	24
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	-	1.207.113	1.304.000	8	.
Annað	464.000	453.294	473.610	4	2
Samtals	**3.000.204**	**3.677.219**	**4.284.600**	**17**	**43**
Rekstrarkostnaður	975.551	1.086.709	1.346.100	24	38
Neyslu- og rekstrartilfærslur.	660.300	1.842.445	2.003.500	9	203
Stofnkostnaður og viðhald	1.364.353	748.066	935.000	25	-31
Samtals	**3.000.204**	**3.677.220**	**4.284.600**	**17**	**43**

Hér á eftir verður fjallað um málefnaflokka ráðuneytisins og um einstaka fjárlagaliði þar sem tilefni er til.

Ráðuneyti

Í þessum málefnaflokki er aðalskrifstofa ráðuneytisins.

Störfum á aðalskrifstofunni fækkar um tvö og verða samtals 16. Annað flyst til aðalskrifstofu umhverfisráðuneytisins vegna flutnings á verkefnum skipulagsmála og hitt flyst til Tryggingastofnunar ríkisins sem tekið hefur að sér framkvæmd á greiðslum vegna ríkisábyrgðar á launum. Tímabundin hækkun er á fjárveitingu til yfirvinnu og annarra launa. Þessar breytingar valda um 0,6 m.kr. lækkun launa. Viðfangsefnið *6.01, Tækjakaup* fellur niður en fjárveiting í fjárlögum 1990 var 1,5 m.kr. Ekki er tilefni til umfjöllunar um fjárveitingu til ráðuneytisins að öðru leyti.

Húsnæðismál

Þessum málefnaflokki tilheyra 271 Byggingarsjóður ríkisins og 272 Byggingarsjóður verkamanna.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir 700 m.kr. framlagi til Byggingarsjóðs verkamanna

en engu til Byggingarsjóðs ríkisins. Í fjárlögum 1990 var 532 m.kr. framlag til beggja sjóðanna. Nánar er fjallað um málefni sjóðanna í greinargerð um þá í B-hluta frumvarpsins.

Stjórnsýslustofnanir o.fl.

Í þessum málefnaflokki eru 302 Ríkissáttasemjari; 951 Brunamálastofnun ríkisins; 953 Jafnréttisráð og 954 Vinnueftirlit ríkisins. Í fjárlögum 1990 taldist Skipulagsstjóri ríkisins til þessa málaflokks en stofnunin hefur samkvæmt lögum verið flutt til umhverfisráðuneytisins eins og þar er frá greint. Ástæða þykir til að skýra breytingu á fjárveitingu til þriggja stofnana sem til þessa málefnaflokks teljast.

951 ***Brunamálastofnun ríkisins.*** Gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi hjá stofnuninni frá fjárlögum 1990. Störf eru sem fyrr níu, þar af er verkefnaráðið í eitt þeirra. Rekstrargjöld hækka í hátt við verðlagsforsendur frumvarpsins. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1990 gerði Alþingi þá breytingu að tekið var inn nýtt viðfangsefni, *1.02 Sérstök verkefni,* vegna úttektar á brunavörnum í stórbyggingum og veitti til þess 20 m.kr. Ekki liggur fyrir hvað þessu verkefni var ætlað að vara lengi og gerði félagsmálaráðuneytið tillögu um óbreytta fjárhæð í fjárlögum 1991. Sú tillaga var tekin til greina, þótt viðfangsefnið hafi verið fellt niður og fjárhæðin 20 m.kr. færð á önnur gjöld undir viðfangsefninu 1.01. Fjárveiting til tækjabúnaðar er 1 m.kr. í stað 2,9 m.kr. í fjárlögum 1990.

952 ***Jafnréttisráð.*** Gert er ráð fyrir nokkurri aukningu í starfsemi Jafnréttisráðs. Fjöldi starfa verður 3,5 í stað 3,3 í fjárlögum 1990, þar af 1,5 verkefnaráðið. Önnur gjöld hækka vegna ýmissa verkefna, m.a. þátttöku í jafnréttisáætlun Norðurlanda. Fjárveiting til eignakaupa hækkar um 0,8 m.kr. vegna fyrirhugaðs flutnings ráðsins í nýtt húsnæði en þrengsli eru farin að há stofnuninni. Samtals hækkar framlag til Jafnréttisráðs um 2,3 m.kr. umfram það sem launa- og verðlagsbreytingar gefa tilefni til.

954 ***Vinnueftirlit ríkisins.*** Verulegar breytingar eru á fjárveitingum til stofnunarinnar. Störfum fjölgar um fimm frá fjárlögum 1990 og teljast nú 40,33 þar af eru 10,33 tengd tímabundnum verkefnum. Þessir fimm starfsmenn voru upphaflega ráðnir til tímabundinna verkefna, án heimildar í fjárlögum, en hafa áunnið sér réttindi ríkisstarfsmanna eftir tveggja ára samfellt starf. Þetta hækkar fjárveitingu um rúmar 7 m.kr. Sértekjur Vinnueftirlits ríkisins hafa að stærstum hluta verið vinnueftirlitsgjald sem þau fyrirtæki greiða er lögin um eftirlitið ná til. Auk þess hefur stofnunin tekjur af ýmiss konar seldri þjónustu og er talið að sá hluti nemi um 12-15% af heildartekjum. Áformað er að sameina með lagabreytingu ýmis launatengd gjöld, sem atvinnufyrirtæki greiða, í eitt gjald sem innheimtist í ríkissjóð. Vinnueftirlitsgjaldið er eitt þeirra gjalda. Þess vegna er ekki gert ráð fyrir öðrum sértekjum til Vinnueftirlits ríkisins en þeim sem fást af seldri þjónustu. Til fjárfestingar eru ætlaðar 9 m.kr., þar af 8 m.kr. til fasteignakaupa og 1 m.kr. til tækjakaupa.

Málefni fatlaðra

Þessi málefnaflokkur nær til stofnana og málefna fatlaðra undir fjárlagaliðunum 700-722; 750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og 795 Framkvæmdasjóður fatlaðra. Sú

breyting er gerð á framsetningu þessa málefnaflokks að þær stofnanir og heimili sem lúta sérstakri stjórn fá sérstök fjárlaganúmer en eru ekki taldar með viðkomandi starfssvæðum eins og verið hefur. Er þetta meðal annars til samræmis við gerð ríkisreiknings.

Breytingar á framlagi til stofnana fatlaðra sjást á eftirfarandi töflu:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Laun	693.647	818.401	930.230	14	34
Önnur gjöld	227.828	211.052	229.640	9	1
Neyslu- og rekstrartilfærslur	202.036	182.591	227.760	25	13
Fjárfesting	182.061	196.980	225.000	14	24
Samtals	**1.305.572**	**1.409.024**	**1.612.630**	**14**	**24**

Skipting á öðrum gjöldum og rekstrartilfærslum 1989 er áætluð hér, þar sem sú skipting er ekki sýnd í reikningi ríkisbókhalds.

Fjárveitingar til rekstrar allra stofnana hækka um 175,6 m.kr., þar af tæplega 76 m.kr. umfram forsendur fjárlaga 1990 sem gengið er út frá. Helstu skýringar eru þessar: Tekin eru upp fjögur ný viðfangsefni og er kostnaður við þau áætlaður 30,4 m.kr., að mestu leyti laun. Viðfangsefnin eru: *700-1.50 Laun vegna orlofs, forfalla o.fl.* sem ætlað er að mæta forföllum á stofnunum og heimilum með fáa starfsmenn, *700-1.60 Félagslegar íbúðir fyrir fatlaða* sem er í samræmi við ákvæði kjarasamninga um félagslegar íbúðir fyrir fatlaða og á að standa straum af fimm ársverkum þroskaþjálfa til að aðstoða væntanlega íbúa. *701-1.94 Sambýli fyrir blinda í Reykjavík,* nýtt viðfangsefni með launagjöldum sem nemur 7,5 störfum. *703-1.21 Sambýli í Borgarnesi* er einnig nýtt sambýli með 4,2 störfum frá miðju ári 1991. Í fjárlögum 1990 var gert ráð fyrir rekstri sjö sambýla frá miðju ári en miðað er við rekstur allt árið 1991. Hlýst af því kostnaðarauki um 27,4 m.kr. Aukinn rekstur og kostnaður við tvö heimili á vegum Reykjavíkurborgar, *701-1.21 Sambýli Akurgerði* og *701-1.64 Skammtímavistun Álfalandi 6* (áður Dalbraut), er áætlaður um 14 m.kr. Aukin umsvif nokkurra annarra heimila kosta tæplega 8 m.kr. og stöðum fjölgar um fimm. Fjárveiting til viðfangsefnisins *700-1.10 Vistanir* er hækkuð um 5,3 m.kr. vegna vaxandi fjölda vistana fatlaðra ungmenna hjá stuðningsfjölskyldum. Þá leiddu kjarasamningar við aðra en ríkisstarfsmenn til hækkunar launa er nemur um 14,5 m.kr.

Fjöldi starfa á stofnunum fatlaðra, skipt eftir starfssvæðum, sést á yfirliti á næstu síðu. Eins og þar kemur fram er gert ráð fyrir rúmlega 614 störfum á stofnunum fatlaðra í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1991. Í fjárlögum 1990 er þessi fjöldi 597 og fjölgar störfum því um 17. Að auki má gera ráð fyrir um 50 störfum á stofnunum fatlaðra sem fá fjárveitingar í formi tilfærslna. Hliðstæð tala í fjárlögum 1990 er rúmlega 40. Er þá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins ekki talin með en fjöldi starfa þar er áætlaður hinn sami og í fjárlögum 1990 eða 29,8 talsins.

	Föst	Önnur	Samtals
700 Málefni fatlaðra, almennt	-	5,0	5,0
701 Reykjavík	53,1	140,0	193,1
702 Reykjanes	50,4	97,3	147,7
703 Vesturland	14,5	9,4	23,9
704 Vestfirðir	20,2	0,5	20,7
705 Norðurland vestra	14,5	6,5	21,0
706 Norðurland eystra	45,1	55,8	100,9
707 Austurland	14,0	16,0	30,0
708 Suðurland	30,5	41,5	72,0
Samtals	**242,3**	**372,0**	**614,3**

Þá er þess að geta að framlag til Framkvæmdasjóðs fatlaðra hækkar í 225 m.kr. úr 197 m.kr. Lög um málefni fatlaðra eru nú í endurskoðun, þar með ákvæðið um framkvæmdasjóðinn, hlutverk og verkefni í uppbyggingu aðstöðu fyrir fatlaða.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er bundið ákvæði í lögum nr. 91/1989, um tekjustofna sveitarfélaga, og reiknast 1,4% af beinum og óbeinum sköttum til ríkissjóðs. Það er áætlað 1.304 m.kr. árið 1991 samanborið við 1.207 m.kr. árið 1990.

Annað

Í þessum málefnaflokki eru eftirtaldir fjárlagaliðir: 981 Vinnumál; 982 Ríkisábyrgð á launum; 985 Félagsmálaskóli alþýðu; 998 Ráðstöfunarfé og 999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

Helstu breytingar sem eru gerðar á fjárveitingum til þessa málefnaflokks frá fjárlögum 1990 eru þessar:

981 Vinnumál. Nýtt viðfangsefni er *1.70 Atvinnumál kvenna á landsbyggðinni* og veittar til þess 15 m.kr.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Á meðfylgjandi yfirliti er sýnt framlag til einstakra viðfangsefna í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1991 með samanburði við fjárlög 1990:

	Fjárlög 1990 þús. kr.	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Meðlög skv. 21., 22., og 23. gr. framfærslulaga	7.036	10.560	3.524	50
Meðlög skv. lögum nr. 9/1981	63.534	58.170	-5.364	-8
Slysavarnafélag Íslands	8.115	8.260	145	2
Sjómannastofur	1.029	1.050	21	2
Félagasamtök, styrkir	14.092	14.870	778	5
Starfsmenntun í atvinnulífinu	12.005	15.590	3.585	30
Kvennaathvarf í Reykjavík	7.967	10.210	2.243	28
Stígamót, samtök kvenna gegn kynferðislegu ofbeldi	1.960	4.620	2.660	136
Krísuvíkursamtökin	3.920	-	-3.920	-100
Snjóflóða- og skriðufallavarnir	3.352	6.380	3.028	90
Ýmis framlög	4.900	6.560	1.660	34
Samtals	**127.910**	**136.270**	**8.360**	**6**

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið

Útgjöld heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Aðalskrifstofa	80.500	86.530	97.830	13	22
Tryggingamál	19.240.600	23.149.513	26.018.730	12	35
Sjúkrahús	12.051.000	13.156.579	14.105.710	7	17
Heilsugæsla	499.500	1.075.258	1.614.730	50	223
Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	172.800	188.929	215.630	14	25
Annað	269.000	296.318	356.290	20	33
Samtals	**32.313.400**	**37.953.127**	**42.408.920**	**12**	**31**
Rekstrarkostnaður	12.094.500	13.900.186	15.427.550	11	28
Neyslu- og rekstrartilfærslur	19.122.000	23.046.503	25.884.470	12	35
Stofnkostnaður og viðhald	1.096.900	1.006.438	1.096.900	9	0
Samtals	**32.313.400**	**37.953.127**	**42.408.920**	**12**	**31**

Miklar breytingar urðu á útgjöldum ráðuneytisins í fjárlögum þegar breytt lög um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga komu til framkvæmda. Hin breytta verkaskipting leiddi m.a. til þess að ríkið tók að fullu við kostnaði af rekstri sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og sjúkratrygginga svo og framlögum til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Er þar að leita orsaka 50% hækkunar frá fjárlögum á kostnaði við *heilsugæslu* en þær verða nánar raktar í umfjöllun um þann málefnaflokk hér á eftir. Heildarútgjöld er heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið losa 42 milljarða og aukast um 12% frá fjárlögum eða nær 5% að raungildi. Er þá gert ráð fyrir að settum markmiðum um hagræðingu og breytt skipulag í heilbrigðiskerfinu verði náð. Útgjöld ráðuneytisins nema um 41% af heildarútgjöldum í frumvarpi sem er nær óbreyttur hundraðshluti frá fjárlögum 1990 en talsverð hækkun frá 1989, er hann nam 37,5%.

Hér á eftir verður fjallað um málefnaflokka ráðuneytisins og um einstaka fjárlagaliði þar sem tilefni er til.

Aðalskrifstofa

Fjárveiting til *aðalskrifstofu* nemur 97,8 m.kr. og hækkar um 13% frá fjárlögum 1990. Hækkunin er að mestum hluta til reksturs vegna aukinna verkefna sem m.a. leiða af tilflutningi verkefna í kjölfar verkaskiptingarlaganna.

Tryggingamál

Undir þennan málefnaflokk heyra eftirfarandi stofnanir: 271 Tryggingastofnun ríkisins; 273 Atvinnuleysistryggingasjóður, framlag; 274 Eftirlaunasjóður aldraðra og 277 Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna, en það er nýr liður.

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu helstu útgjaldaflokka tryggingamála:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Yfirstjórn	240.055	233.874	314.830	35	31
Lífeyristryggingar	10.760.000	12.458.741	13.780.000	11	28
Sjúkratryggingar	7.626.000	8.930.740	10.060.000	13	32
Slysatryggingar	318.090	390.040	426.000	9	34
Framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs	207.000	1.026.960	1.280.000	25	518
Eftirlaunasjóður aldraðra	89.500	109.158	137.900	26	54
Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna	-	-	20.000	.	.
Samtals	**19.240.645**	**23.149.513**	**26.018.730**	**12**	**35**

Fjárveiting til *yfirstjórnar* hækkar samtals um 31% frá fjárlögum 1990 en þar af hækkar fjárveiting til reksturs um 29%. Stafar það fyrst og fremst af því að Tryggingastofnunin hefur tekið yfir verkefni Sjúkrasamlags Reykjavíkur, auk þess sem önnur sjúkrasamlög voru lögð niður, og þar til viðbótar er hér er um leiðréttingu á grunni að ræða. Til stofnkostnaðar og viðhalds eru veittar 20,2 m.kr., þar á meðal 15,0 m.kr. til nýs tölvuhugbúnaðar vegna greiðslukerfis stofnunarinnar. Núverandi greiðslukerfi er 15 ára gamalt og fullnægir ekki nútímakröfum.

Til *lífeyristrygginga* eru ætlaðir 13,8 milljarðar kr. og skiptist framlagið á einstakar gjaldategundir sem hér segir:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lífeyris- og örorkubætur	8.843.924	10.334.465	11.307.000	17	28
Elli- og örorkulífeyrir	3.147.648	3.576.224	3.886.000	9	23
Tekjutrygging	4.019.237	4.809.727	5.255.000	9	31
Uppbót o.fl.	878.636	1.027.397	1.149.000	12	31
Heimilisuppbót	496.857	580.974	650.000	12	31
Sérstök heimilisuppbót	75.924	88.778	99.000	12	30
Örorkustyrkur	225.622	251.365	268.000	7	19
Barnalífeyrir	235.976	273.342	303.000	11	28
Ekkju-, ekkla- og makabætur	177.273	197.509	210.000	6	18
Mæðra- og feðralaun	592.765	680.085	746.000	10	26
Fæðingarorlof	802.258	884.997	1.098.000	24	37
Bílakaupastyrkur	62.357	88.343	116.000	31	86
Mismunur, óskipt	45.447	-	-	.	.
Samtals	**10.760.000**	**12.458.741**	**13.780.000**	**11**	**28**

Framlag til *lífeyristrygginga* fyrir árið 1991 nemur um 13,3% af heildarútgjöldum fjárlagafrumvarps og hækkar um nær 11% frá fjárlögum 1990 og 28% frá reikningi 1989. Hækkunin frá fjárlögum til frumvarps skýrist af hækkun á frítekjumarki tekjutryggingarþega

í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga svo og hækkun á tekjutryggingarauka. Gert er ráð fyrir tæplega 1,5% fjölgun sem byggist á fenginni reynslu frá undanförnum árum. Bílakaupastyrkur lífeyrisþega hækkar um nær þriðjung milli ára. Bótahækkanir á árinu 1990 hafa verið sem hér segir: Hinn 1. febrúar 1,5%, 1. júní 1,5% og hinn 1. desember er áætlað fyrir 2% hækkun í samræmi við almennar launahækkanir. Að auki var 15% tekjutryggingarauki greiddur 1. júlí og 1. október og verður væntanlega einnig greiddur 1. desember n.k. Þessu til viðbótar hækkaði frítekjumark þeirra ellilífeyrisþega er hafa lífeyri úr lífeyrissjóðum umfram aðra ellilífeyrisþega.

Til *sjúkratrygginga* er ætlað að verja rétt rúmum 10 milljörðum króna sem skiptist á helstu gjaldaliði svo sem sýnt er í eftirfarandi töflu.

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Vistgjöld á sjúkrastofnunum	2.502.317	2.690.000	3.085.000	15	23
Heimaþjónusta við aldraða	135.268	33.000	-	.	.
Hjálpartæki	396.505	392.000	434.000	11	9
Útgjöld skv. 39. gr. almannatryggingalaga.	298.097	327.000	384.000	17	29
Lækniskostnaður	1.039.460	911.000	1.134.000	24	9
Tannlæknakostnaður	556.362	772.000	1.035.000	34	86
Innlendur og erlendur sjúkrakostnaður.	1.224.309	1.452.000	1.408.000	-3	15
Sérreikningar sjúkrastofnana	893.591	1.079.000	1.088.000	1	22
Ferða- og flutningskostnaður	120.542	111.000	146.000	32	21
Erlendur sjúkrakostnaður	210.176	262.000	174.000	-34	-17
Lyfjakostnaður	2.153.889	2.000.000	2.300.000	15	7
Sjúkradagpeningar	208.959	235.000	247.000	5	18
Bifreiðakaupastyrkir	19.210	21.000	33.000	57	72
Rekstrarkostnaður	142.120	160.000	-	.	.
Vaxtakostnaður	147.939	120.000	-	.	.
Mismunur, óskipt	-1.198.435	-182.260	-	.	.
Samtals	**7.626.000**	**8.930.740**	**10.060.000**	**13**	**32**

Hækkun frá fjárlögum 1990 nemur um 13% í heild en er ákaflega mismunandi milli einstakra liða. Heimaþjónusta og heimahjúkrun fyrir aldraða fellur brott en áætlast undir fjárlagalið *510 1.01 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík* í staðinn. Veruleg hækkun verður á lækniskostnaði frá fjárlögum til frumvarps. Stafar þetta af því að í fjárlögum 1990 var gert ráð fyrir að hægt yrði að ná lækniskostnaði niður að öðru óbreyttu. Hinn 15. febrúar 1990 gekk í gildi nýtt fyrirkomulag þar sem sjúklingar gátu almennt leitað til heilsugæslulækna sér að kostnaðarlausu en urðu áfram að greiða fyrir þjónustu sérfræðinga. Tilgangur þessarar breytingar var m.a. að lækka kostnað við sérfræðilæknishjálp. Tannlæknakostnaður mun hækka um rúman þriðjung sem stafar að mestum hluta af því að á næsta ári munu sveitarfélög væntanlega ekki taka þátt í þessum kostnaði sem þau gera á árinu 1990. Erlendur sjúkrakostnaður er talinn munu lækka um yfir þriðjung milli ára, en það stendur í tengslum við þá ákvörðun að framkvæma allar þær hjartaaðgerðir hér heima á Ríkisspítölum sem þar eru tæknilega framkvæmanlegar. Fyrir lyfjakostnaði eru áætlaðir 2,3 milljarðar króna í frumvarpi. Sú tala byggist á því að hægt verði að ná þar fram sparnaði er nemur 500-600 milljónum króna. M.a. er gert ráð fyrir að ná þessum sparnaði með breyttu skipulagi á innflutningi og dreifingu lyfja, lækkaðri álagningu í heildsölu og smásölu og breyttu skipulagi á kostnaðarþátttöku notenda í lyfjakostnaði. Liðirnir rekstrarkostnaður og

vaxtakostnaður falla út. Hinn fyrri var kostnaður við rekstur sjúkrasamlaga sem nú hefur flust að hluta yfir á *Tryggingastofnun ríkisins, yfirstjórn* við að sjúkrasamlög voru lögð niður með lögum. Vaxtakostnaður stafaði af því að raunveruleg útgjöld *sjúkratrygginga* voru mun hærri á árinu 1989 en fjárveitingu nam og var mismunurinn greiddur með lántöku úr vörslusjóðum Tryggingastofnunar. Um frekari lántökur verður hins vegar ekki að ræða á árinu 1991. Óskiptur mismunur í fjárlögum 1990 stafar af því að í fjáraukalögum fyrir árið 1990, nr. 72/1990, er gert ráð fyrir 2% lækkun á sjúkratryggingum sem nemur 182,3 m.kr. Fyrir lækkun nam framlag á fjárlögum til sjúkratrygginga 9.113 m.kr.

Útgjöld *slysatrygginga* eru áætluð munu nema 426 m.kr. í fjárlögum 1990. Er sú tala byggð á framreiknaðri þróun útgjalda slysatrygginga á yfirstandandi ári.

Til *Atvinnuleysistryggingasjóðs* eru ætlaðar 1.280 m.kr., um fjórðungi hærri fjárhæð en í endanlegum fjárlögum 1990. Nánari skýringar á fjárreiðum Atvinnuleysistryggingasjóðs er að finna í greinargerð með B-hluta.

Ráðgerð er um 26% hækkun á framlagi til *Eftirlaunasjóðs aldraðra* sem er mun meira en beinar verðlagsforsendur mundu gefa af sér. Stafar þetta m.a. af því að á árinu 1990 er lífeyrissjóðum ætlað að verja 2% af iðgjaldatekjum sínum í framlag til sjóðsins sem síðan lækkar í 1% 1991 og hverfur 1992.

Loks er þess að geta að við þennan málefnaflokk bætist nýr liður *277 Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna*. Þessar bætur hafa fram að þessu verið greiddar af Tryggingastofnun ríkisins án uppgjörs við ríkissjóð. Lagt er til að framlag til þessa verði 20 m.kr. á næsta ári.

Sjúkrahús

Undir þennan málefnaflokk heyra fjárlaganúmer 350-370, 381 og 400-420. Sú breyting hefur verið gerð frá fjárlagafrumvarpi 1990 að sjúkrahús og heilsugæslustöðvar eru nú aðskildir málaefnaflokkar. Þrjú stærstu sjúkrahúsin í Reykjavík, Borgarspítali, St. Jósefsspítali Landakot og Ríkisspítalar, hafa verið sameinuð undir einu fjárlaganúmeri *370 Sjúkrahús í Reykjavík*. Nær sá fjárlagaliður til allrar starfsemi þessara þriggja stofnana, hvort sem hún er innan Reykjavíkur eða utan. Tilgangurinn er sá að ná fram hagræðingu í rekstri þeirra með markvissri verkaskiptingu. Til að ná slíku fram þarf að skipta fjárveitingu milli sjúkrahúsanna með öðrum hætti en gert hefur verið. Í væntanlegu frumvarpi um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, sem lagt verður fram á fyrstu vikum þingsins, er gert ráð fyrir að sérstakt samstarfs- og þróunarráð verði stofnað fyrir sjúkrahúsin í Reykjavík. Ráðið mun m.a. fá það hlutverk að skipta fjárveitingum milli sjúkrahúsanna. Að undanförnu hefur skapast ófremdarástand hvað varðar lokun deilda, sérstaklega lokun langlegudeilda. Með markvissari verkaskiptingu milli sjúkrahúsanna verður að tryggja betri nýtingu fjármuna. Verja þarf þó verulegum fjármunum til breytinga á húsnæði og tækjakaupa ef ná á fram þeirri verkaskiptingu sem stefnt er að.

Heildarfjárveiting til sjúkrahúsa nemur 14,1 milljarði króna og eykst um 7,2% frá fjárlögum 1990 og 17,1% frá reikningi 1989 en hér er þá átt við greiðsluyfirlit ríkisreiknings fyrir það ár. Jafngildir það um 1,2% raunaukningu milli áranna 1990 og 1991.

Í rekstri sjúkrahúsa er álagshlutfall á föst laun nær það sama fyrir öll sjúkrahús í heild og í fjárlögum 1990. Hámarksálag er 70% á *Sjúkrahúsum í Reykjavík* og á *Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri*. Í aðalatriðum eru rekstrargjöld sjúkrahúsa ákveðin með hliðsjón af starfsemi fyrri ára og byggð á reikningum 1989 og fjárveitingum í fjárlögum 1990. Tekið er tillit til að á árinu 1989 var gerður sérstakur niðurskurður á launum og öðrum rekstrargjöldum. Til viðbótar er tekið tillit til sérstakra þátta sem valda breyttum aðstæðum

á einstökum sjúkrahúsum. Alls fjölgar stöðum á sjúkrahúsum um 22, þar af eru 16,5 vegna nýrrar eða breyttar starfsemi.

Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarfjárveitingu til sjúkrahúsa skipt á hverja stofnun fyrir sig.

	Fjöldi stöðu-gilda	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr.	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjúkrahúsið Akranesi	161	324.204	360.588	377.030	5	16
Sjúkrahúsið Patreksfirði	32	65.253	70.840	72.010	2	10
Fjórðungsjúkrahúsið Ísafirði	67,5	131.559	146.553	158.960	8	21
Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi	57,6	91.869	101.356	108.600	7	18
Sjúkrahúsið Sauðárkróki	120,6	214.715	235.937	246.940	5	15
Sjúkrahúsið Siglufirði	54	101.554	111.185	118.620	7	17
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	403	815.292	892.441	951.270	7	17
Sjúkrahúsið Húsavík	98	191.921	198.999	214.140	8	12
Sjúkrahúsið Seyðisfirði	29	62.853	68.733	73.430	7	17
Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	60	133.488	140.752	147.740	5	11
Sjúkrahúsið Egilsstöðum	39	79.757	87.744	92.270	5	16
Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	93,5	174.744	190.822	205.540	8	18
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	68,3	141.934	151.759	161.150	6	14
Sjúkrahúsið Keflavík	72	156.671	157.652	169.430	7	8
Sólvangur, Hafnarfirði	123	174.181	191.646	202.510	6	16
Sjúkrahús í Reykjavík	3.838,5	7.597.675	8.299.156	8.999.000	8	18
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	98	208.983	217.837	223.440	3	7
St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	45	82.843	90.723	95.590	5	15
Sjúkrahús Hvammstanga	40	70.897	78.324	83.240	6	17
Sjúkrahús Bolungarvíkur	20	30.675	37.768	39.560	5	29
Sjúkraskýlið Hólmavík	12	19.239	21.439	23.090	8	20
Sjúkraskýlið Þingeyri	7	8.781	10.212	10.330	1	18
Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri	5	7.642	9.467	9.080	-4	19
Sundabúð II, Vopnafirði	13	20.095	24.093	25.120	4	25
Sunnuhlíð, Kópavogi	58	77.873	92.867	107.740	16	38
Sjúkrastöðvar SÁÁ	77	-	201.559	224.680	11	.
Samtals	**5.692**	**10.984.698**	**12.190.452**	**13.140.694**	**8**	**20**

Framlög til viðhalds og stofnkostnaðar sjúkrahúsa er að finna á fjórum fjárlagaliðum, *381 Sjúkrahús og læknisbústaðir, 358 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, 370 Sjúkrahús í Reykjavík og 420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið.* Á fyrst talda liðnum eru óskipt framlög til viðhalds og stofnkostnaðar sjúkrahúsa annarra en fjögurra stærstu sjúkrahúsanna. Í fjárlögum 1990 var 52 m.kr. fjárveiting á liðnum *381 6.95 Heilsugæsla í Reykjavík skv. samningi* sem nú fellur niður en í staðinn kemur liður *511 6.01 Heilsugæslustöðvar í Reykjavík, tæki og búnaður.* Bygging heilsugæslustöðva er enn talin á lið *381 6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða.* Er það gert til að halda samræmi í venju Alþingis að skipta þessum lið í meðförum þingsins. *Heilsugæsla í Garðabæ samkvæmt samningi* er enn á fjárlagalið 381, en hér er um að ræða síðustu greiðslu af þremur sem ríkissjóður innir af hendi til kaupa á húsnæði fyrir heilsugæsluna. Lagt er til að framlag til *Framkvæmdasjóðs aldraðra* nemi 240 m.kr. í frumvarpi þessu, borið saman við 192,9 m.kr. í fjárlögum 1990 og 160,4 m.kr. í ríkisreikningi 1989. Tekjumegin á móti þessu framlagi kemur gjald samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 82/1989 og er það nánar rætt í kaflanum hér á undan. Á síðastliðnu þingi var það ætlun stjórnvalda að flytja frumvarp þess efnis að hlutverk sjóðsins verði endurskilgreint þannig að það taki ekki aðeins til fjármögnunar nýframkvæmda heldur einnig til viðhalds húsnæðis og rekstrarþátta í

tengslum við skyld verkefni. Er það mál nú til nánari skoðunar og umfjöllun um útgjaldahlið sjóðsins því ekki lokið. Verður að taka tillit til þess er frumvarp þetta er skoðað. Eftirfarandi tafla sýnir framlög til viðhalds og stofnkostnaðar undir málefnaflokknum *sjúkrahús* svo og til *Framkvæmdasjóðs aldraðra.*

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr.	Frumvarp 1991 þús. kr.
Sjúkrahús og læknisbústaðir			
Viðhald	20.700	25.300	26.000
Stofnkostnaður	359.600	303.900	251.700
Framkvæmdasjóður aldraðra			
Stofnkostnaður	160.400	192.900	240.000
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri			
Viðhald	6.100	7.600	9.000
Stofnkostnaður	60.300	49.600	51.000
Ríkisspítalar			
Viðhald	48.700	71.800	-
Stofnkostnaður	254.100	186.100	-
Borgarspítalinn			
Viðhald	32.200	43.300	-
Stofnkostnaður	82.500	43.900	-
St. Jósefsspítali, Landakot			
Viðhald	9.500	6.400	-
Stofnkostnaður	14.400	19.600	-
Sjúkrahús í Reykjavík			
Viðhald	-	-	123.500
Stofnkostnaður	-	-	249.000
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið			
Byggingarstyrkur	15.000	15.000	15.000
Samtals viðhald	**117.200**	**154.400**	**158.500**
Samtals stofnkostnaður	**946.300**	**811.000**	**806.700**

Heilsugæslustöðvar

Málefnaflokkur þessi er nýr og samanstendur af fjárlaganúmerunum 378 Læknishéraðasjóður; 500-586 Heilsugæslustöðvar; 591 Héraðslæknir í Reykjavík og 595 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra, en tvö þau síðast töldu eru nýir liðir á fjárlögum. Heilsugæslustöðvar voru áður í málefnaflokki með sjúkrahúsum en vegna aukins umfangs þeirra þótti rétt að aðskilja þær sem sérstakan málefnaflokk í frumvarpi þessu.

Fjárlaganúmer þessa málefnaflokks hafa breyst frá fjárlögum 1990. Þar voru heilsugæslustöðvar á fjárlaganúmerum 480-488 og var þá hvert hérað sett fram sérstaklega með heilsugæslustöðvar í því héraði sem undirlið. Liður *480 1.01 Heilsugæslustöðvar* hafði þá að geyma laun lækna og hjúkrunarstétta sem greidd höfðu verið af ríkinu áður en verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga var breytt. Öðrum rekstrargjöldum heilsugæslustöðva, þ.m.t. launum starfsmanna stöðvanna er áður voru kostuð af sveitarfélögum, svo og öðrum rekstrarkostnaði, var dreift á einstakar stöðvar. Í frumvarpi þessu hefur launum lækna og hjúkrunarstétta verið dreift á einstakar stöðvar þannig að hver stöð hefur sinn sérstaka fjárhag. Við þetta riðlast samanburður á fjárveitingum til einstakra stöðva milli ára svo að ekki er hægt að sýna marktækar tölur um þróun útgjalda þeirra frá ári til árs.

Heildarútgjöld þessa málefnaflokks eru áætluð 1.614 m.kr. og hækka um rétt 50%. Nemur hækkunin 539 m.kr. frá fjárlögum 1990 og eru helstu þættir hennar sem hér segir: Um 98 m.kr. stafa af nýrri eða aukinni starfsemi heilsugæslustöðva í Reykjavík, Garðabæ og Hafnarfirði. Kemur þar m.a. til aukinn kostnaður við heilsugæslu í Árbæ og á Seltjarnarnesi vegna mikillar fólksfjölgunar, yfirtöku ríkisins á heilsugæslustöð í Álftamýri sem til þessa hefur verið einkarekin og kostuð af sjúkratryggingum, auknum kostnaði við stöðvarnar við Hraunberg og Garðastræti, en fjárveiting til reksturs þeirra í fjárlögum 1990 var aðeins til hluta þess árs. Fyrir utan þessa þætti eykst kostnaður á Heilsuverndarstöðinni um 50 m.kr., m.a. vegna heimahjúkrunar sem í fjárlögum 1990 var kostuð af sjúkratryggingum. Mikil aukning hefur auk þess orðið á heimahjúkrun í Reykjavík vegna lokunar deilda á sjúkrahúsum. Skýrir það einnig mikla hækkun frá fjárlögum 1990 en þau byggðu á umfangi 1988. Skólatannlækningar í Reykjavík, sem að hluta eru kostaðar af Reykjavíkurborg í ár, munu að fullu falla á ríkissjóð á næsta ári. Það veldur rúmlega 100 m.kr. kostnaðarauka. Í fjárlögum 1990 var ekki gert sérstaklega ráð fyrir sjúkraflutningum á þeim stöðum þar sem þeir eiga sér stað utan heilsugæslustöðva. Er hér um 85 m.kr. kostnaðarauka að ræða sem ekki var í fjárlögum 1990 og kemur til fulls inn í frumvarp 1991. Þá koma til tvö ný héraðslæknisembætti, í Reykjavík og á Norðurlandi eystra, en til þeirra er ætlað að verja um 17 m.kr. með alls fimm stöðugildum. Þá hafa 28 m.kr. verið teknar inn sem ný starfsemi á lið *500 1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt,* en þar í felast 4,5 óráðstöfuð stöðugildi, auk sérstaks framlags til að leysa vanda lítilla stöðva þar sem erfiðlega hefur gengið að ráða lækna. Því til viðbótar eru 60 m.kr. vegna óbreyttrar starfsemi inni á þessum lið sem ætlað er að kosta námsleyfi lækna, barnsburðarleyfi og annan ófyrirséðan kostnað. Loks má ætla að bein launa- og verðhækkun á þeim liðum sem eftir eru nemi um 70 m.kr. Samtals skýra þessir liðir 434 m.kr. af hækkuninni. Þær rúmlega 100 m.kr. sem eftir eru stafa fyrst og fremst af því að fjárlagagerð fyrir heilsugæslustöðvar á árinu 1990 var ófullkomin, þar sem hún byggði á gögnum frá sveitarfélögum sem ekki voru fullnægjandi. Mörg sveitarfélög héldu ekki aðskilda reikninga fyrir alla kostnaðarþætti heilsugæslustöðva heldur færðu mismikinn hluta kostnaðar stöðvanna með öðrum, óskyldum kostnaði. Því kom raunverulegur rekstrarkostnaður stöðvanna ekki í ljós að fullu fyrr en við fjárlagagerð fyrir komandi ár.

Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir

Undir þennan málefnaflokk heyra eftirtalin fjárlaganúmer: 301 Landlæknir; 323 Tryggingaeftirlitið; 324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands; 325 Hollustuvernd ríkisins; 326 Sjónstöð Íslands og 327 Geislavarnir ríkisins.

Fjárveiting til málefnaflokksins eykst um 14% frá fjárlögum 1990 og 25% frá reikningi 1989. Til *Landlæknis* eru ætlaðar 32,2 m.kr., þar af 29,4 m.kr. til reksturs sjálfs embættisins. Er sú rekstrarfjárveiting nær 20% hærri en í fjárlögum 1990 og stafar hækkunin af auknu álagi á embættið vegna fjölgunar kvörtunarmála. Til *Tryggingaeftirlitsins* er nú gerð sú krafa að embættið skili 2,7 m.kr. í ríkissjóð, en fram að þessu hafa gjöld og sértekjur verið látnar standast á í fjárlögum. Er það í samræmi við þá stefnu sem mörkuð var í fjárlögum 1990 að ætla þeim stofnunum sem taldar eru eiga að standa undir sér að skila nokkru fé í ríkissjóð til þess að mæta óbeinum kostnaði, svo sem verðtryggingu lífeyris o.fl.

Eftirfarandi tafla sýnir heildarframlög til ofangreindra stofnana:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
301 Landlæknir	26.371	26.721	32.150	20	22
323 Tryggingaeftirlitið	-2.677	352	-2.700		
324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	54.560	56.596	71.420	26	31
325 Hollustuvernd ríkisins	60.987	73.607	79.270	8	30
326 Sjónstöð Íslands	14.982	21.505	23.190	8	55
327 Geislavarnir ríkisins	18.598	10.148	12.300	21	-34
Samtals	**172.821**	**188.929**	**215.630**	**14**	**25**

Veruleg aukning er á fjárveitingu til *324 Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands*, um 26% frá fjárlögum 1990. Stafar það af því að í ljós hefur komið að heyrnartækjakaup stöðvarinnar voru vanáætluð í fjárlögum 1990 sem bæta verður upp í fjáraukalögum fyrir þetta ár auk nokkurrar hækkunar í fjárlögum 1991. Þá eru 4 m.kr. ætlaðar til tækjakaupa en engin slík fjárveiting er í fjárlögum 1990. Fjárveitingu til *Geislavarna ríkisins* er ætlað að hækka um 21% frá fjárlögum 1990. Þar í er jafnvirði 60 þús. danskra króna sem ætlaðar eru sem framlag til norrænna kjarnorkurannsókna og voru áður greiddar af iðnaðarráðuneytinu.

Annað

Þessi málefnaflokkur nær til ýmissar starfsemi sem heyrir undir ráðuneyti þetta og telur það eftirtalda fjárlagaliði: 340 Málefni fatlaðra; 393 Lyfjamál; 394 Lyfjaverðlagsnefnd; 395 Lyfjaeftirlit ríkisins; 396 Lyfjanefnd; 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi; 601 Ljósmæðraskóli Íslands; 602 Þroskaþjálfaskóli Íslands; 603 Lyfjatæknaskóli Íslands; 604 Sjúkraliðaskóli Íslands; 610 Gæsluvistarsjóður, framlag og 621 Bindindisstarfsemi.

Þær breytingar hafa verið gerðar á fjárlaganúmerum í þessum málefnaflokki að fjárlagaliðurinn *395 Lyfjamál* í fjárlögum 1990 hefur nú verið aðskilinn í númerin 393-396 sem að ofan greinir. Þá hefur liður *501 Skólar heilbrigðisstétta* í fjárlögum 1990 verið aðskilinn í þá þrjá skóla sem þar voru undir og þeim gefin númerin 601, 603 og 604, auk þess sem *502 Þroskaþjálfaskóli Íslands* í fjárlögum 1990 hefur verið fluttur á númer 602.

Fjárveitingu til *393 Lyfjamála* er ætlað að hækka úr 2,7 m.kr. í fjárlögum 1990 í 5,1 m.kr. í fjárlögum 1991, fyrst og fremst vegna aukins framlags til viðfangsefnanna *1.41 Útgáfa sérlyfjaskrár og lyfjaverðskrár* og *1.71 Samheitaverðskrá lyfja*. Síðari liðurinn er nýr og á að kosta útgáfu lyfjaverðskrár sem gerir kostnaðarsamanburð lyfja handhægari fyrir lækna. Á liðnum *395 Lyfjaeftirlit ríkisins* eru tekjur áætlaðar umfram gjöld að fjárhæð 1,3 m.kr. sem byggist á sömu reglu og var getið um *323 Tryggingaeftirlitið* hér að ofan, þess efnis, að slíkur afgangur verði skoðaður sem framlag vegna verðábyrgðar ríkissjóðs á lífeyri starfsmanna. Hið sama gildir um *396 Lyfjanefnd* þar sem tekjur eru einnig áætlaðar umfram gjöld.

Í eftirfarandi töflu er tekin saman heildarfjárveiting til þessa málefnaflokks.

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
340 Málefni fatlaðra	30.888	44.933	47.480	6	54
393-396 Lyfjamál	5.380	-3.007	2.360	-178	-56
399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	150.041	179.847	235.460	31	57
601-604 Skólar heilbrigðisstétta	35.452	36.313	29.540	-19	-17
610 Gæsluvistarsjóður, framlag	23.468	9.800	12.000	22	-49
621 Bindindisstarfsemi	23.660	20.592	21.450	4	-9
998 Ráðstöfunarfé ráðherra	-	7.840	8.000	2	.
Samtals	**268.889**	**296.318**	**356.290**	**20**	**33**

Til *399 Heilbrigðismála, ýmissar starfsemi* er lagt til að varið verði 235,5 m.kr. sem er 31% aukning frá fjárlögum 1990 eða 55,6 m.kr. Af þeirri fjárhæð eru 45,2 m.kr. ætlaðar til aukinnar fjárveitingar til viðfangsefnisins *1.31 Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsleit* en þar hefur leitaraðgerðum í forvarnarskyni fjölgað mjög og fjárveiting fyrri ára til þessa verið á eftir þróuninni. Áætlun fyrir árið 1991 byggist hins vegar á hámarksfjölda aðgerða samkvæmt samningi við Krabbameinsfélagið. Þá er og aukin fjárveiting til *1.53 Tóbaksvarna* en til þess verkefnis eru ætlaðar 9.3 m.kr., 44% hækkun frá fjárlögum 1990, en inni í þeirri fjárhæð er uppgjör frá fyrri tíma.

09 Fjármálaráðuneyti

Um næstu áramót er stefnt að formlegri sameiningu fjármálaráðuneytis og fjárlaga- og hagsýslustofnunar sem veldur breytingu á framsetningu í frumvarpinu. Auk þess eru gerðar breytingar á fáeinum fjárlagaliðum.

Útgjöld ráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti o.fl.	290.600	333.756	389.460	17	34
Skatta- og tollamál	1.081.800	1.200.546	1.230.200	2	14
Verðlagsmál og ríkisábyrgðir	1.560.700	1.652.526	3.031.000	.	.
Vextir	8.548.200	9.125.000	9.400.000	3	10
Annað	1.053.200	893.107	1.232.220	38	17
Samtals	**12.534.500**	**13.204.935**	**15.282.880**	**16**	**22**
Rekstrarkostnaður	2.853.200	1.763.872	2.143.990	22	.
Verðbætur	-	705.446	1.743.000	.	.
Vextir	8.548.200	9.125.000	9.400.000	3	10
Neyslu- og rekstrartilfærslur	311.900	935.479	1.047.390	12	.
Stofnkostnaður og viðhald	821.200	675.138	948.500	40	16
Samtals	**12.534.500**	**13.204.935**	**15.282.880**	**16**	**22**

Þegar frá er talinn liðurinn *Launa- og verðlagsmál* hækka útgjöld ráðuneytisins um liðlega 1.200 m.kr. Helstu breytingar frá upphæðum fjárlaga eru eftirfarandi: Áætlaðir vextir hækka um 275 m.kr. og uppbætur á lífeyri um nálægt 250 m.kr. Veigamiklir stofnkostnaðarliðir eins og ríkisábyrgðir, útgjöld vegna heimildarákvæða og útgjöld vegna fasteignakaupa hækka fjárframlagið um u.þ.b. 200 m.kr. Þá má nefna að rekstrarkostnaður vegna upplýsinga- og tölvukerfa er talinn hækka um 75 m.kr. en verðlagsbreytingar milli ára og ýmsir smærri liðir skýra aðra hækkun. Hér á eftir verður fjallað um málefnaflokka ráðuneytisins og um einstaka fjárlagaliði þar sem tilefni er til.

Ráðuneyti o.fl.

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa; 102 Launaskrifstofa ríkisins; 103 Ríkisbókhald; 104 Ríkisfjárhirsla og 105 Ríkislögmaður.

Rekstrarútgjöld málefnaflokksins aukast alls um nálægt 12% frá fjárlögum þegar tekið hefur verið tillit til breyttrar framsetningar. Rekstur á aðalskrifstofu ráðuneytisins, Launaskrifstofu, Ríkisfjárhirslu og embætti Ríkislögmanns miðast við óbreytt rekstrarumsvif frá 1990. Með sameiningu fjármálaráðuneytisins og fjárlaga- og hagsýslustofnunar verður nokkur sparnaður í yfirstjórn ráðuneytisins. Stærsta breytingin á rekstraráætlun þessa málefnaflokks tekur til Ríkisbókhalds.

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	132.200	165.142	181.090	10	37
Launaskrifstofa ríkisins	62.700	67.974	78.020	15	24
Ríkisbókhald	59.900	60.568	85.350	41	42
Ríkisfjárhirsla	25.200	24.451	27.540	13	9
Ríkislögmaður	10.600	15.621	17.460	12	65
Samtals	**290.600**	**333.756**	**389.460**	**17**	**34**

103 Ríkisbókhald. Undanfarin ár hefur sá háttur verið hafður á að reikna Ríkisbókhaldi tekjur af þjónustugjöldum frá ríkisstofnunum sem innheimt hafa verið með launatengdum gjöldum. Tekjurnar hafa staðið undir kostnaði af bókhaldsþjónustu fyrir ríkisstofnanir. Þessu fyrirkomulagi er nú breytt og veldur það hækkun á framlagi til Ríkisbókhalds um 50 m.kr. en að sama skapi lækkun á gjaldalið einstakra stofnana þar sem ekki er gjaldfært fyrir þessa þjónustu. Jafnframt er sú breyting gerð að skýrsluvélakostnaður vegna bókhalds- og áætlanakerfis ríkisins, sem gjaldfærður hefur verið hjá Ríkisbókhaldi, er fluttur á nýjan fjárlagalið, *995 Skýrsluvélakostnaður*. Þá er gert ráð fyrir tveimur viðbótarstörfum í tekjubókhaldi og nema viðbótarútgjöld vegna þess um 3,5 m.kr. Annað starfið er flutt frá Ríkisskattstjóra en hitt er nýtt. Upptaka virðisaukaskatts og staðgreiðslu tekjuskatts leiðir til þess að styrkja þarf tekjudeild stofnunarinnar.

Skatta- og tollamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Ríkisskattstjóri; 202-211 skattstofur; 212 Skattamál, ýmis útgjöld; 214 Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd; 251 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður; 261 Ríkistollstjóri og 262 Tollstjórinn í Reykjavík.

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkisskattstjóri	136.900	178.634	245.510	.	.
Skattstofur	290.600	340.168	368.120	8	27
Skattamál, ýmis útgjöld	247.500	153.136	73.990	.	.
Ríkisskattanefnd	15.500	21.429	22.870	7	48
Gjaldheimtur og innheimtukostnaður	77.400	112.895	134.160	19	.
Tollaembætti	293.900	312.380	340.950	9	16
Rekstur samtals	**1.061.800**	**1.118.642**	**1.185.600**	**6**	**12**
Stofnkostnaður	**20.000**	**81.904**	**44.600**	**-46**	**123**

Efnisþáttum þessa málefnaflokks er breytt nokkuð frá því sem er í fjárlögum 1990. Hluti þeirra útgjalda sem hér var skipað er nú færður á nýjan fjárlagalið, *995 Skýrsluvélakostnaður*, og er það tölvu- og skýrsluvélakostnaður við skattkerfið. Að auki verður innan þessa málefnaflokks tilflutningur á útgjaldaþáttum af liðnum *Skattamál, ýmis útgjöld* til Ríkisskattstjóraembættis.

Rekstrarútgjöld málefnaflokksins teljast alls 1.185,6 m.kr. Fjárveitingar til rekstrarútgjalda skattstofa og Ríkisskattstjóra eru í heildina óbreyttar að verðgildi. Um skýringar á breyttum rekstrarútgjöldum hjá öðrum stofnunum vísast til greinargerðarinnar hér að neðan.

Framlög til stofnkostnaðar undir þessum málefnaflokki nema alls 44,6 m.kr. og skiptast samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

Stofnun, viðfangsefni	þús. kr.
Ríkisskattstjóri, tæki og búnaður	10.000
Skattstofan í Reykjavík, tæki og búnaður	5.700
Skattstofa Norðurlands eystra, tæki og búnaður	2.400
Skattamál, ýmis útgjöld, tæki og búnaður	18.500
Ríkistollstjóri, tæki og búnaður	2.000
Ríkistollstjóri, hugbúnaðargerð vegna SAD-tollskjals	4.000
Tollstjórinn í Reykjavík, tæki og búnaður	2.000
Stofnkostnaður samtals	**44.600**

Liðirnir skýra sig í öllum meginatriðum sjálfir. Þess ber þó að geta að 10 m.kr. framlag til Ríkisskattstjóra tengist flutningi embættisins í nýtt húsnæði að Laugavegi 166. Þeim 18,5 m.kr. sem færðar eru undir liðinn *Skattamál, ýmis útgjöld* verður ráðstafað af ráðuneytinu til kaupa á tölvubúnaði fyrir skattstofur.

212 Skattamál, ýmis útgjöld. Á þennan lið hefur verið færður ýmis kostnaður við undirbúning, álagningu og skattaeftirlit ásamt kostnaði við kynningu á nýjum skattalögum og reglum. Jafnframt hefur ráðuneytið gjaldfært á liðinn kostnað við innheimtuaðgerðir bæði á sviði skatta og tolla. Árviss útgjöld við framkvæmd skattalaga þykir nú rétt að áætla fyrir á embætti Ríkisskattstjóra. Undir embættið færist því prent- og dreifingarkostnaður, námskeiðakostnaður og kostnaður við reglulega tölvuráðgjöf. Útgjöld við skýrsluvélavinnu og hugbúnaðargerð, sem færð hafa verið á þennan lið, eru nú áætlað undir liðnum *995 Skýrsluvélakostnaður*. Áætlað er fyrir rekstrarkostnaði að upphæð 74 m.kr. á þessum lið og er fjárveitingin ætluð til fjölmargra verkefna. Á árinu 1991 er áformað að verja a.m.k. 14 m.kr. til að bæta skattendurskoðun atvinnurekstrarframtala. Í samvinnu við ráðuneytið er nú hjá Ríkisskattstjóra unnið að tillögum um hvernig best verði að þessu staðið. Í annan stað færast 25 m.kr. á þennan lið vegna kaupa á þjónustu frá Fasteignamati og öðrum opinberum stofnunum. Loks er áformað að greiða áfram af þessum lið ýmsan kostnað, þar á meðal kynningu á skattalögum, undirbúning skattbreytinga o.fl.

261 Ríkistollstjóri og ***262 Tollstjórinn í Reykjavík.*** Frá og með 1. október 1990 er ákveðið að greina skýrar en verið hefur milli embættis Ríkistollstjóra og Tollstjórans í Reykjavík. Framlag til Ríkistollstjóraembættisins hefur verið fært á sérstakan fjárlagalið undanfarin ár en embættið verið starfslega tengt Tollstjóraembættinu. Launakostnaður hjá Ríkistollstjóra er talinn hækka um 5 m.kr. vegna flutnings tveggja starfa frá Tollstjóranum í Reykjavík og þess að nú er áætlað fyrir fullum launum Ríkistollstjóra. Auk þess hækka launagjöld um 7 m.kr., aðallega vegna yfirvinnu og stundakennslu við tollskóla, en þessir þættir hafa verið vanmetnir í fjárlögum. Þá hækka einnig önnur gjöld um 2 m.kr. og eru fyrir því ýmsar ástæður.

Fjárlagaliður Tollstjórans í Reykjavík lækkar að raungildi frá fjárlögum vegna áðurnefnds tilflutnings auk þess að starf eins manns við þungaskattsálagningu er flutt undir fjárlagaliðinn *Gjaldheimtur og innheimtukostnaður*. Innheimtukostnaður tollstjóra verður enn fremur bókfærður á sama fjárlagalið og gert er hjá embættum sýslumanna og bæjarfógeta. Að síðustu er ástæða til að nefna að alþjóðleg samvinna um tollamál eykst stöðugt. Meginhluti þessa starfs tengist fríverslunarsamningunum og öðrum alþjóðlegum samningum sem gerðir hafa verið í tengslum við þá. Má hér nefna samning um samræmt tollskjal (SAD), svonefnda EDIFACT-staðla og TEDIS-áætlunina. Í frumvarpinu eru ætlaðar 4 m.kr. til þessara verkefna.

Verðlagsmál og ríkisábyrgðir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 381 Uppbætur á lífeyri; 971 Ríkisábyrgðir og tjónabætur og 989 Launa- og verðlagsmál.

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Uppbætur á lífeyri	1.103.900	536.060	788.000	47	-29
Ríkisábyrgðir og tjónabætur	280.200	294.000	350.000	19	25
Launa- og verðlagsmál	-	822.446	1.893.000	.	.
Niðurgreiðslur á fiski	176.600	-	-	.	.
Samtals	**1.560.700**	**1.652.506**	**3.031.000**	**83**	**94**

Á árinu 1989 var áætlað fyrir og færð til gjalda í fjárlögum og ríkisreikningi endurgreiðsla sem svaraði til 15% af áhrifum söluskatts á fiskverð. Við skiptin úr söluskatti yfir í virðisaukaskatt féll liðurinn *Niðurgreiðslur á fiski* niður. Um einstaka fjárlagaliði málefnaflokksins er nánar fjallað hér á eftir.

381 Uppbætur á lífeyri. Á þennan lið er fært það fé sem greitt er úr ríkissjóði vegna verðbóta á lífeyri ríkisstarfsmanna. Í gildandi fjárlögum er fjárhæðin lægri en undanfarin ár vegna ákvæða í lánsfjárlögum 1990, sem minnka framlög samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna. Samkvæmt gildandi lögum fellur hluti lífeyrisgreiðslna úr sjóðunum á ríkissjóð. Greiðslur úr ríkissjóði vegna verðtryggingar eru miklu meiri en þarf til að standa við skuldbindingar sjóðanna á hverju ári og er mismuninum varið til að efla eiginfjárstöðu þeirra með kaupum á ríkisskuldabréfum og lánum til sjóðsfélaga. Lífeyrisréttindi sjóðsfélaga ráðast hins vegar ekki af stöðu sjóðanna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og tengdra sjóða verði 788 m.kr. Þar af munu tæplega 670 m.kr. renna til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Hér er um nokkru minni breytingu á lögbundnu framlagi að ræða en ákveðið var í lánsfjárlögum fyrir 1990. Miðað við þetta framlag má reikna með að ráðstöfunarfé sjóðanna verði vel yfir 1.800 m.kr. Skylda til að kaupa skuldabréf af Húsnæðisstofnun ríkisins nemur 55%, þannig að um eða yfir 800 m.kr. verða til ráðstöfunar í lánveitingar. Þar af verða um 730 m.kr. til ráðstöfunar í lánveitingar hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, samanborið við áætlaðar um 880 m.kr. lánveitingar í ár.

971 Ríkisábyrgðir og tjónabætur. Þessi fjárlagaliður skiptist í tvö viðfangsefni, *ríkisábyrgðir* og *tjónabætur*. Á vorþingi 1990 voru samþykkt lög nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins, sem m.a. skal annast lánsfjáröflun ríkissjóðs, endurlán og ríkisábyrgðir. Lögin kveða á um að starfrækja skuli Ríkisábyrgðasjóð sem deild við stofnunina. Lánasýsla ríkisins er færð í B-hluta fjárlaga og er nánar fjallað um hana þar. Af veittum ríkisábyrgðum eru tekin tvenns konar gjöld, þ.e. áhættugjald ríkisábyrgða og ríkisábyrgðagjald, og er talið að þau skili samtals 304 m.kr. í ríkissjóð á næsta ári. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 300 m.kr. framlagi til Lánasýslu ríkisins vegna þeirra greiðslna sem ætla má að falli á ríkissjóð vegna tapaðra ábyrgða. Auk ríkisábyrgða er áætlað undir þessum fjárlagalið fyrir *tjónabótum* vegna fjármunatjóna er ríkissjóður verður fyrir sem skyldutryggingar ná ekki til.

989 Launa- og verðlagsmál. Frumvarp þetta er sett fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 1991 eins og rakið er í 2. kafla greinargerðarinnar. Rekstrarframlög til einstakra ríkisstofnana í A-hluta eru aftur á móti sett fram á verðlagi eins og áætlað er að það verði í janúar 1991. Á það við um launagjöld og önnur rekstrargjöld jafnt sem sértekjur stofnana. Á þennan fjárlagalið er færð sú upphæð sem talin er þurfa til að bæta stofnunum hækkun rekstrargjalda til meðalverðlags 1991 eða 1.743 m.kr. Tilfærslur, viðhald og stofnkostnaður eru á áætluðu meðalverðlagi frumvarpsins og taka ekki verðbótum. Líkt og í fjárlögum 1990 er þó ætluð upphæð á þessum fjárlagalið til að mæta ófyrirséðum stofnkostnaðargreiðslum vegna aukaverka og verðbóta á verksamningum sem ríkissjóður er eða verður skuldbundinn af. Með sama hætti og 1990 er fært á þennan fjárlagalið sérstakt viðfangsefni, *til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra í samræmi við samþykktir ríkisstjórnarinnar,* með 100 m.kr. fjárveitingu.

Vextir

Gert er ráð fyrir að vaxtagreiðslur A-hluta ríkissjóðs á árinu 1991 nemi 9.400 m.kr. Í fjárlögum 1990 var þessi fjárhæð 9.125 m.kr. en í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að vaxtagreiðslur nemi alls 8.800 m.kr. Eins og oft áður ríkir óvissa um væntanleg lánskjör, bæði á innlendum og erlendum lánsfjármörkuðum á næsta ári. Innlendar skuldir ríkissjóðs til lengri tíma eru þó flestar bundnar föstum vöxtum en rúmlega 40% erlendra skulda eru með breytilegum vöxtum sem er allnokkru lægra hlutfall en gildir um erlendar skuldir þjóðarbúsins í heild. Lækkun breytilegra vaxta af erlendum skuldum um t.d. 1% dregur úr vaxtagreiðslum ríkissjóðs um 200 m.kr. Meðalvextir erlendra lána á árinu 1990 eru taldir verða um 8,6% og hækka í 8,7% á árinu 1991. Breytilegir vextir á lánum í Bandaríkjadölum, sem koma til greiðslu í ár, eru áætlaðir að meðaltali 8,5% og í áætlun næsta árs er miðað við 9,0% vexti.

Gert er ráð fyrir að lánsfjárþörf ríkissjóðs 1991 verði að mestu brúuð með innlendum lánum til lengri tíma og að vextir af óverðtryggðum lánum verði að meðaltali 2% lægri á árinu 1991 en í ár. Hins vegar er innlausn spariskírteina á árinu 1991 talin verða umtalsvert meiri en í ár og hækka vaxtagreiðslur ríkissjóðs af þeim sökum um 400 m.kr.

Í yfirliti hér á eftir er sýnd sundurliðun á vaxtagjöldum 1989-1991:

	Reikningur 1989 m.kr.	Áætlun 1990 m.kr.	Frumvarp 1991 m.kr.
Innlend lán	824	950	1.250
Spariskírteini vegna innlausnar	907	550	950
Skammtímalán	2.244	2.500	2.400
Erlend lán	4.573	4.800	4.800
Samtals	**8.548**	**8.800**	**9.400**

Hafa ber í huga að nærri fjórðungur vaxtagreiðslna ríkissjóðs er vegna lána sem tekin hafa verið og endurlánuð öðrum aðilum. Innheimtir vextir af veittum lánum ríkissjóðs eru áætlaðir 1.940 m.kr. og færast um tekjuhlið frumvarpsins. Með tilliti til þessa nema nettó vaxtagreiðslur ríkissjóðs 7.460 m.kr. eða 7,2% af heildarútgjöldum.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 402 Fasteignamat ríkisins; 481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum; 901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins; 981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs; 995 Skýrsluvélakostnaður; 998 Ráðstöfunarfé og 999 Ýmislegt. Skipting heildarútgjalda og breyting milli ára er sem hér segir:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fasteignamat ríkisins	39.500	37.867	63.480	68	61
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	2.600	146.000	200.000	37	.
Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	-4.800	-4.120	-3.890	-6	-19
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	462.500	98.602	186.000	89	.
Skýrsluvélakostnaður	-	-	395.900	.	.
Ráðstöfunarfé	-	4.880	6.000	23	.
Ýmislegt	553.400	609.878	384.730	.	.
Samtals	**1.053.200**	**893.107**	**1.232.220**	**38**	**17**

Eins og lýst hefur verið framar í greinargerðinni hafa orðið breytingar á einstökum fjárlagaliðum sem áhrif hafa á samanburðarstærðir. Það á við um yfirlitið hér á undan en um nánari skýringar er vísað til umfjöllunar um einstaka fjárlagaliði hér á eftir.

402 Fasteignamat ríkisins. Framlag til rekstrar stofnunarinnar verður svipað að raungildi og á síðasta ári og nemur það 44 m.kr. Gert er ráð fyrir að hefja endurnýjun á vél- og hugbúnaði stofnunarinnar en hann veldur ekki lengur hlutverki sínu svo vel sé og stendur framþróun í aðferðum og úrvinnslu eignamats fyrir þrifum. Til þessa og til endurnýjunar á bifreiðum eru veittar 19,5 m.kr. Nú er í undirbúningi breyting á skipan verkefna Fasteignamats ríkisins. Er þar byggt á því að hin opinberu möt, fasteignamat og brunabótamat, verði sameinuð og komið verði á fót einni stofnun í eigu ríkis, sveitarfélaga, banka, sparisjóða og tryggingarfélaga sem annist framkvæmd, viðhald og uppfærslu eignamata.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Undir þessum fjárlagalið er áætlað fyrir útgjöldum ríkissjóðs sem leiða af heimildarákvæðum samkvæmt 6. gr. frumvarpsins, svo og útgjöldum sem ríkissjóði er gert að inna af hendi samkvæmt ýmsum sérlögum en ekki var hægt að sjá fyrir við samningu fjárlagafrumvarps eða afgreiðslu fjárlaga. Framlag til þessa er 200 m.kr.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs. Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu framlags á þessum fjárlagalið á viðfangsefni:

Viðfangsefni	þús. kr.
Arnarhvoll, viðhald	8.000
Arnarhvoll, mötuneyti	30.000
Laugavegur 166	35.000
Stjórnsýsluhús á Ísafirði	3.000
Hafnarstræti Akureyri, innrétting	25.000
Seljavegur 32, innrétting	15.000
Tollhúsið við Tryggvagötu	20.000
Tollafgreiðsla, Reykjavík	15.000
Sölvhólsgata 7	15.000
Sölvhóll	20.000
Samtals	**186.000**

Til viðhalds á Arnarhvoli eru ætlaðar 8 m.kr. en brýnt er að laga steypuskemmdir utanhúss. Áformað er að hefja lagfæringu á og viðbyggingu við mötuneyti í Arnarhvoli og eru til þess ætlaðar 30 m.kr. Framlag til Laugavegs 166 er ætlað til að ljúka við innréttingu á húsnæði Ríkisskattstjóra en embættið flytur í húsnæðið að hluta í nóvember n.k. Ólokið er frágangi utanhúss við stjórnsýsluhúsið á Ísafirði og er kostnaður áætlaður 3 m.kr. Ríkissjóður keypti á síðasta ári húsnæði við Hafnarstræti á Akureyri fyrir ýmsar stofnanir ríkisins og er fjárveiting ætluð til innréttinga á því. Sömuleiðis er veitt fé til innréttingar á Seljavegi 32 fyrir ríkisstofnun eða -stofnanir í leiguhúsnæði. Í Tollhúsinu við Tryggvagötu eru áformaðar breytingar vegna Skattstofunnar í Reykjavík og til þess ætlaðar 20 m.kr. Af öðrum framlögum til framkvæmda ber að nefna 15 m.kr. framlag til að koma upp aðstöðu fyrir tollafgreiðslu í Reykjavík. Til kaupa á lyftu og lágmarksfrágangs á risi að Sölvhólsgötu 7 eru veittar 15 m.kr. Sömuleiðis er stefnt að kaupum á lyftu og frágangi húsnæðis ráðuneytanna að Sölvhóli og ætlaðar til þess 20 m.kr. Í ríkisreikningi 1989 hefur kaupverð allra fasteigna verið gjaldfært á þennan bókhaldslið, alls 462,5 m.kr. á því ári. Þessi fjárhæð er því ekki á sama uppgjörsgrunni og fjárlögin.

995 Skýrsluvélakostnaður. Hér er um að ræða nýjan fjárlagalið vegna tölvukostnaðar sem bókfærður hefur verið á ýmsa fjárlagaliði ráðuneytisins. Á liðinn er safnað saman útgjöldum vegna reksturs og viðhalds stærstu og dýrustu upplýsingakerfa ráðuneytisins en þau eru öll í umsjá Skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar. Þessu breytta fyrirkomulagi er ætlað að auðvelda mat á og eftirlit með kostnaði, þó svo að umsjónar- og ábyrgðaraðilar kerfanna verði áfram þeir sömu. Heildarviðskipti A-hluta ríkissjóðs við SKÝRR voru í kringum 500 m.kr. á síðasta ári og þessi liður tekur til um þriggja fjórðu hluta af þeim. Umrædd kerfi eru launagreiðslukerfi, tekjubókhaldskerfi, skatta-

vinnslukerfi og bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins (BÁR). Tvö hin fyrrnefndu voru áður undir fjárlagaliðnum *999 Ýmislegt*, skattavinnslukerfin voru áætluð og bókfærð á liðinn *212 Skattamál, ýmis útgjöld* og BÁR-kerfið var áður fært á fjárlagalið Ríkisbókhalds. Á stofnkostnaðarviðfangsefni er færður 58 m.kr. kostnaður við hugbúnaðargerð fyrir skattkerfið. Öll eru þessi kerfi beint eða óbeint fjölnotendakerfi, sem stöðugt fleiri fá aðgang að og hafa not af. Þess ber sérstaklega að geta að 24,5% virðisaukaskattur leggst nú á þessa starfsemi í stað 12% söluskatts áður. Áætlað er að á næsta ári verði heildarkostnaður við rekstur, viðhald og hugbúnaðargerð vegna upplýsingakerfanna um 396 m.kr.

999 Ýmislegt. Útgjöld á þessum lið greinast á mörg viðfangsefni og sýnir eftirfarandi yfirlit skiptingu fjárveitinga í frumvarpinu og í fjárlögum 1990:

	Fjárlög 1990 þús. kr.	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %
Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	52.061	52.580	1
Skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna	52.560	-	.
Skýrsluvélakostnaður vegna tekjubókhalds	106.220	-	.
Kjarasamningar	7.385	12.540	70
Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	4.950	5.000	1
Kjararannsóknir	4.658	5.250	13
Bókhaldskerfi ríkisins	3.710	4.000	8
Ýmis sameiginlegur kostnaður	15.640	17.020	9
Styrkur til blaðaútgáfu samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar	61.830	66.020	7
Ýmsar endurgreiðslur	34.300	35.000	2
Lífeyrissjóðir sjómanna	1.127	1.260	12
Lífeyrissjóður bænda	78.988	89.500	13
Starfsmenntunar- og þróunarsjóður	89.553	-	.
Ýmsar nefndir	4.558	4.830	6
Sektarnefnd	1.413	1.170	-17
Dómkröfur	7.280	10.680	47
Til útgáfumála samkvæmt ákvörðun þingflokka	25.617	27.380	7
Óviss útgjöld	30.000	25.000	-17
Ríkisbifreiðar, framlag	3.920	6.500	66
Tölvumál Stjórnarráðs o.fl.	24.108	21.000	-13
Samtals	**609.878**	**384.730**	**-37**

Ýmsar breytingar á framsetningu í fjárlögum hafa áhrif á samanburðartölur þessa fjárlagaliðar. Tvö viðfangsefni skýrsluvélakostnaðar færast á nýjan fjárlagalið, sbr. umfjöllun framar. *Starfsmenntunar- og þróunarsjóður*, einnig nefndur Rannsóknasjóður, sem kom inn í fjárlög líðandi árs vegna kjarasamninga við aðildarfélög BHMR, fellur nú niður af þessum fjárlagalið en deilist á stofnanir A-hluta ríkissjóðs í formi launatengdra gjalda. Hjá sérhverri stofnun eru reiknuð 1,5% af grunnlaunum starfsmanna í BHMR-félögum til greiðslu í þennan sjóð. Þegar tillit hefur verið tekið til framangreindra breytinga hækkar heildarframlag á liðnum um rúm 6% sem er í hátt við áætlaða verðlagsþróun. Ákveðið er að símakostnaður annar en sá er tengist símstöð Stjórnarráðs færist til gjalda hjá sérhverju ráðuneyti. Þar sem ekki er lokið mati á því hvernig útgjöldin skiptast á einstök ráðuneyti er áætlað fyrir heildarkostnaði á þessum fjárlagalið en gerð verður tillaga um skiptingu hans fyrir afgreiðslu fjárlaga. Vegna

sameiningar fjárlaga- og hagsýslustofnunar og fjármálaráðuneytis bætast við tvö stofnkostnaðarviðfangsefni sem áður voru færð undir fjárlaga- og hagsýslustofnun. Þau eru *ríkisbifreiðar, framlag* og *tölvumál Stjórnarráðs o.fl.* og er samanlagt gert ráð fyrir svipaðri upphæð að krónutölu og í fjárlögum. Af einstökum liðum öðrum ber helst að nefna að kostnaður við gerð kjarasamninga fer vaxandi en hann ræðst þó mjög af ástandi á vinnumarkaðnum og lengd samningalotanna og er því erfitt að áætla nákvæmlega. Á síðasta ári voru útgjöldin um 21 m.kr. Annar slíkur liður, *dómkröfur*, hækkar einnig frá áætlun fjárlaga og hefur þar einnig að hluta verið tekið tillit til útgjaldaniðurstöðu síðasta árs.

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld samgönguráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	40.500	45.149	50.620	12	25
Vegamál	3.717.600	4.409.540	5.370.000	22	44
Siglingamál	1.036.400	1.085.658	459.950	-58	-56
Flugmál	463.400	515.955	439.980	-15	-5
Annað	253.500	311.347	151.880	-51	-40
Samtals	**5.511.400**	**6.367.649**	**6.472.430**	**2**	**17**
Rekstrarkostnaður	656.100	713.333	105.180	-85	-84
Neyslu- og rekstrartilfærslur	443.500	519.374	314.050	-40	-29
Stofnkostnaður og viðhald	4.411.800	5.134.942	6.053.200	18	37
Samtals	**5.511.400**	**6.367.649**	**6.472.430**	**2**	**17**

Töluverðar breytingar verða á fjárlagaliðum ráðuneytisins frá því sem kemur fram í fjárlögum 1990. *Veðurstofa Íslands* og *Landmælingar Íslands* flytjast til umhverfisráðuneytis og hefur tillit verið tekið til þess í yfirlitinu hér að ofan. Greiðslur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) fyrir þjónustu eru nú færðar um sérstakan fjárlagalið í B-hluta *30-470 Alþjóðaflugþjónusta* og skráðar til tekna hjá hlutaðeigandi stofnunum, Flugmálastjórn og Veðurstofu Íslands í A-hluta og Póst- og símamálastofnuninni í B-hluta. Þá hækka sértekjur stofnana er vinna að vita- og hafnamálum við upptöku sérstaks hafnarmálagjalds sem ætlað er að standi undir rekstri og framkvæmdum á þeim sviðum. Með tilkomu þessa gjalds verður komið á samræmi í fjármögnun allra samgönguframkvæmda, þ.e. vega, flugvalla og hafna. Á næstu mánuðum þarf að ræða hvort heppilegt kunni að vera að steypa saman öllu framkvæmdafé til samgöngumála svo að því megi beina til brýnustu verkefna í hverjum landshluta. Framlag til stofnkostnaðar- og viðhaldsverkefna hækkar alls um 18% frá gildandi fjárlögum og 37% ef miðað er við reikning 1989. Hækkunin skýrist einkum af auknu framlagi til *Vegagerðar ríkisins*.

Hér á eftir verður fjallað um málefnaflokka ráðuneytisins og um einstaka fjárlagaliði þar sem tilefni er til.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks telst aðalskrifstofa ráðuneytisins. Rekstrargjöld aðalskrifstofu eru áætluð 49,6 m.kr. Áformað er að starfsemi skrifstofunnar verði með hefðbundnum hætti á næsta ári. Vegna aukinna flugsamgangna hefur eftirlit með flugrekstraraðilum verið styrkt. Sérmerkt fjárveiting til *flugeftirlitsnefndar* er nýjung í fjárlögum. Nefndinni er ætluð 1,1 m.kr. fjárveiting.

Vegamál

Framlag til Vegagerðar ríkisins er áætlað 5.370 m.kr. Samkvæmt gildandi vegáætlun er gert ráð fyrir að markaðir tekjustofnar til vegamála, þ.e. bensíngjald og þungaskattur, skili 5,4 milljörðum króna á næsta ári. Í áætlun fjárlagafrumvarpsins er miðað við að tekjustofnarnir skili um 5 milljörðum króna á næsta ári. Forsendur teknanna eru skýrðar nánar í 4. kafla greinargerðarinnar. Gert er ráð fyrir nýju viðfangsefni, *6.11 Jarðgöng á Vestfjörðum*, og er framlag áætlað 350 m.kr. Í vegáætlun var upphaflega gert ráð fyrir að framkvæmdir við jarðgöng á Vestfjörðum hæfust sumarið 1992 og stæðu yfir í sjö ár. Síðastliðið vor ályktaði Alþingi hins vegar að framkvæmdum skyldi flýtt og að þeim lyki á árinu 1995. Þessi flýting er talin auka fjárþörf á framkvæmdatíma um sem næst 1,3 milljarða króna og skyldi henni mætt með lántöku. Fjárþörf á árinu 1991 umfram fé á vegáætlun er talin nema áðurnefndum 350 m.kr.

Siglingamál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 321 Skipaútgerð ríkisins; 322 Flóabátar og vöruflutningar; 331 Vita- og hafnamálaskrifstofan; 332 Vitastofnun Íslands; 333 Hafnamál; 341 Siglingamálastofnun ríkisins og 342 Rannsóknanefnd sjóslysa.

Ekki eru áætlaðar breytingar á rekstrarumsvifum þeirra stofnana sem undir þennan málefnaflokk heyra. Sértekjur aukast sem nemur sérstöku hafnarmálagjaldi og fjallað verður um hér á eftir. Að hafnarmálagjaldinu frátöldu eru rekstrargjöld áætluð 498,9 m.kr. samanborið við 507,4 m.kr. í fjárlögum 1990. Raunlækkunin skýrist af lækkun framlags til *Skipaútgerðar ríkisins*. Áætlað er að verja 521,2 m.kr. til stofnkostnaðarverkefna á næsta ári. Þar vega verkefni vegna hafnamála þyngst eða um 475,4 m.kr.

Helstu efnislegar breytingar á stofnunum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

321 Skipaútgerð ríkisins. Framlag til Skipaútgerðarinnar er áætlað 134,4 m.kr. samanborið við 169,4 m.kr. í gildandi fjárlögum. Undanfarið hafa staðið yfir viðræður milli Skipaútgerðar ríkisins og annarra skipafélaga um vöruflutninga meðfram ströndum landsins. Þess er vænst að niðurstaða viðræðnanna leiði til hagræðingar og sparnaðar í vöruflutningum. Nánar er fjallað um fjárreiður Skipaútgerðar ríkisins í greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði.

322 Flóabátar og vöruflutningar. Staðið hefur yfir samræming á framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings. Því er framlag vegna stofn- og rekstrarstyrkja til flóabáta og vöruflutninga nú fært á sérstakan fjárlagalið. Fjárveiting til *flóabáta og vöruflutninga* nemur 134,2 m.kr. sem er óbreytt upphæð að raungildi miðað við fjárlög 1990. Samvinnunefnd samgöngumála mun að venju gera tillögu um skiptingu fjárins.

331 Vita- og hafnamálaskrifstofan, 332 Vitastofnun Íslands, 333 Hafnamál. Rekstrarumsvif stofnana á sviði vita- og hafnamála á næsta ári er áformað í meginatriðum með svipuðum hætti og í ár. Aftur á móti er gerð tillaga um gjörbreytta fjármögnun framkvæmda og reksturs. Í því tilliti mun samgönguráðherra leggja fyrir Alþingi tillögu þess efnis að þeir sem noti hafnirnar greiði gjald fyrir veitta þjónustu. Gert er ráð fyrir 560 m.kr. innheimtu af gjaldinu á næsta ári sem skiptist þannig að 36 m.kr. færast hjá Vita- og hafnamálaskrifstofu, 28 m.kr. hjá Vitastofnun Íslands og 496 m.kr. á fjárlagalið *333 Hafnamál.* Vita- og hafnamálaskrifstofunni eru ætlaðar 1,5 m.kr. til tækja- og búnaðarkaupa auk 24,9 m.kr. framlags sem er lokagreiðsla ríkissjóðs vegna nýbyggingar stofnunarinnar í Kópavogi, en Fasteignir ríkissjóðs hafa yfirtekið fyrrverandi húsnæði hennar að Seljavegi 32. Vitastofnun stendur árlega fyrir framkvæmdum og endurbótum á vitum. Til þessa verkefnis er veittar 15 m.kr. auk þess sem 1,2 m.kr. eru ætlaðar til kaupa á tækjabúnaði. Framkvæmdaframlög til almennrar hafnargerðar nema alls 475,4 m.kr. Fjárhæðir skiptast samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1990 þús. kr.	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting %
Tæki og búnaður	3.430	1.400	-59
Ferjubryggjur	5.880	6.000	2
Hafnarmannvirki	436.500	315.000	-28
Lendingarbætur	2.940	3.000	2
Sjóvarnargarðar	39.200	100.000	155
Landshafnir, endurgreiðslur lána	294	-	.
Hafnabótasjóður	46.550	50.000	7
Samtals	**534.794**	**475.400**	**-11**

Framlag til kaupa á tækjum og búnaði er vegna kaupa á öldudufli og stýribúnaði í ölduvél. Þeim 315 m.kr. sem ætlaðar eru til hafnarmannvirkja mun að venju skipt af Alþingi. Framlag til *sjóvarnargarða* er áætlað 100 m.kr. og hækkar um 60,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Hækkunin skýrist af því að stefnt er að því að ljúka á næsta ári viðgerðum á sjóvarnargörðum sem skemmdust í óveðri í ársbyrjun 1990. Þess er að geta að gengið hefur verið frá samningi um framkvæmdir í Sandgerðishöfn á næsta ári. Fyrir liggur samþykkt um lántöku Hafnabótasjóðs til þess að kosta framkvæmdirnar. Nauðsynleg lán, allt að 240 m.kr., verða síðan endurgreidd af hafnafé næstu ára.

341 Siglingamálastofnun ríkisins. Rekstrarframlag *Siglingamálastofnunar ríkisins* er áætlað 85 m.kr. sem er óbreytt fjárhæð að raungildi miðað við fjárlög 1990. Fjárveitingar til *sérstakra verkefna* vegna hávaða- og stöðugleikarannsókna og *mengunarmælinga í sjó* eru nánast óbreyttar að raungildi frá gildandi fjárlögum. Til kaupa á flotgirðingu eru veittar 3,2 m.kr.

Flugmál

Til þessa málefnaflokks telst aðeins fjárlagaliður 471 Flugmálastjórn. Nokkrar breytingar hafa átt sér stað á uppsetningu og fjárveitingum til stofnunarinnar. Með lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, er mörkuð stefna um framkvæmdir í flugmálum. Samkvæmt lögunum eiga tekjur af flugvallagjaldi og gjaldi sem

innheimt er af flugvélaeldsneyti að renna óskertar til framkvæmda í flugmálum. Tekjur þessar eru alls áætlaðar 333 m.kr. Hingað til hafa þær verið færðar til bókar undir viðfangsefninu *yfirstjórn*. Nú er hins vegar sú nýbreytni tekin upp að færa ofangreindar tekjur á sérstakt viðfangsefni, *1.80 Flugvallagjöld*. Útgjöld vegna *alþjóðaflugþjónustunnar*, 184,8 m.kr., eru að mestu greiddar af Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) en fram að þessu hefur sú greiðsla verið innheimt í ríkissjóð. Nú hefur verið stofnaður reikningur í B-hluta fjárlaga sem sýnir heildarviðskipti við Alþjóðaflugmálastofnunina. Greiðslur hennar fyrir þjónustu Flugmálastjórnar, 175,6 m.kr., bókast því sem sértekjur á *1.70 Alþjóðaflugþjónusta*. Að frátöldum tekjum af flugvallagjaldi og eldsneytisgjaldi og greiðslum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar eru rekstrargjöld Flugmálastjórnar áætlaðar 615,6 m.kr. samanborið við 516 m.kr. í fjárlögum 1990. Síðastliðin ár hefur skort samræmi milli útgjaldaákvarðana og fjárveitinga hjá stofnuninni. Með hliðsjón af fjárhagshorfum hjá stofnuninni á yfirstandandi ári og breytingum á skipan starfsmannamála hækka framlög til stofnunarinnar um 64 m.kr. Í samræmi við tekjustofna nemur framkvæmdafé alls 333 m.kr. og mun fjárveitinganefnd að venju gera tillögu um skiptingu þess fjár.

Annað

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 485 Ýmis framlög; 651 Ferðamálaráð og 998 Ráðstöfunarfé.

Heildarframlag til þessa málefnaflokks er áætlað 151,9 m.kr. en er 311,3 m.kr. í gildandi fjárlögum. Lækkun heildarframlags skýrist að öllu leyti af því að fjárlagaliður *102 Póst- og símamálastofnunin* er felldur úr A-hluta ríkissjóðs. Tekjur frá Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) til Póst- og símamálastofnunarinnar eru nú færðar um B-hluta eins og fram hefur komið. Að frátöldu framlagi til Póst- og símamálastofnunarinnar hækkar heildarframlag þessa málefnaflokks um 15% frá gildandi fjárlögum. Talin er ástæða til að fjalla um eftirfarandi fjárlagaliði:

485 Ýmis framlög. Framlag til þessa fjárlagaliðar hækkar úr 43,2 m.kr. í fjárlögum 1990 í 43,5 m.kr. að teknu tilliti til flutnings liðarins *norrænar jarðskjálftamælingar á Suðurlandi* til umhverfisráðuneytis. Taflan hér að neðan sýnir yfirlit yfir framlög til einstakra viðfangsefna en um nokkrar áherslubreytingar er að ræða milli ára.

	Fjárlög 1990 þús. kr.	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting %
Flugbjörgunarsveitir	1.470	1.930	31
Tilkynningarskylda íslenskra fiskiskipa	11.642	13.530	16
Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	764	1.100	44
Sjálfvirkt tilkynningarkerfi fyrir fiskiskip	2.900	-	.
Ýmislegt	4.290	-	.
Rannsóknanefnd flugslysa	1.117	1.650	48
Slysavarnaskóli sjómanna	16.915	22.330	32
Skipulagsnefnd fólksflutninga	-	2.010	.
Ferðamálaár Evrópu 1990	4.077	-	.
Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	-	910	.
Samtals	**43.175**	**43.460**	**1**

Fjárveiting til viðfangsefnanna *sjálfvirkt tilkynningarkerfi fyrir fiskiskip, ýmislegt* og *ferðamálaár Evrópu 1990* falla niður. Við bætast tvö ný viðfangsefni; *1.41 Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda* sem fram að þessu hefur fallið undir fjárlagalið *02-984 Norræn samvinna* og viðfangsefnið *1.35 Skipulagsnefnd fólksflutninga.*

651 Ferðamálaráð. Heildarframlag til ráðsins er áætlað 106,4 m.kr. Rekstrarframlag verður 13,4 m.kr. og hækkar nokkuð frá fjárlögum 1990. Hækkunin skýrist af nýrri tímabundinni stöðu markaðsstjóra sem ráðninganefnd ríkisins hefur heimilað. Fjárveiting er áætluð fyrir fimm stöðugildum. Á viðfangsefninu *ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985* koma fram skil ríkissjóðs af tekjum Fríhafnarinnar í Keflavík, en þau eru áformuð 68 m.kr., sem er 20 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Til viðfangsefnisins *hótel, framlög* renna 25 m.kr. sem er óbreytt fjárhæð í krónum talið frá fjárlögum 1990. Stofnkostnaðarviðfangsefnið *ýmislegt* fellur niður.

11 Iðnaðarráðuneyti

Útgjöld iðnaðarráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	36.000	41.526	45.460	9	26
Iðnaðarmál	253.800	222.976	255.610	15	1
Jöfnunargjald	337.200	-	-	.	.
Orkumál	825.700	761.068	684.650	-10	-17
Samtals	**1.452.700**	**1.025.570**	**985.720**	**-4**	**-32**
Rekstrarkostnaður	309.600	446.912	488.810	9	58
Neyslu- og rekstrartilfærslur	942.800	338.138	369.710	9	-61
Stofnkostnaður og viðhald	200.300	240.520	127.200	-47	-37
Samtals	**1.452.700**	**1.025.570**	**985.720**	**-4**	**-32**

Heildarútgjöld iðnaðarráðuneytis eru áætluð 985,7 m.kr. sem er um 4% lækkun ef miðað er við gildandi fjárlög en 32% lækkun samanborið við reikning 1989. Lækkun frá fjárlögum 1990 stafar af lækkun á framlagi til *Orkusjóðs*. Enn meiri lækkun frá árinu 1989 skýrist að stærstum hluta af því að hætt var endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts eftir upptöku virðisaukaskatts í byrjun árs 1990 og fallið var frá sérstökum afslætti á raforkuverði til fiskiðnaðarfyrirtækja sem greiddur var af ríkissjóði.

Hér á eftir verður fjallað um málefnaflokka ráðuneytisins og um einstaka fjárlagaliði þar sem tilefni er til.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliður 101 Aðalskrifstofa. Undir aðalskrifstofu heyra yfirstjórn ráðuneytisins og vörumerkja- og einkaleyfaskrifstofa. Rekstrarframlag er áætlað

44,5 m.kr. samanborið við 41,5 m.kr. í fjárlögum 1990. Eins og í ár er gert ráð fyrir að sértekjur *vörumerkja- og einkaleyfaskrifstofu* standi undir rekstrargjöldum þeirrar starfsemi.

Iðnaðarmál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201 Iðntæknistofnun Íslands; 203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins; 240 Iðnaðarrannsóknir og 299 Iðja og iðnaður, framlög.

Hækkun á framlagi til málefnaflokksins umfram verðlagsforsendur má m.a. rekja til aukins stuðnings við rannsóknir og nýjungar sem unnar eru í samvinnu við aðra aðila. Háar reikningstölur 1989 í samanburði við fjárlög 1990 og frumvarp 1991 skýrast m.a. af sérstökum framlögum til stuðnings lagmetis- og ullariðnaði.

Helstu breytingar hjá einstökum stofnunum eru eftirfarandi:

201 Iðntæknistofnun Íslands. Heildarframlag hækkar úr 93,5 m.kr. í fjárlögum 1990 í 104,5 m.kr. Þar af eru 6,3 m.kr. áætlaðar til *samstarfsverkefnis iðnaðar og sjávarútvegs.* Verkefnið hófst á þessu ári og lýtur að þróun tækja og búnaðar fyrir útgerð og fiskvinnslu. Til kaupa á tækjum og búnaði er framlag 9,2 m.kr. Rekstrarframlag til *Iðntæknistofnunar Íslands* er því sem næst óbreytt að raungildi ef miðað er við fjárlög áranna 1989 og 1990. Sértekjur eru áætlaðar 125,5 m.kr. sem er um 59% af rekstrargjöldum stofnunarinnar og er það ámóta hlutfall og undanfarin ár. Vegna tilflutnings á verkefnum frá Iðntæknistofnun til Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins fækkar stöðugildum hinnar fyrrnefndu um eitt og á móti lækka sértekjur um sömu fjárhæð. Í frumvarpinu er miðað við 61,35 stöðugildi við stofnunina.

203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Rekstrarframlag til stofnunarinnar er áætlað 48,2 m.kr. samanborið við 42,6 m.kr. í gildandi fjárlögum. Sértekjur eru áætlaðar 54% af rekstrargjöldum sem er sama hlutfall og í gildandi fjárlögum. Í frumvarpinu er miðað við 44,65 stöðugildi og fjölgar þeim um eitt vegna ofangreinds flutnings á verkefnum milli Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Tilflutningur þessi hefur ekki áhrif á fjárveitingar til stofnunarinnar þar sem sértekjur flytjast jafnframt með stöðugildinu. Þá eru veittar 7,2 m.kr. til kaupa á tækjum og búnaði.

240 Iðnaðarrannsóknir. Framlag til *iðnaðarrannsókna* er áætlað 26,3 m.kr. sem er um 20% raunhækkun miðað við fjárlög 1990. Hækkunin skýrist af um 4,4 m.kr. framlagi sem ætlað er til athugunar á möguleikum á framleiðslu vetnis.

299 Iðja og iðnaður, framlög. Heildarframlag til þessa liðar er áætlað 69,4 m.kr. Viðfangsefnið *framlag til styrktar ullariðnaði o.fl.* fellur niður. Við bætist nýtt viðfangsefni, *1.40 Smáiðnaður í dreifbýli*, og er framlag áætlað 11,8 m.kr. Ráðuneytið hefur m.a. í hyggju að styðja við starfsemi fjarvinnslustofa á landsbyggðinni og er hluta af framlaginu ætlað til að styrkja opinber fyrirtæki og aðra aðila sem flytja verkefni til slíkra stofnana. Taflan hér á eftir sýnir yfirlit yfir framlög til einstakra viðfangsefna en um nokkrar áherslubreytingar er að ræða milli ára.

	Fjárlög 1990 þús. kr.	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting %
Iðnþróun og tækninýjungar	6.990	8.800	26
Alþjóðastaðlar CEN-CENELEC	8.360	9.080	9
Byggingarþjónustan	580	660	14
Iðnþróunarverkefni	2.130	2.420	14
Iðnráðgjafar	10.730	12.550	17
Evreka	13.780	14.490	5
Framlag til styrktar ullariðnaði o.fl.	9.800	-	.
Smáiðnaður í dreifbýli	-	11.770	.
Iðnþróun og markaðsmál	8.310	9.610	16
Lækkun útgjalda fjárlaga 1990, sbr. 6. gr. fjárlaga	-1.000	-	.
Samtals	**59.680**	**69.380**	**16**

Orkumál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 301 Orkustofnun; 302 Rafmagnseftirlit ríkisins; 371 Orkusjóður; 399 Ýmis orkumál og 998 Ráðstöfunarfé.

Rekstrarframlag er áætlað 574,9 m.kr. samanborið við 535,8 m.kr. í fjárlögum 1990 og 641 m.kr. í reikningi 1989. Fjárveitingar í fjáraukalögum fyrir árið 1989 til viðgerðar á sæstreng til Vestmannaeyja að upphæð 71 m.kr. og til niðurgreiðslna á orkuverði til fiskiðnaðar um 100 m.kr. skýra háa gjaldatölu það ár. Framlag til stofnkostnaðar er áætlað 109,8 m.kr. miðað við 225,2 m.kr. í fjárlögum 1990 og 184,7 m.kr. í reikningi 1989. Lækkunin stafar af lækkun á framlagi til *Orkusjóðs*.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru þessar:

301 Orkustofnun. Heildarframlag er áætlað 223,2 m.kr. samanborið við 205,8 m.kr. í gildandi fjárlögum. Framlag til rekstrar *Orkustofnunar* er áætlað óbreytt að raungildi miðað við fjárlög 1990 og reikning 1989 eða 213,6 m.kr. Framlag til *sérverkefnis í fiskeldi* fellur niður enda er gert ráð fyrir að því ljúki á þessu ári. Aftur á móti er tekið upp nýtt verkefni, *1.90 Rannsóknir í Öxarfirði*, og eru veittar til þess 3,2 m.kr. Framlagið er ætlað til rannsókna á auðlindum í jörðu. Til kaupa á tækjum og búnaði er varið 6,4 m.kr.

371 Orkusjóður. Á undanförnum árum hefur dregið úr hlutverki Orkusjóðs í uppbyggingu raforkukerfisins. Verulegur hluti fjárveitingar til Orkusjóðs hefur á síðustu árum farið til greiðslna af lánum sem tekin hafa verið til margs konar verkefna. Gert er ráð fyrir verulegri lækkun á heildarframlagi til sjóðsins. Áætlað framlag er 107,7 m.kr. samanborið við 224 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs. Mestu munar um lækkun á framlagi vegna lánagreiðslna sjóðsins. Framlag til *sveitarafvæðingar* lækkar einnig, eða um 10,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum, og sama á við um framlag til *styrkingar dreifikerfis í sveitum* en þar lækkar framlagið um 9,2 m.kr. og verður 20,8 m.kr. Í meðfylgjandi yfirliti er sýnd skipting fjárveitingar á einstök viðfangsefni í fjárlögum 1990 og frumvarpi 1991.

	Fjárlög 1990 þús. kr.	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting %
Rekstur Orkusjóðs	1.530	1.700	11
Notendur utan samveitna	2.470	2.640	7
Lánagreiðslur framlög	157.326	60.400	-62
Lán til jarðhitaleitar	12.152	12.200	.
Sveitarafvæðing	20.580	10.000	-51
Styrking dreifikerfis í sveitum	29.980	20.800	-31
Samtals	**224.038**	**107.740**	**-52**

399 Ýmis orkumál. Framlag til þessa fjárlagaliðar er áætlað óbreytt að raungildi miðað við fjárlög 1990 eða 274,1 m.kr. Framlag til *niðurgreiðslna á rafhitun* er 262 m.kr. Samkvæmt ákvörðun sem tekin var á Alþingi síðastliðið vor verður verðjöfnun á rafmagni tekin til sérstakrar athugunar og er gert ráð fyrir að niðurstöður þar um liggi fyrir bráðlega.

12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld viðskiptaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	38.800	52.189	56.490	8	46
Niðurgreiðslur	4.486.800	5.333.000	5.250.000	-2	17
Annað	70.700	71.076	77.660	9	10
Samtals	**4.596.300**	**5.456.265**	**5.384.150**	**-1**	**17**
Rekstur	105.700	111.427	123.850	11	17
Neyslu- og rekstrartilfærslur	4.489.400	5.338.762	5.259.100	-1	17
Stofnkostnaður og viðhald	1.200	6.076	1.200	-80	-
Samtals	**4.596.300**	**5.456.265**	**5.384.150**	**-1**	**17**

Áætlað er að heildarútgjöld viðskiptaráðuneytisins lækki um 72 m.kr. eða rúmlega 1% frá fjárlögum 1990. Aðeins einn umtalsverður fjárlagaliður fellur undir viðskiptaráðuneytið, þ.e. *201 Niðurgreiðslur á vöruverði.* Hér á eftir verður fjallað um málefnaflokka ráðuneytisins og um einstaka fjárlagaliði þar sem tilefni er til.

Ráðuneyti

Fjárlagaliðurinn *101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa,* fellur einn undir þennan málaflokk. Útgjöld eru áætluð tæplega 56,5 m.kr. sem er lítið eitt hærra að raungildi en fjárveiting í fjárlögum þessa árs. Laun og rekstrargjöld haldast efnislega óbreytt milli ára

og er áætlað fyrir ellefu störfum á aðalskrifstofu ráðuneytisins. Framlag ríkissjóðs til Neytendasamtakanna hækkar úr tæplega 3 m.kr. í 5 m.kr. Á móti vegur til lækkunar að ekki er áætlað fyrir framlagi til prófnefndar verðbréfamiðlara. Áfram er gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði til starfsemi ICEPRO-nefndar, en það lækkar lítillega frá fjárlögum.

Niðurgreiðslur

Málaflokkurinn hefur einnig aðeins einum fjárlagalið á að skipa, *201 Niðurgreiðslum á vöruverði*. Framlag úr ríkissjóði skiptist á tvö viðfangsefni. Til Lífeyrissjóðs bænda renna 255 m.kr. sem er svokallað mótframlag úr ríkissjóði í samræmi við ákvæði laga nr. 50/1974, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum. Niðurgreiðslur á vöruverði eru áætlaðar samtals 4.995 m.kr. og skiptist fjárveitingin þannig:

	Tonn eða þús. lítrar	Niðurgreiðslur m.kr.
Dilkakjöt	8.100	1.609
Mjólk	47.500	1.241
Undanrenna	3.420	54
Skyr	1.450	51
Smjör	1.500	684
Ostur 45%	1.810	159
Ostur 30%	650	48
Aðrar mjólkurvörur	.	94
Annað	.	1.055
Samtals	.	**4.995**

Fjárveiting undir liðnum *annað* fer til að greiða niður ull, til að greiða hlut ríkissjóðs vegna frestunar á hækkun á launalið bænda og til greiðslu vaxta- og geymslugjalds, samtals 545 m.kr. Þar að auki er ráðgert að ráðstafa 60-80 m.kr. til markaðsstarfs og 430-450 m.kr. til aukinna niðurgreiðslna á næsta ári. Gengið er út frá því að verð búvara hækki í samræmi við aðrar verðlagsbreytingar fyrri hluta ársins 1991, en á tímabilinu frá 1. júní til 1. september verði hækkun þeirra nokkuð umfram almennar verðlagsbreytingar. Frá og með 1. september er síðan gert ráð fyrir óbreyttum niðurgreiðslum í krónutölu.

Framlagið til markaðsstarfs, 60-80 m.kr., er ætlað til að áfram haldi kynningar- og markaðsátak á vegum markaðsnefndar landbúnaðarafurða. Auk fjárveitingarinnar hér er gert ráð fyrir því að Framleiðnisjóður landbúnaðarins leggi a.m.k. 150 m.kr. á næsta ári til markaðsmála.

Annað

Fjórir fjárlagaliðir falla undir þennan málaflokk, 301 Löggildingarstofan; 902 Verðlagsstofnun; 903 Skráning hlutafélaga og 998 Ráðstöfunarfé. Er fjárveiting samtals áætluð 77,6 m.kr. Þær þrjár stofnanir sem hér um ræðir sinna ólíkum verkefnum og verður hér lítillega gerð grein fyrir helstu breytingum hjá hverri fyrir sig.

301 Löggildingarstofan. Með breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands í júní s.l. var Löggildingarstofan færð undir yfirstjórn viðskiptaráðuneytisins en hún hafði fram til þess heyrt undir dómsmálaráðuneytið. Miklar breytingar eru áformaðar á starfsemi

stofnunarinnar á næsta ári, en henni er ætlað að taka að sér nýtt hlutverk í framhaldi af svokölluðu Tampere-samkomulagi EFTA-ríkja. Stofnunin skal annast verkefni á sviði vottunar og prófunar sem er nauðsynlegur liður í afnámi tæknilegra viðskiptahindrana við sölu íslenskra framleiðsluvara í EFTA- og Evrópubandalagsríkjum. Löggildingarstofan mun auk þess sinna áfram sömu verkefnum og hún hefur gert hingað til, þ.e. prófun mælitækja o.fl. Starfsemi stofnunarinnar hefur verið kostuð af tekjum fyrir veitta þjónustu og er gert ráð fyrir að svo verði áfram.

902 Verðlagsstofnun. Ekki eru áformaðar breytingar á rekstri Verðlagsstofnunar á næsta ári. Framlag er alls 65,2 m.kr. og er þá miðað við óbreyttan fjölda starfa frá fjárlögum eða 33,5. Við afgreiðslu fjárlaga var stofnuninni veitt fjárveiting vegna tímabundins álags, en hún fellur niður á næsta ári eins og ráðgert hafði verið.

903 Skráning hlutafélaga. Sú breyting er gerð á framsetningu fjárveitingar til þessarar stofnunar að ekki er áætlað fyrir sértekjum eins og gert hefur verið undanfarin ár. Í fjárlögum hefur skráningargjald hlutafélaga verið fært sem sértekjur til stofnunarinnar en færist nú í tekjugrein fjárlagafrumvarps. Því er nú áætlað fyrir framlagi úr ríkissjóði til að greiða kostnað við starfsemina. Vegna tímabundins álags við skráningu og skýrsluvélakostnað hækkar áætlaður rekstrarkostnaður stofnunarinnar nokkuð umfram verðlagsbreytingar.

13 Hagstofa Íslands

Fjárveiting til Hagstofu Íslands breytist milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr.	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Aðalskrifstofa	74.310	86.453	105.760	22	42
Þjóðskrá	20.376	21.741	29.090	34	43
Samtals	**94.686**	**108.194**	**134.850**	**25**	**42**
Rekstrarkostnaður	89.877	102.314	128.350	25	43
Stofnkostnaður og viðhald	4.809	5.880	6.500	11	35
Samtals	**94.686**	**108.194**	**134.850**	**25**	**42**

Rekstrarframlag til Hagstofu Íslands hækkar um 26 m.kr. Fjöldi starfa verður 48,3 þar af 16,3 tímabundin og fjölgar um eitt vegna ráðningar starfsmanns til að annast þátttöku í alþjóðlegu vísitölukerfi OECD. Hækkun fjárveitingar til þessa nemur 1,5 m.kr. Að öðru leyti hækka framlög til rekstrar Hagstofu Íslands sem hér segir: Til undirbúnings og vinnu við nýtt manntal 2,5 m.kr. en síðasta manntal var tekið árið 1981. Kostnaður vegna Alþingiskosninga 1991 3,3 m.kr. og kostnaður við hugbúnaðarvinnu við að koma hjónavígsluskýrslum allt frá 1917 á tölvutækt form 0,7 m.kr. Þá verður 3,6 m.kr. hækkun á húsnæðiskostnaði eftir flutning í nýtt húsnæði og skýrsluvélakostnaður hækkar um 4,1 m.kr. m.a. vegna þess að virðisaukaskattur leggst nú á þessa þjónustu. Hækkanir vegna launabreytinga o.fl. nema

4,4 m.kr. Loks nemur hækkun á rekstrarkostnaði vegna verðbreytinga um 5,9 m.kr.

Fjárveiting til stofnkostnaðar er 6,5 m.kr. til kaupa á tölvum, nauðsynlegum tengibúnaði við vinnslu gagnaskráa og öðrum búnaði sem flutningi í nýtt húsnæði tengist. Hún skiptist þannig að 5,5 m.kr. eru ætlaðar aðalskrifstofu og 1 m.kr. þjóðskrá.

14 Umhverfisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka umhverfisráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti o.fl.	16.360	39.416	63.790	62	290
Náttúruvernd	60.300	55.632	66.770	20	11
Skipulagsmál	55.500	73.846	64.900	-12	17
Rannsóknir o.fl.	245.900	253.728	223.520	-12	-9
Samtals	**378.060**	**422.622**	**418.980**	**-1**	**11**
Rekstur	286.200	350.495	323.280	-8	13
Neyslu- og rekstrartilfærslur	53.260	48.951	66.200	35	24
Stofnkostnaður og viðhald	38.600	23.176	29.500	27	-24
Samtals	**378.060**	**422.622**	**418.980**	**-1**	**11**

Þær stofnanir sem flytjast frá öðrum ráðuneytum til umhverfisráðuneytis eru eftirfarandi, sbr. lög nr. 47/1990: Frá menntamálaráðuneyti: *231 Náttúrufræðistofnun* og *931 Náttúruverndarráð*. Frá landbúnaðarráðuneyti: *205 Veiðistjóri*. Frá félagsmálaráðuneyti: *301 Skipulagsstjóri ríkisins*. Frá samgönguráðuneyti: *652 Veðurstofa Íslands* og *656 Landmælingar Íslands*.

Heildargjöld ráðuneytisins verða tæpar 419 m.kr. og lækka um 1% frá fjárlögum. Ástæða lækkunar er breytt framsetning á tekjum af seldri þjónustu til Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og skerðing á mörkuðum tekjustofnum til skipulagsmála umfram það sem áður var. Hér á eftir verður fjallað um málefnaflokka ráðuneytisins og um einstaka fjárlagaliði þar sem tilefni er til.

Ráðuneyti o.fl.

Til þessa málefnaflokks heyra eftirtaldir fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 998 Ráðstöfunarfé og 999 Ýmis verkefni.

Heildarframlag til málefnaflokksins nemur 63,8 m.kr. og hækkar um 62% frá fjárlögum 1990. Ráðuneytið, sem var stofnað með lögum nr. 3/1990, sbr. einnig lög nr. 47/1990, er í mótun og hækkun á framlagi er bæði vegna nýrra verkefna og aukinna rekstrarumsvifa.

101 Aðalskrifstofa. Framlag til *aðalskrifstofu* ráðuneytisins verður tæpar 30 m.kr. og hækkar um 10 m.kr. eða 50% frá fjárlögum. Hækkun stafar af auknum umsvifum frá því sem áætlað var fyrir í fjárlögum 1990, en við afgreiðslu þeirra var ekki að fullu ljóst hvaða verkefni og málefnaflokkar flyttust til hins nýja ráðuneytis. Í frumvarpinu er gert ráð

fyrir sex störfum hjá *aðalskrifstofu* og fjölgar þeim um þrjú. Þá er áætlað fyrir nokkrum launa- og rekstrarkostnaði til að mæta þörfum er upp kunna að koma við yfirstjórn nýs ráðuneytis.

999 Ýmis verkefni. Á þessum fjárlagalið eru veittar 30,8 m.kr. til átta viðfangsefna. Fjárveitingin skiptist með eftirfarandi hætti:

	Reikningur 1989 þús. kr.	Fjárlög 1990 þús. kr	Frumvarp 1991 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Mótun atvinnustefnu	-	-	2.000	.	.
Undirb. að umhverfisráðstefnu S.þ	-	-	3.000	.	.
Uppgræðsla og gróðurvernd	-	-	3.000	.	.
Sérfræðirannsóknir við Mývatn	8.100	9.185	9.900	8	22
Norrænar jarðskjálftarannsóknir	4.060	4.900	7.920	62	95
Geysir í Haukadal	4.100	1.470	1.500	2	-63
Norrænt umhverfisár	-	1.470	1.500	2	.
Gróðurkortagerð	-	-	2.000	.	.
Samtals	**16.260**	**17.025**	**30.820**	**81**	**90**

Við myndun núverandi ríkisstjórnar var umhverfisráðherra falin umsjón með verkefninu *mótun atvinnustefnu*. Fjárveiting miðast við að verkefninu ljúki á fyrri hluta árs 1991. Framlag vegna *undirbúnings að umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna* er til að standa straum af kostnaði vegna ráðstefnunnar, sem haldin verður í Brasilíu á árinu 1992. Þessi ráðstefna er til að fylgja eftir niðurstöðum Brundtlandskýrslunnar um hagvöxt án eyðileggingar umhverfisins. Vegna beggja framangreindra verkefna hefur ríkisstjórnin varið samtals 4,5 m.kr. af sameiginlegu ráðstöfunarfé sínu á árinu 1990. Framlag vegna *uppgræðslu og gróðurverndar* er ætlað til sérstakra verkefna á því sviði, en ráðuneytinu er ætlað að fara með þessi málefni í samráði við landbúnaðarráðherra. Framlög vegna *sérfræðirannsókna við Mývatn, Geysis í Haukadal* og *norræns umhverfisárs* eru vegna tilfærslu þessara verkefna frá menntamálaráðuneyti, en framlög vegna þeirra eru í fjárlögum 1990 færð á fjárlagalið *02-931 Náttúruverndarráð, 02-984 Norræn samvinna* og *02-999 Ýmislegt*. Rannsóknaverkefnið við Mývatn er flutt á þennan fjárlagalið vegna óska umhverfisráðuneytisins í samvinnu við Náttúruverndarráð. Framlag til *norrænna jarðskjálftarannsókna á Suðurlandi* er flutt af fjárlagalið *485 Ýmis framlög* hjá samgönguráðuneyti, enda hafa vísindamenn á *jarðeðlisfræðideild Veðurstofu Íslands* umsjón með framkvæmd verkefnisins. Framlagið miðast við fyrirliggjandi kostnaðaráætlanir fyrir verkefnið á næsta ári. Að lokum er framlag til verkefnis í *gróðurkortagerð* sem ráðuneytið hyggst beita sér fyrir.

Náttúruvernd

Til þessa málefnaflokks heyra fjárlagaliðir *201 Náttúruverndarráð* og *210 Veiðistjóri*.

201 Náttúruverndarráð. Framlag til *Náttúruverndarráðs* verður 38,6 m.kr. og hækkar um 9,7 m.kr. eða 34% að teknu tilliti til framlags vegna *sérfræðirannsókna við Mývatn* á fjárlagalið *999 Ýmis verkefni* svo sem að framan greinir. Rekstrarframlag verður um 31,6 m.kr. og hækkar um 6,9 m.kr. eða 28%. Að teknu tilliti til verðbreytinga hækkar framlag vegna yfirstjórnar um nálægt 1,3 m.kr. til að mæta auknu álagi. Í annan stað

hækkar framlag til *fræðslustarfsemi* um 1,3 m.kr., m.a. vegna námskeiða fyrir landverði. Þá hækkar framlag til *þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfri* um nálægt 2,3 m.kr. vegna ofmats á sértekjum í fjárlögum 1990 að fjárhæð 1,1 m.kr. og auknum kostnaði við þjóðgarðsvörslu og eftirlit með friðlýstum svæðum. Loks hækkar framlag til *rannsóknastarfa við Mývatn* um nálægt 1 m.kr. til að mæta auknu álagi af ferðamönnum og rannsóknum á ýmsum þáttum lífríkis við Mývatn. Framlag til viðhalds- og stofnkostnaðar verður 7 m.kr. og hækkar um 2,8 m.kr. frá fjárlögum 1990. Framlagið er óskipt og er ætlað til almennra endurbóta á eignum og aðstöðu í þjóðgörðum, m.a. að bæta snyrtiaðstöðu í Þjóðgarðinum í Skaftafelli.

210 Veiðistjóri. Framlag til embættisins verður 28,1 m.kr. og hækkar um 1,4 m.kr. eða 5% frá fjárlögum 1990. Fjárveiting til eyðingar refa og minka verður óbreytt að raungildi. Einnig er gert ráð fyrir framhaldi rannsókna á sílamávastofninum á Suðvesturlandi. Hins vegar fellur niður fjárveiting til eyðingar á mávi og hrafni í Landeyjum og lækkar fjárveiting sem því nemur eða um tæpar 0,8 m.kr.

Skipulagsmál

Til þessa málefnaflokks heyra fjárlagaliðir *301 Skipulagsstjóri ríkisins* og *310 Landmælingar Íslands*. Framlag til málefnaflokksins verður 64,9 m.kr. og lækkar um 8,9 m.kr. eða 12% frá fjárlögum 1990.

301 Skipulagsstjóri ríkisins. Skv. 35. gr. laga nr. 19/1964 og 1. gr. laga nr. 42/1974 eru embættinu markaðar tekjur af tvennum toga. Annars vegar innheimtu skipulagsgjaldi sem nema má allt að þremur prómillum af brunabótamati hverrar nýbyggingar sem reist er á skipulagsskyldum stað. Hins vegar skal ríkissjóður leggja fram fé til skipulagsmála á hverju ári sem nemur jafn hárri fjárhæð og helmingur innheimtra skipulagsgjalda ársins áður. Samkvæmt athugun á tekjum og gjöldum stofnunarinnar árin 1985 til 1989 virðist sem innheimt skipulagsgjöld geti að fullu staðið undir kostnaði vegna *Skipulagsstjóra ríkisins*. Því er í frumvarpinu gert ráð fyrir að framlag úr ríkissjóði á næsta ári falli niður, en áætluð innheimt skipulagsgjöld færast sem sértekjur stofnunarinnar svo sem verið hefur.

310 Landmælingar ríkisins. Framlag verður 64,9 m.kr. og hækkar um 6 m.kr. eða 10%. Hækkun framlags umfram verðbreytingar skýrist að mestu af hækkun kostnaðar við ræstingu.

Rannsóknir o.fl.

Til þessa málefnaflokks heyra fjárlagaliðir *401 Náttúrufræðistofnun Íslands* og *410 Veðurstofa Íslands*. Framlag til þessa málefnaflokks verður um 223,5 m.kr. og lækkar um 30,2 m.kr. eða 12%.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands. Framlag til stofnunarinnar verður 29,7 m.kr. og hækkar um 1,3 m.kr. eða 5%, sem er nær óbreytt að raungildi. Framlag til reksturs hækkar um 1,5 m.kr. nettó sem ætlað er til að bæta þjónustu við gesti safnsins sem hefur fjölgað talsvert og að mæta auknum rekstrarkostnaði vegna stærra sýningarrýmis. Á móti lækkar framlag til stofnkostnaðar og verður 1,5 m.kr. Framlagið er til endurnýjunar á fólksbifreið og tækjabúnaði stofnunarinnar.

410 Veðurstofa Íslands. Heildarframlag til stofnunarinnar verður 193,8 m.kr. og lækkar um 31,5 m.kr. Sú breyting er gerð á fjárveitingu til stofnunarinnar að nú færast greiðslur frá Alþjóðaflugmálastofnuninni fyrir þjónustu Veðurstofunnar við alþjóðaflug sem sértekjur á viðfangsefnið *Veðurþjónusta vegna millilandaflugs*. Nema þessar tekjur 57,7 m.kr. sem er 95% af áætluðum kostnaði vegna þessarar þjónustu. Að teknu tilliti til þessa hækkar fjárveiting um 11%. Hækkun umfram verðlagsbreytingar skýrist af eftirtöldum atriðum. Í fyrsta lagi hækkar kostnaður um nálægt 2,2 m.kr. vegna almennra leiðréttinga á launagrunni stofnunarinnar frá fjárlögum 1990. Í annan stað hækkar fjárveiting vegna *veðurstöðva* um 4,4 m.kr., þar af 3,6 m.kr. vegna reksturs nýrrar veðurratsjár á Reykjanesi. Þá hækka rekstrargjöld *tækni- og veðurathuganadeildar* og *snjóflóðavarna* lítils háttar. Að lokum hækkar framlag vegna stofnkostnaðar um nálægt 3,3 m.kr. og verður 16 m.kr. Framlagið er ætlað til að ljúka greiðslum vegna veðurratsjárinnar á Reykjanesi.

6 Athugasemdir um ríkisfyrirtæki og sjóði í B-hluta

Í þessu frumvarpi eru fjárhæðir í B-hluta fjárlaga settar fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 1991. Í sumum tilvikum er sá grunnur sem áætlanir fyrirtækja og sjóða byggjast á fremur ótraustur og þarf að hafa það í huga. Fyrir afgreiðslu fjárlaga þarf því að endurmeta fjárhagsstöðu nokkurra fyrirtækja.

Fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta er samkvæmt venju skipt hér upp í fjóra flokka, þ.e. fyrirtæki sem selja vörur og þjónustu, lánastofnanir, ýmsa sjóði og aðra aðila. Umsvif B-hluta aðila skiptast þannig í frumvarpinu, í m.kr.:

	Ríkis-fyrirtæki	Lána-stofnanir	Sjóðir	Aðrir aðilar	B-hluti samtals
Gjöld	29.860	6.164	2.017	934	38.975
Tekjur af sölu vöru, þjónustu o.fl.	35.310	4.351	586	956	41.203
Framlög úr A-hluta ríkissjóðs	436	3.035	1.558	40	5.069
Mismunur	5.886	1.222	127	62	7.297
Veitt lán	4	13.125	297	-	13.426
Fjárfesting	1.839	20	128	77	2.064
Afborganir lána	514	4.600	168	5	5.287
Skil í ríkissjóð og til annarra	7.570	-	-	-	7.570
Annað, sjóðsbreytingar o.fl	56	21	-	-	77
Innheimtar afborganir	80	3.159	226	-	3.465
Afskriftir	3.098	-	-	20	3.118
Tekin lán	115	13.385	240	-	13.740
Ráðstöfun eigin fjár	5.886	1.222	127	62	7.297
Annað, fjárvöntun	804	-	-	-	804

Tekjuafgangur B-hluta er samtals áætlaður tæpir 7,3 milljarðar króna og er um 2 milljörðum króna lægri en áætlun fjárlaga 1990. Skil í ríkissjóð eru áætluð tæpir 7,6 milljarðar króna á næsta ári og skiptast sem hér segir: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins 6.400 m.kr., Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli 330 m.kr., Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli 18 m.kr., Sala varnarliðseigna 30 m.kr., Póst- og símamálastofnunin 550 m.kr. og Happdrætti Háskóla Íslands 242 m.kr., þar af fara 195,4 m.kr. til Háskóla Íslands og stofnana hans. Til fjárfestingar renna ríflega 2 milljarðar króna og eru sú veigamesta sem fyrr á vegum Póst- og símamálastofnunarinnar 970 m.kr. og Rafmagnsveitna ríkisins 375 m.kr.

Tekin lán í B-hluta nema alls um 13,7 milljörðum króna. Ráðgert er að afla byggingarsjóðunum rúmlega 10 milljarða króna lánsfjár á næsta ári með sölu skuldabréfa til lífeyrissjóða. Að auki mun ríkissjóður taka að láni og endurlána til B-hluta stofnana tæplega 3,7 milljarða króna eins og fram kemur í 1. gr. frumvarpsins. Þær B-hluta stofnanir sem njóta lánafyrirgreiðslu ríkissjóðs eru: Lánasjóður íslenskra námsmanna 3 milljarðar króna, Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina 325 m.kr., Hafnabótasjóður 240 m.kr. og Alþjóðaflugþjónustan 115 m.kr. en það er nýstofnaður liður í B-hluta fjárlaga.

Eins og fram kemur í töflunni hér að ofan er áætluð fjárvöntun um 800 m.kr. til þess að jafnvægi verði á fjármunahreyfingum á árinu. Hér er um að ræða fjárvöntun nokkurra ríkisfyrirtækja miðað við óbreyttar gjaldskrár og er í greinargerð um viðkomandi fyrirtæki tiltekið hversu mikilla gjaldskrárbreytinga er þörf til að ná endum saman. Þessi fyrirtæki eru: Ríkisútvarpið, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Áburðarverksmiðja ríkisins, Póst- og símamálastofnunin, Sementsverksmiðja ríkisins og Rafmagnsveitur ríkisins. Hér á eftir verður fjallað um þær B-hluta stofnanir sem ástæða er til að gera sérstaka grein fyrir.

21 Forsætisráðuneyti

172 ***Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina.*** Sjóðnum, sem stofnaður var með bráðabirgðalögum nr. 83/1988, var ætlað að leysa úr fjárhagsvanda fyrirtækja í útflutningsgreinum með lánum og skuldbreytingum. Frá og með 1991 mun sjóðurinn ekki veita ný lán. Legið hefur fyrir að vegna skuldbreytinga sjóðsins á lánum fyrirtækja þurfi á næstu árum nokkurt lánsfé til að brúa það greiðslubil sem felst í mismun á endurgreiðslutíma tekinna og veittra lána. Á næsta ári er áætlað að greiddir vextir umfram innheimta verði 185 m.kr. og greiddar afborganir umfram innheimtar verði 123 m.kr. Þá eru rekstrargjöld áætluð 17 m.kr. Útstreymi umfram innstreymi verður því 325 m.kr. á árinu 1991. Fjárþörf sjóðsins verður mætt með lántöku.

22 Menntamálaráðuneyti

201 ***Happdrætti Háskóla Íslands.*** Heildarútgjöld *Happdrættis Háskóla Íslands* eru áætluð 1.160 m.kr., en tekjur 1.402 m.kr. Hækkun frá fjárlögum nemur um 2% sem er í raun samdráttur í veltu. Áætlaður rekstrarhagnaður verður 242 m.kr. og hækkar einungis um 8 m.kr. þar sem miðaverð í flokkahappdrættinu er áætlað óbreytt á næsta ári. Hagnaði verður ráðstafað þannig að 46,6 m.kr. einkaleyfisgjald rennur í ríkissjóð, sem síðan leggur fram jafnhátt framlag til *Byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna.* Afgangurinn, 195,4 m.kr., rennur til *Háskóla Íslands* og stofnana hans.

235 ***Vísindasjóður.*** Sjóðurinn hefur tekjur af arðsjóði Seðlabanka Íslands auk framlags í fjárlögum og fjármunatekna. Framlag ríkissjóðs verður 20 m.kr. og hækkar um 8 m.kr. frá fjárlögum 1990. Þá er framlag úr arðsjóði Seðlabanka Íslands áætlað 111 m.kr. sem er hækkun um 28,5 m.kr. frá fjárlögum. Fjármunatekjur sjóðsins eru áætlaðar 3 m.kr. og er ráðstöfunarfé *Vísindasjóðs* til styrktar almennri vísindastarfsemi á árinu 1991 því áætlað 134 m.kr.

276 ***Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.*** Tekjur sjóðsins eru skil ríkissjóðs á einkaleyfisgjaldi af hagnaði *Happdrættis Háskóla Íslands*, en það er áætlað 46,6 m.kr. Verður þessu fé að vanda varið til uppbyggingar á aðstöðu fyrir rannsóknastofnanir atvinnuveganna og er m.a. ætlast til að sjóðurinn leggi fram 20 m.kr. til endurbóta á *byggingu rannsóknastofnana sjávarútvegsins* að Skúlagötu 4, Reykjavík, á móti jafnháu framlagi úr ríkissjóði.

*872 **Lánasjóður íslenskra námsmanna.*** Heildarfjárþörf sjóðsins á grundvelli gildandi lánareglna er áætluð rúmlega 4,9 milljarðar kr. og hækkar um tæp 25% frá fjárlögum 1990 og um 11% frá endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1990. Helstu skýringar á hækkun fjárþarfar á næsta ári frá fjárlögum eru þessar: Greiddar afborganir umfram innheimtar hækka um 245 m.kr. og vaxtagreiðslur umfram vaxtatekjur hækka um 160 m.kr. Breytt samsetning lánþega, þ.e. hærri hlutdeild fjölskyldufólks, og áætluð 5% fjölgun lánþega eykur fjárþörfina um 150 m.kr. hvor þáttur um sig. Framfærslugrunnur námslána, sem hækkaði þann 1. september s.l. um 6,4% umfram breytingu á verðlagi, hækkar heildarútlán um 200 m.kr. Breytingar sem gerðar voru á útlánareglum áttu að vega upp þessa hækkun, en gera það í raun ekki að fullu. Gert er ráð fyrir að fjárþörf sjóðsins verði mætt með rúmlega 1,9 milljarða króna framlagi úr ríkissjóði og 3 milljarða króna lántöku. Að frádregnum innheimtum afborgunum er eignamyndun sjóðsins á árinu 1991 talin nema 3,3 milljörðum króna sem er 1,4 milljarði umfram aukningu skulda. Þá er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður sjóðsins lækki um 3 milljónir í krónum talið. Eftirfarandi yfirlit sýnir fjármál sjóðsins í hnotskurn árin 1989-1991:

	Reikningur 1989 m.kr.	Áætlun 1990 m.kr.	Frumvarp 1991 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Innstreymi	3.604	4.885	5.524	13	53
Framlag ríkissjóðs	1.798	2.171	1.930	-11	7
Tekin lán	1.247	2.258	3.000	33	141
Afborganir, vextir o.fl.	392	456	594	30	52
Annað, sjóður frá fyrra ári	167	-	-	.	.
Útstreymi	3.604	4.885	5.524	13	53
Rekstrarkostnaður	62	74	71	-4	15
Afborganir, vextir o.fl.	952	1.232	1.656	34	74
Fjárfesting	30	12	-	.	.
Ferðastyrkir	74	85	80	-5	8
Veitt lán	2.486	3.482	3.717	7	50

*970 **Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður.*** Samkvæmt útvarpslögum skulu aðflutningsgjöld af innfluttum útvarps- og sjónvarpstækjum renna til sjóðsins auk 10% tekna Ríkisútvarpsins af afnotagjöldum og auglýsingum. Í frumvarpinu er eins og í fjárlögum 1990 gert ráð fyrir að aðflutningsgjöldin renni í ríkissjóð þannig að tekjur sjóðsins verða 10% af afnotagjöldum og auglýsingatekjum, samtals 189,7 m.kr. Af tekjum sjóðsins er gert ráð fyrir að verja 92 m.kr. til tækjakaupa og fjárfestingar Ríkisútvarpsins, 75,2 m.kr. til greiðslu afborgana af kaupleigusamningum og 22,5 m.kr. til greiðslu á hlaupareikningsskuldum.

*971-972 **Ríkisútvarpið, hljóðvarp og sjónvarp.*** Hér verður fjallað um fjármál Ríkisútvarpsins í heild, þ.e. bæði hljóðvarps og sjónvarps. Heildarútgjöld *Ríkisútvarpsins, hljóðvarps og sjónvarps* án afskrifta verða ríflega 2 milljarðar króna samanborið við 1,9 milljarð króna í fjárlögum 1990 og hækka um 7%. Tekjur eru áætlaðar tæpir 2 milljarðar króna og hækka um tæp 5% miðað við fjárlög 1990. Þá er miðað við núgildandi gjaldskrá nema hvað gert er ráð fyrir hækkun auglýsingatekna í samræmi við verðlag. Afskriftir

eru metnar á 68,5 m.kr. Til þess að ná endum saman þarf að hækka afnotagjöld um 4% í upphafi árs 1991.

973 ***Þjóðleikhús.*** Sú breyting er hér gerð að *Íslenski dansflokkurinn* og *Listdansskólinn* eru færðir sem sérstök stofnun í A-hluta ríkissjóðs eins og fram kemur í greinargerð þar. Í rekstraráætlun *Þjóðleikhúss* er því ekki gert ráð fyrir kostnaði vegna þeirrar starfsemi. Heildargjöld eru áætluð 350 m.kr. og þar af eru launagjöld áætluð 210 m.kr. Eigin tekjur *Þjóðleikhúss* eru áætlaðar 158 m.kr. og verður framlag ríkissjóðs því að vera 192 m.kr. til þess að endar nái saman. Forsendur þess að þetta gangi eftir er að dregið verði verulega úr launakostnaði leikhússins miðað við undanfarin ár. Að öðru leyti vísast til greinargerðar um stofnunina í 5. kafla.

974 ***Sinfóníuhljómsveit Íslands.*** Rekstrargjöld hljómsveitarinnar eru áætluð 182 m.kr. og hækka um 14% frá fjárlögum. Framlag úr ríkissjóði verður 94 m.kr. og hækkar um 9% frá fjárlögum. Að teknu tilliti til um 4 m.kr. lægri fjárfestingar nemur raunaukning framlags um 6 m.kr. frá fjárlögum 1990. Þetta er gert til að koma til móts við óskir hljómsveitarinnar um fjölgun starfa um fjögur og verða þau samtals 75,5. Til að ná endum saman þarf að draga úr kostnaði frá því sem var á árinu 1989. Þá er gert ráð fyrir fjárfestingu að fjárhæð 2 m.kr. Miðað er við að tónleikastarfsemi verði með svipuðu sniði og verið hefur. Samkvæmt lögum hefur hljómsveitin tekjur af aðgöngumiðasölu og 10% af innheimtum skemmtanaskatti. Þeim kostnaði sem umfram er skipta eignaraðilar með sér í eftirfarandi hlutföllum: Ríkissjóður 56%, Menningarsjóður útvarpsstöðva 25%, Reykjavíkurborg 18% og Seltjarnarneskaupstaður 1%.

23 Utanríkisráðuneyti

101 ***Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli.*** Rekstrargjöld fyrirtækisins eru áætluð 1.045 m.kr. og lækka um 9% milli ára. Ástæður lækkunar eru einkum lækkun á gengi bandaríkjadals frá forsendum fjárlaga 1990, en vörukaup verslunarinnar eru að stærstum hluta bundin þeim gjaldmiðli. Fjárfestingar nema 12 m.kr. og eru þær ætlaðar til endurbóta og stækkunar á verslunarsvæði auk viðhalds á tækjabúnaði. Heildartekjur nema 1.371 m.kr. og lækka um 11% en sölutekjur eru einnig að stórum hluta tengdar gengi bandaríkjadals. Af sömu ástæðum er áætlað að skil í ríkissjóð lækki um 16% frá áætlun fjárlaga og verði 330 m.kr.

111 ***Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli.*** Heildarrekstrargjöld eru áætluð 194,5 m.kr. sem er um 22% hækkun frá fjárlögum 1990. Ráðning sex öryggisvarða í *Flugstöð Leifs Eiríkssonar* og aðrar breytingar á starfsskipulagi skýra nokkra hækkun rekstrarútgjalda. Kostnaður vegna öryggisvarðanna endurgreiðist af flugstöðinni. Skil fyrirtækisins í ríkissjóð eru áætluð 18 m.kr. en voru 53,6 m.kr. í fjárlögum 1990. Lækkunin felst annars vegar í auknum rekstrarkostnaði og hins vegar í að tekjur fyrirtækisins eru áætlaðar tæplega 215 m.kr. á næsta ári og hækka einungis um 1% frá fjárlögum. Raunlækkun tekna skýrist af áætlaðri þróun á gengi bandaríkjadals. Stærstur hluti tekna eru lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli sem eru ákveðin í bandaríkjadölum. Á sama hátt og í fjárlögum 1990 er gert ráð fyrir að 10% af lendingargjöldum, eða 21,5 m.kr., renni til reksturs flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

*114 **Flugstöð Leifs Eiríkssonar, rekstur.*** Heildargjöld flugstöðvarinnar eru áætluð 537 m.kr. og lækka um 3% frá fjárlögum 1990. Þar af eru vaxtagjöld áætluð 276 m.kr. og lækka þau um 16% vegna lækkunar á gengi bandaríkjadals, en stærstur hluti áhvílandi lána, sem nema tæplega 3,2 milljörðum króna, er í bandaríkjadölum. Nú hefur megnið af framkvæmdalánum flugstöðvarinnar hjá ríkissjóði verið endurlánuð á samræmdum kjörum. Greiðslur afborgana hefjast ekki að marki fyrr en á árinu 1995. Vextir af stærstum hluta lánanna eru breytilegir og taka hverju sinni mið af vöxtum á erlendum millibankamarkaði (svonefndir LIBOR-vextir). Heildartekjur flugstöðvarinnar eru áætlaðar 360 m.kr. Miðað er við að leiga sé greidd fyrir um 95% af húsrými stöðvarinnar og eru leigutekjur áætlaðar 256 m.kr. Aðrar tekjur eru áætlaðar um 104 m.kr., og eru 21,5 m.kr. vegna 10% hlutar flugstöðvarinnar í lendingargjöldum en afgangurinn hlutur leigutaka í sameiginlegum kostnaði. Núverandi tekjustofnar flugstöðvarinnar nægja ekki til að standa straum af rekstrar- og fjármagnskostnaði hennar og er áætluð fjárvöntun fyrirtækisins á næsta ári 74 m.kr. Ekki er fyrirsjáanlegt að gjöld fyrirtækisins lækki þegar fram í sækir. Þvert á móti mun kostnaður hækka þegar afborganir af áhvílandi lánum hefjast. Því þarf að gera ráðstafanir til að tryggja jafnvægi í rekstri fyrirtækisins til frambúðar.

24 Landbúnaðarráðuneyti

*221 **Áburðarverksmiðja ríkisins.*** Rekstrargjöld verksmiðjunnar eru áætluð 1,2 milljarðar króna eða tæplega 3% hærri en áætlun fjárlaga 1990. Afborganir lána reiknast 131 m.kr. en helmingur þeirrar fjárhæðar mun verða notaður til greiðslu skammtímaskulda sem stofnað var til á þessu ári. Fjárfesting er áætluð 70 m.kr. til endurnýjunar og viðbóta við tækjabúnað verksmiðjunnar. Við afgreiðslu fjárlaga var verksmiðjunni veitt 50 m.kr. lántökuheimild til að greiða hluta af áætlaðri fjárfestingu. Stjórn verksmiðjunnar nýtti ekki þessa heimild en tók þess í stað skammtímalán sem áformað er að endurgreiða á næsta ári. Við afgreiðslu fjáraukalaga, sem sett voru í tengslum við kjarasamninga frá því í febrúar s.l., var verksmiðjunni veitt ríkisframlag að upphæð 30 m.kr. til þess að verð á áburði þyrfti ekki að hækka umfram þær forsendur sem byggt var á við gerð kjarasamninganna. Afkoma verksmiðjunnar hefur reynst betri á árinu heldur en áætlað var og er því ekki gerð tillaga um framlag úr ríkissjóði til hennar á næsta ári. Betri afkoma skýrist af meiri sölu áburðar en gert hafði verið ráð fyrir, lágu olíuverði og stöðugleika í gengismálum. Í áætlun fyrir næsta ár er gert ráð fyrir sölu á 54 þús. tonnum af áburði. Fjárvöntun miðað við óbreytt áburðarverð er áætluð 90 m.kr. og til þess að ná endum saman þarf það að hækka um 8% frá meðalsöluverði 1990. Meðalverð á áburði mun þá hækka úr 21.000 kr. fyrir tonnið í 22.680 kr.

25 Sjávarútvegsráðuneyti

*222 **Síldarverksmiðjur ríkisins.*** Starfsemi Síldarverksmiðja ríkisins byggist nær eingöngu á vinnslu loðnu og rekstraráætlun er háð mikilli óvissu um veiðiheimildir, veiði og markaðsverð afurða. Áætlun um tekjur og gjöld verksmiðjunnar lækkar verulega á næsta

ári miðað við áætlun fjárlaga og er það til samræmis við raunverulega afkomu verksmiðjunnar á árinu 1989 og endurskoðaða áætlun fyrir þetta ár. Tekjur eru samtals áætlaðar 1.882 m.kr. en rekstrargjöld að meðtöldum afskriftum og fjármagnskostnaði 1.869 m.kr. Afborganir af lánum eru áætlaðar 115 m.kr. og greiðsluafgangur í árslok er áætlaður 48 m.kr. Á þessu ári standa yfir miklar endurbætur á verksmiðju fyrirtækisins á Seyðisfirði, en ekki er áætlað fyrir sambærilegri fjárfestingu á næsta ári. Fjárfesting er áætluð 40 m.kr. vegna ýmissa verkefna við endurnýjun tækja og búnaðar.

272 ***Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging.*** Undanfarin ár hafa miklar endurbætur staðið yfir á byggingu rannsóknastofnana sjávarútvegsins við Skúlagötu 4, Reykjavík. Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og aðalskrifstofa sjávarútvegsráðuneytisins eru þar til húsa. Enn er mikið ógert og samkvæmt fyrirliggjandi kostnaðaráætlun mun það kosta um 120 m.kr. að koma öllu húsinu í viðunandi ásigkomulag. Á næsta ári er gert ráð fyrir að hefja viðgerðir og endurbyggingu á suðurbyggingu hússins og ljúka þeim áfanga á tveimur árum. Kostnaður er áætlaður um 75 m.kr. og er ráðgert að verja 50 m.kr. til framkvæmdanna á næsta ári og ljúka þeim á árinu 1992. Fjármögnun verður þannig að ríkissjóður veitir 20 m.kr. framlag til verksins, 20 m.kr. framlag kemur úr Byggingarsjóði rannsókna í þágu atvinnuveganna og 10 m.kr. greiðist af tekjum húseignarinnar.

26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

371 ***Kirkjubyggingasjóður.*** Hlutverk sjóðsins er samkvæmt lögum nr. 21/1981 að veita þjóðkirkjusöfnuðum lán til kirkjubygginga og varanlegra endurbóta á eldri kirkjum. Tekjur sjóðsins eru lögbundið framlag ríkissjóðs og þær gjafir sem sjóðnum berast. Framlag ríkissjóðs var ákveðið 600 þús. kr. árið 1981 og hækkar samkvæmt byggingarvísitölu í júlí ár hvert. Nú er þessi fjárhæð tæplega 6,6 m.kr.

372 ***Kirkjugarðasjóður.*** Meginhlutverk sjóðsins er að veita kirkjugarðsstjórnum lán til að girða og fegra kirkjugarða, svo og til þess að setja minnismerki þar sem verið hafa kirkjugarðar, kirkjur eða bænahús að fornu. Tekjur sjóðsins eru 8% af kirkjugarðsgjöldum en þau eru annars vegar hluti aðstöðugjalds á hverjum stað og hins vegar ákveðin fjárhæð lögð á hvern einstakling 16 ára og eldri. Eins og á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir að 15% kirkjugarðsgjalda standi undir innheimtukostnaði ríkissjóðs og áætluðum afföllum álagðra gjalda. Tekjur sjóðsins eru samtals áætlaðar um 40 m.kr. á næsta ári.

373 ***Kristnisjóður.*** Meginmarkmið Kristnisjóðs er stuðningur við þjóðkirkjuna til eflingar kristinni trú og siðgæði í landinu. Aðaltekjustofn sjóðsins er árlegt framlag ríkissjóðs í samræmi við lög nr. 35/1970. Þau kveða svo á um að til sjóðsins skuli renna fjárhæð er svarar til hámarkslauna presta í prestaköllum sem lögð voru niður með sömu lögum. Einnig rennur í sjóðinn fjárhæð er svarar til prestslauna fyrir hvert prestakall þar sem prestlaust er. Framlagið verður samkvæmt þessum ákvæðum 17,2 m.kr.

27 Félagsmálaráðuneyti

271-272 Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna. Stuðningur ríkisins til húsnæðismála er með ýmsu móti. Þar má fyrst telja rekstur Húsnæðisstofnunar ríkisins, beint framlag til sjóða hennar á fjárlögum og ríkisábyrgð á lántökum stofnunarinnar hjá lífeyrissjóðum. Einnig má nefna húsnæðisbætur og vaxtabætur, en talið er að greiðslur úr ríkissjóði vegna þeirra nemi um 2 milljörðum króna á þessu ári og 2,3 milljörðum króna árinu 1991.

Með lögum nr. 54/1986, um Húsnæðisstofnun ríkisins, er lífeyrissjóðum gert skylt að kaupa skuldabréf af Húsnæðisstofnun fyrir 55% að lágmarki af svokölluðu ráðstöfunarfé sínu. Með lögum nr. 76/1989 var lögum um Húsnæðisstofnun breytt í þá veru að inn komu ákvæði um húsbréfaviðskipti. Tekið var upp kerfi skuldabréfaskipta – húsbréfamiðlunar – í stað beinna lána til íbúðakaupa og nýbygginga, sem ætlað er í fyllingu tímans að taka yfir hið almenna húsnæðislánakerfi. Jafnframt var lífeyrissjóðunum heimilað að fullnægja samningsbundnum skuldabréfakaupum af Húsnæðisstofnun ríkisins að hluta með húsbréfum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Frá því að lögin tóku gildi hefur ráðstöfunarfé lífeyrissjóða aukist verulega að raungildi og svo mun verða áfram á næstu árum. Engu að síður hefur eftirspurn eftir lánsfé verið meiri en unnt hefur verið að sinna, enda hafa lánskjör verið með þeim hætti að hvati hefur verið til lántöku óháð húsnæðis- og lánsþörf. Þannig eru útlán byggingarsjóðanna og kaup lífeyrissjóða á húsbréfum um 84% af áætlaðri fjárfestingu í íbúðarhúsnæði á árinu 1991. Auk þess má ætla að húsbréfakerfið stuðli að auknum sparnaði íbúðarseljenda og lánveitingum þeirra til íbúðarkaupenda.

Í marsmánuði s.l. skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að gera úttekt á fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins. Í áliti nefndarinnar, sem skilað var í lok júní s.l., kemur m.a. fram að meðalvextir eigna sjóðsins á árinu 1989 voru um 2,9% en meðalvextir skulda um 4,9%. Að óbreyttu er ljóst að eigið fé sjóðsins mun lækka hröðum skrefum á næstu árum og verður orðið neikvætt upp úr aldamótum. Nýleg skýrsla Ríkisendurskoðunar staðfestir þessa niðurstöðu og bendir enn fremur á að eigið fé Byggingarsjóðs verkamanna muni að óbreyttu einnig ganga til þurrðar um aldamótin enda er munur á meðalvöxtum skulda og eigna sjóðsins um 3%.

Aðgerða er því þörf í málefnum byggingarsjóðanna. Jafnvel þó svo að útlánastarfsemi sjóðanna verði hætt mun ríkissjóður, að óbreyttum útlánsvöxtum, þurfa að leggja til þeirra fé árlega sem nemur 800-850 m.kr. næstu 15 árin. Þá munu frekari útlán auka enn á skuldbindingar ríkissjóðs verði útlánsvöxtum haldið óbreyttum. Það er því ljóst að ef forða á gjaldþroti byggingarsjóðanna er brýnast að hækka útlánsvexti. Aukið framlag úr ríkissjóði að óbreyttum vöxtum mun einungis auka enn frekar á fjárskuldbindingar ríkisins þar sem framlagið eykur útlánagetu sjóðanna. Einnig ber að skoða það vandlega, uppfylli húsbréfakerfið þær væntingar sem við það eru bundnar, hvort ekki sé óhagkvæmt að starfrækja tvö útlánakerfi sem þjóna sama markmiði.

Þrátt fyrir að byrði sjóðanna vegna greiðslu vaxta og afborgana aukist umtalsvert á árinu 1991, munu útlán til húsnæðiskerfisins á árinu 1991 verða svipuð og áætlað er á yfirstandandi ári. Gert er ráð fyrir að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á árinu 1991 verði 27,4 milljarðar króna og aukist um 13,5% að raungildi frá árinu 1990. Hækkunin skýrist að stærstum hluta af vaxandi hlutdeild verðtryggingar á eignum sjóðanna, breiðari iðgjaldsstofni og fyrstu endurgreiðslum Húsnæðisstofnunar af lánum frá árunum 1989 og 1990. Þá er á grundvelli reglugerðar um húsbréf við það miðað að um 18%

af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða, eða 4,9 milljarðar króna, fari til kaupa á húsbréfum. Þetta hlutfall er 10% árið 1990. Það sem eftir stendur af kaupskyldu lífeyrissjóða, um 10,1 milljarður króna, fer til kaupa á skuldabréfum Húsnæðisstofnunar. Það fé skiptist þannig að rúmlega 6,3 milljarðar króna fara til Byggingarsjóðs ríkisins og rúmlega 3,7 milljarðar króna til Byggingarsjóðs verkamanna.

Útlán Byggingarsjóðs ríkisins eru áætluð 4,9 milljarður króna á árinu 1991. Sú fjárhæð að viðbættum auknum kaupum lífeyrissjóða á húsbréfum er svipuð og áætluð útlán 1990. Mismunur á greiðslubyrði af teknum og veittum lánum er áætlaður rúmur 1 milljarður króna. Rekstrarkostnaður umfram rekstrartekjur er áætlaður 212 m.kr. og er þá gert ráð fyrir fækkun starfa vegna tilkomu húsbréfakerfis og að ákvæði lag-anna um að tæknideild stofnunarinnar standi undir eigin starfsemi verði virt í ríkari mæli. Útlán Byggingarsjóðs verkamanna á árinu 1991 eru áætluð tæpir 3,8 milljarðar króna og er það lítið eitt hærri fjárhæð en nemur hluta sjóðsins af skuldabréfakaupum lífeyrissjóða. Framlag úr ríkissjóði er 700 m.kr., framlag frá sveitarfélögum 200 m.kr. og aðrar tekjur 220 m.kr. Samtals nægja þessar tekjur til að standa undir 110 m.kr. rekstrarkostnaði og mismun á greiðslubyrði af teknum og veittum lánum sem áætlaður er 960 m.kr.

28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

273 ***Atvinnuleysistryggingasjóður.*** Samfara samdrætti í innlendri atvinnustarfsemi undanfarin 2-3 ár hefur skráð atvinnuleysi aukist talsvert og er nú um eða yfir 2% af mannafla. Fram að þeim tíma hafði atvinnuleysi verið óverulegt um alllangt skeið. Í kjölfarið hafa bótagreiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs aukist verulega og er nú svo komið að lögbundið framlag ríkisins og atvinnurekenda til Atvinnuleysistryggingasjóðs dugir engan veginn á móti útstreymi bótagreiðslna. Þar kemur einnig til að iðgjaldsstofninn, sem greiðslur atvinnurekenda og ríkisins byggist á, hefur farið minnkandi samtímis því að fjárþörfin hefur aukist. Á árinu 1990 var brugðið á það ráð að losa um eignir sjóðsins til að mæta fjárþörf hans, en um alllangt skeið hafði innstreymi í sjóðinn verið verulega umfram útstreymi og sjóðurinn safnað eignum í formi skuldabréfa.

Horfur eru á að heldur dragi úr atvinnuleysi á árinu 1991. Gert er ráð fyrir að iðgjald atvinnurekenda verði að óbreyttu um 270 m.kr. á næsta ári og að meðtöldu lögbundnu mótframlagi ríkisins yrði heildarframlag til sjóðsins 1.080 m.kr. Það mun ekki nægja fyrir áætluðum útgreiðslum. Ekki er unnt að ganga frekar á eignir sjóðsins, enda hefur sjóðurinn ekki yfir að ráða vel söluhæfum bréfum. Í fyrsta áfanga þeirrar endurskoðunar á skattlagningu atvinnurekstrar, sem nú er unnið að, er gert ráð fyrir að sameina í eitt gjald hin ýmsu launatengdu gjöld sem fyrirtæki nú greiða og ráðstafað verður í ljósi breyttra aðstæðna. Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs er eitt þessara gjalda. Því er í frumvarpi til fjárlaga gert ráð fyrir 1.280 m.kr. framlagi til sjóðsins árið 1991, sem er 200 m.kr. umfram núverandi lögbundið framlag. Annað innstreymi sjóðsins er áætlað um 200 m.kr. vegna innheimtra afborgana og vaxtatekna. Þetta gerir sjóðnum kleift að ráðstafa til atvinnuleysisbóta um 950 m.kr. á árinu 1991 samanborið við 1.440 m.kr. í ár. Að auki eru ætlaðar 400 m.kr. til greiðslu í Eftirlaunasjóð aldraðra til þeirra sem ekki hafa áunnið sér rétt í lífeyrissjóði. Þá eru 70 m.kr. ætlaðar til greiðslu atvinnuleysisbóta vegna samninga fiskvinnslufólks um fastráðningu, skv. ákvæðum laga nr. 54/1988, og 15 m.kr. til Kjararannsóknanefndar.

29 Fjármálaráðuneyti

101 ***Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.*** Tekjur af sölu áfengis og tóbaks eru áætlaðar rúmir 9,6 milljarðar króna og hækka um 3% frá áætlun fjárlaga 1990. Í þessari áætlun felst nokkur raunlækkun, sem rekja má annars vegar til samdráttar í tóbaksneyslu landsmanna og hins vegar til þess að hækkun verðlags, og þar með hækkun á útsöluverði áfengis og tóbaks, varð minni á þessu ári en áætlað hafði verið. Af þessum sökum mun hagnaður fyrirtækisins verða heldur minni á þessi ári en reiknað var með við samþykkt fjárlaga. Á næsta ári eru launagjöld áætluð 270 m.kr. og gjöld samtals tæplega 3,3 milljarðar króna. Fjárfesting er áætluð 40 m.kr. og verður það fé notað til að fjölga útsölustöðum eins og hægt er í samræmi við óskir einstakra sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að fyrirtækið skili ríkissjóði 6,4 milljörðum króna á árinu 1991.

102 ***Lyfjaverslun ríkisins.*** Rekstrargjöld Lyfjaverslunarinnar eru áætluð um 750 m.kr. á næsta ári og tekjur tæplega 830 m.kr. Áfram verður haldið við endurnýjun tækja og búnaðar og til þess varið 32 m.kr. sem er áætluð fjárfesting á árinu. Gert er ráð fyrir að afborganir lána nemi 54,5 m.kr. og af þeirri upphæð greiði fyrirtækið 52,3 m.kr. upp í skuld við ríkissjóð. Við slit á sameiginlegum fjárhag Lyfjaverslunarinnar og Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á árinu 1986 var skuld stofnunarinnar við ríkissjóð talin rétt um 202 m.kr. Hinn 1. september s.l. var skuldin 151 m.kr.

971 ***Lánasýsla ríkisins.*** Lánasýsla ríkisins var stofnuð með lögum nr. 43/1990 og skiptast verkefni hennar í þrjú meginsvið. Þau eru umsjón með lántökum ríkissjóðs og ríkisstofnana, útgáfa og sala ríkisskuldabréfa á innlendum markaði og umsjón með endurlánum lánsfjár og ríkisábyrgðum. Starfsemin er einnig þrískipt með hliðsjón af verkefnunum, þ.e. yfirstjórn, Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa og Ríkisábyrgðasjóður sem áður var sérstök stofnun í B-hluta fjárlaga. Fjöldi starfa er fjórtán, þar af átta hjá Ríkisábyrgðasjóði, fjögur hjá Þjónustumiðstöð og tvö hjá yfirstjórn. Launagjöld eru áætluð 29 m.kr. og önnur rekstrargjöld 16 m.kr. Gert er ráð fyrir 33 m.kr. tekjum af sölu ríkisverðbréfa hjá Þjónustumiðstöð. Auglýsinga-, prent- og innlausnarkostnaður er færður sem lántökukostnaður eins og verið hefur. Framlag úr ríkissjóði til innlausnar ríkisábyrgða hjá Ríkisábyrgðasjóði er áætlað 300 m.kr. og hækkar um 50 m.kr. frá fjárlögum.

987 ***Fasteignir ríkissjóðs.*** Rekstrargjöld og leigutekjur Fasteigna ríkissjóðs eru áætlaðar 176 m.kr. á árinu 1991 og er það um 27% hækkun frá fjárlögum. Fyrirtækið annast rekstur á tilteknum fasteignum í eigu ríkissjóðs. Ríkisstofnanir sem hafa afnot af þeim greiða húsaleigu en Fasteignir ríkissjóðs annast hlutverk leigusala; greiða fasteignagjöld, annast viðhald o.fl. Fasteignum í umsjá fyrirtækisins fjölgar sífellt og má nefna að á þessu ári bættust við stórar fasteignir í Reykjavík, svo sem Tollstöðvarhúsið við Tryggvagötu, Borgartún 7 og Seljavegur 32. Fjölgun eigna í umsjá fyrirtækisins skýrir hækkun gjalda og tekna milli ára.

30 Samgönguráðuneyti

101 Póst- og símamálastofnunin. Gjöld fyrirtækisins eru áætluð 7,2 milljarðar króna og hækka um 9% frá fjárlögum 1990. Heildartekjur að óbreyttri gjaldskrá eru áætlaðar tæpir 6,9 milljarðar króna og hækka um 3% frá fjárlögum 1990. Fjárfesting er áætluð 970 m.kr. og er þá miðað við að aðflutningsgjöld og virðisaukaskattur af ýmiss konar símabúnaði verði felldur niður, svo sem verið hefur. Hluti áætlaðrar fjárfestingar er vegna þátttöku Íslands í uppsetningu LORAN-staðsetningarkerfis, ef samningur þar að lútandi milli ríkja við norðaustanvert Atlantshaf kemur til framkvæmda. Þá er einnig gert ráð fyrir að 35 m.kr. framlag til INTELSAT verði fjármagnað af fjárfestingarfé. Stofnuninni er ætlað að skila 550 m.kr. arði í ríkissjóð á næsta ári og er fjárhæðin miðuð við um 5% ársávöxtun á eigin fé fyrirtækisins. Fjárvöntun fyrirtækisins miðað við þessa áætlun er um 506 m.kr. og þarf gjaldskrá að hækka um tæp 8% frá ársbyrjun 1991 til þess að endar nái saman. Gjaldskrá hefur verið nánast óbreytt frá árunum 1988 fyrir símaþjónustu og 1989 fyrir póstþjónustu.

321 Skipaútgerð ríkisins. Ekki er gert ráð fyrir breytingum í rekstri *Skipaútgerðar ríkisins* miðað við fjárlög 1990. Viðræður fyrirtækisins við önnur skipafélög um samvinnu á sviði strandflutninga hafa enn ekki skilað árangri en þeim mun verða haldið áfram. Framlag ríkissjóðs til reksturs Skipaútgerðarinnar á árinu 1991 verður 134,4 m.kr., en er 178 m.kr. í fjárlögum 1990. Gjöld Skipaútgerðarinnar eru áætluð 652 m.kr. og taka mið af nær óbreyttri starfsemi. Ekki er í þessari áætlun gert ráð fyrir að Skipaútgerðin greiði niður skuldir sínar við Ríkisábyrgðasjóð á næsta ári fremur en í ár, enda virðast ekki efnislegar forsendur fyrir því miðað við tekjuhorfur fyrirtækisins á næsta ári.

332 Hafnabótasjóður. Framlag til Hafnabótasjóðs verður 50 m.kr. á árinu 1991. Að viðbættu eigin ráðstöfunarfé gerir þetta sjóðnum kleift að veita styrki að fjárhæð 40 m.kr. og ný lán að fjárhæð um 30 m.kr. Á árinu 1991 eru fyrirhugaðar framkvæmdir við hafnarmannvirki í Sandgerði. Heildarkostnaður samkvæmt tilboði verktaka er 267 m.kr. Hluti ríkisins er 90% eða 240 m.kr. og er ráðgert að fjármagna hann með lántöku sem fari um Hafnabótasjóð.

470 Alþjóðaflugþjónustan. Stofnaður hefur verið nýr reikningur í B-hluta til að hafa milligöngu um greiðslur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO, fyrir veitta þjónustu við millilandaflug á íslensku flugstjórnarsvæði. Áætlaðar greiðslur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nema 406 m.kr. á næsta ári og er varið til að greiða fyrir þjónustu *Veðurstofu Íslands* 57,7 m.kr., *Póst- og símamálastofnunarinnar* 171,9 m.kr., *Flugmálastjórnar* 175,6 m.kr. og fyrir ýmsa aðra þjónustu tæplega 1 m.kr. Íslensk stjórnvöld hafa samþykkt uppbyggingu fyrsta áfanga nýs fluggagnakerfis hér á landi á næsta ári. Framkvæmdakostnaður er áætlaður 115 m.kr. á árinu og er ráðgert að heimila Alþjóðaflugþjónustunni að taka lán til framkvæmdanna. Alþjóðaflugmálastofnunin mun síðan endurgreiða þessa fjárfestingu á tíu árum með 10% vöxtum. Enn fremur er til athugunar og samþykktar hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni bygging nýrrar flugstjórnarmiðstöðvar hér á landi á næsta ári og mun kostnaður við uppbyggingu hennar ásamt ýmsum tækjabúnaði vera um 350-400 m.kr. Ef til þessara framkvæmda kemur er ráðgert að Alþjóðaflugþjónustan taki á sama hátt að sér fjármögnun og byggingaframkvæmdir, en

Alþjóðaflugmálastofnunin endurgreiði allan framkvæmdakostnað. Hér er aðeins gerð tillaga um að veita Alþjóðaflugþjónustunni heimild til 115 m.kr. fjárfestingar og lántöku á næsta ári, þ.e. til þeirra framkvæmda sem þegar hafa verið samþykktar. Leitað verður eftir frekari heimildum ef Alþjóðaflugmálastofnunin samþykkir fyrir sitt leyti byggingu hinnar nýju flugstjórnarmiðstöðvar hér á landi.

31 Iðnaðarráðuneyti

231 ***Sementsverksmiðja ríkisins.*** Gjöld verksmiðjunnar eru áætluð rúmlega 850 m.kr. á næsta ári en tekjur tæplega 800 m.kr. miðað við óbreytt sementsverð. Nokkur samdráttur hefur verið í sölu verksmiðjunnar á þessu ári en í áætlun fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að salan verði 118 þús. tonn eins og áætlað er í fjárlögum þessa árs. Til fjárfestingar eru ætlaðar 40 m.kr. vegna endurnýjunar á tækjum og búnaði og afborganir lána verða um 53 m.kr. Til þess að endar nái saman í rekstri verksmiðjunnar á næsta ári þarf meðalverð sements að vera um 7.200 kr. fyrir tonnið. Þörf er fyrir um 7% gjaldskrárhækkun á næsta ári til að jafnvægi verði í rekstri verksmiðjunnar.

321 ***Rafmagnsveitur ríkisins.*** Áformaðar raforkuframkvæmdir fyrirtækisins á árinu 1991 nema 375 m.kr., samanborið við 370 m.kr. í ár, og verða fjármagnaðar með fé úr rekstri. Að óbreyttum töxtum Landsvirkjunar er þörf fyrirtækisins fyrir hækkun gjaldskrár óveruleg eða um 1-2%.

7 Lánsfjármál

Þessi kafli er þrískiptur. Í fyrsta hlutanum er fjallað um innlenda lánamarkaðinn í heild, þróun sparnaðar og lánsfjáröflun opinberra aðila. Í öðrum hlutanum er gerð grein fyrir erlendum lántökum þjóðarbúsins, skuldastöðu við útlönd og greiðslubyrði. Loks er í þriðja hlutanum fjallað um lánamál ríkissjóðs sérstaklega, lánsfjárþörf og ríkisábyrgðir.

7.1 Innlendur lánamarkaður

Af reikningum bankakerfisins má ráða að betra jafnvægi hafi verið á peningamarkaðnum að undanförnu en mörg undangengin ár. Árið 1989 dró verulega úr aukningu útlána og var hún því í betra samræmi við aukningu innlána og annars ráðstöfunarfjár bankakerfisins en áður. Hins vegar var meiri þensla í starfsemi annarra lánastofnana svo sem fjárfestingarlánasjóða og lífeyrissjóða.

Útlán. Á árinu 1990 hefur innlendur lánamarkaður haldið áfram að þróast í átt til aukins jafnvægis milli framboðs og eftirspurnar eftir lánsfé. Þannig jukust útlán lánastofnana í heild um 43 milljarða króna frá síðustu áramótum til júníloka, eða um 9%. Meira en 90% af þessari útlánaaukningu var fjármögnuð með innlendum sparnaði, en hann hefur aukist um 39 milljarða króna, eða um 13%. Hreint erlent lánsfé, þ.e. nýjar lántökur að frádregnum afborgunum af eldri lánum, jókst á sama tíma um 3,5 milljarða króna. Útlán hafa því vaxið hægar en peningalegur sparnaður það sem af er þessu ári. Til samanburðar má nefna að lánskjaravísitalan hefur hækkað um 4,8% á þessu sama tímabili.

Innlendur lánamarkaður 1988-1990

Milljarðar króna á verðlagi í árslok	Árslok 1988	Árslok 1989	Staða í júnílok 1990	Hreyfing jan.-júní 1990
Útlán og verðbréf	354,0	470,6	513,5	9,1%
Ríki	75,1	98,2	109,3	11,3%
Sveitarfélög	14,6	19,2	19,0	-1,0%
Atvinnuvegir	160,7	214,6	227,9	6,2%
Heimili	103,6	138,6	157,3	13,5%
Peningalegur sparnaður	229,4	302,4	341,8	13,0%
Frjáls	104,2	138,2	155,2	12,3%
Kerfisbundinn	125,2	164,2	186,6	13,6%
Erlent lánsfé, nettó	124,6	168,2	186,6	13,6%
Til samanburðar:				
Hækkun lánskjaravísitölu janúar-júlí 1990	-	-	-	4,8%

Upp undir helmingur aukinna útlána á fyrri hluta ársins 1990 fór til heimila, en lán til þeirra hafa vaxið um 18,7 milljarða króna frá síðustu áramótum, eða um 13,5%. Raunar hafa skuldir heimilanna verið vaxandi allan þennan áratug. Tæplega þriðjungur, eða 13,3


milljarðar króna, fór síðan til atvinnufyrirtækja, en það sem eftir stendur, um það bil fjórðungur, fór til ríkisins.

Mjög hefur dregið úr eftirspurn atvinnufyrirtækja eftir lánsfé á þessu ári. Ástæður þess eru margvíslegar. Útflutningsvörubirgðir eru með minnsta móti og fjárfesting er lítil á þessu ári og hugsanlega fjármögnuð í meira mæli en áður af eigin aflafé. Lítil eftirspurn fyrirtækja eftir lánsfé á þessu ári hefur vafalítið dregið úr spennu á lánamarkaði. Í meðfylgjandi töflu er gefið yfirlit um þróun helstu stærða í lánakerfinu og sýndar bráðabirgðatölur um stöðuna á miðju ári 1990.

Innlendur sparnaður. Í árslok 1989 var stofn peningalegs sparnaðar á lánamarkaðnum kominn yfir 300 milljarða króna. Þar af var svokallaður kerfisbundinn sparnaður um 165 milljarðar króna, en það eru fyrst og fremst eignir lífeyrissjóðanna. Frjáls sparnaður, sem er einkum bankainnlán, ríkisskuldabréf og markaðsverðbréf, nam um 138 milljörðum króna.

Samkvæmt áætlun Seðlabanka er talið að innlendur sparnaður aukist um 35 milljarða króna á þessu ári og 38 milljarða króna á því næsta. Þessi spá byggist á forsendum þjóðhagsáætlunar um raunstærðir og verðlag en sjálfstæðum áætlunum um ýmsa þætti sparnaðar, svo sem lífeyrissparnað. Nýr sparnaður héldist samkvæmt þessu sem svipað hlutfall af landsframleiðslu og á þessu ári, eða um 10½%, samanborið við 7% árið 1989.

Innlendur sparnaður 1980-1991
Stöðutölur í árslok



Undanfarin ár hefur innlendur sparnaður stöðugt farið vaxandi eins og fram kemur á meðfylgjandi línuriti. Í árslok 1989 var heildarsparnaður kominn í 94% af landsframleiðslu. Í lok þessa árs er áætlað að sparnaður verði orðinn meiri en nemur landsframleiðslu ársins, eða 104%, og í lok næsta árs verður sparnaðarhlutfallið 113% samkvæmt spánni. Til samanburðar má nefna að í árslok 1980 var hlutfallið 47%. Helstu skýringar á auknum

sparnaði eru mikil umskipti á lánamarkaði í kjölfar aukins frjálsræðis á honum og uppbygging lífeyrissjóðanna.

Árið 1990 er gert ráð fyrir talsverðri aukningu á kerfisbundnum sparnaði þrátt fyrir að landsframleiðsla verði óbreytt. Skýringin er tvíþætt. Annars vegar kemur til framkvæmda á þessu ári síðasti áfanginn í breikkun á iðgjaldastofni lífeyrissjóðanna. Hins vegar mun eignamyndun síðustu ára skila sér í auknum vaxtatekjum hjá lífeyrissjóðum. Flestir þættir frjáls sparnaðar hafa einnig vaxið hratt á þessu ári og er áætlað að hann vaxi um 17 milljarða króna í heild. Mestur er vöxturinn í útgáfu hlutdeildarbréfa verðbréfasjóðanna og bankabréfa. Einnig hafa hefðbundin innlán aukist töluvert og er spáð um 16% aukningu innlána frá upphafi til loka árs 1990.

Árið 1991 er aftur á móti reiknað með að kerfisbundinn sparnaður dragist saman og verði um 15 milljarðar króna, eða 3 milljörðum króna lægri en 1990. Hins vegar er reiknað með að frjáls sparnaður haldi áfram að vaxa. Meðal annars er gert ráð fyrir um 15% aukningu innlána á næsta ári. Er þá miðað við að vextir heildarinnlána verði um 2% að raungildi.

Áætlun um peningalegan sparnað 1990 og 1991

	Staða í árslok			Hrein aukning á meðalverðlagi		
Milljarðar króna	1989	Áætlun 1990	Spá 1991	1989	Áætlun 1990	Spá 1991
Peningalegur sparnaður	302	359	424	21	35	38
Frjáls	138	165	201	10	17	24
Kerfisbundinn	164	194	223	11	18	15
Peningalegur sparnaður sem hlutfall af landsframleiðslu	-	-	-	7,1%	10,4%	10,6%

Lántökur opinberra aðila. Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1990 voru heildarlántökur ríkissjóðs, fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs, sveitarfélaga og opinberra lánastofnana áætlaðar 31,3 milljarðar króna. Af þeirri fjárhæð var ráðgert að taka 10,4 milljarða króna að láni erlendis og 20,9 milljarða króna á innlendum lánamarkaði. Að teknu tilliti til afborgana var hrein innlend lánsfjáröflun áætluð 12 milljarðar króna, eða 3,8% af landsframleiðslu.

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er talið að heildarlántökur verði allnokkru hærri, eða 36,7 milljarðar króna. Þar af eru innlendar lántökur taldar geta orðið allt að 28,4 milljarði króna, eða 7,5 milljörðum króna umfram upphaflega áætlun. Þar skiptir mestu að útgáfa húsbréfa er talin verða um 5 milljarðar króna á þessu ári, en ekki hafði verið áætlað sérstaklega hversu mikil sú útgáfa yrði. Einnig virðast lántökur atvinnuvegasjóða verða meiri en áætlað hafði verið. Hrein lánsfjáröflun þessara aðila á innlendum markaði gæti því numið 17,3 milljörðum króna.

Innlend fjáröflun ríkissjóðs hefur gengið vel á þessu ári. Áformað var að selja spariskírteini fyrir 6,6 milljarða króna og er útlit fyrir að það gangi fram. Þegar hafa verið seld spariskírteini fyrir röska 5 milljarða króna og gengið frá samningum um það sem á vantar. Mikil sala hefur verið í ríkisvíxlum og hefur ríkissjóður að stærstum hluta fjármagnað þörf sína fyrir árstíðabundið lánsfé með sölu þeirra. Þá var ákveðið að fjármagna tveggja

milljarða króna skuld ríkissjóðs við Seðlabanka vegna greiðsluhalla ársins 1989 með innlendu lánsfé í stað erlendrar lántöku eins og áformað hafði verið.

Hér er því um verulega breytingu að ræða frá fyrri árum þegar árstíðabundin þörf ríkissjóðs var að mestu fjármögnuð með fyrirgreiðslu Seðlabankans. Í ársbyrjun 1990 námu útistandandi ríkisvíxlar 5,9 milljörðum króna en hafa lengst af á þessu ári numið um 11-13 milljörðum króna. Reiknað er með að fjárþörf ríkissjóðs dragist nokkuð saman þegar líður að áramótum og að útistandandi ríkisvíxlar í árslok verði um 9,6 milljarðar króna.

Í eftirfarandi töflu eru sýndar áætlaðar lántökur og afborganir opinberra aðila og sjóða. Rétt er að taka fram að innlendum lánum sveitarfélaga er sleppt og að því leyti er yfirlitið ekki tæmandi.

Lánsfjárþörf opinberra aðila og sjóða 1990 og 1991

	Áætlun 1990			Áætlun 1991		
Milljarðar króna	Innlent	Erlent	Alls	Innlent	Erlent	Alls
Lántökur	**28,4**	**8,3**	**36,7**	**32,4**	**6,6**	**39,0**
Opinberir aðilar	11,7	4,8	16,5	11,7	3,1	14,8
Ríkissjóður A-hluti	11,7	0,9	12,6	11,7	-	11,7
Ríkisfyrirtæki	-	3,7	3,7	-	3,0	3,0
Sveitarfélög	-	0,2	0,2	-	0,1	0,1
Opinberar lánastofnanir	16,7	3,5	20,2	20,7	3,5	24,2
Byggingarsjóðir	10,2	-	10,2	9,9	-	9,9
Húsbréf	5,0	-	5,0	10,0	-	10,0
Aðrir	1,5	3,5	5,0	0,8	3,5	4,3
Afborganir	**11,1**	**4,2**	**15,3**	**12,2**	**5,9**	**18,1**
Ríkissjóður	4,4	1,3	5,7	5,6	1,3	6,9
Ríkisfyrirtæki	-	1,4	1,4	-	2,5	2,5
Sveitarfélög	-	0,5	0,5	-	0,5	0,5
Opinberar lánastofnanir	6,7	1,0	7,7	6,6	1,6	8,2
Hrein lánsfjárþörf	**17,3**	**4,1**	**21,4**	**20,2**	**0,7**	**20,9**
Hlutfall af landsframleiðslu	5,2%	1,2%	6,4%	5,5%	0,2%	5,7%

Árið 1991 eru heildarlántökur opinberra aðila og sjóða áætlaðar 39 milljarðar króna. Þessar lántökur skiptast þannig að 32,4 milljarðar króna yrðu fjármagnaðir á innlendum lánamarkaði en 6,6 milljarðar króna erlendis. Hrein lánsfjárþörf, þ.e. þegar frá eru dregnar afborganir eldri lána, er talin verða um 20,9 milljarðar króna. Þar af er stefnt að 20,2 milljarða króna hreinni lántöku á innlendum markaði, en aðeins 0,7 milljörðum króna erlendis. Hreinar lántökur þessara aðila yrðu þar með ívið lægri en stefnt er að á þessu ári.

Miðað við ofangreinda áætlun um innlendan sparnað má telja líklegt að þessi áform geti gengið eftir án röskunar á innlendum lánamarkaði. Óvissa ríkir þó um eftirspurn eftir lánsfé frá fyrirtækjum, en eins og áður er getið hefur hún verið með minnsta móti á þessu ári. Fyrirliggjandi áætlanir um fjárfestingu á næsta ári benda heldur ekki til mikillar lánsfjáreftirspurnar frá fyrirtækjum. Á hinn bóginn má reikna með að gjaldeyrisstaða þjóðarbúsins rýrni nokkuð á næsta ári. Lakari gjaldeyrisstaða mun að öllum líkindum hafa neikvæð áhrif á lausafjárstöðu innlánsstofnana á næsta ári.

Þróun vaxta. Grunnvextir verðtryggðra lána hafa haldist nánast óbreyttir frá fyrra ári. Grunnvextir ríkisskuldabréfa hafa almennt verið á bilinu 6-7% en vextir á verðtryggðum

bankalánum verið á bilinu 7¼-9½%, allt eftir mati á lánstrausti lánþega. Í tengslum við söluátak á spariskírteinum á miðju ári bauð ríkissjóður ávöxtun á spariskírteinum sem var á bilinu 6,85-7,05% til stærri kaupenda. Slíkum sértilboðum hefur nú verið hætt og spariskírteini eru í boði með 6-6,2% vöxtum. Raunvextir verðtryggðra skuldbindinga, miðað við framfærsluvísitölu, hafa á þessu ári verið nokkru lægri en á því síðasta enda minni munur á hækkunum lánskjaravísitölu og framfærsluvísitölu á þessu ári en á árinu 1989. Raunvextir óverðtryggðra útlána hafa á þessu ári verið hærri en í fyrra en þá voru þeir með lægsta móti.

7.2 Erlend lán og greiðslujöfnuður

Horfur eru á að erlendar lántökur þjóðarbúsins til lengri tíma en eins árs verði um 20,4 milljarðar króna á árinu 1990. Það er um 2,5 milljörðum króna minna en gert var ráð fyrir í áætlun lánsfjárlaga, sem skýrist fyrst og fremst af minni lántöku ríkissjóðs en áformað var. Með lánsfjárlögum og fjárlögum var ríkissjóði heimiluð 2,4 milljarða króna erlend lántaka. Líkur eru á að ríkissjóður taki engin erlend lán í ár, ef frá eru taldar 900 m.kr. lántökur sveitarfélaga og fyrirtækja og sjóða í B-hluta sem fara um Endurlán ríkissjóðs. Samdráttur í fjárfestingu atvinnuvega og bætt staða viðskiptabanka hefur auðveldað ríkissjóði að mæta lánsfjárþörf sinni innan lands og dregið úr erlendum endurlánum lánastofnana.

Afborganir af erlendum lánum eru taldar verða um 11 milljarðar króna og hreint innstreymi langra lána nemur því um 9,4 milljörðum króna, en það er um 2,8% af landsframleiðslu árið 1990.

Árið 1991 eru erlendar lántökur þjóðarbúsins áætlaðar 17,1 milljarður króna og lækka um 16% frá fyrra ári. Aftur á móti aukast afborganir um 37% og nema 15,1 milljarði króna. Hreint innstreymi langra lána verður því um 2 milljarðar króna, eða 0,5% af landsframleiðslu á árinu 1991. Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlaðar lántökur á árinu 1991 með samanburði við áætlun 1990 og nýja spá um innkomin lán á árinu 1990:

Erlendar lántökur 1990 og 1991

	Lánsfjárlög 1990	Áætlun 1990	Lánsfjáráætlun 1991
Opinberir aðilar	**6.500**	**4.800**	**3.100**
A- og B-hluti ríkissjóðs	2.700	900	-
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	3.400	3.700	3.000
Sveitarfélög	400	200	100
Opinberir lánasjóðir	**3.750**	**3.500**	**3.500**
Atvinnufyrirtæki	**12.650**	**12.100**	**10.500**
Skip og flugvélar	9.150	8.900	6.500
Annað	3.500	3.200	4.000
Löng erlend lán, alls	**22.900**	**20.400**	**17.100**

Greiðslujöfnuður. Á árinu 1989 var viðskiptajöfnuður við útlönd óhagstæður um 4,6 milljarða króna, eða 1,6% af landsframleiðslu. Samkvæmt þjóðhagsáætlun eru horfur á að hallinn á árinu 1990 verði 6,7 milljarðar króna, eða 2% af landsframleiðslu, en minnki í 5,7 milljarða króna eða 1,6% af landsframleiðslu á árinu 1991. Minni viðskiptahalli stafar að


nokkru leyti af samdrætti í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara, einkum flugvéla.

Sem fyrr segir eru horfur á að hreint innstreymi langra erlendra lána verði um 9,4 milljarðar króna á árinu 1990. Á móti kemur 0,7 milljarða króna útstreymi á öðrum fjármagnsliðum þannig að fjármagnsjöfnuður verður jákvæður um 8,7 milljarða króna árið 1990. Heildargreiðslujöfnuður, þ.e. fjármagnsjöfnuður að frádregnum viðskiptahalla, gæti því orðið jákvæður um 2 milljarða króna á árinu 1990. Gjaldeyrisstaða Seðlabankans batnar um sömu fjárhæð og verður samkvæmt þessari áætlun um 21 milljarður króna í árslok 1990, reiknað á áætluðu meðalgengi 1990.

Á árinu 1991 er gert ráð fyrir að hreint innstreymi langra erlendra lána verði aðeins um 3,2 milljarðar króna og vantar þá um 3,9 milljarða króna til að fjármagna viðskiptahalla ársins. Hér er gert ráð fyrir að erlendar skammtímaskuldir aukist um 2,9 milljarða króna og fjármagnsjöfnuður verði jákvæður um 4,9 milljarða króna. Samkvæmt því mun gjaldeyrisstaðan rýrna um 1 milljarð króna árið 1991.

Raunaukning erlendra lána er talin verða um 1% á árinu 1990. Á sama tíma er landsframleiðslan áætluð óbreytt frá fyrra ári. Hlutfall langra erlendra lána hækkar því líklega úr 51,3% af landsframleiðslu árið 1989 í 51,6% á árinu 1990. Miðað við spá um 2,6% raunlækkun erlendra skulda og 1,5% hagvöxt lækkar skuldahlutfallið hins vegar í 48% af landsframleiðslu árið 1991.

Skuldastaða þjóðarbúsins og greiðslubyrði erlendra lána 1980-1991



Hrein skuldastaða gagnvart útlöndum, þ.e. löng erlend lán og skammtímaskuldir að frádreginni gjaldeyriseign þjóðarinnar, gefur að mörgu leyti raunhæfari mynd af skuldbindingum þjóðarbúsins erlendis en löngu lánin. Eins og fram kemur í meðfylgjandi línuriti var skuldastaðan innan við 30% af landsframleiðslu í upphafi áratugarins. Hlutfallið hækkaði verulega á erfiðleikaárunum 1982-1984 og náði hámarki árið 1985, í tæplega 53%. Í

uppsveiflunni fram til 1987 fór hlutfallið lækkandi. Frá árinu 1988 hefur hlutfallið aftur farið upp á við, meðal annars vegna samdráttar í landsframleiðslu og lækkunar á raungengi auk þess sem erlend lán jukust að raungildi. Þannig var hrein skuldastaða árið 1989 48,4% af landsframleiðslu. Hlutfallið lækkar lítillega á þessu ári í 48% og á næsta ári er áætlað að það fari niður í 46%.

Greiðslubyrði afborgana og vaxta af erlendum lánum hefur breyst í hátt við skuldastöðuna á undanförnum árum. Hæst fór greiðslubyrðin árið 1985, í 10% af landsframleiðslu en fór síðan lækkandi vegna aukins útflutnings og vaxtalækkunar á erlendum lánamörkuðum. Þannig voru meðalvextir erlendra lána um 10% á árunum 1983 og 1984 en lækkuðu í 7,8% 1987 og 1988. Greiðslubyrðin hækkaði aftur árið 1989 upp í 7½% af landsframleiðslu og hlutfallið er áætlað svipað á þessu ári. Á næsta ári er gert ráð fyrir frekari hækkun greiðslubyrðarinnar vegna mikilla afborgana eins og áður kom fram. Jafnframt hafa meðalvextir erlendra lána hækkað upp á síðkastið. Á árinu 1989 voru þeir komnir í 8,9% og eru áætlaðir 8,6 % 1990 og 8,7% á árinu 1991.

7.3 Lánahreyfingar ríkissjóðs

Í þessum kafla er gerð grein fyrir áætlun um lánahreyfingar A-hluta ríkissjóðs á árinu 1991 skv. 1. gr. fjárlagafrumvarpsins. Kaflinn er fjórþættur. Í fyrstu tveimur hlutunum er fjallað um lánsfjárþörf og lánsfjáröflun ríkissjóðs og gerð ítarleg grein fyrir einstökum liðum þess. Þá eru í þriðja hlutanum birtar stöðutölur veittra og tekinna lána ríkissjóðs. Í síðasta hluta kaflans er svo gerð grein fyrir ábyrgðum ríkisins. Með þessari nýju framsetningu er vonast til að upplýsingar um þennan málaflokk komist betur til skila en ella.

Lánsfjárþörf ríkissjóðs. Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs er áætluð 11.650 m.kr á árinu 1991. Greiddar afborganir af teknum lánum nema 6.900 m.kr., þannig að hrein lánsfjárþörf er talin 4.750 m.kr., eða 1,3% af vergri landsframleiðslu. Eftirfarandi yfirlit sýnir þróun þessara liða á tímabilinu 1987-1991:

Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs 1987-1991

	1987	1988	1989	Áætlun 1990	Frumvarp 1991
Í milljónum króna	5.521	8.307	7.596	6.210	4.750
Í hlutfalli við landsframleiðslu	2,7%	3,3%	2,6%	1,9%	1,3%

Yfirlitið sýnir að hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs, þ.e. lántökur umfram afborganir, hefur farið stöðugt lækkandi frá árinu 1988 og er áætluð 1,3% af landsframleiðslu á árinu 1991.

Heildarlántökur ríkissjóðs fara til að fjármagna eftirtalda málaflokka:

- Rekstrarhalla ríkissjóðs.
- Veitt lán umfram innheimtar afborganir.
- Útstreymi umfram innstreymi á viðskiptareikningum.
- Eignfærð framlög.
- Afborganir af teknum lánum.

Hér á eftir er gerð grein fyrir þeim þáttum sem lúta að lánahreyfingum.

Veitt lán, nettó. Þessi liður er veitt ný lán að frádregnum innheimtum afborgunum af eldri lánum. Á árinu 1991 er ráðgert að veita ný lán að fjárhæð 3.680 m.kr. til fyrirtækja og sjóða. Á móti koma innheimtar afborganir af eldri lánum sem eru áætlaðar 3.350 m.kr. Veitt lán A-hluta ríkissjóðs, nettó, nema því 330 m.kr. árið 1991. Fjallað er um lánsráðstöfun þessa fjár í 6. kafla greinargerðar undir viðkomandi fyrirtækjum og sjóðum. Það skal tekið fram að áætlaðar lántökur Byggðastofnunar, Byggingarsjóðs verkamanna og Byggingarsjóðs ríkisins, alls um 11,1 milljarður króna, eru ekki taldar með hér þar sem ríkissjóður hefur ekki beina milligöngu um þær lántökur. Að auki verður leitað heimildar til ríkisábyrgðar til nokkurra aðila sem skýrt verður nánar frá í frumvarpi til lánsfjárlaga. Eftirfarandi yfirlit sýnir áætluð veitt lán 1990 og 1991:

Veitt lán, nettó, 1990 og 1991

Milljónir króna	Áætlun 1990	Frumvarp 1991
Veitt ný lán	**3.550**	**3.680**
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.180	3.000
Atvinnutryggingasjóður útflutningsgreina	300	325
Hafnabótasjóður	20	240
Alþjóðaflugþjónustan	180	115
Sveitarfélög og fyrirtæki þeirra	270	-
Önnur fyrirtæki og sjóðir ríkisins	600	-
Innheimtar afborganir af eldri lánum	**3.040**	**3.350**
Bundnar innlendu verðlagi	1.560	1.920
Bundnar erlendum gjaldmiðlum	1.480	1.430
Veitt lán, nettó	**510**	**330**

Eignfærð framlög. Undir þennan lið eru færð þau stofn- og hlutafjárframlög sem færast á efnahagsreikning ríkissjóðs. Eignfærð framlög eru áætluð samtals 270 m.kr. á árinu 1991. Hér er um að ræða eftirtalin framlög:

1. Framlag til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) nemur 15,6 m.kr. Er þetta önnur greiðsla af fimm til sérstakrar deildar sjóðsins (ESAF) sem veitir lán til þeirra ríkja sem verst eru sett.
2. Framlag til Alþjóðabankans nemur 20,3 m.kr. og er það er þriðja greiðsla af fimm vegna almennrar stofnfjáraukningar.
3. Framlag til Alþjóðaframfarastofnunarinnar (IDA) nemur 104,2 m.kr. og er það fyrsta greiðsla af þremur vegna svokallaðrar IDA-9.
4. Stofnfjárframlag til Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu (EBRD), fyrsta greiðsla af fimm nemur 45 m.kr.
5. Stofnfjárframlag til Norræna þróunarsjóðsins, þriðja greiðsla af fimm nemur 7 m.kr.
6. Stofnfjárframlag til Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda, fimmta greiðsla af níu verður 2 m.kr.
7. Stofnfjárframlag til Norræns fjárfestingarfélags á sviði umhverfismála er umsamið 5,2 m.kr. á árinu 1991. Um er að ræða aðra greiðslu af sjö.
8. Framlag til Alþjóðlegs gengisvarasjóðs fyrir Pólland að fjárhæð 25 m.kr., samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar frá janúar 1990.

9. Stofnfjárframlag til Þróunarsjóðs EFTA fyrir Júgóslavíu, í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar í september 1989 er 4,5 m.kr. Þetta er önnur greiðsla af fimm.
10. Önnur stofnfjárframlög og framlög til kaupa á hlutabréfum í fyrirtækjum sem ríkissjóður á eða kann að eignast aðild að á árinu 1991 nema 41,8 m.kr.

Viðskiptareikningar. Þessir reikningar taka til ýmissa skuldaviðurkenninga til skamms tíma vegna virðisaukaskatts, staðgreiðsluskatts af launum, launaskatts o.fl. Áætlað útstreymi umfram innstreymi af þessum reikningum er 500 m.kr. á árinu 1991.

Greiddar afborganir. Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlun um greiddar afborganir ríkissjóðs á árunum 1990 og 1991:

Afborganir af teknum lánum ríkissjóðs 1990 og 1991

Milljónir króna	Áætlun 1990	Frumvarp 1991
Afborganir samtals	**4.340**	**6.900**
Seðlabanki Íslands	140	150
Innlausn spariskírteina	1.500	3.400
Önnur innlend lán	1.420	2.070
Erlend lán	1.280	1.280
Sem hlutfall af heildarskuldum	4½%	6½%

Greiddar afborganir af skuldum ríkissjóðs árið 1990 eru áætlaðar 4,3 milljarðar króna eða 4½% af heildarskuldum. Þetta er óvenjulágt hlutfall endurgreiðslu sem skýrist af lítilli innlausn spariskírteina. Sé tekið mið af áætluðum meðallánstíma á skuldum ríkissjóðs ætti hlutfallið að vera á bilinu 7-9%. Árið 1991 eru greiddar afborganir áætlaðar 6,9 milljarðar króna og nemur það 6½% af heildarskuldum.

Lánsfjáröflun ríkissjóðs. Halli á A-hluta ríkissjóðs eykur enn eftirspurn hans eftir lánsfé. Í ljósi þessa hefur aukin áhersla verið lögð á lánsfjáröflun ríkissjóðs, einkum innan lands, þó þannig að eftirspurn hans eftir lánsfé samrýmist þeim markmiðum í peningamálum sem að er stefnt hverju sinni. Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs á árinu 1991 er áætluð 11,7 milljarðar króna. Er það sama fjárhæð og innlend lánsfjáröflun ríkissjóðs er talin verða á árinu 1990.

Eins og fram kom í umfjöllun um innlendan lánamarkað hér að framan hefur peningalegur sparnaður aukist umfram ný útlán lánastofnana. Þar sem horfur eru á að peningalegur sparnaður vaxi enn á næsta ári er fyllsta ástæða til að ætla að lánsfjárþörf ríkissjóðs á árinu 1991 megi brúa með innlendu fé. Þar kemur einnig til að nálægt þriðjungur lánsfjárþarfar ríkissjóðs er ætlaður til að mæta innlausn spariskírteina, en slík innlausn örvar jafnan sölu nýrra spariskírteina.

Spariskírteinin hafa ætíð verið uppistaðan í innlendri lánsfjáröflun ríkissjóðs. Ákveðin hefur verið útgáfa nýrrar tegundar ríkisverðbréfa, með binditíma frá 6 mánuðum til 3ja ára. Bréfunum er ætlað að koma að einhverju leyti í stað ríkisvíxla, en mikilvægt er fyrir ríkissjóð að draga úr þeirri fjárhæð sem bundin er í skammtímaverðbréfum.

Stöðutölur lána. Eftirfarandi yfirlit sýnir stöðutölur veittra og tekinna lána ríkissjóðs fyrir árin 1987-1989 ásamt áætlun fyrir 1990 og 1991:

Tekin og veitt lán ríkissjóðs 1987-1991
Stöðutölur í lok tímabils

Milljarðar króna á verðlagi í lok hvers árs	1987	1988	1989	Áætlun 1990	Áætlun 1991
Tekin lán	**52.026**	**68.273**	**97.113**	**107.000**	**115.400**
Seðlabanki Íslands	3.059	3.448	3.221	1.500	1.400
Spariskírteini	11.775	16.659	21.717	28.400	36.400
Lífeyrissjóðir	2.349	2.507	-	-	-
Ríkisvíxlar	931	725	5.892	9.600	9.600
Aðrir innlendir aðilar	3.957	4.729	7.771	10.100	11.700
Erlend lán	29.955	40.205	58.512	57.400	56.100
Lánveitingar	**35.632**	**47.569**	**53.489**	**57.400**	**61.800**
Veitt lán	24.182	29.967	34.433	35.900	37.800
Lán tengd innlendu verðlagi	13.476	15.795	16.331	18.400	21.700
Gengisbundin lán	10.706	14.172	18.102	17.500	16.100
Viðskiptareikningar, nettóinneign	11.450	17.602	19.056	21.500	24.000
Tekin lán umfram lánveitingar	**16.394**	**20.704**	**43.624**	**49.600**	**53.600**
Lánveitingar í % af teknum lánum	68,5	69,7	55,1	53,6	53,6
Hlutfall af vergri landsframleiðslu: [1]					
Tekin lán	24,1	25,0	30,0	31,8	31,5
Þar af erlendar skuldir	14,5	14,7	17,9	17,2	15,4
Lánveitingar	11,0	11,0	16,6	17,0	16,6
Þar af gengisbundin lán	5,2	5,2	5,5	5,2	4,4
Tekin lán umfram lánveitingar	8,0	7,6	13,4	14,8	14,9


1) Reiknað til meðalverðlags hvers árs með lánskjaravísitölu og meðalgengisvísitölu.

Heildarskuldir ríkissjóðs hafa farið vaxandi á undanförnum árum sem bein afleiðing af rekstrarhalla ríkissjóðs. Í hlutfalli af landsframleiðslu námu heildarskuldir ríkissjóðs 30% í árslok 1989 og áætlað er að hlutfallið verði 31-32% í ár og á næsta ári. Á hinn bóginn fer hlutfall erlendra skulda ríkissjóðs lækkandi og er talið verða um 15% af landsframleiðslu í árslok 1991. Um miðjan síðasta áratug var það hlutfall um 20% af landsframleiðslu. Eins og nefnt var að framan er stór hluti skulda ríkissjóðs vegna endurlána til fyrirtækja og sjóða í B-hluta, sveitarfélaga og annarra aðila sem ríkissjóður hefur gengist í ábyrgð fyrir með lántöku. Hlutfall veittra lána af skuldum ríkissjóðs hefur farið lækkandi á undanförnum árum. Árið 1983 námu útistandandi lán 80% af skuldum ríkissjóðs en í árslok 1989 er þetta hlutfall 55%. Skýringin felst í yfirtöku ríkissjóðs á skuldum ýmissa orkuveitna. Þetta var gert til að tryggja viðkomandi orkuveitum fjárhagsgrundvöll eftir að verðjöfnunargjald af raforku var fellt niður.

Tvær breytingar hafa orðið á skuldastöðu ríkissjóðs og samsetningu hennar á árinu 1990. Með ákvæði í lögum nr. 39/1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, yfirtók ríkissjóður skuldbindingar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, samtals að fjárhæð 1.430 m.kr.

Meðfylgjandi mynd sýnir hlutfallslega skiptingu innlendra og erlendra skulda ríkissjóðs tímabilið 1981-1991.

Heildarskuldir ríkissjóðs 1981-1991
Stöðutölur í árslok



Á síðastliðnu vori greiddi ríkissjóður upp skuld við Seðlabankann, að upphæð 3.517 m.kr., sem stofnað hafði verið til fyrir gildistöku laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands. Uppgreiðsla skuldarinnar var fjármögnuð með samsvarandi lántöku ríkissjóðs hjá innlánsstofnunum. Tengist sú lántaka breytingum á reglum um bindiskyldu og lausafjárkvöð innlánsstofnana, en hafði hvorki áhrif á peningamyndun né vexti eins og aðrar innlendar lántökur.

Ríkisábyrgðir. Auk þeirra skuldbindinga sem ríkissjóður hefur stofnað til með lántökum í eigin nafni hefur hann gengist í ábyrgð fyrir lántökum ýmissa annarra aðila. Skipta má þessum ábyrgðum í tvo flokka: Skráðar ábyrgðir og sjálfvirkar ábyrgðir.

Skráðar ríkisábyrgðir eru vegna lána sem ýmsir aðilar hafa fengið heimild til að taka með ábyrgð ríkisins. Eftirfarandi yfirlit sýnir stöðu skráðra ríkisábyrgða á undanförnum árum (m.kr.):

Skráðar ríkisábyrgðir 1985-1989
Verðlag í lok hvers árs

Ár	Lán tengd innlendu verðlagi	Gengisbundin lán	Ríkisábyrgðir Samtals	Ríkisábyrgðir alls[1] 1989
1985	5.254	12.873	18.127	23.180
1986	6.114	16.632	22.746	29.130
1987	6.721	17.703	24.424	31.270
1988	448	21.501	21.949	28.600
1989	1.200	31.182	32.382	32.382

1) Fært til verðlags í árslok 1989 með meðalgengisvísitölu og lánskjaravísitölu.

Eins og yfirlitið ber með sér hvíla verulegar skuldbindingar á ríkissjóði í veittum ábyrgðum. Í árslok 1989 jafngiltu skráðar ríkisábyrgðir, reiknaðar til meðalverðlags 1989, um 9,5% prósent af vergri landsframleiðslu. Hlutfallið hefur lækkað nokkuð á síðustu árum, en um miðjan síðasta áratug voru skráðar ríkisábyrgðir, mældar sem hlutfall af landsframleiðslu, nálægt 15%.

Ábyrgðir hafa verið veittar fjölmörgum aðilum á liðnum árum. Erfitt er að draga fram í stuttu yfirliti raunverulega áhættu ríkissjóðs af greiðslufalli lána sem ríkissjóður hefur gengist í ábyrgð fyrir. Nokkur vanskil hafa þó orðið á undanförnum árum. Þannig námu kröfur sem Ríkisábyrgðasjóður varð að leysa til sín á árinu 1989 411 m.kr. Á móti innheimti sjóðurinn áður gjaldfallnar kröfur að fjárhæð 364 m.kr. Nettó-greiðslur úr sjóðnum námu því 47 m.kr. á árinu 1989. Útistandandi kröfur ríkissjóðs vegna vanskila skuldunauta Ríkisábyrgðasjóðs námu alls 1.305 m.kr. í árslok 1989.

Sjálfvirkar ábyrgðir ríkissjóðs felast í eignarhaldi hans, t.d. á ríkisbönkum og fjárfestingarlánasjóðum. Áhætta ríkissjóðs af skuldbindingum þessara aðila er þó óljós.

Ábyrgðargjald, sem nemur á heilu ári 0,25% af skuldbindingum í erlendri mynt, er greitt í ríkissjóð af bönkum og fjárfestingarlánasjóðum sem njóta sjálfvirkrar ábyrgðar ríkissjóðs á lántökum sínum. Á árinu 1991 er þetta gjald áætlað um 80 m.kr. Hins vegar tekur gjaldið aðeins til hreinna erlendra skuldbindinga þessara aðila og gefur því ekki rétta mynd af sjálfvirkum ábyrgðum ríkissjóðs í heild. Á móti kemur að með bættri eiginfjárstöðu fjárfestingarlánasjóða hefur áhætta ríkissjóðs af skuldbindingum þeirra minnkað.

Að lokum skal vakin athygli á að einkafyrirtæki leita gjarnan til opinberra lánastofnana um milligöngu á erlendum lántökum út á heimildir viðskiptaráðuneytisins. Þannig hafa Framkvæmdasjóður Íslands, Iðnlánasjóður og Iðnþróunarsjóður tekið drjúgar upphæðir að láni erlendis fyrir einkaaðila. Það skal tekið fram að þótt hér sé oft um háar fjárhæðir að ræða eru í flestum tilvikum gerðar strangar kröfur um trygg veð að baki þessum lánveitingum. Engu að síður eru margar af þessum ábyrgðum óhjákvæmilega áhættusamar.

Töfluviðauki

Bls.

I Ríkissjóður A- og B-hluti

1. Ríkissjóður A-hluti 382
2. Heildarútgjöld A-hluta ríkissjóðs 1990-1991 383
3. Markaðar ríkissjóðstekjur 1991 384
4. Tryggingagreiðslur, framlög og niðurgreiðslur 385
5. Framlög A-hluta ríkissjóðs til fjárfestingar 1990-1991 386
6. Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða í B-hluta 387
7. Yfirlit yfir framlög, fjárfestingu og lántökur í B-hluta 1990 og 1991 . 388

II Fjárfesting

8. Fjárfesting 1989-1991 389
9. Fjárfesting, sparnaður og viðskiptahalli 1988-1991 390
10. Byggingar og mannvirki hins opinbera 1989-1991 391
11. Raforku- og rafveituframkvæmdir 1991 391
12. Hitaveitu- og vatnsveituframkvæmdir 1991 392
13. Samgönguframkvæmdir 1991 392
14. Opinberar byggingar 1991 393

III Fjármögnun

15. Heildaryfirlit yfir innlendar og erlendar lántökur 1991 394

IV Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

16. Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða 1986-1991 395
17. Byggingarsjóður ríkisins 1989-1991 396
18. Byggingarsjóður verkamanna 1989-1991 397
19. Greiðsluáætlun fjárfestingarlánasjóða 1991 398
20. Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1991 400

V Erlend lán og greiðslujöfnuður

21. Greiðslujöfnuður við útlönd 1989-1991 401
22. Staða þjóðarbúsins út á við 1981-1991 402
23. Greiðslubyrði erlendra lána 1981-1991 402
24. Erlendar lántökur til langs tíma, landsframleiðsla og verðmætaráðstöfun 1987-1991 403
25. Þjóðhagsyfirlit 1981-1991 403
26. Löng erlend lán 1982-1991, flokkuð eftir lánnotendum 404

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 1 Ríkissjóður, A-hluti
Greiðsluyfirlit gagnvart bankakerfinu
(m.kr.)

1 Tekjur alls		**98.813**
Tekjur án vaxtatekna	95.103	
Beinir skattar	19.332	
Óbeinir skattar	73.928	
Aðrar tekjur	1.843	
Vaxtatekjur	3.710	
2 Gjöld alls		**92.868**
Gjöld án vaxtagreiðslna	84.408	
Samneysla	42.918	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	41.490	
Vaxtagreiðslur	8.460	
3 Jöfnuður (1-2)		**5.945**
Almenn rekstrarafkoma	10.695	
Vaxtagreiðslur umfram vaxtatekjur	-4.750	
4 Fjárfesting		**9.405**
Stofnkostnaður	5.653	
Fjármagnstilfærslur	3.752	
5 Tekjur umfram gjöld (3-4)		**-3.460**
Lánahreyfingar		
6 Veitt lán, nettó		**330**
Veitt lán til B-hluta ríkissjóðs	3.680	
Innheimtar afborganir af veittum lánum	-3.350	
7 Hlutafjárframlög		**270**
8 Viðskiptareikningar, nettó		**500**
9 Hrein lánsfjárþörf (6+7+8-5)		**4.560**
10 Afborganir af teknum lánum öðrum en hjá Seðlabanka		**6750**
11 Heildarlánsfjárþörf (9+10)		**11.310**
12 Lántökur		**11.650**
Innlend verðbréfaútgáfa	11.650	
13 Greiðsluhreyfing við bankakerfið (12-11)		**340**
Hreyfing gagnvart Seðlabanka		
14 Jöfnuður: Útstreymi umfram innstreymi		**340**
Afborganir	150	
Vaxtagreiðslur:		
Af samningsbundnum lánum	140	
Af yfirdráttarskuld	800	
Arðgreiðsla í ríkissjóð	-750	
15 Greiðslujöfnuður, sjóðshreyfing (13-14)		**0**

Tafla 2 Heildarútgjöld A-hluta ríkissjóðs 1990-1991
(m.kr.)

I Eftir tegundum

	Fjárlög 1990	Frumvarp 1991	Hækkun %
Almennur rekstur	**82.855**	**91.291**	**10,2**
5 Rekstrarútgjöld	87.252	96.462	10,6
51 Laun	27.492	31.663	15,2
52-57 Önnur gjöld	21.603	23.072	6,8
58 Eignakaup	201	237	17,9
59 Tilfærslur	37.956	41.490	9,3
4 Sértekjur	-4.397	-5.171	17,6
Viðhald	**2.157**	**2.517**	**16,7**
Fjárfesting	**8.467**	**9.405**	**11,1**
51-58 Stofnkostnaður	4.535	5.653	24,7
59 Fjármagnstilfærslur	3 932	3.752	-4,6
Samtals	**93.479**	**103.213**	**10,4**

II Eftir ráðuneytum

	Fjárlög 1990		Frumvarp 1991		Breyting
	m.kr.	%	m.kr.	%	%
Æðsta stjórn ríkisins	958	1,0	888	0,9	-7,3
Forsætisráðuneyti	663	0,7	384	0,4	-42,1
Menntamálaráðuneyti	14.046	15,0	15.427	14,9	9,8
Utanríkisráðuneyti	1.155	1,2	1.314	1,3	13,8
Landbúnaðarráðuneyti	3.347	3,6	4.165	4,0	24,5
Sjávarútvegsráðuneyti	843	0,9	952	0,9	13,0
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	4.250	4,5	4.710	4,6	10,8
Félagsmálaráðuneyti	3.677	3,9	4.285	4,2	16,5
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	37.953	40,6	42.409	41,1	11,7
Fjármálaráðuneyti	13.205	14,1	15.283	14,8	15,7
Samgönguráðuneyti	6.368	6,8	6.472	6,3	1,6
Iðnaðarráðuneyti	1.026	1,1	986	1,0	-3,9
Viðskiptaráðuneyti	5.456	5,8	5.384	5,2	-1,3
Hagstofa Íslands	108	0,1	135	0,1	24,7
Umhverfisráðuneyti	423	0,5	419	0,4	-0,9
Samtals	**93.479**	**100,0**	**103.213**	**100,0**	**10,4**

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 3 Markaðar ríkissjóðstekjur 1991
(m.kr.)

	Tekjur	Greiðslur
Menntamálaráðuneyti		
Einkaleyfisgjald af Happdrætti H.Í.	46,6	
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna		46,6
Skemmtanaskattur	61,0	
Sinfóníuhljómsveit Íslands		6,1
Menningarsjóður félagsheimila		6,1
Til áfengis- og fíkniefnavarna		48,8
Miðagjald í Menningarsjóð	10,5	
Menningarsjóður		10,5
Eignarskattsauki	335,0	
Þjóðminjasafn		10,0
Þjóðleikhús		75,0
Þjóðarbókhlaða		100,0
Endurbótasjóður menningastofnana		150,0
Félagsmálaráðuneyti		
Erfðafjárskattur	260,0	
Framkvæmdasjóður fatlaðra		225,0
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti		
Samúðarskeyti Landsímans	8,5	
Landspítalinn, minningarsjóður		8,5
Hluti gjalds af einkasöluvörum	5,4	
Gæsluvistarsjóður		5,4
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	370,0	
Framkvæmdasjóður aldraðra		240,0
Fjármálaráðuneyti		
Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	304,0	
Ríkisábyrgðir og tjónabætur		304,0
Samgönguráðuneyti		
Innflutningsgjald af bensíni	3.570,0	
Þungaskattur af dísilbifreiðum samkvæmt ökumælum	1.105,0	
Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	345,0	
Vegagerð ríkisins		5.020,0
Vitagjald	39,0	
Vitastofnun Íslands		39,0
Skipaskoðunargjald	42,0	
Siglingamálastofnun ríkisins		42,0
Hluti af vörusölu Fríhafnar á Keflavíkurflugvelli	330,0	
Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985		68,0
Iðnaðarráðuneyti		
Rafmagnseftirlitsgjald	80,0	
Rafmagnseftirlit ríkisins		71,6
Markaðir tekjustofnar, samtals	6.912,0	
Gjaldfærsla markaðra tekjustofna, samtals		6.476,6
Skerðing markaðra tekjustofna, samtals		435,4

Tafla 4 Tryggingagreiðslur, framlög og niðurgreiðslur
(m.kr.)

	Fjárlög 1990	Frumvarp 1991
I Einstaklingar, samtök og heimili	**29.269**	**31.624**
1. Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.171	1.930
2. Jöfnun á námskostnaði	73	78
3. Þjóðleikhús	196	192
4. Sinfóníuhljómsveit Íslands	81	94
5. Kvikmyndasjóður	70	81
6. Listir, framlög	204	230
7. Ýmis íþróttamál	65	61
8. Alþjóðastofnanir	168	203
9. Þróunarmál	123	128
10. Stofnlánadeild landbúnaðarins	47	54
11. Sauðfjárveikivarnir	298	314
12. Kostnaður skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra	118	131
13. Vinnumál	35	51
14. Meðlög skv. lögum nr. 9/1981	64	58
15. Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	1.207	1.304
16. Ríkisábyrgð á launum	267	262
17. Sjúkratryggingar	8.931	10.060
18. Lífeyristryggingar	12.459	13.780
19. Slysatryggingar	390	426
20. Atvinnuleysistryggingasjóður	1.027	1.280
21. Krabbameinsfélag Íslands	74	119
22. Launa- og verðlagsmál	665	-
23. Uppbætur á lífeyri [1]	536	788
II Fyrirtæki og atvinnuvegir	**7.935**	**8.410**
1. Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir og framlag í Framleiðnisjóð	1.343	2.078
2. Póst- og símamálastofnunin	179	-
3. Skipaútgerð ríkisins og strandflutningar	169	134
4. Flóabátar og vöruflutningar	125	134
5. Fiskifélag Íslands	42	45
6. Niðurgreiðslur á vöruverði og framlag í lífeyrissjóð bænda	5.333	5.250
7. Endurgreiðsla á kjarnfóðurgjaldi	498	507
8. Niðurgreiðsla á rafhitun	246	262
III Annað	**752**	**1.456**
Samtals	**37.956**	**41.490**

1) Þessir liðir voru færðir sem tilfærslur í fjárlögum 1990.

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 5 Framlög A-hluta ríkissjóðs til fjárfestingar 1990-1991
(m.kr.)

	Fjárlög 1990	Frumvarp 1991
I Stofnkostnaður	**4.535**	**5.653**
1. Vegagerð, nema sýslu- og þéttbýlisvegafé	2.086	2.700
2. Flugvellir, framkvæmdir	317	333
3. Almennir framhaldsskólar	308	258
4. Sjúkrahús í Reykjavík	250	249
5. Framkvæmdasjóður fatlaðra	197	225
6. Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	146	200
7. Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	99	178
8. Endurbætur menningastofnana	20	150
9. Háskóli Íslands	153	135
10. Embætti sýslumanna og bæjarfógeta	87	89
11. Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	50	51
12. Lögreglumál, ökutæki o.fl.	54	51
13. Launa- og verðlagsmál	17	50
14. Tjónabætur	49	50
15. Skatta- og tollamál	82	45
16. Hafrannsóknastofnun	43	38
17. Annað	577	851
II Fjármagnstilfærslur	**3.932**	**3.752**
1. Byggingarsjóður verkamanna	490	700
2. Hafnamál	531	474
3. Sýslu- og þéttbýlisvegafé	373	425
4. Ríkisábyrgðarsjóður	245	300
5. Uppgjör við sveitarfélög	294	300
6. Byggðastofnun	196	250
7. Framkvæmdasjóður aldraða	193	240
8. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	213	232
9. Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög	176	190
10. Landgræðsluáætlun	114	132
11. Orkusjóður	220	103
12. Rannsóknasjóður	83	100
13. Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985	48	68
14. Byggingarsjóður rannsóknastofnana í þágu atvinnuveganna	43	47
15. Húsafriðun	21	28
16. Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina	343	-
17. Byggingarsjóður ríkisins	42	-
18. Annað	307	163
Til fjárfestingar samtals	**8.467**	**9.405**

Tafla 6 Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða í B-hluta
(m.kr.)

		Fjárlög 1990	Frumvarp 1991	Breyting (m.kr.)	Breyting (%)
51	Launagjöld	7.285	7.615	330	5
52-57	Önnur rekstrargjöld	7.662	8.163	501	7
52,58,8	Hráefni og vörur til endursölu	10.326	10.333	7	0
571	Fjármagnskostnaður	4.728	6.361	1.633	35
51-57	Viðhald	1.084	1.199	115	11
593	Afskriftir	2.953	3.118	165	6
59	Yfirfærslur	2.750	2.186	-564	- 21
5,8	Gjöld samtals	36.788	38.975	2.187	6
44-46,7	Seldar vörur og þjónusta	34.742	35.607	865	2
48	Fjármunatekjur	3.980	4.239	259	7
4910	Framlög ríkissjóðs	5.486	5.069	-417	- 8
49	Aðrar tekjur	1.823	1.357	-466	- 26
4,7	Tekjur samtals	46.031	46.272	241	1
	Mismunur	9.243	7.297	-1.946	- 21
Fjármunahreyfingar út:					
16	Veitt lán	16.641	13.426	-3.215	- 19
18	Fjárfestingar	2.824	2.064	-760	- 27
26	Afborgun lána	3.755	5.287	1.532	41
	Annað	7.678	7.647	-31	0
Fjármunahreyfingar inn:					
16	Innheimtar afborganir	3.050	3.465	415	14
19	Afskriftir	2.953	3.118	165	6
26	Tekin lán	14.424	13.740	-684	- 5
39	Ráðstöfun eigin fjár	9.243	7.297	-1.946	- 21
	Annað	1.228	804	-424	- 35

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 7 Yfirlit yfir framlög, fjárfestingu og lántökur í B-hluta 1990 og 1991
(m.kr.)

	Framlög		Fjárfesting		Lántaka	
	1990	1991	1990	1991	1990	1991
21-172 Atvinnutryggingarsjóður	343,0	-	-	-	750,0	325,0
22-211 Háskólabíó	-	-	72,0	6,2	40,0	-
22-233 Rannsóknasjóður	83,1	100,0	-	-	-	-
22-235 Vísindasjóður	11,8	20,0	-	-	-	-
22-276 Byggingarsj. rannsókna í þágu atv.v.	42,9	46,6	13,2	15,2	-	-
22-679 Sam. kostn. við skólana á Laugarvatni	-	-	0,5	1,2	-	-
22-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.170,7	1.930,0	22,1	-	1.880,0	3.000,0
22-970 Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður	-	-	86,5	92,0	-	-
22-973 Þjóðleikhúsið	196,0	192,0	275,0	-	-	-
22-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands	80,7	94,0	-	2,0	-	-
22-976 Menningarsjóður	8,3	10,5	-	-	-	-
22-977 Byggingarsjóður Þjóðarbókhlöðu	-	-	120,0	-	-	-
22-978 Endurbótasj. menningarstofnana	20,2	-	-	-	300,0	-
23-101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	-	-	11,5	12,0	-	-
23-111 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	-	-	2,0	5,0	-	-
23-115 Flugstöð Leifs Eiríkssonar, nýbygging	-	-	30,0	-	30,0	-
23-121 Sala varnarliðseigna	-	-	1,5	-	-	-
24-171 Jarðeignir ríkisins	18,3	20,0	18,7	20,0	-	-
24-172 Jarðasjóður	14,7	15,0	10,7	10,6	-	-
24-221 Áburðarverksmiðja ríkisins	30,0	-	105,0	70,0	50,0	-
24-245 Laxeldisstöðin Kollafirði	8,2	10,4	2,6	1,8	-	-
24-272 Einangrunarstöð í Hrísey	3,9	5,0	0,8	-	-	-
25-222 Síldarverksmiðjur ríkisins	-	-	380,0	40,0	300,0	-
25-272 Ranns.st. sjávarútvegsins, bygging	-	20,0	29,6	50,0	-	-
26-371 Kirkjubyggingasjóður	5,4	6,6	-	-	-	-
26-373 Kristnisjóður	15,5	17,2	-	-	-	-
27-271 Byggingarsjóður ríkisins	42,0	-	50,0	20,0	7.749,0	6.330,0
27-272 Byggingarsjóður verkamanna	490,0	700,0	-	-	3.353,0	3.730,0
28-273 Atvinnuleysistryggingasjóður	1.027,0	1.280,0	-	-	-	-
28-311 Ríkisspítalar, þvottahús	-	-	1,8	-	-	-
28-378 Læknishéraðasjóður	2,5	2,5	-	-	-	-
28-471 Gæsluvistarsjóður	7,8	10,0	8,0	10,0	-	-
29-101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	-	-	70,0	40,0	-	-
29-102 Lyfjaverslun ríkisins	-	-	23,6	32,0	-	-
29-931 Arnarhvoll	-	-	5,9	6,0	-	-
29-971 Lánasýsla ríkisins	245,0	300,0	-	-	-	-
30-101 Póst- og símamálastofnunin	179,3	-	935,0	970,0	-	-
30-211 Vegagerð ríkisins, áhaldahús	-	-	130,0	130,0	-	-
30-321 Skipaútgerð ríkisins	169,4	134,4	-	-	-	-
30-332 Hafnabótasjóður	46,6	50,0	-	-	-	240,0
30-470 Alþjóðaflugþjónustan	-	-	-	115,0	-	115,0
31-231 Sementsverksmiðja ríkisins	-	-	39,0	40,0	-	-
31-233 Prentsmiðjan Gutenberg	-	-	9,7	-	2,0	-
31-321 Rafmagnsveitur ríkisins	-	-	370,0	375,0	-	-
31-371 Orkusjóður	224,0	105,1	-	-	-	-
Samtals	**5.486,3**	**5.069,3**	**2.824,6**	**2.063,9**	**14.454,0**	**13.740,0**

Tafla 8 Fjárfesting 1989-1991
(m.kr.)

	Verðlag hvers árs			Magnbreytingar [1] frá fyrra ári %		
	Bráðab.-tölur 1989	Áætluð útkoma 1990	Áætlun 1991	Bráðab.-tölur 1989	Áætluð útkoma 1990	Áætlun 1991
Fjárfesting alls	**54.500**	**65.300**	**69.300**	**-10,0**	**4,5**	**-**
Þar af:						
Landsvirkjun, járnblendiverksmiðja og álverksmiðja	2.340	4.650	4.340	80,8	69,8	-12,0
Innflutt skip og flugvélar	5.841	9.000	7.000	-16,9	31,7	-26,0
Útflutt skip og flugvélar	-1.518	-800	-100	.	.	.
Önnur fjárfesting	47.837	52.450	58.060	-13,5	-3,9	4,1
I Atvinnuvegirnir	**24.750**	**29.600**	**30.800**	**-19,0**	**9,5**	**-1,2**
1. Landbúnaður [2]	2.450	1.800	1.810	-22,4	-34,7	-5,0
2. Fiskveiðar	3.400	2.250	1.750	-54,4	-44,7	-27,0
3. Vinnsla sjávarafurða	1.520	1.800	1.800	-20,0	5,0	-5,0
4. Álverksmiðja	430	1.150	1.230	158,3	128,6	0,0
5. Járnblendiverksmiðja	180	100	110	225,0	-52,8	0,0
6. Annar iðnaður (en 3 -5)	4.800	4.770	5.530	-13,5	-11,5	10,0
7. Flutningatæki	3.820	9.620	9.230	96,5	123,9	-8,0
8. Verslunar-, skrifstofu-, gistihús o.fl.	4.650	4.110	4.400	-10,0	-15,0	0,0
9. Ýmsar vélar og tæki	3.500	4.000	4.940	-29,8	20,0	18,0
II Íbúðarhús	**12.450**	**14.700**	**16.500**	**-**	**-**	**5,0**
III Byggingar og mannvirki hins opinbera	**17.300**	**21.000**	**22.000**	**-0,4**	**-0,7**	**-1,9**
1. Rafvirkjanir og rafveitur	2.930	4.800	4.500	25,0	45,5	-12,0
2. Hita- og vatnsveitur	2.170	1.900	1.750	7,5	20,2	-14,0
þar af hitaveitur	(1.800)	(1.150)	(1.070)	9,8	-38,6	-13,0
3. Samgöngumannvirki	6.100	7.300	8.000	-10,4	-3,7	2,0
4. Byggingar hins opinbera	6.100	7.000	7.750	-1,6	-8,9	3,0

1) Magnbreytingar 1989 eru miðaðar við fast verðlag ársins 1980. Magnbreytingar 1990 eru miðaðar við verðlag ársins 1989 en magnbreytingar 1991 eru miðaðar við verðlag ársins 1990.

2) Fiskeldisstöðvar meðtaldar.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

II Fjárfesting

Tafla 9 Fjárfesting, sparnaður og viðskiptahalli 1988-1991

(m.kr.)

	1988	1989	Áætluð útkoma 1990	Spá 1991
Verg landsframleiðsla (m.kr.)	**254.639**	**293.918**	**335.100**	**363.600**
Heildarfjárfesting (m.kr.)	**48.032**	**54.500**	**65.300**	**69.300**
a. Atvinnuvegir	23.959	24.750	29.600	30.800
b. Íbúðarhús	10.106	12.450	14.700	16.500
c. Opinberar framkvæmdir	13.967	17.300	21.000	22.000
Heildarfjárfesting í % af VLF	**18,9**	**18,5**	**19,5**	**19,1**
a. Atvinnuvegir	9,4	8,4	8,8	8,5
b. Íbúðarhús	4,0	4,2	4,4	4,5
c. Opinberar framkvæmdir	5,5	5,9	6,3	6,1
Heildarfjárfesting, hlutfallsleg skipting	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**
a. Atvinnuvegir	49,9	45,4	45,3	44,5
b. Íbúðarhús	21,0	22,9	22,5	23,8
c. Opinberar framkvæmdir	29,1	31,7	32,2	31,7
Verg landsframleiðsla, magnbreyting milli ára	**-0,8**	**-3,4**	**0,0**	**1,5**
Heildarfjárfesting, magnbreyting milli ára	**-1,3**	**-10,0**	**4,5**	**0,0**
a. Atvinnuvegir	-7,9	-19,0	9,5	-1,2
b. Íbúðarhús	10,6	0,0	0,0	5,0
c. Opinberar framkvæmdir	4,4	-0,4	0,7	-1,9
Hlutfallstölur (% af VLF)				
Heildarfjárfesting	18,9	18,5	19,5	19,1
+Birgðabreytingar	0,7	-0,2	-	-
-Heildarsparnaður	16,0	16,7	17,5	17,5
Mismunur = viðskiptahalli	3,6	1,6	2,0	1,6

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 10 Byggingar og mannvirki hins opinbera 1989-1991
(m.kr.)

	Verðlag hvers árs			Verðlag ársins 1989		
	Bráðab.-tölur 1989	Áætluð útkoma 1990	Áætlun 1991	Bráðab.-tölur 1989	Áætluð útkoma 1990	Áætlun 1991
Rafvirkjanir og rafveitur	2.930	4.800	4.500	2.930	4.263	3.764
Þar af: Landsvirkjun	(1.730)	(3.400)	(3.000)	(1.730)	(2.906)	(2.423)
Hitaveitur	1.800	1.150	1.070	1.800	1.106	961
Vatnsveitur	370	750	680	370	625	530
Vegir og brýr	1.700	2.340	2.700	1.700	1.857	2.003
Götur og holræsi	2.150	2.600	2.950	2.150	2.063	2.188
Hafnir og vitar	900	880	900	900	698	668
Flugvellir	580	355	330	580	282	245
Póstur og sími, útvarp	770	1.125	1.120	770	975	907
Skólar og íþróttamannvirki	2.250	2.600	2.900	2.250	2.063	2.151
Sjúkrahús	1.400	1.500	1.650	1.400	1.191	1.224
Félagsheimili og kirkjur	250	300	320	250	239	237
Aðrar byggingar hins opinbera	2.200	2.600	2.880	2.200	2.063	2.136
Samtals	**17.300**	**21.000**	**22.000**	**17.300**	**17.425**	**17.014**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 11 Raforku- og rafveituframkvæmdir 1991
(m.kr.)

		Fjármögnun		
	Áætluð fjárf.-útgjöld 1991	Fjárveiting	Úr rekstri eða sjóðum	Lántaka
1. Landsvirkjun	3.000 1)	-	350	2.650 2)
2. Almennar framkvæmdir RARIK	375	-	375	-
3. Dreifikerfi í sveitum	21	21	-	-
4. Sveitarafvæðing	10	10	-	-
5. Orkubú Vestfjarða	100	-	100	-
6. Framkvæmdir sveitarfélaga	994	-	994	-
Samtals	**4.500**	**31**	**1.819**	**2.650**

1) Án vaxta á byggingartíma.
2) Auk þess lántaka vegna vaxta á byggingartíma 350 m.kr.
Heimild: Fjármálaráðuneyti, Þjóðhagsstofnun.

II Fjárfesting

Tafla 12 Hitaveitu- og vatnsveituframkvæmdir 1991
(m.kr.)

		Fjármögnun	
	Framkvæmdir	Fjárveiting	Úr rekstri eða sjóðum
I Hitaveitur	**1.058**	**-**	**1.058**
Hitaveita Reykjavíkur	850	-	850
Aðrar hitaveitur	208	-	208
II Til annarra verkefna	**12**	**12**	**-**
Jarðhitaleit	12	12	-
Samtals I+II	**1.070**	**12**	**1.058**
III Vatnsveitur	**680**	**-**	**680**
Vatnsveita Reykjavíkur	280	-	280
Aðrar vatnsveitur	400	-	400
Samtals I+II+III	**1.750**	**12**	**1.738**

Heimild: Fjármálaráðuneyti, Þjóðhagsstofnun

Tafla 13 Samgönguframkvæmdir 1991
(m.kr.)

		Fjármögnun		
	Áætluð fjárfestingar-útgjöld 1991	Fjárveiting	Frá sveitar-félögum, fyrirtækjum og lánasjóðum	Lántaka
1. Vegir og brýr	2.700	2.350	-	350
2. Götur og holræsi	2.950	347	2.603	-
3. Hafnir og vitar	900	490	410	-
4. Flugvellir	330	330	-	-
5. Póstur og sími, útvarp[1)]	1.120	-	1.120	-
Samtals	**8.000**	**3.517**	**4.133**	**350**

1) Póst- og símamálastofnunin 970 m.kr., hljóðvarp og sjónvarp 150 m.kr.
Heimild: Fjármálaráðuneyti, Þjóðhagsstofnun.

Tafla 14 Opinberar byggingar 1991
(m.kr.)

	Áætluð fjárfestingar-útgjöld 1991	Fjármögnun: Fjárveiting	Fjármögnun: Frá sveitar-félögum, fyrirtækjum og lánasjóðum
1. Skólar og íþróttamannvirki	2.900	800	2.100
2. Sjúkrahús	1.650	1.100	550
3. Félagsheimili og kirkjur	320	9	311
4. Aðrar opinberar byggingar	2.880	650	2.230
Samtals	**7.750**	**2.559**	**5.191**

Heimild: Fjármálaráðuneyti, Þjóðhagsstofnun.

III Fjármögnun

Tafla 15 Heildaryfirlit yfir innlendar og erlendar lántökur 1991
(m.kr.)

Upprunalegir lántakar	Sala ríkis bréfa	Verðbréfa-kaup líf-eyrissjóða	Önnur innlend lántaka	Innlend lántaka alls	Erlend lán	Heildar-lántökur
I Opinberir aðilar	**11.650**	**-**	**-**	**11.650**	**3.100**	**14.750**
Ríkissjóður, A-hluti	11.650	-	-	11.650	-	11.650
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	-	-	-	-	3.000	3.000
Sveitarfélög	-	-	-	-	100	100
II Opinberar lánastofnanir	**-**	**15.415**	**5.250**	**20.665**	**3.500**	**24.165**
Byggingarsjóður ríkisins	-	6.580	-250	6.330	-	6.330
Byggingarsjóður verkamanna	-	3.560	-	3.560	-	3.560
Húsbréf	-	4.930	5.000	9.930	-	9.930
Byggðastofnun	-	100	-	100	900	1.000
Fiskveiðasjóður	-	-	-	-	1.200	1.200
Stofnlánadeild landbúnaðarins	-	245	-	245	-	245
Iðnlánasjóður	-	-	400	400	950	1.350
Iðnþróunarsjóður	-	-	100	100	400	500
Útflutningslánasjóður	-	-	-	-	50	50
III Atvinnufyrirtæki					**10.500**	**10.500**
Heildarlántökur samtals (I+II+III)	**11.650**	**15.415**	**5.250**	**32.315**	**17.100**	**49.415**

IV Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 16 **Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða 1986-1991**
Bráðabirgðatölur 1989, áætlun 1990-1991
(m.kr.)

		1986	1987	1988	1989	1990	1991
Uppruni fjár:							
1	Eigið framlag	3.964	5.851	9.272	12.912	14.700	19.300
11	Afborganir	1.896	2.738	4.105	6.924	14.900	19.600
12	Vextir	2.207	3.329	5.404	6.175		
13	Annað, nettó	-139	-216	-237	-187	-200	-300
2	Framlög, nettó	3.006	4.004	5.482	6.492	7.900	8.100
21	Iðgjöld	5.316	7.396	10.020	11.643	14.150	15.000
22	Lífeyrissjóður	-2.302	-3.394	-4.520	-5.131	-6.250	-6.900
23	Endurgreidd iðgjöld	-4	-8	-13	-12	-	-
24	Flutt lífeyrisjóðsréttindi	-4	10	-5	-8	-	-
3	**Uppruni (1+2) = Ráðstöfun (4+5+6)**	**6.970**	**9.855**	**14.754**	**19.404**	**22.600**	**27.400**
Ráðstöfun fjár:							
4	Útlán og verðbréfakaup	6.344	9.360	14.241	18.860	22.600	27.400
41	Byggingarsjóðir [1]	2.310	4.195	7.340	9.680	10.900	10.100
42	Húsbréf [2]	-	-	-	-	2.400	4.900
43	Önnur útlán	4.034	5.165	6.901	9.180	9.300	12.400
5	Sjóðsbreyting	515	376	383	183	-	-
6	Annað, nettó	111	119	130	361	-	-

1) Útlán til byggingarsjóða reiknuð sem 55% af áætluðu ráðstöfunarfé árið 1989, 45% árið 1990 og 37% árið 1991.

2) Kaup á húsbréfum reiknuð sem 10% af áætluðu ráðstöfunarfé árið 1990 og 18% árið 1991.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

IV Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 17 Byggingarsjóður ríkisins 1989-1991
(m.kr.)

	Reikningur 1989	Áætlun 1990	Frumvarp 1991
Innstreymi	**11.618**	**12.700**	**11.105**
Ríkissjóður	550	45	-
Lífeyrissjóðir	7.317	7.230	6.580
Ríkisábyrgðasjóður, lán	-	129	-
Skyldusparnaður, nettó	-164	-200	-250
Afborganir, vextir og verðbætur	3.334	4.463	4.649
Uppgjör við veðdeild Landsbanka Íslands	29	40	38
Tekjur tæknideildar	56	90	88
Sjóðsminnkun	496	903	-
Útstreymi	**11.618**	**12.700**	**11.105**
Rekstrarkostnaður	278	340	300
Afborganir, vextir og verðbætur	3.272	4.260	5.676
Skyldusparnaðardómur	174	-	-
Byggingarsjóður verkamanna vegna endursöluíbúða	122	110	170
Veitt lán	7.592	7.850	4.939
Annað	180	140	20

Heimild: Fjármálaráðuneyti.

IV Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 18 Byggingarsjóður verkamanna 1989-1991
(m.kr.)

	Reikningur 1989	Áætlun 1990	Frumvarp 1991
Innstreymi	**4.000**	**4.700**	**5.466**
Ríkissjóður	600	490	700
Framlag sveitarfélaga	150	145	200
Kaupendur eldri íbúða	48	40	65
Byggingarsjóður ríkisins vegna endursöluíbúða	122	110	170
Byggingarsjóður ríkisins, bráðabirgðalán	81	-	-
Lífeyrissjóðir	2.375	2.940	3.560
Afborganir, vextir og verðbætur	530	540	616
Verðbætur á framkvæmdalán vegna uppgjörs	89	235	155
Sjóðsminnkun	-	200	-
Annað	5	-	-
Útstreymi	**4.000**	**4.700**	**5.466**
Rekstrarkostnaður o.fl.	82	120	110
Afborganir, vextir og verðbætur	794	1.053	1.576
Sjóðshækkun	208	-	-
Veitt lán	2.916	3.527	3.780

Heimild: Fjármálaráðuneyti.

IV Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 19 Greiðsluáætlun

(m.kr.)	Byggingarsj. ríkisins	Byggingarsj. verkamanna	Framkv.-sjóður	Byggða-stofnun	Atvinnu-tr.sjóður	Fiskveiða-sjóður	Iðnlána-sjóður	Iðnþróunar-sjóður	Stofnlánad. landb.	Stofnlánad. samv.fél.
Innstreymi:	**11.105**	**5.466**	**6.070**	**3.235**	**1.064**	**5.950**	**3.065**	**1.440**	**2.065**	**215**
Sjóðslækkun	-	-	-	-	-	-	100	60	-	-
Innheimtar afborganir	1.824	457	3.300	1.045	291	2.500	765	465	635	115
hjá fjárf.lánasjóðum	43	-	2.675	-	-	-	-	5	-	-
hjá öðrum	1.781	457	625	1.045	291	2.500	765	460	635	115
Innheimtir vextir	2.825	159	2.750	940	448	2.250	690	360	280	75
hjá fjárf.lánasjóðum	34	-	2.125	-	-	-	15	5	-	-
hjá öðrum	2.791	159	625	940	448	2.250	675	355	280	75
Tekin lán	6.330	3.730	-	1.000	325	1.200	1.350	500	745	18
hjá Framkvæmdasjóði	-	-							500	-
hjá bankakerfi	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
hjá lífeyrissjóðum	6.580	3.560	-	100	-	-	-	-	245	18
hjá öðrum innl. aðilum	-250	170	-	-	325	-	400	100	-	-
erlend lán	-	-	-	900	-	1.200	950	400	-	-
Framlög og skatttekjur	-	900	-	250	-	-	150	-	395	-
frá ríkissjóði	-	700	-	250	-	-	-	-	54	-
frá sveitarfélögum	-	200	-	-	-	-	-	-	-	-
frá öðrum	-	-	-	-	-	-	150	-	341	-
Aðrar tekjur	126	220	20	-	-	-	10	55	10	7
Útstreymi:	**11.105**	**5.466**	**6.070**	**3.235**	**1.064**	**5.950**	**3.065**	**1.440**	**2.065**	**215**
Sjóðsaukning	-	-	150	60	-	-	-	-	-	-
Rekstrarkostnaður	300	110	60	250	17	150	95	60	65	7
Fjárfesting	20	-	-	-	-	-	20	-	-	-
Greiddar afborganir	2.437	606	2.110	770	414	2.845	680	75	995	158
til ríkissjóðs	533	90	-	-	-	-	-	-	-	-
til bankakerfis	-	-	200	63	-	1.900	-	-	-	-
til lífeyrissjóða	1.865	473	235	84	-	-	45	-	365	123
til Framkvæmdasjóðs	-	-	-	597	-	765	450	-	630	35
til Byggingarsj. ríkisins	-	43	-	-	-	-	-	-	-	-
til Iðnþróunarsjóðs	-	-	-	-	-	-	5	-	-	-
til Seðlabanka	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
til annarra innl. aðila	39	-	-	-	414	-	-	-	-	-
til erlendra aðila	-	-	1.675	26	-	180	180	75	-	-
Greiddir vextir	3.239	970	2.900	735	633	2.305	570	210	470	50
til ríkissjóðs	291	66	-	12	78	-	-	-	-	-
til bankakerfis	-	-	440	90	-	955	-	-	-	-
til lífeyrissjóða	2.910	870	520	25	-	-	14	-	168	37
til Framkvæmdasjóðs	-	-	-	285	125	865	306	-	302	13
til Byggingarsj. ríkisins	-	34	-	-	-	-	-	-	-	-
til Iðnþróunarsjóðs	-	-	-	-	-	-	5	-	-	-
til Seðlabanka	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
til annarra innl. aðila	38	-	-	-	430	100	-	15	-	-
til erlendra aðila	-	-	1.940	323	-	385	245	195	-	-
Hlutafjárkaup	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Endurgreidd stofnframlög	-	-	-	-	-	-	-	70	-	-
Veitt lán og styrkir	5.109	3.780	850	1.420	-	650	1.700	1.025	535	-
til fjárfestingarsjóða	170	-	650	-	-	-	-	-	-	-
til fyrirt. og einstaklinga	4.939	3.780	200	1.420	-	650	1.700	1.025	535	-

Heimild: Fjármálaráðuneyti.

IV Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

fjárfestingarlánasjóða 1991

(m.kr.)	Verslunarlána-sjóður	Ferðamála-sjóður	Landflutn.-sjóður	Utflutnings-lánasjóður	Þróunar-félag	Lánasj. sveitarf.	Framleiðnisj. landbún.	Innbyrðis færsla	Samtals
Innstreymi:	**815**	**310**	**50**	**310**	**565**	**785**	**695**	**-5.722**	**37.483**
Sjóðslækkun	-	-	-	-	23	-	-	-	**183**
Innheimtar afborganir	225	50	20	224	330	414	13	-2.723	**9.950**
hjá fjárf.lánasjóðum	-	-	-	-	-	-	-	-2.723	-
hjá öðrum	225	50	20	224	330	414	13	-	**9.950**
Innheimtir vextir	400	125	5	33	100	190	10	-2.179	**9.461**
hjá fjárf.lánasjóðum	-	-	-	-	-	-	-	-2.179	-
hjá öðrum	400	125	5	33	100	190	10	-	**9.461**
Tekin lán	185	125	25	50	110	56	-	-820	**14.929**
hjá Framkvæmdasjóði	-	125	25	-	-	-	-	-650	-
hjá bankakerfi	-	-	-	-	110	56	-	-	**166**
hjá lífeyrissjóðum	185	-	-	-	-	-	-	-	**10.688**
hjá öðrum innl. aðilum	-	-	-	-	-	-	-	-170	**575**
erlend lán	-	-	-	50	-	-	-	-	**3.500**
Framlög og skatttekjur	-	-	-	-	-	113	672	-	**2.480**
frá ríkissjóði	-	-	-	-	-	-	651	-	**1.655**
frá sveitarfélögum	-	-	-	-	-	113	-	-	**313**
frá öðrum	-	-	-	-	-	-	21	-	**512**
Aðrar tekjur	5	10	-	3	2	12	-	-	**480**
Útstreymi:	**815**	**310**	**50**	**310**	**565**	**785**	**695**	**-5.722**	**37.483**
Sjóðsaukning	-	-	-	18	-	-	-	-	**228**
Rekstrarkostnaður	15	2	-	8	20	15	12	-	**1.186**
Fjárfesting	-	-	-	-	3	3	-	-	**46**
Greiddar afborganir	280	83	19	68	8	118	28	-2.723	**8.971**
til ríkissjóðs	-	-	-	-	-	-	-	-	**623**
til bankakerfis	-	28	-	-	-	-	-	-	**2.191**
til lífeyrissjóða	280	-	-	-	-	-	-	-	**3.470**
til Framkvæmdasjóðs	-	55	19	-	6	118	-	-2.675	-
til Byggingarsj. ríkisins	-	-	-	-	-	-	-	-43	-
til Iðnþróunarsjóðs	-	-	-	-	-	-	-	-5	-
til Seðlabanka	-	-	-	-	-	-	28	-	**28**
til annarra innl. aðila	-	-	-	-	2	-	-	-	**455**
til erlendra aðila	-	-	-	68	-	-	-	-	**2.204**
Greiddir vextir	335	105	7	16	65	54	5	-2.179	**10.490**
til ríkissjóðs	-	-	-	-	-	-	-	-	**447**
til bankakerfis	-	-	-	-	-	-	-	-	**1.485**
til lífeyrissjóða	335	-	-	-	-	-	-	-	**4.879**
til Framkvæmdasjóðs	-	105	7	-	63	54		-2.125	-
til Byggingarsj. ríkisins	-	-	-	-	-	-	-	-34	-
til Iðnþróunarsjóðs	-	-	-	-	-	-	-	-5	-
til Seðlabanka	-	-	-	-	-	-	5	-	**5**
til annarra innl. aðila	-	-	-	-	-	-	-	-15	**568**
til erlendra aðila	-	-	-	16	2	-	-	-	**3.106**
Hlutafjárkaup	-	-	-	-	134	-	-	-	**134**
Endurgreidd stofnframlög	-	-	-	-	-	-	-	-	**70**
Veitt lán og styrkir	185	120	24	200	335	595	650	-820	**16.358**
til fjárfestingarsjóða	-	-	-	-	-	-	-	-820	-
til fyrirt. og einstaklinga	185	120	24	200	335	595	650	-	**16.358**

IV Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 20 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1991
(m.kr.)

	Eigin fjáröflun			Lántökur						
	Rekstur og fjárm.-hreyfingar nettó	Sjóðs- og innistæðu-breytingar	Framlög og skatt-tekjur	Fram-kvæmda-sjóður	Líf-eyris-sjóðir	Banka-kerfið	Önnur lán	Erlend lán	Samtals	Útlán og styrkir
Fjárfestingarlánasjóðir alls	-1.005	-45	2.480	(650)	10.688	165	575	3.500	14.928	16.358
Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina	-325	-	-	-	-	-	325	-	325	-
Byggingarsjóður ríkisins	-1.391	-	-	-	6.580	-	-250 [2]	-	6.330	4.939
Byggingarsjóður verkamanna	-680	-	900	-	3.560	-	-	-	3.560	3.780
Byggðastofnun	230	-60	250	-	100	-	-	900	1.000	1.420
Framkvæmdasjóður, vegna lána til fjárfestingarlánasjóða	800	-150	-	-	-	-	-	-	-	- (650) [1]
Framkvæmdasjóður, önnur útlán	200									200
Ferðamálasjóður	-5	-	-	125	-	-	-	-	125	120
Fiskveiðasjóður, vegna greiðsluhalla	-550	-	-	-	-	-	-	550	550	-
Fiskveiðasjóður, útlán	-	-	-	-	-	-	-	650	650	650 [3]
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	-22	-	672	-	-	-	-	-	-	650
Iðnlánasjóður	100	100	150	-	-	-	400	950	1.350	1.700
Iðnþróunarsjóður	465	60	-	-	-	-	100	400	500	1.025
Lánasjóður sveitarfélaga	427	-	113	-	-	55	-	-	55	595
Landflutningasjóður	-1	-	-	25	-	-	-	-	25	24
Stofnlánadeild landbúnaðarins	-605	-	395	500	245	-	-	-	745	535
Stofnlánadeild samvinnufélaga	-18	-	-	-	18	-	-	-	18	-
Útflutningslánasjóður	168	-18	-	-	-	-	-	50	50	200
Verslunarlánasjóður	-	-	-	-	185	-	-	-	185	185
Þróunarfélagið hf.	202	23	-	-	-	110	-	-	110	335

1) Lán til annarra fjárfestingarlánasjóða.
2) Skyldusparnaður ungmenna, nettó.
3) Hér eru ekki meðtalin yfirtekin erlend lán vegna kaupa og breytinga á fiskiskipum.
Heimild: Fjármálaráðuneyti.

V Erlend lán og greiðslujöfnuður

Tafla 21 **Greiðslujöfnuður við útlönd 1989-1991**
(meðalgengi hvers árs, m.kr.)

	1989	Áætlun 1990	Áætlun 1991
Vöruskiptajöfnuður	**7.469**	**7.700**	**10.600**
Útfluttar vörur, alls	80.072	92.300	100.400
Sjávarafurðir	56.812	67.500	73.600
Ál og kísiljárn	13.317	13.130	14.660
Skip og flugvélar	1.518	800	100
Annað	8.425	10.870	12.040
Innfluttar vörur alls	**-72.603**	**-84.600**	**-89.800**
Sérstakur vöruinnflutningur	-10.828	-14.420	-13.100
Skip og flugvélar	-5.841	-9.000	-7.200
Aðrar fjárfestingarvörur	-588	-	-
Rekstrarvörur	-4.399	-	-
Almennur innflutningur	-61.775	-70.180	-76.700
Olía	-5.990	-7.440	-8.900
Annað	-55.785	-62.740	-67.800
Þjónustujöfnuður	**-12.084**	**-14.400**	**-16.300**
Þjónustujöfnuður án vaxta	**867**	**100**	**-800**
Útflutt þjónusta án vaxta	29.149	37.800	40.500
Innflutt þjónusta án vaxta	-28.282	-37.700	-41.300
Vaxtajöfnuður	-12.951	-14.500	-15.500
Viðskiptajöfnuður	**-4.615**	**-6.700**	**-5.700**
í % af landsframleiðslu	-1,6	-2,0	-1,6
Framlög án endurgjalds	**-185**	**-**	**-**
Fjármagnsjöfnuður	**7.778**	**8.700**	**4.900**
Erlent einkafjármagn	-1.864	-	-
Langar lántökur, nettó	15.945	9.400	2.000
Innkomin löng lán, alls	25.164	20.400	17.100
Afborganir	9.220	11.000	15.100
Stuttar fjármagnshreyfingar	-6.303	-700	2.900
Skekkjur og vantalið	**818**	**-**	**-**
Heildargreiðslujöfnuður	**3.796**	**2.000**	**-800**
(Breyting á gjaldeyrisstöðu Seðlabanka)			

Heimild: Seðlabanki Íslands.

V Erlend lán og greiðslujöfnuður

Tafla 22 Staða þjóðarbúsins út á við 1981-1991
(meðalgengi hvers árs, m.kr.)

	Löng erlend lán	Erlend skammtímalán			Gjald-eyris-staða	Nettó staða við útlönd	Verg lands-framleiðsla	Staða í % af VLF	
		Skuldir	Eignir	nettó				Löng lán	Nettó staða
	(1)	(2)	(3)	(5)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)
1981	-7.521	-1.270	680	-590	1.451	-6.660	24.336	30,9	27,4
1982	-14.904	-2.380	1.090	-1.290	1.101	-15.093	38.132	39,1	39,6
1983	-32.127	-4.264	2.921	-1.343	2.280	-31.191	65.837	48,8	47,4
1984	-42.559	-6.995	4.389	-2.606	1.763	-43.402	87.508	48,6	49,6
1985	-60.857	-13.472	4.133	-9.339	7.297	-62.899	119.091	51,1	52,8
1986	-75.082	-12.574	5.028	-7.546	11.266	-71.362	158.597	47,3	45,0
1987	-83.806	-17.012	6.224	-10.768	10.420	-84.154	208.099	40,3	40,4
1988	-105.546	-20.854	8.873	-11.981	11.102	-106.425	254.639	41,4	41,8
1989	-150.887	-20.156	10.518	-9.638	18.350	-142.175	293.918	51,3	48,4
1990	-173.000	...	...	-9.100	21.200	-160.900	335.100	51,6	48,0
1991	-175.000	...	...	-12.000	20.400	-166.600	363.600	48,1	45,8

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 23 Greiðslubyrði erlendra lána 1981-1991
(meðalgengi hvers árs)

	Löng erlend lán			Nettó vaxta-greiðslur	Útflutn-ings-tekjur	Greiðslubyrði af útflutningstekjum, %				
	Afborgun (1)	Vextir (2)	Samtals (3)	(4)	(5)	Afborg-anir (1:5) (6)	Vextir (2:5) (7)	Samtals (6+7) (8)	Nettó (4:5) (9)	Alls (6+9) (10)
1981	633	827	1.460	802	8.887	7,1	9,3	16,4	9,0	16,1
1982	1.230	1.541	2.771	1.475	13.063	9,4	11,8	21,2	11,3	20,7
1983	2.674	2.974	5.648	3.050	27.456	9,7	10,8	20,6	11,1	20,8
1984	4.278	4.177	8.455	4.555	34.792	12,3	12,0	24,3	13,1	25,4
1985	4.456	5.259	9.715	5.605	50.490	8,8	10,4	19,2	11,1	19,9
1986	5.937	6.152	12.089	6.226	63.938	9,3	9,6	18,9	9,7	19,0
1987	5.777	6.158	11.935	6.213	74.544	7,7	8,3	16,0	8,3	16,0
1988	6.597	7.593	14.190	8.173	85.266	7,7	8,9	16,6	9,6	17,3
1989	9.124	12.290	21.414	12.951	110.838	8,2	11,1	19,3	11,7	19,9
1990 [1]	11.000	14.200	25.200	14.500	130.100	8,5	10,9	19,4	11,1	19,6
1991 [2]	15.100	15.100	30.200	15.500	140.900	10,7	10,7	21,4	11,0	21,7

1) Ný áætlun 1990.
2) Lánsfjáráætlun 1991.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

V Erlend lán og greiðslujöfnuður

Tafla 24 Erlendar lántökur til langs tíma, landsframleiðsla og verðmætaráðstöfun 1987-1991

	Í milljónum króna					Hlutfallsleg skipting				
	1987	1988	1989	1990	1991	1987	1988	1989	1990	1991
1. Lántökur										
Lántökur, alls	**12.819**	**16.706**	**25.811**	**20.400**	**17.100**	**100**	**100**	**100**	**100**	**100**
Opinberir aðilar	3.213	4.949	9.715	4.800	3.100	25	30	38	24	18
Lánastofnanir	3.187	3.670	4.967	3.500	3.500	25	22	19	17	20
Einkaaðilar [1]	6.419	8.087	11.129	12.100	10.500	50	48	43	59	61
2. Nettó hreyfing										
Lántökur, nettó	**7.042**	**10.109**	**16.687**	**9.400**	**2.000**	**100**	**100**	**100**	**100**	**100**
Opinberir aðilar	679	2.971	6.736	1.630	-1.260	10	29	40	17	-63
Lánastofnanir	2.732	3.211	4.338	2.470	1.940	39	32	26	26	97
Einkaaðilar	3.631	3.927	5.613	5.300	1.320	52	39	34	56	66
3. Fjárfesting										
Heildarfjárfesting	**38.890**	**48.032**	**54.500**	**65.300**	**69.300**	**100**	**100**	**100**	**100**	**100**
Opinberar framkvæmdir	10.370	23.959	24.750	29.600	30.800	27	50	45	45	44
Íbúðarhús	7.230	10.106	12.450	14.700	16.500	19	21	23	23	24
Atvinnuvegir	21.290	13.967	17.300	21.000	22.000	55	29	32	32	32
4. Lántökur alls í % af fjárfestingu	**33,0**	**34,8**	**47,4**	**31,2**	**24,7**					
5. Lántökur nettó í % af fjárfestingu	**18,1**	**21,0**	**30,6**	**14,4**	**2,9**					

1) Erlendar lántökur fjármögnunarleigufyrirtækja meðtaldar.
Heimild: Seðlabanki og Þjóðhagsstofnun.

Tafla 25 Þjóðhagsyfirlit 1981-1991

	Magnbreyting frá fyrra ári, %										
	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	Bráðab. 1989	Spá 1990	Spá 1991
Einkaneysla	7,1	5,3	-6,1	3,2	4,5	8,0	16,4	-4,0	-8,0	-1,5	1,5
Samneysla	7,3	6,2	4,7	0,2	6,2	6,8	6,1	4,2	1,0	1,0	2,0
Fjárfesting	1,0	-0,5	-12,3	9,2	2,0	-1,2	19,0	-1,3	-10,0	4,5	0,0
Þjóðarútgjöld	6,1	5,1	-8,8	6,1	3,0	5,1	15,8	-1,0	-7,6	0,5	1,2
Verg landsframleiðsla	4,1	2,0	-3,9	3,8	3,4	7,4	8,7	-0,8	-3,4	0,0	1,5
Viðskiptajöfnuður sem % af VLF	-4,2	-8,2	-1,9	-4,7	-4,0	0,3	-3,5	-3,6	-1,6	-2,0	-1,6

V Erlend lán og greiðslujöfnuður

Tafla 26 Löng erlend lán 1982-1991, flokkuð eftir lánnotendum*)
(meðalgengi hvers árs, m.kr.)

	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	Áætlun 1990	Áætlun 1991
1 Lántökur:										
Opinberir aðilar	2.267	3.705	4.111	5.727	5.816	3.213	4.949	9.715	4.800	3.100
Lánastofnanir	585	908	1.982	1.945	2.106	3.187	3.670	4.967	3.500	3.500
Einkaaðilar	781	964	1.416	2.260	4.120	6.419	8.087	11.129	12.100	10.500
Samtals	**3.633**	**5.577**	**7.509**	**9.932**	**12.042**	**12.819**	**16.706**	**25.811**	**20.400**	**17.100**
2 Afborganir:										
Opinberir aðilar	494	1.084	1.546	1.791	2.680	2.534	1.978	2.979	3.170	4.360
Lánastofnanir	166	351	491	658	603	455	459	629	1.030	1.560
Einkaaðilar	570	1.239	2.241	2.007	2.654	2.788	4.160	5.516	6.800	9.180
Samtals	**1.230**	**2.674**	**4.278**	**4.456**	**5.937**	**5.777**	**6.597**	**9.124**	**11.000**	**15.100**
3 Nettó hreyfing:										
Opinberir aðilar	1.773	2.621	2.565	3.936	3.136	679	2.971	6.736	1.630	-1.260
Lánastofnanir	419	557	1.491	1.287	1.503	2.732	3.211	4.338	2.470	1.940
Einkaaðilar	211	-275	-825	253	1.466	3.631	3.927	5.613	5.300	1.320
Samtals	**2.403**	**2.903**	**3.231**	**5.476**	**6.105**	**7.042**	**10.109**	**16.687**	**9.400**	**2.000**
4 Vaxtagreiðslur:										
Opinberir aðilar	975	2.013	2.894	3.656	4.382	4.258	4.918	7.221	7.650	7.850
Lánastofnanir	132	298	449	692	806	880	1.247	2.372	2.790	3.150
Einkaaðilar	434	663	834	911	964	1.020	1.429	2.697	3.760	4.100
Samtals	**1.541**	**2.974**	**4.177**	**5.259**	**6.152**	**6.158**	**7.594**	**12.290**	**14.200**	**15.100**
5 Staða í árslok:										
Opinberir aðilar	9.847	21.973	29.475	42.293	50.755	52.294	62.813	86.301	95.260	94.000
Lánastofnanir	1.439	3.400	5.693	8.735	11.778	14.945	20.264	30.245	34.100	36.000
Einkaaðilar	3.618	6.754	7.391	9.829	12.549	16.569	22.469	34.341	43.640	45.000
Samtals	**14.904**	**32.127**	**42.559**	**60.857**	**75.082**	**83.808**	**105.546**	**150.887**	**173.000**	**175.000**
Gengisforsendur [1]										
SDR = Krónur	13,71	26,60	32,38	42,18	48,18	49,92	57,78	73,12	79,10	79,10
6 Meðalvextir: [2]										
Opinberir aðilar	11,6	10,1	10,6	9,3	9,1	8,2	8,1	8,9	8,1	8,3
Lánastofnanir	10,8	9,6	9,6	8,9	7,6	6,8	7,0	8,8	8,7	9,0
Einkaaðilar	12,5	9,6	10,4	9,5	8,4	7,4	7,3	9,0	9,4	9,4
Meðaltal	**11,8**	**9,9**	**10,4**	**9,3**	**8,7**	**7,8**	**7,8**	**8,9**	**8,6**	**8,7**

*) Erlend lán viðskiptabanka eru flokkuð eftir endurlánum þeirra.
1) Áætlað meðalgengi 1991 er 8,4% yfir meðalgengi 1990.
2) Breytilegir vextir, LIBOR-USD eru áætlaðir 8,5% 1990 og 9,0% 1991.
Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fylgiskjal 1

Yfirlit yfir lagabreytingar

Hér fer á eftir yfirlit yfir þær lagabreytingar sem gert er ráð fyrir í forsendum fjárlagafrumvarpsins. Í frumvarpi til lánsfjárlaga er sótt um nauðsynlegar breytingar á lögum til skerðingar á framlögum og heimildir til innlendrar lántöku ríkissjóðs og annarra opinberra aðila. Auk þess er þar leitað heimilda til ábyrgðaveitinga og skuldbreytinga á lánum ríkissjóðs og fleiri aðila.

Lagabreytingar vegna tekjuhliðar frumvarpsins

Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt. Ákveða þarf persónuafslátt, barnabætur o.fl. fyrir árið 1991. Þá er stefnt að endurskoðun á tekjuskattsálagningu lögaðila.

Setning laga um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Framlenging á lögum nr. 127/1989, um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Breyting á lögum nr. 78/1980, um jöfnunargjald. Lækka á gjaldið í áföngum á næsta ári.

Setning laga um tryggingaiðgjald. Stefnt er að einfaldari og samræmdri álagningu launatengdra gjalda með því að fella launaskatt, lífeyris-, slysa- og atvinnuleysistryggingagjald og vinnueftirlitsgjald í eitt gjald, tryggingaiðgjald, sem innheimt verður samhliða staðgreiðslu tekjuskatts.

Lagabreytingar vegna gjaldahliðar frumvarpsins

Almannatryggingar. Lagt verður fyrir Alþingi frumvarp til breytinga á lögum nr. 67/1971, með breytingum á bótakerfi almannatrygginga.

Hafnarmálagjald. Áformað er að setja lög um sérstakt hafnarmálagjald til að standa straum af kostnaði við rekstur og framkvæmdir þeirra stofnana sem annast hafnarmál.

Stofnlánadeild landbúnaðarins og lífeyrissjóður bænda. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr 1. gr. laga nr. 41/1982, skal framlag ríkissjóðs til stofnlánadeildar eigi nema hærri fjárhæð en 53.680 þús.kr. á árinu 1991. Þetta framlag er til Lífeyrissjóðs bænda en skv. 19. gr. laga nr. 50/1985 skal Stofnlánadeild landbúnaðarins standa undir 37,5% lífeyrisgreiðslna til ársloka 1989. Flutt verður frumvarp þess efnis að gildistími þessa ákvæðis framlengist.

Lífeyrissjóðir starfsmanna ríkisins og hjúkrunarkvenna. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 25. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og 21. gr. laga nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, skal endurgreiðsla ríkissjóðs til sjóðanna vegna hækkunar á áður úrskurðuðum lífeyri eigi nema hærri fjárhæð en 700.000 þús. kr. á árinu 1991 og skiptast á milli sjóðanna í hlutfalli við óskertar endurgreiðslukröfur.

Bjargráðasjóður. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs á árinu 1991 falla niður.

Hafnabótasjóður. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 69/1984, um Hafnabótasjóð, skal framlag ríkissjóðs ekki nema hærri fjárhæð en 50.000 þús. kr. á árinu 1991.

Fiskveiðasjóður. Þrátt fyrir ákvæði d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1991.

Iðnlánasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 3. tölul. 9. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins falla niður á árinu 1991.

Ferðamálaráð. Þrátt fyrir ákvæði 8. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs ekki nema hærri fjárhæð en 68.000 þús. kr. á árinu 1991.

Kvikmyndasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 81.000 þús. kr. á árinu 1991.

Menningarsjóður. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 50/1957, um Menningarsjóð, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi nema hærri fjárhæð en 10.500 þús. kr. á árinu 1991.

Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum. Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 32/1979, um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, falla þær greiðslur niður á árinu 1991. Þess í stað skal sá hluti framleiðendagjalds, sbr. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sem tekinn hefur verið inn í verðlag búvara, ganga til greiðslu kostnaðar við forfallaþjónustuna eftir nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra.

Ríkisútvarpið. Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, skulu aðflutningsgjöld af innfluttum hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum til þeirra renna í ríkissjóð á árinu 1991.

Listskreytingasjóður ríkisins. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. gr. laga nr. 34/1982, um Listskreytingasjóð ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi vera hærra en 12.000 þús. kr. á árinu 1991.

Eyðing refa og minka. Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka, skal framlag ríkissjóðs vegna bóta fyrir eyðingu refa og minka eigi vera hærra en 19.640 þús. kr. á árinu 1991.

Skipulagsgjald. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 25. gr. laga nr. 19/1964, skipulagslaga, sbr. lög nr. 42/1974, skal mótframlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1991.

Gjald af sláturleyfum. Þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, laga nr. 21/1976, um flokkun og mat ullar, og laga nr. 22/1976, um flokkun og mat á gærum, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögunum leiðir.

Framkvæmdasjóður aldraðra. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 10. gr. laga nr. 82/1989, um málefni aldraðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs aldraðra eigi vera hærra en 240.000 þús. kr. á árinu 1991. Jafnframt er í athugun að færa út hlutverk sjóðsins.

Framkvæmdasjóður fatlaðra. Þrátt fyrir ákvæði 34.-37. gr. 9. kafla laga nr. 41/1983, um Framkvæmdasjóð fatlaðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra eigi vera hærra en 225.000 þús. kr. á árinu 1991. Jafnframt er í athugun að færa út hlutverk sjóðsins.

Þjóðminjalög. Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. laga nr. 88/1989, þjóðminjalaga, skal framlag ríkissjóðs í Húsafriðunarsjóð eigi nema hærri fjárhæð en 10.500 þús. kr. á árinu 1991.

Sóknargjald. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl., skal hlutdeild sókna, skráðra trúfélaga og Háskólasjóðs í óskiptum tekjuskatti lækka um 5% á árinu 1991.

Kirkjugarðsgjald. Þrátt fyrir ákvæði 26. gr. a laga nr. 21/1963, um kirkjugarða, sbr. lög nr. 89/1987, skal hlutdeild kirkjugarða í óskiptum tekjuskatti lækka um 15% á árinu 1991.

Lyfsölusjóður. Þrátt fyrir ákvæði 42. gr. laga nr. 49/1978, lyfjalaga, með síðari breytingum, skal framlag ríkissjóðs til lyfsölusjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 880 þús. kr. á árinu 1991.

Endurbætur menningarmannvirkja. Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 83/1989, um þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, skal á árinu 1991 heimilt að ráðstafa fé af sérstökum eignarskatti samkvæmt lögunum til framkvæmda við eftirtalin mannvirki: Þjóðleikhús, Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands og Bessastaði.

Fylgiskjal 2

Yfirlit yfir stöðu framkvæmda á vegum Framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins (FIR)

Þetta er yfirlit yfir þær byggingaframkvæmdir ríkisins sem FIR hefur umsjón með og nær aðeins yfir þann hluta heildarkostnaðarins sem bókfærður hefur verið hjá IR. Hönnunarkostnaður og búnaðarkaup fara oft aðrar leiðir. Heildarkostnaðurinn miðast við stöðu 30. júní 1990, framreiknaður miðað við byggingarvísitölu í júlí 1990 (171,8 stig) og meðaltalsvísitölu grunnársins. Aðeins er getið þeirra framkvæmda sem einhver kostnaður hefur fallið á í ár eða á síðastliðnu ári. Stutt lýsing fylgir hverju verki og veitir FIR allar nánari upplýsingar.

Þar sem um er að ræða hreinar ríkisframkvæmdir gefa yfirlitin sem hér koma eftirfarandi upplýsingar:

1. dálkur: Heildarkostnaður framreiknaður m.v. byggingarvísitölu 171,8 1. júlí 1990.
2. dálkur: Bókfærðar greiðslur á verðlagi hvers árs.
3. dálkur: Bókfærður kostnaður 1989 og 1990 á verðlagi hvors árs.

Þar sem um er að ræða sameiginlegar framkvæmdir ríkis- og sveitarfélaga hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu gefur yfirlitið eftirfarandi upplýsingar:

1. dálkur: Bókfærður heildarkostnaður á verðlagi 30. júní 1990.
2. dálkur: Bókfærðar greiðslur á verðlagi hvers árs.
3. dálkur: Hluti sveitarfélaga af bókfærðum greiðslum.
4. dálkur: Bókfærðar greiðslur sveitarfélaga.
5. dálkur: Mismunur á greiðslu og greiðsluskyldu sveitarfélaga.
6. dálkur: Skuld sveitarfélaga ásamt áföllnum verðbótum.
7. dálkur: Hlutfall heildargreiðslna sveitarfélaga af heildarkostnaði.

Verðbætur reiknast frá 1. janúar 1987 á öll framlög sveitarfélaga, samkvæmt umburðarbréfi fjármálaráðuneytis, fjárlaga- og hagsýslustofnunar nr. 3/1987.

Allar fjárhæðir eru í þús. kr.

02 Menntamálaráðuneyti

	Heildar-kostn-aður (1)	Bók-færðar greiðslur (2)	Þar af á árunum 1989 og 1990 (3)
1. Þjóðarbókhlaða	854.377	356.907	155.785
2. Listasafn Íslands	451.626	185.332	28.123
3. Þjóðleikhús	93.099	87.192	85.663
4. Tilraunastöð H.Í. Keldum	4.650	4.411	4.411
5. Menntaskólinn á Egilsstöðum	397.090	89.206	20.017
6. Menntaskólinn á Ísafirði	65.332	263.645	10.863
7. Menntaskólinn á Laugarvatni	25.671	17.534	7.719
8. Menntaskólinn á Akureyri	24.444	15.000	4.246
9. Menntaskólinn við Hamrahlíð	33.551	30.209	27.113
10. Menntaskólinn við Sund	20.834	13.546	6.362
11. Héraðsskólinn Núpi	83.722	24.147	4.255
12. Héraðsskólinn Reykjanesi	36.308	9.453	3.126
13. Héraðsskólinn Reykjum	41.804	13.197	4.257
14. Héraðsskólinn Laugarvatni	19.436	3.691	746
15. Héraðsskólinn Reykholti	116.197	69.998	29.769
16. Héraðsskólinn Skógum	14.157	5.238	552
17. Sjómannaskólinn	99.391	39.203	17.996
18. Kennaraháskóli Íslands	209.233	59.433	12.456
19. Æfingadeild Kennaraháskóla Íslands	11.928	7.967	3.199
20. Fósturskóli Íslands	13.471	5.425	809
21. Íþróttakennaraskóli Íslands	207.730	75.488	5.502
22. Fiskvinnsluskólinn	184.084	109.230	20.145
23. Tækniskóli Íslands	41.613	34.072	28.581
24. Safamýrarskóli	138.619	22.617	3.036
25. Öskjuhlíðarskóli	159.348	68.457	1.795
26. Brautarskóli, við Blesugróf	21.188	15.084	2.596
Samtals	**3.368.903**	**1.625.682**	**489.122**

Skýringar:

1. **Þjóðarbókhlaða.** Almenna verkfræðistofan hf. hefur umsjón með verkinu. Reikningar eru greiddir hjá IR og bókhald fært hjá FIR.

2. **Listasafn Íslands.** Uppsetning á vörulyftu, frágangur á lóð. Búnaðarkaup o.fl.

3. **Þjóðleikhús.** Unnið er við 1. lotu 1. áfanga endurbyggingar Þjóðleikhússins. Ístak hf. hóf framkvæmdir í júní 1990. Verklok eru áætluð 15. febrúar 1991.

4. **Tilraunastöð H.Í. Keldum.** Unnið er að viðgerðum á húsum, endurnýjun á þökum gripahúsa, múrviðgerð og málun skrifstofubyggingar að utan. Einnig er verið að hanna frárennslislagnir fyrir staðinn í heild.

5. **Menntaskólinn á Egilsstöðum.** Skipulagning húsnæðis skólans er í endurskoðun á vegum byggingardeildar menntamálaráðuneytis.

6. **Menntaskólinn á Ísafirði.** Unnið er að frágangi lóðar. Einnig er verið að ganga frá loftræstiinntaki ásamt lítils háttar breytingum.

7. **Menntaskólinn á Laugarvatni.** Unnið er að uppsetningu eldvarnarkerfis í heimavistarhúsi og að viðgerðum á heimavist og íbúð.

8. **Menntaskólinn á Akureyri.** Unnið er að þakviðgerð, endurnýjun herbergja og kennslustofa. Einnig hefur verið skipt um glugga. Unnið hefur verið samkvæmt áætlun um meiri háttar endurbætur.

9. **Menntaskólinn við Hamrahlíð.** Verið er að innrétta húsnæði fyrir bóksölu, aðstöðu nemenda, kennaraaðstöðu o.fl. Einnig er unnið að viðgerð á þaki.

10. **Menntaskólinn við Sund.** Unnið er að úttekt og hönnun vegna fyrirhugaðrar stækkunar á húsnæði skólans. Endurnýjun gólfefna, glerskipti, viðgerð á þökum o.fl. stendur yfir.

11. **Héraðsskólinn Núpi.** Unnið er við uppsetningu eldvarnarkerfis og endurbyggingu kennsluhúsnæðis.

12. **Héraðsskólinn Reykjanesi.** Unnið er að uppsetningu eldvarnarkerfis og minni háttar endurbótum á skólahúsnæði.

13. **Héraðsskólinn Reykjum.** Unnið er að uppsetningu eldvarnarkerfis og minni háttar endurbótum á skólahúsnæði.

14. **Héraðsskólinn Laugarvatni.** Um er að ræða minni háttar viðhald.

15. **Héraðsskólinn Reykholti.** Frágangur á loftræstiklefa í þakrými hefur farið fram. Greiðslur á árinu 1990 eru vegna húsgagnakaupa 1989.

16. **Héraðsskólinn Skógum.** Búnaður, tölvur og lampar vegna neyðarlýsingar. Viðgerð á eldhúsi og mötuneyti.

17. **Sjómannaskólinn.** Endurbygging hófst árið 1974 og er ólokið. Unnið er að endurbótum á húsum, uppsetningu brunavarnarkerfis, lóðarframkvæmdum og búnaðarkaupum.

18. **Kennaraháskóli Íslands.** Unnið er að breytingum og endurbótum ásamt húsgagna- og símstöðvarkaupum fyrir Skipholt 37. Ýmsar lagfæringar á skólahúsnæði og lóð eru áformaðar. Við íþróttahús er unnið að múrviðgerð utanhúss og undirbúningi undir málningu.

19. **Æfingadeild Kennaraháskóla Íslands.** Unnið er að lóðarframkvæmdum og endurbótum á húsnæði.

20. **Fósturskóli Íslands.** Viðgerð á hitakerfi og endurnýjun á gólfefni á stigum stendur yfir.

21. **Íþróttakennaraskóli Íslands.** Undanfarið hefur verið unnið að uppsetningu áhorfendabekkja og endurbótum ýmiss konar utanhúss og innan.

22. **Fiskvinnsluskólinn.** Frágangi við verkkennsluhús er lokið. Ólokið er kaupum á tækjum og búnaði.

23. **Tækniskóli Íslands.** Útgjöld eru vegna innréttingar á bókasafni og tölvuveri.

24. **Safamýrarskóli.** Útgjöld eru vegna búnaðarkaupa og breytinga á húsnæði.

25. **Öskjuhlíðarskóli.** Skrúðgarðaþjónusta vinnur að lóðarfrágangi. Verki er að ljúka en gróðursetningu plantna skal vera lokið fyrir 20. júní 1991.

26. **Brautarskóli, við Blesugróf.** Áfallinn kostnaður er vegna endurnýjunar jarðvatnslagna utanhúss og búnaðarkaupa.

06 Dómsmálaráðuneyti

	Heildar-kostn-aður (1)	Bók-færðar greiðslur (2)	Þar af á árunum 1989 og 1990 (3)
1. Hegningarhúsið í Reykjavík	82	82	82
2. Síðumúlafangelsi	13	13	13
3. Litla-Hraun	18.040	12.978	4.067
4. Kvennafangelsið, Kópavogsbraut 17	18.619	15.155	13.954
5. Lögreglustöð Grindavík	1.225	1.156	1.156
6. Bæjarfógeti Kópavogi	17.996	7.554	523
7. Lögreglustöð Selfossi	79.230	57.525	26.680
8. Sýslumannsbústaður/skrifstofur Vík í Mýrdal	8.355	6.086	1.596
9. Lögreglustöð Hafnarfirði	69.408	36.421	260
10. Lögreglustöð Húsavík	87.964	51.923	1.207
11. Bæjarfógetaskrifstofur Vestmannaeyjum	70.506	44.945	2.944
12. Bæjarfógetaskrifstofur Keflavík	51.570	40.320	32.795
13. Bæjarfógetaskrifstofur Siglufirði	53.866	40.741	23.394
14. Lögreglustöð í Reykjavík, Hverfisgötu	8.237	5.406	735
15. Sýsluskrifstofur/lögreglustöð Patreksfirði	28.966	23.905	20.512
16. Sýsluskrifstofur/lögreglustöð Sauðárkróki	5.363	4.825	3.938
17. Lögreglustöð Egilsstöðum	16.401	14.892	14.892
18. Lögreglustöð Akranesi	1.073	889	889
19. Bæjarfógetabústaður Siglufirði	9.266	6.659	4.306
Samtals	**546.180**	**371.475**	**153.943**

Skýringar:

1. **Hegningarhúsið í Reykjavík.** Lokið er við að endurbæta loftræstingu o.fl.

2. **Síðumúlafangelsi.** Áfallinn kostnaður er vegna athugunar á hita- og loftræstikerfi.

3. **Litla-Hraun.** Unnið er við að innrétta skrifstofur og kennslustofur fyrir fanga. Verkinu verður lokið í haust.

4. **Kvennafangelsið Kópavogsbraut 17.** Unnið er við að innrétta í kjallara skv. samningi. Áætluð verklok eru í okt.-nóv.

5. **Lögreglustöð Grindavík.** Eingöngu hefur verið unnið að hönnun.

6. **Bæjarfógeti Kópavogi.** Frágangi á bílskúr er lokið. Lóðarlögun er í biðstöðu þar til samið hefur verið um frágang á lóðarmörkum.

7. **Lögreglustöð Selfossi.** Samið hefur verið við verktaka um viðbótarverk við frágang lóðar, uppsetningu ljósavélar o.fl. Einnig eru í gangi kaup á húsbúnaði.

8. **Sýslumannsbústaður/skrifstofur Vík í Mýrdal.** Ákvörðun um frekari framkvæmdir liggur ekki fyrir. Lokið var við innréttingu sýsluskrifstofu og frágangi á bílskúr 1989.

9. **Lögreglustöð Hafnarfirði.** Verkinu er lokið og er um uppgjör að ræða.

10. **Lögreglustöð Húsavík.** Verkinu er lokið. Eftir á að ganga frá uppgjöri.

11. **Bæjarfógetaskrifstofa Vestmannaeyjum.** Verkinu er lokið og er um uppgjörsgreiðslu að ræða.

12. **Bæjarfógetaskrifstofur Keflavík.** Unnið hefur verið að lagfæringum en eftirfarandi atriðum frestað: Kaupum á húsbúnaði í afgreiðslusal 1. hæðar og endurbótum utanhúss.

13. **Bæjarfógetaskrifstofur Siglufirði.** Samningsverki er lokið.

14. **Lögreglustöð í Reykjavík, Hverfisgötu.** Hönnun er í gangi, viðgerðir á þaki og veggjum lágbyggingar hófust samkvæmt útboði í júlí 1990.

15. **Sýsluskrifstofa og lögreglustöð Patreksfirði.** Lokið er stækkun og breytingum á húsnæði embættisins. Eftir er að ganga frá uppgjöri á verksamningi, kaupum á ýmsum húsbúnaði og frágangi á húsinu.

16. **Sýsluskrifstofa og lögreglustöð Sauðárkróki.** Unnið er að innréttingu húsnæðisins og var fyrri áfanga þess skilað í september en verkinu skal að fullu lokið hinn 31. maí 1991.

17. **Lögreglustöð Egilsstöðum.** Unnið er að uppsteypu og á því verki að vera lokið í október 1990.

18. **Lögreglustöð Akranesi.** Verkið er í biðstöðu.

19. **Bæjarfógetabústaður Siglufirði.** Hús þetta er einingahús á steyptum grunni. Húsið var reist sumarið 1986. Verið er að ganga frá lóð.

07 Félagsmálaráðuneyti

	Heildar-kostn-aður (1)	Bók-færðar greiðslur (2)	Þar af á árunum 1989 og 1990 (3)
1. Trönuhólar 1	22.424	3.371	280
2. Vallholt 9, Selfossi	24.612	15.647	50
3. Drekavogur 16	950	560	2
4. Njörvasund 6	2.900	1.837	218
5. Örvi, verndaður vinnustaður, Kópavogi	12.056	8.161	4
6. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	75.956	52.404	5.210
7. Þjálfunar- og ráðgjafarmiðstöð Austurlands	7.651	6.977	6.179
8. Sæbraut 2, Seltjarnarnesi	24.113	19.796	18.517
9. Grundarland 17	5.587	4.627	4.627
10. Bæjarhraun 2, Hafnarfirði	1.572	1.534	1.534
11. Sambýli, Akranesi	556	532	532
12. Sambýli Vesturbrún, Reykjavík	568	568	568
13. Sambýli Lyngmóum, Ytri-Njarðvík	8.394	8.339	8.339
14. Verndaður vinnustaður, Gagnheiði, Selfossi	5.656	5.656	5.656
15. Vistheimili við Holtaveg, Reykjavík	35.170	19.844	1.588
Samtals	**228.165**	**149.853**	**53.304**

Skýringar:

1. **Trönuhólar 1.** Breytingar og endurbætur á húsi hafa farið fram og viðgerð á þaki er fyrirhuguð.

2. **Vallholt 9, Selfossi.** Húsið er fullfrágengið á steyptum grunni.

3. **Drekavogur 16.** Viðgerð á húsinu lauk um áramót 87/88. Frekari ákvarðanir hafa ekki verið teknar. Kostnaður á árinu 1990 er vegna efniskaupa.

4. **Njörvasund 6.** Áfallinn kostnaður er vegna kaupa á búnaði og smáviðgerða.

5. **Örvi, verndaður vinnustaður, Kópavogi.** Lokið er við frágang innanhúss.

6. **Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Digranesvegi 5.** Þeim verkþætti sem FIR annaðist er lokið, þ.e. frágangur innanhúss. Á árinu 1989 er áfallinn kostnaður vegna kaupa á húsgögnum og búnaði.

7. **Þjálfunar- og ráðgjafarmiðstöð Austurlands.** Verið er að vinna að 1. áfanga sem er uppsteypt hús.

8. **Sæbraut 2, Seltjarnarnesi.** Breytingum innanhúss, viðgerðum utanhúss og frágangi á lóð er að fullu lokið.

9. **Grundarland 17.** Húsinu hefur verið breytt fyrir rekstur sambýlis.

10. **Bæjarhraun 2, Hafnarfirði.** Félagsmálaráðuneytið keypti húsið af Byggðaverki, og er það tilbúið undir tréverk. Útboð á innréttingum fór fram í ágúst.

11. **Sambýli Akranesi.** Viðbygging við glerskála er fokheld.

12. **Sambýli Vesturbrún, Reykjavík.** Lokið er við að breyta húsnæði fyrir rekstur sambýlis. Eftir er að ljúka kaupum á búnaði.

13. **Sambýli Lyngmóum, Ytri- Njarðvík.** Keypt var hús í smíðum og gerður kaupsamningur við verktaka. Húsinu skal skila fullbúnu 15. nóvember 1990.

14. **Verndaður vinnustaður, Gagnheiði, Selfossi.** Unnið er við að fullgera bygginguna samkvæmt samningi. Eldvarnarkerfi og lóð eru undanskilin.

15. **Vistheimili við Holtaveg, Reykjavík.** Unnið hefur verið að frágangi á lóð.

08 Heilbrigðisráðuneyti

Nýbyggingar

	Heildar-kostn-aður	Bók-færðar greiðslur	Hluti sveitar-félags	Greiðslur sveitar-félags	Mis-munur	Skuld svf. ásamt áföllnum verðbótum	Hlutf. af kostnaði %
1. Heilsugæslustöð Dalvík	89.930	7.490	1.124	1.380	-257	-	18
2. Heilsugæslustöð Hvammstanga	83.167	19.550	2.933	3.156	-224	-	16
3. Heilsugæslustöð Seltjarnarnesi	53.654	12.053	1.808	510	1.298	1.944	4
4. Heilsugæslustöð Þórshöfn	49.524	29.418	4.413	2.554	1.859	3.071	9
5. Heilsugæslustöð Akranesi	54.155	37.129	5.569	4.263	1.306	1.816	11
6. Heilsugæslustöð Djúpavogi	24.513	17.093	2.564	1.396	1.168	1.571	8
7. Heilsugæslustöð Húsavík	74.450	57.499	8.625	8.714	-89	368	15
8. Heilsugæslustöð Grindavík	52.665	49.728	7.459	5.072	2.387	2.578	10
9. Heilsugæslustöð Þorlákshöfn	20.915	15.904	2.386	819	1.567	2.016	5
10. Sjúkrahúsið Keflavík	186.734	17.138	2.571	1.700	871	1.262	10
11. Heimili mænusk. við Grensásdeild	4.312	4.213	-	-	-	-	-
12. Sjúkrahús Neskaupstað	266.157	21.004	3.151	2.836	315	483	14
13. Sjúkrahús Ísafirði	852.403	229.145	34.372	34.567	-194	-	15
14. Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	1.323.807	318.378	47.757	44.998	2.759	4.321	14
15. Sjúkrahúsið Sauðárkróki	256.898	60.199	9.030	9.151	-121	-	15
16. Sjúkrahús og heilsugst. Seyðisfirði	182.499	55.722	8.358	10.921	-2.563	-	20
17. Sjúkrahús Blönduósi	157.728	75.325	11.299	11.881	-582	67	16
18. Sólvangur, Hafnarfirði	182.058	114.305	17.146	15.852	1.294	2.035	14
19. Sjúkrahús Siglufirði	24.743	17.692	2.654	3.158	-504	-	18
20. Dvalarheimilið Lundur, Hellu	47.233	23.148	3.472	3.576	-104	906	15
21. Dvalar/hjúkr.heimili Kirkjub.klaustri	18.728	16.441	2.466	789	1.677	1.793	5
22. Skjólgarður, Höfn í Hornafirði	2.867	2.380	357	-	357	438	-
Samtals	**4.009.140**	**1.200.954**	**179.511**	**167.293**	**12.219**	**24.669**	.

Skýringar:

1. **Heilsugæslustöð Dalvík.** Verkinu er lokið, fullfrágengið hús. Áfallinn kostnaður 1990 er vegna búnaðarkaupa.

2. **Heilsugæslustöð Hvammstanga.** Verkinu er lokið, fullfrágengið hús. Áfallinn kostnaður 1990 er vegna búnaðarkaupa.

3. **Heilsugæslustöð Seltjarnarnesi.** Til stendur að bjóða út 3. áfanga, sem tekur til breytinga og frágangs innanhúss. Skuld sveitarfélags er að hluta til vegna óuppgerðra lóðarframkvæmda.

4. **Heilsusgæslustöð Þórshöfn.** Verkinu er lokið og er húsið fullfrágengið.

5. **Heilsugæslustöð Akranesi.** Unnið er að pípulögnum og múrverki.

6. **Heilsugæslustöð Djúpavogi.** Unnið er að lokafrágangi innanhúss og við lóð, bílastæði, gangstéttar o.fl.

7. **Heilsugæslustöð Húsavík.** Unnið er að innanhússfrágangi. Útboð lokaáfanga er áformað fyrir árslok 1990.

8. **Heilsugæslustöð Grindavík.** Verið er að byggja ofan á húsnæði sem fyrir var. Verkinu á að ljúka í byrjun september 1990.

9. **Heilsugæslustöð Þorlákshöfn.** Húsið er tilbúið undir tréverk og innréttingasmíði er hafin. Ráðgert er að taka húsið í notkun á næsta ári.

10. **Sjúkrahúsið Keflavík.** Verkinu er lokið. Innanhússbreytingar og frágangur utanhúss.

11. **Heimili mænuskaddaðra við Grensásdeild.** Húsið er fullhannað.

12. **Sjúkrahús Neskaupstað.** Áfallinn kostnaður síðustu ára er vegna lóðarframkvæmdar og búnaðarkaupa. Endurbætur á innréttingum eldhúss og búnaðarkaup hafa þegar farið fram og því að mestu lokið.

13. **Sjúkrahús Ísafirði.** Áætlað er að bjóða út í september innréttingar í kjarna 3. hæðar, þ.e. bókasafn og gistivist.

14. **Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.** Kostnaður á árinu 1989 og 1990 er vegna röntgendeildar sem var tekin í notkun vorið 1990.

15. **Sjúkrahúsið Sauðárkróki.** Lokafrágangur á glaðlofts- og gaslögnum í húsinu hefur staðið yfir.

16. **Sjúkrahús og heilsugæslustöð Seyðisfirði.** Unnið er að innréttingu sjúkradeilda samkvæmt samningi.

17. **Sjúkrahús Blönduósi.** Unnið er að innanhússfrágangi samkvæmt samningi. Fyrirhugað er útboð á lóðarfrágangi á næsta ári.

18. **Sólvangur, Hafnarfirði.** Fyrirhugað er að kaupa búnað fyrir eldhús o.fl. svo hægt sé að flytja starfsemina í nýbygginguna. Áfallinn kostnaður á árinu er vegna annars búnaðar, tækjakaupa og innanhússfrágangs.

19. **Sjúkrahús Siglufirði.** Verið er að ljúka endanlegum frágangi á endurhæfingardeild. Auk þess eru í gangi framkvæmdir við lóð. Einnig er unnið er að hönnun húsnæðis fyrir heilsugæslu.

20. **Dvalarheimilið Lundur, Hellu.** Verið er að vinna að hönnun fyrir innanhússfrágang.

21. **Dvalar/hjúkrunarheimili Kirkjubæjarklaustri.** Húsið er u.þ.b. að verða fokhelt.

22. **Skjólgarður, Höfn í Hornafirði.** Hönnun er lokið.

08 Heilbrigðisráðuneyti

Tækjakaup og breytingar

	Heildar-kostn-aður	Bók-færðar greiðslur	Hluti sveitar-félags	Greiðslur sveitar-félags	Mis-munur	Skuld sveitar-félags	Hlutf. af kostnaði
1. Heilsugæslustöð Garði	7.695	5.761	864	741	123	153	13
2. Heilsugæslustöð Reyðarfirði	1.774	1.243	186	-	186	272	-
3. Heilsugæslustöð Grundarfirði	1.049	922	138	-	138	157	-
4. Heilsugæslustöð Raufarhöfn	2.618	2.158	324	802	-478	-	37
5. Heilsugæslustöð Eskifirði	2.277	1.858	279	-	279	338	-
6. Heilsugæslustöð Vogum	9.457	7.941	1.191	1.019	172	186	13
7. Heilsugæslustöð Sandgerði	981	812	122	639	-517	-	79
8. Sjúkrahús Suðurlands, 2. áfangi	304	304	46	300	-254	-	99
9. Sjúkrahús Suðurlands	22.059	15.453	2.318	3.141	-823	-	20
10. Sjúkrahús Patreksfirði	43.553	25.378	3.807	4.276	-469	-	17
11. Læknisbústaður Grundarfirði	1.223	850	128	100	28	35	12
12. Sólvangur, Hafnarfirði	12.542	10.923	1.638	1.500	138	142	14
Samtals	**105.532**	**73.603**	**11.040**	**11.018**	**22**	**2.916**	.

Skýringar:

1. **Heilsugæslustöð Garði.** Lokið er við að innrétta húsnæði fyrir heilsugæslu.

2. **Heilsugæslustöð Reyðarfirði.** Áfallinn kostnaður er vegna búnaðarkaupa.

3. **Heilsugæslustöð Grundarfirði.** Áfallinn kostnaður er vegna búnaðarkaupa.

4. **Heilsugæslustöð Raufarhöfn.** Unnið hefur verið að endurbótum á húsnæði heilsugæslustöðvar ásamt endurnýjun búnaðar.

5. **Heilsugæslustöð Eskifirði.** Áfallinn kostnaður er vegna tækjakaupa.

6. **Heilsugæslustöð Vogum.** Innrétting á húsnæði fyrir heilsugæslustöð. Framkvæmdir á vegum heimamanna er hluti af áföllnum kostnaði. Verkinu er lokið.

7. **Heilsugæslustöð Sandgerði.** Kostnaður er vegna hönnunar sem unnin er á vegum sveitarfélagsins.

8. **Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi, 2. áfangi.** Hönnun hefur verið unnin á vegum byggingarnefndar.

9. **Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi.** Áfallinn kostnaður er m.a. vegna breytinga á brunavörnum, uppsetningu ljósavélar og annars búnaðar. Verkinu er lokið.

10. **Sjúkrahús Patreksfirði.** Verið er að endurnýja þak og eru áætluð verklok í september 1990.

11. **Læknisbústaður Grundarfirði.** Unnið er að endurbótum á gluggum, gangstígum o.fl. Áfallinn kostnaður er vegna endurbóta.

12. **Sólvangur, Hafnarfirði.** Þakviðgerð. Verkinu er lokið.

09 Fjármálaráðuneyti

	Heildar-kostn-aður	Bók-færðar greiðslur	Þar af á árunum 1989 og 1990
1. Laugavegur 166	159.722	95.957	14.433
2. Bjarnarbraut 8, Borgarnesi	4.643	4.618	4.618
3. Laugavegur 118d	60.871	40.239	10.712
4. Hagstofa Íslands, Skuggasundi 3	7.368	6.852	6.852
5. Fannborg 6, Kópavogi	38	32	32
Samtals	**232.642**	**147.698**	**36.647**

Skýringar:

1. **Laugavegur 166 (Víðishús).** Unnið er við að innrétta þrjár efstu hæðir hússins og skal skila verkinu í tveimur áföngum, þ.e. Nóatúnsálmu 3. hæðar og allri 5. hæð, ásamt stigahúsi við Laugaveg 1. nóvember 1990, en Laugavegsálmu 4. hæðar og stigahúsi við Nóatún 25. febrúar 1991.

2. **Bjarnarbraut 8, Borgarnesi.** Innréttingar á 1. hæð. Verktaki hefur hafið framkvæmdir og skal verki að fullu lokið í október 1990.

3. **Laugavegur 118d.** Verkið liggur niðri í bili, en ólokið er við ýmsan frágang í kjallara. Húsnæðið hefur verið afhent Fasteignum ríkissjóðs til umsjónar.

4. **Hagstofa Íslands, Skuggasundi 3.** Lokið er við byggingu lyftuhúss. Kostnaður varð mun hærri en kostnaðaráætlun vegna viðbótarverka sem þurfti að framkvæma utan tilboðs. Þessum verkþætti er nú lokið.

5. **Fannborg 6, Kópavogi.** Um er að ræða kaup á smávörum í sambandi við umsjón Framkvæmdadeildar með húsinu.

Skrá yfir stofnanir, sjóði og viðfangsefni í stafrófsröð
A- og B-hluti

Bls.

A

AA-samtökin 169
Aðallögreglustöð, Lögreglustjórinn í Reykjavík 98
Aðalskipulag, Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 16
Aðgerðir gegn fíkniefnum, dómsmál 115
Aðrar sérstofnanir og verkefni, Háskóli Íslands 17
Aðstoð Sameinuðu þjóðanna við palestínska flóttamenn, UNRWA 75
Afgreiðsludeild, Námsgagnastofnun 35
Aflaskýrslur, Hafrannsóknastofnun 91
Almannavarnir ríkisins 114
Almenn landgræðsla 81
Almenn löggæsla, Lögreglustjórinn í Reykjavík 98
Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður 28
Alþingi 11
Alþingiskostnaður 11
Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF 75
Alþjóðaflugþjónusta 186
Alþjóðaflugþjónustan (B-hluti) 229
Alþjóðagerðardómurinn í Haag 76
Alþjóðahafrannsóknir (ICES, ICNAF, NEAFC) 76
Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO 76
Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC 76
Alþjóðajarðeðlisfræðisambandið 77
Alþjóðajarðfræðisambandið, IUGS 76
Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA 76
Alþjóðalandfræðisambandið, IGU 76
Alþjóðamatvælabirgðasjóðurinn, IEFR 75
Alþjóðanáttúruverndarsambandið 76
Alþjóðaráð Rauða krossins 75
Alþjóðaráðstefnur, utanríkisráðuneyti 69
Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL 76
Alþjóðasamband um byggingarskipulag 76
Alþjóðasamstarf þingmanna 11
Alþjóðasamvinna, Biskup Íslands 117

Bls.
Alþjóðasamvinna, Veðurstofa Íslands 201
Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMCO 76
Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB 76
Alþjóðastaðlar CEN-CENELEC 190
Alþjóðastofnanir 76
Alþjóðastofnun til útgáfu tollalaga 76
Alþjóðaveðurfræðistofnunin, WMO 76
Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO 76
Alþjóðleg rannsóknaáætlun um borun á hafsbotni 65
Alþjóðleg samskipti 65
Alþjóðlegt samstarfsverkefni á hafsvæðinu milli Íslands og Austur-Grænlands 91
Alþýðuleikhúsið 63
Alþýðuskólinn Eiðum 44
Amtsbókasafn, vegna skilaskyldu 67
Annar skiparekstur, Hafrannsóknastofnun 91
Arnarhvoll (B-hluti) 225
Arnarhvoll, mötuneyti 179
Arnarhvoll, viðhald 179
ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu 131
ASÍ, norræni verkalýðsskólinn í Genf 131
Atlantshafsbandalagið, NATO 76
Atvinnuleit, málefni fatlaðra Norðurlandi eystra 124
Atvinnuleit, málefni fatlaðra Norðurlandi vestra 124
Atvinnuleit, málefni fatlaðra Reykjanesi 122
Atvinnuleit, málefni fatlaðra Reykjavík 122
Atvinnuleit, málefni fatlaðra Vesturlandi 123
Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna 134
Atvinnuleysistryggingasjóður (B-hluti) 222
Atvinnuleysistryggingasjóður, framlag 134
Atvinnumál kvenna á landsbyggðinni 130
Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina (B-hluti) 203

Á

Áburðarverksmiðja ríkisins (B-hluti) 214
Áfengis- og fíkniefnamál 116
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (B-hluti) 224
Áfengisvarnir 169
Árnagarður, viðhald innanhúss 19
Átak í áfengisvörnum 169

B

Bandalag íslenskra leikfélaga 63
Bandalag íslenskra listamanna 64
Bandalag íslenskra skáta 65

Bls.
Bandalag íslenskra skáta, Úlfljótsvatn 65
Barnaverndarráð Íslands 55
Bárugata 3, Vísindaráð 24
Bernarsambandið 76
Bindindisstarfsemi 169
Biskup Íslands 117
Biskupsbústaður 117
Bjargráðasjóður Íslands (B-hluti) 221
Blindrabókasafn Íslands 60
Borgardómarinn í Reykjavík 96
Borgarfógetinn í Reykjavík 97
Bóka- og skjalasafn, Veðurstofa Íslands 200
Bókakaup o.fl., Landsbókasafn Íslands 57
Bókasafn og gagnasmiðja, Kennaraháskóli Íslands 21
Bókaútgáfa, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi 19
Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins, skýrsluvélakostnaður 180
Bókhaldskerfi ríkisins 181
Bókmenntakynningarsjóður 63
Brautarskóli, skólar fyrir fatlaða 52
Breyting sýningarsala, Þjóðminjasafn Íslands 58
Bréfaskólinn 57
Bridgesamband Íslands 66
Brunamálastofnun ríkisins 129
Búfjárrækt 86
Búnaðarfélag Íslands 79
Búrekstur, Bændaskólinn á Hvanneyri 87
Búrekstur, Landgræðsla ríkisins 81
Byggða- og minjasöfn 67
Byggðastofnun, framlag 15
Bygging einangrunarstöðvar, Einangrunarstöð í Hrísey 85
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins 93
Bygging ríkisfangelsa 116
Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða 144
Byggingarframkvæmdir og tækjakaup, Háskóli Íslands 17
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna 24
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna (B-hluti) 205
Byggingarsjóður ríkisins (B-hluti) 220
Byggingarsjóður verkamanna 120
Byggingarsjóður verkamanna (B-hluti) 220
Byggingarstyrkur, Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið 149
Byggingarþjónustan 190
Bæjarfógeti Akranesi 100
Bæjarfógeti Bolungarvík 102
Bæjarfógeti Kópavogi 111
Bæjarfógeti Neskaupstað 107
Bæjarfógeti Ólafsfirði 105
Bæjarfógeti Siglufirði 104
Bæjarfógeti Vestmannaeyjum 109

Bls.
Bændaskólinn á Hólum 88
Bændaskólinn á Hvanneyri 87

D

Daggjaldanefnd 146
Dagvist fatlaðra forskólabarna 52
Dagvist, málefni fatlaðra Reykjanesi 122
Dagvistun Akranesi, málefni fatlaðra Vesturlandi 123
Dagvistun Bjarkarási, Styrktarfélag vangefinna 126
Dagvistun Keflavík, málefni fatlaðra Reykjanesi 122
Dagvistun Lyngási, Styrktarfélag vangefinna 126
Dagvistun Lækjarási, Styrktarfélag vangefinna 126
Dalbrautarskóli 53
Dómkröfur 181
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti 95
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti (B-hluti) 218
Dómsmál, ýmis starfsemi 115
Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum 111
Dýralæknir fisksjúkdóma 84
Dýralæknisbústaðir, óskipt 84

E

Efnahags- og framfarastofnunin, OECD 76
Eftirlaunasjóður aldraðra 134
Eftirlit á vegum, Lögreglustjórinn í Reykjavík 98
Eftirlit með vínveitingahúsum, Lögreglustjórinn í Reykjavík 98
Eftirlit og eftirlitsferðir, yfirdýralæknir 84
Eftirlit við Mývatn og Laxá, Náttúruverndarráð 198
Eftirlitsnefnd með gin- og klaufaveiki, FAO 76
Eftirlitssveitir Sameinuðu þjóðanna í Angólu, UNAVEM 77
Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey 85
Einangrunarstöð í Hrísey 85
Einangrunarstöð í Hrísey (B-hluti) 215
Einholtsskóli 53
Eiturefnaeftirlit, Hollustuvernd ríkisins 136
Eiturefnanefnd 146
Embætti forseta Íslands 11
Endurbótasjóður menningarstofnana 62
Endurbætur á húsum, Íþróttakennaraskóli Íslands 39
Endurbætur, Þjóðleikhús 61
Endurbætur, Þjóðskjalasafn Íslands 58
Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði 86
Endurgreiðsla kjarnfóðurgjalds 86
Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands 137

Bls.
Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga 137
Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 137
Endurmenntun sálfræðinga, grunnskólar 51
Endurmenntun, framhaldsskólar 29
Endurmenntun, Kennaraháskóli Íslands 21
Endurnýjun ökutækja, Lögreglustjórinn í Reykjavík 98
Endurskoðun atvinnurekstrarframtala, skattamál 175
Erlend samskipti, Rannsóknaráð ríkisins 23
Evreka 65
Evreka 190
Evrópska lyfjaskráin 144
Evrópubandalagið, vísindasamstarf 65
Evrópuráðið 76

F

Fangahjálp 116
Fangaklefar, Lögreglustjórinn í Reykjavík 98
Fangamál, ýmis kostnaður 116
Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu 112
Fangelsi, sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri 105
Fangelsið Kópavogsbraut 112
Fangelsið Síðumúla 112
Fangelsismálastofnun 111
Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf 74
Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu 74
Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður í New York 73
Fasteign, Fósturskóli Íslands 38
Fasteign, Hótel- og veitingaskóli Íslands 37
Fasteign, Kennaraháskóli Íslands 21
Fasteign, Myndlista- og handíðaskóli Íslands 40
Fasteign, Sjómannaskólahúsið 41
Fasteign, Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands 21
Fasteignakaup og búnaður, Vinnueftirlit ríkisins 129
Fasteignamat ríkisins 177
Fasteignir og lóðir, Bændaskólinn á Hólum 88
Fasteignir og lóðir, Bændaskólinn á Hvanneyri 87
Fasteignir og tæki, Garðyrkjuskóli ríkisins 88
Fasteignir ríkissjóðs (B-hluti) 226
Fasteignir, Alþingi 11
Fasteignir, Bændaskólinn á Hólum 88
Fasteignir, Bændaskólinn á Hvanneyri 87
Fasteignir, Skógrækt ríkisins 80
Fasteignir, Skógrækt ríkisins 80
Fasteignir, sýslumenn og bæjarfógetar 100
Fasteignir, Þjóðskjalasafn Íslands 58
Fálkaorðan 11

Bls.
Ferðaleikhúsið 64
Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985 187
Ferðamálaráð 187
Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda 186
Ferjubryggjur 184
Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi 76
Félagasamtök, styrkir 131
Félagsdómur 130
Félagslegar íbúðir fyrir fatlaða 121
Félagsmál, ýmis starfsemi 131
Félagsmálaráðuneyti 120
Félagsmálaráðuneyti (B-hluti) 220
Félagsmálaskóli alþýðu 131
Félagsstofnun stúdenta 56
Félög, styrkir 68
Fimmtán ára áætlun um nytjaskógrækt 80
Fiskeldisrannsóknahús, Tilraunastöð Háskólans að Keldum 18
Fiskifélag Íslands 90
Fiskvinnsluskólinn 38
Fíkniefnamál, áfengis- og fíkniefnamál 116
Fjallvegir 182
Fjarkennsla 57
Fjarkennsla og námskeiðahald, Fósturskóli Íslands 38
Fjármálaráðuneyti 170
Fjármálaráðuneyti (B-hluti) 224
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri 139
Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði 138
Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað 141
Fjölbrautaskóli Suðurlands 32
Fjölbrautaskóli Suðurlands, fiskeldi 32
Fjölbrautaskóli Suðurnesja 30
Fjölbrautaskóli Suðurnesja, viðbygging 28
Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi 31
Fjölbrautaskóli Vesturlands, mötuneyti 28
Fjölbrautaskólinn Ármúla 30
Fjölbrautaskólinn Ármúla, viðbygging 28
Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki 31
Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki, bóknámshús 28
Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki, heimavist 28
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti 29
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, íþróttahús 28
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, kennsluhúsnæði 28
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ 33
Fjölskylduheimilið Reynilundi 4 52
Flensborgarskóli, fjölbraut 30
Flóabátar og vöruflutningar 183
Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNHCR 75
Flugbjörgunarsveitir 186

Bls.
Flugeftirlitsnefnd 182
Fluggæsla, Landhelgisgæsla Íslands 113
Flugleiðsöguþjónusta 186
Flugmálastjórn 186
Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli (B-hluti) 210
Flugstöð Leifs Eiríkssonar, rekstur (B-hluti) 211
Flugumferðarþjónusta 186
Flugvalladeild, Flugmálastjórn 186
Flugvallagjöld 186
Flugvellir, framkvæmdir 186
Forfallakennsla, framhaldsskólar 29
Forfallakostnaður og námskostnaður, sýslumenn og bæjarfógetar 100
Forföll fangavarða 116
Forsætisráðuneyti 14
Forsætisráðuneyti (B-hluti) 203
Fósturskóli Íslands 38
Framhaldsdeildir, framhaldsskólar 29
Framhaldsskólar, almennt 29
Framhaldsskólar, óskipt 29
Framhaldsskólinn á Húsavík 34
Framhaldsskólinn á Húsavík, nýbygging 28
Framhaldsskólinn á Laugum 34
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu 33
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum 31
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, Stýrimannaskólinn 31
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, viðbygging 28
Framhaldsskólinn Laugum, mötuneyti o.fl. 28
Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins 178
Framkvæmdasjóður aldraða 144
Framkvæmdasjóður fatlaðra 128
Framlag Íslands til fjárlaga Norrænu ráðherranefndarinnar 77
Framleiðnisjóður landbúnaðarins 86
Framleiðsludeild, Námsgagnastofnun 35
Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna í Mið-Ameríku, ONUCA 77
Friðlýsingarsjóður 198
Friðlýst svæði, merkingar og eftirlit 198
Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli (B-hluti) 210
Fríkirkjuvegur 7, Listasafn Íslands 60
Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA 76
Fræðslu- og þjónustudeild, Biskup Íslands 117
Fræðsluefni um öryggismál sjómanna 186
Fræðslumyndasafn, Námsgagnastofnun 35
Fræðsluskrifstofa Austurlandsumdæmis 50
Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra 50
Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra 49
Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis 48
Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis 48
Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis 50

Bls.
Fræðsluskrifstofa Vestfjarðaumdæmis 49
Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis 49
Fræðsluskrifstofur, almennt 50
Fræðslustarfsemi, Náttúruverndarráð 198
Fræverkunarstöð, Landgræðsla ríkisins 82
Fullorðinsfræðsla 57
Fullorðinsfræðsla, almenn 57
Fulltrúi í Brussel, varnarmálaskrifstofa 69
Fyrirhleðslur 84

G

Gamli Stýrimannaskólinn við Öldugötu 68
Garðyrkjuskóli ríkisins 88
Geislavarnir ríkisins 137
Geysir í Haukadal 202
Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands 137
Gistiheimili Kópavogi, málefni fatlaðra Reykjanesi 122
Gjafsóknar- og málsvarnarlaun 115
Gjaldheimta Suðurnesja 176
Gjaldheimtan í Reykjavík 176
Gjaldheimtur og innheimtukostnaður 176
Gjöf Jóns Sigurðssonar 14
Glíman, íslenska þjóðaríþróttin, kynning í skólum 66
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins 128
Gróðurkortagerð 202
Grunnskólar, Austurlandi 48
Grunnskólar, almennt 51
Grunnskólar, Norðurlandi eystra 47
Grunnskólar, Norðurlandi vestra 47
Grunnskólar, óskipt 51
Grunnskólar, Reykjanesi 46
Grunnskólar, Reykjavík 46
Grunnskólar, Suðurlandi 48
Grunnskólar, Vestfjörðum 47
Grunnskólar, Vesturlandi 47
Gunnarsholt, viðbygging 82
Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi 93
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna á Kípur, UNFICYP 76
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Miðjarðarhafs 76
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Persaflóa 77
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Líbanon, UNIFIL 77
Gæsluvistarsjóður (B-hluti) 223
Gæsluvistarsjóður, framlag 168

Bls.

H

Hafísrannsóknir, Veðurstofa Íslands 201
Hafnabótasjóður (B-hluti) 229
Hafnabótasjóður, framlag 184
Hafnamál 184
Hafnarannsóknir og mælingar 184
Hafnarmannvirki 184
Hafnarstræti Akureyri, innrétting skattstofu 179
Hafrannsóknastofnun 90
Hagræðingarverkefni, fjármálaráðuneyti 170
Hagstofa Íslands 196
Hagþjónusta landbúnaðarins 79
Hallgrímskirkja 118
Happdrætti Háskóla Íslands (B-hluti) 204
Happdrættisfé, Háskóli Íslands 17
Hálendisathuganir, Veðurstofa Íslands 201
Háskólabíó (B-hluti) 205
Háskólabókasafn 17
Háskóli Íslands 17
Háskóli Sameinuðu þjóðanna 75
Háskólinn á Akureyri 21
Hegningarhúsið í Reykjavík 112
Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis 64
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti 133
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti (B-hluti) 222
Heilbrigðiseftirlit, Hollustuvernd ríkisins 136
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi 146
Heilsugæsla í Garðabæ samkvæmt samningi 144
Heilsugæslustöðin Akranesi 151
Heilsugæslustöðin Akureyri 157
Heilsugæslustöðin Asparfelli 151
Heilsugæslustöðin Álftamýri 151
Heilsugæslustöðin Árbæ 151
Heilsugæslustöðin Blönduósi 156
Heilsugæslustöðin Bolungarvík 155
Heilsugæslustöðin Borgarnesi 152
Heilsugæslustöðin Búðardal 153
Heilsugæslustöðin Dalvík 157
Heilsugæslustöðin Djúpavogi 161
Heilsugæslustöðin Egilsstöðum 159
Heilsugæslustöðin Eskifirði 160
Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði 161
Heilsugæslustöðin Flateyri 154
Heilsugæslustöðin Fossvogi 151
Heilsugæslustöðin Garðabæ 165
Heilsugæslustöðin Garðastræti 151
Heilsugæslustöðin Grundarfirði 153

Bls.
Heilsugæslustöðin Hafnarfirði 165
Heilsugæslustöðin Hellu 163
Heilsugæslustöðin Hlíðum 151
Heilsugæslustöðin Hólmavík 155
Heilsugæslustöðin Hraunbergi 151
Heilsugæslustöðin Húsavík 158
Heilsugæslustöðin Hvammstanga 155
Heilsugæslustöðin Hveragerði 164
Heilsugæslustöðin Hvolsvelli 163
Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði 161
Heilsugæslustöðin Ísafirði 154
Heilsugæslustöðin Keflavík 165
Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri 162
Heilsugæslustöðin Kópaskeri 158
Heilsugæslustöðin Kópavogi 166
Heilsugæslustöðin Laugarási 163
Heilsugæslustöðin Miðbæ 151
Heilsugæslustöðin Neskaupstað 160
Heilsugæslustöðin Ólafsfirði 157
Heilsugæslustöðin Ólafsvík 152
Heilsugæslustöðin Patreksfirði 153
Heilsugæslustöðin Raufarhöfn 158
Heilsugæslustöðin Reykjalundi 166
Heilsugæslustöðin Sauðárkróki 156
Heilsugæslustöðin Selfossi 164
Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi 166
Heilsugæslustöðin Seyðisfirði 160
Heilsugæslustöðin Siglufirði 156
Heilsugæslustöðin Stykkishólmi 152
Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum 162
Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal 162
Heilsugæslustöðin Vopnafirði 159
Heilsugæslustöðin Þingeyri 154
Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn 164
Heilsugæslustöðin Þórshöfn 159
Heilsugæslustöðvar í Reykjavík 151
Heilsugæslustöðvar, almennt 150
Heilsuverndarstöðin í Reykjavík 150
Heimili mænuskaddaðra við Grensásdeild 144
Heimilisiðnaðarskólinn 57
Helgarvistun, málefni fatlaðra Reykjanesi 122
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands 135
Heyrnleysingjaskólinn 53
Héraðsdómari á Austurlandi 99
Héraðsdómari á Norðurlandi 99
Héraðsdómari á Suður- og Vesturlandi 99
Héraðsdómari á Vestfjörðum 99
Héraðsdómstólar 99

Bls.
Héraðsdýralæknar 84
Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi 138
Héraðslæknir á Norðurlandi eystra 167
Héraðslæknir í Reykjavík 167
Héraðsskólar almennt 45
Héraðsskólinn Laugarvatni 45
Héraðsskólinn Núpi 43
Héraðsskólinn Reykholti 42
Héraðsskólinn Reykjanesi 43
Héraðsskólinn Reykjum 44
Héraðsskólinn Skógum 44
Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti, GATT 76
Hið íslenska fornleifafélag 66
Hjartavernd 146
Hjartavernd, Monica-rannsóknir 146
Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM 75
Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur 51
Hollustuvernd ríkisins 136
Hóladómkirkja 118
Hótel, framlög 187
Hótel- og veitingaskóli Íslands 37
Hrafnseyri 14
Hreppstjórar, sýslumaður Blönduósi 104
Hreppstjórar, sýslumaður Borgarnesi 101
Hreppstjórar, sýslumaður Búðardal 102
Hreppstjórar, sýslumaður Hólmavík 103
Hreppstjórar, sýslumaður Hvolsvelli 108
Hreppstjórar, sýslumaður Höfn í Hornafirði 108
Hreppstjórar, sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri 105
Hreppstjórar, sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði 107
Hreppstjórar, sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði 110
Hreppstjórar, sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík 106
Hreppstjórar, sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði 103
Hreppstjórar, sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík 110
Hreppstjórar, sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki 104
Hreppstjórar, sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi 109
Hreppstjórar, sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisfirði 106
Hreppstjórar, sýslumaður Patreksfirði 102
Hreppstjórar, sýslumaður Stykkishólmi 101
Hreppstjórar, sýslumaður Vík í Mýrdal 108
Hugbúnaðargerð fyrir skattkerfið 180
Hugbúnaðargerð vegna SAD-tollskjals 176
Hús Jóns Sigurðssonar 11
Húsafriðun 66
Húsafriðunarsjóður 67
Húsameistari ríkisins 15
Húsbygging, Vita- og hafnamálaskrifstofan 183
Húseign við Suðurgötu, endurbætur, Þjóðminjasafn Íslands 58

Bls.
Húseign við Suðurgötu, Þjóðminjasafn Íslands 58
Húsmæðraskólinn á Löngumýri 118
Húsnæði héraðsdómstóla 99
Hússtjórnarskólar 40
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað 39
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík 39
Hvalarannsóknir, Hafrannsóknastofnun 91
Hvammshlíðarskóli, skólar fyrir fatlaða 52
Hæstiréttur 12
Hæstiréttur 96
Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi, grunnskólar 51
Höfundagreiðslur skv. 21. gr. höfundalaga 63

I

Icepro-nefnd 193
Iðja og iðnaður, framlög 190
Iðjulundur, verndaður vinnustaður, málefni fatlaðra Norðurlandi eystra 124
Iðnaðarrannsóknir 189
Iðnaðarráðuneyti 188
Iðnaðarráðuneyti (B-hluti) 230
Iðnnemasamband Íslands 66
Iðnráðgjafar 190
Iðnsaga Íslands 68
Iðnskólinn í Hafnarfirði 37
Iðnskólinn í Reykjavík 36
Iðntæknistofnun Íslands 188
Iðnþróun og markaðsmál 190
Iðnþróun og tækninýjungar 190
Iðnþróunarverkefni 190
Innkaupastofnun ríkisins (B-hluti) 225
Innrétting húsnæðis, Ríkissaksóknari 96
Innrétting lögreglustöðvar, bæjarfógeti Akranesi 100
Innrétting, sýslumaður Höfn í Hornafirði 108
Innréttingar, Háskólinn á Akureyri 21

Í

Íslensk málstöð 20
Íslensk tónverkamiðstöð 63
Íslenska hljómsveitin 64
Íslenska óperan 63
Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn 61
Íslenskir ungtemplarar 65
Íslenskukennsla erlendis, óskipt 56
Íþróttafélög, styrkir 66

Bls.
Íþróttakennaraskóli Íslands 38
Íþróttamál fatlaðra 66
Íþróttasamband Íslands 66
Íþróttastarfsemi, almenn 66

J

Jafnréttisráð 129
Jarðasjóður 78
Jarðasjóður (B-hluti) 213
Jarðeðlisfræðideild, Veðurstofa Íslands 201
Jarðeignir ríkisins (B-hluti) 213
Jarðeignir ríkisins, framlög 78
Jarðgöng á Vestfjörðum 182
Jarðræktar- og búfjárræktarframlög 86
Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög 86
Jöfnun á námskostnaði 57
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 128

K

Kaup á eignum, prestaköll og prófastsdæmi 118
Keldnaholt, skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna 94
Keldnaholt, viðhald 94
Kennaraháskóli Íslands 21
Kennsla á Landspítala og Landakotsspítala 51
Kennslu- og vísindadeildir, Háskóli Íslands 17
Kennslueftirlit, framhaldsskólar 29
Kennslumiðstöð, Námsgagnastofnun 35
Kirkjubyggingasjóður 119
Kirkjubyggingasjóður (B-hluti) 218
Kirkjugarðaeftirlit 118
Kirkjugarðasjóður (B-hluti) 218
Kirkjuráð 117
Kirkjuþing 117
Kjararannsóknir 181
Kjarasamningar 181
Kjörræðismenn 69
Kosningar 95
Kostnaður skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra 121
Kostnaður skv. 19. gr. laga um málefni fatlaðra 121
Kostnaður skv. lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi 146
Kostnaður vegna laga nr. 25/1975, heilbrigðismál, ýmis starfsemi 146
Kostnaður við sérstakar innheimtuaðgerðir 176
Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit 146
Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning 146

Bls.
Kristnisjóður 119
Kristnisjóður (B-hluti) 219
Kvartananefnd, heilbrigðismál, ýmis starfsemi 146
Kvenfélagasamband Íslands 68
Kvennaathvarf í Reykjavík 131
Kvennaskólinn í Reykjavík 27
Kvennasögusafn 64
Kvikmyndaeftirlit ríkisins 54
Kvikmyndasafn Íslands 60
Kvikmyndasjóður 63
Kvikmyndasjóður Evrópu 65
Kvikmyndir og myndbönd, landkynning 69
Kynning á íslenskri list erlendis 63
Kynningarátak um Leif Eiríksson 75
Kynsjúkdómar, alnæmi 146

L

Lambhagi, málefni fatlaðra Suðurlandi 125
Landakotsskóli, rekstrarstyrkur 51
Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi 87
Landbúnaðarráðuneyti 78
Landbúnaðarráðuneyti (B-hluti) 213
Landgræðsla ríkisins 81
Landgræðslu- og landverndaráætlun 84
Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins 84
Landgræðsluáætlun, RALA 84
Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins 84
Landgræðsluáætlun, ýmis starfsemi 84
Landgræðsluframkvæmdir Mývatnssveit 81
Landgræðslusjóður 85
Landhelgisgæsla Íslands 113
Landlæknir 135
Landmælingar Íslands 200
Landsbókasafn Íslands 57
Landssamband hjálparsveita skáta 67
Landþurrkun 84
Laugavegur 166 179
Laun vegna forfalla, orlofs o.fl., málefni fatlaðra 121
Launa- og verðlagsmál 180
Launagreiðslukerfi, skýrsluvélakostnaður 180
Launasjóður rithöfunda 63
Launasjóður stórmeistara í skák 66
Launaskrifstofa ríkisins 170
Laxeldisstöðin í Kollafirði 83
Laxeldisstöðin Kollafirði (B-hluti) 214
Lán til jarðhitaleitar, Orkusjóður 191

Bls.
Lánagreiðslur, framlög, Orkusjóður 191
Lánasjóður íslenskra námsmanna 56
Lánasjóður íslenskra námsmanna (B-hluti) 206
Lánasýsla ríkisins (B-hluti) 226
Leiðsögn nýliða, grunnskólar 51
Leikbrúðuland 64
Leikfangasafn Akureyri, málefni fatlaðra Norðurlandi eystra 124
Leikfangasafn Blönduósi, málefni fatlaðra Norðurlandi vestra 124
Leikfangasafn Borgarnesi, málefni fatlaðra Vesturlandi 123
Leikfangasafn Ísafirði, málefni fatlaðra Vestfjörðum 123
Leikfangasafn Keflavík, málefni fatlaðra Reykjanesi 122
Leikfangasafn Ólafsvík, málefni fatlaðra Vesturlandi 123
Leikfangasafn Sauðárkróki, málefni fatlaðra Norðurlandi vestra 124
Leikfangasafn Siglufirði, málefni fatlaðra Norðurlandi vestra 123
Leikfangasafn Vestmannaeyjum, málefni fatlaðra Suðurlandi 125
Leikfangasafn, málefni fatlaðra Austurlandi 125
Leikfélag Akureyrar 63
Leikfélag Reykjavíkur 63
Leiklistarráð 63
Leiklistarskóli Íslands 41
Leiklistarstarfsemi 63
Lektorar í íslensku við erlenda háskóla 56
Lektorsstaða við Lundúnaháskóla 56
Lendingarbætur 184
Lista- og menningarmál, ýmis 64
Listahátíð 64
Listamannalaun 63
Listamiðstöð í Straumi 64
Listasafn ASÍ 64
Listasafn Ásgríms Jónssonar 60
Listasafn Einars Jónssonar 59
Listasafn Íslands 60
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar 64
Listasöfn, styrkir 64
Listaverkakaup, Listasafn Íslands 60
Listir, framlög 63
Listkynning, styrkir 64
Listskreytingasjóður 63
Lífeyrissjóðir sjómanna 181
Lífeyrissjóður bænda 181
Lífeyrissjóður bænda 193
Lífeyristryggingar, Tryggingastofnun ríkisins 133
Lífríkisrannsóknir í Þingvallavatni 16
Ljósmæðralaun 146
Ljósmæðraskóli Íslands 167
Loftferðaeftirlit 186
Lóðaframkvæmdir, Sjómannaskólahúsið 41
Lúðueldi á Reykjanesi, Hafrannsóknastofnun 91

Bls.
Lyfjabúð Háskóla Íslands (B-hluti) . . . 204
Lyfjaeftirlit ríkisins . . . 145
Lyfjamál . . . 144
Lyfjanefnd . . . 145
Lyfjatæknaskóli Íslands . . . 168
Lyfjaverðlagsnefnd . . . 145
Lyfjaverslun ríkisins (B-hluti) . . . 224
Lyfsölusjóður . . . 144
Læknaráð . . . 135
Læknishéraðasjóður . . . 143
Læknishéraðasjóður (B-hluti) . . . 222
Lögberg-Heimskringla . . . 75
Lögbirtingablað (B-hluti) . . . 218
Löggildingarstofan . . . 193
Löggæsla Akureyri . . . 105
Löggæsla Dalvík . . . 105
Löggæsla Egilsstöðum . . . 107
Löggæsla Eskifirði og Reyðarfirði . . . 107
Löggæsla Grindavík . . . 110
Löggæsla Grundarfirði . . . 101
Löggæsla Húsavík . . . 106
Löggæsla Keflavík og Njarðvík . . . 110
Löggæsla Ólafsvík og Hellissandi . . . 101
Löggæsla Raufarhöfn . . . 106
Löggæsla Seyðisfirði . . . 106
Löggæsla Stykkishólmi . . . 101
Löggæsla Suðurfjörðum . . . 107
Löggæsla Vopnafirði . . . 106
Löggæsla Þórshöfn . . . 106
Löggæsla, bæjarfógeti Akranesi . . . 100
Löggæsla, bæjarfógeti Bolungarvík . . . 102
Löggæsla, bæjarfógeti Kópavogi . . . 111
Löggæsla, bæjarfógeti Neskaupstað . . . 107
Löggæsla, bæjarfógeti Ólafsfirði . . . 105
Löggæsla, bæjarfógeti Siglufirði . . . 104
Löggæsla, bæjarfógeti Vestmannaeyjum . . . 109
Löggæsla, sýslumaður Blönduósi . . . 104
Löggæsla, sýslumaður Borgarnesi . . . 101
Löggæsla, sýslumaður Búðardal . . . 102
Löggæsla, sýslumaður Hólmavík . . . 103
Löggæsla, sýslumaður Hvolsvelli . . . 108
Löggæsla, sýslumaður Höfn í Hornafirði . . . 108
Löggæsla, sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði . . . 110
Löggæsla, sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði . . . 103
Löggæsla, sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki . . . 104
Löggæsla, sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi . . . 109
Löggæsla, sýslumaður Patreksfirði . . . 102
Löggæsla, sýslumaður Vík í Mýrdal . . . 108

Bls.
Lögreglubifreiðar 115
Lögregluskóli ríkisins 99
Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli 70
Lögreglustjórinn í Reykjavík 98
Lögreglustöð Egilsstöðum, nýbygging 107
Lögreglustöð Fáskrúðsfirði, innrétting 107
Lögreglustöð Grindavík 110
Lögreglustöð, sýslumaður Stykkishólmi 101

M

M-hátíð. 64
Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA 77
Manntal 1991 196
Markaðs- og skipulagsmál, ýmis orkumál 191
Mat á landbúnaðarafurðum 82
Matsnefnd eignarnámsbóta 115
Matsnefnd vínveitingahúsa 116
Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO 75
Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna, WFP 75
Málefni fatlaðra 121
Málefni fatlaðra 137
Málefni fatlaðra, Austurlandi 125
Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra 124
Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra 123
Málefni fatlaðra, Reykjanesi 122
Málefni fatlaðra, Reykjavík 121
Málefni fatlaðra, Suðurlandi 125
Málefni fatlaðra, Vestfjörðum 123
Málefni fatlaðra, Vesturlandi 123
Málskostnaður 115
Meðdómsmenn 115
Meðferðarheimili Búhamri 17, Vestmannaeyjum, málefni fatlaðra Suðurlandi 125
Meðferðarheimili fyrir einhverf börn, Sæbraut 2 126
Meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur 55
Meðferðarheimili og sambýli einhverfra barna 126
Meðferðarheimili Torfastöðum 54
Meðlög skv. 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga 131
Meðlög skv. lögum nr. 9/1981 131
Mengunarmælingar í sjó 185
Mengunarvarnabúnaður, Siglingamálastofnun ríkisins 185
Mengunarvarnir, Hollustuvernd ríkisins 136
Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO 76
Menningarsamskipti við Færeyinga 65
Menningarsjóður (B-hluti) 208
Menningarsjóður félagsheimila 64
Menningarsjóður Íslands og Finnlands 65

Bls.
Menningarsjóður, framlag . . . 62
Menntamálaráðuneyti . . . 17
Menntamálaráðuneyti (B-hluti) . . . 204
Menntaskólinn á Akureyri . . . 25
Menntaskólinn á Egilsstöðum . . . 27
Menntaskólinn á Egilsstöðum, mötuneyti o.fl. . . . 28
Menntaskólinn á Ísafirði . . . 26
Menntaskólinn á Ísafirði, kennsluhúsnæði . . . 28
Menntaskólinn á Laugarvatni . . . 25
Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut . . . 27
Menntaskólinn í Kópavogi, stjórnsýsluálma . . . 28
Menntaskólinn í Reykjavík . . . 25
Menntaskólinn í Reykjavík, endurbætur KFUM og K húss . . . 28
Menntaskólinn við Hamrahlíð . . . 26
Menntaskólinn við Hamrahlíð, endurbætur . . . 28
Menntaskólinn við Sund . . . 26
Menntaskólinn við Sund, endurbætur . . . 28
Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna . . . 56
Minningarsjóður Landspítalans . . . 146
Móttaka flóttamanna . . . 76
Mótun atvinnustefnu . . . 201
Myndlista- og handíðaskóli Íslands . . . 40
Myndlistarskólinn á Akureyri . . . 64
Myndlistaskólinn í Reykjavík . . . 64
Mötuneyti, Lögreglustjórinn í Reykjavík . . . 98

N

Náms- og fræðimenn, framlög . . . 56
Námsefnisgerð, framhaldsskólar . . . 29
Námsefnisgerð, Námsgagnastofnun . . . 35
Námsgagnastofnun . . . 35
Námskeið fangavarða . . . 116
Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum . . . 131
Námskeið skipstjórnarmanna, framhaldsskólar . . . 29
Námsleyfi lögfræðinga . . . 115
Námsskrárgerð, framhaldsskólar . . . 29
Námsstjórn og þróunarverkefni, grunnskólar . . . 51
Náttúrufræðihús . . . 68
Náttúrufræðistofnun Íslands . . . 200
Náttúruverndarráð . . . 198
Nefndakostnaður vegna samþykkta Alþingis . . . 12
Nesstofa, húsafriðun . . . 67
Neyðarhjálparstofnun Sameinuðu þjóðanna, UNDRO . . . 75
Neyslu- og manneldismál, manneldisráð . . . 146
Niðurgreiðsla á rafhitun . . . 191
Niðurgreiðslur á vöruverði . . . 193

Bls.
Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO 77
Norðurlandaráð 11
Norræn samvinna 65
Norræn samvinna á sviði sakfræði 115
Norræn samvinna í lyfsölumálum 144
Norræn umhverfisráðstefna 67
Norræna félagið 65
Norræna félagið, norræn atvinnumiðlun 65
Norrænar jarðskjálftarannsóknir á Suðurlandi 201
Norræni heilsugæsluskólinn 146
Norrænt samstarf 65
Norrænt umhverfisár 202
Notendur utan samveitna, Orkusjóður 191
Númeradeild, Vinnuhælið Litla-Hrauni 112
Nytjaskógar 80
Nýbygging, Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri 140
Nýbygging, sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki 104
Nýbygging, uppgjör, sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík 106
Nýframkvæmdir, sjúkrahús í Reykjavík 143
Nýframkvæmdir, Vegagerð ríkisins 182
Nýjungar í skólastarfi, framhaldsskólar 29
Nýlistasafn 64

O

Opinberar heimsóknir 12
Orator, almenn lögfræðiaðstoð 115
Orðabók Háskólans 20
Orkusjóður 191
Orkusjóður (B-hluti) 231
Orkustofnun 190
Orlof kennara, framhaldsskólar 29
Orlof kennara, grunnskólar 51
Orlofsheimili launþegasamtakanna 130

Ó

Ólympíunefnd fatlaðra 66
Ólympíunefnd Íslands 66
Óslóarsamningur um varnir gegn mengun 77
Óviss útgjöld, fjármálaráðuneyti 181

Bls.

P

Parísarsamningur um varnir gegn mengun 77
Parísarsamþykktin um vernd á sviði iðnaðar 76
Póst- og símamálastofnunin (B-hluti) 227
Prestaköll og prófastsdæmi 118
Prestar og prófastar 118
Prestastefna, Biskup Íslands 117
Prestsbústaðir, stofnkostnaður 118
Prestsbústaðir, viðhald 118
Próf fasteignasala 115
Próf málflytjenda 115
Próf skjalaþýðenda 115
Prófkostnaður, framhaldsskólar 29

R

R/s Árni Friðriksson, Hafrannsóknastofnun 91
R/s Bjarni Sæmundsson, Hafrannsóknastofnun 91
R/s Dröfn, Hafrannsóknastofnun 91
Rafmagnseftirlit ríkisins 191
Rafmagnsveitur ríkisins (B-hluti) 230
Raftæknideild, Hafrannsóknastofnun 90
Rannsóknadeild fisksjúkdóma, Tilraunastöð Háskólans að Keldum 18
Rannsóknaleyfi sérfræðinga á vísindastofnunum 64
Rannsóknanefnd flugslysa 186
Rannsóknanefnd sjóslysa 185
Rannsóknaráð ríkisins 23
Rannsóknarlögregla ríkisins 98
Rannsóknasjóður 23
Rannsóknasjóður (B-hluti) 205
Rannsóknasjóður grunnskólakennara 51
Rannsóknastarfsemi, Kennaraháskóli Íslands 21
Rannsóknastofa í Vestmannaeyjum, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 92
Rannsóknastofa, Hollustuvernd ríkisins 136
Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging (B-hluti) 216
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 189
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 92
Rannsóknastofnun landbúnaðarins 79
Rannsóknastofnun uppeldismála 21
Rannsóknastofur, Raunvísindastofnun Háskólans 18
Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins 81
Rannsóknastörf við Mývatn 198
Rannsóknasvið, Hafrannsóknastofnun 90
Rannsóknasvið, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 92
Rannsóknir í Öxarfirði 190
Rannsóknir og tilraunastarfsemi, Bændaskólinn á Hvanneyri 87

Bls.
Rannsóknir og þróunarstarfsemi, Rannsóknaráð ríkisins 23
Ratsjárstöðvar, rekstur (B-hluti) 211
Raunvísindastofnun Háskólans 18
Ráðherrabústaður Tjarnargötu 14
Ráðherrabústaður Tjarnargötu, viðhald 14
Ráðherrabústaður Þingvöllum 14
Ráðherrabústaður Þingvöllum, viðhald 14
Ráðstöfunarfé, dóms- og kirkjumálaráðuneyti 119
Ráðstöfunarfé, félagsmálaráðuneyti 131
Ráðstöfunarfé, fjármálaráðuneyti 180
Ráðstöfunarfé, forsætisráðuneyti 16
Ráðstöfunarfé, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti 169
Ráðstöfunarfé, iðnaðarráðuneyti 192
Ráðstöfunarfé, landbúnaðarráðuneyti 88
Ráðstöfunarfé, menntamálaráðuneyti 67
Ráðstöfunarfé, samgönguráðuneyti 187
Ráðstöfunarfé, sjávarútvegsráðuneyti 94
Ráðstöfunarfé, umhverfisráðuneyti 201
Ráðstöfunarfé, utanríkisráðuneyti 77
Ráðstöfunarfé, viðskiptaráðuneyti 194
Ráðunautar, Búnaðarfélag Íslands 79
Ráðunautar, jarðræktar- og búfjárræktarlög 86
Rekstrarframlag, Skipaútgerð ríkisins 183
Rekstrarskrifstofa, Alþingi 11
Rekstur fasteigna, Háskóli Íslands 17
Rekstur fasteigna, Kennaraháskóli Íslands 21
Rekstur fasteigna, Raunvísindastofnun Háskólans 18
Rekstur vita 184
Rekstur ökutækja, Lögreglustjórinn í Reykjavík 98
Reykholtsstaður 67
Reykjavíkurflugvöllur 186
Réttindanám leiðbeinenda, grunnskólar 51
Réttindanám, Kennaraháskóli Íslands 21
Rithöfundasjóður Íslands 63
Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota 130
Ríkisábyrgð á orlofslaunum 130
Ríkisábyrgðir og tjónabætur 179
Ríkisbifreiðar, framlag 181
Ríkisbókhald 171
Ríkisendurskoðun 13
Ríkisfjárhirsla 171
Ríkislögmaður 171
Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli 70
Ríkismat sjávarafurða 92
Ríkissaksóknari 96
Ríkissáttasemjari 120
Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd 176
Ríkisskattstjóri 172

Bls.
Ríkisspítalar, þvottahús (B-hluti) 222
Ríkisstjórn 12
Ríkistollstjóri 176
Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður (B-hluti) 207
Ríkisútvarpið, hljóðvarp (B-hluti) 207
Ríkisútvarpið, sjónvarp (B-hluti) 207

S

Safamýrarskóli 53
Safnahúsið við Hverfisgötu 59
Safnakennsla, grunnskólar 51
Safnastofnun Austurlands 68
Safngripaviðgerðir, námsvistargjöld 56
Sakadómur Reykjavíkur 97
Sala varnarliðseigna (B-hluti) 212
Samband íslenskra myndlistarmanna 64
Sambýli Akranesi, málefni fatlaðra Vesturlandi 123
Sambýli Akureyri, málefni fatlaðra Norðurlandi eystra 124
Sambýli Akurgerði 20, málefni fatlaðra Reykjavík 121
Sambýli Auðarstræti 15, Styrktarfélag vangefinna 126
Sambýli að Gauksmýri, málefni fatlaðra Norðurlandi vestra 123
Sambýli Álfabyggð 4, málefni fatlaðra Norðurlandi eystra 124
Sambýli Árvegi 8, Selfossi, málefni fatlaðra Suðurlandi 125
Sambýli Bakkaflöt, Garðabæ, málefni fatlaðra Reykjanesi 122
Sambýli Bitru, málefni fatlaðra Suðurlandi 125
Sambýli Blesugróf 29, Styrktarfélag vangefinna 126
Sambýli Borgarhlíð 3, málefni fatlaðra Norðurlandi eystra 124
Sambýli Borgarnesi, málefni fatlaðra Vesturlandi 123
Sambýli Byggðavegi 91, málefni fatlaðra Norðurlandi eystra 124
Sambýli Drekavogi 16, málefni fatlaðra Reykjavík 121
Sambýli Egilsstöðum, málefni fatlaðra Austurlandi 125
Sambýli einhverfra barna, Trönuhólum 1 126
Sambýli fyrir blinda, málefni fatlaðra Reykjavík 122
Sambýli fyrir ungmenni, málefni fatlaðra Reykjavík 122
Sambýli Grundarlandi 17, málefni fatlaðra Reykjavík 122
Sambýli Háteigsvegi 6, Styrktarfélag vangefinna 126
Sambýli Hlíðartungu, málefni fatlaðra Suðurlandi 125
Sambýli Hrauntungu 54, málefni fatlaðra Reykjanesi 122
Sambýli Húsavík, málefni fatlaðra Norðurlandi eystra 124
Sambýli Keflavík, málefni fatlaðra Reykjanesi 122
Sambýli Klettahrauni 17, Hafnarfirði, málefni fatlaðra Reykjanesi 122
Sambýli Markarflöt 1, Garðabæ, málefni fatlaðra Reykjanesi 122
Sambýli Njörvasundi 2, málefni fatlaðra Reykjavík 121
Sambýli Sauðárkróki, málefni fatlaðra Norðurlandi vestra 123
Sambýli Siglufirði, málefni fatlaðra Norðurlandi vestra 123
Sambýli Sigluvogi 5, Styrktarfélag vangefinna 126

Bls.
Sambýli Stuðlaseli 2, málefni fatlaðra Reykjavík 121
Sambýli Vallargerði 26, Kópavogi, málefni fatlaðra Reykjanesi 122
Sambýli Vallholti 12-14, málefni fatlaðra Suðurlandi 125
Sambýli Vallholti 9, málefni fatlaðra Suðurlandi 125
Sambýli Vanabyggð 2c, málefni fatlaðra Norðurlandi eystra 124
Sambýli Vestmannaeyjum, málefni fatlaðra Suðurlandi 125
Sambýli Vesturbrún 17, málefni fatlaðra Reykjavík 121
Sambýli Víðihlíð 11, Styrktarfélag vangefinna 126
Sambýli Víðihlíð 5, Styrktarfélag vangefinna 126
Sambýli Víðihlíð 7, Styrktarfélag vangefinna 126
Sambýli, óstaðsett, málefni fatlaðra Reykjavík 121
Sameiginleg útgjöld Ríkisskattstjóra og skattstofa 172
Sameiginleg útgjöld, Háskóli Íslands 17
Sameiginleg þjónusta, framhaldsskólar 29
Sameiginleg þjónusta, skólar fyrir fatlaða 52
Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni (B-hluti) 206
Sameindalíffræðiþing Evrópu 77
Sameinuðu þjóðirnar, UN 76
Sameinuðu þjóðirnar, ýmsir sérsjóðir 75
Samgönguráðuneyti 182
Samgönguráðuneyti (B-hluti) 227
Samheitaverðskrá lyfja 144
Samhjálp 168
Samnorræn menningarkynning 64
Samráðsnefnd um ferlimál, málefni fatlaðra 121
Samráðsnefnd, málefni fatlaðra 121
Samskipti við Vestur-Íslendinga 76
Samstarfsnefnd um upplýsingamál 64
Samstarfsverkefni iðnaðar og sjávarútvegs 188
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið 149
Samvinnuskólinn 42
Sauðfjárveikivarnir 82
Sektarnefnd 181
Seljavegur 32, innrétting 179
Sementsverksmiðja ríkisins (B-hluti) 230
Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd hjá Evrópuráðinu 71
Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu 73
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn 71
Sendiráð Íslands í London 71
Sendiráð Íslands í Moskvu 71
Sendiráð Íslands í Ósló 72
Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD og UNESCO 72
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi 72
Sendiráð Íslands í Washington 73
Sendiráð, almennt 74
Setlagarannsóknir 191
Setu- og varadómarar 115
Setusaksóknari 115

Bls.
Sérdeild fyrir einhverf börn, skólar fyrir fatlaða 52
Sérfræðileg aðstoð við landbúnaðinn, Búnaðarfélag Íslands 79
Sérfræðirannsóknir við Mývatn 201
Sérkennsla í grunnskólum, óskipt 51
Sérkennsla, framhaldsskólar 29
Sérstakar kannanir, Hagstofa Íslands 196
Sérstakt rannsóknaverkefni, Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins 81
Sérstök fræðsluverkefni, grunnskólar 51
Sérstök verkefni í kortagerð, Landmælingar Íslands 200
Sérstök verkefni, Siglingamálastofnun ríkisins 185
Siglingadómur 115
Siglingamálastofnun ríkisins 185
Sinfóníuhljómsveit Íslands 61
Sinfóníuhljómsveit Íslands (B-hluti) 208
Sinfóníuhljómsveit æskunnar 63
Síldarverksmiðjur ríkisins (B-hluti) 216
Síma- og útvarpskostnaður, Veðurstofa Íslands 200
Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið 181
Sími og fjarskipti, Lögreglustjórinn í Reykjavík 98
Sjálfsbjörg Akureyri 137
Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi 93
Sjávarútvegsráðuneyti 90
Sjávarútvegsráðuneyti (B-hluti) 216
Sjávarútvegur, iðnaður 92
Sjóður Sameinuðu þjóðanna fyrir fórnarlömb pyntinga 77
Sjómannadagsráð 130
Sjómannasamtök, lögskráning 130
Sjómannaskólahúsið 41
Sjómannastofur 131
Sjómerki, Vitastofnun Íslands 184
Sjóminjasafn Íslands 67
Sjómælingar og sjókortagerð 113
Sjónstöð Íslands 136
Sjóvarnargarðar 184
Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknabátur 93
Sjúkraflutningaráð 135
Sjúkrahús Bolungarvíkur 147
Sjúkrahús Hvammstanga 147
Sjúkrahús í Reykjavík 143
Sjúkrahús og læknisbústaðir 144
Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi 141
Sjúkrahúsið Akranesi 137
Sjúkrahúsið Egilsstöðum 141
Sjúkrahúsið Húsavík 140
Sjúkrahúsið Keflavík 142
Sjúkrahúsið Patreksfirði 138
Sjúkrahúsið Sauðárkróki 139
Sjúkrahúsið Seyðisfirði 140

Bls.
Sjúkrahúsið Siglufirði . . . 139
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum . . . 142
Sjúkrakostnaður refsifanga . . . 116
Sjúkraliðaskóli Íslands . . . 168
Sjúkraskýlið Hólmavík . . . 148
Sjúkraskýlið Þingeyri . . . 148
Sjúkrastofnanir SÁÁ . . . 149
Sjúkratryggingar, Tryggingastofnun ríkisins . . . 133
Skaftholt, málefni fatlaðra Suðurlandi . . . 125
Skammtímavistun Álfalandi 6, málefni fatlaðra Reykjavík . . . 121
Skammtímavistun Blesugróf 31, Styrktarfélag vangefinna . . . 126
Skammtímavistun Víðihlíð 9, Styrktarfélag vangefinna . . . 126
Skammtímavistun, málefni fatlaðra Norðurlandi eystra . . . 124
Skammtímavistun, málefni fatlaðra Reykjanesi . . . 122
Skattamál, ýmis útgjöld . . . 175
Skattavinnslukerfi, skýrsluvélakostnaður . . . 180
Skattstofa Austurlands . . . 174
Skattstofa Norðurlands eystra . . . 173
Skattstofa Norðurlands vestra . . . 173
Skattstofa Reykjaness . . . 175
Skattstofa Suðurlands . . . 174
Skattstofa Vestfjarða . . . 173
Skattstofa Vestmannaeyja . . . 175
Skattstofa Vesturlands . . . 172
Skattstofan í Reykjavík . . . 172
Skákmót, styrkir . . . 66
Skáksamband Íslands . . . 66
Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ . . . 127
Skálholtsskóli . . . 46
Skálholtsstaður . . . 118
Skipaútgerð ríkisins . . . 183
Skipaútgerð ríkisins (B-hluti) . . . 228
Skipulags- og hagræðingarverkefni, sýslumenn og bæjarfógetar . . . 100
Skipulagsnefnd fólksflutninga . . . 186
Skipulagsstjóri ríkisins . . . 199
Skógrækt einstaklinga, styrkir . . . 80
Skógrækt ríkisins . . . 80
Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði . . . 87
Skógræktarfélag Íslands . . . 87
Skólaakstur, jöfnun á námskostnaði . . . 57
Skólabúðir, Héraðsskólinn Reykjum . . . 44
Skóladagheimilið Lindarflöt 41 . . . 52
Skólar fyrir fatlaða . . . 52
Skólaskákmót . . . 66
Skólavörubúð, Námsgagnastofnun . . . 35
Skóli Unglingaheimilis ríkisins . . . 53
Skólinn að Sólheimum, skólar fyrir fatlaða . . . 52
Skólinn að Tjaldanesi, skólar fyrir fatlaða . . . 52

Bls.
Skólinn við Kópavogsbraut, skólar fyrir fatlaða 52
Skráning hlutafélaga 194
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna 94
Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs 70
Skrifstofuhúsnæði, sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík 110
Slysatryggingar, Tryggingastofnun ríkisins 133
Slysavarnafélag Íslands 131
Slysavarnaskóli sjómanna 186
Smáiðnaður í dreifbýli 190
Snjóflóða- og skriðufallavarnir, félagsmál 131
Snjóflóðavarnir, Veðurstofa Íslands 201
Sólheimar Grímsnesi 127
Sólvangur, Hafnarfirði 142
St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi 147
St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi, sjúkrahús og læknisbústaðir 144
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði 146
Starfsemi KFUM og KFUK 66
Starfslaun listamanna 63
Starfslaunasjóður myndlistarmanna 64
Starfsleikninám, grunnskólar 51
Starfsmenntun í atvinnulífinu 131
Starfsþjálfun, málefni fatlaðra 121
Stígamót, félagsmál 131
Stjórn fiskveiða, sjávarútvegsmál 93
Stjórnarnefnd, málefni fatlaðra 121
Stjórnarráðshús 14
Stjórnarráðshús, viðhald 14
Stjórnartíðindi 95
Stjórnskipaðir prófdómarar, grunnskólar 51
Stjórnsýsluhús á Ísafirði 179
Stofn- og rekstrarstyrkir, flóabátar og völuflutningar 183
Stofnkostnaður, héraðsskólar 45
Stofnkostnaður, launa- og verðlagsmál 180
Stofnlánadeild landbúnaðarins 85
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi 19
Stofnun Sigurðar Nordals 19
Stofnun Sigurðar Nordals, viðhald 19
Stórólfsvallabúið (B-hluti) 214
Stórstúka Íslands, ungliðastarf 169
Stúdentagarðar 56
Styrking dreifikerfis í sveitum 191
Styrktarfélag vangefinna 126
Styrktarfélag vangefinna, sambýli, Styrktarfélag vangefinna 126
Styrkur til blaðaútgáfu samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar 181
Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum 56
Styrkur til grænlenskra námsmanna 56
Styrkur til útgáfustarfa 56
Stýrimannaskólinn í Reykjavík 36

Bls.
Suðurhlíðarskóli, rekstrarstyrkur 51
Sumarbúðir í Botni, málefni fatlaðra Norðurlandi eystra 124
Sumarbúðir, málefni fatlaðra Vesturlandi 123
Sumardvalarheimili í Reykjadal 137
Sumardvöl Egilsá, málefni fatlaðra Norðurlandi vestra 124
Sundabúð II, Vopnafirði 149
Sundlaug, Íþróttakennaraskóli Íslands 39
Sunnuhlíð Kópavogi 149
Sveitarafvæðing 191
Svæðisstjórn, málefni fatlaðra Austurlandi 125
Svæðisstjórn, málefni fatlaðra Norðurlandi eystra 124
Svæðisstjórn, málefni fatlaðra Norðurlandi vestra 123
Svæðisstjórn, málefni fatlaðra Reykjanesi 122
Svæðisstjórn, málefni fatlaðra Suðurlandi 125
Svæðisstjórn, málefni fatlaðra Vestfjörðum 123
Svæðisstjórn, málefni fatlaðra Vesturlandi 123
Svæðisstjórn, málefni fatlaðra, Reykjavík 121
Sýslumaður Blönduósi 104
Sýslumaður Borgarnesi 101
Sýslumaður Búðardal 102
Sýslumaður Hólmavík 103
Sýslumaður Hvolsvelli 108
Sýslumaður Höfn í Hornafirði 108
Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri 105
Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði 107
Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði 110
Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík 106
Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði 103
Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík 110
Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki 104
Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi 109
Sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisfirði 106
Sýslumaður Patreksfirði 102
Sýslumaður Stykkishólmi 101
Sýslumaður Vík í Mýrdal 108
Sýslumenn og bæjarfógetar 100
Sýsluvegir 182
Söfn, styrkir 68
Sögusafn alþýðu 68
Sölvhóll 179
Sölvhólsgata 7 179
Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar 117

T

Tannsmíðanám, framhaldsskólar 29
Tekjubókhaldskerfi, skýrsluvélakostnaður 180

Bls.
Til Cornell- og Manitobaháskóla 68
Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra í samræmi við samþykktir ríkisstjórnarinnar 180
Til útgáfumála samkvæmt ákvörðun þingflokka 181
Tilkynningarskylda íslenskra skipa 186
Tilraunastöð Háskólans að Keldum 18
Tilraunastöðin á Möðruvöllum, fjósbygging 80
Tilraunastöðin Hesti og Hvanneyri 80
Tilraunastöðin Hesti og Hvanneyri (B-hluti) 213
Tilraunastöðin Möðruvöllum 80
Tilraunastöðin Sámsstöðum og Gunnarsholti 80
Tilraunastöðin Stóra-Ármóti 79
Tilraunastöðvar, viðhald 80
Tilraunir með rótarskóga 81
Tilraunir með ræktun iðnviðar 81
Tilraunir og rannsóknastörf, Garðyrkjuskóli ríkisins 88
Tilraunir, Vegagerð ríkisins 182
Tímabundin verkefni, Hafrannsóknastofnun 90
Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ 127
Tollafgreiðsla, Reykjavík 179
Tollasamvinnuráðið, CCC 76
Tollgæsla 177
Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli 70
Tollgæsla, bæjarfógeti Vestmannaeyjum 109
Tollgæsla, sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri 105
Tollgæsla, sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði 110
Tollgæsla, sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði 103
Tollgæsla, sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki 104
Tollgæsla, sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisfirði 106
Tollhúsið við Tryggvagötu 179
Tollstjórinn í Reykjavík 177
Tóbaksvarnir 146
Tónlistarsaga Íslands 68
Tónlistarskólinn í Reykjavík 41
Tónlistarstarfsemi, styrkir 64
Tónskóli þjóðkirkjunnar 117
Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum 181
Tryggingaeftirlitið 135
Tryggingastofnun ríkisins 133
Tæki og búnaður deilda og útibúa, Hafrannsóknastofnun 91
Tæki og búnaður í r/s Árna Friðriksson 91
Tæki og búnaður í r/s Bjarna Sæmundsson 91
Tæki og búnaður í r/s Dröfn 91
Tæki og búnaður, Almannavarnir ríkisins 114
Tæki og búnaður, Alþingi 11
Tæki og búnaður, aðalskrifstofa heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis 133
Tæki og búnaður, aðalskrifstofa iðnaðarráðuneytis 188
Tæki og búnaður, aðalskrifstofa menntamálaráðuneytis 17
Tæki og búnaður, aðalskrifstofa samgönguráðuneytis 182

Bls.
Tæki og búnaður, aðalskrifstofa sjávarútvegsráðuneytis 90
Tæki og búnaður, aðalskrifstofa utanríkisráðuneytis 69
Tæki og búnaður, almennir framhaldsskólar 28
Tæki og búnaður, Blindrabókasafn Íslands 60
Tæki og búnaður, Borgardómarinn í Reykjavík 97
Tæki og búnaður, Borgarfógetinn í Reykjavík 97
Tæki og búnaður, Brunamálastofnun ríkisins 129
Tæki og búnaður, Bændaskólinn á Hólum 88
Tæki og búnaður, Bændaskólinn á Hvanneyri 87
Tæki og búnaður, dómsmál 115
Tæki og búnaður, Fangelsismálastofnun 111
Tæki og búnaður, Fasteignamat ríkisins 178
Tæki og búnaður, Fiskvinnsluskólinn 38
Tæki og búnaður, Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri 140
Tæki og búnaður, fjármálaráðuneyti 170
Tæki og búnaður, framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins 178
Tæki og búnaður, fræðsluskrifstofur 51
Tæki og búnaður, Geislavarnir ríkisins 137
Tæki og búnaður, Hagstofa Íslands 196
Tæki og búnaður, Háskólinn á Akureyri 21
Tæki og búnaður, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands 135
Tæki og búnaður, Heyrnleysingjaskólinn 54
Tæki og búnaður, Hollustuvernd ríkisins 136
Tæki og búnaður, Hótel- og veitingaskóli Íslands 37
Tæki og búnaður, hafnamál 184
Tæki og búnaður, heilsugæslustöðvar 150
Tæki og búnaður, heilsugæslustöðvar í Reykjavík 151
Tæki og búnaður, Iðntæknistofnun Íslands 188
Tæki og búnaður, Íþróttakennaraskóli Íslands 39
Tæki og búnaður, Kennaraháskóli Íslands 21
Tæki og búnaður, Landgræðsla ríkisins 82
Tæki og búnaður, Landhelgisgæsla Íslands 113
Tæki og búnaður, Landlæknir 135
Tæki og búnaður, Landmælingar Íslands 200
Tæki og búnaður, Lögregluskóli ríkisins 99
Tæki og búnaður, Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli 70
Tæki og búnaður, Lögreglustjórinn í Reykjavík 98
Tæki og búnaður, launaskrifstofa ríkisins 170
Tæki og búnaður, Myndlista- og handíðaskóli Íslands 40
Tæki og búnaður, Náttúrufræðistofnun Íslands 200
Tæki og búnaður, Orkustofnun 190
Tæki og búnaður, Rannsóknarlögregla ríkisins 98
Tæki og búnaður, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 189
Tæki og búnaður, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 92
Tæki og búnaður, Rannsóknastofnun landbúnaðarins 80
Tæki og búnaður, Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins 81
Tæki og búnaður, Ríkisbókhald 171
Tæki og búnaður, Ríkisendurskoðun 13

Bls.
Tæki og búnaður, Ríkismat sjávarafurða 92
Tæki og búnaður, ríkislögmaður 171
Tæki og búnaður, ríkisskattstjóri 172
Tæki og búnaður, Skattstofa Norðurlands eystra 174
Tæki og búnaður, Skógrækt ríkisins 80
Tæki og búnaður, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi 19
Tæki og búnaður, Stýrimannaskólinn í Reykjavík 36
Tæki og búnaður, Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar 117
Tæki og búnaður, sendiráð 74
Tæki og búnaður, sjúkrahús í Reykjavík 143
Tæki og búnaður, skattamál, ýmis útgjöld 175
Tæki og búnaður, skattstofan í Reykjavík 172
Tæki og búnaður, sýslumenn og bæjarfógetar 100
Tæki og búnaður, Tollstjórinn í Reykjavík 177
Tæki og búnaður, Tryggingastofnun ríkisins 133
Tæki og búnaður, Tækniskóli Íslands 35
Tæki og búnaður, Umboðsmaður Alþingis 13
Tæki og búnaður, Umferðarráð 114
Tæki og búnaður, Veiðieftirlit 93
Tæki og búnaður, Veiðimálastofnunin 83
Tæki og búnaður, Verðlagsstofnun 194
Tæki og búnaður, Vélskóli Íslands 36
Tæki og búnaður, Vita- og hafnamálaskrifstofan 183
Tæki og búnaður, Vitastofnun Íslands 184
Tæki og búnaður, Þjóðminjasafn Íslands 58
Tæki og búnaður, Þjóðskjalasafn Íslands 58
Tæki og búnaður, Þjóðskráin 196
Tæki og búnaður, Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands 21
Tækjakaup, sjúkrahús og læknisbústaðir 144
Tækni- og veðurathuganadeild, Veðurstofa Íslands 201
Tækniskóli Íslands 35
Tæknivinnustofa Öryrkjabandalagsins 121
Tölvubúnaður, almennir framhaldsskólar 28
Tölvudeild, Hafrannsóknastofnun 90
Tölvudeild, Veðurstofa Íslands 201
Tölvugagnaskiptakerfi fyrir viðskipti, TEDIS 77
Tölvumál Stjórnarráðs o.fl. 181
Tölvumál, fjármálaráðuneyti 170
Tölvumiðstöð fatlaðra, málefni fatlaðra 121
Tölvunefnd, dómsmál 115
Tölvuvæðing í grunnskólum 51
Tölvuvæðing, heilsugæslustöðvar 150
Tölvuvæðing, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 92

Bls.

U

Umboðsmaður Alþingis 13
Umferðarfræðsla í skólum, grunnskólar 51
Umferðarráð 114
Umhverfisráðuneyti 198
Undirbúningur að umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna 201
Unglingaheimili ríkisins 55
Ungmennafélag Íslands 65
Uppbætur á lífeyri 177
Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir 86
Uppgjör við sveitarfélög 67
Uppgræðsla og gróðurvernd 201
Upplýsinga- og kynningarstarfsemi, utanríkisráðuneyti 69
Utanríkisráðuneyti 69
Utanríkisráðuneyti (B-hluti) 210

Ú

Útflutningsráð Íslands 69
Útgáfa Hæstaréttardóma 96
Útgáfa lagasafns 115
Útgáfa norræns dómasafns 115
Útgáfa sérlyfjaskrár og lyfjaverðskrár 144
Útgjöld samkvæmt h22eimildarákvæðum 178
Útibú á Akureyri, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 92
Útibú á Húsavík, Hafrannsóknastofnun 90
Útibú á Höfn í Hornafirði, Hafrannsóknastofnun 90
Útibú á Ísafirði, Hafrannsóknastofnun 91
Útibú á Ísafirði, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 92
Útibú á Neskaupstað, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 92
Útibú í Ólafsvík, Hafrannsóknastofnun 91
Útibú í Vestmannaeyjum, Hafrannsóknastofnun 91
Útlendingaeftirlit, Lögreglustjórinn í Reykjavík 98
Útvarpsréttarnefnd 68

V

V/s Óðinn, Landhelgisgæsla Íslands 113
V/s Týr, Landhelgisgæsla Íslands 113
V/s Ægir, Landhelgisgæsla Íslands 113
Varnargirðingar, Sauðfjárveikivarnir 82
Varnarmálaskrifstofa 69
Veðurfarsdeild, Veðurstofa Íslands 200
Veðurfræðirannsóknir, Veðurstofa Íslands 201
Veðurratsjá o.fl. 201

Bls.
Veðurspádeild, Veðurstofa Íslands 200
Veðurstofa Íslands 200
Veðurstöðvar, Veðurstofa Íslands 201
Veðurþjónusta fyrir millilandaflug 201
Vegagerð ríkisins 182
Vegagerð ríkisins, áhaldahús (B-hluti) 227
Veiðarfærakostnaður, Hafrannsóknastofnun 91
Veiðieftirlit 93
Veiðimálastofnunin 83
Veiðistjóri 199
Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða 83
Verðlagsráð sjávarútvegsins 92
Verðlagsstofnun 194
Verkmenntaskóli Austurlands 32
Verkmenntaskóli Austurlands, heimavist 28
Verkmenntaskóli Austurlands, kennsluhúsnæði og frágangur lóðar 28
Verkmenntaskólinn á Akureyri 33
Verkmenntaskólinn á Akureyri, nýbygging 28
Verkmenntaskólinn á Akureyri, sjávarútvegsbraut Dalvík 33
Verkstjórn, málefni fatlaðra Reykjanesi 122
Vernd barna og ungmenna 54
Verndaður vinnustaður Akranesi, málefni fatlaðra Vesturlandi 123
Verndaður vinnustaður Bjargi, málefni fatlaðra Norðurlandi eystra 124
Verndaður vinnustaður Egilsstöðum, málefni fatlaðra Austurlandi 125
Verndaður vinnustaður Selfossi, málefni fatlaðra Suðurlandi 125
Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum, málefni fatlaðra Suðurlandi 125
Verndaður vinnustaður, málefni fatlaðra Reykjavík 121
Verndaður vinnustaður, Örvi, málefni fatlaðra Reykjanesi 122
Verndun gamalla húsa 58
Verslunarskóli Íslands 42
Vélskóli Íslands 35
Viðbygging, sýslumaður Patreksfirði 102
Viðhald aðallögreglustöðvar, Lögreglustjórinn í Reykjavík 98
Viðhald fasteigna, Garðyrkjuskóli ríkisins 88
Viðhald fasteigna, Háskóli Íslands 17
Viðhald fasteigna, Hæstiréttur 96
Viðhald fasteigna, skólar fyrir fatlaða 52
Viðhald fasteignar Ásgrímssafns 60
Viðhald fasteignar, Listasafn Einars Jónssonar 59
Viðhald fasteignar, Safnahúsið við Hverfisgötu 59
Viðhald húseigna, Tilraunastöð Háskólans að Keldum 18
Viðhald húseignar, Rannsóknarlögregla ríkisins 98
Viðhald húseignar, Tryggingastofnun ríkisins 133
Viðhald húsnæðis, Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri 140
Viðhald íþróttavalla o.fl., Íþróttakennaraskóli Íslands 39
Viðhald lögreglustöðvar, Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli 70
Viðhald og endurbætur fangelsa 116
Viðhald sendiráða 74

Bls.
Viðhald sjúkrahúsa, óskipt . . . 144
Viðhald vega, Vegagerð ríkisins . . . 182
Viðhald, almennir framhaldsskólar . . . 28
Viðhald, fræðsluskrifstofur . . . 50
Viðhald, Hafrannsóknastofnun . . . 91
Viðhald, heilsugæslustöðvar . . . 150
Viðhald, héraðsskólar . . . 45
Viðhald, hússtjórnarskólar . . . 40
Viðhald, Landgræðsla ríkisins . . . 81
Viðhald, r/s Árni Friðriksson . . . 91
Viðhald, r/s Bjarni Sæmundsson . . . 91
Viðhald, r/s Dröfn . . . 91
Viðhaldsfé, Landhelgisgæsla Íslands . . . 113
Viðhaldsfé, Náttúruverndarráð . . . 198
Viðhaldsfé, sjúkrahús í Reykjavík . . . 143
Viðskiptaráðuneyti . . . 193
Viðskiptaskrifstofa, utanríkisráðuneyti . . . 69
Vinnuaðstaða kennara, Háskólinn á Akureyri . . . 21
Vinnueftirlit ríkisins . . . 129
Vinnuhælið Kvíabryggju . . . 112
Vinnuhælið Litla-Hrauni . . . 112
Vinnumál . . . 130
Vinnustofa Blindrafélagsins . . . 121
Vinnustofan Ás, Styrktarfélag vangefinna . . . 126
Vistanir, málefni fatlaðra . . . 121
Vistheimili fyrir börn, málefni fatlaðra Reykjanesi . . . 122
Vistheimili við Holtaveg, málefni fatlaðra Reykjavík . . . 121
Vistheimilið Sólborg, málefni fatlaðra Norðurlandi eystra . . . 124
Vistun fanga . . . 116
Vita- og hafnamálaskrifstofa, þjónustumiðstöð (B-hluti) . . . 228
Vita- og hafnamálaskrifstofan . . . 183
Vitabyggingar, Vitastofnun Íslands . . . 184
Vitastofnun Íslands . . . 184
Vísinda- og fræðistörf . . . 64
Vísindaleg starfsemi, styrkir . . . 64
Vísindaráð . . . 24
Vísindasjóður . . . 24
Vísindasjóður (B-hluti) . . . 205
Vörumerkja- og einkaleyfaskrifstofa . . . 188

Y

Yfirdýralæknir . . . 84
Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð . . . 143

Bls.

Ý

Ýmis framleiðsla og fangavinna, Vinnuhælið Litla-Hrauni 112
Ýmis framlög 68
Ýmis framlög til íþróttamála 66
Ýmis framlög, félagsmál 131
Ýmis framlög, heilbrigðismál, ýmis starfsemi 146
Ýmis framlög, samgönguráðuneyti 186
Ýmis innheimtukostnaður 176
Ýmis íþróttamál 66
Ýmis kirkjuleg málefni 118
Ýmis lán ríkissjóðs, vextir 178
Ýmis löggæslukostnaður 115
Ýmis orkumál 191
Ýmis sameiginleg útgjöld, skattamál 175
Ýmis sameiginlegur kostnaður, fjármálaráðuneyti 181
Ýmis sameiginlegur kostnaður, sýslumenn og bæjarfógetar 100
Ýmis utanríkismál 75
Ýmis verkefni, landbúnaðarmál 87
Ýmis verkefni, umhverfisráðuneyti 201
Ýmislegt, fjármálaráðuneyti 181
Ýmislegt, menntamálaráðuneyti 67
Ýmislegt, vinnumál 130
Ýmislegt, ýmis kirkjuleg málefni 118
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs 179
Ýmsar framkvæmdir, Náttúruverndarráð 198
Ýmsar nefndir, fjármálaráðuneyti 181
Ýmsir alþjóðlegir samningar 65

Þ

Þátttaka í starfi UNESCO 65
Þéttbýlisvegir 182
Þingmálaskrifstofa, Alþingi 11
Þingvallabær o.fl., viðhald 15
Þingvallakirkja, viðhald 15
Þjóðarbókhlaða 62
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 15
Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum 198
Þjóðgarðurinn í Skaftafelli 198
Þjóðhagsstofnun 14
Þjóðleikhús 61
Þjóðleikhúsið (B-hluti) 208
Þjóðminjasafn Íslands 58
Þjóðskjalasafn Íslands 58
Þjóðskráin 196
Þjónusta við heyrnleysingja, Heyrnleysingjaskólinn 53

Bls.
Þjónustumiðstöð Bræðratungu, málefni fatlaðra Vestfjörðum 123
Þjónustumiðstöð Vonarlandi, málefni fatlaðra Austurlandi 125
Þjónustutekjur, hafnamál 184
Þjónustutekjur, Vita- og hafnamálaskrifstofan 183
Þjónustutekjur, Vitastofnun Íslands 184
Þroskaþjálfaskóli Íslands 167
Þroskaþjálfun Höfn í Hornafirði, málefni fatlaðra Austurlandi 125
Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP 75
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi 75
Þróunarsamvinnustofnun Íslands 75
Þróunarsjóður dagvistarheimila, grunnskólar, almennt 51
Þróunarstörf í grunnskólum 51
Þungaskattsálagning með ökumælum 176
Þyrluvakt lækna, Landhelgisgæsla Íslands 113
Þýðingar laga og reglugerða Evrópubandalagsins 69
Þýðingarsjóður 63

Æ

Æðsta stjórn ríkisins 11
Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands 21
Æskulýðsmál 65
Æskulýðsmál, almennt 66
Æskulýðsráð ríkisins 65
Æskulýðssamband Íslands 65

Ö

Ökukennsla 113
Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri 148
Önnur leiklistarstarfsemi 63
Önnur starfsemi, málefni fatlaðra, heilbrigðisráðuneyti 137
Örnefnastofnun 20
Öryggismálanefnd 14
Öskjuhlíðarskóli 52

Efnisyfirlit

		Bls.
A-hluti:	Greiðsluyfirlit ríkissjóðs	3
	Rekstrarreikningur	4
	Sundurliðun útgjalda eftir ráðuneytum, stofnunum og tegundum útgjalda	11
	Æðsta stjórn ríkisins	11
	Forsætisráðuneyti	14
	Menntamálaráðuneyti	17
	Utanríkisráðuneyti	69
	Landbúnaðarráðuneyti	78
	Sjávarútvegsráðuneyti	90
	Dómsmálaráðuneyti	95
	Félagsmálaráðuneyti	120
	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	133
	Fjármálaráðuneyti	170
	Samgönguráðuneyti	182
	Iðnaðarráðuneyti	188
	Viðskiptaráðuneyti	193
	Hagstofa Íslands	196
	Umhverfisráðuneyti	198
B-hluti:	Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign	203
Heimildir		232
Athugasemdir		237
1.	Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga	239
2.	Yfirlit yfir fjárlagafrumvarpið	248
3.	Efnahagsforsendur fjárlaga 1991	252
4.	Tekjur	262
5.	Gjöld	274
6.	Athugasemdir um ríkisfyrirtæki og sjóði í B-hluta	358
7.	Lánsfjámál	369
Töfluviðauki		381
Fylgiskjal 1:	Yfirlit yfir lagabreytingar	405
Fylgiskjal 2:	Yfirlit yfir stöðu framkvæmda á vegum Framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins (FIR)	408
Skrá yfir stofnanir, sjóði og viðfangsefni (A- og B- hluti) í stafrófsröð		419

Nd. 2. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [2. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944.

Flm.: Kristín Einarsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson,
Málmfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

1. gr.

28. gr. falli brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ákvæði 28. gr. stjórnarskrárinnar, sem veitir heimild til útgáfu bráðabirgðalaga, að vissum skilyrðum uppfylltum, hefur staðið frá því að landinu var fyrst sett stjórnarskrá árið 1874. Árið 1915 var tveimur nýjum málsgreinum bætt við 28. gr. og smávægilegar breytingar voru gerðar á greininni árið 1920. Ákvæðið var tekið upp í 28. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, með þeirri breytingu einni að „forseti“ kom í stað „konungs“.

Ákvæði 28. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar nú þannig:

„Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög milli þinga. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir.

Nú samþykkir Alþingi ekki bráðabirgðalög, og falla þau þá úr gildi.

Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið.“

Þegar ákvæðið um útgáfu bráðabirgðalaga var sett inn í stjórnarskrá voru aðstæður í íslensku þjóðfélagi talsvert frábrugðnar því sem nú er. Alþingi kom saman til fundar annað hvert ár, í upphafi aðeins að sumri til. Samgöngur voru með allt öðrum hætti og alþingismenn höfðu þingmennsku ekki að aðalstarfi. Það þótti nauðsynlegt, þótt umdeilt væri, að setja eins konar neyðarréttarákvæði í stjórnarskrána þannig að konungur og ríkisstjórn gætu gripið til bráðabirgðalaga ef sérlega mikið lægi við. Orðin „þegar brýna nauðsyn ber til“ eru sett til áréttingar því að ekki megi fara frjálslega með þessa heimild. Því miður hefur reynslan sýnt að túlkun þessara orða hefur verið mjög frjálsleg. Virðist í mörgum tilvikum sem nauðsyn fyrir útgáfu bráðabirgðalaga hafi ekki verið brýn. Fjöldi bráðabirgðalaga hérlendis verður að teljast óeðlilegur, en frá stofnun lýðveldisins hafa verið gefin út tæplega 260 bráðabirgðalög.

Nú á tímum situr Alþingi mikinn hluta hvers árs og þingmennska er orðin fullt starf. Samgöngur hamla því ekki að Alþingi sé kallað til aukafunda með mjög skömmum fyrirvara til þess að fjalla um málefni sem þola enga bið. Kostnaður við að kalla saman aukaþing er mjög lítill. Það er alkunna að ríkisstjórn boðar oftast þingflokka stjórnarliðsins til funda til þess að bera undir þá efni væntanlegra bráðabirgðalaga. Eðlilegra væri að Alþingi væri kallað saman þar sem ekkert er því til fyrirstöðu að kveðja menn til fundar án fyrir-

vara. Heimild stjórnarskrárinnar til útgáfu bráðabirgðalaga er því ekki nauðsynleg lengur. Ríkisstjórnir hafa farið mjög frjálslega með mat á því hvað sé brýn nauðsyn miðað við forsögu 28. gr. stjórnarskrárinnar, en gert var ráð fyrir að útgáfa bráðabirgðalaga væri hrein undantekning. Ríkisstjórnir hafa hins vegar oft gefið út bráðabirgðalög skömmu áður en Alþingi er kallað saman og stuttu eftir að þingi hefur verið slitið eða jafnvel í jólaleyfi þingmanna. Alþingismenn hafa ekki verið nægilega á verði gegn ofnotkun þessa ákvæðis og oft samþykkt bráðabirgðalög sem engin ástæða var til að gefa út utan þingtíma. Oft eiga alþingismenn ekki annarra kosta völ en að samþykkja bráðabirgðalög þar sem áhrifa laganna er þegar tekið að gæta og mikið tjón kann að verða ef lögin fást ekki samþykkt. Fræðimenn í stjórnskipunarrétti deila um að hve miklu leyti dómstólar geti metið hvort brýna nauðsyn hafi borið til útgáfu bráðabirgðalaga. Margir telja að dómstólar verði að una við mat ríkisstjórna á því hvað sé brýn nauðsyn, en aðrir fræðimenn telja að dómstólum sé heimilt að meta þetta atriði. Um þetta mat hljóta þó alltaf að vera skiptar skoðanir.

Í Danmörku og Noregi er útgáfa bráðabirgðalaga heimiluð, en ekki er heimild til útgáfu bráðabirgðalaga í stjórnarskrám Svíþjóðar og Finnlands. Í Danmörku er heimildin bundin því skilyrði að ekki sé unnt að kalla þingið saman. Danir hafa þannig mun þrengri skilyrði fyrir útgáfu bráðabirgðalaga. Telja verður að við Íslendingar getum vel fylgt fordæmi Finna og Svía. Ef ókleift er af einhverjum ástæðum, t.d. af völdum náttúruhamfara eða styrjalda, að kalla Alþingi saman eru til ýmis neyðarréttarsjónarmið í stjórnskipunarrétti sem unnt er og eðlilegra að styðjast við. Í riti sínu „Stjórnskipun Íslands“ segir dr. Ólafur Jóhannesson að ekki sé leyfilegt að víkja frá ákvæðum stjórnarskrár nema mikið liggi við og kringumstæður séu mjög óvenjulegar. Þessari heimild eru þó settar mjög þröngar skorður þar sem engin neyðarréttarregla er í stjórnarskránni sjálfri. Í upphafi heimstyrjaldarinnar síðari vék Alþingi frá stjórnarskipunarlögum er ráðstafa þurfti valdi konungs og fresta kosningum. Helgaðist þetta af því hættuástandi sem þá ríkti.

Ákvæði 28. gr. stjórnarskrárinnar hefur fleiri galla en kosti og er í raun hættulegt lýðræðinu. Stjórnvöldum er í lófa lagið að beita ólýðræðislegum vinnubrögðum og skipa málefnum með lögum án atbeina Alþingis ef þau telja það henta. Þetta ákvæði ber því að nema úr stjórnarskránni nú þegar því að það felur ekki í sér það öryggi sem því var upphaflega ætlað að veita.

Haustið 1982 var lagt fram á þingi frumvarp sama efnis og þetta af þingmönnum Alþýðuflokksins í neðri deild en það náði ekki fram að ganga. Þá var á 111. og 112. þingi lagt fram frumvarp af nokkrum þingmönnum neðri deildar þar sem lagt er til að 28. gr. stjórnarskrárinnar verði breytt þannig að heimild til útgáfu bráðabirgðalaga verði þrengd.

Á árinu 1990 hefur ríkisstjórnin fjórum sinnum gefið út bráðabirgðalög. Í janúar, í jólaleyfi þingmanna, voru gefin út bráðabirgðalög, nr. 1 13. janúar 1990, um viðauka við lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., nr. 74 27. apríl 1972, og er vandséð að brýna nauðsyn hafi borið til þess, svo skömmu áður en fundum Alþingis var fram haldið eftir jólahlé. Þrenn bráðabirgðalög voru gefin út á sumarmánuðum. Af þeim má nefna bráðabirgðalög nr. 89 frá 3. ágúst 1990, um launamál. Þingkonur Kvennalistans telja að ríkisstjórnin hafi með þeim bráðabirgðalögum beitt sérlega ólýðræðislegum vinnubrögðum, auk þess að virða að vettugi samningsrétt viðsemjenda sinna. Að mati Kvennalistans ber að kalla Alþingi saman þegar fjallað er um svo veigamikil málefni. Kvennalistinn telur ríkisstjórnina nota sér heimild um bráðabirgðalög til að forðast eðlilega umfjöllun Alþingis. Því telur Kvennalistinn að heimild til útgáfu bráðabirgðalaga sé óþörf og óeðlileg þar eð ekkert er því til fyrirstöðu lengur að Alþingi komi saman með stuttum fyrirvara til að fjalla um lagafrumvörp og taka afstöðu til þeirra.

Sþ. 3. Tillaga til þingsályktunar [3. mál]

um samhæfða yfirstjórn öryggismála.

Flm.: Þorvaldur Garðar Kristjánsson, Matthías Á. Mathiesen,
Friðjón Þórðarson, Ólafur G. Einarsson.

Alþingi ályktar að könnuð verði og undirbúin setning löggjafar um yfirstjórn öryggismála.

Tilgangur með sérstakri yfirstjórn öryggismála verði að samhæfa þá stjórnsýslu sem lýtur að öryggis- og löggæslu ríkis og almennings í landinu.

Hlutverk sérstakrar yfirstjórnar öryggismála verði að fara með skipulega samstjórn lögreglumála, landhelgisgæslu og mála er varða tollgæslu, almannavarnir og aðra öryggisgæslu.

Til að undirbúa setningu löggjafar um yfirstjórn öryggismála skal sett á fót nefnd sjö þingmanna sem kosin verði hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi. Nefndin skipti með sér störfum. Hefur nefndin heimild til að krefja opinberar stofnanir um upplýsingar og gögn um hvaðeina sem verk hennar varða og leita sérfræðiaðstoðar svo sem með þarf.

Nefndin skal á haustþingi 1991 leggja fram á Alþingi áfangaskýrslu um störf sín sem þar verði tekin til umræðu. Að því loknu skal nefndin halda áfram störfum sínum og ljúka þeim með frumvarpsgerð svo fljótt sem auðið verður, en eigi síðar en 1. febrúar 1992.

Kostnaður við störf nefndarinnar verði greiddur úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi til þingsályktunar var flutt síðla á síðasta þingi. Allsherjarnefnd sameinaðs þings fékk tillöguna til meðferðar. Nefndin sendi hana til ýmissa aðila sem málið varðar og fékk ítarlegar umsagnir um það. Hins vegar vannst ekki tími til að vinna þetta umfangsmikla mál frekar og hlaut því tillagan ekki afgreiðslu á síðasta þingi.

Nú endurflytja sömu flutningsmenn þessa tillögu til þingsályktunar með aðeins breyttu ákvæði um tímasetningu sem leiðir af því að málið er nú síðar á ferðinni en upphaflega var gert ráð fyrir. Hér á eftir fylgir sama greinargerð og áður:

Til þess að ríki geti talist fullvalda þarf að vera fyrir hendi ríkisvald. Sjálfstæði ríkis hefur löngum verið skilgreint með tilliti til ríkisvaldsins. Ein skilgreiningin var eitt sinn sú að ekkert ríki gæti talist sjálfstætt nema það gæti komið fram vilja sínum gagnvart hverjum sem væri, hvaða ríki sem væri. Hvað sem kann að hafa mátt segja einhvern tíma um þá skilgreiningu er lítil stoð í slíkum orðaleik nú. Samkvæmt slíkri skilgreiningu gætu nú naumast risaveldin talist sjálfstæð.

En hvað sem þessu líður verður ekki augum lokað fyrir mikilvægi trausts ríkisvalds. Í þjóðarsál okkar Íslendinga á að vera greypt sú staðreynd að missi sjálfstæðis þjóðarinnar hafi mátt rekja til veiks ríkisvalds á þjóðveldistímanum.

Þegar íslenska þjóðin hefur nú heimt sjálfstæði sitt á ný má ekki bregðast að ríkið gæti frumskyldu sinnar við eigið öryggi og gæslu almennings í landinu. Mál þessi tókum við í eigin hendur með fullveldinu. Við höfum búið okkur skipan þessara mála, svo sem um lögreglu, landhelgisgæslu, tollgæslu og almannavarnir. Við fyrirkomulag þetta höfum við búið og þeir sem hafa gegnt störfum í þessari þjónustu hafa lagt sitt af mörkum, stundum svo að til afreka má teljast. En samt sem áður er þörf breytinga á skipulagi þessara mála.

Á hinum skamma ferli endurfengins sjálfstæðis þjóðarinnar höfum við verið að fikra okkur áfram í einstökum úrlausnarefnum. Við höfum verið að endurbæta og prjóna við eft-

ir efnum og ástæðum. En slíkum vinnubrögðum hljóta að fylgja ágallar. Ráðið við því er að endurskoða heildarskipan þessara mála. Við Íslendingar erum nú betur í stakk búnir til þess að koma á skipan sem hentar. Við erum reynslunni ríkari.

Með tilliti til þessa er þessi þingsályktunartillaga fram borin. Ætlunin er að ná fram skilvirkri stjórnun með samhæfingu einstakra þátta öryggis- og löggæslu. Tilgangurinn er tvíþættur. Annars vegar er miðað við að nýta megi sem best mannafla og það fjármagn sem til þessara mála er veitt. Hins vegar er stefnt að því að efla megi öryggi og gæslu ríkisins og almennings í landinu með nýjum aðferðum og nýjum vinnubrögðum eftir því sem breyttir tímar og staða landsins á hverjum tíma gera nauðsynlegt.

Nú eru einstakir þættir öryggis- og löggæslumála aðskildir í stjórn og framkvæmd. Lögregla og landhelgisgæsla eru aðskilin og tollgæslan er sér á báti og almannavarnir lúta sérstjórn. Hver greinin fyrir sig byggir sig upp að liðsafla og útbúnaði sem í mörgum tilfellum geta þjónað fleiri en einum aðila. Glöggt dæmi um þetta er þyrlukostur Landhelgisgæslunnar. Svo mikilvæg sem þessi tæki eru Landhelgisgæslunni eru þau og nauðsynleg lögreglunni til margs konar löggæslu. Þyrlur eru og ómissandi til þjónustu við almannavarnir þegar á reynir í þeim efnum svo að ekki sé talað um björgun úr mannháska sem alltaf ber upp á hvort heldur af slysum eða veikindum. Í framkvæmd hefur verið leitast við að sinna þessum verkefnum sem best með góðri samvinnu milli einstakra stofnana löggæslu- og öryggismála og aðstoð frá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli í sumum tilvikum. En það getur ekki verið lausn til frambúðar. Hin síbætta tækni þyrluflugsins gerir stöðugt sjálfsagðara, af hagkvæmnisástæðum, að taka þessa þjónustu meir og meir upp með auknum vélakosti. En þessi flugkostur er dýr og á miklu veltur að fjárfesting, sem stofnað er til, sé sem best nýtt. Það verður svo hins vegar helst gert að einstakar stofnanir kosti ekki til tækjabúnaðar hver fyrir sig heldur að tækin til sameiginlegra nota séu á einni hendi undir einni yfirstjórn. Þetta á ekki einungis við þyrlur heldur og margs konar tækjabúnað annan.

En það er ekki einungis að samhæfa megi nýtingu tækjaútbúnaðar einstakra stofnana, heldur er ekki síður mikilvægt að samhæfa mannaflann. Það þarf að gera með margvíslegum hætti eftir því sem atvik ber að. Það getur borið við að nauðsynlegt sé að menn Landhelgisgæslunnar komi til liðs við menn lögreglunnar og öfugt. Tollgæslumenn á vettvangi geta þurft aðstoðar lögreglu og Landhelgisgæslunnar. Sama er að segja um útlendingaeftirlit, fíkniefnavarnir og mengunarvarnir. Og almannavarnir eru í eðli sínu ekki annað en samspil þess liðsafla sem upp á er að hlaupa í einstökum greinum öryggis- og gæslumála. Framkvæmd þessara mála er komin undir góðri samvinnu margra aðila. En það er ekki til að byggja á til frambúðar, enda ekki til að dreifa þeirri samhæfingu sem nauðsyn krefur. Þessi skipan býður upp á að hinn sameinaði mannafli sé ekki hagnýttur svo vel sem verða má. Það þýðir meiri kostnað fyrir sömu þjónustu en ella þyrfti að standa undir. Á miklu veltur að liðsafli, sem til reiðu er, sé sem haganlegast nýttur. Það verður svo hins vegar best gert að liðsaflinn taki mið af hinu víðara samhengi öryggis- og löggæslumála, en besta leiðin til þess er að þau lúti einni stjórn.

Þær ástæður, sem eru fyrir samhæfingu öryggis- og löggæslustarfa undir einni stjórn, eiga eins við þau verkefni á þessu sviði sem ríkið kann í framtíðinni að láta til sín taka. Eru þá landvarnir fyrst og fremst hafðar í huga. Öll ríki verða að láta landvarnir til sín taka með einum eða öðrum hætti. Ísland er engin undantekning í þessu efni. Við Íslendingar höfum leyst þetta viðfangsefni, að tryggja öryggi landsins út á við, með þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu og samningi við Bandaríkin um varnarlið hér á landi. Eitt veigamikið verkefni varnarliðsins er að annast margs konar eftirlitsstörf til öryggis og gæslu. Ýmsum þessara starfa erum við Íslendingar jafnfærir um að gegna og öðrum öryggis- og gæslustörfum

sem við höfum nú á eigin hendi. Þar má til nefna rekstur ratsjárstöðvanna. Ekkert á heldur að vera því til fyrirstöðu að Íslendingar geti annast þá þyrluþjónustu sem rekin er af björgunarsveit varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Öll áþekk verkefni þarf þá að samhæfa öðrum öryggis- og gæslustörfum, sem ríkið hefur með höndum, undir einni stjórn. Ekkert er eðlilegra en að þeir hinir sömu, sem njóta góðs af öryggisgæslu í okkar heimshluta svo að friður megi haldast, standi undir kostnaði af þessari umsýslu. Hér væri þá um að ræða skipan ekki óáþekka þeirri sem nú er á umsýslu okkar Íslendinga á hinu víðáttumikla svæði flugumferðarstjórnar á Norður-Atlantshafi sem Alþjóðaflugmálastofnunin ber kostnað af.

Þessi þingsályktunartillaga kveður ekki á um veru varnarliðsins hér á landi. Hins vegar fjallar tillagan um að komið verði á fót sameiginlegri eða einni stjórn sem samhæfi þá stjórnsýslu sem lýtur að öryggis- og löggæslu ríkis og almennings í landinu. Það er gert ráð fyrir að þessi samræmda gæsla sé þannig að skipulagi og framkvæmd að hún sé þess umkomin að taka við verkefnum af varnarliðinu, eftir því sem við verður komið, og allri öryggis- og löggæslu á Keflavíkurflugvelli þegar til þess kemur að varnarliðið hverfur af landi brott. Það er hvorki gengið út frá því að erlent varnarlið verði í landinu um alla framtíð né að innlendum her verði komið á fót.

Sú skipan öryggis- og löggæslu, sem hér er lagt til að stofnað verði til, tekur mið af eðlismun einstakra þátta löggæslunnar og margbreytileik. Engin breyting er gerð á skipan umboðsstarfa lögreglustjóra þannig að gjaldheimta og tollheimta heyra undir þá sömu og áður hvort sem um er að ræða fjármálaráðherra eða aðra aðila. Eftir sem áður helst skipting landsins í lögsagnarumdæmi. Ekki er lögð til breyting á valdsviði og hlutverki lögreglustjóra einstakra lögsagnarumdæma. Þeir málaflokkar, sem ekki fara eftir skiptingu í lögsagnarumdæmi, svo sem gæsla landhelginnar, lúta stjórn án umdæmaskiptingar eins og hingað til. Sama er að segja um almannavarnir og ýmiss konar öryggisþjónustu svo að ekki sé talað um þau verkefni sem beint varða varnir landsins.

Gert er ráð fyrir að með yfirstjórn allra öryggis- og löggæslumála fari forstjóri eða öryggismálastjóri sem heyri undir dómsmálaráðherra. Vegna mikilvægis þessara mála og sérstaks eðlis má hugsa sér að Alþingi kjósi hlutfallskosningu nefnd alþingismanna til eftirlits og varðstöðu um að öryggismálum sé haldið utan við og ofar flokkspólitískum hagsmunum og viðhorfum.

Það er hlutverk öryggismálastjóra að samhæfa hina margslungnu þætti öryggis- og löggæslu. Að því er varðar þau verkefni, sem hingað til hefur verið sinnt, má líkja þessu hlutverki öryggismálastjóra við það sem dómsmálaráðuneytið eða ráðuneytisstjóri þess hefur leitast við að inna af hendi með samkomulagi og samvinnu ýmissa aðila. En sá er munurinn að staða öryggismálastjóra á að vera miklu sterkari til að skipa niður sameiginlegum liðsafla til sérstakra verkefna, sem upp kunna að koma, og til þess að ráðstafa eftir þörfum tækjabúnaði sem á að vera til sameiginlegra nota. Það gefur hlutverki öryggismálastjóra aukið vægi að gert er ráð fyrir að leggja megi undir hina samhæfðu yfirstjórn öryggismála alla þætti þessara mála hvort sem þeim hefur verið sinnt hingað til eða ekki. Á þetta ekki síst við allt sem lýtur að landvörnum. Jafnframt hinni styrku stöðu yfirstjórnar öryggismála er gert ráð fyrir að hlutdeild almennings í öryggis- og gæslustörfum verði ekki minni en áður nema síður sé. Og er þá átt við hið mikilvæga hlutverk Slysavarnafélags Íslands, hjálparsveitir skáta og flugbjörgunarsveitir eða lögbundna hlutdeild almennings, svo sem almannavarnanefndir og aðra slíka skipan sem til kann að koma.

Framtíð slíkrar skipunar, sem hér er gert ráð fyrir, er mjög undir því komin hvert traust almenningur ber til hennar. En nýbreytni þessi verður dæmd af framkvæmdinni. Það fer eftir því hver á heldur. Varðar því miklu að liðsaflinn sé starfi sínu vaxinn. Í því efni er ekk-

ert að óttast. Þar halda áfram störfum þeir menn sem nú vinna í einstökum greinum löggæslu- og öryggismála mennirnir, konur og karlar með reynsluna, sem mætt hefur á til þessa. Hins vegar verður að líta til framtíðarinnar í þessum efnum. Hafa þarf þann hátt á að hafðar séu uppi samræmdar kröfur um hæfni allra sem til þessara starfa ráðast eftir því sem við á. Þess vegna ber að gera ráð fyrir að komið verði upp sameiginlegum skóla löggæslu- og öryggismála. Þar væri þá sjálfsagður stofn Lögregluskóli ríkisins sem nú starfar, svo og varðskipadeild Sjómannaskólans og Tollskóli ríkisins. Jafnframt þarf slíkur skóli að veita sérhæfða menntun öllum þeim sem taka að sér svo mikilvæg störf sem hér um ræðir. Samkennd þarf að móta viðhorf þessara manna. Allir þurfa að vera sér meðvitandi um sérhæfni og mikilvægi starfsins. Öllum á að gera skylt að vinna hollustuheit en ekki einungis lögreglumönnum eins og nú er.

Þingsályktunartillaga þessi er um undirbúning að mikilvægu máli. Lagt er til að undirbúin verði setning löggjafar um samhæfða yfirstjórn öryggismála. Þetta er óvenjumikið og vandasamt verk. Það kallar á vandvirknisleg vinnubrögð. Þess vegna er ráð fyrir gert að Alþingi kjósi sérstaka þingmannanefnd til að vinna verkið. Því er og gert ráð fyrir að Alþingi fylgist með framvindu verksins. Og það tekur sinn tíma að undirbúa slíka löggjöf sem hér er um að ræða. Ekki má ana að neinu. Þess vegna er gert ráð fyrir tíma til stefnu.

Samt sem áður er hér ekki um að ræða mál sem líta má svo á að í lagi sé að ljúka einhvern tíma við hentugleika. Þvert á móti er hér um aðkallandi mál að ræða sem þolir enga óþarfa bið. Kemur þar raunar margt til. Það verður svo fljótt sem auðið er að koma á þeirri hagræðingu sem fylgir samhæfingu einstakra þátta í öryggis- og löggæslumálum á einni hendi. Það er mikil nauðsyn að halda sem best á því fjármagni sem nú er veitt til þessara mála. Það gerum við með bættri skipan og skilvirkari stjórnun. Þá verðum við að mæta nýjum viðhorfum og hættum með því að efla öryggi og gæslu almennings. Einnig þarf sérstaklega að gæta öryggis æðstu stjórnar og stofnana ríkisins. Við þurfum að vera viðbúnir, ef með þarf, að geta mætt sem best þeirri óáran ofbeldis og skemmdarverka sem nú gengur yfir víða um heim.

Þá þurfum við Íslendingar nú að hafa hliðsjón af þeirri öru þróun heimsmála um þessar mundir sem taka verður tillit til í viðhorfum til öryggis- og varnarmála landsins. Stríðsviðbúnaður fer vonandi þverrandi en umsýsla eftirlits og hvers konar gæslu vegur meira. Þannig flyst áherslan frá því sem við erum sjálfir ófærir um til þess sem er innan marka hins mögulega fyrir okkur sjálfa. Við þurfum að vera viðbúnir að geta aukið hlutdeild okkar í því sem varðar öryggi og varnir landsins. Það gerum við svo best að koma á fót skipan sem miðar að því að hægt sé að taka við þeim verkefnum sem eru þess eðlis að við getum annast þau sjálfir. Til þess þarf markvissan undirbúning. Það gerum við með því að koma á laggirnar þeirri samhæfðu stjórn öryggismála sem þessi tillaga gerir ráð fyrir. Þess vegna er tillagan líka tímabær og aðkallandi. Þannig verðum við Íslendingar tilbúnir að mæta þeim kröfum sem til okkar eru gerðar sem fullvalda þjóðar.

Sþ. 4. Fyrirspurn [4. mál]

til menntamálaráðherra um Íslensku óperuna.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur.

Eru uppi einhver áform um:
a. að leysa fjárhagsvanda Íslensku óperunnar,
b. að tryggja rekstur hennar og framtíð?
Ef svo er, hver eru þau og hvenær má vænta úrbóta?

Sþ. 5. Fyrirspurn [5. mál]

til iðnaðarráðherra um jöfnun orkukostnaðar.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvað verður gert á næstunni af hálfu stjórnvalda til að jafna orkukostnað í landinu:
a. til húshitunar,
b. til heimilisnota,
c. til fyrirtækja?

Sþ. 6. Tillaga til þingsályktunar [6. mál]

um þinglega meðferð allra mála á Alþingi.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að öll þingmál, sem lögð eru fram á yfirstandandi þingi, skuli fá þinglega meðferð og sæta lokaafgreiðslu í þingsölum fyrir þinglausnir í vor.

Greinargerð.

Hvers vegna er alþingismönnum gefinn kostur á að leggja fram þingmál sem sæta aldrei lokaafgreiðslu á Alþingi? Hvers vegna er alþingismönnum gefinn kostur á að leggja fram þingmál sem verða ekki rædd í nefndum Alþingis? Hvers vegna er alþingismönnum gefinn kostur á að leggja fram þingmál sem ekki er einu sinni tími til að mæla fyrir á Alþingi? Hvers vegna?

I.

Alþingi er löggjafarþing og hlutverk þess er að setja íslensku þjóðinni lög. Alþingi lýsir líka vilja sínum með ályktunum sem eru bindandi fyrir þingið og aðra valdhafa í landinu. Alþingi er málstofa fyrir umræður og fyrirspurnir. Þingheimur er kallaður saman til þessara verka og önnur verk alþingismanna eru því hjáverk. Alþingismenn fá greitt þingfararkaup fyrir setu í þingsölum og störf í þingnefndum. Þetta er hlutverk Alþingis og alþingismanna.

Alþingismenn gegna líka ýmsum öðrum trúnaði á vegum þingsins. Ráðherrar eru oftast valdir úr hópi alþingismanna og þingmenn sitja einnig í fjölþjóðanefndum, svo sem

Norðurlandaráði og ýmsum þingmannasamtökum. Ýmis annar trúnaður er alþingismönnum sýndur. Þessi trúnaðarstörf þingmanna eru hins vegar öll hjáverk og mega því ekki hafa áhrif á hlutverk Alþingis.

II.

Þinghald er með styttra móti í vetur vegna kosninga til Alþingis í vor og þinglausnir verða 15. mars samkvæmt starfsáætlun. Jólafrí alþingismanna er þrjár vikur. Þriggja vikna jólafrí er nokkuð rífleg hvíld á milli funda, jafnvel þó alþingismenn noti tímann vel til að sækja heim kjósendur sína í kjördæmum og boða til funda um landið. Sumarleyfi Alþingis er bæði langt og gott og þá gefst þingmönnum nógur tími til að sinna kjósendum heima í héraði.

III.

Það er vel hægt að flytja mál á Alþingi án þess að ráðherra sitji í þingsalnum. Það ætti að nægja að formaður viðkomandi þingnefndar fylgist með málflutningnum hverju sinni. Öðru máli gegnir þegar ráðherrar fylgja úr hlaði stjórnarfrumvörpum. Þá þurfa þeir að taka sjálfir þátt í umræðum sem fylgja.

Flutningsmaður þessarar tillögu hefur talað fyrir mörgum þingmálum án þess að ráðherrar viðkomandi málaflokka hafi heiðrað hann með nærveru sinni í þingsal, enda kemur það ekki að sök. Flutningsmaður telur að málflutningur alþingismanna eigi fyrst og fremst erindi við íslensku þjóðina og aðra þingmenn. Tíma ráðherranna er betur varið í ráðuneytunum.

IV.

Alþingismenn mega leggja fram ný þingmál á þessu þingi fram undir þinglausnir í vor. Þannig er ljóst að ekki gefst tími til að fylgja seint fram komnum málum úr hlaði og tala fyrir þeim á þingfundum, hvað þá að ræða þau í nefndum Alþingis, leita álits og umsagna hjá fólki utan þingsins og ljúka málflutningi með lokaafgreiðslu í þingsölum.

V.

Andinn á bak við þingræðið er að Alþingi ráði málum til lykta með lögum. Þannig tryggir þjóðin lýðræðið sem Íslendingar hafa kosið í landi sínu og skipt er í þrjá þætti: Löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Þingheimur velur sér svo ráðherra til að stjórna ríkinu í umboði Alþingis og framkvæma vilja þingsins. Alþingi er hin raunverulega valdastofnun fólksins í landinu og alþingismaðurinn er þar hornsteinn. Þetta er kjarni málsins.

Nú stendur yfir 113. löggjafarþing íslensku þjóðarinnar og liðin eru 1060 ár frá stofnun Alþingis. Fyrsti ráðherrann tók hins vegar við embætti á Íslandi fyrir áttatíu og sjö árum og fyrsta ríkisstjórnin fyrir sjötíu og fjórum árum. Þannig er Alþingi miklu eldri stofnun en bæði ráðherrar og ríkisstjórnir. Alþingi getur vel stjórnað án ráðherra en ráðherrar ekki án Alþingis. Löggjafarvaldið er æðra en framkvæmdarvaldið. Þetta er andi þingræðis og honum mega alþingismenn aldrei glata.

En framkvæmdarvaldið hefur því miður vaxið stöðugt í þjóðfélaginu á kostnað Alþingis, bæði í höndum ráðherra í ríkisstjórnum og eins hafa þingmenn löngum seilst í stærri hluta af framkvæmdarvaldinu fyrir sjálfa sig. Þannig hafa alþingismenn ekki staðið vörð um Alþingi sem löggjafarþing og afhenda sífellt stærri hluta af valdi þingsins umboðsmönnum sínum í ríkisstjórnum. Fyrir bragðið er komin slagsíða á löggjafann.

VI.

Hér skal nefnt dæmi um undanhald alþingismanna fyrir fulltrúum sínum á ráðherrastóli: Þingmál ríkisstjórnarinnar ganga sífellt fyrir þingmálum einstakra alþingismanna á dagskrá Alþingis. Alþingismenn eru kallaðir til aukafunda svo að ríkisstjórnarmál fáist afgreidd og iðulega er brugðið út af eðlilegri meðferð mála til að svo megi verða. Þingmenn stjórnarflokka eru líka boðaðir sérstaklega í þingsali þegar þingmál ríkisstjórnar eru borin undir atkvæði.

Þingmál alþingismanna hljóta að öllu jöfnu ekki svo röska afgreiðslu á Alþingi. Þau sitja jafnan á hakanum þegar þingmál ríkisstjórna hafa forgang. Þingheimur er ekki kallaður saman til aukafunda svo að afgreiða megi þingmál einstakra alþingismanna. Þingmenn stjórnarflokka eða stjórnarandstöðu eru heldur ekki boðaðir sérstaklega í þingsali þegar þingmál alþingismanna eru á dagskrá. Alþingismaðurinn hefur því sjálfur afsalað sér réttinum til að hafa áfram aldargamalt frumkvæði á Alþingi samkvæmt andanum á bak við þingræðið.

VII.

Á þingfundum á háttvirtu Alþingi í fyrravetur hefur flutningsmanni stundum liðið eins og hverjum öðrum grip í eigu ríkisstjórnarinnar eða eins og bandingja í klóm stjórnarandstöðunnar. Þessar tvær fylkingar ráða framvindu mála í þingsölum og alþingismaðurinn sjálfur má sín lítils með sín þingmál frammi fyrir þessu ofurefli. Þannig hefur yfirbygging þinghaldsins náð að sliga hornsteinana. Það eru döpur málalok.

Af þeirri líðan er þessi tillaga um breytta meðferð allra þingmála sprottin. Flutningsmaður telur það ekki í anda þingræðis að mál alþingismanna fái ekki þinglega meðferð hverju sinni og sæti lokaafgreiðslu í þingsölum. Hann sér ekki þingræðið í störfum Alþingis ef mál alþingismanna eru ekki borin undir atkvæði þingsins jafnt og mál ríkisstjórna. Það er frekar ríkisstjórnarræði en þingræði.

Án meiri hluta á þingi eru störf Alþingis vissulega erfiðleikum háð og meiri hluta þarf í öllum málum til að tryggja þingræðið. En hér er bent á að án alþingismannsins fæst aldrei meiri hluti. Alþingismaðurinn er áfram hornsteinn Alþingis.

VIII.

Með flutningi þessarar þingsályktunartillögu gerir flutningsmaður þær kröfur að öll þingmál, sem fram koma fyrir síðasta skiladag nýrra þingmála í vor, fái þinglega meðferð og sæti lokaafgreiðslu á Alþingi Íslendinga sem nú situr: Frumvörp til laga, þingsályktunartillögur, beiðnir um skýrslur og fyrirspurnir, eða önnur þau mál sem Alþingi fjallar um, hverju nafni sem nefnast. Greidd verði atkvæði um frumvörp, tillögur og beiðnir og fyrirspurnum svarað. Forsetar Alþingis ásamt formönnum þingflokka tryggi alþingismönnum þessi málalok með breyttri skipan mála og dagskrár fram að þinglausnum. Alþingi sitji lengur en til 15. mars 1991 ef þess gerist þörf til að ná þessu markmiði.

Mál þetta var flutt á síðasta þingi en fékk þá ekki þinglega meðferð.

Sþ. **7. Þjóðhagsáætlun** [7. mál]

fyrir árið 1991.

(Lögð fram af forsætisráðherra 11. október 1990.)

I. INNGANGUR OG YFIRLIT YFIR HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Mikill árangur hefur náðst í efnahagsmálum á þessu ári. Mestu máli skiptir að verðbólgan er nú komin niður á svipað stig og í helstu viðskiptalöndum okkar. Verðbólgan hefur verið 20–30% á ári síðustu fimm árin. Nú stefnir í að verðbólgan verði um 8% frá upphafi til loka þessa árs. Undanfarna þrjá mánuði var verðbólgan einungis tæplega 4%. Horfur eru á að halda megi verðbólgunni í 6–7% á næstu mánuðum miðað við heilt ár. Stórfelld hækkun olíuverðs á heimsmarkaði að undanförnu gæti þó breytt þessum horfum til hins verra. Mikilvægt er að staðfesta þann árangur sem náðst hefur í viðureigninni við verðbólguna á næstu misserum.

Þennan árangur má einkum þakka aðhaldsamri efnahagsstefnu og kjarasátt ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins í byrjun þessa árs. Efnahagsstefnan hefur skapað betri skilyrði til jafnvægis í þjóðarbúskapnum en áður. Þetta á einkum við um aðhaldssemi á sviði peninga- og lánamála, sem vegið hefur á móti halla á ríkisbúskapnum. Mikilvægur þáttur þessarar stefnu hefur verið innlend fjármögnun hallans á ríkissjóði. Þá hefur dregið úr halla ríkissjóðs. Að baki kjarasamningunum í febrúar lá raunsætt mat á stöðu efnahagsmála og eindreginn ásetningur um að ná verðbólgunni niður. Ljóst er að árangur í viðureigninni við verðbólgu verður ekki tryggður nema með góðu samstarfi stjórnvalda og annarra aðila í hagkerfinu.


Þrátt fyrir erfið skilyrði í þjóðarbúskapnum á undanförnum árum hefur tekist að koma á betra jafnvægi á milli þjóðarútgjalda og þjóðartekna en verið hefur um langt skeið. Þetta var og er forsenda árangurs í baráttunni við verðbólgu og viðskiptahalla. Viðskiptahallinn var 1,6% af landsframleiðslu í fyrra og nú eru horfur á að hann verði um 2% á þessu ári. Til samanburðar var hallinn um 3½% af landsframleiðslu að meðaltali á árunum 1980–1988. Umskiptin í utanríkisviðskiptum koma enn skýrar fram í vöruskiptajöfnuðinum. Á árunum 1987 og 1988 var halli á vöruskiptajöfnuði, eins og reyndar flest árin þar á undan, en 1989 var um 7.500 milljóna króna afgangur sem svarar til um 2½% af landsframleiðslu. Horfur eru á að afgangurinn verði svipaður á þessu ári. Þetta er mikilsverður árangur í ljósi þess að halli á viðskiptum við útlönd hefur jafnan aukist á samdráttartímum.

Eftir þrengingar í þjóðarbúskapnum á síðustu tveimur árum hafa orðið umskipti til hins betra í afkomu atvinnuveganna á þessu ári. Þetta má einkum rekja til betra jafnvægis í þjóðarbúskapnum, lækkunar verðbólgu og batnandi viðskiptakjara. Þótt samdrátturinn hafi meðal annars komið fram í vaxandi fjölda gjaldþrota hefur hann einnig leitt til skipulagsbreytinga og hagræðingar í atvinnulífinu. Þegar á heildina er litið hefur atvinnuástandið verið viðunandi, þótt gætt hafi staðbundinna erfiðleika.

Óhjákvæmilegt var að lífskjör þjóðarinnar versnuðu á síðustu tveimur árum vegna aflabrests og viðskiptahalla á fyrri árum. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann rýrnaði um 3% á árinu 1988, 10% 1989 og talið er að hann rýrni um 3½% á milli áranna 1989 og 1990. Á þessu ári hefur kaupmáttur hins vegar haldist nokkurn veginn óbreyttur.

Nú eru horfur á að samdráttarskeiðið í þjóðarbúskapnum sé á enda. Talið er að landsframleiðsla standi í stað á þessu ári og þjóðartekjur einnig. Á næsta ári er spáð um 1½%

aukningu landsframleiðslu og tæplega 2% aukningu þjóðartekna. Gert er ráð fyrir að kaupmáttur aukist í hátt við landsframleiðslu en viðskiptahallinn minnki nokkuð vegna betri viðskiptakjara. Í þessari áætlun er reiknað með að verðbólgan verði um 7% og ráðstöfunartekjur í heild hækki um 8%. Í þessu felst að verðbólga og almennar launabreytingar verði ívið meiri hérlendis en í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). OECD spáir rúmlega 5% verðbólgu milli áranna 1990 og 1991 og um 6% hækkun almennra launa.



Þótt reiknað sé með bata í efnahagslífinu á þessu ári er spáð hægari hagvexti hér á landi en í nálægum löndum. Þannig gerir OECD ráð fyrir 2–2½% hagvexti í aðildarríkjum sínum. Efnahagsástandið í heiminum er hins vegar ótryggt um þessar mundir, sérstaklega í ljósi atburðanna við Persaflóa. Horfur um framvindu efnahagsmála á alþjóðavettvangi í næstu framtíð eru því óvissar.

Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar miðar að því að varðveita þann mikilsverða árangur sem náðst hefur á síðustu misserum í átt til betra jafnvægis í þjóðarbúskapnum og koma í veg fyrir að þensla myndist á ný. Í því efni er mikilvægast að staðfesta árangurinn í viðureigninni við verðbólgu, stuðla áfram að umbótum í hagkerfinu, leita nýrra framleiðslutækifæra og leggja þannig traustan grunn að hagvexti og batnandi lífskjörum í framtíðinni. Eitt brýnasta verkefnið er að auka framleiðslu og verðmætasköpun í þjóðfélaginu þannig að hagvöxtur hér á landi verði ekki minni en í nálægum löndum.

Í næsta kafla er lýst framvindu efnahagsmála á þessu ári. Í þriðja kafla er gerð grein fyrir markmiðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og stefnu. Í fjórða kafla er lýst efnahagshorfum á árinu 1991. Loks er í fimmta kaflanum fjallað um efnahagshorfurnar á næstu árum með sérstöku tilliti til áhrifa byggingar nýs álvers og raforkuvera á efnahagslífið hér á landi.

II. FRAMVINDAN 1990

Eftir varnarbaráttu í efnahagsmálum á síðustu tveimur árum eru nú horfur á að botni hafi verið náð í hagsveiflunni. Útlit er fyrir að landsframleiðsla og þjóðartekjur standi í stað á þessu ári. Þjóðarútgjöld eru talin verða ívið meiri en í fyrra og því verður viðskiptahallinn heldur meiri, eða um 2% af landsframleiðslu samanborið við 1,6% í fyrra. Verulega hefur miðað í átt til jafnvægis í þjóðarbúskapnum á þessu ári sem meðal annars kemur fram í að verðbólgan stefnir í einungis 8% frá upphafi til loka ársins og atvinnulífið stendur nú almennt traustari fótum en á undanförnum árum, þrátt fyrir erfiðleika í vissum greinum og landsvæðum.

Afli og útflutningsframleiðsla.
Á fyrstu átta mánuðum ársins var verðmæti afla, án loðnu, 2,8% minni en á sama tíma í fyrra á föstu verðlagi. Hér munar mestu um samdrátt þorskafla um rúm 6½%, þar sem þorskafli er tæplega helmingur aflaverðmætis. Aflaspá Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 1990 er byggð á veiðiheimildum, áætlunum sjávarútvegsráðuneytisins og mati Hafrannsóknastofnunar á ástandi fiskstofnanna. Á grundvelli þessara upplýsinga áætlar Þjóðhagsstofnun að heildaraflinn í ár verði 4½% minni á föstu verðlagi en hann var á árinu 1989. Annar afli en loðna er talinn minnka enn meir eða um 6½%. Í botnfiskinum munar mest um 12½% samdrátt í þorskafla. Reiknað er með lítilsháttar aukningu í ýsuafla og nokkurri aukningu í ufsaafla, en grálúðuaflinn er talinn munu minnka um rúmlega þriðjung. Þjóðhagsstofnun áætlar að loðnuaflinn verði 850 þúsund tonn á þessu ári, en það er 27% aukning frá því sem hann var í fyrra. Áætlað er að síldaraflinn verði svipaður og á síðasta ári, eða 98 þúsund tonn. Þá er gert ráð fyrir að rækjuaflinn verði nokkru meiri en á síðasta ári, en hörpudiskaflinn standi í stað. Nánara yfirlit um afla og aflabreytingar er sýnt í eftirfarandi töflu og mynd.

	Fiskaflinn 1989–1990		
	Þús. tonn.		
	1989	Spá 1990	Breyting, %
Þorskur	354	310	-12,4
Annar botnfiskur	343	330	-3,8
Síld	97	98	1,0
Loðna	672	850	26,9
Humar	2	2	0,0
Rækja	27	30	1,1
Hörpudiskur	11	11	0,0
Annað	8	8	0,0
Heildarafli	1.514	1.639	
Breyting aflaverðmætis á föstu verði, %	-4,0	-4,5	


Þegar afli dregst saman má búast við að hann verði nýttur betur og að stærri hluti fari í verðmætari framleiðslu en ella. Þetta er þó ekki einhlítt og erfitt er að meta hve mikil áhrif þessi þáttur hefur á útflutningsframleiðsluna. Þjóðhagsstofnun áætlar að breyting á samsetningu framleiðslunnar leiði til um ½% meiri framleiðslu úr sama aflamagni, þannig að útflutningsframleiðsla sjávarútvegsins á föstu verðlagi verði um 3½% minni í ár en hún var í fyrra.

Framleiðsla á áli dregst lítillega saman á árinu þar sem framleiðslugeta verksmiðjunnar var ekki nýtt að fullu í ársbyrjun. Álframleiðslan er engu að síður mikil miðað við fyrri ár.


Útflutningsframleiðsla annarra greina en sjávarútvegs og stóriðju er talin aukast um 4½%. Þar munar mest um afurðir fiskeldis, en án fiskeldis er framleiðslan óbreytt frá fyrra ári.

Hagur atvinnuveganna.

Þjóðhagsstofnun hefur nýlega lokið við úrvinnslu úr ársreikningum rúmlega 700 fyrirtækja úr flestum atvinnugreinum fyrir árið 1989. Niðurstöður þessara athugana birtust í frétt frá stofnuninni þann 14. ágúst síðastliðinn. Þar kemur fram að hagnaður af reglulegri starfsemi sem hlutfall af tekjum hjá þessum fyrirtækjum í heild hefur aukist um 1,1%, eða frá því að vera enginn 1988 í að vera 1,1% á árinu 1989. Afkomubreytingin er nokkuð misjöfn eftir greinum. Afkoma fyrirtækja í almennum iðnaði, byggingariðnaði og samgöngum hefur versnað milli áranna en afkoma fyrirtækja í sjávarútvegi, verslun, banka- og tryggingarstarfsemi og þjónustu- og veitingastarfsemi hefur hins vegar batnað. Mest batnar afkoman í sjávarútvegi þó enn hafi þar verið halli á árinu 1989. Halli var einnig á fyrirtækjum í almennum iðnaði og samgöngum.



Á árinu 1990 er þess að vænta að afkoma fyrirtækja í verslun, þjónustu og almennum iðnaði batni nokkuð. Velta mun dragast saman. Reiknað er með að einkaneysla dragist saman um 1½% frá fyrra ári og kaupmáttur ráðstöfunartekna minnki um 3½%. Þá mun raungengi lækka milli ára þannig að staða samkeppnisiðnaðar ætti að verða betri en á árinu 1989. Raunvextir útlána innlánsstofnana munu hins vegar hækka nokkuð en reikna má með að raunvextir af erlendum lánum verði ívið lægri á þessu ári en í fyrra. Við mat á afkomu ársins 1990 þarf að hafa í huga að bókfærðir raunvextir af erlendum lánum verða lágir vegna stöðuleika gengis krónunnar innan ársins á móti hækkun á innlendu verðlagi.



Mestur afkomubati hefur orðið í botnfiskveiðum og -vinnslu. Verð á útfluttum sjávarafurðum er nú rúmlega 20% hærra í erlendri mynt en það var að meðaltali á árinu 1989. Flest bendir því til þess að afkoma þessara greina verði viðunandi á þessu ári. Verð á rækju hefur lækkað um 15% frá meðaltali síðasta árs. Auk þess hafa greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði minnkað verulega. Vissar vonir eru bundnar við að verð hækki nokkuð á næstunni. Flest bendir þó til þess að afkoma rækjuvinnslu verði léleg á þessu ári, þrátt fyrir mjög góð aflabrögð og mikla framleiðslu. Nokkur hækkun hefur hins vegar orðið á verði á hörpudiski og búast má við að afkoma í greininni verði nokkru betri en hún var á síðasta ári. Verð á mjöli og lýsi hefur lækkað um 15% í erlendri mynt frá því sem það var að meðaltali á árinu 1989. Afkoma í greininni mun þó ráðast að verulegu leyti af loðnuveiðum á þessu hausti. Verð á útfluttum sjávarafurðum í heild er nú um 12% hærra en að meðaltali í fyrra. Þessi mikla verðhækkun hefur ótvírætt treyst stöðu sjávarútvegs á árinu. Á móti er rétt að benda á að stórfelld hækkun á olíu mun leggjast þungt á greinina.

Af einstökum greinum landbúnaðar er afkoman verst í loðdýrarækt en skinnaverð hefur verið lágt um árabil. Litlar breytingar hafa orðið á afkomu fiskeldisfyrirtækja. Hún hefur verið mjög slæm undanfarin ár.


Afkoma stóriðjufyrirtækja, sem var góð á árinu 1989, hefur versnað á þessu ári vegna lækkunar á verði áls og kísiljárns. Framleiðsla á áli hefur einnig dregist saman og reikna má með að afkoma verði þar í járnum á þessu ári. Tap verður hins vegar á kísiljárnframleiðslu.

Laun og hagnaður.

Í framhaldi af því sem hér hefur verið sagt um hag atvinnuveganna verður nú í stuttu máli fjallað um þann virðisauka sem myndast í einstökum atvinnugreinum en til samans myndar hann landsframleiðsluna, eða öllu heldur vergar þáttatekjur. Þeim virðisauka má skipta í tvennt, annars vegar í hlut launþega og hins vegar í hlut atvinnurekstrarins. Til hlutar atvinnurekstrarins er þá talið það sem eftir stendur til greiðslu vaxta, til þess að mæta afskriftum og vinnuframlagi eigenda í einstaklingsfyrirtækjum auk hreins hagnaðar. Þetta hugtak er nefnt vergur rekstrarafgangur. Hér er hins vegar um nokkuð annað hagnaðarhugtak að ræða en venja er að miða við í ársreikningum fyrirtækja. Á fimmtán ára tímabili 1973 til

1987 hefur virðisaukinn skipst þannig að laun hafa að meðaltali verið 66% og vergur rekstrarafgangur um 34%. Hins vegar hafa komið fram miklar sveiflur í innbyrðis skiptingu virðisaukans. Ef litið er á hlutfall vergs rekstrarafgangs, eða hagnaðarhlutfallið, kemur í ljós að hlutfallið var í lægð á árunum 1978 til 1982 eða á bilinu 31–32%. Síðan hækkaði það umtalsvert 1983 og var á bilinu 36–41% á árunum 1983 til 1986, féll síðan verulega á árinu 1987 og fór þá niður í 31%. Áætlanir benda til þess að hlutfallið hafi enn lækkað á árinu 1988 og þá farið í 30% en þokast upp á ný á árinu 1989 og þá orðið tæp 33% og því rúmu einu prósenti undir framangreindu fimmtán ára meðaltali. Á árinu 1990 er talið að hlutfallið verði um 34% og nái því meðaltalinu. Samanburð á hagnaðarhlutfallinu við fyrri ár verður þó að skoða í því ljósi að raunvextir hafa farið hækkandi en áður voru iðulega dæmi þess að þeir væru neikvæðir. Til þess að tryggja óbreytta afkomu þyrfti hagnaðarhlutfallið því að vera hærra en áður.

Á móti lækkun hagnaðar óx launahlutfallið að sama skapi en skiptingin þar á milli gefur til kynna tekjuskiptinguna milli launþega og fyrirtækja. Hækki launahlutfallið, gefur það til kynna, að launakostnaður fyrirtækjanna hafi aukist umfram hagnað, með öðrum orðum að launþegar hafi hlotið stærri skerf en áður af því sem til skiptanna er.




Atvinnuástand.

Tölur um heildarfjölda unninna vinnuvikna á árinu 1988 liggja nú fyrir, en vinnuaflsnotkun er grundvölluð á þeim tölum. Vinnuaflsnotkun minnkaði um 3% milli áranna 1987 og 1988. Mest var minnkunin í fiskvinnslu og iðnaði, eða um 1400 störf í hvorri atvinnugrein. Á árinu 1987 jókst vinnuafl hins vegar óvenju mikið, eða um 6% frá árinu áður. En rekja má þá aukningu til þenslu í efnahagslífinu og þess að tekjur þess árs voru ekki skattlagðar vegna upptöku staðgreiðslu skatta. Segja má að á árinu 1988 hafi vinnumarkaðurinn náð eðlilegu ástandi að nýju. Þannig má nefna að frá 1986 til 1988 eykst vinnuaflsnotkun um 2,7% sem er í hátt við langtímaþróun. Talið er að vinnuaflsnotkunin hafi haldið áfram að dragast saman á árinu 1989, eða um ríflega 2%. Þetta hefur komið fram í verulegri aukningu atvinnuleysis sem jókst á milli áranna úr 0,6% af heildarmannafla 1988 í 1,7% 1989. Spáin fyrir 1990 gerir ráð fyrir að vinnuaflsnotkun aukist frá árinu áður og atvinnuleysi verði um 2%.

Vinnuaflsnotkun á höfuðborgarsvæðinu hefur aukist um 30% frá 1980. Á sama tímabili minnkaði vinnuaflsnotkun um 3% á Vestfjörðum og um 2% á Austurlandi. Í öðrum landshlutum jókst vinnuafl um 2–7% á tímabilinu. Á höfuðborgarsvæðinu eru um 60% alls vinnuafls í landinu, samanborið við 54% árið 1980. Næst mest er vinnuaflsnotkunin á Norðurlandi eystra um 9% af heild, samanborið við 10% 1980. Þróunin undanfarin ár hefur verið sú að höfuðborgarsvæðið hefur verið að auka hlut sinn á kostnað allra hinna landshlutanna.

Atvinnuleysi hefur aukist verulega undanfarin tvö ár. Árið 1988 var fjöldi atvinnulausra að meðaltali 826 eða 0,6% af heildarmannafla. Á árinu 1989 jókst atvinnuleysi í 2.123, eða 1,7%, og á þessu ári er gert ráð fyrir að um 2.500 verði atvinnulausir að meðaltali eða um 2% af heildarmannafla. Atvinnuleysi er um þessar mundir hlutfallslega mest á Norðurlandi eystra, eða um 4½%, en minnst á Vestfjörðum, um 1%. Á höfuðborgarsvæðinu er atvinnuleysi um 1½%. Aukning atvinnuleysis stafar einkum af samdrætti í efnahagslífinu sem meðal annars hefur leitt til sameiningar fyrirtækja, aðallega í þjónustugreinum, og gjaldþrota fyrirtækja í mörgum greinum. Skráning atvinnuleysis helst mjög í hendur við rétt til atvinnuleysisbóta. Í júní í fyrra var réttur til bóta rýmkaður, þannig að bætur voru greiddar í allt að 52 vikur á hverju 68 vikna tímabili í stað 26 vikur á hverju 52 vikna tímabili. Þessi breyting leiðir að öllum líkindum til aukningar á skráðu atvinnuleysi.



Atvinnuleysi sveiflast nokkuð frá mánuði til mánaðar. Það er yfirleitt mest í janúar, helst nokkuð hátt fram í mars, en fer svo lækkandi og nær lágmarki yfir sumarmánuðina. Atvinnuleysi eykst síðan að jafnaði frá hausti og nær hámarki í janúar.

Upplýsingar frá atvinnurekendum um ráðgerðar breytingar á starfsmannahaldi benda til aukinnar eftirspurnar eftir vinnuafli á árinu ef marka má niðurstöður atvinnukannana Þjóðhagsstofnunar. Niðurstöður könnunar í apríl 1990 sýndu að atvinnurekendur vildu fjölga starfsmönnum um 150 sem er veruleg breyting frá fyrri könnunum. Mest var eftirspurnin í fiskiðnaði, byggingarstarfsemi og í heilbrigðisgeiranum, en atvinnurekendur vildu hins vegar fækka í samgöngum og öðrum þjónustugreinum, aðallega í tryggingа- og bankastarfsemi. Það þarf að fara aftur til október 1988 til að finna jákvæða eftirspurn eftir vinnuafli í atvinnukönnunum Þjóðhagsstofnunar.

Tekjur, verðlag og kaupmáttur.

Áætlanir Þjóðhagsstofnunar um þáttatekjur og laun sýna að hlutdeild launa af vergum þáttatekjum var 70% árið 1988, 67% 1989 og bráðabirgðatölur fyrir þetta ár sýna að hlutur launa hafi lækkað niður í 66%. Athuganir á skiptingu þáttatekna á árabilinu 1973–1987 sýna, að hlutur launa var að meðaltali um 66% eða jafn hlutfallinu í ár.

Samkvæmt skattframtölum 1990 voru meðalatvinnutekjur launþega á árinu 1989 tæplega 940 þúsundir króna og hækkun frá árinu á undan um 11%. Framtölin sýna að meðalatvinnutekjur kvæntra karla voru 1.625 þúsundir króna og hækkun frá 1988 var tæplega 12½%. Meðalatvinnutekjur hjóna reyndust vera 2.100 þúsundir króna og er hækkun frá árinu á undan 12%. Þessi hækkun er 1–2 prósentum lægri en Þjóðhagsstofnun áætlaði. Hér kemur meðal annars til versnandi atvinnuástand. Spár Þjóðhagsstofnunar benda til að ársverkum hafi fækkað um 2% milli 1988 og 1989. Nánari greining sýnir að tekjubreyting framteljenda undir 30 ára aldri er miklu lægri en eldri hópa. Skýring þessa er vafalítið sú að skólafólki gekk illa að fá sumarvinnu í fyrra.



Tekju- og verðlagsþróun á þessu ári hefur mótast mjög af þeim kjarasamningum sem gerðir voru í febrúar síðastliðnum. Samningarnir kveða á um launahækkanir sem metnar eru á 5–6% frá upphafi til loka ársins. Í forsendum samninganna er m.a. kveðið á um endurmat launaforsendna fari framfærsluvísitalan fram yfir ákveðin mörk („rauð strik") í maí, september og í nóvember 1990. Framfærsluvísitalan var undir mörkunum í maí, en 0,3% yfir mörkunum nú í september, og hækkuðu laun af þeim sökum 1. október. Niðurfelling virðisaukaskatts af íslenskum bókum leiddi til 0,2% lækkunar vísitölu í september og endurgreiðsla virðisaukaskatts af vinnu við viðhald íbúðarhúsnæðis olli 0,4% lækkun. Þá hefur hækkun á verði opinberrar þjónusta verið stillt í hóf og frá janúar til september er hækkun hennar aðeins 4,2%, sem er rúmu einu prósenti minna en hækkun vísitölunnar í heild. Að óbreyttu eru horfur á að vísitalan verði tæplega 1% yfir rauða strikinu í nóvember. Mikil óvissa er þó um þetta meðal annars vegna olíuverðshækkana á heimsmarkaði. Verðlagsþróun hefur í reynd verið mjög nálægt þeim forsendum sem samningsaðilar gáfu sér og raunar voru verðhækkanir heldur minni á fyrri hluta ársins. Árshækkun framfærsluvísitölu á fyrstu þremur mánuðum ársins var 12,4% en lækkaði niður í 7,8% á næstu þremur

mánuðum. Síðari helming ársins er gert ráð fyrir að verðbólga lækki mjög. Árshraði verðbólgunnar miðað við hækkun framfærsluvísitölu undanfarinna 3 mánaða nú í september er 3,9%. Á þremur mánuðum til júní svaraði hækkun framfærsluvísitölunnar til 7,8%. Til samanburðar má nefna að á sama tímabili jafngiltu verðhækkanir í ríkjum OECD 6% árshraða, í Bretlandi 6,7% árshraða og í Bandaríkjunum 3,6% árshraða. Vegna mikilla verðhækkana á seinni árshelmingi 1989 er spáð hækkun framfærsluvísitölu milli áranna 1989 og 1990 tæplega 15%, byggingarvísitölu 17–18% og lánskjaravísitölu um 15–16%. Leita þarf allt aftur til ársins 1972 til að finna minni verðbólgu.

Þær vísbendingar sem nú liggja fyrir um þróun atvinnutekna á mann á þessu ári benda til um 10% hækkunar frá meðaltali í fyrra. Samkvæmt þessu myndi kaupmáttur atvinnutekna verða um 4% lakari en að meðaltali í fyrra.


Samanburður á staðgreiðsluskyldum tekjum á fyrri helmingi þessa árs og á sama tíma í fyrra, sýna að tekjur hafa hækkað um 13% og áætlun um launatekjur sýna 13½% hækkun. Innheimt staðgreiðsla er hins vegar 23% hærri en í fyrra, en á móti kemur að barnabætur, húsnæðisbætur og vaxtaafsláttur hafa hækkað um 18%. Að teknu tilliti til tekjuskatta og þessara skattaafslátta sýna upplýsingar unnar úr uppgjöri staðgreiðslu að tekjur til ráðstöfunar hafi hækkað um rúmlega 11%. Í þessu felst að skattbyrði hefur þyngst um 1½% frá því í fyrra og það sem af er þessu ári nemur staðgreiðsla skatta 18% af tekjum.

Tilfærslutekjur, en til þeirra teljast meðal annars lífeyrisgreiðslur og bætur Atvinnuleysistryggingasjóðs, hafa hækkað nokkuð umfram launatekjur á undanförnum árum. Hækkun þeirra á þessu ári er metin um 13%. Raunvextir lækkuðu verulega frá 1988 til 1989. Sem dæmi má nefna að raunvextir óverðtryggðra lána lækkuðu úr tæpum 12% í 4,7%. Raunvextir hafa farið heldur hækkandi það sem af er þessu ári og er þannig gert ráð fyrir umtalsverðri hækkun raunvaxtatekna og -gjalda. Að öllu samanlögðu er áætlað að ráðstöfunartekjur á mann hækki um svipað hlutfall og atvinnutekjur. Í þessu felst að aðrar tekjur, einkum vaxtatekjur, bæti upp aukna skattbyrði. Sparnaður heimilageirans hefur farið vaxandi á undanförnum árum, sem kemur fram í bættri skuldastöðu hans. Vísbendingar um þróun tekna og neyslu á þessu ári benda til aukinnar sparnaðarhneigðar.

Ríkisfjármál.

Bráðabirgðatölur um afkomu A-hluta ríkissjóðs fyrstu átta mánuði þessa árs og áætlanir fjármálaráðuneytis um gjöld og tekjur það sem eftir er ársins benda til þess að tekjuhallinn verði um 5 milljarðar króna á árinu 1990, það er heildartekjur verði um það bil 92½ milljarður króna og heildarútgjöld 97½ milljarður króna. Þessi tekjuhalli svarar til um 1½% af landsframleiðslu og um 5,4% af tekjum ríkissjóðs. Þetta er nokkru betri afkoma en árið 1989. Þá var tekjuhallinn 2,1% af landsframleiðslu og 7,6% af tekjum.

Á fjárlögum ársins 1990 var stefnt að 3,7 milljarða króna tekjuhalla, heildartekjur ríkissjóðs yrðu 91½ milljarður króna, eða 27% af landsframleiðslu og heildarútgjöld 95,2 milljarðar króna. Verð- og launaforsendur fjárlaga breyttust hins vegar nokkuð á árinu, fyrst og fremst vegna kjarasamninganna í febrúar síðastliðnum. Þessar breytingar höfðu bæði áhrif á tekjur og útgjöld ríkissjóðs. Þá tók ríkissjóður á sig ýmsar skuldbindingar og á móti var áformað að lækka ríkisútgjöld. Samþykkt fjáraukalaga síðastliðið vor fólu þess vegna í sér um 2,6 milljarða króna lækkun ríkistekna og um 1,8 milljarða króna lækkun ríkisútgjalda. Staða ríkissjóðs versnaði því um 800 milljónir króna. Þá greip ríkisstjórnin til aðgerða í júlímánuði til að draga úr hækkun framfærsluvísitölunnar í september frá því sem áætlað var. Að öllu samanlögðu var því talið að tekjuhalli ríkissjóðs ykist um 1 milljarð króna frá fjárlögum og yrði 4,6 milljarðar króna, tekjur hans yrðu 90 milljarðar króna og útgjöldin 93½ milljarður króna.



Nýjar áætlanir benda til að tekjuhalli ríkissjóðs verði nokkru meiri á þessu ári, eða um 5 milljarðar króna eins og áður segir, tekjurnar verði um 3½ milljarði króna hærri en fyrri áætlanir sögðu til um og útgjöldin um 4 milljörðum króna hærri. Ástæður tekjuaukans eru einkum þær að tekjuskattur félaga skilar mun meiru í ríkiskassann en áætlað var, sömuleiðis eru tekjur af ýmsum veltusköttum nokkru meiri. Einnig hefur innheimta skatta batnað. Á útgjaldahliðinni skipta aukin útgjöld til almannatrygginga mestu máli. Af öðrum útgjaldaliðum má nefna vegamál, uppbætur á lífeyri, útgjöld vegna skattkerfisbreytinga og vegna fasteignakaupa ríkissjóðs.


Framvinda ríkisfjármála fyrstu átta mánuði ársins var á þann veg að tekjuhalli A-hluta ríkissjóðs var 7,6 milljarðar króna. Á sama tíma jukust kröfur ríkissjóðs á aðra um 3,9 milljarða króna. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs mánuðina janúar til ágúst var því 11½ milljarður króna, og hefur henni að öllu leyti verið mætt með innlendri lántöku. Sé litið á árið í heild má ætla að kröfur ríkissjóðs á aðra aukist um 1 milljarð króna á árinu öllu. Hrein lánsfjárþörf ríkisins er því áætluð tæplega 6 milljarðar króna og eru horfur á að hún verði að mestu leyti fjármögnuð innan lands með sölu ríkisvíxla og spariskírteina.

Meðfylgjandi tafla sýnir þróun tekju- og gjaldaliða. Þar kemur fram að tekjur ríkissjóðs hækkuðu um 0,4% af landsframleiðslu frá árinu 1989. Munar þar mestu um hækkun beinna skatta, sem svarar til um 0,7% af landsframleiðslu. Óbeinir skattar lækkuðu hins vegar um 0,3% á þennan mælikvarða. Heildarútgjöld ríkissjóðs lækkuðu um 0,2% af landsframleiðslu. Í því sambandi skiptir mestu máli hlutfallsleg lækkun fjárfestinga og samneyslu ríkisins. Neyslu- og rekstrartilfærslur jukust á hinn bóginn nokkuð.

Sundurliðun ríkistekna og -gjalda 1989 og 1990.
– Greiðslugrunnur –

	Útkoma m.kr. 1989	Fjárlög m.kr. 1990	Fjár-aukalög 1990	Áætlun 1990	Áætluð breyt. 1989–90 %	Útkoma 1989 % af VLF	Áætlun 1990 % af VLF
Tekjur	80.001	91.545	88.945	92.600	15,7	27,2	27,6
– beinir skattar	13.251	16.390	16.026	17.400	31,3	4,5	5,2
– óbeinir skattar	61.240	68.732	67.041	69.000	12,7	20,8	20,6
– vaxtatekjur o.fl.	5.510	6.423	5.878	6.200	12,5	1,9	1,9
Gjöld	86.056	95.232	93.479	97.500	13,3	29,3	29,1
– samneysla	34.307	37.149	36.364	37.306	8,7	11,7	11,1
– neyslu- og rekstrartilfærslur	33.599	39.669	39.448	42.044	24,5	11,4	12,5
– vaxtagjöld	8.548	9.125	9.125	9.100	8,8	2,9	2,7
– fjárfesting	9.602	9.289	8.542	9.050	-5,7	3,3	2,7
Tekjuafgangur/halli	-6.055	-3.687	-4.542	-4.900		-2,1	-1,5

Á mynd sem fylgir hér með er borið saman hlutfall heildarskatta á Íslandi og í aðildarríkjum OECD. Þann fyrirvara verður að hafa á samanburði af þessu tagi að munur getur verið á útreikningi hlutfallsins eftir löndum og jafnframt hefur gerð efnahagslífsins áhrif á hlutfallið. Hér má m.a. benda á að fjármögnun almannatrygginga er með nokkuð öðrum hætti hér á landi vegna lífeyrissjóða sem felur í sér að skatthlutfall hér á landi er vanmetið. Myndin sýnir að meðalskatthlutfall aðildarríkja OECD er hærra en á Íslandi. Sé síðasti áratugur skoðaður í heild sést að munurinn á skatthlutfalli í upphafi og lok hans er nokkuð svipaður á mælikvarða landsframleiðslu. Um miðbik hans jókst munurinn hins vegar verulega. Nú síðustu árin hefur skatthlutfall hækkað verulega hér á landi. Á árinu 1989 var meðalskatthlutfall aðildarríkja OECD 38% af landsframleiðslu, samanborið við 34% hér á landi.



Peningamál.


Að undanförnu hafa innlán og annað ráðstöfunarfé innlánsstofnana aukist meira en útlán svo að lausafjárstaða innlánsstofnana hefur batnað. Tekist hefur að mæta mikilli lánsfjáreftirspurn ríkissjóðs með innlendum lánum utan Seðlabanka. Góður árangur á því sviði á meðal annars rætur sínar að rekja til aðgerða í peningamálum og átaks í sölu ríkisverðbréfa, en ekki síður til þess hve lánsfjáreftirspurn atvinnufyrirtækja hefur verið lítil.

Frá áramótum til ágústloka jukust útlán bankakerfisins um 15,2 milljarða króna þar af hefur 11 milljörðum, eða 72% aukningarinnar, verið veitt til ríkissjóðs og ríkisstofnana. Útlán bankakerfis til annarra jukust því um 4,2 milljarða króna eða um rúm 3%. Almenn útlán innlánsstofnana jukust um 14%, en þá er sleppt gengisbundnum afurðalánum. Aukning innlána að meðtöldum vöxtum var á sama tíma 14,2%, sem er tæp 8% umfram hækkun lánskjaravísitölu.

Grunnfé Seðlabankans dróst saman um tæplega 4 milljarða króna á fyrstu 8 mánuðum ársins. Helstu þættir grunnfjár eru gjaldeyrisstaðan og kröfur á ríkissjóð og lánastofnanir. Gjaldeyrisstaðan batnaði um 1,2 milljarða króna þegar frá hefur verið dregið endurmat vegna gengisbreytinga. Kröfur Seðlabanka á ríkissjóð hafa lækkað um 3½ milljarð króna. Ástæður þessa eru annars vegar mikil sala ríkisvíxla og hins vegar lækkun bindiskyldu í tengslum við skuldbreytingu hjá ríkissjóði. Bindiskyldan var lækkuð úr 11% af ráðstöfunarfé innlánsstofnana í 7% í maí, eða sem svaraði til um 5 milljarða króna. Að þremur fjórðu hlutum var þessi lækkun gerð með því að innlánsstofnunum voru seld sérstök ríkisverðbréf, og varði ríkissjóður andvirði þeirra til þess að greiða niður verðbréfalán sín við Seðlabankann. Kröfur bankans á innlánsstofnanir hafa lækkað verulega, eða um 1,4 milljarða króna, vegna lækkunar bindiskyldu.

Í septemberlok námu útgefnir ríkisvíxlar 12,2 milljörðum króna, sem er 6,3 milljarða króna aukning frá áramótum. Ríkisvíxlar eru að langmestu leyti í eigu innlánsstofnana, en í septemberlok áttu þær 10 milljarða í ríkisvíxlum. Frá áramótum til septemberloka nam sala spariskírteina ríkissjóðs 4,3 milljörðum króna og innlausn nam 1,1 milljarði króna. Til viðbótar voru gefin út skuldabréf að fjárhæð 928 milljónir króna vegna uppgjörs við Íslandsbanka hf. vegna sölu á Útvegsbanka Íslands hf.


Lausafjárstaða innlánsstofnana batnaði um 7,6 milljarða króna fyrstu 8 mánuði ársins og nam í ágústlok 12,4% af innlánum og verðbréfaútgáfu innlánsstofnana. Á sama tíma í fyrra svaraði lausafjárstaðan til 8,3% af innlánum og verðbréfaútgáfu. Mikil umskipti hafa orðið á lausafjárstöðu innlánsstofnana á undanförnum árum. Hún var neikvæð á árunum 1982 og fram til ársins 1987. Í þessu fólst að skammtímaskuldir gagnvart Seðlabanka og útlöndum voru meiri en óbundnar innstæður við bankann. Batann sem orðið hefur má að nokkru rekja til breytinga á stjórntækjum peningamála. Í ársbyrjun 1987 var tekin upp lausafjárkvöð á innlánsstofnanir, sem nam 7% af lausu fé bankanna og innlánsbinding var lækkuð. Þetta hafði í för með sér gagngera breytingu á lausafjárstöðu innlánsstofnana en aðrir þættir hafa einnig komið hér við sögu, svo sem breyting á skuldum Útvegsbankans við Seðlabanka. Mestu skiptir þó að jafnvægi framboðs og eftirspurnar á peningamarkaði hefur verið mun betra síðustu ár en áður var, svo að innlánsstofnunum hefur gefist færi á að styrkja lausafjárstöðu sína verulega.



Raunvextir óverðtryggðra útlána hafa sveiflast gífurlega með breytilegri verðbólgu. Á árinu 1989 báru óverðtryggð skuldabréfalán banka og sparisjóða að meðaltali 4,7% raunvexti umfram framfærsluvísitölu, en á síðari hluta ársins voru þeir um 12%. Nafnvextir almennra skuldabréfa lækkuðu verulega með og í kjölfar kjarasamninganna í febrúar sl. eða úr 29% í 12,9% í október. Á fyrsta fjórðungi þessa árs voru raunvextir þessara lána enn um og yfir 12%, en lækkuðu síðan á öðrum ársfjórðungi niður í um 4%. Raunvextir vísitölubundinna útlána banka og sparisjóða hafa hins vegar hækkað um 0,3% á þessu ári, úr 7,8% að meðaltali í ársbyrjun í 8,2%. Vaxtamunur útlána og innlána hjá innlánsstofnunum virðist hafa farið lækkandi, eins og að hefur verið stefnt m.a. með áðurnefndum breytingum á bindiskyldu og lausafjárhlutfalli, þar sem í stað 2% vaxta af bundnum innstæðum við Seðlabanka ávaxta innlánsstofnanir fé, sem áður var bundið í ríkisskuldabréfum með 6½% vöxtum umfram lánskjaravísitölu. Vextir af almennum sparissjóðsbókum voru 10% í í upphafi árs en eru nú 2,3%. Um 45% innlána í innlánsstofnunum er óbundið fé á sérkjörum, en nafnvextir þeirra hafa lækkað úr rúmlega 20% í 8%.

Spariskírteini ríkissjóðs voru boðin út með 8½% raunvöxtum frá ársbyrjun 1987 fram til hausts 1988. Þessir vextir hafa lækkað jafnt og þétt og hafa verið 6% undanfarið ár, nema skírteinin séu keypt í áskrift þá er boðin 6,2% ávöxtun. Á miðju sumri voru spariskírteini seld með sérkjörum til stórkaupenda. Ávöxtun fór hæst í um 7%. Sértilboðum hefur nú verið hætt. Vextir á Verðbréfaþingi Íslands, sem lækkuðu frá miðju ári 1988 til ársloka 1989, hafa verið stöðugir rétt undir 7% það sem af er þessu ári.

Innlán og seðlar námu um 83% af frjálsum peningalegum sparnaði árið 1984 en um 74% 5 árum síðar. Hér hafa því orðið gífurlega umskipti á skömmum tíma. Við síðustu áramót var verðmæti markaðsverðbréfa rúmlega 75 milljarðar króna og hefur það 3½ faldast í föstu verðlagi síðan 1986. Mikill vöxtur hefur verið í viðskiptum með hlutabréf á undanförnum misserum, þannig tvöfaldaðist verðmæti markaðshæfra hlutabréfa frá árslokum 1988 til jafnlengdar 1989. Verð hlutabréfa hefur hækkað um 70% frá áramótum samkvæmt HMARKS-vísitölu. Ávöxtun verðbréfasjóða hefur verið umtalsverð á síðustu árum og verulega hærri en á ríkisskuldabréfum. Samkvæmt VÍB-vísitölu var meðalávöxtun sjóðanna 13–14% umfram lánskjaravísitölu á árunum 1987–1988. Á fyrstu 6 mánuðum þessa árs er ávöxtun um 8% umfram lánskjaravísitölu.



Þjóðarútgjöld.

Útlit er fyrir að þjóðarútgjöld hækki lítillega að raungildi, eða um ½% milli áranna 1989 og 1990. Stærsti hluti þjóðarútgjaldanna er einkaneysla og er talið að hún muni dragast saman um 1½% í ár. Þessi áætlun er þó venju fremur óviss. Ástæðan er sú að áætlanir um einkaneysluna fyrir nýliðna tíð hafa meðal annars verið byggðar á mánaðarlegum skýrslum skattyfirvalda um heildarveltu í smásölu og þjónustu undanfarin ár. Þegar virðisaukaskattur leysti söluskatt af hólmi í ársbyrjun 1990 breyttist tilhögun skýrslugerðarinnar. Meginbreytingin er sú að virðisaukaskattur leggst á mun fleiri atvinnugreinar en söluskattur gerði og því ættu raunar að vera öll tök á því að fá haldbetri vitneskju um breytingar á umsvifum í einstökum atvinnugreinum. Enn sem komið er hafa skattyfirvöld þó ekki séð sér fært að afla sundurliðaðra upplýsinga um veltu í einstökum atvinnugreinum frá þeim fyrirtækjum sem starfa í fleiri en einni atvinnugrein. Afleiðing þessa er sú að torvelt hefur reynst að ráða í þróun veltubreytinga frá fyrra ári á grundvelli skýrslna um virðisaukaskatt. Við mat á þróun einkaneyslunnar hefur því fyrst og fremst verið byggt á tölum um breytingar á kaupmætti ráðstöfunartekna og þróun almenns vöruinnflutnings.

Helsta skýringin á minnkandi einkaneyslu er samdráttur í kaupmætti ráðstöfunartekna, um 3½% á mann. Vísbendingar um þróun samneyslu á fyrri helmingi þessa árs benda hins vegar til 1% aukningar.

Heildarfjárfestingin er talin aukast um 4½% að raungildi. Þessa aukningu má að mestu leyti rekja til flugvélakaupa Flugleiða. Fjárfesting í atvinnuvegunum eykst um 9½%, án flugvélakaupanna er um að ræða 2% samdrátt. Í sjávarútvegi minnkar fjárfestingin um tæplega 30% og sömuleiðis er umtalsverður samdráttur í iðnaði og verslun. Kaup á vélum og tækjum aukast hins vegar. Reiknað er með óbreyttri fjármunamyndun í íbúðarhúsnæði milli ára, eftir stöðum á undanförnum tveimur árum. Fjármunamyndun hins opinbera eykst lítillega vegna framkvæmda við rafvirkjanir og rafveitur. Hins vegar er mikill samdráttur í öðrum opinberum framkvæmdum, þannig að í heild er reiknað með tæplega 1% aukningu.

Neysla og fjárfesting alls eykst lítið sem ekkert, en vegna birgðabreytinga aukast þjóðarútgjöldin um ½%.


Utanríkisviðskipti og viðskiptakjör.

Fyrstu sjö mánuði ársins var vöruskiptajöfnuðurinn hagstæður um 4,2 milljarða króna, en á sama tíma í fyrra var afgangur af vöruviðskiptum við útlönd 5,1 milljarður á núverandi gengi. Verðmæti útflutnings hefur aukist annars vegar vegna verðhækkana erlendis á sjávarafurðum. Hins vegar hefur töluvert gengið á birgðir. Á fyrstu sex mánuðum ársins jókst útflutningur á sjávarafurðum að magni til um 9½% miðað við sama tímabil í fyrra. Mikil aukning hefur orðið á útflutningi fiskeldisafurða, en mun minna var flutt út af iðnaðarvörum á fyrri hluta ársins en í fyrra. Fyrir árið í heild er reiknað með tæplega 2% minni útflutningsframleiðslu en á síðasta ári.

Almennur vöruinnflutningur, það er án innflutnings skipa og flugvéla og rekstrarvöru til stóriðju, var tæpum 4% minni að raungildi fyrstu sex mánuði ársins en á sama tímabili í fyrra. Mestur samdráttur varð á olíu- og fjárfestingarvörum öðrum en bifreiðum. Innflutningur á fólksbílum var svipaður, en mikil aukning hefur orðið á innflutningi á bifreiðum til atvinnurekstrar. Vöruinnflutningurinn í heild dregst líklega saman um tæp 2% að magni til og gert var ráð fyrir að almenni innflutningurinn dragist heldur meira saman eða um tæp 5%. Mismuninn má rekja til flugvélakaupa Flugleiða og innflutnings á öðrum sérstökum fjárfestingarvörum.

Á þessu ári er búist við jákvæðum jöfnuði af þjónustuviðskiptum án vaxta um 700 milljónir króna. Vaxtajöfnuðurinn verður samkvæmt spánni neikvæður um rúma 15 milljarða króna.

Viðskiptajöfnuðurinn verður því neikvæður um 6,7 milljarða króna sem samsvarar 2% af vergri landsframleiðslu.



Viðskiptakjörin hafa batnað verulega á þessu ári. Verð á sjávarafurðum hefur hækkað mikið vegna lítils framboðs á heimsmarkaði. Frá meðaltali fyrra árs til september er hækkun sjávarafurða í heild orðin 12%. Verð á stóriðjuafurðum hefur hins vegar lækkað mjög mikið að undanförnu. Verð á áli fór lækkandi fram á mitt ár en verð hefur hækkað verulega á síðustu mánuðum. Verð á kísiljárni hefur lækkað mjög mikið á undanförnum 12 mánuðum, eða úr tæpum 7.000 norskum krónum tonnið í rúmlega 4.000.

Olíuverð á heimsmarkaði fór heldur lækkandi fram undir mitt þetta ár. Þannig var Brent-hráolía seld á 20 Bandaríkjadollara fatið í janúar, en meðalverð í júnímánuði var um 16 Bandaríkjadollarar og meðalverð fyrstu 6 mánaða ársins var um 18 dollarar. Í júníspá OECD var gert ráð fyrir að olíuverð myndi hækka í takt við alþjóðaverðbólgu. Með innrás Íraka í Kúvæt í ágústbyrjun gjörbreyttust forsendur. Í byrjun mánaðarins var verð á olíufati 16–17 dollara, en rauk upp í tæpa 20 dollara í lok mánaðarins og hefur hækkað með litlum hléum síðan. Meðalverð ágústmánaðar var 26 dollarar og á fyrstu þremur vikum september er verðið tæplega 30 dollarar. Verð á unnum olíuvörum hefur hækkað viðlíka eða meira en hráolía, en þá er þess að gæta að gasolía og svartolía eru einkum notaðar til húshitunar og hækka jafnan í verði með haustinu og fram á vetur.

Olíuverðshækkunin ásamt lægra verði á áli og kísiljárni mun því draga verulega úr þeim viðskiptakjarabata sem áður hafði verið gert ráð fyrir. Viðskiptakjörin voru 6% betri í ágúst síðastliðnum en í upphafi árs, en nú er gert ráð fyrir 2–3% bata frá upphafi til loka ársins. Í stað rúmlega 3% betri viðskiptakjara er nú reiknað með rúmlega 1% viðskiptakjarabata milli meðaltala 1989 og 1990. Án stóriðju batna viðskiptakjörin um rúmlega 4½% og án olíu er batinn tæplega 3%.

Erlendar skuldir.

Erlendar lántökur á árinu verða alls tæplega 21 milljarður króna. Afborganir af erlendum skuldum verða 11 milljarðar, þannig að nettólántaka erlendis verður um 9½ milljarður. Samkvæmt þessu hækka löng erlend lán úr 51,3% af landsframleiðslu í 51,6%, en greiðslubyrði sem hlutfall af útflutningstekjum lækkar úr 19,9% í 19,6%. Að raungildi lækkar hrein erlend skuld um ½% milli ára þegar tillit er tekið til erlendrar verðbólgu.

III. EFNAHAGSSTEFNAN – MARKMIÐ OG LEIÐIR

Almenn markmið.
Ríkisstjórnin hyggst halda áfram á sömu braut og hún markaði í stefnuyfirlýsingu sinni 10. september 1989 og fylgja eftir þeim árangri sem náðst hefur í efnahagsmálum til loka kjörtímabilsins. Brýnustu verkefnin beinast að því að treysta í sessi þann árangur sem náðst hefur í viðureigninni við verðbólguna og tryggja stöðugleika í rekstrarskilyrðum atvinnuveganna og treysta þar með atvinnuöryggi. Ríkisstjórnin hyggst ná þessum markmiðum með samræmdri stjórn ríkisfjármála, peningamála, gengismála og með því að stuðla að skipulagsbreytingum sem tryggja sem mestar framfarir og hagræðingu í atvinnulífinu. Tvennt skiptir mestu máli. Annars vegar að koma í veg fyrir þenslu og verðbólgu og hins vegar að endurvekja hagvöxt með því að stuðla að framförum í atvinnulífinu og aukinni framleiðslu.

Nánar tiltekið eru markmið ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum á næsta ári þessi:

- Að staðfesta þann árangur sem náðst hefur í baráttunni við verðbólgu.
- Að tryggja stöðugleika í rekstrarskilyrðum atvinnuveganna og stuðla á þann hátt að því að atvinnuástand haldist viðunandi.
- Að stuðla að aukinni framleiðslu, endurskipulagningu og aukinni hagkvæmni í atvinnulífinu og leggja þar með grunn að hagvexti og góðum lífskjörum á næstu árum.
- Að koma í veg fyrir ofþenslu og nýja verðbólguöldu.
- Að draga enn frekar úr viðskiptahalla.
- Að stuðla að réttlátari tekjuskiptingu og verja lífskjör hinna tekjulægstu.
- Að beita sér fyrir jafnvægi í byggðaþróun.
- Að leggja grundvöll að lækkun erlendra skulda í framtíðinni.

Til þess að ná þessum markmiðum leggur ríkisstjórnin áherslu á samræmda stjórn efnahagsmála og gott samstarf við samtök launafólks og vinnuveitenda. Hér á eftir verða rakin helstu atriði stefnunnar.

Ríkisfjármál.
Stefnan í ríkisfjármálum hefur verið mikilvægur liður í þeirri stöðugleikaþróun í þjóðarbúskapnum sem átt hefur sér stað á undanförnum tveim árum. Þetta birtist í því að halli ríkissjóðs hefur lækkað frá árinu 1988, þrátt fyrir að á sama tíma hafi samdráttur í þjóðarbúskapnum veikt tekjustofna ríkissjóðs og kallað á ýmiss konar útgjöld. Þetta birtist einnig í því að æ stærri hluti lánsfjárþarfar ríkissjóðs er nú fjármagnaður innanlands. Á árinu 1990 eru horfur á að halli ríkissjóðs verði um 1½% af landsframleiðslu, samanborið við 2,8% 1988, og að hrein lánsfjárþörf verði að fullu fjármögnuð innanlands, en 1988 var aðeins tæpum 20% lánsfjárþarfarinnar mætt innanlands. Þessi árangur hefur náðst með aðhaldi að útgjöldum ríkissjóðs, hækkun skatta á árinu 1989 og öflugu starfi að innlendri fjármögnun ríkissjóðs.

Sá árangur sem náðist við að draga úr viðskiptahalla og leiðrétta raungengi krónunnar án þess að verðbólga færi úr böndum hefði ekki orðið án þeirrar jafnvægisþróunar sem átt hefur sér stað í ríkisfjármálum. Einnig hefur minni lánsfjárþörf ríkissjóðs stuðlað að lækkun raunvaxta að öðru óbreyttu. Því telur ríkisstjórnin mjög mikilvægt að þessi þróun haldi áfram.

Í því sambandi setur ríkisstjórnin sér eftirfarandi meginmarkmið í ríkisfjármálum á næsta ári:

- Að halli ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu verði lægri en á árinu 1990.
- Að hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs verði lægri í hlutfalli við landsframleiðslu en 1990 og verði að fullu fjármögnuð innanlands.

Þar sem tekjur ríkissjóðs munu verða nær óbreyttar að raungildi og lækka lítillega sem hlutfall af landsframleiðslu er nauðsynlegt að skera niður ríkisútgjöld til að ná þessum markmiðum.

Stefnt skal að því að halda áfram umbótum í skattamálum, sem miða að því að gera skattkerfið skilvirkara og réttlátara. Þær skattbreytingar sem fyrirhugaðar eru á næsta ári miða annars vegar að því að tryggja óbreytt raungildi skatta og hins vegar miða þær að því að gera ýmsar breytingar á veltusköttum og skattlagningu fyrirtækja með það markmið að samræma skattlagningu atvinnurekstrar innanlands og gagnvart erlendum keppinautum. Í þessu sambandi er gert ráð fyrir eftirfarandi breytingum:

- Jöfnunargjald lækki í áföngum á árinu til að gefa iðnaðinum færi á að aðlagast breyttum samkeppnisskilyrðum. Áframhaldandi innheimta gjaldsins á árinu réttlætist af því að uppsöfnunaráhrif söluskatts eru enn til staðar.
- Launaskattur og launatengd gjöld verði samræmd og innheimt í staðgreiðslu.

Ýmsar breytingar verða gerðar á útgjaldahlið fjárlaga, sem hafa það að markmiði að opinber þjónusta verði skilvirkari og réttlátari. Breytingar byggjast á eftirfarandi meginreglum:

- Fyrirtæki, rekstraraðilar og aðrir notendur opinberrar þjónustu standi í auknum mæli undir þeim kostnaði sem ríkið greiðir í þeirra þágu.
- Sjálfstæði stofnana verði aukið og þær fái rýmri heimildir til að afla sér tekna.
- Betra jafnvægi komist á tekju- og útgjaldaskiptingu ríkisins og stærstu sveitarfélaganna og aukið verði svigrúm ríkisins til að jafna aðstöðu sveitarfélaga á landsbyggðinni.

Peninga- og lánamál.

Ríkisstjórnin leggur höfuðáherslu á að innlendur fjármagnsmarkaður lagi sig að breyttum efnahagsaðstæðum í þjóðfélaginu. Hún telur brýnt að sá stöðugleiki í efnahagsmálum, sem hefur verið að skapast á undanförnum misserum og leitt hefur til lægri verðbólgu en hér hefur ríkt í tvo áratugi, komi fram í lækkun á nafnvöxtum og lægri fjármagnskostnaði fyrir fyrirtæki og heimili í landinu.

Ríkisstjórnin hefur og mun áfram vinna markvisst að margvíslegum umbótum á innlendum fjármagnsmarkaði í því skyni að auka hagræði og draga úr rekstrarkostnaði fjármálastofnana og stuðla þannig að lægri vaxtamun og þjónustugjöldum. Með þessu hefur verið stefnt að því að fjármagnsmarkaðurinn gegni betur og á hagkvæmari hátt þýðingarmiklu hlutverki sínu í greiðslumiðlun og í miðlun fjármagns frá sparifjáreigendum til atvinnulífsins og annarra lántakenda í landinu. Þessi markmið eru mikilvæg, ekki síst nú þegar fyrir dyrum stendur gagnger breyting á bankalöggjöf flestra Evrópulanda, jafnt í ríkjum innan Evrópubandalagsins sem utan þess. Ríkisstjórnin telur mikilvægt að innlendur fjármagnsmarkaður lagi sig að þessari þróun og hún stefnir markvisst að því að efla tengsl innlends fjármagnsmarkaðar við fjármagnsmarkaði í helstu nágranna- og viðskiptalöndunum. Jafnframt því sem reglur um viðskipti með fjármagn verða rýmkaðar enn frekar, þannig að sem flestar hömlur verði afnumdar af viðskiptum innlendra atvinnufyrirtækja og heimila við erlendar fjármála-

stofnanir, telur ríkisstjórnin brýnt að búa innlendum fjármálastofnunum starfsskilyrði sem eru síst lakari en sams konar erlendar stofnanir í öðrum Evrópuríkjum búa við.

Meðal þeirra umbóta á fjármagnsmarkaði sem gerðar hafa verið á síðustu misserum og stuðlað hafa að aukinni hagkvæmni og auknu frjálsræði má nefna:

- Sala eignarhlutar ríkissjóðs í Útvegsbanka Íslands hf. leiddi til sameiningar 3 einkabanka í Íslandsbanka hf. Með þessu og kaupum Landsbankans á Samvinnubankanum hefur viðskiptabönkum verið fækkað úr 7 í 3. Þessar breytingar hafa þegar skilað þeim árangri að stöðugildum í viðskiptabönkum fækkaði um 5% frá 1988 til 1989, en starfsmannafjöldi hefur hingað til vaxið ár frá ári.
- Lög um starfsemi verðbréfafyrirtækja og eignarleigna stefndu að því að verja hagsmuni viðskiptavina þeirra og jafnframt jafna starfskjör fyrirtækja á lánamarkaði.
- Með setningu laga um verðbréfaviðskipti og reglum um skráningu hlutabréfa hefur verið skapaður traustur rammi fyrir virkan hlutabréfamarkað. Breytingar á skattalögum hafa ennfremur örvað mjög viðskipti með hlutabréf og þar með gert fyrirtækjum kleift að styrkja eiginfjárstöðu sína.
- Með nýrri reglugerð um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála var stigið stórt skref til frjálsræðisáttar. Meginatriðin eru þau að ýmsar takmarkanir á gjaldeyrisviðskiptum eru rýmkaðar verulega eða felldar niður nú þegar og í áföngum er létt hömlum af langtímahreyfingum fjármagns á milli Íslands og annarra landa þannig að þær verði frjálsar í ársbyrjun 1993. Í þessu felst stóraukið aðhald að innlendum lánastofnunum vegna samkeppni við erlend fjármálafyrirtæki.

Endurskoðun á starfsskilyrðum og skipulagi fjárfestingarlánasjóðanna stendur yfir. Markmið þess starfs er að sjóðirnir sameinist í stærri, styrkari og hagkvæmari einingar. Um leið verði unnið að því að draga úr ríkisábyrgð á skuldbindingum þeirra. Jafnframt verði sett almenn löggjöf um starfsemi fjárfestingarlánasjóða.

Lífeyrissjóðir eru mikilvægir aðilar á fjármagnsmarkaði, en ekki hafa enn verið sett heildstæð lög um starfsemi þeirra. Fjármálaráðherra hefur skipað nefnd til að semja nýtt frumvarp um lífeyrissjóði á grundvelli eldra frumvarps.

Viðskiptabankalög heimila erlendum hlutafélagabönkum að starfrækja umboðskrifstofur hér á landi. Stefnt er að því að rýmka þessar reglur verulega, með það fyrir augum að í áföngum verði afnumdar hömlur á starfsemi erlendra fjármálastofnana hér á landi umfram þær sem innlendar stofnanir hlýta. Jafnframt verður erlendum aðilum heimilað að eiga hlut í innlendum fjármálastofnunum.

Ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir breytingum á verðtryggingu fjármagns. Grundvelli lánskjaravísitölu var breytt í febrúar 1989, þannig að vísitala launa hefur jafnt vægi á móti framfærsluvísitölu og vísitölu byggingarkostnaðar. Þá var verðtrygging fjárskuldbindinga til skemmri tíma en tveggja ára bönnuð á árinu 1988. Ríkisstjórnin mun fylgjast náið með þróun vaxta og verðtryggingar á næstunni og gerir ráð fyrir því að afnema verðtryggingu í áföngum.

Atvinnumál.

Markmið atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar er að stuðla að aukinni framleiðslu, endurskipulagningu og aukinni hagkvæmni í atvinnulífinu og leggja þar með grunn að hagvexti og góðum lífskjörum á næstu árum. Til þess að ná þessum markmiðum leggur ríkisstjórnin áherslu á að móta almenna umgjörð um atvinnustarfsemina. Þessi stefna hefur meðal annars komið fram undanfarin misseri á þann hátt að rekstrarskilyrði atvinnuveganna hafa verið bætt með lækkun raungengis, lækkun verðbólgu og betra jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Brýnt er að verja þann árangur sem náðst hefur og tryggja áfram stöðugleika í rekstrarskilyrðum

atvinnuveganna. Þetta er mikilvægur þáttur í því að undirbúa atvinnulífið undir nánari tengsl við aðrar þjóðir í framtíðinni og harðari samkeppni. Meðal annars er nauðsynlegt að örva eiginfjármyndun fyrirtækja og hefur ríkisstjórnin því breytt skattlagningu hlutafjár sem leitt hefur til þess að viðskipti með hlutabréf hafa stóraukist að undanförnu. Í því skyni að auka hagkvæmni lánakerfisins er stefnt að því að endurskipuleggja fjárfestingarlánasjóðina með það fyrir augum að fækka sjóðum, draga úr ábyrgð ríkisins á þeim og hætta tengingu þeirra við einstakar atvinnugreinar. Unnið er að heildarendurskoðun á skattlagningu fyrirtækja og er markmið þess starfs að samræma skattlagningu atvinnurekstrar innanlands og gagnvart erlendum keppinautum.

Fyrirhugað er að ljúka samningum við Atlantsálshópinn um byggingu álvers í byrjun næsta árs. Náist ásættanlegir samningar munu virkjanaframkvæmdir á næsta ári hafa veruleg áhrif til örvunar atvinnulífs.

Vísinda- og tæknistefna er mikilvægur liður í langtímauppbyggingu atvinnulífsins. Öflugar rannsóknir, vísinda- og tæknistörf eru undirstaða efnahagslegra framfara og hagvaxtar til lengri tíma litið. Unnið er að mótun nýrrar vísinda- og tæknistefnu fyrir Íslendinga. Liður í þeirri stefnu er efling Rannsóknasjóðs og þátttaka í alþjóðlegu samstarfi milli fyrirtækja og stofnanna. Gerðir hafa verið samningar um vísindasamstarf við Evrópubandalagið og samningur um stofnun Norræna vísindaháskólans sem opnar íslenskum vísindamönnum aðgang að skipulegu framhaldsnámi.

Hreint og ómengað umhverfi verður sífellt dýrmætara. Ríkisstjórnin hefur beitt sér sérstaklega fyrir hertum reglum um mengun og samræmingu stjórnar umhverfismála og leggur áherslu á að sætta sjónarmið atvinnu og umhverfis á réttlátan og hagkvæman hátt.

Sjávarútvegur.

Ríkisstjórnin beitti sér fyrir margþættum aðgerðum haustið 1988 sem miðuðu annars vegar að því að bæta almenn rekstrarskilyrði sjávarútvegsins og hins vegar að því að treysta fjárhagslega uppbyggingu fyrirtækjanna með sértækum aðgerðum, einkum skuldbreytingum. Þessar aðgerðir voru gagnrýndar en ljóst er nú að þær hafa tekist framar vonum og skipt sköpum fyrir mörg sjávarútvegsfyrirtæki og byggðarlög. Útlit er fyrir að hagur sjávarútvegsins verði með besta móti á árinu 1990 þrátt fyrir að nauðsynlegt hafi reynst að draga saman afla þriðja árið í röð. Þessi umskipti á hag sjávarútvegsins gefa vonir um að fyrirtækjunum takist að minnka skuldir sínar á næstu árum og geti jafnframt treyst fjárhagsstöðu sína með útboði hlutabréfa í vel reknum fyrirtækjum.

Á síðasta vori voru samþykkt þrenn lög á Alþingi er lúta að grundvallarskipulagi sjávarútvegsmála, þ.e. lög um stjórn fiskveiða, Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins og Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Með þessari lagasetningu eru markaðar almennar reglur um skipulag sjávarútvegsmála á næstu árum en efnahagsleg áhrif laganna munu koma betur í ljós á næstu misserum. Í fyrsta lagi er verið að setja almennar reglur um stjórn fiskveiða sem byggja á því að nýta framtak einstaklinganna til að laga afkastagetu fiskiskipaflotans að afrakstursgetu fiskstofnanna. Í öðru lagi er með setningu laga um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins verið að flýta fyrir þeirri þróun að fiskveiðarnar verði reknar á arðbæran hátt í framtíðinni. Í lögunum felst að nýta megi þá umframafkastagetu sem er í fiskiskipaflotanum til að aðstoða þá útgerðarstaði sem kunna að standa höllum fæti vegna þess að fiskiskip hafi verið seld til annarra byggðarlaga. Í þriðja lagi er með nýjum reglum um Verðjöfnunarsjóð verið að ráðast að rótum þess hluta hagsveiflna í þjóðarbúskapnum sem eiga upptök sín í verðsveiflum á fiskafurðum. Miðað við óbreytt skilyrði má búast við að greiddar verði nálægt 1.000 millj. kr. í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins á næsta ári. Komi til verðlækkana síðar munu þessir fjármunir verða greiddir út til þeirra fyrirtækja sem greitt hafa í sjóðinn. Þrátt fyrir að lögin um stjórn fiskveiða komi ekki til framkvæmda fyrr en um næstu áramót er áhrifa þeirra þegar farið

að gæta. Birtist það annars vegar í verulega minni áhuga á viðbótarfjárfestingum í fiskiskipaflotanum og hins vegar í vaxandi áhuga á sameiningu veiðiheimilda á færri skip. Fullvíst má telja að lagasetningin muni stuðla að umtalsverðri fækkun þeirra fiskiskipa sem stunda hefðbundnar veiðar á næstu árum.

Í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar hefur verið unnið að mótun fiskvinnslustefnu. Mikilvægustu atriði slíkrar stefnumótunar voru í upphafi að leiðrétta starfsskilyrði sjávarútvegsins. Mestu skiptir nú að viðhalda þeirri samkeppnisstöðu sem náðst hefur og halda áfram að vinna að því að bæta starfsskilyrði fiskvinnslunnar sérstaklega. Þar skiptir miklu að tryggja að sem mestur hluti aflans verði unninn hérlendis. Í vor hóf Aflamiðlun starfsemi sína en meginhlutverk hennar er að skipuleggja útflutning á óunnum fiski. Starfsemin hefur verið í mótun í sumar en fullvíst má telja að verulegur árangur hafi nú þegar náðst með stofnun Aflamiðlunar. Í sjávarútvegsráðuneytinu hefur að undanförnu verið unnið að stefnumótun er miðar að því að gæði þess fisks sem fluttur er óunninn úr landi verði ávallt sem jöfnust og mest. Setning slíkra reglna er mikilvæg ekki síst til að þeim orðstír sem fer af afurðum íslenskra fiskvinnslustöðva verði ekki spillt. Síðastliðið vor var sett reglugerð um útflutning á flökum og flöttum fiski. Síðar á þessu hausti er stefnt að því að sambærileg reglugerð verði sett um útflutning á heilum fiski. Samfara þessu er í samvinnu við sjávarútvegsfyrirtæki unnið áfram að sérstöku gæðaátaki í sjávarútvegi. Eitt af lykilatriðum varðandi framtíðarhag fiskvinnslunnar er þó að rutt verði úr vegi öllum viðskiptahindrunum á okkar stærsta markaði í Evrópu. Sjávarútvegsráðuneytið mun því leggja ríka áherslu á að tekið verði á þeim málum í yfirstandandi EFTA/EB viðræðum.

Landbúnaður.

Í framhaldi af því samkomulagi sem gert var við Stéttarsamband bænda á sl. hausti, þar sem ýmis deilumál vegna framkvæmdar búvörusamnings voru leyst, hafa farið fram viðræður milli landbúnaðarráðuneytisins með þátttöku fjármálaráðuneytisins við Stéttarsamband bænda um nýjan grundvöll búvöruframleiðslunnar.

Næsta verðlagsár á eftir því sem nú er hafið er hið síðasta innan núgildandi búvörusamnings, og því knýjandi nauðsyn að lagðar séu höfuðlínur varðandi það sem við tekur að gildistíma hans loknum. Í þeim viðræðum hefur verið lögð megináhersla á eftirtalin atriði:

- Búvöruframleiðslan (mjólkurframleiðsla og sauðfjárrækt) gangi út frá innanlandsmarkaði sem viðmiðunargrunni. Því verði verðábyrgð ríkisvaldsins tengd beint við sölu vörunnar á innanlandsmarkaði á undangengnu viðmiðunartímabili.
- Aðlögun núverandi fullvirðisréttar í sauðfjárrækt yfir í nýjan markaðstengdan framleiðslurétt gangi yfir á tiltölulega skömmum tíma.
- Gripið verði til margháttaðra aðgerða til að auðvelda þær breytingar á atvinnuháttum í landbúnaði sem óhjákvæmilegar eru.
- Samningurinn verði uppsegjanlegur af beggja hálfu með ákveðnum fyrirvörum. Einnig er lagt til að hægt verði að segja honum upp án fyrirvara fram að 1. sept. 1991.

Landbúnaðarráðherra skipaði nefnd í kjölfar undirritunar kjarasamninga sl. vetur. Í nefnd þessari sitja fulltrúar ASÍ, VSÍ, BSRB, VMS og Stéttarsambands bænda auk landbúnaðarráðuneytisins. Verkefni nefndarinnar er að endurskoða verðmyndun landbúnaðarafurða með það fyrir augum að ná niður verði á afurðunum og leggja fram tillögur þar að lútandi.

Vandamál hinna svokölluðu nýbúgreina, loðdýraræktar og fiskeldis, eru gífurleg og hafa þegar orðið umfangsmikil gjaldþrot innan greinanna. Tryggingasjóður fiskeldislána hefur verið lagður niður og í hans stað sett á laggirnar ábyrgðadeild fiskeldislána sem er deild í

Ríkisábyrgðasjóði. Hlutverk hennar á að vera að veita tryggingar fyrir rekstrarlánum til fyrirtækja í greininni, og greiða á þann hátt fyrir eðlilegum rekstrarlánum. Umfangsmikil skuldbreyting hefur staðið yfir innan loðdýraræktarinnar, sem hefur þann tilgang að létta skammtímaskuldum af bændum og breyta þeim í langtímalán með ríkisábyrgð að hluta til.

Söluhorfur varðandi garðyrkju- og ylræktarframleiðslu eru betri en áður og munar þar verulega um endurgreiðslu virðisaukaskatts.

Ferðaþjónusta bænda hefur eflst verulega á liðnum árum og virðast þróunarmöguleikar hennar langt frá því að vera fullnýttir.

Hrossarækt verður æ öflugri. Bæði ræktun reiðhrossa til sölu á innlendum og erlendum markaði fer vaxandi og einnig hafa opnast athyglisverðir möguleikar á útflutningi hrossakjöts til Japans.

Iðnaður og orkumál.

Á undanförnum misserum hafa orðið mikil umskipti á þeim starfsskilyrðum sem innlendur iðnaður býr við. Hann hefur notið góðs af lækkun raungengis krónunnar, lækkun verðbólgu og raunvaxta. Auk þess hafa ýmis iðnfyrirtæki notið fyrirgreiðslu hjá opinberum sjóðum, sem hefur fleytt þeim yfir erfiðasta hjallann. Þá hefur verið unnið ötullega að framgangi ýmissa annarra þátta sem hafa verulega jákvæð áhrif á samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja, s.s. umbótum á fjármagnsmarkaði með fækkun viðskiptabanka og auknu frelsi í gjaldeyrismálum. Stefnt er að frekari aðgerðum á þessu sviði og má þar einkum nefna almenna löggjöf um starfsemi fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna og sameiningu þeirra til að ná fram aukinni rekstrarhagkvæmni. Þá er starfandi nefnd til að endurskoða skattlagningu fyrirtækja.

Áform Evrópubandalagsins um sameiginlegt markaðssvæði frá árslokum 1992 leiða m.a. til þess að sífellt meiri áhersla er lögð á staðla, gæði framleiðsluvöru og áreiðanleika framleiðsluaðferða. Á vegum iðnaðarráðuneytisins starfar ráðgefandi nefnd um mótun stefnu til þess að laga innlendan iðnað að þeim breytingum sem verða með tilkomu hins sameiginlega markaðssvæðis Evrópubandalagsríkjanna. Viðskiptaráðuneytið vinnur ötullega að uppbyggingu heildarkerfis fyrir viðurkenningu og vottun á grunni Löggildingarstofunnar.

Þrátt fyrir að tekist hafi að bæta almenn rekstrarskilyrði innlends iðnaðar hafa tilteknar iðngreinar þurft að glíma við langvarandi erfiðleika af ýmsum toga. Í ullariðnaði er fjárhagsstaða flestra fyrirtækja enn erfið þrátt fyrir margvíslegar aðgerðir af hálfu stjórnvalda og fjármálastofnana til að skjóta styrkari stoðum undir greinina. Slæma stöðu greinarinnar má m.a. rekja til aukinnar samkeppni við framleiðsluvörur láglaunalanda, örar tískubreytingar, offjárfestingu og slæm ytri starfsskilyrði.

Lagmetisiðnaðurinn hefur einnig átt í töluverðum rekstrarerfiðleikum, sem m.a. stafa af samkeppni við framleiðsluvörur láglaunalanda. Samkvæmt lögum um Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins verður sjóðurinn lagður niður í lok þessa árs og gjald það sem innheimt var af framleiðslu greinarinnar afnumið. Með þessu og bættum almennum rekstrarskilyrðum standa vonir til að fjárhagsstaða fyrirtækja í greininni batni og verði viðunandi. Opinberum afskiptum af þessari atvinnugrein verður þar með að fullu lokið.

Málm- og skipasmíðaiðnaður hefur þurft að glíma við samkeppni frá stórlega niðurgreiddum skipasmíðaiðnaði Vestur- og Austur-Evrópuríkja. Auk þess hafði efnahagssamdráttur áranna 1988 og 1989 í för með sér mikinn afturkipp í verkefnum hér innanlands. Iðnaðarráðuneytið hefur í samvinnu við samtök þessara iðngreina unnið að átaki í markaðs- og hagræðingarmálum greinarinnar sem vonast er til að skili verulegum árangri. Áformuð bygging álvers, orkuvera og háspennulína getur hins vegar skipt sköpum fyrir mörg fyrirtæki í þessari grein og er mikilvægt að fyrirtæki í greininni taki höndum saman og freisti þess að ná til sín verkefnum á þessu sviði. Að þeim málum er nú unnið í samstarfi iðnaðarráðuneytisins og málmsmíðafyrirtækja.


Ríkisstjórnin stefnir að aukinni nýtingu innlendra orkugjafa til atvinnuuppbyggingar. Liður í þessari stefnu er bygging nýs álvers hér á landi og fyrirhugað er að ganga frá samningum við erlenda eignaraðila í byrjun næsta árs. Náist samningar um nýtt álver sem Íslendingar geta fallist á verður þegar á næsta ári ráðist í umfangsmiklar raforkuframkvæmdir á vegum Landsvirkjunar til viðbótar framkvæmda við Blönduvirkjun. Þær felast í byggingu Fljótsdalsvirkjunar, stækkun Búrfellsvirkjunar, 5. áfanga Kvíslaveitu og lagningu stofnlína. Fyrr á þessu ári heimilaði ríkisstjórnin Landsvirkjun að undirbúa ofangreindar framkvæmdir og er nú unnið að því.

Stefna ríkisstjórnarinnar á sviði orkumála fellur vel að þeim áföngum sem þegar hafa verið stignir í nýtingu innlendra orkugjafa. Í fyrstu var höfuðáhersla lögð á rafvæðingu landsins og lagningu hitaveitna á nokkrum þéttbýlisstöðum þar sem auðvelt og ódýrt var að virkja jarðvarmann. Síðan tók við tímabil þar sem farið var að nýta orkulindirnar til að treysta undirstöðu þjóðarbúskaparins með orkusölu til stóriðju. Þetta tímabil stendur enn. Á þriðja tímabilinu, í kjölfar olíukreppunnar á árunum 1973–1974, var markvisst dregið úr þýðingu innfluttrar olíu í orkubúskap þjóðarinnar. Á næsta tímabili – samhliða aukinni stóriðju – gæti hafist nýting raforku til framleiðslu á vetni sem gæti gagnast sem eldsneyti fyrir samgöngu- og atvinnutæki þjóðarinnar og þannig aukið enn frekar þátt innlendra orkugjafa í þjóðarbúskapnum á kostnað innfluttra orkugjafa.

IV. HORFUR 1991


Inngangur.

Efnahagsástandið í heiminum er ótryggt um þessar mundir og ýmsar blikur á lofti. Í kjölfar innrásar Íraka í Kúvæt í ágústbyrjun hækkaði olíuverð stórlega. Í byrjun júlímánaðar kostaði olíufatið 16–17 dollara, en verðið rauk upp í tæpa 20 dollara í lok mánaðarins og hefur hækkað með litlum hléum síðan. Meðalverð ágústmánaðar var 26 dollarar og á fyrstu þremur vikum september er verðið tæplega 30 dollarar. Verð á unnum olíuvörum hefur hækkað viðlíka eða meira en hráolía, en þá er þess að gæta að gasolía er einkum notuð til húshitunar og hækkar jafnan í verði með haustinu og fram á vetur. Nú reikna ýmsar alþjóðastofnanir með að hráolíuverð verði að jafnaði á bilinu 25–30 dollarar á fatið í næstu framtíð, sem er 40–60% hækkun frá meðalverði í fyrra. Þarflaust er að taka fram að mikil óvissa er um þessa spá.



Gangi þessar spár eftir um hækkun olíuverðs munu áhrifin á alþjóðaefnahagsmál verða töluverð. Þannig telur OECD að hagvöxtur á næsta ári verði 2–2½% samanborið við 3% í júníspá stofnunarinnar. Þá er reiknað með að verðbólgan verði um 1% meiri milli áranna 1990 og 1991, eða um 5½%. Byggt er á þeirri forsendu að fylgt verði aðhaldsamri peningastefnu sem meðal annars leiði til hækkunar nafnvaxta og aðhalds að þjóðarútgjöldum. Engu að síður er talið að viðskiptajöfnuður aðildarríkja OECD verði um 30 milljörðum Bandaríkjadollara lakari en í fyrri spám.

Hættumerki sjást víðar í efnahagsmálum á alþjóðavettvangi en á olíumörkuðum. Þannig bendir margt til þess að ástand efnahagsmála í Bandaríkjunum sé lakara en reiknað hafði verið með. Þetta kemur meðal annars fram í lækkun á gengi dollarans, miklum halla á ríkisbúskapnum og á viðskiptum við önnur lönd og ýmsum nýlegum vísbendingum um ástand og horfur í efnahagslífinu.



Þótt í þessari áætlun sé spáð nokkurri aukningu þjóðartekna og landsframleiðslu á Íslandi á árinu 1991 er rétt að vekja athygli á því að gert er ráð fyrir því að hagvöxtur á Íslandi verði áfram hægari en í nálægum löndum. Þjóðhagsstofnun spáir um 1½% hagvexti á næsta ári, sem er ½–1 prósentustigi minni hagvöxtur en að meðaltali í aðildarríkjum OECD. Gert er ráð fyrir að verðbólga og almennar launabreytingar verði nokkru meiri en í aðildarríkjum OECD, eða um 7% verðbólga og 8% hækkun ráðstöfunartekna, samanborið við 5½% verðbólgu og 6% almennar launabreytingar í OECD. Í þessu felst að raungengi krónunnar hækkar nokkuð og rekstrarskilyrði útflutnings- og samkeppnisgreina veikjast að sama skapi. Ljóst er því að meiri verðbólga og almennar launabreytingar en hér er gert ráð fyrir gætu teflt í tvísýnu afkomu og greiðslugetu atvinnulífsins.

Afli og útflutningsframleiðsla.

Samkvæmt lögum um fiskveiðistjórn, sem sett voru sl. vor, skal sjávarútvegsráðherra, að fengnum tillögum frá Hafrannsóknastofnun, ákveða fyrir 1. nóvember leyfðan hámarksafla botnfisktegunda á tímabilinu frá 1. janúar til 31. ágúst 1991, en lögin kveða á um að frá þeim tíma skuli fiskveiðiár teljast frá 1. september.

Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar um ástand fiskstofna kemur fram að veiðistofn þorsks myndi minnka við veiðar umfram 250 þúsund tonn á ári, ef engin þorskur gengur frá Grænlandi. Verði af verulegri göngu þaðan á Íslandsmið myndi veiðistofninn vaxa nokkuð jafnvel við 300 þúsund tonna veiði. Ástand annarra botnfiskstofna gefa að mati stofnunarinnar ekki svigrúm til aflaaukningar. Mat á stærð loðnustofns er að venju mikilli óvissu háð. Að gefnum ýmsum forsendum telur Hafrannsóknastofnun að um 965 þúsund tonn verði til skiptanna á 1990/1991 vertíðinni allri. Þótt síldarstofnar hafi farið vaxandi um langt skeið er ekki talið heppilegt að auka veiðarnar á næstu misserum, meðal annars vegna þess að það virðist hafa hægt á vextinum á síðustu árum. Samdráttur hefur verið í skelfiskafla, en mjög hefur gengið á stofna um nokkurt skeið. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að stofnar fari heldur vaxandi.


Að höfðu samráði við sjávarútvegsráðuneytið gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir að aflinn á föstu verðlagi verði jafn mikill á árinu 1991 og gert er ráð fyrir á þessu ári. Útflutningsframleiðsla sjávarafurða er talin verða um 1% meiri en á þessu ári, en þá er reiknað með að stærri hluti aflans fari í verðmætari framleiðslu.

Útlit er fyrir að framleiðsla á áli aukist á næsta ári um 3½% í kjölfar fjárfestinga í álverksmiðju Ísals sem munu skila aukinni framleiðslugetu á næstu árum. Hér er gert ráð fyrir óbreyttri kísiljárnframleiðslu á næsta ári, en rétt er að benda á að nokkur óvissa ríkir um þessa forsendu, því mikil birgðasöfnun hefur átt sér stað í þessari grein í heiminum að undanförnu. Einnig er reiknað með aukningu í annarri útflutningsframleiðslu um tæp 5% milli ára.


Atvinnuástand.

Heildarmannafli, eða vinnuframboð, er jafnt vinnuaflsnotkun að viðbættu atvinnuleysi. Þróun heildarmannafla og vinnuaflsnotkunar héldust í hendur á níunda áratugnum. Þó eru það tvö tímabil sem skera sig úr hvað varðar atvinnuleysi. Það eru árin 1983–1985 annars vegar, þegar atvinnuleysi var 1–1,3%, og 1989–1990 er atvinnuleysi var 1,7–2%. Tvö samdráttartímabil voru einnig á níunda áratugnum, árið 1983 var 3,4% samdráttur í vergri landsframleiðslu og 1988–1990 var samdrátturinn alls um 4½%.

Á árinu 1991 er gert ráð fyrir hagvexti eftir samdrátt í efnahagslífinu á árunum 1988–1990. Samfara betri hagvaxtarhorfum er búist við því að vinnuaflsnotkun aukist milli áranna 1990 og 1991. Frá árinu 1980 til 1987 jókst vinnuaflsnotkun að meðaltali um 3% á ári. Á milli áranna 1987 og 1989 minnkaði vinnuaflsnotkun hins vegar að meðaltali um tæp 3%. Á tímabilinu 1980–1987 var hagvöxtur að meðaltali um 3½% á ári, eftir það hófst samdráttarskeið sem talið er taka enda árið 1991. Þróun hagvaxtar og vinnuaflseftirspurnar hefur því fylgst að frá árinu 1980, sem þýðir að framleiðniaukning á hvert ársverk var rétt um 0,4% að meðaltali frá 1980–1987. Samdráttur vinnuaflsnotkunar var minni en nam samdrætti landsframleiðslunnar á árunum 1988–1990 og minnkaði því framleiðni á hvert ársverk lítið eitt á því tímabili.



Á árinu 1991 er gert ráð fyrir að atvinnuleysi verði svipað og í ár eða um 2%. Þannig er gert ráð fyrir að aukin vinnuaflseftirspurn verði svipuð og aukning framboðs. Þrátt fyrir þessa aukningu atvinnuleysis hér á landi á undanförnum árum er það enn mun lægra en í öðrum löndum. Meðalatvinnuleysi í aðildarríkjum OECD í maímánuði síðastliðnum var 6% en nær 8½% í EB-ríkjum.



Verðlag, tekjur og kaupmáttur.

Kjarasamningar, sem undirritaðir voru í febrúar 1990, gilda til ágúst – september 1991. Samkvæmt launaliðum samninganna skulu laun hækka á næsta ári um 2½% í mars og um 2% í júní. Láglaunabætur skulu greiddar í maímánuði, auk þess sem orlofsuppbót hækkar um 7%. Samningarnir kveða og á um rauð strik í maí með svipuðum hætti og á þessu ári.

Verðlagsspáin gerir ráð fyrir að verð á fati af hráolíu haldist á bilinu 25 til 30 Bandaríkjadollarar, samanborið við um 22 að meðaltali á þessu ári. Að öðru óbreyttu er búist við að verð á unnum olíuvörum hækki um sama hlutfall. Verð á tonni af blýlausu bensíni á heimsmarkaði gæti þannig leikið á bilinu 350–370 Bandaríkjadollarar, samanborið við 260 á þessu ári. Útgjöld vegna kaupa á bensíni vega 4,3% í framfærsluvísitölu og því hækkar framfærsluvísitala um ½% fyrir hver 10% sem bensín hækkar um. Hækkun olíuverðs leiðir einnig til hækkunar á verði vara unnum úr olíu og á gjaldskrám samgöngufyrirtækja. Auk beinna áhrifa á framfærsluvísitölu er hætta á frekari hækkunum vegna víxlverkana verðlags og launa. Í þessari spá er ekki gert ráð fyrir að af víxlverkunum verði. Þótt kjarasamningar geri ráð fyrir endurmati launaforsendna í maí á næsta ári, er ekki um sjálfvirka hækkun að ræða. Meðal annars er kveðið á um að taka beri tillit til viðskiptakjaraþróunar. Í forsendum kjarasamningsins er gert ráð fyrir 2% bata viðskiptakjara frá janúar til júlí á næsta ári.

Verðlagshorfur á næsta ári mótast af ofangreindu og almennri eftirspurn. Gert er ráð fyrir verulegu aðhaldi að eftirspurn og að gengi krónunnar verði stöðugt, þannig að raungengi breytist lítið. Verð almenns innflutnings er talið muni hækka um rúmlega 5%. Á þessum forsendum fæst að framfærsluvísitala hækki um 7% frá upphafi til loka 1991 og milli meðaltala þessa og næsta árs. Atvinnutekjur á mann eru taldar aukast um 7–8% og að því gefnu að

skattbyrði verði hin sama og í ár, er gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist um rúmt 1%. Þannig felur í spáin í sér að kaupmáttur vaxi á nýjan leik, en hann hefur farið minnkandi frá 1987.


Þjóðarútgjöld.

Einkaneysla hefur dregist saman undanfarin þrjú ár. Þessi samdráttur stafar fyrst og fremst af lækkun kaupmáttar ráðstöfunartekna. Sparnaður heimilanna hefur jafnframt vaxið og neyslusamdráttur því orðið meiri en ella. Þessi aukni sparnaður hefur að nokkru komið í stað kaupa á varanlegum neysluvörum, svo sem bifreiðum og heimilistækjum. Eftirspurn eftir þessum vörum er mjög háð raunvöxtum og raungengi. Því má ætla að í kjölfar batnandi efnahags aukist eftirspurn eftir þessum vörum. Reiknað er með að einkaneyslan aukist um 1½% milli áranna 1990 og 1991. Þessi aukning er fyrst og fremst vegna meiri kaupmáttar, auk þess veldur hærra raungengi aukinni eftirspurn eftir innfluttum neysluvörum. Spáin felur í sér að einkaneysla á mann aukist í hátt við kaupmátt.

Samneysluútgjöld á mann aukast um 2% sem er heldur meiri aukning en á þessu ári, en meðalaukning síðustu tíu ára er 4,4% á ári og er því um að ræða hóflegan vöxt miðað við fyrri ár.

Áætlun um fjárfestingu gerir ráð fyrir óbreyttum umsvifum. Fjárfesting atvinnuveganna og hins opinbera dregst saman. Fjárfesting í íbúðarhúsum eykst eftir tveggja ára stöðnun. Í þessari spá er ekki gert ráð fyrir framkvæmdum við álver, en í kafla V er ítarlega fjallað um horfur á næstu árum, meðal annars um áhrif álvers.

Spáin gerir ráð fyrir að neysla og fjárfesting aukist alls um röskt 1% að raungildi og miðað við óbreyttar birgðir er aukning þjóðarútgjaldanna sú sama.



Utanríkisviðskipti og viðskiptakjör.

Lítilsháttar aukning sjávarafurðaframleiðslunnar ásamt aukningu í álframleiðslu og öðrum útflutningsafurðum skila væntanlega um 1% aukningu vöruútflutnings.

Horfur eru á að vöruinnflutningurinn verði því sem næst óbreyttur að raungildi þar sem mikill samdráttur sérstaks vöruinnflutnings, einkum vegna minni flugvélakaupa, ætti að vega

á móti auknum almennum vöruinnflutningi. Samkvæmt þessu er vöruskiptajöfnuðurinn talinn verða áfram jákvæður um 10,6 milljarða króna, eða 3% af landsframleiðslu. Þjónustujöfnuður án vaxta verður jákvæður samkvæmt spánni um 200 milljónir króna, en vaxtajöfnuðurinn hins vegar neikvæður um tæplega 16½ milljarð króna. Í heild felur þetta í sér neikvæðan viðskiptajöfnuð um 5,7 milljarða króna sem er 1,6% af landsframleiðslu.



Útlit er fyrir að viðskiptakjörin á næsta ári batni um 1% milli ára. Forsenda þessa viðskiptakjarabata er áframhaldandi hækkun á verði sjávarafurða á erlendum mörkuðum. Hér er reiknað með að meðalverð á sjávarafurðum hækki um 2–3% milli ára umfram almennt verðlag í viðskiptalöndunum. Eins og áður hefur verið rakið er ekki gert ráð fyrir því að olíuverð lækki frá því sem það er nú, heldur að það verði óbreytt allt næsta ár.

Yfirlit þjóðhagsspár.

Á þeim forsendum um framleiðslu og þjóðarútgjöld, sem hér hefur verið lýst, verður landsframleiðslan um 1½% meiri 1991 en á þessu ári og þjóðartekjur aukast um tæplega 2% vegna batnandi viðskiptakjara. Gert er ráð fyrir að þjóðarútgjöldin aukist nokkuð minna en þjóðartekjurnar, eða 1,2%. Í þessu felst að hallinn á viðskiptum við útlönd minnkar frá því að vera um 2% af landsframleiðslu á þessu ári í 1,6% af landsframleiðslu. Gangi þessi spá eftir er þriggja ára samdráttarskeið á enda og hægur hagvöxtur framundan.

Samandregið yfirlit um helstu niðurstöður þessarar spár fylgja hér á eftir í töflu.

Yfirlit þjóðhagsáætlunar 1991.

	1990	
	Breyting frá f. ári	Hlutdeild í hagvexti
Einkaneysla	1,5	0,8
Samneysla	2,0	0,4
Fjárfesting	0,0	0,0
Birgðabreytingar	–	–
Þjóðarútgjöld	1,2	1,2
Útflutningur vöru og þjónustu	1,2	0,4
Innflutningur vöru og þjónustu	0,6	-0,2
Landsframleiðsla	1,5	1,5

V. EFNAHAGSHORFUR Á NÆSTU ÁRUM

Hér á eftir eru kynntar niðurstöður úr dæmum sem sýna mögulega þróun íslenskra efnahagsmála á næstu árum. Við reikningana var notað haglíkan Þjóðhagsstofnunar sem er lýst í *Fjármálatíðindum*, nr. 1 1990, en reiknijafna fyrir launabreytingar er þó önnur en þar er lýst (sjá viðauka með greinargerð Þjóðhagsstofnunar með frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, o.fl. frá apríl 1990). Hér er ekki um eiginlegar spár að ræða, heldur framreikning, sem byggir á forsendum um ákveðin ytri skilyrði sem mjög erfitt er að spá og einnig á forsendu um að gerð efnahagslífsins hér á landi breytist ekki mikið frá því sem nú er. Litið er á tvö dæmi. Hið fyrra, grunndæmið, gerir ráð fyrir hægum vexti útflutningstekna og engum sérstökum framkvæmdum á næstu árum, en hið síðara, áldæmið, gerir ráð fyrir byggingu nýs álvers með 210.000 tonna framleiðslugetu á ári og tengdum raforkuframkvæmdum.


Forsendur.

Í töflu hér að aftan eru dregnar saman helstu forsendur sem grunndæmið byggir á. Ekki er gert ráð fyrir auknum sjávarafla í tonnum frá því sem nú er, enda er talið að fiskstofnarnir séu nú fullnýttir, en hins vegar er gert ráð fyrir að breytt ráðstöfun aflans valdi verðmætaaukningu framleiðslunnar á næstu árum, sem nemur 1% á ári. Gert er ráð fyrir að verðlag á sjávarafurðum fylgi almennu verðlagi erlendis frá 1992. Í þessari forsendu felst að sjávarafurðir verða í jafnháu raunverði frá og með 1991 og þær voru 1987. Þetta er nokkuð bjartsýn forsenda, sem byggir á spám um minnkað framboð sjávarafurða á heimsmarkaði á næstu árum.

Gert er ráð fyrir nokkurri aukningu í framleiðslu álversins í Straumsvík vegna aukinnar afkastagetu þar, en ekki er talið að járnblendiverksmiðjan auki framleiðslu sína frá því sem nú er. Verð á áli byggir á spám erlendra aðila, en verð á kísiljárni er látið fylgja álverði.

Nokkurri aukningu „annarrar" útflutningsframleiðslu er spáð 1990–1993, og byggir sú forsenda á áætlunum um framleiðslu í fiskeldi, þótt dregið hafi úr bjartsýni hvað þetta varðar. Verð á þessum útflutningi fylgir almennum verðbreytingum erlendis.


Reiknað er með að samneysla og fjárfestingar hins opinbera fylgi forsendum þjóðhagsspár 1990 til 1991, en aukist síðan smám saman frá 1992. Forsendur um hagvöxt og verðbreytingar erlendis eru byggðar á spám alþjóðastofnana. Allar slíkar spár eru að vísu nokkuð á reiki þegar þetta er ritað vegna yfirvofandi stríðshættu við Persaflóa. Hér er notuð sú forsenda að olíuverð hækki að raunvirði um 30% samanlagt 1990 og 1991 frá meðalverði ársins 1989, en lækki síðan að raunvirði fram til 1994. Raunvirði þess verður þá um 18% hærra en meðalverðið 1989. Gert er ráð fyrir óbreyttum raunvöxtum erlendis frá árinu 1992 og gengi krónunnar er haldið föstu frá árinu 1991.



Niðurstöður.


Fyrst verður lýst niðurstöðum úr grunndæminu, þ.e.a.s. framreikningum án nýs álvers.

Í stuttu máli gefa þessir reikningar til kynna að búast megi við hægum hagvexti hér á næstu árum (sjá mynd að ofan), samkvæmt reikningunum einungis rúmum 1½% á ári að jafnaði, en vöxtur þjóðartekna yrði eilítið meiri, gangi reikningarnir eftir. Þetta er mun minni hagvöxtur en verið hefur hér á landi á síðustu áratugum. Til dæmis var meðalhagvöxtur 1970 til 1987 tæp 5% á ári. Þetta er einnig töluvert minni hagvöxtur en spáð er í heiminum á næstu árum því alþjóðastofnanir gera almennt ráð fyrir um 3% hagvexti að jafnaði á ári á næstu




árum. Það er rétt að benda á að hagvöxtur á Íslandi var mjög hraður á áttunda áratugnum, samhliða útfærslu landhelginnar og aukinni atvinnuþátttöku, og mun hraðari en í öðrum iðnríkjum. Á níunda áratugnum dró heldur saman á ný og miðað við þessa framreikninga yrði langtímahagvöxtur þjóðarbúsins til næstu aldamóta sá sami og í OECD-ríkjunum.

Eðlileg afleiðing svo lítils hagvaxtar er svipað atvinnuleysi og nú er, sem er spáð að verði rúmlega 2% af mannafla á næsta ári, en fari lækkandi þegar á líður og verði rúmlega 1½% af mannafla árið 1996. Gert er ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist um u.þ.b. 1% á ári að jafnaði (sjá mynd að neðan). Þjóðarútgjöldin, samanlögð neysla og fjárfesting, vaxa svipað og landsframleiðslan að jafnaði 1991–1996, en viðskiptajöfnuður fer batnandi á sama tíma og stendur í núlli 1996. Þetta gerist sumpart vegna þess að gert er ráð fyrir minni innflutningi á sérstökum fjárfestingarvörum, s.s. skipum og flugvélum en verið hefur, en einnig vegna þess að raunjöfnuður á viðskiptum við útlönd (þ.e.a.s. viðskiptajöfnuður miðaður við erlenda raunvexti í stað nafnvaxta) er jákvæður frá 1990 og því lækka skuldir þjóðarbúsins að raunvirði jafnt og þétt. Þetta þýðir einnig að hlutfall erlendra skulda af landsframleiðslu fer lækkandi úr um 50% árið 1990 í um 37% árið 1996 (sjá mynd á næstu síðu). Greiðslubyrði af erlendum lánum lækkar í samræmi við það úr um 20% af útflutningstekjum í 14%. Fjárfestingar standa nánast í stað yfir tímabilið. Þetta er einungis eðlileg afleiðing af hægum vexti í framleiðslu. Það er næsta víst að nýting framleiðsluþátta (þ.e. vinnuafls og fjármagns) sé nú verulega undir því sem er í meðalári. Hrein fjárfesting þarf því ekki að vera mikil til að standa undir framleiðsluaukningu í kringum 1½% á ári, jafnvel þótt gert sé ráð fyrir lakari framleiðniþróun en á síðustu árum.



Sú mynd sem dregin er upp í þessu grunndæmi er ekki björt. Eins og sést á mynd þýðir þessi þróun að við munum glata því forskoti á aðrar þjóðir sem við höfðum náð í kringum 1980. Forsendan um að fiskstofnarnir séu fullnýttir liggur hér til grundvallar og einnig forsendan um að ekki verði mikil breyting í uppbyggingu atvinnuveganna að öðru leyti.



Eins og kunnugt er hafa staðið yfir samningaviðræður milli íslenskra stjórnvalda og svokallaðs Atlantsálshóps um að reist verði álver hér á landi á árunum 1991–1994 og hefji starfrækslu á fullum afköstum (210.000 tonn á ári) árið 1995. Arðsemi Landsvirkjunar vegna sölu á raforku til þessa álvers hefur verið mikið til umræðu að undanförnu, en hér er litið á þjóðhagsleg áhrif þessara framkvæmda. Til að leggja mat á þessi áhrif er reiknað frávik frá grunndæminu, hér nefnt áldæmið. Öllum forsendum er haldið óbreyttum milli dæmanna hvað varðar ytri skilyrði og hegðan hins opinbera, nema að því leyti sem við kemur fjárfestingum vegna nýja álversins og tengdra framkvæmda og rekstri þess. Breytingarnar á forsendunum felast því í:

a) Viðbótarfjárfestingum í álverinu og orkuverum og innflutningi vegna þeirra.
b) Viðbótum við utanríkisviðskipti vegna reksturs álversins þegar það hefur tekið til starfa.
c) Fjármagnstilfærslum frá útlöndum vegna fjármögnunar á byggingu og gangsetningu álversins.
d) Tilfærslum á þeim arði til útlanda, þegar fyrirtækið skilar arði.

Það ber að árétta að sömu forsendur eru í báðum dæmunum að því er varðar gengi krónunnar, samneyslu og almennar fjárfestingar hins opinbera. Þessar forsendur og möguleg áhrif frávika frá þeim verða rædd hér á eftir. Það er einnig rétt að benda á að skuldir álversins eru taldar með skuldum þjóðarbúsins í þessum reikningum.

Umfang álversframkvæmdanna er verulegt á íslenskan mælikvarða. Þannig nemur innlendur hluti framkvæmdanna rúmum 4% af landsframleiðslu í grunndæminu þegar mest er, árið 1993. Við bætast síðan margfeldisáhrif og munur á landsframleiðslu milli dæmanna á framkvæmdaskeiðinu er að þeim viðbættum um 6½% árið 1993 (sjá mynd). Vegna innflutnings á fjárfestingarvörum og þensluáhrifa verður viðskiptajöfnuður mun lakari en í grunndæminu og munar mestu 1993 þegar viðskiptajöfnuður er neikvæður um rúmlega 6½% í áldæminu. Á móti koma að vísu eiginfjárframlög Atlantsálsaðilanna, en erlendar skuldir aukast mikið og fara í rúm 53% af landsframleiðslu árið 1994 (sjá mynd), en skuldir álversins, sem eru taldar þar með, eins og áður sagði, nema þá um 11% af landsframleiðslu. Kaupmáttur ráðstöfunartekna verður mest 4½% meiri í áldæminu en í grunndæminu á framkvæmdaskeið-

inu (sjá mynd). Verðbólga eykst nokkuð frá grunndæminu, þótt ekki sé um stór frávik að ræða á íslenskan mælikvarða (mest 1%), enda er gengi haldið föstu í báðum dæmunum.

Árið 1994 er millibilsár milli mestu framkvæmdanna og fullrar gangsetningar álversins og landsframleiðslan dregst talsvert saman það ár, hagvöxtur er neikvæður um 2% á því ári, en er að jafnaði tæp 4% á ári á árunum 1991–1993. Atvinnuleysi lækkar talsvert á framkvæmdaskeiðinu, verður að jafnaði tæplega ½% lægra í áldæminu en í grunndæminu.

Þau áhrif sem lýst er að ofan eru í eðli sínu tímabundin. Varanleg áhrif álversins koma í ljós eftir gangsetningu. Bein viðbót álversins við landsframleiðslu nemur um 3% af því sem ella yrði og með margfeldisáhrifum nemur þessi viðbót tæpum 4% af landsframleiðslu. Þessi viðbót skilar sér þó ekki öll til þjóðarinnar, erlendar skuldir eru um 46% í árslok 1996 í stað 37% í grunndæminu og arður eignaraðila álversins reiknast um ½% af landsframleiðslu á ári. Að teknu tilliti til þessara þátta kemur í ljós að mismunur á þjóðarframleiðslu er um 2% milli dæma árið 1996, en munur á þjóðartekjum um 3%. Munur milli dæma á kaupmætti ráðstöfunartekna nemur um 4%. Varanleg áhrif á atvinnustig eru ekki mikil.

Hlutfall áls af heildarútflutningi í lok spátímabilsins er um 21% í stað 8% í grunndæminu og hlutfall sjávarafurða af útflutningi er 44% í stað 52%. Þessi breikkun á grunni útflutningstekna þjóðarinnar gæti þýtt betri vaxtakjör á erlendum lánum, þótt ekki sé tekið tillit til þess hér.

Athugasemdir.

Það er ástæða til að setja fyrirvara við ýmsar af þeim niðurstöðum sem koma fram hér að framan. Í fyrsta lagi ber að benda á að það er næsta ólíklegt að þjóðarskútan sigli svo lygnan sjó, hvað varðar ytri aðstæður og viðbrögð við þeim, eins og gert er ráð fyrir í grunnforsendunum. Það ber því fremur að túlka niðurstöðurnar sem möguleika á langtímaþróun fremur en sem spá um skammtímasveiflur. Vart þarf að taka fram að þótt sýndir séu aukastafir í útkomum hér að framan ber að taka tölurnar sem vísbendingu um mögulega stærðargráðu, aukastafirnir eru teknir með til að hægt sé að bera tölurnar saman.

Það er ljóst að álversframkvæmdirnar og hliðaráhrif þeirra koma til með að auka tekjur hins opinbera. Það er því fólgin sú forsenda í reikningunum að halli verði minni í rekstri hins opinbera á framkvæmdaskeiðinu en ella. Æskilegast væri, verði farið út í þessar framkvæmdir á annað borð, að hliðra til framkvæmdum, draga úr þeim á árunum 1991–1993, en framkvæma þess í stað meira 1994 og síðar. Þetta myndi jafna eftirspurn í áldæminu og draga úr sveiflum í hagvexti. Slíkar ráðstafanir eru sérstaklega æskilegar vegna þess að eftirspurn vegna framkvæmdanna beinist fyrst og fremst að byggingarstarfsemi. Það er raunar veikleiki þess líkans sem notað er við þessa reikninga að ekki er möguleiki á að taka tillit til þessarar staðreyndar og því er hætta á að verðbólguáhrif séu vanmetin.

Að lokum er rétt að benda á að enginn peningamálahluti er í líkaninu og því er engin leið að meta í tölum möguleg áhrif mismunandi fjármögnunar virkjana á samanburð dæmanna tveggja. Sú breyting sem nú á sér stað á reglum um fjármagnsflutninga milli Íslands og annarra landa gerir slíkt mat enn erfiðara en ella. Þó er ljóst að möguleiki er á að minnka þensluáhrif framkvæmdanna með fjármögnun að hluta innanlands. Í ljósi umfangs framkvæmdanna á árunum 1992 og 1993 er mjög brýnt að menn geri sér grein fyrir að aðhaldssöm peninga- og ríkisfjármálastefna er óhjákvæmileg til að koma í veg fyrir þenslu í efnahagslífinu.

Helstu forsendur.
Grunndæmi.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Útflutningsframleiðsla							
Sjávarafurðir:							
magn	-3,5	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0
verð	12,0	8,0	3,5	3,5	3,5	3,5	3,5
Ál							
magn	-1,0	3,7	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5
verð	-9,0	8,5	5,2	1,8	0,6	3,5	5,0
Kísiljárn							
magn	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
verð	-25,0	8,5	5,2	1,8	0,6	3,5	5,0
Kísilgúr							
magn	4,8	0,0	2,0	2,0	0,0	0,0	0,0
verð	4,5	5,5	3,5	3,5	3,5	3,5	3,5
Annað							
magn	4,5	5,0	5,0	5,0	3,0	3,0	3,0
verð	4,5	5,5	3,5	3,5	3,5	3,5	3,5
Innflutningsverð:							
Almennur innflutningur án olíu	4,5	5,5	3,5	3,5	3,5	3,5	3,5
Eldsneyti	20,0	20,0	0,0	0,0	0,0	3,5	3,5
Rekstrarvörur til stóriðju	0,0	5,5	5,2	1,8	0,6	3,5	5,0
Hagvöxtur og verðlag erlendis							
Hagvöxtur	2,8	2,3	4,0	4,0	3,0	3,0	3,0
Verðlag	4,7	5,5	3,5	3,5	3,5	3,5	3,5
Breyting raunvaxta (prósentustig)	-0,7	-0,3	-0,0	0,0	0,0	0,0	0,0

TÖFLUR

Tafla 1. Þjóðhagsyfirlit 1988–1991.

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári, % [1]			
	1988	Bráðab. 1989	Spá 1990	Þjóðhags-áætlun 1991	1988	Bráðab. 1989	Spá 1990	Þjóðhags-áætlun 1991
1. Einkaneysla	158.200	176.254	199.200	215.600	-4,0	-8,0	-1,5	1,5
2. Samneysla	47.468	55.217	62.200	67.900	4,2	1,0	1,0	2,0
3. Fjárfesting	48.032	54.500	65.300	69.300	-1,3	-10,0	4,5	0,0
4. Neysla og fjárfesting alls	253.700	285.971	326.700	352.800	-2,0	-6,8	0,2	1,2
5. Birgðabreytingar [2]	1.850	-655	0	0	1,0	-1,9	0,3	0,0
6. Þjóðarútgjöld, alls	255.550	285.316	326.700	352.800	-1,0	-7,6	0,5	1,2
7. Útflutningur vöru og þjónustu	84.131	108.968	128.300	139.100	-2,7	1,3	-1,5	1,2
8. Innflutningur vöru og þjónustu	85.042	100.366	119.900	128.300	-3,1	-10,0	0,5	0,6
9. **Verg landsframleiðsla**	**254.639**	**293.918**	**335.100**	**363.600**	**-0,8**	**-3,4**	**0,0**	**1,5**
10. Vaxtajöfnuður o.fl.	-8.333	-13.217	-15.100	-16.500	.	.	.	.
11. Viðskiptajöfnuður (7.-8.+10.)	-9.244	-4.615	-6.700	-5.700	.	.	.	.
12. **Verg þjóðarframleiðsla (9.+10.)**	**246.306**	**280.701**	**320.000**	**347.100**	**-1,2**	**-3,8**	**-0,2**	**1,7**
13. Viðskiptakjaraáhrif [3]	.	.	.	.	-0,1	-1,0	0,2	0,4
14. **Vergar þjóðartekjur**	.	.	.	.	**-1,2**	**-4,5**	**0,0**	**1,9**
15. Viðskiptajöfnuður sem % af VLF	.	.	.	.	-3,6	-1,6	-2,0	-1,6

1) Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1980.
2) Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.
3) Hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

Tafla 2. Utanríkisviðskipti 1988–1991.

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári, % [1]			
	1988	Bráðab. 1989	Spá 1990	Þjóðhags-áætlun 1991	1988	Bráðab. 1989	Spá 1990	Þjóðhags-áætlun 1991
Útflutningsframleiðsla								
Sjávarafurðir	45.730	55.508	67.500	73.600	-0,2	-3,0	-3,5	1,0
Ál	6.689	10.146	10.280	11.570	-1,7	7,8	-1,0	3,7
Kísiljárn	2.229	3.379	2.850	3.090	14,7	3,8	0,0	0,0
Annað	6.422	8.866	10.870	12.040	-1,8	13,5	4,5	4,8
Samtals	61.070	77.899	91.500	100.300	-0,1	0,6	-1,9	1,9
Útflutt skip og flugvélar	2.447	1.518	800	100	.	.	.	.
Birgðabreytingar	1.850	-655	0	0	.	.	.	.
Vöruútflutningur, alls	**61.667**	**80.072**	**92.300**	**100.400**	**-1,0**	**2,0**	**-4,0**	**0,9**
Vöruinnflutningur, alls	**61.996**	**72.603**	**84.600**	**89.800**	**-3,9**	**-10,5**	**-1,8**	**-0,5**
Almennur vöruinnflutningur	53.689	61.775	70.180	76.700	-6,0	-11,5	-4,8	2,1
þ.a. olía	3.658	5.990	7.440	8.900	-5,2	15,0	-8,0	-0,3
þ.a. annað	50.031	55.785	62.740	67.800	-7,0	-13,6	-4,4	2,5
Sérstakur vöruinnflutningur	8.307	10.828	14.420	13.100	21,5	-4,6	15,3	-13,6
Vöruskiptajöfnuður	**-329**	**7.469**	**7.700**	**10.600**	.	.	.	.
Þjónustutekjur (án vaxta o.fl.)	22.464	28.896	36.000	38.700	-7,4	-0,8	5,7	1,9
Þjónustugjöld (án vaxta o.fl.)	23.046	27.763	35.300	38.500	-0,5	-8,0	8,1	3,2
Þjónustujöfnuður (án vaxta o.fl.)	**-582**	**1.133**	**700**	**200**	.	.	.	.
Vaxtajöfnuður o.fl.	**-8.333**	**-13.217**	**-15.100**	**-16.500**	.	.	.	.
Viðskiptajöfnuður	**-9.244**	**-4.615**	**-6.700**	**-5.700**	.	.	.	.

1) Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1980.

Tafla 3. Fjármunamyndun 1988–1991.

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári, % [1]			
	1988	Bráðab. 1989	Spá 1990	Þjóðhags-áætlun 1991	1988	Bráðab. 1989	Spá 1990	Þjóðhags-áætlun 1991
Fjármunamyndun alls	**48.032**	**54.500**	**65.300**	**69.300**	**-1,3**	**-10,0**	**4,5**	**0,0**
Þar af:								
Landsvirkjun, járnblendi-verksmiðja og álverksmiðja	1.028	2.340	4.650	4.340	25,2	80,8	69,8	-12,0
Innfl. skip og flugvélar	5.405	5.841	9.000	7.000	39,6	-16,9	31,7	-26,0
Útfl. skip og flugvélar	-2.447	-1.518	-800	-100				
Önnur fjármunamyndun	44.046	47.837	52.450	58.060	-1,4	-13,5	-3,9	4,1
I Atvinnuvegirnir	**23.959**	**24.750**	**29.600**	**30.800**	**-7,9**	**-19,0**	**9,5**	**-1,2**
1. Landbúnaður [2]	2.560	2.450	1.800	1.810	-9,9	-22,4	-34,7	-5,0
2. Fiskveiðar	5.835	3.400	2.250	1.750	17,6	-54,4	-44,7	-27,0
3. Vinnsla sjávarafurða	1.509	1.520	1.800	1.800	-12,0	-20,0	5,0	-5,0
4. Álverksmiðja	130	430	1.150	1.230	-42,9	158,3	128,6	0,0
5. Járnblendiverksmiðja	41	180	100	110	0,0	225,0	-52,8	0,0
6. Annar iðnaður	4.500	4.800	4.770	5.530	-5,3	-13,5	-11,5	10,0
7. Flutningatæki	1.387	3.820	9.620	9.230	-31,4	96,5	123,9	-8,0
8. Verslunarhúsnæði, skrifstofur o.fl.	4.190	4.650	4.110	4.400	-25,5	-10,0	-15,0	0,0
9. Ýmsar vélar og tæki	3.807	3.500	4.000	4.940	-2,0	-29,8	20,0	18,0
II Íbúðarhús	**10.106**	**12.450**	**14.700**	**16.500**	**10,6**	**0,0**	**0,0**	**5,0**
III Fjárfesting hins opinbera	**13.967**	**17.300**	**21.000**	**22.000**	**4,4**	**-0,4**	**0,7**	**-1,9**
1. Rafvirkjanir og rafveitur	1.882	2.930	4.800	4.500	35,5	25,0	45,5	-12,0
2. Vatnsveitur, hitaveitur	1.650	2.170	1.900	1.750	50,5	7,5	-20,2	-14,0
3. Samgöngumannvirki	5.409	6.100	7.300	8.000	-21,1	-10,4	-3,7	2,0
4. Byggingar hins opinbera	5.026	6.100	7.000	7.750	25,6	-1,6	-8,9	3,0

Athugasemdir:
1) Magnbreytingar 1988 og 1989 eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1980, en spá 1990 og 1991 á verðlagi fyrra árs.
2) Fiskeldisstöðvar meðtaldar.

Tafla 4. Landsframleiðsla og þjóðarframleiðsla 1980–1989.

M.kr. á verðlagi hvers árs ásamt magn- og verðvísitölum 1980=100.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	Bráðab. 1989
Verðlag hvers árs										
1. Einkaneysla	8.846	14.327	22.939	39.418	53.886	74.705	96.933	131.712	15.200	176.254
2. Samneysla	2.546	4.039	6.644	11.559	14.056	20.136	27.291	36.791	47.468	55.217
3. Fjármunamyndun	3.927	5.929	9.251	14.127	18.356	24.460	29.684	41.042	48.032	54.500
4. Birgðabreytingar	80	253	913	-1070	786	-978	-2094	-416	1.850	-655
5. Þjóðarútgjöld alls	15.399	24.548	39.747	64.034	87.084	118.323	151.814	209.129	255.550	285.316
6. Útflutningur alls	5.746	8.724	12.714	27.078	34.295	49.819	63.125	73.466	84.131	108.968
6.1 Vörur, fob	4.460	6.536	8.479	18.623	23.557	33.750	44.968	53.053	61.667	80.072
6.2 Þjónusta	1.286	2.188	4.235	8.455	10.738	16.069	18.157	20.413	22.464	28.896
7. Frádr.: Innflutningur alls	5.648	8.936	14.329	25.275	33.871	49.051	56.342	74.496	85.042	100.366
7.1 Vörur, fob	4.306	6.732	10.364	18.156	23.889	33.760	40.988	55.020	61.996	72.603
7.2 Þjónusta	1.342	2.204	3.965	7.119	9.982	15.291	15.354	19.476	23.046	27.763
8. **Verg landsframleiðsla**	15.497	24.336	38.132	65.837	87.508	119.091	158.597	208.099	254.639	293.918
9. Þáttatekjur frá útlöndum, nettó	-411	-811	-1.495	-3.066	-4.554	-5.584	-6.229	-6.203	-8.333	-13.217
10. **Verg þjóðarframleiðsla**	15.086	23.525	36.637	62.771	82.954	113.507	152.368	201.896	246.306	280.701
11. Viðskiptajöfnuður	-313	-1.023	-3.110	-1.263	-4.130	-4.816	554	-7.233	-9.244	-4.615
11.1 Vöruskiptajöfn. fob/fob	154	-196	-1.885	467	-332	-10	3.980	-1.967	-329	7.469
11.2 Þjónustujöfnuður	-56	-16	270	1.336	756	778	2.803	937	-582	1.133
11.3 Þáttatekjur frá útl. net	-411	-811	-1.495	-3.066	-4.554	-5.584	-6.229	-6.203	-8.333	-13.217
Hlutfallsleg skipting										
1. Einkaneysla	57,1%	58,9%	60,2%	59,9%	61,6%	62,7%	61,1%	63,3%	62,1%	60,0%
2. Samneysla	16,4%	16,6%	17,4%	17,6%	16,1%	16,9%	17,2%	17,7%	18,6%	18,8%
3. Fjármunamyndun	25,3%	24,4%	24,3%	21,5%	21,0%	20,5%	18,7%	19,7%	18,9%	18,5%
4. Birgðabreytingar	0,5%	1,0%	2,4%	-1,6%	0,9%	-0,8%	-1,3%	-0,2%	0,7%	-,2%
5. Þjóðarútgjöld alls	99,4%	100,9%	104,2%	97,3%	99,5%	99,4%	95,7%	100,5%	100,4%	97,1%
6. Útfl. vöru og þjónustu	37,1%	35,8%	33,3%	41,1%	39,2%	41,8%	39,8%	35,3%	33,0%	37,1%
7. Frádr.: Innfl. vöru og þjónustu	36,4%	36,7%	37,6%	38,4%	38,7%	41,2%	35,5%	35,8%	33,4%	34,1%
8. **Verg landsframleiðsla**	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
9. Þáttatekjur frá útlöndum, nettó	-2,7%	-3,3%	-3,9%	-4,7%	-5,2%	-4,7%	-3,9%	-3,0%	-3,3%	-4,5%
10. **Verg þjóðarframleiðsla**	97,3%	96,7%	96,1%	95,3%	94,8%	95,3%	96,1%	97,0%	96,7%	95,5%
11. Viðskiptajöfnuður	-2,0%	-4,2%	-8,2%	-1,9%	-4,7%	-4,0%	0,3%	-3,5%	-3,6%	-1,6%
Magnvísitala										
1. Einkaneysla	100	107,1	112,7	105,9	109,2	114,2	123,3	143,5	137,7	126,7
2. Samneysla	100	107,3	114,0	119,4	119,6	127,0	135,7	144,0	150,0	151,5
3. Fjármunamyndun	100	101,0	100,5	88,1	96,2	98,1	97,0	115,4	113,9	102,5
4. Þjóðarútgjöld alls	100	106,1	111,5	101,7	107,8	111,1	116,7	135,2	133,8	123,6
5. Útflutningur alls	100	101,3	91,5	101,0	104,0	115,4	122,6	127,5	124,0	125,6
5.1 Vörur	100	98,8	81,9	91,3	94,8	104,4	115,1	118,8	117,6	120,0
5.2 Þjónusta	100	109,8	125,0	134,4	136,0	153,7	148,4	157,7	146,0	144,9
6. Frádr.: Innflutningur alls	100	106,7	106,0	100,0	109,3	120,0	120,3	147,8	143,5	128,9
6.1 Vörur	100	106,9	103,5	96,0	104,5	113,6	120,1	149,9	144,1	129,0
6.2 Þjónusta	100	106,0	114,1	113,0	124,7	140,2	120,9	140,8	140,1	128,9
7. **Verg landsframleiðsla**	100	104,1	106,1	102,0	105,9	109,4	117,6	127,7	126,8	122,4
8. Þáttatekjur frá útlöndum, nettó	100	103,6	122,4	150,0	164,5	183,8	193,7	193,7	214,0	233,2
9. **Verg þjóðarframleiðsla**	100	104,1	105,7	100,7	104,3	107,4	115,5	125,9	124,4	119,7
10. **Vergar þjóðartekjur**	100	104,5	105,8	102,3	106,0	109,0	119,1	131,8	130,2	124,4
Magnvísitala á mann										
1. Einkaneysla	100	105,8	109,9	101,9	104,0	107,9	115,6	133,1	125,8	114,4
2. Samneysla	100	106,1	111,1	114,9	113,9	120,1	127,3	133,5	136,9	136,7
3. Fjármunamyndun	100	99,8	98,0	84,8	91,7	92,8	91,0	107,0	104,0	92,5
4. Þjóðarútgjöld alls	100	104,9	108,8	97,9	102,7	105,0	109,5	125,4	122,2	111,6
5. Útflutningur alls	100	100,1	89,3	97,2	99,1	109,1	115,0	118,3	113,2	113,3
6. Frádr.: Innflutningur alls	100	105,4	103,4	96,3	104,1	113,4	112,8	137,1	130,7	116,4
7. **Verg landsframleiðsla**	100	102,9	103,5	98,2	100,9	103,4	110,3	118,5	115,7	110,5
8. Þáttatekjur frá útlöndum, nettó	100	102,4	119,4	144,4	156,8	173,7	181,7	179,7	195,4	201,5
9. **Verg þjóðarframleiðsla**	100	102,9	103,1	96,9	99,3	101,5	108,3	116,8	113,6	108,0
10. **Vergar þjóðartekjur**	100	103,3	103,2	98,5	101,0	103,0	111,7	122,2	118,9	112,3

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	Bráðab. 1989
Verðvísitala										
1. Einkaneysla	100	151,3	230,0	421,0	557,8	739,7	889,0	1037,8	1298,5	1572,5
2. Samneysla	100	147,8	228,9	380,4	461,6	622,6	789,9	1003,8	1243,3	**1431,9**
3. Fjármunamyndun	100	149,5	234,5	408,2	485,9	634,7	779,5	905,8	1074,3	**1354,4**
4. Þjóðarútgjöld alls	100	150,3	231,4	409,0	524,4	691,9	845,0	1004,2	1240,4	**1498** [7]
5. Útflutningur alls	100	149,9	241,7	466,7	573,9	751,3	896,3	1002,5	1180,4	**1510,3**
5.1 Vörur	100	148,3	232,1	457,2	557,3	725,0	875,7	1001	1175,3	**1496,1**
5.2 Þjónusta	100	155,0	263,5	489,0	614,0	813,2	951,6	1006,6	1196,2	1551,1
6. Frádr.: Innflutningur alls	100	148,3	239,3	447,4	548,6	724,0	829,5	892,7	1052,0	1378,3
6.1 Vörur	100	146,3	232,6	439,4	530,7	690,0	792,8	852,2	999,3	1307,5
6.2 Þjónusta	100	155,0	259,0	469,3	596,7	812,5	946,6	1031,0	1226,1	1605,5
7. **Verg landsframleiðsla**	100	150,8	231,8	416,4	533,4	702,3	870,6	1051,2	1296,3	1549,3
%-br. frá fyrra ári, magn										
1. Einkaneysla		7,1%	5,3%	-6,1%	3,2%	4,5%	8,0%	16,4%	-4,0%	-8,0%
2. Samneysla		7,3%	6,2%	4,7%	0,2%	6,2%	6,8%	6,1%	4,2%	1,0%
3. Fjármunamyndun		1,0%	-0,5%	-12,3%	9,2%	2,0%	-1,2%	19,0%	-1,3%	-10,0%
4. Þjóðarútgjöld alls		6,1%	5,1%	-8,8%	6,1%	3,0%	5,1%	15,8%	-1,0%	-7,6%
5. Útfl. vöru og þjónustu		1,3%	-9,6%	10,3%	3,0%	11,0%	6,2%	4,0%	-2,8%	1,3%
6. Frádr.: Innfl.vöru og þjónustu		6,7%	-0,6%	-5,6%	9,3%	9,7%	0,3%	22,9%	-3,1%	-9,9%
7. **Verg landsframleiðsla**		4,1%	2,0%	-3,9%	3,8%	3,4%	7,4%	8,7%	-0,8%	-3,4%
8. Þáttatekjur frá útlöndum, nettó		18,2%	22,5%	9,7%	11,7%	5,4%	0,0%	10,5%	4,3%	2,4%
9. **Verg þjóðarframleiðsla**		4,1%	1,5%	-4,7%	3,5%	3,0%	7,5%	9,1%	-1,2%	-3,8%
10. **Vergar þjóðartekjur**		4,5%	1,3%	-3,4%	3,6%	2,8%	9,3%	10,6%	-1,2%	-4,5%
Meðalmannafjöldi ársins, þús.	228.16	230.80	234.00	237.04	239.50	241.40	243.21	245.96	249.89	252.75
Magnvísitala	100	101.2	102.6	103.9	105.0	105.8	106.6	107.8	109.5	110.8
%-br. frá fyrra ári, magn á mann										
1. Einkaneysla		5,8%	3,9%	-7,3%	2,1%	3,7%	7,2%	15,1%	-5,5%	-9,0%
2. Samneysla		6,1%	4,7%	3,4%	-0,8%	5,4%	6,0%	4,9%	2,5%	-0,1%
3. Fjármunamyndun		-0,2%	-1,9%	-13,4%	8,0%	1,2%	-1,9%	17,7%	-2,9%	-11,0%
4. Þjóðarútgjöld alls		4,9%	3,7%	-10,0%	5,0%	2,2%	4,3%	14,5%	-2,6%	-8,6%
5. Útfl. vöru og þjónustu		-1,0%	-10,8%	8,9%	1,9%	10,1%	5,4%	2,9%	-4,3%	0,1%
6. Frádr.: Innfl.vöru og þjónustu		5,4%	-2,0%	-6,9%	8,2%	8,9%	-0,5%	21,5%	-4,7%	-10,9%
7. **Verg landsframleiðsla**		2,9%	0,6%	-5,1%	2,7%	2,5%	6,6%	7,4%	-2,3%	-4,5%
8. **Verg þjóðarframleiðsla**		2,9%	0,1%	-5,9%	2,5%	2,2%	6,7%	7,8%	-2,8%	-4,9%
9. **Vergar þjóðartekjur**		3,3%	-0,1%	-4,6%	2,6%	2,0%	8,5%	9,4%	-2,7%	-5,6%

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989
%-br. frá fyrra ári, verð										
1. Einkaneysla		51,3%	52,1%	83,0%	32,5%	32,6%	20,2%	16,7%	25,1%	21,1%
2. Samneysla		47,8%	54,9%	66,1%	21,4%	34,9%	26,9%	27,1%	23,9%	15,2%
3. Fjármunamyndun		49,5%	56,8%	74,1%	19,0%	30,6%	22,8%	16,2%	18,6%	26,1%
4. Þjóðarútgjöld alls		50,3%	54,0%	76,7%	28,2%	31,9%	22,1%	18,9%	23,4%	20,8%
5. Útfl. vöru og þjónustu		49,9%	61,2%	93,1%	23,0%	30,9%	19,3%	11,9%	17,8%	27,9%
6. Frádr.: Innfl. vöru og þjónustu		48,3%	61,3%	86,9%	22,6%	32,0%	14,6%	7,6%	17,8%	31,0%
7. **Verg landsframleiðsla**		50,8%	53,7%	79,6%	28,1%	31,7%	24,0%	20,8%	23,3%	19,5%
8. **Verg þjóðarframleiðsla**		49,8%	53,4%	79,8%	27,6%	32,8%	24,8%	21,5%	23,5%	18,4%

Tafla 5. Tekjur, verðlag og kaupmáttur 1980–1991.

Á mann.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	Áætlun 1990	Spá 1991
Vísitölur 1980=100												
Tekjur												
Ráðstöfunartekjur	100	159	248	395	505	743	977	1424	1737	1892	2097	2265
Verðlag												
Framfærsluvísitala	100	151	228	420	543	718	871	1034	1297	1571	1803	1929
Byggingarvísitala	100	152	237	405	495	654	814	957	1127	1387	1634	1740
Verðlag einkaneyslu	100	151	230	421	559	740	889	1037	1299	1572	1805	1929
Kaupmáttur [1]												
Ráðstöfunartekjur	100	105	109	94	93	103	112	138	134	120	116	117

1) Miðað við framfærsluvísitölu.


Tafla 6. Afli og aflaverðmæti 1981–1990.


	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	Spá 1990
Í þúsundum tonna										
Þorskur	461	382	294	281	323	366	390	376	354	310
Annar botnfiskur	254	308	311	284	263	266	294	325	343	330
Síld	40	56	59	50	49	66	75	93	97	98
Loðna	642	13	133	867	993	898	810	911	670	850
Humar	3	3	3	2	2	3	3	2	2	2
Rækja	8	9	13	24	25	36	39	30	27	30
Hörpudiskur	10	12	15	16	17	16	13	10	11	11
Annað	23	5	11	12	8	5	8	11	8	8
Heildarafli	1441	788	839	1536	1680	1656	1632	1758	1514	1639
Breytingar aflaverðmætis á föstu verði, %										
Samtals	6,7	-11,5	-9,1	8,3	5,1	9,8	6,2	-1,0	-4,0	-4,5
Samtals án loðnu	5,0	-5,7	-9,8	-1,8	4,6	11,5	7,1	-1,2	-2,0	-6,6

Tafla 7. Landsframleiðsla og þjóðartekjur 1945–1991.*)

	Verg landsframleiðsla		Vergar þjóðartekjur	
	Vísitala 1960=100	Hlutfallslegar breytingar milli ára	Vísitala 1960=100	Hlutfallslegar breytingar milli ára
1945	56,1	4,7%	60,8	7,1%
1946	58,4	4,0%	65,1	7,1%
1947	65,2	11,7%	71,0	9,0%
1948	66,3	1,7%	71,0	0,0%
1949	65,4	-1,3%	67,9	-4,3%
1950	63,5	-3,0%	63,9	-5,9%
1951	62,9	-0,9%	61,7	-3,4%
1952	62,0	-1,4%	60,8	-1,5%
1953	70,5	13,7%	71,0	16,8%
1954	77,1	9,2%	78,4	10,4%
1955	84,4	9,6%	86,4	10,2%
1956	86,1	2,0%	87,0	0,7%
1957	86,1	0,0%	85,8	-1,4%
1958	94,1	9,2%	95,7	11,5%
1959	95,8	1,8%	97,5	1,9%
1960	100,0	4,4%	100,0	2,5%
1961	100,6	0,6%	104,3	4,3%
1962	108,2	7,6%	112,7	8,0%
1963	118,4	9,4%	123,5	9,6%
1964	128,6	8,6%	137,0	11,0%
1965	137,1	6,6%	150,9	10,1%
1966	148,7	8,5%	163,6	8,4%
1967	146,5	-1,5%	155,9	-4,7%
1968	138,0	-5,8%	145,1	-6,9%
1969	142,5	3,3%	151,2	4,3%
1970	153,5	7,8%	170,1	12,4%
1971	173,1	12,7%	196,9	15,8%
1972	184,4	6,5%	207,4	5,3%
1973	192,9	4,6%	227,5	9,7%
1974	204,0	5,7%	234,0	2,8%
1975	207,4	1,7%	225,9	-3,4%
1976	218,4	5,3%	243,5	7,8%
1977	238,2	9,1%	272,5	11,9%
1978	254,1	6,7%	289,5	6,2%
1979	268,3	5,6%	295,7	2,1%
1980	283,3	5,6%	308,6	4,4%
1981	294,9	4,1%	322,5	4,5%
1982	300,8	2,0%	326,7	1,3%
1983	289,1	-3,9%	315,6	-3,4%
1984	300,1	3,8%	326,9	3,6%
1985	310,3	3,4%	336,1	2,8%
1986	333,2	7,4%	367,3	9,3%
1987	362,2	8,7%	406,3	10,6%
1988	359,3	-0,8%	401,4	-1,2%
1989	347,1	-3,4%	383,3	-4,5%
1990	347,1	0,0%	383,3	0,0%
1991	352,3	1,5%	390,6	1,9%

*) Áætlanir fyrir árin 1989 en spár fyrir árin 1990 og 1991.


Verg landsframleiðsla, 1945 - 1991
% breyting frá fyrra ári
%
%
20
15
10
5
0
-5
-10
1945
1950
1955
1960
1965
1970
1975
1980
1985
1990


Verg landsframleiðsla, 1945 - 1991
Vísitala 1960 = 100.
400
350
300
250
200
150
100
50
0
1945
1950
1955
1960
1965
1970
1975
1980
1985
1990

Sþ. 8. Skýrsla [8. mál]

iðnaðarráðherra um stöðu samninga um nýtt álver.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. INNGANGUR

Í maí 1990 var Alþingi gerð grein fyrir stöðu samninga um nýtt álver með sérstakri skýrslu iðnaðarráðherra (þingskjali nr. 1055). Í skýrslunni var gerð grein fyrir aðdraganda samninga um nýtt álver, yfirlýsingu málsaðila frá 13. mars 1990, meginatriðum væntanlegra heimildalaga um nýtt álver og samninga á grundvelli þeirra. Þá var gerð sérstök grein fyrir athugunum á forsendum orkusölu til álversins, nauðsynlegum framkvæmdum í raforkukerfinu og staðsetningu nýs álvers. Að áfanga í samningunum staðfestum 4. október 1990 og með hliðsjón af framvindu samninga frá því skýrslan var gefin þykir rétt að gera Alþingi á ný grein fyrir stöðu samninganna.

2. FRAMVINDA SAMNINGA

Í framhaldi af undirritun yfirlýsingar um ásetning um að ljúka samningum frá 13. mars 1990 héldu samningsaðilar allmarga fundi í apríl, maí og júní 1990. Þann 28. júní var síðan staðfest sérstök bókun um stöðu viðræðna þar sem meðal annars var staðfest að athuganir varðandi staðsetningu álversins yrðu eftir þann tíma bundnar við þrjá staði, þ.e. við Eyjafjörð, við Keilisnes á Vatnsleysuströnd og við Reyðarfjörð. Þá var ítrekað að aðilar stefndu að því að ljúka samningum um meginþætti málsins í september. Frá því í júnílok hefur verið fram haldið viðræðum um veigamestu þætti samstarfsins á fjölmörgum fundum aðila þar sem fjallað hefur verið um staðsetningu, skattamál, orkumál og umhverfismál auk þess sem fjallað hefur verið sérstaklega um lagalega umgjörð málsins. Þessum starfsáfanga lauk með því að iðnaðarráðherra og samninganefnd Atlantsálsfyrirtækjanna undirrituðu 4. október 1990 sérstakt minnisblað um samning. Minnisblað um samning á ensku og í íslenskri þýðingu fylgir hér með sem fylgiskjal nr. I og fylgiskjal nr. II. Enn fremur fylgir hér með sem fylgiskjal nr. III sameiginleg fréttatilkynning aðila, dags. 4. október 1990.

3. MINNISBLAÐ UM SAMKOMULAG, DAGS. 4. OKTÓBER 1990

Í minnisblaði um samning sem undirritað var í Reykjavík 4. október 1990 er fjallað um framvindu samningsgerðarinnar, staðsetningu álversins og atriði varðandi aðalsamning, orkusamning og hafnar- og lóðasamning. Þá er staðfest málsmeðferð varðandi útgáfu starfsleyfis og ákvæði um gildistíma og endurskoðun. Með minnisblaði um samning er lagður grundvöllur að frumvarpi til laga um nýtt álver og þinglegri meðferð málsins nú í haust.

Hafa ber í huga að með staðfestingu þessa áfanga í samningunum hefur ekki verið samið endanlega um byggingu álvers hér á landi. Þar er hins vegar lýst meginskilmálum sem lagðir verða til grundvallar við hina endanlegu samningsgerð og við samningu frumvarps til heimildalaga. Stefnt er að því að leggja stjórnarfrumvörp um málið fyrir Alþingi síðar í þessum mánuði með það að markmiði að afgreiða megi heimildalög um nýtt álver fyrir árslok. Lokaákvarðanir stjórna Atlantsálsfyrirtækjanna munu liggja fyrir á fyrsta ársfjórðungi 1991. Eftir það mun stjórnvöldum gefast kostur á að leggja lokamat á málið og ákveða hvort samningsheimildin verður nýtt.

4. SKIPULAG ATLANTSÁLS OG ALMENN LAGALEG UMGJÖRÐ

Gert er ráð fyrir að stofnsett verði þrjú eignarhaldsfyrirtæki Atlantsálsaðilanna hér á landi sem eigi hlutabréf í Atlantsáli hf., en það verður eigandi álbræðslunnar á Keilisnesi. Miðað er við að fyrirtækið verði starfrækt sem bræðslusamlag, þ.e. það umbreyti súráli í ál gegn endurgreiðslu alls bræðslukostnaðar, en án þess að álbræðslan eigi hráefni eða unnið ál.

Fjallað er sérstaklega um rétt innlendra aðila til verktöku og þjónustu fyrir félagið. Tryggður verður réttur íslenska ríkisins til að ráðstafa allt að 5% af framleiðslu félagsins vegna frekari úrvinnslu hér á landi á þess vegum eða þriðja aðila. Áformuð er skipun sérstakrar ráðgjafarnefndar til að ræða sameiginleg hagsmunamál aðila á jafnréttisgrundvelli, jafnframt því sem ákvæði eru um skipan stjórnar Atlantsáls hf., þar með um þjóðerni.

Gildistími aðalsamningsins verður 25 ár með rétti til framlengingar um 5 ár í senn í tvö skipti. Verði sá réttur nýttur yrði gildistími aðalsamnings 35 ár. Íslensk lög verða ráðandi um túlkun og framkvæmd samninganna og úrskurður deilumála mun heyra undir íslenska dómstóla eða gerðardóm samkvæmt íslenskum gerðardómslögum.

5. SKATTAMÁL

Umsvif Atlantsálsfyrirtækjanna hér á landi verða skattlögð sem um eina heild væri að ræða og munu grundvallareglur íslensks skattaréttar gilda um skattlagninguna. Eignarhaldsfélögin munu ekki njóta skattfrestunar- eða skattlækkunarheimilda íslenskra skattalaga, en munu greiða 30% virkan tekjuskatt af breiðari stofni.

Tekjuskattur verður lagður á áætlaðar tekjur samkvæmt umsömdum reiknireglum. Greiddur verður sérstakur skattur af heildarveltu álbræðslunnar og Atlantsál hf. mun greiða fasteignagjöld af umsömdu fasteignamati með afslætti fyrstu fjögur árin. Um þetta meginatriði er samkomulag við viðkomandi sveitarfélög.

Endurskoða má skattlagningu Atlantsáls ef á verða lagðir nýir skattar hér á landi. Einnig er gert ráð fyrir að Atlantsálsfyrirtækin geti á samningstímanum valið að verða skattlögð að öllu leyti í samræmi við íslensk lög, en sérákvæði aðalsamningsins og heimildarlaganna um skattamál falli þar með niður.

Lausn deilna um skattlagningu skal heyra undir íslenska dómstóla. Hafi deila um skattlagningu veruleg áhrif á framkvæmd aðalsamningsins, verður heimilt að vísa deilum til gerðardómsmeðferðar samkvæmt íslensku gerðardómslögunum. Nánari grein er gerð fyrir meginatriðum skattlagningar Atlantsáls í sérstöku minnisblaði sem er fylgiskjal nr. IV með skýrslu þessari.

6. ORKUVERÐ

Í tengslum við samkomulagið var undirrituð stutt bókun um meginniðurstöðu viðræðna um orkusamning sem ráðgerður er milli Landsvirkjunar og Atlantsálsaðilanna. Samkvæmt bókuninni verður orkuverðið ákveðið hlutfall af álverði. Veittur verður afsláttur af verðinu fyrstu átta árin. Á árunum 1994 – 1996, verða ákveðin efri og neðri mörk. Orkuafhending hefjist 1994 og taki til um það bil 3000 GWh á ári með 90% orkunnar sem forgangsorku. Kaupskylda verði af hálfu Atlantsáls á 90% af forgangsorkunni. Endanlegur orkusamningur mun innihalda grein um endurskoðunarrétt. Orkusamningurinn mun verða til 25 ára og skal Atlantsál hafa rétt til að framlengja samninginn tvisvar sinnum um 5 ár í hvort sinn. Ekki verður í þessari skýrslu fjallað nánar um orkuverð eða aðra skilmála orkusölu til nýs álvers en nánar verður gerð grein fyrir forsendum orkusölu til nýs álvers í greinargerð með heimildalögum um nýtt álver. Þá gefst kostur á að gera iðnaðarnefndum Alþingis enn frekari grein fyrir orkuverði og öðrum skilmálum orkusölunnar.

7. STAÐARVAL ÁLVERS

Eftir að Alusuisse hætti þátttöku í athugun á álveri hér á landi í desember 1989 varð ljóst að ekki var grundvöllur fyrir samkomulagi um nýtt álver samkvæmt samkomulagi frá 4. júlí 1988 en það samkomulag var bundið við aukningu álframleiðslu í Straumsvík. Í febrúar 1990 náðust samningar um stofnun endurnýjaðs hóps álfyrirtækja um að halda áfram að kanna hagkvæmni nýs álvers hér á landi og í framhaldi af því var gengið frá sameiginlegri viljayfirlýsingu íslenskra stjórnvalda og þessa nýja Atlantsálshóps. Yfirlýsingin var undirrituð 13. mars sl.

Staðarval er mikilvægt sameiginlegt hagsmunamál eigenda álversins og þjóðarinnar þar sem kostnaðar- og áhættuþættir í framkvæmdum hafa áhrif á afstöðu beggja samningsaðila. Það var því sameiginlegt markmið að finna stað sem í senn gæti stuðlað að jafnvægi í atvinnu- og byggðaþróun í landinu og þar sem áhættuþættir, svo sem varðandi stofnkostnað, rekstrarkostnað og umhverfisáhrif væru sem minnstir. Athugunin skv. yfirlýsingunni frá 13. mars sl. hófst með því að kynntir voru ýmsir hugsanlegir staðir fyrir nýtt álver. Af beggja hálfu var vandað til allra athugana á staðsetningu sem fram fóru í sumar.

Ítarlegar viðræður fóru fram um staðarval álvers í lok ágúst og byrjun september eftir að í ljós kom að Atlantsálsaðilarnir töldu Keilisnes fýsilegasta kostinn. Af Íslands hálfu voru ræddar ýmsar leiðir til að hafa áhrif á staðarvalið, svo sem að bæta þann kostnaðarauka sem leiddi af staðsetningu utan Reykjaness. Lokaniðurstaðan var hins vegar skýr. Áhættuþættir sem ekki er unnt að verðleggja væru minnstir á Keilisnesi og því treystu fulltrúar fyrirtækjanna sér ekki til að mæla með öðrum stað við stjórnir sínar.

Meginatriði hafnar- og lóðarsamnings voru staðfest í sérstakri bókun með minnisatriðum samnings frá 4. þ.m. milli hlutaðeigandi sveitarfélaga og Atlantsálsaðilanna. Þar er gert ráð fyrir að höfn fyrir álverið verði á vegum Atlantsáls hf. sem byggi höfnina og reki en með afnotarétti annarra iðnfyrirtækja, ef stofnuð verða, í nágrenni verksmiðjunnar. Þá skuldbinda sveitarfélögin sig til að veita Atlantsáli almenna þjónustu á kostnaðargrundvelli. Nánari grein er gerð fyrir aðdraganda og forsendum staðarvals nýs álvers í sérstöku minnisblaði sem er fylgiskjal nr. V með skýrslu þessari.

8. STARFSLEYFI OG UMHVERFISMÁL

Gert er ráð fyrir að nýjustu tækni við mengunarvarnir verði beitt við framleiðslu og steypu á áli í álbræðslunni og að álverið á Keilisnesi verði frá sjónarmiði umhverfisverndar í fremstu röð álvera í heiminum. Í samræmi við samkomulag aðila frá í júní er í minnisblaðinu um samning staðfest að Atlantsálsaðilarnir hafi lagt fram umsókn um starfsleyfi og að umsóknin verði til umfjöllunar og útgefin í samræmi við ákvæði íslenskra laga og mengunarvarnareglugerðar. Starfsleyfi verði útgefið og gildi til jafnlengdar aðalsamningi, þ.e. allt að 35 ár.

Heimilt verður að endurskoða leyfið ef nýjar aðferðir eða tæki til að draga úr mengun frá svipuðum álverum hafi komið til framkvæmda í OECD-ríkjunum og að krafa verði um slíkar aðgerðir á grundvelli íslenskra laga enda krefjist staðbundin skilyrði á Keilisnesi þess.

Í samkomulaginu er ákvæði þess efnis að breytingar á álverinu sem leiði af breyttu starfsleyfi skuli gerðar í áföngum og að teknu tilliti til fjárhagslegra aðstæðna við framkvæmd slíkra breytinga í OECD-ríkjunum.

9. ÁHRIF Á BYGGÐAÞRÓUN OG ÞJÓÐARHAG

Byggðastofnun kannaði áhrif nýs álvers á búsetu og vinnumarkað á öllum þeim stöðum þar sem til greina þótti koma að Atlantsál risi. Með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um raforkuver sem lagt var fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi (þingskjal nr. 92) sem lagt var fyrir Alþingi sl. vor fylgdi greinargerð stofnunarinnar um könnun miðað við að álverið risi á höfuðborgarsvæðinu, í Eyjafirði eða Reyðarfirði. Í júní sl. birti stofnunin greinargerð um könnun á áhrifum nýs álvers miðað við að það risi á Keilisnesi, á Grundartanga eða í Þorlákshöfn og fylgir greinargerðin skýrslu þessari sem fylgiskjal nr. VI.

Með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um raforkuverð fylgdi einnig greinargerð um þjóðhagsleg áhrif 200 þúsund tonna álvers. Greinargerðin hefur verið endurskoðuð og er birt í V. kafla þjóðhagsáætlunar. V. kafli þjóðhagsáætlunar fylgir hér með sem fylgiskjal nr. VII. Loks fylgir hér með greinargerð ráðgjafarnefndar iðnaðarráðuneytisins um umhverfisáhrif iðjuvera um samanburð á Eyjafirði, Keilisnesi og Reyðarfirði vegna staðarvals (fylgiskjal nr. VIII).

Ekki verður í skýrslu þessari fjölyrt nánar um einstaka þætti samninga við Atlantsál en vísað til fylgiskjalanna um nánari greinargerð á stöðu einstakra þátta samninganna.

Fylgiskjal I.

MEMORANDUM
OF
AGREEMENT
BETWEEN
THE GOVERNMENT OF ICELAND
(as Party of the First Part)
AND
ALUMAX INC.
AND
GRÄNGES AB
AND
HOOGOVENS ALUMINIUM BV
(as Parties of the Second Part)
ON
THE ATLANTAL SMELTER PROJECT.

October 4, 1990

MEMORANDUM OF AGREEMENT ENTERED INTO ON THE 4TH DAY OF OCTOBER 1990 IN REYKJAVÍK
BETWEEN

The Government of Iceland (the "Government"), represented by the Minister of Industry,

as Party of the First Part,

and

Alumax Inc. ("Alumax"), a company organized under the laws of the State of Delaware, USA,

and

Gränges AB ("Gränges"), a company organized under the laws of Sweden,

and

Hoogovens Aluminium BV ("Hoogovens"), a company organized under the laws of the Netherlands,

as Parties of the Second Part,

the Party of the First Part and the Parties of the Second Part being sometimes collectively referred to as the "Parties" and the Parties of the Second Party being sometimes collectively referred to as the "Participants".

- Whereas the Parties signed a Declaration of Intent to Conclude Negotiations on the Atlantal Project on March 13, 1990 in Reykjavik ("the Declaration of Intent", copy attached); and
- Whereas the Parties signed a Protocol on the Progress of Negotiations on the Atlantal Smelter Project, dated June 28, 1990 ("the Protocol", copy attached); and
- Whereas the Government intends to present to the Parliament this autumn a Bill of Law on an Enabling Act on the Atlantal project; and

- Whereas the Parties intend to proceed with further work relating to the Atlantal project leading to the appropriate board approvals as set out in the Declaration of Intent and the Protocol; and
- Whereas the Parties have continued their negotiations on the Atlantal smelter subsequent to the Declaration of Intent and the Protocol and are now in a position to resolve certain major issues relating to the Atlantal project;

NOW IT IS HEREBY AGREED AND DECLARED AS FOLLOWS:

ARTICLE 1.

CONDUCT OF NEGOTIATIONS.

The Parties confirm that the negotiations on a new aluminium smelter in Iceland ("the Atlantal Smelter") have proceeded in a satisfactory manner.

ARTICLE 2.

UNDERSTANDING IN PRINCIPLE ON MATTERS RELATING TO THE MASTER AGREEMENT.

2.1. The Parties have reached understanding in principle on the following contract issues relating to the Master Agreement:

(a) General legal structure of the project, in particular the shareholding in Atlantal Ltd. ("the Company") through Holding Companies and the objects and operations of the Atlantal Companies.
(b) Organisation of the Atlantal Companies under the Icelandic Companies Act as to be further provided in an Enabling Act, the equity of the Company, citizenship and rules related to board members of the Company.
(c) Establishment of an Advisory Committee.
(d) Provisions governing transfer of shares in the Atlantal Companies and the effect of such transfers, the vesting of security interests on shares related to project financing.
(e) Basis of operation, particularly the Company being operated on tolling basis, and the basis for reimbursement by the Holding Companies of operating costs of the Company.
(f) That the procedure for the granting of the Environmental Operating Licence will be in accordance with Icelandic Law.
(g) The training, employment and hiring of Icelandic personnel and the use of Icelandic materials and services.
(h) The Government's option to purchase a 5% portion of the Company's production for further processing in Iceland.
(i) Granting of rights regarding working capital and foreign exchange.
(j) Icelandic law will govern the agreements and disputes will be generally settled under Icelandic law by Icelandic courts or alternatively by arbitration pursuant to Icelandic law.
(k) The term of the agreement will be 25 years from the effective date with two 5 year options to extend contract terms.

2.2 The Parties have reached understanding in principle that the Atlantal Companies will generally be taxed pursuant to Icelandic law and that the following principles of taxation will be applicable:
(a) In order to avoid double taxation of the Atlantal Companies in Iceland, resulting from the corporate structure, the Company will be exempt from income tax and the Holding Companies will be exempt from turnover tax.

(b) An income tax rate of 30% will be paid by the Holding Companies. The income tax will be based on deemed profit pursuant to an agreed method of calculation, but excluding certain deductions.
(c) Deductions for income tax calculation will include, inter alia, the cost of alumina and a fixed overhead rate of 4% of deemed revenue.
(d) A turnover tax of 0,77% will be paid by the Company on its turnover.
(e) A property tax will be paid at a rate of 0,75% and a property tax base of 160 MUSD with certain discounts for the first few years. The agreed value of property will be converted into Icelandic kronur on the average exchange rate in October 1990 indexed to the building index for October 1990.
(f) Double taxation of the Atlantal Companies will be governed by principles of existing international conventions and, in their absence, by the Nordic Convention on Avoidance of Double Taxation.
(g) Exemptions will be provided from import, export and excise duties for construction, maintenance and operating material, equipment and supplies, importation of raw materials, export of metal and used materials.
(h) Exemptions from VAT will be provided for electric power, main imported raw materials and the cost reimbursement.
(i) Stamp duties will be 0,15 per cent. Shares and documents relating to refinancing shall be exempt from stamp duties.
(j) The principles of reviewing tax arrangements will be provided for.
(k) Principles of Accounting will be provided for in the Master Agreement allowing among other things for depreciation of assets in full.
(l) Disputes relating to taxation shall be settled before Icelandic courts and can only be referred to arbitration if they are of principal importance to the performance of rights and obligations of the Parties to the Master Agreement.

2.3. Working drafts of the Master Agreement generally reflecting the understanding set out in Sections 2.1. and 2.2 above have been circulated among the Parties.

ARTICLE 3.

UNDERSTANDING IN PRINCIPLE ON MATTERS RELATING TO THE POWER CONTRACT.

3.1. The Participants and the National Power Company are carrying out negotiations on a power contract for the Atlantal project. The negotiations are proceeding and progressing in a satisfactory manner. Understanding in principle has been reached on certain major issues related to the Power Contract as set out in Annex 1 hereto.

3.2. Working drafts of the Power Contract have been exchanged between the Parties.

ARTICLE 4.

ENVIRONMENTAL AFFAIRS – LICENCES.

4.1. The Atlantal smelter will be built utilizing state of the art technology for the production of primary aluminium, the cast house operations and for environmental protection.

4.2. Following discussions in June of this year between representatives of the Ministry of the Environment and the Atlantal group, the Participants have submitted an application on an environmental operating licence. Understanding has been reached in principle on the following issues relating to the procedure and legal framework there of:

(a) The application will be processed according to Icelandic law and regulations.
(b) The licence will be issued and maintained for a period equal to the term and any extended term of the Master Agreement.
(c) The licence may only be revised or modified (at intervals to be agreed upon) if,

i. As a consequence of global environmental conventions new devices, measures or equipment to control air, water or solid waste emissions, effluent or discharges have generally been imposed and implemented in OECD countries on primary aluminium smelters designed at approximately the same time as the Atlantal smelter and that incorporate similar design and technology as the Atlantal smelter; and
ii. New devices, measures or equipment are required by Icelandic law; and
iii. Local conditions at Keilisnes require that the new emission controls be implemented.

(d) Implementation at the Atlantal smelter of any licence modification will be phased in over a reasonable time frame and shall take into account the financial conditions relating to such implementation in OECD countries. The smelter shall in every respect be accorded treatment under Icelandic law, regulations and administrative practices no less favourable than that accorded in like situations to other Icelandic enterprises.

4.3. Concurrent with or prior to the closing date for signing of the agreements entered into on the Atlantal project, an Environmental Operating Licence, an Industrial Licence, a Commercial Licence and a Building Permit for the project will have been issued.

ARTICLE 5.
SITE AND HARBOUR AGREEMENT.

The Atlantal Smelter will be constructed at Keilisnes on Vatnsleysuströnd and will have an initial rated capacity of approximately 200,000 mtpy. Negotiations with the respective Municipalities will be continued in order to complete a smelter site and harbour agreement as set out in Annex 2 hereto.

ARTICLE 6.
OTHER BASIC AGREEMENTS ON THE PROJECT.

The Participants have been negotiating agreements concerning the establishment, organisation and operation of the Atlantal Companies and will also have to obtain off-balance sheet Project Financing on terms acceptable to the individual Participants.

ARTICLE 7.
FURTHER WORK.

The Parties will proceed with their negotiations on all outstanding issues and on all other preparations, such as those referred to in the Declaration of Intent and the Protocol. The Participants reiterate their intent to present individually the overall project to their respective parent company boards for consideration and decision according to the time schedule established therein.

IN WITNESS WHEREOF, this Agreement has been signed by the Parties on the date and place indicated first above.

FOR THE GOVERNMENT OF ICELAND:

By: Jón Sigurðsson

FOR ALUMAX INC.:

By: Robert R. Goble

FOR GRÄNGES AB:

By: Ulf Bohlin

FOR HOOGOVENS ALUMINIUM BV:

By: Hans G. D. van der Ros

ANNEX 1. UNDERSTANDINGS IN PRINCIPLE ON THE POWER CONTRACT.

Understanding in principle has been reached on the following contract issues in the Power Contract to be entered into for the Atlantal Project between the National Power Company and the Company:

(a) The power price which will be calculated as a certain percentage of aluminium price with an initial period of discounts and a floor and cap for the years 1994 through 1996.
(b) The power supply will be for approximately 3000 GWh per year, with 90% delivered as firm power.
(c) The obligations of the Company will include an obligation to take or pay for 90% of the firm power during any 10 consecutive years.
(d) The contract will contain a fairness clause.
(e) Certain of the terms and conditions for power delivery with delivery starting in 1994.
(f) The power contract period will be for 25 years with the Company having the option to extend the contract period by two additional five year periods.

The power contract, when finalized, is subject to board approvals.

IN WITNESS WHEREOF, this Annex 1 has been signed on behalf of the Icelandic Negotiating Committee, Alumax Inc., Gränges AB and Hoogovens Aluminium BV in Reykjavík on October 4, 1990.

For The Icelandic Negotiating Committee

By: Jóhannes Nordal

Alumax Inc.

By: Robert R. Goble

Gränges AB

By: Ulf Bohlin

Hoogovens Aluminium BV

By: Hans G. D. van der Ros

ANNEX 2. UNDERSTANDING IN PRINCIPLE ON HARBOUR AND SMELTER SITE AGREEMENT.

Understanding has been reached in principle on the following basic issues relating to the Smelter Site and Harbour Agreement:

(a) The Company will have the option to purchase or lease the necessary site at Keilisnes for a smelter with a capacity of approximately 400.000 metric tonnes per year as well as the necessary site for the harbour connected with the smelter.
(b) The Company will have the option to build and operate the harbour, with the Municipalities having secondary right of usage for other purposes.

(c) The Municipalities of the Suðurnes Region or the Municipality of Vatnsleysustrandarhreppur, as the case may be, will provide services such as water supply, waste disposal etc. as requested with prices established on cost basis.

IN WITNESS WHEREOF, this Annex 2 has been signed by the Municipality of Vatnsleysuströnd, and the Municipalities of the Suðurnes Region and representatives of Alumax Inc., Gränges AB and Hoogovens Aluminium BV in Reykjavík on October 4, 1990.

For the Municipalities of the Suðurnes Region

By: Oddur Einarsson

For the Municipality of Vatnsleysustrandarhreppur

By: Jón Gunnarsson

For Alumax Inc.

By: Robert R. Goble

For Gränges AB

By: Ulf Bohlin

For Hoogovens Aluminium BV

By: Hans G. D. van der Ros

Fylgiskjal II.

MINNISBLAÐ
UM
SAMNING
MILLI
RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS
(ANNARS VEGAR)
OG
ALUMAX INC.
OG
GRÄNGES AB
OG
HOOGOVENS ALUMINIUM BV
(HINS VEGAR)
UM
ATLANTSÁLVERIÐ.

4. október 1990

Minnisblað um samning gert í Reykjavík 4. október 1990 milli
Ríkisstjórnar Íslands ("ríkisstjórnin") sem iðnaðarráðherra kemur fram fyrir

annars vegar

og

Alumax Inc. ("Alumax"), sem er fyrirtæki starfrækt samkvæmt lögum Delawareríkis í Bandaríkjum Norður-Ameríku

og

Gränges AB ("Gränges"), sem er fyrirtæki starfrækt samkvæmt sænskum lögum

og

Hoogovens Aluminium BV ("Hoogovens"), sem er fyrirtæki starfrækt samkvæmt hollenskum lögum

hins vegar

Samningsaðilar eru stundum sameiginlega nefndir "aðilarnir" og samningsaðilarnir þrír sem síðar eru greindir eru stundum sameiginlega nefndir "þátttakendurnir".

- Með því að aðilarnir undirrituðu 13. mars 1990 í Reykjavík yfirlýsingu um ásetning um að ljúka samningum um Atlantsálverið ("yfirlýsingin", eintak hjálagt);
- Með því að aðilarnir undirrituðu sameiginlega bókun um framvindu viðræðna um Atlantsálverið, dags. 28. júní 1990, ("bókunin", eintak hjálagt);
- Með því að ríkisstjórnin hyggst leggja fyrir Alþingi nú í haust frumvarp til heimildalaga um Atlantsálverið;
- Með því að aðilarnir ætla að halda áfram frekari vinnu varðandi Atlantsálverið sem ljúki með samþykki viðkomandi stjórna eins og lýst er í yfirlýsingunni og bókuninni;
- Með því að aðilarnir hafa í framhaldi af undirritun yfirlýsingarinnar og bókunarinnar haldið áfram viðræðum um Atlantsálverið og geta nú komist að niðurstöðu um tiltekin meginatriði varðandi Atlantsálverkefnið;

Staðfesta aðilarnir eftirfarandi:

1. gr.
FRAMKVÆMD VIÐRÆÐNA.

Aðilarnir staðfesta að viðræðum um nýtt álver á Íslandi (hér á eftir nefnd "álbræðslan") hafi miðað vel áfram.

2. gr.
NIÐURSTAÐA Í MEGINATRIÐUM UM SAMNINGSATRIÐI, ER VARÐA AÐALSAMNINGINN.

2.1 Aðilarnir hafa komist að niðurstöðu í meginatriðum um eftirfarandi samningsatriði er varða aðalsamninginn:

a) Almennt lagalegt skipulag fyrirtækja Atlantsálsaðilanna, sérstaklega að hlutafé í Atlantsáli hf. ("félaginu") verði í eigu þriggja eignarhaldsfélaga aðilanna svo og markmið og rekstur Atlantsálsfyrirtækjanna.
b) Að Atlantsálsfyrirtækin verði stofnsett og starfi skv. íslenskum hlutafélagalögum eins og nánar verður kveðið á um í heimildalögunum, eigið fé félagsins, ríkisborgararétt og reglur er varða skipun stjórnar fyrirtækisins.
c) Skipun ráðgjafanefndar.
d) Ákvæði er varða framsal hlutabréfa í Atlantsálsfyrirtækjunum, réttaráhrif framsals og veðsetningu hlutabréfa til að fjármagna álbræðsluna.
e) Rekstrargrundvöll, sérstaklega að félagið verði rekið sem bræðslusamlag og reglur um endurgreiðslu eignarhaldsfélaganna á rekstrarkostnaði félagsins.
f) Málsmeðferð við veitingu umhverfisstarfsleyfis er verði samkvæmt íslenskum lögum.
g) Þjálfun og ráðningu íslensks starfsliðs og notkun íslenskrar vöru og þjónustu.
h) Heimild ríkisstjórnarinnar til að ráðstafa 5% af framleiðslu félagsins til frekari úrvinnslu á Íslandi.
i) Réttindi til lántöku og gjaldeyrisviðskipta.
j) Íslensk lög verði ráðandi um túlkun og framkvæmd samninga og að ágreiningsmál verði almennt leyst samkvæmt íslenskum lögum fyrir íslenskum dómstólum eða gerðardómi samkvæmt íslensku gerðardómslögunum.
k) Gildistími samningsins verði 25 ár frá gildistökudegi með heimild til að framlengja gildistíma samningsins um tvö 5 ára tímabil.

2.2 Aðilarnir hafa komist að niðurstöðu í meginatriðum um að Atlantsálsfyrirtækin verði almennt skattlögð samkvæmt íslenskum lögum og að eftirfarandi reglur um skattlagningu skuli eiga við:

a) Til að forðast tvísköttun Atlantsálsfyrirtækjanna á Íslandi, vegna skipulags félaganna, verður Atlantsál hf. undanþegið tekjuskatti og eignarhaldsfélögin verða undanþegin veltuskatti.
b) Eignarhaldsfélögin greiði skatt af hagnaði sem nemi 30%. Tekjuskatturinn verði lagður á áætlaðan hagnað samkvæmt umsaminni reikningsaðferð, en að undanskildum ákveðnum frádráttarliðum.
c) Frádráttur við útreikning tekjuskatts mun fela í sér m.a. kostnað vegna kaupa á súráli og fastan yfirstjórnunarkostnað er nemi 4% reiknaðra tekna.
d) Félagið greiði 0,77% veltuskatt af heildarveltu þess.

e) Greiddur verði 0,75% fasteignaskattur af umsömdum fasteignamatsgrunni að fjárhæð 160 millj. Bandaríkjadala. Umsömdu virði eigna verður breytt í íslenskar krónur á meðalgengi í október 1990 og tengt byggingarvísitölu fyrir október 1990.
f) Tvísköttun Atlantsálsfyrirtækjanna fer eftir meginreglum núgildandi milliríkjasamninga um það efni, og séu þeir ekki fyrir hendi, þá samkvæmt tvísköttunarsamningi milli Norðurlandanna.
g) Undanþágur verða veittar á innflutnings- og útflutningstollum og vörugjaldi á byggingar-, viðhalds- og rekstrarefni, tæki og birgðir, innflutning hráefnis og útflutning málms og notaðra efna.
h) Undanþágur frá virðisaukaskatti verða veittar vegna raforkusölu, innflutnings helstu hráefna og endurgreiðslu kostnaðar.
i) Stimpilgjald verði 0,15%. Endurnýjun stofnlána og hlutafé verði undanþegið stimpilgjaldi.
j) Kveðið verður á um meginreglur um endurskoðun skattaákvæða.
k) Kveðið verður á um meginreglur um reikningsskil í aðalsamningnum, sem m.a. heimili fulla afskrift eigna.
l) Deilur varðandi skattgreiðslur skulu leystar fyrir íslenskum dómstólum og einungis verður heimilt að vísa skattadeilum til gerðardóms ef þær skipta meginmáli varðandi framkvæmd réttinda og skyldna aðila skv. aðalsamningnum.

2.3 Aðilar hafa skipst á vinnudrögum að aðalsamningi, sem almennt lýsa þeirri meginniðurstöðu sem sett er fram í greinum 2.1 og 2.2 hér að framan.

3. gr.
NIÐURSTAÐA Í MEGINATRIÐUM UM MÁLEFNI ER VARÐA ORKUSÖLUSAMNINGINN.

3.1 Þátttakendurnir og Landsvirkjun eiga í viðræðum um orkusölusamning fyrir álbræðsluna. Samningaviðræðurnar hafa þróast á viðunandi hátt. Niðurstaða liggur fyrir í meginatriðum um tiltekin aðalatriði varðandi orkusölusamninginn eins og sett er fram í fylgiblaði 1 hér með.

3.2 Aðilar hafa skipst á vinnudrögum að orkusölusamningi.

4. gr.
UMHVERFISMÁL – LEYFI.

4.1 Álbræðslan verði byggð með nútímatækni við framleiðslu og steypu á áli og með tilliti til umhverfisverndar.

4.2 Eftir viðræður í júní á þessu ári milli fulltrúa umhverfisráðuneytis og Atlantsálshópsins lögðu þátttakendurnir fram umsókn um starfsleyfi. Niðurstaða liggur fyrir í meginatriðum um eftirfarandi atriði varðandi málsmeðferð og lagalega umgjörð starfsleyfis:

a) Um meðferð umsóknar fer samkvæmt íslenskum lögum og reglum.
b) Leyfið verður gefið út og gildi jafn lengi og aðalsamningurinn, þ.m.t. með hugsanlegri framlengingu.

c) Leyfið verður einungis endurskoðað eða því breytt (á tímabilum sem samkomulag næst um) ef

   i) Nýjar aðferðir, aðgerðir eða tæki til að stjórna útrennsli, útstreymi eða losun lofts, vatns eða fasts efnis, hafa, á grundvelli alþjóðlegra sáttmála, almennt verið skyldubundnar og komið til framkvæmda í álverum í OECD-ríkjunum sem hönnuð eru á u.þ.b. sama tíma og Atlantsálverið og með áþekkri tækni og Atlantsálverið, og
   ii) nýrra aðferða, aðgerða eða tækja er krafist samkvæmt íslenskum lögum, og
   iii) nýrra mengunarvarna verði þörf vegna staðbundinna skilyrða á Keilisnesi.

d) Breytingar á álverinu er leiða af breytingum á starfsleyfi skulu gerðar í áföngum á eðlilegu tímabili og að teknu tilliti til fjárhagslegra aðstæðna við framkvæmd slíkra breytinga í OECD-ríkjunum. Álverið skal að öllu leyti hljóta meðferð samkvæmt íslenskum lögum, reglum og stjórnsýsluvenjum ekki óhagstæðari en veitt er íslenskum fyrirtækjum við líkar aðstæður.

4.3 Á sama tíma, eða fyrir lokadagsetningu undirritunar samninganna sem gerðir eru um álbræðsluna, munu starfsleyfi, iðnaðarleyfi, verslunarleyfi og byggingarleyfi hafa verið gefin út.

5. gr.
LÓÐAR- OG HAFNARSAMNINGUR.

Álbræðslan verður byggð á Keilisnesi á Vatnsleysuströnd og verður upphafleg framleiðslugeta hennar u.þ.b. 200.000 tonn á ári. Viðræðum við viðkomandi sveitarfélög verður haldið áfram til þess að ljúka lóðar- og hafnarsamningi eins og sett er fram í fylgiblaði 2 hér með.

6. gr.
AÐRIR GRUNDVALLARSAMNINGAR UM VERKEFNIÐ.

Þátttakendurnir hafa átt í viðræðum sín í milli um samninga um stofnun, skipulag og rekstur Atlantsálsfyrirtækjanna og munu einnig afla sér fjármagns til byggingar álbræðslunnar utan efnahagsreiknings með skilmálum sem einstakir þátttakendur sætta sig við.

7. gr.
FRAMHALDSVINNA.

Aðilarnir munu halda áfram samningaviðræðum um öll óleyst atriði og halda áfram undirbúningi, í samræmi við það sem segir í yfirlýsingunni og bókuninni. Þátttakendurnir ítreka þann ásetning sinn að leggja málið í heild hver um sig fyrir stjórnir móðurfyrirtækja sinna til umfjöllunar og ákvörðunar í samræmi við tímaáætlunina sem þar er sett fram.

ÞESSU TIL STAÐFESTU er minnisblað þetta um samning undirritað á þeim stað og þeim degi sem í upphafi greinir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands
Jón Sigurðsson

Fyrir hönd Alumax Inc.
Robert R. Goble

Fyrir hönd Gränges AB
Ulf Bohlin

Fyrir hönd Hoogovens Aluminium BV
Hans G. D. van der Ros

FYLGIBLAÐ 1. MEGINATRIÐI VARÐANDI ORKUSÖLUSAMNING.

Niðurstaða hefur fengist í aðalatriðum um eftirfarandi samningsatriði um orkusölusamning sem ráðgerður er milli Landsvirkjunar og Atlantsáls hf.:

a) Orkuverðið sem verður reiknað út sem ákveðið hlutfall álverðs með afsláttartímabili í upphafi og lágmarki og hámarki fyrir árin 1994 til 1996.
b) Orkuafhending mun nema u.þ.b. 3.000 Gwh á ári og verður 90% af orkunni afhent sem forgangsorka.
c) Skuldbindingar félagsins munu fela í sér skyldu til að taka við eða greiða fyrir 90% forgangsorkunnar að meðaltali fyrir hver samfelld 10 ár.
d) Samningurinn mun hafa að geyma sanngirnisákvæði.
e) Tilteknir skilmálar og skilyrði fyrir orkuafhendingu og hefst orkuafhending árið 1994.
f) Orkusölusamningurinn mun gilda í 25 ár og félagið hefur möguleika á að lengja samningstímabilið um tvö fimm ára tímabil til viðbótar.

Orkusölusamningurinn, þegar hann er endanlegur, er háður samþykki stjórna.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hefur þetta fylgiskjal verið undirritað af hálfu íslensku samninganefndarinnar, Alumax Inc., Gränges AB og Hoogovens Aluminium BV í Reykjavík 4. október 1990.

F. h. íslensku samninganefndarinnar.
Jóhannes Nordal

F. h. Alumax Inc.
Robert R. Goble

F. h. Gränges AB
Ulf Bohlin

F. h. Hoogovens Aluminium BV
Hans G.D. van der Ros

FYLGIBLAÐ 2. MEGINATRIÐI VARÐANDI HAFNAR- OG LÓÐARSAMNING.

Samkomulag hefur náðst í meginatriðum um eftirfarandi grundvallaratriði er varða hafnar- og lóðarsamning:

a) Atlantsál hf. eigi rétt á að kaupa eða leigja nauðsynlega lóð á Keilisnesi fyrir álver með allt að 400.000 árstonna framleiðslugetu, sem og lóð undir höfn verksmiðjunnar.
b) Félagið eigi rétt á að byggja og reka höfnina og sveitarfélögin eigi víkjandi rétt til notkunar fyrir aðra starfsemi.
c) Sveitarfélögin á Suðurnesjum eða Vatnsleysustrandarhreppur, eftir atvikum, munu veita þjónustu eins og vatnsöflun, sorpeyðingu o.s.frv. eins og óskað er eftir, á verði sem byggt er á kostnaðargrundvelli.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hefur þetta fylgiskjal verið undirritað af hálfu Vatnsleysustrandarhrepps og sveitarfélaga á Suðurnesjum og fulltrúum Alumax Inc., Gränges AB og Hoogovens Aluminium BV í Reykjavík 4. október 1990.

F. h. sveitarfélaga á Suðurnesjum:
Oddur Einarsson

F. h. Vatnsleysustrandarhrepps:
Jón Gunnarsson

F. h. Alumax Inc.:
Robert R. Goble

F. h. Gränges AB:
Ulf Bohlin

F. h. Hoogovens Aluminium BV
Hans G. D. van der Ros

Fylgiskjal III.

Iðnaðarráðuneytið Atlantsálshópurinn

Sameiginleg fréttatilkynning

Keilisnes valið sem staðurinn
fyrir hið áformaða álver
Atlantsáls.

Iðnaðarráðherra og Atlantsálshópurinn staðfestu í dag áfanga í átt að byggingu nýs álvers á Íslandi og lýstu því yfir sameiginlega að það skyldi rísa á Keilisnesi.

Álverið mun geta framleitt um 200.000 tonn af áli á ári og þar munu starfa um 500–600 manns, bæði karlar og konur. Þar verður beitt nýjustu tækni við mengunarvarnir og framleiðslu og steypu áls. Álverið á Keilisnesi verður frá sjónarmiði umhverfisverndar í fremstu röð álvera í heiminum.

Atlantsálshópurinn og Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra staðfestu einnig áfangasamkomulag um mörg grundvallaratriði skattlagningar, orkuverðs, umhverfisverndar og samningsskilmála. Aðilarnir stefna að því að ljúka þessum samningum á næstunni. Lagafrumvarp ásamt ítarlegri greinargerð um aðalsamning, verður lagt fyrir Alþingi til samþykktar á haustþinginu, sem hefst þann 10. október nk.

Atlantsálshópurinn mun fela alþjóðlega verkfræðifyrirtækinu Bechtel að gera lokaathugun á aðstæðum og kostnaði við byggingaráformin á Keilisnesi. Á grundvelli þess mats, munu Atlantsálsfyrirtækin leita samþykkis stjórna sinna á fyrsta ársfjórðungi 1991. Í forsvari fyrir Atlantsálshópinn er Alumax Inc. frá Bandaríkjunum, en auk Alumax eru í honum evrópsku álframleiðendurnir Gränges AB frá Svíþjóð og Hoogovens Aluminium BV frá Hollandi.

Reykjavík, 4. október 1990.

Fylgiskjal IV.

10. október 1990

MINNISBLAÐ

Efni: MEGINATRIÐI SKATTLAGNINGAR ATLANTSÁLS.

1. INNGANGUR.

Skattlagningu Atlantsálsfyrirtækjanna hér á landi verður hagað í meginatriðum í samræmi við íslensk skattalög en með nokkrum sérákvæðum. Sérákvæðin helgast af sérstöðu fyrirtækisins og þeirri miklu fjárfestingu sem í því liggur. Helstu þættir skattlagningarinnar eru þessir:

- Atlantsálsfyrirtækin munu greiða öll launatengd gjöld og önnur gjöld sem tengjast starfsmönnum og atvinnurekendur almennt greiða.
- Atlantsálsfyrirtækin verða háð reglum íslenskra laga varðandi skattframtal, álagningu, viðurlög og málskot.
- Lausn deilna um skattlagningu mun heyra undir íslenska dómstóla. Aðeins í undantekningartilvikum, þ.e. hafi deilan veruleg áhrif á framkvæmd aðalsamningsins, verður heimilt að vísa slíkum deilum til gerðardómsmeðferðar samkvæmt íslensku gerðardómslögunum.
- Atlantsál greiði aðstöðugjöld og önnur þau gjöld er leggjast á aðstöðugjaldsstofn í einu umsömdu gjaldi svo sem nánari grein er gerð fyrir í 3.1. hér á eftir.
- Atlantsál greiði umsamið fasteignagjald svo sem nánari grein er gerð fyrir í 3.2. hér á eftir. Þá er gengið út frá því að samið verði sérstaklega um nokkur minniháttar gjöld sem ekki eiga við með sama hætti um álver og byggingar sem eru í þéttbýli, m.a. gatnagerðargjald, byggingarleyfisgjald og skipulagsgjald til ríkissjóðs.
- Samið er um sérstakt fyrirkomulag varðandi útreikning og greiðslu tekjuskatts til ríkissjóðs skv. lið 2. og 3.3. hér á eftir.

2. SKIPULAG FYRIRTÆKJA ATLANTSÁLSAÐILANNA Á ÍSLANDI.

Atlantsálsaðilarnir munu hver um sig setja á stofn eignarhaldsfélög í einkaeign hvers aðila. Eignarhaldsfélögin munu síðan eiga hlutabréf í Atlantsáli hf. Rætt hefur verið um að eignarhaldsfélag Alumax eigi 40% í Atlantsáli hf. en eignarhaldsfélög Hoogovens og Gränges 30% hvert. Þá er við það miðað að Atlantsál hf. verði rekið sem bræðslusamlag þannig að eignarhaldsfélögin þrjú hér á landi greiði kostnað við bræðsluna án þess að hagnaður myndist. Reksturinn verður á grundvelli bindandi samninga við eignarhaldsfélögin um bræðslu á áli. Þetta form fyrirtækjarekstrar mun ekki breyta heildarskattbyrði vegna álbræðslu á Íslandi og er samkomulag um að eignarhaldsfyrirtækin þrjú, ásamt álbræðslunni, greiði samtals svipaða skatta og um eitt fyrirtæki væri að ræða. Í því sambandi er gert ráð fyrir eftirfarandi:

- Atlantsál hf. greiði veltuskatt og fasteignagjöld, en verði undanþegið tekjuskatti.
- Eignarhaldsfélögin þrjú greiði tekjuskatt eftir afkomu, en greiði ekki veltuskatt. Afkoma félaganna verði reiknuð með þeim hætti sem lýst er síðar í þessu minnisblaði.

3. NÁNAR UM EINSTAKA ÞÆTTI SKATTLAGNINGAR.

3.1. Skattur á veltu (aðstöðugjald o.fl.)

Samkomulag er um að í stað aðstöðugjalds, Iðnlánasjóðsgjalds, iðnaðargjalds og kirkjugarðsgjalds (gjöld er leggjast á aðstöðugjaldsstofn eða tengjast aðstöðugjaldi skv. íslenskum skattalögum) greiðist einn skattur sem verði 0,77% af aðstöðugjaldsstofni. Til hliðsjónar má geta þess að skv. heimildalögum um Járnblendifélagið nemur aðstöðugjald þess, að viðbættu iðnlánasjóðs- og iðnaðargjaldi, 0,85% af aðstöðugjaldsstofni. Aðstöðugjaldsstofn bræðslusamlagsins yrði væntanlega rúmar 200 milljónir Bandaríkjadollara og því ætti veltuskatturinn að geta numið um 1,5 milljónum Bandaríkjadollara á ári, eða um 100 milljónum króna. Fyrstu 20 starfsárin gæti þessi skattur því numið samtals um 2 milljörðum króna á föstu verðlagi. Veltuskatturinn leggst einvörðungu á veltu bræðslusamlagsins en hafa ber í huga að útflutningsverðmæti áls frá verksmiðjunni er nokkru hærri fjárhæð, eða rúmar 360 milljónir dollara á ári, eða um 20 milljarðar króna á ári.

3.2. Fasteignagjöld.

Samkomulag er um að Atlantsál hf. greiði 0,75% fasteignaskatt af umsömdum fasteignaskattsstofni. Samkomulag er orðið um það við sveitarfélögin á Suðurnesjum að miða fasteignagjöld við fasteignamat nýs álvers, sem jafngildi 160 milljónum Bandaríkjadollara í íslenskum krónum. Fasteignamatið nemur um 20% af heildarfjárfestingu í nýju álveri með vöxtum á byggingartíma. Samkomulag er um að fasteignamatið breytist í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu. Fasteignagjaldið yrði skv. þessu um 70 milljónir króna á ári, og rynni til þess sveitarfélags eða sveitarfélaga þar sem álverið yrði staðsett. Fallist hefur verið á nokkurn afslátt fyrstu 4 rekstrarárin sem hér segir:

- 1 ár. 35% afsláttur.
- 2 ár. 25% afsláttur.
- 3 ár. 15% afsláttur.
- 4 ár. 5% afsláttur.

Samtals gætu fasteignagjöld því numið um 1,4 milljörðum króna fyrstu 20 rekstrarárin (á föstu verðlagi).

3.3. Tekjuskattur.

Samkomulag er um að tekjur nýs álvers verði reiknaðar á grundvelli umsaminnar verðformúlu um markaðsverð á áli, skv. alþjóðlegum verðvísitölum, að viðbættum verðuppbótum vegna gæða og lögunar, auk annarra tekna. Útgjöld verða reiknuð með hliðsjón af innkaupsverði Atlantsálsaðilanna á súráli og ákveðins umsamins gjalds fyrir yfirstjórn (4% af reiknuðum tekjum), auk raunverulegra útgjalda bræðslusamlagsins. Þegar hreinar tekjur hafa verið reiknaðar með þessum hætti verður lagður á umsaminn tekjuskattur. Atlantsálsaðilarnir höfðu upphaflega óskað eftir 25% virkum tekjuskatti með vísan til raunsköttunar í Evrópu og með hliðsjón af nýlegri þróun í Evrópu. Af Íslands hálfu hafði verið reiknað út að 30 – 35% skatthlutfall væri eðlilegt ef félagið hefði ekki heimild til að nýta sér almennar skattfrestunar- og frádráttarheimildir íslenskra tekjuskattslaga. Slíkur virkur skattur er fundinn með því að áætla hvað venjulegar skattfrádráttarheimildir sem íslensk fyrirtæki njóta leiði almennt til hárra skatta hér á landi.

Erfitt er að gera nákvæma grein fyrir virkum tekjuskatti íslenskra fyrirtækja, en að áliti endurskoðanda sem athugað hefur ársreikninga nokkurra valinna iðnfyrirtækja, var virkur

tekjuskattur umræddra iðnfyrirtækja á árunum 1987 – 89 á bilinu 30–35%. Með þeirri breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, sem samþykkt var í maí 1990, um að hækka leyfilegan frádrátt vegna arðgreiðslna úr 10 í 15% af hlutafé, hefur virkur tekjuskattur atvinnufyrirtækja hér á landi enn lækkað. Niðurstaða viðræðna aðila er að greiddur verði 30% virkur tekjuskattur enda hafi Atlantsálsaðilarnir ekki heimild til að nýta almennar skattfrestunar- og frádráttarheimildir íslenskra tekjuskattslaga. Í 4. kafla hér á eftir er reynt að meta tekjuskattsgreiðslur nýs álvers.

3.4. Reikningsskil Atlantsáls.

Samkomulag er um að semja sérstaklega um reikningsskilareglur félagsins þannig að verðbreytingarfærsla taki mið af þróun Bandaríkjadollars í stað innlendra verðvísitalna og að heimiluð verði full afskrift eigna. Er við þetta miðað í þeim útreikningum á tekjuskatti sem vísað er til hér að neðan.

3.5. Skattur á arðgreiðslur (withholding tax).

Skattur á arðgreiðslur til Gränges verður skv. norræna tvísköttunarsamningnum, þ.e. 0%, en Alumax greiði 5% í samræmi við tvísköttunarsamninginn við Bandaríkin. Meðan ekki hefur verið gerður tvísköttunarsamingur milli Íslands og Hollands hefur verið fallist á að norræni samningurinn gildi um Hoogovens.

3.6. Eignarskattur.

Eignarskattur verður lagður á fyrirtækin eftir raunreikningum þeirra og verður ekki lagður á skv. reiknuðu framtali. Jafnframt er samkomulag um að farið verði með tiltekin eiginfjárframlög eigenda til dótturfélaganna hér á landi, svo sem um hlutafé væri að ræða.

4. RÁÐSTÖFUN SKATTTEKNA.

Í viðræðum við sveitarfélögin sem í hlut eiga hefur verið fjallað um skiptingu þeirra gjalda til sveitarfélaga sem samið hefur verið um við Atlantsálsaðilana. Samkvæmt almennum lögum myndi sveitarfélagið, þar sem álverið verður starfrækt, fá í sinn hlut fasteignagjöld og aðstöðugjald af álverinu en í hlut ríkissjóðs kæmi tekjuskattur og eignarskattur. Í nokkrum tilvikum greiða stærri iðjufyrirtæki landsútsvar í stað aðstöðugjalds og er það svo t.d. um Járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga. Í því tilviki fær sveitarfélagið ¼ af landsútsvari en Jöfnunarsjóður sveitarfélaga ¾. Í skatti á veltu, sem rætt er um í 3.1. hér að framan, er einnig iðnlánasjóðsgjald og iðnaðargjald og því þarf að huga að greiðslum til viðtakenda þessara gjalda. Gert er ráð fyrir að fasteignagjald af álveri við Keilisnes renni til Vatnsleysustrandarhrepps lögum samkvæmt. Í bréfi iðnaðarráðuneytisins til sveitarfélaga um staðsetningu álvers var rætt um að ráðstafa mætti ¼ hluta veltuskattsins til atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni en að ¼ hluti rynni til sveitarfélaga þar sem álverið yrði staðsett.

5. ENDURSKOÐUNARÁKVÆÐI.

Samkomulag er orðið um að endurskoðunarákvæði verði í aðalsamningi þess efnis að aðilarnir geti óskað eftir endurskoðun á skattkerfi Atlantsáls ef verulegar breytingar verða á íslenskum skattalögum eða nýir skattar lagðir á. Meginviðmiðunin við endurskoðunina er að heildarskattbyrði fyrirtækjanna aukist ekki á samningstímanum.

Þá er gert ráð fyrir að Atlantsálsaðilarnir geti hvenær sem er óskað eftir því að sérákvæði aðalsamningsins um skattlagningu falli niður og félögin verði eftir það skattlögð alfarið eftir íslenskum lögum.

6. MAT Á TEKJUSKATTI TIL RÍKISSJÓÐS.

Gerðir hafa verið útreikningar á afkomu nýrrar álbræðslu. Útreikningurinn miðast við fast verðlag og byggir á að álverð geti sveiflast á bilinu 1.650 til 1.900 Bandaríkjadalir á tonn, og að súrálsverð sé 14% af álverði á hverjum tíma. Gert er ráð fyrir gjaldi vegna yfirstjórnar, að fjárhæð 4,0% af veltu. Samkvæmt athuguninni sem gerir ráð fyrir að álverið taki til starfa árið 1994, geta tekjuskattsgreiðslur komið til eftir 9. starfsár. Eftir það geti tekjuskattsgreiðslur komið til en verið breytilegar eftir þróun álverðs. Erfitt er að áætla tekjuskatt nýs álvers þar sem afkoma er að mestu háð þróun álverðs. Samkvæmt fyrirliggjandi áætlun gæti tekjuskattur eftir 9 ár orðið rúmlega milljarður króna á ári. Samtals gæti tekjuskattur fyrstu 20 árin numið um 12 – 15 milljörðum króna á föstu verðlagi.

Fylgiskjal V.

ATLANTSÁL
Minnisblað um staðarval.
(4. október 1990.)

1. INNGANGUR

Eftir að Alusuisse hætti þátttöku í athugun á hagkvæmni nýs álvers hér á landi í desember 1989 varð ljóst að ekki reyndist grundvöllur fyrir samningum um aukna álbræðslu á Íslandi samkvæmt samkomulagi íslenskra stjórnvalda og ATLANTAL-hópsins frá 4. júlí 1988. Samkomulagið rann út í árslok 1989. Í byrjun janúar 1990 var staðfest af iðnaðarráðuneyti, Alusuisse, Hoogovens og Gränges að samstarfi samkvæmt því samkomulagi væri formlega slitið og aðilar gerðu ekki frekari kröfur vegna þess. Þá var staðfest uppgjör á kostnaði milli þátttakandanna þriggja. Svo sem kunnugt er hætti Austria Metall þátttöku í verkefninu í september 1989 og gerði fyrirtækið engar kröfur til endurgreiðslu kostnaðar við athugunina.

Við þau þáttaskil sem urðu þegar Alusuisse dróg sig út úr samstarfinu varð jafnframt ljóst að sú hagræðing sem talin var af nálægðinni við ÍSAL var ekki lengur fyrir hendi. Það varð því ákveðið að kanna hvort aðrir staðir hentuðu betur fyrir álverið.

Hinn 3. janúar 1990 fóru aðalsamningamenn Hoogovens og Gränges ásamt fulltrúum iðnaðarráðuneytisins og Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar til Eyjafjarðar, Egilsstaða og Reykjaness til að skoða aðstæður fyrir álver og ræða við fulltrúa sveitarfélaganna.

Dagana 8. og 9. janúar 1990 komu forstjóri og aðstoðarforstjóri Alumax hingað til lands til að ræða við iðnaðarráðherra og ráðgjafa hans og Landsvirkjunar um samstarf í uppbyggingu orkufreks iðnaðar. Á fundum með þeim var gerð grein fyrir helstu stöðum sem til greina þóttu koma fyrir nýtt álver. Á fundunum var ennfremur rætt um mögulega þátttöku þeirra í athugun á nýju álveri í samstarfi við Gränges og Hoogovens.

Með bréfi, dags. 13. febrúar sl., tilkynnti Paul E. Drack, forstjóri Alumax, að fyrirtækið hefði ákveðið að gerast aðili að ATLANTAL-verkefninu. Í framhaldi af því var gengið frá sameiginlegri viljayfirlýsingu íslenskra stjórnvalda og hins nýja ATLANTSÁLS-hóps og var yfirlýsingin undirrituð 13. mars sl. Eftir undirritun yfirlýsingarinnar hófst í raun nýtt verkefni, ATLANTSÁLS-verkefnið. Það er fyrst eftir þessa yfirlýsingu sem ákveðið er íslenskt heiti á verkefnið. Verkefnið var ekki bundið við aukna álframleiðslu í Straumsvík og hófst á því að kynntir voru hugsanlegir staðir fyrir hið nýja álver. Sú könnun tók til allmargra staða, svo sem gerð er grein fyrir hér að neðan.

Daginn fyrir undirritun viljayfirlýsingarinnar fóru forstjóri og aðstoðarforstjóri Alumax ásamt forstjóra Hoogovens til Eyjafjarðar og Reyðarfjarðar til að kynna sér aðstæður og ræða við fulltrúa sveitarfélaganna um staðsetningu nýs álvers.

Í byrjun apríl s.l. voru nokkrir staðir kynntir fulltrúum ATLANTSÁLS-hópsins sérstaklega og var meðal annars afhent yfirlit yfir þá. Þá var farið í kynnisferðir með fulltrúum hópsins til þeirra staða sem helst þóttu koma til greina. Af hálfu iðnaðarráðuneytisins var lögð rík áhersla á að sveitarfélögin á viðkomandi stöðum gætu komið sjónarmiðum sínum um staðsetningu á framfæri við ATLANTSÁLS-fyrirtækin og sérfræðinga þeirra. Þá var einnig af hálfu ráðuneytisins lögð mikil áhersla á að sveitarfélög á svæðunum, þar sem til greina þótti koma að reisa nýtt álver, hefðu samstarf þar um sín í milli, jafnframt því að fulltrúar svæðanna hefðu samráð.

Mikilvægt er að staðarval fyrir álver - eins og raunar fyrirtæki yfirleitt - byggist á vönduðum undirbúningi. Sameiginlegt hagsmunamál eigenda og þjóðarheildarinnar hlýtur að vera að velja þann stað þar sem ætla má að kostnaðar- og áhættuþættir í framkvæmdum og rekstri séu sem minnstir. Íslendingar njóta þess óbeint með skatttekjum af hagnaði, sem ræðst af afkomu fyrirtækisins. Af Íslands hálfu var frá upphafi lögð áhersla á að kynna byggðasjónarmið og áherslur ríkisstjórnarinnar þar að lútandi, sem eru einkum þær, að staðarvalið stuðli að jafnvægi í atvinnu- og byggðaþróun í landinu en verði ekki til þess að ýta undir óæskilega byggðaröskun. Af hálfu ATLANTSÁLS-fyrirtækjanna var einnig mikill áhugi á því að finna hentugan stað fyrir álver án þess að vera of nálægt álverinu í Straumsvík og forðast þannig ýmiss konar vandkvæði sem kynnu að koma upp vegna mikils nábýlis tveggja svo stórra iðjuvera. Finna þurfti stað þar sem áhættuþættir, s.s. varðandi stofnkostnað, rekstrarkostnað og umhverfisáhrif væru sem minnstir. Því var af beggja hálfu vandað til allra athugana á staðsetningu, sem fram fóru í sumar.

2. FORSENDUR STAÐARVALS - MÖGULEG STAÐSETNING.

Eftir fund ATLANTSÁLS-aðilanna með iðnaðarráðherra í byrjun apríl 1990 óskuðu hinir fyrrnefndu eftir því að geta stækkað álverið í 400.000 tonna afköst innan 10 - 15 ára með skírskotun til hagkvæmni stærðarinnar. Ákveðið var að ATLANTSÁL-hópurinn gerði samanburð á stofn- og rekstrarkostnaði álvers á eftirtöldum 4 svæðum á landinu:

Við Eyjafjörð,
við Hvalfjörð,
við Reyðarfjörð og
á Reykjanesi (frá Straumsvík að Þorlákshöfn)

Ríkisstjórnin samþykkti svohljóðandi ályktun um málið í apríl:

> "Í framhaldi af viðræðum við ATLANTSÁL-aðilana og undirritun yfirlýsingar um byggingu nýs álvers, dagsett 13. mars 1990, og vegna umræðu, sem fram hefur farið í landinu um staðarval fyrir nýtt álver, lýsir ríkisstjórnin því yfir að af hennar hálfu verður lögð rík áhersla á að staðarvalið stuðli að jafnvægi í atvinnu- og byggðaþróun auk þess sem tekið verði tillit til arðsemis- og umhverfissjónarmiða."

Samningsaðilar komu sér saman um eftirfarandi meginforsendur fyrir staðarvali fyrir álver:

a) Stærð verksmiðjunnar verði 200.000 árstonn með möguleika á stækkun í 400.000 tonn og byggingu á rafskautaverksmiðju.

b) Að minnsta kosti 5000 - 6000 íbúa byggð sé innan 40 km vegasambands við verksmiðju, til þess að tryggja hæfilega vinnusókn, en reiknað er með 600 - 700 starfsmönnum í verksmiðjunni strax og fyrsti áfangi tekur til starfa.

c) Stærð byggingarlands sé ekki minni en 70 hektarar með möguleika á stækkun upp í 100 hektara. Lóðin sé staðsett nærri þjóðvegi, utan þéttbýlis og nálægt sjávarströnd.

d) Örugg höfn fyrir allt að 60.000 tonna skip með 12 m djúpristu sé fyrir hendi, ásamt hæfilegu rými við hafnarbakka til geymslu á hráefnum og afurðum.

e) Öruggur orkuflutningur verði tryggður með tveimur 220 kV háspennulínum sem hvor um sig geti flutt 350 MW.

f) Umhverfisvernd og mengunarvarnir taki mið af aðstæðum á hverjum stað og fylgi kröfum í íslenskum mengunarvarnareglugerðum.

Eftir að aðstæður höfðu verið kannaðar á svæðunum fjórum þóttu tíu staðir koma til greina fyrir staðsetningu ATLANTSÁL álversins. Þessir staðir eru:

1) Straumsvík
2) Keilisnes á Vatnsleysuströnd
3) Vogastapi í Njarðvíkurhreppi
4) Helguvík við Keflavík
5) Þorlákshöfn
6) Grundartangi í Hvalfirði
7) Dysnes við Eyjafjörð
8) Hraun í Reyðarfirði
9) Eyri í Reyðarfirði
10) Leirur í Reyðarfirði.

Frá því ákveðið var að skoða fleiri en einn stað fyrir nýtt álver og til þess dags að ATLANTSÁLI var valinn staður á Keilisnesi fóru fram ítarlegar samanburðarathuganir á öllum þeim þáttum sem máli skipta við staðsetningu álvers. Samanburðarathuganirnar náðu meðal annars til eftirfarandi þátta: Stofn- og reksturskostnaðar, lóðaraðstöðu, umhverfisáhrifa, rekstraröryggis, samgöngumála, hafnaraðstöðu, vinnusóknar, félags- og verkalýðsmála svo og áhrifa á atvinnu- og byggðaþróun. Í töflu 1 er yfirlit yfir þá þætti, sem einkum voru skoðaðir.

Tafla 1 -YFIRLIT YFIR HELSTU SAMANBURÐARÞÆTTI VIÐ STAÐARVAL

Stofnkostnaður	**Reksturskostnaður**	**Aðstaða o.fl.**
Lóð	Lóðarleiga	Byggðaröskun
Gatnagerðargjöld	Fasteignaskattur	Vinnuafl
Byggingarleyfisgjald	Holræsagjald	Vinnusókn
Vegir	Vatnsskattur	Þjónustuiðnaður
Höfn	Hafnargjöld	Félagsleg aðstaða
Löndunarbúnaður	Varahlutabirgðir	Samkeppnisaðilar
Færibönd	Rekstur færibanda	Viðhorf íbúa
Hráefnageymslur	Aukahráefnageymslur	Öryggi hafnar
Flutningskostnaður	Flutningskostnaður	Öryggi orkuflutnings
Launakostnaður	Launakostnaður	Samgöngur
Ferðakostnaður	Ferðakostnaður	Stækkunarmöguleikar
Vinnubúðir	Hlunnindagreiðslur	Náttúruhamfarir
Fæðiskostnaður	Aðstaða og þjónusta	Umhverfisáhrif
Mengunarvarnir	Mengunarvarnir	Veðurfar
Tafir vegna veðurfars	Fjármagnskostnaður	Atvinnuþróun

ATLANTSÁLS-aðilarnir könnuðu vandlega mun á stofn- og reksturskostnaði eftir stöðum. Þeir og ráðgjafar þeirra litu í því skyni á alla framangreinda þætti. ATLANTSÁLS - aðilarnir rituðu sveitarfélögunum bréf hinn 25. apríl með milligöngu iðnaðarráðuneytisins, þar sem óskað var eftir upplýsingum um ýmis staðbundin atriði, skatta og gjöld, og var þeim skilmerkilega svarað í maí. Sveitarfélögin fengu og íslenska ráðgjafarverkfræðinga til að semja skýrslur um aðstæður á svæðunum og byggði ráðgjafi ATLANTSÁLS-hópsins kostnaðaráætlanir sínar m.a á þeim. Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar aðstoðaði ATLANTSÁL, sveitarfélögin og ráðgjafana við athuganirnar, jafnframt því að umhverfis- og vettvangsathugunum hefur verið stjórnað af skrifstofunni. Byggðastofnun hefur kannað áhrif nýs álvers á búsetu og vinnumarkað á öllum þeim svæðum sem til greina hafa þótt koma

Snemma í júní s.l. komu sveitarfélögin á Suðurnesjum sér saman um að benda á Keilisnes sem heppilegasta staðinn á Suðurnesjum fyrir álver.

Viðræður við heimamenn í Eyjafirði leiddu til þess á síðara stigi, að auk staðsetningar á Dysnesi voru könnuð skilyrði á Árskógssandi. Í ljós kom að lóðin á Dysnesi, sem upphaflega var gert ráð fyrir, reyndist ekki henta fyrir stórt álver og var því athugunum beint að annarri lóð um 1 km sunnar í landi Hvamms og Litla Hvamms.

Af þeim þremur stöðum, sem skoðaðir voru í Reyðarfirði þóttu Hraun og Eyri mun óhagstæðari en Leirur, út frá byggingartæknilegu sjónarmiði og vegna takmarkaðs landrýmis. Fulltrúar sveitarstjórna á svæðinu lögðu mesta áherslu á staðsetningu álvers á Leirum.

Niðurstöður samanburðarathugana, leiddu til þess í júní s.l., að ákveðið var sameiginlega að þrengja valið í þrjá staði þ.e.a.s. Keilisnes, Eyjafjörð og Reyðarfjörð. Verður nú vikið að helstu rannsóknum er leiddu til þessara niðurstaðna.

3. HELSTU SAMANBURÐARRANNSÓKNIR.

3.1. STOFN- OG REKSTURSKOSTNAÐUR

Í aprílmánuði s.l. réðu ATLANTSÁLS-aðilarnir sænskan ráðgjafarverkfræðing, Meemo Trepp, til þess að gera samanburðarathuganir á stofn- og reksturskostnaði álvers á hinum ýmsum stöðum. Vann hann í náinni samvinnu við Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar og kom hann í því skyni nokkrum sinnum til Íslands til þess að kynna sér aðstæður og eiga viðtöl við heimamenn. Trepp skilaði lokaskýrslu með niðurstöðum sínum til ATLANTSÁLS-hópsins í seinni hluta ágúst s.l. Í skýrslunni fjallar Trepp meðal annars um kostnað við aðstöðu, svo sem lóð, vegagerð og vatnsöflun, efnisflutninga, laun og flutninga á verkafólki, rekstur vinnubúða, kostnað við birgðarými og uppskipunartæki, áhrif veðurs á framkvæmdir, kostnað við hafnarframkvæmdir og orkuflutning. Skýrslan fjallar ennfremur um samanburð á reksturskostnaði svo sem lóðarleigu, hafnargjöldum, vatnstökugjaldi, fasteignaskatti, mismunandi flutningskostnaði hráefna og afurða, kostnaði við birgðahald og áhættu vegna hafíss, flutning á verkafólki og ýmsan kostnað til að jafna mismun á rekstraröryggi verksmiðjunnar eftir staðsetningu.

Trepp kemst m.a. að þeirri niðurstöðu að kostnaður við staðsetningu álvers sé 1140 milljón krónum hærri við Dysnes en við Keilisnes og 600 milljón krónum hærri við Reyðarfjörð en við Keilisnes. Ennfremur að árlegur reksturskostnaður verði 60 milljón krónum hærri á Dysnesi og 78 milljón krónum hærri í Reyðarfirði borið saman við Keilisnes. Hann bendir á að við Dysnes geti verið hafíshætta og að lóðarskilyrði séu þar lakari en á hinum stöðunum tveimur. Hann telur nægjanlegt vinnuafl ekki vera til staðar á Reyðarfjarðarsvæðinu, hvorki til byggingar álvers, hafnar og íbúðabygginga né heldur til reksturs og viðhalds verksmiðjunnar. Þá bendir hann á að minnst hætta á röskun á umhverfi af rekstri álvers verði við Keilisnes. Meginniðurstaða ráðgjafans er sú, að hagkvæmast sé að staðsetja álverið við Keilisnes og mælir hann með þeirri staðsetningu að teknu tilliti til allra aðstæðna.

3.2. UMHVERFISRANNSÓKNIR.

Í september 1989 fól iðnaðarráðuneytið norsku loftrannsóknarstofnuninni NILU að endurskoða fyrri loftdreifingarathuganir í Eyjafirði frá 1984 - 85 og gera nýjar athuganir á Reyðarfirði til þess að kanna áhrif loftmengunar frá 200.000 tonna álveri. Um svipað leyti fólu ATLANTAL-aðilarnir NILU að skoða áhrif loftmengunar frá 120.000 tonna stækkun álversins í Straumsvík til viðbótar við 100.000 tonna ársframleiðslu hjá Ísal. Eftir að samstarfi ATLANTAL-hópsins lauk voru þessar athuganir gerðar á vegum Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar. Í byrjun maí s.l. var NILU auk þess falið að meta dreifingu frá álveri sem risi við Keilisnes á Vatnsleysuströnd. Jafnframt var Verkfræðistofunni Vatnaskil falið að meta dreifingu mengunar frá álveri miðað við að það yrði staðsett við Grundartanga, við Þorlákshöfn, við Dysnes og við Keilisnes með 200.000 árstonna framleiðslu, sem síðan yrði aukin í 400.000 árstonn. Niðurstöður rannsókna benda eindregið til þess, að loftdreifingaraðstæður séu bestar á Keilisnesi af þeim þremur stöðum sem til greina koma, vegna hagstæðra veðurskilyrða þar.

Í samræmi við ákvæði mengunarvarnarreglugerðar mun Hollustuvernd ríkisins skilgreina svokallað þynningarsvæði umhverfis verksmiðjuna í starfsleyfi fyrir hana. Innan þess svæðis má loftmengun fara yfir viðmiðunarmörk. Tilmæli ATLANTSÁLS-aðilanna, sem byggð eru á niðurstöðum loftdreifingarreikninga NILU og Vatnaskila, eru þau að landsvæði í allt að 6 km fjarlægð umhverfis verksmiðju verði skilgreint sem iðnaðarsvæði og að þynningarsvæði verði fyrst um sinn skilgreint jafn stórt. Á Leirum í Reyðarfirði hefði þetta þýtt að allur fjarðarbotninn að meðtalinni byggðinni á Búðareyri lenti innan þynningarsvæðis. Miðað við staðsetningu á Dysnesi hefði þynningarsvæðið með þessari skilgreiningu náð suður undir Dagverðareyri og Möðruvelli og norður fyrir Hjalteyri í vestanverðum Eyjafirði.

Bent hefur verið á hættu sem gæti orðið í Eyjafirði og Reyðarfirði vegna uppsöfnunar mengunarefna í langvarandi logni.

Þar sem loftdreifingarskilyrði eru mun betri á Vatnsleysuströnd vegna staðhátta eru áhrifasvæði loftmengunar þar minni heldur en í Eyjafirði og Reyðarfirði. Niðurstöður loftdreifingaútreikninga á Keilisnesi benda því til þess að þynningarsvæði þar gæti verið mun minna en annars staðar.

Auk athugana NILU og Vatnaskila á dreifingu mengunarefna í lofti hefur verið stuðst við athuganir sem Staðarvalsnefnd iðnaðarráðuneytisins lét vinna á árunum 1980 - 1986 og rannsóknir vegna fyrirhugaðrar Kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð.

Samningsaðilar draga þá ályktun af umhverfisrannsóknum þeim sem gerðar hafa verið nú og af eldri athugunum, einkum á vegum Staðarvalsnefndar, að áhætta af umhverfisspjöllum sé minnst á Keilisnesi af öllum þeim stöðum sem til athugunar hafa verið. Er þá ekki einungis verið að taka tillit til loftdreifingaraðstæðna heldur einnig hávaða, mengunar á grunnvatni og sjó, áhrifum á gróður og búfénað, og því, hvernig álverið fellur að umhverfi sínu.

3.3. ÁHRIF Á BÚSETU - OG VINNUMARKAÐ.

Byggðastofnun hefur metið áhrif þess að reist verði nýtt álver með 200.000 tonna framleiðslugetu á ári á búsetu og vinnumarkað.

Í áliti Byggðastofnunar er miðað við að ársverk í ATLANTSÁLI verði 645 og að auki verði margfeldisáhrif af byggingu og rekstri þess þannig að 2 störf verði til í landinu fyrir hvert starf í álverinu. Að mati stofnunarinnar kemur ávallt hluti af margfeldisáhrifunum fram á höfuðborgarsvæðinu, en nokkuð breytilegt er hversu mikill hluti þeirra kemur fram í byggðarlaginu sem álverið er reist. Nánar verður fjallað um áhrif nýs álvers sem risi á Keilisnesi, við Dysnes og við Reyðarfjörð í kafla 4.

3.4 MENNTUN STARFSFÓLKS Í NÝJU ÁLVERI.

Áætlað er að samsetning vinnuafls í ATLANTSÁLS-álverinu borið saman við ÍSAL verði eins og sýnt er í töflu 2.

Tafla 2 Starfsheiti og menntunarkröfur í nútíma álveri

Starfsheiti	ATLANTSÁL	ÍSAL	Menntun
Verkamenn	361	478	-
Verkstjórar	30	36	ýmis menntun
Iðnaðarmenn	175	173	iðnmennt
Skrifstofufólk	18	67	verslunarskóli
Stjórnun/sérfræðingar	38	13	tæknimenntun
" "	23	12	háskólamenntun
Samtals	645	779	

Athygli vekur að menntað starfsfólk, einkum tækni - og háskólamenntað, er hlutfallslega fleira í nýja álverinu en hjá ÍSAL. Endurspeglar þetta þær auknu kröfur, sem gerðar eru til starfsfólks í nútíma álveri. ATLANTSÁLS-aðilarnir telja að auðveldara verði að finna hæft starfsfólk til starfa í álverinu verði það staðsett nærri höfuðborgarsvæðinu, heldur en ef það verður staðsett í dreifbýli. Reynslan hefur sýnt að erfiðara er að fá langskólagengið starfsfólk til að setjast að utan höfuðborgarsvæðisins, enda þótt góð störf séu í boði. Telja verður líklegt, að þetta leiði af sér hærri launa - og hlunnindakröfur verði álverið staðsett í dreifbýli, eins og raunar er reynsla fyrir erlendis, t.d. í Noregi og álveri Hoogovens í norður hluta Hollands.

Á hinn bóginn hafa ATLANTSÁLS-aðilarnir einnig tekið undir að það gæti verið kostur að reka álver á litlum vinnumarkaði, auk þess sem tilkoma álvers myndi breyta eðli vinnumarkaðarins til bóta fyrir iðnaðinn.

4. SAMANBURÐUR STAÐANNA ÞRIGGJA.

Hér á eftir verður fjallað nánar um þá þrjá staði sem endanlegt val stóð á milli með tilliti til þeirra atriða sem helst hafa áhrif á staðarvalið. Að lokinni almennri umsögn um staðina verður fjallað um lóðaraðstæður, hafnaraðstöðu, samgöngumál, vinnusókn, raforkukerfi, umhverfismál, rekstraröryggi, þjónustuiðnað, veðurfar, stofnkostnað og rekstrarkostnað.

4.1. KEILISNES.

Eins og þegar hefur verið greint frá komu sveitarfélögin á Suðurnesjum sér saman um að benda á Keilisnes sem heppilegastan stað fyrir nýtt álver á Suðurnesjum, en jafnframt voru aðstæður við Helguvík og á Vogastapa kannaðar. Kostur Keilisness fyrir álver af þessari stærð er einkum hæfileg fjarlægð frá þéttbýli. Bygging álvers þar myndi valda fremur lítilli röskun, ekki ónæði í þéttbýli, en nyti jafnframt vinnuafls og þjónustu frá mörgum sveitarfélögum, sem hafa með sér ýmiss konar samstarf. Á Keilisnesi

myndu nokkrir bæir lenda innan við eða á jaðri þynningarsvæðis loftmengunar frá álveri, þ.e. Minni Vatnsleysa þar sem rekið er stórt svínabú, Stóra Vatnsleysa þar sem nú er stór fiskeldisstöð, Flekkuvík og Kálfatjörn, en þar er búskapur aflagður og Flekkuvík er í eyði. Talið er að hvorki svínabúið eða fiskeldisstöðin þurfi að víkja fyrir álverinu, enda sýnir reynsla annars staðar frá að loftmengun af völdum álvers hefur hvorki áhrif á svínarækt né fiskeldi. Helsti ókostur Keilisness er fremur dýrar hafnarframkvæmdir.

4.1.1. LÓÐ.

Lóðin er í landi Flekkuvíkur og Kálfatjarnar. Sú fyrrnefnda er jörð í einkaeign, en í eyði og sú síðarnefnda ríkisjörð. Byggingarlandið er á traustu helluhrauni, sem auðvelt er að jafna með stórvirkum vinnuvélum. Í júlí voru gerðar allgóðar jarðvegsrannsóknir með kjarnaborunum, sem staðfesta þetta. Lítil byggð er í nágrenni lóðarinnar, þannig að stækkunarmöguleikar eru góðir.

4.1.2. HÖFN.

Í Vatnsleysuvík þyrfti að gera höfn og eru aðstæður til hafnargerðar góðar fram undan Minni-Vatnsleysu. Höfnin yrði hins vegar dýr, þar sem þörf er á brimvarnargarði. Kostnaður er áætlaður um 900 milljónir króna borið saman við 430 milljónir króna í Dysnesi og 270 milljónir króna í Reyðarfirði.

4.1.3. UMHVERFISMÁL.

Íslensk stjórnvöld og ATLANTSÁLS-aðilarnir hafa skoðað umhverfisáhrif fyrirhugaðs álvers alveg sérstaklega. Staðirnir hafa verið bornir saman á grundvelli dreifingar mengunarefna í lofti, áhrifa á gróður og búfénað, mengunar grunnvatns og sjávar, hávaða og almennrar aðlögunar í umhverfi sínu. Vegna veðurskilyrða á Keilisnesi munu mengunarefni í lofti dreifast mikið, aðallega á haf út, og því væntanlega ekki hafa mikil áhrif á starfsemi í nágrenni þess, svo sem áður hefur komið fram. Álver á Keilisnesi myndi sjást af Keflavíkurveginum á litlum kafla og úr mikilli fjarlægð frá Álftanesi og Reykjavík. Að mati ATLANTSÁLS-aðilanna verða umhverfisáhrif álvers sem risi á Keilisnesi minni en bæði við Eyjafjörð og Reyðarfjörð hvað varðar alla þætti. Ráðgjafanefnd umhverfisráðuneytisins varðandi umhverfisáhrif álversins og ráðgjafanefnd iðnaðarráðuneytisins um umhverfisáhrif iðjuvera hafa lagt mat á umhverfismálin og komist að sömu niðurstöðu.

4.1.4. NÁTTÚRUHAMFARIR.

Hættur af völdum náttúruhamfara á Keilisnesi eru einkum bundnar við eldsumbrot og jarðskjálfta. Í hrauninu við Flekkuvík er vitað um nokkrar hraunsprungur, en þær virðast ekki hafa hreyfst síðan land byggðist. Eldsumbrot hafa ekki verið á Reykjanesskaga síðan á 14. öld. Hins vegar eru jarðskjálftar á Reykjanesi nokkuð tíðir. Yngstu hraunin eru á sunnanverðum Reykjanesskaga og meginskjálftabeltið liggur frá Reykjanesi með stefnu að Kleifarvatni. Mannvirkjum í Vatnsleysustrandarhreppi er ekki talin stafa meiri hætta af jarðskjálftum en byggð á Reykjanesi eða á höfuðborgarsvæðinu, og að sjálfsögðu er tekið tillit til skjálftahættu við hönnun mannvirkja á svæðinu.

4.1.5. VEÐURFAR.

Veðurfar á Suðurnesjum er talið hagstæðara fyrir byggingu og rekstur álvers en við Eyjafjörð og Reyðarfjörð. Eru þá einkum höfð í huga vetrarveður og snjóalög. Vindhæð getur þó orðið meiri á Suðurnesjum en annars staðar á landinu og verður að taka sérstakt tillit til þess við mannvirkjagerð.

4.1.6. VINNUSÓKN.

Keilisnes er staðsett miðja vegu milli Reykjavíkur og Keflavíkur. Vinnumarkaður Suðurnesja var 1987 um 7.600 manns. Byggðastofnun gerir ráð fyrir að þegar álverið hefur framleiðslu muni um 30% af starfsfólki koma frá Suðurnesjum, en hlutfallið mun síðan fara hækkandi. Að auki gerir stofnunin ráð fyrir að 0,8 störf myndist á Suðurnesjum fyrir hvert eitt starf í álverinu. Þetta er lág tala vegna nálægðar við þjónustuiðnaðinn á höfuðborgarsvæðinu, en hluti af margfeldisáhrifunum koma þar fram. Margfeldisáhrifin þýða tæplega 600 ársverk á Suðurnesjum til viðbótar við núverandi ársverk þar þegar áhrifin eru að fullu komin fram. Fjöldi fólks á vinnumarkaði á Suðurnesjum vex um 130 manns á ári og því er áætlaður hlutur Suðurnesjamanna í álverinu og margfeldisáhrif vegna þess svipaður og vöxtur mannafla á svæðinu. Stofnunin gerir ráð fyrir að á höfuðborgarsvæðinu verði til um 1.200 - 1.300 ársverk vegna álvers á Keilisnesi. Þau áhrif eru að mati Byggðastofnunar vel innan þeirra marka sem áætlaður vöxtur mannafla svæðisins verður á næstu árum Nýtt álver á Keilisnesi getur því fengið vinnuafl frá Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu án aðflutnings. Byggðastofnun telur að áhrif nýs álvers á Keilisnesi á vinnumarkaðinn sé vel innan marka þess sem vöxtur svæðisins verður á næstu árum, en það muni hins vegar viðhalda þeirri byggðaþróun sem verið hefur undanfarinn áratug hér á landi.

4.1.7. RAFORKUKERFI.

Staðsetning álvers á Keilisnesi er hagstæð miðað við raforkukerfi landsins. Reisa þarf tvær 220 kV flutningslínur frá Hamranesi við Hafnarfjörð til Keilisness um 15 km vegalengd og flýta byggingu flutningslínu milli Sandskeiðs og Búrfells (96 km).

4.1.8. SAMGÖNGUR.

Samgöngur við álver staðsett í Keilisnesi eru mjög góðar. Nálægð við Reykjanesbraut tryggir öruggar samgöngur á landi allan ársins hring og nálægð við Keflavíkurflugvöll tryggir bestu mögulegu samgöngur við umheiminn. Alþjóðaflugsamgöngur skipta mjög miklu máli að mati ATLANTSÁLS-aðilanna, þar sem búast má við tíðum ferðum eigenda og stjórnenda álversins til og frá landinu auk ferða sérfræðinga m.a. í neyðartilfellum. Að þessu leyti hefur Keilisnes yfirburði fram yfir Eyjafjörð og Reyðarfjörð.

4.1.9. FLUTNINGUR HRÁEFNA OG AFURÐA.

Flutningur hráefna og afurða með skipum er tryggður allt árið með góðri höfn í Vatnsleysuvík. Nálægð við hafnir í Straumsvík, Hafnarfirði, Njarðvík og Keflavík tryggir flutninga í neyðartilfellum og skapar mikið rekstraröryggi, ásamt með tíðum áætlunarferðum millilandaskipa, sem auðvelda aðföng varahluta og hráefna með stuttum fyrirvara.

Álverksmiðjan mun framleiða mjög sérhæfðar afurðir, sem ætlaðar eru til frekari vinnslu í úrvinnsluiðnaði ATLANTSÁLS-aðilanna víða á meginlandi Evrópu. Reiknað er með að afurðirnar verði fluttar í litlum skipsförmum er sendir verða reglulega til úrvinnslufyrirtækjanna. Tafir á afhendingu málmsins geta valdið rekstrartruflunum hjá þessum fyrirtækjum og því er mikilsvert að tryggja reglubundna flutninga frá landinu. Stundum getur verið hagræði í því fyrir fyrirtækin að nýta tíðar áætlunarferðir skipafélaganna fyrir minni farma, sem ekki væri unnt að gera með sama hætti frá öðrum stöðum á landinu.

4.1.10. STOFNKOSTNAÐUR.

Eins og áður segir er stofnkostnaður álversins talinn lægstur á Keilisnesi. Þrátt fyrir dýra höfn er samanlagður stofnkostnaður álvers og hafnarmannvirkja lægri á Keilisnesi en við Eyjafjörð og Reyðarfjörð, þ.e. um 600 milljónir króna lægri en við Reyðarfjörð og 1140 milljónir króna lægri en við Eyjafjörð.

4.1.11. REKSTURSKOSTNAÐUR

Eins og áður er sagt er reksturskostnaður álvers á Keilisnesi talinn lægri en á hinum stöðunum. Árlegur reksturskostnaður er áætlaður um 60 milljón króna hærri á Dysnesi við Eyjafjörð og um 78 milljón króna hærri á Leirum við Reyðarfjörð. Munar þar mestu um það mat ATLANTSÁLS-aðilanna að iðnaðarumhverfið á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu tryggi betri þjónustuiðnað, samgöngur, minni varahlutabirgðir og lægri yfirkostnað svo sem hlunnindi til starfsfólks.

4.2. EYJAFJÖRÐUR.

Athuganir miðuðust í upphafi við að nýju álveri yrði valinn staður við Dysnes einkum í ljósi fyrri athugana Staðarvalsnefndar iðnaðarráðuneytisins á aðstæðum í Eyjafirði. Við nánari athugun kom þó í ljós að mun meiri jarðvegsskipti og efnisflutninga þyrfti til að koma 200.000 tonna álveri fyrir á lóðinni og kostnaður yrði því mun hærri en fyrstu áætlanir höfðu bent til. Því var í júlí ákveðið að gera jarðvegsathuganir í landi Hvamms um einum km sunnar og er stofnkostnaður miðaður við þann stað. Lóðin er þó hvorki talin góð né hagkvæm auk þess sem ýmsir óvissuþættir fylgja staðsetningunni.

Þá er rétt að geta þess, að mótmæli af hálfu íbúa úr flestum hreppum Eyjafjarðar, sem send voru forsætisráðherra og ATLANTSÁLS-fyrirtækjunum í ágúst, greiddu ekki fyrir staðsetningu álvers í Eyjafirði.

4.2.1. LÓÐ

Fyrri athuganir á álveri á Dysnesi voru miðaðar við 130.000 tonna álver og lóð sem ekki var meiri en 20 - 30 hektarar. Nútíma 200.000 tonna álver þarf hins vegar lóð sem er 60 - 70 hektarar að stærð. Við nánari athugun kom í ljós að lóðin hentar illa fyrir álver af þessari stærð. Stækkunarmöguleikar voru auk þess takmarkaðir vegna landhalla og mýrlendis. Þessar niðurstöður leiddu til þess að hugað var að nýrri staðsetningu í landi Hvamms um einum kílómetra sunnar, og miða kostnaðaráætlanir við þennan nýja stað. Jarðvegsrannsóknir, sem framkvæmdar voru í sumar benda til þess að kostnaður við jarðvegsskipti, lóðarjöfnun og efnisflutninga verði þar lægri, en stækkun eftir sem áður talin dýr. Í skýrslu ráðgjafa

ATLANTSÁLS - fyrirtækjanna, Meemo Trepp, um stofnkostnað er miðað við niðurstöður kostnaðaráætlana fyrir lóðarframkvæmdir frá íslensku ráðgjöfunum. Kostnaður við lóð við Dysnes í landi Hvamms er áætlaður 1500 milljónir króna borið saman við 1150 milljónir á Keilisnesi og 940 milljónir á Leirum. Kostnaður í Dysnesi er því langhæstur hvað varðar þennan þátt auk þess sem nokkur óvissa fylgir þeirri áætlun.

4.2.2. HÖFN.

Engar nýjar rannsóknir hafa farið fram vegna nauðsynlegra hafnarframkvæmda. Áætlanir um kostnað við hafnarframkvæmdir eru byggðar á athugunum Staðarvalsnefndar iðnaðarráðuneytisins frá því 1986, en þar var fyrirhugað að staðsetja hafnargarð framundan Dysnesi. Verði álverið staðsett í landi Hvamms, um einum km sunnar, þyrfti höfn að vera innar í firðinum en gert var ráð fyrir í athugun Staðarvalsnefndar. Engar rannsóknir liggja fyrir á því svæði og því nokkur óvissa um kostnað við gerð hafnar svo nærri Hörgárgrunni. Í samanburðaráætluninni var reiknað með sama kostnaði hafnar og við Dysnes. Hann yrði þó væntanlega nokkru hærri á hinum nýja stað.

4.2.3. UMHVERFISMÁL

Álverið við Dysnes eða í landi Hvamms yrði í landbúnaðarhéraði. Því þarf að taka tillit til fleiri þátta í umhverfisathugunum en við Keilisnes og Reyðarfjörð, þar sem búskapur er óverulegur. Eins og áður segir bentu niðurstöður loftdreifingarrannsókna til að breyta þyrfti búskaparháttum á allstóru svæði umhverfis álverið vegna hugsanlegra flúoráhrifa á grasbíta. Reynslan yrði að skera úr um það hversu stórt slíkt áhrifasvæði þyrfti að vera. Fyrst í stað hafa ATLANTSÁLS-aðilarnir lagt til að þynningarsvæðið, þ.e.a.s. svæðið umhverfis verksmiðjuna sem flúormagn í lofti má fara yfir viðmiðunarmörk, verði ekki minna en 6 km í allar áttir frá verksmiðju. Ekki er þó talið líklegt að flúormagn í gróðri fari yfir skaðleysismörk fyrir grasbíta á öllu þessu svæði.

Staðsetning álversins við Dysnes er á áberandi stað í firðinum sem sést víða að. Nokkur truflun af völdum hávaða gæti stafað af verksmiðjunni í kyrrlátu héraði eins og Eyjafirði.

4.2.4. NÁTTÚRUHAMFARIR.

Hætta á jarðskjálfta er vissulega til staðar í Eyjafirði en hún er þó talin minni en á Suðurnesjum. Aftur á móti er hætta á samgöngutruflunum á sjó vegna hafíss. Meemo Trepp varar við þessari hættu í skýrslu sinni og vísar í umfjöllun Staðarvalsnefndar í lokaskýrslu um staðarval fyrir álver frá 1986. Hann telur raunhæft að gera ráð fyrir 2ja - 3ja mánaða samgöngutruflun í hafísári og til að forðast rekstrartruflun yrði því að byggja nægilegt birgðarrými fyrir hráefni til þess að óhindraður verksmiðjurekstur gæti haldið áfram. Umframkostnaður af þessum sökum gæti verið um 300 milljónum króna.

Meiri óvissa ríkir um reglulegan flutning afurða frá Íslandi við slíkar aðstæður. Talið er mögulegt að flytja afurðir landleiðina til dæmis til Grundartangahafnar, en það gæti kostað allt að 120 milljónum króna, miðað við 2ja mánaða einangrun. Meemo Trepp hefur reynt að meta áhrif áhættu af ístruflunum á reksturskostnað og gerir grein fyrir því í skýrslu sinni.

4.2.5. VEÐURFAR.

Veðurfar í Eyjafirði er yfirleitt hagstætt en reikna verður með meiri snjóþyngslum að vetri en annars staðar með þeim truflunum sem því fylgja, bæði á byggingartíma og við rekstur verksmiðjunnar. Þetta eykur að mati ATLANTSÁLS-aðilanna áhættuna og rýrir rekstraröryggi verksmiðjunnar.

4.2.6. VINNUSÓKN.

Vinnumarkaður á vinnusóknarsvæði nýs álvers í Eyjafirði var árið 1987 talinn vera nálægt 8.700 ársverk. Byggðastofnun reiknar með að ársverkum á svæðinu fjölgi um 1.480 við tilkomu nýs álvers. Samkvæmt framreikningi á mannafla mun hann á næstu árum stækka um 100 ársverk á ári ef búferlaflutningar verða áfram eins og þeir hafa verið. Sé miðað við sama hlutfall atvinnuþátttöku og árið 1987 (50%) mun rekstur nýs álvers kalla á aðflutning tæplega 1.600 manna eftir að það tæki til starfa að mati Byggðastofnunar. Til þess að nettó aðflutningur nái 1.600 manns til þess tíma að álverið taki til starfa nægir að verulega dragi úr brottflutningi af svæðinu, jafnframt því að aðflutningur yrði svipaður og hann hefur verið að undanförnu. Miðað við reynslu af vaxtarskeiðum Eyjafjarðar er raunhæft að reikna með því, að það gæti orðið.

4.2.7. RAFORKUKERFI.

Raforka til álvers í Eyjafirði kæmi einkum eftir tveimur flutningslínum, það er annars vegar frá Þjórsár/Tungnársvæðinu um Sprengisand og hins vegar frá Fljótsdalsvirkjun. Línur þessar sameinuðust í tengivirki við Rangárvelli við Akureyri en þaðan yrði raforkan flutt með tveimur 220 kV línum um 15 km leið til Dysness. Tenging Fljótsdalsvirkjunar við Þjórsársvæði um tengivirki í Rangárvöllum yrði með þessum hætti hvar sem álverið yrði staðsett á landinu. Þannig liggur staðsetning álvers á Dysnesi mjög vel við framtíðarraforkukerfi landsins og veldur ekki umtalsverðum viðbótarkostnaði.

4.2.8. SAMGÖNGUR.

Samgöngur við Eyjafjörð eru með besta móti. Tíðar daglegar áætlunarflugferðir milli Reykjavíkur og Akureyrar tryggja samgöngur nema þá örfáa daga sem veður hamlar flugi. Vegasamband truflast hins vegar af völdum snjóa af og til yfir vetrarmánuðina og um áhættu af völdum hafíss hefur þegar verið fjallað. Með hliðsjón af kröfum úrvinnsluiðnaðarins um reglulega, trygga aðflutninga á málmi frá ATLANTSÁL-álverinu, sem lýst er í kafla 4.1.9, verður að telja að rekstraröryggi álvers í Eyjafirði sé minna en álvers við Keilisnes að þessu leyti.

Auk þess ber að hafa hugfast, að ferðalög manna til og frá útlöndum taka lengri tíma og eru kostnaðarsamari við staðsetningu álvers á Norðurlandi eða Austurlandi. Getur það munað einum degi hvora leið við bestu samgönguskilyrði.

4.2.9. FLUTNINGUR HRÁEFNA OG AFURÐA.

Flutningsleiðir hráefna (frá suðlægum slóðum) og afurða áliðjunnar (til Evrópu) yrðu nokkru lengri vegna Eyjafjarðar en frá Keilisnesi og Reyðarfirði. Meemo Trepp kemst að þeirri niðurstöður í skýrslu sinni, að aukinn reksturskostnaður af völdum flutninga gæti verið um 27 milljónum króna hærri á ári í

álveri á Dysnesi (í landi Hvamms) heldur en á Leirum í Reyðarfirði, en um 14 milljónum króna hærri en á Keilisnesi.

4.2.10. STOFNKOSTNAÐUR.

Eins og áður segir er stofnkostnaður álvers á Dysnesi (í landi Hvamms) talinn vera um 1140 milljón krónum hærri en á Keilisnesi og um 570 milljón krónum hærri en á Leirum við Reyðarfjörð. Er það einkum vegna lóðar, auka súrálsgeymis vegna hafíshættu og hærri kostnaðar við rekstur vinnubúða á byggingartíma.

4.2.11. REKSTURSKOSTNAÐUR.

Samanlagður árlegur reksturskostnaður er talinn um 60 milljónum króna hærri á Dysnesi (í landi Hvamms) en á Keilisnesi, en um 18 milljón krónum lægri en á Leirum eins og áður segir. Kostnaðaraukinn liggur einkum í hærri flutningskostnaði, dýrara birgðahaldi, kostnaði vegna samgöngutruflana af völdum hafíss og veðurs og kostnaði vegna annarra staðbundinna aðstæðna.

4.3. REYÐARFJÖRÐUR.

Reyðarfjörður hefur ýmsa kosti fyrir stóriðju til útflutnings. Kostnaður við lóð og höfn er lægri en við Eyjafjörð og á Keilisnesi. Flutningsleiðir á sjó eru stystar frá Reyðarfirði til Evrópu. Áhættuþættirnir eru hins vegar lítil vinnusókn og erfiðar samgöngur á vetrum fyrir þann hluta starfsfólks sem kæmi frá fjarlægari stöðum. Þá er talið að flytja þurfi að um 1.100 - 1.200 manns á byggingartíma til þess að reisa álverið sjálft auk nokkur hundruð manna vegna byggingar húsnæðis fyrir starfsfólk við rekstur verksmiðjunnar. Rétt er og að hafa hugfast, að samtímis byggingu álversins stendur bygging Fljótsdalsvirkjunar sem hæst.

Umhverfisáhrifin vega einnig þungt þegar hugað er að staðsetningu 200 - 400.000 tonna álvers á Leirum í Reyðarfirði. Áhættan á umhverfisspjöllum þar er talin meiri en viðunandi getur talist.

4.3.1. LÓÐ.

Upphaflega voru þrjár lóðir til skoðunar í Reyðarfirði, þ.e.a.s. við Hraun, nálægt Sómastaðagerði, við Eyri, við fjörðinn sunnanverðan og á Leirum í fjarðarbotni skammt frá Búðareyri. Verkfræðilegar athuganir sýndu að erfitt mundi vera að koma stóru álveri fyrir við Hraun og á Eyri vegna takmarkaðs landrýmis. Á báðum stöðunum þyrfti umfangsmiklar landfyllingar í sjó fram, jafnvel fyrir 200.000 tonna álver en stækkun í 400.000 tonn yrði mjög dýr. Það var því ákveðið að miða áætlanir við að staðsetja verksmiðjuna á Leirum. Byggingarlóðin á Leirum er í landi Sléttu og í einkaeign. Hún er að mestu á áreyrum Sléttuár, flatlend og grasi vaxin að nokkru. Lóðin hentar vel sem byggingarland, en liggur nokkuð lágt yfir sjávarmáli og grunnvatn stendur nærri yfirborði sem er talið óheppilegt og veldur því að gera verður sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir erfiðleika í rekstri af þess völdum. Kostnaður við lóð á Leirum er um 560 milljónum króna lægri en við lóð á Keilisnesi.

4.3.2. HÖFN.

Hafnargerð er auðveld og ódýr við botn Reyðarfjarðar vegna mikils aðdýpis. Gerður yrði 200 metra langur hafnarbakki úr stálþili með bakfyllingu fyrir stór skip auk þess sem nýtt yrði hafnaraðstaða sem fyrir hendi er á Búðareyri fyrir útflutning afurða með minni skipum. Með þessu móti yrði hafnarkostnaður í Reyðarfirði langlægstur í samanburði við aðra kosti eða um 630 milljónum króna ódýrari en á Keilisnesi og um 160 milljón króna ódýrari en við Dysnes.

4.3.3. UMHVERFISMÁL.

Umhverfisáhrif af völdum svo stórs álvers á Leirum í um eða innan við tveggja km fjarlægð frá Búðareyri eru tvímælalaust varhugaverð. Þar sem ekki liggja fyrir gögn til að meta dreifingu mengunar í lofti frá álveri sem risi á Leirum verður að reyna að meta áhrifin með hliðsjón af útreikningum á dreifingu loftmengunar frá álveri við Hraun í u.þ.b. 9 km fjarlægð frá Leirum. Samkvæmt því er talin hætta á að flúormengun og jafnvel mengun af völdum brennisteinstvísýrings gæti orðið yfir viðmiðunarmörkum á Búðareyri m.v. langtíma meðaltal. Vegna ríkjandi veðurfars á Reyðarfirði, sem einkennist af langvarandi stillum, er auk þess hætta á uppsöfnun mengunarefna í botni fjarðarins. Ekki er unnt að rannsaka þessi áhrif, fyrr en veðurfarsgögnum á Leirum hefur verið safnað, en áhættan er bersýnilega fyrir hendi. 200.000 tonna álver er mjög stór verksmiðja með margskonar mannvirkjum. Þar eru stærst 2 - 4 bræðsluskálar, sem hver um sig er um 800 metrar á lengd. Heildarflötur fasteigna er um 165.000 m2 og heildarrúmmál þeirra um 2.400.000 m3. Til samanburðar má geta þess að samanlagt rúmmál allra fasteigna í Reyðarfjarðarhreppi er ekki nema um 260.000 rúmmetrar eða um tíundi hluti álversins. Það myndi því setja sterkan svip á fjörðinn og blasa við augum bæði frá Búðareyri, Fagradal og veginum um fjörðinn. Þá er líklegt að í kyrrlátu veðri muni hávaði, t.d. suð í viftum geta heyrst í byggðinni og valdið óþægindum. Stækkun í 400.000 tonn gæti reynst óframkvæmanleg af umhverfisástæðum.

4.3.4. NÁTTÚRUHAMFARIR.

Ekki er talin nein teljandi hætta á náttúruhamförum er truflað gæti rekstur álvers í Reyðarfirði. Staðurinn er ekki á jarðskjálftasvæði og hafís hefur aldrei truflað samgöngur á sjó svo vitað sé. Hættum af völdum flóða í Reyðarfjarðará og hækkunar grunnvatns má mæta með fyrirbyggjandi aðgerðum.

4.3.5. VEÐURFAR.

Veðurfar er almennt talið gott í Reyðarfirði. Samgöngutruflanir vegna snjóþyngsla á Fagradal gætu þó valdið því að erfitt yrði að tryggja reglubundna flutninga starfsfólks sem byggi á Egilsstöðum til og frá verksmiðjunni að vetralagi. Þó er það einkum áhrif loftmengunar vegna langvarandi logнveðurs, sem skapar aukna áhættu fyrir umhverfið, eins og áður hefur verið vikið að.

4.3.6. VINNUSÓKN.

Í vinnusókn Reyðarfjarðar innan 40 km akvegar búa nú um 5.000 - 6.000 manns og hefur fjölgað umfram landsmeðaltal undanfarin ár. Í þeirri tölu eru íbúar á Neskaupsstað taldir með. Það er þó álitamál hvort það sé rétt nema að ráðist verði í samgöngubætur (jarðgöng) til að tryggja samgöngur.

Í athugun Byggðastofnunar er ekki gert ráð fyrir að Neskaupsstaður sé innan vinnusóknar en hins vegar Fáskrúðsfjörður. Hlutfall ársverka af íbúafjölda 1987 á svæðinu var 52,4%, sem bendir til þess að vinnumarkaðurinn sé um 2.600 - 3.100 manns. Byggðastofnun telur að með margfeldisáhrifum af starfsemi álvers verði til um 1.300 ársverk. Vinnumarkaðurinn muni vaxa um nálægt 140 ársverk á svæðinu þar til álverið hefur rekstur. Miðað við óbreytt hlutfall ársverka af íbúafjölda þurfa um 2.100 manns að flytjast til svæðisins. Óvíst er hvar þessi mikli fjöldi myndi setjast að. ATLANTSÁLS-aðilarnir hafa lýst efasemdum um að unnt verði að fá þetta fólk til að flytja í vinnusóknina, nema til komi auknar hlunnindagreiðslur.

4.3.7. RAFORKUKERFI.

Eftir að Fljótsdalsvirkjun hefur verið byggð er auðvelt að tengja álver á Leirum við tengivirki í Hryggstekk, um 25 km vegalengd. Erfitt er að byggja tvær 220 kV háspennulínur um fjörðinn sunnanverðan að Eyri vegna brattans. Samkvæmt upplýsingum Landsvirkjunar mun tenging við álver í Reyðarfirði vera einna dýrust þeirra kosta, sem bornir voru saman, meðal annars vegna aukinnar styrkingar rafkerfisins í heild. Þessi niðurstaða Landsvirkjunar hefur þó ekki haft áhrif á staðarvalið og við mat á reksturskostnaði var gert ráð fyrir sama orkuverði hvar sem álverið yrði reist.

4.3.8. SAMGÖNGUR.

Reglulegar flugsamgöngur milli Reykjavíkur og Egilsstaða bæta nokkuð rekstraröryggi álverksmiðju í Reyðarfirði en áður hefur verið vikið að samgöngutruflunum á Fagradal vegna snjóþyngsla. Samgöngur á sjó eru öruggar. Telja verður að rekstraröryggi álvers í Reyðarfirði sé einna minnst af þeim þrem stöðum sem bornir voru saman hvað þennan þátt varðar.

4.3.9. FLUTNINGUR HRÁEFNA OG AFURÐA.

Reyðarfjörður stendur vel hvað varðar samgöngur við Evrópu. Reiknað er með að mestur hluti afurða álverksmiðjunnar fari á Evrópumarkað, þannig að flutningskostnaður þangað er talinn nokkuð hagstæðari en frá öðrum stöðum. Í skýrslu ráðgjafa ATLANTSÁLS-fyrirtækjanna er talið að árlegur flutningskostnaður m.v. staðsetningu álvers á Leirum sé um 12 milljón krónum lægri en á Keilisnesi og um 27 milljónum króna lægri en á Dysnesi.

4.3.10 STOFNKOSTNAÐUR.

Stofnkostnaður álvers á Leirum er í skýrslu Trepps talinn vera um 600 milljón krónum hærri en á Keilisnesi. Munar þar mestu um kostnað vegna reksturs vinnubúða og flutninga á starfsfólki á byggingartíma, þar sem talið er að flytja þurfi um 90% mannafla að. Er þessi kostnaður meiri en svo að lægri kostnaður við lóða- og hafnarframkvæmdir vega hann upp.

4.3.11. REKSTURSKOSTNAÐUR.

Reksturskostnaður álvers á Leirum er í skýrslu Meemo Trepps talinn vera um 78 milljónum króna hærri en á Keilisnesi. Eins og í Eyjafirði liggur þessi kostnaðarauki einkum í atriðum, sem tengjast einangrun staðarins og fjarlægð frá þjónustuiðnaði. Byggja þarf upp mun meiri viðhaldsþjónustu innan

verksmiðjunnar með mun stærri varahlutalager. Allir flutningar á viðhaldsvörum og þjónustu frá öðrum þéttbýlissvæðum, svo sem Reykjavík, eru dýrari. Áður er greint frá áhyggjum ATLANTSÁLS-fyrirtækjanna um að erfitt kunni að reynast að fá fólk til að flytja í vinnusóknina án aukinna hlunnindagreiðslna.

5. NIÐURSTÖÐUR STAÐARVALS.

Staðarval fyrir nýtt álver er hluti af heildarsamningi milli ríkisstjórnar Íslands og ATLANTSÁLS-aðilanna um nýtt álver og mikilvægt hagsmunamál beggja aðila. Að mati ATLANTSÁLS-fyrirtækjanna verður áhætta þeirra minnst á Keilisnesi. Ekki einungis sé ódýrara að reisa og reka álbræðsluna þar heldur eru áhættuþættir þeirra hvað varðar umhverfismál, samgöngur, starfsmannahald o.fl. minnstir á Keilisnesi.

Af hálfu íslenskra stjórnvalda var hreyft ýmsum hugmyndum til þess að hafa áhrif á mat fyrirtækjanna, m.a. voru fyrirtækin spurð hvort það breytti þessari niðurstöðu ef stjórnvöld bættu þeim kostnaðarauka sem leiddi af staðsetingu á Dysnesi eða Reyðarfirði eða ef stjórnvöld beittu sér fyrir samgöngubótun eða öðrum aðgerðum til að jafna aðstöðumun. Svör fulltrúa fyrirtækjanna voru að lokum skýr. Þar sem aðrir áhættuþættir sem ekki er unnt að verðleggja væru að þeirra áliti einnig minnstir á Keilisnesi geti þeir ekki lagt til við stjórnir fyrirtækjanna að reisa álver annars staðar en þar sem rekstur þess sé best tryggður, það er á Keilisnesi.

Ekki er unnt að andmæla því áliti fyrirtækjanna að rekstraröryggi álversins yrði best tryggt á Keilisnesi. Álver þar mun væntanlega skila meiri arði en álver sem reist yrði við Dysnes eða í Reyðarfirði. Skatttekjur af rekstri þess yrðu því meiri ef það rís á Keilisnesi. Það virðist ljóst að ekki geti tekist samningar nema um að velja hagkvæmasta staðinn sem jafnframt felur í sér minnsta áhættu. Því er gert ráð fyrir að ATLANTSÁL rísi á Keilisnesi.

Fylgiskjal VI.

Byggðastofnun, þróunarsvið:

ÁHRIF STÓRIÐJU Á BÚSETU OG VINNUMARKAÐ
Könnun á áhrifum nýs álvers á Vatnsleysuströnd, Þorlákshöfn og í Hvalfirði.
(Júní 1990.)

Inngangur

Greinargerð þessi er þriðji hluti af sameiginlegri athugun Þjóðhagsstofnunar og Byggðastofnunar á þjóðhagslegum áhrifum af þeim stóriðjuáformum og virkjanaframkvæmdum tengdum þeim sem til umræðu hafa verið að undanförnu. Í fyrstu skýrslunni var fjallað um hugsanlega stækkun álversins í Straumsvík og þær virkjanaframkvæmdir sem tengdust henni. Í annarri skýrslunni var fjallað um áhrif nýs álvers sem staðsett yrði á höfuðborgarsvæðinu, við Dysnes í Eyjafirði eða við Reyðarfjörð. Í fjórðu skýrslunni er fyrirhugað að taka til athugunar áhrif framkvæmda á þeim stöðum þar sem virkjað verður.

Mannaflaþörf við nýtt álver

Fyrirhugað álver á að framleiða 200.000 tonn af áli á ári. Það sem hér er til athugunar eru annars vegar áhrif vegna byggingar þess en hins vegar rekstur á þeim þremur stöðum sem til greina koma. Mannaflaþörf er sýnd í Töflu 1. Upplýsingar um mannaflaþörf vegna uppbyggingar og reksturs álvers eru frá Þjóðhagsstofnun en upplýsingar um mannaflaþörf vegna virkjanaframkvæmda eru frá Landsvirkjun. Rétt er að vekja athygli á því að hér er um örlítið breyttar tölur að ræða frá þeim sem voru sýndar í annarri skýrslunni um álver og áhrif þess. Þetta stafar af því að mannaflatölur hafa breyst nokkuð eftir því sem undirbúningsstarfinu hefur miðað áfram. Þá hafa tímasetningar verkþátta breyst nokkuð.

Tafla 1: Mannaflanotkun vegna byggingar og reksturs álvers (ársverk)

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Bygging álvers	50	550	780	950	70			
þar af erlent vinnuafl	10	110	160	190	10			
Virkjanaframkvæmdir	278	635	810	718	447			
Rekstur álvers				175	410	645	645	645
Samtals	338	1.295	1.750	2.033	937	645	645	645

Þær tölur sem hér eru sýndar um mannaflaþörf við virkjanaframkvæmdir eru heildartölur og byggðar á upplýsingum sem fram komu í lagafrumvarpi um virkjanaframkvæmdir vegna hins fyrirhugaða álvers[1]. Í skýrslu Þjóðhagsstofnunar eru allar tölur um mannafla við virkjanaframkvæmdir frávik frá fyrirsjáanlegri þróun án byggingar álvers. Samkvæmt þessu á að vinna um 1.750 ársverk í byggingarstarfsemi þegar mest verður, en ársverk í allri byggingarstarfsemi á landinu hafa verið um 11.000 á ári undanfarin ár. Starfsmenn verða fleiri en hér er greint vegna þess að hluta verksins er einungis hægt að vinna að sumarlagi. Þannig er ætlað að um það bil tveir starfsmenn séu að baki hverju ársverki í virkjanaframkvæmdum. Starfsmannafjöldi verður því 3.000 - 3.500 manns þegar mest verður.

---


[1] Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver o.fl., sérprentun apríl 1990.

Nýtt álver á Vatnsleysuströnd

Vinnusókn

Nokkrum erfiðleikum er bundið að áætla vinnusókn álvers sem staðsett yrði á Vatnsleysuströnd, nánar tiltekið á Keilisnesi við Flekkuvík. Fjarlægð til höfuðborgarsvæðisins er um 15 km þar sem næst er og upp í um 35 km. Til meginþéttbýlisins á Suðurnesjum er fjarlægðin um 24 km. Út frá landfræðilegum forsendum má því reikna með því að vinnuafl komi frá báðum þessum svæðum. Aðrar ástæður gætu valdið því að meirihluti starfsmanna kæmi af Suðurnesjum, t.d. vinnusvæði verkalýðsfélaga. Um þróun íbúafjölda og vinnumarkaðar á höfuðborgarsvæðinu vísast til fyrri skýrslu stofnunarinnar um áhrif álvers sem þar yrði staðsett. Á Mynd 1 er yfirlit yfir afstöðu þéttbýlisstaða á Suðurnesjum.


Mynd 1: Þéttbýlisstaðir í vinnusókn Suðurnesja



Mannfjöldabreytingar í vinnusókn

Til Suðurnesjahluta vinnusóknar álvers sem staðsett yrði við Keilisnes á Vatnsleysuströnd teljast öll sveitarfélög á Suðurnesjum. Íbúafjöldi á þessu landsvæði er nú 15.085. Íbúum á þessu svæði hefur fjölgað töluvert á undanförnum árum eða um 1,8% á ári að meðaltali á því tímabili sem Mynd 2 sýnir. Er það mesta hlutfallslega mannfjölgun á heilu landsvæði á landinu. Íbúaþróun á þessu svæði hefur verið alljöfn og líkist hún fremur þróuninni á höfuðborgarsvæðinu en öðrum hlutum landsbyggðarinnar.

Mynd 2: Þróun mannfjölda og vinnumarkaðar á Suðurnesjum[2]



Heimild: Gagnabrunnur Byggðastofnunar og Hagstofa Íslands

Þróun vinnumarkaðar

Vinnumarkaður á Suðurnesjum er allfjölbreyttur og hefur vaxið ört á undanförnum árum.

Árið 1987 var fiskvinnsla fjölmennasta atvinnugrein á Suðurnesjum með 1.155 ársverk. Næststærsta atvinnugreinin er byggingarstarfsemi og munar þar mest um starfsemi Íslenskra Aðalverktaka. Líklegt er að nokkuð hafi dregið úr vinnumagni við þessar greinar frá 1987. Næstar í röðinni eru varnarliðið með 812 ársverk eða um 73% af heildarfjölda ársverka sem unnin eru hjá því.

Byggingarstarfsemi hefur vaxið mest allra atvinnugreina á Suðurnesjum á því tímabili sem taflan sýnir, um 279 ársverk. Næst er smásöluverslun og því næst opinber þjónusta. Hlutfallslegur vöxtur er mestur í ýmsum af fámennari atvinnugreinunum, einkum í þjónustugeiranum. Fækkun hefur orðið í nokkrum atvinnugreinum. Mest er hún í fiskvinnslu, um 82 ársverk og fiskvinnslu, um 50 ársverk. Í heild hefur vinnumarkaður á Suðurnesjum vaxið um 3,3% á ári frá 1981-1987 sem er nær tvöfalt meiri vaxtarhraði en mannfjöldi á svæðinu. Það bendir til ört vaxandi atvinnuþátttöku á þessu tímabili.

---

[2] Fram til 1980 eru ársverk miðuð við slysatryggðar vinnuvikur og lögheimili atvinnurekanda. Frá 1981 er um að ræða launamiðaúrvinnslu Byggðastofnunar miðað við lögheimili launþega. Fyrri talnaröðin miðast við kaupstaði á höfuðborgarsvæðinu en frá 1981 eru öll sveitarfélög talin með.

Tafla 2: Vinnumarkaður á Suðurnesjum

Atvinnugrein	Ársverk 1987	Breyting '81 -'87	Meðalvöxtur á ári %	Hlutur kvenna 1985 %
Landbúnaður	34	2	1,0%	32,1
Fiskveiðar	736	-50	-1,1%	8,1
Fiskvinnsla	1155	-82	-1,1%	49,6
Matvælaiðnaður	167	86	12,8%	66,4
Vefjariðnaður	45	0	0,0%	22,4
Trjávöruiðnaður	104	-14	-2,1%	11,5
Pappírsiðnaður	40	23	15,3%	35,7
Efnaiðnaður	10	-1	-1,6%	36,4
Steinefnaiðnaður	35	17	11,7%	13,9
Ál og járnblendi	8	-5	-7,8%	0,0
Málm- og skipasmíði	205	6	0,5%	8,0
Ýmis iðnaður	23	10	10,0%	14,3
Rafmagns- hita- og vatnsveitur	76	-3	-0,6%	15,7
Byggingarstarfsemi	1006	279	5,6%	10,1
Bygging í eigin þágu	16	-17	-11,4%	0,0
Opinberar framkvæmdir	66	-13	-3,0%	21,0
Heildverslun	205	40	3,7%	37,7
Smásöluverslun	498	164	6,9%	73,3
Veitingastarfsemi og hótel	169	117	21,7%	76,0
Flutningar	384	82	4,1%	13,6
Póstur og sími	60	-2	-0,5%	66,2
Peningastofnanir	178	69	8,5%	77,1
Tryggingar	45	27	16,5%	52,2
Þjónusta við atvinnurekstur	78	37	11,3%	46,7
Opinber stjórnsýsla.	370	132	7,6%	31,6
Götu- og sorphreinsun	19	16	36,0%	13,3
Opinber þjónusta o.fl.	663	159	4,7%	72,2
Skemmtanir,íþróttir	64	9	2,6%	60,0
Persónuleg þjónusta	312	147	11,2%	41,5
Varnarliðið	812	103	2,3%	42,9
Samtals	7.581	1.335	3,3%	38,1


Heimild: Gagnabrunnur Byggðastofnunar

Aftasti dálkur Töflu 2 sýnir hlut kvenna í hverri atvinnugrein á Suðurnesjum árið 1985 en nýrri tölur eru því miður ekki til. Eins og annars staðar á landinu eru margar af greinunum sem mest hafa vaxið með hátt hlutfall kvenna enda hefur aukin atvinnuþátttaka undanfarinna ára einkum verið hjá konum. Undantekningin á Suðurnesjum er byggingarstarfsemi en þar er hlutur kvenna 10% af ársverkum.

Atvinnuleysi hefur aukist verulega á Suðurnesjum á síðustu misserum eins og víða annars staðar á landinu. Það hefur þrefaldast miðað við næstu tvö ár á undan en er ekki meira en það hefur orðið áður. Það dreifist hins vegar jafnar á árið nú.

Þátttaka Suðurnesjamanna í byggingarframkvæmdum vegna nýs álvers fer aðallega eftir tvennu. Annars vegar skiptir máli hvernig framfylgt verður svæðaskiptingu verkalýðsfélaga á svæðinu en hins vegar hversu miklar framkvæmdir verða á vegum varnarliðsins á sama tíma. Þessir tveir áhrifaþættir eru væntanlega háðir hvorir öðrum með því að verði lítið um framkvæmdir á vegum varnarliðsins munu reglur um vinnusvæði verkalýðsfélaga verða túlkaðar þröngt og Suðurnesjamenn látnir sitja fyrir um atvinnu eins og kostur er.

Mynd 3 Atvinnuleysi á Suðurnesjum



Heimild: Vinnumálaskrifstofa Félagsmálaráðuneytis

Hið sama gildir um væntanlega starfsmenn við álverið. Það liggur nokkurn veginn jafn langt frá hvorum tveggja vinnumörkuðunum, höfuðborgarsvæðinu og Keflavík/Njarðvík. Hafnarfjörður liggur þó heldur nær en þéttbýlið við Stakksfjörð. Væri tekið einfalt mið af stærð hvors vinnumarkaðar fyrir sig mætti áætla að um 90% starfsmanna muni koma frá höfuðborgarsvæðinu í upphafi. Eftir því sem álverið starfar lengur má hins vegar búast við því að hlutur Suðurnesjamanna vaxi með því að starfsmenn flytjist suður eftir. Er ekki ólíklegt að Vogar eigi eftir að vaxa enn meira vegna þessa enda þótt einhver hluti starfsmanna muni væntanlega kjósa að setjast að í Keflavík/Njarðvík m.a. vegna betri þjónustu sem þar er. Enda þótt álíka langt sé til Grindavíkur og Keflavíkur/Njarðvíkur og íbúar þar muni hugsanlega starfa í álverinu er ekki líklegt að fólk flytjist þangað til starfa í álverinu. Sandgerði og Garður eru með í tölum um vinnumarkað og íbúafjölda í vinnusókninni en ólíklegt er að fólk þaðan muni sækja vinnu í álveri og þessir staðir þurfa ekki að vænta aðflutnings fólks þess vegna.

Því er ljóst að vinnumarkaður á Suðurnesjum setur staðarvali álvers á Keilisnesi engin takmörk vegna þess að álíka langt í burtu er fjölmennasti vinnumarkaður landsins sem mun taka við því sem Suðurnesin ekki geta tekið við með góðu móti. Um áhrifin þar hefur þegar verið fjallað.

Eins og að ofan segir er ekki hægt að gefa raunhæfar forsendur fyrir því með hvaða hætti vinna við byggingu og rekstur álvers í Keilisnesi muni skiptast milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja. Það dæmi sem hér er miðað við er Suðurnesjunum fremur hagstætt. Fari svo að þessar forsendur reynist rangar og hlutur Suðurnesjamanna verði minni en hér er reiknað með mun staðarvalið á Keilisnesi hafa áhrif sem líkjast meira þeim sem lýst er í fyrri skýrslu um sama efni.

Reiknað er með því að á byggingartímanum muni Suðurnesjamenn geta boðið fram 40% af mannafla sem til framkvæmdanna þarf, þó að hámarki 400 ársverk. Er þá miðað við að samdráttur sé framundan í framkvæmdum fyrir varnarliðið. Þegar verksmiðjan tekur til starfa er hér reiknað með að 30% af upphaflegum mannafla sé búsettur á Suðurnesjum. Það hlutfall hækkar um 5% á ári í 50%.

Athuganir á margfeldisáhrifum á Suðurnesjum benda til þess að margfaldarinn þar sé fremur lágur miðað við mannfjölda á svæðinu. Stafar það af því hversu mikla þjónustu Suðurnesjamenn sækja inn til höfuðborgarinnar. Margfaldarinn reiknast vera 0,8 og

kemur því meiri hluti óbeinna áhrifa af Suðurnesjahluta byggingar og reksturs álvers í Keilisnesi fram á höfuðborgarsvæðinu.

Miðað við ofangreindar forsendur verða því bein og óbein áhrif álvers er risi á Vatnsleysuströnd á vinnumarkað Suðurnesja eins og greinir í töflu 3:

Tafla 3: Margfeldisáhrif á Suðurnesjum vegna byggingar álvers á Keilisnesi (ársverk)

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Bygging og rekstur	20	220	312	433	172	258	290	323
Afleidd ársverk (0.8)	16	176	250	346	137	206	232	258
Ársverk alls	36	396	562	779	309	464	522	581


Vöxtur mannafla á Suðurnesjum er um 130 ársverk á ári. Þessir útreikningar gefa því tilefni til þess að áætla að bygging og rekstur álvers með tilheyrandi afleiddum ársverkum í öðrum greinum rúmist innan þess framreiknings sem hér er gerður. Að vísu er innbyggt í forsendurnar að samdráttur verði í byggingarstarfsemi vegna varnarliðsins og því mun nýtt álver í þessu dæmi taka af slaka á vinnumarkaði vegna þess samdráttar. Atvinnuleysi á Suðurnesjum er um 150 ársverk. Að ofansögðu má ráða að þessi framkvæmd festir í sessi áframhaldandi vöxt mannfjölda og vinnumarkaðar á Suðurnesjum. Aðflutningur mun verða nokkur og það mun leiða til nýbygginga íbúðarhúsnæðis og þjónustustarfsemi í nágrenni við álverið, aðallega í Vogum en einnig eitthvað í Keflavík/Njarðvík.

Nýtt álver í Hvalfirði

Vinnusókn

Nokkrir staðir munu koma til greina fyrir álver í Hvalfirði. Hér er reiknað með því að því sé valinn staður við hlið járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Reiknað er með því að vinnusókn þangað myndi hreppar sunnan Skarðsheiðar, Akranes og Borgarnes. Þess ber þó að geta að Borgnesingar vinna ekki í Járnblendiverksmiðjunni vegna svæðaskiptingar verkalýðsfélaga enda þótt frá náttúrunnar hendi sé ekkert því til fyrirstöðu að sækja vinnu um þá vegalengd sem er milli Borgarness og Grundartanga. Vegna stærðar álversins hefur hér verið reiknað með því að reglum um vinnusvæði yrði ekki haldið til streitu. Á mynd 4 er að finna yfirlit yfir afstöðu þéttbýlisstaðanna tveggja til Grundartanga.


Mynd 4: Þéttbýlisstaðir í vinnusókn að Grundartanga



Mannfjöldabreytingar

Íbúar í vinnusókn Hvalfjarðar eru nú tæplega 8.000 og hefur farið fækkandi á undanförnum árum. Á Akranesi búa rúmlega 5.000 manns. Fjarlægð til Grundartanga er um 16 km. Í Borgarnesi búa um 1.700 manns. Fjarlægðin til Grundartanga er tæpir 30 km.

Mynd 5: Þróun mannfjölda og vinnumarkaðar í vinnusókn Grundartanga[3]



[3] Fram til 1980 eru ársverk miðuð við slysatryggðar vinnuvikur og lögheimili atvinnurekanda. Frá 1981 er um að ræða launamiðaúrvinnslu Byggðastofnunar miðað við lögheimili launþega. Fyrri talnaröðin miðast við kaupstaði í Eyjafirði og Eyjafjarðarsýslu alla en frá 1981 eru einungis sveitarfélög í vinnusókn frá Dysnesi talin með.

Íbúum fjölgar nú á ný eftir fjögurra ára stöðnun. Hlutfallsleg fjölgun er þó fyrir neðan landsmeðaltal.

Þróun vinnumarkaðar

Vinnumarkaður í vinnusókn Grundartanga er allfjölbreyttur. Stafar það ekki síst af því að í sókninni eru mjög ólíkir þéttbýlisstaðir. Annars vegar er Borgarnes með allfjölmennt uppland og úrvinnslu úr framleiðslu þess. Hins vegar er útgerðarbærinn Akranes sem auk þess hefur tvær einstæðar greinar iðnaðarframleiðslu hér á landi.

Tafla 5: Vinnumarkaður Grundartanga

Atvinnugrein	Ársverk 1987	Breyting '81 - '87	Meðalvöxtur á ári %	Hlutur kvenna í Norðurl. eystra 1985 %
Landbúnaður	168	12	1,2%	40,1
Fiskveiðar	276	89	6,7%	8,8
Fiskvinnsla	416	-62	-2,3%	45,9
Matvælaiðnaður	128	8	1,1%	43,6
Vefjariðnaður	124	13	1,9%	71,8
Trjávöruiðnaður	31	-22	-8,6%	8,2
Pappírsiðnaður	19	-1	-0,9%	36,0
Efnaiðnaður	10	1	1,8%	25,0
Steinefnaiðnaður	199	18	1,6%	9,8
Ál og járnblendi	185	28	2,8%	15,6
Málm- og skipasmíði	207	53	5,1%	7,1
Ýmis iðnaður	2	0	0,0%	25,0
Rafmagns, hita- og vatnsveitur	47	4	1,5%	11,9
Byggingarstarfsemi	284	7	0,4%	7,2
Bygging í eigin þágu	2	-12	-27,7%	0,0
Opinberar framkvæmdir	53	0	0,0%	16,2
Heildverslun	87	18	3,9%	25,0
Smásöluverslun	297	63	4,1%	67,2
Veitingastarfsemi og hótel	70	34	11,7%	74,1
Flutningar	153	-51	-4,7%	15,1
Póstur og sími	32	-10	-4,4%	63,4
Peningastofnanir	86	17	3,7%	68,9
Tryggingar	27	19	22,5%	37,5
Þjónusta við atvinnurekstur	58	21	7,8%	37,5
Opinber stjórnsýsla.	157	35	4,3%	31,4
Götu- og sorphreinsun	7	6	38,3%	25,0
Opinber þjónusta o.fl.	689	209	6,2%	65,9
Skemmtanir, íþróttir	37	9	4,8%	49,1
Persónuleg þjónusta	141	41	5,9%	20,5
Samtals	3.991	546	2,5%	

Heimild: Gagnabrunnur Byggðastofnunar


Enda þótt íbúum í vinnsókninni hafi fækkað hefur vinnumagn haldið áfram að aukast, að meðaltali um 2,5% á ári á því tímabili sem taflan sýnir. Á vinnumarkaðinum voru unnin tæplega 4.000 ársverk árið 1987. Síðan þá hefur vinnumagn að öllum líkindum dregist saman og í öllu falli hefur atvinnuleysi aukist mjög, einkum hjá konum á Akranesi en þar hefur áður umfangsmikill saumaiðnaður nú nær lagst niður.

Opinber þjónusta er langfjölmennasta atvinnugreinin en þar voru unnin nær 700 ársverk árið 1987. Fiskvinnsla er næst fjölmennust, með rúmlega 400 ársverk en aðrar atvinnugreinar eru töluvert fámennari. Opinber þjónusta hefur vaxið allra atvinnugreina mest á þessu svæði, um 209 ársverk á tímabilinu. Þá fjölgaði ársverkum í smásöluverslun, fiskveiðum og skipasmíðum. Sá vöxtur mun nú vera genginn til baka. Hlutfallslega hefur mestur vöxtur verið í ýmsum þjónustugreinum s.s. veitingastarfsemi og tryggingum. Þrátt fyrir að heildarvöxtur mannaflanotkunar hafi verið 2,5% á ári að meðaltali hefur orðið fækkun í nokkrum atvinnugreinum á svæðinu. Mest hefur hún verið í fisk-

vinnslu og flutningastarfsemi, yfir 100 ársverk samtals en einnig í trésmiðjum og hjá Pósti og síma.

Eins og annars staðar á landinu er hlutur kvenna í vaxtargreinunum mjög mikill enda hefur atvinnuþátttaka þeirra vaxið mjög á tímabilinu. Frá 1987 hafa hins vegar orðið mikil umskipti á vinnumarkaði svæðisins. Þar er nú meira atvinnuleysi en víðast annars staðar og hefur varað lengur. Mynd 6 sýnir hvernig það hefur gerst.

Mynd 6 Atvinnuleysi á vinnusvæði Grundartanga



Heimild: Vinnumálaskrifstofa Félagsmálaráðuneytisins

Reiknað er með því að fólki verði gert kleift að starfa í álveri á Grundartanga úr allri vinnusókninni. Á næstu árum munu koma inn á vinnumarkað þar um 70 ársverk á ári ef ekki er reiknað með brottflutningi þeim sem verið hefur. Fram til 1995 þýðir þetta viðbót við vinnumarkað sem nemur um 350 ársverkum. Atvinnuleysi nú er um 170 ársverk sem bætast við þá tölu.

Ársverk í byggingarstarfsemi hafa verið innan við 300 í vinnusókninni en til viðbótar kemur töluverður fjöldi málmiðnaðarmanna sem unnið hafa við skipasmíðar. Má reikna með að svæðið geti boðið fram 150-200 ársverk byggingarmanna og eru málmiðnaðarmenn taldir þar með. Hér er reiknað með 175 ársverkum að hámarki en helmingur verður þó alltaf unninn af utansvæðismönnum.

Samkvæmt athugunum á útflutningsmargfaldara er hann 1,2 fyrir þetta svæði og er reiknað með því hér.

Tafla 6: Margfeldisáhrif á vinnusókn Grundartanga vegna byggingar álvers (ársverk)

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Bygging og rekstur	25	175	175	350	445	645	645
Afleidd ársverk (1.2)	30	210	210	420	534	774	774
Ársverk alls	55	385	385	770	979	1.419	1.419


Vöxtur vinnumarkaðar og núverandi atvinnuleysi fullnægja eftirspurn fram á árið 1991 en eftir það þarf að koma til aðflutningur fólks. Vinnuaflsþörf sem heimamarkaður getur ekki boðið fram er um 800 ársverk sem þýðir aðflutning um 1.600 manna. Má reikna með því að töluverður hluti þeirra muni velja sér búsetu á Akranesi enda styttra þaðan á Grundartanga og þar er fyrir framhaldsmenntun og heilbrigðisþjónusta.

Nýtt álver í Þorlákshöfn

Vinnusókn


Álveri í Þorlákshöfn yrði valinn staður mjög nálægt núverandi byggð enda er ekki um aðra kosti að ræða nálægt höfn sem byggð yrði á Hafnarnesi. Til vinnusóknar reiknast þéttbýlisstaðirnir í Árnessýslu eins og sést á Mynd 7. Þetta svæði gengur undir nafninu Árborgarsvæði. Íbúum hefur fjölgað undanfarin ár eins og sést af Mynd 8. Fjölguninni er þó misskipt milli staðanna. Fólki hefur ekki fjölgað á Eyrarbakka og Stokkseyri en annars staðar hefur fjölgunin verið mikil og sums staðar mjög mikil.

Mynd 7: Þéttbýlisstaðir á Árborgarssvæði



Heimild: Gagnabrunnur Byggðastofnunar og Hagstofa Íslands

Mynd 8: Þróun mannfjölda og vinnumarkaðar á Árborgarsvæði



Þróun vinnumarkaðar

Opinber þjónusta er fjölmennasta atvinnugreinin á Árborgarsvæðinu með 651 ársverk árið 1987. Þar næst kemur byggingarstarfsemi með 456 ársverk og fiskvinnsla sem er litlu minni. Á því tímabili sem hér er sýnt hafa orðið miklar skipulagsbreytingar á atvinnulífi svæðisins. Fjölgun ársverka er samtals nær 600, eða 2,8% á ári. Mestu vaxtargreinarnar eru opinber þjónusta með 191 ársverk, byggingarstarfsemi með 126, smásöluverslun með 134 og veitinga- og hótelrekstur með 120 ársverka aukningu. Vöxtur mannafla í smásöluverslun er athyglisverð vegna hinnar miklu umræðu um verslunarsókn íbúa Suðurlandsundirlendisins til höfuðborgarsvæðisins. Á móti þessum vaxtargreinum eru allmargar atvinnugreinar sem dregist hafa saman. Samdráttur í fækkunargreinum er samtals 287 ársverk. Mest hefur fækkað í fiskvinnslu, um 89 ársverk, en fækkun er einnig töluverð í landbúnaði, flutningastarfsemi, vefjariðnaði, trjávöruiðnaði, opinberum framkvæmdum, flutningastarfsemi og hjá Pósti og síma. Hlutfallslegur vöxtur er mestur í ýmsum þjónustugreinum og er hann víða mjög mikill.


Tafla 7: Vinnumarkaður Árborgarsvæðis

Atvinnugrein	Ársverk 1987	Breyting '81 - '87	Meðalvöxtur á ári %	Hlutur kvenna á Árborgarsvæði 1985 %
Landbúnaður	295	-42	-2,1%	39,1
Fiskveiðar	261	34	2,5%	3,3
Fiskvinnsla	435	-89	-2,8%	45,6
Matvælaiðnaður	287	14	0,9%	37,7
Vefjariðnaður	35	-32	-8,0%	69,3
Trjávöruiðnaður	52	-28	-5,8%	8,2
Pappírsiðnaður	22	6	6,3%	39,5
Efnaiðnaður	29	-8	-3,6%	21,8
Steinefnaiðnaður	21	-1	-0,8%	19,6
Málm og skipasmíði	72	1	0,2%	6,5
Ýmis iðnaður	11	7	18,3%	18,8
Rafm. hiti og vatn	47	8	3,4%	19,4
Bygg. sem atv.rek.	456	126	6,4%	5,2
Bygg. í eigin þágu	15	-10	-6,7%	4,3
Opinb. framkvæmdir	47	-25	-5,8%	11,7
Heildverslun	84	45	19,2%	30,2
Smásöluverslun	370	134	9,5%	64,7
Veitingar og hótel	144	120	83,3%	69,0
Flutningar	112	-37	-4,1%	11,6
Póstur og sími	45	-15	-4,2%	67,6
Peningastofnanir	121	38	7,6%	74,5
Tryggingar	22	15	35,7%	42,9
Þjón. við atv.rek.	50	27	19,6%	35,8
Opinber stjórnsýsla	276	19	1,2%	33,9
Götu og sorphreinsun	8	2	5,6%	6,3
Opinber þjónusta	651	191	6,0%	68,0
Skemmtanir,íþróttir	67	41	26,3%	45,5
Persónuleg þjónusta	112	47	12,1%	27,9
Samtals	4.146	588	2,8%	

Heimild: Gagnabrunnur Byggðastofnunar

Ýmsar breytingar hafa orðið á vinnumarkaði frá 1987. Atvinnuleysi hefur aukist verulega á atvinnusvæðinu undanfarið eins og sjá má af Mynd 8.

Mynd 8 Atvinnuleysi á Árborgarsvæði



Heimild: Vinnumálaskrifstofa Félagsmálaráðuneytisins

Hið sama gildir um Árborgarsvæðið og sagt var í fyrri skýrslu um álver í Reyðarfirði að á sama tíma og verið er að byggja hugsanlegt álver á þessu svæði er einnig verið að

virkja til að afla orku fyrir framleiðsluna. Staðarval í Þorlákshöfn hefur því áhrif á vinnuaflsframboð til virkjana á svæðinu. Vegna þess að hinn staðbundni vinnumarkaður er takmarkandi þáttur er hér reiknað með því að allir sem áhuga hafa á byggingarstarfsemi komi til með að kjósa að vinna við byggingarframkvæmdir í álverinu fremur en að vinna við virkjanaframkvæmdir sem í gangi verða samtímis. Er þar um að ræða allt að 200 ársverk.

Athugun leiðir í ljós að útflutningsmargfaldari fyrir Árborgarsvæðið er 1,2 og er sú tala notuð hér.

Tafla 8: Margfeldisáhrif á Árborgarsvæði vegna byggingar álvers (ársverk)

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Bygging og rekstur	25	200	200	375	445	645	645
Afleidd ársverk (1.2)	30	240	240	450	534	774	774
Ársverk alls	55	440	440	825	979	1.419	1.419

Vinnumarkaður á Árborgarsvæðinu vex um það bil 90 ársverk á ári. Þar við bætist minnkun atvinnuleysis um um það bil 100. Sé tekið tillit til þessa mun svæðið þurfa aðflutning um það bil 700 ársverka fram til þess tíma að álver er komið í fullan rekstur og margfeldisáhrif komin fram. Þetta þýðir aðflutning um það bil 1.400 manns. Reikna má með því að meiri hluti þess vaxtar verði í Hveragerði og Eyrarbakka, fremur en í Þorlákshöfn vegna þess að álverið verður nánast inni í bænum og ekki líklegt að menn vilji byggja íbúðarhús of nálægt því.

Fylgiskjal VII.

Úr þjóðhagsáætlun fyrir árið 1991:

V. EFNAHAGSHORFUR Á NÆSTU ÁRUM

Hér á eftir eru kynntar niðurstöður úr dæmum sem sýna mögulega þróun íslenskra efnahagsmála á næstu árum. Við reikningana var notað haglíkan Þjóðhagsstofnunar sem er lýst í *Fjármálatíðindum*, nr. 1 1990, en reiknijafna fyrir launabreytingar er þó önnur en þar er lýst (sjá viðauka með greinargerð Þjóðhagsstofnunar með frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, o.fl. frá apríl 1990). Hér er ekki um eiginlegar spár að ræða, heldur framreikning, sem byggir á forsendum um ákveðin ytri skilyrði sem mjög erfitt er að spá og einnig á forsendu um að gerð efnahagslífsins hér á landi breytist ekki mikið frá því sem nú er. Litið er á tvö dæmi. Hið fyrra, grunndæmið, gerir ráð fyrir hægum vexti útflutningstekna og engum sérstökum framkvæmdum á næstu árum, en hið síðara, áldæmið, gerir ráð fyrir byggingu nýs álvers með 210.000 tonna framleiðslugetu á ári og tengdum raforkuframkvæmdum.


Forsendur.

Í töflu hér að aftan eru dregnar saman helstu forsendur sem grunndæmið byggir á. Ekki er gert ráð fyrir auknum sjávarafla í tonnum frá því sem nú er, enda er talið að fiskstofnarnir séu nú fullnýttir, en hins vegar er gert ráð fyrir að breytt ráðstöfun aflans valdi verðmætaaukningu framleiðslunnar á næstu árum, sem nemur 1% á ári. Gert er ráð fyrir að verðlag á sjávarafurðum fylgi almennu verðlagi erlendis frá 1992. Í þessari forsendu felst að sjávarafurðir verða í jafnháu raunverði frá og með 1991 og þær voru 1987. Þetta er nokkuð bjartsýn forsenda, sem byggir á spám um minnkað framboð sjávarafurða á heimsmarkaði á næstu árum.

Gert er ráð fyrir nokkurri aukningu í framleiðslu álversins í Straumsvík vegna aukinnar afkastagetu þar, en ekki er talið að járnblendiverksmiðjan auki framleiðslu sína frá því sem nú er. Verð á áli byggir á spám erlendra aðila, en verð á kísiljárni er látið fylgja álverði.

Nokkurri aukningu „annarrar" útflutningsframleiðslu er spáð 1990–1993, og byggir sú forsenda á áætlunum um framleiðslu í fiskeldi, þótt dregið hafi úr bjartsýni hvað þetta varðar. Verð á þessum útflutningi fylgir almennum verðbreytingum erlendis.


Reiknað er með að samneysla og fjárfestingar hins opinbera fylgi forsendum þjóðhagsspár 1990 til 1991, en aukist síðan smám saman frá 1992. Forsendur um hagvöxt og verðbreytingar erlendis eru byggðar á spám alþjóðastofnana. Allar slíkar spár eru að vísu nokkuð á reiki þegar þetta er ritað vegna yfirvofandi stríðshættu við Persaflóa. Hér er notuð sú forsenda að olíuverð hækki að raunvirði um 30% samanlagt 1990 og 1991 frá meðalverði ársins 1989, en lækki síðan að raunvirði fram til 1994. Raunvirði þess verður þá um 18% hærra en meðalverðið 1989. Gert er ráð fyrir óbreyttum raunvöxtum erlendis frá árinu 1992 og gengi krónunnar er haldið föstu frá árinu 1991.



Niðurstöður.


Fyrst verður lýst niðurstöðum úr grunndæminu, þ.e.a.s. framreikningum án nýs álvers.

Í stuttu máli gefa þessir reikningar til kynna að búast megi við hægum hagvexti hér á næstu árum (sjá mynd), samkvæmt reikningunum einungis rúmum 1½% á ári að jafnaði, en vöxtur þjóðartekna yrði eilítið meiri, gangi reikningarnir eftir. Þetta er mun minni hagvöxtur en verið hefur hér á landi á síðustu áratugum. Til dæmis var meðalhagvöxtur 1970 til 1987 tæp 5% á ári. Þetta er einnig töluvert minni hagvöxtur en spáð er í heiminum á næstu árum því alþjóðastofnanir gera almennt ráð fyrir um 3% hagvexti að jafnaði á ári á næstu árum. Það er




rétt að benda á að hagvöxtur á Íslandi var mjög hraður á áttunda áratugnum, samhliða útfærslu landhelginnar og aukinni atvinnuþátttöku, og mun hraðari en í öðrum iðnríkjum. Á níunda áratugnum dró heldur saman á ný og miðað við þessa framreikninga yrði langtímahagvöxtur þjóðarbúsins til næstu aldamóta sá sami og í OECD ríkjunum.

Eðlileg afleiðing svo lítils hagvaxtar er svipað atvinnuleysi og nú er, sem er spáð að verði rúmlega 2% af mannafla á næsta ári, en fari lækkandi þegar á líður og verði rúmlega 1½% af mannafla árið 1996. Gert er ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist um u.þ.b. 1% á ári að jafnaði (sjá mynd). Þjóðarútgjöldin, samanlögð neysla og fjárfesting, vaxa svipað og landsframleiðslan að jafnaði 1991–1996, en viðskiptajöfnuður fer batnandi á sama tíma og stendur í núlli 1996. Þetta gerist sumpart vegna þess að gert er ráð fyrir minni innflutningi á sérstökum fjárfestingarvörum, s.s. skipum og flugvélum en verið hefur, en einnig vegna þess að raunjöfnuður á viðskiptum við útlönd (þ.e.a.s. viðskiptajöfnuður miðaður við erlenda raunvexti í stað nafnvaxta) er jákvæður frá 1990 og því lækka skuldir þjóðarbúsins að raunvirði jafnt og þétt. Þetta þýðir einnig að hlutfall erlendra skulda af landsframleiðslu fer lækkandi úr um 50% árið 1990 í um 37% árið 1996 (sjá mynd). Greiðslubyrði af erlendum lánum lækkar í samræmi við það úr um 20% af útflutningstekjum í 14%. Fjárfestingar standa nánast í stað yfir tímabilið. Þetta er einungis eðlileg afleiðing af hægum vexti í framleiðslu. Það er næsta víst að nýting framleiðsluþátta (þ.e. vinnuafls og fjármagns) sé nú verulega undir því sem er í meðalári. Hrein fjárfesting þarf því ekki að vera mikil til að standa undir framleiðsluaukningu í kringum 1½% á ári, jafnvel þótt gert sé ráð fyrir lakari framleiðniþróun en á síðustu árum.



Sú mynd sem dregin er upp í þessu grunndæmi er ekki björt. Eins og sést á mynd þýðir þessi þróun að við munum glata því forskoti á aðrar þjóðir sem við höfðum náð í kringum 1980. Forsendan um að fiskstofnarnir séu fullnýttir liggur hér til grundvallar og einnig forsendan um að ekki verði mikil breyting í uppbyggingu atvinnuveganna að öðru leyti.



Eins og kunnugt er hafa staðið yfir samningaviðræður milli íslenskra stjórnvalda og svokallaðs Atlantsálshóps um að reist verði álver hér á landi á árunum 1991–1994 og hefji starfrækslu á fullum afköstum (210.000 tonn á ári) árið 1995. Arðsemi Landsvirkjunar vegna sölu á raforku til þessa álvers hefur verið mikið til umræðu að undanförnu, en hér er litið á þjóðhagsleg áhrif þessara framkvæmda. Til að leggja mat á þessi áhrif er reiknað frávik frá grunndæminu, hér nefnt áldæmið. Öllum forsendum er haldið óbreyttum milli dæmanna hvað varðar ytri skilyrði og hegðan hins opinbera, nema að því leyti sem við kemur fjárfestingum vegna nýja álversins og tengdra framkvæmda og rekstri þess. Breytingarnar á forsendunum felast því í:

a) Viðbótarfjárfestingum í álverinu og orkuverum og innflutningi vegna þeirra.
b) Viðbótum við utanríkisviðskipti vegna reksturs álversins þegar það hefur tekið til starfa.
c) Fjármagnstilfærslum frá útlöndum vegna fjármögnunar á byggingu og gangsetningu álversins.
d) Tilfærslum á þeim arði til útlanda, þegar fyrirtækið skilar arði.

Það ber að árétta að sömu forsendur eru í báðum dæmunum að því er varðar gengi krónunnar, samneyslu og almennar fjárfestingar hins opinbera. Þessar forsendur og möguleg áhrif frávika frá þeim verða rædd hér á eftir. Það er einnig rétt að benda á að skuldir álversins eru taldar með skuldum þjóðarbúsins í þessum reikningum.

Umfang álversframkvæmdanna er verulegt á íslenskan mælikvarða. Þannig nemur innlendur hluti framkvæmdanna rúmum 4% af landsframleiðslu í grunndæminu þegar mest er, árið 1993. Við bætast síðan margfeldisáhrif og munur á landsframleiðslu milli dæmanna á framkvæmdaskeiðinu er að þeim viðbættum um 6½% árið 1993 (sjá mynd). Vegna innflutnings á fjárfestingarvörum og þensluáhrifa verður viðskiptajöfnuður mun lakari en í grunndæminu og munar mestu 1993 þegar viðskiptajöfnuður er neikvæður um rúmlega 6½% í áldæminu. Á móti koma að vísu eiginfjárframlög Atlantsálsaðilanna, en erlendar skuldir aukast mikið og fara í rúm 53% af landsframleiðslu árið 1994 (sjá mynd), en skuldir álversins, sem eru taldar þar með, eins og áður sagði, nema þá um 11% af landsframleiðslu. Kaupmáttur ráðstöfunartekna verður mest 4½% meiri í áldæminu en í grunndæminu á

framkvæmdaskeiðinu (sjá mynd). Verðbólga eykst nokkuð frá grunndæminu, þótt ekki sé um stór frávik að ræða á íslenskan mælikvarða (mest 1%), enda er gengi haldið föstu í báðum dæmunum.

Árið 1994 er millibilsár milli mestu framkvæmdanna og fullrar gangsetningar álversins og landsframleiðslan dregst talsvert saman það ár, hagvöxtur er neikvæður um 2% á því ári, en er að jafnaði tæp 4% á ári á árunum 1991–1993. Atvinnuleysi lækkar talsvert á framkvæmdaskeiðinu, verður að jafnaði tæplega ½% lægra í áldæminu en í grunndæminu.

Þau áhrif sem lýst er að ofan eru í eðli sínu tímabundin. Varanleg áhrif álversins koma í ljós eftir gangsetningu. Bein viðbót álversins við landsframleiðslu nemur um 3% af því sem ella yrði og með margfeldisáhrifum nemur þessi viðbót tæpum 4% af landsframleiðslu. Þessi viðbót skilar sér þó ekki öll til þjóðarinnar, erlendar skuldir eru um 46% í árslok 1996 í stað 37% í grunndæminu og arður eignaraðila álversins reiknast um ½% af landsframleiðslu á ári. Að teknu tilliti til þessara þátta kemur í ljós að mismunur á þjóðarframleiðslu er um 2% milli dæma árið 1996, en munur á þjóðartekjum um 3%. Munur milli dæma á kaupmætti ráðstöfunartekna nemur um 4%. Varanleg áhrif á atvinnustig eru ekki mikil.

Hlutfall áls af heildarútflutningi í lok spátímabilsins er um 21% í stað 8% í grunndæminu og hlutfall sjávarafurða af útflutningi er 44% í stað 52%. Þessi breikkun á grunni útflutningstekna þjóðarinnar gæti þýtt betri vaxtakjör á erlendum lánum, þótt ekki sé tekið tillit til þess hér.

Athugasemdir.

Það er ástæða til að setja fyrirvara við ýmsar af þeim niðurstöðum sem koma fram hér að framan. Í fyrsta lagi ber að benda á að það er næsta ólíklegt að þjóðarskútan sigli svo lygnan sjó, hvað varðar ytri aðstæður og viðbrögð við þeim, eins og gert er ráð fyrir í grunnforsendunum. Það ber því fremur að túlka niðurstöðurnar sem möguleika á langtímaþróun fremur en sem spá um skammtímasveiflur. Vart þarf að taka fram að þótt sýndir séu aukastafir í útkomum hér að framan ber að taka tölurnar sem vísbendingu um mögulega stærðargráðu, aukastafirnir eru teknir með til að hægt sé að bera tölurnar saman.

Það er ljóst að álversframkvæmdirnar og hliðaráhrif þeirra koma til með að auka tekjur hins opinbera. Það er því fólgin sú forsenda í reikningunum að halli verði minni í rekstri hins opinbera á framkvæmdaskeiðinu en ella. Æskilegast væri, verði farið út í þessar framkvæmdir á annað borð, að hliðra til framkvæmdum, draga úr þeim á árunum 1991–1993, en framkvæma þess í stað meira 1994 og síðar. Þetta myndi jafna eftirspurn í áldæminu og draga úr sveiflum í hagvexti. Slíkar ráðstafanir eru sérstaklega æskilegar vegna þess að eftirspurn vegna framkvæmdanna beinist fyrst og fremst að byggingarstarfsemi. Það er raunar veikleiki þess líkans sem notað er við þessa reikninga að ekki er möguleiki á að taka tillit til þessarar staðreyndar og því er hætta á að verðbólguáhrif séu vanmetin.

Að lokum er rétt að benda á að enginn peningamálahluti er í líkaninu og því er engin leið að meta í tölum möguleg áhrif mismunandi fjármögnunar virkjana á samanburð dæmanna tveggja. Sú breyting sem nú á sér stað á reglum um fjármagnsflutninga milli Íslands og annarra landa gerir slíkt mat enn erfiðara en ella. Þó er ljóst að möguleiki er á að minnka þensluáhrif framkvæmdanna með fjármögnun að hluta innanlands. Í ljósi umfangs framkvæmdanna á árunum 1992 og 1993 er mjög brýnt að menn geri sér grein fyrir að aðhaldssöm peninga- og ríkisfjármálastefna er óhjákvæmileg til að koma í veg fyrir þenslu í efnahagslífinu.

Fylgiskjal VIII.

Ráðgjafanefnd iðnaðarráðuneytis um umhverfisáhrif iðjuvera:

GREINARGERÐ UM UMHVERFISÁHRIF ÁLVERA

Samanburður á Eyjafirði, Keilisnesi og Reyðarfirði vegna staðarvals.

Nefndarmenn: Skúli G. Johnsen, formaður, Friðrik Pálmason, Guðjón Jónsson, Hákon Aðalsteinsson, Jón Ingimarsson, Jón Ólafsson og Magnús Jónsson. Starfsmaður nefndar: Magnús Bjarni Baldursson.

(September 1990.)

I Inngangur.

Álver með 200 þúsund tonna ársframleiðslu þarf mikil mannvirki, m.a. kerskála, súrálsgeyma, verkstæði, höfn og löndunarmannvirki, sem áætlað er að kosti 50-60 milljarða íslenskra króna. Til samanburðar má geta þess, að fasteignamat alls íbúðarhúsnæðis á Íslandi er talið vera 390 milljarðar króna og allur fiskiskipaflotinn er talinn 49 milljarða króna virði.

Önnur mannvirki vegna álvers eru virkjanir, raflínur og spennuvirki, sem flytja þurfa um 350 MW af raforku til verksmiðjunnar.

Álveri fylgja miklir flutningar. Tvö hundruð þúsund tonna álver þarf um 400 þúsund tonn af súráli, og 110 þúsund tonn af rafskautum. Annað hráefni, sem þarf til framleiðslunnar, er um 10 þús tonn, aðallega flúorrík steinefni, kolefni, gas og olíur.

Ál er framleitt við rafgreiningu á súráli, sem blandað er flúorríkum efnahvata. Við rafgreiningu verður til mikið magn afgangsefna, sem rjúka upp úr kerjunum gegnum hreinsibúnað.

Útblásturinn inniheldur fjölmörg efni, sem berast út í andrúmsloftið. Helstu útblástursefnin eru:

1. Brennisteinstvíildi.
2. Flúor.
3. Koltvísýringur
4. Súrálsryk.
6. Tjara (fjöldamörg efnasambönd).

Af þeim efnum sem að ofan eru talin eru flúoríð og brennisteinstvíildi mest til athugunar vegna umhverfisáhrifa.

Brennisteinstvíildi í lofti getur valdið eitrunaráhrifum hjá fólki (100 - 500 $\mu g/m^3$ SO_2, háð tíma) og skemmdir kunna að koma fram á næmustu plöntum ef magnið er yfir 30 $\mu g/m^3$ á vaxtartíma.

Þar sem heildarflúor í lofti fer yfir 0,6 $\mu g/m^3$ (þ.e. 0,6 míkrógrömm í staðalrúmmetra lofts) má gera ráð fyrir takmarkaðri landnýtingu lands til landbúnaðar og aukinni þörf á eftirliti með búfénaði.

Með hreinsun er unnt að losna við meira en 97% af flúor úr útblástursreyknum og mestallt súrálsryk. Einnig er talið mögulegt að hreinsa meira en 90% brennisteinstvíildis úr reyknum með sjóúða (vothreinsun).

Dreifilíkön fyrir brennisteinstvíildi, flúor og ryk hafa verið gerð á þeim þrem stöðum sem hér um ræðir, Eyjafirði, Keilisnesi og Reyðarfirði. Slík líkön byggja á veðurmælingum, þ.e. vindstefnu, vindhraða og stöðugleika lofts. Þá hefur ráðgjafanefndin lagt gróft mat á skammtímaupphleðslu SO_2 í logni.

Í samningaviðræðum um byggingu álvers er gert ráð fyrir að gera almenna umhverfisathugun (environmental impact study) er taki til allra þátta sem þarf til að meta umhverfisáhrif slíkrar verksmiðju. Ýmsar veigamiklar rannsóknir á lífríki og öðrum umhverfisaðstæðum á þeim þrem stöðum sem til athugunar eru, liggja þegar fyrir.

II Landshættir á byggingastað

Landnotkun og skipulag.

Almennt er viðurkennt að skipulagi beri að haga þannig að ekki komi fram skarpar andstæður við notkun landsins. Hætt er við að álver og mengun frá því, hversu lítil sem hún kann að verða, setji framtíðarlandnotkun einhverjar skorður.

Skipta má landnotkun og landi á Íslandi gróflega í sex flokka:
1. Ógróið eða lítt gróðið land, 2. beitiland og afréttir, 3. ræktað land og landbúnaðarland, 4. friðuð svæði og útivistarsvæði, 5. þéttbýli og loks 6. iðnaðarsvæði.

Stóriðnaður getur ekki án þéttbýlis verið, en verður þó að vera nógu langt frá því, svo þar hljótist ekki af heilsuspillandi áhrif eða mengun. Reynslan hefur einnig sýnt, að þörf er á mikilli framsýni við mat á landþörf og þróun þéttbýlis. Eðlilegt er því að spurningar vakni varðandi þróun byggðakjarna í nánd við fyrirhugaðar iðnaðarlóðir. Hvaða takmörk setur álver á Leirum í Reyðarfirði þróun byggðar á Búðareyri? Er mögulegt að menn vanmeti landþörf á norðanverðum Reykjanesskaga? Í grennd við öll iðjusvæðin eru friðlönd og útivistarsvæði. Þar er um að ræða svæði, sem eru að lögum skilgreind sem slík eða frátekin á skipulagi. Þau eru þó öll utan svæðis, sem ætla má, að verði fyrir óæskilegri mengun af 200 þúsund tonna álveri miðað við dreifingarspár NILU. Svæðisskipulag hefur verið gert bæði fyrir Eyjafjörð og Suðurnes og verður því að gera ráð fyrir, að menn hafi hugleitt spurningar á borð við þessar og skipað landnotkun með framsýni.
Hér að neðan er helstu landsháttum hverrar lóðar lýst.

Álver í Eyjafirði.

Tvær lóðir hafa verið til umræðu, við Dysnes í Arnarneshreppi og á Ársskógssandi. Við Dysnes hafa raunar tvær lóðir verið kannaðar og að undanförnu hefur einkum verið rætt

um lóð í landi Hvamms um einn km sunnan við lóðina, sem athuguð var af Staðarvalsnefnd iðnaðarráðuneytisins á árunum 1982-1986.

Lóðin á Árskógssandi er í svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1989-2009, sem út kom í desember 1989, auðkennd sem útivistarsvæði. Hún er auk þess nánast ofan í byggðinni og mannvirki á þeirri lóð myndu blasa við frá Hrísey, sem er vaxandi ferðamannastaður. Lóðin er því af umhverfis-, félags- og fagurfræðilegum sökum óæskileg fyrir stóriðjuver.

Í skipulaginu var gert ráð fyrir lóð undir iðnað (verksmiðjusvæði) við Dysnes. Í nánasta umhverfi hennar eru tún (sunnan, norðan og norðvestan), en óbyggt land nokkru norðar, þar sem engin afstaða hefur verið tekin til nýtingar. Vestan og suðvestan lóðarinnar er spilda, sem talin er henta til skógræktar.

Í forsendum skipulagsins er gert ráð fyrir að störfum í landbúnaði muni fækka um þriðjung vegna aukinnar hagræðingar. Landbúnaður hefur dregist saman í Arnarneshreppi á undanförnum árum.

Í tengslum við undirbúning að svæðisskipulagi fyrir Eyjafjörð fór fram náttúru-farskönnun sem Náttúrufræðistofnun Norðurlands annaðist og í framhaldi af henni flokkun svæða og staða í þrjá verndarflokka: 1. fl. þar má við litlu sem engu hrófla; 2. fl. varið gegn meiriháttar jarðraski og landslagsbreytingun; og 3. fl. Öll röskun undir eftirliti.

Í umræddri flokkun er svæði á mörkum lóðarinnar við Dysnes í 3. verndarflokki, þ.e. Pálmholtslækur og Pálmholtsmýrar. Sú afstaða er tekin við úrvinnslu svæðisskipulagsins, að verndargildið þess nægi ekki til að skipa því í flokk verndar- eða útivistarsvæða. Ekki er að sjá, að staðsetning álvers á lóð við Dysnes rekist á við umtalsverða hagsmuni af þessu tagi.

Álver við Dysnes sést víða frá þjóðvegi, t.d. er 6-7 km sjónlína að þjóðvegi 1 á Svalbarðsströnd. Til samanburðar má nefna að 4 km eru frá þjóðvegi 1 þvert yfir Hvalfjörð að Járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga. Minnsta fjarlægð til Akureyrar er um 12 km, Hjalteyri 4 km og 14 km til Hauganess.

Álver í Reyðarfirði.

Þrjár lóðir hafa verið nefndar til staðsetningar álvers í Reyðarfirði, en samkvæmt forsendum um stækkunarmöguleika er ein sem virðist uppfylla skilyrði um landrými. Sú er fyrir botni Reyðarfjarðar í landi Sléttu, nefnd Leirur. Hinar lóðirnar eru við Hraun í næsta nágrenni við Sómastaðagerði þar sem gert var ráð fyrir að reisa Kísilmálmverksmiðjuna á sínum tíma, og á Eyri við sunnanverðan fjörðinn. Athuganir sýndu að til að koma mætti fyrir 200 þúsund tonna álveri fyrir á þessum lóðum þyrfti umtalsverðar landfyllingar.

Undirlag lóðarinnar á Leirum eru áreyrar myndaðar af framburði fallvatna, skv. skýrslu um náttúrufar og minjar í Reyðarfirði, sem unnin var fyrir Staðarvalsnefnd iðnaðarráðuneytisins 1984 af Náttúrugripasafninu í Neskaupsstað. Botn Reyðarfjarðar er grösugur og að hluta ræktuð tún, en annars hefur gróðurfar ekki verið kannað nánar þar. Svipaðar aðstæður eru væntanlega í flestum fjörðum austanlands, t.d. í Eskifirði.

Óseyrar Sléttuár og Norðurár (Geithúsaár) eru á lista yfir staði, sem að mati skýrsluhöfunda hafa verndargildi: „Óröskuð óseyrarmyndun í botni Reyðarfjarðar. Leirurnar eru mikilvægar með tilliti til umferðar fugla. Landslags- og lífríkisvernd æskileg."

Mannvirki álvers á Leirum myndu blasa við byggðinni á Búðareyri, enda aðeins um 2 km bein sjónlína á milli.

Álver á Keilisnesi.

Í svæðisskipulagi Suðurnesja 1987-2007, sem staðfest var á þessu ári, er gert ráð fyrir iðnaðarlóð norðan í Keilisnesi. Lóðin þar sem gert er ráð fyrir að álver geti risið er í landi Flekkuvíkur og Kálfatjarnar, en höfnin er framundan Minni-Vatnsleysu. Í næsta nágrenni þeirrar lóðar eru að sunnan og vestan óbyggð svæði, aðallega misvel gróið hraun, þar sem engin afstaða er tekin til nýtingar, en á austurhluta hennar er svínabú og dreifð byggð og enn austar fiskeldi í Vatnsleysuvík.

Við undirbúning skipulagsins fór fram náttúrufarskönnun og náttúrufarsmat unnið af Náttúrufræðistofnunar Íslands. Á Keilisnesi gengur hraun frá dyngjunni Þráinsskildi í sjó fram. Næst sjó er dálítið graslendi en fjær mosaþemba með lyngi. Samkvæmt ofannefndri könnun og gróðurkorti Rannsóknastofnunar Landbúnaðarins nr. 94 og 95 teygir þetta einsleita gróðurlendi sig meira eða minna suður undir Kistufell. Nánar segir svo um rimann næst sjó: „Einungis er um að ræða misvel gróið hraun, þar sem aðalgróðurlendi er krækilyngsmóar, túnskikar umhverfis bæina og svo fjaran".

Ströndin allt frá Hvaleyrarholti við Hafnarfjörð að Vogavík var könnuð og skoðuð nokkur fjörusnið til athugunar á lífríki, þar á meðal á Keilisnesi. Í þeim rannsóknum kom ekkert fram, sem bendir til að fjaran við umrædda lóð sé frábrugðin fjörunni annars staðar á strandlengjunni. Þessi svæði eru ekki meðal viðkomustaða farfugla, en margar tegundir halda til við sjó á þessum slóðum, einkum að vetrinum og skiptir þar máli að þar er mikið útfiri og vel grónar tjarnir við fjöruna. Af þeim sökum var lagt til, að fjaran á Vatnsleysuströnd yrði friðuð.

Samvinnunefnd um skipulagsmál á Suðurnesjum hefur ekki tekið undir þessar tillögur hvað Keilisnes varðar enda eru verndarhagsmunir eins og þeir voru rökstuddir meiri um miðbik strandarinnar, þar sem nokkrar tjarnir eru á Náttúruminjaskrá. Af tiltækum gögnum verður ekki séð, að ráðstöfun iðnaðarlóðar á Keilisnesi undir álver rekist á við náttúruverndarhagsmuni.

Á Keilisnesi yrðu mannvirki í um það bil 2 km fjarlægð frá þjóðvegi, en þar ber leiti á milli að hluta, þannig að sæist í efri hluti mannvirkjanna. Fjarlægð í sjónlínu til næsta þéttbýlis í Vogum eru 8 km og til höfuðborgarsvæðisins eru um 15 km.

Að öllu samanlögðu virðast hugmyndir um ráðstöfun lands undir álver á þeim lóðum, sem hér hefur verið lýst, í Eyjafirði og á Keilisnesi í megindráttum samrýmast annarri landnýtingu og hugmyndum um skipulagskröfur um slíkar lóðir. Reyðarfjörður er eina svæðið, þar sem ekki hefur verið gert svæðisskipulag en telja verður að tveggja km fjarlægð milli lóðar á Leirum og byggðar á Búðareyri sé full lítil.

III Loftmengun

af völdum flúors, brennisteinstvíildis, koltvísýrings, og ryks

Dreifing mengunarefna í lofti.

Forsendur þær sem notaðar voru við útreikninga Norsk Institut for Luftforskning (NILU) um útblástur efna svara til þess, að á einu ári dreifist út í loftið frá 200 þúsund tonna álveri um það bil 4.400 tonn af brennisteinstvíildi (22 kg/tonn af áli), 200 tonn af flúor (1 kg/tonn af áli) og 600 tonn af súrálsryki. Þá má reikna með um eða yfir 300.000 tonn af koltvísýringi fari út í andrúmsloftið.

Í þessum tölum er gert ráð fyrir verksmiðju með þurrhreinsibúnaði og að kol sem notuð verði í anóður innihaldi 2,6% brennistein. Ef um vothreinsun er að ræða má gera ráð fyrir að brennisteinstvíildið verði um 4 kg/tonn af áli eða samtals 800 tonn sem fari út í andrúmsloftið. Almennt er álitið að í framtíðinni fari brennisteinsinnihald kola hækkandi sem leitt getur til meira brennisteinstvíildis í útblæstri, komi ekki til frekari hreinsunar. Hins vegar er það rekstraraðilanum kappsmál að fá kol með lágu brennisteinsinnihaldi vegna betri nýtingar á raforku. Benda má á að með góðu eftirliti, árvekni starfsmanna ásamt góðum hreinsibúnaði, er líklegt að magn flúors innan sem utan verksmiðju verði verulega minna en annars er gert ráð fyrir. Loks má nefna að með aukinni þurrhreinsun batnar starfsumhverfi starfsmanna.

Þegar mat er lagt á niðurstöður Norsk Institut for Luftforskning (NILU) ber að hafa í huga að veðurmælingar sem lagðar eru til grundvallar í útreikningum eru annmörkum háðar.

Í fyrsta lagi eru mælingar ekki gerðar á fyrirhuguðum verksmiðjulóðum, heldur mislangt frá þeim og í öllum tilvikum er alllangt milli þeirra staða þar sem vindur og hiti var mældur. Í öðru lagi voru stöðugleikamælingar (hitamælingar) gerðar í fjallshlíð en ekki í „ótrufluðu" lofti yfir verksmiðjustað. Eftirfarandi yfirlit sýnir þetta:

DYSNES	***Vindur mældur á Ytri-Bakka, hitamælingar í Vaðlaheiði***
KEILISNES	***Vindur mældur á Keflavíkurflugvelli eða Straumsvík, hitamælingar í Akrafjalli (sjá Grundartangaskýrslu). Engar mælingar liggja ennþá fyrir frá Keilisnesi en leiða má líkur að því að vindur sé þar líkari Keflavík en Straumsvík og verður miðað við það í allri umfjöllun hér á eftir.***
REYÐARFJÖRÐUR	***Vindmælingar gerðar að Sómastaðagerði, hitamælingar í fjallshlíðinni upp af Eskifirði.***

Lárétt dreifing mengunarefna í lofti á sér helst stað með vindi, en lóðrétt dreifing ræðst af því hvernig hiti breytist með hæð. Á Íslandi er yfirleitt vindasamt, þó það sé mjög breytilegt frá einum stað til annars. Af þeim stöðum, sem hér eru til umfjöllunar, er meðalvindur mestur á Keilisnesi (Keflavík/Straumsvík) en minnstur í Reyðarfirði og er hann einn kyrrviðrasamasti staður á landinu þar sem vindmælingar hafa verið gerðar. Í báðum fjörðunum eru ríkjandi vindáttir inn og út eftir þeim, þ.e. norður-suður í Eyjafirði en austur-vestur í Reyðarfirði. Á Keilisnesi eru hins vegar áttir milli norðnorðausturs og suðausturs algengastar.

Ef borin er saman tíðni hægviðris (þ.e. vindhraði minni en 2m/s) kemur í ljós að yfir vaxtartímann (maí - september) er það í um 7% tilvika á Keilisnesi, 23% á Dysnesi en í 38% athugana í Reyðarfirði. Séu auk þess skoðuð þau tilvik þar sem saman fer stöðugt loft og hægviðri verða tölurnar 1,8%, 6,3% og 17,1% í sömu röð.

Fram kemur í skýrslum Norsk Institut for Luftforskning (NILU), að spárnar eru áreiðanlegastar fyrir lengri tímabil, t.d. árstíð eða ár, en spár fyrir einstaka daga eru mun síðri. Í logni virkar dreifilíkanið ekki enda verður dreifing (þynning) þá af öðrum ástæðum en þar er reiknað með.

Þrátt fyrir að Norsk Institut for Luftforskning (NILU) sé í fremstu röð í heiminum á þessu sviði ber að hafa í huga að hér er um spá að ræða, en ekki staðreyndir eða mælingar. Spárnar gefa hins vegar mjög góða vísbendingu um langtímadreifingu mengunarefna í lofti.

Styrkur loftborinna efna og umhverfisáhrif þeirra.

Flúor.

Áhrif flúors á búfénað eru fyrst og fremst langtímaáhrif, og stafa af uppsöfnun í gróðri yfir vaxtartímann. Verði styrkur flúorsins of mikill í beitargróðri, heyjum og öðru fóðri getur það leitt til eitrunar í búfénaði. Hér á landi er flúoreitrun í búfénaði kunn sem afleiðing loftmengunar í eldgosum og nefnist gaddur eða gostönn, eftir því hvort skemmdirnar koma fram á jöxlum eða framtönnum. Margar tegundir barrtrjáa eru mjög næmar meðan nálarnar eru í vexti, einnig skrautjurtir af liljuætt, s.s. túlipanar og fleiri vorlaukar. Biáber teljast til næmra plantna. Í berjum safnast þó lítið fyrir af flúor. Þá er ýmsum tegundum fléttna og mosa hætt við flúoreitrun. Í skýrslu Rannsóknastofnunar Landbúnaðarins 1985 er nánar fjallað um áhrif flúors á gróður, sérstaklega nytjajurtir og á búfénað og varnir gegn flúoreitrun í búfénaði.

Innan þeirra marka í dreifingarspánni, sem miðast við 0,6 μg af heildarflúor í rúmmetra lofts og jafnvel allt út að mörkum fyrir 0,4 $\mu g/m^3$, má búast við að flúor í beitargróðri fari yfir 30 ppm, sem telja má skaðleysismörk fyrir búfénað. Eitrunareinkenni í næmum plöntum koma fram við 20-150 ppm flúors í plöntum miðað við þurrefni. Meðal næmustu plantna eru, auk barrtrjáa, fléttur og mosar.

Hættumörk fyrir viðkvæman gróður má ætla, að séu við 0,3 $\mu g/m^3$ af flúoríði í formi lofttegundar (heildarmagn um 0,6 $\mu g/m^3$), sem jafnaðargildi yfir vaxtartímann. Þar sem mengunarmörk fyrir flúor eru ekki í mengunarvarnareglugerð hér á landi, er miðað við norsk viðmiðunarmörk sem fram koma í dreifingarspám Norsk Institut for Luftforskning (NILU) og fleiri heimildum samkvæmt skýrslu Rannsóknastofnunar Landbúnaðarins 1985 (Staðarvalsnefnd og Iðnaðarráðuneyti 1985).

Í miðlungsþolnum plöntum koma áhrif flúors ekki fram fyrr en við 200 ppm. Flestar nytjajurtir í akuryrkju og túngróður er talinn þola 2-3 μg af flúor í m^3 af lofti.

Skaðleysimörk flúors í lofti fyrir gróður eru samkvæmt dreifingarspám mun lengra frá álveri en skaðleysismörkin fyrir brennistein.

Þegar stærð svæðanna, sem liggja innan svonefndra viðmiðunarmarka (0,6 $\mu g/m^3$) í skýrslu NILU fyrir staðina þrjá er borin saman kemur í ljós, að það er minnst umhverfis lóðina á Keilisnesi (2-3 km frá álveri) þá umhverfis Dysnes (4-5 km til norðurs og suðurs frá verksmiðju) en stærst í Reyðarfirði (6-8 km til austurs og vesturs). Innan þessara marka má gera ráð fyrir takmarkaðri nýtingu lands til landbúnaðar og að hafa verði eftirlit með grasbítum og gróðri á svæðunum.

Brennisteinstvíildi, SO_2.

Brennisteinstvíildi getur valdið langtímaáhrifum og ekki síður skammtímavandamálum. Íslenska mengunarvarnareglugerðin gerir ráð fyrir, að ársmeðaltalsstyrkur SO_2 í lofti fari ekki yfir 30 $\mu g/m^3$ og að í 95% tilfella sé meðalstyrkur sólarhrings undir 50 $\mu g/m^3$. Vegna hættu á skammtímaáhrifum hefur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) ráðlagt að í 99,9% tilvika skuli sólarhringsgildi vera innan við 100 - 150 $\mu g/m^3$. Séu hér á landi ekki aðrar takmarkanir á útblæstri brennisteinstvíildis en ofangreind, verður að telja, að mun erfiðara sé að uppfylla síðarnefndu skilyrðin en þau íslensku. Vegna hættu á skammtímaáhrifum hefur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) einnig ráðlagt 10 mínútna markgildi; 500 $\mu g/m^3$.

Niðurstöður í útreikningum Norsk Institut for Luftforskning (NILU) á dreifingu SO_2 í næsta nágrenni við álver á umræddum þremur stöðum benda til, að svæðið umhverfis verksmiðjuna þar sem meðalstyrkur yfir árið fer yfir mengunarmörk íslensku reglugerðarinnar sé minnst á Keilisnesi (0,5 - 1 km) en áþekkt að stærð við Dysnes og Reyðarfjörð (1 - 2 km út frá álveri).

Þegar lagt er mat á hættu á skammtímauppsöfnun á brennisteinstvíildi er ljóst að hættan er mest í Reyðarfirði en minnst á Keilisnesi.

Heimildir um mælingar í grennd við iðjuver frá 3 löndum sem liggja fyrir, sýna að jafnvel þótt ársmeðalgildi brennisteinstvíildis væri innan marka (30 - 50 $\mu g/m^3$), var meðaltal þeirra mælinga sem voru ofan við markgildin, margfalt hærra (500 - 1.500 $\mu g/m^3$).

Fræðilegir útreikningar ásamt athugunum nefndarinnar á tíðni daga þar sem slík staðbundin uppsöfnun getur átt sér stað benda til, að hætta geti verið á að skammtímastyrkur fari yfir alþjóðleg heilsufarsleg viðmiðunarmörk í Reyðarfirði, jafnvel við hreinsun. Í Eyjafirði gæti einnig átt sér stað uppsöfnun en virkur hreinsibúnaður getur komið í veg fyrir há gildi. Útreikningar og mælingar benda til að uppsöfnunaráhrifa gæti þó fyrst og fremst í nágrenni verksmiðjunnar og er líklegt að þau séu að mestu horfin í 5 km fjarlægð frá henni. Samkvæmt þeim gæti sólarhringsstyrkur við slíkar uppsöfnunaraðstæður orðið allt að 20 - 50 faldur meðalstyrkur innan 2 - 3 km fjarlægðar frá verksmiðju.

Í umræðunni um mengun af völdum brennisteinstvíildis er algengt að blandað sé saman áhrifum af völdum súrrar úrkomu og beinum áhrifum af brennisteinstvíildi. Hér er annars vegar um að ræða áhrif í næsta nágrenni við þann stað þar sem brennisteinstvíildið myndast og hins vegar um staði, sem fjarlægari eru. Þar gætir mengunar af völdum efnisins fyrst og fremst í formi súrrar úrkomu.

Umbreyting brennisteinstvíildis í súlfat tekur að meðaltali um einn sólarhring. Á þeim tíma hafa efnin að jafnaði þynnst mikið vegna loftblöndunarinnar. Súrnun regns af völdum brennisteinstvíildis frá 200.000 tonna álveri yrði því lítil sem engin, ef frá eru talin þau staðbundnu áhrif sem gætu orðið við úrkomu ofan í tímabundna uppsöfnun af brennisteinstvíildi.

Víða í hinum iðnvædda heimi er tæring af völdum loftmengunar verulegt vandamál. Brennisteinstvíildi er eitt þeirra efna sem veldur tæringu. Á Íslandi er það einkum sjávarselta sem tærir ýmsa málma. Erfitt er að meta hversu mikil aukning yrði á ryðmyndun við aukið magn brennisteinstvíildis í lofti enda margir samverkandi þættir sem skipta þar máli.

Norðurlandaþjóðirnar gerðu með sér samkomulag um að draga um 30% úr magni brennisteinstvíildis sem myndast í löndunum fyrir 1993. Miðað er við áætlað magn brennisteinstvíildis eins og það var 1980. Danmörk, Noregur, Finnland og Svíþjóð stefna að því að draga úr þessu magni enn frekar fram til ársins 1995. Ísland hefur ekki skrifað undir þessa samþykkt þar sem ekki er talið raunhæft að draga svo mikið úr magni brennisteins-

tvíildis hér á landi. Íslensk stjórnvöld hafa heitið því að ganga fram með varúð varðandi alla nýja starfsemi sem valdið getur aukinni brennisteinsmengun.

Þegar tölur um magn brennisteinstvíildis sem myndast í tengslum við iðnað og með brennslu kola og olíuafurða eru dregnar saman, sést að áætlað magn brennisteinstvíildis sem myndast á Íslandi var um 6.000 tonn á ári 1986. Heildarmagn efnisins á Norðurlöndum er áætlað um 927.000 tonn það ár. Ísland lagði því til um 0,6% af heildarmagni brennisteinstvíildis sem myndaðist á Norðurlöndum þá. Ef af væntanlegri álversbyggingu verður mun magnið aukast í rúm 10.000 tonn hér á landi. Rétt er að benda á að sú tala innifelur einnig brennisteinstvíildi vegna olíubrennslu fiskiskipaflotans og hluta kaupskipaflotans.

Koltvísýringur.

Við rekstur 200 þúsund tonna álvers má reikna með að yfir 300 þúsund tonn af koltvísýringi myndist. Það er töluverð viðbót við það sem myndast hér á landi og má hafa það í huga vegna umræðunnar um hugsanleg gróðurhúsaáhrif koltvísýrings á veðurfar. Á hinn bóginn yrði þessi viðbót til hvar svo sem þetta ál yrði framleitt og margfalt meira yrði raforkuþörf þess mætt með olíu- eða kolaorkuveri. Í sjálfu sér er koltvísýringur ekki skaðlegt efni í litlu magni (3,3 ppm.). (Lauslega áætlað anda öll spendýr á Íslandi, þar með talið maðurinn, frá sér um 350.000 tonnum af koltvísýringi árlega).

Súrálsryk.

Ryk sem berst frá álverum er einkum súrál. Ekki er talið að það magn sem berst frá álveri og byggt er með nútíma hreinsibúnaði valdi tjóni eða sýnilegri rykmóðu í nágrenni álvers.

Búfjárhald innan mengunarmarka.

Tekið var saman yfirlit um búfjárfjölda samkvæmt forðagæsluskýrslum Búnaðarfélags Íslands, ásamt upplýsingum um fullvirðisrétt, innan ystu marka fyrir flúor í lofti í dreifingarspá Norsk Institut for Luftforskning (NILU) 1990.

Flúor í gróðri er það mengunarefni sem máli skiptir fyrir búfjárhald í nágrenni álvers. Niðurstaða samanburðar á stöðunum yrði í meginatriðum sú sama þótt önnur mengunarmörk sem til álita koma væru valin (0,4 $\mu g/m^3$ heildarflúor í stað 0,6 $\mu g/m^3$ heildarflúor í lofti).

Bæjafjöldi og fullvirðisréttur innan ystu marka í dreifingarspá NILU 1990

Staðarval álvers	Bæjafjöldi	Fullvirðisréttur mjólk lítrar	ærgildi	Annað
Dysnes Eyjafirði	10	109.000	750	54 hross
Sómastaðagerði Reyðarfirði	2	7.500		
Keilisnes Reykjanesi	1			349 gyltur og geltir 10 hross

* Aðeins eru taldir bæir með fullvirðisrétt eða annan skráðan búskap.

Eins og fram hefur komið yrði að takmarka nýtingu lands til landbúnaðar og hafa eftirlit með gróðri og beitarfénaði á því svæði sem er innan ystu marka fyrir flúor í spá Norsk Institut for Luftforskning og eftirlit með beitarfénaði jafnvel nokkru utar.

Búfénaður í nágrenni álvers tekur tiltölulega lítinn flúor til sín við innöndun miðað við það sem er í ómenguðu fóðri. Eldi búfjár í nágrenni álvers á aðfluttu fóðri virðist að því leyti til vandalaust.

Langvarandi mikill styrkur brennisteinstvíildis í lofti getur samkvæmt erlendum rannsóknum haft áhrif á efnaskipti, þrif og heilbrigði dýra. Þar sem styrkurinn var yfir 1000 $\mu g/m^3$ af SO_2 svo vikum skipti komu fram breytingar í efnaskiptum og þar sem styrkurinn var á bilinu 1500 - 2500 $\mu g/m^3$ varð einnig vart breyttrar hegðunar dýranna og við meiri styrk komu fram lífrarskemmdir.

Í svínaeldi á mengunarsvæði í nágrenni gasvinnslustöðvar í Alberta í Kanada varð ekki vart við nein skaðleg áhrif, hvorki í vexti, fóðurnýtingu, grísafjölda í goti eða fjölda

grísa sem komust á legg. Engin skaðleg ummerki fundust í vefjum 62 grísa. Þetta var niðurstaða nákvæms samanburðar við sambærilega gripi utan mengunarsvæðisins. Á mengunarsvæðinu fór styrkur brennisteinstvíildis yfir 540 $\mu g/m^3$ (0,20 ppm) í 30 mínútur í 23 tilvikum og yfir 54 $\mu g/m^3$ (0,02 ppm) í 24 klst. í 5 skipti. Hins vegar eru heimildir fyrir því að vart verði við áhrif á slímhúð grísa ef styrkur SO_2 fer yfir 13000 $\mu g/m^3$ (5 ppm) í 8 klst.

Við innstu mörk í dreifingarspám Norsk Institut for Luftforskning (NILU) er styrkur brennisteinstvíildis neðan ofangreindra langtímamarka, en upplýsingar vantar um skammtímamengun í styttri tíma en sólarhring og eins og rætt er annars staðar í þessari greinargerð er takmörkuð vitneskja um styrk SO_2 á logndögum í nágrenni álvers.

IV ÁHRIF MENGUNAREFNA Á HEILSUFAR.

Áhrif ýmis konar efnamengunar á heilsufar eru alþekkt og stöðugt berast um það nýjar upplýsingar. Mikið er unnið að rannsóknum á tengslum efnamengunar í lofti og tíðni ýmissa sjúkdóma en erfitt þykir að sanna orsakatengsl með faraldsfræðilegum rannsóknum einum.

Brennisteinstvíildi er lyktarlaus og litlaus lofttegund. Þó finnst lykt ef mjög mikið er af efninu (yfir 3000 $\mu g/m^3$). Í því magni verkar brennisteinstvíildi ertandi á slímhúð í nefi og öndunarfærum.

Eins og áður er getið, sýna dreifilíkön fyrir 200 þúsund tonna álver, sem staðsett væru á Keilisnesi, í Eyjafirði eða í Reyðarfirði, að styrkur brennisteinstvíildis að meðaltali fyrir heilt ár, nær ekki því magni, sem talið er að valdi skaða á heilsufari fólks.

Umhverfismálastofnun Bandaríkjanna telur hins vegar að markgildi fyrir meðaltalsstyrk brennisteinstvíildis í lofti yfir heilt ár hafi takmarkaða þýðingu í sambandi við heilsufarslegar afleiðingar og útiloki ekki að þess konar áhrif komi fram.

Samkvæmt athugunum sömu stofnunar eru umtalsverðar líkur á að skammtímahækkun (5 mín - 1 klst) valdi skaða og því hafi skammtímamarkgildi meiri þýðingu í þessu sambandi. Sérfræðingar þeirrar stofnunar hafa allt frá árinu 1982 mælt með, að tekin væru upp 10 mínútna markgildi í Bandaríkjunum fyrir hámarksmengun af völdum brennisteinstvíildis. Skrifstofa Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Kaupmannahöfn, mælir með að 10 mínútna markgildi séu tekin upp og hámarksstyrkur þann tíma fari ekki yfir 500 $\mu g/m^3$. Í íslensku mengunarvarnareglugerðinni er ekki gert ráð fyrir 10 mínútna markgildi fyrir brennisteinstvíildi.

Samkvæmt reglugerðinni er leyfilegt magn yfir sólarhringinn 50 $\mu g/m^3$ en hærri meðalgildi eru leyfileg en það í 5% tilvika.

Vegna þess hve hætt er við uppsöfnun ef verksmiðja er staðsett þar sem óhagstæð veðurskilyrði eru fyrir hendi þarf að veita þessu sérstaka athygli.

Nefndin hefur aflað gagna frá bandarísku umhverfismálastofnuninni um áhrif brennisteinstvíildis á lungnastarfsemi.

Í rannsóknastofum, þar sem gerðar eru tilraunir með áhrif af því að anda að sér lofti með mismunandi styrkleika af brennisteinstvíildi í 5 - 60 mínútur, hefur komið fram að um 10% einstaklinga sem höfðu astmatilhneigingu fundu fyrir aukinni áreynslu við útöndun. Tilraunir gáfu til kynna, að þeir sem hafa slæman astma verði fyrir einkennum við mun minni styrk af SO_2.

Taka verður fram að í tilraunum á rannsóknastofum er ekki unnt að framkalla þær aðstæður, sem gerast utan þeirra. Rannsóknir á áhrifum á fólk í nágrenni iðjuvera þar sem styrkur SO_2 er mikill eru fjöldamargar.

Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

Einkenni koma fram heilbrigðum einstaklingum ef meðalstyrkur yfir árið er kringum 100 $\mu g/m^3$. Ekki er hægt að útiloka að viðkvæmir einstaklingar verði fyrir áhrifum við lægri styrk en þetta.

Einkennin gera vart við sig ef meðalstyrkur er 250 - 450 $\mu g/m^3$ yfir sólarhringinn, einkum hjá viðkvæmu fólki. Hjá heilbrigðum börnum hafa verið mældar breytingar á lungnastarfsemi við meðalgildi af þessari stærð.

Rannsóknir sýna, að einkenni koma fram hjá viðkvæmum einstaklingum við meðalstyrk 600 - 700 $\mu g/m^3$ sem varir í 5 - 60 mínútur.

Ákvörðun markgildis til verndar heilsu fólks er erfið vegna þess hve hætt er við, að fram komi mælitoppar sem eru mörgum sinnum hærri en meðalstyrkur sá sem mælist. Þessi vandkvæði koma helst fram þar sem óhagstæð veðurskilyrði og/eða miklar sveiflur í útblæstri eru fyrir hendi. Eins og áður er getið má ætla að þær veðurfarsaðstæður séu að nokkru marki í Eyjafirði, en þó sérstaklega í Reyðarfirði.

Ofangreint hefur verið talið mæla með því að almenn markgildi væru ekki sett heldur ákvörðuð fyrir hverja verksmiðju fyrir sig.

Við bruna á kolaskautum og við bruna á olíu myndast tjöruefni, sem hafa víða verið rannsökuð með tilliti til hugsanlegra krabbameinsvaldandi eiginleika. Magn þessara efna er

svo lítið utan þynningarsvæðis að engar líkur eru á þeim áhrifum. Rannsóknir á starfsmönnum álvera sýna, að reykingamenn í þeirra hópi fá enn frekar lungnakrabbamein heldur en reykingamenn sem ekki starfa við slíkar aðstæður (um álver með gömlum tæknibúnaði er að ræða, þ.e. Söderberg aðferð).

Flúor er snefilefni, sem allir fá í nokkru magni með fæðu. Magn það, sem fæst við innöndum í námunda við álver er aðeins hluti af því, sem fæst við venjulega neyslu matar.

Á undaförnum árum hafa birst rannsóknir þar sem aukið Al^+ í umhverfinu er tengt Altzheimer sjúkdómi og er hér fyrst og fremst um faraldsfræðilegar rannsóknir að ræða. Þessi kenning hefur ekki verið staðfest og telja sérfræðingar á þessu sviði, að rannsóknir þær sem hér um ræðir gefi ekki tilefni til þessarar ályktunar. Vandamál sem tengjast uppsöfnun Al^+ við langvarandi notkun nýrnavéla hafa lengi verið þekkt, en hafa enga þýðingu í þessu sambandi.

V ÖNNUR MENGUN OG ÁHRIF MENGUNAREFNA Á SJÓ OG LÍFRÍKI HANS

Önnur mengandi efni.

Eins og fram hefur komið er þorri úrgangsefna loftborinn við daglegan rekstur álvers. Mun minna er í fljótandi formi en ryk og uppleyst efni berast til sjávar vegna hreinsunar og þvotta. Auk þess fylgir álveri skolp í samræmi við fjölda starfsmanna.

Rekstri álvers fylgir talsvert af föstum úrgangi, sem gæti numið 5-10 þús m^3 árlega, aðallega plastefni, umbúðir, ílát og verksmiðjuúrgangur, sem má urða, endurvinna eða farga á annan hátt í samræmi við aðferðir sem notaðar eru í nálægu þéttbýli. Eftir um 5 ára notkun þarf að endurnýja rafgreiningarker í álveri. Í álverinu í Straumsvík eru endurnýjuð um 80 ker á ári. Þau hafa verið urðuð í flæðigryfjum á verksmiðjusvæðinu. Sjór fer um gryfjurnar vegna sjávarfalla. Annars staðar hafa kerbrot einnig verið urðuð í sérútbúnum kalkklæddum gryfjum. Hin síðari ár hefur mikið af því efni, sem er í kerbrotum farið til endurvinnslu. Þó er þörf á urðun kerbrota sem í eru margvísleg efni, sum rokgjörn, önnur ýmist uppleysanleg eða óuppleysanleg. Sum þeirra eru hættuleg eða skaðleg. Rokgjörnu efnin berast út í loftið þegar ker eru tekin úr notkun, önnur fara með endurnýtanlegum hluta eða eru urðuð. Í samningum ætti að ganga frá því ásamt með öðrum umhverfismálum, hvaða aðferðum verður beitt við förgum kerbrota.

Gert er ráð fyrir að frárennslisvatn 200 þúsund tonna álvers verði allt að um 200 l/s regnvatns, skolps og kælivatns. Um þetta frárennsli gildi sömu reglur og um meðferð frárennslis frá þéttbýli (sbr. mengungarvarnareglugerð).

Flúoríð er ákveðinn hluti af seltu sjávar. Í sjó með seltu 33 eru 1,22 mg/kg Kannanir á flúoríði í sjó, í og utan Straumsvíkur, hafa ekki gefið til kynna flúoríðmengun.

Athuganir á þungmálmum í kræklingi í Straumsvík og norðan álversins sýna að þeir finnast ekki í óeðlilegu magni.

Engar athuganir hafa farið fram á styrk PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons) í lífríki eða seti í Straumsvík en þeim efnum hættir við uppsöfnun í lífverum.

Líffræðistofnun Háskóla Íslands hefur kannað ástand lífríkis við flæðigryfjur í Straumsvík. Neikvæð áhrif fundust ekki.

Í athugunum á sjávarlífríki Í Noregi hafa menn einkum beint athygli sinni að PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons) en einnig kannað flúor og þungmálma. PAH eru tjöruefni sem myndast við ófullkominn bruna. Sum þeirra eru talin krabbameinsvaldandi en þekking á áhrifum þeirra í vistkerfum sjávar er takmörkuð. Vegna PAH mengunar frá Hydro Aluminum, Sunndal Verk, er ráðið frá neyslu á kræklingi og fisklifur frá Sunndalsfirði og Tingvollfirði (um er að ræða gamalt álver þar sem Söderberg aðferðin er notuð við álbræðslu).

Vothreinsun

Gert er ráð fyrir að útblástur frá kerskálum væntanlegs álvers fari um dúksíur, sem halda flúor að verulegu leyti en brennisteinstvísýringur og koltvísýringur fer gegnum síurnar. Með vothreinsun, þar sem útblásturinn er „þveginn" í sjóúða, má ná 90% hreinsun brennisteinstvíildis. Sjór hentar mun betur til þessarar hreinsunar heldur en ferskt vatn, því basískir eiginleikar sjávar nýtast og vega á móti brennisteinssýru, sem myndast er brennisteinstvísýringur gengur í samband við vatn og súrefni (oxast). Samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu Norsk Viftefabrik A/S, sem framleiðir hreinsitæki, er brennisteinn í frárennsli hreinsitækja nær allur sem súlfat, SO_4^{2-}, sem er meinlaust. Gera má ráð fyrir, að sjór, sem notaður væri í hreinsitæki hefði ekki minni seltu en 33, en þeirri seltu fylgir náttúrulegt súlfat 2,55 g/kg Það sem við bættist í hreinsitækjum væri aðeins 0,04 g/kg eða 1,6%. Styrkur brennisteinstvíildis í frárennslinu yrði mjög lágur, eða um 6 mg/kg. Sýrustig yrði um pH 6, en er pH 8 í sjó. Rennslið um hreinsitækin yrði á bilinu 2,2-4,4 m3/sek. Til samanburðar er meðalrennsli Elliðaánna 5,5 m^3/sek. Samkvæmt upplýsingum Norsk Viftefabrik A/S, hækkar hitastig sjávar um 5°C við að fara gegnum hreinsitækin og styrkur PAH og snefilmálma yrði lágur. Það hefur ekki verið kannað hvort eituráhrifa gæti í frárennsli SO_2 hreinsitækja, sem eru í notkun við tvö álver í Noregi, en á hinn bóginn hafa

þau ekki komið fram þegar þessi hreinsitækni er notuð á útblástur frá kolakyntum orkuverum.

Gagnstætt því sem hér hefur komið fram, mátti skilja það á máli umhverfismálasérfræðinga Atlantsáls (C.J. Kucera, W.Weuster og G. Dölling) á fundi 4.sept. 1990, að þeir teldu hættu á sjávarmengun ef brennisteinstvíildi yrði hreinsað úr útblæstri með sjóúðun.

Haffræðileg viðhorf tengd staðarvali.

Mengandi efni sem berast til sjávar þynnast þar og dreifast. Fastar efnisagnir og grugg, kunna þó að setjast til og valda mengun í seti, sem getur þaðan borist í lífríki. Þau öfl, sem mestu ráða um blöndun og dreifingu eru öldurót og straumar. Straumar eru aðallega þrenns konar: Sjávarfallastraumar, vindstraumar og meðalstraumur. Sjávarfallastraumar og vindstraumar skipta mestu máli í sambandi við fyrstu blöndun en meðalstraumur segir til um hvert líklegt er að efni berist. Í fjörðum eru straumstefnur tíðast inn og út, en meðalstraumur fer fremur niður við botn á leið inn, en við yfirborð út fjörðinn. Lögun fjarða og ferskvatnsrennsli í þá breytir oft þessari mynd. Hæð sjávarfalla og sjávarfallastraumar eru mismunandi eftir landshlutum og vindstraumar vaxa sem veldisfall af vindhraða. Lagskipting sjávar vegna hitastigs á sumrum eða ferskvatnsáhrifa hefur einnig áhrif á blöndun.

Á vegum Staðarvalsnefndar var straumur mældur utan við Dysnes 1984. Á 10 metra dýpi var 76% mæligilda minni en 10 cm/sek, en straumstefna kom ekki fram vegna bilunar í áttavita. Töluverðra ferskvatnsáhrifa gætir í yfirborðslögum. Til eru talsverð gögn um dreifingu hitastigs og seltu á ýmsum árstímum í Eyjafirði.

Hæð sjávarfalla norðan og austanlands er um þriðjungur þess sem gerist við Faxaflóa. Straumar og aðrar haffræðilegar aðstæður í Faxaflóa eru betur þekktar en annars staðar við landið. Vegna fiskeldis var straumur mældur í Vatnsleysuvík á útmánuðum 1986. Á 10 m dýpi voru 73% mæligilda minni en 10 cm/sek. Straumstefna 48% mælinganna var milli

vesturs og norðurs en 29% í gagnstæða stefnu milli suðurs og austurs. Sveifla sjávarfallastrauma er frá 5 cm/sek til 10 cm/sek og vindstraumur getur leitt til þess að ekki skipti straumstefnu með sjávarföllum.

Vitneskja um haffræðilegar aðstæður í Reyðarfirði eru af fremur skornum skammti. Hitamælingar og seltumælingar í ágúst 1957 sýndu að innarlega er fjörðurinn lagskiftur vegna ferskvatnsáhrifa og upphitunar. Líkt og í Eyjafirði er sveifla sjávarfalla aðeins brot af því sem hún er við Faxaló a. Hitamælingar þar, eins og í öðrum fjörðum þar eystra, benda til þess að vatnsskipti meginfjarðarins við hafið fyrir utan séu umtalsverð, enda verður hitastig á vetrum ekki jafnlágt og t.d. í innanverðum Faxaflóa.

VI Niðurstaða

Áhrif álvinnslu á umhverfið eru rakin hér að framan. Það er álit nefndarinnar, samkvæmt því sem hér hefur komið fram, að umhverfisröskun við byggingu og rekstur álvers, verði minnst á Keilisnesi, nokkru meiri í Eyjafirði, en mest í Reyðarfirði. Talsverður munur er að þessu leyti á tveimur fyrrnefndu stöðunum og Reyðarfirði.

Miðað við þá vitneskju sem nefndin hefur aflað sér þá er það álit hennar að með byggingu álvers af þessari stærð í botni Reyðarfjarðar væri tekin meiri áhætta en svo, að það teldist verjandi.

Sþ. 9. Tillaga til þingsályktunar [9. mál]

um átak gegn einelti.

Anna Ólafsdóttir Björnsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir,
Guðrún J. Halldórsdóttir, Kristín Einarsdóttir,
Málmfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra og menntamálaráðherra að beita sér fyrir því að gert verði átak gegn einelti meðal barna og unglinga. Skipaður verði samstarfshópur fólks sem hefur reynslu af starfi með börnum og unglingum og honum falið að skila áætlun um úrbætur gegn einelti eigi síðar en 1. september 1991.

Greinargerð.

Ofbeldi meðal barna og unglinga var mjög umrætt síðastliðinn vetur ekki síst vegna tíðra blaðafregna um götuofbeldi í Reykjavík. Ofbeldi á götum úti er sýnilegt og því er mikil umfjöllun um það og oft og tíðum ómálefnaleg. Hljóðara hefur verið um aðra tegund ofbeldis, einelti, sem er þó að flestra mati mun algengara en ekki eins sýnilegt. Allt að 80% þeirra barna og unglinga, sem koma í unglingaathvörfin í Reykjavík, búa við félagslega einangrun, en það er einmitt sá hópur sem verður helst fyrir einelti.

Að undanförnu hefur þó töluvert verið fjallað um einelti, m.a. í tímaritum og á ráðstefnum fagfólks, kennara, sálfræðinga og heilbrigðisstétta. Menn eru að vakna upp við vondan draum og gera sér grein fyrir hvert ástand þessara mála er hér á landi. Flestir virðast sammála um að grípa verði til aðgerða gegn einelti nú þegar. Nokkur þekking er á einelti á Íslandi þótt hennar hafi ekki verið aflað skipulega. Ýmsir sálfræðingar og fleiri sem starfa í þágu barna og unglinga búa yfir dýrmætri reynslu úr starfi sínu og vita hvað hægt er að gera til að fyrirbyggja einelti og hjálpa þeim sem beitt hafa aðra einelti eða orðið fyrir því. Faglegan grunn vantar því ekki og á honum er hægt að byggja.

Bent hefur verið á að í Noregi og Japan hefur verið gert sérstakt átak gegn einelti og árangur verið mjög góður.

Hér á landi er það tilviljunum háð hvort börn og unglingar, sem verða fyrir einelti, fá aðstoð nógu snemma til þess að auðvelt sé að liðsinna þeim. Ef tekið er í taumana fljótt er hægt að rjúfa vítahring sem annars kann að skapast. Skipuleg fræðsla fyrir foreldrafélög og starfsfólk skóla og dagvistarstofnana um einkenni eineltis er ekki fyrir hendi nú. Kennarar og fóstrur eru þó í góðri aðstöðu til að finna fórnarlömb eineltis ef þau hin fyrrnefndu þekkja einkennin. Auk þess geta þessir hópar haft veruleg áhrif á samskiptamynstur innan einstakra hópa barna og unglinga og minnkað líkur á að einelti endurtaki sig, ef vel tekst til.

Fagfólk, sem starfað hefur með unglingum, telur tiltölulega auðvelt að greina einkenni eineltis í hópi barna og unglinga og því sé fræðsla eitt af lykilatriðum þess að hægt sé að gera átak gegn einelti. Sérfræðiráðgjöf fyrir foreldrafélög, fóstrur og fósturnema, kennara og kennaranema mundi því vera ein þeirra leiða sem samstarfshópur athugaði gaumgæfilega.

Einkum er nauðsynlegt að fræðslan nái til þeirra stétta er mest samskipti hafa við börn og unglinga, og má geta þess að einelti er tekið fyrir í fósturnámi.

Í nokkrum skólum hér á landi hefur verið fjallað um ofbeldi, m.a. einelti, og reynt að vinna gegn því. Árangur þess starfs gefur tilefni til bjartsýni. Í þeim tilvikum hefur verið um að ræða frumkvæði og framtak starfsfólks skólanna og sálfræðinga fræðsluumdæmanna. Þessari mikilvægu fræðslu er ekki ætlað rúm í venjulegu skólastarfi og því hefur þurft að vinna mikið starf í sjálfboðavinnu. Tæplega er hægt að ætlast til að svo verði til langframa. Auk þess er víða lítið sem ekkert fjallað um þessi mál og árangurinn í heild hlýtur því að verða takmarkaðri. Full þörf er á að sem flestir vinni saman gegn einelti, fagfólk sé foreldrum, kennurum og nemendum til ráðgjafar um samskipti innan skóla og utan og allt sé gert sem unnt er til að hindra að aðstæður skapist fyrir einelti.

Ýmsar ytri aðstæður, svo sem hönnun skólalóða og gæsla í frímínútum, geta skipt sköpum um hvort börnum og unglingum sé búið öryggi í frímínútum eða þar séu aðstæður sem ýta undir einelti. Reynsla annarra þjóða, sem glíma við sama vanda, hefur orðið til þess að farið er að huga gaumgæfilega að tómstundaaðstöðu í skólum með það í huga að veita orku barna og unglinga útrás í uppbyggjandi leikjum og starfi. Ætla má að hægt sé að gera einfaldar úrbætur og bæta gæslu á leikvöllum án mikils tilkostnaðar. Auk þess sem slík ráðstöfun mundi spara ómælda þjáningu gæti slík fjárfesting leitt til sparnaðar þegar fram í sækir. Ef hægt væri að koma í veg fyrir ofbeldi og einelti á skólavöllum yrði það í allra þágu. Á sama hátt verður einnig að líta á fleiri staði þar sem börn safnast saman í stórum hópum, t.d. skólabíla.

Rétt er að vekja athygli á því að hér er verið að benda á tiltölulega ódýrar leiðir til að ná miklum árangri til hagsbóta fyrir börn og unglinga, ekki síst þá sem eiga undir högg að sækja. Ef vel tekst til yrði hér um að ræða öflugt forvarnastarf sem byggðist fremur á skynsamlegri stefnumörkun en dýrum björgunaraðgerðum þegar skaðinn er skeður.

Afleiðingar eineltis eru oft mjög alvarlegar fyrir þau börn og unglinga sem fyrir því verða. Margir þeirra unglinga, sem síðar leiðast út í ofneyslu áfengis og annarra vímuefna, hafa orðið fyrir einelti þegar þeir voru yngri. Verulegu máli skiptir því að ná fljótt til sem flestra fórnarlamba. Átak gegn einelti er því fyrirbyggjandi starf sem getur skilað góðum árangri.

Þeir sem leggja aðra í einelti eiga einnig við vandamál að stríða. Breytt samskiptamynstur í félagahópi, t.d. í skóla, getur einnig hjálpað þeim sem beita einelti.

Kveikjan að átaki Norðmanna og Japana gegn einelti var umfjöllun fjölmiðla um vaxandi einelti í þessum löndum og alvarlegar afleiðingar þess. Ofbeldi í hópi barna og unglinga, ekki síst einelti, var talið ein helsta orsök þess að sjálfsvígum skólabarna hafi fjölgað mjög. Þegar loks var gripið til aðgerða og gert átak gegn einelti varð árangurinn betri en menn höfðu þorað að vona.

Vonandi skilst Íslendingum að gera þarf átak gegn einelti án þess að til slíkrar fjölmiðlaumfjöllunar komi. Við getum greint ákveðin hættumerki í íslensku samfélagi nú þegar. Bent hefur verið á að eitt þessara hættumerkja sé sú staðreynd að tíðni sjálfsvíga íslenskra drengja er sú þriðja hæsta í Evrópu. Reynsla annarra þjóða sýnir að ofbeldi og einelti geta verið ástæða fyrir sjálfsvígum barna og unglinga.

Grípa þarf til aðgerða gegn einelti nú þegar. Þótt starfshópi gegn einelti sé ætlaður tími til haustsins 1991 verður jafnframt að huga að því sem hægt er að gera nú þegar. Nota verður þá þekkingu og reynslu sem tiltæk er og hefja fræðslu um einelti og afleiðingar þess og gera þær úrbætur sem augljóslega geta dregið úr ofbeldi meðal barna og unglinga.

Vernd barna og unglinga, velferð þeirra og góð líðan verður aldrei metin til fjár og

það er skylda löggjafarvaldsins að tryggja öryggi og vellíðan allra þegna sinna og gæta hagsmuna þeirra sem minna mega sín. Börn og unglingar, sem verða fyrir einelti, eru einn slíkra hópa og þeirra hagsmunir mega undir engum kringumstæðum sitja á hakanum.

Sþ. 10. Tillaga til þingsályktunar [10. mál]

um viðurkenningu á fullveldi Eistlands, Lettlands og Litáens og stjórnmálasamband við þessi ríki.

Flm.: Þorsteinn Pálsson, Ragnhildur Helgadóttir, Guðmundur H. Garðarsson, Ingi Björn Albertsson, Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Halldór Blöndal, Birgir Ísl. Gunnarsson, Geir H. Haarde, Eyjólfur Konráð Jónsson, Ólafur G. Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að árétta formlega viðurkenningu Íslands á fullveldi Eistlands, Lettlands og Litáens og taka tafarlaust upp stjórnmálasamband við þessi ríki með því að tilnefna íslenska sendiherra í þeim og veita viðtöku sambærilegum sendimönnum þeirra. Þá felur Alþingi ríkisstjórninni að vinna að því að önnur ríki sýni með sama hætti stuðning við fullveldi og sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna.

Greinargerð.

Á síðustu missirum hefur mikið umrót orðið í stjórnmálalífi Eystrasaltsríkjanna, Eistlands, Lettlands og Litáens. Þing þessara ríkja hafa öll lýst yfir sjálfstæði ríkjanna, en upphaflega urðu þau sjálfstæð ríki 1918. Þau voru innlimuð með valdbeitingu í Sovétríkin í júní 1940 í kjölfar griðasáttmála Hitlers og Stalíns árið áður. Í hálfa öld hafa þessi þrjú ríki verið, á grundvelli valdbeitingar, sovétlýðveldi.

Ætla verður að á Íslandi ríki almennur skilningur á sjálfstæðiskröfu Eystrasaltsþjóðanna sem eiga sér merka sögu, eigin tungu og þjóðmenningu.

Í viðræðum við leiðtoga þessara ríkja kemur það ítrekað fram að virk viðurkenning annarra ríkja á sjálfstæði þeirra er mjög mikilvæg að þeirra mati bæði í viðræðum þeirra við Sovétríkin og aðrar þjóðir og inn á við til að styrkja stjórnmálalega samstöðu um sjálfstæðisyfirlýsingar ríkjanna.

Ísland hefur nú þegar sýnt þessum þjóðum mikinn og eindreginn stuðning. Alþingi sendi m.a. sérstakar heillaóskir til Litáens er landsmenn lýstu yfir sjálfstæði 11. mars 1990 og utanríkisráðherra hefur heitið því að Íslendingar muni vinna að viðurkenningu annarra ríkja á því að Eystrasaltslöndin fái að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi sem sjálfstæð ríki.

Öll rök hníga þess vegna að því að rétt sé og sjálfsagt að árétta formlega viðurkenningu Íslands á sjálfstæði Eistlands, Lettlands og Litáens og að taka tafarlaust upp stjórnmálasamband við þessi ríki.

Nd. 11. Frumvarp til laga [11. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55 30. mars 1987, með síðari breytingum.

Flm.: Ingi Björn Albertsson.

1. gr.

2. mgr. 9. gr. falli brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á Íslandi er hið svokallaða „cif-verð“ innfluttrar vöru (cost, insurance, freight) lagt til grundvallar þegar tollverð er ákveðið. Það felur í sér að innflytjandi greiðir ekki einungis toll af innkaupsverði vörunnar heldur einnig af flutningsgjöldum, vátryggingum og öðrum kostnaði í sambandi við innflutninginn. Þessi regla kemur fram í 2. mgr. 9. gr. tollalaga þar sem segir að í tollverði skuli innifalið:

„a. Flutningskostnaður hinna innfluttu vara til innflutningshafnar eða innflutningsstaðar.
b. Gjöld fyrir fermingu, affermingu eða meðferð hinna innfluttu vara vegna flutnings þeirra til innflutningshafnar eða innflutningsstaðar.
c. Vátryggingarkostnaður.“

Þetta verður að telja í hæsta máta óeðlilega tollheimtu. Í fyrsta lagi er óréttlátt að innflytjandi greiði toll af kostnaði við að koma vörunni til landsins en ekki einungis af því verði sem hann greiðir hinum erlenda seljanda fyrir vöruna. Meginrökin gegn þessari tollálagningu innflutningskostnaðar eru þó að hún leiðir af sér hærra vöruverð í landinu. Íslenskir neytendur verða að greiða nógu hátt verð fyrir innflutta vöru og það er að bera í bakkafullan lækinn að flutningskostnaður og tengd gjöld séu reiknuð inn í tollverð vörunnar.

Samþykkt þessa frumvarps felur hins vegar í sér að miðað verður við „fob-verð“ innfluttrar vöru (free on board) þegar tollverð er ákveðið og því einungis reiknaður tollur af innkaupsverði vörunnar.

Nd. 12. Tillaga til ályktunar [12. mál]

um skipun nefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka álmálið.

Flm.: Stefán Valgeirsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa sjö manna rannsóknarnefnd samkvæmt ákvæðum 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka og gefa Alþingi og almenningi skýrslu um alla þætti álmálsins, þ.e. vinnu að mögulegum samningi við Atlantsálshópinn, og hafi rannsóknarnefndin heimildir til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, af embættismönnum og öðrum sem upplýsingar geta gefið.

Rannsóknin taki til allra þátta málsins, svo og reynslu Íslendinga og annarra af álrekstri, þar á meðal mengunar, arðgjafar og annars sem máli skiptir.

Einnig skal nefndin afla ítarlegra upplýsinga, þar með talið álits hlutlausra kunnáttumanna, um öll meginatriði sem tengjast mögulegum álsamningi, svo sem: hvort bygging og rekstur álversins á þann hátt, sem helst er um rætt, samrýmist löggjöf landsins, þ.e. grundvallarákvæðum um jöfnuð manna í stjórnarskrá, skipulagslögum, lögum um varnir gegn mengun og um hollustuhætti og alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga. Einnig að greint verði frá líklegum áhrifum mengunar bæði við daglegan rekstur og möguleg mengunarslys. Loks taki skýrslan til allra meginatriða um arðgjöf álreksturs, bæði einstakra þátta hans en sérstaklega allra veigamikilla atriða í sambandi við orkusölu til álversins. Aðrir orkusölukostir verði kannaðir, svo og önnur atriði sem nefndin telur ástæðu til að kanna.

Greinargerð.

Ástæður fyrir tillögu þessari eru margar og veigamiklar. Álverið og virkjanir, sem því tengjast, verða langstærsta framkvæmd á Íslandi til þessa og um ófyrirsjáanlega framtíð ef núverandi áform verða að veruleika, framkvæmd sem útilokar fjölmarga aðra atvinnumöguleika, bindur og mótar allt þjóðlífið í a.m.k. aldarfjórðung. Mikil mengun, sem spillir náttúru og lífi, fylgir álverinu. Líkur á stórauknum kröfum um alþjóðlegar mengunarvarnir og ný virk framkvæmd alþjóðareglna við Persaflóa gæti kippt stoðum undan álveri eins og því sem rætt er um að byggja. Einnig koma til líkleg skaðleg áhrif áls, t.d. í drykkjar- og matarílátum, sem draga verulega úr eftirspurn og verði áls og fleira mætti upp telja.

Fjárhagsleg áhætta Íslendinga virðist margfalt meiri en áhættufé Atlantsálshópsins og arður miklu minni. Íslendingar þurfa að eyða bestu virkjunarkostum sínum án endurgjalds fyrir þá og það útilokar marga aðra vænlega kosti í atvinnumálum. Áhætta af kostnaði við virkjanir, umfram áætlaðan kostnað, svo og að virkjanir skili ekki áætluðu afli og afköstum, er öll á ábyrgð Íslendinga.

Glöggir og varlegir útreikningar, byggðir á traustum gögnum, hafa ekki verið lagðir fram til athugunar fyrir almenning, heldur eru gefnar óljósar upplýsingar um „jaðarkostnað“ og „flýtingarkostnað“ Landsvirkjunar sem rök fyrir ágæti samningshugmynda.

Samningaaðferðir íslenskra stjórnvalda virðast með eindæmum frumstæðar. Aðalsamningamaðurinn er allt í senn formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands, formaður stjórnar Landsvirkjunar og formaður nefndar um orkufrekan iðnað og sætir í öllum greinum eftirliti eins og sama mannsins, þ.e. ráðherra viðskipta og iðnaðar. Ákvörðun um staðarval er kynnt ein sér eftir keppni milli þriggja héraða og fjármálaráðherra tilkynnir að samningar um skattamál hafi náðst eftir næturfund. Önnur meginatriði samningsins eru óumsamin. Iðnaðarráðherra skrifar undir áfangasamning án umboðs Alþingis, ríkisstjórnar eða Landsvirkjunar. Formaður stjórnar Landsvirkjunar sýnir stjórninni það virðingarleysi að staðfesta samninginn sem formaður viðræðunefndar um orkufrekan iðnað og á trúlega síðan að halda áfram viðræðum um þennan risavaxna samning við Atlantsálshópinn sem formaður stjórnar Landsvirkjunar.

Framanritað, sem liggur fyrir opinberlega, lýsir svo vafasömum vinnubrögðum í málinu að fráleitt er að Alþingi taki ákvörðun um það nema að fengnum faglegum, traustum og varlegum álitum og upplýsingum.

Raunar er mikilvægi hins mögulega samnings slíkt að óhjákvæmilegt verður að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um málið eigi það fram að ganga.

Þarfir þjóðar og þings krefjast þess að rannsókn skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar fari fram og skýrslan verði gerð áður en málinu er lokið á Alþingi.

Sþ. 13. Fyrirspurn [13. mál]

til fjármálaráðherra um bætur vegna afturvirkni skattalaga.

Frá Geir H. Haarde.

Hyggst fjármálaráðherra, eins og hann gaf í skyn í sjónvarpsviðtali 8. ágúst sl., bæta mönnum tjón sem þeir urðu fyrir vegna ákvæða í lögum nr. 79/1989 og lögum nr. 117/1989 þegar réttur til húsnæðisbóta og vaxtaafsláttar var felldur niður með afturvirkum hætti?

Sþ. 14. Fyrirspurn [14. mál]

til fjármálaráðherra um ráðstöfun fjárveitinga til blaðanna.

Frá Geir H. Haarde.

Hvernig er ráðstafað fjárveitingum til blaðanna skv. 4. gr. fjárlaga (liður 09–999 1 18) og skv. 6. gr. (liðir 6.1 og 6.2)?

Hvernig skiptast greiðslur skv. 4. gr. milli einstakra blaða?

Hverjir eru viðtakendur þeirra blaða sem keypt eru samkvæmt heimildum í 6. gr.?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 15. Fyrirspurn [15. mál]

til utanríkisráðherra um niðurstöður varðandi varaflugvöll Atlantshafsbandalagsins.

Frá Geir H. Haarde og Halldóri Blöndal.

Liggur fyrir formlega niðurstaða Atlantshafsbandalagsins varðandi ósk þess um varaflugvöll á Íslandi?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 16. Fyrirspurn [16. mál]

til menntamálaráðherra um friðarviku Sameinuðu þjóðanna.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur.

Á hvern hátt mun menntamálaráðherra stuðla að þátttöku Íslands í alþjóðlegri friðarviku Sameinuðu þjóðanna í nóvember nk.?

Sþ. 17. Fyrirspurn [17. mál]

til menntamálaráðherra um kennara og leiðbeinendur í grunn- og framhaldsskólum.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Hvert er hlutfallið milli grunnskólakennara og leiðbeinenda í fræðsluumdæmum landsins miðað við fullt stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar?
2. Hvert er hlutfallið milli framhaldsskólakennara og leiðbeinenda í fræðsluumdæmum landsins miðað við fullt stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar?
3. Hve margir leiðbeinendur á hvoru skólastigi fyrir sig starfa við stundakennslu?
4. Hve hátt hlutfall af sérkennslu á grunnskólastigi er í höndum sérkennara, sundurliðað eftir fræðsluumdæmum?
5. Er í einhverjum tilvikum um það að ræða að leiðbeinendur stundi sérkennslu? Ef svo er, hve hátt hlutfall sérkennslunnar í hverju fræðsluumdæmi hafa leiðbeinendur með höndum?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 18. Fyrirspurn [18. mál]

til ráðherra Hagstofu Íslands um kaupmátt dagvinnulauna í löndum OECD.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hvernig hefur kaupmáttur dagvinnulauna
a. almenns verkafólks,
b. verslunar- og skrifstofufólks
þróast á sl. fimm árum annars vegar á Íslandi og hins vegar í hverju OECD-landanna fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 19. Fyrirspurn [19. mál]

til dómsmálaráðherra um húsnæðismál lögreglunnar í Stykkishólmi.

Frá Inga Birni Albertssyni.

1. Var leitað tilboða hjá framleiðendum einingahúsa í Stykkishólmi í húsnæði handa lögreglunni á staðnum? Ef svo var gert, hvernig voru þau tilboð? Ef það var ekki gert, hverjar voru ástæður þess?
2. Hvort var það einingahús, sem upp var sett fyrir lögregluna í Stykkishólmi, keypt eða leigt og á hvaða kjörum var það?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 20. Fyrirspurn [20. mál]

til forsætisráðherra um ferðakostnað ráðherra.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hver var ferðakostnaður hvers ráðherra vegna ferðalaga til útlanda árið 1989 og fram til 1. okt. 1990?

Óskað er eftir svofelldri sundurliðun:

a. hve margar ferðir hver ráðherra fór, hvert var farið og hve lengi hann dvaldist samtals erlendis;
b. fargjöld;
c. samanlagður hótelkostnaður (gisti- og fæðiskostnaður);
d. risna;
e. dagpeningagreiðslur, þar með talið álag á þær;
f. heildargreiðslur vegna maka (ferðakostnaður, dagpeningar o.fl.).

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 21. Fyrirspurn [21. mál]

til dómsmálaráðherra um aðbúnað fanga á Litla-Hrauni.

Frá Inga Birni Albertssyni.

1. Eru geðsjúkir menn vistaðir á Litla-Hrauni?
2. Eru brögð að því að refsitími fanga sé lengdur vegna agabrota, t.d. sem nemur dvalartíma í einangrun? Sé svo: hvaða reglur gilda um slíkt?
3. Hve stórir eru fangaklefar á Litla-Hrauni? Fullnægja þeir ákvæðum 110. gr. heilbrigðisreglugerðar, nr. 149/1990, sbr. VII. kafla hennar?

4. Hvernig er staðið að forvarnastarfi gagnvart fíkniefnaneyslu meðal fanga og hvernig er tekið á vandamálum fíkniefnaneytenda í fangelsinu?
5. Hvers vegna fá fangar á Litla-Hrauni ekki að nota knattspyrnuvöll þann sem þeir bjuggu til fyrir nokkrum árum?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 22. Tillaga til þingsályktunar [22. mál]

um skrifstofur heilbrigðismála í kjördæmum landsins.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa að komið verði á fót í kjördæmum landsins á næstu fjórum árum skrifstofum heilbrigðismála sem sinni m.a. verkefnum fyrir héraðslækna, heilbrigðismálaráð og Tryggingastofnun, svo og fjárhagslegri og faglegri áætlanagerð og eftirliti með heilbrigðisþjónustu á svæðinu.

Greinargerð.

Með breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem ákveðin var með lögum nr. 87/1989, tók ríkið við stjórn heilsugæslu í landinu, en áður var hún að hluta á hendi sveitarfélaganna. Þessi breyting mun leiða til þess að verkefni í heilbrigðisþjónustu á vegum ríkisins fara vaxandi og flytjast að óbreyttu í vaxandi mæli til Reykjavíkur. Í framhaldi af ákvörðun um breytta verkaskiptingu hefur verið unnið að lagabreytingum varðandi ýmsa þætti sem henni tengjast, m.a. var samþykkt á síðasta Alþingi frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu. Þar er hins vegar ekki tekið á því máli sem hér er gerð tillaga um.

Þegar stjórn heilbrigðismálanna færist nú á eina hendi hjá ríkinu er nauðsynlegt að samræma hana og styrkja svæðisbundna stjórnun í læknishéruðum sem að mestu fylgja kjördæmaskiptingu. Í því skyni er hér lagt til að komið verði á fót skrifstofum heilbrigðismála í hverju kjördæmi landsins.

Rökstuddar hugmyndir hafa komið fram um þessi efni að undanförnu, m.a. frá Skúla G. Johnsen borgarlækni sem einnig hefur reynslu af því að starfa sem læknir utan höfuðborgarsvæðis, sjá fskj. I.

Þá flutti héraðslæknirinn á Austurlandi, Stefán Þórarinsson, erindi um þetta efni á aðalfundi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi 1989, sjá fskj. II. Ályktaði aðalfundurinn í framhaldi af því eftirfarandi:

„Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 25. og 26. ágúst 1989 skorar á Alþingi og ríkisstjórn að marka þá stefnu að komið verði á fót umboðsskrifstofu heilbrigðismála í héruðum landsins. Skrifstofan sinni verkefnum heilbrigðismálaráðanna auk annarra skyldra verkefna sem henni verða falin.“

Á svipaðan hátt ályktaði stjórn Fjórðungssambands Vestfjarða 15. nóvember 1989 þar sem segir m.a. að stjórn sambandsins „telur rétt að komið verði á fót héraðsstjórn í hverju kjördæmi landsins sem hafi á hendi skipulagningu og stjórnun á heilbrigðisþjónustu í umboði og á kostnað heilbrigðisráðuneytisins“.

Frá árinu 1978 hafa verið í lögum ákvæði um heilbrigðismálaráð og þeim verið ætluð veigamikil verkefni. Héraðslæknum, sem verið hafa án teljandi starfsskyldu, hefur verið ætlað að starfa með heilbrigðisráðum og þeim ekki verið séð fyrir annarri aðstoð. Niðurstaðan hefur orðið sú að starf þeirra hefur orðið afar veikburða í flestum umdæmum og ekki tekist að framfylgja lögboðnum ákvæðum.

Til að bæta stöðu þessara mála er því brýnt að komið verði á fót skrifstofum heilbrigðismála í hverju kjördæmi og verði þær tengiliðir ráðuneytis við viðkomandi læknishérað. Til hliðsjónar má í þessu sambandi benda á fræðsluskrifstofur og embætti fræðslustjóra. Í fskj. I koma fram fjölmargar hugmyndir um æskileg verkefni fyrir þessar skrifstofur.

Góð reynsla er fengin af slíkum svæðismiðstöðvum í stórum málaflokkum og nægir í því sambandi að benda á fræðsluskrifstofur og umdæmisskrifstofur Vegagerðar ríkisins og Pósts og síma.

Tillaga þessi var lögð fram seint á síðasta þingi og kom þá ekki til umræðu, því er hún nú endurflutt.

Fylgiskjal I.

Skúli G. Johnsen:

Skrifstofa heilbrigðismála — umdæmisstjórn.
(Úr bæklingi: „Nokkrir minnispunktar um stjórn heilbrigðismála ásamt ítarefni," í febrúar 1989.)

Ef ný verkaskipting verður samþykkt verða nýir möguleikar á að bæta heilbrigðisþjónustuna, auka áætlanagerð og taka upp nútímarekstrarhætti. Eðlilegasta leiðin í því sambandi er *að ríkið dreifi stjórn heilbrigðismála* til læknishéraðanna. Það er sams konar umdæmisstjórn og notuð er í mörgum öðrum málaflokkum ríkisins.

Um leið og sveitarstjórnir hverfa úr heilbrigðismálunum hætta þau að greiða hlut sinn í rekstri sjúkrasamlaga og við það hverfur þörfin fyrir þau enda ekki lengur um „samlag" að ræða. Það breytir einnig stöðu sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins, en hlutverk hennar hefur fyrst og fremst verið þjónusta við sjúkrasamlögin og eftirlit með þeim. Ef stjórn heilbrigðismála verður ekki efld út í héruðunum um leið og áhrif sveitarstjórna og sjúkrasamlaga hverfa mun öll stjórn heilbrigðismála flytjast til Reykjavíkur. Slíkt væri mjög óæskilegt og er því nauðsynlegt að komið verði á fót nýjum aðila einum í hverju læknishéraði, sem hafi með höndum heildarstjórn heilbrigðismála og heilbrigðisþjónustu í hverju héraði. Um leið og sjúkrasamlög eru lögð niður sparast rekstrarkostnaður þeirra og mætti nota þá fjármuni til að standa undir rekstri héraðsskrifstofanna.

Eftirfarandi eru drög að verkefnalista fyrir héraðsskrifstofur heilbrigðismála:

1. Héraðslæknisstörf samkvæmt lögum eru m.a. að:
   a. fylgjast með því að framfylgt sé lögum og reglum um heilbrigðismál í héraðinu,
   b. hafa umsjón með heilbrigðisstarfi í héraðinu í umboði ráðuneytis, í sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum og annars staðar þar sem slíkt starf fer fram,

c. annast samræmingu heilbrigðisstarfa í héraðinu,
d. vera ráðunautur heilbrigðisstjórnar um hvaðeina er við kemur heilbrigðismálum héraðsins.


2. Yfirferð og samræming árlegra rekstraráætlana heilbrigðisstofnana til notkunar við undirbúning fjárlagafrumvarps. Gerð rekstraráætlana fyrir minnstu stofnanirnar.
3. Skipulagning á starfi heilbrigðisstofnana og verkaskipting þeirra á milli.
4. Umsjón með rekstri heilbrigðisstofnana.
5. Gerð tillagna og áætlana um framkvæmd og forgang verkefna á sviði heilbrigðismála í héraðinu.
6. Undirbúningur og umsjón með framkvæmdum við heilbrigðisstofnanir.
7. Gerð áætlana til lengri tíma um skipan heilsugæslu og sjúkrastofnana.
8. Umboð fyrir Tryggingastofnun ríkisins.
9. Greiðsla kostnaðar samkvæmt samningum um sjúkraþjónustu (um er að ræða reikninga lækna, tannlækna, sjúkraþjálfara, rannsóknastofa, sjúkrastofnana, sjúkraflutninga o.fl.).
10. Eftirlit með framkvæmd samninga.
11. Greiðsla lyfjakostnaðar samkvæmt reikningum lyfjabúða samkvæmt útgefnum lyfseðlum og aðgerðir til lækkunar lyfjakostnaðar.
12. Móttaka sjúkradagpeningavottorða, mat á þeim og greiðsla bóta.
13. Örorkumat.

Með stofnun skrifstofu heilbrigðismála í hverju héraði yrði tryggt að unnt væri að rækja hin mörgu verkefni við stjórn heilbrigðismála sem nú er ekki sinnt að öllu leyti. Héraðslæknar fengju bætta aðstöðu til að sinna embættisstörfum sem þeir hafa lengi óskað eftir. Verkefni heilbrigðismálaráða kæmust í framkvæmd og verkefni sjúkrasamlaganna mundu áfram haldast í heimahéraði. Þá gæti skrifstofan, sem umboðsskrifstofa Tryggingastofnunar ríkisins, tekið við verkefnum sem nú eru einungis hjá einum aðila, svo sem mati á bótarétti og örorkumati sem héraðslæknar mundu sjá um.


Ef frumvarpið um nýja verkaskiptingu í heilbrigðismálum verður samþykkt verður stjórn heilbrigðismála að öllu leyti komin í hendur ríkisins. Heilbrigðismálin verða þannig komin í hóp margra annarra málaflokka sem ríkið hefur á sinni hendi. Þegar litið er á hin mörgu svið opinberrar þjónustu sem falla undir ríkið virðist reglan þar að séð er fyrir málum með umdæmisstjórn af einhverju tagi. Eftirfarandi má nefna í þessu sambandi:

1. Fræðslumál — fræðsluskrifstofa.
2. Dóms- og lögreglumál — sýslumenn.
3. Málefni fatlaðra — skrifstofur svæðisstjórna.
4. Kirkjumál — prófastar.
5. Innheimta gjalda — gjaldheimtur.
6. Skattamál — skattstofur skattumdæma.
7. Vegamál — umdæmisskrifstofur.
8. Póst- og símamál — umdæmisskrifstofur.
9. Orkumál — umdæmisskrifstofur.

Í heilbrigðismálunum hefur einnig ríkt umdæmisstjórn, sbr. læknishéruð og héraðslækna. Þessi skipan hefur þó verið veikburða og tilraun til að bæta úr með nýrri löggjöf á fjórða áratugnum var numin úr gildi nokkru síðar (1949). Árið 1978 var enn gerð tilraun til að styrkja umdæmisstjórn heilbrigðismálanna með fækkun læknishéraðanna og stofnun heilbrigðismálaráða, en það hefur í raun litlu breytt vegna þess að heilbrigðismálaráðin hafa ekki fengið aðstöðu né fjármuni til að sinna verkefnum sínum.


SKIPURIT HEILBRIGÐISMÁLA SAMKVÆMT LÖGUM UM NÝJA VERKASKIPTINGU
VESTFJARÐAHÉRAÐ
NORÐURLANDSHÉRAÐ VESTRA
NORÐURLANDSHÉRAÐ EYSTRA
AUSTURLANDSHÉRAÐ
VESTURLANDSHÉRAÐ
HEILBRIGÐISMÁLA-RÁÐUNEYTI
REYKJAVÍKURHÉRAÐ
REYKJANESHÉRAÐ
SUÐURLANDSHÉRAÐ
Heilsugæslustöð (samt. 87)
Sjúkrahús og aðrar sjúkrastofnanir (samt. 41)
Tengsl stofnunar við ráðuneyti
Héraðsmörk
SH 1989

SKIPURIT HEILBRIGÐISMÁLA SAMKVÆMT LÖGUM UM NÝJA VERKASKIPTINGU +TILLÖGU



Nú þegar ríkið hefur fengið heilbrigðismálin í sínar hendur að öllu leyti aukast verkefni við stjórn þeirra mála hjá ríkinu mjög mikið. Því er eðlilegast að stofnuð verði í hverju héraði sérstök skrifstofa heilbrigðismála til að taka við þessum verkefnum.

Fylgiskjal II.

Stefán Þórarinsson:

Breytt skipan um framkvæmd heilbrigðismála.

(Erindi flutt á aðalfundi Sambands sveitarfélaga
í Austurlandskjördæmi 25. ágúst 1989.)

Á síðasta Alþingi voru samþykkt lög um nýja verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þá urðu þær breytingar m.a. að ríkið tók alfarið að sér rekstur heilbrigðisþjónustunnar og yfirtekur einnig hlutverk sjúkrasamlaga. Þannig er rekstur heilbrigðisþjónustu nú á einni hendi bæði þjónusta utan og innan sjúkrahúsanna. Þetta kann að leiða til framfara á sviði samræmingar, bættrar verkaskiptingar þjónustunnar og aukinnar hagkvæmni í rekstri hennar.

Með gamla fyrirkomulaginu sáu sveitarfélög um rekstur heilsugæslunnar, en ríkið lagði til lækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæður. Þá lögðu sveitarfélögin fram 11–15% af rekstrarkostnaði sjúkrasamlaga.

Við þær breytingar, sem nú hafa orðið, hefur verið létt fjárhagsbyrðum af sveitarstjórnum hvað heilbrigðismál áhrærir, en um leið minnka áhrif þeirra á rekstur þjónustunnar. Á ári kostar heilsugæslan um 500 millj. kr., sérfræðingar 1.000 millj. kr., lyf 2.000 millj. kr. og sjúkrahúsin 14.000 millj. kr.

Lögin um hina nýju verkaskiptingu voru samþykkt á síðustu dögum þingsins og eiga þessar breytingar að taka gildi um næstu áramót. Það er því skammur tími til stefnu og mikil vinna fram undan í ráðuneytinu við að hrinda breytingunum í framkvæmd. Einnig mun koma til kasta Alþingis að samþykkja lagabreytingar sem óhjákvæmilegar eru t.d. á lögum um heilbrigðisþjónustu.

Þær breytingar, sem nú eru að verða, fela m.a. í sér að öllu starfsfólki heilsugæslustöðva, sem ráðið var af sveitarfélögum og stjórnum þeirra, verður sagt upp og það endurráðið af fjármálaráðuneytinu og færist inn á launaskrá Launaskrifstofu ríkisins.

Stjórnir stöðvanna og líklega sjúkrahúsanna breytast þannig að starfsmenn missa einn mann úr stjórn, en í staðinn kemur maður skipaður af ráðherra og skal hann vera formaður. Sveitarstjórnir velja áfram þrjá menn og starfsmennirnir tilnefna einn mann. Sveitarfélög eiga eftir sem áður að leggja til 15% af stofnkostnaði við byggingu og búnað sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva en ríkissjóður 85%. Sveitarfélög skulu leggja til lóðir og fella niður gatnagerðargjöld við slíkar framkvæmdir. Búast má við frekari breytingum, svo sem á flokkun sjúkrahúsa og breytingum á heilsugæsluhverfum eða umdæmum. Breytingar á sjúkrahúsum eiga ekki að snerta Austurland.

Þegar svona veigamiklar breytingar eiga sér stað á verkaskiptingu og verkefni færast yfir á herðar ríkisins er alltaf hætta á því að störf og forræði færist úr kjördæminu og til ríkisins. Ef svo á ekki að verða og við Austfirðingar viljum fá fleiri störf á sviði heil-

brigðisþjónustunnar inn í fjórðunginn verður að marka stefnu í þá átt.

Á undanförnum árum hafa orðið til hlutfallslega mun færri störf í heilbrigðisþjónustunni úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu. Aðgerðum fækkar á litlum sjúkrahúsum en fjölgar á stóru sjúkrahúsunum og á stofum sérfræðinga úti í bæ. Heilbrigðisþjónustan, sem lýtur að landsbyggðinni, er í vaxandi mæli að færast suður til Reykjavíkur.

Ríkisendurskoðun hefur látið í ljósi að sameina þurfi bókhald sjúkrahúsa og heilbrigðisþjónustunnar svo að eftirlit og aðhald verði betra og hagkvæmni aukist. Tilhneigingar gætir á öllum sviðum í þá átt að þjappa saman verkefnum og völdum á einn stað. Sjónarmið samþjöppunar og hagkvæmni stærðarinnar stangast á við sjónarmið valddreifingar og sjónarmið sjálfstæðis byggðarlaganna úti um land, að ekki sé talað um aukin verkefni úti á landi.

Yfirstjórn heilbrigðismála hér í fjórðungnum er mjög veikburða. Hér er héraðslæknir fyrir fjórðunginn, þ.e. umboðsmaður heilbrigðisstjórnarinnar. Það embætti hefur ekkert stöðugildi og er lagt ofan á fullt starf heilsugæslulæknis með tilheyrandi vöktum og óreglulegum vinnutíma. Hér er heilbrigðismálaráð sem á samkvæmt lögum að:

1. stjórna heilbrigðismálum í héraði í umboði yfirvalda,
2. gera tillögur og áætlanir um verkefni í héraði,
3. skipuleggja starf og rekstur.

Þessu ráði á áðurnefndur fristundahéraðslæknir að stjórna. Er skemmst frá því að segja að þetta ráð er varla starfhæft.

Á þeim tímamótum, sem heilbrigðisþjónustan stendur nú á, eru tveir valkostir: Annar að láta hlutina vera óbreytta og þá halda verkefnin áfram að færast frekar suður á bóginn eða að taka upp þá stefnu að gera heilbrigðismálaráðin virk í kjördæmunum og efla þannig stjórn heilbrigðisþjónustunnar sem þar er veitt og reyna að auka þjónustu innan fjórðungsins, t.d. á sviði sérfræðiþjónustu.

Skúli G. Johnsen borgarlæknir hefur lagt fram hugmyndir um stofnun umdæmisskrifstofu heilbrigðismála í hverju kjördæmi og m.a. kynnt þær fyrir stjórn SSA. Sýnir hann á myndrænan hátt hvernig þessir tveir valkostir eru. Annars vegar að allir þræðir liggi beint suður frá hverju sjúkrahúsi og hverri heilsugæslustöð á stjórnarskrifstofur í Reykjavík og hins vegar að í hverju kjördæmi sé skrifstofa sem hefur þessi mál með höndum fyrir fjórðunginn undir yfirstjórn ráðuneytis. Bendir hann á að svona umboðsskrifstofur séu þegar komnar hjá Vegagerðinni, Pósti og síma og hjá fræðsluskrifstofum o.s.frv.

Verkefni umboðsskrifstofu heilbrigðismála yrðu m.a. að framkvæma þau verkefni sem heilbrigðismálaráðum eru ætluð og ég hef áður nefnt, t.d. að aðstoða minni umdæmi í gerð áætlana fyrir fjárlög. Með því að tengja skrifstofuna Tryggingastofnun ríkisins mætti fela skrifstofunni verkefni á hennar vegum.

Núna er þjóðin að glíma við afleiðingar ofneyslu og ríkið er rekið með miklum halla. Það kann því að vera að bera í bakkafullan lækinn að koma fram með hugmyndir um aukinn tilkostnað innan heilbrigðisþjónustunnar. Á því geta þó verið aðrar hliðar og langar mig að lokum að nefna nokkur atriði til umhugsunar.

Í fyrsta lagi: Ef við ætlum að ná tökum á útgjaldaaukningu til heilbrigðismála verður að styrkja yfirstjórn hennar og minnka sjálfstýringu. Þetta mun gerast fyrr en seinna. Spurningin er: Gerist það bara hjá yfirstjórninni í Reykjavík eða verður verkefnum hennar að hluta dreift um landið.

Í öðru lagi vil ég nefna dæmi úr raunveruleikanum. Yfirlæknir slysavarðstofu Borgarspítalans sagði í blöðum í gær að vegna vaxandi verkefna slysavarðstofunnar við að sinna fólki af Suðurlandi og Suðurnesjum væri nær að leggja það fé sem ætlað er til

slysaþjónustu á Selfossi og í Keflavík til slysadeildarinnar. Á móti má segja að nær væri að leggja meira í þjónustuna á Selfossi og í Keflavík því að aukin sókn á slysavarðstofuna í Reykjavík gæti bent til þess að slysaþjónustan á Suðurlandi og á Suðurnesjum fengi ekki nóg til að sinna sínum verkefnum. Reynslan frá Garðabæ og Hafnarfirði sýnir að ferðum þaðan á slysadeildina fækkaði þegar heilsugæslustöðvarnar þar fóru að sinna slysum meira.

Í þriðja lagi: Á meðan offramboð er á sérfræðiþjónustu í Reykjavík er sérfræðiþjónustan of lítil úti á landi. Meðan verið er að reyna að minnka þenslu á þessu sviði heilbrigðisþjónustunnar getur reynst erfitt að fá að stofna til aukins kostnaðar sem óhjákvæmilega leiddi af aukinni sérfræðiþjónustu hér í þessum fjórðungi.

Lægri ferðakostnaður, minna vinnutap, minni óþægindi, álag og öryggisleysi þeirra íbúa, sem enn búa úti á landi, kemur ekki fram á rekstrarreikningum til jöfnunar kostnaðaraukanum. Það þarf að vera eitthvað afl til í fjórðungnum sem knýr á um svona breytingar ef þær ættu að eiga sér stað. Að taka afstöðu til þessara atriða sem ég hef rakið og fleiri álíka eru dæmi um heilbrigðispólitískar ákvarðanir sem taka þarf í ljósi þeirrar byggðastefnu sem menn aðhyllast.

Sveitarstjórnarmenn eru núna komnir nær hlutverki neytandans á sviði heilbrigðismála en áður var. Áhugi þeirra og alþingismanna landsbyggðarinnar mun hafa mikið að segja um það hver þróun verður innan heilbrigðisþjónustunnar á næstunni. Tregðan er mikil í þá veru að breyta engu og á hún víða rætur. Þegar við bætist sparnaðarþörf er hætt við að litlar breytingar verði aðrar en þær að ákvarðanatakan, þjónustan og verkefnin haldi áfram að sogast burtu úr kjördæmum landsins og til höfuðborgarinnar.

Sþ. 23. Tillaga til þingsályktunar [23. mál]

um læknisþjónustu á landsbyggðinni.

Flm.: Matthías Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ganga nú þegar svo frá hnútum að fullnægt sé læknisþjónustu í hinum dreifðu byggðum landsins í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur orðið æ erfiðara að manna ýmis læknishéruð í dreifbýli landsins. Má þar til nefna t.d. Þingeyri, Flateyri, Raufarhöfn, Þórshöfn, Vopnafjörð, Fáskrúðsfjörð og Djúpavog. Þetta veldur miklum áhyggjum því fólki sem býr við slíkt öryggisleysi. Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eiga allir þegnar þessa lands skýlausan rétt til að njóta bestu mögulegrar læknisþjónustu sem hægt er að veita hverju sinni.

Ýmsar lausnir eru á þessum vanda. Í fyrsta lagi að hækka laun þeirra lækna sem störfum gegna í áðurnefndum héruðum. Í öðru lagi að sameina læknishéruð. Í þriðja lagi mætti hugsa sér að breyta H1-stöðvunum í H2-stöðvar þannig að þar starfi minnst tveir læknar hverju sinni. Ljóst er þó að launahækkun þarf að koma til og er eðlilegt og sanngjarnt að miða við laun aðstoðarlækna á sjúkrahúsum sem gegna vaktastörfum.

Sþ. 24. Tillaga til þingsályktunar [24. mál]

um vegar- og brúargerð yfir Gilsfjörð.

Flm.: Matthías Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún hlutist til um að framkvæmdir við vegar-og brúargerð yfir Gilsfjörð hefjist af fullum krafti vorið 1992. Þegar verði hafist handa um að ljúka forhönnun þessara framkvæmda og í framhaldi af því að undirbúa útboð.

Við endurskoðun vegáætlunar á þessu þingi verði gert ráð fyrir þessum framkvæmdum og áhersla lögð á að þeim ljúki á þremur árum.

Greinargerð.

Íbúar í Austur-Barðastrandarsýslu hafa í mörg ár kvartað yfir lélegum vegi fyrir Gilsfjörð og sýnt mikinn áhuga á vegar- og brúargerð yfir Gilsfjörð. Tvær leiðir hafa verið kannaðar, sú fyrri að byggja veg og brú frá Kaldrana í Króksfjarðarnes, sem er 48 km vegalengd, eða frá Ólafsdal að Digramúla sem er 16,8 km vegalengd. Þessar vegalengdir eru miðaðar við Króksfjarðarnes í Reykhólahreppi og Neðri-Brunná í Saurbæjarhreppi. Vegurinn fyrir Gilsfjörð er hins vegar 24,9 km á milli fyrrnefndra staða.

Vegurinn fyrir Gilsfjörð er víðast hvar lélegur og þarf að endurbyggja hann og gera nýjar brýr, en þær sem fyrir eru eru sumar hverjar mjög lélegar. Engar meiri háttar endurbætur hafa verið gerðar á þessum vegi síðustu tvo áratugina. Vegurinn um Gilsfjörð er erfiður farartálmi, þar er snjóþungt að vetrum og skriðuföll og snjóflóð tíð. Það er því ljóst að þessi vegargerð yrði mjög kostnaðarsöm og dýrt að halda þessari leið opinni að vetri til. Vegurinn um Svínadal í Dalasýslu hefur tekið miklum framförum og þegar slitlag verður komið á þann veg allan verður vegurinn fyrir Gilsfjörð flöskuháls á milli Austur-Barðastrandarsýslu og Dalasýslu.

Það er ekkert álitamál að taka þarf þá ákvörðun að stytta vegalengdina á milli þessara byggðarlaga sem mest og því telur flutningsmaður þessarar tillögu vart annað koma til greina en veg og brú frá Kaldrana í Króksfjarðarnes og stytta á þann hátt veginn um 16,8 km.

Alþingi hefur veitt fé til rannsókna á vegi og brú um Gilsfjörð sem hér segir:

1985	. . .	0,3 millj. kr.
1986	. . .	1,0 millj. kr.
1987	. . .	1,0 millj. kr.
1988	. . .	2,0 millj. kr.
1989	. . .	3,2 millj. kr.
1990	. . .	5,0 millj. kr.

Þessi framlög eru á verðlagi hvers árs fyrir sig.

Flutningsmaður óskaði eftir upplýsingum frá vegamálastjóra um þessar rannsóknir og grófum hugmyndum um heildarkostnað þessara framkvæmda. Hann brást fljótt og vel við þessari beiðni og vann Jón Helgason yfirverkfræðingur þetta yfirlit sem birt er hér orðrétt:

„Fyrstu athuganir 1984–85 bentu til að bæði 1. og 2. leið gæfu jákvæða afkastavexti. Auk almennra athugana (landmælingar, umferð, námukönnun o.fl.) hefur síðan einkum

verið unnið við leið 1, enda þar mest að sækja í óbeinum hagnaði sem ekki gengur inn í arðsemisreikninga. Sjávarföll utan við Gilsfjörð eru einhver hin mestu sem þekkjast við landið. Gerðir hafa verið frumreikningar á vatnafari fjarðarins með tilliti til hugsanlegrar þrengingar í mynni hans. Ef tryggja ætti óbreytt ástand að mestu þarf 450–500 metra langa brú. Í frumáætlun um kostnað (1984) er gert ráð fyrir að heimild fáist til nokkurrar þrengingar og reiknað með 300 m langri brú. Heildarkostnaður er þá áætlaður um 660 millj. kr. (á verðlagi í júlí 1990).

Kostnaður við uppbyggingu núverandi vegar er á sama verðlagi áætlaður um 270 millj. kr. Mismunur fjárfestingar er þá 390 millj. kr. og sýna útreikningar um 1% arðsemi.

Þessar athuganir á valkostum í vegargerð um Gilsfjörð árið 1984 voru byggðar á mjög takmarkaðri vitneskju um aðstæður í firðinum. Markmið með þessari fyrstu athugun var hins vegar aðallega að meta stærðargráðu kostnaðar við vegargerð þessa og auðvelda mat á rannsóknarþörf vegna þessa leiðarvals.

Eins og áður sagði var athyglinni í byrjun beint að leið 1.

Fyrstu verkefnin, sem ganga þurfti í, var að framkvæma nauðsynlegar landmælingar til að kortleggja mætti a.m.k. ysta hluta fjarðarins og lauk því með kortagerð í júní 1987. Samhliða þessum mælingum voru gerðar sjávarfallamælingar í stuttan tíma til að byggja fyrstu vatnafarsreikninga á. Í ljós kom strax að sjávarföllin í firðinum voru mjög bjöguð. Vatnsborðshækkun á aðfalli er mjög hröð en á fjörunni fellur ekki alveg út miðað við eðlileg sjávarföll. Þetta eru þættir sem hafa óhagstæð áhrif á lengd brúaropa ef reyna á að halda vatnsborðssveiflunni óskertri. Stærðin á lóninu sem myndast innan við leið 1 er af svipaðri stærð og lónið verður stærst innan Borgarfjarðarbrúar (um það bil 27 km^2).

Byrjað var á botnrannsóknum í Gilsfirði sumarið 1988. Fjörðurinn var dýptarmældur og reyndist hann frekar grunnur. Síðan var hafist handa við að mæla dýpi á klöpp, vegna grundunar mannvirkja. Notaðar voru bæði hljóðhraðamælingar og endurvarpsmælingar til að staðsetja klöppina. Þessar mælingar gengu erfiðlega og ekki áfallalaust. Niðurstöður urðu nokkuð á annan veg en áætlað hafði verið eftir yfirlitsathugun á legu og halla klapparlaga á yfirborði. Líklega verður því að bæta eitthvað við þessar mælingar á seinni stigum hönnunar mannvirkja.

Á árunum 1987 og 1988 voru gerðar yfirlitsathuganir á líklegum námusvæðum fyrir grjótvörn, fyllingar og burðarlög. Þessum athugunum lauk með samráði við Náttúruverndarráð haustið 1988. Niðurstöður úr þessum athugunum verða að teljast vel viðunandi. Nokkrar viðbótarathuganir voru gerðar haustið 1989. Niðurstaðan er sú að Náttúruverndarráð hefur heimilað þessa vegagerð.

Sumarið 1988 gerði Líffræðistofnun Háskóla Íslands forkönnun á lífríki Gilsfjarðar sem lauk með skýrslu í febrúar 1989. Þar kemur fram að lífríki fjarðarins er frekar fábrotið. Hins vegar virðast fuglar notfæra sér það að fjaran er verulega seinna á ferðinni í Gilsfirði en nálægum fjörðum, þannig að þeir eru þar nokkuð á ferð.

Markverðust er þá nokkurra vikna dvöl rauðbrystings í firðinum á leið hans til Grænlands og dílaskarfsvarp í Eyjarbarni.

Líffræðistofnun gerði svo vorið 1990 sérstaka athugun á mikilvægi Gilsfjarðar fyrir rauðbrystingsstofninn. Mitt mat á þessum líffræðiskýrslum er að mjög vel komi til greina að loka firðinum að mestu.

Umferð, sem fer fyrir fjörðinn, er að meðaltali um 90 bílar á dag allt árið. Þetta er svipað umferðarmagn og er í botni Dýrafjarðar. Leið 1 í Gilsfirði býður upp á nokkra útfærslumöguleika en þeir felast aðallega í misstórum brúm, en einnig í staðsetningu þeirra. Skoða þarf möguleikana allt frá nánast lokun með yfirfalli upp í stóra brú (um 500

m). Vatnshraðinn í brúnum með tilheyrandi rofmætti er nokkuð mikill í öllum brúarvalkostum þar sem dýpi í brúaropi er mikið. Vatnshraði fer ekki að minnka fyrr en býrnar eru orðnar verulega stórar (500 m og lengri).

Orsakir fyrir þessu eru öðru fremur hin stóru sjávarföll sem eru innarlega í Breiðafirði ásamt hinni miklu bjögun sjávarfallasveiflunnar í Gilsfirðinum sjálfum.

Vinna við forhönnun á nokkrum valkostum í vegargerð yfir Gilsfjörð er að hefjast um þessar mundir og byggir hún á þeim upplýsingum og rannsóknum sem fram hafa farið.

Vinnuáætlun Vegagerðar ríkisins miðar nú að því að í upphafi næsta árs liggi fyrir tillaga um leiðaval í Gilsfirði. Þannig verður hægt að taka afstöðu til málsins við afgreiðslu vegáætlunar vorið 1991.

Nú er verið að vinna að forhönnun og skipulagi á því hvernig hægt er að loka firðinum. Þegar fjörðurinn er þrengdur eykst straumhraði mjög fljótlega og rof eykst. Á síðustu stigum lokunar þegar vatnsopið er orðið lítið er útfærsla þessa verkþáttar mjög dýr liður í kostnaði við litla brú á leið 1. Kostnaðarhugmyndir okkar á þessu stigi eru á bilinu 550–660 millj. kr. (verðlag í júlí 1990).“

Flutningsmaður vekur sérstaka athygli á því að samgöngur frá Austur-Barðastrandarsýslu fara að mestu fram á landi og þá um Gilsfjörð. Íbúarnir fá alla læknisþjónustu frá Heilsugæslustöðinni í Búðardal. Auk þess eru margvísleg önnur samskipti á milli þessara héraða, svo sem mjólkurflutningar og fjölmörg félagsleg samskipti.

Á mörgum undanförnum árum hafa íbúar Austur-Barðastrandarsýslu sótt fast á alþingismenn Vestfjarða og Vesturlands að þeir beiti sér fyrir framkvæmd þessa nauðsynlega verkefnis. Oftar en einu sinni hefur m.a. verið efnt til almennrar undirskriftasöfnunar meðal íbúa suðurhluta Vestfjarða og Dalasýslu.

Á sl. vetri var haldinn fundur með alþingismönnum þessara tveggja kjördæma og fulltrúum heimamanna sem þá knúðu á þingmenn um framkvæmdir í þessu mikilvæga samgöngumáli. Á þeim fundi kom skýrt fram að allir þingmenn vildu hraða framkvæmd þessari en töldu litlar líkur á að fjármagn fengist fyrr en vegar- og brúargerð yfir Dýrafjörð væri um það bil að ljúka. Nú er sú langþráða framkvæmd komin á fullt og vonir standa til að akvegasamband yfir Dýrafjörð verði veruleiki seint á næsta hausti, þó slitlag verði lagt sumarið 1992.

Það er því skoðun flutningsmanns að framlagning og afgreiðsla þessarar tillögu sé í fullu samræmi við þau fyrirheit sem þessu fólki hafa verið gefin.


Að dómi flutningsmanns þessarar tillögu kemur ekki til greina að skera niður framlög til vegamála og verður að gera kröfu til þess að niðurskurður tveggja síðustu ára verði bættur að fullu. Íbúar á landsbyggðinni koma ekki til með að sætta sig við annað.

Fylgiskjal.

Gilsfjörður.

Skoðaðar hafa verið eftirtaldar leiðir um Gilsfjörð (sjá meðfylgjandi kort). Uppgefnar vegalengdir eru frá Neðri-Brunná í Króksfjarðarnes.

	Lengd km	Stytting km
1. Kaldrani — Króksfjarðarnes	8,0	16,9
2. Ólafsdalur — Digrimúli	16,8	8,1
3. Núverandi vegur	24,9	0,0


60 Vestfjarðavegur
Litla-Brekka
Króksfjörður
Króksfjarðarnes
Gróustaðir
Garpsdalur
Garpsdalur
Múlafjall
Brekka
LEIÐ 3
Kleifar
Múli
Digrimúli
LEIÐ 1
GILSFJÖRÐUR
LEIÐ 2
Ólafsdals-
eyrar
Ólafsdalur
Kaldrani
Saurbær
Holt
Holtahyrna
Brunna
HVOLSFJALL
Leirur sem koma upp úr á
stórstraumsfjörum
Hvoll
60 Vestfjarðavegur
Neðri-Brekka

Sþ. 25. Fyrirspurn [25. mál]

til viðskiptaráðherra um bætta aðstöðu verslunarfyrirtækja í dreifbýli.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

1. Hvað hefur ríkisstjórnin gert til þess að efna það fyrirheit sitt að bæta aðstöðu verslunarfyrirtækja í dreifbýli?
2. Ef engin slík aðgerð hefur verið gerð, hverra úrbóta má þá vænta og hvenær?

Sþ. 26. Fyrirspurn [26. mál]

til samgönguráðherra um framkvæmd flugmálaáætlunar.

Frá Agli Jónssyni.

1. Hver er ástæða þess að eftirtöldum framkvæmdum í Austurlandskjördæmi hefur samkvæmt bréfi flugmálastjóra til fjárveitinganefndar ýmist verið frestað eða þær felldar niður árið 1990:

Egilsstaðir, ný flugbraut	30,0 millj. kr.
Vopnafjörður, tækjageymsla, flutningur . . .	4,8 millj. kr.
Bakkafjörður, lenging flugbrautar	5,5 millj. kr.
Fáskrúðsfjörður, flugbraut	7,9 millj. kr.
Borgarfjörður, öryggissvæði	3,4 millj. kr.
Samtals	51,6 millj. kr.

2. Hvar eru fengnar heimildir til að víkja frá flugmálaáætlun sem afgreidd var á Alþingi 4. maí sl., eins og að framan er greint?

Sþ. 27. Fyrirspurn [27. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um ný lög um almannatryggingar.

Frá Málmfríði Sigurðardóttur.

Hvenær má vænta þess að ný lög um almannatryggingar verði lögð fram á Alþingi?

Ed. 28. Frumvarp til laga [28. mál]

um mannanöfn.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

I. KAFLI
Eiginnöfn.

1. gr.

Hverju barni skal gefa eiginnafn, eitt eða tvö.

Þeir sem fara með forsjá barns hafa bæði rétt og skyldu til að gefa því eiginnafn, eftir því sem greinir í lögum þessum.

2. gr.

Eiginnafn skal vera íslenskt eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Það má ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi. Eiginnafn má ekki heldur vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama. Hvorki má gefa stúlku karlmannsnafn né dreng kvenmannsnafn.

Óheimilt er að gefa barni ættarnafn sem eiginnafn nema hefð sé fyrir því nafni.

3. gr.

Mannanafnanefnd skv. 17. gr. semur skrá um þau eiginnöfn sem heimil teljast skv. 2. gr. og er hún nefnd mannanafnaskrá í lögum þessum. Hagstofa Íslands gefur skrá þessa út og sendir hana öllum sóknarprestum og forstöðumönnum skráðra trúfélaga. Skrána skal endurskoða eftir því sem þörf er á, en hún skal gefin út í heild ekki sjaldnar en á fimm ára fresti.

4. gr.

Barn getur öðlast nafn við skírn í Þjóðkirkjunni eða í skráðu trúfélagi eða með tilkynningu um nafngjöf til Hagstofu Íslands, Þjóðskrár, prests eða forstöðumanns skráðs trúfélags.

Skylt er að gefa barni nafn innan sex mánaða frá fæðingu þess.

5. gr.

Eigi að gefa barni nafn við skírn sem prestur Þjóðkirkjunnar, forstöðumaður eða prestur skráðs trúfélags á að annast skal forsjármaður þess skýra þeim, um leið og skírnar er óskað, frá nafni því eða nöfnum sem barnið á að hljóta. Sé nafn, sem barn á að hljóta, ekki á mannanafnaskrá skal prestur eða forstöðumaður trúfélags ekki samþykkja það að svo stöddu né veita umbeðna skírn heldur skal málinu skotið til mannanafnanefndar.

Hafi barn verið skírt skemmri skírn má, þegar skírn er lýst eða hún tilkynnt skv. 1. mgr. 4. gr., gefa barni nýtt nafn í stað þess sem því var áður gefið eða annað nafn til viðbótar áður gefnu nafni.

Berist Þjóðskrá tilkynning um eiginnafn, sem er ekki á mannanafnaskrá, skal það ekki skráð að svo stöddu heldur skal málinu skotið til mannanafnanefndar.

6. gr.

Mannanafnanefnd kveður upp úrskurði í þeim málum sem til hennar er vísað skv. 5. gr. Ef felldur er synjunarúrskurður skal forsjármaður barns velja því annað eiginnafn. Skal nafn þá ekki fært á þjóðskrá fyrr en barninu hefur verið gefið eiginnafn sem er á mannanafnaskrá eða mannanafnanefnd samþykkir, sbr. enn fremur ákvæði til bráðabirgða II.

7. gr.

Hafi barni verið gefið eitt nafn við skírn eða með tilkynningu skv. 1. mgr. 4. gr. er forsjármönnum þess heimilt að gefa því annað eiginnafn til viðbótar áður gefnu nafni. Þetta skal gert með tilkynningu til Þjóðskrár eigi síðar en sex mánuðum eftir að frestur til nafngjafar rann út, sbr. 2. mgr. 4. gr.

Hafi barni verið gefið eitt nafn eða tvö við skírn eða með tilkynningu skv. 1. mgr. 4. gr. er dómsmálaráðuneyti heimilt að leyfa að eiginnafni/nöfnum barnsins sé breytt, enda sé ósk borin fram um það af forsjármönnum barnsins eigi síðar en sex mánuðum eftir að frestur til nafngjafar rann út, sbr. 2. mgr. 4. gr.

Dómsmálaráðuneyti er heimilt að leyfa manni nafnbreytingu ef telja verður að nafn hans sé honum til ama eða aðrar gildar ástæður mæli með því.

Sé barn ættleitt eftir að því var gefið nafn má í ættleiðingarbréfi gefa því nýtt eiginnafn í stað hins fyrra eða til viðbótar einu nafni sem það hefur áður hlotið. Sú ákvörðun skal jafnan háð samþykki barnsins sjálfs sé það orðið tólf ára.

Það er skilyrði viðbótarnafngjafar og nafnbreytingar skv. 1.–4. mgr. að hin nýju nöfn séu á mannanafnaskrá eða samþykkt af mannanafnanefnd. Nafnbreyting barns samkvæmt þessari grein er enn fremur háð því skilyrði að séu forsjármenn þess tveir undirriti þeir báðir beiðni um nafnbreytinguna.

8. gr.

Ákvæði 1. og 2. gr. taka ekki til barns, sem fætt er hér á landi, ef bæði faðir og móðir skilgetins barns eða móðir óskilgetins barns hafa erlent ríkisfang.

Sé annað foreldri barns erlendur ríkisborgari eða hafi verið það er heimilt að barninu sé gefið erlent nafn sem hið síðara af tveimur eiginnöfnum. Heimild þessi er háð þeim skilyrðum að fyrra eiginnafn barnsins fullnægi ákvæðum 2. gr. og að unnt sé að sýna fram á að hið erlenda nafn sé gjaldgengt eiginnafn í heimalandi hins erlenda foreldris þess.

II. KAFLI
Kenninöfn.

9. gr.

Hver maður, sem hefur ekki ættarnafn, sbr. 2. mgr., skal kenna sig til föður eða móður þannig að á eftir eiginnafni eða eiginnöfnum komi nafn föður eða móður í eignarfalli, að viðbættu orðinu son ef karlmaður er, en dóttir ef kvenmaður er.

Íslenskir ríkisborgarar, sem samkvæmt þjóðskrá bera ættarnöfn við gildistöku þessara laga, mega bera þau áfram. Sama gildir um niðja þeirra hvort heldur er í karllegg eða kvenlegg.

Ekki er manni heimilt að bera fleiri en eitt kenninafn, sbr. þó 2. mgr.

Óheimilt er að taka upp nýtt ættarnafn hér á landi.

10. gr.

Erlend kona, sem giftist Íslendingi er ekki hefur ættarnafn, má kenna sig til föður eða móður eiginmanns síns á sama hátt og hann og hún má halda því áfram eftir að hún öðlast íslenskt ríkisfang. Ekki tekur þetta til niðja slíkra hjóna.

Hafi íslensk kona gift Íslendingi tekið upp föðurnafn hans sem kenninafn við búsetu erlendis er henni skylt að leggja það niður við flutning til landsins, sbr. 1. mgr. 9. gr. Sama gildir um börn slíkra hjóna.

Gift kona, sem við gildistöku þessara laga er kennd til föður eða móður eiginmanns síns á þjóðskrá, má gera það áfram.

11. gr.

Barn erlends manns og íslenskrar konu má bera ættarnafn föður síns, kenna sig til móður sinnar eða hafa ættarnafn hennar ef til er. Þá er og heimilt, að fengnu samþykki mannanafnanefndar, að barnið beri íslenskt kenninafn sem lagað er að hinu erlenda eiginnafni föðurins.

12. gr.

Ófeðrað barn skal kennt til móður sinnar, móðurafa síns eða fá ættarnafn móður sinnar ef til er. Gangi móðir barnsins í hjónaband má kenna barnið til stjúpföður síns.

Heimilt er með leyfi dómsmálaráðuneytis að feðrað barn sé kennt til stjúpföður síns. Leitað skal umsagnar kynföður barnsins ef unnt er áður en ákvörðun er tekin um slíkt leyfi.

Þegar barn er ættleitt skal það kennt til kjörforeldris nema kjörforeldri óski eftir því að barnið haldi fyrra kenninafni sínu.

Ákvörðun samkvæmt þessari grein skal jafnan háð samþykki stjúpföður, svo og barnsins sjálfs sé það orðið tólf ára.

13. gr.

Eiginkonu eða eiginmanni er heimilt að bera ættarnafn maka síns meðan hjúskapur stendur og eftir að honum lýkur. Þó getur maður krafist þess að dómsmálaráðuneyti úrskurði að fyrri maka sé óheimilt að bera ættarnafn hans eftir að hann eða hún gengur í annan hjúskap. Sé viðkomandi maður látinn hefur eftirlifandi maki hans sama rétt til að gera þess háttar kröfu. Krafa skal gerð innan sex mánaða frá því að hlutaðeigandi gekk í hjúskap. Dómsmálaráðuneyti reisir úrskurð sinn á því hvort þyngra sé á metum, hagsmunir fyrri maka af því að halda nafni eða þau rök sem fram eru flutt fyrir því að hann hætti að bera fyrra nafn.

14. gr.

Ekki er manni skylt að bera ættarnafn þótt hann hafi rétt til þess. Maður getur fellt niður ættarnafn sem hann hefur borið og kennt sig svo sem segir í 9., 11. og 12. gr., sbr. og 21. gr. Eins getur maður, sem hefur ekki borið ættarnafn en hefur rétt til þess, tekið það upp. Þó er manni óheimilt að gera slíkar breytingar oftar en einu sinni eftir að hann nær sextán ára aldri nema með leyfi dómsmálaráðuneytis, enda mæli sérstakar ástæður með henni. Þessi takmörkun tekur ekki til réttar maka til breytingar kenninafns skv. 2. og 3. mgr.

Þegar maður gengur í hjúskap er honum frjálst að bera áfram það kenninafn sem hann hafði þá, sbr. þó 13. gr., eða taka upp ættarnafn maka síns en óheimilt að bera bæði kenninöfnin.

Hafi maður tekið ættarnafn maka síns, er honum frjálst að taka upp að nýju upprunalegt kenninafn sitt þegar hjúskap er lokið. Í öðrum tilvikum er manni, sem hefur eitt sinn hætt að bera ættarnafn, ekki heimilt að taka það upp aftur.

15. gr.

Nú fær maður, er heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans fimmtán ára og yngri, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 100/1952, taka upp íslenskt eiginnafn, sbr. þó 2. mgr. 8. gr., og kenninafn sem samþykkt er af mannanafnanefnd. Börnum hans sextán ára og eldri er þetta einnig heimilt. Maðurinn skal sjálfur taka sér íslenskt eiginnafn ásamt nafni sem hann ber fyrir er börn hans taka sem kenninafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta eiginnafni sínu og/eða ættarnafni eftir ákvæðum þessara laga. Slík nafnbreyting skal ákveðin samtímis því að dómsmálaráðuneyti gefur út bréf um að hlutaðeigandur öðlist íslenskt ríkisfang. Barni, sem fæðist eftir að foreldri þess hefur fengið íslenskt

ríkisfang með lögum, skal gefið íslenskt eiginnafn, sbr. þó 2. mgr. 8. gr., og það skal fá íslenskt kenninafn.

Ákvæði 1. mgr. taka á hliðstæðan hátt til útlendinga sem fá íslenskt ríkisfang skv. 2.–4. gr. laga nr. 100/1952.

16. gr.

Dómsmálaráðuneyti er heimilt að leyfa manni breytingu á kenninafni aðra en þá sem um getur í lögum þessum ef telja verður að kenninafn hans sé honum til ama eða aðrar gildar ástæður mæli með því.

III. KAFLI
Mannanafnanefnd.

17. gr.

Dómsmálaráðherra skipar mannanafnanefnd til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Skulu tveir nefndarmenn skipaðir eftir tilnefningu heimspekideildar Háskóla Íslands en einn eftir tilnefningu lagadeildar Háskóla Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

18. gr.

Mannanafnanefnd hefur eftirtalin verkefni samkvæmt lögum þessum:

1. Að semja skrá um eiginnöfn sem heimil teljast, sbr. 3. gr.
2. Að vera prestum, forstöðumönnum skráðra trúfélaga, Hagstofunni, dómsmálaráðuneyti og forsjármönnum barna til ráðuneytis um nafngjafir og skera úr álita- og ágreiningsefnum um nöfn, sbr. 2., 5., 6., 7. og 15. gr.
3. Að skera úr öðrum álita- eða ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um nafngjafir, nafnritun og fleira þess háttar.

Úrskurðir mannanafnanefndar eru fullnaðarúrskurðir. Nefndin skal árlega birta niðurstöður úrskurða sinna.

IV. KAFLI
Skráning og notkun nafna.

19. gr.

Breyting á eiginnafni eða kenninafni samkvæmt lögum þessum tekur ekki gildi fyrr en hún hefur verið færð á þjóðskrá.

Við skráningu kenninafns barns á þjóðskrá skal fara eftir ákvæðum 1. mgr. 9. gr. þessara laga nema fram sé tekið í tilkynningu til Þjóðskrár að barnið skuli bera ættarnafn, sbr. 2. mgr. 9. gr.

Maður, sem við giftingu óskar að taka upp ættarnafn maka síns eða annað kenninafn sem hann á rétt á, skal tilkynna það vígslumanni og færir hann þau tilmæli á hjónavígsluskýrslu til Þjóðskrár.

20. gr.

Fullt nafn manns er eiginnafn hans eða eiginnöfn að viðbættu kenninafni.

Á öllum opinberum skrám og öðrum opinberum gögnum skulu nöfn manna rituð eins og þau eru skráð á þjóðskrá á hverjum tíma.

Í skiptum við opinbera aðila, við samningsgerð, skriflega og munnlega, svo og í öllum lögskiptum skulu menn tjá nafn sitt eins og það er ritað á þjóðskrá á hverjum tíma.

21. gr.

Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, getur heimilað að ritun nafns á þjóðskrá sé breytt án þess að um sé að ræða eiginlega nafnbreytingu. Slík breyting á nafnritun skal fara eftir reglum sem Hagstofan setur að höfðu samráði við mannanafnanefnd. Hver maður getur aðeins fengið slíka breytingu gerða einu sinni nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

22. gr.

Geti maður fært sönnur að því að annar maður noti nafn hans eða nafn sem líkist því svo mjög að villu geti valdið getur hann krafist þess í dómsmáli að hinn sé skyldaður til að láta af notkun nafnsins.

23. gr.

Nú er barni ekki gefið nafn innan þess tíma sem um getur í 2. mgr. 4. gr. og skal Þjóðskrá þá tilkynna það dómsmálaráðherra. Heimilt er ráðherra, að undangenginni skriflegri áskorun, að leggja dagsektir á forsjármann/forsjármenn barns og falla þær á þar til barni er gefið nafn. Dagsektir renna í ríkissjóð og má gera aðför til fullnustu þeirra.

Að öðru leyti varða brot gegn lögum þessum sektum nema þyngri viðurlög liggi við eftir öðrum lögum.

24. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd þessara laga.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru sex mánuðir frá birtingu þeirra.

Jafnframt falla þá úr gildi lög um mannanöfn, nr. 54 27. júní 1925, svo og 67. gr. laga nr. 10/1983.

Dómsmálaráðherra skal þegar eftir birtingu laga þessara gera ráðstafanir til að kynna almenningi efni þeirra.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Dómsmálaráðherra skal svo fljótt sem við verður komið eftir birtingu laga þessara skipa mannanafnanefnd og skal nefndin þá þegar hefjast handa við að undirbúa starfsemi sína og framkvæmd laganna.

II.

Þar til mannanafnaskrá skv. 3. gr. hefur verið gefin út skulu prestar, forstöðumenn skráðra trúfélaga og Hagstofa Íslands skjóta öllum nafngjöfum, sem vafi er á að samrýmist ákvæðum 2. gr., til úrskurðar mannanafnanefndar, sbr. 6. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram sem stjórnarfrumvarp á 112. löggjafarþingi en varð eigi útrætt. Frumvarpinu fylgdu eftirfarandi athugasemdir.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem menntamálaráðherra skipaði 2. október 1989. Í nefndinni áttu sæti dr. Guðrún Kvaran orðabókarritstjóri, formaður, dr. Ármann Snævarr,

fyrrverandi hæstaréttardómari, Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri og Svavar Sigmundsson dósent. Með nefndinni hefur starfað Skúli Guðmundsson, skrifstofustjóri Þjóðskrár. Áður hafði fyrrverandi menntamálaráðherra falið þeim Ármanni Snævarr og Hallgrími Snorrasyni að endurskoða gildandi mannanafnalög en því verki var ekki lokið.

Í skipunarbréfi var nefndinni falið að endurskoða frumvarp til laga um mannanöfn sem lagt var fram á Alþingi sem stjórnarfrumvarp á 91. og 92. löggjafarþingi árið 1971 og vísað var til ríkisstjórnar í síðara skiptið. Auk þessa var í skipunarbréfinu vísað til ályktunar kirkjuþings 1986 um að ráðherra beiti sér fyrir endurskoðun á lögum um mannanöfn.

Við starf sitt hefur nefndin stuðst mest við fyrrgreint stjórnarfrumvarp frá árinu 1971, svo og ýmsar aðrar tillögur og hugmyndir, sem fram hafa komið undanfarin ár, um breytingar á gildandi lögum um mannanöfn frá árinu 1925. Þá hefur nefndin litið til reynslu starfsmanna Þjóðskrár og dómsmálaráðuneytis af nafngjöfum, nafnbreytingum og óskum um nafngjafir og skráningu nafna. Loks hefur nefndin kynnt sér nýlegar breytingar á löggjöf um mannanöfn annars staðar á Norðurlöndum.

Frumvarpið 1971.

Stjórnarfrumvarp það til laga um mannanöfn, sem lagt var fram á Alþingi á árinu 1971, var samið af nefnd sem menntamálaráðherra skipaði árið 1967. Nefndina skipuðu Klemens Tryggvason hagstofustjóri, formaður, prófessorarnir Ármann Snævarr, Einar Bjarnason og Halldór Halldórsson og Matthías Johannessen ritstjóri. Frumvarp þetta var hið vandaðasta. Því fylgdi ítarleg greinargerð og athugasemdir við einstakar greinar auk fjögurra fylgiskjala. Fskj. I bar yfirskriftina Sögulegt yfirlit, en í því fjallaði Halldór Halldórsson prófessor um þróun nafnaforðans, tvínefni og ættarnöfn og Ármann Snævarr prófessor um löggjöf um mannanöfn hér á landi. Í fskj. II var gerð grein fyrir þróun nafnréttar í grannlöndunum og í fskj. III gerð grein fyrir athugun Hagstofunnar á skírnaraldri barna. Fskj. IV hafði loks að geyma greinargerð hagstofustjóra um hlutverk og starfsreglur Þjóðskrár í sambandi við skráningu mannanafna. Þrjú síðastnefndu fylgiskjölin eru nú röskum tuttugu árum eftir að þau voru samin fyrst og fremst heimildir um grundvöll frumvarpsins og einstaka hluta þess á sínum tíma. Sögulega yfirlitið er hins vegar í fullu gildi enn og má vísa sérstaklega til þess fyrir þá sem vilja fræðast meira um sögu mannanafna og löggjafar um þau, sjá Alþingistíðindi 1970–1971, þskj. 34, bls. 276–285.

Í almennum athugasemdum með frumvarpinu 1971 sagði m.a. að nefndin hefði reynt að gera það svo úr garði að íslensk mannanöfn gætu valdið því hlutverki sínu að vera til sem gleggstra auðkenna á mönnum. Þá hafi einnig verið haldið þeirri stefnu að stemma stigu við fleirnefnum en leyfa þó tvínefni og stuðla að því að íslensk mannanöfn væru í samræmi við íslenskt málkerfi og koma í veg fyrir að nöfn verði nafnbera til ama og óþæginda. Lagt væri til að barni skuli valið nafn innan hæfilegs tíma en um það skorti að mestu ákvæði í gildandi lögum. Þá sagði og að ljóst væri að mannanafnalög misstu marks nema tryggilegt eftirlit væri haft með því að nöfn væru valin í samræmi við slík lög. Talið var að með tilkomu Þjóðskrár hefðu fengist úrræði og stofnun sem álitlegt væri að virkja í þessu efni. Þannig var lagt til að nöfn gefin börnum fengjust ekki færð á þjóðskrá nema þau væru lögmæt. Jafnframt skyldi kenninafn barns vera í samræmi við þjóðskrá þannig að barn væri þar annaðhvort kennt til eiginnafns föður eða móður eða hefði ættarnafn þeirra.

Í frumvarpinu var lagt til að stofnuð yrði mannanafnanefnd til að semja skrá um heimil eiginnöfn og úrskurða í ágreiningsmálum um nafngiftir. Nefndin taldi að nafnaskrá sú, sem mannanafnanefnd skyldi semja, yrði óhjákvæmilegur bakhjarl fyrir alla þá sem ættu að framkvæma lögin og hún ætti að geta verið foreldrum til mikils liðsinnis við nafngjafir. Skráin girti á engan hátt fyrir það að önnur nöfn yrðu leyfð en þau sem á henni stæðu en slík nafngjöf yrði þá borin undir mannanafnanefnd.

Í frumvarpinu var hugtakið kenninafn látið taka jafnt til kenningar til eiginnafns föður eða móður í eignarfalli að viðbættu son eða dóttir og til ættarnafns. Í greinargerðinni sagði að nefndin hefði tekið til rækilegrar athugunar þær röksemdir sem uppi hefðu verið með og móti upptöku ættarnafna. Um þetta sagði nefndin m.a. orðrétt: „Í íslenzku þjóðfélagi tíðkast nú tvenns konar nafnakerfi, þ.e. hið forna nafnakerfi með kenningu til föður og svo ættarnafnakerfið. Lög nr. 54/1925 leyfðu tiltekin ættarnöfn, eins og fyrr er greint, þ.e. yfirleitt ættarnöfn sem upp voru tekin fyrir 1915, og vegna innflutnings manna með erlend ættarnöfn og vegna barneignar erlendra manna með íslenzkum konum, svo og sakir giftinga íslenzkra kvenna og erlendra manna, hefur bætzt við mikill fjöldi ættarnafna síðan lög nr. 54/1925 tóku gildi. Eftirlit með framkvæmd þeirra laga hefur verið næsta máttlítið. Alkunna er að þau ættarnöfn, sem tekin voru upp á tímabilinu 1915–1925 og hverfa áttu með þeim mönnum, er fengu leyfi til þeirra, og börnum þeirra, hafa haldizt áfram, án þess að stjórnvöld hafi gert neitt til að afstýra því. Liggur nærri að telja að niðjum þeirra manna hafi fyrir lagavenju unnizt réttur á nafni sínu á borð við aðra þá sem höfðu ættarnöfn fyrir 1915. Stórfelld upptaka nýrra ættarnafna átti sér stað frá því að mannanafnalög 1925 voru sett og þar til Þjóðskrá tók við almannaskráningu 1953–1954 án þess að við því væri amazt, þ.e. menn voru á þessu tímabili skráðir á manntal og á opinberar skrár með þeim nöfnum og ekkert var gert til að afstýra slíkri sjálftöku ættarnafna. Ekki er sýnilegt að almenningur hafi brugðizt öndverður gegn þessu eða krafizt þess með neinum þunga að lögin yrðu framkvæmd. Alþingi hefur ekki gert neinar ályktanir um efnið, svo að kunnugt sé, og á gildistíma laganna hafa nálega allir stjórnmálaflokkar landsins átt fulltrúa í ríkisstjórn, án þess að gera reka að máli þessu.

Telja verður að þúsundir manna á landi hér beri ættarnöfn, ýmist svo að þau helgist af ákvæðum laga nr. 54/1925, og er þar um minni hluta að ræða, eða svo, að nöfnin séu í andstöðu við lög nr. 54/1925. Um þessi nöfn er þriggja kosta völ: 1. að framfylgja banni laga nr. 54/1925 og óheimila hlutaðeigendum að bera nöfn sín og eftir atvikum sækja þá til refsingar samkvæmt þeim lögum. Í því sambandi telur nefndin að þá ætti að breyta lögum nr. 54/1925 í það horf að óheimila öll ættarnöfn, enda fela lögin í sér slíka mismunun á þegnum landsins að ekki er viðhlítandi. 2. Að láta reka á reiðanum í þessu efni eins og gert hefur verið lengstum. 3. Að endurskoða lögin og leita úrræða, sem hald er í, til að koma þessum málum í bærilegt horf."

Nefndin var á einu máli um að fyrsti kosturinn væri gersamlega óframkvæmanlegur, enda kynnu sum ættarnöfn að hafa unnið sér lagavernd fyrir lagavenju og tómlæti stjórnvalda. Annan kostinn taldi nefndin ósamboðinn íslensku þjóðfélagi. Nefndin aðhylltist því þriðja kostinn, þ.e. að endurskoða lögin, lögmæla ýmsar úrbætur og taka afstöðu til ættarnafnamálsins.

Í athugasemdum sagði enn fremur að frumvarpið væri á því reist að skylt væri að horfast raunsætt í augu við þann vanda sem steðjað hefði að íslensku nafnakerfi. Frumvarpið byggði og á tillitssemi við þá sem borið hefðu ættarnöfn átölulaust um langt skeið, enda teldu höfundar þess að nafn væri persónulegt málefni og varðaði tilfinningar manna og að fara bæri með aðgát að lagasetningu um slíkt persónu- og mannréttindasvið. Frumvarpið væri á því reist að farsælast væri, úr því sem komið væri, að tvenns konar nafnakerfi fengju að þróast. Í frumvarpinu var því lagt til að auk kenningar til eiginnafns föður eða móður yrðu ættarnöfn lögmæt. Var þá annars vegar gert ráð fyrir að ættarnöfn, sem íslenskir ríkisborgarar bæru við gildistöku laganna, mættu haldast. Hins vegar var lagt til að heimilt yrði með leyfi dómsmálaráðuneytis að taka upp ný ættarnöfn, enda væru þau íslensk og í samræmi við íslenskt málkerfi.

Afdrif frumvarpsins 1971.

Sem fyrr segir var frumvarp það frá 1971, sem núverandi mannanafnanefnd var falið að endurskoða, lagt fram á tveimur þingum, þ.e. 91. og 92. löggjafarþingi. Í fyrra skiptið dagaði

frumvarpið uppi, en á síðara þinginu var því vísað til ríkisstjórnarinnar að tillögu menntamálanefndar efri deildar. Í nefndaráliti og framsöguræðu fyrir því kom fram að menntamálanefnd teldi að nauðsynlegt væri að endurskoða tillögur frumvarpsins um ættarnöfn. Nefndin væri þeirrar skoðunar að það væri ekki raunsætt að ættarnöfnum manna væri útrýmt með lögum. Á hinn bóginn teldi hún að ekki væri ástæða til þess að leyft yrði að ný ættarnöfn yrðu tekin upp, en með því væru raunverulega opnaðar allar gáttir fyrir fjölgun ættarnafna. Menntamálanefnd væri þeirrar skoðunar að þeim sem þá bæru ættarnöfn ætti að vera leyfilegt að halda þeim, en ekki ætti að leyfa að ný ættarnöfn væru tekin upp. En áður en ákvarðanir yrðu teknar í þessu efni teldi nefndin æskilegt að rannsakað yrði hvort ættarnöfn hefðu verið að vinna á og hvort þeim hefði raunverulega verið að fjölga síðustu áratugina.

Í annan stað taldi menntamálanefnd þá tillögu frumvarpsins orka tvímælis að ættarnöfn gætu gengið í karllegg eingöngu. Hér væri um mismunun kynjanna að ræða og í frumvarpinu væru önnur ákvæði af sama tagi. Sú endurskoðun frumvarpsins, sem nefndin lagði til, skyldi miðuð við að karlar og konur nytu jafnra réttinda í hvívetna á vettvangi mannanafnalaga.

Í trausti þess að ríkisstjórnin legði fyrir næsta Alþingi endurskoðað frumvarp um mannanöfn lagði menntamálanefndin því til að frumvarpinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Var tillaga nefndarinnar samþykkt samhljóða. Frumvarpið var hins vegar hvorki endurskoðað né lagt fram að nýju.

Framvinda nafnamála frá 1971.

Staða nafnamála er nú að flestu leyti svipuð því sem var þegar frumvarpið frá 1971 var samið. Vart er hægt að segja að nafnalögunum frá 1925 hafi verið framfylgt með samræmdum og ákveðnum hætti. Af hálfu Þjóðskrár hefur verið reynt að gæta þess að nafngjafir væru í samræmi við gildandi lög og stemma stigu við upptöku ættarnafna. Margir prestar hafa og leitast við að framfylgja lögunum en aðrir hafa verið eftirgefanlegir, enda hefur skort aðhald í þessum efnum og tómlætis gætt í framkvæmd.

Í einu meginatriði má hins vegar telja að breyting hafi orðið á í nafnamálum og hún raunar gert illt verra í því stefnuleysi sem ríkjandi hefur verið. Er þá átt við stóraukin erlend áhrif á nöfn hér á landi. Hér kemur þrennt til að því er virðist. Í fyrsta lagi hafa áhrif erlendra tungumála og siða farið hríðvaxandi hér á landi á undanförnum árum. Í öðru lagi hefur orðið æ algengara að erlendir menn hafi flust til landsins, sest að og eignast hér börn. Í þriðja lagi hefur þeim Íslendingum, sem dveljast í útlöndum við nám eða störf, fjölgað að mun og er drjúgur hluti íslenskra barna fæddur og alinn upp í útlöndum og þeim gefin nöfn þar.

Þessi þróun hefur haft ýmis áhrif gagnstæð gildandi lögum og hefur reynst erfitt að stemma stigu við þeim. Hvað eiginnöfn snertir hefur þess gætt mjög að foreldrar, þegar annað er erlent en hitt íslenskt, vilji gefa börnum sínum erlend nöfn. Sérstaklega er algengt að börnum séu þá gefin tvö nöfn, annað íslenskt og hitt erlent. Jafnframt gætir vaxandi tilhneigingar til að slíkum börnum séu gefin alútlend nöfn eða nöfn sem ekki samrýmast íslensku málkerfi. Loks virðist það færast í aukana að börnum séu gefin þrjú nöfn eða fleiri og má ætla að það megi rekja til erlendra fyrirmynda.

Ekki ber síður á erlendum áhrifum í kenninöfnum. Hér má m.a. nefna að algengt er að börn erlendra karla, sem bera ættarnafn, og íslenskra kvenna séu kennd til föðurins, þ.e. beri ættarnafn hans. Við þetta hefur erlendum ættarnöfnum vafalaust fjölgað nokkuð hér á landi. Þá er ævinlega eitthvað um það að Íslendingar, sem búið hafa erlendis og flytjast heim, vilji halda áfram að kenna sig með sama hætti og þeir gerðu í útlöndum, þ.e. að eiginkona og börn séu kennd til föðurnafns eiginmanns/föður. Loks má nefna að það virðist færast í vöxt að menn vilji nota tvö kenninöfn. Tvöföld ættarnöfn eru mjög algeng annars staðar á Norðurlöndum og fer fjölgandi að því er talið er. Sérstaklega hefur það færst í vöxt, einkum í Danmörku og Finnlandi, að slík ættarnöfn séu tengd með bandstriki. Þessa hefur einnig orðið

vart hér þótt við því hafi verið reynt að sporna. I þessu efni gætir og áhrifa frá spænskumælandi þjóðum þar sem venja er að menn beri bæði ættarnafn föður og móður. Af hálfu spænskumælandi manna búsettra á Íslandi hafa komið fram óskir um að börn þeirra, sem eru fædd hér á landi og eiga íslenskan föður eða móður, beri tvö kenninöfn, annað íslenskt en hitt erlent.

Að öðru leyti en hér hefur verið rakið verður ekki séð að ásókn í ættarnöfn hafi aukist. Alltaf er eitthvað um að menn vilji taka upp ættarnöfn en ekki er talið að undanfarin ár hafi þess gætt í meira mæli en áður var.

Helstu ákvæði þessa frumvarps.

Frumvarp þetta byggir að talsverðu leyti á frumvarpinu frá 1971 en í ýmsum greinum er þó vikið frá því í veigamiklum atriðum. Þar má sérstaklega nefna að ekki er gert ráð fyrir að heimilt verði að taka upp ný ættarnöfn. Á hinn bóginn er í þessu frumvarpi komið talsvert til móts við óskir um heimildir til notkunar ættarnafna á íslenskum börnum erlendra ríkisborgara sem búsettir eru hér á landi. Gert er ráð fyrir að ættarnöfn geti gengið jafnt í kvenlegg sem í karllegg og að menn geti kennt sig jafnt til föður eða móður. Þá skal tekið fram að í frumvarpinu er enn fremur lagt til að dómsmálaráðuneyti fari framvegis með mál sem snerta mannanöfn, en ekki menntamálaráðuneyti, eins og nú háttar. Frumvarp þetta er styttra en frumvarpið frá 1971 og stafar það einkum af færri ákvæðum um ættarnöfn en í fyrra frumvarpi og af því að ekki þykir nauðsynlegt að hafa ítarleg ákvæði í lögum um skráningu nafna á þjóðskrá enda er nú komin fastari skipan á þau mál en þegar fyrra frumvarp var samið.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu tillögum frumvarpsins.

I. kafli frumvarpsins fjallar um *eiginnöfn*. Þar er í upphafi haldið þeirri meginstefnu, sem fram kemur í gildandi lögum og einnig er í frumvarpinu frá 1971, að barni skuli gefið eitt eiginnafn eða tvö. Nafnið skal vera íslenskt, hafa unnið sér hefð í málinu og falla að íslensku málkerfi. Kveðið er á um skyldu til nafngjafar og mælt fyrir um að gefa skuli barni nafn innan hálfs árs frá fæðingu. Þá eru ákvæði um nafngjafir við skírn eða með tilkynningu til presta, forstöðumanna skráðra trúfélaga eða Þjóðskrár og um eftirlit þessara aðila með nafngjöfum. Þetta eftirlit byggist á þrennu fyrst og fremst, þ.e. á skrá um heimil nöfn sem mannanafnanefnd skal semja, á eftirliti presta, forstöðumanna skráðra trúfélaga og Þjóðskrár og málskoti til mannanafnanefndar í álitamálum um nafngjafir og loks á þeirri skyldu Þjóðskrár að taka ekki nafn til skráningar nema það sé á mannanafnaskrá eða samþykkt af mannanafnanefnd.

Í gildandi lögum eru fyrirmæli um útgáfu skrár um þau mannanöfn sem bönnuð eru. Slík skrá hefur aldrei verið gefin út og eðli málsins samkvæmt er vandséð að slík skrá verði nokkurn tímann samin svo raunhæft sé. Í þessu frumvarpi, eins og í frumvarpinu frá 1971, er kveðið á um að samin verði skrá um þau eiginnöfn sem heimil teljast. Er þessi skrá talin ein helsta undirstaða þess að unnt verði að framfylgja lögunum auk þess sem hún verði öllum almenningi til leiðbeiningar við nafngjafir. Er lagt til að prestar, forstöðumenn skráðra trúfélaga og starfsfólk Þjóðskrár skuli ekki samþykkja nöfn sem ekki eru á skránni, heldur skuli óskum um slíkar nafngjafir skotið til úrlausnar mannanafnanefndar. Skráin á því ekki að standa í vegi fyrir því að ný nöfn séu tekin upp auk þess sem hún hlýtur að breytast eftir því sem starfsemi mannanafnanefndar miðar.

Rétt er að nefna eitt álitamál sérstaklega í tengslum við ákvæði I. kafla um eiginnöfn. Sem fyrr segir er lagt til í 2. gr. að eiginnöfn skuli vera íslensk, hafa unnið sér hefð í málinu og falla að íslensku málkerfi. Í 8. gr. er þó gert ráð fyrir að þessar skorður gildi ekki um nöfn erlendra barna fæddra hér á landi, þ.e. ef foreldrar skilgetins barns eða móðir óskilgetins barns hafa erlent ríkisfang. Í sömu grein er enn fremur lagt til að ákvæði 2. gr. gildi ekki að fullu um íslensk börn ef annað foreldra er erlendur ríkisborgari eða hafi verið það. Samkvæmt þessari tillögu yrði heimilt að gefa börnum af slíkum blönduðum uppruna tvö nöfn, annað íslenskt en hitt erlent. Þegar hefur verið vikið að því að í tilvikum sem þessum eru óskir um

þess háttar nafngjafir mjög algengar. Enginn vafi er á að verði þær bannaðar munu lögin verða ákaflega erfið í framkvæmd. Hér er úr vöndu að ráða. Með því að veita til þess heimild í lögum að barni, sem á annað foreldrið íslenskt en hitt erlent, megi gefa erlent eiginnafn auk íslensks, er að nokkru grafið undan meginstefnu laganna. Auk þess verða réttindi slíkra foreldra til nafngjafa ríkari en réttindi alíslenskra foreldra og því kynni að mega halda því fram að í þessu fælist mismunun. Á móti vegur að það sýnist sanngjarnt að mörgu leyti að barn af blönduðum uppruna fái, auk íslensks eiginnafns, að bera annað nafn sem er gjaldgengt í heimalandi hins erlenda foreldris þess. Hér er yfirleitt um mikið tilfinningamál að ræða og takmörk laganna að þessu leyti eru oft túlkuð sem skerðing á persónulegum réttindum manna og kunna að varða við Mannréttindasáttmála Evrópu sem Ísland er aðili að. Að mati nefndarmanna vega þó þyngst þau rök að verði þessi heimild ekki veitt er hætt við að lögin verði óframkvæmanleg að þessu leyti. Þannig yrði sífellt reynt að sniðganga þau, t.d. með því að gefa börnum nöfn erlendis, en á því hefur nokkuð borið að undanförnu.

II. kafli frumvarpsins fjallar um *kenninöfn*. Á sama hátt og í frumvarpinu frá 1971 tekur hugtakið kenninafn í þessu frumvarpi til hvers konar kenningar samkvæmt lögunum, þ.e. er menn kenna sig til eiginnafns föður eða móður í eignarfalli að viðbættu son eða dóttir og til ættarnafns. Sem fyrr segir er gert ráð fyrir að menn geti kennt sig jafnt til föður eða móður og að jafnt sé heimilt að láta ættarnöfn ganga í kvenlegg sem karllegg. Hins vegar er lagt til að mönnum sé aðeins heimilt að bera eitt kenninafn. Í þessu sambandi skal bent á að svo virðist sem vaxandi tilhneigingar gæti til þess að menn vilji bera tvö kenninöfn. Dæmi um þetta er að konur, sem giftast mönnum er bera ættarnafn, óska stundum eftir því að taka upp ættarnafn eiginmannsins án þess að fella niður eigið kenninafn, hvort sem það er ættarnafn eða hefðbundið föður- eða móðurnafn. Nefndin er andvíg því að þetta verði heimilað, bæði vegna þess að hér er ekki um íslenska venju að ræða og vegna hins að með þessu sýnist hætta á að hér geti sótt í sama far og í nágrannalöndum og leitt til ásóknar í tvöföld eftirnöfn með bandstriki. Loks má geta þess að dæmi eru um að foreldrar vilji kenna börn sín til eiginnafna beggja og færa gjarnan fram jafnréttisrök í því sambandi. Þetta samrýmist hins vegar ekki íslenskri nafnvenju og þykir nefndinni nægja að menn geti valið um til hvors foreldranna barn sé kennt.

Tillögur frumvarpsins um ættarnöfn eru um sumt svipaðar tillögum frumvarpsins 1971 en um sumt ólíkar. Á sama hátt og í frumvarpinu frá 1971 er nú gert ráð fyrir að hér á landi haldist tvöfalt kerfi kenninafna, þ.e. hið gamla kerfi föður- og móðurnafna og kerfi ættarnafna. Ekki þykir raunhæft að leggja til að ættarnöfn, sem ekki teljast lögleg í skilningi laga nr. 54/1925, verði afnumin. Telja má að í því fælist í mörgum tilvikum veruleg skerðing á mannréttindum þar sem mörg slík ættarnöfn yrðu vafalaust talin hafa unnið sér hefð fyrir afskiptaleysi stjórnvalda. Því er gert ráð fyrir að þeir menn, sem nú bera ættarnöfn samkvæmt þjóðskrá, megi bera þau áfram og sama gildi um niðja þeirra hvort heldur er í karllegg eða kvenlegg.

Ólíkt því sem er í frumvarpinu frá 1971 er í þessu frumvarpi ekki gert ráð fyrir að heimilt verði að taka upp ný ættarnöfn. Hér gætir þeirrar skoðunar að æskilegt sé að varðveita hið gamla kenninafnakerfi og því sé ekki æskilegt að veita heimildir til upptöku nýrra ættarnafna. Þetta er og í samræmi við afgreiðslu Alþingis á frumvarpinu 1971. Einn nefndarmanna, Ármann Snævarr, tekur þó fram að hann hefði kosið að ganga lengra í þessum efnum og gera ráð fyrir að unnt væri að taka upp ný ættarnöfn með þeim hætti og þeirri gerð er greinir í II. kafla frumvarpsins 1971. Hann bendir í því sambandi á að ella fælist mismunun í því tvöfalda kerfi kenninafna sem gert er ráð fyrir í tillögum nefndarinnar. Að öðru leyti vísar hann til rækilegs rökstuðnings í greinargerð með frumvarpinu frá 1971.

Að einu leyti gengur þetta frumvarp nokkru lengra en hið fyrra hvað ættarnöfn snertir. Hér er um það að ræða að gert er ráð fyrir að barn erlends manns og íslenskrar konu megi bera

ættarnafn föður síns. Með þessu er í reynd opnað nokkuð fyrir notkun erlendra ættarnafna, a.m.k. miðað við það sem gert er ráð fyrir í gildandi lögum. Hins vegar felst í þessu viðurkenning á framkvæmd, þ.e. að ekki hefur verið talið unnt að standa gegn notkun ættarnafna af þessu tagi. Er m.a. talið vafasamt að bann við að börn erlends manns fái að bera ættarnafn hans fái staðist gagnvart Mannréttindasáttmála Evrópu. Í frumvarpinu er til mótvægis þessu ákvæði í 11. gr. einnig tekið fram að auk þess að kenna sig til ættarnafns föður megi barn erlends manns og íslenskrar konu kenna sig til móður sinnar eða hafa ættarnafn hennar ef til er. Þá er og heimilt samkvæmt sömu grein að barnið beri íslenskt kenninafn sem lagað er að hinu erlenda eiginnafni föðurins, enda hafi mannanafnanefnd samþykkt það.

Auk þess, sem hér hefur verið rakið, er gert ráð fyrir að manni sé ekki skylt að bera ættarnafn þótt hann hafi til þess rétt. Jafnframt er heimilað að menn felli niður ættarnöfn sem þeir hafa borið eða taki upp ættarnafn sem þeir hafa rétt til. Lagt er til að þó sé að öllu jöfnu einungis unnt að gera slíka nafnbreytingu einu sinni.

III. kafli fjallar um *mannanafnanefnd*, skipan hennar og verkefni. Hlutverk nefndarinnar samkvæmt frumvarpinu er mjög áþekkt því sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu frá 1971. Mannanafnanefnd er nefnd sérfræðinga samkvæmt frumvarpinu og er því lagt til að tveir nefndarmenn verði skipaðir eftir tilnefningu heimspekideildar Háskólans en einn eftir tilnefningu lagadeildar. Ætlast er til að mannanafnanefnd gegni í aðalatriðum þríþættu hlutverki, þ.e. að semja skrá um þau eiginnöfn sem heimil teljast samkvæmt lögunum, að fella úrskurði og vera til ráðuneytis um nafngjafir. Af þessu leiðir að nefndin verður að starfa með reglubundnum hætti allt árið um kring og hafa fastan skrifstofutíma þannig að jafnan megi leita til hennar með skömmum fyrirvara. Óhjákvæmilegt er að nefndin hafi starfsmann og er gert ráð fyrir að hún hafi á að skipa sérfræðingi í hálfu starfi. Ætla má að hlutverk starfsmannsins verði að annast samskipti við þá sem fara með framkvæmd laganna og við almenning og að undirbúa úrskurði nefndarinnar. Þá gæti hann einnig tekið þátt í samningu mannanafnaskrár, en það verkefni hlýtur þó að koma mest til kasta nefndarinnar. Í upphafi þarf mikið átak til að koma saman mannanafnaskránni, en jafnframt er sýnt að samning slíkrar skrár er stöðugt verkefni þar sem skráin verður sífellt í mótun og endurskoðun. Um skipan nefndarinnar, verkefni hennar og kostnað af starfsemi hennar er fjallað ítarlega í athugasemdum við 17. og 18. gr.

Í *IV. kafla* eru ýmis ákvæði um *skráningu og notkun nafna*. Þar er m.a. er kveðið á um gildistöku nafnbreytinga, um samræmi í skráningu nafna á þjóðskrá og nafnnotkun manna. Til þess er ætlast að í skiptum við opinbera aðila, í lögskiptum og við samningsgerð riti menn ævinlega nafn sitt eins og það er skráð á þjóðskrá. Flest ákvæði þessa kafla voru í frumvarpinu frá 1971 og um sum gilda hliðstæðar reglur í norrænum mannanafnalögum.

V. kafli frumvarpsins geymir ákvæði til að hindra misnotkun nafns annars manns, ákvæði um viðurlög, heimild til setningar reglugerðar, um gildistöku laganna og kynningu. Í ákvæðum þessa kafla felst m.a. að mál er snerta mannanöfn flytjast frá menntamálaráðherra til dómsmálaráðherra.

Loks eru í frumvarpinu *tvö ákvæði til bráðabirgða*. Hið fyrra lýtur að tafarlausri skipan mannanafnanefndar svo ekki verði dráttur á því að hún hefji störf. Hið síðara segir til um hvernig fara skuli með álitamál um nafngjafir þar til mannanafnaskrá hefur verið gefin út.

Breytingar á norrænni löggjöf um mannanöfn.

Með frumvarpinu frá 1971 var fylgiskjal um þróun nafnréttar í grannlöndunum. Þar var m.a. getið um nafnvenjur á Norðurlöndum frá fyrstu tíð og fram á sjöunda áratug þessarar

aldar. Röskum áratug fyrr hafði tekist samvinna milli Dana, Norðmanna og Svía um samningu laga um mannanöfn. Megintilgangur samvinnunnar var sá að reyna að setja heildarlöggjöf um mannanöfn í hverju landanna um sig og samræma lagaákvæði. Danir riðu á vaðið með setningu heildarlaga árið 1961 og Svíar fóru í kjölfarið 1963 en Norðmenn 1964. Þessi samræming tókst ekki að öllu leyti. Íslendingar og Finnar tóku ekki þátt í samstarfinu. Mannanafnalögin íslensku frá 1925 héldust óbreytt og Finnar héldu fast í tvenns konar löggjöf sína, annars vegar lög um ættarnöfn frá 1920, en hins vegar lög um eiginnöfn frá 1945. Rök Íslendinga gegn samstarfi við önnur ríki á Norðurlöndum voru þau að nafnvenjur og þróun á sviði mannanafna væri svo sérstæð hér á landi að takmörkuð hliðsjón yrði höfð af erlendum lögum.

Á áttunda og níunda áratugnum unnu Danir, Norðmenn og Svíar áfram að samræmingu mannanafnalöggjafar sinnar. Á þessu árabili beindust sjónir manna í norrænni lagasamvinnu mjög að jafnréttismálum kynja. Að lokum tókst að samræma lagaákvæði um jafnrétti kvenna og karla og skilgetinna og óskilgetinna barna til notkunar ættarnafna. Norðmenn urðu fyrstir til þessara breytinga árið 1979, Danir breyttu lögum sínum árið 1981 og Svíar 1982. Þá breyttu Finnar ættarnafnalögum sínum á hliðstæðan hátt árið 1985. Enn fremur hafa lög verið samræmd enn frekar á þessu sviði, t.d. hefur málsmeðferð fyrir stjórnsýsluhöfum verið einfölduð og tímatakmörk og aldursákvæði samræmd.

Áður en jafnrétti til notkunar ættarnafna náðist giltu t.d. þær reglur í Danmörku við hjúskaparstofnun að eiginkona fékk sjálfkrafa ættarnafn manns síns nema hún lýsti því yfir að hún vildi halda ættarnafni sínu. Eftir lagabreytinguna heldur hvort hjóna eigin ættarnafni. Óski þau að hafa sama ættarnafn getur annað hjóna tilkynnt yfirvöldum að það vilji taka upp ættarnafn hins. Hvað börn snertir giltu þær reglur að skilgetið barn fékk ættarnafn föður við fæðingu en óskilgetið barn ættarnafn móður. Eftir lagabreytinguna er ekki gerður munur á skilgetnum og óskilgetnum börnum. Ef foreldrar bera sama ættarnafn við fæðingu barns, fær barnið það ættarnafn, en beri foreldrar sitt ættarnafnið hvort geta þeir valið hvort nafnið barnið fær.

Íslendingar hafa öldum saman kennt sig til feðra sinna á annan hátt en nágrannar þeirra gera yfirleitt nú. Hvað ættarnöfn snertir gætir í gildandi lögum hér á landi misréttis kynja þar sem ekki er gert ráð fyrir að ættarnöfn geti gengið í kvenlegg. Í þessu frumvarpi er lagt til að ættarnöfn geti gengið jafnt í kvenlegg sem karllegg. Þetta er í samræmi við ábendingu Alþingis 1971 og breytingar á löggjöf annarra Norðurlandaþjóða auk þess sem þetta er sjálfsögð breyting til jafnréttis.

Við samningu þessa frumvarps hefur ekki verið tekið sérstaklega tillit til ættarnafnareglna annarra Norðurlandaþjóða enda ástæðulaust. Hins vegur hefur í mörgum greinum verið höfð hliðsjón af þeim breytingum sem orðið hafa á liðnum árum á norrænum mannanafnarétti.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er í samræmi við gildandi lög, sbr. upphaf 1. gr. laga nr. 54/1925, svo og lagaframkvæmd. Ákvæði 1. mgr. um að barni skuli gefa eitt eiginnafn eða tvö eru og í samræmi við íslenska venju. Á síðari árum hefur það færst nokkuð í vöxt að fólk vilji gefa börnum sínum fleiri en tvö eiginnöfn. Í flestum tilvikum er þá annað foreldranna erlent. Ekki þykir ástæða til að nafnvenjur, svo ólíkar þeim sem Íslendingar eiga að venjast, hafi áhrif á heimildir íslenskra laga um tölu eiginnafna.

Tekið skal fram að í frumvarpið hefur ekki verið tekin upp tillaga frumvarpsins frá 1971 um millinöfn. Í því frumvarpi var gert ráð fyrir að heimilt yrði að gefa börnum millinöfn sem komið gætu í stað eiginnafna. Nokkuð er um að börn séu skírð slíkum nöfnum og gætir þá oft

tilhneigingar til að gera þau að ættarnöfnum. Annars staðar á Norðurlöndum hafa slík nöfn oft orðið hluti ættarnafna þannig að bandstrik er notað til að tengja millinafn raunverulegu ættarnafni. Vegna hættu á að millinöfnum verði breytt í ættarnöfn þykir ekki rétt að gera sérstaklega ráð fyrir þeim í lögum. Um slík nöfn gilda því ákvæði I. kafla um eiginnöfn, þ.e. að notkun þeirra verður háð áliti mannanafnanefndar á því hvort þau geti talist eiginnöfn í skilningi 2. gr.

Um 2. gr.

Ákvæði 2. gr. eru að efni hin sömu og í 2. gr. frumvarpsins frá 1971.

Í 1. mgr. er haldið þeirri reglu gildandi laga, sbr. 1. og 4. gr. þeirra, að nafn skuli vera íslenskt. Á þessu kann að leika vafi og er þetta því skilgreint nánar með þeim hætti að nafn skuli hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Þá er áskilið að eiginnafn megi ekki fara í bág við íslenskt málkerfi. Mörg nöfn, sem eru algeng hér á landi, eru ekki íslensk að uppruna en hafa þó fyrir löngu unnið sér sess í íslensku. Á hinn bóginn kann svo að vera að nöfn hafi unnið sér hefð í málinu en brjóti gegn íslensku málkerfi, svo sem vegna orðmyndunar, hljóðkerfis eða beygingar.

Í 1. mgr. er enn fremur kveðið á um að eiginnafn megi ekki vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama. Nafn getur verið alls kostar íslenskt eða hefðbundið og fallið að málkerfinu en þó þannig að hæpið sé að nefna barn því. Ýmis dæmi eru um það að nöfn hafi verið börnum svo til ama að leitað hafi verið eftir nafnbreytingu. Í 7. gr. þessa frumvarps er veitt heimild til þessa. Á hinn bóginn er heppilegast að þessu sé gefinn gaumur þegar í upphafi og þykir því rétt að reynt sé að hindra óæskilegar nafngjafir með ákvæði síðasta málsliðar 1. mgr. Tekið skal fram að með óæskilegum nöfnum er m.a. átt við klaufaleg nöfn sem auðvelt er að afbaka og snúa út úr og ýmis heiti sem kunna að hafa verið notuð sem nöfn áður fyrr en hafa öðlast nýja og neikvæða merkingu í nútímamáli. Þá er enn fremur átt við gælunöfn en nokkuð hefur borið á að fólk vilji nefna börn gælunafni náins skyldmennis eða vinar. Dæmi um gælunöfn, sem menn hafa borið sem eiginnöfn, eru Gunna, Tóta, Laugi, Gaui o.fl. Þótt slík nafngjöf kunni að vera skiljanleg og beri vott um góðan hug til þeirra sem nefnt er eftir verður hún að teljast óæskileg og ýmis dæmi eru um að menn hafi liðið fyrir slík nöfn eftir að þeir hafa náð fullorðinsaldri. Ýmis vafatilvik geta vaknað í sambandi við það ákvæði sem hér um ræðir og því er gert ráð fyrir að hér geti komið til úrskurðar mannanafnanefndar. Nefndin þarf og að gæta þessa ákvæðis við samningu mannanafnaskrár skv. 3. gr. og hefur með henni bein áhrif í þessu efni.

Í 2. mgr. er sérstaklega tekið fram að óheimilt sé að gefa stúlku karlmannsnafn og dreng kvenmannsnafn. Raunar bryti það í bág við íslenskt nafnakerfi og væri því þegar óheimilt af þeim sökum. Ákvæðið er sett til öryggis og raunar ekki að ástæðulausu þar sem dæmi eru um að fólk hafi ekki alls kostar gætt þessa við nafngjafir.

Í 3. mgr. er kveðið á um að óheimilt sé að gefa barni ættarnafn sem eiginnafn nema hefð sé fyrir því nafni. Nokkur brögð hafa verið að þessu og þykir rétt að taka fyrir það. Margt kemur hér til, þó aðallega að ætla má að nafn af þessu tagi verði naumast eðlilegt eiginnafn. Þá getur og falist í þessu hætta á ruglingi auk þess sem með slíku kynni að vera gengið á rétt þeirra sem bera ættarnöfn. Þetta ákvæði er í samræmi við norræna nafnalöggjöf.

Um 3. gr.

Samkvæmt tillögum frumvarpsins gegnir mannanafnanefnd lykilhlutverki við framkvæmd mannanafnalaga. Til þess er ætlast að nefndin geri það með þrennum hætti, með samningu mannanafnaskrár, þ.e. skrár um eiginnöfn, sem teljast heimil í skilningi 2. gr., með úrskurðum í álita- og ágreiningsmálum um nöfn og með almennri ráðgjöf til almennings og þeirra sem falin er framkvæmd laganna.

Um skipun og verkefni mannanafnanefndar er kveðið á í 17. og 18. gr. en auk þess er í ýmsum greinum fjallað um einstök verkefni hennar. Í 3. gr. eru ´kvæði um eitt þriggja meginverkefna hennar, samningu mannanafnaskrár. Þessari skrá er fyrst og fremst ætlað að vera öllum almenningi til leiðbeiningar um val nafna, svo og bakhjarl þeirra, sem annast framkvæmd laganna og eftirlit mæðir mest á, þ.e. presta, forstöðumanna skráðra trúfélaga og starfsmanna Þjóðskrár. Þegar er að því vikið að slík skrá kemur aðeins að notum geymi hún þau eiginnöfn sem boðleg þykja en væri haldlítil ef hún geymdi einungis nöfn sem teljast óhæf. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að almenningur og þeir sem fara með framkvæmd laganna fái vitneskju um þau nöfn sem mannanafnanefnd kann að dæma óheimil. Því verður að gera ráð fyrir að nefndin birti með reglubundum hætti niðurstöður sínar í þessu efni eins og kveðið er á um í 18. gr.

Samning mannanafnaskrár skv. 3. gr. er vandaverk sem hlýtur að taka allnokkurn tíma og krefjast mikillar vinnu. Raunar er einsýnt að slík skrá verður seint fullsamin. Reikna má með að skráin komi út í áföngum þannig að í fyrstu verði lögð áhersla á að birta skrá um þau eiginnöfn sem ekki stendur styrr um, en skráin verði síðan aukin og endurbætt eftir því sem verki nefndarinnar miðar. Nafnaskrá þjóðskrár er vafalaust sú skrá sem mannanafnanefnd getur stuðst mest við í upphafi en ýmsar nafnaskrár koma og að góðu gagni við þetta verk sem og þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á mannanöfnum.

Í 3. gr. er lagt til að mannanafnanefnd semji mannanafnaskrá en Hagstofan gefi hana út og dreifi henni. Þetta þykir heppilegt þar sem Hagstofan hefur alla aðstöðu til að annast slíka útgáfu og hefur bein tengsl við presta og forstöðumenn skráðra trúfélaga sem hvað mest þurfa á skránni að halda. Þá hefur Hagstofan mikil samskipti við almenning vegna nafngjafa.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. 4. gr. eru almenn ákvæði um hvernig barn öðlast nafn, þ.e. við skírn eða með tilkynningu um nafngjöf.

Í 2. mgr. er kveðið á um að skylt sé að gefa barni nafn innan sex mánaða frá fæðingu þess. Hliðstæð ákvæði voru í frumvarpinu frá 1971. Þá eru einnig svipuð ákvæði í norrænni mannanafnalöggjöf. Ákvæði um tiltekna fresti til skírnar eða nafngjafar eru ekki ný í íslenskri löggjöf. Raunar eru engin slík ákvæði í gildandi lögum um mannanöfn. Í kirkjulöggjöf miðalda var mælt fyrir um að barn skyldi fært til skírnar svo fljótt sem verða mætti og ekki síðar en fimm dögum eftir fæðingu. Eftir siðaskiptin var þessi frestur lengdur í eina viku. Þetta hélst fram á síðustu öld er fresturinn var lengdur í átta vikur og síðar í tólf vikur með lögum nr. 4 1886.

Nokkur brögð eru jafnan að því að dregið sé úr hömlu að gefa börnum nafn. Af hálfu Þjóðskrár er reynt að fylgjast með þessu og benda forsjármönnum á skyldu þeirra í þessum efnum. Hér er hins vegar oft við ramman reip að draga enda eru engin bein ákvæði í gildandi lögum um hvenær fólk þurfi að hafa gefið barni nafn. Eðlilegt þykir að slík tímamörk séu tilskilin í lögum enda verða upphafsákvæði laganna um skyldu til nafngjafar ella naumast nægilega markviss.

Um 5. gr.

Í 5. gr. eru ákvæði um nafngjafir við skírn og með tilkynningu til Þjóðskrár. Í 1. mgr. er það gert að skyldu að forsjármaður barns, sem færa á til skírnar, greini þeim sem skírnina skal annast frá nafni því eða nöfnum sem hann hefur valið barninu. Í gildandi lögum eru engin ákvæði sem skylda presta til að leita vitneskju um það fyrir fram hvaða nafn barni hafi verið valið. Eins og nú háttar kemur iðulega fyrir að prestar eða forstöðumenn trúfélaga fá ekki vitneskju um fyrirhugað nafn barns fyrr en í þann mund sem skírnarathöfn skal hefjast. Þeir hafa því oft lítið ráðrúm til að kanna og ræða við forsjármenn barns um nafngjöfina. Þetta

gerir þeim að sama skapi erfitt um vik við að hafa áhrif á nafngjöf og sinna því hlutverki, sem þeim er ætlað með lögum, þ.e. að koma í veg fyrir að börnum séu gefin erlend, ankannaleg eða óæskileg nöfn. Ákvæðum 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. er ætlað að veita þeim nægilegt svigrúm í þessu efni. Þá er og kveðið á um að þeir skuli ekki samþykkja nafn eða nöfn sem forsjármenn hafi valið barni ef nafnið/nöfnin eru ekki á mannanafnaskrá. Í þeim tilvikum, er prestur eða forstöðumaður skráðs trúfélags samþykkir ekki nafn, geta forsjármenn vitaskuld valið barni annað nafn ef það er á mannanafnaskrá. Haldi þeir hins vegar fast við val sitt á nafni sem ekki er á skránni er kveðið á um að málinu skuli skotið til mannanafnanefndar.

Í 2. mgr. eru fyrirmæli um nafngjöf við skemmri skírn. Er þá yfirleitt skammur tími til stefnu til að velja barni nafn. Er því heimilað í þessari málsgrein að unnt sé að gefa barni nýtt nafn í stað þess sem áður var gefið eða annað nafn til viðbótar áður gefnu nafni.

Í 3. mgr. eru ákvæði um hvernig fara skuli með nafngjafir sem tilkynntar eru til Þjóðskrár ef nafn eða nöfn eru ekki á mannanafnaskrá. Skal þá nafn ekki skráð að svo stöddu heldur skal málinu skotið til mannanafnanefndar, sbr. ákvæði 1. mgr. Rétt er að benda á að hér getur verið um hvort tveggja að ræða tilkynningar sem Þjóðskrá berast beint frá almenningi og tilkynningar presta og forstöðumanna skráðra trúfélaga um nafngjöf við skírn. Í síðara tilvikinu felst að starfsfólk Þjóðskrár veiti þessum aðilum aðhald við samþykkt nafna, eins og raunar er leitast við nú þótt erfitt sé um vik vegna haldlítilla lagaákvæða og áratuga tómlætis um framkvæmd gildandi laga.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um úrskurði mannanafnanefndar í þeim álita- og ágreiningsmálum sem til hennar kann að vera vikið skv. 5. gr. Meginefni þessa ákvæðis er að kveði nefndin upp synjunarúrskurð sé forsjármanni skylt að velja barni annað nafn, sem sé á mannanafnaskrá eða nefndin samþykki, og skuli nafn barnsins ekki fært á þjóðskrá fyrr en þeirri skyldu hafi verið fullnægt. Benda má á að það felst í 6. gr. að mannanafnanefnd skuli kveða upp formlega úrskurði um þau ágreiningsmál sem hér um ræðir. Í 6. gr. er loks vísað til ákvæða til bráðabirgða um það hvernig að skuli fara ef upp koma álitamál um nafngjafir eftir að lögin hafa öðlast gildi en áður en nefndinni hefur gefist ráðrúm til að gefa út mannanafnaskrá. Er þar mælt fyrir um að álitamálum skuli skotið til mannanafnanefndar, sbr. 5. gr., og með þau farið skv. 6. gr.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er kveðið á um heimildir til breytingar eiginnafna. Í gildandi lögum eru nær engar heimildir til þessa. Í frumvarpinu frá 1971 var lagt til að dómsmálaráðuneyti yrði heimilt að leyfa manni nafnbreytingu ef það teldi nafn hans af einhverjum sérstökum ástæðum vera honum til ama. Við samningu þessa frumvarps hefur verið reynt að kanna hvaða þarfir eða óskir um nafnbreytingar hafi komið fram á undanförnum árum. Þá hefur og verið litið til nýlegra breytinga á nafnalögum annarra Norðurlandaþjóða. Þar hefur lögum verið breytt fyrir nokkru á þann hátt að veittar hafa verið víðtækar heimildir til nafnbreytinga. Leyfi til nafnbreytinga er ekki lengur háð heimild ráðuneytis heldur geta menn með einfaldri tilkynningu til skráningaryfirvalda breytt eiginnafni sínu einu sinni á ævinni. Leyfi til frekari breytinga er svo háð ákvörðun ráðuneytis. Frá því að þessar breytingar voru gerðar hafa heimildir til nafnbreytinga verið nýttar mjög mikið. Fyrsta árið, sem heimild þessi var í gildi í Noregi, breyttu yfir 30.000 manns eiginnöfnum sínum. Síðan hefur dregið úr ásókn í nafnbreytingar og eru þær nú 5.000–6.000 á ári. Í Danmörku eru nafnbreytingar enn fremur mjög tíðar. Má nefna t.d. að í tölvukerfi dönsku þjóðskrárinnar er ekki gert ráð fyrir að unnt sé að leita að tilteknum einstaklingi eftir nafni. Þetta er talið tilgangslaust af þjóðskráryfirvöldum þar sem nöfnum manna sé ekki lengur treystandi vegna sífelldra breytinga.

Nefndin er á einu máli um að ekki komi til álita að veita jafnvíðtækar heimildir til nafnbreytinga og gert hefur verið á Norðurlöndum. Í þessu sambandi verður ekki síst að hafa í huga að eiginnöfn hér á landi hafa mun meira gildi til auðkenningar en víðast hvar erlendis. Því er eðlilegt að meira aðhald sé haft að breytingum eiginnafna Íslendinga en annarra Norðurlandaþjóða.

Tillögum nefndarinnar um nafnbreytingar er ætlað að veita nokkru meiri heimildir í þessum efnum en verið hefur án þess þó að allar gáttir verði opnaðar. Í tillögunum er gerður greinarmunur á þrenns konar nafnbreytingum: a) breytingum á eiginnöfnum ungbarna en um þær álítur nefndin óhætt að gildi tiltölulega rúmar heimildir; b) breytingum á eiginnöfnum sem eru mönnum til ama eða aðrar sérstakar og gildar ástæður mæla með; c) breytingum á nöfnum barna í tengslum við ættleiðingu.

Tvær fyrstu málsgreinar 7. gr. lúta að breytingu á eiginnöfnum ungbarna. Gerður er greinarmunur á tveimur mismunandi tilvikum. Hið fyrra, sem um ræðir í 1. mgr., lýtur að því er barni hefur við skírn eða með tilkynningu verið gefið eitt nafn, en forsjármenn æskja þess síðan að gefa því annað nafn til viðbótar hinu fyrra. Er þá gert ráð fyrir að þetta megi gera með einfaldri tilkynningu til Þjóðskrár. Síðara tilvikið nær til þess er barni hefur verið gefið eitt nafn eða tvö sem forsjármenn vilja síðan breyta. Er þá talið eðlilegt þar sem um hreina nafnbreytingu er að ræða að hún sé borin undir dómsmálaráðuneyti. Hvað nafnbreytingar skv. 1. og 2. mgr. snertir er litið svo á að óhætt sé eðli málsins samkvæmt að veita rýmri heimildir þegar í hlut eiga ungbörn fremur en fullorðnir einstaklingar. Alltaf er nokkuð um það að óskir berist um þetta. Yfirleitt má þá rekja óánægju með upphaflega nafngjöf til fljótfærni eða til þunglyndis og jafnvægisbrests sem ekki er óalgengt að mæður séu haldnar fyrst eftir barnsburð. Mál af þessu tagi eru einatt blandin tilfinningum og virðist eðlilegt að úr þeim sé reynt að greiða þegar svo skammt er liðið frá nafngjöf að nafnbreyting ætti ekki að koma að sök. Í 1. og 2. mgr. eru heimildir til nafnbreytinga samkvæmt þessu takmarkaðar við það að eftir þeim sé leitað eigi síðar en sex mánuðum eftir að frestur til nafngjafar skv. 2. mgr. 4. gr. er útrunninn, þ.e. eigi síðar en ári eftir að barnið fæddist. Ekki þykir skynsamlegt að hafa þennan frest lengri enda eiga þær ástæður, sem liggja að baki ósk um nafnbreytingu, að geta verið komnar fram innan þessa tíma. Auk þess sem hér hefur verið sagt eru í 5. mgr. sett þau almennu skilyrði að hin nýju nöfn séu á mannanafnaskrá eða samþykkt af mannanafnanefnd. Jafnframt er þar og áskilið að séu forsjármenn barns tveir verði þeir báðir að undirrita beiðni um viðbót nafns skv. 1. mgr. og um nafnbreytingu skv. 2. mgr. Tekið skal fram að hafi öðru foreldra verið falin forsjá barns er gert ráð fyrir að við meðferð máls skv. 2. mgr. leiti dómsmálaráðuneyti umsagnar hins foreldrisins ef unnt er.

Í 3. mgr. er kveðið á um að dómsmálaráðuneyti sé heimilt að leyfa manni nafnbreytingu ef það telur nafn hans vera honum til ama eða af öðrum sérstökum og gildum ástæðum. Þótt það sé meginstefna þessa frumvarps að þeirri íslensku venju sé haldið að menn beri sama nafn alla ævi þykir engu að síður rétt að heimila undantekningu frá reglunni um nafnfestu í þeim tilvikum að nafn teljist vera manni til ama eða um sé að ræða sérstakar ástæður sem ríkar geta talist. Hér getur verið um ýmislegt að ræða. Einfaldasta dæmið er um nöfn sem eru svo klaufaleg að menn líða fyrir þau, t.d. sakir stríðni eða vegna þess að út úr þeim er snúið eða þau afbökuð. Þá kann að felast í eiginnöfnum tenging við aðila sem er nafnbera til ama, t.d. sakir óvináttu, eða ef sá sem nafnið er tekið eftir er þekktur brotamaður eða hefur illt orð á sér. Á yfirborðinu kunna ástæður sem þessar að sýnast léttvægar í ýmsum dæmum, en hafa verður í huga að hér gætir oft mikilla tilfinninga sem æskilegt getur verið að tekið sé tillit til. Ógerlegt er að setja nákvæmar reglur um þetta efni og verður því að leggja það á dómsmálaráðuneytið að meta hvert tilvik fyrir sig.

Í 4. mgr. 7. gr. er heimilað að barni, sem ættleitt er eftir að því hefur verið gefið nafn, sé í ættleiðingarbréfi valið nýtt nafn í stað hins fyrra eða til viðbótar einu nafni sem það ber áður.

Ákvæði af þessu tagi eru ekki í gildandi lögum en þykja nauðsynleg ekki síst vegna ættleiðinga erlendra barna, sbr. 3. mgr. 15. gr. ættleiðingarlaga. Þá er kveðið á um að eigi að breyta nafni barns við ættleiðingu skuli samþykkis þess jafnan leitað sé það orðið tólf ára.

Í 5. mgr. eru loks sett almenn skilyrði um nafnbreytingar, sem þegar er um rætt, þ.e. að nöfn, sem taka á upp, skuli fullnægja kröfum mannanafnanefndar og að beiðni um nafnbreytingu ungbarna skuli gerð af báðum forsjármönnum séu þeir tveir. Síðasttalda atriðið er nauðsynlegt þar sem óhjákvæmilegt er að báðir forsjármenn séu samþykkir nafnbreytingu.

Um 8. gr.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. eru sett til að taka af tvímæli um að ákvæði 1. og 2. gr. gildi ekki um nöfn barna, sem fædd eru hér á landi, ef báðir foreldrar skilgetins barns eða móðir óskilgetins barns eru erlendir ríkisborgarar.

Í 2. mgr. er svo kveðið á um heimild til þess að barni megi gefa erlent nafn ásamt íslensku eiginnafni ef annað foreldra þess er erlendur ríkisborgari eða hefur verið það. Er þá gert ráð fyrir að erlenda nafnið sé hið síðara af tveimur eiginnöfnum og að fyrra eiginnafnið sé íslenskt í skilningi 2. gr. Rétt þykir að heimild þessi gildi einungis um nöfn sem eru eðlileg eiginnöfn í heimalandi hins erlenda foreldris barnsins. Ljóst er að hér geta komið upp ýmis vafatilvik en þeim má þá skjóta til úrlausnar mannanafnanefndar. Nefndin á raunar að fjalla um íslensk nöfn en ætla má að nefndarmenn geti fengið liðsinni erlendra starfssystkina í tilvikum sem þessum. Að öðru leyti en hér hefur verið greint vísast til almennra athugasemda um II. kafla hér að framan.

Um 9. gr.

Hugtakið kenninafn kemur í fyrsta skipti fyrir í frumvarpi þessu í 9. gr. Eins og rakið er í almennri greinargerð tekur hugtak þetta til hvors tveggja, kenningar til föður eða móður og kenningar til ættar og notkunar ættarnafna.

Í 1. mgr. 9. gr. eru ákvæði um hvernig menn skuli kenna sig til föður eða móður og þarfnast þau ákvæði ekki nánari skýringar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ættarnöfn, sem íslenskir ríkisborgarar bera samkvæmt þjóðskrá við gildistöku laga þessara, megi haldast. Um þetta efni vísast almennt til greinargerðar um II. kafla hér að framan.

Um fleiri en eitt kenninafn eða tvöföld kenninöfn er fjallað í almennri greinargerð. Í 3. mgr. 9. gr. er kveðið á um að manni sé ekki heimilt að bera fleiri en eitt kenninafn. Þetta ákvæði snertir vitaskuld ekki þá sem þegar bera tvö kenninöfn samkvæmt þjóðskrá né niðja þeirra, sbr. ákvæði 2. mgr. þessarar greinar. Hér er ekki heldur tekið fyrir breytingar á kenninöfnum en um ýmis tilvik slíkra breytinga er kveðið á um í síðari greinum þessa kafla.

Í 4. mgr. 9. gr. er lagt bann við upptöku nýrra ættarnafna. Í þessu sambandi vísast til almennrar greinargerðar. Auk þess þarf við athugun þessa ákvæðis að hafa í huga tillögu 11. gr. þar sem gert er ráð fyrir að barni erlends manns og íslenskrar konu sé heimilt að bera ættarnafn föður síns.

Um 10. gr.

Ákvæði 1. mgr. fela í sér undantekningu frá meginreglum þeim um kenninöfn sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Kveðið er á um að erlend kona, sem giftist Íslendingi sem ekki ber ættarnafn, megi nota sama kenninafn og maður hennar. Þetta gildir enda þótt hún taki íslenskt ríkisfang en gildir hins vegar ekki um niðja slíkra hjóna. Þetta er eðlilegt þar sem hér er ekki um upptöku ættarnafns að ræða og kenninafnið á því ekki að verða varanlegt. Ákvæði svipað þessu er í 2. mgr. 3. gr. gildandi mannanafnalaga. Að auki hefur skapast um þetta hefð sem eðlileg þykir að flestra mati og ekki sýnist ástæða til að amast við.

Um 11. gr.

Í frumvarpinu frá 1971 eru tillögur um ákvæði um kenninöfn óskilgetinna barna erlendra manna og íslenskra kvenna. Var lagt til að óskilgetið barn erlends manns og íslenskrar konu skyldi kenna sig til móðurafa síns eða bera ættarnafn móður sinnar ef til væri. Hins vegar var ekki gert ráð fyrir að barnið yrði kennt til föður síns né að það kenndi sig til eiginnafns móður. Þá voru ekki í frumvarpinu frá 1971 ákvæði um skilgetið barn erlends manns og íslenskrar konu og raunar er óljóst af frumvarpinu hvaða kenninafn slíkt barn skyldi bera.

Við samningu þessa frumvarps hefur ekki þótt ástæða til að greina á milli skilgetinna og óskilgetinna barna. Sá vandi, sem hér blasir við, er hinn sami hvort sem um skilgetið eða óskilgetið barn er að ræða, þ.e. að nafn föður viðkomandi barns er erlent og því álitamál hvort heimila eigi að það sé notað til kenningar í íslensku nafnakerfi.

Eins og þegar er um rætt í almennum athugasemdum þessa frumvarps er í 11. gr. lagt til að heimilað verði að barn erlends manns og íslenskrar konu beri ættarnafn föður síns. Við fyrstu sýn gæti þessi tillaga virst vera í ósamræmi við þann tilgang íslenskra mannanafnalaga að viðhalda íslensku nafnakerfi. Á móti vegur það, sem kann að reynast þyngra á metunum þegar fram í sækir, að bann við því að íslenskt barn erlends manns beri ættarnafn föður síns kann að leiða til slíkra undanbragða og vandkvæða í framkvæmd að hætt er við að lögin missi marks að þessu leyti. Að margra dómi fælist og í slíku banni ónærgætni og ósanngirni auk þess sem bannið kynni að stangast á við ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu. Það er álit frumvarpshöfunda að nauðsynlegt sé að ný löggjöf um mannanöfn sé þannig úr garði gerð og svo sanngjörn að hún þyki yfirleitt ásættanleg og henni megi framfylgja. Í því felist og meiri trygging fyrir varanleika nafnakerfisins íslenska en fáist með boðum og bönnum sem sett kunna að verða í nafni hreinræktarstefnu í mannanöfnum en ekki verði unnt að framfylgja þegar á reynir.

Í þessu sambandi má benda á það val sem veitt er til kenningar í 11. gr. Þar er gert ráð fyrir að barn megi kenna til móður sinnar, eiginnafns hennar eða ættarnafns, en auk þess er kveðið á um að heimilt sé, að fengnu samþykki mannanafnanefndar, að barnið beri íslenskt kenninafn sem sé lagað að hinu erlenda heiti föðurins. Sem dæmi um þetta má taka að kenninafn á barni manns, sem bæri engilsaxneska eiginnafnið Charles, gæti orðið Karlsson eða Karlsdóttir. Tekið skal fram að Þjóðskrá hafa að undanförnu borist óskir um slíka aðlögun kenninafna en fyrir henni eru engar heimildir í gildandi lögum.

Um 12. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um kenninöfn ófeðraðra barna, stjúpbarna og ættleiddra barna.

Í 1. mgr. er lagt til að ófeðrað barn megi kenna til móður sinnar, móðurafa síns eða hafa ættarnafn móður sinnar beri hún ættarnafn. Svipuð ákvæði eru í frumvarpinu frá 1971. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að hér getur verið um viðkvæm og vandasöm mál að ræða sem krefjast nokkurs vals um hagnýt úrræði. Beri móðir ófeðraðs barns ættarnafn er sjálfsagt að heimilt sé að barnið beri það einnig, enda í samræmi við ákvæði 2. mgr. 9. gr. Beri móðirin hins vegar ekki ættarnafn er henni vandi á höndum. Reynslan sýnir að fremur fá dæmi eru um það að barn sé kennt til eiginnafns móður þótt það sé heimilt. Þótt réttur til þessa sé sjálfsagður er reyndin sú að kenninöfn af þessu tagi geta valdið fólki, einkum börnum, ýmsum vandkvæðum. Þessi kenninöfn vekja athygli, á þau er litið sem vísbendingu um að faðerni sé óþekkt og ekki síst af þeim sökum verða börn, sem þau bera, fyrir stríðni og áreitni jafnaldra sinna. Af þessum sökum og í ljósi reynslu starfsfólks Þjóðskrár af tilvikum sem þessum er í 1. mgr. 12. gr. lagt til að lögin veiti það úrræði í þessu efni að ófeðrað barn sé kennt til móðurafa síns. Í þessari málsgrein er jafnframt heimilað að gangi móðir barnsins í hjónaband megi hún kenna barnið til stjúpföður þess. Ekki er gert ráð fyrir að til þess þurfi sérstakt leyfi heldur

dygði að slík breyting á kenninafni væri tilkynnt Þjóðskrá, sem tæki þá nafnið á skrá eftir að gengið hefði verið úr skugga um að barnið væri ófeðrað, að stofnað hafi verið til hjúskapar og samþykki stjúpföður lægi fyrir.

Í 2. mgr. er lagt til að heimilað verði með leyfi dómsmálaráðuneytis að feðrað barn sé kennt til stjúpföður síns. Er gert ráð fyrir að umsagnar kynföður sé jafnan leitað áður en slík ákvörðun er tekin. Í gildandi lögum eru engar heimildir til þessa, en slíkar heimildir hafa lengi verið í öðrum norrænum nafnalögum. Talið er að hér á landi séu óskir um breytingar kenninafna, eins og þær sem hér er gert ráð fyrir, mjög oft undirrót ættleiðinga. Því megi í mörgum tilvikum komast hjá ættleiðingu með því að heimila breytingu á kenninafni.

Ákvæði 3. mgr. um kenningu ættleidds barns til kjörforeldris er í samræmi við ættleiðingarlög og sams konar ákvæði eru í öðrum norrænum nafnalögum.

Í 4. mgr. er loks kveðið á um að ákvarðanir samkvæmt þessari grein skuli jafnan háðar samþykki stjúpföður svo og barnsins sjálfs sé það orðið tólf ára.

Um 13. gr.

Í þessari grein er heimilað að eiginmanni eða eiginkonu sé heimilt að bera ættarnafn maka síns meðan hjúskapur stendur. Ef vilji er til þess gilda ákvæði 2. mgr. 18. gr. um að viðkomandi skuli tilkynna það vígslumanni sem aftur tilkynnir það til Þjóðskrár. Heimilt er og að viðkomandi beri ættarnafn maka síns eftir að hjúskap lýkur. Þó er gert ráð fyrir að dómsmálaráðuneyti geti úrskurðað að kröfu hlutaðeigandi að fyrri maka sé óheimilt að halda áfram að bera ættarnafnið gangi annar hvor aðilinn í hjónaband á ný. Hér geta togast á mismunandi hagsmunir. Sá sem tók ættarnafn maka síns við hjúskap, getur t.d. talið sig hafa hag af því að bera nafnið áfram eftir slit þess hjúskapar af því að hann sé þekktur undir því nafni á opinberum vettvangi. Slíka hagsmuni verður að meta í hverju tilviki og yrði það hlutverk dómsmálaráðuneytis.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að manni sé ekki skylt að bera ættarnafn, þótt hann hafi rétt til þess, og honum sé heimilt að fella niður ættarnafn sem hann hefur borið. Á sama hátt er manni, sem hefur ekki borið ættarnafn þrátt fyrir rétt til þess, heimilt að taka það upp. Gert er ráð fyrir að slíkar breytingar á kenninöfnum, sem um getur í þessari málsgrein, megi aðeins gera einu sinni eftir að viðkomandi nær sextán ára aldri. Er þetta nauðsynlegt til að koma í veg fyrir hringl með kenninöfn og forðast vanhugsaðar breytingar. Þrátt fyrir þetta þykir rétt að gera ráð fyrir að leyfa megi undantekningu frá þessu ef sérstakar ástæður mæla með því. Er það lagt í vald dómsmálaráðuneytis að leggja mat á slík tilvik. Tekið skal fram að ákvæðið um að aðeins megi gera slíka breytingu kenninafns einu sinni, þ.e. að í því felist endanleg ákvörðun ef ættarnafn er fellt niður eða tekið upp, tekur ekki til þeirra tilvika er menn taka upp ættarnöfn maka við stofnun hjúskapar eða leggja þau niður við hjúskaparslit. Um þau tilvik er fjallað sérstaklega í 2. og 3. mgr.

Í 2. mgr. er kveðið á um að manni, sem gengur í hjúskap, sé frjálst að bera áfram það kenninafn sem hann hafði þá. Gildir þá vitaskuld einu hvort hann kennir sig til eiginnafns föður eða móður að fornum sið eða ber ættarnafn. Ef viðkomandi ber ættarnafn fyrri maka geta þó ákvæði 13. gr. komið til álita eins og áður var rakið. Í þessari málsgrein segir enn fremur að manni sé og heimilt að taka upp ættarnafn maka síns en honum sé óheimilt að bera bæði kenninöfnin. Samkvæmt þessu væri Jónu Jónsdóttur frjálst að nefna sig áfram Jónsdóttur þótt hún ætti Sigurð Hansen og eins væri henni heimilt að nefna sig Jónu Hansen. Hið sama gilti um Jónu Jónsen. Jónu Jónsdóttur væri hins vegar óheimilt að nefna sig Jónu Jónsdóttur Hansen og Jónu Jónsen óheimilt að nefna sig Jónu Jónsen Hansen. Þær yrðu samkvæmt þessu að velja um það hvort kenninafnið þær bæru. Um ástæður þessa ákvæðis hefur þegar verið rætt í almennum athugasemdum. Er þar vísað til vaxandi ásóknar í tvöföld

eftirnöfn bæði hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum. Þetta samrýmist ekki íslenskum nafnvenjum og þykir því ástæða til að stemma stigu við þessu. Tekið skal fram að þetta ákvæði nær ekki til þeirra sem þegar bera tvö kenninöfn á þjóðskrá, sbr. það sem segir í 2. mgr. 9. gr. Þannig mættu þeir sem bera tvö ættarnöfn á þjóðskrá halda þeim og sama gilti um niðja þeirra. Hinir, sem á þjóðskrá eru skráðir með hvoru tveggja, kenninafni til eiginnafns föður eða móður og ættarnafni, sbr. Jóna Jónsdóttir Hansen, mættu og halda áfram að bera bæði kenninöfnin og niðjar þeirra fá ættarnafnið en vitaskuld ekki kenninafnið til eiginnafns föður eða móður. Ófædd börn Jónu Jónsen Hansen mættu þannig bera ættarnöfnin Jónsen Hansen en ófædd börn Jónu Jónsdóttur Hansen mættu bera ættarnafnið Hansen. Hin síðarnefndu mættu hins vegar ekki jafnframt kenna sig til eiginnafns föður síns og kalla sig Sigurðsson eða Sigurðardóttir Hansen.

Í 3. mgr. er kveðið á um að manni, er hefur tekið upp ættarnafn maka síns, sé frjálst að taka að nýju upp eigið kenninafn er hjúskap lýkur. Gildir þá einu hvort um hefur verið að ræða kenninafn til eiginnafns föður eða móður eða ættarnafn. Hafi hlutaðeigandi lagt niður eigið ættarnafn við stofnun hjúskapar og tekið ættarnafn maka síns er honum heimilt við hjúskaparslit að taka aftur upp eigið ættarnafn. Hins vegar er manni, sem eitt sinn hefur hætt að bera ættarnafn, ekki heimilt að taka það upp aftur í öðrum tilvikum nema dómsmálaráðuneyti leyfi sérstaka undantekningu, sbr. 1. mgr.

Um 15. gr.

Þessi grein fjallar um nöfn þeirra sem fá íslenskt ríkisfang með lögum. Greinin fylgir þeim lagaákvæðum sem sett hafa verið á undanförnum árum í tengslum við veitingu ríkisfangs. Ein breyting er þó gerð hér á þessum reglum. Er hún í samræmi við ákvæði 2. mgr. 8. gr., en þar er gert ráð fyrir að sé annað foreldri barns erlendur ríkisborgari, eða hafi verið það, sé heimilt að barninu sé gefið erlent nafn sem hið síðara af tveimur eiginnöfnum enda sé hið fyrra íslenskt í skilningi 2. gr. Eðlilegt þykir að sömu ákvæði gildi um börn þeirra erlendu manna sem fá íslenskt ríkisfang.

Um 16. gr.

Eins og áður er rakið eru í 14. gr. ákvæði um niðurfellingu og upptöku ættarnafna, sem menn hafa rétt til að bera, um upptöku ættarnafns maka við hjúskap og niðurfellingu þess við hjúskaparslit o.fl. Í 1. mgr. 14. gr. er gert ráð fyrir að menn geti aðeins einu sinni breytt kenninafni með niðurfellingu eða upptöku ættarnafns sem menn hafa rétt til að bera. Dómsmálaráðuneyti er þó heimilt að leyfa undantekningu frá þessu ef sérstakar ástæður mæla með því. Í ýmsum öðrum greinum er og gert ráð fyrir breytingu kenninafns eða sérstakri ákvörðun þess. Er þá lagt til að í vafatilvikum þurfi heimild dómsmálaráðuneytis til breytinga eða ákvörðunar, en í öðrum tilvikum gert ráð fyrir að tilkynning til Þjóðskrár nægi og er það þá hlutverk hennar að ganga úr skugga um að nauðsynlegum skilyrðum sé fullnægt.

Auk þessa getur reynst æskilegt eða nauðsynlegt að heimila breytingu á kenninafni af öðrum ástæðum en fram kemur í fyrri greinum. Hér gætu átt við svipaðar ástæður og raktar eru í athugasemd um 7. gr. þar sem kveðið er á um breytingar eiginnafns. Því er í 16. gr. lagt til að lögfest verði svipuð ákvæði um breytingu kenninafns og um breytingu eiginnafns, sbr. 3. mgr. 7. gr. Tekið skal fram að slík breyting á kenninafni getur þó ekki falist í upptöku nýs ættarnafns, sbr. 4. mgr. 9. gr.

Um 17. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um skipan mannanafnanefndar. Nauðsynlegt er að nefndarmenn séu sérfróðir um mannanöfn og íslenskt mál en auk þess er æskilegt að nefndina skipi jafnframt lögfróður maður. Hér er því um hreina sérfræðinganefnd að ræða og starfar hún

eingöngu eftir lögum um mannanöfn og reglugerð sem kann að verða sett á grundvelli þeirra. Frumvarpshöfundum sýnist æskilegt að nefndin verði fámenn enda af því löng reynsla að fastar starfsnefndir eru því starfhæfari því fámennari sem þær eru. Því er lagt til að mannanafnanefnd verði skipuð þremur mönnum, tveimur eftir tilnefningu heimspekideildar Háskóla Íslands og einum eftir tilnefningu lagadeildar Háskólans. Gert er ráð fyrir að nefndin skipti sjálf með sér verkum. Loks er kveðið á um að kostnaður af nefndinni greiðist úr ríkissjóði. Um störf nefndarinnar og kostnað er fjallað nánar í athugasemdum um 18. gr.

Um 18. gr.

Í þessari grein er kveðið á um verkefni mannanafnanefndar. Verkefnin eru hér þríþætt:

1. Að semja skrá um eiginnöfn sem heimil teljast.
2. Að vera til ráðuneytis um nafngjafir og skera úr ágreiningsefnum um nöfn eins og kveðið er á um í lögum þessum.
3. Að skera úr öðrum álitamálum sem upp kunna að koma um nafngjafir, nafnritun o.fl. þess háttar.

Um verkefni mannanafnanefndar hefur þegar verið rætt í almennum athugasemdum og í athugasemdum við einstakar greinar. Í því sambandi ber að leggja sérstaka áherslu á tvennt:

1. Að störf nefndarinnar hljóta að verða umfangsmikil og sérstaklega verður að gera ráð fyrir að þau verði tímafrek fyrstu þrjú til fjögur missirin sem nefndin starfar.
2. Að nefndin gegnir lykilhlutverki við framkvæmd laganna og eftirlit með þeim. Eigi þetta að geta gengið eftir þarf nefndin að starfa með reglubundnum og samfelldum hætti. Hún verður að hafa skrifstofu sem er opin hluta úr degi og starfsmann sem unnt er að leita til og getur tekið við erindum og svarað fyrirspurnum. Þá er gengið út frá að nefndin þurfi að hittast oft enda má ekki verða dráttur á úrskurðum hennar eigi menn að fást til þess að una því að málum sé skotið til hennar eða álits hennar leitað. Loks verður að gera ráð fyrir að nefndin eða hluti hennar, t.d. formaður, vinni sérstaklega að samningu mannanafnaskrár. Af þessum sökum er óhjákvæmilegt að talsverður kostnaður hljótist af starfsemi nefndarinnar.

Af þeim forsendum, sem hér hafa verið raktar, má lauslega áætla að nauðsynlegt verði að veita fé til starfsemi nefndarinnar á fyrsta heila starfsári hennar sem hér segir:

Launakostnaður ..... *3.100 þús. kr.*
Reiknað er með nefndarlaunum og miðað við fastan starfsmann í hálfu starfi en að annar launakostnaður svari til eins stöðugildis sérfræðings.

Annar rekstrarkostnaður ..... *900 þús. kr.*
Húsaleiga, ljós, hiti, sími, ljósritun, ræsting, ýmsar rekstrarvörur.

Rekstrarkostnaður á ári samtals ..... **4.000 þús. kr.**

Stofnkostnaður ..... *1.700 þús. kr.*
Tvær einmenningstölvur, ljósritunarvél, húsgögn, stofngjald síma og bókakostur.

Fjárþörf alls fyrsta heila starfsárið ..... **5.700 þús. kr.**

Í sambandi við þessa áætlun skal ítrekað að óhjákvæmilegt er að umsvif mannanafnanefndar verði áþekk þeim sem hér er reiknað með. Að öðrum kosti yrði stofnun nefndarinnar tilgangslítil. Á hinn bóginn skal það haft hugfast að stofnkostnaður fellur aðallega til á fyrsta starfsári nefndarinnar og ætla má að úr rekstrarkostnaði dragi þegar fram í sækir.

Í síðari málsgrein 18. gr. er kveðið á um að úrskurðir nefndarinnar séu fullnaðarúrskurðir. Í því felst að þeim verði ekki skotið til æðra stjórnvalds. Hins vegar eiga dómstólar úrlausn um lögmæti forsendna þeirra, sbr. 60. gr. stjórnarskrár. Loks eru fyrirmæli um að nefndin skuli ár hvert birta niðurstöður úrskurða sinna en ætla má að í þeim felist mikil leiðbeining til almennings og þeirra sem falin er framkvæmd laganna.

Um 19. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að breyting á eiginnafni eða kenninafni taki ekki gildi fyrr en við skráningu á þjóðskrá. Gildir þetta jafnt um þær breytingar sem kveðið er á um að dómsmálaráðuneyti heimili sérstaklega og um aðrar ákvarðanir um eiginnöfn og kenninöfn og breytingar þeirra sem ekki þarf sérstakt leyfi til og tilkynntar skulu Þjóðskrá. Er slíkar tilkynningar berast Þjóðskrá, hvort sem um er að ræða nafngjafir eða breytingar eiginnafna og kenninafna, er þar kannað hvort nöfn eða nafnbreytingar fullnægi ákvæðum laganna. Skráning fer þá fyrst fram er gengið hefur verið úr skugga um þetta. Nauðsynlegt þykir að skýrt sé kveðið á um gildistöku nafnbreytinga. Annars vegar þarf að vera unnt að beita með virkum hætti því eftirliti sem lögin gera ráð fyrir að Þjóðskráin hafi með höndum. Hins vegar verður að koma í veg fyrir ósamræmi í nafnnotkun og skráningu, t.d. vegna þess að menn byrja að nota nöfn sem ekki hafa verið skráð og vafi leikur á að megi skrá. Ýmis dæmi eru um rugling og jafnvel brot af ásetningi í þessu efni og þykir rétt að stemma stigu við því.

Í 2. mgr. er kveðið á um að við skráningu á kenninafni barns skuli barnið kennt til föður eða móður skv. 1. mgr. 9. gr., nema tekið sé fram í tilkynningu að barnið skuli bera ættarnafn sem það hefur rétt til. Í 3. mgr. eru hliðstæð ákvæði um upptöku ættarnafns við stofnun hjúskapar. Þessi ákvæði eru sett til að taka af vafa og til ábendingar um að menn verði að koma óskum sínum á framfæri við Þjóðskrá til þess að nöfn verði rétt skráð.

Um 20. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um ritun og notkun nafna. Í 1. mgr. er skilgreint hvað átt er við með fullu nafni manns.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru tekin eftir frumvarpinu frá 1971. Hér er kveðið á um að nöfn manna skuli rituð á opinberum skrám og öðrum gögnum eins og þau eru rituð á þjóðskrá á hverjum tíma og að menn skuli sjálfir í skiptum við opinbera aðila og í lögskiptum rita og tjá nafn sitt eins og það er ritað á þjóðskrá. Þessum ákvæðum er ætlað að stuðla að því að festa komist á nafnritun og tjáningu á nafni auk þess sem þetta ætti að hvetja til þess að nafnritun á þjóðskrá sé í samræmi við nafnnotkun manna og óskir í því efni.

Um 21. gr.

Ákvæði 21. gr. lúta að nafnritun á þjóðskrá en gert er ráð fyrir að henni megi breyta án þess að um nafnbreytingu sé að ræða. Er þetta í samræmi við gildandi framkvæmd. Algengt er að menn, sem heita tveimur nöfnum, óski eftir að annað nafnið sé ekki ritað ellegar að það sé skammstafað á þjóðskrá þar sem þeir noti það ekki. Í öðrum tilvikum, þegar annað tveggja nafna er ekki ritað á þjóðskrá eða það skammstafað þar, er og algengt að þess sé óskað að bæði nöfnin séu rituð þar fullum stöfum.

Um 22. gr.

Ákvæði þessarar greinar lúta að því að hindra að maður misnoti nafn annars manns. Sams konar ákvæði hafa lengi verið í annarri norrænni nafnalöggjöf og voru einnig í frumvarpinu frá 1971.

Um 23. gr.

Samkvæmt 1. mgr. getur dómsmálaráðherra beitt forsjármann dagsektum ef barni hefur ekki verið gefið nafn innan sex mánaða frá fæðingu, sbr. 2. mgr. 4. gr. Í núgildandi lögum er ekki slíkt ákvæði og því engum úrræðum hægt að beita gegn foreldrum sem vilja af einhverjum ástæðum ekki gefa börnum sínum nafn. Reynslan sýnir að jafnan eru nokkur börn nafnlaus um langa hríð og í einstaka tilvikum svo árum skiptir. Talið er æskilegt að allir þegnar þjóðfélagsins beri nafn til auðkennis og er þetta úrræði því nauðsynlegt.

Um tvær leiðir er að velja varðandi þvingunarúrræði. Annars vegar dagsektir sem stjórnvald ákveður, hins vegar sektir sem dómstóll dæmir.

Í Noregi og Danmörku er sami tímafrestur og hér er ráðgerður og má hafa nokkra hliðsjón af því. Brot á norska ákvæðinu varðar sektum samkvæmt almennum hegningarlögum. Í Danmörku eru sektir ákvarðaðar af dómstólum en jafnframt er þeim heimilt samkvæmt réttarfarslögum að beita foreldra dagsektum, er falla á, þar til barni er gefið nafn. Fram til 1981 var einungis beitt dagsektum í Danmörku og voru þær ákvarðaðar af stjórnvaldi. Í þessu frumvarpi er lagt til að sami háttur verði hafður á og áður var í Danmörku. Gert er ráð fyrir að málsmeðferð verði einfaldari ef beitt er dagsektum samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra fremur en sekt samkvæmt dómi.

Samkvæmt 2. mgr. verður dagsektum ekki beitt gagnvart öðrum brotum en þeim sem um getur í 1. mgr. Öll önnur brot á lögunum varða sektum nema þyngri viðurlög liggi við eftir öðrum lögum.

Um 24. gr.

Rétt þykir að gera ráð fyrir að heimilt verði að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna. Er þá einkum haft í huga að reynslan kunni að leiða í ljós að ýmis ákvæði þarfnist nánari fyllingar og skýringar en lagatextinn sjálfur leyfir.

Tekið skal fram að það felst í ákvæði þessarar greinar og í ákvæði um skipan mannanafnanefndar í 17. gr. að gert er ráð fyrir að dómsmálaráðuneyti fari framvegis með mál sem snerta mannanöfn, en ekki menntamálaráðuneyti, eins og nú háttar. Í frumvarpinu er víða gert ráð fyrir að dómsmálaráðuneyti fari með framkvæmd einstakra atriða, svo sem leyfi til nafnbreytinga, m.a. í tengslum við ættleiðingu eða veitingu ríkisfangs. Leiðir þetta af eðlilegum valdmörkum ráðuneytanna og verkefnum þeirra að öðru leyti. Því þykir rökrétt að dómsmálaráðherra hafi framvegis forræði á mannanafnamálum. Þetta er og í samræmi við löggjöf annars staðar á Norðurlöndum.

Um 25. gr.

Hér er kveðið á um gildistöku og niðurfellingu núgildandi laga. Lagt er til að sex mánuðir líði frá birtingu til gildistöku laganna. Þá er gert ráð fyrir að sá tími verði nýttur til að kynna almenningi efni þeirra. Miklu hlýtur að skipta um framkvæmd laganna að almenningur þekki þau og geri sér fulla grein fyrir að ætlast sé til að þeim verði framfylgt í hvívetna.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Enda þótt gert sé ráð fyrir að hálft ár líði frá birtingu til gildistöku laganna er nauðsynlegt að ekki dragist að mannanafnanefnd taki til starfa. Er sérstaklega haft í huga að nefndin geti hafið strax störf við að semja mannanafnaskrá og skipuleggja og undirbúa skrifstofuhald sitt. Því er hér lagt til að ekki verði beðið með að skipa í nefndina þar til lögin taka gildi heldur verði það gert þegar eftir útgáfu þeirra.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Hér er kveðið á um hvernig fara skuli með álitamál um nafngjafir þar til mannanafnaskrá hefur verið gefin út. Að öðru leyti vísast um þetta til þeirra skýringa sem þegar eru fram komnar við þriðja málslið 6. gr.

Fylgiskjal.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Menntamálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík.

17. september 1990.

Afrit:
Nefnd um mannanöfn.

Hér með sendir ráðuneytið menntamálaráðuneytinu nokkrar athugasemdir við frumvarp til laga um mannanöfn sem lá fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–1990.

Athugasemdir þessar eru bornar fram í framhaldi af umræðum sem starfsmenn þessa ráðuneytis áttu við menntamálanefnd neðri deildar Alþingis á sl. vori.

Ráðuneytið telur að mjög hafi verið tímabært að endurskoða núgildandi lög um mannanöfn, nr. 54/1925, og vill því lýsa ánægju sinni yfir að frumvarp þetta hafi verið lagt fram og lýsir sig í meginatriðum samþykkt efni þess.

Ráðuneytið telur þó að nokkur ákvæði frumvarpsins gefi tilefni til athugasemda af þess hálfu og þá sérstaklega varðandi þau verkefni sem ráðuneytinu eru falin samkvæmt frumvarpi þessu. Í því sambandi vill ráðuneytið geta þess að þau atriði, er ráðuneytið snerta sérstaklega, voru ekki borin undir það áður en frumvarpið var lagt fram.

I.

Athugasemdir varðandi 7. gr. frumvarpsins.

Þriðja málsgrein 7. gr. frumvarpsins hljóðar svo: Dómsmálaráðuneyti er heimilt að leyfa manni nafnbreytingu ef telja verður að nafn hans sé honum til ama eða aðrar gildar ástæður mæli með því.

Ráðuneytið leggur til að málsgrein þessi verði svohljóðandi:

Dómsmálaráðuneyti er heimilt að leyfa hverjum sjálfráða manni nafnbreytingu ef telja verður að gildar ástæður mæli með því. Nafnbreyting verður einungis heimiluð manni einu sinni nema alveg sérstaklega standi á. Fyrir nafnbreytingu skal greiða gjald til ríkissjóðs samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Rök fyrir tillögu ráðuneytisins um breytt orðalag þessarar málsgreinar eru þau helst að ákvæði frumvarpsins um að nafnbreytingu megi leyfa ef telja verður að nafn sé manni til ama sé of óljóst orðalag sem valdið geti margháttuðum vandamálum við túlkun. Telur ráðuneytið að nægilegt sé að gildar ástæður mæli með nafnbreytingu. Þau tilvik, sem greind eru í athugasemdum með 7. gr. frumvarpsins varðandi ama af nafni, geta verið gildar ástæður.

Ráðuneytið telur því að ákvæðið um að nafn sé til ama sé óþarft.

Ráðuneytið er þeirrar skoðunar að rétt sé að heimila frávik frá þeirri meginstefnu sem er ríkjandi í núgildandi lögum um mannanöfn og sem einnig kemur fram í athugasemdum við 7. gr. að menn beri sama nafn alla ævi. Byggist sú skoðun ráðuneytisins á þeirri reynslu sem það hefur fengið af framkvæmd núgildandi mannanafnalaga.

Ráðuneytið telur hins vegar rétt að binda slíka nafnbreytingarheimild þröngum takmörkunum. Leggur ráðuneytið því til breytingartillögu við 3. mgr. 7. gr. sem gerir ráð fyrir að nafnbreyting verði einungis heimiluð einu sinni og þá einungis eftir að maður hefur öðlast

sjálfræði. Nafnbreytingarheimild þessi er þannig til viðbótar þeim nafnbreytingarheimildum sem felast í 1. og 2. mgr. 7. gr. varðandi heimild foreldra til að breyta nafni barns.

Þá leggur ráðuneytið til að sett verði skýrt ákvæði í frumvarpið um að nafnbreyting skv. 3. mgr. sé gjaldskyld samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Nafnbreytingar skv. 1. og 2. mgr. 7. gr. væru hins vegar undanþegnar leyfisgjaldi.

II.

Athugasemdir varðandi 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins.

2. mgr. 12. gr. frumvarpsins hljóðar svo: Heimilt er með leyfi dómsmálaráðuneytisins að feðrað barn sé kennt til stjúpföður síns. Leita skal umsagnar kynföður barnsins ef unnt er áður en ákvörðun er tekin um slíkt leyfi.

Ráðuneytið leggur til að 2. mgr. 12. gr. verði orðuð svo:

Heimilt er með leyfi dómsmálaráðuneytis að feðrað barn sé kennt til stjúpföður síns enda liggi fyrir samþykki kynföður sé unnt að afla þess. Ráðuneytinu er þó heimilt ef alveg sérstaklega stendur á að leyfa slíka breytingu á kenninafni þrátt fyrir synjun kynföður enda telji ráðuneytið að slík nafnbreyting sé barni til verulegs hagræðis.

Eins og 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins er nú orðuð er ráðuneytinu veitt heimild til að breyta kenninafni barns þannig að það sé kennt til stjúpföður í stað kynföður og einungis skuli leitað umsagnar kynföður áður en ákvörðun er tekin. Afstaða kynföður er hins vegar ekki bindandi við ákvörðunartöku. Ljóst er að hér er um viðkvæmt mál að ræða fyrir marga forsjárlausa feður sem oft telja sig eiga undir högg að sækja í samskiptum við mæður barnanna varðandi umgengni við börnin og fleira. Hætt er við að þeim þætti illa að sér vegið með heimild sem þessari. Með þeirri tilhögun sem ráðuneytið leggur til hlýtur tillitið til hagsmuna kynföður að koma til álita við ákvörðunartöku. Bent skal á að ættleiðing er í fæstum tilvikum veitt nema að fengnu samþykki kynföður. Telja verður eðlilegt að slík heimild verði ekki veitt án samþykkis kynföður nema sérstaklega standi á og hagsmunir barnsins vegi þyngra en hagsmunir kynföður.

III.

Athugasemdir varðandi 16. gr. frumvarpsins.

16. gr. frumvarpsins er svohljóðandi: Dómsmálaráðuneyti er heimilt að leyfa manni breytingu á kenninafni, aðra en þá sem um getur í lögum þessum, ef telja verður að kenninafn hans sé honum til ama eða aðrar gildar ástæður mæli með því.

Ráðuneytið leggur til að grein þessi falli alfarið niður.

Ráðuneytið telur að heimildir til breytingar á kenninafni séu það rúmar í frumvarpi þessu að ekki sé ástæða til að veita sérstaka undanþáguheimild umfram það sem þar greinir. Telur ráðuneytið óeðlilegt að maður breyti svo kenninafni sínu að hann kenni sig til alls óskylds aðila, þ.e. kenni sig til eiginnafns ótilgreinds manns í stað þess að nota sem kenninafn eiginnafn hins raunverulega föður eða móður, en sá skilningur er lagður í þær heimildir sem fyrir eru skráðar í frumvarpinu að maður geti breytt kenninafni sínu frá því að vera kenndur við föður í að vera kenndur við móður án þess að sérstakt nafnbreytingarleyfi ráðuneytis þurfi að koma til. Svo og hefur ráðuneytinu verið tjáð að komi í ljós að maður sé rangt feðraður og nafn hins rétta föður liggi fyrir sé hægt án sérstakrar nafnbreytingarheimildar að breyta kenninafni í þjóðskrá í samræmi við nýjar staðreyndir. Það eitt að manni leiðist faðirinn sé nægjanlegt til að kenna sig til einhvers annars óskylds mannsnafns telur ráðuneytið ekki þjóna tilgangi laganna.

IV.

Athugasemdir varðandi 23. gr. frumvarpsins.

1. mgr. 23. gr. hljóðar svo: Nú er barni ekki gefið nafn innan þess tíma sem um getur í 2. mgr. 4. gr. og skal Þjóðskrá þá tilkynna það dómsmálaráðherra. Heimilt er ráðherra að undangenginni skriflegri áskorun að leggja dagsektir á forsjármann/forsjármenn barns og falla þær á þar til barni er gefið nafn. Dagsektir renna í ríkissjóð og má gera aðför til fullnustu þeirra.

Ráðuneytið leggur til að 1. mgr. 23. gr. orðist svo: Nú er barni ekki gefið nafn innan þess tíma sem um getur í 2. mgr. 4. gr. og skal Þjóðskrá þá skriflega skora á forsjármann/forsjármenn barns að bæta úr því innan tilgreinds tíma. Verði ekki orðið við þeirri áskorun er Þjóðskrá heimilt að leggja dagsektir á forsjármann/forsjármenn barns þar til barni er gefið nafn. Dagsektir renna í ríkissjóð og má gera aðför til fullnustu þeirra.

Ráðuneytið getur ekki fallist á að taka að sér það hlutverk að leggja á dagsektir fyrir vanrækslu á nafngjöf. Telur ráðuneytið eðlilegast að sú stofnun, sem annast skráningu nafna, sjái alfarið um framkvæmdina, þar á meðal að beita forsjáraðila nauðsynlegum þvingunarúrræðum til þess að nafngjöf eigi sér stað. Benda má á í þessu sambandi ákvæði 14. gr. laga um fyrirtækjaskrá, nr. 62/1969, og 6. gr. laga um Þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

Ed. 29. Frumvarp til laga [29. mál]

um vernd barna og ungmenna.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

I. KAFLI
Markmið og stjórn barnaverndarmála.

1. gr.
Markmið barnaverndar.

Markmið barnaverndar er að tryggja börnum og ungmennum viðunandi uppeldisskilyrði. Skal það gert með því að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Í barnaverndarstarfi skal jafnan það ráð upp taka sem ætla má að barni eða ungmenni sé fyrir bestu. Skal barnaverndarstarfi hagað þannig að það stuðli að stöðugleika í uppvexti barna og ungmenna.

Með *börnum* er samkvæmt lögum þessum átt við einstaklinga innan 16 ára aldurs, en *ungmenni* eru einstaklingar 16–18 ára.

Þar sem talað er um foreldra í lögum þessum er einnig átt við aðra þá sem hafa forsjá barna með höndum, sbr. 6. mgr. 35. gr. barnalaga, nr. 9/1981.

2. gr.
Stjórn barnaverndarmála.

Starf til verndar börnum og ungmennum rækja samkvæmt lögum þessum félagsmálaráðuneytið, barnaverndarnefndir og barnaverndarráð og eru í lögum þessum nefnd barnaverndaryfirvöld.

3. gr.
Hlutverk félagsmálaráðuneytis varðandi barnaverndarmál.

Félagsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn barnaverndarmála og skal sérstök deild innan þess annast samræmingu og heildarskipulag þeirra. Ráðuneytið skal hafa frumkvæði að þróunarstarfi og rannsóknum á sviði barnaverndar. Það skal enn fremur veita barnaverndarnefndum leiðbeiningar og ráðgjöf varðandi fjölskylduvernd og úrlausn barnaverndarmála. Það skal hafa eftirlit með störfum allra barnaverndarnefnda á landinu, heimta frá þeim ársskýrslur og gefa árlega út skýrslu um starfsemi barnaverndaryfirvalda. Ræki barnaverndarnefnd ekki störf þau sem henni eru falin í lögum þessum skal ráðuneytið krefja hana skýrslna og halda henni til að rækja skyldu sína. Ef ráðuneytinu þykir ástæða til getur það lagt fyrir barnaverndarnefnd að gera sérstakar ráðstafanir í máli hvort sem hún hefur fjallað um það áður eða ekki. Nú verður ráðuneytið þess áskynja að barnaverndarnefnd hefur kveðið upp úrskurð sem er andstæður lögum og getur ráðuneytið þá skotið málinu til endanlegs úrskurðar barnaverndarráðs.

Ráðuneytið skal hlutast til um að settar verði á fót stofnanir skv. 54. gr. laga þessara. Það hefur einnig eftirlit og umsjón með stofnunum þar sem börn eru vistuð á vegum barnaverndarnefnda. Ráðuneytið hefur yfirumsjón með vistun barna og ungmenna utan foreldrahúsa. Það skal annast fræðslustarfsemi fyrir þá sem starfa að barnaverndarmálum með útgáfustarfsemi, námskeiðum o.fl.

4. gr.

Meginþættir í starfi barnaverndarnefnda.

Forvarnir. Barnaverndarnefndir skulu setja fram tillögur og ábendingar um atriði sem stuðla að því að búa börnum og ungmennum góð uppeldisskilyrði og benda á félagsleg atriði sem eru andstæð því uppeldismarkmiði.

Eftirlit og leitarstarf. Barnaverndarnefndir skulu hafa eftirlit með aðbúnaði og hátterni barna og ungmenna í þeim tilgangi að greina sem fyrst vanda þeirra sem búa við ófullnægjandi aðstæður, sæta illri meðferð eða eiga í félagslegum erfiðleikum. Barnaverndarnefndir skulu einnig hafa sérstakt eftirlit með aðbúnaði barna sem dveljast á uppeldisstofnunum í umdæmi nefndarinnar, svo sem á dagvistum barna, sumardvalarheimilum og barnaheimilum hvers konar, að svo miklu leyti sem eftirlit er ekki falið öðrum samkvæmt lögum.

Úrræði. Barnaverndarnefndir skulu beita þeim úrræðum samkvæmt lögum þessum sem best eiga við hverju sinni og heppilegust þykja til að tryggja hagsmuni og velferð barns eða ungmennis. Þær geta úrskurðað um töku barns af heimili og dvöl á fósturheimili eða uppeldisstofnun ef önnur úrræði þykja ekki henta til að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í lögum þessum.

Önnur verkefni. Einnig hafa barnaverndarnefndir með höndum önnur þau verkefni sem þeim eru falin í öðrum lögum.

5. gr.

Sérstakar skyldur barnaverndaryfirvalda.

Barnaverndarnefndarmenn, barnaverndarráðsmenn, fulltrúar þessara aðila og annað starfslið á vegum þeirra hljóta þá vernd sem opinberum starfsmönnum er tryggð og bera skyldur samkvæmt því. Ber þeim að sýna börnum og ungmennum, er þeir fjalla um mál þeirra, alla nærgætni og mega ekki skýra óviðkomandi mönnum frá því sem þeir verða vísir í starfa sínum um einkamál manna og heimilisháttu.

II. KAFLI

Um barnaverndarnefndir.

6. gr.

Kosning og kjörgengi í barnaverndarnefnd.

Borgarstjórn í Reykjavík, héraðsnefndir og bæjarstjórnir í kaupstöðum, sem standa utan héraðsnefnda, kjósa barnaverndarnefnd. Bæjarstjórn í kaupstað, sem á aðild að héraðsnefnd, getur þó að fenginni heimild félagsmálaráðherra kosið sérstaka barnaverndarnefnd. Þar sem félagsmálaráð (félagsmálanefndir) starfa og hafa sömu umdæmismörk og barnaverndarnefndir má fela þeim störf barnaverndarnefnda að nokkru leyti eða öllu að fengnu leyfi félagsmálaráðherra.

Barnaverndarnefnd skal skipuð fimm mönnum og jafnmörgum varamönnum.

Barnaverndarnefnd skal að jafnaði skipuð bæði konum og körlum. Nefndarmenn skulu vera kunnir að grandvarleik og bera gott skyn á mál þau sem barnaverndarnefnd fjallar um. Leitast skal við að kjósa lögfræðing í barnaverndarnefnd þar sem slíks er kostur og enn fremur fólk með sérþekkingu á málefnum barna, t.d. barnalækni, sálfræðing eða félagsráðgjafa.

Um kjörgengi í barnaverndarnefnd fer eftir sömu reglum og um kjörgengi í sveitarstjórn, sbr. 1. og 2. mgr. 20. gr., sbr. 19. gr., sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986. Kosning fer eftir 57. gr. sömu laga eftir því sem við á, sbr. þó 1. mgr. 8. gr. þessara laga.

7. gr.

Kjörtímabil barnaverndarnefndar.

Kjörtímabil barnaverndarnefndar er hið sama og héraðsnefndar, bæjarstjórnar eða borgarstjórnar er kýs hana. Barnaverndarnefnd gegnir störfum þar til ný nefnd hefur verið kosin.

Oddviti héraðsnefndar, bæjarstjóri eða borgarstjóri skal þegar eftir að kosning barnaverndarnefndar hefur farið fram skýra félagsmálaráðuneytinu frá skipun nefndarinnar.

8. gr.

Skylda til að taka sæti í barnaverndarnefnd.

Það er borgaraskylda að taka kosningu í barnaverndarnefnd. Hverjum þeim, sem er kjörgengur, yngri en 60 ára, heill og hraustur, er skylt að taka kosningu í barnaverndarnefnd. Sá sem setið hefur í barnaverndarnefnd tvö síðustu kjörtímabil getur þó skorast undan kosningu.

Héraðsnefnd, bæjarstjórn eða borgarstjórn ákveður þóknun barnaverndarnefndarmanna, enda greiðist kostnaður af nefndarstörfum úr viðkomandi sjóði, þar með talin laun starfsmanna og önnur útgjöld við störf nefndarinnar.

9. gr.

Skipting starfa í barnaverndarnefnd.

Héraðsnefnd, bæjarstjórn eða borgarstjórn kýs formann barnaverndarnefndar og boðar hann til fyrsta fundar nefndarinnar. Nefndarmenn skipta með sér störfum að öðru leyti. Halda skal gerðabók um störf nefndarinnar.

10. gr.

Starfslið barnaverndarnefnda.

Barnaverndarnefnd skal að fenginni heimild héraðsnefndar, bæjarstjórnar eða borgarstjórnar ráða sérhæft starfslið. Skal við það miðað að hægt sé að veita foreldrum, forráðamönnum barna og stofnunum, er annast uppeldi, viðhlítandi ráðgjöf, fræðslu og leiðbeiningar samkvæmt lögum þessum. Jafnframt skal miðað við að nægilegir möguleikar séu til félagslegra og sálfræðilegra rannsókna á börnum er með þurfa vegna könnunar og meðferðar barnaverndarmála.

Heimilt er barnaverndarnefnd að semja við stofnanir, svo sem félagsmálastofnanir, fræðsluskrifstofur, svæðisstjórnir eða heilsugæslustöðvar, um sameiginlegt starfsmannahald og sérfræðiþjónustu, svo og leita til sérfræðinga í einstökum málum.

Barnaverndarnefnd er heimilt að fela starfsmönnum sínum könnun og meðferð einstakra mála eða málaflokka og skal hún setja um það reglur sem héraðsnefnd eða sveitarstjórn staðfestir. Ákvörðun um þvingunaraðgerð getur barnaverndarnefnd þó ein tekið, sbr. þó 50. gr.

11. gr.

Valdsvið og samstarf barnaverndarnefnda.

Barnaverndarnefnd, þar sem barn er dvalfast, á úrlausn um málefni þess, sbr. þó 3. mgr.

Nú flyst barn úr umdæmi nefndar eftir að hún hefur tekið mál þess til meðferðar og skal þá barnaverndarnefnd á hinu nýja heimili barnsins taka við meðferð málsins. Ber fyrri barnaverndarnefndinni skylda til að tilkynna hinni síðari um flutninginn og fyrri afskipti sín af málefnum barnsins. Félagsmálaráðuneytið getur þó heimilað að nefnd sú, sem haft hefur málið til meðferðar, fari áfram með það ef það varðar aðgerðir á grundvelli 2. mgr. 25. gr., 27. gr. eða 28. gr. laganna. Skulu barnaverndarnefndir þá veita hver annarri upplýsingar til skýringar málum og liðsinni við framkvæmd barnaverndarráðstafana.

Ef barnaverndarnefnd ráðstafar barni eða ungmenni til dvalar í annað umdæmi fer hún áfram með málið. Hún getur þó farið þess á leit að barnaverndarnefnd í dvalarumdæmi barns beri tilteknar skyldur. Barnaverndarnefndinni í dvalarumdæmi barnsins ber að tilkynna nefndinni sem ráðstafaði barninu ef aðstæður þess breytast þannig að ástæða þyki til sérstakrar íhlutunar.

III. KAFLI

Um barnaverndarráð.

12. gr.

Skipan barnaverndarráðs.

Félagsmálaráðherra skipar þriggja manna barnaverndarráð til fjögurra ára í senn og þrjá menn til vara. Skal það hafa fast aðsetur í Reykjavík. Formaður ráðsins skal fullnægja skilyrðum til þess að vera skipaður héraðsdómari, sbr. 32. gr. laga nr. 85/1936, með síðari breytingum. Ráðsmenn skulu vera kunnir að grandvarleik og hafa sérþekkingu á málefnum barna og ungmenna. Ráðherra tilnefnir formann og varaformann barnaverndarráðs.

Ráðherra ákveður laun barnaverndarráðsmanna og greiðast þau úr ríkissjóði ásamt öðrum kostnaði við ráðið.

13. gr.

Hlutverk barnaverndarráðs.

Hlutverk barnaverndarráðs er að fara með úrskurðarvald í þeim málum sem skotið er til ráðsins samkvæmt lokamálslið 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 52. gr.

Barnaverndarráð skal hafa sérhæfða starfsmenn í þjónustu sinni og enn fremur annað starfsfólk við hæfi. Barnaverndarráð getur einnig leitað álits sérfræðinga utan ráðsins þegar ástæða þykir til.

14. gr.

Fundir barnaverndarráðs.

Barnaverndarráð er ályktunarfært ef allir ráðsmenn sitja fund og tveir þeirra fylgjast að máli. Varamaður tekur sæti ef ráðsmaður hefur boðað forföll eða er vanhæfur, sbr. 4. mgr. 52. gr., sbr. 45. gr.

Barnaverndarráð heldur fundi eftir þörfum.

Úrskurðir ráðsins skulu skráðir í fundargerðabók. Í reglugerð, er félagsmálaráðherra setur, skulu sett ákvæði um starfsháttu barnaverndarráðs.

IV. KAFLI

Tilkynningarskylda og aðrar skyldur við barnaverndaryfirvöld.

15. gr.

Tilkynningarskylda almennings.

Hverjum, sem verður þess vís að barni sé misboðið, uppeldi þess sé vanrækt eða aðbúnaði þess svo áfátt að barninu geti stafað hætta af, er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd þar sem barnið dvelst.

Annars er hverjum manni rétt að gera barnaverndarnefnd viðvart um hvert það tilvik sem telja má að barnaverndarnefnd eigi að láta sig skipta.

16. gr.

Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum og ungmennum.

Hverjum, sem stöðu sinnar vegna hefur afskipti af málefnum barna og ungmenna og verður í starfa sínum var við óviðunandi misfellur á uppeldi og aðbúð barna eða ungmenna, er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.

Sérstaklega er fóstrum, dagmæðrum, kennurum, prestum, læknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum og öðrum þeim, sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf, skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna og ungmenna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að málefnum barns sé þannig komið að barnaverndarnefnd ætti að hafa afskipti af þeim. Tilkynningarskylda gengur að þessu leyti framar ákvæðum laga um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

17. gr.

Tilkynningarskylda lögreglu og dómara.

Skylt er löggæslumanni að gera barnaverndarnefnd viðvart þegar hann hefur til meðferðar mál barns eða ungmennis.

Þegar brot eru framin annaðhvort af börnum eða ungmennum eða gegn þeim skal löggæslumaður eða dómari þegar í stað tilkynna það barnaverndarnefnd og veita henni þess kost að fylgjast með rannsókn máls. Sé barn innan 16 ára aldurs skal jafnframt gefa barnaverndarnefnd kost á að láta fulltrúa sinn eða starfsmann vera viðstaddan þegar barnið er yfirheyrt. Getur dómari og krafist þess ef honum þykir þörf.

18. gr.

Nafnleynd tilkynnanda.

Ef sá sem tilkynnir barnaverndarnefnd óskar nafnleyndar gagnvart öðrum en nefndinni skal það virt nema sérstakar ástæður mæli því gegn.

19. gr.

Samstarf við barnaverndarnefndir.

Öllum þeim, sem stöðu sinnar vegna hafa afskipti af málefnum barna og ungmenna, svo sem starfsfólk heilbrigðisþjónustu, skóla, dagvistarstofnana barna og löggæslu, er skylt að stuðla að því að barnaverndarstarf komi að sem mestum notum og skulu hafa samvinnu við barnaverndaryfirvöld í því skyni.

Barnaverndaryfirvöld skulu með sama hætti hafa samstarf við þá sem stöðu sinnar vegna hafa þekkingu á málefnum barna og ungmenna.

Skylt er skólum og dagvistarstofnunum að hafa náið samstarf við barnaverndarnefndir varðandi stuðning við börn og fjölskyldur þeirra sem standa höllum fæti félagslega.

Stofnanir á sviði félags- og heilbrigðismála, svo sem áfengismeðferðarstofnanir og geðdeildir, skulu skipuleggja þjónustu sína við foreldra barna þannig að tillit verði tekið til hagsmuna barnanna.

Skylt er lögreglu, dómstólum og fangelsismálayfirvöldum að hafa samvinnu við barnaverndarnefndir og veita þeim aðstoð við úrlausn barnaverndarmála.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um samvinnu barnaverndaryfirvalda við aðrar stofnanir í samráði við þau ráðuneyti sem viðkomandi stofnanir heyra undir.

V. KAFLI

Skyldur barnaverndaryfirvalda gagnvart einstökum börnum og ungmennum og fjölskyldum þeirra.

20. gr.

Skyldur foreldra.

Foreldrum ber að gegna forsjár- og uppeldisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum barna, sbr. 35. gr. laga nr. 9/1981. Skylt er barnaverndarnefnd að aðstoða foreldra við að gegna foreldraskyldum sínum, en grípa til viðeigandi úrræða samkvæmt þessum kafla ef nauðsyn ber til. Að jafnaði skal þess gætt að almenn úrræði til stuðnings við fjölskyldu verði

reynd áður en gripið er til þvingunarúrræða. Þó skal ávallt það ráð upp taka sem ætla má að barni eða ungmenni sé fyrir bestu.

21. gr.

Könnun máls.

Nú fær barnaverndarnefnd rökstuddan grun um að

a. líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin sökum vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra eða
b. barn eða ungmenni stefni heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni

og er nefndinni þá skylt að kanna málið án ástæðulausrar tafar.

Skal kosta kapps um að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi barna eða ungmenna sem í hlut eiga, tengsl þeirra við foreldra eða aðra og aðbúð þeirra á heimili, skólagöngu þeirra og hegðun á heimili og utan þess, svo og um andlegt og líkamlegt ásigkomulag þeirra. Skal leita aðstoðar sérfræðinga eftir því sem þörf krefur.

Um heimildir barnaverndarnefndar og starfsmanna hennar við könnun mála gilda að öðru leyti ákvæði 46. gr.

Foreldrum eða þeim sem barnið dvelst hjá er skylt að veita liðsinni sitt til þess að könnun máls geti gengið greiðlega fyrir sig, enda skal barnaverndarnefnd sýna þeim er málið snertir alla nærgætni. Könnunin skal ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefur.

22. gr.

Áætlun um meðferð máls.

Nú er í ljós leitt að aðbúnaði, umönnun eða uppeldi barns er áfátt vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra eða barn stefnir eigin heilsu eða þroska í hættu með hegðun sinni, t.d. afbrotum eða neyslu vímuefna, og skal barnaverndarnefnd þá láta gera skriflega áætlun um meðferð málsins.

Í áætluninni skal tilgreint hvernig hagsmunir barnsins verði best tryggðir, m.a. hvaða aðstoð foreldrum verði veitt til að gera þeim kleift að fara með forsjá barnsins og einnig hvað foreldrum beri að gera fyrir sitt leyti til að mega fara áfram með forsjá þess.

23. gr.

Skráning barna í áhættuhópi.

Barnaverndarnefnd skal halda sérstaka skrá um þau börn í umdæmi sínu sem hún hefur rökstuddan grun um að sé hætta búin skv. 1. mgr. 21. gr. og 1. mgr. 22. gr. í þeim tilgangi að tryggja yfirsýn og samfellda málsmeðferð í slíkum málum. Nú breytast aðstæður þannig að mati nefndar að barn telst ekki lengur í áhættuhópi og skal nafn þess þá ekki standa lengur á skránni en tólf mánuði þaðan í frá. Foreldrum skal að jafnaði gerð grein fyrir að barn þeirra sé á skrá, sbr. 3. mgr. 46. gr., nema það komi í bága við hagsmuni barnsins að mati nefndarinnar. Ráðuneytið setur reglugerð um fyrirkomulag skráningar og meðferð upplýsinga í samræmi við lagaákvæði þetta og lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989.

24. gr.

Stuðningsúrræði.

Nú leiðir könnun máls í ljós að þörf er aðgerða barnaverndarnefndar og skal hún þá í samvinnu við foreldra, og eftir atvikum barn eða ungmenni, veita aðstoð eftir því sem við á með því að

a. leiðbeina foreldrum um uppeldi og aðbúnað barns,
b. útvega barni eða fjölskyldu tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa eða stuðningsfjölskyldu,

c. útvega barni eða ungmenni dagvist, skólavist, atvinnu eða möguleika til hollrar tómstundaiðju,
d. beita almennum úrræðum til úrbóta samkvæmt öðrum lögum, svo sem lögum um félagslega þjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni fatlaðra,
e. aðstoða foreldra við að leita sér meðferðar vegna veikinda, áfengis- eða vímuefnaneyslu eða annarra persónulegra vandamála,
f. vista barn um skamman tíma utan heimilis á vistheimili eða fósturheimili,
g. taka við forsjá barns með samþykki foreldra, sbr. 47. gr., útvega því varanlegt fósturheimili og hlutast til um að barninu verði skipaður lögráðamaður.

Ráðuneytið skal setja reglugerð um úrræði skv. b-lið þessarar greinar.

25. gr.

Skylda barnaverndarnefndar við börn og ungmenni í hættu vegna eigin hegðunar.

Nú stefnir barn eða ungmenni eigin heilsu eða þroska í hættu með hegðun sinni, svo sem með neyslu áfengis eða annarra vímuefna, afbrotum eða annarri jafnskaðlegri hegðun, og skal barnaverndarnefnd þá veita sérstaka aðstoð með viðtölum, ráðgjöf, vistun á unglingaheimili eða öðrum tiltækum stuðningsaðgerðum.

Þegar svo stendur á sem í 1. mgr. segir er barnaverndarnefnd heimilt í samráði við foreldra að vista barn til skammtímameðferðar og rannsóknar í allt að fjórum vikum í senn á viðeigandi stofnun. Ef vistun er gegn vilja barns sem orðið er 12 ára skal það fá tækifæri til að tala máli sínu fyrir nefndinni með liðsinni sérstaks talsmanns ef því er að skipta, sbr. 2. og 3. mgr. 49. gr.

Nú telur barnaverndarnefnd ekki hjá því komist að vista ungmenni gegn vilja sínum á stofnun vegna þess að það stefnir eigin heilsu eða þroska í alvarlega hættu með vímuefnaneyslu og getur nefndin þá leitað samþykkis dómsmálaráðuneytis fyrir vistun ungmennis á sjúkrahúsi eða deild Unglingaheimilis ríkisins fyrir vímuefnaneytendur í samræmi við ákvæði lögræðislaga, nr. 68/1984.

26. gr.

Skylda barnaverndarnefndar við barn eða ungmenni sem verður fyrir áreitni, ofbeldi eða öðrum afbrotum.

Nú hefur barn eða ungmenni orðið fyrir áreitni, ofbeldi eða öðrum afbrotum og skal þá barnaverndarnefnd aðstoða það með ráðgjöf eða meðferð eftir því sem við á. Barnaverndarnefnd er þá heimilt að fylgjast með rannsókn máls, sbr. 2. mgr. 17. gr. Svo og getur nefndin skipað barninu sérstakan talsmann ef því er að skipta, sbr. 3. mgr. 49. gr.

Nú verður barnaverndarnefnd þess vís að ábótavant er framkomu manns sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn og skal hún þá láta málið til sín taka og koma með ábendingar eða aðfinnslur til úrbóta.

27. gr.

Úrræði án samþykkis foreldra.

Nú telur barnaverndarnefnd sýnt að heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra og getur barnaverndarnefnd þá með úrskurði
a. kveðið á um eftirlit með heimili,
b. gefið fyrirmæli um aðbúnað og umönnun barnsins, svo sem dagvistun þess, skólasókn, læknisþjónustu, meðferð eða þjálfun,
c. kveðið á um töku barns af heimili, kyrrsetningu þess á fóstur- eða vistheimili, læknisskoðun, innlögn á sjúkrahús eða aðra stofnun til að tryggja öryggi þess eða til að unnt sé að gera viðeigandi rannsókn á barninu,

d. ákveðið að ekki megi fara með barnið úr landi.

Ákvarðanir samkvæmt grein þessari skulu ávallt vera tímabundnar og eigi standa lengur en þörf krefur hverju sinni og skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti.

28. gr.

Forsjársvipting.

Barnaverndarnefnd getur með úrskurði svipt foreldra, annað eða bæði, forsjá barns ef

a. uppeldi, daglegri umönnun eða samskiptum foreldra við barnið er alvarlega ábótavant með hliðsjón af aldri þess og þroska,
b. barn er sjúkt eða fatlað og foreldrar tryggja því ekki viðeigandi meðferð, þjálfun eða kennslu,
c. barninu er misþyrmt, misboðið kynferðislega ellegar það má þola alvarlega andlega eða líkamlega áreitni eða niðurlægingu á heimilinu,
d. telja má fullvíst að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin sökum þess að foreldrar eru augljóslega vanhæfir til að fara með forsjána, svo sem vegna vímuefnaneyslu, alvarlegrar geðveilu, mikils greindarskorts eða hegðun foreldra er líkleg til að valda barni alvarlegum skaða.

Úrskurður um forsjársviptingu skal því aðeins kveðinn upp að ekki sé unnt að beita öðrum aðgerðum til úrbóta skv. 24. gr. og 27. gr. eða slíkar aðgerðir hafa verið reyndar án nægilegs árangurs. Úrskurð á grundvelli d-liðar fyrri málsgreinar er þó heimilt að kveða upp þegar sérstaklega stendur á áður en nýfætt barn flyst í umsjá foreldra.

29. gr.

Skipan lögráðamanns.

Hafi foreldrar verið sviptir forsjá barns hverfur forsjá þess til nefndarinnar að svo stöddu en jafnframt ber henni að hlutast til um að yfirlögráðandi skipi barninu lögráðamann, sbr. 2. mgr. 27. gr. lögræðislaga, nr. 68/1984. Barnaverndarnefnd tekur forsjá barns í sínar hendur ef það verður forsjárlaust og hlutast á sama hátt til um að því verði skipaður lögráðamaður.

30. gr.

Börnum skal tryggð góð umsjá.

Þegar barnaverndarnefnd ráðstafar barni í samræmi við ákvæði f- og g-liðar 24. gr., 2. og 3. mgr. 25. gr., c-lið 1. mgr. 27. gr., 28. gr. og 29. gr. skal hún tafarlaust tryggja því góða umsjá. Skal barnaverndarnefnd gera skriflega áætlun svo sem um hvort og hvernig barnið fer að nýju til foreldra eða hvort því skuli komið í varanlegt fóstur.

Leitast skal við að finna systkinum sameiginlegar lausnir í samræmi við þarfir þeirra.

Nú verður barn 16 ára á heimili þar sem barnaverndarnefnd hefur komið því fyrir og er nefndinni þá skylt að aðstoða það áfram ef þörf krefur.

31. gr.

Brottvikning heimilismanns.

Ef barnaverndarnefnd þykir barni eða ungmenni háski búinn af háttsemi eða framferði heimamanns, svo sem vegna ofbeldis á heimili, ógnana eða hótana eða vegna vímuefnaneyslu eða annars athæfis er um getur í 66.–69. gr., en barninu eða ungmenninu gæti annars liðið vel á heimilinu, er nefndinni skylt, ef umvandanir eða aðrar ráðstafanir koma ekki að haldi, að leita um brottvikningu hans af heimilinu til bæjarfógeta í heimilisumdæmi barns eða ungmennis (í Reykjavík borgarfógeta) eða sýslumanns, sbr. 10. gr. laga nr. 90/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Er honum þá skylt að víkja manni brott af heimili um stundarsakir eða til frambúðar ef hann bætir ekki ráð sitt, sbr. 64. gr.

VI. KAFLI

Um ráðstöfun barna í fóstur.

32. gr.

Fóstur.

Með fóstri er í lögum þessum átt við að barnaverndarnefnd feli sérstökum fósturforeldrum forsjá eða umsjá barns þegar

a. kynforeldrar samþykkja það,
b. barn er forsjárlaust,
c. kynforeldrar hafa verið sviptir forsjá eða barn er í umsjá barnaverndarnefndar um tíma.

Fóstur getur verið tvenns konar, varanlegt eða tímabundið. Með varanlegu fóstri er átt við að það haldist þar til forsjárskyldur falla niður samkvæmt lögum. Fara fósturforeldrar þá að jafnaði með forsjá barns skv. 35. gr. barnalaga, nr. 9/1981, nema annað þyki betur henta þörfum barns og hagsmunum að mati barnaverndarnefndar. Að jafnaði skal ekki gerður samningur um varanlegt fóstur fyrr en að liðnum reynslutíma sem skal ekki vera lengri en eitt ár.

33. gr.

Fósturforeldrar.

Barnaverndarnefnd ber að velja fósturforeldra af kostgæfni og með tilliti til aðstæðna þeirra, hæfni og reynslu sem heppilegra uppalenda. Enn fremur skal velja fósturforeldra sérstaklega út frá hagsmunum og þörfum viðkomandi barns.

Barnaverndarnefnd ber að þjálfa og undirbúa fósturforeldra áður en fóstur hefst og enn fremur veita þeim stuðning og leiðbeiningar meðan fóstur varir eftir því sem nauðsyn ber til. Fulltrúi barnaverndarnefndar skal koma á fósturheimili eigi sjaldnar en einu sinni á ári hverju.

34. gr.

Fóstursamningur.

Kveða skal á um fóstur í skriflegum samningi milli fósturforeldra og barnaverndarnefndar. Í fóstursamningi skal kveðið á um:

a. hver fer með forsjá barns og að hvaða leyti, sbr. 32. gr.,
b. áætlaðan fósturtíma, þ.e. tímabundið fóstur eða varanlegt,
c. framfærslu barns og annan kostnað, svo sem fósturlaun, sbr. 35. gr.,
d. umgengni barns við kynforeldra og aðra,
e. stuðning barnaverndarnefndar við barn og fósturforeldra meðan fóstrið varir,
f. annað sem máli kann að skipta.

Félagsmálaráðuneytið skal útbúa sérstök eyðublöð fyrir fóstursamninga.

35. gr.

Framfærsla og annar kostnaður vegna barns í fóstri.

Hafi barnaverndarnefnd ráðstafað barni eða ungmenni í fóstur eða á annan hátt samkvæmt lögum þessum skal Tryggingastofnun ríkisins greiða með því þrefaldan barnalífeyri sé það innan sjö ára aldurs og tvöfaldan sé það eldra, en framfærslusveit barns endurgreiðir Tryggingastofnuninni. Að öðru leyti greiðist kostnaður vegna barnsins úr sveitarsjóði.

Allan kostnað, sem barnaverndarnefnd kann að hafa af hvers konar ráðstöfun barna og ungmenna úr öðrum umdæmum, skulu sveitarsjóðir þeirra umdæma endurgreiða ef ekki er öðruvísi ákveðið í lögum.

Barnavernarnefnd skal tilkynna Tryggingastofnun ríkisins um fóstursamning samkvæmt nánari reglum er Tryggingastofnun setur.

36. gr.

Umgengni barns í fóstri við kynforeldra.

Barn, sem er í fóstri með eða án samþykkis kynforeldra, á rétt á umgengni við þá og aðra sem eru barni nákomnir. Kynforeldrum er skylt að rækja umgengni og samneyti við barn og hlíta nánari skilmálum er að því lúta samkvæmt ákvörðun barnaverndarnefndar.

Kveða skal á um umgengni í fóstursamningi, sbr. d-lið 34. gr.

Ef sérstök atvik valda því að mati barnaverndarnefndar að umgengni barns við foreldra sé andstæð hag þess og þörfum getur nefndin úrskurðað að umgengnisréttar njóti ekki við eða breytt fyrri ákvörðun um umgengnisrétt með úrskurði. Jafnframt getur nefndin í þeim tilvikum lagt bann við hvers konar samskiptum foreldra og barns.

Barnaverndarnefnd getur kveðið upp úrskurð um að halda dvalarstað barns leyndum ef hagsmunir barnsins krefjast þess.

Barnaverndarnefnd á úrlausnarvald um umgengni barna í fóstri við kynforeldra sína.

37. gr.

Réttur barns í fóstri til þess að vita málsatvik.

Eftir atvikum skal barnaverndarnefnd gera barni ljóst hvers vegna því var komið í fóstur að svo miklu leyti sem heppilegt er vegna aldurs þess og þroska. Með sama hætti skal gera barni grein fyrir þeim áformum sem barnaverndarnefnd hefur og varða barnið.

38. gr.

Nefnd er heimilt að úrskurða að barn sé kyrrt í fóstri.

Nú óska foreldrar, sem samþykkt hafa fóstur, eftir því að fóstursamningi verði rift og skal barnaverndarnefnd þá taka málið til meðferðar. Við úrlausn máls skal fyrst og fremst taka mið af velferð barnsins. Barnaverndarnefnd er þá jafnan heimilt að úrskurða að barn, sem er í fóstri, skuli vera kyrrt hjá fósturforeldrum ef þar fer vel um það og hagsmunir barns mæla með því.

39. gr.

Samþykki barnaverndarnefndar.

Enginn má taka barn í fóstur nema með samþykki barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi hans og ekki má ráðstafa barni í fóstur nema til aðila sem fengið hefur meðmæli barnaverndarnefndar.

40. gr.

Vanræksla fósturforeldra.

Nú kemst barnaverndarnefnd að raun um að þeir sem hafa barn í fóstri vanrækja uppeldishlutverk sitt og skal hún þá gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til verndar barni eða ungmenni. Getur nefndin lagt bann við því að fósturforeldrar þessir taki börn framvegis í fóstur.

41. gr.

Endurskoðun fóstursamnings.

Ef aðstæður fósturforeldra breytast, svo sem vegna skilnaðar, andláts eða búferlaflutninga, ber að tilkynna barnaverndarnefnd um það og skal þá endurskoða fóstursamning ef ástæða þykir til. Fósturforeldrar geta og óskað endurskoðunar á fóstursamningi.

42. gr.

Skráning og framkvæmd.

Félagsmálaráðuneytið heldur skrá um börn í varanlegu fóstri.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laganna varðandi fóstur.

VII. KAFLI

43. gr.

Foreldrar vista sjálfir börn sín utan heimilis.

Foreldrar geta falið öðrum daglega umönnun og uppeldi barna sinna, sbr. 42. gr. barnalaga, nr. 9/1981, enda brjóti það ekki í bága við hagsmuni barnsins. Foreldrum ber þó að tilkynna barnaverndarnefnd þegar barni er komið fyrir hjá öðrum og dvöl er ætlað að standa lengur en sex mánuði. Dveljist barn hjá vandamönnum þarf þó ekki að tilkynna um ráðstöfun nema henni sé ætlað að vara í níu mánuði eða lengur. Skilyrðislaust þarf að tilkynna nefndinni ef dvöl barns hefur varað í þann tíma sem áður greinir.

Tilkynningarskylda skv. 1. mgr. gildir ekki þegar vistun er nauðsynleg vegna skólagöngu barnsins þegar barn er vistað í opinberri stofnun vegna heilsu sinnar eða þroska eða þegar barn er orðið 15 ára.

Þegar barnaverndarnefnd fær tilkynningu eins og segir í 1. mgr. eða fær upplýsingar á annan hátt um vistun sem tilkynningarskyldan gildir um skal hún kanna hvort þörf er fyrir stuðning við foreldra sem gæti gert þeim kleift að hafa barnið hjá sér. Ef svo er ekki skal nefndin kanna hvort hag og þörfum barns sé fullnægt á væntanlegum dvalarstað þess. Könnun má fella niður ef fullnægjandi upplýsingar liggja fyrir um dvalarheimilið.

Hafi barn verið í umsjá annarra, sbr. 1. mgr., í þrjá mánuði eða lengur samkvæmt þessari grein getur barnaverndarnefnd bannað flutning þess að svo stöddu. Barnaverndarnefnd verður þó, innan þriggja mánaða, að kveða upp úrskurð um dvalarstað barnsins. Barnaverndarnefnd er þá heimilt að úrskurða að ráðstöfun skuli haldast ef vel fer um barnið og flutningur stríðir gegn hag þess og þörfum.

VIII. KAFLI

Málsmeðferð.

44. gr.

Ályktunarhæfi.

Barnaverndarnefnd er ályktunarfær þegar fullur helmingur nefndarmanna situr fund enda sé formaður eða varaformaður á fundi. Nú hamlar nauðsyn barnaverndarnefndarmanni fundarsókn og skal hann þá gera formanni viðvart með fyrirvara ef unnt er. Boðar formaður þá varamann í hans stað.

45. gr.

Um vanhæfi nefndarmanna.

Um vanhæfi nefndarmanna til meðferðar einstakra mála gilda ákvæði 36. gr. laga nr. 85 1936 eftir því sem við getur átt. Sama á við um starfsfólk barnaverndarnefnda.

46. gr.

Rannsóknarskylda og heimildir.

Áður en barnaverndarnefnd ræður máli til lykta skal afla sem gleggstra upplýsinga um hagi barns eða ungmennis, sbr. 2.–4. mgr. 21. gr.

Við rannsókn á högum barns eða ungmennis er barnaverndarnefnd, starfsmönnum hennar eða öðrum, sem hún kann að fela það sérstaklega, heimilt að taka skýrslur af foreldrum eða forráðamönnum barns eða ungmennis og kveðja fyrir sig til yfirheyrslu hvern þann í umdæmi hennar er um kann að bera. Um rétt þeirra til að skorast undan að gefa skýrslu

gilda ákvæði 125. gr. laga nr. 85/1936. Svo getur hún og krafist vitnaleiðslu fyrir dómi til skýringar á máli. Heimilt er að ræða við barn í einrúmi.

Að jafnaði skal foreldri eða forráðamanni barns eða ungmennis greint frá því að haldið sé uppi fyrirspurnum um hagi þess samkvæmt grein þessari.

Barnaverndarnefnd eða starfsmönnum hennar er því aðeins heimilt að fara á einkaheimili eða barnaheimili til rannsóknar á högum barns eða ungmennis að fyrir liggi samþykki foreldris eða forráðamanns þess eða á grundvelli dómsúrskurðar, sbr. þó niðurlag 50. gr. Dómari metur á grundvelli 21. gr. hvenær þörf er á að fara á heimili.

47. gr.

Samþykki foreldra.

Samþykki foreldris, skv. f- og g-liðum 24. gr. og a-lið 32. gr., skal vera skriflegt og undirritað í viðurvist tveggja manna er votta að foreldri hafi gert sér fulla grein fyrir eðli og réttaráhrifum ráðstöfunarinnar.

48. gr.

Úrskurðir barnaverndarnefnda.

Málum, er varða ráðstafanir gagnvart börnum, ungmennum eða forráðamönnum þeirra skv. 27. gr., 28. gr., 3. og 4. mgr. 36. gr., 38. gr., 4. mgr. 43. gr. og 4. mgr. 49. gr., skal ráðið til lykta með úrskurði. Ef lögfræðingur á ekki sæti í nefndinni skal héraðsdómari taka sæti í henni með fullum réttindum og skyldum.

Fjórir nefndarmenn hið fæsta af fimm eða sex skulu standa að úrskurði. Úrskurður skal vera skriflegur og rökstuddur. Þar skal rekja málavexti og greina forsendur og niðurstöður. Úrskurð skal tilkynna með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt og skal vekja athygli aðila á að heimilt sé að skjóta máli til barnaverndarráðs, sbr. 52. gr.

49. gr.

Meðferð úrskurðarmála.

Áður en barnaverndarnefnd kveður upp úrskurð skv. 48. gr. ber að leiðbeina foreldrum eða öðrum forráðamönnum barns eða ungmennis um réttarstöðu þeirra samkvæmt lögum þessum. Jafnframt skal veita þeim kost á að tjá sig um málið fyrir barnaverndarnefnd, munnlega eða skriflega, þar á meðal með liðsinni lögmanna. Eftir atvikum skal barnaverndarnefnd veita foreldrum fjárstyrk til að greiða fyrir lögmannsaðstoð.

Að jafnaði ber að veita barni kost á að tjá sig um mál og er það skylt ef mál varðar barn 12 ára eða eldra.

Þegar sérstaklega stendur á er barnaverndarnefnd heimilt að skipa barni eða ungmenni sérstakan talsmann.

Barnaverndarnefnd skal með nægilegum fyrirvara láta aðilum í té öll skrifleg gögn sem byggt er á við úrlausn málsins. Nefndin getur ákveðið með rökstuddum úrskurði að tiltekin gögn skuli ekki afhent ef það skaðar hagsmuni barnsins eða heitið hefur verið trúnaði. Á sama hátt getur nefndin ákveðið að aðilar geti kynnt sér gögn án þess að þau verði afhent.

50. gr.

Neyðarráðstafanir.

Ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun sem ber undir barnaverndarnefnd getur formaður hennar eða starfsmaður í umboði hans framkvæmt hana, en leggja skal hann málið fyrir barnaverndarnefnd til staðfestingar innan tveggja vikna. Ef ráðstöfun felur í sér aðgerðir á grundvelli c- og d-liða fyrri málsgreinar 27. gr. skal hún staðfest með fullnaðarúrskurði barnaverndarnefndar innan tveggja mánaða. Við þessar aðstæður er heimilt að fara inn á heimili þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 46. gr., enda sé ástæða til að ætla að barn sé í bráðri hættu.

51. gr.

Valdbeiting.

Ef beita verður valdi til að hrinda ákvörðun barnaverndarnefndar eða barnaverndarráðs í framkvæmd samkvæmt lögum þessum heyrir slík valdbeiting undir fógeta eða lögreglu ef brýna nauðsyn ber til. Fulltrúi barnaverndarnefndar eða barnaverndarráðs skal þó ávallt vera viðstaddur ef til slíkra ráðstafana þarf að grípa til að gæta hagsmuna barnsins.

52. gr.

Málskot.

Foreldrar, forráðamenn barns eða aðrir þeir, sem eru barninu nákomnir, geta skotið úrskurði barnaverndarnefndar til fullnaðarúrskurðar til barnaverndarráðs innan fjögurra vikna frá því að viðkomanda var kunnugt um úrskurð barnaverndarnefndar. Er barnaverndarráði skylt að taka málið til skjótrar meðferðar og úrlausnar.

Málskot til barnaverndarráðs frestar ekki framkvæmd ákvörðunar barnaverndarnefndar. Þegar sérstaklega stendur á getur barnaverndarráð þó ákveðið að framkvæmd samkvæmt ályktun barnaverndarnefndar skuli frestað uns ráðið hefur fellt úrskurð sinn. Að jafnaði skal barnaverndarráð kveða upp fullnaðarúrskurð innan sex mánaða frá því að málinu var skotið til ráðsins.

Barnaverndarráð getur metið að nýju bæði lagahlið málsins og sönnunargögn þess. Það getur ýmist staðfest úrskurðinn að niðurstöðu til eða hrundið honum að nokkru eða öllu, þar á meðal mælt fyrir um aðrar ráðstafanir en barnaverndarnefnd hefur ákveðið. Þá getur ráðið einnig vísað málinu til nefndarinnar til meðferðar að nýju, svo og aflað gagna sjálft eða fyrir atbeina barnaverndarnefnda eða með öðrum hætti ef því er að skipta.

Að öðru leyti gilda ákvæði 45.–46. gr. og 48.–49. gr. um málsmeðferð fyrir barnaverndarráði. Barnaverndarráð getur að auki mælt fyrir um formlegan málflutning fyrir ráðinu.

53. gr.

Endurupptaka mála.

Nú breytast aðstæður foreldra verulega frá því að samþykki var veitt eða úrskurður var kveðinn upp þannig að ætla megi að foreldrar séu nú hæfir til þess að fara með forsjá barns og geta þeir þá farið fram á að barnaverndarnefnd taki mál þeirra upp á ný. Barnaverndarnefnd metur hvort mál skuli endurupptekið og afgreiðir beiðnina með bókun. Við úrlausn málsins skal velferð barns ávallt ganga fyrir.

IX. KAFLI

Um stofnanir.

54. gr.

Heimili fyrir börn og ungmenni.

Heimili, sem undir kafla þennan falla, eru: hvers konar vistheimili eða meðferðarheimili fyrir börn eða unglinga, hjálparstöðvar eða neyðarathvarf fyrir unglinga, sumardvalarheimili, sumarbúðir eða önnur heimili sem taka börn og ungmenni til uppeldis, umönnunar eða aðhlynningar um langan tíma eða skamman, enda falli þau ekki undir önnur lög.

Félagsmálaráðuneytið skal hlutast til um að settar verði á fót stofnanir eða heimili sem nauðsynleg eru til að barnaverndarnefndum sé unnt að rækja störf sín samkvæmt lögum þessum.

Félagsmálaráðuneytinu er skylt að reka unglingaheimili, svo og meðferðarheimili fyrir börn sem eiga við hegðunarerfiðleika að stríða. Ráðherra skipar slíkum heimilum þriggja manna stjórnarnefnd til fjögurra ára í senn og setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi þeirra.

Sveitarfélög skulu, eitt eða fleiri saman, setja á stofn og reka vistheimili er veiti börnum viðtöku um stundarsakir vegna aðstæðna á heimili þeirra, svo sem vegna forfalla foreldra, vanrækslu eða illrar meðferðar á barni eða til könnunar á aðstæðum þeirra, sbr. 21. gr. Sveitarfélög skulu einnig setja á stofn og reka önnur heimili eða stofnanir er sveitarstjórn telur þörf á, að fenginni tillögu eða umsögn barnaverndarnefndar, til að nefndin geti sinnt lagaskyldum sínum.

Heimilt er félagasamtökum eða öðrum aðilum að setja á stofn heimili eða stofnanir til stuðnings börnum og ungmennum að fengnu leyfi félagsmálaráðherra.

55. gr.

Leyfi til að reka heimili.

Óheimilt er að setja á stofn eða reka heimili skv. 54. gr. nema leyfi félagsmálaráðherra komi til. Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar þar sem heimilið er ef nefnd sú á ekki hlut að rekstrinum.

Félagsmálaráðuneytið skal semja og gefa út nánari reglur og leiðbeiningar um stjórn, starfsfólk, m.a. hæfisskilyrði og menntun, og alla aðbúð á þeim heimilum sem um getur í 54. gr.

56. gr.

Eftirlit með heimilum.

Barnaverndarnefnd hefur í umdæmi sínu eftirlit með heimilum sem rekin eru samkvæmt ákvæðum þessa kafla nema eftirlit sé falið öðrum samkvæmt lögum. Barnaverndarnefnd skal fylgjast með högum og aðbúnaði barna á slíkum heimilum og gæta þess vandlega að ekki séu rekin í umdæmi hennar önnur heimili fyrir börn en þau sem hlotið hafa leyfi samkvæmt lögum þessum.

Líkamlegum eða andlegum refsingum má ekki beita á heimilum eða stofnunum fyrir börn og ungmenni.

Ef meðferð barns á barnaheimili eða uppeldisstofnun er óhæfileg eða rekstri slíks heimilis eða stofnunar á annan hátt ábótavant skal barnaverndarnefnd leitast við með leiðbeiningum og áminningum að bæta úr því sem áfátt er. En komi það ekki að haldi skal hún leggja málið fyrir félagsmálaráðuneytið. Ef ráðuneytið fær eigi úr bætt getur það svipt heimili eða stofnun rétti til áframhaldandi rekstrar.

X. KAFLI

Almenn verndarákvæði.

57. gr.

Eftirlit með vinnu barna og ungmenna.

Barnaverndarnefnd skal hafa eftirlit með því að barni eða ungmenni sé ekki ofþjakað við þunga eða óholla vinnu, með löngum vinnutíma, vökum eða óreglulegum vinnuháttum. Að öðru leyti fer um eftirlit með vinnu barna og ungmenna eftir lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980.

58. gr.

Varnir gegn vímuefnaneyslu.

Barnaverndarnefnd skal vinna gegn hvers konar vímuefnaneyslu barna og ungmenna í umdæmi sínu. Nefndin skal einnig stuðla að því að þeir sem selja, útvega eða veita börnum eða ungmennum vímuefni sæti ábyrgð lögum samkvæmt.

59. gr.

Eftirlit með sýningum og skemmtunum.

Barnaverndarnefnd skal, eftir því sem hún telur ástæðu til, hafa eftirlit með leiksýningum og hvers konar opinberum sýningum eða skemmtunum öðrum en kvikmyndasýningum. Þeim er veitir forstöðu skemmtun eða sýningu sem ætla má að börn muni sækja er skylt að kveðja til barnaverndarnefnd eða fulltrúa hennar og gefa nefndinni kost á að kynna sér efni sýningar á undan almenningi. Ef barnaverndarnefnd telur að skemmtun sé með einhverjum hætti skaðsamleg börnum getur hún bannað að börn innan ákveðins aldurs fái aðgang að henni. Forstöðumenn skemmtunar skulu geta banns um hana á sinn kostnað í auglýsingum og bera ábyrgð á að bann sé haldið.

60. gr.

Útivistartími barna.

Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20, nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu að sama skapi ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu. Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna um tvær klukkustundir.

61. gr.

Aðgangur barna og ungmenna að dansleikjum og öðrum skemmtunum.

Börnum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á dansleikjum öðrum en sérstökum unglinga- eða fjölskylduskemmtunum sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum þeim sem til þess hafa leyfi. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með að ákvæði þetta sé haldið að viðlagðri afturköllun almenns skemmtanaleyfis um lengri eða skemmri tíma.

Börnum eða ungmennum innan 18 ára aldurs er óheimill aðgangur og dvöl á stöðum sem hafa leyfi til áfengisveitinga, sbr. og 20. gr. áfengislaga, nr. 82/1969, nema í fylgd með foreldri, öðrum forsjáraðila eða maka. Þeim sem leyfi hefur til áfengisveitinga er skylt að sjá til þess að ákvæði þetta sé haldið að viðlagðri leyfissviptingu.

Ungmenni innan 18 ára aldurs mega ekki starfa á stöðum sem hafa leyfi til áfengisveitinga nema það sé liður í viðurkenndu iðnnámi.

Þegar börnum eða ungmennum er bannaður aðgangur að skemmtunum, öðrum en á stöðum sem leyfi hafa til áfengisveitinga, skal miða aldursmörk við fæðingarár en ekki fæðingardag.

XI. KAFLI

Refsiákvæði.

62. gr.

Það varðar sektum eða varðhaldi að koma vísvitandi röngum eða villandi upplýsingum á framfæri við barnaverndarnefnd um atriði sem lög þessi taka til.

63. gr.

Nú lætur maður hjá líða að tilkynna barnaverndarnefnd um svo illa meðferð eða slæman aðbúnað barns eða ungmennis að lífi þess eða heilsu sé hætta búin þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

64. gr.

Ef maður hefur samband, heimsækir eða ónáðar barn eða ungmenni gegn banni barnaverndarnefndar eða brýtur gegn úrskurði fógeta eða sýslumanns um að víkja af heimili, sbr. 31. gr., varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

65. gr.

Hver, sem nemur á brott barn eða ungmenni sem barnaverndarnefnd hefur ráðstafað samkvæmt lögum þessum eða kemur því til leiðar að brotið er gegn slíkri ráðstöfun, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

66. gr.

Ef þeir sem hafa barn eða ungmenni í sinni umsjá
a. misþyrma því andlega eða líkamlega,
b. misbjóða því kynferðislega eða á annan hátt,
c. vanrækja það andlega eða líkamlega þannig að lífi eða heilsu þess er hætta búin,
þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

67. gr.

Hver, sem beitir barn eða ungmenni refsingum, hótunum eða ógnunum og ætla má að slíkt skaði barnið andlega eða líkamlega, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að þremur árum.

68. gr.

Ef maður hvetur barn eða ungmenni til lögbrota, lauslætis, áfengis- eða fíkniefnaneyslu eða leiðir það með öðrum hætti á siðferðilega glapstigu þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að fjórum árum.

69. gr.

Hver, sem sýnir barni eða ungmenni yfirgang, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi, særir það eða móðgar, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

70. gr.

Um rannsókn og meðferð brota, sem refsing er lögð við í lögum þessum, fer að hætti opinberra mála.

Niðurlagsákvæði.

71. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júní 1991. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram sem stjórnarfrumvarp á 112. löggjafarþingi en varð eigi útrætt. Frumvarpinu fylgdu svohljóðandi athugasemdir:

Þann 30. apríl 1987 skipaði Sverrir Hermannsson, þáverandi menntamálaráðherra, nefnd til að endurskoða lög um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966. Nefndin var skipuð Sigríði Ingvarsdóttur, formanni barnaverndarráðs, Ingibjörgu Rafnar héraðsdómslögmanni og Gunnari Sandholt, yfirmanni fjölskyldudeildar Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar. Tveir starfsmenn barnaverndarráðs unnu með nefndinni, þau Guðjón Bjarnason framkvæmdastjóri og Guðrún Erna Hreiðarsdóttir lögfræðingur.

Starf nefndarinnar hefur miðast við heildarendurskoðun á gildandi lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966. Nefndin hefur átt fundi með ýmsum aðilum sem hafa þekkingu og reynslu á því sviði sem um ræðir, svo sem barnalæknum, geðlæknum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, lögfræðingum og félagsráðgjöfum. Einnig hefur hún átt samvinnu á starfstíma sínum við nefndir eða einstaka fulltrúa þeirra sem hafa haft með höndum endurskoðun á lögum eða reglum sem tengjast með einum eða öðrum hætti málefnum barna. Þessar nefndir eru: nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins, sem vann að gerð frumvarps til laga um félagslega þjónustu sveitarfélaga, sifjalaganefnd, nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins, sem vann að því að setja reglur um starfsemi dagmæðra, og nefnd sem hefur endurskoðað ákvæði almennra hegningarlaga um skírlífisbrot. Þá hefur nefndin gert samanburð á erlendum rétti, einkum á Norðurlöndum, en þar hefur farið fram endurskoðun á barnaverndarlögum, svo og löggjöf um félagslega þjónustu hins opinbera. Sérstaklega var stuðst við ítarlegar greinargerðir og tillögur sem unnar voru í Noregi á undanförnum árum, en lagafrumvarp um félagslega þjónustu var lagt fram á norska Stórþinginu 1989. Loks hefur nefndin haft hliðsjón af tillögum nefndar sem skipuð var 26. ágúst 1974 til að endurskoða lög nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

Verkefni þetta hefur einkum beinst að því að setja fram hugmyndir sem eru í samræmi við þá þróun sem orðið hefur í barnaverndarmálum frá því að gildandi lög voru sett. Í því sambandi má benda á uppbyggingu félagslegrar þjónustu af ýmsu tagi, bæði á vegum ríkis og sveitarfélaga. Árið 1967 var lögfest heimild til þess að fela félagsmálaráðum verkefni barnaverndarnefnda að nokkru leyti eða öllu. Þá var Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar komið á fót og nú hafa flestir stærstu kaupstaðirnir þá skipan mála. Fagleg þekking hefur aukist með fjölgun sérmenntaðra starfsmanna, svo sem sálfræðinga og félagsráðgjafa, í heilbrigðisþjónustu og félagslegri þjónustu. Dagvistun hefur eflst til muna og sömuleiðis sálfræðileg þjónusta í skólum. Ýmiss konar starfsemi fyrir unglinga á vegum stórra sveitarfélaga og leitarstarf á vegum útideilda hefur einnig orðið til á þessum árum. Ungbarnaeftirlit og heilsugæsla hefur eflst.

Komið hefur í ljós þörf á að samræma barnaverndarlögin nýjum eða breyttum lögum sem tekið hafa gildi á síðari árum og má þar nefna barnalög, nr. 9/1981, lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, og lög um bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 33/1983.

Á síðari árum hefur greinilega verið leitast við að skilgreina réttarstöðu barna betur en áður. Í barnalögum, nr. 9/1981, svo og finnsku barnaverndarlögunum, nr. 683 frá 1983, kemur þetta greinilega fram. Í þeim tillögum, sem hér eru settar fram, er lögð áhersla á að skilgreina barnavernd út frá þörfum barna og að hagsmunir barna sitji í fyrirrúmi. Þá hefur nefndinni þótt áríðandi að við endurskoðun laganna yrði haft í huga mikilvægi þess að lög um vernd barna og ungmenna verði skýr og aðgengileg öllum, bæði almennum borgurum svo og þeim sem hafa með höndum barnaverndarstörf, beint eða óbeint.

Þegar litið er til þeirra hagsmuna, sem í húfi eru varðandi öryggi og velferð barna og ungmenna, þykir ljóst hve mikilvægt það er að vanda vel lagasetningu um þetta efni. Á hinn bóginn er hér við að eiga persónuleg málefni og einkalíf manna sem verður að fara varlega í að raska. Vandinn er því sá að tryggja velferð og öryggi barna og ungmenna án þess að skerða um of friðhelgi einstaklinga. Enn fremur má benda á að ógjörningur hlýtur að vera að fjalla um í lagatexta allar þær aðstæður sem upp geta komið í lífi barna og ungmenna sem kalla á sérstakar aðgerðir af hálfu yfirvalda eða annarra. Þetta hefur verið leyst með því að lýsa því svo nákvæmlega sem unnt er hvaða aðstæður kalli á ákveðin viðbrögð, en væntanlega fer það svo eftir atvikum hvernig til tekst að koma til móts við þarfir barna og ungmenna í samræmi við þau lög sem í gildi eru á hverjum tíma. Mikilvægt þykir að lagaákvæði um vernd barna og ungmenna gefi ekki tilefni til mismunandi eða mjög ólíkra túlkana. Því hefur hér verið lögð áhersla á að framsetning og orðalag lagafrumvarpsins gefi skýr fyrirmæli um til hvers er ætlast.

Samræmd félagsmálalög — sérlög um barnavernd?

Nefndinni er ljóst að árangur í barnaverndarstarfi er undir því kominn að starfshæfar einingar standi undir framkvæmdinni. Annars staðar á Norðurlöndum hefur þróun í barnaverndarmálum orðið sú að þessi mál eru tekin inn í heildarskipulag velferðarmála einstaklingsins. Um barnaverndarmálin er þá fjallað í tengslum við aðra félagslega aðstoð. Í Danmörku eru lagaákvæði um barnavernd sérstakur kafli í lögunum um félagslega þjónustu og hið sama er að segja um nýtt frumvarp til laga um félagslega þjónustu sem lagt var fram á norska Stórþinginu 30. mars 1989. Sama gildir að mestu um sænsku félagsmálalögin þótt sérstök lög hafi þar verið sett um þvingunarúrræði í barnaverndarmálum. Í öllum tilfellum er barnavernd samþætt annarri félagslegri þjónustu. Í Finnlandi voru sett sérstök barnaverndarlög en framkvæmd þeirra hvílir að mestu á félagsmálastofnunum sveitarfélaga. Rétt er að hafa í huga að miklar breytingar á skipan sveitarstjórnarmála voru undanfari endurbóta á félagslegri þjónustu í öllum þessum löndum. Stækkun sveitarfélaga og þriðja stig stjórnsýslunnar skipa þar stóran sess. Slíkar breytingar hafa, sem kunnugt er, ekki orðið hér á landi.

Nefndin telur rétt að sett verði sérstök lög um vernd barna og ungmenna á þann hátt sem hér er lagt til. Lagaákvæði um íhlutun barnaverndaryfirvalda í málefni einstakra barna og fjölskyldna, um málsmeðferð og réttaröryggi ásamt ákvæðum um stöðu fósturbarna og fósturforeldra þurfa ekki að vera í lagabálki um aðra félagslega þjónustu. Nefndin gerir ráð fyrir að meginreglan sé sú að barnaverndarmál séu samþætt annarri félagslegri þjónustu en að minnstu sveitarfélögunum sé gert skylt að sameinast um barnaverndarnefndir. Lögð er áhersla á að fyllsta samræmis verði gætt við löggjöf um félagslega þjónustu þegar þar að kemur. Nefndin gerir t.d. ráð fyrir að ítarlegar verði fjallað um ýmsa þætti forvarna í almennum lögum um félagslega þjónustu en hér er gert.

Úrskurðarvald í barnaverndarmálum.

Nefndin hefur hugað sérstaklega að breyttri tilhögun á því hver eigi að hafa úrskurðarvald í þvingunaraðgerðum í þágu barnaverndar, en eins og kunnugt er fara barnaverndarnefndir og barnaverndarráð með úrskurðarvald samkvæmt gildandi lögum. Til álita þykir koma að ákvörðun um þvingunaraðgerð þurfi að bera undir hina almennu dómstóla, svo sem tíðkast víða á Vesturlöndum. Dómstólameðferð þykja þó fylgja ýmsir ókostir og er hætta á að sú leið yrði ekki nægjanlega skilvirk. Tryggja þarf sérþekkingu dómara og er það að nokkru leyti unnt með því að dómari kalli til sérfróða meðdómsmenn við úrlausn þessara mála, sbr. 37. A. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, en dómsformaður þyrfti einnig að hafa nokkra sérþekkingu. Einnig er dómstólameðferðin dýr og seinleg.

Þótt ætla megi að dómstólaleiðin tryggi rétt foreldra best telur nefndin ekki ljóst að hið sama gildi um öryggi og velferð barnsins þegar mál eru rekin fyrir dómstólum. Í barnavernd felst stuðningur samfélagsins við börn. Ef grípa þarf til úrskurðar er eðli hans og tilgangur að tryggja velferð barnsins og öryggi en alls ekki sá að refsa foreldrum. Í meðferð barnaverndarmáls er mikilvægt að tryggja samfellda meðferð þar sem eitt úrræði leiðir af öðru barninu til hagsbóta. Einn meginkostur núverandi kerfis er að barnaverndarnefnd ber áfram fulla ábyrgð á velferð barnsins eftir að hún ákveður að taka barn af heimili. Þetta getur skert rétt foreldra og deilt hefur verið á „sjálfdæmi" barnaverndarnefnda. Í frumvarpinu er reynt að bregðast við þessari hættu með skýrum málsmeðferðarákvæðum og sterkari stöðu barnaverndarráðs sem áfrýjunaraðila.

Niðurstaða nefndarinnar er sú að best fari á því að barnaverndarnefndir fari áfram með úrskurðarvald eins og nú háttar til. Úrskurðum má síðan skjóta til barnaverndarráðs sem hefur endanlegt úrskurðarvald í þessum málum eins og verið hefur en þó með þeirri veigamiklu breytingu að hlutverk barnaverndarráðs er takmarkað við úrlausnir í málum sem skotið er til ráðsins en eftirlits- og leiðbeiningarhlutverk verði í höndum félagsmálaráðuneytisins, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Helstu nýmæli frumvarpsins.

1. Lagt er til að yfirstjórn barnaverndarmála verði í höndum félagsmálaráðuneytisins í stað menntamálaráðuneytisins eins og nú er. Þessi hugmynd er ekki ný en hún kom m.a. fram í greinargerð með gildandi lögum nr. 53/1966. Félagsmálaráðuneytið hefur með höndum, eins og kunnugt er, almennt eftirlit með störfum sveitarfélaga, svo og ýmsum verkefnum sem unnin eru á vegum þeirra, svo sem félagsmálum. Barnaverndarstörf tengjast með ýmsum hætti félagslegri þjónustu sem unnin er á vegum sveitarfélaga og þykir því fara betur á því að yfirstjórn þessara mála verði í sama ráðuneyti. Sem handhafi framkvæmdarvalds þykir ráðuneytið hafa mun betri aðstöðu en barnaverndarráð til að hafa virkt eftirlit með störfum barnaverndarnefnda og skyldum sveitarfélaga og hafa þar áhrif á ef þessir aðilar bregðast lögboðnum skyldum sínum. Þá má benda á að annars staðar á Norðurlöndum er yfirstjórn barnaverndarmála í höndum félagsmálaráðuneyta. Þar sem töluverð samvinna er orðin á seinni árum varðandi barnavernd almennt milli þessara landa er þess að vænta að mun hentugra verði fyrir Ísland að standa að slíkri samvinnu verði yfirstjórn barnaverndarmála í höndum félagsmálaráðuneytisins.
2. Gert er ráð fyrir breyttum starfsháttum barnaverndarráðs þannig að það fari ekki lengur með það tvíþætta hlutverk að veita barnaverndarnefndum ráðgjöf við úrlausn einstakra mála og fara með fullnaðarúrskurðarvald í sömu málum. Gerð er tillaga um að barnaverndarráð fari einungis með fullnaðarúrskurðarvald í barnaverndarmálum en leiðbeiningarskyldan og eftirlit með störfum barnaverndarnefnda fari fram í félagsmálaráðuneytinu, sbr. 1. lið hér að framan.
3. Brýnt þykir að barnaverndarumdæmi verði stækkuð en barnaverndarnefndir eru nú yfir tvö hundruð talsins á landinu öllu. Reynslan hefur sýnt að barnaverndarstarf strandar oft á smæð sveitarfélaga. Þau hafa ekki bolmagn til að sinna raunhæfu barnaverndarstarfi. Bæði er fjármagn af skornum skammti og einnig sérþekking við úrlausn barnaverndarmála. Fjárskorturinn leiðir m.a. til þess að ekki er unnt að ráða fólk með sérþekkingu til starfa fyrir barnaverndarnefndir en sérþekking er í flestum tilvikum afar nauðsynleg. Einnig er ráðgjöf sérfræðinga oft mjög brýn við úrlausn erfiðra barnaverndarmála en fyrir hana þarf að greiða sérstaklega. Sama á við um athuganir á börnum eða öðru heimilisfólki. Stofnanir eru t.d. ekki fúsar að taka þessi mál að sér án greiðslu.

   Því verður að líta svo á að barnaverndarstarfi verði ekki hægt að sinna á fullnægjandi hátt í svo smáum einingum sem núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir. Með sameiginlegum barnaverndarnefndum sveitarfélaga yrðu þær fremur starfshæfar einingar og ættu t.d. auðveldara með að ráða sérhæft starfsfólk og að standa undir öðrum óhjákvæmilegum kostnaði.
4. Í frumvarpinu hefur verið leitast við að setja skýrari ákvæði um skyldur barnaverndaryfirvalda gagnvart börnum og ungmennum. Má í því sambandi benda á ákvæðin um leitar- og varnarstarf, svo og nánari skilgreiningu á því hvað eru óviðunandi aðstæður barna og ungmenna. Þá er kveðið á um skyldur yfirvalda gagnvart þeim börnum og ungmennum sem lenda í afbrotum, svo og þeim sem verða fyrir afbrotum. Nauðsynlegt er að gera viðeigandi breytingar á lögræðislögum, nr. 68/1984, um innlögn ungmenna á stofnun sem stefna eigin heilsu eða þroska í alvarlega hættu með vímuefnaneyslu.
5. Í frumvarpi þessu eru ítarlegri ákvæði en í gildandi lögum um ráðstöfun barna í fóstur, svo og um réttarstöðu barna í fóstri, fósturforeldra og kynforeldra.
6. Í gildandi lögum eru ákvæði um málsmeðferð á víð og dreif í ýmsum lagagreinum. Í frumvarpinu eru ákvæði um starfshætti barnaverndarnefnda og málsmeðferð sett í sérstakan kafla. Leitast er við að gera ákvæði, er lúta að meðferð mála, skýrari til þess að taka af tvímæli.

7. Leitast er við að skilgreina betur réttarstöðu barna og ungmenna í barnaverndarmálum og miðað er að því að auka réttarvernd þeirra. Er því sett fram sú tillaga að börn eigi að jafnaði rétt á að tjá sig um málið og er það skylt þegar barn er orðið 12 ára. Þegar sérstaklega stendur á er barnaverndarnefnd auk þess heimilt að skipa barni eða ungmenni sérstakan talsmann.
8. Felld eru brott ákvæði um skoðun kvikmynda, en eðlilegt þykir að þau verði í lögum um bann við ofbeldiskvikmyndum.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í inngangskafla frumvarpsins er fjallað um markmið barnaverndar og meginþætti í starfi barnaverndaryfirvalda. Er þar tekið fram hver megintilgangur laganna er en nánari skilgreiningar koma fram í öðrum köflum frumvarpsins.

Í kaflanum er einnig fjallað um skipulag barnaverndarmála. Sú meginbreyting er gerð á yfirstjórn barnaverndarmála að hún er færð úr höndum menntamálaráðuneytisins í félagsmálaráðuneytið. Einnig er gerð sú breyting að eftirlit með störfum barnaverndarnefnda, svo og fræðslustarfsemi og ráðgjöf, verður framvegis í höndum félagsmálaráðuneytisins, en ekki hjá barnaverndarráði eins og verið hefur. Fer barnaverndarráð þá ekki lengur með það tvíþætta hlutverk að veita barnaverndarnefndum ráðgjöf við úrlausn einstakra mála og jafnframt með fullnaðarúrskurðarvald í sömu málum.

Um 1. gr.

Gengið er út frá því að hagsmunir barna verði alla jafna best tryggðir með því að þau alist upp hjá eigin fjölskyldu. Þótt litið sé á barnið sem einstakling er lögð áhersla á að það er engu að síður hluti af fjölskyldunni og ber barnaverndaryfirvöldum að virða það. Með orðalagi greinarinnar er stefnt að því að setja barnaverndaryfirvöldum raunhæf markmið. Ekki er barnaverndaryfirvöldum ætlað að tryggja öllum börnum bestu aðstæður, heldur að sjá svo um að engin börn búi við skaðlegar aðstæður. Það verður þó ávallt matsatriði á hverjum tíma og í hverju samfélagi hvað teljast viðunandi uppeldisskilyrði. Er það mat m.a. háð siðferðislegu gildismati og fræðilegri þekkingu á því hvað börnum er hollt og hvað þeim er skaðlegt. Hér er gengið út frá því að fjölskylda hvers barns gegni lykilhlutverki við uppeldi barna. Þó getur komið til þess að grípa þurfi til sérstakra ráða til verndar barni og getur þá verið að slíkar aðgerðir beinist gegn vilja og hagsmunum annarra í fjölskyldu barnsins. Því verður að meta í hverju einstöku tilfelli hvað barni eða ungmenni sé fyrir bestu.

Með stöðugleika í uppvexti er átt við að börn fái að alast upp í öryggi og án þess að aðgerðir barnaverndaryfirvalda raski stöðu þeirra og högum nema ekki verði hjá því komist. Stöðugleiki í uppvexti vísar einnig til mikilvægis upprunafjölskyldu barnsins og gildi þess almennt að börn séu alin upp í fjölskyldu. Með þessu er lögð áhersla á tengsl barns og fullorðinna einstaklinga sem bera ábyrgð á umönnun þess, uppeldi og þroska. Með stöðugleika í uppvexti er einnig vísað til þess að unnið skuli að því að koma börnum á ný í umsjá foreldra svo fremi það fari ekki í bága við þarfir þeirra og hagsmuni. Í þeim tilvikum vísar stöðugleiki í uppvexti til þess að börn, sem tekin eru úr umsjá foreldra, fái svo skjótt sem auðið er trausta og varanlega forsjá í góðri fósturfjölskyldu þegar það hentar best þörfum þeirra.

Um 2. gr.

Í greininni eru talin upp þau stjórnvöld sem bera ábyrgð á störfum er varða barnavernd og teljast því barnaverndaryfirvöld.

Um 3. gr.

Með aukinni þekkingu á málefnum barna, þörfum þeirra og uppvaxtarskilyrðum er nauðsynlegt að stjórnvöld móti ákveðna stefnu á hverjum tíma um megintilgang með barnaverndarstörfum. Mikilvægt er að stjórnvöld skilgreini hvað beri að leggja áherslu á hverju sinni. Úrræði í barnavernd eru oft af skornum skammti og er því brýnt að markviss uppbygging fari fram til þess að barnaverndarstörf verði árangursrík. Eðlilegt þykir að heildarstefna verði mótuð í félagsmálaráðuneytinu, byggð á þeirri þekkingu sem til er hverju sinni um börn og aðstæður þeirra. Allnokkuð hefur skort á að nægjanlegar rannsóknir væru gerðar á aðstæðum barna og fullnægjandi úrræðum í þágu þeirra sem þurfa sérstaka vernd af hálfu yfirvalda, en þetta þykir sérstaklega mikilvægt til að tryggja viðunandi árangur í barnaverndarstörfum.

Með þeirri breytingu, að ráðuneytið fari með eftirlits- og leiðbeiningarhlutverk í stað barnaverndarráðs, er nauðsynlegt að skýra valdmörk félagsmálaráðuneytisins annars vegar og barnaverndarráðs hins vegar gagnvart barnaverndarnefndum og er það gert með þessari grein.

Um 4. gr.

Meginþættir í störfum barnaverndarnefnda eru samkvæmt greininni þeir sömu og í gildandi lögum en eru nú taldir upp og skilgreindir. Sérstök áhersla er lögð á að fylgjast beri með þeim börnum og ungmennum sem eru hjálpar þurfi og einnig að afla skuli upplýsinga sem gefa haldgóða mynd af þeim vanda sem við er að eiga hverju sinni. Að öðrum kosti er þess ekki að vænta að unnt verði að veita viðunandi aðstoð eða grípa til heppilegra úrræða.

Þá þykir rétt að taka sérstaklega fram að barnaverndarnefndir fara einnig með þau verkefni sem þeim eru falin í öðrum lögum, svo sem ættleiðingarlögum.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um þagnarskyldu og er óbreytt 3. gr. gildandi laga.

Um II. kafla.

Í kaflanum er fjallað sérstaklega um barnaverndarnefndir, skipulag þeirra, starfslið og samstarf nefnda. Mikilvægasta breytingin á gildandi lögum er sú að hér er gert ráð fyrir að efla starfsemi barnaverndarnefnda með stækkun barnaverndarumdæma, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Um það atriði er enn frekar fjallað í 3. tölulið í kaflanum, **Helstu nýmæli frumvarpsins**, í inngangi þessara athugasemda.

Um 6. gr.

Greinin fjallar um kosningu og kjörgengi í barnaverndarnefnd. Gert er ráð fyrir því að héraðsnefndir og bæjarstjórnir í kaupstöðum, sem standa utan héraðsnefnda, kjósi í barnaverndarnefnd. Með þessu er ætlunin að tryggja að stærri einingar standi að barnaverndarstarfi en nú er. Þá er gert ráð fyrir því að félagsmálaráð geti farið með störf barnaverndarnefnda svo sem heimilt er samkvæmt gildandi lögum eða félagsmálanefndir verði þeim komið á fót.

Mikilvægt þykir að í barnaverndarnefnd eigi sæti lögfræðingur, svo og fólk með sérþekkingu á málefnum barna.

Kjörgengi í barnaverndarnefnd er háð sams konar skilyrðum og nú.

Um 7. gr.

Greinin fjallar um kjörtímabil barnaverndarnefnda og er efnislega samhljóða 7. gr. gildandi laga.

Um 8. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 8. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að rétt þykir og eðlilegt að undanþágu frá skyldu til setu í barnaverndarnefnd fái nefndarmenn eftir tvö kjörtímabil í stað eins nú þar sem reynsla nefndarmanna þykir mikils virði.

Ljóst er að sveitarstjórnir standa straum af kostnaði við störf barnaverndarnefnda en í greininni er héraðsnefnd látið eftir að ákveða hvernig kostnaður skiptist á einstök sveitarfélög en eins og kunnugt er eru málefni héraðsnefnda enn í mótun.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Fyrsta málsgrein er efnislega samhljóða upphafi 10. gr. gildandi laga, en er nokkru fyllri. Í greinargerð með frumvarpi til gildandi laga kom fram fullur skilningur á mikilvægi þess að barnaverndarnefndir hefðu á að skipa sérhæfðu starfsliði. Með sérhæfðu starfsliði er átt við starfsmenn er fengið hafa sérmenntun í þeim fræðum sem mest tengsl hafa við barnavernd, þar á meðal sálfræðinga, félagsráðgjafa, sérmenntaða kennara og uppeldisfræðinga. Því fer fjarri að barnaverndarnefndir hafi yfirleitt nægan aðgang að sérhæfðu starfsliði og stendur það barnaverndarstarfi víða mjög fyrir þrifum. Veldur slíkt óeðlilegum drætti á að mál séu könnuð, málsmeðferð verður ómarkviss og dregst á langinn og réttarstöðu allra aðila er ekki gætt sem skyldi.

Nú munu starfandi 15 félagsmálastofnanir í bæjum og kaupstöðum. Flestar eru þó svo fámennar að ekki gefst færi á þeirri sérhæfingu sem æskileg er í barnaverndarmálum. Þess eru dæmi, og þeim fer fjölgandi, að barnaverndarnefndir og félagsmálastofnanir hafa keypt ráðgjöf félagsráðgjafa og sálfræðinga í einstökum málum.

Stækkun barnaverndarumdæma ætti að gefa nefndum aukna möguleika til að ráða starfsfólk og er brýnt að héraðsnefndir og sveitarstjórnir styðji við nefndirnar að þessu leyti.

Í 2. mgr. er veitt heimild til samstarfs við aðrar stofnanir um sameiginlega sérfræðiþjónustu.

Í 3. mgr. er bætt við ákvæði um heimildir barnaverndarnefnda til að fela starfsmönnum könnun og meðferð einstakra mála eða málaflokka, að því tilskildu að um það hafi verið settar formlegar reglur sem héraðsnefnd eða sveitarstjórn staðfestir.

Um 11. gr.

Grein þessi fjallar um valdmörk nefnda og samstarf nefnda. Efnislega er greinin samhljóða 17. og 29. gr. gildandi laga.

Um III. kafla.

Þessi kafli fjallar um skipan barnaverndarráðs, hlutverk þess og starfshætti. Í kaflanum eru lagðar til verulegar breytingar frá gildandi lögum. Lagt er til að ráðsmönnum verði fækkað úr fimm í þrjá en með setningu gildandi laga var þeim fjölgað úr þremur í fimm. Hlutverki ráðsins er einnig breytt þannig að það hafi eingöngu með höndum fullnaðarúrskurðarvald í þeim barnaverndarmálum sem skotið er til ráðsins, en leiðbeiningarskylda barnaverndarráðs og eftirlit með störfum barnaverndarnefnda flyst til félagsmálaráðuneytisins, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Telja verður að þessi veigamikla breyting á hlutverki barnaverndarráðs styrki verulega stöðu þess sem áfrýjunaraðila þar sem því er ekki lengur ætlað það tvíþætta hlutverk að veita barnaverndarnefndum ráðgjöf við úrlausnir einstakra mála og kveða síðan upp fullnaðarúrskurði í þessum sömu málum síðar.

Um 12. gr.

Í greininni er lagt til að félagsmálaráðherra skipi þrjá menn í barnaverndarráð í stað fimm manna eins og nú er. Það er ljóst að ákvarðanir barnaverndarráðs hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir þá sem hlut eiga að máli og því nauðsynlegt að tryggja eftir föngum að þær ákvarðanir séu byggðar á víðtækri, faglegri þekkingu þeirra sem sitja í ráðinu. Telja verður að með þremur mönnum sé hægt að fullnægja þeim kröfum um sérþekkingu á málefnum barna sem gera verður til ráðsmanna auk þess sem vægi og ábyrgð hvers einstaks ráðsmanns hlýtur að vera meiri í þriggja manna ráði en í fimm manna ráði. Enn fremur má ætla að úrlausn mála verði greiðari í minna ráði en stærra.

Það þykir eðlilegt að gera þær kröfur til formanns barnaverndarráðs að hann fullnægi almennum hæfisskilyrðum til þess að vera skipaður héraðsdómari í samræmi við ákvæði 32. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, ekki síst með tilliti til þeirra breytinga sem lagt er til að gerðar verði á barnaverndarráði.

Um 13. gr.

Lagt er til að barnaverndarráð fari með úrskurðarvald í þeim málum sem skotið er til ráðsins samkvæmt lokamálslið 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 52. gr. Önnur verkefni, sem ráðið hefur nú með höndum, flytjist hins vegar til félagsmálaráðuneytisins skv. 3. gr. frumvarpsins.

Greinin er að öðru leyti efnislega samhljóða ákvæðum í 12. og 51. gr. gildandi laga.

Um 14. gr.

Í greininni er ákvæði þess efnis að ráðherra setji reglugerð um starfsháttu barnaverndarráðs. Í þeirri reglugerð þyrfti m.a. að kveða ítarlega á um það hvernig staðið skuli að bókun fundargerða, en engin slík fyrirmæli eru í gildandi lögum eða reglugerð. Enn fremur þyrfti að setja reglur um boðun funda barnaverndarráðs, boðun varamanna og um verkaskiptingu innan ráðsins, um starfsmenn þess og skrifstofuhald.

Annað í kaflanum er efnislega samhljóða ákvæðum í III. og V. kafla gildandi laga.

Um IV. kafla.

Ákvæði frumvarpsins um tilkynningarskyldu eru að efni til óbreytt að öðru leyti en því að nú er gerð tillaga um sérstaka grein sem lýtur að nafnleynd tilkynnanda og er það nýmæli. Jafnframt er miðað að því að gera lagaákvæðin um tilkynningarskyldu skýrari og er þeim nú skipað í samfellu í sérstakan kafla ásamt ákvæði um skyldur annarra, sem stöðu sinnar vegna hafa afskipti af málefnum barna og ungmenna, við barnaverndaryfirvöld.

Í greinargerð með 46. gr. laga nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna, segir m.a. að börn á ungum aldri séu ekki þess umkomin að leita réttar síns vegna misferlis sem þau verða fyrir og að börn og ungmenni séu annars oft svo háð þeim sem veita eiga þeim forsjá að þau geti ekki borið sig upp undan meðferð þeirri er þau sæta. Þessi orð eiga enn þá við og jafnvel eru ástæður til að ætla að tilkynningarskyldan sé enn mikilvægari nú en hún var fyrir 40 árum vegna þeirra þjóðfélagsbreytinga sem orðið hafa.

Tilgangur tilkynningarskyldu er sá að vitneskja um barn eða börn, sem eru hjálpar þurfi, komist til barnaverndaryfirvalda þannig að þau geti sinnt þeim lögboðnu skyldum sínum að tryggja öryggi, aðbúnað og viðunandi uppeldisskilyrði barna og ungmenna. Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess að barnaverndaryfirvöld fái sem fyrst vitneskju um tilvik sem gefa tilefni til afskipta af þeirra hálfu. Tilkynningarskyldan sem slík tryggir þó ekki að aðbúnaður barns batni heldur verður einnig til að koma öflugt og traust barnaverndarstarf sem bregst við tilkynningum og tekur á málum eftir því sem við á. Tilkynningarskylda hefur því enn meira gildi ef barnaverndarstarf er öflugt og nýtur trausts.

Það er ákaflega erfitt að skilgreina nákvæmlega í lögum hvenær tilkynningarskyldan á við, en engu að síður mjög mikilvægt að lögin séu eins skýr og afdráttarlaus og mögulegt er til þess að taka af tvímæli. Hins vegar verður að ganga út frá þeirri staðreynd að það hljóti að byggjast á mati hvenær skilyrði laganna eru fyrir hendi. Hér má líka nefna hugsanlegan hagsmunaárekstur þegar tilkynningarskyldan stangast á við þagnarskyldu ákveðinna starfsstétta. Samkvæmt gildandi lögum gengur tilkynningarskyldan við barnaverndaryfirvöld framar ákvæðum laga um þagnarskyldu, en engu að síður er það þó oft háð mati hvaða atvik eða aðstæður gefa tilefni til afskipta barnaverndaryfirvalda. Rétt er að geta þess að tilkynningarskyldan gildir þótt tilkynnandinn þekki ekki allar aðstæður barnsins. Einungis getur verið um rökstuddan grun að ræða og því ekki ljóst á því stigi hvort barnaverndarnefnd lætur málið til sín taka eða ekki. Þegar tilkynnt hefur verið er það háð mati nefndarinnar hvort og hverra aðgerða er þörf hverju sinni.

Um 15. gr.

Þessi grein er að mestu samhljóða 1. og 3. mgr. 48. gr. gildandi laga.

Um 16. gr.

Þessi grein er að mestu sambærileg 1. mgr. 18. gr. gildandi laga. Sú breyting er þó gerð að tilkynningarskyldan hvílir ekki eingöngu á *opinberum starfsmönnum* heldur á hverjum þeim sem stöðu sinnar vegna hafa afskipti af málefnum barna og ungmenna. Í upptalningu þeirra stétta, sem sérstök tilkynningarskylda er lögð á, er bætt fóstrum og dagmæðrum.

Í lokamálslið 2. mgr. er kveðið á um það nýmæli að tilkynningarskyldan gangi framar ákvæðum laga um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta. Telja verður að með þessari grein séu tekin af tvímæli um það að tilkynningarskylda þeirra starfsstétta, sem tilgreindar eru sérstaklega í greininni, við barnaverndarnefndir gangi framar þagnarskyldu þeirra samkvæmt öðrum lögum.

Um 17. gr.

Greinin er efnislega sambærileg 19. gr. gildandi laga.

Um 18. gr.

Helsta nýmæli frumvarpsins um tilkynningar til barnaverndaryfirvalda lúta að nafnleynd tilkynnanda. Með nafnleynd í þessu sambandi er átt við að barnaverndarnefnd heitir tilkynnanda að halda nafni hans leyndu fyrir öðrum ef hann óskar þess. Tilkynnandi verður eigi að síður að gefa nefndinni upp nafn sitt. Það er mikilvægt að upplýsingar berist greiðlega til barnaverndaryfirvalda. Með því að tryggja almenningi nafnleynd er greitt fyrir því að svo verði. Nafnleyndin hefur því þann tilgang að stuðla að bættri barnavernd. Þá er einnig mikilvægt að barnaverndaryfirvöld sýni fyllstu aðgæslu við meðferð hvers konar upplýsinga sem til þeirra berast en í 21. gr. frumvarpsins er boðið að barnaverndaryfirvöld skuli hefjast handa þegar fyrir liggur *rökstuddur grunur* um ákveðin atriði.

Um 19. gr.

Ljóst þykir að barnaverndarstarf komi því aðeins að fullum notum að tryggð sé samvinna allra þeirra aðila og stofnana er mest afskipti hafa af málefnum barna og ungmenna. Mikilvægt barnaverndar- og uppeldisstarf er unnið af hálfu ýmissa aðila, bæði opinberra og annarra. Má þar nefna heilbrigðisþjónustuna, einkum ungbarnaeftirlitið, svo og dagvistarstofnanir og skóla. Skv. 3. mgr. 2. gr. gildandi laga hvílir sú skylda á barnaverndarnefnd að leita samvinnu við forráðamenn skóla, heilsugæslu og félagsmála og aðra þá sem fjalla um málefni barna og ungmenna. Á hinn bóginn er lögð sú skylda á alla opinbera starfsmenn að hafa náið samstarf við barnaverndarnefndir í 18. gr. gildandi laga.

Rétt þykir að leggja sérstaka áherslu á gagnkvæma samvinnu barnaverndaryfirvalda og annarra sem stöðu sinnar vegna hafa afskipti af málefnum barna og ungmenna. Sérstök skylda er lögð á skóla og dagvistarstofnanir í þessum efnum skv. 3. mgr.

Þá er í 4. mgr. sérstaklega tilgreint að þær stofnanir á sviði félags- og heilbrigðismála, er sinna foreldrum, skuli taka tillit til hagsmuna barna skjólstæðinga sinna. Það verður að leggja í mat hverrar stofnunar hvernig það verður best gert. Um getur verið að ræða aðgerðir allt frá félagslegri ráðgjöf varðandi réttindi og þjónustu til mjög náinnar samvinnu við barnaverndarnefndir, t.d. þegar börn búa við hættulegar aðstæður vegna geðveiki eða fíkniefnaneyslu foreldranna.

Gert er ráð fyrir að ráðuneytið setji frekari reglur og leiðbeiningar í reglugerð um samvinnu barnaverndaryfirvalda við aðrar stofnanir. Rétt þykir að slík reglugerð verði sett að höfðu nánu samráði við önnur ráðuneyti þegar það á við, t.d. menntamálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti og dómsmálaráðuneyti. Gæti slíkt stuðlað að markvissari samvinnu.

Um V. kafla.

Á síðari árum hefur verið á það bent að nauðsynlegt sé að skilgreina vel í lögum skyldur barnaverndaryfirvalda til stuðnings einstökum börnum og ungmennum. Á það bæði við um hvenær skuli hefja íhlutun og hvaða úrræðum skuli beitt. Með því móti er síður hætta á mismunandi túlkunum á lagaákvæðum, starf barnaverndaryfirvalda verður markvissara og börn, foreldrar og barnaverndaryfirvöld njóta meira réttaröryggis við úrlausnir þessara vandasömu mála.

Skyldur barnaverndaryfirvalda varðandi einstök börn felast fyrst og fremst í því að grípa til viðeigandi úrræða ef og þegar aðstæður barns eða aðbúnaður er óviðunandi. Þetta orðalag gefur barnaverndaryfirvöldum mjög frjálsar hendur í þeim efnum að skilgreina hvað eru óviðunandi aðstæður eða aðbúnaður.

Í 35. gr. barnalaga, nr. 9/1981, eru skilgreindar forsjárskyldur foreldra. Þær skilgreiningar gefa þó ekki endilega fullnægjandi vísbendingar um það við hvað skuli miða varðandi ákvörðun á því hvenær foreldrar eða þeir sem hafa forsjárskyldur við barnið hafa brugðist þessum lögboðnu skyldum. Því þykir nauðsynlegt að í lögum um vernd barna og ungmenna verði nánar skilgreint hvenær barnaverndaryfirvöld skuli hefjast handa til stuðnings einstökum börnum eða ungmennum og til hvaða úrræða þeim beri að grípa. Ekki þykir fullnægjandi, svo sem gert er í gildandi barnaverndarlögum, að orða þetta þannig að barnaverndarnefnd skuli láta mál til sín taka á þann hátt er best þykir við eiga eftir því sem á stendur, sbr. 22. gr. laga nr. 53/1966. Það er ljóst að slíkt orðalag setur starfsmenn barnaverndaryfirvalda í ærinn vanda, t.d. ef þeir fá óstaðfestar eða jafnvel óljósar upplýsingar um að barn búi við slaka umönnun af hálfu foreldra sinna. Flest þau úrræði, sem gildandi lög ætla barnaverndarnefndum að beita, halda enn gildi sínu og eru hér einnig með, ýmist óbreytt eða færð til nútímalegra orðalags. Mikið þykir þó vanta á að kveðið sé á um ýmis úrræði í samvinnu við foreldra og þvingunarúrræði. Má þar nefna t.d. tilsjónarmann og stuðningsfjölskyldu. Þá er þar hvorki kveðið sérstaklega á um skyldur foreldra né heimildir barnaverndarnefnda til að færa barn til læknisrannsóknar eða athugunar á sjúkrahús, né heimildir barnaverndarnefnda til að banna brottflutning barns úr landi.

Í kafla þessum er leitast við að skilgreina betur en gert er í gildandi lögum hverjar skyldur barnaverndaryfirvalda eru gagnvart einstökum börnum og ungmennum og þá jafnframt við hvaða aðstæður þessar skyldur verða virkar.

Öll afskipti barnaverndaryfirvalda eru til þess fallin að trufla að meira eða minna leyti einkalíf viðkomandi fjölskyldu. Afskiptin þurfa því í öllum tilvikum að vera réttlætanleg. Hafa verður í huga að afskipti barnaverndaryfirvalda hafa þann eina tilgang að koma barni til hjálpar þegar foreldrar bregðast skyldum sínum gagnvart barninu. Afskipti eru því aðeins réttlætanleg að með þeim verði hagur eða aðbúnaður barnsins bættur. Nú er ekki alltaf

auðvelt að sjá fyrir hvenær afskipti koma til með að ná þessu marki. Því verður ekki hjá því komist að það verði að einhverju leyti háð mati barnaverndaryfirvalda hvenær þau eigi að hafa afskipti af því hvernig foreldrar rækja þær skyldur sem þeir bera gagnvart börnum sínum. Engu að síður hlýtur markmið lagasetningar í þessu tilliti að vera að skilgreina skyldur barnaverndaryfirvalda sem nákvæmast þannig að orðalag gefi sem minnst tilefni til mismunandi túlkunar.

Þótt það sé ótvíræður réttur barna að barnaverndaryfirvöld grípi inn í ef aðstæður þeirra eða aðbúnaður er óviðunandi er það einnig réttur foreldra að lög kveði skýrt á um það til hvers er ætlast af þeim sem foreldrum og hvaða háttsemi þeirra leiði til afskipta barnaverndaryfirvalda af heimilisháttum og uppeldisaðferðum. Á hinn bóginn hefur það þótt erfiðleikum bundið í framkvæmd að fyrir þurfi að liggja skilgreindir annmarkar á hæfni foreldra til að annast börn og ala þau upp. Slíkt gæti hugsanlega leitt til þess að vinna í barnaverndarmálum snúist fyrst og fremst um það að sanna ákveðna vankanta á foreldrum í stað þess að rannsókn beinist að því að leiða í ljós að barnið verði fyrir skaða við þær aðstæður sem það býr við láti barnaverndaryfirvöld sig ekki málið varða. Því hefur verið reynt að orða lagaákvæði svo að barnaverndaryfirvöld hafi afskipti af málefnum barns ef foreldrar sýna þá hegðun sem er líkleg til að valda barninu skaða eða ef barn eða ungmenni er líklegt til að skaða sjálft sig með hegðun sinni.

Uppbygging þessa kafla er með þeim hætti að byrjað er á að kveða á um skyldur foreldra gagnvart börnum og er þar með lögð áhersla á að fyrst og fremst eru það foreldrarnir sem bera ábyrgð á börnum sínum og uppeldi þeirra. Barnaverndaryfirvöld hafa að þessu leyti þær skyldur að þeim ber að aðstoða foreldra við að annast börn sín ef leitt er í ljós að þeir eru ófærir um að gegna þessum skyldum án hjálpar. Því næst eru skilgreindar þær aðstæður sem kalla á íhlutun nefndar og kveðið á um könnun máls. Þá er kveðið á um það til hvaða úrræða barnaverndaryfirvöld skuli grípa ef könnun leiðir í ljós að aðbúnaði, umönnun eða uppeldi barns er áfátt. Þar er fyrst kveðið á um stuðnings- og hjálparaðgerðir og loks kveðið á um sérstök úrræði sem beita má með þvingunaraðgerðum.

Framsetning og orðalag kaflans er að mestu leyti nýmæli, en þess getið í athugasemdum við einstakar greinar sem óbreytt er frá gildandi lögum.

Um 20. gr.

Í greininni er skírskotað til almennrar forsjárskyldu foreldra sem nánar er kveðið á um í barnalögum, nr. 9/1981. Eðlilegt má telja að barnaverndarlög vísi til þessarar meginreglu og kveði jafnframt á um skyldur barnaverndaryfirvalda til að hjálpa foreldrum til að annast börn sín í samræmi við barnalög. Hér er gengið út frá því að yfirleitt sé hagsmunum og þörfum barna best borgið í höndum foreldra sem er í sjálfsvald sett að taka þær ákvarðanir er þeir telja börnum sínum og sér henta. Slíkt viðhorf mun í samræmi við almennt gildismat og lýðræðislegar hefðir okkar þjóðfélags. Þess vegna skal þess að jafnaði gætt að almenn úrræði til stuðnings fjölskyldu og í samvinnu við hana verði reynd áður en gripið er til þvingunarúrræða. Slíkur stuðningur má þó aldrei verða barninu skaðlegur. Því er áréttuð hér sú regla að barnaverndarnefndir taki upp það ráð sem ætla má að barni eða ungmenni sé fyrir bestu, jafnvel þótt beita þurfi þvingun.

Um 21. gr.

Í þessari grein eru tilgreind þau tilvik er barnaverndarnefnd skal kanna varðandi málefni einstakra barna. Lög er byggja á sjálfdæmi foreldra, sbr. 20. gr., þurfa ekki að skilgreina hvað sé góð aðbúð heldur frá hvaða skaðlegum skilyrðum eða miska beri að forða öllum börnum. Tekið er mið af „viðunandi uppeldisskilyrðum“, sbr. 1. gr. þessa frumvarps. Seint munu menn á eitt sáttir um hvað sé heilbrigður einstaklingur og hvernig tryggja megi fullkominn þroska

hans með uppeldi og ytri aðstæðum. Þekking á aðstæðum og hegðun, sem er skaðleg börnum, er mun nákvæmari og byggist síður á huglægu gildismati eða geðþótta úrskurðaraðila. Árangur þvingaðrar íhlutunar orkar oft tvímælis og með hliðsjón af því skal aðeins grípa til slíkra úrræða ef aðstæður eru barninu skaðlegar þannig að síður leiki vafi á hvort aðgerðir barnaverndarnefndar geri fremur gagn en ógagn.

Í greininni er tekið mið af barninu sjálfu og raunverulegum eða líklegum skaða sem heilsu þess eða þroska geti verið búin. Þau tilvik, sem barnaverndarnefnd skal láta sig varða, eru einkum tvenns konar:

a. Aðstæður eru þannig að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin.
b. Barn eða ungmenni stefnir heilsu eða þroska í hættu með hegðun sinni.

Í a-lið greinarinnar er gert ráð fyrir að ekki nægi að aðbúnaði barns sé í einhverjum atriðum ábótavant heldur að barninu sé beinlínis hætta búin. Orðalag greinarinnar gerir ekki ráð fyrir að skaði hafi þegar orðið. Nægilegt tilefni til afskipta barnaverndarnefndar er að hætta sé á ferðum ef aðstæður verða ekki færðar til betri vegar. Hafi barnið þegar beðið skaða af verður íhlutun nefndarinnar því brýnni. Þegar barnaverndarnefnd metur hvort vanræksla, vanhæfni eða framferði foreldra sé hættuleg barni þarf oftast að meta hversu alvarlegt framferðið eða vanrækslan er, hvort um langvarandi ástand sé að ræða og hvort það er yfirstandandi, nýafstaðið eða langt er um liðið.

Sérfræðingar greina yfirleitt fjóra hópa barna sem þannig er hætta búin vegna:

a. líkamlegra áverka eða skaða,
b. vanrækslu, andlegrar eða líkamlegrar,
c. andlegrar kúgunar,
d. kynferðislegrar misþyrmingar eða áreitni.

Þessir flokkar útiloka engan veginn hver annan. Þannig er vanrækt barn stundum beitt líkamlegu ofbeldi og barn, sem hlýtur líkamlega áverka af hendi forsjáraðila eða er misþyrmt kynferðislega, hlýtur oftast andlegan skaða.

a. Þessi flokkur tekur til barna sem veittur er líkamlegur áverki eða skaði eða hætta er á slíku hvort sem er vegna hegðunar foreldra, t.d. barsmíða, eða t.d. vegna aðgæsluleysis. Algengustu áverkarnir, sem börn hljóta í slíkum tilvikum, eru marblettir og brunasár, stöku sinnum beinbrot og áverkar á innri líffærum. Ýmsir sérfræðingar hafa haldið því fram að slíkir áverkar séu algengari hér á landi en tölur sýna og vísa í því sambandi til nákvæmari rannsókna erlendis. Oft er erfitt að segja svo að óyggjandi sé hvenær líkamlegir áverkar á barni stafa af illri meðferð. Stundum er ekki við annað að styðjast en sjálfan áverkann og ýmsar óljósar vísbendingar um að áverkinn stafi af manna völdum.
b. Börn, sem eru vanrækt andlega eða líkamlega, eru að öllum líkindum fjölmennasti hópurinn sem barnaverndarnefndir hér á landi hafa afskipti af. Hér er vísað til hvers konar aðgerðarleysis foreldra varðandi líkamlegar eða andlegar þarfir barns fyrir umönnun, umhirðu, næringu, hreinlæti, örvun, þjálfun o.s.frv. eða þegar foreldrar láta undir höfuð leggjast að bæta úr eða koma í veg fyrir aðstæður sem reynst geta barninu skaðlegar. Hér getur einnig verið um það að ræða að foreldrar hirði ekki um að barn fái viðunandi læknismeðferð, sérþjálfun eða sérkennslu vegna fötlunar eða veikinda.
c. Börn, sem sæta andlegri kúgun, getur verið erfitt að greina þar sem einkennin eru óáþreifanlegri. Í þessum hópi eru börn sem foreldrar hafna, jafnvel frá fæðingu, telja „vitlaus", „vond", „brjáluð" o.s.frv. Þeim er hafnað með ýmsum hætti, þau sniðgengin, hædd og spottuð eða þau skömmuð og niðurlægð í sífellu. Annar hópur eru börn sem búa í fjölskyldu þar sem samlíf og andrúmsloft allt mótast af hatri, fjandskap og líkamlegu ofbeldi milli foreldra. Þriðji hópurinn býr við alvarlegt öryggisleysi vegna óábyrgrar og óvæntrar hegðunar foreldranna, oft vegna alvarlegrar geðveiki þeirra eða áfengis- og fíkniefnaneyslu.

Loks má hér nefna börn sem bíða tjón á geðheilsu sinni vegna hatrammra skilnaðarátaka foreldra. Nefnd sú er samdi frumvarp þetta er þeirrar skoðunar að barnaverndarnefndir skuli einungis vera umsagnaraðilar við forsjárdeilur þegar vafi leikur á hæfni foreldra til að fara með forsjá barns.

d. Með kynferðislegri áreitni eða misþyrmingu er átt við að fullorðinn einstaklingur, sem barnið er tengt eða háð, á einn eða annan hátt neytir yfirburða sinna til þess að láta barnið eða ungmennið taka þátt í kynferðislegum verknaði þar sem það samræmist hvorki tilfinninga- eða líkamsþroska þess. Umræður um mál þessara barna eru nýjar af nálinni hérlendis og margt bendir til að slíkar misþyrmingar séu mun algengari en áður var talið.

Barninu þarf að vera hætta búin vegna *vanrækslu, vanhæfni eða framferðis* foreldra. Greinin felur ekki í sér nákvæma skilgreiningu á hegðun eða eiginleikum foreldra eins og gert er í gildandi lögum enda verður það aldrei tæmandi talið.

Vanræksla vísar til hvers konar aðgerðarleysis foreldra svo sem áður er getið.

Framferði vísar til hvers konar athafna eða hegðunar af hálfu foreldra sem skaðað geta barnið hvort sem um er að ræða líkamlegt ofbeldi eða andlega kúgun. Kynferðisleg þjökun barna innan fjölskyldna felur oft í sér hvort tveggja. Hvatning foreldra til afbrota eru einnig dæmi um slíkt framferði.

Vanhæfni foreldranna kemur hér einnig til álita en hafa ber í huga þá meginreglu við mat barnaverndarnefndar að miða við barnið og þá hættu, sem það er í, fremur en eiginleika foreldranna. Þó verður ekki fram hjá því litið að börnum stafar meiri hætta af vissum eiginleikum í fari foreldra en öðrum. Hér hafa fræðimenn einkum greint sljóa og framtakslitla foreldra, foreldra sem einkennast af lélegri sjálfstjórn og hömluleysi, langvarandi og alvarlega þunglynda foreldra, foreldra með mjög skerta greind eða alvarlegar geðveilur og loks foreldra sem misnota áfengi eða aðra vímugjafa. Heildarmat á aðstæðum er hér nauðsynlegt því að sterkir, jákvæðir þættir í félagslegu umhverfi, t.d. hæfur maki eða stuðningur fjölskyldu, geta vegið upp einstaka veikleika, svo sem slaka greind annars foreldris.

Í b-lið 1. mgr. er vísað til þess að barn eða ungmenni stefni heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni. Hér er einkum vísað til neyslu áfengis eða annarra vímuefna, afbrota eða annarrar jafnskaðlegrar hegðunar, sbr. 25. gr.

Í 1. mgr. er barnaverndarnefnd gert skylt að kanna mál þegar hún fær *rökstuddan grun* um að aðstæður barns séu með þeim hætti sem nánar er tilgreint í a- og b-liðum greinarinnar. Með þessu ákvæði eru kröfur um rannsóknarskyldu barnaverndarnefnda hertar og jafnframt gerðar skýrari. Nefnd *ber* að hefjast handa um rannsókn máls, þegar *grunur* liggur fyrir, án ástæðulausrar tafar. Sá grunur þarf reyndar að vera *rökstuddur* þannig að ábendingar og upplýsingar, sem berast barnaverndarnefnd, verða að eiga við haldbær rök að styðjast að mati nefndar.

Í 2. mgr. er lögð áhersla á að gerð sé vönduð rannsókn á aðstæðum barns. Einu gildir í hverju hin illa meðferð barnsins er fólgin eða hversu alvarleg hún er. Réttar aðgerðir til úrbóta verða að byggjast á skipulegri rannsókn á uppeldisaðstæðum barnsins. Aðstæður barns, sem ógna heilsu þess og þroska, eru oftast afleiðing margra orsakaþátta; ytri aðstæður, svo sem álag, félagslegar aðstæður og samskipti foreldra, ráða þar nokkru, en einnig persónulegir þættir, svo sem eigið uppeldi, geðheilsa og persónuleiki. Gagnsemi stuðningsaðgerða hlýtur að velta á vandaðri greiningu á sálfræðilegum og félagslegum þáttum og heildarmati á aðstæðum barnsins og fjölskyldu þess. Gert er ráð fyrir að nefndir hafi starfsmenn og leiti til sérfróðra aðila til að geta sinnt þessu, sbr. 10. gr.

Barn á rétt á vernd samfélagsins og er sá réttur óháður afstöðu foreldranna. Jafnframt á það rétt á að fjölskyldu þess og aðstæðum sé sýnd virðing og nærgætni. 3. og 4. mgr. vísa til þessa, enda eru það hagsmunir barns að könnun máls gangi greiðlega og með friði.

Um 22. gr.

Í greininni er lögð áhersla á að barnaverndarnefndir vinni með skipulegum hætti í kjölfar könnunar sem leiðir í ljós að aðbúnaði, umönnun eða uppeldi barns sé áfátt. Kveðið er á um í 1. mgr. að gerð sé skrifleg áætlun til úrbóta er tilgreini markmið og leiðir. Krafa um skriflega áætlun er til þess fallin að tryggja vönduð vinnubrögð nefndanna og einnig til að bæta réttarstöðu aðila, bæði barna og foreldra. Slík meðferðaráætlun skal gerð um hvert það barn sem barnaverndarnefnd telur að 1. mgr. eigi við um. Áætlunin þarf m.a. að innihalda

— ástæður fyrir íhlutun nefndarinnar,
— markmið, þ.e. hvernig hagsmunir barns verði best tryggðir,
— úrræði og aðgerðir sem beita skal til að markmiðum verði náð,
— tímaáætlun,
— hver ber ábyrgð á hverju, þ.e. hvaða aðstoð barnaverndarnefnd veitir foreldrum og einnig hvað foreldrum beri að gera fyrir sitt leyti,
— og loks hvenær og hvernig áætlun er endurmetin.

Eftir því sem við verður komið skal móta meðferðaráætlun og markmið í samvinnu við viðkomandi barn og foreldra þess. Þykir ástæða til að leggja áherslu á að starf barnaverndarnefndar skuli þannig mótast af faglegum vinnubrögðum, enda mikið í húfi að vel takist til. Gera verður ráð fyrir að ráðuneytið veiti barnaverndarnefndum, einkum hinum minni, frekari leiðbeiningar og ráðgjöf varðandi slíka áætlanagerð, enda gert ráð fyrir því í 3. gr. frumvarpsins.

Um 23. gr.

Í greininni er lögð sú skylda á barnaverndarnefnd að halda sérstaka skrá yfir þau börn í umdæminu sem hún telur í hættu, sbr. 1. mgr. 21. gr. og 1. mgr. 22. gr. Tilgangur slíkrar skráningar er m.a. að tryggja barnaverndarnefnd yfirsýn yfir slík vandamál í umdæminu. Ýmsir sérfræðingar telja að mörg tilfelli séu aldrei greind enda þótt mál barnanna komi til kasta fagmanna, svo sem lækna, skóla, sálfræðinga og félagsráðgjafa. Einnig hefur verið bent á það að vegna slakrar skráningar og skorts á yfirsýn kemur ekki fram í dagsljósið að um ítrekuð tilvik er að ræða. Með því að halda slíka skrá og leggja áherslu á tilkynningarskyldu, sbr. 15. og 16. gr., geta nefndir fengið betra yfirlit yfir stöðu þessara mála. Einnig er tilgangur slíkrar skráningar að hvetja til markvissra ákvarðana og samfelldrar málsmeðferðar í málefnum einstakra barna. Ráðuneytið skal setja nánari ákvæði um skráningu í reglugerð þar sem um vandmeðfarnar upplýsingar er að ræða.

Ákvæði þessarar greinar eiga sér hliðstæðu í 34. gr. gildandi laga en líkast til hefur smæð umdæma og ófullnægjandi aðhald við nefndir valdið því að lítið hefur orðið um framkvæmdir víðast hvar.

Um 24. gr.

Í þessari grein er fjallað um þau úrræði sem barnaverndarnefnd skal beita í samvinnu við barn og foreldra eftir því sem við á. Heimildir nefndarinnar til að beita þessum stuðningsúrræðum eru eðli málsins samkvæmt mjög rúmar. Áherslan er hér lögð á stuðning í samráði við foreldra. Hér getur verið um að ræða varnaðarstarf til að koma í veg fyrir ástand sem um er getið í 21. gr., 25. gr., 27. gr. og 28. gr. og leitt getur til þvingunarúrræða. Í þessum efnum skulu barnaverndarnefndir beita þeim úrræðum sem best eiga við hverju sinni og hentugust þykja til að tryggja hagsmuni og velferð barns eða ungmennis. Á það skal bent að foreldrum er frjálst að þiggja þessa þjónustu barnaverndarnefnda eða hafna henni. Þetta valfrelsi foreldranna er þó við sérstakar aðstæður takmarkað af ákvæðum 2. mgr. 28. gr. en andstaða foreldra við stuðningsaðgerðir getur þá leitt til þvingunaraðgerða og sviptingar forsjár.

Í a-lið er getið um að leiðbeina skuli foreldrum um uppeldi og aðbúnað barns. Reikna verður með að slíkar leiðbeiningar séu oftast hluti af fjölskylduráðgjöf eða félagslegri ráðgjöf

við fjölskylduna og venjulega á hendi starfsmanna nefndarinnar, félagsráðgjafa, sálfræðinga eða annarra til þess bærra.

Samkvæmt b-lið skal reynt að útvega barni, ungmenni eða fjölskyldu tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa eða stuðningsfjölskyldu. Hugtökin *tilsjónarmaður og persónulegur ráðgjafi* eru nýmæli í barnaverndarlögum. Samkvæmt gildandi lögum og reglugerð er unnt að skipa heimili eftirlitsmann. Í hinum stærri sveitarfélögum er eftirlit í eiginlegri merkingu oftar á hendi starfsmanna nefnda og félagsmálastofnana en tilsjónarmenn, sem svo eru nefndir, hafa verið fengnir sérstaklega til stuðnings einstökum börnum, ungmennum eða fjölskyldum. Hlutverk tilsjónarmanna er að veita leiðsögn og stuðning, hafa samvinnu við skóla og vinnuveitanda ef hann er fyrir hendi. Ef um unglinga er að ræða skal tilsjónarmaður tengja skjólstæðing heilbrigðri æskulýðsstarfsemi. Samband tilsjónarmanns og skjólstæðings byggist á gagnkvæmu trausti og vinsemd.

Hugtakið *stuðningsfjölskylda* er einnig nýmæli í barnaverndarlögum, en er þekkt úr lögum um málefni fatlaðra. Stuðningsfjölskylda tekur á móti barni, og stöku sinnum barni og móður þess, til vistunar nokkra daga í mánuði í því augnamiði að létta álagi af þjakaðri fjölskyldu og leiðbeina foreldrum og styðja þá í forsjárhlutverkinu. Margir skjólstæðingar barnaverndarnefnda eru félagslega einangraðir og hafa oft lítil tengsl við stórfjölskyldu, afa og ömmur, frændur og frænkur. Í slíkum tilvikum hafa stuðningsfjölskyldur reynst jákvætt úrræði. Gera verður ráð fyrir að ráðuneytið setji reglugerð um störf tilsjónarmanna og stuðningsfjölskyldna í barnaverndarmálum.

Samkvæmt c- og d-liðum skal barnaverndarnefnd beita ýmsum almennum úrræðum. Sem dæmi má nefna dagvistun og ýmis úrræði í samvinnu við skólayfirvöld. Hér hljóta einnig að vega þungt ýmis úrræði samkvæmt öðrum lögum er varða félagsþjónustu sveitarfélaga, svo sem fjárhagsaðstoð, félagslegt húsnæði, heimilisþjónusta og félagsleg ráðgjöf.

Í e-lið er um að ræða aðgerðir sem beinast að vandamálum foreldranna sjálfra. Er þar sérstök ástæða til að leggja áherslu á samstarf barnaverndarnefnda við meðferðarstofnanir vegna áfengis- og vímuefnavandamála, geðdeildir og göngudeildir þeirra og aðra aðila er veita geðlæknisfræðilega og sálfræðilega meðferð. Einnig má minna á 4. mgr. 19. gr. frumvarpsins í þessu sambandi.

Í f- og g-liðum er svo um að ræða fósturheimili og vistheimili til lengri og skemmri tíma. Fjalla VI. og IX. kafli laganna sérstaklega um þau úrræði. Leggja ber áherslu á vönduð vinnubrögð nefnda þegar barn er vistað utan heimilis enda er aðskilnaður foreldra og barna ávallt afdrifaríkur, jafnvel þótt um fulla samvinnu barnaverndarnefndar og foreldra sé að ræða eins og f- og g-liðir þessarar greinar fela í sér. Sérstakan gaum þarf að gefa að lögformlegum áhrifum fósturs barna í samvinnu við foreldra og þó einkum yfirtöku forsjár og varanlegt fóstur, sbr. g-lið þessarar greinar. Við slíkar aðstæður rofna tengsl barns við foreldra, umsjá eða forsjá þess hverfur til annarra og tengsl við nýja umönnunaraðila myndast. Hagsmunir barns geta leitt til þess að ráðstöfun skuli haldast, sbr. 38. gr., jafnvel þótt foreldrar kalli eftir barninu. Því er brýnt að foreldrar séu upplýstir um áhrif ákvörðunar sinnar og málsmeðferðarreglna sé í hvívetna gætt, sbr. 47. gr.

Ljóst þykir að með þeim úrræðum, sem hér hafa verið upp talin, má vinna að úrlausn margra barnaverndarmála og koma þannig í veg fyrir að taka þurfi barn úr forsjá foreldra, vista það á fósturheimili eða beita þvingunarúrræðum. Því verður að gera þá kröfu til héraðsnefnda og sveitarstjórna að þau úrræði, sem háð eru fjárveitingum þeirra, verði barnaverndarnefndum ávallt tiltæk. Þetta á einkum við félagslega ráðgjöf, tilsjónarmenn og stuðningsfjölskyldur, auk vistunarúrræða.

Um 25. gr.

Í þessari grein er fjallað um skyldur barnaverndarnefndar er barn eða ungmenni stefnir heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni. Ákvæði 1. mgr. og fyrra málsliðar 2. mgr. er að stofni til sambærileg 1. mgr. 28. gr. gildandi laga en seinni málsliður 2. mgr. og 3. mgr. eru nýmæli. Ákvæði 3. mgr. er háð því að breyting verði gerð á lögræðislögum eins og nánar verður vikið að hér á eftir.

Um 1. mgr. Í 1. mgr. er gerð grein fyrir þeim úrræðum til stuðnings bæði börnum og ungmennum sem barnaverndarnefnd ber að grípa til þegar svo stendur á sem í málsgreininni segir. Oft verða hegðunarvandamál barna og ungmenna til að leiða þau í vítahring sem þau losna ekki úr án sérstaks stuðnings. Aðstoðin ætti einkum að miða að því að koma í veg fyrir að börnin og ungmennin skaði sjálf sig. Félagsleg aðstaða þeirra er oft bágborin, en þó þarf ekki alltaf svo að vera. Sú hegðun, sem hér um ræðir, auk afbrota, áfengis- og fíkniefnaneyslu, getur t.d. verið útigangur og flakk, kynlífshegðun, þar sem ætla má að menn misnoti sér æsku eða vanþroska barns eða ungmennis, vændi eða annað hættulegt kynlíf. Einnig kemur til greina stórfelld vanræksla á skólagöngu og námi eða hegðunarvandamál sem trufla stórlega nám að mati skólayfirvalda, sbr. 6. gr. og 53. gr. grunnskólalaga, enda verður að telja að slík hegðun geti skaðað félagslegan þroska einstaklingsins.

Um 2. mgr. Hér er fjallað um vistun barns til skammtímameðferðar og rannsóknar í allt að fjórum vikum í senn á viðeigandi stofnun þegar svo stendur á sem í 1. mgr. segir. Málsgreinin kveður á um það nýmæli að barn, sem orðið er 12 ára, eigi rétt á að tjá sig fyrir nefndinni með liðsinni sérstaks talsmanns, ef því er að skipta, ef barnið er vistað á unglingaheimili eða annarri viðeigandi stofnun gegn vilja sínum, sbr. 49. gr. frumvarpsins. Með þessu er stefnt að auknu réttaröryggi barna og unglinga undir 16 ára aldri og verður að telja það í samræmi við almenna þróun á þessu sviði.

Miðað er við að aðgerðir og úrræði, sem gripið er til skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, séu í samvinnu við foreldra. Hér er því ekki gert ráð fyrir að taka þurfi ákvörðun með úrskurði um málefni barns vegna andstöðu foreldra. Slíkir úrskurðir geta byggst á heimildum 27. gr. ef foreldrar vanrækja uppeldisskyldur sínar eða eru vanhæfir til að gegna foreldrahlutverki sínu og neita samvinnu við barnaverndarnefnd til að stöðva hina skaðlegu hegðun barnsins.

Um 3. mgr. Ekki er gert ráð fyrir því hér að barnaverndaryfirvöld geti beitt *ungmenni*, 16–18 ára, úrskurði eða þvingunaraðgerðum vegna eigin hegðunar, ekki einu sinni þegar þau gætu talist hættuleg sjálfum sér. Til þess þarf samþykki dómsmálaráðuneytisins eða úrskurð dómara um sjálfræðissviptingu samkvæmt lögræðislögum, nr. 68/1984. Ungmenni, 16–18 ára, eru sjálfráða samkvæmt lögræðislögum. Nokkuð hefur verið rætt um hvort hækka beri sjálfræðisaldur til samræmis við löggjöf nágrannalandanna til að unnt sé að beita úrræðum barnaverndarlaga gagnvart ungmennum. Þar sem um undantekningartilvik hlýtur að vera að ræða þykir í of mikið ráðist að hækka sjálfræðisaldur til þess að unnt verði að taka á málum fárra einstaklinga sem tengjast einkum alvarlegri áfengis- og fíkniefnaneyslu. Lögræðislög, nr. 68/1984, kveða einungis á um vistun í sjúkrahúsi, en þau lög taka ekki til vistunar á nýstofnaðri deild Unglingaheimilis ríkisins fyrir vímuefnaneytendur. Í þessari málsgrein er kveðið á um frumkvæði barnaverndarnefndar um slíka vistun sem er nýmæli og einnig tekin af tvímæli um að hægt er að vista ungmenni á hinni nýju vímuefnadeild.

III. kafli lögræðislaga gerir aðeins ráð fyrir nauðungarvistun í tvær vikur sem er allt of skammur tími til að árangur meðferðar á vímuefnadeild sé farinn að koma í ljós. Að loknum tveimur vikum gera lögræðislög ráð fyrir að lögð sé fram beiðni um sjálfræðissviptingu fyrir dómi. Slík aðgerð þykir mjög alvarleg þegar ungmenni eiga í hlut. Þykir því nauðsynlegt að gerðar verði breytingar á lögræðislögum sem fela í sér heimild dómsmálaráðuneytisins til að úrskurða ungmenni, 16–18 ára, til lengri tíma, t.d. til sex mánaða í senn, til dvalar á sérstökum meðferðardeildum fyrir vímuefnaneytendur án þess að gera þurfi kröfu fyrir dómi um að það verði svipt sjálfræði. Slík breyting á lögræðislögum er skilyrði fyrir því að ákvæði 3. mgr. komi að fullu gagni.

Um 26. gr.

Í greininni er nýmæli er kveður á um skyldur barnaverndarnefndar til að aðstoða barn eða ungmenni sem orðið hefur fórnarlamb áreitni, ofbeldis eða annarra afbrota. Núverandi barnaverndarlög gera einungis ráð fyrir skyldum barnaverndarnefndar þegar barnið sjálft er viðriðið afbrotið.

Í 2. mgr. er tekinn af allur vafi um að barnaverndarnefnd getur látið til sín taka tilvik þar sem ábótavant er framkomu aðila sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn. Hér er haft í huga að börn eru stöðugt lengur í umsjá annarra en foreldra, t.d. skóla, dagvistarheimila, félagsmiðstöðva og æskulýðsfélaga hvers konar. Þess eru dæmi að foreldrar hafa leitað liðsinnis barnaverndarnefnda til að taka á slíkum málum en skýra lagaforsendu fyrir afskiptum hefur skort.

Um 27. gr.

Í greininni eru talin upp þau úrræði sem barnaverndarnefnd getur beitt gegn vilja foreldra. Slíkum þvingunarúrræðum skal því aðeins beitt að nauðsyn krefji.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að nefndin geti haft eftirlit með heimili um tiltekinn tíma. Eftirlit felur venjulega í sér reglubundnar heimsóknir á heimili, en einnig er unnt að beita þessu úrræði með öðrum hætti, t.d. að fylgst sé með líðan barns með upplýsingum frá dagvistarheimili, skóla eða öðrum sem um kunna að bera. Venjulega fer best á að eftirlit sé á hendi fastra starfsmanna en ekkert er þó til fyrirstöðu að nefnd geti ráðið sérstakan eftirlitsmann með heimili. Hér er samt gerður greinarmunur á eftirliti og tilsjón, sbr. b-lið 24. gr., sem er stuðningsúrræði í samvinnu við foreldra.

Í öðru lagi getur nefnd gefið fyrirmæli um aðbúnað og umönnun barns varðandi ýmis atriði. Slík fyrirmæli geta verið raunhæf um ytri aðbúnað barns eins og dagvistun, skóla, lækningar og þess háttar. Færa má rök með og móti slíkum fyrirmælum gegn vilja foreldra. Rökin fyrir slíku úrræði eru t.d. að þannig gefist foreldrum á eftirlitstíma færi á að breyta aðstæðum barnsins svo að ekki þurfi að koma til forsjársviptingar. Reynist andstaða foreldra harðsnúin má hins vegar reikna með að barnaverndarnefnd muni reynast erfitt að framkvæma fyrirmæli um t.d. dagvistun eða skólasókn og gildi slíkra fyrirmæla því takmarkað.

Í þriðja lagi getur nefnd ákveðið töku barns af heimili, kyrrsett það á fóstur- eða vistheimili eða lagt það inn á sjúkrahús eða heilbrigðisstofnun. Í gildandi lögum er kveðið á um töku barns af heimili í 26., 28. og 32. gr. Barnaverndarnefndir hafa um alllangt skeið kveðið upp bráðabirgðaúrskurði um kyrrsetningu barna á vistheimilum eða einkaheimilum á grundvelli ákvæða um töku barns af heimili og með hliðsjón af ákvæðum 3. mgr. 36. gr. gildandi laga um að barnaverndarnefnd sé heimilt að úrskurða að barn skuli vera um kyrrt á fósturheimili. Hér er tekinn af allur vafi um réttmæti slíkrar kyrrsetningar sem reynst getur nauðsynleg til verndar viðkomandi barni.

Í fjórða lagi getur nefnd svo ákveðið að ekki megi fara með barn úr landi. Hliðstætt ákvæði er í 41. gr. barnalaga, nr. 9/1981. Samkvæmt þeirri grein getur dómsmálaráðuneytið lagt svo fyrir að ekki megi fara með barnið úr landi hafi forsjármáli eigi verið ráðið til lykta. Heimildir eru ekki fyrir hendi samkvæmt gildandi lögum um vernd barna og ungmenna og hefur því þurft að kveða upp bráðabirgðarúrskurð um töku barns af heimili í slíkum tilvikum og hefur slíkt reynst erfitt í framkvæmd. Heimild nefndar til að beita ákvæði þessu gildir einnig ef könnun skv. 21. gr. er ekki lokið.

Um 28. gr.

Í þessari grein er fjallað um lagaleg skilyrði forsjársviptingar sem er róttækasta aðgerð sem barnaverndaryfirvöld geta gripið til. Því er talið mikilvægt að orðalag greinarinnar sé svo skýrt og ótvírætt sem kostur er.

Samkvæmt 32. gr. gildandi laga um vernd barna og ungmenna er barnaverndarnefndum heimilt að svipta foreldra, annað eða bæði, foreldravaldi ef ákvæði 26. og 28. gr. þeirra laga eiga við og nauðsyn krefur. Ákvæði hinna tilvitnuðu greina þykja nokkuð rúm. Er þar áskilið að uppeldi eða hegðun barns sé ábótavant, auk þess sem þar eru tilgreindir ýmsir annmarkar foreldra sem valdið geta því að aðbúnaði er ábótavant, svo sem hirðuleysi, vankunnátta, drykkjuskapur, lauslæti o.s.frv. Í þeim greinum er ekki ótvíræð heimild til að svipta foreldra forsjá nýfædds barns sem ekki er í þeirra umsjá og því ekki um það að ræða að aðbúnaði sé í rauninni ábótavant, jafnvel þótt foreldrar séu augljóslega vanhæfir til að fara með forsjá barnsins. Reynslan af barnaverndarstarfi hérlendis og erlendis sýnir þó að slík ákvæði eru nauðsynleg, t.d. vegna alvarlegrar fíkniefnaneyslu, mikillar geðveiki eða að foreldrar eru vangefnir.

Forsjársvipting samkvæmt þessari grein felur í sér að foreldrarnir eru sviptir öllum réttindum til að fara með lögráð barnsins, sbr. lögræðislög, nr. 68/1984, og þar með rétt til að ráða persónulegum högum barnsins, sbr. 35. gr. barnalaga, nr. 9/1981. Ekki þarf þó að vera að allar forsjárskyldur falli niður, t.d. getur framfærsluskylda haldist að nokkru leyti eða öllu.

Í greininni eru skilyrði forsjársviptingar tæmandi talin og þess freistað að orðalag greinarinnar sé svo leiðbeinandi við mat barnaverndarnefndar og barnaverndarráðs sem kostur er. Nægilegt er að eitt þessara skilyrða sé fyrir hendi til að barnaverndarnefnd sé heimilt að kveða upp slíkan úrskurð. Hann skal þó aðeins kveðinn upp að uppfylltum vissum öðrum skilyrðum. Í fyrsta lagi að ekki sé unnt að beita öðrum aðgerðum til úrbóta, sbr. 2. mgr., t.d. vegna augljósrar vanhæfni foreldra, eða þær hafi verið reyndar án nægilegs árangurs. Í öðru lagi ber nefnd jafnframt að hafa í huga hina almennu reglu sem sett er í 1. og 20. gr., þ.e. að forsjá barns sé að jafnaði best borgið í höndum foreldra. Nefndinni ber að stuðla að stöðugleika og þar með að gera foreldrum kleift að annast barnið. Þessi krafa felur þó ekki í sér að það sé látið víkja sem barni er fyrir bestu. Hafa ber í huga hve djúp tilfinningatengsl foreldra og barna eru. Rof þeirra tengsla geta falið í sér áhættu sem skylt er að meta eins og aðra hættu sem barninu er búin. Í þriðja lagi ber nefndinni að hafa í huga ákvæði 30. gr. er kveða á um skyldu nefndarinnar til að tryggja barni tafarlaust góða umsjá sem feli í sér betri aðstæður en þær sem barnið er tekið úr og viðunandi stuðningsúrræði.

Í þeim tilvikum, sem lýst er í a-, b- og c-liðum greinarinnar, er ráð fyrir því gert að reynslan hafi sýnt að skilyrði forsjársviptingar séu fyrir hendi. Meginreglan hlýtur að vera að fullnægt sé einhverju þessara skilyrða.

Jafnframt verður að gera ráð fyrir tilvikum þar sem barnaverndarnefnd metur líkur til að heilsu barns og þroska geti verið slík hætta búin að réttlæti sviptingu forsjár. Um slík tilvik er fjallað í d-lið 1. mgr. Ljóst er að nefndum er hér mikill vandi á höndum og gera verður auknar kröfur til rökstuðnings fyrir slíkri niðurstöðu. Gert er ráð fyrir að barnaverndarnefnd sýni fram á að *fullvíst* megi telja að barni geti verið hætta búin. Einnig að um *augljósa vanhæfni* sé að ræða og tilgreind þau dæmi sem líklegust eru til að liggja til grundvallar mati barnaverndarnefndar. Sjá hér einnig athugasemdir við vanhæfnishugtakið í 21. gr. Úrskurð á grundvelli d-liðar 1. mgr. er heimilt að kveða upp þegar sérstaklega stendur á áður en nýfætt barn flyst í umsjá foreldra. Reynslan sýnir að í mjög alvarlegum tilvikum sé varhugavert fyrir öryggi barns að hefja tilraunir til að leiða í ljós hæfni eða vanhæfni foreldra. Með orðalagi greinarinnar er sérstök sönnunarbyrði lögð á nefnd þegar þessu úrræði er beitt. Þá kemur m.a. til greina að hafa til hliðsjónar fyrri reynslu af umönnun og uppeldisháttum viðkomandi foreldra.

Um 29. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í gildandi lögum. Svo virðist sem barnaverndarnefndir hafi lítið gripið til þess að láta skipa barni lögráðamann. Slíkt hlýtur þó að teljast eðlileg skipan þegar börn verða forsjárlaus eða barnaverndarnefnd hefur svipt foreldra forsjá. Þegar börnum er

ráðstafað í varanlegt fóstur má telja eðlilegt að fósturforeldrar séu skipaðir lögráðamenn ef sérstakar ástæður mæla ekki gegn því. Í samræmi við 2. mgr. 27. gr. lögræðislaga er barnaverndarnefnd rétt að snúa sér til yfirlögráðanda, sem eru sýslumenn og bæjarfógetar, í Reykjavík borgarfógetar, og leita eftir því að barni verði skipaður lögráðamaður.

Um 30. gr.

Hér er lögð áhersla á að barnaverndarnefnd vinni tafarlaust og markvisst í málefnum þeirra barna sem tekin hafa verið úr umsjá foreldra sinna. Jafnframt er kveðið á um skriflega áætlun nefndar, sbr. athugasemdir við 22. gr. Sérstök ástæða er til að leggja áherslu á markviss vinnubrögð í málefnum þeirra barna sem ekki dveljast hjá foreldrum sínum. Með þeim hætti skal reynt að tryggja að aðskilnaður barns og foreldra sé ekki umfangsmeiri en nauðsyn krefur, að það ráð, sem upp er tekið, sé barninu fyrir bestu og að öllum tiltækum ráðum sé beitt til þess að barnið komist í umsjá foreldra að nýju þegar slíkt er æskilegt, en fari ella í traust og varanlegt fóstur eða hljóti umönnun á viðeigandi stofnun ef slíkt er óhjákvæmilegt.

Ákvæði 2. mgr. eru efnislega samhljóða 3. mgr. 16. gr. gildandi laga.

Í 3. mgr. er nefnd gert skylt að aðstoða barn í fóstri áfram eftir 16 ára aldur. Slík regla er ekki ótvíræð í gildandi lögum, en 3. mgr. 28. gr. og 3. mgr. 31. gr. gildandi laga vísa þó í þessa átt. Rétt þykir að taka af öll tvímæli í þessu sambandi. Hér er fyrst og fremst átt við að vistun haldist ef ungmenni óskar eftir því og slíkt þykir henta. Samkvæmt barnalögum lýkur framfærsluskyldu er barn verður 18 ára. Líta verður svo á að barnaverndarnefnd hafi ekki síðri skyldur við börn sem hún hefur ráðstafað í vist eða fóstur, jafnframt því sem sveitarfélag er framfærsluskylt samkvæmt framfærslulögum. Ákvæði þetta á einnig við um aðra aðstoð en vistun og framfærslu eftir því sem við verður komið, svo sem ráðgjöf, að útvega ungmenni skólavist, atvinnu og þess háttar.

Um 31. gr.

Hliðstæð grein er í 27. gr. gildandi barnaverndarlaga og var einnig í eldri lögum. Sú hugsun er eðlileg að gerandinn sé fjarlægður af heimili fremur en þolandinn, barnið, ef því getur annars liðið vel á heimilinu. Þó er ljóst að framkvæmd þessara ákvæða er vandkvæðum bundin og raunar mjög undir því komin að samkomulag náist við aðra heimilismenn. Í 27. gr. gildandi laga er sagt að nefndin skuli kæra málið fyrir valdsmanni þeim er í hlut á en ekki þykir ótvírætt hver sá valdsmaður er. Hér er tekinn af allur vafi. Fram að gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði ber að leita til bæjarfógeta, í Reykjavík borgarfógeta, eða sýslumanns en eftir gildistöku laganna 1. júlí 1992 skal leita til sýslumanns í samræmi við 10. gr. sömu laga.

Um VI. kafla.

Í kaflanum er safnað saman ákvæðum um fóstur barna. Ýmis nýmæli er hér um að ræða sem ekki hafa verið í lögum áður. Í kaflanum er lögð sérstök áhersla á skyldur barnaverndaryfirvalda varðandi fósturmál, enda óhjákvæmilegt að setja skýrar reglur um þetta úrræði sem barnaverndarnefndir grípa mjög oft til. Í stærri sveitarfélögum, þar sem félagsmálastofnanir eru starfandi, eru ýmiss konar stuðningsaðgerðir við fjölskyldur tíðar en hvers konar fósturráðstafanir eru þó einnig fyrirferðarmiklar í starfi þeirra. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur ráðstafaði t.d 201 barni í langtímafóstur á árunum 1971 til 1987. Því er ljóst að hér er um umfangsmikla starfsemi barnaverndaryfirvalda að ræða og brýnt að um þær gildi skýrar lagareglur.

Nefndinni er aðeins kunnugt um tvær athuganir sem gerðar hafa verið á fósturráðstöfunum hér á landi. Guðrún Kristinsdóttir félagsráðgjafi gerði athugun á öllum ráðstöfunum barna utan foreldraheimilis í Reykjavík árið 1984. Var þessi athugun liður í umfangsmeira verkefni

um barnavernd. (Institutionen for socialt arbete Umeå Universitet, Rapport nr. 30 ISSN 0282-1958. Undersögelse af Börns Placeringer i Reykjavík. April 1987.) Þar kom m.a. í ljós að 34 börnum var ráðstafað í tímabundið fóstur (vistun) og 22 börnum í varanlegt fóstur. Yngri börnin fóru oftar í varanlegt fóstur (16 af 22 voru 0–5 ára). Eldri börnin fóru oftar í tímabundið fóstur (29 af 34 voru 6–18 ára). Rökstuðningur fyrir tímabundnu fóstri reyndist mjög margbreytilegur, nánast hvers konar vandamál barna, foreldra og fjölskyldna gátu þar legið að baki. Forsendur varanlegs fósturs voru aftur á móti eftirfarandi: vanræksla, fjölskylduvandi, áfengis- eða lyfjamisnotkun foreldra, sjúkdómar eða ósk foreldra um að gefa frá sér barnið. Þannig virðist greinilegur munur á ástæðum að baki þessum tveimur formum fósturráðstafana.

Ása Ottesen, Gunnar Sandholt og Sigríður Jónsdóttir könnuðu allar ráðstafanir Barnaverndarnefndar Reykjavíkur á börnum í varanlegt fóstur árið 1971–1987. (Ráðstafanir barnaverndarnefndar Reykjavíkurborgar á börnum í fóstur til 16 ára aldurs. Árin 1971–1987. Áfangaskýrsla, febrúar 1989, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar.) Þar kom fram að 209 slíkar ráðstafanir voru gerðar á þessu árabili (201 barn), það er rúmlega 12 á ári. 63 barnanna fóru í fóstur í kjölfar forsjársviptingar. Tæpur helmingur barnanna fór fyrir þriggja ára aldur og tæplega þrír fjórðu fyrir skólaaldur. 46 af 166 fósturforeldrum reyndust skyldir barninu. Í 35 skipti rofnuðu þau fóstursambönd sem til var stofnað fyrr en ætlað var, en í þeim tilvikum voru börn eldri en heildarhópurinn er til fósturs var stofnað og oftar hjá ættingjum. Unnið er að áframhaldi þessarar könnunar á vegum Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar.

Ákvæði um helstu skyldur barnaverndarnefnda varðandi málefni barna í fóstri er að finna í 35. og 36. gr. gildandi laga. Þar er m.a. kveðið á um að enginn megi taka börn í fóstur nema með samþykki barnaverndarnefndar. Óheimilt er að ráðstafa barni í fóstur nema til aðila sem fengið hefur slíkt samþykki. Þá er kveðið á um skyldu barnaverndarnefndar til að gera viðeigandi ráðstafanir ef fósturforeldrar vanrækja hlutverk sitt og getur barnaverndarnefnd lagt bann við að slíkir aðilar taki börn framvegis. Sérstök eftirlitsskylda er lögð á barnaverndarnefnd þegar hún ráðstafar barni í fóstur. Loks getur barnaverndarnefnd úrskurðað að barn, sem er í fóstri, skuli vera kyrrt ef þar fer vel um það þótt þeir er foreldraráð hafa yfir barni kalli eftir því.

Í gildandi lögum er ekki gerður neinn greinarmunur á því hvort fóstur sé til langs eða skamms tíma. Hins vegar er í reglugerð um vernd barna og ungmenna, frá 9. júní 1970, að auki fjallað sérstaklega um fóstur á einkaheimilum til skamms tíma. Fóstur samkvæmt gildandi lögum getur verið hvort heldur að frumkvæði foreldra eða barnaverndarnefndar og sá einn munur á að barnaverndarnefnd hefur sérstakar eftirlitsskyldur hafi hún sjálf ráðstafað barninu í fóstur. Hugtakið *varanlegt fóstur* eða fóstur til 16 ára aldurs er ekki að finna í gildandi barnaverndarlögum.

Hugtakið *fóstur* er í frumvarpi þessu eingöngu notað um formlegar ráðstafanir sem barnaverndarnefndir gera, en fjallað er í sérstökum kafla um þau tilvik er foreldrar vista börn sín sjálfir utan heimilis.

Í samræmi við eðli barnaverndarmála hefur á grundvelli laga og reglugerðar mótast sterk hefð fyrir tvenns konar fósturráðstöfunum á vegum barnaverndarnefnda hér á landi. Annars vegar er um að ræða varanlegt fóstur, fóstur til 16 ára aldurs og hins vegar ýmsar skammtímaráðstafanir. Rétt þykir að taka tillit til þessara hefða í frumvarpi þessu jafnframt því sem sérstök ástæða þykir til að lögfesta hugtakið *varanlegt* fóstur. Með varanlegu fóstri er stefnt að stöðugleika í lífi barna sem foreldrar geta ekki annast sjálfir hvort sem þeir fela barnaverndarnefnd forsjá þess eða þeir hafa verið sviptir forsjá.

Þá þykir ljóst að móta verður markvissara verklag varðandi skammtímafóstur en tíðkast hefur til þessa. Vistun eða fóstur barns um skamman tíma hefur ýmsa erfiðleika í för með sér fyrir barnið. Svo virðist sem stundum sé gripið til slíkra ráðstafana vegna erfiðra ytri aðstæðna

án þess að þarfir barnsins séu látnar sitja í fyrirrúmi. Í þeim tilfellum ríkir oft óvissa um hversu lengi ráðstöfun skal standa, óregla er á umgengni barns við foreldra, tengsl barns við foreldra rofna en barn nær ekki að tengjast fósturforeldrum sem skyldi. Algengast mun að börn í þéttbýli séu vistuð til sveita þrátt fyrir leiðbeinandi ákvæði reglugerðar um annað. Það torveldar allt samband við foreldrana. Einnig eiga mörg þessara barna í námserfiðleikum en fámennari dreifbýlisskólar hafa hvorki úrræðum né starfsliði á að skipa til að taka á slíkum vanda. Sérfræðiaðstoð öll er torsóttari.

Í frumvarpinu er að finna efnislega óbreytt öll ákvæði gildandi laga um fóstur, en jafnframt ýmis nýmæli auk þeirra er hér hafa verið tilgreind. Er þeirra getið í athugasemdum um einstakar greinar.

Um 32. gr.

Í greininni er skilgreining á hugtakinu *fóstri* eins og það er notað í frumvarpinu, en slík skilgreining er ekki í gildandi lögum um vernd barna og ungmenna eða öðrum lögum.

Í 2. mgr. er það nýmæli að fóstur getur ýmist verið *tímabundið* eða *varanlegt*. Ákvæði kaflans gilda bæði um tímabundið og varanlegt fóstur, t.d. ber barnaverndarnefnd að gera skriflegan samning við fósturforeldra þó aðeins sé um að ræða tímabundið fóstur. Gert er ráð fyrir því að fósturforeldrar fari að jafnaði með forsjá barna í varanlegu fóstri nema annað þyki betur henta þörfum barns og hagsmunum að mati barnaverndarnefndar.

Um 33. gr.

Fyrri málsgrein þessarar greinar er efnislega sambærileg ákvæðum í 35. og 36. gr. gildandi laga og fjallar um þær kröfur sem gera verður til fósturforeldra. Seinni málsgreinin fjallar m.a. um þjálfun og undirbúning fósturforeldra, stuðning og leiðbeiningar á meðan fóstur varir og er hún nýmæli.

Við val á fósturforeldrum verður að taka sérstakt tillit til allra aðstæðna hverju sinni, t.d. verður að taka tillit til þess hvort fóstri er ætlað að vera tímabundið eða varanlegt og hvort gert er ráð fyrir að barnið njóti umgengni við kynforeldra sína eða ekki. Þegar fóstur er tímabundið er oftast mikilvægt að viðhalda sem nánustum tengslum barns við kynforeldra og þar af leiðandi heppilegra að velja fósturforeldra með tilliti til þess, svo sem varðandi búsetu.

Í 2. mgr. 42. gr. frumvarpsins er gert er ráð fyrir því að félagsmálaráðherra setji reglugerð um nánari framkvæmd þessa kafla laganna. Þar þarf m.a. að setja ítarlegar reglur um þær kröfur sem gera verður til fósturforeldra, um réttindi þeirra og skyldur og um skyldur barnaverndarnefnda við fósturforeldra og eftirlit með börnum í fóstri samkvæmt lögunum.

Um 34. gr.

Þessi grein er nýmæli. Hér er lagt til að kveðið verði á um fóstur í skriflegum samningi milli fósturforeldra og barnaverndarnefndar. Lagt er til að félagsmálaráðuneytið útbúi sérstök eyðublöð fyrir slíka samninga og enn fremur tiltekið í sex liðum hvað það er sem koma verður fram í slíkum samningi.

Það þykir til bóta að kveða skýrt á um fóstur í skriflegum samningi og hlýtur slíkt fyrirkomulag að miða að tryggari réttarstöðu þeirra barna sem fara í fóstur. Hvernig til tekst með fóstur barna veltur að sjálfsögðu fyrst og fremst á því hvernig staðið er að allri framkvæmd fóstursins. Til þess að auðvelda þá framkvæmd þykir eðlilegt að taka af tvímæli um þá þætti sem mestu máli skipta varðandi fóstrið og upp eru talin í greininni og leitast þannig við að stuðla að öryggi barna sem fara í fóstur og bættum hag þeirra. Að öðru leyti vísast hér til þess sem sagt er um skriflegar meðferðaráætlanir í athugasemdum við 22. gr. og 30. gr. hér að framan.

Um 35. gr.

Það er nauðsynlegt að ganga tryggilega frá framfærslu barna í fóstri þegar við upphaf fósturs og kveða á um slíkt í skriflegum fóstursamningi eins og gert er ráð fyrir í 34. gr. frumvarpsins. Í þriðju málsgrein þessarar greinar er það nýmæli að barnaverndarnefnd er gert skylt að tilkynna Tryggingastofnun ríkisins um gerð fóstursamnings samkvæmt nánari reglum er Tryggingastofnunin setur. Annað í greininni er að mestu samhljóða 40. gr. gildandi laga.

Um 36. gr.

Engin lagaákvæði eru til um umgengnisrétt barna í fóstri við kynforeldra sína og aðra sem standa barni nær. Það er því brýn nauðsyn að bæta þar úr og lögfesta slíkan rétt, enda mun almennt talið að um raunverulegan rétt barnsins sé að ræða ef mögulegt er að koma honum við þannig að umgengni þjóni hagsmunum þess.

Þegar barn fer í fóstur að tilstuðlan barnaverndarnefndar, með eða án samþykkis foreldra, verður nefndin að taka ákvörðun um umgengnisrétt barnsins við kynforeldra þess. Þegar foreldrar hafa verið sviptir forsjá barns er augljóst að nefndin hefur heimild til þess að ákvarða um umgengni barns við foreldra. Það er hins vegar umdeilt hvort nefnd geti neitað foreldrum um umgengni við barn ef þeir hafa ekki verið sviptir forsjá þess. Í reynd er alltaf reynt að viðhalda tengslum milli barns og kynforeldris og er það aðallega vegna hagsmuna barnsins, enda talinn réttur þess. Nefndin verður að komast að niðurstöðu um hvort það muni þjóna hagsmunum barnsins best að hafa umgengni við foreldrana eða hvort sá möguleiki sé e.t.v. óraunhæfur eða jafnvel skaðlegur barni. Með umgengni er komið í veg fyrir að klippt sé á samband barns við kynforeldra sína, en þrátt fyrir þá vankanta foreldra, sem hljóta að hafa leitt til þess að barnið var vistað utan heimilis, getur þetta samband verið þroska barnsins afar mikilvægt. Barnaverndarmál geta verið afar margbreytileg og skoðanir fræðimanna á umgengnisrétti barna í fóstri við kynforeldra sína eru mismunandi en meginreglan hlýtur samt sem áður að vera sú að barn í fóstri hafi umgengni við kynforeldra sína nema slíkt stríði gegn þörfum og hagsmunum barnsins.

Rétt þykir að kveða á um umgengni og það hvernig henni skuli háttað í fóstursamningi, eins og gert er ráð fyrir í 34. gr. frumvarpsins, til þess að taka af tvímæli og draga úr líkum á vandamálum þegar fer að reyna á framkvæmd umgengni. Þrátt fyrir ákvæði um umgengni í fóstursamningi er ljóst að barnaverndarnefnd verður að hafa vald til þess að breyta umgengnisháttum ef aðstæður breytast þannig að slíkt teljist nauðsynlegt eða heppilegt. Nefndin verður einnig að geta úrskurðað um niðurfellingu umgengnisréttar, hugsanlega í ákveðinn tíma eða jafnvel til frambúðar, ef augljósar ástæður eru fyrir hendi sem réttlæta slíka ráðstöfun að mati nefndarinnar. Enn fremur getur verið nauðsynlegt að ákveða umgengni í hvert skipti.

Einnig er nauðsynlegt að barnaverndarnefnd geti kveðið upp úrskurð um að halda dvalarstað barns leyndum og þá yfirleitt í ákveðinn tíma. Barnið getur haft þörf fyrir næði til þess að aðlagast nýjum aðstæðum og ástæða getur verið til að ætla að foreldrar muni á einhvern hátt trufla barnið. Það er því talið rétt að lögfesta ákvæði um þetta atriði.

Rétt þykir að gera ráð fyrir umgengnisrétti barna við aðra en kynforeldra ef þeir hafa verið barninu nátengdir og líklegt er að það þjóni hagsmunum barnsins að rjúfa ekki slík tengsl. Það þykir sjálfsagt að lögfesta þann rétt barna í fóstri.

Um 37. gr.

Þessi lagagrein er nýmæli og er tilgangur hennar fyrst og fremst sá að tryggja rétt barns í fóstri til þess að fá upplýsingar um ástæður þess að það varð að fara af heimili sínu. Það að veita barni slíkar upplýsingar er að sjálfsögðu vandmeðfarið og erfitt verkefni og verður að taka fullt tillit til aldurs barns og þroska og allra aðstæðna, þar á meðal tengsla þess við kynforeldra. Það verður þó að teljast rétt og skylt, barnsins vegna, að ræða við það af

hreinskilni um bakgrunn þess eftir því sem aðstæður leyfa og tilefni er til. Ef vel er að slíku staðið og helst falið sérfræðingum í uppeldismálum er talið að það auðveldi börnum í fóstri að takast á við þá staðreynd að kynforeldrar þeirra gátu ekki gegnt foreldrahlutverki sínu. Þessari grein þarf að beita eftir því sem barn eldist og þroskast samhliða ákvæði e-liðar 34. gr. um stuðning barnaverndarnefndar við barn og fósturforeldra meðan fóstrið varir.

Um 38. gr.

Greinin er efnislega samhljóða ákvæði 3. mgr. 36. gr. gildandi laga.

Um 39. gr.

Greinin er efnislega samhljóða ákvæðum í 35. gr. gildandi laga.

Um 40. gr.

Greinin er efnislega samhljóða ákvæðum í 1. mgr. 36. gr. gildandi laga.

Um 41. gr.

Greinin er nýmæli og þarfnast ekki skýringa.

Um 42. gr.

Ákvæði þessarar greinar um skráningu barna í varanlegu fóstri er nýmæli. Það þykir sjálfsagt að til séu nákvæmar og aðgengilegar upplýsingar á einum stað um öll börn á landinu sem eru í varanlegu fóstri. Slíkar upplýsingar geta m.a. verið gagnlegar við stefnumótun og þróun í úrræðum fyrir börn og ungmenni og einnig í tengslum við rannsóknir á málefnum þeirra.

Skráning barna í varanlegu fóstri auðveldar einnig heildaryfirsýn og eftirlit með fóstrinu. Staða barna í fóstri mun oft og tíðum vera ótrygg af ýmsum ástæðum og til eru dæmi þess að börn í fóstri flækist frá einum fósturforeldrum til annarra, jafnvel á viðkvæmu aldursskeiði, án vitundar eða vilja þeirrar barnaverndarnefndar sem um á að fjalla. Með skráningu ráðuneytisins á börnum í varanlegu fóstri verður væntanlega greiðara að koma því til leiðar að réttir aðilar grípi inn í ef eitthvað fer úrskeiðis og tryggi þannig að ákvæðum þessa kafla laganna verði fylgt eftir því sem við á.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um stöðu barna sem foreldrar vista sjálfir utan heimilis. Löng hefð er fyrir því hér á landi að foreldrar ráðstafi börnum sínum í fóstur eða vistun til annarra um lengri eða skemmri tíma. Fóstur er í frumvarpi þessu eingöngu notað um formlegar ráðstafanir barnaverndarnefndar, sbr. VI. kafla.

Í gildandi lögum um vernd barna og ungmenna og í barnalögum, nr. 9/1981, eru foreldrum settar vissar skorður varðandi slíkar ráðstafanir. Með 35. gr. laga nr. 53/1966 var lögfest sú regla að enginn geti tekið barn til fósturs nema með leyfi barnaverndarnefndar og lagt var bann við því að handhafi foreldravalds ráðstafaði barni til fósturs nema til aðila er fengið hefði leyfi barnaverndarnefndar í því skyni.

Enginn veit hve algengt er að foreldrar ráðstafi börnum sínum með þessum hætti hér á landi. Líkast til hefur dregið úr slíkum ráðstöfunum enda hefur af hálfu samfélagsins ýmislegt verið gert til stuðnings foreldrum er standa höllum fæti félagslega svo að þeir geti haft börnin hjá sér. Mörg dæmi eru um að slíkar ráðstafanir foreldranna hafi reynst börnum vel. Oft er um að ræða eðlilegan félagslegan stuðning stórfjölskyldunnar þar sem barn, t.d. mjög ungrar móður eða foreldra sem ekki geta annast barn vegna alvarlegra veikinda, elst upp hjá nánum ættingjum. Stundum verða slíkar ráðstafanir til þess að íhlutun barnaverndaryfirvalda verður óþörf með öllu. Þess eru hins vegar dæmi að vanhugsaðar ráðstafanir af þessu tagi eigi þátt í að

börn alast upp í mikilli óvissu, tengsl þeirra við umönnunaraðila eru margsinnis rofin eða návist við vanhæfa foreldra skerði þroskamöguleika þeirra. Þess eru og dæmi að slíkar ráðstafanir hafa tafið fyrir eðlilegri íhlutun barnaverndarnefndar.

Um 43. gr.

Í greininni er gengið út frá heimild 42. gr. barnalaga sem heimilar foreldrum að fela öðrum forsjá barna að nokkru leyti eða öllu. Hér er þó fyrst og fremst leitast við að skilgreina hlutverk barnaverndarnefndar við slíkar aðstæður. Greinin felur í sér rýmkun á rétti foreldra frá gildandi barnaverndarlögum. Er það m.a. gert með hliðsjón af því að þær reglur hafa lítið verið virtar og vart framkvæmanlegar. Greinin takmarkar ekki rétt foreldra til slíkra ráðstafana, en felur í sér *tilkynningarskyldu*. Skal nefndin kanna hvort þörf er fyrir stuðning við foreldra og tryggður er réttur barnaverndarnefndar til að kanna hvort hag og þörfum barna sé fullnægt á hinum nýja dvalarstað. Barnaverndarnefnd getur úrskurðað að ráðstöfun skuli haldast og er það í samræmi við gildandi lög og 42. gr. barnalaga. Þegar barn hefur dvalið á nýju heimili um hríð kunna að hafa myndast slík tilfinningatengsl við nýja umsjáraðila að flutningur getur verið skaðlegur barni.

Rétt þykir að taka fram að barnaverndarnefnd getur hlutast til um mál óháð slíkri ráðstöfun foreldra ef þeir eru augljóslega að koma barni undan réttmætum afskiptum barnaverndarnefndar.

Um VIII. kafla.

Í frumvarpi þessu eru ákvæði um meðferð mála fyrir barnaverndarnefnd tekin saman í einn kafla þar sem það þykir skýrara og einfaldara fyrir þá sem eiga að vinna eftir lögunum. Ljóst er þó að ýmis ákvæði barnaverndarlaga, sem má flokka undir málsmeðferð, fer betur á að hafa annars staðar í lögunum. Kaflinn um málsmeðferð hefur því ekki að geyma tæmandi talningu ákvæða um meðferð mála fyrir barnaverndaryfirvöldum heldur að því marki sem best þykir henta.

Barnaverndarnefndir taka ákvarðanir um veigamikla hagsmuni einstaklinga og fjölskyldna og oft afdrifaríkar. Lög um vernd barna og ungmenna veita barnaverndaryfirvöldum víðtækar heimildir til íhlutunar um mikilvæg mannréttindi. Því ríður á miklu að málsmeðferð öll sé vönduð og sem best staðið að ákvörðunum þannig að réttaröryggis þeirra einstaklinga, sem í hlut eiga, sé sem best gætt. Nauðsynlegt er og að barnaverndaryfirvöld njóti trausts almennings. Vandaðar málsmeðferðarreglur stuðla að því.

Skýrari ákvæði um málsmeðferð tryggja betur réttaröryggi barna og annarra sem hagsmuna eiga að gæta vegna ráðstafana barnaverndaryfirvalda og stuðla jafnframt að samræmi úrlausna einstakra barnaverndarnefnda.

Hér á landi hafa ekki verið sett almenn stjórnsýslulög svo sem gert hefur verið annars staðar á Norðurlöndum. Barnaverndar- og félagsmálalöggjöf þeirra styðst að miklu leyti við slík stjórnsýslulög þó að þar sé í einstaka tilvikum kveðið á um sérreglur. Þar sem ekki er við slík almenn stjórnsýslulög að styðjast hér á landi er þeim mun brýnna að ákvæði barnaverndarlaga um málsmeðferð séu skýr og ótvíræð. Nokkur nýmæli er að finna í kafla þessum og verður fjallað um þau í umfjöllun um einstakar greinar. Að ýmsu leyti hefur verið stuðst við ákvæði norrænna laga um vernd barna og ungmenna eða félagslega þjónustu.

Ef umsagnarskyldu barnaverndarnefnda í forsjárdeilumálum verður ekki breytt telur einn nefndarmanna, Ingibjörg Rafnar, að reglur þessa kafla frumvarpsins um málsmeðferð eigi að gilda þegar barnaverndarnefnd fjallar um mál foreldra og barna í slíkum málum eftir því sem við á. Nauðsynlegt sé að foreldrar njóti þeirrar réttarstöðu sem þessum kafla frumvarpsins er ætlað að tryggja aðilum þar sem umsögn barnaverndarnefndar vegur að jafnaði mjög þungt við ákvörðun dómsmálaráðuneytis um það hvort foreldra skuli hafa forsjá barns til frambúðar.

Um 44. gr.

1. mgr. þessarar greinar er samhljóða 1. mgr. 13. gr. gildandi laga.
2. mgr. er samhljóða 3. mgr. 13. gr. gildandi laga.

Um 45. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 14. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að rétt þykir að reglur um vanhæfi gildi jafnframt um starfsmenn barnaverndarnefnda.

Um 46. gr.

Grein þessi er um margt efnislega samhljóða 16. gr. gildandi laga. Hér hefur þó verið greint á milli ákvæða er varða annars vegar form og aðferðir við öflun upplýsinga og þess hins vegar um hvað afla skal gagna eða upplýsinga. Um síðara atriðið er fjallað í 21. gr. frumvarpsins.

Greinin fjallar um hvernig afla skuli upplýsinga, heimildir barnaverndarnefnda og réttindi einstaklinga við þá upplýsingaöflun. Nýmælin og efnislegar breytingar varða fjögur atriði.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að í ákveðnum tilvikum geti fólk skorast undan að gefa barnaverndarnefnd eða starfsmönnum hennar upplýsingar og er í greininni vísað til 125. gr. laga um meðferð einkamála í héraði. Þar er kveðið á um rétt nákomins skyldfólks eða tengdafólks til að skorast undan að gefa skýrslu. Sú undanþága gildir þó ekki ef um er að ræða málsatvik er verulegu máli skipta og ekki verður eftir eðli máls unnt að tryggja sönnun fyrir með öðrum hætti. Í greininni er gert ráð fyrir að nefnd geti, eins og nú er, krafist vitnaleiðslu fyrir dómi til skýringar á máli og taka þá reglur um skyldu manna til að bera vitni gildi sem og undanþáguregla 125. gr. eml. Með sama hætti má benda á 89. og 91. gr. laga um meðferð opinberra mála um rétt aðila og vitna til að skorast undan að gefa skýrslur. Ekki þykir rétt að réttur einstaklinga sé minni við meðferð mála fyrir barnaverndarnefndum en fyrir dómstólum. Hins vegar kann undanfærsla manna að verða túlkuð þeim í óhag. Í dönsku lögunum um félagslega þjónustu og norska frumvarpinu til laga um félagslega þjónustu er sams konar ákvæði að finna og hér er lagt til.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því í greininni að heimilt sé að ræða við barn í einrúmi. Slíkt er ekki beinlínis heimilað í gildandi lögum en hefur verið tíðkað í framkvæmd. Nauðsynlegt getur reynst að tala við barn einslega til að upplýsa mál og þykir rétt að taka af öll tvímæli um að það sé heimilt.

Í þriðja lagi er það nýmæli að finna í 3. mgr. að foreldrum barns eða forráðamönnum skal að jafnaði greint frá því að verið sé að kanna hagi þess.

Í fjórða lagi er heimild barnaverndarnefnda og starfsmanna hennar til að fara inn á einkaheimili til rannsóknar á högum barns þrengd frá því sem nú er. Hér er gert ráð fyrir að samþykki foreldris eða forráðamanns þurfi að koma til, ella þurfi að leita eftir úrskurði dómara. Sé barn í bráðri hættu er þó heimilt að fara inn á heimili án samþykkis eða dómsúrskurðar á grundvelli 50. gr.

Um 47. gr.

Í grein þessari er kveðið á um það nýmæli að samþykki foreldra til ráðstafana þeirra, sem greinir í f- og g-liðum 1. mgr. 24. gr. og a-lið 1. mgr. 32. gr. frumvarpsins, skal vera skriflegt og vottfest. Í ýmsum tilvikum grípa barnaverndarnefndir til ráðstafana með samþykki foreldra enda ber þeim að leita lausnar á máli í samvinnu við foreldra áður en gripið er til þvingunaraðgerða. Hér er oft um afdrifaríkar ákvarðanir að ræða og þykir því rétt að tryggt sé að foreldrar geri sér vel grein fyrir eðli og réttaráhrifum samþykkis síns. Jafnframt er mikilvægt fyrir barnaverndaryfirvöld að ljóst og ótvírætt sé eftir á hver var raunverulegur vilji foreldra á þeirri stundu er ráðstöfun var ákveðin.

Um 48. gr.

1. mgr. þessarar greinar er samsett úr 2. mgr. 13. gr. og hluta 2. mgr. 14. gr. gildandi laga. Hér er kveðið á um að nánar tilgreindar ákvarðanir barnaverndarnefndar skuli afgreiddar með úrskurði og að til þurfi aukinn meiri hluta til að úrskurður sé gildur. Jafnframt er kveðið á um að í þeim tilvikum skuli lögfræðingur sitja í nefndinni.

2. mgr. er að mestu samhljóða 2. mgr. 14. gr. gildandi laga.

Um 49. gr.

Hér er kveðið á um réttarstöðu barns og foreldra á lokastigi máls fyrir barnaverndarnefnd, þ.e. áður en úrskurður er kveðinn upp. Að sumu leyti er greinin byggð á 20. gr. gildandi laga. Hér er aðilum þó tryggð sterkari staða að ýmsu leyti. Í fyrsta lagi er sú skylda lögð á barnaverndarnefnd að leiðbeina foreldrum um réttarstöðu þeirra. Þá er foreldrum tryggður réttur til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri beint við nefndina eins og nú er kveðið á um. Gert er ráð fyrir að foreldrar geti notið liðsinnis lögmanna eins og nú er en hér er lagt til að barnaverndarnefnd skuli eftir atvikum veita foreldrum fjárstyrk til að standa straum af kostnaði við slíka aðstoð. Oft eru foreldrar úr hópi þeirra sem verst eru settir fjárhagslega. Ákvæði laga um meðferð einkamála í héraði um gjafsókn taka ekki til mála sem rekin eru fyrir stjórnvöldum. Ekki eru heldur fyrir hendi almenn lög um ókeypis lögfræðiaðstoð. Foreldrum er oft nauðsynlegt að geta notið aðstoðar lögmanna, enda eru miklir hagsmunir í húfi. Ófært þykir að fjárhagur manna ráði því hvort þeir fái notið slíkrar hjálpar.

Í gildandi lögum er kveðið á um að barni eða ungmenni skuli að jafnaði gefinn kostur á að koma á fund barnaverndarnefndar. Hér er gert ráð fyrir því að skylt sé að barni, 12 ára eða eldra, sé gefinn kostur á að tjá sig. Hér er jafnframt lagt til að þegar sérstaklega stendur á sé heimilt að skipa barni sérstakan talsmann. Barnaverndarnefnd er auðvitað skylt að hafa hagsmuni barns að leiðarljósi við meðferð og lausn barnaverndarmáls og gætir í þeim skilningi hagsmuna barnsins. Stundum getur þó verið rétt að skipa barni sérstakan talsmann sem er hvorki tengdur foreldrum né barnaverndaryfirvöldum, svo sem í hatrömmum deilum kynforeldra og fósturforeldra um umgengni.

Loks er í 4. mgr. fjallað um rétt aðila til að kynna sér gögn málsins. Hér er um að ræða veigamikinn þátt í því að bæta réttarstöðu og öryggi aðila í barnaverndarmálum. Á síðustu missirum hefur mikið verið rætt um aðgang aðila að gögnum við meðferð mála fyrir stjórnvöldum, sérstaklega í barnaverndarmálum. Réttur aðila til að tjá sig er lítils virði ef hann veit ekki á hvaða forsendum málarekstur byggist. Hér er því lagt til að meginreglan verði sú að foreldrar fái í hendur afrit allra skriflegra gagna sem nefnd byggir á við úrlausn málsins. Undir þetta falla þó ekki minnisblöð og vinnugögn starfsmanna meðan á vinnslu málsins stendur.

Ýmis gögn í barnaverndarmálum eru þess eðlis að óheppilegt getur talist vegna hagsmuna barnsins að aðilar fái þau í hendur eða lesi þau. Barnaverndarnefnd verður einnig að meta hvort foreldrar séu færir um að hafa slík gögn undir höndum og gæta trúnaðar gagnvart óviðkomandi aðila, vegna barnsins, svo sem vegna drykkjuskapar, geðveiki eða greindarskorts foreldra. Því er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd geti í slíkum tilvikum ýmist úrskurðað að aðilar fái aðeins að kynna sér gögn án þess að fá þau afhent eða aðilar skuli ekki hafa aðgang að tilteknum gögnum. Slík gögn geta t.d. verið skýrslur sérfræðinga, er byggjast á upplýsingum er þeir hafa aflað í trúnaðarsamtölum við börn, eða gögn með upplýsingum sem ætla má að reynst gætu hættulegar aðila sjálfum eða öðrum.

Um 50. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 15. gr. gildandi laga nema hvað hér er settur tímafrestur þar sem slíkar ráðstafanir eru í eðli sínu bráðabirgðaráðstafanir. Samkvæmt greininni ber að leggja mál fyrir barnaverndarnefnd til staðfestingar innan tveggja vikna og ef

um er að ræða ráðstöfun sem felur í sér aðgerðir á grundvelli c- og d-liða fyrri málsgreinar 27. gr., svo sem töku barns af heimili, skal barnaverndarnefnd afgreiða málið með fullnaðarúrskurði innan tveggja mánaða.

Í tilvikum þeim, er hér greinir, er heimilt að fara inn á einkaheimili án samþykkis foreldra eða dómsúrskurðar ef ástæða þykir til að ætla að barnið sé í bráðri hættu.

Um 51. gr.

Grein þessi er samhljóða 3. mgr. 53. gr. gildandi laga.

Um 52. gr.

1. mgr. greinar þessarar er að mestu samhljóða 1. mgr. 56. gr. gildandi laga. Þó er hér gerð tillaga um að settur verði ákveðinn málskotsfrestur, þ.e. úrskurði barnaverndarnefndar verður að skjóta til barnaverndarráðs innan fjögurra vikna frá því að viðkomandi varð kunnugt um úrskurðinn. Ljóst er að barnaverndarnefnd þarf að fylgja úrskurðum sínum eftir með ýmsum aðgerðum, svo sem með því að koma barni fyrir á fósturheimili. Óheppilegt er að óvissa ríki um endanlega niðurstöðu máls um langan tíma.

Jafnframt er af sömu ástæðu gerð tillaga um að barnaverndarráði verði settur ákveðinn frestur til að afgreiða mál endanlega fyrir sitt leyti. Ætla má að þær breytingar, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir á verksviði og starfsemi ráðsins, muni hraða mjög meðferð mála þar sem því er einungis ætlað að vera úrskurðaraðili um málskot en annast ekki jafnframt leiðbeiningar og eftirlit.

2. mgr. greinarinnar er samhljóða 2. mgr. 56. gr. gildandi laga.

3. mgr. greinarinnar er samhljóða 3. mgr. 56. gr. Hér er áfram gert ráð fyrir að barnaverndarráð geti mælt fyrir um aðrar ráðstafanir en barnaverndarnefnd þrátt fyrir breytingu á verksviði ráðsins. Þykir það ekki óeðlilegt þar sem ráðið munu skipa sérfræðingar á sviðum er varða málefni barna og hagsmunir barnanna sjálfra eru leiðarljós barnaverndaryfirvalda allra.

4. mgr. greinarinnar er efnislega samhljóða niðurlagi 1. mgr. 56. gr. gildandi laga og kveður á um að ákvæði í þessum kafla um réttarstöðu aðila við meðferð mála gildi jafnframt fyrir barnaverndarráði.

Barnaverndarráði er áfram ætlað að kveða upp fullnaðarúrskurði í barnaverndarmálum, þ.e. að ekki er gert ráð fyrir að mál fari til úrlausnar dómstóla. Dómstólar hafi aðeins um það að segja hvort nefndir eða ráðið hafi farið út fyrir valdmörk sín. Barnaverndarmál eru í eðli sínu viðkvæm og nauðsynlegt að niðurstaða fáist sem fyrst um framtíð barna sem í hlut eiga. Jafnframt er þess að geta að gert er ráð fyrir breyttu verksviði ráðsins þannig að það verði eingöngu úrskurðaraðili um málskot. Það, ásamt því að málsmeðferðarreglur eru bættar, ætti að tryggja að réttarstaða aðila verður líkari því sem gerist við meðferð dómsmála.

Um 53. gr.

Gildandi barnaverndarlög gera ekki ráð fyrir að foreldrar geti fengið mál sín tekin fyrir að nýju fyrir barnaverndarnefnd, jafnvel þó að aðstæður þeirra breytist til hins betra. Þess eru þó dæmi að nefndir hafi tekið úrskurðarmál fyrir að nýju að beiðni foreldra. Rétt þykir því að gera ráð fyrir slíkum möguleika í lögunum. Til þess að mál verði tekið upp að nýju verða foreldrar að sýna fram á með óyggjandi hætti að aðstæður þeirra hafi breyst verulega og nú megi ætla að þeir séu hæfir til að fara með forsjá barna sinna. Í þessum tilvikum sem endranær skal þó fyrst og fremst taka mið af hagsmunum barnsins en ekki foreldranna.

Um IX. kafla.

Reynsla af barnaverndarstarfi hér á landi og erlendis þykir sýna að barnaverndarnefndum er nauðsynlegt að hafa aðgang að stofnunum er tekið geti við börnum sem vista þarf um lengri eða skemmri tíma. Frá því að gildandi lög voru sett hafa þó áherslur nokkuð breyst í þessum efnum. Nú þykir brýnna en fyrr að beita fjölþættum stuðningsúrræðum til að koma í veg fyrir stofnanadvöl barna. Ef hún reynist þó nauðsynleg er reynt að stytta hana og koma sem mest í veg fyrir endurteknar vistanir. Lögð er vaxandi áhersla á þátttöku foreldranna í umönnun barnsins meðan á dvölinni stendur. Á þetta sérstaklega við um ung börn.

Síðustu tvo til þrjá áratugi hefur plássum fyrir börn á stofnunum á vegum barnaverndaryfirvalda fækkað verulega. Þess er að geta að Reykjavíkurborg hefur eitt sveitarfélaga rekið vistheimili fyrir börn yngri en 12 ára. Fyrir 1970 voru á vegum Reykjavíkurborgar á annað hundrað rými á vistheimilum fyrir börn undir 12 ára aldri. Rými á vistheimilum borgarinnar eru nú 14 talsins. Þessi mikla fækkun var möguleg vegna ýmissa annarra aðgerða. Má þar nefna stóraukna notkun fósturheimila, eflingu stuðningsúrræða fyrir foreldra og börn, m.a. eflingu Félagsmálastofnunar, sálfræðideilda skóla og sérkennsluúrræða, stofnun barnageðdeildar og meðferðarheimilis í tengslum við sálfræðideildir skólanna sem nú er rekið á vegum geðdeildar Borgarspítalans.

Rétt er að hafa í huga að stórefld hefur verið starfsemi fyrir fötluð börn frá því að lög um aðstoð við þroskahefta voru sett 1979 og síðan lög um málefni fatlaðra, nr. 41/1983, sem leystu þau lög af hólmi. Í gildandi barnaverndarlögum var gert ráð fyrir að barnaverndarnefndir sinntu þjónustu við þessi börn meir en raun varð á.

Eðlilegt hefur þótt að ríkið sæi um rekstur unglingaheimilis. Starfsemi Unglingaheimilis ríkisins hefur nokkuð eflst frá því það var sett á laggirnar 1972. Þar eru nú starfræktar þrjár deildir, auk opinnar unglingaráðgjafar (göngudeildar). Fyrst skal talin móttökudeild þar sem hægt er að taka við unglingum í bráðavistun, en einnig til rannsóknar og greiningar. Þá eru tvær uppeldis- og meðferðardeildir til lengri dvalar. Einkaaðilar reka, samkvæmt sérstöku samkomulagi við menntamálaráðuneytið og í samvinnu við stjórnarnefnd Unglingaheimilis ríkisins, Meðferðarheimilið að Torfastöðum í Biskupstungum. Með ákvörðun ríkisstjórnarinnar var haustið 1989 stofnuð sérstök deild fyrir unga vímuefnaneytendur á vegum Unglingaheimilis ríkisins. Unnið er að undirbúningi fyrir opnun deildarinnar. Loks má nefna neyðarathvarf Rauða kross Íslands sem starfrækt hefur verið frá 1985. Þar er tekið á móti börnum og ungmennum sem þangað leita sjálf vegna margháttaðra vandamála.

Eðlilegt er að halda í lögum um vernd barna og ungmenna ákvæðum um starfsemi þeirra stofnana er hér hafa verið upp taldar og annarra sem í framtíðinni verða settar á laggirnar og skilgreinast sem barnaverndarstofnanir. Nauðsynlegt þykir að hraðað verði uppbyggingu stofnana í þágu barnaverndar í náinni framtíð. Ber þar fyrst að nefna að engin sveitarfélög utan Reykjavíkur hafa aðgang að vistheimili fyrir ung börn til notkunar í alvarlegum barnaverndarmálum. Þá hefur reynst erfitt að finna fósturheimili fyrir stálpuð börn, 7–12 ára, sem eiga við veruleg hegðunarvandkvæði að stríða, eiga sér ekki trausta forsjáraðila og þurfa mikillar sérkennslu við. Ýmsir sérfræðingar hafa bent á þörf fyrir stofnun meðferðarheimilis til að sinna þessum börnum. Einnig er allmikill skortur á deild við unglingaheimilið sem geti sinnt langtímameðferð unglinga sem eru uppvísir að síbrotum og ofbeldisverkum. Þá þykir og líklegt að í framtíðinni verði hugað að uppbyggingu barnaheimila þar sem foreldrar og börn geti dvalist saman. Reynsla af slíkum barnaverndarstofnunum erlendis er þegar fengin og þykir mjög athyglisverð.

Um 54. gr.

Í 1. mgr. eru skilgreind þau heimili er undir kafla þennan falla.

Í 2. mgr. er kveðið á um frumkvæði félagsmálaráðuneytisins varðandi uppbyggingu slíkra stofnana.

Í 3. og 4. mgr. er skilgreint hlutverk ríkisins annars vegar og sveitarfélaga hins vegar varðandi stofnun og rekstur slíkra heimila. Er við það miðað að ríkisvaldinu sé skylt að reka unglingaheimili, svo og þau meðferðarheimili sem nauðsynlegt er að setja á fót til að sinna hegðunarerfiðleikum barna. Á slíkum heimilum beinist meðferðin fremur að hegðun og erfiðleikum barnsins sjálfs og þykir því eðlilegt að ríkið axli þá ábyrgð. Þykir það sambærilegt við þau verkefni sem ríkið annast á öðrum sviðum, svo sem rekstur geðdeilda fyrir börn og rekstur hvers konar meðferðar og vistheimila fyrir fötluð börn. Ríkið annast þegar rekstur unglingaheimilisins að mestu. Aftur á móti þykir eðlilegt að sveitarfélög annist rekstur vistheimila er veiti börnum viðtöku um stundarsakir vegna aðstæðna á heimilum þeirra. Rekstur slíkra vistheimila tengist starfi barnaverndarnefnda með mjög beinum hætti og því er talið eðlilegt að sveitarfélög beri þá ábyrgð.

Í 5. mgr. er félagasamtökum eða öðrum aðilum heimilað að setja á stofn heimili eða stofnanir til stuðnings börnum eða ungmennum að fengnu leyfi félagsmálaráðherra.

Um 55. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa og á sér hliðstæðu í 37. gr. gildandi laga.

Um 56. gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega sambærileg ákvæðum í 37. gr. og 39. gr. gildandi laga.

Um X. kafla.

Í þessum kafla er að finna almenn ákvæði til verndar börnum og ungmennum. Til greina þótti koma að fella slík ákvæði út úr lögunum að öllu leyti, enda eru öðrum aðilum samkvæmt lögum falin verkefni á þessu sviði. Hins vegar þykir sýnt að barnaverndarnefndir geti öðrum fremur verið talsmenn barna í samfélaginu sem oft mótast frekar af þörfum og hagsmunum hinna fullorðnu. Á þetta ekki síst við þar sem hætta er á að aðilar leitist við að misnota sér reynslu- eða ístöðuleysi barna eða ungmenna í eiginhagsmunaskyni, svo sem með dreifingu vímuefna eða með því að selja þeim aðgang að skemmtunum sem ætla má að geti verið börnum skaðlegar. Einnig getur verið um að ræða starfsemi sem í sjálfu sér er eðlileg þótt sérstök ástæða geti verið til að gæta hagsmuna barna, svo sem með eftirliti á vinnustöðum og með því að takmarka aðgang að skemmtistöðum er hafa leyfi til áfengisveitinga.

Um 57. gr.

Þegar gildandi lög voru sett voru höfð í þeim ítarleg ákvæði um vinnuvernd barna og ungmenna, enda var þá ekki til að dreifa heildarlöggjöf um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem síðan hefur verið sett, sbr. lög nr. 46/1980. Samkvæmt þeim lögum fer Vinnueftirlit ríkisins með vinnuvernd barna og ungmenna.

Greinin veitir barnaverndarnefnd möguleika á að fylgjast með einstökum börnum á vinnustað, en að öðru leyti skýrir hún sig sjálf.

Um 58. gr.

Hér er lagt á barnaverndarnefndir að vinna gegn hvers konar vímuefnaneyslu barna og ungmenna í umdæmi sínu. Samkvæmt áfengislögum, nr. 82/1969, er þetta einnig verkefni áfengisvarnanefnda og er eðlilegt að um samvinnu þessara aðila verði að ræða á þeim stöðum þar sem þessar nefndir hafa ekki sameinast í einni nefnd, félagsmálaráði, eins og víða er. Þá þykir einnig rétt að kveða sérstaklega á um að barnaverndarnefndir stuðli að því, eftir því sem við verður komið, að koma lögum yfir þá sem ýta undir vímuefnaneyslu barna og ungmenna.

Um 59. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 43. gr. gildandi laga.

Um 60. gr.

Rétt þykir að taka inn í lögin ákvæði um útivistartíma barna sem hingað til hafa verið í reglugerð, enda er ekki síður ástæða nú til þess að takmarka útivistartíma barna en áður var. Nefndin hefur nokkuð leitað eftir tillögum um önnur aldurs- og tímamörk en hér eru sett, en niðurstöður flestra orðið þær að hér sé um eðlilegar viðmiðanir að ræða.

Um 61. gr.

Grein þessi er að hluta til samhljóða 40. gr. reglugerðar um vernd barna og ungmenna nr. 45 frá 9. júní 1970, en einfölduð mjög. Greinin er og í samhljóðan við reglugerð um löggæslu á skemmtunum nr. 587 23. des. 1987, svo og 20. gr. áfengislaga, nr. 82/1969. Eðlilegt þykir að leggja bann við að ungmenni innan 18 ára aldurs starfi á stöðum sem þau hafa að öðru leyti ekki aðgang að. Þó er gerð undantekning þegar um viðurkennt iðnnám er að ræða, þ.e. matreiðslu- og framreiðslunám.

Um XI. kafla.

Ekki voru aðrar refsiheimildir í fyrstu barnaverndarlögunum frá 1932 en þær sem mæltu fyrir um refsingu fyrir brot á lögunum sjálfum, sbr. 18. gr. laga nr. 43/1932. Í lögum nr. 29 1947, sem komu í stað laga nr. 43/1932, eru refsiákvæði sem eru samsvarandi gildandi refsiákvæðum.

Full ástæða þykir til að börn og ungmenni njóti sérstakrar refsiverndar. Aðstæður barna og unglinga í daglegu lífi eru oft þannig að foreldrar eru uppteknir við eigin störf utan heimila. Börn og unglingar eru því oft og tíðum ýmist í umsjá annarra eða í eigin umsjá. Þau eru háð því að hinir fullorðnu virði þörf þeirra fyrir sérstaka vernd.

Um 62. gr.

Þessi grein er nýmæli. Mikilvægi þess að tilkynningarskylda barnaverndarlaga sé virt er augljóst. En það varðar líka hagsmuni barna og fjölskyldna þeirra að einkalíf þeirra sé virt og að ekki sé vísvitandi komið á framfæri við barnaverndarnefndir röngum eða villandi upplýsingum sem leitt gætu til könnunar máls af hálfu nefndar í samræmi við ákvæði 21. gr. frumvarpsins eða annarra aðgerða, en slíkt getur verið börnum og fjölskyldum þeirra skaðlegt.

Um 63.–69. gr.

Í þessum greinum gætir lítilla efnisbreytinga frá refsiákvæðum gildandi laga, þ.e. 45., 46., 47., 2. mgr. 48. og 49. gr. Uppröðun greinanna er breytt og þeim er fjölgað til þess að gera þær skýrari og orðalagi sumra greina er lítillega breytt.

Um 70. gr.

Greinin er samhljóða 59. gr. gildandi laga.

Um 71. gr.

Miðað er við að lögin taki gildi að loknum sveitarstjórnarkosningum vorið 1990.

Fylgiskjal.

Bréf til menntamálaráðherra frá fjármálaráðuneyti, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.
(6. apríl 1990.)

Efni: Kostnaðarumsögn um drög að frumvarpi til laga um vernd barna og ungmenna.

Helstu nýmæli þessa frumvarps eru:

1. Lagt er til að yfirstjórn barnaverndarmála verði í höndum félagsmálaráðuneytis.
2. Gert er ráð fyrir að barnaverndarráð fari með fullnaðarúrskurðarvald en að önnur verkefni færist til félagsmálaráðuneytis.
3. Barnaverndarumdæmi verða stækkuð og fækkar þá barnaverndarnefndum. Þetta getur haft áhrif á útgjöld sveitarstjórna vegna barnaverndarnefnda.
4. Að öðru leyti felur frumvarpið í sér skýrari og ítarlegri ákvæði um barnaverndarmál en er að finna í gildandi lögum og leitast er við að skilgreina betur réttarstöðu barna og ungmenna í barnaverndarmálum.

Ráðuneytið áætlar að samþykkt frumvarpsins muni ekki hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð, en kostnaðaráhrif þess koma fram með tvennum hætti:

1. Meginbreyting frá núgildandi lögum er að yfirstjórn barnaverndarmála verður í höndum félagsmálaráðuneytis í stað menntamálaráðuneytis. Þetta felur í sér tilflutning á eftirfarandi stofnunum: barnaverndarráði (802), Meðferðarheimili Torfastöðum (802), Meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur (870) og Unglingaheimili ríkisins (871).

Fjárveiting til þessara stofnana er í fjárlögum 1990 samtals um 72 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir að tilflutningur þeirra á milli ráðuneyta hafi í för með sér breytingar á kostnaði.

2. Hlutverk barnaverndarráðs breytist og fulltrúum í ráðinu fækkar úr fimm í þrjá. Eftirlitsráðgjafar- og umsagnarhlutverk ráðsins færist til aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytisins. Hlutverk barnaverndarráðs verður að veita úrskurð í deilumálum sem vísað er til ráðsins. Rétt er að meta kostnaðaráhrif þessa í tengslum við tvö önnur lagafrumvörp sem nýlega hafa komið fram, þ.e. frumvarp félagsmálaráðherra um félagsþjónustu sveitarfélaga og frumvarp dómsmálaráðherra um breytingar á barnalögum, nr. 9/1981.

Samkvæmt frumvarpi til laga um breytingar á barnalögum er núgildandi ákvæði um að leita skuli umsagnar barnaverndarráðs í forsjármálum fellt niður. Í frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er gert ráð fyrir stofnun nýrrar deildar á aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytisins er sinni eftirliti og ráðgjöf með framkvæmd sveitarfélaga á lögum um félagsþjónustu, þar með talinni vernd barna og ungmenna.

Fjárveiting til barnaverndarráðs er um 9 m.kr. í fjárlögum líðandi árs. Með tilflutningi á verkefnum barnaverndarráðs til félagsmálaráðuneytis má gera ráð fyrir að u.þ.b. helmingur þeirrar fjárveitingar færist til félagsmálaráðuneytis. Barnaverndarráð hefur á að skipa þremur starfsmönnum og mundu tveir þeirra færast til félagsmálaráðuneytis.

Nd. 30. Frumvarp til laga [30. mál]

um breytingu á lögum nr. 64/1985, um Byggðastofnun.

Flm.: Málmfríður Sigurðardóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Kristín Einarsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

1. gr.

Við II. kafla laganna bætist ný grein, er verði 13. gr., og orðist þannig:

Við Byggðastofnun starfar deild sem hefur það hlutverk að vinna að uppbyggingu atvinnu fyrir konur. Til starfsemi deildarinnar skulu renna a.m.k. 20% af árlegum framlögum ríkisins til Byggðastofnunar og skal þeim varið til reksturs deildarinnar, ráðgjafar, lána, styrkja og annarrar fyrirgreiðslu vegna atvinnustarfsemi kvenna.

Nánari ákvæði um starfsemi deildarinnar setur ráðherra með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1991.

Greinargerð.

Atvinnulíf landsmanna utan höfuðborgarsvæðisins er víðast hvar einhæft. Sums staðar stendur byggðarlagið og fellur með einni atvinnugrein eða jafnvel einu fyrirtæki. Þessi fábreytni í atvinnulífinu hefur orðið enn afdrifaríkari með breyttum þjóðfélagsháttum, ekki síst með aukinni þátttöku kvenna í störfum utan heimilis. Er löngu orðið tímabært að taka mið af þeirri staðreynd.

Stjórnvöld á Norðurlöndum hafa áttað sig á því hversu nauðsynlegt það er að hlusta á hugmyndir kvenna og taka tillit til þeirra þegar rætt er um búsetuþróun. Þar eins og hér bitnar aukið atvinnuleysi og skortur á fjölbreytilegum störfum fyrst og fremst á konum á landsbyggðinni. Þær eiga oft ekki annarra kosta völ en að flytja til þéttbýlisstaða í leit að atvinnu. Hefur því víða verið lögð sérstök áhersla á uppbyggingu atvinnu með tilliti til hugmynda og aðstæðna kvenna.

Árið 1986 var atvinnuþátttaka kvenna hér á landi 90,1%. Þátttaka giftra kvenna í atvinnu utan heimilis hafði aukist úr um 20% árið 1960 í 84% árið 1986. Nú fer atvinnuleysi hins vegar vaxandi og kemur harðar niður á konum en körlum. Skráð atvinnuleysi er meira meðal kvenna en karla, en þar að auki er vitað mál að dulið eða óskráð atvinnuleysi er meira meðal kvenna en karla, einkum í dreifbýli. Vert er að benda á að 40% lögbýla í landinu bera aðeins eitt ársverk eða minna. Allt ber því að sama brunni. Það vantar ný störf fyrir konur.

Ætla mætti að einhverjir ráðamenn hafi komið auga á fyrrnefndar staðreyndir, sbr. eftirfarandi setningu í málefnasamningi núverandi ríkisstjórnar: „Sérstakt átak verður gert til að auka fjölbreytni í atvinnu kvenna á landsbyggðinni.“ Efndir á því fyrirheiti eru hins vegar engar enn.

Í 3. gr. laga um Byggðastofnun segir:

„Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Í samræmi við hlutverk stofnunarinnar veitir hún lán eða annan fjárhagslegan stuðning í því skyni m.a. að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að óæskileg byggðarröskun eigi sér stað eða lífvænlegar byggðir fari í eyði.“

Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps að sköpun starfa fyrir konur í dreifbýli sé einmitt til þess fallin að „koma í veg fyrir að óæskileg byggðarröskun eigi sér stað eða lífvænlegar byggðir fari í eyði".

Stofnun sérstakrar deildar við Byggðastofnun, sem eingöngu fjalli um málefni kvenna, er ein leiðin til að fást við þann vanda sem leiðir af núverandi fábreytni og skorti á störfum fyrir konur.

Eðlilegt er að konur hafi frumkvæði í þessum efnum, en hvatning, ráðgjöf og bætt skilyrði eru nauðsynleg. Konur skortir sjálfstraust á þessum vettvangi. Þær hafa lítið sótt í atvinnuþróunarsjóði. Eignarleysi kvenna hindrar þær í að stofna til skulda.

Fyrsta verkefni kvennadeildar Byggðastofnunar yrði að efla frumkvæði hjá konum, t.d. með fræðslufundum, hugmyndasamkeppni, almennri fræðslu, ráðgjöf og handleiðslu og námskeiðum fyrir konur sem vilja stofna fyrirtæki. Þannig má minnka það forskot sem karlar hafa í þessum efnum.

Tryggja þarf skilning á sérstöðu kvenna. Þess vegna er nauðsynlegt að við deildina starfi konur sem hafa reynslu af kvennaráðgjöf og jafnréttismálum.

Fræðsla fyrir konur þarf að miðast við reynslu þeirra og þá staðreynd að konum henta betur vinnu- og kennsluaðferðir sem byggjast á hópvinnu og óformlegum samskiptum og efla frumkvæði og áræði. Það er ekki nóg að breyta „hann" í „hún". Á óþekktu sviði eiga konur sérstaklega erfitt með að meta hvað þær geta og hvað ekki og hverjar eru þeirra veiku og sterku hliðar.

Kvennadeild Byggðastofnunar er hreint byggðaverkefni. Þess vegna telja flutningsmenn mikilvægt að hún hafi aðsetur utan höfuðborgarsvæðisins og benda á Akureyri sem kjörinn stað í því efni. Rökin fyrir því eru þau að þar hefur á undanförnum árum verið unnið að samnorræna verkefninu „Bryt" eða „Brjótum múrana" sem er þróunarverkefni á sviði jafnréttismála. Þá er á Akureyri útibú frá Byggðastofnun, annað af tveimur á landsbyggðinni. Á sama stað er svo aðsetur Iðnþróunarfélags Eyjafjarðar sem unnið hefur markvisst að atvinnuþróun á Eyjafjarðarsvæðinu.

Flutningsmenn leggja því til að sett verði ákvæði í reglugerð um að kvennadeildin starfi við útibú Byggðastofnunar á Akureyri. Enn fremur verði í reglugerð ákvæði um að við deildina starfi konur með reynslu af jafnréttisstarfi og kvennaráðgjöf sem hafi með höndum rekstur deildarinnar, meti umsóknir um aðstoð, veiti ráðgjöf og handleiðslu og annist námskeið fyrir konur. Einnig komi fram í reglugerð ákveðin stefna þar sem t.d. þær hugmyndir fái forgang sem stuðla að nýjungum í atvinnurekstri byggðarlagsins eða byggjast á hráefni eða annarri auðlind byggðarlagsins.

Átak til eflingar atvinnu fyrir konur í dreifbýli getur vissulega fallið undir almenna starfsemi Byggðastofnunar. Reynslan hefur þó sýnt að hætt er við að önnur verkefni fái sjálfkrafa forgang. Þess vegna þarf að marka kvennadeild sérstakan sess með lögum, deild sem vegna sérstöðu sinnar ætti auðveldara með að tileinka sér og tryggja ný vinnubrögð sem eru aðgengileg konum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að við Byggðastofnun starfi sérstök deild sem hafi það hlutverk að vinna að uppbyggingu atvinnu fyrir konur og að hún fái til umráða a.m.k. 20% af árlegum framlögum ríkisins til Byggðastofnunar. Nánari ákvæði um starfsemi deildarinnar verði sett með reglugerð, sbr. greinargerð.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 31. Fyrirspurn [31. mál]

til dómsmálaráðherra um endurskoðun barnalaga.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur og Málmfríði Sigurðardóttur.

Hvenær má vænta þess að dómsmálaráðherra leggi fram frumvarp til laga um breytingar á barnalögum?

Sþ. 32. Fyrirspurn [32. mál]

til viðskiptaráðherra um frumvarp til samvinnulaga.

Frá Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni.

Hvað líður framlagningu frumvarps til nýrra samvinnulaga?

Sþ. 33. Fyrirspurn [33. mál]

til samgönguráðherra um gerð sumarvegar um Sprengisand.

Frá Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni.

Hvað hefur verið gert til þess að fylgja eftir skýrslu, unninni af Trausta Valssyni í samvinnu við Landsvirkjun og Vegagerð ríkisins, um gerð varanlegs sumarvegar í tengslum við lagningu háspennulínu yfir Sprengisand?

Nd. 34. Frumvarp til laga [34. mál]

um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Í stað orðanna „16. nóvember“ í 17. gr. laga nr. 119/1989, um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, komi: 1. september.

2. gr.

3. málsl. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, orðist svo:

Jafnframt skal endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur eða viðhald þess.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. öðlast þó gildi 1. september 1990. Ákvæði 2. gr. skulu gilda frá 1. janúar 1990.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast að öðru leyti til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG
um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

Forseti Íslands
gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér að framfærsluvísitalan hafi á undanförnum mánuðum hækkað meira en gert var ráð fyrir í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins frá því í febrúar sl. sem gæti stefnt í hættu markmiðum kjarasamninganna og stöðugleika í efnahags- og verðlagsmálum. Beri því brýna nauðsyn til að hefja nú þegar aðgerðir til þess að lækka verðlag. Auk þess er talið bera nauðsyn til að samræma skattalega meðferð nýbygginga, endurbóta og viðhalds íbúðarhúsnæðis.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Í stað orðanna „16. nóvember“ í 17. gr. laga nr. 119/1989, um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, komi: 1. september.

2. gr.

3. málsl. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, orðist svo:

Jafnframt skal endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur eða viðhald þess.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. öðlast þó gildi 1. september 1990. Ákvæði 2. gr. skulu gilda frá 1. janúar 1990.

Gjört í Reykjavík, 17. júlí 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.

Ed. 35. Frumvarp til laga [35. mál]

um breyting á lögum nr. 17 3. apríl 1990, um ábyrgðadeild fiskeldislána.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi 3. málsl. 1. mgr. 22. gr., 3. mgr. 22. gr. og setningarhlutinn „og nánari reglur um álagningu og innheimtu gjalda skv. 22. gr. ef til þess kemur“ úr 1. mgr. 23. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, sbr. lög nr. 3/1989, um breyting á þeim. Skuldaviðurkenningar, sem fiskeldisfyrirtæki hafa gefið út vegna áhættugjalds á grundvelli sömu lagaheimilda, falla einnig úr gildi. Hinn 1. júlí 1990 fellur úr gildi II. kafli laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, sbr. lög nr. 3/1989, um breyting á þeim. Jafnframt því að yfirtaka þær einföldu ábyrgðir sem Tryggingasjóður fiskeldislána hefur gefið út til handa Framkvæmdasjóði Íslands skal ábyrgðadeild fiskeldislána yfirtaka sjálfskuldarábyrgðir sem Framkvæmdasjóður hefur undirgengist gagnvart lánastofnun á grundvelli þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast að öðru leyti til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG
um breyting á lögum nr. 17 3. apríl 1990, um ábyrgðadeild fiskeldislána.

Forseti Íslands

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér að vegna ákvæða í nýsettum lögum nr. 17/1990, um ábyrgðadeild fiskeldislána, ríki óvissa um yfirtöku ábyrgðadeildarinnar á sjálfskuldarábyrgðum sem Framkvæmdasjóður Íslands hefur gengist undir. Beri því brýna nauðsyn til þess að breyta 8. gr. fyrrnefndra laga.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi 3. málsl. 1. mgr. 22. gr., 3. mgr. 22. gr. og setningarhlutinn „og nánari reglur um álagningu og innheimtu gjalda skv. 22. gr. ef til þess kemur“ úr 1. mgr. 23. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, sbr. lög nr. 3/1989, um breyting á þeim. Skuldaviðurkenningar, sem fiskeldisfyrirtæki hafa gefið út vegna áhættugjalds á grundvelli sömu lagaheimilda, falla einnig úr gildi. Hinn 1. júlí 1990 fellur úr gildi II. kafli laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, sbr. lög nr. 3/1989, um breyting á þeim. Jafnframt því að yfirtaka þær einföldu ábyrgðir sem Tryggingasjóður fiskeldislána hefur gefið út til handa Framkvæmdasjóði Íslands skal ábyrgðadeild fiskeldislána yfirtaka sjálfskuldarábyrgðir sem Framkvæmdasjóður hefur undirgengist gagnvart lánastofnun á grundvelli þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. júní 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson

Nd. 36. Frumvarp til laga [36. mál]

um skaðsemisábyrgð.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi gilda um skaðabótaábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila á tjóni sem hlýst af ágalla á vöru sem þeir hafa framleitt eða dreift (skaðsemistjóni).

Tjón sem lögin taka til.

2. gr.

Samkvæmt lögum þessum skal greiða bætur vegna líkamstjóns og fyrir missi framfæranda.

Einnig skal greiða bætur fyrir tjón á hlut ef hann er samkvæmt gerð sinni venjulega ætlaður til einkanota, enda hafi sá er fyrir tjóni varð aðallega haft hlutinn til einkanota. Lögin taka ekki til skemmda á hinni gölluðu vöru sem tjón hlaust af.

Hugtakið vara.

3. gr.

Orðið vara í lögum þessum merkir hvers kyns lausafjármuni, þar á meðal afurðir náttúrunnar. Til vöru teljast einnig munir sem orðnir eru hluti annars lausafjárhlutar eða fasteignar. Reglur laga þessara gilda einnig um rafmagn.

Framleiðandi og dreifingaraðili.

4. gr.

Framleiðandi telst vera sá sem býr til fullunna vöru; einnig sá sem býr til hluta vöru eða lætur af hendi hráefni og sá er vinnur eða aflar afurða úr náttúrunni. Enn fremur hver sem lætur líta svo út að hann sé framleiðandi með því að setja nafn sitt á vöru, vörumerki eða annað auðkenni.

Auk þess skal hver sá teljast framleiðandi sem í atvinnuskyni flytur vöru til landsins í þeim tilgangi að selja hana, leigja eða versla með hana á annan hátt.

Dreifingaraðili telst hver sá sem í atvinnuskyni dreifir vöru án þess að teljast framleiðandi.

Geti tjónþoli ekki komist að því hver hefur búið til vöru sem framleidd er hér á landi eða flutt vöru til landsins skal sérhver dreifingaraðili hennar teljast framleiðandi.

Þetta á þó ekki við ef dreifingaraðili skýrir þeim sem fyrir tjóni varð án óþarfs dráttar frá nafni og heimilisfangi framleiðanda, innflytjanda eða þess sem afhent hefur dreifingaraðila vöruna, enda beri sá bótaábyrgð eftir lögum þessum og eigi varnarþing hér á landi.

Hugtakið ágalli.

5. gr.

Vara telst haldin ágalla þegar hún er ekki svo örugg sem með réttu mátti vænta eftir öllum aðstæðum, einkum eftirfarandi:

1. Hvernig hún var boðin og kynnt.
2. Notkun þeirri sem með sanngirni mátti gera ráð fyrir.
3. Hvenær vöru var dreift.

Vara telst eigi haldin ágalla þó að síðar komi betri vara á markað.

Grundvöllur bótaábyrgðar framleiðanda.

6. gr.

Framleiðandi skal greiða bætur fyrir tjón sem rakið verður til ágalla á vöru sem hann hefur framleitt eða dreift.

Tjónþola ber að sanna tjón sitt, ágalla vöru og orsakatengsl milli ágalla og tjóns.

Atvik sem leysa framleiðanda undan ábyrgð.

7. gr.

Framleiðandi ber ekki ábyrgð eftir lögum þessum ef hann sannar:

1. að hann hafi ekki dreift vöru þeirri, sem tjón hlaust af,
2. að framleiðsla eða dreifing vöru hafi eigi verið í atvinnuskyni,
3. að ágalli vöru verður rakinn til ófrávíkjanlegra fyrirmæla hins opinbera um gerð hennar eða
4. að ekki var unnt að finna ágallann á grundvelli fræðilegrar eða tæknilegrar þekkingar sem völ var á þegar vöru var dreift.

Enn fremur ber framleiðandi ekki ábyrgð ef ætla má að ágalli sá, er tjón varð rakið til, hafi eigi verið fyrir hendi þegar hann dreifði vöru.

Framleiðandi einstaks hlutar, sem notaður er til annarrar framleiðslu, er ekki ábyrgur

ef hann leiðir í ljós að ágallinn verður rakinn til gerðar hinnar fullunnu vöru eða fyrirmæla þess sem býr hana til.

Takmörkuð ábyrgð.

8. gr.

Samanlögð ábyrgð framleiðanda vegna líkamstjóns, þar á meðal dauðaslyss er rakið verður til vöru sem er nákvæmlega eins og haldin sama ágalla, skal takmarkast við fjárhæð sem svarar til 70 milljóna Evrópureikningseininga (ECU).

Eigin sök tjónþola.

9. gr.

Heimilt er að lækka eða fella niður bætur ef tjónþoli er meðvaldur að tjóni af ásetningi eða gáleysi.

Ábyrgð dreifingaraðila.

10. gr.

Dreifingaraðili ber ábyrgð á skaðsemistjóni beint gagnvart tjónþola og síðari dreifingaraðilum.

Fleiri en einn bótaábyrgir. Framkröfur.

11. gr.

Nú eru tveir eða fleiri bótaskyldir eftir þessum lögum vegna sama tjóns og bera þeir þá óskipta ábyrgð.

Séu tveir eða fleiri ábyrgir sem framleiðendur skv. 1. mgr. 4. gr. skal ábyrgð þeirra innbyrðis skiptast eftir því hver orsök ágallans var, hverja aðstöðu hver framleiðandi hafði til að hafa eftirlit með vöru, ábyrgðartryggingum sem aðilar höfðu og atvikum að öðru leyti, enda leiði eigi annað af samningi.

Hafi dreifingaraðili eða framleiðandi skv. 2. eða 4. mgr. 4. gr. greitt tjónþola eða síðari dreifingaraðila bætur eignast hann kröfu tjónþola á hendur framleiðendum og dreifingaraðilum er áður dreifðu vöru. Framkröfuna má fella niður eða lækka ef sá er endurgreiðslu krefst var meðvaldur að tjóni af ásetningi eða gáleysi.

Bann við að víkja frá lögunum með samningi.

12. gr.

Eigi má, áður en tjón verður, víkja með samningi frá ákvæðum laga þessara tjónþola í óhag eða þeim sem öðlast rétt sinn frá honum.

Almennar skaðabótareglur.

13. gr.

Lög þessi takmarka eigi rétt tjónþola til bóta eftir almennum reglum um skaðabætur innan eða utan samninga eða samkvæmt reglum í öðrum lögum. Ákvæði 14. gr. eiga þó við um kröfur um bætur fyrir skaðsemistjón þótt krafa sé gerð á grundvelli almennra reglna um skaðabætur innan eða utan samninga.

Fyrning.

14. gr.

Kröfur um bætur fyrir skaðsemistjón eftir þessum lögum eða eftir almennum reglum um skaðabætur innan eða utan samninga, sbr. 13. gr., fyrnast þegar þrjú ár eru liðin frá þeim degi er tjónþoli fékk eða mátti fá vitneskju um tjón sitt, ágalla vörunnar og nafn og dvalarstað framleiðanda þess sem í hlut á.

Sé krafa ekki fyrnd eftir reglum 1. mgr. fellur hún niður þegar tíu ár eru liðin frá þeim degi er framleiðandi dreifði vöru þeirri sem tjón hlaust af.

Um slit fyrningar samkvæmt þessari grein fer eftir almennun réttarreglum um fyrningu.

Gildistaka.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992.

Lögin eiga ekki við um tjón er hlýst af vöru sem framleiðandi dreifir fyrir gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp þetta er samið að frumkvæði viðskiptaráðuneytisins af Jóni Finnbjörnssyni héraðsdómara og Arnljóti Björnssyni prófessor. Frumvarpið er í samræmi við frumvarp sama efnis sem lagt var fram á 112. löggjafarþingi 1989–1990, en á því hafa verið gerðar nokkrar lagfæringar og breytingar í samræmi við athugasemdir sem komið hafa fram við frumvarpið. Eftirfarandi eru nýjar athugasemdir við frumvarpið og hafa þær verið gerðar fyllri en hinar fyrri.

Frumvarpinu er ætlað að efla neytendavernd og samræma íslensk lög á þessu sviði löggjöf annarra EFTA-ríkja og ríkja Evrópubandalagsins.

Frumvarpið fjallar um skaðsemisábyrgð. Skaðsemisábyrgð er tveggja til þriggja ára gamalt nýyrði í íslensku og merkir skaðabótaskyldu framleiðanda eða seljanda vegna skaðlegra (hættulegra) eiginleika söluhlutar. Skaðsemisábyrgð nefnist á norðurlandamálum „produktansvar“, á ensku „product liability“ og á þýsku „Produktenhaftpflicht“ eða „Produkthaftung“. Nánar tiltekið er hér um að ræða skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem hlýst á mönnum eða munum af völdum skaðlegra eiginleika söluvöru við notkun hennar, neyslu eða geymslu, þ.e. yfirleitt eftir að varan er komin úr vörslu framleiðanda (eða seljanda).

Skaðsemisábyrgð er réttarsvið sem þróast hefur ört á Vesturlöndum á síðustu áratugum. Fylgir þessi þróun í kjölfar aukinnar verslunar og fjöldaframleiðslu iðnaðarvöru.

Að undanförnu hafa mörg ríki Vestur-Evrópu sett lög um skaðsemisábyrgð. Ríki Evrópubandalagsins eru í þessu efni bundin af tilskipun ráðs bandalagsins frá 25. júlí 1985, en tilskipunin mælir fyrir um samræmda löggjöf aðildarríkjanna á þessu sviði. Hafa allmörg þeirra þegar sett lög um efnið, en í öðrum aðildarríkjum er löggjöf í undirbúningi. Þá hafa öll ríki EFTA, að Íslandi undanskildu, sett slíka löggjöf eða eru í þann mund að gera það. Lög EFTA-ríkjanna hafa mjög tekið mið af löggjöf ríkja Evrópubandalagsins. Í Noregi voru t.d. nýlega sett lög sem eru í verulegu samræmi við lög Evrópubandalagsríkja (lög nr. 104 frá 23. desember 1988).

Sum ríki hafa sett sérstakar reglur um tjón af völdum lyfja. Eru þær með ýmsu móti. Í frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir neinum sérreglum um lyf.

Frumvarpið er sniðið eftir lögum Evrópubandalagsríkjanna. Er efni og uppsetning frumvarpsins að mestu í samræmi við dönsku lögin um skaðsemisábyrgð (nr. 371 frá 7. júní 1989), en þess er áður getið að tilgangur frumvarpsins er m.a. að samræma íslenskar réttarreglur um skaðsemisábyrgð lögum annarra Evrópuríkja. Færa má margvísleg rök fyrir nauðsyn þess. Mikill hluti útflutnings Íslendinga fer til landa í Vestur-Evrópu og innflutningur er einnig mikill frá þessum löndum. Það er til þess fallið að greiða fyrir viðskiptum Íslendinga á Evrópumarkaði ef íslensk viðskiptalöggjöf er reist á sömu meginreglum og gilda annars staðar í álfunni. Verulega takmarkaðri ábyrgð íslenskra framleiðenda mundi síst styrkja samkeppnisstöðu íslenskra útflytjenda. Slíkur munur á réttarreglum gæti jafnvel spillt fyrir útflutningsviðskiptum landsmanna.

Almennt um gildissvið frumvarpsins.

Framleiðandi og aðrir geta bakað sér refsiábyrgð ef slys eða skemmdir hljótast af gölluðum hlut. Í ýmsum öðrum tilvikum getur refsiábyrgð fallið á menn vegna skaðlegra eiginleika hlutar. Frumvarp þetta varðar aðeins skaðabótaábyrgð. Í því er ekkert kveðið á um refsiviðurlög. Um refsingar og önnur viðurlög við afbrotum á þessu sviði fer eftir almennum hegningarlögum eða sérstökum refsiákvæðum í öðrum lögum.

Gildissvið frumvarpsins er takmarkað við tjón sem annaðhvort verður rakið til slyss á mönnum eða þess að hlutur skemmist eða fer forgörðum. Ekki ná reglur frumvarpsins þó til tjóns á hvaða munum sem er. Reglur þess taka aðeins til muna sem tjónþoli hefur aðallega til einkanota og sem eru venjulega ætlaðir til einkanota, sbr. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Hér er um að ræða muni í eigu neytenda. Verði frumvarpið að lögum verður reglum laganna ekki beitt um tjón á neinum öðrum munum en þeim sem um getur í 2. mgr. 2. gr. Þessi takmörkun á gildissviði frumvarpsins hefur það í för með sér að núgildandi bótareglur eiga áfram við um tjón á hlutum sem ætlaðir eru til sölu eða nota í atvinnurekstri. Tjón á slíkum munum eru í reynd fleiri og oft stærri en tjón á munum neytenda.

Frumvarp þetta tekur ekki til bótaábyrgðar vegna skemmda á söluhlutnum sjálfum sem í frumvarpinu er nefndur vara, sbr. 3. gr. Um hana fer eftir skaðabótareglum kauparéttar, einkum lögum nr. 39/1922, um lausafjárkaup, sem venjulega ganga undir nafninu kaupalögin. Í þeim eru ítarlegar reglur um réttarstöðu aðila kaupsamnings þegar seldum hlut er áfátt, þ.e. vegna þeirrar vanefndar sem oftast er nefnd galli. Er almennt talið að bótareglur kaupalaga um ábyrgð vegna galla eigi ekki við um tjón sem rakið verður til skaðlegra eiginleika vöru. Tjón það, sem frumvarpið fjallar um, er frábrugðið tjóni vegna vanefnda sem reglur kaupalaga taka til, að því leyti að tjónsatburður verður með þeim hætti að menn eða munir komast í snertingu við vöru.

Til þess að leggja áherslu á að gallahugtak kaupalaga er ekki hið sama og hugtakið galli eftir reglum um skaðsemisábyrgð er heitið *ágalli* notað í þessu frumvarpi, sbr. 5. gr. og athugasemdir við hana.

Hugtakið vara tekur samkvæmt frumvarpinu ekki til þjónustu. Verkfræðingur eða arkitekt mundi t.d. ekki bera ábyrgð eftir lögunum vegna slyss sem rakið yrði til rangrar hönnunar mannvirkis ef hönnuðurinn hefur ekki látið annað af hendi en þjónustu.

Fjölmörg dæmi eru um skaðsemistjón sem frumvarpið tekur til, sbr. 1. gr. Skemmdar matvörur eða gölluð lyf geta valdið heilsutjóni. Sama á við um vélar, tæki og áhöld sem

slys hlýst af vegna bilunar eða vanbúnaðar. Ýmiss konar vörur geta valdið spjöllum á öðrum munum, svo sem byggingarvörur, t.d. lím, þéttiefni eða sement sem vegna einhverra annmarka veldur skemmdum þegar það er notað með öðru byggingarefni.

Þeir sem bótaábyrgð bera eftir reglum frumvarpsins eru framleiðandi, sjá nánari skilgreiningu í 4. gr., og sá sem dreifir vöru, sbr. nánar 4. gr. Sögnin að dreifa er í frumvarpinu notuð um það að láta vöru af hendi í atvinnuskyni, þ.e. koma henni í umferð eða á framfæri við neytanda eða dreifingaraðila, með því að selja hana eða leigja eða með öðrum sambærilegum hætti.

Frumvarpið tekur hins vegar ekki til þeirra sem láta vörur af hendi ef það er ekki gert í atvinnuskyni. Maður, sem selur notaða bifreið af því að hann hefur keypt sér nýja, ber ekki ábyrgð eftir frumvarpinu þótt kaupandi slasist vegna galla í bifreiðinni. Sama á við í öðrum tilvikum þar sem hlutur er ekki afhentur í atvinnuskyni, t.d. þegar slys hlýst af bilun heimilistækis sem einstaklingur gefur eða lánar þeim sem fyrir tjóni verður.

Seljandi, sem er dreifingaraðili í merkingu 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins og greitt hefur tjónþola bætur, á yfirleitt framkröfu (endurkröfu) á hendur framleiðanda eða þeim dreifingaraðila sem sá fyrstnefndi keypti vöru af.

Eftir frumvarpinu er það ekki aðeins kaupandi vöru sem getur átt bótarétt, heldur hver sá er verður fyrir tjóni vegna varnings sem haldinn er ágalla. Hér má t.d. nefna fjölskyldu kaupanda, starfsmenn hans, viðskiptavini hans og aðra er nota vöru þá sem tjón verður rakið til. Af þessu er ljóst að eftir frumvarpinu er það ekki skilyrði bótaábyrgðar að tjónþoli hafi tekið við hinni skaðlegu vöru frá þeim sem hann krefur bóta. Reglur frumvarpsins eiga með öðrum orðum einnig við um bótakröfur tjónþola á hendur aðilum sem hann er ekki í neinum samningstengslum við.

Núgildandi íslenskar réttarreglur.

Í íslenskum lögum, er nú gilda, eru engin bein ákvæði um skaðsemisábyrgð. Einstök lagaákvæði geta þó í sumum tilvikum tekið til tjóns sem hlýst af skaðlegum eiginleikum vöru, t.d. bótaákvæði umferðarlaga, nr. 50/1987 og laga um loftferðir, nr. 34/1964. Samkvæmt þeim getur t.d. sá sem lendir í bifreiðarslysi eða flugslysi vegna bilunar í farartæki átt skaðabótakröfu á hendur eiganda tækisins eða öðrum sem ber ábyrgð á tækinu.

Þau lagaákvæði, sem geta í einstökum tilvikum átt við um skaðsemistjón, eru þó svo fá og brotakennd að ekki verður annað sagt en að núgildandi reglur íslensks réttar um skaðsemisábyrgð séu ólögfestar. Reglurnar er fyrst og fremst að finna í fordæmum dómstóla.

Sá sem verður fyrir tjóni vegna slyss eða skemmda á munum sakir skaðlegra eiginleika vöru getur reist rétt á almennum skaðabótareglum. Hann á bótakröfu ef honum tekst að sanna að tjón hans verður rakið til ásetnings eða gáleysis þess sem hann krefur bóta, eða sakar manns er sá síðarnefndi ber ábyrgð á. Samkvæmt almennum skaðabótareglum er sök (ásetningur eða gáleysi) skilyrði fyrir bótaskyldu.

Samningur getur leitt til þess að ábyrgð á skaðsemistjóni verði með öðrum hætti en eftir almennum skaðabótareglum. Frávik samkvæmt samningi geta ýmist gert bótaábyrgð framleiðanda eða seljanda víðtækari eða þrengri en almennt gerist. Lagafrumvarp þetta varðar bótareglur utan samninga. Í frumvarpinu felst bann gegn því að víkja með samningi frá reglum þess tjónþola í óhag, sbr. 12. gr. Jafnframt segir í frumvarpinu að lögin takmarki ekki rétt tjónþola til að krefjast skaðabóta eftir samningi, sbr. 13. gr.

Af íslenskum dómum má ráða að tjónþoli geti átt bótarétt eftir reglum sem ganga lengra en almennar skaðabótareglur, ýmist þannig að dómarar gera ríkari kröfur til aðgæslu framleiðenda og seljenda, slaka á kröfum til sönnunar af hálfu tjónþola eða fella svonefnda hlutlæga ábyrgð á framleiðanda eða seljanda. Hlutlæg ábyrgð er nefnd öðru nafni ábyrgð án sakar, en í henni felst að bótaskylda stofnast án tillits til þess hvort „tjónvaldur" á sök á tjóni. Víðtæk ábyrgð vegna skaðsemistjóns hefur verið látin ná til tjóns sem almennur neytandi verður fyrir af völdum iðnaðarvarnings eða vöru sem seld er neytanda í venjulegum verslunarrekstri. Slík ábyrgð yrði síður lögð á þegar tjón hlýst af skaðlegum eiginleikum hlutar er gengur kaupum og sölum milli einstaklinga þegar kaup eru ekki gerð í atvinnuskyni.

Hér er ekki ástæða til að gera frekari grein fyrir þeim réttarreglum er nú gilda á Íslandi um skaðsemisábyrgð. Rétt er að taka skýrt fram að enda þótt fullyrða megi í meginatriðum hvaða ólögfestar reglur gildi nú um skaðsemisábyrgð hér á landi er langt frá því að dómar hafi fallið um öll atriði sem máli skipta um réttarstöðu þess sem bíður tjón sökum hættulegra eiginleika vöru.

Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu.

Verði frumvarpið samþykkt verða í fyrsta sinn til skýrar almennar reglur um skaðsemisábyrgð í settum íslenskum lögum.

Frumvarpið felur ekki í sér stórvægilegar breytingar frá þeim reglum sem ætla má að íslenskir dómstólar beiti án sérstakrar heimildar í settum lögum. Núgildandi reglur eru myndaðar af dómstólum og eru, svo sem fyrr var vikið að, alls ekki tæmandi og að ýmsu leyti óljósar. Samanburður á frumvarpinu og ólögfestum reglum íslensks réttar verður því vitanlega ófullkominn.

Í frumvarpinu er tæmandi talning á þeim hópum manna og ópersónulegra aðila sem borið geta skaðsemisábyrgð eftir reglum frumvarpsins. Ætla verður að þessi hópur sé nokkurn veginn sá sami og samkvæmt núgildandi reglum.

Grundvöllur bótaskyldu er samkvæmt frumvarpinu alltaf regla um ábyrgð án sakar (hlutlæg bótaábyrgð). Þó hér sé gengið nokkru lengra en ætla má að nú yrði gert í öllum tilvikum verður ekki talið að það skipti miklu máli vegna þess að samkvæmt ríkjandi viðhorfum bera framleiðendur og seljendur yfirleitt víðtæka ábyrgð á skaðsemistjóni þó að eigi sé alltaf um að ræða hreina hlutlæga ábyrgð.

Í 7. gr. frumvarpsins eru hlutlægri ábyrgð settar vissar skorður. Eru þær flestar í samræmi við ríkjandi sjónarmið í fræðum um skaðsemisábyrgð.

Eitt mikilvægasta álitaefni varðandi reglur um skaðsemisábyrgð er hvernig afmarka á hugtakið *ágalli*. Í 5. gr. frumvarpsins eru reglur sem fara skal eftir þegar metið er hvort vara sé haldin ágalla. Eðli málsins samkvæmt er ekki unnt að setja tæmandi reglu um þetta. Endanlegt mat á því hvort um ágalla sé að ræða verður því eins og áður í höndum dómstóla.

Í frumvarpinu er slegið föstu hvaða reglur skuli gilda um framkröfu (endurkröfurétt) og skiptingu ábyrgðar milli aðila sem bera ábyrgð á sama tjóni. Nú ríkir nokkur óvissa um þetta.

Eitt veigamesta nýmæli frumvarpsins er bann 12. gr. gegn því að víkja með samningi frá skaðabótareglum þess þannig að réttur tjónþola verði minni en þær veita. Frumvarpið tryggir tjónþola því lágmarksrétt sem ekki má skerða með samningum áður en tjón verður. Álíta verður að frumvarpið nái ekki þeim tilgangi sínum að veita neytendum

eðlilega vernd ef þetta nýmæli væri ekki í því. Nú hafa menn hins vegar víðtækt frelsi til þess að semja um bótaskyldu og kröfur vegna skaðsemistjóns. Eftir frumvarpinu ríkir samningsfrelsi um kröfur eftir að tjón hefur borið að höndum. Er það talin sanngjörn regla sem heftir ekki rétt neytanda óeðlilega.

Nýjar fyrningarreglur eru í frumvarpinu. Eigi er þó lagt til að breyting verði á réttarreglum um slit fyrningar. Fyrningarreglur þær, sem hér er gerð tillaga um, eiga við um allar kröfur vegna skaðsemistjóns. Rök fyrir því, að lagt er til að fyrningarreglum verði breytt, er að finna í athugasemdum við 13. og 14. gr.

Auk þess skal tekið fram að telja verður fyrningarreglur frumvarpsins eðlilegri og skýrari en reglur þær sem nú gilda. Sérstaklega skal vakin athygli á því nýmæli að upphaf þriggja ára fyrningarfrests 1. mgr. 14. gr. miðast við þann tíma sem tjónþoli fékk eða mátti fá vitneskju um tjón sitt, ágalla vöru og nafn og dvalarstað framleiðanda. Veitir regla þessi tjónþola mikilvægan rétt sem honum er ekki tryggður nú með skýru ákvæði í settum lögum. Stytting fyrningarfrests í þrjú ár er óveruleg í samanburði við það aukna hagræði sem fylgir því að fyrningarfrestur hefjist ekki fyrr en tjónþoli fékk eða átti að fá vitneskju um tjón sitt.

Nú ríkir nokkur óvissa um ýmis atriði fyrningarreglna. Reglur fyrningarlaga, nr. 14/1905, taka ekki alltaf af skarið um álitaefni sem upp koma varðandi fyrningu skaðabótakrafna. Hér skal lögð áhersla á að umræður um æskilegar breytingar á reglum fyrningarlaga, nr. 14/1905, mega ekki verða til þess að eigi sé unnt að koma fram mikilvægum nýmælum sem auka rétt neytanda til þess að gera kröfu um bætur fyrir skaðsemistjón.

Í 13. gr. frumvarpsins er kveðið svo á að lögin takmarki ekki rétt tjónþola til skaðabóta eftir almennum reglum. Grein þessi hefur í för með sér að þótt frumvarpið verði samþykkt getur tjónþoli reist bótakröfu á ólögfestum reglum. Ein undantekning er þó gerð í 2. málsl. 13. gr. Hún er sú að tjónþoli getur ekki byggt á öðrum fyrningarreglum en lagðar eru til í frumvarpinu. Kann það í einhverjum tilvikum að rýra rétt tjónþola frá því sem nú er. Á móti kemur rýmkun á fyrningarreglum tjónþola í hag, svo sem skýrt er annars staðar í athugasemdum þessum.

Ekki er sennilegt að þeir tjónþolar, sem frumvarpið tekur til, komi til með að nota sér mikið ákvæði 13. gr. um heimild til að byggja á almennum skaðabótareglum. Kemur þar einkum tvennt til. Í fyrsta lagi veitir frumvarpið tjónþola yfirleitt mjög góða réttarstöðu. Í öðru lagi er líklegt að oft muni tjónþola reynast erfitt að að sýna fram á að núgildandi reglur veiti betri bótarétt en ákvæði frumvarpsins. Samt sem áður er 13. gr. tekin upp í frumvarpið að danskri fyrirmynd. Rök fyrir því eru einkum þau að á þann hátt sé tryggt að lögfesting frumvarpsins veiti neytendum ekki lakari vernd en þeir eiga nú eftir ólögfestum skaðabótareglum. Auk þess skal minnt á að skaðabótareglur, sem nú gilda, eiga við um kröfur eigenda muna sem reglur frumvarpsins taka ekki til, sbr. 2. mgr. 2. gr. Eigendur slíkra muna geta að sjálfsögðu ekki notað bótaúrræði frumvarpsins.

Í frumvarpinu eru hvorki ákvæði um sönnunarmat eða sönnunarbyrði né hvernig ákveða skuli fjárhæð bóta eða meta tjón til fjár. Um það fer því samkvæmt almennum ólögfestum reglum þótt frumvarpið verði að lögum.

Ekki er nú tekin upp í frumvarpið regla dönsku laganna og tilskipunar Evrópubandalagsins um að sá sem verður fyrir tjóni á munum beri í eigin áhættu fjárhæð sem svarar til 500 ECU (reikningseiningar Evrópubandalagsins). Slíkt ákvæði er andstætt núgildandi bótareglum hér á landi og mundi takmarka rétt þann sem neytendur hafa að

núgildandi lögum. Hins vegar skiptir slík eigin áhætta hinn bótaskylda almennt litlu máli.

Helstu rök fyrir bótareglum frumvarpsins.

Í upphafi athugasemda þessara segir að frumvarpinu sé ætlað að efla neytendavernd og samræma íslensk lög á þessu sviði löggjöf annarra ríkja Evrópu. Er síðan leitast við að rökstyðja í stuttu máli hvað mælir með samræmingu lagareglna á þessu sviði.

Hér skal áréttað að mikið hagræði felst í því að lögfesta reglur á þessu sviði vegna þess að talsverð óvissa fylgir því að hafa ekki annað en ólögfestar reglur til þess að styðjast við.

Rök með aukinni neytendavernd eru alkunn og verða þau ekki talin hér. Hins vegar þykir nú rétt að víkja sérstaklega að röksemdum fyrir víðtækri bótaábyrgð á því sviði sem frumvarpið fjallar um.

Áður er komið fram að tjónþoli getur átt rétt til bóta fyrir skaðsemistjón eftir reglum sem ganga lengra en almennar skaðabótareglur. Bótaréttur getur m.a. stofnast þótt eigi sé sýnt fram á að tjón megi rekja til sakar nokkurs manns (ábyrgð án sakar eða hlutlæg ábyrgð). Þótt svo víðtæk bótaábyrgð sé óneitanlega ströng í garð þess sem saklaus verður að greiða skaðabætur er þó löngu viðurkennt víðast hvar í heiminum að slík ábyrgð geti átt rétt á sér á sérstökum sviðum athafnalífs. Er reglur um ábyrgð án sakar að finna bæði í löggjöf og dómum.

Hlutlæg ábyrgð og annars konar víðtæk ábyrgð um skaðsemistjón hefur einkum verið rökstudd með því að neytandi eigi erfitt með að verjast tjóni af þessu tagi og verði að treysta á að söluhlutur sé ekki hættulegur. Framleiðandi og einnig í nokkrum mæli seljandi (milliliður) eigi hins vegar auðveldara með að meta hvort hætta sé á ferðum og gera viðeigandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir tjón. Víðtæk ábyrgð hvetji þá til slíkra ráðstafana og auðvelt sé að dreifa tjónskostnaðinum með því móti að kaupa ábyrgðartryggingu. Auk þess sé aðstaða þeirra í skaðabótamálum oft sterkari en neytanda, m.a. vegna þess að þeir eigi betri aðgang að sönnunargögnum um orsakir tjóns en tjónþoli. Margir seljendur þekkja að vísu lítið eða ekkert til þess hvernig vara, sem þeir selja, er búin til. Fjölmargar vörur koma til seljanda í lokuðum umbúðum og fara þannig frá honum í hendur neytanda. Aðrar vörur eru þannig að seljandi hefur ekki aðstöðu eða þekkingu til að dæma um hvort þær eru haldnar hættulegum eiginleikum. Þegar svo stendur á hafa því sumir talið óeðlilegt að leggja víðtæka ábyrgð á seljanda, enda þótt framleiðandi beri slíka ábyrgð. Ef framleiðandi er hins vegar ekki í sama landi og varan er seld hefur þrátt fyrir fyrrgreind rök verið rík tilhneiging til að fella víðtæka ábyrgð á innflytjanda eða aðra milliliði sökum þess að neytandi á oft óhægt með að leita réttar síns gagnvart framleiðanda.

Rök gegn víðtækri ábyrgð vegna tjóns af völdum hættulegra eiginleika eru m.a. þau að hún geti komið í veg fyrir tækniframfarir eða tafið fyrir þeim, hún sé óeðlilega þungbær og stundum í miklu ósamræmi við endurgjald seljanda eða framleiðanda.

Fyrrgreindar röksemdir með víðtækari ábyrgð um skaðsemistjón hafa yfirleitt þótt vega þyngra eða gagnrök þau er hér var greint frá, enda hefur á síðustu áratugum almennt verið mikil áhersla lögð á neytendavernd við undirbúning löggjafar.

Ábyrgðartrygging vegna skaðsemisábyrgðar.

Þeir sem eiga á hættu að baka sér bótaábyrgð vegna skaðsemistjóns eiga þess kost að kaupa ábyrgðartryggingu gegn fjárútlátum sem þeir verða fyrir vegna slíkrar ábyrgðar.

Ábyrgðartrygging þessi greiðir bætur allt að fjárhæð sem nánar greinir í vátryggingarsamningi. Vátryggingarfjárhæð er að vísu mun lægri en hámarksfjárhæð („bótaþak") skv. 8. gr. frumvarpsins, en telja verður að hún sé fullnægjandi í flestum tilvikum.

Almennar íslenskar ábyrgðartryggingar vegna atvinnurekstrar taka bæði til tjóns hér á landi og erlendis. Sérstaks iðgjalds er er þó yfirleitt krafist vegna áhættu erlendis, enda eru fjárhæðir skaðabóta fyrir líkamstjón víða erlendis mun hærri en gerist hér á landi sérstaklega þó í Bandaríkjunum og Kanada. Íslensk vátryggingafélög munu reyndar ekki selja fyrir eigin reikning ábyrgðartryggingu, sem tekur til skaðsemisábyrgðar gagnvart tjónþolum í Bandaríkjunum og Kanada. Hins vegar mun vera unnt að kaupa slíka ábyrgðartryggingu erlendis fyrir tilstilli íslenskra vátryggjenda.

Lagaskilareglur.

Þótt frumvarp þetta verði að lögum verða íslenskar lagareglur á þessu sviði ekki nákvæmlega eins og reglur grannríkjanna í Evrópu. Auk þess eru réttarreglur ýmissa annarra ríkja, sem Íslendingar skipta við, frábrugðnar reglum ríkja Evrópubandalagsins. Í skaðabótamálum vegna skaðsemistjóns getur því skipt máli eftir lögum hvaða ríkis dæma skuli um bótakröfu.

Meginreglan er sú að um skaðabótakröfur utan samninga skuli dæmt eftir lögum þess ríkis þar sem tjón varð. Til dæmis ætti í máli um bætur fyrir heilsutjón vegna skemmdra matvæla, sem seld eru frá Íslandi til Bandaríkjanna, að dæma eftir bandarískum lögum ef tjónþoli veikist í Bandaríkjunum. Á sama hátt ættu íslenskar réttarreglur við um kröfu íslensks tjónþola sem slasast hér á landi vegna ágalla vélar sem flutt er inn frá Þýskalandi. Meginregla þessi er þó ekki undantekningarlaus. Reglur um þetta efni (lagaskilareglur) eru ekki í frumvarpinu.

Í fjölþjóðasamningi um lagaskilareglur í málum um skaðsemisábyrgð, sem gerður var í Haag 2. október 1973, er byggt á greindri meginreglu, en í samningnum eru nokkur ákvæði sem víkja frá henni. Ísland er enn ekki aðili að samningi þessum.

Reglur um varnarþing og viðurkenningu erlendra dóma.

Í frumvarpinu eru engin ákvæði um hvar dómsmál vegna skaðsemisábyrgðar skuli höfða. Eftir íslenskum réttarfarslögum verður mál almennt sótt á hendur tjónvaldi fyrir dómi í þinghá þar sem hann er heimilisfastur eða þar sem tjóni var valdið. Skrásett firma eða félag skal sækja í þinghá þar sem það á heima samkvæmt skráningu. Maður, sem hefur orðið fyrir skaðsemistjóni erlendis vegna íslenskrar útflutningsvöru sem haldin er ágalla, verður því að jafnaði að lögsækja íslenska útflytjandann hér á landi.

Íslenskum þegnum getur í ýmsum tilvikum reynst mjög erfitt að reka mál gegn tjónvaldi sem heimili á erlendis og fá dómi á hendur honum fullnægt. Samkvæmt samningi frá 16. mars 1932 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra, sbr. lög nr. 30/1932, skulu aðfararhæfir dómar, sem gengið hafa í einhverju þessara ríkja í einkamálum (og sakamálum að því er varðar bætur fyrir afleiðingar verknaðar sem tjóni hefur valdið), einnig vera bindandi og aðfararhæfir í hinum ríkjunum. Norðurlandasamningur þessi veitir þeim sem verða fyrir skaðsemistjóni mikið hagræði.

Hins vegar er Ísland er ekki aðili að öðrum samningum um dómsvald og fullnustu erlendra dóma. Meðan svo er verður tjónþoli utan Norðurlanda því almennt að lögsækja

Íslending hér á landi og íslenskur tjónþoli verður að höfða bótamál gegn erlendum framleiðanda (utan Norðurlanda) þar sem útlendingurinn á varnarþing.

Ákvæðin um bótaskyldu innflytjenda og dreifingaraðila í 4. gr. frumvarps þessa eiga að tryggja að íslenskur tjónþoli geti almennt lögsótt innlendan aðila vegna skaðsemistjóns.

Í september 1988 gerðu ríki, sem aðild eiga að Evrópubandalaginu og Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), samning í Lugano í Sviss um dómsvald og fullnustu dóma í einkamálum. Í samningi þessum segir m.a. að mann, sem heimili á í samningsríki, megi í málum um skaðabætur utan samninga lögsækja í öðru samningsríki fyrir dómstóli þess staðar þar sem tjónsatburðurinn varð. Enn fremur leiðir það af samningnum að hafi dómstóll fallist á varnarþing er efnisdómur, sem kann að falla í framhaldi af því, einnig viðurkenndur og aðfararhæfur í hvaða samningsríki sem er. Ísland hefur ekki staðfest Lugano-samninginn. Ef samningurinn verður lögfestur hér á landi mundi það breyta mjög íslenskum lögsögu- og viðurkenningarreglum að því er tekur til skipta við ríki þau sem aðild eiga að samningnum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Til þess að skaðabótaábyrgð stofnist samkvæmt lögunum þurfa fjögur grundvallarskilyrði að vera fyrir hendi:

a. Tjón á mönnum eða munum, sjá nánar 2. gr. frumvarpsins.
b. Tjónið þarf að verða rakið til vöru í merkingu 3. gr. frumvarpsins.
c. Varan þarf að vera haldin ágalla, sbr. skilgreiningu í 5. gr. frumvarpsins.
d. Krafan þarf að beinast gegn framleiðanda vörunnar, innflytjanda hennar eða dreifingaraðila, svo sem nánar segir í 4. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Eftir þessari grein er gildissvið frumvarpsins bundið við tjón á mönnum eða munum (lausafé eða fasteign). Í frumvarpinu eru ekki reglur um hvernig meta skuli tjón eða ákvarða skuli bætur. Um það fer eftir almennum skaðabótareglum sem eru að mestu ólögfestar.

Reglum lagafrumvarpsins um munatjón er þó aðeins ætlað að gilda um tjón sem neytandi verður fyrir sökum þess að hlutur til einkanota skemmist eða fer forgörðum. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. þarf hluturinn, sem skemmist, að hafa verið aðallega til einkanota fyrir tjónþola. Það er einnig skilyrði að slíkir hlutir almennt séu til einkanota. Með þessu er gildissvið frumvarpsins takmarkað verulega þar sem reglur þess eiga í fyrsta lagi ekki við um bætur vegna tjóns á munum sem tjónþoli notar aðallega í atvinnurekstri, t.d. bifreiðum, vélum eða verkfærum eða hlutum sem ætlaðir eru til sölu. Í öðru lagi leiðir af framangreindu að reglur frumvarpsins eiga ekki við um hlut sem eigi er venjulega ætlaður til einkanota þótt maður noti hann í einkalífi, t.d. stórvirka vinnuvél sem einstaklingur hefur keypt í því skyni að nota við trjárækt í sumarbústað. Meginmarkmið laga um skaðsemisábyrgð er neytendavernd og frumvarpið felur þess vegna ekki í sér ákvæði um skemmdir á munum af þessu tagi. Atvinnurekendur eða aðrir, sem bíða tjón vegna skemmda á hlutum sem reglur frumvarpsins taka ekki til, verða því að reisa bótakröfur á almennum skaðabótareglum eða eftir atvikum öðrum bótareglum.

Frumvarpið tekur ekki til svonefnds almenns (hreins) fjártjóns, þ.e. tjóns sem hvorki

verður rakið til slyss eða heilsutjóns manns né þess að hlutur skemmist eða glatast.

Í lokaákvæði þessarar greinar er sérstaklega tekið fram að reglur frumvarpsins taki ekki til skemmda á vöru þeirri sem haldin er ágalla og skaðsemistjón hlýst af. Um bótaábyrgð vegna tjóns, sem kaupandi verður fyrir sökum galla á sjálfri söluvörunni, fer eftir kaupalögum, sbr. almennar athugasemdir með frumvarpinu.

Um 3. gr.

Með orðinu vara í frumvarpinu er aðeins átt við lausafé, þar á meðal skip, flugvélar og dýr. Hugtakið vara í skilningi frumvarpsins tekur því ekki til fasteigna eða þjónustu. Bótaákvæði frumvarpsins eiga því t.d. ekki við um slys er kaupandi fasteignar verður fyrir sökum þess að seljandi hefur vanrækt að halda fasteigninni við. Sama á við um slys er að öllu leyti verður til vegna mistaka þess sem innir af hendi þjónustu, t.d. viðgerðir án þess að selja eða útvega varahluti eða aðra vöru með þjónustunni. Í þessum tilvikum mundi því fara um ábyrgð eftir öðrum skaðabótareglum sem flestar eru myndaðar af dómstólum.

Hitt er svo annað mál að ákvæði frumvarpsins geta átt við um tjón af völdum fasteignar ef sýnt er að tjónið stafar af ágalla í byggingarefni eða öðru lausafé sem orðið er hluti fasteignar, sbr. 2. málsl. 3. gr. Sem dæmi þessa má nefna heilsutjón er rekja má til hættulegra eiginleika efnis sem hús er einangrað með. Bótareglur frumvarpsins eiga einnig við um tjón sem hlýst af ágalla efnis er maður lætur í té með þjónustu sinni, t.d. gölluðum varahlut sem bifreiðaverkstæði setur í bifreið eða biluðu tæki sem tannlæknir notar við meðferð sjúklings.

Áréttað skal að samkvæmt frumvarpinu er vara hvers kyns lausafjármunir, m.a. náttúrulegar afurðir. Skiptir ekki máli hvort afurðirnar eru unnar eða óunnar. Vara er því hér notað í mun víðtækari merkingu en venjulegt er í íslensku máli. Ákvæði 2. málsl. 3. gr. um að til vöru teljist einnig munir, sem orðnir eru hluti af fasteign, leiða til þess að bótareglur frumvarpsins ná einnig til muna er ekki teljast lausafé eftir þeim skilningi sem almennt er lagður í það hugtak í íslenskum rétti.

Um 4. gr.

Í þessari grein er bæði skilgreint hver teljist framleiðandi og dreifingaraðili í skilningi laganna.

Um 1. mgr.

Hugtakið framleiðandi í 1. mgr. þessarar greinar frumvarpsins er svo víðtækt að frumvarpið tekur m.a. til tilvika sem ekki verða talin framleiðsla í venjulegri merkingu þess orðs, t.d. söfnun efna í náttúrunni.

Við mat á því hver teljist framleiðandi eftir 2. málsl. 1. mgr. ber að miða við það hvort neytandi má almennt ætla að sá sem sett hefur nafn sitt, vörumerki eða annað auðkenni á vöru sé framleiðandi hennar.

Bótareglur frumvarpsins eiga ekki við um starfsmenn, sem búa til hluti eða vinna að framleiðslu, heldur aðeins þá er hafa slíka starfsemi með höndum fyrir eigin reikning.

Ekki er það skilyrði fyrir bótaábyrgð að framleiðandi hafi sjálfur búið vöru til að nokkru eða öllu leyti. Nægilegt er að hin fullunna vara sé sett saman úr hlutum sem hann kaupir hjá öðrum. Hér geta komið upp vafaatriði varðandi það hvort starfsemi er framleiðsla vöru eða aðeins þjónusta.

Ábyrgð framleiðenda, þar á meðal framleiðenda hluta í fullunna vöru, takmarkast af ákvæðum 7. gr. Þegar lesin eru ákvæði 4. gr. um hina síðarnefndu verður m.a. að hafa í huga reglur í 2. og 3. mgr. 7. gr.

Um 2. mgr.

Tilgangur ákvæða 2. mgr. er sá að veita neytanda sem mesta réttarvernd. Ákvæði þetta á að tryggja að ætíð sé unnt að gera skaðabótakröfu á bótaskyldan aðila sem á varnarþing á Íslandi.

Sé vara ekki flutt inn í atvinnuskyni í þeim tilgangi að selja hana, leigja eða versla með hana á annan sambærilegan hátt, t.d. þegar eigandi vélar flytur hana inn til nota í eigin atvinnurekstri, telst innflytjandi ekki framleiðandi eftir 2. mgr. Um ábyrgð innflytjanda í slíkum tilvikum fer því ekki eftir frumvarpinu heldur almennum skaðabótareglum.

Ljóst er af orðum 2. mgr. að hún tekur ekki til farmflytjenda.

Sá sem flytur vöru til landsins í atvinnuskyni í þeim tilgangi sem greinir í 2. mgr. telst framleiðandi þótt gjald komi ekki fyrir vöruna.

Um 3.–5. mgr.

Í þessum málsgreinum er fjallað um dreifingaraðila. Á þeim hvílir sérstök ábyrgð skv. 10. gr. frumvarpsins. Framleiðandi ber hins vegar ábyrgð skv. 6. gr. þess.

Það er skilyrði ábyrgðar dreifingaraðila eftir lagafrumvarpinu að hann hafi dreift vöru í atvinnuskyni. Skilja verður 4. gr. svo að dreifingaraðili sé einungis sá sem verslar eða rekur viðskipti með vöru. Dreifingaraðili er ekki aðeins ábyrgur vegna vöru sem hann selur heldur einnig vöru sem hann lætur af hendi (dreifir) í atvinnuskyni á annan hátt, t.d. samkvæmt kaupleigusamningi eða leigusamningi. Atvinnurekandi, sem afhendir starfsmanni sínum vél, verkfæri eða efni til notkunar í starfi, telst hins vegar ekki dreifingaraðili í merkingu 4. gr.

Oftast mun endurgjald koma fyrir vöru sem dreift er í atvinnuskyni. Ekki er það þó skilyrði ábyrgðar eftir 3. mgr. 4. gr. Tekið skal fram að farmflytjandi telst ekki dreifingaraðili í merkingu frumvarpsins.

Orðin „í atvinnuskyni“ takmarka gildissvið ákvæðanna um dreifingaraðila. Maður, sem selur notaða bifreið sína, heimilistæki eða innanstokksmuni, telst ekki dreifingaraðili, jafnvel þótt hann sé atvinnurekandi, svo framarlega sem hann hefur ekki atvinnu af að selja slíka muni.

Þegar vara gengur kaupum og sölum er meginreglan sú að allir seljendur hennar, aðrir en framleiðandi skv. 1. eða 2. mgr. 4. gr., teljast dreifingaraðilar og bera ábyrgð eftir 10. gr. Það skal áréttað að innflytjandi vöru telst framleiðandi og ber samkvæmt því ábyrgð eftir 6. gr. Sama gildir um dreifingaraðila ef svo stendur á sem segir í 4. mgr. 4. gr.

Upplýsingar, sem dreifingaraðili skal skv. 5. mgr. láta tjónþola í té ef hann vill komast hjá því að verða talinn framleiðandi eftir 4. mgr., skulu vera svo skýrar að unnt sé á grundvelli þeirra að lögsækja þann sem hlut á að máli.

Upplýsingar þær, sem um ræðir í 5. mgr., skipta máli um upphaf fyrningarfrests eftir 1. mgr. 14. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Um 1. mgr.

Í þessari grein er skilgreining á hugtakinu ágalli. Auk almennrar skilgreiningar felur 1. mgr. í sér nánari leiðbeiningar um hvað hafa skuli til marks þegar metið er hvort vara telst haldin ágalla, sjá 1.–3. tölul. 1. mgr.

Eftir núgildandi íslenskum réttarreglum verður að telja að vara sé haldin ágalla ef hún getur valdið tjóni á mönnum eða munum þegar hún er notuð á venjulegan hátt með fullri aðgát. Frumvarpið felur ekki í sér breytingu á þessu.

Þrátt fyrir skilgreiningu frumvarpsins á hugtakinu ágalli er ljóst að í ýmsum tilvikum getur orðið deiluefni hvort tiltekin vara sé haldin ágalla. Um það hljóta dómstólar að hafa síðasta orðið. Þegar meta skal hvað teljist nægilega „örugg" vara verður að fara eftir almennum hlutlægum mælikvarða, en ekki sérstökum hugmyndum sem sá tjónþoli, er hlut á að máli, gerði sér um það hvernig nota mætti vöru.

Ef vara fullnægir ekki opinberum reglum um öryggi orkar venjulega ekki tvímælis að hún telst haldin ágalla í skilningi 5. gr. frumvarpsins.

Þegar ekki er til að dreifa öryggiskröfum í lögum, reglugerðum eða öðrum bindandi fyrirmælum hins opinbera verður að meta hverju sinni hvort hættan á að tjón hljótist af vörunni sé meiri en almennt mátti búast við um vöru af þeirri tegund eða gerð sem um er að ræða. Flestir hlutir geta verið skaðlegir við einhverjar aðstæður. Þar með er ekki sagt að þeir séu haldnir ágalla. Hnífur sem maður sker sig á, ofn sem maður brennir sig á eða bíll sem maður slasast í er ekki haldinn ágalla í merkingu frumvarpsins vegna þess eins að slys hlaust af notkun hlutarins. Hins vegar er hlutur talinn haldinn ágalla þegar ekki er unnt að nota hann á venjulegan hátt svo að öruggt sé ef miðað er við þær kröfur sem eðlilegt er að gera til sams konar hluta. Dæmi: Hnífur með blaði sem losnar við venjulega notkun, olíuofn sem lekur vegna smíðisgalla og bifreið með hemlabúnaði sem bilar vegna efnisgalla.

Hugtakið ágalli í frumvarpinu er ekki hið sama og galli samkvæmt kaupalögum. Oft er vara bæði gölluð í merkingu kauparéttar og haldin ágalla eftir reglum 5. gr. frumvarpsins, en svo er alls ekki alltaf. Gölluð vara getur verið án ágalla í merkingu frumvarpsins og vara, sem haldin er ágalla, getur verið ógölluð samkvæmt reglum um kaup.

Um 1. tölul. 1. mgr.

Hér er átt við hvers konar upplýsingar sem gefnar eru um vöru. Ekki skiptir máli í hvaða formi þær upplýsingar eru. Þær geta t.d. komið fram í auglýsingum, leiðbeiningum eða aðvörunum um notkun o.s.frv.

Í frumvarpinu eru ekki nein ákvæði um þær kröfur sem gera verður um upplýsingar sem skylt er að gefa um vöru. Verður því að meta eftir aðstæðum hverju sinni hvort upplýsingar eru nægilegar. Ef vara er erlend þarf m.a. að meta hvort nægilegt sé að leiðbeiningar með henni séu á erlendu máli. Þegar vara er seld til almennings hér á landi verður almennt að gera kröfu um að nauðsynlegar aðvaranir og brýnar leiðbeiningar séu á íslensku.

Um 2. tölul. 1. mgr.

Við mat á því hvort maður ber skaðsemisábyrgð skal einnig líta til þess með hvaða hætti búast mátti við að vara yrði notuð. Verður þá almennt að miða við hvernig venjulegt

er að menn noti vöruna. Yfirleitt eru minni líkur fyrir því að framleiðandi eða seljandi teljist bótaábyrgur ef hann getur sýnt fram á að tjón hlaust af því að vara var notuð með öðrum hætti en við mátti búast eða á afbrigðilegan hátt. Oft verður þó að gera þær kröfur að vara sé gerð þannig úr garði að hún geti ekki valdið slysi eða tjóni á munum þótt með hana sé farið öðruvísi en til var ætlast.

Ljóst er af því sem nú hefur verið rakið að úrslit máls geta ráðist af vandasömu mati. Í mörgum tilvikum veltur bótaréttur á því hvort talið verður að tjón verði rakið til rangrar notkunar vöru eða þess að vara er ekki svo örugg sem vænta mátti.

Um 3. tölul. 1. mgr.

Í þessum tölulið felst fyrst og fremst það að við mat á, hvort vara teljist haldin ágalla, skal miða við hvort svo var þegar henni var dreift. Um fjölmargar vörutegundir er það að segja að með tímanum aukast þær kröfur sem menn gera til þess að vara sé þannig úr garði gerð að sem minnst hætta stafi af henni. Séu öryggiskröfur orðnar meiri þegar tjónsatvik ber að höndum en þær voru þegar vöru var dreift getur tjónþoli ekki byggt málatilbúnað á hinum nýju og víðtækari öryggiskröfum.

Hér skal einnig vakin athygli á skyldum ákvæðum sem eru í 4. tölul. 7. gr. frumvarpsins. Þar kemur fram að ábyrgð verður ekki felld á framleiðanda vegna ágalla ef leitt er í ljós að ekki var unnt að uppgötva ágallann á grundvelli þekkingar sem menn bjuggu yfir er vöru var dreift.

Um 2. mgr.

Í 2. mgr. 5. gr. felst í raun ekki annað en áréttting á því sem leiðir af ákvæðum 3. tölul. 1. mgr. 5. gr., sbr. 4. tölul. 7. gr. Tjónþoli getur ekki reist bótakröfu á því einu að á markað hafa komið betri vörur eftir að vöru, sem tjóni olli, var dreift.

Um 6. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er meginreglan um grundvöll bótaábyrgðar framleiðanda. Samkvæmt frumvarpinu ber framleiðandi ábyrgð án sakar (hlutlæga ábyrgð), þ.e. bótaábyrgð er stofnast án tillits til þess hvort tjón verður rakið til sakar. Víðtækari bótaábyrgð er ekki til eftir íslenskum reglum um bótaskyldu utan samninga. Regla þessi veitir tjónþola mun betri tækifæri til að fá bætur en almennt gerist eftir íslenskum réttarreglum.

Hins vegar leysir þessi víðtæka regla tjónþola ekki undan hinum almennu skilyrðum um að hann þurfi að sanna að tjón hafi orðið og hvert það sé og enn fremur að tjónið verði rakið til ágalla. Í ýmsum tilvikum getur tjónþola reynst erfitt að fullnægja síðargreindu skilyrði um sönnun varðandi orsakatengsl milli ágalla og tjóns.

Auk ákvæða 2. mgr. 6. gr. takmarkast regla 1. mgr. um ábyrgð framleiðanda án sakar af reglum 7. gr., en í henni eru talin nokkur sérstök atvik sem leysa framleiðanda undan ábyrgð.

Um 7. gr.

Hin víðtæka ábyrgð framleiðanda skv. 6. gr. er ekki undantekningarlaus. Í 7. gr. eru talin upp atvik sem leysa hann undan bótaábyrgð. Sönnunarbyrði um að eitthvert slíkra atvika sé eða hafi verið fyrir hendi hvílir á framleiðanda. Tjónþoli á bótarétt skv. 6. gr.

ef framleiðanda tekst ekki að sanna atvik það sem hann ber fyrir sig eftir 7. gr.

Ekki er unnt að gefa almenna leiðbeiningarreglu um hvort vöru teljist hafa verið dreift í merkingu 1. tölul. 7. gr. Yfirleitt verður að miða við að svo sé þegar framleiðandi hefur afhent vöruna neytanda, kaupmanni, öðrum seljanda eða sjálfstæðum farmflytjanda. Framleiðandi ber ekki ábyrgð samkvæmt frumvarpinu ef ágalli vöru veldur tjóni meðan á framleiðslu stendur eða meðan varan er enn í geymslu hjá honum. Sama á við ef tjón hlýst af vöru sem aðrir en framleiðandi eða menn, sem hann ber ábyrgð á, hafa dreift. Hins vegar getur framleiðandi orðið bótaskyldur eftir öðrum bótareglum þótt hann sé ekki ábyrgur samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Til dæmis bæri framleiðandi almennt ábyrgð vegna slyss er starfsmaður hans verður fyrir af ágalla vöru sem starfsmaðurinn hefur með höndum í vinnu sinni hjá framleiðanda.

Samkvæmt 2. tölul. 7. gr. taka ákvæði frumvarpsins um ábyrgð framleiðanda ekki til tjóns af ágalla vöru sem hvorki var framleidd né dreift í atvinnuskyni. Húsmóðir ber t.d. ekki skaðsemisábyrgð vegna matareitrunar sem hlýst af heimabakaðri köku sem hún býður gestum sínum. Yfirleitt veldur ekki vafa hvað teljist framleiðsla eða dreifing í atvinnuskyni. Álitamál geta þó komið upp, m.a. varðandi sölu á heimatilbúnum munum.

Ákvæði 3. tölul. 7. gr. leysa framleiðanda því aðeins úr ábyrgð að ófrávíkjanleg fyrirmæli opinbers aðila sé orsök ágallans sem leiddi til tjóns, t.d. þegar efni, sem framleiðandi verður að setja í vöru að kröfu hins opinbera, veldur neytanda vörunnar heilsutjóni.

Í 4. tölul. felst mikilvæg undantekning frá reglu 6. gr. frumvarpsins um ábyrgð án sakar. Maður ber ekki skaðsemisábyrgð ef honum tekst að sýna fram á að eigi var kleift að staðreyna að vara var haldin ágalla með því að beita þeirri þekkingu sem til var þegar vöru var dreift. Hér ræður ekki úrslitum hvað framleiðandi vissi raunverulega um, heldur það, hvort varan mátti teljast gallalaus á grundvelli þeirrar þekkingar sem til var á þeim tíma sem hér skiptir máli. Framleiðandi getur því orðið bótaskyldur vegna atvika sem honum var ekki kunnugt um ef vara hans verður talin haldin ágalla í ljósi þekkingar sem til var hjá öðrum. Fræðileg þekking og reynsla, sem ekki kom til sögunnar fyrr en eftir að vöru var dreift, skiptir ekki máli um bótaábyrgð eftir frumvarpinu.

Ákvæði 2. mgr. 7. gr. fela í sér þá sjálfsögðu reglu að framleiðandi er ekki bótaskyldur ef ætla má að ágalli, sem tjóni olli, hafi ekki komið til fyrr en eftir að hann dreifði vöru. Ef ágalli verður til eftir að framleiðandi dreifði vöru, en áður en innflytjandi eða dreifingaraðili skv. 4. gr. selur eða lætur hana af hendi á annan sambærilegan hátt, bera hinir síðarnefndu skaðsemisábyrgð. Reglur frumvarpsins eiga ekki við um dreifingaraðila sem 4. gr. nær ekki til, þ.e. þá sem dreifa vöru, en ekki í atvinnuskyni. Slíkur aðili getur hins vegar orðið bótaskyldur eftir almennum skaðabótareglum ef tjón verður rakið til ágalla sem rakinn verður til vörslu hans á vöru.

Það felst í orðalaginu „ætla má“ í 2. mgr. að til framleiðanda verða ekki gerðar mjög ríkar kröfur um sönnun. Nægilegt er að hann sýni fram á að sennilegt sé að vara hafi ekki verið haldin ágalla þegar hann dreifði henni eða ágallinn hafi sennilega orðið til síðar.

Fjölmargar tegundir varnings eru gerðar úr hlutum sem framleiðandi hinnar endanlegu vöru hefur ekki sjálfur búið til. Ákvæði 3. mgr. 7. gr. á einungis við um framleiðendur slíkra einstakra hluta. Samkvæmt því leysir framleiðandi einstaks hlutar sig undan ábyrgð ef honum tekst að sanna að ágallinn stafi af gerð fullunnu vörunnar eða fyrirmælum frá þeim sem bjó hana til. Í ýmsum tilvikum kann að vera erfitt að sanna þetta. Takist sönnun

ekki bera framleiðandi einstaks hlutar og framleiðandi fullunnu vörunnar óskipta ábyrgð gagnvart tjónþola.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru tekin upp í frumvarpið að fyrirmynd 1. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópubandalagsins. Hún er þess efnis að einstökum aðildarríkum er heimilt að setja í lög reglur um sérstaka hámarksfjárhæð sem heildarábyrgð framleiðanda vegna slyss af völdum ágalla samkynja vöru takmarkast við (bótaþak). Tilskipunin kveður svo á að slíkt bótaþak skuli ekki nema lægri fjárhæð en sem svari til 70 milljóna Evrópugjaldmiðilsins ECU, þ.e. rúml. 5 milljarðar króna eftir gengi í ágúst 1990.

Hér er um svo háa fjárhæð að ræða að bótaábyrgð að því marki mundi verða ofviða að heita má hverjum þeim íslenskum einkaaðila sem slík bótaábyrgð félli á. Afar litlar líkur eru til þess að á þetta ákvæði reyni, en rétt þótti að hafa það í lögunum til þess að tryggja íslenska hagsmuni gagnvart erlendum kröfuhöfum.

Ekki verður séð að hagsmunir íslenskra neytenda verði fyrir borð bornir þótt ákvæði þetta verði að lögum.

Um 9. gr.

Regla 9. gr. er í samræmi við almennar reglur um meðábyrgð tjónþola. Orðalag þessarar greinar frumvarpsins tekur aðeins til þess þegar tjónþoli sjálfur er meðvaldur að tjóni af ásetningi eða gáleysi.

Ekki þykir ástæða til að nefna berum orðum að tjónþoli glatar einnig bótarétti að nokkru eða öllu ef fyrir hendi eru önnur atvik sem samkvæmt almennum réttarreglum má jafna til sakar tjónþola sjálfs. Hér skal aðeins nefnt að verði tjónsatvik rakið til sakar starfsmanns tjónþola verður tjónþoli almennt að þola skerðingu á rétti til bóta fyrir tjón sem hlaust af atvikinu.

Um 10. gr.

Þessi grein frumvarpsins mælir fyrir um grundvöll bótaábyrgðar dreifingaraðila, en eins og fyrr segir fjallar 6. gr. um ábyrgð framleiðanda. Sumir dreifingaraðilar teljast framleiðendur, sjá 1., 2. og 4. mgr. 4. gr., og bera þeir því ábyrgð eftir 6. gr. frumvarpsins. Regla 10. gr. á aðeins við um þá dreifingaraðila sem ekki teljast framleiðendur skv. 4. gr.

Það er sameiginlegt með 6. og 10. gr. að samkvæmt þeim stofnast ábyrgð án tillits til þess hvort tjón verður rakið til sakar. Ábyrgðin er hlutlæg eftir báðum greinunum. Hins vegar eru reglur þessara greina frumvarpsins frábrugðnar að því leyti að ábyrgð dreifingaraðila skv. 10. gr. er háð því að framleiðandi eða fyrri dreifingaraðilar beri bótaábyrgð á skaðsemistjóni. Ábyrgð eftir 10. gr. má því líkja við ábyrgð sjálfskuldarábyrgðarmanns. Ekki er það skilyrði ábyrgðar dreifingaraðila eftir 10. gr. að framleiðandi eða fyrri dreifingaraðili hafi verið dæmdur til að greiða kröfuna eða sátt hafi verið gerð um hana. Nægilegt er að telja verði að einhver þessara aðila yrði dæmdur bótaskyldur ef mál væri höfðað gegn þeim.

Í 10. gr. felst ekki aðeins að dreifingaraðili ábyrgist hlutlæga ábyrgð framleiðanda eða fyrri dreifingaraðila, heldur einnig bótaskyldu sem þessir aðilar bera eftir almennum skaðabótareglum. Hér skal tekið fram að tjónþola er heimilt skv. 13. gr. frumvarpsins að gera bótakröfu vegna skaðsemistjóns á grundvelli almennra bótareglna.

Hlutverk 10. gr. er að styrkja réttarstöðu tjónþola (og síðari dreifingaraðila) og auka tækifæri hans til þess að fá greiddar bætur fyrir skaðsemistjón. Tjónþoli getur samkvæmt reglum frumvarpsins valið að hverjum í framleiðslu- og dreifingarröðinni hann beinir bótakröfu sinni. Hann getur einnig beint kröfu sinni að fleiri en einum, t.d. smásala og heildsala eða jafnvel öllum sem ábyrgð bera. Þeir sem tjónþoli á kröfu á eftir reglum frumvarpsins, sbr. 6. og 10. gr., bera óskipta ábyrgð, sjá 1. mgr. 11. gr.

Dreifingaraðili, er greiðir tjónþola eða síðari dreifingaraðila bætur, öðlast framkröfu samkvæmt því sem segir í 3. mgr. 11. gr.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. 11. gr. er mælt fyrir um óskipta (solidariska) ábyrgð þeirra sem bótaskyldir eru vegna sama tjóns. Ákvæðið er í samræmi við það sem almennt gildir í íslenskum rétti. Reglan um óskipta ábyrgð veitir tjónþola mikið hagræði. Hann getur hagað málatilbúnaði sínum eftir því hvern eða hverja auðveldast er að krefja, svo og eftir því hver hinna bótaskyldu er líklegastur til að eiga fé til að greiða kröfuna.

Í 2. og 3. mgr. 11. gr. er kveðið á um hvernig ábyrgð hinna bótaskyldu skiptist innbyrðis milli þeirra. Ákvæði 2. mgr. eiga við um framkröfu (endurkröfu) í lögskiptum aðila sem teljast framleiðendur eftir 1. mgr. 4. gr. Áréttað skal að 2. mgr. 11. gr. nær ekki aðeins til réttarstöðu þeirra sem leggja til hráefni, framleiðenda hluta í vöru og framleiðenda fullunninnar vöru, heldur einnig réttarstöðu framleiðanda gagnvart dreifingaraðila sem telst framleiðandi vegna þess að hann hefur sett vörumerki sitt á vöruna eða þess háttar, sbr. 1. mgr. 4. gr. Upptalning 2. mgr. á atvikum, sem líta ber til þegar skipting bóta er ákveðin, er ekki tæmandi. Orsök ágalla er eitt atvikanna. Með orsök er einkum átt við hvort einhver eða einhverjir hinna ábyrgu eiga sök á tjóninu. Reglur 2. mgr. um skiptingu tjóns eiga ekki við ef annað leiðir af samningi. Samningsákvæði um framkröfu eru því bindandi fyrir aðila eftir því sem almennar reglur kröfuréttar segja til um.

Ákvæði 3. mgr. 11. gr. veita innflytjanda vöru og öðrum dreifingaraðilum, bæði þeim sem teljast framleiðendur eftir 2. eða 4. mgr. 4. gr. og öðrum, fulla framkröfu á hendur þeim sem áður dreifðu vöru. Framkröfuréttur eftir 3. mgr. 11. gr. er ekki takmarkaður af neinni reglu um skiptingu, eins og þeirri sem 2. mgr. 11. gr. felur í sér, sbr. þó niðurlagsákvæði 3. mgr. um niðurfellingu eða lækkun, þegar um ásetning eða gáleysi er að ræða. Eigi er heimilt að víkja frá reglum 3. mgr. með samningi, sbr. 12. gr. frumvarpsins.

Um fyrningu framkröfu vísast til athugasemda með 14. gr. frumvarpsins.

Um 12. gr.

Í þessari grein er lagt til að bannað verði, áður en tjón ber að höndum, að semja um lakari rétt en tjónþoli á eftir lögum um skaðsemisábyrgð. Að baki 12. gr. liggja þau rök að lögunum er ætlað að vernda neytendur og þeim tilgangi laganna verður ekki náð ef aðilar hafa fullt frelsi til að semja sig undan ákvæðum þeirra.

Í 12. gr. frumvarpsins kemur berum orðum fram að þeir menn, sem öðlast bótarétt tjónþola á hendur hinum bótaskylda, njóta einnig góðs af reglunni sem hér er gerð tillaga um. Þetta á einkum við um dreifingaraðila sem greiða tjónþola bætur á grundvelli 10. gr. og eignast því kröfurétt tjónþola skv. 3. mgr. 11. gr.

Þar sem lögin eiga að vera til hagsbóta neytendum er vitanlega heimilt að semja svo

um að tjónþoli eða sá sem eignast kröfu hans fái betri rétt en ákvæði frumvarpsins gera ráð fyrir. Til dæmis er heimilt að semja svo um að tjónþoli fái fullar bætur þótt hann hafi sjálfur átt einhverja sök á tjóni.

Ákvæði 12. gr. um að lögin séu ófrávíkjanleg eiga aðeins við um samninga sem gerðir eru áður en tjón ber að höndum. Ástæða þess er sú, að hætta er talin á að oft geti tjónþoli ekki gert sér grein fyrir afleiðingum samninga sem gerðir eru fyrir fram, jafnvel löngu áður en tjón verður. Eftir að tjón ber að höndum hefur tjónþoli venjulega glögga yfirsýn yfir allar aðstæður. Honum ætti þess vegna að jafnaði að vera ljóst hver áhrif slík samningsákvæði hafa á fjárhag hans. Aðilar hafa því skv. 12. gr. fullt frelsi til samninga um bótakröfu eftir að tjón er orðið. Tjónþoli getur þá, svo að gilt sé, gefið eftir kröfu sína að öllu eða nokkru leyti.

Reglur 12. gr. eiga ekki við um viðvaranir, leiðbeiningar og upplýsingar sem fylgja vöru. Þessi atriði koma til álita við mat á hvort vara sé haldin ágalla og geta á þann hátt haft þau áhrif að bótaréttur tjónþola verði minni en ella eða jafnvel enginn.

Um 13. gr.

Reglum frumvarpsins er ekki að öllu leyti ætlað að leysa núgildandi reglur um skaðsemisábyrgð af hólmi. Síðargreindar reglur munu gilda áfram samhliða nýjum reglum. Í 13. gr. felst m.a. að sýni tjónþoli fram á að núgildandi almennar reglur íslensks réttar um skaðsemisábyrgð veiti honum ríkari rétt en hann á samkvæmt öðrum ákvæðum frumvarps þessa getur hann reist skaðabótakröfu á þeim hvort sem hann beinir henni að framleiðanda eða öðrum. Ákvæði þetta ætti að tryggja ef frumvarpið verður að lögum að réttur tjónþola verði ekki að neinu leyti lakari en nú er, sbr. þó undantekningu í 2. málsl. 13. gr. varðandi fyrningu sem í sumum tilvikum, en alls ekki öllum, getur skert rétt tjónþola frá því sem nú er.

Regla 1. málsl. 13. gr. er sett neytanda til hagsbóta, en hagræði af henni takmarkast þó af þeirri staðreynd að núgildandi almennar íslenskar reglur um skaðsemisábyrgð eru ekki í settum lögum þannig að í ýmsum tilvikum er óljóst hve víðtækan rétt tjónþoli á.

Reglur varðandi skaðsemisábyrgð í öðrum settum lögum halda einnig gildi sínu. Til dæmis má nefna að maður, sem krefst bóta fyrir flugslys, er rakið verður til bilunar flugvélar eða ágalla varahlutar eða búnaðar sem notaður er í flugvél, getur, ef frumvarpið verður að lögum, valið um hvort hann reisir skaðabótakröfu á loftferðalögum eða lögum um skaðsemisábyrgð. Þess ber þó að geta að bótaskyldir aðilar eru yfirleitt ekki hinir sömu eftir loftferðalögum og reglum frumvarpsins.

Það, að bótaréttur samkvæmt sérlögum helst, getur aukið að mun tækifæri tjónþola til að fá bætur. Hann nýtur t.d. góðs af sérreglu um fullan bótarétt tjónþola sem er meðvaldur að líkamstjóni vegna einfalds gáleysis, sjá 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987.

Um kröfur vegna tjóns á hagsmunum er frumvarpið tekur ekki til, t.d. vegna tjóns á munum sem ekki eru til einkanota, sbr. nánar 2. mgr. 2. gr., fer eins og áður eftir almennum reglum skaðabótaréttar eða eftir atvikum öðrum bótareglum. Sama á við um skaðabótakröfur vegna annarra atvika sem frumvarpið tekur ekki til.

Í 2. málsl. 13. gr. er tekið fram að fyrningarreglur 14. gr. skuli einnig gilda þegar krafist er bóta á grundvelli almennra skaðabótareglna innan eða utan samninga. Telja verður að allt of flókið yrði fyrir framleiðendur, dreifingaraðila og tjónþola ef reglur um

fyrningu væru mismunandi eftir því hvort bóta væri krafist samkvæmt almennum bótareglum eða ákvæðum í settum lögum.

Um 14. gr.

Eins og berum orðum segir í 2. málsl. 13. gr. og í upphafi 14. gr. eiga fyrningarreglur frumvarpsins ekki aðeins við um kröfur samkvæmt bótareglum þess, heldur einnig kröfur fyrir skaðsemistjón á grundvelli almennra skaðabótareglna. Ákvæði 14. gr. víkja verulega frá almennum fyrningarreglum, sbr. lög nr. 14/1905. Hins vegar hrófla reglur 14. gr., ef að lögum verða, ekki við ákvæðum um sérstakar fyrningarreglur sem eru í lögum varðandi skaðabótakröfur, sbr. t.d. 99. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, og 125. gr. laga nr. 34/1964, um loftferðir.

Rökin fyrir því, að lagt er til að sérstakar fyrningarreglur verði lögfestar um kröfur vegna skaðsemistjóns, eru einkum þau að heppilegt þykir að sem mest samræmi ríki um fyrningarreglur hér á landi og í nálægum ríkjum. Sérstaklega skal tekið fram að telja má óæskilegt að íslenskir framleiðendur og seljendur búi við óhagstæðari fyrningarreglur vegna skaðsemisábyrgðar en erlendir keppinautar þeirra.

Frumvarpið gerir ráð fyrir tvenns konar fyrningarfresti. Annars vegar þriggja ára fresti sem reiknast frá því að tjónþoli fékk eða mátti fá vitneskju um tjón sitt, ágalla vörunnar og nafn og dvalarstað framleiðanda. Hins vegar tíu ára fresti sem reiknast frá því að framleiðandi dreifði vöru.

Fyrningarreglur 14. gr. eiga beint við um bótakröfu tjónþola á hendur framleiðanda. Hins vegar taka þær óbeint til bótakröfu á hendur dreifingaraðila vegna þess að í 10. gr. frumvarpsins felst það að dreifingaraðili ábyrgist kröfu sem tjónþoli á gagnvart framleiðanda. Sé krafa á hendur framleiðanda fyrnd ber dreifingaraðili enga ábyrgð skv. 10. gr. því að skilyrði kröfuréttar eftir þeirri grein er að framleiðandi sé bótaskyldur. Greiði dreifingaraðili kröfu tjónþola í samræmi við 10. gr. frumvarpsins eignast hann skv. 3. mgr. 11. gr. kröfu tjónþola á hendur þeim sem áður dreifðu vöru. Um slíka framkröfu dreifingaraðila fer einnig eftir ákvæðum 14. gr.

Upphaf fyrningarfrests skv. 1. mgr. 14. gr. miðast eins og fyrr segir við það hvenær tjónþoli fær eða átti að fá vitneskju um atriði sem nánar eru greind í ákvæðinu. Hér skiptir engu máli hvenær atvik það, er skaðabótaskylda reis af, bar að höndum. Þótt fyrningarfrestur sé aðeins þrjú ár eftir 1. mgr. 14. gr. er reglan hagstæð tjónþola að því leyti að fyrningarfrestur byrjar ekki að líða fyrr en tjónþoli á þess kost að gera ráðstafanir til að slíta fyrningu.

Hins vegar miðast upphaf fyrningarfrests eftir 2. mgr. 14. gr. ekki við vitneskju tjónþola. Samkvæmt 2. mgr. hefst tíu ára fyrningarfrestur þegar framleiðandi dreifði vöru sem tjón hlýst af. Hér verður að skýra sögnina „dreifði“ á sama hátt og í 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins. Þegar skaðsemistjón hlýst af langvarandi notkun vöru sömu tegundar, t.d. lyfi, verður að telja nægilegt til að slíta fyrningu að vörunni, sem tjónþoli notaði síðast, hafi verið dreift innan tíu ára frestsins.

Til stuðnings því, að krafa fyrnist í síðasta lagi á tíu árum frá því að framleiðandi dreifði vöru, hefur erlendis m.a. verið bent á að framleiðslu- og söluvörur slitni og skemmist með aldrinum. Þess vegna sé erfiðara fyrir þann sem sóttur er til greiðslu bóta að sanna að ágalli, sem tjón hlaust af, hafi ekki verið fyrir hendi þegar varan fór úr umráðum hans.

Samkvæmt 3. mgr. 14. gr. fer um slit fyrningar kröfu um bætur fyrir skaðsemistjón

eftir almennum réttarreglum um fyrningu. Fyrningu verður því slitið með málssókn, sátt eða annarri viðurkenningu.

Málssókn slítur fyrningu þótt tjónþoli sjálfur höfði ekki mál gegn hinum bótaskylda innan 10 ára frá því að framleiðandi dreifði vöru. Nægilegt er að mál sé höfðað af dreifingaraðila sem öðlast hefur kröfurétt tjónþola með því að greiða honum bætur, sbr. 3. mgr. 11. gr.

Um 15. gr.

Samkvæmt þessari grein taka lögin einungis til tjóns sem hlýst af ágalla vöru er framleiðandi dreifir eftir að lögin taka gildi. Um tjón, sem ber að höndum fyrir þann tíma, fer eftir bótareglum sem nú gilda. Sama á við um tjón sem verður eftir að lögin taka gildi, en rakið verður til vöru sem dreift er fyrir gildistöku laganna.

Ed. 37. Frumvarp til laga [37. mál]

um greiðslukortastarfsemi.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

I. KAFLI

Gildissvið og hugtök laganna.

1. gr.

Lög þessi taka til greiðslukortastarfsemi með útgáfu greiðslukorta, svo og annarrar sambærilegrar greiðslumiðlunar hér á landi.

2. gr.

Í lögum þessum merkir:

greiðslukortastarfsemi: þá starfsemi kortaútgefanda að starfrækja greiðslumiðlun með notkun greiðslukorta samkvæmt sérstökum samningum við korthafa og greiðsluviðtakanda eða einungis beint við korthafa,

greiðslukort: hvers kyns greiðslukort sem veita korthafa rétt til þess að greiða fyrir vörur, þjónustu eða önnur verðmæti með því að andvirði hins selda er skuldfært á reikning korthafans hjá kortaútgefandanum,

kortaútgefandi: útgefanda greiðslukorts og þann aðila sem korthafi gerir samning við um notkun greiðslukorts, svo og þann aðila sem skuldbindur sig til greiðslu gagnvart greiðsluviðtakanda ef hann er annar en kortaútgefandi,

greiðsluviðtakandi: seljanda vöru, þjónustu eða annarra verðmæta eða þann aðila sem gert hefur samning við kortaútgefanda um að taka við greiðslukorti til greiðslumiðlunar vegna seldrar vöru, þjónustu eða annarra verðmæta,

korthafi: þann aðila sem gert hefur samning við kortaútgefanda um notkun greiðslukorts til greiðslumiðlunar hér á landi vegna keyptrar vöru, þjónustu eða annarra verðmæta, hvort sem slík viðskipti eru gerð innan lands eða erlendis, svo og þá er ábyrgð bera samkvæmt skilmálum er um kortið gilda.

II. KAFLI
Skráning kortaútgefanda.

3. gr.

Kortaútgefandi skal hafa skráð firma eða útibú hér á landi, nema viðskiptaráðherra heimili undanþágu þar frá.

4. gr.

Áður en kortaútgefandi hefur greiðslukortastarfsemi skal tilkynna Verðlagsstofnun eftirfarandi:

1. Nafn og firma kortaútgefanda, fastar starfsstöðvar kortaútgefandans og samþykktir fyrirtækisins.
2. Hvernig greiðslumiðlunin fer fram, svo og hvernig greiðslur eru inntar af hendi.
3. Helstu skilmála varðandi notkun greiðslukorta er hann gefur út, sbr. 10. gr. laga þessara.
4. Helstu viðskipta- og samningsskilmála kortaútgefanda.

Breytingar á áður tilkynntum atriðum skulu tilkynntar Verðlagsstofnun áður en þær koma til framkvæmda.

Verðlagsstofnun heldur skrá yfir tilkynnta kortaútgefendur.

Í reglugerð er ráðherra setur skal ákveðið nánar um framkvæmd og efni tilkynninga samkvæmt þessari grein.

III. KAFLI
Eftirlit.

5. gr.

Verðlagsstofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim.

Verðlagsstofnun skal fylgjast með því að greiðslukortastarfsemi sé í samræmi við sanngjarna viðskiptahætti og feli ekki í sér viðskiptaþvinganir. Telji Verðlagsstofnun að greiðslukortastarfsemi sé að einhverju leyti áfátt skal gera ráðstafanir til að aflétta því ástandi, svo sem í tilvikum þegar:

1. nauðsynlegar eftirlits-, öryggis- eða leiðréttingaráðstafanir eru ekki gerðar,
2. viðskiptaskilmálar kortaútgefanda, sbr. einnig 1. mgr. 7. gr., eða viðskiptaskilmálar greiðsluviðtakanda gagnvart korthafa taka einungis mið af eigin hagsmunum eða eru að öðru leyti óréttmætir eða
3. viðskiptaskilmálar kortaútgefanda eða greiðsluviðtakanda taka einungis mið af hagsmunum annars þeirra.

Verðlagsráð getur bannað athafnir er brjóta í bága við ákvæði þessarar greinar, sbr. jafnframt 18. gr. laga þessara og 47. gr. laga nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

6. gr.

Verðlagsstofnun skal hafa aðgang að öllum upplýsingum er hún telur sig þurfa vegna starfsemi sinnar samkvæmt lögum þessum enda sé fyllsta trúnaðar gætt. Hið sama gildir varðandi ákvarðanir hennar um það hvort atvik séu með þeim hætti að lög þessi eigi við.

IV. KAFLI
Almenn ákvæði.

7. gr.

Kortaútgefanda er skylt áður en samningur um útgáfu greiðslukorts er gerður eða þegar hann svarar fyrirspurnum varðandi greiðslukort að veita upplýsingar varðandi eftirfarandi:

1. Notkunarheimildir tengdar greiðslukortinu.
2. Skilyrði þau sem tengjast handhöfn og notkun greiðslukortsins.
3. Heildarkostnað sem tengdur er notkun greiðslukortsins, þar með talin föst gjöld, svo sem árgjald og vexti ef um þá er að ræða.
4. Hversu oft korthafi fái reikningsyfirlit frá kortaútgefandanum.
5. Upplýsingar sem kortaútgefandi krefst af umsækjanda þegar umsókn um útgáfu greiðslukorts er afhent.
6. Meginreglur kortaútgefanda um mat á lánstrausti umsækjanda um greiðslukort.
7. Notkun, geymslu og miðlun persónulegra upplýsinga er snerta umsækjanda, svo og varðandi innkaup hans o.fl.
8. Hvernig korthafi skuli koma á framfæri fullnægjandi aðvörunum þegar greiðslukort týnist, það er misnotað eða er á annan hátt komið í ólögmæta vörslu.

Kortaútgefandi skal áður en samningur um notkun greiðslukorts er undirritaður veita umsækjanda þær upplýsingar sem getið er í 1. mgr. þessarar greinar.

Ráðherra getur sett nánari reglur um það hvernig upplýsingaskylda samkvæmt þessari grein sé uppfyllt.

8. gr.

Kortaútgefandi gefur út greiðslukort að undangenginni athugun á fjárhagsstöðu umsækjanda um greiðslukort. Útgáfa greiðslukorts skal fyrst og fremst byggð á viðskiptatrausti umsækjanda.

Aðeins í undantekningartilvikum er kortaútgefanda heimilt að krefja korthafa fyrir fram um að hann leggi fram tryggingar með ábyrgð annarra aðila fyrir úttekt sinni. Ábyrgðaraðili samkvæmt þessari málsgrein getur hvenær sem er og án fyrirvara krafist að greiðslukortasamningur, sem hann er í ábyrgð fyrir, sé afturkallaður þegar í stað. Um ábyrgð á úttekt, eftir að krafa um afturköllun ábyrgðar kemur til kortaútgefanda, fer þá samkvæmt ákvæðum V. kafla laga þessara.

9. gr.

Greiðslukort má aðeins afhenda að fenginni skriflegri umsókn, sbr. jafnframt 7. gr. laga þessara.

Sé umsókn um greiðslukort synjað á grundvelli upplýsinga sem um getur í 5. og 6. tölul. 7. gr. laga þessara skal kortaútgefandi, að beiðni umsækjanda, greina frá því á hvaða upplýsingum byggt er.

10. gr.

Korthafi á rétt til þess að krefjast kvittunar við sérhverja greiðslu sem innt er af hendi með notkun greiðslukorts, nema hann hafi sérstaklega á annan veg samið við hlutaðeigandi greiðsluviðtakanda.

11. gr.

Kortaútgefanda er óheimilt að takmarka með almennum skilmálum rétt korthafa til þess að segja samningi upp við kortaútgefanda án fyrirvara. Heimilt er að semja um slíkt í sérstökum tilvikum.

12. gr.

Í reglugerð, sem ráðherra setur, að fenginni tillögu verðlagsráðs, má ákvarða hámarksgjald sem kortaútgefanda er heimilt að krefja greiðsluviðtakanda um við notkun greiðslukorta í starfsemi sinni, svo og þann aukakostnað sem hlýst af notkun alþjóðlegra greiðslukorta til greiðslu erlendis. Ákveða má gjald þetta sem tiltekinn hundraðshluta greiðslukortaviðskiptanna. Kostnaður vegna greiðslumiðlunar með notkun greiðslukorts greiðist að öðru leyti af korthöfum.

V. KAFLI
Skaðabótareglur.

13. gr.

Korthafa ber einungis að bæta það tjón sem leiðir af ólögmætri notkun greiðslukortsins ef hann eða sá sem hann hefur afhent greiðslukort sitt:

1. hefur með stórfelldu gáleysi glatað greiðslukortinu,
2. hefur ekki tilkynnt kortaútgefanda eins fljótt og unnt er eftir að vitneskja liggur fyrir um það að greiðslukortið hafi glatast,
3. hefur á ólögmætan hátt misnotað greiðslukortið.

Ráðherra skal með reglugerð ákveða hámark þeirrar bótafjárhæðar sem korthafa er skylt að bera skv. 1. mgr. þessarar greinar nema um sé að ræða misnotkun sem framin er af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Kortaútgefandi skal bera ábyrgð á því tjóni sem er umfram skaðabótaábyrgð korthafa samkvæmt þessari málsgrein.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er greiðsluviðtakandi ábyrgur vegna tjóns er hlýst af ólögmætri notkun greiðslukorts ef hann vissi eða mátti vita að korthafi, eða sá sem greiðslukortið notar, notaði kortið á ólögmætan hátt.

Kortaútgefandi er ábyrgur fyrir því tjóni sem hlýst af ólögmætri notkun greiðslukorts að svo miklu leyti sem annað leiðir ekki af ákvæðum 1.–3. mgr. þessarar greinar.

Kortaútgefandi ber ábyrgð vegna greiðslu sem fram fer eftir að hann hefur fengið tilkynningu um að kortið sé glatað eða á annan hátt komið úr lögmætum vörslum korthafa, nema því aðeins að greiðsluviðtakanda sé skylt að bæta tjónið skv. 3. mgr. þessarar greinar.

14. gr.

Kortaútgefandi er ábyrgur fyrir tjóni greiðsluviðtakanda eða korthafa sem orsakast af rangri skráningu, reikningsskekkjum, tæknilegum bilunum eða öðrum samsvarandi ástæðum og þrátt fyrir að telja verði að tjónið stafi af ófyrirsjáanlegum orsökum og skulu slíkar villur leiðréttar um leið og þær koma í ljós. Heimilt er þó að lækka eða fella brott ábyrgð kortaútgefanda samkvæmt þessari grein ef korthafi hefur með stórfelldu gáleysi eða af ásetningi átt þátt í því að sú bilun varð eða rangfærsla sem tjónið er rakið til. Kortaútgefandi ber þó eigi ábyrgð á tjóni greiðsluviðtakanda sem rekja má að öllu leyti til eigin aðstæðna eða gáleysis hans.

Seinki greiðslu eða hún hefur eigi komið fram vegna þeirra atvika sem nefnd eru í 1.

málsl. 1. mgr. þessarar greinar verður kröfum eigi beint að korthafa af þeim ástæðum, nema að því leyti sem kortaútgefandi kann að eiga rétt til vaxta úr hendi korthafa. Hafi reikningur korthafa þegar verið skuldfærður vegna greiðslunnar ber þó að líta svo á að greiðluskyldu korthafa sé að öllu leyti lokið.

Tjón það, er kortaútgefandi hefur þurft að bæta korthafa vegna ákvæða 1. mgr. þessarar greinar og rakið verður til aðstæðna eða gáleysis greiðsluviðtakandans, getur kortaútgefandi endurkrafið greiðsluviðtakanda um.

Sönnunarbyrði fyrir því, að ástæður þær, sem nefndar eru í 1. málsl. 1. mgr., eigi ekki við um greiðslukortaviðskiptin, hvílir á kortaútgefanda.

VI. KAFLI
Skráning og meðferð upplýsinga sem kortaútgefandi skráir.

15. gr.

Einungis er heimilt að skrá upplýsingar um korthafa og greiðsluviðtakanda sem nauðsynlegar eru vegna greiðslukortaviðskiptanna, svo og tilkynningar um það er greiðslukort tapast eða er innkallað sökum misnotkunar.

Upplýsingar um korthafa og greiðsluviðtakanda má aðeins nota og afhenda þegar það er nauðsynlegt til framkvæmdar greiðslukortaviðskiptunum, til leiðréttingar og vegna réttarvörsluathafna eða slíkt er á annan hátt heimilað í lögum.

Upplýsingar er varða misnotkun má einungis gefa að því marki sem nauðsynlegt getur talist til þess að koma megi í veg fyrir frekari misnotkun.

16. gr.

Upplýsingar um notkun einstaklinga og fyrirtækja á greiðslumiðlun með greiðslukort skulu varðveittar í fimm ár frá greiðslu korthafa en að þeim tíma liðnum skal þeim eytt.

17. gr.

Ef annað leiðir ekki af ákvæðum í lögum þessum skal beita ákvæðum laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga um skrár sem færðar eru í tengslum við greiðslukortastarfsemi, sbr. 1. gr. laga þessara.

VII. KAFLI
Viðurlög og málsmeðferð.

18. gr.

Yfirstjórn með lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim er í höndum viðskiptaráðherra og verðlagsráðs.

Úrskurðum verðlagsráðs samkvæmt lögum þessum er heimilt að skjóta til staðfestingar eða synjunar ráðherra innan fjögurra vikna frá því að úrskurður verðlagsráðs gengur um ágreiningsefnið. Málskot frestar þó eigi gildistöku úrskurðar verðlagsráðs.

Nú vill aðili ekki una ákvörðun ráðherra eða verðlagsráðs og getur hann þá borið málið undir dómstóla. Mál skal höfða innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um ákvörðun. Málshöfðun frestar ekki gildistöku ákvörðunar. Með mál samkvæmt þessari málsgrein skal fara samkvæmt lögum nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.

19. gr.

Verðlagsstofnun er heimilt að undangenginni aðvörun að afmá kortaútgefanda af skrá skv. 4. gr. vegna ítrekaðra brota á ákvæðum laga þessara, reglna settra samkvæmt þeim eða á uppkveðnum úrskurðum Verðlagsstofunar eða verðlagsráðs, enda hafi þeim eigi verið hnekkt skv. 2. mgr. 18. gr. laga þessara. Áframhaldandi greiðslukortastarfsemi kortaútgefanda er óheimil eftir að afmáning hefur farið fram.

Verðlagsstofnun er heimilt að leggja bann við samningsgerð einstakra kortaútgefanda við korthafa vegna ítrekaðra brota kortaútgefanda á ákvæðum þessara laga, reglna settra samkvæmt þeim, svo og vegna brota á úrskurðum skv. 18. gr. laga þessara.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skulu varða sektum, nema þyngri refsing liggi við í öðrum lögum. Um meðferð slíkra mála skal fara að hætti opinberra mála.

Gera má lögaðila fésekt fyrir brot á lögum þessum án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má einnig gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda.

21. gr.

Útgefanda greiðslukorta skv. 5. gr. má, auk refsingar skv. 20. gr., með dómi svipta réttindum til greiðslukortastarfsemi.

Gera má upptæk með dómi tæki eða gögn sem stórfelld brot á lögum þessum hafa verið framin með, svo og hagnað af broti, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

22. gr.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

23. gr.

Ákvæði 8. gr., 9. gr., 10. gr., 11. gr., 2. mgr. 12. gr., 13. gr. og 14. gr. eru ófrávíkjanleg að því leyti sem slíkt er eigi til hagsbóta fyrir korthafa.

Ákvæði 11. gr., 1. mgr. 12. gr., 13. gr. og 14. gr. eru ófrávíkjanleg að því leyti sem slíkt er eigi til hagsbóta fyrir greiðsluviðtakanda.

24. gr.

Viðskiptaráðherra getur ákveðið að sérstakar reglur skuli gilda um skiptingu kostnaðar skv. 12. gr. laga þessara ef um er að ræða alþjóðlega greiðslukortastarfsemi. Hið sama gildir varðandi ákvæði VI. kafla laga þessara.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ef greiðslukortastarfsemi hefur hafist fyrir gildistöku laga þessara skal kortaútgefandi uppfylla eftirfarandi ákvæði eigi síðar en innan þriggja mánaða frá gildistöku laganna:

1. Senda Verðlagsstofnun tilkynningar skv. 3. gr., 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. laga þessara.
2. Senda korthöfum upplýsingar skv. 1. mgr. 7. gr. laga þessara, svo og endurnýja samninga varðandi tryggingar kortaútgefanda gagnvart korthafa í samræmi við ákvæði 8. gr. laga þessara. Þó er heimilt þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. að uppfylla skilyrði þessa töluliðar við næstu endurnýjun greiðlukortasamnings, en þó eigi síðar en innan 15 mánaða frá gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem fjallað hefur á vegum viðskiptaráðuneytisins um starfsemi á fjármagnsmarkaði utan viðskiptabanka og sparisjóða. Í samningu frumvarpsins hafa eftirtaldir tekið þátt: Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri, formaður, Tryggvi Axelsson deildarstjóri, Guðmundur G. Þórarinsson alþingismaður, Kjartan Jóhannsson alþingismaður, Sigurmar Albertsson hæstaréttarlögmaður, Vilhjálmur Egilsson framkvæmdastjóri, Eiríkur Guðnason aðstoðarbankastjóri, Þórður Ólafsson, forstöðumaður bankaeftirlits, og Sveinbjörn Hafliðason lögfræðingur.

Við samningu frumvarpsins kynnti nefndin sér þær reglur sem settar hafa verið um greiðslukortaviðskipti í nágrannalöndunum, en einkum var höfð til hliðsjónar við gerð frumvarpsins dönsk löggjöf um greiðslukortastarfsemi.

Talið er að notkun greiðslumiðlunar með greiðslukortum eigi uppruna sinn í Bandaríkjunum. Þegar upp úr aldamótum voru einstök hótel farin að gefa út greiðslukort til góðra viðskiptavina og árið 1951 hófu bandarískir bankar útgáfu bankagreiðslukorta. Fyrirtækið Diners' Club hóf árið 1949 greiðslumiðlun af því tagi sem nú er stunduð af sérhæfðum greiðslukortafyrirtækjum, en annað fyrirtæki, sem verið hefur í fararbroddi um útbreiðslu þessarar þjónustu, er fyrirtækið American Express sem hóf greiðslukortastarfsemi árið 1958. Síðan hafa fjölmörg fjármálafyrirtæki og bankastofnanir rutt sér til rúms á markaðnum fyrir þessa þjónustu og fer hún stöðugt vaxandi. Stærstu fyrirtækin eru í mörgum ríkjum, en hin alþjóðlega greiðslumiðlun, sem þau reka, er ein ástæðan fyrir vinsældum þjónustunnar.

Innlend greiðslukortafyrirtæki hafa starfað hér á landi um áratug og hefur notkun greiðslukorta orðið mjög vinsæl meðal almennings. Samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands er talið að heildarfjárhæð þeirra viðskipta, sem greidd hafa verið með milligöngu greiðslukortafyrirtækja sem starfa hér á landi, hafi numið um það bil 20 milljörðum króna innan lands og 4 milljörðum króna erlendis á árinu 1988.

Hér er um að ræða fyrirtækin Kreditkort hf. sem starfrækir greiðslumiðlun með notkun svokallaðra Eurocard-korta og Visa-Ísland sem starfrækir greiðslumiðlun með notkun svokallaðra Visa-korta. Bæði kortin eru alþjóðleg, þ.e. hægt er að nota þau bæði innan lands og utan og útgáfa kortanna fer fram í bankastofnunum sem eru aðilar að viðkomandi greiðslukortafyrirtæki. Loks hefur nýtt fyrirtæki Samkort hf. nýlega hafið starfsemi, en eingöngu á innlendum markaði og gefur það út kort með sama nafni. Þá er nokkuð um það að íslenskir aðilar notfæri sér greiðslumiðlun erlendra fyrirtækja, svo sem

American Express eða Diners' Club og þá fyrst og fremst vegna viðskipta á erlendri grund. Bæði þessi fyrirtæki hafa hérlenda umboðsaðila, en greiðslur korthafa fara beint til skrifstofa fyrirtækjanna erlendis.

Ef höfð er hliðsjón af þróun greiðslukortaþjónustu erlendis má búast við því að á næstu árum muni hún verða fjölbreyttari hér á landi. Fleiri fyrirtæki munu veita slíka þjónustu og fleiri tegundir af henni verða í boði. Má þar nefna svokölluð debet-kort sem kalla mætti innstæðukort, en þau eru notuð til þess að framkvæma með sérstökum búnaði tafarlausa millifærslu af bankareikningi korthafa yfir á bankareikning þess sem við greiðslu tekur. Er notkun bankakorta til þess að taka út fjármuni í sjálfvirkum afgreiðsluvélum bankastofnana væntanlega fyrsti vísirinn að notkun innstæðukorta hér á landi. Þá má nefna neyslulánskort þar sem korthafa er heimilaður fastur yfirdráttur hjá greiðslumiðlunarfyrirtæki og loks má nefna reikningskort stórverslana sem veita heimild til vöruúttektar í viðkomandi verslun að ákveðnu marki og greiðslu úttektarinnar eftir á með sérstökum skilmálum.

Greiðslumiðlun af því tagi, sem hér er fjallað um, hefur í för með sér ýmiss konar hagkvæmni fyrir notendur, jafnt viðskiptavini og þá sem þjónustuna láta í té. Hins vegar er talsverður kostnaður henni samfara og jafnframt hafa þróast hér á landi venjur varðandi notkun og skilmála greiðslukorta sem eru frábrugðnar því sem gengur og gerist í nágrannalöndunum. Þannig er greiðslumiðlun kortafyrirtækja óalgeng í matvöruverslunum erlendis, en hér er hún um 40% af veltu fyrirtækjanna. Þá gera greiðslukortafyrirtækin kröfur um tryggingar korthafa sem eru frábrugðnar því sem tíðkast í nágrannalöndunum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um að lög þessi taki til greiðslumiðlunar hér á landi, þ.e. sem fram fer í íslenskri lögsögu með útgáfu og notkun greiðslukorta, svo og annarrar sambærilegrar greiðslumiðlunar. Með sambærilegri greiðslumiðlun er átt við þau afbrigði greiðslumiðlunar sem að framan greinir, svo sem með debet-kortum, lánskortum, reikningskortum og úttektarkortum ýmiss konar, svo og nýjar tegundir greiðslumiðlunar sem kunna að vera boðnar á íslenskum markaði og sem eru greinar af sama meiði og sú þjónusta sem þegar er fyrir hendi. Lögin taka einnig til lögskipta innlendra korthafa og kortaútgefanda vegna úttekta korthafans erlendis sem koma til greiðslu hér á landi.

Ýmsum ákvæðum þessa frumvarps, ef að lögum verður, yrði væntanlega unnt að beita með lögjöfnun gagnvart frekari þróun sem kann að verða á sviði greiðslumiðlunar.

Um 2. gr.

Í þessari grein er að finna ýmsar skilgreiningar á hugtökum. Með *greiðslukortastarfsemi* er átt við greiðslumiðlun sem byggir á notkun greiðslukorta eins og það hugtak er skýrt hér á eftir. Greiðslukortastarfsemi í skilningi frumvarpsins er áðurnefnd greiðslumiðlun í víðtækasta skilningi, sbr. almennu athugasemdirnar hér á undan. Greiðslukortastarfsemi telst vera fyrir hendi ef kortaútgefandi hefur tekið að sér greiðslumiðlun sem byggist á framvísun sérstakra greiðslukorta og jafnframt gert um það sérstaka samninga við korthafa og greiðsluviðtakanda. Sú starfsemi, sem hér er rætt um, tekur því til núverandi starfsemi íslenskra greiðslukortafyrirtækja sem talin eru hér að framan, svo og til nýrra greina greiðslumiðlunar, sbr. athugasemdir við 1. gr.

Greiðslukort merkir samkvæmt greininni öll þau skilríki í formi korta, venjulega gerðum úr plasti, sem veita korthafa rétt til að njóta greiðslumiðlunar kortaútgefanda þannig að greiðsla fyrir veitta þjónustu, selda vöru eða önnur verðmæti er reikningsfærð honum til skuldar hjá kortaúgefandanum. Bankakort, sem einungis veita rétt til úttektar á innstæðu korthafa hjá innlánsstofnun, falla ekki undir skilgreiningu þessa ákvæðis nema þau séu notuð til þess að skrá beina millifærslu milli reiknings korthafa og reiknings greiðsluviðtakanda með sérstökum búnaði í verslun eða þjónustustofnun. Slíkur búnaður er sums staðar notaður erlendis og nefnast kortin þá debet-kort, en greiðslukerfið er einkennt með ensku skammstöfuninni EFTPOS (Electronic Fund Transfer at Point of Sale) sem merkir tölvuvædda millifærslu fjármuna á sölustað. Hugtakið greiðslukort er hér notað á sama hátt og enska hugtakið „card" þ.e. kort, en það greinist síðan í ýmis afbrigði, svo sem debet-kort, lánskort o.s.frv.

Kortaútgefandi merkir útgefanda greiðslukortsins sem skráður hefur verið sem slíkur, sbr. II. kafla frumvarpsins. Ekki er nauðsynlegt samkvæmt skilgreiningunni að kortaútgefandi sé annar aðili en greiðsluviðtakandi, sbr. skilgreiningu á því hugtaki hér á eftir. Stórverslanir eða verslanakeðjur geta t.d. gefið út greiðslukort til viðskiptavina sinna vegna viðskipta sem þeir í því tilviki eiga við kortaútgefandann sjálfan sem þá er jafnframt greiðsluviðtakandi.

Í frumvarpinu merkir *greiðsluviðtakandi* þann aðila sem ber réttur til greiðslu samkvæmt greiðslunótu þar sem fram kemur nafn korthafa og nafn þess sem greiðsla er innt af hendi við með framvísun greiðslukorts, svo og heiti greiðslumiðlunar kortaútgefanda. Á dönsku nefnist greiðsluviðtakandi „betalingsmodtager" sem einnig mætti þýða á íslensku sem greiðslumóttakandi eða greiðslutaki. Að höfðu samráði við formann Íslenskrar málnefndar varð að ráði að þýða orðið með íslenska orðinu greiðsluviðtakandi. Greiðsluviðtakandi getur verið seljandi vöru, þjónustu eða annarra verðmæta eða sá sem hann hefur framselt rétt sinn til greiðslu. Greiðsluviðtakandi getur einnig verið kortaútgefandi sjálfur, sbr. það sem að framan er sagt um það hugtak.

Korthafi merkir samkvæmt frumvarpinu þann aðila sem gert hefur samning við kortaútgefanda um aðgang að greiðslumiðlun hans með framvísun greiðslukorts sem látið er í té samkvæmt samningi þar um. Getur sú greiðslumiðlun náð til viðskipta jafnt innan lands sem erlendis og jafnt til korthafa og ábyrgðaraðila sem tekið hafa á sig ábyrgð á skilvísum greiðslum frá korthafa samkvæmt skilmálum sem um útgáfu kortsins gilda, svo sem ef um fyrirtækjakort eða aukakort til fjölskyldueinstaklinga er að ræða.

Um 3. gr.

Lagt er til að kortaútgefendur, sem starfa samkvæmt lögum þessum, hafi skráð firma hér á landi. Með því er átt við að þau fyrirtæki, sem stunda greiðslukortastarfsemi, skuli hafa skráð starfsemi sína hér á landi í firma- eða hlutafélagaskrá eftir því sem við á. Útibú erlendra félaga skulu samkvæmt ákvæði þessu skráð hér á landi í samræmi við ákvæði XVII. kafla laga nr. 32/1978, um hlutafélög, eða hafa hér skráðan umboðsaðila.

Meginþýðing þessa ákvæðis er að með því er lögð til sú meginregla að varnarþing vegna hugsanlegra dómsmála gagnvart kortaútgefanda er ætíð hér á landi. Hliðstætt ákvæði er að finna í dönskum lögum um greiðslukort.

Í 2. mgr. er þó ráðherra veitt heimild til að veita undanþágur frá fyrrgreindri aðalreglu 1. mgr. og yrðu slíkar undanþágur einkum veittar ef t.d. alþjóðasamningar veittu innlendum aðilum gagnkvæma stöðu eins og um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um tilkynningarskyldu útgefanda á greiðslukortum til Verðlagsstofnunar og helstu atriði sem í tilkynningu skuli greina. Stofnunin mun væntanlega útbúa sérstök eyðublöð í þessu skyni. Gert er ráð fyrir að hjá Verðlagsstofnun liggi fyrir upplýsingar varðandi þá kortaútgefendur sem reka greiðslukortastarfsemi hverju sinni.

Í 1. tölul. er áskilið að samþykktir skuli fylgja tilkynningu kortaútgefanda. Með því er átt við að gerð skuli grein fyrir innra skipulagi starfseminnar og er þá átt við að fram skuli koma í hvaða félagsformi starfsemin er rekin, svo og hvort og þá á hvern hátt greiðslukortastarfsemi tengist annarri starfsemi kortaútgefanda.

Með ákvæði 2. tölul. er ætlunin fyrst og fremst sú að tilkynnt sé um helstu grundvallarþætti starfseminnar. Til slíkra þátta má t.d. telja hvernig öryggiskröfum sé fullnægt, svo sem hvernig bilanir í beinlínukerfi komi fram gagnvart kortaútgefanda og hvernig þær skuli leiðréttar og hvort kerfið sé lokað öðrum en korthöfum. Ákvæðinu er hins vegar ekki ætlað að taka til nákvæmrar lýsingar á tæknilegum atriðum, t.d. varðandi þær vélar sem notaðar eru við starfsemina.

Í 3. tölul. er kveðið á um skyldu kortaútgefanda að láta fylgja tilkynningu til Verðlagsstofnunar eintak af þeim upplýsingum sem kortaútgefandi afhendir korthafa, sbr. 7. gr. frumvarpsins.

Í 4. tölul. þessarar greinar tekur m.a. til þess að kortaútgefandi gefi upplýsingar um þá viðskiptaskilmála sem gilda gagnvart greiðsluviðtakanda, svo og um réttarsamband greiðsluviðtakanda og kortaútgefanda að öðru leyti. Ákvæðið tekur því til upplýsingaskyldu um það hvaða réttindi samningur um greiðslumiðlun kortaútgefanda skapi greiðsluviðtakendum almennt.

Í 2. mgr. er lagt til að tilkynntar skuli breytingar á áður tilkynntum atriðum áður en þær komi til framkvæmda og er Verðlagsstofnun þannig gert kleift að fylgjast nánar með þróun starfseminnar.

Í 3. mgr. er lagt til að Verðlagsstofnun skuli halda skrá yfir þá aðila sem tilkynna að þeir hafi með höndum greiðslukortastarfsemi samkvæmt frumvarpi þessu.

Í fyrsta lagi er stefnt að því með ákvæði 3. mgr. að haldin sé skrá yfir kortaútgefendur sem opin er almenningi. Þess ber að geta að ýmsar þær upplýsingar, sem lagt er til að kortaútgefandi tilkynni, sbr. 4. gr. frumvarpsins, kunna að vera þess eðlis að ekki þyki réttmætt að þær skuli felldar inn í slíka opinbera skrá þótt fyllilega sé réttmætt að stjórnvöld fái upplýsingar um þau atriði. Erfitt er að meta nákvæmlega í eitt skipti fyrir öll um mörk í þessu sambandi, en unnt er að kveða nánar á um skráninguna í reglugerð.

Í öðru lagi er ljóst af 3. mgr., sbr. jafnframt 1. mgr. þessarar greinar, við hvaða tímamark skal miða að starfsemi kortaútgefanda geti hafist. Skráning Verðlagsstofnunar um að fullnægt hafi verið ákvæðum þessa frumvarps og þeim skilyrðum sem sett eru fyrir skráningu, svo og staðfesting stofnunarinnar um að skráning hafi átt sér stað, sbr. ákvæði laga þessara og reglna sem settar verða samkvæmt þeim, er því nauðsynleg til þess að starfsemi geti hafist og jafnframt verið nægjanleg. Í því sambandi skal á það bent að ekki er gert ráð fyrir að Verðlagsstofnun láti af hendi sérstakt leyfisbréf til starfseminnar, heldur er hér á því byggt að ákvæði þessa frumvarps setji þeim almenn skilyrði sem greiðslukortastarfsemi stunda. Uppfylli aðili þau skilyrði sem hér eru sett og önnur skilyrði sem sett kunna að vera í löggjöfinni, t.d. varðandi skráningu firma eða hlutafélags, sbr. 3. gr.

frumvarpsins, skal litið svo á að viðkomandi aðili eigi rétt til þess að stunda þá starfsemi sem frumvarp þetta tekur til og er því ekki um að ræða að stjórnvald sé í þeirri aðstöðu að veita „leyfi" til starfseminnar. Þannig yrði að telja að aðili, sem uppfyllt hefur öll þau skilyrði sem þörf er á samkvæmt lögum, skuli eiga rétt á skráningu innan eðlilegs frests eftir að hann hefur uppfyllt öll skilyrði laganna.

Verðlagsstofnun er hins vegar falin framkvæmd með lögunum, svo og eftirlit með þeim aðilum sem starfa samkvæmt þeim. Brjóti þeir aðilar ítrekað þau lög og fyrirmæli sem um starfsemina gilda er Verðlagsstofnun fengin heimild í 19. gr. frumvarpsins til þess að afturkalla áður gerða skráningu á rétti kortaútgefanda til þess að stunda greiðslukortastarfsemi. Afleiðing þess yrði sú að viðkomandi kortaútgefandi yrði afmáður af skrá stofnunarinnar og missti rétt til að stunda greiðslukortastarfsemi. Um afleiðingar þess, að kortaútgefandi hlítir ekki þeim lögum og fyrirmælum sem um starfsemina gilda, vísast að öðru leyti til 19. gr. frumvarpsins, svo og ákvæða VII. kafla frumvarpsins í heild sinni.

Í 4. mgr. er lagt til að heimilt verði að kveða nánar á um hvernig að framkvæmd tilkynninga skuli staðið með reglugerð er ráðherra setur.

Um 5. gr.

Í þessari grein er eftirlit og framkvæmd laganna falin Verðlagsstofnun og verðlagsráði sem starfa samkvæmt lögum nr. 56/1978. Í Danmörku hefur samsvarandi hlutverk vegna laga um greiðslukort verið falið sérstöku embætti sem nefnist „forbrugersombudsmand". Nefnd sú, er samdi frumvarp þetta, taldi rétt og jafnframt hagkvæmast að fela Verðlagsstofnun framkvæmd laganna. Sú niðurstaða byggir m.a. á því að mörg ákvæða þessa frumvarps eru fyrst og fremst byggð á sjónarmiðum neytendaverndar, en Verðlagsstofnun hefur nú um nokkurt skeið haft vaxandi afskipti með þeim málaflokki. Eðlilegast þótti því að fela stofnuninni framkvæmd með ákvæðum þessara mála. Sumir þættir í greiðslukortastarfsemi eiga sér þó stað hjá innlánsstofnunum, en eftirlit að því leyti mun fara fram af hálfu bankaeftirlitsins í samræmi við lög um viðskiptbanka, nr. 86/1985, og um sparisjóði, nr. 87/1985, sbr. einnig lög nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands.

Í 2. mgr. er eftirlitshlutverk Verðlagsstofnunar með ákvæðum þessa frumvarps afmarkað nánar og jafnframt koma til athugunar þær almennu reglur sem þeirri stofnun eru settar og er að finna í lögum nr. 56/1978.

Þegar rætt er um að starfsemi kunni að þykja að einhverju leyti áfátt í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins þá er m.a. við það miðað:

— að viðskiptamanni kortaútgefanda eigi að vera unnt að sjá helstu kosti og galla sem greiðslumiðlun kortaútgefanda fylgja,
— að viðskiptamaður kortaútgefanda sé ekki þvingaður á neinn hátt til þess að taka þátt í greiðslumiðluninni, t.d. af því að eingöngu þannig megi inna tilteknar greiðslur af hendi,
— að lagt sé til grundvallar að meðferð upplýsinga, sem kortaútgefandi hefur komist yfir vegna notkunar greiðslukorts, sé að öllu leyti innan þeirra marka sem telja verður eðlileg og í tengslum við sjálfa greiðslumiðlunina eða leiðréttingar vegna hennar, sbr. jafnframt ákvæði VI. kafla frumvarpsins,
— að starfsemin sé að öðru leyti rekin í samræmi við lög þau og reglugerðir sem um starfsemina gilda.

Í 1. tölul. 2. mgr. er byggt á því að við notkun greiðslukorta í greiðslukortastarfsemi

sé gætt fullnægjandi öryggis tæknilega séð. Við ákvörðun á því, hvort starfsemi kunni að einhverju leyti að vera áfátt, skal m.a. litið til þess hvort miðlunin í heild sé nægilega örugg og búnaður, sem kann að vera notaður við miðlunina, sé fullnægjandi, hvort ætla megi að litlar líkur séu á misnotkun kerfisins, hvort bilanir komi nægilega fljótt fram þannig að ekki sé hætta á verulegu tjóni af þeim sökum o.s.frv.

Í 2. tölul. 2. mgr. er fjallað annars vegar um samband korthafa og kortaútgefanda og hins vegar um samband greiðsluviðtakanda og korthafa. Verðlagsstofnun hefur þannig rétt til þess að gera athugasemdir við tilkynnta skilmála, svo og við það hvernig þeim skilmálum er í raun beitt. Miðað er við það að afskipti skuli höfð ef ljóst þykir að skilmálum er beitt einvörðungu til hagsbóta kortaútgefanda eða greiðsluviðtakanda eða þeir eru á annan hátt óréttmætir. Við ákvörðun á því, hvort sú aðstaða er fyrir hendi sem hér er rætt um, má t.d. nefna að taka verður tillit til þess hvort samningsaðili hafi notfært sér stöðu sína og þannig orðið þess valdandi að gengið sé á rétt gagnaðila og verulegt misræmi komi fram varðandi þær skyldur og réttindi er samningurinn leggur á hvorn aðila. Þetta á einkum við þegar notaðir eru staðlaðir samningsskilmálar við samningsgerðina sem eru bersýnilega ósanngjarnir í garð annars aðilans eða telja má að sérstakur aðstöðumunur sé milli aðila við samningsgerð að öðru leyti.

Í 3. tölul. 2. mgr. er rætt um samband kortaútgefanda og greiðsluviðtakanda. Með sama hætti og hér á undan hefur verið nefnt kann sú aðstaða er ákvæðið nefnir að vera fyrir hendi, t.d. við notkun staðlaðra samningsskilmála. Til leiðbeiningar við túlkun þessa ákvæðis má taka sem dæmi að kortaútgefandi noti þá stöðu sína, sem hér á undan hefur verið nefnd, til þess að knýja fram sérstaklega hagstæð samningskjör, svo sem með því að undanþiggja sig skyldum eða auka við skyldur gagnaðila, þannig að telja verði það óréttmætt að beita samningi fyrir sig eins og atvikum er háttað. Þá skal einnig minnt á ákvæði IV., V. og VI. kafla frumvarpsins varðandi úrræði þau sem fyrir hendi eru í tilefni af brotum á ákvæðum laganna.

Um staðfestingu úrskurða Verðlagsstofnunar fyrir dómstólum, sbr. ákvæði 3. mgr., vísast til 18. gr. frumvarpsins og þess frests sem þar er settur í því sambandi.

Í 3. mgr. er loks að finna úrræði til handa Verðlagsstofnun ef tilmæli og ákvarðanir stofnunarinnar eru brotin, en úrræðið er samsvarandi því úrræði sem nú er að finna í lögum nr. 56/1978, sbr. 38. gr. þeirra laga. Í frumvarpi þessu er þó um að ræða málskotsheimild til ráðherra, sbr. 18. gr. frumvarpsins, en að öðru leyti er heimild þessi hin sama og nú er í lögum nr. 56/1978.

Um 6. gr.

Ákvæði þetta er nauðsynlegt til þess að tryggja Verðlagsstofnun aðgang að þeim gögnum er hún telur sig þurfa til framkvæmdar á ákvæðum laganna.

Um 7. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er kortaútgefanda gert skylt að upplýsa væntanlega korthafa, svo og aðra viðskiptamenn sína, um helstu skilmála við notkun greiðslukortsins. Þannig getur væntanlegur korthafi kynnt sér kosti og galla slíkra samninga sem á boðstólum eru hjá hinum ýmsu kortaútgefendum.

Í 1. tölul. er kveðið á um skyldu til að upplýsa hvaða notkunarheimildir tengjast mismunandi gerðum greiðslukorta. Í því sambandi má nefna að rétt er að upplýsa hvort nota

megi fleiri en eitt kort á sama reikning og hvort fleiri en einn korthafi geti notað tiltekinn reikning hjá kortaútgefanda, svo og hvar nota megi greiðslukortið. Jafnframt bæri kortaútgefanda að tilgreina þær takmarkanir sem notkun greiðslukortsins eru settar, úttektarheimildir, tímabil þeirra o.s.frv.

Í 2. tölul. er gert ráð fyrir að upplýst sé um þau skilyrði sem handhöfn greiðlukortsins eru tengdar, t.d. hvernig ábyrgð korthafa er háttað ef greiðslukortið týnist eða það kemst á annan hátt í hendur þriðja manni. Sérstaklega þýðingarmikið er í því sambandi að gera glögga grein fyrir að hvaða leyti slík samningsákvæði séu íþyngjandi fyrir korthafa. Enn fremur væri skylt að taka fram hvernig tilkynningarskyldu skuli háttað ef greiðslukort týnist eða því er stolið o.s.frv. Samningsskilmálar verða að vera í samræmi við ákvæði V. kafla frumvarpsins eða aðrar þær reglur sem í gildi eru.

Auk þess sem hér að framan hefur verið nefnt má telja að kortaútgefanda beri samkvæmt greininni að veita upplýsingar um með hvaða hætti korthafi skuli koma á framfæri kvörtunum vegna notkunar greiðslukortsins.

Í 3. tölul. er lagt til að upplýsingar liggi frammi um heildarkostnað sem tengdur er notkun greiðslukortsins. Kostnaður vegna greiðslukorta kann að verða greindur í ýmsa þætti, svo sem stofngjald, fast árgjald eða endurnýjunargjald, vexti ef um þá er að ræða og annan kostnað tengdan notkun á greiðslumiðluninni. Með ákvæðinu er ekki girt fyrir að kortaútgefandi geti krafist breytilegra vaxta að því tilskildu að sú viðmiðun, sem farið er eftir samkvæmt samningnum, sé fyrir fram ákveðin, t.d. sem meðaltal vaxta samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands eða vextir eins og þeir eru hjá tilgreindri innlánsstofnun af tilteknum viðskiptum á hverjum tíma. Þá tekur upplýsingaskylda samkvæmt ákvæði þessu ekki til þess kostnaðar sem kann að falla á korthafa vegna vanefnda hans á samningi sínum við kortaútgefanda.

Í 4. tölul. kemur fram að greina skuli frá hversu oft korthafi skuli fá reikningsyfirlit vegna úttekta á greiðslukortinu, enda þýðingarmikið að slíkum upplýsingum sé miðlað eins fljótt og unnt er til korthafa.

Í 5. og 6. tölul. er gert ráð fyrir að væntanlegum korthöfum sé gert skylt að leggja fram persónulegar upplýsingar áður en útgáfa greiðslukorts fer fram. Þær upplýsingar, sem hér er gert ráð fyrir, munu því leggja grundvöll að mati viðkomandi kortaútgefanda á lánstrausti hvers umsækjanda um sig. Hér er um að ræða upplýsingar eins og t.d. hvort umsækjandi sé í föstu starfi, hverjar séu mánaðartekjur hans o.s.frv.

Samkvæmt 7. tölul. er skylt að skýra frá með hvaða hætti upplýsingar, sem snerta korthafa, verði notaðar síðar vegna greiðslukortastarfseminnar, þ.e. innan fyrirtækisins sjálfs svo og utan þess. Þannig mundi t.d. vera skylt að geta þess ef upplýsingar í heild eða að hluta skulu samkvæmt lagaskyldu afhentar opinberum aðilum. Jafnframt er skylt að tilgreina hversu lengi hinar skráðu upplýsingar verða varðveittar, sbr. 16. gr. frumvarpsins.

Í 8. tölul. er að finna ákvæði sem auðvelda á korthafa að dæma um það hvort gerðar séu virkar ráðstafanir af hálfu kortaútgefanda til þess að auðvelda tilkynningar er kort tapast eða glatast á annan hátt.

Í 2. mgr. er lagt til að umsækjandi um greiðslukort fái þær upplýsingar, sem um getur í 1. mgr. áður en hann hefur skuldbundið sig með samningi gagnvart kortaútgefanda. Af ákvæðinu leiðir að verði breytingar á skilmálum kortaútgefanda verður að stofna til nýs samnings í heild eða eftir atvikum að hluta.

Í 3. mgr. er ráðherra veitt heimild til setningar reglugerðar um þau atriði er greinin

tekur til og þá væntanlega einnig um atriði tengd 3. tölul. 1. mgr., sbr. jafnframt 12. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. eru staðfestar þær meginreglur sem telja verður eðlilegt að byggt sé á varðandi útgáfu greiðslukorta og veitingu lánsheimilda í því sambandi. Sérstaða greiðslukorta er sú að þau eru einkum notuð við greiðslur einstaklinga vegna einkaneyslu. Í starfsemi greiðslukortaútgefanda hefur jafnframt tíðkast að veita korthöfum tilteknar lánsheimildir út á samning þeirra um greiðslukort. Nefndin, sem frumvarpið samdi, telur, með hliðsjón af eðli greiðslukortastarfseminnar sem fyrst og fremst er miðill til greiðslu og fjármögnunar einkaneyslu, eðlilegt að setja í lög þá almennu viðskiptareglu sem hér er gerð tillaga um. Rétt þykir að til grundvallar samningi um greiðslukort liggi einstaklingsbundið mat á hverjum umsækjanda um greiðslukort, viðskiptatrausti hans og fjárhagsstöðu að öðru leyti. Til skoðunar í því sambandi hlýtur því að koma af hálfu kortaútefanda hvort umsækjandi hafi reglulegar tekjur og hvort greiðslugeta sé yfirleitt fyrir hendi á þeirri úttektarheimild sem samningur hans og kortaútgefanda gerir ráð fyrir. Lagt er því til að aðalreglan við veitingu greiðslukorta verði sú að til grundvallar samningi um greiðslukort sé byggt á viðskiptatrausti umsækjanda um greiðslukort, en eigi annarra, og telur nefndin að regla þessi stuðli almennt að auknu öryggi í viðskiptum. Erlendis tíðkast þeir viðskiptahættir sem hér er lagt til að gildi varðandi þetta atriði og þykir greiðslukortið því nokkurt skilríki um lánstraust viðkomandi korthafa ef um er að ræða greiðslukort sem veitir korthafa rétt til yfirdráttar eða lántöku.

Í 2. mgr. er þó lagt til að kortaútgefanda skuli vera heimilt að víkja frá þeirri meginreglu sem lögð hefur verið til í 1. mgr. þessarar greinar. Eins og fram kemur af ákvæðum greinarinnar telur nefndin að sú aðstaða, sem vikið er að í 2. mgr., eigi að vera undantekning frá þeirri aðalreglu sem í 1. mgr. greinir. Telja verður að kortaútgefanda sé almennt eigi þörf að krefja aðra en korthafa um tryggingu fyrir úttektum á greiðslukorti því er hann gefur út til korthafa, en þó kunni að finnast undantekningar frá þeirri reglu. Þannig kann umsækjanda um greiðslukort t.d. að vera sérstakur hagur af því að fá útgefið sér til handa greiðslukort, enda greiðslumiðillinn orðinn almennur greiðslumáti í viðskiptum þótt hann fullnægi ekki persónulega settum skilyrðum kortaútgefanda um ábyrgðir vegna notkunar greiðslukortsins. Nauðsynlegt þykir því að heimila undantekningu frá þeirri aðalreglu sem hér á undan var vikið að og er því lögð til sú undantekningarregla sem í 2. mgr. greinir.

Nefndin hefur þó einnig orðið sammála um að alveg skýrt sé kveðið á um það í frumvarpi þessu að þriðji maður, sem þannig hefur gengið í ábyrgð fyrir úttektum korthafa, geti afturkallað áður veitta ábyrgð sína ef forsendur fyrir henni bresta að hans mati. Ýmis tilvik geta orðið þess valdandi að ábyrgðarmaður kann að vilja draga ábyrgð sína til baka. Hafi allar aðstæður breyst vill hann eigi lengur vera bundinn af ábyrgð sinni. Má t.d. nefna að sambúðarslit verði þess valdandi að forsendur ábyrgðarmanns bresta þar eð ábyrgð var við áframhaldandi sambúð miðuð. Korthafi kann einnig að leggjast í óreglu og stunda eigi lengur fasta atvinnu o.s.frv. Rétt þykir því að heimila að ábyrgðarmaður sé frjáls að afturköllun áður veittrar ábyrgðar og verður þá kortaútgefandi að innkalla greiðslukortið. Þetta kann og að leiða til aukins öryggis, enda má ætla að ábyrgðarmaður þekki vel til korthafa og verði því oft fyrstur þess áskynja ef breytingar verða á aðstæðum korthafa sem áhrif geta haft á viðskiptatraust hans. Kortaútgefandi fær þá fyrr en

ella tækifæri til að gera ráðstafanir til þess að innkalla kortið, en korthafi getur þá að sjálfsögðu einnig lagt fram aðrar ábyrgðir fyrir úttektum sínum sem fullnægjandi geta talist að mati kortaútgefanda.

Áhrif afturköllunar ábyrgðarmanns korthafa eru þau að um kortið fer sem það væri vákort og koma því reglur V. kafla til skoðunar vegna hugsanlegs tjóns og eftirfarandi greiðslu skaðabóta af því tilefni.

Um 9. gr.

Brot gegn 1. mgr. 9. gr. geta varðað refsingu skv. 20. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. 9. gr. er lagt til að tryggt verði að umsækjendum um greiðslukort beri réttur til þess að fá upplýst hvaða persónulegar upplýsingar liggja til grundvallar synjun kortaútgefanda ef umsækjanda er synjað um greiðslukort á þeim forsendum. Umsækjandi getur fremur með því móti kannað hvort þær upplýsingar séu réttar og eftir atvikum þá komið að leiðréttingum ef þær reynast ekki réttar.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að almennt skuli korthafar eiga rétt á afhendingu kvittunar fyrir þær greiðslur sem þeir inna af hendi með greiðslukorti. Þegar rætt er um kvittun er átt við að á henni séu upplýsingar um fjárhæð þess sem greitt er, dagsetningu og greiðslustað, auk hinna sérstöku tilgreininga sem þörf er á vegna notkunar kortsins, svo sem undirskrift korthafa eða upplýsingar um reikningsnúmer hans o.s.frv.

Um 11. gr.

Korthafi getur samkvæmt greininni sagt upp almennum samningi um greiðslukort án fyrirvara og getur kortaútgefandi ekki takmarkað þann rétt korthafa. Almennar reglur kröfuréttarins segja hins vegar til um hvenær korthafi telst laus úr allri ábyrgð vegna úttekta sinna með hliðsjón af því hvenær og með hvaða hætti uppsögnin tekur gildi.

Heimilt er þó að semja um skuldbindingar fram í tímann, svo sem með ýmiss konar raðgreiðslusamningum, og verður þá korthafi skuldbundinn samkvæmt slíkum samningi þar til samningurinn er að fullu efndur.

Um 12. gr.

Í dönsku greiðslukortalögunum (Lov om betalingskort m.v.) segir í 20. gr.: „Kortudsteders omkostninger ved drift af betalingssystemet kan ikke pålægges betalingsmodtager. Gebyr for kortindehavers brug af betalingskort skal fastsættes uafhængigt af betalingsmodtagers forhold."

Samkvæmt þessu skal rekstrarkostnaður af greiðslumiðluninni ekki lagður á greiðsluviðtakanda heldur á korthafa. Tilgangurinn með ákvæðinu er að tryggja að greiðslumiðlunin valdi ekki kostnaðarauka hjá verslunum og fyrirtækjum sem taka við greiðslu með reikningsfærslu gegn framvísun greiðslukorts þar eð það veldur því að kostnaðaraukinn hlýtur að koma fram í hærra vöruverði. Með rekstrarkostnaði er átt við stjórnunarkostnað, tölvukostnað, húsaleigu, skrifstofuhald, launakostnað, kostnað við útgáfu greiðslukorta o.fl., einnig vaxtakostnað. Þetta ákvæði útilokar ekki að greiðslukortafyrirtæki áskilji sér sérstakt stofngjald af greiðsluviðakanda vegna fjárfestingar sem fyrirtækið hefur lagt í.

Sérstakt ákvæði er síðan í dönsku lögunum (34. gr.), þar sem heimilað er að undan-

þiggja alþjóðlega greiðslukortaútgefendur þessu ákvæði að hluta til eða alveg.

Við setningu dönsku laganna urðu talsverðar deilur um þessi ákvæði og var gildistöku þeirra frestað. Síðar náðist þó samkomulag milli umboðsmanns neytenda í Danmörku og greiðslukortaútgefenda um fyrirkomulag á skiptingu kostnaðar milli korthafa og greiðsluviðtakenda.

Neytendasamtökin og Kaupmannasamtök Íslands hafa eindregið farið þess á leit að kostnaður af notkun greiðslukorta verði lagður á korthafa, þannig að hann komi ekki fram í hærra vöruverði. Kaupmannasamtökin benda m.a. á að á síðasta ári (1988) hafi áætlaður kostnaður kaupmanna af notkun greiðslukorta, þ.e. þóknun til kortaútgefenda, numið um 300 milljónum króna, en vaxtakostnaður kaupmanna vegna þess greiðsludráttar, sem af notkun greiðslumiðlunarinnar leiðir, hafi numið um 290 milljónum króna á sama tíma.

Kortaútgefendur hafa hins vegar eindregið mótmælt þessu ákvæði og bent á að notkun greiðslumiðlunar með greiðslukortum hafi haft ýmislegt hagræði í för með sér fyrir greiðsluviðtakendur. Þeir geti í ýmsum tilvikum aukið sölu og sparað sér innheimtukostnað á útistandandi skuldum.

Ákvæði 12. gr. tekur mið af framangreindu ákvæði dönsku laganna, en er þó frábrugðið þeim að því leyti að gert er ráð fyrir að ráðherra setji almennar reglur um skiptingu kostnaðar milli korthafa og greiðsluviðtakenda. Sérstakar reglur gildi þó, sbr. 24. gr., um hinar alþjóðlegu greiðslumiðlanir, t.d. American Express eða Diners' Club, þar sem úttektin er greidd erlendis.

Skiptar skoðanir voru um þetta ákvæði í nefndinni sem samdi frumvarpið, en viðskiptaráðherra ákvað að það yrði þann veg sem hér greinir og kom því ekki til atkvæðagreiðslu í nefndinni um málið.

Um 13. gr.

Í 13. gr. er kveðið á um ábyrgð samningsaðila um greiðslukort í tilefni af ólögmætri notkun þriðja manns á greiðslukortinu, sbr. 1. og 2. gr. frumvarpsins.

Verði því slegið föstu að tjónvaldur geti ekki fallið undir þau ákvæði sem sett eru í 1.–3. mgr. þessarar greinar fellur hugsanleg bótaábyrgð hans utan ábyrgðarreglu þessarar greinar. Í því tilviki koma þá til athugunar almennar reglur íslensks skaðabótaréttar.

Við skiptingu ábyrgðarinnar milli kortaútgefanda, korthafa og greiðsluviðtakanda er lagt til grundvallar að kortaútgefandi skuli bera það tjón er verður vegna misnotkunar sem hann getur almennt reiknað með og fellt undir eðlilega rekstraráhættu sína. Enn fremur verður það yfirleitt talið að þeir þættir, sem hér um ræðir og nauðsynlegar upplýsingar vegna þeirra, liggi yfirleitt fyrir hjá kortaútgefanda og hann eigi því auðveldara með að finna þær stærðir sem rétt þykir að taka tillit til að þessu leyti.

Verði tjón hins vegar rakið til saknæmra athafna korthafa eða greiðsluviðtakanda bera þeir ábyrgð á grundvelli 1. og 3. mgr.

Þannig verður korthafi aðeins ábyrgur fyrir tjóni í þeim þremur tilfellum sem nefnd eru í 1. mgr. þessarar greinar.

Fyrsta málsgrein hefur að geyma tæmandi reglur, sbr. að í greininni segir að korthafa beri „einungis" að bæta það tjón eins og þar er nánar tiltekið og verður reglum þessum því eigi beitt samhliða öðrum ábyrgðarreglum vegna skaðabótaskyldra athafna. Af ákvæðinu er einnig ljóst að afhending greiðslukorts til þriðja manns er ekki ein og sér

nægjanleg ástæða til þess að korthafi verði gerður ábyrgur vegna tjóns, heldur er ábyrgð í slíkum tilfellum háð þeim viðmiðunum sem 5. mgr. þessarar greinar byggir á.

Þá verður kortaútgefandi eigi gerður ábyrgur vegna tjóns hafi greiðsluviðtakandi vitað, eða mátt vita, að greiðslukortið væri notað á ólögmætan hátt, sbr. ákvæði 3. mgr. Slíkt gáleysi af hálfu greiðsluviðtakanda gæti stafað t.d. af því að greiðsluviðtakandi lætur undir höfuð leggjast að framfylgja þeim reglum sem kortaútgefandi hefur sett og samningur þeirra byggir á, t.d. að afla sér upplýsinga um það hvort takmarkanir eru á notkun greiðslukortsins, hvort því hafi verið stolið eða það innkallað o.s.frv.

Reglur 3. mgr. gilda „þrátt fyrir ákvæði 1. mgr.". Ákvæði þetta hefur þá þýðingu að kæmi það til greina að beita bæði 1. og 3. mgr. hvílir skaðabótaábyrgðin á greiðsluviðtakanda en ekki á korthafa. Hins vegar er ekkert kveðið á um skiptingu ábyrgðar skv. 3. og 5. mgr. þessarar greinar, heldur er dómstólum ætlað að úrskurða endanlega um það atriði í hverju tilviki fyrir sig.

Hugsanlega kunna að koma til greina fleiri en einn kortaútgefandi í einstökum tilvikum, en um skiptingu ábyrðar þeirra á milli færi þá eftir samningi þeirra á milli ef honum væri til að dreifa. Í frumvarpi því, er hér liggur fyrir, er ekki talin ástæða til að setja sérstakar reglur varðandi þetta atriði. Í 2. mgr. er ráðherra veitt heimild til að ákveða hámark þeirrar bótafjárhæðar sem korthafa er skylt að bera skv. 1. mgr. þessarar greinar ef ekki er um að ræða misnotkun sem framin er af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Samkvæmt þeim reglum, er settar hafa verið um þetta efni í Danmörku á grundvelli þeirra laga um greiðslukort (betalingskortloven), er hámark þeirra 5.000,00 DKR. Í tilmælum framkvæmdastjórnar EB um þetta efni hefur verið lagt til að hámark þetta verði 150 ECU, sbr. Commission Recommendation frá 17. nóv. 1988, No L 317/55, sbr. og Annex No L 17/57, fyrir hvert tjónstilvik. Ætla má að svipaðar viðmiðanir yrðu notaðar í reglugerð er ráðherra setur samkvæmt þessari grein.

Um 14. gr.

Hér er lögð hlutlæg ábyrgð á kortaútgefanda vegna þeirra atriða sem grein þessi tekur til. Grundvöllur ábyrgðar er að mistök verða við skráningu eða þess háttar bilanir sem greinin getur um og verða þau atvik þess valdandi að tjón hlýst af þar sem skráningin eða færslan á greiðsluskyldu þess, er greiða á, er röng. Kortaútgefandi ber ábyrgð þótt orsök tjónsins verði rakin til ófyrirsjánlegra atvika eða honum verði að öðru leyti eigi kennt um þau atvik er til tjóns leiddu.

Um ábyrgð annarra en kortaútgefanda, korthafa og greiðsluviðtakanda er ekki fjallað um í 14. gr. frumvarpsins. Ákvæði 1. mgr. 14. gr. eru því ekki til fyrirstöðu að greiðsluviðtakandi eða kortaútgefandi leggi fram endurkröfur í samræmi við almennar reglur þar um á hendur öðrum er ábyrgð kunna að bera, t.d framleiðanda eða seljanda þess hlutar eða tækis sem tjóninu olli.

Þá er kveðið hér á um almenna skyldu kortaútgefanda til að leiðrétta mistök og rangar reikningsfærslur o.þ.h. án ástæðulauss dráttar eftir að slíkar villur hafa komið í ljós. Nefnd þeirri, er samið hefur frumvarp þetta, hefur verið bent á nauðsyn þess að slíkt ákvæði sé í lögum þar eð borið hefur á því að slíkar leiðréttingar hafa eigi verið gerðar þegar í stað eftir að mistök eða villur uppgötvuðust.

Í 2. málsl. 1. mgr. er að finna heimild til að undanþiggja kortaútgefanda ábyrgð vegna tjóns er korthafi hefur orðið fyrir eða lækka bótagreiðslu ef um er að ræða tjón sem rekja má til háttsemi sem framin er af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Einfalt gáleysi

nægir hins vegar ekki til þess að lækka megi bætur samkvæmt greininni og er það m.a. í samræmi við þá meginreglu sem höfð er til hliðsjónar við ákvörðun bótaábyrgðar korthafa skv. 1. mgr. 13. gr. frumvarpsins, sbr. 1. tölul. Hvort bætur eru alveg felldar niður eða lækkaðar fer eftir atvikum og er háð úrlausn dómstóla hverju sinni.

Í 3. málsl. 1. mgr. er kortaúgefandi undanþeginn ábyrgð ef tjón verður að öllu leyti rakið til eigin aðstæðna greiðsluviðtakanda eða atvika er kortaútgefandi verður ekki á neinn hátt gerður ábyrgur fyrir. Nefna má t.d. að greiðsluviðtakandi kann að notast við einhver tæki sem kortaútgefandi hefur ekkert með að gera og kann þá að vera réttmætt að krefjast þess að greiðsluviðtakandi geri allar þær sömu ráðstafanir og kortaútgefandi gerir í sinni starfsemi. Ákvæði þetta tengist síðan ákvæði 3. mgr. þessarar greinar um endurkröfurétt kortaútgefanda.

Í 1.–3. mgr. 14. gr. eru einungis gerðar tillögur um ábyrgðargrundvöllinn, en um sönnun tjóns, svo og önnur atriði varðandi skaðbótaskylduna í hverju einstöku tilviki, fer eftir almennum reglum er dómstólar eiga endanlegt úrskurðarvald um.

Í 4. mgr. er kveðið á um sönnunarbyrði vegna þeirra atriða sem nefnd eru í 1. mgr. þessarar greinar. Þannig er gert ráð fyrir að andmæli korthafi tiltekinni reikningsfærslu sem gerð hefur verið hvíli sú skylda á kortaútgefanda að leggja fram afrit kvittana eða önnur þau gögn sem sanna að viðskiptin hafi átt sér stað.

Um 15. gr.

Í 15. gr. er að finna sérreglur um skráningu upplýsinga af hálfu kortaútgefanda og varða viðskiptamenn hans. Hér er um að ræða sérreglur varðandi greiðslukortstarfsemi, en jafnframt eru í gildi lög um meðferð og skráningu persónuupplýsinga sem taka til slíkrar skráningar eftir því sem við getur átt. Samkvæmt ákvæðum 4. gr. skal tilkynna hvernig greiðslumiðlunin fer fram, m.a. skal tilkynnt um hvaða skrár skulu haldnar, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 4. gr.

Í III. kafla frumvarps þessa um eftirlit er Verðlagsstofnun falið eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim. Væntanlega mun Verðlagsstofnun þó leita álits eða umsagnar annarra aðila við framkvæmd eftirlitsins, eftir því sem við getur átt. Leggja verður því til grundvallar að stofnunin muni leita eftir umsögn tölvunefndar sem starfar samkvæmt sérstökum lögum eftir því sem þurfa þykir.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði sem setur miðlun upplýsinga, sem kortaútgefandi skrái um korthafa og greiðsluviðtakanda, tiltekin mörk. Reglan er til fyllingar þeim reglum sem er að finna í sérstökum lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga og er lagt til að einungis skuli kortaútgefandi miðla uppýsingum sem tengjast framkvæmd greiðslumiðlunarinnar. Þannig ber einstökum greiðsluviðtakanda t.d. ekki réttur til frekari upplýsinga um korthafa en þeirra upplýsinga sem telja verður nauðsynlegt að hann hafi vegna hinnar eiginlegu greiðsluskuldbindingar korthafans og greiðslumiðlunar vegna hennar.

Ákvæðinu er jafnframt ætlað að tryggja að kortaútgefandi veiti ekki upplýsingar um greiðsluviðtakendur sem eru þess eðlis að vegna viðskiptahagsmuna greiðsluviðtakanda beri að gæta um þær trúnaðar.

Um þau atriði, sem hér eru rædd, mun framkvæmdin að sjálfsögðu almennt skera úr um varðandi einstök vafaatriði.

Um 16. gr.

Hér er lagt til að geyma skuli upplýsingar er tengjast notkun greiðslumiðlunarinnar í allt að fimm ár, en að þeim tíma liðnum skuli þeim eytt. Sá frestur, sem hér er lagður til, er tveimur árum skemmri en krafist er samkvæmt bókhaldslögum, en hins vegar sá sami og lagður hefur verið til grundvallar í lögum um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni, sbr. fyrirliggjandi frumvarp til laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Nefndin varð sammála um að sá fimm ára frestur í því tilviki, sem hér ræðir um, sé nauðsynlegur en jafnframt fullnægjandi.

Um 17. gr.

Eins og áður hefur verið nefnt þá gilda almennt lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga um tölvuskrár sem færðar eru í tengslum við greiðslukortastarfsemi. Þau gilda einnig um miðlun upplýsinga er varða persónuleg og fjárhagsleg málefni, að svo miklu leyti sem ákvæði þessa frumvarps setja slíkri skráningu af hálfu kortaútgefanda ekki sérstök skilyrði. Ákvæði þessarar greinar þykir því rétt að setja í frumvarp þetta „ex tuto“ og því til staðfestingar.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að málefni samkvæmt frumvarpi þessu heyri stjórnarfarslega undir viðskiptaráðherra og verðlagsráð, sbr. lög nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Telja verður eðlilegt eins og hér hagar sérstaklega til að verðlagsráði og Verðlagsstofnun verði falið að fella úrskurði um þau mál sem framkvæmd laganna snerta. Sérþekking á þeim atriðum, sem á kann að reyna, mun eðli málsins samkvæmt verða hjá starfsmönnum Verðlagsstofnunar og því líklegt að mál fái þar fullnægjandi undirbúningsmeðferð áður en þau eru tekin til úrskurðar. Í frumvarpinu er jafnframt gert ráð fyrir málskotsleið til æðri stjórnvalda, svo og að aðilar geti leitað réttar síns fyrir dómstólum.

Í 3. mgr. er kveðið á um heimild til að leggja úrskurði stjórnvalda til endanlegrar ákvörðunar dómstólanna innan sex mánaða frá uppkvaðningu og birtingu úrskurðarins. Þessi frestur er hinn sami og nú gildir samkvæmt lögum nr. 56/1978. Reyndar má ætla að hagmunir ágreiningsaðila muni yfirleitt knýja á um að leitað sé eftir ákvörðun dómstóla eins fljótt og unnt er eftir að úrskurður hefur fallið. Engu að síður þykir rétt að leggja til að heimild þessi skuli vera virk í allt að sex mánuði frá uppkvaðningu og birtingu úrskurðarins, en að þeim tíma liðnum telst úrlausn verðlagsráðs, eða eftir atvikum ráðherra, vera endanleg um ágreininginn.

Í 3. mgr. er kveðið á um það að með mál vegna ágreinings um úrskurði verðlagsráðs og ráðherra skuli fara samkvæmt lögum nr. 85/1936, en um refsiverð brot á lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála, sbr. 20. gr. frumvarpsins.

Um 19. gr.

Í greininni er Verðlagsstofnun veitt heimild til að afturkalla áður samþykkt starfsréttindi til handa kortaútgefanda til að starfa að greiðslumiðlun með notkun greiðslukorta vegna ítrekaðra brota á ákvæðum þessa frumvarps og reglna settra samkvæmt þeim. Er þá nafn viðkomandi aðila afmáð af skrá stofnunarinnar sem haldin er, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Í 4. gr. er ekki byggt á því að Verðlagsstofnun skuli gefa út leyfisbréf til greiðslukortastarfsemi eins og nánar er rakið í athugasemdum við þá grein, heldur skal

taka aðila er uppfyllir lagaskilyrði til skráningar á skrá stofnunarinnar fram yfir þá er rétt hafa til að stunda greiðslukortastarfsemi. Eftir að aðili hefur verið skráður og hafið sína greiðlukortastarfsemi kann hann að fyrirgera rétti til þess að mega stunda þá starfsemi er hann hefur áður verið skráður til að mega stunda. Nauðsynlegt er því að Verðlagsstofnun sé veitt heimild til þess að afturkalla áður samþykkta skráningu eins og lagt er til í 1. mgr. þessarar greinar. Jafnframt er sama heimild veitt dómstólum, sbr. ákvæði 20. gr. frumvarpsins. Um nánari greinargerð um hvernig staðið skuli að sviptingu starfsréttinda samkvæmt þessari grein af hálfu Verðlagsstofnunar vísast til almennra reglna stjórnarfarsréttar. Rétt er þó að ítreka að starfsemin telst vera óheimil þegar frá þeim tíma er afmáning hefur farið fram.

Samkvæmt ákvæði 2. mgr. er Verðlagsstofnun og heimilt að afnema rétt einstakra kortaútgefenda sem starfa samkvæmt tilkynningu kortaútgefanda sem tilkynningarskyldu ber samkvæmt ákvæðum 4. gr. frumvarpsins. Til dæmis má hér nefna að heimilt væri að leggja bann við áframhaldandi útgáfu verslunarfyrirtækis innan viðskiptakeðju á greiðslukortum án þess að bannið nái til annarra fyrirtækja í sömu keðju.

Um 20. gr.

Lagt er til að refsing vegna brota á lögum þessum skuli vera sektir, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Einnig má hér minna á þau úrræði sem Verðlagsstofnun er veitt í frumvarpi þessu með því að banna tilteknar athafnir, sbr. 5. og 18. gr. frumvarpsins.

Loks er lagt til að fésektir verði unnt að leggja á lögaðila vegna brota á ákvæðum laga þessara þótt sök sé eigi sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann.

Um 21.–22. gr.

Eðlilegt þykir að dómstólar hafi samsvarandi heimildir og Verðlagsstofnun hefur til þess að svipta aðila sem brotlegur hefur gerst samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps. Þá er í 2. mgr. sett ákvæði um upptöku hagnaðar af broti, svo og tækja eða gagna sem þau hafa verið framin með.

Í 22. gr. er að finna heimild til refsingar fyrir tilraun og hlutdeild í broti og fer um það samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga.

Um 23. gr.

Með ákvæði þessu er settur ákveðinn rammi um að hvaða marki víkja megi frá skilyrðum þeim sem sett eru í hinum nánar tilteknu greinum. Samkvæmt ákvæðinu er við það miðað að þau ákvæði, sem greinin tiltekur, skuli vera ófrávíkjanleg að því marki sem frávik eru eigi korthafa eða greiðsluviðtakanda til hagsbóta. Verður því að líta svo á að í frumvarpinu sé að finna þær lágmarkskröfur sem gerðar skuli til þeirra atriða er í greinum þessum eru talin upp.

Um 24. gr.

Ákvæði þetta, sem er sambærilegt við 34. gr. dönsku laganna um greiðslukort, er sett með hliðsjón af 12. gr. frumvarpsins, en hér er um að ræða alþjóðleg greiðslukort þar sem uppgjör fer fram erlendis og aðilar búsettir erlendis eiga í hlut, svo sem ferðamenn er hingað koma.

Um 25. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til í 25. gr. að lögin öðlist þegar gildi. Rétt þykir þó að gefa aðilum, er lögunum er ætlað að taka til, hæfilegan frest frá gildistöku þeirra til þess að uppfylla ákvæði 3.–5. gr. frumvarpsins. Enn fremur er eðlilegt og nauðsynlegt að veita greiðslukortafyrirtækjum hæfilegan frest til þess að endurnýja samninga í samræmi við ný lög og koma þá til skoðunar ákvæði 8. gr. frumvarpsins um að einungis skuli krefjast tryggingar af hálfu þriðja manns í undantekningartilvikum, svo og ákvæði 7. gr. frumvarpsins. Rétt þykir þó að heimila þá framkvæmd að sú endurnýjun, sem hér er rætt um, fari fram jafnóðum og greiðslukortasamningar eru endurnýjaðir samkvæmt þeim skilmálum sem um þá gilda ef kortaútgefendur telja eigi unnt að uppfylla skilyrði sem hér eru sett innan þess þriggja mánaða frests sem um er getið í ákvæðinu.

Sþ. 38. Tillaga til þingsályktunar [38. mál]

um athugun á lágmarksframfærslukostnaði í landinu.

Flm.: Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að fela Hagstofu Íslands að kanna, meta og gera sundurliðaða greinargerð um lágmarksframfærslukostnað í landinu. Greinargerðin sýni lágmarksframfærslukostnað manns sem ekki á aðrar eignir sem tengjast framfærslu en föt og venjulegt innbú. Skal greinargerðin miðast við framfærslu í eitt ár á verðlagi í desember 1989. Skal miðað við að maðurinn geti veitt sér hollt og næringarríkt fæði og búi í húsnæði sem ekki spillir heilsu hans og hann þarf ekki að deila með öðrum, einnig að hann geti unnið öll heimilisstörf sjálfur. Meta skal fæðis- og húsnæðiskostnað og hitunar- og rafmagnskostnað sérstaklega. Einnig skal meta aðra kostnaðarliði sérstaklega eftir því sem henta þykir, en við mat á kostnaði við föt, bækur, skemmtanir og annað en brýnustu lífsnauðsynjar skal miða við kostnað sem láglaunafólk hefur haft af þessu í framfærsluvísitölugrundvelli Hagstofunnar.

Þá er Hagstofunni einnig falið að kanna og taka saman greinargerð um lágmarksframfærslukostnað barns sem sýni sundurliðaðan framfærslukostnað fyrir hvert ár frá fæðingu til fullnaðs átján ára aldurs þess. Skal miðað við sömu forsendur og fyrir fullorðinn einstakling með þeirri athugasemd að barnið sé barn einstæðs foreldris sem eins er ástatt um og greinir í fyrri hluta áætlunarinnar.

Sé umtalsverður, meira en 5%, munur á kostnaði við lágmarksframfærslu eftir kyni mannsins eða barnsins skal greina sérstaklega frá því. Einnig skal greina sérstaklega frá mismun sem kann að vera á hitunar- og rafmagnskostnaði eftir búsetu, annars vegar á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar þar sem hann er hvað hæstur í strjálbýli. Hagstofan skal leita sérfræðiaðstoðar utan stofnunarinnar eftir því sem hún telur þörf á.

Leitast skal við að ljúka könnuninni sem fyrst og eigi síðar en 1. júní 1991.

Greinargerð.

Tillaga sama efnis um lágmarksframfærslukostnað var flutt á tveimur síðustu þingum, en fékkst ekki afgreidd. Mikilvægi málsins leyfir ekki slíka niðurstöðu.

Í samfélagi, sem hefur jöfnuð og velferð að meginmarkmiði, hlýtur lágmarksframfærslukostnaður fólks að vera grundvallarstærð sem önnur mörk og viðmiðanir í hagkerfinu verða að miðast við. Er þar átt við lágmarkslaun, elli- og örorkulaun, barnabætur og aðrar greiðslur til framfærslu barna, einnig gengisákvarðanir, vexti, skatta á laun og óbeina skatta og gjöld á lífsnauðsynjar o.fl.

Það er því mjög brýnt fyrir þá sem vinna að samfélagsmálum og þá sem láta sig slík mál varða að hafa upplýsingar um lágmarksframfærslukostnað í landinu. Á þetta hefur skort. Framfærsluvísitala Hagstofunnar byggist á meðaltali framfærslukostnaðar og ekki hefur verið gerð hér á landi alvarleg tilraun til að komast að því hver lágmarksframfærslukostnaður einhleypings er. Hér eru að sjálfsögðu mörg álitamál, t.d. hvort telja eigi með kostnað við tóbaksnotkun, bifreið og fleira. Flutningsmaður tekur ekki afstöðu til þess, en gerir sér vonir um að sundurliðun í greinargerðinni upplýsi um þessa kostnaðarliði sérstaklega, og löggjafarvaldið eða önnur stjórnvöld, sem áhuga hafa á þessum málum, setji með tímanum ákveðnari viðmiðanir sem síðari kannanir á lágmarksframfærslukostnaði skuli miðast við. Sama á við um stærð og búnað húsnæðis og endurgjald fyrir það. Auðvitað er eðlilegt í framtíðinni að miða við ákveðnar grunnþarfir og einhverja nærtækustu lausnina við að uppfylla þær. Þessi og önnur atriði af sama toga skýrast betur við vinnu að verkinu og er við því að búast að Hagstofan, framkvæmdaraðilinn, greini frá matsvandamálum og öðrum atriðum sem ástæða þykir til í forsendum greinargerðarinnar.

Sþ. 39. Skýrsla [39. mál]

utanríkisráðherra um samningaviðræður um Evrópska efnahagssvæðið.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

I. AÐDRAGANDI OG MARKMIÐ SAMNINGAVIÐRÆÐNA UM EES

A. Forsaga samningaviðræðna.

Á síðastliðnu ári stóðu yfir könnunarviðræður EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins um grundvöll að fyllsta mögulega samkomulagi um óhindruð vöruviðskipti, flutning fjármagns, þjónustuviðskipti og atvinnu- og búseturétt með það að markmiði að koma á einu samræmdu Evrópsku efnahagssvæði (EES). Jafnframt yrði þá samið um ýmis jaðarmál, sem þessu tengjast, m.a. menntamál, rannsóknir og þróun, umhverfismál o.s.frv.

Þessar viðræður fóru fram á grundvelli hugmynda Jacques Delors, forseta framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, sem hann setti fram á fundi Evrópuþingsins í Strassborg hinn 17. janúar 1989, yfirlýsingar leiðtogafundar EFTA í Ósló 14.–15. mars 1989 og sameiginlegum fundi ráðherra EFTA og EB í Brussel 20. mars 1989. Stofnuð var stjórnarnefnd háttsettra embættismanna til að kanna möguleika á slíku samkomulagi. Þessi stjórnarnefnd og undirnefndir hennar hófu störf í apríl 1989 og luku könnunarþætti viðræðnanna með því að skila sameiginlegum niðurstöðum 20. október 1989.

Í mati stjórnarnefndarinnar kom fram að nægilegur grundvöllur virtist vera fyrir gerð umfangsmikils samkomulags sem næði til framangreindra þátta. Þeir yrðu að byggjast á því að fella viðeigandi reglur bandalagsins, sem þegar hefðu verið mótaðar og sem aðilar mundu skilgreina sameiginlega, á einn eða annan hátt í samning sem sameiginlegan lagagrundvöll fyrir það Evrópska efnahagssvæði sem komið yrði á. Undantekningar, sem réttlættust af grundvallarhagsmunum, svo og tilhögun aðlögunartíma, ættu að vera

samningsatriði. Enn fremur kom greinilega fram í þessum könnunarviðræðum að mikið starf væri óunnið við að finna viðunandi lausn á mótun og tilhögun ákvarðana innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Skýrsla um þessar könnunarviðræður var lögð fyrir Alþingi í nóvember 1989.

B. Undirbúningsviðræður.

Ráðherrar EFTA-ríkjanna og EB komu að nýju saman til fundar í Brussel 19. desember 1989 og ræddu þar niðurstöður könnunarviðræðnanna. Þar var ákveðið að hefja, eins fljótt og auðið yrði, á fyrra árshelmingi 1990, formlegar samningaviðræður sem hefðu það að markmiði að ná víðtækum samningum milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins. Fram til þess tíma skyldu fara fram undirbúningsviðræður til þess að skilgreina nánar umfang og efnisþætti þessa nýja samskiptaramma.

Stjórnarnefndin kom aftur saman 18. janúar 1990 og ákvað að stefna saman að nýju starfshópunum fimm sem hafði verið komið á fót í fyrri viðræðum þeirra í apríl–október 1989. Í samræmi við niðurstöður nefndarinnar 20. október 1989 lagði stjórnarnefndin fyrir starfshópana að fjalla einkum nánar um fimm þætti, þ.e.:

— vinna sameiginlega að því að afmarka viðeigandi samþykktir Evrópubandalagsins og önnur þau efnisatriði sem ættu að verða hluti af samningnum,
— vinna að því að afmarka þau vandkvæði sem það gæti haft í för með sér fyrir EFTA-ríkin að fella samþykktir EB inn í löggjöf sína,
— skýrgreina hvaða hlutverk viðeigandi nefndir EB gegndu við framkvæmd reglna þess og ræða hvaða almennar lausnir mætti finna varðandi þátttöku EFTA,
— finna hvaða lagatækni og aðferðir mætti nota við að fella viðeigandi samþykktir inn í væntanlegan EES-samning,
— athuga nánar önnur laga- og stofnanamál, t.d. eftirlit og fullnustu og ákvarðanatökuferilinn í væntanlegu EES.

Þessum formlega þætti undirbúningsviðræðna lauk með fundi stjórnarnefndarinnar 20. mars 1990 þar sem ályktað var að þessar viðræður hefðu leitt til skýrari skilnings á afstöðu hvers aðila. Eftir þessa fundi væri það álit stjórnarnefndarinnar að nægilegu ljósi hefði nú verið varpað á mögulegt umfang, efnisatriði og form væntanlegs EES-samnings og að sú athugun hefði styrkt það mat fundarins 20. október 1989 að efnt skyldi til formlegra samningaviðræðna.

Varðandi einstaka þætti undirbúningsviðræðnanna voru fulltrúar í stjórnarnefndinni sammála um að segja eftirfarandi:

Eftir að hafa kannað samþykktir EB bæði varðandi „fjórfrelsið“ og jaðarmálefni ályktaði stjórnarnefndin að svo virtist sem í aðalatriðum væri samkomulag óbindandi er að samningaviðræðum kæmi um það hvaða samþykktir EB það væru sem fella bæri á einn eða annan hátt inn í væntanlegan EES-samning sem sameiginlegan lagagrundvöll Evrópsks efnahagssvæðis. Þó væri enn eftir nokkur vinna til að ljúka þessu verkefni.

Stjórnarnefndin minnti á að tryggja þyrfti innan EES jöfn samkeppniskilyrði og afnám mismununar. Einnig þyrftu að gilda, þar sem við ætti, aðrar grundvallarreglur, eins og þær að hafi ekki verið settar reglur um eiginleika vöru beri að viðurkenna hana á markaði á öllu svæðinu ef hún uppfyllir kröfur þess aðildarríkis sem hún er framleidd í (Cassis de Dijon) og að allir sæti heimalandsmeðferð í viðskiptum.

Þeir minntu og á að ráðherrar EFTA og EB höfðu á fundi sínum í desember 1989 bent

á það markmið að draga ætti úr efnahagslegu og félagslegu misræmi milli landsvæða samningsaðila.

Varðandi landbúnað, svo og fisk og aðrar sjávarafurðir, minntu þeir á niðurstöður viðræðna sinna 20. október 1989.

Gagnleg skoðanaskipti höfðu haldið áfram um samkeppnireglur, ríkisstyrki, upprunareglur og aðgerðir gegn undirboðum innan EES. Stjórnarnefndin lagði áherslu á mikilvægi þess að viðunandi lausn findist á þessum málaflokkum innan EES-samnings.

Við skoðun viðeigandi samþykkta EB gerði stjórnarnefndin einnig fyrstu atrennu til þess að skilgreina betur, án þess þó að binda hendur væntanlegra samningamanna, þau vandkvæði sem það hefði eða gæti haft í för með sér fyrir EFTA-ríkin að fella samþykktir EB inn í EES-samninginn og hvar undanþágur vegna grundvallarhagsmuna eða tíma til aðlögunar þyrfti eða gæti þurft. Framkvæmdastjórn EB lagði á það áherslu að slíkum frávikum yrði að halda í algjöru lágmarki. Þessi mál yrðu veigamikill þáttur í samningaviðræðunum.

Stjórnarnefndin minnti á nauðsyn þess að finna viðeigandi lausnir á laga- og stofnanamálum til þess að tryggja tilætlaðan árangur varðandi efnisatriði. Ýmsar aðferðir voru kannaðar til að fella viðeigandi reglur EB inn í samninginn. Meginreglan ætti að vera sú að reglur, sem væru frumréttareðlis innan EB, yrðu hluti af megintexta samningsins en reglum, sem teljast til afleiddrar löggjafar, mætti koma fyrir í viðaukum og bókunum við hann. Þær mundu hins vegar teljast óaðskiljanlegur hluti samningsins. Af hagkvæmnisástæðum væri rétt að beita tilvísunartækni þar sem því yrði við komið. Fyrstu umræður fóru fram um uppbyggingu og meginþætti væntanlegs EES-samnings sem ráðherrarnir höfðu ákveðið að skyldi verða yfirgripsmikill og spanna fjórfrelsið, jaðarmálefni sem og laga- og stofnanamál.

Stjórnarnefndin staðfesti að verulegt starf hefði verið unnið við að skilgreina grundvallaratriði um ferilinn við ákvarðanatöku, varðandi löggjöf sem sett yrði eftir að heildarsamningur væri kominn á. Það hefði verið gert á grundvelli þeirrar afstöðu aðila sem sett var fram í niðurstöðum fundar stjórnarnefndarinnar 20. október 1989.

Stjórnarnefndin taldi stefna í samkomulagsátt um það að haga bæri samfelldri þróun í mótun ákvarðana þannig að stuðlað væri að töku samhljóða EES-ákvörðunar í lok þess ferils. Báðir aðilar töldu að mikilvægur þáttur í þessum ferli gæti verið að þegar annar hvor aðilinn undirbýr frumkvæði og tillögu þá leiti hann ráða hjá sérfræðingum hins aðilans áður en slíkt EB- eða sameiginlegt EFTA-frumkvæði er formlega tekið eða tillaga lögð fram. Hvor aðili um sig mundi halda fullu sjálfræði ef ekki tækist að ná samhljóða ákvörðunum með þessari tilhögun á mótun ákvarðana. Þetta fyrirkomulag myndi tryggja það að tillit yrði tekið til sjónarmiða mótaðilans áður en hvor aðili tæki nokkra endanlega ákvörðun um mál er varða EES. Hvorugur aðilinn yrði því látinn standa frammi fyrir orðnum hlut. EES-ákvarðanir yrðu þjóðréttarlegar ákvarðanir sem mundu þar sem við ætti, hafa bein réttaráhrif um allt EES eftir gildistöku þeirra.

Varðandi allan þennan feril kom það glöggt í ljós af málflutningi beggja aðila, bæði í starfshópi V og stjórnarnefndinni, að verulega bæri enn á milli. Það væri því staðfest að þessi mál yrðu ekki útkljáð fyrr en í samningaviðræðum.

Sérstakri athygli var beint að einum þætti í ákvarðanatöku, þ.e. hlutverki nefnda sem starfa á grundvelli ýmissa samþykkta Evrópubandalagsins, vegna þess hve augljóslega þær tengjast efnisatriðum hlutaðeigandi samþykkta. Viðurkennt var að finna yrði viðeigandi lausnir innan EES varðandi þátttöku EFTA. Fyrstu skoðanaskipti áttu sér stað

en greinilegt var að þetta mál yrði að leysa í samningaviðræðum.

Báðir aðilar vörpuðu skýrara ljósi á mál sem eru lagalegs eðlis, þ.e. lagagildi og bein réttaráhrif sameiginlegra reglna, jafnt, strangt og áreiðanlegt eftirlit með framkvæmd þeirra um allt Evrópska efnahagssvæðið og sameiginlegan úrskurðaraðila sem yrði skipaður dómurum frá EB- dómstólnum og frá ríkjum EFTA. Hann mundi einn hafa víðtækt umboð til að tryggja snurðulausa framkvæmd EES-reglna.

Varðandi stofnanaþáttinn taldi stjórnarnefndin rétt að koma upp EES-ákvörðunarstofnun sem alla jafna væri skipuð embættismönnum, en gæti einnig, þegar það ætti við, verið pólitískt skipuð. Innan þessarar stofnunar gæti hvor aðili um sig tekið frumkvæði og lagt fram tillögur. Að auki ætti að gera ráð fyrir reglubundnum ráðherrafundum til pólitískrar stefnumörkunar og fundum fagráðherra þegar það ætti við. Gera ætti ráð fyrir sameiginlegum vettvangi þingmanna frá EFTA-ríkjum og fulltrúa Evrópuþingsins. Einnig ætti að ganga frá tilhögun varðandi aðila vinnumarkaðarins.

Á fundi stjórnarnefndarinnar var skýrt frá því að EFTA-ríkin væru þess reiðubúin að Liechtenstein yrði þátttakandi í samningaviðræðunum með það fyrir augum að verða samningsaðili EFTA megin.

C. Upphaf samningaviðræðna.

Ráðherrar EFTA-ríkjanna fjölluðu um niðurstöður könnunar- og undirbúningsviðræðnanna á óformlegum fundi sínum í Genf 3. apríl. Þeir lýstu þar ánægju með undirbúningsstarfið og niðurstöður stjórnarnefndarinnar jafnframt því sem þeir ítrekuðu helstu stefnumið EFTA-ríkjanna í komandi samningaviðræðum.

Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins undirbjó á næstu vikum tillögu sína til ráðherraráðs bandalagsins um umboð fyrir sig til formlegra samningaviðræðna. Það olli nokkrum töfum á endanlegri afgreiðslu þess umboðs að ýmsir þingmenn Evrópuþingsins töldu framkvæmdastjórn hafa stefnt sjálfræði bandalagsins við ákvörðun innri mála sinna í hættu með atriðum í yfirlýsingu stjórnarnefndarinnar frá 20. mars. Með henni væri verið að lofa EFTA-ríkjum meiri áhrifum á mótun og töku ákvarðana en Evrópuþingið hefði. Nokkurt tillit var tekið til þessa málflutnings við endanlega mótun samningsumboðsins til framkvæmdastjórnarinnar þar sem hnykkt var á því að ekki mætti stefna sjálfræði aðila til mótunar eigin ákvarðana í hættu.

Ráðherraráð Evrópubandalagsins samþykkti samningsumboð framkvæmdastjórnar á fundi sínum 17.–18. júní og fyrsti fundur aðalsamninganefndar var síðan haldinn 20. júní.

D. Markmið samningaviðræðna.

Meginmarkmiðum samningsaðila má í stuttu máli lýsa þannig:

Tilgangur samnings: Að koma á samræmdu Evrópsku efnahagssvæði sem nái til EFTA-ríkjanna sex og Liechtenstein og tólf ríkja Evrópubandalagsins. Samningurinn taki gildi 1. janúar 1993.

Efnisatriði: Frjáls vöruviðskipti, fjármagnsmarkaður og þjónustuviðskipti, atvinnu- og búseturéttindi og jaðarmálefni (menntamál, menningarmál, umhverfismál, félagsmál o.s.frv.).

Grundvöllur: Samþykktir Evrópubandalagsins, með fáum og afmörkuðum undantekningum sem réttlætast af grundvallarhagsmunum eins eða fleiri EFTA-ríkja og með aðlögunartíma vegna nokkurra þátta. Jafnvægi milli réttinda og skyldna. Sameiginleg landbúnaðarstefna og sjávarútvegsstefna EB utan samnings.

Meginmarkmið EFTA-ríkja: Að tryggja þegnum sínum hlutdeild í þeim hagsbótum sem fylgja samræmdum markaði með þeim réttindum og skyldum sem af honum leiðir, en gæta þess jafnframt að grundvallarhagsmunum verði ekki fórnað.

Grundvallarkröfur EFTA-ríkja:
— **Undanþágur, sem réttlætast af grundvallarhagsmunum**, verði viðurkenndar sem hluti samnings.
— **Þátttaka á jafnréttisgrundvelli** í daglegri stjórnun og rekstri þeirra sviða sem samið verður um.
— **Sjálfstæði gagnvart ríkjum utan EES.**
— **Jafn réttur til frumkvæðis** um breytingar á reglum sem varða efnisatriði og nýmæli.
— **Full áhrif á mótun og töku nýrra ákvarðana** eða breytinga á fyrri ákvörðunum er varða EES.
— Samningur nái til **sem flestra jaðarmálefna** og full þátttaka í stefnumótun og ákvarðanatöku tryggð.
— **Vörusvið samnings** nái einnig til fisks og annarra sjávarafurða án tengsla við sjávarútvegsstefnu EB að öðru leyti.

Grundvallarkröfur EB:
— **Undanþágur í lágmarki** og meginregla að þær séu aðeins **tímabundnar**.
— **Sjálfræði EB til mótunar og töku ákvarðana sé virt.**
— **Jöfn samkeppnisskilyrði.**
— **Dregið verði úr efnahagslegum og félagslegum mismun** milli ríkja og héraða í EES.
— **Tekið verði tillit til mikilvægis landbúnaðar** fyrir ýmis ríki og svæði Evrópubandalagsins.
— **Jaðarmálefni séu fyrst og fremst þau er beint varða fjórfrelsið.**
— **Leitað verði jafnvægis** milli krafna EFTA um betri **aðgang fyrir sjávarafurðir** að mörkuðum EB og krafna EB um **aðgang að fiskimiðum** EFTA-ríkja.

Meginánersluatriði Íslendinga:
— **Vörusviðið taki til fisks og annarra sjávarafurða** og gildi þar sömu samkeppnisskilyrði og á sviði iðnaðarvara. Bókun 6 við fríverslunarsamning Íslands og EB haldi gildi sínu hvort sem EES-samningi kunni að verða sagt upp eða ekki.
— **Fjárfestingar erlendra aðila, tengdar náttúruauðlindum, takmarkaðar.**
— **Varnaglaákvæði varðandi frjálsan atvinnurétt.**
— Ekki verði slakað á settum kröfum um öryggi, hollustuhætti og umhverfisvernd.

II. STAÐA SAMNINGAVIÐRÆÐNA Í BYRJUN OKTÓBER 1990

Á fyrsta fundi sínum 20. júní tóku aðalsamninganefndirnar þá ákvörðun að skipa fimm undirnefndir vegna einstakra efnisþátta, fyrsta nefnd fjallar um vöruviðskipti, þar á meðal samkeppnisreglur, ríkisstyrki og opinber innkaup og framkvæmdir, önnur nefnd um fjármagn og þjónustuviðskipti, þriðja nefnd um atvinnu- og búseturéttindi, fjórða nefnd um jaðarmálin og fimmta nefnd um lagaleg og stofnanaleg málefni.

Fyrstu fundir undirnefnda fóru fram í lok júní og fyrri hluta júlí. Þar var fyrst og

fremst rifjuð upp afstaða hvors aðila eftir lok könnunar- og undirbúningsviðræðna, enda voru nú fundir framkvæmdastjórnar EB- og EFTA-ríkjanna í fyrsta sinn haldnir í viðurvist fulltrúa allra aðildarríkja Evrópubandalagsins. Þar fór því mikill tími í að rifja upp stöðu mála eftir könnunarviðræðurnar. Síðan kom tími sumarleyfa í Evrópu og því má segja að raunverulegar samningaviðræður hafi ekki hafist fyrr en snemma í septembermánuði.

Þótt samningaviðræðurnar sem slíkar séu þannig augljóslega skammt á veg komnar hefur vinnan undanfarið eitt og hálft ár samt skilað miklum árangri.

Þær samþykktir Evrópubandalagsins, sem mynda eiga grundvöll Evrópsks efnahagssvæðis, hafa nú verið afmarkaðar að mestu leyti.

Af þessum samþykktum eru langflestar á sviði vöruviðskipta eða um 800 talsins. Þær fjalla um samræmingu á kröfum um tækniatriði varðandi vélar, heilbrigðisreglur, matvæli, eiturefni o.s.frv., jöfnun samkeppnisskilyrða, ríkisstyrki, opinber innkaup og framkvæmdir og skaðsemisábyrgð.

Á sviði fjármagnsflutninga og þjónustuviðskipta eru um 200 samþykktir, m.a. almennt um fjárfestingar í fasteignum, stofnun fyrirtækja, tryggingar, bankastarfsemi, kaup-hallarviðskipti, verðbréfaviðskipti, fjarskiptaþjónustu og samgöngur á landi, sjó og í lofti.

Á sviði atvinnu- og búseturéttinda eru um 120 samþykktir, einkum varðandi dvalarleyfi, atvinnufrelsi launþega, stofnsetningarrétt, viðskipti, iðnað, samgöngur, kvikmyndir, heilbrigðisstéttirnar og landbúnað.

Á sviði samninganefndar um jaðarmálefnin er bæði fjallað um þætti þar sem EB-samþykktir liggja fyrir og um almennar samstarfsreglur fyrir ýmsa aðra þætti. Þarna koma til samninga tölfræði, neytendavernd, lítil og meðalstór fyrirtæki og aðgerðir þeim til styrktar, menntamál, ferðamál, almannavarnir, félagaréttur, umhverfismál, rannsóknir og þróun og félagsleg réttindi.

Fimmta undirnefnd samningaviðræðnanna fjallar síðan um laga- og stofnanamál. Þar undir fellur uppbygging samnings, almenn ákvæði hans og ekki síst kjarnaatriðin um ákvarðanatöku, eftirlit og stofnanir.

Veigamikil krafa EFTA-ríkjanna, ekki síst Íslands, er um fríverslun með fisk. Sú krafa hefur að því leyti þá sérstöðu að hún tengist ekki samþykktum Evrópubandalagsins sem lagðar eru til grundvallar EES af þeirri einföldu ástæðu að sjávarútvegurinn innan bandalagsins býr við verndað umhverfi, svipað og landbúnaðurinn. Krafa EFTA er hins vegar fríverslun með fisk með sömu samkeppnisreglum og gilda um iðnaðarvörur, þar á meðal afnám ríkisstyrkja sem trufla viðskipti, afnám magntakmarkana o.s.frv.

Eftir síðustu lotu samningaviðræðna er unnt að gefa eftirfarandi stutt yfirlit um stöðuna:

Fjöldamörg vafaatriði hafa verið skýrð og ýmsir upphaflegir fyrirvarar EFTA hafa verið dregnir til baka í ljósi þeirra viðræðna. Eftir standa allt að einu sjávarútvegsmálin eins og vikið var að áðan og veigamiklir og umfangsmiklir fyrirvarar EFTA-ríkjanna, eins eða fleiri, við ýmsa þætti EB samþykktanna. Einnig standa eftir stærstu atriðin á sviði stofnanalegra mála, þ.e. þátttaka EFTA í nefndum sem annast daglegan rekstur ýmissa efnisþátta EB-samþykktanna, ákvarðanamótun og ákvarðanataka um breytingar á og viðbætur við samning eftir að hann hefur tekið gildi, samkeppnisreglur, almennt eftirlit með því að samningi sé framfylgt og úrskurðaraðili eða dómstóll.

Fulltrúar EFTA-ríkjanna leggja áherslu á að órjúfanleg tengsl séu á milli efnisatriða samnings og stofnanaþáttarins, enda muni sum efnisvandamál hverfa eða minnka ef góð-

ur árangur náist um áhrif EFTA-ríkjanna á stjórnunarþáttinn. Fulltrúar Evrópubandalagsins vilja hins vegar leggja höfuðáhersluna á efnisþættina á þessu stigi og taka síðan fyrir stjórnunarþættina í ljósi þess hversu umfangsmikill endanlegur samningur verður. Það sýnist nokkuð ljóst að fjalla verður um báða þættina nokkuð samhliða, þótt ekki sé það beintengt, ef viðræðum á að miða vel áfram.

Þau vandamál, sem nú rísa hæst, eru bæði á efnissviði og stofnanasviði.

Í vöruhópnum eru deiluefnin bæði varðandi vörusviðið sjálft, þ.e. víkkun þess svo að það nái til sjávarafurða, samkeppnisreglurnar, en þar er talsverð hreyfing, og loks undanþágubeiðnir EFTA-ríkja á þeim sviðum þar sem þau gera meiri kröfur. EB leggur áherslu á að mismunandi kröfur megi ekki valda hindrunum í vöruviðskiptum. Hugsanlegt er að ýmis þessara ágreiningsefna megi leysa með aðlögunartíma vegna þess að báðir aðilar stefna í átt að meiri kröfum varðandi öryggisþætti, heilbrigði og umhverfisvernd.

Á sviði fjármagns- og þjónustuviðskipta eru undanþáguóskir ýmissa EFTA-ríkja enn æði víðtækar. Ná þær til almennra takmarkana á eignarhlutdeild erlendra aðila í veigamiklum atvinnufyrirtækjum, í vinnslu náttúruauðlinda, eignarhaldi í fasteignum og ýmsu öðru. Samræmd afstaða gagnvart þriðju ríkjum um fjármagnsflæði er á óskalista EB en mætir verulegri andstöðu af hálfu EFTA-ríkja. Loks eru réttindi EB-ríkja til landflutninga um Sviss og Austurríki mjög viðkvæmt mál.

Á sviði atvinnu- og búseturéttinda eru það fyrst og fremst víðtækir fyrirvarar Sviss og Liechtenstein við flesta þætti EB-samþykktanna sem bandalagið getur ekki sætt sig við. Röksemdir Sviss eru einkum þær að nú þegar búi og starfi svo margir útlendingar þar að lengra verði ekki gengið. Vegna legu landsins, góðra lífskjara, lítils atvinnuleysis og lítilla tungumálamúra megi búast við óviðráðanlegu innstreymi útlendinga. Þeir bjóðast til að semja um kvóta en á það vill bandalagið ekki fallast. Hugsanleg leið kann að vera að semja um öryggisákvæði sem grípa megi til ef ótti þeirra reynist á rökum reistur. Er það þá svipað ákvæði og Íslendingar hafa borið fram af sinni hálfu.

Á sviði jaðarmála virðast engin óyfirstíganleg vandamál þótt einstök EFTA-ríki hafi á þessu stigi fyrirvara um nokkra þætti, m.a. varðandi birtingu ársreikninga fyrirtækja, réttindi endurskoðenda og nokkra þætti félagslegra réttinda.

Á stofnanasviðinu er það einkum þátttakan í nefndum, sem starfa á grundvelli einstakra samþykkta, ákvarðanamótun og ákvarðanataka um breytingar og viðbætur við samninginn eftir að hann hefur tekið gildi, eftirlitsþátturinn og úrskurðaraðilinn eða dómstóllinn sem verulegur ágreiningur er um á þessu stigi.

III. FRAMHALD SAMNINGAVIÐRÆÐNA

Starfið á næstu mánuðum mun einkum beinast að því að fást við stóru ágreiningsefnin, reyna að skilgreina þau og afmarka nánar hvar um grundvallarhagsmuni er að ræða sem réttlætt gætu undanþágu eða hvar finna mætti lausn með aðlögun eða sérstakri tilhögun, t.d. öryggisákvæðum. Enn fremur að skilgreina nánar hlutverk nefnda í daglegri stjórnun ýmissa efnisþátta og finna leiðir til eðlilegra áhrifa EFTA-ríkja þar, sem og í öðrum stofnanalegum og stjórnunarlegum þáttum Evrópsks efnahagssvæðis.

Í lok fundar aðalsamninganefndar 21. september sl. lögðu fulltrúar bæði Evrópubandalagsins og EFTA-ríkjanna áherslu á að viðræðum miðaði samkvæmt áætlun. Stefnt yrði að því að finna pólitíska heildarlausn á stærstu ágreiningsatriðunum ekki síðar en í fyrri hluta desember. Þá væri eftir vinna við fjölmarga þætti sem gæti tekið fram á næsta

vor. Höfuðatriðið væri að samningurinn gæti tekið gildi samhliða innri markaði Evrópubandalagsins í ársbyrjun 1993.

Pólitískur vilji virðist vera fyrir hendi hjá öllum samningsaðilum til að koma á víðtækum samningi sem tryggi raunverulega samræmt Evrópskt efnahagssvæði og verði grundvöllur samskipta allra ríkja Vestur-Evrópu, bæði EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið og innbyrðis milli EFTA-ríkjanna.

Til þess að þetta markmið náist þarf að fækka þeim undanþágum sem EFTA-ríkin krefjast og þrengja svið undantekninga. Jafnframt og ekki síður þarf Evrópubandalagið að tryggja raunveruleg áhrif EFTA-ríkjanna á rekstur og þróun sameiginlegs efnahagssvæðis. Án hins fyrra ná efnisákvæði samnings ekki tilætluðum árangri. Án hins síðara er EFTA-ríkjunum pólitískt ómögulegt að standa að samningi. Verði samkomulag um Evrópska efnahagssvæðið er komið að kaflaskiptum í samskiptum þjóða Vestur-Evrópu og tryggur grundvöllur fenginn, ekki aðeins fyrir efnahagslegum og menningarlegum samskiptum þeirra, heldur einnig samræmdu átaki til aðstoðar við endurreisn ríkja í austurhluta álfunnar.

IV. VÖRUVIÐSKIPTI

A. Meginmarkmið.

— **Fríverslunarsvæði endurbætt í grundvallaratriðum.** Þróun í átt til tollabandalags ekki útilokuð á síðari stigi, en verður ekki samningsmál í EES nú.
— **Samræmingarstarf** á grundvelli samþykkta Evrópubandalagsins, nema varðandi landbúnað og sjávarútveg.
— **Víkkun vörusviðs** og afnám tolla og annarra viðskiptahindrana. Til athugunar einkum fiskur og aðrar sjávarafurðir og vissar landbúnaðarafurðir. Einnig orka.
— **Afnám magntakmarkana.** Undanþágur vegna öryggishagsmuna. Ákvæði varðandi einkasölur.
— **Engin mismunun í álagningu gjalda innan lands.**
— **Undanþáguákvæði** vegna greiðslujöfnuðarerfiðleika o.þ.h.
— **Undirboðstollum** og svipuðum aðgerðum verði **ekki beitt** innan EES.
— **Upprunareglur.** Frjálslegri reglur um vörur sem settar eru saman úr hlutum frá fleiri en einu landi.
— **Afnám tæknilegra viðskiptahindrana,** t.d. samræming staðla, gæðakrafna o.s.frv.
— **Samræmdar samkeppnisreglur.**
— **Samræmdar reglur um ríkisstyrki.**
— **Opnun markaða fyrir opinber innkaup og framkvæmdir.**
— **Samræmdar reglur um hugverkarétt.**
— **Skaðsemisábyrgð vegna vöru.**
— **Endurbættar reglur um viðskipti með kol og stál.**
— **Orkumál.** Samræming og aukið samstarf um vissa þætti.

B. Almenn stöðulýsing.

Enda þótt samstarf ríkja Vestur-Evrópu um greiðari vöruviðskipti hafi staðið um margra áratuga skeið eru þar enn fjölmargir þættir sem samræma þarf til þess að raunverulega óhindruð vöruviðskipti séu staðreynd milli ríkja EFTA og Evrópubandalagsins og milli EFTA-ríkjanna innbyrðis. Áætlun Evrópubandalagsins um innri markað frá ársbyrjun 1993 hefur knúið á um samræmingu milli ríkja EFTA og EB til þess að koma í

veg fyrir að nýjar viðskiptahömlur til viðbótar þeim, sem fyrir voru, leiði til minnkandi viðskipta.

Í skýrslunni um könnunarviðræður EFTA og EB, sem lögð var fyrir Alþingi í nóvember 1989, var rakin saga viðskiptasamvinnu í Evrópu eftir síðari heimsstyrjöldina og birt helstu grundvallargögn um þau mál að því er Ísland varðar, m.a. EFTA-samningurinn og fríverslunarsamningur Íslands við EB.

Í undirbúningsviðræðunum, sem hófust eftir sameiginlegan ráðherrafund EFTA og EB í desember 1989 og stóðu til 20. mars 1990, var unnið að afmörkun þeirra samþykkta Evrópubandalagsins sem talið var nauðsynlegt að EFTA-ríkin tækju inn í löggjöf sína ef samræming ætti að nást. Sú athugun tók þó hvorki til samþykkta er varða sameiginlega landbúnaðarstefnu bandalagsins sem aðilar voru sammála um að yrði ekki á samningssviðinu né um sameiginlega sjávarútvegsstefnu bandalagsins sem EFTA-ríkin telja óaðgengilega, m.a. vegna tengsla viðskipta við aðra þætti, m.a. styrkjakerfi og sameiginlega stjórnun fiskveiða.

Á vörusviðinu er langmestur fjöldi þeirra samþykkta sem leggja þarf til grundvallar samræmdu efnahagssvæði, eða yfir 800. Nýjar samþykktir bætast við eftir því sem nær dregur formlegri gildistöku innri markaðarins. Mestur fjöldi þessara samþykkta varðar tæknilegar viðskiptahindranir, en annars eru veigamestu þættir samninganna samræming reglna um samkeppni, ríkisstyrki, opinber innkaup, hugverkarétt og skaðsemisábyrgð vegna vöru.

Fyrsti formlegi samningafundur EB og EFTA um vöruviðskipti var haldinn 27.–28. júní, næsti fundur var 13. september og þriðji fundurinn er ráðgerður 12. október.

Á fundunum hefur komið fram að EFTA-ríkin geta í grundvallaratriðum fallist á þorra þeirra samþykkta sem til meðferðar eru, en ýmsar þeirra þó að því tilskildu að þeim verði tryggð viðunandi áhrif í nefndum sem fjalla um daglega stjórn og mótun starfsreglna og tillagna um ýmsa þætti þessara samþykkta. Viðræðurnar eru mislangt komnar. Þannig hefur samningssviðið verið vel skilgreint með sérfræðingavinnu á sviði tæknilegra viðskiptahindrana. Á öðrum sviðum, t.d. varðandi ríkisstyrki og opinber innkaup og framkvæmdir, er sérfræðingavinnu ólokið og stefnumótun á vegum EFTA skemmra á veg komin.

Stærstu vandamálin, sem við er að fást í samninganefndinni um vöruviðskipti, eru:

1. Samræmdar reglur EB sem eitt eða fleiri EFTA-ríki og í sumum tilvikum öll telja að nái skemmra en eigin reglur til að tryggja á fullnægjandi hátt umhverfisvernd, heilbrigði, öryggi og neytendavernd. Sum þessara vandamála virðist unnt að leysa með aðlögunartíma þegar ljóst er að EB er með í mótun sambærilegar reglur. Önnur verða auðleystari ef þátttaka verður tryggð í áframhaldandi stefnumótun í nefndum eftir gildistöku samnings. Erfiðust viðfangs eru þau svið þar sem engin vísbending er um að EB ætli að koma á jafnströngum kröfum á næstu árum og sum EFTA-ríkin hafa gert eða ætla að gera.

Evrópubandalagið hefur af sinni hálfu lagt aðaláherslu á að markmið samninga sé óhindruð vöruviðskipti. Það krefjist þess ekki að EFTA-ríkin minnki þær kröfur sem þau hafi sett sér, en telur að slíkar kröfur megi ekki hindra frjáls viðskipti og því verði vörur frá bandalagsríkjum að eiga aðgang að mörkuðum EFTA-ríkjanna, enda þótt þær uppfylli ekki í öllum atriðum þær kröfur sem EFTA-ríkin geri til eigin framleiðslu eða innflutnings frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Undanþágur frá grundvallarreglunni um afnám hindrana frá 1. janúar 1993 yrðu að vera sem allra fæstar og tíma-

bundnar. Varanlegar undanþágur væru bæði pólitískt vandamál og vandamál við sjálfa framkvæmd EES-samningsins. Aðeins væri unnt að samþykkja þær ef fullar sönnur væru færðar á að raunverulegir þjóðarhagsmunir væru í veði.

2. Viðskipti með sjávarafurðir þar sem EFTA-ríkin krefjast fríverslunar en bandalagið tengir frjálsan aðgang að markaði sínum öðrum þáttum sameiginlegu fiskveiðistefnunnar, svo sem stuðningsaðgerðum við sjómenn aðildarríkjanna til að tryggja þeim svipuð lífskjör og öðrum, þar á meðal markaðskerfi, ríkisstyrkjum, m.a. í formi byggðastyrkja, sameiginlegri fiskveiðistjórn svo og aðgangi að fiskimiðum.

Af hálfu EFTA-ríkjanna hafa verið lögð fram gögn um fríverslunarkerfið innan EFTA og um fiskimálastefnu aðildarríkjanna. Bandalagið hefur lagt fram af sinni hálfu nokkur gögn um sína stefnu í þessum málum og lagt til að samanburður verði gerður á tæknilegum þáttum sem liggja þurfi til grundvallar hindrunarlausum viðskiptum áður en þeir taki upp af sinni hálfu pólitíska þætti eins og aðgang að fiskimiðum. EFTA-ríkin hafa ekki hafnað slíkum samanburði en lagt áherslu á að krafa þeirra sé fríverslun á sama grundvelli og gilda eigi um iðnaðarvörur og lagt fram yfirlit um þá þætti sem þar þurfi til að koma. Ljóst er að þessi þáttur er meðal þeirra erfiðustu í samningaviðræðunum.

3. Samkeppnisreglur eru þriðji þátturinn á sviði vöruviðskipta sem erfitt getur reynst að ná samkomulagi um. Er þar einkum um að ræða hvernig eftirliti skuli hagað með því að umsamdar reglur séu virtar, bæði á sviði ríkisstyrkja, opinberra innkaupa og viðskiptahátta fyrirtækja, og hvernig viðurlögum skuli beitt. Svo virðist sem nokkuð stefni í samkomulagsátt um kerfi sem byggi á því að hvor aðili annist eftirlit og framkvæmd á sínu svæði en jafnframt að náin samvinna verði þar á milli og að unnt verði að skjóta ágreiningsefnum til sameiginlegs úrskurðaraðila ef samkomulag næst ekki. Ýmsum atriðum er þó enn ósvarað í þessum samningsþætti.

C. Einstakir samningsþættir.

1. Vörusvið samnings.

a. Iðnaðarvörur.

EFTA og EB eru sammála um að öll samningsákvæði skuli ná til iðnaðarvöru samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu, þ.e. kafla 25–97 í samræmdu tollskránni. Þó er útkljáð hvort og að hversu miklu leyti samningurinn skuli ná til viðskipta með kol og stál, enda falla þessar vörur undir valdsvið Kola- og stálbandalags Evrópu, en EFTA-ríkin hafa sérstakan samning við það bandalag. Þar eð ráðgert er að sameina samninginn um Kola- og stálbandalagið samningnum um Efnahagsbandalag Evrópu árið 2002 eða jafnvel fyrr er þó líklegt að einhver ákvæði um viðskipti á þessu sviði verði felld inn í EES-samninginn, e.t.v. með fyrirvara um gildistöku miðað við sameiningu bandalaganna.

b. Sjávarafurðir.

Grundvallarágreiningur er milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins um það hvernig taka eigi á þessum þætti í samningaviðræðunum eins og nánar er vikið að í öðrum köflum þessarar skýrslu. EFTA-ríkin halda fram kröfu sinni um fríverslun með sömu skilyrðum og gilda um iðnaðarvörur, þ.e. tollfrelsi, engar magntakmarkanir, sömu samkeppnisreglur, þar á meðal afnám allra ríkisstyrkja sem hafa truflandi áhrif á viðskipti, ákvæði um jafnréttiskjör varðandi fjáröflunargjöld og innlenda skattlagningu, engir undirboðstollar, samstarf um heilbrigðisreglur og önnur atriði sem gætu valdið tæknilegum

viðskiptahindrunum, t.d. flokkunaraðferðir og gæðamat.

Evrópubandalagið hefur lýst sig tilbúið til að ræða ýmis tæknileg atriði og vill jafnframt þeim ræða aðgang að höfnum, stjórn sameiginlegra fiskstofna, skiptingu þeirra og gagnkvæman aðgang að veiðum úr þessum stofnum, en sum þessara atriða telja EFTA-ríkin tvíhliða og ekki raunhæft að ræða í EES-samhengi. Bandalagið hefur jafnframt tekið fram að það vilji ræða þessa þætti fyrst en koma síðan að kröfu sinni um að EFTA-ríkin greiði fyrir betri aðgang að EB-markaðinum með einhliða fiskveiðiheimildum. Þeirri kröfu vísa EFTA-ríkin alfarið á bug. Áfram verður unnið á næstu vikum að tæknilegum atriðum en ljóst er að tekist verður á um grundvallaratriðin í beinum tengslum við þá höfuðþætti aðra sem pólitísk lausn verður að fást á ef samningar um Evrópskt efnahagssvæði eiga að takast.

c. Landbúnaður.

Þegar í könnunarviðræðunum varð ljóst að hvorki EB- né EFTA-ríkin, að Austurríki undanskildu, töldu æskilegt EES næði til sameiginlegrar landbúnaðarstefnu, enda er þar um svo flókið og viðamikið mál að ræða að ógerlegt má heita fyrir einstök ríki að taka þátt í henni án aðildar að bandalaginu. Báðir aðilar lýstu hins vegar vilja sínum til að greiða frekar fyrir viðskiptum með landbúnaðarvörur, eiga samvinnu um heilbrigðiskröfur og endurbæta viðskiptakerfið með vörur sem unnar eru úr landbúnaðarhráefnum, sbr. bókun nr. 2 við fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið.

Bandalagið mun á næstunni leggja fram hugmyndir sínar í þessum efnum og þá munu EFTA-ríkin einnig setja fram tillögur um auðveldari viðskipti með nokkrar vörutegundir, einkum þær sem unnar eru úr hráefnum úr landbúnaði.

d. Jöfnun lífskjara (cohesion).

Stefnumið bandalagsins um jöfnun lífskjara milli landsvæða innan þess tengist mjög landbúnaðarmálum. Er þar einkum um að ræða að bandalagið telur að EFTA-ríkjunum beri að greiða fyrir það hagræði sem þau hafa af óheftum aðgangi fyrir iðnvarning sinn að samræmdum innri markaði með frjálsari aðgangi að EFTA-mörkuðunum fyrir landbúnaðarafurðir sem einkum suðurríki bandalagsins framleiða. EFTA-ríkin hafa tekið jákvætt í þessar hugmyndir en efnislegar tillögur hafa enn ekki komið fram af hálfu bandalagsins. Á sviði sjávarútvegs hefur bandalagið haft í frammi sams konar hugmyndir vegna ýmissa afskiptra sjávarútvegshéraða á suðurvæng þess og á Írlandi. Undir þær hefur ekki verið tekið og hafa Íslendingar bent á að fyrir betri markaðsaðgang iðnaðarvöru frá Vestur-Evrópu verði að koma betri aðgangur íslenskra sjávarafurða að mörkuðum þar.

2. Afnám magntakmarkana.

Innan EES verður stefnt að almennu afnámi magntakmarkana á vörusviði samningsins. Þegar eru í gildi samningar milli EFTA-ríkjanna og EB um þessi mál, en ákvæðin verða nú væntanlega samræmd ákvæðum Rómarsáttmálans með sömu undanþágu- eða öryggisákvæðum og þar gilda. Að hversu miklu leyti þau gilda um sjávarútveg og landbúnað fer eftir öðrum niðurstöðum um þá málaflokka. Einkasölufyrirtæki og fyrirtæki, sem hafa einkaleyfi til inn- eða útflutnings, koma til athugunar bæði undir þessum þætti og varðandi samkeppnisreglurnar. Grundvallarkrafa EB er að magntakmörkunum verði ekki beitt í skjóli slíks fyrirkomulags. Í bókun nr. 4 við fríverslunarsamning Íslands við

EB er heimild til magntakmarkana á innflutningi olíuvara til Íslands vegna viðskiptanna við Sovétríkin. Sett hefur verið fram ósk um að sú tilhögun geti gilt áfram.

3. Tæknilegar viðskiptahindranir.

Undir þetta safnheiti fellur fjöldi atriða sem geta torveldað eða hindrað vöruviðskipti. Er þar um að ræða mismunandi öryggiskröfur, heilbrigðisreglur, reglur vegna umhverfisverndar, kröfur um eiginleika vöru, staðla á ýmsum sviðum o.s.frv. Allt að helmingur þeirra samþykkta Evrópubandalagsins sem eru til umræðu sem lagagrundvöllur Evrópsks efnahagssvæðis fellur undir þennan flokk. Eru þar fyrirferðarmestar reglur um vélar og ökutæki og um matvæli. Til þess að ná því markmiði að mismunandi reglur valdi ekki viðskiptahindrunum þarf bæði að samræma kröfur og semja um gagnkvæma viðurkenningu prófana og vottorða um eiginleika vöru. Þar sem sameiginlegar reglur hafa enn ekki verið settar gildir innan Evrópubandalagsins sú grundvallarregla sem dómstóll Evrópubandalagsins mótaði og gengur undir nafninu „Cassis de Dijon"-reglan. Í henni felst að hafi ekki verið settar sameiginlegar reglur um eiginleika vöru beri að viðurkenna hana á markaði allra aðildarríkjanna ef hún uppfyllir kröfur þess aðildarríkis sem hún er framleidd í.

EFTA-ríkin hafa samþykkt að „Cassis de Dijon"-reglan skuli í grundvallaratriðum gilda um Evrópska efnahagssvæðið. Hins vegar leggja þau höfuðáherslu á að ekki sé unnt að slaka á kröfum um heilbrigði, hollustu og umhverfi þar sem þau geri meiri kröfur en ríki EB. Þó nokkrar reglur EB falla undir þessa skilgreiningu og er viðunandi lausn á þessum málum meðal viðkvæmustu atriða í samningaviðræðunum eins og nánar er vikið að hér að framan.

4. Upprunareglur.

Reglur um uppruna vöru í viðskiptum innan Evrópska efnahagssvæðisins eru nauðsynlegar þar sem ekki verður samið um tollabandalag. Að öðrum kosti getur samkeppnisstaða skekkst vegna mishárra tolla á aðföngum. EFTA-ríkin hafa lagt fram ákveðnar óskir um einföldun þessara reglna, samsöfnunaráhrif einstakra þátta framleiðslunnar frá öllum ríkjum svæðisins og almenna 50% hlutdeildarreglu, þ.e. að allar unnar vörur, þar sem verðmæti hráefna sem er notað við framleiðslu þeirra og eiga uppruna utan svæðisins, verði taldar upprunavörur ef verðmæti slíkra hráefna er innan við 50% af verðmæti vörunnar. Fulltrúar Evrópubandalagsins hafa tekið jákvætt í ýmsar af hugmyndum EFTA-ríkjanna en eru enn að athuga hvaða áhrif þessar breytingar gætu haft á ýmsar greinar iðnaðar innan bandalagsins.

5. Samkeppnisreglur.

Evrópubandalagið og ríki EFTA greinir í sjálfu sér ekki á um að sömu samkeppnisskilyrði verði að ríkja á öllu efnahagssvæðinu. Ágreiningur hefur hins vegar verið innan EFTA og við bandalagið um það hvernig samkeppnisreglurnar ættu að vera, hvernig fylgjast ætti með því að þær væru ekki brotnar, hver ætti að ákvarða viðurlög við brotum, hver ætti að framfylgja slíkum úrskurðum og hvert mætti áfrýja þeim.

Á vörusviðinu á þetta við um ríkisstyrki, opinber innkaup og aðgerðir fyrirtækja, t.d. hringamyndun og annað atferli sem skaðað getur neytendur eða fyrirtæki í öðrum samningsríkjum.

Umræður um þennan málaflokk virðast stefna í þá átt að komið verði upp svonefndu

tveggja stoða kerfi þar sem hvor aðili, Evrópubandalagið og EFTA, beri frumábyrgðina á sínu svæði, en stoðirnar tvær verði tengdar þannig að þær hafi samstarf sín á milli um skiptingu mála, geti komið sínu áliti á framfæri við mótaðilann, geti rætt ágreiningsefni um túlkun og beitingu reglnanna sín á milli og loks skotið málum til sameiginlegs úrskurðaraðila eða dómstóls ef ekki næst samkomulag. Lausn á þessu máli verður væntanlega meðal þeirra atriða sem ráða úrslitum um gerð samnings.

6. Ríkisstyrkir.

Samræmdar reglur um ríkisstyrki eru meðal þeirra þátta sem teljast til samkeppnisreglna, sbr. 5. tölul. hér að framan. Slíkir styrkir hafa víða verið tíðkaðir bæði innan EB og EFTA. Ekki er til umræðu að banna slíka styrki heldur að setja samræmdar reglur um hvar og hvenær heimilt er að veita þá, svo og um eftirlitsþáttinn. Ríki EFTA og EB eru sammála um að stefnt skuli að því að ríkisstyrkir til iðnaðar falli niður á næstu árum, nema þegar byggðasjónarmið eða umhverfissjónarmið eru rík. Í landbúnaði tíðkast hins vegar miklir ríkisstyrkir hjá báðum aðilum en takmarkanir á þeim eru nú til umfjöllunar hjá GATT. EFTA-ríkin hafa samið um það sín á milli að ríkisstyrkir til sjávarútvegs, sem geta haft áhrif á viðskipti, skuli falla niður eigi síðar en í árslok 1993. Innan Evrópubandalagsins tíðkast hins vegar ríkisstyrkir til sjávarútvegs sem hluti af sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni. Þeir eru að hluta reistir á byggðasjónarmiðum en geta að öðru leyti haft truflandi áhrif á viðskipti. Í samningaviðræðunum er samkomulag um að stefnt skuli að samræmdum reglum um tvenns konar styrki, annars vegar þá sem geti réttlæst af byggðasjónarmiðum og hins vegar af umhverfisvernd. EFTA-ríkin vilja að fleiri þættir komi til skoðunar varðandi byggðastyrki en nú gildir innan Evrópubandalagsins. Er þar einkum átt við fámenni einstakra byggða, fjarlægð frá mörkuðum og erfitt veðurfar. Á sviði umhverfismála stefna báðir aðilar að því að setja þá grundvallarreglu að sá borgi aðgerðir sem valdið geti mengun (polluter pays). Allt að einu verður væntanlega heimild til takmarkaðra styrkja á þessu sviði.

Enn eitt atriði kemur til samninga varðandi ríkisstyrki en það er heimildarákvæði hjá Evrópubandalaginu um að veita ríkisstyrki ef það er í þágu bandalagsins sem heildar. Þótt þessu ákvæði hafi mjög sjaldan verið beitt eru ríki EFTA ekki sátt við að þessi heimild bandalagsins gildi áfram á Evrópska efnahagssvæðinu. Það mál hefur þó ekki verið verulega rætt enn þá.

7. Opinber innkaup og framkvæmdir.

Aðilar eru sammála um að opna markaði fyrir opinber innkaup og framkvæmdir innan Evrópska efnahagssvæðisins. Nauðsynlegt er þó að semja um aðlögunartíma vegna nokkurra ríkja þar sem sjálfstjórnarhéruð fara að nokkru með þessi mál.

Í dómum dómstóls Evrópubandalagsins hefur verið staðfest að heimilt er að krefjast þess að virtar séu aðstæður á þeim stað þar sem framkvæmdir fara fram. Þetta þýðir m.a. að virða skal ákvæði um lágmarkslaun og félagsleg réttindi. Verður nánar fjallað um þetta atriði í samninganefndinni um atvinnu- og búseturéttindi.

Ágreiningur er um það hvort samræmdar reglur skuli gilda innan svæðisins vegna fyrirtækja utan þess. Vill Evrópubandalagið samræmingu en EFTA vill hafa sjálfræði um slíkar reglur. Eftirlitskerfi er nauðsynlegt til að tryggja að samkomulagið sé virt og

tryggja þarf að fyrirtæki sem misrétti eru beitt geti leitað réttar síns og krafist bóta. Nánari tilhögun er til umræðu í víðara samhengi eftirlits með nokkrum öðrum þáttum EES-samnings.

8. Orkumál.

Í samninganefndinni um vöruviðskipti hafa orkumál einnig verið rædd. Innan Evrópubandalagsins fjalla nokkrar samþykktir um orku, þ.e. sölu og dreifingarþáttinn, og telja EFTA-ríkin ekki vandkvæði á að fella þær inn í samning. Á hinn bóginn leggur bandalagið mikla áherslu á að inn í samninginn komi einnig samþykkt þess um lágmarksbirgðir eldsneytis (til a.m.k. 90 daga) til þess að tryggja að mismunandi aðstaða samningsríkjanna á því sviði valdi ekki spennu í almennum viðskiptum á tímum orkukreppu. EFTA-ríkin hafa ekki talið þörf á þessu ákvæði í samningi og bent á að þau séu flest aðilar að Alþjóðaorkustofnuninni sem leggi aðildarríkjunum sams konar skyldu á herðar. Bandalagið bendir af sinni hálfu á að reglur innan þeirrar stofnunar leggi ekki lagaskyldu á aðila um að standa við skuldbindingar sínar eins og samþykkt EB gerir. Ekki hefur verið gert út um þetta mál í samningaviðræðunum.

9. Hugverkaréttur.

Á tímum örra tækniframfara er verulegur hluti vöruverðs oft fólginn í kostnaði við rannsóknir og þróun. Hægt gengur að ná samkomulagi um vernd hugverkaréttar innan GATT og því er talið nauðsynlegt að samið verði sérstaklega um þessi mál innan EES. Aðilar eru nokkuð sammála um grundvallaratriðin en vissir þættir eru til nánari skoðunar, m.a. lok réttinda, afstaðan til ríkja utan EES og líftækni.

D. Íslensk viðhorf.

Hlutaðeigandi ráðuneyti og undirstofnanir þeirra hafa skoðað flesta þá þætti sem vikið er að hér að framan. Tiltölulega fá vandkvæði hafa komið í ljós, en gerð verður grein fyrir þeim hér á eftir. Að öðru leyti er vísað til samanburðar á íslenskri löggjöf og samþykktum Evrópubandalagsins sem utanríkisráðuneytið hefur nýlega gefið út.

Af hálfu Íslands hefur höfuðáhersla verið lögð á viðskiptin með sjávarafurðir. Samningaviðræður um þessi viðskipti byggjast ekki á samþykktum Evrópubandalagsins fremur en viðræður um landbúnaðarmál. Af því leiðir að þær samþykktir hafa ekki komið til athugunar eða samanburðar við íslenska löggjöf eða löggjöf annarra EFTA-ríkja. Ekki er unnt á þessu stigi að segja fyrir um þróun samningaviðræðna, en íslenskum hagsmunum verður haldið til streitu á þessu sviði.

Á ýmsum sviðum, sem falla undir afnám tæknilegra viðskiptahindrana, er markmiðið að samræming verði sem víðtækust til að draga úr mögulegum áhrifum „Cassis de Dijon"-reglunnar, auk þess sem samræming yrði íslenskum framleiðendum mjög til hagræðis við útflutning. Í yfirferð á löggjöf Evrópubandalagsins með hliðsjón af íslenskum lögum hefur komið í ljós að reglur EB ganga í sumum tilvikum lengra en íslensk lög eða ákvæði vantar í íslenska löggjöf, svo sem um mælitæki, búnað bifreiða og ýmsar öryggis- og hollustukröfur á vinnustöðum.

Tveir málaflokkar, sem fjallað er um í tengslum við afnám tæknilegra viðskiptahindrana, eru langumfangsmestir, þ.e. þeir sem varða vélknúin ökutæki og matvæli.

Samræmingu matvælalöggjafar innan bandalagsins er ekki að fullu lokið en í sumum atriðum nær íslensk löggjöf (og þá oftast norræn) lengra en reglur bandalagsins.

Matvælalöggjöfinni má skipta í nokkra meginkafla, þ.e. aukaefni, varnarefni, umbúðamerkingar, efni og hluti sem komast í snertingu við matvæli, matvælaeftirlit, sýnatöku og greiningu og loks sérreglur um vörustöðlun. Í stuttu máli má líta svo á að rammalöggjöf EB um aukaefni, sem samþykkt var á síðastliðnu ári, sé lítið frábrugðin íslenskum reglum um aukaefni, en þar sem samræmdur aukaefnalisti er enn ekki kominn fram hjá EB má segja að íslenskar reglur séu nákvæmari en reglur EB. Almennar reglur um umbúðamerkingar eru mjög sambærilegar hér á landi og innan EB, en þó er í íslenskum reglum tekið á ýmsum þáttum sem reglur EB ná ekki til, svo sem varðandi næringargildismerkingar, neikvæðar merkingar, merkingu varðandi skerðingu hráefna og sérreglur um drykkjarvörur og vörur sem innihalda sætuefni. Varðandi aðra þætti er hins vegar að finna tiltölulega fá eða gömul ákvæði í íslenskum lögum sem kalla á endurskoðun og setningu nýrra reglna.

Vegna aldalangrar einangrunar Íslands eru samræmdar reglur um eftirlit með heilbrigði dýra og jurta erfiðar viðfangs. Ýmislegt bendir þó til þess að í væntanlegum EES-samningi verði fremur stefnt að samráðum en samræmingu, m.a. vegna þess að almenn fríverslun með landbúnaðarafurðir er ekki ráðgerð.

Af þeirri yfirferð, sem fram hefur farið á vörusviðinu, sýnist ljóst að óháð því hvort gerður verður EES-samningur þarf að gera víðtækar breytingar á íslenskri löggjöf ef koma á í veg fyrir að íslenskur útflutningur mæti verulegum hindrunum á Evrópumarkaði.

V. FJÁRMAGNS- OG ÞJÓNUSTUVIÐSKIPTI

A. Meginmarkmið.

— **Sameiginlegur markaður fyrir bankaþjónustu.**
— **Sameiginlegur markaður fyrir þjónustu verðbréfafyrirtækja og annarra fjármálastofnana** sem ekki teljast til banka eða sparisjóða.
— **Sameiginlegur markaður fyrir vátryggingastarfsemi.**
— **Frelsi í flutningastarfsemi** milli ríkja.
— **Sameiginlegur markaður fyrir sérhæfða fjarskiptaþjónustu.**
— **Sameiginlegur markaður fyrir þjónustu á sviði útvarps og sjónvarps og á sviði kvikmyndaframleiðslu.**
— **Sameiginlegur markaður fyrir upplýsingaþjónustu og aðgang að gagnabrunnum.**
— **Frjálsar fjármagnshreyfingar** milli ríkja.
— **Sameiginlegur markaður með verðbréf.**

B. Almenn stöðulýsing.

Í undirbúningsviðræðunum voru þær samþykktir Evrópubandalagsins, sem varða þjónustusvið og fjármagnshreyfingar kannaðar, ítarlega og bornar saman við löggjöf hvers EFTA-ríkis. Jafnframt settu fulltrúar einstakra EFTA-ríkja fram fyrirvara með rökstuðningi um einstök atriði.

Fyrsti samningafundur um þessi efni var haldinn 3. júlí og síðan hafa verið haldnir samningafundir dagana 5. og 28. september.

Á fundunum hefur það sama komið fram og gildir um vöruviðskipti að EFTA-ríkin geta í grundvallaratriðum fallist á flestar samþykktir Evrópubandalagsins á þessum sviðum, þó að því tilskildu að þeim verði tryggð viðunandi áhrif á mótun nýrra reglna og ákvörðunarvald um framkvæmd réttarvörslu á þessu sviði. Af hálfu fulltrúa Evrópu-

bandalagsins hefur komið fram mikil andstaða við þær undanþágur frá ákvæðum samþykktanna sem EFTA hefur óskað eftir fyrir hönd einstakra aðildarríkja og tregða hefur verið af hálfu bandalagsins á því að ræða stofnanalega hlið réttarvörslu og réttarmyndunar í sameiginlegum EES-rétti.

Af hálfu samninganefndar II er nú vinna hafin við það að móta form að drögum EES-samnings á samningssviði nefndarinnar. Er ætlunin að fullgera drögin síðar eftir því sem samningaviðræðunum miðar áfram.

C. Einstakir samningsþættir.

Stærstu vandamálin, sem við er að eiga í samninganefndinni um þjónustuviðskipti og fjármagnshreyfingar, eru:

1. Bankastarfsemi.

Að því er varðar sameiginlegan markað fyrir bankaþjónustu hefur mikið verið rætt um þá grundvallarreglu að bankastofnun, sem fær starfsleyfi í einu ríki hins Evrópska efnahagssvæðis, fái um leið sjálfkrafa starfsleyfi í þeim öllum undir eftirliti yfirvalda í heimalandi sínu. Ekki er ágreiningur um þetta atriði enda gert ráð fyrir því að öll skilyrði fyrir starfsleyfi banka séu hin sömu og bankaeftirlit einstakra ríkja fylgi samræmdum verklagsreglum. Upp kemur hins vegar vandamál varðandi starfsleyfi banka frá ríkjum utan EES. Evrópubandalagið gerir kröfu til gagnkvæmni, þ.e. að slíkir bankar fái því aðeins starfsleyfi í ríkjum bandalagsins, að bankar þaðan fái einnig starfsleyfi í viðkomandi þriðja ríki. Er ætlunin að bandalagið láti semja svartan lista yfir þau ríki sem ekki veita bönkum frá bandalagsríkjum starfsleyfi og leggja fulltrúar bandalagsins til að sá listi gildi einnig innan EES, þannig að bankar frá þriðju ríkjum á svarta listanum fái ekki starfsleyfi á öllu svæðinu. EFTA hefur stungið upp á því að starfsleyfi verði tvenns konar, þ.e. leyfi sem gildi fyrir allt svæðið og leyfi sem aðeins gildi í einu EES-ríki, en við útgáfu slíks leyfis þurfi ekki að gæta gagnkvæmnisskilyrða. Fulltrúar Evrópubandalagsins hafa hafnað þessu. Upp á síðkastið hafa umræður snúist á þann veg að rætt hefur verið um þær reglur sem fylgt verði við samningu áðurnefnds svarts lista og um hugsanlega aðild EFTA-ríkja að samningaviðræðum við þriðju ríki varðandi starfsleyfi banka. Engin niðurstaða liggur enn fyrir á þessu sviði.

2. Fjármálaþjónusta utan banka.

Samkomulag er í meginatriðum um fjármálaþjónustu utan banka, svo sem þjónustu verðbréfafyrirtækja. Nokkrar umræður hafa orðið um starfsemi lánastofnana sem falla utan við venjulega fjármálaþjónustu, svo sem starfsemi opinberra húsnæðis- og byggðasjóða. Hafa EFTA-ríkin lagt fram lista yfir þær stofnanir sem þau telja að falla eigi utan við reglur sem um verður samið á þessu sviði.

3. Vátryggingastarfsemi.

Samkomulag er um myndun sameiginlegs markaðar EES-ríkjanna á sviði vátryggingastarfsemi og gildir þar í meginatriðum sama regla og varðandi bankastarfsemi, þ.e. að starfsleyfi vátryggingafélags í einu ríkjanna veitir því rétt til starfsemi í þeim öllum. Tryggingaeftirlit heimaríkis fylgist með rekstrinum. Frá þessu eru þó undantekningar sem byggjast á neytendavernd í bifreiðatryggingum.

Miklar umræður hafa orðið um ýmiss konar afbrigði í skipulagi vátryggingastarfsemi

í einstökum EFTA-ríkjum og hvort þau falli undir almennar reglur EB-réttarins. Meðal annars hefur því verið slegið föstu að fyrirkomulag brunatrygginga á húseignum hér á landi geri það ekki, en svipað fyrirkomulag er við lýði í norðurhluta Þýskalands og í Sviss. Bátaábyrgðarfélög hér á landi og í Noregi eru einnig afbrigði frá venjulegu skipulagi vátryggingastarfsemi sem taka þarf til sérstakrar athugunar í ljósi EB-reglna um vátryggingastarfsemi.

4. *Flutningasviðið.*

Umræður um flutningasviðið hafa að mestu snúist um landflutninga og um þá fyrirvara er EFTA gerir fyrir hönd Sviss og Austurríkis, en þeir snúa að rétti EES-borgara til flutninga yfir landsvæði fyrrnefndu ríkjanna. Er hér um nokkra fyrirvara að ræða, en þeirra á meðal er sú afstaða Svisslendinga að leyfa ekki hærri heildarþunga vöruflutningabifreiða á svissneskum vegum en 28 tonn, en bandalagið gerir kröfur til þess að sú regla, sem þar gildir, þ.e. 40 tonna heildarþungi, gildi einnig í landflutningum um Sviss. Samhliða EES-viðræðunum eiga Svisslendingar og Austurríkismenn einnig í tvíhliða samningaviðræðum við Evrópubandalagið um réttindin til landflutninga um Sviss og Austurríki og mun ætlunin að fella niðurstöðu þeirra samninga inn í væntanlegan EES-samning.

Vonir höfðu staðið til þess fyrr á þessu ári að EFTA-ríkin gætu sameiginlega hafið samninga um loftferðamál við Evrópubandalagið, en af því varð ekki þar eð bandalagið kaus að hefja fyrst samninga við Norðmenn og Svía vegna aðildar þeirra að SAS-flugfélaginu. Á meðan liggja samningaviðræður niðri á þessu sviði milli bandalagsins annars vegar og Austurríkismanna, Finna, Íslendinga og Svisslendinga hins vegar. Hér er um þýðingarmikið hagsmunamál að ræða fyrir EFTA-ríkin sem vilja auka athafnafrelsi flugfélaga sinna á 370 milljón manna markaði EES.

Reglur Evrópubandalagsins á sviði sjóflutninga eru í mótun.

5. *Sérhæfð fjarskiptaþjónusta.*

Umræður um fjarskiptaþjónustu hafa annars vegar verið um afnám ýmissa tæknilegra hindrana og samræmingu reglna á því sviði og hins vegar að auka samkeppni á svið fjarskiptaþjónustu með því að koma á opnum markaði á þjónustu sem fer um grunnnet símastjórna innan EES. Samkvæmt tilskipun ráðsins ber aðildarríkjum að fella niður öll einkaleyfi eða sérleyfi til að veita fjarskiptaþjónustu annarra en talsíma. Íslensk stjórnvöld hafa óskað eftir að gagnaflutningsþjónusta lúti einnig einkarétti og óskað eftir undanþágu frá tilskipuninni varðandi það atriði. Á fundi með fulltrúum Evrópubandalagsins kom fram að undanþágur yrði að meta í hverju tilviki, t.d. einkenni markaðar og landfræðilegar aðstæður.

6. *Sameiginlegur markaður fyrir upplýsingaþjónustu og rekstur gagnabrunna.*

Umræður hafa verið milli aðila um hina viðskiptalegu hlið upplýsingaþjónustu og rekstur gagnabrunna á sameiginlegum EES-markaði, en hér er um málefni að ræða sem einnig tengist viðfangsefnum samninganefndar IV.

Fulltrúar Evrópubandalagsins telja engar EB-samþykktir vera í gildi á þessu sviði, en hins vegar kunni að vera einstök verkefni í gangi á vegum bandalagsins sem EFTA-ríkin hefðu hag af þátttöku í. Eins og fram kom í skýrslu utanríkisráðherra í nóvember 1989 er vegna menningarlegrar sérstöðu Íslendinga e.t.v. ekki raunhæft að hérlend starfsemi

á þessu sviði geti aflað tekna á erlendum markaði, en atvinnulíf og vísindastarfsemi hér á landi geta haft gagn af frjálsum aðgangi að upplýsingabrunnum annarra EES-ríkja sem þegar eru notaðir í nokkrum mæli.

7. Þjónusta á sviði útvarps og sjónvarps og á sviði kvikmyndaframleiðslu.

Miklar umræður hafa orðið á samningafundunum um það hvort hægt sé að byggja samstarf innan EES á sviði útvarps- og sjónvarpsmála á sáttmála Evrópuráðsins eða á samþykktum Evrópubandalagsins um sjónvarpssendingar án landamæra. Hafa fulltrúar EFTA haldið fram fyrri kostinum, en fulltrúar EB hafa hafnað honum og talið að samstarfið innan EES verði umfram allt að byggjast á núgildandi reglum bandalagsins. Íslendingar hafa þá sérstöðu að geta hvorugan kostinn valið sökum lögboðinnar þýðingarskyldu á mótteknu sjónvarpsefni sem endurútvarpað er í kaplakerfi eða á annan hátt.

Sérstök athugun fer nú fram á þeim frávikum sem yrðu milli íslenskrar löggjafar og EES-löggjafar á þessu sviði byggðri á reglum Evrópubandalagsins.

8. Verðbréfaviðskipti og aðrar fjármagnshreyfingar milli ríkja.

Í samningaviðræðunum hefur ítarlega verið fjallað um þennan þátt og hafa EFTA-ríkin í meginatriðum fallist á að aðlaga löggjöf sína EB-rétti á sviði verðbréfaviðskipta, en það mun ekki kalla á miklar breytingar hér á landi þótt vanþróaður verðbréfamarkaður okkar þurfi nokkurn aðlögunartíma. Nauðsynlegt er að á sameiginlegum markaði EES-ríkja gildi strangar reglur um útgáfu og gerð verðbréfa og eftirlit með þeirri starfsemi til þess að koma í veg fyrir fjársvik.

Með þeirri breytingu á skipan gjaldeyris- og innflutningsmála, sem gildi tók 1. september sl., munu Íslendingar standa jafnfætis öðrum EES-ríkjum 1. janúar 1993 að því er varðar fjármagnshreyfingar aðrar en skammtímahreyfingar sem valdið geta óróa í gengis- og vaxtamálum, en í reglunum eru m.a. viðskipti með verðbréf milli Íslands og annarra ríkja gefin frjáls í tímasettum áföngum.

Íslendingar hafa gert varanlega fyrirvara varðandi beina fjárfestingu á nokkrum sviðum og er þar fyrirvarinn um bann við fjárfestingu erlendra aðila í fiskveiðum og fiskvinnslu tvímælalaust þýðingarmestur.

D. Íslensk viðhorf.

Skoðun á löggjöf Evrópubandalagsins á framangreindum sviðum hefur ekki leitt í ljós nein meiri háttar vandamál þegar frá eru talin þau atriði sem stangast á við þá varanlegu fyrirvara sem Íslendingar hafa gert í viðræðunum.

Þá hafa Íslendingar óskað eftir aðlögunartíma á allmörgum sviðum eftir 1. janúar 1993. Er þar um að ræða aðlögunartíma vegna nauðsynlegra breytinga á lögum og reglugerðum og einnig er farið fram á aðlögunartíma til þess að fyrirtæki og einstaklingar geti fellt atvinnurekstur sinn að breyttu umhverfi.

VI. ATVINNU- OG BÚSETURÉTTUR

A. Meginmarkmið.

— **Frjáls atvinnu- og búseturéttur fyrir launþega, sjálfstætt starfandi einstaklinga og fjölskyldur þeirra** innan Evrópska efnahagssvæðisins á grundvelli reglunnar um jafnan rétt á við ríkisborgara í því landi þar sem atvinnan er stunduð.

— **Afnám mismununar vegna þjóðernis** varðandi almenn lífsskilyrði í því landi þar sem atvinnan er stunduð, svo sem ráðningar og starfsskilyrði og félags- og efnahagsleg skilyrði, þar á meðal jafn réttur til almannatrygginga og réttur til þátttöku í verkalýðsfélögum.
— **Frjáls aðgangur að menntun og starfsþjálfun.**
— **Gagnkvæm viðurkenning á prófskírteinum**, samræming á aðgangi að einstökum starfsgreinum og viðurkenning á sambærilegri starfsþjálfun.
— **Samvinna þeirra sem fara með stjórnun vinnumarkaðanna í aðildarríkjunum.**
— **Samvinna um einföldun eftirlits með fólki á landamærum.**

B. Frjáls atvinnu- og búseturéttur.

1. Grundvallarreglur.

Grundvallarreglur EB um frjálsan atvinnu- og búseturétt er að finna í Rómarsáttmálanum (48.–58. gr.). Í reglugerð 1612/1968 voru settar meginreglur um frjálsan atvinnu- og búseturétt innan EB og hafa fleiri reglugerðir og tilskipanir síðan fylgt í kjölfarið til nánari útfærslu á markmiðum Rómarsáttmálans.

Meginregla EB um frjálsan atvinnu- og búseturétt innan EB kveður á um að óheimilt sé á grundvelli þjóðernis að mismuna launþegum aðildarríkjanna varðandi rétt til atvinnu, launa og annarra félagslegra réttinda. Jafnframt eiga sjálfstætt starfandi ríkisborgarar í einu aðildarríki rétt á að starfa í öðru aðildarríki við sömu skilyrði og ríkisborgarar þess ríkis þar sem starfsemin fer fram. Störf í opinberri þjónustu falla ekki undir regluna um frjálsan atvinnurétt.

Í framangreindri meginreglu felst að ríkisborgari eins aðildarríkis má fara til annars aðildarríkis og dvelja þar í ákveðinn tíma í leit að atvinnu og hann má dvelja í landinu ef hann hefur fengið þar atvinnu. Hann á jafnframt að njóta sömu kjara og aðbúnaðar við vinnu og ríkisborgarar þess lands þar sem atvinnan fer fram, auk þess sem hann á að hafa sömu aðstöðu til starfsþjálfunar. Enn fremur er óheimil mismunun er varðar húsnæði.

Launþegar, sem flytjast á milli landa, eiga að njóta sömu félagslegra réttinda og ríkisborgarar þess aðildarríkis þar sem þeir starfa hvort sem þau réttindi eru beint tengd atvinnunni eða ekki. Þannig njóta þeir m.a. almannatryggingaréttinda og lífeyrisréttinda til jafns við innlenda aðila auk þess sem þeir hafa jafnan rétt til þátttöku í stéttarfélögum.

Innan EB hefur verið stefnt að því að fella niður þær hindranir sem verða á vegi þeirra sem hefja störf í öðru aðildarríki vegna mismunandi löggjafar um félagsleg réttindi. Í stað þess að samræma öll lög og reglur aðildarríkjanna á þessu sviði hefur verið reynt að tengja saman þau kerfi sem við lýði eru. Sú tenging hefur byggst á þremur meginreglum:

1. Aðeins er beitt lögum eins ríkis í hverju máli.
2. Einstaklingurinn á að halda þeim réttindum sem hann hefur öðlast áður í öðru landi auk þeirra réttinda sem hann öðlast í gistiríkinu.
3. Jafnrétti á að gilda á milli þegna aðildarríkjanna.

Til að auðvelda raunverulegt atvinnufrelsi hefur jafnframt verið leitast við að samræma reglur um gagnkvæma viðurkenningu prófa og annarra starfsskilyrða innan EB.

Mikilvæg undantekning frá meginreglunni um að ekki megi mismuna launþegum innan EB eftir þjóðerni kemur fram í reglugerð 1612/1968 um atvinnu- og búseturétt, en þar er kveðið á um að meginreglan eigi ekki við um skilyrði sem sett eru um tungumála-

kunnáttu vegna eðlis starfs.

Innan EB á meginreglan um að ekki megi mismuna eftir ríkisfangi einnig við um aðgang að starfsþjálfun. Starfsþjálfun hefur verið skilgreind sem öll sú menntun sem menntastofnanir veita og undirbúa einstaklinga á einn eða annan hátt til starfa. Reglan veitir því ríkisborgurum annarra aðildarríkja forgang að t.d. háskólum og öðrum menntastofnunum umfram aðra erlenda ríkisborgara.

2. Samþykktir um viðurkenningu starfsheita.

Stærstur hluti samþykkta Evrópubandalagsins um atvinnu- og búsetufrelsi varðar einstakar starfsstéttir og viðurkenningu á prófum og starfsreynslu. Átta starfssvið eru bundin af tilskipunum um viðurkenningu prófa einstakra starfsstétta. Hvað sjö þeirra varðar (lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga, ljósmæður, heimilislækna, lyfjafræðinga og dýralækna) er viðurkenningin byggð á samræmingu þjálfunar- og menntunarskilyrða. Um er að ræða tvær tilskipanir í hverju tilviki, önnur þeirra samræmir skilyrði um starfsmenntun, hin fjallar um sjálfkrafa viðurkenningu á grundvelli samræmdrar starfsmenntunar.

Prófskírteini er viðurkennt ef það uppfyllir skilyrði um samræmingu eins og kveðið er á um í tilskipuninni. Viðurkenningartilskipanirnar hafa að geyma skrár yfir prófin sem þær taka til. Hvað ljósmæður varðar er gert ráð fyrir að starfsmenntun geti verið með fleiri en einum hætti. Hvað sérfræðinga á sviði læknisfræði varðar er einungis hægt að viðurkenna prófskírteini eða prófgráðu ef viðkomandi sérmenntun er fyrir hendi í því landi. Kveðið er á um réttindi sem áunnist hafa fyrir gildistöku tilskipananna. Í þeim tilvikum er gerð krafa um ákveðinn starfstíma.

Undantekning frá ofangreindum tilskipunum er sú sem fjallar um arkitekta, en þar eru engin ákvæði um samræmda starfsmenntun. Viðurkenning er veitt á grundvelli þeirra krafna sem tilskipunin setur um gæði og tímalengd náms. Skrá liggur fyrir um þá menntun sem tilskipunin tekur til.

3. Almenn viðurkenning á þriggja ára háskólanámi.

Á síðasta ári gaf Evrópubandalagið út tilskipun sem nær til allra þeirra starfa sem krefjast minnst þriggja ára háskólanáms eða sambærilegs náms. Skýrt er hins vegar tekið fram að hún nái ekki til þeirra átta starfssviða sem áður hafa verið gefnar út tilskipanir um. Aðildarríkjum EB ber skylda til að viðurkenna prófskírteini frá öðrum aðildarríkjum, að tilskildum smáviðbótarkröfum, sem eru annaðhvort fólgnar í sönnun um fyrri starfsreynslu á viðkomandi sviði ef menntun hefur tekið skemmri tíma en krafist er í gistiríki eða tiltekinnar starfsþjálfunar í allt að tvö ár eða prófs. Þetta á einungis við ef verulegir misbrestir eru á starfsmenntun miðað við gistiríkið eða viðfangsefnum viðkomandi starfsstéttar.

Evrópubandalagið útilokar ekki að fleiri tilskipanir komi um einstök starfssvið, en þó því aðeins að reynslan sýni að slíkt mundi auka möguleika á atvinnufrelsi ef fullkomið samkomulag tekst um það milli viðkomandi fagfélaga og ríkisstjórna.

4. Viðurkenning starfsréttinda á grundvelli starfsreynslu.

Þær samþykktir, sem falla undir þennan flokk ná, til margvíslegra starfssviða sem krefjast minni formlegrar starfsmenntunar eða þjálfunar en framangreind svið. Viðurkenning er veitt á grundvelli sönnunar um starfsreynslu um tiltekinn tíma í aðildarríki.

Þetta á jafnt við þótt viðkomandi aðildarríki krefjist ekki tiltekinnar menntunar vegna viðkomandi starfs. Þau svið, sem umræddar tilskipanir taka til, eru iðnaður, handverksiðnaður, verslun, heildsala, veitingahúsa- og hótelrekstur og ýmiss konar þjónusta.

5. Lögfræðistörf.

Ein tilskipun tekur til starfs lögfræðinga. Hún fjallar ekki um viðurkenningu á menntun, heldur fremur um viðurkenningu á rétti til starfa sem lögmaður. Tilskipunin skyldar aðildarríki Evrópubandalagsins til að samþykkja þjónustu sem lögmenn veita sem hafa tilskilin réttindi í öðru aðildarríki, en tekur ekki til stofnsetningarréttar. Tilskipunin telur upp þau faglegu starfsheiti sem lögmenn bera í hverju einstöku aðildarríki. Hvað varðar rétt til að koma fram fyrir hönd skjólstæðinga í málaferlum getur gistiríkið krafist þess að hinn erlendi lögmaður vinni í samvinnu við innlenda lögmenn.

6. Dvalarleyfi.

Til skamms tíma hafa reglur Evrópubandalagsins tekið mið af því að réttur til dvalar í öðru Evrópubandalagsríki lengur en þrjá mánuði byggðist á því að viðkomandi væri við störf í gistiríki. Nú hafa hins vegar verið samþykktar þrjár tilskipanir sem tryggja námsmönnum, eftirlaunaþegum og öðrum þeim sem ekki eru vinnandi í viðkomandi ríki dvalarleyfi að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Áhersla er lögð á að viðkomandi geti séð fyrir sér og því er í reynd alls ekki um sama búsetufrelsi að ræða og á Norðurlöndum.

7. Almannatryggingar.

Reglugerð EB um almannatryggingar gerir ráð fyrir því að ríkisborgarar annarra aðildarríkja öðlist sama rétt til almannatrygginga og ríkisborgarar dvalarlandsins. Þessi reglugerð er verulega flókin og hefur mikið reynt á túlkun hennar fyrir Evrópudómstólnum. Samninganefndin um atvinnu- og búseturétt hefur aðeins sett upp eina undirnefnd, þ.e. um almannatryggingar. Fulltrúar EFTA og EB urðu sammála um að ekki væri unnt að fjalla um þetta flókna svið um leið og almennt væri fjallað um frjálsan atvinnu- og búseturétt og var því ákveðið að koma á fót sérfræðingahópi. Á fundum hefur m.a. verið fjallað um útflutning á almannatryggingabótum, skilgreiningu á almannatryggingum samkvæmt reglugerð EB og hvað felist í jafnræðisreglunni. Á sviði almannatrygginga starfar sérstök nefnd sem hefur haft veruleg áhrif á umrædda reglugerð sem sætt hefur tíðum breytingum. Þetta mun vera eina nefndin á vegum EB í sambandi við atvinnu- og búseturéttindi sem hefur nánast lagasetningarvald. Á fundum EFTA-sérfræðinga með fulltrúum EB hefur nýlega verið fjallað um hverjir falli undir umrædda reglugerð, hvort hugtakið almannatryggingar nái til félagslegrar aðstoðar, hvað verði um tvíhliða samninga ríkja á sviði almannatrygginga og hvenær leggja beri saman tryggingartímabil, svo að dæmi séu tekin. Á þessum fundum hafa EFTA-ríkin veitt ítarlegar upplýsingar um þá löggjöf sem gildir um almannatryggingar í þessum löndum.

C. Staða samningaviðræðna.

Farið hefur verið yfir allar samþykktir Evrópubandalagsins á sviði atvinnu- og búseturéttinda. Sérstök athugun hefur jafnframt farið fram á almannatryggingareglum.

EFTA-ríkin hafa óskað eftir því að ákvæði 50. gr. Rómarsáttmálans um samstarf til að stuðla að því að ungir starfsmenn starfi um stundarsakir í öðru aðildarríki nái einnig til alls svæðisins. Einnig hafa þau áhuga á að hið sama gildi um nýsettar tilskipanir um

búseturétt námsfólks, eftirlaunaþega og annarra einstaklinga. Fulltrúar Evrópubandalagsins hafa ekki hafnað þessu en telja réttara að um þessi atriði verði fjallað í samningahópnum um jaðarverkefnin, þar eð þau tengist ekki beint fjórfrelsinu sem sé grundvöllur efnahagssvæðisins sem slíks.

Mestum vanda veldur afstaða Sviss og Liechtenstein til atvinnu- og búseturéttar. Telja þessi ríki sig þurfa á fjöldatakmörkunum að halda vegna mikils fjölda útlendinga sem þegar búi þar og starfi. Evrópubandalagið túlkar þessa fyrirvara svo að með þeim séu þessi ríki að undanskilja sig með öllu frjálsum atvinnu- og búseturétti. Hefur bandalagið því hafnað þeim. Verið er að leita leiða til að jafna ágreininginn og veltur mikið á árangri þess starfs hvort samningar takast um Evrópskt efnahagssvæði.

Fyrirvari Íslands, eða öllu heldur tillaga Íslands um öryggisákvæði, hefur verið skýrður og rökstuddur en samningaviðræður um hann eru skammt á veg komnar.

D. Íslensk viðhorf.

Athugun á þeim u.þ.b. 120 samþykktum og reglugerðum er varða atvinnu- og búseturétt hefur ekki leitt í ljós að aðlögun að umræddum reglum Evrópubandalagsins þurfi að taka langan tíma. Kröfur EB eru yfirleitt mjög svipaðar þeim sem gerðar eru hérlendis.

Reglur Evrópubandalagsins varða einkum eftirtalin svið: Dvalarleyfi, atvinnufrelsi launþega, stofnsetningarrétt, viðskipti, iðnað, samgöngur, kvikmyndagerð, heilbrigðisstéttir og landbúnað.

Við athugun á íslenskri löggjöf hefur komið í ljós að íslenskur ríkisborgararéttur er ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir löggildingu vissra stétta sem tilskipanir EB ná til. Hér er um að ræða löggjöf á eftirtöldum sviðum: iðnaðar, verslunaratvinnu, uppboðsmarkaða fyrir sjávarafla, verðbréfastarfsemi, eignarleigustarfsemi, fasteignasölu, leigumiðlunar, málflytjenda, atvinnuréttinda skipsstjórnarmanna. Til að aðlaga sig að reglum EB yrði að tilgreina varðandi ofangreind svið að krafan um íslenskan ríkisborgararétt næði ekki til ríkisborgara frá Evrópsku efnahagssvæði.

Dæmi um löggjöf, þar sem krafist er íslensks ríkisborgararéttar fyrir því að heimild sé veitt til stofnsetningar, eru blaðaútgáfa, ritstjórn blaða og útvarpsrekstur. Ekki eru fyrir hendi sérstakar tilskipanir af hálfu EB um útgáfustarfsemi.

Ljóst er að gjörbreyta verður þeim reglum sem gilda um veitingu dvalarleyfa til Vestur-Evrópubúa verði Evrópsku efnahagssvæði komið á. Á það t.d. við um rétt fjölskyldu launþega til dvalarleyfis, en ekkert er fjallað um slíkan rétt fjölskyldu í lögum um eftirlit með útlendingum. Evrópubandalagið byggir hins vegar á því að dvalarleyfi komi sjálfkrafa í kjölfar atvinnu. Eftir sem áður yrði hins vegar unnt að beita núgildandi reglum hvað aðra erlenda ríkisborgara varðar, þ.e. dvalarleyfi er forsenda fyrir útgáfu atvinnuleyfis.

Erlendur ríkisborgari þarf nú sérstaka heimild dómsmálaráðherra til að fá að kaupa fasteign hér á landi. Slík tilhögun gæti ekki ríkt í framtíðinni gagnvart þeim erlendu ríkisborgurum er öðlast atvinnu- og búseturétt. Jafnrétti í húsnæðismálum er mikilvæg forsenda fyrir atvinnu- og búsetufrelsi.

Hin víðtæka almannatryggingaregla Evrópubandalagsins virðist ekki krefjast nema óverulegra breytinga á íslenskri almannatryggingalöggjöf. Útlendingar hafa um leið og þeir flytja lögheimili sitt til Íslands öðlast beinan rétt til almannatrygginga á sama hátt

og Íslendingar ef undan eru skilin t.d. ellilífeyrir og hið sama á við um atvinnuleysisbætur.

Á fundum EFTA-ríkja með EB hefur verið margítrekuð sú afstaða Íslands að unnt væri að fallast á grundvallaratriðið um frelsi til atvinnu og flutnings í kjölfar hennar og allar þær reglugerðir og tilskipanir, sem þetta svið varða, gætum við samþykkt og tryggt að komist í framkvæmd fyrir 1. janúar 1993, en þó því aðeins að tryggt væri að Íslendingar gætu gripið til leyfa ef röskun yrði á vinnumarkaði vegna aðsóknar útlendinga. Þetta hefur verið kynnt fyrir EB sem eins konar öryggisnet sem yrði að vera fyrir hendi þótt aldrei sé hægt að segja til um hvort á því þyrfti að halda. Samkvæmt því ákvæði gætu Íslendingar að höfðu samráði við samningslöndin gripið til atvinnuleyfa til að afstýra röskun á vinnumarkaði. Þetta á við um sérstök svæði, störf eða atvinnugreinar. Samsvarandi ákvæði hefur aldrei verið beitt þau sjö ár sem Ísland hefur verið aðili að norrænum vinnumarkaði. Hefur verið bent á þá staðreynd í viðræðunum.

Evrópubandalagið hefur ekki tekið afstöðu til þessarar kröfu Íslands, en hefur hins vegar bent á að Lúxemborg njóti engrar sérstakrar verndar þrátt fyrir fámennan vinnumarkað. Af hálfu Íslands hefur verið bent á að íbúafjöldinn sé nokkuð svipaður í báðum löndunum en allar aðstæður, jafnt landfræðilegar sem efnahagslegar, séu gjörólíkar.

Það er ljóst að Evrópubandalagið mun eiga erfitt með af grundvallarástæðum að heimila svona sérstakt fyrirkomulag og dregur í efa að Ísland þurfi í reynd á slíku ákvæði að halda. Þörf Sviss og Liechtenstein fyrir fjöldatakmarkanir virðist auðskiljanlegri fyrir Evrópubandalagið, en hins vegar virðist rökstuðningur þeirra um hátt hlutfall útlendinga annars vegar og hins vegar smæð landsins ekki vega þungt þar sem dæmi eru um hvoru tveggja innan EB. Rökstuðningur Íslands um einhæfni atvinnulífsins og hversu háð Ísland sé einni grein, sjávarútvegi, og smæð vinnumarkaðarins hafa hins vegar næga samsvörun innan EB. Það kynni því að vera auðveldara fyrir EB að fallast á öryggisnet fyrir Íslendinga sem ekki ætla að undanskilja sig frá neinum þætti umræddds frelsis.

Í viðræðunum hefur Ísland einnig bent á nauðsyn þess að settur verði fyrirvari um aðgang fólks að hagnýtingu auðlinda sem lífsafkoma þjóðarinnar byggist á. Þetta atriði hefur ekki verið útfært nánar gagnvart Evrópubandalaginu en bent á að auðlindafyrirvari væri fyrir hendi varðandi fjármagnsflutninga og því eðlilegt að hann væri einnig settur fram varðandi frjálsan flutning fólks, þ.e. sjálfstætt starfandi fólks eins og t.d. í sjávarútvegi. Þetta á hins vegar fremur heima varðandi fjárfestingar en atvinnufrelsi og því mun þetta mál fyrst og fremst verða til umfjöllunar á sviði fjármagnsflutninga.

E. Breytingar á atvinnu- og búseturétti.

Lög um atvinnuréttindi útlendinga og eftirlit með útlendingum fela í sér verulegar takmarkanir á atvinnu- og búseturétti allra útlendinga nema Norðurlandabúa. Miklar breytingar yrðu á réttarstöðu þeirra útlendinga frá ríkjum Evrópubandalagsins og EFTA sem kæmu til vinnu á Íslandi ef samningar takast um Evrópskt efnahagssvæði. Þessar breytingar yrðu helstar:

1. Hinn erlendi starfsmaður öðlast rétt til fimm ára dvalar við það að starfa á Íslandi hvort heldur sem launþegi eða sjálfstætt starfandi. Samkvæmt gildandi lögum er dvalarleyfi forsenda fyrir útgáfu atvinnuleyfis. Óheimilt er að gefa út atvinnuleyfi til lengri tíma en eins árs í senn.
2. Hinn erlendi starfsmaður á rétt á að taka því starfi sem býðst eða hefja sjálfstæða starfsemi á grundvelli þeirra reglna er gilda um Íslendinga. Núgildandi reglur veita

hins vegar atvinnurekanda heimild til að ráða tiltekinn útlending til starfa og hefur hinn erlendi starfsmaður ekki heimild til að skipta um starf.

3. Hinn erlendi starfsmaður á rétt á að fá próf sín viðurkennd á þeim sviðum sem tilskipanir ná til, en engin slík skylda er fyrir hendi í núgildandi rétti.
4. Hinn erlendi starfsmaður getur skipt um starf að vild og hefur dvalarleyfi til fimm ára í senn. Samkvæmt núgildandi rétti verða að vera í ráðningarsamningi við erlendan starfsmann ákvæði um flutning viðkomandi frá Íslandi að starfstíma loknum.
5. Hinn erlendi starfsmaður á rétt á því að maki og börn eða foreldrar viðkomandi fái dvalarleyfi um leið og viðkomandi kemur til starfa. Samkvæmt lögum um eftirlit með útlendingum eru engin sérstök ákvæði um fjölskyldur og rétt þeirra til dvalar á Íslandi.
6. Hinn erlendi starfsmaður og fjölskylda hans öðlast rétt til dvalar á Íslandi eftir að starfsævi lýkur. Engin slík ákvæði er að finna í núgildandi rétti.
7. Hinn erlendi starfsmaður öðlast aðgang að almannatryggingakerfi hér á landi og á rétt á að flytja út bætur og safna saman tryggingartímabilum, t.d. varðandi eftirlaun. Lög um almannatryggingar gera ekki greinarmun á útlendingum og Íslendingum heldur miða við lögheimili á Íslandi. Hins vegar gera þau ekki ráð fyrir útflutningi bóta né uppsöfnun tryggingartímabila.
8. Atvinnurekandi getur ráðið erlendan starfsmann án þess að þurfa að leita til stéttarfélaga. Óheimilt er samkvæmt núgildandi rétti að ráða útlendinga til starfa án þess að aflað hafi verið umsagnar stéttarfélaga.
9. Launþegi getur tekið það starf sem viðkomandi býðst í beinni samkeppni við Íslendinga. Samkvæmt núgildandi rétti skal hins vegar því aðeins veitt atvinnuleyfi fyrir útlendinga, ef sérstakar ástæður þykja mæla með því, svo sem ef um erlenda sérfræðinga er að ræða, eða kunnáttumenn sem ekki verða fengnir innan lands eða ef atvinnuvegi landsins skortir vinnuafl sem ekki er fáanlegt innan lands.
10. Sjálfstætt starfandi geta hafið starfsemi uppfylli þeir þau skilyrði sem gerð eru til Íslendinga á viðkomandi sviði eða samræmdar kröfur á grundvelli tilskipana Evrópubandalagsins. Ekki eru nein tímamörk á því hversu langan tíma er unnt að starfa sjálfstætt. Samkvæmt núgildandi rétti er atvinnurekstrarleyfi einungis veitt þeim sem átt hafa lögheimili á Íslandi síðasta árið. Leyfið er bundið við ákveðna starfrækslu og ákveðinn tíma og ekki veitt til lengri tíma en þriggja ára í senn.

Að sjálfsögðu mundu Íslendingar öðlast sama rétt í öllum hinum 18 ríkjunum á Evrópska efnahagssvæðinu og ríkisborgarar þeirra ríkja mundu öðlast hér.

YFIRLIT YFIR ATVINNULEYFI

Yfirlit yfir veitingu atvinnuleyfa

Fjöldi atvinnuleyfa eftir mánuðum

Mánuðir	1988	1989	1990
Janúar	114	52	141
Febrúar	212	201	82
Mars	91	91	125
Apríl		127	42
Maí	206	88	183
Júní	273	221	151
Júlí	110	140	126
Ágúst	127	156	94
September		68	
Október	358	141	
Nóvember	170	132	
Desember	123	198	
Samtals	**1784**	**1615**	**944**

Skipting atvinnuleyfa eftir ríkisborgararétti í nokkrum löndum

Lönd	1988	1989	Jan- .ág. 1990
Aðildarríki EB:			
Belgía	6	11	30
Danmörk*			0
Frakkland	46	47	19
Grikkland	1	0	0
Holland	59	51	30
Írland	114	89	30
Ítalía	23	10	13
Luxemborg	0	0	0
Portúgal	32	26	31
Spánn	53	41	22
Samb.l. Þýskaland	136	131	73
Stóra-Bretland	531	302	139
EB-lönd samtals	**1001**	**708**	**387**
Önnur lönd í Evrópu**	**159**	**492**	**218**
Lönd utan Evrópu	**624**	**415**	**339**
Samtals útgefin atvinnuleyfi	**1784**	**1615**	**994**

*Danskir ríkisborgarar þurfa ekki atvinnuleyfi vegna þess að Danmörk er aðili að samningi um sameiginlegan vinnumarkað Norðurlanda.
**Að Norðurlöndum undanskildum.

VII. JAÐARMÁLEFNI

A. Meginmarkmið.

EFTA-ríkin vilja samstarf við EB innan EES á sviði jaðarmálefna, þ.e. á sviði rannsókna og þróunar, menntamála, umhverfismála, neytendaverndar, félagaréttar, lítilla og meðalstórra fyrirtækja, félagslegra réttinda, hagtalna, ferðamála, efnahagslegrar og félagslegrar samheldni, almannavarna og samkenndar Evrópubúa. Samstarfið um þessi málefni ætti að taka til:

a. **Sameiginlegrar stefnumótunar** og myndunar áætlana varðandi sameiginlegar framkvæmdir og starfsemi, innan þeirra EES-stofnana og -ferla sem ákveðið verður að málefnin heyri undir.
b. **Fullrar þátttöku EFTA-ríkjanna á jafnréttisgrundvelli** í starfsemi EB sem þegar er fyrir hendi og í þeim stofnunum sem aðilar koma sér saman um.
c. **Samræmingar á löggjöf** þegar þörf krefur.
d. **Samráðs og samhæfingar** við stefnumörkun og framkvæmdir innan ríkjanna.

Hvetja á til aukinnar samhæfingar innan alþjóðlegra stofnana eins og Evróputáðsins og Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu þegar það á við.

B. Staða samningaviðræðna.

Á fyrsta fundi í samninganefnd IV um jaðarmálefnin um miðjan júlí kom í ljós að EB vill skipta jaðarmálefnunum í tvennt. Verði fjallað sérstaklega um reglur bandalagsins á þessum sviðum sem tengjast frelsunum fjórum beint. Slíkar reglur eru um félagarétt, félagsleg réttindi, umhverfismál, neytendamál og hagskýrslur.

Tekist hefur að ná samkomulagi í öllum aðalatriðum um hvað af þessum reglum aðilar telja skipta máli fyrir samstarfið innan EES.

Á sviði jaðarmála er einnig samstarf innan EB samkvæmt reglum sem ekki tengjast frelsunum fjórum beint. Hafa EFTA-ríkin lagt áherslu á að samstarf verði einnig um þessa málaflokka, en það eru rannsóknir og þróun, menntamál, ferðamál, lítil og meðalstór fyrirtæki, almannavarnir, Evrópa fyrir þegnana, og aðferðir til að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi.

Þetta víðtækara samstarfsform er í samræmi við sameiginlega yfirlýsingu ráðherrafundar EFTA-ríkjanna og EB í desember 1989, en þar var lögð á það áhersla af hálfu beggja aðila að meðal markmiða væntanlegs EES-samnings ætti að vera að styrkja og víkka samstarf á sviði jaðarmálefna.

Í samningaviðræðunum um jaðarmálefnin hafa fulltrúar EB lýst því yfir að þótt þeir geri greinarmun á þeim reglum sem tengjast frelsunum fjórum beint og öðrum reglum um samstarf innan bandalagsins á þessum sviðum hafi þeir einnig áhuga á víðtækara og öflugra samstarfi á þessum sviðum innan EES. Eru aðilar sammála um að það skipti ekki síður máli fyrir framtíðarsamstarf á efnahagssvæðinu, en þau atriði sem falla undir áætlunina um innri markaðinn.

EB hefur þegar afhent EFTA-ríkjunum lista yfir þær reglur sem tengjast frelsunum fjórum og bandalagið telur skipta máli fyrir EES. Náðst hefur samkomulag um þær í öllum meginatriðum. Hvað varðar aðrar reglur hafa EFTA-ríkin tekið saman lista yfir þær sem þau telja skipta máli og verður unnið að því að ná samkomulagi við EB um þær einnig. Gert er ráð fyrir að vísað verði til þeirra í EES-samningi sem grundvallar fyrir samstarf á þessum sviðum.

Í samninganefnd IV hafa EFTA-ríkin lagt áherslu á:

a. sameiginlega stefnumörkun og ákvarðanatöku um samstarfsáætlanir og samstarfsverkefni innan þeirra stofnana eða eftir þeim starfsleiðum sem ákveðið verður að koma á innan EES,
b. fulla þátttöku EFTA-ríkjanna á jafnréttisgrundvelli í samstarfi EB og í stofnunum sem því tengjast,
c. samræmingu löggjafar þegar þörf krefur,
d. samráð og samræmingu við stefnumörkun og framkvæmd innan ríkjanna.

Meginmarkmið EFTA-ríkjanna með samstarfi á þessum sviðum er að efla heilsuvernd, öryggi, umhverfisvernd og neytendavernd.

C. Staða einstakra málaflokka.

1. Félagaréttur.

Samkomulag hefur náðst um samstarfsgrundvöll á þessu sviði, en hann miðar einkum að því að auðvelda samstarf milli fyrirtækja innan EB- og EFTA-ríkjanna og tryggja jafnrétti fyrirtækja, lánardrottna, hluthafa, launþega og vinnuveitenda og jafna samkeppnisaðstöðu innan svæðisins.

Einu verulegu vandamálin innan þessa málaflokks eru þau að Sviss og Liechtenstein telja það ekki samrýmast grundvallarhagsmunum að breyta reglum um upplýsingaskyldu fyrirtækja til samræmis við reglur EB.

EFTA-ríkin öll hafa hér óskað eftir lengri aðlögunartíma en til loka 1992 til þess að breyta löggjöf þar sem það á við og gefa fyrirtækjum tíma til endurskipulagningar.

Nokkur atriði innan þessa málaflokks, sem virtust ætla að valda vandræðum, hafa verið rædd af sérfræðingum beggja aðila og með nánari skýringum hefur komið í ljós að unnt er að finna tæknilegar lausnir. Hér er m.a. um að ræða þörf Íslendinga fyrir verðbólgureikningsskil. Reglur EB gera ráð fyrir undanþágu til slíkra reikningsskila og ræða sérfræðingar nú hvort þessi undanþága nægi Íslendingum.

2. Umhverfismál.

Hér hefur náðst samkomulag um reglur, sem hafa áhrif á rekstur fyrirtækja, t.d. vegna aukins framleiðslukostnaðar. Enn standa yfir viðræður um hvaða reglur verða eigi grundvöllur víðtækara samstarfs, en markmiðið er að vernda og bæta umhverfið, vernda heilsu manna og tryggja skynsamlega notkun auðlinda. Leggja skal áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir.

Innan þessa málaflokks hafa engin sérstök vandamál komið upp en nokkur atriði eru enn þá óljós og verða rædd áfram í hópi sérfræðinga. Þar má nefna sem dæmi reglur um notkun og losun örvera sem sætt hafa litningabreytingum.

3. Félagsleg réttindi.

Staðan hér er svipuð og í umhverfismálunum. Náðst hefur samkomulag um reglur sem tengjast frelsunum fjórum. EFTA-ríkin hafa samið lista yfir aðrar reglur sem þau telja máli skipta og er hann nú í athugun hjá EB.

Markmiðið með samstarfi á þessu sviði er að bæta félagslegt umhverfi innan EES í fullu samráði við aðila vinnumarkaðarins, enda hlýtur það að haldast í hendur við aukið samstarf á sviði efnahagsmála.

Í þessum málaflokki eru engin grundvallarvandamál, en EFTA-ríkin telja sig þurfa lengri aðlögunartíma en til loka 1992 fyrir nokkur atriði.

4. Neytendamál.

Samkomulag hefur náðst um reglur sem tengjast fjórfrelsinu beint og einnig hefur verið saminn sameiginlegur listi EB- og EFTA-ríkjanna yfir aðrar reglur EB á sviðinu sem taldar eru skipta máli fyrir víðtækara samstarf.

Markmiðið með samstarfi er að tryggja jafnvægi innan EES með því að gæta réttar neytenda og auka áhrif þeirra.

Eina vandamálið á þessu sviði tengist reglum EB um hópferðir, en umfang þeirra er óljóst og er beðið skýringa frá EB.

5. Hagskýrslur.

Náðst hefur samkomulag um þetta samstarfssvið, en eins og á öðrum sviðum er samstarfsformið ekki ákveðið.

Markmið með samstarfinu er að koma á evrópsku hagtölukerfi til að lýsa þróun á öllum sviðum EES og áhrifum samræmingar á efnahagslífið, íbúana, félagslegar aðstæður og ástand umhverfisins.

Á þessu sviði eru engin grundvallarvandamál, en semja verður um aðlögunartíma um ýmis atriði. Gert er ráð fyrir að aðlögun verði lokið í stórum dráttum 1995.

6.1. Rannsóknir og þróun.
6.2. Menntamál.
6.3. Lítil og meðalstór fyrirtæki.
6.4. Ferðamál.
6.5. Almannavarnir.
6.6. Evrópa fyrir þegnana.

Ofangreindir málaflokkar eru ræddir í einu lagi þar sem staða þeirra í samningunum er sambærileg. Hér hafa EFTA-ríkin lagt fram lista yfir þær reglur EB, sem þau telja skipta máli fyrir væntanlegt samstarf en ekki fengið viðbrögð frá EB nema almenns eðlis.

Eins og fram kemur hér að ofan hafa báðir aðilar áhuga á víðtækara samstarfi á þessum sviðum en verið hefur á grundvelli Lúxemborgaryfirlýsingarinnar. Er samstaða um að EES-samningur þurfi að gera ráð fyrir slíku samstarfi og ganga út frá samstarfsformi sem sé virkara en í Lúxemborgarsamstarfinu.

Gert er ráð fyrir að EB bregðist við listum EFTA-ríkjanna á næsta samningafundi og leggi um leið fram greinargerð um samstarfið á ofangreindum sviðum innan EB. Er það mjög mismunandi að formi til vegna þess hve verkefnin eru ólík, en aðilar eru sammála um að í samningnum verði að tryggja aðferðir til að efla samstarfið og gera ráð fyrir upplýsinga- og skoðanaskiptum.

7. Félagslegt og efnahagslegt misræmi.

Í samninganefnd IV hefur verið til umræðu nauðsyn þess að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi innan EES og hefur komið fram af hálfu EB að bandalagið telur þetta einn megintilgang samningsins. Þegar fer fram innan EB samstarf til þess að draga úr ofannefndu misræmi.

Samkomulag er um að EB geri grein fyrir hugmyndum sínum um samstarf milli EB- og EFTA-ríkjanna um þetta atriði innan EES, en EFTA-ríkin hafa lýst vilja til samstarfs. Í samninganefnd I hefur verið vikið að þessum málum í umræðum um landbúnað og sjávarútveg.

D. Íslensk viðhorf.

Eins og fram kemur hér að framan eru engin alvarleg vandkvæði á samstarfi milli EB- og EFTA-ríkjanna innan EES um þau jaðarmál sem rædd hafa verið. Hér eins og annars staðar er ósamið um sjálft samstarfsformið, en EFTA-ríkin leggja mikla áherslu á að samstarfið verði á jafnréttisgrundvelli.

Þótt EB vilji skipta jaðarmálefnunum í tvennt er það vegna ólíks forms EB-reglna, en ekki vegna þess að aðilar séu ekki á einu máli um mikilvægi samstarfsins á sviðunum öllum. Enn er þó ágreiningur um hversu víðtækt samstarfið á að vera á þeim sviðum sem ekki tengjast fjórfrelsinu beint.

Eins og fram kom í undirbúningsviðræðum um jaðarmálefnin greinir aðila á um heimild til að gera misstrangar kröfur í umhverfis- og neytendamálum. Sá þáttur er einnig til umræðu í samninganefnd I um vöruviðskipti.

Í 36. gr. Rómarsáttmálans er kveðið á um að ríkjum sé heimilt að banna eða takmarka innflutning eða útflutning vöru ef hægt er að rökstyðja takmörkunina á grundvelli t.d. siðferðisvitundar almennings, verndunar heilsu manna, dýra eða jurta. Í t-lið 130. gr. í Einingarlögunum er aðildarríkjum EB heimilað að setja strangari kröfur á sviði umhverfismála en gerðar eru sameiginlega innan bandalagsins svo framarlega sem kröfurnar séu samrýmanlegar ákvæðum Rómarsáttmálans. EFTA-ríkin vilja ekki sætta sig við minni rétt en aðildarríki EB samkvæmt þessum tveimur greinum.

Eins og á fyrri stigum viðræðnanna er lögð mikil áhersla á virkt og víðtækt samstarf innan EES á sviði jaðarmálefna. Þau skarast flest við málefni sem fjallað er um í samninganefnd I–III og eru því óaðskiljanlegur hluti fyrirhugaðs samstarfssamnings.

Það er ljóst að Ísland hefur mikilla hagsmuna að gæta af því að samningur um Evrópskt efnahagssvæði nái til þeirra jaðarverkefna sem nefnd voru hér að framan. Sérstaklega á þetta við á sviði menntunar, rannsókna og þróunar. Við yfirferð á EB-réttinum á sviði jaðarmálefna hefur komið í ljós að Ísland ætti að geta fallist á meginhluta réttarins án erfiðleika. Hins vegar þyrfti Ísland á aðlögun að halda á nokkrum sviðum vegna sérstöðu sinnar. Þar má nefna að á sviði hagtalna er ekki mögulegt að taka þátt í öllum könnunum og rannsóknum sem EB framkvæmir þar sem viðkomandi starfsemi er annaðhvort ekki fyrir hendi á Íslandi eða í svo litlum mæli að ekki er hægt að færa rök fyrir því að framkvæma kannanir vegna hennar. Sama gildir þegar undirflokkar í könnunum eru orðnir margir. Þá getur það verið ómarktækt eða ekki nauðsynlegt fyrir Ísland að fara jafndjúpt ofan í hlutina og gert er. Á sviði félagaréttar er ekki gert ráð fyrir verðbólgu í sambandi við ársreikninga fyrirtækja en slíkt verður að taka inn í dæmið hér á landi til að forðast skekkjur.

Í umfjöllun um umhverfismál hefur komið í ljós að mikill meiri hluti EB-réttarins er í samræmi við stefnu íslenskra stjórnvalda en nokkuð er um það að engar reglur gildi á Íslandi um þau atriði sem búið er að setja reglur um innan EB.

VIII. LAGA- OG STOFNANAMÁL

A. Hlutverk samninganefndar.

Hlutverk samninganefndar V er að fjalla um uppbyggingu samningsins, almenn ákvæði hans og síðast en ekki síst um ákvarðanatöku, eftirlit og stofnanir.

Í samningaviðræðunum kemur Evrópubandalagið fram sem einn samningsaðili, en EFTA-ríkin sex koma fram sem sjálfstæðir samningsaðilar þó að þau samræmi afstöðu sína og hafi einn talsmann í samningaviðræðunum.

Evrópubandalagið byggir á stjórnskipun þar sem aðildarríkin taka ákvarðanir um samskipti sín í sameiginlegum stofnunum. Framkvæmdastjórn bandalagsins, sem hefur sjálfstætt ákvörðunarvald gagnvart aðildarríkjunum, hefur frumkvæði að undirbúningi að þeim reglum sem gilda eiga í samskiptum aðildarríkjanna. Ráðherraráð EB setur reglurnar en ráðfærir sig áður við Evrópuþingið. Framkvæmdastjórnin hefur jafnframt sjálfstætt eftirlit með því að aðildarríkin framfylgi EB-reglum. Fari aðildarríkin ekki eftir þeim reglum eða ef ágreiningur er um hvernig túlka á reglurnar er málinu vísað til dómstóls Evrópubandalagsins en aðildarríkjunum er skylt að framfylgja niðurstöðum hans.

Skipulag EFTA byggir aðeins á einni stofnun, EFTA-ráðinu. EFTA-ráðið, þar sem hvert aðildarríki hefur eitt atkvæði, fer með framkvæmd og eftirlit með EFTA-samningnum sem gildir í samskiptum ríkjanna þeirra á milli. Almenna reglan er sú að engar ákvarðanir eru teknar í EFTA-ráðinu nema með samþykki allra aðildarríkjanna. Framkvæmdastjóri EFTA og aðrir starfsmenn EFTA hafa ekki sjálfstætt ákvörðunarvald andstætt því sem gildir um framkvæmdastjórn EB. EFTA hefur því ekki sjálfstæða stofnun til að sjá um eftirlit með framkvæmd samningsins og enginn sjálfstæður dómstóll sker úr um deilumál.

Viðskiptasamstarf EFTA-ríkjanna við EB hefur verið byggt á sex tvíhliða fríverslunarsamningum sem eru svo til samhljóða. Sameiginlegar nefndir hvers EFTA-ríkis og EB hafa komið saman einu sinni til tvisvar á ári til að fara yfir og leysa þau deilumál sem hafa risið vegna framkvæmdar samninganna. Enginn einn aðili hefur því með höndum samræmda túlkun á fríverslunarsamningunum. EFTA-ríkin hafa einnig hvert um sig gert tvíhliða samninga á ýmsum sviðum við EB og aðildarríki þess.

Markmiðið með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er að auka samstarf EFTA-ríkjanna og EB sem auk vöruviðskipta nái einnig til óhindraðra flutninga þjónustu, fjármagns og fólks innan Evrópska efnahagssvæðisins og samstarfs um ýmis jaðarmál. Stefnt er að því að sömu reglur gildi innan EB og í EFTA-ríkjunum á þeim sviðum sem samstarfið nær til. Núgildandi EB-reglur, sem eru árangur yfir 30 ára samstarfs aðildarríkjanna, verða því lagðar til grundvallar samstarfinu á Evrópska efnahagssvæðinu.

B. Tegund samnings.

Samstaða er í meginatriðum um efnissvið samningsins, þ.e. að hann nái yfir vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, fjármagnsviðskipti og atvinnu- og búseturétt auk laga- og stofnanamála. Ekki er ljóst að hve miklu leyti verður fjallað um jaðarmál í samningnum. Þær EB-reglur, sem samkomulag er um að gildi á Evrópska efnahagssvæðinu, verða teknar upp í samninginn. Samningurinn mun gilda í samskiptum EB- og EFTA-ríkjanna og jafnframt í samskiptum EFTA-ríkjanna þeirra á milli.

Ljóst er að EB- og EFTA-ríkin og Liechtenstein verða aðilar að samningnum, en hvort

nauðsynlegt verður að aðildarríki EB eða EFTA sem stofnun verði aðilar fer eftir endanlegu efni samningsins. Liechtenstein hefur tilkynnt að það hafi áhuga á að gerast aðili að EFTA, en Liecthenstein er í tollabandalagi við Sviss.

Mjög mikilvægur þáttur varðandi efnissvið samningsins eru tengsl hans við gildandi samninga. Fara verður yfir alla gildandi samninga við EB, aðildarríki EB og önnur EFTA-ríki og athuga hvort efnissvið þeirra skarast við efnissvið EES-samningsins. Unnið er að því að finna einfalda lausn sem felur í sér að réttindi í gildandi samningum haldist. Jafnframt þarf að kanna stöðu EES-samningsins gagnvart alþjóðasamningum eins og GATT.

C. Yfirtaka á EB-reglum í EES-samninginn.

Meginreglur um Evrópska efnahagssvæðið verða í aðalhluta samningsins. Aðrar ítarlegri reglur, sem byggja á EB-samþykktum, verða í viðaukum við samninginn. Samkomulag er um að meginreglan verði sú að í viðaukum við EES-samninginn verði vísað til efnis EB-samþykktanna sem verða hluti af EES-samningnum. Í sumum tilvikum yrði efni samþykktanna þó tekið upp í viðaukana. Fjöldi samþykkta er u.þ.b. 1.400, alls nær 11.000 blaðsíður. Tilvísanir verða notaðar vegna hagkvæmnisástæðna þar eð samningurinn sjálfur verður fyrirferðarminni og auðveldari í meðferð. Það er hins vegar ljóst að alla textana, sem vitnað verður til, verður að þýða á þau mál sem ekki eru þegar notuð innan EB og leggja fyrir þjóðþingin sem fylgiskjal með samningnum.

Enn eru nokkur atriði varðandi yfirtöku á EB-reglunum í EES-samninginn óleyst. EFTA-ríkin telja t.d. nauðsynlegt að halda aðgreiningu EB á reglugerðum og tilskipunum til þess að sömu réttaráhrif skapist í EFTA-ríkjunum og innan EB. EB telur slíkt ekki nauðsynlegt en hefur samþykkt að kanna málið frekar.

Dómar EB-dómstólsins eru hluti af EB-reglunum. Samkomulag er um að í samningnum sjálfum verði ákvæði þess efnis að viðeigandi EB-dómar verði lagðir til grundvallar við túlkun EES-samningsins. Afstaða hefur hins vegar ekki verið tekin til orðalags og staðsetningar slíks ákvæðis. EFTA-ríkin hafa ákveðið að kanna frekar hugsanlegar leiðir til að gera niðurstöður þeirra dóma, sem eru afgerandi um túlkun reglnanna, aðgengilega fyrir einstaklinga í EFTA-ríkjunum.

D. Þýðingar og útgáfa.

Til að tryggja réttaröryggi þegna aðildarríkja EES sem þurfa að leita réttar síns fyrir dómstólum í öðru aðildarríki telja nokkur EFTA-ríki nauðsynlegt að staðfesta þýðingar á EES-samningnum og öllum textum sem vísað er til í viðaukum við samninginn. Til þess að allir samningsaðilarnir geti staðfest textann verða þeir því að fara yfir þýðingarnar fyrir gildistöku samningsins 31. desember 1992. Tímamörk og möguleikar á því að einhverjar þýðingar verði staðfestar eftir gildistöku samningsins verða kannaðar frekar.

Jafnframt þarf útgáfa samningsins á öllum 13 tungumálum samningsaðilanna að vera tryggð, annaðhvort með sameiginlegri útgáfu eða útgáfu hvers samningsaðila um sig. Væntanlega þarf að breyta lögum, nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, til að komist verði hjá því að endurtaka birtingu reglnanna í öllum deildum Stjórnartíðinda.

E. Ákvarðanataka.

Enn ber mikið á milli í skoðunum EB- og EFTA-ríkjanna um fyrirkomulag ákvarð-

anatöku innan EES, þ.e. setningu nýrra reglna innan svæðisins eftir gildistöku samnings, enda er þessi þáttur laga- og stofnanamálanna hvað viðkvæmastur frá pólitísku sjónarmiði. Markmið samningsaðilanna er að taka sameiginlegar ákvarðanir og jafnframt að sjálfræði aðilanna til ákvarðanatöku verði ekki skert. Lausnir um ákvarðanatökuna verða að samræma þessi tvö gagnstæðu markmið. Tímasetning ákvarðana er viðkvæmur þáttur í ákvarðanatökuferlinum þar sem sá aðili, sem tekur ákvarðanir sem tengjast Evrópska efnahagssvæðinu á undan, getur óbeint skert sjálfræði hins. Gagnkvæmt samráð og tilraunir til að ná sameiginlegri afstöðu um EES-reglur eru því nauðsynlegar.

Bæði í tillögum EFTA-ríkjanna og í samningsfyrirmælum EB er gert ráð fyrir sameiginlegri stofnun EFTA/EB (ráð EES) sem tæki formlegar ákvarðanir fyrir Evrópska efnahagssvæðið. Gert er ráð fyrir að EFTA-ríkin annars vegar og EB hins vegar mundu tala einum rómi og að ákvarðanir yrðu teknar samhljóða. Jafnframt er gert ráð fyrir reglulegum ráðherrafundum þar sem gefin yrðu pólitísk fyrirmæli.

Ákvarðanir EES-ráðsins koma til með að hafa sömu stöðu og þjóðarréttarsamningar. Í því felst m.a. að þjóðþingin þurfa að samþykkja ákvarðanir EES-ráðsins samkvæmt sömu reglum og gilda um aðra þjóðarréttarsamninga. EB leggur mikla áherslu á að þessi framkvæmd seinki ekki ákvarðanatöku innan bandalagsins. Hafa þeir því varpað fram þeirri spurningu hvort nauðsynlegt sé að breytingar á öllum tæknilegum reglum fari fyrir þingin. Af hálfu EFTA-ríkja hefur verið tekið fram að mótaðar venjur séu í þessum ríkjum um það hvar þarf lagasetningu og hverjar heimildir séu til útgáfu reglugerða með stoð í lögum. Jafnframt er hugsanlegt að koma megi á samstarfi við þjóðþingin strax frá því að tillaga um EES-reglu, sem þarf atbeina þeirra, kemur fram. Danir hafa komið upp slíku kerfi sem vert er að athuga hvort hentar okkur.

Þingmenn EFTA-þingmannanefndarinnar og EB-þingsins munu væntanlega hafa ráðgefandi hlutverk í ákvarðanaferli EES.

Nokkurrar tregðu hefur gætt af hálfu EB til að ræða fyrirkomulag um ákvarðanatökuna innan EES. Af hálfu EFTA-ríkjanna hefur viðunandi lausn um ákvarðanatöku og stofnanir verið forsenda fyrir samþykki á yfirtöku á EB-reglunum í EES-samninginn. Skýrari afstöðu EB til ákvarðanatökunnar er að vænta um miðjan október.

F. Þátttaka í nefndum.

EFTA-ríkin hafa lagt áherslu á þátttöku í ýmsum stjórnunar- og ráðgjafarnefndum á sviði einstakra efnisþátta þar sem ákvarðanamótun og jafnvel ákvörðunartaka fer fram að miklu leyti innan EB. Þegar samningurinn gengur í gildi verður búið að setja reglur um flest þau svið sem undir hann falla. Það er því ekki gert ráð fyrir mörgum reglum til viðbótar fyrir ný svið. Ákvarðanatakan mun því að mestu varða breytingar á settum reglum sem teknar yrðu upp í stjórnunar- og ráðgjafarnefndum EB.

Þátttaka sérfræðinga EFTA-ríkjanna í nefndum EB er tengd lausnum um sameiginlega ákvarðanatöku. Afstöðu EB til þessa þáttar er því einnig að vænta um miðjan október.

G. Bein réttaráhrif.

EFTA-ríkin hafa lýst því yfir að þau mundu gera ráðstafanir til þess að einstaklingar hefðu sömu réttarstöðu samkvæmt EES-reglum í öllum EFTA-ríkjunum og þeir hefðu innan EB, þ.e. að þeir gætu leitað réttar síns á grundvelli EES-reglna fyrir dómstólum í EFTA-ríkjunum. Til þess að einstaklingur geti leitað réttar síns fyrir íslenskum dóm-

stólum verða þær reglur, sem ætlað er að veiti einstaklingum réttindi eða skyldur, að gilda sem lög á Íslandi.

Innan EB hefur EB-réttur forgang umfram landslög. EB hefur lagt áherslu á að gildi EES-reglnanna verði tryggt gagnvart landslögum sem hugsanlega yrðu sett í andstöðu við reglurnar. Að öðrum kosti mundi grundvöllur fyrir samræmdum reglum svæðisins raskast fljótt. Samkvæmt íslensku réttarkerfi þyrfti stjórnarskrárbreytingu til að tryggja algjöran forgang EES-réttar fyrir landslögum. Hins vegar er hægt að setja ákvæði í lögfestingarlögin þess efnis að þau beri að skýra sem sérlög gagnvart nýrri landslögum. Endanlegt mat á því hvort landslögin gangi framar EES-reglunum er alltaf í höndum íslenskra dómstóla. Réttarkerfi Norðurlanda í EFTA hefur verið skýrt fyrir EB og jafnframt þær hugmyndir að EES-reglur gildi sem sérlög gagnvart landslögum. EB hefur jafnframt verið tjáð að viðkomandi ríki hafi ekki hug á að breyta stjórnarskrám sínum vegna þessa. Nýlegir dómar Hæstaréttar hafa undirstrikað að leitast skuli við að skýra lög í samræmi við þjóðarréttarsamninga sem Ísland er aðili að. EB hefur sett fram efasemdir um að aðferðir EFTA-ríkjanna muni nægja til að veita sömu réttarstöðu og ríkir innan EB.

H. Eftirlit.

Aðilar eru sammála um að fyrir hendi þurfi að vera jafnvirkt og áreiðanlegt alþjóðlegt eftirlit með fullnustu á EES-reglum innan EFTA og EB. Almenna eftirlitið innan EB felur í sér upplýsingaöflun og framkvæmdastjórnin gefur álit um það hvort hún telur EB-reglur brotnar. Fari aðildarríki ekki eftir áliti framkvæmdastjórnarinnar getur hún höfðað mál á hendur ríkinu fyrir brot á Rómarsáttmálanum. Á sviði ríkisstyrkja hefur framkvæmdastjórnin sérstakt eftirlitsvald að því leyti að skylt er að tilkynna ríkisstyrki til hennar og hægt er að fyrirskipa frestun greiðslna og endurgreiðslu ólögmætra styrkja. Valdið snýr eingöngu að aðildarríkinu. Á sviði samkeppnisreglna beinist valdið að einstaklingum og fyrirtækjum. Valdsvið framkvæmdastjórnarinnar nær lengra á þessu sviði en þegar um almennt eftirlit er að ræða. Framkvæmdastjórnin hefur t.d. rétt til að fara í rannsóknarheimsókn, ákveða sektir og undantekningar. Tillögur um fyrirkomulag eftirlits á sviði samkeppnisreglna eru í athugun innan EFTA. EFTA-ríkin eru sammála um að mestur hluti eftirlitsins verði í höndum sameiginlegrar stofnunar, en í athugun er hvort hluti eftirlitsins verði í samvinnu eftirlitsstofnana í aðildarríkjunum og eftirlitsstofnana EFTA eða EES.

Skoðanir hafa verið skiptar um uppbyggingu eftirlitskerfis innan EES. Settar hafa verið fram hugmyndir um eina sameiginlega eftirlitsstofnun fyrir allt EES-svæðið og einnig um tveggja stoða lausn, þ.e. að framkvæmdastjórn EB sjái um eftirlit innan EB og EFTA-eftirlitsstofnun í aðildarríkjum EFTA. Þessar tvær stofnanir yrðu síðan tengdar með sameiginlegri nefnd eða stofnun þar sem höfð verði samráð. Náist ekki samkomulag í sameiginlegu nefndinni mætti vísa málinu til EES-dómstólsins.

Þar sem vilji EB um að setja ekki upp tvöfalt eftirlitskerfi fyrir EES er mjög skýr hafa EFTA-ríkin samþykkt að kanna eftirlitskerfi á grundvelli tveggja stoða lausnarinnar fyrir almennt eftirlit með reglum EES. Afstaða hefur ekki verið tekin til þess hvernig uppbygging sjálfstæðrar EFTA-stofnunar á að vera. Hugmyndir hafa verið settar fram um að í stjórn slíkrar stofnunar sitji einn aðili (eða fleiri) frá hverju aðildarríki sem væri sjálfstæður gagnvart sínum stjórnvöldum. Athuga þarf t.d. hvernig ákvarðanir yrðu teknar innan stofnunarinnar og jafnframt hver tengslin yrðu við aðrar stofnanir EFTA.

I. Úrskurðaraðili.

Aðilar eru sammála um að settur verði upp sameiginlegur dómstóll í tengslum við EB-dómstólinn, með dómurum frá EB-dómstólnum og öllum EFTA-ríkjunum. Dómstóllinn mundi einn hafa vald til að dæma í deilumálum samningsaðilanna vegna fullnustu EES reglna. Skýr afstaða EB liggur ekki fyrir um samsetningu slíks dómstóls eða tengsla hans við EB dómstólinn.

Báðir aðilar eru sammála um að besta leiðin til að tryggja samræmda túlkun EES-reglna sé að dómstólar í aðildarríkjunum geti leitað til EES-dómstólsins og beðið um forúrskurð um túlkun reglnanna. Innan EB ber dómstólum í aðildarríkjunum að fara eftir slíkum úrskurðum um túlkun EB-réttar. Endanlegar niðurstöður liggja ekki fyrir úr athugun nokkurra EFTA-ríkja á bindandi gildi slíkra úrskurða gagnvart stjórnarskipunarlögum í viðkomandi ríkjum.

J. Stofnanir.

Gert er ráð fyrir að sett verði á stofn nefnd eða ráð fyrir ákvarðanatöku, eftirlit, EES-þingmannanefnd og EES-ráðgjafanefnd. Kanna þarf þörf fyrir skrifstofu EES og tungumálaþjónustu.

K. Styrking EFTA.

EFTA-ríkin hafa samþykkt að tala einum rómi innan EES þegar EB kemur fram sem ein heild. EFTA-ríkin þurfa því að samræma samningsstöðu sína gagnvart EB við ákvörðunarmótun og ákvörðunartöku.

Til þess að EFTA geti haft veruleg áhrif við mótun og töku ákvarðana innan EES verður ákvörðunartaka innan EFTA að vera mjög skilvirk. Samkvæmt EFTA-samningnum eru ákvarðanir almennt teknar samhljóða, en þó eru nokkur dæmi um meirihluta-ákvarðanir aðallega í þeim tilvikum þegar EFTA-ráðið tekur ákvarðanir um það hvort aðildarríki hefur brotið samninginn. Hugmyndir hafa verið settar fram um að beita meirihlutaákvörðunum á einhverjum stigum ákvörðunartökunnar og um tæknileg mál sem ekki eru löggjafarefni og eru í höndum framkvæmdarvalds í aðildarríkjunum.

Ákvörðunartaka innan sjálfstæðrar eftirlitsstofnunar í EFTA er annars eðlis en ákvörðunartakan um samningsstöðu EFTA í EFTA-ráðinu sem síðar leiðir til lagasetningar. Eftirlitsstofnunin er sjálfstæð gagnvart stjórnvöldum í aðildarríkjunum og líkist starfsemi hennar meira starfsemi dómstóls sem almennt tekur ákvarðanir með meiri hluta atkvæða. Virkni slíkrar stofnunar væri best tryggð með meirihlutaákvörðunum, enda gæti þá það ríki, sem ásakað er, ekki stöðvað framgang mála með beitingu neitunarvalds og þar með orðið dómari í eigin sök.

IX. SAMANBURÐUR Á LAGAGRUNDVELLI EES OG ÍSLENSKRI LÖGGJÖF

Undir umsjón utanríkisráðuneytisins hafa samþykktir Evrópubandalagsins, sem ætlað er að verða lagagrundvöllur Evrópsks efnahagssvæðis, verið yfirfarnar vandlega hjá ráðuneytunum og ýmsum stofnunum sem undir þau heyra. Jafnframt hefur fulltrúum fjölda hagsmunaaðila verið greint frá gangi viðræðna og þeim gefinn kostur á að segja álit sitt á öllum samþykktum sem þeir telja sig máli skipta.

Útdráttur úr samþykktunum, samanburður við gildandi íslensk lög og ábendingar um nauðsynlegar breytingar á þeim, ásamt aðlögunartíma eða undanþáguóskum, hefur ver-

ið unninn og birtist árangur þeirrar vinnu í bók sem utanríkisráðuneytið hefur nú gefið út. Er þessi samanburður röskar eitt þúsund prentaðar blaðsíður og skal öllum sem lagt hafa hönd á plóginn hér með þökkuð þessi grundvallarvinna til skilnings á eðli og umfangi væntanlegs Evrópsks efnahagssvæðis.

X. ÍSLENSK ÞÝÐING Á LAGAGRUNDVELLI EES

Sá grundvöllur Evrópsks efnahagssvæðis, sem nú er unnið að, er fyrst og fremst viðeigandi samþykktir Evrópubandalagsins. Þar er um að ræða ýmsar greinar Rómarsáttmálans um stofnun Efnahagsbandalags Evrópu, Einingarlaganna frá 1985 og afleiddrar löggjafar í formi reglugerða, tilskipana og tilmæla.

Snemma á þessu ári var gerður samningur við Orðabók Háskólans um að hún tæki að sér þýðingu allra þessara samþykkta á íslensku og skilaði þeim í prenttæku formi. Þessi vinna er nú komin á góðan rekspöl. Gerð hefur verið frumþýðing af Rómarsáttmálanum og þýðingar á ýmsum réttarreglum á sviði fjármagns- og þjónustuviðskipta og atvinnu- og búseturéttinda eru nær fullgerðar. Allar þessar þýðingar verða skoðaðar af sérfræðingum á hverju sviði áður en þeim verður endanlega skilað. Allt bendir til að þýðingu allra samþykkta, sem verulegu máli skipta, verði lokið í tíma fyrir meðferð Alþingis á samningsdrögum um Evrópskt efnahagssvæði sem gæti hafist næsta haust.

Nd. 40. Frumvarp til laga [40. mál]

um launamál.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Lög þessi taka til þeirra kjarasamninga sem samkvæmt ákvæðum sínum eru í gildi við gildistöku laganna. Lögin taka hins vegar ekki til þeirra kjarasamninga sem þá eru lausir.

2. gr.

Frá 1. september 1990 til 15. september 1991, sbr. þó 5. mgr., skulu laun, þ.e. launataxtar og launatengdir liðir, þar á meðal kauptrygging sjómanna, samkvæmt þeim kjarasamningum sem lög þessi taka til, breytast frá því sem þau voru 30. júní 1990 sem hér segir:

1. Hinn 1. desember 1990 skulu laun hækka um 2,0%.
2. Hinn 1. mars 1991 skulu laun hækka um 2,5%.
3. Hinn 1. júní 1991 skulu laun hækka um 2,0%.

Ofangreindar breytingar koma í stað ákvæða kjarasamninga um breytingar launataxta og launatengdra liða.

Ákvæði 1. mgr. raska ekki ákvæðum kjarasamninga um greiðslu sérstakra uppbóta á laun, svo sem orlofsuppbótar, desemberuppbótar og persónuuppbótar. Á árinu 1991 skal greiða 7.500 kr. orlofsuppbót eftir sömu reglum og með sama hætti og á árinu 1990.

Hafi laun samkvæmt ákvæðum þessara samninga hækkað á tímabilinu 30. júní til 1. september 1990 skal sú hækkun falla niður frá og með 1. september 1990, enda koma

launahækkanir skv. 1. mgr. í stað hennar.

Með þeim breytingum, sem kveðið er á um í 1.–4. mgr., skulu þessir kjarasamningar gilda til 15. september 1991 og verða þá lausir án uppsagnar. Kveði kjarasamningur á um gildistíma til 31. ágúst 1991 skulu þau ákvæði þó halda gildi sínu.

3. gr.

Nú kveður kjarasamningur á um launanefnd og raska ákvæði 2. gr. þá ekki ákvæðum hans um endurskoðun, breytingar eða tilfærslur á launahækkunum, sbr. 1. mgr. 2. gr. eða uppsögn samnings samkvæmt ákvörðun viðkomandi launanefndar.

Aðilum að kjarasamningi, sem ekki kveður á um launanefnd, er heimilt að semja um stofnun og verksvið slíkrar nefndar. Verði slíkur samningur gerður fer eftir ákvæði 1. mgr. frá þeim tíma.

Leiði ákvarðanir launanefndar samningsaðila á almennum vinnumarkaði til almennra launabreytinga skulu laun samkvæmt þeim kjarasamningum á almennum vinnumarkaði, er ekki hafa ákvæði um launanefndir, breytast með hliðstæðum hætti. Ákveði launanefnd samkvæmt kjarasamningi aðildarfélaga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja annars vegar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar hins vegar að laun skuli breytast skulu laun samkvæmt þeim kjarasamningum opinberra starfsmanna, sem ekki hafa ákvæði um launanefndir, breytast með hliðstæðum hætti.

Komi til uppsagnar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði með ákvörðun launanefndar skal aðilum að kjarasamningum skv. 1. málsl. 3. mgr. heimilt innan eins mánaðar frá þeirri uppsögn að segja upp samningum sínum með eins mánaðar fyrirvara. Komi til uppsagnar kjarasamnings Bandalags starfsmanna ríkis og bæja annars vegar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar hins vegar skal aðilum að kjarasamningum skv. 2. málsl. 3. mgr. heimilt innan eins mánaðar frá þeirri umsögn að segja upp samningum sínum með eins mánaðar fyrirvara.

4. gr.

5. og 15. gr. kjarasamninga milli aðildarfélaga BHMR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 18. og 19. maí 1989 falla úr gildi. Með sama hætti falla úr gildi hliðstæð ákvæði í kjarasamningum aðildarfélaga BHMR og annarra viðsemjenda þeirra. Þess í stað skulu laun félagsmanna í aðildarfélögum BHMR taka þeim breytingum sem kveðið er á um í 2. og 3. gr. laga þessara.

Með þeim breytingum, sem lög þessi kveða á um, skulu kjarasamningar aðildarfélaga BHMR og viðsemjenda þeirra gilda til 31. ágúst 1991 og falla þá úr gildi án uppsagnar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast að öðru leyti til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG
um launamál.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér að eftir ákvörðun Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 31. júlí sl. að veita viðsemjendum sínum sömu hækkun launa og félagar í Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna hljóta og þar sem tilraunir til samninga við BHMR hafa ekki borið árangur beri brýna nauðsyn til að grípa þegar til ráðstafana til þess að koma í veg fyrir yfirvofandi sjálfvirkar vísitölubætur launa og verðlags og treysta þau efnahagslegu markmið sem ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins hafa komið sér saman um og lögð voru til grundvallar almennum kjarasamningum í byrjun þessa árs. Þá er nauðsynlegt að jafnræði ríki í þróun launataxta og kaupmáttar á milli hinna ýmsu stétta í landinu.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Lög þessi taka til þeirra kjarasamninga sem samkvæmt ákvæðum sínum eru í gildi við gildistöku laganna. Lögin taka hins vegar ekki til þeirra kjarasamninga sem þá eru lausir.

2. gr.

Frá 1. september 1990 til 15. september 1991, sbr. þó 5. mgr., skulu laun, þ.e. launataxtar og launatengdir liðir, þar á meðal kauptrygging sjómanna, samkvæmt þeim kjarasamningum sem lög þessi taka til, breytast frá því sem þau voru 30. júní 1990 sem hér segir:

1. Hinn 1. desember 1990 skulu laun hækka um 2,0%.
2. Hinn 1. mars 1991 skulu laun hækka um 2,5%.
3. Hinn 1. júní 1991 skulu laun hækka um 2,0%.

Ofangreindar breytingar koma í stað ákvæða kjarasamninga um breytingar launataxta og launatengdra liða.

Ákvæði 1. mgr. raska ekki ákvæðum kjarasamninga um greiðslu sérstakra uppbóta á laun, svo sem orlofsuppbótar, desemberuppbótar og persónuuppbótar. Á árinu 1991 skal greiða 7.500 kr. orlofsuppbót eftir sömu reglum og með sama hætti og á árinu 1990.

Hafi laun samkvæmt ákvæðum þessara samninga hækkað á tímabilinu 30. júní til 1. september 1990 skal sú hækkun falla niður frá og með 1. september 1990, enda koma launahækkanir skv. 1. mgr. í stað hennar.

Með þeim breytingum, sem kveðið er á um í 1.–4. mgr., skulu þessir kjarasamningar gilda til 15. september 1991 og verða þá lausir án uppsagnar. Kveði kjarasamningur

á um gildistíma til 31. ágúst 1991 skulu þau ákvæði þó halda gildi sínu.

3. gr.

Nú kveður kjarasamningur á um launanefnd og raska ákvæði 2. gr. þá ekki ákvæðum hans um endurskoðun, breytingar eða tilfærslur á launahækkunum, sbr. 1. mgr. 2. gr. eða uppsögn samnings samkvæmt ákvörðun viðkomandi launanefndar.

Aðilum að kjarasamningi, sem ekki kveður á um launanefnd, er heimilt að semja um stofnun og verksvið slíkrar nefndar. Verði slíkur samningur gerður fer eftir ákvæði 1. mgr. frá þeim tíma.

Leiði ákvarðanir launanefndar samningsaðila á almennum vinnumarkaði til almennra launabreytinga skulu laun samkvæmt þeim kjarasamningum á almennum vinnumarkaði, er ekki hafa ákvæði um launanefndir, breytast með hliðstæðum hætti. Ákveði launanefnd samkvæmt kjarasamningi aðildarfélaga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja annars vegar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar hins vegar að laun skuli breytast skulu laun samkvæmt þeim kjarasamningum opinberra starfsmanna, sem ekki hafa ákvæði um launanefndir, breytast með hliðstæðum hætti.

Komi til uppsagnar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði með ákvörðun launanefndar skal aðilum að kjarasamningum skv. 1. málsl. 3. mgr. heimilt innan eins mánaðar frá þeirri uppsögn að segja upp samningum sínum með eins mánaðar fyrirvara. Komi til uppsagnar kjarasamnings Bandalags starfsmanna ríkis og bæja annars vegar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar hins vegar skal aðilum að kjarasamningum skv. 2. málsl. 3. mgr. heimilt innan eins mánaðar frá þeirri umsögn að segja upp samningum sínum með eins mánaðar fyrirvara.

4. gr.

5. og 15. gr. kjarasamninga milli aðildarfélaga BHMR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 18. og 19. maí 1989 falla úr gildi. Með sama hætti falla úr gildi hliðstæð ákvæði í kjarasamningum aðildarfélaga BHMR og annarra viðsemjenda þeirra. Þess í stað skulu laun félagsmanna í aðildarfélögum BHMR taka þeim breytingum sem kveðið er á um í 2. og 3. gr. laga þessara.

Með þeim breytingum, sem lög þessi kveða á um, skulu kjarasamningar aðildarfélaga BHMR og viðsemjenda þeirra gilda til 31. ágúst 1991 og falla þá úr gildi án uppsagnar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. ágúst 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

Sþ. 41. Tillaga til þingsályktunar [41. mál]

um forgang Vestfirðinga til samninga við Grænlendinga.

Flm.: Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að taka upp viðræður og leita samninga við grænlensk stjórnvöld um samvinnu og sameiginlega aðild Grænlendinga og Vestfirðinga að ráðstöfunum, framkvæmdum og viðskiptum til hagnýtingar auðlinda og aðstöðu beggja aðila til gagnkvæmra hagsbóta.

Haft verði samráð við Fjórðungssamband Vestfirðinga.

Greinargerð.

Tillaga þessi til þingsályktunar helgast af landfræðilegri legu Vestfjarða og nálægð við Grænland. Það er eðlilegast og hagkvæmast af þessum ástæðum að beina sem mestu af viðskiptum Íslendinga og Grænlendinga um Vestfirði. Er þá þess að gæta að þau samskipti, sem helst koma til mála eru þess eðlis að því minni sem fjarlægðin er milli aðila þeim mun sjálfsagðara er náið samband um þau efni sem hér koma helst til álita. Er þá af mörgu að taka í þessu tilliti.

Umskipanir á Vestfjörðum vegna hugsanlegrar námuvinnslu á Grænlandi má með sanni nefna. Hafnarskilyrði geta verið ákjósanleg á fleiri en einum stað á Vestfjörðum til að anna slíkum þörfum.

Umskipun á öðrum afurðum Grænlendinga getur verið báðum aðilum til hagræðis og hagsbóta og þá ekki síst fiski til fiskvinnslustöðva. Slík viðskipti varða Vestfirðinga miklu hvort heldur þar er um að ræða tekjur af hafnargjöldum, skipaafgreiðslum, olíuviðskiptum, sölu á vistum eða viðgerðarþjónustu fyrir fiskiskip.

Þá hafa Vestfirðingar tök á að veita Grænlendingum mikilvæga ráðgjöf um fiskvinnslu. Má þar nefna hönnun, smíði og uppsetningu vinnslukerfa og rekstrarráðgjöf kunnáttumanna.

Ekki má heldur gleyma að Vestfirðingar eru sérlega vel færir um að veita Grænlendingum hina mikilvægu rafeindatækniþjónustu með sitt brautryðjandafyrirtæki í þeirri grein. Sama er að segja um veiðarfærasölu þar sem um er að ræða t.d. hina ágætu netagerð sem fyrir hendi er.

Vestfirðingar eiga á að skipa sérhæfðum iðnaðarmönnum og verktökum sem hafa ekki alltaf of mikil verkefni en ættu að geta sinnt byggingarverkefnum á Grænlandi. Í þessu sambandi er sérstaklega að geta möguleika á skipasmíði fyrir Grænlendinga sem Vestfirðingar eru færir um að sinna með sinni fullkomnu skipasmíðastöð og vélsmiðjum.

Flugþjónusta kemur inn í þessa mynd og þá spurningin um hvort Vestfirðingar geti ekki með eigin flugfélagi gegnt veigamiklu hlutverki í flugsamgöngum við Grænland. Sérlega er áhugavert að tengja Vestfirði Grænlandi í ferðamálaþjónustu.

Umboðssala á afurðum Grænlendinga kemur til greina, t.d. á ferskum og frosnum fiski en Vestfirðingar hafa þegar fyrirtæki sem geta tekið að sér slíkt hlutverk. Í þessu sambandi orkar ekki tvímælis mikilvægi millilandaflugvallar í Dýrafirði sem á eftir að verða að veruleika.

Margt fleira má að sjálfsögðu nefna sem getur orðið til hagsbóta báðum aðilum, Vestfirðingum og Grænlendingum. Grænlendingar mættu t.d. eiga eignarhlut í vestfirskum fyrirtækjum og öfugt. Það gæti verið eins gott að fá fiskvinnslufólk frá Grænlandi til starfa á Vestfjörðum eins og að sækja það til Ástralíu og Nýja-Sjálands.

Hér verður engin tæmandi upptalning á möguleikum á samvinnu Vestfirðinga og Grænlendinga. Á þessu máli er víðtækur skilningur og áhugi hjá Vestfirðingum. Fjórðungsþing Vestfirðinga samþykkti 1. september sl. eftirfarandi ályktun:

„Fjórðungsþing Vestfirðinga 1990 fer fram á að Vestfirðingum verði veittur forgangur til samningagerðar við Grænlendinga á sviði atvinnu, viðskipta og þjónustu. Í því gæti m.a. falist sameignaraðild að atvinnu- og þjónustusviði hér á landi og tengst hagnýtingu auðlinda.

Þingið bendir á að nú fara fram forkannanir á flugvallarsvæði í Dýrafirði og ef þær rannsóknir lofa góðu opnast möguleikar á millilandaflugi. Með tilkomu jarðganganna yrði því greiður aðgangur milli hafna á svæðinu."

Sþ. 42. Fyrirspurn [42. mál]

til samgönguráðherra um póstflug frá Ísafirði til Hólmavíkur og Reykhóla.

Frá Þorvaldi Garðari Kristjánssyni.

Hvað hefur verið gert til þess að komið verði á póstflugi frá Ísafirði til Hólmavíkur og Reykhóla?

Sþ. 43. Tillaga til þingsályktunar [43. mál]

um vegakerfið milli Ísafjarðar- og Patreksfjarðarsvæða.

Flm.: Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún hlutist til um að mörkuð verði stefnan um vegakerfi milli Ísafjarðar- og Patreksfjarðarsvæða þar sem tekin verði afstaða til jarðgangaleiðar milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar, svo og hvernig háttað verði vegagerð þaðan til þéttbýlisstaðanna á Patreksfjarðarsvæði og til Brjánslækjar.

Greinargerð.

Ein meginforsenda fyrir byggð á Vestfjörðum er samtenging byggðarlaga og byggðasvæða með öruggum, daglegum akvegasamgöngum sem tengjast aðalsamgöngukerfi landsins.

Í kjölfar jarðganga á Ísafjarðarsvæðinu, brúar yfir Dýrafjörð og hinnar nýju ferju á Breiðafjörð þarf nú að marka stefnuna um vegakerfi milli Ísafjarðar og Patreksfjarðarsvæða þar sem tekin verði afstaða til jarðgangaleiðar milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar, svo og hvernig verði háttað vegagerð þaðan til þéttbýlisstaðanna á Patreksfjarðarsvæði og til Brjánslækjar.

Vegagerð ríkisins hefur gert nokkrar lauslegar athuganir á þessu verkefni. Í september 1981 fór þannig fram jarðfræðiathugun á þessu jarðgangasvæði. Tilgangur hennar var aðallega að huga að grjóti sem nothæft væri í ölduvörn á vegum sem e.t.v. yrðu byggðir í sjó í Dýrafirði. Einnig var berggrunnur svæðisins lauslega kannaður með tilliti til möguleika á jarðgangagerð milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar.

Til að bæta vetrarsamgöngur milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar var athugaður sá kostur að gera jarðgöng einhvers staðar í gegnum fjöll þau er aðskilja firðina. Hugsanlegar jarðgangaleiðir, sem voru kannaðar, eru:

1. Úr Brekkudal í Skipadal.
2. Úr Stúfudal í Geldingadal.
3. Úr Kirkjubólsdal í Krákadal.
4. Úr Arnarfjarðarbotni í Dýrafjarðarbotn.

Hin lauslega jarðfræðiathugun, sem fór fram, þótti gefa vissar ábendingar um möguleika til jarðgangagerðar. Kom í ljós að jarðlag á þessu svæði var með slíku móti að gerð jarðganga í gegnum slíkar bergmyndanir yrði mjög erfið eða óframkvæmanleg á þremur af fjórum leiðum sem athugaðar voru. Var því lagt til að hugleiðingar um slíka framkvæmd á leiðum 1, 2 og 3 yrðu lagðar til hliðar. Hins vegar var talið að frá jarðfræðilegu sjónarmiði virtist ekkert mæla gegn því að unnt væri að gera jarðgöng úr botni Arnarfjarðar í botn Dýrafjarðar og yrðu þau u.þ.b. 4,8 km á lengd. Á þessari leið þótti berggrunninum svipa mjög til þess sem er á jarðgangaleiðinni sem þá var fyrirhuguð í Ólafsfjarðarmúla og nú er að verða að veruleika. Í grófri kostnaðaráætlun þótti óhætt að miða við þá framkvæmd.

Hér bíða frekari athuganir og rannsóknir. Ef hugsa á um jarðgöng á þessum stöðum í fullri alvöru er nauðsynlegt að gera jarðfræðirannsókn með gerð jarðlagasniða sem mæld yrðu í giljum og dölum í innri hluta fjarðanna og reyna að tengja þau saman og rekja þannig einstök lög þvert í gegnum fjallið. Það eru slíkar margháttaðar rannsóknir sem er nauðsynlegt að gera áður en endanlega verði tekin afstaða til jarðgangaleiða milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar eins og lagt er til í þessari tillögu til þingsályktunar.

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi jarðganga á þessum stað fyrir samgöngur á milli fjarðanna. Erfiðleikar vetrarsamgangna hyrfu og kostnaður við snjómokstur. Og leið styttist um 25–30 km og munar um minna. Hafa ber og í huga að hér er um að ræða þjóðbrautina frá Ísafirði til Reykjavíkur.

Jarðgöngin, sem hér um ræðir, eru aðeins annar hlutinn af vegakerfinu milli Ísafjarðar- og Patreksfjarðarsvæða. Hinn hlutinn er leiðin frá jarðgöngunum til þéttbýlisstaðanna á Patreksfjarðarsvæði og til Brjánslækjar. Sá hlutinn er í engu þýðingarminni en sjálf jarðgöngin. Hins vegar er það margslungnara viðfangsefni hvernig þar verði komið við vetrarsamgöngum og litlar sem engar forathuganir hafa farið fram á því. Það verður að marka stefnuna hvernig farið verður með Dynjandisheiði og aðra fjallvegi á þessu svæði og hvaða möguleikar eru til að ná settu marki með vegagerð með sjó fram. Þessar athuganir þurfa að hefjast strax því að ekki tjóar að hlutur suðursvæðisins liggi eftir í þeim efnum sem tillaga þessi til þingsályktunar fjallar um.

Hér er farið fram á að mótuð verði stefna í einu af stærstu málunum sem skipta sköpum fyrir byggðarþróun á Vestfjörðum. Það er ríkur skilningur og brennandi áhugi hjá Vestfirðingum í máli þessu. Fjórðungsþing Vestfirðinga samþykkti 1. september sl. eftirfarandi ályktun:

„Í kjölfar stórframkvæmda í samgöngumálum, svo sem brúar á Dýrafjörð og ferju á Breiðafirði, þarf að stórbæta vegakerfið á svæðinu. Stærsta verkefnið af því tagi er jarðgangagerð á Ísafjarðarsvæði. Marka þarf stefnuna um vegakerfi milli Ísafjarðar- og Patreksfjarðarsvæða þar sem tekin verði afstaða til jarðgangaleiðar milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar, svo og hvernig verði háttað vegagerð þaðan til þéttbýlisstaðanna á Patreksfjarðarsvæði og til Brjánslækjar.“

Ed. 44. Frumvarp til laga [44. mál]

um norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Stofna skal norrænt fjármögnunarfélag samkvæmt samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns fjármögnunarfélags á sviði umhverfismála sem undirritaður var í Reykjavík 2. mars 1990.

2. gr.

Sjóðurinn skal undanþeginn ákvæðum laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, svo og annarra laga er setja kunna hömlur á greiðslur í erlendum gjaldeyri eða gjaldeyrisviðskipti, að svo miklu leyti sem slík ákvæði hindra eða torvelda starfsemi sjóðsins eða efndir skuldbindinga hans.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera undanþeginn aðstöðugjaldi, landsútsvari, tekjuskatti og eignarskatti, svo og öðrum gjöldum sem lögð kunna að vera á tekjur, eignir eða veltu til ríkis eða sveitarfélaga.

4. gr.

Lánssamningar, sem sjóðurinn er aðili að, skulu vera undanþegnir stimpilgjöldum og öðrum gjöldum hins opinbera.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það er nokkuð langt síðan Norðurlandaþjóðum var ljóst að nauðsynlegt mundi að grípa til ráðstafana til að draga úr umhverfismengun frá löndum Austur-Evrópu.

Snemma árs 1989 voru þessi mál sérstaklega rædd á fundi umhverfisráðherra Norðurlanda. Embættismannanefnd á vegum þeirra var falið að kanna hvernig standa mætti að ráðstöfunum til úrbóta með það í huga að nýta fjármagn frá Norðurlöndum í því skyni.

Embættismannanefndin lagði fyrir ráðherranefndina í maímánuði 1989 tillögu um stofnun norræns fjármögnunarfélags á sviði umhverfisverndar sem hefði það að markmiði að stuðla að umhverfisbótum í Austur-Evrópu.

Tillagan hlaut góðar undirtektir á fundum umhverfisráðherra og samstarfsráðherra sem haldnir voru í ágúst 1989 og sömuleiðis á aukaþingi Norðurlandaráðs í Maríuhöfn á Álandseyjum í nóvember sama ár.

Var ákveðið að leggja tillöguna fyrir 38. þing Norðurlandaráðs, sem haldið var í Reykjavík dagana 27. febrúar til 2. mars 1990. Þar voru umhverfismál aðalviðfangsefnið eins og sjá má af því að fimm af tólf tillögum ráðherranefnda snertu þann málaflokk.

Á meðal hinna fimm ofangreindu tillagna um umhverfismál var tillagan um fjármögnunarfélagið, en frá henni hafði verið endanlega gengið á fundum þeirra ráðherranefnda sem áður er getið.

Norðurlandaráð féllst á tillöguna og 2. mars 1990 undirrituðu umhverfisráðherrar Norðurlanda samning um stofnun félagsins.

Samningur um stofnun norræns fjármögnunarfélags á sviði umhverfisverndar er meðfylgjandi á fskj. I með frumvarpi þessu, en meðfylgjandi á fskj. II eru samþykktir fyrir norræna fjármögnunarfélagið á sviði umhvefisverndar.

Þegar mál þetta kom til umræðu á öndverðu ári 1989 höfðu margháttaðar aðgerðir farið fram á Norðurlöndum til úrbóta í umhverfismálum sem engan veginn höfðu borið þann árangur sem að hafði verið stefnt. Því olli m.a. aðgerðarleysi í nágrannalöndum, ekki síst í Austur-Evrópulöndum, en þar fékkst lítið að gert.

Eftir að sú þróun hófst í Austur-Evrópu, sem enn stendur yfir, hefur komið í ljós að umhverfismál þar eru í mun meiri ólestri en almennt var áður talið. Er ástæðulaust að rekja það frekar.

Sem dæmi um áhrif þessarar mengunar frá Austur-Evrópu á Norðurlönd má nefna að talið er að sá hluti brennisteinssambanda í úrkomu á Norðurlöndum, sem kemur frá Austur-Evrópu, sé 22% í Danmörku, 40% í Finnlandi, 5% á Íslandi, 23% í Noregi og 34% í Svíþjóð. Þrjú Norðurlandanna fá meira af brennisteinssamböndum í úrkomu frá Austur-Evrópu en úr útblæstri eigin verksmiðja og orkuvera en heimaframleiðslan nemur 23% í Finnlandi, 7% í Noregi og 12% í Svíþjóð. Hluti köfnunarefnissambanda í úrkomu Norðurlanda, sem talinn er upprunninn í Austur-Evrópu, er enn hærri.

Fjárhagsstaða Austur-Evrópulanda er með þeim hætti að fátt er til ráða. Sú hugmynd var rædd að stofna sérstakan norrænan sjóð sem hefði það hlutverk að greiða niður vexti af fjárfestingarlánum til umhverfisbóta, en frá þeirri hugmynd var horfið, enda væri takmarkað gagn í því að flytja hreinsibúnað til einstakra fyrirtækja.

Almennt er nú viðurkennt að mestum árangri megi ná með því að koma á fót í Austur-Evrópu fyrirtækjum til að framleiða hreinsibúnað eða önnur tæki sem stuðla með öðrum hætti að umhverfisbótum. Með stofnun slíkra fyrirtækja er þess vænst að ná megi meiri árangri en ef fé væri lagt í hreinsibúnað einstakra orkuvera eða skolphreinsistöðva í þessum löndum.

Því var það ákveðið að hlutverk fjármögnunarfélagsins væri að leggja fram hlutafé, ábyrgðir eða lán til samstarfsfyrirtækja norrænna aðila og heimamanna í landi því sem í hlut á. Þessi fyrirtæki gætu unnið að framleiðslu á hreinsibúnaði, verklegum framkvæmdum sem væru til umhverfisbóta, t.d. hitaveituframkvæmdum, og ýmiss konar ráðgjöf.

Gengið er út frá því að hér verði um að ræða verkefni sem séu hvort tveggja, framkvæmanleg tæknilega og arðbær.

Fyrst um sinn mun stuðningur fjármögnunarfélagsins bundinn við samstarfsfyrirtæki/verkefni í Austur-Þýskalandi, Póllandi, Sovétríkjunum, Tékkóslóvakíu og Ungverjalandi, enda samræmist slíkur stuðningur hagsmunum Norðurlanda.

Gert er ráð fyrir, að Norræni fjárfestingarbankinn (NIB) í Helsinki sjái um rekstur fjármögnunarfélagsins. Peter Laurson, bankastjóri við NIB og yfirmaður alþjóðadeildar bankans, kynnti forsvarsmönnum ýmissa íslenskra fyrirtækja og stofnana, sem tengjast verkefnaútflutningi, undirbúning að stofnun fjármögnunarfélagsins á fundi í Reykjavík 26. febrúar 1990. Á fundinum var rætt um á hvern hátt íslensk fyrirtæki gætu tengst starfsemi fjármögnunarfélagsins. Fram kom að hitaveituframkvæmdir munu t.d. falla undir verksvið sjóðsins. Þannig geti fjármögnunarfélagið lagt fram hlutafé (áhættufjármagn) í sameignarfyrirtæki íslenskra aðila og heimamanna í Ungverjalandi og Tékkóslóvakíu, svo

nokkuð sé nefnt, sem hafa það að markmiði að hanna og/eða koma á fót hitaveitum í Austur-Evrópu. Eins mun framleiðsla og uppsetning hreinsibúnaðar í verksmiðjur og fiskvinnslustöðvar falla undir verksvið fjármögnunarfélagsins.

Stofnfé sjóðsins er 36 milljónir sérstakra dráttarréttinda (SDR) og skiptast framlög Norðurlanda þannig:

Danmörk	SDR	7,8 millj.
Finnland	SDR	7,4 millj.
Ísland	SDR	0,4 millj.
Noregur	SDR	7,0 millj.
Svíþjóð	SDR	13,4 millj.

Í fjárlögum Íslands fyrir 1990 var gert ráð fyrir framlagi Íslands, samkvæmt samningum 5,6 m.kr., og hefur það verið greitt eins og samningurinn áskilur.

Um ákvæði frumvarpsins er þetta að segja að vegna 6. gr. samningsins virðist nauðsynlegt að fá lagaheimild fyrir þeim undanþágum sem þar greinir.

Ákvæði 2.-4. gr. frumvarpsins eru samhljóða ákvæðum í lögum nr. 14. frá 7. maí 1989, um Norrænan þróunarsjóð, og þurfa ekki skýringar við.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR
um stofnun norræns fjármögnunarfélags á sviði umhverfisverndar.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem vilja stuðla að auknum fjárfestingum, sem samrýmast norrænum umhverfisverndarhagsmunum í Austur-Evrópu, sem lið í norrænu samstarfi á sviði umhverfismála, hafa orðið sammála um eftirfarandi:

1. gr.

Norræna fjármögnunarfélagið á sviði umhverfisverndar, hér eftir nefnt félagið, er stofnað í þeim tilgangi að stuðla að auknum fjárfestingum, sem samrýmast norrænum umhverfisverndarhagsmunum í Austur-Evrópu, með því að fjármagna framkvæmdir fyrirtækja þar.

2. gr.

Félagið er sjálfstæður lögaðili.

3. gr.

Félagið skal rekið í samræmi við þær samþykktir sem fylgja samningi þessum. Samþykktum má breyta með ákvörðun norrænu ráðherranefndarinnar.

4. gr.

Aðilarnir leggja félaginu til stofnfé. Kveðið er á um upphæð stofnfjár, skiptingu þess, greiðslu og hækkun á stofnfjárframlagi í 2. gr. samþykkta félagsins.

5. gr.

Starfsstöð félagsins skal vera á aðalskrifstofu Norræna fjárfestingarbankans.

6. gr.

Félagið skal undanþegið greiðslu- og gjaldeyrishömlum og ráðstöfunum á lánsfjármarkaði sem komið gætu í veg fyrir eða torveldað starfsemi þess.

Eignir og tekjur félagsins skulu undanþegnar skattlagningu.

Að því er fjármögnunarstarfsemina varðar skal félagið undanþegið stimpilgjöldum og öðrum gjöldum til hins opinbera.

7. gr.

Norræna ráðherranefndin skal eigi síðar en 1. janúar 1996 taka afstöðu til áframhaldandi starfsemi félagsins.

Ef norræna ráðherranefndin ákveður að slíta félaginu skal það gert í samræmi við ákvæði í 10. gr. samþykkta félagsins.

8. gr.

Samningurinn og samþykktirnar, sbr. 3. gr., öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag sem allir aðilar hafa tilkynnt finnska utanríkisráðuneytinu að þeir hafi samþykkt samninginn.

Finnska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum aðilum um móttöku þessara tilkynninga og um það hvenær samningurinn tekur gildi.

9. gr.

Eftir 1. janúar 1996 getur hver aðili sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu þar að lútandi til finnska utanríkisráðuneytisins sem skýrir öðrum aðilum og stjórn félagsins frá móttöku tilkynningarinnar og efni hennar.

Uppsögnin gildir aðeins gagnvart þeim aðila sem hana hefur sent og tekur gildi við lok þess reikningsárs sem uppsögnin var send á, að því tilskildu að hún hafi átt sér stað í síðasta lagi fyrir lok júnímánaðar, en annars tekur hún gildi við lok næsta reikningsárs.

Taki norræna ráðherranefndin ekki ákvörðun um að slíta félaginu, eftir að aðili hefur sent uppsögn, skal hún ákveða, áður en uppsögnin tekur gildi, hvernig staðið skuli að uppgjöri félagsins gagnvart þeim sem gengur úr því. Við uppgjörið skal ganga tryggilega frá því að sá, sem gengur úr félaginu beri ásamt hinum aðilunum ábyrgð á skuldbindingum sem á því hvíla við úrsögn hans.

10. gr.

Frumriti samningsins skal komið til vörslu hjá finnska utanríkisráðuneytinu sem skal senda staðfest afrit hans til hinna aðilanna.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Reykjavík 2. mars 1990 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu allir textar jafngildir.

Fylgiskjal II.

SAMÞYKKTIR
fyrir norræna fjármögnunarfélagið á sviði umhverfisverndar.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa með samningi 2. mars 1990 ákveðið að stofna norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar.

Um félagið gildir eftirfarandi:

Markmið.
1. gr.

Markmið norræna fjármögnunarfélagsins á sviði umhverfisverndar, hér eftir nefnt félagið, er að stuðla að auknum fjárfestingum, sem samrýmast norrænum umhverfisverndarhagsmunum í Austur-Evrópu, með því að fjármagna framkvæmdir fyrirtækja þar.

Heiti félagsins á ensku er Nordic Environment Finance Corporation (NEFCO).

Stofnfé félagsins.
2. gr.

Stofnfé félagsins er 36 milljónir sérstakra dráttarréttinda (SDR), og skiptist það sem hér segir: Hluti danska ríkisins er 7,8 milljónir SDR, finnska ríkisins 7,4 milljónir SDR, íslenska ríkisins 0,4 milljónir SDR, norska ríkisins 7 milljónir SDR og sænska ríkisins 13,4 milljónir SDR.

SDR skulu skilgreind í samræmi við þær reglur um samsetningu sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ákvað frá og með 1. janúar 1981. Verði breyting á þeim reglum fylgir félagið þeirri ákvörðun sem stjórn Norræna fjárfestingarbankans tekur um aðlögun bankans að hinum nýju reglum.

Félagið fær stofnfé til ráðstöfunar vaxtalaust.

Stofnfé greiðist félaginu í hlutagreiðslum eftir tilmælum stjórnar félagsins. Fyrsta greiðslan greiðist eigi síðar en 1. október 1990.

Greiðslur fara fram í gjaldeyri viðkomandi lands eða öðrum skiptanlegum gjaldeyri á því gengi sem gildir fyrir SDR á greiðsludegi.

Norræna ráðherranefndin tekur ákvörðun um aukningu stofnfjár að fengnum tillögum stjórnar félagsins. Skipting stofnfjáraukningar á milli landanna fer eftir þeirri reiknireglu sem á hverjum tíma gildir um skiptingu samnorrænnar fjármögnunar.

Starfsemi.
3. gr.

Félagið fjármagnar framkvæmdir fyrirtækja í Austur-Evrópu í tengslum við norræn fyrirtæki, með sameign, yfirfærslu tækniþekkingar eða með annars konar samvinnu, vinnu að verkefnum er beinast að gerð mengunarvarnabúnaðar eða að annarri hagnýtingu sem

byggist á umhverfisverndartækni við framleiðslu eða veita þjónustu á sviði umhverfisverndar.

Félagið getur í þessu skyni gerst hluthafi eða meðeigandi í slíku fyrirtæki, ásamt því að veita slíku fyrirtæki lán og ábyrgðir á viðskiptagrundvelli. Heimilt er að veita lán með sérstökum kjörum, þ.e. lán sem endurgreiðist og ber vexti í samræmi við þær tekjur sem af framkvæmdinni verða.

Skilyrði er að verkefni séu tæknilega framkvæmanleg og arðbær. Forgangur skal veittur verkefnum sem miklu máli skipta fyrir umhverfisvernd á Norðurlöndum.

Félagið getur og gert aðrar þær ráðstafanir sem tengjast starfsemi þess.

4. gr.

Ráðstöfunarfé félagsins ber að ávaxta tryggilega og vaxtatekjur af því ásamt hagnaði af starfseminni skal nota til rekstrar félagsins. Ef stjórn félagsins ákveður er félaginu heimilt að greiða aðildaríkjunum arð.

5. gr.

Bókhald félagsins skal færa í SDR. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Ársskýrslu félagsins og ársreikning skal senda norrænu ráðherranefndinni.

Stjórn.

6. gr.

Stjórn félagsins er skipuð fimm mönnum og skipar hvert ríki einn stjórnarmann til allt að sex ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Stjórnin velur úr sínum hópi formann og varaformann til eins árs í senn. Fulltrúar ríkjanna skiptast á um formennsku og varaformennsku í stjórninni.

Stjórnin er ályktunarfær þegar formaður eða varaformaður og þrír stjórnarmenn eða atkvæðisbærir varamenn hið minnsta eru viðstaddir. Hver stjórnarmaður fer með eitt atkvæði en varamaður fer því aðeins með atkvæði að aðalmaður sé fjarverandi. Til ákvörðunar þarf atkvæði meiri hluta þeirra sem eru á fundi. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns.

Stjórnin kemur saman eftir ákvörðun formanns eða eftir tilmælum minnst tveggja stjórnarmanna eða Norræna fjárfestingarbankans.

Stjórnin getur sér sjálf starfsreglur.

Norræni fjárfestingarbankinn og skrifstofa norrænu ráðherranefndarinnar taka þátt í stjórnarfundum án atkvæðisréttar.

7. gr.

Stjórnin tekur ákvarðanir í öllum málum, sem varða félagið, en hún getur framselt ákvörðunarvald sitt að svo miklu leyti sem hagkvæmt þykir til Norræna fjárfestingarbankans, sem sér um daglegan rekstur félagsins í samræmi við reglur sem félagið og bankinn gera samkomulag um.

8. gr.

Firma félagsins rita tveir eftirtalinna manna: Stjórnarmenn, varamenn þeirra eða þeir sem stjórnin hefur veitt umboð til þess.

Önnur ákvæði.

9. gr.

Eftirlitsnefnd skal gæta þess að starfsemi félagsins sé í samræmi við samþykktir þess. Nefndin ber ábyrgð á endurskoðun reikninga og skilar árlega endurskoðunarskýrslu til norrænu ráðherranefndarinnar.

Eftirlitsnefnd er hin sama og norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð hafa kjörið til að hafa eftirlit með starfsemi Norræna fjárfestingarbankans.

10. gr.

Norræna ráðherranefndin getur tekið ákvörðun um breytingar á samþykktum félagsins eða viðbót við þær. Ráðherranefndin skal í síðasta lagi 1. janúar 1996 taka afstöðu til áframhaldandi starfsemi félagsins.

Ákveði norræna ráðherranefndin að slíta félaginu útnefnir hún menn til að sjá um slitin.

Slit félagsins með endurgreiðslu eða annarri ráðstöfun eigna félagsins getur ekki orðið fyrr en félagið er laust við skuldbindingar.

Sþ. 45. Tillaga til þingsályktunar [45. mál]

um stefnumörkun í jarðgangagerð á Austurlandi og heildarútboð framkvæmda.

Flm.: Kristinn Pétursson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta nú þegar undirbúa heildarútboð jarðgangaframkvæmda á Austurlandi. Skal undirbúningur útboðsins fela í sér eftirfarandi meginverkefni:

1. Að hraða jarðgangarannsóknum og hönnun þeirra á Austurlandi.
2. Að stefna að alþjóðlegu útboði jarðgangaframkvæmda á Austurlandi þar sem nauðsynlegustu jarðgöng verði boðin út í einu heildarútboði. Fjármögnun til 40 ára með hagstæðu láni verði skilyrt innifalin í útboðinu, afborgunarlaust fyrstu sjö árin eftir afhendingu jarðganganna.
3. Að fela Iðntæknistofnun Íslands að meta eftirtalin atriði:
   a. aukna framleiðni og afkomubata fyrirtækja með tilkomu jarðganga,
   b. áhrif til lækkunar vöruverðs vegna minnkandi lagerhalds verslunar og aukinnar samkeppni,
   c. aukna verðmætasköpun með tilkomu fiskmarkaðar á Austurlandi og aukið samstarf og sérhæfingu fiskvinnslufyrirtækja,
   d. sparnað þjóðarinnar vegna minni snjómoksturs,
   e. heildaráhrif þessara samgöngubóta í bættum lífskjörum og sterkari samkeppnisstöðu fólks og fyrirtækja,
   f. sparnað vegna minni fjárfestingar opinberra aðila og bættrar rekstrarstöðu sveitarfélaga með auknu samstarfi þessara aðila,
   g. hvort gjaldtaka ætti að fara fram af umferð um jarðgöngin og þá með hvaða hætti.
4. Að skila Alþingi skýrslu um arðsemismat og tilhögun heildarútboðs jarðganga á

Austurlandi þar sem stefnt verði að útboði á síðari hluta framkvæmdatíma aðrennslisganga að stöðvarhúsi Fljótsdalsvirkjunar síðari hluta árs 1993.

Greinargerð.

Bættar samgöngur eru besta leiðin til þess að treysta byggð og stuðla að bættri samkeppnisstöðu fyrirtækja á Austurlandi.

Eðlilegt er að Alþingi marki skýra stefnu í samgöngumálum og hvernig bættum samgöngum verður komið í framkvæmd. Ekki er nóg að tala um þessa hluti heldur ber að marka skýra stefnu til lengri tíma, þannig að strax í dag geti einstaklingar, fyrirtæki, sveitarfélög og ríkisvaldið stefnt markvisst að langtímamarkmiðum í bættum samgöngum.

Íslenska þjóðin hefur ekki efni á öðru en að fjárfesting í samgöngumannvirkjum taki mið af langtímasjónarmiðum svo að ekki sé verið að kasta fjármunum í skammtímalausnir.

Eftirfarandi atriði eru mikilvæg varðandi einstaka liði:

1. Brýnt er að jarðgangarannsóknum verði hraðað þannig að stefnumörkun til lengri tíma geti komist í framkvæmd eins fljótt og unnt er.

2. Með því að stefna að alþjóðlegu heildarútboði jarðganga á Austurlandi má koma þessu mikilvæga máli í framkvæmd með eins ódýrum hætti og kostur er. Að hafa fjármögnun skilyrt innifalda í tilboðinu tryggir að fjármögnun verður með hagkvæmustu kjörum sem fáanleg eru.

3. Réttur aðili til þess að meta arðsemisliði, sparnað og hagkvæmni af framkvæmd sem þessari er Iðntæknistofnur Íslands. Stofnunin hefur sannað gildi sitt í framleiðni- og arðsemisrannsóknum. Mjög mikilvægt er að meta arðsemisgildi jarðgangaframkvæmda út frá öllum þeim jákvæðu kostum sem slík samgöngubót hefur og ber þar hæst möguleika fyrirtækja í sjávarútvegi til þess að auka sérhæfingu, samstarf og skapa eigin fiskmarkað á Austurlandi þannig að fyrirtækjum gæfist kostur á að kaupa hráefni sem ella færi á erlenda markaði.

Auknir samstarfsmöguleikar sveitarfélaga eru svo miklir í þessu sambandi að rétt er að láta stofnun eins og Iðntæknistofnun meta gildi slíks samstarfs auk annarra þátta sem þeirri stofnun þætti rétt að vekja athygli á.

4. Brýna nauðsyn ber til þess að skila Alþingi skýrslu um arðsemismat og tilhögun heildarútboðs jarðganga á Austurlandi á síðari hluta framkvæmdatíma aðrennslisganga að stöðvarhúsi Fljótsdalsvirkjunar. Þessi tímasetning er mikilvæg þar sem alþjóðlegt útboð tæki mið af sterkri samkeppnisstöðu væntanlegs verktaka við aðrennslisgöng Fljótsdalsvirkjunar. Þessi málsmeðferð á að tryggja að hagkvæmt tilboð berist í heildarútboð jarðganga á Austurlandi.

Austfirðir eru góður valkostur fyrir stóriðju með tilliti til stuttra siglingaleiða til meginlandsins og nálægðar hagkvæmra virkjunarkosta. Sú staða verður enn sterkari verði mörkuð skýr stefna í bættum samgöngum. Öll þjóðin hefur hag af því að samkeppnisstaða Austurlands á alþjóðlegan mælikvarða batni við stefnumörkun þá sem hér er lagt til að verði samþykkt. Hér er því um málefni að ræða sem er eitt af brýnustu hagsmunamálum Austfirðinga og þjóðarinnar allrar.

Nd. 46. Frumvarp til laga [46. mál]

um jarðhitaréttindi.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Guðrún Helgadóttir, Ragnar Arnalds.

I. KAFLI

1. gr.

Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á og undir yfirborði hennar í allt að 100 metra dýpi.

Landeiganda er rétt að bora eftir og hagnýta sér jarðhita með þeim takmörkunum sem lög þessi tilgreina.

2. gr.

Með rétti til umráða og hagnýtingar jarðhita samkvæmt lögum þessum fylgir réttur til uppleystra efna og gastegunda sem heitu vatni og gufu fylgja.

3. gr.

Nú eiga fleiri en einn rétthafi heimild til að hagnýta jarðhita úr sama jarðhitasvæði, þannig að ekki verði aðskilið þegar hagnýtt er, og skal þá skera úr því með mati dómkvaddra matsmanna á hvern hátt hagkvæmast er að hagnýta jarðhitann og hver sé hlutfallslegur réttur hvers þeirra til hans.

Ef rétthafar verða ekki ásáttir að öðru leyti um rétt til hagnýtingar jarðhita skal á sama hátt úr því skorið með mati.

4. gr.

Nú vill jarðeigandi ekki leggja í neinn kostnað til hagnýtingar jarðhita á jörðinni og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hann á sinn kostnað, þó þannig að hann spilli ekki jörð að neinu leyti. Ekki má byrja á verkinu fyrr en það hefur verið skoðað af matsmönnum samkvæmt ábúðarlögum og þeir talið það réttmætt. Ekki er jarðeigandi skyldur til, þegar svo stendur á sem í grein þessari segir, við brottför ábúanda að innleysa þau mannvirki er ábúandi hefur gert til hagnýtingar jarðhita, önnur en þau sem gerð hafa verið til heimilis- og búsþarfa.

5. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra, sbr. þó 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Um sölu jarða, er jarðhitaréttindi fylgja, fer eftir ákvæðum jarðalaga, þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum. Nú hefur sveitar- eða bæjarfélag notað forkaupsrétt sinn til slíkra jarðeigna, en selur aftur, og skal þá ríkissjóður eiga forkaupsrétt er svo stendur á.

II. KAFLI

6. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur dýpra en 100 metra undir yfirborði landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur utan landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

7. gr.

Óheimilt er að bora eftir eða hagnýta jarðhita skv. 6. gr. nema með leyfi ráðherra skv. 9. eða 10. gr.

8. gr.

Sá sem borað hefur eftir jarðhita og byrjað hagnýtingu hans með réttri heimild fyrir 1. janúar 1991 hefur rétt til notkunar þess jarðhita áfram án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds skv. 12. gr. Hann skal og hafa forgangsrétt til frekari borana og hagnýtingar jarðhitans á því jarðhitasvæði til sama fyrirtækis.

9. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum aðilum leyfi til rannsókna, þar með taldar boranir á afmörkuðum jarðhitasvæðum hvar sem er á landi hér. Slík leyfi nefnast jarðhitarannsóknaleyfi og skulu vera til fyrir fram ákveðins tíma.

10. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum aðilum leyfi til nýtingar jarðhita á afmörkuðu jarðhitasvæði hvar sem er á landi hér. Slík leyfi kallast jarðhitaleyfi.

Rétt er ráðherra að krefjast þess að umsóknum um leyfi skv. 9. og 10. gr. fylgi ítarlegar upplýsingar um umsækjandann, fyrirhugaðar rannsóknir hans og jarðhitanýtingu.

11. gr.

Sveitarfélag, sem á land á jarðhitasvæði við gildistöku laga þessara, skal hafa forgangsrétt til jarðhitarannsóknaleyfis og jarðhitaleyfis skv. 9. og 10. gr. á landi sínu og vera undanþegið leyfisgjaldi skv. 12. gr.

12. gr.

Í leyfi skv. 9. og 10. gr. skulu greind þau skilyrði sem leyfishafa eru sett, þar á meðal um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir og greiðslu leyfisgjalds.

Við ákvörðun leyfisgjalds skal m.a. taka tillit til verðmætis orkunnar fyrir leyfishafa eða notanda, kostnaðar við orkuöflun með öðrum hætti, svo og kostnaðar við öflun og afhendingu orkunnar til notanda.

Áður en leyfi skv. 9. og 10. gr. er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar. Jafnframt skal leita umsagnar Náttúruverndarráðs skv. 29. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd.

13. gr.

Ráðherra getur heimilað þeim sem fengið hefur leyfi skv. 9. eða 10. gr. að taka eignarnámi lönd, mannvirki, rétt til jarðhita skv. 1. mgr. 1. gr. og önnur verðmæti og réttindi sem nauðsynleg eru til rannsókna og nýtingar jarðhitans, þar með talin dreifing jarðvarmans.

Ráðherra getur enn fremur heimilað að jarðhiti sé tekinn eignarnámi í vinnsluskyni eða til að afstýra því að borun á jarðhitasvæði spilli verðmæti hagnýtingar sem hafin er á jarðhita í námunda við svæðið.

Um eignarnám samkvæmt þessari grein skal fara að lögum um framkvæmd eignarnáms og 140. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

14. gr.

Til rannsókna, hagnýtingar eða hvers konar ráðstöfunar á jarðhita á jörðum í opinberri eigu og öðru ríkiseignalandi þarf leyfi ráðherra skv. 9. eða 10. gr., sbr. þó 2. mgr. 4. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, og 3. mgr. 29. gr. jarðalaga nr. 65/1976.

III. KAFLI

15. gr.

Óheimilt er að spilla jarðhitasvæðum hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti svo og að breyta farvegi þess vatns er frá jarðhitasvæði rennur, nema talið sé nauðsynlegt að mati dómkvaddra matsmanna til varnar landi eða landsnytjum eða til þeirrar hagnýtingar jarðhita sem heimil er að lögum.

16. gr.

Mannvirki öll til hagnýtingar jarðhita skulu þannig úr garði gerð að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, nema skylt sé að hlíta samkvæmt sérstakri heimild.

17. gr.

Skylt er umráðamanni að girða jarðhitasvæði sem hætta stafar af. Þó skal nægilegt að merkja slík svæði sem eru fjarri byggð með aðvörunarmerkjum.

18. gr.

Við allar jarðboranir dýpri en 10 metra skal halda dagbók er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig og hvað annað sem reglugerð ákveður eða Orkustofnun mælir fyrir um að færa í dagbók.

Skylt er að láta Orkustofnun í té afrit af dagbók þegar hún óskar þess. Hún getur einnig krafist þess að boranir og berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt.

Ef Orkustofnun mælir svo fyrir er þeim sem lætur bora skylt að tilkynna henni þegar í stað er heitt vatn eða gufa kemur eða vex í borholu.

19. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi III. og VII. kafli orkulaga, nr. 58/1967.

Greinargerð.

Hliðstætt frumvarp hefur áður verið flutt af þingmönnum Alþýðubandalagsins í neðri deild en varð ekki útrætt. Það var fyrst lagt fram á 105. löggjafarþingi 1983 og þá sem stjórnarfrumvarp.

Hvati að undirbúningi málsins var m.a. ákvæði í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar frá 1. september 1978 þess efnis að djúphiti í jörðu skuli vera þjóðareign.

Eins og fram kemur síðar í greinargerðinni hafa ýmsar tilraunir verið gerðar til að setja heildarlög um jarðhita allt frá árinu 1937 að telja. Í tíð ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1971–1974 beitti Magnús Kjartansson, þáverandi iðnaðarráðherra, sér fyrir flutningi frumvarps til laga um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, varðandi rétt ríkisins til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum. Var frumvarp um þetta efni flutt sem stjórnarfrumvarp á þingunum 1972 og 1973 og á sumarþinginu 1974 og síðan af Magnúsi Kjartanssyni o.fl. sem þingmannafrumvarp þrívegis 1974–76, en hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er víðtækara þar eð það tekur til alls jarðhita hvort sem um er að ræða svonefnd lághita- eða háhitasvæði.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði reglur um umráðarétt og hagnýtingarrétt jarðhita. Lagt er til að landeigendur hafi umráð jarðhita á yfirborði landsins og undir því í 100 metra dýpi, en umráð alls annars jarðhita, hvort sem er á landsvæðum sem ekki eru háð einkaeignarrétti eða undir yfirborði einkaeignarlanda í meira en 100 metra dýpi, skulu vera í höndum ríkisins, þ.e. almannaeign.

Þá er lagt til að ráðherra veiti leyfi til rannsókna, borana og hagnýtingar jarðhita sem er almannaeign samkvæmt lögunum og sett verði reglugerð með nánari fyrirmælum um framkvæmd laganna, þar á meðal um umsóknir um jarðhitaleyfi og jarðhitarannsóknaleyfi svo og leyfin sjálf, en í þeim er eðlilegt að ákveða leyfisgjöld sem leyfishafi greiðir þegar við á.

Enn fremur er lagt til að þeir sem þegar hafa borað eftir jarðhita dýpra en 100 metra í einkaeignarlandi skuli halda rétti sínum til nýtingar jarðhitans án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds. Slíkir aðilar skulu og hafa forgangsrétt til frekari nýtingar á jarðhitasvæðinu, þó ekki til nýrra fyrirtækja.

Lagt er til að sveitarfélög, sem land eiga á jarðhitasvæði við gildistöku laganna, skuli hafa forgang að nýtingu jarðhitans á landi sínu og vera undanþegin leyfisgjaldi.

Þá er með frumvarpinu lagt til að veitt verði heimild til eignarnáms vegna rannsókna, borunar og vinnslu jarðhita. Loks eru tekin upp í frumvarp þetta núverandi ákvæði orkulaga, nr. 58/1967, um vinnslu jarðhita og verndun jarðhitasvæða, ásamt smávægilegum breytingum.

I.

Í núgildandi löggjöf eru helstu ákvæði um jarðhita í 9. og 10. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, og III., V. og VII. kafla orkulaga, nr. 58/1967.

Í ákvæðum vatnalaga er á því byggt að hverir og laugar fylgi landareign þeirri sem hver eða laug er á, en nokkrar takmarkanir eru þó á umráðaréttinum.

Ákvæðin í orkulögum leystu af hólmi lög nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, en í 1. gr. þeirra laga sagði að landareign hverri fylgdi „réttur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita), sem á henni eru, þó með takmörkunum þeim,

sem lög þessi tilgreina".

Sambærilegt ákvæði er nú að finna í 9. gr. orkulaga frá 1967 en greinin hljóðar þannig: „Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita úr landareigninni, þó með takmörkunum þeim sem lög þessi tilgreina." Í greinargerð með frumvarpi til orkulaga var tekið fram að ekki væru ráðgerðar róttækar breytingar á þeim lögum er giltu um orkumál, heldur væru þau samræmd þannig að unnt væri að fella þau í einn lagabálk miðað við þá breytingu sem frumvarpið ráðgerði á stjórn orkumálanna.

Í þriðja kafla laganna, sem ber yfirskriftina „Um vinnslu jarðhita", er að finna þau ákvæði sem áður voru í lögum nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita. Eina efnislega nýmælið er að í 14. gr. er almenn heimild til eignarnáms á jarðhitaréttindum og jarðhitaorku. Þá er í lagatextanum talað einungis um jarðhita í stað hvera og lauga eða hveraorku. Í athugasemdum um 9. gr. frumvarpsins er tekið fram að greinin sé efnislega samhljóða 1. gr. laga nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

Auk ákvæðanna um rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita í 9. gr. orkulaganna eru í III. kafla laganna ákvæði um jarðhitasvæði á landamerkjum, um rétt ábúanda til að hagnýta sér jarðhita á jörð, um bann við því að landeigandi undanskilji landareign sinni jarðhitaréttindi, um forkaupsrétt að jörðum er jarðhitaréttindi fylgja, um heimild til að taka jarðhita eignarnámi, um rétt ríkisins til að láta rannsaka jarðhita hvar sem er á landi hér, um skyldur landeiganda til að láta af hendi land og mannvirki þegar jarðhiti er tekinn eignarnámi og um skyldu til að leita umsagnar Orkustofnunar um hagnýtingu og ráðstöfun jarðhita í eigu ríkisins.

Í V. kafla laganna eru ákvæði um hitaveitur, þar á meðal um heimild ráðherra til að veita sveitarfélögum eða samtökum þeirra einkarétt til þess að starfrækja hitaveitur.

Í VII. kafla orkulaga eru ákvæði um verndun jarðhitasvæða, jarðhitavirki og eftirlit með þeim og í VIII. kafla laganna eru ákvæði um Jarðboranir ríkisins.

Með frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir breytingum á ákvæðum vatnalaga. Lagt er til að ákvæðum orkulaga verði haldið efnislega að undanteknu því að kveðið verði á um að réttur landeigenda til umráða og hagnýtingar jarðhita takmarkist við 100 m dýpi. Nokkrar lítils háttar orðalagsbreytingar eru gerðar þessu samfara auk þess sem kveðið er á um skyldur ríkisins til ákveðinna ráðstafana og eftirlits vegna hættu sem stafar af jarðhitasvæðum.

Meðal ákvæða í yngri lögum um jarðhita ná nefna 4. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, þar sem vatnsréttindi, þar með talinn jarðhiti, eru undanskilin leiguliðaafnotum. Þó á leiguliði rétt á vatni til upphitunar á húsum jarðar, þar með talin gróðurhús til eigin atvinnurekstrar.

Í 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, er tekið fram að ríkið skuli við sölu á ríkisjörðum undanskilja námaréttindi og rétt til efnistöku, svo og vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþörf.

Eins og ljóst er af framangreindu er fyrsta tilraun til að setja heildarlög um jarðhita lögin nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita. Í greinargerð með frumvarpi til laganna, er það var lagt fram á síðara þingi 1937, segir m.a.: „Frumvarp þetta er flutt með það fyrir augum að tryggja almenningi, eftir því sem hægt er, not þessara verðmæta og vernda þau fyrir því, að þeim verði spillt." (Alþingistíðindi 1937, síðara þing, A, bls. 124). Í umræðum um frumvarpið (Alþingistíðindi 1940 B, d. 553–572) var á það lögð áhersla að hætta væri á að meira og meira af jarðhitanum lenti í höndum þeirra manna sem eru að reyna að ná eignarhaldi á verðmætum þessum í því skyni að græða á þeim.

Sagt er að það sé þetta sem lagasetningin eigi að fyrirbyggja.

Efnisákvæði laganna frá 1940 voru tekin upp í orkulög frá 1967 án þess að nokkur veruleg endurskoðun færi fram.

II.

Eins og fram kemur í lýsingu á settum lögum um jarðhita hér að framan hefur í löggjöf verið byggt á þeirri meginstefnu að landeigendur hefðu umráða- og eignarrétt á jarðhita bæði á og í jörðu. Þessum rétti hafa verið sett ýmis takmörk en enga reglu eða ábendingu er að finna í löggjöf um það hversu djúpt í jörðu niður forræði landeiganda á jarðhita nær né heldur er í íslenskum rétti að finna reglu sem kveður á um takmörk eignarráða landeiganda niður á við. Fræðimenn hafa talið að þau nái svo langt niður sem nauðsynlegt er að leyfa til þess að landeigandinn geti haft þau not af landi sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á landi. (Sjá t.d. Ólafur Lárusson: *Eignaréttur*, bls. 46).

Í frumvarpi þessu er á því byggt að eignarrétti að landi geti löggjafinn sett almennar takmarkanir, þó þannig að ekki brjóti í bága við rétt landeiganda til að hafa þau not af landi sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á landi. Í frumvarpinu er annars vegar fjallað um umráða- og hagnýtingarrétt á jarðhita á eða undir landi sem ekki er háð einkaeignarrétti og hins vegar jarðhita sem sækja verður í meira en 100 metra dýpi undir yfirborð lands í einkaeign. Er á því byggt að sú takmörkun, sem eignarrétti landeiganda er sett með því að kveða á um það í löggjöf að heimildir landeiganda til að nota og ráðstafa jarðhita nái aðeins til jarðhita á landi hans og jarðhita sem bora verður eftir á dýpi sem er 100 metrar eða minna, sé almenn takmörkun á eignarrétti og sé ekki þess háttar eignarskerðing að bótaskyldu varði skv. 67. gr. íslensku stjórnarskrárinnar.

Áður hefur verið vísað til þess sem Ólafur Lárusson sagði í ritinu *Eignaréttur*. Árið 1956 var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um jarðhita í 66 greinum og 9 köflum. Í 8. gr. frumvarpsins var svohljóðandi ákvæði: „Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita, sem liggur dýpra eða sóttur er dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar, sbr. þó 14. gr.“ Með frumvarpi þessu fylgdi ritgerð eftir Ólaf Jóhannesson sem bar nafnið: *Um eignar- og umráðarétt að jarðhita*. Ritgerð þessi er ítarlegasta lögfræðilega greinargerðin um þessi efni sem rituð hefur verið á íslensku. Í henni er fjallað um hversu háttað sé að íslenskum lögum eignar- og umráðarétti að jarðhita, hver stefna muni í þeim efnum hallkvæmust hagsmunum bæði einstaklinga og þjóðarheildar og skipun löggjafar á þessu sviði hjá öðrum þjóðum.

Niðurstöður Ólafs Jóhannessonar voru þær að þrátt fyrir að réttur landeigenda til umráða og hagnýtingar jarðhita á landi sínu sé, að því er virðist, litlum skorðum bundinn að núgildandi lögum þá megi auðvitað setja honum ýmis takmörk með nýrri löggjöf ef ástæða þykir til. Enn fremur segir Ólafur að það sé sanngjörn regla og í samræmi við eðli máls að sérstök náttúruauðæfi, sem enginn einstakur hefur átt þátt í að skapa, séu sameign þjóðarinnar allrar. Með löggjöf þeirri, sem gerð var tillaga um, væri ekki gengið of nærri hagsmunum landeigenda. Þeir héldu eftir nægilegri orku til sinna eðlilegu þarfa. Lokaorð ritgerðar Ólafs um ákvæði frumvarpsins um umráðarétt ríkisins neðan 100 metra dýpis eru þessi: „Og slík löggjafarákvæði mundu ekki brjóta í bág við eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar. Er það augljóst þegar litið er til þeirrar löggjafar sem sett hefur verið í öðrum löndum um hliðstæð efni, enda þótt þar séu svipuð eða samhljóða ákvæði um friðhelgi eignarréttar, sbr. það sem sagt er hér að framan um Danmörk.“

Rétt er og að vitna til ummæla dr. Bjarna Benediktssonar í greinargerð með frum-

varpi til laga sem hann flutti á Alþingi 1945, um viðauka við lög nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita (Alþingistíðindi 1945 A, bls. 434–435). Var lagt til að jarðboranir er ná dýpra en 10 metra mætti ekki framkvæma án leyfis ráðherra sem skyldi synja leyfis ef hætta kynni að vera á því að með jarðborunum væri spillt hagnýtingu jarðhita á eign annars manns sem þegar er hafin eða hagnýtingu síðar meir, enda sé sú hagnýting jarðhitans mun verðmeiri en sú hagnýting sem stefnt er að með hinni fyrirhuguðu jarðborun.

Ekki var í frumvarpinu ákvæði um bætur, enda segir m.a. í greinargerð með því: „Hér er aðeins um almenna takmörkun á eignarréttinum að ræða, sem löggjafarvaldinu er heimilt að setja, þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.“ Í frumvarpi þessu var því lagt til að unnt væri að svipta landeiganda rétti til hagnýtingar jarðhita neðan 10 metra dýpis ef hætta kynni að vera á því að það spillti byrjaðri eða væntanlegri hagnýtingu jarðhita á landi annars manns. Taldi dr. Bjarni Benediktsson þetta almenna takmörkun eignarréttar sem heimil væri án bóta. Virðast því fræðimennirnir Bjarni Benediktsson og Ólafur Jóhannesson hafa verið sammála í aðalatriðum um þetta efni.

III.

Svo sem fyrr er getið fjallaði Ólafur Jóhannesson um skipan þessara mála hjá öðrum þjóðum og lýsti hann löggjöf í Nýja-Sjálandi, Ítalíu, Mexíkó, Danmörku, Noregi, Sviþjóð, Frakklandi og Sviss. Vísast til ritgerðar Ólafs sem fylgdi fyrrgreindu frumvarpi og einnig er að finna í Tímariti lögfræðinga 1956, bls. 134–157. Því til viðbótar er þó rétt að geta eftirfarandi atriða um erlenda löggjöf:

Á vegum OECD var árið 1962 gerð könnun á eignar- og umráðarétti yfir olíu í jörðu og var niðurstaðan sú að nánast hvarvetna, þar sem rannsóknir hefðu farið fram á því hvort olíu væri að finna neðan jarðar, væri hún háð eignarráðum eða umráðum ríkisins og virðast Bandaríki Norður-Ameríku vera eina ríkið þar sem olía á landi er háð einkaeignarrétti og landeigendur fá því greiðslur fyrir olíu úr landi sínu.

Í Noregi voru árið 1973 sett lög um rannsókn og vinnslu olíu neðan jarðar undir norsku landsvæði og með þeim kveðið á um skýlausan eignarrétt ríkisins á olíu innan yfirráðasvæðis þess. Ekki var talið að um væri að ræða þess háttar eignarskerðingu að leitt gæti til bóta samkvæmt eignarnámsákvæði stjórnarskrárinnar norsku.

Í Danmörku hefur verið úrskurðað að lög um rannsókn og vinnslu hráefna neðan jarðar nái til jarðhita og er hann því ríkiseign.

Í Bandaríkjunum hafa verið sett lög um jarðhita, annars vegar Geothermal Steam Act 1970 og hins vegar Geothermal Energy Research Development and Demonstration Act 1974. Í Bandaríkjunum hafa stjórnvöld um langan aldur undanskilið verðmæti í jörðu við sölu landareigna. Þetta hefur leitt til þess að langmestur hluti jarðhita þar í landi er í umráðum ríkisins.

Í Nýja-Sjálandi gilda lög frá 1953, með síðari breytingum, um jarðhita og nefnast þau The Geothermal Energy Act 1953. Í 14. gr. laganna segir: „No compensation in respect of geothermal energy. Notwithstanding anything in this Act or any other Act, compensation shall not be payable in respect of any geothermal energy on or below the surface of any land except so far as, at the commencement of this Act, the existence of the geothermal energy on or below the surface of the land is of actual benefit to the owners or occupiers of the land.“

Með þessum lögum er allur jarðhiti í Nýja-Sjálandi lýstur almannaeign án bóta til

landeiganda, nema því aðeins að landeigandi hafi þegar byrjað að nota jarðhitann og hann hafi því beinan hag af honum. Augljóst er að í öðrum löndum, þar sem löggjafar nýtur, hefur verið gengið miklu lengra í þá átt að takmarka rétt landeigenda til jarðhita en gerðar eru tillögur um í frumvarpi þessu.

Löggjöf annars staðar virðist benda til þess að ekki sé talið að ákvæði í almennum lögum um eignarrétt eða umráðarétt ríkisins á náttúruauðæfum undir yfirborði einkaeignarlanda brjóti í bága við stjórnarskrárbundna vernd einkaeignarréttarins. Þetta á jafnt við um ríki sem búa við mjög svipaða löggjöf og við, sem og önnur ríki sem búa við ólíka stjórnskipun.

IV.

Sú spurning hlýtur að vakna hvort ákvæði frumvarps þessa, sem lýsa ónotaðan jarðhita neðan 100 metra dýpis undir einkaeignarlöndum í umráð ríkisins, brjóti í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Þeirri spurningu verður ekki svarað nema fyrst sé kannað hvort öll náttúruauðæfi undir yfirborði jarðar tilheyri landareign. Hvorki í vatnalögum frá 1923, lögunum um eignar- og notkunarrétt jarðhita frá 1940 né í orkulögunum frá 1967 er þess getið hversu djúpt í jörð niður réttur landeiganda nái að þessu leyti. Í lögunum frá 1940 er talað um að landareign fylgi réttur til hvera og lauga (jarðhita) sem á landareign eru (1. gr.) og að landeiganda sé heimilt að hagnýta sér hveri og laugar til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar. Í orkulögunum frá 1967 er hins vegar talað um jarðhita úr landareign og að landeiganda sé rétt að bora á landareign sinni eftir jarðhita og vinna hann til hvers konar nota. Enda þótt ákvæði orkulaga séu þannig nokkuð ítarlegri mun ekki hafa verið ætlunin að breyta neinu um eignar- og notkunarrétt jarðhita með setningu III. kafla orkulaganna.

Hvorki vatnalög, orkulög né önnur lög eða réttarheimildir virðast hafa veitt landeiganda heimildir á öllum jarðhita sem finna má undir landareign hans. Ekki verður heldur séð að landeigendur hafi með öðrum hætti eignast slíkar heimildir á jarðhita sem finnst djúpt í jörðu niðri að varðað geti bótum samkvæmt stjórnarskrárákvæðum að lýsa jarðhita þennan í umráð ríkisins. Samkvæmt viðtekinni skilgreiningu á eignarrétti felst í honum einkaréttur eigandans til að ráða yfir eign innan þeirra marka sem þessum rétti eru sett í lögum og af óbeinum réttindum annarra sem til hefur verið stofnað yfir eigninni. Jafnvel þótt því mætti halda fram að með ákvæðum vatnalaga frá 1923, laganna um eignar- og notkunarrétt jarðhita frá 1940 og orkulaganna frá 1967 hafi landeigendum, af löggjafarvaldsins hálfu, verið falinn eignarréttur að öllum jarðhita undir einkaeignarlandi, þá er ekkert því til fyrirstöðu að breyta þessum reglum nú. Eignarrétturinn er að þessu leyti breytilegur. Heimildir hans geta ýmist verið rýmri eða þrengri, allt eftir því hve almenn takmörk honum eru sett í lögum hverju sinni.

Niðurstaðan er því sú að með ákvæðum frumvarps þessa sé einungis verið að setja eignarréttinum almenn takmörk. Ekki verði séð að stofnast hafi til eignarréttar með jarðhita djúpt í jörðu sem girði fyrir að almenni löggjafinn geti mælt fyrir um umráða- og hagnýtingarrétt til handa ríkinu á jarðhita sem ekki hefur verið virkjaður og er neðan 100 metra dýpis í landi sem er háð einkaeignarrétti.

Um rétt ríkisins til að setja reglur um meðferð jarðhita utan einkaeignarlanda og neðan við 100 metra dýpi undir einkaeignarlöndum má vísa til dóms Hæstaréttar 19. febrúar 1981, um eignarrétt að botni Mývatns utan netlaga, og dóms Hæstaréttar 28. desember 1981, um eignarrétt að Landmannaafrétti. Í báðum tilvikum var einkaeignarréttar-

kröfum landeigenda hafnað, en kveðið á um rétt handhafa ríkisvaldsins til að setja reglur um yfirráð, meðferð og nýtingu náttúruauðæfa þessara.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að umráðaréttur og hagnýtingarréttur landeigenda takmarkist við jarðhita á landi og þann jarðhita sem sóttur verður á dýpi allt að 100 metrum. Talið er að með ákvæði þessu sé tryggt að landeigandi á jarðhitasvæði verði ekki sviptur neinum þeim jarðhitanotum sem teljast til venjulegrar nýtingar á landi.

Um 2. gr.

Með gufu og heitu vatni berast úr jörðu uppleyst efni og gastegundir sem ekki verða skilin frá á auðveldan hátt. Lagt er til að með umráða- og hagnýtingarrétti jarðhita fylgi réttur til þessara uppleystu efna og gastegunda. Þetta er í samræmi við erlenda löggjöf á sviði jarðhita.

Um 3. gr.

Greinin svarar efnislega til 11. gr. orkulaga, nr. 58/1967, þó þannig að orðalagi er breytt til samræmis við frumvarp þetta. Einnig er kveðið á um að matsmenn skuli skera úr um hvernig hagkvæmast sé að hagnýta jarðhitann ef ágreiningur verður. Ekki er talið rétt að lögfesta ítarlegri reglur um skiptingu og hagnýtingu jarðhita þar sem tilvikin, sem upp geta komið, eru mörg og verða sanngirnisrök oft að ráða skiptingunni. Ef ekki næst samkomulag um hagnýtingu jarðhita er heimilt að beita ákvæðum 13. gr.

Um 4. gr.

Greinin er sama efnis og 12. gr. orkulaga, nr. 58/1967. Tekið er fram að matsmenn þeir, sem vitnað er til, skuli vera hinir sömu og starfa samkvæmt ábúðarlögum, nr. 64/1976.

Um 5. gr.

Grein þessi svarar til 13. gr. orkulaga, nr. 58/1967, með lítils háttar breytingum. Vitnað er í hin nýju jarðalög, nr. 65/1976, auk þess sem ekki er kveðið á um að forkaupsréttur ríkisins takmarkist við fimm ára tímabil eftir að sveitarfélag neytir forkaupsréttar síns.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að kveðið verði á um að allur jarðhiti undir yfirborði einkaeignarlanda og sóttur verður í meira en 100 metra dýpi skuli vera í umráðum ríkisins.

Í 2. mgr. er lagt til að kveðið verði á um í lögum að jarðhiti, sem finnst utan fullkominna eignarlanda, skuli vera háður umráðum ríkisins. Ekki er að finna slíkt ákvæði í gildandi löggjöf en það hefur út af fyrir sig ekki verið dregið í efa að jarðhiti á afréttum og almenningum sé almannaeign.

Um 7. gr.

Lagt er til að ætíð þurfi leyfi til að hagnýta jarðhita neðan við 100 metra undir einka-

eignarlandi og utan einkaeignarlanda.

Um 8. gr.

Lagt er til að þeir sem þegar hafa borað eftir jarðhita og byrjað hagnýtingu hans eða munu hafa gert það fyrir 1. janúar 1988 skuli halda rétti til þess jarðhita án sérstaks leyfis og án greiðslu gjalds. Hér er að sjálfsögðu átt við hagnýtingu á jarðhita sem ella þyrfti leyfi til samkvæmt frumvarpinu. Þá er og lagt til að slíkir aðilar hafi forgangsrétt til frekari hagnýtingar sama jarðhitasvæðis til sama fyrirtækis. Þykir sanngjarnt að þeim fyrirtækjum, sem nota jarðhita, verði tryggð aukin not ef nægur jarðhiti er á því jarðhitasvæði sem hagnýtt hefur verið.

Um 9. gr.

Lagt er til að ráðherra veiti leyfi til rannsókna og borana á jarðhitasvæðum. Gert er ráð fyrir að slík leyfi nái til jarðhitasvæðis sem afmarkað er í leyfi.

Um 10. gr.

Á sama hátt og með jarðhitarannsóknaleyfi er lagt til að ráðherra veiti leyfi til hagnýtingar á jarðhita eða vinnslu hans. Kveðið er á um skyldu þess er sækir um leyfi skv. 9. eða 10. gr. að láta í té hvers kyns upplýsingar sem ráðherra telur máli skipta við afgreiðslu umsóknar og útgáfu leyfis.

Um 11. gr.

Í þessu ákvæði er lagt til að sveitarfélög, sem eignast hafa land á jarðhitasvæðum við gildistöku laganna, skuli hafa betri rétt en aðrir til að hagnýta jarðhita sem á landi þeirra finnst. Þau verða samt sem áður háð ákvæðum laganna um leyfisveitingar en eru undanþegin greiðslu gjalds. Á því er byggt í ákvæði þessu að jarðhiti í umráðum sveitarfélags verði notaður til almenningsheilla og rétt sé að tryggja með löggjöf að réttur sveitarfélagsins til að nýta jarðhitann sé betri en réttur annarra sem kunna að sækja eftir hagnýtingu jarðhita í landi sem sveitarfélag hefur eignast fyrir gildistöku laganna.

Um 12. gr.

Hér er getið nokkurra þeirra atriða sem koma verða fram í leyfi skv. 9. og 10. gr. en að sjálfsögðu er ekki um tæmandi upptalningu að ræða. Gert er ráð fyrir að ítarlegri fyrirmæli um framkvæmd laganna verði sett með reglugerð.

Rétt þykir að kveða á um að leita skuli umsagnar Orkustofnunar og eftir atvikum Náttúruverndarráðs áður en leyfi skv. 9. eða 10. gr. er veitt.

Um 13. gr.

Ákvæði þetta samsvarar 14.–16. gr. orkulaga, nr. 58/1967.

Um 14. gr.

Með þessu ákvæði er skýrt kveðið á um að ráðstöfun á jarðhita ríkisins heyri undir einn og sama aðila til að tryggja samræmdar ákvarðanir um slík mál.

Um 15. gr.

Greinin er samhljóða 46. gr. orkulaga, nr. 58/1967, nema að því leyti að skýrt er kveðið á um skipun matsmanna samkvæmt greininni.

Um 16. gr.

Greinin er samhljóða 47. gr. orkulaga.

Um 17. gr.

Þessi grein fjallar um sama efni og 48. gr. orkulaga. Tekið er fram að umráðamanni sé nægilegt að merkja með aðvörunarmerkjum jarðhitasvæði sem eru fjarri byggð og hætta stafar af.

Um 18. gr.

Greinin er samhljóða 49. gr. orkulaga.

Um 19. gr.

Í þessu ákvæði er almenn heimild til reglugerðarsetningar fyrir lögin í heild.

Um 20. og 21. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 47. Fyrirspurn [47. mál]

til heilbrigðisráðherra um nýtingu Bláa lónsins við Svartsengi.

Frá Níelsi Árna Lund.

Hvað hefur verið gert til að fylgja eftir ályktun Alþingis um könnun á fjölþættri nýtingu Bláa lónsins við Svartsengi?

Sþ. 48. Tillaga til þingsályktunar [48. mál]

um flutning varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

Flm.: Ellert Eiríksson, Ólafur G. Einarsson, Salome Þorkelsdóttir, Hreggviður Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta flytja svo fljótt sem kostur er varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins frá núverandi aðsetri til Keflavíkur.

Greinargerð.

Varnarmálaskrifstofan fjallar um mál er snerta framkvæmd varnarsamningsins milli Íslands og Bandaríkjanna, sbr. lög nr. 110/1951, einnig lagaframkvæmd á varnarsvæðunum, þar á meðal lögreglumál og dómsmál, tollamál, póst- og símamál, ratsjárstöðvamál, heilbrigðismál og félagsmál, sbr. lög nr. 106/1054.

Verkefni skrifstofunnar eru:

a. Málefni er varða framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, sbr. lög nr. 110/1951.
b. Herfræðileg og hertæknileg málefni er lúta að upplýsingaöflun og rannsóknum þannig að hægt sé hverju sinni að leggja hlutlægt íslenskt mat á hernaðarstöðu landsins, varnarþörfina og fyrirkomulag varnanna.
c. Þátttaka í starfi hermálanefndar Atlantshafsbandalagsins. Samstarf við varnarliðið og yfirherstjórn Atlantshafsbandalagsins á Atlantshafi (SACLANT) um gerð áætlana varðandi varnir Íslands. Samskipti við varnarmálaráðuneyti ríkja eftir ákvörðun utanríkisráðherra.
d. Skýrslugjöf og ráðgjöf fyrir ríkisstjórnina.
e. Samstarf við almannavarnaráð og landhelgisgæslu.
f. Yfirstjórn ríkisstofnana sem starfa á eða eru í tengslum við varnarsvæðin og heyra undir utanríkisráðherra, sbr. lög nr. 106/1954, sbr. auglýsingu nr. 961/1969.
g. Eftirlit með verktökum og þjónustuaðilum er starfa á varnarsvæðum. Samskipti við nágrannasveitarfélög sem eru í nábýli við varnarsvæðin og stofnanir og aðila er hafa hagsmuna að gæta vegna veru varnarliðsins.

Ed. 49. Frumvarp til laga [49. mál]

um lífeyrisréttindi hjóna.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson, Salome Þorkelsdóttir.

1. gr.

Ellilífeyrisréttindi hjóna, sem áunnist hafa meðan á hjónabandi stóð, skulu teljast hjúskapareign þeirra. Við slit á fjárfélagi hjóna við skilnað skulu þau ellilífeyrisréttindi, sem áunnust meðan hjónabandið stóð, skiptast jafnt milli þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var lagt fram af flutningsmönnum í efri deild á síðasta þingi en náði ekki fram að ganga. Það er því endurflutt á grundvelli sömu forsendna.

Eins og nú er háttað eru ellilífeyrisréttindi beinlínis tengd þeirri persónu sem aflað hefur tekna og greitt af þeim iðgjald enda þótt önnur eignamyndun af tekjum hjóna teljist hjúskapareign þeirra og henni sé skipt við slit hjúskapar. Eðlilegt er að litið sé á öflun ellilífeyrisréttinda sem eignamyndun sem aðilar hafa stuðlað að með ákveðinni verkaskiptingu.

Það verður að teljast réttlætismál að litið sé á þessa eignamyndun sem sameiginlega eign hjóna. Auk þess hefur þetta þann kost að tekjuöflun hjóna hefur ekki áhrif á myndun ellilífeyrisréttinda þeirra, þ.e. að ekki skiptir máli hvernig hjón hafa valið að skipta með sér störfum og tekjuöflun heimilisins.

Samkvæmt lögum eru allir landsmenn, sem starfa úti á hinum almenna vinnumarkaði, skyldaðir til þess að vera aðilar að lífeyrissjóði. Slík aðild að söfnunarsjóðum lífeyriskerfisins hefur það í för með sér með iðgjaldagreiðslum fólks í sjóðina í áratugi að

þar myndast raunverulega mesta eign viðkomandi einstaklinga á langri starfsævi. Þessi eign er skilyrt og felur í sér verðmætan tryggingarrétt að starfsævi lokinni. Það er því sjálfsagt og eðlilegt að hjón líti á þennan rétt sem sameiginlegan rétt eins og aðrar eignir.

Ed. 50. Frumvarp til laga [50. mál]

um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson.

1. gr.

Stjórn lífeyrissjóðs skal sjá um að saminn sé ársreikningur fyrir hvert almanaksár í samræmi við reglur sem Seðlabanki Íslands setur. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, fjármagnsstreymi og skýringar. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum og framsetningu.

Í ársskýrslu stjórnar skal koma fram yfirlit um starfsemi sjóðsins á árinu, svo og upplýsingar um atriði er mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu sjóðsins og afkomu hans á reikningsárinu er ekki koma fram annars staðar í ársreikningnum.

Ársreikningur lífeyrissjóðs skal lagður fyrir skoðunarmenn eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Ársreikningur skal undirritaður af öllum stjórnarmönnum lífeyrissjóðs. Hafi einhver stjórnarmanna mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skal hann undirrita með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu hvers eðlis fyrirvarinn er.

2. gr.

Endurskoðun hjá lífeyrissjóði skal framkvæmd af tveimur skoðunarmönnum sem valdir eru samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sjóðsins og einum skoðunarmanni sem er löggiltur endurskoðandi.

3. gr.

Skoðunarmenn skulu framkvæma endurskoðun í samræmi við góðar endurskoðunarvenjur og reglur Seðlabanka Íslands þar að lútandi. Með endurskoðun sinni skulu þeir komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika þeirra upplýsinga sem ársreikningurinn veitir. Þeir skulu ganga úr skugga um að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við góða reikningsskilavenju og fylgt hafi verið ákvæðum laga, reglna og samþykkta varðandi meðferð fjármuna, ráðstöfun fjár, ávöxtun og upplýsingaskyldu lífeyrissjóða.

Skylt er að veita skoðunarmönnum aðstöðu til að gera þær athuganir sem þeir telja nauðsynlegar. Þeir skulu fá aðgang að öllum eignum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum lífeyrissjóðsins og skulu stjórn sjóðsins og starfsmenn veita þeim allar þær upplýsingar sem þeir æskja og unnt er að láta í té.

Skoðunarmenn skulu árita ársreikninginn og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Þeir skulu gefa upplýsingar um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykkta. Þeir skulu

láta í ljósi álit á ársreikningnum og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar að öðru leyti.

Telji skoðunarmenn að í ársreikningi séu ekki þær upplýsingar sem þar eiga að koma fram skulu þeir geta þess í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar, ef þess er kostur. Að öðru leyti geta skoðunarmenn greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem þeir telja eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

Ábendingar og athugasemdir, sem skoðunarmenn vilja koma á framfæri við stjórn eða framkvæmdastjóra, skal bera fram skriflega og skal veita þessum aðilum hæfilegan frest til svara. Ef skoðunarmönnum þykir ástæða til skulu þeir gera tillögur til stjórnar lífeyrissjóðs um endurbætur varðandi meðferð fjármuna, um breytingar á innra eftirliti og öðru því sem þeir telja að geti verið til bóta í rekstri lífeyrissjóðsins.

Skoðunarmönnum er skylt að veita bankaeftirliti Seðlabanka Íslands allar þær upplýsingar um málefni lífeyrissjóðs og framkvæmd endurskoðunar sem það kann að óska eftir og þeir geta látið í té. Ef endurskoðun leiðir í ljós verulega ágalla í rekstri lífeyrissjóðs varðandi innra eftirlit, iðgjaldainnheimtu, greiðslutryggingar útlána, meðferð fjármuna eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins eða skaðað hann að öðru leyti skulu skoðunarmenn gera stjórn sjóðsins og Seðlabanka Íslands viðvart.

Skoðunarmenn hafa rétt til að sitja stjórnarfund þar sem fjallað er um ársreikning.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1992.

Greinargerð.

Hliðstætt frumvarp var lagt fram í efri deild á síðasta þingi og hlaut góðar undirtektir og afgreiðslu í deildinni. Hins vegar dagaði það uppi í lokaönnum þingsins sl. vor. Frumvarpið er því endurflutt í trausti þess að nú gefist nægilegt svigrúm til þess að báðar deildir geti fjallað um það og samþykkt það.

Á Íslandi eru nú starfandi um 100 lífeyrissjóðir. Flestir þessara sjóða hafa orðið til vegna samninga milli launþega og vinnuveitenda og starfa samkvæmt reglugerðum er aðilar hafa komið sér saman um.

Reglugerðir þessar þurfa síðan að fá staðfestingu fjármálaráðuneytisins til þess að unnt sé að starfrækja sjóðina samkvæmt þeim. Þá hefur með lögum verið ákveðin aðildarskylda að lífeyrissjóðum er tekur til allra er starfa á hinum almenna vinnumarkaði. Þróun þessara mála tvo síðustu áratugi hefur því orðið með þeim hætti að í núverandi söfnunarkerfi lífeyrissjóða hafa myndast gífurlegar eignir. Til þess kjörnir stjórnendur annast meðferð þessara fjármuna samkvæmt settum lögum og reglugerðum um lífeyrissjóði.

Eftir að lífeyrissjóðir urðu almennt viðurkennt lífeyristryggingaform á Íslandi, en það var með samningum aðila vinnumarkaðarins árið 1969, kom fljótt í ljós að þörf var á almennri löggjöf um starfsemi þeirra. Að frumkvæði ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar árið 1976 var því sett á laggirnar svonefnd lífeyrissjóðanefnd, skipuð aðilum vinnumarkaðarins og fulltrúum ríkisins. Skyldi nefndin vinna að því að auka og efla grundvöll lífeyrisréttinda sjóðsfélaga og samræma starfsemi þeirra.

Nefnd þessi starfaði um tíu ár og lagði margt til í málefnum lífeyrissjóðanna sem m.a. kom fram í breytingum og endurbótum á reglugerðum þeirra. Skulu hér nefndar breytingar á sviði lífeyris- og örorkubóta, samræming á starfsemi sjóðanna, aukið samstarf þeirra á milli, tillögur um betri hagræðingu í rekstri og fleiri atriði svipaðs eðlis. Þá hafði

nefndin mikil áhrif á setningu laga er tengjast hinum ýmsu þáttum lífeyrismála á því tímabili sem hún starfaði.

Til þess að forðast misskiling er rétt að vekja athygli á því að nefnd sú, sem hér er vísað til, var svokölluð sautján manna nefnd og veitti Jóhannes Nordal seðlabankastjóri henni forstöðu. Innan þessarar nefndar starfaði átta manna nefnd, sem í áttu sæti fulltrúar Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnuhreyfingarinnar. Formaður þessarar nefndar, skipaður af forsætisráðherra, var fyrst Jón Sigurðsson, núverandi viðskiptaráðherra, en síðar tók við formennsku Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri vegna breyttra aðstæðna Jóns Sigurðssonar.

Það var svo umrædd sautján manna nefnd sem skilaði til fjármálaráðherra tillögum að frumvarpi til laga um starfsemi lífeyrissjóðanna. Þetta frumvarp hefur ekki verið lagt fyrir Alþingi. Án þess að vera með neinar getsakir um ástæður þess, að það hafi ekki verið gert, er ljóst að brýn nauðsyn er á því að frumvarp um starfsemi lífeyrissjóðanna verði lagt sem fyrst fyrir Alþingi. Vafalaust verða skiptar skoðanir um ýmis atriði frumvarpsins.

Hér skal þess og getið að flutningsmaður þessa frumvarps um ársreikninga og endurskoðun ársreikninga var einn af fulltrúum í sautján manna nefndinni og skrifaði undir með fyrirvara þegar nefndin skilaði af sér tillögum um frumvarp til laga um starfsemi lífeyrissjóða. Ekki er ástæða til þess að rekja það nánar hér.

Augljóst er að ákveðnar greinar frumvarps til laga um starfsemi lífeyrissjóða eru þess eðlis að um þær ætti að geta ríkt fullkomið samkomulag milli flestra aðila. Það er einnig ljóst að það frumvarp í heild verður ekki lagt fyrir yfirstandandi Alþingi svo að litlar líkur eru á að það nái fram að ganga í ár eða á næsta ári. Það er eindregin skoðun flutningsmanns að ekki megi draga að flytja frumvarp til laga um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða og lögfesta þar með veigamikil atriði í rekstri lífeyrissjóðanna. Í þessu frumvarpi er lagt til að þær greinar í tillögum að frumvarpi til laga um starfsemi lífeyrissjóðanna (30., 31. og 32. gr.) verði samþykktar með framlögðu frumvarpi og er gert ráð fyrir að lögin öðlist gildi og komi til framkvæmda 1. janúar 1992.

Þetta frumvarp er því sniðið eftir nefndu frumvarpi, þó með þeirri veigamiklu breytingu að fellt er niður að koma á fót miklu eftirlitsbákni sem skipað yrði 15 aðilum. Hér er lagt til að þetta eftirlit verði í höndum Seðlabanka Íslands.

Samkvæmt lögum á Seðlabanki Íslands að hafa eftirlit með banka- og peningakerfi þjóðarinnar. Seðlabankinn hefur þar með góða heildaryfirsýn yfir þennan málaflokk, en slíkt gerir hann að sjálfsögðu öðrum fremri að vega og meta eignavörslu sjóðanna og fjárhagsstöðu þeirra og einnig að annast faglega umfjöllun um ráðstafanir fjármuna. Þá hefur bankinn á að skipa hæfu starfsfólki sem þegar hefur töluverða reynslu í samskiptum við lífeyrissjóðina.

Það er mjög mikilvægt fyrir farsælt starf lífeyrissjóðanna að óháð stofnun, óháðir aðilar, hafi með höndum eftirlit með fjárreiðum og fjárvörslu lífeyrissjóðanna með reglubundnum hætti eins og eftirlit Seðlabankans á að vera gagnvart bönkum og öðrum fjármálastofnunum.

Á það er að lokum lögð áhersla að frumvarp þetta er ekki flutt vegna þess að með núverandi fyrirkomulagi fari ekki fram uppgjör og endurskoðun á reikningum lífeyrissjóða með eðlilegum hætti. Í reglugerðum lífeyrissjóðanna eru ströng ákvæði um gerð reikninga og endurskoðun. Þessum ákvæðum hefur að sjálfsögðu verið fylgt. En lagasetning

eins og hér er gert ráð fyrir varðandi ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða mun þó tryggja enn betur framkvæmd þessara mála og veita eigendum sjóðanna betra aðhald og tryggingu fyrir góðri meðferð þeirra miklu fjármuna sem eru í lífeyrissjóðunum.

Ed. 51. Frumvarp til laga [51. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, með síðari breytingum.

Flm.: Eiður Guðnason.

1. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal að höfðu samráði við landlæknisembættið og Umferðarráð merkja allar umbúðir undir áfengi, sem selt er í útsölum hennar, með viðvörun þar sem fram kemur að áfengisneysla barnshafandi kvenna geti valdið fósturskaða og að neysla áfengis og akstur ökutækja fari ekki saman.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um að merkja áfengisumbúðir með viðvörun um að áfengi geti valdið fósturskaða og að akstur og áfengisneysla eigi ekki samleið var flutt á síðasta þingi, en varð eigi útrætt.

Íslendingar voru meðal fyrstu þjóða sem lögleiddu að merkimiðar með varnaðarorðum um skaðsemi tóbaks væru settir á allar tóbaksumbúðir. Þetta framtak vakti athygli víða um lönd og enda þótt erfitt sé að mæla bein áhrif slíkra viðvarana er flutningsmaður sannfærður um að slík varnaðarorð hafa áhrif, bæði bein og óbein.

Í Bandaríkjunum var fyrir nokkru lögleitt að aðvaranir um skaðsemi áfengis skuli að finna á öllum áfengisumbúðum og er þar ekkert undanskilið, hvorki létt vín né áfengur bjór. Aðvörunin á áfengisumbúðum í Bandaríkjunum er svohljóðandi:

„Opinber aðvörun: (1) Að ráði landlæknis ættu barnshafandi konur ekki að neyta áfengis vegna hættu á fósturskaða. (2) Áfengisneysla dregur úr ökuhæfni og hæfileika til að stjórna vélum og kann að valda heilsutjóni.“

Íslenskt áfengi, svo sem Eldur Ís vodka og Icy vodka, sem selt er í Bandaríkjunum, er með viðvörunum eins og að ofan greinir. Annars væri sala á því ekki leyfð. Ekki verður séð að neinir tæknilegir örðugleikar séu samfara því að merkja áfengi sem selt er hér á landi með viðlíka hætti og nú er lögboðið í Bandaríkjunum. Merkingu áfengisumbúða kann að fylgja nokkur kostnaður, en sé ráð fyrir þessu gert strax við prentun merkimiða hlýtur sá kostnaður að vera hverfandi lítill.

Sþ. 52. Tillaga til þingsályktunar [52. mál]

um tvöföldun Reykjanesbrautar.

Flm.: Hreggviður Jónsson, Ingi Björn Albertsson, Ellert Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta hefja nú þegar undirbúning að tvöföldun Reykjanesbrautar frá Hafnarfirði að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Skal gert ráð fyrir því að lögð verði önnur akbraut við hliðina á hinni gömlu þannig að fullkomin hraðbraut með algerlega aðskildum aksturs stefnum og tveimur akreinum í hvora átt tengi saman þessa tvo staði. Stefnt verði að því að ljúka verkinu fyrir árslok 1993. Fjármagna skal verkið með sama hætti og veggöngin í Ólafsfjarðarmúla.

Greinargerð.

Tillaga þessi var fyrst flutt af Kolbrúnu Jónsdóttur og Júlíusi Sólnes á þinginu 1987–1988, af Júlíusi Sólnes og Hreggviði Jónssyni á þinginu 1988–1989 og af Hreggviði Jónssyni og Inga Birni Albertssyni á síðasta þingi. Tillagan er nú flutt í fjórða sinn því að það er mat flutningsmanna að hér sé um mjög brýnt mál að ræða.

Reykjanesbrautin frá Hafnarfirði til Keflavíkur er fyrsti vegarkafli þjóðvegakerfisins á Íslandi með bundnu slitlagi. Lagning vegarins á árunum 1963 og 1965 markaði tímamót í sögu vegagerðar á Íslandi. Ekki mátti draga það öllu lengur að leggja fullkominn veg milli höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkur. Þegar fyrir 20 árum var umferðin á milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins orðin svo mikil að malarvegurinn gamli var orðinn ófullnægjandi.

Með tilkomu nýja vegarins varð mikil breyting til batnaðar. Flutningsgeta jókst gífurlega og öll umferð bíla milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins varð miklu greiðfærari. Þetta olli straumhvörfum í öllum samskiptum milli íbúa þessara svæða og átti sinn þátt í því að efla atvinnulíf á Suðurnesjum. Um svipað leyti og nýi vegurinn var tekinn í notkun var öllu millilandaflugi beint til Keflavíkurflugvallar. Hafa því allir flugfarþegar, sem koma og fara frá Íslandi, átt leið um Reykjanesbrautina. *Reykjanesbrautin er því þjóðvegur allra landsmanna.*

Umferð um Reykjanesbrautina hefur aukist jafnt og þétt, bæði fólksflutningar og vöruflutningar. Í vaxandi mæli eiga vöruflutningar til landsins með flugi þátt í því. Samstarf atvinnufyrirtækja á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu hefur einnig vaxið og það hefur í för með sér aukna umferð. Bættar samgöngur eru höfuðforsenda þess að tengja atvinnulíf þessara tveggja landsvæða saman, þannig að Suðurnesin og höfuðborgarsvæðið geti orðið að einu og sama atvinnusvæði. Þetta skiptir höfuðmáli í sambandi við byggðaþróun á Suðurnesjum og möguleika til þess að nýta til fullnustu þá kosti sem hin nýja Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur upp á að bjóða. Hefur verið talað um tollfrjáls atvinnusvæði í námunda við flugstöðina og eins um byggingu miðstöðvar fyrir erlend viðskipti. Atvinnulíf hefur átt erfitt uppdráttar seinni árin á Suðurnesjum. Mikill samdráttur hefur verið í útgerð og iðnaður og verslun ekki styrkst að sama skapi. Með tilkomu nýs álvers á Keilisnesi er mikilvægi Reykjanesbrautarinnar enn meira og umferðarþunginn mun aukast. Tvöföldun Reykjanesbrautar mundi og gjörbreyta allri aðstöðu fyrir Suðurnesjamenn og er næg réttlæting fyrir því að hraða þessari framkvæmd.

Reykjanesbrautin í núverandi mynd fullnægir hvergi nærri þeim kröfum sem verður að gera til höfuðsamgönguæðar milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins. Aksturskilyrði á Reykjanesbrautinni eru oft mjög slæm. Í rigningu og þoku eru umferðaróhöpp tíð.

Á veturna myndast oft mikil hálka á örfáum mínútum. Umferðarslys orsakast þá af framúrakstri og útafakstri vegna þess að á veginum er umferð í báðar áttir. Með vaxandi umferð hefur umferðarslysum farið mjög fjölgandi. Á þessum 50 km af 8.300 km þjóðvegakerfi landsins verða 12,3% allra umferðarslysa.

Á fskj. I er birt mynd er sýnir slys á Reykjanesbraut á árunum 1970–1990.

Í meðfylgjandi töflu eru tölur sem sýna umferðarþunga og fjölda umferðarslysa á Reykjanesbraut á ári hverju frá því að brautin var fullgerð eins og hún er nú. ÁDU táknar meðalfjölda bíla á sólarhring yfir árið, SDU táknar meðalfjölda bíla á sólarhring sumarmánuðina fjóra og MDU er mesta sólarhringsumferð ársins. Rétt er að taka fram að vegna breytinga á skráningu umferðarslysa eru tölur fyrir árið 1988 og 1989 ekki sambærilegar við fyrri ár sem eru allar úr lögregluskýrslum. Tölur ársins 1988 og 1989 fela aðeins í sér þau tilvik sem lögreglan er tilkvödd, en fyrra hluti ársins 1989 var tekinn upp nýr háttur á skipan mála með tilkomu sérstakra eyðublaða frá tryggingafélögunum.

Umferð og slys á Reykjanesbraut.


Ár	MDU	ÁDU	SDU	Slys á ári
1965		1.340		
1966			1.530	
1967		1.500		
1968		1.540		
1969		1.630		
1975		2.820	3.220	
1976			3.310	
1977		3.250	3.540	
1978		3.240	3.710	
1979		3.240	3.460	
1980		3.120	3.530	
1981		3.130	3.550	
1982	4.000	3.070	3.590	90
1983	3.900	3.010	3.670	110
1984	4.100	3.180	3.930	107
1985	5.300	3.610	4.170	100
1986	5.547	3.663	4.308	124
1987	7.802	4.663	5.428	172
1988	8.632	4.974	5.728	152
1989	7.806	4.789	5.642	131

Eftir nokkra stöðnun á árunum 1978–1982 fer því umferð á Reykjanesbraut greinilega ört vaxandi. Að byggja fullkomna hraðbraut með aðskildum akstursstefnum er nú jafnnauðsynlegt og það var fyrir 20 árum að leggja veg með bundnu slitlagi milli Keflavíkur og Reykjavíkur.

Sérfræðingar Vegagerðarinnar telja að þegar mesta umferð á sólarhring sé komin í 8.000–10.000 bifreiðar þurfi að skilja akstursstefnur að. Í september 1988 mældist mesta umferð á sólarhring 8.632 bifreiðar. Ekki er ólíklegt að talan verði komin upp í 10.000 bifreiðar á næstu árum, enda þekkja þeir sem þurfa að fara um Reykjanesbraut enda-

lausar lestir bifreiða alla leið frá Keflavík til Hafnarfjarðar eða öfugt. Sem fyrst þarf því að fullgera aðra vegbraut og gera nauðsynleg umferðarmannvirki þannig úr garði að nýja flugstöðin við Keflavík og höfuðborgarsvæðið tengist með hraðbraut samkvæmt bestu erlendum fyrirmyndum, hraðbraut sem þolir mikla umferð og mikinn aksturshraða við hagstæð skilyrði. Það skref, sem yrði stigið með því að tvöfalda Reykjanesbrautina, er ekki lokaskref. Gera verður ráð fyrir því að stórauknar samgöngur og vöruflutningar um Flugstöð Leifs Eiríkssonar muni eflaust áður en langt um líður kalla á enn fullkomnari samgöngur. Þá mun umferðin aukast enn frekar með tilkomu álvers á Keilisnesi.

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðar ríkisins er talið að lagning nýrrar akbrautar við hliðina á hinni gömlu með nauðsynlegum lagfæringum og ráðstöfunum vegna flokkunar vegarins sem hraðbrautar kosti um 1,2–1,4 milljarða króna. Sjálf tvöföldun brautarinnar mun kosta um 500–580 milljónir króna, lýsing með allri brautinni um 300 milljónir króna og gerð umferðarmannvirkja á gatnamótum, svo og lagfæring afreina, um 420–560 milljónir króna. Með því að bjóða verkið út til stórra verktaka, jafnt erlendra sem innlendra, má eflaust lækka þennan kostnað verulega. Til samanburðar má geta þess að veggöngin í gegnum Ólafsfjarðarmúla munu kosta nálægt 1,2 milljörðum króna. Veggöngin eru um 3.400 m með vegskálum. Um Ólafsfjarðarmúla fara um 250 bílar á dag þegar umferð er mest, en íbúar þar eru um 1.150 manns. Á Suðurnesjum búa hins vegar um 18.000 manns og 130.503 erlendir ferðamenn fóru til og frá Keflavíkurflugvelli árið 1989 og 142.579 Íslendingar eða í allt 273.082 ferðamenn sem fara fram og til baka eftir Keflavíkurveginum. Áætla má að umferðin verði fjótlega orðin 10.000 bílar á dag þegar mest er, en er nú um 8.000 bílar.



Nd. 53. Frumvarp til laga [53. mál]

um afreksmannasjóð íslenskra íþróttamanna.

Flm.: Ingi Björn Albertsson, Hreggviður Jónsson.

1. gr.

Stofna skal afreksmannasjóð íslenskra íþróttamanna. Skal stofnfé sjóðsins samsvara árslaunum fjörutíu háskólakennara.

Tilgangur sjóðsins er að skapa efnilegum íþróttamönnum fjárhagslegan grundvöll til að helga sig íþrótt sinni.

2. gr.

Fjárveiting skv. 1. gr. skal í fyrsta sinn veitt í fjárlögum fyrir árið 1991.

Í fjárlögum ár hvert skal sjóðnum síðan ætluð fjárveiting er nemi eigi lægri fjárhæð en í 1. gr. greinir. Fjárhæðin skal endurskoðuð ár hvert við undirbúning fjárlaga með tilliti til breytinga á launum háskólakennara.

3. gr.

Rétt til greiðslu úr sjóðnum hafa þeir íþróttamenn sem að mati stjórnar sjóðsins hafa sýnt ótvíræða hæfileika í íþróttagrein sinni og eru því líklegir til afreka á því sviði.

Sérsambönd innan ÍSÍ skulu senda stjórn sjóðsins fyrir upphaf hvers fjárhagsárs tilnefningar um íþróttamenn er hljóta skulu styrk það ár.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar stjórn afreksmannasjóðs til þriggja ára í senn. Í henni skulu sitja þrír menn, tveir tilnefndir af framkvæmdastjórn Íþróttasambands Íslands, en einn skal skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

5. gr.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara þar sem m.a. skal kveðið á um vörslu sjóðsins og úthlutun úr honum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Íþróttir eru sívaxandi hluti daglegs lífs hjá almenningi hér á landi. Daglega leggja þúsundir manna á öllum aldri stund á íþróttir um allt land, bæði innan dyra og utan. Með auknum frítíma og áhuga á einstökum greinum íþrótta hefur mikilvægi íþrótta margfaldast fyrir fólkið í landinu. Aflvakinn í þessu öllu eru keppnisíþróttirnar þar sem dugmiklir og fórnfúsir einstaklingar leggja á sig ómælt erfiði og taka oft og tíðum á sig mikil útgjöld. Það má raunar fullyrða að án keppnisíþrótta ætti almenningur þess ekki kost að iðka ýmsar íþróttagreinar í hinum fjölmörgu íþróttamannvirkjum sem reist hafa verið fyrir forgöngu forustumanna íþróttahreyfingarinnar.

Jafnframt hefur geta íslenskra keppnismanna aukist ár frá ári og árangur þeirra vakið athygli víða um heim. Það hefur þó háð markvissri uppbyggingu og langtímaþjálfun

afreksmanna okkar að þeir hafa ekki getað gefið sig óskipta að æfingum, t.d. fyrir Ólympíuleika og heimsmeistarakeppni, vegna baráttu fyrir daglegu brauði. Fjárframlög ríkisins til íþróttahreyfingarinnar eru sáralítil og hafa verið skorin rösklega niður sl. ár. Ef við berum okkur saman við aðrar Norðurlandaþjóðir geta alþingismenn ekki litið kinnroðalaust framan í æskufólk sem leggur sig í líma við að hefja nafn Íslands til vegs á erlendum vettvangi. Nú er og komið fordæmi fyrir því að afreksmenn njóti náðar Alþingis, en með samþykkt stjórnarfrumvarps um launasjóð stórmeistara í skák á síðastliðnu þingi er brautin rudd og ber að fagna því. Frumvarp þetta er af sömu rótum runnið en sniðið að þörfum íþróttahreyfingarinnar.

Nd. 54. Frumvarp til laga [54. mál]

um breytingu á sektarmörkum nokkurra laga o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Erindisbréf handa biskupum, 1. júlí 1746.

a. Síðari málsliður 18. gr. falli niður.
b. 2. málsl. 21. gr. falli niður.

2. gr.

Konungsbréf um prestsverk prófasta innan prófastsdæmis, 11. mars 1796.

Í 3. gr. falli niður orðin „en ef héraðsprófasti er eigi sagt til, þó að það hefði vel mátt gera, bera honum 2 rd.“.

3. gr.

Tilskipun um veiði á Íslandi, 20. júní 1849.

a. 5. gr. orðist svo:

Nú drepur maður dýr eða veiðir án heimildar í annars manns landi og varðar það sektum.

b. 2. mgr. 7. gr. falli niður.
c. 3. málsl. 8. gr. falli niður.
d. 9.–21. gr. falli niður.
e. Ný grein, 9. gr., orðist svo:

Enginn má skjóta landsel eða útsel á fjörðum eða víkum, þar sem látur eru eða lagnir, nær en hálfa sjómílu frá þeim.

f. Ný grein, 10. gr., orðist svo:

Vöðuseli eða annan farsel má hver maður skjóta eða veiða í nót hvar sem hann vill, en þó ekki nær annars manns landi en 300 metra frá stórstraumsfjörumáli þar sem nótlög eru, né heldur skjóta nær eggveri eða látrum en greinir í 9. gr., sbr. og lög nr. 30 27. júní 1925.

Nú vill maður leggja nót af landi eða í nótlögum annars manns og skal hann þá semja um það við þann sem veiði á.

g. Ný grein, 11. gr., orðist svo:

Brot gegn fyrirmælum þessum varða sektum og fer um mál út af þeim samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Heimilt er að gera upptæk net og aðrar veiðitilfæringar, svo og skotvopn, sem brot hafa verið framin með.

4. gr.

Tilskipun fyrir Ísland um síldar og upsaveiði með nót, 12. febrúar 1872.

a. 7. gr. falli niður.
b. Í 1. málsl. 12. gr. falli niður orðin „frá 5 til 200 rd.“, svo og 2. málsl. greinarinnar.
c. 1. mgr. 13. gr. orðist svo:
   Um mál út af brotum á lagaboði þessu fer að hætti opinberra mála.
d. 14. gr. falli niður.

5. gr.

Lög um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., nr. 3 12. apríl 1878.

2. gr. falli niður.

6. gr.

Lög um leysing á sóknarbandi, nr. 9 12. maí 1882.

4. málsl. 4. gr. falli niður.

7. gr.

Lög um beitutekju, nr. 39 2. nóvember 1914.

a. Síðari málsliður 1. mgr. 1. gr. orðist svo: Ef landeigandi verður fyrir tjóni vegna þessa á hann rétt á bótum.
b. 2. mgr. 1. gr. falli niður.
c. 2. mgr. 2. gr. falli niður.
d. Í 3. gr. falli niður orðin „20 til 200 króna“.
e. 6. gr. falli niður.
f. 7. gr. orðist svo:
   Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

8. gr.

Lög um áveitu á Flóann, nr. 68 14. nóvember 1917.

6. gr. orðist svo:

Ákveða má að brot gegn samþykkt varði sektum og fer um mál vegna brota að hætti opinberra mála.

9. gr.

Lög um landamerki o.fl., nr. 41 28. nóvember 1919.

7. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum og fer um mál vegna þeirra að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að banna flutning til landsins á varningi, sem stjórnin telur stafa sýkingarhættu af, nr. 8 18. maí 1920.

2. gr. orðist svo:
Brot gegn ákvæðum laga þessara og fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða sektum og sæta mál út af því meðferð opinberra mála.

11. gr.

Lög um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum, nr. 53 27. júní 1921.
5. gr. orðist svo:
Brot gegn lögum þessum varða sektum og fer um mál út af þeim að hætti opinberra mála.

12. gr.

Lög um verslunarskýrslur, nr. 12 19. júní 1922.
a. Í 2. gr. falli niður orðin „allt að 200 kr.“.
b. 5. gr. orðist svo:
Vísvitandi röng skýrslugjöf varðar sektum nema þyngri refsing liggi við að lögum. Tregðist nokkur við að láta í té skýrslu sem hann hefur fengið frest á að gefa má þröngva honum til þess að frestinum liðnum með dagsektum allt að 10.000 kr. og getur lögreglustjóri tiltekið sektina í bréfi til hlutaðeiganda.
c. 6. gr. orðist svo:
Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

13. gr.

Vatnalög, nr. 15 20. júní 1923.
a. 107. gr. orðist svo:
Brot gegn félagssamþykktum varða sektum og um mál út af þeim fer að hætti opinberra mála.
b. Í stað orðanna „einföldu fangelsi“ í alið 1. tölul. 153. gr. komi: varðhaldi.
c. Í stað orðanna „einföldu fangelsi“ í blið 1. tölul. 153. gr. komi: varðhaldi.
d. 2. tölul. 153. gr. falli niður.
e. 154. gr. orðist svo:
Um mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

14. gr.

Lög um nauðasamninga, nr. 19 4. júní 1924.
a. Í stað orðanna „20 kr.“ í 1. mgr. 54. gr. komi: lögmælt gjald.
b. Í 2. mgr. 54. gr. falli niður orðin „20–200 kr.“.

15. gr.

Lög um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922, um fiskiveiðar í landhelgi, nr. 4 4. maí 1925.
3. gr. orðist svo:
Brot gegn lögum þessum varða sektum, 200–20.000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, og fer um mál vegna brota að hætti opinberra mála.

16. gr.

Lög um selaskot á Breiðafirði og uppidráp, nr. 30 27. júní 1925.

2. gr. orðist svo:

Brot gegn 1. gr. varðar sektum.

Skotvopn og veiðifang má gera upptækt, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

17. gr.

Lög um einkenning fiskiskipa, nr. 31 27. júní 1925.

a. Í 1. mgr. 3. gr. falli niður orðin „frá 50–2.000 kr.“.
b. Í 2. mgr. 3. gr. falli niður orðin „allt að 400 kr.“.
c. 1. mgr. 4. gr. orðist svo:

Um mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

18. gr.

Hjúalög, nr. 22 7. maí 1928.

a. 31. gr. falli niður.
b. 32. gr. orðist svo:

Brot gegn 7. og 19. gr. varða sektum og fer um mál vegna þess að hætti opinberra mála.

c. 33. gr. falli niður.

19. gr.

Lög um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, nr. 24 1. febrúar 1936.

Í 2. mgr. 11. gr. falli niður orðin „100–10.000 krónum“.

20. gr.

Lög um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936.

Í 3. mgr. 34. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 33/1963, falli niður orðin „200–4.000 krónur“.

21. gr.

Lög um samvinnufélög, nr. 46 13. júní 1937.

a. Í stað orðanna „fangelsi, samkv. 26. gr. hinna almennu hegningarlaga“ í 1. mgr. 43. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 47/1977, komi: varðhaldi.
b. Í stað orðanna „sem almenn lögreglumál“ í 44. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 47/1977, komi: að hætti opinberra mála.

22. gr.

Lög um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir að það auki kyn sitt, nr. 16 13. janúar 1938.

Í 9. gr. falli niður orðin „100–10.000 krónum“.

23. gr.

Lög um ostrurækt, nr. 21 12. júní 1939.

5. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum og fer um mál út af þeim samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

24. gr.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna að veita upplýsingar um ferðir skipa, nr. 9 12. febrúar 1940.

3. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Mál vegna brota á lögunum fara að hætti opinberra mála.

25. gr.

Landskiptalög, nr. 46 27. júní 1941.

Í 2. mgr. 15. gr. falli niður orðin „allt að 1.000 kr.“.

26. gr.

Lög um beitumál, nr. 45 7. maí 1946.

15. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 13/1947, orðist svo:

Brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum og fer um mál vegna brota að hætti opinberra mála.

27. gr.

Lög um stjórn flugmála, nr. 119 28. desember 1950.

Í 4. gr. falli niður orðin „allt að 30.000 krónum“.

28. gr.

Lög um að banna hnefaleika, nr. 92 27. desember 1956.

Í 3. gr. falli niður orðin „allt að 10.000 krónum“.

29. gr.

Lög um dýravernd, nr. 21 13. apríl 1957.

Í stað orðanna „200 krónum“ í 2. mgr. 14. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 38/1968, komi: 10.000 krónum.

30. gr.

Lög um efnahagsmál, nr. 4 20. febrúar 1960.

Í 36. gr. falli niður orðin „allt að 500.000 kr.“.

31. gr.

Lög um söluskatt, nr. 10 22. mars 1960.

25. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 33/1982, breytist þannig:

a. Í 2. mgr. falli niður orðin „allt að 50.000 kr.“.

b. Í 3. mgr. falli niður orðin „allt að 25.000 kr.“.
c. Í 4. mgr. falli niður orðin „allt að 100.000 kr.“.
d. Í 7. mgr. falli niður orðin „allt að 100.000 kr.“.

32. gr.

Lög um dánarvottorð, nr. 64 25. apríl 1962.
Í 12. gr. falli niður orðin „allt að 1.000 krónum“.

33. gr.

Lyfsölulög, nr. 30 29. apríl 1963.
Í 1. mgr. 68. gr. falli niður orðin „frá 100 til 200.000 króna“.

34. gr.

Lög um eyðingu svartbaks, nr. 50 18. maí 1965.
1. málsl. 1. mgr. 11. gr. orðist svo: Fyrir hvern unninn svartbak á veiðimaður rétt á greiðslu samkvæmt því er nánar verður kveðið á um í reglugerð er ráðherra setur að fengnum tillögum veiðistjóra.

35. gr.

Lög um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33 26. apríl 1966.
a. 2. mgr. 37. gr. falli niður.
b. 41. gr., er felld var niður með 47. gr. laga nr. 75/1982, orðist svo:
Tilraun til brota á lögum þessum og hlutdeild í þeim er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

36. gr.

Lög um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní 1970.
Í 2. mgr. 97. gr. falli niður orðin „allt að 500.000 kr.“.

37. gr.

Lög um náttúruvernd, nr. 47 16. apríl 1971.
Í stað orðanna „2.000 krónum“ í 3. mgr. 37. gr. komi: 10.000 krónum.

38. gr.

Búfjárræktarlög, nr. 31 24. apríl 1973.
1. málsl. 59. gr. orðist svo:
Sá er sekur verður um illa meðferð á skepnum skv. 58. gr. skal sæta sektum eða varðhaldi allt að sex mánuðum nema þyngri refsing liggi við að lögum.

39. gr.

Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 36 2. maí 1974.
Í stað orðanna „2.000 krónum“ í 2. mgr. 8. gr. komi: 10.000 krónum.

40. gr.

Lög um bátaábyrgðarfélög, nr. 18 23. apríl 1976.

Í 3. mgr. 7. gr. falli niður orðin „frá 1.000–25.000 krónum“.

41. gr.

Lög um flokkun og mat á gærum, nr. 22 10. maí 1976.
Í 6. gr. falli niður orðin „frá 5.000 til 100.000 króna“.

42. gr.

Lög um sauðfjárbaðanir, nr. 22 10. maí 1977.
10. gr. orðist svo:
Brot gegn lögum þessum, svo og reglugerðum og fyrirmælum samkvæmt þeim, varða sektum og fer um mál vegna þeirra að hætti opinberra mála.

43. gr.

Lög um manntal 31. janúar 1981, nr. 76 19. desember 1980.
Í 1. mgr. 10. gr. falli niður orðin „allt að 500 nýkrónum“.

44. gr.

Lög um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75 14. september 1981.
107. gr. breytist þannig:

a. Í 2. mgr. falli niður orðin „allt að 10.000 kr.“.
b. Í 3. mgr. falli niður orðin „allt að 5.000 kr.“.
c. Í 4. mgr. falli niður orðin „allt að 10.000 kr.“.
d. Í 7. mgr. falli niður orðin „allt að 10.000 kr.“.

45. gr.

Lög um ákvörðun fésekta, nr. 14 8. mars 1948, falli niður.

46. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Drög að frumvarpi þessu ásamt greinargerð samdi dr. Ármann Snævarr, fyrrv. hæstaréttardómari, að ósk dómsmálaráðuneytisins og hafa þau sætt athugun í ráðuneytinu. Var frumvarpið lagt fram á 112. löggjafarþingi 1989–90, en varð eigi útrætt.

I.

Með lögum nr. 75/1982 og 10/1983 var breytt sektarmörkum allmargra laga. Var þar mörkuð sú stefna að horfið skyldi frá því að greina lágmark og hámark sekta í sérrefsilögum. Í stað þess skyldi aðeins greina að brot varðaði sekt og réðist þá lágmark og hámark sektar samkvæmt því er greinir í 50. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. nú 7. gr. laga nr. 42/1985 (hámark 4 millj. kr.). Jafnframt var sú stefna mörkuð að sektir skyldu almennt renna í ríkissjóð en eigi í sérsjóði nema sérstaklega stæði á. Enn fremur var ákvæðum um meðferð mála breytt svo að í stað almennra lögreglumála, sem oft greinir í eldri refsiboðum, skyldi koma að mál sætti meðferð opinberra mála.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að breyta enn nokkrum sérrefsilagaboðum til samræmis við refsistefnu laganna frá 1982 og 1983. Er frumvarp þetta því framhald á því starfi sem þá var unnið. Þá tekur frumvarpið mið af tillögum lagahreinsunarnefndar um brottfall ýmissa laga þannig að ekki er lögð til breyting á þeim ákvæðum sem þær tillögur gera ráð fyrir að verði felld úr gildi. Er með þessu lokið endurskoðun lagaákvæða er greina lágmark og hámark sekta í sérlögum og er þá lagt til að lög um ákvörðun fésekta, nr. 14/1948, verði felld úr gildi.

Tekið skal fram að nokkrum dagsektarákvæðum hefur verið breytt með framangreindum lögum og í þessu frumvarpi er einnig vikið að dagsektarákvæðum í nokkrum tilvikum. Dagsektarákvæði í lögum hafa þó ekki sætt endurskoðun í heild sinni.

II.

Einstakar greinar frumvarpsins skýra sig nánast sjálfar. Eftirfarandi athugasemdir skulu þó settar fram:

1. Í 3. gr. felast nokkrar breytingar á refsiákvæðum veiðitilskipunar frá 1849 sem reistar eru á almennri endurskoðun þeirra ákvæða. Vafalaust er þörf á endurskoðun þessa lagaboðs í heild sinni.
2. Í 31. gr. eru lagðar til breytingar á refsiákvæðum laga um söluskatt, nr. 10/1960. Refsiákvæði þeirra laga verða raunhæf enn um sinn þótt lögin þoki fyrir nýrri löggjöf um virðisaukaskatt.
3. Í 35. gr. er lagt til að ákvæði laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966, um tilraun og hlutdeild í brotum á lögunum verði rýmkað þannig að það nái til allra brota gegn þeim, en verði ekki einskorðað við 37. gr. þeirra svo sem nú er talið að því er varðar tilraun, sbr. hrd. 1984, bls. 1341.
4. Varðandi 38. gr. er bent á að 59. gr. búfjárræktarlaga, nr. 31/1973, er ekki afnumin með 19. gr. laga nr. 84/1989.

Ed. 55. Frumvarp til laga [55. mál]

um opinbera réttaraðstoð.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið opinberrar réttaraðstoðar er að veita almenningi ráðgjöf á sviði lögfræði og jafnframt leitast við að tryggja að réttindi einstaklinga glatist ekki sökum lítilla efna.

Dómsmálaráðherra hefur umsjón með opinberri réttaraðstoð sem skiptist í:

a. almenna ráðgjöf,
b. aðstoð í einstökum málum,
c. réttargæslu fyrir brotaþola í opinberum málum,
d. gjafsókn og gjafvörn fyrir dómstólum.

2. gr.

Menn, sem hafa fasta búsetu hér á landi, eiga rétt til opinberrar réttaraðstoðar.

II. KAFLI
Almenn ráðgjöf.

3. gr.

Almenn ráðgjöf er fólgin í munnlegum leiðbeiningum um réttarreglur og lagaúrræði varðandi tiltekið lögfræðilegt álitaefni hvort sem réttarágreiningur er orðinn eða ekki. Í ráðgjöfinni felst hvorki aðstoð við bréfaskriftir né gerð skjala eða skriflegra álitsgerða.

4. gr.

Einstakir lögmenn eða samtök lögmanna, sem ráðherra gerir samning við, láta almenna ráðgjöf í té gegn fastri þóknun sem greiðist úr ríkissjóði. Þar sem ekki er kostur á þjónustu starfandi lögmanna eða fulltrúa þeirra getur ráðherra samið við aðra lögfræðinga um að veita ráðgjöfina.

III. KAFLI
Aðstoð í einstökum málum.

5. gr.

Aðstoð í einstökum málum felst í venjubundinni lögfræðiráðgjöf, einfaldri skjalagerð, bréfaskiptum, umsóknum, kærum og mótum hjá opinberum stofnunum eða sýslunarmönnum vegna:

1. sifja-, erfða- og persónuréttarmálefna,
2. skaðabóta utan samninga,
3. vátryggingasamninga,
4. vinnusamninga,
5. kaup- eða leigusamninga um íbúðarhúsnæði,
6. lausafjárkaupa,
7. stjórnsýslukæru,
8. kvörtunar til umboðsmanns Alþingis,
9. umsóknar um gjafsókn eða gjafvörn.

6. gr.

Sýslumaður getur í einstökum tilvikum heimilað að aðstoð skv. 5. gr. skuli veitt umfram það sem þar segir, enda sé líklegt að hún leiði til lausnar ágreiningsefna án málshöfðunar eða sérstakar ástæður mæla með því.

Á sama hátt getur sýslumaður einnig í sérstökum tilvikum heimilað aðstoð samkvæmt þessari grein til manns sem á í verulegum fjárhagsörðugleikum, en vill freista þess að koma nýrri skipan á fjármál sín, sbr. 7. gr. gjaldþrotalaga, nr. 5 frá 5. maí 1978.

7. gr.

Ráðherra ákveður árlega í samráði við Lögmannafélag Íslands hvaða starfandi héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn láti í té aðstoð í einstökum málum sem lög þessi ná til. Skal birta opinberlega lista með nöfnum lögmannanna og er þeim skylt að veita aðstoðina. Þeir geta þó synjað um aðstoð í einstökum tilvikum ef þeir telja málefni þess eðlis að aðstoðin sé bersýnilega þarflaus, hún brjóti í bága við siðareglur lögmanna.

8. gr.

Rétt til aðstoðar í einstökum málum hafa einstaklingar eða hjón með tekjur og eignir undir nánar tilgreindum fjárhæðum, enda sé aðstoðin ekki tengd atvinnurekstri þeirra. Fjárhæðir þessar skulu ákveðnar með reglugerð.

Aðstoð skv. 1. mgr. verður ekki veitt oftar en einu sinni á hverju almanaksári. Sýslumaður getur þó heimilað undantekningu þar frá ef sérstaklega stendur á.

9. gr.

Fyrir veitta aðstoð skv. 5. gr. greiðist föst þóknun og skal upphæð hennar ákveðin í reglugerð. Ríkissjóður greiðir $^3/_4$ þóknunar, en skjólstæðingur $^1/_4$.

Fyrir veitta aðstoð skv. 6. gr. greiðist þóknun og má hún nema allt að þrefaldri þóknun skv. 1 mgr. Ríkissjóður greiðir helming þóknunar, en skjólstæðingur helming. Sýslumaður í því umdæmi, sem aðstoð er veitt í, úrskurðar um fjárhæð þóknunar samkvæmt þessari málsgrein eftir málsatvikum hverju sinni. Kæra má slíkan úrskurð til ráðuneytisins.

10. gr.

Lögmaður, sem veitir aðstoð skv. 5. gr., skal fá greiddan kostnaðarhluta ríkissjóðs hjá embætti sýslumanns í því umdæmi sem aðstoð er veitt, sbr. 9. gr., enda leggi hann fram umsókn um að ríkissjóður taki þátt í kostnaði við lögfræðiaðstoð ásamt reikningi sínum. Umsókn skal undirrituð af þeim sem aðstoðar beiðist og þeim sem hana veitir.

Í reglugerð skal nánar ákveða hvaða upplýsingar og yfirlýsingar skuli fylgja umsókn skv. 1. mgr., þar á meðal upplýsingar um tekjur og eignir þess sem aðstoðar beiðist og yfirlýsing um að sýslumanni sé heimilt að afla staðfestingar skattyfirvalda um að rétt sé frá skýrt.

Nú synjar sýslumaður um kostnaðarþátttöku fyrir aðstoð og má þá skjóta synjuninni til úrskurðar ráðuneytisins.

IV. KAFLI
Réttargæsla fyrir brotaþola.

11. gr.

Í málum, sem varða brot á 190. og 194. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, skal þegar við upphaf lögreglurannsóknar kveðja til réttargæslumann fyrir þann sem ætla má að fyrir broti hafi orðið.

Í málum sem varða brot á 195.–203. gr. og 206. gr. almennra hegningarlaga er rannsóknaraðila eða dómara heimilt að kveðja til réttargæslumann fyrir þann sem ætla má að fyrir broti hafi orðið ef sá ber fram ósk um það. Skal brotaþoli inntur eftir því hvort hann óski eftir réttargæslumanni.

Einnig er heimilt, ef nauðsynlegt þykir að mati rannsóknaraðila eða dómara, að kveðja réttargæslumann til á sama hátt fyrir þann sem ætla má að fyrir broti hafi orðið er varðað getur við 218. eða 226. gr. almennra hegningarlaga.

12. gr.

Kostnað við réttargæslu brotaþola skv. 11. gr. skal greiða úr ríkissjóði, en endurkrefja

skal kostnaðinn fyrir dómi ef til saksóknar kemur.

V. KAFLI
Um gjafsókn og gjafvörn.

13. gr.

Orðið gjafsókn nær bæði til gjafsóknar og gjafvarnar vegna reksturs einkamála fyrir dómi.

14. gr.

Ráðherra skal skipa nefnd þriggja löglærðra manna, gjafsóknarnefnd, til fjögurra ára í senn. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu Lögmannafélags Íslands. Nefndin skal veita umsögn um gjafsóknarbeiðnir og móta starfsreglur um veitingu gjafsóknarleyfa.

15. gr.

Ráðherra veitir gjafsóknarleyfi samkvæmt umsókn þar að lútandi og að fenginni umsögn gjafsóknarnefndar. Skilyrði gjafsóknarleyfis er að málstaður umsækjanda gefi nægilegt tilefni til málsóknar og að efnahag hans sé svo háttað að kostnaður málsins verði honum fyrirsjáanlega ofviða, hvort tveggja að mati gjafsóknarnefndar.

Ráðherra setur ákvæði í reglugerð um viðmiðunarfjárhæðir tekna og eigna þeirra sem gjafsóknar geta notið. Við mat á efnahag umsækjanda skal einnig taka tillit til tekna og eigna maka eða sambúðarmanns og til tekna og eigna foreldra ef umsækjandi um gjafsókn er undir 18 ára aldri.

16. gr.

Ráðherra getur, ef sérstaklega stendur á, veitt gjafsókn, enda þótt skilyrðum 15. gr. sé ekki fullnægt. Til álita koma einkum mál, þar sem tekist er á um grundvallaratriði við lagatúlkun, fjallað er um mikilvæga hagsmuni almennings eða málið hefur verulega þýðingu fyrir atvinnu- og félagslega stöðu umsækjanda. Gjafsóknarleyfi verður ekki veitt á grundvelli þessarar greinar nema gjafsóknarnefnd hafi fjallað um umsókn og mælt með því að gjafsókn verði veitt.

17. gr.

Gjafsóknarleyfi skuldbindur ríkissjóð til greiðslu málskostnaðar skv. 18. gr. eftir því sem kveðið er á í dómi að svo miklu leyti sem fjárskuldbinding ríkissjóðs er ekki takmörkuð í leyfinu.

Nú vinnur gjafsóknarhafi mál sitt fyrir héraðsdómi að hluta eða að öllu leyti, en gagnaðili skýtur málinu til Hæstaréttar og nær leyfið þá einnig til málskostnaðar sem þar er dæmdur, þar á meðal í gagnsök fyrir Hæstarétti.

Í gjafsóknarleyfi skal skýrt koma fram til hvaða máls leyfi taki, hver sé lögmaður leyfishafa og fyrir hvaða dómstigi málið sé rekið.

18. gr.

Málskostnaður samkvæmt lögum þessum telst:

1. Réttargjöld við þær dómsathafnir sem leyfi nær til og kostnaður við afrit þeirra skjala er embættis- eða sýslunarmenn afgreiða til afnota við dómsathafnirnar.

2. Ferðakostnaður og annar útlagður kostnaður.
3. Kostnaður við birtingar og tilkynningar er málið útheimtir og dómsathafnir í sambandi við það, þóknun til þingvotta, vitna, mats- og skoðunarmanna og önnur slík gjöld.
4. Þóknun lögmanns fyrir málflutning samkvæmt dómi.

Takist dómsátt um málið skal dómari engu að síður ákveða málskostnað.

Gjafsóknarleyfi nær bæði til aðalmáls og aukamála í sambandi við það, svo sem vitnamála og matsmála auk lögbanns- og kyrrsetningargerða og fullnustugerða, nema takmarkanir séu gerðar í leyfisbréfi.

Gjafsóknarleyfi fellur ekki niður við andlát leyfishafa.

Afturkalla má gjafsóknarleyfi ef í ljós kemur að það hefur verið veitt að ófyrirsynju eða hagur leyfishafa breytist svo að þess er ekki lengur þörf. Við afturköllun fellur greiðsluskylda ríkissjóðs niður.

Gjafsóknarleyfi nær einungis til þess kostnaðar sem gjafsóknarhafi hefur af málarekstri sínum, en haggar í engu skyldu hans til greiðslu málskostnaðar til gagnaðila síns samkvæmt dómi eða dómsátt.

Sé gagnaðili dæmdur til greiðslu málskostnaðar skal ekki taka mið af því að gjafsóknarleyfi hefur verið veitt. Skal málskostnaður renna í ríkissjóð. Hafi gjafsóknarhafi sjálfur haft kostnað af málinu skal ákveðið í dómi hver hluti dæmds málskostnaðar skuli renna til gjafsóknarhafa og hver hluti skuli renna í ríkissjóð.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

19. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Viðmiðunarfjárhæðum, sem settar eru í reglugerðinni skv. 8., 9. og 15. grein laganna, skal breyta árlega í samræmi við almennar verðbreytingar og skal í janúar ár hvert auglýsa breyttar viðmiðunarfjárhæðir.

20. gr.

Lög þessi taka gildi sem hér segir: I.–II. og IV.–VI. kaflar laganna taka gildi 1. janúar 1991 og jafnframt fellur þá úr gildi XI. kafli laga nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði. III. kafli laganna tekur gildi 1. júní 1992.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fram til gildistöku laga nr. 92 1. júní 1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, fara sýslumenn, bæjarfógetar og borgarfógetaembættið í Reykjavík með þau verkefni sem falin eru sýslumönnum skv. 5., 6., 9. og 10. gr. laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi en varð ekki útrætt. Því fylgdu þá eftirfarandi athugasemdir:

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem Jón Sigurðsson dómsmálaráðherra skipaði í

maímánuði 1988, en í nefndinni sátu Björn Friðfinnsson, þáverandi aðstoðarmaður dómsmálaráðherra, Atli Gíslason hæstaréttarlögmaður og Björn Þ. Guðmundsson prófessor. Haustið 1989 bættist Sigurður Jónsson, núverandi aðstoðarmaður dómsmálaráðherra, í nefndina. Ritari nefndarinnar hefur frá upphafi verið Skúli Guðmundsson skrifstofustjóri.

Lögfræðiaðstoð við almenning hefur áður verið verið á dagskrá hér á landi og má minna á tillögu til þingsályktunar sem Ragnar Arnalds og Svava Jakobsdóttir fluttu á Alþingi veturinn 1974–1975, um lögfræðiaðstoð fyrir efnalítið fólk. Tillögunni var vísað til ríkisstjórnarinnar. Haustið 1978 skipaði Ólafur Jóhannesson dómsmálaráðherra starfshóp til að huga að lagareglum um ókeypis lögfræðiþjónustu fyrir efnalítið fólk undir forustu Eiríks Tómassonar, þáverandi aðstoðarmanns dómsmálaráðherra, en aðrir nefndarmenn voru Björn Þ. Guðmundsson prófessor, Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður, Magnús Thoroddsen, þáverandi borgardómari, og Ólöf Pétursdóttir, þáverandi fulltrúi í dómsmálaráðuneytinu. Starfshópurinn skilaði tillögum að frumvarpi og á þeim var byggt frumvarp til laga um lögfræðiaðstoð sem flutt var sem stjórnarfrumvarp á 101. löggjafarþingi 1978–1979 og aftur á 102. löggjafarþingi veturinn 1979–1980.

Löggjöf um lögfræði- eða réttaraðstoð við almenning er nú víðast hvar í gildi í nágrannaríkjum okkar og hefur nefndin haft hliðsjón af því fyrirkomulagi sem þar tíðkast við samningu ákvæðanna í II. og III. kafla frumvarpsins.

Á síðustu árum hafa komið fram raddir um nauðsyn lögfræðilegrar aðstoðar við brotaþola í málum sem varða kynferðislegt ofbeldi og líkamsárásir af öðru tagi. Sem dæmi um slíkt má nefna niðurstöður nefndar sem fjallaði um nauðgunarmál, afleiðingar þeirra og aðgerðir gegn þeim, en nefndin skilaði áliti síðla árs 1988.

Í XI. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, eru reglur um gjafsókn og gjafvörn. Eru þær reglur nú orðnar úreltar um margt og hefur oft verið rætt um endurskoðun þeirra. Alþingi samþykkti 17. apríl 1989 svohljóðandi þingsályktun: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða ákvæði laga um gjafsókn í ljósi fenginnar reynslu með það fyrir augum að auðvelda efnalitlu fólki að ná rétti sínum að lögum."

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er reynt að sameina ákvæði um lögfræðilega aðstoð við almenning, aðstoð við brotaþola og ákvæði um gjafsókn og gjafvörn í einum lagabálki. Upphaflega hugðist nefndin einnig fella ákvæði um réttargæslumenn grunaðra manna og sökunauta í frumvarpið, en frá því var horfið að ábendingu réttarfarsnefndar, en endurskoðuð ákvæði um það efni er að finna í nýju frumvarpi til laga um meðferð opinberra mála.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Nefndin hefur rætt mikið um nafn frumvarpsins, en fyrra frumvarp bar nafnið „frumvarp til laga um lögfræðiaðstoð". Hér er hins vegar um víðtækari aðstoð hins opinbera að ræða en þar var lögð til og var það niðurstaða nefndarinnar að „réttaraðstoð" væri heppilegt samheiti þeirrar aðstoðar, sbr. retshjælp á dönsku og retthjelp á norsku.

Í greininni er gerð grein fyrir skiptingu frumvarpsins í fjóra þætti sem síðar er fjallað sérstaklega um í II.–V. kafla.

Um 2. gr.

Hér er miðað að við að allir þeir einstaklingar, sem fasta búsetu hafa hér á landi, eigi

rétt til opinberrar réttaraðstoðar. Það felur í sér að erlendir ríkisborgarar með lögheimili hér á landi njóti að þessu leyti sömu réttinda og íslenskir ríkisborgarar.

Um II. kafla.

Í kaflanum er fjallað um almenna ráðgjöf við almenning, en samkvæmt frumvarpinu er hér um að ræða munnlegar leiðbeiningar sem veittar eru af lögmönnum eða á vegum samtaka lögmanna. Fyrirkomulagið er á þann veg að dómsmálaráðherra semur við lögmenn eða samtök þeirra um að skipuleggja slíka ráðgjöf á ákveðnum tímum, t.d. 1–2 sinnum í viku, 2–3 klukkustundir í hvert sinn. Ráðgjöf þessi er veitt að kostnaðarlausu fyrir þá sem hana nýta sér, en ekki er gert ráð fyrir að hún kosti ríkissjóð mikið fé. Í nágrannalöndunum hafa samtök lögmanna víða tekið að sér slíka ráðgjöf gegn mjög vægri þóknun.

Um 3. gr.

Í þessari grein er nánar skilgreint í hverju almenn ráðgjöf samkvæmt frumvarpinu sé fólgin. Er um að ræða munnlegar leiðbeiningar um réttarreglur og lagaúrræði varðandi tiltekið lögfræðilegt álitaefni hvort sem deilumál er komið upp eða ekki. Aðstoð við bréfaskriftir eða gerð skriflegra álitsgerða eða annarra skjala er ekki innifalin í ráðgjöfinni.

Um 4. gr.

Hér er nánar gerð grein fyrir því fyrirkomulagi að ráðherra semji við lögmenn eða samtök lögmanna um að þessir aðilar taki að sér að láta í té almenna ráðgjöf. Þar sem ekki er kostur á þjónustu starfandi lögmanna eða fulltrúa þeirra getur ráðherra samið við aðra lögfræðinga um að veita almenna lögfræðiráðgjöf til almennings.

Um III. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins er fjallað um aðstoð hins opinbera í einstökum málum og er framkvæmd þeirra ákvæða sá þáttur frumvarpsins sem mestan kostnað mun hafa í för með sér. Erfitt er að áætla fyrir fram hver kostnaður af slíkri aðstoða muni verða. Þótt slík aðstoð sé aðeins veitt fólki með tekjur undir ákveðnum mörkum er ekki fyrir fram hægt að áætla hvað margir muni notfæra sér hana. Gert er ráð fyrir að í samráði við samtök lögmanna verði ákveðið af ráðherra hvaða lögmenn láti aðstoð í té og skal birta lista um nöfn þeirra. Þeir sem leita aðstoðar snúa sér til lögmanna sem skráðir eru á listann og þeir kynna sér hvort um er að ræða aðila sem á rétt á aðstoð. Aðstoðin er síðan látin í té og lögmaðurinn snýr sér svo til sýslumanns og leggur þar fram umsókn um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs. Sýslumaður úrskurðar svo um greiðslu og í ákveðnum tilvikum getur hann úrskurðað um frekari aðstoð. Fyrirkomulagi er hagað á þann hátt að sem auðveldast verði fyrir þann sem aðstoðar nýtur, en síðan verður að gera ráð fyrir úrtakskönnunum á efnahag þeirra sem fengið hafa aðstoðina í því skyni að veita aðhald um rétta upplýsingagjöf.

Aðstoð, eins og hér greinir, er veitt í nágrannaríkjunum og er gerð nánari grein fyrir því í fylgiskjali með frumvarpinu.

Um 5. gr.

Í þessari grein eru talin upp þau svið sem aðstoðina skal veita á, en með aðstoð er átt við venjubundna lögfræðiráðgjöf, einfalda skjalagerð, bréfaskipti, samningu umsókna, kærur og mót hjá opinberum stofnunum.

Ef um er að ræða flókin mál, sem krefjast verulegrar vinnu lögmanns, falla þau utan aðstoðar samkvæmt þessari grein, en hægt er að leita heimildar sýslumanns fyrir viðbótaraðstoð, sbr. 6. gr. Tekið skal fram að aðstoðin nær ekki til opinberra mála (refsimála), en hins vegar nær aðstoðin bæði til einkamála sem útkljáð yrðu af dómstólum og mála sem lúta úrslausnar stjórnsýsluaðila.

Um 6. gr.

Hér er fjallað um viðbótaraðstoð ef lágmarksaðstoð skv. 5. gr. nægir ekki. Ekki er gert ráð fyrir að aðstoð samkvæmt lögum þessum geti fullnægt þörfinni fyrir lögfræðiaðstoð í flóknum eða erfiðum málum, en þóknun fyrir viðbótaraðstoð má nema allt að þrefaldri þóknun fyrir aðstoð skv. 5. gr., sbr. 9. gr. Á móti greiðir sá sem aðstoðar nýtur sjálfur hærri hluta kostnaðar.

Um 7. gr.

Samkvæmt þessari grein ákveður ráðherra árlega í samráði við Lögmannafélag Íslands hvaða starfandi héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn láti í té aðstoð við almenning samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Gera verður ráð fyrir að Lögmannafélag Íslands kanni áhuga lögmanna til þess að starfa að aðstoð í einstökum málum sem greidd er að hluta af hinu opinbera samkvæmt lögum þessum og að ráðherra ákveði síðan í samráði við það hvaða lögmenn veiti aðstoðina.

Um 8. gr.

Aðstoð samkvæmt þessum kafla er bundin við efnalítið fólk og er gert ráð fyrir að hún verði takmörkuð við þá sem hafi tekjur og eignir undir mörkum sem ákveðin verði í reglugerð. Samkvæmt 19. gr. skal endurskoða viðmiðunarfjárhæðir einu sinni á ári til samræmis við verðbreytingar.

Gert er ráð fyrir að hver aðili geti eigi notið aðstoðar samkvæmt þessum kafla oftar en einu sinni á hverju almanaksári, en sýslumaður getur þó heimilað undantekningu þar frá í sérstökum tilvikum.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir að þóknun fyrir aðstoð skv. 5. gr. sé ákveðin í reglugerð og greiðir sá sem aðstoðar nýtur $^1/_4$ hluta þóknunarinnar, en $^3/_4$ greiðist af ríkissjóði. Sé um viðbótaraðstoð að ræða skv. 6. gr. úrskurðar sýslumaður um fjárhæð þóknunar sem nema má allt að þrefaldri grunnþóknun, en þá greiðir sá sem hennar nýtur helming þóknunarinnar en ríkissjóður hinn helminginn.

Þetta er sama regla og gildir í Danmörku, en þar nam þóknun fyrir venjulega aðstoð 610 dönskum krónum árið 1988, þ.e. 500 krónum + 110 krónum í virðisaukaskatt og greiddi hið opinbera $^3/_4$ kostnaðar. Þóknun fyrir viðbótaraðstoð nam allt að 1.830 dönskum krónum og þar af greiddi hið opinbera helming fjárhæðarinnar.

Sýslumaður úrskurðar um þóknun lögmanns fyrir viðbótaraðstoð samkvæmt þessari grein og má kæra slíkan úrskurð til dómsmálaráðuneytisins.

Um 10. gr.

Í þessari grein er fjallað um greiðslufyrirkomulag til lögmanns. Gert er ráð fyrir að lögmaður, sem veitt hefur aðstoð, leggi fram við embætti sýslumanns umsókn, sem undirrituð er af þeim sem aðstoðar nýtur og þeim sem látið hefur hana í té. Í reglugerð skal ákveða nánar hvaða upplýsingar og yfirlýsingar skuli fylgja umsókn, þar á meðal yfirlýsing um að sýslumanni skuli heimilt að afla staðfestingar skattyfirvalda um að rétt sé frá skýrt. Er þetta gert til þess að auðvelda úrtakskannanir á því hvort aðstoð sé gefin á réttum forsendum.

Lögmenn, sem veita aðstoð samkvæmt þessum kafla, þekkja vel þær reglur sem fylgt er um tekjur og eignir fólks og þær verklagsreglur sem skapast munu varðandi viðbótaraðstoð. Verður því að gera ráð fyrir að ekki komi upp mörg ágreiningsmál varðandi greiðslur, en synjun sýslumanns um kostnaðarþátttöku má skjóta til úrskurðar dómsmálaráðuneytisins.

Um IV. kafla.

Eins og áður er vikið að er hér um nýmæli að ræða, en nauðsyn þykir bera til þess að þeir sem orðið hafa fyrir tilteknum refsiverðum brotum njóti lögmannsaðstoðar við kærumeðferð og gerð bótakröfu. Þetta á við um ýmis kynferðisafbrot, meiri háttar líkamsárásir eða ólögmæta frelsisskerðingu.

Um 11. gr.

Í 190. gr. almennra hegningarlaga, sem vísað er til í greininni, er fjallað um sifjaspell og í 194. gr. er fjallað um nauðgun. Lagt er til að í þessum tilvikum báðum verði skylt að kveðja til réttargæslumann fyrir brotaþola.

Í 195.–203. gr. og í 206. gr. alm. hegningarlaga er fjallað um ýmis önnur kynferðisafbrot. Er þá heimilt að kveðja til réttargæslumann fyrir brotaþola ef hann ber fram ósk um það og skal brotaþoli inntur eftir því hvort hann óski eftir réttargæslumanni. Það er hins vegar látið í vald rannsóknaraðila eða dómara að meta þörfina á slíku, en hún er mismunandi eftir atvikum.

Í 218. gr. er fjallað um meiri háttar líkamsárás og 226. gr. um ólögmæta frelsisskerðingu og er þá rannsóknaraðila eða dómara heimilt á sama hátt að kveðja til réttargæslumann fyrir brotaþola.

Um 12. gr.

Lagt er til að kostnaður við réttargæslu brotaþola verði greiddur úr ríkissjóði, en endurkrafinn fyrir dómi ef mál leiðir til ákæru eða ef heimilað er að ljúka því með dómsátt. Með þessu ákvæði er brotaþola spöruð fyrirhöfn af innheimtu réttargæslukostnaðarins hjá þeim sem brotið framdi og ríkissjóður tekur á sig ábyrgð á greiðslu hans.

Um V. kafla.

Ákvæði um gjafsókn og gjafvörn í XI. kafla laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, verður að teljast að mörgu leyti úrelt og er hér leitast við að endurskoða þau í ljósi breyttra aðstæðna. Lagt er til að veiting gjafsóknarleyfis sé miðuð við efnahag umsækjanda eins og nú er aðalreglan, en formlegri reglur verði settar um tekju- og eignarmörk. Einnig skal taka tillit til annarra atriða og er lagt til að sérstök nefnd verði sett á

fót til þess að veita umsagnir um gjafsóknarbeiðnir og til að móta starfsreglur um veitingu gjafsóknarleyfa.

Felld eru niður ákvæði um gjafsókn til kirkna, skóla, sjúkrahúsa, hreppsfélaga og fleiri aðila og um skilyrði fyrir gjafsóknarleyfi til erlendra ríkisborgara.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Hér er um nýmæli að ræða, en lagt er til skipuð verði þriggja manna nefnd til fjögurra ára í senn sem veita skal umsögn um gjafsóknarbeiðnir og móta starfsreglur um veitingu gjafsóknarleyfa. Einn nefndarmanna skal skipaður samkvæmt tilnefningu Lögmannafélags Íslands.

Um 15. gr.

Lagt er til að ráðherra veiti gjafsóknarleyfi samkvæmt umsókn þar að lútandi og að fenginni umsögn gjafsóknarnefndar. Nefndin á m.a. að gefa umsögn um hvort málstaður umsækjanda gefi nægilegt tilefni til málsóknar og að efnahag hans sé svo háttað að kostnaður málsins verði honum fyrirsjáanlega ofviða. Um fyrrnefnda atriðið segir í núgildandi ákvæðum, „að athuga skuli málstað umsækjanda eftir föngum, áður en gjafsókn er veitt“ og í samsvarandi dönskum ákvæðum segir m.a. um skilyrði fyrir gjafsókn að veita megi gjafsókn ef umsækjandi „skönnes at have rimelig grund til at före proces.“ Um síðarnefnda atriðið mun nefndin fara eftir tekju- og eignarmörkum sem ákveðin verða í reglugerð og lagt verður mat á önnur þau atriði sem þar eru talin.

Um 16. gr.

Hér er fjallað um heimild ráðherra til að veita gjafsókn af sérstöku tilefni, enda þótt ákvæðum 15. gr. sé ekki fullnægt. Þar koma einkum til álita mál þar sem tekist er á um grundvallaratriði við lagatúlkun, fjallað er um mikilvæga hagsmuni almennings eða mál hefur verulega þýðingu fyrir atvinnu- og félagslega stöðu umsækjanda. Í slíkum tilvikum kann að vera ósanngjarnt að umsækjandi leggi í mikinn kostnað vegna málsins og kemur því til greina að veita gjafsókn sem bæði getur náð til alls kostnaðar eða verið takmörkuð við ákveðna fjárhæð, sbr. 1. mgr. 17. gr. Lagt er til að leitað sé umsagnar gjafsóknarnefndar um útgáfu gjafsóknarleyfis í slíku tilviki.

Um 17. gr.

Hér er kveðið á um að gjafsóknarleyfi skuldbindi ríkissjóð til greiðslu málskostnaðar skv. 18. gr. eftir því sem kveðið er á í dómi, að svo miklu leyti sem fjárskuldbinding ríkissjóðs er ekki takmörkuð í leyfinu. Ef gjafsóknarhafi vinnur mál sitt fyrir héraðsdómi, en gagnaðili skýtur málinu til Hæstaréttar nær gjafsóknarleyfið einnig til kostnaðar við málsvörn og hugsanlega höfðun gagnsakar fyrir Hæstarétti. Tapi gjafsóknarhafi hins vegar máli sínu fyrir héraðsdómi nær gjafsóknarleyfi hans ekki til áfrýjunar til Hæstaréttar. Í slíku tilviki þarf að sækja um gjafsóknarleyfi á nýjan leik. Þetta er sama regla og beitt hefur verið hér á landi og sem í gildi er í nágrannaríkjunum, t.d. í Danmörku.

Loks er í greininni ákvæði um að í gjafsóknarleyfi skuli skýrt koma fram til hvaða máls leyfi taki, hver sé lögmaður leyfishafa og fyrir hvaða dómstigi málið sé rekið.

Um 18. gr.

Í þessari grein er nánar fjallað um innihald gjafsóknarleyfis, þ.e. til hvaða kostnaðar það taki ef ekki eru gerðar sérstakar takmarkanir í leyfinu.

Gjafsóknarleyfi nær til aðalmáls og aukamála í sambandi við það, svo sem vitna- og matsmála, auk lögbanns- og kyrrsetningargerða og fullnustugerða, nema takmarkanir hafi verið gerðar í leyfinu. Greinin hindrar ekki að veitt sé sérstakt gjafsóknarleyfi í kærumáli, þ.e. ef ákvörðun eða úrskurður eru kærð til æðra dóms.

Gjafsóknarleyfi fellur ekki niður við andlát leyfishafa, en afturkalla má gjafsóknarleyfi við aðstæður sem raktar eru í greininni.

Gjafsóknarleyfi nær einungis til þess kostnaðar sem gjafsóknarhafi hefur haft af málarekstri sínum, en haggar í engu skyldu hans til greiðslu málskostnaðar til gagnaðila síns, en um þetta atriði hefur stundum ríkt misskilningur.

Um VI. kafla.

Um 19. gr.

Hér er fjallað um reglugerðarheimild og lagt til að ákvæði verði í reglugerð um framreikning viðmiðunarfjárhæða í samræmi við verðbreytingar í þjóðfélaginu. Skal auglýsa ný fjárhæðarmörk í janúar ár hvert.

Um 20. gr.

Lagt er til að lög þessi taki gildi 1. janúar 1991 að undanteknum III. kaflanum.

Ljóst er að erfitt verður að áætla kostnað af framkvæmd III. kaflans og því er lagt til að hann taki gildi 1. júní 1992. Áætlun um kostnað af framkvæmd III. kaflans á árinu 1992 verður ónákvæm eðli málsins samkvæmt, en við gerð fjárlaga ársins 1993 yrði hægt að styðjast við reynslu nokkurra mánaða af framkvæmd hans.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, fellur niður starfsheiti bæjarfógeta og borgarfógeta í Reykjavík, en sýslumaður verður sameiginlegt starfheiti. Fram til þess tíma verður að taka tillit til núverandi heita á embættum bæjar- og borgarfógeta.

Fylgiskjal.

Fyrirkomulag lögfræðiaðstoðar við almenning í nokkrum nágrannaríkjum.

Reglur um réttaraðstoð við tekjulítið fólk er að finna í flestum nágrannaríkjum okkar. Rétt þykir að gefa hér stutt yfirlit um opinbera réttaraðstoð á öðrum Norðurlöndum og í Bretlandi.

Danmörk.

Ákvæði um réttaraðstoð fyrir efnalítið fólk hafa verið lögfest í Danmörku frá árinu 1969. Núgildandi ákvæði byggja á því að ríkissjóður greiði fyrir þjónustu sem sjálfstætt starfandi lögmenn veita og er gerður greinarmunur á venjulegri réttaraðstoð (almindelig retshjælp) og aukinni réttaraðstoð (udvidet retshjælp) á sama hátt og gert er í frumvarpi þessu.

Þeir lögmenn, sem veita réttaraðstoð, þurfa að hafa hlotið sérstaka viðurkenningu til þess að taka slíka aðstoð að sér. Réttaraðstoðin er takmörkuð við sérstaka málaflokka, þ.e. persónumálefni, sifjamálefni, erfðarétt, bætur utan samninga sem ekki eru tengdar atvinnurekstri þess sem aðstoðar leitar, tryggingamálefni, mál vegna húsaleigusamninga, vinnusamninga og orlofsmál.

Í Danmörku eru einnig reglur um opinbera aðstoð við ráðgjafarskrifstofur sem einstakir opinberir aðilar eða félagasamtök koma á fót í því markmiði að sinna fólki sem á rétt til opinberrar aðstoðar á þessu sviði. Þessar skrifstofur veita einungis ráðgjöf og er ekki skilyrði að ráðgjafarnir séu lögmenn. Yfirleitt eru þeir þó lögfræðingar, laganemar og í sumum tilvikum félagsráðgjafar sem veita slíka ráðgjöf.

Danska lögmannafélagið hefur einnig sett upp vaktir lögmanna sem veita almenna ráðgjöf á sama hátt og gert er í II. kafla frumvarps þessa. Ráðgjöfin er ókeypis fyrir þiggjendur og felst hún einkum í að greina vandamál og gefa leiðbeiningar um hvert skuli leita um lausn á því.

Þeir sem njóta venjulegrar réttaraðstoðar í Danmörku greiða $^1/_4$ kostnaðar, en þeir sem njóta aukinnar réttaraðstoðar greiða helming kostnaðar á sama hátt og gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu.

Finnland.

Í Finnlandi tóku reglur um almenna réttaraðstoð fyrst gildi 1. september 1973. Hið opinbera hefur komið á fót lögfræðiskrifstofum til þess að láta í té opinbera réttaraðstoð. Sveitarfélög sjá um rekstur skrifstofanna, en ríkissjóður greiðir 50–90% af rekstrarkostnaði þeirra. Aðstoð starfsfólks skrifstofanna felst fyrst og fremst í almennri ráðgjöf. Fólk, sem óskar eftir aðstoð, þarf að snúa sér til lögfræðiskrifstofu hins opinbera á heimabyggð sinni. Sé hins vegar engin slík skrifstofa starfandi má snúa sér til sjálfstætt starfandi lögmanns.

Tekjumörk þeirra sem rétt hafa til aðstoðarinnar eru misjöfn eftir sveitarfélögum. Ráðstöfunartekjur eru lagðar til grundvallar, þ.e. föst útgjöld heimilis vegna tiltekinna kostnaðarliða eru dregin frá brúttótekjum.

Svíþjóð.

Réttarreglur um opinbera réttaraðstoð í Svíþjóð tóku fyrst gildi 1. júlí 1973. Í Svíþjóð er réttaraðstoðin veitt að hluta af sjálfstætt starfandi lögmönnum gegn greiðslu frá hinu opinbera en að hluta er henni sinnt af sérstökum skrifstofum þar sem lögmenn starfa á föstum launum og reknar eru af hinu opinbera. Svíar skilja ekki á milli réttaraðstoðar í dómsmálum og lögfræðistoðar utan réttar. Sá sem nýtur aðstoðarinnar getur sjálfur valið hvort hann leitar til sjálfstætt starfandi lögmanns eða til lögmannsstofu hins opinbera. Svíar hafa sérstök ákvæði um aðstoð í málum sem lúta að röskun á friðhelgi einkalífs og í sifjamálum. Þeir sem aðstoðar njóta samkvæmt þessum sérákvæðum njóta ekki jafnframt aðstoðar samkvæmt hinum almennu reglum. Sama má segja um sakborninga í refsi-

málum, en þeir njóta aðstoðar samkvæmt ákvæðum í lögum um meðferð opinberra mála.

Tekjumörk þeirra, sem rétt eiga til almennrar réttaraðstoðar í Svíþjóð, eru áttfaldur grunnframfærslueyrir sænsku almannatrygginganna.

Noregur.

Í Noregi tóku lögin um „fri rettshjelp" gildi árið 1980. Samkvæmt þeim greiðir ríkissjóður að hluta til eða að fullu réttaraðstoð til handa efnalitlu fólki. Aðstoðin er fyrst og fremst látin í té af starfandi lögmönnum. Lögmönnum er skylt að benda efnalitlu fólki á rétt sinn í þessu efni. Ríkissjóður greiðir þóknun fyrir aðstoðina eftir ákveðnum reglum sem settar eru með reglugerð. Aðstoðin er fyrst og fremst veitt einstaklingum, en þó má veita hana lögaðilum ef sérstaklega stendur á.

Miðað er við ákveðin tekju- og eignarmörk fyrir þá sem notið geta aðstoðarinnar og eru tekjumörkin ákveðið margfeldi af grunnfjárhæð almannatrygginga.

Um opinbera réttaraðstoð á Norðurlöndum.

Í Noregi var reynslan sú þremur árum eftir að farið var að veita opinbera réttaraðstoð að sex íbúar af hverjum 1.000 nutu hennar á ári. Um svipað leyti nutu 13 íbúar af hverjum 1.000 opinberrar réttaraðstoðar í Svíþjóð og 14 af hverjum 1.000 íbúum í Finnlandi. Í öllum ríkjunum eru sifja- og erfðamál þeir málaflokkar sem algengast er að beðið sé um leiðsögn í.

Á Norðurlöndum tíðkast að opinber réttaraðstoð sé veitt af starfandi lögmönnum og einnig að hún sé veitt af sérstökum lögfræðiskrifstofum sem reknar eru af hinu opinbera.

Aðstoðin er fyrst og fremst veitt til einstaklinga sem hafa tekjur og eignir undir ákveðnum mörkum, en mörkin eru mismunandi eftir ríkjum.

Bretland.

Árið 1973 var komið á fót opinberri lögfræðiráðgjöf fyrir almenning í Bretlandi. Byggjast þau á lögum, sem nefnast „Legal Aid Act". Skiptast þau í tvo kafla og fjallar annar þeirra um ráðgjöf og aðstoð, en hinn kaflinn fjallar um gjafsókn. Samkvæmt þeim getur efnalítið fólk fengið réttaraðstoð ýmist endurgjaldslaust eða gegn litlu endurgjaldi.

Sjálfstætt starfandi lögmenn láta ráðgjöfina í té, en einnig eru dæmi þess að hún sé veitt í sérstökum lögfræðistofum (Law Centers).

Aðstoðin er fólgin í munnlegum leiðbeiningum, bréfaskriftum, samningu alls konar skjala og löggerninga og aðstoð við að koma á sátt í deilumálum sem ekki hafa verið borin undir dómstóla.

Lögmaður, sem réttaraðstoðina veitir, reiknar sjálfur út á sérstöku eyðublaði, ráðstöfunartekjur umsækjanda. Eigi umsækjandi rétt á ráðgjöf gegn greiðslu hluta kostnaðar ber honum að inna strax sinn hluta af hendi til lögmannsins. Lögmaður sendir síðan reikning til viðkomandi yfirvalds. Í upphafi var það breska lögmannafélagið sem sá um yfirstjórn þessara mála, en yfirstjórnin hefur nú verið flutt til stjórnsýslu hins opinbera.

Talið er að helmingur af íbúum Bretlands eigi rétt á réttaraðstoð þar eð tekjur þeirra séu neðan viðmiðunarmarka. Kostnaður hins opinbera er og mjög hár og er talið að á árinu 1989 hafi hann numið a.m.k. 500 milljónum sterlingspunda. Viðmiðunarmörkin hafa nú verið endurskoðuð og reynt hefur verið að draga úr þessum kostnaðarlið með

uppstokkun á stjórnsýslu réttaraðstoðarinnar. Um 59% þeirra sem njóta opinberrar réttaraðstoðar í Bretlandi fá aðstoð vegna sifjamála.

Ed. 56. Frumvarp til laga [56. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Heiti XXII. kafla breytist svo að í stað „Skírlífisbrot“ komi: Kynferðisbrot.

2. gr.

194. gr. orðist svo:

Hver, sem með ofbeldi eða hótun um ofbeldi þröngvar manneskju til holdlegs samræðis eða annarra kynferðismaka, skal sæta fangelsi allt að tíu árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.

Hafi hættuleg aðferð verið notuð við verknaðinn eða sakir eru miklar að öðru leyti skal refsing vera fangelsi ekki skemur en eitt ár og allt að 16 árum.

3. gr.

195. gr. orðist svo:

Hver, sem með annars konar ólögmætri nauðung þröngvar manneskju til samræðis eða annarra kynferðismaka, skal sæta fangelsi allt að sex árum.

4. gr.

196. gr. orðist svo:

Hver, sem notfærir sér geðveiki eða aðra andlega annmarka manneskju til þess að hafa við hana samræði eða önnur kynferðismök utan hjónabands eða óvígðrar sambúðar eða þannig er ástatt um hana að öðru leyti að hún getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans, skal sæta fangelsi allt að sex árum.

5. gr.

197. gr. orðist svo:

Ef umsjónarmaður eða starfsmaður í fangelsi, geðsjúkrahúsi, vistheimili, uppeldisstofnun eða annarri slíkri stofnun hefur samræði eða önnur kynferðismök við vistmann eða vistkonu á stofnuninni varðar það fangelsi allt að fjórum árum.

6. gr.

198. gr. orðist svo:

Hver, sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við manneskju utan hjónabands eða óvígðrar sambúðar með því að misnota freklega þá aðstöðu sína að hún er honum háð fjárhagslega eða í atvinnu sinni, skal sæta fangelsi allt að þremur árum eða sé manneskjan yngri en 18 ára allt að sex árum.

7. gr.

199. gr. orðist svo:

Hver, sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við manneskju vegna þess að hún heldur ranglega að þau hafi samræði eða önnur kynferðismök í hjónabandi eða óvígðri sambúð eða hún er í þeirri villu að hún heldur sig hafa samræði eða önnur kynferðismök við einhvern annan, skal sæta fangelsi allt að sex árum.

Sömu refsingu varðar það ef samræði eða önnur kynferðismök eiga sér stað vegna þeirrar blekkingar að um læknisfræðilega eða aðra vísindalega meðferð sé að ræða.

8. gr.

200. gr. orðist svo:

Hver, sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn sitt eða annan niðja, skal sæta fangelsi allt að sex árum og allt að tíu ára fangelsi, sé barnið yngra en 16 ára.

Önnur kynferðisleg áreitni manns gagnvart barni sínu eða öðrum niðja en sú er greinir í 1. mgr. varðar allt að tveggja ára fangelsi og allt að fjögurra ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

Samræði eða önnur kynferðismök milli systkina varða fangelsi allt að fjórum árum. Hafi annað systkina eða bæði ekki náð 18 ára aldri þegar verknaður átti sér stað má ákveða að refsing falli niður að því er þau varðar.

9. gr.

201. gr. orðist svo:

Hver, sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn eða ungmenni yngra en 18 ára, sem er kjörbarn hans, stjúpbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða ungmenni sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis, skal sæta fangelsi allt að fjórum árum og allt að sex ára fangelsi sé barn yngra en 16 ára.

Önnur kynferðisleg áreitni en sú sem greinir í 1. mgr. varðar fangelsi allt að tveimur árum og allt að fjögurra ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

10. gr.

202. gr. orðist svo:

Hver, sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en 14 ára, skal sæta fangelsi allt að tíu árum. Önnur kynferðisleg áreitni varðar fangelsi allt að fjórum árum.

Hver, sem með blekkingum, gjöfum eða á annan hátt tælir ungmenni á aldrinum 14–16 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka, skal sæta fangelsi allt að fjórum árum.

11. gr.

204. gr. orðist svo:

Hafi brot skv. 201. eða 202. gr. verið framið í gáleysi um andlegt ástand eða aldur þess er fyrir broti varð skal beita vægari refsingu að tiltölu sem þó má ekki fara niður úr lægsta stigi refsivistar.

12. gr.

205. gr. orðist svo:

Refsing skv. 194.–199., 202. og 204. gr. má falla niður ef karl og kona, er kynferðismökin hafa gerst í milli, hafa síðar gengið að eigast eða tekið upp óvígða sambúð, ef

þau voru þá í hjónabandi eða óvígðri sambúð, hafa eftir það tekið upp eða haldið áfram sambúð.

13. gr.

206. gr. orðist svo:

Hver, sem stundar vændi sér til framfærslu eða hefur atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra, skal sæta fangelsi allt að fjórum árum.

Sömu refsingu varðar það að ginna, hvetja eða aðstoða ungmenni yngra en 18 ára til þess að hafa ofan af fyrir sér með lauslæti.

Sömu refsingu varðar það einnig að stuðla að útflutningi nokkurs manns úr landi í því skyni að hann hafi ofan af fyrir sér erlendis með lauslæti ef útflytjandinn er yngri en 21 árs eða honum er ókunnugt um þennan tilgang með utanförinni.

Hver, sem stuðlar að því með ginningum, hvatningum eða milligöngu að aðrir hafi holdlegt samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu eða gerir sér lauslæti annarra að tekjulind, svo sem með útleigu húsnæðis eða öðru, skal sæta fangelsi allt að fjórum árum, en sektum eða varðhaldi ef málsbætur eru.

14. gr.

208. gr. orðist svo:

Nú hefur maður, sem sæta skal refsingu eftir 206. gr., áður verið dæmdur fyrir brot á þeirri grein eða hann hefur áður verið dæmdur til fangelsisvistar fyrir auðgunarbrot, má þyngja refsingu svo að bætt sé við hana allt að helmingi hennar.

15. gr.

209. gr. orðist svo:

Hver, sem með lostugu athæfi særir blygðunarsemi manna eða er til opinbers hneykslis, skal sæta fangelsi allt að fjórum árum, en varðhaldi eða sektum ef brot er smávægilegt.

16. gr.

Úr 181. gr. falli niður orðin „eða lauslæti eða fær viðurværi sitt frá kvenmanni, sem hefur ofan af fyrir sér með lauslæti".

Enn fremur falli brott 190. gr., 203. gr. og 207. gr.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðustu tveimur þingum en varð ekki útrætt. Það er nú lagt fram að nýju óbreytt.

Hinn 22. maí 1984 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktunartillögu:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa 5 manna nefnd er kanni hvernig háttað er rannsókn og meðferð nauðgunarmála og geri tillögur til úrbóta í þeim efnum." Þáverandi dómsmálaráðherra, Jón Helgason, skipaði 12. júlí 1984 eftirtalda í nefndina: Jónatan Þórmundsson prófessor, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinn-

ar, Ásdísi J. Rafnar lögfræðing, Guðrúnu Agnarsdóttur, lækni og alþingismann, Hildigunni Ólafsdóttur afbrotafræðing, Sigrúnu Júlíusdóttur félagsráðgjafa. Þorsteini A. Jónssyni, deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu, var falið að vera ritari nefndarinnar.

Nefndin lauk störfum og skilaði skýrslu sinni til dómsmálaráðherra í nóvember 1988. Meðal tillagna nefndarinnar var að ákvæðum 194.–199. gr. í XXII. kafla hegningarlaga, nr. 19/1940, verði breytt og skilaði nefndin frumvarpi þar að lútandi.

Með hliðsjón af þeirri stefnubreytingu sem fram kom í frumvarpi nauðgunarmálanefndar um breyting á almennum hegningarlögum og því að á Alþingi vorið 1988 var frumvarpi um breyting á 202. og 203. gr. almennra hegningarlaga vísað til ríkisstjórnarinnar ákvað dómsmálaráðherra að leggja frumvarp nauðgunarmálanefndar ekki fram fyrr en endurskoðun á öðrum greinum í XXII. kafla hegningarlaga væri lokið.

Jónatan Þórmundsson prófessor vann það verk í samvinnu við Þorstein A. Jónsson, deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu.

Um gildissvið breyttra ákvæða.

Frumvarp þetta felur í sér endurskoðun á XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um skírlífisbrot og á 190. gr. úr XXI. kafla laganna um sifskaparbrot.

Í samræmi við tillögur nauðgunarmálanefndar tekur endurskoðun þessi annars vegar til 194.–199. gr., sbr. 202. gr. laganna. Öll þessi ákvæði eru nú kynbundin, þ.e. einungis konur njóta refsiverndar samkvæmt þeim og karlar einir geta verið gerendur. Kona gæti þó gerst sek um hlutdeild í broti karlmanns. Rétt þykir að öll þessi ákvæði nái jafnt til karla sem kvenna í samræmi við réttarþróun í öðrum löndum. Í norsku hegningarlögunum hefur lengi verið ókynbundið ákvæði, en lögum var einnig breytt í það horf í Danmörku 1981 og í Svíþjóð 1984. Þótt brot þessi bitni nær eingöngu á konum og núverandi orðalag sé því næst raunveruleikanum er ekki ástæða til að ætla að víðtækara orðalag raski á nokkurn hátt réttarstöðu kvenna.

Hins vegar tekur endurskoðunin til 190. gr. um sifjaspell og 200.–209. gr. Nokkur þessara ákvæða eru nú kynbundin og er þeim öllum með frumvarpi þessu breytt í það horf að þau verði ókynbundin. Ákvæði frumvarpsins eiga því jafnt við um athafnir karla og kvenna og taka til kynferðismaka og annarra kynferðisathafna samkynja persóna eftir því sem við á.

Um verknað og fullframningu.

Ákvæði 190. gr. og 194.–201. gr. eru nú á því byggð að samræði eigi sér stað. Ekki er ætlast til í frumvarpi þessu að fullframið samræði sé virt með sama hætti og tíðkast hefur í réttarframkvæmd, þ.e. þegar getnaðarlimur karlmanns er kominn inn í fæðingarveg konu og samræðishreyfingar hafnar. Nægilegt er að getnaðarlimur karlmanns sé kominn inn í fæðingarveg konu að nokkru leyti eða öllu. Sáðlát þarf ekki að hafa átt sér stað og meyjarhaft þarf ekki að rofna ef því er að skipta. Nákvæm skilgreining fullframins samræðis skiptir minna máli en áður ef fyrirhugaðar breytingar verða að lögum, svo sem nú skal nánar skýrt.

Lagt er til að svokölluð „önnur kynferðismök“, sem nú er fjallað um í 202. gr. hgl., verði lögð að jöfnu við samræði, svo sem gert hefur verið í hinum nýju sænsku ákvæðum í Brottsbalken frá 1984. Svarar þá hvort tveggja nokkurn veginn til hugtaksins „utuktig omgang“ í 192. gr. norsku hegningarlaganna. Ber að skýra hugtakið „önnur kyn-

ferðismök“ fremur þröngt þannig að átt sé við kynferðislega misnotkun á líkama annarrar manneskju er kemur í stað hefðbundins samræðis eða hefur gildi sem slíkt (surrogat). Eru þetta athafnir sem veita eða eru almennt til þess fallnar að veita hinum brotlega kynferðislega fullnægingu.

Ný ákvæði eru í 8.–10. gr. frumvarpsins um breyting á 200.–202. gr. laganna um kynferðislega áreitni sem ekki telst slík misnotkun á líkama að hún komi í stað hefðbundins samræðis eða hafi gildi sem slíkt, þ.e. „önnur kynferðismök“. Hér er átt við ýmiss konar káf, þukl og annars konar líkamlega snertingu og ljósmyndun af kynferðislegum toga sem hingað til hefur verið heimfært undir 209. gr. laganna. Rétt þykir að veita slíkri háttsemi meiri athygli en áður með þessu sérákvæði og taka harðar á brotum. Með þessu er engan veginn ætlunin fremur en verið hefur að takmarka eðlilega umhirðu og gælur foreldra og annarra ættingja við börn sín og barnabörn.

Ef kynferðisathafnir falla ekki undir neina af ofangreindum verknaðarlýsingum þ.e. samræði, önnur kynferðismök eða aðra kynferðislega áreitni kann 209. gr. að eiga við um þær (brot gegn blygðunarsemi).

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er tekið upp heitið kynferðisbrot í stað skírlífisbrot. Eðlilegt er að miða fremur við einkenni háttseminnar en þau áhrif sem hún hefur á brotaþola eða öllu heldur á hið siðræna viðhorf almennings til brots og brotaþola.

Um 2. gr.

Lýsing verknaðaraðferða er rýmkuð að því leyti að auk beinnar valdbeitingar tekur þetta ákvæði frumvarpsins til allra refsiverðra ofbeldishótana, en ekki til annarra hótana, sbr. hins vegar nú 196. gr. hgl. Einnig felst í ákvæðinu rýmkun á þann veg að ekki er lengur áskilið að hótun veki ótta um líf, heilbrigði eða velferð. Ofbeldishótanir eru almennt svo alvarlegar í eðli sínu að óþarft er að halda þessu skilyrði. Að sjálfsögðu dæma dómstólar aðeins fyrir þær hótanir sem alvarlega eru meintar eða hótunarþoli hefur a.m.k. réttmæta ástæðu til að taka alvarlega. Orðalag hins nýja ákvæðis útilokar ekki að efni ofbeldishótunar geti beinst að nánum vandamanni brotaþola eða að því sé ætlað að bitna á honum, t.d. barni brotaþola, sbr. gildandi ákvæði.

Ekki felst efnisbreyting í 2. málsl. 1. mgr. varðandi aðferðir sem lagðar verða að jöfnu við ofbeldi.

Lagt er til að ákvæðið verði tvískipt, almennt ákvæði (1. mgr.) og refsihækkunarákvæði með sjálfstæðum refsimörkum (2. mgr.). Er sú tilhögun álitlegri að gefa nokkurt svigrúm í almenna ákvæðinu fremur en að taka upp strangara almennt ákvæði að viðbættu refsilækkunarákvæði. Sem refsihækkunarástæða er nefnd hættuleg aðferð (t.d. notkun bareflis eða annarra vopna) og miklar sakir að öðru leyti, svo sem ef brot er framið af fleiri mönnum saman, sbr. 2. mgr. 70. gr., ef um endurtekin brot er að ræða eða trúnaðarbrot.

Almenn refsimörk ákvæðisins eru milduð frá því sem nú er, þ.e. 10 ára fangelsi sem hámark og 30 daga fangelsi sem lágmark, sbr. 34. gr. hgl. Séu refsihækkunarástæður fyrir hendi eru refsimörk svipuð og nú, þ.e. hámark 16 ára fangelsi og lágmark eins árs fangelsi. Fellt er niður ævilangt fangelsi. Rétt er að taka fram að ofangreind refsimörk eru

þyngri en í dönsku hegningarlögunum, svipuð og í sænsku refsilögunum, en ívið vægari en í norska ákvæðinu. Sænsku lögin hafa að vísu tveggja og fjögurra ára lágmark, en tiltölulega mild hámarksákvæði.

Um 3. gr.

Greinin svarar efnislega til 196. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að allar ofbeldishótanir varða við 194. gr. samkvæmt frumvarpinu. Verður aðgreiningin við það mun gleggri milli nauðgunarbrota og annarrar ólögmætrar kynferðisnauðungar. Engin dæmi eru hér nefnd um slíka nauðung, en hafa má 225. gr. hgl. til hliðsjónar þótt sú grein sé ekki tæmandi hér. Nefna má hótanir yfirboðara eða samstarfsmanns á vinnustað um uppsögn, óhagstæð starfskjör, sakburð eða annað óhagræði. Refsimörk eru óbreytt.

Um 4. gr.

Það nýmæli felst í þessu ákvæði að um ótvíræða misneytingaraðferð þarf að vera að ræða („notfærir sér"). Tilgreint ástand brotaþola nægir ekki eitt sér. Hinu afbrigðilega ástandi brotaþola er lýst með nokkru almennari orðum en í gildandi ákvæði 195. gr. („andlegir annmarkar"). Slík rýmkun verður tæpast talin varhugaverð ef misnotkun aðstöðu er áskilin hverju sinni. Rétt þykir að leggja óvígða sambúð að jöfnu við hjúskap í þessu sambandi.

Um 5. gr.

Fyrir utan þær breytingar, sem lýst var í hinum almennu athugasemdum, er ákvæðið að mestu óbreytt efnislega þótt stofnananöfn séu færð í nútímahorf.

Um 6. gr.

Refsimörk eru hér þyngd og aldursmark lækkað. Hins vegar þykir rétt í þessu sambandi að leggja óvígða sambúð að jöfnu við hjúskap.

Um 7. gr.

Auk þeirra tveggja svikaþátta, sem fyrir eru í gildandi ákvæði, er bætt við svikum í sambandi við læknisfræðilega eða aðra vísindalega meðferð. Rétt þykir í 1. mgr. ákvæðisins að leggja óvígða sambúð að jöfnu við hjúskap.

Um 8. gr.

Meginefni 190. gr. um sifjaspell er með þessu ákvæði flutt úr XXI. kafla laganna um sifskaparbrot í hinn nýja kafla um kynferðisbrot og sameinað þar nýju ákvæði um aðra kynferðislega áreitni gagnvart niðjum. Fer betur á þessari tilhögun þar sem slík brot eru oft nátengd öðrum brotum gegn ákvæðum þessa kafla, einkum 202. gr., sbr. 10. gr. frumvarpsins.

Í ákvæði þessu eru „önnur kynferðismök" lögð að jöfnu við samræði og má um það nýmæli vísa til hinna almennu athugasemda með frumvarpi þessu.

Felld er niður refsiábyrgð barna og annarra niðja sem hlut eiga að samræði eða öðrum kynferðismökum milli ættingja í beinan ættlegg. Til þess liggja m.a. þau rök að alla jafna eru það börn og ungmenni sem sæta misnotkun af hálfu hinna eldri er skáka í skjóli aldurs og reynslu. Breyting þessi er og í samræmi við lög í nálægum löndum, svo sem

í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Ákvæðið á jafnt við brot gagnvart skilgetnum og óskilgetnum börnum og það nær til brota kynforeldris gagnvart barni sem ættleitt hefur verið af öðrum, enda sé ásetningur fyrir hendi.

Sé barn yngra en 14 ára verður hinum brotlega einnig refsað fyrir brot gegn 202. gr. (concursus idealis), sbr. 77. og 78. gr. laganna. Sama máli gegnir ef nauðung er beitt. Þá reynir jafnframt á 194. eða 195. gr.

Refsimörk ákvæðisins eru nokkuð þyngd frá því sem nú er þar sem almenna hámarkið í 1. mgr. er hækkað úr 4 árum í 6 ár og úr 6 árum í 10 ár, sé barnið yngra en 16 ára (miðað er við 18 ára aldur í gildandi lögum). Refsimörk þau, sem hér er gert ráð fyrir, eru þyngri en tíðkast í nálægum löndum og er svo einnig um flest þau ákvæði er á eftir fara.

Ákvæðið í 3 mgr. um systkini er eins og önnur ákvæði kaflans rýmkað á þann veg að „önnur kynferðismök" eru lögð að jöfnu við samræði. Ákvæðið tekur jafnt til hálfsystkina sem alsystkina. Þá eru refsimörk hert, en hins vegar er refsibrottfallsheimild rýmkuð með því að miða við 18 ára aldur í stað 16 ára.

Um 9. gr.

Ákvæði þetta svarar að nokkru til 201. gr. eins og hún hljóðar nú. Í samræmi við önnur ákvæði kaflans eru „önnur kynferðismök" lögð að jöfnu við samræði. Ákvæðið verður ókynbundið eins og öll önnur ákvæði kaflans. Í upptalningu barna er bætt við stjúpbarni og sambúðarbarni. Áhersla er hér lögð á það að vernda heimilið og fjölskyldulíf fyrir háttsemi sem er til þess fallin að raska fjölskylduböndum og særa trúnað og traust barna á sameiginlegu heimili. Með fósturbarni er átt við hvert það barn sem beint eða óbeint er tengt ákveðnu heimili á þann veg að það lítur á það sem sitt (annað) heimili.

Hliðstætt ákvæði því sem lagt er til að verði í 200. gr., sbr. 8. gr. frumvarpsins um kynferðislega áreitni, er einnig sett í þessa grein.

Almenn refsimörk 1. mgr. ákvæðisins eru hin sömu og 201. gr. gildandi laga, en hér er bætt við þyngra refsihámarki sé barn yngra en 16 ára.

Um 10. gr.

Grein þessi svarar til 200. gr. gildandi laga. Eins og annars staðar í kaflanum eru „önnur kynferðismök" lögð að jöfnu við samræði. Bætt er við sérstöku ákvæði í 1. mgr. um aðra kynferðislega áreitni. Má um þetta tvennt vísa til þess sem áður er komið fram. Refsihámark 1. mgr. er lækkað úr 12 árum í 10 ár til samræmis við önnur ákvæði kaflans um alvarleg brot. Sé að auki um saknæma aðferð við brot að ræða, t.d. nauðung, er öðrum ákvæðum beitt jafnframt (concursus idealis) og þá tekið tillit til beggja (allra) brotanna við ákvörðun refsingar í samræmi við ákvæði 77. og 78. gr. laganna um brotasamsteypu. Refsimörk ákvæðisins eru svipuð og í Danmörku og Noregi, en mun þyngri en í sænsku lögunum.

Síðari málsgrein ákvæðisins er hér ókynbundin og heldur fyllri en í gildandi ákvæði með því að taldar eru upp dæmigerðar aðferðir við tælingu.

Um 11. gr.

Grein þessi er efnislega óbreytt. Hún vísar þó ekki lengur til 195. gr. (hér eftir 196. gr., sbr. 4. gr. frumvarpsins). Slík tilvísun á ekki lengur við þar sem nú er áskilin ótví-

ræð misneyting í 196. gr. („notfærir sér"). Tilgreint ástand brotaþola nægir ekki eitt sér. Ekki er heldur vísað til 203. gr. þar sem lagt er til í frumvarpinu að afnumin verði öll sérákvæði um kynferðisbrot samkynhneigðra persóna.

Um 12. gr.

Ákvæðið er óbreytt að öðru leyti en því að óvígð sambúð er lögð að jöfnu við hjúskap og að greinin tekur ekki til brota gegn 200. og 201. gr., sbr. 8. og 9. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Sú breyting er gerð á þessari grein, að efni 181. gr. um vændi og hagnýtingu þess er flutt í 1. mgr. greinarinnar og jafnframt breytt í ókynbundið ákvæði. Refsihámarkið er hækkað úr tveimur árum í fjögur ár.

2.–4. mgr. greinarinnar svara til 206. gr. gildandi laga með þeirri rýmkun á efnissviði 4. mgr. frá því sem nú er í 1. mgr. ákvæðisins að sá sem með ginningum, hvatningum eða milligöngu stuðlar að því að aðrir hafi holdlegt samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu skal sæta refsingu eins og sá sem gerir sér lauslæti annarra að tekjulind. Hér getur t.d. verið um að ræða útvegun ungmenna til þátttöku í kynlífsmyndum eða milligöngu um að manneskja háð vímuefnum eigi kynferðismök gegn greiðslu í einstakt skipti eða oftar.

Um 14. gr.

Á þessari grein eru einungis gerðar smávægilegar breytingar til samræmis við aðrar breytingar er af frumvarpinu leiðir.

Um 15. gr.

Formlega séð eru óverulegar breytingar gerðar á grein þessari. Refsimörkin eru þó hert nokkuð. Af nýjum sérákvæðum í 200.–202. gr., sbr. 8.–10. gr. frumvarpsins um kynferðislega áreitni, leiðir hins vegar að undir 209. gr. fellur nú fyrst og fremst ýmiss konar háttsemi önnur en káf og þukl á líkama, t.d. gægjur á glugga, berháttun, önnur strípihneigð og klúrt orðbragð í síma.

Um 16. gr.

Um 1. mgr.

Sjá skýringar við 13. gr. frumvarpsins.

Um 2. mgr.

Meginefni 190. gr. laganna er flutt í 200. gr., sbr. 8. gr. frumvarpsins. Sjá nánar skýringar við þá grein.

Þá er lagt til að 203. gr. hgl. verði felld brott. Ástæða þess er að hin nýju ákvæði frumvarpsins eru ókynbundin og taka til athafna samkynja persóna eftir því sem við á. Nauðungarbrot karlmanns gagnvart öðrum karlmanni varðar þannig við 194. eða 195. gr., sbr. 2. og 3. gr. frumvarpsins, og við brotinu liggur sú refsing er þar getur um.

Loks er lagt til að 207. gr. hgl. verði felld brott. Miðað við nútímaviðhorf gagnvart samkynhneigðum er ákvæðið úrelt.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 57. Frumvarp til fjáraukalaga [57. mál]

fyrir árið 1990, sbr. lög nr. 72/1990.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1990 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1990, sbr. 1. gr. laga nr. 72/1990.

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**3 630 000**
Beinir skattar	1 419 000	
Óbeinir skattar	1 781 000	
Vaxtatekjur	400 000	
Aðrar tekjur	30 000	
Gjöld		**4 056 000**
Samneysla	1 626 600	
Rekstrargjöld	1 458 100	
Viðhald	168 500	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2 083 800	
Vaxtagreiðslur	-325 000	
Fjárfesting	670 600	
Stofnkostnaður	231 100	
Fjármagnstilfærslur	439 500	
Gjöld umfram tekjur		**426 000**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		1 640 000
Veitt lán	1 200 000	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum	440 000	
Hluta- og stofnfjárframlög		20 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**2 086 000**
Afborganir af teknum lánum		-1 360 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**726 000**
Lántökur		715 000
Innlend verðbréfaútgáfa	2 185 000	
Erlend verðbréfaútgáfa	-1 470 000	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**-11 000**

2. gr.

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1990, sbr. 2. gr. laga nr. 72/1990, sem hér segir, sbr. sundurliðun í 3. gr.

	Þús. kr.	Þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	30 000	
01 Forsætisráðuneyti	62 700	
02 Menntamálaráðuneyti	670 600	
03 Utanríkisráðuneyti	194 400	
04 Landbúnaðarráðuneyti	176 600	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	57 300	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	170 400	
07 Félagsmálaráðuneyti	47 100	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1 462 700	
09 Fjármálaráðuneyti	909 000	
10 Samgönguráðuneyti	370 100	
11 Iðnaðarráðuneyti	216 100	
12 Viðskiptaráðuneyti	12 000	
14 Umhverfisráðuneyti	2 000	
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	-325 000	
Samtals		4 056 000

3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á stofnanir og viðfangsefni er þessi:

00 Æðsta stjórn ríkisins

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–510 Bessastaðir			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			25 000
6 01	Mannvirkjagerð	25 000	
	Gjöld samtals		25 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	25 000	
5	Gjöld samtals		**25 000**
00–620 Ríkisendurskoðun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 000
1 01	Yfirstjórn	4 000	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**
	Samtals		30 000

01 Forsætisráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
01–101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		12 000
1 01 Yfirstjórn	12 000	
Viðhaldsverkefni:		2 900
5 20 Stjórnarráðshús	2 900	
Gjöld samtals		14 900
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	14 900	
5 Gjöld samtals		**14 900**
01–102 Þjóðhagsstofnun		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		1 400
1 01 Þjóðhagsstofnun	1 400	
Gjöld samtals		1 400
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	1 400	
5 Gjöld samtals		**1 400**
01–171 Byggðastofnun, framlag		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		45 000
6 01 Byggðastofnun, framlag	45 000	
Gjöld samtals		45 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	45 000	
5 Gjöld samtals		**45 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
01–902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 400
1 01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	1 400	
	Gjöld samtals		1 400
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	1 400	
5	Gjöld samtals		**1 400**
	Samtals		62 700

02 Menntamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 000
1 01	Yfirstjórn	15 000	
	Gjöld samtals		15 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	15 000	
5	Gjöld samtals		**15 000**
02–201 Háskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 500
1 01	Yfirstjórn	19 500	
	Gjöld samtals		19 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 500	
52–58	Önnur gjöld	9 000	
5	Gjöld samtals		**19 500**
02–221 Kennaraháskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 500
1 20	Endurmenntun	1 500	
	Gjöld samtals		1 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	1 500	
5	Gjöld samtals		**1 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–223 Rannsóknastofnun uppeldismála			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			800
1 01	Rannsóknastofnun uppeldismála	800	
	Gjöld samtals		800
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	800	
5	Gjöld samtals		**800**
02–231 Náttúrufræðistofnun Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			400
1 01	Náttúrufræðistofnun Íslands	400	
	Gjöld samtals		400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	400	
5	Gjöld samtals		**400**
02–319 Framhaldsskólar, almennt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			238 000
1 01	Framhaldsskólar, almennt	238 000	
	Gjöld samtals		238 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	177 000	
52–58	Önnur gjöld	61 000	
5	Gjöld samtals		**238 000**
02–422 Námsgagnastofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 200
1 60	Námsefnisgerð	6 200	
	Gjöld samtals		6 200
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	6 200	
5	Gjöld samtals		**6 200**

	Þús. kr.	Þús. kr.
02–720 Grunnskólar, almennt		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		63 000
1 90 Grunnskólar, óskipt	63 000	
Gjöld samtals		63 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	63 000	
5 Gjöld samtals		**63 000**
02–931 Náttúruverndarráð		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		3 000
1 01 Yfirstjórn	1 000	
1 33 Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum	2 000	
Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	3 000	
5 Gjöld samtals		**3 000**
02–978 Endurbótasjóður menningarstofnana		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		300 000
6 01 Endurbótasjóður menningarstofnana	300 000	
Gjöld samtals		300 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	300 000	
5 Gjöld samtals		**300 000**
02–982 Listir, framlög		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		12 200
1 21 Leikfélag Akureyrar	2 200	
1 30 Íslenska óperan	4 000	
1 80 Listahátíð	6 000	
Gjöld samtals		12 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	12 200	
5	Gjöld samtals		**12 200**

02–989 Ýmis íþróttamál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 000
1 21	Skáksamband Íslands	1 000	
	Gjöld samtals		1 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 000	
5	Gjöld samtals		**1 000**

02–999 Ýmislegt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 000
1 92	Ýmis framlög	10 000	
	Gjöld samtals		10 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	10 000	
5	Gjöld samtals		**10 000**
	Samtals		670 600

03 Utanríkisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 000
1 50	Viðskiptaskrifstofa	23 000	
1 53	Þýðingar laga og reglugerða Evrópubandalagsins	17 000	
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Tæki og búnaður	7 000	
	Gjöld samtals		47 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 000	
52–58	Önnur gjöld	29 000	
5	Gjöld samtals		**47 000**
03–102 Varnarmálaskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 400
1 01	Varnarmálaskrifstofa	1 400	
	Gjöld samtals		1 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	700	
52–58	Önnur gjöld	700	
5	Gjöld samtals		**1 400**
03–201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 000
1 20	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	6 000	
	Gjöld samtals		6 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 000	
5	Gjöld samtals		**6 000**

03–390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			140 000
1 24	Neyðaraðstoð vegna ástandsins við Persaflóa	140 000	
	Gjöld samtals		140 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	140 000	
5	Gjöld samtals		**140 000**
	Samtals		194 400

04 Landbúnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 000
1 01	Yfirstjórn	2 000	
	Gjöld samtals		2 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals		**2 000**
04–171 Jarðeignir ríkisins, framlög			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			15 000
6 01	Jarðeignir ríkisins	15 000	
	Gjöld samtals		15 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	15 000	
5	Gjöld samtals		**15 000**
04–205 Veiðistjóri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 800
1 01	Veiðistjóri	3 800	
	Gjöld samtals		3 800
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	1 000	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	2 800	
5	Gjöld samtals		**3 800**

	Þús. kr.	Þús. kr.
04–231 Skógrækt ríkisins		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		2 000
1 01 Yfirstjórn	2 000	
Gjöld samtals		2 000
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	2 000	
5 Gjöld samtals		**2 000**
04–232 Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		2 500
1 01 Rannsóknastöðin á Mógilsá	2 500	
Gjöld samtals		2 500
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	2 500	
5 Gjöld samtals		**2 500**
04–246 Veiðimálastofnunin		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		3 000
1 01 Veiðimálastofnunin	3 000	
Stofnkostnaður:		8 000
6 02 Stofnkostnaður vegna ferskfiskrannsókna	8 000	
Gjöld samtals		11 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	3 000	
59 Tilfærslur:		
5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	8 000	
5 Gjöld samtals		**11 000**
04–247 Yfirdýralæknir		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		1 000
1 01 Yfirstjórn	1 000	
Gjöld samtals		1 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	1 000	
5	Gjöld samtals		**1 000**

04–270 Landgræðslu- og landverndaráætlun

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			5 000
6 40	Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**

04–272 Einangrunarstöð í Hrísey

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 000
1 01	Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey	2 000	
Stofnkostnaður:			1 500
6 02	Bygging einangrunarstöðvar	1 500	
	Gjöld samtals		3 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	3 500	
5	Gjöld samtals		**3 500**

04–289 Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			53 000
1 20	Endurgreiðsla söluskatts í fiskeldi og loðdýrarækt	53 000	
	Gjöld samtals		53 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	53 000	
5	Gjöld samtals		**53 000**

	Þús. kr.	Þús. kr.
04–290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		71 000
1 01 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	71 000	
Gjöld samtals		71 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	71 000	
5 Gjöld samtals		**71 000**
04–299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		4 400
1 22 Ýmis verkefni	4 400	
Gjöld samtals		4 400
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 400	
5 Gjöld samtals		**4 400**
04–502 Bændaskólinn á Hólum		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		2 400
1 01 Bændaskólinn á Hólum	2 400	
Gjöld samtals		2 400
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	2 400	
5 Gjöld samtals		**2 400**
Samtals		176 600

05 Sjávarútvegsráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–202 Hafrannsóknastofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 700
1 31	R/s Bjarni Sæmundsson	2 800	
1 32	R/s Árni Friðriksson	1 900	
1 36	Veiðarfærakostnaður	7 000	
Viðhaldsverkefni:			30 600
5 32	Viðhald, r/s Árni Friðriksson	30 600	
	Gjöld samtals		42 300
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	42 300	
5	Gjöld samtals		**42 300**
05–299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 000
1 32	Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi	15 000	
	Gjöld samtals		15 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	15 000	
5	Gjöld samtals		**15 000**
	Samtals		57 300

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 000
1 01	Yfirstjórn	1 000	
	Gjöld samtals		1 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	1 000	
5	Gjöld samtals		**1 000**
06–103 Kosningar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 400
1 01	Kosningar	6 400	
	Gjöld samtals		6 400
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	6 400	
5	Gjöld samtals		**6 400**
06–201 Hæstiréttur			
Tegundasundurliðun:			
4	Sértekjur	−1 500	
	Mismunur		**1 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–202 Ríkissaksóknari			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 600
1 01	Ríkissaksóknari	1 600	
	Gjöld samtals		1 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 600	
5	Gjöld samtals		**1 600**
06–204 Borgarfógetinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			1 700
6 01	Tæki og búnaður	1 700	
	Gjöld samtals		1 700
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	1 700	
5	Gjöld samtals		**1 700**
06–205 Sakadómur Reykjavíkur			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 01	Sakadómur Reykjavíkur	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 000	
5	Gjöld samtals		**8 000**
06–210 Héraðsdómstólar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 200
1 91	Héraðsdómari á Suður- og Vesturlandi	4 300	
1 92	Héraðsdómari á Vestfjörðum	4 000	
1 93	Héraðsdómari á Norðurlandi	4 900	
1 94	Héraðsdómari á Austurlandi	5 000	
	Gjöld samtals		18 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 200	
5	Gjöld samtals		**18 200**

06–211 Sýslumenn og bæjarfógetar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			50 000
1 10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	50 000	
	Gjöld samtals		50 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	50 000	
5	Gjöld samtals		**50 000**

06–251 Landhelgisgæsla Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 800
1 21	V/s Ægir	5 000	
1 22	V/s Óðinn	3 500	
1 23	V/s Týr	4 500	
1 30	Fluggæsla	8 800	
Stofnkostnaður:			3 200
6 90	Tæki og búnaður	3 200	
	Gjöld samtals		25 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	25 000	
5	Gjöld samtals		**25 000**

06–281 Dómsmál, ýmis starfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 500
1 10	Málskostnaður	23 000	
1 11	Meðdómsmenn	1 500	
1 15	Setusaksóknari	5 000	
	Gjöld samtals		29 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 500	
52–58	Önnur gjöld	23 000	
5	Gjöld samtals		**29 500**

06–282 Ýmis löggæslukostnaður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 000
1 20	Ýmis löggæslukostnaður	2 000	
	Gjöld samtals		2 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals		**2 000**

06–301 Biskup Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 000
1 01	Yfirstjórn	4 000	
	Gjöld samtals		4 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 500	
52–58	Önnur gjöld	2 500	
5	Gjöld samtals		**4 000**

06–303 Prestaköll og prófastsdæmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 500
1 90	Prestar og prófastar	21 500	
	Gjöld samtals		21 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 500	
5	Gjöld samtals		**21 500**
	Samtals		170 400

07 Félagsmálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 000
1 01	Yfirstjórn	1 000	
	Gjöld samtals		1 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	1 000	
5	Gjöld samtals		**1 000**
07–700 Málefni fatlaðra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 300
1 04	Kostnaður skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra	11 500	
1 10	Vistanir	5 800	
	Gjöld samtals		17 300
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	17 300	
5	Gjöld samtals		**17 300**
07–702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 500
1 70	Vistheimilið Skálatúni	2 500	
	Gjöld samtals		2 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 500	
5	Gjöld samtals		**2 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 800
1 30	Iðjulundur, verndaður vinnustaður	4 500	
1 70	Vistheimilið Sólborg	4 300	
	Gjöld samtals		8 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 300	
52-58	Önnur gjöld	4 500	
5	Gjöld samtals		**8 800**
07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 000
1 31	Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum	2 000	
	Gjöld samtals		2 000
Tegundasundurliðun:			
52-58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals		**2 000**
07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 01	Yfirstjórn	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**
07-972 Bjargráðasjóður Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 000
1 01	Bjargráðasjóður	11 000	
	Gjöld samtals		11 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	11 000	
5	Gjöld samtals		**11 000**

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 500
1 90	Ýmis framlög	1 500	
	Gjöld samtals		1 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 500	
5	Gjöld samtals		**1 500**
	Samtals		47 100

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–101	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 01	Yfirstjórn	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**
08–271	**Tryggingastofnun ríkisins**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 200 000
1 10	Lífeyristryggingar	100 000	
1 20	Sjúkratryggingar	1 100 000	
	Gjöld samtals		1 200 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 200 000	
5	Gjöld samtals		**1 200 000**
08–277	**Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			56 000
1 01	Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna	56 000	
	Gjöld samtals		56 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	56 000	
5	Gjöld samtals		**56 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–301 Landlæknir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 000
1 01	Yfirstjórn	2 000	
	Gjöld samtals		2 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals		**2 000**
08–324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands			
Tegundasundurliðun:			
4	Sértekjur	−7 500	
	Mismunur		**7 500**
08–371 Ríkisspítalar			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			3 200
6 80	Ármúli 1a	3 200	
	Gjöld samtals		3 200
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	3 200	
5	Gjöld samtals		**3 200**
08–373 St. Jósefsspítali, Landakoti			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 000
1 01	St. Jósefsspítali, Landakoti	32 000	
	Gjöld samtals		32 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	32 000	
5	Gjöld samtals		**32 000**

	Þús. kr.	Þús. kr.
08–381 Sjúkrahús og læknisbústaðir		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		40 000
1 10 Uppgjör á rekstrarhalla sjúkrahúsa	40 000	
Gjöld samtals		40 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	40 000	
5 Gjöld samtals		**40 000**
08–399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		2 000
1 25 Neyslu- og manneldismál, manneldisráð	2 000	
Gjöld samtals		2 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	2 000	
5 Gjöld samtals		**2 000**
08–480 Heilsugæslustöðvar		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		114 000
1 01 Heilsugæslustöðvar	114 000	
Gjöld samtals		114 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	114 000	
5 Gjöld samtals		**114 000**
08–502 Þroskaþjálfaskóli Íslands		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		3 000
1 01 Þroskaþjálfaskóli Íslands	3 000	
Gjöld samtals		3 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 200	
52–58	Önnur gjöld	1 800	
5	Gjöld samtals		**3 000**
	Samtals		1 462 700

09 Fjármálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 000
1 01	Yfirstjórn	4 000	
	Gjöld samtals		4 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	4 000	
5	Gjöld samtals		**4 000**
09–103 Ríkisbókhald			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 000
1 01	Ríkisbókhald	10 000	
	Gjöld samtals		10 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	10 000	
5	Gjöld samtals	10 000	
4	Sértekjur	−20 000	
	Mismunur		**30 000**
09–202 Skattstofan í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 700
1 01	Skattstofan í Reykjavík	7 700	
	Gjöld samtals		7 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 700	
5	Gjöld samtals		**7 700**

	Þús. kr.	Þús. kr.
09–212 Skattamál, ýmis útgjöld		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		116 000
1 01 Ýmis sameiginleg útgjöld	116 000	
Gjöld samtals		116 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	116 000	
5 Gjöld samtals		**116 000**
09–251 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		30 000
1 10 Ýmis innheimtukostnaður	30 000	
Gjöld samtals		30 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	30 000	
5 Gjöld samtals		**30 000**
09–261 Ríkistollstjóri		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		8 000
1 01 Ríkistollstjóri	8 000	
Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	3 500	
52–58 Önnur gjöld	4 500	
5 Gjöld samtals		**8 000**
09–381 Uppbætur á lífeyri		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		130 000
1 01 Uppbætur á lífeyri	130 000	
Gjöld samtals		130 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	130 000	
5	Gjöld samtals		**130 000**

09–981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			48 000
6 50	Sölvhólsgata 7	2 000	
6 60	Sölvhóll	19 000	
6 80	Skuggasund 3	27 000	
	Gjöld samtals		48 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	48 000	
5	Gjöld samtals		**48 000**

09–989 Launa- og verðlagsmál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			412 300
1 01	Rekstur	140 000	
1 11	Geymdar fjárveitingar og óviss útgjöld	272 300	
	Gjöld samtals		412 300
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	272 300	
59	Tilfærslur:		
	5910 Til stofnana í A-hluta	140 000	
5	Gjöld samtals		**412 300**

09–999 Ýmislegt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			123 000
1 12	Skýrsluvélakostnaður vegna tekjubókhalds	31 000	
1 13	Kjarasamningar	14 000	
1 14	Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	10 000	
1 18	Styrkur til blaðaútgáfu samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar	50 000	
1 60	Dómkröfur	18 000	
	Gjöld samtals		123 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 000	
52–58	Önnur gjöld	109 000	
5	Gjöld samtals		**123 000**
	Samtals		909 000

10 Samgönguráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
10–101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		5 000
1 01 Yfirstjórn	5 000	
Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	5 000	
5 Gjöld samtals		**5 000**
10–211 Vegagerð ríkisins		
Viðfangsefni:		
Viðhaldsverkefni:		135 000
5 10 Viðhald vega	135 000	
Stofnkostnaður:		140 000
6 10 Nýframkvæmdir	140 000	
Gjöld samtals		275 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	275 000	
5 Gjöld samtals		**275 000**
10–333 Hafnamál		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		65 000
6 30 Hafnarmannvirki	65 000	
Gjöld samtals		65 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5912 Til sveitarfélaga	65 000	
5 Gjöld samtals		**65 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–471 Flugmálastjórn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 500
1 40	Flugvalladeild	8 500	
	Gjöld samtals		8 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	8 500	
5	Gjöld samtals	8 500	
4	Sértekjur	−10 000	
	Mismunur		**18 500**
10–485 Ýmis framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 500
1 20	Tilkynningarskylda íslenskra skipa	2 700	
1 25	Norrænar jarðskjálftarannsóknir á Suðurlandi	1 800	
	Gjöld samtals		4 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 500	
5	Gjöld samtals		**4 500**
10–651 Ferðamálaráð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 100
1 01	Ferðamálaráð	2 100	
	Gjöld samtals		2 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 100	
5	Gjöld samtals		**2 100**
	Samtals		370 100

11 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
11–240 Iðnaðarrannsóknir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 000
1 01	Iðnaðarrannsóknir	10 000	
	Gjöld samtals		10 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	10 000	
5	Gjöld samtals		**10 000**
11–289 Jöfnunargjald			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			150 000
1 01	Jöfnunargjald í iðnaði	150 000	
	Gjöld samtals		150 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	150 000	
5	Gjöld samtals		**150 000**
11–299 Iðja og iðnaður, framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 100
1 15	Alþjóðastaðlar CEN-CENELEC	8 000	
1 26	Iðnþróunarverkefni	5 000	
1 40	Framlag til styrktar ullariðnaði o.fl.	8 000	
1 50	Iðnþróun og markaðsmál	5 100	
	Gjöld samtals		26 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	8 000	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	18 100	
5	Gjöld samtals		**26 100**

11–399 Ýmis orkumál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 000
1 19	Önnur orkumál	30 000	
	Gjöld samtals		30 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	30 000	
5	Gjöld samtals		**30 000**
	Samtals		216 100

12 Viðskiptaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
12–101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 000
1 01	Yfirstjórn	9 000	
	Gjöld samtals		9 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	5 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 000	
5	Gjöld samtals		**9 000**
12–902 Verðlagsstofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 000
1 01	Verðlagsstofnun	1 000	
	Gjöld samtals		1 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	1 000	
5	Gjöld samtals		**1 000**
12–903 Skráning hlutafélaga			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tölvuvæðing hlutafélagaskrár	2 000	
	Gjöld samtals		2 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals		**2 000**
	Samtals		12 000

14 Umhverfisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
14–101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 000
1 01	Yfirstjórn	2 000	
	Gjöld samtals		2 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals		**2 000**
	Samtals		2 000

15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun

		Þús. kr.	Þús. kr.
15–991	**Ýmis lán ríkissjóðs, vextir**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			−325 000
1 01	Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	−325 000	
	Gjöld samtals		−325 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	−325 000	
5	Gjöld samtals		**−325 000**
	Samtals		−325 000

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp þetta er annað fjáraukalagafrumvarpið sem lagt er fram á þessu ári. Fyrra frumvarpið var lagt fram á síðastliðnum vetri í kjölfar kjarasamninga milli aðila vinnumarkaðarins annars vegar og ríkisins og BSRB hins vegar til að afla nauðsynlegra heimilda til breytinga á útgjöldum ríkissjóðs vegna þeirra.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir yfirstandandi ár var í fyrsta sinn lagt fram á haustþingi 1989. Fram til þess höfðu fjáraukalög verið lögð fram að loknu fjárlagaári, og oft ekki fyrr en nokkrum árum síðar, til staðfestingar á útgreiðslum úr ríkissjóði umfram fjárlög. Hinn nýi háttur hafði það að markmiði að koma í veg fyrir veitingu aukafjárheimilda innan ársins án samþykkis Alþingis. Fjármálaráðherra lýsti yfir því að hann mundi í upphafi hvers haustþings leggja fram frumvarp til fjáraukalaga ef nauðsyn væri talin á viðbótarheimildum vegna lögbundinna skuldbindinga ríkissjóðs eða breytinga á forsendum fjárlaga. Jafnframt var sá háttur tekinn upp í fjárlögum 1990 að veita ráðuneytum og ríkisstjórn í heild ákveðnar fjárhæðir til að mæta óvissum útgjöldum innan ársins. Þannig var framkvæmdarvaldinu gefið betra færi á að mæta ófyrirséðum útgjöldum sem upp koma við framkvæmd fjárlaga.

Í frumvarpi þessu er sótt um heimildir sem nauðsynlegar eru taldar vegna skuldbindinga ríkissjóðs, samþykkta Alþingis og verkefna sem áhersla er lögð á að ljúka. Jafnframt er leitað heimilda til fjárgreiðslna vegna rekstrarvandamála nokkurra stofnana. Þetta er gert til þess að í endanlegu uppgjöri ríkissjóðs fyrir árið 1990 þurfi ekki að sækja um umtalsverðar heimildir til uppgjörs á rekstri ársins. Við endanlegt uppgjör fyrir árið 1990 er stefnt að því að umframgreiðslur á þessu ári komi til frádráttar heimildum í fjárlögum á næsta ári.

Áætlaður útgjaldaauki samkvæmt frumvarpinu er rúmir 4 milljarðar króna sem skýrist að langstærstum hluta af fáum liðum eins og eftirfarandi tafla sýnir (í m.kr.):

Tryggingastofnun ríkisins, lyfjakostnaður o.fl.	1.260
Áhrif verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga	280
Ályktanir Alþingis, vegamál o.fl.	320
Framlag til Endurbótasjóðs menningarstofnana, í stað lánveitingar	300
Hallarekstur fyrirtækja frá fyrra ári	280

Við endurmat á afkomu ríkissjóðs í ágúst sl. var áætlað að útgjöld hans yrðu um 3 milljarðar króna umfram það sem gert var ráð fyrir í fjáraukalögum sl. vetur. Breyting frá þeirri áætlun skýrist einkum af 600 m.kr. hærri útgjöldum til almannatrygginga, 300 m.kr. framlags til Endurbótasjóðs menningarstofnana í stað lánveitingar eins og áformað var og 140 m.kr. framlagi til aðstoðar flóttafólks vegna átakanna við Persaflóa.

Þess er vænst að frumvarp þetta fái skjóta afgreiðslu á Alþingi því að mikilvægt er að framkvæmdarvaldinu gefist svigrúm til að laga starfsemi stofnana að þeim heimildum sem veittar kunna að verða með lögfestingu þess.

Afkoma ríkissjóðs 1990.

Samkvæmt upphaflegum fjárlögum 1990 var gert ráð fyrir að halli á rekstri ríkissjóðs yrði 3,7 milljarðar króna. Eins og kynnt var í fjáraukalögum á sl. vetri höfðu kjarasamningar áhrif á afkomu ríkissjóðs með tvennum hætti. Annars vegar ákváðu stjórnvöld að beita sér fyrir sérstökum aðgerðum í ríkisfjármálum til að greiða fyrir gerð kjarasamninganna. Fólst það í hvoru tveggja í senn, lægri sköttum og auknum ríkisútgjöldum. Hins vegar breyttust verðlagsforsendur fjárlaga til lækkunar. Sú lækkun kom fyrr fram á tekjum ríkissjóðs en á gjaldahlið og hafði þannig neikvæð áhrif á rekstrarafkomu ríkissjóðs. Til að vega upp á móti þessu voru útgjöld lækkuð. Í heild leiddu fjáraukalögin til um 850 m.kr. aukningar á rekstrarhalla ríkissjóðs sem ætlað var að yrði rúmir 4,5 milljarðar króna. Gert var ráð fyrir að þessi halli yrði að fullu fjármagnaður innan lands.

Afkomuhorfur ríkissjóðs í lok árs hafa verið endurmetnar og er nú reiknað með að halli verði 4.960 m.kr. og er það um 400 m.kr. umfram það sem gert var ráð fyrir í fjáraukalögum. Nokkur frávik verða bæði á tekna- og gjaldahlið. Þannig er nú áætlað að tekjur verði 92,6 milljarðar króna í stað 88,9 milljarða króna í fjáraukalögum. Heildargjöld stefna hins vegar í 97,5 milljarða króna í stað 93,5 milljarða króna í fjáraukalögum. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs var í fjáraukalögum áætluð 4,1 milljarður króna en er nú samkvæmt endurskoðaðri áætlun metin á 6,2 milljarða króna. Að frátöldum auknum rekstrarhalla ríkissjóðs má einkum rekja aukna lánsfjárþörf ríkissjóðs til meiri lánveitinga til sveitarfélaga og B-hluta fyrirtækja. Heimild til þessarar lántöku er í lánsfjárlögum og hefur verið ákveðið að ríkissjóður afli umræddra lána og endurláni til fyrirtækjanna.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir niðurstöðum þessarar endurskoðunar og frávikum frá fyrri fjáraukalögum.

Afkoma ríkissjóðs 1990.

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1990 m.kr.	Fjáraukalög maí 1990 m.kr.	Áætlun 1990 m.kr.
1. Tekjur	91.545	88.945	92.575
2. Gjöld	95.232	93.479	97.535
3. Rekstrarafkoma (1.-2.)	**-3.687**	**-4.534**	**-4.960**
4. Lánveitingar, nettó	-410	-410	1.250
5. Hrein lánsfjárþörf (4.-3.)	**3.277**	**4.124**	**6.210**
6. Lántökur, nettó	3.295	4.145	6.220
Innlend lántaka - afborganir	5.295	6.145	12.162[1)]
Erlend lántaka - afborganir	1.000	1.000	-380
Lán í Seðlabanka - afborganir	-3.000	-3.000	-5.562[1)]
7. Greiðsluafkoma (6.-5.)	**18**	**21**	**10**

1) Hér er meðtalin 3.797 m.kr. lántaka hjá innlánsstofnunum í tengslum við lækkun bindiskyldu úr 10% í 7% í maímánuði. Þessi upphæð var notuð til að greiða upp 3.517 m.kr. skuldabréfalán í Seðlabanka og bæta stöðu ríkissjóðs á aðalviðskiptareikningi í bankanum. Þessar lánahreyfingar höfðu hvorki áhrif á peningamyndun né vexti eins og aðrar innlendar lántökur.

Tekjur.

Í fjáraukalögum, sem samþykkt voru um miðjan maí, var gert ráð fyrir að innheimtar tekjur ríkissjóðs yrðu nálægt 89 milljörðum króna á þessu ári.

Greiðslugrunnur	Fjáraukalög maí m.kr.	Endurskoðuð áætlun m.kr.	Frávik m.kr.	Frávik %
Tekju- og eignarskattar	**16.026**	**17.445**	**1.419**	**8,9**
Einstaklingar	12.551	13.050	499	4,0
Fyrirtæki	3.475	4.395	920	26,5
Óbeinir skattar	**67.041**	**68.822**	**1.781**	**2,7**
Innflutningsgjöld	7.163	7.747	584	8,2
Virðisaukaskattur/söluskattur	37.750	38.350	600	1,6
Hagnaður ÁTVR	6.020	5.920	-100	-1,7
Launa- og tryggingaiðgjöld	6.800	7.280	480	7,1
Bifreiðagjöld	5.385	5.425	40	0,7
Aðrir skattar	3.923	4.100	177	4,5
Aðrar tekjur	**5.878**	**6.308**	**430**	**7,3**
Vaxtagreiðslur	3.670	4.070	400	10,9
Arðgreiðslur o.fl.	2.208	2.238	30	1,4
Heildartekjur ríkissjóðs	**88.945**	**92.575**	**3.630**	**4,1**

Tekjuáætlun hefur nú verið endurskoðuð og er allt útlit fyrir að heildarinnheimtan verði talsvert meiri á þessu ári en áður var áætlað, eða kringum 92,6 milljarðar króna. Þetta er um 3,6 milljörðum króna hærri tekjur en reiknað var með í fyrri áætlun og nemur aukningin rúmum 4%. Þessi aukning skýrist einkum af tvennu. Annars vegar skilaði álagning opinberra gjalda fyrir gjaldaárið 1990 meiri tekjum en gert hafði verið ráð fyrir. Munar þar mestu um tekjuskatt félaga sem skýrist væntanlega af betri afkomu þeirra á árinu 1989 en áður var talið. Þá hefur hert innheimta á eldri skuldum skilað ríkissjóði talsverðum viðbótartekjum, einkum á fyrri helmingi ársins. Er þetta meðal annars vegna þess að upptaka virðisaukaskatts hefur ýtt undir uppgjör á ógreiddum sköttum, bæði tekju- og eignarsköttum og launatengdum gjöldum, en fyrirtæki fá ekki virðisaukaskatt af aðföngum sínum endurgreiddan nema þau séu skuldlaus við ríkissjóð. Þessi áhrif birtast einnig í auknum vaxtatekjum. Aftur á móti virðast veltuforsendur fjárlaganna hafa staðist í öllum meginatriðum.

Af öðrum frávikum á tekjuhlið má nefna að innheimta virðisaukaskatts varð heldur meiri á fyrri hluta ársins en búist var við. Sú viðbót kemur nær eingöngu fram í meiri tekjum af innflutningi. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að aukin skil af innflutningi þurfa ekki að þýða auknar tekjur fyrir ríkissjóð, þar sem þessi þáttur er að stórum hluta innskattur sem kemur til frádráttar útskatti síðar. Hér gæti því verið um að ræða tilfærslu fram eftir ári fremur en hreina viðbót. Á móti auknum virðisaukaskatti af innflutningi vegur síðan tvennt. Annars vegar að niðurfellingu virðisaukaskatts af íslenskum bókum var flýtt fram til 1. september og hins vegar að ákveðið hefur verið að veita áfram gjaldfrest í tolli. Að öllu þessu samanlögðu er nú reiknað með að innheimtar tekjur af virðisaukaskatti verði 600 m.kr. meiri á þessu ári en áður var talið.

Þá er búist við að tekjur af innflutningsgjöldum verði nokkru meiri í ár en áætlað var. Þar á jöfnunargjaldið stærstan hlut að máli, auk þess sem mikill innflutningur atvinnubifreiða framan af ári skilar auknum tolltekjum. Á móti vega þær skattbreytingar sem stjórnvöld ákváðu í júlímánuði og aftur nú nýverið með lækkun tolla á bensíni til að halda aftur af verðlagshækkunum. Munu þær skerða tekjur ríkissjóðs um 200 m.kr. á þessu ári.

Útgjöld.

Samkvæmt fjáraukalögum 1990 voru gjöld ríkissjóðs áætluð 93,5 milljarðar króna. Útgjaldahorfur til loka árs hafa nú verið endurmetnar og er niðurstaðan að útgjöld ríkissjóðs munu verða um 4 milljörðum króna hærri. Af einstökum stærri liðum má nefna að tryggingabætur hækka um 1.260 m.kr., áhrif verkaskiptingarlaga ríkis- og sveitarfélaga hafa í för með sér 280 m.kr. hækkun, Endurbótasjóður menningarstofnana fær 300 m.kr. framlag í stað lánveitingar, vegna ályktana Alþingis þarf að verja 320 m.kr., og framlag til uppgjörs á endurgreiðslu söluskatts verður 200 m.kr. Hér á eftir verður nánar gerð grein fyrir niðurstöðum á gjaldahlið og helstu frávikum sem verða frá fyrri fjáraukalögum.

Gjöld A-hluta ríkissjóðs 1990.

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1990 m.kr.	Fjáraukalög maí m.kr.	Áætlun 1990 m.kr.
Almenn rekstrargjöld	**36.558**	**35.774**	**37.232**
Tryggingagreiðslur o.fl.	**38.035**	**37.956**	**40.040**
Lífeyristryggingar	12.757	12.459	12.559
Sjúkratryggingar	9.113	8.931	10.031
Atvinnuleysistryggingasjóður	1.252	1.027	1.027
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.215	2.171	2.171
Niðurgreiðslur	5.016	5.831	5.831
Útflutningsbætur	1.387	1.344	1.429
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1.232	1.207	1.207
Annað	5.063	4.986	5.785
Vextir	**9.125**	**9.125**	**8.800**
Viðhald	**2.235**	**2.157**	**2.325**
Stofnkostnaður	**9.279**	**8.467**	**9.138**
Samtals	**95.232**	**93.479**	**97.535**

Almenn rekstrargjöld eru áætluð 1.458 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjáraukalögum. Kostnaður við rekstur skóla er áætlaður 320 m.kr. umfram fjárlög. Þar vega þyngst útgjöld til framhaldsskóla. Rekstur heilbrigðisstofnana er talinn verða nálægt 190 m.kr. umfram fyrri áætlanir sem skýrist af auknum kostnaði vegna verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga og hallarekstri sjúkrahúsa frá fyrra ári. Sameiginlegur kostnaður við skattkerfið og átak við innheimtu skatta var vanmetinn í fjárlögum og er nú áætlaður um 220 m.kr. hærri. Þá er áætlað að rekstur dómskerfisins verði 100 m.kr. umfram fyrri áætlanir. Loks má nefna að kostnaður vegna samningaviðræðna EFTA og EB kemur fram á rekstri flestra ráðuneyta og má áætla útgjaldaauka þeirra vegna nálægt 70 m.kr.

Tryggingagreiðslur og ýmis framlög eru nú áætluð um 2.084 m.kr. hærri en í fjáraukalögum. Þyngst vega útgjöld til sjúkratrygginga sem talin eru hækka um 1.100 m.kr., einkum

vegna lyfja, sérfræðikostnaðar og kaupa hjálpartækja. Lífeyrisgreiðslur eru áætlaðar 100 m.kr. umfram áætlun. Til uppgjörs á endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts eru áætlaðar 200 m.kr. Vegna ástandsins við Persaflóa ákvað ríkisstjórnin að beita sér fyrir 140 m.kr. framlagi til hjálpar flóttafólki á svæðinu. Til útflutningsbóta eru áætlaðar 71 m.kr. Loks er áætlað að greiðslur uppbóta á lífeyri til þeirra sjóða, sem ekki var skert framlag til, verði 130 m.kr. Aðrir liðir eru smærri.

Vaxtagjöld eru nú áætluð 325 m.kr. lægri sem einkum skýrist af lægra vaxtastigi innan lands og lækkun á gengi Bandaríkjadollars.

Viðhald hækkar um 168 m.kr. Þar af hækkar framlag til vegagerðar um 135 m.kr. vegna mikils kostnaðar við snjómokstur sl. vetur.

Stofnkostnaður er talinn hækka um 671 m.kr. Framlag til vegagerðar hækkar um 150 m.kr. í samræmi við samþykktir í vegáætlun sl. vor. Útgjöld til hafnamála hækka um 65 m.kr. vegna nauðsynlegra framkvæmda á sjóvarnargörðum og hafnarmannvirkjum vegna tjóna af völdum óveðurs sem gekk yfir í janúar sl. Loks er nú gert ráð fyrir 300 m.kr. framlagi til Endurbótasjóðs menningarstofnana í stað þess að honum verði veitt lán til framkvæmdanna.

Lánahreyfingar.

Í fjárlögum 1990 var gert ráð fyrir að lántökur yrðu alls 8.995 m.kr. Innlendar lántökur voru áætlaðar 6.625 m.kr. og erlendar lántökur 2.370 m.kr. Með fjáraukalögunum var innlend fjáröflun hækkuð um 850 m.kr. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er lánsfjárþörf nú talin verða 12.560 m.kr. Aukning frá fjáraukalögum skýrist af uppgjöri á 2 milljarða króna yfirdráttarskuld við Seðlabankann í lok árs 1989, auknum lánveitingum að fjárhæð 300 m.kr. og 415 m.kr. meiri rekstrarhalla ríkissjóðs.

Horfur um innlenda fjáröflun til áramóta eru góðar. Áætlað er að sala ríkisvíxla umfram innlausn verði 3.800 m.kr. og nú þegar er búið að tryggja sölu spariskírteina fyrir um 6,3 milljarða króna á árinu. Nýlega komu á markaðinn ný tegund ríkisverðbréfa, sem hafa binditíma á milli ríkisvíxla og spariskírteina, eða á bilinu frá 6 mánuðum til 3 ára. Með þeim er stefnt að því að binda til lengri tíma þann hluta fjáröflunar sem nú liggur í ríkisvíxlum. Áætlað er að unnt verði að mæta lánsfjárþörf ríkissjóðs að fullu innan lands. Verður þar með ekki þörf fyrir þá erlendu lántöku sem áætluð var í fjárlögum né sérstakri erlendri lántöku til að gera upp 2 milljarða króna yfirdráttarskuld ríkissjóðs í Seðlabanka í lok árs 1989. Hins vegar verða tekin erlend lán vegna lánveitinga til annarra aðila, sem fara gegnum Endurlán ríkisins, til Atvinnutryggingarsjóðs, Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og bæjarfélaga og fyrirtækja þeirra.

Lánahreyfingar ríkissjóðs 1990.

	Fjárlög 1990	Fjáraukalög maí 1990	Áætlun 1990
Lánahreyfingar, útstreymi	**-5.290**	**-5.290**	**-5.590**
Afborganir, innheimta	3.480	3.480	3.040
Afborganir, greiddar	-3.700	-3.700	-2.840
Innlausn spariskírteina	-2.000	-2.000	-1.500
Veitt lán	-2.350	-2.350	-3.550
Hlutafé	-160	-160	-180
Viðskiptareikningar	-560	-560	-560
Lántökur	**8.995**	**9.845**	**12.560**
Ríkisvíxlar	-	-	3.800
Spariskírteini, ríkisbréf	6.625	7.475	7.460
Önnur innlend lántaka	-	-	400
Erlendar lántökur	2.370	2.370	900
Uppgjör yfirdráttar í Seðlabanka	**-**	**-**	**-2.000**
Lánahreyfingar, nettó	**3.705**	**4.555**	**4.970**

Útstreymi á lánahreyfingum er talið verða óbreytt frá fjáraukalögum þegar á heildina er litið. Hins vegar verða breytingar á einstökum liðum. Áætlað er að innheimtar afborgana veittra lána verði um 440 m.kr. lægri. Greiddar afborganir verða 960 m.kr. undir áætlun en það skýrist af samningum sem gerðir voru við banka um yfirtöku skulda ríkissjóðs í Seðlabanka að fjárhæð 3.517 m.kr. Við þessa aðgerð falla niður á þessu ári afborganir hinna yfirteknu lána að fjárhæð 960 m.kr. Í meðfylgjandi yfirliti er þessi skuldayfirtaka skilgreind sem skuldbreyting og kemur ekki sérstaklega fram. Innlausn spariskírteina er áætluð 400 m.kr. lægri en í fjárlögum. Skýrist sá munur af minni innlausn flokka sem ekki eru á lokagjalddaga.

Veitt lán eru talin verða 1.200 m.kr. umfram áætlun. Þar er um að ræða lánveitingar með ábyrgð ríkissjóðs sem samkvæmt heimild í lánsfjárlögum má færa um Endurlán ríkissjóðs en í áætlun fjárlaga var gert ráð fyrir beinni lántöku hjá sjóðum eða bankakerfi. Á móti þessari lánveitingu er lántaka þannig að áhrif á greiðslustöðu ríkissjóðs eru engin.

Á miðju ári 1990 yfirtók ríkissjóður skuldbindingar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Þessi uppgjörsmál hafa ekki áhrif á greiðsluafkomu ríkissjóðs og koma þar af leiðandi ekki fram í þessu uppgjöri. Þá má nefna að í ríkisreikningi ársins 1989 var til bráðabirgða fært á skammtímahreyfingar skuldabréf vegna uppgjörs gamla Útvegsbankans gagnvart Íslandsbanka. Í byrjun árs 1990 var gengið formlega frá þessu uppgjöri á þann hátt að í stað þess að gefa út skuldabréf til langs tíma voru Íslandsbanka afhent spariskírteini að fjárhæð 928 m.kr. og ríkisvíxlar að fjárhæð 273 m.kr. Þessi uppgjörsháttur hefur ekki áhrif á greiðsluafkomu ríkissjóðs og er ekki hluti af þeirri fjáröflun sem ætluð er til að mæta lánsfjárþörf ríkissjóðs heldur aðeins tilfærsla milli skammtíma- og langtímalánahreyfinga. Því þykir eðlilegra í þessum samanburði að draga þessa sölu spariskírteina og ríkisvíxla frá annarri sölu þannig að hún kemur ekki fram í tölum um sölu spariskírteina og ríkisvíxla í yfirlitum hér að framan.

Athugasemdir við einstaka fjárlagaliði, sbr. 3. gr.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Til æðstu stjórnar ríkisins er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 30 m.kr.

510 Bessastaðir

Til framkvæmda við Bessastaði er farið fram á 25 m.kr. Um er að ræða fjárveitingu til að ljúka við framkvæmdir á Bessastaðastofu svo að hægt verði að taka hana í notkun.

620 Ríkisendurskoðun

Til Ríkisendurskoðunar er farið fram á 5 m.kr. Hér er um að ræða uppgjör orlofs við starfsmenn samkvæmt samningi við forseta Alþingis og greiðsluskuldbindinga vegna samnings við tölvukaup.

01 Forsætisráðuneyti

Til forsætisráðuneytisins er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 62,7 m.kr.

101 Aðalskrifstofa

Til aðalskrifstofu er samtals farið fram á 14,9 m.kr. Hér er um fjóra liði að ræða.
Í fyrsta lagi er sótt um 10 m.kr. til uppgjörs á kostnaði við hönnun og athuganir embættis Húsameistara ríkisins nokkur undanfarin ár á byggingum Stjórnarráðs Íslands. Kostnaðurinn er einkum tengdur störfum húsnæðisnefndar Stjórnarráðsins, sem unnið hefur að áætlunum um framtíðaruppbyggingu á húsakosti þess. Í öðru lagi er sótt um 1 m.kr. vegna könnunar á áhrifum af aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði (EES) á þjóðarbúskapinn, sem ríkisstjórnin samþykkti 16. febrúar sl. að gera. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands var falinn hluti þessa viðfangsefnis og er um að ræða greiðslu til hennar. Í þriðja lagi er sótt um 1 m.kr. vegna undirbúnings alþjóðlegrar kvennaráðstefnu 1991 samkvæmt samþykkt ríkisstjórnar 2. október sl. Í fjórða lagi er sótt um 2,9 m.kr. vegna endurbyggingar stoðveggjar á lóðarmörkum stjórnarráðshúss og Bankastrætis. Stoðveggurinn var reistur árið 1988 í samvinnu ríkis og Reykjavíkurborgar og er reikningur nú kominn til uppgjörs.

102 Þjóðhagsstofnun

Til Þjóðhagsstofnunar er farið fram á 1,4 m.kr. vegna könnunar á áhrifum af aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði (EES) á þjóðarbúskapinn. Þetta er í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 16. febrúar sl.

171 Byggðastofnun

Til Byggðastofnunar er farið fram á 45 m.kr. Alþingi samþykkti á síðasta ári lög sem heimila skuldbreytingar á lánum loðdýrabænda vegna verðfalls afurða á undanförnum árum. Vandi loðdýrabænda hefur komið mjög illa niður á rekstri fóðurstöðva og rekstrarstöðvun þeirra blasað við. Byggðastofnun var með samþykkt ríkisstjórnarinnar frá því í

mars sl. falið að skoða rekstrarvanda fóðurstöðvanna í samráði við Framleiðnisjóð landbúnaðarins. Er hér sótt um viðbótarheimild, 25 m.kr., til að bæta fjárhagsstöðu fóðurstöðva. Einnig er sótt um 15 m.kr. til aðstoðar við að leysa úr vanda atvinnufyrirtækja á Þórshöfn og Vopnafirði. Loks er sótt er um 5 m.kr. til uppgjörs á bráðabirgðaláni sem veitt var Ólafsfjarðarbæ vegna skemmda sem urðu þar þegar aurskriður féllu á bæinn.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Samkvæmt samþykkt ríkisstjórnar frá 26. júlí sl. er sótt um 1,4 m.kr. vegna jarðsigsmælinga Norrænu eldfjallarannsóknastöðvarinnar, en á undanförnum árum hafa farið fram ítarlegar rannsóknir á jarðfræði og náttúru Þingvalla.

02 Menntamálaráðuneyti

Til menntamálaráðuneytisins er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 670,6 m.kr.

101 Aðalskrifstofa

Til aðalskrifstofu er farið fram á 15 m.kr. Kostnaður við flutning skrifstofunnar frá Hverfisgötu á Sölvhólsgötu 4 hefur orðið mun meiri en gert var ráð fyrir, auk þess sem greiða þurfti leigu af eldra húsnæði lengur en ráð var fyrir gert.

201 Háskóli Íslands

Til Háskóla Íslands er farið fram á 19,5 m.kr. Hér er einkum um að ræða viðbót vegna rekstrar- og kennslukostnaðar. Þá var Nýi hjúkrunarskólinn lagður niður á árinu en hluti af starfsemi hans færður til Háskólans. Tekið hefur verið tillit til þessa í frumvarpi til fjárlaga 1991.

221 Kennaraháskóli Íslands

Til Kennaraháskólans er farið fram á 1,5 m.kr. Endurmenntunarnámskeið fyrir kennara er kostað af KHÍ og er áætlað fyrir þeim kostnaði í fjárlögum. Talsvert fleiri sóttu námskeið skólans en áætlað var og nemur útlagður kostnaður vegna þessa 1,5 m.kr.

223 Rannsóknastofnun uppeldismála

Til Rannsóknastofnunar uppeldismála er farið fram á 0,8 m.kr. vegna flutnings í leiguhúsnæði. Stofnunin hafði til afnota húsnæði í gamla Kennaraskólanum endurgjaldslaust. Hún þurfti að rýma húsnæðið og flytja í leiguhúsnæði þar sem búið er að afhenda gamla Kennaraskólann að gjöf til samtaka kennara.

319 Framhaldsskólar

Til framhaldsskóla, almennt, er farið fram á 238 m.kr. Fjórar ástæður liggja þar að baki. Í fyrsta lagi varð nemendafjölgun umtalsvert meiri en gert var ráð fyrir. Áætlað er að þetta komi fram í 77 m.kr. aukningu launagjalda og 35 m.kr. aukningu rekstrargjalda. Í öðru lagi munu áhrif breyttra verkaskipta ríkis og sveitarfélaga leiða til viðbótarútgjalda. Kostnaður við húsvörslu og ræstingu, sem var hjá sveitarfélögum, hefur reynst 20 m.kr. hærri en áætlað var og kostnaður við uppgjör á mötuneytum héraðsskóla er 8 m.kr. Í þriðja lagi vantar 18 m.kr. til uppgjörs á rekstrargjöldum sveitarfélaga frá síðasta ári. Í fjórða lagi leiða starfsaldurshækkanir hjá kennurum og önnur ákvæði í kjarasamningum

frá fyrra ári til 80 m.kr. hærri útgjalda.

401 Náttúrufræðistofnun

Til Náttúrufræðistofnunar er farið fram á 0,4 m.kr. Hér er um að ræða aukinn launakostnað vegna barnsburðarleyfis starfsmanns. Stofnunin var færð til umhverfisráðuneytisins á árinu.

422 Námsgagnastofnun

Til Námsgagnastofnunar er farið fram á 6,2 m.kr. Vegna útgáfu bókarinnar *Að ná tökum á tilverunni* er sótt um 5,3 m.kr. Samþykkt var í ríkisstjórninni að fela menntamálaráðuneytinu framkvæmd fíknivarnaráætlunar og var útgáfa þessarar bókar hluti þess verkefnis. Vegna kennslu sex ára barna, sem hefst í haust í fyrsta sinn, er sótt um 0,9 m.kr. til útgáfu námsefnis fyrir þennan aldurshóp.

720 Grunnskólar, almennt

Til þessa fjárlagaliðar er farið fram á samtals 63 m.kr. Um er að ræða kostnaðaruppgjör við sveitarfélög vegna ársins 1989 sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlögum 1990.

931 Náttúruverndarráð

Til Náttúruverndarráðs er farið fram á 3 m.kr. Í fyrsta lagi er hér um að ræða 2 m.kr. til reksturs Þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum en fjárveiting til hans féll niður í fjárlögum 1990. Í öðru lagi er um að ræða 1 m.kr. framlag vegna náttúruverndarþings 1990. Stofnunin var færð til umhverfisráðuneytisins á árinu.

987 Endurbótasjóður menningarstofnana

Í fjárlögum fyrir 1990 var gert ráð fyrir að Endurbótasjóður menningarstofnana, sem er í B-hluta, tæki lán til að fjármagna framkvæmdir við Þjóðleikhúsið og Þjóðarbókhlöðuna. Nú er hins vegar lagt til að veitt verði 300 m.kr. framlag sem kæmi að öllu leyti í stað fyrirhugaðrar lántöku. Hér er einungis um að ræða tilflutning á þessari fjárhæð frá veittum lánum til B-hluta yfir í rekstrarreikning A-hluta en breyting þessi hefur ekki áhrif á greiðsluafkomu ríkissjóðs frá því sem áætlað var í fjárlögum.

982 Listir, framlög

Til þessa málaflokks er farið fram á samtals 12,2 m.kr. Í fyrsta lagi er sótt um 4 m.kr. vegna mikils rekstrarvanda Íslensku óperunnar. Tillaga þessi er í samræmi við niðurstöðu starfshóps á vegum menntamálaráðuneytis sem vann á liðnu sumri að skoðun á rekstrarmálum óperunnar. Jafnframt hefur hópurinn lagt fram tillögur um framtíðarskipan á fjárhagslegum samskiptum óperunnar og ríkisins og verða þær hugmyndir lagðar fram við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1991. Í öðru lagi er um að ræða 6 m.kr. framlag til Listahátíðar en ríkissjóður hefur samkvæmt samningi lagt fram fjárhæð jafnháa framlagi borgarsjóðs. Í þriðja lagi er um að ræða 2,2 m.kr. rekstrarstyrk til Leikfélags Akureyrar en félagið á við verulegan rekstrarvanda að stríða.

989 Ýmis íþróttamál

Sótt er um 1 m.kr. til Skáksambands Íslands vegna kostnaðar við Ólympíuskákmót.

999 Styrkur til útgáfu menningarefnis

Málefni útgáfufélaga, sem hafa sérhæft sig í útgáfu menningarefnis eða sögu þjóðarinnar,

hafa verið til skoðunar í ráðuneytinu að undanförnu. Hér er um að ræða bókaútgáfu Menningarsjóðs og Íslenskrar þjóðmenningar og útgáfu bókaflokksins Saga Íslands. Til að leysa brýnasta fjárhagsvanda þessarar útgáfustarfsemi er sótt um 10 m.kr. heimild.

03 Utanríkisráðuneyti

Til utanríkisráðuneytisins er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 194,4 m.kr.

101 Aðalskrifstofa

Til aðalskrifstofu er farið fram á 47 m.kr. Vegna þýðingar EB-skjala er fjárhæðin 24 m.kr. en samið var við Orðabók Háskólans um að hún tæki þetta verkefni að sér. Skiptist kostnaðurinn þannig að 15 m.kr. fara beint til greiðslu á þýðingum, 2 m.kr. fara til lagfæringar húsnæðis sem taka þurfti á leigu og 7 m.kr. til kaupa á tölvubúnaði. Vegna samningaviðræðna EFTA og EB er sótt um 23 m.kr. Einkum er um að ræða ferðakostnað vegna mun tíðari samningaviðræðna en búist var við.

102 Varnarmálaskrifstofa

Til varnarmálaskrifstofu er farið fram á 1,4 m.kr. framlag til greiðslu á kostnaði vegna samninga við varnarliðið í tengslum við fyrirhugaða hreinsun umhverfisins við aflagðar ratsjárstöðvar. Þá er sótt um viðbótarheimild vegna sjúkraorlofs starfsmanns.

201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli

Til Lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli er farið fram á samtals 6 m.kr. Vegna langtíma veikinda tveggja starfsmanna hefur þurft að ráða aukamenn og er kostnaður vegna þess 4,2 m.kr. Í öðru lagi 1,8 m.kr. þar sem tafir urðu á ráðningu öryggisvarða í Leifsstöð. Varð að manna þá gæslu með starfsmönnum lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli.

390 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Til þessa málaflokks er farið fram á 140 m.kr. Að tillögu utanríkisráðherra samþykkti ríkisstjórnin að leita eftir því við Alþingi að það veitti 140 m.kr. til aðstoðar flóttafólki vegna ástandsins við Persaflóa.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Til landbúnaðarráðuneytis er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 176,6 m.kr.

101 Aðalskrifstofa

Til aðalskrifstofu er farið fram á 2 m.kr. til greiðslu ferðakostnaðar sem fallið hefur til vegna funda sem tengjast samningaviðræðum EFTA og EB og fundarhalda á vettvangi GATT um viðskipti með landbúnaðarvörur.

171 Jarðeignir

Til Jarðeigna ríkisins er farið fram á 15 m.kr. Er þetta til greiðslu á uppgjöri við bændur á ríkisjörðum.

205 Veiðistjóri

Til að greiða verðlaun fyrir eyðingu refa og minka frá árinu 1989 er farið fram á 2,8 m.kr. en eyðing þessara dýra hefur orðið meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum 1990. Mjög erfitt er að áætla þessa tölu nákvæmlega í fjárlagaundirbúningi. Þá er farið fram á 1 m.kr. til að greiða kostnað vegna rannsókna á faraldursfræði salmonellasýkils í hröfnum og mávum. Stofnunin var færð til umhverfisráðuneytisins á árinu.

231 Skógrækt ríkisins

Til Skógræktar ríkisins er farið fram á 2 m.kr. Starfsemi stofnunarinnar fluttist um sl. áramót að Hallormsstað. Kostnaður við flutningana varð hærri en áætlað einkum vegna þess að greiða verður biðlaun til fleiri starfsmanna en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

232 Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá

Farið er fram á 2,5 m.kr. til rannsóknastöðvarinnar. Að stærstum hluta er það vegna nauðsynlegra lagfæringa á íbúðarhúsnæði rannsóknastöðvarinnar en í starfssamningi við nýja forstöðumann stofnunarinnar er gert ráð fyrir að hann búi á staðnum.

246 Veiðimálastofnun

Til reksturs Veiðimálastofnunar er farið fram á 3 m.kr. vegna verulegra rekstrarerfiðleika. Að tillögu landbúnaðarráðuneytisins hefur verið ákveðið að fram fari sérstök úttekt á rekstri stofnunarinnar og er þessi viðbótarheimild til lausnar á brýnasta fjárhagsvanda hennar. Einnig er farið fram á 8 m.kr. stofnkostnaðarframlag til uppbyggingar á ferskfiskrannsóknum í Kollafirði vegna kynbóta á laxfiski.

247 Yfirdýralæknir

Farið er fram á 1 m.kr. vegna ferða yfirdýralæknis á fundi EFTA/EB til að samræma reglur um heilbrigðismál dýra.

270 Landgræðslu- og landverndaráætlun

Farið er fram á 5 m.kr. vegna aukinna verkefna við landgræðsluáætlun.

272 Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey

Til einangrunarstöðvarinnar er farið fram á 2 m.kr. vegna hallareksturs hennar. Ljóst er að stöðin verður ekki rekin hallalaust miðað við þær forsendur sem liggja að baki framlagi ríkissjóðs í fjárlögum 1990. Þá er farið fram á 1,5 m.kr. til byggingar á sóttkví fyrir gæludýr. Gert er ráð fyrir að rekstur stöðvarinnar verði að fullu kostaður af notendum.

290 Útflutningsbætur

Til þessa liðar er farið fram á samtals 71 m.kr. vegna ráðstöfunar á innmat af framleiðslu þessa verðlagsárs og hærri kaup- og leigugreiðslna fyrir fullvirðisrétt en áætlað hafði verið.

289 Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði

Í fjáraukalögum fyrir árið 1989 var sótt um fjárheimild til uppgjörs á uppsöfnuðum söluskatti í fiskeldi og loðdýrarækt. Í ljós hefur komið að kröfur voru hærri en áætlað var og hér er farið fram á 53 m.kr. viðbótarheimild til að ljúka uppgjörinu.

299 Landbúnaðarmál
Til þessa fjárlagaliðar er farið fram á 4,4 m.kr. vegna varna gegn búfjársjúkdómum, sem kunna að orsakast af innfluttum plöntum og plöntuafurðum. Vegna skamms aðlögunartíma að breytingu á reglugerð um innflutning á plöntum og plöntuafurðum urðu nokkrir innflytjendur fyrir útgjaldaauka vegna innflutningsstöðvunar. Er hér um greiðslu til þeirra að ræða.

502 Bændaskólinn á Hólum
Til Bændaskólans á Hólum er farið fram á 2,4 m.kr. vegna langtímaveikinda og fæðingarorlofs starfsmanna.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Til sjávarútvegsráðuneytisins er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 57,3 m.kr.

201 Hafrannsóknastofnun
Til Hafrannsóknastofnunar er farið fram á 42,3 m.kr., þar af eru 4,7 m.kr. vegna aukaleiðangra til loðnuleitar sem farnir voru í nóvember 1989. Vegna viðgerðar á r/s Árna Friðrikssyni er leitað heimilda fyrir 30,6 m.kr. Loks er sótt um 7 m.kr. vegna aukins kostnaðar við útgerð skipa Hafrannsóknastofnunar.

299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi
Sótt er um 15 m.kr. til að unnt verði að hraða þeim verkefnum sem ráðist var í til að bæta nýtingu afla og ná fram auknum gæðum.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 170,4 m.kr.

101 Aðalskrifstofa
Til aðalskrifstofu er farið fram á 1 m.kr. Hér er um að ræða aukinn kostnað vegna ýmissa nefnda sem starfa á vegum ráðuneytisins svo og aukins álags vegna óvenju umfangsmikilla réttarfarsmála.

103 Kosningar
Kostnaður við sveitarstjórnarkosningar sl. vor varð 6,4 m.kr. Í fjárlögum yfirstandandi árs er samkvæmt venju ekki áætlað fyrir kostnaði vegna kosninga.

201 Hæstiréttur
Farið er fram á 1,5 m.kr. Ástæða beiðninnar eru lægri sértekjur af sölu hæstaréttardóma en gert var ráð fyrir.

202 Ríkissaksóknari
Til ríkissaksóknara er farið fram á 1,6 m.kr. Skýringu má rekja til aukins launakostnaðar vegna mikils málafjölda og vegna veikinda starfsmanna.

204 Borgarfógetinn í Reykjavík
Til borgarfógetans í Reykjavík er farið fram á 1,7 m.kr. Embættið fékk á árinu viðbótarhúsnæði og þarf að gera á því lítils háttar breytingar.

205 Sakadómur Reykjavíkur
Til sakadóms Reykjavíkur er farið fram á 8 m.kr. Hér er aðallega um að ræða aukinn kostnað af Hafskipsmálinu fyrir dómnum.

210 Héraðsdómstólar
Til héraðsdómstóla er farið fram á 18,2 m.kr. Í samræmi við úrskurð Hæstaréttar og lög nr. 27/1990, um aðskilnað dóms- og framkvæmdarvalds, voru skipaðir fjórir héraðsdómarar við þau sýslumannsembætti þar sem ekki störfuðu sérstakir dómarar.

211 Sýslumenn og bæjarfógetar
Á síðasta ári náðist verulegur árangur til lækkunar á rekstrarkostnaði embætta sýslumanna og bæjarfógeta. Þannig lækkuðu yfirvinnugreiðslur verulega. Í fjárlögum ársins 1990 er stefnt að áframhaldandi aðhaldsaðgerðum í rekstri embættanna. Þrátt fyrir að tekist hafi að lækka útgjöld á árinu er ljóst að erfitt getur reynst að ná að fullu markmiði fjárlaga. Því er sótt um viðbótarheimild að fjárhæð 50 m.kr.

251 Landhelgisgæsla
Til Landhelgisgæslunnar er farið fram á 25 m.kr. Er þetta vegna hækkunar á eldsneytiskostnaði og öðrum búnaði til reksturs og viðhalds skipanna.

281 Dómsmál, ýmis starfsemi
Til þessa málaflokks er farið fram á 29,5 m.kr., þar af eru 23 m.kr. vegna málskostnaðar í svokölluðu Hafskipsmáli og öðrum málum. Kostnaður vegna launa meðdómsmanna er 1,5 m.kr., en það ræðst af ákvörðun dómara hvenær þeir eru skipaðir, og 5 m.kr. eru vegna aukins kostnaðar af sérstökum setusaksóknara.

282 Ýmis löggæslukostnaður
Til þessa liðar er farið fram á 2 m.kr. Hér er um að ræða aukinn kostnað vegna slysatrygginga lögreglumanna.

301 Biskup Íslands
Til biskups Íslands er sótt um 2,5 m.kr. vegna kirkjuþings 1989, svo og kostnað vegna nauðsynlegra endurbóta á embættisbústað biskups. Einnig er sótt um 1,5 m.kr. til þýðingar á biblíunni úr hebresku.

303 Prestar og prestaköll
Farið er fram á 21,5 m.kr. viðbótarheimild. Er þetta vegna kostnaðarauka af kjarasamningi við presta, sem gerður var seint á síðasta ári, og vegna tveggja nýrra staða vígslubiskupa sem stofnaðar voru með lögum nr. 92/1990.

07 Félagsmálaráðuneyti

Til félagsmálaráðuneytisins er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 47,1 m.kr.

101 Aðalskrifstofa

Til aðalskrifstofu er farið fram á 1 m.kr. Hér er um að ræða aukin kostnað vegna þátttöku ráðuneytisins í ýmsum verkefnum tengdum viðræðum EB og EFTA.

700 Málefni fatlaðra

Til málefna fatlaðra er farið fram á 17,3 m.kr. Tvær ástæður liggja þar að baki. Í fyrsta lagi er sótt um 11,5 m.kr. vegna nýrrar reglugerðar um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra. Í reglugerðina var sett ákvæði til bráðabirgða vegna greiðslna til framfærenda sjúkra barna sem fullnægðu skilyrðum eldri reglugerðar um greiðslur en áttu ekki rétt til greiðslna samkvæmt þeirri nýju. Gildistími þessa bráðabirgðaákvæðis var í fyrstu til sex mánaða en var svo framlengdur út árið. Þessi framlenging skýrir aukna fjárþörf á þessum lið. Í öðru lagi er sótt um 5,8 m.kr. vegna mjög aukinnar eftirspurnar eftir vistun fatlaðra hjá stuðningsfjölskyldum.

702 Vistheimilið Skálatún

Farið er fram á 2,5 m.kr. vegna barnsburðarleyfa og veikinda starfsmanna.

706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra

Farið er fram á 8,8 m.kr. og eru ástæður tvær. Í fyrsta lagi er sótt um 4,3 m.kr. vegna aukins launakostnaðar á vistheimilinu Sólborg á Akureyri. Hér er um að ræða fjárhæð til að mæta áhrifum nýs kjarasamnings um kaup og kjör ófaglærðs starfsfólks stofnunarinnar. Í öðru lagi er sótt um 4,5 m.kr. vegna rekstrarerfiðleika Iðjulundar, verndaðs vinnustaðar á Akureyri. Fjárhæðin er til að standa undir birgðakostnaði af framleiðsluvörum stofnunarinnar.

708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Farið er fram á 2 m.kr. vegna rekstarerfiðleika Heimaeyjar, verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum. Hér er um að ræða fjárhæð til að standa undir birgðakostnaði af framleiðsluvörum stofnunarinnar.

750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Farið er fram á 3 m.kr. vegna sérstakra tímabundinna verkefna að beiðni félagsmálaráðuneytisins.

972 Bjargráðasjóður

Til Bjargráðasjóðs er farið fram á 11 m.kr. Hér er um að ræða styrk til loðdýrabænda sem sannanlega hafa ekki tekjur til framfærslu af atvinnu sinni.

999 Ýmislegt

Til þessa málaflokks er farið fram á 1,5 m.kr. Hér er um að ræða rekstrarstyrk til Félags einstæðra foreldra, en félagið féll út við skiptingu fjárveitinganefndar á þessum safnlið.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 1.462,7 m.kr.

101 Aðalskrifstofa

Til aðalskrifstofu er farið fram á 3 m.kr. Hér er um að ræða aukinn kostnað vegna áhrifa laga um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

271 Tryggingastofnun ríkisins

Til Tryggingastofnunar ríkisins er farið fram á 1.200 m.kr. Hér er um að ræða aukin kostnað er nemur 1.100 m.kr. við sjúkratryggingar vegna kaupa á lyfjum, hjálpartækjum og læknisþjónustu. Einnig er sótt um 100 m.kr. vegna lífeyristrygginga.

277 Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna

Til þessa málaflokks er farið fram á 56 m.kr. Hér er um greiðslur frá fyrri árum að ræða sem ekki falla undir bótaskyldu Atvinnuleysistryggingasjóðs en hafa verið greiddar af Tryggingastofnun og skuldfærðar á biðreikning. Gert er ráð fyrir þessum lið í fjárlagafrumvarpi 1991.

301 Landlæknir

Til landlæknis er farið fram á 2 m.kr. Embættinu hefur borist fjöldi erinda á þessu ári sem kostað hafa mikla vinnu.

324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Til Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands er farið fram á 7,5 m.kr. Eftirspurn eftir heyrnartækjum reyndist miklu meiri en framlagi nam, auk þess sem gengis- og verðbreytingar á innfluttum heyrnartækjum reyndust of lágt áætlaðar.

371 Ríkisspítalar

Til Ríkisspítala er farið fram á 3,2 m.kr. Hér er um að ræða kostnað til að ljúka endurbótum og breytingu á Ármúla 1a.

373 St. Jósefsspítali, Landakot

Sótt er um 32 m.kr. til að ljúka uppgjöri á uppsöfnuðum hallarekstri spítalans samkvæmt samkomulagi þar um frá 1988.

381 Uppgjör vegna hallareksturs sjúkrahúsa

Til uppgjörs vegna hallareksturs sjúkrahúsa fyrri ára er farið fram á 40 m.kr. Sýnt þykir að þau muni ekki ráða við þennan halla og hyggst heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið semja um hallauppgjör hvers og eins með það fyrir augum að rekstraraðilar komi til móts við ríkissjóð og taki hluta rekstrarhallans á sig.

399 Neyslu- og manneldismál

Farið er fram á 2 m.kr. vegna viðbótarkostnaðar við rannsóknarverkefni.

480 Heilsugæslustöðvar

Til heilsugæslustöðva er farið fram á 114 m.kr. Í fjárlögum 1990 var ekki gert ráð fyrir framlagi til sjúkraflutninga þar sem þeir voru reknir utan heilsugæslustöðva, enda voru gögn um það mál ekki fyrir hendi við gerð fjárlaga. Þessi kostnaður nálgast nú 80 m.kr. en þar eru Suðurnes, Hafnarfjörður og Akureyri með mesta hlutann. Þá var ekki gert ráð fyrir neinum ófyrirséðum kostnaði á heilsugæslustöðvum á þessu ári en hann reynist vera talsverður. Sumpart stafar þetta af því að þarna var ríkið að yfirtaka rekstrarhlutverk frá sveitarfélögum með óglöggum reikningsgögnum fyrri ára. Samtals er þessi kostnaður 29 m.kr. Þá er og lagt til að 5 m.kr. verði veittar til að leysa rekstrarvanda lítilla og afskekktra heilsugæslustöðva þangað sem erfitt hefur reynst að ráða lækna.

502 Þroskaþjálfaskóli Íslands

Til Þroskaþjálfaskóla Íslands er farið fram á 3 m.kr. Stundakennsla við skólann hefur aukist auk viðbótarútgjalda vegna sérkennslu. Í annan stað þurfti skólinn að greiða tvöfalda húsaleigu hluta úr ári vegna flutnings.

09 Fjármálaráðuneyti

Til fjármálaráðuneytisins er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 909 m.kr.

101 Aðalskrifstofa

Farið er fram á 4 m.kr. viðbótarframlag til aðalskrifstofu. Meginástæðan er aukinn launakostnaður, kostnaður vegna samninga EB/EFTA/GATT um tollamál o.fl. og aukning rekstrarkostnaðar vegna skattkerfisbreytinga.

103 Ríkisbókhald

Sótt er um 30 m.kr. viðbótarheimild til reksturs embættisins. Annars vegar hafa sértekjur verið ofáætlaðar og hins vegar hefur skýrsluvélakostnaður vegna bókhalds orðið hærri, m.a. vegna áhrifa verkaskiptingarlaga ríkis og sveitarfélaga.

202 Skattstofan í Reykjavík

Til Skattstofunnar í Reykjavík er farið fram á 7,7 m.kr. Ástæðan er aukið álag vegna upptöku virðisaukaskatts og staðgreiðslu. Tekið er tillit til þessa í fjárlagafrumvarpi 1991.

212 Skattstofur, sameiginlegur kostnaður

Til þessa fjárlagaliðar er farið fram á 116 m.kr. vegna þess að hönnun tölvukerfis vegna staðgreiðslu og upptöku virðisaukaskatts hefur kostað meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Á árinu hefur verið unnið að úttekt á tölvumálum ríkisskattstjóra með það í huga að ná niður kostnaði við rekstur og þróun kerfisins.

251 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður

Til þessa liðar er farið fram á 30 m.kr. Annars vegar hafa áhrif skattkerfisbreytinga á innheimtukostnað verið vanmetin og hins vegar hafa hertar innheimtuaðgerðir leitt til útgjaldaauka.

261 Ríkistollstjóri

Til embættis ríkistollstjóra er farið fram á 8 m.kr. Kostnaður við útgáfu nýrrar tollskrár varð 4 m.kr. umfram tekjur af sölu. Ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum að embættið bæri kostnað vegna útgáfunnar. Að öðru leyti skýrist aukakostnaður af hærri launagjöldum.

381 Uppbætur á lífeyri

Sótt er um 130 m.kr. viðbótarheimild til greiðslu uppbóta á lífeyri annarra sjóða en þeirra sem framlög voru skert til með heimild í lánsfjárlögum 1990.

981 Fasteignir ríkissjóðs

Í fjárlögum 1990 var áætlað fyrir kostnaði við breytingar á tveimur byggingum Stjórnarráðsins sem flytja átti starfsemi í á þessu ári. Annars vegar er um að ræða Skuggasund 3 þar sem Hagstofan er nú til húsa og hins vegar Sölvhólsgötu 4 (Sölvhól) sem nú hýsir menntamálaráðuneyti og umhverfisráðuneyti. Kostnaður við þessa flutninga hefur orðið mun meiri en áætlað var og er sótt um 48 m.kr. til þessara verkefna.

989 Launa- og verðlagsmál

Í fjárlögum var áætlað að verðbætur á rekstrargjöld yrðu 1.634 m.kr. að viðbættum 300 m.kr. sem ætlað var að ná með niðurskurði á útgjöldum stofnana eða samtals 1.934 m.kr. Með breyttum verðforsendum sem kynntar voru í fjáraukalögum sl. vor var þessi tala lækkuð um 1.088 m.kr. Nú liggur hins vegar fyrir að aðeins hefur fengist heimild til lækkunar útgjalda sem nemur 160 m.kr. Til að mæta því sem á vantar vegna áformaðs niðurskurðar er því sótt um 140 m.kr.

Í öðru lagi er undir þessum lið sótt um greiðsluheimildir fyrir geymdar fjárveitingar frá fyrra ári, umfram það sem kann að flytjast til næsta árs. Þá er enn fremur leitað heimilda til fjárgreiðslna vegna rekstrarvandamála nokkurra stofnana. Þetta er gert til þess að í endanlegu uppgjöri ríkissjóðs fyrir árið 1990 þurfi ekki að sækja um umtalsverðar heimildir til uppgjörs á rekstri ársins. Gert er ráð fyrir að þessari heimild til að mæta óvissum útgjöldum verði ráðstafað af Alþingi við afgreiðslu endanlegra fjáraukalaga fyrir árið 1990. Í því uppgjöri verði þó byggt á þeirri meginreglu að umframgreiðslur á þessu ári komi til frádráttar heimildum í fjárlögum á næsta ári.

999 Ýmis kostnaður

Til þessa málaflokks er sótt um samtals 123 m.kr. og skiptist sú upphæð á eftirfarandi hátt:

Tekjubókhald: Kostnaður af tekjubókhaldi er 31 m.kr. meiri en áætlað var. Ástæðan er að hönnun og rekstur á tölvukerfi vegna endurgreiðslu í virðisaukaskatti, svo og annarra breytinga á skattkerfinu varð hærri en áætlað var.

Kjarasamningar: Vegna kjarasamninganna frá því í vetur og starfa kjarasamanburðarnefndar BHMR og ríkisins er sótt um 14 m.kr.

Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum: Vegna samningaviðræðna um breytta tryggingaskilmála og hækkaðar bótafjárhæðir vegna vinnuslysa allt frá árinu 1987 þarf að endurskoða fyrra uppgjör. Leiðir það til útborgunar í nokkrum bótamálum sem frestað hefur verið. Áætlað er að kostnaður vegna þessa verði um 10 m.kr. umfram fjárlög.

Kaup á dagblöðum: Alþingi samþykkti við afgreiðslu fjárlaga heimild til kaupa á 500 eintökum af dagblöðum. Áætlað er að kostnaður vegna þessa verði 50 m.kr.

Dómkröfur og málskostnaður: Hér er á ferð kostnaður sem fallið hefur á ríkissjóð vegna málarekstrar. Farið er fram á 18 m.kr. Málafjöldi er mjög misjafn frá ári til árs og því erfitt að áætla fyrir útgjöldum af þessu tagi.

10 Samgönguráðuneyti

Til samgönguráðuneytisins er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 370,1 m.kr.

101 Aðalskrifstofa

Til aðalskrifstofu er farið fram á 5 m.kr. Er hér einkum um að ræða kostnað vegna þess að á síðastliðnu vori voru haldnir fundir í tengslum við Óslóar- og Parísarráðstefnurnar um mengunarvarnir. Einnig hefur komið til aukinn kostnaður við þær nefndir sem starfa nú á vegum ráðuneytisins.

201 Vegagerð ríkisins

Til Vegagerðar ríkisins er farið fram á 275 m.kr. Vegna nýframkvæmda í samræmi við vegáætlun er sótt um 81 m.kr. Við endurmat á innheimtu markaðra tekna vegagerðar í tengslum við afgreiðslu vegáætlunar var niðurstaðan sú að átak í innheimtu þungaskatts í upphafi þessa árs mundi skila auknum tekjum sem þessu næmi. Vegna Vestfjarðaganga er sótt um 47 m.kr. Er það í samræmi við þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi í ár. Vegna vetrarþjónustu er sótt um 135 m.kr. til þess að hægt sé að halda henni óbreyttri nú í haust, en kostnaður við snjómokstur sl. vetur fór töluvert fram úr áætlun. Vegna 22 tjóna í sjóflóði í janúar sl. er sótt um 12 m.kr. til viðgerðar á vegarkafla austan Stokkseyrar sem eyðilagðist í óveðrinu sem gekk yfir Suðurland.

333 Hafnamál

Til hafnamála er farið fram á 65 m.kr. Er það vegna nauðsynlegra viðgerða á hafnarmannvirkjum og sjóvarnargörðum sem skemmdust í kjölfar óveðursins í janúar sl.

471 Flugmálastjórn

Til Flugmálastjórnar er farið fram á 18,5 m.kr. Vegna snjómoksturs er sótt um 8,5 m.kr. Kostnaður við snjómokstur á fyrri hluta árs fór verulega fram úr áætlun og er aukið framlag nauðsynlegt til að sinna óbreyttri snjómokstursþjónustu nú í haust. Vegna lægri sértekna er sótt um 10 m.kr. Lendingargjöld hafa ekki verið hækkuð eins og gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga vegna kjarasamninganna frá í vor og almenns aðhalds í gjaldskrármálum opinberra stofnana.

485 Ýmis framlög

Til ýmissa framlaga er farið fram á 4,5 m.kr. Vegna norrænna jarðskjálftarannsókna á Suðurlandi er sótt um 1,8 m.kr. til að standa í skilum með framlag Íslands vegna þessa samnorræna verkefnis. Vegna Tilkynningarskyldu íslenskra skipa er sótt um 2,7 m.kr. til greiðslu á rekstrarhalla frá árinu 1989.

651 Ferðamálaráð

Til Ferðamálaráðs er farið fram á 2,1 m.kr. Hér er annars vegar um að ræða launagreiðslur til ferðamálastjóra, sem er í ársleyfi frá störfum samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins, og

hins vegar biðlauna fyrrverandi skrifstofustjóra en það starf hefur verið lagt niður.

11 Iðnaðarráðuneyti

Til iðnaðarráðuneytisins er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 216,1 m.kr.

240 Iðnaðarrannsóknir

Til iðnaðarrannsókna er farið fram á 10 m.kr. Er þetta vegna rannsókna á umhverfisáhrifum álvers, m.a. í tengslum við staðarval fyrir nýtt álver.

289 Jöfnunargjald, endurgreiðsla söluskatts

Til þessa liðar er farið fram á 150 m.kr. til endurgreiðslu á söluskatti í iðnaði. Í fjáraukalögum fyrir árið 1989 var sótt um framlag til að ljúka uppgjöri á endurgreiddum söluskatti til atvinnuveganna. Í ljós hefur komið að kröfur iðnaðarins voru mun hærri en áætlað hafði verið. Framlag það sem sótt er um er miðað við að endurgreiddur verði uppsafnaður söluskattur til loka nóvember 1989.

299 Iðja og iðnaður

Í fyrsta lagi er sótt um 8 m.kr. til greiðslu á kostnaði vegna staðlasetningar og þátttöku í Evrópustaðlastarfi, þýðinga á stöðlum og aðlögunar að Evrópumarkaði í tengslum við viðræður EFTA/EB. Í öðru lagi er sótt um 8 m.kr. til stuðnings ullarþvottastöðvar Álafoss í Hveragerði og smáfyrirtækja í ullariðnaði og öðrum iðnaði úti um land. Í þriðja lagi er sótt um 5,1 m.kr. vegna sérstaks hagræðingarátaks í málm- og skipasmíðaiðnaði en atvinnugreinin hefur átt í verulegum vandræðum vegna skorts á verkefnum. Loks er sótt um 5 m.kr. framlag til stuðnings við leit að heppilegum verkefnum og samstarfsaðilum til eflingar byggðakjörnum úti á landi.

321 Rafmagnsveitur ríkisins

Til Rafmagnsveitna ríkisins er farið fram á 30 m.kr. Er það til að greiða kostnað vegna tjóns sem varð á sæstreng til Vestmannaeyja af völdum skipstapa. Rafmagnsveitur ríkisins eru ekki tryggðar fyrir slíku tjóni.

12 Viðskiptaráðuneyti

Til viðskiptaráðuneytisins er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 12 m.kr.

101 Aðalskrifstofa

Til aðalskrifstofu er farið fram á 9 m.kr. Vegna undirbúnings að stofnun Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu (EBRD) er sótt um 2 m.kr. Bankinn hefur það hlutverk að veita lán til að endurreisa frjálst markaðskerfi í Austur-Evrópu. Vegna vottunar- og viðurkenningarmála er sótt um 3 m.kr. Er hér um að ræða verkefni á vegum EB og EFTA um aðferðir til staðfestingar á samræmdum kröfum til eiginleika vöru og þjónustu. Einnig er sótt um 2 m.kr. rekstrarstyrk til Neytendasamtakanna en samtökin hafa aukið þjónustu sína og m.a. staðið fyrir stofnun nýrra neytendasamtaka á landsbyggðinni.

Jafnframt er sótt um 2 m.kr. til að styrkja rekstrarráðgjöf fyrir dreifbýlisverslunina.

902 Verðlagsstofnun

Til Verðlagsstofnunar er farið fram á 1 m.kr. Er þetta vegna auglýsingaherferðar um aðhald í verðlagi.

903 Skráning hlutafélaga

Til skráningar hlutafélaga og fyrirtækja er farið fram á 2 m.kr. Er þetta vegna tölvuvæðingar stofnunarinnar og fjarvinnsluverkefna.

14 Umhverfisráðuneyti

Til umhverfisráðuneytisins er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 2 m.kr.

101 Aðalskrifstofa

Til aðalskrifstofu er sótt um 2 m.kr. vegna athugana á mengunarvörnum í tengslum við útgáfu starfsleyfis fyrir nýtt álver.

Sþ. 58. Fyrirspurn [58. mál]

til dómsmálaráðherra um öryggi í óbyggðaferðum.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að bæta öryggi þeirra sem ferðast í óbyggðum, sbr. ályktun Alþingis frá 22. febrúar 1990?

Sþ. 59. Fyrirspurn [59. mál]

til samgönguráðherra um varaflugvöll vegna alþjóðaflugs.

Frá Guðmundi H. Garðarssyni.

Hvað líður uppbyggingu varaflugvallar utan Stór-Reykjavíkursvæðisins fyrir alþjóðaflug?

Sþ. 60. Fyrirspurn [60. mál]

til iðnaðarráðherra um hagnað af orkusölu til álversins í Straumsvík o.fl.

Frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur.

1. Hve miklum hagnaði skilaði orkusala til álversins í Straumsvík á ári undanfarin 10 ár?
2. Hve háum fjárhæðum nema gjöld þau og skattar sem álverið í Straumsvík hefur greitt
   a. ríkissjóði,
   b. sveitarfélaginu
   á ári undanfarin 10 ár?
3. Hve háar hafa verið vaxtagreiðslur og afborganir á síðustu 10 árum af þeim lánum sem Íslendingar hafa þurft að taka til Búrfellsvirkjunar og annarra framkvæmda vegna álversins í Straumsvík?
   Allar tölur óskast reiknaðar á núvirði.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 61. Tillaga til þingsályktunar [61. mál]

um könnun á fjárveitingum úr Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins.

Flm.: Eggert Haukdal, Hreggviður Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram könnun á því hvort ákvæði um Mannvirkjasjóð Atlantshafsbandalagsins eða önnur ákvæði heimili fjárveitingar til bættra samgangna, vega, stórbrúa og jarðgangagerðar sem nauðsynlegs hluta varnarkerf-

is landsins. Jafnframt verði kannað hvort fordæmi eru fyrir fjárveitingum í öðrum ríkjum bandalagsins til samgangna, fjarskipta og flugvallargerðar af hálfu þess.

Greinargerð.

Samhljóða tillaga var flutt á síðasta Alþingi og er hér endurflutt. Greinargerð með tillögunni var svohljóðandi:

Nú liggur fyrir Alþingi breytingartillaga við vegáætlun fyrir árið 1990 sem samþykkt var síðastliðið vor. Með þeirri breytingu eru framlög til vegamála stórskert frá því sem ákveðið var fyrir réttu ári.

Við samþykkta vegáætlun fyrir árin 1990–1992 mátti una án breytinga og hún gaf vonir um betri tíð. Sá niðurskurður á henni fyrir árið 1990, sem nú liggur fyrir, boðar því miður ekki góð tíðindi fyrir byggðir landsins. Á sama tíma og þetta gerist er talað um að flýta ýmsum samgönguframkvæmdum og er það vissulega vel ef hægt er. Það eru hins vegar alveg ný sannindi ef hægt er að stórflýta framkvæmdum í samgöngumálum á sama tíma og fé er skorið niður til vegamála.

Með langtímaáætlun í vegamálum frá 1982 setti Alþingi fram ákveðin markmið sem stefnt skyldi að. Við fjárveitingar samkvæmt þeirri áætlun hefur aldrei verið staðið, en þrátt fyrir það hafa mikil stórvirki verið unnin. Nú þyrfti að taka á að nýju og standa við upphaflegu fyrirheitin í stað þess að renna af leið. Og til þess þarf aukið fjármagn.

Flestir þeir sérfræðingar, sem um alþjóðamál fjalla, eru þeirrar skoðunar að sú mikla og merkilega þróun, sem átt hefur sér stað í ríkjum Austur-Evrópu síðasta missirið, muni ekki leiða til þess að varnarbandalög álfunnar verði lögð niður. Hlutverk þeirra muni hins vegar verða annað og breytt í framtíðinni. Þannig má gera ráð fyrir því að með aukinni afvopnun stórveldanna á höfunum verði enn meiri þörf en nú er á virku eftirliti með því að slíkir alþjóðasamningar verði haldnir. Mikilvægi Norður-Atlantshafsins í þessum efnum mun ekki fara minnkandi. Eftir sem áður verður það mikilvægasta birgðaflutningaleiðin milli Ameríku og Evrópu. Hlutverk Íslands mun því að margra dómi verða enn þýðingarmeira en áður við eftirlitsstörf með umsvifum þeirra þjóða sem hér eiga í hlut. Atlantshafsbandalagið fær hér nýtt og aukið hlutverk á þessu sviði og engin ástæða er til að ætla að það hverfi af sjónarsviðinu af þessum sökum um alllanga framtíð. Aðild okkar að því mun áfram tryggja varnar- og öryggishagsmuni okkar í þeirri afvopnunarþróun sem nú er sem betur fer að hefjast.

Enn er rétt að minnast á eitt mikilvægt atriði sem styður meginmarkmið þessarar þingsályktunartillögu. Það er nauðsyn þess að byggja upp hér á landi virkar og traustar almannavarnir. Þær eru nauðsynlegar hvort sem er vegna náttúruhamfara eða ófriðarástands. Hins vegar höfum við Íslendingar vanrækt þann þátt öðrum þjóðum fremur og er það mjög miður. Góðar samgöngur eru einn mikilvægasti þáttur almannavarna, svo sem viðurkennt er af öllum sem til þekkja. Þess vegna er rökrænt samband milli varna landsins og almannavarna sem snúa beint að hagsmunum fólksins sem byggir landið allt. Hér er því fær leið til þess að efla og treysta almannavarnir landsins, styrkja byggðirnar og færa fólkið nær hvert öðru.

Fylgiskjal I.

Helgi Hallgrímsson:

MANNVIRKJAÞING 1990
Vegir, brýr og jarðgöng.

Mér er ætlað að fjalla um framkvæmdir í vegagerð í víðasta skilningi, þar með taldar brýr og jarðgöng. Ég verð í upphafi að setja nokkurn fyrirvara á þær tölulegu upplýsingar sem hér fara á eftir. Þó að fjórðungur ársins sé liðinn hefur vegáætlun fyrir árið enn ekki verið afgreidd og því ekki ljóst á þessari stundu hverjar verða niðurstöðutölur hennar að lokum. Þær tölur, sem hér verða settar fram, ber því að skoða sem mat höfundar á því hvað líklegt sé í þessum efnum.

Við skulum byrja á að líta á heildarfjármagn til framkvæmda hjá Vegagerðinni.

Áætlað fjármagn í m.kr. til framkvæmda 1990:

Nýjar framkvæmdir	2.200
Sumarviðhald	1.240
Vetrarþjónusta	480
Annað	150
	4.070

Á föstu verðlagi er þetta heldur minna en var á síðasta ári. Á hinn bóginn er þetta miklu minna en vera átti á þessu ári, 1990, samkvæmt vegáætlun sem samþykkt var á Alþingi sl. vor. Raunminnkun er um 1 ma.kr. og veldur hún miklum höfuðverk hjá alþingismönnum um þessar mundir, en þeir þurfa að beita hnífnum óspart. Enn fremur veldur þetta miklum vanda hjá þeim sem undirbúa, skipuleggja og framkvæma eiga verkin.

Séu nýframkvæmdir skoðaðar og skipting þeirra á landshluta kemur eftirfarandi í ljós.

Skipting nýrra framkvæmda á kjördæmi, upphæðir í m.kr.:

Suðurland	230
Reykjanes	300
Vesturland	230
Vestfirðir	300
Norðurland vestra	180
Norðurland eystra	650
Austurland	310
	2.200

Áður en við lítum nánar á þessar tölur ber að geta þess að framlög til þjóðvega í þéttbýli eru ekki talin með hér. Þessi framlög nema um 360 m.kr. alls. Af þeirri upphæð fær höfuðborgarsvæðið um 60% eða um 210 m.kr. Þessum framlögum er sleppt hér vegna þess að sveitarfélögin annast sjálf um framkvæmdirnar og telja þær fram sem sínar.

Langmest fjármagn fer til Norðurlands eystra og valda þar mestu jarðgöng í Ólafsfjarðarmúla sem lokið verður á árinu. Þau munu taka til sín um hálfan milljarð á þessu ári og eru langstærsta verkefnið hjá Vegagerðinni. Af öðrum stórum verkefnum má nefna brú og veg um Arnarneshæð, en kostnaður við þá framkvæmd verður um 290 m.kr. á árinu, svo og veg og brú yfir Dýrafjörð, en það er verk sem á að vinnast á þessu og næsta ári og mun alls kosta um 300 m.kr. Önnur verkefni eru smærri en nokkur þeirra kosta þó um og yfir 50 m.kr.

Áætluð skipting á framkvæmdaraðila í m.kr.:

Verkútboð og samningar	1.550
Eigin framkvæmdir	1.550
Efniskaup	200
Aðkeypt vélaleiga	770
	4.070

Hér er sett fram skipting á framkvæmdaraðila og er þá miðað við svipuð hlutföll og verið hafa á allra síðustu árum. Útboð og verksamningar er svipað að magni og eigin framkvæmdir Vegagerðarinnar (hvor liður tæplega 40%). Munurinn er hins vegar sá að útboðin eru að miklum meiri hluta í nýjum framkvæmdum, en eigin verk eru að miklum meiri hluta í þjónustu, rekstri og viðhaldi. Leiga vinnuvéla og vörubifreiða er um helmingur af stóru liðunum eða tæplega 20%. Loks eru efniskaup um 5%.

Rétt er að taka fram að mikið af verkefnum ársins hefur þegar verið boðið út þrátt fyrir óvissu í fjármálum. Það sem eftir er verður boðið út á næstu vikum eða eins fljótt og unnt er.

Til að fjármagna verkefnin, sem hér eru til umræðu, svo og önnur þau sem Vegagerðin þarf að sinna, eru henni markaðir tekjustofnar með lögum. Þessir tekjustofnar eru bensíngjald og þungaskattur af dísilbifreiðum. Standa þessir tekjustofnar undir öllum útgjöldum til vegamála. Nokkuð er þó um að tekin séu skammtímalán til að ljúka verkum eða verkáföngum. Þessi lán eru yfirleitt greidd af fjárveitingum næsta árs eða næstu ára. Í tölunum hér á undan hefur verið reynt að taka tillit til líklegra skammtímalána á árinu.

Þrátt fyrir lögbundna tekjustofna gengur ekki allt of vel að skapa festu í fjármálin. Stundum ákveður Alþingi að nota peningana í annað þrátt fyrir lögin, stundum skirrast menn við að hækka stofnana í takt við verðlagsþróun. Þetta skeður þótt vegáætlun sé æ ofan í æ samþykkt með þeirri stefnumörkun að nýta skuli tekjustofna til fulls og ráðast í nýja fjárfreka verkefnaflokka. Ein slík stefnumörkun var samþykkt við afgreiðslu vegáætlunar á Alþingi sl. vor. Þar var ákveðið að ráðast af auknum krafti í ýmis stórverkefni, svo sem jarðgöng, stórbrýr og vegagerð á höfuðborgarsvæðinu. Miðað var við að fjármagn ykist að því marki að almenn vegagerð og bundin slitlög héldu sínum hlut að mestu. Var það reyndar grundvallaratriði vegna þess hve mikið er þar enn ógert. Þessi aukning skilar sér ekki á þessu ári eins og fram kom hér á undan. Væru tekjustofnar fullnýttir gæfu þeir 500–700 m.kr. í viðbót við það fjármagn sem nú er til umráða.

Tilgangur þessa mannvirkjaþings er að fá yfirlit um líklegar framkvæmdir á árinu 1990. Mig langar þó í lokin að skyggnast aðeins lengra. Í Vegagerðinni höfum við reynt að meta þörf fyrir fjárfestingu í vegamannvirkjum á næstu 20 árum.

Áætlaður kostnaður í ma.kr. við uppbyggingu vegakerfisins:

Höfuðborgarsvæðið	15
Jarðgöng	14
Stórbrýr og fjarðarþveranir	3
Stofnbrautir, önnur verkefni	21
Þjóðbrautir	16
	69

Sum þessara verkefna eru mjög brýn og öll æskileg. Sé miðað við að ljúka þessu á 20 ára tímabili þarf um 3,5 ma.kr. á ári. Hafa ber einnig í huga að útgjöld vegna þjónustu í vegakerfinu, reksturs þess og viðhalds munu fara vaxandi á næstu árum. Ljóst er því að nýta verður núverandi tekjustofna til fulls. Jafnframt verður að huga að nýjum tekjuöflunarleiðum. Má þar nefna veggjald eins og verið hefur til umræðu í Hvalfirði eða svæðisbundið bensíngjald eins og rætt hefur verið í tengslum við jarðgöng á Vestfjörðum. Í hugum okkar Vegagerðarmanna er ekki vafi á því að kröfur til vegakerfisins og þjónustunnar þar munu fara vaxandi á næstu árum. Til að standast þær kröfur þarf verulega aukið fjármagn.

Fylgiskjal II.

Vegagerð ríkisins:

NOKKUR STÓR VERKEFNI

Þegar stór verkefni voru til umræðu við afgreiðslu vegáætlunar 1989 voru teknir saman listar yfir nokkur helstu verkefnin í jarðgöngum og stórbrúm þó að ekki væru þeir tæmandi. Þessi verkefni eru talin hér á eftir og lauslega metinn kostnaður tilgreindur á áætluðu verðlagi 1990 (vísitala vegagerðar 4300).

Stórbrýr með tilheyrandi vegum, kostnaður í m.kr.:

Kúðafljót á Suðurlandsvegi, V-Skaft.	280
Markarfljót á Suðurlandsvegi, Rang.	290
Laxá í Kjós á Vesturlandsvegi, Kjós.	260
Botnsvogur um Þyrilsey, Kjós.	380
Gilsfjörður, Dalas. – A-Barð.	690
Dýrafjörður, V-Ísafj.	260
Vesturós Héraðsvatna, Skagaf.	150
Skjálfandafljót í Köldukinn, S-Þing.	140
Jökulsá á Dal á Austurlandsvegi, N-Múl.	130
Breiðdalsá á Austurlandsvegi, S-Múl.	130
Jökulsá í Lóni á Austurlandsvegi, A-Skaft.	140
Samtals	2.850

Jarðgöng, kostnaður í m.kr.:

Ólafsfjarðarmúli — verður lokið í ár	—
Botnsheiði og Breiðadalsheiði	3.100
Austfjarðagöng (tengja Seyðisfj. og Neskaupst.) ..	5.500
Samtals	8.600

Höfuðborgarsvæðið, kostnaður í m.kr.:

Tekin voru með verkefni sem ljúka þyrfti á fjórum árum (1989–1992) samkvæmt sérstakri skýrslu	2.900

Auk þeirra verkefna, sem hér eru talin, er fjöldi stórra og brýnna verkefna á þjóðvegakerfinu, en í mörgum tilvikum má skipta þeim í áfanga sem taka má í not jafnóðum og þeim lýkur. Tenging undir Hvalfjörð var ekki tekin með í þetta, enda hefur verið miðað við að hún yrði fjármögnuð utan vegáætlunar.

Sþ. 62. Tillaga til þingsályktunar [62. mál]

um könnun á gerð jarðganga og vegarlagningu milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar í framhaldi af opnun jarðganga um Ólafsfjarðarmúla.

Flm.: Sverrir Sveinsson, Halldór Blöndal, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Ragnar Arnalds, Árni Gunnarsson, Pálmi Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Vegagerð ríkisins kanna í samráði við sérfróða aðila lagningu vegar og gerð jarðganga milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar um Héðinsfjörð.

Við könnun þessa skal m.a. hafa í huga hagkvæmni jarðgangagerðar borið saman við aðra valkosti og hafa sérstaklega hliðsjón af stofnkostnaði, notagildi, viðhaldskostnaði, byggðarþróun, félagslegum sjónarmiðum, samtengingu þéttbýlisstaða og styttingu vega.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en hlaut þá ekki fullnaðarafgreiðslu. Henni fylgdi svohljóðandi greinargerð:

„Árið 1986 skipaði þáverandi samgönguráðherra nefnd til að gera langtímaáætlun um jarðgöng til samgöngubóta á þjóðvegakerfi landsins. Markmið þessarar áætlunar voru skilgreind í skipunarbréfi: Að tengja þau byggðarlög við vegakerfi landsins sem ekki eiga völ á fullnægjandi tengingu með öðrum hætti. Enn fremur að tengja saman byggðarlög sem mynda eðlilega félagslega og atvinnulega heild en geta ekki komið á viðunandi sambandi sín á milli nema með jarðgöngum eða öðrum álíka mannvirkjum. Átti nefndin að hafa að leiðarljósi í starfi sínu eftirtalin atriði:

1. Samanburð jarðganga við aðrar mögulegar lausnir með tilliti til stofnkostnaðar, viðhaldskostnaðar, notagildis og umferðaröryggis.

2. Röðun verkefna.
3. Framkvæmdahraða og hugmyndir um fjármögnun miðað við að unnið sé samfellt að jarðgangagerð.

Áætlunin verði sett upp þannig að hún geti fallið að langtímaáætlun um vegagerð og orðið hluti af henni á síðari stigum. Áætlunin skal hefjast á jarðgöngum um Ólafsfjarðarmúla sem voru þegar tekin með í langtímaáætlun um vegagerð.

Nefndin skilaði skýrslu sinni í mars 1987 og í formála hennar segir m.a.:

„Með tilliti til þess að hér er um að ræða fyrstu áætlun sinnar tegundar og tími naumur skal í þessum áfanga lögð áhersla á tengingu kaupstaða og stærri kauptúna. Er þá haft í huga að aðrir staðir yrðu teknir fyrir síðar í tengslum við endurskoðun langtímaáætlana um jarðgöng og vegagerð."

Í samræmi við skipunarbréf nefndarinnar takmarkaði hún starf sitt við athuganir á fjallvegum og hættustöðum þar sem ekki er völ á öðrum lausnum en jarðgöngum eða yfirbyggingum. Af þeim sökum urðu út undan að mestu athuganir á *jarðgöngum til styttingar á vegum*. Tillögur nefndarinnar um röð verkefna í framtíðinni voru Ólafsfjarðarmúli, Botnsheiði og Breiðadalsheiði, Fjarðarheiði og Oddsskarð. Heildarlengd þessara ganga er um 30 km og framkvæmdatími áætlaður 22 ár. Engu að síður hafa komið fram að undanförnu hugmyndir um önnur göng svo sem jarðgöng undir Hvalfjörð og Kópavog sem raskað gætu þessari framkvæmdaröð.

Þann 15. mars sl. fagnaði þjóðin því að sprengingum var lokið í Ólafsfjarðarmúla töluvert langt á undan áætlun og nú hefur samgönguráðherra rætt um að flýta framkvæmdum við jarðgöng á Vestfjörðum. Þessu ber að fagna þar sem bættar samgöngur milli staða á landsbyggðinni eru e.t.v. besta vörnin gegn þeirri byggðarröskun sem nú gengur yfir og menn eru sammála um að reyna að sporna við. Það tók nokkuð langan tíma að sannfæra ráðamenn um gildi jarðganga í samgöngumálum hér á landi. Jarðgöngin um Stráka voru tekin í notkun 1967 og göngin um Oddsskarð 1977. Samtals eru þessi göng um 1.420 m löng. Ekki varð um samfelldar framkvæmdir að ræða og svo voru skoðanir manna skiptar á gildi þessara mannvirkja sem vissulega eru dýr í stofnkostnaði en þarfnast aftur á móti lítils viðhalds. Því var engu fé varið til jarðgangagerðar næstu árin.

Verkfræðingafélag Íslands hélt ráðstefnu um jarðgangagerð árið 1981 og þar kynntu sérfræðingar okkar árangur og reynslu af gerð jarðganga á Íslandi og víðar. Þeir bentu á nokkra valkosti við jarðgangagerð sem rétt væri að huga að í samgöngumálum landsins. Haukur Tómasson jarðfræðingur benti á möguleika þess að tengja byggðirnar við utanverðan Eyjafjörð saman með jarðgöngum. Var þetta svæði talið eitt af þremur þar sem svona tenging gæti verið til verulegrar styrkingar byggðar. Hin svæðin eru norðanverðir Vestfirðir og miðhluti Austfjarða. Af þessum framkvæmdum eru ein göng nú orðin að veruleika, þ.e. Múlagöngin.

Í lauslegu mati, sem Haukur Tómasson, forstjóri vatnsorkudeildar Orkustofnunar, og Birgir Jónsson, formaður Jarðgangafélags Íslands, gerðu í október sl., segir:

„Líta má á að Múlagöngin séu fyrsti hluti þessarar tengingar sem síðan heldur áfram inn fyrir Ólafsfjörð og upp Árdal, inn af Kleifum, upp í 280 m hæð yfir sjó. Þarna þarf að leggja nýjan veg um 3 km að lengd og sennilega styrkja veginn að Kleifum. Úr Árdalnum koma 1,6 km löng göng yfir í Víkurdal með munna þeim megin í um 200 m hæð yfir sjó. Leggja þyrfti veg niður Víkurdal og inn með Héðinsfjarðarvatni að vestan eða austan, eftir því hvorum megin er meiri snjóflóðahætta, alls um 7 km. Þá kæmu göng til Skútudals, 2,6 km að lengd. Þessi göng mundu byrja í um 100 m hæð í Héðinsfirði en

munni í Skútudal yrði í um 200 m hæð yfir sjó. Þaðan lægi svo 2–3 km langur vegur niður á flugvallarveg í Siglufirði.

Heildarlengd þessarar leiðar úr miðbæ Ólafsfjarðar í miðbæ á Siglufirði yrði um 21 km og kostnaður nálægt 1.200 millj. kr. á verðlagi haustsins 1989, en eftirfarandi einingarverð voru fengin hjá Vegagerð ríkisins:

Jarðgöng 4 km á 250 m.kr./km = 1.000 m.kr.

Forskálar 4x50 m á 400 m.kr./km = 80 m.kr.

Nýr vegur 12–13 km á 10 m.kr./km = 120 m.kr.“

Þessi tillaga gerir ráð fyrir því að Vegagerðinni verði falið að athuga þessa leið og bera hana saman við uppbyggingu vegar um Lágheiði eða jarðgöng úr Fljótum til Ólafsfjarðar. Það er ljóst að eftir að jarðgöngin um Ólafsfjarðarmúla opnast til umferðar í haust munu íbúar á þessu svæði óska eftir úrbótum í samgöngum milli þessara einangruðu byggða.

Jarðgangagerð er langtímaverkefni. Því þarf að ætla þeim langan rannsóknar- og undirbúningstíma. Fram undan eru næstu verkefni ákveðin. Engu að síður er þessi þingsályktunartillaga flutt í trausti þess að þetta brýna verkefni í samgöngumálum komist á dagskrá.“

Tillögunni var á síðasta þingi vísað til allsherjarnefndar sem sendi hana til umsagnar. Umsagnir voru allar jákvæðar.

Í umsögn bæjarráðs Siglufjarðar segir svo:

„Bæjarráð samþykkir að mæla með samþykkt umræddrar þingsályktunartillögu.“

Umsögn bæjarstjórnar Ólafsfjarðar er svohljóðandi:

„Bæjarstjórn Ólafsfjarðar fagnar öllum áföngum í samgöngumálum sem koma okkar bæjarfélagi í betra samband við næstu nágranna okkar.

Lengi hefur verið ljóst að brýn þörf er á bættum samgöngum milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Hefur bæjarstjórn árlega minnt á veg yfir Lágheiði í bréfi sínu til fjárveitinganefndar Alþingis.

Þessi þingsályktunartillaga lýsir stórhug og þökkum við flutningsmönnum framtakið og mælum eindregið með að slík könnun verði gerð sem fyrst.“

Í umsögn sinni segir Fjórðungssamband Norðlendinga:


„Fjórðungssamband Norðlendinga mælir fyrir sitt leyti með samþykkt tillögunnar og væntir þess að hún hljóti fullnaðarmeðferð á þessu þingi.“

Loks er að geta umsagnar Vegagerðar ríkisins en hún var svohljóðandi:

„Í tillögunni er lagt til að ríkisstjórnin láti Vegagerð ríkisins kanna lagningu vegar og gerð jarðganga milli áðurnefndra staða um Héðinsfjörð. Í greinargerð er bent á að þessi jarðgöng, sem hafi verið lauslega skoðuð af starfsmönnum Orkustofnunar, hafi ekki komist að í jarðgangaáætlum þeirri sem gerð var veturinn 1986–1987 og nú er að hluta til komin í vegáætlun.

Vegtenging milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar liggur um Lágheiði. Er það að mestu ruddur vegur um snjóþunga heiði, liðlega 400 m háa, og er honum ekki haldið opnum að vetrinum. Við gerð langtímaáætlunar 1983 var þessum vegi raðað síðast í verkefnaröð á stofnbrautum. Náði hann einungis inn með örlitla byrjunarupphæð á þriðja tímabili áætlunarinnar (1991–1994). Sem kunnugt er hefur fjármagn til ráðstöfunar verið miklu minna en vera átti samkvæmt langtímaáætlun, og framkvæmdir um Lágheiði því ekki færst nær en áætlunin tiltekur. Undirbúningur og hönnun hefur því ekki enn þá verið á dagskrá.

Í ljósi þeirrar þróunar, sem orðið hefur á síðustu árum, verða þeir jarðgangamöguleikar, sem bent er á í tillögunni, skoðaðir áður en endanleg ákvörðun verður tekin um byggingu vegar um Lágheiði. Verður það gert óháð afgreiðslu tillögunnar.“


EYJAFJÖRÐHUR
HEÐINSVÖRÐUHÚR
HEÐINSBRAÐHARVATN

Sþ. 63. Svar [14. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Geirs H. Haarde um ráðstöfun fjárveitinga til blaðanna.

Hvernig er ráðstafað fjárveitingum til blaðanna skv. 4. gr. fjárlaga (liður 09-999 1 18) og skv. 6. gr. (liðir 6.1 og 6.2)?

a. Um 4. gr., lið 09-999 1 18.

Í lið 09-999 1 18 í 4. gr. fjárlaga er ekki kveðið á um „fjárveitingu til blaðanna", heldur er viðfangsefni þess liðar á fjárlögum fyrir 1990 „styrkur til blaðaútgáfu samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar". Í fjárlögum fyrir 1990 er styrkur þessi 61.830 þús. kr.

Samkvæmt hefð sitja í hinni „stjórnskipuðu nefnd" fulltrúar frá þingflokkunum og fjallar sama nefnd um ráðstöfun fjár skv. lið 09-999 1 70 í sömu grein fjárlaga, til viðfangsefnisins „útgáfumál samkvæmt ákvörðun þingflokka". Fjárhæð í fjárlögum fyrir 1990 til þess liðar var 26.140 þús. kr.

Formaður þessarar stjórnskipuðu nefndar þingflokkanna kynnir fjármálaráðuneytinu tillögur nefndarinnar að skiptingu þess fjár sem hér um ræðir, og hefur núverandi fjármálaráðherra ekki gert athugasemdir við þær tillögur síðustu tvö ár. Skipting fjárins miðast við þingflokka og er féð greitt fulltrúa hvers þeirra um sig.

Samkvæmt upplýsingum frá núverandi formanni nefndarinnar voru tillögur hennar um fjárveitingu ársins þær að hver þingflokkur fengi jafnan hlut af 12,5% fjárins, en 87,5% skiptust milli flokkanna í hlutfalli við fjölda atkvæða í síðustu þingkosningum vorið 1987. Sama regla er notuð um skiptingu fjár samkvæmt lið 1 18 og 1 70. Vegna þess að þingmenn kjörnir af listum Borgaraflokks höfðu skipst í tvo þingflokka var ákveðið að atkvæði Borgaraflokks skiptust í þessu tilliti milli þingflokks Borgaraflokks og þingflokks Frjálslynda hægriflokksins í hlutfallinu 5:2, í samræmi við fjölda þingmanna í hvorum þingflokki við gildistöku fjárlaga.

Nefndin taldi að til að geta kallast þingflokkur við þessa afgreiðslu þyrftu tveir þingmenn að skipa hann hið minnsta, og kom þingstyrkur Samtaka um jafnrétti og félagshyggju því ekki til álita við hina jöfnu skiptingu milli þingflokkanna.

Fjárveiting samkvæmt liðum 09-999 1 18 og 1 70 skiptist því þannig milli þingflokkanna:

Sjálfstæðisflokkur	23.155 þús. kr.
Framsóknarflokkur	16.604 þús. kr.
Alþýðuflokkur	13.671 þús. kr.
Alþýðubandalag	12.170 þús. kr.
Samtök um kvennalista	9.615 þús. kr.
Borgaraflokkur	7.734 þús. kr.
Frjálslyndi hægriflokkurinn	4.036 þús. kr.
Samtök jafnréttis og félagshyggju	985 þús. kr.

Síðan þingflokkunum var greitt þetta fé hefur þingflokkur Frjálslynda hægriflokksins lagst af og þingmenn hans gengið til liðs við þingflokk Sjálfstæðisflokksins. Samanlögð fjárhæð til þessara tveggja þingflokka nemur 27.191 þús. kr.

Fjármálaráðuneytið hefur engin afskipti af ráðstöfun fjárins aðra en þá að afhenda féð fulltrúum þingflokkanna, og ráðuneytið hefur ekki eftirlit með þeirri útgáfu sem þingflokkarnir kjósa að kosta af þessu fé.

b. Um 6. gr., lið 6.1 og 6.2.

Í 6. gr. fjárlaga, liðum 6.1 og 6.2, er ekki kveðið á um „fjárveitingu til blaðanna", heldur er fjármálaráðherra í þessum liðum á fjárlögum fyrir 1990 gefin heimild til „að kaupa dagblöð fyrir stofnanir ríkisins" (liður 6.1) og „að kaupa dagblöð fyrir skóla, sjúkrahús og aðrar þjónustustofnanir ríkisins" (liður 6.2). Fyrri heimildarliðurinn nær til 250 áskrifta að hverju dagblaði í landinu, en síðari heimildarliðurinn til 500 áskrifta að hverju dagblaði.

Fjármálaráðherra ákvað í upphafi árs að nýta þessa heimild og hefur fjármálaráðuneytið greitt fyrir 750 áskriftir að hverju dagblaði til stofnana ríkisins, skóla, sjúkrahúsa og annarra þjónustustofnana ríkisins síðan 1. febrúar síðastliðinn. Um er að ræða sex dagblöð, *Alþýðublaðið*, *Dag*, *DV*, *Morgunblaðið*, *Tímann* og *Þjóðviljann*.

Hvernig skiptast greiðslur skv. 4. gr. milli einstakra blaða?

Eins og fram kemur í svari við fyrstu spurningunni felst ekki í 4. gr. nein greiðsla til einstakra blaða, heldur er þingflokkum í sjálfsvald sett hvernig þeir verja þessu útgáfufé. Fyrirspurnum um styrki einstakra blaða verður því að beina til hvers þingflokks um sig.

Hverjir eru viðtakendur þeirra blaða sem keypt eru samkvæmt heimildum í 6. gr.?

Eins og áður hefur komið fram er áskrift dagblaða heimiluð í tveimur liðum 6. gr., 6.1 og 6.2. Liður 6.1 er óbreyttur frá fjárlögum fyrri ára, en liður 6.2 er nýmæli sem hafði í för með sér heimild til að fjölga áskriftum úr 250 í 750. Vegna þessa nýmælis var dreifing áskriftarblaðanna endurskipulögð í upphafi árs.

Samkvæmt lið 6.1 fara 250 eintök til helstu „stofnana ríkisins", forseta, Hæstaréttar, Alþingis og alþingismanna, ráðuneytanna fjórtán og nokkurra lykilstofnana sem þeim tengjast. Samkvæmt lið 6.2 fara 500 eintök til „skóla, sjúkrahúsa og annarra þjónustustofnana ríkisins" og varð reyndin sú að hartnær öll 500 eintökin þurfti til að uppfylla skilyrðin um skóla og sjúkrahús, þar með taldar heilsugæslustöðvar, en að auki var áskrift keypt fyrir fjórar menningarstofnanir um íslensk fræði. Öll 750 eintökin sem heimild var fyrir eru því í daglegri dreifingu.

Tekið skal fram að ýmis erindi hafa borist í tengslum við áskriftarlistann, og lítils háttar mistök komið í ljós við gerð hans. Unnt var að bregðast við ýmsum erindum og leiðrétta mistök samstundis, en annað varð ýmist ekki ljóst fyrr en seint á árinu, eða þess eðlis að rétt þótti að bíða heildarendurskoðunar að samþykktum fjárlögum fyrir næsta ár.

Hér fer á eftir listi um viðtakendur dagblaðanna.

Áskriftir að dagblöðum skv. fjárlagaheimild 6. gr., 6.1 og 6.2.[1]

1. Skv. 6.1., 250 eintök fyrir „stofnanir ríkisins":

Skrifstofa forseta Íslands og forsætisráðuneytið (9), Hagstofa Íslands (2), öryggismálanefnd, utanríkisráðuneytið (24), varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins (5), Norðurlandaskrifstofan, sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn (2), sendiráð Íslands í Ósló (2), sendiráð Íslands í Stokkhólmi (2), sendiráð Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, New York (2), sendiráð Íslands í Washington (2), sendiráð Íslands í Brussel (2), sendiráð Íslands hjá Nató, Brussel (2), sendiráð Íslands í London (2), sendiráð Íslands í París (2), sendiráð Íslands í Moskvu (2), sendiráð Íslands í Bonn (2), sendiráð Íslands í Genf (2), fjármálaráðuneytið (14), Launaskrifstofa fjármálaráðuneytisins (3), Fjárlaga- og hagsýslustofnun (2), Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa, ríkislögmaður, ríkisskattstjóri (2), félagsmálaráðuneytið (5), Húsnæðismálastofnun, skipulagsstjóri ríkisins, Brunamálastofnun ríkisins, Jafnréttisráð, Vinnueftirlit ríkisins, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið (4), landlæknir, iðnaðarráðuneytið (5), umhverfisráðuneytið (3), Náttúruverndarráð, dóms- og kirkjumálaráðuneytið (6), Fangelsismálastofnun, Fangelsið Litla-Hrauni (3), Vistheimilið Kvíabryggju, Fangelsið Kópavogsbraut, Fangelsið lögreglustöðinni, Akureyri, menntamálaráðuneytið (18), Listasafn Íslands, samgönguráðuneytið (7), sjávarútvegsráðuneytið (8), viðskiptaráðuneytið (3), landbúnaðarráðuneytið (5), Hæstiréttur (2), skrifstofa Alþingis (13), Ríkisendurskoðun (3), Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir alþingismaður, Alexander Stefánsson alþingismaður, Anna Ólafsdóttir Björnsson alþingismaður, Árni Gunnarsson alþingismaður, Ásgeir Hannes Eiríksson alþingismaður, Birgir Ísleifur Gunnarsson alþingismaður, Danfríður Skarphéðinsdóttir alþingismaður, Eggert Haukdal alþingismaður, Egill Jónsson alþingismaður, Eiður Guðnason alþingismaður, Eyjólfur Konráð Jónsson alþingismaður, Friðjón Þórðarson alþingismaður, Friðrik Sophusson alþingismaður, Geir Gunnarsson alþingismaður, Geir H. Haarde alþingismaður, Guðmundur Ágústsson alþingismaður, Guðmundur Bjarnason ráðherra, Guðmundur H. Garðarsson alþingismaður, Guðmundur G. Þórarinsson alþingismaður, Guðni Ágústsson alþingismaður, Guðrún J. Halldórsdóttir alþingismaður, Guðrún Helgadóttir alþingismaður, Halldór Ásgrímsson ráðherra, Halldór Blöndal alþingismaður, Hjörleifur Guttormsson alþingismaður, Hreggviður Jónsson alþingismaður, Ingi Björn Albertsson alþingismaður, Jóhann Einvarðsson alþingismaður, Jóhanna Sigurðardóttir ráðherra, Jón Baldvin Hannibalsson ráðherra, Jón Helgason alþingismaður, Jón Kristjánsson alþingismaður, Jón Sigurðsson ráðherra, Jón Sæmundur Sigurjónsson alþingismaður, Júlíus Sólnes ráðherra, Karl Steinar Guðnason alþingismaður, Karvel Pálmason alþingismaður, Kristinn Pétursson alþingismaður, Kristín Einarsdóttir alþingismaður, Margrét Frímannsdóttir alþingismaður, Matthías Bjarnason alþingismaður, Matthías Á. Mathiesen alþingismaður, Málmfríður Sigurðardóttir alþingismaður, Ólafur G. Einarsson alþingismaður, Ólafur Ragnar Grímsson ráðherra, Ólafur Þ. Þórðarson alþingismaður, Óli Þ. Guðbjartsson ráðherra, Páll Pétursson alþingismaður, Pálmi Jónsson alþingismaður, Ragnar Arnalds alþingismaður, Ragnhildur Helgadóttir alþingismaður, Rannveig Guðmundsdóttir alþingismaður, Salome Þorkelsdóttir alþingismaður, Sighvatur Björgvinsson alþingismaður, Skúli Alexandersson alþingismaður, Stefán Guðmundsson alþingismaður, Stefán Valgeirsson alþingismaður, Steingrímur Hermannsson ráðherra, Steingrímur J. Sigfússon ráðherra, Svavar Gestsson

[1]Eintakafjöldi tiltekinn í sviga þegar um er að ræða fleira en eitt eintak af hverju blaði.

ráðherra, Valgerður Sverrisdóttir alþingismaður, Þorsteinn Pálsson alþingismaður, Þorvaldur Garðar Kristjánsson alþingismaður, Þórhildur Þorleifsdóttir alþingismaður.

2. Skv. 6.2., 500 eintök fyrir „skóla, sjúkrahús og aðrar þjónustustofnanir ríkisins".

a. Skólar.

Háskóli Íslands, Reykjavík (10), Iðnskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Akureyri, Kennaraháskóli Íslands, Reykjavík, Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík, Tækniskóli Íslands, Reykjavík, Vélskóli Íslands, Reykjavík, Stýrimannaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn við Hamrahlíð, Reykjavík, Menntaskólinn við Sund, Reykjavík, Kvennaskólinn í Reykjavík, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, Reykjavík, Fjölbrautaskólinn Ármúla, Reykjavík, Hótel- og veitingaskóli Íslands, Reykjavík, Fósturskóli Íslands, Reykjavík, Myndlista- og handíðaskóli Íslands, Reykjavík, Leiklistarskóli Íslands, Reykjavík, Verslunarskóli Íslands, Reykjavík, Lögregluskóli ríkisins, Reykjavík, Sjúkraliðaskóli Íslands, Reykjavík, Lyfjatæknaskóli Íslands, Reykjavík, Ljósmæðraskóli Íslands, Reykjavík, Þroskaþjálfaskóli Íslands, Reykjavík, Félagsmálaskóli alþýðu, Reykjavík, Menntaskólinn í Kópavogi, Flensborgarskóli, Hafnarfirði, Iðnskólinn í Hafnarfirði, Fiskvinnsluskólinn, Hafnarfirði, Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi, Bændaskólinn á Hvanneyri, Samvinnuháskólinn, Bifröst, Menntaskólinn á Ísafirði, Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki, Bændaskólinn á Hólum, Menntaskólinn á Akureyri, Verkmenntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn á Egilsstöðum, Verkmenntaskóli Austurlands, Neskaupstað, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, Menntaskólinn á Laugarvatni, Íþróttakennaraskóli Íslands, Laugarvatni, Fjölbrautaskóli Suðurlands, Selfossi, Garðyrkjuskóli ríkisins, Reykjum, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Keflavík, Framhaldsskólinn á Húsavík, Nesjaskóli og Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu, Höfn, Framhaldsskólinn á Laugum, Héraðsskólinn Reykholti, Borgarfirði, Héraðsskólinn á Núpi, Héraðsskólinn í Reykjanesi, Héraðsskólinn Reykjum, Hrútafirði, Alþýðuskólinn Eiðum, Héraðsskólinn Skógum, Héraðsskólinn Laugarvatni, Skálholtsskóli, Einholtsskóli, Reykjavík, Heyrnleysingjaskólinn, Reykjavík (2), Álftamýrarskóli, Reykjavík, Árbæjarskóli, Reykjavík, Ártúnsskóli, Reykjavík, Austurbæjarskóli, Reykjavík, Barnaskóli aðventista, Reykjavík, Brautarskóli, Reykjavík, Breiðagerðisskóli, Reykjavík, Breiðholtsskóli, Reykjavík, Bústaðaskóli, Reykjavík, Dalbrautarskóli, Reykjavík, Fellaskóli, Reykjavík, Foldaskóli, Reykjavík (2), Fossvogsskóli, Reykjavík, Grandaskóli, Reykjavík, Hagaskóli, Reykjavík, Hlíðaskóli, Reykjavík, Hólabrekkuskóli, Reykjavík, Hvassaleitisskóli, Reykjavík, Landakotsskóli, Reykjavík, Langholtsskóli, Reykjavík, Laugalækjarskóli, Reykjavík, Laugarnesskóli, Reykjavík, Melaskóli, Reykjavík, Réttarholtsskóli, Reykjavík, Safamýrarskóli, Reykjavík, Selásskóli, Reykjavík, Seljaskóli, Reykjavík, Skóli Ísaks Jónssonar, Reykjavík, Tjarnarskóli, Reykjavík, Vesturbæjarskóli, Reykjavík, Vogaskóli, Reykjavík, Ölduselsskóli, Reykjavík, Öskjuhlíðarskóli, Reykjavík, Unglingaheimilið, Reykjavík, Digranesskóli, Kópavogi, Hjallaskóli, Kópavogi, Kársnesskóli, Kópavogi, Kópavogsskóli, Kópavogi, Snælandsskóli, Kópavogi, Þinghólsskóli, Kópavogi, Skólinn við Kópavogsbraut, Kópavogi, Mýrarhúsaskóli, Seltjarnarnesi, Valhúsaskóli, Seltjarnarnesi, Flataskóli, Garðabæ, Hofsstaðaskóli, Garðabæ, Garðaskóli, Garðabæ, Engidalsskóli, Hafnarfirði, Lækjarskóli, Hafnarfirði, Setbergsskóli, Hafnarfirði, Víðistaðaskóli, Hafnarfirði, Öldutúnsskóli, Hafnarfirði, Myllubakkaskóli, Hafnarfirði, Álftanesskóli, Bessastaðahreppi, Varmárskóli, Mosfellsbæ, Gagnfræðaskólinn í Mosfellsbæ, Skólinn í Tjaldanesi, Mosfellsbæ, Klébergsskóli, Kjalarnesi,

Ásgarðsskóli, Kjalarnesi, Grunnskólinn í Sandgerði, Gerðaskóli, Garði, Stóru-Vogaskóli, Vogum, Brekkubæjarskóli, Akranesi, Grundaskóli, Akranesi, Grunnskólinn í Ólafsvík, Grunnskólinn í Borgarnesi, Grunnskólinn í Stykkishólmi, Heiðarskóli, Leirársveit, Andakílsskóli, Andakílshreppi, Kleppjárnsreykjaskóli, Reykholtsdalshreppi, Varmalandsskóli, Stafholtstungnahreppi, Laugargerðisskóli, Miklaholtshreppi, Grunnskólinn í Staðarsveit, Grunnskólinn á Hellissandi, Grunnskóli Eyrarsveitar, Grundarfirði, Grunnskólinn í Búðardal, Laugaskóli, Búðardal, Grunnskólinn á Ísafirði, Grunnskóli Bolungarvíkur, Reykhólaskóli, Króksfjarðarnesi, Grunnskólinn í Barðastrandarhreppi, Grunnskólinn í Rauðasandshreppi, Grunnskólinn á Patreksfirði, Grunnskólinn á Tálknafirði, Grunnskólinn á Bíldudal, Grunnskólinn á Þingeyri, Grunnskólinn í Mýrahreppi, Dýrafirði, Grunnskólinn í Mosvallahreppi, Önundarfirði, Grunnskólinn á Flateyri, Grunnskólinn á Suðureyri, Grunnskólinn í Súðavík, Grunnskólinn í Reykjanesi, Ísafirði, Finnbogastaðaskóli, Árneshreppi, Grunnskólinn á Drangsnesi, Ströndum, Klúkuskóli, Ströndum, Grunnskólinn í Hólmavík, Grunnskólinn í Broddanesi, Ströndum, Grunnskólinn á Borðeyri, Grunnskóli Siglufjarðar, Barnaskólinn á Sauðárkróki, Gagnfræðaskólinn á Sauðárkróki, Barnaskóli Staðarhrepps, Brú, Laugarbakkaskóli, Miðfirði, Grunnskólinn á Hvammstanga, Vesturhópsskóli, Þverárhreppi, Húnavallaskóli, Torfalækjarhreppi, Grunnskólinn á Blönduósi, Höfðaskóli, Skagaströnd, Grunnskólinn í Skefilsstaðahreppi, Grunnskólinn í Staðarhreppi, Varmahlíðarskóli, Seyluhreppi, Steinsstaðaskóli, Lýtingsstaðahreppi, Grunnskólinn í Akrahreppi, Grunnskólinn í Rípurhreppi, Grunnskólinn á Hólum, Grunnskólinn á Hofsósi, Sólgarðaskóli, Fljótum, Sérdeildin/skólinn, Egilsá, Barnaskóli Akureyrar, Bröttuhlíðarskóli, Akureyri, Gagnfræðaskóli Akureyrar, Glerárskóli, Akureyri, Lundarskóli, Akureyri, Oddeyrarskóli, Akureyri, Síðuskóli, Akureyri, Hvammshlíðarskóli, Akureyri, Barnaskóli Húsavíkur, Barnaskólinn í Ólafsfirði, Gagnfræðaskólinn í Ólafsfirði, Grunnskólinn á Dalvík, Grunnskólinn í Grímsey, Húsabakkaskóli, Svarfaðardal, Grunnskólinn í Hrísey, Árskógarskóli, Akureyri, Þelamerkurskóli, Glæsibæjarhreppi, Grunnskólinn í Hrafnagilshreppi, Hrafnagilsskóli, Hrafnagilshreppi, Grunnskólinn í Saurbæjarhreppi, Laugalandsskóli, Eyjafirði, Grunnskólinn á Svalbarðsströnd, Grenivíkurskóli, Stórutjarnaskóli, Ljósavatnshreppi, Grunnskólinn í Bárðardal, Grunnskólinn í Skútustaðahreppi, Litlulaugaskóli, Laugum, Hafralækjarskóli, Aðaldal, Grunnskólinn í Skúlagarði, Grunnskólinn í Lundi, Öxarfirði, Grunnskólinn á Kópaskeri, Grunnskólinn á Raufarhöfn, Grunnskólinn í Svalbarðshreppi, Grunnskólinn á Þórshöfn, Seyðisfjarðarskóli, Nesskóli, Neskaupstað, Grunnskólinn á Eskifirði, Egilsstaðaskóli, Grunnskólinn á Bakkafirði, Vopnafjarðarskóli, Brúarásskóli, Hlíðarhreppi, Skjöldólfsstaðaskóli, Jökuldalshreppi, Fellaskóli, Fellahreppi, Grunnskóli Borgarfjarðar, Borgarfirði eystri, Hallormsstaðaskóli, Vallahreppi, Grunnskólinn á Eiðum, Grunnskólinn í Mjóafjarðarhreppi, Grunnskólinn í Norðfjarðarhreppi, Grunnskóli Reyðarfjarðar, Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar, Grunnskólinn á Stöðvarfirði, Grunnskólinn í Breiðdalshreppi, Breiðdalsvík, Grunnskólinn í Beruneshreppi, Grunnskólinn Djúpavogi, Grunnskólinn í Geithellnahreppi, Nesjaskóli, Nesjahreppi, Hafnarskóli, Höfn, Heppuskóli, Höfn, Grunnskólinn í Mýrahreppi, Hrollaugsstaðaskóli, Borgarhafnarhreppi, Grunnskólinn í Hofgarði, Fagurhólsmýri, Barnaskólinn í Vestmannaeyjum, Hamarsskóli, Vestmannaeyjum, Barnaskólinn á Selfossi, Gagnfræðaskólinn á Selfossi, Grunnskólinn í Hveragerði, Kirkjubæjarskóli, Kirkjubæjarklaustri, Ketilsstaðaskóli, Mýrdalshreppi, Víkurskóli, Vík í Mýrdal, Grunnskólinn í A-Eyjafjallahreppi, Seljalandsskóli, V-Eyjafjallahreppi, Grunnskólinn í A-Landeyjarhreppi, Grunnskólinn í V-Landeyjarhreppi, Grunnskólinn í Fljótshlíð, Hvolsskóli, Hvolsvelli,

Gagnfræðaskólinn á Hvolsvelli, Grunnskólinn á Hellu, Laugalandsskóli, Holtum, Grunnskólinn í Djúpárhreppi, Grunnskólinn í Gaulverjabæjarhreppi, Grunnskólinn á Stokkseyri, Barnaskólinn á Eyrarbakka, Grunnskólinn í Hraungerðishreppi, Villingaholtsskóli, Brautarholtsskóli, Skeiðahreppi, Gnúpverjaskóli, Flúðaskóli, Hrunamannahreppi, Reykholtsskóli, Biskupstungum, Grunnskólinn á Laugarvatni, Ljósafossskóli, Grímsnesi, Skólinn í Sólheimum, Grímsnesi, Grunnskólinn í Þorlákshöfn, Hlíðardalsskóli, Þorlákshöfn, Holtaskóli, Keflavík, Grunnskólinn í Grindavík, Grunnskóli Njarðvíkur.

b. Sjúkrahús.

Ríkisspítalar, stofnanir á Landspítalalóð, Reykjavík (65), Öldrunarlækningadeild Landspítalans (5), Kleppsspítali, Reykjavík (10), Dalbrautardeild Landspítalans, Reykjavík, Vífilsstaðaspítali, Garðabæ (8), Kópavogshæli (3), Kristnesspítali, Eyjafirði (6), Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ, Geðdeild Landspítalans, Reykjavík, Borgarspítalinn, Reykjavík (10), Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri (4), St. Jósefsspítali, Landakoti, Reykjavík (4), Sjúkrahúsið Akranesi (2), Sjúkrahús Skagfirðinga, Sauðárkróki (2), St. Jósefsspítalinn, Hafnarfirði (2), Fjórðungssjúkrahúsið, Ísafirði (2), Sjúkrahúsið Húsavík (2), Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi (2), Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum (2), Sjúkrahús Keflavíkurlæknishéraðs, Keflavík (2), Sólvangur, Hafnarfirði (2), Sjúkrahús Seyðisfjarðar, St. Fransiskusspítalinn, Stykkishólmi, Sjúkrahúsið Egilsstöðum, Sjúkrahúsið Hvammstanga, Sjúkrahús Bolungarvíkur, Sjúkrahúsið Hólmavík, Sjúkraskýlið Þingeyri, Sjúkrahúsið Siglufirði, Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað, Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi, Sjúkrahúsið Patreksfirði, Heilsugæslustöðin Akranesi, Heilsugæslustöðin Borgarnesi, Heilsugæslustöðin Kleppsjárnsreykjum, Heilsugæslustöðin Ólafsvík, Heilsugæslustöðin Stykkishólmi, Heilsugæslustöðin Grundarfirði, Heilsugæslustöðin Búðardal, Heilsugæslustöðin Reykhólum, Heilsugæslustöðin Patreksfirði, Heilsugæslustöðin Ísafirði, Heilsugæslustöðin Súðavík, Heilsugæslustöðin Suðureyri, Heilsugæslustöðin Þingeyri, Heilsugæslustöðin Flateyri, Heilsugæslustöðin Bolungarvík, Heilsugæslustöðin Hólmavík, Heilsugæslustöðin Hvammstanga, Heilsugæslustöðin Blönduósi, Heilsugæslustöðin Skagaströnd, Heilsugæslustöðin Sauðárkróki, Heilsugæslustöðin Hofsósi, Heilsugæslustöðin Siglufirði, Heilsugæslustöðin Dalvík, Heilsugæslustöðin Ólafsfirði, Heilsugæslustöðin Akureyri, Heilsugæslustöðin Grenivík, Heilsugæslustöðin Húsavík, Heilsugæslustöðin Kópaskeri, Heilsugæslustöðin Þórshöfn, Heilsugæslustöðin Raufarhöfn, Heilsugæslustöðin Borgarfirði eystri, Heilsugæslustöðin Seyðisfirði, Heilsugæslustöðin Vopnafirði, Heilsugæslustöðin Neskaupstað, Heilsugæslustöðin Eskifirði, Heilsugæslustöðin Breiðdalsvík, Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði, Heilsugæslustöðin Stöðvarfirði, Heilsugæslustöðin Höfn, Heilsugæslustöðin Djúpavogi, Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri, Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal, Heilsugæslustöðin Hvolsvelli, Heilsugæslustöðin Hellu, Heilsugæslustöðin Laugarási, Biskupstungum, Heilsugæslustöðin Selfossi, Heilsugæslustöðin Hveragerði, Heilsugæslustöðin Eyrarbakka, Heilsugæslustöðin/læknastofan, Stokkseyri, Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn, Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum, Heilsugæslustöð Suðurnesja, Keflavík, Heilsugæslustöð Suðurnesja, Grindavík, Heilsugæslustöð Suðurnesja, Vogum, Heilsugæslustöðin Hafnarfirði, Heilsugæslustöðin Garðabæ, Heilsugæslustöðin Kópavogi, Heilsugæslustöð Mosfellsumdæmis, Mosfellsbæ, Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi, Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, Heilsugæslustöðin Árbæ, Reykjavík, Heilsugæslustöðin Asparfelli, Reykjavík, Heilsugæslustöðin Fossvogi, Reykjavík, Heilsugæslustöðin Miðbæjar, Reykjavík, Heilsugæslustöðin Hlíðum, Reykjavík, Heilsu-

gæslustöðin Garðastræti, Reykjavík.

c. Aðrar þjónustustofnanir.

Orðabók Háskólans, Reykjavík, Íslensk málstöð, Reykjavík, Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík, Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.

Sþ. 64. Svar [15. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Geirs H. Haarde og Hallórs Blöndals um niðurstöður varðandi varaflugvöll Atlantshafsbandalagsins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Liggur fyrir formleg niðurstaða Atlantshafsbandalagsins varðandi ósk þess um varaflugvöll á Íslandi?

Vitað er að um nokkurt skeið hefur farið fram endurmat á varnarviðbúnaði Atlantshafsbandalagsins í ljósi atburða í Sovétríkjunum og ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Viðræður um takmörkun vígbúnaðar hafa skilað umtalsverðum árangri og hafa aðildarríki bandalagsins dregið saman seglin í varnarmálum að undanförnu.

Við þessar aðstæður kemur vart á óvart að innan bandalagsins skuli þykja ástæða til að hægja á nýjum varnarframkvæmdum. Utanríkisráðherra barst í júlí síðastliðnum bréf yfirmanns Atlantshafsflota Atlantshafsbandalagsins (SACLANT) þar sem hann greindi frá ákvörðun sinni um að hætt hefði verið við frekari áætlanir um varaflugvöll Atlantshafsbandalagsins á Norður-Atlantshafi. Í bréfinu kom fram að SACLANT mundi ekki óska eftir fjárstuðningi Mannvirkjasjóðs bandalagsins við framkvæmdir við slíkan varaflugvöll í framtíðinni.

Formleg niðurstaða Atlantshafsbandalagsins varðandi ósk þess um varaflugvöll á Íslandi liggur því fyrir.

Sþ. 65. Fyrirspurn [63. mál]

til félagsmálaráðherra um greiðslur til stuðningsfjölskyldna fatlaðra barna.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur og Málmfríði Sigurðardóttur.

1. Hvers vegna hætti félagsmálaráðuneytið að endurnýja samninga við stuðningsfjölskyldur fatlaðra barna 1. júní sl.?
2. Hvers mega stuðningsfjölskyldur og fjölskyldur fatlaðra vænta 1. nóv. þegar núverandi millibilsástandi lýkur?

Sþ. 66. Tillaga til þingsályktunar [64. mál]

um eigin eftirlaunasjóði einstaklinga.

Flm.: Guðni Ágústsson, Alexander Stefánsson, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skipa nefnd sem fái það hlutverk að móta reglur um eigin eftir-

launasjóði allra landsmanna og gera tillögur um hvernig hægt væri að gera upp réttindi launþega í núverandi lífeyrissjóðum.

Greinargerð.

Mál þetta var flutt á 112. löggjafarþingi en varð ekki útrætt þá.

Nefnd þeirri, sem hér er gerð tillaga um, er ætlað að kanna stofnun eigin eftirlaunasjóðs fyrir einstaklinga samkvæmt eftirfarandi hugmynd:

1. Við upphaf ævistarfs eignast hver einstaklingur eigin eftirlaunareikning í umsjón banka, tryggingafélags eða þeirra aðila sem til þess hafa hlotið tilskilin leyfi og fylgir eftirlaunareikningurinn viðkomandi einstaklingi út starfsævina.

   Í sjóðinn skal greiða iðgjald sem er 10% af öllum launatekjum hvers launþega og reiknuðum launatekjum þeirra sem sjálfstæðan atvinnurekstur stunda. Að því er varðar skiptingu hjá öðrum en þeim sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur skulu 6% greidd af atvinnurekanda en 4% af launþega.
2. Eftirlaunasjóðir yrðu verðtryggðir og ávaxtaðir á bankareikningum eða með verðbréfum skráðum á opinberu verðbréfaþingi.
3. Þegar einstaklingur verður 65–70 ára gamall yrði farið að endurgreiða eigandanum eftir ákveðnum reglum úr sjóðnum og endurgreitt yrði að fullu á t.d. 20 ára tímabili.
4. Allar greiðslur úr eigin eftirlaunasjóðum yrðu skattfrjálsar.
5. Við andlát skal eftirlaunasjóðurinn verða eign maka eða erfðafé aðstandenda.
6. Eigin eftirlaunasjóðir yrðu sameign meðan hjónaband eða sambúð varir en skiptast til helminga við skilnað eða búskipti.
7. Ríkið stofnar tryggingasjóð sem tekur við tryggingaþætti lífeyrissjóðanna (örorkubótum, barna- og makalífeyrisgreiðslum). Sjóðurinn mundi starfa samhliða Tryggingastofnun ríkisins eða yrði felldur undir hana. Hér yrði um að ræða gegnumstreymissjóð og yrðu greiðslur til hans innheimtar í staðgreiðslunni.

Kostir eigin eftirlaunasjóðs.

Kostir þess að taka upp eigin eftirlaunasjóð eru margir. Rétturinn er á einum stað. Í samráði við stéttarfélag sitt heldur einstaklingurinn sjálfur utan um sína eftirlaunagreiðslu og fær með reglubundnum hætti yfirlit um innborganir og eignarstöðu. Staða fólks verður skýr og auðskilin. Fólk tapar ekki rétti sínum þótt það skipti um starf. Fólk felur bankanum eða ábyrgðaraðila sjóðsins að fylgja því fast eftir að greiðslur frá atvinnurekendum berist í eftirlaunasjóðinn. Sáralítið af greiðslum færi í rekstrarkostnað gagnstætt því sem gerist í núverandi lífeyriskerfi.

Færa má að því talnaleg rök að hver og einn mundi eiga mikla peninga við 65 eða 70 ára aldur, að vísu misháa upphæð eftir tekjum og lengd starfsævinnar. Við andlát félli þessi sparnaður í hlut erfingjanna en ekki sjóðanna sjálfra.

Eftirfarandi útreikningar sýna hvernig eftirlaunasjóðirnir ávaxta sig á löngu tímabili, verðtryggðir með 5% vöxtum umfram verðbólgu.

Sparað í 45 ár:

	Mánaðarlaun	Mánaðargreiðslur í sjóðinn	Upphæð í lok sparnaðartímabils
1.	70 þús. kr.	7 þús. kr.	13,4 millj. kr.
2.	100 þús. kr.	10 þús. kr.	19,2 millj. kr.

Sé miðað við mánaðarlegar endurgreiðslur á eftirlaunaaldrinum, sömu vexti og 20 ára endurgreiðslutíma mundi maður með 7 þús. kr. njóta um 87 þús. kr. á mánuði en maður með 10 þús. kr. um 125 þús. kr. á mánuði, að auki skattfrjálsar tekjur þar sem búið væri að skattleggja peningana sem vinnulaun.

Þetta fyrirkomulag mundi styrkja stöðu banka og peningastofnana og getu til stóraukinnar þjónustu bæði við einstaklinga og atvinnulífið, ekki ósvipað því sem gerist í nálægum löndum. Allur sparnaður eftirlaunasjóðanna yrði varðveittur í heimabyggð hvers og eins gagnstætt því sem nú er hjá mörgum lífeyrissjóðum á landsbyggðinni.

Lífeyrissjóðakerfið verður að endurskoða.

Hér er lögð til allróttæk stefnubreyting hvað lífeyrisréttindi og lífeyrissparnað varðar eða að lífeyrissparnaðurinn verði í bundnum reikningi sjálfstæð eign hvers og eins.

Margur gerir sér þegar grein fyrir því að hið flókna og margskipta lífeyrissjóðakerfi hér á landi mun ekki geta staðið við skuldbindingar sínar. Lífeyrissjóðakerfið sjálft er mannfrekt og dýrt í rekstri ekki síst þar sem það er í mörgum smáum einingum.

Samkvæmt nýlegri úttekt er rekstrarkostnaður lífeyrissjóðanna frá 4–41% af innkomu. Fæstir vita hver er eign launþega í sjóðunum né hvaða öryggi greiðslurnar kunna að skapa á eftirlaunaaldri.

Almenningur í okkar fámenna þjóðfélagi sættir sig alls ekki við þann mismun sem fólki er nú gert að hlíta. Sumir ná því að fá öruggar greiðslur úr mörgum sjóðum og það er ríkið sem ábyrgist slíkar greiðslur. Aðrir tapa réttindum sínum og sjóðirnir koma ekki til með að greiða til baka neina þá upphæð sem skiptir máli til lífsviðurværis í ellinni.

Ósanngjarnastur er mismunurinn hvað makalífeyri varðar. Ekkjur eða ekklar, t.d. ráðherra, alþingismanna eða bankastjóra, eru með góðan lífeyri, en t.d. við fráfall sjómanna verður réttur maka sáralítill. Berlegast er svo ranglætið þegar sömu einstaklingar fá greitt úr mörgum sjóðum sem ríkisvaldið ábyrgist og hafa þá í ellinni jafnvel hærri laun en þegar þeir voru í starfi. Vantrú fólks á lífeyrissjóðakerfinu birtist í því að sá hópur fer stækkandi sem stendur utan allra sjóða þrátt fyrir lög og reglur. Fullyrt er að 15–18% vinnandi manna greiði ekki í neinn lífeyrissjóð.

Nýverið skiladi stærsti lífeyrissjóður landsins frá sér tryggingafræðilegri athugun á stöðu sjóðsins um áramót 1987/1988. Þar er lagt til að gera þyrfti eftirfarandi til þess að jafna mun milli skulda umfram eignir og höfuðstól: 1. Að hækka iðgjöldin um 55,8% eða í 15–16% af öllum launum. 2. Að lækka lífeyri um 24,2%. 3. Eða að tryggja 3,3% raunávöxtun umfram laun í framtíðinni. 4. Eða tengja þessar leiðir tvær eða fleiri saman. Þetta eru þær leiðir sem farnar verða ef ekki næst samstaða um nýjar leiðir eins og hér er hreyft.

Engin heildarlöggjöf er í gildi á Íslandi um lífeyrissjóði. Þó eru lífeyrissjóðirnir 100 talsins og eiga eignir sem nema 73 milljörðum króna. Samkvæmt upplýsingum Seðlabankans voru heildarútlán lífeyrissjóðanna 48,4 milljarðar króna árið 1987. Á sama tíma

voru heildarútlán bankakerfisins 92,3 milljarðar króna. Heildareignir lífeyrissjóðanna voru 22% af landsframleiðslu 1984 en voru aðeins 10% af landsframleiðslu 1975.

Lífeyrissjóðirnir starfa að mestu eftirlitslaust, skipulag þeirra er á reiki og réttindi einstaklinga með aðild að sjóðunum einnig. Upplýsingar um ýmsa rekstrarþætti lífeyrissjóðanna eru óljósar og liggja seint fyrir. Í *Hagtölum mánaðarins* í janúar síðastliðnum segir að engar tölur liggi fyrir um ráðstöfun fjármagns lífeyrissjóðanna síðustu árin. Nýjustu tölur í hagtölunum um ráðstöfun sjóðanna eru frá 1984. Tölur liggja þó fyrir um heildarráðstöfunarfé sjóðanna til og með 1987.

Talið er að ráðstöfunarfé sjóðanna hafi verið 13 milljarðar króna árið 1988 og verði 16 milljarðar króna 1989.

Einn lífeyrissjóður er öðruvísi uppbyggður en aðrir sjóðir. Það er Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og er lífeyrir þar tryggður af hálfu ríkisvaldsins.

Samkvæmt fjárlögum fyrir 1989 er gert ráð fyrir að verja úr ríkissjóði 1.125 millj. kr. í lífeyrissjóð opinberra starfsmanna, fyrst og fremst til að greiða uppbætur svo að hægt sé að standa við skuldbindingar við lífeyrisþega. Enn fremur þyngist sífellt skuldbinding sveitarfélaga við að greiða mismun í lífeyrissjóði og á eftir að vaxa til muna á næstu árum.

Sþ. 67. Fyrirspurn [65. mál]

til landbúnaðarráðherra um sérstakt skógræktarátak.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni.

Hvernig hefur það loforð í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar að ríkissjóður muni leggja fram fjármagn til sérstaks skógræktarátaks næstu þrjú árin og helmingur fjárins renni til skógræktarfélaga verið efnt? Svar óskast sundurliðað eftir árum og hversu mikið hefur runnið til skógræktarfélaga.

Sþ. 68. Fyrirspurn [66. mál]

til samgönguráðherra um innflutning matvæla með ferðafólki.

Frá Guðna Ágústssyni.

Hvað hyggst samgönguráðherra gera til að draga úr innflutningi matvæla með ferðafólki?

Sþ. 69. Fyrirspurn [67. mál]

til forsætisráðherra um GATT-viðræður.

Frá Pálma Jónssyni.

1. Hver af ráðherrum ríkisstjórnarinnar fer með málefni landbúnaðarins í svokölluðum GATT-viðræðum?
2. Telur forsætisráðherra að ríkisstjórnin hafi umboð til að leggja fram tilboð í þess-

um viðræðum, sem ekki byggjast á íslenskum lögum, án þess að leita heimildar Alþingis?
3. Telur forsætisráðherra réttmætt að bjóða fyrir hönd Íslendinga meiri niðurskurð á opinberum stuðningi við landbúnaðinn en gert er af hálfu EB-þjóðanna?

Nd. 70. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [68. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Flm.: Stefán Valgeirsson.

1. gr.

79. gr. stjórnarskrárinnar orðast þannig:

Tillögu, hvort sem er til breytinga eða viðauka á stjórnarskránni, má bera upp á Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja deilda með sama hætti og almenn lög skal leggja hana undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg. Hún skal fara fram eigi síðar en samhliða næstu alþingiskosningum eftir samþykkt hennar á Alþingi. Verði tillagan samþykkt af meiri hluta í þjóðaratkvæðagreiðslunni skal hún lögð fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar.

2. gr.

Stjórnarskrárákvæði þetta tekur þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á tveimur síðustu þingum en var eigi útrætt.

Allt frá stofnun lýðveldisins árið 1944 hefur það verið verkefni Alþingis að láta vinna að endurskoðun eða endurgerð stjórnarskrárinnar. Þrátt fyrir víðtæka samstöðu á Alþingi og utan þess um nauðsyn endurskoðunarinnar, og á stundum mjög ákveðnar aðgerðir í þá átt, hefur hún ekki tekist. Ákvæði um kosningar til Alþingis eru þó undanskilin. Þeim hefur verið breytt.

Til upplýsinga um nauðsyn breytinga á stjórnarskránni má vísa til fyrri tillagna um breytingar á stjórnarskránni og jafnframt til bréfs umboðsmanns Alþingis til forseta Alþingis, dags. 29. des. 1988. Í því eru rakin fjölmörg atriði sem brýnt er að kveða betur á um í stjórnarskránni en nú er gert.

Nú, á tímum víðtækrar kreppu sem tekur til margra þátta þjóðlífsins, er sérstök ástæða til að huga að framkvæmd laga og réttar í landinu. Löggjöf um þær stofnanir, sem móta framkvæmd laga og réttar og hafa síðustu orðin þar um, dómstólana, þarf að vera góð. Sérstaklega á þetta við um lagaákvæði um Hæstarétt Íslands, en til hans má jafnan skjóta úrlausnum annarra dómstóla. Er brýnt að ákvæði um skipan og starfshætti Hæstaréttar séu ítarleg og skýr og þau tryggi borgurunum aðgang að dómstólnum, óski þeir þess, og vandaða málsmeðferð. Ákvæði um þetta þurfa að vera í stjórnarskrá því um er að ræða kjarnaatriði í löggjöf réttarríkis.

Þessir mikilsverðu kostir fylgja því að breyta ákvæðum 79. gr. stjórnarskrárinnar eins og hér er lagt til:

1. Samkvæmt ákvæðum 79. gr. þarf til samþykki tveggja þinga með kosningum á milli

til að ná fram breytingum á stjórnarskránni. Það hefur þann ókost í för með sér að þingmenn á Alþingi, sem leggja til stjórnarskrárbreytingar, verða að eiga það undir öðru Alþingi, væntanlega með öðrum þingmönnum, að ljúka því verki.

2. Ekki verður lengur skylt að rjúfa Alþingi strax að lokinni fyrri samþykkt Alþingis á stjórnarskrárbreytingu. Þetta atriði er mjög veigamikið þegar fyrir liggur endurgerð flestra þátta stjórnarskrárinnar. Miklu auðveldara verður að ná fram stjórnarskrárbreytingum í áföngum samkvæmt ákvæðum tillögunnar en samkvæmt gildandi stjórnarskrá.

3. Tillagan gerir ráð fyrir að ný stjórnarskrárákvæði hljóti samþykki meiri hluta kosningarbærra manna í landinu með sama hætti og nú er kveðið á um breytingar á kirkjuskipaninni í landinu. Verði hún samþykkt verða ný stjórnarskrárákvæði „þjóðarlög" í þeim skilningi að þjóðin sjálf hefur staðfest þau. Það er mikilsvert til að auka gildi stjórnarskrárákvæða gagnvart öðrum reglum og tengir jafnframt þjóðina sjálfa við mikilvægustu samfélagslegu gildin og mikilvægustu lögin.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 29. desember 1988.

Forsetar Alþingis,
Alþingi við Austurvöll.

Á grundvelli 11. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, tel ég ástæðu til að vekja athygli á ófullkomnum ákvæðum til verndar mannréttindum í íslenskum lögum.

Ég bendi á að í íslensku stjórnarskrána vantar almenn ákvæði um veigamikil mannréttindi. Sem dæmi má nefna skoðanafrelsi, jafnrétti, bann við afturvirkum refsilögum, vernd fjölskyldulífs og rétt til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar um félagsleg mannréttindi eru og fábrotin.

Mörg mannréttindaákvæði íslensku stjórnarskrárinnar eru ófullkomin af ýmsum ástæðum. Ákvæði 63. og 64. gr. um trúfrelsi, 66. gr. um friðhelgi heimilis, 72. gr. um prentfrelsi og 73. gr. um félagafrelsi hefta ýmist í engu eða að takmörkuðu leyti vald löggjafans. Sum mannréttindaákvæði ganga skammt efni sínu samkvæmt. Ákvæði 72. gr. nær þannig aðeins til prentfrelsis en eigi til tjáningarfrelsis almennt. 65. gr. fjallar fyrst og fremst um handtöku sem er liður í rannsókn refsimála, en frelsi og réttaröryggi almennt nýtur þar ekki verndar. 66. gr. verndar ekki einkalíf manna yfirleitt, heldur takmarkast við ákveðna þætti þess.

Ég vísa einnig til þess að Ísland er aðili þýðingarmikilla alþjóðasamninga um mannréttindi. Ég nefni hér Evrópuráðssamninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis (Mannréttindasáttmála Evrópu) frá 4. nóvember 1950, ásamt síðari viðaukum, alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi (Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna) frá 16. desember 1966, Félagsmálasáttmála Evrópu frá 18. október 1961 og alþjóðasamning (Sameinuðu þjóðanna) um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi frá 16. desember 1966. Aðstaðan er hér sú að íslensk lög ganga a.m.k. að ýmsu leyti skemmra í vernd mannréttinda en þessir sáttmálar. Getur þetta valdið vanda í lagaframkvæmd hér á landi og jafnframt orðið til þess að íslenska ríkið verði dregið til ábyrgð-

ar fyrir þeim alþjóðastofnunum sem ætlað er að framfylgja nefndum mannréttindasamningum.

Úrbætur í ofangreindu efni virðast mér einkum geta orðið með tvennum hætti. Fyrst er að nefna endurskoðun mannréttindaákvæða íslensku stjórnarskrárinnar. Legg ég áherslu á að endurskoðun stjórnarskrárinnar er brýn einnig af öðrum ástæðum sem ég rek ekki frekar að þessu sinni. Skoðun mín er sú að setning nýrrar stjórnarskrár hafi dregist úr hófi, að frátöldum breytingum er varða kosningar til Alþingis.

Ég tel einnig að mjög kæmi til greina að umræddir mannréttindasáttmálar eða hlutar þeirra verði teknir í íslensk lög. Þar rísa að vísu ýmis álitamál er að sumu leyti tengjast annarri viðtækari spurningu um það hvernig háttað sé tengslum íslensks réttar og alþjóðasamninga, sem Ísland er aðili að, og hvaða stefnu beri að móta á því sviði. Vísa ég um það nánar til meðfylgjandi greinargerðar Stefáns Más Stefánssonar prófessors sem hann hefur samið á vegum embættis míns.

Á árinu 1989 verður víða minnst merks áfanga í sögu mannréttinda. Að mínum dómi ætti vel við að ríkisstjórn og Alþingi mörkuðu á því ári þáttaskil að því er varðar vernd mannréttinda hér á landi.

Virðingarfyllst,
Gaukur Jörundsson.

Ed. 71. Frumvarp til laga [69. mál]

um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum. Sérstaklega skal bæta stöðu kvenna til að ná því markmiði.

2. gr.

Konum og körlum skulu með stjórnvaldsaðgerðum tryggðir jafnir möguleikar til atvinnu, launa og menntunar.

3. gr.

Hvers kyns mismunun eftir kynferði er óheimil. Þó teljast sérstakar tímabundnar aðgerðir, sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna, ekki ganga gegn lögum þessum. Það telst ekki mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar eða barnsburðar.

II. KAFLI
Atvinna.

4. gr.

Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Með launum í lögum þessum er átt við venjulegt grunn- eða lágmarkskaup og hvers konar frekari þóknun, beina eða óbeina, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða með öðrum hætti, sem atvinnurekandi greiðir starfsmanni fyrir vinnu hans.

Með jöfnum launum karla og kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf er í lögum þessum átt við launataxta sem samið er um án þess að gerður sé greinarmunur á kynjum.

Með kjörum í lögum þessum er átt við lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hvers konar önnur samningsréttindi.

5. gr.

Atvinnurekendur og stéttarfélög skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf.

6. gr.

Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði og gildir það m.a. um:

1. Laun, launatengd fríðindi og hvers konar aðra þóknun fyrir vinnu.
2. Ráðningu, setningu eða skipun í starf.
3. Stöðuhækkun og stöðubreytingar.
4. Uppsögn úr starfi.
5. Vinnuaðstæður og vinnuskilyrði.
6. Veitingu hvers konar hlunninda.

Ef einhver telur rétt á sér brotinn samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og vísar máli sínu til kærunefndar jafnréttismála, sbr. 19. gr., skal atvinnurekandi sýna kærunefnd fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans.

7. gr.

Starf, sem laust er, skal standa opið jafnt konum sem körlum.

Óheimilt er að auglýsa eða birta auglýsingu um laust starf þar sem gefið er í skyn að fremur sé óskað starfsmanns af öðru kyninu en hinu.

Ákvæði þessarar greinar gildir ekki ef tilgangur auglýsandans er að stuðla að jafnari kynjaskiptingu innan starfsgreinarinnar og skal það þá koma fram í auglýsingunni.

8. gr.

Nú er umsækjandi um auglýst starf kona en það hefur verið veitt karlmanni og skal þá kærunefnd jafnréttismála, sé þess óskað, fara fram á það við hlutaðeigandi atvinnurekanda að hann veiti nefndinni skriflegar upplýsingar um hvaða menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika umfram konuna sá hefur til að bera er ráðinn var í starfið.

Sama rétt skal karlmaður, sem er umsækjandi um starf, hafa ef konu er veitt starfið.

9. gr.

Konur og karlar skulu njóta sömu möguleika til framhaldsmenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið er haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings annarra starfa.

III. KAFLI
Menntun.

10. gr.

Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum skal kynjum ekki mismunað. Skylt skal að gæta þessa í námi og kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur. Á öllum skólastigum skal veita fræðslu um jafnréttismál, m.a. með því að leggja áherslu á að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi. Gæta skal þess sérstaklega að kennslutæki og kennslubækur séu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skal leitast við að kynna bæði piltum og stúlkum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf.

Menntamálaráðuneytið ber ábyrgð á framkvæmd þessarar greinar í samráði við Jafnréttisráð. Ráðuneytið skal fylgjast með þróun jafnréttismála í skóla- og uppeldisstarfi, m.a. með reglubundnum rannsóknum.

IV. KAFLI
Önnur svið.

11. gr.

Auglýsandi og sá, sem hannar eða birtir auglýsingu, skal sjá til þess að auglýsingin sé öðru kyninu ekki til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt.

12. gr.

Í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka skulu, þar sem því verður við komið, sitja sem næst jafnmargar konur og karlar og skal ávallt á það minnt þegar óskað er tilnefningar í hlutaðeigandi stjórnir, nefndir og ráð.

13. gr.

Í sveitarfélögum með yfir 500 íbúa og annars staðar, þar sem því verður við komið, skal skipa jafnréttisnefndir og skulu þær hafa með höndum jafnréttismál innan síns sveitarfélags samkvæmt lögum þessum. Skulu nefndirnar fylgjast með og hafa frumkvæði að aðgerðum til að bæta stöðu kvenna í sveitarfélaginu, taka við ábendingum vegna brota á lögum þessum og vera tengiliður við ráðuneyti og Jafnréttisráð. Enn fremur skulu nefndirnar vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórn í málefnum er varða jafnrétti kvenna og karla.

V. KAFLI
Framkvæmd laganna.

14. gr.

Félagsmálaráðherra fer með jafnréttismál kvenna og karla.

15. gr.

Eftir hverjar kosningar til Alþingis skal skipa sjö manna Jafnréttisráð. Félagsmála-

ráðherra skipar formann án tilnefningar, einn nefndarmann tilnefndan af Vinnuveitendasambandi Íslands, einn tilnefndan af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndan af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn tilnefndan af Kvenréttindafélagi Íslands og einn nefndarmann tilnefndan af Kvenfélagasambandi Íslands. Varamenn þeirra eru tilnefndir á sama hátt. Jafnframt skal skipa formann kærunefndar jafnréttismála í ráðið, sbr. 19. gr., og er varaformaður kærunefndar varamaður hans.

Jafnréttisráð hefur skrifstofu og ræður framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn. Einn starfsmanna skal hafa lokið embættisprófi í lögum og skal hann annast lögfræðiráðgjöf og önnur lögfræðistörf á vegum Jafnréttisráðs vegna ætlaðra brota á lögum þessum.

Kostnaður við Jafnréttisráð greiðist úr ríkissjóði.

16. gr.

Verkefni Jafnréttisráðs eru að:

1. Vinna að því að ákvæðum 2.–13. gr. laga þessara sé framfylgt.
2. Móta stefnu í jafnréttismálum hér á landi og hafa frumkvæði að aðgerðum til að bæta stöðu kvenna. Skal ráðið vinna stefnumarkandi áætlun til fjögurra ára í senn og leggja fyrir félagsmálaráðherra. Þar skal kveðið á um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna. Áætlunina skal endurskoða á tveggja ára fresti, sbr. 17. gr.
3. Vera ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum er varða jafna stöðu og jafnrétti með konum og körlum.
4. Sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi til félagasamtaka og almennings.
5. Fylgjast með þjóðfélagsþróuninni sem m.a. varðar þetta lagaefni og gera tillögur til breytinga til samræmis við tilgang laganna.
6. Stuðla að góðri samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks og önnur félagasamtök svo að stefnu og markmiði þessara laga verði náð með sem eðlilegustum hætti.
7. Taka til rannsóknar að eigin frumkvæði eða annarra stöðu kvenna og karla að því leyti er lög þessi varðar. Opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum er skylt að veita Jafnréttisráði hvers konar upplýsingar hér að lútandi.
8. Hafa samvinnu við jafnréttisnefndir sveitarfélaga.
9. Fjalla um önnur mál sem ráðherra eða framkvæmdastjóri leggur fyrir ráðið.
10. Halda jafnréttisþing á a.m.k. þriggja ára fresti.

17. gr.

Félagsmálaráðherra leggur fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum einstakra ráðuneyta og Jafnréttisráðs. Í áætluninni komi fram sundurliðuð framkvæmdaáform og áætlaðar fjárveitingar til einstakra verkefna sem tengjast jafnréttismálum. Áætlun þessa skal endurskoða á tveggja ára fresti og í tengslum við það leggur félagsmálaráðherra fram á Alþingi skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála.

18. gr.

Félagsmálaráðuneytinu er heimilt að ráða jafnréttisráðgjafa sem vinna í samvinnu við Jafnréttisráð að leiðréttingu á stöðu kvenna, m.a. í stofnunum og fyrirtækjum um allt land í samvinnu við starfsmenn og stjórnendur.

19. gr.

Félagsmálaráðherra skipar kærunefnd jafnréttismála til þriggja ára í senn. Hæstiréttur tilnefnir formann nefndarinnar sem skal vera lögfræðingur, Kvenréttindafélag Íslands tilnefnir einn og félagsmálaráðherra skipar einn án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ef kæruefni varðar vinnumarkað skulu fulltrúi heildarsamtaka hlutaðeigandi starfsmanns og fulltrúi samtaka atvinnurekenda hlutaðeigandi launagreiðanda taka sæti í kærunefnd.

Verkefni kærunefndar eru að taka við ábendingum um brot á ákvæðum þessara laga og rannsaka mál af því tilefni og senda að rannsókn lokinni niðurstöður til þeirra aðila sem málið snertir. Atvinnurekendum, opinberum stofnunum, félagasamtökum og öðrum þeim, er upplýst geta málið, er skylt að veita kærunefnd hvers konar upplýsingar hér að lútandi. Kærunefnd skal enn fremur í sérstökum tilvikum hafa frumkvæði um ábendingar varðandi framkvæmd ákvæða 2.–13. gr., sbr. þó 1. tölul. 16. gr. um hlutverk Jafnréttisráðs.

Skrifstofa kærunefndar jafnréttismála er jafnframt skrifstofa Jafnréttisráðs.

20. gr.

Nú telur kærunefnd jafnréttismála að ákvæði 2.–13. gr. laga þessara séu brotin og skal hún þá beina rökstuddum tilmælum um úrbætur til hlutaðeigandi aðila.

VI. KAFLI
Viðurlög og réttarfar.

21. gr.

Fallist aðili ekki á tilmæli kærunefndar jafnréttismála skv. 20. gr. er nefndinni heimilt að höfða mál til viðurkenningar á rétti kæranda í samráði við hann. Gildir það einnig þótt ekki sé um skaðabótakröfu að ræða.

22. gr.

Sá sem af ásettu ráði eða gáleysi brýtur gegn lögum þessum er skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum. Enn fremur má dæma hlutaðeigandi til að greiða þeim sem misgert er við, auk bóta fyrir fjártjón ef því er að skipta, fégjald fyrir hneisu, óþægindi og röskun á stöðu og högum.

VII. KAFLI
Önnur ákvæði.

23. gr.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga í reglugerð að fengnum tillögum Jafnréttisráðs.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi lög nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara fellur niður skipun núverandi Jafnréttisráðs.

Skipa skal Jafnréttisráð, sbr. ákvæði 15. gr., og gildir skipunin þar til nýtt Jafnréttisráð hefur verið skipað að loknum næstu alþingiskosningum.

Skipuð skal kærunefnd jafnréttismála til þriggja ára.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er lagt fyrir Alþingi, byggir að stofni til á tillögum nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði 24. maí 1988, sem ætlað var að endurskoða lög um jafnan rétt og jafna stöðu karla og kvenna, nr. 65/1985. Var nefndin skipuð í framhaldi af könnun sem gerð var á stöðu kvenna í starfi hjá ríkinu þar sem fram kom verulegur launamunur milli kynja í störfum hjá hinu opinbera, svo og verulegur munur á hlunnindagreiðslum karla og kvenna. Í upphaflegu skipunarbréfi nefndarinnar var tekið fram að „ ... athugað verði hvernig draga megi úr launamisrétti karla og kvenna, jafna hlunnindagreiðslur og auka hlutdeild kvenna í nefndum og ráðum. Meðal annars verði höfð hliðsjón af skýrslu nefndar sem ætlað var að stuðla að auknu launajafnrétti karla og kvenna í störfum hjá hinu opinbera ...“

Í nefndina voru upphaflega skipaðar Jóna Ósk Guðjónsdóttir, formaður Sambands alþýðuflokkskvenna, Þórunn Gestsdóttir, formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna, og Unnur Stefánsdóttir, formaður Landssambands framsóknarkvenna, auk Láru V. Júlíusdóttur, þáverandi aðstoðarmanns félagsmálaráðherra, sem jafnframt var skipuð formaður nefndarinnar. Ritari nefndarinnar var skipuð Elsa Þorkelsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs. Þær breytingar urðu á skipan nefndarinnar í nóvember 1988 að í hópinn bættust þingmennirnir Hjörleifur Guttormsson, Kristín Einarsdóttir og Guðmundur Ágústsson.

Nefndin hélt 24 fundi og kallaði á sinn fund Vilborgu Harðardóttur sem var formaður nefndar sem skipuð var til að endurskoða jafnréttislög árið 1983, Ásdísi J. Rafnar, formann Jafnréttisráðs, Sigríði Jónsdóttur, Sólrúnu Jensdóttur og Guðrúnu Ágústsdóttur úr menntamálaráðuneytinu, Valgerði Bjarnadóttur, verkefnisstýru „Brjótum múrana á Akureyri“, svo og lögmennina Guðnýju Björnsdóttur og Skarphéðin Þórisson. Nefndin aflaði gagna víða að sem hún studdist við í störfum sínum. Nefndin fékk það verkefni í júlí 1988 að yfirfara drög að norrænni jafnréttisáætlun til fjögurra ára sem nú er unnið eftir á vegum norrænu ráðherranefndarinnar og skilaði ráðherra tillögum sínum að breytingum á þeirri áætlun.

Þegar nefndin lauk störfum í apríl 1989 lagði félagsmálaráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Frumvarpið náði ekki fram að ganga en var sent um sumarið til umsagnar fjölmargra aðila. Nefndin var síðan kölluð saman á nýjan leik í september 1989 og falið að fara yfir umsagnir og koma með tillögur um úrbætur. Nefndin hélt fimm fundi og gerði nokkrar breytingar á upphaflega frumvarpinu með hliðsjón af þeim athugasemdum sem fram höfðu komið. Þannig breytt var frumvarpið endurflutt á vorþinginu 1990. Frumvarpið náði heldur ekki fram að ganga í það skiptið en var sent félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis til umfjöllunar. Félagsmálanefndin varð sammála um að gera nokkrar breytingar sem teknar hafa verið upp í þessari gerð frumvarpsins og nánar verður komið að síðar.

Meðal helstu breytinga, sem nefndin, sem skipuð var árið 1988, lagði til að gerðar verði á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá 1985, voru eftirfarandi:

„1. Breytt hlutverk Jafnréttisráðs. Lagt er til að aðgreint verði það tvíhliða hlutverk

sem Jafnréttisráð hefur nú, annars vegar að fjalla um kærur vegna brota á lögunum og hins vegar að vera stefnumótandi í jafnréttismálum. Tillaga er gerð um að skipuð verði sérstök kærunefnd jafnréttismála sem eingöngu hafi það hlutverk að fjalla um kærur sem berast nefndinni og fylgja þeim eftir fyrir dómstólum. Jafnréttisráð mundi þannig áfram gegna öðrum verkefnum sínum, svo sem að vera stefnumótandi í jafnréttismálum, sinna rannsóknarskyldu, fræðslu o.fl. Nefndin leggur til breytta skipan Jafnréttisráðs. Gert er ráð fyrir að ráðið verði tengdara stjórnmálaflokkunum en nú er. Jafnframt er lagt til að fjölmennustu samtök á vinnumarkaði og kvennasamtök tilnefni í ráðið eins og verið hefur. Margar tillögur komu fram í nefndinni um skipan ráðsins, en nefndin sættist á þá tilhögun sem hér er lögð til. Jafnframt er lagt til að ráðgjafarnefnd Jafnréttisráðs verði lögð niður þar eð verkefni hennar færast yfir á Jafnréttisráð.

2. Úrbætur á réttarfarskafla. Nefndin leggur til nokkrar breytingar á réttarfarsákvæðum laganna. Meginbreytingin felst í því að leggja til að lögfest verði skýrari heimild en nú er til að dæma miskabætur vegna brota á lögunum. Enn fremur verði felld brott skylda dómara til að kveðja til meðdómendur í málum sem fjalla um lögin.

3. Sönnunarreglum breytt. Þar sem fjallað var um bann við mismunun starfsfólks eftir kynferði var lagt til að atvinnurekanda skyldi skylt að sýna fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ráðningu. Þetta þýðir að sýni kærunefnd t.d. fram á að við stöðuveitingu hafi verið gengið fram hjá einstaklingi sem hefur meiri menntun en sá sem ráðinn hefur verið í starfið verði atvinnurekandi að sanna að þar hafi kynferði ekki ráðið. Reynslan hefur sýnt að til að lögin þjóni tilgangi sínum sé regla sem þessi nauðsynleg.

4. Skýrari ákvæði en í gildandi lögum um skipan jafnréttismála í stjórnkerfinu. Kveðið er á um að jafnréttismál heyri undir félagsmálaráðuneyti.

5. Framkvæmdaáætlanir. Markaður verði skýrari farvegur fyrir áætlanagerðir í jafnréttismálum, m.a. með því að Alþingi móti um þau stefnu til fjögurra ára í senn með samþykkt þingsályktunar. Inn í þessa áætlun verði felldar tillögur frá einstökum ráðuneytum og ríkisstofnunum.

6. Stöðuveitingar. Lagt er til að við ráðningu í starf skuli það kynið, sem er í minni hluta í starfsgrein, ganga fyrir uppfylli umsækjandi tilskildar kröfur til starfsins. Þetta á að gilda bæði hjá hinu opinbera og á almennum vinnumarkaði.

7. Tilnefningar í nefndir, stjórnir og ráð. Lagt var til að lögfest verði ákveðin leið til að jafna hlut kynja í nefndum, stjórnum og ráðum. Þannig verði tryggt að hlutur kvenna aukist frá því sem nú er því að núgildandi ákvæði hefur skilað takmörkuðum árangri. Nefndin telur mikilvægt að Jafnréttisráð fylgist náið með framvindu þessa ákvæðis.

8. Jafnréttisráðgjafar. Ráðning sérstakra jafnréttisráðgjafa er meðal þeirra nýmæla sem nefndin lagði til. Með því er tekið undir hugmyndir um þetta efni sem fram hafa komið á Alþingi.

9. Menntun. Nefndin leggur til að ákvæði laga nr. 65/1985 um menntun verði gert markvissara en nú er.

10. Jafnréttisnefndir sveitarfélaga. Lagt er til að sveitarfélögum með 500 íbúum eða fleiri verði gert skylt að skipa jafnréttisnefndir. Það er mat nefndarinnar að mikilvægt sé að vinna að jafnréttismálum kvenna og karla sem víðast og að sveitarfélög, sem fara með ákveðinn þátt framkvæmdarvaldsins, gegni þar mikilvægu hlutverki."

Endurskoðunarnefndin lagði áherslu á að reglugerð skv. 24. gr. frumvarpsins, sem er 23. gr. í þessu frumvarpi, verði ítarleg og útgáfa hennar dragist ekki. Sérstaklega verði

þörf á skýringum við 3. gr. laganna sem er óbreytt í frumvarpinu þar sem fjallað er um séraðgerðir í þágu kvenna, 4. gr. laganna, sem einnig er óbreytt í frumvarpinu, um hvað átt sé við með „jöfnum launum karla og kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf", svo og útfærslu á 19. gr. frumvarpsins um jafnréttisráðgjafa. Enn fremur leggur nefndin áherslu á það við ráðherra að hann beiti sér fyrir því að ákvæði um jafnrétti karla og kvenna komi sem víðast inn í aðra stefnumarkandi löggjöf, svo sem grunnskólalög, lög um framhaldsskóla, lög um forskóla, útvarpslög o.fl.

Í athugasemdum Jafnréttisráðs við frumvarpið, sem lagt var fram á vorþinginu 1990, var lagt til að sett yrði á stofn embætti umboðsmanns jafnréttismála. Hugmyndir svipaðs eðlis höfðu komið fram í endurskoðunarnefndinni og verið ræddar. Nefndin tók almennt jákvætt í hugmyndina um sérstakan umboðsmann jafnréttismála, svo sem er í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, og taldi frekari samræmingu á lagareglum þessara landa styrkja stöðu jafnréttismála á Norðurlöndum. Sumir nefndarmanna töldu þó ekki að svo stöddu tímabært að leggja til skipun sérstaks umboðsmanns jafnréttismála og gerði nefndin því ekki tillögu þar um.

Það var hlutverk nefndarinnar að endurskoða lög um jafnan rétt og jafna stöðu frá 1985. Þar sem breytingartillögur nefndarinnar eru nokkuð viðamiklar og snerta margar greinar laganna frá 1985 valdi nefndin þá leið að semja frumvarp til nýrra laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Eins og áður sagði var frumvarpið lagt öðru sinni fyrir Alþingi vorið 1990 og var vísað til meðferðar félagsmálanefndar neðri deildar. Í nefndinni náðist samstaða um að gera eftirfarandi breytingar:

1. Félagsmálanefnd var sammála um að tekin skuli af öll tvímæli um að í þeim tilvikum, sem einhver telur rétt á sér brotinn skv. 6. gr., þá skuli atvinnurekandi sýna kærunefnd jafnréttismála fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans. Í þessari breytingu félagsmálanefndar felst að öfug sönnunarbyrði skuli einungis gilda fyrir kærunefnd en ekki í dómsmálum um jafnstöðumál.

2. Nefndin leggur til að 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins falli brott. Sú málsgrein kvað á um að við ráðningu í starf skuli það kynið, sem er í minni hluta í starfsgrein, ganga fyrir uppfylli umsækjandi tilskildar kröfur til starfsins.

3. Félagsmálanefnd samþykkti breytingar á 12. gr. frumvarpsins. Veigamesta breytingin er að fella niður skyldu að nefna bæði karl og konu þegar tilnefnt er í nefndir, stjórnir og ráð á vegum ríkis og sveitarfélaga. Í þess stað er látið nægja að minna á að sem næst jafnmargar konur og karlar skuli sitja í nefndum og ráðum.

4. Nefndin féllst ekki á tillögur endurskoðunarnefndarinnar um breytta skipan Jafnréttisráðs, sbr. 15. gr. frumvarpsins. Félagsmálanefnd leggur til að fækkað verði í ráðinu og fellt brott ákvæði um setu fulltrúa tilnefndra af þingflokkunum. Hins vegar er lagt til að formaður kærunefndar jafnréttismála eigi sæti í nefndinni.

5. Félagsmálanefnd neðri deildar samþykkti breytingu á 16.gr. um verkefni Jafnréttisráðs. Samkvæmt breytingunni skal ráðið halda jafnréttisþing á a.m.k. þriggja ára fresti. Nefndin gerir ráð fyrir að ráðherra setji nánari ákvæði í reglugerð um skipulag og hlutverk þingsins. Félagsmálanefnd tekur þó fram í áliti sínu að eðlilegt sé að verkefni slíks þings sé ráðgjafar- og umsagnarstörf á sviði jafnréttismála fyrir Jafnréttisráð, ekki síst vegna aðildar ráðsins að mótun jafnréttisáælunar. Um leið gæti þingið orðið vettvangur almennra umræðna um jafnréttismál og uppspretta og farvegur nýrra hugmynda um þau mál. Nefndin telur jafnframt eðlilegt að aðild að þinginu eigi, auk Jafnréttisráðs, full-

trúar jafnréttisnefnda, stjórnmálaflokka og fulltrúar félagasamtaka er láta sig jafnréttismál varða.

6. Nefndin leggur til að 23. gr. frumvarpsins, sem fjallaði um viðurlög við brotum á lögunum, falli brott enda sé hún úr takt við önnur ákvæði VI. kafla frumvarpsins um viðurlög og réttarfar.

Með bréfi, dags. 29. maí 1990, óskaði félagsmálaráðuneytið eftir umsögn Jafnréttisráðs um frumvarpið til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla eins og það lá fyrir eftir samþykkt neðri deildar Alþingis. Í umsögn Jafnréttisráð kemur fram að ráðið telur miður að mörg ákvæði upphaflega frumvarpsins hafi verið felld niður í meðförum Alþingis, t.d. tillaga um að lögfesta svonefnda tilnefningarleið þegar tilnefnt er í stjórnir, nefndir og ráð. Jafnframt lýsir ráðið yfir furðu sinni með það að ekki skuli vera samstaða meðal þingmanna um að lögfesta reglur um sönnunarbyrði í jafnréttismálum sem taki til meðferðar þeirra mála bæði á stjórnsýslustigi og fyrir dómsstólum. Jafnréttisráð vekur athygli á því að þetta gerist á sama tíma og verið sé að yfirfara íslensk lög og reglugerðir með tilliti til reglna Evrópubandalagsins. Ráðið telur hins vegar að frumvarpið eins og það liggi fyrir eftir afgreiðslu félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis sé spor í rétta átt. Í frumvarpinu sé gert ráð fyrir að lögfesta nýtt fyrirkomulag á framkvæmdaáætlunum hins opinbera og gert sé ráð fyrir skýrri lagaheimild til að dæma bætur. Enn fremur er lagt til að sérstakri nefnd verði falin meðferð kærumála, svo að nokkur dæmi séu tekin um nýmæli frá núgildandi lögum.

Eins og þessar tillögur liggja nú fyrir er kostnaður við breytinguna sjálfa ekki mikill. Aukinn kostnaður felst einkum í fjölgun starfsmanna með tilkomu jafnréttisráðgjafa, fjölgun fulltrúa í Jafnréttisráði og kærunefnd jafnréttismála. Að öðru leyti er það í raun háð pólitísku mati hverju sinni hversu miklu fé skal verja til að framfylgja lögunum, t.d. aðgerðum tengdum 3. gr. laganna. Engin sjálfvirkni felst í breytingunum sem slíkum. Ljóst má þó vera að ef vilji er til að þoka jafnréttismálum í rétta átt þarf töluvert aukið fjármagn til þessa málaflokks frá því sem nú er.

Félagsmálaráðuneytið hefur tekið til athugunar þær breytingar sem samstaða náðist um á Alþingi að gera á fyrra frumvarpi. Í því skyni að skapa sem breiðasta samstöðu um það málefni sem hér um ræðir hefur verið ákveðið að endurflytja frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla með þeim breytingum sem samþykktar voru af neðri deild Alþingis sl. vor.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Tilgangur laganna er að bæta stöðu kvenna í því skyni að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum.

Um 2. gr.

Hér er lögð til sú breyting á 2. gr. núgildandi laga að orðinu launa er bætt við. Er þetta liður í því að stjórnvöld beiti sér frekar en nú er til að draga úr því launamisrétti sem er milli karla og kvenna og að leitast verði við að tryggja möguleika fólks til launa óháð kyni.

Um 3. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að í lögin komi skilgreining á því hvað átt sé við með hugtakinu „laun". Eins og lögin eru nú er aðeins skilgreint hvað átt sé við með jöfnum launum karla og kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf, og hvað sé átt við með kjörum. Nauðsynlegt er að í reglugerð verði skýrt nánar hvað felist í orðunum „jafnverðmæt og sambærileg störf". Einn mikilvægasti þátturinn í slíkri skilgreiningu þarf að vera að uppeldis-, umönnunar- og önnur hefðbundin kvennastörf verði metin til jafns við hefðbundin karlastörf.

Um 5. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að lagt er til að stéttarfélög skuli ásamt atvinnurekendum vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Ábending þessa efnis kom frá jafnréttisnefnd BSRB.

Um 6. gr.

Í fyrri gerðum frumvarpsins voru lagðar til nokkrar breytingar á greininni. Annars vegar var lagt til að í 2. tölul., þar sem fjallað er um ráðningu, setningu eða skipun í starf, bættist tilvitnun í 1. mgr. 8. gr. Í þeirri grein var að finna þá reglu að það kyn, sem er í minni hluta í starfsgrein, gangi fyrir í starf. Hins vegar var lagt til að atvinnurekandi sýni fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ráðningu ef einhver telur rétt á sér brotinn samkvæmt þessu ákvæði. Ákvæði svipaðs eðlis er að finna í sænskum og finnskum jafnréttislögum. Enn fremur er þetta mjög í anda þeirra tilmæla sem Evrópubandalagið hefur sent aðildarlöndum sínum.

Í meðförum Alþingis var samþykkt að breyta eldri gerð frumvarpsins þannig að tilvitnunin í 1. mgr. 8. gr. var felld brott. Enn fremur var samþykkt að breyta 2. mgr. þannig að teldi einhver rétt á sér brotinn samkvæmt ákvæðum greinarinnar og vísaði máli sínu til kærunefndar jafnréttismála, sbr. 19. gr., skuli atvinnurekandi sýna kærunefnd fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans.

Um 7. gr.

Greinin er óbreytt frá 6. gr. gildandi laga.

Um 8. gr.

Áður er komið fram að með nýju ákvæði í 1. mgr. 8. gr. var leitast við að draga úr einhæfu starfsvali og veita því kyninu, sem lítið hefur fengist við starfið, frekari forgang en er í gildandi lögum. Flest kærumál, sem berast Jafnréttisráði, tengjast stöðuveitingum. Þar hafa konur talið rétt á sér brotinn þegar karlar hafa verið ráðnir í störf. Erfitt hefur reynst að beita ákvæðum laga nr. 65/1985, eins og þau eru nú, til að stuðla að bættri stöðu kvenna í þessu sambandi og því var lögð til framangreind breyting. Í meðförum Alþingis var 1. mgr. felld brott.

Greinin er því óbreytt frá 7. gr. gildandi laga.

Um 9. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að kveðið verði fastar að orði varðandi menntun. Markmiðið hlýtur að vera að ná jafnrétti í öllu skólastarfi. Enn fremur er talið brýnt að ákvæði þess efnis verði sett inn í einstök sérlög þannig að sem víðast sé minnt á það takmark að ná hér jafnrétti kvenna og karla.

Um 11. gr.

Greinin er samhljóða 11. gr. gildandi laga.

Um 12. gr.

Þrátt fyrir aukna menntun kvenna og þátttöku í atvinnulífinu sýna kannanir að konur eiga lítinn þátt í ákvörðunum í þjóðfélaginu, t.d. voru konur aðeins 11% þeirra sem sátu í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkisins árið 1987. Með ákvæði í eldri gerð frumvarpsins var leitast við að breyta hlutfallinu í stjórnum, nefndum og ráðum með því að sá sem skipar fulltrúa fái tilnefningar bæði um karl og konu og ber þá þeim sem skipar að velja sem jafnast hlutfall kynjanna í samræmi við ákvæði greinarinnar. Í þessu sambandi var lagt til að lögfest yrði svipuð leið og Danir hafa valið. Jafnframt er lögð áhersla á að Jafnréttisráð fylgist náið með árangri af ákvæði þessu á komandi árum. Ekki náðist samkomulag á Alþingi um þessa leið. Í efri deild var samþykkt að bæta við fyrri málsgrein: „og skal á það minnt þegar óskað er tilnefningar í hlutaðeigandi stjórnir, nefndir og ráð". Enn fremur samþykkti nefndin að fella brott síðari málsgrein. Greinin er því lítið breytt frá núgildandi lögum með þeirri undantekningu sem felst í breytingunni á fyrri málsgrein.

Um 13. gr.

Rétt þykir að hafa í lögum þessum ákvæði um jafnréttisnefndir í sveitarfélögum. Nokkuð hefur fækkað þeim jafnréttisnefndum sem skipaðar voru á vegum sveitarfélaganna í kjölfar kvennaársins 1975. Lagt er til að jafnréttisnefndir skuli skipaðar í sveitarfélögum þar sem íbúatalan fer yfir 500 manns og annars staðar þar sem hægt verður að koma við starfsemi jafnréttisnefnda. Enn fremur er tekið fram í hverju störf nefndanna skuli fólgin. Þar er sérstaklega tekið fram að þær skuli hafa frumkvæði að aðgerðum til að bæta stöðu kvenna í sveitarfélaginu og er þetta í samræmi við þann tilgang sem kemur fram í frumvarpinu að sérstaklega skuli bæta stöðu kvenna.

Um 14. gr.

Nauðsynlegt er að kveða skýrt á um það í lögum undir hvaða ráðherra jafnréttismál heyra.

Um 15. gr.

Í fyrri gerðum frumvarpsins var lagt til að auk tilnefninga frá VSÍ, ASÍ, BSRB, KRFÍ og KÍ tilnefni þingflokkar á Alþingi fulltrúa til setu í Jafnréttisráði. Markmiðið var að skapa beinni tengsl á milli hinnar eiginlegu stjórnmálaumræðu og jafnréttisumræðunnar. Enn fremur var markmiðið að auka áhrif stjórnmálaflokka á stefnumótun og störf Jafnréttisráðs. Ekki náðist samstaða á Alþingi um þessa breytingu. Hins vegar er gert ráð fyr-

ir að formaður kærunefndar Jafnréttisráðs, sbr. 19. gr., verði skipaður í ráðið. Að öðru leyti er skipan ráðsins óbreytt frá núgildandi lögum.

Lagt er til að Jafnréttisráð verði skipað eftir hverjar kosningar til Alþingis í stað tveggja ára eins og nú er. Tilgangur þessa er tvíþættur. Annars vegar hafa ör skipti fulltrúa í ráðinu á undanförnum árum leitt til þess að erfitt hefur reynst að ná upp virku starfi innan ráðsins. Með lengri skipunartíma er leitast við að sníða af þennan annmarka. Hins vegar nást beinni tengsl milli stjórnvalda og ráðsins hverju sinni þar sem nýtt ráð er skipað eftir hverjar kosningar til Alþingis.

Gert er ráð fyrir að formaður Jafnréttisráðs sé skipaður af félagsmálaráðherra í stað Hæstaréttar eins og er samkvæmt gildandi lögum. Þar sem frumvarp gerir ráð fyrir breytingu á starfssviði Jafnréttisráðs frá því að vera bæði stefnumarkandi og að fjalla um kærumál vegna laganna í að vera fyrst og fremst sá aðili sem mótar stefnu í jafnréttismálum og fylgir henni eftir í störfum sínum er eðlilegt að tryggja betur tengslin milli ráðherra jafnréttismála og Jafnréttisráðs.

2. og 3. mgr. frumvarpsins eru óbreyttar frá 3. og 4. mgr. 13. gr. gildandi laga.

Um 16. gr.

Þar sem Jafnréttisráði er ætlað breytt hlutverk frá gildandi lögum er verkefnisgrein ráðsins að nokkru leyti breytt. Annars vegar er kveðið á um það í 2. tölul. greinarinnar að endurskoða eigi stefnumarkandi áætlun ráðsins á tveggja ára fresti. Hins vegar er lagt til að 8. tölul. 15. gr. gildandi laga, sem fjallar um ábendingar við brotum, verði felldur undir verksvið kærunefndar jafnréttismála.

Auk framangreindra verkefna samþykkti félagsmálan. neðri deildar Alþingis nokkrar aðrar breytingar á verkefnum Jafnréttisráðs eins og þeim var lýst í fyrri gerðum frumvarpsins. Neðri deild samþykkti að í 7. tölul. skuli kveðið á um það verkefni ráðsins að taka til rannsóknar að eigin frumkvæði eða annarra stöðu kvenna og karla. Einnig samþykkti deildin að bæta nýjum tölul við greinina þar sem kveðið sé um að halda skuli jafnréttisþing á a. m.k. þriggja ára fresti. Vísað er til umfjöllunar um jafnréttisþingin í inngangi þessara athugasemda. Neðri deild Alþingis samþykkti einnig að gera smærri orðalagsbreytingar á greininni.

Um 17. gr.

Hér er lagt til að félagsmálaráðherra leggi fyrir Alþingi þingsályktunartillögu um sérstaka áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn. Áætlun Jafnréttisráðs, sbr. 2. tölul. 16. gr., og áætlanir einstakra ráðuneyta og stofnana í jafnréttismálum yrðu felldar inn í þessa heildaráætlun. Lagt er til að áætlun þessi verði endurskoðuð á tveggja ára fresti.

Um 18. gr.

Lagt er til að félagsmálaráðuneytið ráði jafnréttisráðgjafa og starfi þeir í samvinnu við Jafnréttisráð. Verkefni þeirra verði að vinna að leiðréttingu á stöðu kvenna. Ekki er tekið fram í greininni hve margir þeir skuli vera en eðlilegt þykir að störf þeirra beinist einkum að landsbyggðinni og að þeir starfi í hverju kjördæmi. Nauðsynlegt er að með reglugerð verði nánar kveðið á um aðsetur og starfsemi jafnréttisráðgjafa.

Um 19. gr.

Hér er gerð tillaga um að félagsmálaráðherra skipi sérstaka nefnd, kærunefnd jafn-

réttismála. Formaður nefndarinnar verði tilnefndur af Hæstarétti og sé löglærður. Einn nefndarmaður sé tilnefndur af Kvenréttindafélagi Íslands og einn án tilnefningar. Varði kæruefni vinnumarkað er lagt til að fulltrúar viðkomandi heildarsamtaka taki sæti í nefndinni.

Hlutverk nefndarinnar er að hafa almennt eftirlit ásamt Jafnréttisráði með því að ákvæðum laganna sé framfylgt og að taka við ábendingum um brot á lögunum. Gerð er tillaga um að lögfest verði upplýsingaskylda atvinnurekenda, opinberra stofnana og félagasamtaka við kærunefnd jafnréttismála. Vegna mikillar fjölgunar kærumála fyrir Jafnréttisráði þykir rétt að leggja til að sérstök nefnd hafi þetta hlutverk. Jafnréttisráð mun áfram gegna því hlutverki sínu að vinna að jafnrétti kvenna og karla, sbr. nánar 16. gr. frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir að kærunefnd hafi starfsaðstöðu á skrifstofu Jafnréttisráðs.

Um 20. gr.

Kærunefnd jafnréttismála kemur í stað Jafnréttisráðs, sbr. 16. gr. gildandi laga.

Um 21. gr.

Greinin er óbreytt frá 17. gr. gildandi laga nema hvað kærunefnd jafnréttismála kemur í stað Jafnréttisráðs. Rétt þykir hins vegar að skýra hér sérstaklega tilgang greinarinnar. Komist kærunefnd jafnréttismála að þeirri niðurstöðu að rannsókn lokinni að ákvæði laganna hafi verið brotin á nefndin að beina rökstuddum tilmælum um ákveðnar úrbætur til hlutaðeigandi aðila. Ætlunin er sú að unnt verði að leysa sem flest deilumál á þennan hátt þannig að ábendingar kærunefndar verði teknar til greinar.

Ef ekki verður fallist á tilmæli kærunefndar er henni heimilt í samráði við kæranda að höfða mál í umboði hans til viðurkenningar á rétti hans.

Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. er ekki ætlunin að þau tilmæli um úrbætur, sem nefndin setur fram hverju sinni, skerði á nokkurn hátt heimild kærunefndar jafnréttismála til kröfugerðar skv. 21. gr.

Einstaklingur, sem leitar til kærunefndar jafnréttismála, á að geta notið allrar lögfræðilegrar aðstoðar, fari málið fyrir dómstóla. Þá er það einnig mikilvægt fyrir starfsemi kærunefndar og Jafnréttisráðs við framkvæmd laganna að unnt sé að fá túlkun og skýringu dómstóla á efni þeirra.

Um 22. gr.

1. mgr. er samsvarandi 18. gr. gildandi laga.

2. mgr. er nýmæli. Samkvæmt henni er hægt að dæma menn til að greiða miskabætur með eða án bóta fyrir fjártjón. Ákvæði þetta er sérákvæði sem víkur til hliðar ákvæðum um miskabætur í 264. gr. núgildandi hegningarlaga, nr. 19/1940. Samkvæmt greininni getur sá sem misgert er við átt rétt á bótum fyrir miska, auk bóta fyrir fjártjón. Almennt má telja löglíkur fyrir því að einstaklingur, sem mismunað er vegna kynferðis, bíði ófjárhagslegt tjón, hann verði fyrir andlegri þjáningu og skapraun, álitshnekki og röskun á stöðu og högum, hvort sem af mismunun leiðir fjártjón eða ekki.

Um 23. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 21. gr. gildandi laga.

Um 24. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Nauðsynlegt er að setja reglur um skipun Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála við gildistöku laganna.

Sþ. 72. Tillaga til þingsályktunar [70. mál]

um kynningu á vörum frá vernduðum vinnustöðum.

Flm.: Skúli Alexandersson, Margrét Frímannsdóttir, Stefán Guðmundsson, Karvel Pálmason, Kristín Einarsdóttir, Salome Þorkelsdóttir, Hulda Jensdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún beiti sér fyrir sérstöku átaki til vandaðrar kynningar á vörum frá vernduðum vinnustöðum. Sömuleiðis að ríkisstjórnin sjái fyrir því að ríkisstofnanir og opinber fyrirtæki beini innkaupum sínum í sem ríkustum mæli að hinum fjölbreyttu vörum sem þessir vinnustaðir framleiða og hafa á boðstólum. Þannig verði rekstrargrundvöllur verndaðra vinnustaða best styrktur, atvinna fatlaðra betur tryggð og beinna styrkveitinga ríkisvaldsins ekki þörf í eins ríkum mæli.

Greinargerð.

Í skýrslu, sem unnin var á vegum félagsmálaráðuneytisins og lögð var fram í júní 1990, er sagt að hægt sé að skipta vernduðum vinnustöðum í þrjá flokka eftir markmiðum:

1. Þjálfunar- og endurhæfingarstaðir.
2. Langtímavinnustaðir fyrir fólk sem á í erfiðleikum með að fá vinnu á almennum markaði.
3. Báðir fyrri þættir saman.

Þessir vinnustaðir eru orðnir allmargir, eins og fram kemur í meðfylgjandi fylgiskjali, og verkefni þeirra og framleiðsla eru fjölbreytt.

Margir aðilar í þjóðfélaginu hafa not fyrir þá vöru sem þessi fyrirtæki framleiða. Ganga má út frá því sem vísu að fyrirtæki jafnt sem einstaklingar mundu að öllu jöfnu velja frekar framleiðslu verndaðra vinnustaða en t.d. innflutta vöru sömu tegundar til sinna þarfa eða rekstrar.

Mikil nauðsyn er á góðri og vandaðri kynningu sameiginlega á möguleikum þessara fyrirtækja til að uppfylla með framleiðslu sinni ýmsar þarfir opinberra aðila, einkafyrirtækja og almennings. Ekkert er eðlilegra en að slík kynning sé skipulögð og kostuð af ríkissjóði.

Ótvíræð skylda ríkisvaldsins er sú að koma sem best til móts við verndaða vinnustaði, m.a. með innkaupum frá þeim svo sem framast má verða.

Á ári hverju er varið talsverðum fjármunum í beina styrki til að standa undir rekstri þessara vinnustaða. Það er því beinn hagur hins opinbera að stuðla að betri rekstri fyrirtækjanna með því að vinna að aukinni sölu á framleiðsluvörum þeirra á þann hátt sem lagt er til með þessari þingsályktunartillögu.

Fylgiskjal.

Verndaðir vinnustaðir. Framleiðsla og starfsmenn.

1. Blindravinnustofan Hamrahlíð 17, Reykjavík.
   Framleiðir bursta af ýmsum gerðum og tágakörfur. Fastráðnir fatlaðir starfsmenn eru 12 talsins og í tímabundnu starfi eru 3.
2. Vinnustofan Gagnheiði 23, Selfossi.
   Framleiðir handofnar gólf- og veggmottur, leirvörur. Einnig ýmiss konar saumaskapur og lítils háttar trésmíði.
3. Örvi, Kársnesbraut 110, Kópavogi.
   Framleiðir plastumbúðir, einnota plastsvuntur, plastpakkningar og blister-pakkningar. Settar saman rafmagnsvörur. Almenn pökkun. Prjónavörur og lítil fataverslun. Fastráðnir starfsmenn eru 4, en aðrir 23.
4. Ás, vinnustofa Styrktarfélags vangefinna, Brautarholti 6, Reykjavík. Framleiðir ýmsar gerðir heimilisklúta, handklæði og bleiur, og svo er pökkun ýmiss varnings.
5. Stólpi, Iðngörðum, Egilsstöðum.
   Ábót, uppsetning á línu, hæðarflísar, aðvörunarsnúrur, hækilbönd og skilti.
6. Vinnustofur Öryrkjabandalags Íslands, Hátúni 10, Reykjavík.
   Örtækni: Samsetning og viðgerðir fyrir Landssíma Íslands, framleiðsla og samsetning tölvukapla og rafeindabúnaðar. Saumastofa: Ýmis fatnaður. Fastráðnir eru 20. Tímabundið eru ráðnir 5.
7. Bergiðjan, Víðihlíð, Kleppsvegi, Reykjavík.
   Margbreytileg framleiðsla: Garðhúsgöng, trétröppur, blómakassar, gangstéttarhellur, kantsteinar, útiljósaseríur. Ýmis fatnaður á saumastofu. Enginn er fastráðinn en starfsmenn eru 17.
8. Bergiðjan, Iðju- og starfsþjálfun, Kleppsvegi, Reykjavík.
   Garðhúsgögn, vinnutröppur, póstkassar, kökuform, tjaldhælar o.fl. Saumastofa, m.a. í framleiðslu rúmfatnaðar fyrir Ríkisspítala. Starfsmenn eru 12.
9. Múlalundur, Hátúni 10c, Reykjavík.
   Skrifstofuvörur, hulstur fyrir spítala, borðdagatöl, myndaalbúm, lausblaðamöppur. Fastráðnir eru 59. Mismargir starfsmenn tímabundið.
10. Verndaður vinnustaður, Dalbraut 10, Akranesi.
    Útiljósaseríur, lyfjaskápar, plastbox pökkuð, hnýtt ábót, merkingar á rafmagnsleiðslur og dósamóttaka. Starfsmenn eru 9.
11. Iðjulundur, Hrísalundi 1, Akureyri.
    Vinnuvettlingar, prjónavettlingar, heimilisklútar, mjólkursíur, kerti, rúmfatnaður, diskaþurrkur, samsetning og pökkun. Fastráðnir eru 40. Tímabundið eru ráðnir 2 starfsmenn.
12. Heimaey, Faxastíg 46, Vestmannaeyjum.
    Kerti af ýmsum gerðum. Fastráðnir starfsmenn eru 12. Án fastráðningar eru 8 starfsmenn.
13. Reykjalundur, Mosfellsbæ.
    Umbúðafötur fyrir efna- og matvælaiðnað, raftengi, sauðfjármerki og búsáhöld. Starfsmenn ráðnir tímabundið í verndaða vinnu eru 24.

14. Plastiðjan Bjarg, Bugðusíðu 1, Akureyri.
Raflagnaefni úr plasti. Starfsmenn eru 2.

Sþ. 73. Tillaga til þingsályktunar [71. mál]

um brúarframkvæmdir á Suðurlandi.

Flm.: Eggert Haukdal.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún hlutist til um að hraða hönnun og öðrum undirbúningi brúarframkvæmda á Suðurlandi í þeim tilgangi að eftirtaldar framkvæmdir verði ákveðnar sem hér segir við endurskoðun vegáætlunar í vetur:

1. Ný brú á Markarfljót verði byggð og henni lokið á árinu 1991 vegna þeirrar miklu hættu sem stafar af skemmdum á gömlu brúnni frá því í sumar.
2. Ný brú á Kúðafljót verði byggð í beinu framhaldi af framkvæmdum við Markarfljót.
3. Brú á Hvítá hjá Bræðratungu verði byggð samkvæmt nánari tímaáætlun í framhaldi af verklokum við Kúðafljót.
4. Áformum um byggingu göngubrúar yfir Ölfusá hjá Selfossi verði hrint í framkvæmd árið 1991.

Greinargerð.

Ný brú á Markarfljót er á gildandi vegáætlun þar sem gert er ráð fyrir að hún verði byggð á árunum 1991 og 1992. Í sumar bilaði núverandi brú og var gert við hana til bráðabirgða. Óvíst er hversu lengi sú viðgerð dugir. Er því brýnt að byggingu brúarinnar ásamt tengingu verði lokið á árinu 1991.

Ný brú á Kúðafljót er ekki inni á núverandi vegáætlun. Vegagerðin gerir ráð fyrir að hún verði byggð fyrir sunnan Skaftártunguna þannig að nýr Suðurlandsvegur á þessum kafla mundi ekki liggja um Skaftártunguna eins og hann gerir nú. En Skaftártungan er nú snjóþyngsti kaflinn á leiðinni frá Reykjavík og austur á firði. Sérstaklega sker hún sig nú úr eftir að nýr vegur var gerður yfir Mýrdalssand mun sunnar en gamli vegurinn. Hin nýja brú verður því ekki aðeins mikil samgöngubót fyrir austurhluta Vestur-Skaftafellssýslu, heldur einnig alla Austfirði.

Um þessar mundir er verið að ljúka byggingu nýrrar brúar á Tungufljót, við bæinn Krók í Biskupstungum. Þessi brú leysir af hólmi gamla brú sem er nokkru ofar eða við fossinn Faxa. Með þessu er þó aðeins hálf sagan sögð. Nauðsynlegt er að byggja líka brú á Hvítá á móts við Bræðratungu. Með byggingu brúar á þessum stað yrði komið á tengingu milli miðstöðva tveggja stærstu hreppanna í uppsveitum Árnessýslu. En samanlagður íbúafjöldi í þessum tveimur hreppum er rúmlega 1.100 manns. Ekki þarf að fjölyrða um hve mikil lyftistöng þessi tenging yrði fyrir atvinnulíf þessara sveitarfélaga ef þau yrðu eitt atvinnusvæði, en fátt er jafnbrýnt um þessar mundir og einmitt efling atvinnulífs í sveitum landsins til að mæta samdrætti í framleiðslu landbúnaðarafurða.

Göngubrú á Ölfusá á Selfossi var upphaflega á vegáætlun á árinu 1990. Framkvæmdum var hins vegar frestað til ársins 1992 vegna byggingar nýrrar brúar á Múlakvísl sem ekki var á vegáætlun. Nauðsynlegt er hins vegar að byggja þessa brú sem fyrst vegna ört

vaxandi byggðar Selfoss norðan Ölfusár. Er hér um að ræða bæði íbúðar- og iðnaðarhús.

Fylgiskjal.

Vegagerð ríkisins:

Leiðir á Suðurlandi.
(23. okt. 1990.)

Þrjár leiðir á Suðurlandi sem gætu styst við að byggðar yrðu nýjar brýr.

	Stytting vegna nýrrar brúar í km	Meðalumferð bíla á dag 1989 (ÁDU)
Um Kúðafljót	7,1	170
Um Markarfljót	5,1	320

Aratunga – Flúðir.

	Vegalengd í km miðað við brú	Vegalengd án brúar
a. Um Hvítá hjá Iðu (Skálholtsvegur)	21	35
b. Um Hvítá hjá Brúarhlöð (Einholtsvegur)	23	37
c. Sama og b, en um Biskupstbr. og Hrunamv. ..	34	48
d. Um Hvítá nálægt Hvítárholti (óbrúað)		14

Kostnaður við brýrnar, ásamt vegum og varnargörðum er metinn sem hér segir:

Kúðafljót ..... 270 m.kr.
Markarfljót ..... 250 m.kr.
Hvítá ..... 240 m.kr.

Kostnaður við Ölfusá, göngubrú, er metinn 31 m.kr.

Nd. 74. Frumvarp til laga [72. mál]

um brottfall laga og lagaákvæða.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Lög þau, lagafyrirmæli og lagaákvæði, sem greind eru í 2.–30. gr. laga þessara, eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög er varða embættismenn og yfirvöld.

1. Tilskipun um erindi til stjórnarinnar, áritun á þau o.fl., 3. apríl 1771.
2. Opið bréf kansellíisins um afrit skjala sem send eru til staðfestingar, 23. janúar 1789.
3. Tilskipun um samningu umsókna- og kærubréfa o.fl., 28. desember 1792.
4. Konungsbréf um scktavald amtmanna, 3. janúar 1823.
5. Tilskipun um lögleiðing nokkurra lagaboða á Íslandi sem út komu fyrir Danmörku árið 1827, 21. desember 1831.
6. Konungsúrskurður um að dómsmálastjórnin skuli hafa vald til að útkljá nokkur mál, 23. desember 1864.
7. Tilskipun um hvernig gegna skuli embættisstörfum amtmanna, stiftsyfirvalda og landfógeta á Íslandi, þegar embætti þessi verða lögð niður, nr. 12/1904.

3. gr.

Lög er varða opinbera starfsmenn, þar á meðal lífeyri þeirra.

1. Tilskipun sem lögleiðir á Íslandi lög 5. janúar 1851, um eftirlaun, 31. maí 1855.
2. Opið bréf, sem lögleiðir á Íslandi með nokkrum breytingum lög 5. janúar 1851, um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eftir sinn dag, 31. maí 1855.
3. Lög um breytingu á lögum nr. 13/1884, um eftirlaun prestekkna, nr. 36/1895.
4. Lög um eftirlaun, nr. 4/1904.
5. Lög um skyldu embættismanna til að safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri, nr. 5/1904.
6. Lög um viðauka við opið bréf 31. maí 1855, um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eftir sinn dag, nr. 28/1905.
7. Lög um forgangsrétt kandídata frá Háskóla Íslands til embætta, nr. 36/1911, 5. gr.

4. gr.

Lög er varða landshagi, hagfræðiskýrslur og Hagstofuna.

1. Lög um viðauka við lög 8. nóvember 1895 um hagfræðiskýrslur, nr. 20/1903.
2. Lög um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum hér á landi, nr. 30/1956.
3. Tilskipun áhrærandi árlega kapítulstaxta á Íslandi, 16. júlí 1817.
4. Lög um afnám laga nr. 27/1954 um verðlagsskrár, nr. 6/1964, bráðabirgðaákvæði.
5. Lög um greiðslu íslenskra afurða, nr. 43/1943.

5. gr.

Lög er varða opinber gjöld og gjaldheimtu.

1. Kammerréttarskipun 18. mars 1720.
2. Tilskipun um gjaldheimtu og reikningsskil í Danmörku, 30. janúar 1793.
3. Opið bréf kansellíis um það, hvers gæta skal til að tryggja fjármuni opinberra stofnana, 10. apríl 1795.
4. Kansellíumburðarbréf um aðför eftir sátt hjá gjaldheimtumönnum konungs, 16. nóvember 1819.
5. Kansellíbréf um tilkynningu um andlát eða gjaldþrot skuldunauta hins opinbera o.fl., 17. maí 1823.
6. Opið bréf um meðöl til að frama innlausn veitingarbréfa frá stjórnarráðunum, 23. nóvember 1827.
7. Opið bréf um nokkrar ákvarðanir þeim til trausts er þinggjaldi eiga að lúka, 10. febrúar 1847.
8. Tilskipun um meðferð á störfum landsféhirðis, nr. 16/1918.
9. Lög um innheimtu gjalda af erlendum fiskiskipum, nr. 47/1925.
10. Lög um lestagjald af skipum, nr. 10/1946.
11. Lög um eignakönnun, nr. 67/1947.
12. Lög um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o.fl., nr. 22 1950.
13. Lög um breyting á lögum nr. 83 26. nóvember 1948, um skattfrelsi vinninga o.fl. varðandi happdrættislán ríkissjóðs, nr. 74/1953.
14. Lög um skatt á stóreignir, nr. 44/1957, ásamt breytingalögum nr. 19/1958.
15. Lög um sérstakan skattfrádrátt tapaðra skulda vegna skuldaskila bátaútvegsins, nr. 21 1952.

6. gr.

Lög er varða efnahagsmál.

1. Lög um efnahagsmál, nr. 4/1960, 2.–6. gr., 19. gr. og 20. gr.
2. Lög um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, nr. 103/1978.
3. Lög um niðurfærslu vöruverðs og verðbótavísitölu í september 1978, nr. 109/1978.
4. Lög um kjaramál, nr. 121/1978.
5. Lög um stjórn efnahagsmála o.fl., nr. 13/1979, 26. gr.
6. Lög um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, nr. 10/1981.
7. Lög um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana, nr. 12/1981.
8. Lög um efnahagsaðgerðir, nr. 2/1983.

7. gr.

Lög um gjaldeyrismál.

1. Lög um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á gulli, nr. 16/1920.
2. Lög um viðauka við lög nr. 73 31. desember 1937, um gjaldeyrisverslun o.fl., nr. 82/1941.
3. Lög um breyting á lögum nr. 82 9. júlí 1941, um viðauka við lög nr. 73 31. desember 1937, um gjaldeyrisverslun o.fl., nr. 71/1942.
4. Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenskrar krónu, nr. 28/1962.
5. Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenskrar krónu, nr. 69/1967.

6. Lög um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenskrar krónu, nr. 74/1967.
7. Lög um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o.fl., nr. 79/1967.
8. Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenskrar krónu, nr. 74/1968.
9. Lög um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breytingu á gengi íslenskrar krónu, nr. 83/1968.
10. Lög um breyting á lögum nr. 79 31. desember 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu, og um hækkun á aflahlut og breytt fiskverð, nr. 62 1972.
11. Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenskrar krónu, nr. 97/1972.
12. Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, nr. 78/1974.
13. Lög um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar, nr. 106/1974.
14. Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, nr. 2/1975.
15. Lög um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins samkvæmt lögum nr. 2/1975 og um ráðstafanir vegna hækkunar brennsluolíuverðs til fiskiskipa, nr. 55/1975.
16. Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, nr. 2/1978.
17. Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, nr. 22/1979.
18. Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu 26. ágúst 1981 o.fl., nr. 81/1981.
19. Lög um breyting á lögum nr. 81 21. desember 1981, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu 26. ágúst 1981 o.fl., nr. 7/1982.
20. Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu 14. janúar 1982, nr. 28/1982.

8. gr.

Lög er varða ríkisábyrgðir.

1. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til flugvélakaupa, nr. 43/1964.
2. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til flugvélakaupa, nr. 33/1965.
3. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands hf. til kaupa á millilandaflugvél, nr. 70/1966, ásamt breytingalögum nr. 93/1966.
4. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til þriggja skipasmíðastöðva, nr. 73 1962.
5. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva, nr. 61/1965.
6. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva, nr. 17/1968.
7. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til kaupa á síldarflutningaskipi o.fl., nr. 91/1966.
8. Lög um heimild til lántöku vegna Vestfjarðaáætlunar og Norðurlandsáætlunar, nr. 60 1969.
9. Lög um ábyrgðarheimild fyrir ríkisstjórnina vegna lántöku Fiskveiðasjóðs Íslands og fleira, nr. 93/1972.

10. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 fiskiskipum yfir 300 lestir og til kaupa á 2 ferjuskipum, nr. 13/1974.
11. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Rafveitu Ísafjarðar, nr. 104 1974.
12. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugleiðir hf., nr. 16/1975.
13. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán Landsvirkjunar og til að taka lán og endurlána það Landsvirkjun til virkjana í Tungnaá, nr. 70/1976.
14. Lög um ábyrgðarheimildir og heimild til lántöku vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar 1978, nr. 120/1978.
15. Lög um ábyrgðarheimildir og greiðsluheimildir vegna lántöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins, nr. 9/1980.
16. Lög um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs, nr. 28/1980.
17. Lög um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs, nr. 37/1981.
18. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á ferjuskipi Skallagríms hf., nr. 60/1982.
19. Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán vegna björgunar skipsins Het Wapen, nr. 25/1983.

9. gr.

Lög er varða opinbera sjóði.

1. Lög um Jöfnunarsjóð, nr. 41/1932.
2. Lög um framkvæmdasjóð ríkisins, nr. 55/1942.

10. gr.

Lög er varða fasteignir ríkisins.

1. Lög um sölu lands úr ríkisjörðinni Grenivík í Grýtubakkahreppi, nr. 44/1967.
2. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Mosfellshreppi jarðirnar Þormóðsdal og Bringur, nr. 46/1967.
3. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja 9 jarðir og grasbýli í Neshreppi utan Ennis og eyðijörðina Lækjardal í Öxarfjarðarhreppi, nr. 55/1967.
4. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja sex eyðijarðir í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu og jörðina Rjúpnafell í Norður-Múlasýslu, nr. 56/1967.
5. Lög um sölu kristfjárjarðarinnar Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi, nr. 57/1967.
6. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu tiltekna landspildu úr prestssetursjörðinni Hálsi í Hálshreppi, nr. 11/1969.
7. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Árskógshreppi Hauganesland, nr. 44/1969.
8. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Höfðahóla með Hólagerði og Spákonufell í Höfðahreppi, nr. 64/1969.
9. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Fjós í Laxárdalshreppi, nr. 5/1972.
10. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Brekkuborg í Breiðdalshreppi og Þorsteinsstaði í Sauðaneshreppi, nr. 9/1972.
11. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Háls og Kambshjáleigu í Búlandshreppi, nr. 10/1972.
12. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Markúsarsel, Tunguhlíð og Veturhús í Geithellnahreppi, nr. 37/1972.
13. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grýtubakkahreppi jörðina Grenivík, eyðibýlið Svæði og nýbýlið Höfðabrekku og Borgarneshreppi hluta af landi Borgar, nr. 33/1973.
14. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Gerðahreppi jarðirnar Útskála og Brekku í Gerðahreppi, nr. 64/1973.

15. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar eignir ríkissjóðs, nr. 67/1973.
16. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reykhólahreppi jörðina Reykhóla í Reykhólahreppi í Austur-Barðastrandarsýslu, nr. 75/1976.
17. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reykjavíkurbæ eignina Laugarnes í Reykjavík, nr. 10/1956.
18. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Akureyrarkaupstað jörðina Ytra-Krossanes, Akureyri, nr. 16/1970.
19. Lög um sölu kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði, nr. 74/1942.
20. Lög um sölu verslunarlóðarinnar á Sauðárkróki, nr. 3/1947.
21. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Þjóðólfshaga I í Holtahreppi, Rangárvallasýslu, nr. 35/1984.
22. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Bæjarstæði í Seyðisfjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu, nr. 37/1984.
23. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Hamar í Glæsibæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu, nr. 15/1985.
24. Lög um heimild til að selja hluta ríkisjarðarinnar Þóroddsstaðar í Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 60/1988.

11. gr.

Lög er varða lán og lántökuheimildir.

1. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku hjá Alþjóðabankanum í Washington, nr. 103/1961.
2. Lög um heimild til kaupa á skuldabréfum Sameinuðu þjóðanna og til lántöku í því skyni, nr. 6/1962.
3. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna viðbyggingar Landspítalans, nr. 48 1962.
4. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán, nr. 59/1964, og breytingalög nr. 23/1965.
5. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna vega- og flugvallagerða, nr. 26/1966.
6. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1966, nr. 27/1966.
7. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1967, nr. 26/1967.
8. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1968, nr. 24/1968.
9. Lög um lántökuheimild fyrir ríkissjóð, nr. 8/1969.
10. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1969, nr. 23/1969.
11. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1970, nr. 34/1970.
12. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1971, nr. 29/1971.
13. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán, nr. 82/1971.
14. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1972, nr. 26/1972.
15. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á þyrlu og vegna viðgerða á varðskipinu Þór, nr. 83/1972.
16. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973, nr. 8/1973.

17. Lög um lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973 og um sérstaka lántökuheimild vegna hafnarframkvæmda, nr. 91/1973.
18. Lög um lántökuheimild fyrir ríkissjóð, nr. 11/1974.
19. Lög um lántökuheimildir erlendis, nr. 37/1974.
20. Lög um lántökuheimildir erlendis, nr. 92/1974.
21. Lög um lántökuheimild fyrir ríkissjóð, nr. 9/1975.
22. Lög um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara, nr. 11/1975.
23. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmda og reksturs Rafmagnsveitna ríkisins og Vegagerðar ríkisins, nr. 15/1975.
24. Lög um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1976, nr. 89 1975.
25. Lög um lántökuheimild til eflingar Landhelgisgæslunnar, nr. 69/1976.
26. Lög um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1977, nr. 116 1976.
27. Lög um heimild til erlendrar lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlana 1978, nr. 82/1977, og breytingalög nr. 13/1981.
28. Lög um ráðstafanir í efnahagsmálum, nr. 3/1978.
29. Lög um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979, nr. 20/1979.

12. gr.

Lög er varða fjármál ríkisins.

1. Lög um lækkun lögbundinna framlaga á fjárlögum, nr. 96/1975.
2. Lög um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimild til lántöku á árinu 1980 o.fl., nr. 98/1979.
3. Lög um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum, nr. 23/1984.
4. Lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984, nr. 43/1984, 1.–3. gr., 7. gr. og 26.–29. gr.
5. Lög um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986, nr. 48/1985.

13. gr.

Ýmis eignarnámslög.

1. Lög um eignarnám á landspildu á Bolungarvíkurmölum í Hólshreppi, nr. 16/1932.
2. Lög um eignarnám á landspildu í Skeljavík við Hnífsdal, nr. 17/1932.
3. Lög um eignarnám á landspildu í Sandvíkurlandi, nr. 21/1938.
4. Lög um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á jörðunum Efri-Skútu og Neðri-Skútu í Siglufirði, nr. 37/1949.
5. Lög um eignarnám lands í Flatey á Breiðafirði, nr. 44/1966.
6. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka leigunámi tvö hvalveiðiskip hf. Hvals, nr. 9 1973.

14. gr.

Lög er varða banka og lánastofnanir.

1. Viðaukalög við lög 12. janúar 1900 um stofnun veðdeildar við Landsbankann í Reykjavík, nr. 30/1902.
2. Lög um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabréfa, nr. 60/1928.
3. Lög um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, nr. 122/1935.

4. Lög um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, nr. 94/1941.
5. Lög um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, nr. 55/1945.
6. Lög um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, nr. 73/1965.
7. Lög um rekstrarlánafélög, nr. 98/1938.

15. gr.

Lög er varða félagsmál.

1. Lög um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn, nr. 60/1907.
2. Lög um íbúðir í kjöllurum, nr. 57/1929.
3. Lög um niðurfærslu verðlags og launa o.fl., nr. 1/1959.
4. Lög um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka, nr. 99/1970.
5. Lög um fyrirframgreiðslu opinberra gjalda, nr. 3/1971.
6. Lög um kaup og kjör yfirmanna á botnvörpuskipum, sem eru stærri en 500 rúmlestir brúttó, nr. 6/1973.
7. Lög um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o.fl., nr. 13/1975.

16. gr.

Lög er varða kirkjumálefni.

1. Konungsbréf um ráðstafanir gegn prestum þeim er láta prestssetrin falla og níðast niður, 11. maí 1708.
2. Konungsbréf um afsetta presta, 7. október 1740.

17. gr.

Lög er varða menntamál.

1. Lög um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, nr. 5/1968, 6. gr. og 7. gr. 1. og 4. tölul.

18. gr.

Lög er varða heilbrigðismál.

1. Lög um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum, nr. 2/1898.
2. Lög um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala, nr. 3/1898.
3. Lög um breyting á lögum nr. 3/1898, um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala, nr. 57/1909.

19. gr.

Lög er varða samgöngur.

1. Lög um hægri handar umferð, nr. 65/1966.
2. Lög um strandferðir, nr. 53/1913, og breytingalög nr. 41/1914.
3. Lög um úrskurðaraðila í deilu um starfsaldurslista flugmanna Flugleiða hf., nr. 8/1981.
4. Lög um málefni Flugleiða hf., nr. 74/1980.
5. Lög um happdrættislán ríkissjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi er opni hringveg um landið, nr. 99/1971.
6. Lög um happdrættislán ríkissjóðs til að fullgera Djúpveg og opna þannig hringveg um Vestfirði, nr. 48/1974.
7. Lög um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg, nr. 36/1975.

8. Lög um að útlendum skipum verði gefinn kostur á að flytja vörur hafna á milli á Íslandi og milli Íslands og Danmerkur, 17. apríl 1868.
9. Lög um dag- og næturbendingar á íslenskum skipum í sjávarháska og um ráðstafanir, er skip rekast á, nr. 13/1899.
10. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa hf. Hval innflutning á tveimur hvalveiðiskipum, nr. 99/1961.
11. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa hf. Hval innflutning á hvalveiðiskipi, nr. 9/1963.

20. gr.

Lög er varða lögreglumálefni.

1. Lög um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur, nr. 3/1876.
2. Lög um viðauka við lög 14. janúar 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur, nr. 14/1891.
3. Lög um viðauka við og breyting á lögum 14. janúar 1876, um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur, nr. 9/1896.
4. Lög um eftirlit með mannflutningum til útlanda, nr. 49/1903.
5. Lög um lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli, nr. 33/1954, 1. gr. 2. mgr. og 2. gr. 2. mgr.

21. gr.

Lög er varða sveitarstjórnir og stöðu bæjarfógeta í kaupstöðum.

1. Lög um manntal í Reykjavík, nr. 18/1901, og lög um breytingar á þeim, nr. 64/1907, 57 1917 og 49/1933.
2. Lög um heimild til lóðarsölu fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 24/1905.
3. Lög um gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík o.fl., nr. 42/1911.
4. Lög um mjólkursölu á Ísafirði, nr. 32/1918.
5. Lög um bæjarstjórn Vestmannaeyja, nr. 26/1918, 2. gr. 2. málsl.
6. Lög um breytingar á lögum nr. 30 22. nóvember 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, nr. 58 1919.
7. Lög um sorphreinsun og salernahreinsun á Akureyri, nr. 49/1927.
8. Lög um sjóveitu í Vestmannaeyjum, nr. 28/1931.
9. Lög um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði nr. 48/1928, 1. gr. 2. mgr. og 4. gr., sbr. lög nr. 23/1936, 1. gr.
10. Lög um bæjarstjórn á Akranesi, nr. 45/1941, 1. gr. 2. mgr., 2. gr. og 4. gr.
11. Lög um heimild fyrir kaupstaði og hreppsfélög til að koma á þegnskylduvinnu, nr. 63 1941.
12. Lög um bæjarstjórn í Ólafsfirði, nr. 60/1944, 1. gr. 2. mgr., 2. gr. og 4. gr.
13. Lög um nýbyggingar í Höfðakaupstað, nr. 42/1946.
14. Lög um bæjarstjórn á Sauðárkróki, nr. 57/1947, 1. gr. 2. mgr. 1. málsl.
15. Lög um bæjarstjórn í Keflavík, nr. 17/1949, 1. gr. 2. mgr. 1. málsl. 2. gr. og 4. gr.
16. Lög um bæjarstjórn í Húsavík, nr. 109/1949, 1. gr. 2. mgr. 1. málsl.
17. Lög um heimild til að fella niður manntal í Reykjavík, nr. 94/1954.
18. Lög um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað, nr. 30/1955, 1. gr. 2. mgr. 1. málsl. og 2. gr.
19. Lög um heimild fyrir sveitarstjórnir til þess að innheimta með álagi skatta og gjöld til sveitarsjóða sem miðuð eru við fasteignamat, nr. 29/1959.
20. Lög um húsbyggingar á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar, nr. 105 1973.

22. gr.

Lög er varða landbúnað.

1. Lög um aðfluttar ósútaðar húðir, nr. 35/1891.
2. Samþykktarlög um verndun Safamýrar í Rangárvallasýslu, nr. 12/1894.

23. gr.

Lög er varða fiskveiðar, sjávarútveg og siglingar.

1. Lög fyrir Ísland um tilhögun á löggæslu við fiskiveiðar í Norðursjónum, nr. 20/1901, og breytingalög nr. 29/1902.
2. Lög um síldarnætur, nr. 28/1902.
3. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmissa ráðstafana vegna útflutnings á nýjum fiski, nr. 37/1931, og breytingalög nr. 65/1932.
4. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa erlendum manni eða félagi að reisa og starfrækja síldarbræðsluverksmiðju á Austurlandi, nr. 66/1932.
5. Lög um útflutning saltaðrar síldar, nr. 70/1933.
6. Lög um stofnun síldarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi o.fl., nr. 15/1934.
7. Lög um mat á fiskúrgangi, nr. 9/1935.
8. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa og starfrækja síldarverksmiðjuna á Raufarhöfn, nr. 47/1935.
9. Lög um útflutning á síldarmjöli, nr. 56/1935.
10. Lög um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum, nr. 92/1935.
11. Lög um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðju ríkisins á Siglufirði, nr. 10/1938.
12. Lög um breyting á lögum nr. 10 13. janúar 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðju ríkisins á Siglufirði, nr. 42/1940.
13. Lög um síldartunnur, nr. 60/1940, og lög um frestun þeirra, nr. 46/1943.
14. Lög um veiði, sölu og útflutning á kola, nr. 19/1941.
15. Lög um heimild til lántöku fyrir síldarverksmiðjur ríkisins, nr. 131/1941.
16. Lög um að reisa nýja síldarverksmiðju, nr. 93/1942.
17. Lög um olíugeyma o.fl., nr. 110/1943.
18. Lög um heimild handa ríkisstjórninni til ákvörðunar um samflot íslenskra skipa milli Íslands og Stóra-Bretlands, nr. 47/1943.
19. Lög um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa, nr. 9/1944.
20. Lög um skipakaup ríkisins, nr. 48/1945.
21. Lög um togarakaup ríkisins, nr. 109/1945.
22. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana vegna útflutnings á afurðum bátaútvegsins, nr. 46/1946.
23. Lög um smíði tveggja þilfara togara í tilraunaskyni, nr. 16/1948.
24. Lög um fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík, nr. 52/1949.
25. Lög um að reisa stöð til hagnýtingar efna úr síldarsoði, nr. 21/1950.
26. Lög um togarakaup ríkisins, nr. 50/1950.
27. Lög um viðauka við lög nr. 50 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins, nr. 88/1950.
28. Lög um síldarleit úr lofti, nr. 56/1954.
29. Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að kaupa togarann Vilborgu Herjólfsdóttur, nr. 49/1955.
30. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir Neskaupstað, nr. 50/1955.
31. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur, nr. 84/1956.

32. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til skipakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, nr. 94/1956.
33. Lög um þátttöku Síldarverksmiðja ríkisins í útgerðarfélagi á Siglufirði, nr. 27/1963.
34. Lög um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, nr. 4/1967.
35. Lög um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar af fjarlægum miðum sumarið 1968, nr. 16/1969.
36. Lög um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar af fjarlægum miðum sumurin 1969 og 1970, nr. 64/1970.
37. Lög um kaup á skuttogurum, nr. 113/1972.
38. Lög um ráðstöfun eftirstöðva Olíusjóðs fiskiskipa, nr. 76/1976.
39. Lög um olíusjóð fiskiskipa, olíugjald o.fl., nr. 1/1983.

24. gr.

Lög er varða verslun.

1. Opið bréf innihaldandi nákvæmari ákvarðanir með tilliti til tilskipananna um þá íslensku kauphöndlun og skipaferðir, 28. desember 1836.
2. Lög um að selja kornvörur og kol eftir vigt, nr. 29/1877.
3. Lög um að selja salt eftir vigt, nr. 37/1902.
4. Lög um sölu á eggjum eftir vigt, nr. 21/1912.
5. Lög um þyngd bakarabrauða, nr. 11/1917.

25. gr.

Lög er varða iðnað.

1. Lög um heimild til að selja Húseiningum hf. húsnæði Tunnuverksmiðju ríkisins á Siglufirði, nr. 19/1977.
2. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna byggingar áburðarverksmiðju, nr. 88/1952.
3. Lög um kaup ríkissjóðs á hlutabréfum Áburðarverksmiðjunnar hf. sem eru í einkaeign, nr. 45/1968.

26. gr.

Lög er varða orkumál.

1. Lög um eignarnám á vatnsréttindum í Andakílsá o.fl., nr. 20/1921, 1., 3. og 4. gr.
2. Lög um heimild handa landsstjórninni til framkvæmda á rannsóknum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna, nr. 73/1921.
3. Lög um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, nr. 92/1947, 2. gr.
4. Lög um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, nr. 34/1949, 2. gr.
5. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lánveitinga til Sogs- og Laxárvirkjana og til lántöku vegna sömu fyrirtækja, nr. 63/1950.
6. Lög um ný orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins, nr. 12/1951, 2. gr.
7. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku í Alþjóðabankanum í Washington vegna Sogs- og Laxárvirkjana, nr. 74/1952.
8. Lög um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, nr. 65/1956, 2. gr.
9. Lög um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946 um virkjun Sogsins, nr. 35/1959.
10. Lög um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946 um virkjun Sogsins, nr. 51/1963.
11. Lög um heimild til lántöku fyrir raforkusjóð, nr. 54/1963.

27. gr.

Lög er varða veitingar og gistihúsarekstur.

1. Lög um byggingu gistihúss í Reykjavík, nr. 36/1946.

28. gr.

Lög er varða félög og stofnanir.

1. Lög um heimild fyrir Sláturfélag Suðurlands til að innkalla stofnbréf sín, nr. 13/1940.
2. Lög um heimild fyrir Sláturfélag Skagfirðinga til að innkalla stofnbréf sín, nr. 89/1945.

29. gr.

Lög er varða áfengi.

1. Lög um undanþágu frá lögum nr. 91 14. nóvember 1917, um aðflutningsbann á áfengi, nr. 3/1923.

30. gr.

Lög er varða réttarfar.

1. Opið bréf er lögleiðir á Íslandi með breytingum lög 30. nóvember 1857, um innkallanir í búum, 4. janúar 1861.
2. Lög um úrskurðarvald sáttanefnda, nr. 32/1911.
3. Lög um heimild til löggildingar á fulltrúum bæjarfógeta til þess að gegna eiginlegum dómarastörfum o.fl., nr. 79/1919.
4. Tilskipun um forgöngurétt ómyndugra o.fl., 19. desember 1821.
5. Lög um breyting á þeim tíma, er manntalsþing skulu háð, nr. 68/1921.
6. Lög um bráðabirgðabreyting á dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum, nr. 3/1973.

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp um sama efni og frumvarp þetta var lagt fram á 112. löggjafarþingi 1989–90 en varð eigi útrætt. Nokkrar minni háttar breytingar hafa nú verið gerðar á fyrra frumvarpi.

Hinn 22. maí 1984 var samþykkt í sameinuðu Alþingi tillaga til þingsályktunar „um lagahreinsun og samræmingu gildandi laga“. Flutningsmenn tillögunnar voru þau Árni Gunnarsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Stefán Benediktsson, Davíð Aðalsteinsson og Guðrún Agnarsdóttir. Tillagan var samþykkt nokkuð breytt. Þingsályktunin er svofelld:

„Alþingi ályktar:

1. Að fela ríkisstjórninni að leita eftir samstarfi við Lagastofnun Háskóla Íslands um framhaldsvinnslu lagasafns með þeim hætti að
   a. fella nýja löggjöf inn í tölvuskráðan texta Lagasafns 1984, þannig að ávallt sé tiltækur réttur texti gildandi laga í landinu,
   b. undirbúa hreinsun úreltra ákvæða úr núgildandi lögum og gera tillögur um niðurfellingu lagabálka sem engum tilgangi þjóna lengur og fella má úr gildi og um greinar gildandi laga sem eðlilegt er og nauðsynlegt að samræma,
   c. gera reglugerðum sömu skil um brottfellingu og samræmingu og
   d. leggja á ráð um framtíðarskipun á útgáfu laga og reglugerða og alhliða upplýsingamiðlun um réttarreglur, enda verði tölvutækni hagnýtt eftir því sem kostur er og henta þykir.
2. Að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að maður verði ráðinn til framkvæmdar á þessu verkefni.
3. Að kjósa nefnd níu manna til ráðuneytis um framkvæmd framangreindra verkefna.“

Hinn 20. júní 1985 var kosin nefnd níu manna, er skyldu „vera til ráðuneytis um framkvæmd“ þeirra verkefna sem þingsályktunin fjallar um. Í nefndina voru kosin dr. Ármann Snævarr, fyrrv. hæstaréttardómari, Gils Guðmundsson, fyrrv. alþingismaður,

Haraldur Blöndal hæstaréttarlögmaður, Hreinn Pálsson lögfræðingur, Margrét Rún Guðmundsdóttir blaðamaður, Már Pétursson héraðsdómari, nú bæjarfógeti og sýslumaður, Sigurður Líndal prófessor, Snædís Gunnlaugsdóttir dómarafulltrúi og Svala Thorlacius hæstaréttarlögmaður. Margrét Rún Guðmundsdóttir hefur ekki vegna fjarvista tekið þátt í störfum nefndarinnar. Ármann Snævarr hefur gegnt störfum formanns nefndarinnar, en ritarar hafa verið Már Pétursson og Svala Thorlacius.

Nefndin hefur talið það höfuðverkefni sitt að gera tillögur um lagahreinsun og setja fram ábendingar um samræmingu laga. Er þetta verkefni bæði víðtækt og vandasamt.

Skal nú fyrst rætt nokkuð almennt um „lagahreinsun og samræmingu gildandi laga", sbr. fyrirsögn þingsályktunarinnar. Síðar verður svo vikið að störfum nefndarinnar og viðhorfum hennar til þessa verkefnis.

I.

Umræður um lagahreinsun og lagasamræmingu.

Þörfin á lagahreinsun og lagasamræmingu hefur verið rædd um langt skeið hér á landi. Í hinum víðtæku umræðum sem urðu á Alþingi um stofnun lagaskóla á Íslandi, einkum á 19. öldinni, var oft vikið að þessu máli, einkum um könnun á gildi lagaboða hér á landi og væntu menn forustu kennara við lagaskólann um átak í því efni.

Á Alþingi 1881 var flutt tillaga til þingsályktunar um undirbúning að safni gildandi laga hér á landi. Í tillögunni var skorað á landshöfðingja „að hann hlutaðist til um að safnað verði saman öllum þeim lögum og lagagreinum, er gildandi eru hér á landi og eigi standa í lögbók vorri (Jónsbók)", (Alþt. 1881, bls. 551). Þessi tillaga var samþykkt í neðri deild, en felld í efri deild. Það mun fyrst og fremst hafa vakað fyrir flutningsmönnum að sérfróðir menn könnuðu hver lög og lagagreinar hefðu gildi hér á landi og gæfu síðan út aðgengilegt lagasafn. Hér átti vísast bæði að fara fram rannsókn á því hver lög og lagagreinar hefðu verið lögfest hér á landi og síðan hvort þau hefðu verið felld úr gildi með síðari tíma löggjöf og einnig hvort þau væru andstæð meginreglum íslensks réttar. Að þessu leyti mun lagahreinsun hafa verið höfð í huga þótt hitt sé ekki síður mikilvægt að hér var brotið upp á útgáfu lagasafns í svipaðri mynd og síðar tíðkaðist. Hér má geta þess að lagasafn handa alþýðu, er þeir Magnús Stephensen landshöfðingi og Jón Jensson yfirdómari ritstýrðu í upphafi, hóf útkomu 1890.

Árið 1915 ritaði Lárus H. Bjarnason prófessor grein í Andvara þar sem hann hvetur mjög til lagahreinsunar og raunar til þess að felld verði úr gildi dönsk lagafyrirmæli og lögfest verði íslensk í þeirra stað. Hann víkur sérstaklega að þörfinni sem á því er „að hreinsa til í lagaskemmunni, fleygja því út sem aldrei hefði átt þar inn að koma, sundra því sem sundurleitt er, en saman hefir verið hrúgað, og safna því saman er sundrað er..." Nauðsynlegt sé að „fella niður það sem úrelt er orðið, eyða andstæðum o.s.frv.". Hann brýtur hér bæði upp á lagahreinsun og svo samræmingu laga sem skipulega verði unnið að um nokkurt árabil. Ekki leiddi þessi skorinorða hugvekja Lárusar prófessors til lagaaðgerða.

Prófessor Ólafur Lárusson ritaði grein í Vöku, 1. tbl. 1927, er hann nefndi Lög og landslýður. Þar gerðist hann talsmaður þess að Íslendingar settu sér lögbók sem tæki yfir mjög mikinn hluta af íslenskri lagaskipun. Jafnframt yrði þá endurskoðað gildi einstakra laga. Hann lagði m.a. til að öll dönsk lög yrðu afnumin áður en alþingishátíð yrði haldin 1930 og að þjóðin byggi upp frá því eingöngu við lög, er Alþingi Íslendinga hefði sett.

Prófessor Ólafur Lárusson tókst á hendur útgáfu Lagasafns 1931. Þá og svo fyrr við útgáfu lagasafna urðu menn að taka afstöðu til þess hver lagafyrirmæli væru í gildi á þeim tíma er lagasafn var við miðað hverju sinni, þar á meðal hin eldri lagafyrirmæli. Útgefendur lagasafna hafa jafnan beitt varfærnislegri aðferð er meta skal hvort eldri lagaboð, sem öðlast hafa gildi hér á landi, væru niður fallin, t.d. vegna þess að þau samræmdust ekki meginviðhorfum í lagaskipuninni. Hafa þeir réttilega talið að löggjafinn ætti hér um að fjalla eða dómstólar að svo miklu leyti sem þessi álitaefni koma til þeirra kasta sem er raunar sjaldnast.

Í formála fyrir Lagasafni 1973 víkur útgefandinn, Ármann Snævarr hæstaréttardómari, að lagahreinsuninni. Þar segir svo: „Við lestur laga þeirra, er lagasafn þetta geymir, er auðsætt, að brýn þörf er á allsherjarlagahreinsun á landi hér. Allmargt er hér af gömlum lögum, sem um margt hafa lifað sjálf sig vegna breyttra þjóðfélagshátta o.fl., þótt enn lifi þau góðu lífi í lagasafni. All oft hafa og yngri lög raskað grundvelli undir tilteknum lögum, og jafnvel ber það við, að við samningu yngri laga hefir gleymst að afnema eldri lög. Er hér úr vöndu að ráða fyrir útgefanda lagasafns, og væri æskilegt, að stofnað væri til allsherjarkönnunar þessara mála. Kæmi til greina að skipa laganefnd skv. lögum 48/1929 og fela henni þetta verkefni, en Alþingi tæki síðan afstöðu til mála á grundvelli lagafrumvarpa." Síðan segir: „Brýn þörf er á gagngerðri athugun á samningu lagafrumvarpa og tæknilegri könnun frumvarpa til laga. Mætti vera, að lagastofnun t.d. í tengslum við dómsmálaráðuneytið, sem fjallaði um undirbúning og tæknilega athugun lagafrumvarpa, gæti einnig tekið að sér útgáfu lagasafns og stjórnartíðinda. Stundum er gengið svo frá lögum að miklum erfiðleikum veldur við útgáfu lagasafns, ekki sízt lögum, er breyta eldri lögum.

Nauðsyn ber til þess, að eigi síðar en einu sinni á ári sé samin og gefin út sérstök lagaskrá, þar sem lögum sé skipað í bálka með sama hætti og í lagasafni og yfirlit birt yfir brottfallin lög og lög, sem breytingum hafa sætt. Hefi ég gefið út slíkar skrár nokkrum sinnum, nánast vegna lögfræðikennslu. Slíkar skrár ættu að auðvelda mönnum mjög að leiðrétta lagasöfn sín. Á það skal þó ekki síður lögð áherzla, að brýn þörf er á að gefa út lagasafn með skemmra árabili en nú er, t.d. þriðja hvert ár."

Ætlunin var sú að í kjölfar lagasafnsútgáfu 1973 færi fram víðtæk rannsókn á lögum er ekki hefðu framar þýðingu og svo könnun á samræmingu laga. Við það tengdust umræður um að komið yrði á fót lagastofnun í tengslum við dómsmálaráðuneyti en með sjálfstæðri stöðu. Átti hún að gegna mikilvægu hlutverki um undirbúning lagafrumvarpa og lagatæknilega könnun á stjórnarfrumvörpum og reglugerðum o.fl. Var hugsunin sú að þessi stofnun hefði m.a. frumkvæði að lagahreinsun og lagasamræmingu og nýmælum í löggjöf eða yfirumsjón með því verki. Þáverandi dómsmálaráðherra Ólafur Jóhannesson hafði góðan skilning á þessum hugmyndum, en úr framkvæmdum varð ekki vegna fjárskorts. Benda má á að Bjarni Benediktsson dómsmálaráðherra lét kanna hugmynd um lagastofnun árin 1955 og 1956.

Á Alþingi 1981 fluttu þeir Benedikt Gröndal og Sighvatur Björgvinsson tillögu til þingsályktunar um lagahreinsun og árlegt lagasafn. Var þar gert ráð fyrir að laganefnd samkvæmt lögum nr. 48/1929 skyldi skipuð og hefði hún m.a. það hlutverk að undirbúa lagafrumvarp um afnám laga sem ekki hefðu lengur raunhæfa þýðingu. Tillaga þessi sem var um margt svipuð hugmyndum þeim sem greindar eru að framan úr formála fyrir Lagasafni 1973 varð ekki útrædd.

Skömmu síðar var svo flutt tillaga sú til þingsályktunar um lagahreinsun og lagasamræmingu sem greind er hér að framan. Með tillögunni var birt sem fylgiskjal greinargerð eftir Pál Sigurðsson dósent, sbr. Úlfljót 1984 1. tbl., en sama ár birtist ritgerð eftir Ármann Snævarr í Fjölriti Dómarafélags Íslands I um þetta efni. Í ritgerð hins fyrrnefnda var auk þess tekið undir tillögu Ólafs Lárussonar prófessors frá 1927 um lögbókargerð, sbr. hér að framan, en í þó nokkuð þrengri mynd. Í ritgerð hins síðarnefnda var auk þess rædd tillaga hans um að koma á fót lagastofnun við dómsmálaráðuneyti, Alþingi eða Háskóla Íslands.

Um þetta efni má einnig vísa til Almennrar lögfræði eftir Ármann Snævarr, 1989, bls. 174 og áfram.

II.

Lagahreinsun, almennar athugasemdir.

A. Um aldur íslenskra laga.

Íslensk löggjöf, sem nú er talin gilda, tekur yfir aldahaf, og spannar a.m.k. sjö aldir. Elsta lagaboðið er þáttur úr Kristinrétti Árna biskups Þorlákssonar frá 1275. Alls eru 47 kapítular eða kapítulaþættir úr Jónsbók frá 1281 teknir með í Lagasafn 1983, en 56 voru í Lagasafni 1931. Sum þau ákvæði Jónsbókar, sem enn eru í gildi, eru tekin úr Grágás eða samin á grundvelli hennar og með hana sem aðalheimild. Hvergi á Norðurlöndum eru jafngömul einstök lagaboð í gildi sem hér á landi.

Enn er talin í gildi réttarbót Eiríks konungs Magnússonar frá 1294 og alþingisdómur um rekamark frá um 1300, en slíkir dómar töldust hafa lagagildi. Síðan tekur við mikil eyða. Er næsta lagaboð í gildi brot úr kirkjuskipan Kristjáns fjórða hinni norsku frá 1607, löggilt hér á landi 1629. Sjö lagaboð frá 17. öld eru tekin með í Lagasafn 1983, þrjátíu og sex frá 18. öld, en eitt hundrað og þrjú frá 19. öld. Í Lagasafni 1931 voru lagaboð frá 17. öld níu, frá 18. öld sextíu og frá 19. öld eitt hundrað níutíu og fimm. Hafa þessi eldri lagaboð því talsvert týnt tölunni á þessum rösklega fimmtíu árum. Þorri laga, sem nú eru í lagasafni, er frá þessari öld, einkum frá síðustu fimmtíu árunum.

B. Jónsbók og löggjöf er leysti hana af hólmi.

Jónsbók var á sínum tíma lögbók með nokkuð samfelldri löggjöf, svo langt sem hún náði. Mörg ákvæði hennar voru þó tilvikakennd („kasúistísk") eins og títt var um lög frá þessum tíma. Síðan hafa Íslendingar ekki sett sér lögbók. Til þess var stofnað af hálfu konungsvaldsins að ákvæði Norsku laga Kristjáns fimmta frá 1687 yrðu lögtekin hér á landi og með þeim hætti yrði þá að mestu komið á lögeiningu í löndunum þremur, Danmörku, Noregi og Íslandi, sbr. Dönsku lög Kristjáns fimmta frá 1683 sem eru í mjög mörgum greinum sama efnis og Norsku lög 1687. Ritaði konungur lögmönnum og biskupum bréf 14. apríl 1688 þar sem fyrir þá var lagt að semja lögbók fyrir Ísland sem skyldi sniðin svo sem frekast væru föng á eftir Norsku lögum. Þótt embættismennirnir semdu frumvarpið til lögbókar náði það ekki staðfestingu. Síðar var þetta boð um að semja lögbók fyrir Ísland áréttað með bréfi konungs 29. maí 1719 og var þá nefnd manna skipuð í þessu skyni. Voru þá einnig samin drög til frumvarps um lögbók er náðu þó eigi staðfestingu konungs. Ýmsir kaflar Dönsku og Norsku laga voru lögfestir með sérstökum lagaboðum smám saman, sbr. t.d. réttarfarsákvæði Norsku laga með opnu bréfi 2. maí 1732, refsiákvæðin um manndráp og þjófnað með opnu bréfi 19. febrúar 1732, ákvæði Norsku laga um lögerfðir með konungsbéfi 17. febrúar 1769. Með tilskipun 21. desember 1831 voru lögfest ákvæði Dönsku laga um lögræði og fjárhald og ákvæði Dönsku laga og yngri tilskipana um þinglýsingar voru lögfest með tilskipun um afsalsbréf og pantsetningar á Íslandi að því er varðar Reykjavík, sbr. tilskipun 24. apríl 1838. Í þessu sambandi má geta þess að með tilskipun 24. janúar 1838 voru lögleidd í senn hér á landi nálega öll refsilöggjöf Danmerkur án þess þó að hún væri sérgreind og var hún þó á víð og dreif og raunar örðugt að segja skil á hver lagaboð væru gild. Var það vitaskuld gersamlega ótæk lögleiðsla og raunar fráleit.

Alkunna er að mikil réttaróvissa ríkti hér á landi öldum saman, einkum vegna þess að óljóst var hver dönsk lagaboð hefðu verið lögfest hér á landi. Oft var dönskum lögum beitt gagnrýnislaust sem aldrei höfðu verið lögleidd hér. Það varð ekki síst verkefni Hins konunglega íslenska Landsyfirréttar er stofnaður var með tilskipun 11. júlí 1800 að greiða úr þessari óvissu. Munaði þar eflaust mest um framlög fyrsta dómstjórans Magnúsar Stephensens sem hafði rannsakað þetta mál manna mest og ritað um það doktorsritgerð 1819.

C. Mat á gildi gamalla lagaboða.

Mat á gildi gamalla lagaboða getur verið örðugt. Frumþáttur þess er að hyggja að gögnum um lögleiðslu lagaboðs og birtingu þess hér á landi. Einnig hefur verið talið að gildi lagaboðs

geti helgast af langri, óslitinni beitingu þess þótt ekki hafi það verið lögleitt eða birt hér á landi. Kemur þetta víða fram í lagasöfnum og í dómum. Hér verður að gæta að framkvæmdarvenjum. Á hinn veg ber að kanna hvort þessi eldri lagaboð eru fallin niður annað tveggja með beinum ákvæðum yngri laga eða lagastefnu þeirra. Þá er þess að gæta að lög geta fallið niður fyrir notkunarleysi er þeim hefur ekki verið beitt um langan aldur (svonefnd „desvetudo").

Útgefendur íslenskra lagasafna hafa unnið mikið og vandasamt könnunarstarf í þessu efni, en þeir hafa jafnaðarlega beitt varfærnislegum vinnubrögðum að því er varðar síðastnefnda atriðið. Í þessu sambandi má einkum nefna hið mikla safnrit, Lovsamling for Island í 21 bindi er þeir Jón Sigurðsson og Oddgeir Stephensen o.fl. sáu um útgáfu á og svo síðari útgáfu lagasafna, þar á meðal lagasafnsútgáfu Ólafs Lárussonar 1931.

Tvö dæmi skulu nefnd úr dómasöfnum til skýringar á viðhorfum um mat á gildi laga. Fyrra dæmið sýnir að skoðanir geta vissulega verið skiptar um mat þetta. Í dómi Landsyfirréttarins frá 1878, sbr. dómasafn I, bls. 298, er byggt á því, að tilskipun 8. janúar 1802 sé gild lög. Í dómi Landsyfirréttarins frá 1895, sbr. dómasafn V, bls. 120, er hins vegar dæmt að þetta lagaboð hafi aldrei öðlast gildi hér á landi. Hitt dæmið varðar réttarvenju sem heimild um gildi lagaboðs, þ.e. að lagaboð verði talið gild lög vegna þess að farið hafi verið eftir því langtímum saman og hafi þannig helgast af venju. Í dómi Hæstaréttar Íslands frá 1954 (hrd. XXV: 494) var fjallað um gildi tilskipunar 19. desember 1693 um uppboðsþing í Danmörku og Noregi. Segir í dóminum að lagaboð þetta hafi aldrei verið birt hér á landi „og því ekki öðlast hér gildi sem sett lög". Tekið hafi verið að fylgja ákvæðum tilskipunarinnar fyrir aldamót 1800 og byggt á þeim sem gildum lögum í tilskipun 21. júní 1793. Síðan segir: „Tilskipunin frá 1693 eða ákvæði úr henni hafa þannig verið framkvæmd hér á landi meira en hálfa aðra öld og jafnan verið tekin upp í lagasöfn um gildandi íslensk lög og er þess þá að jafnaði getið að tilskipunin hafi ekki verið birt hér, en fylgt í framkvæmd. Þar sem svo lengi hefir verið farið eftir ákvæðum tilskipunarinnar frá 1693, hafa þau helgast af venju og yngri lögum og orðið gildar íslenskar réttarreglur." Sbr. t.d. einnig opið bréf 8. júní 1811, um meðferð á fundnu fé í kaupstöðum, og athugasemd í Lagasafni um gildi þess.

III.

Viðhorf lagahreinsunarnefndar.

A. Úrelt ákvæði ber að afnema formlega.

Könnun á lögum og lagaboðum, sem tekin eru í Lagasafn 1983, leiðir í ljós að þar eru lagaboð sem eru gersamlega úrelt þótt ekki hafi þau verið formlega afnumin. Er eðlilegt að útgefendur lagasafns beiti hér varfærnislegri aðferð og ætli löggjafanum það verkefni að afnema lög með formlegum hætti. Lagaboð þau, sem hér eru höfð í huga, ganga stundum í berhögg við meginreglur íslenskra laga, svo sem nú er komið lagaþróun, og markaða lagastefnu. Í annan tíma eru þjóðlífsaðstæður gerbreyttar og lögin geta ekki lengur átt við. Gæta ber þess þó að stundum er hægt að beita ákvæðum gamalla laga að meginstefnu til, en viss atriði eru þar sem samlaga verður aðstæðum nú og lagareglum. Nefna má sem dæmi þessa Jónsbók Þjófabálk 14. kap. um fundið fé sem unnt er að beita með hliðsjón af opnum bréfum 8. júní 1811 og 5. desember 1812, en þó svo að þargreindar reglur um lýsingu fundins fjár verður að samlaga þjóðfélagsaðstæðum og færa til nútímahorfs. Við mat á gildi gamalla lagaboða verður enn að hafa í huga notkunarleysi þeirra, svo sem áður greinir.

Rök mæla með því að lagaákvæði, sem úrelt eru og gegna ekki lengur tilætluðu hlutverki, séu formlega numin úr lögum. Þau tilheyra raunverulega réttarsögunni. Slík ákvæði flækjast fyrir í lagasöfnum og stafar raunar kostnaður af prentun þeirra þar. Hitt er þó mikilvægara að þau geta valdið óvissu í lagaframkvæmdinni. Sum þessara lagaboða eru raunar afkáraleg frá sjónarmiði nútímans og brjóta í bága við undirstöðureglur íslenskrar löggjafar.

B. Mismunandi aðferðir við lagahreinsun.

Fleiri aðferð en ein koma til greina við lagahreinsun og lagasamræmingu.

1. Við samningu og setningu heildarlaga um ýmis efni, sem kveðið hefur mikið að síðustu áratugi, hafa mörg úrelt ákvæði verið afnumin og þá fyrst og fremst vegna þess að ný ákvæði hafa verið í lagafrumvörpum sem ætlað hefur verið að leysa hin eldri af hólmi. Má hér nefna lög um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, lög um meðferð opinberra mála, nr. 27 1951 (nú 74/1974), almenn hegningarlög, nr. 19/1940, lögin um stofnun og slit hjúskapar, nr. 39/1921 (nú 60/1972), lögin um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20/1923, og lög á sviði kirkjuréttar, m.a. frá þessum áratug. Hér má einnig nefna lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969 (nú 8/1986), vatnalög nr. 15/1923 og lax- og silungsveiðilögin nr. 61/1932 (nú 76/1970) og erfðalög nr. 42/1949 (nú 8/1962).

2. Ýmis önnur heildarlög horfa mjög til samræmingar á löggjöf þótt ekki sé þar vikið verulega að gömlum lagaboðum. Meðal dæma þessa eru hafnalög nr. 29/1946 (nú 69/1984), sem komu í stað margra lagabálka um einstakar hafnir hér á landi og samræmdu ákvæði þeirra, lög nr. 37/1948 (nú 74/1982), um brunavarnir og brunamál, sem leystu af hólmi m.a. lög um slökkvilið í einstökum kaupstöðum, og sveitarstjórnarlög 58/1961 (nú 8/1986). Þá má enn fremur nefna lög um viðskiptabanka, nr. 86/1985, lög um framhaldsskóla, nr. 57/1988, og lög um lögreglusamþykktir, nr. 36/1988.

Innan þessa flokks má sérstaklega geta laganna nr. 75/1982 og 10/1983, um breytingu á sektarmörkum nokkurra laga. Með þeim lögum eru sektarmörk allmargra laga samræmd og mörkuð þar sú refsistefna að hverfa skuli frá því að greina lágmark og hámark fésekta í einstökum ákvæðum. Ræðst þetta tvennt þá af almennu ákvæðunum í almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, 50. gr., eins og efni hennar er markað á hverjum tíma, sbr. nú lög 42/1985, 7. gr. Halda þyrfti áfram þessu samræmingarstarfi að því er varðar fésektir sérrefsilaga. Enn fremur má benda á að ákvæði sérrefsilaga um eignarupptöku og réttindasviptingu þyrfti að samræma og kanna ákvæði um ítrekun í slíkum lögum með samræmingu í huga og raunar einnig fáein ákvæði sérrefsilaga um sakarfyrningu.

3. Lög nr. 20/1988, um brottfall ýmissa laga á sviði viðskiptamála, fjalla gagngert um brottnám laga á tilteknu sviði, og eru þau dæmi um svonefnda „hreina" brottfellingu laga. Sama er um lög nr. 26/1989, um brottfall ýmissa laga á sviði menntamála, og lög nr. 33/1989, um afnám ýmissa laga um iðnaðar- og orkumál.

C. Afstaða lagahreinsunarnefndar til nokkurra grundvallaratriða.

Við samningu og setningu heildarlaga á tilteknu sviði fer jafnaðarlega fram víðtæk könnun á lögum og lagaákvæðum er varða það svið sem frumvarpi er ætlað að taka til. Að ýmsu leyti er þetta tryggasta aðferðin við lagahreinsun og samræmingu laga. Hitt er það að slík heildarendurskoðun laga á tilteknum sviðum er fremur hæggeng hér á landi og nær auk þess ekki til allra þeirra lagasviða sem hér þarf að kanna. Er því vafalaust réttmætt að taka til athugunar almennt þörf á lagahreinsun.

Sérstakar nefndir starfa nú að endurskoðun laga á nokkrum lagasviðum. Má þar nefna réttarfarsnefnd, kirkjulaganefnd og sifjalaganefnd, nefnd er fjallar um barnaverndarlöggjöf, svo og framfærslulög o.fl. Er eðlilegt að sérnefndir þessar fjalli m.a um afnám úreltra laga á þeim lagasviðum er verkefni þeirra ná til. Í frumvarpi því, sem hér hefur verið samið, er þó gert ráð fyrir afnámi nokkurra lagaboða á sviði kirkjuréttar.

Við vinnubrögð að lagahreinsun ber að áliti nefndarinnar að skirrast við að hreyfa við hinum elstu lagaboðum sem í gildi eru og prýða íslensk lagasöfn og hlýtur það sjónarmið þó að þoka fyrir brýnni nauðsyn ef slíku er að skipta. Yfirleitt eru þau lagaákvæði Jónsbókar, sem talin eru í gildi, með þeim hætti að þau ganga ekki í berhögg við nútímalög eða lagaviðhorf, en gæta ber þess, svo sem áður greinir, að samlaga einstök ákvæði þeirra meginreglum laga eða einstökum settum lagaákvæðum þegar þeim er beitt. Veldur það sjaldnast vafa. Athyglisvert

er að til nokkurra Jónsbókarákvæða hefur verið vísað í hæstaréttardómum á síðustu árum. Í þessu lagahreinsunarstarfi ber því öðrum þræði að gæta lagaverndarsjónarmiða og þyrma hinum fornu lögum.

Ekki verður fallist á þá skoðun að gömul lagaboð séu ónothæf og einskis nýt aldursins eins vegna. Þetta mál verður að kanna hverju sinni. Hér á raunsæisleg virðing að ráða. Könnun á meginreglum nútímalaga og lagaviðhorfum skiptir hér miku máli og með vísan til þess er oft réttmætt að leggja til að lagaboð sé afnumið eða þættir þess. Gamalt lagaboð á enn fremur ekki að fella úr gildi fyrir það eitt að það hafi ekki verið birt hér á landi, þegar leitt er í ljós að því hefur verið fylgt um langan aldur, sbr. hér hrd. XXV (1954):494, er áður greinir.

Þess var áður getið að lög geta fallið úr gildi fyrir það að þeim hefur ekki verið beitt um langan aldur (notkunarleysi). Þessu lagasjónarmiði er þó beitt með varfærni bæði við útgáfu lagasafna og eins í dómum hér á landi. Málið horfir annan veg við í því starfi sem liggur til grundvallar frumvarpi þessu. Nefndin hefur gefið því sérstakan gaum hvort einstökum lögum eða lagaákvæðum hafi ekki verið beitt alllengi í reynd. Ef svo reynist, að áliti nefndarinnar, er lagt til að þau verði afnumin út frá því sjónarmiði að þau gegni ekki sérstöku hlutverki og án tillits til þess hvort sérreglur um notkunarleysi eigi beinlínis við.

IV.

Athugasemdir um nokkra flokka laga og réttarreglna.

Ástæða er til að víkja hér sérstaklega að nokkrum flokkum laga sem alltíðir eru í lagasetningunni og greina frá afstöðu nefndarinnar til þeirra. Lög þau, er að er vikið í IV, A, B og C, eru tíðast „einnota lög", ef svo má að orði komast, einskorðuð við tiltekinn gerning.

A. Eignarnámslög.

Samkvæmt 67. gr. stjórnarskrár getur eignarnám ekki farið fram, nema það hafi stoð í settum lögum. Eru þær heimildir í reynd ýmist almennar, sbr. t.d. vatnalög, hafnalög og skipulagslög o.fl., eða sérgreindar, þ.e. víkja að tilteknum eignum sem taka má eignarnámi, sbr. t.d. lög nr. 110/1974 og nr. 57/1979. Allmargt er af síðargreindum lögum í lagasafni. Er oft einsætt að eignarnám hefur farið fram á grundvelli laganna. Þau hafa þá gegnt hlutverki sínu. Yfirfærsla eignarréttinda, beinna eða óbeinna, styðst þá við eignarnámsgerðina sem slíka. Vafalaust er forsvaranlegt að prenta aðeins fyrirsögn, en ekki texta, slíkra laga í lagasafni. Hinu má einnig hreyfa að réttmætt sé að fella þau úr gildi og er ótvírætt að afnám þeirra haggar ekki við gildi eignarnáms er fram hefur farið í skjóli þeirra, sbr. hér á eftir 13. gr. frumvarpsins og athugasemdir við hana.

B. Lög er varða lántökur.

Lög um þetta efni hafa að jafnaði gegnt hlutverki sínu þegar lántökuheimildar hefur verið neytt að fullu. Telur nefndin réttmætt að hreinsa til í lagasafni að því er þessa löggjöf varðar þ.e. með formlegri brottfellingu hennar, sjá hér á eftir 11. gr. frumvarpsins og athugasemdir við hana.

C. Lög er varða ríkisábyrgðir.

Um þessi lög reynir á svipuð viðhorf sem um lög skv. IV. B. Hér er einnig réttmætt að hreinsa til, sjá 8. gr. frumvarpsins og athugasemdir við hana.

D. Lög um efnahagsmál, þar á meðal gengismálefni.

Lög um efnahagsmál, þar á meðal gengismál og tolla- og skattalög er tengjast þeim, skera sig nokkuð úr að því leyti að við setningu laga á því sviði er ekki nema að litlu leyti tekin afstaða til eldri laga á sama sviði og frambúðargildis þeirra. Brýn þörf er á að gagnger

endurskoðun af hálfu sérfræðinga fari fram á þessum lagavettvangi. Lagahreinsunarnefnd hefur látið gera tölvuútskrift á lögum er varða þetta efni, svo og lögum á sviðum sem heyra undir II. A–C liði hér að framan, sem ætti að geta haft nokkurt leiðsögugildi. Farið hefur verið með löndum í tillögugerð í frumvarpi þessu um afnám laga á þessu sviði. Æskilegt væri að forsætisráðherra beitti sér fyrir skipun sérfræðinganefndar sem jafnframt yrði samvinnunefnd þeirra ráðuneyta og stofnana er um þessi mál hafa fjallað til frekari athugunar á þessum lagaflokkum.

E. Eldri réttarreglur.

Lagafyrirmæli voru ekki nefnd lög fyrr en á 19. öld. Tilskipanir, opin bréf, úrskurðir og jafnvel ráðuneytisbréf voru áður fyrr talin hafa lagagildi (og raunar alþingisdómar) og eru ýmis þeirra tekin með í lagasöfn. Nær rannsókn sú, sem liggur til grundvallar frumvarpi þessu, m.a. til þessara fyrirmæla og er lagt til að allmikill fjöldi þeirra verði nú afnuminn. Fyrirmæli framkvæmdarvalds eftir 1874 hafa hins vegar ekki lagagildi og eru ekki greind í frumvarpinu, t.d. tilskipun um lyfjaskrá, nr. 86/1965, sem að vísu er tekin með í Lagasafni 1983.

V.

Samræming löggjafar o.fl.

Meðal verkefna hinnar þingkjörnu nefndar á að vera að setja fram hugmyndir um samræmingu löggjafar. Þetta er raunar óskýrgreint verkefni, en hlýtur að vera geysivíðtækt. Heppilegust vinnubrögð við það eru að nefndir sérfræðinga á tilteknum lagasviðum fjalli um það, en öðrum þræði ætti þetta að vera samstarfsverkefni milli ráðuneyta. Eins og áður greinir hefur mikið starf verið unnið að samræmingu laga með setningu heildarlaga á afmörkuðum sviðum. Þyrfti að gera meira að þessu en orðið er og vinna þar eftir samræmdum áætlunum. Raunar ætti þetta verkefni að vera enn víðtækara. Gefa þarf sérstakan gaum að ýmsum lagatæknilegum þáttum í lögum við samningu lagafrumvarpa og er þarflegt að endurskoða ýmis lög út frá þessu sjónarmiði. Bíður slík endurskoðun væntanlega uns komið hefur verið á fót lagastofnun annaðhvort í tengslum við dómsmálaráðuneyti, Alþingi eða við Háskóla Íslands, svo sem hugmyndir hafa verið settar fram um. Er æskilegt að stofnað verði til rannsókna á lagatækniatriðum og kennslu á því sviði á vegum lagadeildar Háskólans, væntanlega í tengslum við réttarheimildafræði sem gefa þarf aukinn gaum að hér á landi.

Mörg svið íslenskrar löggjafar þarfnast könnunar í því skyni að samræma ákvæði þeirra og fella dreifð lög í samfellda lagabálka. Hér áður var minnst á efnahagslöggjöfina, þar á meðal löggjöf um gengismál. Einnig mætti benda á félagsmálalöggjöfina, landbúnaðar- og landsnytjalöggjöf, orkulöggjöf, þar á meðal um jarðhitaréttindi, og félagalöggjöf. Almenna umhverfismálalöggjöf skortir þar sem hyggja ætti að ýmsum samræmingarverkefnum og taka ætti á því verkefni, hvernig stjórnsýsla yrði samræmd á því mikilvæga sviði. Þá skortir mjög almenn stjórnsýslulög sem einnig mundu horfa til samræmingar, svo og löggjöf um aðgang að opinberum stjórnsýslugögnum, en frumvarp til stjórnsýslulaga hefur verið flutt á Alþingi og hlaut ekki afgreiðslu. Stundum eru áberandi eyður í löggjöf. Þannig eru lög sett um fasteignasala, en löggjöf um fasteignasölu skortir. Þá hafa norrænu lögin um afborgunarkaup ekki verið lögfest og gegnir hinu sama um lög um skuldabréf.

Við samræmingarstarf þyrfti að huga að þörfinni á að fella saman lagabálka. Sem dæmi þessa má nefna löggjöfina um veiði dýra, friðun dýra og dýravernd. Hreyfa má einnig þeirri hugmynd að fella saman í einn lagabálk farsóttalög nr. 10/1958, sóttvarnarlög nr. 34/1954, berklavarnalög nr. 66/1939 og lög um varnir gegn kynsjúkdómum, nr. 16/1978, og e.t.v. fleiri lög á þessu sviði.

Hin svonefndu afstæðu lagahugtök geta vissulega átt rétt á sér, t.d. svo að hugtakið skip sé ekki skýrgreint með sama hætti hvarvetna sem á það reynir í lögum. Grunnhugtök, sem skýrgreind hafa verið í lögum, ætti þó að beita samræmt, svo sem hugtakinu forsjá, en allvíða

er enn í lögum talað um foreldravald. Fjármálamynstur laga um fjármál hjóna ætti einnig að leggja til grundvallar í öðrum lögum. Æskilegt væri að kanna í þessu sambandi hvort ekki sé réttmætt að beita sama greinimarki um hugtakið „óvígða sambúð" hvarvetna sem það er greint í lögum, en þessu er ekki svo farið nú. Áður var hér rætt um samræmingu almennra hegningarlaga og sérrefsilaga, svo sem varðandi fésektir og mörk þeirra, ítrekun, réttindasviptingu, eignarupptöku og sakarfyrningu.

Í nokkrum tengslum við framangreint mætti nefna þörfina á því að hverfa frá óþörfum lagaákvæðum. Þegar refsiákvæði hefur verið greint í lögum er þess jafnan getið að mál út af brotum á lögunum sæti meðferð opinberra mála eða orðalag er notað er jafngildi því. Slíks ákvæðis er naumast þörf því að 1. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, kveður afdráttarlaust svo á að mál, sem handhafar ríkisvalds höfði til refsingar „lögum samkvæmt", skuli hlíta ákvæðum þeirra laga, þ.e. laga nr. 74/1974, en rannsóknar- og ákæruskylda almennt er fólgin í réttarfarslögum þótt e.t.v. mætti kveða þar fastar að orði. Annað dæmi mætti nefna. Í langflestum lögum nú er það ákvæði að lögin taki gildi þegar í stað, þ.e. eftir birtingu þeirra. Hægt væri að breyta lögum nr. 64/1943, um birtingu laga o.fl., 7. gr., svo að lög tækju gildi þegar í stað eftir birtingu nema þau greini annan gildistökudag. Einnig má benda á að í einstökum lagaákvæðum í lagabálki er þess oft getið að heimilt sé að setja nánari reglur í reglugerð um þau efni er ákvæðið fjallar um, en síðan er t.d. í lok lagabálksins almennt ákvæði um setningu reglugerðar. Oft dugir að hafa almennt ákvæði um þetta efni þótt sjálfsagt sé það ekki algilt. Raunar hillir hér undir annað mikið álitamál, þ.e. um tengslin milli löggjafar og stjórnsýslu og í hverjum mæli löggjafinn geti falið stjórnvöldum að ráða málum til lykta með stjórnvaldsreglum. Þarf að gefa því máli mikinn gaum, en það er stærra verkefni en svo að hér verði rætt.

Þegar meginbreytingar eru gerðar á ákveðnu lagasviði, svo sem um sveitarstjórnarmál eða réttarfarsmálefni, er þörf á rækilegri könnun á annarri löggjöf sem breyta þarf til samræmis. Nýleg dæmi má nefna. Vegna breytinga á skipan sveitarstjórnarmála með lögum 8/1986 var ákvæðum ýmissa annarra laga breytt til samræmis, sbr. lög nr. 108/1988, eða þau felld niður. Lög nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, gera það knýjandi að breyta löggjöf og lagaákvæðum er byggja á hinni eldri skipan, sbr. nú lög nr. 85, 86 og 90 frá 1989. Að öðrum frumvörpum er nú unnið. Á báðum þessum sviðum hefur verið tekið rösklega á samræmingarverkefni. Hins vegar fóru menn sér tiltölulega hægt í að breyta ákvæðum um konung og vald hans í einstökum lögum eftir að lýðveldi var stofnað 17. júní 1944. Annað dæmi má nefna. Þegar sáttanefndir voru afnumdar með lögum nr. 28/1981 var þess ekki gætt að breyta í kjölfar þessa 44. gr. laga nr. 60/1972 er fjallar um sáttir vegna skilnaða, en frumvarp til lagabreytingar hefur nú verið flutt.

Í nokkrum tengslum við þetta mál má svo benda á að mikil þörf er á rannsóknum á lagatækni og grundvallarsjónarmiðum um samningu lagafrumvarpa, m.a. þyrfti að fjalla um það mál í rannsóknar- og kennslustarfsemi í Háskólanum.

Um samræmingarverkefni það, sem þingsályktunin frá 22. maí 1984 víkur að, telur nefndin að miðað við starfsaðstöðu hafi hún ekki tök á að gera annað en að setja fram þær almennu ábendingar er að framan greinir. Áréttað skal að sumpart eru það eðlileg vinnubrögð að fela sérfræðinganefndum á tilteknum sviðum þetta verkefni og sumpart gæti það verið samstarfsverkefni milli ráðuneyta, en auk þess gæti það komið í hlut hugsanlegrar lagastofnunar er tengdist dómsmálaráðuneyti, Alþingi eða Háskóla Íslands.

Þessum þætti skal svo ljúka með því að bent sé á þörfina á því að í upphafi árs sé gefin út skrá um ný lög, skipað t.d. eftir efnisskipulagi lagasafns, og svo um breytt lög með sama hætti og skráin taki þá einnig til brottfallinna laga. Mætti t.d. hugsa sér að þessi skrá yrði birt sem sérstakt fylgirit með A-deild Stjórnartíðinda. Skráin gæti gegnt góðu hlutverki og verið til hægðarauka fyrir þá mörgu menn sem fjalla um lög. Þá skal á það bent að rík þörf er á að endurútgefa lög sem sætt hafa verulegum breytingum og er allt of lítið gert að þessu, sbr. t.d.

almannatryggingalög, skattalög og almenn hegningarlög. Má í því efni leita fyrirmynda til Danmerkur, en þar er þess vel gætt að endurútgefa lög.

VI.
Vinnubrögð við samningu frumvarpsins.

Formaður nefndarinnar tók saman drög til frumvarpsins, er nefndin kannaði og ræddi. Að svo búnu ákvað nefndin að fela honum að leita umsagna ráðuneyta og ýmissa stofnana um hugmyndir þær er fólust í frumvarpsdrögunum. Voru bréf um það send viðkomandi ráðuneytum og stofnunum í september 1988 og síðar vorið 1989. Svör hafa borist frá öllum aðilum. Í allmörgum tilvikum átti formaður fund með starfsmönnum ráðuneyta og stofnana í sambandi við þetta verkefni. Að svo búnu fjallaði nefndin um endurskoðuð drög til frumvarpsins er formaður nefndarinnar tók saman á grundvelli umsagnanna. Nefndin fól formanni að semja greinargerð með frumvarpinu.

Þessi vinnubrögð ættu að greiða fyrir því að unnt verði að flytja frumvarpið á Alþingi hið fyrsta.

VII.
Uppbygging lagafrumvarpsins.

Frumvarpinu er hagað með þeim hætti að lögum eða lagaákvæðum, sem lagt er til að afnumin verði, er skipað í efnisflokka eftir skipulagi lagasafnsins í stórum dráttum. Ætti þetta bæði að vera til hægari verka fyrir þingmenn og þingnefndir og síðan fyrir þá sem við lögin eiga að búa. Í fylgiskjali með frumvarpinu er lögum, lagaboðum og lagaákvæðum skipað í aldursröð, þeim er frumvarpið tekur til. Sá háttur, sem hér er valinn, hefur einnig þann kost með sér að auðvelt er í þinginu að bæta við lögum, er lagt er til að afnumin verði, án þess að greinatala frumvarpsins raskist.

Lögin, sem lagt er til að afnumin verði í frumvarpi þessu, eru 263 talsins, en einnig er lagt til að einstök ákvæði í 16 lögum til viðbótar verði úr gildi felld. Varðar frumvarpið því samtals 279 lög. Flokka má lögin, er frumvarpið tekur til, eftir aldri þeirra, svo sem hér segir:

1. Lagaboð frá 1800 og eldri	8
2. Lagaboð frá 1800–1900	24
3. Lög frá 1901–1950	94
4. Lög frá 1951 og yngri lög	153
Alls	279

Almennar athugasemdir við frumvarpið.

Hér að framan er getið um þær viðmiðanir sem nefndin hefur beitt við mat á því hvort einstök lög eigi að nema úr gildi. Í fyrsta lagi má vera að lög samrýmist ekki síðar settum lögum efnislega og eigi þá eldri lögin að þoka að því skapi. Í öðru lagi má vera að lög, einkum hin eldri, brjóti í bága við meginreglu síðari laga eða almennar lagahugmyndir og lagastefnu. Þá er á það að líta að í ljós kann að vera leitt að tilteknum lögum hafi ekki verið beitt um langan aldur og þyki þau ekki gegna neinu hlutverki eins og nú er komið. Getur þá verið ástæða til að nema þau úr gildi. Enn fremur getur brottfellingarástæðan verið sú að lög hafi þegar gegnt tilætluðu hlutverki, sbr. t.d. eignarnámslög, lög um ríkisábyrgðir og lántökur. Er heppilegt að fá formlega staðfestingu Alþingis á því að slík lög séu úr gildi fallin. Árleg lög um veitingu ríkisborgararéttar þarf ekki að fella úr gildi og raunar má nefna að þau eru ekki prentuð í lagasafni. Sama er um heimildir í fjárlögum. Naumast er mikil þörf á að greina ítarlega við hvert einstakt ákvæði frumvarpsins hver ástæðan sé til tillögu um að lagaboð verði afnumið. Jafnaðarlega liggja þau rök í augum uppi.

Vissulega hlýtur að orka tvímælis hversu langt verði gengið í að afnema einstök lög. Má vel vera að sumum þyki nefndin hafa gengið of skammt í þessu efni. En hvort tveggja er að einstakir þingmenn og þingnefndir geta hæglega bætt við fleiri lögum og eins er á það að líta að vonandi verður fljótlega haldið áfram því starfi sem þessi þingkjörna nefnd hefur nú innt af hendi.

Skal nú farið nokkrum orðum um hverja einstaka grein frumvarpsins, en þó áður getið eins atriðis almenns efnis.

Fyrirsögn frumvarpsins.

Lagt er til að lögin nefnist lög um brottfall laga og lagaákvæða, en orðið afnám er ekki notað hér. Þetta stafar af því að allmörg þeirra laga, er frumvarpið tekur til, eru þegar fallin úr gildi og því ekki afnumin með frumvarpi þessu ef lögleitt verður. Að þessu leyti er með frumvarpinu leitað eftir formlegri staðfestingu Alþingis á brottfalli ýmissa þeirra laga er frumvarpið fjallar um. Ákvæði 1. gr. frumvarpsins, sbr. gildistökuákvæði 31. gr., ber að skýra út frá þessari forsendu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Vísað er til almennra athugasemda hér næst á undan.

Um 2. gr.

Lagt er til í 1.–3. tölul. að nokkur lagaboð verði numin úr gildi er varða skjöl sem send eru ráðuneytum. Er ekki gengið eftir því nú að farið sé eftir þessum fyrirmælum og eru þau úrelt. Tekið er fram að ekki þykir að svo stöddu rétt að afnema opið bréf 12. mars 1870, um rétt manna til að fá eftirrit af vissum skjölum, er fela í sér álit um erindi til stjórnvalda. Bíður það nýrra stjórnsýslulaga að leysa það lagaboð af hólmi.

Lagaboð þau, er greinir í 4.–7. tölul. hafa ekki raunhæft gildi og sumpart eru önnur ákvæði laga eða stjórnsýsluvenjur komnar í þeirra stað.

Haft hefur verið samráð við dómsmálaráðuneyti um efni greinarinnar.

Um 3. gr.

Í 1.–6. tölul. er lagt til að höfðu samráði við fjármálaráðuneyti að ýmis eldri lagafyrirmæli um lífeyri opinberra starfsmanna eða einstakra flokka þeirra verði numin úr lögum, enda gegna þau ekki neinu hlutverki lengur.

Í 7. tölul. er lagt til að 5. gr. laga nr. 36/1911, um forgangsrétt kandídata frá Háskóla Íslands til embætta, verði afnumin, en ákvæðið varðar þá sem tóku embættispróf frá Kaupmannahafnarháskóla fyrir 1916. Það ákvæði er nú gildislaust. Samráð hafa verið höfð við Háskóla Íslands og Bandalag háskólamanna.

Um 4. gr.

Í 1. og 3.–5. tölul. er lagt til að höfðu samráði við hagstofustjóra að nokkur lög og lagaákvæði, er varða landshagi, hagfræðiskýrslur og Hagstofu, séu numin úr lögum.

Í 2. tölul. er lagt til að lög nr. 30/1956, um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum hér á landi, verði afnumin enda hefur þeim ekki verið beitt um alllanga hríð.

Um 5. gr.

Hér er lagt til í 1.–7. tölul. að nokkur eldri lagaboð um gjaldheimtu og gjaldheimtumenn opinberra gjalda verði felld brott. Hvort tveggja er að þeim hefur ekki verið beitt um langan aldur og sumpart eru önnur ákvæði laga komin að verulegu leyti í þeirra stað. Með 99. gr. laga

nr. 90/1989, um aðför, eru lagaboð, er greinir í 1. og 4. tölul. greinarinnar, að vísu numin úr lögum, en þó svo að lög nr. 90/1989 taka ekki gildi fyrr en 1. júlí 1992. Þykir réttmætt að afnema þessi lagaboð nú þegar og eru þau því tekin hér með. Þá er lagt til að lögin um eignakönnun, nr. 67/1947, og lögin um stóreignaskatt o.fl., nr. 22/1950 og nr. 19/1958, verði afnumin, enda er ætlunarverki þeirra lokið. Lögin nr. 47/1925, um innheimtu gjalda af erlendum fiskiskipum, eru einnig úrelt. Lög nr. 10/1946, um lestagjald af skipum, mun enn fremur mega afnema. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki athugasemda. Samráð hafa verið höfð við fjármálaráðuneyti um efni þessarar greinar.

Um 6. gr.

Hér er fjallað um löggjöf er varðar efnahagsmál. Of lítið er gert að því við setningu laga um efnahagsmál að taka afstöðu til gildis eldri laga. Höfð hafa verið samráð við forsætisráðuneytið, fjármálaráðuneytið, Seðlabankann, Hagstofuna og Þjóðhagsstofnun um þessi málefni. Er hér farið varlega í tillagnagerð nefndarinnar svo sem áður greinir. Lagt er til að stofnað verði til sérstakrar sérfræðilegrar könnunar á þessari löggjöf og reynt að samræma hana, einkum að því er varðar gundvallarþætti hennar, en hjá tímabundnum breytingum og nýmælum verður vitaskuld ekki komist.

Í 1. tölul. er þess að gæta að 2.–5. gr. laga nr. 4/1960 hafa glatað gildi sínu, en í stað 6. gr. hefur komið 11. gr. laga nr. 28/1962, nú 38. gr. laga nr. 13/1979. Lagt er til nánast til öryggis að 2.–6. gr. verði felldar niður. Eðlilegt er að setja nýja löggjöf í stað þeirra slitra sem eftir verða af lögum nr. 4/1960. Varðandi 5. tölul. er bent á að 28. og 29. gr. laga nr. 13/1979 eru felldar niður með 21. gr. laga nr. 84/1985.

Í 6. tölul. felst að þau ákvæði laga nr. 10/1981, sem enn eru í gildi, verði felld niður. Fjórða grein er afnumin með lögum nr. 5/1984, en 1.–3. gr. eru áður úr lögum numdar svo sem greinir í Lagasafni 1983.

Um 7. gr.

Hér er vikið að lögum um gjaldeyrismál. Gegnir um þau svipuðu máli og um efnahagslöggjöfina að alloft er ekki tekin afstaða til eldri löggjafar þegar yngri löggjöf um þau málefni er sett. Oft víkja lög um þetta efni að afmörkuðu verkefni, t.d. ráðstöfun á gengishagnaði, er myndast við tiltekna breytingu á gengi íslensku krónunar. Hafa lögin þá tíðast tímabundið gildi þótt þess séu dæmi að slík lög geymi ákvæði sem ætlað er að hafa gildi til frambúðar. Í 1. og 3.–20. tölul. er lagt til að ýmis lög um þetta efni verði afnumin, enda hafa þau lokið því hlutverki sem þeim var ætlað. Um 1. tölul. er sérstaklega vísað til 9. gr. laga nr. 63/1979. Í 2. tölul. er lagt til að afnumin verði lög nr. 82/1941 sem ekki hafa framar raunhæfa þýðingu, sbr. nú lög nr. 63/1979, en síðarnefndu lögin eiga einnig við um lög er greinir í 3. tölul.

Samráð hafa verið höfð m.a. við Seðlabanka Íslands um efni þessarar greinar.

Um 8. gr.

Í þessari grein er lagt til að ýmis lög, er varða ríkisábyrgðir, verði afnumin. Grunnsjónarmið nefndarinnar er það að þegar ábyrgð hefur verið tekin á skuldum með stoð í tilteknum lögum hafi lögin gegnt hlutverki sínu, enda haggar það ekki við gildi ábyrgðaryfirlýsingarinnar þótt lögin, sem voru á sínum tíma grundvöllur hennar, verði afnumin. Til þessara laga er jafnaðarlega vísað berum orðum í ábyrgðaryfirlýsingunni og því auðrakið á hverjum lagagrunni hún hvílir. Leitast hefur verið við að kanna hvort tiltekin lög hafi enn raunhæft gildi, þ.e. hvort lagaheimildar hafi verið neytt. Þetta kann stundum að orka tvímælis, t.d. vegna þess að ábyrgð hefur verið veitt vegna hluta af þeirri hámarksfjárhæð sem greind er í lögunum.

Samráð hafa verið höfð við fjármálaráðuneytið um efni þessarar greinar.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að tvenn lög um opinbera sjóði verði afnumin þar eð þau hafa ekki raunhæft gildi. Nokkur fleiri lög hafa verið hér í sjónmáli, en rétt þótti að athuguðu máli að einskorða tillögurnar við þessa sjóði tvo.

Um 10. gr.

Með 40. gr. stjórnarskrárinnar er áskilin lagaheimild ef láta á af hendi fasteignir ríkisins eða afnotarétt þeirra. Fjölmörg lög heimila sölu einstakra fasteigna. Eru þau „einnota", svo sem áður greinir. Þegar salan er um garð gengin hafa lögin lokið því frumhlutverki sem þeim var ætlað. Sölugerningurinn er grundvöllur að yfirfærslu eignaréttindanna og afnám laganna haggar ekki gildi hans. Er forsvaranlegt þegar svo er komið að afnema lögin. Tilvist laganna á þeim tíma, er salan fór fram, er næg stoð undir sölunni. Hér verður vitaskuld að kanna eftir föngum hvort sala hafi farið fram samkvæmt hinum einstöku lögum. Þetta hefur reynst torvelt í nokkrum tilvikum. Hægur er hjá að afnema einstaka töluliði greinarinnar ef í ljós verður leitt að tiltekin lög gegni enn hlutverki. Samráð hafa verið höfð við dóms- og kirkjumálaráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti um efni þessarar greinar.

Vakin er athygli á hinni almennu heimild í 37. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, sbr. 12. gr. laga nr. 90/1984, til sölu á ríkisjörðum til sveitarfélags sem jarðeign er í. Vegna þessa almenna ákvæðis hafa eldri lög um sölu ríkisjarða, sem svona stendur á um, lítið sjálfstætt gildi.

Um 11. gr.

Greinin fjallar um lög sem varða lántökur og lántökuheimildir, sbr. 40. gr. stjórnarskrár. Grunnsjónarmiðið um mat á afnámi slíkra laga er svipað að sínu leyti og fram kemur í athugasemdum við 10. gr. frumvarpsins, þ.e. að þegar lán hefur verið tekið sé forsvaranlegt að afnema lögin. Önnur viðmiðun, sem einnig kemur til greina, er sú að afnema lögin ekki fyrr en lánið, sem lögin víkja að, er greitt að fullu. Hér er valinn nokkur meðalvegur og eru engin þeirra laga, sem greinin víkur að, yngri en 10 ára. Ætti það greinimark oftast að vera nærri lagi. Rætt hefur verið við starfsmenn fjármálaráðuneytis og ýmissa stofnana um efni þessa ákvæðis.

Um 12. gr.

Greinin fjallar um lög varðandi fjármál ríkisins. Þorri þessara laga er tímabundinn og því raunverulega fallinn niður. Þau standa þó enn í lagasafni og er það til hægari verka að afnema þau með slíkum lagahreinsunarlögum sem stefnt er að með frumvarpi þessu.

Um 13. gr.

Samkvæmt 67. gr. stjórnarskár verður eignarnám að styðjast við sett lög. Eru eignarnámsheimildir víða í lögum, svo sem áður greinir. Þegar eignarnám hefur verið framkvæmt með stoð í lögum er lúta að tiltekinni eign eða réttindum er hlutverki laganna raunverulega lokið. Yfirfærsla réttinda hvílir þá á eignarnámsgerðinni (og eftir atvikum þinglýsingu hennar) og afnám eignarnámslaganna raskar ekki gildi eignarnámsins. Stundum eru ákvæði í eignarnámslögum sem kveða á um meðferð hinna eignarnumdu réttinda í hendi eignarnema eða áskilja eignarnámsþola tiltekin réttindi eða áskilja honum forkaupsrétt o.fl. Getur þá verið varhugavert að fella lögin niður í heild sinni.

Erfitt er að ganga úr skugga um hvort eignarnám hafi farið fram samkvæmt tilteknum eignarnámslögum eða hvort lögin hafi að öðru leyti misst raunhæft gildi fyrir það að samningar hafa tekist um yfirfærslu réttinda. Hér er valin varfærnisleg leið. Vafalítið mætti bæta nokkrum öðrum lögum við.

Um 14. gr.

Í 1.–6. tölul. er lagt til að nokkur lög, er varða veðdeild Landsbanka Íslands og útgáfu bankavaxtabréfa, verði numin úr lögum. Hefur verið haft samráð um þetta við bankann en af hans hálfu er talið, að ekki sé vert að afnema lög nr. 1/1900 að svo stöddu. Lög um rekstrarlánafélög, nr. 98/1938, virðast ekki hafa neitt gildi lengur. Er því lagt til í 7. tölul. að þau verði afnumin.

Um 15. gr.

Þessi grein fjallar um lög varðandi félagsmál. Í 1. tölul. er lagt til að lög um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn, nr. 60/1907, verði afnumin, enda hefur þróun þjóðfélags kippt stoðum undan þeim. Lög um íbúðir í kjöllurum, nr. 57/1929, sbr. 2. tölul., hafa ekki lengur sérstakt gildi, sbr. við löggjöf um byggingar og íbúðarhúsnæði o.fl. Lög, er greinir í 3.–7. tölul., hafa ekki lengur raunhæft gildi. Höfð hafa verið samráð m.a. við félagsmálaráðuneyti um lög þau er um getur í þessari grein.

Um 16. gr.

Í þessari grein er lagt til að afnumin verði tvenn gömul lagaboð um kirkjumálefni. Í greinargerðinni hér að framan er þess getið að kirkjulaganefnd starfar að heildarendurskoðun laga á sviði kirkjuréttar og er kunnugt að hún fjallar m.a. um afnám gamalla lagaboða á þessum vettvangi. Nefndinni þykir þó einsýnt að felld verði brott með frumvarpi þessu þau lagaboð er greinin víkur að, enda eru þau úrelt með öllu. Samráð hefur verið haft við ráðuneyti og biskup um þetta efni.

Um 17. gr.

Á sviði menntamála hefur farið fram mikil endurskoðun síðustu ár er horft hefur til samræmingar á löggjöf og leyst hefur af hólmi eldri lög ýmis. Auk þess voru samþykkt lög á síðasta Alþingi nr. 26/1989 um afnám nokkurra laga á þessum vettvangi.

Í 17. gr er aðeins getið tiltekinna ákvæða í lögum nr. 5/1968 sem lagt er til að felld verði úr gildi og hefur verið haft samráð við menntamálaráðuneyti um það. Um prófessorsembætti er nú fjallað í lögum um Háskóla Íslands og má afnema 6. gr. laga nr. 5/1968. Málum þeim, er greinir í 1. og 4. tölul. 7. gr. laganna, er nú skipað með reglum um skipulag menntamálaráðuneytis sem settar eru með stoð í lögum um Stjórnarráð Íslands, en um 3. tölul. vísast til laga um Námsgagnastofnun, nr. 45/1979. Ekki er lagt til að 2. tölul. 7. gr. verði felldur niður að svo stöddu, sbr. 88. gr. laga nr. 63/1974.

Um 18. gr.

Allvíðtæk endurskoðun hefur farið fram á lögum um heilbrigðismál og heilsugæslu síðustu ár. Hér eru tillögur einskorðaðar við afnám þriggja laga um holdsveiki, en þeirra er ekki framar þörf. Samráð hefur verið haft við heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið um þessi efni.

Um 19. gr.

Hér er fjallað um lög er varða samgöngur. Í 1. tölul. er lagt til að lög um hægri handar umferð frá 1966 séu formlega numin úr lögum, sbr. nú umferðarlög nr. 50/1987. Í 2. tölul. er vikið að lögum nr. 41/1914, um strandferðir, sem eru úrelt. Í 3. og 4. tölul. er lagt til að lög um tiltekin málefni Flugleiða verði formlega afnumin, en þau miðast við lausn mála sem útkljáð hafa verið. Í 5.–7. tölul. er lagt til að þrenn lög um happdrættislán ríkissjóðs í þágu vega- og brúagerða verði afnumin, en þau hafa þegar gegnt því hlutverki sem þeim var ætlað. Lögin, er greinir í 8.–11. tölul., hafa ekki raunhæft gildi lengur. Samráð hefur verið haft við samgönguráðuneyti um efni þessarar lagagreinar.

Um 20. gr.

Í þessari grein er fjallað um lög er varða lögreglumálefni. Í 1.–4. tölul. er lagt til að fern lög um eftirlit með flutningi manna, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur eða til útlanda endranær, verði afnumin. Þessi lög hafa ekki raunhæft gildi lengur. Þá er lagt til að tiltekin ákvæði í lögum nr. 33/1954, um lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli, verði afnumin, enda eru þau óþörf nú. Að vísu er kveðið svo á í lögum nr. 92/1989, 20. gr., um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, að lögin falli að öllu niður, en skv. 16. gr. taka þau lög ekki gildi fyrr en 1. júlí 1992. Þykir því réttmætt að kveða á um brottfall greindra ákvæða í þessu lagafrumvarpi, sbr. og athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins. Tekið skal fram að ekki þykir rétt að svo stöddu að afnema tilskipun 4. ágúst 1819, um skyldu manna að bjarga mönnum er sýnast dauðir, en ástæða er til að endurskoða þau ákvæði.

Samráð hafa verið höfð við dómsmálaráðuneyti um efni þessarar greinar.

Um 21. gr.

Hér er lagt til að höfðu samráði við dómsmálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti að ýmis lög og lagaákvæði verði afnumin er varða sveitarstjórnarmál, svo og stöðu bæjarfógeta í kaupstöðum að því leyti sem um er fjallað í lögum um bæjarstjórnir, svo sem alloft er.

1. Lög um sveitarstjórnarmál, þ.e. mál einstakra kaupstaða, eru greind í 1., 3. og 17. tölul. (Reykjavík), í 2. og 4. tölul. (Ísafjörður), í 7. tölul. (Akureyri) og í 8. tölul. (Vestmannaeyjar). Þessi lög eru eigi talin hafa raunhæft gildi.
2. Lög um bæjarstjórnir, sbr. 5., 9., 10., 12., 14., 15., 16. og 18. tölul. Þar er einkum hreyft við ákvæðum er varða stöðu bæjarfógeta, en einnig ákvæðum um önnur efni er gegnt hafa þegar ætlunarverki sínu. Ákvæðin um stöðu bæjarfógeta eru að vísu felld niður með lögum nr. 92/1989, 22. gr., en hins vegar taka lögin ekki gildi fyrr en 1. júlí 1992, sbr. 16. gr. þeirra. Þykir rétt að leggja til að þessi lagaákvæði verði afnumin nú þegar, enda samræmast þau ekki síðari tíma löggjöf. Vísast til athugasemda við 5. og 20. gr.
3. Í 11. tölul. er tillaga um að afnema lög varðandi þegnskylduvinnu, nr. 63/1941, sem ekki hafa raunhæft gildi. Með lögum nr. 26/1989, 6. gr., eru afnumin lög nr. 28/1936 er einnig varða þegnskylduvinnu en þau lög voru raunar afnumin þegar með lögum nr. 108/1988, 65. gr.
4. Lög um nýbyggingar í Höfðakaupstað, nr. 42/1946, sbr. 13. tölul., virðast hafa gegnt hlutverki sínu nú þegar.
5. Lög skv. 19. og 20. tölul. virðast mega falla niður.

Um 22. gr.

Í 1. tölul. er lagt til að höfðu samráði við yfirdýralækni að lög um aðfluttar ósútaðar húðir, nr. 35/1891, verði afnumin. Ekki er þörf á sérlögum um það efni.

Í 2. tölul. er lagt til að lög um tiltekna mýri í Rangárvallasýslu verði felld niður og mætti þó e.t.v. halda þeim út frá lagaverndarsjónarmiði.

Ýmis lög um landbúnaðarmálefni voru afnumin með lögum nr. 108/1988.

Um 23. gr.

Í þessari grein er lagt til að allmörg lög og lagaákvæði, er varða fiskveiðar, sjávarútveg og siglingar, verði afnumin. Hefur notið við samstarfs við sjávarútvegsráðuneyti um samningu þessarar greinar. Lög þessi eru sundurleit að efni til.

1. Í 1. tölul. er lagt til að lög nr. 20/1901, með breytingalögum nr. 29/1902, um tilhögun á löggæslu við fiskveiðar í Norðursjónum, verði afnumin. Samningur sá frá 1882, sem liggur til grundvallar lögunum, var endurnýjaður 1967, sbr. C-deild Stjórnartíðinda 1969, bls. 23, og C- deild 1977, bls. 1, enda segir í 4. gr. laga nr. 20/1901: „Lög þessi ... skulu vera í

gildi, meðan samningur sá stendur óhaggaður, er gerður var í Haag 6. maímán. 1882 um löggæslu við fiskveiðar fyrir utan landhelgi í Norðursjónum.“ Í þessu sambandi má benda á lög nr. 68/1981 þar sem sett eru ákvæði um aðild Íslands að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi, sbr. samning 18. nóvember 1980, sem birtur er sem fylgiskjal með lögunum, sbr. að sínu leyti um fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, lög nr. 48/1979. Í lögum nr. 34/1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, er ráðherra heimilað að setja reglur um þessar veiðar eftir því sem þörf þykir á, svo sem til samræmingar við reglur er gilda um veiðar íslenskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. Í 2. tölul. er lagt til að lög nr. 28/1902, um síldarnætur, verði afnumin. Innflutningur sá, sem hér um ræðir, er tilkynntur tollstjórum samkvæmt almennum lögum um innflutning varnings til landsins.
3. Lög nr. 37/1931, sbr. lög nr. 65/1932, sbr. 3. tölul., um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmissa ráðstafana vegna útflutnings á nýjum fiski, eru úrelt vegna breyttra þjóðfélagsaðstæðna.
4. Lög um útflutning saltaðrar síldar, nr. 70/1933, sbr. 5. tölul., og lög um útflutning á síldarmjöli, nr. 56/1935, sbr. 9. tölul., eru úrelt og raunar sumpart andstæð yngri löggjöf. Sama er um lög um veiði, sölu og útflutning á kola, nr. 19/1941, sbr. 14. tölul.
5. Lög um mat á fiskúrgangi, nr. 9/1935, sbr. 7. tölul., og lög um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum, nr. 92/1935, sbr. 10. tölul., eru úrelt og taka yngri lög og stjórnvaldsreglur til þessara málefna.
6. Þá eru ýmis lög um að reisa og starfrækja síldarverksmiðjur og um lán í því skyni, þ.e. lög nr. 66/1932, er varða Austurland, sbr. 4. tölul., lög nr. 15/1934 (Norðurland), sbr. 6. tölul., lög nr. 47/1935 (Raufarhöfn), sbr. 8. tölul., lög nr. 10/1938 og 42/1940 (Raufarhöfn og Siglufjörður), sbr. 11. og 12. tölul., og lög nr. 93/1942 (ný síldarverksmiðja), sbr. 16. tölul., og lög nr. 131/1941 (lántaka vegna síldarverksmiðja ríkisins), sbr. 15. tölul. Hafa þau þegar gegnt ætlunarverki sínu og má afnema.
7. Lög um síldartunnur, nr. 60/1940, sbr. lög nr. 46/1943, sbr. 13. tölul., eru um margt úrelt og ekki ástæða til að halda í þau, enda eru fullnægjandi heimildir annars staðar til að skipa því máli sem þar greinir.
8. Lög um olíugeyma o.fl., nr. 110/1943, sbr. 17. tölul. hafa naumast raunhæft gildi og virðist mega afnema þau.
9. Lög nr. 47/1943, sbr. 18. tölul., um fyrirmæli um samflot skipa voru miðuð við heimstyrjöldina síðari og hafa ekki raunhæft gildi.
10. Lög um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa, nr. 9/1944, sbr. 19. tölul., lög um skipakaup ríkisins, nr. 48/1945, sbr. 20. tölul., lög um togarakaup ríkisins nr. 109/1945, sbr. 21. tölul., og nr. 50/1950, sbr. 26. tölul., og viðaukalög nr. 88/1950, sbr. 27. tölul., lög um smíði tveggja þilfara togara í tilraunaskyni, nr. 16/1948, sbr. 23. tölul., lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa togarann Vilborgu Herjólfsdóttur, nr. 49/1955, sbr. 29. tölul., lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til skipakaupa o.fl. til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, nr. 94/1956, 32. tölul., lög um kaup á skuttogurum, nr. 113/1972, sbr. 37. tölul., hafa öll gegnt því hlutverki sem þeim var ætlað. Virðist af þeirri ástæðu mega afnema þau. Sama er um lög nr. 50/1955, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán vegna togarakaupa fyrir Neskaupstað, sbr. 30. tölul., og fyrir bæjarútgerð Reykjavíkur, nr. 84/1956, sbr. 31. tölul.
11. Þá eru nokkur önnur lög orðin úrelt eða hafa ekki raunhæft gildi lengur, þ.e. lög um fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík, nr. 52/1949, sbr. 24. tölul., lög um að reisa stöð til hagnýtingar efna úr síldarsoði, nr. 21/1950, sbr. 25. tölul., svo og lög um þátttöku Síldarverksmiðja ríkisins í útgerðarfélagi í Siglufirði, nr. 27/1963, sbr. 33. tölul.

12. Lög nr. 56/1954, um síldarleit í lofti, sbr. 28. tölul., eru úrelt um margt og hafa ekki raunhæft gildi.
13. Lög er varða ráðstafanir vegna útflutnings á afurðum bátaútvegsins, nr. 46/1946, sbr. 22. tölul., og vegna sjávarútvegsins nr. 4/1967, sbr. 34. tölul., hafa ekki raunhæft gildi.
14. Lög nr. 16/1969, sbr. 35. tölul., og nr. 64/1970, sbr. 36. tölul., um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar af fjarlægum miðum eru tímabundin og hafa ekki gildi lengur.
15. Lög nr. 1/1983, um olíusjóð fiskiskipa, olíugjald o.fl, sbr. 39. tölul., má afnema, með því að sjóðurinn mun í reynd hafa verið lagður niður 1976. Með sjóðakerfisbreytingunni árið 1986 með stoð í lögum nr. 24/1986 voru m.a. lög nr. 54/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum felld niður.

Um 24. gr.

Með lögum nr. 20/1988 voru afnumin ýmis lög um viðskiptamál. Hér er tillaga um afnám opins bréfs frá 28. desember 1836 varðandi verslun og skipaferðir sem hefur ekki raunhæft gildi. Lög nr. 29/1877, 21/1912, 37/1902 og 11/1917 um sölu ýmissa vara eftir þyngd (vigt) eru greind hér samkvæmt tillögu viðskiptaráðuneytis, en í ábendingu ráðuneytisins segir: „Ákvæði þessara laga hafa nú verið leyst af hólmi með ákvæðum verðlagslaga og reglugerðum settum samkvæmt þeim.“

Um 25. gr.

Með lögum nr. 33/1989 voru afnumin ýmis lög um iðnaðarmálefni. Í þessari grein er lagt til, að höfðu samráði við iðnaðarráðuneyti, að þrenn lög til viðbótar verði afnumin. Hafa þau öll gegnt því hlutverki sem þeim var ætlað.

Um 26. gr.

Með lögum nr. 33/1989 voru afnumin nokkur lög er varða orkumál. Nefndin hefur kynnt sér álitsgerðir Orkustofnunar og Rafmagnsveitna ríkisins um afnám laga á þessu sviði. Efni 26. gr. tekur mið af þeim og samráði við iðnaðarráðuneyti. Annars vegar er hér lagt til að lög, er gegnt hafa til hlítar hlutverki sínu, verði afnumin, sbr. 2. tölul. og að mestu 1. tölul., en í flestum tilvikum er um það að ræða, að mælt er fyrir um afnám ýmissa lagaákvæða, er varða lántökur til virkjana. Í þessu efni er miðað við lántökuheimildir sem eru 25 ára gamlar eða eldri, en í flestum þeim tilvikum eru lánin greidd upp eða verða það mjög á næstunni. Í nokkrum tilvikum hafa stofnanir þær, er að framan greinir, ekki verið á einu máli um hvort heimildir til virkjana ætti að afnema. Er þá yfirleitt valin sú leið í tillagnagerð nefndarinnar að láta við lögin sitja og hagga ekki við gildi þeirra.

Um 27. gr.

Hér er lagt til að lög um byggingu gistihúss í Reykjavík, nr. 36/1946, verði afnumin. Þeim hefur ekki verið beitt og hafa þau ekki raunhæft gildi.

Um 28. gr.

Lagt er til í þessari grein að lög nr. 13/1940 og 89/1945 um innköllun stofnbréfa í tveimur sláturfélögum verði afnumin. Þau hafa þegar gegnt því hlutverki sem til var ætlast.

Um 29. gr.

Lög nr. 3/1923 um undanþágu frá lögum um aðflutningsbann á áfengi eru löngu úrelt og ber að afnema þau.

Ekki er hreyft hér við ákvæðum hegningarlaga almennt, en um það vísast til almennra athugasemda í greinargerð þessari.

Um 30. gr.

Í 1. tölul. er lagt til að opið bréf 4. janúar 1861, um innkallanir í búum, verði afnumið. Þess er ekki þörf, miðað við yngri löggjöf um það efni.

Í 2. tölul. er kveðið á um að lög nr. 32/1911, um úrskurðarvald sáttanefnda, verði felld úr gildi. Sáttanefndir voru afnumdar með lögum nr. 28/1981. Er grundvöllur undir lögum nr. 32 1911 því hruninn. Lögin eru að vísu meðal laga er lög nr. 90/1989, um aðför, afnema en gildistaka þeirra laga er 1. júlí 1992. Er réttmætt að afnema lögin formlega nú þegar.

Í 3. og 6. tölul. er lagt til að lög nr. 79/1919, um fulltrúa bæjarfógeta, og lög nr. 3/1973, um bráðabirgðabreytingu á dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum o.fl., verði afnumin. Hvort tveggja lög eru að vísu afnumin með lögum nr. 92/1989 er taka þó ekki gildi fyrr en 1. júlí 1992. Er ástæðulaust að bíða með brottfellingu laganna til þess að greind lög taki gildi.

Í 4. tölul. er mælt fyrir um að tilskipun um forgangsrétt ómyndugra frá 19. desember 1821 verði afnumin. Hefur það lagaboð ekki framar gildi, sbr. við yngri löggjöf um þetta efni.

Í 5. tölul. er lagt til að lög 68/1921 um manntalsþing verði afnumin, enda hafa þau ekki gildi lengur.

Samráð hefur verið haft við dómsmálaráðuneyti um efni þessarar greinar.

Um 31. gr.

Þarfnast ekki athugasemda.

Aldursröð þeirra laga sem lagt er til að brott falli í frumvarpi til laga um brottfall nokkurra laga og lagaákvæða.
Tilvísun í svigum á við grein í frumvarpinu.

Konungsbréf 11. maí 1708 (16. gr., 1. tölul.).
Kammerréttarskipun 18. mars 1720 (5. gr., 1. tölul.).
Konungsbréf 7. október 1740 (16. gr., 6. tölul.).
Tilskipun 3. apríl 1771 (2. gr., 1. tölul.).
Opið bréf 23. janúar 1789 (2. gr., 2. tölul.).
Tilskipun 28. desember 1792 (2. gr., 3. tölul.).
Tilskipun 30. janúar 1793 (5. gr., 2. tölul.).
Opið bréf 10. apríl 1795 (5. gr., 3. tölul.).
Tilskipun 16. júlí 1817 (4. gr., 3. tölul.).
Kansellíumburðarbréf 16. nóvember 1819 (5. gr., 4. tölul.).
Tilskipun 19. desember 1821 (30. gr., 4. tölul.).
Konungsbréf 3. janúar 1823 (2. gr., 4. tölul.).
Kansellíbréf 17. maí 1823 (5. gr., 5. tölul.).
Opið bréf 23. nóvember 1827 (5. gr., 6. tölul.).
Tilskipun 21. desember 1831 (2. gr., 5. tölul.).
Opið bréf 28. desember 1836 (24. gr., 1. tölul.).
Opið bréf 10. febrúar 1847 (5. gr., 7. tölul.).
Tilskipun 31. maí 1855 (3. gr., 1. tölul.).
Opið bréf 31. maí 1855 (3. gr., 2. tölul.).
Opið bréf 4. janúar 1861 (30. gr., 1. tölul.).
Konungsúrskurður 23. desember 1864 (2. gr., 6. tölul.).
Lög 17. apríl 1868 (19. gr., 8. tölul.).
Lög 3/1876 (20. gr., 1. tölul.).
Lög 29/1877 (24. gr., 2. tölul.).
Lög 14/1891 (20. gr., 2. tölul.).

Lög 35/1891 (22. gr., 1. tölul.).
Lög 12/1894 (22. gr., 2. tölul.).
Lög 36/1895 (3. gr., 3. tölul.).
Lög 9/1896 (20. gr., 3. tölul.).
Lög 2/1898 (18. gr., 1. tölul.).
Lög 3/1898 (18. gr., 2. tölul.).
Lög 13/1899 (19. gr., 9. tölul.).
Lög 18/1901 (21. gr., 1. tölul.).
Lög 20/1901 (23. gr., 1. tölul.).
Lög 28/1902 (23. gr., 2. tölul.).
Lög 29/1902 (23. gr., 1. tölul.).
Lög 30/1902 (14. gr., 1. tölul.).
Lög 37/1902 (24. gr., 3. tölul.).
Lög 20/1903 (4. gr., 1. tölul.).
Lög 49/1903 (20. gr., 4. tölul.).
Lög 4/1904 (3. gr., 4. tölul.).
Lög 5/1904 (3. gr., 5. tölul.).
Tilskipun 12/1904 (2. gr., 7. tölul.).
Lög 24/1905 (21. gr., 2. tölul.).
Lög 28/1905 (3. gr., 7. tölul.).
Lög 60/1907 (15. gr., 1. tölul.).
Lög 64/1907 (21. gr., 1. tölul.).
Lög 57/1909 (18. gr., 3. tölul.).
Lög 32/1911 (30. gr., 2. tölul.).
Lög 36/1911, 5. gr. (3. gr., 6. tölul.).
Lög 42/1911 (21. gr., 3. tölul.).
Lög 21/1912 (24. gr., 4. tölul.).
Lög 53/1913 (19. gr., 2. tölul.).
Lög 41/1914 (19. gr., 2. tölul.).
Lög 11/1917 (24. gr., 5. tölul.).
Lög 57/1917 (21. gr., 1. tölul.).
Tilskipun 16/1918 (5. gr., 8. tölul.).
Lög 26/1918, 2. gr. 2. málsl. (21. gr., 5. tölul.).
Lög 32/1918 (21. gr., 4. tölul.).
Lög 58/1919 (21. gr., 6. tölul.).
Lög 79/1919 (30. gr., 3. tölul.).
Lög 16/1920 (7. gr., 1. tölul.).
Lög 20/1921, 1., 3. og 4. gr. (26. gr., 1. tölul.).
Lög 68/1921 (30. gr., 5. tölul.).
Lög 73/1921 (26. gr., 2. tölul.).
Lög 3/1923 (29. gr., 1. tölul.).
Lög 47/1925 (5. gr., 9. tölul.).
Lög 49/1927 (21. gr., 7. tölul.).
Lög 48/1928, 1. gr. 2. mgr. og 4. gr. (21. gr., 9. tölul.).
Lög 60/1928 (14. gr., 2. tölul.).
Lög 57/1929 (15. gr., 2. tölul.).
Lög 28/1931 (21. gr., 8. tölul.).
Lög 37/1931 (23. gr., 3. tölul.).
Lög 16/1932 (13. gr., 1. tölul.).
Lög 17/1932 (13. gr., 2. tölul.).

Lög 41/1932 (9. gr., 1. tölul.).
Lög 65/1932 (23. gr., 3. tölul.).
Lög 66/1932 (23. gr., 4. tölul.).
Lög 49/1933 (21. gr., 1. tölul.).
Lög 70/1933 (23. gr., 5. tölul.).
Lög 15/1934 (23. gr., 6. tölul.).
Lög 9/1935 (23. gr., 7. tölul.).
Lög 47/1935 (23. gr., 8. tölul.).
Lög 56/1935 (23. gr., 9. tölul.).
Lög 92/1935 (23. gr., 10. tölul.).
Lög 122/1935 (14. gr., 3. tölul.).
Lög 23/1936, 1. gr. (21. gr., 9. tölul.).
Lög 10/1938 (23. gr., 11. tölul.).
Lög 21/1938 (13. gr., 3. tölul.).
Lög 98/1938 (14. gr., 7. tölul.).
Lög 13/1940 (28. gr., 1. tölul.).
Lög 42/1940 (23. gr., 12. tölul.).
Lög 60/1940 (23. gr., 13. tölul.).
Lög 19/1941 (23. gr., 14. tölul.).
Lög 45/1941, 1. gr. 2. mgr., 2. gr. og 4. gr. (21. gr., 10. tölul.).
Lög 63/1941 (21. gr., 11. tölul.).
Lög 82/1941 (7. gr., 2. tölul.).
Lög 94/1941 (14. gr., 4. tölul.).
Lög 131/1941 (23. gr., 15. tölul.).
Lög 55/1942 (9. gr., 2. tölul.).
Lög 71/1942 (7. gr., 3. tölul.).
Lög 74/1942 (10. gr., 19. tölul.).
Lög 93/1942 (23. gr., 16. tölul.).
Lög 43/1943 (4. gr., 5. tölul.).
Lög 46/1943 (23. gr., 13. tölul.).
Lög 47/1943 (23. gr., 18. tölul.).
Lög 110/1943 (23. gr., 17. tölul.).
Lög 9/1944 (23. gr., 19. tölul.).
Lög 60/1944, 1. gr. 2. mgr., 2. gr. og 4. gr. (21. gr., 12. tölul.).
Lög 48/1945 (23. gr., 20. tölul.).
Lög 55/1945 (14. gr., 5. tölul.).
Lög 89/1945 (28. gr., 2. tölul.).
Lög 109/1945 (23. gr., 21. tölul.).
Lög 10/1946 (5. gr., 10. tölul.).
Lög 36/1946 (27. gr., 1. tölul.).
Lög 42/1946 (21. gr., 13. tölul.).
Lög 46/1946 (23. gr., 22. tölul.).
Lög 3/1947 (10. gr., 20. tölul.).
Lög 57/1947, 1. gr. 2. mgr. 1. málsl. (21. gr., 14. tölul.).
Lög 67/1947 (5. gr., 11. tölul.).
Lög 92/1947, 2. gr. (26. gr., 3. tölul.).
Lög 16/1948 (23. gr., 23. tölul.).
Lög 17/1949, 1. gr. 2. mgr. 1. málsl. 2. gr. og 4. gr. (21. gr., 15. tölul.).
Lög 34/1949, 2. gr. (26. gr., 4. tölul.).
Lög 37/1949 (13. gr., 4. tölul.).

Lög 52/1949 (23. gr., 24. tölul.).
Lög 109/1949, 1. gr. 2. mgr. 1. málsl. (21. gr., 16. tölul.).
Lög 21/1950 (23. gr., 25. tölul.).
Lög 22/1950 (5. gr., 12. tölul.)
Lög 50/1950 (23. gr., 26. tölul.).
Lög 63/1950 (26. gr., 5. tölul.).
Lög 88/1950 (23. gr., 27. tölul.).
Lög 12/1951, 2. gr. (26. gr., 6. tölul.).
Lög 21/1952 (5. gr., 15. tölul.).
Lög 74/1952 (26. gr., 7. tölul.).
Lög 88/1952 (25. gr., 2. tölul.).
Lög 74/1953 (5. gr., 13. tölul.).
Lög 33/1954, 1. gr. 2. mgr. og 2. gr. 2. mgr. (20. gr., 6. tölul.).
Lög 56/1954 (23. gr., 28. tölul.).
Lög 94/1954 (21. gr., 17. tölul.).
Lög 30/1955, 1. gr. 2. mgr. 1. málsl. og 2. gr. (21. gr., 18. tölul.).
Lög 49/1955 (23. gr., 29. tölul.).
Lög 50/1955 (23. gr., 30. tölul.).
Lög 10/1956 (10. gr., 17. tölul.).
Lög 30/1956 (4. gr., 2. tölul.).
Lög 65/1956, 2. gr. (26. gr., 8. tölul.).
Lög 84/1956 (23. gr., 31. tölul.).
Lög 94/1956 (23. gr., 32. tölul.).
Lög 44/1957 (5. gr., 14. tölul.).
Lög 19/1958 (5. gr., 14. tölul.).
Lög 1/1959 (15. gr., 3. tölul.).
Lög 29/1959 (21. gr., 19. tölul.).
Lög 35/1959 (26. gr., 9. tölul.).
Lög 4/1960, 2.–6. gr., 19. gr. og 20. gr. (6. gr., 1. tölul.).
Lög 99/1961 (19. gr., 10. tölul.).
Lög 103/1961 (11. gr., 1. tölul.).
Lög 6/1962 (11. gr., 2. tölul.).
Lög 28/1962 (7. gr., 4. tölul.).
Lög 48/1962 (11. gr., 3. tölul.).
Lög 73/1962 (8. gr., 4. tölul.).
Lög 9/1963 (19. gr., 11. tölul.).
Lög 27/1963 (23. gr., 33. tölul.).
Lög 51/1963 (26. gr., 10. tölul.).
Lög 54/1963 (26. gr., 11. tölul.).
Lög 6/1964, bráðabirgðaákvæði (4. gr., 4. tölul.).
Lög 43/1964 (8. gr., 1. tölul.).
Lög 23/1965 (11. gr., 4. tölul.).
Lög 33/1965 (8. gr., 2. tölul.).
Lög 61/1965 (8. gr., 5. tölul.).
Lög 73/1965 (14. gr., 6. tölul.).
Lög 26/1966 (11. gr., 5. tölul.).
Lög 27/1966 (11. gr., 6. tölul.).
Lög 44/1966 (13. gr., 5. tölul.).
Lög 65/1966 (19. gr., 1. tölul.).
Lög 70/1966 (8. gr., 3. tölul.).

Lög 91/1966 (8. gr., 7. tölul.).
Lög 93/1966 (8. gr., 3. tölul.).
Lög 4/1967 (23. gr., 34. tölul.).
Lög 26/1967 (11. gr., 7. tölul.).
Lög 44/1967 (10. gr., 1. tölul.).
Lög 46/1967 (10. gr., 2. tölul.).
Lög 55/1967 (10. gr., 3. tölul.).
Lög 56/1967 (10. gr., 4. tölul.).
Lög 57/1967 (10. gr., 5. tölul.).
Lög 69/1967. (7. gr., 5. tölul.).
Lög 74/1967 (7. gr., 6. tölul.).
Lög 79/1967 (7. gr., 7. tölul.).
Lög 5/1968, 6. gr. og 7. gr. 1., 3. og 4. tölul. (17. gr., 1. tölul.).
Lög 17/1968 (8. gr., 6. tölul.).
Lög 24/1968 (11. gr., 8. tölul.).
Lög 45/1968 (25. gr., 3. tölul.).
Lög 74/1968 (7. gr., 8. tölul.).
Lög 83/1968 (7. gr., 9. tölul.).
Lög 8/1969 (11. gr., 9. tölul.).
Lög 11/1969 (10. gr., 6. tölul.).
Lög 16/1969 (23. gr., 35. tölul.).
Lög 23/1969 (11. gr., 10. tölul.).
Lög 44/1969 (10. gr., 7. tölul.).
Lög 60/1969 (8. gr., 8. tölul.).
Lög 64/1969 (10. gr., 8. tölul.).
Lög 16/1970 (10. gr., 18. tölul.).
Lög 34/1970 (11. gr., 11. tölul.).
Lög 64/1970 (23. gr., 36. tölul.).
Lög 99/1970 (15. gr., 4. tölul.).
Lög 3/1971 (15. gr., 5. tölul.).
Lög 29/1971 (11. gr., 12. tölul.).
Lög 82/1971 (11. gr., 13. tölul.).
Lög 99/1971 (19. gr., 5. tölul.).
Lög 5/1972 (10. gr., 9. tölul.).
Lög 9/1972 (10. gr., 10. tölul.).
Lög 10/1972 (10. gr., 11. tölul.).
Lög 26/1972 (11. gr., 14. tölul.).
Lög 37/1972 (10. gr., 12. tölul.).
Lög 62/1972 (7. gr., 10. tölul.).
Lög 83/1972 (11. gr., 15. tölul.).
Lög 93/1972 (8. gr., 9. tölul.).
Lög 97/1972 (7. gr., 11. tölul.).
Lög 113/1972 (23. gr., 37. tölul.).
Lög 3/1973 (30. gr., 6. tölul.).
Lög 6/1973 (15. gr., 6. tölul.).
Lög 8/1973 (11. gr., 16. tölul.).
Lög 9/1973 (13. gr., 6. tölul.).
Lög 33/1973 (10. gr., 13. tölul.).
Lög 64/1973 (10. gr., 14. tölul.).
Lög 67/1973 (10. gr., 15. tölul.).

Lög 91/1973 (11. gr., 17. tölul.).
Lög 105/1973 (21. gr., 20. tölul.).
Lög 11/1974 (11. gr., 18. tölul.).
Lög 13/1974 (8. gr., 10. tölul.).
Lög 37/1974 (11. gr., 19. tölul.).
Lög 48/1974 (19. gr., 6. tölul.).
Lög 78/1974 (7. gr., 12. tölul.).
Lög 92/1974 (11. gr., 20. tölul.).
Lög 104/1974 (8. gr., 11. tölul.).
Lög 106/1974 (7. gr., 13. tölul.).
Lög 2/1975 (7. gr., 14. tölul.).
Lög 9/1975 (11. gr., 21. tölul.).
Lög 11/1975 (11. gr., 22. tölul.).
Lög 13/1975 (15. gr., 7. tölul.).
Lög 15/1975 (11. gr., 23. tölul.).
Lög 16/1975 (8. gr., 12. tölul.).
Lög 36/1975 (19. gr., 7. tölul.).
Lög 55/1975 (7. gr., 15. tölul.).
Lög 89/1975 (11. gr., 24. tölul.).
Lög 96/1975 (12. gr., 1. tölul.).
Lög 69/1976 (11. gr., 25. tölul.).
Lög 70/1976 (8. gr., 13. tölul.).
Lög 75/1976 (10. gr., 16. tölul.).
Lög 76/1976 (23. gr., 38. tölul.).
Lög 116/1976 (11. gr., 26. tölul.).
Lög 19/1977 (25. gr., 1. tölul.).
Lög 82/1977 (11. gr., 27. tölul.).
Lög 2/1978 (7. gr., 16. tölul.).
Lög 3/1978 (11. gr., 28. tölul.).
Lög 103/1978 (6. gr., 2. tölul.).
Lög 109/1978 (6. gr., 3. tölul.).
Lög 120/1978 (8. gr., 14. tölul.).
Lög 121/1978 (6. gr., 4. tölul.).
Lög 13/1979, 26. gr. (6. gr., 5. tölul.).
Lög 20/1979 (11. gr., 29. tölul.).
Lög 22/1979 (7. gr., 17. tölul.).
Lög 98/1979 (12. gr., 2. tölul.).
Lög 9/1980 (8. gr., 15. tölul.).
Lög 28/1980 (8. gr., 16. tölul.).
Lög 74/1980 (19. gr., 4. tölul.).
Lög 8/1981 (19. gr., 3. tölul.).
Lög 10/1981 (6. gr., 6. tölul.).
Lög 12/1981 (6. gr., 7. tölul.).
Lög 13/1981 (11. gr., 27. tölul.).
Lög 37/1981 (8. gr., 17. tölul.).
Lög 81/1981 (7. gr., 18. tölul.).
Lög 7/ 1982 (7. gr., 19. tölul.).
Lög 28/1982 (7. gr., 20. tölul.).
Lög 60/1982 (8. gr., 18. tölul.).

Lög 1/1983 (23. gr., 39. tölul.).
Lög 2/1983 (6. gr., 8. tölul.).
Lög 25/1983 (8. gr., 19. tölul.).
Lög 23/1984 (12. gr., 3. tölul.).
Lög 35/1984 (10. gr., 21. tölul.).
Lög 37/1984 (10. gr., 22. tölul.).
Lög 43/1984, 1.–3. gr., 7. gr. og 26.–29. gr. (12. gr., 4. tölul.).
Lög 15/1985 (10. gr., 23. tölul.).
Lög 48/1985 (12. gr., 5. tölul.).
Lög 60/1988 (10. gr., 24. tölul.).

Ed. 75. Frumvarp til laga [73. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

2.–4. mgr. 3. gr. orðast svo:

Atkvæðisrétt við rektorskjör eiga: Allir fastráðnir kennarar Kennaraháskólans og allir þeir sem fastráðnir eru eða settir til fulls starfs við Kennaraháskólann og hafa háskólapróf, skólastjóri Æfingaskóla Kennaraháskóla Íslands, tveir fulltrúar fastráðinna æfingakennara, fulltrúi lausráðinna kennara við Kennaraháskólann, allir nemendur sem skrásettir eru í skólann, þannig að greidd atkvæði nemenda gildi sem einn þriðji hluti allra greiddra atkvæða, en greidd atkvæði annarra atkvæðisbærra aðila skulu gilda sem tveir þriðju hlutar allra greiddra atkvæða.

Endurkjósa má rektor einu sinni án lotuskila. Rektor skal kjörinn í janúarmánuði og tekur hann við störfum 1. ágúst á sama ári, utan hvað hann ber ábyrgð á tillögum til fjárlaga fyrir næsta ár eftir að hann var kjörinn, sbr. þó lokamálsgrein þessarar greinar.

Sá er rétt kjörinn rektor sem hlotið hefur meiri hluta greiddra atkvæða, sbr. 2. mgr., enda hafi minnst tveir þriðju hlutar þeirra, sem atkvæðisrétt eiga, tekið þátt í atkvæðagreiðslunni. Ef enginn fær svo mörg atkvæði skal kjósa að nýju um þá tvo er flest atkvæði fengu og er þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær enda þótt tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna hafi þá ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslu. Séu atkvæði jöfn ræður hlutkesti. Um tilhögun rektorskjörs skal kveða nánar á í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í þeim tilgangi að sniðnir verði af framkvæmdarlegir agnúar sem komið hafa í ljós í nýlegum lögum um Kennaraháskóla Íslands, nr. 29/1988, að því er varðar ákvæði um rektorskjör, en á þessi ákvæði reynir í fyrsta skipti við kosningu rektors sem fram á að fara í janúar 1991.

Um rektorskjör er fjallað í 3. gr. laganna. Fyrstu þrjár málsgreinarnar kveða m.a. á um kjörtímabil rektors, kjörgengi, hverjir eigi atkvæðisrétt og heimild til endurkjörs. 4. mgr. er á þessa leið:

„Sá er rétt kjörinn rektor sem hlotið hefur atkvæði meiri hluta atkvæðisbærra manna, enda hafi minnst tveir þriðju hlutar þeirra, sem atkvæðisrétt eiga, tekið þátt í atkvæðagreiðslunni. Ef enginn fær svo mörg atkvæði skal kjósa að nýju um þá tvo er flest atkvæði fengu og er þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær enda þótt tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna hafi þá ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslu. Séu atkvæði jöfn ræður hlutkesti. Um tilhögun rektorskjörs skal kveða nánar á í reglugerð.“

Hér er sem sé áskilið að til að ná kjöri (í fyrstu umferð) þurfi atkvæði meiri hluta atkvæðisbærra manna, auk ákvæðis um þátttöku a.m.k. $^2/_3$ sama hóps. Þetta er sama skilyrði og gilti samkvæmt reglugerð skólans frá 1974, en þess er að gæta að samkvæmt þeim lögum sem sú reglugerð studdist við, nr. 38/1971, var rektor kjörinn af mun þrengri hópi en samkvæmt nýju lögunum. Áður var rektor kosinn af skólastjórn þar sem auk rektors, fastra kennara Kennaraháskólans og skólastjóra Æfinga- og tilraunaskólans sátu einungis fáeinir fulltrúar nemenda, en nú eiga allir skrásettir nemendur atkvæðisrétt, með tilteknu vægi atkvæða. Það virðist því mjög ströng krafa og líkleg til að gera rektorskjörið óþarflega flókið að áskilja atkvæði meiri hluta atkvæðisbærra manna til að ná kjöri. Eðlilegra sýnist að kveða á um meiri hluta greiddra atkvæða, með vísun í 2. mgr. þar sem kveðið er á um vægi atkvæða. Það er og sú skipan sem samkvæmt lögum gildir í Háskóla Íslands.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein felast efnisatriði lagabreytingarinnar, sbr. almenna greinargerð hér að framan. Auk þess sem þar segir skal tekið fram að í 2. mgr. lagagreinarinnar, þar sem ræðir um vægi atkvæða nemenda, er til skýringarauka skotið inn orðinu „greidd“ á undan orðunum „atkvæði nemenda“.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 76. Tillaga til þingsályktunar [74. mál]

um aukinn þátt bænda í landgræðslu- og skógræktarstarfi.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á landbúnaðarráðherra að kanna möguleika á að auka þátt bænda í landgræðslu- og skógræktarstarfi með því að þeir taki að sér verkefni sem núna eru unnin af ríkisstofnunum og jafnframt beiti ráðherra sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum í því skyni.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur verulegur samdráttur verið í hefðbundnum búskap um allt land, sérstaklega í sauðfjárrækt, og ekki sér fyrir endann á þeirri þróun eins og drög að búvörusamningi bera með sér. Áherslu þarf að leggja á að finna ný störf til að styrkja búsetu til sveita og þar kemur til greina að virkja bændur í landgræðslu- og skógræktarstarfi. Það er fátt sem mælir á móti því að bændur taki að verulegu leyti við verkefnum

sem núna eru unnin af ríkisstofnunum. Þeir þekkja landið, þeir eiga nauðsynlegan tækjabúnað og þeir kunna til verka og eru þess vegna reiðubúnir til að takast á við þessi verkefni.

Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins sjá að mestu leyti um framkvæmdir í landgræðslu og skógrækt. Þarna gæti sú breyting orðið að bændur kæmu að ræktunarstarfinu sem verktakar en stofnanir ríkisins sæju um stefnumótun og áætlanagerð og hefðu faglega umsjón með verkefnum. Starfsmenn ríkisstofnananna fengju það hlutverk að meta ástand gróðurlendanna í samráði við heimamenn á hverjum stað og gera áætlanir um úrbætur þar sem svæðum og verkefnum er raðað niður eftir forgangi. Verkefnin sjálf yrðu unnin af bændum samkvæmt samningum.

Verði þessi breyting að veruleika vinnst margt. Í fyrsta lagi væri verið að virkja fleiri aðila en áður í landgræðslu- og gróðurbótastarfi um leið og atvinnulíf yrði styrkt um landið.

Í öðru lagi mundi breytingin leiða til aukins skilnings á ræktunarstarfinu, sérstaklega meðal þeirra sem nýta landið.

Í þriðja lagi yrði ræktunarstarfið markvissara og öflugra. Áhersla yrði lögð á áætlanagerð og skýrar verklýsingar og auk þess fæli þetta nýja skipulag í sér meira eftirlit með framkvæmdum og árangri einstakra aðgerða. Það fyrirkomulag, sem nú er unnið eftir, er með þeim hætti að sami aðili metur þörfina fyrir verkefni, skipuleggur aðgerðir, vinnur verkið og dæmir síðan sjálfur um árangurinn.

Í fjórða lagi mun bein aðild bænda að ræktunarstarfinu, þar sem þeir koma að sem ábyrgir verktakar, draga úr þeirri togstreitu sem óneitanlega hefur átt sér stað á milli bænda og þeirra sem vinna að gróðurverndarmálum.

Fátt bendir til að skógrækt geti komið í staðinn fyrir annan búskap, eins og t.d. sauðfjárrækt, þótt sú skoðun hafi þó heyrst á undanförnum árum. Skógrækt er hins vegar valkostur ef hún er skoðuð sem aukabúgrein til styrktar annarri starfsemi á bújörðum. Möguleikar skógræktar til nytja felast í því að nýta land sem ekki er til annarra nota og skapa tímabundna vinnu og tekjur sem draga úr kröfum um tekjur af annarri starfsemi á jörðinni. Áratugum síðar, þegar skógur er fullvaxinn, skapast aðrir og meiri möguleikar til skógarbúskapar. Á síðustu árum hafa bændur tekið að sér einstök verkefni á vegum Skógræktar ríkisins, t.d. plöntuframleiðslu fyrir ákveðin skógræktarverkefni. Þar hefur vel tekist til og er ekkert sem bendir til annars en að þeir gætu sinnt þessari vinnu eins vel og þær stofnanir ríkisins sem sjá um plöntuframleiðsluna. Áhugi bænda hefur aukist eins og best sést á því að bændur hafa nú ráðist í stórt skógræktarverkefni austur á Héraði.

Eins og segir í upphafi greinargerðarinnar þarf að leggja áherslu á að finna ný störf til að styrkja búsetu til sveita í kjölfar þess samdráttar sem orðið hefur í hefðbundnum búgreinum. Það þarf þó ekki að þýða stofnun nýrra fyrirtækja. Með því að færa hluta þeirra starfa, sem í dag eru unnin á vegum ríkisins hjá Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins, yrði hér aðeins um að ræða tilfærslur.

Ákvörðun sem þessi gæti líka haft í för með sér að um minni byggðarröskun yrði að ræða þar sem áfram er gert ráð fyrir að bændur nýti jarðir sínar.

Sþ. 77. Tillaga til þingsályktunar [75. mál]

um aukna þjónustu Ríkisútvarpsins á Suðurlandi.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Guðni Ágústsson, Jón Helgason, Eggert Haukdal.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún hlutist til um að Ríkisútvarpið ráði til starfa fréttamann til að annast fréttaöflun og úrvinnslu á fréttatengdu útvarpsefni frá Suðurlandi fyrir báðar rásir Ríkisútvarpsins. Fréttamaðurinn liðsinni fréttariturum sjónvarps í héraðinu. Jafnframt verði komið á fót hljóðstofu á Selfossi og húsnæði tekið á leigu eða keypt til starfseminnar í því augnamiði að síðar verði þar rekið reglulegt svæðisútvarp á vegum Ríkisútvarpsins þegar efni leyfa og næg reynsla þykir á komin.

Greinargerð.

Sunnlendingar hafa undanfarið talið sig nokkuð afskipta í umfjöllun Ríkisútvarpsins um málefni líðandi stundar eins og raunar fleiri landsmenn utan höfuðborgarsvæðis sem hefur þótt sinn hlutur fyrir borð borinn þegar fréttamat stofnunarinnar er skoðað ofan í kjölinn. Á árunum 1985 til 1987 störfuðu í lausamennsku fyrir fréttastofu Ríkisútvarps ötulir fréttaritarar á Selfossi sem fluttu fréttir hvaðanæva úr héraði, og var það stefna þáverandi fréttastjóra, Margrétar Indriðadóttur, að fastráða fréttamann til starfa í héraðinu um leið og heimild fengist. Þróunin varð hins vegar sú að frá ársbyrjun 1988 og út það ár var enginn lausamaður starfandi á Selfossi vegna samdráttar og sparnaðar í rekstri Ríkisútvarpsins. Þá var aftur ráðinn fréttaritari en eins og áður aðeins í hlutastarf.

Á Suðurlandsundirlendi og í Vestmannaeyjum eru samtals nærri sex þúsund heimili sem eiga rétt á svipaðri þjónustu af hálfu Ríkisútvarpsins og Norðlendingar, Vestfirðingar og Austfirðingar njóta nú. Algengur misskilningur virðist vera að telja Suðurlandsundirlendi til Stór-Reykjavíkursvæðis.

Staðreyndin er hins vegar sú að í fjarlægari þorpum og á jaðarsvæðum Suðurlands er byggð jafnfjarri því að finna fyrir nálægð höfuðborgarinnar og sveitabæir norður á Langanesi eða á Ströndum. Vissulega sækja Sunnlendingar ýmsa þjónustu til Reykjavíkur eins og aðrir landsmenn.

Á Suðurlandi er fjölbreytt og kröftugt mannlíf sem borið er uppi af undirstöðuatvinnuvegum íslensks samfélags. Þar ber daglega eitthvað til tíðinda sem vert er að gefinn sé gaumur af hálfu fjölmiðla. Þess vegna er Sunnlendingum mikið í mun að rödd þeirra fái að hljóma til jafns við aðra á öldum ljósvakans.

Frá því eftir mitt ár 1986 og allt árið 1987 starfaði þaulvanur blaðamaður á Selfossi fyrir fréttastofu Ríkisútvarpsins og tók hann síðar saman skýrslu um störf sín fyrir menntamálaráðuneytið. Þar kemur fram að á árinu 1987 voru sendar út 245 fréttir af atburðum á Suðurlandi, 114 styttri fréttir og 131 fréttainnskot (viðtöl eða lesnir pistlar). Þetta gerir nærri fimm fréttir til jafnaðar í viku hverri.

Fréttaflutningur RÚV af Suðurlandi árið 1987:

Málaflokkur	Fréttir alls	Innskot	Fréttir
Landbúnaður	31	17	14
Byggðamál	21	15	6
Menning og listir	21	9	12
Verkalýðsmál	17	8	9
Kosningar	15	14	1
Stjórnmál	12	7	5
Útgerð og fiskvinnsla	12	8	4
Félagslíf og íþróttir	11	3	8
Skólamál	11	5	6
Rekstur gistihúsa	10	6	4
Umhverfismál	9	6	3
Ferðamál	9	5	4
Utanríkismál	7	4	3
Verslun	7	2	5
Framkvæmdir	6	2	4
Samgöngumál	6	2	4
Atvinnumál	5	4	1
Félagsleg málefni	5	3	2
Löggæsla	5		5
Orkumál	5	1	4
Umferðarmál	5	2	3
Heilsugæsla	3	1	2
Hollustuvernd	3	2	1
Neytendamál	2	1	1
Skógrækt	2	2	
Æskulýðsmál	2	1	1
Veðurfar og náttúra	2	1	1
Skattamál	1		1
Alls	245	131	114

Sundurliðun á fjölda útvarpsfrétta eftir uppruna:

Uppruni eða tilvísan	Fréttir alls	Innskot	Fréttir
Suðurland í heild	70	39	31
Selfoss	43	18	25
Árnessýsla	25	16	9
Hveragerði	16	8	8
Rangárvallasýsla	12	6	6
Þorlákshöfn	8	5	3
Stokkseyri	7	4	3
Eyrarbakki	7	4	3
Vestmannaeyjar	3	1	2
Fundir á Selfossi	23	12	11
Fundir í Hveragerði	15	9	6
Fundir í Árnessýslu	11	7	4
Fundir í Vík	3	1	2
Fundir í Rangárvallasýslu	1	1	
Fundir á Kirkjubæjarklaustri	1		1
Alls	245	131	114

Fréttir sem tengdust Suðurlandi í heild, einkum ef um lengri fréttainnskot var að ræða, voru studdar heimildum sem sóttar voru vítt og breitt um héraðið. Sérstaklega átti það við ef um var að ræða fréttir af verkalýðs- og atvinnumálum eða málefnum landbúnaðar. Um það bil fjórðungur frétta tengdist fundahöldum eða ráðstefnum af einhverju tagi. Dreifing sendra frétta eftir málaflokkum og uppruna í héraðinu var eftirfarandi:

Skipting eftir uppruna:

Málaflokkur	Suðurland allt	Árn.	Rang.	Skaft.	Vestm.
Landbúnaður	15	9	4	3	
Byggðamál	1	18		1	1
Menning og listir	3	17	1		
Verkalýðsmál	8	8	1		
Kosningar	15				
Stjórnmál	6	6			
Útgerð og fiskvinnsla		12			
Félagslíf og íþróttir		11			
Skólamál	2	9			
Rekstur gistihúsa		9	1		
Umhverfismál	2	7			
Ferðamál	5	2	2		
Utanríkismál		7			
Verslun		2	5		
Framkvæmdir		6			
Samgöngumál		3	2		1
Atvinnumál		4			1
Félagsleg málefni		5			
Löggæsla	1	3	1		
Orkumál	2	3			
Umferðarmál	4		1		
Heilsugæsla		3			
Hollustuvernd		3			
Neytendamál		2			
Skógrækt	2				
Æskulýðsmál		2			
Veðurfar og náttúra	1	1			
Skattamál	1				
Alls	70	155	13	4	3

Um fréttamat fréttastofu Ríkisútvarpsins segir í skýrslu þeirri sem hér er vitnað til:

„Eftir að ég hóf þessa lausamennsku varð ég þess fljótlega áskynja að ef frá eru taldar starfsreglur fréttastofunnar, sem taka til hlutlægni frétta og vöndunar vinnubragða við öflun heimilda, varð að spila mestan part eftir eyranu hvað fréttamat áhrærði og áherslur í starfi. Þrátt fyrir góð orð um bætta þjónustu við fjórðunginn þótti mér stundum þungt fyrir þegar ég var að reyna að koma frá mér fréttum, einkum ef mikið var um að vera annars staðar. Auðvitað þarf að ritstýra útsendingum frétta og mál geta komið upp með skömmum fyrirvara sem ryðja í bili frá öðrum fréttum og léttvægari. Það er á hinn bóginn álitamál hvort einstakir meiri háttar viðburðir af innlendum toga eiga að fá svo mikið rúm að þeir kæfi að mestu annan fréttaflutning af landsmálum."

Það er vissulega ánægjuleg þróun að þjónusta Ríkisútvarpsins við landsbyggðina hefur á síðustu árum verið stóraukin. Þar má þó ekki vera um mismunun að ræða, uppbygging þjónustu á einum stað má ekki verða til þess að þjónusta við annan verði í lágmarki. Ríkisútvarpið þarf að koma upp sambærilegri aðstöðu víðar á við það sem nú er á Akureyri, Egilsstöðum og á Ísafirði, m.a. á Selfossi eða öðrum heppilegum stað á Suðurlandi. Einnig má benda hér á sérstöðu Vestmannaeyja. Miðað við þær upplýsingar, sem liggja fyrir í þeirri skýrslu sem unnin var fyrir Ríkisútvarpið um fréttaflutning af Suðurlandi 1987 og ef tekið er mið af öðru útvarpsefni frá Suðurlandi, er ljóst að þar er full þörf á að ráðinn verði starfsmaður á Suðurlandi, fréttamaður í fullt starf hjá Ríkisútvarpinu.

Ed. 78. Frumvarp til laga [76. mál]

um breytingar á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

1. málsl. 1. mgr. 57. gr. laganna hljóði svo: Bætur skal greiða mánaðarlega, að jafnaði 1. hvers mánaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlist gildi 1. janúar 1991.

Greinargerð.

Í 57. gr. laga um almannatryggingar er fjallað um hvenær greiða skuli tryggingabætur til tryggingarþega. Þar segir: „Bætur skal greiða mánaðarlega eftir á.“ Framkvæmd þessa ákvæðis laganna hefur verið með þeim hætti að greiðslur eru inntar af hendi 10. hvers mánaðar.

Í því frumvarpi, sem hér er flutt, er gerð sú breyting á 1. mgr. 57. gr. að ákvæði er sett inn þess efnis að bætur skuli greiddar mánaðarlega, að jafnaði fyrsta dag hvers mánaðar.

Öryrkjar hafa óskað eftir því að þeir fái að njóta sama réttar og aðrir launþegar ríkisins sem nær allir fá launagreiðslur sínar fyrsta hvers mánaðar. Öryrkjabandalagið hefur farið fram á þessa breytingu og verið vel tekið en lagabreytingu þarf til þess að af þessu geti orðið.

Áformað er að leggja fram frumvarp um breytingar á lögum um almannatryggingar sem hafa nú um árabil verið til endurskoðunar. Það frumvarp er hins vegar ekki komið fram og óvissa er um innihald og afgreiðslu. Á meðan búa tryggingarþegar áfram við þessa níu dýru daga.

Það er í raun sjálfsagt réttlætismál að greiðslur á tryggingabótum fari fram fyrsta dag hvers mánaðar, eins og greiðslur til annarra launþega, ekki síst í ljósi þess að gjalddagar ýmissa fastra útgjaldaliða heimilanna eru miðaðir við mánaðamót. Því er þetta frumvarp flutt hér að þessi hópur þjóðfélagsþegna fái þessa nauðsynlegu leiðréttingu á kjörum sínum.

Nd. 79. Frumvarp til laga [77. mál]

um breytingu á lögum nr. 25 22. maí 1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Flm.: Hulda Jensdóttir.

1. gr.

Í stað 1.–13. gr. laganna komi 13 nýjar greinar með kaflafyrirsögnum, svohljóðandi:

A. I. kafli. **Markmið og orðskýringar.**

a. (1. gr.)

Markmið laga þessara er að varðveita líf, sem kviknað hefur í móðurkviði, og koma í veg fyrir ótímabæra þungun með því að fræða fólk um kynlíf og getnaðarvarnir á skipulagðan hátt. Einnig að tryggja verðandi foreldrum læknisfræðilega og félagslega ráðgjöf meðan á meðgöngu stendur og eftir fæðingu.

Þá er markmið laga þessara að skilgreina hugtökin fóstureyðing og ófrjósemisaðgerð og mæla fyrir um hvenær þær eru heimilaðar.

b. (2. gr.)

Samkvæmt lögum þessum merkir *fóstureyðing* aðgerð sem kona gengst undir til að binda enda á kviknað líf í móðurkviði, en *ófrjósemisaðgerð* þegar sáðgöngum karla og eggjaleiðurum kvenna er lokað og þannig komið í veg fyrir að karl eða kona auki kyn sitt.

B. II. kafli. **Ráðgjöf og fræðsla.**

c. (3. gr.)

Gefa skal fólki kost á ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir.

Á vegum landlæknisembættisins skal starfrækt deild, *kynfræðsludeild*, er hefur með höndum yfirumsjón með kynfræðslumálum í landinu. Skal verkefni þeirrar deildar felast í:

a. kynningu, þar með talinni útgáfu fræðslugagna til notkunar í skólum og fyrir almenning,
b. skipulagningu félagslegrar aðstoðar fyrir foreldra, bæði meðan á meðgöngu stendur og eftir barnsburð.

Forstöðumaður þessarar deildar skal að jafnaði vera læknir. Enn fremur skal félagsráðgjafi og hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir starfa við hana.

Nánari skipulagning og starfsemi kynfræðsludeildar skal ákveðin í reglugerð er heilbrigðisráðherra setur um kynfræðslu.

d. (4. gr.)

Við hverja heilsugæslustöð og sjúkrahús skal starfrækt ráðgjafarþjónusta er hefur með höndum eftirtalin verkefni:

1. Fræðslu og ráðgjöf um notkun getnaðarvarna og útvegun þeirra.
2. Ráðgjöf fyrir fólk sem íhugar að fara í ófrjósemisaðgerð.
3. Kynfræðslu, ráðgjöf og fræðslu um ábyrgð foreldra.

4. Ráðgjöf og fræðslu varðandi þá aðstoð sem konunni stendur til boða við meðgöngu og barnsburð.

Ráðgjafarþjónustan má vera í starfstengslum við mæðravernd, kvensjúkdómadeildir, geðvernd, fjölskylduráðgjöf og félagsráðgjafarþjónustu.

Að ráðgjafarþjónustunni skulu starfa læknar, félagsráðgjafar, hjúkrunarfræðingar, ljósmæður og annað starfsfólk eftir því sem þörf krefur.

Ráðgjafarþjónustur skulu starfa í nánum tengslum við deild þá sem mælt er fyrir um í 3. gr. laga þessara.

e. (5. gr.)

Ráðgjöf fyrir fólk, sem íhugar fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð, tekur til þess sem hér segir:

1. læknishjálpar,
2. þungunarprófana,
3. ráðgjafar og stuðningsviðtala,
4. félagslegrar aðstoðar,
5. aðstoðar við umsókn og tilvísun til sjúkrahúss.

f. (6. gr.)

Fræðsluyfirvöld skulu í samráði við landlæknisembættið og ráðgjafarþjónustustöðvar á hverjum stað veita fræðslu um kynlíf, siðferði kynlífsins, fóstrið og þroskaskeið þess í móðurkviði, fæðingu barns, félagslegar aðstæður og réttindi mæðra eða foreldra ungra barna. Fræðsla þessi skal fara fram á skyldunámsstigi í skólum landsins. Einnig skal veita þessa fræðslu á öðrum námsstigum.

Kynfræðsludeild skal sjá um útgáfu námsgagna sem lögð eru til grundvallar í kennslu. Fulltrúi frá kynfræðsludeild skal heimsækja skóla landsins reglulega og veita kennurum og nemendum upplýsingar um kynlíf og barneignir.

C. III. kafli. **Fóstureyðingar.**

g. (7. gr.)

Líf, sem kviknað hefur í móðurlífi, er friðheilagt. Að öðru leyti en lög þessi heimila má ekki binda enda á kviknað líf.

h. (8. gr.)

Fóstureyðing er leyfileg ef ætla má að lífi eða heilsu konu sé hætta búin af áframhaldandi meðgöngu og fæðingu.

i. (9. gr.)

Sé skilyrði 8. gr. fyrir hendi skal fóstureyðing framkvæmd eins fljótt og auðið er, helst fyrir lok 12 viku og eigi síðar en við lok 16. viku, enda liggi fyrir skrifleg umsögn lækna um að lífi og heilsu konunnar sé stefnt í hættu með áframhaldandi meðgöngu, skv. 10. gr.

j. (10. gr.)

Áður en fóstureyðing fer fram skulu liggja fyrir skriflegar álitsgerðir tveggja lækna um nauðsyn aðgerðarinnar. Skal annar þessara lækna vera sérfræðingur í kvensjúkdóm-

um eða almennum skurðlækningum við það sjúkrahús þar sem aðgerðin fer fram. Þar sem ástæða þykir skulu viðkomandi sérfræðingar styðjast við álitsgerð geðlæknis sé um geðræna sjúkdóma að ræða.

k. (11. gr.)
Áður en fóstureyðing er framkvæmd er skylt að upplýsa konuna um fóstrið og þroskastig þess, hugsanlega áhættu og eftirköst.

l. (12. gr.)
Umsókn um fóstureyðingu, greinargerð og vottorð læknis skulu rituð á þar til gerð eyðublöð sem landlæknisembættið gefur út.

m. (13. gr.)
Konan skal sjálf skrifa undir greinargerð og umsókn um fóstureyðingu nema heilsufari hennar sé svo háttað að hún sé ekki fær um að skilja þýðingu undirritunar sinnar. Heimilt er að veita leyfi til fóstureyðinga samkvæmt umsókn lögráðamanns.

2. gr.

17. gr. laganna falli brott.

3. gr.

Heiti laganna verði: Lög um friðhelgi mannlegs lífs, fóstureyðingar, ófrjósemisaðgerðir og ráðstafanir til að draga úr ótímabærum þungunum með fræðslu og ráðgjöf.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.
Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 25/1975 og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

I. Formáli.

Grundvöllur mannlegs lífs er rétturinn til að fá að lifa og viðurkenning á því að kviknað líf sé ekki háð eignarrétti nokkurs annars.
Á þessum grunnforsendum er heiti laganna byggt, að mannlegt líf sé friðheilagt.

II. Lögin frá 1975.

Með lögum nr. 25 frá 22. maí 1975 var gerð veruleg breyting á fóstureyðingarlöggjöfinni. Var þá í fyrsta skipti tekið fram í lagatextanum að eyða mætti fóstri á grundvelli félagslegra ástæðna. Undanfari þessarar lagasetningar var frumvarp sem þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra lagði fram á Alþingi árið 1973. Í því frumvarpi var lagt til að fóstureyðing yrði heimiluð, að ósk konu væri hún búsett hér á landi eða hún ætti íslenskt ríkisfang, væri aðgerðin framkvæmd fyrir lok 12. viku meðgöngu og ef engar læknisfræðilegar ástæður mæltu gegn slíkri aðgerð. Var þar lagt til að frjálsar fóstureyðingar yrðu leiddar í lög hér á landi. Fumvarp þetta olli miklum deilum jafnt innan þings sem utan. Ákveðið var því að draga frumvarpið til baka og skipa nefnd til að undirbúa nýtt frumvarp er tæki tillit til þeirra athugasemda sem fram höfðu komið um frum-

varpið. Niðurstaða þeirrar nefndar var að hafna bæri frjálsum fóstureyðingum en þess í stað að heimila fóstureyðingar á félagslegum grunni „þegar ætla má að tilkoma barns verði konunni og hennar nánustu **óbærileg** vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna". Við mat á því hvað telja skyldi **óbærilegt** lagði nefndin til að hafðar skyldu í huga eftirtaldar ástæður: a) að konan hafi alið mörg börn með stuttu millibili og skammt sé liðið frá síðasta barnsburði, b) að konan búi við bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu, svo og c) að konan geti ekki vegna æsku eða þroskaleysis annast barnið á fullnægjandi hátt. Bætt var við d-lið aðrar ástæður „séu þær fyllilega sambærilegar við ofangreindar ástæður".

III. Forvarnir og fræðsla.

Tillögur nefndarinnar voru samþykktar á Alþingi og eru nú lög nr. 25 frá 22. maí 1975.

Með lögunum 1975 var áréttuð nauðsyn þess að koma á fót öflugu forvarnastarfi um kynfræðslu og ráðgjöf. Sú skipan hafði verið í lögunum frá 1935 en hafði þróast úr því að vera í höndum heimilislækna, eins og lögin gerðu ráð fyrir, yfir í það að vera sérstakar deildir í sjúkrastofnunum. Með lögunum nr. 25/1975 var gerð sú breyting, fyrir utan það að ráðgjafarþjónusta í sjúkrastofnunum og heilsugæslustofnunum var viðurkennd að lögum, að landlæknisembættið átti að hafa yfirumsjón með starfi þessara ráðgjafarþjónustumiðstöðva. Þá var einnig tekin upp sú stefna með lögunum að kynlífsfræðsla skyldi tekin upp í skólum en veruleg brotalöm hefur verið á hvoru tveggja. Áttu fræðsluyfirvöld að skipuleggja þessa fræðslu um kynlíf og siðfræði þess í samráði við yfirskólalækni. Einnig þar er pottur brotinn.

Með lögum nr. 25/1975 var að því stefnt að samfara rýmkun fóstureyðingarlöggjafarinnar skyldi gert átak í því að auka kynfræðslu til að minnka líkurnar á fóstureyðingu og að hún yrði notuð sem getnaðarvörn. Öllum má ljóst vera að á þessum vettvangi hefur lítið sem ekkert gerst á þeim liðlega 15 árum sem liðin eru sem hlýtur að vekja upp margar og margþættar spurningar.

IV. Reynsla af lögum nr. 25/1975 samkvæmt upplýsingum landlæknisembættisins.

Frá gildistöku laga nr. 25/1975 hefur fóstureyðingum fjölgað mikið frá því sem var í tíð eldri laga, einkum og sér í lagi hin síðustu ár. Upplýsingar þessar komu fram í heilbrigðisskýrslum, fylgiriti 1985, nr. 2, um fóstureyðingar á tímabilinu 1976–1983, sem gefið var út af landlæknisembættinu. Í þeirri skýrslu eru tekin saman á skipulagðan hátt áhrif lagabreytingarinnar 1975 og reynt með töflum og skýringarmyndum að varpa ljósi á fjölda fóstureyðinga, ástæður og helstu auðkenni þeirra kvenna er fara í slíka aðgerð.

Hér eru ekki tök á að fara ítarlega út í þessa könnun en hjá því verður ekki komist, vegna þeirra breytinga sem frumvarp þetta boðar, að gera grein fyrir helstu niðurstöðum til að varpa ljósi á hið raunverulega vandamál.

a. Tíðni fóstureyðinga.

Samkvæmt meðfylgjandi töflu frá landlæknisembættinu hafa fóstureyðingar aukist verulega frá árinu 1976 er lögin nr. 25/1975 tóku gildi.

Tafla 1.

Skrifstofa landlæknis 4. apríl 1990

FÆÐINGAR OG FÓSTUREYÐINGAR 1961 - 1988.

	Fjöldi fæddra			Framkvæmdar fóstureyðingar			
Ár	Lifandi fæddir	Andvana fæddir	Fæddir alls	Fjöldi	Fjöldi á 100 þunganir	Fjöldi á 100 lifandi fædda	Fjöldi á 1000 konur 15-49 ára
1961	4563	71	4634	67	1.4	1.5	1.7
1962	4711	58	4769	61	1.3	1.3	1.5
1963	4820	71	4891	86	1.7	1.8	2.1
1964	4787	58	4845	104	2.1	2.2	2.5
1965	4721	71	4792	68	1.4	1.4	1.6
1966	4692	58	4750	74	1.5	1.6	1.7
1967	4402	50	4454	85	1.9	1.9	1.9
1968	4227	52	4279	74	1.7	1.8	1.6
1969	4218	47	4265	102	2.3	2.4	2.2
1970	4023	40	4063	99	2.4	2.5	2.1
1971	4277	38	4315	142	3.2	3.3	3.0
1972	4676	50	4726	151	3.1	3.2	3.1
1973	4598	43	4641	224	4.6	4.9	4.5
1974	4276	34	4310	224	4.9	5.2	4.4
1975	4384	33	4417	274	5.8	6.3	5.3
1976	4291	27	4318	368	7.9	8.6	7.0
1977	3996	25	4021	456	10.2	11.4	8.6
1978	4162	30	4192	455	9.8	10.9	8.4
1979	4475	17	4492	556	11.0	12.4	10.1
1980	4528	21	4549	523	10.3	11.6	9.4
1981	4345	21	4366	597	12.0	13.7	10.6
1982	4337	17	4354	613	12.3	14.1	10.6
1983	4371	14	4385	689	13.6	15.8	11.8
1984	4113	17	4130	745	15.3	18.1	12.5
1985	3856	9	3865	705	15.4	18.3	11.7
1986	3881	18	3899	685	14.9	17.6	11.3
1987	4193	15	4208	695	14.2	16.6	11.2
1988	4673	18	4691	673	12.5	14.4	10.6

Hámarki náði tíðni fóstureyðinga árið 1984 en það ár voru samkvæmt upplýsingum landlæknisembættisins 745 fóstureyðingar en árið 1985 voru fóstureyðingar 705 og 684 árið 1986, 695 1987 og 676 árið 1988. Þó að dregið hafi úr fóstureyðingum síðustu ár hefur sú fækkun verið óveruleg miðað við fjölda fæðinga. Nam fjöldi fóstureyðinga á 10 lifandi fædda 18,3% árið 1985 þó að dregið hafi úr fóstureyðingum um 40 frá árinu áður.

b. Ástæður fóstureyðinga.

Samkvæmt lögum nr. 25/1975 er heimilt að framkvæma fóstureyðingu á læknisfræðilegum grunni, félagslegum grunni og ef þungun er afleiðing af refsiverðum verknaði. Eigi er þess getið í könnuninni að beiðni hafi verið reist á hinni síðastgreindu ástæðu. Samkvæmt heilbrigðisskýrslum hefur hlutfall læknisfræðilegra ástæðna lækkað úr því að vera 22,8% árið 1976 í það að vera 7% árið 1985. Að sama skapi hefur hlutfall félagslegra ástæðna aukist úr 63,1% árið 1976 í 87,7% árið 1985 en hvort tveggja eða ótilgreindar ástæður eru 19% árið 1976 en 5,1% árið 1985.

c. Synjanir um fóstureyðingu.

Í könnuninni er ekki yfirlit um synjanir um fóstureyðingar yfir landið allt. Hins vegar er vitnað til athugunar sem gerð var á kvennadeild Landspítalans í Reykjavík þar sem þrjár af hverjum fjórum fóstureyðingum hér á landi eru framkvæmdar. Í heilbrigðisskýrslum segir á bls. 110:

„Fjöldi þeirra, sem synjað var um fóstureyðingu, var á bilinu 3–18 á ári en samtals 75 árin 1976–1983. Virðist synjunum fara heldur fækkandi því að á fyrra helmingi tímabilsins var að meðaltali 12 konum synjað um fóstureyðingu eða sem svarar 3,3% framkvæmdra aðgerða, en hins vegar 7 konum meðaltali á ári á síðari hluta þess eða 1,6% aðgerða. *Ástæður synjana eru í flestum tilvikum lengd meðgöngu, þ.e. konurnar eru gengnar með meira en 12 vikur og forsendur umsóknar hafa verið af félagslegum toga.* Á árinu 1983 voru synjanir 3 hjá kvennadeild Landspítalans."

Hér að framan hefur verið lýst þeirri breytingu sem verið hefur á tíðni fóstureyðinga og synjana um slíka aðgerð og á hvaða ástæðum umsóknir hafa verið reistar. Þá niðurstöðu má draga af þessum þremur þáttum að takmörkun á heimild til fóstureyðinga er lítil í framkvæmd þótt lesa megi úr lögum nr. 25/1975 að gera þurfi verulegar kröfur til þess að fóstureyðing sé heimil. Önnur niðurstaða verður ekki dregin af þeim tölum sem liggja fyrir en að fóstureyðingarlöggjöfin í framkvæmd sé dulbúnar frjálsar fóstureyðingar.

d. Ungar stúlkur og einstæðar mæður.

Tveir hópar kvenna hafa í umræðu um fóstureyðingar oftast verið nefndir, en það eru ungar stúlkur og einstæðar mæður. Í könnuninni kemur fram að hlutur þeirra er ekki eins mikill og látið er í veðri vaka þó að vissulega sé hann mikill. Árin 1976–1981 voru framkvæmdar samtals 651 fóstureyðing hjá stúlkum undir 20 ára aldri, en það samsvarar 22% allra fóstureyðinga umrætt tímabil. Þess ber hins vegar að geta að tíðni fóstureyðinga hjá eldri stúlkum í þessum hópi, 18–19 ára, er meiri en þeirra sem yngri eru, sbr. töflu.

Tafla 2.

Fjöldi fóstureyðinga stúlkna 1976–1981.

	15 ára og yngri	16–17 ára	18–19 ára	19 ára og yngri
1976–1977	31	56	70	167
1978–1979	35	103	108	246
1980–1981	32	94	122	248
Alls 1976–1981	98	253	300	651

Einstæðar mæður eru vissulega stór hópur. Af 2.955 fóstureyðingum, sem framkvæmdar voru árin 1975–1981, áttu einstæðar mæður hlut að máli í 628 tilvikum eða 21,1%. Ef litið er á einstök ár tímabilsins má sjá að fjöldi einstæðra mæðra hefur verið á bilinu 86–130 á ári en hlutur þeirra af heildarfjölda fóstureyðinga hefur farið fækkandi.

e. Fóstureyðing sem getnaðarvörn.

Athyglisverðar eru þær upplýsingar landlæknisembættisins að 75% þeirra kvenna, sem fóru í fóstureyðingu á tímabilinu sem athugun var gerð á, notuðu alls engar getnaðarvarnir sem bendir ótvírætt til þess að fóstureyðingin var notuð sem getnaðarvörn. Það er gamall sannleikur að eftir því sem afleiðingarnar eru smávægilegri er meiri áhætta tekin. Því miður má rekja margar ótímabærar þunganir til þess að tekin er áhætta í þeirri von að ekki verði barn úr, en færi svo er sú leið opin að fara í fóstureyðingu. Slíkur hugsunarháttur er að sjálfsögðu mjög óábyrgur, bæði hjá konum og körlum, en eðlileg afleiðing þess frjálsræðis sem núverandi fóstureyðingalöggjöf býður upp á í framkvæmd. Fólk verður að horfast í augu við þá staðreynd að það getur ekki leikið sér að fjöreggi annarra með þessum hætti. Það verður að gera sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna og alvöru fóstureyðingar, þ.e. að með henni sest það í dómarasæti og kveður upp þann úrskurð að þetta kviknaða líf skuli deytt. Fræðsla kemur að verulegu gagni þegar fóstureyðingar eru takmarkaðar og það er einmitt það áhersluatriði sem frumvarpið mælir fyrir um með því að skipuleggja virka kynfræðslu.

V. Forsendur þessa frumvarps.

Reynslan hefur leitt það í ljós að fóstureyðingum hefur fjölgað verulega á undanförnum árum eins og tölur landlæknisembættisins sýna. Sú fjölgun verður ekki skýrð á þann hátt að félagslegar aðstæður hafi versnað til muna á síðustu árum því að hagtölur sýna að lífskjör hafa batnað verulega frá því að lögin frá 1975 voru sett.

Skýringarinnar verður heldur ekki leitað í minni þekkingu fólks á kynlífi. Þó að þessir þættir hafi sín áhrif eru þeir ekki ástæðan fyrir fóstureyðingunum. Skýringarinnar verður að leita á öðrum stöðum og þá helst í breyttu viðhorfi fólks gagnvart fóstureyðingum og skorti á upplýsingum um fóstrið, þroskaskeið þess og að fóstur er mannlegt líf,

einnig skorti á þeim upplýsingum sem liggja fyrir um varanleg neikvæð áhrif sem fóstureyðing getur haft á konuna.

Fóstrið í móðurlífi er ekki hluti af líkama móðurinnar. Henni hefur verið falið það mikilvæga hlutverk að gæta þess, vernda og umvefja og síðan skila frá sér til lífs. Henni hefur ekki verið færður sá réttur frá náttúrunnar hendi að mega ráðskast með líf þess. Líf barnsins er eign þess sjálfs en hinum fullorðnu falið til umönnunar og forsjár. Víst skal það viðurkennt að á of mörgum heimilum eru efnisleg gæði af skornum skammti. Þar ber þjóðfélaginu að koma til aðstoðar. Félagsleg vandamál ber að leysa með félagslegum aðgerðum sveitarfélaga og ríkis.

Tilgangur þessa frumvarps er: a) Að létta þeirri þungu byrði af konum sem fóstureyðing er. Frjálsar fóstureyðingar hafa sýnt sig vera fjötrar á konur. Samfélagið, barnsfeður og ýmsir aðrir hafa notfært sér möguleikann sem í frjálsri fóstureyðingu felst, konum til mikils skaða. b) Að verja börn í móðurlífi fyrir utanaðkomandi eyðingaröflum og veita þeim þau mannréttindi sem eru ofar öllu öðru, réttindi til að fá að lifa og taka þátt í lífinu, án tillits til efnahags og félagslegrar stöðu foreldra. Frumvarpið byggist á því að þjóðfélagið viðurkenni að líf hafi kviknað við getnað, enda segir svo í orðabók Menningarsjóðs um orðið fósturskeið: „Fyrsta skeið í ævi lífveru". Það æviskeið sem hér er til umræðu er æviskeið mannveru. Frjóvgað egg í móðurlífi getur aldrei verið neitt annað en mannvera ef sú lífsframvinda er með eðlilegum hætti.

VI. Valkostir.

Ekki leikur vafi á því að efla þarf til muna aðstoð við konur sem eru illa staddar vegna ótímabærrar þungunar. Lausnin er ekki fóstureyðing. Auk stuðningsviðtala um meðgöngutímann, sem og eftir fæðingu, þarf m.a. aðstoð við barnapössun, svo viðkomandi komist út meðal fólks, ef um einstæða móður er að ræða, að hún einangrist ekki, auk fjárhagslegrar aðstoðar þar sem þess er þörf, mun meiri en nú er völ á. Vísir að slíkri aðstoð er þegar fyrir hendi þar sem samtökin Lífsvon eru, en sú aðstoð er sem fyrst og fremst í því fólgin að veita húsaskjól og heimili konum sem tímabundið eiga í erfiðleikum.

Ástæða er til að nefna í þessu sambandi að kirkjan er reiðubúin að ganga til samstarfs á vettvangi ráðgjafarþjónustu eða hvers þess annars sem að gagni mætti koma samkvæmt ályktun kirkjuþings árið 1987 og er það vel.

Við hæfi hlýtur að vera í þessu samhengi að nefna þann aðila sem hér kemur við sögu ásamt konunni, karlmanninn. Hvar er hann staddur í rammanum? Er ekki kominn tími til að sú aldagamla skoðun að konan ein sé ábyrg í slíku máli víki og í framhaldi þar af sé eðlilegt að karlmaðurinn komi inn í myndina, meira en nú er, ef konan býr við erfiðar aðstæður og telur sig ekki geta framfleytt barninu, og ef konan vill ekki ganga með og ala barnið, að hann hafi þá sinn rétt? Ljóst er að mjög varlega verður að fara í öllum ákvarðanatökum varðandi þetta afar viðkvæma mál en augljóst eigi að síður að valkostir eru fleiri en talið er.

Flutningsmaður þessa frumvarps gerir sér fulla grein fyrir að hér er um afar viðkvæmt mál að ræða, eins og áður segir, og ekki auðvelt að takast á við það án þess að einhverjum finnist að sér vegið. Ekkert er þó fjær raunveruleikanum. Frumvarpið er til orðið til þess að vernda, ef verða mætti, bæði móður og barn, til þess að bjarga lífi þeirra beggja í raunverulegri og yfirfærðri merkingu, til þess að verja þau bæði fyrir utanaðkomandi eyðandi öflum. Tillögurnar eru byggðar annars vegar á langri reynslu í starfi við fóst-

ureyðingar á árum áður og innsýn í reynsluheim þeirra kvenna sem þar áttu hlut að máli og hins vegar áratuga starfi við barnsfæðingar, hið síðarnefnda gleði og lífsfylling öllum sem hlut eiga að máli, hið fyrra táradalur, söknuður og tóm sem enginn og ekkert getur fyllt.

Á þessari lífsreynslu byggjast þau lög sem hér liggja fyrir, og er það að sjálfsögðu von mín að Alþingi Íslendinga uggi að sér og viti að hér þarf að taka til hendi með fyrirbyggjandi aðgerðum og hjálpandi hönd sem býður öll börn velkomin. Þetta allt auk þeirrar hliðar þessa máls sem ekki hefur verið tekin til meðferðar hér og það er sú framtíð sem blasir við íslensku efnahagslífi og íslensku mannlífi öllu, ef áfram fer sem hingað til að fleiri hundruð börn í móðurlífi eru firrt lífi hvert einasta ár. Hvert einasta þeirra er dýrmæt gjöf sem okkur ber að standa vörð um.

Athugasemdir við einstaka kafla frumvarpsins.

Um I. kafla.

Til að undirstrika tilganginn með lagasetningunni er valinn sá kostur að taka saman í I. kafla laganna þau grundvallaratriði sem ná á með lagasetningunni. Sett er á oddinn friðhelgi mannlegs lífs og að það líf sem einu sinni hefur kviknað megi ekki deyða nema fyrir liggi það veigamikil rök að þjóðfélagið sjái sig knúið til vegna annarra hagsmuna að binda enda á þetta líf. Rík áhersla er á það lögð að koma í veg fyrir ótímabæra þungun og að þjóðfélagið eigi ekki að viðurkenna fóstureyðingu sem getnaðarvörn.

Sú skipan er tekin upp í 2. gr. frumvarpsins að skilgreina hugtökin *fóstureyðing* og *ófrjósemisaðgerð* til að leggja áherslu á í upphafi laganna hvað felst í þeim hugtökum sem koma fyrir í lögunum. Sú breyting er gerð á hugtaksskilgreiningu fóstureyðingar að gengið er út frá því að líf hafi kviknað við getnað, en ekki er miðað við ákveðið þroskastig eins og nú er gert í lögum. Er þessi skýring hugtaksins í samræmi við markmið laganna og hvernig hugtakið fóstureyðing var skilgreint samkvæmt lögum nr. 38/1935. Hugtakið ófrjósemisaðgerð er skilgreint á sama hátt og fram kemur í lögum nr. 25/1975 að því undanskildu að í stað orðsins „eggjavegur“ er sett eggjaleiðari. Mun það vera í betra samræmi við orðanotkun.

Um II. kafla.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að kynfræðsla verði til muna aukin frá því sem verið hefur undanfarin ár, aðallega í skólakerfinu. Þá verði tekin upp sú skipan við landlæknisembættið að sérstök deild hafi yfirumsjón með kynfræðslumálum í landinu. Verði aðalverkefni þeirrar deildar útgáfa fræðslugagna og félagsleg aðstoð við foreldra. Eigi er gert ráð fyrir að sú skipan sem verið hefur á sjúkrahúsum og í heilsugæslustöðvum minnki, heldur taki þær stofnanir að sér aukið hlutverk í þessum málum og tengist meira skólakerfinu en hingað til.

Ein aðalbreytingin, sem komið er á með frumvarpi þessu, er að kynfræðsla verði skyldunámsgrein í grunnskólum landsins þar sem tekin verði upp kennsla í fósturfræðum og veittar ráðleggingar um kynlíf og þroska fósturs.

Um III. kafla.

Gengið er út frá þeirri skipan að fóstureyðingar séu óæskilegar og að til slíkra óyndisúrræða skuli ekki grípa ef fyrir hendi eru aðrir kostir til varnar fóstrinu. Í upphafsgrein þessa kafla laganna er sá skilningur áréttaður að fóstur er líf sem ekki má binda enda á.

Ef vafi leikur á því hvort fóstureyðing má fara fram þá skuli frekar hafna henni en leyfa.

Sjúk eða vansköpuð börn.

Það fer að sjálfsögðu ekki fram hjá neinum að þessi þáttur sem heimild til fóstureyðingar er ekki inni í ramma þessa frumvarps, enda að mati flutningsmanns þvílík hneisa að nokkrum skuli detta slík fjarstæða í hug að orð eru varla til yfir slíka vansæmd. Hver erum við, sem öll höfum okkar vankanta og takmarkanir þótt ekki flokkist það undir vanskapnað, að dæma um það hver á að lifa og hver á að deyja? Okkar er miklu fremur, vegna þess heilbrigðis sem okkur hlotnaðist, að styðja sterklega við þá sem minna mega sín, enda er viðurkennd staðreynd að það er einn þáttur í mannlegum þroskaferli þótt enginn óski neinum þess að mega sín minna. Þetta er því miður þáttur sem er fyrir hendi og skylda þeirra sem meira mega sín að takast á við. Við megum ekki missa neitt barn, nema í beinni sjálfsvörn, til þess að bjarga öðru lífi. Allt annað er gróft siðferðisbrot. Staðreyndin er sú að íslensk þjóð hefur bæði fyrr og nú hlotið og mun um ókomin ár hljóta margfalda blessun frá þeim sem að mati einhverra eru á einhvern hátt fatlaðir. Um það eru dæmin fjölmörg og óþarft að fjölyrða frekar þar um. Auk þessa eru þær skelfilegu staðreyndir og til um þær skýrslur að börn hafi verið tekin af lífi í móðurkviði á þeim forsendum að um fötlun væri að ræða en við rannsóknir hafi sannast að um alheilbrigð fóstur var að ræða. Þessi hroðalegu mistök gerast þrátt fyrir alla þá tækni sem við búum við. Hitt fer ekki milli mála að þeir foreldrar, sem eignast fötluð börn, þurfa á mikilli samfélagshjálp að halda og betur má ef duga skal. Ástæða er þó til að fagna því góða sem gert er í þeim málum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

a. (1. gr.)

Í 1. gr. kemur fram stefnuyfirlýsing og það skilgreint í lagatextanum hvert sé markmið laganna. Þetta er talið nauðsynlegt svo að ekki fari á milli mála hvaða tilgangi lögin eigi svo breytt að þjóna og hverja þau eigi fyrst og fremst að vernda. Hið mannlega líf er samkvæmt lögum þessum frá getnaði til grafar. Þetta er og í samræmi við eiðstaf lækna þar sem segir m.a.: „Ég heiti því að virða mannslíf öllu framar, allt frá getnaði þess.“ Lögð er áhersla á það í 1. gr. að vandamál, sem kunni að skapast vegna þungunar, eigi að leysa með öðrum hætti en fóstureyðingu. Það líf eins og annað mannlegt líf á að vera friðheilagt. Litið er sérstaklega til fyrirbyggjandi starfs með ráðgjöf og fræðslu og þess að aukin verði félagsleg þjónusta við þá foreldra sem átt hafa barn.

b. (2. gr.)

Það þykir hentugra, með tilliti til þeirrar skipunar laganna, að mæla fyrir um markmið þeirra í 1. gr., að skýra út í næstu grein hvað felist í þeim grunnhugtökum sem rætt er um í lögum þessum. Þá þykir það horfa til skýrleika þar sem skilgreining hugtakanna er breytt frá því sem var í fyrri löggjöf.

Fóstureyðing er samkvæmt lögum nr. 25/1975 „læknisaðgerð, sem kona gengst undir í því skyni að binda enda á þungun, áður en fóstrið hefur náð lífvænlegum þroska“ en samkvæmt frumvarpi þessu „læknisaðgerð sem kona gengst undir til að binda enda á kviknað líf í móðurkviði“. Í þessari breytingu felst viðurkenning á því að líf hafi kvikn-

að við getnað og ekki tekið með í skýringu hugtaksins þroskastig fóstursins. Er þessi skilgreining hugtaksins í samræmi við aðrar greinar laga þessara og heiti þeirra, „Um friðhelgi mannlegs lífs“. Skilgreining hugtaksins ófrjósemisaðgerð er óbreytt frá lögum nr. 25/1975 að öðru leyti en því að í stað orðsins „eggjavegur“ kemur eggjaleiðari.

c. (3. gr.)

Þar sem dregið er verulega úr heimildum til fóstureyðinga ber brýna nauðsyn til að upplýsa fólk um kynlíf og veita því ráðgjöf um notkun getnaðarvarna og annarra fyrirbyggjandi ráðstafana til að koma í veg fyrir þungun. Þá er ekki síður mikilvægt að upplýsa fólk um lög þessi og á hvaða meginsjónarmiðum þau eru byggð.

Lagt er því til í 3. gr. að starfrækt verði á vegum landlæknisembættisins sérstök deild er hafi það eitt verkefni að sjá um kynfræðslumál í landinu. Hefði þessi deild yfirumsjón með fræðslu og ráðgjöf á þessu sviði og starfaði í nánum tengslum við ráðgjafarþjónustu og fræðsluyfirvöld úti um allt land. Aðalstarfsemi deildarinnar er þó ætlað að vera að annast útgáfu á fræðslugögnum til notkunar í skólum og fyrir almenning og einnig að vera ráðgefandi fyrir mæður eða foreldra eftir barnsburð. Gert er ráð fyrir að þessi deild starfi í nánum tengslum við sveitarfélög og Tryggingastofnun og aðstoði fólk sjálft eða með stuðningi þessara aðila til að ala önn fyrir því og barninu. Meðal annars starfsfólks skulu læknir, hjúkrunarfræðingur, ljósmóðir og félagsráðgjafi starfa við þessa deild.

Að jafnaði skal læknir eða ljósmóðir vera forstöðumaður deildarinnar.

d. (4. gr.)

Samkvæmt 2.–6. gr. laga nr. 25/1975 er mælt fyrir um að á hverju sjúkrahúsi og heilsugæslustöð skuli starfrækt ráðgjafarþjónusta er veiti fræðslu og ráðgjöf varðandi getnaðarvarnir, fóstureyðingar, ófrjósemisaðgerðir o.fl. er tengist kynlífi og barneignum. Ekki er ætlunin að breyta þeirri skipan mála. Í 1. mgr. 4. gr. er mælt fyrir um starfrækslu slíkra ráðgjafarstöðva og hvaða þjónustu þær skuli hafa með höndum og er samsvarandi 2. gr. laga nr. 25/1975. Bætt er þó inn í 4. lið, að konunni skuli veitt ráðgjöf og fræðsla varðandi þá aðstoð sem henni stendur til boða við meðgöngu og fæðingu.

2. mgr. greinarinnar er sama efnis og 3. gr. núgildandi laga.

3. mgr. greinarinnar er að stofni til sama efnis og 4. gr. núgildandi laga en í stað hjúkrunarfólks og kennara er mælt fyrir um að hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir starfi við ráðgjafarstöðvarnar. Ástæða þessa er að þær stéttir hafa í meira mæli en flestar aðrar hjúkrunarstéttir haft með höndum kynfræðslumál og ráðgjöf á sviði kynlífs.

e. (5. gr.)

Grein þessi er samhljóða 6. gr. laga nr. 25/1975.

f. (6. gr.)

Sú breyting er gerð frá núgildandi skipan kynfræðslumála að gert er ráð fyrir að kynfræðsludeild, sem mælt er fyrir um í 3. gr. frumvarps þessa, sjái um skipulagningu náms og þau kennslugögn sem lögð verða til grundvallar í kennslu, í stað skólayfirlæknis eins og nú er háttað. Er þetta í samræmi við það hlutverk sem fræðsludeildinni er ætlað að þjóna með lögum þessum, að koma á samræmdri fræðslu og vera til ráðuneytis um kynfræðslumál. Þá er gert ráð fyrir að kynfræðsla verði skyldunámsgrein í skólum á grunn-

stigi og kennslunni verði háttað þannig að hún nái til fleiri þátta en kynlífsins eingöngu.

Gert er ráð fyrir að starfsfók ráðgjafarstöðvanna og fræðslunefndar heimsæki skóla landsins og geri grein fyrir starfsemi sinni.

g. (7. gr.)

Með þessari grein er skilgreining hugtaksins fóstureyðing áréttuð, að kviknað líf í móðurkviði er friðheilagt og að þau tilgreindu ákvæði laganna, sem heimila eyðingu þess, séu undantekningar og skuli túlkuð þröng.

h. (8. gr.)

Þar eð ljóst er að frumvarpi þessu fylgir aðeins eitt ákvæði sem heimilar fóstureyðingu mun það orsaka óánægju og aðfinnslu þeirra sem ekki hugsa djúpt um þetta afdrifaríka og vandasama mál sem hér um ræðir. Er rétt að taka fram eftirfarandi:

Sú staðreynd liggur fyrir að frumvarp þetta veðjar á lífið en ekki dauðann. Sú staðreynd liggur einnig ljós fyrir að frumvarp þetta kallar til Alþingis Íslendinga að veðja á lífið og vernda það svo sem kostur er. Sú staðreynd er hins vegar einnig ljós að upp getur komið sú staða að velja þurfi milli þess lífs sem er fullþroska og ber með sér hið innra nýtt líf. Hér er veðjað á lífið og þá staðreynd að það er frumatriði allra mannréttinda. Að sú undantekning að heimila fóstureyðingu er gerð hér skýrir sig sjálft. Sjálfsvörn, til að verja líf sitt, er viðurkennd auk þess sem réttarvitund okkar segir okkur að líf barnsins á fósturstigi sé réttminna en líf móður. Lagaákvæðið skýrir sig því sjálft. Hins vegar mun það einnig vekja athygli að í þessu frumvarpi er ekki fjallað sérstaklega um aldur kvenna sem sækja eftir fóstureyðingu, né fjallað sérstaklega um þær konur sem hafa orðið fyrir sannanlegri nauðgun. Flutningsmaður þessa frumvarps telur liggja í augum uppi að þessum þáttum mannlegs harmleiks þarf að ráða fram úr nákvæmlega á sama hátt og lagaákvæðið segir til um, þ.e. „ef líf og heilsa móður er í hættu". Aldur stúlkunnar, sem verður barnshafandi fyrr en hún óskaði eftir vegna vöntunar á forvörnum, er ekki höfuðmálið. Þar eru margir og ólíkir þættir sem koma inn, m.a. þroski og aðstæður. Málið er hvort viðkomandi hefur heilsu til þess að ganga óskemmd gegnum meðgöngu og fæðingu. Um leið ber að gæta þess vandlega að aðrir taki ekki ákvörðun um það, að konu óspurðri, hvort hún hefur heilsu til að ganga gegnum áðurnefnt ferli. Flutningsmaður þekkir dæmi um að slíkt hefur verið gert en slíkt er alvarlegur skaðvaldur gegnum allt lífið fyrir viðkomandi.

Hroðaathöfnin nauðgun, sem er kafli út af fyrir sig og enn sem komið er illa á haldið af íslensku réttarkerfi, því til mikils vansa, leiðir þó mjög sjaldan til frjóvgunar. Þess vegna er sú sama meðhöndlun hér viðhöfð sem 8. gr. III. kafla bendir til „ef líf og heilsa móður er í hættu". Að sjálfsögðu er sú skylda frumskilyrði að viðkomandi kona hafi tilkynnt verknaðinn nauðgun samstundis eða eins fljótt og auðið var og nútímalæknisfræðilegar aðgerðir verið framkvæmdar til þess að fyrirbyggja að raunveruleg frjóvgun geti átt sér stað, auk þess að sannað sé að nauðgun hafi átt sér stað og hinn seki fundinn. Að þessu sögðu hlýtur að vera ljóst að um leið og þessi lög höfða til lífsins að fullu og öllu höfða þau einnig til mannúðar og mildi og þess að öllum, ungum sem öldnum, sé gerð grein fyrir hvað lífið er í raun og veru, að lífið er ekki eitthvað sem má leika sér með samkvæmt geðþóttatilfinningum heldur sé skylda hvers og eins að fara um það höndum ábyrgðar þar sem virðingin fyrir því helgasta sem lífið gefur er í fyrirrúmi. Ef þessa er gætt og það dregið fram í uppeldishlutverkum heimila og skóla er það og verður getn-

aðarvörnin hin allra besta til viðbótar þeirri sjálfsögðu fræðslu sem frumvarp þetta leggur megináherslu á að verði að veruleika í skólakerfi landsins.

i. (9. gr.)

Greinin er efnislega samhljóða 10. gr. núgildandi laga með þeim takmörkunum sem felast í frumvarpi þessu varðandi ástæður fóstureyðingar.

j. (10. gr.)

Gerð er krafa um læknisfræðilegt mat liggi fyrir á áframhaldi meðgöngu áður en fóstureyðing er framkvæmd. Gerð er krafa um að a.m.k. tveir læknar fjalli um málið.

Ákvæðið skýrir sig sjálft en lögð er áhersla á að móðir sé þátttakandi í ákvörðun um fóstureyðingu.

k. (11. gr.)

Ákvæðið skýrir sig sjálft.

l. (12. gr.)

Ákvæðið skýrir sig sjálft.

m. (13. gr.)

Ákvæðið skýrir sig sjálft.

Um 2.–3. gr.

Í þeim breytingum, sem þar er mælt fyrir um er ekki um, efnisbreytingar að ræða heldur breytingar til samræmis við fyrri greinar frumvarpsins.

Um 4. gr.

Heiti laganna er breytt og áhersla lögð á friðhelgi mannlegs lífs og ráðgjöf til að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir. Má í þessu sambandi benda á ályktun kirkjuþings 1987, en þar segir m.a.:

„Rétturinn til lífs er frumatriði allra mannréttinda. Þá kröfu verður að gera til ríkisvaldsins að það verndi mannlegt líf og efli meðal almennings vitundina um mannhelgi."

Vísað er til greinargerðar að öðru leyti til skýringar á þessari grundvallarbreytingu.

Fylgiskjal I.

Halldór Finnsson,
sr. Þorbergur Kristjánsson,
Margrét K. Jónsdóttir:

Tillaga varðandi lög um fóstureyðingar og almannatryggingar.
(18. kirkjuþing 1987.)

Kirkjuþing beinir því til Alþingis Íslendinga að taka til endurskoðunar lög nr. 25/1975,

um fóstureyðingar, ófrjósemisaðgerðir o.fl., í þeim tilgangi að þrengja þessi lög — sérstaklega varðandi fóstureyðingar af félagslegum orsökum.

Enn fremur vill kirkjuþing beina því til Alþingis að allt verði gert sem hægt er, t.d. í gegnum almannatryggingar, til þess að létta undir með konum sem svo stendur á fyrir og þær finni í raun að þjóðfélagið býður nýtt líf velkomið í heiminn.

Kirkjan bjóði upp á ráðgjafarþjónustu, e.t.v. í samvinnu við Lífsvon, þar sem fyrir liggi allar upplýsingar um hvert það ráð sem má til hjálpar vera fyrir þá einstaklinga sem í hlut eiga.

Greinargerð.

Nú eru 12 ár síðan samþykkt voru lög nr. 25/1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf, barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Lög þessi þýddu stórkostlega rýmkun á fóstureyðingum af félagslegum ástæðum.

Fóstureyðingum hefur líka fjölgað úr 224 árið 1974 í 687 árið 1983 samkvæmt *Heilbrigðisskýrslu 1985*, fylgiriti 1.

Þegar þessi skýrsla er skoðuð nánar kemur í ljós að árið 1981 eru 83% fóstureyðinga taldar af félagslegum ástæðum, og af þeim eru 55% „nánast ótilgreindar félagslegar ástæður" eins og stendur í skýrslunni.

Annað í skýrslu þessari er mjög athyglisvert, þ.e. skrá yfir störf þau er þær konur sem fara í fóstureyðingu stunda og er skipt í þessa flokka: stjórnun, þjónusta, framleiðsla, nemar, húsmæður, annað.

Þarna kemur í ljós að nemum, sem fá fóstureyðingar, hefur fjölgað meira en öðrum stéttum. Þetta styður það að þjóðfélagið geti hjálpað móður og barni meira en gert er í dag.

Nú þegar Alþingi kemur saman í fyrsta sinn eftir kosningar er von okkar að nýir menn, sem þar koma til starfa, sýni þessu máli áhuga og alvöru, ásamt þeim sem fyrir eru á Alþingi og vitað er að styðja endurskoðun á lögum nr. 25/1975.

Málinu var vísað til löggjafarnefndar (frsm. Halldóra Jónsdóttir).

Nefndin leggur til að tillagan og greinargerð hljóði svo:

Rétturinn til lífs er frumatriði allra mannréttinda. Þá kröfu verður að gera til ríkisvaldsins að það verndi mannlegt líf og efli meðal almennings vitundina um mannhelgi.

Löggjöf, sem í raun gerir hið ófædda líf réttlaust, brýtur gegn því grundvallarsjónarmiði kristindómsins að sérhver einstaklingur eigi rétt til lífs, allt frá upphafi og þangað til dauðinn ber að dyrum með eðlilegum eða óviðráðanlegum hætti.

Kirkjuþing skírskotar til frumvarpa um breytingu á lögum nr. 25 frá 22. maí 1975 og lögum nr. 67/1971, með áorðnum breytingum, sem flutt hafa verið, og frumvarps sem boðað er.

Vill kirkjuþing skora á Alþingi að breyta umræddum lögum í þá veru að friðhelgi mannlegs lífs sé viðurkennd.

Fóstureyðingar 1972 - 1988

Ár	*1972	*1973	*1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988
Samtals	136	194	219	274	368	456	455	556	523	597	613	689	745	705	685	695	673
								Hlutfallsleg skipting									
Aldur																	
Undir 20	12,5	11,3	18,3	16	17,4	20,3	21,6	26,6	22,2	22,1	24,9	23,9	23,5	22,7	21	22,5	21,2
20 - 24	18,4	20,1	16,9	21,9	20,9	25,9	23,3	24,6	26	28,3	24,5	29,5	30,9	28,2	26,6	28,5	27,6
25 - 29	13,2	14,4	13,2	13,9	17,4	15,4	18	16	18,7	18,1	21	18,1	18,7	19,6	21	19	23
30 - 34	11,8	22,7	16,9	20,1	15,8	16,9	16,5	11,9	14,7	16,2	12,4	13,4	13,2	14	14,6	14,2	13,8
35 - 39	26,5	19,1	20,1	15,3	14,1	11,4	12,3	12,8	10,9	10,1	11,3	9,7	9	10,1	11,7	10,4	10,3
40 - 49	16,9	12,4	14,6	12,8	14,4	10,1	8,3	8,1	7,5	5,2	5,9	5,5	4,8	5,4	5,1	5,4	4
Ótilgreint	0,7	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Hjúskaparstaða																	
Gift	54,4	59,3	55,7	47,8	45,4	41,7	42,9	36	29,8	33,2	32,6	27,9	25	26,8	23,5	20,7	21,5
Ógift	31,6	28,9	33,8	37,2	38,6	47,2	44,8	54,7	54,9	54,9	54,3	58,9	65,8	64,5	64,4	66	66,9
Áður gift	13,3	10,8	19,9	15	13,9	9,6	11	8,6	11,7	9,2	9,2	7,5	9,1	8,5	12,1	13,2	11,4
Ótilgreint	0,7	1	0,5	-	2,1	1,5	1,3	0,7	3,6	2,7	3,9	5,7	0,1	0,1	-	-	0,1
Fyrri fæðingar																	
0	16,2	13,9	21,9	22,6	25,3	29,6	32,6	40,8	35,5	38,4	40,9	43,7	44	42,1	44,4	46,5	43,2
1	16,9	17,5	13,7	19	20,4	20,2	18,2	21,9	24,7	22,8	20,2	20,5	23,9	23,3	20	21,6	23,9
2	13,2	12,4	13,7	15,7	17,4	16	18,2	12,6	13,8	16,7	16,8	14,4	12,8	16	17,5	13,8	19,2
3	14,7	20,1	16,9	14,6	14,1	16,2	13,4	12,1	12,2	12,9	12,6	12,6	11,7	10,4	12	12,2	9,7
4 eða fl.	39	36,1	33,8	28,1	22,5	17,8	17,6	12,4	13	9,2	9,3	8,7	7,7	8,2	6,1	5,9	4
Ótilgreint	-	-	-	-	0,3	0,2	-	0,2	0,9	-	0,2	0,1	-	-	-	-	-
Fyrri fóstureyðingar																	
0	91,1	92,8	93,2	91,9	88,6	89,5	89,4	92,1	86,8	87,9	88,9	86,6	82,4	79,7	81	79,3	76,1
1	7,4	6,7	5,9	7,7	8,7	8,8	9,9	7,7	10,3	10,4	10	12,3	14,9	16,7	15,3	17,7	21
2 eða fl.	1,5	0,5	0,9	0,4	2,7	0,7	0,7	0,2	1,7	1,7	1,1	1	2,7	3,2	3,7	3	2,9
Ótilgreint	-	-	-	-	-	1	-	-	1,2	-	-	-	-	0,3	-	-	-
Lengd meðgöngu																	
Undir 9 vikum	75,7	79,9	72,6	37,2	50,3	46,7	58,9	52	45,3	45,6	48,9	50,8	56,5	56,6	58,4	50,4	47,4
9 - 12 vikur	19,1	16	23,3	55,1	44,6	49,1	35,4	39,9	43,6	44,1	44,7	44,1	39,2	38,6	39	46,6	49,2
13 - 16 vikur	0,7	0,5	0,9	5,1	3,2	1,8	1,3	3	3,1	2,2	1,8	3,2	1,7	2,3	1,5	1,2	2,1
17 vikur eða lengur	-	-	-	1,1	-	0,6	-	1,3	-	0,4	0,5	0,9	1,1	1,8	1	1,8	1,3
Ótilgreint	4,5	3,6	3,2	1,5	1,6	1,8	2,9	3,8	6,9	7,2	4,1	1	1,5	0,7	0,1	-	-
Ástæður fóstureyðinga																	
Félagslegar	-	-	-	32,5	63,1	77,9	71,9	75	85,1	87,9	88,6	89,8	92,8	87,7	89,2	85,3	90,8
Læknisfræðilegar	69,1	67,5	59,4	75,9	17,9	10,7	16,3	18,7	8	7,5	5,7	5,7	3,8	7	4,8	6,9	5,5
Bæði fél. og læknisfr.l.	30,9	32,5	40,6	-	18,5	10,3	11	5,8	5,9	4,4	5,1	3,9	3,5	5,1	5,5	7,5	3
Ótilgreint	-	-	-	-	0,5	1,1	0,8	0,5	1	0,2	0,6	0,6	0,5	0,3	0,4	0,3	0,7

* 1972-74 eingöngu fóstureyðingar skv. l. nr.38/1935. Ekki til sundurgreindar uppl. um fóstureyðingar skv. l. nr. 16/1938.

Nd. 80. Frumvarp til laga [78. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Flm.: Árni Gunnarsson, Ragnhildur Helgadóttir, Geir Gunnarsson,
Kristín Einarsdóttir, Jón Kristjánsson.

1. gr.

2. mgr. 45. gr. laganna orðist svo:

Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 0,25‰ eða meira telst hann ekki geta stjórnað ökutæki örugglega.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1991.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að leyfilegt vínandamagn í blóði ökumanns verði lækkað úr 0,50‰ í 0,25‰. Flutningsmenn telja eðlilegt að skekkjumörk við mælingu verði 0,05‰.

Tilgangurinn með flutningi þessa frumvarps er að eyða þeirri óvissu sem ríkt hefur um áfengisneyslu og akstur bifreiða. Verði þessi breyting að lögum þarf enginn að velkjast í vafa um að ekki má aka bifreið eftir að hafa drukkið áfengi hversu lítil sem neyslan hefur verið.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um nauðsyn þessarar breytingar. Umferðarslysum af völdum ölvunaraksturs hefur farið fjölgandi. Núgildandi umferðarlög valda því að ökumaður verður hverju sinni að meta sjálfur eftir að hafa neytt áfengis hvort hann er hæfur til að aka bifreið eða ekki. Þetta mat varð mun erfiðara eftir að bruggun áfengs öls var leyfð hér á landi. Með þessari breytingu verður eftirlit með framkvæmd laganna mun auðveldara en áður.

Sú lækkun á vínandamagni í blóði, sem hér er lögð til, kemur ekki í veg fyrir að almenningur geti notað lyf með vínanda í eða drukkið léttan pilsner.

Ölvunarakstur er nú orðinn þvílíkt vandamál í mörgum löndum, ekki síður en á Íslandi, að víða hefur leyfilegt vínandamagn í blóði verið lækkað og tekin upp ný viðmiðun 0,0‰.

Með þessu frumvarpi er á afdráttarlausan hátt staðfest að neysla áfengis og akstur fer ekki saman.

Í fylgiskjali með þessu frumvarpi eru kaflar úr bók sem kom út í maí á þessu ári og er eftir Árna Einarsson. Bókin nefnist „Eftir einn ... ei aki neinn“. Útgefandi er Bindindisfélag ökumanna.

IV. Áfengi og ökuhæfni

Í umferðarlögum segir að ökumaður skuli vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki því, sem hann fer með. (gr. 44). Sérstaklega er tekið fram að enginn megi stjórna eða reyna að stjórna ökutæki, ef hann vegna veikinda, hrörnunar, ofreynslu, neyslu áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna eða annarra orsaka er þannig á sig kominn, að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega. Að öðru leyti er í lögunum ekki tekið fram hvaða færni er stjórnanda ökutækis nauðsynleg.

Akstur ökutækis er flókið viðfangsefni. Ökumaður verður að taka við miklum fjölda upplýsinga og vinna samstundis úr þeim í eina heild. Hann þarf að fylgjast með öðrum bílum, gangandi vegfarendum, meta hraða eigin bíls með tilliti til aðstæðna og meta stöðugt akstursaðstæður svo að þau helstu séu nefnd. Skynfærin verða því að vera í lagi. Þær upplýsingar sem skynfærin nema verða að berast heilanum til úrvinnslu og ákvarðanatöku. Í heilanum eru skynhrifin skráð, metin, greind og skipað niður. Þar er ákveðið hvað gera skal og skipanir sendar til vöðvafrumna í þeim líffærum sem eiga að framkvæma þær. Mikilvægt er að upplýsingarnar berist ótruflaðar, hratt og óhindrað til heilans þannig að ákvörðun um viðbrögð sé ekki tekin á grundvelli rangra upplýsinga. Við ákvarðanatökuna skiptir sköpum að þær stjórnstöðvar heilans sem leita þarf til, s.s. þær sem hýsa dómgreind, starfi eðlilega. Hafi allt gengið vel til þessa er komið að næst síðasta stiginu; að koma skilaboðum um viðbrögð til vöðvanna. Það hlutverk er í höndum taugaþráðanna. Til að tryggja öruggan flutning óbrenglaðra boða þurfa þeir að vinna hratt og örugglega í trausti þess að viðtakandinn, vöðvarnir, taki við þeim af festu og bregðist skjótt við svo að afstýra megi yfirvofandi slysi og koma í veg fyrir þær mannlegu hörmungar sem umferðarslys eru.

Hvað eina sem truflar virkni þess ferlis sem hér hefur verið lýst skerðir færni ökumannsins og óvíst hvort hann er þá fær um að stjórna ökutækinu örugglega.

Áfengi dregur úr hæfni ökumanns á öllum þeim sviðum sem nefnd voru hér að framan til að leysa þau flóknu viðfangsefni sem akstur ökutækis krefst. Má þar nefna skynjun, s.s. sjón og heyrn, viðbragðsflýti en ekki síst athygli og dómgreind. Ölvaður ökumaður á mjög erfitt með að einbeita sér að mörgu í einu, en akstur krefst slíks.

1. Sjón

Til eru rannsóknir sem sýna að augu starfa ekki eðlilega þótt vínandamagn í blóði sé aðeins 0,2 prómill. Maður sér óskýrar það sem hreyfist í fjarlægð og sjónsviðið þrengist. Ef áfengismagnið er 0,3 prómill verða viðbrögð augnanna hægari. Eðlilegur viðbragðstími þeirra er 1/10 úr sekúndu. Með þessu áfengismagni er viðbragðstíminn 2/10 úr sekúndu. Sjónhæfni í myrkri minnkar um 25-30% við 0,5 prómill og enn meira við aukna ölvun.

Þau áhrif sem skynfæri verða fyrir þegar áfengis er neytt má greina á eftirfarandi hátt:

1. Sjónsviðið þrengist.
2. Sjónmynd verður ekki eins skýr. Það gildir einkum um hluti sem hreyfast í fjarlægð. Ölvaður ökumaður á erfitt með að ná skerpu á það sem hann horfir á. Augun láta einnig ver að stjórn og augnhreyfingar verða hægari. Bílstjóri, sem hefur neytt áfengis, sér ekki jafnlangt, ekki jafnskýrt og ekki jafnfljótt og örugglega og sá sem ekki hefur neytt þess.
3. Litaskyn verður ekki eins öruggt.
4. Hæfileiki til að skynja og greina á milli hljóða og dæma um úr hvaða fjarlægð þau berast verður minni.

2. Taugaboð

Það er fyrst og fremst taugakerfið, taugafrumurnar, sem áfengi hefur áhrif á. Heili og mæna mynda það sem kallað er einu nafni miðtaugakerfi. Frá mænunni ganga taugar til allra hluta líkamans. Nokkrar þeirra flytja boð frá skynfærum til mænu og síðan áfram til heila.

Taugar eru samsettar úr löngum, grönnum þráðum taugafruma. Boð og skipanir berast eftir þessum örfínu taugaþráðum með rafsveiflum. Þær orsakast af hreyfingum vissra salta gegnum frumuveggina. Áfengi hefur áhrif á frumuveggina þannig að hreyfingar saltanna truflast. Hægt er að mæla rafmagnssveiflurnar og þær truflanir sem áfengið veldur.

3. Dómgreind

Heilinn stýrir orku okkar og athöfnum. Strax og áfengi berst til heilans veikist stjórnkerfið meira eða minna. Ýmsar hömlur slakna og hæfileikinn til að gagnrýna og hafa stjórn á sjálfum sér nýtist ver.

Hætt er við að sé sem er undir áhrifum áfengis meti ranglega ástand sitt og hæfni til að aka bíl. Hin skerta dómgreind getur valdið því að hann telji sig minna ölvaðan en hann er í reynd og því til viðbótar ofmeti hann hæfni sína og getu til að aka.

Ennfremur er hætta á að ölvaður ökumaður meti ranglega aðstæður og hætti því frekar bíl sínum og jafnvel lífi en annars.

Þegar þetta þrennt fer saman hjá ölvuðum ökumanni, þ.e. rangt mat á ástandi sínu, rangt mat á færni sinni og rangt mat á aðstæðum er hætta á slysi gífurleg.

4. Viðbragðstími og vöðvahreyfingar


Ósjálfráðar hreyfingar eru sjálfvirkar. Þær eiga sér stað áður en skynáhrifin ná til vitundarinnar, áður en tími vinnst til að hugsa sig um.

Sá tími, sem líður frá því að við tökum á móti skynhrifum og þangað til við bregðumst við, er nefndur viðbragðstími. Í umferðinni skiptir sköpum að viðbragðstíminn sé eins stuttur og unnt er. Allt veltur á snarræði ef koma á í veg fyrir slys eða tjón.

Áfengi veldur því að viðbragðstíminn lengist. Boð berast hægar eftir taugaþráðunum. Jafnvel mjög lítið magn af áfengi lengir viðbragðstímann verulega.

Til eru upplýsingar um að viðbragstími þess sem er með 0,4 prómill vínanda í blóði sé 10-35% lengri en þegar hann er allsgáður.

Mynd 5:



Stöðvunarvegalengd

Ökuhraði		V	+	H	=S
Km/klst.	M/sek.	m		m	m
40	11	11	+	12	=23
60	16,5	16,5	+	27	=43,5
80	22	22	+	48	=70
100	28	28	+	78	=106

Við tvöföldun hraða tvöfaldast viðbragðsvegalengdin en bremsuvegalengdin fjórfaldast. Það gefur því auga leið að hvert sekúndubrot getur skipt sköpum ef stöðva þarf bifreið skyndilega.

Vöðvahreyfingar ölvaðs ökumanns eru fálmkenndari og grófari en ella. Of miklar sveiflur þegar beygt er og bíl sveigt frá aðsteðjandi hættu eða truflun valda slysahættu. Við það kann bíllinn að skella á nærliggjandi bílum, bæði á ferð og kyrrstæðum, gangandi vegfarendur, ljósastaurum og fleiru eða bílnum svipt út af vegi. Sé bíl ekið á mikilli ferð þarf ekki mikla ónákvæmni til að af hljótist mikið tjón.

5. Skilin á milli feigs og ófeigs

Víða um heim hafa verið gerðar tilraunir til að meta áhættu ölvunar við akstur. Niðurstöður allra rannsókna af þessu tagi sýna að þegar við 0,2 prómill mörkin er hæfnin til að stjórna bíl verulega skert.

Sá sem er með lítið vínandamagn í blóði getur hugsanlega leyst einföld verkefni álíka vel og sá sem er algerlega ódrukkinn. En eftir því sem viðfangsefnin verða flóknari og margþættari gengur hinum ölvaða mun ver. En þar greinir einmitt á milli feigs og ófeigs í umferðinni; að bregðast fljótt og rétt við flóknum aðstæðum.

Í enskri tilraun voru bílstjórar beðnir að stilla upp hliði (keilum) eins þröngu og þeir teldu óhætt 50 metrum fyrir framan bíla sína og aka þeim síðan í gegn. Bílarnir voru 2,44 metrar á breidd.

Þeir bílstjórar sem höfðu ekki neytt áfengis áttu ekki í neinum vandræðum með að áætla hve mjótt hliðið mátti vera og óku einnig auðveldlega í gegn. Þeim bílstjórum sem höfðu 0,5 prómill vínanda í blóðinu gekk ekki eins vel. Þeir höfðu hliðin of þröng, 18-41 sm en reyndu samt að koma bílum sínum í gegn þegar þeir voru komnir að hliðinu.

26 sænskir námsmenn tóku þátt í tilraun sem Trafiksäkerhetsverket í *Svíþjóð stóð fyrir.* Þeir óku á tilraunabraut þar sem komið hafði verið fyrir nokkrum léttum færniprófunum. Niðurstaðan var sú að ökumenn með að meðaltali 0,42 prómill vínanda í blóði stóðu sig sem nam 32% ver en þeir sem höfðu minni vínanda í blóðinu. Þeir óku á 36% fleiri vegamerkingar og stöðvunarvegalengd þeirra var 30% lengri. Þeim urðu á umtalsvert fleiri mistök.

Við eina af hindrunum sem ökumennirnir þurftu að fara í gegnum hafði verið komið fyrir brúðu í mannsstærð og hún látin birtast strax og komið var í gegnum hindrunina. 90% bílstjóranna sem voru allsgáðir gátu komið í veg

fyrir að aka á brúðuna en aðeins 50% þeirra sem voru með 0,42 prómill í blóðinu.

6. Lífshætta

Skyndileg breyting á akstursaðstæðum kallar á skjót viðbrögð. Vegna hinnar skertu hæfni, annars vegar á skynjun og hins vegar á úrvinnslu þess sem skynjað er, skapast mikil hætta og líkurnar á röngum viðbrögðum eða viðbrögðum sem koma of seint aukast.

Viðamikil könnun sem gerð var í Noregi 1981-1982 leiddi í ljós að 0,27% af eknum kílómetrum voru ekin af bílstjórum með meira en 0,5 prómill vínanda í blóði. Könnunin leiddi og í ljós að rúmlega 20% þeirra sem óku ölvaðir voru með 1,5 prómill eða meira af vínanda í blóði sínu. Hins vegar voru 78% ölvaðra ökumanna sem létust í umferðinni með þetta vínandamagn í blóðinu.

Á grundvelli vitneskjunnar um þá vegalengd sem ölvaðir ökumenn aka og fjölda ölvaðra ökumanna sem látast í umferðarslysum er hægt að reikna út lífshættu af ölvunarakstri. Ökumaður með meira en 0,5 prómill vínanda í blóði er í 160 sinnum meiri lífshættu en ökumaður með minna en 0,5 prómill.

Tafla 8:

	Vínandi í blóði			
	0,50	0,51-0,99	1,0 -1,49	1,50
Hlutfallsleg lífshætta	1	13	98	556

En lífshættan er ekki sú sama fyrir alla ökumenn þótt þeir hafi sama vínandamagn í blóði sínu. Þeir sem eru óvanir að neyta áfengis og hafa litla reynslu af akstri eru í mun meiri lífshættu. M.ö.o. ungt fólk er í umtalsvert meiri hættu en eldra fólk.

Lifur mannsins eyðir að meðaltali um 100 milligrömmum af vínanda/kg/klst. Þessi brunahraði helst stöðugur fyrir sama einstakling en frávik milli einstaklinga geta verið veruleg eða 50-180 milligrömm af vínanda/kg/klst.

Í einni flösku (750 millilítrum) af Whiskii (45 rúmmáls %) eru 268 gr af hreinum vínanda. Maður sem vegur 75 kg brennir á einum sólarhring: 75x100x24=180 grömmum af hreinum vínanda. Það tæki hann því u.þ.b. 1 1/2 sólarhring að losna við þetta vínandamagn úr líkamanum og færni hans skert mun lengur eins og bent er á hér á undan.


Í einni flösku (750 millilítrum) af rauðvíni (12 rúmmáls %) eru rúmlega 71 gramm af hreinum vínanda. Það tekur því viðmiðunarneytandann hér að framan tæplega 10 klukkustundir að losna við það vínandamagn úr líkamanum.

Í einni flösku (333 millilítrum) af bjór (4,4 rúmmáls %) eru 11,5 grömm af hreinum vínanda. Það tekur fyrrnefndan mann um 1 1/2 klukkustund að losa sig við það vínandamagn úr líkamanum.

Þrátt fyrir að vínandi sé horfinn úr blóði er hæfnin skert mun lengur eða allt að 20 klst. eftir drykkju. Það fer eftir magninu sem neytt er. Rannsóknir sýna að akstureshæfni er skert um 20% að meðaltali þremur klst. eftir að vínandi er horfinn úr blóði. Þetta má rekja til þess álags sem áfengi er á líkamanum, sem m.a. kemur fram í hækkuðum blóðþrýstingi.

Mikilvægt er að hafa í huga að sama áfengismagn veldur mismikilli ölvun hjá fólki. Mismunandi þyngd og aldur hafa þar m.a. áhrif. Slíkt getur jafnvel gerst mishratt hjá sama einstaklingi og fer það eftir líkamsástandi hans hverju sinni, s.s. hvort hann er saddur eða svangur, þreyttur eða óþreyttur. Af því leiðir að það er nánast ógjörningur fyrir hvern og einn að meta af nákvæmni hve mikið magn vínanda er í blóði hans á grundvelli þess magns áfengis sem hann lætur ofan í sig. Því hættir fólki til að vanmeta ölvun sína og gera ráð fyrir að verða allsgáð mun fyrr en raunin er eins og myndin hér á eftir sýnir. Á henni er sýndur munur á raunverulegri ölvun, mældri í prómillum, hjá tilraunafólkinu og áætlaðri (sjálfmetinni) ölvun.

Mynd 6:



Heimild: Myrsten & Rydberg: Psykofysiologisk alkoholforskning. Alkoholfrågan 1970: 3. bls. 11.

Ýmsar rannsóknir á áhrifum áfengis á færni manna staðfesta að á mörgum veigamiklum sviðum fyrir umferðaröryggi eru hin lagalegu mörk leyfilegs vínandamagns í blóði ökumanna, 0,5 prómill, of há. Með slíkt magn vínanda í blóði hefur færni ökumannsins skerts of mikið til að telja megi víst að hann geti stjórnað ökutæki sínu örugglega.

V. Umferð og áfengi

Umferðarslys og áfengisneysla eru hvort um sig mikil heilbrigðisvandamál á Íslandi eins og í flestum vestrænum löndum. Áfengisneysla á drjúgan og sennilega vaxandi þátt í umferðarslysum einkum þegar um alvarleg líkamsmeiðsl og dauðaslys er að ræða. Eftirfarandi tölur frá Íslandi, Kalifornfu í Bandaríkjunum og Finnlandi sýna þetta:

Tafla 9:

Hlutfall áfengistengdra umferðarslysa af öllum umferðarslysum eftir tegund slysa:

		1960	*1975	1980
Kalifornía:	Slys m. meiðslum	12%	13%	
	dauðaslys	21%	34%	
Finnland:	Slys m. meiðslum	8%	15%	
	dauðaslys	15%	23%	
Ísland:	Slys m. meðslum		14%	18%
	dauðaslys		11%	25%

**1976 fyrir Ísland*
(Læknablaðið 1988; 74. árg. 4. tbl. bls 155)

1. Tíðni ölvunaraksturs.


Tölur eru til um ölvaða ökumenn síðan 1968 . Skráður ölvunarakstur er hlutfallslega tíðari á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum. Það kann að einhverju leyti að stafa af betra eftirliti hér, en þó kemur fram í samnorrænni könnun, sem gerð var um árin 1930-1980, að hlutfallslega fleiri Íslendingar

viðurkenna að hafa ekið undir áhrifum áfengis heldur en aðrir Norðurlandabúar. 16% Íslendinga sögðust hafa ekið undir áhrifum áfengis á móti 6-7% í hinum löndunum. Könnun þessi er hluti umfangsmikillar samnorrænnar könnunar á skaðlegum afleiðingum áfengis árin 1930-1980.

Í niðurstöðum könnunar sem BFÖ stóð fyrir um áramótin 1989/1990 og sagt er frá í VI. kafla segjast 12,6 af hundraði hafa ekið undir áhrifum áfengis einu sinni án þess að hafa verið stöðvaðir af lögreglu og 5,2 af hundraði segjast hafa gert það tvisvar eða oftar. 54,4 af hundraði hafa aldrei ekið undir áhrifum áfengis.

Af tölum um fjölda þeirra sem teknir eru vegna ölvunaraksturs má ráða að árlega er um 1% þjóðarinnar kærð fyrir meintan ölvunarakstur sem eru þrisvar til fjórum sinnum meira en annars staðar á Norðurlöndum. Erfitt er að skýra hvernig á þessum mun stendur. Nefndar hafa verið þær skýringar að landið sé strjálbýlt og samgöngur strjálar. Á það ber þó að líta að hlutfallslega fleiri eru teknir af lögreglu grunaðir um ölvunarakstur í Reykjavík en utan hennar. Þó hefur hlutur höfuðborgarinnar færst til betri vegar síðustu ár.

Mynd 7:
1988 I



Önnur leið til að meta algengi ölvunaraksturs er að kanna hve oft fólk hefur verið í bíl með ölvuðum ökumanni.

Í könnun Nefndar um átak í áfengisvörnum og Heilbrigðisráðuneytisins í janúar 1989 og endurtekin var í október sama ár segjast tæp 10% spurðra hafa verið í bíl með ölvuðum ökumanni einhvern tíma síðustu 12 mánuði. Nokkur munur er þó eftir aldri eins og fram kemur í eftirfarandi töflu:

Tafla 10:

Fjöldi þeirra sem hafa verið í bíl með ölvuðum ökumanni síðustu 12 mánuði. Hlutfall í hverjum aldurshóp (%).

Aldur						
15-19	20-24	25-34	35-44	45-59	60+	Alls
20,3	17,7	11,0	5,5	4,4	1,5	9,0

Samkvæmt könnuninni virðast karlar sitja oftar í bíl með ölvuðum ökumanni en konur.

Tafla 11:

Hlutfallslegur fjöldi þeirra sem hafa verið í bíl með ölvuðum ökumanni síðustu 12 mánuði eftir kyni. Tölur frá janúar eru í sviga.

Karlar	Konur
11,8% (11,5)	6,5% (6,9)

Hlutfallslega fleiri íbúar höfuðborgarsvæðisins segjast hafa verið í bíl með ölvuðum ökumanni en íbúar annars staðar á landinu.

Tafla 12:

Hlutfallslegur fjöldi þeirra sem hafa verið í bíl með ölvuðum ökumanni síðustu 12 mánuði eftir búsetu. Tölur frá janúar í sviga.

Höfuðborgarsvæðið	Annað þéttbýli	Dreifbýli
10,5% (9,9)	8,1% (8,1)	4,8% (8,5)

Enginn munur kom fram eftir menntun viðkomandi.


Í könnun sem Hagvangur gerði 1989 fyrir Umferðarráð var m.a. spurt um hvort fólk hefði einhvern tíma setið í bíl með ölvuðum ökumanni. 29,5% svöruðu játandi, 69% neituðu og 1,6% töldu sig ekki vita hvort svo væri.

2. Hverjir aka ölvaðir?

Samkvæmt skýrslum Umferðarráðs um þá sem aka ölvaðir eru um 85 af hundraði þeirra karla og 15 af hundraði konur. Í könnun BFÖ er kynjaskiptingin hin sama.

Aldurskiptingin árin 1985-1987 er sýnd á eftirfarandi mynd:


Mynd 8:



Áberandi er hve lítil breyting er á milli ára á aldurssamsetningu þeirra sem teknir eru vegna ölvunarakstur. Yngri ökumenn eru í miklum meirihluta og er rúmlega helmingur ökumannanna 24 ára og yngri.

Áberandi er hve margir þeirra sem teknir eru hafa mikinn vínanda í blóðinu. Á árunum 1985-1988 voru að meðaltali 420 ökumenn með 2-2,49‰ vínanda í blóði og 180 með 2,5‰ eða meira. Á myndinni hér á eftir eru sýndar niðurstöður blóðrannsókna árin 1985-1988.

Mynd 9:



Þá vekur ekki síður athygli hve hlutföll ölvunarflokkanna breytast lítið innbyrðis á milli ára. Það bendir m.a. til þess að með því að lækka heildarfjölda þeirra sem aka ölvaðir megi fækka þeim sem aka með mest vínandamagn í blóðinu en þeir eru hættulegastir í umferðinni og valda verstu slysunum.

3. Ölvaðir ökumenn með aðild að umferðarslysum.

Síðustu árin hafa tæplega 40 ölvaðir ökumenn átt aðild að umferðarslysum árlega. Þó að sú tala virðist ekki há samanborið við þá 2.300-2.600 ökumenn sem teknir eru vegna ölvunaraksturs á ári hverju þá segir hún ein ekki alla söguna. Staðreyndin er hins vegar sú að um 25% dauðaslysa og 18% alvarlegra umferðarslysa má rekja til ölvunaraksturs. Með því að koma í veg fyrir ölvunarakstur má því bjarga mörgum mannslífum á hverju ári.

4. Ölvunarakstur og heildarneysla áfengis.

Þeir þættir sem einkum varpa ljósi á áhrif áfengisneyslu á umferðina eru tengsl heildarneyslu áfengis við ölvunarakstur og áfengistengd umferðarslys, tengsl heildarfjölda umferðarslysa og áfengistengdra umferðarslysa. Taka verður tillit til fjölksfjölda og fjölda ökutækja og tengsl þess síðarnefnda við fjölda umferðarslysa, ölvunarakstur og áfengistengd umferðarslys.

Í áðurnefndri samnorrænni könnun kemur fram að ölvunarakstur hefur haldist í hendur við heildarneyslu áfengis. E.t.v. hefur aukin neysla léttra vína og þær neysluvenjur sem þeim tengjast orðið til þess að fleiri aka undir áhrifum áfengis. Sé svo er líklegt að aukin áfengisneysla vegna bjórsins og nýjar neysluvenjur honum samfara verði til þess að auka ölvunarakstur enn frá því sem nú er.

5. Ölvunartengd umferðarslys og áfengisneysla.

Skráning ölvunartengdra umferðarslysa hófst hér á landi 1976. Skýr tengsl koma fram á milli umferðarslysa og heildarneyslu áfengis í norrænu könnuninni. Þessi tengsl eru þó einkum bundin neyslu sterks áfengis. Gera má ráð fyrir að meiri ölvun fylgi neyslu sterks áfengis og slysahættan því meiri.

Eins og fram kemur hér á undan er hlutfall áfengistengdra dauðaslysa í umferðinni um 25% og um 18% af slysum með meiðslum. Hér er um lágmarkstölur að ræða því ekki eru gerð ölvunarpróf á ökumönnum sem lenda í slysum nema að grunur leiki á að þeir séu ölvaðir. Því er hugsanlegt að áfengisneysla valdi enn meira tjóni í umferðinni en þessar tölur gefa til kynna. Einkum er líklegt að ökumenn með tiltölulega lítið vínandamagn í blóði lendi framhjá þessari skráningu.

6. Ölvunarakstur kemur í veg fyrir fækkun umferðarslysa

Af niðurstöðum norrænu könnunarinnar má ráða að umferðarslys haldast í hendur við áfengisneyslu og ölvunarakstur í mun meiri mæli en við aukningu umferðarinnar. Í eftirfarandi töflu má sjá fylgni þessara þátta:

Tafla 13:

	Umferðarslys	Ölvunarakstur
Fjöldi bíla	0,52	0,89
Heildarneysla áfengis	0,76	0,96
Neysla sterks áfengis	0,89	0,75
Neysla létts áfengis	0,29	0,72
Ölvunarakstur		0,79

(Fylgni: Pearson´s R)

Hér kemur fram að tíðni umferðarslysa tengist mest neyslu sterkra drykkja, en minna bæði heildarneyslu áfengis og ölvunarakstri. Fylgni ölvunaraksturs og heildarneyslu áfengis er hins vegar mikil. Einnig má hér sjá skýr tengsl á milli umferðarslysa og heildarneyslu áfengis. Lítil og ómarktæk fylgni er á milli fjölgunar bíla og umferðarslysa.

Þrátt fyrir að heildarneysla áfengis á Íslandi sé ein sú lægsta á Vesturlöndum benda kannanir til að ölvunartíðni sé ekki minni hér á landi en annars staðar. Þetta skýrir að líkindum að ölvunartengd umferðaslys eru hér ekki færri.

Aukin heildarneysla áfengis leiðir því til aukins ölvunaraksturs samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar og einnig koma fram mikil tengsl ölvunaraksturs og ölvunartengdra umferðarslysa. Þrátt fyrir að umferðarslysum hafi fækkað ef miðað er við aukinn fjölda ökutækja benda niðurstöðurnar til þess að áfengistengdum umferðarslysum fari fjölgandi og hamli verulega gegn fækkun slysa. Sú er a.m.k. ályktun þeirra sem standa að þessum rannsóknum.

7. Afstaða almennings til ölvunaraksturs

Í áður nefndri könnun Nefndar um átak í áfengisvörnum var spurt um afstöðu fólks til reglna um leyfilegt vínandamagn í blóði ökumanna. Í janúarkönnuninni svöruðu 47% því til að reglurnar ættu að vera strangari en

um 43% í októberkönnuninni. Í janúar vildu 47%% hafa reglurnar óbreyttar en 51% í október. Í eftirfarandi töflu er afstaða fólks í janúar sýnd eftir aldri (%).

Tafla 14:

Afstaða til leyfilegs vínandamagns í blóði eftir aldri. Tölur frá janúar.

	ALDUR					
	15-24 ára	25-34 ára	35-44 ára	45-59 ára	60+ ára	Alls
Strangari reglur	51,8	39,7	40,8	50,8	62,0	42,7
Óbreyttar reglur	43,9	55,2	51,0	46,0	28,2	47,2
Rýmri reglur	1,8	1,7	3,4	2,4	1,4	2,2
Veit ekki/neita að svara	2,4	3,4	4,8	0,8	8,5	3,5

Konur eru mun ákveðnari fylgjendur hertra reglna um leyfilegt vínandamagn í blóði ökumanna en karlar.

Tafla 15:

Afstaða til leyfilegs vínandamagns í blóði eftir kyni (%). Tölur frá janúar:

	Karlar	Konur
Strangari reglur	38,3	54,7
Óbreyttar reglur	53,5	41,0
Rýmri reglur	4,2	0,3

Í könnun BFÖ á ölvunarakstri var m.a. spurt hve mikið áfengi ætti að leyfa ökumönnum að drekka. 52,4% sögðu að ekki ætti að leyfa neitt áfengi, 31,8% töldu að leyfa ætti áfengismagn sem næmi áfengismagni í einum bjór og 9,4% áfengismagni í tveimur bjórum.

Sem fyrr eru konur ákveðnari fylgjendur algers áfengisbanns stjórnenda ökutækja en karlar. 62,3% kvenna vilja að ökusætið sé áfengislaust umhverfi en 46,5% karla. Fylgið eykst með aldri en þó er athyglisvert hve margir í yngsta aldurshópnum (17-20 ára) vilja að ekki megi neyta áfengis og aka síðan eða 52%. Þess ber þó að geta að í þessum aldurshópi er einnig að finna flesta þá sem vilja leyfa umtalsvert áfengismagn ökumanna. 23,5% vilja leyfa sem jafngildir áfengismagni í tveimur bjórum eða jafnvel meira magn.

Þeir sem teknir hafa verið vegna ölvunaraksturs eru hlynntari ölvunarakstri en hinir sem aldrei hafa verið teknir. Sama er uppi á teningnum hjá þeim sem hafa ekið ölvaðir og komist upp með það. 64,6% þeirra sem aldrei hafa ekið undir áhrifum áfengis vilja ekki leyfa neitt áfengi í umferðinni, 43,2% þeirra sem hafa ekið ölvaðir einu sinni og 32,4% þeirra sem hafa ekið ölvaðir tvisvar eða oftar.

Þá eru þeir sem ekki neyta áfengis harðari fylgjendur áfengisbanns í umferðinni eða 81,8%, 59,4% þeirra sem neyta áfengis einu sinni í mánuði, 41-45% þeirra sem neyta áfengis nokkrum sinnum í mánuði eða vikulega en enginn þeirra sem neyta áfengis oftar.

Þeir sem eru jákvæðir gagnvart áfengisneyslu eru jafnframt jákvæðir gagnvart ölvunarakstri.

VI. Að aka ölvaður - Könnun Bindindisfélags ökumanna á ölvunarakstri 1989/1990

Litlar upplýsingar eru til svo leita megi skýringa á ástæðum þess að ökumaður sest ölvaður undir stýri. Flestum ætti þó að vera ljós sú hætta sem í slíku felst. Í könnun sem Bindindisfélag ökumanna gerði í desember 1989 og febrúar 1990 í samvinnu við Umferðarráð og fyrr hefur verið vitnað í var gerð tilraun til að kanna nokkra þætti sem gætu varpað ljósi á ástæður ölvunaraksturs.

Staðið var að könnuninni með þeim hætti að félagar úr BFÖ komu sér fyrir í verslanamiðstöðinni í Kringlunni í Reykjavík með spurningalista og báðu gesti og gangandi að fylla þá út og setja í þar til gerða lokaða kassa. Undirtektir voru mjög góðar og sýnilegur áhugi fólks á að taka þátt í könnuninni.

Alls svöruðu 276 spurningunum og var kynjahlutfall nokkuð jafnt. Aldursdreifing var eftirfarandi:

17-20 ára	36,0%
21-24 ára	25,8%
25-34 ára	18,2%
35-44 ára	12,7%
45-54 ára	5,1%
55 ára og eldri	2,2%

Meðal þess sem spurt var um var skólaganga, hjúskaparstaða, barnafjöldi,notkun öryggisbelta, áfengisneysla og viðhorf til áfengisneyslu, akstursvenjur og viðhorf til viðurlaga við umferðarlagabrotum, ölvunarakstur og nokkur þekkingaratriði í umferðinni.


Þó að úrtaksval sé á margan hátt ófullkomið gefa niðurstöður könnunarinnar vísbendingar sem full ástæða er til að taka tillit til og kanna nánar.

1. Tíðni ölvunaraksturs, kynjaskipting og aldur

Sláandi er hversu margir segjast hafa ekið undir áhrifum áfengis en þó aldrei verið stöðvaðir. 12,74 % segjast hafa ekið ölvaðir einu sinni og 14,29% tvisvar eða oftar án þess að vera teknir. Þá er einnig umtalsverður fjöldi sem ekur ölvaður þrátt fyrir að hafa verið teknir fyrir ölvun við akstur.

Mynd 10:

Hlutfallskipting svarenda um hvort og/eða hve oft þeir hafa ekið ölvaðir og/eða verið stöðvaðir vegna ölvunaraksturs.



Skýringar:

54,44% = Hafa aldrei ekið ölvaðir.
12,74% = Hafa ekið ölvaðir einu sinni en aldrei verið teknir.
14,29% = Hafa ekið ölvaðir tvisvar eða oftar en aldrei verið teknir.
1,93% = Hafa verið teknir einu sinni og aldrei ekið ölvaðir í annan tíma.
2,32 % = Hafa verið teknir einu sinni og ekið einu sinni til viðbótar ölvaðir.
8,88% = Hafa verið teknir einu sinni og ekið ölvaðir tvisvar eða oftar til viðbótar.
0,39% = Hafa verið teknir tvisvar og aldrei ekið ölvaðir í annan tíma.
5,02% = Hafa verið teknir tvisvar og ekið tvisvar eða oftar ölvaðir til viðbótar.

Það kemur ekki á óvart að karlar eru í meirihluti þeirra sem aka ölvaðir ef miðað er við upplýsingar um þá sem teknir eru vegna ölvunaraksturs. 20,9% karla segjast hafa ekið einu sinni ölvaðir án þess að vera teknir en 6,6% kvenna. 7,8% karla segjast hafa ekið ölvaðir tvisvar og oftar en engin kona.

Enginn afgerandi munur var á aldurshópum en þess ber að gæta að ekki var spurt um hvenær, þ.e. hve gamall viðkomandi var þegar hann ók ölvaður. Þess vegna gefa upplýsingar Umferðarráðs og lögreglu miklu skýrari mynd af aldursskiptingunni nema starfsaðferðir lögreglu auki líkur á að einn aldurshópur öðrum fremur verði teknir vegna ölvunaraksturs.

2. Ölvunarakstur og áfengisneysla

Afgerandi tengsl eru á milli tíðni áfengisneyslu og þess að hafa ekið undir áhrifum áfengis. 88,8% þeirra sem segjast neyta áfengis nokkrum sinnum í mánuði hafa aldrei ekið undir áhrifum áfengis en 51,6% þeirra sem neyta áfengis oftar en einu sinni í viku. 3,1% áfengisneytenda úr fyrrnefnda hópnum hafa ekið ölvaðir tvisvar sinnum eða oftar en 9,7% úr þeim síðarnefnda.

Tengsl áfengisneyslu og ölvunaraksturs eru enn skýrari þegar litið er á tíðni ölvunar. Spurt var hve oft viðkomandi hefði drukkið það mikið áfengi á s.l. 2 mánuðum að hann hefði fundið fyrir áfengisáhrifum. Niðurstöðurnar eru hér á eftir.

Tafla 16:

Hve oft ekið undir áhrifum	Hve oft fundið áfengisáhrif 1-2 sinnum	3-5 sinnum	Oftar
Aldrei	90,4%	83,3%	57,1%
Einu sinni	7,5%	16,7%	22,9%
Oftar	2,1%	0%	20,0%

Þá virðast þeir sem aka ítrekað undir áhrifum áfengis vera jákvæðari gagnvart áfengisneyslu en þeir sem hafa aldrei ekið ölvaðir.

3. Flestir að koma af veitinga- eða skemmtistað

Flestir sem segjast hafa ekið ölvaðir voru að koma af veitinga- eða skemmtistað, eða 48%. Þá eru um 40% að koma úr heimahúsi en 5% á leið úr vinnu. Þar eru fyrst og fremst karlar á ferð. Annars er kynjamunur hverfandi á því hvaðan fólk er að koma akandi undir áhrifum áfengis.

4. Treysta á að verða ekki teknir

Flestir sem setjast ölvaðir undir stýri virðast treysta því að lenda ekki í klóm lögreglu. 36% gefa þá skýringu á ölvunarakstri sínum en 32% telja sig hafa verið undir löglegum mörkum. 15,5% fannst allt í lagi að aka undir áhrifum, 10,7% ökumanna voru of drukknir til að meta ástand sitt og um 5% gáfu þá skýringu að þeir hefðu ekki komist á annan hátt á milli staða.

Sá mikli fjöldi sem virðist aka undir áhrifum áfengis er umhugsunarverður. Annars vegar hve margir virðast treysta því að komast upp með ölvunaraksturinn og hins vegar hve margir telja sig geta dæmt um það sjálfir hvort þeir eru undir löglegum mörkum eða ekki.

Hvað fyrrgreinda hópinn áhrærir virðist augljóst að auka þarf líkur á því að fólk sé stöðvað vegna ölvunaraksturs frá því sem nú er. Alls ekki er víst að hertar refsingar, nema þegar brot eru alvarleg, komi að miklu gagni. Eins líklegt er að hinn huglægi fyrirvari sem felst í líkum á því að verða tekinn hafi meiri áhrif.

Þar sem vitað er m.a. á hvaða tíma sólarhrings og hvaða daga líklegast er að ökumenn aki ölvaðir og hvar þá er líklegast að finna er hægt að þétta eftirlitsnet lögreglu. En þar sem ölvunarakstur ber fyrst og fremst upp á sama tíma og lögregla hefur hvað mest að gera vegna ölvunar fólks almennt og þarf að binda lið sitt í verkefni vegna hennar verður að gera lögreglu kleift að auka umsvif sín á umræddum tíma.

5. Ölvaður ökumaður er hættulegur í umferðinni

Sú niðurstaða að tæpur helmingur fólks sem tók þátt í könnuninni hafi ekið bíl undir áhrifum áfengis er umhugsunarverð ef tekið er mið af því að fólki er alvara ölvunaraksturs ljós. Þátttakendur voru beðnir um að taka afstöðu til fullyrðingarinnar: Ölvaður ökumaður er hættulegur í umferðinni. 89,3% voru mjög sammála fullyrðingunni og 8,9% sammála eða samtals rúmlega 98%.

Konum virðist vera ljósari hættan sem stafar af ölvunarakstri en körlum og kemur það ekki á óvart þar sem karlar gera meira af því að aka ölvaðir en

konur. 94,4% kvenna eru mjög sammála fullyrðingunni um að ölvaður ökumaður sé hættulegur í umferðinni en 85,2% karla. Lítill munur er eftir aldri þótt yngra fólkið geri heldur minna úr hættunni en þeir sem eldri eru.

99,1% þeirra sem aldrei hafa verið teknir vegna ölvunaraksturs eru mjög sammála eða sammála fullyrðingunni en 92,9% þeirra sem hafa verið teknir tvisvar eða oftar. 76,9% þeirra sem hafa verið teknir tvisvar eða oftar og til viðbótar ekið undir áhrifum tivsvar eða oftar eru mjög sammála fullyrðingunni, 68,6% þeirra sem hafa ekið ölvaðir tvisvar eða oftar en aldrei verið teknir en 97,1% þeirra sem hafa hvorki verið teknir fyrir ölvunarakstur né ekið ölvaðir án þess að vera teknir.

Þeir sem neyta áfengis oft gera minna úr áhættunni en þeir sem neyta þess ekki eða sjaldan. Það sama gildir um tíðni ölvunar. Því oftar sem fólk neytir áfengis þannig að það finni til áfengisáhrifa þeim mun minna gerir það úr áhættunni.

Tæplega helmingur aðspurðra í könnun Nefndar um átak í áfengisvörnum telur að herða eigi reglur um leyfilegt vínandamagn í blóði ökumannak. Í könnun BFÖ telja 52,4% að ekki eigi að leyfa neitt áfengi í umferðinni.

Þetta er umtalsverður fjöldi ef tekið er tillit til þess að engin umræða hefur verið hér á landi um raunverulega áhættu af ölvunarakstri, heldur aðeins almenn umræða þar sem lítið er fjallað um í hverju áhættan felst.

6. Viðurlög

Spurt var um hvaða viðurlög fólk teldi hæfileg við ölvunarakstri. Þó að nokkrir teldu það skipta máli hve ölvaður viðkomandi ökumaður væri og hvort um ítrekað brot væri að ræða voru línur nokkuð skýrar eins og fram kemur í eftirfarandi töflu:

Tafla 17:

Svipta ætti viðkomandi ökuréttindum í eitt ár	46,5%
Svipta ætti viðkomandi ökuréttindum ævilangt	26,5%
Svipta ætti viðkomandi ökuréttindum í þrjá mánuði	15,3%
Aðeins ætti að sekta viðkomandi ökumann	10,0%
Aðeins ætti að áminna viðkomandi ökumann	1,6%

Almennara fylgi er við ævilanga sviptingu meðal þeirra sem aldrei hafa ekið ölvaðir og aldrei verið teknir vegna ölvunaraksturs. 38,2% þeirra eru því fylgjandi en aðeins 14,7% þeirra sem hafa ekið ölvaðir einu sinni og ekki verið teknir og 9,2% þeirra sem hafa ekið ölvaðir tvisvar eða oftar án þess að vera teknir.

Ýmislegt fleira áhugavert kom fram í könnuninni en niðurstöður hennar verða ekki raktar frekar hér.


VII. Þjóðfélagsleg áhrif ölvunaraksturs

Erfitt er að meta til hlítar heildaráhrif og tjón af völdum ölvunaraksturs. Til þess þarf ýmsar nánari upplýsingar sem ekki er haldið til haga ennþá. Nokkrar staðreyndir eru þó ljósar og á grundvelli þeirra má ljóst vera að ölvunarakstur er meiriháttar annmarki á umferðarmálum Íslendinga.

1. Slasaðir og látnir í umferðinni

Þrátt fyrir að fjöldi þeirra sem slasast í umferðinni hér á landi sé breytilegur á milli ára hefur fjöldi látinna verið svipaður síðustu tíu ár eða 24-29 einstaklingar á ári með þeirri undantekningu að árið 1983 létust 18 Íslendingar af völdum umferðarslysa. Það ár var norrænt umferðaröryggisár og koma þar greinilega í ljós áhrif aukinnar áherslu á umferðarmál. Á myndinni hér á eftir er sýndur fjöldi slasaðra og látinna í umferðinni árin 1980-1989.

Mynd 11:




Árin 1980-1989 slösuðust alls 7.831 Íslendingur í umferðarslysum, 4.471 töldust lítið slasaðir og 3.360 mikið slasaðir. 247 manns létust.

Ef áætlað er að 25% dauðaslysa í umferðinni megi rekja til ölvunaraksturs og 18% annarra slysa með meiðslum á fólki má skrifa rúmlega 60 mannslíf á ölvunarakstur á þessu 10 ára tímabili og um 800 önnur slys á fólki.

Mun fleiri karlar látast í umferðarslysum en konur. Á árunum 1980-1988 létust 157 karlar og 63 konur, alls 220, í umferðarslysum. Á mynd 12 er sýnd aldurs- og kynjaskipting þeirra sem létust á þessum tíma. Um það bil helmingur látinna er 24 ára og yngri en hlutfall þessa aldurshóps af þjóðinni er rúmlega 40%.

Mynd 12:



Umferðarslys eru mikil blóðtaka fyrir samfélagið þar sem fjölda fólks er svipt burt á unga aldri og enn fleiri skyldir eftir illa á sig komnir, oft dæmdir úr leik á einn eða annan hátt.

2. Eignatjón

Alls urðu 71.590 umferðarslys á árunum 1980-1988. Erfitt er að meta hve stór hlutur ölvunaraksturs er í eignatjóni í umferðarslysum þar sem líklegt er að í mörgum minni slysum a.m.k. sé ekki kannað hvort ökumaður sé undir áhrifum áfengis eða ekki.

VIII. Áróður og upplýsingastarf

Töluvert er unnið í þeim tilgangi að draga úr ölvunarakstri. Er það gert m.a. með upplýsingastarfi og beinum áróðri.

1. Umferðarráð

Dómsmálaráðherra skipar Umferðarráð til þriggja ára í senn. Tvo fulltrúa án tilnefningar og er annar þeirra formaður ráðsins en hinn varaformaður en hina 18 samkvæmt tilnefningu ýmissa stofnana og félagasamtaka, m.a. frá Bindindisfélagi ökumanna.

Innan Umferðarráðs starfar fimm manna framkvæmdanefnd, skipuð formanni ráðsins og varaformanni, svo og þremur ráðsmönnum sem valdir eru til eins árs í senn.

Hlutverk Umferðarráðs er í aðalatriðum að beita sér fyrir bættum umferðarháttum, m.a. með umferðarfræðslu, miðlun upplýsinga, skráningu upplýsinga og samvinnu sem flestra á sviði umferðarmála.

Til að sinna verkefnum sínum rekur Umferðarráð skrifstofu og starfa þar nú þrír starfsmenn í fullu starfi og þrír hálfan daginn. Auk þess hefur námstjóri umferðarfræðslu í skólum aðsetur á skrifstofu Umferðarráðs.

Áróður Umferðarráðs gegn ölvunarakstri er verulegur. Þekkt einkunnarorð eru birt reglulega í föstum dálkum dagblaða auk ýmissa rita sem ráðið gefur út til að minna á hættur ölvunaraksturs. Minna má sérstaklega á átak ráðsins í samvinnu við Nefnd um átak í áfengisvörnum til að sporna gegn ölvunarakstri fyrstu mánuði ársins 1989 en veruleg hætta var talin á að í kjölfar gildistöku laganna sem heimiluðu sölu og dreifingu bjórs ykist ölvunarakstur. Þar var farið inn á nýstárlegar brautir í áróðri auk hinna hefðbundnu. M.a. samið lag þar sem minnt var á að bjór væri líka áfengi og því betra að fara varlega, gert var myndband við það lag og nótur af því sendar vínveitingahúsum og forsvarsmenn þeirra beðnir að koma laginu á lagalista hljómsveita húsanna. Lagið var einnig flutt oft á útvarpsstöðvum. Boðskapnum var fylgt eftir með útgáfu veggspjalda og áminninga bæði í útvarpi og sjónvarpi.

2. Ökukennsla

Í kennslubók sem ætluð er þeim sem eru að búa sig undir að fá réttindi til að aka bifreið er greinargóður kafli um áfengi og akstur. Þar er m.a. tekið fram að lítið magn áfengis skerði hæfni til að stjórna ökutæki og ökunemum bent á að gæta þess að snerta ekki bifreið morguninn eftir áfengisneyslu.

3. Bindindisfélag ökumanna

Bindindisfélag ökumanna hefur með ýmsum hætti vakið athygli á þeirri hættu sem ölvunarakstur veldur og rekið áróður gegn honum. Má þar nefna útgáfu á bæklingum sem dreift hefur verið til ökumanna.

Sú starfsemi BFÖ sem vafalaust vekur mesta athygli hjá almenningi er Ökuleiknin, sem haldin hefur verið undanfarin sumur um land allt. Ökuleiknin er keppni þar sem ökumenn leiða saman hesta sína og reynir þá á kunnáttu í umferðarlögum og reglum auk þess sem leikni manna í stjórn ökutækja er prófuð í fjölmörgum þrautum sem fyrir þá eru lagðar.

Ökuleiknin hefur átt sívaxandi vinsældum að fagna og hefur verið gott samstarf við Rás 2 og DV um keppnina þar sem vakin hefur verið athygli á henni og fjallað um umferðarmál í tengslum við hana.

Í BFÖ-blaðinu sem kemur út fjórum sinnum á ári og dreift er til félagsmanna auk fjölda annarra er fjallað um umferðarmál og ekki síst ölvunarakstur.

4. Tryggingafélög

Mörg tryggingafélög reka í auglýsingum sínum í fjölmiðlum áróður gegn ölvunarakstri og benda á þá hættu sem í því felst.

5. Ýmsir hópar og samtök

Ýmsir áhugahópar hafa gengist fyrir áróðri gegn ölvunarakstri. Má þar m.a. nefna bindindissamtök og listamenn. Þá fjalla fjölmiðlar um ölvunarakstur, þó ekki á skipulagðan hátt.

IX. Ný viðmiðun - 0,0 prómill vegna umferðaröryggis

Umferðin tekur verulegan toll hér á landi eins og annars staðar þar sem bifreiðaeign er almenn. Á hverju ári látast á milli 20 og 30 manns í umferðinni, flestir ungir að árum. Við þessa tölu bætist fjöldi þeirra sem slasast í umferðinni. Þar af hljóta margir varanlega örorku eða bíða óbætanlegt tjón á heilsu sinni.

Umferðaröryggi er því aðkallandi úrlausnarefni þar sem ávallt verður að leitast við að draga sem mest úr þeim skaða sem verður í umferðinni. Einn af skaðvöldunum er ölvunarakstur.

Víða erlendis er aukinn gaumur gefinn að ölvunarakstri. Fyrir nokkrum árum urðu til í Bandaríkjunum samtök mæðra sem höfðu misst börn sín í ölvunartengdum umferðarslysum (Mothers against Drunk Driving). Beindu þær spjótum sínum að ölvunarakstri með þeim árangri m.a. að lögaldur til áfengiskaupa var víða hækkaður og dró þá jafnframt úr áfengistengdum slysum og dauðsföllum unga fólks í umferðinni.

Víða er viðurkennt í verki að þau mörk sem miðað er við hér á landi og víðar, 0,5 prómill, séu of há til að öryggiskröfum sé fullnægt. Því er t.d. þannig farið í Austur-Þýskalandi, Tékkóslóvakíu, Ungverjalandi, Rúmeníu og Búlgaríu þar sem mörkin eru 0,0 prómill. Í mörgum fylkjum Bandaríkjanna eru mörkin lægri en 0,5 og sömu sögu er að segja frá Ástralíu. Í árslok 1989 samþykkti sænska þingið að lækka leyfilegt vínandamagn í blóði ökumanna úr 0,5 prómillum í 0,2 prómill. Þá er farið að ræða möguleika á að færa mörkin í 0,0 prómill í Bretlandi og Vestur-Þýskalandi.

Það sem rakið er fyrr í þessu riti bendir til að full ástæða sé til að breyta þeirri viðmiðun um leyfilegt vínandamagn í blóði ökumanna sem í gildi er, þ.e. að stjórnandi ökutækis megi hafa allt að 0,6 prómill vínanda í blóðinu (skekkjumörk meðtalin), og miða mörkin við 0,0 prómill. M.ö.o. að eftir áfengisneyslu sé akstur ökutækis óheimill.

Í umræðum um lækkun leyfilegs vínandamagns í blóði ökumanna í Svíþjóð kom fram það viðhorf að nær væri að vinna að því að fá fleiri ökumenn til að virða þágildandi mörk, 0,5 prómill, en að breyta mörkunum. Undir þetta má taka að því leyti að allt eins er hægt að miða áfram við 0,5 prómilla mörkin og að færa þau niður um eitt eða tvö prómill. Með því að leyfa eitthvert magn vínanda í blóði ökumanna er haldið opnum vangaveltum fólks um hve mikið áfengi því sé óhætt að neyta án þess að fara yfir hin leyfilegu mörk og fólk mun því eftir sem áður taka áhættu í trausti þess að það sé undir mörkum í stað þess að miða við hina raunverulegu hættu sem felst í skertri hæfni til að aka bíl. Í könnun BFÖ kemur í ljós að stór hópur fólks sest undir stýri vitandi af því að það er ölvað en telur sig geta áætlað að það hafi minna vínandamagn í blóði en leyfileg mörk segja til um. Öruggt sjálfsmat á ölvun er nær útilokað eins og áður hefur verið rætt og því allt eins árangursríkt í baráttunni við ölvunarakstur að hafa óbreytt mörk ef ekki er til staðar sá pólitíski dugur sem þarf til að færa mörkin í 0,0 prómill, sem þó flestir, sem hafa kynnt sér ölvunarakstur eru sammála um að sé hið eina rétta.

Hér á eftir fer samantekt og upprifjun á helstu rökum fyrir því að leyfileg mörk vínanda í blóði ökumanna verði færð úr 0,5 prómillum í 0,0 prómill.

1. Bílaeign og notkun einkabíla

Bifreiðaeign og akstur bifreiða er almennur á Íslandi og fer vaxandi. Farþegum með strætisvögnum Reykjavíkur fækkar t.d. stöðugt þrátt fyrir íbúafjölgun. Flestir virðast því kjósa að nota eigin bíl til að komast á milli staða. Utan höfuðborgarsvæðisins á fólk ekki kost á almenningsvögnum og bifreiðaeign því almenn af þeim sökum.

Flestir unglingar taka ökupróf strax 17 ára og verða þegar virkir í umferðinni. Námsfólk ekur t.d. almennt einkabíl til að frá skóla.

Umferð felur í sér margar hættur eins og tölur um slys og dauðsföll sýna. Mikill hluti Íslendinga er því daglega í mikilli hættu annað hvort sem stjórnendur ökutækja eða gangandi vegfarendur. Umferðaröryggi og hvaðeina sem verða má til að fækka slysum og dauðsföllum hlýtur því að skipta þjóðina miklu og vera sameiginlegt hagsmunamál allra.

2. Almenn neysla áfengis

Áfengisneysla er almenn á Íslandi og jókst verulega með tilkomu bjórsins 1. mars 1989, eða tæplega fjórðung. Þá hefur byrjunaraldur við áfengisneyslu lækkað mikið undanfarin ár og má ætla að tæplega 90% 17 ára unglinga séu farnir að neyta áfengis.

Almenn neysla áfengis eykur líkur á ölvunarakstri enda eru flestir þeirra sem teknir eru ölvaðir undir stýri á ferðinni um helgar á þeim tíma sem áfengisneysla er almennust. Þar eru ungir ökumenn í meirihluta sem kemur ekki á óvart þegar tekið er tillit til þess að áfengisneysla er almennari og tíðari í yngri aldurshópum ökumanna en þeim eldri.

Aukin neysla áfengis 1989 felst líklega einkum í tíðari neyslu sem eykur líkur á ölvunarakstri. Aukin áfengisneysla á krám og veitingahúsum eykur þá hættu sömuleiðis.

3. Áhætta í umferðinni

Rannsóknir sýna að færni ökumanns með 0,6 prómill vínanda í blóði er svo mikið skert að hann telst ekki geta stjórnað ökutæki sínu örugglega. Hin skerta færni kemur niður á öllum sviðum sem umferðaröryggi krefst að séu óskert, s.s. dómgreind, skynjun og viðbragðsflýti. Rannsóknir benda til að þegar við 0,2 prómill sé færni ökumanns skert, t.d. starfi augu ekki sem skyldi.

Hver sekúnda getur skipt sköpum í umferðinni. Ökumaður undir áhrifum áfengis þarf lengri tíma til að átta sig á yfirvofandi hættu og bregðast við en þegar hann er allsgáður. Þá býður ölvun heim hættu á röngu mati á aðstæðum og röngum viðbrögðum.

4. Unga fólkið í meiri hættu

Ungum ökumönnum virðist hættara í umferðinni en eldri og reyndari ökumönnum þótt þeir hafi sama magn vínanda í blóðinu. Niðurstöður rannsókna sýna að þegar við 0,2 prómill mörkin er ungum bílstjórum mun hættara við slysum en þeim sem eru allsgáðir.

Þegar á það er litið að áfengisneysla er almennari og tíðari meðal ungs fólks en þess eldra og að það er meira á ferðinni er hættan á ölvunarakstri meiri meðal ungs fólks en annarra aldurshópa. Þetta sýna m.a. upplýsingar um aldur þeirra sem teknir eru fyrir ölvunarakstur.

5. Umferðarlög

Boðskapur umferðarlaganna er ótvíræður hvað varðar ölvun við akstur þótt framkvæmdin sé ekki í samræmi við hann. Þar segir að þótt vínandamagn í blóði ökumanns sé minna en sem nemur 0,5 prómillum teljist hann ekki geta stjórnað ökutæki örugglega (grein 45).

Umferðarlög eru fyrst og fremst umferðaröryggislög og því skýtur nokkuð skökku við að þrátt fyrir þessa viðurkenningu laganna á þeirri hættu sem felst í ölvun við akstur skuli ökumönnum vera heimilt að neyta áfengis í einhverjum mæli án þess að það teljist ámælisvert á nokkurn hátt. Fyllsta öryggi í umferðarmálum er þar ekki haft að leiðarljósi.

6. Skýr boðskapur

Í könnun BFÖ kom fram að 32% þeirra sem setjast ölvaðir undir stýri telja sig hafa verið undir löglegum mörkum. Vel má vera að svo hafi verið en hér kemur berlega í ljós sú hætta sem felst í því að leyfa eitthvert vínandamagn í blóði ökumanna, þ.e. að ökumenn meti sjálfir ástand sitt og ölvun.

Það er á fárra færi þar sem svo margt hefur áhrif á ölvun, s.s. kyn, aldur, næringar- og líkamsástand, líkamsþungi, drykkjuhraði, styrkleiki (vínandamagn) þeirra drykkja sem neytt er og reynsla af áfengisneyslu.

Með því að leyfa eitthvert vínandamagn í blóði ökumanna verður sú áhætta sem felst í ölvunarakstri ekki jafn ljós og ella. Með því aukast líkur á því að ökumaður fari að taka áhættu og miði þá ekki fyrst og fremst við það hvort hann er hættulegur í umferðinni heldur hvort hann hafi farið yfir mörkin og eigi yfir höfði sér ökuleyfissviptingu náist til hans.

Vert er að minna á að áfengi er vímuefni sem skerðir dómgreind manna. Það eykur hættuna á að ökumaður meti ranglega það magn áfengis sem hann hefur innbyrt og sömuleiðis hæfni sína til að aka.

Tryggari er boðskapurinn sem felst í: Eftir einn ei aki neinn. Þar eru línur skýrt dregnar og engar líkur á þeirri hættu sem sjálfdæmi ölvaðs ökumanns felur í sér.

7. Afstaða almennings

Almenningur virðist gera sér vel grein fyrir að ölvunarakstur er alvarlegur. Þrátt fyrir að umræða og umfjöllun um ölvunarakstur sé klisjukennd og fyrst og fremst á tilfinningalegum nótum er um helmingur fólks fylgjandi því að ekkert áfengi sé leyft í umferðinni.

Engu að síður aka margir ölvaðir. Sumir vitandi um þá hættu sem þeir valda en flestir í þeirri trú að ölvun þeirra sé undir leyfilegum mörkum og því ekki athugaverð. Núgildandi lög ýta undir þetta viðhorf og slæva vitund fólks um þá hættu sem felst í ölvunarakstri.

8. Raunhæf leið

Í samfélagi nútímans þar sem bífreiðaeign er almenn og akstur mikill fer ekki hjá því að mistök og óhöpp verði í umferðinni. Þau má rekja til margra þátta s.s. ástands ökutækja, umferðarmannvirkja og akstursskilyrða. Hve miklu þessir þættir valda í þeim slysum og dauðsföllum sem verða í umferðinni fer þó alltaf eftir þeim sem um stýrið heldur. Það er bílstjórinn sem tekur ákvarðanir og framkvæmir. Ábyrgðin er hans.

Þar af leiðir að miklu skiptir að ökumenn þekki vel ábyrgð sína og í hverju hún felst. Engum ætlar sér að valda slysi, hvorki sjálfum sér né öðrum. Slys gera ekki boð á undan sér en þeim er engu að síður hægt að bjóða heim. Það gerist aki fólk undir áhrifum áfengis. Öll vitneskja sýnir að lítið magn áfengis þarf til að hætta á slysi aukist og færni ökumanns er skert mun fyrr en hann finnur fyrir því sjálfur.

Þess vegna er sjálfsagt vegna umferðaröryggis að miða við þá meginreglu að eftir að hafa neytt áfengis skuli enginn aka bíl. Það er allt að vinna þegar mannslíf og heilsa eru í veði.

Ölvunarakstur veldur mörgum dauðsföllum og þjáningum, fjárhagsleg tjóni og sóun á dýrmætum kröftum félags- og heilbrigðisstofnana og á drjúgan þátt í hækkun tryggingariðgjalda.

Öll rök hníga að því að reyna beri allt sem hægt er til að stemma stigu við ölvunarakstri. Með því að miða við þá meginreglu að enginn skuli stjórna ökutæki eftir að hafa neytt áfengis og styðja hana með lögum er fullt samræmi á milli þekkingar manna á áhrifum áfengis á ökuhæfni og umferðaröryggi og stefnu löggjafans (samfélagsins) gagnvart ökumönnum. Það er því raunhæft og sjálfsagt fyrirkomulag með tilliti til öryggis í umferðinni að miða leyfilegt vínandamagn í blóði ökumanna við 0,0 prómill (að viðbættum skekkjumörkum). Það er allt að vinna.

Ed. 81. Frumvarp til laga [79. mál]

um æskulýðsmál.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að setja reglur um opinberan stuðning við æskulýðsstarfsemi og stuðla að samvinnu þeirra aðila er að þeim málum vinna. Aðilar, sem notið geta stuðnings samkvæmt lögum þessum, eru:

1. Félög og samtök er vinna að æskulýðsmálum á áhugamannagrundvelli, enda byggist félagsstarfsemin fyrst og fremst á sjálfboðastarfi og eigin fjárframlögum félagsmanna.
2. Aðrir þeir aðilar er sinna einkum málum ófélagsbundinnar æsku í skipulögðu starfi.

Lögin taka til æskulýðs- og tómstundastarfsemi. Lögin miðast einkum við æskulýðsstarfsemi fyrir börn og ungmenni og einnig félagsstarf með ungu fólki. Menntamálaráðuneytið setur reglur er kveða nánar á um hvað teljist æskulýðssamtök í skilningi laganna.

II. KAFLI
Stjórn æskulýðsmála.

2. gr.

Heildarsamtök æskulýðsfélaga fara með stjórn æskulýðsmála í umboði og samráði við menntamálaráðuneytið samkvæmt lögum þessum. Heildarsamtök æskulýðsfélaga kjósa stjórn sem fer með daglega stjórn æskulýðsmála og starfrækir miðstöð æskulýðsfélaga.

3. gr.

Menntamálaráðherra getur falið stjórn heildarsamtaka æskulýðsfélaga:

1. Að skipuleggja og samræma opinberan stuðning við æskulýðsstarf í landinu og leitast við að efla starfsemi félaga og samtaka sem að æskulýðsmálum vinna.
2. Að gera tillögur til menntamálaráðuneytis um fjárveitingar til æskulýðsmála.
3. Að gangast fyrir námskeiðum, fundum og ráðstefnum um æskulýðsmál og skyld málefni.
4. Að sjá til þess að gefin séu út leiðbeinendarit á sviði félagsmála og að endurskoðun þessara rita fari að minnsta kosti fram á fimm ára fresti.
5. Að boða eigi sjaldnar til fundar en einu sinni á ári með fulltrúum æskulýðssamtaka þar sem fjallað er um æskulýðsmál og gerð grein fyrir störfum stjórnar og heildarsamtaka.
6. Að safna gögnum um æskulýðsmál hér á landi og erlendis. Fylgjast með þróun þeirra mála, gera samanburð og láta í té upplýsingar til stjórnvalda um æskulýðsmál.
7. Að stuðla að því að fram fari fræðilegar rannsóknir á sviði æskulýðsmála og að koma á framfæri nýjungum í æskulýðsstarfi.
8. Að sjá um tengsl við þá aðila er sinna íþrótta- og æskulýðsmálum í menntamálaráðuneyti.

9. Að stuðla að samstarfi um ráðstafanir er miða að lausn sérstakra vandamála er skapast kunna og snerta börn og ungmenni.
10. Að sjá um daglegan rekstur miðstöðvar æskulýðsfélaga.
11. Að sinna öðrum þeim verkefnum en talin eru upp í lögum þessum og menntamálaráðuneytið kann að fela heildarsamtökum.

III. KAFLI
Fjármögnun.

4. gr.

Kostnaður við störf stjórnar heildarsamtaka æskulýðsfélaga, rekstur miðstöðvar æskulýðsfélaga og þar með talinn launakostnaður starfsmanns heildarsamtakanna skal greiddur með framlagi úr ríkissjóði.

Ákvæði um framkvæmd þessarar greinar skulu sett í reglugerð.

IV. KAFLI
Æskulýðssjóður.

5. gr.

Stofna skal æskulýðssjóð. Ríkissjóður leggur sjóðnum til árlega 10 millj. kr. á verðlagi í janúar 1990.

Verkefni sjóðsins skal vera að veita fjármagni til einstakra verkefna í æskulýðsstarfi. Þá skal einnig heimilt að styrkja námskeið og annað fræðslustarf einstakra æskulýðssamtaka. Skipa skal fjögurra manna sjóðstjórn. Formaður sjóðsins skal tilnefndur af menntamálaráðherra, stjórn heildarsamtaka æskulýðsfélaga skipar tvo menn og einn er tilnefndur af fjármálaráðherra. Skulu fulltrúar ráðherranna vera tilnefndir til jafnlangs tíma og ráðherrarnir sitja. Fulltrúar stjórnar heildarsamtaka æskulýðsfélaga sitja kjörtímabil stjórnar heildarsamtaka æskulýðsfélaga.

V. KAFLI
Reglugerð og gildistaka.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd þessara laga.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 24/1970, um æskulýðsmál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram sem stjórnarfrumvarp á 112. löggjafarþingi en varð eigi útrætt. Frumvarpinu fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Þetta frumvarp er byggt á tillögum nefndar sem menntamálaráðherra skipaði 16. des. 1988. Nefndin skilaði tillögum sínum til menntamálaráðherra 21. desember sl. Nefnd þessi á einnig að skila tillögum um stefnumótun í íþróttamálum til aldamóta og er tillagna þeirra að vænta í vetur. Nefndin sem samdi frumvarpsdrögin var þannig skipuð: Árni Guðmundsson, æskulýðsfulltrúi Hafnarfirði, Hermann Sigtryggsson æskulýðsfulltrúi, Akureyri, Lovísa Einarsdóttir íþróttakennari, Hólmfríður Garðarsdóttir framkvæmda-

stjóri, Unnur Stefánsdóttir verkefnastjóri, Jóhanna Leópoldsdóttir skrifstofustjóri, Elís Þór Sigurðsson, íþrótta- og æskulýðsfulltrúi, Akranesi, Alfreð Gíslason sagnfræðingur og Janus Guðlaugsson námsstjóri.

Í starfi sínu hafði nefndin hliðsjón af nefndarstörfum um sama málefni sem lauk á árinu 1986. Í heild er hér um að ræða endurskoðun á æskulýðslögunum frá 1970 og er um ýmsar breytingar að ræða.

Í tillögum sínum gerði nefndin ráð fyrir því að sérstakur æskulýðsfulltrúi ríkisins starfaði áfram. Menntamálaráðherra féllst ekki á þá tillögu og gerir hér í frumvarpinu tillögu um að starf æskulýðsfulltrúa verði lagt niður. Þá gerði nefndin ráð fyrir mörkuðum tekjustofni í æskulýðssjóð. Þeirri tillögu er hafnað, en í staðinn gert ráð fyrir föstu framlagi í sjóðinn úr ríkissjóði og nemi framlagið 10 millj. kr. á verðlagi janúarmánaðar 1990.

Grundvallarbreytingin samkvæmt frumvarpinu er sú að æskulýðsfélögunum er ætlað úrslitaforræði málaflokksins ásamt menntamálaráðherra. Þannig er forræðið fært frá ríkinu til félagasamtakanna. Er það í samræmi við stefnu menntamálaráðuneytisins og ríkisstjórnarinnar á öðrum sviðum.

Gert er ráð fyrir að skipting verkefna sé afmörkuð þannig að starfsemi ráðuneytis sé að mestu leyti á vettvangi samstarfs ríkisstjórna og í samskiptum við sveitarfélög eftir því sem við á. Hafa ber í huga að verkaskiptingarlögin munu hafa veruleg áhrif hvað varðar félags- og æskulýðsstarf í sveitarfélögum.

Á undanförnum árum hafa starfað tveir meginaðilar, þ.e. Æskulýðssamband Íslands og Æskulýðsráð ríkisins, í þessum málaflokki. Fjárveitingar til þessara aðila hafa alla tíð verið af skornum skammti. Má í því sambandi nefna að árið 1989 var t.d. 1.280.000 kr. varið til Æskulýðsráðs ríkisins (ÆRR) og 500.000 kr. varið til Æskulýðssambands Íslands (ÆSÍ). Ljóst er að umrætt fjármagn nægir engan veginn til að standa undir blómlegu æskulýðsstarfi.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að stofna ein heildarsamtök æskulýðsfélaga. Í framhaldi af því er hugmyndin sú að skapa heildarsamtökunum sameiginlega aðstöðu, miðstöð æskulýðsfélaga. Miðstöð þessi mun gegna svipuðu hlutverki og Íþróttamiðstöðin í Laugardal gegnir fyrir íþróttahreyfinguna. Hafa ber þó í huga að um mun minni einingu er að ræða. Með þessu fyrirkomulagi fá félögin því sameiginlegan starfsvettvang og verða vonandi betur búin til að mæta auknum verkefnum og kröfum sem til þeirra verða gerðar í framtíðinni.

Varðandi gildandi lög um æskulýðsmál frá 1970 þá er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir að greinar eins og 5. gr. laganna um heimild til að stofna æskulýðsnefndir eins eða fleiri sveitarfélaga falli niður. Grein þessi hefur í raun aldrei verið í gildi. 8. gr. um sumarbúðir og útivistarsvæði er þegar komin í önnur lög og er þar af leiðandi óþörf. 10 gr. er um stuðning bæjar- og sveitarfélaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gera þarf ráð fyrir að menntamálaráðuneytið setji reglur er kveði á um hvað teljist æskulýðssamtök í skilningi þessa frumvarps og jafnframt komi þar fram aldursákvæði. Benda má á að skilgreining hjá evrópska æskulýðssjóðnum hvað varðar aldursákvæði æskulýðsfélaga er að þau samtök, sem vilja kalla sig æskulýðssamtök og fá úthlutað úr sjóðnum, hafi eigi fleiri en $^1/_4$ hluta félagsmanna sinna yfir 30 ára aldri.

Um 2. gr.

Í þessari grein er gerð tillaga um þá grundvallarbreytingu að menntamálaráðuneytið felur heildarsamtökum æskulýðsfélaga að annast þennan málaflokk í samráði við ráðuneytið.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um helstu verkefni heildarsamtaka æskulýðsfélaga. Í þessari grein er starfsemi samtakanna skilgreind í 12 liðum. Hér er um mun nánari skilgreiningu að ræða en í gildandi lögum.

Um 4. gr.

Í þessari grein er fjallað um fjármögnun. Gert er ráð fyrir eins og fram kemur í umfjöllun um 4. gr. að ríkissjóður standi fyrir framlagi er nemi launakostnaði starfsmanns heildarsamtaka æskulýðsfélaga, framlagi vegna húsnæðis og rekstrarframlagi vegna skrifstofu.

Um 5. gr.

Í þessari grein eru sameinuð ýmis ákvæði gömlu laganna og sett í eina grein. Gert er ráð fyrir að stofna sérstakan æskulýðssjóð sem mundi njóta árlegra framlaga af fjárlögum er nemi allt að 10 millj. kr. á ári (á verðlagi janúarmánaðar 1990).

Gert er ráð fyrir að í sjóðstjórn verði fjórir einstaklingar. Formaður er tilnefndur af menntamálaráðherra, heildarsamtök æskulýðsfélaga skipa tvo menn og einn er tilnefndur af fjármálaráðherra.

Um 6. og 7. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Umsögn um frumvarp til laga um æskulýðsmál frá fjármálaráðuneyti, Fjárlaga- og hagsýslustofnun, send menntamálaráðherra.

(20. mars 1990.)

Frumvarp þetta miðar að því að stofnuð verði ein heildarsamtök æskulýðsfélaga sem fari með stjórn æskulýðsmála í umboði og samráði við menntamálaráðuneytið. Heildarsamtökin kjósa stjórn sem fer með daglega stjórn æskulýðsmála og starfrækir miðstöð æskulýðsfélaga.

Einnig er í frumvarpinu gert ráð fyrir að stofnaður verði æskulýðssjóður. Verkefni sjóðsins skal vera að veita fjármagni til einstakra verkefna í æskulýðsstarfi. Auk þess er sjóðnum heimilt að styrkja námskeið og annað fræðslustarf einstakra æskulýðssamtaka.

Frumvarp þetta felur væntanlega í sér nokkra hækkun á framlagi úr ríkissjóði til æskulýðsmála frá því sem gildandi lög nr. 24/1970, um æskulýðsmál, kveða á um. Í fjárlög-

um 1990 er fjárveiting til Æskulýðsráðs ríkisins 1,5 m.kr., Æskulýðssambands Íslands 0,7 m.kr. og gera má ráð fyrir að launakostnaður æskulýðsfulltrúa ríkisins verði á árinu 1990 um 1,5 m.kr. Verði frumvarp þetta að lögum er ekki gert ráð fyrir fjárveitingum vegna ofangreindra liða.

Að mati ráðuneytisins verður framlag ríkissjóðs samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps allt að 15 m.kr. á ári. Beinn kostnaðarauki ríkissjóðs gæti því numið um 11 m.kr. á ári (janúarverðlag 1990).

Eftirfarandi er mat ráðuneytisins á þeim ákvæðum frumvarpsins sem áhrif hafa á fjárveitingar úr ríkissjóði:

1. Heildarsamtök æskulýðsfélaga (sbr. 4. gr.):

Frumvarpið kveður á um að kostnaður við störf stjórnar heildarsamtaka æskulýðsfélaga, rekstur miðstöðvar æskulýðsfélaga, þar með talinn launakostnaður starfsmanns heildarsamtakanna, skuli greiddur með framlagi úr ríkissjóði.

Reiknað er með að í miðstöð æskulýðsfélaga verði aðstaða til fundarhalda og aðstaða fyrir starfsmann samtakanna. Gera má ráð fyrir að kostnaður við leigu og rekstur um 100m^2 húsnæðis verði um 1,0 m.kr. á ári, launakostnaður starfsmanna um 1,5 m.kr. og önnur rekstrargjöld 2–2,5 m.kr. Ætla má að ákvæði þessarar greinar hafi í för með sér árlegt framlag úr ríkissjóði að fjárhæð 4,5–5 m.kr.

2. Æskulýðssjóður (sbr. 5. gr.):

Ákvæði eru þess efnis að árlega skuli ríkissjóður veita æskulýðssjóði fast framlag að upphæð 10 m.kr. á verðlagi í janúar 1990.

Ed. 82. Frumvarp til laga [80. mál]

um endurgreiðslu á gjaldi af erlendum lánum vegna skipasmíða hér á landi.

Flm.: Halldór Blöndal.

1. gr.

Gjald af erlendum lánum, sem tekin voru til skipasmíða hér á landi samkvæmt lögum nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sbr. lög nr. 101/1988 og lög nr. 51/1989, skulu endurgreiðast úr ríkissjóði þegar í stað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en var fellt. Nauðsyn þess að fá það samþykkt er eigi að síður jafnbrýn.

Frá 10. mars 1988 til 1. júní 1989 var greitt sérstakt gjald af erlendum lántökum, þar á meðal lánum til skipasmíða hér á landi. Þó lá fyrir að skipasmíðar erlendis nutu opinbers stuðnings með beinum og óbeinum hætti.

Í Slippstöðinni á Akureyri hefur 250 tonna fiskiskip verið í smíðum. Með hliðsjón af framansögðu er óeðlilegt og óviðunandi að sérstakt gjald sé greitt í ríkissjóð af lánum til þeirrar smíði. Verð skipsins er sambærilegt við verð sumra þeirra skipa sem keypt hafa verið ný til landsins.

Sþ. 83. Tillaga til þingsályktunar [81. mál]

um aukna þjónustu Ríkisútvarpsins á Vesturlandi.

Flm.: Skúli Alexandersson, Alexander Stefánsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Valdimar Indriðason, Eiður Guðnason, Ingi Björn Albertsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún hlutist til um að Ríkisútvarpið ráði til starfa fréttamann til öflunar frétta fyrir fréttastofu Ríkisútvarpsins og úrvinnslu á fréttatengdu efni frá Vesturlandi fyrir báðar rásir hljóðvarps. Fréttamaðurinn starfi með fréttariturum útvarps og sjónvarps á Vesturlandi þegar því verður við komið. Kannað verði hvort koma megi á fót hljóðstofum á Akranesi eða í Borgarnesi og á Snæfellsnesi og taka á leigu eða kaupa húsnæði til starfseminnar og þá í því augnamiði að síðar verði starfrækt reglulegt svæðisútvarp á Vesturlandi á vegum Ríkisútvarpsins.

Greinargerð.

Svæðisútvarp á vegum Ríkisútvarpsins er nú starfrækt á Vestfjörðum, Austfjörðum og Akureyri. Útvarp frá þessum stöðum fyllir út í aðaldagskrá Ríkisútvarpsins bæði með almennu útvarpsefni og fréttum eða fréttatengdum þáttum. Á því er enginn vafi að efnið frá svæðisútvarpsstöðvunum bætir mjög dagskrá útvarpsins, jafnframt því sem efni dagskrárinnar höfðar betur til fleiri hlustenda vítt um land með landshlutatengdu efni frá fréttariturum á svæðisstöðvunum.

Það fer ekki hjá því að viðskiptavinum Ríkisútvarpsins, háttvirtum hlustendum í þeim landshlutum sem ekki hafa enn notið þessarar þjónustu né aðstöðu til að bæta dagskrána, finnist þeir nokkuð afskiptir.

Á þessu þyrfti að verða breyting. Ekki er þar með sagt að sú breyting þyrfti að vera í því fólgin að koma upp fleiri svæðisútvarpsstöðvum. Svo stóran áfanga þyrfti ekki að taka í fyrstu.

Fyrir Vesturland, sem hefur verið afskipt á þessu sviði, væri það nokkur áfangi ef Ríkisútvarpið réði til starfa fréttamann með búsetu og starfsaðsetur í landshlutanum sem annaðist öflun frétta og úrvinnslu á fréttatengdu efni frá Vesturlandi fyrir báðar rásir hljóðvarps. Á Vesturlandi eru fréttaritarar útvarps og sjónvarps nokkuð víða. Þeir eru, eins og annað fólk, mismunandi áhugasamir og í breytilegri stöðu til að fylgjast með fréttum og afla þeirra. Fréttamaður útvarpsins á svæðinu gæti aðstoðað fréttaritara bæði útvarps og sjónvarps og því ekki aðeins bætt tengsl útvarpsins við Vesturland með beinni fréttamennsku heldur einnig styrkt þá starfsemi útvarpsins sem þegar er fyrir hendi.

Íbúar á Vesturlandi telja sig eiga rétt á því að fá svipaða þjónustu frá hendi Ríkisútvarpsins og íbúar annarra landshluta. Nokkuð skortir á að dagskrá útvarpsins geti kallast dagskrá eða útvarp allra landsmanna meðan svipuð þjónusta í vinnslu frétta og dagskrárefnis sem víðast af landinu er ekki til staðar.

Vonandi er gagnkvæmur áhugi á þessu málefni. Dagskrár útvarpsins hafa á undanförnum árum með auknu efni og aukinni þjónustu við landsbyggðina verið að styrkja þá von og jafnvel trú að Ríkisútvarpið sé og verði útvarp allra landsmanna. Fréttamenn í fullu starfi, eins og hér er lagt til, á fleiri stöðum á landinu en nú er mundu enn bæta þá ímynd og tiltrú.

Ed. 84. Frumvarp til laga [82. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Bolon, Jocelyn Consulta, verkakona, f. 10. mars 1954 á Filippseyjum.
2. Brandt, Davíð Hermann, nemi, f. 17. apríl 1972 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
3. Couch, Kristín, húsmóðir, f. 22. júlí 1965 á Íslandi.
4. Dahlke, Rose Dietlind, húsmóðir, f. 10. febrúar 1938 í Þýskalandi.
5. Ege, Kari Ósk, barn, f. 16. janúar 1981 á Íslandi.
6. Ehrat, Walter, nemi, f. 2. janúar 1966 í Sviss.
7. Ehrat, Walter Oskar, bóndi, f. 7. febrúar 1935 í Sviss.
8. Frewer, Martin Eliot, fiðluleikari, f. 10. desember 1960 í Englandi.
9. Harles, Elísabet, nemi, f. 10. júlí 1973 í Lúxemborg.
10. Heenen, Francois Jean Jacques Roger, nemi, f. 24. janúar 1957 í Belgíu.
11. Jensen, Þorvaldur Flemming, skrifstofumaður, f. 6. janúar 1967 á Íslandi.
12. Joensen, Amanda Sunneva, húsmóðir, f. 17. apríl 1966 á Íslandi.
13. Joensen, Kristi Sóley, verkakona, f. 3. maí 1964 í Færeyjum.
14. Kelley, Donald Martin, skipasmiður, f. 21. febrúar 1942 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
15. Kojic, Helena Dóra, skrifstofumaður, f. 27. maí 1957 á Íslandi.
16. Mateus, Mario José Delgado, verkamaður, f. 15. apríl 1954 í Kólumbíu.
17. Mellado Campos, José Antonio, veitingamaður, f. 26. febrúar 1954 á Spáni.
18. Munoz Mompel, Victor Manuel, iðnverkamaður, f. 20. október 1950 á Spáni.
19. Patriarca, Wilfredo Septimo, verkamaður, f. 24. júlí 1964 á Filippseyjum.
20. Phumipraman, Nualjan, verkakona, f. 28. október 1963 í Thailandi.
21. Prigge, Rita, húsmóðir, f. 9. ágúst 1938 í Þýskalandi.
22. Rissakorn, Rinda, húsmóðir, f. 15. mars 1955 í Thailandi.
23. Rzepnicka, Teresa, verkakona, f. 17. júlí 1958 í Póllandi.
24. Secong, Eleanor Amate, verkakona, f. 7. maí 1950 á Filippseyjum.
25. Shimmyo, Daniel Yoshio, nemi, f. 18. september 1971 á Íslandi.
26. Solbakken, Gunnar Ludvig, verkamaður, f. 22. júlí 1942 í Noregi.
27. Susan Ann Björnsdóttir, tækniteiknari, f. 21. mars 1955 í Englandi.
28. Vilhjálmur Árnason, nemi, f. 22. janúar 1969 á Íslandi.
29. Witt, Sigurður Sverrir, skrifstofumaður, f. 24. apríl 1965 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
30. Överby, Bernharð, sjómaður, f. 4. júlí 1945 á Íslandi.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum sem sett hafa verið af allsherjarnefndum beggja þingdeilda.

Frumvarp þetta er fyrsta frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar sem borið er fram á yfirstandandi 113. löggjafarþingi.

Á þremur síðustu þingum hefur verið afgreitt fyrir miðsvetrarhlé frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar og síðan í lok þingsins um vorið hefur einnig verið afgreitt frumvarp um veitingu ríkisborgararéttar. Þessi háttur á afgreiðslu umsókna um ríkisborgararétt hefur reynst til mikilla þæginda, bæði styttir það biðtíma umsækjenda og dreifir afgreiðsluálagi hjá ráðuneytinu.

Er því eindregið mælt með því að sami háttur verði hafður á við meðferð ríkisborgararéttarumsókna á þessu þingi.

Nd. 85. Frumvarp til laga [83. mál]

um breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Við 4. mgr. 25. gr. bætist: Ákvörðun um einangrun sætir kæru til dómsmálaráðuneytisins og skal skýra fanga frá því um leið og ákvörðun er birt.

2. gr.

26. gr. breytist þannig:

a. 1. málsl. 3. mgr. falli brott.
b. Við 5. mgr. bætist: Ákvörðun um agaviðurlög sætir kæru til dómsmálaráðuneytisins og skal skýra fanga frá því um leið og ákvörðun er birt.
c. 6. mgr. falli brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í áliti frá umboðsmanni Alþingis, dags. 21. september 1990, fjallar hann m.a. um ákvörðun agaviðurlaga í fangelsum. Kemst hann að þeirri niðurstöðu að ákvæði í 26. gr. laga um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, geti hæglega farið í bága við ákvæði 5. og 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og að þarna sé um að ræða meinbugi á íslenskum lögum.

Í áliti umboðsmanns segir:

„Í 26. gr. laga nr. 48/1988, um fangelsi og fangavist, segir svo:

„Fyrir brot á reglum fangelsis má beita eftirtöldum agaviðurlögum:

1. áminningu,
2. sviptingu réttinda sem fangar almennt njóta samkvæmt lögum þessum og reglugerðum,
3. sviptingu vinnulauna,
4. einangrun í allt að 30 daga.

Beita má fleiri en einni tegund viðurlaga samtímis. Viðurlögin má skilorðsbinda.

Sá tími, sem fangi er hafður í einangrun, telst ekki til refsitímans. Strjúki fangi telst tími frá stroki og þar til fangi er settur í fangelsi á ný ekki til refsitímans.

Forstöðumaður ákveður agaviðurlög samkvæmt grein þessari. Áður en hann tekur ákvörðun skal hann ganga úr skugga um hvernig broti var háttað með því að yfirheyra fangann og með annarri rannsókn eftir aðstæðum.

Ákvarðanir um agaviðurlög skulu bókaðar og birtar fanga í viðurvist vitnis.

Einangrun má ekki lengja fangavist um meira en þriðjung dæmds refsitíma nema samþykki Fangelsismálastofnunar sé fengið og aldrei um meira en helming."

Grein þessi kom í stað ákvæða 47. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum, sem felld var úr gildi með lögum nr. 48/1988, sbr. 31. gr. laganna.

Með bréfi sínu til mín vakti N.N. sérstaklega máls á því hvort lokamálsgrein 26. gr. laga nr. 48/1988 stangaðist ekki á við önnur lög eða alþjóðasamþykktir sem Íslendingar væru aðilar að. Þar væri forstöðumanni fangelsis veitt heimild til að lengja fangelsisvist um allt að þriðjung og breyta með því þeim dómum sem kveðnir væru upp af dómstólum.

Eins og ég tók fram í bréfi mínu til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 1. desember 1989 ákvað ég að taka kvörtun N.N. til athugunar þó að hann vísaði ekki til einstakra ákvarðana sem beinst hefðu að honum, enda væri honum sem fanga skylt að hlíta þeim ákvörðunum sem teknar væru á grundvelli umræddra lagareglna. Þetta atriði í kvörtun N.N. lýtur að þeim lagareglum sem Alþingi hefur sett um ákvörðun agaviðurlaga vegna brota fanga á reglum fangelsis. Samkvæmt lögum og reglum um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis falla störf og lagasetning Alþingis almennt utan starfssviðs umboðsmanns. Í 11. gr. laga nr. 13/1987 um umboðsmann Alþingis segir hins vegar að verði umboðsmaður þess var að meinbugir séu á gildandi lögum skuli hann tilkynna það Alþingi og hlutaðeigandi ráðherra. Ég tel að undir ákvæði 11. gr. falli m.a. þau tilvik þegar ákvæði laga rekast á eða íslensk lög eru ekki í samræmi við þær skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist samkvæmt alþjóðasáttmálum til verndar mannréttindum. Ég ákvað því að taka framangreint atriði í bréfi N.N. til nánari athugunar.

Ísland hefur með því að fullgilda Mannréttindasáttmála Evrópu skuldbundið sig til að tryggja hverjum þeim, sem lögsaga þess nær til, réttindi þau og frelsi sem sáttmálinn kveður á um, sbr. auglýsingu nr. 11/1954 um fullgildingu Evrópusamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Íslenska ríkið hefur þannig tekið á sig þá skyldu að haga löggöf sinni og lagaframkvæmd í samræmi við ákvæði sáttmálans og skuldbundið sig til að viðurkenna lögsögu Mannréttindadómstóls Evrópu, sbr. auglýsingu nr. 58/1958.

Samkvæmt 5. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu skulu allir menn eiga rétt til frelsis og mannhelgi og engan mann skal svipta frelsi nema í þeim tilvikum sem talin eru í stafliðum a–f í greininni, enda skal höfð á sú málsmeðferð sem lög ákveða.

Ákvæði 1. mgr. 5. gr. eru svohljóðandi:

„1. Allir menn eiga rétt til frelsis og mannhelgi.

Engan mann skal svipta frelsi nema þegar um er að ræða eftirfarandi tilvik, enda skal

þá gæta þeirrar aðferðar sem mælt er í lögum:

a. löglegt varðhald manns sem dæmdur hefur verið sekur af þar til bærum dómstóli;

b. löglega handtöku eða varðhald manns fyrir að óhlýðnast löglegum úrskurði dómstóls eða til að tryggja efndir lögmæltrar skyldu;

c. löglega handtöku eða varðhald manns sem framkvæmt er í því skyni að færa hann fyrir lögbært stjórnvald, enda hvíli á honum skynsamlegur grunur um afbrot eða með rökum sé talið nauðsynlegt að koma í veg fyrir að hann fremji afbrot eða komist undan er hann hefur framið það;

d. gæzlu ófullveðja manns samkvæmt löglegum úrskurði vegna eftirlits með uppeldi hans eða lögmæta gæzlu hans í því skyni að hann verði færður fyrir löglegt stjórnvald;

e. löglega gæzlu manns til að koma í veg fyrir að smitandi sjúkdómar breiðist út, eða manns sem er andlega vanheill, áfengissjúklingur, eiturlyfjasjúklingur eða umrenningur;

f. löglega handtöku eða varðhald manns til að koma í veg fyrir að hann komist ólöglega inn í land, eða manns sem ráðstafanir hafa verið gerðar til að flytja úr landi eða framselja."

Í ofangreindum ákvæðum 1. mgr. 5. gr. er tæmandi talið í hvaða tilvikum megi svipta menn frelsi. Meðal þeirra viðurlaga, sem heimilað er að grípa til skv. 26. gr. laga nr. 48/1988, er einangrun í allt að 30 daga, og skal sá tími, sem fangi er í einangrun, ekki teljast til refsitímans. Slík vistun í einangrun getur þá komið til viðbótar dæmdri fangelsisrefsingu.

Samkvæmt 3. mgr. 26. gr. laga nr. 48/1988 er það forstöðumaður fangelsis sem tekur ákvörðun um beitingu agaviðurlaga sem mælt er fyrir um í 26. gr. Ekki má einangrun hins vegar lengja fangavist um meira en þriðjung dæmds refsitíma, nema samþykki Fangelsismálastofnunar sé fengið og þó aldrei um meira en helming. Ákvæði um störf forstöðumanna fangelsa og Fangelsismálastofnunar eru í I. og II. kafla laga nr. 48/1988. Það er verkefni forstöðumanns fangelsis að sjá um daglegan rekstur fangelsis og Fangelsismálastofnun skal m.a. annast daglega yfirstjórn á rekstri fangelsa og sjá um fullnustu refsidóma. Í lögum nr. 48/1988 eru ekki sjálfstæð ákvæði um málskot á ákvörðunum forstöðumanns fangelsis til Fangelsismálastofnunar eða ákvörðunum stofnunar til dómsmálaráðherra sem fer með yfirstjórn fangelsismála skv. 1. gr. laganna. Eins og tekið er fram í athugasemdum, sem fylgdu 26. gr. í því frumvarpi, er varð að lögum nr. 48/1988, verður að telja að ákvarðanir um beitingu agaviðurlaga samkvæmt þeirri grein sæti stjórnsýslulegri kæru til dómsmálaráðuneytis.

Ég tel að ákvörðun fangelsisyfirvalda að láta fanga sæta einangrun samkvæmt fyrirmælum 26. gr. laga nr. 48/1988 um agaviðurlög samrýmist ekki ofangreindum ákvæðum 5. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, að minnsta kosti ekki ef slík ákvörðun lengir í raun refsitíma þann sem ákveðinn hefur verið í dómi. Stafar það af því að þá fullnægir frelsissvipting ekki lengur því skilyrði a-liðar 5. gr. að vera ákveðin af dómi, enda geta aðrir stafliðir 1. mgr. 5. gr. ekki átt við.

Hér er einnig rétt að vekja athygli á því að fangi, sem sakaður er um brot á fangelsisreglum skv. 26. gr. laga nr. 48/1988, getur í vissum tilvikum talist borinn sökum um refsiverðan verknað í skilningi 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og má þar sérstaklega vísa til dóms Mannréttindadómstóls Evrópu frá 28. júní 1984 í máli Campells og Fells. Verður þá í slíkum tilvikum að fylgja ákvæðum 6. gr. um réttláta málsmeðferð fyrir óháðum og hlutlausum dómi.

Samkvæmt framansögðu er það skoðun mín að ákvörðun viðurlaga skv. 26. gr. laga nr. 48/1988 geti hæglega farið í bága við ákvæði 5. og 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Ég tel að þarna sé um að ræða meinbugi á íslenskum lögum skv. 11. gr. laga nr. 13/1987 um umboðsmann Alþingis og ég hef því ákveðið að koma þeirri ábendingu á framfæri við dómsmálaráðherra og Alþingi að í þessu efni þurfi að samræma ákvæði íslenskra laga áðurnefndum ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu. Að mínum dómi væri þá jafnframt rétt að taka almennt til athugunar á ný hvernig haga beri ákvörðun agaviðurlaga á hendur föngum m.a. með tilliti til sjónarmiða um samkvæmni, sanngirni og réttaröryggi."

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á 25. og 26. gr. laga um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, til að bæta úr þeim göllum á lögunum er fram kemur í framangreindu áliti umboðsmanns.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 25. gr. laganna er fjallað um einangrun á fanga vegna öryggis í fangelsi.

Í þessari grein frumvarpsins er lagt til, að í greinina verði sett ákvæði um að ef fangi sæti einangrun samkvæmt ákvæðum hennar geti hann kært slíka ákvörðun til dómsmálaráðuneytisins og að honum skuli kynntur sá réttur.

Í framangreindu áliti umboðsmanns kemur fram að í lögum séu ekki bein ákvæði um málskot til æðra stjórnvalds á ákvörðun forstöðumanns fangelsis um beitingu agaviðurlaga þó svo að telja verði að slík ákvörðun sæti stórnsýslulegri kæru til dómsmálaráðuneytisins.

Skilja má framangreinda ábendingu svo að hann telji æskilegt að um þetta atriði séu skýr ákvæði.

Í áliti umboðsmanns er ekki fjallað um 25. gr. laganna, en telja verður að sömu sjónarmið eigi þar við og varðandi ákvörðun um agagviðurlög.

Um 2. gr.

Í 1. málsl. 3. mgr. 26. gr. laga um fangelsi og fangavist er ákvæði um að sá tími, sem fangi er í einangrun vegna agabrots, teljist ekki til refsitíma samkvæmt þeim dómi sem viðkomandi afplánar og í 6. mgr. eru ákvæði um að einangrun megi ekki lengja fangavist um meira en þriðjung dæmds refsitíma nema samþykki Fangelsismálastofnunar sé fengið og aldrei um meira en helming dæmds refsitíma.

Í áliti umboðsmanns kemur fram að ákvæði 1. málsl. 3. mgr. séu ekki í samræmi við ákvæði 5. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, að minnsta kosti ef slík ákvörðun lengi í raun refsitíma þann, sem ákveðinn hefur verið í dómi.

Í a- og c-liðum þessarar greinar er því lagt til að framangreind ákvæði verði felld úr gildi.

Í b-lið þessarar greinar er lagt til að í greinina verði sett ákvæði um að ákvörðun um agaviðurlög sæti kæru til dómsmálaráðuneytisins. Sjá nánar umfjöllun um það atriði hér að framan um 1. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 86. Fyrirspurn [84. mál]

til heilbrigðisráðherra um málefni geðsjúkra afbrotamanna.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

Hvað hefur ráðuneytið aðhafst í málum geðsjúkra afbrotamanna að undanförnu?

Sþ. 87. Fyrirspurn [85. mál]

til forsætisráðherra um framkvæmd tillögu Vestnorræna þingmannaráðsins um jafnréttisráðstefnu.

Frá Málmfríði Sigurðardóttur.

Hvað líður framkvæmd ríkisstjórnarinnar á tillögu Vestnorræna þingmannaráðsins frá 1989 um að haldin verði jafnréttisráðstefna hér á landi árið 1992?

Sþ. 88. Svar [18. mál]

ráðherra Hagstofu Íslands við fyrirspurn Inga Björns Albertssonar um kaupmátt dagvinnulauna í löndum OECD.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hvernig hefur kaupmáttur dagvinnulauna

a. almenns verkafólks,

b. verslunar- og skrifstofufólks

þróast á sl. fimm árum annars vegar á Íslandi og hins vegar í hverju OECD-landanna fyrir sig?

Í yfirlitsskýrslum OECD er ekki að finna tölur um laun eða kaupmátt eftir starfsstéttum. Slíkum upplýsingum virðist fremur safnað eftir atvinnugreinum og eru birtar ýmist fyrir iðnað sérstaklega eða allar greinar einkageirans í einu lagi. Helsta talnaefnið af þessu tagi, sem birt er af OECD, tekur til greidds tímakaups. Þar eru tiltækar raðir fyrir iðnað, sem ná yfir allmörg ár, en slíkar samfelldar raðir fyrir greitt tímakaup í öllum greinum einkageirans eru ekki fyrir hendi í birtum heimildum OECD.

Það efni, sem tiltækt er fyrir Ísland, er fyrst og fremst miðað við starfsstéttir eins og fyrirspurnin ber með sér. Er hér um að ræða efni kjararannsóknarnefndar sem fengið er með úrtaksathugunum meðal fyrirtækja í ýmsum atvinnugreinum og birt er í fréttabréfi nefndarinnar.

Fyrirspurninni er því ekki unnt að svara eins og um er beðið, nema e.t.v. með mjög mikilli efnisöflun frá einstökum OECD-ríkjum. Hæpið virðist að ráðast í það, þar sem óvíst er að slíkar upplýsingar séu tiltækar í öllum ríkjum OECD eða þær séu sambærilegar milli landa.

Á hinn bóginn má fá vísbendingar um þær niðurstöður sem spurst er fyrir um með samanburði á birtu efni OECD um kaupmátt greidds tímakaups í iðnaði í einstökum að-

ildarríkjum og kaupmátt greidds tímakaups landverkafólks í ASÍ — og þá verkafólks og verslunar- og skrifstofufólks sérstaklega — samkvæmt tölum kjararannsóknarnefndar.

Meðfylgjandi tafla sýnir þennan samanburð. Nokkra fyrirvara verður þó að gera um þetta efni:

1. Tölur fyrir OECD-ríkin árin 1985–1988 eru teknar úr skýrslu OECD, *Historical Statistics*, en tölur fyrir 1989 úr ritinu *Economic Outlook*. Í nokkrum dæmum sýnist þessu efni ekki bera alveg saman þótt svo eigi að heita að beitt sé sömu skilgreiningum og skýrslurnar hafi komið út um svipað leyti. Þetta á einkum við um tölur fyrir Ítalíu.
2. Samandregnar tölur fyrir OECD-ríkin í heild, Evrópuríki OECD eða EB-ríki eru ekki til fyrir árið 1989. Þær heildartölur, sem fram koma í töflunni fyrir árið 1989, hafa hér verið reiknaðar sem meðaltöl þar sem þjóðarframleiðslutölur ársins á verði sama árs eru notaðar sem vogir.

Kaupmáttur greidds tímakaups í iðnaði í OECD-ríkjum
Hlutfallsbreytingar, % frá fyrra ári

	1985	1986	1987	1988	1989
Bandaríkin	0,3	0,2	-1,8	-1,3	-1,8
Japan	1,1	1,0	1,9	4,0	3,3
Þýskaland	2,2	3,7	3,9	3,0	1,3
Frakkland	-0,1	1,6	0,0	0,5	1,0
England	2,9	4,1	3,7	3,4	0,9
Ítalía	(8,5)	(12,4)	3,2	3,8	3,7
Kanada	-0,1	-1,0	-1,9	0,9	0,5
Alls ofangreind lönd	*1,5*	*2,2*	*1,8*	*2,6*	*0,5*
Austurríki	2,0	2,9	3,7	1,6	2,0
Belgía	-1,9	0,8	0,5	1,0	1,1
Danmörk	0,1	1,2	5,1	1,9	0,3
Finnland	1,7	3,2	2,5	3,4	1,7
Grikkland	0,4	-8,4	-5,8	4,3	5,4
Írland	2,7	2,9	2,5	2,4	0,4
Lúxemborg					
Holland	2,6	1,5	2,1	0,5	0,3
Noregur	1,9	2,9	6,8	-0,9	0,6
Portúgal					
Spánn	1,1	2,0	2,2	3,3	0,1
Svíþjóð	0,2	3,0	2,2	2,0	3,3
Sviss	-0,4	2,3	1,1	1,1	
Tyrkland					
Ástralía	-2,0	-3,7	-3,7	-1,3	-0,1
Nýja-Sjáland	-3,7	-0,6	-6,9	1,2	-1,6
Alls EB-lönd	*2,7*	*4,2*	*4,5*	*4,6*	*1,5*
Alls Evrópulönd í OECD	*2,5*	*4,1*	*4,3*	*4,3*	*1,5*
OECD alls	*1,3*	*2,0*	*1,7*	*2,5*	*0,6*

Ísland **Allar atvinnugreinar í úrtaki Kjararannsóknarnefndar**

Landverkafólk í ASÍ	*2,1*	*9,1*	*19,3*	*1,7*	*-6,1*
Verkafólk	0,7	10,2	15,5	0,6	-7,1
Versl.- og skrifstofufólk	3,4	9,0	17,8	2,4	-6,1
Iðnaðarmenn	2,5	7,0	29,5	2,7	-4,1

Heimildir:
OECD Historical Statistics, París 1990: Tölur áranna 1985-1988; Ítalía þó 1985-1986.
OECD Economic Outlook, no. 47, June 1990: Tölur ársins 1989; Ítalía þó 1987-1989.
Fréttabréf Kjararannsóknarnefndar nr. 88, júlí 1990.

Sþ. 89. Tillaga til þingsályktunar [86. mál]

um jöfnun orkukostnaðar.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Alexander Stefánsson, Skúli Alexandersson, Ingi Björn Albertsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Alþingi ályktar að beina þeirri áskorun til ríkisstjórnarinnar að markvisst verði unnið að jöfnun orkukostnaðar í landinu og stefnt að því að allir landsmenn greiði sama orkuverð óháð búsetu.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrædd. Henni fylgdi svohljóðandi greinargerð ásamt fylgiskjölum:

Á aðalfundi SSV, Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, sem haldinn var í Borgarnesi 10.–11. nóvember 1989, var einróma samþykkt að beina þeirri áskorun til Alþingis og ríkisstjórnar að markvisst verði unnið að jöfnun húshitunarkostnaðar í landinu og stefnt að því að allir landsmenn greiði sama orkuverð óháð búsetu. Samtökin telja þetta vera mjög brýnt mál til jöfnunar lífskjara og mjög vel til þess fallið að auka jöfnuð og styrkja búsetu á landsbyggðinni.

Í tillögunni, eins og hún var samþykkt á aðalfundi SSV, er að vísu aðeins rætt um jöfnun húshitunarkostnaðar. Vissulega er það veigamikill þáttur í jöfnun aðstöðu. En jöfnun orkukostnaðar er víðtækari því að hún tekur einnig til annars konar nýtingar orkunnar, þ.e. til atvinnuveganna. Rétt þykir að skoða málið allt í samhengi. Tillagan er því flutt hér óbreytt að öðru leyti en því að hér er fjallað um jöfnun orkukostnaðar í stað húshitunarkostnaðar eingöngu.

Þetta mál er ekki nýtt af nálinni. Um það hefur margt verið rætt og ritað á undanförnum árum. Á Alþingi hefur málinu verið hreyft hvað eftir annað, þing eftir þing. Tillögur, frumvörp og fyrirspurnir hafa verið lagðar fram, ræddar og reifaðar af miklum móði. Málið hefur verið viðfangsefni margra ríkisstjórna. Einstakir þingmenn og þingflokkar hafa fjallað um það fram og til baka. Vissulega hafa ýmsar leiðréttingar verið gerðar sem ganga í rétta átt. En þær hafa allar verið sama marki brenndar að því leyti að þær hafa gengið allt of skammt.

Meginforsenda þess að fólk vilji og geti búið í strjálum byggðum landsins er næg atvinna og að fólk búi við svipaða aðstöðu hvað snertir öflun brýnustu lífsnauðsynja. Nú er orkunotkun orðin svo mikil og almenn að verðið á orkunni vegur þungt og skiptir miklu máli á búreikningi hverrar fjölskyldu. Það getur jafnvel ráðið úrslitum um það hvar fjölskyldan ákveður að velja heimili sínu stað til frambúðar.

Til þess að hægt sé að gera verulegt átak í jöfnun orkuverðs þarf að sjálfsögðu vilja meiri hluta alþingismanna og ríkisstjórnar og svo vel vill til að nægar heimildir eru fyrir hendi sem hafa að geyma ótvíræðar viljayfirlýsingar íslenskra stjórnmálamanna um þessi efni. Verður hér á eftir vitnað í nokkur sýnishorn úr ríkisstjórnarsáttmálum og yfirlýsingum alþingismanna og stjórnmálaflokka, einkum frá síðustu árum.

Úr málefnasamningi ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar frá 28. september 1988 eru eftirfarandi glefsur teknar:

„Höfuðverkefni hennar er að treysta grundvöll atvinnulífsins, stöðu landsbyggðarinnar og undirstöðu velferðarríkis á Íslandi.“

„Að framfylgja árangursríkri byggðastefnu sem komi betra jafnvægi á byggðaþróun í landinu.“

„Gerðar verða ráðstafanir til jöfnunar á flutningskostnaði og kostnaði við síma, húshitun og skólagöngu.“

Í endurnýjuðum málefnasamningi ríkisstjórnar Steingríms Hermannsonar frá 10. september 1989 segir í inngangi að samkomulag hafi orðið um að geta einungis helstu áhersluatriða í sérstöku samkomulagi um stjórnarsamstarf, en vísa að öðru leyti til málefnasamnings fráfarandi ríkisstjórnar. Eitt af áhersluatriðunum er þetta:

„Endurskoða verðmyndun á orku með það að markmiði að jafna orkuverð og efla innlendan orkubúskap.“

Flokksþing og miðstjórnarfundir Framsóknarflokksins hafa lagt sérstaka áherslu á jöfnun orkuverðs í landinu.

Nefnd þingflokks Framsóknarflokksins um efnahags-, atvinnu- og byggðamál skilaði áliti í október 1989. Þar segir svo m.a. um byggðamál:

„Landsbyggðin býr nú við framleiðslutakmarkanir í meginhluta atvinnustarfsemi sinnar á sama tíma og atvinnulíf höfuðborgarsvæðisins er að langmestu leyti frjálst.

Verði ekki þegar snúist gegn byggðarröskun af þessum sökum með róttækum aðgerðum eru gífurlegir tilflutningar fólks af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins fyrirsjáanlegir sem verða munu þjóðfélaginu mjög kostnaðarsamir og draga úr hagvexti.

Slíkir búferlaflutningar koma til með að hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér fyrir þjóðfélagið í heild. Því er nú nauðsynlegt að gera róttækar ráðstafanir sem stuðla að sem skynsamlegastri byggðarþróun í landinu.“

Og í 7. og 8. tölul. ályktunar um iðnað stendur:

7. Landsvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins verði sameinaðar í eitt orkuöflunar- og dreifingarfyrirtæki og raforkuverð verði það sama til allra dreifiveitna. Stefnt verði að því að raforkuverð í smásölu verði jafnað til sambærilegrar notkunar.
8. Raforkutaxtar verði endurskoðaðir með tilliti til nýtingartíma og orkunotkunar.

Umrætt nefndarálit var samþykkt í heild á síðasta miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins.

Kjördæmisþing Alþýðuflokksins í Vesturlandskjördæmi, haldið í Röst á Akranesi 30. september 1989, samþykkti stjórnmálaályktun, er birtist í Alþýðublaðinu 10. október sl. Þar segir svo í 4. tölul.:

„Kjördæmisráðið beinir því til iðnaðarráðherra að hann vinni ötullega að jöfnun orkuverðs í landinu, enda er það ein meginforsenda áframhaldandi búsetu fólks á landsbyggðinni. Sama orkuverð á að gilda um land allt án tillits til búsetu.“

Í fórum Sjálfstæðisflokksins er að finna margar ályktanir frá ýmsum tímum sem hníga í þá átt að landsmenn allir eigi að njóta sambærilegra lífskjara og þæginda. Í landsfundarsamþykkt frá 1953 segir svo m.a.:

„Fundinum er ljóst, að raforkan er eitt mikilsverðasta atriðið til þess að skapa lífsþægindi og vinna gegn því að fólkið flytji úr sveitum og kauptúnum landsins til kaupstaðanna. Allir hugsandi menn skilja þá þjóðfélagslegu nauðsyn, að jafnvægi megi verða í byggðum landsins og að framtíð þjóðarinnar veltur á því, að landið verði ræktað og að sveitirnar byggist. En það verður bezt tryggt með því að fólkið úti um byggðir landsins njóti ekki lakari lífskjara og þæginda en íbúar kaupstaðanna.“

Sjálfstæðisflokkurinn varð 60 ára á síðasta ári. Þá var 28. landsfundur flokksins haldinn. Landsfundur hefur æðsta vald í málefnum flokksins. Í ályktun fundarins um byggðamál segir svo m.a.:

„Leitast verði við að bæta aðstöðu fólks til að njóta opinberrar þjónustu hvar sem menn búa á landinu. Verð á raforku og símaþjónustu verði jafnað ...

Sjálfstæðisflokkurinn vill treysta búsetu í landinu og jafna aðstöðu í landshlutunum með markvissum aðgerðum. Í því gegna sveitarfélögin viðamiklu hlutverki ...

Borg og byggð eiga að vaxa og dafna eðlilega og styðja hvort annað."

Um orkumál ályktaði landsfundurinn svo m.a.:

„Orkuveitum landsins verði búin sambærileg rekstrarskilyrði, svo þau geti stundað eðlilega samkeppni og veitt viðskiptamönnum sem bezta þjónustu við sem lægstu verði. Lögð verði áherzla á að lækka húshitunarkostnað þar sem hann er hæstur."

Hér að framan eru aðeins nefnd örfá dæmi af fjölmörgum sem skráðar heimildir hafa að geyma um orð og yfirlýsingar íslenskra stjórnmálamanna. Hníga þær yfirleitt allar í þá átt að styrkja byggðir landsins, jafna aðstöðu landsmanna, hvar sem þeir hafa búsetu, og byggja landið allt. Það virðist því vera mjög víðtæk samstaða meðal ráðamanna þjóðarinnar í þessum efnum hvar í flokki sem þeir standa. Það skortir aðeins á að samræma orð og athafnir, fyrirheit og framkvæmdir.

Það er sagt að enginn einn þáttur valdi jafnmikilli mismunun í kjörum fólks hérlendis og ójafn húshitunarkostnaður. Mætti þetta vera hugstætt öllum þeim sem á liðnum árum hafa barist fyrir jafnvægi í byggð landsins.

Í *Raforku*, fréttariti Sambands íslenskra rafveitna, 4. tbl., 1. árg., desember 1989, er viðtal við Kristján Haraldsson, orkubússtjóra Vestfjarða. Þar segir m.a.:

„Það er brýn nauðsyn til að ná frekari jöfnun í húshitunarkostnaði landsmanna strax og ég skora á alla þá sem einhvers mega sín að leggja þessu máli lið.

Lesendur góðir. Við skulum minnast þess að ef við ætlum að lifa sem ein þjóð í þessu landi, í sátt og samlyndi, þá verður að skipta gæðum landsins sem jafnast meðal allra íbúanna."

Kristján Jónsson, rafmagnsveitustjóri ríkisins, segir svo í formála fyrir ársskýrslu Rafmagnsveitna ríkisins 1988:

„Dreifing raforku og hagkvæm nýting hennar er undirstaða velferðarþjóðfélagsins. Nánast allir hlutir bæði í atvinnulífi og á heimilum eru háðir raforkunni. Gæði raforkunnar og þjónustan í dreifingunni eru því lykillinn að betra mannlífi."

Hér er fast að orði kveðið, en þó ekkert ofsagt. Það sýnir og sannar hversu nauðsynlegt það er og aðkallandi að allir landsmenn hafi aðgang að þessum gæðum á sambærilegu og viðhlítandi verði hvar sem þeir eiga heima í byggðum landsins. Enn vantar mikið á að landsmenn sitji allir við sama borð hvað húshitunar- og orkukostnað varðar. Enn eru fluttar fyrirspurnir, tillögur og frumvörp um þessi efni. Allir eru næsta sammála, en lítið miðar áleiðis að því marki sem hægt er að una við og allir geta séð og stefnt að sem vilja.

Af framansögðu má ljóst vera að allir stjórnmálaflokkar eru hlynntir því að jafna orkuverð til landsmanna að ekki sé meira sagt. En vera má að það vefjist fyrir mönnum á hvern hátt það skuli gert. Þar koma vafalaust fleiri en ein leið til greina. Nefna má að fyrir þessu þingi liggur frumvarp til laga um breyting á lögum um Landsvirkjun. Það er 264. mál þingsins. Þar er gert ráð fyrir því „að smásöluverð fyrir hverja tegund afnota verði hvergi meira en 5% hærra en vegið meðaltal á landinu öllu", sjá nánar þskj. 470.

Til nánari skýringa fylgir hér með bréf svæðisrafveitustjóra á Vesturlandi, dags. 30. janúar 1990, ásamt línuriti um húshitunartaxta og sérstök hugleiðing um raforkuverð.

Fylgiskjal I.

Bréf svæðisrafveitustjóra á Vesturlandi til 2. þm. Vesturlands.

(30. janúar 1990.)

Nú liggur fyrir skipting húshitunartaxtans C1 og D1 samkvæmt forsendum þeim sem gengið er út frá miðað við 1. febrúar 1990. Eins og sést á þessu súluriti er kWh á þessum töxtum miðað við gefnar forsendur seld á 3,03 kr. og er þá hlutur notenda 2,40 kr. og niðurgreiðslur úr ríkissjóði 0,63 kr. sem aðeins fylgir C1 og þá upp að 40.000 kWh. Eftir það er C1 taxtinn óniðurgreiddur og heitir þá D1.

Tilkostnaður RARIK aftur á móti er	3,38 kr. á kWh
sem er vegna orkukaupa frá LV og tapa	2,45 kr. á kWh
og vegna tapa í stofnlínukerfi RARIK	0,73 kr. á kWh
og vegna tapa í innanbæjarkerfum RARIK	0,20 kr. á kWh


Vert er að geta þess að frá 1980 hefur tap í kerfum RARIK minnkað úr 18% í um 10%. Samkvæmt þessum niðurstöðum er ljóst að RARIK leggur með hverri kWh, sem seld er til húshitunar, 0,35 kr. á kWh sem er sem næst 70.681.000 kr. á ári en áætluð hitasala á árinu 1990 er 201.946 mWh.

Ekki hef ég borið saman verð á olíu annars vegar og rafmagni hins vegar, en víst er að olíuverð hefur farið hækkandi og er það ástæða þess að Landsvirkjun lækkaði afslátt til húshitunar um 0,155 kr. á kWh frá og með 1. febrúar 1990. Það þýðir um 40.000.000 kr. útgjaldaauka fyrir notendur RARIK eða um 6.200 kr. á notanda. Ég hef ekki neina einfalda leið að benda á til lækkunar á orkuverði en helst virðist það leiðin að Landsvirkjun lækki heildsöluverð verulega, en sem stendur er verðið til rafveitna nú yfir 50% hærra en langtímajaðarkostnaður.

Telja verður þessa verðlagsþróun og verðlagningu mjög varhugaverða gagnvart rafveitum og þá sérstaklega gagnvart RARIK þar sem samþykkt fjárlög gera ráð fyrir 454.000.000 kr. halla þótt skuldum hafi verið létt af fyrirtækinu og því gert að standa fyrir rekstri og nýframkvæmdum án lántöku.

Vona ég að farsæl niðurstaða fáist við þá umræðu sem fram undan er og að orkukaupendur á hinum „köldu svæðum“ fái rétt sinn hlut miðað við orkukaupendur á hagstæðum hitaveitusvæðum. Hætt er við enn frekari búseturöskun en hana má m.a. rekja til orkukostnaðar.

Húshitunartaxti C1, tekjur og tilkostnaður RARIK 1. febrúar 1990.



Fylgiskjal II.

Ásgeir Þór Ólafsson,
svæðisrafveitustjóri á Vesturlandi:

Hugleiðing um raforkuverð.

Nú um nokkurt skeið hefur umræða um hátt raforkuverð og þá helst til húshitunar verið í fjölmiðlum og manna á milli.

Þessi umræða er mjög nauðsynleg. Menn verða að gæta þess að skipulag raforkuframleiðslu og dreifingar er mjög ákveðið. Landsvirkjun ein hefur rétt til að virkja stærri virkjanir og sjá þeir einnig um dreifingu raforkunnar um byggðalínukerfið hringinn í kringum landið. Þar taka við sveitarfélagarafveitur, Rafmagnsveitur ríkisins, Hitaveita Suðurnesja og Orkubú Vestfjarða.

Nú má spyrja hvað ráði verði raforku til t.d. húshitunar. Grunnur verðs til notenda er heildsöluverð framleiðanda sem er Landsvirkjun og hvernig er háttað verðlagningu frá framleiðanda? Í flestum löndum er notuð aðferð sem kölluð er „langtímajaðarkostnaður" (LTJ) og það er það verð sem þarf að fá til að standa undir fjárfestingum framleiðslu- og flutningskerfis viðkomandi fyrirtækis miðað við eðlilegan afskriftartíma og arðsemi fjármagnsins. Það sem er að gerast varðandi verðlagningu raforkunnar frá Landsvirkjun er að verð til rafveitnanna er 55% hærra en LTJ og er stefna Landsvirkjunar skýrð í ræðu Jóhannesar Nordal, stjórnarformanns Landsvirkjunar, á ársfundi fyrirtækisins í apríl 1988 og vitnar hann þar til upplýsinga sem hann birti á ársfundi 1986.[1])

Þegar stefnan er sú að greiða lánin hratt, greiða arð af stofnframlagi eigenda og jafnvel að greiða arð af eigin fé þá hljóta menn að spyrja hvort ekki þurfi að staldra aðeins við.

Hvernig er háttað markaðsöflun Landsvirkjunar til aukinnar raforkusölu? Árið 1988 veitti Landsvirkjun rafhitanotendum afslátt, 31 eyri á kWh, sem skilaði sér beint til notenda. Nú hefur þessi afsláttur verið lækkaður um 50% frá 1. febr. nk. vegna verðhækkunar á olíu. Þessi hækkun raforkunnar til hitunar mun trúlega koma fram á raforkureikningum rafhitanotenda sem þýðir hækkun upp á u.þ.b. 6.200 kr. á ári miðað við 40.000 kWh notkun.

Stjórn Landsvirkjunar samþykkti 25. júní 1987 ályktun um nýtingu tímabundinnar umframorku.[2])

Þessi ákvörðun var ekki á sömu forsendum byggð og afsláttur til rafhitunar og ekki ætlaður sömu notendum því þeir samningar, sem gerðir voru og gerðir verða, eiga að gilda til 1. september 1992. Sem dæmi um þennan afslátt var frétt í Morgunblaðinu 13. október 1987 þar sem segir að Íslandslax hf. fái afslátt upp á 8.700.000 kr. á ári miðað við notkun þeirra. Jafnframt er vitnað til framkvæmdastjóra fjármálasviðs Hitaveitu Suðurnesja sem segir: „ ... eins og reglurnar eru sniðnar mun aðeins eitt annað fyrirtæki geta farið fram á hliðstæðan afslátt og er það Lindalax hf. þegar full framleiðsla verður komin í gang þar".

Í ljósi þessa má spyrja hvort Landsvirkjun hafi með þeim reglum, sem vitnað er til, stuðlað að óraunhæfum vexti í fiskeldi og síðan hafi fyrirtæki orðið fyrir stórfelldum gjaldþrotum í seinni tíð. Hvaða áhrif hefur þessi stærðargráða fiskeldisfyrirtækja haft á uppbyggingu háspennudreifikerfis Hitaveitu Suðurnesja og á verð raforku til annarra notenda þeirra?

Í þessum hugleiðingum er ég fyrst og fremst að benda á þá stefnu Landsvirkjunar í verðlagningu á raforku sem er allt of frjálsleg, kröfurnar um arðsemi fjármagnsþjónustufyrirtækis allra landsmanna of miklar og áherslur þeirra í markaðsmálum rangar. Ekki er hægt að finna tryggari markað en rafhitamarkaðinn um allt land, t.d. selja Rafmagnsveitur ríkisins um 60% allrar raforkunnar til húshitunar, en eins og menn eflaust vita keypti RARIK um 18,5% framleiðslu Landsvirkjunar árið 1988, en Landsvirkjun hafði um 28% tekna sinna frá viðskiptunum við RARIK það árið.

[1]) „Með tilliti til þessara sjónarmiða hefur stjórn Landsvirkjunar miðað við þá meginreglu að undanförnu að reynt yrði að endurgreiða á ári hverju $^1/_{20}$ af útistandandi skuldum í byrjun árs. Þegar haft er í huga að á móti þessum endurgreiðslum koma lán vegna nýrra framkvæmda benda áætlanir til þess að unnt verði með þessum hætti að lækka núverandi skuldir Landsvirkjunar meir en um nálægt 30% til næstu aldamóta ef ekki koma til neinar virkjunarframkvæmdir vegna stóriðju.
Jafnframt mun þessi stefna ásamt eðlilegri arðgjöf tryggja að hægt verði að halda áfram að lækka raunverð raforku á almenna markaðinum þannig að sú 3% meðaltalslækkun á ári út þessa öld, sem ég ræddi um fyrir tveimur árum, nái fram að ganga. Vissulega væri hægt að lækka raforkuverð meira þegar í dag með því að draga úr endurgreiðslum lána eða jafnvel safna skuldum, en sú stefna mundi bráðlega hefna sín í hærri vaxtabyrði og mun óhagstæðara raforkuverði í framtíðinni."

[2]) „Stjórn Landsvirkjunar telur vænlegt að nýta tímabundna umframorku fyrirtækisins til að efla nýjar íslenskar útflutningsgreinar sem byggja á mikilli notkun raforku í samkeppni við hliðstæða framleiðslu erlendis. Þetta verði gert með því að veita hlutaðeigandi framleiðslufyrirtækjum tímabundinn afslátt frá gjaldskrárverði, enda noti þau minnst 1 gWh rafmagns á ári. Stjórnin felur forstjóra að leita eftir samningum við slík fyrirtæki um orkuviðskipti og hlutaðeigandi rafveitur um orkuflutning. Við gerð þessara samninga skal leitast við að tryggja að þeir verði til þess að bæta stöðu fyrirtækja í uppbyggingu þannig að hagkvæm nýting raforku til útflutningsframleiðslu geti aukist hraðar og meir en ella.
Samningar skulu háðir samþykki stjórnar Landsvirkjunar hverju sinni og falla úr gildi 1. september 1992. Eigi síðar en tveimur árum áður en þeir eiga að falla úr gildi og að teknu tilliti til framleiðslugetu raforkukerfisins og eftirspurnar eftir raforku tekur Landsvirkjun afstöðu til þess hvort lengja skuli gildistímann."

Sþ. 90. Fyrirspurn [87. mál]

til menntamálaráðherra um ráðstafanir vegna ungmenna sem flosna upp úr skóla.

Frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur.

1. Hvaða ráðstafanir hafa yfirvöld menntamála gert til að aðstoða þá nemendur á skólaskyldualdri sem flosnað hafa upp í skólakerfinu?
2. Eru áætlanir um frekari ráðstafanir? Ef svo er, þá hverjar?

Sþ. 91. Tillaga til þingsályktunar [88. mál]

um heimilisiðnaðarráðgjafa.

Flm.: Snjólaug Guðmundsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún J. Halldórsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að stofna embætti heimilisiðnaðarráðgjafa til starfa á landsbyggðinni. Laun og annar kostnaður vegna starfsins verði greiddur úr ríkissjóði.

Helstu verkefni heimilisiðnaðarráðgjafa verði eftirfarandi:

1. Að kanna stöðu heimilisiðnaðar og minjagripagerðar á landsbyggðinni.
2. Að leita uppi gamlan fróðleik um gerð ýmissa þjóðlegra muna með það að markmiði að þjóðleg handíð varðveitist og þróist áfram.
3. Að veita faglega ráðgjöf með því að efna til námskeiða þar sem kunnáttufólk leiðbeinir um rétt vinnubrögð og handtök við gamla heimilisiðnaðinn og mikilvægi þess að nota hráefni sem er sérstakt fyrir Ísland.
4. Að leggja sérstaka áherslu á vinnslu íslensku ullarinnar með því að standa fyrir tóvinnunámskeiðum.
5. Að sækja aðstoð til hönnuða og hugmyndasmiða í leit að nýsköpun í heimilisiðnaði.
6. Að aðstoða fólk við fjármögnun og markaðssetningu.
7. Að hafa samstarf við atvinnumálaráðgjafa þar sem þeir eru starfandi.

Greinargerð.

Forsenda fyrir sjálfstæði hverrar þjóðar er að hún varðveiti þá menningu sem þróast hefur með henni. Íslendingar státa af glæstum bókmenntaarfi sem þeir hafa lagt mikla rækt við. Það gleymist hins vegar oft að þjóðin byggir menningu sína ekki síður á þeirri verkmennt sem hefur þróast í aldanna rás og að mikilvægt er að hlúa að hinum verklega þætti menningarinnar og varðveita hann. Konur hafa gegnt og gegna enn í dag mikilvægu hlutverki við varðveislu menningarinnar. Þær hafa átt stóran þátt í að ferja þjóðlegan fróðleik, þekkingu og verkkunnáttu frá einni kynslóð til annarrar.

Um árabil starfaði heimilisiðnaðarráðunautur á vegum Búnaðarfélags Íslands sem vann ómetanlegt starf. Handíðaskólinn var settur á stofn árið 1940, en eitt af höfuðmarkmiðum hans var að bjarga því sem bjargað yrði úr fornu listhandverki okkar, auka við það og færa til samræmis við nútímaþarfir. Þróun hans varð reyndar önnur í þessum efnum en ætlað var í upphafi. Húsmæðraskólarnir unnu einnig gagnmerkt starf við handmenntir en síðan flestir þeirra voru lagðir af er engin stofnun á vegum hins opinbera sem sinnir þessu starfi sem skyldi.

Nú eru orðin þau þáttaskil vegna breyttra heimilishátta og fólksfæðar á heimilum að verkkunnáttan berst ekki lengur sjálfkrafa milli kynslóða. Það skiptir því sköpum að þessi þáttur menningarinnar glatist ekki og einhver aðili hafi það hlutverk að hann varðveitist og þróist áfram. Kvennalistinn vill með þessari tillögu benda á mikilvægi þessa þáttar en ekki síður hitt að þessa þekkingu og kunnáttu má nýta til atvinnusköpunar um land allt. Vegna samdráttar í landbúnaði er nú þegar umtalsvert atvinnuleysi í sveitum og fyrirsjáanlegt að það muni enn aukast ef ekki verða fundnar nýjar leiðir til atvinnusköpunar.

Í leitinni að nýjum störfum hefur Kvennalistinn margoft bent á að smáiðnaður af ýmsu

tagi er vænlegur kostur, ekki síst fyrir konur. Ein tegund smáiðnaðar er heimilisiðnaður sem byggir bæði á íslenskri verkmennt og hráefni sem til fellur á heimilunum eða finnst úti í náttúrunni. Með auknum straumi ferðamanna bæði íslenskra og erlendra eykst þörfin fyrir vandaða handunna muni og minjagripi. Sköpunarþrá fólks er alltaf fyrir hendi en liggur þó oft á tíðum í láginni þegar menn sjá ekki þörfina fyrir það sem þeir kjósa að gera og fáir hafa efni á að sinna slíkum störfum ef þeir bera ekkert úr býtum.

Markmiðið með flutningi þessarar tillögu er tvíþætt: Annars vegar að veita sköpunarþránni útrás um leið og þjóðleg verkmennt varðveitist, hins vegar að skapa ný atvinnutækifæri á landsbyggðinni.

Kvennalistakonur telja ráðningu heimilisiðnaðarráðgjafa eina af þeim leiðum sem vænlegt er að fara til að virkja sköpunarþrá fólks og leiðbeina því við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd eftir farvegi sem byggir á þjóðlegri verkkunnáttu.

Sþ. 92. Fyrirspurn [89. mál]

til menntamálaráðherra um fræðslu um réttindi og skyldur á vinnumarkaði.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

1. Er fyrirhugað að taka upp fræðslu um réttindi og skyldur á vinnumarkaði í efsta bekk grunnskóla og framhaldsskólum?
2. Hefur nefnd sú, er mótar stefnu í námsráðgjöf og starfsfræðslu á vegum menntamálaráðuneytis, komið með tillögur um slíka fræðslu, sbr. rökstuðning í nefndaráliti á þskj. 1160 á síðasta þingi er þingsályktunartillögu um réttindi og skyldur á vinnumarkaði var vísað til ríkisstjórnarinnar?
3. Er fyrirhugað að leita samstarfs við Félagsmálaskóla alþýðu og MFA um fræðslu í skólum um réttindi og skyldur á vinnumarkaði?

Nd. 93. Frumvarp til laga [90. mál]

um búminjasafn.

Flm.: Alexander Stefánsson, Friðjón Þórðarson.

1. gr.

Stofna skal búminjasafn er hafi aðsetur á Hvanneyri.

2. gr.

Hlutverk búminjasafns er að safna munum, minjum og hvers konar heimildum er snerta íslenskan landbúnað, varðveita og hafa til sýnis almenningi. Kosta skal kapps um að varðveita hæfilegt sýnishorn véla, tækja og verkfæra og hvers konar annarra búminja sem eru að hverfa eða hætt er að nota vegna breyttra þjóðhátta.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar stjórn safnsins eftir tilnefningu eftirtalinna aðila: Þjóðminjasafns, Búnaðarfélags Íslands, Bændaskólans á Hvanneyri og Bændaskólans á Hól-

um. Einn stjórnarmaður skal skipaður án tilnefningar. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

4. gr.

Ráðherra skipar forstöðumann safnsins eftir tillögu stjórnar þess til sex ára í senn.

Stjórn safnsins ræður safnverði og aðra starfsmenn eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum hverju sinni.

5. gr.

Stjórn búminjasafns og forstöðumanni ber að hafa náið samráð við Þjóðminjasafnið um varðveislu minja og skipulag og starfshætti safnsins.

Þjóðminjasafni er heimilt að varðveita búminjar á búminjasafninu ef það telur varðveislu muna og minja nægilega trygga þar.

6. gr.

Forstöðumaður búminjasafns skal annast kennslu í búnaðarsögu og véla- og verkfærafræði við Bændaskólann á Hvanneyri.

7. gr.

Kostnaður við rekstur búminjasafns greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Menntamálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi búminjasafns.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1991.

Greinargerð.

Á sl. ári varð Bændaskólinn á Hvanneyri 100 ára. Skólinn hefur alla tíð haft mikil áhrif á þróun landbúnaðar á Íslandi og haft forustu um nýjungar í landbúnaði sem nemendur frá skólanum hafa fylgt eftir til framfara í sveitum landsins.

Skólinn hefur ávallt verið undir stjórn hæfustu manna sem af eldmóði hafa mótað uppbyggingu skólans. Hann hefur því hlotið viðurkenningu og virðingu landsmanna og á erlendum vettvangi. Þar er nú starfandi búvísindadeild og enn fremur bútæknideild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Stefnt er að því að starfsemi á rannsóknasviði landbúnaðar verði flutt að Hvanneyri í vaxandi mæli.

Eins og fram kemur í fskj. I frá Bændaskólanum er nú þegar vísir að verkfærasafni við skólann sem mikill áhugi er á og hefur raunar vakið almenna athygli á ýmsum landbúnaðarsýningum. Sökklar undir verkfærasafn eru til við hlið verkfærahúss Bændaskólans og bíða frekari framkvæmda.

Þegar þingmenn Vesturlands heimsóttu skólann haustið 1987 kom fram í umræðum um málefni skólans áhugi á því að tryggja betur möguleika á að koma upp búminjasafni á Hvanneyri sem rekið væri í tengslum við skólann, þar á meðal við kennslu.

Samkvæmt beiðni 1. þm. Vesturlands sendi skólinn greinargerð um sögu safnhugmynda og framkvæmda á því sviði á Hvanneyri frá fyrstu tíð. Þessi ítarlega greinargerð skólans fylgir hér með ásamt bréfi skólastjórans, dags. 11. nóv. 1988.

Þingmenn Vesturlands hafa því ákveðið að flytja þetta frumvarp til laga um stofnun búminjasafns er hafi aðsetur á Hvanneyri. Málið er flutt í neðri deild en þingmenn Vesturlands í efri deild munu fylgja málinu áfram í þeirri deild.

Fylgiskjal I.

Bréf frá Sveini Hallgrímssyni, Bændaskólanum á Hvanneyri, til Alexanders Stefánssonar alþingismanns.

(11. nóv. 1988.)

Efni: Greinargerð um búminjasafn — verkfærasafn, samkvæmt beiðni þinni.

Sendi hjálagt greinargerð um verkfærasafn sem dr. Bjarni Guðmundsson hefur tekið saman.

Eins og fram kemur hafa Bændaskólinn og nú á síðustu árum bútæknideild RALA haft í frammi ýmsa tilburði til að koma hér upp safni. Eins og fram kemur í greinargerð Bjarna er til grunnur með steyptum sökklum undir safnskála. Það væri vissulega ánægjulegt ef hægt væri að ýta þessu áfram. Þá er tvennt sem kemur upp í hugann:

1. Lög um búminjasafn á Hvanneyri.
2. Fjárveiting til að byggja skála yfir safnið.

Búminjasafn á Hvanneyri hefur mikla þýðingu vegna kennslu í véla- og verkfæratæði, auk þess sem það hefur almennt gildi sem safn og tengist starfsemi bútæknideildar RALA.

Ég vil lýsa ánægju minni með þá athygli og þann áhuga sem alþingismenn Vesturlandskjördæmis sýna málefnum Bændaskólans á Hvanneyri.

Dr. Bjarni Guðmundsson:

Verkfærasafnið á Hvanneyri.

Inngangur.

Á Hvanneyri hefur um árabil verið til nokkurt safn gamalla tækja og búvéla. Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til þess að koma fótum undir safnið en enn hefur engin þeirra heppnast að fullu. Ekki þarf að hafa mörg orð um notagildi verkfærasafns. Sú bylting, sem orðið hefur í búnaðarháttum á liðnum áratugum, á sér fyrst og fremst rót í breyttri verktækni. Vélar, verkfæri og áhöld í ýmsum myndum hafa komið fram. Hvert af öðru hafa þau rutt hinum eldri úr vegi svo að áður en varði urðu til „gömul" tæki. Mikla sögu má lesa úr þróun landbúnaðarverkfæranna á þessari öld. Heilleg verður atvinnusaga þjóðarinnar ekki án hennar. Sú saga er enn aðeins að litlu leyti skráð.

Víða hefur bútæknisöfnum verið komið upp erlendis og virðist vaxandi áhugi vera á bútæknisögunni eins og öðru því er snertir rætur nútímans.

Hér á eftir verður fjallað um fáeina þætti er varða málefni verkfærasafnsins á Hvann-

eyri, m.a. í tilefni af því að á liðnum vetri hrundu nokkrir áhugamenn þar málinu lengra fram en áður hafði gerst í einum áfanga.

Forsagan.

Í byrjun þessarar aldar fóru að berast til landsins verkfæri til landbúnaðar. Ekki síst var það á bændaskólunum sem verkfærin voru reynd. Skólastjórar og kennarar höfðu þar forgöngu, oft vegna tengsla sinna við nágrannalöndin og dvalar þar. Frá skólunum barst tæknin síðan út um sveitirnar. Þá má ekki gleyma því að allmikið var um innlenda verkfærasmíð á tímabili, einkum jarðyrkjuverkfæri. Þar fór Torfi í Ólafsdal fremstur. Með merku riti Árna G. Eylands um búvélar og ræktun[1] var saga bútækni á Íslandi fram undir 1950 skráð í mikilvægum atriðum.

Í gegnum árin hafa ýmis verkfæri „orðið til" á Hvanneyri, verkfæri sem á sínum tíma hafa komið þangað til fyrstu reynslu. Flest hinna eldri eru frá tíma Halldórs Vilhjálmssonar skólastjóra (1907–1936), en Halldór var mikill áhugamaður um verktækni og hvers kyns nýjungar á því sviði.[2] Raunar voru forverar hans, þeir Sveinn Sveinsson og Hjörtur Snorrason, einnig forgöngumenn á sviði heyskapartækni. Á skólastjóraárum sínum öndverðum (um 1896) reyndi Hjörtur til dæmis fyrstu heyvinnuvélarnar sem til landsins komu, sláttuvél og rakstrarvél.[1] Þær eru nú löngu glataðar en verkfæri eru til frá tíð Halldórs, svo og frá Ólafsdal eins og nánar verður vikið að.

Lagasetning 1940 — verkfærasafn.

Árið 1940 tóku gildi ný lög um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins (lög nr. 64/1940). Tuttugasta grein laganna var þannig:

„Safni af landbúnaðarverkfærum skal komið upp við Bændaskólann á Hvanneyri undir umsjón verkfæranefndar. Reynt sé að fá sem flestar verkfæraverslanir og verksmiðjur til þess að leggja fram sýnishorn í safnið, en ella skulu keypt til reynslu verkfæri sem ekki fást á annan hátt."

Í greinargerð með frumvarpinu sagði svo um þessa grein:

„Breytingar á þeim vélum og áhöldum sem bændur þurfa að nota í starfi sínu eru á síðari tímum nokkuð örar og margvíslegar. Nýjar hugmyndir koma oft fram á því sviði, ný verkfæri eru flutt inn og smíðuð innan lands o.s.frv. Að fylgjast með öllu þessu er fróðlegt og nauðsynlegt, einkum fyrir alla þá sem leiðbeiningarstörf hafa með höndum. Er því mjög æskilegt að koma upp verkfærasafni þar sem unnt er að fylgjast með öllum nýjungum og breytingum í verkfæragerð. Telur nefndin (er frumvarpið samdi) heppilegt að slíkt safn sé á þeim bændaskólanum sem er nær höfuðstaðnum. Líklegt telur nefndin að unnt sé að fá sýnishorn í safnið frá ýmsum þeim verksmiðjum og verslunum sem smíða eða selja verkfæri og má ætlast til þess að verkfæranefnd geri sitt til að svo verði, en annars þarf nokkra fjárupphæð til þess að kaupa í safnið þau áhöld sem ekki fást á annan hátt."[3]

Með þessari ákvörðun Alþingis var verkfærasafnið á Hvanneyri lögfest sem nýmæli í byrjun hinnar raunverulegu vélaaldar til sveita, fyrst og fremst að því er skilið verður *til þess að kynna nýjustu landbúnaðarverkfæri á hverjum tíma.* Eðlilegur hluti safnsins hlaut hins vegar með tímanum að verða nokkurt safn eldri verkfæra. Safnið var tengt starfi verkfæranefndar er reyna skyldi „ný verkfæri eða breytingar á eldri verkfærum ..." með verkfæratilraunum við „ ... búnaðarskólann á Hvanneyri nema hentara þyki að reyna sérstök verkfæri annars staðar ... " eins og í lögunum sagði.

Ekki er nákvæmlega vitað í hvaða mæli verkfæranefnd sinnti verkfærasafninu. Hins vegar komst safnið inn á fjárlög ársins 1942 með 1.000 kr. framlagi úr ríkissjóði. Hélst það óbreytt allt til fjárlagaársins 1957 að upphæðin var hækkuð í 2.000 kr. Stóð svo til og með fjárlagaárinu 1967. Eftir það var ekki um sérgreinda upphæð til safnsins að ræða. Öll þessi ár var framlagið reiknað Hvanneyrarskóla í samræmi við ákvæði laganna frá 1940. Með nýjum lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965 (Rannsóknastofnun landbúnaðarins), voru hins vegar engin ákvæði um verkfærasafn, þar með var það horfið úr tölu lögbundinna stofnana.

Ríkisframlagið árin 1942–1967 dró verkfærasafnið á Hvanneyri ekki langt og ekki er fullljóst hvernig framlaginu var ráðstafað. Víst er þó að ekki komst safnið á legg sem formleg og áþreifanleg stofnun við skólann með þeim hætti er áðurnefnd lög sögðu fyrir um. Guðmundur Jónsson skólastjóri var þó áhugasamur um málið og viðaði að sér nokkrum merkum verkfærum og áhöldum. Mörg þau verkfæri er skólinn eignaðist og nemendur kynntust og lærðu að handleika, varðveittust og urðu með öðru, er frá leið, vísir að verkfærasafni á skólastaðnum.

Úttekt á Hvanneyri 1972.

Vegna skólastjóraskipta á Hvanneyri 1. september 1972 fól landbúnaðarráðuneytið þeim Jóni Guðmundssyni, bónda á Hvítárbakka, og Bjarna Arasyni, héraðsráðunaut í Borgarnesi, að gera úttekt á eignum skólans. Fór hún fram þá um haustið. Í ítarlegri úttektarskýrslu þeirra félaga segir svo um verkfærasafnið:

„Á Hvanneyri er til mikið safn gamalla landbúnaðartækja. Hér er um að ræða vélar og áhöld sem eru orðin úreld og hafa fallið úr notkun vegna þess, svo sem ýmiss konar jarðvinnslu- og heyvinnutæki er hestum var beitt fyrir, svo og margs konar handverkfæri. Þá eru í þessu safni gamlar dráttarvélar og tæki við þær. Ekki verður dregið í efa að hér er saman komið stærsta safn sinnar tegundar á landinu og að þetta safn hefur mikið sögulegt gildi.

Safn þetta er að nokkru geymt í verkfærahúsinu (gamla) og að nokkru í skemmunni, en sum tækin standa úti undir beru lofti. Aðstaða til geymslu þessara gripa er engan veginn eins og þyrfti að vera þar sem þeir eru ekki varðir gegn skemmdum sem skyldi og engin aðstaða er til að skoða þá.

Mikil þörf er á að bæta hér um og sýna þessu einstæða safni þann sóma að koma því í húsnæði þar sem varðveisla þess væri tryggð og aðstaða væri fyrir hendi til að skoða gripina. Þá þyrfti jafnframt að skrá safnið á viðeigandi hátt en úttektarmenn töldu sig ekki hafa aðstöðu til þess við þær kringumstæður sem voru fyrir hendi."

Skömmu síðar lét Bændaskólinn gera skrá yfir vélar og tæki í safninu. Var hún byggð á spjaldskrá sem Guðmundur Jónsson skólastjóri hafði tekið saman. Skráðir safnmunir árið 1973–1974 reyndust vera 47 að tölu.

Þáttur vélasjóðs.

Með endurskoðuðum jarðræktarlögum, sem lögfest voru 1972, voru felld niður ákvæði laganna um vélasjóð og vélanefnd ríkisins. Vélasjóður hafði þá um árabil annast rekstur á skurðgröfum auk annarra verkefna. Með breyttum tímum varð hans ekki lengur þörf. Vélasjóður átti verðmætar eignir. Skyldi andvirði helmings þeirra lagt í sérstakan sjóð er Búnaðarfélag Íslands varðveitti. Skyldi sjóðnum varið til þess að „... styrkja tilraunir með

álitlegar tækninýjungar í landbúnaði eftir tillögum búnaðarþings ..." eins og í lögunum segir.

Að frumkvæði Haralds Árnasonar vatnsvirkjaráðunautar, þá framkvæmdastjóra vélasjóðs, fékkst heimild landbúnaðarráðherra til þess að verja nokkru af eignum vélasjóðs til þess að kaupa gamlar búvélar og verkfæri og safna þeim saman. Til verksins réðst Karl Auðunsson sem þá var elsti starfsmaður vélasjóðs. Vélasjóður átti verkstæðisbragga í Garðaflóa við Akranes. Braggann keypti Karl og þangað safnaði hann hinum gömlu tækjum og bjó þau til varðveislu.[4)]

Árangurinn af starfi Karls Auðunssonar mátti svo fyrst sjá á þróunarsýningu atvinnuveganna í Laugardalshöll síðsumars þjóðhátíðarárið 1974, en þar voru m.a. sýnd gömul verkfæri sem hann hafði safnað og lagfært. Á sýninguna fóru einnig nokkrar gamlar búvélar frá Hvanneyri. Að sýningu lokinni voru verkfærin síðan flutt að Hvanneyri en þar var þá ekkert geymsluhús til, frekar en áður, er hæfði þessum verðmætum. En með þessu átaki vélasjóðs og þróunarsýningunni 1974 hafði verkfærasafnið vakið athygli margra.

Tilraun til átaks 1976.

Heimamönnum á Hvanneyri rann til rifja umkomuleysi verkfærasafnsins, sérstaklega eftir það framtak vélasjóðs sem að framan var rakið. Veturinn 1976 lögðu því nokkrir starfsmenn Bændaskólans og bútæknideildar RALA á Hvanneyri erindi fyrir búnaðarþing varðandi verkfærasafnið. Búnaðarþing tók vel í erindið og afgreiddi það með svofelldri ályktun:

„Búnaðarþing felur stjórn Búnaðarfélags Íslands að hlutast til um það við landbúnaðarráðuneytið að kannaðar verði leiðir til að efla og reka það safn landbúnaðartækja sem til var komið með lögum nr. 64 7. maí 1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins.

Jafnframt felur þingið stjórninni að gangast fyrir söfnun frjálsra fjárframlaga til þess að unnt verði að reisa geymsluskála fyrir safnið á Hvanneyri þegar á þessu ári."

Greinargerðin með ályktuninni sýnir nánar hvað þingið hafði í huga um hlutverk safnsins og hvernig vinna mætti að málinu:

„Vegna þess að þau lagaákvæði, er lutu að stofnun og rekstri bútækjasafns á Hvanneyri, eru ekki lengur í gildi, virðist óhjákvæmilegt að koma í lög að nýju ákvæðum er tryggi hinn upphaflega tilgang. Í fljótu bragði skoðað virðist sú leið eðlilegust að setja sérstaka grein í lög um búnaðarfræðslu þar sem safnið væri tengt búnaðarskólanum á Hvanneyri sem kennslustofnun öðrum þræði. Yrðu þá safninu að sjálfsögðu settar sérstakar reglur sem kvæðu á um aðild búnaðarskólanna og Þjóðminjasafnsins að stjórn þess og rekstri. Aðrar leiðir geta e.t.v. komið til greina er geri rekstur safnsins mögulegan þótt þær að því er virðist hljóti að vera erfiðari og óeðlilegri.

Gera verður ráð fyrir að nokkurn tíma taki að tryggja stöðu safnsins í lögum og óvíst hvenær opinber fjárframlög til uppbyggingar þess liggja á lausu. Á hinn bóginn þolir málið ekki langa bið þar eð tæki þau og vélar sem safnað hefur verið liggja nú undir skemmdum. Nauðsynlegt er því að hefjast þegar handa um byggingu geymsluhúss fyrir munina á Hvanneyri en bíða ekki eftir því að framtíðarskipan safnsins sé ráðin. Þar sem slíkt húsnæði á ekki að þurfa að verða mjög dýrt má telja líklegt að unnt sé að ná saman með frjálsum framlögum því fé sem til þarf. Eru búnaðarsamtök, svo og innflytjendur landbúnaðartækja, líklegir aðilar til að vilja leggja þessu menningarmáli lið með fjárframlögum, en fleiri koma vafalaust til greina."

Með ályktuninni lagði búnaðarþing fyrst og fremst áherslu á hið sögu- og menningarlega hlutverk safnsins, svo sem eðlilegt var í ljósi breyttra tíma og aðstæðna. Jafnframt benti þingið á að rétt væri að fleiri aðilar en ríki stæðu undir framtakinu, þar á meðal búnaðarsamtökin.

Enn önnur tilraun 1979.

Fátt gerðist í málefnum safnsins eftir ályktun búnaðarþings 1976. Lengst af var þó munað eftir verkfærasafninu í fjárbeiðnum skólans til fjárveitingavaldsins. Liðu svo nokkur ár. Þeir Jónas Jónsson, þá ritstjóri tímaritsins Freys, og Haraldur Árnason vatnsvirkjaráðunautur lögðu mál verkfærasafnsins fyrir búnaðarþing 1979 sem afgreiddi það með svofelldri ályktun:

„Búnaðarþing felur stjórn Búnaðarfélags Íslands að leita eftir samvinnu við Stéttarsamband bænda um að hafa forgöngu um útvegun fjár til stofnunar búvélasafns á Hvanneyri.

Miðað verði við að safnið komist á fót á 90 ára afmæli Bændaskólans á Hvanneyri."

Í greinargerð var vísað til afgreiðslu búnaðarþings á málinu veturinn 1976, en þar segir:

„Þótt ekki hafi orðið af framkvæmdum þykir sjálfsagt að freista þess á nýjan leik að kannað verði til þrautar hvort ekki sé unnt að stofna búvélasafn á Hvanneyri og tengja stofnun þess merku afmæli Bændaskólans á Hvanneyri."

Stjórn Búnaðarfélagsins ákvað á fundi sínum 12. mars 1979 að senda ályktun þessa „ ... til Stéttarsambands bænda og skólastjórans á Hvanneyri og mælast til þess að þeir tilnefni sinn manninn hvor til þess að ræða um frekari framkvæmdir í málinu við fulltrúa Búnaðarfélags Íslands, Harald Árnason".

Stéttarsamband bænda tók málið upp á stjórnarfundi 22. mars sem tilmæli um að sambandið tilnefndi einn mann í nefnd „ ... sem skal hafa forgöngu um útvegun fjár til stofnunar búvéla- og verkfærasafns á Hvanneyri ...". Magnús Sigurðsson á Gilsbakka var tilnefndur en til vara Jón Kr. Magnússon á Melaleiti.

Um svipað leyti var Bjarni Guðmundsson tilnefndur í nefndina fyrir Bændaskólann á Hvanneyri. Var nefndin þá fullskipuð.

Hafist handa.

Nefndin, undir forsæti Haralds Árnasonar, hélt fyrsta fund sinn á Hvanneyri 11. apríl 1979. Þar var m.a. ákveðið að skrifa fjárbeiðnibréf til búvélainnflytjenda, búnaðarsambandanna og Stéttarsambands bænda.

Fyrstu svörin komu frá Stéttarsambandi bænda sem á aukafundi sínum á Hótel Sögu 25.–26. apríl um vorið samþykkti „ ... *að taka þátt í að koma upp húsi yfir véla- og verkfærasafn á Hvanneyri með framlagi að upphæð 1,5 millj. kr.* ...".

Fram kom hjá framsögumanni, Grími B. Jónssyni í Ærlækjarseli, og fleiri fundarmönnum að með fjárframlaginu væri jafnframt verið að minnast 90 ára afmælis Bændaskólans á Hvanneyri. Skömmu síðar var tilkynnt um 500.000 kr. framlag til húsbyggingarinnar frá Kaupfélagi Borgfirðinga. Í báðum þessum samtökum naut málið Magnúsar á Gilsbakka.

Nefndin lét í samvinnu við heimamenn á Hvanneyri kanna helstu kosti varðandi húsagerð og skipulag. Var staðnæmst við tvo þeirra: að byggja sérstaka skemmu og að byggja við verkfærahúsið nýja. Með hliðsjón af skipulagi á staðnum, samtengingu verkfæra-

safns og húsnæðis til bútæknikennslu skólans, svo og framkvæmdakostnaði, var sú ákvörðun tekin af báðum aðilum í október 1979 að byggja við verkfærahúsið svo að þar skapaðist rými fyrir verkfærasafn. Áætlað var að sú viðbót mundi kosta um 29 millj. gamalla kr., en sérstök skemma, 320 fermetrar að stærð, var hins vegar talin kosta um 34 millj. gkr.

Jafnframt var gengið út frá því að skólinn ræki safnið áfram en viðbætur, safnauki og viðgerðir verkfæra yrðu kostaðar af sérstökum fjárveitingum.

Seinni hluta sumars 1980 var hafist handa og þá um haustið var lokið við sökkla að viðbyggingunni. Nam byggingarkostnaðurinn alls 7.623.350 gkr.

Framlög bárust frá ýmsum aðilum, svo sem eftirfarandi yfirlit sýnir:

1979:	Stéttarsamband bænda	1.500.000	gkr.
	Kaupfélag Borgfirðinga	500.000	gkr.
	Búnaðarsamband Kjalarnesþings	50.000	gkr.
	Búnaðarsamband Snæfellinga	50.000	gkr.
	Búnaðarsamband Strandamanna	50.000	gkr.
	Búnaðarsamband Norður-Þingeyinga	50.000	gkr.
	Búnaðarsamband Austurlands	100.000	gkr.
1980:	Búnaðarsamband Borgarfjarðar	250.000	gkr.
	Þjóðhátíðarsjóður	2.000.000	gkr.
1981:	Búnaðarsamband Vestfjarða	3.500	nýkr.
	Búnaðarsamband Suðurlands	3.000	nýkr.

Framlög þessi nægðu fyrir framkvæmdunum haustið 1980. Góð orð um framlög höfðu raunar fengist frá fleiri aðilum, m.a. fyrir áhuga og lempni Haralds Árnasonar. Nauðsynlegt var talið að næsti áfangi framkvæmda yrði sá að reisa veggi viðbyggingarinnar og koma um leið einu þaki yfir allt húsið. Bundu menn vonir við að fá framlag frá ríki til þess verks og reiknað var með framkvæmdinni í fjárlagatillögum skólans. Oftar en einu sinni var sótt um frekara framlag úr Þjóðhátíðarsjóði, hvorugt bar árangur. Í fáum orðum sagt verkið lá þar með niðri og hefur svo staðið allt til þessa: *sökklar húss verkfærasafnsins austan við verkfærahús Bændaskólans bíða frekari framkvæmda.*

Safnið verður til.

Vorið 1987 var hafist handa um lagfæringar á nokkrum vélum safnsins í tilefni af landbúnaðarsýningunni BÚ '87, en þar átti að koma upp sérstakri sögudeild. Þangað fóru vélar og verkfæri úr safninu. Um haustið var ákveðið að verja enn frekari tíma til lagfæringa á safngripum. Forgöngu um það hafði Grétar Einarsson deildarstjóri með öðrum starfsmönnum bútæknideildar, þeim Sigurði Axel Benediktssyni og Haraldi Benediktssyni, sem önnuðust verkið. Gamlar eldri dráttarvélar voru gerðar upp í frumgerð sína, sumar jafnvel gerðar gangfærar, auk þess sem fáein verkfæri voru pússuð upp.

Í verkfærahúsi Bændaskólans var útbúið horn á tveimur hæðum til þess að stilla gripum þessum upp þannig að gestir og gangandi gætu virt þá fyrir sér. Þessi vísir að eiginlegu safni var tilbúinn í maímánuði 1988. Var þá hægt að segja *að komið væri upp verkfærasafn á Hvanneyri.*

Sumarið 1988 vakti safnhornið á Hvanneyri verulega athygli hinna mörgu gesta er þangað komu. Ýmsir hinna eldri hittu þar fyrir gamla kunningja og yngri kynslóðinni þótti forvitnilegt og spennandi að sjá hin fornu tól, ekki síst dráttarvélarnar.

Reynsla hins fyrsta sumars safnsins sýnir ótvírætt hver þörf er á að verkfærasafn sé til og það sé opið almenningi á aðgengilegum stað. Segja má að aðeins eitt verkfæri úr safninu hafi áður verið til sýnis að jafnaði á skólastaðnum. Það var tveggja hesta plógur, smíðaður í Ólafsdal um aldamótin. Plógurinn var gerður upp árið 1986 í umsjá Hilmars Hálfdánarsonar og Trausta Eyjólfssonar, kennara á Hvanneyri. Plógurinn stendur nú í aðalanddyri skólahúss Bændaskólans. Að vísu hefur þúfnabaninn margfrægi einnig verið í alfaraleið staðargesta, skólanum til hóflegs vegsauka.

Kynning — söfnun.

Svo sem þegar er getið hafa vélar og verkfæri úr safninu á Hvanneyri verið lánuð á ýmsar sýningar. Þegar er nefnd þróunarsýningin í Laugardalshöll 1974, en árið 1968 munu fáein gömul verkfæri frá Hvanneyri hafa verið til sýnis á landbúnaðarsýningunni í Reykjavík. Nokkur verkfæri voru og sýnd á landbúnaðarsýningunni á Selfossi 1978.

Fjáröflunarnefndin frá 1979 birti grein um safnið í tímaritinu Frey og nauðsyn þess að halda til haga gömlum verkfærum.[5)] Nokkur viðbrögð urðu og ábendingar komu um verkfæri en ekki var unnt að taka við þeim sakir húsnæðisleysis. Sum þessara verkfæra fást á safnið þegar úr rætist með húsnæði þess. Vorið 1988 var birt grein um safnið í blaði Hvanneyringa, Hve-nær, en blaði þessu var m.a. dreift á öll býli í landinu.[6)] Þá fékk safnið ágæta umfjöllun í útvarpi vorið 1988. Allt hefur þetta ýtt undir áhuga manna á safninu. Áþreifanlegt dæmi um þann áhuga er m.a. myndarleg peningagjöf 25 ára búfræðinga frá Hvanneyri til safnsins á liðnu sumri. Vonandi verður léttara að vinna málinu framgang á næstu árum en verið hefur.

Þótt hér hafi einkum verið fjallað um vélar og verkfæri sem safngripi má geta þess að nokkuð hefur verið gert af því á Hvanneyri að halda til haga myndum, veggspjöldum, bæklingum og öðrum gögnum um búvélar frá ýmsum tímum. Þar átti Ólafur Guðmundsson mikinn hlut að máli er hann starfaði sem framkvæmdastjóri verkfæranefndar ríkisins og síðar deildarstjóri bútæknideildar RALA. Allt er þetta safn óskráð enn auk þess sem mikið verk er óunnið við að taka saman frekari gögn er snerta þróun verkfæra og verktækni í íslenskum landbúnaði.

Nokkrar heimildir:

1. Árni G. Eylands, 1950. *Búvélar og ræktun.* Bókaútgáfa Menningarsjóðs, bls. 475.
2. Guðmundur Jónsson, 1939. *Hvanneyrarskólinn fimmtíu ára*, bls. 251.
3. *Stjórnartíðindi*, 1939. A-deild, bls. 141.
4. Haraldur Árnason, 1973. Verkfæraráðunauturinn. *Búnaðarrit*, 87. árg., bls. 121.
5. Bjarni Guðmundsson, 1979. Hyggið að gömlu vélunum! Ábending um eflingu væntanlegs búvélasafns. *Freyr*, 75(14), 456–458.
6. Haraldur Benediktsson og Sigurður Axel Benediktsson, 1988. Búvélasafn á Hvanneyri. *Hve-nær*, 4. árg., bls. 26–27.

Fylgiskjal II.

Úr umsögnum um frumvarpið.

1. Frá Búnaðarsambandi Borgarfjarðar.

Á aðalfundi Búnaðarsambands Borgarfjarðar sem haldinn var að Hvanneyri 28. apríl 1989 var eftirfarandi tillaga samþykkt samhljóða:

„Aðalfundur Búnaðarsambands Borgarfjarðar haldinn að Hvanneyri 28. apríl 1989 samþykkir að skora á Alþingi að lögfesta sem fyrst fyrirliggjandi frumvarp um búvélasafn á Hvanneyri.

Jafnframt lýsir fundurinn yfir ánægju sinni með þann áfanga sem náðst hefur í samstarfi Bændaskólans og RALA-bútæknideildar í varðveislu gamalla véla og hvetur til áframhaldandi vinninga á þessu sviði."

2. Frá Bændskólanum á Hvanneyri.

Á fundi staðarstjórnar Bændaskólans á Hvanneyri 30. mars 1989 var samþykkt að mæla eindregið með því að frumvarpið yrði samþykkt.

Rökstuðning fyrir þessu er að finna í fylgiskjali með frumvarpinu. Áréttað skal þó að búminjasafn á Hvanneyri hefði mikla þýðingu fyrir kennslu í véla- og verkfærafræði, auk þess sem það hefur almennt gildi sem safn og fellur vel að starfsemi skólans og að starfsemi bútæknideildar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

3. Frá Búnaðarfélagi Íslands.

Eftirfarandi ályktun búnaðarþings 1989 um frumvarp til laga um búminjasafn sendist yður hér með að ákvörðun stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

„Búnaðarþing mælir eindregið með að lögfest verði frumvarp til laga um búminjasafn."

4. Frá þjóðminjaverði.

Hinn 26. janúar 1989 sendi ég félagsmálanefnd sameinaðs Alþingis greinargerð um þingsályktunartillögu á þskj. 102 um stofnun búminjasafns á Hvanneyri. Mun umsögn mín nú verða mjög í sama anda og um téða þingsályktunartillögu, enda beinist tillagan og lagafrumvarpið að einu og sama markmiði.

Lagafrumvarpið gerir ráð fyrir alhliða búminjasafni að því er helst verður séð, án þess að það orð sé frekar skilgreint. Virðist því svo sem hér sé gert ráð fyrir hvers kyns búminjum, þ.e. alls konar munum sem notaðir voru og eru við landbúskap. Mundu þá falla undir það amboð, tæki og áhöld til mjólkurvinnslu og matargerðar og jafnvel það sem heyrir til húsagerð og byggingum fyrrum.

Hins vegar þykir mér líklegra að flutningsmenn hafi hér einkum í huga landbúnaðartækjasafn, en nú þegar er til vísir að slíku safni á Hvanneyri sem komið hefur þangað á löngu árabili, þó ekki verið safnað mjög markvisst að því er ég ætla, enda hefur víst lengst af enginn sérstakur annast safnið né séð um uppbyggingu þess. Er nokkuð sagt í greinargerð um sögu þessarar söfnunar.

Við og við hefur þetta safn á Hvanneyri komið til opinberrar umræðu, einkum í sambandi við búnaðarþing, en oftar en einu sinni hefur verið flutt tillaga á þinginu um eflingu safnsins á Hvanneyri. Hef ég að minnsta kosti tvívegis gefið umsögn að beiðni um tillögurnar og tekið svo jákvætt í þær sem mér var unnt, en þær munu víst hafa verið af-

greiddar með því að skora á fjárveitingavaldið um aukin fjárframlög til safnsins. Oftast hefur síðan lítið meira gerst í málinu.

Allmörg ár eru síðan ég skoðaði þau tæki sem safnað hafði verið að Hvanneyri. Var ég hrifinn af þessari hugmynd sem þarna var unnið að þótt framkvæmdinni væri ábótavant. Þar bar mest á gömlum dráttarvélum og heyvinnuvélum frá upphafi vélaaldar en sumt voru hestatæki. Mjög lítið eða nánast ekkert sá ég af handverkfærum eða áhöldum enda hygg ég að aðaláherslan hafi alla tíð verið lögð á vélarnar og hestatækin, sem sagt hina stærri hluti. Safnið var þá geymt í skemmu við heldur illan aðbúnað og vart hægt að segja að tækin hafi verið varin skemmdum þar sem þarna var þá geymt fleira óskylt og óhollt þeim, svo sem áburður.

Úti í túni stóð eini þúfnabaninn sem nú er til hérlendis, en því miður í herfilegu ástandi og segir í greinargerð frumvarpsins að hann sé skólanum til hóflegs vegsauka, enda nánast hamsarnir einir.

Mér rann til rifja að sjá aðbúnað og umhirðu þessara tækja þar sem ég hef sjálfur mikinn áhuga á að varðveitt verði sem best sýnishorn tækja frá upphafi vélaaldar hérlendis. Hefur Þjóðminjasafnið látið sig það mál nokkru skipta og það bjargað fáeinum slíkum tækjum af búvélasviði.

Mér þótti ljóst að Hvanneyrarskólinn hefði lítið fjármagn til að sinna þessu tækjasafni. Slík stofnun hlýtur að láta kennslu og rannsóknir henni tengdar sitja í fyrirrúmi, og alkunna er að opinberum stofnunum er yfirleitt svo þröngt markaður bás hvað snertir fjárveitingar að lítið svigrúm er til annars en hins nauðsynlegasta. Því verða aukaverkefni, sem menn vildu oft gjarnan vinna að, að sitja á hakanum. Ekki var heldur um að ræða að neinn starfsmaður annaðist sérstaklega þetta tækjasafn, en ekki er við að búast að menn í fullu starfi bæti á sig söfnun, viðgerðum og endursmíð slíkra véla.

Mér er vel ljóst hvert gífurlegt verk er að koma tækjum sem þessum í gott og sýningarhæft stand þar sem yfirleitt er reglan að véltæki séu sett í gangfært stand og oftast eins og þá er þau voru ný. Véltæki, sem eru niðurnídd eftir að hafa legið áratugi úti og ryðgað niður, hafa hvorki heimildargildi né sýningargildi í því ástandi. Er fróðlegt að kynnast hvernig farið er að erlendis í slíkum tilvikum.

Ég vil lýsa fullum stuðningi við frumvarp þetta en hitt bið ég menn að gera sér ljóst að safnið verður að kosta talsverða fjármuni. Eigi þetta að verða meira en nafnið tómt þarf að koma til mikið fé og mikill mannafli við safnið.

Í svari mínu til félagsmálanefndar sló ég lauslega fram að slíkt safn þyrfti 22 milljónir króna í stofnframlag. Er ljóst að safnið þarf stóran, bjartan og upphitaðan sýningarsal og vel búið verkstæði og stóra skemmu til að geyma í óuppgerðar vélar og hluta í þær. Þá þarf að gera ráð fyrir starfsliði, forstöðumanni, sem sæi um rekstur, skipulag og skráningu muna, einn mann þarf til að annast sýningu safnsins og móttöku aðgangseyris og einn mann í fullu starfi og annan í hálfu starfi til að vinna að öflun og viðgerðum véltækja, standsetningu og að gera þær sýningarhæfar.

Tel ég að verði ekki séð fyrir fjármögnun safnsins og að gera það vel úr garði þegar í upphafi sé verr farið en heima setið. Næg dæmi eru um að settar séu á laggirnar stofnanir sem síðast fást nánast engir fjármunir til, hvorki til reksturs né uppbyggingar þannig að þær verða lítið meira en nafnið tómt, öllum til armæðu.

Vil ég fara nokkrum um einstakar greinar lagafrumvarpsins.

1. gr. — Athugandi er hvort safnið ætti ekki fremur að heita bútækjasafn en búminjasafn þar sem væntanlega yrðu aðallega hin stærri landbúnaðartæki í safninu. Hin minni

áhöld, sem fyrr er minnst á, er nú orðið nær ógerningur að fá, þau sem eru til eru nánast öll komin á söfn.

Jafnframt þarf að kveða ákveðið á um stöðu safnsins, hvort það skal vera hluti skólans eða sjálfstæð stofnun. Verði það hluti skólans þarf að ganga tryggilega frá því að fjárframlög til safnsins verði skilin frá fjárframlögum til skólans eða skýrt afmörkuð á fjárlögum þannig að ekki sé hætta á að það verði innan tíðar utangarðs hvað snertir rekstrar- og uppbyggingarfé.

2. gr. — Hér er kveðið á um hlutverk safnsins en eins og ég segi hér áður er nú erfitt eða nær ógerningur að afla nokkurs að ráði af munum frá íslenskum landbúnaði fyrrum, þ.e. fyrir vélaöld, þar sem þeir gripir eru nær allir komnir á söfn nú þegar en meiri hlutinn að sjálfsögðu glataður.

Hvað snertir „hvers konar heimildir er snerta íslenskan landbúnað" sem segir í frumvarpinu þá má hér minna á að þjóðháttadeild Þjóðminjasafnsins hefur um áratuga skeið safnað þjóðháttaheimildum þar sem landbúnaður og líf og störf til sveita sitja nánast í fyrirrúmi. Nú er jafnframt verið að skrá þjóðháttasaögu landbúnaðarins. Er því mjög óvíst hvort rétt sé að leggja hér áherslu á alhliða heimildaöflun um búnaðarsögu, heldur beri frekar að efla það starf sem hér er unnið að í Þjóðminjasafni.

Í þessari grein eru sérstaklega nefnd sýnishorn véla sem safnið eigi að safna og varðveita og það tel ég að hljóti í reynd að verða aðalmarkmið safnsins, búvélasafn og safn hestaverkfæra fyrir vélaöld.

3. gr. — Stjórn safnsins virðist eðlilega hugsuð, en ég vildi þó leggja til að Byggðasafn Borgarfjarðar tilnefni einn stjórnarmann þar sem mikilvægt er að milli þessara safna sé föst samvinna.

4. gr. — Hér þarf að gera ráð fyrir að þótt forstöðumaður sé ráðinn til sex ára megi endurráða hann enda verða ekki gripnir upp nýir, góðir safnmenn á þessu sviði, á sex ára fresti ef ætlunin hefur verið að skipta svo ört um.

6. gr. — Hér ber að hafa í huga að forstöðumaður sé fyrst og fremst safnmaður sem sinni þá kennslu eftir því sem aðstæður leyfa en ekki að manni sem fyrst og fremst er kennari, sé falin forstaða safnsins svo sem að framan greinir. — Ljóst er að mikil tengsl verða milli safnsins og skólans hvort sem safnið verður hluti hans eða meira sjálfstæð stofnun.

Vil ég endurtaka að ég mæli með samþykkt frumvarpsins með þeim athugasemdum sem ég hef gert og tel að hér verði að vinna vel og myndarlega að málum ef þau verða unnin á annað borð.

5. Frá Bændaskólanum á Hólum í Hjaltadal.

Fyrir hönd bændaskólans á Hólum er fagnað þessu frumvarpi og tekið undir mikilvægi þess og hlutverk.

Þróun á vélum, tækjum og tækni til landbúnaðarstarfa á þessari öld og þeirri 19. hefur orðið geysimikil og eru þættir í sögu iðnvæðingar á Íslandi, búháttabreytinga, gjörbreyttum lifnaðarháttum og þjóðfélagsskipan.

Söfnun og varðveisla verkfæra og tækja frá þessum tíma ásamt vitneskju um notkun þeirra hefur sígilt gildi fyrir atvinnuveginn sjálfan.

Hugmyndir hafa verið uppi um söfnun og vörslu landbúnaðarverkfæra og tækja á Hólum og þá í samráði við þáverandi sýslunefnd Skagafjarðar og byggðasafnið í Glaumbæ.

Þessar hugmyndir eru engan veginn eins stórtækar og frumvarpið gerir ráð fyrir á Hvanneyri.

Telja verður eðlilegt að búminjasafnið eigi sér höfuðmiðstöð á Hvanneyri. Skólinn og staðurinn hér gæti vel tengst því, t.d. með því að á Hólum væru sérstakar deildir, svo sem tæki og búnaður tengdur hrossum, reiðmennsku og notkun hrossa til dráttar og burðar.

Þá mætti hugsa sér deild fyrir veiðarfæri og búnað til veiða í ám og vötnum.

Hugsanleg söfnun og varðveisla muna á Hólum í samstarfi við byggðasafnið í Glaumbæ ætti vel að geta tengst starfinu við búminjasafnið á Hvanneyri.

6. Frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

I.

Ríkissjóður hefur fram til þessa ekki fjármagnað að fullu eða borið ábyrgð á rekstri safna er eingöngu hafa með höndum varðveislu minja og annarra hluta er tengjast atvinnusögu einstakra atvinnugreina. Þó hefur Sjóminjasafnið í Hafnarfirði nokkra sérstöðu, en þar stendur framlag ríkisins, sem er 3.500 þús. kr., undir almennum rekstrarkostnaði safnsins. Hús safnsins er í eigu Hafnarfjarðarbæjar, en safnið hefur fengið endurgjaldslausa notkun af því til 12 ára og er það mótframlag bæjarsins við þann kostnað sem ríkið lagði í endurgerð hússins á sínum tíma.

Mjög fá söfn eru í landinu sem sérhæfa sig í sögu einstakra atvinnugreina. Þó eru nokkur sjóminjasöfn í landinu og hefur ríkið styrkt rekstur þeirra með framlögum á fjárlögum. Auk þeirra eru ýmis byggðasöfn sem ekki sérhæfa sig í atvinnusögu einstakra atvinnuvega. Þessi sjóminja- og byggðasöfn, 19 talsins, fá styrki á fjárlögum ársins 1989 samtals að fjárhæð 7.000 þús. kr. Auk þessara sjóminjasafna og byggðasafna fá nokkur önnur söfn, sem ekki eru listasöfn, styrki að fjárhæð samtals 1.730 þús. kr.

Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar gerir ráð fyrir að ríkissjóður beri alfarið ábyrgð og kostnað af rekstri búminjasafns. Hér yrði því um talsverða breytingu að ræða hvað varðar skuldbindingar ríkisins og spurning er hvort ekki væri ástæða til að líta á málið út frá almennara sjónarmiði um varðveislu minja og annars er tengist undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar.

II.

Um þessar mundir er unnið að endurskoðun laga um Þjóðminjasafn Íslands. Frumvarp það sem hér er til umsagnar gerir ráð fyrir að búminjasafn yrði rekið í nánu samstarfi við Þjóðminjasafn. Það er því spurning hvort ekki væri ástæða til þess að þetta mál yrði skoðað með tilliti til þeirrar endurskoðunar sem nú er í gangi á lögum um Þjóðminjasafn Íslands og þá hvaða hlutverki Þjóðminjasafni beri að gegna gagnvart minjum úr atvinnusögu einstakra atvinnugreina og á sviði tækniþróunar þeirra.

III.

Samkvæmt frumvarpi því er hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að búminjasafnið verði á Hvanneyri. Samkvæmt greinargerð með því eru fyrir hendi margir munir á Hvanneyri sem tengjast sögu og tækniþróun í landbúnaði hér á landi. Ef ríkissjóður hyggst ráðast í stofnun og rekstur safns af þessu tagi má ætla að hagkvæmast væri að það yrði rekið í nánum tengslum við búnaðarskólann, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Með því móti gæfust möguleikar á að samnýta bæði starfskrafta skólans og húsnæði. Einnig mætti hugsa sér að nemendur skólans gætu þá tekið virkan þátt í varðveislu og viðgerðum á

tækjum og munum safnsins. Þannig mætti halda rekstrarkostnaði safnsins í lágmarki samtímis að nýta safnið á virkan hátt í skólastarfinu.

IV.

Erfitt er að gera sér hugmyndir um hver kostnaður yrði af stofnun og rekstri safnsins. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðinn verði forstöðumaður að safninu auk þess sem safnið hefði fimm manna stjórn. Einnig verður að gera ráð fyrir a.m.k. einu ársverki til viðbótar vegna almennrar umsjónar með safninu auk þess sem reikna má með að starfsmenn yrðu tveir um sumartímann, en þá er líklegt að aðsókn að safninu yrði hvað mest. Samkvæmt þessu yrði um tvö og hálft ársverk að ræða auk þóknunar til stjórnarmanna. Miðað við þetta má ætla að árlegur launakostnaður yrði um 3.500 þús. kr. á núgildandi verðlagi. Til viðbótar kæmi annar rekstrarkostnaður.

Stofnkostnað við safnið er erfitt að meta þar eð ekki er fullljóst hversu mikið húsnæði nauðsynlegt yrði að byggja og heldur ekki hversu vandað það þyrfti að vera. Ef miðað er við að byggt yrði á þeim húsgrunni sem nú þegar er fyrir hendi og að stærð húsnæðis takmarkist við hann, þ.e. 320 fermetra, má ætla að byggingarkostnaður án innréttinga næmi um 9.600 þús. kr. á núgildandi verðlagi eða um 30 þús. kr. á fermetra.

7. Frá Félagi íslenskra safnmanna.

Félag íslenskra safnmanna hélt almennan félagsfund 8. mars 1988 til þess að fjalla um erindi yðar, dags. 22. febrúar 1989, þar sem óskað er eftir umsögn félagsins um frumvörp til laga um búminjasafn og til þjóðminjalaga.

1. Varðandi frumvarp til búminjalaga vísar félagið til umsagnar sinnar dags. 26. janúar 1988 til félagsmálanefndar Alþingis um þingsályktunartillögu um sama efni. Félagið leggur áherslu á að óeðlilegt er að sérstök lög verði sett um búminjasafnið. Slíkt safn á að falla undir það heildarskipulag safnamála sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til þjóðminjalaga. Vísast í því sambandi til II. kafla frumvarps til þjóðminjalaga sem fjallar um Þjóðminjasafn Íslands og byggðasöfn, en þar segir í lok 4. gr.: „Deildir safnsins geta haft stöðu sérstakra safna svo sem Sjóminjasafn Íslands og Tækniminjasafn Íslands. Skulu þau þá lúta ákvæðum þessara laga um byggðasöfn.“ Eðlilegast væri að búminjasafnið á Hvanneyri hefði sambærilega stöðu við þau söfn sem hér eru nefnd og ætti þá sérstök lagasetning um safnið að vera óþörf, enda ekki að vita nema lagasetning um fjölda einstakra safna gæti fylgt í kjölfarið.

2. Viðvíkjandi frumvarpi til þjóðminjalaga var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða á fundinum:

„Félagsfundur í Félagi íslenskra safnmanna lýsir ánægju sinni með framkomið frumvarp til þjóðminjalaga. Félagið fékk frumvarpið til umsagnar sl. vor og fagnar því að tillit var tekið til þeirra athugasemda sem félagið gerði við frumvarpið eins og það lá þá fyrir. Síðan hefur frumvarpið enn tekið nokkrum breytingum og eru þær flestar til bóta.

Engum hefur verið það ljósara en safnmönnum hve brýn þörf hefur verið á endurskoðun þjóðminjalaganna og nýju heildarskipulagi fyrir minjavörsluna í landinu. Að frumkvæði félagsins var hafist handa um endurskoðun þjóðminjalaga í byrjun þessa áratugar. Starfsemi félagsins á árunum 1981–1983 byggðist fyrst og fremst á umræðum og undirbúningsvinnu við gerð nýrra þjóðminjalaga. Endanleg gerð frumvarpsins var unnin af þeim Friðjóni Guðröðarsyni, Gunnlaugi Haraldssyni og Þór Magnússyni. Þetta frumvarp dagaði uppi í stjórnkerfinu. Það er einlæg ósk okkar að þetta nýja frumvarp hljóti ekki

sömu örlög. Það yrði ekki aðeins áfall fyrir safnmenn í landinu, sem horft hafa vonaraugum til nýrrar lagasetningar, heldur yrði það einnig dragbítur á framþróun minjaverndar í landinu."

Félagið þakkar fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að fjalla um frumvörp þessi.

Nd. 94. Frumvarp til laga [91. mál]

um tímabundna lækkun tolls af bensíni.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka toll á bensíni sem flokkast í tnr. 2710.0012 og 2710.0019 í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, úr 50% í allt að 30%.

Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að ákveða að lækkun tolls skuli gilda frá 1. október 1990.

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað og skulu gilda til 31. desember 1990.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í bréfi, sem fjármálaráðherra ritaði verðlagsráði 5. okt. sl., skýrði hann frá því að hann mundi beita sér fyrir breytingu á tollalögum þannig að hlutur ríkisins af aðflutningsgjöldum og virðisaukaskatti hækki ekki í krónutölu frá því sem var við síðustu verðlagningu bensíns. Í fylgiskjali með frumvarpi þessu er bréf fjármálaráðherra til verðlagsráðs birt.

Þessi ákvörðun fjármálaráðherra og ríkisstjórnarinnar er tekin í samráði við helstu samtök launafólks og samtök atvinnurekenda og er ætlað að styrkja það samkomulag um kjaramál sem kennt er við „þjóðarsátt".

Verði frumvarp þetta að lögum er gert ráð fyrir að þau gildi til áramóta en ætla má að heimsmarkaðsverð á olíu lækki til muna á þeim tíma frá því háa verði sem spákaupmennska í tengslum við Persaflóadeiluna hefur nú leitt til. Frumvarp þetta er lagt fram vegna óvissunnar í olíumálum á heimsmarkaði um þessar mundir. Samkvæmt gildandi reglum er veittur gjaldfrestur á innflutningsgjöldum af bensíni og er því lagt til í frumvarpinu að heimildin um tímabundna tollalækkun verði afturvirk frá 1. október. Gert er ráð fyrir að heimildin gildi til 31. desember 1990.

Tollur af bensíni er nú 50% en að samþykktu þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að heimilt verði að lækka hann í um 30–35%. Þetta mun hafa í för með sér um 50 milljóna króna tekjutap á mánuði fyrir ríkissjóð þrátt fyrir hærri tekjur af bensíngjaldi og virðisaukaskatti vegna hærra innkaupsverðs.

Fulltrúar ASÍ, BSRB og VSÍ hafa að undanförnu rætt við ríkisstjórnina og fjármálaráðuneytið um þessi mál. Þeim viðræðum til grundvallar hefur legið mat ráðuneytisins á áhrifum hærra bensínverðs á verðlag og afkomu ríkissjóðs. Aðilar hafa verið sammála um að varanleg hækkun á bensínverði hafi veruleg áhrif á öllum sviðum efnahagslífsins, þar á meðal valda tekjuskerðingu hjá ríkissjóði.

Jafnframt er rétt að benda á að hagfræðingar og alþjóðlegar hagstofnanir hafa ítrek-

að varað við því að gripið sé til opinberra aðgerða í því skyni að greiða niður til langs tíma hækkun olíuverðs til neytenda. Þessi sjónarmið komu m.a. fram í máli fulltrúa á ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins nýverið. Í samþykktum ársfundarins segir m.a. að „tilraunir til að halda niðri olíuverði í einstökum ríkjum með niðurgreiðslum eða verðlagshöftum, eða að bæta upp hærra olíuverð með krónutöluhækkunum í kaupi“ muni „aðeins efla verðbólgutilhneigingar“ í hagkerfi hvers ríkis og verða til þess að síðar meir yrði þörf á „harðneskjulegri aðgerðum í peninga- og skattamálum“ en ella.

Fylgiskjal.

Bréf fjármálaráðherra til verðlagsráðs.

(5. okt. 1990.)

Að undanförnu hafa aðilar vinnumarkaðarins átt í viðræðum við fulltrúa ríkisstjórnarinnar og fjármálaráðuneytis um verðlagningu á bensíni og áhrif verðhækkunar á efnahagsjafnvægi í landinu. Til grundvallar í þessum umræðum hefur legið mat ráðuneytisins á áhrifum hærra bensínverðs á verðlag og afkomu ríkissjóðs. Aðilar eru sammála um að varanleg hækkun á olíuverði geti valdið tekjuskerðingu hjá ríkissjóði líkt og á öðrum sviðum efnahagslífsins.

Vegna óvissunnar í olíumálum á heimsmarkaði um þessar mundir hefur fjármálaráðherra fallist á að leggja fyrir Alþingi frumvarp um tímabundna lækkun á bensíntollum. Jafnframt er rétt að hafa í huga að ítrekað hefur verið varað við því að gripið sé til opinberra aðgerða í því skyni að greiða niður um lengri tíma hækkun olíuverðs til neytenda. Þessi sjónarmið komu fram í máli fjármálaráðherra og annarra fulltrúa á ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins nýverið og í samþykktum ársfundarins.

Ríkisstjórnin fjallaði um málið á fundi sínum 4. október og lýsir sig reiðubúna til að veita fjármálaráðherra heimild til þess að lækka álagningu innflutningstolla á bensín tímabundið.

Með bréfi þessu staðfestir fjármálaráðherra, að hann mun beita sér fyrir nauðsynlegum breytingum á tollalögum þannig, að hlutur ríkisins af tollum og virðisaukaskatti af innflutningsverði á bensíni hækki ekki frá því sem gilti til 1. október. Þessi ákvörðun ein sér rýrir tekjur ríkissjóðs af bensíni um 50 m.kr. á mánuði. Ákvörðunin er tekin í trausti þess að hækkun heimsmarkaðsverðs á olíu haldist óbreytt út þetta ár komi ekki til frekari hækkunar á olíuverði. Gert er ráð fyrir að þessi lagaheimild falli úr gildi 31. desember 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Ed. 95. Frumvarp til laga [92. mál]

um ábyrgð vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast hluta Íslands, allt að fjárhæð 8.050.000 SDR, gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna fjárfestingarlána og fjárfestingarábyrgða til verkefna utan Norðurlanda.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ganga frá samningi við Norræna fjárfestingarbankann um ábyrgð skv. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 77/1982 og 69/1986, um ábyrgð vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna, var ríkisstjórninni f.h. ríkissjóðs heimilað að ábyrgjast hluta Íslands gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna fjárfestingarlána og fjárfestingarábyrgða til verkefna utan Norðurlanda. Hafði ráðherranefnd Norðurlanda áður breytt samþykktum fyrir bankann með tilliti til þessa. Á grundvelli þessara tvennra laga gerði Ísland síðan ábyrgðarsamninga við bankann.

Vegna aukinna umsvifa hefur ráðherranefndin samþykkt að hækka hámarksheimild bankans vegna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlanda og ábyrgða á slíkum lánum úr 700 milljónum sérstakra dráttarréttinda (SDR) í 1.000 milljónir SDR. Af þessum 1.000 milljónum ábyrgjast Norðurlöndin 900 milljónir, mest 90% af hugsanlegu lánsfjártapi. Við þetta eykst ábyrgð Íslands vegna ofangreindrar verkefnastarfsemi enn einu sinni, nú úr 5.350.000 í 8.050.000 SDR.

Með frumvarpi þessu er með sama hætti og áður leitað eftir lagaheimild fyrir auknингu ábyrgðar. Á grundvelli slíkrar heimildar yrði síðan gerður nýr ábyrgðarsamningur milli Íslands og bankans. Sá samningur mundi leysa eldri samning milli aðilanna af hólmi.

Sem fylgiskjal með lagafrumvarpi þessu eru birtar breytingar á samþykktum fyrir bankann sem tengjast ofangreindri ábyrgðaraukningu, svo og tvær aðrar breytingar. Önnur snertir nafn bankans á ensku en hin varamenn.

Fylgiskjal.

Breytingar á samþykktum fyrir Norræna fjárfestingarbankann.

Ráðherranefnd Norðurlanda hefur ákveðið eftirfarandi breytingar á samþykktum Norræna fjárfestingarbankans:

a. 1. gr. orðist svo:
   Markmið Norræna fjárfestingarbankans, sem á ensku heitir Nordic Investment Bank og hér á eftir verður nefndur bankinn, er að veita lán og ábyrgðir með bankakjörum og samkvæmt almennum þjóðhagslegum sjónarmiðum með það í huga að hrinda í framkvæmd fjárfestingaráformum og efla útflutning í þágu Norðurlandaþjóða.

b. 1. og 2. mgr. 6. gr. orðist svo:
   Bankinn getur veitt lán og ábyrgðir sem nema allt að 250 hundraðshlutum af stofnfé.

Að auki getur bankinn veitt fjárfestingarlán til verkefna og ábyrgðir á fjárfestingarlánum til verkefna skv. 6. gr. A sem nema allt að jafnvirði 1.000 milljóna SDR.

c. 6. gr. A orðist svo:
Samkvæmt ákvörðun stjórnar má veita lán og ábyrgðir til fjárfestinga utan Norðurlanda sem fjárfestingarlán til verkefna og ábyrgðir á fjárfestingarlánum til verkefna. Þátttökuríkin bera tjón bankans af slíkum lánum og ábyrgðum allt að eftirtöldum fjárhæðum: Danmörk 200.925 milljónum SDR, Finnland 167.400 milljónum SDR, Ísland 8.050 milljónum SDR, Noregur 175.860 milljónum SDR og Svíþjóð 347.765 milljónum SDR. Ábyrgð þátttökulandanna nemur þannig hæst 90% af lánsfjártapi vegna sérhvers fjárfestingarláns til verkefnis. Greiðsla fer fram, þegar stjórnin svo óskar, í samræmi við samning sem gerður er milli bankans og sérhvers þátttökulands.

Leggja skal til hliðar fjármuni í sérstakan lánsáhættusjóð vegna veittra ábyrgða á fjárfestingarlánum til verkefna. Skal fyrst reynt að fá greitt úr sjóðnum þegar tjón verður vegna fjárfestingarlána til verkefna og vegna ábyrgða á fjárfestingarlánum til verkefna.

d. 2. málsl. 2. mgr. 11. gr. orðist svo:
Hvert ríki tilnefnir á sama hátt tvo varamenn.
Síðari hluti 2. málsl. 5. mgr. 11. gr. orðist svo:
... en varamaður frá sama ríki hefur atkvæðisrétt í fjarveru aðalmanns.

Nd. 96. Frumvarp til laga [93. mál]

um afnám laga nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga.

Flm.: Hreggviður Jónsson, Ingi Björn Albertsson,
Kristinn Pétursson, Ellert Eiríksson.

1. gr.

Lög nr. 83 1. júní 1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, falla úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þjóðarbókhlöðuskattinn á að leggja niður. Með álagningu hans er fólki freklega mismunað. Skatturinn leggst hvað þyngst á einhleypinga og þá sem hafa sýnt ráðdeild og sparsemi. Það er óverjandi að mönnum skuli refsað fyrir að fara vel með fjármuni sína og eignir. Þeim sem lagt hafa áherslu á að eiga skuldlaust íbúðarhúsnæði er nú hegnt fyrir það, en það er í flestum tilfellum grundvöllur eignarskatta almennings. Þá er skatturinn miklu hærri á íbúum Reykjaness og Reykjavíkur eða 79,1% af álagningu ársins 1989 (tölur fyrir 1990 liggja ekki fyrir) sem byggist fyrst og fremst á miklu hærra fasteignamati íbúða á því svæði. Framlög til Þjóðarbókhlöðunnar og endurbóta á menningarbyggingum á að greiða eins og önnur útgjöld úr ríkissjóði án sérstakrar skattlagningar.

Athyglisvert er að eignir þeirra hjóna, sem greiða þjóðarbókhlöðuskattinn, bera 132 millj. kr. lægri skatt en ef eignirnar væru í eigu einhleypinga. Hver einhleypingur greiðir 10.625 kr. áður en þessi skattur leggst á sambærilega eign hjóna. Jafnframt hefur komið í ljós að þjóðarbókhlöðuskatturinn hefur ekki runnið til bókhlöðunnar eins og lög mæla fyrir um. Ekki hafa verið hafðir uppi neinir fyrirvarar við afgreiðslu lánsfjárlaga, eins og gert er í „þrátt fyrir"-kaflanum. Það verður einnig að telja álitamál hvort skattgreiðendur eigi ekki endurkröfurétt á ríkissjóð fyrir þann hluta sem ekki hefur runnið beint til Þjóðarbókhlöðunnar.

Innheimt hefur verið samkvæmt þessum lögum í ríkissjóð sem hér segir:

	Innheimt	**Ráðstafað til Þjóðarbókhlöðunnar**
Árið 1987	125.773.309 kr.	74.014.086 kr.
Árið 1988	154.783.083 kr.	49.999.285 kr.
Árið 1989	164.578.347 kr. [1]	82.440.347 kr. [2]
Samtals	445.134.739 kr.	206.453.718 kr.

1) Innheimt 1. jan. til 30. okt.
2) Framlag 1. jan. til 31. okt.

Heildarálagningin árið 1989 er sem hér segir:

Sérstakur eignarskattur	**Fjárhæðir**	**%**	**Fjöldi**
Reykjavík	161.120.860	56.6%	10.702
Reykjaneskjördæmi	64.244.606	22.5%	5.806
Vesturlandskjördæmi	9.694.466	3.4%	774
Vestfjarðakjördæmi	5.852.810	2.1%	503
Norðurlandskjördæmi vestra	5.565.387	2.0%	595
Norðurlandskjördæmi eystra	18.458.737	6.5%	1.301
Austurlandskjördæmi	5.049.971	1.8%	479
Suðurlandskjördæmi	14.485.458	5.1%	1.355
Samtals	**284.472.295**	**100.0%**	**21.415**

Lögaðilar	**Fjárhæðir**	**%**	**Fjöldi**
Reykjavík	103.921.932	58.0%	2.465
Reykjaneskjördæmi	32.086.641	17.9%	734
Vesturlandskjördæmi	6.315.107	3.5%	260
Vestfjarðakjördæmi	4.904.118	2.8%	290
Norðurlandskjördæmi vestra	3.510.174	2.0%	167
Norðurlandskjördæmi eystra	15.068.327	8.4%	465
Austurlandskjördæmi	3.831.749	2.1%	217
Suðurlandskjördæmi	9.453.552	5.3%	343
Samtals	**179.091.600**	**100.0%**	**4.941**

Hjón	**Fjárhæðir**	**%**	**Fjöldi**
Reykjavík	39.939.954	52.2%	5.952
Reykjaneskjördæmi	25.478.679	33.3%	4.235
Vesturlandskjördæmi	2.517.552	3.3%	349
Vestfjarðakjördæmi	636.255	0.8%	133
Norðurlandskjördæmi vestra	1.395.318	1.8%	309
Norðurlandskjördæmi eystra	2.337.500	3.1%	540
Austurlandskjördæmi	681.703	0.9%	156
Suðurlandskjördæmi	3.550.345	4.6%	762
Samtals	**76.537.306**	**100.0%**	**12.436**

Einhleypingar	**Fjárhæðir**	**%**	**Fjöldi**
Reykjavík	17.258.974	59.8%	2.285
Reykjaneskjördæmi	6.679.286	23.2%	837
Vesturlandskjördæmi	861.807	3.0%	165
Vestfjarðakjördæmi	312.437	1.1%	80
Norðurlandskjördæmi vestra	659.895	2.2%	119
Norðurlandskjördæmi eystra	1.052.910	3.6%	196
Austurlandskjördæmi	536.519	1.9%	106
Suðurlandskjördæmi	1.481.561	5.1%	250
Samtals	**28.843.389**	**100.0%**	**4.038**

Í allt:	**Fjárhæðir**	**%**	**Fjöldi**
Lögaðilar	179.091.600	63.0%	4.941
Hjón	76.537.306	26.9%	12.436
Einhleypingar	28.843.389	10.1%	4.038
Samtals	**284.472.295**	**100.0%**	**21.415**

	Eignarskattur 1989		Sérstakur eignarskattur 1989		Samtals 1989	
	Fjárhæð kr.	Fjöldi	Fjárhæð kr.	Fjöldi	Fjárhæð kr.	Fjöldi
A. Lögaðilar -	860.192.468	4971	179.091.600	4971	1.039.284.068	4971
B. (Menn)	(590.081.994)	(34.838)			(559.081.994)	(34.838)
a) Hjón	340.139.180	25.526			340.139.180	25.526
b) Einhleypingar	218.942.814	9.312			218.942.814	9.312
C. (Menn)	(1.113.610.944)	(16.475)	(105.380.695)	(16.475)	(1.218.991.639)	(16.475)
a) Hjón	827.853.040	12.436	76.537.306	12.436	904.390.346	12.436
b) Einhleypingar	285.757.904	4.039	28.843.389	4.039	314.601.293	4.039
Í allt	2.532.885.406	56.284	284.472.295	21.446	2.817.357.701	56.284 [1]

1) Einhver smá ónákvæmni er í svörum fjármálaráðherra, þannig að örlítil misvísun er í þeim.

Sþ. 97. Fyrirspurn [94. mál]

til fjármálaráðherra um vaxtabætur og húsnæðisbætur.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

1. Hver er heildarfjárhæð vaxtabóta árið 1990?
2. Hve stór hluti fjárhæðarinnar fór til fólks með tekjur að meðaltali á mánuði:
   a. undir 70 þús. kr.,
   b. 70–100 þús. kr.,
   c. 100–150 þús. kr.,
   d. 150–200 þús. kr.,
   e. yfir 200 þús. kr.

   Hve margir 1) einhleypir, 2) einstæðir foreldrar og 3) hjón eru í hverjum hópi?
3. Hver er heildarfjárhæð húsnæðisbóta fyrir árið 1989 og hve margir fengu þær?
4. Hvað fá a) einhleypir, b) einstæðir foreldrar og c) hjón miklar vaxtabætur árið 1990 vegna hámarksláns hjá Húsnæðisstofnun ríkisins frá árinu 1984 með 3,5% vöxtum?

   Miða skal við að einhleypir og einstæðir foreldrar eigi 2,5 millj. kr. skuldlausa eign og hjón 4,15 millj. kr. og hafi tekjur: a) 100 þús. kr. á mánuði, b) 150 þús. kr. á mánuði, c) 200 þús. kr. á mánuði, d) 250 þús. kr. á mánuði.

   Hve háar vaxtabætur fengju þeir hinir sömu ef vextir á lánum þeirra hefðu verið 5%?

Greinargerð.

Í gildi gengu 1. janúar 1990 lög um vaxtabætur sem komu í stað húsnæðisbóta. Vaxtabætur miðast við þá vexti sem viðkomandi þarf að greiða, tekjur og eignir. Mikilvægt er að meta vaxtabótakerfið, m.a. með því að kanna hvaða tekjuhópar fengu vaxtabætur á þessu ári.

Allt frá því að lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins var breytt árið 1986 hefur verið bent á að sá mikli vaxtamunur, sem er í kerfinu, geti leitt til gjaldþrots byggingarsjóðanna nema framlag ríkissjóðs vegi upp vaxtamuninn. Frá upphafi hefur framlag ríkissjóðs langt frá því dugað og er nú svo komið að við blasir hrun byggingarsjóðanna ef ekkert verður að gert. Auk framlags úr ríkissjóði hefur verið rætt um að hækka vexti af öllum lánum frá Húsnæðisstofnun ríkisins allt frá árinu 1984.

Áætlað hefur verið að bæru öll lán, sem tekin hafa verið frá 1. júlí 1984, 5% vexti frá árinu 1991 væri hægt að koma í veg fyrir gjaldþrot Byggingarsjóðs ríkisins eða með því að framlag ríkissjóðs hækki verulega.

Til að gera sér grein fyrir hvað vaxtahækkun muni hafa í för með sér fyrir lántakendur er óskað eftir að ákveðið dæmi verði reiknað. Ef einstaklingar eiga meira en 2,5 millj. kr. og hjón 4,15 millj. kr. skuldlausa eign skerðast vaxtabætur og eru það þau mörk sem lagt er til að notuð verði í 4. lið.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 98. Fyrirspurn [95. mál]

til félagsmálaráðherra um vernd barna og unglinga.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Hyggst félagsmálaráðherra beita sér fyrir því að Íslendingar gangist undir skuldbindingar 7. gr. félagsmálasáttmála Evrópu um sérstaka vernd barna og unglinga gegn líkamlegri og siðferðilegri hættu sem að þeim steðjar?

Sþ. 99. Fyrirspurn [96. mál]

til félagsmálaráðherra um vernd kvenna vegna barneigna o.fl.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Hyggst félagsmálaráðherra beita sér fyrir því að Íslendingar gangist undir skuldbindingar 8. gr. félagsmálasáttmála Evrópu um sérstaka vernd kvenna í starfi í sambandi við barnsburð og önnur tilvik eftir því sem við á?

Ed. 100. Frumvarp til laga [97. mál]

um gjaldþrotaskipti o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. ÞÁTTUR
Almenn ákvæði.
I. KAFLI
Orðskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum er orðið skuldari notað um mann, félag eða stofnun sem æskir og fær eftir atvikum heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings eða krafist er gjaldþrotaskipta hjá.

Orðið þrotamaður er í lögum þessum notað um mann þegar bú hans hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta. Ef átt getur við og annað er ekki tekið fram er orðið einnig notað um félög og stofnanir þegar bú þeirra hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta.

2. gr.

Í lögum þessum telst frestdagur vera sá dagur sem héraðsdómara berst beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings eða krafa um gjaldþrotaskipti, svo og dánardagur manns ef farið er með dánarbú hans eftir reglum þessara laga um gjaldþrotaskipti. Ef fleiri en einn þessara daga koma til álita telst sá fyrsti þeirra frestdagur, sbr. þó 2.–4. mgr.

Sá dagur, sem héraðsdómara barst beiðni um heimild til greiðslustöðvunar, telst frestdagur þótt beiðnin hafi verið afturkölluð eða henni hafi verið hafnað, ef ný beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings eða krafa um gjaldþrotaskipti á búi skuldarans berst héraðsdómara innan mánaðar frá því það gerðist. Hafi skuldara verið veitt heimild til greiðslustöðvunar telst sá dagur, sem beiðni um hana barst héraðsdómara, enn fremur frestdagur ef héraðsdómara berst beiðni skuldarans um heimild til að leita nauðasamnings eða krafa um gjaldþrotaskipti á búi hans innan mánaðar frá því greiðslustöðvun lauk.

Sá dagur, sem héraðsdómara barst beiðni um heimild til að leita nauðasamnings, telst frestdagur ef honum berst ný beiðni um slíka heimild, beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða krafa um gjaldþrotaskipti á búi skuldarans innan mánaðar frá því upphaflega beiðnin var afturkölluð eða henni var hafnað, heimild til að leita nauðasamnings féll niður eða úrskurður gekk um hvort nauðasamningur yrði staðfestur.

Sá dagur, sem héraðsdómara barst krafa um gjaldþrotaskipti, telst frestdagur þótt krafan hafi verið afturkölluð eða henni hafi verið hafnað, ef honum berst ný krafa um gjaldþrotaskipti eða beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings innan mánaðar frá því það gerðist.

Beiðni eða krafa telst komin fram innan mánaðar skv. 2.–4. mgr. ef hún berst í síðasta lagi á sama mánaðardegi og fyrri atburður gerðist almanaksmánuði fyrr.

3. gr.

Orðið nákomnir er í lögum þessum notað um þá sem eftirfarandi tengsl standa milli:

1. hjón og þá sem búa í óvígðri sambúð,
2. þá sem eru skyldir í beinan legg eða fyrsta lið til hliðar, en með skyldleika er í þessu sambandi einnig átt við tengsl sem skapast við ættleiðingu eða fóstur,

3. þá sem tengjast með hjúskap eða óvígðri sambúð með sama hætti og um ræðir í 2. tölul,
4. mann og félag eða stofnun sem hann eða maður honum nákominn á verulegan hluta í,
5. tvö félög eða stofnanir ef annað þeirra eða maður nákominn öðru þeirra á verulegan hluta í hinu,
6. menn, félög og stofnanir sem eru í sambærilegum tengslum og um ræðir í 1.–5. tölul.

II. KAFLI
Lögsaga o.fl.

4. gr.

Þegar skuldari er einstaklingur verður ákvæðum þessara laga um heimild hans til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og um gjaldþrotaskipti á búi hans því aðeins beitt að skuldarinn eigi lögheimili hér á landi og sé ekki undanþeginn lögsögu íslenskra dómstóla. Ákvæðum þessara laga verður þó beitt um íslenskan ríkisborgara sem á ekki lögheimili hér á landi, ef hann er undanþeginn lögsögu dómstóla í öðrum ríkjum.

Þegar skuldari er félag eða stofnun verður ákvæðum þessara laga um heimild hans til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og um gjaldþrotaskipti á búi hans því aðeins beitt að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

1. þegar um skrásett félag er að ræða að það eigi skráð varnarþing hér á landi,
2. þegar um óskrásett félag er að ræða að það eigi varnarþing hér á landi samkvæmt samþykktum sínum, lögum eða eðli máls, en sömu reglum skal beitt um stofnun eftir því sem átt getur við.

5. gr.

Einkafirma manns og félagi, þar sem félagsmenn bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum, verður aðeins veitt heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings ef sá eða þeir sem bera ábyrgð á skuldbindingum firmans eða félagsins fá einnig sömu heimild. Bú slíks firma eða félags verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta nema bú þess manns eða þeirra sem bera ábyrgð á skuldbindingum firmans eða félagsins séu áður tekin til gjaldþrotaskipta.

Nú er skuldarinn félag, sem á varnarþing hér á landi og starfrækir útibú hér eða erlendis, félagið ber ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum útibúsins og félaginu er veitt heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings, og skal þá sú heimild ná sjálfkrafa til útibúsins. Eins skal farið að ef bú félagsins er tekið til gjaldþrotaskipta. Hér á landi verður útibúinu ekki veitt sjálfstæð heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og bú þess verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta nema með búi félagsins.

Opinberri stofnun verður ekki veitt heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og bú hennar verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta ef ríkið eða sveitarfélag ber ábyrgð á skuldbindingum hennar nema mælt sé á annan veg í lögum. Bú sveitarfélags verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta.

6. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að gera samninga fyrir hönd íslenska ríkisins við önnur ríki þannig að lagagildi hafi hér á landi um að heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings, sem er veitt í einu samningsríki, gildi sjálfkrafa í öðru samningsríki með þeim réttaráhrifum sem fylgja slíkri heimild í öðru hvoru ríkinu. Á sama hátt er dómsmálaráðherra heimilt að gera samninga við önnur ríki um að gjaldþrotaskipti í einu samningsríki nái einnig til eigna eða réttinda þrotamanns í öðru samningsríki, en ákveða má í slíkum samningi að gjaldþrotaskipti fari að einhverju leyti eða öllu sjálfstætt fram í hverju samningsríki fyrir sig eftir löggjöf þess eða annars tiltekins ríkis.

Ef annað leiðir ekki af samningi, sem er gerður eftir ákvæðum 1. mgr., hafa heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og gjaldþrotaskipti í öðru ríki ekki áhrif hér á landi. Þó verður ákvæðum þessara laga um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings beitt um útibú erlends félags, sem er starfrækt og á skráð varnarþing hér á landi, ef félagið ber ábyrgð á skuldbindingum útibúsins og hefur áður fengið sömu eða fyllilega sambærilega heimild í sínu heimaríki. Bú slíks útibús verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta hér á landi, nema bú erlenda félagsins hafi áður verið tekið til gjaldþrotaskipta.

7. gr.

Beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og krafa um gjaldþrotaskipti skal vera skrifleg. Í henni eða fylgigögnum með henni skal eftirfarandi koma fram svo skýrt sem verða má:

1. hvers sé beiðst eða krafist,
2. fullt nafn skuldarans og kennitala hans; sé skuldarinn einstaklingur skal enn fremur koma fram hvert lögheimili hans sé og dvalarstaður, sé hann annar en lögheimili, hvort hann hafi atvinnurekstur með höndum og ef svo er hver sá rekstur sé, hvar hann fari fram og hvort um firma sé ræða sem beri sérstakt heiti; ef skuldarinn er félag skal enn fremur koma fram hvert varnarþing og hvar starfstöð þess sé, hvenær það hafi verið stofnað, hver tilgangur þess sé, hverja starfsemi það hafi með höndum og hvar hún fari fram, en sömu upplýsingar skulu koma fram ef skuldarinn er stofnun,
3. við hver atvik, rök og lagaákvæði beiðnin eða krafan sé studd.

Ef beiðni eða krafa stafar frá skuldaranum sjálfum skulu að auki koma fram sundurliðaðar upplýsingar um eignir hans og skuldir.

Ef krafa stafar frá öðrum en skuldaranum skal koma fram hver hafi hana uppi ásamt kennitölu hans og heimili, svo og yfirlýsing af hendi hlutaðeiganda um að hann ábyrgist allan kostnað af þeirri aðgerð sem hann krefst.

Þau gögn sem beiðni eða krafa er studd við skulu fylgja henni. Ef skuldarinn er félag skulu eftir því sem unnt er einnig fylgja samþykktir þess, gögn eða vottorð um skráningu og síðustu reikningar þess, en eftir atvikum skal eins farið að ef um stofnun er að ræða eða mann sem hefur atvinnurekstur með höndum.

8. gr.

Beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og kröfu um gjaldþrotaskipti skal beint til héraðsdómstóls í því umdæmi þar sem skuldarinn yrði sóttur í einkamáli á heimilisvarnarþingi sínu.

Ef samtímis er beiðst heimildar til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings eða krafist gjaldþrotaskipta hjá einum manni eða fleirum og firma eða félagi, sbr. 1. mgr. 5. gr., og varnarþing þeirra er ekki það sama, getur sá sem setur fram beiðni eða kröfu óskað eftir því við héraðsdómara á varnarþingi eins þeirra að hann fari með málefni þeirra allra. Ef héraðsdómari telur efni til að verða við þeirri ósk skal hann senda dómsmálaráðherra erindið tafarlaust, en ráðherra ákveður endanlega hvort við því verði orðið. Héraðsdómari getur ekki tekið fyrir beiðni eða kröfu varðandi þá sem eiga varnarþing utan umdæmis hans fyrr en ráðherra hefur heimilað það.

Ef beiðni eða krafa kemur fram í umdæmi þar sem ekki verður farið með hana skal héraðsdómari framsenda hana og fylgigögn með henni héraðsdómstólnum í réttu umdæmi með áritun eða vottorði um hvenær hún hafi borist honum, en sá dagur sem hann tók við henni telst frestdagur þótt hún hafi komið fram í röngu umdæmi.

Farið verður með beiðni eða kröfu í því umdæmi þar sem hún kom réttilega fram þótt skuldari flytji lögheimili sitt eða skráð varnarþing úr umdæminu áður en endanleg afstaða er tekin til hennar.

Beiðnum eða kröfum skuldarans eða annarra varðandi heimild til greiðslustöðvunar skal beint til þess héraðsdómstóls sem veitti heimildina í byrjun þótt skuldarinn hafi flutt lögheimili sitt eða skráð varnarþing úr umdæminu eftir að heimildin var veitt. Eins skal farið með beiðnir eða kröfur varðandi heimild til að leita nauðasamnings.

9. gr.

Við héraðsdómstóla skulu haldnar skrár um beiðnir og kröfur samkvæmt lögum þessum þar sem fram koma upplýsingar um afdrif þeirra, svo og um dómsmál sem eru rekin eftir ákvæðum laga þessara, en dómsmálaráðherra setur nánari reglur um slíkar skrár í reglugerð.

Dómsmálaráðherra setur enn fremur fyrirmæli í reglugerð um þingbækur, aðra skráningu upplýsinga og veitingu vottorða um þau málefni sem lög þessi taka til.

Héraðsdómari skal veita þeim sem þess krefst og hann telur hafa lögmætra hagsmuna að gæta upplýsingar úr skrám skv. 1. mgr. Sá sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta getur einnig krafist aðgangs að beiðnum eða kröfum og fylgigögnum með þeim þótt þær hafi ekki verið lagðar fram á dómþingi.

2. ÞÁTTUR
Greiðslustöðvun.
III. KAFLI
Heimild til greiðslustöðvunar.

10. gr.

Skuldari, sem á í verulegum fjárhagsörðugleikum og vill freista þess að koma nýrri skipan á fjármál sín með aðstoð lögmanns eða löggilts endurskoðanda, sem hann hefur ráðið í því skyni, getur leitað heimildar til greiðslustöðvunar.

Í beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða með henni skal, auk þess sem mælt er fyrir um í 7. gr., koma fram ítarleg greinargerð skuldarans um hvað valdi verulegum fjárhagsörðugleikum hans, í hverju þeir felist, hvernig hann hyggist leysa úr þeim með heimild til greiðslustöðvunar og hvern hann hafi ráðið sér til aðstoðar. Ef skuldarinn er bókhaldsskyldur skal fylgja beiðninni yfirlýsing löggilts endurskoðanda um að bókhald skuldarans sé í lögboðnu formi.

Aðstoðarmaður skuldara við greiðslustöðvun skal fullnægja hæfisskilyrðum 1.–4. tölul. 2. mgr. 75. gr. og má hann hvorki sjálfur hafa hagsmuna að gæta af fjárhagslegum málefnum skuldarans né neinn honum nákominn. Með beiðni um heimild til greiðslustöðvunar skal lögð fram yfirlýsing hans um að hann sé fús til að taka að sér starfann og fullnægi þessum skilyrðum.

11. gr.

Tafarlaust eftir að beiðni um heimild til greiðslustöðvunar hefur borist skal héraðsdómari ákveða hvenær hún verði tekin fyrir á dómþingi, en þinghald í því skyni skal háð svo fljótt sem verða má. Ákvörðun þessa tilkynnir héraðsdómari skuldaranum með sannanlegum hætti og þeim fyrirvara að þingsókn verði komið við.

Þegar beiðni um heimild til greiðslustöðvunar er fyrst tekin fyrir og mætt er af hálfu skuldarans skal héraðsdómari leita svara við sérhverju því sem hann telur óljóst eða ónógar upplýsingar komnar fram um og getur haft þýðingu við mat á því hvort orðið verði við beiðninni. Héraðsdómara er rétt að benda skuldaranum á það sem kann að vera áfátt og veita honum skamman frest til að leggja fram frekari gögn eða til að veita nánari upplýsingar um tiltekin atriði, ef það verður talið geta borið árangur, en slíkur frestur skal ekki veittur til lengri tíma en einnar viku og að jafnaði aðeins einu sinni. Héraðsdómara er einnig rétt að veita skuldaranum frest með sama hætti til að ráða sér annan mann til aðstoðar ef sá maður, sem hann hefur ráðið sér í byrjun, fullnægir ekki hæfisskilyrðum til starfans að mati héraðsdómara.

Ef ekki er sótt þing af hálfu skuldarans þegar beiðni hans er tekin fyrir skoðast hún afturkölluð.

12. gr.

Þegar gagnaöflun er lokið um beiðni um heimild til greiðslustöðvunar skal héraðsdómari án ástæðulauss dráttar kveða upp úrskurð um hvort heimildin sé veitt.

Héraðsdómari skal synja um heimild til greiðslustöðvunar ef eitthvert eftirtalinna atriða á við:

1. að krafa um gjaldþrotaskipti á búi skuldarans hafi komið fram áður en beiðni hans um heimild til greiðslustöðvunar var tekin til úrskurðar og krafan hafi hvorki verið afturkölluð né hafnað með úrskurði,
2. að skuldarinn hafi áður haft heimild til greiðslustöðvunar sem hefur lokið innan þriggja ára fyrir frestdag,
3. að nauðasamningur hafi komist á fyrir skuldarann innan þriggja ára fyrir frestdag,
4. að skuldaranum sé sýnilega þegar orðið skylt að krefjast gjaldþrotaskipta á búi sínu vegna ákvæða 2. mgr. 64. gr.,
5. að ekki verði talið að skuldarinn eigi í slíkum fjárhagsörðugleikum að þeir séu verulegir eða ónógar upplýsingar hafi komið fram til að lagt verði mat á það,
6. að ráðagerðir skuldarans um ráðstafanir meðan á greiðslustöðvun stæði verði ekki taldar heimilar eða samrýmast tilgangi hennar, raunhæfar eða líklegar til að koma nýrri skipan á fjármál hans, eða upplýsingar um þær séu svo óljósar að ekki þyki fært að leggja mat á það,
7. að rökstuddur grunur sé um að upplýsingar af hendi skuldarans séu vísvitandi rangar eða villandi,
8. að beiðni skuldarans eða fylgigögnum með henni sé áfátt í öðrum atriðum eða sá sem hann hefur ráðið sér til aðstoðar verði talinn vanhæfur til að gegna því starfi, enda hafi skuldarinn ekki sinnt ábendingum héraðsdómara skv. 2. mgr. 11. gr.

Telji héraðsdómari skilyrðum fullnægt til að verða við beiðni um heimild til greiðslustöðvunar skal tiltekið í úrskurði að heimildin sé veitt til ákveðins dags og stundar innan þriggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðarins þegar þing verður háð til að taka málefnið fyrir á ný.

Úrskurði héraðsdómara samkvæmt þessari grein verður ekki skotið til æðra dóms.

13. gr.

Aðstoðarmaður skuldarans skal tafarlaust eftir veitingu heimildar til greiðslustöðvunar boða lánardrottna hans til fundar sem skal haldinn á varnarþingi skuldarans og ekki síðar en þremur sólarhringum fyrir þinghald sem héraðsdómari hefur ákveðið skv. 3. mgr. 12. gr., en að öðru leyti skal ákveða stað og stund til fundarins með þeim hætti að ætla megi að sem flestir lánardrottnar geti átt kost á að sækja hann.

Fundarboð skal vera skriflegt og sent öllum þekktum lánardrottnum skuldarans með hæfilegum fyrirvara í útbornu ábyrgðarbréfi, símskeyti eða á annan sannanlegan hátt. Í því skal koma fram að heimild hafi verið veitt til greiðslustöðvunar, hvar og hvenær fundur verði haldinn með lánardrottnum og hvenær héraðsdómari hafi ákveðið að taka málefnið fyrir á ný á dómþingi. Lánardrottnum, sem ekki var kunnugt um í byrjun en uppvíst verður um fyrir fundinn, skal tilkynnt um þetta á sama hátt.

14. gr.

Á fundi með lánardrottnum, sem boðað er til skv. 13. gr., skal aðstoðarmaður skuldarans leggja fram tæmandi og sundurliðaða skrá sína um eignir og skuldbindingar skuldarans, en þar skal andvirði hverrar eignar áætlað og fjárhæð hverrar skuldbindingar reiknuð út miðað við frestdag. Á fundinum skal aðstoðarmaðurinn gera grein fyrir því hvernig hann telji unnt að

reyna að koma nýrri skipan á fjármál skuldarans, hvað hafi þegar verið gert í þeim efnum og hvort skuldarinn hyggist æskja áframhaldandi greiðslustöðvunar. Á fundinum skal aðstoðarmaðurinn enn fremur leita afstöðu lánardrottna til ráðagerða sinna og tillagna þeirra um aðgerðir.

Aðstoðarmaðurinn stjórnar fundi með lánardrottnum og færir fundargerð, en í henni skulu viðhorf lánardrottna til ráðagerða hans koma skýrlega fram. Í þessum efnum skal farið eftir ákvæðum 4. og 5. mgr. 79. gr., að því leyti sem átt getur við, en rétt til fundarsóknar eiga þeir sem gefa sig fram á fundarstað og kveðast eiga kröfu á hendur skuldaranum sem hann kannast við eða þeir sýna skilríki fyrir.

15. gr.

Nú æskir skuldarinn áframhaldandi greiðslustöðvunar og skal hann þá leggja fram skriflega beiðni um það í þinghaldi sem héraðsdómari hefur ákveðið í úrskurði sínum skv. 3. mgr. 12. gr.

Beiðninni skulu fylgja skrá aðstoðarmanns um eignir og skuldbindingar skuldarans, sönnur fyrir að boðað hafi verið til fundar með lánardrottnum eftir fyrirmælum 13. gr., fundargerð af fundinum og skrifleg greinargerð aðstoðarmannsins um hvernig hafi verið staðið að aðgerðum á greiðslustöðvunartímanum og hverjar ráðstafanir verði gerðar ef beiðnin verður tekin til greina.

16. gr.

Lánardrottni skuldarans er heimilt að mæta á dómþingi þar sem beiðni skuldarans skv. 15. gr. er tekin fyrir og leggja þar fram skrifleg og rökstudd mótmæli gegn því að hún verði tekin til greina. Farið skal með slík mótmæli eftir 166. gr. ef hvorki skuldarinn né lánardrottinn hans falla þegar frá kröfum sínum.

17. gr.

Ef skuldarinn leggur fram beiðni skv. 1. mgr. 15. gr. framlengist greiðslustöðvun sjálfkrafa þar til héraðsdómari hefur tekið afstöðu til hennar í úrskurði, þó aldrei lengur en í sjö sólarhringa.

Héraðsdómari skal synja um áframhaldandi greiðslustöðvun ef eitthvert eftirtalinna atvika eiga við:

1. að svo standi á sem segir í 4.–8. tölul. 2. mgr. 12. gr.,
2. að aðstoðarmaður skuldarans þyki hafa vanrækt skyldur sínar í starfi, enda verði ekki ráðin bót á því með ráðningu nýs aðstoðarmanns,
3. að skuldarinn hafi með eða án samþykkis aðstoðarmanns síns gert ráðstafanir í andstöðu við ákvæði 19.–21. gr.,
4. að talið verði eftir því sem fram er komið og í ljósi aðstæðna að ekki hafi verið staðið eðlilega að tilraunum til að koma nýrri skipan á fjármál skuldarans meðan á greiðslustöðvun hefur staðið,
5. að áframhaldandi greiðslustöðvun þyki ekki munu þjóna tilgangi.

Úrskurði héraðsdómara um synjun um áframhaldandi greiðslustöðvun verður ekki skotið til æðra dóms.

Telji héraðsdómari skilyrði til að fallast á beiðni skuldarans um áframhaldandi greiðslustöðvun skal ákveðið í úrskurði að heimildin sé framlengd til tiltekins dags og stundar þegar þing verður háð til að taka málefnið fyrir á ný innan þriggja mánaða eftir að beiðnin var lögð fram á dómþingi.

Aðstoðarmaður skuldarans skal tafarlaust tilkynna öllum þekktum lánardrottnum um úrskurð héraðsdómara í útbornu ábyrgðarbréfi, símskeyti eða á annan sannanlegan hátt.

18. gr.

Nú hefur greiðslustöðvun verið framlengd en sá tími hefur ekki nægt til að ljúka við að koma nýrri skipan á fjármál skuldarans og getur hann þá enn lagt fram beiðni um áframhaldandi greiðslustöðvun í þinghaldi sem héraðsdómari hefur ákveðið skv. 4. mgr. 17. gr., ef veruleg líkindi verða talin fyrir að slík heimild leiði til árangurs. Áður skal aðstoðarmaður skuldarans boða og halda fund með lánardrottnum eftir ákvæðum 13. og 14. gr.

Beiðni skuldarans skv. 1. mgr. skal vera skrifleg. Henni skulu fylgja þau gögn sem eru talin í 2. mgr. 15. gr., en það skal rökstutt í greinargerð aðstoðarmannsins hvers vegna sá tími sem er þegar liðinn hafi ekki nægt til að koma nýrri skipan á fjármál skuldarans og hvernig greiðslustöðvun geti borið árangur ef af framhaldi hennar yrði.

Ákvæðum 16. og 17. gr. skal beitt um meðferð beiðni skuldarans skv. 1. mgr., þó þannig að héraðsdómari getur aldrei heimilað skuldaranum greiðslustöðvun í lengri tíma en alls sex mánuði talið frá þinghaldi sem hann hefur ákveðið í úrskurði skv. 3. mgr. 12. gr. Héraðsdómari ákveður ekki þinghald við lok greiðslustöðvunar sem stendur þann hámarkstíma.

Framlengja má heimild til greiðslustöðvunar oftar en tvívegis innan þess hámarksfrests sem mælt er fyrir um í 3. mgr.

IV. KAFLI

Réttaráhrif greiðslustöðvunar.

19. gr.

Meðan á greiðslustöðvun stendur er skuldaranum óheimilt að ráðstafa eignum sínum eða réttindum og stofna til skuldbindinga á hendur sér, nema aðstoðarmaður hans veiti fyrir fram samþykki sitt til þess hverju sinni og heimild standi til slíkrar aðgerðar í 20. eða 21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er aðstoðarmanni heimilt að veita skuldaranum skriflega fyrir fram almennt samþykki til að verja fjármunum innan tiltekinna marka til að afla sér og fjölskyldu sinni daglegra nauðsynja eða til að standa straum af reglubundnum eða nauðsynlegum útgjöldum til að halda áfram rekstri sínum, en skuldaranum ber að gera aðstoðarmanninum grein fyrir ráðstöfunum í skjóli slíks samþykkis með reglulegu millibili eftir ákvörðun aðstoðarmannsins og er samþykkið afturtækt án fyrirvara.

Aðstoðarmanni skuldarans ber eftir föngum að hafa umsjón eða eftirlit með fjárreiðum hans til að fyrirbyggja að hann brjóti gegn ákvæðum 1. og 2. mgr.

20. gr.

Meðan á greiðslustöðvun stendur er óheimilt að ráðstafa eignum eða réttindum skuldarans, nema ráðstöfunin verði talin nauðsynlegur þáttur í daglegum rekstri hans eða tilraunum til að koma nýrri skipan á fjármál hans, eðlilegt verð komi fyrir þau og andvirðið sé varðveitt þannig að það liggi fyrir óskert við lok greiðslustöðvunar, sbr. þó 2. mgr. Skuldaranum er þó heimilt að ráðstafa eignum eða réttindum sínum sem rynnu ekki til þrotabús hans ef til gjaldþrotaskipta væri þegar komið.

Meðan á greiðslustöðvun stendur er óheimilt að verja peningaeign skuldarans, peningum sem fást við ráðstöfun eigna eða réttinda, arði af eignum eða réttindum eða tekjum sem hann aflar í atvinnurekstri til annarra þarfa en:

1. að afla skuldaranum og fjölskyldu hans daglegra nauðsynja,
2. að standa straum af nauðsynlegum útgjöldum til að halda áfram rekstri skuldarans,
3. að greiða skuldir að því leyti sem það er heimilt skv. 21. gr.,
4. að greiða óumflýjanlegan kostnað af tilraunum til að koma nýrri skipan á fjármál skuldarans,
5. að kosta aðgerðir sem má telja víst að séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir verulegt tjón.

21. gr.

Skuldaranum er óheimilt að greiða skuldir eða efna aðrar skuldbindingar sínar meðan á greiðslustöðvun stendur nema að því leyti sem víst er að skuldbindingin yrði efnd eða skuldin yrði greidd eftir stöðu sinni í skuldaröð ef til gjaldþrotaskipta kæmi á búi hans í kjölfar greiðslustöðvunar. Heimilt er þó annars að greiða skuld eða efna aðra skuldbindingu ef telja má víst að það sé nauðsynlegt til að varna verulegu tjóni.

Meðan á greiðslustöðvun stendur er skuldaranum óheimilt að stofna til skulda, taka á sig aðrar skuldbindingar eða leggja höft á eignir sínar eða réttindi, nema til að afla sér og fjölskyldu sinni daglegra nauðsynja, eða það sé nauðsynlegt til að halda áfram atvinnurekstri hans eða til að varna verulegu tjóni og víst þykir að sú aðgerð yrði lánardrottnum hans til hagsbóta ef til gjaldþrotaskipta kæmi á búi hans í kjölfar greiðslustöðvunar.

22. gr.

Ákvæði í samningum eða réttarreglum um afleiðingar vanefnda taka ekki gildi gagnvart skuldaranum á þeim tíma sem greiðslustöðvun stendur yfir, að öðru leyti en því að krefjast má dráttarvaxta, dagsekta eða févítis vegna vanefnda skuldarans á skyldum sínum án tillits til greiðslustöðvunar.

Meðan á greiðslustöðvun stendur er óheimilt að taka bú skuldarans til gjaldþrotaskipta eða kyrrsetja eignir hans, taka þær í löggeymslu, gera fjárnám í þeim eða ráðstafa þeim með nauðungarsölu.

Meðan á greiðslustöðvun stendur er stjórnvöldum óheimilt að neyta þvingunarúrræða í garð skuldarans vegna vanefnda hans á skuldbindingum sínum við þau. Veiting heimildar til greiðslustöðvunar raskar ekki ástandi sem stjórnvald hefur komið á fyrir þann tíma með slíku úrræði.

V. KAFLI
Lok greiðslustöðvunar.

23. gr.

Greiðslustöðvun lýkur án frekari aðgerða þegar sá tími er á enda sem héraðsdómari hefur markað henni og beiðni um áframhaldandi greiðslustöðvun kemur ekki fram eða ekki er mætt af hálfu skuldarans í þinghaldi við lok áður ákveðins greiðslustöðvunartíma.

Greiðslustöðvun lýkur sjálfkrafa þótt sá tími sé ekki runninn út sem heimild var veitt til hennar:

1. þegar héraðsdómara berst skrifleg tilkynning skuldarans um að hann afsali sér heimild sinni til hennar,
2. þegar úrskurður gengur um að skuldaranum sé veitt heimild til að leita nauðasamnings,
3. þegar úrskurður gengur um að bú skuldarans sé tekið til gjaldþrotaskipta að kröfu hans sjálfs,
4. við andlát skuldarans,
5. við kosningu lögmæltrar skilanefndar til að slíta félagi sem hefur heimild til greiðslustöðvunar.

Greiðslustöðvun lýkur þegar í stað við uppkvaðningu úrskurðar héraðsdómara um synjun um áframhaldandi heimild til hennar eða niðurfellingu heimildarinnar skv. 24.–26. gr., svo og ef sá frestur rennur út sem getur í 1. mgr. 17. gr. án þess að úrskurður sé kveðinn upp innan hans um áframhaldandi greiðslustöðvun.

Ef greiðslustöðvun lýkur skv. 2. eða 3. mgr. falla sjálfkrafa niður fundir með lánardrottnum og þinghöld í tengslum við hana sem áður hafði verið ákveðið að halda.

Aðstoðarmanni ber tafarlaust að tilkynna þekktum lánardrottnum skuldarans skriflega um lok greiðslustöðvunar og tiltaka þar hvenær henni lauk og af hverri ástæðu.

24. gr.

Ef aðstoðarmaður skuldarans telur sér ekki fært að gegna því starfi lengur meðan á greiðslustöðvun stendur skal hann tilkynna það héraðsdómara án tafar. Tilkynning aðstoðarmannsins skal vera skrifleg og tekið fram í henni hverjar ástæður búi að baki afstöðu hans. Enn fremur skal koma fram hverjar ráðstafanir hafi helstar verið gerðar eftir að heimild var veitt til greiðslustöðvunar.

Ef skuldarinn telur aðstoðarmann sinn vanrækja störf sín eða standa á annan hátt óeðlilega að þeim skal hann tilkynna það héraðsdómara skriflega. Í tilkynningunni skal koma fram skýring á því sem skuldarinn telur aðfinnsluvert í störfum aðstoðarmannsins.

Berist héraðsdómara tilkynning skv. 1. eða 2. mgr. skal hann tafarlaust boða skuldarann og aðstoðarmann hans til þinghalds með hæfilegum fyrirvara og sannanlegum hætti og gefa þeim kost á að tjá sig um málefnið. Telji héraðsdómari það sem fram er komið þess eðlis að skuldaranum yrði synjað um áframhaldandi greiðslustöðvun af þeim sökum skv. 2. mgr. 17. gr. eða ef ekki er sótt þing af hálfu skuldarans skal héraðsdómari þegar í stað fella niður heimildina með úrskurði. Ella bókar hann þá ákvörðun sína að gefa skuldaranum kost á að tilnefna þá þegar annan aðstoðarmann sem fullnægir hæfisskilyrðum til starfans og stendur þá heimild til greiðslustöðvunar óbreytt að því gerðu.

Úrskurði héraðsdómara um niðurfellingu greiðslustöðvunar skv. 3. mgr. verður ekki skotið til æðra dóms.

25. gr.

Aðstoðarmanni skuldara er skylt að tilkynna héraðsdómara það skriflega ef hann telur að greiðslustöðvun muni ekki bera árangur eða skuldarinn starfar ekki af trúmennsku með honum eða hefur gert ráðstafanir í andstöðu við 19.–21. gr.

Berist héraðsdómara tilkynning skv. 1. mgr. skal hann tafarlaust boða skuldarann og aðstoðarmann hans til þinghalds með sannanlegum hætti og gefa þeim kost á að tjá sig um málefnið. Telji héraðsdómari það sem fram er komið þess eðlis að skuldaranum yrði synjað um áframhaldandi greiðslustöðvun af þeim sökum skv. 2. mgr. 17. gr., eða ef ekki er sótt þing af hálfu skuldarans, skal héraðsdómari þegar í stað fella niður heimildina með úrskurði. Ella ákveður héraðsdómari að heimild til greiðslustöðvunar standi óbreytt.

Úrskurði héraðsdómara um niðurfellingu heimildar til greiðslustöðvunar skv. 2. mgr. verður ekki skotið til æðra dóms.

26. gr.

Lánardrottinn skuldarans getur krafist þess að heimild hans til greiðslustöðvunar verði felld niður ef þau atvik eru uppi sem mundu valda því að héraðsdómara bæri að synja um áframhaldandi greiðslustöðvun skv. 2. mgr. 17. gr.

Krafa skv. 1. mgr. skal vera skrifleg. Skal tiltekið skýrlega í henni um hver atvik sé að ræða og hver rök standi til að heimild til greiðslustöðvunar verði felld niður. Gögn til stuðnings kröfunni skulu fylgja henni.

Héraðsdómari getur ákveðið með bókun í þingbók að vísa kröfunni á bug án frekari aðgerða ef hann telur hana bersýnilega tilefnislausa, efni hennar verulega áfátt eða að komið verði að lokum greiðslustöðvunar þegar unnt yrði að taka afstöðu til kröfunnar. Ákvörðun héraðsdómara um þetta verður ekki skotið til æðra dóms.

Ef kröfu verður ekki vísað á bug skv. 3. mgr. skal héraðsdómari tafarlaust boða þann sem hefur hana uppi, skuldarann og aðstoðarmann hans til þinghalds með sannanlegum hætti og hæfilegum fyrirvara. Ef ekki er sótt þing af hálfu skuldarans og hlutaðeigandi lánardrottinn krefst þess skal héraðsdómari þá þegar fella niður heimild skuldarans til greiðslustöðvunar með úrskurði. Ef sótt er þing af hálfu beggja og hvorugur fellur frá kröfum sínum skal

héraðsdómari fara með ágreininginn eftir 166. gr. og kveða síðan á í úrskurði um hvort heimild til greiðslustöðvunar falli niður eða standi óbreytt.

Úrskurði héraðsdómara skv. 4. mgr. um að heimild til greiðslustöðvunar falli niður verður ekki skotið til æðra dóms.

3. ÞÁTTUR
Nauðasamningar án undanfarandi gjaldþrotaskipta.
VI. KAFLI
Almenn ákvæði um nauðasamninga.

27. gr.

Með nauðasamningi er í lögum þessum átt við samning um greiðslu skulda eða eftirgjöf af skuldum sem kemst á milli skuldarans og áskilins meiri hluta lánardrottna hans og hlýtur síðan staðfestingu fyrir dómi. Nauðasamningur, sem þannig er gerður, bindur einnig aðra lánardrottna skuldarans eftir því sem nánar er mælt hér fyrir.

28. gr.

Nauðasamningur hefur ekki áhrif á eftirtaldar kröfur á hendur skuldaranum:

1. kröfur sem hafa orðið til eftir að úrskurður gekk um heimild skuldarans til að leita nauðasamnings,
2. kröfur um annað en peningagreiðslu sem verður fullnægt eftir aðalefni sínu,
3. kröfur sem nytu stöðu skv. 109., 110. og 112. gr. ef bú skuldarans hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta á þeim degi sem úrskurður gekk um heimild hans til að leita nauðasamnings,
4. kröfur sem trygging er fyrir í eign skuldarans að því leyti sem andvirði eignarinnar hrekkur til að fullnægja þeim og tryggingarrétturinn fellur ekki niður vegna nauðasamningsins,
5. kröfur sem yrði fullnægt með skuldajöfnuði ef bú skuldarans hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta,
6. kröfur sem eru sérstaklega undanþegnar áhrifum nauðasamnings eftir ákvæðum hans með því að þær greiðist að fullu, sbr. 2. mgr. 36. gr.

Lánardrottinn skuldarans getur afsalað sér réttindum skv. 1. mgr., þannig að nauðasamningur hafi áhrif á kröfu hans, með yfirlýsingu sem hann gefur við undirbúning skuldarans að öflun heimildar til að leita nauðasamnings eða síðar. Binda má slíka yfirlýsingu því skilyrði að hún feli því aðeins í sér endanlegt réttindaafsal að nauðasamningur komist á.

Nauðasamningur leiðir til brottfalls skulda sem yrði skipað í skuldaröð eftir 1.–3. og 5. tölul. 114. gr. ef bú skuldarans hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta.

29. gr.

Þær kröfur á hendur skuldaranum, sem eru ekki undanþegnar áhrifum nauðasamnings og falla ekki niður vegna hans eftir ákvæðum 28. gr., nefnast samningskröfur.

Í nauðasamningi má kveða á um algera eftirgjöf samningskrafna, hlutfallslega lækkun þeirra, gjaldfrest á þeim, breytt form á greiðslu þeirra eða þrennt það síðastnefnda í senn.

Í nauðasamningi verður ekki ákveðin mismikil eftirgjöf samningskrafna. Þó má kveða á um að tilteknir lánardrottnar, einn eða fleiri, veiti meiri eftirgjöf en aðrir, ef þeir samþykkja það sjálfir, og einnig má kveða á um að lágar samningskröfur verði greiddar með tiltekinni fjárhæð þótt sú skipan leiði til þess að hlutfallsleg eftirgjöf þeirra lánardrottna verði minni en annarra, sbr. 2. mgr. 36. gr.

Í nauðasamningi verður ekki ákveðin misjöfn lenging gjaldfrests á samningskröfum, nema gjalddagi þeirra allra verði sá sami eða sá eða þeir lánardrottnar sem er ætlað að veita

lengri gjaldfrest en aðrir samþykki það. Ákveða má að þeir sem veita lengri gjaldfrest fái greidda vexti eftir þann tíma sem aðrir fá greitt eða verði sett trygging fyrir greiðslu eftir það.

Í nauðasamningi verður ekki ákveðið að greiðslur til lánardrottna verði inntar af hendi í mismunandi formi. Þó má kveða á um það að tilteknir lánardrottnar taki við greiðslu í öðru og verðminna formi en aðrir, ef þeir samþykkja það sjálfir, en við mat á verðgildi greiðslu skal byggt á því hvert gangverð hennar telst gegn staðgreiðslu með peningum.

Þótt einn eða fleiri lánardrottnar samþykki að hætti 3.–5. mgr. að veita meiri ívilnun en aðrir eða einum þeirra eða fleirum er ætlað skv. 2. mgr. 36. gr. að veita minni eftirgjöf en öðrum þá skal litið svo á um ákvörðun atkvæða við samningsgerðina og í öðru tilliti, sem getur skipt máli, að allir lánardrottnar veiti þá almennu ívilnun sem kveðið er á um í nauðasamningnum.

30. gr.

Nauðasamningur hefur í för með sér, án tillits til samninga, laga eða annarra reglna, að allar samningskröfur falla sjálfkrafa í gjalddaga gagnvart skuldaranum þegar samningurinn kemst á, nema kveðið sé þar á um tiltekinn gjaldfrest. Fjárhæð samningskröfu verður ekki færð niður þótt hún falli fyrr í gjalddaga af þessum sökum en annars hefði orðið.

Samningskröfur í erlendum gjaldmiðli skulu færðar til íslensks gjaldmiðils eftir skráðu sölugengi á þeim degi sem úrskurður gekk um heimild til að leita nauðasamnings.

Við ákvörðun heildarfjárhæðar hverrar samningskröfu skal miðað við stöðu hennar á þeim degi sem úrskurður gekk um heimild til að leita nauðasamnings, að meðtöldum vöxtum, verðbótum, gengisálagi, innheimtukostnaði og öðru sem kann að hafa fylgt kröfunni á þeim tíma. Samningskröfur bera ekki vexti eftir að nauðasamningur er kominn á nema þar sé kveðið á um það, en dráttarvextir falla á þær eftir almennum reglum ef vanefndir verða á samningnum.

Nú á sami lánardrottinn fleiri samningskröfur en eina á hendur skuldaranum og skal þá leggja fjárhæðir þeirra saman og telja heildarfjárhæðina eina samningskröfu án tillits til uppruna krafnanna eða annarra atvika. Hafi lánardrottinn, sem átti fleiri kröfur en eina á hendur skuldaranum, framselt einhverja þeirra þremur mánuðum fyrir frestdag eða síðar skal einnig telja kröfurnar samanlagðar eina samningskröfu, en framsalshafinn telst þá eiga sitt hlutfall í samningskröfunni í samræmi við fjárhæð hvorrar eða hverrar þeirra. Eins skal farið að við önnur aðilaskipti að kröfu.

31. gr.

Kröfur teljast til samningskrafna án tillits til þess hvort vitað sé um þær eða þær séu háðar ókomnu skilyrði við gerð nauðasamnings.

Ágreiningur um réttmæti kröfu breytir því ekki að hún verði talin samningskrafa eins og endanlega verður úr henni leyst.

32. gr.

Reglum XX. kafla um riftun ráðstafana við gjaldþrotaskipti verður beitt ef nauðasamningur kemst á, að öðru leyti en því að skuldarinn verður að höfða dómsmál til riftunar innan þriggja mánaða frá því samningurinn komst á. Að því leyti sem ákvæði XX. kafla taka mið af þeim degi sem úrskurður var kveðinn upp um að bú sé tekið til gjaldþrotaskipta skal við riftun eftir gerð nauðasamnings miða við þann dag sem úrskurður gekk um heimild til að leita hans.

Krafa, sem kann að verða til á hendur skuldaranum vegna riftunar eða rakna við af þeim sökum, telst samningskrafa ef ákvæði 28. gr. leiða ekki til annars. Við nauðasamningsumleitanir skal slík hugsanleg krafa talin skilyrt nema riftun hafi þegar átt sér stað.

33. gr.

Þeir lánardrottnar skuldarans sem eiga samningskröfur á hendur honum og lýsa þeim við nauðasamningsumleitanir, sbr. 4. mgr. 45. gr., eiga atkvæðisrétt um nauðasamning nema:

1. lánardrottnar sem eru nákomnir skuldaranum,
2. lánardrottnar sem fara með skilyrtar kröfur ef skilyrðið er ekki komið fram.

Lánardrottnar sem eiga atkvæði um nauðasamning skv. 1. mgr. nefnast atkvæðismenn.

Við atkvæðagreiðslu um nauðasamning fer hver atkvæðismaður með eitt atkvæði þar sem þau eru greidd eftir höfðatölu, sbr. þó 4. mgr. 30. gr. Ef tveir eða fleiri atkvæðismenn eiga samningskröfu saman fara þeir samanlagt með eitt atkvæði en hver þeirra á sjálfstæðan atkvæðisrétt fyrir sínu hlutfalli af kröfunni.

Þegar atkvæði eru greidd um nauðasamning eftir kröfufjárhæðum skal leggja saman heildarfjárhæð krafna allra atkvæðismanna og reikna síðan út hundraðshluta kröfu hvers þeirra af heildarfjárhæðinni. Fer síðan hver atkvæðismaður með atkvæði sem nemur hundraðshluta hans.

VII. KAFLI
Heimild til að leita nauðasamnings.

34. gr.

Skuldari sem æskir heimildar til að leita nauðasamnings skal gera beiðni sína svo úr garði sem segir í 7. gr., en að auki skal eftirfarandi koma fram í henni eða greinargerð með henni:

1. ástæður þess að skuldarinn leitar nauðasamnings, þar sem sérstaklega skal greint frá því hvað hafi valdið skuldastöðu hans, hvers vegna hann geti ekki staðið að fullu skil á skuldum sínum, á hverjum forsendum samningsboð hans hafi verið ákveðið og hvernig hann rökstyðji að hann muni geta staðið við það,
2. skýringar við frumvarp að nauðasamningi eftir því sem skuldarinn telur þörf,
3. nákvæm talning eigna skuldarans ásamt áætluðu verðmæti hverrar þeirra og nákvæm talning skulda hans ásamt fjárhæð hverrar þeirra á þeim tíma sem beiðnin er gerð,
4. hvort einhverjar ráðstafanir hafi átt sér stað sem kynnu að verða riftanlegar ef nauðasamningur kæmist á.

35. gr.

Auk þess sem mælt er fyrir um í 7. gr. skal eftirfarandi fylgja beiðni um heimild til að leita nauðasamnings:

1. frumvarp að nauðasamningi eftir fyrirmælum 36. gr.,
2. skriflegar yfirlýsingar frá að minnsta kosti fjórðungi atkvæðismanna samkvæmt talningu skulda í beiðni skuldarans, bæði eftir höfðatölu þeirra og kröfufjárhæðum, um að þeir mæli með nauðasamningi á grundvelli frumvarps skuldarans,
3. síðasta skattframtal skuldarans,
4. trygging fyrir greiðslu kostnaðar af aðgerðum við frekari undirbúning og gerð nauðasamnings.

Ef skuldarinn er bókhaldsskyldur skulu enn fremur fylgja síðustu ársreikningar hans og uppgjörsreikningar sem kunna síðan að hafa verið gerðir, ásamt álitsgerð löggilts endurskoðanda um hvort bókhald skuldarans sé í lögboðnu horfi og hvort reikningar hans gefi raunhæfa mynd af efnahag hans.

36. gr.

Í frumvarpi að nauðasamningi skal kveðið á um eftirfarandi:

1. hversu mikið skuldarinn bjóðist til að greiða af samningskröfum og í hverju formi,
2. hvenær greiðslur muni eiga sér stað,

3. hvort vextir og þá hverjir verði greiddir af samningskröfum frá því nauðasamningur kemst á til gjalddaga ef greiðslufrestur er ráðgerður,
4. hvort trygging og þá hver verði sett fyrir efndum nauðasamnings.

Í frumvarpi að nauðasamningi má setja ákvæði um að kröfur, innan tiltekinnar fjárhæðar, sem hefðu ella talist samningskröfur, verði greiddar að fullu ef sú fjárhæð verður talin óveruleg í ljósi efnahags skuldarans, en ákvæði sem þetta má ekki standa nema allar samningskröfur fáist að minnsta kosti greiddar með þeirri fjárhæð. Ef sami lánardrottinn á fleiri kröfur en eina á hendur skuldaranum eða hefur átt þær og aðilaskipti hafa orðið að þeim innan þeirra tímamarka, sem getur í 4. mgr. 30. gr., þá skulu kröfurnar lagðar saman og ákveðið samkvæmt því hvort ákvæði sem þetta taki til þeirra.

Ef skuldari æskir þess að einhverjir lánardrottnar samþykki að veita honum meiri ívilnun en aðrir, sbr. 3.–5. mgr. 29. gr., skal tekið skýrlega fram í frumvarpi að nauðasamningi hver sú ívilnun sé og í hverjum atriðum hún víki frá almennum skilmálum frumvarpsins.

37. gr.

Héraðsdómari skal tafarlaust eftir að beiðni um heimild til að leita nauðasamnings hefur borist honum ákveða hvenær hún verði tekin fyrir á dómþingi, en þinghald í því skyni skal háð svo fljótt sem verða má. Héraðsdómari tilkynnir ákvörðun þessa skuldaranum með sannanlegum hætti og þeim fyrirvara að þingsókn verði komið við.

Ef ekki er sótt þing af hálfu skuldarans, þegar beiðni hans er tekin fyrir, skoðast hún afturkölluð.

Þegar beiðnin er fyrst tekin fyrir og mætt er af hálfu skuldarans skal héraðsdómari leita svara við sérhverju því sem hann telur óljóst eða ónógar upplýsingar komnar fram um og getur haft þýðingu við mat á því hvort orðið verði við beiðninni. Héraðsdómari getur veitt skuldaranum skamman frest til að leggja fram frekari gögn eða til að gefa nánari upplýsingar um tiltekin atriði, ef hann telur það geta komið að haldi, en slíkur frestur skal ekki veittur til lengri tíma en einnar viku og að jafnaði aðeins einu sinni.

Þegar gagnaöflun er lokið um beiðnina skal héraðsdómari án ástæðulauss dráttar kveða upp úrskurð um hvort heimild sé veitt til að leita nauðasamnings.

38. gr.

Héraðsdómari skal synja um heimild til að leita nauðasamnings ef eitthvert eftirtalinna atriða á við:

1. að skuldarinn hafi áður haft heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og heimildin hafi verið felld niður innan þriggja ára fyrir frestdag vegna framferðis hans,
2. að nauðasamningur hafi áður verið staðfestur fyrir skuldarann innan þriggja ára fyrir frestdag eða kröfu hans um staðfestingu nauðasamnings hefur verið hafnað á sama tímabili af öðrum sökum en þeim að ágallar hafi verið á framkvæmd nauðasamningsumleitana,
3. að rökstuddur grunur sé um að upplýsingar af hendi skuldarans séu vísvitandi rangar eða villandi,
4. að beiðni skuldarans sé áfátt, fylgigögn vanti með henni eða annmarkar séu á þeim, eða trygging skv. 4. tölul. 1. mgr. 36. gr. sé ófullnægjandi að mati héraðsdómara,
5. að ástæða sé til að draga verulega í efa að frumvarp skuldarans fáist samþykkt, nauðasamningur verði staðfestur eða skuldarinn muni efna hann.

Skuldarinn má einn skjóta synjunarúrskurði héraðsdómara til æðra dóms. Ef heimildin er veitt fyrir æðra dómi miðast tímamörk í ákvæðum VI. kafla við þann dag sem úrlausn hans er kveðin upp.

39. gr.

Telji héraðsdómari skilyrðum fullnægt til þess veitir hann skuldaranum heimild til að leita nauðasamnings með úrskurði. Slíkum úrskurði verður ekki skotið til æðra dóms.

Tafarlaust eftir að heimild hefur verið veitt til að leita nauðasamnings skal héraðsdómari skipa mann með bókun í þingbók til að hafa umsjón með framkvæmd nauðasamningsumleitana. Ákvæði XIII. kafla um hæfi skiptastjóra, réttindi þeirra, skyldur og frávikningu gilda um umsjónarmanninn eftir því sem átt getur við.

40. gr.

Frá því heimild er veitt til að leita nauðasamnings og þar til nauðasamningur kemst á eða heimildin fellur niður hefur hún sömu áhrif og greiðslustöðvun skv. 19.–21. gr. og 1. og 3. mgr. 22. gr., þó þannig að umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum gegnir því hlutverki sem aðstoðarmanni skuldarans er mælt í þeim ákvæðum.

Á því tímabili sem um ræðir í 1. mgr. verður bú skuldarans ekki tekið til gjaldþrotaskipta nema eftir kröfu hans sjálfs. Á því tímabili verða eignir skuldarans heldur ekki kyrrsettar, teknar í löggeymslu, fjárnám gert í þeim eða þeim ráðstafað með nauðungarsölu til tryggingar eða fullnustu samningskröfu, kröfu sem félli niður skv. 3. mgr. 28. gr. ef nauðasamningur kæmist á eða kröfu sem skuldarinn býðst til að greiða að fullu án tillits til nauðasamnings skv. 2. mgr. 36. gr.

Á því tímabili sem um ræðir í 1. mgr. er skuldaranum óheimilt að framselja kröfu sína á hendur öðrum ef framsalið hefði í för með sér að réttur til skuldajafnaðar við kröfu hans færi forgörðum.

41. gr.

Heimild til að leita nauðasamnings fellur sjálfkrafa niður:

1. þegar héraðsdómara berst skrifleg tilkynning skuldarans um að hann afsali sér henni,
2. þegar úrskurður gengur um að bú skuldarans sé tekið til gjaldþrotaskipta að beiðni hans sjálfs,
3. við andlát skuldarans,
4. þegar úrslit atkvæðagreiðslu um frumvarp að nauðasamningi liggja fyrir skv. 52. gr. og það hefur ekki hlotið samþykki nægilegs fjölda atkvæðismanna,
5. þegar frestur skv. 1. mgr. 54. gr. er runninn út án þess að skuldarinn hafi lagt kröfu um staðfestingu nauðasamnings fyrir héraðsdómara eða skuldarinn fellur frá þeirri kröfu,
6. þegar kröfu um staðfestingu nauðasamnings hefur verið endanlega hafnað, sbr. 59. gr.

42. gr.

Lánardrottnar skuldarans, sem fara með samningskröfur og umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum, geta krafist þess skriflega við héraðsdómara að heimild til að leita nauðasamnings verði felld niður ef:

1. svo margir atkvæðismenn láta í té skriflegar yfirlýsingar um andstöðu við frumvarp að nauðasamningi að víst sé að það fáist ekki samþykkt,
2. skuldarinn hefur gert ráðstafanir sem honum eru óheimilar skv. 1. mgr. 40. gr. eða sinnir að öðru leyti ekki þeim skyldum sem fylgja heimild hans,
3. önnur atvik liggja þegar fyrir sem munu fyrirsjáanlega valda að synjað verði um staðfestingu nauðasamnings.

Krafa skv. 1. mgr. skal vera rökstudd og skulu þau gögn fylgja henni sem hún er byggð á.

Héraðsdómari getur vísað kröfu skv. 1. mgr. á bug með bókun í þingbók og án frekari aðgerða ef hann telur hana bersýnilega tilefnislausa eða efni hennar eða gögnum til stuðnings

henni verulega áfátt, eða ef svo skammur tími er þar til niðurstaða fæst um samþykki frumvarps eða staðfestingu samnings að engir hagsmunir standi til að leysa úr henni. Ákvörðun héraðsdómara um þetta verður ekki skotið til æðra dóms.

Ef kröfu verður ekki vísað á bug skv. 3. mgr. skal héraðsdómari tafarlaust boða þann sem hefur hana uppi og skuldarann til þinghalds með sannanlegum hætti og hæfilegum fyrirvara. Ef ekki er sótt þing af hálfu skuldarans og gagnaðili hans krefst þess skal héraðsdómari þá þegar fella niður heimild skuldarans með úrskurði. Ef sótt er þing af hálfu skuldarans og hann mótmælir kröfunni skal farið með ágreininginn eftir 167. gr. Héraðsdómari tekur þá afstöðu til kröfunnar í úrskurði.

Skuldarinn getur skotið úrskurði héraðsdómara um niðurfellingu heimildar til að leita nauðasamnings til æðra dóms innan sólarhrings frá uppkvaðningu úrskurðarins. Heimildin fellur niður að þeim fresti liðnum hafi málskot ekki átt sér stað, en ella helst hún þar til leyst er úr málinu fyrir æðra dómi. Sé kveðið á um niðurfellingu heimildar til að leita nauðasamnings fyrir æðra dómi telst heimildin þá þegar fallin brott. Að öðru leyti gilda almennar reglur um málskot á úrskurði héraðsdómara skv. 4. mgr.

VIII. KAFLI
Nauðasamningsumleitanir.

43. gr.

Umsjónarmaðurinn skal strax eftir skipun sína athuga hag skuldarans eftir föngum til að staðreyna hvort þær upplýsingar séu réttar sem skuldarinn gaf þegar hann aflaði sér heimildar til að leita nauðasamnings og leiða atriði í ljós sem geta haft þýðingu fyrir úrlausn um hvort nauðasamningur verði staðfestur. Hann skal einnig gera nauðsynlegar ráðstafanir þegar í stað til að koma á eftirliti sínu og umsjón með fjárreiðum skuldarans. Í þessu skyni er skuldaranum skylt að veita umsjónarmanninum sérhverjar upplýsingar um efnahag sinn og aðgang að gögnum um þau efni. Þá er þeim einnig skylt að veita umsjónarmanninum upplýsingar sem væri skylt að veita skiptastjóra ef bú skuldarans hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta. Umsjónarmanninum er heimilt að neyta úrræða 81. og 82. gr.

Meðan á samningsumleitunum stendur skal umsjónarmaðurinn gæta þess sérstaklega hvort einhver atvik komi upp sem valda eða gætu valdið niðurfellingu heimildar skuldarans til að leita nauðasamninga.

44. gr.

Umsjónarmaðurinn skal tafarlaust eftir skipun sína gefa út og fá birta tvívegis í Lögbirtingablaði innköllun þar sem skorað er á lánardrottna skuldarans, sem telja sig eiga samningskröfur á hendur honum, að lýsa kröfum sínum fyrir umsjónarmanninum innan fjögurra vikna frá því innköllunin birtist fyrra sinni. Í innköllueninni skal koma fram nafn skuldarans, kennitala og heimilisfang, að honum hafi verið veitt heimild til að leita nauðasamnings með úrskurði uppkveðnum tiltekinn dag og hvert kröfulýsingar skuli sendar. Þá skal einnig tiltekið í innköllueninni hvar og hvenær fundur verði haldinn með atkvæðismönnum til að greiða atkvæði um frumvarp skuldarans.

Jafnframt því að gefa út innköllun skv. 1. mgr. skal umsjónarmaðurinn senda öllum lánardrottnum skuldarans sem fara með samningskröfur og vitað er um tilkynningu í ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggan hátt þar sem sömu atriða skal getið og í innköllun. Með tilkynningunni skal fylgja eintak af frumvarpi skuldarans að nauðasamningi.

45. gr.

Kröfulýsingar lánardrottna skulu gerðar úr garði á sama hátt og við gjaldþrotaskipti, sbr. 2. og 3. mgr. 117. gr.

Ef kröfu er lýst fyrir umsjónarmanni er fyrningu hennar slitið gagnvart skuldaranum.

Krafa lánardrottins á hendur skuldaranum fellur ekki niður þótt henni sé ekki lýst innan kröfulýsingarfrests við nauðasamningsumleitanir.

Þeir atkvæðismenn eiga einir rétt á að greiða atkvæði um frumvarp skuldarans að nauðasamningi sem hafa lýst kröfum sínum fyrir umsjónarmanninum innan kröfulýsingarfrests.

46. gr.

Þegar kröfulýsingarfrestur er á enda skal umsjónarmaðurinn gera skrá um þær samningskröfur sem hafa borist innan frestsins og atkvæðisréttur fylgir. Í skránni skal eftirfarandi koma fram:

1. nafn hvers lánardrottins og hvenær krafa hans hafi borist,
2. fjárhæð hverrar kröfu eins og henni hefur verið lýst, en þó þannig að hún hafi eftir atvikum verið reiknuð með tilliti til ákvæða 3. mgr. 28. gr. og 2. og 3. mgr. 30. gr.,
3. hver atkvæði fylgi hverri kröfu, bæði að höfðatölu og eftir kröfufjárhæð.

Hafi kröfu verið lýst fyrir umsjónarmanninum sem hann telur ekki samningskröfu, eða hafi samningskröfu verið lýst af lánardrottni sem umsjónarmaðurinn telur ekki atkvæðismann, skal krafan ekki talin í skrá skv. 1. mgr. Umsjónarmaðurinn skal tilkynna hlutaðeigandi lánardrottni um þá afstöðu sína með sannanlegum hætti með minnst þriggja sólarhringa fyrirvara áður en fundur verður haldinn til að greiða atkvæði um frumvarp skuldarans.

Skuldaranum skal gefinn kostur á að kynna sér skrá skv. 1. mgr., kröfulýsingar og fylgigögn með þeim með hæfilegum fyrirvara áður en fundur verður haldinn til að greiða atkvæði um frumvarp hans.

47. gr.

Skuldarinn má gera breytingar á frumvarpi sínu að nauðasamningi eftir að honum hefur verið heimilað að leita hans og þar til atkvæðagreiðslu er endanlega lokið um það. Ef frumvarpinu er breytt til ívilnunar handa skuldaranum verður það þó því aðeins borið undir atkvæði í breyttri mynd að fram komi meðmæli með frumvarpinu svo breyttu frá þeim fjölda atkvæðismanna sem er áskilinn í 2. tölul. 1. mgr. 35. gr.

48. gr.

Fundur skal haldinn til að greiða atkvæði um frumvarp skuldarans að nauðasamningi innan tveggja vikna frá því kröfulýsingarfresti er lokið. Um ákvörðun fundarstaðar og tíma, stjórn fundarins, rétt til fundarsóknar og tillagna, færslu fundargerðar og önnur almenn atriði sem lúta að framkvæmd hans gilda ákvæði 79. og 125. gr. eftir því sem átt getur við, þó þannig að umsjónarmaðurinn gegnir því hlutverki sem skiptastjóra er þar mælt.

Í upphafi fundar skv. 1. mgr. skal umsjónarmaðurinn gera grein fyrir eftirfarandi:

1. frumvarpi skuldarans að nauðasamningi og þeim breytingum sem kunna að hafa verið gerðar á því frá upphaflegri mynd,
2. hverjar niðurstöður hafi orðið af athugun hans skv. 1. mgr. 43. gr. og hvort hann telji frumvarp skuldarans sanngjarnt fyrir alla hlutaðeigendur í því ljósi,
3. hverjar ráðstafanir hafi helstar verið gerðar um hagsmuni skuldarans frá því samningsumleitanir hófust,
4. skrá sinni skv. 1. mgr. 46. gr. og hvort einhverra krafna, sem hefur verið lýst, sé ekki getið í henni, sbr. 2. mgr. 46. gr.

Umsjónarmaðurinn skal því næst lýsa eftir mótmælum gegn réttmæti krafna sem koma fram í skrá hans skv. 1. mgr. 46. gr., ákvörðun fjárhæða þeirra og atkvæðisréttar, og því hvort einhver telji sig eiga atkvæðisrétt sem ekki er þar getið. Atkvæðismenn og skuldarinn eiga rétt á að lýsa yfir mótmælum, svo og þeir lánardrottnar sem telja sér ranglega meinað um atkvæði. Komi mótmæli fram skal umsjónarmaðurinn leitast við að jafna ágreining, en þó það takist ekki skal fundi fram haldið eftir því sem hér á eftir segir.

Umsjónarmaðurinn skal síðan gefa fundarmönnum kost á að tjá sig um frumvarp skuldarans og atriði sem varða það. Umsjónarmaðurinn og skuldarinn skulu eftir föngum veita fundarmönnum svör við fyrirspurnum, en að því búnu skulu greidd atkvæði um frumvarpið að nauðasamningi.

49. gr.

Frumvarp að nauðasamningi telst samþykkt ef því er greitt sama hlutfall atkvæða og eftirgjöf af samningskröfum á að nema samkvæmt frumvarpinu, bæði eftir höfðatölu allra atkvæðismanna og fjárhæðum krafna þeirra, en þó aldrei minna en 60 hundraðshluta atkvæða á báða vegu. Ef frumvarp miðar hvorki að hlutfallslegri né algerri eftirgjöf samningskrafna telst það samþykkt ef það hlýtur samþykki 60 hundraðshluta allra atkvæðismanna eftir bæði höfðatölu og fjárhæðum krafna þeirra.

50. gr.

Atkvæðismenn mega greiða atkvæði um frumvarp að nauðasamningi skriflega og skal tekið tillit til slíkra atkvæða sem berast umsjónarmanninum í síðasta lagi áður en atkvæðagreiðslu er lokið, enda sé þá enginn viðstaddur af hálfu atkvæðismannsins þegar atkvæðagreiðsla fer fram. Skriflegt atkvæði skal þó því aðeins tekið gilt að ótvíræð og skilyrðislaus afstaða atkvæðismanns til frumvarpsins komi þar fram, undirskrift hans sé vottuð af tveimur vitundarvottum, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni eða lögbókanda, og ef breytingar hafa verið gerðar á frumvarpi skuldarans frá upphaflegri mynd að tvímælalaust sé að atkvæðið varði frumvarpið með áorðnum breytingum.

Greiða má atkvæði um frumvarpið eftir umboði en um sönnun umboðs fer eftir almennum reglum.

Tekið skal við atkvæði um frumvarpið frá atkvæðismanni þótt kröfu hans hafi verið mótmælt. Þá skal einnig tekið við atkvæði þess sem mætir á fundinn og krefst að fá að njóta atkvæðisréttar um frumvarpið þótt hans sé ekki getið í skrá skv. 1. mgr. 46. gr. Slík atkvæði teljast ágreiningsatkvæði. Ef mótmæli varða aðeins hluta af kröfu atkvæðismanns skal atkvæði hans greitt í tvennu lagi en sá hluti atkvæðis sem styðst við umdeildan hluta kröfunnar telst þá ágreiningsatkvæði.

Fært skal í fundargerð hvort atkvæðismaður hafi greitt atkvæði, hvort það hafi verið greitt á fundinum eða komið fram skriflega, hvort atkvæðismaður hafi staðið þar að verki sjálfur eða umboðsmaður hans og hvernig atkvæðið hafi fallið. Greint skal milli ágreiningsatkvæða skv. 3. mgr. og annarra atkvæða.

51. gr.

Ef frumvarp fæst hvorki samþykkt né fellt á fundi skv. 48. gr. vegna ónógrar þátttöku í atkvæðagreiðslu getur umsjónarmaðurinn ákveðið að beiðni skuldarans áður en fundi er slitið að atkvæðagreiðslu verði fram haldið á nýjum fundi sem skal haldinn innan tveggja vikna. Þann fund þarf ekki að boða frekar en að tilkynna um hann áður en upphaflegum fundi er slitið. Um framkvæmd framhaldsfundar fer eftir reglum 48. og 50. gr. að öðru leyti en því að mótmælum verður ekki komið þar fram eftir 3. mgr. 48. gr.

Ef atkvæðismaður sækir ekki framhaldsfund skv. 1. mgr. eða greiðir þar ekki atkvæði stendur fyrra atkvæði hans óhaggað nema frumvarpi að nauðasamningi hafi verið breytt eftir að hann greiddi það.

52. gr.

Þegar atkvæðagreiðslu er endanlega lokið á fundi skv. 48. eða 51. gr. skal niðurstaða hennar tilkynnt áður en honum er slitið.

Við talningu atkvæða skal fyrst litið til þess hvort önnur atkvæði en ágreiningsatkvæði skv. 3. mgr. 50. gr. nægi ein til úrslita þótt öll ágreiningsatkvæðin yrðu talin með. Ef svo er ráðast úrslit atkvæðagreiðslu án frekari aðgerða.

Ef í ljós kemur að ágreiningsatkvæði geti ráðið niðurstöðu um hvort frumvarp að nauðasamningi fáist samþykkt skal umsjónarmaðurinn reyna til þrautar að jafna ágreining um þau á fundinum. Verði ágreiningur leystur að einhverju leyti eða öllu með þessum hætti skulu atkvæði talin á ný skv. 2. mgr.

Ráðist úrslit atkvæðagreiðslu ekki á þann hátt sem í 3. mgr. segir skal umsjónarmaðurinn að endingu telja ágreiningsatkvæði með sem hafa fallið til samþykkis frumvarpinu en virða öll önnur ágreiningsatkvæði að vettugi. Skulu úrslit þannig fengin ráða niðurstöðu nauðasamningsumleitana.

53. gr.

Ef frumvarp skuldarans hefur ekki hlotið samþykki nægilegs fjölda atkvæðismanna skal umsjónarmaðurinn tafarlaust tilkynna það héraðsdómara skriflega.

Falli heimild skuldarans til að leita nauðasamnings niður, hvort sem er vegna þess sem getur í 1. mgr. eða af öðrum sökum, skal umsjónarmaðurinn fá birta, svo fljótt sem verða má, auglýsingu um þau málalok í Lögbirtingablaði.

IX. KAFLI
Staðfesting nauðasamnings.

54. gr.

Nú hefur nauðasamningsumleitunum lokið með samþykki frumvarps skuldarans og skal skuldarinn þá leggja skriflega kröfu um staðfestingu nauðasamnings fyrir héraðsdómara innan viku frá því sú niðurstaða var kynnt á fundi, sbr. 1. mgr. 52. gr.

Með kröfu skv. 1. mgr. skal fylgja yfirlýsing umsjónarmannsins um hvers efnis endanlegt frumvarp skuldarans hafi verið, hver niðurstaða atkvæðagreiðslu um það hafi orðið og hvort hún hafi ráðist af ágreiningsatkvæðum. Í yfirlýsingunni skal umsjónarmaðurinn einnig láta uppi álit sitt á atriðum sem hann telur geta haft þýðingu við úrlausn um hvort krafa skuldarans verði tekin til greina. Kröfunni skulu enn fremur fylgja eintak af skrá umsjónarmannsins skv. 1. mgr. 46. gr. og fundargerðir af fundi skv. 48. og eftir atvikum 51. gr.

55. gr.

Þegar héraðsdómara hefur borist krafa skv. 1. mgr. 54. gr. skal hann svo fljótt sem verða má ákveða þinghald til að taka hana fyrir. Boðað skal til þinghaldsins með auglýsingu sem héraðsdómari gefur út og fær birta einu sinni á kostnað skuldarans í Lögbirtingablaði með minnst einnar viku fyrirvara, en í henni skal eftirfarandi koma fram:

1. að samþykki hafi fengist með tilteknum atkvæðafjölda fyrir frumvarpi að nauðasamningi handa skuldaranum, en greina skal nafn hans, kennitölu og heimilisfang,
2. hvers efnis frumvarpið hafi verið,
3. áskorun til þeirra sem vilja koma fram mótmælum gegn staðfestingu nauðasamnings samkvæmt frumvarpinu um að mæta til þinghalds á tilteknum stað og tíma.

Skuldaranum skal afhent eða sent eintak boðunar til þinghalds um kröfu sína á sannanlegan hátt.

56. gr.

Ef ekki er sótt þing af hálfu skuldarans, þegar krafa hans um staðfestingu nauðasamnings er tekin fyrir, skal héraðsdómari kveða upp úrskurð þá þegar og hafna þar kröfunni.

Ef sótt er þing af hálfu skuldarans og mótmæli koma ekki fram gegn kröfu hans um staðfestingu nauðasamnings skal hún tekin til úrskurðar þá þegar, en héraðsdómari má þó gefa honum skamman frest til að leggja fram frekari gögn um hana ef eftir því er leitað. Við úrlausn um kröfuna gætir héraðsdómari ekki annarra atriða en þeirra sem eru talin í 57. gr.

Ef sótt er þing af hálfu skuldarans og mótmæli koma fram gegn kröfu hans um staðfestingu nauðasamnings skal farið með ágreininginn eftir ákvæðum 167. gr.

57. gr.

Héraðsdómari skal hafna kröfu skuldarans um staðfestingu nauðasamnings ef:

1. synja hefði átt um heimild til að leita nauðasamnings í öndverðu skv. 1. mgr. 38. gr. eða hún hefur þegar fallið niður skv. 41. gr.,
2. fyrir liggur að skuldarinn hafi boðið atkvæðismanni ívilnun til að fá ráðið atkvæði hans eða staðið að öðru misferli í því skyni,
3. staðið hefur verið svo ranglega að innköllun eða tilkynningum til lánardrottna, meðferð krafna þeirra, fundi um frumvarp að nauðasamningi eða atkvæðagreiðslu um það að það kunni að hafa skipt sköpum um niðurstöður atkvæðagreiðslunnar.

Héraðsdómara er og rétt að hafna kröfu skuldarans ef verulegir gallar eru á málatilbúnaði hans varðandi kröfuna sem ekki hefur verið sinnt að bæta úr.

58. gr.

Eftir kröfu þess sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta og mótmælir kröfu skuldarans um staðfestingu nauðasamnings getur héraðsdómari að auki hafnað þeirri kröfu skuldarans ef:

1. sú eftirgjöf sem skuldaranum yrði veitt er að mun meiri en sanngjarnt verður talið í ljósi efnahags hans,
2. skuldarinn hefur rýrt fjárhagsstöðu sína af ásetningi eða stórfelldu gáleysi lánardrottnum til tjóns,
3. verulegar líkur eru færðar að því að skuldarinn eða annar á hans vegum hafi reynt að hafa áhrif á afstöðu atkvæðismanna til frumvarps að nauðasamningi með vilyrðum um ívilnanir þeim til handa,
4. atkvæðagreiðsla um frumvarp að nauðasamningi hefur ráðist af einu eða fleiri ágreiningsatkvæðum því til samþykkis skv. 4. mgr. 52. gr. og verulegar líkur eru færðar að því að krafa eða kröfur hlutaðeigenda hafi verið rangar eða þeim hafi ekki átt að fylgja atkvæði,
5. eitt eða fleiri ágreiningsatkvæði, sem féllu ekki til samþykkis frumvarpi að nauðasamningi, hafi verið virt að vettugi skv. 4. mgr. 52. gr., frumvarpið hefði ekki hlotið nægileg atkvæði til samþykkis ef þessi ágreiningsatkvæði hefðu verið talin með og verulegar líkur eru færðar að því að kröfur að baki þeim séu réttar og að þeim hefði átt að fylgja atkvæði um frumvarpið,
6. verulegar líkur eru færðar að því að skuldarinn muni ekki standa í skilum þótt nauðasamningurinn verði staðfestur.

59. gr.

Skjóta má úrskurði héraðsdómara um kröfu skuldarans um staðfestingu nauðasamnings til æðra dóms innan viku frá uppkvaðningu hans. Hafi málskot ekki átt sér stað innan þess frests verður niðurstaða héraðsdómara endanleg við lok hans.

Umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum skal auglýsa í Lögbirtingablaði niðurstöðu um staðfestingu nauðasamnings þegar endanleg úrlausn er fengin.

X. KAFLI

Réttaráhrif nauðasamnings.

60. gr.

Nauðasamningur telst kominn á þegar krafa skuldarans um staðfestingu nauðasamningsins hefur verið tekin til greina með endanlegri dómsúrlausn.

Þegar nauðasamningur er kominn á bindur hann lánardrottna og þá sem í stað þeirra koma um samningskröfur þeirra. Efndir samningskröfu í samræmi við ákvæði nauðasamnings hafa sömu áhrif og ef krafan hefði verið efnd eftir upphaflegu efni sínu.

Nauðasamningur hefur sömu áhrif og réttarsátt milli skuldarans og lánardrottna hans um þær samningskröfur þeirra sem koma fram í skrá skv. 1. mgr. 46. gr., að því leyti sem skuldarinn mótmælti þeim ekki.

Nauðasamningur haggar ekki rétti lánardrottins skuldarans til að ganga að tryggingu sem þriðji maður kann að hafa sett fyrir efndum skuldbindingar til fullnustu á henni allri eða til að krefja ábyrgðarmann um fulla greiðslu.

61. gr.

Höfði skuldarinn mál til riftunar á ráðstöfun eftir að nauðasamningur kemst á, sbr. 32. gr., getur sá sem hann beinir greiðslukröfu að ekki krafist skuldajafnaðar við það sem hann kann að eiga rétt til eftir nauðasamningnum nema að því leyti sem það er þegar komið í gjalddaga.

62. gr.

Meðan nauðasamningur hefur ekki verið efndur að fullu má ógilda hann með dómi í máli sem einhver sá, sem á samningskröfu, höfðar á hendur skuldaranum:

1. ef leitt er í ljós að sviksamlegt eða refsivert atferli skuldarans hafi stuðlað að því að nauðasamningurinn hafi komist á,
2. ef skuldarinn hefur greitt eða heitið að greiða einhverjum lánardrottni meira af samningskröfu hans en hann á tilkall til eftir nauðasamningnum,
3. ef skuldarinn vanefnir verulega skuldbindingar sínar samkvæmt nauðasamningnum.

Nauðasamningur fellur sjálfkrafa úr gildi ef hann hefur ekki verið efndur að fullu og skuldarinn fær heimild til að leita nauðasamnings á ný eða bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta.

63. gr.

Ef nauðasamningur fellur úr gildi skv. 62. gr. raknar við réttur lánardrottna skuldarans til að krefja hann um efndir samningskrafna eins og samningurinn hefði aldrei verið gerður.

Ef nauðasamningur fellur úr gildi falla niður tryggingar eða ábyrgðir sem þriðji maður kann að hafa sett eða tekið á sig fyrir því að staðið yrði við nauðasamninginn nema samningurinn hafi verið ógiltur skv. 1. eða 2. tölul. 1. mgr. 62. gr. og honum hafi verið kunnugt eða mátt vera kunnugt um þau atvik sem leiddu til ógildingar.

4. ÞÁTTUR
Gjaldþrotaskipti.
XI. KAFLI
Upphaf gjaldþrotaskipta.

64. gr.

Skuldari getur krafist að bú sitt verði tekið til gjaldþrotaskipta ef hann getur ekki staðið í fullum skilum við lánardrottna sína þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga og ekki verður talið sennilegt að greiðsluörðugleikar hans muni líða hjá innan skamms tíma.

Skuldara, sem er bókhaldsskyldur, er skylt að gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskipta þegar svo er orðið ástatt fyrir honum sem segir í 1. mgr.

65. gr.

Lánardrottinn getur krafist að bú skuldarans verði tekið til gjaldþrotaskipta ef skuldarinn hefur strokið af landi brott eða fer annars huldu höfði og ætla má að það sé sökum skulda, enda megi telja að hætta sé á að dráttur á gjaldþrotaskiptum geti bakað lánardrottninum tjón.

Lánardrottinn getur annars krafist að bú skuldarans verði tekið til gjaldþrotaskipta að einhverju eftirtöldu fullnægðu, enda sýni skuldarinn ekki fram á að hann sé allt að einu fær um að standa full skil á skuldbindingum sínum þegar þær koma í gjalddaga eða verði það innan skamms tíma:

1. að kyrrsetning, löggeymsla eða fjárnám hafi verið gert hjá skuldaranum án árangurs að einhverju leyti eða öllu á síðustu þremur mánuðum fyrir frestdag og ekki er ástæða til að ætla að gerðin gefi ranga mynd af fjárhag hans,
2. að skuldarinn hafi haft heimild til greiðslustöðvunar sem hefur lokið innan mánaðar áður en krafa hlutaðeigandi lánardrottins um gjaldþrotaskipti berst héraðsdómara,
3. að skuldarinn hafi haft heimild til að leita nauðasamnings sem hefur fallið niður skv. 41. eða 42. gr. innan mánaðar áður en krafa hlutaðeigandi lánardrottins um gjaldþrotaskipti berst héraðsdómara,
4. að skuldarinn lýsi yfir að fjárhagur hans sé slíkur sem segir í 1. mgr. 64. gr.

Lánardrottinn getur þó ekki krafist gjaldþrotaskipta á búi skuldarans skv. 1. eða 2. mgr.:

1. ef krafa hans er nægilega tryggð með veði eða öðrum sambærilegum réttindum í eignum skuldarans eða þriðja manns eða vegna ábyrgðar þriðja manns,
2. ef þriðji maður býður fram greiðslu á kröfu hans eða ef krafan er ekki komin í gjalddaga að þriðji maður bjóði fram tryggingu fyrir henni sem verður talin nægileg.

Að öðru leyti en leiðir af 2. tölul. 3. mgr. skiptir ekki máli um heimild lánardrottins til að krefjast gjaldþrotaskipta hvort krafa hans sé komin í gjalddaga.

66. gr.

Krafa um gjaldþrotaskipti skal send héraðsdómara og vera gerð svo úr garði sem segir í 7. gr. Krafa lánardrottins um gjaldþrotaskipti og fylgigögn með henni skulu vera í tvíriti.

Sá sem hefur krafist gjaldþrotaskipta ábyrgist greiðslu kostnaðar af meðferð kröfu sinnar og af gjaldþrotaskiptunum ef krafa hans er tekin til greina og kostnaðurinn greiðist ekki af fé þrotabúsins. Gildir þetta einnig þótt hann hafi ekki verið krafinn um tryggingu skv. 2. mgr. 67. gr.

Ef lánardrottinn hefur krafist gjaldþrotaskipta og skilyrði fyrir þeim reynast ekki fyrir hendi skal hann bæta skuldaranum fjártjón hans og miska ef lánardrottninum mátti vera ljóst að skilyrðin skorti eða hann ætti ekki þá kröfu á hendur skuldaranum sem hann byggði á. Bætur verða sóttar í einkamáli eftir almennum reglum, en þær má dæma þótt krafa um gjaldþrotaskipti hafi verið tekin til greina.

67. gr.

Þegar héraðsdómara hefur borist krafa um gjaldþrotaskipti skal hann kanna svo fljótt sem verða má hvort einhverjir gallar séu á henni eða málatilbúnaðinum að öðru leyti sem ljóst er að valdi því að henni verði hafnað af sjálfsdáðum. Ef slíkir ágallar eru uppi má héraðsdómari þegar vísa kröfunni á bug með bókun í þingbók þar sem ástæðu þess er getið. Slíkri ákvörðun héraðsdómara verður ekki skotið til æðra dóms, en hlutaðeiganda er heimilt að leggja kröfuna fyrir á ný og krefjast fyrirtöku hennar á dómþingi og úrskurðar um hvort henni verði hafnað. Héraðsdómari má hafna kröfunni með úrskurði án þess að aðrir eigi kost á að tjá sig um hana en sá sem hefur hana uppi.

Ef framkomin gögn taka ekki af tvímæli um að eignir skuldarans muni nægja fyrir greiðslu skiptakostnaðar, ef krafan yrði tekin til greina, skal héraðsdómari krefja þann sem hefur gert hana um tryggingu tiltekinnar fjárhæðar fyrir kostnaðinum áður en krafan verður tekin fyrir, enda hafi henni ekki verið vísað á bug skv. 1. mgr. Héraðsdómari skal ákveða tiltekinn skamman frest til að leggja fram tryggingu og tilkynna það hlutaðeiganda á sannanlegan hátt, en komi trygging ekki fram innan frestsins skal krafan skoðast afturkölluð þá þegar. Rísi

ágreiningur um skyldu til að setja tryggingu eða fjárhæð hennar getur sá sem er krafinn um hana krafist fyrirtöku málefnisins á dómþingi og úrskurðar héraðsdómara um það. Lengist þá frestur til að setja tryggingu meðan málefnið er óútkljáð, en héraðsdómari kveður upp úrskurð sinn án þess að aðrir þurfi að eiga kost á að tjá sig um málefnið en sá sem er krafinn tryggingar.

Þegar staðreynt er að kröfu verði ekki vísað á bug skv. 1. mgr. og trygging hefur eftir atvikum verið sett skv. 2. mgr. skal héraðsdómari ákveða þinghald til að taka kröfuna fyrir, en það skal háð svo fljótt sem verða má. Hafi héraðsdómara borist fleiri kröfur en ein, framangreindum skilyrðum er fullnægt um þær báðar eða allar, en engin þeirra hefur enn verið tekin til greina, þá skal héraðsdómari ákveða þinghald til að taka hverja þeirra sjálfstætt fyrir. Það skal að jafnaði gert í þeirri röð sem kröfurnar bárust, en ef komið hefur fram krafa skuldarans um gjaldþrotaskipti á búi sínu skal hún þó fyrr tekin fyrir en krafa lánardrottins.

Kröfu um gjaldþrotaskipti má afturkalla þar til úrskurður gengur um hana.

68. gr.

Hafi skuldarinn krafist gjaldþrotaskipta á búi sínu skal héraðsdómari tilkynna honum um þinghald til að taka kröfu hans fyrir með sannanlegum hætti og hæfilegum fyrirvara.

Ef skuldarinn sækir ekki þing þegar krafa hans er tekin fyrir skal hún talin afturkölluð.

Ef skuldarinn sækir þing skal héraðsdómari leita svara hans við sérhverju því sem skiptir máli um kröfu hans og héraðsdómari telur óljóst eða ónógar upplýsingar komnar fram um. Héraðsdómari má veita skuldaranum skamman frest til að veita frekari upplýsingar, en slíkur frestur skal að jafnaði aðeins veittur einu sinni og ekki til lengri tíma en einnar viku.

69. gr.

Hafi lánardrottinn krafist gjaldþrotaskipta á búi skuldarans skal héraðsdómari rita á kröfuna ákvörðun sína um þinghald til að taka hana fyrir ásamt fyrirkalli til skuldarans, en láta síðan birta hana fyrir skuldaranum. Við birtingu skal skuldaranum eða þeim sem birt er fyrir í þágu hans látið í té samrit kröfunnar með áritun héraðsdómara og fylgigagna með henni.

Birting skv. 1. mgr. skal fara fram með þeim fyrirvara sem héraðsdómari ákveður, en hann má þó ekki vera skemmri en einn sólarhringur. Að öðru leyti skal fylgt þeim reglum sem gilda um birtingu stefnu í einkamáli.

Birting þarf ekki að fara fram skv. 2. mgr. ef skuldarinn sækir þing og mótmælir ekki að krafan verði tekin fyrir án birtingar.

Héraðsdómari skal tilkynna hlutaðeigandi lánardrottni um þinghald til að taka beiðni hans fyrir með sannanlegum hætti og minnst sólarhrings fyrirvara.

70. gr.

Ef ekki er sótt þing af hálfu lánardrottins þegar krafa hans um gjaldþrotaskipti á búi skuldarans er tekin fyrir skal hún talin afturkölluð. Ef skuldarinn sækir þing og krefst þess getur héraðsdómari ákveðið honum ómaksþóknun úr hendi hlutaðeigandi lánardrottins.

Ef skuldarinn sækir ekki þing þegar krafa lánardrottins um gjaldþrotaskipti er tekin fyrir skal eftir atvikum líta svo á að skuldarinn viðurkenni fullyrðingar hans.

Ef skuldarinn sækir þing og lánardrottinn sem krefst gjaldþrotaskipta á búi hans má héraðsdómari verða við sameiginlegri ósk þeirra um að fresta meðferð kröfunnar þótt mótmæli hafi ekki komið fram gegn henni. Slíka fresti má ekki veita til lengri tíma en samtals eins mánaðar.

Ef skuldarinn sækir þing og mótmælir kröfu lánardrottins um að bú hans verði tekið til gjaldþrotaskipta skal farið með hana eftir ákvæðum 168. gr.

71. gr.

Svo fljótt sem verða má eftir að krafa hefur verið tekin til úrskurðar skal héraðsdómari kveða upp úrskurð um hvort bú skuldarans verði tekið til gjaldþrotaskipta, hvort sem kröfunni hefur verið mótmælt eða ekki. Hann skal gæta þess af sjálfsdáðum hvort lagaskilyrði séu fyrir gjaldþrotaskiptum þótt ekki hafi verið móti því mælt.

Ef héraðsdómari tekur til greina kröfu um gjaldþrotaskipti frestar það ekki framkvæmd þeirra þótt úrskurði hans um það sé skotið til æðra dóms. Þess skal þó gætt að aðgerðir raski ekki réttindum málsaðila meira en nauðsyn krefur meðan málið er enn óútkljáð.

Ef krafa um gjaldþrotaskipti er fyrst tekin til greina fyrir æðra dómi skal miða áhrif, sem ákvæði laga þessara tengja uppkvaðningu úrskurðar héraðsdómara um að bú sé tekið til gjaldþrotaskipta, við uppkvaðningu úrlausnar æðra dóms.

Ef farið verður með dánarbú sem er til opinberra skipta eftir reglum þessa þáttar skal eftir því sem átt getur við miða áhrif, sem ákvæði laga þessara tengja uppkvaðningu úrskurðar héraðsdómara um að bú sé tekið til gjaldþrotaskipta, við uppkvaðningu úrskurðar um að dánarbúið sé tekið til opinberra skipta.

XII. KAFLI
Þýðing gjaldþrotaskipta.

72. gr.

Þegar héraðsdómari kveður upp úrskurð um að bú skuldarans sé tekið til gjaldþrotaskipta tekur þrotabú skuldarans við öllum fjárhagslegum réttindum sem hann átti eða naut við uppkvaðningu úrskurðarins, nema annað leiði af réttarreglum, eðli réttindanna eða löggerningi sem verður ekki hnekkt vegna gjaldþrotaskiptanna. Ef um einstakling er að ræða má þrotamaðurinn þó halda þeim fjárhagslegu réttindum sem fjárnám verður ekki gert í eða verða undanþegin fjárnámi nema mælt sé sérstaklega á annan veg í lögum.

Þrotabú tekur við öllum fjárhagslegum skyldum sem hvíldu á þrotamanni á því tímamarki sem getur í 1. mgr. nema réttarreglur eða löggerningur kveði á um annað eða það leiði af eðli skyldnanna.

Þrotabú nýtur hæfis til að eiga og öðlast réttindi og hæfi þess til að bera og baka sér skyldur helst þar til skiptum þess lýkur endanlega eftir fyrirmælum laga þessara.

73. gr.

Meðan á gjaldþrotaskiptum stendur eignast þrotabúið þau fjárhagslegu réttindi sem hefðu ella fallið til þrotamannsins, enda hefðu þau ekki verið undanþegin skv. 1. mgr. 72. gr. ef þau hefðu verið komin í eigu hans þegar héraðsdómari kvað upp úrskurð um að búið væri tekið til gjaldþrotaskipta. Þetta gildir þó ekki um:

1. það sem þrotamaðurinn vinnur sér inn meðan á skiptunum stendur,
2. arf, dánargjöf, dánarbeðsgjöf eða lífsgjöf sem fellur eða kemur til framkvæmdar meðan á skiptunum stendur, ef arfleiðandi eða gefandi hefur ákveðið þá undanþágu á lögmætan hátt,
3. það sem þrotamaðurinn aflar sér með andvirði þess sem ákvæði 1. og 2. tölul. taka til.

Meðan á gjaldþrotaskiptum stendur falla þær skuldbindingar á þrotabúið sem skiptastjóri bakar því eða einhver sá sem hann hefur heimilað að skuldbinda það.

74. gr.

Við uppkvaðningu úrskurðar héraðsdómara um að bú sé tekið til gjaldþrotaskipta missir þrotamaðurinn rétt til að ráða yfir réttindum, sem falla til þrotabúsins eftir 72. og 73. gr., svo þýðingu hafi gagnvart því. Þetta gildir þó ekki um rétt þrotamannsins til að samþykkja að maki þess, sem hann á rétt til arfs eftir, fái leyfi til að sitja í óskiptu búi eða til að ákveða með

bindandi hætti að láta hjá líða að vefengja ákvæði erfðaskrár sem leiða til brottfalls, skerðingar eða kvaðar á arfi sem hefði átt að koma í hans hlut.

Við uppkvaðningu úrskurðar héraðsdómara um að bú sé tekið til gjaldþrotaskipta missir þrotamaðurinn rétt til að stofna til skuldbindinga svo þýðingu hafi gagnvart þrotabúinu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. getur sá, sem hvorki vissi né mátti vita um gjaldþrotaskiptin, unnið rétt á hendur þrotabúinu vegna ráðstöfunar þrotamannsins sem á sér stað áður en innköllun hefur birst vegna skiptanna.

Ákvæði 1.–3. mgr. gilda ekki ef reglur um viðskiptabréf, þinglýsingu eða aðra skráningu leiða til annars.

XIII. KAFLI
Skiptastjórar.

75. gr.

Þegar héraðsdómari hefur kveðið upp úrskurð um að bú sé tekið til gjaldþrotaskipta skipar hann skiptastjóra til að fara með skiptin með bókun í þingbók. Sé krafa um gjaldþrotaskipti fyrst tekin til greina fyrir æðra dómi skipar héraðsdómari skiptastjóra svo fljótt sem þau úrslit verða honum kunn.

Engan má skipa í starf skiptastjóra nema hann lýsi sig fúsan til að taka starfann að sér og:

1. sé orðinn 25 ára gamall,
2. sé lögráða og hafi ekki misst forræði á búi sínu,
3. sé svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt starfanum,
4. hafi ekki orðið sannur að refsiverðu athæfi sem verður talið svívirðilegt að almenningsáliti eða athæfi sem gerir hann óverðugan nauðsynlegs trausts til að geta gegnt starfanum,
5. hafi lokið embættisprófi í lögum,
6. yrði ekki vanhæfur sem dómari í einkamáli sem þrotamaðurinn eða sá sem á kröfu á hendur þrotabúinu ætti aðild að eða, ef félag eða stofnun er til gjaldþrotaskipta, í einkamáli sem stjórnarmenn eða starfsmenn sem hafa haft daglega stjórn félagsins eða stofnunarinnar með höndum ættu aðild að.

Ef sýnt þykir að störf skiptastjóra verði umfangsmikil getur héraðsdómari skipað tvo menn eða fleiri til að gegna þeim og má þá víkja frá skilyrði 5. tölul. 2. mgr. um aðra en einn skiptastjórann. Skiptastjórarnir ákveða þá hvernig þeir skipta með sér verkum.

Andist skiptastjóri áður en skiptum er lokið, biðji hann héraðsdómara um lausn frá starfanum eða víki héraðsdómari honum frá skv. 76. gr. skal héraðsdómari tafarlaust skipa annan mann í hans stað. Ef skiptastjórar eru fleiri en einn í þrotabúi og starf eins þeirra losnar má héraðsdómari þó láta ógert að skipa mann í staðinn, en áður skal hann leita afstöðu þess skiptastjóra eða þeirra sem gegna störfum áfram.

Ef í ljós kemur eftir skipun skiptastjóra að hann sé vanhæfur til að leysa af hendi tiltekið verk í starfi sínu vegna fyrirmæla 6. tölul. 2. mgr. án þess að það verði talið varða neinu fyrir rækslu starfans að öðru leyti getur héraðsdómari að ósk hans skipað annan löghæfan mann til að leysa verkið af hendi.

Héraðsdómara er rétt að krefja skiptastjóra um tryggingu eða skilríki um að hann sé ábyrgðartryggður vegna starfans og getur sett honum tiltekinn frest til að setja tryggingu eftir að skipun hefur átt sér stað.

Ákvörðun héraðsdómara um skipun manns í starf skiptastjóra verður ekki skotið til æðra dóms.

76. gr.

Þeim sem á kröfu á hendur búinu er meðan á gjaldþrotaskiptum stendur heimilt að bera upp skriflegar aðfinnslur um störf skiptastjóra við héraðsdómara sem hefur skipað hann. Komi slíkar aðfinnslur fram eða berist héraðsdómara með öðrum hætti vitneskja um að

framferði skiptastjóra í starfi kunni að vera aðfinnsluvert skal hann kveðja skiptastjóra og þann sem kann að hafa haft aðfinnslur uppi á sinn fund til að tjá sig um málefnið. Héraðsdómara er heimilt að kveðja fleiri á fund sinn af slíku tilefni.

Telji héraðsdómari aðfinnslur á rökum reistar getur hann gefið skiptastjóra kost á að bæta úr innan tiltekins frests. Verði skiptastjóri ekki við því eða ef framferði hans í starfi hefur annars verið slíkt að ekki verði talið réttmætt að gefa honum kost á að ráða bót á starfsháttum sínum, skal héraðsdómari víkja honum úr starfi þegar í stað með úrskurði. Héraðsdómari skal með sama hætti víkja skiptastjóra úr starfi ef hann setur ekki tryggingu skv. 5. mgr. 75. gr. innan tilskilins frests eða fullnægir ekki lengur þeim hæfisskilyrðum sem eru sett í 2. mgr. 75. gr.

Fallist héraðsdómari ekki á að víkja skiptastjóra úr starfi skv. 2. mgr. getur sá sem hafði uppi aðfinnslur um störf hans krafist úrskurðar héraðsdómara um hvort skiptastjóranum verði vikið frá. Með sama hætti getur sá sem á kröfu á hendur búinu og telur skiptastjóra ekki fullnægja skilyrðum 2. mgr. 75. gr. krafist að héraðsdómari kveði á um það með úrskurði hvort skiptastjóra verði vikið frá af þeim sökum. Farið skal með slíkar kröfur eftir 169. gr.

77. gr.

Skiptastjóri annast öll störf sem lúta að meðferð þrotabúsins, en honum er heimilt á kostnað þess að leita sér aðstoðar eða þjónustu til að leysa af hendi einstök verk á sína ábyrgð.

Skiptastjóri á rétt til þóknunar fyrir störf sín sem greiðist af búinu eða þeim sem ábyrgist greiðslu skiptakostnaðar skv. 2. mgr. 66. gr. Honum er heimilt að taka sér greiðslu af fé búsins upp í áfallna þóknun sína meðan á skiptum stendur, enda kynni hann ákvörðun um það á skiptafundi og það teljist tryggt að hann gangi ekki með þessu á hlut þeirra sem eiga rétthærri kröfur á hendur búinu.

Sá sem hefur verið skipaður skiptastjóri telst opinber sýslunarmaður meðan hann gegnir starfanum.

Skiptastjóra ber að bæta tjón sem hann kann að valda öðrum í starfi eftir almennum skaðabótareglum.

78. gr.

Skiptastjóri sér um reikningshald fyrir þrotabúið og gefur skýrslur til yfirvalda um fjármuni þess og rekstur eftir því sem þörf krefur.

Hafi skiptum ekki verið lokið innan sex mánaða frá því úrskurður gekk um gjaldþrotaskiptin skal skiptastjóri gera yfirlit yfir efnahag og rekstur þrotabúsins, en upp frá því um hver áramót og mitt hvert ár þar til skiptum er lokið. Hver sá, sem hefur lýst kröfu í búið en hefur ekki fengið efndir hennar, getur krafist að fá að sjá reikninga búsins, enda hafi kröfu hans ekki áður verið hafnað. Skiptastjóra er heimilt á kostnað búsins að fela löggiltum endurskoðanda að gera reikninga þess eða endurskoða þá ef þess er krafist eða hann telur annars sérstaka ástæðu til.

79. gr.

Skiptastjóri skal halda skiptafundi eftir því sem mælt er fyrir í lögum þessum.

Skiptastjóri ákveður hvar skiptafundir verða haldnir og hvenær, með hverjum fyrirvara þeir verði boðaðir og hvert fundarefni verði, að því leyti sem ekki er sérstaklega mælt fyrir um það í lögum þessum. Leitast skal þó við að skiptafundir verði haldnir á slíkum stað og tíma að ætla megi að sem flestir fundarmenn eigi hægt með að sækja þá.

Í boðun til skiptafundar skal koma fram hvar og hvenær hann verði haldinn og hvert fundarefnið verði í meginatriðum. Sé ekki kveðið á um annað í lögum þessum getur skiptastjóri kosið hvort hann boði til fundar með auglýsingu sem hann fær birta með minnst

viku fyrirvara í Lögbirtingablaði eða með tilkynningu til hvers og eins sem á rétt til fundarsóknar, sbr. 1. mgr. 125. gr. Ef boðað er til fundar með síðargreinda hættinum skal þess gætt að fundarboði sé komið þannig fram að sannað verði hvort fundarmanni hafi borist eða mátt berast fundarboð í tæka tíð, en fundarmenn skulu þó einir gjalda þess hafi þeir ekki veitt skiptastjóra nægar upplýsingar um hvar til þeirra verði náð. Misfarist slíkt fundarboð til eins eða fleiri fundarmanna getur skiptastjóri ákveðið að fresta fundi eða halda hann með áskilnaði um rétt þeirra sem voru ekki boðaðir til að hafa uppi athugasemdir síðar um það sem þar fer fram.

Skiptastjóri stjórnar skiptafundum og atkvæðagreiðslum sem fara þar fram og ákveður í hverri röð málefni verði tekin fyrir og fundarmenn fái að tjá sig. Skiptastjóra er heimilt að vísa óviðkomandi mönnum af fundi, svo og fundarmönnum sem spilla þar starfsfriði.

Skiptastjóri færir fundargerðir á skiptafundum og skal hann gæta þess að fundarmönnum sé kynnt efni þeirra áður en fundi verður slitið og gefinn kostur á að hafa uppi athugasemdir um það.

80. gr.

Skiptastjóri tekur við skjölum sem hafa þýðingu fyrir gjaldþrotaskiptin og varðveitir þau um sinn eftir að hann lýkur störfum að því leyti sem þau hafa ekki áður verið lögð fram í dómi. Um afhendingu skjalanna til varðveislu á Þjóðskjalasafni skal farið eftir sömu reglum og eiga við um skjöl sem eru lögð fram í dómsmálum.

Sá sem sýnir skiptastjóra fram á að hann hafi lögvarinna hagsmuna að gæta getur krafist að fá aðgang að skjölum þrotabúsins til skoðunar og eftirrit af þeim á eigin kostnað meðan skiptastjóri hefur þau í vörslum sínum.

81. gr.

Þrotamanninum er skylt að verða við kvaðningu skiptastjóra um að mæta á fund hans og veita honum upplýsingar og láta honum í té gögn sem hann krefst vegna gjaldþrotaskiptanna. Ef bú félags eða stofnunar hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta hvílir sama skylda á stjórnarmönnum, endurskoðanda, framkvæmdarstjóra, deildarstjóra og öðrum samsvarandi forráðamönnum félagsins eða stofnunarinnar, svo og þeim sem höfðu látið af slíkum störfum áður en til gjaldþrotaskipta kom. Sama skylda hvílir enn fremur á þeim sem eru nákomnir þrotamanni.

Skiptastjóri getur skráð skýrslu manns, sem ákvæði 1. mgr. taka til, um atriði sem varða gjaldþrotaskiptin og krafist að hann undirriti hana að viðlögðum drengskap því til staðfestingar að efni hennar sé samkvæmt því sem hann viti sannast og réttast, enda hafi honum verið gefinn kostur á að staðreyna efni hennar og koma fram leiðréttingum sínum á henni.

Verði einhver sá, sem getur í 1. mgr., ekki við kröfu skiptastjóra um upplýsingar eða gögn má skiptastjóri fara þess skriflega á leit við héraðsdómara að hlutaðeigandi verði kvaddur fyrir dóm til að gefa skýrslu um málefnið sem vitni. Skal farið eftir reglum um meðferð einkamála í héraði um kvaðningu vitnis, skyldu til vitnisburðar, viðurlög á hendur vitni og skýrslutökuna sjálfa, eftir því sem átt getur við.

82. gr.

Þeim sem hafa eignir þrotabús í umráðum sínum er skylt að veita skiptastjóra þær upplýsingar og láta honum í té þau gögn um málefni búsins sem hann krefst. Sama skylda hvílir á opinberum stofnunum og öðrum stjórnvöldum og sýslunarmönnum, viðskiptabönkum og sparisjóðum, svo og öðrum sem geta haft vitneskju um eignir og skuldir þrotabús vegna viðskiptatengsla við þrotamanninn eða af öðrum sambærilegum ástæðum.

Neiti einhver sá, sem getur í 1. mgr., að verða við kröfu skiptastjóra um upplýsingar eða gögn má skiptastjóri fara svo að sem segir í 3. mgr. 81. gr.

Nú neitar þrotamaðurinn eða forráðamaður félags eða stofnunar, sem er til gjaldþrotaskipta, að afhenda skiptastjóra eignir þrotabúsins eða synjar honum um aðgang að húsnæði þar sem ástæða væri til að ætla að eignir eða gögn búsins sé að finna og getur þá skiptastjóri krafist þess skriflega að héraðsdómari kveði upp úrskurð um skyldu hlutaðeiganda til að láta eign af hendi eða veita aðgang að húsnæði. Berist héraðsdómara slík krafa skal hann tafarlaust kveðja skiptastjóra og þann sem á hlut að máli fyrir dóm með sannanlegum hætti. Tekur héraðsdómari afstöðu til kröfunnar með úrskurði, en ef ágreiningur verður um hana skal farið með hann eftir ákvæðum 170. gr.

Úrskurði skv. 3. mgr. má ef þörf krefur fullnægja með aðför án aðfararfrests. Málskot úrskurðarins frestar ekki aðför.

83. gr.

Meðan á gjaldþrotaskiptum stendur má skiptastjóri krefjast úrskurðar héraðsdómara um að þrotamanninum verði bönnuð för úr landi um tiltekinn tíma ef nærvera hans verður talin nauðsynleg vegna athugunar á fjárreiðum þrotabúsins og ráðstöfunum þrotamannsins fyrir upphaf gjaldþrotaskipta. Ef bú félags eða stofnunar hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta getur skiptastjóri haft uppi sams konar kröfu varðandi framkvæmdarstjóra eða þann sem hefur annars haft daglega stjórn félagsins eða stofnunarinnar með höndum, þótt starfsheiti hans hafi verið annað, svo og formann stjórnar félags eða stofnunar.

Ef krafa kemur fram skv. 1. mgr. skal héraðsdómari tafarlaust kveðja skiptastjóra og þann sem krafan beinist að fyrir dóm með sannanlegum hætti. Héraðsdómari tekur afstöðu til kröfunnar með úrskurði, en ef ágreiningur verður um kröfuna skal farið með hann eftir ákvæðum 170. gr. Héraðsdómari skal gæta þess að bannið standi ekki lengur en þörf krefur.

Banni eftir úrskurði héraðsdómara skv. 2. mgr. skal framfylgt með sama hætti og farbanni sem er lagt á eftir lögum um meðferð opinberra mála. Málskot úrskurðarins frestar ekki að hann komi til framkvæmdar.

Þeim sem ákvæði 1. mgr. taka til er skylt að tilkynna skiptastjóra fyrir fram um breytingu á heimilisfangi sínu.

84. gr.

Ef skiptastjóri fær vitneskju í starfi sínu um atvik sem hann telur geta gefið tilefni til rökstudds gruns um að þrotamaðurinn eða aðrir kunni að hafa gerst sekir um refsivert athæfi skal hann tilkynna það ríkissaksóknara. Skiptastjóra er óskylt að leita eftir slíkri vitneskju umfram það sem leiðir af upplýsingaöflun hans starfa sinna vegna.

XIV. KAFLI
Fyrstu aðgerðir við gjaldþrotaskipti.

85. gr.

Skiptastjóri skal án tafar eftir skipun sína gefa út og fá birta innköllun vegna gjaldþrotaskiptanna þar sem eftirfarandi skal koma fram:

1. nafn þrotamannsins, kennitala og eftir atvikum lögheimili hans, dvalarstaður, aðsetur, starfsstöð eða skráð varnarþing,
2. heiti og kennitala firma eða félags, ef þrotamaðurinn hefur borið ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum þess,
3. hvenær úrskurður héraðsdómara gekk um töku bús til gjaldþrotaskipta og hver frestdagur sé við gjaldþrotaskiptin,
4. áskorun til lánardrottna og annarra, sem telja sig eiga kröfur á hendur búinu eða til muna í vörslum þess, um að lýsa kröfum sínum fyrir skiptastjóra með sendingu eða afhendingu kröfulýsinga á tilteknum stað innan tilgreinds kröfulýsingarfrests sem hefur verið ákveðinn eftir 2. mgr.,

5. staður og stund sem skiptafundur verður haldinn til að fjalla um skrá um lýstar kröfur, en sá fundur skal haldinn innan mánaðar frá lokum kröfulýsingarfrests.

Kröfulýsingarfrestur skal að jafnaði ákveðinn tveir mánuðir, en ef sérstaklega stendur á má skiptastjóri ákveða að fresturinn verði tiltekinn mánaðarfjöldi frá þremur til sex mánaða. Hver sem lengd kröfulýsingarfrests verður ákveðin skal hann ávallt byrja að líða við fyrri birtingu innköllunar og skal þess skýrlega getið í henni.

Í innköllun má skiptastjóri kveða á um að þeim lánardrottnum sé óþarft að lýsa kröfum sínum sem hafi lýst þeim við undanfarandi nauðasamningsumleitan þrotamannsins og æski ekki að koma fram breyttum kröfum.

Hafi skiptastjóri þegar við útgáfu innköllunar ákveðið að halda skiptafund til að fjalla um ráðstöfun hagsmuna búsins má hann boða til slíks fundar í innkölluninni.

Innköllun skal birt tvívegis í Lögbirtingablaði.

86. gr.

Jafnframt því að gefa út innköllun skv. 85. gr. er skiptastjóra rétt að leita sérstaklega vitneskju um hvort einhver sá, sem kann að telja til kröfu á hendur þrotabúinu, sé búsettur erlendis. Komi fram vitneskja um slíkt er skiptastjóra rétt að tilkynna hlutaðeiganda svo fljótt sem verða má um gjaldþrotaskiptin, hvenær kröfulýsingarfrestur endi og hverjar afleiðingar það geti haft að kröfu verði ekki lýst innan frestsins.

Ef skiptastjóri telur ástæðu til að ætla að lánardrottnar kunni að vera búsettir erlendis, sem ekki er vitað hverjir séu eða hvar verði náð til, er honum rétt að fá birta auglýsingu erlendis með sama efni og tilkynning skv. 1. mgr.

Skiptastjóra er rétt að fá birta auglýsingu með sama efni og tilkynning skv. 1. mgr. í dagblaði hér á landi eða á annan hátt sem hann kýs, ef sérstök ástæða þykir til.

87. gr.

Skiptastjóri skal þegar eftir skipun sína leita vitneskju um hverjar eignir eða réttindi tilheyri þrotabúinu, hvar þær sé að finna og hver fari með umráð þeirra eða hafi umsjón með þeim. Skiptastjórinn skal tafarlaust gera ráðstafanir til að svipta þrotamanninn umráðum eigna eða koma í veg fyrir að hann fari með þær á óheimilan hátt og til að draga úr hættu á að nokkur geti unnið rétt á hendur þrotabúinu vegna ákvæða 3. og 4. mgr. 74. gr. Skiptastjórinn skal eftir þörfum taka við umráðum eigna þrotabúsins eða umsjón með þeim, en heimilt er honum að láta þær vera áfram í vörslum annarra sem lýsa sig fúsa til að gæta þeirra á eigin áhættu.

Skiptastjóri skal þegar eftir skipun sína gera ráðstafanir til að tryggja að hann fái bókhaldsgögn þrotamannsins í hendur.

88. gr.

Skiptastjóri skal, svo fljótt sem verða má, ákveða hvernig staðið verði að atvinnurekstri þrotabúsins, gagnkvæmum samningum þess og öðrum mikilsverðum atriðum sem þola ekki bið, og gera þær ráðstafanir í þeim efnum sem hann telur nauðsynlegar fyrir hagsmuni búsins. Um ráðstöfun á eignum og réttindum búsins fer eftir ákvæðum XIX. kafla.

XV. KAFLI
Gagnkvæmir samningar.

89. gr.

Ákvæðum þessa kafla skal ekki beita ef annað leiðir af öðrum lagaákvæðum eða eðli réttarsambandsins.

90. gr.

Ef þrotamaðurinn hefur gert gagnkvæman samning áður en úrskurður gekk um að bú hans væri tekið til skipta en ekki innt greiðslu sína af hendi getur viðsemjandi hans haldið sinni greiðslu eftir eða, ef hann hefur sent greiðsluna, varnað því að hún sé afhent þrotabúinu þar til nægileg trygging er sett fyrir greiðslu frá þrotabúinu á gjalddaga. Þetta á einnig við þó gjalddagi á greiðslu viðsemjandans sé kominn.

91. gr.

Þrotabúi er heimilt að taka við réttindum og skyldum þrotamannsins eftir gagnkvæmum samningi.

Viðsemjandi þrotamannsins getur krafist að þrotabúið taki afstöðu til þess innan hæfilegs frests hvort það muni nýta heimild sína skv. 1. mgr.

Ef samningur mælir fyrir um greiðslur frá þrotabúinu smátt og smátt nýtur krafa viðsemjandans til greiðslna, sem falla til eftir að úrskurður gekk um að búið væri tekið til skipta, rétthæðar skv. 3. tölul. 110. gr.

92. gr.

Ef lausnardagur á greiðslu viðsemjandans er kominn og þrotabúið hefur nýtt heimild sína skv. 1. mgr. 91. gr. skal þrotabúið eftir kröfu viðsemjandans inna sína greiðslu af hendi eða, ef gjalddagi er ekki kominn, setja tryggingu fyrir greiðslu. Hafi viðsemjandinn greitt á hann sama rétt ef hann gæti fengið greiðslunni skilað ef þrotabúið hefði ekki nýtt heimild sína.

Ef samningurinn mælir fyrir um greiðslur smátt og smátt af beggja hálfu skal trygging sú, sem þrotabúið setur fyrir ógreiddum kröfum, jafnan vera fyrir þeim kröfum viðsemjandans sem fyrst urðu til eftir að úrskurður gekk um að búið væri tekið til skipta.

Ef það er talið sanngjarnt vegna hagsmuna viðsemjandans er heimilt að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr. Ef samningsákvæði um þær tryggingar, sem þrotabúinu er gert að setja, eru talin ósanngjörn í garð þess er heimilt að fella þau úr gildi í heild eða að hluta eða breyta þeim.

93. gr.

Ef þrotabú nýtir ekki heimild sína skv. 1. mgr. 91. gr. eða setur ekki tryggingu innan hæfilegs frests getur viðsemjandi slitið samningnum. Það sama á við þegar viðsemjandinn hefði öðlast riftunarrétt ef ekki hefði komið til gjaldþrotaskipta.

Ef viðsemjandi hefur innt greiðslu sína af hendi eða hluta hennar getur hann einungis slitið samningnum og krafist endurgreiðslu frá þrotabúinu ef reglur um samninga eins og þá sem um ræðir heimila slíkt.

94. gr.

Ef þrotabúið nýtir ekki heimild sína skv. 1. mgr. 91. gr. getur viðsemjandinn krafið það um skaðabætur vegna þess tjóns sem hann verður fyrir við samningsslitin, sbr. þó 96. gr.

95. gr.

Ef þrotabúið nýtir ekki heimild sína skv. 1. mgr. 91. gr., en fær í hendur greiðslu frá viðsemjandanum eftir að úrskurður gekk um að búið væri tekið til gjaldþrotaskipta, skal það skila henni.

96. gr.

Þrotabúið getur sagt upp samningi um leigu eða annað varanlegt réttarsamband með venjulegum hætti eða sanngjörnum fresti þótt lengri uppsagnarfrestur sé ákveðinn í samningnum eða hann sé óuppsegjanlegur, nema samningnum hafi verið þinglýst eða hann skráður opinberlega með hliðstæðum hætti.

Viðsemjandinn getur einnig sagt samningnum upp gagnvart þrotabúinu með venjulegum eða sanngjörnum fresti nema þrotamaðurinn hafi mátt framselja rétt sinn samkvæmt honum eða fyrirmæli annarra laga standa því í vegi.

Þegar sérstaklega stendur á má gera þeim sem segir upp samningi með heimild í 1. eða 2. mgr. að greiða hinum skaðabætur vegna tjóns sem leiðir af uppsögninni. Um rétthæð slíkrar skaðabótakröfu á hendur þrotabúi fer skv. 113. gr.

97. gr.

Ef þrotamaðurinn hefur haft fasteign á leigu til atvinnurekstrar síns og þrotabúið getur ekki, þegar úrskurður hefur verið kveðinn upp um að búið sé tekið til gjaldþrotaskipta, tekið afstöðu til þess hvort það nýtir heimild sína skv. 1. mgr. 91. gr. öðlast viðsemjandinn rétt til leigugreiðslna frá því úrskurðurinn var kveðinn upp og til þess tíma sem þrotabúið gefur yfirlýsingu um afstöðu sína. Um rétthæð kröfu viðsemjandans til leigugreiðslna fer eftir 3. tölul. 110. gr.

98. gr.

Þegar úrskurður hefur verið kveðinn upp um að búið sé tekið til gjaldþrotaskipta skal ákveða hvort þrotabúið taki við réttindum og skyldum samkvæmt ráðningarsamningum þeirra manna sem starfa við atvinnurekstur þrotamannsins.

Starfsmenn eiga rétt til launa frá því úrskurður var kveðinn upp og til þess tíma sem þrotabúið tekur afstöðu sína. Um rétthæð slíkra launakrafna fer eftir 3. tölul. 110. gr.

Ef gjaldþrotaskiptin leiða til breyttra aðstæðna og brýnir hagsmunir starfsmanns krefjast þess getur hann þó slitið ráðningarsamningi sínum. Honum er þá skylt að veita þrotabúinu hæfilegan frest til að leita annars starfsmanns í sinn stað, enda setji þrotabúið tryggingu fyrir greiðslu launa þann tíma sem hann sinnir starfi af þessum sökum ef þess er krafist.

XVI. KAFLI
Kröfur á hendur þrotabúi.

99. gr.

Allar kröfur á hendur þrotabúi falla sjálfkrafa í gjalddaga við uppkvaðningu úrskurðar héraðsdómara um að búið sé tekið til gjaldþrotaskipta án tillits til þess sem kann áður að hafa verið umsamið eða ákveðið með öðrum hætti.

Kröfur á hendur þrotabúi um annað en peningagreiðslu sem verða ekki efndar eftir aðalefni sínu skulu metnar til verðs eftir þeim reglum sem gilda um slíkt mat við aðför.

Kröfur á hendur þrotabúi í erlendum gjaldmiðli skulu færðar til íslensks gjaldmiðils eftir skráðu sölugengi á þeim degi sem úrskurður gekk um að búið væri tekið til gjaldþrotaskipta að því leyti sem þeim verður ekki fullnægt skv. 109.–111. gr.

100. gr.

Hver sá, sem skuldar þrotabúinu, getur dregið það frá sem hann á hjá því hvernig sem skuld og gagnkröfu er varið ef lánardrottinn hefur eignast kröfuna áður en þrír mánuðir voru til frestdags, hvorki vitað né mátt vita að þrotamaðurinn átti ekki fyrir skuldum og ekki fengið kröfuna til að skuldajafna, enda hafi krafa þrotabúsins á hendur honum orðið til fyrir frestdag.

Þær kröfur, sem eru taldar í 114. gr., verða ekki notaðar til skuldajafnaðar nema að því leyti sem eignir þrotabúsins hrökkva til greiðslu þeirra við úthlutun.

Ekki má framselja viðskiptabréf í eigu þrotabúsins fyrr en kröfulýsingarfresti er lokið og ekki síðar ef gagnkröfu er lýst þannig að fyrirgert sé með því gagnkröfurétti. Sé þetta gert ber búinu að greiða bætur, en um rétthæð þeirrar bótakröfu fer eftir 3. tölul. 110. gr.

101. gr.

Skuldajafna má skilyrtri kröfu við kröfu þrotabúsins þegar skilyrðið er uppfyllt. Hafi krafa þrotabúsins verið greidd áður en skilyrðið var uppfyllt fer um rétthæð endurkröfu á hendur þrotabúinu eftir 3. tölul. 110. gr. Ef enn er óvíst við úthlutun úr þrotabúinu hvort skilyrðið verði uppfyllt skal taka frá fé til endurgreiðslu kröfunnar skv. 1. mgr. 157. gr.

102. gr.

Ef þrotabú greiðir hluta kröfu vegna veðs eða annarra tryggingarréttinda skal við úthlutun úr búinu aðeins miða við afgang kröfunnar.

103. gr.

Ef fleiri en þrotamaðurinn ábyrgjast kröfu með óskiptri ábyrgð skal við úthlutun úr þrotabúinu miða við heildarfjárhæð kröfunnar enda þótt:

1. annar skuldari hafi greitt hluta kröfunnar og hann hafi mátt endurkrefja þrotamanninn,
2. hluti kröfunnar hafi verið greiddur úr búi annars skuldara,
3. annar skuldari hafi greitt hluta kröfunnar á síðustu þremur mánuðum fyrir frestdag.

Ef annar skuldari hefur þegar fengið endurgreiðslu frá þrotamanninum vegna greiðslu þess fyrrnefnda á hluta kröfunnar og þrotabúið riftir ekki þeirri endurgreiðslu skal þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. miða við afgang kröfunnar við úthlutun.

104. gr.

Kröfuhafa, sem hefur fengið greiðslur frá fleirum en þrotabúinu, skal ekki greiða meira samtals en nemur kröfu hans með vöxtum og málskostnaði. Ef greiðsla sem hann ætti að fá úr þrotabúinu leiðir til þess að hann fengi hærri greiðslu skal skipta mismuninum milli samskuldara þrotabúsins eftir réttarsambandi þeirra.

105. gr.

Ef kröfu er lýst í þrotabúið og einnig endurgreiðslukröfu vegna sömu kröfu skal miða við samtölu þessara krafna við úthlutun. Upp í endurgreiðslukröfuna skal það aðeins greitt sem er umfram fjárhæð aðalkröfunnar. Ef fleiri en einn gera endurgreiðslukröfur skal skipta úthlutunarfjárhæð eftir reglu 104. gr.

106. gr.

Ef kröfu er lýst í þrotabúið og endurgreiðslukrafa samskuldara er tryggð með veði eða öðrum tryggingarréttindum í eignum þess skal lækka þá fjárhæð sem samskuldari getur krafist á grundvelli tryggingarréttarins um þá fjárhæð sem kemur upp í aðalkröfuna við úthlutun.

Eigi samskuldarinn rétt til skuldajafnaðar skal beita reglum 1. mgr.

107. gr.

Samskuldari sem á endurkröfurétt á þrotamanninn og hefur greitt skuld þeirra á síðustu þremur mánuðum fyrir frestdag á sama rétt til greiðslu úr hendi þrotabúsins og lánardrottinn þeirra hefði átt ef hann hefði ekki fengið greiðsluna frá samskuldaranum. Samskuldarinn á þó ekki rétt á hærri fjárhæð úr hendi þrotabúsins en hann hefði getað krafið þrotamanninn um ef ekki hefði komið til gjaldþrotaskipta.

Hafi fleiri samskuldarar en einn greitt skuldina skal því fé sem þeir fá við úthlutun skipt milli þeirra eftir reglu 104. gr.

108. gr.

Beita skal ákvæðum 104.–107. gr. þegar krafa á hendur þrotabúinu er tryggð með veði eða öðrum tryggingarréttindum í eign þriðja manns.

XVII. KAFLI
Rétthæð krafna á hendur þrotabúi.

109. gr.

Afhenda skal eign eða réttindi í vörslum þrotabús þriðja manni ef hann sannar eignarrétt sinn að þeim. Öðrum rétthöfum skal með sama hætti afhenda eignir eða réttindi sem þrotabúið á ekki tilkall til.

Hafi þrotabúið selt eign eða réttindi sem þriðji maður sannar síðar að hafi tilheyrt sér getur hann krafist greiðslu þess sem þrotabúið fékk í hendur við söluna, eftir atvikum að frádregnum kostnaði sem búið hefur haft af varðveislu og sölu eignarinnar. Slík krafa skal greidd á undan öllum öðrum kröfum á hendur búinu.

110. gr.

Næstar kröfum skv. 109. gr. ganga eftirtaldar kröfur í þeirri röð sem hér segir, sbr. þó 3. mgr. 111. gr.:

1. kostnaður af útför þess látna ef farið er með dánarbú hans eftir reglum þessa þáttar,
2. kostnaður af skiptunum,
3. kröfur sem hafa orðið til á hendur þrotabúinu eftir uppkvaðningu úrskurðar héraðsdómara um töku búsins til gjaldþrotaskipta með samningum skiptastjóra eða vegna tjóns sem búið bakar öðrum,
4. kröfur sem hafa orðið til eftir frestdag með ráðstöfunum skuldara sem voru samþykktar af aðstoðarmanni hans við greiðslustöðvun eða umsjónarmanni með nauðasamningsumleitunum hans, enda hafi ráðstafanirnar verið heimilar skv. 19.–21. gr.

111. gr.

Næstar kröfum skv. 109. og 110. gr. ganga kröfur sem njóta veðréttar eða annarra tryggingarréttinda í eign þrotabúsins að því leyti sem þeim verður fullnægt af andvirði eignarinnar og arði eða öðrum tekjum sem þrotabúið hefur fengið greitt af henni.

Ef tveir lánardrottnar eða fleiri eiga veðrétt eða tryggingarréttindi í sömu eign fer um rétthæð þeirra eftir almennum reglum. Óþinglýst réttindi á grundvelli almenns lögveðs ganga þó á eftir réttindum annarra samkvæmt þessari grein.

Kröfur skv. 2.–4. tölul. 110. gr. ganga aðeins fyrir kröfum samkvæmt þessari grein að því leyti sem þær varða þá eign sem veðréttur eða tryggingarréttindi eru í.

112. gr.

Næstar kröfum skv. 109.–111. gr. ganga að réttri tiltölu við fjárhæð hverrar kröfu:

1. kröfur um laun og annað endurgjald fyrir vinnu í þjónustu þrotamannsins sem hafa fallið í gjalddaga á síðustu átján mánuðum fyrir frestdag,
2. kröfur um bætur vegna slita á vinnusamningi sem hafa átt sér stað á því tímabili sem um ræðir í 1. tölul. eða eftir frestdag,
3. kröfur um orlofsfé eða orlofslaun sem réttur hefur unnist til á því tímabili sem um ræðir í 1. tölul. eða eftir frestdag,
4. kröfur um gjöld til lífeyrissjóða, sjúkrasjóða og orlofsheimilasjóða sem þrotamanninum hefur borið að greiða samkvæmt lögum eða kjarasamningi á því tímabili sem um ræðir í 1. tölul. eða eftir frestdag, svo og gjöld til stéttarfélaga sem honum bar að standa skil á vegna sama tímabils,
5. kröfur um bætur vegna örorku eða dauðsfalls manns sem starfaði í þjónustu þrotamannsins og varð þar fyrir slysi sem olli örorku eða dauðsfalli og átti sér stað á því tímabili sem um ræðir í 1. tölul. eða eftir frestdag,

6. kröfur maka, fyrrverandi maka eða barns þrotamannsins um lífeyri eða meðlag vegna þess tímabils sem um ræðir í 1. tölul. eða eftir frestdag, ef kröfurnar styðjast við yfirvaldsákvörðun eða skilnaðarsamning og greiðast ekki af almannatryggingum eða með sambærilegum hætti,
7. kröfur til eða vegna meðferðar fjár sem þrotamaðurinn hefur haft í vörslum sínum sem opinber sýslunarmaður með sjálfstæða fégæslu,
8. kröfur um þóknun aðstoðarmanns við greiðslustöðvun og umsjónarmanns með nauðasamningsumleitunum ásamt nauðsynlegum kostnaði sem þeir hafa lagt út fyrir eftir frestdag.

Kröfur skv. 1.–6. tölul. skulu enn fremur njóta rétthæðar samkvæmt þessari grein þótt þær séu eldri en þar segir ef mál hefur verið höfðað til heimtu þeirra innan sex mánaða frá gjalddaga og dómur hefur gengið um þær á síðustu sex mánuðunum fyrir frestdag eða síðar.

Hvorki njóta þeir sem eru nákomnir þrotamanni réttar skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. fyrir kröfum sínum né þeir sem hafa átt sæti í stjórn eða haft með höndum framkvæmdastjórn félags eða stofnunar sem er til gjaldþrotaskipta.

113. gr.

Næstar kröfum skv. 109.–112. gr. ganga allar aðrar kröfur á hendur þrotabúi að réttri tiltölu við fjárhæð hverrar, nema þær sem eru taldar í 114. gr.

114. gr.

Að baki öllum kröfum skv. 109.–113. gr. koma eftirtaldar kröfur í þeirri röð sem hér segir:

1. kröfur um vexti, verðbætur, gengismun og kostnað af innheimtu kröfu skv. 112. eða 113. gr. sem hafa fallið til eftir að úrskurður gekk um að búið sé tekið til gjaldþrotaskipta,
2. kröfur um févíti einkaréttarlegs eðlis nema að því leyti sem skaðabætur felast í þeim,
3. kröfur um gjafir,
4. kröfur sem um hefur verið samið að víki fyrir öllum öðrum kröfum,
5. kröfur um vexti, verðbætur, gengismun og kostnað af innheimtu kröfu skv. 2.–4. tölul. sem hafa fallið til eftir að úrskurður gekk um að búið sé tekið til gjaldþrotaskipta.

115. gr.

Við framsal eða önnur aðilaskipti að kröfu fylgja réttindi á hendur þrotabúi skv. 109.–114. gr.

Nú greiðir samskuldari þrotabús kröfu, og fer þá um framkröfu hans á hendur þrotabúinu með sama hætti og kröfuna sem var greidd, en þó rýrir það ekki sjálfstæð tryggingarréttindi sem samskuldarinn kann að eiga.

XVIII. KAFLI
Meðferð krafna á hendur þrotabúi.

116. gr.

Dómsmál verður ekki höfðað í héraði gegn þrotabúi nema mælt sé sérstaklega fyrir um heimild til þess í lögum eða um opinbert mál sé að ræða og krafist sé refsiviðurlaga sem má ákveða á hendur þrotabúi. Má þá höfða málið í því umdæmi þar sem skiptin fara fram.

Halda má máli til dóms ef það hefur verið höfðað á hendur þrotamanninum og dómur ekki gengið í því áður en úrskurður gekk um að búið væri tekið til gjaldþrotaskipta, enda tilkynni stefnandi þess skiptastjóra um það. Tekur þá þrotabúið við aðild málsins ef þær skyldur, sem málið varða, falla á það, en ella má halda því til dóms á hendur þrotamanninum ef um einstakling er að ræða. Ef mál sem má halda til dóms á hendur þrotabúinu hefur verið

dómtekið vegna útivistar þrotamannsins eftir uppkvaðningu úrskurðar um töku bús hans til gjaldþrotaskipta má þrotabúið krefjast endurupptöku þess eftir reglum um lögmæt forföll.

Kröfu um aðför, kyrrsetningu, lögbann eða löggeymslu verður ekki komið fram gegn þrotabúi.

Kröfu um nauðungarsölu á eign þrotabús verður ekki komið fram á fyrstu sex mánuðum eftir uppkvaðningu úrskurðar um að búið sé tekið til gjaldþrotaskipta nema að kröfu eða með samþykki skiptastjóra. Eftir það getur sá sem hefur heimild til að krefjast nauðungarsölu án frekari dóms, sáttar eða aðfarar komið henni fram á eign þrotabúsins ef krafa hans hefði verið komin í gjalddaga án tillits til 1. mgr. 99. gr.

117. gr.

Sá sem vill halda uppi kröfu á hendur þrotabúi og getur ekki fylgt henni eftir skv. 116. gr. skal lýsa henni fyrir skiptastjóra.

Kröfulýsing skal vera skrifleg og tekið fram í hvers þágu hún sé gerð, svo ekki verði um villst. Í henni skulu kröfur tilteknar svo skýrt sem verða má, svo sem fjárhæð kröfu og vaxta í krónum og hverrar stöðu sé krafist að hún njóti í skuldaröð, eða um afhendingu tiltekins hlutar, ákvörðun á tilgreindum réttindum á hendur þrotabúinu, lausn undan tiltekinni skyldu við það, skyldu þess til ákveðinnar athafnar eða til að láta af henni, greiðslu kostnaðar af innheimtu kröfunnar eða gæslu hagsmuna af henni o.s.frv. Í kröfulýsingu skal enn fremur greina þær málsástæður sem kröfuhafi byggir rétt sinn á hendur þrotabúinu á, svo og önnur atvik sem þarf að greina samhengis vegna.

Þau gögn skulu fylgja kröfulýsingu sem kröfur eru studdar við.

Skiptastjóri skal staðfesta móttöku kröfulýsingar ef eftir því er leitað.

Krafa lánardrottins um gjaldþrotaskipti, sem hefur verið tekin til greina, telst nægileg lýsing kröfu á hendur þrotabúinu ef hún fullnægir ákvæðum 2. og 3. mgr.

Kröfulýsingu fyrir skiptastjóra fylgja sömu áhrif og ef mál hefði verið höfðað um kröfuna á þeirri stund sem hún berst honum.

118. gr.

Ef kröfu á hendur þrotabúi er ekki lýst fyrir skiptastjóra áður en fresti lýkur skv. 2. mgr. 85. gr. og ekki er unnt að fylgja henni fram gagnvart því skv. 116. gr., þá fellur hún niður gagnvart búinu nema:

1. kröfunni sé lýst áður en boðað er til skiptafundar um frumvarp til úthlutunar úr búinu og samþykki fáist fyrir að krafan komist að hjá ¼ hlutum þeirra kröfuhafa sem færu á mis við greiðslu af þeim sökum, talið bæði eftir höfðatölu kröfuhafanna og fjárhæðum krafna þeirra,
2. kröfuhafinn sé búsettur erlendis og hafi hvorki verið kunnugt né mátt vera kunnugt um gjaldþrotaskiptin, enda sé kröfunni lýst án ástæðulausra tafa og áður en boðað er til skiptafundar um frumvarp til úthlutunar úr búinu,
3. krafan sé höfð uppi til skuldajafnaðar við kröfu þrotabúsins að fullnægðum skilyrðum 100. gr.,
4. um kröfu sé að ræða skv. 109. gr.,
5. um kröfu sé að ræða skv. 1.–3. tölul. 110. gr. eða hún hafi annars fyrst orðið til eftir uppkvaðningu úrskurðar um að búið sé tekið til gjaldþrotaskipta og henni er lýst án ástæðulausra tafa og áður en boðað er til skiptafundar um frumvarp til úthlutunar úr búinu,
6. um kröfu sé að ræða sem hefur raknað við vegna riftunar, sbr. 143. gr., og henni er lýst án ástæðulausra tafa og áður en boðað er til skiptafundar um frumvarp til úthlutunar úr búinu.

119. gr.

Þegar kröfulýsingarfresti er lokið skal skiptastjóri tafarlaust gera skrá um þær kröfur sem hafa komið fram, þar sem hann lætur í ljós sjálfstæða afstöðu sína til þess hvort og þá hvernig hann telji að viðurkenna eigi hverja kröfu um sig. Í skránni skal getið hvers efnis kröfurnar séu, fjárhæða þeirra og umkrafinnar stöðu í skuldaröð, ef því er að skipta. Skiptastjóra er þó óskylt að taka afstöðu til kröfu ef telja má fullvíst að ekki geti komið til greiðslu hennar að neinu leyti við skiptin.

Ef skiptastjóri fellst ekki á að viðurkenna kröfu að öllu leyti, eins og henni hefur verið lýst, skal hann tilkynna hlutaðeigandi kröfuhafa um afstöðu sína til hennar með minnst viku fyrirvara áður en skiptafundur verður haldinn til að fjalla um skrá um lýstar kröfur. Tilkynningin skal send með sannanlegum hætti og tekið skýrlega fram í henni hverjar afleiðingar það hafi ef afstöðu skiptastjóra verður ekki mótmælt á skiptafundinum, sbr. 3. mgr. 120. gr. Í stað tilkynningar getur skiptastjóri þó sent hlutaðeiganda eintak kröfuskrár, enda komi þá þar fram það sem ella hefði verið í tilkynningunni.

Skiptastjóri skal láta eintak kröfuskrár liggja fyrir á starfsstofu sinni í að minnsta kosti viku fyrir skiptafund til sýnis fyrir þá sem þangað koma og hafa lýst kröfu í þrotabúið. Þá ber skiptastjóra að láta þeim í té eintak kröfuskrár sem hafa lýst kröfu á hendur þrotabúinu og leita eftir því, en honum er heimilt að krefjast greiðslu til búsins fyrir kostnaði af gerð eintaksins. Þrotamaðurinn eða forráðamaður félags eða stofnunar, sem er til gjaldþrotaskipta, skal eiga sama aðgang að kröfuskrá, en aðrir ekki nema skiptastjóri telji sýnt að þeir eigi lögvarinna hagsmuna að gæta af því.

120. gr.

Kröfuhafi, sem vill ekki una afstöðu skiptastjóra til viðurkenningar kröfu sinnar á hendur þrotabúinu, skal lýsa yfir mótmælum sínum á skiptafundi, sem er haldinn til að fjalla um skrá um lýstar kröfur, eða tilkynna það skiptastjóra með bréfi sem berst honum ekki síðar en á þeim fundi. Með sama hætti er kröfuhafa rétt að mótmæla afstöðu skiptastjóra til viðurkenningar kröfu sem annar kröfuhafi hefur gert hafi niðurstaða um hana áhrif við skiptin á hagsmuni þess sem hefur uppi mótmælin.

Skiptastjórinn leggur fyrir kröfuskrá og kröfulýsingar á skiptafundinum ásamt mótmælum sem kunna að hafa borist skv. 1. mgr. Þar skal hann eftir föngum veita fundarmönnum þær skýringar sem þeir æskja um efni einstakra krafna, ástæður fyrir afstöðu sinni til viðurkenningar þeirra og framkomin mótmæli gegn þeim, en um rétt til fundarsóknar skal farið eftir ákvæðum 125. gr. Komi fram mótmæli á fundinum gegn afstöðu skiptastjóra til viðurkenningar kröfu og þeir eru staddir þar báðir eða allir sem hafa mótmælt og mótmæli beinast eftir atvikum gegn, skal skiptastjóri reyna að jafna ágreininginn, en annars skal hann boða þá sem eiga hlut að máli sem fyrst til sérstaks fundar í því skyni. Verði ágreiningur ekki leystur með þeim hætti skal skiptastjóri beina málefninu til héraðsdóms eftir 171. gr.

Að því leyti sem mótmæli koma ekki fram skv. 1. mgr. gegn afstöðu skiptastjóra til viðurkenningar kröfu telst afstaðan endanlega samþykkt við skiptin.

121. gr.

Ef kröfu er lýst eftir að kröfulýsingarfresti er lokið, en ekki er víst að hún sé fallin niður fyrir þær sakir, skal skiptastjóri svo fljótt sem verða má taka afstöðu til þess hvort og þá hvernig hann telji eiga að viðurkenna hana. Hann skal síðan boða til skiptafundar til að fjalla um afstöðu sína til kröfunnar. Um rétt til mótmæla gegn afstöðu skiptastjóra, meðferð mótmæla sem kunna að koma fram og þýðingu þess að engum mótmælum sé hreyft gilda ákvæði 120. gr.

XIX. KAFLI
Bústjórn og ráðstöfun hagsmuna þrotabús.

122. gr.

Meðan á gjaldþrotaskiptum stendur fer skiptastjóri með forræði þrotabúsins og er einn bær um að ráðstafa hagsmunum og svara fyrir skyldur þess, sbr. þó 130. gr. Hann kemur fram af hálfu búsins fyrir dómi og gerir samninga og aðra löggerninga í nafni þess.

Skiptastjóri skal einkum gæta þess í störfum sínum að skiptum verði lokið án ástæðulauss dráttar, að allar eignir og öll réttindi þrotabúsins komi fram og verði ráðstafað á sem hagkvæmastan hátt, að kröfur þess og innstæður verði heimtar inn, að engin þau réttindi þess fari forgörðum sem geta haft verðgildi og gripið verði til þeirra aðgerða sem verða annars taldar nauðsynlegar til að varna tjóni. Hann skal og gæta þess að peningaeign þrotabúsins beri sem hagkvæmasta vexti á reikningi við banka eða sparisjóð með tilliti til þess um hve langan tíma megi ætla að hann hafi hana undir höndum.

123. gr.

Skiptastjóri skal, svo fljótt sem tök eru á eftir skipun sína, hefjast handa um ráðstöfun á þeim eignum og réttindum sem telja má sýnt að tilheyri þrotabúinu, enda þyki honum ekki hagkvæmara fyrir hagsmuni þess að ráðstöfun verði frestað um sinn. Ef þrotamaðurinn leitar nauðasamnings skv. 21. kafla skal skiptastjóri þó ekki ráðstafa eignum eða réttindum þannig að fari í bága við þær umleitanir nema hann telji það nauðsynlegt til að varna tjóni eða verulegum kostnaði eða sá fjöldi lánardrottna greiði atkvæði gegn frestun ráðstafana á skiptafundi sem mundi nægja til að nauðasamningsumleitanir bæru ekki árangur. Skiptastjóri skal heldur ekki ráðstafa eignum eða réttindum frekar en þörf krefur eða nauðsynlegt er til að varna tjóni eða verulegum kostnaði ef hann telur sennilegt að skiptunum kunni að ljúka eftir 2. mgr. 154. gr.

Ef eign er í vörslum þrotabúsins og óvissa er um réttindi yfir henni eða vitað er að hún tilheyri því ekki, en enginn gefur sig fram innan kröfulýsingarfrests til að krefjast hennar, má skiptastjóri ráðstafa henni að undangenginni birtingu áskorunar í Lögbirtingablaði til eigandans um að gefa sig fram. Ef eignin liggur undir skemmdum eða meiri kostnaður væri af varðveislu hennar á kröfulýsingarfresti en ætla má að andvirði hennar nemi má skiptastjóri þó ráðstafa henni á kröfulýsingarfresti að undangenginni áskorun samkvæmt áðursögðu. Fé sem fæst fyrir slíka eign rennur til þrotabúsins ef enginn kallar eftir því.

Nú stendur ekki svo á sem í 2. mgr. segir, skiptastjóri selur eða ráðstafar eign eða réttindum sem þriðji maður var með réttu eigandi að og skiptastjóri vissi eða mátti vita um rétt hans, og getur þá þriðji maður krafið þrotabúið um bætur ef hann fær ekki tjón sitt bætt með kröfu skv. 2. mgr. 109. gr. Slík bótakrafa nýtur stöðu skv. 3. tölul. 110. gr. Hafi sala eða ráðstöfun átt sér stað eftir lok kröfulýsingarfrests og þriðji maður hefur ekki lýst tilkalli sínu áður en hún fór fram getur hann ekki haft uppi kröfu á hendur kaupanda sem hvorki vissi né mátti vita um réttindi hans.

124. gr.

Skiptastjóri tekur ákvarðanir um hvernig eignum og réttindum þrotabúsins verði ráðstafað, þar á meðal hvernig og hverjum þær verði seldar og gegn hverju verði, sbr. þó 129. gr., og hvort kröfu verði haldið uppi, mál verði höfðað um hana eða hún gefin eftir.

Skiptastjóri heldur skiptafundi eftir því sem honum þykir henta til að kynna ráðstafanir sem hann hefur gert, leita eftir atvikum tillagna eða ákvarðana um ráðstafanir sem eru enn ógerðar og gefa kost á að slíkar tillögur verði settar fram. Skiptastjóra er þó skylt að taka þessi málefni á dagskrá á skiptafundi sem er haldinn til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og honum er jafnframt skylt að boða til skiptafundar í þessu skyni ef þess er krafist skriflega af þeim sem

færu að minnsta kosti með fimmtung atkvæða á fundinum. Ákvarðanir skiptafundar um ráðstafanir, sem eru enn ógerðar, binda skiptastjóra samkvæmt því sem segir í 127. gr.

Þótt skiptastjóri boði ekki til skiptafundar um einstakar ráðstafanir sínar er honum rétt að ráðfæra sig áður en þær verða gerðar við kröfuhafa sem þær varða sérstaklega eða hafa annars hagsmuni umfram aðra af þeim.

125. gr.

Kröfuhafi á rétt á að sækja skiptafundi ef hann hefur lýst kröfu sinni fyrir skiptastjóra og henni hefur ekki endanlega verið hafnað.

Skiptastjóri getur heimilað öðrum fundarsókn, þar á meðal þrotamanni eða forráðamanni félags eða stofnunar sem er til gjaldþrotaskipta, ef fundarefnið varðar hagsmuni þeirra, vera þeirra á fundinum gæti orðið til hagræðis eða enginn sem á rétt til fundarsóknar hreyfir athugasemdum við að þeir séu viðstaddir. Slíkir menn njóta ekki málfrelsis eða tillöguréttar á fundinum nema að því leyti sem skiptastjóri ákveður.

126. gr.

Að því leyti sem þarf að ákveða atkvæði á skiptafundum ráðast þau af fjárhæðum krafna þeirra sem eiga rétt til fundarsóknar skv. 1. mgr. 125. gr. og hafa lýst kröfum um peningagreiðslu. Ef skiptastjóri hefur ekki enn tekið afstöðu til viðurkenningar kröfu eða hún er tryggð að hluta, ógjaldfallin, umdeild eða skilyrt, skal skiptastjóri ákveða henni atkvæði til bráðabirgða.

Ef skiptastjóri telur ljóst að krafa fáist greidd að fullu eða að engu greidd hvernig sem atkvæðagreiðsla kynni að fara á skiptafundi nýtur lánardrottinn ekki atkvæðisréttar á grundvelli hennar.

Séu atkvæði greidd um málefni sem varða sérstaka hagsmuni einstaks lánardrottins skulu atkvæði hlutaðeiganda falla niður.

127. gr.

Skiptafundur er ályktunarfær ef hann er sóttur af þeim sem fara með minnst þriðjung atkvæða skv. 126. gr.

Skiptastjóri er bundinn af ákvörðun ályktunarfærs skiptafundar ef allir fundarmenn hafa verið á einu máli. Telji skiptastjóri slíka ákvörðun þó andstæða lögum, óheiðarlega, óframkvæmanlega eða bersýnilega fara í bága við hagsmuni lánardrottna sem sóttu ekki fundinn eða geta enn gefið sig fram má hann virða ákvörðunina að vettugi og annaðhvort leggja málefnið fyrir nýjan skiptafund eða ráða því sjálfur til lykta.

Greini fundarmenn á um ákvörðun á ályktunarfærum skiptafundi er skiptastjóra að öðru jöfnu rétt að fylgja ályktun meiri hlutans. Það skal þó ekki gert ef efni eru til að víkja frá henni vegna þeirra atvika sem eru talin í 2. mgr. eða ætla má að meirahlutavaldi sé misbeitt minni hlutanum til tjóns. Telji skiptastjóri ekki fært að fara að ályktun meiri hlutans getur hann lagt málefnið fyrir nýjan skiptafund eða ráðið því sjálfur til lykta.

Falli atkvæði jöfn á ályktunarfærum skiptafundi skal skiptastjóri ráða málefninu til lykta á þann veg sem hann telur best eiga við, nema hann kjósi fremur að boða til nýs fundar um það.

128. gr.

Skiptastjóri skal kynna ákvarðanir sínar um fundarefni skv. 127. gr. jafnharðan á skiptafundum nema hann telji nauðsynlegt að fresta ákvörðun til nýs fundar.

Mæti ekki lánardrottinn til skiptafundar sem hann hefur verið boðaður til glatar hann rétti til að hafa uppi mótmæli eða kröfur vegna ákvarðana og ráðstafana sem hafa verið teknar þar eða kynntar.

Lánardrottinn sem á atkvæði um málefni búsins og telur ákvörðun eða ráðstöfun skiptastjóra ólögmæta getur mótmælt henni þegar á þeim fundi sem hún er kynnt, en ella á næsta fundi sem hann er boðaður til hafi hann ekki glatað rétti til þess skv. 2. mgr. Komi slík mótmæli fram skal skiptastjóri leitast við að jafna ágreininginn, en takist það ekki skal hann beina málefninu til héraðsdóms eftir 171. gr. Meðan ágreiningur hefur ekki verið leiddur til lykta skulu ekki gerðar frekari ráðstafanir um málefnið nema nauðsynlegt sé til að réttindi eða munir fari ekki forgörðum eða rýrni að mun.

129. gr.

Ef ráðstafa á eign þrotabúsins sem er bundin veðréttindum eða öðrum tryggingarréttindum og skiptastjóri telur að hún verði ekki seld gegn því verði að allir hlutaðeigendur fái fullnustu krafna sinna skal hann boða þá sem eiga réttindi yfir eigninni til veðhafafundar. Um boðun og önnur atriði varðandi framkvæmd veðhafafundar skal farið eftir sömu reglum og gilda um skiptafundi að því leyti sem ekki er mælt hér á annan veg, en atkvæði verða þar ekki greidd svo bindandi sé fyrir minni hluta.

Skiptastjóri skal kynna ráðagerðir sínar um ráðstöfun veðbundinnar eignar á veðhafafundi. Hann skal leita þar heimildar fundarmanna til að ráðstafa eigninni með þeim áhrifum að þeir fundarmenn, sem kunna að fara á mis við fullnustu af söluverði eignarinnar, glati þeim tryggingarréttindum sem þeir kunna að njóta.

Ef eigninni er ekki ráðstafað með nauðungarsölu og skiptastjóra berst boð í hana, sem hann telur viðunandi en nægir þó ekki til að fullnægja réttindum allra hlutaðeigenda, skal hann boða þá sem færu á mis við fullnustu á ný til fundar, enda hafi þeir ekki áður veitt heimild skv. 2. mgr. Í fundarboði skal koma skýrlega fram hvert verð sé boðið í eignina og mat skiptastjóra á því hversu langt það muni hrökkva til að fullnægja kröfum þeirra sem eiga réttindi yfir henni.

Á veðhafafundi skv. 3. mgr. skal skiptastjóri gefa þeim fundarmönnum, sem færu á mis við fullnustu ef boði væri tekið, kost á að ganga inn í boðið eða gera hærra boð. Ef fleiri slíkir fundarmenn en einn lýsa yfir vilja á fundinum til að ganga inn í boð og sammæli verða ekki um annað skal þeim gefinn kostur á að gera hærra boð. Skiptastjóri skal ákveða á fundinum hverju boði verði tekið nema hann telji efni til að fresta ákvörðun eða leita frekari boða í hana.

Þegar skiptastjóri ráðstafar eign skv. 4. mgr. falla sjálfkrafa niður þau tryggingarréttindi yfir eigninni sem fást ekki fullnægt af söluverði hennar. Að kröfu skiptastjóra skulu slík réttindi afmáð ef þeim hefur verið þinglýst, enda leggi hann fyrir fundargerðir, fundarboð og önnur gögn því til staðfestingar að skilyrðum fyrir því sé fullnægt.

Veðhafi eða annar sá sem á réttindi yfir eign, sem er farið með eftir ákvæðum þessarar greinar, getur haft uppi mótmæli vegna meðferðar hennar með þeim hætti sem segir í 3. mgr. 128. gr.

130. gr.

Ákveði skiptastjóri að halda ekki uppi hagsmunum sem þrotabúið kann að njóta eða geta notið hvort sem það er gert samkvæmt ályktun skiptafundar eða ekki getur lánardrottinn, sem hefur lýst kröfu á hendur búinu sem hefur ekki þegar verið hafnað, gert það í eigin nafni til hagsbóta búinu hafi skiptastjóri ekki þegar skuldbundið það á annan veg. Sá sem vill gera slíkt skal tilkynna það skiptastjóra tafarlaust og bera sjálfur kostnað og áhættu af aðgerðum sínum en hann getur krafið þrotabúið um endurgreiðslu kostnaðar að því leyti sem búinu áskotnast fé af þeim.

Grípi enginn lánardrottinn til aðgerða skv. 1. mgr. má þrotamaðurinn gera það ef um einstakling er að ræða.

Hafi lánardrottinn eða þrotamaðurinn tekið að sér hagsmuni þrotabúsins skv. 1. eða 2. mgr. getur skiptastjóri hvenær sem er tekið við þeim á ný, enda greiði þá þrotabúið hlutaðeiganda um leið þann kostnað sem hefur fallið til af þessum sökum.

XX. KAFLI
Riftun ráðstafana þrotamanns o.fl.

131. gr.

Krefjast má riftunar á gjafagerningi ef gjöfin var afhent á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag.

Krefjast má riftunar á gjafagerningi ef gjöfin var afhent sex til tólf mánuði fyrir frestdag nema leitt sé í ljós að þrotamaðurinn hafi þá verið gjaldfær og það þrátt fyrir afhendinguna. Þetta gildir einnig um gjafir til nákominna sem hafa verið afhentar sex til tuttugu og fjóra mánuði fyrir frestdag.

Ekki verður krafist riftunar venjulegra tækifærisgjafa, svipaðra gjafa eða styrkveitinga ef gerningar sem þessir voru ekki kostnaðarsamari en svaraði til aðstöðu þrotamannsins.

132. gr.

Ef þrotamaðurinn hefur afsalað sér arfi á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag má krefjast riftunar á þeirri ráðstöfun. Hafi arfinum verið úthlutað áður en úrskurður gekk um að búið væri tekið til gjaldþrotaskipta skal beina kröfu að þeim sem hefur fengið arf eða aukinn arf vegna arfsafsalsins.

Krefjast má riftunar á arfsafsali sem hefur verið gefið sex til tuttugu og fjóra mánuði fyrir frestdag nema leitt sé í ljós að þrotamaðurinn hafi þá verið gjaldfær og það þrátt fyrir arfsafsalið.

Hafi fjárslit farið fram milli þrotamannsins og maka hans eða sambýlismanns, og hann hefur afsalað sér rétti við þau, má krefjast riftunar eftir reglum 1. og 2. mgr. á þeirri ráðstöfun að því leyti sem fyrrum maki þrotamannsins eða sambýlismaður hefur fengið meira í sinn hlut við fjárslitin en honum hefði borið.

133. gr.

Krefjast má riftunar á greiðslu á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag frá þrotamanninum til nákominna á launum, öðru endurgjaldi fyrir vinnu eða eftirlaunum, ef greiðslan var bersýnilega hærri en sanngjarnt var miðað við vinnuna, tekjur af atvinnurekstrinum og önnur atvik. Aðeins verður rift að því leyti sem greiðslan var hærri en sanngjarnt var.

Sama gildir um greiðslu sex til tuttugu og fjórum mánuðum fyrir frestdag nema leitt sé í ljós að þrotamaðurinn hafi þá verið gjaldfær og það þrátt fyrir greiðsluna.

134. gr.

Krefjast má riftunar á greiðslu skuldar á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag ef greitt var með óvenjulegum greiðslueyri, fyrr en eðlilegt var eða greidd var fjárhæð sem hefur skert greiðslugetu þrotamannsins verulega, nema greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum.

Krefjast má riftunar slíkrar greiðslu til nákominna sex til tuttugu og fjórum mánuðum fyrir frestdag nema leitt sé í ljós að þrotamaðurinn hafi þá verið gjaldfær og það þrátt fyrir greiðsluna.

135. gr.

Ef þrotamaðurinn hefur greitt víxil eða tékka verður þeirri ráðstöfun ekki rift gagnvart þeim sem varð að taka við greiðslu til að halda víxil- eða tékkarétti á hendur öðrum nema þrotabúið sanni að ekki hafi verið unnt að fá greiðslu hjá þeim. Hins vegar ber þeim að greiða fjárhæðina sem að lokum hefði beðið tjón ef þrotamaðurinn hefði ekki greitt, enda hefðu verið skilyrði til að rifta ef þrotamaðurinn hefði greitt honum.

136. gr.

Ákvæði um riftun greiðslu gilda einnig um skuldajöfnuð ef ekki mætti beita honum skv. 100. gr.

137. gr.

Krefjast má riftunar á veðrétti eða öðrum tryggingarréttindum sem kröfuhafi fékk á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag en ekki um leið og stofnað var til skuldarinnar. Það sama á við ef slíkum réttindum er ekki þinglýst eða þau eru ekki tryggð á annan hátt gegn fullnustugerðum án ástæðulauss dráttar eftir að skuldin varð til og ekki fyrr en á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag.

Krefjast má riftunar á veðrétti eða öðrum tryggingarréttindum sem hafa verið sett til hagsbóta fyrir nákomna sex til tuttugu og fjórum mánuðum fyrir frestdag og ákvæði 1. mgr. eiga að öðru leyti við, nema leitt sé í ljós að þrotamaðurinn hafi þá verið gjaldfær og það þrátt fyrir stofnun tryggingarréttindanna.

138. gr.

Kyrrsetning í eign þrotamannsins fellur sjálfkrafa niður við uppkvaðningu úrskurðar um töku bús hans til gjaldþrotaskipta ef eignin rennur til þrotabúsins. Eins fer um löggeymslu og fjárnám sem hefur verið gert í eign þrotamannsins á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag ef eignin rennur til þrotabúsins.

Sama gildir um löggeymslu og fjárnám sem hefur verið gert sex til tuttugu og fjórum mánuðum fyrir frestdag að kröfu einhvers sem er nákominn þrotamanni, nema sá leiði í ljós með málsókn að þrotamaður hafi þá verið gjaldfær og það þrátt fyrir fullnustugerðina.

139. gr.

Krefjast má riftunar á greiðslu skuldar ef greitt var eftir frestdag nema reglur XVII. kafla hefðu leitt til að skuldin hefði greiðst við gjaldþrotaskipti, nauðsynlegt hafi verið að greiða til að komast hjá tjóni eða sá sem greiðslu naut hafi hvorki vitað né mátt vita að komið hafi fram beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings eða krafa um gjaldþrotaskipti.

Krefjast má riftunar annarra ráðstafana sem hafa verið gerðar eftir frestdag nema ráðstöfunin hafi verið nauðsynleg í þágu atvinnurekstrar þrotamannsins, eðlileg af tilliti til sameiginlegra hagsmuna lánardrottna eða til að fullnægja daglegum þörfum. Ekki verður rift gagnvart þeim sem mátti líta svo á að ráðstöfunin hafi verið þess eðlis sem á undan segir eða hvorki vissi né mátti vita um beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings eða kröfu um gjaldþrotaskipti.

Ef aðstoðarmaður skuldarans við greiðslustöðvun eða umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum hans hefur samþykkt greiðslu eða ráðstöfun, verður ekki rift nema samþykkið hafi bersýnilega verið gefið í andstöðu við heimildir laga þessara til ráðstafana.

140. gr.

Ef það er skilyrði riftunar að ráðstöfun eða fullnustugerð fari fram á tilteknum tíma telst það skilyrði uppfyllt ef þinglýsing eða önnur tryggingarráðstöfun, sem er nauðsynleg til að hindra að betri réttur fáist með fullnustugerð, fer fram á þeim tiltekna tíma.

141. gr.

Krefjast má riftunar ráðstafana sem á ótilhlýðilegan hátt eru kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra, leiða til þess að eignir þrotamannsins verði ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum eða leiða til skuldaaukningar kröfuhöfum til tjóns, ef þrotamaðurinn var ógjaldfær eða varð það vegna ráðstöfunarinnar og sá sem hafði hag af henni vissi eða mátti vita um ógjaldfærni þrotamannsins og þær aðstæður sem leiddu til þess að ráðstöfunin væri ótilhlýðileg.

142. gr.

Ef riftun fer fram með stoð í 131.–138. gr. skal sá sem hafði hag af riftanlegri ráðstöfun eða fullnustugerð greiða þrotabúinu fé sem svarar til þess sem greiðsla þrotamannsins hefur orðið honum að notum, þó ekki hærri fjárhæð en sem nemur tjóni þrotabúsins. Hafi hann fengið peninga greidda eða hafi greiðsla þrotamannsins verið seld og greiðsla fengist fyrir hana í peningum skiptir notkun peninganna engu um kröfu þrotabúsins. Ef ljóst er að viðsemjanda var kunnugt um riftanleika ráðstöfunarinnar skal þó dæma hann til greiðslu tjónsbóta.

Hagnað sem fæst eftir að riftunarmál er höfðað skal greiða þrotabúinu.

Ef riftun fer fram skv. 139. eða 141. gr. skal sá sem hafði hag af riftanlegri ráðstöfun greiða bætur eftir almennum reglum.

143. gr.

Þeim sem er gert að sæta riftun og greiða þrotabúi fé skv. 142. gr. eða öðrum ákvæðum þessara laga eða afhenda þrotabúinu verðmæti skv. 144. gr. skal skylt að inna sína greiðslu af hendi til þrotabúsins án tillits til þess hvenær úthlutun fari fram úr búinu. Honum skal heimilt að koma að upphaflegri fjárkröfu sinni á hendur þrotabúinu og njóta jafnrar stöðu við aðra lánardrottna sem hafa jafnréttháar kröfur.

144. gr.

Ef annar hvor aðila krefst skal skila greiðslum í þeim mæli sem þær eru enn til, enda verði það gert án óhæfilegrar rýrnunar verðmæta. Jafna skal greiðslur eftir því sem þarf með peningagreiðslum.

145. gr.

Ef sérstaklega stendur á má lækka eða fella niður kröfu á þann sem hafði hag af ráðstöfun eða fullnustugerð ef greiðsla kröfunnar væri svo miklum erfiðleikum bundin að ósanngjarnt megi teljast og önnur atvik leiða til þess sama.

146. gr.

Ef sá sem fékk verðmæti hefur framselt þau þriðja manni á þrotabúið kröfu á þriðja mann eftir reglum 142.–145. gr. ef hann vissi eða mátti vita um þær aðstæður sem riftunarkrafan byggist á.

Ef þriðji maður er nákominn þrotamanni á þrotabúið kröfu á hann í þeim mæli sem greinir í 1. og 2. mgr. 142. gr. og 143. gr., sbr. 144. og 145. gr., þó að hann hafi verið í góðri trú.

147. gr.

Ef þriðji maður hefur sett tryggingu eða gengið í ábyrgð fyrir skuldum þrotamanns en losnað frá skuldbindingu sinni vegna riftanlegrar greiðslu eða fullnustugerðar á þrotabúið kröfu á þriðja mann eftir reglunum í 142. og 143. gr., sbr. 145. gr., ef þriðji maður vissi eða mátti vita um aðstæðurnar sem riftunarkrafa byggist á þegar hann losnaði frá skuldbindingu sinni. Þrotabúið getur krafist veðtryggingar á ný ef unnt er að setja hana.

Ef þriðji maður er nákominn þrotamanni á þrotabúið kröfu á hann skv. 1. og 2. mgr. 142. gr. og 143. gr., sbr. 145. gr., þó að hann hafi verið í góðri trú.

Ákvæði 1. og 2. mgr. koma ekki í veg fyrir riftun gagnvart þriðja manni eftir 2. mgr. 134. gr., 2. mgr. 139. gr. eða 141. gr.

148. gr.

Ef höfða þarf dómsmál til að koma fram riftun skal það gert áður en sex mánuðir eru liðnir frá því skiptastjóri átti þess kost að gera riftunarkröfuna. Frestur þessi byrjar þó aldrei að líða fyrr en við lok kröfulýsingarfrests.

Frestur skv. 1. mgr. gildir ekki um mótmæli gegn kröfu sem er lýst í þrotabúið.

XXI. KAFLI
Nauðasamningar við gjaldþrotaskipti.

149. gr.

Frá því úrskurður er kveðinn upp um að bú sé tekið til gjaldþrotaskipta og þar til frumvarp er gert til úthlutunar úr búinu getur þrotamaðurinn leitað nauðasamnings í því skyni að gjaldþrotaskiptum ljúki með því að samningur komist á.

Ákvæði 3. þáttar gilda um nauðasamning, sem þrotamaðurinn leitar skv. 1. mgr., með þeim frávikum sem mælt er fyrir um í þessum kafla eða leiða af eðli máls.

Skiptastjóri gegnir þeim störfum sem umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum gegnir að öðrum kosti. Skiptastjóri fer eftir sem áður með forræði á málefnum þrotabúsins eftir almennum reglum þótt nauðasamnings sé leitað.

Að því leyti sem reglur 3. þáttar miða tiltekin áhrif við þann dag sem úrskurður gengur um heimild til að leita nauðasamnings skal varðandi nauðasamning skv. 1. mgr. miða þau við þann dag sem úrskurður gekk um að búið væri tekið til gjaldþrotaskipta.

150. gr.

Ef þrotamaðurinn vill leita nauðasamnings skal hann tilkynna skiptastjóra það skriflega. Í tilkynningunni skal greint frá því á hverjum forsendum samningsboðið sé reist og hvernig þrotamaðurinn rökstyðji að hann muni geta staðið við það. Þar skulu enn fremur koma fram þær skýringar við frumvarp að nauðasamningi sem þrotamaðurinn telur þörf.

Með tilkynningu skv. 1. mgr. skulu fylgja frumvarp að nauðasamningi sem er gert eftir fyrirmælum 36. gr. og skriflegar yfirlýsingar frá að minnsta kosti fjórðungi þeirra sem ættu atkvæðisrétt um nauðasamninginn, bæði eftir höfðatölu þeirra og kröfufjárhæðum, um að þeir mæli með nauðasamningi eftir frumvarpi þrotamannsins.

Skiptastjóri skal ákveða svo fljótt sem verða má hvort frumvarp þrotamannsins að nauðasamningi verði borið undir atkvæði. Það skal ekki gert ef einhver þau atvik, sem eru talin í 1. mgr. 38. gr. og hefðu valdið synjun um heimild til að leita nauðasamnings án gjaldþrotaskipta, eru fyrir hendi að mati skiptastjóra. Ef skiptastjóri neitar að bera frumvarpið undir atkvæði og þrotamaðurinn fellir sig ekki við þá neitun skal skiptastjóri leita úrlausnar héraðsdómara um málefnið eftir ákvæðum 171. gr.

151. gr.

Nú ákveður skiptastjóri að bera megi frumvarp þrotamannsins að nauðasamningi undir atkvæði og boðar hann þá til sérstaks skiptafundar í því skyni með auglýsingu sem hann fær birta í Lögbirtingablaði með minnst tveggja vikna fyrirvara, þar sem tekið skal fram að frumvarp þrotamannsins og skrá skv. 2. mgr. munu liggja frammi til sýnis fyrir lánardrottna á starfsstöð skiptastjórans síðustu tvær vikurnar fyrir fundinn. Slíkur fundur skal þó ekki haldinn fyrr en að afstöðnum skiptafundi þar sem fjallað er um skrá um lýstar kröfur í þrotabúið.

Skiptastjóri skal gera skrá um atkvæðisrétt um frumvarp þrotamannsins að nauðasamningi. Í skránni skulu aðeins greindar þær kröfur sem hafa hlotið viðurkenningu við gjaldþrotaskiptin og atkvæðisréttur fylgir að mati skiptastjóra, en tiltekið skal hver atkvæði fylgi hverri kröfu, bæði að höfðatölu og eftir kröfufjárhæð. Skiptastjóri þarf ekki að tilkynna lánardrottnum um hvort eða hvernig kröfur þeirra séu taldar í skránni nema að því leyti sem hann telur að viðurkenndri samningskröfu fylgi ekki atkvæði.

152. gr.

Á skiptafundi sem haldinn er til atkvæðagreiðslu um frumvarp þrotamannsins að nauðasamningi skal skiptastjóri lýsa eftir athugasemdum um ákvörðun atkvæðisréttar í skrá

sinni skv. 2. mgr. 151. gr., þar á meðal hvort einhver lánardrottinn telji sig eiga atkvæðisrétt sem ekki er getið í skránni. Þeim atriðum verður ekki mótmælt í skrá skiptastjórans sem byggja á því sem þegar er útkljáð við gjaldþrotaskiptin, sbr. 3. mgr. 120. gr. Nýjum kröfum verður heldur ekki komið fram nema að því leyti sem þeim verður um leið komið að við gjaldþrotaskiptin skv. 118. gr.

Um atkvæðafjölda til samþykkis á frumvarpi að nauðasamningi og atkvæðagreiðsluna um það gilda ákvæði 49.–52. gr., að öðru leyti en því að ef úrslit atkvæðagreiðslu geta ráðist af ágreiningsatkvæði skal skiptastjóri fá leyst úr ágreiningnum eftir ákvæðum 2. mgr. 120. gr. Frestast þá að fá niðurstöðu atkvæðagreiðslu þar til úrlausn er fengin um ágreininginn.

153. gr.

Ekki er skylt að tilkynna eða auglýsa það sérstaklega ef frumvarp þrotamannsins hefur ekki hlotið samþykki nægilegs fjölda atkvæðismanna eða kröfu hans um staðfestingu nauðasamnings er hafnað.

Hafi frumvarpið hlotið samþykki skal farið svo að um staðfestingu nauðasamnings sem segir í IX. kafla eftir því sem átt getur við. Þó er það skilyrði fyrir staðfestingu nauðasamnings að kröfur skv. 109.–112. gr. séu áður greiddar, fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu þeirra eða hlutaðeigendur samþykki skriflega að nauðasamningur verði staðfestur án þess. Ef krafa þrotamannsins um staðfestingu nauðasamnings er tekin til greina skal skiptastjóri auglýsa þau lok gjaldþrotaskipta skv. 2. mgr. 162. gr.

XXII. KAFLI
Úthlutun og lok gjaldþrotaskipta.

154. gr.

Gjaldþrotaskiptum skal þegar lokið ef nauðasamningur kemst á samkvæmt fyrirmælum XXI. kafla.

Eins skal skiptum lokið ef þrotamaðurinn leggur fram eftir lok kröfulýsingarfrests yfirlýsingar allra þeirra sem hafa lýst kröfum um að þeir afturkalli þær eða þrotamaðurinn sannar að þær séu fallnar niður.

Ef skiptum lýkur skv. 1. eða 2. mgr. skal skiptastjóri afhenda þrotamanninum þær eignir þrotabúsins sem hann hefur undir höndum, enda sé kostnaður af skiptunum áður greiddur. Skiptastjóri skal gera skriflegt yfirlit um þær greiðslur sem hann hefur tekið við og innt af hendi vegna þrotabúsins og láta það þrotamanninum í té ef hann leitar eftir því.

Ef ágreiningur rís um heimild til að ljúka skiptum skv. 2. mgr. skal skiptastjóri beina málefninu til héraðsdóms eftir 171. gr.

155. gr.

Ef fram kemur eftir lok kröfulýsingarfrests að þrotabúið eigi ekki eignir umfram það sem þarf til að efna kröfur skv. 109. gr. og 1. og 2. tölul. 110. gr. skal skiptum lokið, eftir atvikum með greiðslu þeirra krafna, á skiptafundi sem er haldinn til að fjalla um skrá um lýstar kröfur eða skiptafundi sem skiptastjóri boðar síðar til sérstaklega í því skyni. Skiptastjóri getur þó ákveðið að skiptum verði fram haldið þótt þannig standi á ef hann telur að þrotabúið geti unnið til frekari réttinda með málshöfðun eða öðrum aðgerðum og sá sem ber ábyrgð á greiðslu skiptakostnaðar eða annar lánardrottinn í hans stað lýsir sig reiðubúinn til að bera kostnað af frekari aðgerðum og leggur eftir atvikum fram tryggingu fyrir honum.

Ef skiptastjóri ákveður að ljúka skiptum skv. 1. mgr. skal hann kynna það á skiptafundi og leggja þar fyrir yfirlit um þær greiðslur sem hann hefur tekið við og innt af hendi vegna þrotabúsins. Ef ágreiningur rís um ákvörðun skiptastjóra skal hann beina málefninu til héraðsdóms eftir 171. gr.

156. gr.

Ef skiptum er ekki lokið skv. 154. eða 155. gr. skal skiptastjóri, svo fljótt sem unnt er, efna þær kröfur á hendur þrotabúinu sem hafa þegar hlotið viðurkenningu og fást efndar að fullu eftir stöðu sinni í skuldaröð. Þetta skal þó ekki gert nema fé sé jafnframt tekið frá til fullrar greiðslu á skilyrtum eða umdeildum kröfum sem gætu notið sömu eða hærri stöðu í skuldaröð, en greiðsla þeirra skal þá eftir atvikum innt af hendi um leið og skilyrði er komið fram eða ágreiningur er til lykta leiddur.

Að loknum greiðslum skv. 1. mgr. má skiptastjóri greiða öllum þeim sem næstir koma í skuldaröð upp í væntanlega úthlutun til þeirra, en þess skal þá enn gætt að fé sé tekið frá fyrir skilyrtum eða umdeildum kröfum sem gætu notið sömu stöðu í skuldaröð.

157. gr.

Skiptastjóri getur ákveðið að ljúka skiptum þótt kröfu hafi verið lýst sem er háð ókomnu skilyrði eða dómsmál er rekið um ef fyrirséð þykir að nokkur bið verði enn eftir málalokum. Fé skal tekið frá til að efna slíkar kröfur eftir þeirri stöðu sem þær kynnu að njóta í skuldaröð, en um varðveislu fjárins og endurupptöku skipta til úthlutunar á því fer eftir 163. gr.

Ef þrotabúið telur til réttinda sem eru umdeild eða vænta má að teljandi bið verði eftir að megi koma í verð eða komi til greiðslu, getur skiptastjóri ákveðið að ljúka skiptum án tillits til þeirra. Hann skal þó fylgja réttindunum eftir og taka skiptin upp á ný skv. 164. gr. þegar þrotabúið getur ráðstafað þeim. Skiptastjóra er rétt að taka frá fé til að mæta útgjöldum af þessum sökum en um meðferð þess skal farið eftir sömu reglum að því leyti sem það nýtist ekki til fulls.

158. gr.

Nú hefur eignum þrotabúsins verið komið í verð, kröfur þess innheimtar og ágreiningsmálum ráðið til lykta að öðru leyti en leiðir af 157. gr. og skal þá skiptastjóri gera frumvarp til úthlutunar úr búinu, en í frumvarpinu skal eftirfarandi koma fram eftir því sem tilefni er til:

1. yfirlit yfir eignir búsins þannig að ráða megi hvað hafi verið til í reiðufé, fengist fyrir einstaka muni, innheimst af kröfum, unnist í arð eða vexti o.s.frv.,
2. yfirlit yfir kostnað af skiptunum og önnur útgjöld sem búið hefur þurft að bera, en síðan hvað hefur verið greitt af kröfum eftir 1. mgr. 156. gr.,
3. yfirlit yfir eignir sem koma ekki enn til skipta og fé sem er tekið frá um sinn, sbr. 157. gr.,
4. hversu mikið greiðist hverjum lánardrottni sem hefur ekki þegar fengið fulla greiðslu og hversu mikið hver þeirra kann áður að hafa fengið upp í kröfu sína skv. 2. mgr. 156. gr.

Skiptastjóri má ákveða í frumvarpinu að við úthlutun verði ekki tekið tillit til krafna sem mjög lítið mundi fást greitt af, en kröfur sem þannig er farið með skulu þá taldar þar upp.

159. gr.

Þegar frumvarp hefur verið gert til úthlutunar skal skiptastjóri boða til skiptafundar til að fjalla um það með auglýsingu sem hann fær birta í Lögbirtingablaði með minnst tveggja vikna fyrirvara. Í auglýsingunni skal koma fram í hverju skyni fundurinn verði haldinn, að frumvarpið verði til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögmætra hagsmuna að gæta á starfsstofu skiptastjórans síðustu tvær vikurnar fyrir fundinn og að vænta megi að frumvarpið verði lagt óbreytt til grundvallar sem úthlutunargerð ef engin andmæli koma fram gegn því.

Um rétt til að fá aðgang að frumvarpi til úthlutunar eða eintak af því skal beitt ákvæðum 3. mgr. 119. gr.

160. gr.

Á skiptafundi sem er boðað til skv. 1. mgr. 159. gr. skal skiptastjóri leggja fram frumvarp til úthlutunar og veita þær upplýsingar sem fundarmenn æskja, en um rétt til fundarsóknar

skal farið eftir ákvæðum 125. gr. Skiptastjóri skal verða eftir föngum við óskum fundarmanna um aðgang að gögnum um reikningshald búsins sem hann hefur undir höndum.

Ef þeir sem hafa gert kröfur á hendur þrotabúinu hafa ekki uppi mótmæli gegn frumvarpi til úthlutunar á skiptafundinum skal það talið endanlega samþykkt af þeirra hendi, hvort sem þeir hafa sótt fundinn eða ekki. Skiptastjóri skal þá rita á frumvarpið að það hafi verið samþykkt sem úthlutunargerð úr búinu og gjaldþrotaskiptunum sé þar með lokið.

Komi fram mótmæli gegn frumvarpinu á skiptafundinum og þau varða atriði sem hlutaðeigandi hefur ekki þegar glatað rétti til að mótmæla skv. 3. mgr. 120. gr. eða 2. mgr. 128. gr. skal skiptastjóri krefja þann sem hefur mótmælin uppi svara um hverjar breytingar hann telji eiga gera á frumvarpinu.

Ef aðeins er krafist breytinga sem skiptastjóri telur efni til að fallast á getur hann breytt frumvarpinu samkvæmt því og lokið skiptum, ef eingöngu eru leiðréttar augljósar eða óverulegar skekkjur eða fundurinn er sóttur af hálfu allra sem breytingin varðar og þeir samþykkja hana. Verði það ekki gert skal skiptastjóri boða til nýs fundar eftir 1. mgr. 159. gr. um frumvarpið svo breytt.

Verði mótmælum ekki sinnt með þeim hætti sem segir í 4. mgr. skal skiptastjóri kveðja þá sem mótmælin varða til fundar, séu þeir ekki staddir á skiptafundinum, og leitast við að jafna ágreininginn. Takist það ekki skal skiptastjóri beina málefninu til héraðsdóms eftir 171. gr. Þegar ágreiningurinn hefur verið leiddur til lykta skal skiptastjóri gera nýtt frumvarp til úthlutunar og boða til fundar um það, nema forsendur fyrra frumvarpsins standi óhaggaðar og það telst þannig endanlega samþykkt.

161. gr.

Þegar gjaldþrotaskiptum er lokið skv. 160. gr. skal skiptastjóri tafarlaust senda þeim greiðslur sem eiga rétt til þeirra eftir úthlutunargerð.

Verði greiðslu ekki komið til skila skv. 1. mgr., svo sem vegna þess að lánardrottinn hefur ekki veitt skiptastjóra upplýsingar um hvar til hans verði náð, skal skiptastjóri varðveita greiðsluna handa hlutaðeiganda á sérstökum reikningi við banka eða sparisjóð sem beri svo háa vexti sem kostur er. Gefi sá sem á rétt til greiðslunnar sig ekki fram við skiptastjóra innan árs frá því auglýsing birtist um skiptalok skv. 2. mgr. 162. gr. skal skiptastjóri greiða féð í ríkissjóð.

Ef lánardrottinn afsalar sér rétti til greiðslu eða skilar henni eftir að gjaldþrotaskiptum er lokið skal skiptastjóri ráðstafa henni eftir 164. gr.

162. gr.

Þegar gjaldþrotaskiptum er lokið skal skiptastjóri tilkynna það héraðsdómara skriflega. Þeirri tilkynningu skal fylgja endurrit fundargerðar af skiptafundi þar sem skiptum var lokið nema það hafi verið gert utan funda, sbr. 154. gr. Eftir því sem við á skal enn fremur fylgja yfirlit skiptastjóra skv. 3. mgr. 154. gr. eða 2. mgr. 155. gr. eða úthlutunargerð úr búinu.

Skiptastjóri skal tafarlaust eftir skiptalok fá birta auglýsingu um þau í Lögbirtingablaði. Í auglýsingunni skal getið nafns og kennitölu þrotamannsins, hvenær búið var tekið til gjaldþrotaskipta og skiptum lauk, hvað greiddist upp í kröfur í einstökum flokkum og hverrar fjárhæðar þær kröfur hafi verið sem fengust að engu greiddar. Hafi gjaldþrotaskiptum lokið með nauðasamningi skal getið hvers efnis hann sé í meginatriðum.

163. gr.

Hafi skiptastjóri lokið skiptum en tekið frá fé til að mæta skilyrtri eða umdeildri kröfu skal féð lagt á sérgreindan reikning við banka eða sparisjóð sem beri svo háa vexti sem kostur er. Skiptastjóri varðveitir skilríki fyrir slíkum reikningi.

Þegar komið er í ljós um skilyrði fyrir kröfu eða ágreiningur um hana er leiddur endanlega til lykta skal skiptastjóri taka skiptin upp á ný og greiða kröfuna hafi málalok orðið á þann veg. Ef féð sem var tekið frá nýtist með öllu til þeirra þarfa skal skiptastjóri tilkynna og auglýsa skiptalokin skv. 162. gr., en standi eitthvað eftir af því skal því ráðstafað eftir 164. gr.

164. gr.

Hafi skiptum verið lokið án tillits til eignar sem búið gat þá ekki ráðið yfir skal skiptastjóri tafarlaust og ótilkvaddur taka skiptin upp á ný ef eignin stendur búinu til ráðstöfunar. Þegar henni hefur eftir atvikum verið komið í verð skal skiptastjóri gera frumvarp til viðbótarúthlutunar og fara annars svo að sem segir í 158.–162. gr. Skiptastjóri má þó fresta viðbótarúthlutun ef fyrirsjáanlegt er að frekari eignir komi til ráðstöfunar og hentugra þykir að úthluta andvirði þeirra allra í senn. Ef sú fjárhæð, sem kæmi til viðbótarúthlutunar, er óveruleg og ekki er að vænta frekari eigna til ráðstöfunar má skiptastjóri ljúka skiptum á ný með greiðslu hennar í ríkissjóð, en þau málalok skulu tilkynnt og auglýst eftir 162. gr.

Komi fram eign eftir lok gjaldþrotaskipta sem hefði átt að falla til þrotabúsins skal farið eftir fyrirmælum 1. mgr.

Eftir því sem nauðsyn krefur skal halda skiptafundi eða grípa til annarra aðgerða eftir fyrri köflum þessa þáttar við endurupptöku skv. 1. og 2. mgr.

165. gr.

Gjaldþrotaskipti verða ekki endurupptekin að öðru leyti en heimilað er í 163. og 164. gr.

Þrotamaðurinn ber ábyrgð á skuldum sínum sem fást ekki greiddar við gjaldþrotaskiptin. Ef kröfu hefur verið lýst við gjaldþrotaskiptin og ekki fengist greidd við þau er fyrningu hennar slitið gagnvart þrotamanninum og byrjar nýr fyrningarfrestur að líða á þeim degi sem skiptunum er lokið, ef krafan var viðurkennd, en ella á þeim degi sem kröfunni var lýst.

5. ÞÁTTUR
Meðferð ágreiningsmála fyrir dómstólum.

XXIII. KAFLI
Hver ágreiningsefni verða lögð fyrir héraðsdóm og hvernig það verður gert.

166. gr.

Ef ágreiningur rís á dómþingi um beiðni skuldara um heimild til áframhaldandi greiðslustöðvunar, sbr. 16. gr., skal héraðsdómari þegar í stað þingfesta mál án undangenginna tilkynninga, þar sem leyst verður úr ágreiningnum. Skuldarinn skal vera sóknaraðili málsins en sá sem hefur uppi mótmæli gegn beiðni hans verður varnaraðili. Ef mótmæli koma fram gegn beiðni skuldarans af hendi fleiri en eins skal leyst úr ágreiningi um hana í einu máli þótt mótmælin séu ekki byggð á sama grunni, en þeir sem hafa þau uppi skulu þá báðir eða allir taldir varnaraðilar málsins.

Ef ágreiningur rís á dómþingi um kröfu lánardrottins um að heimild skuldara til greiðslustöðvunar verði felld niður, sbr. 4. mgr. 26. gr., skal héraðsdómari þegar í stað þingfesta mál án undangenginna tilkynninga, þar sem leyst verður úr ágreiningnum. Sá sem hefur uppi kröfu um að heimild til greiðslustöðvunar verði felld niður verður sóknaraðili máls en skuldarinn verður varnaraðili.

Í máli sem rís skv. 1. eða 2. mgr. skal héraðsdómari gefa aðilum þess kost á að leggja fram gögn sem þeir hafa þegar undir höndum við þingfestingu og tjá sig stuttlega um málið áður en það verður tekið til úrskurðar. Ef annar aðilinn eða þeir báðir eða allir óska eftir því skal héraðsdómari þó fresta málinu til aðalflutnings þar sem aðilum gefst báðum eða öllum í senn kostur á að leggja fram skriflegar greinargerðir og sönnunargögn, en slíkur frestur skal að jafnaði ekki vera lengri en þrír sólarhringar. Að öðru leyti fer um málið eftir almennum reglum XXIV. kafla.

167. gr.

Ef ágreiningur rís á dómþingi um kröfu um að heimild skuldara til að leita nauðasamnings verði felld niður, sbr. 4. mgr. 42. gr., skal héraðsdómari þegar í stað þingfesta mál án undangenginna tilkynninga, þar sem leyst verður úr ágreiningnum. Sá sem krefst að heimildin verði felld niður skal vera sóknaraðili málsins en skuldarinn verður varnaraðili.

Ef ágreiningur rís á dómþingi um kröfu skuldarans um staðfestingu nauðasamnings, sbr. 3. mgr. 56. gr., skal héraðsdómari þegar í stað þingfesta mál án undangenginna tilkynninga, þar sem leyst verður úr ágreiningnum. Skuldarinn skal vera sóknaraðili málsins en sá sem mótmælir kröfu hans verður varnaraðili. Ef mótmæli koma fram gegn kröfu skuldarans af hendi fleiri en eins skal leyst úr ágreiningi um hana í einu máli þótt mótmælin séu ekki byggð á sama grunni, en þeir sem hafa þau uppi skulu þá báðir eða allir taldir varnaraðilar málsins.

Um meðferð máls sem rís skv. 1. eða 2. mgr. fer að öðru leyti eftir 3. mgr. 166. gr., en þó má veita fresti í máli skv. 2. mgr. í allt að tvær vikur.

168. gr.

Ef mótmæli koma fram á dómþingi af hálfu skuldara við kröfu lánardrottins um að bú hans verði tekið til gjaldþrotaskipta, sbr. 4. mgr. 70. gr. skal héraðsdómari þegar í stað þingfesta mál án undangenginna tilkynninga, þar sem leyst verður úr ágreiningnum. Hlutaðeigandi lánardrottinn skal vera sóknaraðili máls en skuldarinn verður varnaraðili.

Um meðferð máls sem rís skv. 1. mgr. fer að öðru leyti eftir 3. mgr. 166. gr., en þó má veita fresti í slíku máli í allt að tvær vikur.

169. gr.

Sá sem krefst úrskurðar héraðsdómara um hvort skiptastjóra verði vikið úr starfi skv. 3. mgr. 76. gr. skal beina skriflegri kröfu sinni um það til héraðsdóms þar sem skiptastjórinn var skipaður til starfans. Í kröfunni skal eftirfarandi koma fram:

1. nafn þess sem hefur kröfuna uppi, kennitala hans og heimilisfang, ásamt skýringu á því hvernig hann telji sig eiga aðild að slíkri kröfu,
2. hver sá skiptastjóri sé sem krafist er að verði vikið úr starfi og til hverra starfa hann hafi verið skipaður,
3. röksemdir fyrir kröfunni ásamt skýringu þeirra atvika sem nauðsyn ber til samhengis vegna.

Þau gögn skulu fylgja kröfunni sem hún er studd við.

Héraðsdómari fer með kröfu skv. 1. mgr. eftir ákvæðum XXIV. kafla. Sá sem krefst frávikningar skiptastjórans skal vera sóknaraðili máls en skiptastjórinn varnaraðili.

170. gr.

Ef ágreiningur rís á dómþingi um kröfu skiptastjóra skv. 3. mgr. 82. gr. eða 1. mgr. 83. gr. skal héraðsdómari þegar í stað þingfesta mál án undangenginna tilkynninga, þar sem leyst verður úr ágreiningnum. Hlutaðeigandi þrotabú skal vera sóknaraðili máls en sá sem krafan beinist að verður varnaraðili.

Um meðferð máls sem rís skv. 1. fer að öðru leyti eftir 3. mgr. 166. gr., en því verður þó ekki frestað til málflutnings nema eftir sameiginlegri ósk aðilanna.

171. gr.

Ef ágreiningur rís um atriði við gjaldþrotaskipti sem mælt er fyrir í lögum þessum að skiptastjóri skuli beina til héraðsdóms til úrlausnar, svo og ef skiptastjóri telur þörf úrlausnar héraðsdóms um önnur ágreiningsatriði sem koma upp við gjaldþrotaskipti, skal hann beina

skriflegri kröfu um það til þess héraðsdómstóls þar sem hann var skipaður til starfa. Í kröfunni skal eftirfarandi koma fram:

1. hver þau gjaldþrotaskipti séu þar sem ágreiningur hefur risið,
2. nöfn þeirra, sem eiga aðild að ágreiningnum, kennitölur þeirra og heimilisföng,
3. um hvað ágreiningur standi og hverjar kröfur hafi komið fram í því sambandi,
4. hvort skiptastjóri telji hlutaðeigandi þrotabú þurfa að eiga aðild að máli um ágreininginn.

Þau gögn skulu fylgja kröfunni sem varða ágreiningsefnið.

Héraðsdómari fer með ágreiningsmál skv. 1. mgr. eftir ákvæðum XXIV. kafla. Ef ágreiningsefni málsins varðar hvort krafa á hendur þrotabúi verði viðurkennd skal sá sem hefur kröfuna uppi að öðru jöfnu verða sóknaraðili málsins en búið eða sá sem andmælir kröfunni varnaraðili. Ef ágreiningsefni málsins er annað skal héraðsdómari ákveða eftir eðli þess hvernig aðild verði háttað.

172. gr.

Nú telur þrotabú til réttinda á hendur öðrum, sem mætti sækja í einkamáli í héraði eftir almennum reglum, og getur þá skiptastjóri leitað úrlausnar héraðsdómara um réttindin eftir ákvæðum XXIV. kafla ef sá eða þeir sem kröfur beinast að lýsa sig samþykka því. Skal skiptastjóri þá senda þeim héraðsdómstól, þar sem hann var skipaður til starfa, stefnu og önnur sóknargögn sem eru gerð úr garði eftir reglum laga um meðferð einkamála í héraði, að öðru leyti en því að í stefnu skal ekki geta þess dómþings þar sem málið verður þingfest. Með gögnum þessum skal fylgja skrifleg beiðni um þessa málsmeðferð þar sem rökstutt er eftir þörfum að skilyrðum sé fullnægt fyrir henni.

Þegar héraðsdómara berst beiðni ásamt sóknargögnum skv. 1. mgr. skal hann kanna hvort skilyrðum sé fullnægt til að verða við henni. Telji hann það ekki getur hann neitað að fara með málið með skriflegri ákvörðun, en vilji skiptastjóri ekki una henni getur hann krafist úrskurðar héraðsdómara um neitunina. Ella fer héraðsdómari með málið eftir ákvæðum XXIV. kafla, en ekki er hann bundinn af þeirri afstöðu ef síðar er krafist frávísunar málsins.

173. gr.

Að því leyti sem annað leiðir ekki af ákvæðum þessa kafla verður ekki leyst úr um skyldur þriðja manns í málum sem fara eftir ákvæðum XXIV. kafla, nema um sé að ræða:

1. skyldu til greiðslu málskostnaðar eða réttarfarssektar vegna máls sem er rekið eftir XXIV. kafla,
2. skyldu til greiðslu gagnkröfu hvort sem er til skuldajafnaðar eða sjálfstæðrar dómsúrlausnar, ef hlutaðeigandi hefur sjálfur lýst kröfu um réttindi sín við gjaldþrotaskipti, ágreiningsmál um kröfu hans er rekið eftir ákvæðum XXIV. kafla, skilyrði væru til að höfða gagnsök um gagnkröfuna eða hafa hana uppi til skuldajafnaðar í einkamáli um kröfu hans og hann hefur sótt þing þegar gagnkrafan kom fram fyrir dómi,
3. skyldu til greiðslu kostnaðar varðandi muni sem hlutaðeigandi hefur krafist að fá afhenta við gjaldþrotaskipti ef ágreiningsmál um kröfu hans er rekið eftir XXIV. kafla, en aðeins verður þá kveðið á um slíka skyldu sem skilyrði fyrir afhendingu.

XXIV. KAFLI
Málsmeðferð fyrir héraðsdómi.

174. gr.

Þegar ágreiningsmál hefur borist héraðsdómara til úrlausnar með þeim hætti sem segir í 169., 171. eða 172. gr. og hann hefur eftir atvikum staðreynt að skilyrði séu til að fara með það eftir ákvæðum þessa kafla ákveður hann stað og stund til þinghalds, þar sem málið verður

þingfest, og sendir öllum aðilum málsins tilkynningu um það, þar sem eftirfarandi skal koma fram:

1. hver hafi krafist úrlausnar hans,
2. hverjir séu aðilar að málinu til sóknar og varnar ásamt kennitölum þeirra og heimilisföngum,
3. hvert ágreiningsefnið sé sem krafist er úrlausnar um og hverjar kröfur sóknaraðili málsins hafi gert, að því leyti sem þegar er kunnugt um þær,
4. hvar og hvenær málið verði þingfest,
5. hverjar afleiðingar það hafi ef aðilar til sóknar og varnar sækja ekki þing.

Með tilkynningunni skal fylgja samrit þess skjals sem var beint til héraðsdómara samkvæmt ákvæðum XXIII. kafla í því skyni að leita úrlausnar hans. Sé um mál að ræða skv. 172. gr. skal samrit stefnu einnig fylgja tilkynningunni. Héraðsdómara er þó heimilt þess í stað að taka upp í tilkynningu sína texta þess eða þeirra skjala sem hefðu ella fylgt henni.

175. gr.

Tilkynning skv. 174. gr. skal birt málsaðila eða þeim sem væri hæfur til að taka við birtingu stefnu fyrir hans hönd með þeim fyrirvara sem héraðsdómari hefur metið hæfilegan.

Birting skv. 1. mgr. skal fara fram með sama hætti og stefna verður birt í einkamáli.

176. gr.

Mál samkvæmt þessum kafla telst höfðað við þingfestingu þess, en þá leggur héraðsdómari fram þau gögn um málið sem honum hafa borist og hann telur hafa þýðingu fyrir úrlausn þess, ásamt tilkynningum skv. 174. gr. með gögnum um birtingu þeirra.

Ef sóknaraðili mætir ekki við þingfestingu eða þingsókn hans fellur síðar niður skal málið fellt niður, en héraðsdómari má þá úrskurða varnaraðila ómaksþóknun ef hann sækir þing og krefst hennar. Hafi gagnkröfur verið hafðar uppi í málinu skv. 4. mgr. 177. gr. skal þó aðeins fella niður aðalsök en leyst skal þá úr gagnkröfunum á hendur sóknaraðila eftir reglu 3. mgr.

Ef varnaraðili sækir ekki þing við þingfestingu eða þingsókn hans fellur síðar niður skal farið með málið eftir almennum reglum um útivist stefnda í einkamáli, en sóknaraðila skal þá gefinn kostur á að leggja fram greinargerð og frekari gögn samkvæmt því sem segir í 1. mgr. 177. gr.

177. gr.

Ef sótt er þing af hálfu beggja eða allra aðila við þingfestingu og ekki verður sátt í málinu skal héraðsdómari gefa sóknaraðila kost á að skila greinargerð þar sem jafnframt komi fram til fullnaðar hverjar kröfur hann hafi uppi og á hverju þær séu byggðar, ásamt frekari gögnum sem hann hyggst styðja málstað sinn við. Heimilt er þó að veita sóknaraðila skamman frest í þessu skyni ef ekki er um mál að ræða sem 172. gr. tekur til, þar sem stefna og sóknargögn hafa þegar komið fram.

Að framkomnum gögnum sóknaraðila skv. 1. mgr. skal varnaraðila gefinn kostur á skömmum fresti til að leggja fram greinargerð af sinni hendi, þar sem fram komi kröfur hans um formhlið og efnishlið máls, ásamt gögnum sem hann hyggst styðja málstað sinn við.

Komi fram krafa af hendi varnaraðila um frávísun málsins skal farið með hana eftir almennum reglum um meðferð einkamála í héraði.

Ef sótt er þing af hálfu sóknaraðila getur varnaraðili haft uppi sjálfstæðar kröfur af sinni hendi um úrlausn sakarefnisins í greinargerð og skal þá farið með þær sem gagnkröfur í málinu. Gagnkröfu verður þó því aðeins komið að í máli að skilyrði væru til að hafa hana uppi sjálfstætt samkvæmt ákvæðum XXIII. kafla, sbr. þó 2. tölul. 173. gr. Sóknaraðila skal gefinn kostur á að skila stuttu skriflegu svari við gagnkröfum, en málið skal rekið í einu lagi um kröfur á báða vegu.

178. gr.

Héraðsdómari leysir úr málum samkvæmt lögum þessum með úrskurðum. Forsendur skulu fylgja ályktunarorði úrskurðar.

Að því leyti sem annað leiðir ekki af ákvæðum þessara laga gilda almennar reglur um meðferð einkamála í héraði um meðferð mála samkvæmt þessum kafla.

XXV. KAFLI
Málskot til æðra dóms.

179. gr.

Að því leyti sem ekki er mælt á annan veg í lögum þessum sæta úrskurðir og ákvarðanir héraðsdómara samkvæmt þeim kæru til Hæstaréttar. Þó verða ekki kærðir úrskurðir sem eru kveðnir upp eða ákvarðanir sem eru teknar undir rekstri máls og mundu ekki sæta kæru ef um væri að ræða einkamál sem væri rekið eftir almennum reglum. Þá verða heldur ekki kærðir úrskurðir héraðsdómara sem fela í sér lokaákvörðun hans um ágreiningsefni, nema fullnægt sé almennum skilyrðum til áfrýjunar dómi í einkamáli.

Um kærufresti, kæruna sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Hæstarétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli að því leyti sem ekki er mælt á annan veg í lögum þessum.

Að því leyti sem ekki er kveðið á annan veg í lögum þessum hefur kæra sömu áhrif á meðferð máls í héraði og ef um almennt einkamál væri að ræða.

6. ÞÁTTUR
Ýmis ákvæði.

XXVI. KAFLI
Gildistaka, brottfallin lög o.fl.

180. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

181. gr.

Við gildistöku laga þessara falla brott eftirfarandi lög og ákvæði laga:

1. Gjaldþrotalög, nr. 6 5. maí 1978.
2. Lög um nauðasamninga, nr. 19 4. júní 1924.
3. 82.–87. gr. laga um skipti á dánarbúum og félagsbúum, o.fl., nr. 3 12. apríl 1878.
4. 8. mgr. 4. gr. laga um veð, nr. 18 4. nóvember 1887.
5. 5. mgr. 21. gr. laga um verzlanaskrár, firmu og prókúrurumboð, nr. 42 13. nóvember 1903.
6. 3. mgr. 106. gr. vatnalaga, nr. 15 20. júní 1923.
7. 60. gr. laga um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 20. júní 1923.
8. Í 1. málsl. 1. mgr. 53. gr. laga um tékka, nr. 94 19. júní 1933, orðin „fyrir skiptarétti".
9. 2. málsl. 3. mgr. 53. gr. og 3. málsl. 3. mgr. 54. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936.
10. 2. tölul. 1. mgr. 21. gr. laga um Hæstarétt Íslands, nr. 75 21. júní 1973.
11. 8. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55 9. júní 1980.

182. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirtalin ákvæði laga sem hér segir:

1. Í 2. tölul. 2. mgr. 43. gr. víxillaga, nr. 93 19. júní 1933, falla niður orðin „skiptaréttur hefir tekið til greina beiðni hans um aðstoð við tilraun til nauðasamnings", en í stað þeirra kemur: honum hefur verið veitt heimild til að leita nauðasamnings.

Í 3. tölul. 2. mgr. 43. gr. sömu laga falla niður orðin „skiptaréttur hefir tekið til greina beiðni hans um aðstoð við tilraun til nauðasamninga“, en í stað þeirra kemur: honum hefur verið veitt heimild til að leita nauðasamnings.

Í 1. málsl. 6. mgr. 44. gr. sömu laga falla niður orðin „taki skiptaréttur til greina beiðni hans um aðstoð við tilraun til nauðasamnings“, en í stað þeirra kemur: honum veitt heimild til að leita nauðasamnings. Síðar í sama ákvæði fellur niður orðið „nauðasamningstilraunirnar“, en í stað þess kemur: heimildina til að leita nauðasamnings.

Í 2. málsl. 6. mgr. 44. gr. sömu laga falla niður orðin „aðstoð til tilrauna um nauðasamning verður tekin til greina af skiptarétti“, en í stað þeirra kemur: heimild til að leita nauðasamnings verður tekin til greina.

Í 1. málsl. 1. mgr. 71. gr. sömu laga falla niður orðin „fyrir skiptarétti“.

2. Í 3. tölul. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, falla niður orðin „eftir að tilraunir til nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar á búi hans eru byrjaðar“, en í stað þeirra kemur: meðan hann hefur heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings án undanfarandi gjaldþrotaskipta.
3. Í 1. málsl. 28. gr. laga um vátryggingarsamninga, nr. 20 8. mars 1954, falla niður orðin „boði hann til nauðasamninga“, en í stað þeirra kemur: fái hann heimild til að leita nauðasamnings.
4. Í 9. gr. laga um skylduskil til safna, nr. 43 16. maí 1977, falla niður orðin „Verði prentsmiðja eða fjölföldunarfyrirtæki gjaldþrota eða hætti störfum“, en í stað þeirra kemur: Hætti prenstmiðja eða fjölföldunarfyrirtæki störfum. Í sama ákvæði falla síðan niður orðin „þrotabúinu eða“.
5. Í 15. gr. laga um hlutafélög, nr. 32 12. maí 1978, falla niður orðin „tilkynna það skiptarétti, sem ákveður að félagi skuli slitið og búi þess skipt eða tekið til gjaldþrotaskipta, ef það telst vera gjaldþrota“, en í stað þeirra kemur: krefjast fyrir héraðsdómi að félagi verði slitið.

Í 1. mgr. 113. gr. sömu laga falla niður orðin „samkvæmt ákvæðum 14. gr. gjaldþrotalaga“, en í stað þeirra kemur: eftir því sem mælt er fyrir í ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti.

Í 2. mgr. 113. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“.

Í 1. mgr. 115. gr. sömu laga falla niður orðin „Skiptaráðandi skal taka bú hlutafélags“, en í stað þeirra kemur: Bú hlutafélags skal tekið.

Í 2. mgr. 115. gr. sömu laga falla niður orðin „Skiptaráðandi skal taka bú hlutafélags“, en í stað þeirra kemur: Bú hlutafélags skal tekið.

Í 3. mgr. 115. gr. sömu laga falla niður orðin „Skiptaráðandi skal taka bú hlutafélags“, en í stað þeirra kemur: Bú hlutafélags skal tekið.

1. mgr. 116. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Þegar héraðsdómara hefur borist krafa um skipti skv. 1. eða 2. mgr. 115. gr. skal hann fara með hana eftir fyrirmælum laga um gjaldþrotaskipti um meðferð kröfu lánardrottins um að bú skuldara verði tekið til gjaldþrotaskipta.

2. mgr. 116. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Héraðsdómari skal kveða upp úrskurð um hvort orðið verði við kröfu um að bú hlutafélags verði tekið til skipta. Sé krafan tekin til greina skal farið með búið eftir fyrirmælum laga um skipti á dánarbúum o.fl. um meðferð dánarbús þar sem erfingjar taka ekki á sig ábyrgð á skuldbindingum þess látna, að öðru leyti en því að hluthafar njóta ekki þeirrar stöðu sem erfingjar njóta við slík skipti fyrr en leitt er í ljós eftir lok kröfulýsingarfrests að eignir búsins muni hrökkva fyrir skuldum.

3. og 4. mgr. 116. gr. sömu laga falla niður.

Í 4. mgr. 119. gr. sömu laga falla niður orðin „VI. og VII. kafla gjaldþrotalaga“, en í stað þeirra kemur: XV. og XVI. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Í 3. mgr. 120. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: héraðsdómara.

Í 2. málsl. 5. mgr. 120. gr. sömu laga falla niður orðin „Skiptaráðandi skal auglýsa“, en í stað þeirra kemur: Skal þá auglýst.

Í 3. málsl. 5. mgr. 120. gr. sömu laga fellur niður orðið „gjaldþrotalaga“, en í stað þess kemur: laga um gjaldþrotaskipti o.fl..

2. mgr. 122. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Rísi ágreiningur við meðferð skilanefndar sem farið yrði með við gjaldþrotaskipti eftir sérreglum laga um gjaldþrotaskipti o.fl. skal skilanefnd tafarlaust beina ágreiningsefninu til héraðsdómara sem kveður upp úrskurð um ágreininginn. Um málskot slíkra úrskurða gilda almennar reglur.

Í 2. mgr. 125. gr. sömu laga falla niður orðin „beina því til skiptaráðanda á varnarþingi því sem félagið hafði að hann annist um framhaldsskiptin í stað skilanefndar“, en í stað þeirra kemur: löggilda án tilnefningar einn eða fleiri menn í sérstaka skilanefnd til að annast framhaldsskiptin.

Í 141. gr. sömu laga falla niður orðin „svo og skiptarétti, þar sem útibúið á varnarþing, sem tekur bú útibúsins til meðferðar og annast þær skiptagerðir, sem hér fara fram“, en í stað þeirra kemur: og krefjast fyrir héraðsdómi á varnarþingi útibúsins að bú þess verði tekið til gjaldþrotaskipta, nema gjaldþrotaskiptin á búi erlenda félagsins nái einnig til útibúsins.

2. málsl. 1. mgr. 143. gr. sömu laga fellur niður.

6. Í lokamálslið 5. mgr. 7. gr. laga um lífeyrissjóð bænda, nr. 50 1. júní 1984, falla niður orðin „sama forgangsréttar og launakröfur, enda hafi fénu ekki verið haldið aðskildu frá öðrum fjármunum þrotabúsins“, en í stað þeirra kemur: sömu stöðu í skuldaröð og kröfur á hendur vinnuveitanda um iðgjöld til lífeyrissjóðs.

7. Í 1. mgr. 46. gr. laga um viðskiptabanka, nr. 86 4. júlí 1985, falla niður orðin: „að hætti III. kafla gjaldþrotalaga“, en í stað þeirra kemur: eftir almennum reglum.

Í 1. málsl. 1. mgr. 47. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: héraðsdómara.

Í 2. málsl. 1. mgr. 47. gr. sömu laga falla niður orðin „Eru ákvæði 2. tölul. 13. gr. gjaldþrotalaga“, en í stað þeirra kemur: Bann í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. við því að bú opinberrar stofnunar verði tekið til gjaldþrotaskipta er.

Í 2. mgr. 47. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: héraðsdómara.

Í 3. mgr. 47. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“, en í stað þess kemur: héraðsdómari.

4. mgr. 47. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Í innköllun í bú viðskiptabanka skal tekið fram hvort það hafi verið tekið til skipta að hætti 1. eða 2. mgr.

Í 1. mgr. 48. gr. sömu laga falla niður orðin „ákvæði IV.–XIX. kafla gjaldþrotalaga eftir því sem við á að því undanteknu að ákvæði VIII. kafla þeirra“, en í stað þeirra kemur: almennar reglur laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem átt getur við að því undanteknu að ákvæði þeirra um riftun ráðstafana.

Í 2. mgr. 48. gr. sömu laga falla niður orðin „ákvæði gjaldþrotalaga, sem vísað er til í 1. mgr.“, en í stað þeirra kemur: ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Í sama ákvæði fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: héraðsdómara.

8. Í 1. mgr. 62. gr. laga um sparisjóði, nr. 87 4. júlí 1985, falla niður orðin „að hætti III. kafla gjaldþrotalaga“, en í stað þeirra kemur: eftir almennum reglum.

Í 1. mgr. 63. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: héraðsdómara.

Í 2. mgr. 63. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: héraðsdómara.

Í 3. mgr. 63. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“, en í stað þess kemur: héraðsdómari.

4. mgr. 63. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Í innköllun í bú sparisjóðs skal tekið fram hvort það hafi verið tekið til skipta að hætti 1. eða 2. mgr.

Í 1. mgr. 64. gr. sömu laga falla niður orðin „ákvæði IV.–XIX. kafla gjaldþrotalaga eftir því sem við á að því undanteknu að ákvæði VIII. kafla þeirra“, en í stað þeirra kemur: almennar reglur laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem átt getur við að því undanteknu að ákvæði þeirra um riftun ráðstafana.

Í 2. mgr. 64. gr. sömu laga falla niður orðin „ákvæði gjaldþrotalaga, sem vísað er til í 1. mgr.“, en í stað þeirra kemur: „ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Í sama ákvæði fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: héraðsdómara.

9. Í 2. málsl. 2. mgr. 91. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8 18. apríl 1986, falla niður orðin „snúið sér til skiptaráðanda og óskað eftir greiðslustöðvun sveitarsjóðs í allt að þrjá mánuði í samræmi við II. kafla gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, eftir því sem við á“, en í stað þeirra kemur: óskað eftir að sveitarfélaginu verði veitt heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings eftir almennum reglum.

10. Í 1. málsl. 3. mgr. 104. gr. tollalaga, nr. 55 30. mars 1987, falla niður orðin „til meðferðar vegna nauðasamninga“.

Í 2. málsl. 3. mgr. 104. gr. sömu laga fellur niður orðið „greiðslustöðvun“, en í stað þess kemur: heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings.

11. Í 1. gr. laga um ríkisábyrgð á launum, nr. 88 19. júlí 1990, falla niður orðin „með dánarbú hans er farið sem skuldafrágöngubú“, en í stað þeirra kemur: dánarbú hans er til opinberra skipta og erfingjar hans ábyrgjast ekki skuldbindingar þess.

Í 1. mgr. 4. gr. sömu laga falla niður orðin „skv. 84. gr. laga nr. 3/1878 (sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979)“.

Í 1. málsl. 4. mgr. 7. gr. sömu laga fellur niður orðið „þrotabúi“, en í stað þess kemur: búi.

Í 2. málsl. 4. mgr. 7. gr. sömu laga fellur niður orðið „gjaldþrotaskipti“, en í stað þess kemur: skipti.

Í 1. mgr. 8. gr. sömu laga falla niður orðin „Sá sem fer með skipti á þrotabúi“, en í stað þeirra kemur: Skiptastjóri í þrotabúi eða dánarbúi.

Í 1. málsl. 2. mgr. 8. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“, en í stað þess kemur: skiptastjóri.

Í 2. málsl. 2. mgr. 8. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: skiptastjóra.

1. mgr. 9. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Nú hefur skiptum á dánarbúi vinnuveitandans verið lokið vegna eignaleysis án þess að það hafi verið tekið til opinberra skipta, og verður greiðslukrafa á hendur ríkissjóði þá að berast félagsmálaráðherra innan 6 mánaða frá þeim málalokum.

Í 3. mgr. 9. gr. sömu laga falla niður orðin „skiptaráðanda, er með bú vinnuveitandans fór“, en í stað þeirra kemur: sýslumanns, sem skiptin áttu undir.

Í 1. málsl. 1. mgr. 11. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: skiptastjóra. Sama breyting verður á 3. málsl. sama ákvæðis.

Í 2. málsl. 2. mgr. 11. gr. sömu laga falla niður orðin „skilyrðum 172. gr. laga nr. 85 frá 1936“, en í stað þeirra kemur: almennum skilyrðum.

Í 1. mgr. 13. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: skiptastjóra.

Í 2. mgr. 13. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: skiptastjóra.

XXVII. KAFLI
Ákvæði til bráðabirgða.

183. gr.

Beiðnir um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og kröfur um gjaldþrotaskipti sem hafa borist skiptaráðendum, en úrskurðir ekki gengið um fyrir gildistöku laga þessara skulu upp frá því sæta áframhaldandi meðferð fyrir þeim héraðsdómstólum sem þeim yrði beint til eftir fyrirmælum 8. gr. Skal leyst úr slíkum beiðnum og kröfum eftir ákvæðum þessara laga, sbr. þó 1. mgr. 186. gr.

184. gr.

Hafi heimild verið veitt til greiðslustöðvunar fyrir gildistöku laga þessara og greiðslustöðvunartíminn er þá ekki á enda stendur heimildin óhögguð, en um þýðingu hennar og aðgerðir í tengslum við hana fer upp frá því eftir fyrirmælum laga þessara.

Ákvæðum 24.–26. gr. verður beitt þótt heimild til greiðslustöðvunar hafi verið veitt fyrir gildistöku laga þessara.

Ef skuldari hefur heimild til greiðslustöðvunar við gildistöku laga þessara og æskir áframhaldandi heimildar til hennar eftir þann tíma skal hann beina beiðni um hana til þess héraðsdómstóls sem hún ætti undir skv. 8. gr. Um aðdraganda að því að slík beiðni verði sett fram, efni og meðferð hennar og skilyrði fyrir að verða við henni fer þá eftir fyrirmælum laga þessara, að öðru leyti en því að héraðsdómari ákveður þinghald til að taka beiðnina fyrir fyrsta sinni þegar hún berst honum og aðstoðarmaður skuldarans má áfram gegna starfi sínu þótt hann fullnægi ekki skilyrðum 3. mgr. 10. gr.

Úrskurði sem hefur verið kveðinn upp um heimild til greiðslustöðvunar fyrir gildistöku laga þessara verður ekki skotið til æðra dóms eftir þann tíma nema það væri heimilt eftir þessum lögum. Hafi kæra átt sér stað fyrir gildistöku laga þessara fer um meðferð málsins og úrlausn þess eftir eldri lögum.

185. gr.

Ef úrskurður hefur gengið um tilraun til nauðasamnings fyrir skuldara án undanfarandi gjaldþrotaskipta og málefninu hefur ekki verið lokið við gildistöku laga þessara fer um atkvæðisrétt, skilyrði og áhrif samningsins eftir fyrirmælum eldri laga. Standi slík tilraun yfir og fyrirsjáanlegt er að úrskurður gangi ekki um hvort nauðasamningur verði staðfestur fyrir gildistöku laga þessara skal skiptaráðandi ekki síðar en 30. júní 1992 krefja skuldarann um tryggingu skv. 4. tölul. 1. mgr. 35. gr. Verði hún ekki sett fellur nauðasamningstilraunin sjálfkrafa niður við gildistöku laga þessara, en ella skal skiptaráðandi skipa mann til að gegna starfi umsjónarmanns við áframhaldandi nauðasamningsumleitanir, sbr. 2. mgr. 39. gr. Tekur þá skipun umsjónarmannsins gildi um leið og lög þessi, en upp frá því fer um frekari meðferð málsefnisins, réttarstöðu umsjónarmannsins og skuldarans, önnur réttaráhrif samningsumleitana og niðurfellingu heimildar til þeirra eftir því sem segir í lögum þessum.

Um innköllun sem hefur verið gefin út fyrir gildistöku laga þessara vegna tilraunar til nauðasamnings og meðferð lýstra krafna fer eftir ákvæðum 188. gr.

Að því leyti sem þarf að leita atbeina héraðsdómara vegna nauðasamningsumleitana sem hófust fyrir gildistöku laga þessara skal málefninu beint til þess dómstóls sem það heyrir undir eftir 8. gr.

Úrskurði sem hefur verið kveðinn upp fyrir gildistöku laga þessara um heimild til nauðasamningstilraunar, niðurfellingu hennar eða staðfestingu nauðasamnings verður ekki skotið til æðra dóms eftir þann tíma nema það væri heimilt eftir þessum lögum. Hafi kæra átt sér stað fyrir gildistöku laga þessara fer um meðferð og úrlausn málsins eftir eldri lögum.

Höfða má mál til ógildingar á nauðasamningi skv. 62. gr. þótt hann hafi verið gerður fyrir gildistöku laga þessara.

186. gr.

Krafa lánardrottins um gjaldþrotaskipti verður ekki tekin til greina á grundvelli 2. eða 3. tölul. 2. mgr. 65. gr. nema heimild skuldara til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings hafi lokið eða fallið niður eftir gildistöku laga þessara.

Ef úrskurður hefur ekki gengið við gildistöku laga þessara um kröfu um gjaldþrotaskipti sem kom fram fyrir þann tíma skal héraðsdómari krefja þann sem hefur kröfuna uppi um tryggingu fyrir skiptakostnaði skv. 2. mgr. 67. gr. áður en hún verður tekin fyrir á dómþingi. Verði trygging ekki sett skal farið eftir því sem segir í nefndu ákvæði.

187. gr.

Nú hefur bú verið tekið til gjaldþrotaskipta fyrir gildistöku laga þessara en skiptum á því er ekki lokið þá, ráðinn var bústjóri til bráðabirgða eða skiptastjóri kjörinn að hætti eldri laga, og skal þá bústjórinn eða skiptastjórinn sjálfkrafa teljast skipaður til starfa skiptastjóra eftir lögum þessum. Á það einnig við þótt hann fullnægi ekki skilyrðum 5. eða 6. tölul. 2. mgr. 75. gr.

Nú er þrotabú til skipta 1. júní 1992, sem skiptaráðandi fer sjálfur með, ekki þykir víst að skiptunum verði lokið áður en lög þessi taka gildi en þrotabúið á eignir sem nægja fyrir kostnaði af skiptum samkvæmt ákvæðum þessara laga. Ef þá þegar hefur verið boðað til skiptafundar sem verður haldinn fyrir 1. júlí 1992 skal skiptastjóri kjörinn á þeim fundi, en ella skal skiptaráðandi ráða bústjóra til bráðabirgða fyrir þann tíma hvort sem kröfulýsingarfresti er lokið eða ekki. Ákvæði 1. mgr. taka þá til skiptastjóra sem þannig er kjörinn og bústjóra sem þannig er ráðinn.

Nú er þrotabú til skipta þann 1. júní 1992, sem skiptaráðandi fer sjálfur með, ekki þykir víst að skiptunum verði lokið áður en lög þessi taka gildi og ekki sýnt að þrotabúið eigi eignir sem nægja fyrir kostnaði af skiptum samkvæmt ákvæðum þessara laga. Hafi trygging ekki verið sett fyrir skiptakostnaði að hætti eldri laga sem verður talin nægja eftir fyrirmælum þessara laga skal skiptaráðandi, hvort sem kröfulýsingarfresti er lokið eða ekki, krefja þann sem krafðist gjaldþrotaskiptanna um tryggingu fyrir kostnaði af áframhaldandi skiptum, en fáist hann ekki til að setja tryggingu innan skamms frests skal skiptaráðandi halda skiptafund til að gefa öðrum lánardrottnum kost á því. Fáist engin trygging sett skal skiptum lokið eftir 120. gr. eldri laga ekki síðar en 30. júní 1992, hvort sem kröfulýsingarfresti er þá lokið eða ekki, en fé búsins sem skiptaráðandi kann að hafa í vörslum sínum skal þá greitt í ríkissjóð. Ef trygging er sett skal farið svo að sem segir í 2. mgr.

Ef þrotabú kemur til gjaldþrotaskipta eftir 1. júní 1992 en fyrir gildistöku laga þessara skal ákvæðum 2. og 3. mgr. beitt.

Ákvæði laga þessara um störf og stöðu skiptastjóra gilda um þá sem teljast skipaðir til starfa eftir þessari grein að öðru leyti en því að skylda til að gera yfirlit eftir 2. mgr. 78. gr. kemur ekki til framkvæmdar fyrr en í árslok 1992. Ef kröfuhafanefnd hefur verið kjörin að hætti eldri laga lýkur störfum hennar við gildistöku laga þessara.

188. gr.

Hafi kröfulýsingarfresti í þrotabú verið lokið fyrir gildistöku laga þessara en afstaða ekki verið tekin til viðurkenningar lýstra krafna skal farið eftir ákvæðum þessara laga í þeim efnum.

Hafi innköllun við gjaldþrotaskipti verið birt fyrir 1. júlí 1992 en kröfulýsingarfresti lýkur eftir þann dag telst kröfulýsing réttilega komin fram hvort sem hún berst skiptastjóra eða þeim skiptaráðanda sem gaf hana út innan kröfulýsingarfrests. Fer þá eftir ákvæðum þessara laga um meðferð lýstra krafna og heimildir til að koma fram kröfu eftir lok kröfulýsingarfrests.

Hafi innköllun verið gefin út en ekki verið birt í fyrsta sinn fyrir 1. júlí 1992 skal hún metin ógild.

189. gr.

Frestdagur við gjaldþrotaskipti getur því aðeins ráðist af ákvæðum 2.–4. mgr. 2. gr. að þeir atburðir sem þar greinir hafi átt sér stað eftir gildistöku laga þessara.

Ef úrskurður hefur gengið um að bú sé tekið til gjaldþrotaskipta fyrir 1. júlí 1992 skal beitt ákvæðum eldri laga um þau atriði sem reglur XVI. og XVII. kafla og 129. gr. laga þessara taka til.

Þótt úrskurður gangi um að bú sé tekið til gjaldþrotaskipta eftir 1. júlí 1992 njóta kröfur sem hafa orðið til eftir frestdag ekki stöðu í skuldaröð skv. 4. tölul. 110. gr. nema heimild þrotamannsins til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamninga hafi verið veitt eftir gildistöku laga þessara.

190. gr.

Um heimild til riftunar ráðstafana og fullnustugerða sem áttu sér stað fyrir 1. júlí 1992 fer eftir eldri lögum án tillits til þess hvenær úrskurður gengur um að bú sé tekið til gjaldþrotaskipta.

191. gr.

Ef dómsmál hefur verið þingfest í skiptarétti fyrir gildistöku laga þessara um ágreining í tengslum við nauðasamningstilraun eða gjaldþrotaskipti en úrskurður ekki gengið í því fyrir 1. júlí 1992 skal málinu sjálfkrafa fram haldið fyrir þeim héraðsdómstól sem tekur við lögsögu í hlutaðeigandi umdæmi þann dag. Ákvæðum XXIII. og XXIV. kafla skal beitt upp frá því um meðferð málsins, en það sem þegar hefur verið gert í því skal standa óhaggað.

Hafi úrskurður gengið í skiptarétti fyrir 1. júlí 1992 sem hefði sætt áfrýjun til æðra dóms eftir eldri lögum og aðili að málinu vill skjóta honum til Hæstaréttar eftir gildistöku laga þessara skal það gert með kæru, enda hafi áfrýjunarstefna ekki þegar verið tekin út, almennur áfrýjunarfrestur ekki verið á enda og öðrum skilyrðum áfrýjunar verið fullnægt. Telst kærufrestur eftir lögum þessum þá byrja að líða 1. júlí 1992.

Hafi úrskurði skiptaréttar þegar verið áfrýjað fyrir 1. júlí 1992 skal málinu lokið fyrir Hæstarétti eftir reglum um meðferð áfrýjunarmála.

Hafi ákvörðun eða athöfn skiptaráðanda, sem átti sér stað fyrir 1. júlí 1992, verið kærð til Hæstaréttar fyrir þann tíma skal málinu lokið þar fyrir rétti eftir ákvæðum eldri laga þótt héraðsdómari hafi ekki með höndum vald til slíkrar ákvörðunar eða athafnar eftir reglum þessara laga. Slíkar ákvarðanir og athafnir verða einnig kærðar eftir gildistöku laga þessara ef kærufrestur er ekki liðinn þá.

Skiptagerð við gjaldþrotaskipti sem var lokið fyrir 1. júlí 1992 verður ekki áfrýjað til Hæstaréttar eftir gildistöku laga þessara þótt áfrýjunarfrestur hafi ekki verið liðinn þá. Hafi skiptagerð verið áfrýjað fyrir þann tíma skal málinu lokið fyrir Hæstarétti eftir ákvæðum eldri laga.

192. gr.

Ef ágreiningur hefur risið við nauðasamningstilraun eða gjaldþrotaskipti fyrir gildistöku laga þessara en mál hefur ekki verið þingfest í skiptarétti til að leiða ágreininginn til lykta, má leita úrlausnar héraðsdómara um málefnið eftir ákvæðum laga þessara.

Leysa má úr kröfum í dómsmálum skv. 173. gr. þótt gjaldþrotaskipti hafi byrjað fyrir gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan dómsmálaráðherra. Hefur verið unnið að gerð þess í samráði við réttarfarsnefnd, en jafnframt voru drög að því kynnt stjórnum Lögmannafélags Íslands, Dómarafélags Íslands og Sýslumannafélags Íslands og leitað tillagna þeirra og ábendinga.

Frumvarpinu er ætlað að leysa af hólmi núgildandi gjaldþrotalög, nr. 6 5. maí 1978, og lög um nauðasamninga, nr. 19 4. júní 1924, auk ákvæða um svonefnda skuldaröð í 8. kapítula laga um skipti á dánarbúum og félagsbúum, o.fl., nr. 3 12. apríl 1878. Frumvarpið geymir þannig reglur um greiðslustöðvun, nauðasamninga og gjaldþrotaskipti, en með því að meginefni þess varðar gjaldþrotaskipti hefur sú leið verði farin að láta heiti frumvarpsins ráðast af því.

Frumvarpið er samið sem þáttur í heildarendurskoðun löggjafar um dómstólaskipan, réttarfar og meðferð framkvæmdarvalds ríkisins í héraði og er sniðið að þeirri skipan sem kveðið er á um í lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1. júní 1989. Ákvæði laga nr. 6/1978 og 19/1924 miðast við þá skipan dómstóla og réttarfars, sem líður undir lok við gildistöku laga nr. 92/1989 1. júlí 1992, og er því þegar af þeirri ástæðu óhjákvæmilegt að umrædd lög verði endurskoðuð fyrir þann tíma til samræmis við breytta skipan. Í frumvarpinu eru þó einnig gerðar tillögur um breytingar frá núgildandi lögum, sem eiga ekki beinlínis rætur að rekja til breyttrar dómstólaskipunar eftir lögum nr. 92/1989, en ýmsar ástæður búa þar að baki og þykir rétt að geta nú þegar þeirra helstu.

Í fyrsta lagi má nefna í þessu sambandi að reglur um gjaldþrotaskipti í lögum nr. 6/1978 fólu í sér verulegar breytingar frá eldri löggjöf, en þessar nýju reglur voru í flestum atriðum teknar upp eftir danskri fyrirmynd. Gekk erfiðlega framan af eftir gildistöku laganna að hrinda ýmsum nýmælum þeirra í framkvæmd, en þetta hefur eflaust átt stóran þátt í því að sumum markmiðum laganna, sem nánar var lýst í athugasemdum með frumvarpi að þeim, hefur aldrei verið náð, t.d. að draga úr óhóflegri beitingu gjaldþrotaskipta í tilvikum þar sem þau þjóna engum tilgangi. Enn fremur hefur reynslan af framkvæmd leitt í ljós að betur geti farið á því að skipa vissum atriðum á annan veg en gert er í lögum nr. 6/1978, auk þess að skýrari reglur hefur þótt vanta þar um ýmis álitaefni. Af þessum ástæðum eru gerðar tillögur í frumvarpinu um breytingar á reglum um gjaldþrotaskipti frá núgildandi lögum, ýmist til að stuðla frekar að því að upphaflegum markmiðum laga nr. 6/1978 verði náð eða til að bæta úr atriðum sem framkvæmd eftir lögunum hefur gefið til kynna að þurfi að haga á annan veg en þar er gert.

Í öðru lagi skal þess getið að í II. kafla laga nr. 6/1978 voru í fyrsta sinn lögfest hér á landi ákvæði um greiðslustöðvun. Með þeim átti í senn að veita mönnum sérstakt úrræði til að leitast við að koma nýrri skipan á fjármál sín og stuðla um leið að því að fyrr kæmi til kasta gjaldþrotaskipta en áður hafði verið, væntanlega með því að greiðslustöðvun gæti gefið hlutaðeigendum tóm til að komast að raun um að tilgangslaust væri að verja frekari tíma í viðleitni til að komast hjá gjaldþrotaskiptunum. Þessar reglur laga nr. 6/1978 hafa reynst vel í ýmsum atriðum, en þær hafa þó verið misnotaðar í nokkrum mæli og því markmiði þeirra, að flýta fyrir að til gjaldþrotaskipta komi, hefur varla verið náð. Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á reglum um greiðslustöðvun, sem byggja aðallega á fenginni reynslu af þessu úrræði hér á landi, en að nokkru er tekið mið af nýlegum breytingum á reglum um þetta efni í danskri löggjöf.

Í þriðja lagi má nefna að fram kom í athugasemdum við frumvarp, sem varð að lögum nr. 6/1978, að þá hafi staðið til að gera sérstakt frumvarp um breytingar á lögum um nauðasamninga nr. 19/1924. Í þessum athugasemdum var þess þó getið að umrædd lög hafi ekki haft mikla raunhæfa þýðingu og var sú tilgáta sett þar fram um ástæður þess, að gerð nauðasamninga eftir lögunum hafi verið of flókin og torveld. Ekki varð af því að breytingar yrðu gerðar á lögum nr. 19/1924, en eftir setningu laga nr. 6/1978 hefur komið til þess í stórauknum mæli að nauðasamningar hafi verið gerðir eftir reglum laga nr. 19/1924. Reynslan af beitingu þeirra reglna hefur vissulega leitt í ljós ýmsa vankanta, en úrræðið sem þær bjóða upp á hefur reynst eiga fullan rétt á sér. Er því gert ráð fyrir nýjum reglum um nauðasamninga í þessu frumvarpi, en þær eru jöfnum höndum byggðar á fenginni reynslu í framkvæmd hér á landi á þessu sviði og dönskum reglum um þetta efni. Þess má geta að í Danmörku eru reglur

um nauðasamninga í löggjöf um gjaldþrotaskipti, eins og ráðgert er í frumvarpinu, en núgildandi danskar reglur eiga rætur að rekja til endurskoðunar á eldri löggjöf sem svipaði mjög til laga nr. 19/1924 hér á landi.

Loks má geta þess í fjórða lagi að samhliða gerð þessa frumvarps hefur verið samið heildarfrumvarp til nýrra laga um skipti á dánarbúum o.fl., sem er einkum ætlað að leysa af hólmi fyrrnefnd lög nr. 3/1878, og hefur verið gengið út frá að frumvörpin tvö verði lögð fyrir Alþingi um líkt leyti. Framkvæmd opinberra skipta á dánarbúum byggist í mjög mörgum atriðum á sömu grundvallarreglum og framkvæmd gjaldþrotaskipta. Í því ljósi hefur þótt rétt að stefna að því að ákvæði þessara tveggja frumvarpa verði hliðstæð í sem flestum atriðum, enda ætti slík tilhögun að stuðla að verulegu hagræði í framkvæmd á báðum sviðum. Þessi stefna hefur í för með sér að vissar breytingar verða óhjákvæmilegar á reglum um framkvæmd gjaldþrotaskipta, en rétt er að benda á að þessar samræmdu reglur frumvarpanna tveggja bera stórum meiri keim af núgildandi reglum laga nr. 6/1978 en af ákvæðum laga nr. 3/1878.

Þrátt fyrir að frumvarpið geymi þannig ýmsar tillögur um breytingar þá eru fjölmörg ákvæði þess um gjaldþrotaskipti og greiðslustöðvun efnislega þau sömu og í gildandi lögum. Þess gætir hins vegar í nokkrum mæli að reglur komi fram í annarri röð í frumvarpinu en í lögum nr. 6/1978. Stafar þetta einkum af því að í frumvarpinu er leitast við að setja reglur fram í þeirri röð sem má ætla að samsvari atburðarrás í framkvæmd, en í núgildandi lögum hefur því viðhorfi ekki verið fylgt, sem hefur leitt til talsverðra óþæginda í framkvæmd. Þá á þetta einnig að nokkru leyti rætur að rekja til þess að leitast hefur verið við að samræma efnisröð einstakra reglna í þessu frumvarpi og áðurnefndu frumvarpi til laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Áður en fjallað verður nánar um einstök ákvæði frumvarpsins þykir rétt að gera grein fyrir helstu breytingunum sem eru lagðar til frá núgildandi reglum og ýmsum almennum atriðum varðandi efni þess. Rétt er að geta þess áður en lengra er haldið að við samningu eftirfarandi athugasemda hefur verið gengið út frá því að áðurnefnt frumvarp til laga um skipti á dánarbúum o.fl. verði lagt fyrir Alþingi samhliða þessu frumvarpi. Í athugasemdum við það frumvarp er fjallað talsvert um ýmis atriði sem eiga sér samsvörun í þessu frumvarpi, bæði atriði almenns eðlis og einstök ákvæði frumvarpsins. Sú leið er því farin hér að leitast við að komast hjá endurtekningum á slíkri umfjöllun, á köflum með því að vísa beinlínis um tiltekin atriði til athugasemda við umrætt frumvarp.

Helstu efnisatriði frumvarpsins.

I.

Eins og áður sagði eru ákvæði þessa frumvarps samin með það fyrir augum að þau falli að breyttri skipan dómstóla og réttarfars samkvæmt lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Í athugasemdum við frumvarp sem varð að þeim lögum kom fram að með ákvæðum þess væri stefnt að þeirri breytingu frá eldri skipan að dómstólar hefðu hvorki með höndum framkvæmdarvaldsstörf né umsýslustörf, heldur kæmi aðeins í hlut þeirra að fást við svokölluð eiginleg dómstörf. Meðferð framkvæmdarvalds ríkisins í héraði yrði hins vegar falin sýslumönnum, að því leyti sem héraðsdómarar höfðu gegnt slíkum störfum, og umsýslustörf, sem dómstólar hafa haft með höndum eftir eldri skipan, yrðu ýmist falin sýslumönnum eða öðrum en handhöfum ríkisvalds.

Í lögum nr. 19/1924 og 6/1978 er ekki um það að ræða að héraðsdómurum séu falin umboðsstörf í þágu framkvæmdarvaldsins, en á hinn bóginn gætir þess talsvert að þeim sé ætlað að annast ýmsa umsýslu við gerð nauðasamninga og gjaldþrotaskipti. Í lögum nr. 19 1924 er héraðsdómurum ekki aðeins falið að hafa með höndum dómsvald til að leysa úr um hvort manni verði heimilað að leita nauðasamnings að hætti laganna, heldur einnig að gefa út innköllun til skuldheimtumanna þess sem leitar samningsins, yfirfara kröfur sem koma fram, ákveða skuldheimtumönnum atkvæði um nauðasamning og halda fundi með þeim til að leiða í ljós hvort samningsfrumvarp fáist samþykkt. Því til viðbótar er héraðsdómurum síðan ætlað

að leysa úr ágreiningsmálum sem rísa í tengslum við gerð nauðasamnings. Af þessum verkefnum verður aðeins sagt að um eiginleg dómstörf sé að ræða þegar héraðsdómari úrskurðar í öndverðu um heimild til að leita nauðasamnings og þegar hann þarf að leysa úr ágreiningsmálum meðan á samningsumleitunum stendur. Eftir lögum nr. 6/1978 eiga héraðsdómarar ekki aðeins að kveða upp dómsúrskurði um hvort bú séu tekin til gjaldþrotaskipta og leysa síðan úr ágreiningi sem rís við framkvæmd skipta, heldur er þeim falið að annast fjölmörg umsýsluverkefni við gjaldþrotaskiptin. Þótt ráðgert sé í lögum nr. 6/1978 að sérstakir bústjórar og skiptastjórar annist margvísleg umsýslustörf við gjaldþrotaskipti, er héraðsdómurum samt sem áður ætlað að gefa út innköllun til skuldheimtumanna, taka við kröfum þeirra og halda síðan skiptafundi þar sem bústjórar eða skiptastjórar láta uppi afstöðu sína til krafna skuldheimtumanna og kynna ráðstafanir sínar á hagsmunum þrotabúa. Þá ber einnig að líta til þess að eftir lögum nr. 6/1978 verða bústjórar almennt ekki ráðnir eða skiptastjórar kjörnir nema eignir séu að einhverju marki fyrir hendi í þrotabúum, en ef forsendur eru ekki að þessu leyti til að ráða eða kjósa bústjóra eða skiptastjóra verða héraðsdómarar að annast þau umsýslustörf sem þeim hefðu ella verið falin. Líkt og nefnt var um ákvæði laga nr. 19/1924 er hér ekki um eiginleg dómstörf að ræða, nema að því leyti sem héraðsdómarar kveða á um hvort til gjaldþrotaskipta komi og leysa úr ágreiningsefnum sem rísa við framkvæmd skipta.

Í frumvarpinu er sú leið farin til samræmis við stefnu laga nr. 92/1989 að leggja til að umrædd umsýslustörf verði færð úr höndum héraðsdómara. Er þetta gert annars vegar með því að lagt er til í 3. þætti frumvarpsins að héraðsdómari skipi hverju sinni sérstakan umsjónarmann með nauðasamningsumleitunum, ef heimild er veitt til þeirra í dómsúrskurði, og umsjónarmaðurinn annist síðan alla umsýslu á þessu sviði á kostnað skuldarans, en héraðsdómari komi ekki að öðru leyti við sögu nema til að leysa úr vissum ágreiningsefnum í tengslum við samningsumleitanir og kveða upp úrskurð um hvort nauðasamningur verði staðfestur. Hins vegar er lagt til í 4. þætti frumvarpsins að héraðsdómarar hafi aldrei með höndum framkvæmd gjaldþrotaskipta, heldur skipi þeir ávallt skiptastjóra til að gegna slíkum störfum og skiptastjórar annist síðan alla umsýslu við gjaldþrotaskiptin gegn þóknun, sem greiðist af eignum þrotabúa. Héraðsdómurum er því ætlað að kveða upp úrskurði um kröfur um gjaldþrotaskipti og skipa skiptastjóra ef slíkar kröfur eru teknar til greina, en að því búnu komi héraðsdómarar ekki nærri gjaldþrotaskiptunum nema til að leysa úr ágreiningsefnum sem rísa í tengslum við þau. Þessi skipan 4. þáttar frumvarpsins er sú sama og byggt er á í ákvæðum um framkvæmd opinberra skipta á dánarbúum í frumvarpi til laga um skipti á dánarbúum o.fl.

II.

Í 2. þætti frumvarpsins er að finna reglur þess um greiðslustöðvun sem er ætlað að koma í stað ákvæða II. kafla laga nr. 6/1978. Þessar reglur frumvarpsins byggja um margt á núgildandi reglum, en eins og áður var nefnt eru þó lagðar til ýmsar breytingar sem tilefni þykir til af fenginni reynslu í framkvæmd, auk þess hefur hliðsjón verið höfð hér af reglum danskrar löggjafar um þetta efni eins og þeim var breytt með lögum nr. 187/1984 þar í landi. Skal vikið hér nánar að helstu breytingunum sem eru lagðar til í þessu sambandi.

1. Í II. kafla laga nr. 6/1978 er það skilyrði sett fyrir heimild til greiðslustöðvunar að skuldarinn ráði sér lögmann eða löggiltan endurskoðanda til aðstoðar í tilraunum til að koma nýrri skipan á fjármál sín. Ákvæði laganna eru óljós um það hverju hlutverki aðstoðarmaðurinn eigi að gegna og hefur því ríkt óvissa í framkvæmd í þessum efnum, auk þess að ósamræmis hefur gætt í því hvernig staðið hafi verið að verki að þessu leyti í einstökum tilvikum. Í frumvarpinu eru gerðar tillögur til úrbóta í þessum efnum með því að tiltaka nánar til hvers sé ætlast af aðstoðarmanni. Helstu nýmælin að þessu leyti koma fram í IV. kafla frumvarpsins, þar sem tekið er af skarið um að aðstoðarmaður verði að taka virkan þátt í öllum fjárhagslegum ráðstöfunum skuldarans sem máli skipta meðan á

greiðslustöðvun stendur, en með þessu er aðstoðarmaðurinn í reynd gerður ábyrgur gagnvart lánardrottnum fyrir því að ekkert verði hafst að við greiðslustöðvun þeim til tjóns. Þá er aðstoðarmanninum einnig ætlað að hafa talsvert samráð við lánardrottna meðan á greiðslustöðvun stendur, en það kæmi einkum til vegna skyldna aðstoðarmanns til að halda fundi með lánardrottnum eftir einstökum reglum III. kafla frumvarpsins.

2. Eins og áður var nefnt voru ákvæði II. kafla laga nr. 6/1978 á sínum tíma nýmæli í íslenskri löggjöf því þar var í fyrsta sinn mælt fyrir um heimild til greiðslustöðvunar í því skyni að endurskipuleggja fjárhag skuldara svo komast mætti hjá gjaldþrotaskiptum á búi hans, en meðan á greiðslustöðvun stendur er lánardrottnum óheimilt að koma fram fullnustugerðum fyrir kröfum sínum. Minnst hefur verið á að nokkuð hafi borið á að þetta úrræði hafi verið misnotað í framkvæmd, en einkum var um það að ræða á fyrstu árunum eftir gildistöku umræddra laga. Var þá ekki síst um það að ræða að leitað hafi verið heimildar til greiðslustöðvunar gagngert til að fyrirbyggja að fullnustugerðir næðu fram að ganga án þess að neinn ásetningur hafi búið að baki til að reyna að koma nýrri skipan á fjármál skuldarans með samningum við lánardrottna hans. Í II. kafla laga nr. 6/1978 er lánardrottnum veittur mjög takmarkaður réttur til afskipta af því hvort heimild til greiðslustöðvunar verði veitt í byrjun eða eftir atvikum framlengd, en greiðslustöðvun getur staðið yfir í allt að fimm mánuði og þannig fyrirbyggt aðgerðir lánardrottna um þann tíma. Sú skipan laganna átti sér nokkra hliðstæðu í þágildandi reglum danskrar löggjafar, en ein helsta breytingin sem var gerð í Danmörku við setningu áðurnefndra laga þar á árinu 1984 beindist einmitt að því að bæta stöðu lánardrottna að þessu leyti. Reynslan af framkvæmd hér á landi hefur leitt í ljós að full þörf sé á sambærilegum breytingum hér og eru þær lagðar til í ákvæðum III. kafla og að nokkru V. kafla frumvarpsins. Í stuttu máli felast þessar breytingar í því að gert er ráð fyrir að í byrjun verði skuldara veitt heimild til greiðslustöðvunar í skamman tíma án afskipta lánardrottna, eða til allt að þriggja vikna. Eftir það er lánardrottnum hins vegar tryggður afskiptaréttur af framvindu mála, því aðstoðarmanni skuldarans er ætlað að boða þá til fundar við sig og kynna þeim ráðagerðir sínar áður en hann getur leitað framlengingar á heimild til greiðslustöðvunar, sbr. 13., 14. og 18. gr. frumvarpsins, og lánardrottnum er heimilað beinlínis í 16. gr. að mæta á dómþingi þegar beiðni skuldara um áframhaldandi heimild til greiðslustöðvunar yrði tekin fyrir og hafa þar uppi mótmæli gegn því að hún verði tekin til greina. Enn fremur er lánardrottnum tryggður réttur í 26. gr. til að hafa uppi kröfu fyrir héraðsdómi um að heimild til greiðslustöðvunar verði felld niður áður en greiðslustöðvunartíminn væri runninn út. Með þessum hætti má ætla að ekki sé aðeins verið að veita lánardrottnum úrræði til að fyrirbyggja að greiðslustöðvun verði misnotuð, heldur sé einnig verið að girða fyrir að skuldari freistist til að verða sér úti um heimild til greiðslustöðvunar án eðlilegs tilgangs. Að auki má telja að þessi skipan geti stuðlað að því að líklegra verði að greiðslustöðvun beri árangur með því að lánardrottnar verði virkari þátttakendur í viðleitni til að koma nýrri skipan á fjármál skuldara og vinni þannig fremur með honum að því en nú er.

3. Ákvæði II. kafla laga nr. 6/1978 um skilyrði fyrir greiðslustöðvun eru um margt óákveðin og láta ósvarað ýmsum spurningum um það hvenær eigi að veita heimild til hennar. Leiddi þetta til þess að á fyrstu árunum eftir gildistöku laganna gætti verulegs ósamræmis í framkvæmd og var oft gengið óhæfilega langt í því að heimila greiðslustöðvun í tilvikum þar sem bersýnilegt mátti vera að hún gæti engan árangur borið. Var það fyrst á árabilinu 1983–1985 sem einhverrar festu fór að gæta í þessum efnum í framkvæmd og má heita að á allra síðustu árum hafi loks farið að gæta samræmis í flestum umdæmum landsins um það hverjum skilyrðum þurfi að fullnægja fyrir heimild til greiðslustöðvunar. Þessi langi aðlögunartími hefur ekki átt minnstan þátt í því í hverjum mæli heimild til greiðslustöðv-

unar hefur verið misnotuð í framkvæmd. Til að tryggja frekar í sessi þau viðhorf, sem hafa verið lögð til grundvallar í þessum efnum á undanförnum árum, eru gerðar tillögur í 10., 12. og 17. gr. frumvarpsins um miklu mun nákvæmari talningu skilyrða fyrir greiðslustöðvun í lögum, en reglur þessara ákvæða eru að mestu byggðar á ríkjandi venjum í framkvæmd.

4. Eins og minnst hefur verið á er gert ráð fyrir því í ákvæðum II. kafla laga nr. 6/1978 að greiðslustöðvun geti staðið yfir í allt að fimm mánuði, en eftir 7. gr. laganna er almenna reglan sú að heimild sé veitt til greiðslustöðvunar í þrjá mánuði, sem má síðan framlengja um tvo mánuði ef sérstaklega stendur á, sbr. 2. mgr. 12. gr. laganna. Framkvæmd hefur þokast inn á þá braut að heimildin sé ekki endilega veitt til þriggja mánaða í öndverðu, heldur til skemmri tíma, en hún sé síðan framlengd í fleiri en einum áfanga upp í umræddan fimm mánaða hámarkstíma. Reynslan hefur verið sú í framkvæmd að yfirleitt hafi mátt leiða í ljós á skömmum tíma hvort greiðslustöðvun muni geta borið árangur og sá hámarkstími sem hér um ræðir hefur að jafnaði nægt til að ljúka tilraunum til að koma nýrri skipan á fjármál skuldara. Undantekningar hafa þó verið frá þessu, en víða erlendis eru heimildir til að sambærileg úrræði geti náð yfir lengri tíma en ráðgert er í íslenskum lögum, til dæmis allt að einu ári í Danmörku. Ekki verður talið að ástæða sé til að ganga svo langt hér, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að greiðslustöðvun geti þó staðið yfir í allt að sex mánuði og þrjár vikur, sbr. 12., 17. og 18. gr.
5. Í 8. gr. laga nr. 6/1978 koma fram meginfyrirmælin um réttaráhrif greiðslustöðvunar, bæði um það hvað skuldari megi gera varðandi fjárhagsleg málefni sín meðan hún stendur yfir og til hverra aðgerða lánardrottnar geti gripið í garð skuldarans á þeim tíma. Reglur umræddrar 8. gr. eru ekki langorðar í þessum efnum og hafa gefið tilefni til vafa um ýmis atriði í framkvæmd. Í IV. kafla frumvarpsins eru gerðar tillögur um mun nánari reglur um áhrif greiðslustöðvunar, en þær byggjast að verulegu leyti á ríkjandi skoðunum í framkvæmd um skýringu 8. gr. laga nr. 6/1978.
6. Í athugasemdum við frumvarp sem varð að lögum nr. 6/1978 kom fram að nýmæli um heimild til greiðslustöðvunar hafi meðal annars átt að þjóna þeim tilgangi að bú kæmu fyrr til gjaldþrotaskipta en eftir eldri reglum og þar með að lánardrottnar fengju meira í sinn hlut ef ekki tækist að koma nýrri skipan á fjármál skuldara með þessu úrræði. Það er háð miklum vandkvæðum að leggja mat á hvort greiðslustöðvun hafi almennt leitt til þess að skuldurum hafi tekist að ráða bót á fjárhagsörðugleikum sínum því eftir ákvæðum laga nr. 6/1978 er ekki ætlast til neinnar skýrslugjafar um þetta þegar greiðslustöðvunartími er á enda og þótt greiðslustöðvun leiði ekki til árangurs er hvorki skuldara frekar skylt en ella að gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskipta né hafa lánardrottnar neinar sérstakar heimildir til að knýja á um gjaldþrotaskipti af því tilefni. Hefur verið mjög breytilegt í hverjum mæli gjaldþrotaskipti hafi fylgt í kjölfar greiðslustöðvunar, en því virðist þó mega slá föstu af fenginni reynslu í framkvæmd að reglur II. kafla laga nr. 6/1978 hafi haft mjög lítil áhrif í þá átt að gjaldþrotaskipti komi fyrr til en ella. Má ætla að þetta stafi helst af því annars vegar að fyrirmæli 14. gr. laganna um skyldu skuldara til að gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskipta þegar fjárhagsörðugleikar hans eru komnir á tiltekið stig hafa verið stórlega vanvirt í framkvæmd, og hins vegar að lánardrottnar skuldarans hafa ekki neinar sérstakar heimildir til að knýja á um gjaldþrotaskipti þótt greiðslustöðvun ljúki án árangurs. Í frumvarpinu er gerð tillaga til að ráða hér nokkra bót á með því að í 2. mgr. 65. gr. er mælt fyrir um heimild lánardrottna til að krefjast gjaldþrotaskipta á búi skuldara ef hann hefur haft heimild til greiðslustöðvunar sem hefur runnið út innan mánaðar áður en gjaldþrotaskipta er krafist, enda sýni skuldarinn þá ekki fram á að hann sé fær um að standa í skilum. Með þessum hætti er vænst að ráðagerðir að baki ákvæðum II. kafla laga nr. 6/1978 geti fremur orðið að veruleika en reyndin hefur orðið.

III.

Núgildandi reglur um nauðasamninga koma fram í lögum nr. 19/1924 og er þar greint milli nauðasamninga sem eru gerðir í tengslum við gjaldþrotaskipti á búi skuldara, sem ákvæði II. kafla laganna taka til, og nauðasamninga sem eru gerðir án undanfarandi gjaldþrotaskipta, en ákvæði um þá eru í III. kafla laganna. Lög nr. 19/1924 eru þannig uppbyggð að meginfyrirmælin um nauðasamninga koma fram í II. kafla þeirra, en reglur III. kaflans um samningsgerð án tengsla við gjaldþrotaskipti geyma um margt tilvísanir til tiltekinna ákvæða II. kaflans.

Eins og vikið var að hér í upphafi þessara athugasemda er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að reglur um nauðasamninga verði felldar inn í löggjöf um gjaldþrotaskipti. Þessu er þannig hagað á sama veg og í danskri löggjöf, en fyrir þessu eru þau rök að reglur um nauðasamningsumleitanir eru um margt tengdar reglum um gjaldþrotaskipti og greiðslustöðvun, enda býr sú hugmynd að baki þessum reglum í heild að þegar fjárhagsörðugleikar steðji að geti skuldari aflað sér heimildar til greiðslustöðvunar til að reyna að greiða úr málum sínum, en ef greiðslustöðvunin ein út af fyrir sig nægi ekki til að ráða bót á örðugleikunum blasi þeir tveir kostir við að skuldarinn leiti annaðhvort nauðasamnings eða gefi bú sitt upp til gjaldþrotaskipta. Þessari efnisskipan frumvarpsins er þannig ætlað að geyma samfellda mynd af þeirri rás atburða sem mætti ætla að sé dæmigerð í framkvæmd.

Reglur frumvarpsins um nauðasamninga koma fram í tvennu lagi, annars vegar í 3. þætti þess þar sem mælt er fyrir um gerð nauðasamninga án undanfarandi gjaldþrotaskipta og hins vegar í XXI. kafla þar sem gert er ráð fyrir að gjaldþrotaskiptum geti lokið með því að nauðasamningur komist á fyrir þrotamann. Aðalreglurnar í þessum efnum koma fram í 3. þætti, en ákvæði XXI. kafla vísa meira eða minna til þeirra reglna og geyma aðeins fáeinar sérreglur um nauðasamninga við gjaldþrotaskipti, sem eru nauðsynlegar af tilliti til þess eðlismunar sem er milli þessara tveggja afbrigða nauðasamninga. Er því gert ráð fyrir gagnstæðri skipan í þessum efnum frá þeirri sem er byggt á í lögum nr. 19/1924 og áður var nefnd. Kemur þetta til af því að í miklum meirihluta tilvika þar sem nauðasamningar eru gerðir á það sér stað án tengsla við gjaldþrotaskipti og verður því að telja óeðlilegt að aðalreglur löggjafar um þessi efni komi fram í fyrirmælum um tilvik sem heyri til undantekninga, líkt og er í núgildandi lögum. Þessi efnisskipan á sér jafnframt hliðstæðu í danskri löggjöf.

Ákvæðum 3. þáttar frumvarpsins er ekki ætlað að leiða til teljandi breytinga frá þeirri framkvæmd við gerð nauðasamninga sem nú tíðkast á grundvelli laga nr. 19/1924 ef frá er talið að sérstakur umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum færi með þau umsýslustörf sem héraðsdómarar annast nú eftir umræddum lögum. Hefur þó verið leitast við að gera reglur um nauðasamninga aðgengilegri og einfaldari, en hliðsjón hefur verið höfð af dönskum reglum í þessu sambandi. Er vænst að ef frumvarpið verður að lögum geti það leitt til nokkurrar aukningar í beitingu þessa úrræðis, bæði fyrir félög eða menn í atvinnurekstri og fyrir menn sem eiga í fjárhagsörðuleikum af öðrum sökum. Þess má geta í þessu sambandi að hugað var sérstaklega að því við gerð frumvarpsins hvort ástæða væri til að gera tillögur um að taka upp sambærilegar reglur og fram koma í 4. þætti dönsku löggjafarinnar um gjaldþrotaskipti, þar sem mælt er fyrir um svokallað „gældssanering". Þar er um úrræði að tefla sem svipar mjög til nauðasamninga og er fyrst og fremst ætlað mönnum sem hafa ekki með höndum atvinnurekstur, en ákvæði danskrar löggjafar um nauðasamninga eru á hinn bóginn þá fremur ætluð félögum og mönnum í atvinnurekstri. Varð niðurstaðan sú að sérreglur eftir þessari danskri fyrirmynd yrðu óþarfar, einkum með því að ákvæði frumvarpsins um nauðasamninga hafa verið gerð þannig úr garði að þau geti jöfnum höndum tekið til þeirra sem leggi stund á atvinnurekstur og þeirra sem það gera ekki.

IV.

Í 4. þætti frumvarpsins er að finna reglur þess um gjaldþrotaskipti, en eins og áður sagði eru þau byggð að miklu leyti á ákvæðum laga nr. 6/1978. Af einstökum breytingum sem eru hér lagðar til í þessum efnum má telja þá þýðingarmestu felast í því að ákvæði frumvarpsins gera ráð fyrir að sérstakir skiptastjórar muni að öllu leyti og í öllum tilvikum annast framkvæmd gjaldþrotaskipta og umsýslu í sambandi við þau, en með þessu er lagt til að algerlega verði afnumin sú tilhögun að héraðsdómarar hafi störf sem þessi með höndum. Hér er engan veginn um alger nýmæli að ræða, enda var stigið þýðingarmikið skref í þessa átt með setningu laga nr. 6/1978 þegar teknar voru upp heimildir til að fela bústjórum og skiptastjórum að gegna störfum á þessum vettvangi. Í frumvarpinu er hins vegar gengið mun lengra í þessu sambandi því ætlast er til að skiptastjórar verði ávallt skipaðir við gjaldþrotaskipti, en ekki að það verði aðeins gert ef vitað er að einhverjar eignir séu fyrir hendi í þrotabúi.

Fjölmargar röksemdir má færa fyrir þeirri skipan sem er lögð til að þessu leyti í frumvarpinu. Má í fyrsta lagi nefna að það fengi ekki samrýmst þeirri stefnu laga nr. 92/1989, sem áður hefur verið nefnd, að héraðsdómarar gegni þeim umsýslustörfum við gjaldþrotaskipti sem þeir hafa með höndum eftir lögum nr. 6/1978. Heyrir og til undantekninga að dómarar gegni störfum sem þessum eftir löggjöf annarra ríkja. Má einnig benda sérstaklega á það í þessu sambandi að afskipti dómara af framkvæmd gjaldþrotaskipta samkvæmt lögum nr. 6/1978 geta gefið réttmæt tilefni til að draga óhlutdrægni þeirra í efa, ef leysa þarf úr ágreiningi í tengslum við skiptin, en með lögum nr. 92/1989 var einmitt gagngert stefnt að því að koma almennt í veg fyrir að slík aðstaða geti komið upp. Í öðru lagi fara gjaldþrotaskipti fram í þágu lánardrottna þrotamanns, en í því ljósi er nærtækt að skiptin fari þá fram á kostnað þeirra, með því að sérstaklega ráðinn maður framkvæmi skiptin og fái þóknun greidda af fjármunum sem hefðu ella komið í hlut lánardrottna. Fást ekki séð þau rök, sem geta réttlætt þá skipan, sem nú leiðir af fyrirmælum laga nr. 6/1978, að þessar aðgerðir í þágu lánardrottna séu unnar að einhverju eða öllu leyti án útláta af þeirra hendi af starfsmanni ríkisins sem þarf að launa og kosta vinnuaðstöðu fyrir af almannafé. Í þriðja lagi hefur reynslan af störfum bústjóra og skiptastjóra orðið sú í framkvæmd að fjárhagslegur árangur af störfum þeirra að gjaldþrotaskiptum hefur að jafnaði orðið stórum betri en þegar héraðsdómarar hafa orðið að leysa slík störf af hendi, auk þess að skiptin hafi yfirleitt tekið skemmri tíma.

Til viðbótar því sem nú hefur verið nefnt, en engan veginn síst, má líta til þess að telja má sýnt að sú breytta skipan sem hér um ræðir leiði óbeint til þess að það dragi mjög úr tíðni gjaldþrotaskipta hér á landi. Eins og áður var minnst á var þetta eitt af markmiðum laga nr. 6 1978 samkvæmt athugasemdum með frumvarpi að þeim lögum, en það hefur ekki náðst sem sést á því að á síðustu árum hefur árlegur fjöldi gjaldþrotaúrskurða verið um það bil sjöfaldur sá sem hann var fyrir setningu laganna. Ætla má að fjöldi gjaldþrotaúrskurða hér á landi eigi sér hvergi hliðstæðu í öðrum ríkjum og það jafnvel þótt það yrði einhverju leyti látið hjá líða að taka tillit til mannfjölda. Þessi sérstaða hér á landi stafar fráleitt af því að óskilvísi eða fjárhagsleg bágindi séu stórum algengari hér en í öðrum ríkjum, heldur býr hér að baki að erlendis heyrir til undantekninga að krafist sé gjaldþrotaskipta ef fyrir fram er vitað að engar eignir séu fyrir hendi til skiptanna. Þótt nákvæmar tölulegar upplýsingar liggi ekki fyrir í þeim efnum frá síðustu árum þykir mega slá því föstu með hliðsjón af framkvæmd í Reykjavík að í 85–90% tilvika komi engar eignir fram við gjaldþrotaskipti, þannig að skiptum verði lokið án þess að lánardrottnar fái greiðslur upp í kröfur sínar. Undanfarinn að slíkum gjaldþrotaskiptum er með fáum undantekningum sá að reynt hafi verið að gera aðför fyrir peningakröfu hjá skuldaranum, en hann hafi lýst sig eignalausan við aðfarargerðina og henni hefur því verið lokið án árangurs. Í þessum tilvikum má almennt vera ljóst að gjaldþrotaskipti þjóni engum tilgangi, enda áskotnast ekki skuldaranum eignir við það eitt að úrskurður gangi um gjaldþrotaskipti á búi hans. Rótin að þessari einkennilegri tilhögun hér á landi virðist aðallega

vera sú að ekki hafi verið talið við hæfi að afskrifa kröfur á hendur skuldara, þótt árangurslaus aðför hafi farið fram hjá honum, heldur verði gjaldþrotaskipti að fylgja í kjölfarið áður en það verði gert, en þetta á þó einkum við um innheimtu opinberra gjalda. Í öðrum ríkjum virðist hins vegar árangurslaus aðfarargerð þykja fyllilega nægjanlegt tilefni til að lánardrottinn láti af frekari viðleitni til að innheimta kröfu sína hjá eignalausum skuldara. Ætlað er að frumvarpið muni leiða til breytinga í þessum efnum með þeim óbeina hætti að skiptastjórar verði ávallt skipaðir til að hafa framkvæmd gjaldþrotaskipta með höndum. Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins yrði sá sem krefðist gjaldþrotaskipta að bera kostnað af störfum skiptastjóra og af skiptunum að öðru leyti, ef eignir kæmu ekki fram til að standa undir þeim útgjöldum, en hér er um verulega breytingu að ræða frá núgildandi reglum sem leiða til þess að ríkið beri meginhluta kostnaðarins í tilvikum sem þessum. Þótt hér yrði ekki um neinar teljandi fjárhæðir að ræða hverju sinni, þá ætti þessi aðstaða ein út af fyrir sig að leiða til þess að lánardrottinn gefi því sérstakan gaum, áður en hann gerði kröfu um gjaldþrotaskipti, hvort sú aðgerð þjóni neinum hagsmunum hans í ljósi kostnaðarins sem hann yrði að bera. Má ætla að ef árangurslaus aðför hefði þegar farið fram hjá hlutaðeigandi skuldara og lánardrottinn hans hefði enga ástæðu til að ráðgera að eignir kunni að koma fram við gjaldþrotaskipti þá sæi lánardrottinn sér almennt engan hag í því að krefjast skipta. Rétt er að benda hér til viðbótar á það að ekki verður séð að þessi skipan geti stefnt hagsmunum lánardrottna í hættu, því sérstök nýmæli koma fram í VIII. kafla laga um aðför, nr. 90/1989, um skilyrði fyrir því að ljúka aðfarargerð án árangurs. Samkvæmt þeim mætti gera flestar þær ráðstafanir við framkvæmd aðfarargerðar til að ganga úr skugga um hvort skuldara tilheyri einhverjar eignir eins og nú verða gerðar við gjaldþrotaskipti í því skyni. Má þannig ætla að árangurslaus aðfarargerð eftir VIII. kafla laga nr. 90/1989 muni geta talist nægilega traustverðug heimild um eignastöðu skuldara til að lánardrottnar hans telji sig ekki þurfa að krefjast að auki gjaldþrotaskipta til að taka af tvímæli um hana.

Aðrar ráðagerðir í frumvarpinu um breytingar frá núgildandi reglum um gjaldþrotaskipti eru ekki sambærilegar að umfangi við þá sem hér hefur verið fjallað um, en hafa verður í huga að sú skipan, að skiptastjórar annist ýmis umsýslustörf sem héraðsdómarar hafa áður haft með höndum, setur mark sitt á fjölmörg ákvæði frumvarpsins. Hér má þó nefna eftirfarandi atriði í frumvarpinu sem fela einnig í sér tillögur um breytingar frá reglum um gjaldþrotaskipti í lögum nr. 6/1978.

1. Í XI. kafla frumvarpsins eru reglur um heimildir til að krefjast gjaldþrotaskipta og um meðferð slíkra krafna fyrir héraðsdómi einfaldaðar nokkuð frá því sem mælt er fyrir um í lögum nr. 6/1978. Flestar þessar breytingar eru litlar út af fyrir sig, en ættu að leiða til greiðari og fljótlegri málsmeðferðar. Þær byggja um margt á venjum sem hafa mótast í framkvæmd á þessu sviði á undanförnum árum.
2. Í XIII. kafla frumvarpsins koma fram ítarlegri almennar reglur um hæfi og störf skiptastjóra en nú gilda. Þessar reglur eru ekki síst nauðsynlegar með tilliti til aukins hlutverks skiptastjóra við gjaldþrotaskipti, en þær eiga sér að mestu hliðstæður í V. kafla frumvarps til laga um skipti á dánarbúum o.fl., sem fjallar um skiptastjóra við opinber skipti dánarbúa. Af öðrum atriðum XIII. kafla frumvarpsins má vekja athygli á því að þar er ráðgert að héraðsdómari skipi skiptastjóra þegar við uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrotaskipti og skiptastjórinn hafi síðan með höndum alla umsýslu við skiptin. Með þessu er stefnt að breytingu frá núgildandi reglum því eftir ákvæðum laga nr. 6/1978 á héraðsdómari að ráða bústjóra til bráðabirgða við uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar, ef eignastaða þrotabúsins þykir gefa tilefni til þess, en skiptastjóri er síðan kjörinn af lánardrottnum nokkrum mánuðum síðar á fyrsta skiptafundi í þrotabúinu eftir lok kröfulýsingarfrests. Ýmsar ástæður búa að baki tillögu um breytingu á þessari skipan, en af þeim helstu má í fyrsta lagi nefna að mjög óljós greinarmunur hefur verið gerður á

valdsviði bústjóra til bráðabirgða og skiptastjóra í núgildandi lögum, sem ekki verður séð að tilefni sé til að halda við. Í öðru lagi hefur sú staða verið uppi eftir núgildandi lögum að bústjórar til bráðabirgða þurfa að standa að ýmsum aðgerðum á kröfulýsingarfresti í þágu allra lánardrottna í sameiningu, sem kunna að geta bakað bústjórum óvild einhverra þeirra. Bústjórar standa hins vegar frammi fyrir því að þurfa að hljóta kosningu lánardrottna í starf skiptastjóra á síðari stigum, sem gæti gefið tilefni til að óttast um hvort þeim kunni að hætta til að haga störfum sínum þannig að þeir spilli ekki fylgi sínu meðal lánardrottna með því að halda fast um hagsmuni þrotabúa gagnvart lánardrottnunum. Í þriðja lagi má loks nefna að í framkvæmd eftir núgildandi lögum virðast lánardrottnar ekki hafa séð tilefni til að fella bústjóra til bráðabirgða í kosningu í starf skiptastjóra, en þetta bendir ótvírætt til þess að þeir felli sig almennt við val héraðsdómara á mönnum til þessara starfa. Þykir samkvæmt þessu til einföldunar og aukins öruggis að skipun skiptastjóra eigi sér stað að hætti frumvarpsins fremur en að haldið verði í reglur núgildandi laga að þessu leyti.

3. Í XVII. kafla frumvarpsins koma fram reglur um innbyrðis rétthæð krafna við gjaldþrotaskipti, eða svokallaða skuldaröð, en núgildandi reglur í þessum efnum er að finna í 8. kapítula laga um skipti á dánarbúum og félagsbúum, o.fl., nr. 3/1878. Eins og fjallað er um í athugasemdum með frumvarpi til laga um skipti á dánarbúum o.fl. reynir mjög lítið á þessar reglur á þeim vettvangi, en fyrst og fremst hafa þær þýðingu við gjaldþrotaskipti. Tillögur eru ekki gerðar um veigamiklar breytingar á þessum reglum, en einstök atriði í þeim efnum eru nánar skýrð í athugasemdum við 109.–115. gr. þessa frumvarps.
4. Í XIV. og XVIII. kafla frumvarpsins er að finna mun nánari reglur en í lögum nr. 6/1978 um efni og áhrif innköllunar til skuldheimtumanna við gjaldþrotaskipti, kröfulýsingar þeirra og meðferð krafna. Þessar reglur frumvarpsins taka mið af þeirri framkvæmd sem hefur mótast eftir núgildandi lögum, auk þess að leitast er við að taka af tvímæli um ýmis atriði á þessu sviði sem óvissa hefur þótt standa um.
5. Reglur XIX. kafla frumvarpsins um ráðstöfun hagsmuna þrotabúa fela að ýmsu leyti í sér tillögur um breytingar frá núgildandi reglum til einföldunar og hagræðingar, m.a. með því að draga nokkuð úr nauðsyn þess að ákvarðanir í þessum efnum verði teknar á skiptafundum með lánardrottnum, en þessi breyting er lögð til með hliðsjón af þróuninni sem hefur orðið í framkvæmd að þessu leyti. Þá felst enn fremur í XIX. kafla tillaga um afnám reglna um kosningu sérstakra kröfuhafanefnda, en heimildum laga nr. 6/1978 til þess hefur aldrei verið beitt í framkvæmd svo vitað sé. Loks má nefna að í 129. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir sérreglu um aðra ráðstöfun en nauðungarsölu á eignum þrotabúa, sem hafa verið veðsettar fyrir hærri fjárhæðum en megi ætla að þær seljist fyrir, en sambærileg regla er ekki í núgildandi lögum sem hefur þótt valda verulegum erfiðleikum í framkvæmd.

V.

Í 5. þætti frumvarpsins koma fram sérreglur um hvernig verði leyst úr ágreiningsmálum, sem rísa í tengslum við greiðslustöðvun, nauðasamningsumleitanir eða gjaldþrotaskipti. Þessar reglur eru um margt mótaðar með hliðsjón af framkvæmd á grundvelli núgildandi laga, en nýmæli eru þó óhjákvæmileg um ýmis atriði vegna breyttrar dómstólaskipunar á grundvelli laga nr. 92/1989 og vegna breytts hlutverks dómara við framkvæmd greiðslustöðvunar, nauðasamningsumleitana og gjaldþrotaskipta eftir öðrum ákvæðum frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.–3. gr.

Í þessum ákvæðum koma fram skýringar á nokkrum sérhugtökum sem byggt er á í öðrum reglum frumvarpsins. Er þannig í 1. gr. skýrt hvað átt sé við með orðunum skuldari og

þrotamaður, en sambærileg skýring kemur ekki fram á þessum hugtökum í núgildandi lögum þótt þau séu notuð þar í sömu merkingu og hér um ræðir.

Í 2. gr. er hugtakið frestdagur skilgreint, en samkvæmt þessari skilgreiningu ræðst frestdagur af því hvenær héraðsdómara berst beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða nauðasamningsumleitana eða krafa um gjaldþrotaskipti þótt slík beiðni eða krafa sé afturkölluð eða henni hafnað, ef ný beiðni eða krafa berst innan mánaðar frá því það gerðist. Skilgreining hugtaksins er hér sú sama og fram kemur í 1. gr. laga nr. 6/1978 að öðru leyti en því að í þeirri reglu getur eldri beiðni eða krafa því aðeins ráðið frestdegi að ný beiðni eða krafa komi fram innan þriggja vikna. Þessi lenging tímans úr þremur vikum í einn mánuð er lögð hér til af tilliti til reynslu af framkvæmd í þessu sambandi því hann hefur þótt full skammur til að þjóna tilgangi.

Í 3. gr. er afmarkað hvað átt sé við með hugtakinu nákomnir, en efnislega er þetta ákvæði það sama og nú kemur fram í 2. gr. laga nr. 6/1978.

Um 4.–6. gr.

Í 4.–6. gr. koma fram reglur sem er ætlað að afmarka til hverra manna og félaga aðgerðir geti tekið samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, en reglurnar eru settar fram í einu lagi með þeim hætti að þær taki í senn til heimilda til greiðslustöðvunar og nauðasamningsumleitana og til gjaldþrotaskipta.

Í fyrsta lagi er að finna almennar reglur í 4. gr. um það hvernig maður, félag eða stofnun þurfi að tengjast íslenska ríkinu með búsetu eða starfsemi hér á landi til að dómstólar hér á landi verði taldir hafa lögsögu til að beita ákvæðum frumvarpsins gagnvart hlutaðeiganda, en í þessu sambandi er vert að vekja athygli á að 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins geyma frekari reglur af þessum meiði varðandi útibú íslenskra félaga erlendis og útibú erlendra félaga sem kynnu að vera starfrækt hér á landi. Sambærilegar reglur koma ekki fram í lögum nr. 6/1978, en ætla má að sömu niðurstöður yrðu fengnar af almennum lagaviðhorfum án beinna lagafyrirmæla. Nefna má að sérreglur í þessu sambandi um útibú erlendra hlutafélaga koma nú að nokkru fram í XVII. kafla laga um hlutafélög, nr. 32/1978, en í 5. tölul. 182. gr. frumvarpsins eru lagðar til nokkrar breytingar á þeim, m.a. til samræmis við 2. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 6. gr.

Í öðru lagi koma fram reglur í 5. gr. sem er ætlað að útiloka að ákvæði frumvarpsins geti tekið sjálfstætt til tiltekinna félaga, útibúa félaga, firma eða stofnana, ef aðrir bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum þeirra, en þess í stað yrðu aðgerðir eftir atvikum að ná í senn til hlutaðeigandi lögpersónu og þeirra sem bera ábyrgð á skuldbindingum hennar. Ákvæði 1. mgr. 5. gr. eiga sér að nokkru hliðstæðu í 3. mgr. 13. gr. laga nr. 6/1978, en eru að öðru leyti, líkt og 2. mgr. 5. gr., í samræmi við kenningar sem hefur verið stuðst við í framkvæmd. Ákvæði 3. mgr. 5. gr. eru með áþekkum hætti sambærileg þeim sem nú koma fram í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 6/1978.

Í þriðja lagi má vekja athygli á því að í 1. mgr. 6. gr. er mælt fyrir um heimild dómsmálaráðherra til að gera samninga við önnur ríki um áhrif þess að heimild sé veitt í öðru eða einu samningsríkinu til greiðslustöðvunar eða nauðasamningsumleitana eða að úrskurður gangi þar um gjaldþrotaskipti. Sambærileg almenn heimild er ekki nú fyrir hendi í lögum, en hún er lögð hér til í ljósi þess að unnið hefur verið á undanförnum árum að gerð alþjóðasamnings um þessi efni, m.a. með nokkurri þátttöku af hálfu íslenska ríkisins. Eins og sakir standa á íslenska ríkið aðeins þátt að einum milliríkjasamningi um þessi efni, Norðurlandasamningi um gjaldþrotaskipti, sbr. lög nr. 21/1934.

Um 7.–9. gr.

Í 7.–9. gr. koma fram almenn fyrirmæli um efni beiðna og krafna um aðgerðir samkvæmt frumvarpinu, til hvaða héraðsdómstóls slíkum erindum yrði beint hverju sinni, hvernig

upplýsingum yrði haldið til haga um þau við dómstólana og hverjir ættu rétt til aðgangs að þeim.

Í 7. gr. er í einu lagi mælt fyrir um hvers efnis beiðni skuldara um heimild til greiðslustöðvunar eða nauðasamningsumleitana þurfi að vera eða krafa hans eða lánardrottins um gjaldþrotaskipti, auk þess að fram kemur hvað þurfi að fylgja slíku erindi til héraðsdóms. Nánari reglur koma að nokkru fram um efni þessara erinda eða fylgigögn með þeim í 10. gr. varðandi greiðslustöðvun, 34.–36. gr. varðandi nauðasamningsumleitanir og 66. gr. varðandi gjaldþrotaskipti. Almennu reglurnar um þetta í 7. gr. eru að nokkru sama efnis og ákvæði 1. mgr. 4. gr. laga nr. 6/1978, en í frumvarpinu er þó gert ráð fyrir að ítarlegri upplýsingar komi fram í beiðni, kröfu eða fylgigögnum en nú er mælt fyrir um. Er þetta gert í ljósi reynslu af framkvæmd, enda hafa dómarar orðið að hlutast til um öflun gagna eða upplýsinga um ýmis þau atriði, sem hér er lagt til að sá sem hafi uppi erindi láti í té, þar sem núgildandi lög hafa ekki boðið að slíkt þurfi að koma fram í beiðni eða kröfu eða að fylgja henni.

Í 8. gr. er að finna reglur um það til hvers héraðsdómstóls skuli leita hverju sinni með beiðnir um heimild til greiðslustöðvunar og nauðasamningsumleitana og kröfur um gjaldþrotaskipti, svo og með málefni sem þessu tengjast. Aðalreglan í þessum efnum kemur fram í 1. mgr. 8. gr., þar sem lagt er til grundvallar að þetta verði gert á heimilisvarnarþingi skuldarans, sem ræðst af reglum 73.–75. gr. laga nr. 85/1936, en þetta er í samræmi við 1. mgr. 3. gr. laga nr. 6/1978. Í 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir undantekningu frá umræddri aðalreglu varðandi þau tilvik, þar sem greiðslustöðvun, nauðasamningsumleitanir eða gjaldþrotaskipti yrðu að fylgjast að hjá lögpersónu og þeim sem bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum hennar, sbr. 1. mgr. 5. gr., en líkt og nú er heimilað í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 6 1978 er hér mælt fyrir um að dómsmálaráðherra geti ákveðið að aðgerðir varðandi alla hlutaðeigendur fari fram í sama dómumdæmi þótt þeir eigi þar ekki allir heimilisvarnarþing. Í 3. mgr. 8. gr. kemur fram hvernig héraðsdómari eigi að bregðast við ef honum berst erindi sem ætti ekki undir hann að fara með, en með sama hætti og mælt er fyrir um í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 6/1978 er gert ráð fyrir að héraðsdómari framsendi erindið á réttan stað. Í niðurlagi 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins segir að frestdagur skuli ráðast af því hvenær beiðni eða krafa hafi borist héraðsdómara þótt í röngu umdæmi hafi verið, en í framkvæmd hefur verið gengið út frá að þessi regla gildi. Loks koma fram reglur í 4. og 5. mgr. 8. gr. um það hvar verði farið með beiðnir eða kröfur eftir fyrirmælum frumvarpsins ef skuldarinn flyst milli dómumdæma eftir að málefni hans hafa komið til kasta héraðsdómstóls. Þessar reglur eru lagðar til í því skyni að taka af tvímæli í þessum efnum, en sambærileg ákvæði eru ekki í lögum nr. 6/1978, sem hefur leitt til óvissu í framkvæmd þau fáu skipti sem hefur reynt á þetta.

Í 1. og 2. mgr. 9. gr. er dómsmálaráðherra heimilað að setja fyrirmæli í reglugerð um skrár, sem héraðsdómstólum er ætlað að halda um beiðnir, kröfur og dómsmál samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, þingbækur, aðra skráningu upplýsinga og veitingu vottorða. Hliðstæð heimild til að setja reglugerð um þessi efni kemur ekki fram í núgildandi lögum þótt mælt sé fyrir um skráningu vissra upplýsinga við héraðsdómstóla í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 6/1978. Ætti setning reglugerðar um þessi efni að leiða til samræmingar í framkvæmd milli einstakra umdæma, sem ekki er tryggð við núverandi aðstæður, en ástæðulaust þykir að mæla beinlínis fyrir um þessi atriði í lögum.

Loks er mælt fyrir í 3. mgr. 9. gr. um það hverjir geti notið aðgangs að upplýsingum úr skrám héraðsdómstóla skv. 1. mgr. ákvæðisins, svo og aðgangs að beiðnum, kröfum eða fylgigögnum með þeim. Þessi fyrirmæli eru að efni til áþekk þeim sem nú koma fram í 2. og 3. mgr. 6. gr. laga nr. 6/1978.

Um 10. gr.

Þessi grein er upphafsákvæði 2. þáttar frumvarpsins sem fjallar um greiðslustöðvun. Þættinum er skipt í þrjá kafla, en sá fyrsti þeirra, III. kafli frumvarpsins, geymir reglur um

heimild til greiðslustöðvunar, í IV. kafla er kveðið á um réttaráhrif greiðslustöðvunar og í V. kafla er mælt fyrir um lok hennar.

Í 1. mgr. 10. gr. kemur fram að skuldari, sem eigi í verulegum fjárhagsörðugleikum, geti leitað heimildar til greiðslustöðvunar í því skyni að koma nýrri skipan á fjármál sín með aðstoð lögmanns eða löggilts endurskoðanda sem hann hafi ráðið til þess verks. Þessi regla er efnislega sú sama og kemur fram í 1. málsl. 7. gr. laga nr. 6/1978 og verður því ekki séð að hún þarfnist sérstakra skýringa hér. Þó má vekja athygli á því annars vegar að áðurgreind ákvæði 4.–6. gr. frumvarpsins takmarka að nokkru leyti hverjir skuldarar í skilningi 1. mgr. 1. gr. geti leitað heimildar til greiðslustöðvunar þótt ekki sé beinlínis vísað til þess í 1. mgr. 10. gr. Hins vegar má benda hér á að þótt 1. mgr. 10. gr. feli í sér viss grundvallarskilyrði fyrir að heimild verði veitt til greiðslustöðvunar, þ.e. að skuldarinn eigi í verulegum fjárhagsörðugleikum eða sjái fram á þá, að hann vilji koma nýrri skipan á fjármál sín og að hann hafi ráðið sér lögmann eða löggiltan endurskoðanda til aðstoðar, þá er hér engan veginn um tæmandi talningu skilyrða að ræða því í 2. mgr. 12. gr. er nánar mælt fyrir um atvik sem yrðu því til fyrirstöðu að slík heimild væri veitt. Eru ákvæði frumvarpsins í þessum efnum þannig talsvert ítarlegri en fyrirmæli laga nr. 6/1978 um skilyrði greiðslustöðvunar, sem eru tæmandi talin í 7. gr. þeirra.

Í 2. mgr. 10. gr. er gert ráð fyrir að skuldari verði að gera ítarlega greinargerð um ástæður og eðli fjárhagsörðugleika sinna og hvernig hann ætli að leysa úr þeim með greiðslustöðvun, en sú greinargerð komi annað tveggja fram í beiðni hans eða í sérstöku fylgiskjali með henni. Í greinargerðinni ætti enn fremur að tiltaka hvern skuldarinn hafi ráðið sér til aðstoðar við greiðslustöðvun. Í lögum nr. 6/1978 er ekki mælt fyrir um nauðsyn slíkrar greinargerðar, en í framkvæmd hefur nú um árabil verið gengið út frá að þessar upplýsingar verði að koma fram í sambærilegu horfi og miðar þetta ákvæði frumvarpsins því að lögfestingu þeirrar venju. Í 2. mgr. 10. gr. er enn fremur ráðgert að skuldarinn verði að leggja fram með beiðni sinni yfirlýsingu löggilts endurskoðanda um að bókhald skuldarans sé í því formi sem mælt er fyrir um í lögum um bókhald nr. 51/1968. Sambærilegur áskilnaður er ekki gerður í lögum nr. 6 1978, en þetta er lagt hér til í því skyni að tryggja að hægt verði að ganga út frá að þær upplýsingar megi vera áreiðanlegar sem ætlast er til að skuldarinn láti af hendi í tengslum við greiðslustöðvunarbeiðni og styðjast við upplýsingar úr bókhaldi hans.

Í ákvæðum laga nr. 6/1978 er hvergi mælt fyrir um það að aðstoðarmaður skuldara við greiðslustöðvun þurfi að fullnægja öðrum skilyrðum en að vera lögmaður, þ.e. að hafa réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi eða Hæstarétti, eða löggiltur endurskoðandi. Er þannig ekkert sem beinlínis útilokar að til dæmis lögmaður eða löggiltur endurskoðandi verði aðstoðarmaður félags við greiðslustöðvun þótt hann eigi verulegan hluta í því. Sú aðstaða verður að teljast mjög óheppileg því augljóst er að hún geti leitt til tortryggni af hendi lánardrottna skuldarans. Til að fyrirbyggja að þetta geti gerst er lagt til í 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins að aðstoðarmaður skuldarans verði að vera lögmaður eða löggiltur endurskoðandi og auk þess verði hann að fullnægja tilteknum hæfisskilyrðum sem í flestum atriðum eru hliðstæð ákvæðum 75. gr. frumvarpsins um hæfi skiptastjóra við gjaldþrotaskipti.

Um 11. gr.

Í 11. gr. er kveðið á um aðgerðir héraðsdómara þegar honum hefur borist beiðni skuldara um heimild til greiðslustöðvunar. Er gert ráð fyrir að héraðsdómari boði skuldarann til þinghalds af þessu tilefni eða setji eftir atvikum þing þegar komið er með beiðnina og taki hana formlega fyrir. Ef ekki yrði mætt til þinghalds sem héraðsdómari boðaði til í þessu skyni af hálfu skuldara yrði beiðni hans talin afturkölluð, sbr. 3. mgr. 11. gr. Ef hins vegar yrði mætt þar af hálfu skuldarans er ætlast til þess í 2. mgr. 11. gr. að héraðsdómari leiti upplýsinga um atriði sem koma ekki nægilega fram í beiðninni eða fylgigögnum með henni en gætu haft þýðingu við mat á henni eftir ákvæðum 2. mgr. 12. gr. Þá er einnig ráðgert í 2. mgr. 11. gr. að

héraðsdómari geti veitt skuldaranum skamman frest til að leggja fram frekari gögn eða veita nánari upplýsingar um málefnið eða til að ráða aðstoðarmann sem fullnægir hæfisskilyrðum 3. mgr. 10. gr. ef annmarkar eru á hæfi þess sem var upphaflega ráðinn. Svipuð heimild til frestunar á meðferð beiðni um heimild til greiðslustöðvunar kemur nú fram í 5. gr. laga nr. 6 1978, en að öðru leyti eiga ákvæði 11. gr. frumvarpsins sér ekki hliðstæður í núgildandi lögum þótt almennt hafi verið farið svo að í framkvæmd sem ráðgert er í þeim.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. 12. gr. kemur fram að héraðsdómari verði að taka afstöðu til beiðni um heimild til greiðslustöðvunar í úrskurði sem honum er ætlað að kveða upp svo fljótt sem verða má eftir að gagnaöflun um beiðnina skv. 11. gr. er lokið. Þessi regla er sama efnis og ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 6/1978 og þarfnast því ekki frekari skýringa.

Í 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins eru talin atriði í átta töluliðum sem héraðsdómari yrði að taka tillit til við mat á því hvort heimild til greiðslustöðvunar verði veitt og gætu leitt til þess að honum bæri að synja um heimildina af sjálfsdáðum. Að frátöldu því að ákvæði 2. tölul. 2. mgr. 12. gr. eiga sér hliðstæðu í síðari málslið 7. gr. laga nr. 6/1978 er ekki að finna sambærilega talningu hindrana við heimild til greiðslustöðvunar í umræddum lögum. Reglurnar sem eru lagðar til í þessum efnum í 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins eiga sér hins vegar að mestu fyrirmyndir í venjum sem hafa myndast í framkvæmd á undanförnum árum og er þeim því ekki ætlað að leiða til neinna verulegra breytinga frá því sem nú gildir.

Í 3. mgr. 12. gr. er breyting lögð til frá núgildandi reglum, með því að ef héraðsdómari telur skilyrði til að veita heimild til greiðslustöðvunar þá er ætlast til að heimildin standi aðeins til bráðabirgða, eða til allt að þriggja vikna, en skuldarinn geti síðan leitað framlengingar á heimildinni eftir að hafa kynnt lánardrottnum stöðu mála og gefið þeim kost á að koma fram viðhorfum sínum, sbr. 13.–18. gr. Ákvæði 3. mgr. 12. gr., sem eiga sér fyrirmynd í ákvæðum danskrar löggjafar eins og þeim var breytt á árinu 1984, eru þáttur í þeirri viðleitni að baki ýmsum reglum III. kafla frumvarpsins, sem vikið var að í almennum athugasemdum hér áður, að auka afskiptarétt lánardrottna skuldarans af veitingu heimildar til greiðslustöðvunar. Eftir ákvæðum 7. og 10. gr. laga nr. 6/1978 eiga lánardrottnar ekki afskipti sem þessi af veitingu heimildar til greiðslustöðvunar, heldur er héraðsdómara ætlað að taka afstöðu til beiðni um slíka heimild og veita hana í allt að þrjá mánuði í einum áfanga án þess að honum verði kynnt annað í þeim efnum en viðhorf skuldarans sjálfs. Í ákvæðum 3. mgr. 12. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að héraðsdómari marki lengd þessa bráðabirgðatímabils greiðslustöðvunar með ákvörðun um þinghald, þar sem skuldaranum gæfist kostur á að leggja fram beiðni um framlengingu heimildarinnar til allt að þriggja mánaða, sbr. 1. mgr. 15. gr. og 4. mgr. 17. gr. Fyrsta tímabil greiðslustöðvunar stæði þannig þar til umrætt þinghald yrði háð, en ef beiðni um framlengingu heimildarinnar kæmi þar fram er gert ráð fyrir að upphaflegi greiðslustöðvunartíminn lengist sjálfkrafa þar til héraðsdómari tæki afstöðu til beiðninnar í úrskurði, en þó ekki lengur en um eina viku, sbr. 1. mgr. 17. gr. Samkvæmt 3. mgr. 12. gr. er héraðsdómari bundinn við það að umrætt þinghald verði háð innan þriggja vikna frá því hann kveður upp úrskurð sinn um upphaflega beiðni skuldarans, en héraðsdómari hefur þar hins vegar frjálsar hendur til ákvörðunar um lengd tímans innan þessara marka. Má þó ætla að yfirleitt yrði að haga þessari ákvörðun þannig að skuldarinn og aðstoðarmaður hans hefðu sem næst þrjár vikur til ráðstöfunar, enda gæti annars orðið örðugt fyrir þá að sinna þeim viðfangsefnum á þessu fyrsta tímabili sem þeim eru lagðar á herðar í 13. og 14. gr.

Í 4. mgr. 12. gr. er mælt svo fyrir að úrskurður héraðsdómara, þar sem hann tæki afstöðu til upphaflegrar beiðni skuldarans um heimild til greiðslustöðvunar geti ekki sætt kæru til Hæstaréttar og gildir einu hvort úrskurðurinn kvæði á um höfnun beiðninnar eða að hún væri tekin til greina. Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga nr. 6/1978 verður úrskurði héraðsdómara, þar

sem beiðni um heimild til greiðslustöðvunar er hafnað, ekki skotið til æðra dóms, en gagnstæð regla gildir um úrskurði þar sem heimildin er veitt. Er því varðandi síðarnefnda atriðið gert ráð fyrir breytingu frá núgildandi reglum í 4. mgr. 12. gr. frumvarpsins. Tillaga er gerð um þessa breytingu í ljósi þess að greiðslustöðvunartími samkvæmt úrskurði héraðsdómara, sem 4. mgr. 12. gr. tæki til, yrði aldrei lengri en þrjár vikur, sbr. 3. mgr. 12. gr., þannig að ósennilegt væri að Hæstiréttur gæti fellt dóm í slíku máli áður en sá tími væri á enda og væru þá ekki neinir hagsmunir tengdir því að fá leyst úr málinu eftir það. Að auki bjóðast lánardrottnum skuldarans úrræði í 16. og 26. gr. til að gæta hagsmuna sinna varðandi greiðslustöðvunarheimild fyrir héraðsdómi, sem verður að telja nærtækara úrræði en að heimila málskot úrskurðar sem hefur áhrif jafn skamman tíma og hér um ræðir.

Um 13. og 14. gr.

Í þessum ákvæðum frumvarpsins koma fram reglur sem er ætlað að stuðla að því að lánardrottnar skuldarans eigi kost á að koma á framfæri viðhorfum sínum til ráðagerða hans um aðgerðir til að koma nýrri skipan á fjármál sín og eiga þá eftir atvikum óbeinan þátt í ákvörðunartöku um hvernig verði staðið að þeim. Þessar reglur eiga sér nokkra fyrirmynd í ákvæðum danskrar löggjafar eins og þeim var breytt á árinu 1984.

Samkvæmt 13. gr. frumvarpsins hvílir sú skylda á aðstoðarmanni skuldarans að tilkynna öllum lánardrottnum, sem vitað er um, tafarlaust um veitingu heimildar til greiðslustöðvunar og boða þá um leið til fundar við sig, sem ber að halda að minnsta kosti þremur sólarhringum áður en þinghald verður háð við lok upphaflegs greiðslustöðvunartíma, sbr. 3. mgr. 12. gr. Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. ber aðstoðarmanninum að senda þetta fundarboð í útbornu ábyrgðarbréfi, símskeyti eða á annan sannanlegan hátt, með fyrirvara sem verður talinn hæfilegur til að lánardrottnar geti komið við að sækja fund um málefni skuldarans eða að senda umboðsmann fyrir sína hönd. Í þessu ákvæði er ætlast til að fram komi í fundarboði hvar og hvenær fundurinn verði haldinn, hvenær heimild hafi verið veitt til greiðslustöðvunar og hvenær héraðsdómari taki málefnið aftur fyrir á dómþingi við lok upphaflegs greiðslustöðvunartíma, sbr. 3. mgr. 12. gr. Með síðastnefndu atriði tilkynningarinnar er leitast við að tryggja að lánardrottnum berist vitneskja um það hvenær umrætt dómþing verði háð, til þess að þeir geti eftir atvikum mætt þar og haldið uppi andmælum gegn því að skuldaranum verði veitt heimild til áframhaldandi greiðslustöðvunar, sbr. 16. gr., en réttur lánardrottna til að koma fram slíkum andmælum yrði óháður því hvort þeir mættu til fundar sem aðstoðarmaður skuldarans boðar til eftir ákvæðum 13. gr.

Ákvæði koma síðan fram í 14. gr. um það hvað verði fjallað um á fundi sem væri boðað til skv. 13. gr. Er ætlast þar til að aðstoðarmaður skuldarans geri ítarlegar skrár um eignir og skuldir skuldarans áður en kæmi að fundinum, en þessar skrár yrðu lagðar þar fram til upplýsinga fyrir lánardrottna og sem grundvöllur frekari umræðna. Enn fremur kemur fram í 1. mgr. 14. gr. að á fundinum beri aðstoðarmanninum að kynna lánardrottnum hvernig ætlunin sé að reyna að koma nýrri skipan á fjármál skuldarans, hvað hafi þegar verið gert í því skyni og hvort leitað verði heimildar til framlengingar á greiðslustöðvun. Aðstoðarmanninum er og ætlað að leita afstöðu lánardrottna til þessara atriða og tillagna þeirra. Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. á aðstoðarmaður skuldarans að stjórna þessum fundi og færa fundargerð, en í ákvæðinu er sérstaklega tekið fram að aðstoðarmanninum beri að gæta að því að viðhorf lánardrottna komi skýrlega fram í fundargerð. Þessi áskilnaður á rætur að rekja til þess að skv. 2. mgr. 15. gr. ber að leggja fundargerð þessa fyrir héraðsdómara ef skuldarinn æskir áframhaldandi heimildar til greiðslustöðvunar að loknum upphaflega greiðslustöðvunartímanum, en með þessum hætti ætti héraðsdómari aðgang að upplýsingum um viðhorf lánardrottna skuldarans í þessum efnum.

Ástæða er til að taka hér fram að ekki er ætlast til að lánardrottnar taki ákvarðanir um hagsmuni skuldarans á fundi sem þessum eða að þeir greiði atkvæði eða álykti um fylgi við

áframhaldandi heimild handa honum til greiðslustöðvunar. Er þannig aðeins stefnt að því að fundurinn fari fram til að lánardrottnar eigi þess kost að fá upplýsingar um hag skuldarans og fyrirhugaðar aðgerðir og greiði eftir atvikum fyrir um framhald mála með því að láta þar uppi hvernig þeir yrðu fáanlegir til að koma til móts við þarfir skuldarans. Ef lánardrottnar teldu þær ráðagerðir athugaverðar, sem þeim yrðu kynntar á þessum fundi, ættu þeir kost á að mæta á dómþingi þar sem skuldarinn legði fram beiðni um áframhaldandi heimild til greiðslustöðvunar og mótmæla því að hún yrði tekin til greina, sbr. 16. gr. Af þessum sökum má væntanlega sjá að ekki er ætlast hér til að fundartíma verði varið til langvarandi umræðna, t.d. um hvort áframhaldandi greiðslustöðvun geti átt rétt á sér, því á fundinum yrði ekkert aðhafst til að taka af skarið um hvort til slíks áframhalds komi, heldur yrði lánardrottinn sem ekki vildi sætta sig við það að láta uppi andstöðu sína fyrir dómi.

Að endingu er rétt að nefna í tengslum við ákvæði 13. og 14. gr. að þau leggja óneitanlega þýðingarmikið starf í hendur aðstoðarmannsins sem skuldarinn hefur sjálfur valið til starfans. Aðstoðarmanninum er hér lagt í hendur að boða lánardrottna til fundar sem hann stjórnar síðan sjálfur og þar sem hann færir fundargerð til að lýsa viðhorfum þeirra. Því verður ekki neitað að aðstoðarmanninum geti orðið á mistök í þessum efnum eða að hann hreinlega sinni ekki sínu hlutverki sem skyldi. Staða lánardrottna er þó tryggð gagnvart slíkri aðstöðu, því skv. 2. tölul. 2. mgr. 17. gr. getur vanræksla aðstoðarmannsins varðað synjun um áframhaldandi heimild til greiðslustöðvunar og skv. 26. gr. getur lánardrottinn krafist fyrir héraðsdómi að heimild til greiðslustöðvunar verði felld niður af þessum sökum. Þá ber einnig að hafa í huga að skv. 4. og 5. tölul. 2. mgr. 17. gr. gætir héraðsdómari að því, ef óskað er áframhaldandi heimildar til greiðslustöðvunar, hvort staðið hafi verið eðlilega að störfum og hvort heimildin muni þjóna eðlilegum tilgangi, en þessi athugun héraðsdómara tæki þá eftir eðli sínu til atriða sem sérstaklega varða hagsmuni lánardrottna skuldarans þótt hún beindist reyndar aðeins að þeim gögnum sem skuldarinn legði sjálfur fram með beiðni sinni ef enginn lánardrottinn mótmælti henni.

Um 15.–17. gr.

Í 15. gr. er fjallað um hvernig skuldarinn eigi að bera sig að ef hann æskir framlengingar á heimild sinni til greiðslustöðvunar þegar upphaflega heimild hans, eins og héraðsdómari hefur ákveðið lengd hennar skv. 3. mgr. 12. gr., er að enda komin. Í 1. mgr. 15. gr. kemur fram að skuldarinn eigi þá að leggja skriflega beiðni um þetta fyrir héraðsdómara í því þinghaldi sem áður var ákveðið til að marka lok greiðslustöðvunartímans. Með beiðninni eiga að fylgja tiltekin gögn, sem eru nánar talin í 2. mgr. 15. gr., en þessum gögnum er ætlað að leiða öðru fremur í ljós hvort forsendur geti verið fyrir áframhaldandi greiðslustöðvun. Er því vert að leggja áherslu á að þessi gögn verði að vera vandlega úr garði gerð og þá ekki síst sú greinargerð aðstoðarmanns skuldarans, sem ráðgert er í ákvæðinu að verði lögð fram, en þar er ætlast til að fram komi í senn frásögn af því sem hefur þegar verið gert við greiðslustöðvun og af því sem stendur fyrir dyrum að gera til að koma nýrri skipan á fjármál skuldarans.

Í tengslum við ákvæði 15. gr. er rétt að vekja athygli á því að ef skuldarinn mætir ekki til þess þinghalds sem markar lok upphaflegs greiðslustöðvunartíma eða ef hann leggur þar ekki fram beiðni um áframhaldandi heimild þá lýkur greiðslustöðvuninni þar með sjálfkrafa, sbr. 1. mgr. 23. gr. Héraðsdómari yrði að setja þing þótt skuldarinn mætti ekki undir þessum kringumstæðum,'en þar þyrfti ekki annað að gera en að bóka að ekki væri mætt af hálfu skuldarans og að heimild hans væri þar með á enda.

Í 16. gr. er að finna heimild, sem hefur verið minnst á hér áður, handa lánardrottnum skuldarans, einum eða fleiri, til að mæta á dómþinginu sem markar lok upphaflegs greiðslustöðvunartíma og koma þar fram mótmælum gegn því að beiðni skuldarans um framlengingu heimildarinnar verði tekin til greina. Er ætlast til þess í 16. gr. að lánardrottinn, sem vill neyta þessa réttar, leggi fram í þinghaldinu skrifleg og rökstudd mótmæli sín, en ef

hvorki hann né skuldarinn falla frá kröfum sínum verði héraðsdómari að fara með málefnið eftir reglum 166. gr. og XXIV. kafla frumvarpsins og kveða þá upp úrskurð um hvort áframhald verði á heimild til greiðslustöðvunar að teknu tilliti til framkominna mótmæla. Ákvæði 16. gr. eiga sér ekki hliðstæðu í lögum nr. 6/1978 og hafa því lánardrottnar, sem vilja ekki una við heimild skuldara til greiðslustöðvunar, þannig orðið að kæra úrskurð um heimildina til Hæstaréttar til að leitast við að fá henni hnekkt. Tilhögun 16. gr. frumvarpsins ætti að leiða til töluverðrar einföldunar og létta um leið óþarfa álagi af æðra dómstiginu.

Um heimildir 16. gr. er að öðru leyti rétt að vekja athygli á því að þargreind réttindi til mótmæla eru veitt lánardrottnum skuldarans. Með hugtakinu lánardrottni er hér eftir bókstaflegum skilningi átt við þá sem eiga peningakröfu á hendur skuldaranum og má því almennt ganga út frá því að þeir sem eigi annars konar kröfur á hendur honum njóti ekki þessa réttar. Þannig yrði til dæmis maður, sem teldi sig eiga tilkall til hlutar í vörslum skuldarans, ekki talinn lánardrottinn í þessum skilningi þótt hann kynni vissulega að eiga kröfu á hendur skuldaranum. Í þessum efnum verður almennt að gefa því gaum að greiðslustöðvun fyrirbyggir fullnustu á peningakröfum gagnvart skuldaranum, sbr. 22. gr., en ekki á kröfum annars efnis, og hlýtur því að leiða af sjálfu sér að kröfuhafar, sem hafa uppi tilkall til annars en peningagreiðslu, leiti fullnustu á þeim réttindum eftir almennum reglum en hafi ekki afskipti af heimild skuldarans til greiðslustöðvunar sem takmarkar ekki rétt þeirra. Annað álitaefni getur einnig varðað lánardrottinshugtakið í 16. gr., en það er nánar tiltekið hvernig brugðist verði við ef maður hefði uppi mótmæli gegn áframhaldandi heimild til greiðslustöðvunar og bæri því við að hann ætti peningakröfu á hendur skuldaranum, sem skuldarinn kannast ekki við að eigi við rök að styðjast. Um þessa aðstöðu er rétt að taka fram að regla 16. gr. áskilur ekki að sá einn verði talinn lánardrottinn sem fari með óumdeilda peningakröfu á hendur skuldaranum. Er því ljóst að héraðsdómari gæti orðið að taka afstöðu til þess í úrskurði um áframhaldandi heimild til greiðslustöðvunar hvort peningakrafa þess, sem hefur mótmælt veitingu heimildarinnar, eigi við rök að styðjast og hann njóti þannig réttar til að hafa uppi mótmælin. Ef peningakrafa hans þætti ekki eiga við rök að styðjast yrði um aðildarskort að ræða af hans hendi til að hafa uppi mótmæli gegn veitingu áframhaldandi heimildar til greiðslustöðvunar og yrði því ekki unnt að taka frekara tillit til mótmæla hans. Ef hins vegar þætti nægilega sýnt fram á að peningakrafan væri réttmæt yrði að leysa úr mótmælum hlutaðeiganda eins og hann hefði farið með óumdeilda kröfu á hendur skuldaranum.

Í 17. gr. er fjallað um hvernig héraðsdómari leysi úr um hvort skuldaranum verði veitt áframhaldandi heimild til greiðslustöðvunar, en þessi ákvæði geta átt jafnt við hvort sem lánardrottinn hefði uppi mótmæli gegn óskum skuldarans skv. 16. gr. eða ekki.

Í 1. mgr. 17. gr. kemur fram sú regla að ef skuldarinn mætir á dómþingi, sem markar lok upphaflegs greiðslustöðvunartíma, og leggur þar fram beiðni um áframhaldandi heimild, þá framlengist greiðslustöðvunartíminn sjálfkrafa þar til héraðsdómari hefur kveðið upp úrskurð um beiðnina, þó aldrei lengur en í eina viku. Þessi sjálfvirka framlenging kæmi jafnt til hvort sem mótmæli væru höfð uppi gegn veitingu áframhaldandi heimildar eða ekki, en hún hefði hins vegar engin áhrif á heildarlengd greiðslustöðvunartímans ef beiðni skuldarans yrði tekin til greina, því í úrskurði héraðsdómara yrði kveðið á um framlengingu greiðslustöðvunar frá því þinghaldi að telja þar sem beiðni var lögð fram um hana, sbr. 4. mgr. 17. gr. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að ef héraðsdómara tækist ekki að kveða upp úrskurð um beiðni skuldarans um áframhaldandi heimild til greiðslustöðvunar innan þeirrar viku, sem um ræðir í 1. mgr. 17. gr., þá félli heimild skuldarans sjálfkrafa úr gildi við lok hennar, sbr. 3. mgr. 23. gr.

Í 2. mgr. 17. gr. eru talin upp atriði í fimm töluliðum sem geta valdið að héraðsdómara beri að synja um áframhaldandi heimild til greiðslustöðvunar. Reglur þessa efnis eiga sér ekki samsvörun í núgildandi lögum, en í flestum atriðum má segja að hér sé verið að leggja til að

lögfest verði viðhorf sem hefur verið beitt um árabil í framkvæmd. Ætla má að einstök atriði í 1.–5. tölul. 2. mgr. 17. gr. skýri sig sjálf, en rétt er að benda sérstaklega á það að orðalagið í upphafi málsgreinarinnar ber með sér að héraðsdómara sé skylt að synja um áframhaldandi heimild til greiðslustöðvunar við þessar aðstæður, þannig að honum bæri að huga að þessum atriðum af sjálfsdáðum eftir því sem framkomin gögn gefa tilefni til. Fyrst og fremst gæti reynt á slíka sjálfsdáðarskoðun dómara í tilvikum þar sem lánardrottinn hefur ekki mótmælt veitingu áframhaldandi heimildar til greiðslustöðvunar samkvæmt ákvæðum 16. gr., en jafnvel þótt slík mótmæli kæmu fram væri héraðsdómari ekki háður því í úrlausn sinni hvort mótmæli gegn veitingu heimildarinnar hafi byggst á tiltekinni reglu 2. mgr. 17. gr. sem kynni að geta átt við um fyrirliggjandi aðstæður.

Í 3. mgr. 17. gr. er mælt fyrir um að úrskurði héraðsdómara um höfnun áframhaldandi heimildar til greiðslustöðvunar verði ekki skotið til æðra dóms, en þetta ákvæði á sér hliðstæðu í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 6/1978. Gagnályktun frá þessu ákvæði frumvarpsins leiðir þannig til þess að lánardrottinn skuldarans gæti kært úrskurð héraðsdómara um framlengingu greiðslustöðvunarheimildar til Hæstaréttar, hvort sem hann hafði uppi mótmæli gegn óskum skuldarans um það skv. 16. gr. eða ekki. Hér er hins vegar ástæða til að vekja sérstaka athygli á því að þótt slíkt málskot væri heimilt þá yrði að telja það óeðlilegt og að nokkru í andstöðu við ætlan annarra reglna frumvarpsins að lánardrottinn kærði úrskurð héraðsdómara ef hann hefði ekki haft uppi mótmæli gegn veitingu heimildarinnar skv. 16. gr. Væri þá nærtækara að lánardrottinn brygðist þannig við aðstæðum sem þessum að krefjast niðurfellingar heimildar skuldarans eftir ákvæðum 26. gr., en úrskurði héraðsdómara um höfnun slíkrar kröfu mætti skjóta til Hæstaréttar.

Í 4. mgr. 17. gr. er mælt fyrir um hvernig ákvörðun héraðsdómara um framlengingu heimildar til greiðslustöðvunar eigi að koma fram í úrskurði hans, en þetta yrði gert með þeim hætti að tiltekið væri að heimildin sé framlengd til þinghalds sem verði háð á tilteknum tíma innan þriggja mánaða frá því beiðni um framlenginguna var lögð fram skv. 1. mgr. 15. gr. Hér væri annað tímabil greiðslustöðvunar því afmarkað með sambærilegum hætti og ætlast er til að yrði gert í öndverðu eftir reglu 3. mgr. 12. gr. Samkvæmt 4. mgr. 17. gr. er héraðsdómari bundinn af því að framlenging geti ekki orðið lengri en þar er mælt fyrir um, en hins vegar væri honum í lófa lagið að kveða á um skemmri framlengingu, t.d. ef fyrir liggur að niðurstaða ráðist um hvort ný skipan komist á fjármál skuldarans innan mánaðar frá því óskað er framlengingar á heimildinni. Tíðkast hefur um árabil í framkvæmd að framlengja heimild til greiðslustöðvunar um skemmri tíma en nemur hámarksfresti eftir ákvæðum II. kafla laga nr. 6/1978, en að veita þá framlengingu oftar en einu sinni ef þörf krefur. Í 4. mgr. 18. gr. frumvarpsins eru tekin af tvímæli um að þetta megi gera ef efni þykja til og gæti því héraðsdómari t.d. framlengt heimild til greiðslustöðvunar þrívegis um einn mánuð í senn í stað þess að framlengja einu sinni um þriggja mánaða hámark 4. mgr. 17. gr.

Samkvæmt 5. mgr. 17. gr. ber aðstoðarmanni skuldara að tilkynna lánardrottnum tafarlaust um úrskurð héraðsdómara um beiðni um framlengingu greiðslustöðvunar á sannanlegan hátt og er hér ekki gerður greinarmunur á því hvort héraðsdómari taki beiðnina til greina eða ekki, sbr. einnig 5. mgr. 23. gr.

Um 18. gr.

Í 18. gr. kemur fram heimild handa skuldaranum til að æskja frekari framlengingar á greiðslustöðvun en mælt er fyrir um í 17. gr., en eins og ráðið verður af orðalagi 1. og 2. mgr. 18. gr. er ætlast til að slík framlenging verði ekki veitt nema sýnt sé fram á veruleg líkindi fyrir að hún leiði til árangurs sem ekki mátti vænta að fengist á þeim tíma sem áður er liðinn. Þetta skilyrði fyrir frekari framlengingu heimildarinnar er í samræmi við þann skilning sem hefur verið lagður í ákvæði 2. mgr. 12. gr. laga nr. 6/1978 í framkvæmd.

Aðferðirnar til að afla aukinnar framlengingar greiðslustöðvunar eftir 18. gr. eru í reynd þær sömu og mælt er fyrir um í 13.–17. gr. og áður hefur verið lýst. Þannig yrði aðstoðarmaðurinn að boða lánardrottna skuldarans á ný til fundar við sig og leggja þar fram ný gögn og veita þær upplýsingar sem mælt er fyrir um í 14. gr., sbr. tilvísun til þess ákvæðis í niðurlagi 1. mgr. 18. gr. Skuldarinn yrði síðan að leggja fram skriflega beiðni um framlengingu heimildar sinnar í því þinghaldi, sem héraðsdómari hefði áður ákveðið og hefði annars markað lok greiðslustöðvunartímans, sbr. 4. mgr. 17. gr. Lánardrottnum gæfist sem fyrr kostur á að hafa uppi mótmæli gegn beiðni skuldarans eftir reglum 16. gr., en héraðsdómari legði síðan mat á það hvort skilyrði væru til að verða við henni eftir reglum 2. mgr. 17. gr. hvort sem mótmæli kæmu fram eða ekki. Undir þessum kringumstæðum yrði héraðsdómari þó að auki að huga sérstaklega að því hvort almennum skilyrðum 1. og 2. mgr. 18. gr. til frekari framlengingar heimildarinnar væri fullnægt. Ef svo væri, yrði enn kveðið á um það í úrskurði að heimildin væri framlengd, en skv. 3. mgr. 18. gr. mætti greiðslustöðvun þó aldrei standa til lengri tíma en alls sex mánuði frá þinghaldi við lok fyrsta greiðslustöðvunartímabilsins, sbr. 3. mgr. 12. gr. Ef greiðslustöðvun væri framlengd innan umræddS sex mánaða hámarks 3. mgr. 18. gr. yrði héraðsdómari að marka lok hennar með ákvörðun nýs þinghalds, enda væri enn ekki útilokað að skuldarinn kynni að geta leitað eftir framlengingu upp í hámarkstímann. Ef greiðslustöðvunin væri hins vegar ákveðin upp í þennan hámarkstíma kemur fram í 3. mgr. 18. gr. að þinghald yrði ekki ákveðið við lok hans, heldur yrði þá héraðsdómari að mæla fyrir um það í úrskurði sínum að heimildin til greiðslustöðvunar væri veitt til tiltekins dags við lok sex mánaða frestsins.

Í 4. mgr. 18. gr. eru tekin af tvímæli um að framlengja megi greiðslustöðvun oftar en einu sinni innan hámarkstíma 3. mgr. 18. gr., en fjallað var um helstu atriði þessa ákvæðis í athugasemdum við 4. mgr. 17. gr. hér á undan, sem hér má vísa til.

Um 19.–22. gr.

Í þessum ákvæðum frumvarpsins koma fram reglur um réttaráhrif heimildar til greiðslustöðvunar, en í þeim kemur annars vegar fram hvernig þessi heimild takmarki kosti skuldarans til að ráðstafa hagsmunum sínum og hins vegar hvernig hún hafi áhrif á rétt lánardrottna skuldarans til að ganga að honum. Ákvæðum 19.–22. gr. er ætlað að koma í stað 8. gr. laga nr. 6/1978, en rétt er að taka fram að hér er gert ráð fyrir afnámi 9. gr. nefndra laga, sem felur aðeins í sér tilvísun til þess að reglur 39.–41. gr. kaupalaga, nr. 39/1922, gildi um greiðslustöðvun, enda verður að telja þær reglur sýnilega eiga við undir þessum kringumstæðum án sérstakrar tilvísunar.

Í heild má segja um ákvæði 19.–22. gr. frumvarpsins að þeim sé ekki ætlað að leiða til teljandi breytinga frá reglu 8. gr. laga nr. 6/1978 nema um þau atriði, sem hér verður vikið sérstaklega að. Ákvæði 19.–22. gr. eru hins vegar sett fram með þeim hætti að reynt er að taka af meiri nákvæmni á einstökum atriðum en beinlínis er gert í núgildandi lögum, en í þeim efnum er að mestu byggt á viðhorfum sem hafa verið ríkjandi í framkvæmd.

Af breytingartillögum í þessum ákvæðum má í fyrsta lagi benda á að í 19. gr. er gert ráð fyrir stórum meiri afskiptum aðstoðarmanns af ráðstöfunum á hagsmunum skuldarans en nú er mælt beinlínis fyrir um í lögum, en eins og nefnt var hér áður í almennum athugasemdum hafa verulega skiptar skoðanir verið uppi í framkvæmd um hvernig eigi að skýra ákvæði laga nr. 6/1978 að þessu leyti. Í 19. gr. frumvarpsins kemur fram að aðstoðarmaðurinn verði í reynd að samþykkja sérhverja ráðstöfun sem gripið verði til varðandi fjárhagsleg málefni skuldarans, en eftir atvikum geti aðstoðarmaðurinn þó gefið skuldaranum eða starfsmanni hans almenna heimild með skriflegri yfirlýsingu til vissra minni háttar ráðstafana innan marka tiltekinnar fjárhæðar, sbr. 2. mgr. 19. gr. Er með þessu verið að stefna að því að gera aðstoðarmanninn ábyrgan gagnvart lánardrottnum skuldarans fyrir því að ekkert verði gert

við greiðslustöðvun til að rýra hag þeirra, enda leiðir af ákvæðum 3. mgr. 19. gr. að aðstoðarmanninum beri að gæta af sjálfsdáðum að því að skuldarinn fari ekki út fyrir heimildir sínar. Þetta er lagt hér til í því skyni að draga úr misnotkun heimildar til greiðslustöðvunar í þessu tilliti, en finna má nokkur dæmi um það í framkvæmd á liðnum árum að stórfellt undanskot eigna hafi átt sér stað undir greiðslustöðvun. Í tengslum við þessa skipan 19. gr. er rétt að benda á að aðstoðarmanninum gefst kostur á að firra sig ábyrgð á athöfnum skuldarans, ef hann telur ástæðu til, með því að neyta heimildar 24. eða 25. gr. til að færast undan frekari störfum. Þá er og rétt að nefna það sérstaklega í þessu sambandi að þessi breytta skipan er afgerandi forsenda fyrir þeim nýmælum sem eru lagðar til í 4. tölul. 110. gr. um stöðu þeirra krafna í skuldaröð, sem hafa orðið til á greiðslustöðvunartíma, en að þeim nýmælum verður vikið nánar hér á eftir.

Í öðru lagi má geta þess að í 20. gr. frumvarpsins er tekið af skarið um það að skuldaranum sé heimilt að ráðstafa eignum sínum í nánar tilteknu skyni þótt hann hafi heimild til greiðslustöðvunar, en skiptar skoðanir hafa verið uppi um hvernig eigi að skýra 1. mgr. 8. gr. laga nr. 6/1978 varðandi þetta. Í dómaframkvæmd hefur það viðhorf hlotið viðurkenningu að skuldaranum geti verið nauðsynlegt að koma eignum sínum í verð til að greiðslustöðvun geti borið árangur og er sú leið farin í 20. gr. frumvarpsins að mæla m.a. beinlínis fyrir um slíka heimild.

Í þriðja lagi er ástæða til að nefna að regla 3. mgr. 8. gr. laga nr. 6/1978, þar sem segir að ákvæði í samningum eða réttarreglum um afleiðingar vanefnda taki ekki gildi meðan á greiðslustöðvun standi, getur eftir bókstaflegri skýringu gefið tilefni til að ályktа m.a. að lánardrottinn njóti ekki réttar til að krefjast dráttarvaxta af peningakröfu vegna þess tímabils sem greiðslustöðvun varir. Þrátt fyrir það virðist sem gengið hafi verið út frá því gagnstæða í þessum efnum í framkvæmd allar götur frá gildistöku laganna. Til að taka af tvímæli í þessum efnum er gert ráð fyrir nokkuð breyttu orðalagi umræddrar reglu í 1. mgr. 22. gr. frumvarpsins, þar sem m.a. er berum orðum tekið fram að lánardrottinn njóti réttar til dráttarvaxta, dagsekta eða févítis vegna vanefnda skuldarans án tillits til heimildar til greiðslustöðvunar.

Loks má nefna í fjórða lagi að í 3. mgr. 22. gr. er tekin afstaða til þess í hverjum mæli heimild til greiðslustöðvunar geti staðið í vegi fyrir að stjórnvöld neyti þvingunarúrræða gagnvart skuldaranum vegna vanefnda hans, en skýr svör koma ekki fram við spurningum um þetta í núgildandi lögum. Hefur þetta m.a. leitt til óvissu um hvort gjaldheimtur og innheimtumenn ríkissjóðs geti neytt heimilda til að loka atvinnustarfsemi vegna vanskila á staðgreiðsluskatti og virðisaukaskatti, svo eitthvað sé nefnt. Reglan sem er lögð til í þessum efnum er í samræmi við þær skoðanir sem virðast fremur hafa verið ríkjandi í framkvæmd.

Um 23.–26. gr.

Í 23.–26. gr. er að finna fyrirmæli um hvernig greiðslustöðvun ljúki. Almennar reglur um þetta koma fram í 23. gr., sem eiga sér að nokkru hliðstæður í 12. gr. laga nr. 6/1978. Í fyrsta lagi er mælt fyrir um þá nánast sjálfgefnu reglu í 1. mgr. 23. gr. frumvarpsins að greiðslustöðvun falli niður við lok þess tíma, sem héraðsdómari hefur markað henni með úrskurði sínum, enda komi þá ekki fram beiðni skuldarans um áframhald hennar og hámarkstíma greiðslustöðvunar skv. 3. mgr. 18. gr. hefur ekki enn verið náð. Í öðru lagi eru talin upp í 2. mgr. 23. gr. fimm atriði sem leiða sjálfkrafa til þess að heimild til greiðslustöðvunar falli niður þótt tími hennar sé ekki runnin út, en tvö fyrsttöldu atriðin í þessu sambandi eiga sér fyrirmyndir í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 6/1978, meðan almennt hefur verið gengið út frá því í framkvæmd að hin atriðin þrjú hafi sömu afleiðingar í för með sér þótt þeirra sé ekki berum orðum getið í núgildandi lögum. Í þriðja lagi kemur síðan fram í 3. mgr. 23. gr. frumvarpsins að greiðslustöðvun falli þegar niður við uppkvaðningu úrskurðar héraðsdómara, þar sem annað

tveggja væri hafnað beiðni um áframhaldandi heimild til hennar eða heimildin væri felld niður eftir reglum 24., 25. eða 26. gr. Þá er þess og getið að heimildin falli sjálfkrafa niður að liðnum þeim vikufresti, sem um ræðir í 1. mgr. 17. gr., hafi héraðsdómari ekki framlengt hana með úrskurði innan frestsins. Þótt það sé ekki tekið beinlínis fram í 3. mgr. 23. gr. hefði dómur Hæstaréttar um niðurfellingu greiðslustöðvunarheimildar eða um höfnun framlengingar hennar vitanlega sömu áhrif, ef gagnstæðum úrskurði héraðsdómara væri skotið til æðra dóms og sætti þar slíkri breytingu. Loks kemur fram í 4. mgr. 23. gr. að öll áður boðuð þinghöld eða fundir með lánardrottnum falli sjálfkrafa niður ef heimild til greiðslustöðvunar fellur niður eftir einhverri áðurtalinni reglu, en skv. 5. mgr. ákvæðisins hvílir sú skylda ávallt á aðstoðarmanni skuldarans að tilkynna öllum þekktum lánardrottnum um lok greiðslustöðvunar án tillits til þess hvernig þau hafa borið að höndum.

Í 24.–26. gr. frumvarpsins koma fram sérreglur um atvik sem geta leitt til niðurfellingar heimildar til greiðslustöðvunar, sem má ætla í ljósi reynslu að fremur sjaldan geti reynt á í framkvæmd. Er í fyrsta lagi mælt fyrir um það í 24. gr. hvernig staðið verði að verki ef annaðhvort aðstoðarmaður skuldarans getur ekki eða vill ekki sinna því verkefni lengur, sbr. 1. mgr., eða skuldarinn telur aðstoðarmann sinn ekki sinna störfum sínum sem skyldi, sbr. 2. mgr. Sambærilegar reglur er ekki finna um þessa aðstöðu í núgildandi lögum, en á hana hefur þó reynt einhver skipti í framkvæmd. Í 3. mgr. 24. gr. er það úrræði boðið í þessum efnum að berist héraðsdómara tilkynning frá aðstoðarmanninum eða skuldaranum þess efnis sem um er rætt í 1. eða 2. mgr. ákvæðisins þá boði hann til þinghalds af þessum sökum og kanni hvort fyrirliggjandi atvik séu þess eðlis að þau valdi að heimild til greiðslustöðvunar verði felld niður þegar í stað með úrskurði. Ef slík atvik þykja ekki uppi og skuldarinn sækir umrætt þinghald er ráðgert að héraðsdómari gefi honum kost á að tilnefna þá þegar annan mann sér til aðstoðar, en að því gerðu stæði heimild skuldarans óhögguð án sérstaks úrskurðar dómarans. Sambærileg leið og hér um ræðir hefur verið farin í framkvæmd þegar aðstæður sem þessar hafa komið upp.

Í öðru lagi er að finna ákvæði í 25. gr. um skyldu aðstoðarmanns skuldarans til að tilkynna héraðsdómara ef hann telur reynt að greiðslustöðvun muni ekki bera árangur eða ef skuldarinn starfar ekki eðlilega að viðleitni til að koma nýrri skipan á fjármál sín eða hefur gert ráðstafanir í andstöðu við heimildir 19.–21. gr. frumvarpsins. Er gert ráð fyrir því í 2. mgr. 25. gr. að héraðsdómari boði þegar í stað til þinghalds ef honum berst slík tilkynning frá aðstoðarmanninum og felli niður greiðslustöðvunarheimildina með úrskurði ef fyrirliggjandi vitneskja hefði leitt til að skuldaranum yrði synjað um áframhaldandi heimild til greiðslustöðvunar vegna ákvæða 2. mgr. 17. gr., ef beiðni um slíka heimild væri þá fyrirliggjandi. Ef ábendingar aðstoðarmannsins þykja hins vegar ekki þess eðlis að þau eigi að hafa þessar afleiðingar í för með sér, er gert ráð fyrir því í 2. mgr. 25. að héraðsdómari bóki ákvörðun sína um að heimild skuldarans standi óbreytt. Undir þeim kringumstæðum mætti almennt ætla að grundvöllur væri brostinn fyrir frekara samstarfi aðstoðarmannsins og skuldarans þannig að nærtækt væri að ráðgera að aðstöðu sem þessari mundi fylgja ráðning nýs aðstoðarmanns að hætti 2. og 3. mgr. 24. gr. sem áður var getið. Ákvæði 1. mgr. og að nokkru 2. mgr. 25. gr. eru sambærileg reglum 11. gr. laga nr. 6/1978.

Í þriðja lagi er svo loks að finna heimild í 26. gr. frumvarpsins handa einum eða fleiri lánardrottnum skuldarans til að krefjast þess að heimild hans til greiðslustöðvunar verði felld niður áður en komið er að lokum áður ákveðins tíma hennar. Þessi regla á sér ekki hliðstæðu í núgildandi lögum, en eins og áður var nefnt í athugasemdum við 3. mgr. 17. gr. stendur lánardrottnum það eina úrræði nú almennt til boða til að fá greiðslustöðvunarheimild hnekkt að kæra úrskurð héraðsdómara um hana til Hæstaréttar. Sú tilhögun hefur um sumt leitt til óþarfrar íþyngingar fyrir Hæstarétt, auk þess að hún hefur verið í nokkurri andstöðu við almennar reglur að því leyti að hlutaðeigandi lánardrottni hefur þá fyrst gefist kostur á að gera

grein fyrir mótmælum sínum gegn heimild til greiðslustöðvunar fyrir Hæstarétti, sem leysir þannig úr um réttmæti þeirra á fyrsta og eina dómstigi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að ef lánardrottinn hefur ekki neytt heimildar 16. gr. til að hafa uppi mótmæli gegn greiðslustöðvun fyrir héraðsdómi þá fari hann fremur þá leið að notfæra sér ákvæði 26. gr. til að fá henni hrundið fyrir héraðsdómi en að kæra úrskurð héraðsdómara um hana til Hæstaréttar, en eftir ákvæðum frumvarpsins stæðu þó bæði úrræðin til boða.

Í 26. gr. er gert ráð fyrir að lánardrottinn geti krafist þess skriflega við héraðsdómara að heimild skuldarans til greiðslustöðvunar verði felld niður ef hann telur atvikum þannig háttað að héraðsdómara bæri að synja skuldaranum um áframhaldandi greiðslustöðvun af þeim sökum skv. 2. mgr. 17. gr. Samkvæmt 2. mgr. 26. gr. ber lánardrottni að tiltaka í kröfu sinni hver þau atvik séu, sem hann telji þessa eðlis, og rökstyðja þar að þau eigi að hafa þessar afleiðingar. Í 26. gr. er héraðsdómara ekki gert skylt að taka kröfu sem þessa til formlegrar úrlausnar því að skv. 3. mgr. ákvæðisins gæti dómarinn ákveðið með bókun í þingbók að vísa henni á bug ef hún þætti bersýnilega tilefnislaus, henni væri efnislega áfátt eða svo skammt stæði þá eftir af greiðslustöðvunartímanum að það tæki því ekki að leysa úr kröfunni. Fram kemur að ákvörðun um þetta yrði ekki skotið til Hæstaréttar, en þetta úrræði handa héraðsdómara þykir nauðsynlegt til að girða fyrir að lánardrottnar baki honum og eftir atvikum skuldaranum óþarfa erfiði með tilefnislausri kröfugerð í þessum efnum. Ef kröfugerð lánardrottins yrði ekki vísað á bug eftir umræddri heimild 3. mgr. 26. gr. er ráðgert í 4. mgr. ákvæðisins að héraðsdómari boði skuldarann, aðstoðarmann hans og þann lánardrottinn, sem hefur krafist niðurfellingar heimildarinnar, til þinghalds til að taka kröfuna fyrir. Eftir atvikum yrði þá að leysa úr ágreiningi milli skuldarans og lánardrottins um kröfu sem þessa eftir ákvæðum 166. gr. og XXIV. kafla frumvarpsins.

Í lokamálsgreinum 24., 25. og 26. gr. kemur fram að í engu þessara tilvika verði úrskurði héraðsdómara um niðurfellingu heimildar til greiðslustöðvunar skotið til æðra dóms, en sú skipan er í samræmi við áðurnefndar reglur í 4. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 17. gr. frumvarpsins og 1. mgr. 10. gr. og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 6/1978. Af þessum ákvæðum frumvarpsins, svo og 1. mgr. 179. gr. þess, verður hins vegar ályktað á þann veg að kæra megi til Hæstaréttar þá niðurstöðu héraðsdómara að hafna því að fella niður heimild til greiðslustöðvunar. Í tengslum við þetta er þó vert að nefna að varla verði séð hverjir gætu átt aðild að kæru slíkra niðurstaðna í þeim tilvikum, sem um ræðir í 24. og 25. gr., þannig að hér má nánast segja að aðeins gæti komið til málskots sem þessa af hendi lánardrottins ef héraðsdómari hafnaði kröfu hans um niðurfellingu greiðslustöðvunar með úrskurði skv. 4. mgr. 26. gr.

Um 27. gr.

Eins og áður hefur komið fram fjallar 3. þáttur frumvarpsins um nauðasamninga án undanfarandi gjaldþrotaskipta, en til hans heyra ákvæði 27.–63. gr. Þessum ákvæðum er skipað í kafla með þeim hætti að í VI. kafla, 27.–33. gr., koma fram ýmsar almennar reglur um nauðasamninga, í VII. kafla, 34.–42. gr., er mælt fyrir um hvernig heimild verði fengin til að leita nauðasamnings og hver atvik geti leitt til að slík heimild falli niður, í VIII. kafla, 43.–53. gr., er kveðið á um hvernig staðið verði að nauðasamningsumleitunum, í IX. kafla, 54.–59. gr., er greint frá því hvernig nauðasamningur komist á með uppkvaðningu dómsúrlausnar um staðfestingu hans að umleitunum loknum, og loks er í X. kafla, 60.–63. gr., mælt fyrir um réttaráhrif nauðasamnings. Þessum ákvæðum frumvarpsins er sem áður segir ætlað að koma í stað reglna laga nr. 19/1924, einkum í III. kafla þeirra.

Í 27. gr. frumvarpsins kemur fram skilgreining á því hvað sé átt við með nauðasamningi, en efnislega er skilgreiningin á þann veg að þetta sé samningur um greiðslu skulda eða eftirgjöf af þeim sem kemst á milli skuldarans og nægilegs fjölda lánardrottna hans og hlýtur staðfestingu fyrir dómi, en samningurinn bindi þá alla lánardrottna skuldarans að því leyti sem

kröfur þeirra verða ekki undanþegnar áhrifum samningsins eftir einstökum ákvæðum frumvarpsins. Þessi skilgreining á nauðasamningi er sama efnis og sú sem kemur fram í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1924. Hún felur í sér að verulegu leyti skírskotun til atriða sem ráðast nánar af öðrum ákvæðum 3. þáttar frumvarpsins, þannig að einstök atriði hennar verða tæplega skýrð hér frekar að gagni nema með ótímabærri umfjöllun um fjölmargar aðrar reglur. Rétt er þó að nefna það hér að lagahugtakið nauðasamningur getur á engan hátt tekið til annarra samninga um skuldaskil en þeirra sem beinlínis er kveðið hér á um, enda er sú nauð, sem hugtakið er dregið af, fólgin í því lögbundna eðli þessara samninga að þeir bindi minnihluta lánardrottna algerlega án tillits til vilja þeirra. Er því um alranga notkun þessa hugtaks að ræða þegar það er notað um samninga sem skuldari nær um skuldaskil með öðrum hætti hvað þá þegar slíkir samningar eru nefndir „frjálsir nauðasamningar“ til aðgreiningar eins og stundum virðist vera gert.

Um 28. gr.

Í 28. gr. frumvarpsins er afmarkað til hverra skuldbindinga nauðasamningur geti tekið, en meginreglan í þessum efnum kemur fram í 1. mgr. þar sem byggt er á því að nauðasamningur taki til allra skuldbindinga skuldarans, sem þar eru ekki sérstaklega taldar upp og eru undanþegnar áhrifum hans, sbr. 1. mgr. 29. gr. Þessi meginregla felur þannig í sér að nauðasamningur leiði almennt til sömu ívilnunar handa skuldaranum úr hendi allra lánardrottna hans, en vissar kröfur haggist þó ekki af nauðasamningi og standi því óbreyttar án tillits til gerðar hans.

Í ljósi þess háttar sem er hafður á skilgreiningu þess í 28. gr., til hverra skuldbindinga nauðasamningur taki, skiptir upptalningin í 1.–6. tölul. 1. mgr. ákvæðisins á þeim kröfum, sem standa óháðar nauðasamningi, að sjálfsögðu miklu máli. Þótt þessi upptalning eigi sér um margt samsvörun í ákvæðum laga nr. 19/1924 þykir rétt að geta hér nánar helstu atriðanna í þessu sambandi.

Í 1. tölul. 1. mgr. 28. gr. frumvarpsins er tiltekið að þær kröfur standi óhaggaðar af nauðasamningi, sem hafa orðið til eftir að úrskurður gengur fyrir héraðsdómi um heimild skuldarans til að leita hans, sbr. 1. mgr. 39. gr., eða kveðið væri á um hana með dómi Hæstaréttar, sbr. 2. mgr. 38. gr. Ástæða þess að stofnunartími skuldbindingar sé látinn hafa þýðingu með þessum hætti er öðru fremur að sú aðstaða væri óviðunandi fyrir viðsemjanda skuldarans, sem öðlast kröfu á hendur honum eftir upphaf nauðasamningsumleitana, að honum yrði gert að þola skerðingu samkvæmt nauðasamningi á kröfu sinni, eftir atvikum án þess að honum hafi verið kunnugt um yfirstandandi samningsumleitanir, en slík aðstaða byði upp á augljósa hættu á misferli af hendi skuldarans. Þessi regla er sama efnis og ákvæði 1. mgr. 43. gr. laga nr. 19/1924.

Í 2. tölul. 1. mgr. 28. gr. frumvarpsins kemur fram að kröfur um annað en peningagreiðslu séu undanþegnar áhrifum nauðasamnings ef þeim verður fullnægt eftir aðalefni sínu. Þessi regla byggir á því viðhorfi að nauðasamningar eigi eftir eðli sínu og tilgangi aðeins að taka til peningakrafna, enda er um úrræði að tefla til að ráða bót á fjárhagslegri stöðu skuldara. Fjölbreytilegar kröfur um annað en peningagreiðslu geta hvílt á skuldaranum, sem óeðlilegt væri að skertust af nauðasamningi svo ekki sé meira sagt, t.d. krafa um ómerkingu ummæla hans, krafa nágranna um umferðarrétt um lóð hans o.s.frv. Ef kröfum sem þessum verður fullnægt í samræmi við hljóðan sína, eða eftir aðalefni sínu eins og segir í umræddu ákvæði, eftir atvikum með aðför eftir 72.–75. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989, leiðir af 2. tölul. 1. mgr. 28. gr. frumvarpsins að gerð nauðasamnings varði þær ekki. Ef kröfum sem þessum yrði hins vegar ekki fullnægt með þessum hætti yrði óhjákvæmilegt að þeim yrði umbreytt í peningakröfur eftir reglum 77. gr. aðfararlaga, sbr. 2. mgr. 99. gr. frumvarpsins, en í því horfi mundu þær þá skerðast af nauðasamningi. Ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 28. gr. eiga sér ekki beina

hliðstæðu í lögum nr. 19/1924, en regla 3. mgr. 43. gr. laganna leiðir í reynd til sömu aðstöðu og hér hefur verið lýst.

Í 3. tölul. 1. mgr. 28. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að þær kröfur standi óhaggaðar af nauðasamningi, sem yrði skipað í skuldaröð eftir 109., 110. og 112. gr. frumvarpsins ef úrskurður hefði gengið um töku bús skuldarans til gjaldþrotaskipta á þeim degi sem úrskurður gekk um heimild hans til að leita nauðasamnings. Þessi regla byggir á því hefðbundna viðhorfi að nauðasamningur eigi ekki að hagga stöðu þess sem nyti forgangsréttar fyrir kröfu sinni við gjaldþrotaskipti, en umrædd ákvæði frumvarpsins kveða einmitt á um slíkan forgangsrétt fyrir tilteknum tegundum krafna. Þetta ákvæði frumvarpsins er sama efnis og regla 2. tölul. 12. gr. laga nr. 19/1924.

Í 4. tölul. 1. mgr. 28. gr. frumvarpsins eru þær kröfur undanþegnar áhrifum nauðasamnings, sem eru tryggðar með veðrétti eða sambærilegum tryggingarréttindum í eignum skuldarans, en hér er um kröfur að ræða sem yrði skipað í forgangsstöðu eftir 111. gr. frumvarpsins við gjaldþrotaskipti. Þeir fyrirvarar eru þó gerðir í ákvæðinu að annars vegar eigi þetta aðeins við að því leyti sem slíkum kröfum verði fullnægt af andvirði þeirra eigna skuldarans, sem standi til tryggingar, en af þessu leiðir t.d. að ófullnægðar veðkröfur mundu skerðast eftir efni nauðasamnings. Hins vegar er tekið fram að þessi undanþága frá áhrifum nauðasamnings eigi því aðeins við að viðkomandi tryggingarréttindi falli ekki niður vegna samningsins. Með þessu er skírskotað til þess að skv. 1. mgr. 32. gr. gilda ákvæði um riftun ráðstafana í XX. kafla frumvarpsins við gerð nauðasamnings, en skv. 137. og 138. gr., sem heyra til umræddS XX. kafla, getur ýmist komið til riftunar á tryggingarréttindum eða þess að þau falli sjálfkrafa niður. Ef riftun ætti sér þannig stað á tryggingarrétti skv. 137. gr. eða hann félli niður af sjálfu sér skv. 138. gr. vegna nauðasamnings, tæki samningurinn til þeirrar kröfu sem tryggingin stóð áður fyrir. Ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 28. gr. eru hliðstæð reglu 1. tölul. 12. gr. laga nr. 19/1924, en rétt er að taka fram að í frumvarpinu er með sama hætti og í umræddri reglu núgildandi laga aðeins mælt fyrir um þessa undanþágu vegna krafna, sem njóta tryggingar í eignum skuldarans, en samkvæmt því mundi tryggingarréttur í eign þriðja manns fyrir kröfu á hendur skuldaranum ekki breyta því að samningurinn hefði áhrif á kröfuna gagnvart skuldaranum.

Í 5. tölul. 1. mgr. 28. gr. frumvarpsins kemur fram að nauðasamningur hafi ekki áhrif á þær kröfur á hendur skuldaranum, sem mætti fá fullnægt með skuldajöfnuði ef bú hans hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta. Þessi regla vísar til skuldajafnaðarheimilda 100. gr. frumvarpsins, en hún er hliðstæð ákvæðum 5. tölul. 12. gr. laga nr. 19/1924.

Í 6. tölul. 1. mgr. 28. gr. frumvarpsins er loks mælt fyrir um að ef kveðið er sérstaklega á um það í nauðasamningi á grundvelli heimildar í 2. mgr. 36. gr., sbr. 3. mgr. 29. gr., að lágar kröfur innan tiltekinnar fjárhæðar verði greiddar að fullu, þá séu þær undanþegnar áhrifum samningsins. Ráðagerð um þessa heimild á sér fyrirmynd í danskri löggjöf og tekur mið af þeirri aðstöðu sem kemur að jafnaði upp í framkvæmd að einhverjar kröfur á hendur skuldaranum séu upp á óverulegar fjárhæðir, t.d. vegna áskriftargjalds að dagblaði o.s.frv. Bæði er til mikilla þyngsla að þurfa að taka tillit til slíkra skuldbindinga við gerð nauðasamnings og yfirleitt til lítilla bóta fyrir kröfueigandann að fá skuldina greidda að til dæmis ⅓ hluta fremur en að engu. Þykir því til verulegrar einföldunar að heimila að skuldir fái að standa óhaggaðar af samningnum ef þær eru innan vissrar fjárhæðar sem yrði ákveðin hverju sinni í frumvarpi að nauðasamningi. Sambærilega reglu er ekki að finna í lögum nr. 19 1924.

Þótt það sem nú er komið fram afmarki í aðalatriðum til hverra skuldbindinga nauðasamningur geti tekið, verður að gefa því gaum að ákvæði 2. og 3. mgr. 28. gr. frumvarpsins hafi einnig áhrif í þessum efnum. Er þannig mælt fyrir um það í umræddri 2. mgr. að lánardrottinn skuldarans geti kallað yfir sig áhrif nauðasamnings, þótt hann hefði annars

verið í þeirri aðstöðu að samningurinn hefði ekki snert kröfu hans, með því að gefa yfirlýsingu þess efnis við undirbúning að öflun heimildar til að leita nauðasamnings eða síðar. Er sérstaklega ráðgert að yfirlýsing sem þessi megi vera skilyrt á þann hátt að hún teljist aðeins bindandi ef nauðasamningur komist á. Með þessum reglum er haft í huga að lánardrottinn, sem nýtur t.d. veðréttar fyrir kröfu sinni í eign skuldarans, kunni að telja hag sínum betur borgið með því að eiga hlut að nauðasamningi og falla frá veðrétti sínum, eða að forgangskröfuhafi sé reiðubúinn að falla frá forréttindum sínum ef það gæti stuðlað að því að nauðasamningur komist á. Í ljósi þess að lánardrottinn tæki væntanlega afstöðu sem þessa í því skyni að greiða fyrir að nauðasamningur komist á væri óeðlilegt að setja það skilyrði að hann yrði að afsala sér réttindum sínum fyrir fullt og allt án tillits til afdrifa nauðasamningsumleitana. Er fyrrnefnd heimild í niðurlagi 2. mgr. til að skilyrða yfirlýsingu sem þessa ráðgerð til að koma í veg fyrir slíka niðurstöðu.

Í 3. mgr. 28. gr. er mælt fyrir um tilvik þar sem gerð nauðasamnings hefði ekki áhrif til samningsbundinnar skerðingar á kröfum, heldur beinlínis til þess að vissar kröfur falli með öllu niður. Hér er nánar tiltekið um þær kröfur að ræða, sem yrði skipað í skuldaröð við gjaldþrotaskipti skv. 1.–3. og 5. tölul. 114. gr. frumvarpsins. Þessi regla á sér að mestu fyrirmynd í danskri löggjöf, en ákvæði 6. tölul. 12. gr. laga nr. 19/1924 ganga að mun skemur í þessum efnum en hér um ræðir. Rétt er að taka fram að eftir 3. mgr. 28. gr. mundi nauðasamningur ekki leiða til brottfalls krafna, sem ættu undir 4. tölul. 114. gr., heldur mundu þær kröfur skerðast eftir almennum ákvæðum samningsins. Hér er um að ræða kröfur, sem samið hefur verið um að víki fyrir kröfum allra annarra við gjaldþrotaskipti, eða svokölluð víkjandi lán sem slíkar kröfur virðast oft vera nefndar. Þykir gagnstætt tilgangi og eðli þeirra samninga, sem leiða til sérstöðu þessara krafna í skuldaröð, að nauðasamningur hefði í för með sér brottfall krafnanna eða að þær stæðu óhaggaðar af samningnum.

Um 29. gr.

Í 1. mgr. 29. gr. kemur fram sú hugtakaskilgreining að þær kröfur, sem nauðasamningur getur haft áhrif á eftir áðurgreindri afmörkun 28. gr., nefnist samningskröfur. Þetta hugtak er notað með sama hætti í lögum nr. 19/1924, sbr. 3. mgr. 1. gr. þeirra.

Í 2.–5. mgr. 29. gr. koma fram almennar reglur um það, hvers efnis ákvæði nauðasamnings geti orðið um meðferð eða afdrif samningskrafna. Í 2. mgr. segir þannig að í nauðasamningi megi mæla fyrir um algert brottfall samningskrafna, hlutfallslega lækkun þeirra eða einungis greiðslufrest á þeim eða breytt form á greiðslu þeirra, en þrennt það síðastnefnda megi þó fara saman. Hefur reyndar verið algengast í framkvæmd hér á landi að mælt sé í senn fyrir um hlutfallslega lækkun samningskrafna og tiltekinn greiðslufrest. Í upphafsorðum 3., 4. og 5. mgr. er áréttuð sú grundvallarregla um nauðasamninga að við samningsgerðina verði að hafa í heiðri jafnræði lánardrottna þannig að eitt gangi yfir þá alla. Segir þannig í 3. mgr. að ekki megi kveða á um mismikla eftirgjöf á samningskröfum í 4. mgr. að ekki megi kveða á um mismikla lengingu greiðslufrests á þeim nema gjalddagi þeirra allra verði sá sami, og í 5. mgr. að ekki megi bjóða greiðslur í mismunandi formi. Þótt þetta séu grundvallarreglurnar á þessum vettvangi eru þó ráðgerðar undantekningar frá þeim í 3.–5. mgr., en beiting þessara undantekninga leiðir til þess að vikið yrði frá reglum um jafnræði lánardrottna og væri háð því að þeir sem gjaldi fyrir frávikin lýsi sig reiðubúna til að sæta því. Af þessum sökum gæti komið til þess að í frumvarpi til nauðasamnings verði ráðgert að lánardrottnar, sem fari með hærri kröfur en nemi tiltekinni fjárhæð, gefi hlutfallslega meira eftir af sínum kröfum en aðrir og að þannig verði neytt heimildar til að víkja frá meginreglu 3. mgr. Eins er heimilað í 3. mgr. að lánardrottnar sem fari með mjög lágar samningskröfur fái notið þeirrar sérstöðu að hlutfallsleg eftirgjöf þeirra verði minni en annarra, en sú heimild er afmörkuð nánar í 2. mgr. 36. gr. Þá gæti verið ákveðið í nauðasamningi að tilteknir

lánardrottnar veiti gjaldfrest á greiðslum meðan aðrir fengju staðgreitt og að þeir sem veiti gjaldfrestinn njóti vaxta og trygginga eftir að aðrir hafa fengið greitt, en þannig yrði notfærð heimild í 4. mgr. til að víkja frá meginreglu ákvæðisins. Þá gæti enn komið til þess að neytt yrði heimildar í 5. mgr. til að víkja frá meginreglunni um að allir verði að fá greiðslur í sama formi með því að almennt yrðu samningskröfur greiddar með peningum, en þeir lánardrottnar sem samþykki það fái til dæmis greiðslu með því að eignast hlut í rekstri skuldarans sem yrði metin verðminni að gangverði en almenna peningagreiðslan til annarra.

Með því að ákvæði 3.–5. mgr. 29. gr. heimila að vikið verði í nauðasamningi frá meginreglunni um jafnræði lánardrottna til íþyngingar gagnvart þeim sem það samþykkja og í undantekningartilvikum til hagsbóta fyrir þá sem fara með mjög litlar kröfur verður að taka af skarið um það hver áhrif slík frávik hafi, einkum varðandi framkvæmd nauðasamningsumleitana. Er það gert í 6. mgr. 29. gr. með því að tiltaka að þótt þessar heimildir 3.–5. mgr. séu nýttar þá breyti það því ekki að almenna ívilnunin samkvæmt nauðasamningnum verði lögð til grundvallar þar sem máli skiptir, en með almennri ívilnun er hér átt við þau kjör sem lánardrottnum standa til boða án þess að samþykkja að taka á sig að veita frekari ívilnun en aðrir. Þetta hefur fyrst og fremst þýðingu til ákvörðunar á því hvern atkvæðafjölda þurfi til samþykkis á nauðasamningi skv. 49. gr. frumvarpsins. Í þessu sambandi er rétt að benda á það að eftir 3. mgr. 36. gr. verður að koma greinilega fram í frumvarpi skuldara að nauðasamningi hver almenna ívilnunin í þessum skilningi sé og hvernig þau lakari kjör, sem einstakir lánardrottnar verða að samþykkja að þiggja, séu henni frábrugðin.

Ákvæði 2.–5. mgr. 29. gr. frumvarpsins eru til muna sveigjanlegri en reglur laga nr. 19 1924 þar sem ekki er ráðgert þar berum orðum að fara megi ýmsar þær leiðir í þessum efnum sem umrædd ákvæði frumvarpsins leyfa. Má ætla að þetta gæti stuðlað að aukinni beitingu nauðasamninga í framkvæmd.

Um 30. gr.

Sú meðferð á samningskröfum, sem má kveða á um í nauðasamningi samkvæmt reglum 29. gr., er beinlínis háð því sem fram kæmi í samningnum sjálfum. Gagnstætt þessu eru frekari reglur um áhrif nauðasamnings á samningskröfur í 30. gr. frumvarpsins settar fram með þeim hætti að þær ættu við þótt ekkert yrði tekið fram um það í samningnum, en eftir atvikum mætti þó víkja frá vissum reglum 30. gr. með gagnstæðum samningsákvæðum eftir því sem nánar er þar heimilað.

Í 1. mgr. 30. gr. kemur þannig fram sú regla að nauðasamningur hafi í för með sér að allar samningskröfur falli sjálfkrafa í gjalddaga, án tillits til þess gjaldfrests sem hefði ella gilt, nema kveðið sé berum orðum á um annað í samningnum. Samkvæmt þessu hefði nauðasamningur í för með sér gjaldfellingu krafna nema tiltekið væri í honum t.d. að áður ákveðinn gjaldfrestur haldist óbreyttur, að greiðslufrestur á öllum kröfum lengist um tiltekinn tíma eða að þær komi allar í gjalddaga á tilteknum degi, en þessara áhrifa nauðasamnings mundi vitanlega því aðeins gæta að hann hafi komist á, sbr. 1. mgr. 60. gr., og leiddu nauðasamningsumleitanir einar út af fyrir sig því ekki til gjaldfellingar krafna. Í 2. málsl. 1. mgr. 30. gr. er tekið fram að fjárhæð samningskrafna verði ekki færð niður þótt þær falli í gjalddaga af þessum sökum, en með öðrum orðum hefur þetta í för með sér að gjaldfelling vegna ákvæðisins leiði ekki til þess að samningskröfur verði lækkaðar um fjárhæð sem nemi afföllum eða vaxtahagnaði lánardrottins. Ekki er heimilað að víkja frá þessari síðastgreindu reglu í ákvæðum 1. mgr. 30. gr.

Í 2. mgr. 30. gr. er kveðið á um að nauðasamningur hafi þau áhrif á samningskröfur í erlendum gjaldmiðli að þær verði færðar í íslenskar krónur miðað við skráð sölugengi viðeigandi gjaldmiðils á þeim degi sem úrskurður gekk um heimild til að leita nauðasamnings. Þessi regla, sem á sér ekki hliðstæðu í lögum nr. 19/1924, er lögð hér til í samræmi við reglu um sömu áhrif gjaldþrotaúrskurðar á kröfur í erlendum gjaldmiðli í 3. mgr. 99. gr. frumvarpsins.

Með þessu er leitast við að tryggja að jafnræði haldist með lánardrottnum án tillits til gengisbreytinga sem kynnu að eiga sér stað fram að greiðslu samningskrafna, en breytingar á gengi mundu ella leiða til þess að samningskröfur í erlendri mynt fengjust ýmist greiddar með hærri eða lægri fjárhæð í íslenskum krónum en ráðgert hefði verið í upphafi. Ekki er heimilað að víkja frá reglu 2. mgr. 30. gr. með ákvæðum þess efnis í nauðasamningi.

Í 3. mgr. 30. gr. kemur fram hvernig reikna eigi fjárhæðir samningskrafna með tilliti til vaxta, verðbóta, gengisálagi, innheimtukostnaðar og fleiri áþekkra liða, en sú ófrávíkjanlega regla er sett í þessum efnum að þessir liðir verði lagðir við höfuðstól samningskrafna miðað við stöðuna á þeim degi sem dómsúrlausn gekk um heimild til nauðasamningsumleitana. Hér er um að ræða sömu reglu og leiðir af ákvæðum 1. tölul. 114. gr. um útreikning krafna við gjaldþrotaskipta. Þessu til viðbótar er tekið fram í 3. mgr. 30. gr. að samningskröfur beri ekki vexti eftir gerð nauðasamnings nema beinlínis hafi verið mælt fyrir um það í samningnum, en undantekning er þó gerð um dráttarvexti ef vanefndir verða á greiðslum samkvæmt samningnum.

Í 4. mgr. 30. gr. er mælt fyrir um hvernig fari um stöðu lánardrottins sem á fleiri samningskröfur en eina á hendur skuldaranum eða hefur átt þær innan þriggja mánaða fyrir frestdag og aðilaskipti hafa orðið að einni þeirra eða fleirum eftir þann tíma. Samkvæmt ákvæðinu teljast kröfurnar samanlagðar ein samningskrafa, án tillits til uppruna þeirra eða annarra atvika og gildir það einnig þótt aðilaskipti hafi orðið að einhverri þeirra eða þeim öllum áður en nauðasamningur komst á, en þá teldist heildarkrafan vera í sameign hlutaðeigenda í þeim hlutföllum sem fjárhæð hverrar kröfu leiddi til. Þessar reglur hafa fyrst og fremst þýðingu varðandi ákvörðun á atkvæðisrétti um nauðasamningsfrumvarp skuldarans, en þær eiga sér að nokkru marki hliðstæðu í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 19/1924.

Um 31. gr.

Vikið var að því hér áður í athugasemdum við 27. gr. frumvarpsins að það sé eitt helsta einkenni nauðasamninga að þeir taki til samningskrafna allra lánardrottna án tillits til vilja hvers þeirra til að fallast á samningsskilmála, ef nægilegur meiri hluti lánardrottna samþykkir skilmálana og samningurinn hlýtur síðan staðfestingu fyrir dómi. Í samræmi við fræðikenningar eru þó tekin af tvímæli í 31. gr. frumvarpsins um enn víðtækari þýðingu nauðasamnings, þar sem fram kemur að hann sé bindandi án tillits til þess hvort samningskrafan hafi verið þekkt við gerð nauðasamnings eða henni hafi verið lýst við samningsumleitanir og einnig án tillits til þess hvort krafan hafi verið skilyrt eða umdeild, en þá verður samningurinn bindandi um kröfuna að fullnægðu skilyrði fyrir henni eða leystum ágreiningi um hana, ef hún er þá að einhverju leyti fyrir hendi. Þessar sömu reglur hafa talist gilda eftir lögum nr. 19/1924 þótt almennt megi aðeins ráða um tilvist þeirra með óbeinum hætti af dreifðum fyrirmælum laganna.

Um 32. gr.

Í 1. mgr. 32. gr. er mælt fyrir um að ef nauðasamningur komist á þá verði reglum XX. kafla frumvarpsins um riftun ráðstafana við gjaldþrotaskipti beitt með nánar tilteknum frávikum til riftunar á ráðstöfunum skuldarans og öðrum þargreindum aðgerðum, en þetta ákvæði er tekið hér upp eftir fyrirmynd í danskri löggjöf. Röksemdir fyrir beitingu riftunarreglna að gerðum nauðasamningum eru í aðalatriðum þær sömu og búa að baki riftunarheimildum við gjaldþrotaskipti, þ.e. viðleitnin til að tryggja jafnræði meðal lánardrottna skuldarans. Þá mætti einnig nefna að tilvist heimilda til riftunar að gerðum nauðasamningi kynni að geta komið í veg fyrir að lánardrottnar leitist við að knýja á um gjaldþrotaskipti til þess eins að aðgangur fáist að riftunarheimildum og að þeir verði þannig frekar en ella tilleiðanlegir til að ljá máls á stuðningi við nauðasamningsumleitanir.

Í 1. mgr. 32. gr. koma fram fyrirmæli sem víkja frá almennum reglum XX. kafla frumvarpsins þegar leita ætti riftunar að gerðum nauðasamningi. Nánar tiltekið felast þau í fyrsta lagi í því að frestur til að höfða riftunarmál byrjar alltaf að líða þegar nauðasamningur er kominn á og stendur síðan aðeins í þrjá mánuði, en með þessu er bæði vikið frá reglum 148. gr. um upphafsmörk málshöfðunarfrestsins og lengd hans. Í öðru lagi er kveðið beinlínis á um að miða eigi fresti í sambandi við riftunarheimildir við uppkvaðningu úrskurðar um heimild til að leita nauðasamnings í þeim tilvikum, sem ákvæði XX. kafla taka mið af uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar, en það heyrir reyndar mjög til undantekninga að reglur umrædds kafla séu settar fram með þeim hætti. Loks kemur það þýðingarmikla frávik fram í 1. mgr. 32. gr. frá almennum reglum um riftun að skuldarinn höfði sjálfur mál til riftunar að gerðum nauðasamningi, en við gjaldþrotaskipti er heimildin til málshöfðunar að meginreglu í höndum skiptastjóra í nafni þrotabúsins sem slíks og í undantekningartilvikum í höndum einstakra kröfuhafa eða þrotamannsins til hagsbóta fyrir þrotabúið, sbr. 130. gr. Þessi tilhögun í 32. gr. á rætur að rekja til þess að þótt nauðasamningur hafi verið gerður þá fer skuldarinn með óheft forræði á hagsmunum sínum og njóta lánardrottnar hans engra heimilda til að taka réttindi hans í sínar hendur af þessum sökum, en hér er um algerlega gagnstæða aðstöðu að ræða við þá sem ríkir við gjaldþrotaskipti og býr þar að baki reglum um aðild að riftunarkröfum. Væri því andstætt almennum lagaviðhorfum ef lánardrottnum væri veittur réttur til að standa að riftun að gerðum nauðasamningi því skorta mundi öll almenn skilyrði til aðildar þeirra að slíkum aðgerðum, auk þess að örðugt væri að tryggja að sá eða þeir lánardrottnar, sem stæðu að málshöfðun til riftunar, mundu gera það af nægilegu tilliti til vilja eða hagsmuna annarra lánardrottna og enn örðugra væri að tryggja að allir lánardrottnar fengju notið fjárhagslegs ábata af riftuninni. Með því hins vegar að skuldarinn standi sjálfur að riftun mundi áhættan af árangri aðgerðanna færast á herðar hans og sá árangur sem fengist ætti að auki að koma öllum lánardrottnum hans jafnt til góða, enda mætti ganga út frá því að ef lánardrottnar væru almennt þeirrar skoðunar að tilefni væri til riftunar á tiltekinni ráðstöfun þá yrðu þeir ófáanlegir til að sætta sig við samningsboð af hendi skuldarans nema þar væri m.a. gert ráð fyrir að þeir fengju notið ábata af riftuninni.

Í 2. mgr. 32. gr. kemur fram að nauðasamningur taki til kröfu, sem kynni að verða til eða rakna við á hendur skuldaranum í kjölfar riftunar, ef krafan hefði að öðrum kosti verið talin samningskrafa eftir almennum reglum 28. gr. Ákvæði 2. mgr. 32. gr. hafa þannig í för með sér að sá sem riftun beinist að verði eins settur í kjölfarið og ef riftanlega ráðstöfunin hefði aldrei átt sér stað og standi þá jafnt að vígi við aðra þá sem eiga sambærilegar kröfur á hendur skuldaranum. Tekið er sérstaklega fram í niðurlagi 2. mgr. 32. gr. að krafa, sem kann að verða til vegna riftunar og yrði þá talin samningskrafa, verði talin skilyrt krafa við nauðasamningsumleitanir nema hlutaðeigandi fallist þá þegar á riftun, en þessi regla hefur fyrst og fremst þýðingu til að taka af skarið um hvort atkvæðisréttur um nauðasamningsfrumvarp geti fylgt þessari hugsanlegri kröfu, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 33. gr. Rétt er að nefna að endingu í þessu sambandi að frekari reglur koma fram í 61. gr. um réttarstöðu þess sem riftunarkröfu yrði beint að á grundvelli 32. gr.

Um 33. gr.

Eins og fram kom í athugasemdum við 28. og 29. gr. er á því byggt að nauðasamningur taki til flestra þeirra fjárskuldbindinga, sem kunna að hvíla á skuldara, eða til samningskrafna eins og þær eru skilgreindar í þessum ákvæðum. Með því að þeir lánardrottnar, sem fara með samningskröfur, þurfi almennt einir að gjalda fyrir þær ívilnanir, sem nauðasamningur kann að kveða á um, gefur væntanlega augaleið að þeir eigi einir að njóta réttar til að eiga hlut að ákvörðun um hvort samningurinn komist á. Á þessum grundvelli er sú meginregla sett fram í upphafi 1. mgr. 33. gr. að lánardrottnar, sem fara með samningskröfur og hafa lýst þeim við

nauðasamningsumleitanir, sbr. 4. mgr. 45. gr., eigi atkvæðisrétt um nauðasamning, en af henni verður sú sjálfsagða ályktun dregin að ef lánardrottinn fer með kröfu, sem haggast ekki af nauðasamningi, þá eigi hann ekki atkvæði um hvort samningurinn verði gerður. Í tengslum við þetta er þó rétt að benda á að eftir 3. mgr. 28. gr. falla vissar kröfur með öllu niður þegar nauðasamningur kemst á, en þær teljast ekki til samningskrafna, sbr. 1. mgr. 29. gr. Eftir upphafsorðum 1. mgr. 33. gr. njóta þannig þeir sem eiga slíkar kröfur ekki atkvæðisréttar um hvort nauðasamningur komist á þótt þeir verði að gjalda meira fyrir gerð hans en aðrir lánardrottnar. Þótt þetta sé á vissan hátt andstætt áðurlýstum grundvelli að baki meginreglunni í upphafi 1. mgr. 33. gr., þá ber að taka hér tillit til þess að þær kröfur, sem hér um ræðir og falla niður án þess að atkvæði fylgi þeim, eru réttlægstu kröfurnar ef til gjaldþrotaskipta kæmi á búi skuldarans, en af reynslunni í framkvæmd má telja sýnt að hverfandi líkindi standi til að slíkar kröfur fáist greiddar við gjaldþrotaskipti. Væri því óeðlilegt að veita þeim lánardrottnum, sem fara með þessar réttlægstu kröfur, afskiptarétt af því hvort nauðasamningur komist á, enda hefðu þeir almennt engan hag af því að koma í veg fyrir nauðasamning og stuðla þannig með óbeinum hætti að gjaldþrotaskiptum á búi skuldarans. Nefna má í þessu sambandi að útilokun þessara lánardrottna frá atkvæðisrétti um nauðasamning á sér fyrirmynd í danskri löggjöf, en hún kemur einnig fram með óbeinum hætti í 3. tölul. og 2. mgr. 6. tölul. 12. gr. laga nr. 19/1924.

Þótt meginreglan sé samkvæmt þessu sú að samningskröfum fylgi atkvæðisréttur um hvort nauðasamningur komist á getur sú regla ekki staðið með öllu án undantekninga. Annars vegar væri ófært að veita til dæmis nánum skyldmennum skuldarans atkvæði um nauðasamning, þótt þeir segist eiga samningskröfur á hendur honum sem hann viðurkenni sem réttar, enda gæfi slík skipan augljóst tilefni til misferlis af hendi skuldarans. Hins vegar væri óeðlilegt að lánardrottinn nyti atkvæðisréttar á grundvelli skilyrtrar kröfu, sem háð væri ókomnum atvikum hvort greiða ætti. Af þessum sökum er mælt fyrir um undantekningar í tveimur töluliðum við 1. mgr. 33. gr. frá þeirri meginreglu að samningskröfu fylgi atkvæði um nauðasamning, en í þeirri fyrri eru þeir lánardrottnar útilokaðir frá atkvæði, sem eru nákomnir skuldaranum í skilningi 3. gr., og í þeirri síðari eru lánardrottnar útilokaðir sem fara með skilyrtar kröfur. Sams konar undantekningar koma fram í 4. og 8. tölul. 12. gr. laga nr. 19/1924.

Samkvæmt þessu er á því byggt í 1. mgr. 33. gr. frumvarpsins að þeir lánardrottnar, sem eiga samningskröfur á hendur skuldaranum, eigi atkvæði um nauðasamning að þeim frátöldum sem reglur 1. og 2. tölul. ákvæðisins taka til. Með sama hætti og gert er í 4. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1924 er sú leið farin til einföldunar í 2. mgr. 33. gr. frumvarpsins að gefa þeim lánardrottnum, sem njóta atkvæðisréttar samkvæmt þessu, heitið atkvæðismenn.

Þótt ákvæði 1. og 2. mgr. 33. gr. afmarki hverjir verði taldir geta orðið atkvæðismenn um nauðasamning þá er ekki vikið þar að því hvert verði talið vægi atkvæðis hvers þeirra. Eins og nánar kemur fram í 49. gr. og að nokkru í 2. tölul. 1. mgr. 35. gr. er atkvæðagreiðsla um nauðasamning tvíþætt. Annars vegar eru atkvæði greidd um frumvarp að nauðasamningi eftir höfðatölu atkvæðismanna og hins vegar eftir kröfufjárhæðum þeirra og verður tiltekið hlutfall atkvæða að falla til samþykkis á frumvarpi á báða vegu, en hér er um sömu tilhögun að ræða og gildir eftir ákvæðum laga nr. 19/1924. Af þessum sökum er kveðið á um það í 3. og 4. mgr. 33. gr. frumvarpsins hvert atkvæði fylgi samningskröfu hvers atkvæðismanns í þessu tilliti, en ástæða er til að víkja mun nánar að reglum hvorrar málsgreinarinnar um sig.

Í 3. mgr. 33. gr. kemur sú meginregla fram að við atkvæðagreiðslu eftir höfðatölu fari hver atkvæðismaður með eitt atkvæði, en ekki skiptir máli í þessu sambandi hver fjárhæð kröfu hvers þeirra sé. Frá þessari meginreglu eru þó gerðar tvær undantekningar. Annars vegar verður að hafa hér í huga að skv. 4. mgr. 30. gr. getur komið til þess að samningskröfum tveggja eða fleiri atkvæðismanna verði steypt saman í eina samningskröfu, ef báðar eða allar

kröfurnar tilheyrðu einum og sama lánardrottninum þremur mánuðum fyrir frestdag og aðilaskipti urðu síðar að þeim þannig að þær dreifðust á fleiri hendur. Af þessum sökum gæti farið svo að tveir eða jafnvel fleiri atkvæðismenn teljist eiga eina samningskröfu í sameiningu, en það væri í andstöðu við tilgang reglu 4. mgr. 30. gr. ef hver þessara atkvæðismanna um sig færi með eitt höfðatöluatkvæði, enda er gert ráð fyrir þessari reglu gagngert til að koma í veg fyrir að krafa verði framseld til málamynda til tveggja eða fleiri manna til að búa beinlínis til mörg höfðatöluatkvæði um nauðasamning. Ef til þess kæmi að samningskröfum tveggja eða fleiri lánardrottna væri steypt saman í eina að hætti 4. mgr. 30. gr. leiðir af fyrirmælum þess ákvæðis að hver þessara lánardrottna færi með það hlutfall af einu höfðatöluatkvæði, sem svaraði til hlutdeildar hans í sameiginlegu samningskröfunni. Hins vegar kemur sú undantekning fram í 3. mgr. 33. gr. frá þeirri meginreglu að hver atkvæðismaður fari með eitt höfðatöluatkvæði að ef tveir eða fleiri lánardrottnar eiga samningskröfu saman af öðrum sökum en hér áður var getið þá fari þeir til samans með eitt atkvæði. Í báðum þeim undantekningarreglum, sem hér um ræðir, kemur fram að þótt tveir eða fleiri atkvæðismenn fari til samans með eitt höfðatöluatkvæði um nauðasamning þá njóti hver þeirra um sig sjálfstæðan atkvæðisrétt fyrir sínu hlutfalli af samningskröfunni. Af þessum sökum yrði ekki farin sú leið ef t.d. þrír atkvæðismenn ættu eina samningskröfu saman að láta höfðatöluatkvæðið á grundvelli hennar falla í heild sinni á annan hvorn veginn eftir því sem tveir atkvæðismannanna vildu í andstöðu við þann þriðja, heldur ætti hver þessara þriggja rétt á að greiða ⅓ hluta af höfðatöluatkvæði eftir eigin höfði.

Í 4. mgr. 33. gr. kemur síðan fram hvernig reikna eigi atkvæði hvers atkvæðismanns þegar til atkvæðagreiðslu kemur um frumvarp að nauðasamningi eftir fjárhæðum samningskrafna þeirra. Segir í ákvæðinu að þetta skuli gert með þeim hætti að fjárhæðir allra samningskrafna atkvæðismanna verði fyrst lagðar saman, en síðan verði reiknað út hvern hundraðshluta hver atkvæðismaður eigi af heildinni. Atkvæðismenn fari þá hver um sig með atkvæði í þessu tilliti sem svari til hundraðshluta hvers þeirra af heildinni. Til frekari skýringa á þessu má taka sem dæmi að fjórar kröfur komi fram við nauðasamningsumleitanir, frá A að fjárhæð 216.000 kr., frá B 284.000 kr., frá C 300.000 kr. og frá D 200.000 kr. Eftir 4. mgr. 33. gr. yrði þá hafist handa með því að leggja fjárhæðir þessara krafna saman, en útkoman yrði 1.000.000 kr. Því næst bæri að reikna út hvert hlutfall hver þessara fjögurra atkvæðismanna ætti af heildinni, en þannig ætti A 21,6%, B 28,4%, C 30,0% og D 20,0%. Þessar hundraðstölur ráða síðan stærð hvers atkvæðis í þessu tilliti, en af þeim 100 atkvæðum sem yrðu greidd um nauðasamning eftir kröfufjárhæðum færi þá A með 21,6 atkvæði, B 28,4 atkvæði, C 30,0 atkvæði og D 20,0 atkvæði.

Um 34.–36. gr.

Hér er um að ræða fyrstu ákvæðin í VII. kafla frumvarpsins, sem fjallar um heimild til að leita nauðasamnings, en líkt og eftir reglum laga nr. 19/1924, og reyndar einnig skipaninni víða í erlendri löggjöf, er byggt á því í frumvarpinu að sá aðdragandi verði að gerð nauðasamnings að skuldarinn afli sér heimildar dómstóla til að leita samningsins með því að láta af hendi formlega beiðni þess efnis ásamt nánar tilgreindum gögnum, en héraðsdómari kveði upp úrskurð um þessa heimild eða eftir atvikum æðri dómur. Ákvæði 34.–36. gr. lýsa fyrstu skrefunum á þessum ferli með því að tiltaka hvers efnis beiðni skuldarans þurfi að vera og hver gögn þurfi að fylgja henni til héraðsdóms. Þykir rétt að víkja hér nánar að hverju þessara ákvæða.

Í 34. gr. er talið upp hvað þurfi að koma fram í beiðni skuldara um heimild til að leita nauðasamnings eða eftir atvikum í sérstakri greinargerð með henni, en auk þeirra almennu atriða, sem þarf að greina skv. 7. gr. í beiðnum og kröfum um ráðstafanir eftir ákvæðum frumvarpsins, er áskilið í 1.–4. tölul. 34. gr. að beiðnin eða greinargerð með henni geymi

tilteknar upplýsingar um atriði sem gagngert varða skilyrði fyrir heimild til nauðasamningsumleitana og eftir atvikum framkvæmd þeirra. Í 1. mgr. 31. gr. laga nr. 19/1924 koma ekki fram beinar reglur um það hvers efnis beiðni sem þessi þurfi að vera, en ákvæði 34. gr. frumvarpsins taka um margt mið af því hvernig þessu hefur verið hagað í framkvæmd eftir núgildandi lögum og gera að auki ráð fyrir að ýmis atriði komi fram í beiðninni eða greinargerð með henni, sem ráðgert er í 2. mgr. 31. gr. nefndra laga að komi fram í sérstökum fylgiskjölum með beiðninni. Verður ekki séð að einstök atriði í þessu sambandi þarfnist frekari skýringa.

Í 35. og 36. gr. frumvarpsins kemur síðan fram hvað þurfi að fylgja beiðni skuldarans um heimild til að leita nauðasamnings, en þessum ákvæðum er ætlað að koma í stað núgildandi reglna 2. mgr. 31. gr. laga nr. 19/1924. Af gögnum, sem ætlast er til í 35. gr. frumvarpsins að fylgi beiðni um heimild til nauðasamningsumleitana, má í fyrsta lagi nefna að skv. 2. tölul. 1. mgr. ákvæðisins þurfa skriflegar yfirlýsingar að koma fram um meðmæli með nauðasamningi af hendi að minnsta kosti fjórðungs þeirra atkvæðismanna, sem skuldarinn greinir frá í yfirliti um skuldir sínar skv. 3. tölul. 34. gr., bæði eftir höfðatölu þeirra og kröfufjárhæðum. Þessi regla er sama efnis og ákvæði 8. tölul. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 19/1924. Í öðru lagi verður síðasta skattframtal skuldarans að fylgja beiðni hans, sbr. 3. tölul. 2. mgr. 35. gr. frumvarpsins, og einnig, ef hann er bókhaldsskyldur, síðustu ársreikningar hans og uppgjörsreikningar sem kunna síðar að hafa verið gerðir, ásamt álitsgerð löggilts endurskoðanda um hvort bókhald skuldarans sé í lögboðnu horfi og reikningar hans gefi raunhæfa mynd af efnahag hans, sbr. 2. mgr. 35. gr. Þessar reglur eru að nokkru sambærilegar við ákvæði 2. og 5. tölul. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 19/1924. Í þriðja lagi kemur fram í 4. tölul. 1. mgr. 35. gr. frumvarpsins að skuldarinn þurfi að láta tryggingu fylgja beiðni sinni fyrir greiðslu kostnaðar af nauðasamningsumleitunum, en sú trygging þyrfti m.a. að ná til útgjalda vegna starfa umsjónarmanns með samningsumleitunum, sem yrði skipaður af héraðsdómara skv. 2. mgr. 39. gr. Loks skal getið að í 1. tölul. 2. mgr. 35. gr. er mælt fyrir um að skuldarinn þurfi að láta af hendi frumvarp sem hann gerir að nauðasamningi, en nánari ákvæði um efni þess koma fram í 36. gr.

Síðastnefnda fylgigagnið með beiðni skuldara um heimild til að leita nauðasamnings, frumvarp hans að nauðasamningi, er tvímælalaust þeirra þýðingarmest. Frumvarpið á að geyma tillögur skuldarans um efni væntanlegs nauðasamnings, eða eins konar samningsboð hans til atkvæðismanna, en frumvarpið er á síðari stigum borið undir atkvæði og ef það hlýtur nægilegt fylgi atkvæðismanna og staðfestingu dómstóla að atkvæðagreiðslu lokinni þá verður efni þess í reynd að þeim nauðasamningi sem kemst á milli skuldarans og lánardrottna sem fara með samningskröfur á hendur honum. Þessi tilhögun er sú sama og gildir eftir ákvæðum laga nr. 19/1924 og á sér jafnframt hliðstæður í löggjöf annarra ríkja.

Áðurnefnd aðstaða, að frumvarp skuldarans geti nánast verið lagt óbreytt til grundvallar sem nauðasamningur fyrir hann ef það hlýtur nægilegt fylgi og staðfestingu, setur eðlilega mark sitt á það hvað þurfi að koma fram í frumvarpinu. Skiptir þar ekki síst máli að frumvarpið þarf að vera nægilega ákveðið til þess að ekki orki tvímælis á síðari stigum hvers efnis nauðasamningurinn sé. Ákvæðum 1. mgr. 36. gr. er ætlað að tryggja að frumvarpið verði nægilega ákveðið með því að áskilið er að þar þurfi að taka af skarið um það hversu hátt hlutfall skuldarinn bjóðist til að greiða af samningskröfum, hvort greitt verði í peningum eða öðru formi, hvort staðgreitt verði eða ætlast sé til gjaldfrests til ákveðins tíma, hvort vextir eigi að greiðast og þá hverjir og um hvern tíma, og hvort veð eða önnur trygging verði sett fyrir greiðslum sem gjaldfrestur yrði á og þá eftir atvikum hver sú trygging yrði. Eins og minnst var á í athugasemdum við 29. gr. er gert ráð fyrir því að skuldarinn geti að vissu marki boðið lánardrottnum mismunandi kjör, t.d. með því að þeir sem fallist á lengri gjaldfrest fái vexti af greiðslum eða að þeir sem samþykki fái greiðslu í verðminna formi en aðrir. Að þessu er vikið nánar í 3. mgr. 36. gr. þar sem fram kemur að sækist skuldarinn eftir því í frumvarpi sínu að fá

frekari ívilnanir hjá sumum lánardrottnum sínum með samþykki þeirra en hjá öðrum þá verði að koma þar afdráttarlaust fram í hverju sú aukna ívilnun felist og í hverju sé þá vikið frá þeim almennum skilmálum sem séu ætlaðir öðrum. Í frumvarpi sínu gæti skuldarinn hvort heldur tiltekið að hann æski slíkrar aukinnar ívilnunar hjá tilteknum lánardrottnum eða hjá hverjum lánardrottni sem kynni að ljá máls á henni.

Í 2. mgr. 36. gr. eru lögð til nýmæli, sem var vikið nokkuð að í athugasemdum við 6. tölul. 1. mgr. 28. gr., en samkvæmt þeim má skuldarinn tiltaka í frumvarpi sínu að allar kröfur innan tiltekinnar fjárhæðar, sem hefðu ella talist til samningskrafna, verði greiddar að fullu þótt áskilið sé að aðrir lánardrottnar veiti ívilnun af samningskröfum sínum. Fyrir þessu eru þó sett tvö skilyrði. Annars vegar verður sú fjárhæð, þar sem skuldarinn dregur mörkin í þessum efnum, að teljast óveruleg í ljósi efnahags hans. Örðugt er að tiltaka einhver almenn sjónarmið um það hvenær fjárhæð verði talin óveruleg í ljósi efnahags skuldarans í þessum skilningi, enda verður að ætla að þetta yrði metið sjálfstætt hverju sinni með hliðsjón af heildarfjárhæð samningskrafna, andvirði eigna skuldarans, fjölda þeirra lánardrottna sem mætti vænta að fengju fulla greiðslu samkvæmt þessu í samanburði við þann fjölda sem fengju hana ekki og síðast en ekki síst hvort aðstaðan í heild sinni bæri keim af óhæfilegri mismunun lánardrottna. Hins vegar er það skilyrði sett fyrir því að ákvæði sem þetta standi í samningsfrumvarpi að allar samningskröfur verði að minnsta kosti að fást greiddar með þeirri fjárhæð, sem markar þar skilin milli krafna sem greiðast að fullu og þeirra sem gefið verður eftir af. Þessum áskilnaði mætti fullnægja á annan af tvo vegu, sem skýra verður frekar með tveimur dæmum þar sem ráðgert væri í frumvarpi að nauðasamningi að kröfur að fjárhæð 20.000 kr. og lægri verði greiddar að fullu, en fjórðungur verði greiddur af samningskröfum. Í fyrra dæminu mætti fullnægja umræddu skilyrði 2. mgr. 36. gr. með því að allar samningskröfur á bilinu frá 20.001 kr. til og með 79.999 kr. verði greiddar með umræddum 20.000 kr., þótt hlutaðeigendur séu þannig að fá meira en fjórðung í sinn hlut, en allar kröfur frá og með 80.000 kr. verði greiddar með réttum fjórðungi. Í síðara dæminu yrði skilyrðinu einnig fullnægt með því að hver og ein krafa að fjárhæð 20.001 kr. og hærri verði greidd með umræddum 20.000 kr. og því til viðbótar yrði greiddur fjórðungur af hverri. Fengi þá hver lánardrottinn í reynd meira en fjórðung í sinn hlut, en eftir því sem kröfur væru hærri yrði raunverulega greiðsluhlutfallið lægra. Þessi síðarnefnda tilhögun mundi ekki breyta því að samningsfrumvarpið þyrfti allt að einu að fá það fylgi til að teljast samþykkt í atkvæðagreiðslu, sem verður ákveðið af tilliti til þess að fjórðungsgreiðsla sé boðin. Í ljósi þess sem áður sagði um að efni samningsfrumvarps þurfi að vera skýrt og ákveðið þá yrði að sjálfsögðu að tiltaka þar hvor af þessum tveimur leiðum verði farin. Í síðari málslið 2. mgr. 36. gr. er sett ákvæði í varúðarskyni til að fyrirbyggja að lánardrottinn, sem ætti margar litlar kröfur á hendur skuldaranum, gæti hagnast af því að fá fulla greiðslu á hverri þeirra eða meira greitt upp í hverja en annars hefði orðið. Eftir þessu ákvæði ber að leggja kröfurnar saman og ákveða hvernig þær standi samanlagðar gagnvart frumvarpsákvæði sem þessu, en eftir sömu leið yrði farið með litlar kröfur sem lánardrottinn hefði átt þremur mánuðum fyrir frestdag eða síðar og aðilaskipti hefðu orðið að með þeim afleiðingum að þær dreifðust á hendur tveggja eða fleiri.

Um 37. gr.

Í 37. gr. er mælt fyrir um fyrstu aðgerðir héraðsdómara þegar honum hefur borist beiðni um heimild til að leita nauðasamnings, en þessar aðgerðir eru sambærilegar þeim sem mælt er fyrir um í 11. gr. og 1. mgr. 12. gr. varðandi fyrstu aðgerðir að framkominni beiðni um heimild til greiðslustöðvunar. Þykir því mega láta við það sitja að vísa hér til athugasemda við þau ákvæði frumvarpsins.

Um 38. og 39. gr.

Í þessum ákvæðum er einkum mælt fyrir um úrskurð sem héraðsdómara er ætlað að kveða upp um hvort beiðni skuldarans um heimild til að leita nauðasamnings verði tekin til greina. Í 1. mgr. 38. gr. eru talin upp atvik í fimm töluliðum sem mundu valda að héraðsdómara bæri að synja af sjálfsdáðum um þessa heimild í úrskurði sínum. Hér er ekki í öllum atriðum um sambærilegar reglur að ræða við þær sem nú koma fram um sama efni í 3. mgr. 33. gr. laga nr. 19/1924, en telja verður að þessar reglur frumvarpsins skýri sig sjálfar. Ef þessi ákvæði 1. mgr. 38. gr. standa því ekki í vegi þá er gert ráð fyrir því í fyrri málslið 1. mgr. 39. gr. að héraðsdómari kveði upp úrskurð um veitingu heimildar til að leita nauðasamnings. Í 2. mgr. 38. gr. og síðari málslið 1. mgr. 39. gr. er mælt fyrir um verulegar takmarkanir á heimildum til að skjóta úrskurðum héraðsdómara um þessi efni til æðra dóms, en ekki verður séð að þær reglur þarfnist hér sérstakra skýringa.

Ef héraðsdómari tekur til greina í úrskurði sínum beiðni skuldarans um að sér verði veitt heimild til að leita nauðasamnings, segir í 2. mgr. 39. gr. að héraðsdómari skuli tafarlaust skipa umsjónarmann með nauðasamningsumleitunum með bókun um skipunina í þingbók. Í almennum athugasemdum hér á undan var vikið nokkuð að rökum fyrir og markmiðum með þeirri skipan að sérstaklega ráðnum manni verði falið að hafa umsjón með framkvæmd nauðasamningsumleitana, sem hér má vísa til. Umsjónarmaður sem yrði skipaður samkvæmt 2. mgr. 39. gr. ætti að gegna svipuðu hlutverki við framkvæmd nauðasamningsumleitana og ákvæði laga nr. 19/1924 fela nú héraðsdómara. Þannig ætti umsjónarmaður m.a. að rannsaka og hafa eftirlit með fjárreiðum skuldarans, gefa út innköllun til atkvæðismanna og taka við kröfum þeirra, gera skrá þar sem atkvæði hvers þeirra væri ákveðið og halda síðan fund með þeim og láta greiða þar atkvæði um nauðasamningsfrumvarp, en um þessi atriði eru nánari fyrirmæli í VIII. kafla. Eins og þessi stutta lýsing á helstu verkefnum umsjónarmanns gefur þegar til kynna er umsjónarmanninum ætlað að gegna slíku hlutverki við nauðasamningsumleitanir að annað væri ófært en að lánardrottnar geti jafnt sem skuldari treyst á óhlutdrægni hans. Væri af þessum ástæðum ófært að haga reglum um val á manni í hlutverk umsjónarmanns með sama hætti og gert er í III. kafla, þar sem skuldara er falið að ráða sér aðstoðarmann við greiðslustöðvun. Þá verður að ætlast til að umsjónarmaður hafi þá þekkingu á viðfangsefni sínu og aðra kosti sem þurfi til að geta leyst það af hendi. Af þessum ástæðum þykir bæði nærtækast og helst til hagræðis að sömu reglur gildi um umsjónarmanninn og skiptastjóra við gjaldþrotaskipti, en í 2. mgr. 39. gr. er einmitt vísað í þessum tilgangi til reglna XIII. kafla frumvarpsins um ýmis almenn atriði varðandi umsjónarmanninn eftir því sem þær reglur geti átt við. Samkvæmt þessu ættu ákvæði 2., 4. og 6. mgr. 75. gr. að gilda um hæfi umsjónarmannsins, lausn hans frá starfi og tryggingu sem hann yrði að setja vegna rækslu þess, reglur 76. gr. ættu við um frávikningu umsjónarmanns, ákvæði 77. gr. mundu taka til réttar hans til þóknunar og eftir atvikum til að leita þjónustu annarra vegna starfa við nauðasamningsumleitanir á kostnað skuldarans, stöðu umsjónarmannsins í starfi og bótaábyrgð, og regla 80. gr. ætti við um viðtöku og varðveislu gagna vegna nauðasamningsumleitana.

Um 40. gr

Í 1. og 2. mgr. 40. gr. er mælt fyrir um áhrif nauðasamningsumleitana á heimildir skuldarans til að ráðstafa hagsmunum sínum og lánardrottna til að fylgja kröfum sínum eftir á tímabilinu frá því skuldari fær heimild til að leita nauðasamnings fyrir dómi og þar til nauðasamningur kemst á eða heimildin fellur niður skv. 41. eða 42. gr. Reglur 1. og 2. mgr. 40. gr. fela í sér að í nær öllum atriðum hefðu nauðasamningsumleitanir sömu áhrif í þessum efnum og greiðslustöðvun hefði eftir ákvæðum IV. kafla, en umsjónarmaðurinn mundi gegna

sama hlutverki og aðstoðarmaður skuldara við greiðslustöðvun varðandi eftirlit og veitingu heimilda til ráðstafana af hendi skuldarans. Skipanin sem hér er mælt fyrir um er um margt áþekk þeirri sem leiðir af ákvæðum 35. og 36. gr. laga nr. 19/1924.

Í 3. mgr. 40. gr. frumvarpsins kemur fram sérregla til takmörkunar á heimildum skuldarans til að framselja kröfur sínar meðan á nauðasamningsumleitunum stendur, en tilgangur hennar er að vernda hagsmuni þess sem kynni að eiga kost á að neyta réttar til skuldajafnaðar við kröfur skuldarans, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 28. gr. Reglu sama efnis er nú að finna í 2. mgr. 42. gr. laga nr. 19/1924.

Um 41. og 42. gr

Í 41. gr. er mælt fyrir um atvik sem ráðgert er að hafi sjálfkrafa í för með sér að heimild til að leita nauðasamnings teljist fallin niður. Hér er ýmist um að ræða atriði sem gætu leitt til loka nauðasamningsumleitana áður en reyndi á atkvæðagreiðslu um samningsfrumvarp skuldarans, sbr. 1.–3. tölul. 41. gr., eða atriði sem marka lok samningsumleitana á síðari stigum með því að samningsfrumvarp hafi ekki hlotið samþykki nægilegs fjölda atkvæðismanna, sbr. 4. tölul. 41. gr., skuldarinn hafi ekki leitað staðfestingar héraðsdómara á samþykktu samningsfrumvarpi í tæka tíð, sbr. 5. tölul. 41. gr., eða kröfu um staðfestingu nauðasamnings hafi verið endanlega hafnað fyrir dómi, sbr. 6. tölul. 41. gr. Sambærileg upptalning kemur ekki fram í lögum nr. 19/1924, en í framkvæmd yrði tvímælalaust gengið út frá því að sömu atvik leiði til loka samningsumleitana.

Í 42. gr. er mælt fyrir um sérstaka heimild handa hvort heldur lánardrottni sem fer með samningskröfu eða umsjónarmanni með nauðasamningsumleitunum til að krefjast fyrir héraðsdómi að heimild skuldarans verði felld niður meðan hún hefur ekki enn liðið undir lok eftir ákvæðum 41. gr. eða með því að nauðasamningur hafi verið staðfestur. Í þremur töluliðum 1. mgr. 42. gr. eru þau atvik talin sem gætu orðið tilefni til kröfu sem þessarar, en þessi ákvæði þykja skýra sig sjálf. Reglur 2.–4. mgr. 42. gr. um efni kröfu um niðurfellingu heimildar til nauðasamningsumleitana og meðferð hennar fyrir héraðsdómi eru samsvarandi ákvæðum 26. gr. um kröfu lánardrottins um niðurfellingu heimildar til greiðslustöðvunar og má því vísa hér til athugasemda við þau. Í 5. mgr. 42. gr. er kveðið á um rétt skuldarans til að kæra til Hæstaréttar úrskurð héraðsdómara um niðurfellingu heimildar til að leita nauðasamnings innan mjög skamms kærufrests, eins sólarhrings, og eigi kæra sér stað innan þess tíma stendur heimild skuldarans án tillits til úrskurðarins þar til dómur gengur í málinu í Hæstarétti. Með þessum reglum er tekið tillit til þess að skuldarinn getur haft verulega hagsmuni af því að fá reynt til fullnaðar á það hvort hann eigi rétt til að halda samningsumleitunum sínum áfram, enda gæti stöðvun þeirra leitt til hættu á gjaldþrotaskiptum og það sem þegar væri að baki í vinnu við samningsumleitanir yrði honum ónýtt. Þykir því nauðsynlegt að gefa skuldaranum kost á að leita úrlausnar æðra dóms í þessari aðstöðu og tryggja um leið að heimildin til nauðasamningsumleitana standi óhögguð meðan beðið yrði úrlausnarinnar, þannig að samningsumleitanir geti haldið áfram eins og ekkert hefði í skorist ef niðurstaða æðra dóms yrði á annan veg en héraðsdómara. Kærufrestur er hins vegar hafður mjög skammur hér til að girða fyrir að skuldari geti vísvitandi dregið að kæra og notið þannig verndar 40. gr. fyrir lánardrottnum um óþarflega langan tíma ef réttmætt væri að fella heimild hans til samningsumleitana niður, en skuldarinn mundi glata rétti sínum til kæru að liðnum þeim sólarhringsfresti sem kveðið er á um í 5. mgr. 42. gr. Í niðurlagi umrædds ákvæðis kemur fram að almennar reglur gildi að öðru leyti um málskot úrskurða héraðsdómara skv. 4. mgr. 42. gr., en með þessum fyrirmælum er umsjónarmanni eða lánardrottni, sem hefur krafist niðurfellingar heimildar skuldarans, veittur réttur til að kæra til Hæstaréttar úrskurð héraðsdómara, þar sem kröfunni hefði verið hafnað, eftir reglum 179. gr. frumvarpsins.

Um 43. gr.

Í 43.–53. gr., sem heyra til VIII. kafla frumvarpsins, er fjallað um það hvernig nauðasamningsumleitanirnar fari fram, en þær hefjast þegar í stað við uppkvaðningu dómsúrlausnar um heimild skuldarans til þeirra og ef heimildin fellur ekki niður samkvæmt ákvæðum 41. eða 42. gr. má segja að í bókstaflegum skilningi ljúki samningsumleitunum sem slíkum við lok atkvæðagreiðslu þar sem samningsfrumvarp fæst samþykkt og þá taki við lokaaðgerðin við samningsgerðina að fá nauðasamning staðfestan þótt réttaráhrif nauðasamningsumleitana skv. 40. gr. standi allt þar til staðfesting fæst.

Í 43. gr. er mælt fyrir um ýmsar sérstakar starfsskyldur umsjónarmanns með nauðasamningsumleitunum og úrræði sem honum eru veitt til að geta gegnt þeim. Þannig er í fyrsta lagi að finna reglur í 1. mgr. um fyrstu aðgerðir umsjónarmanns eftir að hann hefur tekið til starfa, en hann á þegar í stað að gera athugun á því hvort þær upplýsingar skuldarans hafi verið réttar, sem voru látnar af hendi við öflun heimildar til samningsumleitana. Umsjónarmaðurinn á einnig að gera nauðsynlegar ráðstafanir strax eftir skipun sína til að koma á því eftirliti og þeirri umsjón sem honum er ætlað að hafa með höndum varðandi fjármál skuldarans skv. 40. gr. Þá eru í öðru lagi ákvæði í 1. mgr. 43. gr. sem er ætlað að tryggja umsjónarmanni aðgang að nauðsynlegum upplýsingum, bæði til að gera fyrrnefnda athugun á áreiðanleika upplýsinga skuldarans og halda uppi eftirliti sínu og umsjón með fjárreiðum. Í þessu skyni er annars vegar kveðið á um skyldu skuldarans til að veita umsjónarmanninum upplýsingar og aðgang að gögnum og hins vegar skyldu annarra til upplýsingagjafar ef þeim væri slíkt skylt vegna gjaldþrotaskipta á búi skuldarans, en hér er um þá að ræða sem er getið í 2. og 3. málsl. 1. mgr. 81. gr. og 1. mgr. 82. gr. Umsjónarmanninum er heimilað sérstaklega að neyta úrræða 81. og 82. gr. til að fylgja því eftir að þessum skyldum verði sinnt. Loks er í þriðja lagi í 2. mgr. 43. gr. mælt fyrir um skyldu umsjónarmannsins til að hafa sérstakar gætur á því hvort einhver atvik komi upp sem valdi annaðhvort að heimild skuldarans til samningsumleitana falli sjálfkrafa niður, sbr. 41. gr., eða að heimildin geti verið felld niður, sbr. 1. mgr. 42. gr.

Um 44.–46. gr.

Í þessum ákvæðum frumvarpsins er fjallað um hvernig lýst verði eftir samningskröfum við nauðasamningsumleitanir, hvernig lánardrottnar komi kröfum sínum á framfæri og hverja afgreiðslu kröfurnar hljóti í kjölfarið.

Í 44. gr. eru ákvæði um það atriði, sem hér var fyrst talið, en skv. 1. mgr. er meginleiðin til að kalla eftir samningskröfum sú að umsjónarmaðurinn gefur út og fær birta tvívegis í Lögbirtingablaði áskorun til þeirra sem telja sig eiga slíkar kröfur að lýsa þeim fyrir sér innan fjögurra vikna frá fyrri birtingu innköllunarinnar. Í innkölluninni eiga tiltekin atriði að koma fram til að taka af tvímæli um hver skuldarinn sé, tilgreina verður að um innköllun sé að ræða vegna nauðasamningsumleitana, sem skuldarinn hafi fengið heimild til með tiltekinni dómsúrlausn, fram þarf að koma hvert kröfulýsingar skuli sendar og hvar og hvenær fundur verði haldinn skv. 48. gr. til að greiða atkvæði um samningsfrumvarp. Auk þess að gefa út innköllun með þessum hætti hvílir skylda skv. 2. mgr. 44. gr. á umsjónarmanninum til að senda öllum þekktum lánardrottnum skuldarans tilkynningu þar sem sömu atriði komi fram og í innköllun ásamt eintaki af samningsfrumvarpinu, en þessi gögn þarf að senda í ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggan hátt. Ákvæði 44. gr. eru nánast þau sömu og nú koma fram í 1., 3. og 4. mgr. 37. gr. laga nr. 19/1924. Líkt og í nefndum ákvæðum núgildandi laga býr það sjónarmið að baki reglum frumvarpsins um skemmri kröfulýsingarfrest handa lánardrottnum en við gjaldþrotaskipti að nauðsynlegt er að niðurstaða fáist á sem skemmstum tíma um hvort nauðasamningur komist á, en til mótvægis við þennan stutta kröfulýsingarfrest kemur skyldan til að vekja athygli þekktra lánardrottna á samningsumleitunum og kröfulýsingarfresti með tilkynningu til hvers þeirra.

Í 45. gr. eru fyrirmæli um kröfulýsingar lánardrottna, en skv. 1. mgr. eiga þær að vera gerðar eins úr garði og við gjaldþrotaskipti, sbr. 2. og 3. mgr. 117. gr. Áhrif kröfulýsingar við þessar aðstæður eru hins vegar ekki þau sömu og við gjaldþrotaskipti, því skv. 6. mgr. 117. gr. telst kröfulýsing í þrotabú ígildi málshöfðunar og hún veitir jafnframt lánardrottni rétt til að hafa afskipti af framkvæmd skipta og fá kröfu sinni fullnægt við skiptin ef hún verður viðurkennd og fjárhagur búsins leyfir. Við nauðasamningsumleitanir hefur kröfulýsing á hinn bóginn þau áhrif að hún leiðir í fyrsta lagi til slita á fyrningu, sbr. 2. mgr. 45. gr., í öðru lagi veitir hún lánardrottninum rétt til að greiða atkvæði um samningsfrumvarpið, sbr. 4. mgr. 45. gr., enda sé um samningskröfu að ræða sem atkvæðisréttur fylgir, í þriðja lagi veitir hún lánardrottni rétt til afskipta af því hverjir fái notið atkvæðisréttar, sbr. 3. mgr. 48. gr., og í fjórða lagi getur hún leitt til þess að lánardrottinn verði eins settur að gerðum nauðasamningi og ef hann hefði gert réttarsátt við skuldarann um kröfu sína, sbr. 3. mgr. 60. gr. Kröfulýsing veitir hins vegar lánardrottni engan rétt til að fá fullnustu á kröfu sinni þegar um nauðasamningsumleitanir er að ræða.

Rétt er að vekja hér athygli á því að ákvæði 45. gr. fela einnig í sér reglur sem leiða til þess að innköllun við nauðasamningsumleitanir hafi ekki sömu áhrif og við gjaldþrotaskipti. Þetta kemur nánar fram með þeim hætti í 3. mgr. 45. gr. að vanlýsing kröfu við nauðasamningsumleitanir hefur ekki í för með sér kröfumissi gagnstætt því sem á að jafnaði við um vanlýsingu við gjaldþrotaskipti, sbr. 118. gr. Ákvæði 3. og 4. mgr. 45. gr. leiða þannig sameiginlega í ljós að tilgangur innköllunar við nauðasamningsumleitanir sé fyrst og fremst sá að gefa þeim lánardrottnum kost á að gefa sig fram sem geti átt rétt til að greiða atkvæði um samningsfrumvarp og að sama skapi að tilgangur kröfulýsingar lánardrottins sé öðru fremur að fá að neyta atkvæðisréttar síns um frumvarpið.

Að öðru leyti skal þess getið um 45. gr. að í 4. mgr. kemur fram að þeir atkvæðismenn, sem hafa lýst kröfum sínum fyrir umsjónarmanni innan kröfulýsingarfrests, eigi einir rétt til að greiða atkvæði um samningsfrumvarp. Lánardrottinn nýtur þannig ekki atkvæðisréttar að öðrum kosti og skiptir þá ekki máli hvort kunnugt hafi verið um kröfu hans eða hvort honum hafi verið send tilkynning að hætti 2. mgr. 44. gr. Þá er heldur ekki heimild til að koma kröfu að eftir lok kröfulýsingarfrests til að fá að njóta atkvæðisréttar, gagnstætt því sem er um að ræða við gjaldþrotaskipti, sbr. 1.–6. tölul. 118. gr.

Í 46. gr. er mælt fyrir um hvernig umsjónarmaðurinn fari með kröfulýsingar lánardrottna, en skv. 1. mgr. ákvæðisins á hann að gera skrá um framkomnar samningskröfur, sem hann telur atkvæðisrétt fylgja um samningsfrumvarp, þegar í stað að loknum kröfulýsingarfresti eða eftir atvikum jafnharðan og kröfurnar berast meðan á frestinum stendur. Í þessari skrá, sem svipar mjög til kröfuskrár við gjaldþrotaskipti skv. 119. gr., á að tiltaka þau atriði sem eru talin í 1.–3. tölul. 1. mgr. 46. gr., þ.e. frá hverjum krafa stafi og hvenær hún hafi borist, fjárhæð hverrar kröfu og hver atkvæði fylgi henni í atkvæðagreiðslu eftir höfðatölu atkvæðismanna og kröfufjárhæðum. Verklag umsjónarmanns við gerð þessarar skrár yrði hins vegar ekki það sama og við gerð kröfuskrár í þrotabúi því ráða má af ákvæðum 1. og 2. mgr. 46. gr. að umsjónarmanninum sé ekki ætlað að leggja mat á réttmæti framkominna krafna. Á hinn bóginn á hann að gæta þess af sjálfsdáðum skv. 2. tölul. 1. mgr. 46. gr. að fjárhæð hverrar kröfu sé reiknuð í skránni af tilliti til reglna 3. mgr. 28. gr. og 2. og 3. mgr. 30. gr. þannig að hann yrði að lækka kröfufjárhæð frá því sem kæmi fram í kröfulýsingu til samræmis við þær reglur ef því væri að skipta, en eftir almennum reglum réttarfars mætti hann hins vegar ekki reikna lánardrottni t.d. vexti sem ekki hefur verið krafist í kröfulýsingu. Á grundvelli niðurstöðu sem fengist á þennan hátt um kröfufjárhæðir á umsjónarmaðurinn síðan að ákvarða hverjum atkvæðismanni atkvæði á grundvelli kröfufjárhæðar, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 46. gr., og um leið eftir höfðatölu. Skyldur umsjónarmannsins til að huga að kröfum að sjálfsdáðum koma helst fram við ákvörðun hans á atkvæðisrétti að öðru leyti en áður getur því

skv. 2. mgr. 46. gr. á hann að kanna hvort lýst krafa teljist samningskrafa og hann á einnig að gæta að því hvort lánardrottinn, sem hefur lýst samningskröfu, njóti atkvæðisréttar á grundvelli hennar, sbr. 1. mgr. 33. gr. Ef hann telur að framkominni kröfu fylgi ekki atkvæði af þessum sökum á hann að láta hjá líða að taka hana upp í skrá sína, en skv. síðari málslið 2. mgr. 46. gr. ber honum að tilkynna hlutaðeigandi lánardrottni um slíka afstöðu sína með sannanlegum hætti og tilteknum fyrirvara, þannig að hlutaðeiganda gæfist eftir atvikum kostur á að halda rétti sínum til atkvæðis til streitu, sbr. 3. mgr. 48. gr. Rétt er að ítreka hér að endingu að umsjónarmanninum er ekki ætlað að kanna réttmæti lýstra krafna við gerð skrár sinnar skv. 1. mgr. 46. gr., hvorki með því að bera þær t.d. saman við bókhaldsgögn skuldarans né með því að leita afstöðu skuldarans til þeirra, og á umsjónarmaðurinn því að leggja kröfulýsingarnar til grundvallar í skrá sinni að gættum þeim atriðum varðandi ákvörðun fjárhæða og atkvæðisréttar sem hér var getið.

Samkvæmt 3. mgr. 46. gr. á umsjónarmaðurinn að gefa skuldaranum kost á að kynna sér skrá skv. 1. mgr. 46. gr., kröfulýsingar og fylgigögn með þeim með hæfilegum fyrirvara fyrir fund skv. 48. gr., en með þessu er verið að tryggja að skuldarinn eigi kost á að kynna sér stöðu mála áður en komið er að atkvæðagreiðslu um samningsfrumvarpið, bæði til að athuga hvort kröfur hafi komið fram, sem tilefni gæti verið til að mótmæla, og til að gera ráðstafanir til að tryggja sér fylgi með samningsfrumvarpi hjá atkvæðismönnum.

Um 47. gr.

Í 47. gr. kemur fram heimild handa skuldaranum til að breyta frumvarpi sínu að nauðasamningi allt fram að því að atkvæðagreiðslu ljúki endanlega um það skv. 50. eða 51. gr. Ef skuldarinn hyggst breyta frumvarpi sínu sér til aukinnar ívilnunar er heimild hans til þess þó háð því að hann afli meðmæla með frumvarpinu í breyttri mynd frá að minnsta kosti fjórðungi atkvæðismanna, talið bæði eftir höfðatölu þeirra og kröfufjárhæðum, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 35. gr., en af þessu verður ályktað að engra meðmæla sé þörf ef skuldarinn hækkar greiðsluboð sitt eða breytir öðrum skilmálum frumvarps til hagsbóta fyrir lánardrottna.

Sambærilega heimild til breytinga á samningsfrumvarpi má finna í 2. mgr. 38. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 19/1924, en þar er þó ekki áskilið að meðmæli þurfi að koma fram á ný frá lánardrottnum þótt frumvarpi sé breytt skuldara í hag. Þykir eðlilegt að breyta reglum um þetta í það horf, sem lagt er til með frumvarpinu, enda eru meðmæli lánardrottna ein frumforsendan fyrir heimild til nauðasamningsumleitana og lakara greiðsluboð eftir breyttu frumvarpi gæti þannig eðlilega leitt til brostinna forsendna fyrir samningsumleitunum ef lánardrottnar væru því ekki samþykkir.

Í framkvæmd hefur lítið sem ekkert reynt á þær heimildir skuldara sem hér um ræðir, en þær geta þó þjónað raunhæfum tilgangi, t.d. ef kæmi í ljós við lok kröfulýsingarfrests að frekari kröfur hafi komið fram en skuldarinn vænti, þannig að hann gæti ekki staðið undir fyrra greiðsluboði sínu.

Um 48. gr.

Í þessum 48.–52. gr. frumvarpsins koma fram reglur um atkvæðagreiðslu atkvæðismanna um samningsfrumvarp skuldarans, en hún fer fram á fundi sem umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum heldur með lánardrottnum eftir lok kröfulýsingarfrests. Þessi tilhögun er sambærileg þeirri sem mælt er fyrir um í ákvæðum 3. mgr. 37. gr., 41. gr. og 1. og 4. mgr. 43. gr. laga nr. 19/1924, að öðru leyti en því að samkvæmt þeim ákvæðum fara fundir um samningsfrumvarp fram fyrir dómi og undir stjórn héraðsdómara.

Í 48. gr. frumvarpsins koma fram almennar reglur um fundinn sem er haldinn með lánardrottnum til atkvæðagreiðslu um samningsfrumvarp skuldarans. Í 1. mgr. 48. gr. er að mestu vísað til ákvæða 4. þáttar frumvarpsins varðandi skiptafundi við gjaldþrotaskipti um

það hvernig staðið verði að framkvæmd fundarins með þeirri athugasemd að umsjónarmaður með samningsumleitunum gegni því hlutverki í þessum efnum sem skiptastjóri gegnir við gjaldþrotaskipti. Í upphafi 1. mgr. er þó tiltekið sérstaklega að halda beri þennan fund til atkvæðagreiðslu um samningsfrumvarpið innan tveggja vikna frá lokum kröfulýsingarfrests, en með þessari reglu er tekið tillit til þess að nauðsynlegt sé að því verði ráðið sem fyrst til lykta hvort nauðasamningur komist á. Ekki er mælt fyrir um sérstakar afleiðingar af broti gegn því að fylgja skyldu til að halda fundinn innan umrædds tíma, en vanræksla umsjónarmanns í þessum efnum gæti varðað áminningu eða frávikningu eftir 76. gr., sbr. 2. mgr. 39. gr.

Í 2. mgr. 48. gr. eru tiltekin atriði talin upp sem umsjónarmanninum er ætlað að gera grein fyrir í byrjun fundar með lánardrottnum, en að þeirri greinargerð lokinni er mælt svo fyrir í 3. mgr. að umsjónarmanninum beri að gefa fundarmönnum kost á að hreyfa mótmælum gegn þeim grundvelli atkvæðagreiðslu um samningsfrumvarpið sem kemur fram í skrá hans skv. 46. gr. Í 3. mgr. 48. gr. kemur fram að atkvæðismenn og skuldarinn eigi rétt á að hafa uppi mótmæli, sem geti eftir atvikum beinst að réttmæti kröfu, sem væri að finna í skránni, ákvörðun kröfufjárhæðar eða atkvæðis í skjóli kröfu samkvæmt skránni, eða því að umsjónarmaður hafi ekki tekið lýsta kröfu upp í skránni vegna ákvæða 2. mgr. 46. gr. Að sama skapi gæti lánardrottinn, sem hefur lýst kröfu en hefur ekki verið ákveðið atkvæði í skránni, mótmælt því að hann fái ekki að njóta atkvæðis. Þótt mótmæli kæmu fram með þessum hætti er ekki ætlast til þess að gengið verði lengra á þessu stigi en að umsjónarmaðurinn bóki í fundargerð að þau hafi komið fram og reyni að jafna ágreininginn, sbr. 3. málsl. 3. mgr. 48. gr. Þótt kröfu á skrá umsjónarmannsins hefði verið mótmælt mundi atkvæðisréttur allt að einu fylgja henni, en lánardrottinn sem teldi sig ranglega útilokaðan frá atkvæði í skránni fengi að njóta atkvæðisréttar að framkomnum mótmælum af hendi hans. Atkvæði sem væru greidd með þessum hætti undir mótmælum verða hins vegar talin ágreiningsatkvæði, sbr. 3. mgr. 50. gr., en áhrif þeirra á niðurstöður um samningsfrumvarp fara eftir sérstökum reglum í 52. gr. Ágreiningur um þessi atriði yrði því ekki lagður sérstaklega fyrir héraðsdómara til úrlausnar, en reynt gæti á hann með óbeinum hætti á síðari stigum við úrlausn um hvort samþykkt samningsfrumvarp verði staðfest, sbr. 4. og 5. tölul. 58. gr.

Samkvæmt 4. mgr. 48. gr. á umsjónarmaðurinn að gefa fundarmönnum kost á að tjá sig um samningsfrumvarpið að framangreindum aðgerðum afstöðnum og eftir atvikum að koma fram fyrirspurnum um frumvarpið eða fjármál skuldarans. Að þeim umræðum loknum er svo komið að atkvæðagreiðslu um samningsfrumvarpið, sem nánar er mælt fyrir um í reglum 49.–52. gr.

Um 49. gr.

Í 49. gr. koma fram reglur um það hvert fylgi frumvarp að nauðasamningi þurfi að fá í atkvæðagreiðslu til að það teljist samþykkt. Með sama hætti og í ákvæðum 15. gr. laga nr. 19 1924 ræðst nauðsynlegt fylgi með samningsfrumvarpi til samþykkis þess af því um hverja eftirgjöf eða ívilnun sé þar að ræða handa skuldaranum, og á sama hátt og í umræddum ákvæðum verður viðeigandi atkvæðafjöldi að koma fram til samþykkis bæði eftir talningu höfðatöluatkvæða og kröfufjárhæðaatkvæða. Reglur 49. gr. frumvarpsins eru hins vegar frábrugðnar ákvæðum nefndrar 15. gr. um það hversu mikið fylgi samningsfrumvarp þurfi að fá til samþykkis, en þau nýmæli sem hér um ræðir eiga sér fyrirmyndir í danskri löggjöf.

Um þann atkvæðafjölda sem þarf til samþykkis nauðasamningsfrumvarpi er gerður greinarmunur á því í 49. gr. hvort ráðgert sé í frumvarpinu að skuldarinn fái hlutfallslega, eftir atvikum algera, eftirgjöf af samningskröfum eða hvort engin ráðagerð sé uppi um slíka lækkun krafna. Ef um það síðarnefnda er að ræða, t.d. með því að skuldarinn leiti aðeins eftir gjaldfresti á samningskröfum en muni greiða þær að fullu, verður frumvarpið að hljóta 60% atkvæða til að teljast samþykkt, bæði eftir höfðatölu og kröfufjárhæðum. Ef skuldarinn æskir

hins vegar lækkunar á samningskröfum, hvort sem því fylgja síðan ákvæði um gjaldfrest eða önnur efni sem heimilt væri, er mælt fyrir um aðrar reglur. Nánar tiltekið verður skuldarinn þá að fá sama hundraðshluta fylgis með samningsfrumvarpi og nemur hundraðshluta eftirgjafarinnar sem hann æskir af samningskröfum þó aldrei minna en 60% atkvæða. Þetta táknar með öðrum orðum að ef skuldarinn býðst t.d. til að greiða 30% af samningskröfum þá er um að ræða 70% eftirgjöf af þeim, en þá yrði samningsfrumvarpið samþykkt ef það fengi 70% atkvæða við atkvæðagreiðslu eftir bæði höfðatölu og kröfufjárhæðum. Boð um 31% greiðslu fæli í sér 69% eftirgjöf og þyrfti þá frumvarpið að fá 69% atkvæða. Ef skuldarinn býður hins vegar t.d. greiðslu á 50% og æskir þar með 50% eftirgjafar verður frumvarpið allt að einu að fá 60% atkvæða til að teljast samþykkt, en þetta er afleiðing af fyrrgreindu ákvæði 49. gr. um lágmarksfylgi til samþykktar á nauðasamningsfrumvarpi.

Rétt er að taka fram að umrædd atkvæðahlutföll þurfa að fást fyrir samþykki samningsfrumvarps miðað við heildarfjölda atkvæða, en ekki er nóg að viðeigandi hlutfall náist af greiddum atkvæðum.

Um 50. gr.

Í 50. gr. koma fram nánari reglur um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar um samningsfrumvarp skuldarans. Gengið er út frá þeirri aðalreglu að atkvæðamenn mæti á fundi skv. 48. gr. til að greiða þar atkvæði, en í 1. mgr. er þó kveðið á um undantekningu frá því með því að ráðgert er að atkvæðismönnum verði heimilt að greiða atkvæði skriflega, sem yrði þá að gera í nánar tilteknu formi. Í 2. mgr. er síðan mælt fyrir um greiðslu atkvæðis eftir umboði á fundi skv. 48. gr. Þessar reglur þykja skýra sig sjálfar.

Í 3. mgr. 50. gr. er fjallað um ágreiningsatkvæði, sem minnst var á hér áður í tengslum við 3. mgr. 48. gr., en til þeirra teljast atkvæði greidd á grundvelli kröfu, sem annaðhvort er talin á skrá umsjónarmanns skv. 46. gr. og hefur verið mótmælt, eða sem hefur ekki verið talin í skránni og hlutaðeigandi lánardrottinn hefur sótt fundinn og krafist að fá að njóta atkvæðis fyrir. Tekið er fram í 3. mgr. 50. gr. að ef ágreiningur stendur aðeins um hluta kröfu þá skuli atkvæði á grundvelli hennar greitt í tvennu lagi þannig að annars vegar lægi fyrir almennt atkvæði, sem væri greitt í skjóli þess hluta kröfunnar sem væri óumdeildur, og hins vegar ágreiningsatkvæði sem styddist við umdeildan hluta kröfunnar. Eins og fram kemur í niðurlagi 4. mgr. 50. gr. á umsjónarmaðurinn að halda ágreiningsatkvæðum aðgreindum frá öðrum atkvæðum, enda koma sérreglur fram í 52. gr. um hvort þau verði talin með og þá eftir atvikum hvernig.

Í 4. mgr. 52. gr. er mælt fyrir um að umsjónarmaðurinn eigi að færa nánar tiltekin atriði um atkvæðagreiðsluna í fundargerð, en ákvæðin um þetta þykja skýra sig sjálf.

Um 51. gr.

Í 51. gr. felst heimild handa umsjónarmanni til að ákveða að ósk skuldara að atkvæðagreiðslu um samningsfrumvarp verði fram haldið á sérstökum fundi með atkvæðismönnum, sem yrði að halda innan tveggja vikna frá fundi eftir 48. gr. Meginskilyrðið fyrir því að þessarar heimildar verði neytt er að ónóg þátttaka hafi verið í atkvæðagreiðslu á fundi skv. 48. gr. þannig að frumvarpið hafi hvorki fengist samþykkt né hafi það fallið. Þetta gæti t.d. gerst við þær aðstæður að greiða hafi átt atkvæði um frumvarp, sem þyrfti 70% atkvæða til samþykkis, en á fundi skv. 48. gr. hafi komið fram 62% atkvæða fylgjandi frumvarpinu og 12% atkvæða gegn því. Undir þessum kringumstæðum gæti aukin þátttaka í atkvæðagreiðslu hvort heldur nægt til að frumvarpið yrði samþykkt eða beinlínis fellt með nægilega mörgum mótatkvæðum. Ef nægilega mörg mótatkvæði kæmu hins vegar þegar fram á fundi skv. 48. gr. til að fella frumvarpið, hvort sem væri bæði við talningu eftir höfðatölu og kröfufjárhæðum

eða aðeins á annan hvorn veginn, væri samningsumleitunum þar með lokið og yrði þá ekki um það að ræða að framhaldsfundur yrði haldinn skv. 51. gr. Það skilyrði er að auki sett í 1. mgr. 51. gr. fyrir því að framhaldsfundur verði haldinn að skuldarinn óski eftir þessu við umsjónarmanninn áður en fundi skv. 48. gr. er slitið.

Ef þeim tveimur skilyrðum, sem nú hefur verið getið, væri fullnægt fyrir því að framhaldsfundur fari fram til að reyna að ná fram frekari þátttöku í atkvæðagreiðslu, er gert ráð fyrir því í 1. mgr. 51. gr. að umsjónarmaðurinn verði við ósk skuldarans um að halda slíkan fund. Þetta yrði umsjónarmaðurinn að tilkynna fundarmönnum áður en fundi skv. 48. gr. væri slitið, en beinlínis er tekið fram í 1. mgr. 51. gr. að umsjónarmaðurinn þurfi ekki að boða frekar til framhaldsfundarins en með umræddri tilkynningu á fyrri fundinum. Væri það þannig verk skuldarans að reyna að fá aukna fundarsókn á síðari fundinum.

Samkvæmt 51. gr. er ætlast til að framhaldsfundur fari fram með sama hætti og fundur skv. 48. gr., en mælt er þó fyrir um frávik frá þessu að tvennu leyti. Annars vegar kemur fram í niðurlagi 1. mgr. 51. gr. að mótmæli að hætti 3. mgr. 48. gr. verði ekki höfð uppi á framhaldsfundi og hins vegar kemur fram í 2. mgr. 51. gr. að atkvæði greidd á upphaflega fundinum teljist standa óhögguð nema annaðhvort að hlutaðeigandi atkvæðismaður mæti á framhaldsfundinn og greiði þar atkvæði á ný eða að samningsfrumvarpinu hafi verið breytt frá því atkvæðið var greitt. Skiptir ekki máli í því tilliti hvort breyting hafi verið gerð til aukinnar ívilnunar fyrir skuldarann eða honum til íþyngingar.

Ætlunin með framhaldsfundi eftir heimild í 51. gr. er að sjálfsögðu sú að þar verði reynt til þrautar á það hvort samningsfrumvarp fáist samþykkt. Aðeins er heimilt að halda framhaldsfund eitt skipti, svo sem ráða má af ákvæðum 51. gr. og 1. mgr. 52. gr., þannig að samningsumleitanir gætu ekki aðeins farið út um þúfur með því að frumvarpið verði beinlínis fellt, heldur einnig með því að þátttaka í atkvæðagreiðslu á framhaldsfundi væri enn ónóg til að hrein niðurstaða fáist, en þetta má sjá af orðalagi 4. tölul. 41. gr. Mundi heldur engu breyta þótt nægileg atkvæði hefðu komið fram til samþykkis á frumvarpi við talningu eftir höfðatölu atkvæðismanna ef eitthvað vantaði upp á nægileg atkvæði talin eftir kröfufjárhæðum, og öfugt.

Um 52. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 52. gr. á umsjónarmaður að kunngera niðurstöður atkvæðagreiðslu um samningsfrumvarp áður en þeim fundi er slitið þar sem henni lýkur endanlega, en þetta gæti annaðhvort verið fyrsti og eini fundurinn sem yrði haldinn til atkvæðagreiðslu, sbr. 48. gr., eða framhaldsfundur eftir 51. gr. Þessi fyrirmæli hafa í för með sér að atkvæðatalning fari fram á fundinum að viðstöddum atkvæðismönnum sem vilja fylgjast með henni. Er þetta lagt til í því skyni að tvímælalaust verði hvenær atkvæðagreiðslu hafi verið lokið þannig að víst verði hvenær annaðhvort heimild til samningsumleitana hefur fallið niður með því að frumvarp hafi ekki fengist samþykkt, sbr. 4. tölul. 41. gr., eða frestur skuldarans til að krefjast staðfestingar fyrir dómi á samþykktu frumvarpi byrji að líða, sbr. 1. mgr. 54. gr.

Í framkvæmd hefur verið sjaldgæft að ágreiningur standi um atkvæðisrétt eða umfang einstakra atkvæða við nauðasamningsumleitanir og er ástæðulaust að vænta að nein breyting verði þar á þótt þetta frumvarp verði að lögum. Þegar enginn ágreiningur er uppi í þessum efnum er talning atkvæða tiltölulega einfalt verk þótt atkvæðatölur geti óneitanlega verið nokkuð óvenjulegar í ljósi þess að þær reiknist sem hlutfallstölur. Af þessum ástæðum þykir ekkert tilefni vera til að gera ráð fyrir sérstökum reglum um talningu atkvæða um nauðasamningsfrumvarp ef ágreiningur er ekki uppi um þau.

Öðru máli gegnir ef ágreiningur stendur um atkvæði og er óhjákvæmilegt að sérstök fyrirmæli komi fram í frumvarpi þessu um talningu við þær aðstæður. Eftir ákvæðum 13. gr.

laga nr. 19/1924 er leitast við að komast hjá töfum á að fá niðurstöðu um samningsumleitanir með því að reyna á það hvort samningsfrumvarp teljist annaðhvort samþykkt eða fallið án tillits til ágreinings um atkvæði, en ef sú staða er uppi verður ekki hugað frekar að ágreiningnum. Að öðrum kosti tefst að fá niðurstöður samningsumleitana þar til dómsúrlausn gengur um ágreiningsefni. Reglur 2.–4. mgr. 52. gr. frumvarpsins byggja að nokkru á svipuðum grunni með því að reynt er með sambærilegum hætti að komast hjá frekari athugun á ágreiningsatriðum ef þau skipta ekki máli fyrir niðurstöður atkvæðagreiðslu, en umræddar reglur frumvarpsins eru hins vegar frábrugðnar núgildandi reglum um það hvað verði gert ef ágreiningsatkvæði gæti skipt sköpum um niðurstöður.

Nánar tiltekið fela ákvæði 2.–4. mgr. 52. gr. í sér að hafi eitt eða fleiri ágreiningsatkvæði komið fram skv. 3. mgr. 50. gr., þá á umsjónarmaðurinn að byrja atkvæðatalningu eftir fyrirmælum 2. mgr. 52. gr. með því að telja öll atkvæði, þar á meðal þau sem ágreiningur er um, en kanna síðan hvort óumdeild atkvæði nægi til að niðurstaða fáist á annan hvorn veginn. Ef svo er þarf hann ekki að huga frekar að ágreiningsefnum, enda hefðu þau enga þýðingu um lyktir samningsumleitana. Fáist ekki málalok með þessum hætti vegna þess að ágreiningsatkvæði gætu ráðið hvort frumvarp teldist samþykkt, þá verður umsjónarmaðurinn að stíga annað skrefið á þessari braut, en skv. 3. mgr. 52. gr. felst það í því að hann reyni frekar að jafna þann ágreining sem er uppi um atkvæði, hvort sem ágreiningurinn stendur milli tveggja lánardrottna, skuldarans og lánardrottins eða hans sjálfs og lánardrottins. Af 3. mgr. 52. gr. leiðir að ef ágreiningsefni leysast að einhverju leyti eða öllu á þennan hátt þá verði atkvæði talin á ný með fyrrgreindum hætti. Ef niðurstaða fæst í þetta sinn um afdrif samningsfrumvarpsins þarf ekki meira til jafnvel þótt enn sé óleystur ágreiningur um atkvæði sem mundi engu skipta um niðurstöðuna. Fáist hins vegar ekki málalok með þessu móti verður umsjónarmaðurinn að grípa til þriðja og síðasta úrræðisins til að ná fram niðurstöðu atkvæðagreiðslu. Samkvæmt 4.mgr. 52. gr. felst þetta úrræði í því að umsjónarmaðurinn telji atkvæðin enn á ný og þessu sinni með því að taka óumdeild atkvæði og ágreiningsatkvæði til samþykkis á frumvarpinu með, en sleppa öllum öðrum ágreiningsatkvæðum hvort sem þau voru greidd gegn frumvarpinu, lánardrottinn tók ekki afstöðu til frumvarpsins eða atkvæðisréttar á grundvelli þeirra var ekki neytt. Við talningu eftir þessari aðferð breytist innbyrðis vægi atkvæða nokkuð því ágreiningsatkvæði, sem hafa fallið gegn frumvarpinu eða voru ekki greidd, verða afmáð með öllu úr atkvæðaskrá. Við það fækkar höfðatöluatkvæðum og að sama skapi hækkar vægi allra annarra atkvæða í talningu eftir kröfufjárhæðum þannig að samningsfrumvarp gæti talist samþykkt með atbeina færri atkvæðismanna en ella. Niðurstaðan sem fæst við beitingu þessa síðasta kosts um atkvæðatalningu telst endanleg samkvæmt niðurlagsorðum 4. mgr. 52. gr. þannig að annaðhvort hefur frumvarpið verið samþykkt eða ekki.

Munurinn milli þeirrar skipunar, sem leiðir af reglum 2.–4. mgr. 52. gr., og þeirrar sem gildir eftir ákvæðum laga nr. 19/1924, felst í því að samningsumleitanir verða hér ekki stöðvaðar um óákveðinn tíma til að fá leyst úr ágreiningi um einstök atkvæði fyrir dómstólum. Þess í stað leiða ákvæði 52. gr. frumvarpsins til þess að ágreiningur verði virtur að vettugi til hagsbóta því að samningsfrumvarp teljist samþykkt. Ástæðan fyrir þessu er sú að þótt samningsfrumvarp hafi fengist samþykkt, þá hefur nauðasamningur ekki komist á, því enn á eftir að bera málefnið undir dómstól til að fá samninginn staðfestan eftir fyrirmælum IX. kafla. Í 58. gr. er beinlínis gert ráð fyrir því að halda megi uppi andófi gegn staðfestingu nauðasamnings á þeim forsendum að samningsfrumvarpið hafi fengist samþykkt með styrk ágreiningsatkvæðis eða vegna þess að tillit hafi ekki verið tekið til ágreiningsatkvæðis sem féll því ekki til samþykkis. Er þannig tryggt að leita megi úrlausnar dómstóla um réttmæti ágreiningsatkvæðis, en í stað þess að tefja fyrir að niðurstaða fáist í samningsumleitunum með

því að leita þeirrar úrlausnar þegar í stað þá er það geymt þangað til málefnið þarf hvort eð er að koma til kasta dómstóla af öðrum sökum. Má þannig ætla að þessi skipan geti bæði leitt til nokkurrar einföldunar frá núgildandi reglum og til þess að endanlega niðurstaða fáist með skjótari hætti en ella um það hvort nauðasamningur komist á.

Um 53. gr.

Í 53. gr. er mælt fyrir um skyldur umsjónarmanns til tilkynninga og auglýsinga ef nauðasamningsumleitunum lýkur með öðrum hætti en þeim að samningsfrumvarp hafi verið samþykkt. Verður ekki séð að einstök atriði í þessu sambandi þarfnist skýringa.

Um 54. og 55. gr.

Í IX. kafla frumvarpsins, sem 54.–59. gr. heyra til, er eins og í lögum nr. 19/1924 gert ráð fyrir að nauðasamningur hafi ekki komist á þótt samningsfrumvarp skuldara hafi verið samþykkt af nægilegum fjölda atkvæðismanna, heldur þurfi að auki að koma til þess að krafa um staðfestingu samningsins verði tekin til greina í sérstakri dómsúrlausn. Í lögum nr. 19/1924 er sem áður segir gert ráð fyrir að samningsumleitanirnar sem slíkar fari meira eða minna fram fyrir dómi, en ætlast er til þess að hafist sé handa um aðgerðir í tengslum við staðfestingu samnings fyrir sama dómi í beinu framhaldi af samþykki frumvarps. Með því hins vegar að ákvæði þessa frumvarps miða að því að færa nauðasamningsumleitanir úr höndum héraðsdómara og í hendur sérstaks umsjónarmanns er augljóst að reglur um staðfestingu samningsins þurfi að vera með nokkuð öðrum hætti, einkum varðandi aðdragandann að henni. Þótt sá munur sé þannig óhjákvæmilegur á reglum IX. kafla frumvarpsins og núgildandi reglum, eru þær allt að einu svipaðar að ýmsu leyti.

Í 54. gr. frumvarpsins er kveðið á um að skuldarinn verði sjálfur að eiga frumkvæði að öflun staðfestingar á nauðasamningi innan viku frá því niðurstaða atkvæðagreiðslu um samningsfrumvarp hans var kynnt á fundi, sbr. 1. mgr. 52. gr. Gerist þetta ekki innan þess frests fellur heimild skuldarans til samningsumleitana sjálfkrafa niður, sbr. 5. tölul. 41. gr., en þannig mundu allar fyrri aðgerðir við samningsumleitanir ónýtast, þar á meðal úrskurður um heimild til þeirra, innköllun til lánardrottna, kröfulýsingar og samþykki samningsfrumvarps. Þótt hér sé vissulega um harðar afleiðingar að ræða verður þessi tilhögun að teljast óhjákvæmileg til að koma í veg fyrir að skuldarinn dragi þetta að ófyrirsynju ef til vill í vissu um að samningurinn muni ekki fást staðfestur, en haldi þó allt að einu vernd fyrir aðgerðum lánardrottna vegna ákvæða 40. gr. Skuldarinn þarf hins vegar lítið að hafa fyrir því að ljúka nauðsynlegum aðgerðum af sinni hendi innan þessa frests því nægilegt er skv. 1. mgr. 54. gr. að skrifleg krafa hans um staðfestingu nauðasamnings komi í hendur héraðsdómara innan frestsins. Með þessari kröfu þurfa að fylgja þau gögn frá umsjónarmanninum, sem eru talin í 2. mgr. 54. gr. Verður ekki séð að einstök atriði í því sambandi þarfnist sérstakra skýringa.

Í 55. gr. kemur fram að héraðsdómara beri að ákveða þinghald til að taka fyrir kröfu skuldarans um staðfestingu nauðasamnings sem fyrst eftir að hún berst honum. Kveðið er á um hvernig verði boðað til þessa þinghalds, en annars vegar kemur fram í 1. mgr. 55. gr. að birta verði boðun tiltekins efnis í Lögbirtingablaði með minnst viku fyrirvara og hins vegar er ráðgert í 2. mgr. 55. gr. að skuldaranum verði tilkynnt um þinghaldið með því að héraðsdómari afhendi honum eða umboðsmanni hans boðun eða sendi honum hana með sannanlegum hætti. Tilgangurinn með opinberri birtingu boðunar eftir ákvæðum 1. mgr. er sá að tryggja að öllum þeim, sem kynnu að telja sig hafa hagsmuni af því að varna staðfestingu nauðasamnings, gefist kostur á að gæta hagsmuna sinna, en ekki er útilokað að þeir standi utan þess hóps lánardrottna sem lýsti kröfum við samningsumleitanir og þannig er kunnugt um. Þess má geta að þinghald til að fjalla um staðfestingu nauðasamnings á sér áþekkan aðdraganda eftir ákvæðum 1. mgr. 18. gr. laga nr. 19/1924.

Um 56. gr.

Í 56. gr. er mælt fyrir um þær þrenns konar aðstæður sem geta komið upp þegar héraðsdómari tekur kröfu skuldarans um staðfestingu nauðasamnings fyrir á dómþingi að undangengnum boðunum skv. 55. gr. Í fyrsta lagi kynni að fara svo að skuldarinn hefði ekki meiri hug á að fá samning sinn staðfestan en svo að hann láti hjá líða að mæta eða láta mæta fyrir sig á dómþingi. Í slíku tilviki bæri héraðsdómara að kveða upp úrskurð um höfnun kröfu skuldarans þá þegar, sbr. 1. mgr. 55. gr. Í öðru lagi gæti farið svo að skuldarinn mætti til þinghaldsins eða umboðsmaður hans, en enginn hafi þá uppi mótmæli gegn kröfu hans um staðfestingu nauðasamningsins. Samkvæmt 2. mgr. 55. gr. yrði krafa skuldarans þá að öðru jöfnu tekin til úrskurðar þegar í stað, en ef nauðsyn krefði mætti héraðsdómari þó veita honum skamman frest til að leggja fram frekari gögn til stuðnings kröfunni. Í úrskurði sem héraðsdómari kvæði upp í kjölfarið um kröfu skuldarans tæki hann aðeins tillit til þess hvort einhverjar þær hindranir, sem eru taldar í 57. gr., kynnu að standa í vegi fyrir að krafan verði tekin til greina. Í þriðja lagi gæti verið mætt af hálfu skuldarans við þinghaldið og einnig af hálfu lánardrottna eða annarra, sem hefðu hagsmuni af staðfestingu nauðasamningsins, og mótmæli kæmu fram af hendi þeirra síðarnefndu gegn kröfu skuldarans. Undir þeim kringumstæðum leiðir af ákvæðum 3. mgr. 56. gr. að héraðsdómari tæki ágreiningsmálið til sérstakrar meðferðar eftir reglum 167. gr. og XXIV. kafla þar sem leyst yrði úr hvort krafa um staðfestingu nauðasamningsins verði tekin til greina að teknu tilliti til ákvæða 57. gr. og mótmæla sem byggðu á ákvæðum 58. gr.

Um 57. og 58. gr.

Í 57. og 58. gr. koma fram reglur um þau atriði sem geta staðið í vegi fyrir að krafa skuldarans um staðfestingu nauðasamnings verði tekin til greina. Þessar reglur eru að nokkru áþekkar ákvæðum 20. gr. og 2. mgr. 44. gr. laga nr. 19/1924 sem eru þó um margt úreltar og verða því ekki teknar upp í óbreyttu horfi svo vel fari. Svipar ákvæðum 57. og 58. gr. hins vegar fremur til reglna í danskri löggjöf.

Sá munur er milli reglna 57. og 58. gr. frumvarpsins að í fyrri greininni eru talin atvik sem héraðsdómara er ætlað að gæta af sjálfsdáðum og gætu leitt til höfnunar kröfu um staðfestingu nauðasamnings, hvort sem mótmæli hafi komið fram gegn kröfunni eða ekki og án tillits til þess hvort mótmæli hafi verið reist á slíkum grunni. Í seinni greininni eru hins vegar talin upp atriði, sem gætu leitt til sömu málaloka, en þeirra mundi héraðsdómari ekki gæta af sjálfsdáðum, heldur aðeins láta þau ráða niðurstöðu ef þeim væri haldið fram af lánardrottni eða öðrum sem kynnu að mótmæla kröfu skuldarans. Þessi munur milli ákvæðanna sést af orðalaginu í upphafi hvors þeirra þar sem í 57. gr. segir að héraðsdómari skuli hafna kröfu skuldarans af þargreindum ástæðum meðan í 58. gr. segir að héraðsdómari geti hafnað henni eftir kröfu af þeim ástæðum sem síðan eru þar talin.

Önnur atriði í ákvæðum 57. gr. en nú hefur verið getið þykja ekki þarfnast sérstakra skýringa hér.

Ástæða er til að vekja athygli á því að upphafsorð 58. gr. afmarka hverjir geti haft uppi mótmæli gegn kröfu skuldarans um staðfestingu nauðasamnings svo þýðingu hafi með því að áskilið er að hlutaðeigandi hafi lögmætra hagsmuna að gæta. Fyrst og fremst gæti verið hér um að ræða lánardrottin sem yrði knúinn til að veita skuldaranum ívilnun eftir ákvæðum nauðasamningsins, ef hann yrði staðfestur. Ekki er þó útilokað að aðrir gætu einnig talist hafa lögvarða hagsmuni af þessu eftir almennum viðhorfum í einkamálaréttarfari, t.d. þriðji maður sem bæri ábyrgð á greiðslu samningskröfu og stæði frammi fyrir að þurfa að greiða kröfuna að fullu, sbr. 4. mgr. 60. gr., en gæti aðeins endurkrafið skuldarann um hluta af henni ef nauðasamningur yrði staðfestur. Þá er einnig rétt að vekja athygli á því að mótmæli gegn kröfu skuldarans um staðfestingu nauðasamnings yrðu ekki tekin til greina nema þau styddust við

einhver atvik sem eru talin í 58. eða eftir atvikum 57. gr. Mundi því ekki stoða að hafa uppi mótmæli á öðrum grundvelli en hér um ræðir.

Einstök atriði í 1.–6. tölul. 58. gr. þykja ekki þarfnast skýringa hér, en benda má á að vikið var nokkuð að atriðum varðandi ákvæði 4. og 5. tölul. í athugasemdum við 52. gr.

Um 59. gr.

Í 1. mgr. 59. gr. er mælt fyrir um afbrigðilegan frest til að kæra til Hæstaréttar úrskurð héraðsdómara um kröfu um staðfestingu nauðasamnings og gildir sá frestur hvort sem krafan hefur verið tekin til greina eða ekki. Segir í ákvæðinu að ef úrskurðinum hefur ekki verið skotið til æðra dóms innan þessa frests verði niðurstaða hans endanleg um hvort nauðasamningur hafi komist á eða ekki. Ef úrskurður yrði hins vegar kærður innan frestsins stæði óútkljáð hvort nauðasamningur kæmist á þar til málinu lyki fyrir Hæstarétti, en m.a. yrðu áhrif 40. gr. við lýði á þeim tíma. Ástæðulaust er að taka berum orðum fram í 1. mgr. 59. gr. að niðurstaða Hæstaréttar um kröfu skuldarans verði talin endanleg, enda leiðir það af grundvallarreglum réttarfars.

Samkvæmt 2. mgr. 59. gr. hvílir skylda á umsjónarmanni með nauðasamningsumleitunum að fá birta í Lögbirtingablaði auglýsingu um endanlega niðurstöðu um kröfu skuldarans um staðfestingu nauðasamnings, en þessi skylda er jafnt fyrir hendi á hvorn veginn sem niðurstaðan yrði.

Um 60. gr.

Í 60.–63. gr. er mælt fyrir um réttaráhrif nauðasamnings, en þessi ákvæði heyra til X. kafla frumvarpsins.

Í 1. mgr. 60. gr. kemur fram hvenær nauðasamningur verði talinn hafa komist á og þar með frá hvaða tíma gæti réttaráhrifa hans. Gerist þetta þegar endanleg dómsúrlausn liggur fyrir um staðfestingu nauðasamnings, eða með öðrum orðum að liðinni viku frá uppkvaðningu úrskurðar héraðsdómara, sem hefur ekki verið kærður til Hæstaréttar, sbr. 1. mgr. 59. gr., eða við uppkvaðningu dóms Hæstaréttar.

Í 2. mgr. 60. gr. kemur fram grundvallarregla sem varðar beinlínis eðli nauðasamninga, en samkvæmt henni eru lánardrottnar og þeir sem kunna að koma í stað þeirra bundnir um samningskröfur sínar af ákvæðum nauðasamnings þegar hann hefur komist á. Þessi regla felur í sér að lánardrottnar eru nauðbeygðir til að hlíta skilmálum nauðasamnings hvort sem þeir voru fylgjandi honum eða andvígir, en þetta á þó aðeins við um samningskröfur eins og þær eru skilgreindar með ákvæðum 1. mgr. 29. gr., sbr. 28. og 31. gr. Regla sama efnis kemur fram í 21. gr. laga nr. 19/1924. Í 2. mgr. 60. gr. frumvarpsins er jafnframt tekið fram að efndir samningskröfu í samræmi við ákvæði nauðasamnings hafi sömu áhrif og ef hún hefði verið efnd eftir upphaflegu efni sínu. Sambærilegt ákvæði kemur ekki fram í núgildandi lögum, en í fræðikenningum hefur verið gengið út frá að þessi regla gildi. Reglan tekur af tvímæli um að lánardrottinn geti ekki neytt vanefndaúrræða gagnvart skuldaranum ef samningskrafa hefur verið efnd í skertri mynd eftir ákvæðum nauðasamnings.

Í 3. mgr. 60. gr. kemur fram að nauðasamningur hafi sömu áhrif og réttarsátt milli skuldarans og lánardrottna um þær samningskröfur, sem koma fram í skrá umsjónarmanns skv. 46. gr. og skuldarinn hefur ekki mótmælt eftir 3. mgr. 48. gr. við nauðasamningsumleitanir. Þessi regla er sama efnis og 22. gr. laga nr. 19/1924, en hún hefur m.a. í för með sér að hlutaðeigandi lánardrottnar gætu krafist fjárnáms til fullnustu á kröfum sínum eftir nauðasamningnum ef vanefndir yrðu af hendi skuldarans, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989.

Í 4. mgr. 60. gr. kemur fram að nauðasamningur breyti ekki rétti lánardrottins til að ganga að tryggingu af hendi þriðja manns eða að ábyrgðarmanni til fullnustu á samningskröfu

sinni í heild. Þessi regla, sem er sama efnis og regla 23. gr. laga nr. 19/1924, hefur í för með sér að maður, sem hefur til dæmis gengist í ábyrgð gagnvart lánardrottni fyrir samningskröfu hans á hendur skuldaranum eða sett eign sína að veði fyrir kröfunni, verði að standa skil á skuldinni í heild sinni, en að því gerðu gæti hann hins vegar ekki gengið að skuldaranum nema fyrir þeim hluta sem nauðasamningur hefur kveðið á um.

Um 61. gr.

Í 32. gr., sem áður hefur verið fjallað um, er kveðið á um heimild skuldarans til að höfða riftunarmál eftir reglum XX. kafla eftir að nauðasamningur hefur komist á. Riftun hefði að öðru jöfnu í för með sér að sá sem hún beinist að mundi eignast kröfu sem riftuninni næmi á hendur skuldaranum. Krafan á hendur skuldaranum, sem yrði til með þessum hætti, yrði að öðru jöfnu talin samningskrafa eftir því sem nánar segir í 2. mgr. 32. gr. og mundi hún því færast niður í samræmi við ákvæði nauðasamningsins. Eftir sem áður væri þó sennilegt að sá sem riftun beinist að ætti einhverja kröfu á hendur skuldaranum þótt hún næmi ekki svo miklu sem honum bæri að greiða skuldaranum fyrir sitt leyti. Ef ekki yrði mælt beinlínis fyrir um réttarstöðuna milli skuldarans og gagnaðila hans í tilviki sem þessu gæti orðið álitamál hvort gagnaðili skuldarans kynni að geta krafist skuldajafnaðar við hann að því leyti sem krafa gagnaðilans kynni að hrökkva til. Ákvæðum 61. gr. er ætlað að taka af skarið um það að hverju marki slíkur skuldajöfnuður geti átt sér stað, en samkvæmt því sem þar kemur fram gæti gagnaðili skuldarans aðeins krafist skuldajafnaðar að því leyti sem greiðslur, sem hann ætti rétt til eftir nauðasamningnum, væru þá komnar í gjalddaga.

Um 62. og 63. gr.

Í 1. mgr. 62. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um heimild lánardrottins, sem á samningskröfu á hendur skuldaranum, til að höfða einkamál gegn honum eftir almennum reglum til ógildingar á nauðasamningi, ef einhverju skilyrði 1.–3. tölul. ákvæðisins væri fullnægt meðan skuldarinn hefði ekki efnt skyldur sínar samkvæmt samningnum að fullu. Þá er í 2. mgr. 62. gr. mælt fyrir um að nauðasamningur falli úr gildi ef skuldarinn fær heimild til að leita nauðasamnings á ný eða bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta meðan upphaflegi nauðasamningurinn hefur ekki verið efndur. Ákvæði 63. gr. taka síðan til þess hver áhrif ógilding eða brottfall nauðasamnings skv. 62. gr. hefði á stöðu skuldarans, lánardrottna hans og eftir atvikum þeirra sem hafa gengist í ábyrgð fyrir efndum skyldna samkvæmt samningnum. Þessar reglur eiga sér að nokkru fyrirmynd í danskri löggjöf, en þeim er ætlað að koma í stað ákvæða 29. og 48. gr. laga nr. 19/1924. Verður ekki séð að einstök atriði í þessu sambandi þarfnist frekari skýringa.

Um 64. gr.

Hér er um að ræða fyrsta ákvæði 4. þáttar frumvarpsins þar sem fram koma reglur þess um gjaldþrotaskipti. Þessum þætti er skipt í kafla með eftirfarandi hætti:

— Í XI. kafla, sem er fyrsti kafli 4. þáttarins og geymir 64.–71. gr., er mælt fyrir um upphaf gjaldþrotaskipta.
— Í XII. kafla, 72.–74. gr., eru almennar reglur um þýðingu gjaldþrotaskipta.
— Í XIII. kafla, 75.–84. gr., eru reglur um skiptastjóra.
— Í XIV. kafla, 85.–88. gr., er mælt fyrir um fyrstu aðgerðir við gjaldþrotaskipti.
— Í XV. kafla, 89.–98. gr., eru reglur um gagnkvæma samninga sem þrotabú á hlut að.
— Í XVI. kafla, 99.–108. gr., eru ákvæði um kröfur á hendur þrotabúi.
— Í XVII. kafla, 109.–115. gr., er mælt fyrir um rétthæð krafna á hendur þrotabúi,
— Í XVIII. kafla, 116.–121. gr., eru reglur um meðferð krafna á hendur þrotabúi.

— Í XIX. kafla, 122.–130. gr., er kveðið á um bústjórn og ráðstöfun hagsmuna þrotabús.
— Í XX. kafla, 131.–148. gr., eru reglur um riftun við gjaldþrotaskipti.
— Í XXI. kafla, 149.–153. gr., er mælt fyrir um gerð nauðasamninga við gjaldþrotaskipti.
— Í XXII. kafla, sem er jafnframt síðasti kafli 4. þáttar frumvarpsins, eru reglur um úthlutun og lok gjaldþrotaskipta, en til þessa kafla heyra 154.–165. gr.

Eins og vikið var að hér áður í almennum athugasemdum eru ekki ráðgerðar stórfelldar breytingar í þessum þætti frumvarpsins frá núgildandi reglum um gjaldþrotaskipti í III.–XIX. kafla laga nr. 6/1978 og reglum um skuldaröð í 8. kapítula laga nr. 3/1878, sem eru tekin hér upp í XVII. kafla frumvarpsins. Vissar breytingar eru samt óhjákvæmilegar af tilliti til breyttrar dómstólaskipunar, en öllu umfangsmeiri eru þó áhrif þeirrar stefnu, sem er fylgt í frumvarpinu, að héraðsdómarar muni ekki annast framkvæmd gjaldþrotaskipta, heldur sérstakir skiptastjórar. Þær breytingar, sem leiða af þessu tvennu, eiga sér að miklu leyti hliðstæður í frumvarpi til laga um skipti á dánarbúum o.fl. og eru skýrðar frekar í athugasemdum við það frumvarp. Þá eru einnig lagðar til ýmsar minni breytingar af tilliti til fenginnar reynslu af ákvæðum núgildandi laga í framkvæmd, en loks má geta að reglum þessa þáttar frumvarpsins er skipað með nokkuð öðrum hætti í efnisröð en gert er í lögum nr. 6 1978.

Í ljósi þess hvers eðlis þær breytingar eru, sem eru lagðar til í 4. þætti frumvarpsins, þykir almennt ekki tilefni til umfangsmikilla skýringa við hverja grein þáttarins fyrir sig. Af þeim sökum verður sú leið almennt farin hér á eftir að fjalla í sem stystu máli um þær greinar sem heyra til þessa þáttar og eiga sér ýmist hliðstæður í ákvæðum núgildandi laga eða í frumvarpi til laga um skipti á dánarbúum o.fl., en í síðarnefndu tilvikunum er þá haft í huga að finna megi frekari skýringar um sambærilegar reglur í athugasemdum við nefnt frumvarp, sem er þá nánar vísað til hverju sinni. Að því leyti sem hvorugt af þessu á við um ákvæði þessa þáttar frumvarpsins er hins vegar óhjákvæmilegt að leitast við að skýra þau nánar.

Í 64. gr. koma fram reglur um rétt eða eftir atvikum skyldu skuldara til að gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskipta sjálfur, en reglur sama efnis koma fram annars vegar í a-lið 1. mgr. 13. gr. og hins vegar í 14. gr. laga nr. 6/1978. Orðalag 2. mgr. 64. gr. frumvarpsins felur í sér breytingu frá ákvæðum 14. gr. núgildandi laga, en hún er til samræmis við hefðbundin viðhorf í fræðikenningum sem hefur verið stuðst við um skýringu á umræddri grein í framkvæmd.

Um 65. gr.

Í 65. gr. koma fram reglur um það hvenær lánardrottinn geti krafist gjaldþrotaskipta á búi skuldara. Í 1. mgr. er að finna reglu sem er efnislega samhljóða ákvæðum b-liðar 1. mgr. 13.gr. laga nr. 6/1978, en líklega hefur ekki reynt á heimild þess ákvæðis nema eitt skipti frá því það tók gildi.

Ákvæði 2. mgr. 65. gr. frumvarpsins er ætlað að koma í stað c-liðar 1. mgr. 13. gr. laga nr. 6/1978. Í upphafi 2. mgr. kemur berum orðum fram að skuldari geti varist kröfu um gjaldþrotaskipti með því að sýna fram á að hann sé fær um að standa skil á skuldbindingum sínum eða verði það innan skamms tíma, en þótt sambærileg fyrirmæli komi ekki fram í ákvæðum núgildandi laga hefur verið gengið út frá að þetta gildi í framkvæmd. Ákvæði 1. og 4. tölul. 2. mgr. eiga sér efnislegar hliðstæður í umræddum c-lið 1. mgr. 13. gr. laga nr. 6/1978. Ákvæði 2. og 3. tölul. geyma hins vegar nýmæli með því að lagt er hér til að lánardrottinn geti krafist gjaldþrotaskipta sjálfstætt á þeim grundvelli að skuldarinn hafi haft heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings sem hefur fallið niður innan mánaðar áður en gjaldþrotaskiptanna yrði krafist. Þetta er gert í því skyni að tryggja betur hagsmuni lánardrottna en gert er í núgildandi lögum og um leið að flýta fyrir að til gjaldþrotaskipta komi ef þau eru á annað borð óumflýjanleg. Þessar heimildir geta vart talist varhugaverðar gagnvart

skuldaranum, enda má segja að með því að leita heimildar til greiðslustöðvunar eða nauðasamningsumleitana hafi skuldarinn viðurkennt í verki að hann sé ófær um að standa í skilum nema honum takist að koma nýrri skipan á fjármál sín eða nái nauðasamningi. Ef heimild skuldarans til þessara úrræða fellur niður án þess að honum hafi tekist slík ætlunarverk væri andstætt hagsmunum lánardrottna að frekari bið verði á gjaldþrotaskiptum. Ef skuldaranum hefði hins vegar tekist þetta væri vitanlega ekki um það að ræða að lánardrottnar hans krefjist gjaldþrotaskipta á grundvelli þessara heimilda. Þá má og vekja athygli á því að skuldarinn ætti ávallt kost á að verjast kröfu um gjaldþrotaskipti undir þessum kringumstæðum á grundvelli áðurnefndra upphafsorða 2. mgr.

Vekja má athygli á því að með 2. mgr. 65. gr. er gert ráð fyrir brottfalli heimilda lánardrottna til að styðja kröfu um gjaldþrotaskipti við ýmis önnur atvik en nú hafa verið nefnd, sem nánar er mælt fyrir um í áðurnefndum c-lið 1. mgr. 13. gr. laga nr. 6/1978. Þeim heimildum sem þetta á við um hefur ekki verið beitt í framkvæmd og verður að telja mjög óraunhæft að ætla að þær þjóni neinum tilgangi.

Í 3. og 4. mgr. 65. gr. er að finna ákvæði sem er ætlað að koma í stað reglna 15. gr. laga nr. 6/1978. Í þessum ákvæðum frumvarpsins felst tillaga um nokkra einföldun frá reglu núgildandi laga, en telja verður að þau þarfnist ekki sérstakra skýringa, enda reynir hverfandi lítið á álitaefni af þessum meiði í framkvæmd.

Um 66. gr.

Í 1. mgr. 66. gr. er gert ráð fyrir þeirri breytingu frá núgildandi reglum að krafa lánardrottins um gjaldþrotaskipti og fylgigögn með henni verði send héraðsdómara í tvíriti. Er þetta gert í því skyni að unnt verði að afhenda skuldaranum eintak þessara gagna þegar hann er kvaddur fyrir dóm vegna kröfunnar, sbr. 1. mgr. 69. gr., sem verður að telja að sé eðlilegt að gera til glöggvunar fyrir skuldarann.

Ákvæði 2. mgr. eru efnislega þau sömu og nú koma fram í fyrri málslið 21. gr. og 2. mgr. 120. gr. laga nr. 6/1978, en þau eiga sér jafnframt hliðstæðu í 2. mgr. 41. gr. frumvarps til laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Í 3. mgr. koma fram reglur sem svara til ákvæða 20. gr. laga nr. 6/1978.

Um 67. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að héraðsdómari kanni kröfu um gjaldþrotaskipti þegar í stað eftir að hún berst honum til að ganga úr skugga um hvort einhverjir slíkir gallar séu á henni að henni verði hafnað af sjálfsdáðum. Ef slíkir annmarkar væru á kröfu er gert ráð fyrir að héraðsdómari geti vísað henni á bug með einföldum hætti, en sá sem gerði kröfuna geti þó ávallt krafist úrskurðar héraðsdómara um þessa ákvörðun. Sambærileg heimild kemur ekki fram í núgildandi lögum en allt að einu hefur verið farið að með þessum hætti í framkvæmd um árabil og hefur það gefið góða raun. Er því lagt hér til að þessi framkvæmdarvenja verði beinlínis fest í lög.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir nánari reglum en í núgildandi lögum um hvernig staðið verði að ákvörðun um þá tryggingu fyrir skiptakostnaði sem sá sem krefst gjaldþrotaskipta kann að vera krafinn um og um setningu tryggingarinnar. Þessar reglur eiga sér að nokkru hliðstæðu í ákvæðum 21. gr. laga nr. 6/1978, en í frumvarpinu er þó ekki gert ráð fyrir því að áskilin verði trygging fyrir hugsanlegum skaðabótum vegna kröfu um gjaldþrotaskipti eins og þar er gert, enda verður að telja slíka reglu óraunhæfa.

Ákvæðum 3. mgr. er ætlað að koma í stað 1. mgr. 16. gr. laga nr. 6/1978, en hér er þó um mun nánari reglur að ræða en þar koma fram. Verður að telja þær skýra sig sjálfar.

Regla 4. mgr. er samhljóða 3. mgr. 16. gr. laga nr. 6/1978.

Um 68. gr.

Í 68. gr. er mælt fyrir um meðferð á kröfu skuldarans sjálfs um gjaldþrotaskipti á búi sínu, en ákvæði þessarar greinar svara til reglna 17. gr. laga nr. 6/1978 eins og þeim hefur verið beitt í framkvæmd.

Um 69. gr.

Í 69. gr. er mælt fyrir um undirbúning að fyrirtöku kröfu lánardrottins um gjaldþrotaskipti á dómþingi með því að fyrirkall verði birt fyrir skuldaranum og lánardrottninum verði tilkynnt um þinghaldið, en reglur um þetta efni koma nú fram í 2. og 3. mgr. 18. gr. laga nr. 6 1978. Ákvæði frumvarpsins um þetta eru að mun ítarlegri, sem er lagt til af tilliti til verklags í þessum efnum í framkvæmd, en vissar breytingar eru þó einnig ráðgerðar til samræmis við almennar reglur um stefnubirtingar. Verður ekki séð að einstök atriði í þessu sambandi þarfnist skýringa.

Um 70. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 70. gr. svara til 4. og 5. mgr. 18. gr. laga nr. 6/1978.

Í 3. mgr. 70. gr. er lagt til að tekin verði upp sérregla um heimildir til að fresta meðferð kröfu lánardrottins um gjaldþrotaskipti, en afstaða er ekki tekin til þessa atriðis í núgildandi lögum. Þess hefur gætt mjög í framkvæmd, bæði fyrir gildistöku laga nr. 6/1978 og allar götur síðan, að lánardrottnar hafi krafist gjaldþrotaskipta og fengið slíkar kröfur teknar fyrir á dómþingi að undangengnu fyrirkalli til skuldarans, en látið síðan fresta meðferð kröfunnar, jafnvel margsinnis, ýmist að ósk skuldarans eða án þess að mætt hafi verið af hálfu hans. Hefur þessi háttur borið sterkan keim af því að lánardrottnar hafi krafist gjaldþrotaskipta í því skyni einu að reyna að ógna skuldara til efnda á skuldbindingum sínum, en án þess að neinn ásetningur hafi verið til að knýja í reynd á um gjaldþrotaskipti. Ákvæði 2. mgr. 67. gr. frumvarpsins ættu að vísu að hafa í för með sér að mjög dragi úr þessari óviðeigandi beitingu réttarúrræða, en ástæða er þó allt að einu til að girða fyrir að frestanir á meðferð gjaldþrotakrafna verði úr hófi. Stafar það af því að móttaka kröfu um gjaldþrotaskipti markar hver verði talinn frestdagur við skiptin, sbr. 4. mgr. 2. gr., en við hann miðast bæði sum ákvæði XVII. kafla varðandi aldur krafna af tilliti til forgangsréttar fyrir þeim við gjaldþrotaskipti og riftunarreglur XX. kafla varðandi það hvenær ráðstöfun þurfi að hafa átt sér stað til að af riftun geti orðið. Getur því verið mjög varhugavert að jafnlangur tími líði frá frestdegi fram að því að úrskurður gangi um gjaldþrotaskipti eins og oftast er nú reyndin í framkvæmd, en þetta hefur að verulegu leyti átt rætur að rekja til umræddra frestveitinga við meðferð á kröfum um gjaldþrotaskipti. Í 3. mgr. 70. gr. er lagt til að frestir sem þessir verði ekki veittir *nema í mesta lagi í einn mánuð frá því krafa er tekin fyrir á dómþingi í fyrsta sinn* og að auki er gert ráð fyrir að frestun verði háð því að mætt sé á dómþingi af hálfu skuldarans til að æskja hennar. Má telja að þessi breyting geti orðið til verulegra bóta í framkvæmd.

Í 4. mgr. 70. gr. er mælt fyrir um hvernig verði brugðist við ef skuldari mætir á dómþingi og mótmælir kröfu lánardrottins um gjaldþrotaskipti, en farið yrði með ágreining sem þennan eftir ákvæðum 168. gr. og XXIV. kafla. Ekki er að finna sambærilega reglu í núgildandi lögum, en farið hefur verið að með áþekkum hætti í framkvæmd og ráðgert er í þessum efnum í umræddum ákvæðum frumvarpsins.

Um 71. gr.

Ákvæði fyrri málsliðar 1. mgr. 71. gr. svara til 1. mgr. 19. gr. laga nr. 6/1978. Síðari málsliður 1. mgr. 71. gr. á sér ekki hliðstæðu í orðum núgildandi laga, en byggt hefur verið á þeirri reglu, sem þar kemur fram, í framkvæmd jafnt sem fræðikenningum.

Reglur 2. mgr. 71. gr. svara efnislega til ákvæða 2. mgr. 19. gr. laga nr. 6/1978.

Í 3. mgr. 71. gr. er gert ráð fyrir að krafa um gjaldþrotaskipti kunni fyrst að verða tekin til greina fyrir Hæstarétti og eru tekin af tvímæli um hvernig fari þá um viðmiðunarmörk

varðandi fresti eftir öðrum ákvæðum frumvarpsins í slíkum tilvikum. Hliðstæð regla kemur ekki fram í núgildandi lögum, en víst má telja að eins yrði farið að í framkvæmd og hér er kveðið á um.

Í 4. mgr. 71. gr. kemur fram regla um það hvaða dagur verði talinn svara til úrskurðardags um gjaldþrotaskipti ef farið verður með dánarbú, sem er til opinberra skipta, eftir ákvæðum 4. þáttar frumvarpsins vegna ógjaldfærni þess. Þessi regla tengist ráðagerðum í 3. mgr. 62. gr. frumvarps til laga um skipti á dánarbúum o.fl. um að skipti á ógjaldfæru dánarbúi fari eftir reglum um gjaldþrotaskipti.

Um 72.–74. gr.

Í XII. kafla frumvarpsins, sem 72.–74. gr. heyra til, er að finna almennar reglur um þýðingu gjaldþrotaskipta. Í þessum þremur greinum frumvarpsins er að finna sambærileg ákvæði og nú má að mestu finna í 22., 23., 25.–27. og 29. gr. laga nr. 6/1978, sem koma þó fram í tveimur aðgreindum köflum laganna, þeim IV. og V. Í tengslum við þetta er rétt að nefna að reglur 24. gr. núgildandi laga eru þess efnis að þau þykja fremur eiga samstöðu með öðrum ákvæðum en þeim, sem hér um ræðir, og eru þær því að mestu teknar upp í 116. og 138. gr. frumvarpsins. Enn fremur að ákvæði 28. gr. núgildandi laga varða í sjálfu sér ekki gjaldþrotaskipti, heldur dánarbússkipti, og þykir því óþarft að taka þau upp hér.

Í fyrirmælum 72. gr. felst að ein meginábrif úrskurðar um gjaldþrotaskipti séu þau að til verði sjálfstæð persóna að lögum, þrotabú kennt við hlutaðeigandi mann, félag eða stofnun, en þessi lögpersóna taki í aðalatriðum bæði við réttindum og skyldum skuldarans og njóti hæfis til að öðlast réttindi og baka sér skyldur meðan hún er við lýði fram að endanlegum lokum gjaldþrotaskipta. Sá háttur, að þrotabú sé skilgreint sem sjálfstæð lögpersóna, er sá sami og byggt er á um dánarbú í frumvarpi til laga um skipti á dánarbúum o.fl., svo sem fram kemur í 2. gr. þess frumvarps. Í athugasemdum við það ákvæði þess frumvarps er vikið nánar að því hvað búi að baki þessari skilgreiningu og hverja þýðingu hún hafi, en þær athugasemdir geta eins átt við 72. gr. þessa frumvarps að breyttu breytanda. Telja má að byggt sé á sama grunni í ákvæðum laga nr. 6/1978 þótt það koma hvergi fram þar jafn berlega og hér er lagt til.

Um 72. gr. frumvarpsins skal þess að öðru leyti getið að ákvæði 1. mgr. svara að nokkru til ákvæða 25. og 29. gr. laga nr. 6/1978. Fyrirmæli 2. og 3. mgr. eru í samræmi við viðhorf í fræðikenningum og framkvæmd þótt þau eigi sér ekki beinar hliðstæður í orðum núgildandi laga.

Ákvæði 1. mgr. 73. gr. geyma efnislega sömu reglur og fram koma í 25. og 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. laga nr. 6/1978. Þá fela ákvæði 2. mgr. 73. gr. í sér reglu sem nú kemur fram í niðurlagi 1. mgr. 30. gr. núgildandi laga.

Reglur 74. gr. frumvarpsins eru að mestu sama efnis og ákvæði 22. og 24. gr. og 2. og 3. mgr. 27. gr. laga nr. 6/1978.

Um 75. gr.

Ákvæði 75.–84. gr. heyra til XIII. kafla frumvarpsins, en í honum er fjallað um skiptastjóra við gjaldþrotaskipti.

Í lögum nr. 6/1978 má einkum finna ákvæði um bústjóra til bráðabirgða og skiptastjóra í XIII. og XV. kafla, en eins og nefnt var hér áður í almennum athugasemdum er ráðgert í frumvarpinu að skiptastjóri verði ráðinn til starfa við þrotabú í eitt skipti fyrir öll við upphaf skipta og að sú tilhögun núgildandi laga verði þannig afnumin að bústjóri til bráðabirgða verði ráðinn af dómara í byrjun og skiptastjóri verði síðan kosinn af lánardrottnum til að taka við störfum hans. Reglur XIII. kafla frumvarpsins eru um sumt áþekkar einstökum reglum um áðurnefndra kafla laga nr. 6/1978 þegar þessi fyrirvari er hafður í huga, en í umræddum reglum frumvarpsins koma þó einnig fram fyrirmæli um atriði sem önnur ákvæði laga nr. 6 1978 taka til, t.d. 86., 137. og 138. gr. þeirra.

Í 1. mgr. 75. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að héraðsdómari skuli skipa skiptastjóra til að fara með skipti á þrotabúi um leið og úrskurður hefur verið kveðinn upp um gjaldþrotaskipti. Í þessu ákvæði felst að alltaf sé skylt að skipa skiptastjóra, en ákvæði 86. og 89. gr. laga nr. 6/1978 mæla aðeins fyrir um heimild til þess. Fjallað var sérstaklega um ástæðurnar fyrir tillögum um þessar breytingar hér áður í almennum athugasemdum og má vísa til þeirrar umfjöllunar hér. Ákvæði 2., 3., 5. og 6. mgr. 75. gr. taka til atriða sem nú er mælt fyrir um í 2. mgr. 90. gr., 95. gr. og 137. gr. laga nr. 6/1978, en ákvæði 4. mgr. 75. gr. frumvarpsins á sér ekki beina hliðstæðu í núgildandi lögum.

Ákvæði 75. gr. þessa frumvarps eru í nær öllum atriðum samhljóða ákvæðum 46. gr. frumvarps til laga um skipti á dánarbúum o.fl. og má því vísa hér að flestu leyti til umfjöllunar um umrædda 46. gr. í athugasemdum við það frumvarp. Sá munur er þó á þessum ákvæðum að í 5. tölul. 2. mgr. 75. gr. þessa frumvarps er gert að óundanþægu hæfisskilyrði að skiptastjóri hafi lokið embættisprófi í lögum og í 3. mgr. 75. gr. er ráðgerð sérstök heimild handa dómara til að ákveða að skiptastjórar verði tveir eða jafnvel enn fleiri, en um hvorugt er að ræða í nefndri 46. gr., auk þess að ákvæði 6. tölul. 2. mgr. og 5. mgr. 75. gr. um vanhæfi skiptastjóra eru frábrugðin ákvæðum umræddrar 46. gr. af tilliti til ólíkra aðstæðna við gjaldþrotaskipti og opinber skipti á dánarbúum.

Um 76. gr.

Í 76. gr. er mælt fyrir um heimildir þeirra, sem telja til krafna á hendur þrotabúi, til að hafa uppi athugasemdir vegna starfa skiptastjóra við héraðsdómara og krefjast eftir atvikum að skiptastjóri verði áminntur eða honum vikið frá. Fremur ófullkomin ákvæði má finna um þessi atriði í 3. mgr. 90. gr. og 105. gr. laga nr. 6/1978.

Reglur 76. gr. eru efnislega þær sömu og koma fram í 47. gr. frumvarps til laga um skipti á dánarbúum o.fl. og má því vísa til athugasemda við það frumvarp um skýringar á einstökum atriðum, sem má telja að eigi hér við að breyttu breytanda.

Um 77. gr.

Ákvæði þessarar greinar eiga sér ekki hliðstæðu í lögum nr. 6/1978, en þau eru nánast samhljóða 48. gr. frumvarps til laga um skipti á dánarbúum o.fl. Þykir því mega vísa hér til athugasemda við það frumvarp varðandi efnisatriði 77. gr.

Um 78. gr.

Í 78. gr. er fjallað um reikningshald fyrir þrotabú, sem skiptastjóra er ætlað að annast, skýrslugjöf hans til yfirvalda í þágu bús og reglubundna gerð yfirlita um rekstur og efnahag þrotabús sem lánardrottnum er ætlaður réttur til að fá aðgang að. Reglur um þessi efni í 93., 102. og 103. gr. laga nr. 6/1978 eru svipaðar ákvæðum 78. gr., en hafa um sumt reynst þungar í vöfum og hefur ekki verið fylgt til hlítar í framkvæmd. Er leitast við að ráða bót á því með þessum ákvæðum frumvarpsins.

Ákvæði 78. gr. eru nánast samhljóða 49. gr. frumvarps til laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Um 79. gr.

Í þessu ákvæði frumvarpsins koma fram almennar reglur um skiptafundi í þrotabúum, en gert er ráð fyrir að skiptastjórar haldi slíka skiptafundi og hafi þannig m.a. með höndum að ákveða hvar og hvenær það verði gert og hvert fundarefni verði, annist boðun til fundar og stjórn hans og færi þar fundargerðir. Hér er um talsverða breytingu að ræða frá reglum 1.–3. mgr. 96. gr. laga nr. 6/1978, þar sem gert er ráð fyrir að héraðsdómari gegni þessum störfum, en hún er lögð til í samræmi við þá stefnu þessa frumvarps að afskipti héraðsdómara af framkvæmd gjaldþrotaskipta verði afnumin í öðrum atriðum en varðandi skipun skiptastjóra

og úrlausn ágreiningsefna sem rísa við búskiptin. Þá er einnig vert að nefna í þessu sambandi að umrædd ákvæði 96. gr. laga nr. 6/1978 hafa leitt til nokkuð sérkennilegrar aðstöðu í þeim þrotabúum þar sem skiptastjórar hafa annast framkvæmd skipta því í slíkum tilvikum hafa héraðsdómarar orðið að boða til skiptafunda um málefni, sem þeir eru jafnvel ekkert kunnugir sjálfir, og hafa í orði kveðnu átt að stjórna slíkum fundum þar sem þeir hafa þó ekkert haft til málanna að leggja. Þykir í ljósi þeirrar reynslu bæði einfaldara og eðlilegra að fela skiptastjórum að gegna þessum störfum. Af öðrum breytingum af völdum fyrirmæla 79. gr. má vekja athygli á því að í 1. mgr. er ráðgert að skiptafundir fari fram á þeim stað, sem skiptastjóri velur til þess, en með þessu yrði aflagt að dómstólar þyrftu að hýsa fundarhöld sem þessi, og jafnframt má benda á að skv. 3. mgr. yrði ekki fortakslaus skylda að boða til skiptafunda með auglýsingum í Lögbirtingablaði, gagnstætt því sem nú gildir skv. 2. mgr. 96. gr. laga nr. 6/1978.

Að öðru leyti má benda hér á að ákvæði 79. gr. eru efnislega þau sömu og koma fram í 50. gr. frumvarps til laga um skipti á dánarbúum o.fl. og má því vísa hér til umfjöllunar um þá grein í athugasemdum við það frumvarp.

Um 80. gr.

Í 80. gr. er mælt fyrir um hlutverk skiptastjóra varðandi viðtöku á skjölum vegna málefna þrotabúa, varðveislu þeirra og veitingu heimilda handa öðrum til aðgangs að þeim. Sambærilegar reglur koma ekki fram í lögum nr. 6/1978, enda er þar byggt á því að héraðsdómarar taki almennt við skjölum sem þessum þannig að almennar réttarfarsreglur gildi um þessi atriði. Ákvæði 80. gr. eru samhljóða ákvæðum 51. gr. frumvarps til laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Um 81. gr.

Í 1. mgr. 81. gr. er mælt fyrir um skyldur þrotamanns, manna sem honum eru nákomnir og forráðamanna gjaldþrota félags eða stofnunar til að veita skiptastjóra upplýsingar og afhenda honum gögn í tengslum við gjaldþrotaskipti. Reglur þessa ákvæðis svara að mestu til reglna 79., sbr. 84. gr. laga nr. 6/1978, að því frátöldu að þar er jöfnum höndum gert ráð fyrir að hlutaðeigendur veiti skiptastjórum og héraðsdómurum upplýsingar.

Í 2. mgr. 81. gr. er mælt fyrir um heimild skiptastjóra til að taka eftir þörfum skriflegar skýrslur af þeim sem eru taldir í 1. mgr., en hér mætti væntanlega líta svo á að með því að skylda hvíli á hlutaðeigendum til skýrslugjafar og skiptastjóri teljist opinber sýslunarmaður í starfi sínu, sbr. 3. mgr. 77. gr., þá gæti röng skýrsla eftir atvikum varðað við ákvæði 146. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Sambærilega reglu er ekki að finna í lögum nr. 6/1978, enda gengið þar út frá að héraðsdómari taki skýrslur sem þessar þegar þeirra er þörf.

Í 3. mgr. 81. gr. er mælt fyrir um úrræði skiptastjóra ef skyldu er ekki sinnt til skýrslugjafar við hann, en samkvæmt ákvæðinu gæti hann óskað eftir því við héraðsdómara að hlutaðeigandi verði kvaddur fyrir dóm til skýrslugjafar. Slík skýrslutaka færi eftir almennum reglum um vitnaskýrslur í lögum nr. 85/1936, en í því ljósi væri m.a. unnt að krefjast að vitnið hefði meðferðis gögn við skýrslugjöf sína, sbr. 3. mgr. 124. gr. þeirra laga. Í 1. mgr. 82. gr. laga nr. 6/1978 er kveðið á um úrræði við þessar aðstæður, en samkvæmt því ákvæði getur héraðsdómari látið lögreglu færa þann, sem sinnir ekki að mæta til skýrslugjafar, á fund sinn eða skiptastjóra. Reglur 3. mgr. 81. gr. frumvarpsins þykja fela í sér nægileg úrræði að þessu leyti til að ekki sé ástæða til að taka núgildandi reglur upp óbreyttar.

Um 82. gr.

Í 1. mgr. 82. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um skyldur tiltekinna manna, sem ákvæði 81. gr. taka ekki til, til að veita skiptastjóra upplýsingar við gjaldþrotaskipti. Samsvarandi reglur er að finna 2. og 3. mgr. 79. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 2. gr. laga nr. 98/1985, en þær eru þó frábrugðnar umræddum fyrirmælum frumvarpsins að því leyti að þær kveða á um skyldu til

upplýsingagjafar við héraðsdómara. Ákvæði 2. mgr. 82. gr. frumvarpsins fela í sér heimild handa skiptastjóra til að fylgja eftir kröfu sinni um upplýsingar frá þeim, sem hér um ræðir, með því að hann óski eftir að þeir verði kvaddir fyrir dóm til skýrslugjafar eftir áðurnefndri reglu 3. mgr. 81. gr.

Í 3. og 4. mgr. 82. gr. er að finna heimildir handa skiptastjóra til að leita atbeina héraðsdómara til að ná umráðum eignar þrotabús, sem haldið er fyrir honum, og til að tryggja sér aðgang að húsnæði þar sem ástæða væri til að ætla að finna mætti eign þrotabús eða gögn þess. Þessar reglur þykja skýra sig sjálfar, en þær eiga sér ekki hliðstæðu í ákvæðum laga nr. 6 1978, sem hefur stundum leitt til vandkvæða í framkvæmd.

Um 83. gr.

Í 83. gr. er gert ráð fyrir heimildum skiptastjóra til að leita dómsúrskurðar um bann við brottför þrotamanns eða forráðamanna gjaldþrota félags eða stofnunar úr landi ef slíkt bann þykir nauðsynlegt til að tryggja nærveru hlutaðeigenda meðan athugun stendur yfir á fjárreiðum þrotabús og ráðstafanir fyrir upphaf skipta. Í 80. og 81. gr., sbr. 84. gr. laga nr. 6 1978 er að finna til mikilla muna strangari reglur til takmörkunar á ferðafrelsi þessara manna, sem ástæðulaust er að taka hér upp í óbreyttu horfi.

Ekki verður séð að einstök atriði 83. gr. þarfnist sérstakra skýringa.

Um 84. gr.

Í 84. gr. er að finna reglur sem svara til ákvæða 3. mgr. 91. gr. laga nr. 6/1978. Í tengslum við þessar reglur er vert að benda á að ekki er ráðgert í frumvarpinu að héraðsdómari framkvæmi sjálfstæða rannsókn á atriðum sem varða hugsanlega refsivert athæfi þrotamanns eða forráðamanna gjaldþrota félags, svo sem nú er mælt fyrir um í 4. mgr. 88. gr. laga nr. 6 1978 þannig að rannsókn á slíkum atriðum yrði að öllu leyti að fara eftir almennum reglum um meðferð opinberra mála.

Um 85. og 86. gr.

Í XIV. kafla frumvarpsins, sem nær yfir 85.–88. gr., er mælt fyrir um fyrstu aðgerðir við gjaldþrotaskipti, en á því stigi þarf ekki síst að huga að útgáfu innköllunar til kröfuhafa, ákveða lengd frests handa þeim til að lýsa kröfum sínum og gera ráðstafanir til að tryggja að þeir sem hafi hagsmuni af gjaldþrotaskiptunum geti átt kost á að fá vitneskju um þau. Um þessi atriði er fjallað í 85. og 86. gr.

Í 85. gr. er að finna fyrirmæli annars vegar um útgáfu, efni og birtingu innköllunar við gjaldþrotaskipti og hins vegar um ákvörðun á lengd kröfulýsingarfrests. Reglur 85. gr. eru sama efnis og ákvæði 3. mgr. 19. gr., 1. mgr. 87. gr. og 106. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 1. gr. laga nr. 98/1985, eins og þeim hefur verið beitt í framkvæmd, að því frátöldu að í reglum frumvarpsins er gert ráð fyrir því að skiptastjóri gefi út innköllun og ákveði lengd kröfulýsingarfrests meðan ákvæði núgildandi laga fela héraðsdómara þessi verk.

Í 86. gr. er mælt fyrir um frekari ráðstafanir en birtingu innköllunar, sem skiptastjóra væri rétt að grípa til í því skyni að tryggja að kröfuhafar fái vitneskju um gjaldþrotaskipti, en þessi ákvæði varða fyrst og fremst aðstöðu erlendra kröfuhafa. Eftir þessu ákvæði væri skiptastjóra ekki skylt að grípa til aðgerða sem þessara, en þær gætu einkum þjónað þeim tilgangi að koma í veg fyrir að erlendir lánardrottnar geti komið að kröfum eftir lok kröfulýsingarfrests í skjóli 2. tölul. 118. gr. Með þessum ákvæðum frumvarpsins er lögð til breyting frá 2. mgr. 87. gr. laga nr. 6/1978 því samkvæmt þeirri reglu er ávallt skylt að beina sérstakri tilkynningu um gjaldþrotaskipti til allra þekktra lánardrottna, bæði hér á landi og erlendis. Er skemmst frá því að segja að þeirri skyldu hefur nánast aldrei verið sinnt í framkvæmd, enda nánast ógerningur að fylgja umræddri reglu og tæplega heldur neitt almennt tilefni til þess.

Um 87. og 88. gr.

Í 87. og 88. gr. er mælt fyrir um fyrstu aðgerðir skiptastjóra varðandi eignir þrotabús og aðra hagsmuni þess. Þessi ákvæði taka mið af beitingu reglna 86. gr. og 1.–3. mgr. 88. gr. laga nr. 6/1978 í framkvæmd og verður ekki séð að einstök atriði þeirra þarfnist skýringa.

Um 89.–91. gr.

Í XV. kafla frumvarpsins, sem nær til ákvæða 89.–97. gr., er fjallað um gagnkvæma samninga sem þrotamaðurinn hefur átt aðild að og voru gerðir áður en úrskurður gekk um töku bús hans til gjaldþrotaskipta. Mæla ákvæði þessa kafla fyrir um réttarstöðu þrotabúsins og viðsemjenda þess í ýmsum þýðingarmiklum atriðum varðandi gagnkvæma samninga þeirra. Gert er ráð fyrir að reglur þessa kafla verði að mestu efnislega óbreyttar frá reglum VII. kafla laga nr. 6/1978, en tillögur eru þó gerðar um minni háttar efnisbreytingar og einstaka orðalagsbreytingar. Þar sem þessar breytingar eru óverulegar þykir ekki ástæða til að skýra hvert ákvæði sérstaklega, heldur verður látið við það sitja að geta breytinga sem eru lagðar til.

Í 89.–91. gr. er mælt fyrir um óbreyttar reglur frá þeim sem nú koma fram í 41.–43. gr. laga nr. 6/1978.

Um 92. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 92. gr. eru í samræmi við 1. og 2. mgr. 44. gr. laga nr. 6/1978.

Í 3. mgr. 92. gr. er gert ráð fyrir lítillega breyttu orðalagi frá 3. mgr. 43. gr. laga nr. 6/1978, sem á rætur að rekja til breyttrar dómstólaskipunar samkvæmt ákvæðum laga nr. 92/1989. Eftir sem áður yrði mat á þeim atriðum, sem ákvæði 3. mgr. taka til, lagt undir héraðsdóm til úrlausnar, en það yrði þá gert eftir sérreglum XXIII. og XXIV. kafla frumvarpsins.

Um 93.–97. gr.

Ákvæði 93.–97. gr. eru efnislega samhljóða ákvæðum 44.–49. gr. laga nr. 6/1978.

Um 98. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 98. gr. eru efnislega í samræmi við 1. og 2. mgr. 50. gr. laga nr. 6 1978, en þó er lagt hér til að þrotabú fái meira svigrúm til að taka ákvörðun um það hvort það taki við réttindum og skyldum samkvæmt ráðningarsamningum, sem þrotamaðurinn var aðili að við uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrotaskiptin. Er allt að einu áfram gert ráð fyrir því að hlutaðeigandi starfsmenn eigi rétt til launa frá þeim tíma og til þess tímamarks sem ákvörðun þrotabús um framhald ráðningarsambandsins liggur fyrir. Um rétthæð launakröfunnar er lagt til að sama regla gildi og nú.

Í 3. mgr. 98. gr. er gerð tillaga um að starfsmanni verði, svipað og er samkvæmt lögum nr. 6/1978, heimilt að slíta ráðningarsamningi sínum ef gjaldþrotið hefur í för með sér breyttar aðstæður og brýnir hagsmunir hans krefjast þess. Lagt er til að ef starfsmaður neytir þessa réttar áður en þrotabúið hefur ákveðið að taka við réttindum og skyldum samkvæmt samningnum þá sé honum samt skylt að gegna áfram starfi sínu meðan þrotabúið fær hæfilegan frest til að leita annars starfsmanns. Er gert ráð fyrir að þrotabúinu sé skylt að setja tryggingu fyrir greiðslu launa þann tíma sem starfsmaður sinnir starfinu af þessum sökum. Verður að ætla að fjárhagslegir hagsmunir starfsmannsins séu tryggðir þó svo að lögfest verði regla sem veitir skiptastjóra heimild til að ráða annan mann í starfið áður en starfsmaðurinn lætur endanlega af störfum.

Um 99. gr.

Í XVI. kafla frumvarpsins, sem 99.–108. gr. heyra til, er að finna reglur um ýmis atriði, sem lúta að kröfum á hendur þrotabúi, rétt til skuldajafnaðar þegar kröfuhafinn stendur einnig í skuld við þrotabúið, hvernig með skuli fara þegar krafa í þrotabú er veðtryggð og er

greidd að hluta af andvirði veðsins og þegar fleiri skuldarar eru að kröfu sem er lýst á hendur þrotabúi. Þá eru einnig reglur um endurkröfurétt samskuldara á hendur þrotabúi ef hann hefur greitt kröfuna eða hluta hennar. Reglur um þessi atriði er nú að finna í VI. kafla laga nr. 6/1978 og er hér gert ráð fyrir að þær verði að mestu óbreyttar.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 99. gr. eru efnislega samhljóða reglum 1. og 2. mgr. 31. gr. laga nr. 6/1978. Í 3. mgr. 99. gr. er hins vegar gert ráð fyrir breytingum frá reglu 3. mgr. 31. gr. laga nr. 6/1978 um það við hvaða tímamörk eigi að miða við gjaldþrotaskipti þegar umreikna þarf kröfur í erlendum gjaldmiðli í íslenskar krónur, en umrædd regla núgildandi laga hefur þótt sérlega óljós og leitt til verulegra vandkvæða í framkvæmd. Í 3. mgr. 99. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að þessi umreikningur eigi að fara eftir skráðu gengi viðeigandi gjaldmiðils á þeim degi sem úrskurður er kveðinn upp um gjaldþrotaskiptin ef um kröfur er að ræða sem standa í skuldaröð eftir 112. og 113. gr., en ef um aðrar kröfur er að ræða verði farið eftir gengi á greiðsludegi. Sú leið, sem hér er farin, verður að teljast eðlileg af tilliti til viðhorfa um jafnræði lánardrottna, enda verða þá þeir lánardrottnar, sem fara með kröfur í erlendum gjaldmiðli, eins settir varðandi rétt til gengismunar og vaxta af kröfum sínum og lánardrottnar, sem fara með kröfur í íslenskum krónum, verða varðandi rétt til verðbóta og vaxta, sbr. nánar 1. tölul. 114. gr. Þess má geta að ákvæði 3. mgr. 99. gr. eru sama efnis og reglur danskrar löggjafar um þetta.

Um 100.–103. gr.

Ákvæði þessi samsvara í nær öllum atriðum ákvæðum 32.–35. gr. laga nr. 6/1978 og verður því ekki séð að einstök atriði þarfnist skýringa.

Um 104. gr.

Í 104. gr. er gert ráð fyrir að sú meginregla, sem fram kemur í 36. gr. laga nr. 6/1978, verði áfram í gildi, en hún er á þann veg að kröfuhafi, sem getur krafið fleiri skuldara en þrotabúið um greiðslu og hefur fengið greiðslu frá einhverjum þeirra, geti ekki borið meira úr býtum samanlagt en nemi kröfunni með vöxtum og málskostnaði, enda mundi gagnstæð regla geta leitt til auðgunar kröfuhafans á kostnað skuldaranna. Jafnframt er gert ráð fyrir að sama regla gildi og nú ef úthlutun úr þrotabúi til kröfuhafans er svo há, til viðbótar því sem hann hefur fengið greitt frá samskuldurum búsins, að hún mundi leiða til þess að hann fengi hærri greiðslu en næmi kröfunni með vöxtum og málskostnaði, en þá bæri skiptastjóra að greiða þeim samskuldurum þrotabúsins, sem hafa greitt of mikið miðað við skyldur sínar, það sem umfram væri. Þær greiðslur mundu ganga hlutfallslega til samskuldaranna eftir því sem þeir hafa greitt umfram skyldur sínar. Ef þeir samskuldarar, sem hafa greitt of mikið, fengju ekki með greiðslunni frá þrotabúinu endurgreiðslu á því sem þeir hafa greitt umfram skyldur sínar, ættu þeir kröfur á hendur þeim samskuldurum sem of lítið hafa greitt.

Í niðurlagi 36. gr. laga nr. 6/1978 er endurkröfuréttur samskuldara takmarkaður sérstaklega í þessum tilvikum ef sá samskuldari, sem hefur greitt of lítið, er þrotabú. Lagt er til með 104. gr. frumvarpsins að þessi takmörkun verði felld niður, enda eru tæpast rök fyrir henni ef endurgreiðslukröfu er lýst réttilega og úthlutað yrði upp í hana við skiptalok í því þrotabúi.

Um 105.–108. gr.

Í þessum ákvæðum frumvarpsins er gert ráð fyrir óbreyttum reglum frá því sem nú gildir eftir 37.–40. gr. laga nr. 6/1978.

Um 109. gr.

Í reglum 109.–115. gr. frumvarpsins, sem tilheyra XVII. kafla þess, er kveðið á um innbyrðis rétthæð krafna á hendur þrotabúi eða röðun réttinda eða skuldaröð eins og oft er nefnt, en reglur um þetta ráða því í hverri forgangsröð einstakar kröfur verði greiddar af

andvirði eigna þrotabúa við gjaldþrotaskipti. Önnur ákvæði þessa kafla en 99. gr. taka til atriða sem nú er mælt fyrir um í reglum 8. kapítula laga nr. 3/1878, eins og þeim var breytt með lögum nr. 32/1974 og 23/1979, og eru þær reglur teknar hér upp með fáum breytingum.

Í 109. gr. frumvarpsins er fjallað um rétthæstu kröfurnar við gjaldþrotaskipti, en það eru kröfur þriðja manns um afhendingu muna eða annarra verðmæta í vörslum þrotabús á grundvelli eignarréttar hans að þeim, svo og tilkall hans til greiðslu andvirðis slíkra verðmæta sem kunna að hafa verið ráðstafað af hálfu búsins áður en hann hafði uppi kröfu sína. Tekið hefur verið svo til orða í framkvæmd og fræðikenningum að kröfur sem þessar séu utan skuldaraðar, en með því er vísað til þess að þeir sem hafi uppi kröfur á grundvelli eignarréttar þurfi ekki að sæta því að hlutaðeigandi munum eða réttindum verði varið til fullnustu öðrum kröfum eftir stöðu þeirra í skuldaröð. Með 109. gr. er gerð tillaga um að setja regluna um þetta í samhengi við skuldaröðina að öðru leyti með því að hafa hana fyrsta í röð þeirra reglna sem kveða hver af annarri á um rétthæð einstakra afbrigða krafna. Til samræmis við þessa tillögu ber XVII. kafli frumvarpsins ekki fyrirsögnina „skuldaröðin“, svo sem fyrirsögn X. kafla laga nr. 6/1978, eða „um niðurröðun skulda“, eins og gert er í undirfyrirsögn við 8. kapítula laga nr. 3/1878, heldur er tekið svo til orða að kaflinn fjalli um rétthæð krafna á hendur þrotabúi. Með þeirri fyrirsögn er gefið til kynna að þar sé ekki aðeins að finna ákvæði um skuldaröðina sem slíka, heldur einnig um rétthæð annars konar krafna.

Ákvæði 1. mgr. 109. gr. eru efnislega þau sömu og nú koma fram í 69. gr. laga nr. 6/1978.

Í 2. mgr. 109. gr. er mælt fyrir um rétt þriðja manns sem hefur átt hlut í vörslum þrotabús ef skiptastjóri selur hlutinn í grandleysi um eignarrétt hans. Meginreglan í þessum efnum, sem kemur fram í ákvæðinu, er á þann veg að eigandinn njóti réttar til að fá söluandvirði hlutarins óskert í sinn hlut og að sá réttur hans gangi framar öllum öðrum greiðslukröfum á hendur búi. Ef skiptastjóri hefur hins vegar vitað eða mátt vita um eignarrétt þriðja manns, en allt að einu ráðstafað hlutnum, nýtur sá síðarnefndi aukinna réttinda með því að honum er mæltur réttur til bóta í 3. mgr. 123. gr., ef hann fær ekki tjón sitt af missi hlutarins að fullu bætt með greiðslu skv. 2. mgr. 109. gr., en slík bótakrafa stæði þá í skuldaröð eftir 3. tölul. 110. gr. Skipanin sem leiðir samkvæmt þessu af ákvæðum 2. mgr. 109. gr. og 3. mgr. 123. gr. er að mestu sú sama efnislega og nú er mælt fyrir um í 70. og 72. gr. laga nr. 6/1978.

Um 110. gr.

Í 110. gr. eru taldar upp rétthæstu kröfurnar á hendur þrotabúi þegar frá eru talin áðurnefnd réttindi skv. 109. gr. Kröfurnar í 110. gr. koma fram í fjórum töluliðum ákvæðisins og eftir upphafsorðum þess felur upptalningin um leið í sér ákvörðun á rétthæð hverrar kröfutegundar gagnvart hinum sem þar eru taldar. Í upphafsorðum 110. gr. kemur einnig fram fyrirvari um rétthæð þeirrar krafna, sem síðan eru taldar, því vísað er þar um undantekningu til ákvæða 3. mgr. 111. gr. Þessi fyrirvari um undantekningu er til þess að vekja athygli á því að kröfur, sem njóta veðréttar eða annarra tryggingarréttinda í eign þrotabús, gangi allt að einu framar kröfum skv. 110. gr. til fullnustu af andvirði þeirrar eignar sem stendur að veði eða til tryggingar. Hér er um óbreytta skipan að ræða frá því sem nú kemur fram í 82. og 83. gr. laga nr. 3/1878.

Ákvæði 1.–3. tölul. 110. gr. frumvarpsins eru sama efnis og núgildandi reglur 1.–3. tölul. 82. gr. laga nr. 3/1878. Vakin skal þó athygli á því að í 2. tölul. 110. gr. er ekki tekið berum orðum fram að gjöld í ríkissjóð vegna skipta teljist ekki til skiptakostnaðar, svo sem er gert í 2. tölul. 82. gr. laga nr. 3/1878, en sá varnagli þykir óþarfur í ljósi þess að slík gjöld geti tæplega talist eiga í eðlilegum skilningi undir hugtakið skiptakostnaður.

Í 4. tölul. 110. gr. frumvarpsins eru hins vegar lögð til nýmæli með því að þar er gert ráð fyrir forgangsrétti fyrir kröfum sem hafa orðið til eftir frestdag vegna ráðstafana skuldarans við greiðslustöðvun eða nauðasamningsumleitanir, en forgangsrétturinn er þó háður því

tvennu að aðstoðarmaður eða umsjónarmaður hafi samþykkt þá ráðstöfun, sem leiddi til myndunar kröfunnar, og að ráðstöfunin hafi að auki verið heimil eftir reglum 19.–21. gr., sbr. 1. mgr. 40. gr. Þessi regla, sem á sér fyrirmynd í danskri löggjöf, þykir nauðsynleg til að tryggja stöðu viðsemjenda skuldara á greiðslustöðvunartíma eða við nauðasamningsumleitanir. Þykir að auki mega telja regluna rökrétta í ljósi þess að hér væri almennt um kröfur að ræða, sem ættu rætur að rekja til gagnkvæmra samninga skuldarans við kröfuhafa eftir frerstdag, en slík viðskipti mundu þá almennt hafa fært verðmæti í hendur skuldarans sem svara til krafnanna á hendur honum. Verðmætin sem skuldarinn fengi ættu síðan að öðru jöfnu að liggja fyrir við upphaf gjaldþrotaskipta og koma þannig þrotabúi hans til góða. Væri óeðlilegt að slíkar hagsbætur bús yrðu fengnar á kostnað þess sem hefur átt viðskipti við skuldarann á greiðslustöðvunartíma eða við nauðasamningsumleitanir, með því að krafa viðsemjandans yrði almenn krafa eftir 113. gr.

Um 111. gr.

Í 111. gr. koma fram reglur um rétthæð krafna sem veðréttindi eru fyrir í eign þrotabús eða njóta annarra tryggingarréttinda í henni. Nýtur þá kröfuhafinn réttar fram yfir aðra til fullnustu kröfu sinnar af andvirði þeirrar eignar, sem hann á veðrétt eða önnur tryggingarréttindi í, enda standist þau réttindi riftun eftir 137. eða 138. gr.

Ákvæði 111. gr. eru efnislega þau sömu og reglur 83. gr. laga nr. 3/1878 nema í einu atriði. Nánar tiltekið er lögð til sú breyting í niðurlagi 1. mgr. 111. gr. að kröfuhafar, sem eiga veðréttindi eða tryggingarréttindi í eign, njóti ekki aðeins eins og nú er réttar til greiðslu af söluandvirði eignarinnar, heldur einnig réttar til greiðslu af arði eða öðrum tekjum sem þrotabúið kynni að njóta af viðkomandi eign frá upphafi gjaldþrotaskipta og þar til henni væri ráðstafað. Er þannig gert ráð fyrir því að ef þrotabú hefur t.d. átt fasteign, sem hefur verið leigð út frá upphafi skipta fram til söludags, þá njóti veðhafar í fasteigninni réttar til að fá kröfur sínar greiddar af söluverði eignarinnar og leigutekjunum, eftir atvikum að frádregnum útgjöldum vegna rekstrar fasteignarinnar, sbr. 3. tölul. 110. gr. og 3. mgr. 111. gr. Telja verður þessa reglu eðlilega því að öðrum kosti gætu almennir kröfuhafar notið góðs af leigutekjum, sem væri aflað meðan á skiptum stæði, jafnvel með því að dregið yrði að ráðstafa veðsettri eign gagngert til að afla leigutekna í þessu skyni, meðan kröfur veðhafa færu hækkandi vegna áfallandi vaxta og eftir atvikum verðbóta með þeim afleiðingum að aftari veðhafar kynnu að fara á mis við fullnustu af þessum sökum.

Um 112. gr.

Í 112. gr. er kveðið á um forgangsrétt fyrir tilteknum kröfum, sem kæmu til greiðslu við gjaldþrotaskipti að frágengnum kröfum skv. 109.–111. gr. Ákvæði um forgangsrétt fyrir sömu kröfunum og hér um ræðir má nú finna í 84. gr. laga nr. 3/1878, en í framkvæmd reynir mest á forgangsrétt í skjóli þessara ákvæða fyrir kröfum um vinnulaun, laun í uppsagnarfresti, orlofsfé eða orlofslaun og iðgjöld til lífeyrissjóða. Reglur nefndrar 84. gr. eru að mestu leyti teknar upp með lítt breyttu orðalagi í 112. gr. frumvarpsins, en eftirtaldar breytingar eru þó lagðar hér til:

1. Í 3. tölul. 112. gr. er lögð til óveruleg breyting á því til hvaða tímabils kröfur um orlofsfé eða orlofslaun þurfi að eiga rætur að rekja til að forgangsréttur fylgi þeim. Sú breyting, sem hér um ræðir, ætti að leiða í senn til einföldunar og um margt til eðlilegri skipunar en núgildandi ákvæði um þetta í 3. tölul. 84. gr. laga nr. 3/1878.
2. Í 4. tölul. 112. gr. er gert ráð fyrir að sérreglur um forgangsrétt í 8. gr. laga nr. 55/1980 verði fluttar í reglu, sem svarar að öðru leyti til 4. tölul. 84. gr. laga nr. 3/1878, en þessu til samræmis er lagt til afnám umræddrar 8. gr. í 181. gr. frumvarpsins.

3. Í 5. tölul. 112. gr. er orðalagi breytt lítillega frá ákvæðum 5. tölul. 84. gr. laga nr. 3/1878 til að afnema þargreint skilyrði fyrir forgangsrétti um aðild að kröfu um bætur fyrir örorku eða dauðsfall af völdum vinnuslyss, enda verður ekki séð hver eðlisrök geti búið að baki slíku skilyrði.
4. Í 3. mgr. 112. gr. er lagt til að tekin verði upp regla að danskri fyrirmynd til að fyrirbyggja að forráðamenn gjaldþrota félaga og menn nákomnir þrotamanni geti notið forgangsréttar fyrir kröfum sínum um vinnulaun, laun í uppsagnarfresti og orlofsfé. Sambærileg takmörkun er ekki fyrir hendi í ákvæðum 84. gr. laga nr. 3/1878, sem hefur stundum leitt til mjög óeðlilegra niðurstaðna í framkvæmd.

Rétt er að taka fram að öðru leyti að í 112. gr. frumvarpsins er orðalagi breytt nokkuð frá ákvæðum 84. gr. laga nr. 3/1878, en þetta felur almennt ekki í sér ráðagerðir um breytingar frá ríkjandi venjum í framkvæmd um skýringu og beitingu núgildandi reglna.

Um 113. gr.

Ákvæði 113. gr. eru efnislega eins og ákvæði 85. gr. laga nr. 3/1878 og þarfnast því ekki skýringa.

Um 114. gr.

Í þessu ákvæði frumvarpsins eru reglur um svonefndar eftirstæðar kröfur við gjaldþrotaskipti, en reglur fyrstu þriggja töluliða þess eru efnislega eins og reglur 86. gr. laga nr. 3/1878, svo sem þeim hefur verið beitt í framkvæmd. Frá þessu er þó sú undantekning að í 2. tölul. 114. gr. frumvarpsins eru kröfur um refsingar og refsikennd viðurlög ekki taldar meðal eftirstæðra krafna eins og gert er í 2. tölul. 86. gr. laga nr. 3/1878, enda verður ekki séð hver rök standi til þeirrar skipunar. Af þessum sökum yrðu kröfur sem þessar taldar til svonefndra almennra krafna eftir 113. gr. frumvarpsins, en þess má geta að ekki hefur reynt á umrædd ákvæði 2. tölul. 86. gr. í framkvæmd svo vitað sé.

Í 4. tölul. 114. gr. er hins vegar að finna þau nýmæli að tekið er fram að þær kröfur standi öllum öðrum kröfum að baki sem hefur verið samið um að víki fyrir þeim. Með þessu er gert ráð fyrir því berum orðum að krafa vegna svonefnds víkjandi láns geti beinst að þrotabúi, en væri ekki áskilið sérstaklega í lánssamningi að slík krafa víki aðeins fyrir vissum kröfum og öðrum ekki yrði að líta svo á að hún falli aftast í skuldaröð eftir ákvæðum 4. tölul. 114. gr. Þótt ekki sé nú fyrir hendi lögfest regla um þetta þá hefur verið gengið út frá því í framkvæmd að farið verði að með þessum hætti.

Í 5. tölul. 114. gr. er loks kveðið á um stöðu vaxta og fleiri liða, sem kunna að falla á kröfur um févíti og gjafir og víkjandi kröfur eftir 2.–4. tölul. 114. gr., en með þessu eru tekin af tvímæli um að sambærilegum reikniaðferðum verði beitt um eftirstæðar kröfur og um kröfur eftir 112. og 113. gr. Sams konar regla kemur ekki fram í 86. gr. laga nr. 3/1878, en ætla má að með lögskýringu yrði komist að efnislega sömu niðurstöðu og mælt er hér fyrir um.

Um 115. gr.

Í 115. gr. eru ákvæði 87. gr. laga nr. 3/1878 tekin upp efnislega óbreytt og þarfnast þessi grein því ekki sérstakra skýringa.

Um 116. gr.

Í XVIII. kafla frumvarpsins, þar sem 116.–121. gr. er skipað, koma fram reglur um hvernig verði farið með kröfur á hendur þrotabúi, en þessum reglum er ekki ætlað að leiða til breytinga að heitið geti frá þeirri framkvæmd sem hefur mótast á grundvelli ákvæða laga nr. 6/1978.

Í 1. mgr. 116. gr. koma fram meginreglur um takmarkanir á heimildum til að höfða dómsmál á hendur þrotabúi, enda er ætlast til þess í frumvarpinu að kröfuhafar fylgi réttindum sínum eftir við gjaldþrotaskipti með kröfulýsingum til skiptastjóra í stað þess að höfða mál í því skyni. Sambærileg regla og hér um ræðir kemur ekki berum orðum fram í lögum nr. 6/1978, en gengið hefur verið allt að einu ótvírætt út frá gildi hennar í framkvæmd á grundvelli dómafordæma og ákvæða 1. mgr. 33. gr. laga nr. 3/1878.

Í 2. mgr. 116. gr. er að finna ákvæði sem svara til 1.–3. mgr. 118. gr. laga nr. 6/1978.

Í 3. mgr. 116. gr. koma fram hliðstæðar reglur og nú verða leiddar af 1. mgr. 24. gr. laga nr. 6/1978 í samanburði við 34. gr. laga nr. 3/1878. Í þessum efnum er þó gert ráð fyrir því í frumvarpinu að afnumin verði sérstök undantekningarregla, sem kemur fram í nefndri 1. mgr. 24. gr., enda hefur henni ekki verið beitt í framkvæmd og verður hún að auki að teljast í nokkurri andstöðu við almennar réttarfarsreglur.

Í 4. mgr. 116. gr. er efnislega að finna sömu reglu og nú kemur fram í 1. mgr. 73. gr. og 1. mgr. 74. gr. laga nr. 6/1978. Í tengslum við hana má nefna að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir öðrum sérreglum um nauðungarsölu á eignum þrotabúa eins og nú má finna í 2. mgr. 73. gr., 2. mgr. 74. gr. og 75.–77. gr. laga nr. 6/1978, enda verður ekki séð hverjum tilgangi þær ættu að þjóna.

Um 117. gr.

Í þessu ákvæði frumvarpsins er að finna reglur um kröfulýsingar á hendur þrotabúum, þar á meðal um efni kröfulýsinga, fylgigögn með þeim og réttaráhrif þeirra. Þessar reglur eiga sér ekki nema að litlu leyti hliðstæður í ákvæðum laga nr. 6/1978, en þó má benda á 107. gr. laganna í þessu sambandi.

Efni 117. gr. frumvarpsins er í samræmi við venjubundin viðhorf í fræðikenningum og framkvæmd. Ákvæðið á sér hliðstæðu í 57. gr. frumvarps til laga um skipti á dánarbúum o.fl. og þykir hér mega láta við það sitja að vísa til umfjöllunar um það ákvæði í athugasemdum við umrætt frumvarp.

Um 118. gr.

Í upphafi 118. gr. kemur fram meginreglan um afleiðingar af því að kröfu sé ekki lýst innan kröfulýsingarfrests við gjaldþrotaskipti, en slík vanlýsing hefur að jafnaði í för með sér að krafa glatist gagnvart þrotabúi. Þessi regla kemur fram með óbeinum hætti í ákvæðum 111. gr. laga nr. 6/1978, en byggt hefur verið á henni í því horfi, sem fram kemur í upphafi 118. gr. frumvarpsins, um langan aldur í dómaframkvæmd og fræðikenningum.

Undantekningar frá meginreglunni um að krafa tapist gagnvart þrotabúi með vanlýsingu koma fram fram í sex tölulíðum í 118. gr. auk þess að ein undantekningin til viðbótar felst í upphafsorðum ákvæðisins þar sem vísað er til þess að krafa tapist ekki ef henni verður fylgt eftir gagnvart þrotabúi eftir ákvæðum 116. gr. Þær undantekningar, sem hér um ræðir, eiga sér ýmist hliðstæður í 111. gr. laga nr. 6/1978 eða ólögfestum fordæmisreglum, og verður ekki séð að einstök atriði í þessu sambandi þarfnist sérstakra skýringa hér.

Um 119. og 120. gr.

Í þessum ákvæðum frumvarpsins er fjallað um skrá sem skiptastjóra er ætlað að gera um lýstar kröfur eftir lok kröfulýsingarfrests og skiptafund sem hann heldur síðan til að leggja skrá sína fram. Þessar reglur fela nánar í sér hvernig staðið sé að því að komast að niðurstöðu um það hvort lýst krafa verði viðurkennd við gjaldþrotaskiptin og þá eftir atvikum hvernig hún verði viðurkennd.

Reglur 119. og 120. gr. eru í nær öllum atriðum sama efnis og ákvæði 108.–110. gr. laga nr. 6/1978 eins og þeim hefur verið beitt í framkvæmd. Rétt er þó að benda á að í frumvarpinu

er skiptastjóra ætlað að halda skiptafund til að fjalla um kröfuskrá, eins og reyndar aðra skiptafundi við gjaldþrotaskipti, en í ákvæðum núgildandi laga er héraðsdómara falið að halda skiptafund í þessu skyni. Þá er einnig rétt að benda á að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ágreiningur um viðurkenningu lýstra krafna komi til kasta héraðsdómara eftir reglum 171. gr., en rekstur sérstakra dómsmála til að fá leyst úr sams konar ágreiningsefnum á sér aðeins annan aðdraganda eftir lögum nr. 6/1978. Að öðru leyti má geta þess að ákvæði 119. og 120. gr. frumvarpsins eru hliðstæð ákvæðum 59. og 60. gr. frumvarps til laga um skipti á dánarbúum o.fl., en í athugasemdum við það frumvarp er fjallað að nokkru um einstök atriði þeirra ákvæða. Þykir því mega láta við það sitja að vísa hér að öðru leyti til þeirrar umfjöllunar.

Um 121. gr.

Hér er að finna sérreglu um hvernig afstaða verði tekin til kröfu sem fyrst kemur fram eftir lok kröfulýsingarfrests við gjaldþrotaskipti. Sambærilega reglu er ekki að finna í lögum nr. 6/1978, en í ákvæðum 121. gr. frumvarpsins er tekið mið af því hvernig hafi verið staðið að verki í þessum efnum í framkvæmd.

Sams konar regla og hér um ræðir kemur fram í 61. gr. frumvarps til laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Um 122. gr.

Í 122.–130. gr. frumvarpsins, sem mynda XIX. kafla þess, er fjallað um stjórn þrotabús og ráðstöfun hagsmuna þess við gjaldþrotaskiptin. Í þessum ákvæðum er gert ráð fyrir að skiptastjóri hafi með höndum daglega stjórn á málefnum þrotabús, varðveiti eignir þess, annist sölu eða aðra ráðstöfun eigna, gæti hagsmuna bús í samskiptum við aðra og komi fram út á við sem fyrirsvarsmaður þess í alla staði. Valdið til að taka ákvarðanir um þessi málefni þrotabús er hins vegar að nokkru í höndum lánardrottna, sem geta látið til sín taka á skiptafundum, en að öðru leyti í höndum skiptastjóra. Í frumvarpinu er ætlast til þess að skiptastjóri haldi einkum skiptafundi með lánardrottnum í því skyni að gera þeim grein fyrir ráðagerðum sínum um væntanlegar ráðstafanir og þeim aðgerðum sem hann hefur þegar gripið til, en á þessum fundum geti lánardrottnar komið fram tillögum í þessum efnum og eftir atvikum tekið ákvarðanir sem binda skiptastjóra. Eins gæti skiptastjóri haldið skiptafund gagngert til þess að láta lánardrottna taka ákvörðun um málefni sem hann telur óheppilegt að ráða til lykta sjálfur.

Reglur frumvarpsins í þessum efnum fela ekki í sér teljandi breytingar frá þeirri framkvæmd sem hefur mótast á grundvelli ákvæða laga nr. 6/1978. Þess verður að vísu að geta í þessu sambandi að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skiptastjórar haldi þá skiptafundi, sem hér er um að ræða, í stað héraðsdómara eftir núgildandi lögum, en þessi breyting er í reynd aðeins formlegs eðlis, enda hafa skiptastjórar í reynd haft veg og vanda að fundum sem þessum í framkvæmd. Með ákvæðum frumvarpsins er hins vegar leitast við að færa lagareglur nær þeim búningi sem framkvæmd hefur tekið á sig á undanförnum árum, en í því sambandi gætir þess öðru fremur að í frumvarpinu er dregið nokkuð úr þýðingu skiptafunda varðandi ákvörðunartöku um hagsmuni þrotabúa, enda hefur reynslan í framkvæmd gefið eindregið til kynna að lánardrottnar hafi mjög takmarkaðan áhuga af virkum afskiptum af þessu. Að öðru leyti má nefna að í þessum ákvæðum frumvarpsins er tekin skýrari afstaða en í núgildandi lögum til nokkurra álitaefna, sem hafa verið uppi í framkvæmd, auk þess að í 129. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir sérreglum um ráðstöfun veðsettra eigna, sem eiga sér ekki hliðstæðu í núgildandi lögum.

Rétt er að taka fram að ákvæði XIX. kafla eru að verulegu leyti samsvarandi ákvæðum IX. kafla frumvarps til laga um skipti á dánarbúum o.fl. Í athugasemdum við það frumvarp er

almennt fjallað nokkuð um einstök atriði hvers ákvæðis um sig, en sú umfjöllun getur að meira eða minna átt við um sambærileg ákvæði í þessu frumvarpi. Í þessum efnum verður þó að taka tillit til þess eðlismunar á reglum þessara tveggja frumvarpa að í frumvarpi til laga um skipti á dánarbúum o.fl. er gert ráð fyrir að heimildir skiptastjóra til sjálfstæðra ákvarðana verði öllu takmarkaðri en mælt er fyrir um í þessu frumvarpi, en að sama skapi séu þá skiptafundir oftar haldnir og afskipti þeirra að mun meiri af bústjórn. Sú skipan umrædds frumvarps á rætur að rekja til þess tillits, sem þarf að taka til hagsmuna erfingja af bústjórn í dánarbúum, en sambærilegar þarfir eru að sjálfsögðu ekki fyrir hendi við gjaldþrotaskipti.

Í 122. gr. frumvarpsins má finna almenn fyrirmæli um forræði skiptastjóra á hagsmunum þrotabús og helstu atriðin sem hann verður að gæta að í störfum sínum. Þessi fyrirmæli eiga sér að verulegu leyti samsvörun í 1. mgr. 91. gr. laga nr. 6/1978 og verður ekki séð að einstök atriði þeirra þarfnist sérstakra skýringa.

Um 123. gr.

Í 1. mgr. 123. gr. er kveðið á um að skiptastjóri eigi að hefjast handa um ráðstöfun eigna og réttinda þrotabús svo fljótt sem verða má eftir skipun sína, en sérstaklega er þó tekið fram að hann geti frestað slíkum aðgerðum um sinn ef hann telur það hagkvæmara eða þjóna betur hagsmunum lánardrottna með því að slík bið geti leitt til að þrotabúið beri meira úr býtum fjárhagslega en með ráðstöfun þegar í stað. Þá er einnig mælt fyrir um skyldu skiptastjóra til að slá ráðstöfunum á frest, ef þrotamaðurinn hefst handa um nauðasamningsumleitanir við gjaldþrotaskiptin, að því leyti sem ráðstafanirnar kynnu að vera í andstöðu við tilgang samningsumleitana, en um sömu skyldu væri og að ræða að því leyti sem horfur þættu á að gjaldþrotaskiptunum kynni að ljúka eftir ákvæðum 2. mgr. 154. gr. með því að allir lánardrottnar fái fullnustu. Eitt meginatriði þessa ákvæðis felst hins vegar í því að hvergi er minnst á það að skiptastjóri þurfi að halda skiptafund áður en hann byrjar þessar aðgerðir sínar og þegar litið er í þessu sambandi til ákvæða 124. gr. má sjá að gengið sé út frá að hann hafi mjög frjálsar hendur að þessu leyti. Ákvæði laga nr. 6/1978 hafa þótt fremur óskýr í þessum efnum, en sú leið, sem er lögð til með ákvæðum 1. mgr. 123. gr. og 124. gr., er nánast sú sama og hefur almennt verið farin í framkvæmd.

Í 2. og 3. mgr. 123. gr. er að finna reglur um meðferð eigna sem eru í vörslum þrotabús og óvissa er um hverjum tilheyri. Þessar reglur eru um margt sambærilegar ákvæðum 71. og 72. gr. laga nr. 6/1978, en í 2. mgr. 123. gr. er þó að finna nýmæli um aðdragandann að því að slíkum eignum verði ráðstafað. Þessum nýmælum er ætlað að stuðla að öruggari meðferð á þessum vettvangi, en ekki verður séð að einstök atriði í þessu sambandi þarfnist sérstakra skýringa.

Um 124. gr.

Í 124. gr. koma fram reglur sem er ætlað að taka af skarið um það hvar mörkin standi milli valds skiptastjóra til að taka ákvarðanir um hagsmuni þrotabús upp á eindæmi sitt annars vegar og valds skiptafunda í þessum efnum hins vegar. Meginreglan í þessum efnum kemur fram í 1. mgr. 124. gr. með samanburði við ákvæði 2. mgr., en samkvæmt henni verður skiptastjóri talinn bær um að taka ákvarðanir um alla hagsmuni þrotabús, nema ákvörðun hafi áður verið tekin á skiptafundi um ráðstafanir sem þá voru enn ógerðar. Er enginn greinarmunur gerður hér á því hvort ákvörðun varði stórfellda hagsmuni eða óverulega og heldur ekki á því hvort um sé að ræða ákvörðun um sölu eignar, málshöfðun, eftirgjöf réttinda eða önnur tiltekin atriði. Í lögum nr. 6/1978 er ekki að finna skýrar reglur um skilin milli ákvörðunarvalds skiptastjóra annars vegar og skiptafunda hins vegar að öðru leyti en því að leitt verður af 4. mgr. 96. gr. laganna að skiptafundur standi skiptastjóranum almennt framar í þessum efnum. Ákvæði 124. gr. frumvarpsins taka hins vegar mið af því hvernig hafi verið staðið að verki í þessu sambandi í framkvæmd.

Í 2. mgr. 124. gr. kemur að öðru leyti fram að skiptastjóri geti haldið skiptafundi til að fjalla um ráðstöfun á hagsmunum þrotabús svo oft sem hann telur tilefni til, en í tveimur tilvikum er þó ráðgert að honum sé það skylt. Annars vegar er mælt fyrir um skyldu skiptastjóra til að taka þessi málefni upp á skiptafundi, sem er haldinn til að fjalla um kröfuskrá, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 85. gr. og 120. gr. Hins vegar ber honum að efna til skiptafundar ef þess er krafist skriflega af hálfu þeirra, sem færu að minnsta kosti með fimmtung atkvæða á fundinum, en um atkvæðisrétt er nánar mælt í 126. gr. Með þessum hætti þykir nægilega tryggt að lánardrottnar geti haft afskipti af bústjórninni ef þeir telja tilefni til. Í sambandi við þetta er rétt að ítreka það sem kom fram hér áður í almennum athugasemdum að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir sérstökum kröfuhafanefndum til að fylgjast með bústjórn skiptastjóra, svo sem finna má heimild fyrir 92. gr. laga nr. 6/1978, enda er ekki vitað um dæmi þess að þeirrar heimildar hafi verið neytt í framkvæmd.

Ákvæði 3. mgr. 124. gr. taka mið af verklagi sem oft er beitt í framkvæmd án beinna fyrirmæla um það í lögum nr. 6/1978. Verður ekki séð að þau þarfnist sérstakra skýringa.

Um 125. gr.

Í 125. er mælt fyrir um það hverjir njóti réttar til að sækja skiptafundi við gjaldþrotaskipti. Meginreglan í þeim efnum kemur fram í 1. mgr. 125. gr. þar sem segir að það séu kröfuhafar, sem hafi lýst kröfum fyrir skiptastjóra, sem njóti þessa réttar, enda hafi kröfum þeirra ekki áður verið hafnað með öllu. Þessu til viðbótar kemur þó fram í 2. mgr. 125. gr. að skiptastjóri geti heimilað öðrum fundarsókn, en hér væri aldrei um það að ræða að skiptastjóra yrði talið skylt að veita þeim sem þar greinir aðgang að skiptafundi. Þessar reglur byggja einfaldlega á því að á skiptafundum er verið að fjalla um málefni sem varða almennt ekki hagsmuni annarra en lánardrottna, en nærvera annarra getur leitt til tafa á störfum fundar og jafnvel orðið til óþæginda ef verið er að fjalla um einkamálefni manna.

Um 126. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 126. gr. um ákvörðun atkvæðisréttar á skiptafundum eru hliðstæð ákvæðum 1. mgr. 97. gr. og 98.–100. gr. laga nr. 6/1978 og þykja því ekki þarfnast skýringa.

Í 3. mgr. 126. gr. er mælt fyrir um að lánardrottinn njóti ekki atkvæðisréttar á skiptafundi um málefni sem varða sérstaka hagsmuni hans sjálfs. Sambærileg regla kemur ekki fram í lögum nr. 6/1978 og hefur það leitt til óvissu um hvort farið yrði svo að sem hér er mælt fyrir. Hins vegar þykir vart geta orkað tvímælis að regla þessa efnis eigi rétt á sér.

Um 127. gr.

Í 127. gr. er mælt fyrir um hvernig ákvarðanir verði teknar á skiptafundum, þar á meðal hver lágmarksfundarsókn þurfi að vera á skiptafundi til hann verði talinn fær um að taka bindandi ákvarðanir, hvernig brugðist verði við ef ákvörðun fæst ekki á fundi og hvenær mætti virða ákvörðun fundar að vettugi. Þessum ákvæðum er að nokkru ætlað að koma í stað 2. og 3. mgr. 97. gr. og 105. gr. laga nr. 6/1978, en að öðru leyti snúa þau að atriðum sem settar reglur hafa ekki náð til. Þau eru nánast samhljóða 70. gr. frumvarps til laga um skipti á dánarbúum o.fl. og þykir því mega vísa hér um frekari skýringar til umfjöllunar um þá grein í athugasemdum við það frumvarp.

Um 128. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru samhljóða 71. gr. frumvarps til laga um skipti á dánarbúum o.fl., og þykir því mega vísa hér til umfjöllunar um þá grein í athugasemdum við það frumvarp. Sambærilegar reglur koma ekki fram í lögum nr. 6/1978, en þær eru að nokkru byggðar á venjum í framkvæmd.

Um 129. gr.

Í þeim tilvikum þar sem þrotabúum hafa á annað borð tilheyrt einhverjar eignir hefur sú aðstaða oft verið uppi í framkvæmd að veðbönd hafi hvílt á eign fyrir kröfum sem nema hærri fjárhæð en söluandvirði hennar hefur getað orðið. Undir þeim kringumstæðum getur eðlilega ekki orðið af sölu nema með því að áhvílandi veðkröfum verði að einhverju meira eða minna leyti aflétt, en til þess eru aðeins tvenn úrræði að gildandi lögum. Annars vegar geta veðhafar að sjálfsögðu fellt sjálfir niður veðbönd sín að því leyti sem þörf krefur til að unnt verði að selja eign, en hins vegar er unnt að ráðstafa eign við nauðungarsölu á grundvelli d-liðar 1. tölul. 1. gr. laga nr. 57/1949, sem hefur í för með sér að veðbönd fyrir meira en söluverðinu falla brott, sbr. 1. mgr. 36. gr. nefndra laga. Þetta hefur leitt til þess að ef eign þrotabús er yfirveðsett þá er aðeins unnt að selja hana á frjálsum markaði með velvild veðhafa, að minnsta kosti þeirra sem eiga veðkröfur sem söluverðið hrekkur ekki til að greiða. Ef umræddir veðhafar fást hins vegar ekki til að afmá veðbönd sín sjálfir verður ekki komist hjá nauðungarsölu jafnvel þótt aðeins einn af mörgum veðhöfum standi gegn frjálsri sölu. Oft hefur þetta beinlínis orðið til þess að ekki hafi verið hægt að komast hjá nauðungarsölu jafnvel þótt flestum eða öllum hlutaðeigendum hafi mátt vera ljóst að slík ráðstöfun eignar verði þeim til tjóns. Í framkvæmd hefur tilfinnanlega þótt vanta heimild til annarra úrræða undir þessum kringumstæðum þannig að veðhafar hefðu ekki afgerandi vald til að koma í veg fyrir frjálsa sölu.

Í 129. gr. frumvarpsins er gerð tillaga til að ráða bót á þeirri aðstöðu sem hér var lýst. Hún felst í því í stuttu máli að skiptastjóra verði heimilað að ráðstafa yfirveðsettri eign þrotabús án tillits til afstöðu einstakra veðhafa, en áður verður hann þó annaðhvort að fá samþykki fyrir sölunni hjá þeim veðhöfum, sem fengju ekki fullnustu af söluverði eignarinnar, eða að gefa þeim sem fá ekki fullnustu og fást ekki til að afmá veðbönd sín kost á að ganga inn í framkomið tilboð í eignina og gera eftir atvikum hærra boð í hana. Ef veðhafi fæst hvorki til að ganga inn í framkomið tilboð né til að bjóða betur er skiptastjóra heimilað að ráðstafa eigninni og hlutast síðan sjálfur til um að veðböndin verði afmáð með framvísun gagna fyrir því að staðið hafi verið þannig að verki sem nánar er boðið í fyrirmælum 129. gr.

Telja verður að einstök atriði 129. gr. skýri sig sjálf og þykir því ekki ástæða til að víkja nánar að þeim hér.

Um 130. gr.

Ákvæði 130. gr. eru að mestu samhljóða ákvæðum 114. og 115. gr. laga nr. 6/1978 og verður því ekki séð að þau þarfnist sérstakra skýringa.

Um 131. og 132. gr.

Í XX. kafla frumvarpsins, sem 131.–148. gr. heyra til, er gert ráð fyrir að reglur um riftun ráðstafana þrotamanns og um endurgreiðslu riftunarþola verði í öllum aðalatriðum óbreyttar frá því sem mælt er fyrir um í VIII. kafla laga nr. 6/1978. Í frumvarpinu eru gerðar nokkrar tillögur um breytingar, sem felast að jafnaði í breyttu orðalagi án þess að um efnislegan mun sé að ræða, en flestar aðrar tillögur um breytingar miða að því að lögfesta reglur sem hefur verið beitt í framkvæmd, t.d. ákvæði 143. gr. frumvarpsins. Af þessum sökum verður ekki séð að ástæða sé til að skýra hér sérstaklega önnur atriði í ákvæðum þessa kafla frumvarpsins en þau sem fela í sér tillögur um efnislegar breytingar frá núgildandi lögum.

Með 131. gr. og 1. og 2. mgr. 132. gr. eru lagðar til óbreyttar reglur frá þeim sem koma fram í 51. og 52. gr. laga nr. 6/1978.

Í 3. mgr. 132. gr. er gert ráð fyrir sambærilegri reglu og nú kemur fram í 60. gr. laga um réttindi og skyldur hjóna nr. 20/1923. Sú regla heimilar skuldheimtumönnum annars hjóna að ganga að hinu til fullnustu á kröfum sínum ef það hjónanna, sem kröfurnar hvíla á, hefur gefið

nokkuð eftir af sínum eignum eða tilkalli til eigna hins við fjárslit milli þeirra og hefur ekki gætt þess að halda eftir nægilegum fjármunum af sínum eignum til að standa skil á skuldum sínum. Geta þá skuldheimtumenn gengið að hinu hjónanna að því marki, sem það fékk meiri eignir við skiptin en nam réttum hluta þess. Regla 60. gr. laga nr. 20/1923 er ekki riftunarregla í hefðbundnum skilningi þar sem riftun þarf ekki að fara fram, heldur geta skuldheimtumenn einfaldlega gengið að því hjónanna sem fékk eignir umfram það sem honum bar. Þessi heimild skuldheimtumanna hefur heldur ekki verið háð því að bú þess hjónanna, sem kröfur þeirra hvíla á, hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta og þeir frestir, sem gilda til málshöfðunar skv. VIII. kafla laga nr. 6/1978, hafa ekki átt við um þessa heimild.

Þar sem markmið þeirrar reglu, sem nú er í 60. gr. laga nr. 20/1923, er að vernda skuldheimtumenn þess hjónanna, sem gefur eftir réttindi sín við fjárslit í þeim mæli að það eigi ekki eftir nægar eignir til greiðslu skulda sinna, og þetta markmið er það sama og riftunarreglna við gjaldþrotaskipti, er lagt til að ákvæðið verði fellt inn í XX. kafla þessa frumvarps. Af þeirri tilfærslu reglunnar leiðir að henni verði ekki beitt nema við gjaldþrotaskipti og að auki ættu almennar reglur um fresti á þessum vettvangi þá við, bæði um að réttindaafsalið fari fram innan tiltekins tímabils fyrir frestdag og að mál verði höfðað til riftunar innan þess frests sem tilgreindur er í 148. gr. frumvarpsins.

Um 133.–137. gr.

Í 133.–137. gr. eru ákvæði 53.–57. gr. laga nr. 6/1978 tekin upp efnislega óbreytt með tveimur undantekningum.

Annars vegar er gert ráð fyrir að heimildir til riftunar verði rýmkaðar lítils háttar í 134. gr. Samkvæmt 54. gr. laga nr. 6/1978 er heimilt að rifta greiðslu skuldar á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag, m.a. ef greiðslan hefur ráðið úrslitum um greiðslugetu þrotamannsins. Ekki er kunnugt um að þessari riftunarreglu hafi verið beitt í framkvæmd, enda verður að telja að orðalag hennar leggi svo strangar kröfur á herðar þess, sem krefst riftunar, að erfitt sé að sjá fyrir tilvik þar sem reglunni yrði beitt. Má því ætla að reglan hafi lítið sem ekkert sjálfstætt gildi við hlið annarra riftunarreglna, eins og orðalag hennar er nú. Því er lögð til sú breyting á orðalagi þessa ákvæðis að riftun verði háð því að greiðsla hafi skert greiðslugetu þrotamanns verulega. Við þetta mundu möguleikar til að beita reglunni aukast, en þó ber að leggja áherslu á að orðalagsbreytingin felur aðeins í sér stigsmun en ekki eðlismun, og er þess ekki að vænta að reglunni yrði oft beitt til að rifta ráðstöfunum þrotamanns.

Hins vegar er lagt til í niðurlagi 1. mgr. 137. gr., sem að öðru leyti er sama efnis og 1. mgr. 57. gr. laga nr. 6/1978, að frestur verði lengdur úr þremur mánuðum í sex mánuði. Í því felst einungis að frestur þessi verði samræmdur frestum í öðrum ákvæðum þessa kafla, enda verður ekki séð að rök séu til þess að hafa annan frest í þessu tilviki en öðrum.

Um 138. gr.

Ákvæði 138. gr. eru sama efnis og 58. gr. laga nr. 6/1978, að frátöldum orðalagsbreytingum, og því að ákvæði 3. mgr. 24. gr. laganna um brottfall kyrrsetningar vegna gjaldþrotaskipta eru tekin hér upp, enda eiga þau efnislega betur við í samhengi við önnur fyrirmæli 138. gr. frumvarpsins en þar sem þeim er skipað í núgildandi lögum. Þá skal þess getið að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir sambærilegri reglu við 3. mgr. 58. gr. laga nr. 6/1978 þar sem ekki verður talin ástæða til að það undantekningarákvæði verði áfram í lögum.

Um 139.–142. gr.

Ákvæði 139.–142. gr. eru efnislega eins 59.–63. gr. laga nr. 6/1978.

Um 143. gr.

Regla 143. gr. á sér ekki hliðstæðu í lögum nr. 6/1978, en hún er í samræmi við það sem tíðkað hefur verið í framkvæmd og styðst við fræðikenningar í þessum efnum.

Ákvæði 1. málsl. 143. gr. miða við það að þeim sem er gert að sæta riftun, beri, að inna af hendi endurgreiðslu sína til þrotabúsins alveg óháð því hvenær skiptum kunni að ljúka og hvað hann kunni þá að fá upp í hugsanlegar kröfur sínar á hendur búinu. Er þannig gert ráð fyrir því að riftunarþoli njóti ekki réttar til skuldajafnaðar gagnvart endurgreiðslukröfunni. Hefur ríkt nokkur óvissa um þetta í framkvæmd og þykir nauðsynlegt að taka af tvímæli með því að setja um þetta ákveðnar reglur. Er tæpast hægt að sjá að reglan geti verið með öðrum hætti til þess að jafnræðis sé gætt milli kröfuhafa og riftunarþoli fái greiðslu sína um leið og aðrir kröfuhafar.

Er einnig lagt til í 143. gr. að riftunarþoli geti komið að upphaflegri kröfu sinni á hendur þrotabúinu miðað við stöðu hennar við upphaf skipta þannig að hann verði í öllu tilliti jafnsettur öðrum kröfuhöfum.

Um 144.–148. gr.

Ákvæði 144.–148. gr. eru sama efnis og reglur 64.–68. gr. laga nr. 6/1978 og þarfnast því ekki frekari skýringa.

Um 149.–153. gr.

Í XXI. kafla frumvarpsins, sem 149.–153. gr. heyra til, er fjallað um heimildir þrotamanns, eftir atvikum stjórnar gjaldþrota félags eða stofnunar, til að leita nauðasamnings við gjaldþrotaskipti. Þessum reglum frumvarpsins er ætlað að koma í stað ákvæða II. kafla laga nr. 19/1924, en þær eiga sér fremur fyrirmyndir í danskri löggjöf en að teljandi skyldleika gæti við núgildandi reglur. Eins og fram kemur í 2. mgr. 149. gr. er gengið út frá að reglum 3. þáttar frumvarpsins verði almennt beitt um nauðasamningsumleitanir við þessar aðstæður, þannig að efni XXI. kafla er í reynd bundið við að lýsa nauðsynlegum frávikum frá nefndum meginákvæðum frumvarpsins um nauðasamninga. Rétt er að nefna að í framkvæmd hefur hverfandi lítið reynt á reglur um gerð nauðasamninga við gjaldþrotaskipti og virðist ekki teljandi ástæða til að vænta þess að breyting yrði þar á þótt frumvarp þetta verði að lögum.

Í 149. gr. koma fram almenn fyrirmæli um gerð nauðasamninga við gjaldþrotaskipti. Er þannig í 1. mgr. mælt fyrir um tilvist heimildar til þessa og afmarkað á hvaða tímaskeiði gjaldþrotaskipta hún teljist fyrir hendi. Að ákvæðum 2. mgr. hefur þegar verið vikið, en í 3. mgr. er mælt fyrir um að skiptastjóri gegni sama hlutverki við nauðasamningsumleitanir við gjaldþrotaskipti eins og umsjónarmaður eftir fyrirmælum 3. þáttar. Þess nánast sjálfgefna atriðis er þó getið að skiptastjóri fari eftir sem áður með forræði á málefnum þrotabús þótt leitað sé nauðasamnings. Í 4. mgr. er síðan greint frá því hvernig ákvarða eigi fresti eftir fyrirmælum 3. þáttar, sem taka mið af deginum sem úrskurður gengur um heimild til nauðasamningsumleitana, þegar þeim yrði beitt við aðstæður XXI. kafla.

Í 150. gr. er mælt fyrir um hvernig þrotamaður eigi að bera sig að, ef hann vill leita nauðasamnings, hver gögn hann þurfi að láta af hendi í tengslum við það og hvernig skiptastjóri leggi mat á það hvort samningsumleitanir megi fara fram. Heimilað er sérstaklega að bera neitun skiptastjóra um framkvæmd samningsumleitana undir héraðsdómara. Verður ekki séð að einstök atriði 150. gr. þarfnist sérstakra skýringa.

Í 151. gr. er síðan mælt fyrir um undirbúning að því að frumvarp þrotamanns til nauðasamnings verði borið undir atkvæði á sérstökum skiptafundi í þrotabúinu og í 152. gr. er kveðið á um hvernig atkvæðagreiðslan sjálf fari fram. Reglur þessara ákvæða leiða í öllum aðalatriðum til þess að eins sé farið að á þessum vettvangi eins og við nauðasamningsumleitanir endranær, en þó er vert að vekja hér sérstaka athygli á tveimur frávikum frá því. Annars

vegar verður að gefa því gaum varðandi ákvæði 2. mgr. 151. gr. og 1. mgr. 152. gr. að ákvörðun atkvæðisréttar um samningsfrumvarp byggir á talsvert öðrum grunni en almennar reglur 46. og 48. gr., með því að þegar nauðasamnings væri leitað eftir XXI. kafla væri áður búið að gefa út innköllun vegna gjaldþrotaskiptanna og fara að meira eða minna leyti með lýstar kröfur eftir reglum 119. og 120. gr. Er því ólíku saman að jafna hver líkindi séu fyrir að deilur geti risið um atkvæðisrétt í þessum tveimur tilvikum. Hins vegar er rétt að vekja athygli á því að ef deilur rísa á annað borð um atkvæðisrétt við samningsumleitanir eftir XXI. kafla, sem gæti nánast eingöngu stafað af því að deilt væri um atkvæði í skjóli kröfu, sem ekki væri enn útkljáð um hvort fáist viðurkennd við gjaldþrotaskiptin, og ágreiningsatkvæði gætu ráðið niðurstöðu um samþykki samningsfrumvarps, þá kæmi ekki til kasta sérreglna 4. mgr. 52. gr. um atkvæðatalningu, heldur er ráðgert í 2. mgr. 152. gr. að leyst verði úr viðkomandi ágreiningsefnum eftir almennum reglum um meðferð krafna við gjaldþrotaskipti áður en endanleg niðurstaða fengist um samþykki frumvarpsins. Þetta á rætur að rekja til þess að við gjaldþrotaskiptin þyrfti hvort eð er að fá leyst úr viðkomandi ágreiningsefnum eftir reglum 2. mgr. 120. gr., sbr. 171. gr., þar sem kröfulýsing við gjaldþrotaskipti veitir lánardrottni rétt til fullnustu ef krafa hans er viðurkennd, gagnstætt því sem á við um kröfulýsingu við nauðasamningsumleitanir án gjaldþrotaskipta.

Í 1. mgr. 153. gr. er mælt fyrir um að ekki þurfi að auglýsa eða tilkynna sérstaklega þótt samningsfrumvarp þrotamanns hljóti ekki samþykki eða kröfu hans um staðfestingu nauðasamnings verði hafnað, enda er mælt fyrir um auglýsingu um lok gjaldþrotaskipta í 2. mgr. 162. gr., sem fæli í sér nægilega opinberun á því í fyllingu tímans að nauðasamningur hafi ekki komist á. Í 2. mgr. 153. gr. er að mestu vísað til almennra reglna IX. kafla um það hvernig verði staðið að staðfestingu nauðasamnings við gjaldþrotaskipti, en í þessu ákvæði er mælt fyrir um það sérstaka skilyrði fyrir staðfestingu nauðasamnings við þessar aðstæður að kröfur skv. 109.–112. gr. þurfi að vera greiddar, trygging verði sett fyrir þeim eða hlutaðeigandi kröfuhafar samþykki beinlínis staðfestingu nauðasamnings án greiðslu eða tryggingar. Þessi sérregla er sama efnis og ákvæði 2. mgr. 27. gr. laga nr. 19/1924.

Ef nauðasamningur kemst á við gjaldþrotaskipti leiðir hann til þess að gjaldþrotaskiptum ljúki þegar í kjölfarið, sbr. 1. mgr. 154. gr., en þá fengi þrotamaðurinn, eftir atvikum stjórn félags eða stofnunar, aftur forræði á hagsmunum sínum og þær eignir þrotabúsins í hendur sem hefði ekki enn verið ráðstafað.

Um 154. og 155. gr.

Í 154.–165. gr., sem mynda XXII. kafla frumvarpsins, er fjallað um úthlutun til kröfuhafa við gjaldþrotaskipti og lok skiptanna. Reglur þessa kafla samsvara í öllum aðalatriðum ákvæðum XVIII. kafla laga nr. 6/1978, en að frátöldu því að ákvæði frumvarpsins ráðgera ekki afskipti héraðsdómara af þessum atriðum, gagnstætt því sem gildir eftir lögum nr. 6/1978, felast flestar tillögur um breytingar frá núgildandi lögum hér ýmist í öðru orðalagi einstakra ákvæða, breyttri efnisröð þeirra eða aðlögun reglnanna að því sem venjur hafa myndast um í framkvæmd. Verður því ekki séð að tilefni sé til teljandi athugasemda við einstök ákvæði XXII. kafla nema þar sem frekari breytingar eru ráðgerðar en þetta á við um.

Í 154. gr. er mælt fyrir um sams konar málalok við gjaldþrotaskipti og nú er kveðið á um í 121. gr. laga nr. 6/1978, með því að nauðasamningur komist á við gjaldþrotaskipti eða allar lýstar kröfur verði afturkallaðar. Efnislegar breytingar eru ekki lagðar til í þessum efnum frá því sem hefur tíðkast í framkvæmd á grundvelli núgildandi reglna.

Ákvæði 155. gr. um lok gjaldþrotaskipta á eignalausum eða mjög eignalitlum þrotum eru sambærileg reglum 120. gr. laga nr. 6/1978. Ákvæði 155. gr. eru þó til muna fyllri að því leyti að mælt er þar beinlínis fyrir um atriði sem hefur þótt mega draga ályktanir um af reglum nefndrar 120. gr. í framkvæmd.

Um 156. gr.

Í 156. gr. er mælt fyrir um hvenær og hvernig staðið verði að greiðslu á kröfum og eftir atvikum greiðslu upp í þær áður en gjaldþrotaskiptum er lokið með formlegri úthlutunargerð. Ákvæðin um þetta fela í sér ráðagerð um sömu tilhögun og hefur verið viðhöfð í framkvæmd á grundvelli 122. og 123. gr. laga nr. 6/1978.

Um 157. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er mælt fyrir um heimildir skiptastjóra til að ákveða að ljúka skiptum þótt enn kunni að vera óútkljáð hvernig fari um viðurkenningu einstakra krafna á hendur þrotabúinu eða þrotabúið telji til réttinda sem það getur ekki enn ráðið yfir. Þegar þannig stendur á er gert ráð fyrir að skiptastjóri taki frá fé til að mæta umdeildum kröfum og eftir atvikum til að standa straum af væntanlegum útgjöldum vegna meðferðar eigna, sem síðar komast í hendur þrotabúsins, en að öðru leyti verður skiptum lokið eftir almennum reglum með fyrirvara um að til endurupptöku komi á síðari stigum. Samsvarandi heimildir felast nú í 124. og 126. gr. laga nr. 6/1978, en gagnstætt því sem ráðgert er í 157. gr. frumvarps er beiting þeirra háð ákvörðun héraðsdómara. Þá má vekja athygli á því að í 157. gr. er tekið beinlínis fram að skiptastjóra sé ætlað að fylgja réttindum þrotabúsins eftir þótt skiptum verði lokið eftir þessum heimildum, en þetta hefur verið gert í framkvæmd þótt ekki sé berum orðum mælt fyrir um það í ákvæðum laga nr. 6/1978.

Um 158.–160. gr.

Í þessum ákvæðum frumvarpsins er mælt fyrir um þau almennu málalok sem verða við gjaldþrotaskipti þegar eignir eru á annað borð fyrir hendi til greiðslu krafna. Þau eiga sér stað með því að gert er frumvarp til úthlutunar úr þrotabúi, sem síðan er lagt fram á skiptafundi þar sem hlutaðeigendum gefst kostur á að hafa uppi athugasemdir við efni þess eða mótmæli gegn því, en komi ekki fram mótmæli gegn frumvarpinu verður skiptum lokið þá þegar á grundvelli þess. Þá er mælt fyrir um það í 3.–5. mgr. 160. gr. hvernig farið verði að ef mótmæli koma fram gegn frumvarpi, en slíkt gerist sárasjaldan í framkvæmd.

Með þeim fyrirvara enn á ný að héraðsdómara sé ekki ætlað að hafa afskipti af málalokum við gjaldþrotaskipti, nema ágreiningur verði um þau, er gert ráð fyrir að ákvæði 158.–160. gr. leiði til nánast óbreyttrar framkvæmdar frá þeirri sem tíðkast eftir fyrirmælum 127., 128. og 130. gr. laga nr. 6/1978. Í þessum ákvæðum frumvarpsins eru þó ítarlegri reglur um efni frumvarps til úthlutunar, sem styðjast við fastar venjur í framkvæmd, og um meðferð ágreinings um það, en um það atriði eru nánast engin fyrirmæli í núgildandi lögum. Að öðru leyti þykir mega vísa hér til þess að ákvæði 158.–160. gr. eru nánast samhljóða ákvæðum 78.–80. gr. frumvarps til laga um skipti á dánarbúum o.fl., en í athugasemdum við það frumvarp er vikið mun nánar að einstökum atriðum sem eru þessum ákvæðum sameiginleg.

Um 161. gr.

Í 161. gr. er gert ráð fyrir því að skiptastjóri eigi að inna af hendi greiðslur til kröfuhafa, sem hefur verið kveðið á um í frumvarpi til úthlutunar, tafarlaust eftir að skiptum er lokið með samþykki þess. Tekið er beinlínis fram að skiptastjóri eigi að senda þessar greiðslur hlutaðeigendum, en að auki er mælt sérstaklega fyrir um hvernig bregðast eigi við ef ekki reynist unnt að koma greiðslu til skila með þessum hætti og ef lánardrottinn afsalar sér greiðslu eða endursendir hana. Þessi ákvæði eru í nær öllum atriðum í samræmi við fastar venjur sem hafa myndast í þessum efnum í framkvæmd, en sú framkvæmd hefur vikið um margt frá reglum laga nr. 6/1978 og gera ákvæði frumvarpsins það því að sama skapi. Í þessu sambandi má einkum minnast annars vegar á það að eftir 129. gr. laganna er ekki ætlast til að kröfuhafar fái greitt fyrr en að liðnum þriggja mánaða áfrýjunarfresti sem byrjar að líða við lok

skipta. Þeirri reglu hefur svo til aldrei verið fylgt, enda þjónar hún ekki neinum sýnilegum tilgangi, en hún gæti enn síður átt við eftir ákvæðum þessa frumvarps í ljósi þess að framkvæmd gjaldþrotaskipta yrði að engu leyti talin dómsathöfn sem gæti sætt áfrýjun til Hæstaréttar. Hins vegar má nefna að í 130. gr. laga nr. 6/1978 virðist vera gert ráð fyrir þeirri tilhögun að lánardrottnar verði að vitja greiðslna eftir úthlutunargerð, en þetta er reyndar ekki með öllu tvímælalaust eftir orðalagi nefnds ákvæðis. Allt að einu hefur allar götur frá gildistöku laganna verið staðið þannig að verki, sem mælt er fyrir í 161. gr. frumvarpsins, að greiðslur hafi verið sendar lánardrottnum.

Ekki verður séð að ástæða sé til að víkja frekar að einstökum atriðum 161. gr.

Um 162. gr.

Í 162. gr. er mælt fyrir um þær tilkynningar sem skiptastjóra er ætlað að standa að um lok gjaldþrotaskipta. Annars vegar er ráðgert í 1. mgr. að hann tilkynni héraðsdómara skriflega um lok skipta og láti um leið í té endurrit fundargerðar af skiptafundi þar sem skiptum var lokið og úthlutunargerð eða yfirlit um fjárreiður búsins sem var lagt til grundvallar við málalokin. Eftir eðli málsins er ekki um tilkynningar sem þessar að ræða samkvæmt núgildandi lögum því héraðsdómara er ætlað sjálfum að eiga þátt að skiptalokum. Hins vegar er gert ráð fyrir því í 2. mgr. að skiptastjóri fái birta auglýsingu um skiptalokin í Lögbirtingablaði, en regla þessa ákvæðis er sama efnis og 1. mgr. 132. gr. laga nr. 6/1978.

Um 163. og 164. gr.

Í 163. og 164. gr. er mælt fyrir um hvernig verði staðið að verki við endurupptöku gjaldþrotaskipta, en til hennar gæti komið vegna þess að skiptum hafi áður verið lokið án þess að öllum atriðum hafi verið ráðið til lykta, sbr. 157. gr., eða eign komi fram sem tilheyrir þrotabúinu en ekki var kunnugt um áður en skiptum var lokið. Fyrirmæli þessara greina taka mið af því hvernig staðið hefur verið að endurupptöku í framkvæmd, en þau eru að mun ítarlegri en ákvæði 126. og 131. gr. laga nr. 6/1978. Verður ekki séð að einstök atriði þessara ákvæða þarfnist sérstakra skýringa.

Um 165. gr.

Í 1. mgr. 165. gr. er tekið fram að gjaldþrotaskipti verði ekki endurupptekin í öðrum tilvikum en þeim sem ákvæði 163. og 164. gr. taki til, en með þessari reglu eru tekin af öll tvímæli um að önnur atvik geti ekki leitt til endurupptöku, t.d. að mistök hafi verið gerð við framkvæmd skiptanna eða að þrotamaðurinn greiði allar lýstar kröfur eftir lok skipta að því leyti sem þær greiddust þar ekki. Ekki er mælt berum orðum fyrir um reglu sem þessa í ákvæðum laga nr. 6/1978, en gengið hefur verið út frá gildi hennar í framkvæmd.

Í 2. mgr. 165. gr. er mælt fyrir um það hvernig fari um þær kröfur, sem greiðast ekki við gjaldþrotaskipti, eða eftir atvikum þann hluta þeirra sem fæst ekki fullnægt. Er kveðið á um að þrotamaðurinn beri ábyrgð á kröfunum að þessu leyti, en fyrningarfrestur á þeim byrji að líða á ný við lok skipta eða eftir atvikum þegar kröfu var lýst, eftir því hvort krafa hafi verið viðurkennd við skiptin eða ekki. Með þessum ákvæðum er ætlast til þess að gjaldþrotaskiptin leiði til rofa á fyrningu, en síðan byrji sá fyrningartími að líða á ný sem eigi við um hverja kröfu um sig. Að þessu leyti eru ákvæði 2. mgr. 165. gr. frábrugðin reglum 133. gr. laga nr. 6/1978, með því að þær leiða til þess að nýji fyrningartíminn á kröfunum, sem komi til vegna gjaldþrotaskipta, verði ávallt tíu ár og það án tillits til þess hver fyrningartími hefði annars gilt um viðkomandi tegund kröfu. Verður að telja þessa breyttu reglu eðlilegri, ekki síst af tilliti til hagsmuna þrotamanns. Nefna má að ákvæði 2. mgr. 165. gr. geta eftir eðli sínu aðeins tekið til aðstæðna þegar um er að ræða gjaldþrotaskipti á búi einstaklings því lok gjaldþrotaskipta á búi

félags eða stofnunar leiða til þess að hún verði endanlega afmáð, nema um sé að ræða skiptalok eftir 154. gr. frumvarpsins, en á hvorn veginn sem væri gæti eftir eðli málsins ekki reynt á þessa ábyrgð félags eða stofnunar eftir lok skipta.

Um 166. gr.

Hér er um að ræða fyrsta ákvæði 5. þáttar frumvarpsins þar sem fram koma reglur um hvernig leyst verði úr ágreiningsefnum fyrir dómstólum, sem rísa í tengslum við greiðslustöðvun, nauðasamningsumleitanir og gjaldþrotaskipti. Ákvæði 5. þáttar leiða til þess að það verði að mestu sams konar ágreiningsefni, sem komi til úrlausnar eftir sérreglum frumvarpsins um málsmeðferð, og nú koma til úrlausnar eftir ákvæðum laga nr. 6/1978 og 19/1924, og málsmeðferðin sem slík yrði að verulegu leyti áþekk eftir ákvæðum frumvarpsins eins og nú gildir eftir ákvæðum nefndra laga. Ákvæðum 5. þáttar er skipt í þrjá kafla, XXIII. kafla, sem fjallar um það hver ágreiningsefnin séu, sem komi til úrlausnar eftir sérreglum frumvarpsins, og hvern aðdraganda það hafi að þau komi til kasta dómstóla, XXIV. kafla, sem fjallar um málsmeðferðina fyrir héraðsdómi, og XXV. kafla, sem geymir reglur um málskot til æðra dóms. Ákvæði 5. þáttar frumvarpsins eru í vel flestum atriðum hliðstæð ákvæðum 5. þáttar frumvarps til laga um skipti á dánarbúum o.fl., sem tekur til sömu atriða á þeim vettvangi. Að vísu eru ákvæði XXIII. kafla þessa frumvarps frábrugðin ákvæðum XVI. kafla frumvarps til laga um skipti á dánarbúum o.fl. í ýmsum atriðum, sem er óhjákvæmilegt af tilliti til séreðlis annarra reglna hvors frumvarpsins fyrir sig, en ákvæði XXIV. og XXV. kafla þessa frumvarps eru nánast samhljóða ákvæðum XVII. og XVIII. kafla umrædds frumvarps.

Ákvæði 166.–173. gr. þessa frumvarps, sem heyra til XXIII. kafla þess, geyma sem áður segir annars vegar reglur um það hver þau ágreiningsefni séu, sem dómstólar leysi úr eftir reglum 5. þáttar, og hins vegar um það hvernig ágreiningsmálin komi til kasta dómstóla. Um síðarnefnda atriðið má segja að almennt komi þessi mál í hendur dómstóla eftir annarri af tveimur leiðum. Ýmist er um það að ræða eftir XXIII. kafla að gert sé ráð fyrir að ágreiningur rísi á dómþingi þar sem verið er að taka fyrir málefni eftir tilteknum ákvæðum 2.–4. þáttar frumvarpsins, og að ágreiningsmálið verði þá tekið rakleitt til sérstakrar meðferðar, eða að ágreiningur rísi um afmörkuð atriði við nauðasamningsumleitanir eða framkvæmd gjaldþrotaskipta, sem verður beint eftir sérstökum reglum til héraðsdóms til úrlausnar. Í síðarnefndu tilvikunum er mælt fyrir um hvernig verði staðið að því að koma ágreiningsmáli í hendur héraðsdómara og hver gögn þurfi að fylgja slíku erindi. Á hvorn veginn sem þessu er háttað fjalla ákvæði XXIII. kafla einnig að nokkru um það hvernig dómari ákveði hver verði talinn sóknaraðili og varnaraðili í hverju afbrigði ágreiningsmála og einnig má finna í einstökum ákvæðum kaflans sérfyrirmæli um takmarkanir á heimildum til að fresta vissum tegundum mála.

Í 166. gr. koma fram reglur um ágreiningsmál sem geta risið í tengslum við greiðslustöðvun, en þau geta annars vegar komið til með því að lánardrottinn mótmæli að skuldara verði veitt heimild til áframhaldandi greiðslustöðvunar, sbr. 16. gr., eða að lánardrottinn krefjist að heimild skuldarans verði felld niður, sbr. 26. gr. Vert er að nefna í þessu sambandi að meðferð beiðni skuldara um heimild til áframhaldandi greiðslustöðvunar færi ekki eftir ákvæðum 5. þáttar í öðrum tilvikum en þeim, þar sem lánardrottinn mótmælir henni eftir reglum 16. gr., heldur eftir almennum ákvæðum III. kafla, og ekki yrði heldur fjallað um niðurfellingu greiðslustöðvunar eftir reglum 5. þáttar í öðrum tilvikum en þeim, sem 26. gr. varðar, heldur færi um slíkt til fullnaðar eftir reglum 24. og 25. gr.

Í þeim tveimur tilvikum, þar sem ágreiningur varðar heimild til greiðslustöðvunar og sem ákvæði 166. gr. taka til, er um það að ræða að viðkomandi málefni yrðu þegar komin í hendur héraðsdómara til meðferðar áður en í ljós kæmi að ágreiningur væri uppi. Þannig væri

héraðsdómari þegar að fást við beiðni skuldarans um áframhaldandi heimild til greiðslustöðvunar þegar fram kæmu mótmæli lánardrottins gegn henni skv. 16. gr., og héraðsdómari væri að taka fyrir kröfu lánardrottins um niðurfellingu heimildar til greiðslustöðvunar, sbr. 26. gr., þegar fram kæmi að skuldari mótmæli slíkri kröfu. Ágreiningurinn sem slíkur risi þannig í bókstaflegum skilningi á dómþingi, eins og segir í upphafi 1. og 2. mgr. 166. gr. Dómarinn þyrfti því ekki að boða hlutaðeigendur frekar til þinghalds um ágreininginn, heldur yrði brugðist við mótmælum á dómþingi með því að beina málarekstrinum strax inn á brautir 166. gr. og XXIV. kafla.

Bæði í 1. og 2. mgr. 166. gr. koma fram reglur um það hvern beri að telja sóknaraðila og hvern varnaraðila í dómsmáli sem kæmi til á þennan hátt. Eftir atvikum gætu varnaraðilar orðið tveir eða fleiri í máli skv. 1. mgr., en tekið er fram að ekki skipti máli í þeim efnum hvort slíkir varnaraðilar byggi málstað sinn á sama grunni eða ekki.

Í 3. mgr. 166. gr. koma fram sérstakar reglur um meðferð mála skv. 1. og 2. mgr. ákvæðisins, sem leiða til vissra frávika frá almennu málsmeðferðarreglunum í XXIV. kafla. Eftir upphafsorðum 3. mgr. yrði aðalreglan sú að mál yrði tekið til úrskurðar þegar í því þinghaldi, sem ágreiningur hefur komið fram í, að því undangengnu að málsaðilum gæfist kostur á að leggja fram gögn sem þeir hefðu meðferðis og tjá sig stuttlega um ágreiningsefnið án þess að um formlegan málflutning væri að ræða. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir því að ef annar málsaðilinn, eftir atvikum einn þeirra, krefst þess, þá beri dómaranum að fresta málinu til nýs þinghalds, þar sem annars vegar yrðu lagðar fram skriflegar greinargerðir beggja eða allra aðilanna og hins vegar færi fram aðalflutningur málsins og yrðu þá m.a. teknar munnlegar skýrslur á dómþingi ef þörf krefði. Frestun máls til aðalflutnings má hins vegar ekki vera til lengri tíma en þriggja sólarhringa, en þessi stutti frestur er settur af tilliti til þess að nauðsyn ber til að leyst verði úr þessum málefnum á sem skemmstum tíma, auk þess að hann þykir nauðsynlegur af tilliti til ákvæða 1. mgr. 17. gr. varðandi mál skv. 1. mgr. 166. gr.

Að öðru leyti en hér hefur verið greint færi málsmeðferð í umræddum tilvikum eftir almennum reglum XXIV. kafla, en vegna sérfyrirmæla í 166. gr. mundi ekki reyna á reglur 174. og 175. gr. og væntanlega að auki fremur lítið á sum atriði í 176. og 177. gr.

Um 167. gr.

Í 167. gr. koma fram reglur um ágreiningsmál sem geta risið í tengslum við heimild til að leita nauðasamnings og leyst yrði úr í sérstöku dómsmáli eftir reglum 5. þáttar. Þau mál, sem hér er um að ræða, eru annars vegar þau sem stafa af kröfu lánardrottins eða umsjónarmanns með samningsumleitunum um að heimild skuldara verði felld niður, sbr. 42. gr., og hins vegar þau sem eiga rætur að rekja til mótmæla gegn því að krafa skuldara um staðfestingu nauðasamnings verði tekin til greina. Með sama hætti og greint var frá í athugasemdum við 166. gr. kæmu ágreiningsmál sem þessi upp í tilvikum þar sem viðkomandi málefni væru þegar komin í hendur dómara til meðferðar og rísa þannig ágreiningsefnin á dómþingi eins og segir í upphafi 1. og 2. mgr. 167. gr. Dómarinn tæki því ágreiningsmál sem þessi þegar í stað til sérstakrar meðferðar eftir nánari fyrirmælum 167. og XXIV. kafla.

Í tengslum við reglur 167. gr. er rétt að benda á að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir frekari heimildum til að beina ágreiningsefnum í tengslum við nauðasamningsumleitanir til héraðsdómara en hér um ræðir, ef frá er talinn sá kostur að leita mætti úrlausnar um kröfu um frávikningu umsjónarmanns með nauðasamningsumleitunum í skjóli 169. gr., sbr. 2. mgr. 39. gr. og 3. mgr. 76. gr. Ágreiningsefnum um nauðasamningsumleitanirnar sjálfar, t.d. um atkvæðisrétt um samningsfrumvarp, yrði því ekki skotið út af fyrir sig til dómstóla, en á þau mundi hins vegar mega reyna með því að mótmæli yrðu höfð uppi gegn kröfu um staðfestingu nauðasamnings, sbr. 2. mgr. 167. gr., á þeim grunni að ranglega hafi verið staðið að framkvæmd samningsumleitana.

Í 1. og 2. mgr. 167. gr. koma fram sérstakar reglur um hver verði talinn sóknaraðili að ágreiningsmálum sem þessum og hver varnaraðili. Eftir atvikum gætu varnaraðilar orðið tveir eða fleiri í máli skv. 2. mgr. 167. gr.

Í 3. mgr. 167. gr. er vísað til 3. mgr. 166. gr. um tiltekin frávik frá almennum reglum XXIV. kafla um meðferð mála skv. 1. og 2. mgr. 167. gr., en sérstaklega er þó tekið fram að fresta megi málum sem þessum til aðalflutnings í allt að tvær vikur í stað þeirra þriggja sólarhringa sem um ræðir í 3. mgr. 166. gr. Að þessu frátöldu má vísa hér til áður framkominna athugasemda varðandi ákvæði 3. mgr. 166. gr.

Um 168. gr.

Í 168. gr. er kveðið á um meðferð ágreinings sem kann að rísa með því að skuldari mótmæli kröfu lánardrottins um að bú hans verði tekið til gjaldþrotaskipta þegar hún yrði tekin fyrir á dómþingi, sbr. 4. mgr. 70. gr. Líkt og í 166. og 167. gr. risi ágreiningur sem þessi eftir að héraðsdómari væri kominn með málefnið í hendur, en eftir 168. gr. yrði brugðist við ágreiningnum með hliðstæðum hætti og mælt er fyrir um í nefndum ákvæðum. Dómari tæki þannig ágreiningsefnið þegar til úrlausnar eftir nánari fyrirmælum 168. gr. og XXIV. kafla og mundi leysa úr því í úrskurði þar sem mælt væri annaðhvort fyrir um að bú skuldarans væri tekið til gjaldþrotaskipta eða að kröfu hlutaðeigandi lánardrottins þess efnis væri hafnað.

Í 1. mgr. 168. gr. kemur fram regla um hver verði talinn sóknaraðili máls sem þessa og hver varnaraðili, en síðan er vísað til áður umræddrar reglu 3. mgr. 166. gr. um frávik frá almennum reglum XXIV. kafla um málsmeðferðina sem slíka. Þó er hér, líkt og í 3. mgr. 167. gr., mælt fyrir um að frestur til aðalflutnings í máli af þessum toga megi vera allt að tvær vikur.

Um 169. gr.

Í 76. gr. er fjallað um heimildir þeirra, sem hafa uppi kröfur á hendur þrotabúi, til að bera upp aðfinnslur um störf skiptastjóra við héraðsdómara og eftir atvikum að krefjast þess beinlínis að skiptastjóranum verði vikið úr starfi. Samkvæmt 3. mgr. 76. gr. getur sá sem finnur að störfum skiptastjóra krafist þess við héraðsdómara að hann taki afstöðu til kröfu um frávikningu skiptastjóra í úrskurði sem mætti þá skjóta til æðra dóms ef því væri að skipta. Í 169. gr. er mælt nánar fyrir um hvernig slík krafa um formlegan úrskurð yrði höfð uppi. Samkvæmt 1. mgr. 169. gr. ber þeim sem æskir úrskurðarins að beina skriflegri kröfu til héraðsdómstólsins þar sem hlutaðeigandi skiptastjóri var skipaður til starfa, en í henni verður að greina frá þeim atriðum, sem eru talin í 1.–3. tölul. 1. mgr. 169. gr., og skv. 2. mgr. 169. gr. verða þau gögn að fylgja kröfunni, sem hún er studd við. Í 3. mgr. 169. gr. kemur fram að héraðsdómari fari eftir reglum XXIV. kafla, þegar krafa í þessum búningi hefur borist honum þannig að undirbúningur að rekstri málsins og meðferð þess fari eftir nefndum reglum. Í niðurlagi 3. mgr. er tekið fram hvernig fari um aðild að málum sem þessum.

Svo sem ráða má af þessu eiga þau mál, sem ákvæði 169. gr. taka til, sér nokkuð annan aðdraganda en þau sem reglur 166.–168. gr. ná til og áður hefur verið fjallað um. Í tilvikum sem eiga undir 169. gr. er þannig ekki um það að ræða að ágreiningur komi upp um málefni, sem er áður komið í hendur héraðsdómara, heldur er málefninu beint til hans gagngert til að fá leyst úr því. Af þessum sökum tæki dómari ekki mál sem þessi rakleitt til úrlausnar, líkt og ráðgert er í 166.–168. gr., heldur yrði hann að boða aðilanna til þinghalds um kröfuna eftir ákvæðum 174. og 175. gr. og fara upp frá því með málið eftir öðrum almennum reglum 24. kafla.

Rétt er að ítreka það hér, sem kom fram í athugasemdum við 167. gr., að ákvæðum 169. gr. mætti beita til að fá leyst úr kröfu um frávikningu umsjónarmanns með nauðasamningsumleitunum, en þetta leiðir af tilvísun 2. mgr. 39. gr. til almennra ákvæða XIII. kafla um skiptastjóra, sem felur m.a. í sér að frávikningarheimildin í 76. gr. getur átt við um umsjónarmann.

Um 170. gr.

Í 170. gr. er mælt fyrir um meðferð tvenns konar ágreiningsefna sem kunna að rísa á dómþingi, annars vegar um kröfu skiptastjóra um skyldu þrotamanns eða forráðamanns gjaldþrota félags eða stofnunar til að veita sér aðgang að húsakynnum til að leita eigna eða gagna þrotabús, sbr. 3. mgr. 82. gr., og hins vegar um kröfu skiptastjóra um að þrotamanni eða forráðamanni verði meinuð för úr landi, sbr. 1. mgr. 83. gr. Með hliðstæðum hætti og í þeim tilvikum, sem eiga undir ákvæði 166.–168. gr., risi ágreiningurinn hér á dómþingi þar sem héraðsdómari tæki fyrir umræddar kröfur skiptastjóra, með því að þeir sem kröfur beinast að mótmæli að þær verði teknar til greina. Héraðsdómari tæki því ágreiningsefni eftir 1. mgr. 170. gr. rakleitt til frekari meðferðar eftir ákvæðum greinarinnar og XXIV. kafla.

Í niðurlagi 1. mgr. 170. gr. er mælt fyrir um að þrotabú, sem skiptastjóri hefði uppi kröfur sem þessar fyrir, skuli teljast sóknaraðili að máli samkvæmt ákvæðinu, en sá sem krafan beinist gegn verður varnaraðili.

Samkvæmt 2. mgr. 170. gr. fer um meðferð mála af þessum toga eftir sérreglu 3. mgr. 166. gr. þannig að ekki yrði að öðru jöfnu um eiginlegan flutning þeirra að ræða áður en þau yrðu tekin til úrskurðar. Eftir kröfu bæri þó að fresta máli í allt að þrjá sólarhringa til framlagningar greinargerða og aðalflutnings, en gagnstætt því sem á við eftir 3. mgr. 166. gr. nægir ekki að annar málsaðilinn krefjist þessarar frestunar, heldur verða þeir að sameinast um slíkar óskir. Telja verður þessa afbrigðilegu málsmeðferð nauðsynlega í ljósi þeirra málefna, sem 1. mgr. 170. gr. tekur til, enda mætti ætla að frestun máls geti leitt til hættu á að þeir hagsmunir fari forgörðum, sem ákvæðinu er einmitt ætlað að vernda.

Um 171. gr.

Í 171. gr. kemur fram almenna regla frumvarpsins um það hvernig leyst verði úr ágreiningsmálum sem koma upp í tengslum við framkvæmd gjaldþrotaskipta, þar á meðal við nauðasamningsumleitanir eftir XXI. kafla, og falla ekki undir einhverja þeirra sérreglna sem koma fram fyrr í XXIII. kafla. Í þessu sambandi er rétt að benda á það að með samanburði ákvæða 171. gr. við reglur 172. og 173. gr. má sjá að ekki sé ætlast til að farið verði eftir 171. gr. eða XXIV. kafla við úrlausn allra ágreiningsefna, sem geta komið upp við gjaldþrotaskipti, því það leiðir beinlínis af 172. og 173. gr. að verulegar takmarkanir séu á því að leyst verði úr um skyldu þriðja manns við þrotabú eftir reglum frumvarpsins. Reglur 171. gr. taka þannig fyrst og fremst til ágreinings sem rís um réttindi þriðja manns á hendur þrotabúi eða hvernig staðið verði að framkvæmd gjaldþrotaskiptanna sem slíka, en sú skipan, sem hér um ræðir, er hliðstæð þeirri sem leiðir af núgildandi lagareglum.

Í 1. mgr. 171. gr. kemur fram að skiptastjóra sé skylt að hlutast til um að leita úrlausnar héraðsdómara um ágreiningsefni, sem upp koma í tengslum við gjaldþrotaskipti, ýmist eftir því sem beinlínis er mælt fyrir um í öðrum ákvæðum frumvarpsins eða eftir því sem skiptastjóri telur sjálfur þörf. Þau ágreiningsefni sem ákvæði frumvarpsins skylda skiptastjóra beinlínis til að beina til héraðsdómara eftir þessari reglu, eru eftirfarandi:

— ágreiningur um viðurkenningu lýstrar kröfu, sbr. 2. mgr. 120. gr., þar á meðal kröfu sem berst eftir lok kröfulýsingarfrests, sbr. 121. gr., og kröfu sem ekki hefur verið útkljáð um þegar skuldari leitar nauðasamnings við gjaldþrotaskipti, sbr. 2. mgr. 152. gr.,
— ágreiningur um ákvörðun eða aðgerð skiptastjóra varðandi ráðstöfun á hagsmunum þrotabús, sbr. 3. mgr. 128. gr., þar á meðal um ráðstöfun eignar, sem á sér stað án þess að söluverð hrökkvi fyrir veðkröfum, sbr. 6. mgr. 129. gr.,
— ágreiningur um hvort frumvarp að nauðasamningi verði tekið til meðferðar við gjaldþrotaskipti, sbr. 3. mgr. 150. gr.,
— ágreiningur um hvort gjaldþrotaskiptum verði lokið skv. 2. mgr. 154. gr. vegna greiðslu eða afturköllunar allra krafna á hendur þrotamanni, sbr. 4. mgr. ákvæðisins,

— ágreiningur um hvort gjaldþrotaskiptum verði lokið vegna eignaleysis þrotabús, sbr. 2. mgr. 155. gr.,
— ágreiningur um frumvarp til úthlutunar í þrotabúi, sbr. 5. mgr. 160. gr.

Ætla má að þau ákvæði, sem hér hafa verið nefnd og skylda skiptastjóra til að hlutast til um að dómsúrlausn verði fengin um ágreining, nái til flestra aðstæðna þar sem ágreiningur getur á annað borð komið upp á þessu sviði. Það verður hins vegar ekki útilokað að einhver óvenjulegri ágreiningstilvik geti komið upp, þar sem ekki væri unnt að heimfæra aðstæður undir einhverja af framangreindum reglum sem skylda skiptastjóra til að leita úrlausnar. Einmitt af þeim sökum er ráðgerð sú sérstaka heimild, sem kemur fram í 1. mgr. 171. gr., handa skiptastjóra til að beina öðrum ágreiningsatriðum til héraðsdómara en þeim sem honum er beinlínis skylt. Í sambandi við þessa reglu verður að hafa í huga, að þótt hún feli aðeins í sér heimild til að leita jafnharðan úrlausnar á ágreiningi sem kemur upp við framkvæmd gjaldþrotaskipta, þá er síður en svo um það að ræða að komist yrði hjá því að ágreiningur fengist leiddur til lykta með því að skiptastjóri ákveði einfaldlega að nýta sér ekki heimildina. Þau ágreiningsefni, sem gætu átt undir þessa heimild, hljóta nánast alltaf eftir eðli máls að vera þannig vaxin að hafa mætti þau uppi í tengslum við lok skipta, en eftir reglum 154., 155. og 160. gr. væri óhjákvæmilegt að það reyndi þá á þau fyrir dómi. Sinnuleysi skiptastjóra um að nýta heimildina í 1. mgr. 171. gr. yrði þannig ekki til þess að réttindum annarra yrði stefnt í tvísýnu, heldur aðeins til þess að niðurstaða fengist ekki um ágreiningsefni fyrir enn á lokastigi skipta.

Í 171. gr. er byggt á því að skiptastjóri eigi alltaf frumkvæðið að því að ágreiningsefni komi til kasta dómstóla, en með því er útilokað að t.d. lánardrottnar geti gripið til slíkra aðgerða upp á eindæmi sitt. Þótt lánardrottnar og aðrir, sem kunna að hafa hagsmuna að gæta af úrlausn ágreiningsefna, kunni að virðast ráðalausir í þessum efnum við fyrstu sýn, ber að hafa í huga að ef skiptastjóri sinnti ekki skyldu til að beina ágreiningi til héraðsdómara þá væri um að ræða augljósa vanrækslu hans í starfi. Bera mætti aðfinnslur vegna slíkrar vanrækslu upp við héraðsdómara skv. 76. gr. og eftir atvikum að krefjast að skiptastjóra verði vikið úr starfi, sbr. einnig 169. gr. Má þannig telja tryggt að ágreiningur fái ekki að liggja óleystur þótt svo ólíklega færi að skiptastjóri hlutaðist ekki til um að beina honum til héraðsdóms.

Í 171. gr. er mælt nánar fyrir um það til hvaða héraðsdómstóls skiptastjóri eigi að beina kröfu um úrlausn ágreinings og með hvaða hætti það verði gert. Þá er í 3. mgr. 171. gr. að finna leiðbeiningarreglu um það hvernig aðild að málum sem þessum verði almennt hagað, en um frekari undirbúning máls og meðferð þess er vísað til almennra reglna XXIV. kafla. Verður ekki séð að einstök atriði í þessu sambandi þarfnist sérstakra skýringa.

Um 172. og 173. gr.

Í þessum ákvæðum er mælt fyrir um þau tilvik þar sem leyst verður úr um skyldu þriðja manns gagnvart þrotabúi í máli samkvæmt XXIV. kafla, en eins og áður var nefnt heyrir heimild til þessa til undantekninga. Reglur 172. og 173. gr. eru efnislega samhljóða ákvæðum í 124.–126. gr. frumvarps til laga um skipti á dánarbúum o.fl., en þau ákvæði er skýrð í allnokkru máli í athugasemdum við það frumvarp. Þykir því mega vísa hér til þeirrar umfjöllunar varðandi einstök atriði 172. og 173. þessa frumvarps.

Um 174.–178. gr.

Í 174.–178. gr., sem til samans mynda XXIV. kafla frumvarpsins, er mælt fyrir um hvernig þau mál verði rekin í héraði, sem koma til kasta dómstóla eftir reglum XXIII. kafla. Er kveðið á um það hvernig staðið verði að tilteknum atriðum við meðferð máls í héraði, en í 2. mgr. 178. gr. er síðan vísað til almennra reglna í lögum um meðferð einkamála í héraði, nr.

85/1936, um önnur atriði í þessum efnum. Efni annarra ákvæða XXIV. kafla en þessa síðastnefnda felur þannig í reynd í sér lýsingu á þeim atriðum í málsmeðferðinni þar sem vikið er frá nefndum almennum reglum.

Ákvæði 174.–178. gr. eru nánast samhljóða ákvæðum 127.–131. gr. frumvarps til laga um skipti á dánarbúum o.fl. Þykir því mega vísa hér til athugasemda við nefnt frumvarp um skýringar á einstökum atriðum, sem koma fram í ákvæðum 174.–178. gr. þessa frumvarps.

Um 179. gr.

Hér er um að ræða eina ákvæði XXV. kafla þar sem mælt er fyrir um heimildir til að skjóta úrskurðum og eftir atvikum ákvörðunum héraðsdómara samkvæmt reglum frumvarpsins til æðra dóms, málskotsleið, framkvæmd málskots og áhrif þess. Ákvæði 179. gr. eru í öllum atriðum eins og ákvæði 133. gr. frumvarps til laga um skipti á dánarbúum o.fl., og þykir því enn mega vísa til athugasemda við það frumvarp um skýringar á atriðum, sem ella hefði verið ástæða til að gera hér frekari skil.

Um 180.–182. gr.

Ef frumvarp þetta verður að lögum er mælt svo fyrir í 180. gr. að þau öðlist gildi 1. júlí 1992, eða á sama tíma og lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, og ýmis önnur heildarlög á sviði réttarfars, sem eru sniðin að nýrri skipan dómstóla og framkvæmdarvalds ríkisins í héraði.

Í 181. gr. er mælt fyrir um brottfall ýmissa laga og lagaákvæða. Í 1. og 2. tölul. 181. gr. er mælt fyrir um brottfall gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, og laga um nauðasamninga, nr. 19/1924, en í 3. tölul. er kveðið á um brottfall þeirra fyrirmæla laga nr. 3/1878, sem ráðgert er að standi óhögguð af brottfallsákvæðum í 135. gr. frumvarps til laga um skipti á dánarbúum o.fl., en hér er um að ræða reglur nefndra laga um skuldaröð, sbr. ákvæði XVII. kafla þessa frumvarps. Í 4.–11. tölul. 181. gr. er hins vegar mælt fyrir um brottfall einstakra ákvæða laga, sem taka ýmist til sömu atriði og nú er mælt fyrir um í reglum frumvarpsins, sbr. 7., 10. og 11. tölul. 181. gr., eða verða að teljast óþörf.

Í 182. gr. er mælt fyrir í ellefu töluliðum um breytingar á jafnmörgum lögum, en í ýmsum þessara liða eru lagðar til fleiri breytingar en ein á viðkomandi lögum. Fer hér mest fyrir tillögum um breytingar á ákvæðum laga, sem tengjast reglum gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, eða byggja gagngert á þeim í einstökum atriðum. Af þessum meiði eru ákvæði 5. tölul. 182. gr. um breytingar á lögum um hlutafélög, nr. 32/1978, en reglur laganna um slit á hlutafélögum byggja mjög á reglum um gjaldþrotaskipti, og ákvæði 7. og 8. tölul. 182. gr. um breytingar á nánast samhljóða reglum um slit á viðskiptabönkum og sparisjóðum í lögum um viðskiptabanka, nr. 86/1985, og lögum um sparisjóði, nr. 87/1985. Á það sama við um ákvæði 11. tölul. 182. gr. þar sem mælt er fyrir um breytingar á lögum um ríkisábyrgð á launum, nr. 88/1990, en reglur þeirra laga taka mið af skipan laga nr. 6/1978. Öðrum ákvæðum 182. gr. er ætlað að leiða til umfangsminni breytinga á einstaka lögum til samræmis við efni og eftir atvikum hugtakanotkun þessa frumvarps.

Um 183.–192. gr.

Í þessum ákvæðum koma fram reglur varðandi ýmis atriði um skil eldri laga og yngri ef frumvarp þetta verður að lögum. Verður ekki séð að ástæða sé til að skýra hvert þeirra sérstaklega hér.

Ed. 101. Frumvarp til laga [98. mál]

um meðferð opinberra mála.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

I. KAFLI
Gildissvið laganna.

1. gr.

1. Þau mál öll, sem handhafar ríkisvaldsins höfða til refsingar lögum samkvæmt, skulu fara eftir ákvæðum laga þessara, nema þau sæti meðferð sérdómstóla sem lög þessi taka ekki til.

2. Sama á við um mál til upptöku eigna eða sviptingar réttinda, svo og til ómerkingar ummæla ef ákæruvaldið á sókn sakar, þótt krafa sé ekki gerð um refsingu í málinu.

2. gr.

Einnig skulu mál sæta meðferð samkvæmt lögum þessum sé það ákveðið í öðrum lögum. Þar að auki eftir því sem við á:

a. mál sem höfðað er af hálfu ríkisvaldsins til félagsslita samkvæmt ákvæðum stjórnskipunarlaga um félög,
b. mál til staðfestingar lögbanni við útbreiðslu rita, mynda eða annars slíks sem ríkisvaldið hefur látið banna,
c. mál til brottnáms ólögmæts ástands eða til að koma fram viðurlögum fyrir það, öðrum en refsingu, enda eigi fyrirsvarsmaður almenningshagsmuna aðild,
d. mál til úrlausnar atriðum sem um ræðir í 1. mgr. 55. gr., 59., 62., 66., 67. og 68. A gr. almennra hegningarlaga,
e. mál til úrlausnar kröfu um framsal sakamanns og fullnustu erlends refsidóms.

3. gr.

Einkaréttarkröfur má hafa uppi og dæma í opinberu máli samkvæmt ákvæðum XX. kafla laga þessara.

II. KAFLI
Dómendur í héraði.

4. gr.

Í héraði sæta mál samkvæmt lögum þessum meðferð fyrir hinum reglulegu héraðsdómstólum samkvæmt löggjöf um skipan dómsvalds í héraði.

5. gr.

1. Einn dómari skipar dóm í hverju máli.

2. Dómari getur kvatt tvo meðdómsmenn til dómstarfa með sér samkvæmt því sem segir í 37. A gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

3. Meðdómendur taka þátt í málsmeðferð og dómsuppsögu í fjölskipuðum dómi. Dómsformaður stýrir dómi, kveður einn upp úrskurði, skipar verjanda, gefur út fyrirkall og tilkynningar, sér um afgreiðslu dómsgerða og kemur fram út á við fyrir hönd dómsins.

6. gr.

Dómari víkur sæti í máli samkvæmt lögum þessum ef svo stendur á sem segir í 36. gr. laga um meðferð einkamála í héraði. Enn fremur skal dómari víkja sæti í máli eftir útgáfu ákæru ef hann hefur úrskurðað mann, sem ákærður er í málinu, í gæsluvarðhald skv. 2. mgr. 103. gr.

III. KAFLI
Þinghöld, birtingar o. fl.

7. gr.

1. Dómþing skulu haldin á reglulegum þingstöðum og í dómsölum ef kostur er. Rétt er þó að heyja dómþing á öðrum stöðum ef þörf er á, svo sem í fangahúsi þar sem sakborningi er haldið eða á heimili eða sjúkrahúsi ef skýrslu þarf að taka af sjúkum manni.

2. Rétt er héraðsdómara að heyja dómþing utan dómumdæmis síns ef það horfir til hagræðis eða flýtis í máli.

8. gr.

1. Þinghöld skulu háð í heyranda hljóði. Dómara er þó rétt að ákveða að dómþing skuli haldið fyrir luktum dyrum:

a. til hlífðar sakborningi eða nánum vandamönnum hans þegar sérstaklega stendur á,
b. til hlífðar vitnum, brotaþolum eða öðrum sem málið varðar,
c. ef um er að ræða þinghöld meðan á rannsókn máls stendur og sérstök hætta þykir á sakarspjöllum ef þing væri háð fyrir opnum dyrum,
d. ef sakborningur er undir 18 ára aldri,
e. af velsæmisástæðum,
f. vegna öryggis ríkisins,
g. ef óhjákvæmilegt þykir til að halda uppi þingfriði.

2. Ákvörðun um lokað þinghald skal dómari bóka í þingbók og vísa til þess ákvæðis í grein þessari sem við á.

3. Þótt þinghald fari fram fyrir opnum dyrum er dómara rétt að takmarka fjölda áheyrenda við það sem rúmast í dómsal með góðu móti. Einnig getur dómari synjað um aðgang:

a. börnum og unglingum yngri en 15 ára,
b. mönnum sem eru ölvaðir eða annars svo á sig komnir að návist þeirra samræmist ekki góðri reglu í dómsal,
c. mönnum sem ætla má að valdi hættu á því með nærveru sinni að sakborningur eða vitni segi ekki sannleikann.

4. Sé dómþing háð utan reglulegra þingstaða má banna óviðkomandi mönnum aðgang að því.

9. gr.

Dómari stýrir þinghaldi og sér um að halda þar uppi reglu. Hverjum þeim sem truflar þinghald eða kemur ósæmilega eða hneykslanlega fram getur dómari vísað úr dómsal ef hann lætur ekki skipast við aðvörun og látið færa hann brott með valdi ef hann sinnir ekki skipun um brottvísun.

10. gr.

1. Óheimilt er að hljóðrita eða taka myndir í þinghaldi. Dómari getur veitt undanþágu frá banni þessu ef sérstaklega stendur á.

2. Óheimilt er að skýra opinberlega frá því sem fram fer í lokuðu þinghaldi, nema dómari leyfi. Þá getur dómari bannað opinbera frásögn af atriðum í öðrum þinghöldum ef ætla má að frásögn geti valdið nánum vandamönnum sakbornings eða mönnum sem ekki eru fyrir sökum hafðir verulegum þjáningum eða óþægindum. Ákvörðun um slíkt bann skal dómari skrá í þingbók og kynna viðstöddum.

11. gr.

1. Sá sem viðhefur ósæmileg ummæli, skrifleg eða munnleg, fyrir dómi um dómara eða aðra eða kemur að öðru leyti hneykslanlega eða ósæmilega fram fyrir dómi, skal sæta sektum.

2. Sá skal sæta sektum sem brýtur bann dómara skv. 2. mgr. 10. gr. eða gefur opinberlega í ræðu eða riti vísvitandi eða gálauslega ranga eða villandi skýrslu í verulegum atriðum eða óþarflega særandi um opinbert mál eða rannsókn þess, meðan því máli er ekki að fullu lokið, eða tálmar eða reynir að tálma á ólögmætan hátt rannsókn slíks máls eða hafa að öðru leyti ólöglega áhrif á hana eða málsúrslit.

3. Ef sækjandi eða verjandi brjóta ákvæði 1. eða 2. mgr. þessarar greinar getur dómari af sjálfsdáðum ákveðið þeim sekt í dómi eða úrskurði. Dómari getur einnig að eigin frumkvæði úrskurðað öðrum sekt á hendur fyrir brot gegn 1. mgr. Að öðru leyti skulu sakir samkvæmt þessari grein sóttar eftir almennum reglum laga þessara.

12. gr.

Þar sem einn maður situr í dómi skal jafnan vera einn þingvottur sem fullnægir almennum vitnaskilyrðum. Dómari ákveður þóknun þingvotts ef hann er ekki starfsmaður dómstólsins.

13. gr.

1. Ef sakborningur, vitni eða annar, sem gefur skýrslu fyrir dómi, er ekki nægilega fær í íslensku skal kalla löggiltan dómtúlk til aðstoðar. Ef skjal á erlendu máli er lagt fram í dómi skal fylgja því þýðing löggilts skjalaþýðanda.

2. Nú er ekki kostur löggilts túlks eða þýðanda og skal þá kveðja til einhvern þann sem fær er til þýðingarstarfs. Skal þýðandi skjals þá staðfesta þýðingu sína fyrir dómi ef hún er vefengd, en túlkur undirrita heit fyrir dómi um að hann skuli rækja starfann eftir bestu getu.

3. Ef dómari treystir sér til að þýða sjálfur skjal af erlendu máli eða hann getur spurt vitni eða aðra á erlendu máli kemur ekki að sök þótt skjalaþýðanda eða túlk vanti.

14. gr.

1. Þegar dómþing er háð skal haldin þingbók yfir það sem þar fer fram. Í þingbók skal skrá hvar og hvenær þinghald fer fram, nafn dómara sem fer með það mál sem fyrir er tekið, gögn sem lögð eru fram í málinu, hverjir taki þátt í þinghaldi og hverjir komi fyrir dóm.

2. Skrá skal í þingbók aðalatriðin í framburði sakbornings og annarra sem skýrslu gefa, nema skýrsla sé hljóðrituð skv. 15. gr. Það sem skráð er eftir vitnum, sakborningi og málflytjendum skal lesið upp að bókun lokinni, hlutaðeigandi spurður hvort rétt sé bókað og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum. Dómari segir fyrir um hvað skuli skráð í þingbók, en heimilt er þó sækjanda og verjanda að krefjast að bókaðar verði stuttar athugasemdir þeirra.

15. gr.

1. Hljóðrita má framburð eða taka upp á myndband í stað þess að skrá hann í þingbók ef hentugra þykir. Í þingbók skal þá einungis bóka nafn skýrslugjafa og deili á honum og að skýrsla sé hljóðrituð.

2. Skrifa skal upp það sem hljóðritað hefur verið ef máli er skotið til æðra dóms, svo og ef dómari telur sérstakar ástæður til.

3. Hljóðritun skal varðveitt í þrjú ár hið skemmsta frá lokum dómsmáls.

4. Dómara er heimilt að hljóðrita stuttan útdrátt sinn af framburði í stað þess að skrá hann í þingbók og gilda um hann reglur 2. mgr. 14. gr.

16. gr.

Heimilt er í þinghaldi að rita það sem í 2. mgr. 14. gr. segir á ritvél eða í tölvu. Sé það gert skulu bókanir úr þinghöldum staðfestar af dómara og heftar saman sem þingbók.

17. gr.

Við hvern dómstól skal haldin dómabók sem geymi dóma í opinberum málum, undirritaða af dómara eða dómsformanni.

18. gr.

1. Við hvern dómstól ber að halda skrá yfir þau mál sem koma til úrlausnar samkvæmt lögum þessum.

2. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um málaskrár, þingbækur og dómabækur, tölvubúnað og búnað til hljóðritunar og myndbandsupptöku til notkunar í þinghöldum, skjalavörslu dómstóla og afhendingu endurrita úr þingbókum og dómabókum og ákveður gjöld fyrir þau.

19. gr.

1. Ríkissaksóknari skal halda sakaskrá fyrir allt landið þar sem skráð eru úrslit opinberra mála.

2. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gerð og varðveislu sakaskrár, aðgang að henni og sakavottorð. Þar er heimilt að ákveða hvað skuli skráð í sakaskrá, þar á meðal niðurstöður mála sem lögreglustjóri lýkur með sátt.

3. Dómsmálaráðherra setur fyrirmæli í reglugerð um aðra kerfisbundna skráningu og varðveislu lögreglu á upplýsingum um brotaferil einstakra manna eða atriði sem varða einkahagi þeirra.

20. gr.

1. Ákærur, fyrirköll, kvaðningar, dómar, úrskurðir og aðrar tilkynningar í opinberum málum skulu birtar af einum lögreglumanni eða stefnuvotti, nema þær séu birtar á dómþingi eða á annan hátt af dómara. Birting skal fara fram fyrir þeim manni sjálfum sem í hlut á, ef þess er kostur, en ella á heimili hans eða dvalarstað. Sá sem birtingu annast vottar hana með áritun á skjal. Þeim sem tekur við birtingu skal afhent endurrit af því skjali eða þeim dómi í heild sinni sem birt er.

2. Ef óvíst er um dvalarstað ákærða, en mál sætir þó lögsögu íslenskra dómstóla, má birta ákæru og fyrirkall í Lögbirtingablaði með ákvörðun um stað og stund til þinghalds og með hæfilegum fyrirvara. Dóm má einnig birta með sama hætti þegar annars er ekki kostur.

IV. KAFLI
Varnarþing o.fl.

21. gr.

1. Með mál samkvæmt lögum þessum skal fara í þinghá þar sem brot var framið. Nú er mál höfðað í einu lagi fyrir fleiri brot en eitt og þau eru ekki öll framin í sömu þinghá og má þá fara með það í hvorri eða hverri þinghánni sem er, eftir því sem hagfelldast þykir.

2. Heimilt er einnig, ef hentugra þykir, að fara með mál gegn manni á heimilis- eða dvalarvarnarþingi hans eða, ef fleiri eru saksóttir í einu lagi, á heimilis- eða dvalarvarnarþingi einhvers þeirra.

3. Ríkissaksóknari ákveður, eftir því sem hagfelldast þykir, hvar mál skuli höfða:

a. ef brot er framið hér á landi þar sem vafi leikur á um mörk dómumdæma, eða á íslensku skipi eða í loftfari utan íslenskra hafna,

b. ef brot er framið erlendis og sækja má sök út af því hér á landi.

4. Nú kemur ákærði fyrir dóm og prófar dómari þá ekki hvort mál sé höfðað á réttu varnarþingi.

22. gr.

1. Krafa um aðgerðir sem atbeina dómara þarf til við rannsókn máls skal að öðru jöfnu borin upp fyrir héraðsdómara í dómumdæmi þar sem sá hefst við sem yfirheyra skal, eða staður sá er eða munir sem aðgerð lýtur að.

2. Dómara er rétt að láta sækja sakborning í annað dómumdæmi, ef þörf er á, og þarf þá ekki að leita atbeina hlutaðeigandi héraðsdómara.

23. gr.

1. Ef saksækja skal mann fyrir fleiri en eitt brot skal það gert í einu máli, eftir því sem við verður komið.

2. Ef fleiri menn en einn eru sóttir til saka fyrir þátttöku í sama verknaði skal það gert í einu máli, nema annað þyki hagkvæmara.

3. Nú hafa fleiri mál verið höfðuð gegn sama manni fyrir sama héraðsdómstól og getur dómari þá ákveðið, ef hann telur það hagkvæmt, að sameina mál þessi og reka þau og dæma sem eitt mál.

24. gr.

Nú hefur mál verið höfðað í einu lagi gegn fleiri en einum manni og getur dómari þá eftir ósk aðila eða af sjálfsdáðum ákveðið að skilja málið í sundur og dæma sérstaklega mál eins eða fleiri ákærðu ef það þykir hentugra og horfa til flýtis og sparnaðar.

V. KAFLI
Ákæruvaldið.

25. gr.

1. Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvalds. Hann skal skipaður af forseta Íslands og fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti við Hæstarétt. Hann skal njóta sömu lögkjara og hæstaréttardómarar eftir því sem við verður komið.

2. Ríkissaksóknari hefur embættisskrifstofu í Reykjavík. Honum til aðstoðar eru vararíkissaksóknari og saksóknarar sem forseti skipar. Skal vararíkissaksóknari fullnægja sömu lagaskilyrðum og ríkissaksóknari en aðrir saksóknarar skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara. Annað starfslið við embætti ríkissaksóknara, þar á meðal löglærða fulltrúa, ræður dómsmálaráðherra eftir tillögu ríkissaksóknara.

26. gr.

1. Dómsmálaráðherra hefur eftirlit með framkvæmd ákæruvalds og getur krafið ríkissaksóknara skýrslna um einstök mál. Haldast skulu sérákvæði í lögum þar sem svo er mælt að mál skuli því aðeins höfða að dómsmálaráðherra mæli svo fyrir. Þegar svo stendur á gefur dómsmálaráðherra ríkissaksóknara fyrirmæli um rannsókn og aðrar aðgerðir og leggur samþykki sitt á ákæru og áfrýjun.

2. Nú telur dómsmálaráðherra að niðurfelling máls af hálfu ríkissaksóknara sé lögum andstæð eða fjarstæð að öðru leyti, og getur hann þá lagt til við forseta Íslands að ákvörðun ríkissaksóknara skuli felld úr gildi. Í því tilviki setur dómsmálaráðherra sérstakan saksóknara til að fara með málið og gefur honum fyrirmæli um framkvæmdir í því efni.

27. gr.

1. Ríkissaksóknari skal, eftir því sem unnt er, fylgjast með því að þeir sem afbrot fremja verði beittir lögmæltum viðurlögum. Hann skiptir verkum með öðrum ákærendum og getur sett þeim almennar reglur og gefið fyrirmæli um einstök mál sem þeim er skylt að hlíta. Hann

getur kveðið á um rannsókn máls og mælt fyrir um framkvæmd hennar eða tekið rannsókn eða ákvörðun um málshöfðun í sínar hendur ef svo ber undir.

2. Ríkissaksóknari höfðar opinber mál önnur en þau sem hann felur öðrum saksóknurum eða falin eru lögreglustjórum skv. 28. gr.

3. Ríkissaksóknari tekur ákvörðun um áfrýjun máls.

28. gr.

1. Lögreglustjórar höfða opinber mál ef einungis er um að ræða brot:

a. gegn umferðarlögum,
b. gegn áfengislögum,
c. gegn öðrum lögum en almennum hegningarlögum, áður ótöldum, enda liggi ekki þyngri viðurlög en sektir, upptaka eigna eða varðhald við broti.

2. Lögreglustjóri vísar máli til ákvörðunar ríkissaksóknara ef hann telur mál eiga að höfða í öðru umdæmi, ef hann telur sig vanhæfan, sbr. 30. gr., eða ef hann er í vafa um hvort mál eigi að höfða eða hvernig.

29. gr.

1. Í héraði flytur ríkissaksóknari, vararíkissaksóknari, saksóknarar eða fulltrúar ríkissaksóknara þau mál sem hann höfðar. Einnig má ríkissaksóknari fela héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni flutning máls í héraði. Þá getur ríkissaksóknari falið lögreglustjórum, þar á meðal rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, flutning máls fyrir héraðsdómi. Lögreglustjórar geta falið löglærðum starfsmönnum sínum að flytja slíkt mál. Enn fremur er lögreglustjórum heimilt að fela öðrum lögreglustjórum að sækja þing í máli ef sérstaklega stendur á.

2. Lögreglustjórar annast flutning þeirra mála, sem þeir höfða, fyrir héraðsdómi. Lögreglustjórar geta falið starfsmönnum sínum flutning þessara mála. Lögreglustjórum er heimilt að fela öðrum lögreglustjórum að sækja þing í máli.

3. Ríkissaksóknari sækir mál fyrir Hæstarétti en hann getur falið vararíkissaksóknara, saksóknara eða hæstaréttarlögmanni flutning máls.

30. gr.

1. Þegar ríkissaksóknari er svo við málsefni eða aðila riðinn að hætta er á að hann fái ekki við útgáfu ákæru eða önnur störf samkvæmt lögum þessum litið óhlutdrægt á málavöxtu skal hann víkja sæti. Setur dómsmálaráðherra þá annan löghæfan mann til meðferðar þess máls.

2. Ef annar handhafi ákæruvalds er vanhæfur til meðferðar einstaks máls skal ríkissaksóknari fara sjálfur með ákæruvaldið í því eða fela það öðrum ákæranda.

3. Nú hefur ákæra verið gefin út og skal dómari þá, annaðhvort að eigin frumkvæði eða samkvæmt kröfu aðila, vísa máli frá dómi ef hann telur að hlutaðeigandi ákærandi sé vanhæfur til að fara með það.

31. gr.

Þeir sem fara með ákæruvald (ákærendur) og annast rannsókn skulu vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar.

VI. KAFLI
Sakborningur og verjandi.

32. gr.

1. Skylt er að gefa sakborningi upplýsingar um kæruefni áður en hann er yfirheyrður út af því eða við handtöku ef til hennar kemur. Maður, sem handtekinn hefur verið í þágu rannsóknar opinbers máls, á rétt á að hafa samband við lögmann eða annan talsmann sinn,

sbr. 37. gr., þegar eftir handtöku. Sömuleiðis nánustu vandamenn sína, nema sérstök ástæða sé til að ætla að það muni torvelda rannsókn málsins.

2. Sá sem yfirheyrður er við rannsókn máls á rétt á því að fá vitneskju um það, þegar mál er orðið svo skýrt að þess sé kostur, hvort hann er spurður vegna gruns á hendur honum um refsivert brot eða hvort hann er kvaddur til vitnisburðar.

3. Sakborningi er óskylt á öllum stigum opinbers máls að svara spurningum sem varða refsiverða hegðun sem honum er gefin að sök. Ber yfirheyranda að benda sakborningi ótvírætt á þennan rétt þegar efni standa til.

4. Sakborningi er skylt að sinna kvaðningu til yfirheyrslu.

33. gr.

1. Sakborningur skal við yfirheyrslu fyrst spurður um nafn, kennitölu, stöðu og heimili. Ef sakborningur kýs að gefa skýrslu um sakarefnið skal brýnt fyrir honum að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta.

2. Spurningar skulu vera skýrar og ótvíræðar. Ekki má rugla sakborning með ósannindum eða á annan hátt eða beita hann neins konar ólögmætri þvingun í orði eða verki. Sakborningi má ekki gefa fyrirheit um ívilnanir eða fríðindi ef hann meðgangi, enda séu slík fyrirheit ólögleg eða ekki á valdi yfirheyranda að veita þau.

3. Sakborningi er heimilt að ráðgast við verjanda sinn um réttarstöðu sína meðan á yfirheyrslu stendur, enda trufli það ekki skýrslutöku að mati yfirheyranda. Nú greinir yfirheyranda og verjanda á við yfirheyrslu, og skal henni þó eigi að síður fram haldið, en rétt á verjandi að gera í stuttu máli grein fyrir afstöðu sinni með bókun.

34. gr.

1. Skylt er dómara að verða við ósk sakbornings um skipun verjanda í eftirgreindum tilvikum:

a. ef þess hefur verið krafist að hann verði settur í gæsluvarðhald,

b. ef opinbert mál hefur verið höfðað gegn honum.

2. Enn fremur er skylt að skipa ákærða verjanda ef í málinu fer fram aðalmeðferð samkvæmt ákvæðum XV. kafla laga þessara, nema ákærði hafi sjálfur valið sér talsmann skv. 37. gr. eða óski eftir að flytja mál sitt sjálfur, enda sé hann hæfur til þess að mati dómara.

35. gr.

1. Heimilt er dómara endranær eftir ósk sakbornings að skipa honum verjanda við rannsókn máls áður en til málshöfðunar kemur.

2. Dómari getur skipað sakborningi verjanda þótt hann hafi ekki óskað þess, svo sem ef hann er sérstaklega sljór eða skilningslítill, haldinn annmörkum sem torvelda skynjun hans eða ef vafi leikur á um sakhæfi hans.

36. gr.

1. Skylt er rannsóknara að verða við ósk sakbornings um að tilnefna honum réttargæslumann ef hann hefur verið handtekinn í þágu opinbers máls.

2. Ákvæði 2. og 3. mgr. 38. gr. og 39. gr. eiga við réttargæslumann. Hann hefur sömu réttindi og skyldur og verjandi eftir því sem við á.

37. gr.

1. Sakborningi er á öllum stigum opinbers máls heimilt að ráða á sinn kostnað lögmann til að gæta réttar síns og halda uppi vörnum. Dómari getur einnig leyft að sakborningur velji sér talsmann sem hefur ekki lögmannsréttindi, enda telji dómari hag hans borgið á þann hátt.

2. Ákvæði 3. mgr. 39. gr. eiga við talsmann. Hann hefur sömu réttindi og skyldur og verjandi eftir því sem við á. Meðan á rannsókn máls stendur getur dómari eða rannsóknari þó takmarkað rétt hans til að ræða við sakborning, vera viðstaddur yfirheyrslur, kynna sér gögn eða fylgjast með framvindu rannsóknar ef hætta er á að hún torveldist við það.

38. gr.

1. Dómari eða rannsóknari skal, þegar lögskylt er eða heimilt að skipa sakborningi verjanda eða tilnefna honum réttargæslumann, vekja athygli hans á þeim rétti.

2. Áður en dómari skipar verjanda skal hann gefa sakborningi eða lögráðamanni hans, ef sakborningur er ekki sjálfráða, kost á að benda á löghæfan mann til að fara með starf verjanda. Við skipun verjanda skal að jafnaði fara eftir ósk sakbornings eða lögráðamanns. Dómari getur þó neitað að skipa þann verjanda sem óskað er eftir ef uggvænt þykir að hann muni hindra rannsókn málsins með ólögmætum hætti.

3. Nú eru fleiri en einn maður hafðir fyrir sökum í sama máli og er þá heimilt að skipa sama mann verjanda beggja eða allra ef telja má að hagsmunir þeirra rekist ekki á.

39. gr.

1. Í umdæmum þar sem kostur er lögmanna skal verjandi skipaður úr þeirra hópi.

2. Þar sem ekki er kostur á lögmanni getur dómari eftir ósk sakbornings skipað honum einhvern annan löghæfan mann, ef hann telur hag sakbornings borgið í höndum slíks manns og engar sérstakar ástæður mæla því annars í gegn. Það er borgaraleg skylda manns að taka að sér starf verjanda samkvæmt þessari málsgrein innan lögsagnarumdæmis þar sem hann er búsettur.

3. Ekki má skipa þann mann verjanda sem er vitni eða mats- eða skoðunarmaður í málinu, eða er að öðru leyti svo viðriðinn mál eða aðila máls að hætta sé á að hann geti ekki gætt hagsmuna sakbornings í málinu sem skyldi. Þann má ekki heldur skipa verjanda er skipun hans gerir dómara vanhæfan til að fara með málið.

40. gr.

1. Nú óskar sakborningur eftir því að skipun verjanda verði afturkölluð og nýr verjandi skipaður og skal þá ekki verða við slíkri ósk ef hætta er á að málið tefjist af þeim sökum eða að aukinn kostnað leiði af breytingunni.

2. Ef dómari telur verjanda rækja starfa sinn á óviðunandi hátt getur hann afturkallað skipunina og skipað nýjan verjanda í hans stað. Verjandinn getur krafist úrskurðar dómara um afturköllunina.

41. gr.

1. Hlutverk verjanda er að draga fram í málinu allt sem verða má sakborningi til sýknu eða hagsbóta og gæta réttar hans í hvívetna.

2. Skipaður verjandi skal sjálfur annast flutning máls, en honum er heimilt að láta fulltrúa sinn eða annan lögmann sækja dómþing fyrir sína hönd þegar um einstakar dómsathafnir er að ræða meðan á rannsókn máls eða meðferð stendur.

3. Þagnarskylda hvílir á verjanda um það sem sakborningur kann að hafa trúað honum fyrir um afstöðu sína til brots þess sem um er að tefla og um önnur þau atriði sem hann fur komist að í starfa sínum og ekki eru almenningi þegar kunn.

42. gr.

1. Verjanda er heimilt að tala einslega við sakborning um hvað eina sem málið varðar, sbr. þó 1. mgr. 43. gr.

2. Meðan á rannsókn stendur er verjanda ætíð heimilt að vera viðstaddur þegar sakborningur er yfirheyrður. Verjanda er og heimilt að vera viðstaddur yfirheyrslur annarra í máli sakbornings ef það þykir hættulaust vegna rannsóknar málsins. Sé verjandi viðstaddur yfirheyrslu getur hann beint því til yfirheyranda að spyrja þann sem yfirheyrður er um tiltekin atriði. Telji verjandi ástæðu til getur hann krafist þess að fá bókaða stuttorða athugasemd um framkvæmd yfirheyrslu í lok hennar.

3. Verjandi á rétt á því að vera viðstaddur öll þinghöld í máli og ber að tilkynna honum fyrir fram hvenær þau hefjist.

43. gr.

1. Verjandi skal jafnskjótt og unnt er fá til afnota endurrit af öllum skjölum sem málið varða, svo og aðstöðu til að kynna sér önnur gögn sem ekki verða endurrituð. Ekki má láta sakborningi í té eintak af endurriti eða kynna honum efni þess nema dómari eða rannsóknari samþykki.

2. Rannsóknari skal gefa verjanda færi á að fylgjast með framvindu rannsóknar að svo miklu leyti sem kostur er. Skal rannsóknari taka til greina ábendingar verjanda um tilteknar rannsóknaraðgerðir nema hann telji þær óheimilar eða þýðingarlausar.

44. gr.

Þóknun skipaðs verjanda skal ákveðin í dómi ef máli lýkur með þeim hætti, nema verjandi hafi afsalað sér þóknun. Ef máli lýkur ekki með dómi ákveður dómari þóknun með bókun í þingbók eða skriflega með öðrum hætti. Dómari ákveður þóknun verjanda og réttargæslumanns í einu lagi ef sá sem tilnefndur hefur verið réttargæslumaður sakbornings er síðar skipaður verjandi hans. Að öðrum kosti skal lögreglustjóri eða löglærður starfsmaður hans ákveða þóknun réttargæslumanns. Þóknun greiðist úr ríkissjóði, en telst til sakarkostnaðar skv. 164. gr.

VII. KAFLI
Almennar reglur um sönnun.

45. gr.

Sönnunarbyrði um sekt sakbornings og atvik sem telja má honum í óhag hvílir á ákæruvaldinu.

46. gr.

Dómari metur hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburðir, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn.

47. gr.

Dómari metur það eftir atvikum hvert sönnunargildi þær staðreyndir hafi sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal, en ályktanir má leiða af um það.

48. gr.

1. Dómur skal reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.

2. Dómara er heimilt að taka til greina sem sönnunargögn skýrslur sem ákærði eða vitni hafa gefið fyrir dómi áður en mál var höfðað. Þó skulu skýrslugjafar koma á ný fyrir dóm við

málsmeðferð, ef kostur er, og ákæruði eða verjandi hans krefjast eða dómari telur annars ástæðu til.

3. Nú hefur vitni ekki komið fyrir dóm og þess er ekki kostur við meðferð málsins, en skýrsla hefur verið gefin fyrir lögreglu eða öðrum rannsóknaraðila, og metur dómari þá hvort slík skýrsla hafi sönnunargildi og þá hvert gildi hennar sé.

VIII. KAFLI
Vitni, mat og skoðun.

49. gr.

1. Öllum er skylt að koma fyrir dóm í opinberu máli á varnarþingi sínu og bera þar vitni. Enn fremur er vitni skylt að koma fyrir dóm utan varnarþings síns hvar sem er á landinu ef nauðsynlegt þykir, enda sé því sem minnstur bagi gerður og því greiddur kostnaður við að rækja vitnaskylduna.

2. Vitni sem kemst ekki fyrir dóm á þingstað vegna sjúkleika eða svipaðra ástæðna má gefa skýrslu annars staðar þar sem þess er kostur.

3. Dómari getur lagt fyrir vitni að hafa með sér sakargögn til sýningar eða framlagningar í dómi eða að athuga bækur sínar, skjöl og aðra muni og gera útdrátt úr tilteknum atriðum í þeim til skýringar málsatvikum.

50. gr.

1. Undan vitnaskyldu geta skorast:

a. maki sakbornings meðan hjúskap þeirra er ekki slitið að lögum,
b. skyldmenni sakbornings að feðgatali og niðja, systkin hans, svo og þeir sem þannig tengjast honum vegna ættleiðingar,
c. stjúpforeldri sakbornings og stjúpbarn,
d. tengdaforeldri sakbornings og tengdabarn.

2. Dómari getur leyst aðra sem nákomnir eru sakborningi undan vitnaskyldu ef honum virðist samband þeirra mjög náið, svo sem ef um er að ræða fósturforeldri eða fósturbarn, sambúðarfólk, unnusta eða unnustu.

51. gr.

Ekki er manni skylt að svara spurningu að viðlagðri vitnaábyrgð, ef ætla má að svar við henni feli í sér játningu eða bendingu um það að hann eða venslamaður hans og aðrir skv. 50. gr. hafi framið refsiverðan verknað eða það gæti orðið þeim til mannorðsspjalla.

52. gr.

Embættis- og sýslunarmönnum er óskylt að koma fyrir dóm til þess að vitna um atvik sem gerst hafa í embætti þeirra eða sýslan og leiða má í ljós með vottorði úr embættisbók eða öðru opinberu skjali.

53. gr.

1. Þeim, sem ber ábyrgð að lögum á efni prentaðs rits eða öðru efni sem birt er opinberlega, er óskylt að skýra frá því fyrir dómi hver sé höfundur að riti, grein, frásögn eða tilkynningu, sem hefur birst án þess að höfundur væri nafngreindur. Þetta á þó ekki við ef vitnisburðar er krafist vegna afbrots, sem ætla má að muni varða þyngri refsingu en fésektum eða varðhaldi, eða vegna brots gegn þagnarskyldu í opinberu starfi, enda sé vitnisburður nauðsynlegur fyrir rannsókn málsins og ríkir hagsmunir í húfi.

2. Heimilt er dómara að undanþiggja vitni að svara spurningum sem varða leyndarmál um kaupsýslu, uppgötvanir eða önnur slík verk hvort sem vitnið á sjálft í hlut eða það hefur komist að vitneskju sinni í þjónustu einstaklings, fyrirtækis eða stofnunar, enda telji dómari hagsmuni þeirra til leyndar ríkari en hagsmuni málsaðila af skýrslutöku.

54. gr.

1. Án leyfis hlutaðeigandi ráðherra skal vitni ekki krafið skýrslu um leynilega samninga ríkisins, ráðagerðir eða ályktanir handhafa ríkisvalds um málefni sem að öðru leyti varða öryggi ríkisins, réttindi eða heill eða skipta mjög miklu máli fyrir viðskipti og fjárhag þjóðarinnar.

2. Embættis- og sýslunarmenn verða ekki krafðir vitnisburðar um það sem þeir hafa fengið vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara, nema hlutaðeigandi ráðherra leyfi eða forseti sameinaðs Alþingis, ef taka skal skýrslu af alþingismanni eða öðrum starfsmanni Alþingis. Dómari getur ákveðið að embættis- eða sýslunarmaður beri vitni þótt synjað hafi verið leyfis samkvæmt framansögðu, ef hann telur hagsmuni aðila máls af vitnisburði að mun ríkari en hina opinberu leyndarhagsmuni.

55. gr.

1. Vitnum þeim, sem hér segir, er óheimilt að svara spurningum án leyfis þess sem í hlut á:

a. verjanda um það sem sakborningur hefur trúað honum fyrir um málsatvik eftir að hann hefur tekið að sér vörn hans eða réttargæslu,

b. prestum, læknum, lyfsölum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, lögfræðingum og endurskoðendum, svo og aðstoðarfólki þeirra, um atriði sem varða einkahagi manna og þeim hefur verið trúað fyrir í starfa sínum, nema um afbrot sé að ræða sem varðar minnst tveggja ára fangelsi. Sama gildir um aðra þá sem fjalla um einkahagi manna og hafa viðlíka trúnaðarskyldu.

2. Nú má telja vitnisburð nauðsynlegan sakborningi til varnar og getur dómari þá ákveðið vitnaleiðslu með úrskurði.

56. gr.

Dómari og aðrir þeir sem yfirheyra vitni skulu leiðbeina þeim sem kvaddir eru til vitnisburðar um þau atriði sem í 49.–55. gr. getur.

57. gr.

Dómari metur það hverju sinni hvort barn hafi náð þeim þroska að það beri slíkt skynbragð á málsatvik að vitnisburður þess um þau skipti máli. Sama hátt hefur dómari á um geðveika menn og þroskahefta.

58. gr.

1. Dómari gefur út kvaðningu til vitnis eftir því sem aðilar krefjast. Ákærandi annast að kvaðning verði birt skv. 1. mgr. 20. gr. fyrir vitni með þeim fyrirvara sem dómari ákveður, nema aðilar telji að vitni muni koma fyrir dóm án birtingar.

2. Ef vitni sinnir ekki að forfallalausu kvaðningu fyrir dóm til að gefa skýrslu getur dómari ákveðið að það megi færa það fyrir dóm með valdi. Einnig getur dómari af sjálfsdáðum úrskurðað vitni til greiðslu fésektar í ríkissjóð ef vitnið hefur verið kvatt fyrir dóm, að viðlagðri refsingu, og ekki sinnt kvaðningu án gildra forfalla.

3. Nú kemur vitni fyrir dóm en neitar að svara spurningu án þess að um undanþágu eða heimildarbrest sé að ræða og gerir dómari því þá sekt með sama hætti.

59. gr.

1. Dómari lætur vitni fyrst gera grein fyrir nafni sínu, kennitölu, stöðu og heimili. Síðan brýnir hann alvarlega fyrir vitninu skyldu þess til að skýra satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli skiptir. Enn fremur skýrir hann fyrir vitninu þá siðferðilegu ábyrgð og refsiábyrgð sem það kann að baka sér með vísvitandi eða gáleysislega röngum framburði.

2. Að svo búnu spyr dómari vitni um sakaratriði. Dómara er rétt að leggja fyrir vitni spurningar sem ákærandi og verjandi óska, en einnig getur hann gefið þeim kost á að spyrja vitni beint. Dómari skal gæta þess að spurningar hans og annarra séu ákveðnar, ekki tvíræðar eða veiðandi, ekki særandi eða móðgandi framar en efni standa til og ekki sýnilega þýðingarlausar.

3. Nú hefur vitni eða aðrir áður gefið skýrslu fyrir lögreglumanni eða fyrir dómi í málinu og kynnir dómari þá slíkar skýrslur og önnur sakargögn ekki fyrir vitni fyrr en honum þykir þess þörf til skýringar eða leiðréttingar skýrslu þess. Utanréttarvottorðum þess sem skylt er að koma fyrir sem vitni má dómari ekki veita viðtöku nema sérstaklega standi á, svo sem þegar ekki er kostur að fá vitni fyrir dóm til að gefa skýrslu.

4. Hvert vitni skal prófa sér og ekki láta önnur vitni hlýða á. Ef dómara þykir hentugt skal samprófa vitni við sakborning eða aðra ef á greinir.

5. Nú er dómþing háð fyrir opnum dyrum og spurning er svo löguð að svar við henni varðar einkahagi vitnis sjálfs eða annarra og getur dómari þá lagt spurningu skriflega fyrir vitni og leyft því að svara skriflega og bóka svarið, enda eigi vitni kost á að sannfæra sig um rétta bókun án þess að svarið sé lesið upp.

6. Dómari getur ákveðið að sakborningi verði vikið úr þinghaldi meðan skýrsla vitnis er tekin, ef þess er krafist, og dómari telur að nærvera sakbornings geti orðið vitninu sérstaklega til íþyngingar eða geti haft áhrif á framburð þess.

60. gr.

1. Ef dómari telur sérstaka ástæðu til eða aðili krefst þess getur dómari látið vitni staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti.

2. Ef vitni lýsir yfir því að það trúi á guð og að heit samkvæmt því samræmist trúarskoðunum þess skal það lyfta upp hægri hendi sinni og hafa upp eftir dómara þessi orð: Ég sver það og vitna til guðs míns að ég hef sagt það sem ég veit sannast og réttast og ekkert dregið undan.

3. Nú má ekki svo fara sem í 2. mgr. segir og festir vitni þá heit sitt með þeim hætti að það lyftir hægri hendi sinni og hefur upp eftir dómara þessi orð: Ég lýsi því yfir og legg við drengskap minn og heiður að ég hef sagt það sem ég veit sannast og réttast og ekkert dregið undan.

4. Ekki má heitfesta barn undir 15 ára aldri, þann sem er svo vitsmuna vant eða geðbilaður að hann ber ekki skyn á eða er ófær um að meta helgi eða þýðingu heitfestingar og loks ekki þann sem sakaður er eða ætla má að sakaður verði í því máli.

61. gr.

1. Dómari kannar af sjálfsdáðum öll atriði sem varða heimild vitnis eða skyldu til vitnisburðar og önnur atriði sem vitni varða.

2. Dómari úrskurðar ágreining um þau atriði sem í grein þessari segir. Yfirlýsing vitnis fyrir dómara um að úrskurður verði kærður til æðra dóms frestar framkvæmd úrskurðar.

62. gr.

Vitni skal greiða eftir kröfu þess og samkvæmt ákvörðun dómara útlagðan kostnað vegna rækslu vitnaskyldu og þóknun fyrir atvinnumissi, sem telja má vitni skipta nokkru máli, miðað við efnahag þess og aðstæður.

63. gr.

1. Dómari getur eftir ósk aðila eða af sjálfsdáðum dómkvatt kunnáttumenn, einn eða fleiri, til að framkvæma mats- eða skoðunargerðir í opinberu máli.

2. Ef maður hefur opinbera skipun eða löggildingu til að framkvæma mats- eða skoðunargerðir getur dómari eða aðili snúið sér beint til hans, ef honum er skylt að framkvæma gerðina eða er fús til þess.

64. gr.

1. Dómari gefur ákæranda og sakborningi eða verjanda hans kost á að vera viðstaddir þegar dómkvaðning skal fara fram. Dómari gefur þeim færi á að benda á ákveðna menn til dómkvaðningar en er ekki bundinn við tilnefningu þeirra.

2. Í kvaðningu skal skýrt greina hvað meta eða skoða skuli. Þar skal og taka fram að hinir dómkvöddu skuli vinna verk sitt af bestu vitund og semja um það skriflega skýrslu sem þeir megi vera viðbúnir að staðfesta fyrir dómi.

65. gr.

1. Það er borgaraleg skylda hverjum þeim sem skyldur er að bera vitni í máli að taka kvaðningu sem mats- eða skoðunarmaður í því máli.

2. Þann má ekki kveðja til mats eða skoðunar sem mundi vera vanhæfur sem dómari í því máli eða sem valdið gæti vanhæfi dómara, ef úrskurða þyrfti um vitnisburð hans fyrir dómi.

3. Að öðru leyti en að framan greinir skal um mats- og skoðunargerðir farið eftir fyrirmælum laga um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við getur átt.

IX. KAFLI
Rannsókn.

66. gr.

1. Rannsókn opinberra mála er í höndum lögreglu nema öðru vísi sé mælt fyrir í lögum. Skal kærum um refsiverð brot og beiðnum um rannsókn beint til lögreglu eða ríkissaksóknara. Um verkaskiptingu Rannsóknarlögreglu ríkisins og lögreglu í einstökum umdæmum fer eftir fyrirmælum laga þar um og reglum settum samkvæmt þeim.

2. Lögregla skal hvenær sem þess er þörf hefja rannsókn út af vitneskju eða grun um að refsivert brot hafi verið framið hvort sem henni hefur borist kæra eða ekki. Ríkissaksóknari getur gefið fyrirmæli í þeim efnum.

3. Rannsókn skal fara fram, svo sem tíðkast hefur út af mannslátum, mannshvörfum, eldsvoðum, slysum og öðrum óförum, enda þótt ekki liggi fyrir sérstakur grunur um refsivert atferli. Einnig skulu haldast sérreglur annarra laga um opinbera rannsókn.

67. gr.

Markmið rannsóknar er að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé fært að ákveða að henni lokinni hvort sækja skuli mann til sakar, svo og að afla gagna til undirbúnings málsmeðferðar.

68. gr.

Rannsaka skal og afla allra tiltækra gagna um verknað þann, sem um er að ræða, svo sem stað og stund og öll nánari atvik, sem ætla má að skipt geti máli, leita þess sem grunaður er um brot, finna sjónarvotta og aðra sem ætla má að borið geti vitni, svo og að hafa upp á sýnilegum sönnunargögnum og munum sem hald skal leggja á skv. X. kafla. Þá skal rannsaka vettvang ef við á og yfirleitt öll ummerki sem kunna að vera eftir brot.

69. gr.

1. Sá sem fer með rannsókn (rannsóknari) tekur skýrslur af sakborningi og vitnum.

2. Ekki má prófa mann lengur en sex klukkustundir í einu, enda fái hann að öðru leyti nægilegan svefn og hvíld. Bókað skal hverju sinni hvenær prófun hefst og hvenær henni lýkur.

3. Spyrja skal hvern mann án nærveru annarra sakaðra eða vitna uns ástæða kann að vera til samprófunar.

4. Nú skal yfirheyra sakaðan mann yngri en 16 ára og skal þá tilkynna það barnaverndarnefnd sem getur sent fulltrúa sinn til að vera við yfirheyrsluna.

5. Nú skilur sá sem skýrslu gefur ekki íslensku og skal þá gætt ákvæða 13. gr., eftir því sem við á.

70. gr.

1. Rannsóknari leitar til kunnáttumanna þegar þörf er á sérfræðilegri rannsókn, svo sem blóðrannsókn og annarri læknisskoðun, efnafræðilegri rannsókn, letur- og skriftarrannsókn, bókhaldsrannsókn o.s.frv.

2. Líkskoðun skal fram fara þegar rannsóknari telur það nauðsynlegt. Einnig skal láta kryfja lík, ef nauðsyn þykir, og skal leita úrskurðar dómara um krufningu nema nánasti venslamaður eða nánustu venslamenn hins látna leyfi.

71. gr.

1. Rannsökuð skulu þau atriði sem varða sakborning sjálfan, svo sem:

a. aldur hans og skal, ef kostur er, sanna hann með fæðingarvottorði,
b. persónulegar aðstæður hans, svo sem fjölskyldu- og heimilishagi, menntun, störf, efnahag o.s.frv.; skal einkum vanda rannsókn þessara atriða þegar ætla má að brot það, sem um er að ræða, varði fangelsi,
c. hegðun hans og fyrri brot; um þessi atriði skal afla sakavottorðs og annarra gagna, svo sem endurrita fyrri dóma ef ástæða er til,
d. þroska og heilbrigðisástand, andlegt og líkamlegt. Um þessi atriði skal afla vottorða læknis og sálfræðings ef ástæða er til. Ef vafi leikur á hvort ákvæði 15. eða 16. gr. almennra hegningarlaga eigi við um hagi sakbornings er rétt að láta hann sæta sérstakri geðrannsókn til þess að leidd verði í ljós atriði sem geri dómara fært að meta sakhæfi hans. Til þess þarf úrskurð dómara nema fyrir liggi ótvírætt samþykki sakbornings.

2. Rannsaka skal hugarfar sakbornings og afstöðu til brots (ásetning, gáleysi), hvatir hans til brots og tilgang og ef um tilraun er að ræða hvort hann hefur horfið sjálfkrafa frá henni. Ef fleiri en einn eru um brot skal eftir föngum rannsaka þátt hvors eða hvers um sig.

72. gr.

1. Rannsóknari semur skriflegar skýrslur um rannsóknaraðgerðir sínar og skulu skráðar þar skýrslur þeirra sem yfirheyrðir eru, athuganir rannsóknara sjálfs og annað það sem máli skiptir. Ef sérstaklega stendur á, svo sem við yfirheyrslu barns, er rannsóknara þó heimilt að hljóðrita skýrslu vitnis eða taka skýrslugjöf upp á myndband.

2. Við yfirheyrslu og aðrar rannsóknaraðgerðir skal rannsóknari hafa einn greinargóðan og trúverðugan vott, sé þess kostur.

73. gr.

1. Skylt er mönnum, ef þeir eru kvaddir til þess og þeir mega án hættu fyrir líf og heilsu sína, vandamanna sinna eða annarra, sem þeir eiga að annast, og án tilfinnanlegs atvinnutjóns, að veita rannsóknara lið í þarfir opinberrar rannsóknar. Svo er manni og undir sama skilorði skylt að láta í té muni sem hann ræður yfir í þarfir opinberrar rannsóknar, svo sem hús og flutningatæki. Greiða skal fyrir verk og annað sem látið er í té samkvæmt þessari grein og fer um það sem annan sakarkostnað.

2. Undanþegnir skyldunni eru nánustu vandamenn sakbornings sem greindir eru í 50. gr.

74. gr.

1. Ef þörf þykir á aðgerðum, sem að lögum þarf til atbeina dómara, meðan á rannsókn stendur, getur sá sem stýrir rannsókn (lögreglustjóri, forstöðumaður rannsóknardeildar), svo og ríkissaksóknari, snúið sér til dómara með beiðni um slíkar aðgerðir. Sama á við um aðrar aðgerðir sem nauðsynlegar eru vegna máls, þar á meðal yfirheyrslur sakbornings eða vitnis þegar þeir sem yfirheyrðir eru neita að svara spurningum fyrir rannsóknara eða ef ætla má að ekki náist til vitnis þegar að málsmeðferð fyrir dómi kemur eða æskilegt þykir að taka skýrslu af vitni þegar í stað, svo sem ef um börn er að ræða.

2. Beiðni skal vera skrifleg eða borin upp munnlega á dómþingi. Beiðni fylgi nauðsynleg gögn og getur dómari krafið beiðanda um þau gögn eða þær aðgerðir sem hann telur nauðsynlegar, áður en hann tekur beiðni til úrlausnar.

3. Ef dómari telur ekki efni til að taka beiðni til greina getur sá sem hana hefur gert krafist úrskurðar um synjunina.

4. Nú fer dómsaðgerð fram og sendir dómari þeim sem hennar hefur beiðst endurrit af henni svo fljótt sem kostur er.

75. gr.

Bera má undir dómara ágreining um lögmæti rannsóknarathafna lögreglu eða ákæranda, svo og ágreining um réttindi sakbornings og málsvara hans, þar á meðal um ósk þeirra um tilteknar rannsóknaraðgerðir. Úrlausn dómara skal vera í úrskurðarformi ef þess er krafist.

76. gr.

1. Lögregla vísar frá kæru um brot ef ekki þykja efni til að byrja rannsókn út af henni. Hafi rannsókn byrjað getur lögregla einnig hætt henni ef ekki þykir grundvöllur til að halda henni áfram eða ef í ljós kemur að kæra var ekki á rökum reist.

2. Nú er kæru vísað frá eða rannsókn hætt skv. 1. mgr. og er lögreglu þá skylt að tilkynna það kæranda hafi hann hagsmuna að gæta. Skal kæranda bent á að hann geti borið synjun um rannsókn undir ríkissaksóknara sem tekur fullnaðarákvörðun um hvort rannsókn skuli fara fram eða ekki.

3. Nú hefur rannsókn á hendur sökuðum manni verið hætt vegna þess að sakargögn hafa ekki þótt nægileg til ákæru og á þá ekki að taka rannsókn upp á ný gegn þeim manni nema ný sakargögn séu fram komin eða líklegt að þau komi fram.

4. Nú hefur rannsókn gegn sökuðum manni verið hætt og á hann þá rétt á vottorði rannsóknara eða ákæranda um það.

77. gr.

1. Nú telur rannsóknari rannsókn lokið og gögn komin fram sem geti leitt til saksóknar og sendir hann ríkissaksóknara þá rannsóknargögnin, nema hann megi sjálfur höfða mál skv. 28. gr. Með rannsóknargögnum sendir rannsóknari að jafnaði greinargerð um rannsóknina þar sem kemur fram samandregin lýsing á atriðum sem hann telur ákæru geta beinst að.

2. Ríkissaksóknari getur mælt fyrir um frekari rannsóknaraðgerðir ef hann telur þess þörf.

X. KAFLI
Hald á munum o. fl.

78. gr.

1. Leggja skal hald á muni ef ætla má að þeir hafi sönnunargildi í opinberu máli, ef þeirra hefur verið aflað á refsiverðan hátt eða ef ætla má að þeir kunni að verða gerðir upptækir. Til muna teljast skjöl.

2. Hverjum sem löglega handtekur sakaðan mann, rannsakar vettvang, gerir leit í húsum eða annars staðar eða leit á mönnum, er rétt að leggja hald á muni sem þá finnast og telja má til sakargagna.

79. gr.

Nú vill vörsluhafi munar, sem hald er lagt á, ekki hlíta þeirri ákvörðun, og skal honum þá bent á að hann geti borið ágreiningsefnið undir dómara. Slík krafa frestar þó ekki haldlagningunni.

80. gr.

1. Hald má leggja á bréf, símskeyti og aðrar sendingar, sem eru í vörslum Pósts og síma, enda sé það gert vegna rannsóknar út af broti sem varðað getur þyngri refsingu en sektum. Hafi sendandi og viðtakandi ekki verið staddir við haldlagningu skal hún tilkynnt þeim svo fljótt sem verða má, þó þannig að það skaði ekki frekari rannsókn málsins. Rannsókn á efni og innihaldi slíkra sendinga má einungis fara fram samkvæmt úrskurði dómara.

2. Hald verður ekki án undangengins dómsúrskurðar lagt á prentað mál til undirbúnings upptöku samkvæmt ákvæðum laga um prentrétt.

81. gr.

Skrá skal þá muni sem hald er lagt á og varðveita þá með tryggilegum hætti. Eftir kröfu þess sem lætur muni af hendi skal láta honum í té afrit af skránni eða annars konar fullnægjandi kvittun.

82. gr.

Aflétta skal haldi þegar þess er ekki lengur þörf og í síðasta lagi þegar máli er endanlega lokið, nema um sé að ræða:

a. muni sem gerðir hafa verið upptækir með dómi,
b. muni sem aflað hefur verið með refsiverðum hætti og afhentir hafa verið þeim sem tilkall eiga til þeirra,
c. gögn sem lögð hafa verið fram í dómi, nema sá sem afhendingar krefst þurfi á gagni að halda til að ná rétti sínum eða afstýra réttindamissi.

83. gr.

Í þarfir rannsóknar má loka herbergjum eða húsum, afgirða ákveðin svæði eða varna mönnum för um þau, gefa út bann við að fara með muni af ákveðnum stað eða svæði o.s.frv.

84. gr.

Fari maður með starfa og brýtur öryggisreglur sem hafa verið settar um hann skal rannsóknari til bráðabirgða varna honum að rækja starfann, m.a. með því að taka af honum atvinnuskírteini, stöðva farartæki hans, loka starfshýsi hans eða með öðrum viðeigandi hætti, ef það er nauðsynlegt til að afstýra hættu eða ef brot er stórfellt.

85. gr.

1. Til tryggingar greiðslu sektar, skaðabóta, sakarkostnaðar og upptöku getur ákærandi krafist kyrrsetningar á eignum sakbornings ef hætta þykir á að þeim verði ella skotið undan eða þær glatist eða rýrni að mun.

2. Um framkvæmd og þýðingu kyrrsetningar samkvæmt grein þessari fer sem um kyrrsetningu fjármuna almennt, með þeim undantekningum að tryggingu þarf ekki að setja, mál þarf ekki að höfða til staðfestingar kyrrsetningu, stimpilgjald og þinglýsingar skal ekki greiða fyrir ráðstafanirnar og um ábyrgð á kyrrsetningu fer eftir almennum skaðabótareglum.

3. Kyrrsetning fellur niður ef ákærði hefur verið sýknaður með endanlegum dómi af greiðslu sektar, skaðabóta og sakarkostnaðar eða upptaka eigna hefur ekki verið dæmd. Sama á við ef saksókn hefur verið felld niður eða rannsókn leiðir ekki til saksóknar. Sakborningur á þá heimtingu á að honum verði að kostnaðarlausu fengin umráð yfir hinum

kyrrsettu verðmætum og felldar verði úr gildi þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til verndar kyrrsetningunni. Kyrrsetning fellur á sama hátt niður ef sakborningur innir af hendi þær greiðslur sem kyrrsetning á að tryggja.

86. gr.

Með þeim skilyrðum sem greind eru í 87. gr. er heimilt í þágu rannsóknar:

a. að leggja fyrir yfirvöld að leyfa að hlustað sé á eða tekin séu upp símtöl við tiltekinn síma eða tekin séu upp önnur fjarskipti við tiltekið fjarskiptatæki,
b. að fá upplýsingar hjá yfirvöldum um símtöl við tiltekinn síma eða fjarskipti við tiltekið fjarskiptatæki,
c. að taka upp samtöl eða nema annars konar hljóð eða merki með því að nota til þess sérstaka hljóðupptökutækni eða sambærilega tækni án þess að þeir sem í hlut eiga viti af því,
d. að taka myndir, hvort sem er ljósmyndir eða kvikmyndir, án þess að þeir sem myndaðir eru viti af því.

87. gr.

1. Til aðgerða sem taldar eru upp í 86. gr. þarf úrskurð dómara nema umráðamaður síma eða fjarskiptatækis samþykki þær. Í úrskurði skal m.a. taka fram hvaða tiltekinn síma eða fjarskiptatæki sé um að ræða, sbr. a- og b-lið, hvar og með hverjum hætti samtöl, hljóð eða merki skulu numin eða myndir teknar, sbr. c- og d-lið. Í úrskurði skal setja aðgerð ákveðin tímamörk.

2. Eftirfarandi skilyrði verða að vera fyrir hendi svo gripið verði til aðgerða skv. 86. gr.:

a. að ástæða sé til að ætla að upplýsingar, sem skipt geta miklu fyrir rannsókn máls, fáist með þessum hætti,
b. að rannsókn beinist að broti sem varðað getur að lögum átta ára fangelsi eða ríkir almannahagsmunir eða einkahagsmunir krefjist þess.

3. Heimilt er að taka upp hljóð og taka myndir í þágu rannsóknar á almannafæri eða á stöðum sem almenningur á aðgang að án þess að skilyrðum 1. og 2. mgr. sé fullnægt.

88. gr.

1. Upptökur af símtölum, hljóðupptökur, myndir eða annað sem aflað er á grundvelli 86. gr., skal eyðileggja jafn skjótt og þeirra er ekki lengur þörf í þágu máls, enda hafi þau gögn ekki verið lögð fram í dómi.

2. Þegar aðgerð skv. 86. gr. er lokið skal þeim sem aðgerð beinist að, þar á meðal sakborningi og eiganda eða umráðamanni síma eða fjarskiptatækis, birtur úrskurður um hana eða tilkynnt hún og skal það gert svo fljótt sem verða má, þó þannig að það skaði ekki frekari rannsókn málsins.

XI. KAFLI
Leit.

89. gr.

1. Heimilt er að leita í húsum sakbornings, geymslustöðum, hirslum, skipum og öðrum farartækjum í því skyni að handtaka hann, rannsaka ummerki brots eða hafa uppi á munum eða gögnum sem hald skal leggja á.

2. Leita má hjá öðrum mönnum en sökuðum þegar brot hefur verið framið þar eða sakaður maður handtekinn. Einnig ef gildar ástæður eru til að ætla að sakborningur haldi sig þar eða þar sé að finna muni eða gögn sem hald skal leggja á.

90. gr.

1. Leit skv. 89. gr. skal ákveðin með úrskurði dómara nema sá sem í hlut á samþykki hana.

2. Rannsóknari má þó leita án dómsúrskurðar ef brýn hætta er á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum. Leita má án úrskurðar að manni sem handtaka skal, ef honum er veitt eftirför eða hætta er á að hann komi sér undan ef beðið er dómsúrskurðar.

91. gr.

Í húsakynnum, sem eru opin almenningi og í húsum þar sem lausungarlýður og brotamenn venja komur sínar, má leita, ef þörf þykir, þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 89. og 90. gr.

92. gr.

1. Leita má á sakborningi ef nauðsynlegt þykir til að taka af honum gögn eða muni sem hald skal leggja á. Leiki grunur á að maður feli innvortis muni eða efni sem hald skal leggja á, er heimilt að framkvæma leit, að fengnu áliti læknis. Þá má taka blóð- og þvagsýni úr sakborningi og framkvæma á honum aðra þá líkamsrannsókn í þágu rannsóknar sem gerð verður á honum að meinalausu. Enn fremur má taka af honum fingraför og myndir í þágu rannsóknar.

2. Leita má á öðrum en sakborningi ef ástæða er til að ætla að hann hafi á sér gögn eða muni sem hald skal leggja á.

93. gr.

1. Leit og líkamsrannsókn skv. 92. gr. skal ákveðin í úrskurði dómara, nema sá sem í hlut á samþykki hana.

2. Rannsóknara er þó rétt að leita án dómsúrskurðar ef brýn hætta er á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum.

94. gr.

1. Lögreglumenn stjórna leit samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

2. Húsráðanda eða umráðamanni staðar, þar sem leit fer fram, skal kynnt heimild til húsleitar og veittur kostur á að vera viðstaddur húsleit, ef unnt er, en ef hann er fjarri skulu heimilismenn til kvaddir. Þeim má víkja brott af leitarstað, trufli þeir eða hindri leitina.

3. Við leit skal gæta þeirrar varfærni og hlífðar sem samræmist markmiði hennar. Ekki skal gera húsleit að næturþeli nema mjög brýn nauðsyn sé á og sakarefni stórfellt. Leit innan klæða skal gerð af manni sem er sama kyns og sá sem leitað er á.

4. Leit innvortis, taka blóðsýnis og aðrar samsvarandi aðgerðir skulu framkvæmdar af lækni eða hjúkrunarfræðingi.

95. gr.

Sá sem stýrir leit skal skrá skýrslu um hana og komi þar fram hvernig leit fór fram og samkvæmt hvaða heimild, hverjir voru viðstaddir og hvern árangur leitin bar.

96. gr.

Haldast skulu sérákvæði í lögum um húsleit og líkamsleit, svo og um líkamsrannsóknir.

XII. KAFLI
Handtaka.

97. gr.

1. Lögreglumönnum er rétt að handtaka mann ef rökstuddur grunur er á að hann hafi framið brot sem sætt getur ákæru, enda sé handtaka nauðsynleg til að koma í veg fyrir

áframhaldandi brot, tryggja návist hans og öryggi eða koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum.

2. Sams konar heimild hefur hver sá sem stendur mann að broti sem sætt getur ákæru og varðað getur refsivist. Afhenda skal hinn handtekna lögreglunni tafarlaust ásamt upplýsingum um ástæðu handtökunnar og hvenær hún fór fram.

3. Ef uppþot verður sem hefur í för með sér líkamsmeiðingar eða stórfelld eignaspjöll eða hættu á slíku, svo og þegar margir menn hafa tekið þátt í óeirðum, sem leitt hafa til manntjóns eða meiri háttar líkamsmeiðinga, og ekki verður með vissu bent á hinn seka eða hina seku, er lögreglunni heimilt að handtaka hvern þann sem nærstaddur er og ástæða er til að gruna um refsiverða þátttöku í brotinu.

98. gr.

Lögreglumönnum er enn fremur rétt að handtaka mann:

a. ef hann á að afplána refsingu,
b. ef hann hefur leyfislaust vikið úr refsivist eða gæslu eða rofið bann við för af ákveðnu svæði,
c. ef rökstuddur grunur leikur á að hann hafi rofið í verulegum atriðum skilyrði sem honum hafa verið sett í skilorðsbundnum dómi, reynslulausn eða náðun,
d. ef hann hefur ekki að forfallalausu sinnt fyrirkalli skv. 120. gr. eða gegnt kvaðningu til að gefa skýrslu í opinberu máli,
e. ef hann ærist á almannafæri eða veldur þar hneyksli eða hættu á óspektum,
f. ef hann hefur hér ekki landvistarleyfi.

99. gr.

1. Eftir ósk ríkissaksóknara eða lögreglu getur dómari ákveðið handtöku. Slík handtökuskipun skal vera skrifleg og tilgreina deili á þeim sem handtaka skal og ástæður handtöku.

2. Handtökuskipun dómara má birta opinberlega og skora á hvern sem er að framkvæma hana, ef svo stendur á sem í a-lið 98. gr. segir, eða ef ókunnugt er um dvalarstað þess, sem handtaka skal, og brot getur varðað refsivist.

100. gr.

Alþingsmann má ekki taka fastan samkvæmt fyrirmælum 97. gr. meðan Alþingi stendur nema hann sé staðinn að glæp.

101 gr.

1. Við handtöku skal þess gætt að baka hinum handtekna ekki óþægindi framar en nauðsyn ber til.

2. Leita má á handteknum manni og taka til varðveislu muni sem hann hefur á sér. Skila skal þeim aftur þegar handtöku lýkur, nema hald á munum sé ákveðið samkvæmt reglum X. kafla.

3. Þess ber að gæta eftir föngum að maður, sem handtekinn hefur verið, geti ekki unnið tjón á sjálfum sér eða öðrum.

102. gr.

Mann sem tekinn er fastur skal leiða fyrir dóm án undandráttar, enda sé hann ekki látinn laus eða færður aftur í gæslu eða refsivist sem hann á að sæta.

XIII. KAFLI
Gæsluvarðhald og skyldar ráðstafanir.

103. gr.

1. Sakborningur verður því aðeins úrskurðaður í gæsluvarðhald að fram sé kominn rökstuddur grunur um að hann hafi framið verknað sem fangelsisrefsing er lögð við, enda hafi hann náð 15 ára aldri. Auk þess verður að vera fyrir hendi eitthvert eftirtalinna skilyrða:

a. að ætla megi að sakborningur muni torvelda rannsókn málsins, svo sem með því að afmá merki eftir brot, skjóta undan munum eða hafa áhrif á vitni eða samseka,
b. að ætla megi að hann muni reyna að komast úr landi eða leynast eða koma sér með öðrum hætti undan málsókn eða fullnustu refsingar,
c. að ætla megi að hann muni halda áfram brotum meðan máli hans er ekki lokið,
d. að telja megi gæsluvarðhald nauðsynlegt til að verja aðra fyrir árásum sakbornings eða hann sjálfan fyrir árásum eða áhrifum annarra manna.

2. Einnig má úrskurða mann í gæsluvarðhald, þótt skilyrði skv. a–d liðum 1. mgr. sé ekki fyrir hendi, ef sterkur grunur er um að hann hafi framið afbrot sem að lögum getur varðað 10 ára fangelsi, enda sé brotið þess eðlis að ætla megi varðhald nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna.

104. gr.

Alþingismann má ekki úrskurða í gæsluvarðhald meðan Alþingi er háð eða meðan á fundafrestun stendur, enda hafi hún ekki verið ákveðin í senn lengur en 14 daga. Þetta gildir þó ekki ef hann hefur verið staðinn að glæp.

105. gr.

1. Þegar maður kemur fyrir dóm og krafa er gerð um að hann verði settur í gæsluvarðhald, kynnir dómari honum kröfuna og ber undir hann sakarefnið. Sakborningi eða verjanda hans skal gefinn kostur á að tjá sig um kröfuna í stuttu máli. Dómari skal að jafnaði leggja úrskurð á kröfuna í sama þinghaldi, en heimilt er þó að fresta uppkvaðningu úrskurðar í allt að sólarhring frá þeim tíma sem sakborningur kom fyrir dóm.

2. Gæsluvarðhaldi skal markaður ákveðinn tími. Sá sem krafist hefur gæsluvarðhalds skal láta sakborning lausan þegar ástæður til gæslu eru ekki lengur fyrir hendi. Gæsluvarðhald verður ekki framlengt nema til komi nýr dómsúrskurður.

106. gr.

Gæsluvarðhaldi lýkur þegar dómur hefur verið kveðinn upp í málinu. Eftir kröfu ákæranda getur dómari þó úrskurðað að gæsluvarðhald skuli haldast meðan á fresti skv. 1. mgr. 153. gr. stendur, svo og meðan mál er til meðferðar fyrir æðra dómi, ef því er að skipta.

107. gr.

Ef sakborningur er ekki viðstaddur þegar gæsluvarðhaldsúrskurður er kveðinn upp skal birta hann með venjulegum hætti samkvæmt reglum 20. gr. Ef krafist er skal láta í té endurrit af úrskurði ekki síðar en sólarhring þar frá.

108. gr.

1. Gæsluvarðhaldsfangar skulu sæta þeirri meðferð sem nauðsynleg er til þess að gæslan komi að gagni og góð regla haldist í gæslunni, en varast skal að beita þá hörku eða harðýðgi. Um gæsluna gilda annars þessar reglur:

a. gæsluföngum er heimilt að útvega sér sjálfir og taka við fæði og öðrum persónulegum nauðsynjum, þar á meðal fatnaði,

b. gæslufangar skulu því aðeins látnir vera í einrúmi að rannsóknarnauðsynjar krefji, en þó skulu þeir ekki gegn vilja sínum hafðir með öðrum föngum,
c. gæslufangar eiga rétt á heimsóknum; þó getur sá sem rannsókn stýrir bannað heimsóknir ef nauðsyn ber til í þágu rannsóknar; rétt er þó að verða við óskum gæslufanga um að hafa samband við lækni eða prest, ef þess er kostur; um rétt verjanda til viðtals við gæslufanga fer eftir 42. gr.,
d. gæslufangar mega senda og taka við bréfum og öðrum skjölum; þó getur sá sem rannsókn stýrir látið athuga efni bréfa eða annarra skjala og kyrrsett þau ef nauðsyn ber til í þágu rannsóknar; gera skal sendanda viðvart um kyrrsetningu, ef því er að skipta,
e. gæslufangar mega lesa dagblöð og bækur, svo og fylgjast með útvarpi; þó getur sá sem rannsókn stýrir takmarkað aðgang gæslufanga að fjölmiðlum ef nauðsyn ber til í þágu rannsóknar,
f. gæsluföngum er, eftir því sem unnt er, heimilt að útvega sér vinnu meðan á gæsluvarðhaldi stendur.

2. Dómsmálaráðherra skal setja nánari reglur um tilhögun gæsluvarðhaldsvistar í reglugerð, þar á meðal um nánari framkvæmd þeirra atriða sem í 1. mgr. getur.

109. gr.

1. Nú kemur til greina að setja mann í gæsluvarðhald samkvæmt heimild í b-lið 1. mgr. 103. gr. og getur dómari þá, ef hann telur það nægilegt, ákveðið að sakborningur haldi frelsi sínu gegn því að hann setji tryggingu. Dómari ákveður fjárhæð tryggingar. Hún skal sett í reiðufé, en dómari getur þó tekið gild verðbréf, ábyrgð innlánsstofnunar eða sjálfskuldarábyrgð annarra manna. Yfirlýsingu um tryggingu eða ábyrgð skal skrá í þingbók, sem hlutaðeigendur undirrita, eða gefa út sérstakar skriflegar yfirlýsingar. Dómari sér um vörslur verðmæta, sem sett eru að tryggingu, og gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar tryggingunni.

2. Tryggingarfé skal vera fyrirgert til ríkissjóðs ef sakborningur rýfur skilyrði þau sem tryggingin er sett fyrir. Skal það koma greinilega fram í bókun eða yfirlýsingu um trygginguna.

3. Trygging eða ábyrgð fellur niður ef sakborningur heldur þá skilmála sem trygging er sett fyrir. Sama á við ef sakborningur verður allt að einu settur í gæsluvarðhald, hann andast, rannsókn lýkur án málshöfðunar og þegar málinu er endanlega lokið.

110. gr.

Í stað gæsluvarðhalds, svo og endranær ef nauðsyn ber til, getur dómari, hvort sem trygging er sett eða ekki, lagt fyrir sakborning að halda sig á ákveðnu svæði (sveitarfélagi, umdæmi o.s.frv.), bannað honum brottför af landinu eða mælt fyrir um vistun hans á sjúkrahúsi eða viðeigandi stofnun.

XIV. KAFLI
Saksókn og undirbúningur málsmeðferðar.

111. gr.

Sérhver refsiverður verknaður skal sæta ákæru, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum.

112. gr.

Þegar ákærandi hefur fengið gögn máls í hendur og gengið úr skugga um að rannsókn sé lokið, athugar hann hvort sækja skuli mann til sakar eða ekki. Ef hann telur það sem fram er komið ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis lætur hann við svo búið standa, en ella leggur hann málið fyrir dóm skv. 116. gr.

113. gr.

1. Falla má frá saksókn þegar beita má ákvæðum almennra hegningarlaga um frestun ákæru. Enn fremur fellur málsókn niður ef sakborningur gengst undir viðurlög skv. 115. gr., nema svo standi á sem þar segir í 6. mgr.

2. Einnig má falla frá saksókn þegar svo stendur á sem hér segir:

a. ef brot er mjög smávægilegt,
b. ef sakborningur virðist vera ósakhæfur og ekki er nauðsynlegt að gera kröfu um að hann verði beittur öryggisráðstöfunum samkvæmt fyrirmælum almennra hegningarlaga,
c. ef brot hefur valdið sakborningi sjálfum óvenjulegum þjáningum og málsókn þykir ekki brýn af almennum refsivörsluástæðum,
d. ef sækja á mann til sakar í einu máli út af fleiri brotum er heimilt að falla frá saksókn út af brotum sem ætla má að skipti engu eða óverulegu máli við ákvörðun viðurlaga; enn fremur má falla frá saksókn ef svo stendur á sem í 78. gr. almennra hegningarlaga segir og ætla verður að ekki yrði um frekari refsingu að ræða þótt sakfellt yrði,
e. ef nauðung eða fjárkúgun hefur verið framin með hótun um kæru fyrir refsivert athæfi, er heimilt að falla frá saksókn fyrir það brot ef það er ekki því stórfelldara,
f. ef sérstaklega stendur á og telja verður að almannahagsmunir krefjist ekki málshöfðunar.

3. Ef ríkissaksóknari telur ástæðu til að falla frá saksókn, en telur vafa leika á heimild sinni til þess getur hann óskað eftir að dómsmálaráðherra geri tillögu til forseta Íslands um niðurfall saksóknar samkvæmt ákvæðum 29. gr. stjórnarskrár.

4. Í málum þar sem lögreglustjóri fer með ákæruvald skal hann, ef hann telur að til greina komi að falla frá saksókn samkvæmt fyrirmælum b–f-liða 2. mgr., senda ríkissaksóknara málið með tillögum sínum.

114. gr.

Nú fellur mál niður skv. 112. gr. eða fallið er frá saksókn skv. 113. gr. og skal þá ákærandi tilkynna það sakborningi og ef því er að skipta þeim sem misgert hefur verið við. Í tilkynningu skal tiltekið við hverja lagaheimild sú ákvörðun styðjist.

115. gr.

1. Nú stendur lögreglumaður vegfaranda að broti gegn umferðarlögum eða lögreglusamþykkt og hann telur að refsing muni ekki fara fram úr sekt að tiltekinni fjárhæð, sem dómsmálaráðherra ákveður í reglugerð eftir tillögu ríkissaksóknara. Getur lögreglumaður þá gefið sakborningi kost á að greiða hæfilega sekt sem greiðist þegar í stað eða innan tiltekins tíma. Ef sekt er greidd innan tiltekins tíma fellur málsókn niður, en greiðist sekt ekki fellur ákvörðun lögreglumanns úr gildi og fer þá ákvörðun um saksókn eftir almennum reglum.

2. Nú berst lögreglustjóra kæra um brot, sem hann hefur ákæruvald um skv. 28. gr., og hann telur viðurlög við brotinu ekki fara fram úr sviptingu ökuleyfis allt að einu ári, upptöku eigna eða sekt að tiltekinni fjárhæð, sem dómsmálaráðherra ákveður í reglugerð eftir tillögu ríkissaksóknara. Getur lögreglustjóri þá bréflega, innan mánaðar frá því honum barst kæran, gefið sakborningi kost á að ljúka málinu með því að gangast undir hæfileg viðurlög með undirskrift sinni. Gangist sakborningur undir ákvörðun viðurlaga hafa þau málalok sama gildi um ítrekunaráhrif og dómur, ef því er að skipta. Synji sakborningur þessum málalokum eða sinni þeim ekki skal tekin ákvörðun um saksókn eftir almennum reglum.

3. Nú hefur sakborningur gengist skriflega undir ákvörðun sektar skv. 2. mgr. en ekki greitt hana, og getur þá lögreglustjóri, ef hann svo kýs, krafist fullnustu hennar með aðför fremur en að ákveða saksókn vegna brotsins. Um aðförina fer þá eftir fyrirmælum aðfararlaga um aðför eftir sátt sem komist hefur á fyrir yfirvaldi.

4. Ríkissaksóknari lætur lögreglustjórum í té skrá yfir brot, sem heimild skv. 1. og 2. mgr. nær til, ásamt leiðbeiningum um sektarfjárhæð og önnur viðurlög fyrir hverja tegund

brots. Ríkissaksóknari á rétt á að fá skýrslur um málalok skv. 2. mgr. eftir þeim reglum sem hann ákveður.

5. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um bókhald og meðferð mála samkvæmt þessari grein.

6. Nú telur ríkissaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir viðurlög samkvæmt þessari grein eða að málalok hafi verið fjarstæð að öðru leyti og getur hann þá innan tveggja mánaða frá málalokum fellt gerðina úr gildi.

116. gr.

1. Ákærandi höfðar opinbert mál með útgáfu ákæru. Í henni skal greina:

a. þann dómstól sem málið er höfðað fyrir,
b. nafn ákærða, heimilsfang og kennitölu eða fæðingardag,
c. hvert brotið sé, sem ákært er út af, hvar og hvenær það er talið framið, heiti þess að lögum og önnur skilgreining og loks heimfærslu þess til laga og stjórnvaldsfyrirmæla, ef því er að skipta,
d. kröfur um refsingu og önnur viðurlög, svo sem sviptingu réttinda og upptöku eigna, þó ekki kröfu um greiðslu sakarkostnaðar.

2. Í ákæru skal einnig tilgreina ótvírætt kröfur borgararéttarlegs eðlis skv. XX. kafla laga þessara, sbr. þó 171. gr.

117. gr.

1. Hvorki má dæma ákærða fyrir aðra hegðun en þá sem í ákæru greinir né heldur dæma aðrar kröfur á hendur honum. Rétt er þó að dæma áfall á hendur ákærða þótt aukaatriði brots, svo sem staður og stund þess, séu ekki skýrt eða rétt greind, enda telji dómari að vörn hafi ekki verið áfátt þess vegna. Dómari getur gefið ákæranda og ákærða eða verjanda færi á að tjá sig um sakaratriði að þessu leyti, ef þurfa þykir. Dómara er og rétt með sömu skilyrðum að dæma eftir öðrum refsiákvæðum en í ákæru segir, þó aldrei aðrar kröfur en þar greinir.

2. Að öðru leyti en segir í 1. mgr. er dómari óbundinn af kröfum aðila og yfirlýsingum, nema þær séu borgararéttarlegs eðlis. Ekki skiptir máli hvenær yfirlýsingar koma fram undir rekstri máls.

118. gr.

1. Ákærandi getur breytt eða aukið við ákæru með útgáfu framhaldsákæru til að leiðrétta augljósar villur eða ef nýjar upplýsingar gefa tilefni til. Framhaldsákæru skal gefa út ekki síðar en þremur vikum eftir að þörfin á henni er kunn.

2. Ákærandi getur fram til þess að dómur gengur afturkallað ákæru sem hann hefur gefið út.

119. gr.

1. Þegar ákæra hefur verið gefin út á hendur manni nefnist hann ákærði og málið: Ákæruvaldið gegn N.N.

2. Ákæra skal send héraðsdómi ásamt gögnum málsins í nægilega mörgum eintökum. Ákærandi tilkynnir jafnframt dómara hver fari með málið af hálfu ákæruvaldsins. Nú er ljóst að farið skuli með mál eftir 129. gr. og skal ákæru þá fylgja skrá yfir þau sönnunargögn sem ákærandi óskar eftir að fram verði færð við málsmeðferðina, svo og hvaða vitni verði leidd.

3. Þegar héraðsdómara hefur borist ákæra athugar hann hvort þeir ágallar séu á málatilbúnaði að máli skuli þegar vísað frá dómi af sjálfsdáðum, svo sem vegna þess að rannsókn hafi verið svo áfátt að augljóslega fari í bága við 67. gr. og ekki verði úr bætt við

meðferð málsins, að krafa hafi ekki komið fram um málshöfðun ef því er að skipta, að þann sem gefið hefur út ákæru bresti vald til þess, að mál sé höfðað á röngu varnarþingi o.s.frv. Ef svo stendur á gefur hann ekki út fyrirkall skv. 120. gr., en endursendir málið ásamt stuttum rökstuðningi fyrir ákvörðun sinni. Ákæranda er jafnan heimilt að krefjast úrskurðar héraðsdómara um synjun þess að fyrirkall verði gefið út.

120. gr.

1. Ef dómari telur samkvæmt athugun sinni á málatilbúnaði að skilyrði séu til að taka mál til meðferðar, ákveður hann í samráði við ákæranda stað og stund þinghalds þar sem málið verður þingfest. Jafnframt gefur hann út svo fljótt sem verða má fyrirkall á hendur ákærða, sem greini stað og stund þingfestingar ásamt áskorun til ákærða um að sækja þing. Telji dómari skilyrði til að mál verði dæmt að ákærða fjarstöddum, sbr. 1. mgr. 126. gr., skal þess skilmerkilega getið í fyrirkalli að fjarvist ákærða kunni að verða metin til jafns við viðurkenningu hans og að dómur gangi um málið þótt hann sæki ekki þing, auk þess að heimildir til áfrýjunar slíks dóms séu takmarkaðar, sbr. 150. gr. Ella skal þess getið í fyrirkalli að lögregla megi færa ákærða fyrir dóm, með valdi ef með þarf, ef hann sinnir því ekki.

2. Þegar dómari hefur gefið út fyrirkall skv. 1. mgr. sendir hann það ásamt ákæru til lögreglustjórans í því umdæmi, þar sem ákærði hefst við, en lögreglustjóri annast birtingu ákæru og fyrirkalls fyrir ákærða skv. 20. gr. með þeim fyrirvara sem dómari hefur ákveðið í fyrirkalli.

3. Við birtingu ákæru og fyrirkalls skal ákærði spurður hvort hann óski eftir verjanda og þá hverjum, ef því er að skipta. Skal afstöðu ákærða getið í vottorði um birtinguna.

4. Lögreglustjóri endursendir dómara ákæru og fyrirkall að birtingu lokinni.

121. gr.

Hafi ákærði óskað eftir skipun verjanda við birtingu ákæru og fyrirkalls, skal dómari taka ákvörðun um skipunina skv. VI. kafla laga þessara. Dómari sendir verjanda afrit af gögnum málsins og tilkynnir honum hvenær málið verði þingfest.

XV. KAFLI
Málsmeðferð í héraði.

122. gr.

1. Mál er þingfest þegar dómari leggur ákæru og önnur gögn málsins fram á dómþingi. Þingfesta má mál, þótt fyrirkall hafi ekki verið gefið út, ef ákærði sækir þing.

2. Við þingfestingu máls skal ákærði spurður hvort hann játi efni ákæru rétt og honum eftir atvikum kynnt efni framlagðra skjala ef hann er viðstaddur. Ella skal það gert í þinghaldi þegar ákærði kemur fyrst fyrir dóm eftir þingfestingu máls.

3. Hvenær sem er eftir þingfestingu máls getur dómari vísað því frá dómi með úrskurði þótt engin krafa hafi komið fram um það, ef hann telur svo bersýnilega annmarka á því, sem ekki verði bætt úr undir rekstri þess, að dómur verði ekki kveðinn upp um efni þess. Áður en máli verður vísað frá dómi skal ákæranda þó gefinn kostur á að tjá sig um málefnið, svo og ákærða, hafi hann sótt þing í málinu.

123. gr.

1. Sæki ákærandi ekki þing verður máli ekki lokið eða skýrslur teknar fyrir dómi, en dómari ákveður þá nýtt þinghald.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur dómari ákveðið að ljúka máli þótt ákærandi sæki ekki þing ef ákærði kemur fyrir dóm og skilyrði eru til að ljúka því skv. 1. mgr. 124. gr. eða 125. gr., enda hafi ákærandi þá mætt við þingfestingu málsins og ekki mótmælt að því yrði lokið með þessum hætti.

124. gr.

1. Ef ákærði sækir þing og játar brot má gefa honum kost á að ljúka máli með því að hann gangist undir sekt, sem greiðist innan tiltekins tíma að viðlagðri vararefsingu, ásamt sakarkostnaði. Fallist ákærði skriflega á slík málalok, ákærandi mótmælir þeim ekki og dómari telur viðurlög hæfileg, getur dómari lokið máli með ákvörðun sinni um þau viðurlög og hefur hún sama gildi og dómur, þar á meðal um ítrekunaráhrif ef því er að skipta. Með sama hætti má og leysa úr kröfu á hendur ákærða um sviptingu réttar til að stýra vélknúnu farartæki, svo og kröfu um upptöku eigna.

2. Nú telur ríkissaksóknari að saklaus maður hafi fallist á viðurlög skv. 1. mgr. eða að ákærði hafi verið látinn undirgangast fjarstæð málalok að öðru leyti og getur ríkissaksóknari þá kært málið til æðra dóms til ónýtingar á ákvörðuninni.

125. gr.

1. Nú verður máli ekki lokið skv. 124. gr. og ákærði er einungis saksóttur fyrir brot sem getur ekki varðað að lögum þyngri refsingu en átta ára fangelsi, hann játar skýlaust alla þá háttsemi sem honum er gefin að sök og dómari telur ekki ástæðu til að draga í efa að játning sé sannleikanum samkvæm. Tekur dómari þá málið þegar til dóms nema ákærandi mótmæli því og þarf þá ekki að færa fram önnur sönnunargögn. Ef aðilar óska skal þeim þó gefinn kostur á að tjá sig í stuttu máli um lagaatriði máls og ákvörðun viðurlaga áður en það er tekið til dóms.

126. gr.

1. Nú kemur ákærði ekki fyrir dóm þótt honum hafi verið löglega birt fyrirkall og þess getið í því að mál kunni að vera dæmt að honum fjarstöddum, sbr. 1. mgr. 120. gr., og má þá leggja dóm á málið ef dómari telur framlögð gögn nægileg og svo stendur á:

a. að brot þykir ekki varða þyngri viðurlögum en sekt, upptöku eigna og sviptingu réttinda eða
b. að ákærði hefur áður komið fyrir dóm og játað skýlaust alla þá háttsemi sem honum er gefin að sök og dómari telur ekki ástæðu til að draga í efa að játning sé sannleikanum samkvæm, enda verði ekki dæmd þyngri refsing en sex mánaða fangelsi.

2. Nú hefur máli verið lokið með dómi skv. 1. mgr. og getur ákærði þá krafist þess að það verði endurupptekið til nýrrar meðferðar í héraði ef hann sannar að hann hafi haft lögmæt forföll og ekki verið unnt að tilkynna það í tíma eða fyrirkall skv. 120. gr. hafi ekki borist honum í tæka tíð.

3. Krafa um endurupptöku skv. 2. mgr. skal gerð fyrir þeim dómstól þar sem dómur var kveðinn upp innan þess frests sem um getur í 1. mgr. 153. gr. Dómari tekur ákvörðun um hvort krafan verði tekin til greina, en synjun um endurupptöku má kæra til æðra dóms. Sé krafan tekin til greina fer fram ný dómsmeðferð. Sæki ákærði þá ekki þing skal sú meðferð felld niður og fyrri dómur standa.

127. gr.

Nú kemur ákærði ekki fyrir dóm við þingfestingu máls og því verður ekki lokið samkvæmt því sem í 1. mgr. 126. gr. segir og ákveður dómari þá nýtt þinghald í samráði við ákæranda og leggur fyrir lögreglu að færa ákærða fyrir dóm.

128. gr.

1. Nú verður máli ekki lokið samkvæmt því sem að framan segir og skal ákærði þá við þingfestingu eða í þinghaldi skv. 127. gr. inntur eftir hvort hann telji nokkuð því til fyrirstöðu að dómur verði lagður á málið að efni til. Komi fram frávísunarkrafa gefur dómari ákæranda og ákærða kost á að tjá sig um málið. Dómari tekur afstöðu til kröfu um frávísun málsins með úrskurði.

2. Við þingfestingu eða í þinghaldi skv. 127. gr. gefst ákærða kostur á að leggja fram þau sönnunargögn sem hann hyggst færa fram við málsmeðferð. Hann skal jafnframt láta uppi hvort hann hyggst leiða vitni í málinu og þá hver. Dómari getur þó frestað máli ef hann telur aðilum það nauðsynlegt til að taka afstöðu til máls eða afla frekari sönnunargagna. Að jafnaði skal dómari ekki ákveða þing til aðalmeðferðar máls fyrr en aðilar hafa lýst lokið öflun skjala og annarra sýnilegra sönnunargagna.

3. Dómari getur beint til ákæranda að afla gagna um tiltekin atriði máls eftir því sem honum þykir nauðsyn vera til skýringar á máli.

4. Dómara er rétt að meina ákæranda eða ákærða að leggja fram gögn í máli eða leiða vitni ef sú sönnunarfærsla er sýnilega þarflaus til upplýsingar málsins.

5. Dómari ákveður hvort mál verði munnlega flutt eða skriflega. Dómari skal ekki ákveða skriflegan flutning máls nema sérstaklega standi á og ákærandi og ákærði óska þess eða hann telur hættu á að málið skýrist ekki nægilega með munnlegum málflutningi. Ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein skal færð í þingbók.

129. gr.

1. Dómari ákveður í þinghaldi hvenær aðalmeðferð máls skuli háð, en þá skulu að jafnaði fara fram í einni lotu skýrslutökur og munnlegur málflutningur.

2. Heimilt er að taka skýrslu af ákærða eða þýðingarmiklum vitnum áður en aðalmeðferð hefst, enda verði sá sem skýrslu á að gefa fjarverandi vegna lögmætra forfalla.

3. Aðalmeðferð hefst með því að ákærandi gerir stuttlega grein fyrir ákæru og hvaða gögnum hún sé studd. Þá skal tekin skýrsla af ákærða. Ef ákærði játar að hafa framið það brot, sem hann er ákærður fyrir, ákveður dómari í samráði við málflytjendur hvort og þá að hve miklu leyti þörf er frekari sönnunarfærslu. Síðan eru teknar skýrslur af vitnum. Að loknum skýrslutökum fer fram munnlegur málflutningur. Ákærandi talar fyrst og ákærði síðan. Má hvor aðili flytja tvær ræður. Flytji verjandi málið fyrir ákærða er ákærða sjálfum rétt að taka til máls að loknum ræðum ákæranda og verjanda. Að loknum málflutningi er málið tekið til dóms.

4. Ákærði á rétt á að vera við aðalmeðferð máls. Dómari getur þó ákveðið að ákærði víki af þingi meðan skýrsla er tekin af öðrum sem er ákærður í málinu, eða meðan vitni gefur skýrslu, sbr. 6. mgr. 59. gr.

130. gr.

Sé mál skriflega flutt skal taka skýrslur af ákærða og vitnum áður en málflutningur hefst. Síðan skal gefa ákæranda kost á að skila sókn til viðbótar ákæru, en að því búnu gefst ákærða kostur á að skila vörn. Framhaldssókn og framhaldsvörn má skila einu sinni af hálfu hvors aðila. Að loknum málflutningi skal málið tekið til dóms.

131. gr.

Nú telur dómari eftir dómtöku máls nauðsynlegt að fram komi frekari gögn, spyrja þurfi ákærða eða vitni nánar, leggja fram skjöl o.s.frv. og ákveður hann þá framhaldsmeðferð í samráði við málflytjendur ef því er að skipta. Að lokinni framhaldsmeðferð skal gefa málflytjendum kost á að gera athugasemdir til viðbótar málflutningi sínum og að því loknu er mál tekið til dóms á ný.

132. gr.

Dómari lýsir mál niður fallið:

a. ef ákærði andast meðan á málsmeðferð stendur, nema ákveða megi fésekt eða upptöku eigna úr dánarbúi hans,
b. ef ákærandi afturkallar ákæru áður en dómur gengur,
c. ef saksókn er háð kröfu þess sem misgert er við og hann fellur frá kröfu um saksókn áður en héraðsdómur gengur.

133. gr.

1. Hraða skal meðferð máls eftir föngum.

2. Dómur skal kveðinn upp svo fljótt sem unnt er og að jafnaði ekki síðar en þremur vikum eftir dómtöku. Ef ekki er kostur að kveða upp dóm svo fljótt, skal gerð grein fyrir orsökum þess í dóminum.

3. Ef ákærði er viðstaddur dómsuppsögu telst dómur birtur þá, en ella lætur ákærandi birta dóm skv. 20. gr.

XVI. KAFLI
Dómsúrlausnir héraðsdóms.

134. gr.

1. Að því leyti sem lög þessi kveða ekki á um að dómari taki afstöðu til atriða máls í dómi eða með úrskurði má hann ráða þeim til lykta með ákvörðun sinni. Skal ákvörðun færð í þingbók eða vera skrifleg með öðrum hætti þar sem mælt er svo fyrir í lögum þessum.

2. Úrskurðir dómara í sambandi við rannsókn eða flutning máls skulu færðir í þingbók. Í þeim skal niðurstaða rökstudd í stuttu máli og síðan dregin saman úrskurðarorð.

135. gr.

1. Í dómi skal greina dómstól og nafn dómara eða nöfn ef fleiri eru en einn, stað og stund dómsuppkvaðningar, nafn, kennitölu eða fæðingardag og heimili ákærða, sakarefni, lýsing málsatvika í aðalatriðum og röksemdir dómara um niðurstöðu og viðurlög. Niðurstöður skulu loks dregnar saman í dómsorð.

2. Í dómi í máli sem dæmt er skv. 125. gr. nægir að í stað málavaxtalýsingar sé skírskotað til ákæru og þess getið að málið sé dæmt skv. skýlausri játningu ákærða. Ef mál er dæmt að ákærða fjarstöddum skv. 1. mgr. 126. gr. má á sama hátt skírskota til verknaðarlýsingar í ákæru og taka fram að ákærði hafi ekki sótt þing þótt þess hafi verið getið í fyrirkalli að málið kynni að verða dæmt að honum fjarstöddum.

136. gr.

1. Ef dómur er fjölskipaður og mál munnlega flutt skulu allir dómendur hafa heyrt flutning þess. Ef þeir geta ekki allir tekið þátt í uppsögu dóms skal nefna dómara í stað þess eða þeirra sem misst hefur við og endurtaka munnlegan flutning máls.

2. Dómendur skulu ræða samningu dóms og ákvörðun um niðurstöðu fyrir luktum dyrum. Afl atkvæða ræður úrslitum um hvert atriði. Nú verður dómari í minni hluta um eitthvert atriði og skal hann allt að einu taka þátt í ályktun um önnur atriði. Formaður dóms stýrir atkvæðagreiðslu og samningu dóms.

3. Ágreiningsatkvæði skulu birt á sama hátt og dómur.

137. gr.

1. Dómari getur, þegar hann telur ástæðu til, breytt ákvörðunum sínum í sambandi við rekstur máls, svo og þeim úrskurðum sem binda ekki endi á sakarefni.

2. Dómur bindur ákærða, ákæranda og aðra um þau atriði sem þar eru dæmd.

3. Dómur er bindandi fyrir dómara þegar hann hefur verið kveðinn upp. Þó er dómara heimilt að leiðrétta ritvillur, reikningsskekkjur, nafnskekkjur og aðrar bersýnilegar villur í dómi.

138. gr.

1. Dómur hefur fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í honum greinir, uns hið gagnstæða er sannað.

2. Krafa sem dæmd er að efni til verður ekki borin undir sama eða hliðsettan dóm að nýju framar en í lögum þessum segir. Nýju máli um slíka kröfu skal vísa frá dómi.

139. gr.

1. Ákvæði í dómi um refsingu og önnur viðurlög má ekki fullnægja fyrr en afráðið er hvort máli verður skotið til æðra dóms. Áfrýjun frestar fullnustu dóms um refsingu og önnur viðurlög.

2. Dómari getur þó ákveðið að ákvæði um missi réttinda komi þegar til framkvæmda ef ákvæði eru sett til verndar lífi, heilsu eða eignum einstakra manna eða almennings, óviðurkvæmilegt má telja að dómfelldi haldi réttindum þrátt fyrir áfrýjun eða lög bjóða að áfrýjun fresti ekki áhrifum réttindamissis. Dómari skal taka fram í dómsorði ef ákvörðun um áfrýjun frestar ekki ákvæðum dóms að þessu leyti.

3. Dómari getur með sama hætti mælt fyrir um að ákvörðun um áfrýjun fresti ekki dómsákvæðum skv. 62., 63., 65. eða 67. gr. almennra hegningarlaga.

140. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um dómsgerðir.

XVII. KAFLI
Kæra til æðra dóms.

141. gr.

Aðilar kærumáls eru annars vegar ákærandi eða rannsóknaraðili sem hefur krafist þeirrar dómsúrlausnar sem kærð er og hins vegar sakborningur eða annar sá sem kærð úrlausn varðar.

142. gr.

1. Að því leyti sem ekki er mælt á annan veg í lögum þessum sæta úrskurðir og ákvarðanir dómara kæru til Hæstaréttar nema:

a. um hvort meðdómendur skuli til kvaddir,
b. um brottvísun af dómþingi, lokun þinghalds og bann við að skýra opinberlega frá því sem fram fer í þinghaldi,
c. um handtöku manns,
d. um að skipa skuli verjanda,
e. um synjun frests,
f. um skriflegan eða munnlegan málflutning,
g. um framhaldsmeðferð skv. 131. gr.,
h. um að sameina mál eða kljúfa það í fleiri mál,
i. um synjun frávísunar,
j. um að mál verði endurupptekið skv. 3. mgr. 126. gr.

2. Eftir að aðalmeðferð máls skv. 129. gr. er byrjuð og að því leyti sem ekki er kveðið á annan veg í lögum þessum verða úrskurðir og ákvarðanir dómara ekki kærðar til Hæstaréttar nema:

a. um frávísun máls, niðurfellingu eða frestun,
b. um þvingunarráðstafanir skv. X., XI. og XIII. kafla,
c. um hvort vitni verði leitt, spurning verði lögð fyrir það eða því gert að svara henni,
d. um atriði sem varða annars hagsmuni manns sem ekki á aðild að málinu.

3. Úrskurður dómara verður ekki kærður til Hæstaréttar ef athöfn, sem kveðið er á um í úrskurðinum, hefur þegar farið fram eða ástand, sem leitt hefur af ákvæðum úrskurðarins, er þegar um garð gengið. Sama gildir um ákvarðanir sem dómari tekur.

4. Nú hefur úrskurður eða ákvörðun dómara verið kærð til Hæstaréttar og svo fer sem í 3. mgr. segir eftir þann tíma, en áður en dómur er felldur í kærumálinu og skal þá málinu vísað frá Hæstarétti.

143. gr.

1. Kæra úrskurðar um þvingunaraðgerð skv. X.–XIII. kafla frestar ekki framkvæmdum í máli.

2. Þegar öðruvísi stendur á frestar kæra framkvæmdum við rannsókn eða málsmeðferð, nema dómari telji sérstaka ástæðu til að ætla að framkvæmdin geti ekki beðið niðurstöðu Hæstaréttar.

144. gr.

1. Dómari leiðbeinir þeim sem hlut eiga að máli um rétt þeirra til að kæra dómsúrlausn og um kærufrest. Hann skal eftir því sem unnt er ganga þegar úr skugga um hvort kært verði.

2. Kærandi skal lýsa kæru sinni innan þriggja sólarhringa frá því hann fékk vitneskju um þá úrlausn sem hann vill kæra.

3. Kæru skal lýst bréflega til dómara eða með bókun í þingbók og skal koma fram í henni í hvaða skyni kært er og hvaða kröfur séu gerðar, svo og aðrar athugasemdir og skýringar sem kæranda þykir ástæða til.

145. gr.

1. Dómari sendir Hæstarétti kæruna ásamt eftirriti þinghalda og öðrum gögnum málsins, nema hann telji rétt að fella sjálfur hina kærðu úrlausn úr gildi. Gögnin sendir dómari í fjórriti ásamt athugasemdum sínum ef hann vill.

2. Ef kæra er borin fram af rannsóknara eða ákæranda skal hann tilkynna sakborningi kæruna eða öðrum þeim sem hún varðar. Ef kæra er borin fram af öðrum skal dómari tilkynna ákæranda eða rannsóknara, eftir því hvort við á, um kæruna.

3. Aðilar kærumáls geta í þrjá sólarhringa eftir að kæra hefur borist Hæstarétti sent réttinum skriflegar athugasemdir sínar um kærumálið.

146. gr.

1. Að liðnum fresti skv. 3. mgr. 145. gr. eða þegar greinargerðir hafa borist Hæstarétti leggur hann dóm á málið. Ef kæra frestar framkvæmd úrlausnar skal Hæstiréttur hafa lagt dóm á málið innan tíu daga frá móttöku skjalanna, nema það sé sérstaklega margbrotið eða rétturinn telji óhjákvæmilegt að nýrra gagna sé aflað. Dómsuppsaga má aldrei dragast lengur en þrjár vikur eftir að öll skjöl, þar með talin ný gögn, hafa borist réttinum.

2. Fyrir tilefnislausa kæru má gera kæranda sekt sem renni í ríkissjóð.

3. Héraðsdómara skal sent endurrit hæstaréttardóms og tilkynnir hann aðilum niðurstöðu kærumáls þegar í stað.

XVIII. KAFLI
Áfrýjun.

147. gr.

Opinberu máli verður áfrýjað til Hæstaréttar í heild sinni. Heimilt er einnig að áfrýja máli einvörðungu um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

148. gr.

1. Ríkissaksóknari getur áfrýjað máli til Hæstaréttar ef hann telur mann ranglega sýknaðan eða refsingu eða önnur viðurlög að mun of væg, sbr. þó 150. gr.

2. Ríkissaksóknara er einnig rétt að áfrýja máli til hagsbóta fyrir ákærða ef hann telur hann hafa verið ranglega sakfelldan eða refsingu eða önnur viðurlög á hendur honum að mun of þung.

149. gr.

1. Ákærði, sem sakfelldur hefur verið í opinberu máli, getur áfrýjað því til Hæstaréttar, sbr. þó 150. gr.

2. Lögráðamaður kemur í stað ákærða um ákvarðanir um áfrýjun ef ákærði er ósjálfráða.

150. gr.

1. Nú hefur ákærði ekki sótt þing í héraði og málið verið dæmt að honum fjarstöddum skv. 1. mgr. 126. gr. og verður málinu þá ekki áfrýjað til Hæstaréttar, sbr. þó 2. mgr.

2. Hæstiréttur getur, ef sérstakar ástæður mæla með því, veitt leyfi til þess að máli skv. 1. mgr. verði áfrýjað til réttararins til endurskoðunar varðandi lagaatriði eða viðurlög. Ósk um leyfi til áfrýjunar skal hafa borist Hæstarétti innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms eða, ef ákærði æskir leyfisins, þá frá birtingu dóms að telja.

151. gr.

Nú er ákærði látinn og getur ríkissaksóknari þá áfrýjað máli honum til hagsbóta. Jafnframt getur maki ákærða, foreldri, systkin, barn eða sá sem tengist honum þannig vegna ættleiðingar áfrýjað máli fyrir hans hönd. Sömu reglur gilda um áfrýjun af hálfu vandamanns eins og um áfrýjun af hálfu ákærða sjálfs.

152. gr.

Nú áfrýjar ákærði máli og verða þá refsing og önnur viðurlög á hendur honum ekki þyngd nema ríkissaksóknari áfrýi málinu í þessu skyni af sinni hálfu.

153. gr.

1. Ákærði skal lýsa yfir ákvörðun sinni um áfrýjun fyrir þeim sem birtir dóm og um leið láta uppi í hverju skyni áfrýjað er eða að öðrum kosti tilkynna héraðsdómara ákvörðun sína bréflega innan fjögurra vikna frá birtingu dóms. Annars skal líta svo á að hann vilji hlíta dóminum.

2. Dómari eða sá sem birtir dóm skal kynna ákærða skilmerkilega réttindi hans skv. 149. gr. og frest hans skv. 1. mgr. Skal þess getið í bókun í þingbók eða í birtingarvottorði.

154. gr.

Ef ríkissaksóknari hyggst áfrýja máli að eigin frumkvæði skal það gert innan fjögurra vikna frá því honum barst endurrit dóms í málinu. Nú hefur ákærði áfrýjað máli og getur þá ríkissaksóknari áfrýjað því til þyngingar þótt sá frestur sé liðinn.

155. gr.

1. Nú er áfrýjun ráðin og gefur ríkissaksóknari þá út áfrýjunarstefnu þar sem fram komi að ákærða sé stefnt til Hæstaréttar og að málið verði tekið þar fyrir svo fljótt sem verða má án frekara fyrirkalls. Í áfrýjunarstefnu skal koma fram hvort máli sé áfrýjað í heild sinni eða einvörðungu um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga, svo og hvort því sé áfrýjað til þyngingar viðurlaga samkvæmt héraðsdómi. Hafi krafa skv. XX. kafla laga þessara verið dæmd að efni til í héraðsdómi skal þess og getið í áfrýjunarstefnu ef máli er áfrýjað hvað hana varðar.

2. Ríkissaksóknari lætur birta áfrýjunarstefnu fyrir ákærða og gefur honum kost á að bera fram ósk um verjanda. Að því búnu sendir ríkissaksóknari Hæstarétti áfrýjunarstefnuna ásamt endurriti héraðsdóms og skipar forseti réttarins verjanda, nema ákærði óski eftir að flytja mál sitt sjálfur, enda sé hann hæfur til þess að mati réttarins. Síðan skal ríkissaksóknara endursend áfrýjunarstefnan.

156. gr.

1. Ríkissaksóknari skal jafnan vera sóknaraðili fyrir Hæstarétti hvort sem máli hefur verið áfrýjað af honum sjálfum eða af hálfu ákærða. Undirbýr ríkissaksóknari ágrip dómsgerða sem skal geyma hinn áfrýjaða dóm og þau gögn sem máli skipta við flutning málsins í Hæstarétti. Þegar hann hefur veitt verjanda kost á að athuga drög að ágripi lætur hann fjölfalda ágrip og sendir Hæstarétti í svo mörgum eintökum sem rétturinn telur þörf á, ásamt dómsgerðum málsins.

2. Hæstiréttur setur nánari reglur um gerð ágripa.

157. gr.

1. Ríkissaksóknari og ákærði geta aflað frekari gagna í málinu. Lætur ríkissaksóknari gera viðbótarágrip af slíkum gögnum, ef því er að skipta, og sendir Hæstarétti.

2. Ákærði getur óskað eftir að ríkissaksóknari láti fara fram viðbótarrannsókn í máli.

3. Viðbótargögn skulu lögð fyrir Hæstarétt og kynnt gagnaðila ekki síðar en einni viku fyrir flutning málsins. Frá þessu getur Hæstiréttur vikið ef sérstaklega stendur á, enda séu aðilar á það sáttir að ný gögn verði lögð fram með skemmri fyrirvara. Þó er ríkissaksóknara heimilt að leggja fram nýtt sakavottorð ákærða við upphaf málflutnings.

4. Ríkissaksóknari getur lagt fram stutta og gagnorða greinargerð af sinni hálfu fyrir Hæstarétt ekki síðar en einni viku fyrir málflutning til að skýra málið nánar og gera grein fyrir nýjum gögnum ef um þau er að ræða. Á sama hátt gefst ákærða kostur á að leggja fram stutta og gagnorða greinargerð af sinni hálfu ekki síðar en fjórum dögum fyrir málflutning.

158. gr.

Hæstiréttur getur áður en málflutningur hefst, svo og hvenær sem er á síðari stigi málsins, kveðið upp dóm um frávísun máls frá Hæstarétti vegna galla á málatilbúnaði, svo sem ef áfrýjunarstefna hefur ekki verið birt aðilum. Á sama hátt getur Hæstiréttur ómerkt héraðsdóm ef verulegir gallar þykja hafa verið á málsmeðferð í héraði og vísað máli frá héraðsdómi ef undirbúningi undir málshöfðun hefur verið áfátt í meginatriðum.

159. gr.

1. Nú er málatilbúnaði áfátt, án þess að nauðsynlegt þyki að vísa máli frá eða ómerkja héraðsdóm, og getur Hæstiréttur þá með úrskurði lagt fyrir sækjanda og verjanda að afla gagna eða upplýsinga um atriði sem þar eru tiltekin.

2. Hæstiréttur getur ákveðið yfirheyrslu ákærða eða vitna þar fyrir rétti og kveður hann þá fyrir sig sækjanda og verjanda og þá er skýrslu skal taka af. Um skyldu manna til að koma fyrir Hæstarétt og tjá sig fer eftir reglum laga þessara um málsmeðferð í héraði. Ekki er skylt að skrá framburð í þingbók.

160. gr.

1. Í dómi í opinberu máli getur Hæstiréttur dæmt héraðsdómara í sekt, sem renni í ríkissjóð, fyrir drátt á máli og önnur glöp í meðferð þess, enda þótt dómara hafi ekki verið stefnt í því skyni, ef sök hans er ljós.

2. Ákærða er rétt að krefjast þess að dómara verði stefnt til ábyrgðar fyrir meðferð opinbers máls og ber þá ríkissaksóknara að setja í áfrýjunarstefnu kröfu hans í því efni. Svo getur ríkissaksóknari af sjálfsdáðum gert slíka kröfu í áfrýjunarstefnu. Gefa skal dómara kost á að tjá sig um kröfuna.

3. Nú er dómara stefnt til ábyrgðar fyrir Hæstarétt og er sýkn dæmdur, og getur rétturinn þá dæmt ákærða, ef hann hefur gert kröfuna, eða ríkissjóð, ef ríkissaksóknari hefur gert hana, til að greiða dómaranum málskostnað.

161. gr.

Nú þykir sækjandi eða verjandi hafa gerst sekur um vanrækslu eða önnur glöp í undirbúningi eða flutningi opinbers máls fyrir Hæstarétti og getur rétturinn þá gert honum sekt sem renni í ríkissjóð.

162. gr.

Nú telur Hæstaréttur galla að vísu vera á verki héraðsdómara, sækjanda, verjanda eða annarra, en ekki slíka sem sektum eigi að varða, og getur rétturinn þá vítt viðkomendur fyrir þá eftir því sem honum þykir ástæða til.

163. gr.

Að öðru leyti fer um meðferð opinberra mála fyrir Hæstarétti eftir fyrirmælum laga um Hæstarétt Íslands eftir því sem við getur átt.

XIX. KAFLI
Sakarkostnaður.

164. gr.

1. Til sakarkostnaðar teljast óhjákvæmileg útgjöld vegna rannsóknar og málsmeðferðar, þar á meðal:
   a. saksóknarkostnað í ríkissjóð, þóknun skipaðs verjanda, svo og annar kostnaður vegna sóknar og varnar málsins,
   b. þóknun fyrir sérfræðilegar álitsgerðir og mat og skoðun, afnot muna annarra manna og vitnaþóknunar,
   c. þingvotta- og birtingargjöld,
   d. kostnaður af kyrrsetningu skv. 85. gr. og fullnustu dóms með aðför.

2. Réttargjöld, gjald fyrir eftirrit í þágu málsins eða staðfestingu dómsgerða skal ekki greiða.

165. gr.

1. Ákærði, sem sakfelldur er fyrir það brot eða þau brot sem honum eru gefin að sök, skal dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar. Ef ákærði er sakfelldur fyrir sum brotin en sýknaður af öðrum getur dómari dæmt ákærða til að greiða ákveðið hlutfall sakarkostnaðar, en ákveðið að kostnaður greiðist að öðru leyti úr ríkissjóði.

2. Nú eru tveir menn eða fleiri sóttir til refsingar í máli saman og sekir dæmdir og skal þá hvorum (hverjum) þeirra gert að greiða einum sér þóknun verjanda síns, ef hann hefur fengið skipaðan annan verjanda en hinn eða hinir. Þá sem saman eru um verjanda skal dæma in solidum til að greiða þóknun hans.

3. Nú hafa ákærðu allir eða báðir tekið þátt í broti með vitund og vilja hvors (hvers) annars og eru sakfelldir í sama máli og skal þá venjulega dæma þá til að greiða sakarkostnað in solidum. Ef samband einhverra þeirra eða allra um brot hefur ekki verið slíkt skiptir dómari sakarkostnaði milli þeirra í þeim hlutföllum sem honum þykja sanngjörn.

166. gr.

1. Nú er ákærði dæmdur sýkn af refsikröfu af hvaða ástæðu sem er eða refsimál gegn honum fellur niður og verður hann þá ekki dæmdur til að greiða sakarkostnað, nema hann hafi orðið valdur að kostnaði með vísvitandi og stórkostlegu ólögmætu framferði í rannsókn eða meðferð máls.

2. Nú eru tveir menn hafðir fyrir sökum og sumir sýknaðir en sumir sakfelldir og skal þá draga frá þann hluta kostnaðar sem telja má að aðeins komi hinum sýknaða við, nema telja megi hinn dómfellda eða hina dómfelldu beinlínis hafa valdið honum. Ef slíkur frádráttur verður ekki gerður nákvæmlega metur dómari í hvaða hlutföllum hinn sakfelldi skuli bera sakarkostnað á móti ríkissjóði.

167. gr.

Kostnað, sem ákærandi, verjandi eða rannsóknari valda vegna vanrækslu eða skeytingarleysis í starfi sínu, skal ekki dæma ákærða til að greiða.

168. gr.

1. Í dómi eða úrskurði, ef máli lýkur án dóms, skal almennt kveða á um skyldu ákærða til að greiða sakarkostnað án ákvörðunar fjárhæðar. Saksóknarkostnað í ríkissjóð og þóknun skipaðs verjanda skal þó ákveða með tiltekinni fjárhæð. Þegar mál er sótt í héraði eða fyrir Hæstarétti af ríkissaksóknara, vararíkissaksóknara, saksóknara, fulltrúa ríkissaksóknara, lögreglustjóra eða fulltrúa lögreglustjóra, skal það gert án sérstaks endurgjalds. Verði ákærða í slíku máli dæmt að greiða sakarkostnað, skal honum þá gert að greiða tiltekna fjárhæð málsóknarlauna sem renni í ríkissjóð.

2. Þeir sem fara með rannsókn máls taka saman yfirlit yfir þau útgjöld sem þeir hafa haft af málinu og telst til sakarkostnaðar. Yfirlitið skal fylgja málinu. Dómari lætur svo gera heildarreikning sakarkostnaðar eftir yfirliti þessu og að viðbættum þeim kostnaði sem fallið hefur á við málsmeðferð. Reikningurinn fylgir dómsgerðum málsins til ríkissaksóknara sem framsendir hann fangelsismálastofnun, en hún sér um að þeir fái endurgreiðslu sem hafa lagt út kostnað.

3. Dómur ásamt heildarreikningi, úrskurðuðum af fangelsismálastofnun, er lögleg heimild til aðfarar á hendur ákærða eða ákærðu.

169. gr.

1. Ef ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli en ákærði ekki og viðurlög eru ekki þyngd í æðra dómi svo neinu nemi skal ákærði ekki dæmdur til greiðslu kostnaðar af meðferð máls fyrir Hæstarétti.

2. Að öðru leyti fer um málskostnað fyrir Hæstarétti eftir reglum þessa kafla eftir því sem við á.

XX. KAFLI
Kröfur borgararéttarlegs eðlis.

170. gr.

1. Nú kemur í ljós við rannsókn máls að maður hafi beðið tjón af þeirri háttsemi sem sakborningur er borinn og skal þá sá sem fer með rannsókn gefa þeim manni kost á að gera bótakröfu sem dæma má í væntanlegu máli. Leiðbeina skal tjónþola við gerð kröfunnar.

2. Kröfu sem höfð er uppi skal bera undir sakborning og afla gagna um hana eftir þörfum, enda valdi það ekki verulegum töfum á rannsókninni.

171. gr.

Bótakröfu skal tilgreina ótvírætt í ákæru, sbr. 2. mgr. 116. gr. Dómari getur þó leyft að bótakrafa verði gerð þótt hennar hafi ekki verið getið í ákæru, enda telji hann að leysa megi úr kröfu án tafa eða óhagræðis í málinu og ákærði samþykki að krafan verði tekin til meðferðar.

172. gr.

1. Ef bótakrafa hefur komið fram í máli athugar dómari fyrst hvort hún verði tekin til meðferðar, en rétt er honum að synja að gera það ef hann telur það mundu valda verulegri töf eða óhagræði í málinu. Ákvörðun um slíka synjun tekur dómari með bókun í þingbók eða í dómi.

2. Ef ákærða er dæmt áfall í máli dæmir dómari um bótakröfu og ákveður bætur eftir almennum reglum.

3. Ef ákærði er sýknaður af háttsemi vegna þess að hann hafi ekki framið hana verður bótakröfu vísað frá dómi. Ef hann er sýknaður af öðrum ástæðum, svo sem vegna sakhæfisskorts, má dæma kröfu ef skilyrðum bótaskyldu er talið fullnægt.

4. Auk bóta fyrir beint tjón og miska, sem leitt hefur af verknaði, skulu tjónþola, ef krafa er gerð um það, dæmdar bætur vegna kostnaðar sem hann hefur haft af því að halda fram kröfu sinni í málinu, svo sem vegna gagnaöflunar um kröfuna og lögmannsaðstoðar.

5. Sá sem krefst bóta samkvæmt ákvæðum þessa kafla fer sjálfur með forræði kröfu sinnar að því leyti að henni verður ekki breytt án samþykkis hans. Dómari skal gefa tjónþola eða umboðsmanni hans kost á að tjá sig um kröfuna og skýra hana ef slíkt getur orðið án verulegra tafa eða óhagræðis í máli. Telji dómari slíks málflutnings þörf um kröfuna, en ekki unnt að láta hann fara fram, skal hann vísa henni frá dómi.

173. gr.

1. Í Hæstarétti skal taka bótakröfu, sem hefur verið dæmd að efni til í héraði, til meðferðar með venjulegum hætti ef máli er einnig áfrýjað í því skyni.

2. Ákærða og þeim sem krefst bóta samkvæmt ákvæðum þessa kafla er hvorum um sig heimilt að áfrýja sérstaklega til Hæstaréttar ákvæði héraðsdóms, þar sem bótakrafa hefur verið dæmd að efni til, ef dóminum er ekki áfrýjað að öðru leyti, enda fer um það málskot sem um áfrýjun einkamála.

174. gr.

Aðrar kröfur borgararéttarlegs eðlis, sem rót eiga að rekja til refsiverðrar háttsemi, má og leggja fyrir dómara í opinberu máli og skal þar dæma um þær að efni til, að fullnægðum framangreindum skilyrðum, eftir því sem við á.

XXI. KAFLI
Bætur handa sakborningi o. fl.

175. gr.

1. Kröfu um bætur samkvæmt þessum kafla má, nema öðruvísi sé sérstaklega mælt, því aðeins taka til greina að:

a. sakborningur hafi ekki með vísvitandi eða stórvægilegu, gáleysislegu, ólögmætu framferði valdið þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á, svo sem með stroki, ósannindum, tilraunum til að torvelda rannsókn o.s.frv., og
b. rannsókn hafi verið hætt eða ákæra ekki gefin út vegna þess að sú háttsemi, sem sakborningur var borinn, hafi talist ósaknæm eða sönnun hafi ekki fengist um hana eða sakborningur hafi verið dæmdur sýkn með óáfrýjuðum eða óáfrýjanlegum dómi af sömu ástæðu, enda megi fremur telja hann líklegan til að vera saklausan af háttseminni en sekan.

2. Bæta skal fjártjón og miska, ef því er að skipta.

176. gr.

Dæma má bætur vegna handtöku, leitar á manni eða í húsi, halds á munum, rannsóknar á heilsu manns, gæsluvarðhalds og annarra aðgerða, sem hafa frelsisskerðingu í för með sér, aðrar en refsivist, sbr. 177. gr.:

a. ef lögmæt skilyrði hefur brostið til slíkra aðgerða eða
b. ef ekki hefur verið eins og á stóð nægilegt tilefni til slíkra aðgerða eða þær hafa verið framkvæmdar á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt.

177. gr.

Nú verður ljóst að maður hafi saklaus hlotið refsidóm, þolað refsingu eða upptöku eigna og ber þá að dæma honum bætur fyrir miska og fjártjón, þar á meðal fyrir stöðu- og atvinnumissi, enda þótt skilyrðum a-liðar 1. mgr. 175. gr. sé ekki fullnægt, en lækka má þó bætur eftir sök hans á því að hann hafi verið ranglega dæmdur.

178. gr.

Sækja skal bótakröfu í einkamáli í héraði með venjulegum hætti, en veita skal aðila gjafsókn fyrir báðum dómum. Þó má dæma hann til greiðslu málskostnaðar eftir almennum reglum ef hann tapar máli.

179. gr.

1. Ríkissjóður ábyrgist greiðslu bóta en kröfu á hann á hendur dómara eða öðrum, ef telja má þá hafa með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi valdið þeim aðgerðum sem krafa var reist á eða framkvæmt þær með sama hætti.

2. Nú er rannsókn á hendur manni, sem hlotið hefur bætur skv. 176. gr., tekin upp á ný og það kemur í ljós að sá grundvöllur, sem reisa mátti bótakröfu á, hafi ekki verið fyrir hendi, og ber þá að dæma hann til endurgreiðslu bótanna.

180. gr.

Um aðilaskipti að bótakröfu samkvæmt þessum kafla fer skv. 3. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

181. gr.

Bótakrafa fyrnist á sex mánuðum frá vitneskju aðila um ákvörðun um niðurfall rannsóknar eða ákæru eða uppkvaðningu dóms eða frá því að hann var látinn laus úr refsivist. Hafi máli verið áfrýjað til Hæstaréttar telst fyrningarfrestur frá uppkvaðningu dóms þar eða niðurfellingu máls.

182. gr.

Sakborningur, sem hefur orðið fyrir þeim aðgerðum sem taldar eru í 175.–177. gr., getur í stað bóta krafist vottorðs þess opinbera starfsmanns, sem hefur ráðið máli hans til lykta, um það að komið hafi í ljós að sakborningur hafi ekki verðskuldað aðgerðina. Ef viðkomandi opinber starfsmaður telur að sakborningur eigi rétt á slíku vottorði ber honum að láta það í té.

XXII. KAFLI
Endurupptaka dæmdra mála.

183. gr.

Nú hefur óáfrýjaður héraðsdómur eða hæstaréttardómur gengið í opinberu máli og verður það þá ekki tekið upp á ný nema til þess séu þau skilyrði sem í þessum kafla segir.

184. gr.

1. Eftir kröfu dómfellds manns, sem telur sig sýknan sakfelldan eða sakfelldan fyrir mun meira brot en það sem hann hefur framið, skal taka mál upp á ný:

a. ef fram eru komin ný gögn sem ætla má að hefðu skipt verulegu máli fyrir niðurstöðu málsins ef þau hefðu komið fyrir dómara áður en dómur gekk,

b. ef ætla má að dómari, ákærandi, rannsóknari eða aðrir hafi haft í frammi refsiverða hegðun í því skyni að fá fram þau málalok sem orðin eru, svo sem ef falsvitna hafi verið aflað, fölsuð skjöl látin koma fram, vitni eða aðrir hafa gefið vísvitandi rangar skýrslur, og þetta hafi valdið rangri dómsúrlausn.

2. Ef einhver sá, sem að lögum á að vinna að rannsókn eða meðferð opinberra mála, fær vitneskju eða rökstuddan grun um atriði sem í 1. mgr. segir, ber honum að veita dómfellda vitneskju um það.

185. gr.

1. Eftir kröfu ríkissaksóknara skal taka mál, þar sem ákærði hefur verið sýknaður eða dæmdur fyrir mun minna brot en hann var borinn, upp á ný:
   a. ef ákærði hefur síðan dómur gekk játað að hafa framið það brot, sem hann var borinn, eða önnur gögn hafa komið fram sem benda ótvírætt til sektar hans,
   b. ef ætla má að falsgögn eða athæfi það sem lýst er í b-lið 1. mgr. 184. gr. hafi valdið dómsniðurstöðu að nokkru leyti eða öllu.

2. Ríkissaksóknara er rétt að óska eftir endurupptöku máls til hagsbóta fyrir dómfellda ef hann telur að svo standi á sem í 2. mgr. 184. gr. segir.

186. gr.

1. Hæstiréttur tekur ákvörðun um endurupptöku máls og skal beiðni um hana send réttinum. Dómfelldur maður, sem vill beiðast endurupptöku, stílar beiðnina til Hæstaréttar, en sendir hana ríkissaksóknara.

2. Nú er beiðandi sviptur frelsi og skal yfirmaður fangelsis þá taka við og bóka beiðni eftir ósk hans og koma henni á framfæri. Skylt er þá eftir ósk beiðanda að fá honum skipaðan réttargæslumann.

3. Greina skal í beiðni þau atriði sem vefengd eru í dómi og þær ástæður sem til vefengingar eru taldar liggja. Skjöl sem kunna að vera til styrktar beiðni skulu fylgja henni eftir því sem unnt er.

187. gr.

1. Ríkissaksóknari sendir beiðnina til Hæstaréttar ásamt skjölum málsins og tillögum sínum, svo og umsögn dómara ef um héraðsdóm er að tefla.

2. Hæstiréttur getur mælt fyrir um öflun nauðsynlegra gagna varðandi endurupptökubeiðni samkvæmt reglum 1. mgr. 159. gr.

3. Nú leiðir rannsókn í ljós að beiðni um endurupptöku hafi gengið of skammt og skal þá veita beiðanda kost á að lagfæra hana í samræmi við það.

188. gr.

Hæstiréttur tekur ákvörðun um hvort orðið skuli við beiðni um endurupptöku eða ekki. Ef orðið er við beiðni um endurupptöku máls, sem dæmt var lokadómi í héraði, gerir ríkissaksóknari ráðstafanir til áfrýjunar málsins. Um meðferð máls og flutning fyrir Hæstarétti fer eftir ákvæðum XVIII. kafla laga þessara.

189. gr.

Nú telur Hæstiréttur rök ekki hníga til breytingar á dómi og vísar hann þá endurupptökubeiðni frá sér, en kveður annars kostar upp efnisdóm í málinu.

190. gr.

Nú er mál endurupptekið samkvæmt beiðni dómfellds manns og má þá hlutur hans aldrei verða lakari en hann var eftir hinum upphaflega dómi.

191. gr.

1. Nú er mál endurupptekið samkvæmt kröfu ríkissaksóknara og fer þá um málskostnað eftir 165. og 166. gr.

2. Kostnaður af endurupptöku máls samkvæmt beiðni dómfellda greiðist úr ríkissjóði, nema dómfelldi hafi komið endurupptöku til leiðar með gögnum sem hann vissi vera ósönn. Skal hann þá dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

192. gr.

1. Beiðni eða ákvörðun um endurupptöku máls frestar ekki framkvæmd dóms nema Hæstiréttur mæli svo.

2. Heimilt er að endurupptaka mál þótt dómfelldi hafi að fullu þolað refsingu samkvæmt dómi í því máli.

XXIII. KAFLI
Gildistaka, brottfall laga o.fl.

193. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

194. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirfarandi lög og ákvæði einstakra laga:

1. Lög um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974, með áorðnum breytingum.
2. Opið bréf (frá kansellíinu) um birtingu á stefnum fyrir stroknum föngum 15. desember 1820.
3. 19. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi 20. júní 1849.
4. 13. gr. tilskipunar fyrir Ísland um síldar- og ufsaveiði með nót 12. febrúar 1872.
5. 3. gr. laga um að selja kornvörur og kol eftir vigt, nr. 29 14. desember 1877.
6. 10. gr. laga um hagfræðiskýrslur, nr. 29 8. nóvember 1895.
7. 2. mgr. 12. gr. laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala, nr. 3 4. febrúar 1898.
8. Í 3. gr. laga um dag- og næturbendingar á íslenskum skipum í sjávarháska og um ráðstafanir, er skip rekast á, nr. 13 9. september 1899, orðin „Mál um hegning fyrir brot á lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál.“
9. 4. gr. laga um manntal í Reykjavík, nr. 18 13. september 1901.
10. 2. mgr. 3. gr. laga fyrir Ísland um tilhögun á löggæslu við fiskveiðar í Norðursjónum, nr. 20 13. september 1901.
11. Í 2. gr. laga um síldarnætur, nr. 28 25. september 1902, orðin „Með mál, er af því rísa, fer sem um almenn lögreglumál.“
12. 3. gr. laga um að selja salt eftir vigt, nr. 37 6. nóvember 1902.
13. 24. gr. laga um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42 13. nóvember 1903.
14. Í 4. gr. laga um eftirlit með mannflutningum til útlanda, nr. 49 27. nóvember 1903, orðin „og skal farið með mál út af þeim, sem með almenn lögreglumál“.
15. 3. gr. laga um sölu á eggjum eftir þyngd, nr. 21 22. október 1912.
16. 2. mgr. 2. gr. laga um friðun héra, nr. 23 2. nóvember 1914.
17. 7. gr. laga um beitutekju, nr. 39 2. nóvember 1914.
18. 5. gr. laga um verkfall opinberra starfsmanna, nr. 33 3. nóvember 1915.
19. 2. mgr. 3. gr. laga um þyngd bakarabrauða, nr. 11 16. mars 1917.
20. 2. mgr. 6. gr. laga um áveitu á Flóann, nr. 68 14. nóvember 1917.
21. 2. mgr. 7. gr. laga um landamerki o.fl., nr. 41 28. nóvember 1919.
22. 5. gr. laga um löggiltar reglugerðir sýslunefnda um eyðing refa o.fl., nr. 48 28. nóvember 1919.
23. Í 1. mgr. 9. gr. laga um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks, nr. 25 27. júní 1921, orðin „Fara skulu málin að hætti almennra lögreglumála.“

24. Í 5. gr. laga um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum, nr. 53 27. júní 1921, orðin „Mál út af slíkum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.“
25. 6. gr. laga um verslunarskýrslur, nr. 12 19. júní 1922.
26. 1. mgr. 154. gr. vatnalaga, nr. 15 20. júní 1923.
27. Í 3. gr. laga um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922 um rétt til fiskveiða í landhelgi, nr. 4 4. maí 1925, orðin „og fer um meðferð mála út af þeim sem um almenn lögreglumál“.
28. 1. mgr. 4. gr. laga um einkenning fiskiskipa, nr. 31 27. júní 1925.
29. 4. mgr. 6. gr. laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, nr. 11 23. apríl 1928.
30. 31. gr. hjúalaga, nr. 22 7. maí 1928, svo og í sömu lögum annars vegar í 32. gr. orðin „Með mál út af þeim brotum skal farið sem almenn lögreglumál.“ og hins vegar í 33. gr. orðin „Mál út af þessu eru almenn lögreglumál.“
31. 9. gr. laga um sjóveitu í Vestmannaeyjum, nr. 28 8. september 1931.
32. Í 3. mgr. 9. gr. laga um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts, nr. 27 23. júní 1932, orðin „Með mál út af brotum gegn samþykktinni skal fara sem almenn lögreglumál.“
33. Í 4. gr. laga um heimild handa ríkisstjórninni til ýmissa ráðstafana vegna viðskiptasamnings við bresku stjórnina, nr. 88 19. júní 1933, orðin „og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála“.
34. Í 5. gr. laga um mat á fiskúrgangi, nr. 9 9. janúar 1935, orðin „Um mál út af brotum þessum fer sem um almenn lögreglumál.“
35. 9. gr. laga um bráðabirgðaútflutningsskýrslur, nr. 53 28. janúar 1935.
36. Í 2. gr. laga um útflutning á síldarmjöli, nr. 56 28. janúar 1935, orðin „Mál út af nefndum brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.“
37. 1. mgr. 11. gr. og 12. gr. laga um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, nr. 24 1. febrúar 1936.
38. 6. gr. laga um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar, nr. 83 23. júní 1936.
39. Í 44. gr. laga um samvinnufélög, nr. 46 13. júní 1937, orðin „Mál út af brotum þeim, sem um er rætt í undanfarandi grein, skulu rekin sem almenn lögreglumál.“
40. 2. mgr. 8. gr. laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fyrirskipa blöndun á þurrmjólk í brauð í brauðgerðarhúsum, og til þess að ákveða hámarksverð á brauði og þurrmjólk, nr. 22 13. janúar 1938.
41. 2. mgr. 5. gr. laga um ostrurækt, nr. 21 12. júní 1939.
42. Í almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, 2. mgr. 28. gr. og 30. gr., svo og í 3. mgr. 52. gr. orðin „og ber þá mat á högum sökunauts undir dómsvaldið“.
43. Í 5. gr. laga um síldartunnur, nr. 60 7. maí 1940, orðin „skal fara með sem almenn lögreglumál, og“.
44. 6. gr. laga um veiði, sölu og útflutning á kola, nr. 19 28. maí 1941.
45. 6. gr. laga um afla- og útgerðarskýrslur, nr. 55 27. júní 1941.
46. 16. gr. laga um búfjártryggingar, nr. 20 26. febrúar 1943.
47. Í 2. mgr. 44. gr. og 1. og 2. mgr. 47. gr. framfærslulaga, nr. 80 5. júní 1947, orðin „(í Reykjavík sakadómara)“.
48. 2. mgr. 10. gr. laga um bæjarnöfn, nr. 35 18. febrúar 1953.
49. Í 1. mgr. 8. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38 14. apríl 1954, orðin „fyrir dómi“.
    Í 2. mgr. 11. gr. sömu laga orðin „enda fari rannsókn slíks máls að hætti opinberra mála“.
50. 26. gr. laga um Brunabótafélag Íslands, nr. 9 23. mars 1955.
51. Í 1. mgr. 22. gr. laga um dýravernd, nr. 21 13. apríl 1957, orðin „nr. 27 5. mars 1951,“.

52. Í 1. mgr. 23. gr. laga um landsdóm, nr. 3 19. febrúar 1963, orðin „samanber VI., VII., VIII. og IX. kafla laga nr. 82 frá 21. ágúst 1961“.
Í 24. gr. sömu laga orðin „115. gr.“ og „nr. 82 frá 21. ágúst 1961“.
Í 31. gr. sömu laga orðin „samanber XII. kafla laga nr. 82 frá 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála“.
53. Í 146. gr. laga um loftferðir, nr. 34 21. maí 1964, orðin „nr. 82/1961“.
54. Í 1. mgr. 15. gr. laga um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, orðin „IX. kafla“ og „nr. 82 21. ágúst 1961“.
55. Í 15. gr. laga um fyrirtækjaskrá, nr. 62 28. maí 1969, orðin „Ákvæði 2. málsgr. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 82/1961, sbr. lög nr. 29/1966, skulu gilda um mál þessi.“
56. 2. mgr. 19. gr. áfengislaga, nr. 82 2. júlí 1969.
57. 2. mgr. 102. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní 1970.
58. Í 2. mgr. 1. gr. laga um norræna vitnaskyldu, nr. 82 31. maí 1976, orðin „X. kafla“, „nr. 85 23. júní 1936“, „XII. kafla“ og „nr. 74 21. ágúst 1974“.
Í 2. mgr. 4. gr. sömu laga orðin „sbr. 98. gr. 3. mgr. laga nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála“.
Í 1. mgr. 5. gr. sömu laga orðin „125. gr.–128. gr.“, „nr. 85 23. júní 1936“, „89. gr.–101. gr.“ og „nr. 74 21. ágúst 1974“.
59. Í 1. mgr. 5. gr. laga um rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 108 28. desember 1976, orðin „sem tekin eru samkvæmt heimild í 57. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74 1974“.
60. 3. mgr. 15. gr. iðnaðarlaga, nr. 42 18. maí 1978.
61. 3. mgr. 33. gr. byggingarlaga, nr. 54 16. maí 1978.
62. 3. mgr. 53. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, nr. 56 16. maí 1978.
63. 1. mgr. 46. gr. barnalaga, nr. 9 15. apríl 1981.
64. Í 2. mgr. 226. gr. siglingalaga, nr. 34 19. júní 1985, orðin „nr. 74/1974“.
65. Í 2. mgr. 30. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32 5. maí 1986, orðin „að mati dómara“.
66. Í 3. mgr. 7. gr. laga um umboðsmann Alþingis, nr. 13 20. mars 1987, annars vegar í 2. málsl. orðin „nr. 74/1974“ og hins vegar í 4. málsl. orðin „samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 80. gr. laga nr. 74/1974“.
67. Í 3. tölul. 1. mgr. 30. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 51 30. mars 1987, orðin „Þegar máli er þannig vísað til siglingadóms getur hann farið með rannsókn í því hvort heldur af sjálfsdáðum eða að beiðni saksóknara.“
Í 2. mgr. 30. gr. sömu laga orðin „þó þannig að mál skal jafnan sæta sókn og vörn“.
68. Í 2. mgr. 46. gr. tollalaga, nr. 55 30. mars 1987, orðin „nr. 74/1974“.
69. 28. gr. laga um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988.

195. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi ákvæði laga sem hér segir:

1. 4. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt, nr. 16 13. janúar 1938, verður svohljóðandi: Frá lögreglustjóra ef hann telur óeðlilegar kynhvatir viðkomanda munu geta leitt til glæpaverka.
2. 1. mgr. 55. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, verður svohljóðandi:
Sektir og aðrar skyldugreiðslur, sem afplána á að lögum og ákveðnar eru á annan hátt en í 54. gr. getur, afplánast eftir reglum um varðhald eða fangelsi. Stjórnvald það, er

sekt eða afplánun ákveður, tiltekur einnig um leið um refsivistina, en bera má þá ákvörðun undir dómara.

2. mgr. 55. gr. sömu laga verður svohljóðandi:

Dagsektir skal afplána í varðhaldi og ákveður sýslumaður varðhaldstímann. Um heimild til að bera þá ákvörðun undir dómstóla fer eftir reglum aðfararlaga um heimildir til að bera ákvarðanir þær, sem sýslumaður tekur við framkvæmd aðfarar, undir héraðsdóm.

Í 5. mgr. 56. gr. sömu laga fellur niður orðið „rannsóknardómari“, en í þess stað kemur: rannsóknari.

3. Í 2. mgr. 46. gr. laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, nr. 23 10. mars 1956, fellur niður orðið „réttarrannsókn“, en í stað þess kemur: opinber rannsókn.

4. Í 2. mgr. 5. gr. laga um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962, falla niður orðin „1. mgr. 119. gr., sbr. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 82/1961“, en í stað þeirra kemur: lögum um meðferð opinberra mála.

Í 1. og 3. málsl. 1. mgr. 11. gr. sömu laga fellur niður orðið „sakadóms“, en í þess stað kemur orðið: héraðsdóms.

Í 1. mgr. 15. gr. sömu laga falla niður orðin „71. og 72. gr. laga nr. 82/1961“, en í stað þeirra kemur: lögum um meðferð opinberra mála.

5. Í 2. mgr. 18. gr. laga um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, fellur niður orðið „dómsrannsókn“, en í stað þess kemur: rannsókn.

6. 1. mgr. 68. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60 29. maí 1972, verður svohljóðandi:

Nú er opinbert mál höfðað til refsingar vegna atvika sem leitt geta til ógildingar hjúskapar og má þá hafa uppi kröfu í málinu um ógildingu hjúskaparins.

3. mgr. 68. gr. sömu laga verður svohljóðandi:

Hjúskaparmál, sem einstaklingur eða dómsmálaráðuneytið sækir, fer að hætti einkamála ef eigi er öðruvísi um mælt í lögum þessum.

1. mgr. 80. gr. sömu laga verður svohljóðandi:

Nú er svo ákveðið í lögum þessum að mál skuli höfða innan lögmælts tíma og fer þá um það samkvæmt almennum reglum réttarfarslaga hvenær mál telst höfðað.

7. Í 4. gr. laga um upptöku ólöglegs sjávarafla, nr. 32 19. maí 1976, falla niður orðin „Málinu má vísa til meðferðar sakadóms“, en í stað þeirra kemur: Höfða má mál til ógildingar úrskurði.

8. Í 4. mgr. 17. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 81 31. maí 1976, falla niður orðin „Lagt skal löghald á“, en í þeirra stað koma orðin: Kyrrsetja skal.

9. Í 4. mgr. 2. gr. laga um framkvæmd samnings um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, nr. 48 30. maí 1979, falla niður orðin „Lagt skal löghald á“, en í þeirra stað koma orðin: Kyrrsetja skal.

10. Í 4. mgr. 3. gr. laga um aðild Íslands að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi, nr. 68 29. maí 1981, falla niður orðin „Lagt skal löghald á“, en í þeirra stað koma orðin: Kyrrsetja skal.

11. Í 4. mgr. 94. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75 14. september 1981, fellur niður orðið „sakadóms“, en í stað þess kemur orðið: héraðsdóms.

3. mgr. 108. gr. sömu laga verður svohljóðandi:

Mál út af brotum gegn skattalöggjöf skulu sæta meðferð opinberra mála. Skattkröfu má hafa uppi og dæma í slíkum málum.

12. Í 23. gr. laga um brunavarnir og brunamál, nr. 74 12. maí 1982, falla niður orðin „Ef kveðja þarf til sérfróða menn vegna rannsóknar á eldsvoða, skal stjórn brunamálastofnunarinnar tilnefna þá samkvæmt tillögu brunamálastjóra.“ Í sama ákvæði fellur enn fremur niður orðið „Réttarrannsókn“, en þess í stað kemur: Opinber rannsókn.

13. Í 2. mgr. 8. gr. laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13 17. apríl 1984, falla niður orðin „1. mgr. 119. gr. laga nr. 74/1974“, en í stað þeirra kemur: lögum.
Í 1. mgr. 10. gr. sömu laga falla niður orðin „71. gr. laga nr. 74/1974“, en í þeirra stað kemur: lögum.
Í 1. mgr. 14. gr. sömu laga fellur niður orðið „sakadóms“, en í stað þess kemur: héraðsdóms.
Í 1. mgr. 18. gr. sömu laga falla niður orðin „71. og 72. gr. laga nr. 74/1974“, en í stað þeirra kemur: lögum.
Í 5. mgr. 20. gr. sömu laga fellur niður orðið „sakadómi“, en í stað þess kemur: héraðsdómi.
Í 1. mgr. 22. gr. sömu laga falla niður orðin „þeim, sem um getur í VI. og VII. kafla laga nr. 74/1974“, en í stað þeirra kemur: laga.
Í 5. mgr. 23. gr. sömu laga fellur niður orðið „sakadómur“, en í þess stað kemur: héraðsdómur.
14. Í 3. mgr. 36. gr. útvarpslaga, nr. 68 27. júní 1985, fellur niður orðið „réttarrannsókn“, en í stað þess kemur: rannsókn.
15. Í 1. mgr. 18. gr. laga um skráningu skipa, nr. 115 31. desember 1985, falla niður orðin „héraðsdómari rannsaki málið“, en í stað þeirra kemur: málið verði rannsakað.
16. Í 3. mgr. 7. gr. laga um ríkisendurskoðun, nr. 12 29. apríl 1986, sbr. lög nr. 35 18. maí 1988, fellur niður orðið „sakadóms“, en í stað þess kemur: héraðsdóms.
17. Í 1. mgr. 30. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32 5. maí 1986, falla niður orðin „lagt löghald á skipið“, en í þess stað kemur: skipið kyrrsett.
18. 20. gr. vaxtalaga, nr. 25 27. mars 1987, verður svohljóðandi:
Mál út af refsiverðum brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála. Endurgreiðslukröfur og aðrar einkaréttarkröfur má hafa uppi og dæma í slíkum málum.
19. 3. mgr. 31. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45 30. mars 1987, verður svohljóðandi:
Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála. Greiðslukröfu má hafa uppi og dæma í slíkum málum.
20. 2. mgr. 124. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, verður svohljóðandi:
Sýslumenn skulu geyma þessi bréf og böggla óopnaða í tvö ár og hafi kjörseðlanna þá ekki verið krafist vegna opinberrar rannsóknar út af grun um atkvæðafölsun skal brenna þá í óhreyfðum umbúðum.
21. 3. mgr. 41. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50 24. maí 1988, verður svohljóðandi:
Mál vegna brota á lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála. Skattkröfu má hafa uppi og dæma í slíkum málum.
22. Í 2. mgr. 4. gr. laga um aðför, nr. 90 1. júní 1989, falla niður orðin „sem aðfararhæf er skv. 9. tölul. 1. mgr. 1. gr.“, en í þeirra stað kemur: samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.
23. 11. gr. laga um lögheimili, nr. 21. 5. maí 1990, verður svohljóðandi:
Ef vafi leikur á um lögheimili manns, er þjóðskránni, hlutaðeigandi manni eða sveitarfélagi, sem málið varðar, rétt að höfða mál til viðurkenningar á hvar lögheimili hans skuli talið. Þess skal gætt að þjóðskráin og sá maður, sem í hlut á, eigi aðild að slíku máli, en að öðru leyti fer um málið eftir almennum reglum um meðferð einkamála í héraði.

196. gr.

Þar sem mælt er fyrir í öðrum lögum um dómsátt í opinberu máli skal litið svo á að átt sé við ákvörðun dómara um viðurlög skv. 1. mgr. 124. gr.

XXIV. KAFLI
Ákvæði til bráðabirgða.

197. gr.

Opinber mál, sem hafa verið þingfest fyrir sakadómi fyrir gildistöku laga þessara en hefur ekki verið lokið í héraði, skulu rekin upp frá því fyrir héraðsdómstól í því umdæmi sem hlutaðeigandi sakadómur starfaði áður í. Mál, sem hafa verið þingfest fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum en hefur ekki verið lokið þar, skulu rekin upp frá því fyrir héraðsdómi Reykjavíkur. Ekki haggast af þeim sökum gildi þeirrar meðferðar sem mál hefur þegar sætt fyrir sakadómi.

198. gr.

Opinber mál, sem þingfest hafa verið fyrir gildistöku laga þessara en hefur ekki verið lokið fyrir héraðsdómi fyrir þann tíma, skulu eftir því sem við getur átt sæta meðferð upp frá því eftir reglum þessara laga að öðru leyti en hér segir:

a. ríkissaksóknari fer eftir sem áður með ákæruvald í máli þótt lögreglustjóri hefði höfðað það eftir gildistöku laga þessara skv. 28. gr.,
b. ekki má ljúka máli án þess að ákærði sæki þing eftir ákvæðum 1. mgr. 126. gr.,
c. hafi munnlegar skýrslur þegar verið gefnar að einhverju marki í máli skal dómari gefa aðilum kost á að ljúka öflun sýnilegra sönnunargagna og ákveða síðan aðalflutning skv. 129. gr. til að ljúka munnlegri sönnunarfærslu og flutningi máls,
d. hafi krafa um frávísun máls verið tekin til dóms eða úrskurðar, en ekki hefur verið leyst úr henni fyrir gildistöku laga þessara, gilda fyrirmæli eldri laga um form úrlausnarinnar.

199. gr.

1. Ákvæði eldri laga um kæruheimildir til Hæstaréttar, kærufrest, aðild að kærumáli, meðferð héraðsdómara á kæru og meðferð kærumáls fyrir Hæstarétti gilda um úrskurði og ákvarðanir héraðsdómara sem kveðnir hafa verið upp eða teknar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara.

2. Ákvæði XVIII. kafla laga þessara um áfrýjun taka til mála þótt þau hafi verið dæmd í héraði fyrir gildistöku laga þessara, að öðru leyti en hér segir:

a. ákvæði 150. gr. gilda ekki um mál sem dæmd hafa verið í héraði fyrir gildistöku laga þessara,
b. fyrirmæli eldri laga um áfrýjunarfrest gilda um mál sem dæmd hafa verið í héraði fyrir gildistöku laga þessara.

200. gr.

Fyrirmæli laga þessara gilda um endurupptöku mála þótt þau hafi verið dæmd fyrir gildistöku þeirra.

201. gr.

1. Ákvæði 2. mgr. 26. gr. taka ekki til ákvarðana sem ríkissaksóknari hefur tekið um niðurfellingu mála fyrir gildistöku laga þessara.

2. Heimilt er ríkissaksóknara að fela þeim sem í 1. og 3. mgr. 29. gr. getur að sækja þing í máli og flytja það þótt það hafi verið höfðað fyrir gildistöku laga þessara. Feli ríkissaksóknari samkvæmt þessu lögreglustjóra flutning máls, sem 1. mgr. 28. gr. getur átt við, gilda fyrirmæli 2. mgr. 29. gr. um heimild lögreglustjóra til að fela starfsmanni sínum málið.

3. Fyrirmæli 113. og 114. gr. taka til mála þótt brot hafi verið framið fyrir gildistöku laga þessara.

4. Lögreglustjóra er heimilt að ljúka máli með þeim hætti sem í 2. mgr. 115. gr. segir þótt brot hafi verið framið fyrir gildistöku laga þessara.

5. Heimilt er að ljúka máli með þeim hætti sem í 1. mgr. 124. gr. segir þótt mál hafi verið höfðað fyrir gildistöku laga þessara.

202. gr.

1. Eftir gildistöku laga þessara má leggja hald á muni, framkvæma leit og handtaka mann á grundvelli úrskurðar þótt hann hafi verið kveðinn upp fyrir þann tíma, ef skilyrði eru til aðgerðar eftir fyrirmælum þessara laga.

2. Úrskurður um að maður sæti gæsluvarðhaldi haggast ekki af gildistöku laga þessara. Fyrirmæli 108. gr. taka til gæslufanga frá gildistöku laga þessara þótt úrskurður hafi gengið um gæsluvarðhaldið fyrir þann tíma.

3. Atriði varðandi rannsókn opinbers máls verða því aðeins borin undir dómara skv. 75. gr. að þau hafi komið upp eftir gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur verið samið á vegum réttarfarsnefndar að tilhlutan dómsmálaráðuneytis. Er það liður í þeirri heildarendurskoðun á dómstólakerfi landsins og réttarfarsreglum, sem grundvöllur hefur verið lagður að með lögum, nr. 92 1. júní 1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, sem mæla fyrir um gerbreytingu á dómstólaskipun í héraði og koma til framkvæmda 1. júlí 1992.

Frumvarpið var lagt fram á síðasta þingi en varð eigi útrætt.

Frumvarpið var sent nokkrum aðilum til umsagnar á síðastliðnu sumri. Umsagnir bárust frá rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, yfirsakadómaranum í Reykjavík, Lögmannafélagi Íslands og Sýslumannafélagi Íslands. Umsagnir þessar voru sendar réttarfarsnefnd til athugunar. Smávægilegar breytingar hafa verið gerðar á fyrri gerð frumvarpsins og er að nokkru tekið tillit til framkominna umsagna. Breytingar hafa verið gerðar á 8. gr., sbr. nýjan lið c-lið, 3. mgr. 33. gr., 1. mgr. 42. gr., 1. mgr. 43. gr., 2. mgr. 88. gr., 3. mgr. 119. gr., 2. mgr. 149. gr., lið 42 194. gr., lið 4 195. gr., sbr. lið 23.

Frumvarpinu er ætlað að koma í stað laga um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974, en þau lög eru að stofni til lög nr. 27 5. mars 1951, sem sætt hafa síðan nokkrum breytingum og þrívegis verið gefin út sem ný lög, síðast 1974.

Fyrir gildistöku laga nr. 27/1951 voru meginatriði um meðferð refsimála þessi: Eigi var greint skýrt á milli ákæruvalds og dómsvalds. Dómarar, sem jafnframt höfðu stjórn lögreglu á hendi, hófu rannsókn brotamála að eigin frumkvæði og stýrðu henni. Dómsmálaráðherra var æðsti handhafi ákæruvalds, en dómarar fóru einnig með ákæruvald, bæði að því leyti að þeir ákváðu höfðun máls og önnuðust öflun gagna í máli. Enginn sækjandi var skipaður til að flytja opinber mál í héraði. Skil rannsóknar og málsmeðferðar voru óljós þar sem sönnunarfærsla fór oftast fram fyrir dómi á rannsóknarstigi. Rannsókn og málsmeðferð fóru fram fyrir luktum dyrum. Þvinga mátti sakborning til þess að svara spurningum með ógnun um fangelsi við vatn og brauð. Verjandi var skipaður ef ákærði óskaði þess, en þó eigi fyrr en málshöfðun var ákveðin. Dómarar önnuðust fullnustu refsidóma undir yfirstjórn dómsmálaráðherra. Um sannanir giltu reglurnar um sönnunarbyrði ákæruvalds og um frjálst mat sönnunargagna.

Þessi skipan, sem bar öll megineinkenni rannsóknarréttarfars (inquisitorisks réttarfars), var löngu úrelt og í ósamræmi við réttarfar í öðrum menningarlöndum.

Með lögum nr. 27/1951 voru gerðar allveigamiklar breytingar á réttarfari í opinberum málum, og skal hér getið hinna helstu: Dregið var úr ákæruvaldi dómara og ákvörðun um saksókn færð að mestu leyti til dómsmálaráðherra. Hann skyldi ákveða málshöfðun með

útgáfu ákæruskjals er tilgreina skyldi sakarefni, ásamt viðeigandi refsiheimildum, og mátti dómari ekki fara út fyrir ákæruna er hann lagði dóm á mál. Angi af málshöfðunarvaldi dómara hélst þó í einföldum málum (117. gr. laga nr. 27/1951) en dómarar munu lítt eða ekki hafa notað þá heimild nema e.t.v. fyrstu árin eftir gildistöku laganna. Í vissum stórfelldum málum skyldi skipaður sækjandi til þess að fara með málið af hálfu ákæruvalds og í þeim málum bar að skipa ákærða verjanda. Sýnist hafa verið stefnt að því að sönnunarfærsla í slíkum málum færi fram við málsmeðferðina sjálfa, þ.e. eftir útgáfu ákæru. Eftir ósk sakbornings skyldi stundum skipa honum verjanda meðan á rannsókn stóð, svo sem meðan hann sætti gæsluvarðhaldi.

Þá voru í lögunum margs konar þörf nýmæli önnur, eigi hvað síst um rannsókn mála, þar á meðal um þvingunarúrræði sem beita mætti, en lagaboð um þau efni voru áður mjög ófullkomin.

Dómstólaskipun sú sem í gildi var, og er raunar óbreytt enn, stóð hins vegar í vegi fyrir því að réttarfar í opinberum málum yrði fært til nútímahorfs með þessum lögum. Eftir sem áður höfðu dómarar stjórn lögreglu með höndum og hófu eða létu hefja rannsókn af sjálfsdáðum. Í flestum málum var enginn til þess að flytja málið af hálfu ákæruvalds, heldur ákváðu dómarar sjálfir hvaða gögn yrðu færð fram í máli og önnuðust öflun þeirra. Þeir ákváðu af sjálfsdáðum hvenær gripið yrði til þvingunarúrræða. Þannig höfðu dómarar á hendi ákæruvald að nokkru leyti.

Með lögum nr. 57/1961 var gerð sú breyting að ákæruvaldið var fært til sérstaks opinbers ákæranda, saksóknara ríkisins. Tók hann þá við ákæruvaldi því sem dómsmálaráðherra hafði með höndum samkvæmt lögum nr. 27/1951. Hlutverk ákærandans breyttist að öðru leyti ekki, þannig að dómarar fóru áfram með þá þætti ákæruvalds sem áður var lýst. Önnur breyting, sem gerð var með lögum nr. 57/1961, var sú að í Reykjavík skyldu sakadómarar vera þrír til fimm eftir ákvörðun dómsmálaráðherra.

Breytingarnar voru síðan felldar inn í lög nr. 27/1951 og lögin gefin út í heild sem lög nr. 82/1961.

Eftir þetta var lögunum síðan breytt nokkrum sinnum (lög nr. 29/1966, 75/1972, 23/1973, 61/1974, 23/1976 og 107/1976) og lögin tvívegis gefin út sem ný heildarlög, fyrst sem lög nr. 73 21. júní 1973 og síðan lög nr. 74 21. ágúst 1974. Lög nr. 107/1976 ásamt lögum nr. 108/1976 og 109/1976, sem tóku gildi jafnframt þeim, fólu í sér verulegar réttarfarsumbætur. Stjórn rannsóknarlögreglu í Reykjavík var tekin úr höndum yfirsakadómara og stofnuð Rannsóknarlögregla ríkisins. Í Reykjavík eiga dómarar ekki lengur neitt frumkvæði að því að rannsókn verði hafin og hefjast aldrei handa á rannsóknarstigi máls nema að gefnu tilefni frá rannsóknara eða ákæranda. Utan Reykjavíkur hefur breytingin orðið minni þar sem dómarar hafa þar enn stjórn lögreglu með höndum. Má segja að síðan lög nr. 107/1976 tóku gildi (1. júlí 1977) hafi meðferð opinberra mála nálgast svokallað ákæruréttarfar í Reykjavík en síður utan hennar.

Síðan 1977 hafa nokkrar breytingar verið gerðar á lögunum (lög nr. 53/1979, nr. 32/1980, nr. 27/1985, nr. 31/1988, nr. 32/1988 og nr. 41/1988, sbr. einnig 22. gr. laga nr. 92/1989) en ekki þykir þörf á að gera grein fyrir þeim hér.

Frumvarp þetta gerir, ásamt þeim breytingum sem lögfestar hafa verið með lögum nr. 92 1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, ráð fyrir þessum meginbreytingum á meðferð opinberra mála:

a. Skilið verður til fulls milli ákæruvalds og lögreglu annars vegar og dómsvalds hins vegar. Rannsókn mála verður að öllu leyti í höndum ákæruvalds og lögreglu og dómari á aldrei frumkvæði að né stýrir rannsókn. Dómsrannsóknir verða lagðar niður, sbr. athugasemdir við IX. kafla hér á eftir, og hlutverk dómara á rannsóknarstigi máls takmarkast einkum við úrlausn á ýmsum ágreiningsefnum sem aðilar bera undir hann.

b. Ákærandi skal að jafnaði vera viðstaddur málsmeðferð. Hann mælir fyrir um það hvaða gögn verði fram færð í máli af hálfu ákæruvalds, en ekki dómari. Þó athugast að dómara ber að gæta þess að fram verði færð næg gögn til þess að rétt niðurstaða fáist í máli, sbr. 3. mgr. 128. gr., 131. gr. og 159. gr. frv., og er honum þannig heimilt að afla gagna af sjálfsdáðum. Slíkt mundi þó aðeins gerast í undantekningartilvikum.
c. Vegna hins aukna hlutverks sem ákærendum er ætlað verður að breyta mjög skipun ákæruvaldsins, sbr. V. kafla frv., sem gerir m.a. ráð fyrir ákæruvaldi lögreglustjóra, sbr. nánar athugasemdir um þann kafla.
d. Meðferð opinberra mála er færð nær meðferð einkamála en nú er, t.d. með því að taka upp aðalflutning að fyrirmynd laga um meðferð einkamála í héraði.
e. Réttarstaða sakbornings er gerð skýrari og jafnframt er réttarstaða málsvara hans bætt, sbr. einkum VI. kafla frv.

Af öðrum breytingum sem frumvarpið miðar að má nefna skýrari reglur um þvingunarúrræði undir rannsókn máls. Þá er gert ráð fyrir að stjórnvaldssektum megi beita í miklu fleiri málum en nú og létta þannig álagi á dómstólana. Reglum um málskot til Hæstaréttar er breytt, bæði um kæru og áfrýjun.

Af grundvallarreglum réttarfars, sem frumvarpið gerir ráð fyrir og ekki fela í sér verulegar breytingar á núgildandi reglum, skulu nefndar reglurnar um að málsmeðferð á yfirleitt að fara fram munnlega og í heyranda hljóði, sakborningi er óskylt að svara spurningum um sakarefni og hann hefur víðtækan rétt til málsvara, og ákæranda er skylt að kanna jafnt þau atriði er horfa til sektar sakbornings og sýknu. Reglurnar um sönnunarbyrði ákæruvalds og frjálst mat dómara á sönnunargögnum eru óbreyttar.

Frumvarpið gerir þannig ráð fyrir að komið verði á skipun sem kalla verður ákæruréttarfar (akkusatoriskt réttarfar) í öllum aðalatriðum. Um hreinræktað ákæruréttarfar verður þó varla að ræða þar sem talið hefur verið meðal einkenna þess að ákæranda beri engin skylda til þess fremur en verjanda að sýna hlutlægni í störfum sínum. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir slíkri skyldu eins og áður segir og er það í samræmi við réttarfarsreglur þeirra landa sem helst hefur verið leitað fyrirmynda til.

Þær breytingar á meðferð opinberra mála, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, hafa valdið því að rétt hefur þótt að skipa efni að ýmsu leyti á annan veg en í lögum nr. 74/1974. Mjög víða er þó stuðst við ákvæði þeirra laga og fjölmargar lagagreinar teknar upp lítt eða ekki breyttar.

Um orðanotkun í frumvarpi þessu skal þetta tekið fram: Sá sem fyrir sök er hafður er nefndur *sakborningur*. Eftir að mál hefur verið höfðað gegn sakborningi er hann nefndur *ákærði*. Málsvari sakbornings sem dómari skipar kallast *verjandi*, en sá sem sakborningur ræður sér á eigin kostnað *talsmaður*. *Réttargæslumaður* er málsvari handtekins manns, tilkvaddur af rannsóknara að ósk sakbornings. Orðið *ákærandi* er víða notað um viðeigandi handhafa ákæruvalds, en þeir geta verið, auk ríkissaksóknara og vararíkissaksóknara, aðrir saksóknarar eða lögreglustjórar, svo og fulltrúar þeirra. *Rannsóknari* kallast sá starfsmaður lögreglu eða ákæruvalds sem rannsókn stýrir hverju sinni. Orðið *rannsókn* á einungis við aðgerðir lögreglu og ákæruvalds til þess að upplýsa mál og búa það undir saksókn. Rekstur máls eftir að ákærða hefur verið gefin út kallast *málsmeðferð*, og sönnunarfærsla og málflutningur, sem fara á fram í einni lotu, kallast *aðalmeðferð* máls.

Hér á eftir fara síðan athugasemdir um einstaka kafla frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í kafla þessum er greint frá því til hvaða mála lögin taka. Er hér í fyrsta lagi um eiginleg opinber mál að ræða, þ.e. mál sem höfðuð eru til þess að koma fram refsingu á hendur manni fyrir afbrot, sbr. 1. mgr. 1. gr., svo og mál til þess að koma fram refsikenndum viðurlögum þótt eigi sé krafist refsingar, sbr. 2. mgr. 1. gr.

Í 2. gr. eru taldir upp nokkrir málaflokkar, sem rétt þykir að fari eftir reglum laganna eftir því sem við á þótt eigi sé um eiginleg opinber mál að ræða:

A-liður tekur til mála sem risið geta til fullnustu ákvæðum 73. gr. stjórnarskrár.

B-liður tekur til mála sem um ræðir í 26. gr. laga nr. 57/1956, um prentrétt.

C-liður á við ýmis brot gegn lögreglusamþykktum, byggingar- og skipulagslöggjöf, o.fl.

D-liður tekur til ýmissa úrlausna sem um ræðir í almennum hegningarlögum: 1. mgr. 55. gr. (úrlausn um ákvörðun stjórnvalds um refsivist er komi í stað dagsekta, sbr. breytingu á 1. mgr. 55. gr. sem ráð er fyrir gert í 2. tölul. 195. gr. þessa frv.), 59. gr. (úrskurður um skilorðsrof) 62. gr. (úrskurður varðandi öryggisráðstafanir), 66. gr. (úrskurður um ráðstafanir vegna heitinga), 67. gr. (úrskurður um öryggisráðstafanir að refsivist lokinni), og 68. gr. A. (úrlausn um synjun stjórnvalds um opinbert starf eða leyfi til að stunda starf).

E-liður á við um dómsúrlausnir vegna kröfu um framsal sakamanna og fullnustu erlends refsidóms, sbr. lög nr. 7/1962, 10. og 11. gr., lög nr. 13/1984, 14. gr. og lög nr. 69/1963, 22. gr.

Ákvæði 12. tölul. 2. gr. núg. l. er ekki tekið hér upp, en í IX. kafla frv. um rannsókn er í 3. mgr. 66. gr. ákvæði sem koma á í stað þess.

Um II. kafla.

Í lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði er mælt fyrir um skipun dómsvalds í héraði. Fara héraðsdómarar með opinber mál eins og önnur dómsmál á fyrsta dómstigi, sbr. 4. gr. frv. Um fjölskipaðan dóm þegar sérstaklega stendur á er ætlast til að sömu reglur gildi og í einkamálum, bæði að því er varðar sérfróða meðdómendur og dóm sem fleiri en einn héraðsdómari skipar. Er í 2. mgr. 5. gr. frv. því skírskotað til 37. gr. A. laga um meðferð einkamála í héraði.

Um vanhæfi dómara er í 6. gr. frv. vísað til 36. gr. einkamálalaga, en því er við bætt að dómari sem úrskurðað hefur sakborning í gæsluvarðhald skv. 2. mgr. 103. gr. frv. skuli eigi hafa málsmeðferð með höndum. Þykir eigi rétt að dómari sem tekið hefur afstöðu til þeirra atriða er í þessari málsgrein segir fari með málsmeðferð eftir útgáfu ákæru.

Ákvæði 7. gr. núg. l. um kirkjudóm er eigi tekið upp hér. Þykir ekki ástæða til þess að sérdómstóll fjalli um þau mál sem kirkjudómi eru falin. Raunar er eigi fyllilega ljóst hvaða mál hér er um að ræða, en aldrei hefur á það reynt, þar sem ekki er kunnugt um að neitt mál hafi komið til kasta kirkjudóms síðan lög nr. 27/1951 voru sett.

Um III. kafla.

Hér eru settar ýmsar almennar reglur um þinghöld og starfsemi héraðsdómstóla að öðru leyti.

7. gr. mælir svo fyrir að þinghöld skuli yfirleitt fara fram á hinum reglulegu þingstöðum, en gert er ráð fyrir nokkrum sveigjanleika í þessum efnum eftir því sem aðstæður krefjast. Ákvæði 2. mgr. svarar til 3. mgr. 3. gr. laga nr. 92/1989.

8. gr. segir að þinghöld skuli almennt fara fram í heyranda hljóði, en frá því má víkja ef sérstaklega stendur á. Eru hér talin upp þau tilvik þar sem heimilt er að loka þinghaldi. Greinin kemur í stað 16. gr. núg. l., og felur ekki í sér verulegar efnisbreytingar. Ákvörðun um lokun þinghalds bókar dómari í þingbók og verður ákvörðuninni ekki skotið til æðra dóms, sbr. b-lið 1. mgr. 142. gr. frv.

3. mgr. 8., 9. og 10. gr. fjalla um stjórn dómara á þinghaldi. Þykja þær eigi þarfnast skýringa. Í 11. gr. er refsiákvæði er svarar til 160. og 161. gr. núg. l.

12. gr. gerir ráð fyrir að nægilegt sé að hafa einn þingvott.

Reglur 13. gr. svara til 40. gr. einkamálalaga.

Um gerð þingbóka er mælt fyrir í 14.–16. gr., en gert ráð fyrir að nánari fyrirmæli skuli sett með reglugerð. Er þannig miðað við að hagnýta megi tæknilegar nýjungar sem fram hafa

komið eða munu koma. Í sömu átt fara ákvæði um dómabækur, málaskráningu og sakaskrá, sbr. 17.–19. gr.

Í 20. gr. eru fyrirmæli um birtingar á tilkynningum, dómum o.fl., en skort hefur á heildarreglur um þau efni. Sjá 76., 99., 116. og 117. gr. núg. l.

Um IV. kafla.

Í kafla þessum eru reglur um varnarþing er koma í stað IV. kafla núg. l.

Í 21. gr. eru reglur um hvar opinber mál skuli rekin. Er aðallega miðað við brotavarnarþing (forum delicti) en til vara við heimilis- eða dvalarvarnarþing (forum domicilii). Samkvæmt reglum 116. gr. frv. skal taka fram í ákæru fyrir hvaða héraðsdómstóli mál skuli höfðað, en dómara ber síðan að fara með málið í viðeigandi þinghá. Komi mörg umdæmi til greina (mál sótt í einu lagi út af brotum frömdum í ýmsum umdæmum eða mál sótt á hendur mörgum mönnum sem eiga ekki sama varnarþing) má höfða mál í hverju því umdæmi og fara með málið í hverri þeirri þinghá sem til greina getur komið. Sérreglur eru í 3. mgr. um mál sem framin eru utan allra dómumdæma eða erlendis.

Mál verður að höfða í einhverju þeirra umdæma sem um ræðir í 21. gr. og gæti varðað frávísun máls ef mál væri höfðað andstætt ákvæðum greinarinnar. Er það breyting frá 29. gr. núg. l. sem gerir ráð fyrir að ákvörðun ríkissaksóknara um varnarþing verði aldrei haggað í dómi. Þess er þó að gæta að eigi á að vísa máli frá ef ákærði kemur fyrir dóm, sbr. 4. mgr. 21. gr.

Um aðgerðir dómara á rannsóknarstigi máls eru fyrirmæli í 1. mgr. 22. gr.

Í 23. og 24. gr. eru nýmæli sem þó eru að mestu leyti í samræmi við það sem tíðkast hefur. Segir í 1. mgr. 23. gr. að mál á hendur manni fyrir fleiri en eitt brot skuli eftir því sem við verður komið sótt í einu lagi og í 2. mgr. að fleiri menn skuli sækja til sakar í einu máli fyrir þátttöku í sama verknaði. Frá reglum þessum verður þó að mega víkja ef slíkt þykir hagkvæmara. Í 3. mgr. er heimild til handa dómara til sameiningar mála, enda er mjög algengt að mál séu sameinuð með þeim hætti.

Eftir 24. gr. mundi dómari einnig mega skilja í sundur mál sem höfðað hefur verið á hendur fleiri aðilum en einum. Sem dæmi má nefna að mál hefur verið höfðað á hendur A, B og C með einni ákæru og í ljós kemur að A er horfinn úr landi og ekkert vitað um dvalarstað hans né hvort eða hvenær hann muni koma aftur til landsins. Er þá nauðsynlegt að dæma megi þátt B og C en láta þátt A bíða úrlausnar síðar.

Ákvörðunum dómara skv. 23. og 24. gr. verður eigi skotið til æðra dóms, sjá h-lið 1. mgr. 142. gr. frv.

Um V. kafla.

Í þessum kafla, sem fjallar um ákæruvaldið, er gert ráð fyrir verulegum breytingum á skipun þess, sbr. III. kafla núg. laga.

Samkvæmt lögum nr. 27/1951 var ákæruvaldið í höndum dómsmálaráðherra, en héraðsdómurum var einnig falið ákæruvald í ýmsum málum. Með lögum nr. 57/1961 var sett á stofn embætti saksóknara ríkisins og var honum fengið ákæruvaldið í hendur. Síðan hefur dómsmálaráðherra ekki talist meðal handhafa ákæruvalds, nema í þeim fáu tilvikum þar sem lög tilgreina sérstaklega að mál skuli því aðeins höfðað að ráðherra mæli svo fyrir. Það sérkenni hefur verið á skipun ákæruvalds hér á landi að saksóknarar hafa eigi haft afskipti af rekstri opinberra mála í héraði nema í tiltölulega fáum tilvikum, sbr. 130. gr. núg. l. Hefur héraðsdómari (sakadómari) átt að gæta hagsmuna ákæruvaldsins, m.a. með því að taka ákvörðun um hvaða gögn skuli færð fram o.s.frv. Þessi skipun hefur og tengst því að saksóknarar hafa aðeins setið í Reykjavík og þykir ekki við komið nema í hinum stærstu málum að þing sé sótt af hálfu ákæruvalds. Í þeim réttarfarsbreytingum sem í lögum nr. 92

1989 felast er m.a. stefnt að því að dómarar fari alls ekki með ákæruvald og að ákærandi fylgi ákæru sinni eftir við meðferð málsins. Er svo sem síðar verður rakið, sjá 123. gr. frv., miðað við að dómari geti því einungis lagt dóm á mál að ákærandi hafi sótt þing.

Sú breyting er lögð til að lögreglustjórum sé falið ákæruvald, hverjum í sínu umdæmi. Málshöfðunarvald þeirra er takmarkað við mál út af brotum gegn umferðarlögum og áfengislögum, svo og brotum gegn öðrum lögum, nema almennum hegningarlögum, þar sem eigi er lögð þyngri refsing við broti en sektir eða varðhald, sbr. 1. mgr. 28. gr. frv. Af þeim málum sem hér koma til greina skipta umferðarlagabrot mestu máli, þar á meðal ölvunarakstur, en slík mál eru mjög verulegur hluti þeirra opinberu mála sem koma til kasta dómstóla. Þó er þess að geta að mörgum slíkra mála mætti skv. 2. mgr. 115. gr. frv. ljúka með stjórnvaldssekt. Mál þau sem lögreglustjórar höfða eiga þeir sjálfir að flytja í héraði, 2. mgr. 29. gr. frv. En skv. 1. mgr. getur ríkissaksóknari einnig falið þeim flutning annarra mála í héraði. Heimildar þessarar mundi sjálfsagt einkum verða neytt í umdæmum sem liggja fjarri Reykjavík. Um framkvæmd ákæruvalds getur ríkissaksóknari sett almennar reglur, en einnig gefið fyrirmæli um einstök mál eða tekið mál sjálfur í sínar hendur, 1. mgr. 27. gr. frv.

Í 2. mgr. 28. gr. kemur fram að lögreglustjóri skal einungis höfða mál fyrir þeim héraðsdómi sem á lögsögu í umdæmi lögreglustjórans. Telji lögreglustjóri að málið eigi fremur að höfða í öðru umdæmi, ætti hann að vísa því til ákvörðunar ríkissaksóknara.

Ríkissaksóknari er eftir sem áður æðsti handhafi ákæruvalds, en honum til aðstoðar eru vararíkissaksóknari, saksóknarar og fulltrúar, á sama hátt og nú tíðkast. Dómsmálaráðherra er ekki handhafi ákæruvalds, nema að því leyti sem lög mæla sérstaklega fyrir í einstökum tilvikum eins og áður segir. Hann getur því ekki gefið ríkissaksóknara fyrirmæli um einstök mál. Það nýmæli er þó sett í 2. mgr. 26. gr. að þyki ákvörðun ríkissaksóknara um niðurfellingu máls fjarstæð eða löglaus getur ráðherra lagt til við forseta Íslands að ákvörðunin verði felld úr gildi og mál höfðað. Þessi heimild nær hins vegar ekki til þess að fella úr gildi ákvörðun ríkissaksóknara um að mál skuli höfðað. Þá hefur dómsmálaráðherra á sama hátt og nú eftirlit með framkvæmd ákæruvalds, sbr. 1. mgr. 26. gr.

Ákvæði kaflans um lagaskilyrði til skipunar í embætti saksóknara þykja ekki þarfnast skýringa, en þó skal tekið fram að gert er ráð fyrir að nægilegt sé að skipaður saksóknari fullnægi skilyrðum til skipunar í starf héraðsdómara, sbr. 2. mgr. 25. gr. frv., en í 6. mgr. 20. gr. núg. l. segir að saksóknarar skuli fullnægja sömu lagaskilyrðum og ríkissaksóknari, þ.e. skilyrðum til skipunar í embætti dómara við Hæstarétt.

Í síðari köflum frumvarpsins er orðið ákærandi notað víða um viðeigandi handhafa ákæruvalds í hverju tilfelli. Um vanhæfi ákæranda eru reglur í 30. gr. frv., er koma í stað 22. gr. núg. l. Er í 3. mgr. 30. gr. gert ráð fyrir því að dómari meti það hvort ákærandi sé vanhæfur og geti vanhæfi ákæranda varðað frávísun máls frá dómi.

Í 31. gr. er ákvæði um skyldur ákærenda og rannsóknaraðila til þess að leysa starfa sinn af hendi með hlutlægni og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sektar og sýknu sakbornings.

Reglur um framkvæmd ákæruvalds, þar á meðal um heimildir til þess að falla frá saksókn, eru í XIV. kafla frv. um saksókn og undirbúning málsmeðferðar.

Um VI. kafla.

Í kafla þessum er leitast við að safna á einn stað almennum reglum um sakborning og réttarstöðu hans, þar á meðal rétt hans til málsvara.

Í 32. gr. segir að yfirheyrður maður eigi rétt á því að fá vitneskju um það, þegar kostur er, hvort hann sé yfirheyrður sem sakborningur eða vitni, sbr. 2. mgr., og sá sem yfirheyrður er sem sakaður skal fá upplýsingar um kæruefni, áður en hann er yfirheyrður, sbr. 1. mgr. Sakborningi er óskylt að svara spurningum um sakarefnið, sbr. 3. mgr. Reglur þessar eiga jafnt við um yfirheyrslu hjá lögreglu og fyrir dómi, sbr. hins vegar 1. mgr. 40. gr.

(lögregluyfirheyrsla) og 1. mgr. 77. gr. (*yfirheyrsla fyrir dómi*) í núg. l. Sama er að segja um reglur 33. gr. frv. um það hvernig yfirheyrsla skal fram fara, sbr. 2. mgr. 40. gr. og 77. gr. núg. l. Réttargæslumaður hefur, öfugt við talsmann, sömu réttindi og skyldur og verjandi. Þótt einvörðungu sé talað um verjanda í ýmsum ákvæðum frv. eiga þau því jafnt við um réttargæslumann eftir því sem við á.

Um málsvara sakbornings eru reglur í 34.–44. gr. Er hér greint á milli *verjanda,* sem dómari skipar, sbr. 34. og 35. gr., *réttargæslumanns* handtekins manns sem rannsóknari tilnefnir, sbr. 36. gr., og *talsmanns* sem sakborningur ræður á eigin kostnað, sbr. 37. gr.

Verjanda ber ævinlega að skipa er fram fer aðalmeðferð máls samkvæmt reglum XV. kafla, nema ákærði hafi ráðið sér talsmann eða honum sé leyft að flytja mál sitt sjálfur, sbr. 2. mgr. 34. gr. Í öðrum málum sem höfðuð hafa verið með ákæru skal einnig skipa ákærða verjanda ef hann óskar þess, b-liður 1. mgr. 34. gr. Er þetta nokkru víðtækari skylda en gert er ráð fyrir í 80. gr. núg. l., en þess má þó geta að lítt mun hafa reynt á það að synjað hafi verið um skipun verjanda samkvæmt heimildum þeirrar greinar.

Við rannsókn máls ber dómara eftir ósk sakbornings að skipa sakborningi verjanda ef fram kemur krafa um gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 34. gr. Heimilt er dómara einnig að skipa verjanda á rannsóknarstigi máls ef svo stendur á sem í 35. gr. segir, sbr. 2. tölul. 3. mgr. og 5. mgr. 80. gr. núg. l.

Í 4. mgr. 61. gr. núg. l. segir að handtekinn maður eigi rétt á skipuðum réttargæslumanni þegar eftir handtöku. Eigi segir þar hver skipa eigi réttargæslumann, en litið hefur verið svo á að dómari einn geti gert það. Hefur þetta valdið ýmsum erfiðleikum við beitingu ákvæðis þessa. Í stað þessa ákvæðis er í 36. gr. frv. sett sú regla að þegar sakborningur óski eftir réttargæslumanni við eða eftir handtöku skuli rannsóknari tilnefna hann, yfirleitt eftir ábendingu sakbornings, sjá 2. mgr. 36. gr., sbr. 39. gr. Slík tilnefning mundi falla úr gildi er handtöku lýkur.

Í 3. mgr. 81. gr. núg. l. er heimild til handa sakborningi til þess að ráða sér á eigin kostnað talsmann til þess að halda uppi vörnum fyrir sig. Þótt lítt hafi reynt á ákvæði þetta þykir þó rétt að halda heimild þessari, sjá 37. gr. frv.

Í 38. gr. er gert ráð fyrir að yfirleitt skuli farið eftir ábendingu sakbornings við skipun verjanda og sama á við um réttargæslumann skv. 36. gr., sjá 2. mgr., sbr. 81. gr. núg. l.

39. gr. mælir fyrir um það hverja skipa megi verjanda, sbr. 82. og 85. gr. núg. l.

Um afturköllun á skipun verjanda eru reglur í 40. gr. Eigi skal verða við ósk sakbornings um afturköllun ef það leiðir til tafar eða aukins kostnaðar. 2. mgr. svarar til lokaákvæðis 2. mgr. 84. gr. núg. l.

Í 41. gr. frv. segir svo um hlutverk verjanda að það sé að færa fram í máli hvað það sem verða megi sakborningi til sýknu eða hagsbóta og gæta réttar hans í hvívetna. Í 2. mgr. er mælt svo fyrir að verjandi sjálfur skuli annast flutning máls, en fulltrúi hans eða annar lögmaður getur sótt þing fyrir hans hönd þegar um einstakar dómsathafnir er að ræða. Þetta mundi vafalaust geta átt einnig við réttargæslumann skv. 36. gr., sbr. annars 86. gr. núg. l.

Um réttarstöðu verjanda eru reglur í 42. og 43. gr. frv. og fela þær m.a. í sér skýlausan rétt hans til þess að tala við sakborning í einrúmi, til þess að vera viðstaddur yfirheyrslur yfir sakborningi á rannsóknarstigi og til þess að fá gögn í hendur jafnskjótt og unnt er, sbr. hins vegar 86. og 87. gr. núg. l. Þetta er nauðsynlegt til þess að verjandi geti rækt hlutverk sitt sem skyldi. Misnoti lögmaður rétt sinn sem verjandi með því að torvelda rannsókn með ólögmætum hætti getur dómari afturkallað skipun hans, sbr. 2. mgr. 40. gr., og neitað að skipa þann hinn sama verjanda í öðru máli, sjá niðurlag 2. mgr. 38. gr.

Rétt er að taka fram að 2. mgr. 42. gr. tekur einvörðungu til þess meðan mál er á rannsóknarstigi, en önnur ákvæði frv. eiga við málsmeðferð fyrir dómi, sbr. t.d. 3. mgr. 42. gr. og 2. mgr. 59. gr.

Um þóknun verjanda eru ákvæði í 44. gr. frv., sbr. 2. og 3. mgr. 87. gr. núg. l. Gangi ekki dómur ákveður dómari þóknun með bókun í þingbók eða skriflega með öðrum hætti. Formlegur úrskurður er óþarfur, en ákvörðun mætti skjóta til æðra dóms skv. 1. mgr. 142. gr. Þóknun réttargæslumanns er ákveðin af lögreglustjóra eða löglærðum fulltrúa hans nema réttargæslumaður hafi verið skipaður verjandi í sama máli. Ágreining út af þessari ákvörðun mætti bera undir dómara skv. 75. gr. frv.

Um VII. kafla.

Kafli þessi kemur í stað XIII. kafla núg. l.

Ákvæði 45.–47. gr. eru í samræmi við 108. og 109. gr. núg. l. Koma hér fram grundvallarreglurnar um að sönnunarbyrðin hvíli á ákæruvaldinu og um frjálst mat sönnunargagna.

Í 1. mgr. 48. gr. er sett sú meginregla að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem fram eru færð fyrir dómi við sjálfa málsmeðferðina. Ber þannig eigi að leggja til grundvallar utanréttarvottorð eða skýrslur vitna og annarra fyrir lögreglu o.s.frv., sbr. um þetta 3. mgr. 59. gr. Í 2. mgr. 48. gr. er þó veitt heimild til þess að meta sem sönnunargögn skýrslur sem gefnar hafa verið fyrir dómi utan málsmeðferðar og í 3. mgr. til þess að meta skýrslur vitna sem borið hafa fyrir lögreglu en eigi komið fyrir dóm. Mundi slíkt koma til greina, t.d. ef vitni er látið eða þess annars enginn kostur að ná til vitnis.

Um VIII. kafla.

Kafli þessi svarar til XII. kafla núg. l. og er í meginatriðum samhljóða. Hér verður gerð grein fyrir helstu breytingum frá núgildandi reglum.

Um undanþágur frá vitnisburði er mælt í 1. mgr. 50. gr., sbr. 89. gr. núg. l. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að dómari geti leyst aðra nákomna sakborningi frá vitnisburði, svo sem sambúðarfólk o.fl.

Í 1. mgr. 53. gr. er nýmæli um vitnaskyldu þeirra sem ábyrgð bera á efni prentaðs rits eða annars efnis sem birt er opinberlega. Þeir eru undanþegnir vitnaskyldu nema um meiri háttar brot sé að ræða. Ákvæði þetta er sniðið eftir 172. gr. dönsku réttarfarslaganna.

Að öðru leyti eru reglur 50.–55. gr. frv. um undanþágur frá og bann við vitnisburði efnislega að mestu í samræmi við ákvæði 89.–95. gr. núg. l.

Í 1. mgr. 58. gr. er gert ráð fyrir að dómari gefi út kvaðningu til vitnis eftir því sem aðilar krefjast, en ákærandi sjái um birtingu. Sjá ákvæði 128. gr. frv. þar sem segir að í þinghaldi til undirbúnings aðalmeðferð skuli gengið úr skugga um það m.a. hvaða vitni verði leidd. Í kvaðningu þarf að tilgreina hvar og hvenær þinghald fari fram og hvaða mál um sé að ræða, enn fremur þarf að skírskota til reglna 2. mgr. greinarinnar um að færa megi vitni fyrir dóm með valdi eða gera því sekt ef það sinnir ekki vitnakvaðningu. Reglur 2. mgr. 58. gr. um brot gegn vitnaskyldu koma í stað 99. gr. núg. l., sbr. 131. gr. einkamálalaga.

59. gr. mælir fyrir um framkvæmd vitnaleiðslu, sbr. 100. og 102. gr. núg. l. Sú breyting er lögð til að eið- og heitfestingar skuli ekki fara fram, nema í þeim undantekningartilvikum sem getið er í 60. gr. Í 2. mgr. 59. gr. er gert ráð fyrir að dómari geti gefið málflytjendum kost á að spyrja vitni beint og er það í samræmi við það sem nokkuð hefur tíðkast þótt 102. gr. núg. l. sýnist miða við að dómari einn spyrji, sjá þó 134. gr. núg. l. Í 6. mgr. er mælt svo fyrir að dómari geti, ef sérstaklega stendur á, ákveðið að sakborningur skuli víkja úr dómi meðan skýrsla er tekin af vitni. Meðan á rannsókn stendur mundu skýrslur af vitni yfirleitt vera teknar án viðurvistar sakbornings, en við aðalmeðferð máls er hins vegar gert ráð fyrir að ákærði sé viðstaddur sönnunarfærslu og geymir 6. mgr. 59. gr. undantekningu frá þeirri reglu. Þótt ákærði sé látinn víkja úr dómi meðan vitni er leitt á verjandi hans skýlausan rétt á að vera viðstaddur.

61. gr. er í samræmi við 103. gr. núg. l. Úrskurð um atriði er vitni varða má kæra til Hæstaréttar skv. 1.og 2. mgr. 142. gr. frv. og getur vitni sjálft verið aðili að kærumáli, sjá 141. gr. Ákvæði 63.–65. gr. um mat og skoðun þykja ekki þarfnast skýringa.

Um IX. kafla.

Í kafla þessum er að finna almennar reglur um rannsókn máls, en með rannsókn er hér átt við þær aðgerðir sem miða að því að gera ákæranda fært að ákveða hvort mál skuli höfðað og að því að afla nauðsynlegra gagna til þess að undirbúa málsmeðferð fyrir dómi, sbr. 67. gr. frv. Gert er ráð fyrir að rannsókn verði að öllu leyti í höndum lögreglu og ákæruvalds, 1. mgr. 66. gr. frv., en dómsrannsóknir þær, sem um ræðir í 74. gr. núg. l., verði lagðar niður, enda hafa þær lítt eða ekki tíðkast eftir að lög nr. 107/1976 voru sett.

Í núg. l. er reglur um lögreglurannsóknir að finna í V. kafla laga nr. 74/1974, en um rannsókn fyrir dómi í X. kafla. Margar af reglum V. kafla eiga fremur heima í lögum um lögreglumenn, sjá t.d. 33. og 34. gr. Ýmsar af öðrum reglum V. kafla eru leiðbeiningar til lögreglumanna um atriði er þeim beri að hafa í huga í starfi sínu, sbr. t.d. mörg atriði 40. gr.

Í þessu frv. hefur verið farin sú leið að stytta og einfalda mjög reglur um rannsókn. Nánari reglur um framkvæmd rannsóknar þykja ekki nauðsynlegar né heppilegar í lagatexta. Er eðlilegra að slíkar reglur séu settar í fyrirmælum til lögreglumanna. Hefur verið höfð hliðsjón af þeirri breytingu sem gerð var á réttarfarslögum Dana þegar dómsrannsóknir (forundersøgelse) voru lagðar niður árið 1978.

Reglur sem varða einungis skipulag ákæruvalds, verksvið hinna ýmsu ákærenda o.þ.h., verða settar af ríkissaksóknara skv. 1. mgr. 27. gr. frv.

2. mgr. 66. gr. frv. svarar til 2. mgr. 32. gr. núg. l. Skal rannsókn hafin vegna grunar eða vitneskju um refsivert athæfi, hvort sem kæra hefur borist eða ekki.

Ákvæði 3. mgr. 66. gr. svarar að nokkru til 12. tölul. 2. gr. núg. l. Er hér gert ráð fyrir að rannsókn fari fram út af ýmiss konar slysum og óförum, svipað og nú tíðkast. Oft leikur grunur á því, þegar svo stendur á, að lagabrot hafi verið framið, t.d. að umferðarslys hafi leitt af ógætni í akstri. Rétt hefur samt þótt að taka fram að rannsókn skuli fara fram þótt enginn sérstakur grunur liggi fyrir um refsivert athæfi. Í sérlögum er stundum kveðið á um opinbera rannsókn og haldast slík ákvæði, sbr. þó ýmsar breytingar sem lagðar eru til í 195. gr., sbr. t.d. 23. gr. laga nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál.

Í 68. gr. eru tilgreind til leiðbeiningar ýmis atriði er rannsókn skal beinast að, en slík upptalning verður vitaskuld aldrei tæmandi, sbr. það sem áður var sagt. Í 69. gr. eru reglur um framkvæmd rannsóknar. Í 1. mgr. segir að rannsóknari taki skýrslur af sakborningum og vitnum. Þá eru reglur sem miða að því að treysta réttaröryggi sakbornings og svara þær til 3.–6. mgr. 40. gr. núg. l.

1. mgr. 70. gr. er sama efnis og 6. tölul. 35. gr. núg. l., en 2. mgr. kemur í stað 106. gr. núg. l.

Í 71. gr. eru ákvæði um rannsókn er varðar persónu sakborninga, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 75. gr. núg. l. Hér er leitast við að setja nokkru skýrari ákvæði um rannsókn á geðhögum sakbornings. Er gert ráð fyrir að gagnger geðheilbrigðisrannsókn verði því aðeins látin fara fram að sérstakur grunur leiki á því að sakborningur sé ósakhæfur, sbr. 15. gr. almennra hegningarlaga, eða að svo standi á sem í 16. gr. sömu laga segir. Geðheilbrigðisrannsóknir hafa hingað til verið tíðkaðar í miklu fleiri tilvikum og verður að telja æskilegt að dregið verði úr þeim. Gert er ráð fyrir að þegar ástæða er til fari fram einföld athugun læknis eða sálfræðings á sakborningi og ætti þá í flestum tilfellum að vera hægt að gera sér ljóst hvort þörf er á eiginlegri geðrannsókn. Ákvæði 71. gr. eru að öðru leyti í samræmi við 75. gr. núg. l.

Í 1. mgr. 72. gr. segir að rannsóknari skuli semja skýrslu um rannsóknina. Eiga þar að koma fram athuganir hans sjálfs, svo og skýrslur þær sem hann tekur af sakborningi og vitnum. Er þetta í samræmi við það sem tíðkast hefur. Skýrslu sakbornings eða vitnis má þó, ef

sérstaklega stendur á, hljóðrita eða taka upp á myndband. Hér eru sérstaklega hafðar í huga yfirheyrslur yfir börnum, en einnig í öðrum tilvikum gæti verið hentugt að hljóðrita skýrslu, t.d. skýrslu sem tekin er af sjúklingi í sjúkrahúsi. 73. gr. er efnislega samhljóða 41. gr. núg. l.

Enda þótt stjórn rannsóknar verði ekki framvegis í höndum dómara er þó nauðsynlegt að atbeini dómara komi til í vissum tilvikum. Koma hér fyrst og fremst til greina fyrirmæli um að tilteknar aðgerðir megi ekki fara fram nema samkvæmt dómsúrskurði, t.d. leit og gæsluvarðhald. Í annan stað geta yfirheyrslur fyrir dómi á rannsóknarstigi verið nauðsynlegar eða heppilegar. Sem dæmi má nefna yfirheyrslu vitnis sem líkur eru til að ekki náist til við málsmeðferð, yfirheyrslu barns eða ef vitni neitar að gefa skýrslu hjá lögreglu. Einnig getur verið rétt að sakborningur verði leiddur fyrir dóm, t.d. ef hann hefur játað á sig alvarlegt brot.

74. gr. frv. fjallar um þær aðgerðir dómara sem nú var lýst. Svarar greinin að miklu leyti til 1. og 2. mgr. 73. gr. núg. l. Það skal athuga að synjunarúrskurð dómara um aðgerðir samkvæmt þessari grein getur sá sem þeirra hefur beiðst kært til Hæstaréttar skv. 142. gr. frv., sbr. 141. gr., en ekki ríkissaksóknari einn, eins og nú er.

Þar sem stjórn rannsóknar er að öllu leyti tekin úr höndum dómara þykir nauðsynlegt að aðilar (rannsóknari, sakborningur eða verjandi hans) geti borið undir dómara ágreiningsefni er kunna að geta risið við rannsóknina. Um þetta fjallar 75. gr. sem sniðin er eftir 1. mgr. 746. gr. dönsku réttarfarslaganna. Undir dómara má því bera hvort tilteknar aðgerðir rannsóknara séu lögmætar. Hins vegar er ekki ætlast til þess að dómari leysi úr því hvort aðgerð sé nauðsynleg eða æskileg. Óski sakborningur eftir tilteknum aðgerðum, sem rannsóknari telur óþarfar, mætti bera undir dómara hvort þær séu nauðsynlegar. Þá má einnig skjóta til dómara ágreiningi sem varðar réttarstöðu sakbornings eða verjanda. Ef aðili óskar skal dómari leysa úr ágreiningi með úrskurði sem aðili gæti kært skv. 142. gr. frv.

Um lok rannsóknar er fyrir mælt í 76. og 77. gr. Er 76. gr. í aðalatriðum sama efnis og 42. gr. núg. l., en 77. gr. kemur í stað 8. mgr. 40. gr. núg. l. Það nýmæli er í 1. mgr. 77. gr. að rannsóknari skuli í lok skýrslu sinnar draga saman hvað hann telur rannsókn hafa leitt í ljós af atriðum er leitt geti til saksóknar. Með því yrði þeim ákæranda sem taka á ákvörðun um saksókn auðveldað mjög að setja sig inn í rannsóknina og átta sig á hvað þar hafi komið fram. Orðin „að jafnaði“ í málsgreininni veita svigrúm til þess að slíkri samantekt verði sleppt þegar um einföld mál er að ræða þar sem augljóst er að hverju rannsóknin hefur beinst. Ekki hefur þótt rétt að setja í lög nánari reglur um form og gerð greinargerðar þessarar, heldur þykir rétt að þær mótist í framkvæmd. Vísað er hér til heimildar í 1. mgr. 27. gr. til handa ríkissaksóknara til þess að setja almennar reglur um framkvæmd rannsóknar.

Að öðru leyti þykja reglur 76. og 77. gr. frv. ekki þarfnast skýringa.

Um X. kafla.

Kafli þessi fjallar í fyrsta lagi um þau atriði sem VI. kafli núg. l. tekur til en einnig um önnur efni.

78. gr. frv. mælir fyrir um hald á munum og er 1. mgr. samhljóða 43. gr. núg. l., en 2. mgr. kemur í stað 45. gr. núg. l.

1. mgr. 80. gr. kemur í stað 44. gr. núg. l. um hald á bréfum, símskeytum og munum sem eru í vörslum Pósts og síma. Gert er ráð fyrir að ætlað brot verði að geta varðað þyngri refsingum en sektum. Í núg. l. er miðað við að brot þurfi að geta varðað 100 þús. kr. sekt. Ákvæði er um skyldu til að tilkynna slíkt hald sendanda og viðtakanda sendingar. Dómsúrskurð þarf til rannsóknar á efni og innihaldi sendinga og er það ákvæði efnislega samhljóða lokaákvæði 44. gr. núg. l.

Í 2. mgr. 80. gr. er nýtt ákvæði sem gerir ráð fyrir að undangenginn dómsúrskurð þurfi til þess að leggja hald á prentað mál til undirbúnings upptöku samkvæmt ákvæðum laga um prentrétt. Er ákvæðið að nokkru sniðið eftir 2. mgr. 783. gr. dönsku réttarfarslaganna.

Annars er almennt gert ráð fyrir að hald megi leggja á muni án dómsúrskurðar, en 79. gr. segir að sá sem hald beinist gegn geti borið ákvörðun um það undir dómara skv. 75. gr. frv. og að honum skuli bent á þennan rétt. Um þetta eru ekki skýr ákvæði í núg. l., en í framkvæmd hafa ágreiningsefni um hald verið borin undir dómara á þennan hátt og felur 79. gr. því ekki í sér neina breytingu frá því sem tíðkast hefur.

Í 81. og 82. gr. eru settar nánari reglur um framkvæmd halds og um hvernig því ljúki. Er hér um að ræða nýmæli, sem þó eru í aðalatriðum í samræmi við þá framkvæmd sem tíðkast hefur.

83. gr. frv. er samhljóða 46. gr. núg. l.

Ákvæði 84. gr. er 36. gr. núg. l. óbreytt. Þykir ákvæðið eiga heima í þessum kafla.

Ákvæði um kyrrsetningu á eignum sakbornings er að finna í 144. gr. núg. l., í kafla um sakarkostnað. Þykir fara betur að það sé tekið upp í þennan kafla og er það gert með 85. gr. frv. Ákvæðið er á nokkuð annan veg en 144. gr. sem gerir ráð fyrir að dómari eigi frumkvæði að kyrrsetningu. Þar sem dómarar fara ekki með rannsókn máls samkvæmt lögunum er gert ráð fyrir í 85. gr. að ákærandi krefjist kyrrsetningar. Þá verður kyrrsetningu ekki einungis beitt til tryggingar sakarkostnaði, skaðabótum og upptöku, eins og nú er, heldur einnig sektum. Þá er og fellt niður ákvæðið um önnur afskipti dómara af kyrrsetningu. Að öðru leyti er ákvæðið í aðalatriðum í samræmi við 144. gr. núg. l.

Loks eru í þessum kafla ákvæði um hlustun síma og aðrar skyldar ráðstafanir að verulegu leyti sniðin eftir 71. kafla dönsku réttarfarslaganna. Í 47. gr. núg. l. segir að úrskurða megi hlustun í síma sökunautar þegar öryggi ríkisins krefst eða þegar um mikilsverð sakamál sé að ræða. Nauðsynlegt þótti að setja mun skýrari ákvæði um beitingu þessa úrræðis og setja henni þröngar skorður. Er þetta gert í 86. gr. og 87. gr. frv. sem reyndar taka til fleiri atriða en eiginlegrar símahlustunar. Í c-lið 86. gr. ræðir um hljóðupptökur, aðrar en símahlustun, og d-liður um myndatöku án þess að þeir sem í hlut eiga viti af því. Til þessara ráðstafana þarf undanfarandi dómsúrskurð, nema sá sem í hlut á gefi samþykki sitt. Rétthafi símanúmers getur þannig samþykkt hlustun og upptöku á símtölum í og úr því númeri. Þessum úrræðum verður því aðeins beitt að um meiri háttar sakarefni sé að ræða og ástæða sé til að ætla að gögn sem máli skipta fáist með þessum hætti, sbr. 2. mgr. 87. gr. Í 88. gr. er mælt fyrir um eyðingu gagna sem aflað er á þennan hátt og skyldu til þess að kynna ráðstafanirnar þeim sem hlut eiga að máli þegar slíkt er óhætt vegna rannsóknar máls. Þetta síðastnefnda atriði ætti að tryggja að ekki verði gripið til þeirra ráðstafana sem hér um ræðir, nema í algerum undantekningartilvikum.

Um XI. kafla.

Kafli þessi um leit kemur í stað VII. kafla núg. l., en ekki er um verulegar efnisbreytingar frá ákvæðum þess kafla að ræða.

89. gr. frv. fjallar um húsleit, sbr. 48. og 49. gr. núg. l. Fellt er burt það skilyrði húsleitar að brot verði að varða hið minnsta 100 þús. kr. sekt eða sekt og upptöku til þess að leit megi heimila. Dómsúrskurð þarf til leitar, sbr. 1. mgr. 90. gr., nema sá sem í hlut á samþykki leit eða ef hætta þykir á sakarspjöllum ef beðið er úrskurðar, sbr. 2. mgr. Í 51. gr. núg. l. er samþykki ekki nefnt, en í reynd hefur verið talið að í slíkum tilfellum sé dómsúrskurður óþarfur.

91. gr. er efnislega samhljóða 50. gr. núg. l.

92. gr. fjallar um líkamsleit og er nokkru fyllri en 54. gr. og 55. gr. núg. l., sérstaklega um rannsókn á líkama, leit að efnum sem falin kunna að vera innvortis, töku blóð- og þvagsýna og töku fingrafara og mynda, sbr. 57. gr. núg. l. Dómsúrskurð þarf til líkamsleitar og líkamsrannsóknar, nema sá samþykki sem í hlut á eða ef hætta er á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum, sbr. 93. gr. frv.

Í 94. og 95. gr. er mælt fyrir um það hvernig leit skuli fram fara. Eru þessi ákvæði verulega fyllri en ákvæði núg. l., sbr. 52. gr., 53. gr. og 2. mgr. 56. gr.

Í 96. gr. frv. er loks ákvæði er svarar til 58. gr. núg. l. um að haldast skuli sérákvæði í lögum um húsleit, líkamsleit og líkamsrannsóknir. Sem dæmi um slík ákvæði má nefna 23. gr. laga um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, og 2. mgr. 42. gr. laga nr. 55/1987, um tollheimtu og tollaeftirlit, enn fremur 2. mgr. 101. gr. frv.

Um XII. kafla.

Ákvæði þessa kafla um handtöku koma í stað ákvæða VIII. kafla núgildandi laga og eru nokkuð frábrugðin þeim. Í VIII. kafla núg. l. er miðað við að rannsókn máls sé í höndum dómara. Hafa ákvæði kaflans því að ýmsu leyti ekki átt við eftir setningu laga nr. 107/1976, um breytingu á lögum nr. 74/1974.

97. gr. mælir fyrir um handtöku manns vegna rannsóknar opinbers máls. Er hér gert ráð fyrir að það séu almennt lögreglumenn (rannsóknarar) sem ákveði handtöku. Áherslu ber að leggja á þau skilyrði sem koma fram í 1. mgr., þ.e. grun um brot sem varðar opinberri saksókn og að handtaka sé nauðsynleg til þess að afstýra áframhaldandi brotum til þess að tryggja návist sakbornings og öryggi eða koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum. 2. mgr. greinarinnar kemur í stað 60. gr. núg. l.

Í 3. mgr. 97. gr. eru nýmæli um rýmkaða handtökuheimild þegar um er að ræða uppþot sem veldur hættu á líkamsmeiðingum eða stórfelldum eignaspjöllum. Ákvæði þetta er sniðið eftir 2. mgr. 755. gr. dönsku réttarfarslaganna.

Ákvæði um rétt manns til réttargæslumanns, sbr. nú 4. mgr. 61. gr. núg. l., er í frumvarpinu að finna í 36. gr. Á það við þegar um er að ræða handtöku skv. 97. gr. Í 98. gr. ræðir um rétt lögreglu til þess að handtaka mann af ýmsum öðrum ástæðum en 97. gr. tekur til. Þykja ákvæði þessi ekki þarfnast skýringa.

Í 99. gr. eru ákvæði um handtökuskipun dómara. Handtökuskipun skv. 1. mgr. gæti t.d. komið til greina ef leita þyrfti til erlendra yfirvalda um handtöku. 2. mgr. svarar til 2. mgr. 59. gr. núg. l.

100. gr. kemur í stað 2. mgr. 59. gr. núg. l. Þó skal bent á að hér er einungis miðað við handtöku skv. 97. gr., þ.e. handtöku vegna rannsóknar opinbers máls.

Í 101. gr. eru reglur um framkvæmd handtöku. Í 2. mgr. er sérákvæði um leit á föngum, sbr. 96. gr. Svarar 3. mgr. til ákvæðis í 64. gr. núg. l.

Í 102. gr. er mælt fyrir um að handtekinn maður skuli leiddur fyrir dóm án undandráttar, sbr. 65. gr. stjórnarskrárinnar og 63. gr. núg. l.

Um XIII. kafla.

Í þessum kafla eru reglur um gæsluvarðhald og eru þær að miklu leyti á sama veg og í VIII. kafla núg. laga.

Í 1. mgr. 103. gr. segir um skilyrði til þess að gæsluvarðhaldi verði beitt, að fyrir þurfi að liggja rökstuddur grunur um brot sem varðað geti fangelsi, sbr. 3. mgr. 65. gr. stjórnarskrár og 1. mgr. 69. gr. núg. l., og auk þess eitthvert þeirra skilyrða sem talin eru í a–d-liðum málsgreinarinnar, þ.e. að hætta sé á að sakborningur muni torvelda rannsókn, sbr. 1. tölul. 67. gr. núg. l., að hætta sé á að hann muni reyna að koma sér undan, sbr. nú 2. og 3. tölul. 67. gr., að hann muni halda áfram afbrotum meðan máli er ólokið, sbr. nú 5. tölul. 67. gr., eða að þörf þyki að verja aðra fyrir árásum sakbornings eða hann sjálfan fyrir árás eða áhrifum annarra, sbr. nú 6. tölul. 67. gr. Ákvæði 4. tölul. 67. gr. núg. l. er ekki tekið hér upp, en í stað þess er í 2. mgr. 103 gr. frv. ákvæði um gæsluvarðhald í mjög stórfelldum málum þótt skilyrðum a–d-liða 1. mgr. sé ekki fullnægt, enda sé brot þess eðlis að ætla megi gæsluvarðhald

nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna. Í sambandi við þetta ákvæði skal vísað til 6. gr. frv. um vanhæfi dómara og athugasemda við það ákvæði.

Ákvæði 104. gr. eru í samræmi við 1. mgr. 49. gr. stjórnarskrár, sbr. 2. tölul. 69. gr. núg. l.

Um meðferð gæsluvarðhaldsmáls segir í 1. mgr. 105. gr. frv. Verjanda ber að skipa ef sakborningur óskar (a-liður 1. mgr. 34. gr. frv.) og einnig ætti að skipa verjanda án óskar ef svo stendur á sem í 2. mgr. 35. gr. frv. segir. Sakborningi eða verjanda skal gefinn kostur á að tjá sig um kröfuna, en ekki er gert ráð fyrir eiginlegum málflutningi, enda ber dómara að jafnaði að úrskurða um kröfuna í sama þinghaldi. Þó má hann fresta uppkvaðningu úrskurðar í allt að sólarhring, sbr. 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrár, en ætlast er til að það verði einungis gert í undantekningartilvikum.

Í 2. mgr. 105. gr. frv. er gert ráð fyrir að sá sem beiðst hefur gæsluvarðhalds skuli láta mann lausan þegar eigi er lengur þörf á gæslu. Er þannig ekki lengur miðað við að það sé dómari sem fellir gæsluvarðhaldsúrskurð úr gildi eins og 66. gr. núg. l. gerir ráð fyrir, enda er fyrirkomulag rannsókna nú annað en þegar það ákvæði var sett. Í reynd hefur sá sem með rannsókn máls fer ákveðið að láta mann lausan úr gæslu ef hún er eigi talin lengur nauðsynleg og felur 2. mgr. því ekki í sér breytingar frá því sem tíðkast hefur.

Í 106. gr. frv. er ákvæði um gæsluvarðhald eftir að dómur gengur, þ.e. meðan áfrýjunarfrestur stendur og meðan mál er til meðferðar fyrir Hæstarétti ef því er að skipta. Gæsluvarðhaldi hefur verið beitt samkvæmt núg. ákvæðum þegar svo stóð á, en rétt þykir að sett verði um þetta skýrt ákvæði.

107. gr. frv. svarar til 68. gr. núg. l.

Reglur 108. gr. frv. um framkvæmd gæsluvarðhalds koma í stað 70. gr. núg. l. og eru töluvert breyttar. Ekki er gert ráð fyrir að gæslufangar séu hafðir í einrúmi, nema þegar rannsóknarnauðsynjar krefjast eða ef þeir kjósa sjálfir. Þá eru reglur um rétt fanga til þess að fá heimsóknir, til þess að taka við bréfum og skjölum og hafa aðgang að fjölmiðlum. Einungis má takmarka þessi réttindi ef nauðsyn er vegna rannsóknarinnar og er það sá sem rannsókn stýrir sem slíkar takmarkanir setur, en ekki dómari eins og gert er ráð fyrir í 70. gr. núg. l., enda stýra dómarar ekki lengur rannsókn.

109. gr. kemur í stað 71. gr. núg. l. um tryggingu í stað gæsluvarðhalds. Þykir rétt að halda úrræði þessu þótt lítt hafi á það reynt, enda getur trygging naumast komið í stað gæsluvarðhalds af öðrum ástæðum en þeim að hætta sé á að sakborningur komi sér undan.

110. gr. mælir fyrir um ferðabann sem dómari getur lagt á sakborning, sbr. upphafsákvæði 72. gr. núg. l., enn fremur um vistun sakbornings á sjúkrahúsi eða annarri viðeigandi stofnun ef heilsu eða högum sakbornings er svo háttað að gæsluvarðhaldi verður ekki við komið.

Um XIV. kafla.

Í þessum kafla ræðir um saksókn og undirbúning málsmeðferðar þegar mál er höfðað með ákæru, en einnig um það hvernig máli verði lokið án málshöfðunar.

Regla 111. gr. er efnislega óbreytt saksóknarregla 24. gr. almennra hegningarlaga, en greinin þykir eiga heima í réttarfarslögum.

112. gr. fjallar um það er mál er fellt niður af því að rannsókn hefur ekki leitt í ljós atriði sem nægileg þyki eða líkleg til sakfellis. Um tilkynningu til kæranda sjá 114. gr.

Þótt fram hafi komið gögn sem næg þyki til málshöfðunar koma þó einatt fyrir tilvik þar sem svo stendur á að rétt sé að falla frá saksókn. Í 2. mgr. 113. gr. er leitast við að setja reglur er veiti ákæruvaldinu hæfilegt svigrúm í þessum efnum. Hefur verið höfð hliðsjón af ákvæðum í ýmsum erlendum réttarfarslögum að þessu leyti. Heimildum þessum verður vitaskuld að beita af varúð.

114. gr. mælir svo fyrir að þeim sem misgert var við skuli tilkynnt um það eftir því, sem ástæða þyki, ef mál er fellt niður skv. 112. gr. eða fallið er frá saksókn skv. 113. gr. Er hér

einkum átt við að sá sem kært hefur brot eða óskað eftir rannsókn fái vitneskju um afdrif kæru, sbr. einnig 76. gr. frv.

Gert er ráð fyrir að meira kveði að því en nú er að máli megi ljúka með sektargjaldi er stjórnvöld leggi á, ef sakborningur samþykkir slík málalok. Í 1. mgr. 115. gr. er ákvæði er svarar efnislega til 3. mgr. 112. gr. núg. l. Sektarmörk á þó að ákveða í reglugerð. Hér eru einkum hafðar í huga sektargerðir lögreglumanna vegna ýmiss konar umferðarbrota, svo sem nú tíðkast.

2. mgr. 115. gr. frv. svarar til 2. mgr. 112. gr. núg. l. Hér nær þó heimildin til allra þeirra brota sem lögreglustjóri hefur ákæruvald um, sbr. 28. gr. Er heimildin þannig rýmkuð frá því sem nú er. Þess er þó að geta að í reynd mun heimild þessi einkum koma til greina við brot gegn umferðarlögum. Rýmkunin mun þó geta skipt máli þannig að t.d. mætti ljúka málum út af ýmsum brotum gegn loftferðalögum og fleiri lögum samkvæmt ákvæðinu. Þá er hér tekin upp heimild til þess að sakborningur geti sæst á missi ökuleyfis allt að einu ári með þessum hætti. Í sambandi við það skal þess getið að vegna ítrekunaráhrifa sem umferðarlög ákveða þegar um er að ræða ökuleyfismissi vegna ölvunar við akstur er nauðsynlegt að setja í reglugerð skv. 19. gr. frv. að sektargerðir lögreglustjóra skuli, ef svo stendur á, skráðar í sakaskrá.

Í 3. mgr. 115. gr. frv. er það nýmæli að lögreglustjóri getur valið um það, ef sakborningur greiðir ekki sekt sem hann hefur undirgengist skriflega, að ákveða saksókn fyrir dómi (gefa út ákæru og leggja fyrir viðeigandi dómara), eða þá að krefjast fullnustu sektarinnar með aðför, sbr. í því sambandi breytingu þá á 2. mgr. 4. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989, sem til er lögð í 23. tölul. 195. gr. þessa frv.

116. gr. mælir fyrir um hina eiginlegu saksókn, þ.e. þegar ákæruvald leggur mál fyrir dóm til úrlausnar.

Þess er hér að geta að ákvæði 1. mgr. 112. gr. núg. l. eru hér ekki tekin upp. Mál eru þannig ekki send dómstóli með beiðni um að þeim verði lokið með „dómsátt", svo sem tíðkast hefur. Mál verða ævinlega lögð fyrir dóm með útgáfu ákæru. Hins vegar helst áfram heimild til þess að slíkum málum verði, þegar skilyrði eru til, lokið með því að sakborningur undirgangist sekt, sbr. 124. gr. frv. og athugasemdir við þá grein hér á eftir.

Mál er, svo sem nú tíðkast, höfðað með því að þar til bær ákærandi gefur út ákæru og leggur hana fyrir dóm. Um form ákæru er mælt í 116. gr. frv. Þær reglur eru svipaðar tilsvarandi ákvæðum í 115. gr. núg. l. Greina skal dómstól þann sem mál er höfðað fyrir, sakborning og deili á honum, atferli það sem honum er gefið að sök og refsiákvæði sem við eiga. Tekið skal fram að mál sé höfðað til refsingar. Er það í samræmi við 115. gr. núg. l., og þykir rétt að halda því, þar sem fyrir kemur að opinbert mál sé höfðað einungis til þess að koma fram öðrum viðurlögum, sbr. 2. mgr. 1. gr. Í réttarfarslögum annarra landa er annars ekki gert ráð fyrir að sérstaklega sé gerð krafa um refsingu. Ekki er ætlast til að krafa sé gerð um tiltekna refsingu, enda er dómstóll óbundinn af kröfum og málflutningi ákæruvalds að því leyti, sjá 2. mgr. 117. gr. Þá á dómari ekki að dæma önnur refsilæg viðurlög, svo sem upptöku og réttindasviptingu, nema þess sé sérstaklega krafist í ákærunni. Sú breyting er hins vegar gerð að ekki þarf sérstaklega að gera kröfu um sakarkostnað og á dómari að ákveða hann eftir fyrirmælum XIX. kafla án sérstakrar kröfu um það.

Loks skal greina fébótakröfur skýrt, sbr. 2. mgr. Er ætlast til þess að þær liggi ótvírætt fyrir er mál er höfðað, sbr. 171. gr., en athuga ber þó undantekningu sem þar er að finna frá þessari reglu.

1. mgr. 117. gr. frv. er efnislega í samræmi við 3. mgr. 118. gr. núg. l. en 2. mgr. samsvarar ákvæðum í 138. gr. núg. l.

1. mgr. 118. gr. frv. svarar til 1. mgr. 118. gr. núg. l. 2. mgr. segir ótvírætt að ákærandi geti afturkallað ákæru fram til þess að dómur gengur. Mun það í samræmi við það sem nú er talið þótt skýr ákvæði vanti.

1. mgr. 119. gr. svarar til 120. gr. núg. l., en miðað er við útgáfu ákæru en ekki birtingu.

2. mgr. fjallar um sendingu ákæru til dóms ásamt nauðsynlegum gögnum. Sé ljóst að aðalmeðferð fari fram, sjá 128. og 129. gr., skal ákærandi senda skrá um gögn sem fram á að færa, sbr. 132. gr. núg. l.

Í frv. þessu er í 120. gr. það nýmæli að dómari ákveði fyrirtöku máls, sem fyrir hann hefur verið lagt, með útgáfu fyrirkalls. Fyrirkallið er yfirlýsing dómara um að málið verði tekið fyrir á tilteknum stað og tíma. Það kemur í stað áritunar þeirrar á ákæru sem gert er ráð fyrir í 4. mgr. 115. gr. núg. l. Fyrirkallið mundi ritað á þar til gerð eyðublöð og vera eins konar fylgiskjal með ákæru. Þó gæti það verið skráð aftan við ákæruna sjálfa og er ekkert því til fyrirstöðu að ákærur séu stílaðar á eyðublöð þar sem einnig sé gert ráð fyrir áritun um fyrirkall. Ef dómari telur skilyrði til þess að mál verði dæmt að sakborningi fjarstöddum, sbr. 126. gr., þarf að taka það skýrt fram í fyrirkalli. Ef gallar eru á málatilbúnaði má dómari synja um útgáfu fyrirkalls skv. 3. mgr. 119. gr. Getur ákærandi þá bætt úr þeim ágöllum sem dómari telur vera á undirbúningi máls eða krafist úrskurðar dómara um synjunina, en synjunarúrskurð gæti hann kært til æðra dóms skv. 142. gr.

Nú gefur dómari út fyrirkall og sér lögreglustjóri þá um birtingu, sbr. 2. mgr. 120. gr. Er gert ráð fyrir að sakborningur beri þá fram ósk um verjanda ef því er að skipta. Dómari skipar verjanda, sbr. 121. gr.

Hér skal að lokum vísað til ákærureglna IV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, (24.–30. gr.), og reglna 56. gr. um frestun ákæru sem einnig eru reglur varðandi saksókn. Hefði út af fyrir sig mátt leggja til að þau ákvæði hegningarlaga yrðu felld úr gildi og setja tilsvarandi ákvæði í frumvarp þetta. Sú leið er þó farin að hagga ekki við ákærureglum hegningarlaga, nema 30. gr., sjá 42. tölul. 194. gr. frv., þar sem skírskotað er til laga nr. 82 1961.

Um XV. kafla.

Hér er að finna reglur um meðferð mála í héraði og er um veruleg nýmæli að ræða, sbr. XV. kafla núg. l.

Í 122. gr. frv. segir um upphaf málsmeðferðar. Í fyrsta þinghaldi er mál þingfest með framlagningu ákæru og annarra gagna. Mál má eigi taka fyrir nema fyrirkall hafi verið birt ákærða, en undantekning er þó gerð ef hann sækir þing. Sé ákærði í gæsluvarðhaldi eða að afplána refsivist mætti þannig þingfesta mál ef hann er sóttur til þinghalds.

Skylt er að þing sé sótt af hálfu ákæruvaldsins, sbr. 123. gr. Ef það er ekki gert mundi þingfesting að vísu fara fram, en máli yrði ekki lokið, heldur yrði að fresta því.

Í þessu fyrsta þinghaldi ber fyrst að athuga hvort fram kemur krafa um frávísun máls. Dómari getur einnig vísað máli frá af sjálfsdáðum. Ólíklegt mundi þó að til slíks kæmi, enda hefur dómari áður en hann gaf út fyrirkall athugað hvort þeir gallar séu á málatilbúnaði að mál verði ekki tekið til meðferðar. Ef til frávísunar kemur ber að ákveða hana með úrskurði, en ekki dómi eins og núg. l. gera ráð fyrir.

Þá verður við þingfestingu gengið úr skugga um það hvort máli megi ljúka þá þegar skv. 124.–126. gr.

Ef ákærði sækir þing og játar brot ótvírætt og brot varðar að mati dómara ekki þyngri refsingu en sekt má gefa sakborningi kost á að ljúka máli með því að hann skuldbindi sig skriflega til greiðslu sektar og ákveður dómari þá að ljúka máli með þeim hætti, sbr. 124. gr. frv. Úr kröfu um sviptingu ökuleyfis og um upptöku má leysa með sama hætti. Ákærandi getur þó synjað um slíka afgreiðslu og krafist þess að dómur gangi. Þessi ákvörðun dómara um viðurlög svarar til dómsátta skv. núg. l., en orðið dómsátt þykir óheppilegt og er ekki notað í þessu frv., sbr. 196. gr. frv.

Ef ákærði sækir þing og játar brot skýlaust og hvorki dómari né aðilar telja þörf á sönnunarfærslu má dómari þegar leggja dóm á málið, enda liggi ekki í lögum þyngri refsing við

broti en átta ára fangelsi, sbr. 125. gr. frv. Um form dóms samkvæmt þessu ákvæði er mælt í 2. mgr. 135. gr. frv.

Í 126. gr. frv. segir um dóma sem kveða má upp að ákærða fjarstöddum, enda sé mál svo vaxið sem í a- eða b-lið 1. mgr. segir. Kemur ákvæði þetta í stað 129. gr. núg. l. sem aldrei hefur verið beitt svo kunnugt sé. Skilyrði þess að dæma megi ákærða fjarstaddan er að þess hafi verið getið í fyrirkalli, sbr. 1. mgr. 120. gr. frv. Þá ætti eigi að dæma málið ef kunnugt væri um forföll ákærða. Um form dóms samkvæmt þessari grein vísast til 2. mgr. 135. gr. frv. Í 2. og 3. mgr. 126. gr. ræðir um sérstaka heimild dómara til þess að endurupptaka mál, sem dæmt hefur verið að ákærða fjarstöddum, ef ákærði beiðist þess og sýnir fram á að hann hafi haft lögmæt forföll, eða ef í ljós kemur að um galla á birtingu fyrirkalls hefur verið að ræða. Þykir nauðsynlegt að hafa slíka heimild í lögum, enda er réttur til þess að áfrýja þessum málum mjög takmarkaður, sjá 150. gr. frv.

Eins og áður greinir er gert ráð fyrir því að þing sé sótt af hálfu ákæruvalds. Í 2. mgr. 123. gr. frv. er þó takmörkuð heimild til þess að ljúka máli skv. 124. og 125. gr. frv. án viðurvistar ákæranda. Getur það borið við að ákærði sem ekki hefur sótt þing við þingfestingu gefi sig fram við dómara síðar og þykir þá, ef um einföld mál er að ræða, rétt að heimila að máli verði lokið þótt ekki séu tök á að ná til ákæranda.

Í málum þeim, sem lokið verður skv. 124.–126. gr. frv., er yfirleitt eigi skipaður verjandi nema ákærði óski þess. Hafi ákærði ekki verjanda né sjálfvalinn talsmann fer enginn lokamálflutningur fram. Ella á að gefa ákæranda og verjanda kost á því að tjá sig stuttlega um lagaatriði og viðurlög áður en mál er tekið til dóms.

Ef refsihámark brots, sem ákært er fyrir, er hærra en átta ára fangelsi, svo og ef ákærði neitar sök að einhverju leyti eða öllu, fer fram aðalflutningur máls. Aðalflutning máls mundi dómari einnig endranær geta ákveðið, t.d. ef hann dregur í efa að játning ákærða sé sannleikanum samkvæm eða telur að sönnunarfærsla og málflutningur sé æskilegur. Um aðalmeðferð máls eru fyrirmæli í 128.–130. gr. frv.

Áður en eiginlegur aðalflutningur hefst skal skv. 128. gr. athuga hvort frávísun máls komi til greina. Þá ber að ganga eftir föngum úr skugga um það hvaða gögn eigi að færa fram við aðalmeðferð. Sé við útgáfu ákæru ljóst að um aðalmeðferð máls verði að ræða ber ákæranda að láta ákæru fylgja skrá yfir gögn sem fram verði færð af hálfu ákæruvalds, sbr. 2. mgr. 119. gr. frv. Ef nauðsyn á aðalmeðferð verður ljós síðar (í fyrsta þinghaldi) ætti ákærandi og ákærði (verjandi) báðir að gera grein fyrir því í þinghaldi skv. 128. gr. í hverju sönnunarfærsla verði fólgin, leggja fram skjöl og tilgreina vitni sem leiða á o.s.frv.

Við aðalmeðferð er ákærða skipaður verjandi hvort sem hann óskar þess eða ekki, nema hann hafi sjálfur valið sér talsmann eða honum verið leyft að flytja mál sitt sjálfur, sjá um þetta 2. mgr. 34. gr. og 37. gr. frv.

Dómari ákveður hvenær aðalmeðferð fari fram, sbr. 1. mgr. 129. gr., og mundi væntanlega gera það í lok þinghalds skv. 128. gr. Ætlast er til þess að aðalmeðferð fari fram í einni lotu, og er því áríðandi að vandað sé til undirbúnings hennar. Ef aðalmeðferð hefur verið ákveðin og í ljós kemur að vitni, sem þar á að mæta, muni eigi geta það má taka skýrslu áður en að aðalmeðferðinni kemur, sbr. 2. mgr. 129. gr.

Reglur 3. mgr. 129. gr. frv. um aðalmeðferð eru svipaðar og reglur um sókn og vörn í 2. og 3. mgr. 134. gr. núg. l. Reglur þessar eru líkar reglum einkamálalaganna um aðalmeðferð máls. Athygli er vakin á því ákvæði að játi ákærði brot skýlaust ákveði dómari í samráði við málflytjendur að hve miklu leyti þörf sé frekari sönnunarfærslu. Með þessu er bent á að þegar um játningu er að ræða megi komast af með mun einfaldari sönnunarfærslu en ella. Munnlegum málflutningi í lok aðalmeðferðar á að haga á sama hátt og nú, sbr. 2. mgr. 135. gr. núg. l. Heimild til þess að flytja mál skriflega er sérstaklega stendur á er á sama veg og nú, sjá 5. mgr. 128. gr. og 130. gr. frv., sbr. 1. og 3. mgr. 135. gr. núg. l.

Miðað er við að ákærði sé viðstaddur aðalmeðferð máls og hlýði á sönnunarfærslu og málflutning. Í 4. mgr. 129. gr. er þó gert ráð fyrir að í undantekningartilvikum megi láta ákærða víkja úr dómi meðan meðákærður maður er yfirheyrður eða meðan vitni er leitt, sbr. um vitni, athugasemdir við 59. gr. frv. hér að framan. Undantekning þessi tekur vitaskuld ekki til verjanda.

Ef í ljós kemur eftir dómtöku að nauðsynlegt sé að færa fram fleiri gögn fer um viðbótarmeðferð og -flutning eftir 131. gr. frv., sbr. 136. gr. núg. l.

Ákvæði samsvarandi 137. gr. núg. l. eru eigi tekin upp í frumvarp þetta. Þótt stefnt sé að samfelldri aðalmeðferð getur vitaskuld borið við að út af því verði að bregða af óviðráðanlegum ástæðum, sbr. orðið „að jafnaði" í 1. mgr. 129. gr. frv.

Í 132. gr. eru ákvæði um það er mál fellur niður vegna andláts ákærða eða vegna þess að ákæra er felld niður eða refsikrafa er afturkölluð, ef málshöfðun er háð slíkri kröfu. Kveður dómari þá ekki upp dóm, heldur lýsir málið niður fallið, væntanlega með því að bóka þá ákvörðun í þingbók.

Í 1. mgr. 133. gr. frv. er tekið upp upphafsákvæði 138. gr. núg. l. Í 2. mgr. er ákvæði um frest til uppkvaðningar dóms, sjá 165. gr. núg. l., sbr. 191. gr. einkamálalaga. 3. mgr. fjallar um birtingu dóms. Um dómsgerðir er ætlast til að dómsmálaráðherra setji reglugerð, sbr. 140. gr. frv.

Um XVI. kafla.

Kafli þessi kemur í stað XX. kafla núgildandi laga.

Í 134. gr. er fjallað um ákvarðanir og úrskurði. Ákvarðanir dómara eru stundum skriflegar, t.d. um lokun þinghalds, sbr. 2. mgr. 8. gr., um verjandaþóknun, sbr. 44. gr., um bann gegn brottför úr ákveðnu marki, sbr. 110. gr. o.fl., en eru ekki studdar forsendum, sbr. þó 2. mgr. 8. gr., þótt sjálfsagt sé dómara heimilt að rökstyðja þær. Ákvarðanir má kæra til Hæstaréttar skv. 142. gr. Úrskurði skulu fylgja stuttar forsendur. Með úrskurði ber að leysa, t.d. úr kröfum um þvingunarráðstafanir við rannsókn máls, sbr. X.–XIII. kafla, úr ágreiningi varðandi vitni, sbr. 61. gr., og úr ýmsum atriðum varðandi gang máls (interlocutoria). Ýmsum málum er þó ráðið endanlega til lykta með úrskurði, t.d. atriðum varðandi VII. kafla almennra hegningarlaga.

Í 135. gr. frv. er rætt um dóma, og er hún í aðalatriðum í samræmi við 166. gr. núg. l. Rétt er að geta þess að þegar mál er dæmt skv. 125. gr. (skýlaus játning ákærða án sönnunarfærslu) eða 1. mgr. 126. gr. (að sakborningi fjarstöddum) er yfirleitt nægilegt að skírskota til þessara atriða og færa brot síðan til refsiákvæða og ákveða viðurlög án þess að lýsa málsatvikum að öðru leyti, sbr. 2. mgr. 135. gr.

Ákvæði 136. gr. frv. eru í samræmi við 165. gr. núg. l., sbr. 192. gr. einkamálalaga.

137. gr. og 138. gr. frv. svara til 168. gr. núg. l., sbr. 2. mgr. 195. gr. og 196. gr., einkamálalaga, og þarfnast ekki skýringa.

Í 1. mgr. 139. gr. frv. segir að dómi megi ekki fullnægja fyrr en ráðið er hvort máli verður áfrýjað eða ekki, sbr. 169. gr. núg. l. Áfrýjun frestar almennt fullnustu, sbr. 178. gr. núg. l. Í 2. mgr. 139. gr. er gerð undantekning um dómsákvæði um réttindasviptingu, sbr. einnig ákvæði í 178. gr. núg. l. Nýmæli er í 3. mgr. um að ákveða megi að áfrýjun fresti ekki framkvæmd dómsákvæðis um öryggisráðstafanir skv. 62. gr. hegningarlaga. Dómari tekur skýrt fram í dómi ef áfrýjun á ekki að fresta framkvæmd þessara dómsákvæða.

Um XVII. kafla.

Kafli þessi um kæru til æðra dóms kemur í stað XII. kafla núg. laga.

Reglur um það hvaða dómsúrlausnir sæti kæru eru með nokkuð öðrum hætti en í 170.–172. gr. núg. laga. Er mælt svo fyrir í 1. mgr. 142. gr. að úrskurðir og ákvarðanir

héraðsdóms séu kæranlegar, nema úrlausnir þær sem í a–j-liðum málsgreinarinnar segir. Um undantekningar þessar er þetta að segja:

A-liður er samhljóða 1. tölul. 170. gr. núg. l.

B-liður tekur til sömu atriða og í 2. og 3. tölul. 170. gr. núg. l. segir: einnig til banns við að skýra opinberlega frá því sem fram fer í þinghaldi.

C-liður á við ákvörðun dómara um handtöku manns, sbr. 99. gr. frv. Hér kemur það til að handtekinn maður skal leiddur fyrir dómara skv. 102. gr. og kemur þá til kasta dómara að leysa úr því hvort sakborningur verði látinn laus eða ekki. Sú úrlausn dómara er kæranleg.

D-liður er samhljóða 5. tölul. 170. gr. núg. l.

E-liður er um synjun frests, sbr. ákvæði 6. tölul. 170. gr. núg. l. en samkvæmt honum má eigi kæra ákvörðun um frest.

F-liður er samhljóða 7. tölul. 170. gr. núg. l.

G-liður á við framhaldsmeðferð eftir dómtöku sem ákveðin er skv. 131. gr. frv.

H-liður tekur til ákvarðana dómara skv. 23. og 24. gr. og er nýmæli.

I-liður er um ákvörðun um synjun frávísunar. Úrskurður um að máli verði vísað frá dómi er hins vegar kæranlegur.

J-liður á við um ákvörðun dómara um að endurupptaka mál sem dæmt hefur verið að ákærða fjarstöddum, sbr. 2. mgr. 126. gr. frv. Synjun dómara um endurupptöku má hins vegar kæra.

Úrlausnir þær sem upp eru taldar í 171. og 172. gr. núg. l. eru þannig yfirleitt kæranlegar samkvæmt aðalreglunni.

Eftir að aðalmeðferð máls er hafin eru skorður settar við kærum til Hæstaréttar í 2. mgr. 142. gr. frv. Til þess að aðalmeðferð geti haldið áfram í samfelldri lotu er nauðsynlegt að hún verði ekki tafin með málskotum nema sérstaklega standi á eða svo sem greint er í a–d-liðum málsgreinarinnar.

Þá er í 3. mgr. 142. gr. frv. mælt svo fyrir að úrskurðir eða ákvarðanir verði eigi kærðar þegar athöfn sem kveðið hefur verið á um hefur farið fram eða ástand sem leitt hefur af úrlausninni er um garð gengið. Er hér um nýmæli að ræða. Sjá hér ákvæði 145. gr. 1. mgr. frv. um að felli dómari kærða úrlausn úr gildi falli kærumálið niður. Eftir 4. mgr. 142. gr. veldur það frávísun frá Hæstarétti ef svo fer sem í 3. mgr. segir áður en dómur er lagður á kærumál.

143. gr. frv. kemur í stað 173. gr. núg. l.

144.–146. gr. frv. koma í stað 174. gr. núg. l., en kærufrestur er lengdur úr einum sólarhring í þrjá. Gögn máls er nægilegt að senda Hæstarétti í fjórriti. Eins og áður er sagt þarf dómari eigi að afgreiða kærumál til Hæstaréttar ef hann fellir sjálfur hina kærðu úrlausn úr gildi.

Um XVIII. kafla.

Ákvæði þessa kafla um áfrýjun til Hæstaréttar koma í stað XXII. kafla núg. l.

Í kafla þessum er um veruleg nýmæli að ræða. Í fyrsta lagi er í 147. gr. gert ráð fyrir að máli verði áfrýjað með tvennu móti. Má áfrýja máli í heild sinni: um a) sakarmat, þ.e. um úrlausn á því hvort ákærði hafi gerst sekur um það athæfi sem honum er gefið að sök, b) færslu brota til refsiákvæða og um önnur lagaatriði og c) ákvörðun viðurlaga. En einnig má áfrýja máli einungis um þau atriði sem í b) og c) greinir, þ.e. um lagaatriði og viðurlög. Þegar um þessa takmörkuðu áfrýjun eina er að ræða er að því stefnt að málsmeðferð fyrir Hæstarétti geti orðið mun umfangsminni og fljótvirkari en ef máli er áfrýjað í heild sinni.

Hvor aðila getur áfrýjað máli. Er hér raunar um orðalagsmun að ræða frá því sem nú er, en nú áfrýjar ákæruvaldið máli í öllum tilvikum, ýmist af sjálfsdáðum eða eftir kröfu ákærða. Eftir sem áður telst ákæruvaldið sóknaraðili máls fyrir Hæstarétti og gefur út áfrýjunarstefnu, sjá 155 og 156. gr. frv.

Ákvæði 1. mgr. 175. gr. núg. l. um skyldu ríkissaksóknara til þess að áfrýja máli eru felld burt. Um áfrýjun að frumkvæði ákæruvalds eru reglur í 148. gr. frv.

Ákærði getur ævinlega skv. 149. gr. frv. áfrýjað máli ef honum hefur verið dæmt áfall. Sýknudómi má hann hins vegar ekki áfrýja. Takmarkanir þær, sem 2. mgr. 175. gr. núg. l. setur rétti ákærða til þess að krefjast áfrýjunar, eru niður felldar, en þess má geta að ósk ákærða, sem sakfelldur hefur verið, til þess að áfrýja, hefur aldrei verið synjað svo kunnugt sé.

Um mál sem dæmd hafa verið í héraði að ákærða fjarstöddum hefur þótt nauðsynlegt að setja sérreglur, sjá 150. gr. frv. Verður almennt að vera óheimilt fyrir ákærða að áfrýja slíkum málum, nema sérstakt leyfi komi til og þá einungis um lagaatriði og viðurlög. Hér skal bent á ákvæði 2. og 3. mgr. 126. gr. frv. um endurupptöku þessara mála sem héraðsdómari ákveður ef skilyrði eru til.

151. gr. frv. kemur í stað 4. mgr. 175. gr. núg. l.

152. gr. segir að áfrýi ákærði verði honum ekki dæmd þyngri viðurlög en í héraði (bann við reformatio in pejus), en þetta á því aðeins við ef ríkissaksóknari áfrýjar máli ekki sjálfstætt til þyngingar.

Í 153. gr. er áfrýjunarfrestur ákveðinn fjórar vikur í stað tveggja vikna nú. Sjá annars 177. gr. núg. l. Áfrýjunarfrestur af hálfu ákæruvalds er hinn sami, sbr. 154. gr. frv., sjá hins vegar 2. mgr. 179. gr. núg. l., sem mælir fyrir um þriggja mánaða áfrýjunarfrest fyrir ríkissaksóknara.

155. gr. frv. um áfrýjunarstefnur kemur í stað 3. mgr. 179. gr. núg. l. Í áfrýjunarstefnu á að koma fram hvort máli er áfrýjað í heild sinni eða einungis um lagaatriði og viðurlög, sbr. 147. gr., og athugasemdir hér að framan. Þarf því að hafa verið gengið úr skugga um það áður, ef ákærði áfrýjar máli, í hvaða skyni áfrýjað sé, sbr. 1. mgr. 153. gr. frv. Þar á einnig að koma fram hvort máli er áfrýjað að því er varðar kröfur borgararéttarlegs eðlis sem dæmdar hafa verið í héraði skv. XX. kafla, sbr. 1. mgr. 173. gr. Ríkissaksóknari þarf að taka það fram í áfrýjunarstefnu ef hann áfrýjar máli til þyngingar, sbr. áður athugasemd um 152. gr. Ekki er nauðsynlegt að stefnan sé rituð á dómsgerðir eins og 179. gr. núgl. l. segir að gert skuli. Birtingu stefnu á ríkissaksóknari að sjá um en ekki dómari eins og nú. Skv. 156. gr. frv. er ríkissaksóknari jafnan talinn sóknaraðili máls fyrir Hæstarétti, eins þótt ákærði hafi áfrýjað. Í greininni eru reglur um ágrip dómsgerða, sbr. 1. mgr. 180. gr. núg. l. Í 2. mgr. 156. gr. er gert ráð fyrir að Hæstiréttur geti sett reglur um gerð ágrips. Í sambandi við það má nefna að sé máli einungis áfrýjað að því er varðar lagaatriði og viðurlög má efalaust hafa ágrip mun viðaminni en ella.

Um öflun viðbótargagna við málsmeðferð í Hæstarétti er mælt í 157. gr. frv. Nýmæli eru í 3. mgr. um að ný gögn skuli hafa borist Hæstarétti með fyrirvara og í 4. mgr. um greinargerðir af hálfu aðila.

Ákvæði 158. gr. frv. koma í stað 183. og 185. gr. núg. l.

1. mgr. 159. gr. frv. er efnislega í samræmi við 184. gr. núg. l. en 2. mgr. 159. gr. kemur í stað 182. gr. núg. l.

160.–162. gr. frv. eru í aðalatriðum í samræmi við 186.–188. gr. núg. l.

Í 163. gr. frv. er vísað til laga um Hæstarétt Íslands. Í þeim lögum eru t.d. ákvæði um hve margir dómarar skipi dóm í opinberu máli, eftir því hversu máli er háttað.

Um XIX. kafla.

Reglur um sakarkostnað eru í XVI. kafla núg. l.

Í 164. gr. frv. greinir frá því hvaða útgjöld teljist til sakarkostnaðar, sbr. 139. gr. núg. l. Felld eru niður ákvæði um að ferðakostnaður dómara, þóknun fyrir skjalaþýðingar og dómtúlkun og gæsluvarðhalds- og flutningskostnaður ákærða teljist til sakarkostnaðar.

165. gr. svarar til 141. og 142. gr. núg. l. og er í aðalatriðum í samræmi við þær.

166. gr. er efnislega í samræmi við 140. gr. núg. l.

167. gr. geymir ákvæði samsvarandi 3. mgr. 141. gr. núg. l.

168. gr. svarar til 143. gr. núg. l. Í 2. mgr. kemur þó fram breyting sem leiðir af því að dómari fer nú ekki með rannsókn máls. Verður rannsóknari því að taka saman yfirlit yfir þau útgjöld af máli er telst til sakarkostnaðar og láta það fylgja málsgögnum. Dómari gerir svo að lokum heildaryfirlit yfir kostnaðinn. Það nýmæli kemur fram í 1. mgr. 169. gr. að hafi sakborningur ekki áfrýjað máli skuli hann eigi verða dæmdur til greiðslu málskostnaðar í æðra dómi, ef viðurlög eru ekki þyngd svo neinu nemi.

Um XX. kafla.

Samkvæmt 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að kröfur borgararéttarlegs efnis megi hafa uppi í opinberu máli, svo sem nú er.

Reglur XX. kafla fela það í sér að það kemur í hlut rannsóknara að kanna hvort bótakrafa verði gerð í væntanlegu refsimáli, enda er gert ráð fyrir því að krafa sé tilbúin þegar mál er höfðað og hennar getið í ákæru, sbr. 2. mgr. 116. og 171. gr. frv. Er þetta breyting frá núgildandi reglum sem sýnast miðaðar við að dómari kanni það sjálfur hvort slík krafa verði uppi höfð. Er nauðsynlegt að krafa sé komin fram þegar mál er fyrst tekið fyrir, skv. 122. gr., til þess að mál geti þá þegar orðið dæmt ef önnur skilyrði til þess eru fyrir hendi. Þó er í 171. gr. gerð undantekning þess efnis að taka megi til meðferðar í máli bótakröfu sem ekki kemur fram í ákæru, enda samþykki ákærði það og ekki leiði af því tafir eða óþægindi fyrir refsimálið. Sé krafa ódómhæf við þingfestingu máls hafnar dómari því að taka hana til meðferðar, enda er yfirleitt ætlast til þess að bótakröfur verði ekki til að valda óþörfum töfum í refsimáli, sbr. 1. mgr. 172. gr. Ákvæði þessarar greinar eru að öðru leyti í samræmi við það sem nú gildir, sbr. 146. gr. núg. l. Í 4. mgr. 172. gr. er þó það nýmæli að auk bóta fyrir beint tjón og miska megi dæma bætur vegna kostnaðar sem tjónþoli hafi haft af því að halda kröfu sinni fram.

173. gr. kemur í stað 147. gr. núg. l. Bótakröfu þarf ekki að taka til meðferðar í Hæstarétti, nema máli hafi verið einnig áfrýjað í því skyni, sbr. 1. mgr. 155. gr. frv.

174. gr. er samhljóða 148. gr. núg. l.

Ákvæði 149. gr. núg. l. eru eigi tekin hér upp, en vísað er til þess að 176. gr. frv., 151. gr. núg. l., er ekki einskorðuð við bætur til sakbornings.

Um XXI. kafla.

Kafli þessi fjallar um bætur til þeirra sem sætt hafa ýmis konar þvingunaraðgerðum í sambandi við opinbert mál en síðan reynst saklausir, svo og til þeirra sem saklausir hafa þolað refsidóm. Um þetta eru ákvæði í XVIII. kafla núg. laga.

Um skilyrði til þess að bætur verði dæmdar eru hér ákvæði í 175.–177. gr. og eru þau samhljóða 150., 151. og 152. gr. núg. laga.

Í 178. gr. er gert ráð fyrir að bætur verði einungis sóttar í almennu einkamáli, þ.e. með þeim hætti sem segir í 3. tölul. 154. gr. núg. l., þó svo að ríkissaksóknara er hér eigi falið að vera í fyrirsvari fyrir ríkissjóð í slíkum málum. Þessi leið hefur oftast verið farin þegar bótamál af þessu tagi hafa komið til kasta dómstóla. Eru þannig felld burt ákvæði 1. og 2. tölul. 154. gr. núg. l. um að bætur megi ákveða í úrskurði rannsóknardómara eða í dómi í opinberu máli.

Um XXII. kafla.

Kafli þessi um endurupptöku kemur í stað XXIV. kafla núg. laga og er efnislega á sama veg. Athygli er vakin á 2. mgr. 185. gr. um að ríkissaksóknari geti óskað endurupptöku til hagsbóta fyrir dómfellda. Þá er og bent á ákvæði 2. og 3. mgr. 126. gr. frv. en þar er um sérstaka endurupptökuheimild héraðsdómara að ræða þegar mál hefur verið dæmt að sakborningi fjarstöddum.

Að öðru leyti þykir ekki þörf athugasemda við þennan kafla.

Um XXIII. kafla.

Kafli þessi fjallar um gildistöku laganna og brottfallin og breytt lög.

Lögunum er ætlað að taka gildi sama dag og lög nr. 92/1989, þ.e. 1. júlí 1992, sbr. 193. gr. frv.

Um 194. gr.

Hér eru talin lög og lagaákvæði sem brott eiga að falla við gildistöku laganna. Er hér fyrst og fremst um að ræða lög nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála, ásamt síðar áorðnum breytingum, þ.e. lög nr. 23/1976, lög nr. 107/1976, lög nr. 53/1979, lög nr. 32/1980, lög nr. 27/1985, lög nr. 31/1988, lög nr. 32/1988, lög nr. 41/1988 og lög nr. 92/1989, sbr. 22. gr.

Auk þess er lagt til að felldur verði niður fjöldi lagaákvæða (69) sem eigi hafa verið í samræmi við núgildandi lög eða verða það ekki ef frumvarp þetta verður að lögum. Langflest þessara ákvæða eru þess efnis að mál skuli fara að hætti „opinberra lögreglumála", eða „almennra lögreglumála" eða „sakamála." Aðgreining sú milli sakamála og lögreglumála sem áður var mælt fyrir um í lögum var úr gildi felld við gildistöku laga nr. 27/1951 og hafa ákvæði í þá átt síðan ekki átt við. Þótt undarlegt megi virðast hafa stundum síðan verið sett lagaákvæði sem mæla fyrir um að með mál skuli farið sem almenn lögreglumál. Er lagt til að öll þessi ákvæði verði felld niður. Það liggur í hlutarins eðli, sbr. 1. gr. þessa frv., að öll refsimál skulu fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og er óþarft að taka það fram.

Stundum er vísað gagngert til laga nr. 74/1974, eða til laganna í eldri gerð (lög nr. 82/1961) eða til tiltekinna ákvæða í lögunum. Eiga slíkar tilvísanir ekki lengur við.

Af öðrum liðum 194. gr. þykir rétt að benda á þessi atriði:

42. tölul. Um brottfall 30. gr. almennra hegningarlaga vísast til niðurlags athugasemda við XIV. kafla. Brottfelling á hluta af 3. mgr. 52. gr. leiðir af nýjum reglum um aðför, sjá aðfararlög, nr. 90/1989.

57. tölul. Rétt þykir að brott verði fellt ákvæði um að dómsmálaráðherra geti skipað sakadómara í Reykjavík til þess að fara með rannsókn og meðferð mála út af brotum gegn lögum um lax- og silungsveiði. Er eigi ástæða til að sérreglur gildi um þessi mál.

61. tölul. Í 3. mgr. 33. gr. byggingarlaga, nr. 54/1976, segir: „Með brot á ákvæðum þessum skal farið að hætti opinberra mála." Þar sem umrædd grein fjallar ekki um dómsathafnir, heldur heimildir byggingarnefnda, er ákvæði 3. mgr. óskiljanlegt og rétt að fella það burt.

62. tölul. Í þeirri málsgrein sem lagt er til að burt verði felld er lögð skylda á dómara að tilkynna verðlagsyfirvöldum málalok. Ekki er eðlilegt að nein slík skylda sé lögð á dómara og þá ekki fremur gagnvart nefndum yfirvöldum en öðrum.

63. tölul. Umrædd málsgrein fjallar um að sakadómarar í Reykjavík fari með barnsfaðernismál sem annars fara að hætti einkamála. Er ákvæðið óeðlilegt eftir að héraðsdómstólar í Reykjavík sameinast í einn dómstól.

67. tölul. Umræddur hluti 1. mgr. 30. gr. laga nr. 51/1987 er í ósamræmi við þá grundvallarreglu frv. að dómari eigi aldrei að hefjast handa af sjálfsdáðum, heldur einungis að gefnu tilefni frá þar til bærum ákæranda eða rannsóknara. 2. mgr. 30. gr. er ekki í samræmi við reglur XV. kafla frv. um málsmeðferð.

69. tölul. Ákvæði samsvarandi þessari grein er tekið upp í a-lið 98. gr. þessa frv.

Um 195. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar á ákvæðum í 23 lögum. Margar þeirra eru orðalagsbreytingar sem rétt er að gera með hliðsjón af reglum sem gert er ráð fyrir í frv. að settar verði, svo sem að í stað „réttarrannsóknar" eða „dómsrannsóknar" komi „opinber

rannsókn“, eða „héraðsdómur“ í stað „sakadóms“, enn fremur að brott falli tilvitnanir í lög sem fallin eru eða falla munu úr gildi (lög nr. 82/1961 eða 74/1974). Einnig er lagt til að í stað „löghalds“ verði talað um „kyrrsetningu“. Um einstök atriði greinarinnar skal þetta annars tekið fram:

2. tölul. Hér er lögð til sú breyting á 1. mgr. 55. gr. almennra hegningarlaga að ákvörðun stjórnvalds um afplánun sekta og annarra skyldugreiðslna verði borin undir héraðsdómara, en eigi kærð beint til Hæstaréttar. Breyting á 2. mgr. er lögð til með hliðsjón af nýjum aðfararlögum.

6. tölul. Hér er sú breyting gerð að krafa um ógildingu hjúskapar fari því aðeins að hætti opinberra mála að hún sé uppi höfð í tengslum við refsimál.

22. tölul. Breyting sú sem hér er lögð til á 2. mgr. 4. gr. aðfararlaga tengist heimild þeirri sem lögreglustjórum er veitt til þess að innheimta sekt með aðför, sjá 3. mgr. 115. gr. frv.

23. tölul. Eigi þykir eðlilegt að mál út af ágreiningi um lögheimili verði rekin að hætti opinberra mála.

Um XXIV. kafla.

Nauðsynlegt þykir að sett verði ákvæði sem leysi úr nokkrum álitaefnum sem upp kunna að koma um mál sem höfðuð hafa verið áður en lögin taka gildi og fleiri atriði er varða tengsl eldri laga og hinna nýju. Þykja þessi ákvæði, 197.–202. gr. frv., ekki þarfnast skýringa.

Ed. 102. Frumvarp til laga [99. mál]

um samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið laga þessara er að stuðla að jafnrétti heyrnarlausra til þjónustu sem víðast í þjóðfélaginu á grundvelli táknmáls heyrnarlausra.

2. gr.

Lög þessi taka til samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra. Hlutverk stofnunarinnar er að annast:

a. rannsóknir á íslensku táknmáli,
b. kennslu táknmáls,
c. táknmálstúlkun,
d. aðra þjónustu.

Um skipan þjónustunnar skal kveðið á í reglugerð.

Stofnunin skal hafa samstarf við svæðisstjórnir um málefni fatlaðra, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Heyrnleysingjaskólann, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Námsgagnastofnun og aðra opinbera aðila varðandi málefni er snerta starfsemi þeirra. Sama gildir um samstarf við félög áhugamanna.

II. KAFLI
Stjórnun.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar stofnuninni fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara:

a. einn fulltrúa tilnefndan af Félagi heyrnarlausra,
b. einn fulltrúa tilnefndan af Foreldra- og styrktarfélagi heyrnardaufra,
c. einn fulltrúa tilnefndan af félagsmálaráðherra,
d. einn fulltrúa tilnefndan af heilbrigðisráðherra og
e. skipar menntamálaráðherra einn fulltrúa án tilnefningar. Skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann til fimm ára í senn, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Hann á sæti á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti og sér um framkvæmd á ákvörðunum hennar. Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar.

5. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður annað starfsfólk, að fengnum tillögum forstöðumanns í samræmi við starfsmannaheimildir.

6. gr.

Samskiptamiðstöð gerir fjárhags- og framkvæmdaáætlun til allt að fimm ára. Stjórn stofnunarinnar staðfestir áætlanir og fylgist með framkvæmd þeirra. Menntamálaráðherra getur, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar, sett gjaldskrá fyrir þá þjónustu sem samskiptamiðstöðin veitir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Um það bil 300 Íslendingar eru heyrnarlausir. Táknmál er það mál sem þeim lætur best að nota. Það er sjálfstætt mál með eigin formgerð og lýtur eigin reglum.

Ekki er enn þá boðið upp á formlega kennslu í táknmáli. Námsefni hefur ekki verið til, hæfa kennara hefur vantað og nauðsynlegar rannsóknir á íslensku táknmáli skortir. Skortur er á táknmálstúlkum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra er ætlað að bæta möguleika heyrnarlausra og heyrnarskertra til samskipta við heyrandi.

Um 2. gr.

Stofnuninni er ætlað að annast táknmálsrannsóknir í samvinnu við málvísindamenn. Rannsóknir táknmálsins eru forsenda þess að hægt verði að kenna táknmál og undirbúa og annast menntun táknmálstúlka í samvinnu við háskólastofnun.

Stofnuninni er ætlað að halda fræðslunámskeið um heyrnarlausa og heyrnarleysi, semja efni í ritlinga og á myndbönd sem auðveldað geta samskipti heyrnarlausra og heyrandi og annast túlkaþjónustu.

Gott samstarf er mikilvægt við aðra aðila sem þjóna heyrnarlausum og við félagasamtök heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Nánar skal kveðið á í reglugerð um skipan þjónustunnar og menntun starfsmanna.

Um 3. gr.

Málefni heyrnarlausra heyra undir þrjú ráðuneyti og því eðlilegt að stjórnarmenn séu tilnefndir af þeim ásamt félögum hagsmunaaðila.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 6. gr.

Eðlilegt þykir að taka megi gjald fyrir þjónustu veitta öðrum aðilum en heyrnarlausum og heyrnarskertum.

Nd. 103. Frumvarp til laga [100. mál]

um breytingu á lögum nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi Íslands.

Flm.: Ólafur Þ. Þórðarson, Árni Gunnarsson, Matthías Bjarnason, Alexander Stefánsson, Kristinn Pétursson, Hreggviður Jónsson, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Fiskiskip frá Færeyjum og Grænlandi eru undanþegin ákvæðum síðari málsliðar 1. mgr. og ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur frumvarps þessa er að undanþiggja færeysk og grænlensk fiskiskip ákvæðum 66 ára gamalla laga sem banna erlendum fiskiskipum að landa afla sínum í íslenskum höfnum nema með sérstöku leyfi ráðherra.

Mál þetta varðar þannig samskipti okkar Íslendinga við aðrar þjóðir, í þessu dæmi næstu nágranna okkar, Færeyinga og Grænlendinga. Lagt er til að fiskiskip þessara þjóða njóti jafnréttis á við íslensk fiskiskip að því er varðar löndun afla í íslenskum höfnum.

Samskipti okkar við Færeyinga og Grænlendinga hafa stóraukist undanfarin ár en fyrir áratug voru þau næsta lítil. Algengt var fyrir örfáum árum að menn gerðu lítið úr því að við gætum haft nokkurn merkjanlegan hag af samskiptum við þessar smáþjóðir. En annað hefur komið í ljós. Þótt samanlagður íbúafjöldi þessara landa sé tæpur helmingur íbúatölu Íslands hefur komið í ljós að þar er að finna mikilvæga markaði fyrir íslenskar iðnaðarvörur, m.a. vegna þess að vinátta þessara þjóða í okkar garð er einlæg og þær velja viðskipti við okkur frekar en við aðra að öðru jöfnu. Þessi viðskipti vaxa stöðugt og má í því sambandi benda á aukinn þátt Flugleiða í að tryggja samgöngur við þessi lönd og vaxandi umsvif íslenskra verktakafyrirtækja í löndunum tveimur.

Áframhaldandi uppbygging þessa samstarfs er eðlileg og væntanlega beggja hagur. Það er hagkvæmt bæði fyrir Grænlendinga og Færeyinga í mörgum tilvikum að landa afla sínum á Íslandi. Má þar nefna rækjuskip, loðnuskip o.s.frv. Afli þessara skipa og þjónusta við þau getur skapað aukna atvinnu í íslenskum sjávarþorpum og einhliða aðgerð af þessu tagi af okkar hálfu er til þess fallin að auka vináttuna, efla samstarfið og auka viðskiptin á öllum sviðum Íslendingum, Færeyingum og Grænlendingum til hagsbóta.

Sþ. 104. Fyrirspurn [101. mál]

til iðnaðarráðherra um lög um einkaleyfi.

Frá Guttormi Einarssyni.

1. Hvað líður framlagningu frumvarps að nýjum einkaleyfislögum?
2. Eru uppi áform í ríkisstjórninni um að fá þau samþykkt fyrir þinglok?

Sþ. 105. Fyrirspurn [102. mál]

til menntamálaráðherra um stofnun búminjasafns á Hvanneyri.

Frá Inga Birni Albertssyni, Eiði Guðnasyni, Skúla Alexanderssyni og Snjólaugu Guðmundsdóttur.

Hvað líður athugun stjórnvalda og þjóðminjaráðs samkvæmt samþykkt Alþingis frá 5. maí 1989 á stofnun búminjasafns á Hvanneyri?

Sþ. 106. Tillaga til þingsályktunar [103. mál]

um úrbætur á aðstæðum ungmenna sem flosna upp úr skóla.

Flm.: Guðrún J. Halldórsdóttir, Salome Þorkelsdóttir, Unnur Hauksdóttir, Skúli Alexandersson, Guðmundur Ágústsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að koma á fót samstarfshóp á vegum ráðuneyta þeirra sem fjalla um fræðslumál, uppeldismál, félagsmál, heilbrigðismál og lögreglumál til að gera tillögur um samræmdar aðgerðir sem miði að því að aðstoða þau ungmenni sem flosnað hafa upp úr skóla og eru nú vegalítil og sum á vergangi.

Samstarfshópurinn fjalli einnig um sameiginlegar forvarnir gegn þessum vanda.

Greinargerð.

Kennarar, félagsráðgjafar og aðrir þeir, sem vinna að fræðslu- og æskulýðsmálum, hafa með ugg í brjósti horft upp á það á undangengnum árum að sívaxandi hópur nemenda dettur út úr skólakerfinu áður en skólaskyldu þeirra lýkur.

Á öllum tímum hefur hluti nemenda horfið úr skóla áður en lög leyfðu. En sá hópur, sem það gerir nú, fer stækkandi og það er álit þeirra sem til þekkja að þær brautir, sem þeir lenda á, séu hálli en fyrr. Því veldur aukin vímuefnaneysla ungmenna og henni fylgir vergangur þegar verst fer.

Þau ungmenni, sem lenda í vímuefnum og á vergangi, eru alls ekki öll úr höfuðborginni heldur munu ýmis þeirra vera af landsbyggðinni en hafa leitað að heiman eftir „frjálsræði“ og spennu, sbr. upplýsingar í viðtölum við starfsfólk Rauða kross hússins í dagblaðinu Tímanum 16. október sl.

Samkvæmt skrám Hagstofunnar mun ekki vitað um afdrif 148 ungmenna sem hurfu úr skóla á Íslandi árið 1985 án þess að hafa lokið grunnskólanámi. Árið 1986 munu 173 nemendur hafa horfið á sama hátt úr skýrslum Hagstofunnar, 1987 var samsvarandi tala 235 og árið 1988 hurfu 172 nemendur úr skólaskýrslum án þess að vitað væri hvar þeir höfnuðu.

Ýmis þessara ungmenna munu hafa flutt úr landi með foreldrum sínum. En á undanförnum árum hafa mjög margar fjölskyldur flutt til útlanda í atvinnuleit. En það, að 235 nemendur gufi upp úr skýrslum á einu ári í þessu fámenna landi, hlýtur að vekja spurn-

ingar um það hvort íslensk uppeldis- og skólamál séu ekki á villigötum.

Því verður þó ekki haldið fram með réttu að ekkert hafi verið gert til að bæta úr ástandinu. Um það vitnar t.d. starfsemi Unglingaheimilis ríkisins, starfsemi neyðarathvarfs í Réttarholtsskóla þar sem 7 ungmenni áttu athvarf 1989, starfsemi Rauða kross hússins við Tjarnargötu í Reykjavík er veitir bæði húsaskjól og ráðgjöf, sem og starfsdeild í Breiðholtsskóla sem unnið hefur mikið og gott verk við að halda nemendum að skóla og frá lausagangi. Þessi síðastnefnda deild getur tekið við 10–11 nemendum á ári. Loks ber að nefna það að á vegum landlæknisembættisins og fleiri aðila er verið að kanna feril þeirra ungmenna sem hverfa úr skólakerfinu.

Á hinn bóginn er ljóst að stórátak þarf að gera til þess að veita þessum ungmennum og foreldrum þeirra aðstoð. Enn fremur þarf að byrja forvarnastarf mjög snemma á leið barnanna, áður en í óefni er komið.

Hér þurfa allir að leggja hönd á plóg, en sérstök ábyrgð hlýtur að hvíla á þeim ráðuneytum sem nefnd eru í þingsályktunartillögunni og nauðsyn er á því að þau vinni saman að þessu verkefni til þess að fjármunir og kraftar nýtist sem best.

Sþ. 107. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1991.

Frá Guðrúnu Helgadóttur, Jóni Helgasyni og Árna Gunnarssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 00-201 Alþingi. Nýr liður:	
108 Hið íslenska þjóðvinafélag	500

Ed. 108. Frumvarp til laga [104. mál]

um skipti á dánarbúum o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. ÞÁTTUR
Almenn ákvæði um skipti dánarbúa.
I. KAFLI
Lögsaga við skipti dánarbúa o.fl.

1. gr.

Eftir fyrirmælum laga þessara skal skipta dánarbúum eftir þá menn sem áttu lögheimili eða höfðu annars fasta búsetu hér á landi á dánardægri, nema skiptin fari fram í öðru ríki eftir reglum þjóðaréttar eða ákvæðum samnings sem íslenska ríkið hefur gert við annað ríki og hefur lagagildi hér á landi.

Ákvæði laga þessara taka einnig til skipta eftir íslenska ríkisborgara þótt þeir hafi ekki átt lögheimili eða haft fasta búsetu hér á landi á dánardægri ef dánarbúinu verður ekki skipt í því ríki þar sem sá látni var þá heimilisfastur.

2. gr.

Þegar maður er látinn tekur dánarbú hans við öllum fjárhagslegum réttindum sem hann átti þá eða naut, nema annað leiði af réttarreglum, löggerningi eða eðli réttindanna.

Dánarbú tekur við öllum fjárhagslegum skyldum sem hvíldu á þeim látna þegar hann lést, nema réttarreglur eða löggerningar kveði á um brottfall þeirra eða það leiði af eðli þeirra. Við andlát falla enn fremur á dánarbú þær fjárhagslegu skyldur sem sá látni hefur lagt á það með erfðaskrá eða öðrum dánargerningi.

Dánarbú nýtur hæfis til að eiga og öðlast réttindi og hæfi þess til að bera og baka sér skyldur helst þar til skiptum þess lýkur endanlega eftir því sem mælt er fyrir í lögum þessum.

3. gr.

Dánarbúi skal skipta í því umdæmi þar sem sá látni átti lögheimili á dánardægri. Hafi hann ekki átt lögheimili hér á landi skulu skipti fara fram í því umdæmi þar sem hann átti fastan dvalarstað á dánardægri en hafi hann engan slíkan dvalarstað átt þá í því umdæmi þar sem hann lést. Hafi maki látna fengið leyfi til setu í óskiptu búi ræðst umdæmi með sama hætti af lögheimili makans, dvalarstað eða eftir atvikum dánarstað hvort sem skipti fara fram að honum lifandi eða skipt er búi eftir bæði hjónin.

Rísi ágreiningur um það í hverju umdæmi skipti fari fram eða þyki það annars óvíst skal leita ákvörðunar dómsmálaráðherra um það.

Sá sem æskir skipta hér á landi eftir 2. mgr. 1. gr. skal leita ákvörðunar dómsmálaráðherra um það í hverju umdæmi skiptin geti farið fram.

4. gr.

Dómsmál verður ekki höfðað í héraði gegn dánarbúi nema svo sé fyrir mælt í lögum eða um opinbert mál sé að ræða og krafist sé refsiviðurlaga sem má ákvarða á hendur dánarbúi. Má þá höfða málið í þeirri þinghá þar sem skiptin fara fram.

Halda má máli til dóms sem hefur verið höfðað á hendur þeim látna en dómur ekki gengið í fyrir lát hans ef þær skyldur, sem málið varðar, falla á dánarbúið og þeim sem fer með forræði dánarbúsins er tilkynnt um málið. Tekur dánarbúið þá við aðild málsins en ella fellur það niður hvað þann látna og búið varðar.

Kröfu um aðför, kyrrsetningu, lögbann, löggeymslu, nauðungarsölu eða gjaldþrotaskipti verður ekki komið fram gegn dánarbúi nema að því leyti sem heimilað er í lögum þessum.

II. KAFLI
Tilkynning um andlát og fyrstu aðgerðir skipta.

5. gr.

Þegar maður er látinn og skipti eftir hann fara fram hér á landi skal svo fljótt sem verða má tilkynna andlátið sýslumanni eða umboðsmanni hans. Að öðru jöfnu skal tilkynnt í því umdæmi þar sem ætla má að dánarbúinu verði skipt eftir ákvæðum 3. gr. Sýslumaður eða umboðsmaður hans lætur tilkynnanda í té vottorð um að skyldu þessari hafi verið fullnægt.

Skylda til að tilkynna andlát hvílir jafnt á þeim sem getur átt lögerfðarétt eftir þann látna og þeim sem hefur vitneskju um bréferfðarétt sinn eftir hann. Sé um engan slíkan að ræða skal sá tilkynna andlát sem hefur átt heimili með þeim látna, en ella sá sem hlutast til um útför hans. Ef enginn slíkur er heldur fyrir hendi skulu yfirvöld, sem hafa afskipti af málum þess látna, tilkynna andlátið. Heimilt er öðrum að tilkynna andlát, en sýslumanni er ætíð rétt að synja um afhendingu vottorðs skv. 1. mgr. ef sá sem gefur sig fram í því skyni getur ekki veitt þær upplýsingar sem um ræðir í 7. gr. og ætla má að engin veruleg hindrun sé í vegi fyrir að annar maður, sem það getur, tilkynni fremur andlátið.

Útför þess látna má ekki fara fram fyrr en prestur eða annar sá, sem hana annast, fær í hendur vottorð um að andlátið hafi verið tilkynnt.

6. gr.

Sýslumanni eða umboðsmanni hans er því aðeins heimilt að taka við andlátstilkynningu og gefa vottorð um hana að framvísað sé einhverju eftirtalinna sönnunargagna um andlátið:

1. dánarvottorði sem hefur verið gefið út af lækni hér á landi,
2. annars konar embættisvottorði útgefnu hér á landi af þeim sem er bær vegna opinberra starfa sinna um að votta andlátið,
3. lögregluskýrslu sem hefur verið gerð hér á landi og staðfestir andlátið,
4. dómi uppkveðnum hér á landi um lát horfins manns,
5. dómsúrskurði uppkveðnum hér á landi um að skipta megi eftir horfinn mann sem hann væri látinn.

Sýslumanni eða umboðsmanni hans er enn fremur heimilt að taka við andlátstilkynningu og gefa vottorð um hana ef samsvarandi erlendu sönnunargagni er framvísað fyrir andlátinu, enda telji hann ekki ástæðu til að draga sönnunargildi þess í efa. Hafi sá sem tekur við andlátstilkynningu ekki næga kunnáttu í hlutaðeigandi tungumáli er honum rétt að krefja tilkynnanda um þýðingu á erlendu sönnunargagni.

7. gr.

Þegar andlát er tilkynnt skal leitað sem gleggstra upplýsinga hjá tilkynnanda um atriði sem varða þann látna og þá einkum um:

1. hvort rétt sé farið með atriði um þann látna í því sönnunargagni fyrir látinu sem er framvísað,

2. hverjir geti talið til lögerfðaréttar eftir þann látna og hvar þeir séu niður komnir,
3. hvort tilkynnanda sé kunnugt um erfðagerning þess látna og ef svo er hvar hann sé varðveittur og hvers efnis hann sé í meginatriðum,
4. hverjar séu helstu eignir sem sá látni láti eftir sig og hver hafi þær í vörslum sínum eða umsjón með þeim,
5. hvort sá látni hafi verið í hjúskap eða óvígðri sambúð eða haft leyfi til setu í óskiptu búi.

Tilkynnandi skal greina frá nafni sínu, kennitölu og heimilisfangi og upplýsa hver þau tengsl hans hafi verið við þann látna eða málefni hans sem valdi því að hann tilkynni andlátið.

Að því leyti sem tilkynnanda er það fært er honum skylt að veita sýslumanni eða umboðsmanni hans upplýsingar um þau atriði sem hann er krafinn svara um samkvæmt framansögðu.

Heimilt er sýslumanni eða umboðsmanni hans að gefa vottorð um móttöku andlátstilkynningar en veita tilkynnanda skamman frest til að mæta á ný eða senda annan í sinn stað til að gefa upplýsingar um þau atriði sem getið er í 1. mgr.

Sýslumanni eða umboðsmanni hans er eftir atvikum rétt að leiðbeina tilkynnanda um hvernig staðið verði að búskiptum og fela honum að kynna það öðrum hlutaðeigendum.

8. gr.

Hafi umboðsmaður sýslumanns tekið við andlátstilkynningu skal hún send sýslumanni svo fljótt sem verða má.

Telji sýslumaður sem hefur tekið við andlátstilkynningu að skipti eigi að fara fram í öðru umdæmi skal hann án ástæðulauss dráttar senda hana sýslumanni þar. Sýslumanni er þó rétt að leita áður ákvörðunar dómsmálaráðherra skv. 2. mgr. 3. gr. ef honum þykir ástæða til.

9. gr.

Þegar andlátstilkynning hefur borist þeim sýslumanni sem skiptin eiga undir getur hann andlátsins og þeirra upplýsinga sem hafa komið fram í dánarskrá.

Um form og efni dánarskrár, svo og gerðabókar sem sýslumaður færir eftir lögum þessum, fer eftir nánari reglum sem dómsmálaráðherra setur.

Upplýsingar má ekki veita úr dánarskrá eða gerðabók sýslumanns nema sá sem æskir þeirra hafi lögvarða hagsmuni af því að fá þær.

Hafi sá sýslumaður, sem skiptin eiga undir, annarra hagsmuna að gæta af þeim en varða embætti hans eða sé hann svo skyldur eða mægður erfingja eða öðrum sem hefur verulega hagsmuni af skiptunum að hann væri vanhæfur til að vera dómari í einkamáli sem sá ætti aðild að skal hann tilkynna það dómsmálaráðherra án tafar eftir að andlátstilkynning hefur borist honum, nema skiptum hafi þá þegar verið lokið skv. 25. gr. Skipar þá ráðherra annan löghæfan mann til að annast störf sýslumanns við skiptin en þóknun hans greiðist samkvæmt ákvörðun ráðherra úr ríkissjóði.

10. gr.

Hafi ónógar upplýsingar komið fram um eignir þess látna eða erfðaréttindi eftir hann skal sýslumaður ekki síðar en mánuði eftir að andlát var tilkynnt leita vitneskju um þau efni.

Skylt er tilkynnanda andláts eða öðrum, sem sýslumaður telur eftir því sem fram er komið að geti veitt frekari upplýsingar um eignir þess látna eða erfðaréttindi eftir hann, að verða við kvaðningu um að koma á fund sýslumanns og veita þær upplýsingar sem honum er kostur. Heimilt er sýslumanni að fela umboðsmanni sínum eða öðrum sýslumanni að kveðja hann á sinn fund ef hentugra þykir.

Opinberum stofnunum og öðrum stjórnvöldum og sýslunarmönnum, svo og viðskipta-

bönkum og sparisjóðum, er skylt að veita sýslumanni þær upplýsingar um málefni þess látna sem hann krefst. Það sama á við um aðra sem geta haft vitneskju um eignir og skuldir dánarbús vegna viðskiptatengsla við þann látna eða af öðrum sambærilegum ástæðum.

11. gr.

Frá því andlát ber að höndum og þar til skiptum er lokið skv. 25. eða 26. gr., eftirlifandi maka látna er veitt leyfi til setu í óskiptu búi, erfingjum er veitt leyfi til einkaskipta eða dánarbúið er tekið til opinberra skipta er sá sýslumaður sem skiptin eiga undir einn bær um að ráðstafa hagsmunum dánarbúsins og svara fyrir skyldur þess.

Á þeim tíma, sem sýslumaður fer með forræði dánarbús skv. 1. mgr., skulu ekki gerðar ráðstafanir um hagsmuni þess nema þær séu nauðsynlegar til að varna tjóni eða til að tryggja varðveislu eigna þess, sbr. 16. gr. Sýslumanni er þó rétt að láta af hendi fjármuni búsins eða heimila ráðstöfun þeirra til að standa straum af kostnaði við útför þess látna.

Ráðstafana, sem sýslumaður grípur til skv. 2. mgr., skal getið í gerðabók hans eða dánarskrá.

12. gr.

Ekki er nauðsyn að krefja þann sem gefur sig fram við skiptin og kveður sig vera lögerfingja eftir þann látna um sannanir fyrir skyldleika eða tengdir við þann látna, nema aðrir lögerfingjar rengi eða sérstakt tilefni þyki annars til að draga frásögn hans í efa. Sá sem styður erfðarétt við erfðaráðstöfun þess látna skal framvísa löggerningi hans.

Sá sem gefur sig fram við skipti og tjáir sig hafa umboð til að koma fram af hálfu erfingja skal sanna það með skriflegu umboðsskjali, undirrituðu af erfingjanum og vottuðu af tveimur vitundarvottum, lögbókanda eða hæstaréttar- eða héraðsdómslögmanni. Sé ekki getið sérstakra takmarkana á umboði skal litið svo á að það nái til sérhverra ráðstafana og yfirlýsinga af hálfu erfingjans varðandi búskiptin.

13. gr.

Ef erfingi þess látna er ófjárráða vegna æsku eða hefur verið sviptur fjárræði eða sjálfræði og lögráðamaður hans hefur sjálfur hagsmuna að gæta af skiptunum skal sýslumaður skipa erfingjanum sérstakan lögráðamann til að koma fram fyrir hans hönd við skiptin.

Nú er fjárráða erfingi ófær um að gæta hagsmuna sinna við skiptin vegna heilsufars síns og horfur eru ekki á að breyting verði þar á í bráð og getur þá sýslumaður skipað erfingjanum málsvara til að koma fram fyrir hans hönd við skiptin ef ætla má að sú ráðstöfun geti orðið til að komist verði hjá nauðsyn þess að erfinginn verði sviptur fjárræði.

Ef vitað er um mann sem á rétt til arfs úr búi en ókunnugt er hvar hann er niður kominn og enginn gefur sig fram í umboði hans skal sýslumaður skipa erfingjanum málsvara sem kemur þá fram fyrir hans hönd við skiptin þar til erfinginn kann sjálfur að gefa sig fram eða umboðsmaður hans.

Ákvæði lögræðislaga um hæfi og heimildir lögráðamanna taka til málsvara sem eru skipaðir erfingjum skv. 2. og 3. mgr.

14. gr.

Þegar svo stendur á sem segir í 13. gr. skipar sýslumaður, sem skiptin eiga undir, hlutaðeigandi erfingja sérstakan lögráðamann eða málsvara svo fljótt sem verða má, nema talið verði að ljúka megi skiptum án þess að atbeina erfingjans verði þörf. Áður en skipun fer fram skal sýslumaður, eftir því sem við verður komið, leita tillagna aðstandenda erfingjans um það hverjum megi fela starfann.

Ákvörðun sýslumanns um skipun sérstaks lögráðamanns eða málsvara skal skráð í gerðabók hans.

Þóknun sérstaks lögráðamanns eða málsvara, ef áskilin er, skal ákveðin af sýslumanni og greiðast af arfi hlutaðeigandi erfingja.

15. gr.

Telji sýslumaður ákvarðanir, athafnir eða yfirlýsingar sérstaks lögráðamanns eða málsvara, sem hefur verið skipaður skv. 14. gr., varhugaverðar fyrir hagsmuni erfingjans er honum rétt að veita lögráðamanninum eða málsvaranum áminningu og fyrirmæli um rækslu starfans. Fari sérstakur lögráðamaður eða málsvari ekki að fyrirmælum sýslumanns eða ef háttsemi hans er annars slík að sýslumaður telji áminningu ekki munu koma að haldi er sýslumanni rétt að víkja honum úr starfi og skipa annan mann í hans stað með bókun í gerðabók.

Yfirlýsingar eða ráðstafanir lögráðamanns, sérstaks lögráðamanns eða málsvara sem eru gefnar eða gerðar við skiptin og geta bakað skjólstæðingi hans ábyrgð á skuldbindingum búsins eru því aðeins bindandi fyrir skjólstæðinginn að sýslumaður samþykki þær.

Að því leyti sem lögráðamaður, sérstakur lögráðamaður eða málsvari þarf að gefa aðra yfirlýsingu eða gera aðra ráðstöfun í þágu skjólstæðings síns við skiptin en getur í 2. mgr. og afla þyrfti sérstaks samþykkis fyrir henni undir öðrum kringumstæðum eftir reglum um ráðstöfun hagsmuna ólögráða manna skulu þær bornar undir sýslumann til samþykkis.

Ef opinber skipti fara fram fer skiptastjóri með það vald sem sýslumanni er falið í 2. og 3. mgr.

16. gr.

Skylt er þeim sem hefur eign dánarbús í vörslum sínum eða hefur umsjón með henni að gæta hennar þar til annar hefur fengið heimild til umráða hennar vegna skiptanna. Fram að því er þó sýslumanni hvenær sem er rétt eftir kröfu erfingja eða ótilkvaddur að taka eign undir sína umsjón á kostnað búsins ef hann telur óbreytta skipan óviðeigandi eða ótrygga eða ef sá krefst sem fer með vörslur eignar eða hefur umsjón með henni, enda hafi sá kostnað, fyrirhöfn eða áhættu af eigninni.

Hafi enginn með höndum gæslu eignar dánarbús skal sýslumaður taka hana undir umsjón sína á kostnað búsins svo fljótt sem verða má eftir að honum verða atvik kunn.

Sýslumaður getur þeirra eigna í gerðabók sem hann tekur undir umsjón sína. Þær skulu metnar til peningaverðs samkvæmt því sem hér á eftir segir ef erfingi krefst.

17. gr.

Meðan skiptum hefur ekki verið lokið og dánarbúið hefur ekki verið tekið til opinberra skipta er erfingja heimilt að krefjast að þær eignir þess, sem hefur ekki þegar verið ráðstafað við skiptin, verði að einhverju leyti eða öllu skrásettar og eftir atvikum metnar til peningaverðs. Með sama hætti getur erfingi krafist að skuldbindingar dánarbúsins verði metnar til peningaverðs. Kröfu um þessar aðgerðir skal beint skriflega til þess sýslumanns sem skiptin eiga undir og skal eftirfarandi tiltekið í henni svo skýrt sem verða má:

1. um hvert dánarbú sé að ræða og hver hafi kröfuna uppi,
2. hverjar eignir eða hvers konar sé krafist að verði skrásettar, að hverju marki sé krafist mats á þeim og hvar þær sé að finna,
3. hverjir aðrir séu erfingjar þess látna ásamt upplýsingum um heimilisföng þeirra.

Hafi sá látni verið í óvígðri sambúð þegar hann lést er sambýlismanni hans heimilt að krefjast skrásetningar eigna dánarbúsins og mats á þeim þótt hann njóti ekki réttar til arfs eftir þann látna ef þeim skilyrðum er fullnægt um sambúðartíma sem getur í 100. gr. Nýtur hann þá sömu stöðu og erfingi samkvæmt ákvæðum 18.–24. gr.

Hafi sá látni verið í hjúskap þegar hann lést er erfingja heimilt að krefjast skrásetningar og mats á hjúskapareignum og séreignum maka hans. Erfingja er og heimilt að krefjast

skrásetningar og mats á eignum sambýlismanns þess látna hafi hann verið í óvígðri sambúð þegar hann lést og þeim skilyrðum er fullnægt um sambúðartíma sem getur í 100. gr.

18. gr.

Nú er krafist skrásetningar og eftir atvikum mats á eignum dánarbús og þær eru varðveittar utan umdæmis þess sýslumanns sem kröfunni er beint til og getur hann þá falið sýslumanninum í því umdæmi, þar sem eignirnar er að finna, að annast verkið.

Sé þess krafist að eignir verði að einhverju leyti eða öllu metnar til verðs skal sá sýslumaður, sem í hlut á, tilnefna matsmann áður en lengra er haldið. Ef krafist er mats á eign sem sérþekkingu þarf til að meta skal sýslumaður tilnefna sérfróðan mann. Heimilt er sýslumanni að tilnefna fleiri en einn matsmann og skipta með þeim verkum þannig að hver þeirra meti tilteknar eignir. Sýslumaður skal geta tilnefningar í gerðabók en hafi hlutaðeigandi ekki áður gegnt hlutverki matsmanns skal hann undirrita heit, sem sýslumaður varðveitir, um að hann muni gegna starfinu af samviskusemi og óhlutdrægni.

Matsmenn skv. 2. mgr. bera skyldur sem opinberir starfsmenn og má tilnefna þá eina til starfans sem eru fjárráða og hafa forræði á búi sínu, óflekkað mannorð og þá almennu þekkingu sem þarf til óaðfinnanlegrar rækslu starfans. Um hæfi þeirra til matsstarfa gilda ákvæði réttarfarslaga um hæfi matsmanna eftir því sem átt getur við.

Heimilt er sýslumanni að fela matsmanni, umboðsmanni sínum eða öðrum starfsmanni að annast skrásetningu eigna.

19. gr.

Sá sem annast skrásetningu eigna skal svo fljótt sem verða má ákveða hvar og hvenær hún fari fram eða byrji og tilkynna það þeim sem hefur krafist hennar. Öðrum erfingjum, sem vitað er um, skal einnig tilkynnt þetta með þeim fyrirvara að þeir geti verið viðstaddir ef því verður komið við án þess að verulegar tafir eða óhagræði hljótist af.

Erfingjum, sem eru viðstaddir þegar skrásetning eigna fer fram, skal gefinn kostur á að tjá sig um atriði sem kunna að skipta máli, svo sem um tilvist eigna sem hefur ekki áður verið upplýst um og eignarrétt að einstökum munum.

Áður en skrásetningu eigna er lokið samkvæmt kröfu sem hefur komið fram skv. 17. gr. getur erfingi krafist þess skriflega við þann sem annast hana að aðrar eignir verði einnig skráðar og eftir atvikum metnar til verðs. Þeim sem sýslumaður hefur falið að annast skrásetningu í byrjun er rétt að leysa verkið af hendi án þess að bera það undir sýslumann, nema tilnefna þurfi matsmann sérstaklega vegna kröfunnar eða eignirnar séu utan umdæmis hans.

Vörslumanni eignar, sem hefur verið krafist skrásetningar á, er skylt að veita sýslumanni eða þeim sem hann felur verkið nauðsynlegan aðgang að henni í þessu skyni, nema sýslumaður telji sýnt að eignin hvorki tilheyri dánarbúinu né að efni séu til að skrásetja hana eftir 3. mgr. 17. gr. Sinni vörslumaður ekki skyldu til að veita aðgang að eign getur sýslumaður að kröfu þess sem hefur krafist skrásetningar eignarinnar kveðið á með bókun í gerðabók um dagsektir á hendur vörslumanni þar til hann láti af mótþróa sínum, en áður skal þó gefa vörslumanni kost á að tala máli sínu. Ákvörðun um dagsektir má fullnægja með aðför og renna þær í ríkissjóð.

20. gr.

Við mat á eign til peningaverðs skal miðað við gangverð hennar gegn staðgreiðslu kaupverðs. Hvíli höft á eign sem ætla má að standi áfram þótt eigendaskipti verði skulu þau metin til peningaverðs og miðað við staðgreiðslu mismunar á þeim og kaupverði.

Heimilt er erfingja, hvort sem hann hefur sjálfur krafist mats á eign í öndverðu eða ekki, að krefjast þess að matsmaður meti að auki eign til verðs á öðrum tilteknum forsendum en

þeim sem getur í 1. mgr. ef ætla má að slíkt mat hafi þýðingu fyrir hagsmuni hans við skiptin. Kröfu sem þessa skal að öðru jöfnu hafa uppi áður en hafist er handa um mat samkvæmt því sem í 1. mgr. segir.

21. gr.

Þegar skrásetningu og mati á eignum er lokið skal sá sem annaðist verkið afhenda sýslumanni eignaskrá þar sem matsverðs eigna er getið eftir því sem hefur verið krafist. Í eignaskrá skal enn fremur getið hverjir hafi verið viðstaddir skrásetningu og hverjar athugasemdir þeir kunni að hafa haft uppi, sbr. 2. mgr. 19. gr.

Sýslumaður varðveitir eignaskrá með öðrum skjölum sem varða skipti dánarbúsins. Þegar kostnaður af skrásetningu og mati hefur verið greiddur skal sýslumaður senda erfingjum, sem er vitað hvar megi finna, afrit eignaskrár í ábyrgðarpósti eða með öðrum sannanlegum hætti.

22. gr.

Sá sem hefur krafist skrásetningar eignar og eftir atvikum mats á henni getur haft uppi aðfinnslur við sýslumann ef hann telur hana ranglega skráða eða að vanrækt hafi verið að skrá eða meta tiltekna eign. Komi aðfinnslur fram án ástæðulauss dráttar og telji sýslumaður þær á rökum reistar getur hann lagt fyrir þann sem annaðist skráningu eða mat að bæta úr.

Vilji erfingi ekki una mati á eign sem kemur fram í eignaskrá er honum heimilt, meðan skiptum er ólokið og innan fjögurra vikna frá því að skránni var komið á framfæri við hann eða honum verður kunnugt um matið á annan hátt, að krefjast þess skriflega við sýslumann að yfirmat fari fram á tiltekinni eign, enda hafi annar erfingi ekki þegar krafist þess. Komi ekki fram krafa um yfirmat innan þess tíma er matið bindandi fyrir erfingja.

Þegar krafa er komin fram um yfirmat tilnefnir sýslumaður tvo yfirmatsmenn samkvæmt því sem er mælt fyrir um í 2. og 3. mgr. 18. gr. Um störf yfirmatsmanna fer eftir 1. og 4. mgr. 19. gr., 20. og 21. gr. eftir því sem átt getur við.

Yfirmat bindur erfingja um verðgildi eignar að því leyti sem það hefur þýðingu við skiptin hvort sem þeir hafa átt þess kost á að gæta hagsmuna sinna við það eða ekki.

Ef leggja á erfingjum út eignir á grundvelli matsverðs og meira en þrír mánuðir líða frá því mats var aflað á eignum þar til skiptum lýkur skal hækka matsverð hverrar eignar sem nemur meðaltali hæstu vaxta af innlánsreikningum í bönkum og sparisjóðum frá matsdegi, nema erfingjar semji um annað. Eins skal farið að ef maki þess látna hyggst leysa til sín eignir umfram búshluta og arfshluta og meira en þrír mánuðir líða frá öflun mats þar til hann greiðir innlausnarverð.

23. gr.

Sýslumaður ákveður hvað skuli greiða fyrir skrásetningu eigna og mat á þeim, þar á meðal þóknun og ferðakostnað þess sem hann hefur kvatt til að leysa starfann af hendi. Hafi maður verið ráðinn til þessa starfs í eitt skipti fyrir öll rennur þóknunin í ríkissjóð.

Sá sem hefur krafist skrásetningar eignar, mats á henni eða yfirmats ábyrgist greiðslu kostnaðar sem sýslumaður ákvarðar. Sýslumanni er heimilt að áskilja tryggingu fyrir greiðslu áður en nokkuð verður aðhafst vegna kröfunnar.

Þeim sem greiðir kostnað af skrásetningu og mati er rétt að krefja dánarbúið um endurgreiðslu, nema aðgerðin sem fór fram verði talin hafa verið þýðingarlaus eða bersýnilega ástæðulaus.

24. gr.

Meðan sýslumaður fer með forræði dánarbús samkvæmt því sem segir í 1. mgr. 11. gr. getur erfingi leitað skriflegrar heimildar hans til að krefjast upplýsinga hjá öðrum um eignir

búsins og skuldastöðu þess. Skylt er þeim sem erfingi krefur upplýsinga í skjóli slíkrar heimildar að veita þær ef sýslumaður gæti krafist þeirra sjálfur skv. 3. mgr. 10. gr.

25. gr.

Lýsi tilkynnandi andláts því yfir þegar andlát er tilkynnt að andvirði eigna dánarbús nemi ekki eftir bestu vitund hans meira en kostnaði af útför þess látna og sýslumaður telur ekki ástæðu til að draga réttmæti þeirrar yfirlýsingar í efa má sýslumaður ljúka skiptum þá þegar án frekari aðgerða með því að framselja þeim sem kostar útförina þær eignir sem liggja fyrir. Eins má fara að ef einhver sá, sem má telja að hafi næga yfirsýn yfir hag búsins, gefur sams konar yfirlýsingu síðar á þeim tíma sem sýslumaður fer með forræði þess skv. 1. mgr. 11. gr.

Þegar andvirði eignar er ákvarðað skv. 1. mgr. skal tekið tillit til veðkrafna og annarra kvaða sem hvíla á henni en því aðeins er þá heimilt að ljúka skiptum með framsali eignar að sá sem tekur við henni taki einnig að sér efndir þeirra skuldbindinga.

Ef fleiri en einn gefa sig fram við sýslumann áður en skiptum er lokið og lýsa yfir vilja sínum til að kosta útför þess látna gegn framsali eigna skal eftirlifandi maki eða sambýlismaður ganga fyrir öðrum, en því næst aðrir erfingjar. Fáist ekki niðurstaða þannig og samkomulag verður ekki um annað skal hlutkesti ráða.

Þótt skiptum hafi verið lokið með framsali eigna getur erfingi, sem rökstyður fyrir sýslumanni að eignir kunni að hafa verið vantaldar, krafist skrásetningar og eftir atvikum mats á eignum skv. 17.–23. gr. Komi þannig í ljós að ekki hafi verið skilyrði til skiptaloka eða það verður uppvíst síðar með öðrum hætti skal sýslumaður taka skiptin upp á ný.

Skiptalok samkvæmt þessari grein falla sjálfkrafa úr gildi ef dánarbúið er tekið síðar til opinberra skipta.

26. gr.

Ef hvorki tilkynnandi andláts né aðrir, sem sýslumaður krefur svara um hag búsins, geta upplýst um neinar eignir þess en telja sig þó ekki hafa þá vitneskju að þeir geti gefið slíka yfirlýsingu sem getur í 1. mgr. 25. gr. og önnur athugun sýslumanns skv. 10. gr. leiðir engar eignir í ljós er sýslumanni heimilt að ljúka skiptum. Berist sýslumanni síðar vitneskja um eign búsins skal hann taka skiptin upp á ný.

Komi fram upplýsingar með þeim hætti sem um ræðir í 1. mgr. um eignir sem má ætla að nemi þó ekki meira að andvirði en útfararkostnaði má sýslumaður ljúka skiptum með því að framselja þær þeim sem hefur kostað útför þess látna. Verði ekki uppvíst hver hafi kostað útför eða eignir eru annars svo óverulegar að þær svari ekki kostnaði af frekari aðgerðum getur sýslumaður komið þeim í verð og lokið skiptum með greiðslu andvirðis þeirra í ríkissjóð.

Skiptalok samkvæmt þessari grein falla sjálfkrafa úr gildi ef dánarbúið er tekið síðar til opinberra skipta.

27. gr.

Hafi sá látni verið í hjúskap þegar hann lést gilda reglur erfðalaga um heimildir til að ljúka skiptum með útgáfu leyfis handa maka hans til setu í óskiptu búi.

Þótt maki þess látna hafi fengið leyfi til setu í óskiptu búi er öðrum erfingjum heimilt að krefjast skrásetningar eigna og mats á þeim ef ætla má að þeir hafi hagsmuni af því til að staðreyna hvort þeir eigi rétt á að krefjast skipta vegna fjárstjórnar makans. Skal þá farið eftir fyrirmælum 17.–23. gr. eftir því sem átt getur við, að öðru leyti en því að búið verður ekki endurkrafið um kostnað skv. 3. mgr. 23. gr. nema til skipta komi af því tilefni.

28. gr.

Á þeim tíma, sem sýslumaður fer með forræði búsins skv. 1. mgr. 11. gr., getur hann veitt erfingjum þess látna leyfi til einkaskipta ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

1. að erfingjar eða umboðsmenn þeirra, lögráðamenn eða málsvarar óski allir eftir einkaskiptum í beiðni sem fullnægir ákvæðum 29. gr.,
2. að ekki sé óhjákvæmilegt að opinber skipti fari fram vegna fyrirmæla þess látna, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 37. gr. og 39. gr.,
3. að erfingjar sanni erfðaréttindi sín fyrir sýslumanni að því leyti sem þess verður krafist eftir 1. mgr. 12. gr.,
4. að erfingjar lýsi yfir að þeim sé ekki kunnugt um að aðrir geti talið til arfs eftir þann látna, enda hafi ekkert komið fram sem gefi tilefni til að ætla að svo geti verið,
5. að erfingjar hafi tekið að sér sjálfskuldarábyrgð, einn fyrir alla og allir fyrir einn, á öllum skuldbindingum sem kunna að hvíla á búinu og gjöldum sem leiða af skiptunum eða arftöku,
6. ef erfingi er ófjárráða eða honum hefur verið skipaður málsvari skv. 2. eða 3. mgr. 13. gr., að aðrir erfingjar ábyrgist að hann muni ekki þurfa að gjalda fyrir ábyrgð sína á skuldbindingum búsins umfram arfshluta sinn. Ef erfingjar eru allir ófjárráða eða þeim hafa öllum verið skipaðir málsvarar má í stað ábyrgðar annarra erfingja koma sams konar ábyrgð hvers lögráðamanns eða málsvara gagnvart skjólstæðingi sínum.

29. gr.

Beiðni um leyfi til einkaskipta skal vera skrifleg og undirrituð af erfingjum eða umboðsmönnum þeirra, lögráðamönnum eða málsvörum. Í henni eða fylgigögnum með henni skal eftirfarandi koma fram svo skýrt sem verða má:

1. hver sá látni hafi verið, kennitala hans, dánardagur og heimilisfang á dánardægri,
2. nöfn erfingja, kennitölur þeirra og heimilisföng, ásamt upplýsingum um grundvöll erfðaréttar hvers þeirra; getið skal umboðsmanna erfingja, lögráðamanna eða málsvara, ef því er að skipta,
3. hverjar séu eignir búsins og hvert verði talið andvirði hverrar þeirra eftir þeim reglum sem gilda um ákvörðun gjaldstofna til greiðslu erfðafjárskatts, en þó má tiltaka heildarsafn muna í einu lagi ef verðgildi einstakra muna er óverulegt. Hafi eignir verið skrásettar og eftir atvikum metnar til verðs skv. 17.–23. gr. má vísa til eignaskrár um þau atriði sem hún geymir upplýsingar um,
4. hverjar og hvers efnis einstakar skuldbindingar búsins séu, þar á meðal við gjafþega,
5. yfirlýsingar um atriði sem eru talin í 28. gr. eftir því sem þörf krefur,
6. að erfingjar muni hlíta þeim skilyrðum sem sýslumaður kann að setja fyrir heimild þeirra til einkaskipta, sbr. 31. gr.

Séu erfingjar fleiri en einn er þeim rétt að tilnefna í beiðni sinni einn eða fleiri úr sínum hópi eða annan tiltekinn mann sem má beina tilkynningum til í þágu búsins. Í beiðni má einnig tilnefna erfingja eða annan mann og veita honum eða þeim heimild til að gera tilteknar ráðstafanir í nafni búsins um hagsmuni þess. Sé annar tilnefndur í þessu skyni en erfingi skal hann rita samþykki sitt fyrir því á beiðnina.

Með beiðni um leyfi til einkaskipta skulu fylgja, eftir því sem átt getur við, erfðagerningur þess látna, kaupmáli eða annars konar samningur um fjármál hjóna eða sambýlisfólks og önnur skjöl sem geta haft þýðingu með sambærilegum hætti fyrir skipti búsins eða réttindi annarra á hendur því.

30. gr.

Sýslumaður kannar hvort skilyrði séu til að verða við beiðni um leyfi til einkaskipta svo fljótt sem verða má eftir að hún berst honum. Telji hann beiðninni í einhverju áfátt eða frekari upplýsingar skorta eða gögn getur hann veitt erfingjum tiltekinn frest til úrbóta.

Byggi erfingjar, sem æskja leyfis til einkaskipta, rétt sinn til arfs á erfðaskrá þess látna er sýslumanni heimilt að neita að taka afstöðu til beiðninnar þar til þeir hafi kynnt þeim erfðaskrána sem gætu talið til lögerfðaréttar.

Ef lögráðamaður eða málsvari kemur fram af hálfu erfingja og sýslumaður telur upplýsingar um eignir búsins eða skuldir ónógar getur hann lagt fyrir hlutaðeiganda að leita nánari vitneskju um efnahag búsins áður en afstaða verði tekin til beiðninnar, þar á meðal með því að fá eignir skrásettar og metnar eftir 17.–23. gr.

Þótt yfirlýsing hafi komið fram skv. 6. tölul. 28. gr. um ábyrgð gagnvart erfingja sem lögráðamaður eða málsvari kemur fram fyrir við skiptin getur sýslumaður synjað um leyfi til einkaskipta ef hann telur hagsmunum erfingjans stefnt í hættu vegna ábyrgðar hans á skuldbindingum búsins eða neitað að taka afstöðu til beiðninnar nema lögð sé fram viðunandi trygging fyrir ábyrgð gagnvart erfingjanum.

Hafi erfingjar tiltekið verðgildi eigna búsins að einhverju leyti eða öllu eftir eigin mati í beiðni sinni er sýslumanni heimilt að neita að verða við henni nema fengið sé mat á þeim eftir 17.–23. gr. ef hann telur slíkt mat nauðsynlegt til að erfðafjárskattur verði réttilega á lagður.

Telji sýslumaður skilyrðum til að veita leyfi til einkaskipta ekki fullnægt eða telji hann sýnt að erfingjar muni ekki geta lokið skiptum innan hæfilegs tíma skal hann synja um leyfið, enda hafi tilmælum hans eða ábendingum skv. 1.–5. mgr. ekki verið sinnt ef því er að skipta. Erfingjar geta krafið sýslumann um stuttan skriflegan rökstuðning fyrir synjun hans.

31. gr.

Þegar sýslumaður telur skilyrðum til einkaskipta fullnægt veitir hann erfingjum leyfi til þeirra með áritun sinni á beiðni þeirra eða með annarri skriflegri yfirlýsingu sem nægir erfingjum til að sýna fram á forræði sitt á dánarbúinu í lögskiptum við aðra.

Við veitingu leyfis til einkaskipta skal sýslumaður ákvarða erfingjum frest til að ljúka skiptum sem skal að jafnaði ekki vera lengri en nemur einu ári frá andláti. Að auki er sýslumanni heimilt að skilyrða leyfi til einkaskipta með eftirfarandi hætti, ef hann telur efni til:

1. að erfingjar leggi fram innan tiltekins frests nánari upplýsingar um eignir búsins eða verðgildi þeirra eða afli mats á þeim skv. 17.–23. gr. ef það verður talið nauðsynlegt til álagningar erfðafjárskatts,
2. að lögráðamaður eða málsvari erfingja geri reglubundið grein fyrir framvindu skiptanna meðan á þeim stendur,
3. að erfingjar efni tilteknar gjaldfallnar skuldbindingar búsins eða þær allar eða setji tryggingu fyrir þeim innan ákveðins frests.

Sýslumanni er heimilt að lengja frest til að ljúka einkaskiptum eftir skriflegri og rökstuddri beiðni erfingja ef hann telur óviðráðanleg atvik, sem erfingjum verður ekki gefin sök á, standa í vegi fyrir að skiptum verði lokið án frekari tafa.

32. gr.

Ef skiptum hefur ekki verið lokið skv. 25. eða 26. gr., eftirlifandi maki hefur ekki fengið leyfi til setu í óskiptu búi, erfingjar hafa ekki fengið leyfi til einkaskipta og krafa hefur ekki komið fram um opinber skipti á búinu innan fjögurra mánaða frá andláti skal sýslumaður skora bréflega á erfingja sem honum er kunnugt um að efna til einhverra þessara aðgerða innan tiltekins frests að því viðlögðu að hann muni ella krefjast opinberra skipta á búinu. Sýslumanni er þó heimilt að láta það hjá líða um sinn ef vænta má að erfingjar bæti úr innan skamms tíma, enda hafi þeir gert honum grein fyrir ástæðum þess að dráttur hafi orðið og hann telur erfingjum það afsakanlegt.

III. KAFLI
Sérstök réttindi erfingja við skipti dánarbúa.

33. gr.

Hafi sá látni verið í hjúskap þegar hann lést getur maki hans krafist þess að fá til eignar muni sem ella hefðu talist til eigna dánarbúsins skv. 1. mgr. 2. gr. ef þeir eru honum

nauðsynlegir til að leggja áfram stund á atvinnu sína eða menntun eða þeirra hefur aðallega eða eingöngu verið aflað til afnota hans og eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

1. að verðgildi munanna sé ekki slíkt að afhending þeirra verði talin ósanngjörn gagnvart öðrum erfingjum eða skuldheimtumönnum þess látna,
2. að sá látni hafi ekki ráðstafað munum sérstaklega á annan veg með erfðaskrá,
3. að makinn taki að sér skuldbindingar sem hvíla á munum eða hafa orðið til vegna öflunar þeirra.

Maki þess látna getur krafist þess við skiptin að ekki verði tekið tillit til eigna sinna sem ákvæði 1. mgr. geta átt við.

Börn þess látna, stjúpbörn eða fósturbörn sem áttu heimili hjá honum og voru á framfæri hans þegar hann lést, njóta réttar skv. 1. mgr. að maka hans frágengnum.

34. gr.

Hafi sá látni verið í hjúskap þegar hann lést fer um vörslur eigna dánarbúsins og maka hans, afnot af þeim og rétt til að ráðstafa þeim eftir ákvæðum 107. og 108. gr. að því leyti sem átt getur við.

Fjárslit milli dánarbúsins og maka þess látna skulu fara eftir því sem segir í 109. gr.

35. gr.

Hafi sá látni verið í hjúskap þegar hann lést er maka hans heimilt að leysa til sín einstakar eignir dánarbúsins eða þær allar, hvort sem þær voru hjúskapareignir þess látna eða séreignir í lifanda lífi, gegn greiðslu til búsins á því sem hann á ekki tilkall til af matsverði þeirra að arfi og búshluta, enda hafi sá látni ekki ráðstafað eignunum á annan veg með erfðaskrá.

Að því leyti sem greiðslu frá maka skv. 1. mgr. yrði varið til arfs ófjárráða niðja þess látna getur makinn krafist þess að fá gjaldfrest á greiðslu til þeirra þar til hver þeirra um sig verði fjárráða. Ákvæði lögræðislaga um lán af fé ófjárráða manna taka að öðru leyti til skilmála og trygginga eftir því sem átt getur við.

36. gr.

Að því leyti sem maki þess látna neytir ekki réttar skv. 35. gr. getur hver erfingi um sig krafist þess að fá útlagðar eignir búsins eftir matsverði til greiðslu arfs, enda hafi sá látni ekki ráðstafað eignunum sérstaklega með erfðaskrá. Með sama hætti getur maki krafist þess að fá eignir lagðar sér út upp í búshluta hvort sem þær voru hjúskapareignir þess látna eða séreignir.

Krefjist fleiri erfingjar en einn að fá sömu eign lagða sér út gengur maki alltaf fyrir öðrum erfingjum, en ella ræður hlutkesti. Verði talið að eignin hafi sérstakt gildi fyrir tiltekinn erfingja öðrum fremur skal hann þó ganga fyrir um útlagningu, en eigi það við um fleiri erfingja en einn skal hlutkesti milli þeirra ráða.

2. ÞÁTTUR
Opinber skipti á dánarbúum.
IV. KAFLI
Upphaf opinberra skipta.

37. gr.

Verði skiptum ekki lokið samkvæmt því sem segir í 25.–27. gr. skal sýslumaður krefjast opinberra skipta á dánarbúi svo fljótt sem eitthvað eftirfarandi liggur fyrir og þær upplýsingar hafa komið fram sem eru nauðsynlegar til að gera kröfuna skv. 42. gr.:

1. hafi sá látni mælt fyrir um opinber skipti í erfðaskrá eða tilnefnt þar ákveðinn mann til að annast skiptin,
2. hafi ekki verið upplýst um neinn erfingja þannig að ætla megi að arfur muni falla til ríkisins,

3. sé vafi um hverjir geti kallað til arfs úr búinu sem sýslumaður telur ekki verða greitt úr með öðrum hætti,
4. hafi erfingi látið uppi við sýslumann slíka afstöðu til atriðis sem getur í 28. gr. að hún girði fyrir að skilyrði geti orðið til einkaskipta,
5. hafi sýslumaður hafnað beiðni um leyfi til einkaskipta eða fellt slíkt leyfi niður,
6. hafi erfingjar ekki orðið við áskorun skv. 32. gr.

38. gr.

Hafi skiptum ekki verið lokið skv. 25.–27. gr. skal dánarbú tekið til opinberra skipta ef erfingi krefst þess hvort sem leyfi hefur áður verið veitt til einkaskipta eða ekki.

Þótt skiptum hafi verið lokið skv. 25. eða 26. gr. skal dánarbú tekið til opinberra skipta samkvæmt kröfu erfingja hvort sem sýslumaður hefur tekið skiptin upp á ný eða ekki ef sýnt er fram á að skilyrði hafi ekki verið til að ljúka skiptum með þeim hætti sem var gert.

Þótt maki þess látna hafi fengið leyfi til setu í óskiptu búi getur erfingi krafist þess að dánarbúið verði tekið til opinberra skipta hafi hann heimild til þess eftir ákvæðum erfðalaga.

Sá sem hefur verið í óvígðri sambúð með látna þegar hann lést getur krafist opinberra skipta með sama hætti og erfingi skv. 1. og 2. mgr. ef þeim skilyrðum er fullnægt um sambúðartíma sem koma fram í 100. gr.

39. gr.

Verði skiptum ekki lokið skv. 25.–27. gr. skal dánarbú tekið til opinberra skipta eftir kröfu þess sem hefur verið tilnefndur í erfðaskrá þess látna til að annast skiptin.

40. gr.

Hafi skiptum ekki verið lokið skv. 25.–27. gr. og erfingjar ekki fengið leyfi til einkaskipta innan sex mánaða frá andláti má taka dánarbú til opinberra skipta eftir kröfu þess sem á gjaldfallna kröfu á hendur búinu.

Þótt erfingjar hafi fengið leyfi til einkaskipta má hvenær sem er, meðan þeim er ólokið, taka dánarbú til opinberra skipta eftir kröfu þess sem á gjaldfallna kröfu á hendur búinu ef báðum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

1. að sýnt sé fram á að framferði erfingja eða ráðstafanir þeirra á hagsmunum búsins séu með þeim hætti að sérstök hætta sé á að krafan fáist ekki efnd með öðru móti,
2. að áður hafi verið skorað á erfingja að efna kröfuna og þeim verið veittur sanngjarn frestur til þess í ljósi atvika.

Taka má dánarbú til opinberra skipta eftir kröfu þess sem á kröfu á hendur því þótt skiptum hafi áður verið lokið skv. 25. eða 26. gr., sýni hann fram á að ekki hafi verið skilyrði til að ljúka skiptum með þeim hætti sem var gert, enda eigi hann ekki önnur úrræði til að fá kröfu sinni fullnægt.

41. gr.

Þótt svo standi á sem segir í 38.–40. gr. verður dánarbú því aðeins tekið til opinberra skipta að áður sé leitt í ljós að andvirði eigna þess hrökkvi fyrir kostnaði af skiptunum eða sá sem krefst skiptanna hafi sett tryggingu fyrir kostnaðinum.

Sá sem krefst opinberra skipta ber ábyrgð á greiðslu skiptakostnaðar þótt trygging fyrir honum hafi ekki verið áskilin í byrjun.

Krefjist sýslumaður opinberra skipta skv. 37. gr. greiðist kostnaður af þeim úr ríkissjóði ef eignir búsins hrökkva ekki fyrir honum.

42. gr.

Kröfu um opinber skipti skal beint skriflega til þess héraðsdómstóls sem hefur lögsögu í umdæmi þess sýslumanns sem skiptin eiga undir. Í kröfunni skal eftirfarandi koma fram:

1. hver sá látni hafi verið og eftir atvikum hvort skiptum hafi áður verið lokið skv. 25.–27. gr. eða erfingjum verið veitt leyfi til einkaskipta,
2. nafn, kennitala og heimilisfang þess sem krefst opinberra skipta og á hverju hann byggi rétt sinn til þess,
3. hverjir séu líklegir eftir fyrirliggjandi upplýsingum til að hafa uppi kröfu um arf eftir þann látna og hvar verði náð til þeirra, umboðsmanna þeirra, lögráðamanna eða málsvara,
4. hverjar þekktar eignir búsins séu í helstu atriðum og hverjar þær skuldbindingar þess séu sem vitað er um.

Með kröfu um opinber skipti skulu fylgja eftirrit úr dánarskrá og gerðabók sýslumanns og af erfðaskrá og öðrum gögnum sem hann kann að hafa tekið við vegna skiptanna og geta skipt máli. Kröfunni skulu einnig fylgja önnur gögn sem hún er studd við.

Ef krafist er opinberra skipta skv. 38.–40. gr. skal sá sem hefur kröfuna uppi senda samrit hennar þeim sýslumanni sem skiptin eiga undir.

43. gr.

Berist héraðsdómara krafa um opinber skipti sem hann telur þegar ljóst að skilyrði séu ekki til að verða við getur hann kveðið upp úrskurð um höfnun hennar án frekari aðgerða. Ella ákveður hann stað og stund til þinghalds þar sem beiðnin verður tekin fyrir og tilkynnir það í símskeyti, ábyrgðarbréfi eða með öðrum jafntryggum hætti þeim sem hefur kröfuna uppi og þeim sem þar er greint að kunni að telja til arfs eftir þann látna eða umboðsmönnum þeirra, lögráðamönnum eða málsvörum, enda hafi áður verið sett trygging skv. 1. mgr. 41. gr. ef hennar er þörf. Í tilkynningu skal jafnframt tekið fram hver hafi krafist opinberra skipta og á hvaða grundvelli, svo og hverju það varði ef ekki verður sótt þing.

Tilkynning skv. 1. mgr. skal berast þeim sem henni er beint til eða þeim sem er hæfur til að taka við stefnubirtingu fyrir hans hönd með sama fyrirvara og birta þyrfti honum stefnu í einkamáli. Héraðsdómari má þó ákveða skemmri fyrirvara ef hann telur brýna hagsmuni í húfi.

Ef ekki verður ráðið af því sem fram er komið hverjir geti krafist arfs eða hvar verði náð til þeirra og héraðsdómari telur ekki að ætlast megi til að sá sem krefst opinberra skipta geti aflað nánari vitneskju stendur það ekki í vegi opinberra skipta þótt þeim verði ekki tilkynnt um kröfuna.

44. gr.

Sæki sá ekki þing sem hefur uppi kröfu um opinber skipti þegar hún er tekin fyrir skal hún talin fallin niður. Ef krafist er getur héraðsdómari úrskurðað þeim ómaksþóknun sem hafa sótt þing vegna kröfunnar úr hendi þess sem hafði hana uppi.

Ef sá sækir þing sem krefst opinberra skipta, andmæli koma ekki fram gegn henni og ákvæðum 43. gr. er fullnægt tekur héraðsdómari kröfuna til úrskurðar.

Komi fram andmæli gegn kröfu um opinber skipti skal farið með hana eftir 1. mgr. 120. gr.

Héraðsdómari kveður upp úrskurð um hvort búið verði tekið til opinberra skipta hvort sem kröfu um það hefur verið mótmælt eða ekki. Hann skal gæta þess af sjálfsdáðum hvort lagaskilyrði séu til þeirra þótt ekki hafi verið móti því mælt.

Þótt úrskurður héraðsdómara um að bú verði tekið til opinberra skipta sé kærður til æðra dóms frestar það ekki framkvæmd þeirra, en þess skal gætt að aðgerðir raski ekki réttindum málsaðila meira en nauðsyn krefur meðan mál er enn óútkljáð.

Héraðsdómari skal tilkynna sýslumanni, sem skiptin eiga undir, um niðurstöður dómstóla um kröfu um opinber skipti.

45. gr.

Nú koma mótmæli fram gegn kröfu um opinber skipti og getur þá sá sem krefst skiptanna krafist að héraðsdómari kveði á um það í úrskurði að réttaráhrif leyfis, sem hefur verið veitt erfingjum til einkaskipta eða maka til setu í óskiptu búi, falli niður að einhverju leyti eða öllu ef sérstök hætta þykir á að ráðstafanir verði annars gerðar sem gætu rýrt réttindi þess sem krefst opinberra skipta. Héraðsdómari skal fara með slíka kröfu eftir 2. mgr. 120. gr.

Taki héraðsdómari til greina kröfu skv. 1. mgr. tekur sýslumaður á ný við forræði búsins að sama marki þar til héraðsdómari kveður á um hvort opinber skipti fari fram. Verði kröfu um opinber skipti síðan hafnað rakna réttaráhrif leyfis sjálfkrafa við.

Taki héraðsdómari eða æðri dómur til greina kröfu um opinber skipti fellur sjálfkrafa úr gildi leyfi til einkaskipta sem erfingjum kann að hafa verið veitt. Það sama á við um leyfi til setu í óskiptu búi að því leyti sem krafa um opinber skipti nær fram að ganga.

V. KAFLI
Skiptastjórar.

46. gr.

Þegar héraðsdómari hefur kveðið upp úrskurð um að bú sé tekið til opinberra skipta skipar hann skiptastjóra til að fara með skiptin með bókun í þingbók. Sé krafa um opinber skipti fyrst tekin til greina fyrir æðra dómi skipar héraðsdómari skiptastjóra svo fljótt sem þau úrslit verða honum kunn.

Engan má skipa í starf skiptastjóra nema hann lýsi sig fúsan til að taka starfann að sér og:

1. sé orðinn 25 ára gamall,
2. sé lögráða og hafi ekki misst forræði á búi sínu,
3. sé svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt starfanum,
4. hafi ekki orðið sannur að refsiverðu athæfi sem verður talið svívirðilegt að almenningsáliti eða athæfi sem gerir hann óverðugan nauðsynlegs trausts til að geta gegnt starfanum,
5. hafi lokið embættisprófi í lögum eða hafi annars þá þekkingu á lögum sem verður talin nauðsynleg til rækslu starfans,
6. eigi hvorki sjálfur kröfu til arfs úr búinu eða aðra kröfu á hendur því né maki hans né skyldmenni hans eða maka hans í beinan legg eða 1. lið til hliðar.

Hafi sá látni tilnefnt ákveðinn mann í erfðaskrá til að framkvæma skipti eftir sig skal sá skipaður skiptastjóri, enda fullnægi hann skilyrðum 2. mgr. Hafi sá látni tilnefnt fleiri menn en einn til að framkvæma skiptin í sameiningu skulu þeir báðir eða allir skipaðir til starfans ef ætla má að skiptin verði umfangsmikil eða aðrar sérstakar ástæður mæla með því, en annars skal héraðsdómari skipa einn eða fleiri úr þeirra hópi.

Andist skiptastjóri áður en skiptum er lokið, biðji hann héraðsdómara um lausn frá starfanum eða víki héraðsdómari honum frá skv. 47. gr. skal héraðsdómari tafarlaust skipa annan mann í hans stað.

Héraðsdómara er rétt að krefja skiptastjóra um tryggingu eða skilríki fyrir að hann hafi ábyrgðartryggingu vegna starfans og getur sett honum tiltekinn frest til að setja tryggingu eftir að skipun hefur átt sér stað.

Ákvörðun héraðsdómara um skipun manns í starf skiptastjóra verður ekki skotið til æðra dóms.

47. gr.

Erfingjum og öðrum þeim, sem hafa uppi kröfur á hendur búinu, er, meðan á opinberum skiptum stendur, heimilt að bera upp skriflegar aðfinnslur um störf skiptastjóra fyrir héraðsdómara sem hefur skipað hann. Komi slíkar aðfinnslur fram eða berist héraðsdómara með öðrum hætti vitneskja um að framferði skiptastjóra í starfi kunni að vera aðfinnsluvert skal hann kveðja skiptastjóra og þann sem kann að hafa haft aðfinnslur uppi á sinn fund til að

tjá sig um málefnið. Héraðsdómara er heimilt að kveðja fleiri hlutaðeigendur á fund sinn af slíku tilefni.

Telji héraðsdómari aðfinnslur á rökum reistar getur hann gefið skiptastjóra kost á að bæta úr innan tiltekins frests. Verði skiptastjóri ekki við því eða ef framferði hans í starfi hefur annars verið slíkt að ekki verði talið réttmætt að gefa honum kost á að ráða bót á starfsháttum sínum skal héraðsdómari víkja honum úr starfi þegar í stað með úrskurði. Héraðsdómari skal með sama hætti víkja skiptastjóra úr starfi ef hann setur ekki tryggingu skv. 5. mgr. 46. gr. innan tilskilins frests eða ef skiptastjóri fullnægir ekki lengur þeim hæfisskilyrðum sem eru sett í 2. mgr. 46. gr.

Fallist héraðsdómari ekki á að víkja skiptastjóra úr starfi skv. 2. mgr. getur sá sem hafði uppi aðfinnslur um störf hans krafist úrskurðar héraðsdómara um hvort skiptastjóranum verði vikið frá. Með sama hætti getur erfingi eða annar sá, sem hefur uppi kröfu á hendur búinu og telur skiptastjóra ekki fullnægja skilyrðum 2. mgr. 46. gr., krafist að héraðsdómari kveði á um það með úrskurði hvort skiptastjóra verði vikið frá af þeim sökum. Farið skal með slíkar kröfur eftir 121. gr.

48. gr.

Skiptastjóri annast öll störf sem lúta að meðferð búsins, en honum er heimilt á kostnað þess að leita sér aðstoðar eða þjónustu til að leysa af hendi einstök verk á sína ábyrgð.

Skiptastjóri á rétt til þóknunar fyrir störf sín sem greiðist af búinu eða þeim sem ábyrgist greiðslu skiptakostnaðar skv. 41. gr. Honum er heimilt að taka sér greiðslu af fé búsins upp í áfallna þóknun sína meðan á skiptum stendur, enda kynni hann ákvörðun um það á skiptafundi og það teljist tryggt að hann gangi ekki með þessu á hlut þeirra sem eiga rétthærri kröfur á hendur búinu.

Sá sem hefur verið skipaður skiptastjóri telst opinber sýslunarmaður meðan hann gegnir starfanum.

Skiptastjóra ber að bæta tjón sem hann kann að valda öðrum í starfi eftir almennum skaðabótareglum.

49. gr.

Skiptastjóri sér um reikningshald fyrir búið og gefur skýrslur til yfirvalda um fjármuni þess og rekstur eftir því sem þörf krefur.

Hafi skiptum ekki verið lokið innan sex mánaða frá því búið var tekið til opinberra skipta skal skiptastjóri gera yfirlit yfir efnahag og rekstur búsins, en upp frá því um hver áramót og mitt hvert ár þar til skiptum er lokið. Hver erfingi og hver sá, sem hefur lýst kröfu í búið en hefur ekki fengið efndir hennar, getur krafist að fá að sjá reikninga búsins. Skiptastjóra er heimilt á kostnað búsins að fela löggiltum endurskoðanda að gera reikninga þess eða endurskoða þá ef þess er krafist eða hann telur annars sérstaka ástæðu til.

50. gr.

Skiptastjóri skal halda skiptafundi með erfingjum og þeim sem hafa uppi kröfur á hendur búi eftir því sem mælt er fyrir í lögum þessum eða hann telur annars þörf.

Skiptastjóri ákveður hvar skiptafundir verða haldnir og hvenær, með hverjum fyrirvara þeir verði boðaðir og hvert fundarefni verði, að því leyti sem ekki er sérstaklega mælt fyrir um það í lögum þessum. Leitast skal þó við að skiptafundir verði haldnir á slíkum stað og tíma að ætla megi að sem flestir fundarmenn eigi hægt með að sækja þá.

Skiptastjóri skal boða til skiptafunda með þeim hætti að fram komi í aðalatriðum hvert fundarefni verði og sannað verði hvort fundarmanni hafi borist eða mátt berast fundarboð, en fundarmenn skulu þó einir gjalda þess hafi þeir ekki veitt skiptastjóra nægar upplýsingar um hvar til þeirra verði náð. Misfarist fundarboð til eins eða fleiri fundarmanna getur skiptastjóri

ákveðið að fresta fundi eða að halda hann með áskilnaði um rétt þeirra sem voru ekki boðaðir til að hafa uppi athugasemdir síðar um það sem þar fer fram.

Skiptastjóri stjórnar skiptafundum og atkvæðagreiðslum sem fara þar fram og ákveður í hverri röð málefni verði tekin fyrir og fundarmenn fái að tjá sig. Skiptastjóra er heimilt að vísa óviðkomandi mönnum af fundi, svo og fundarmönnum sem spilla þar starfsfriði.

Skiptastjóri færir fundargerðir á skiptafundum og skal hann gæta þess að fundarmönnum sé kynnt efni þeirra áður en fundi verður slitið og gefinn kostur á að hafa uppi athugasemdir um það.

51. gr.

Skiptastjóri tekur við skjölum sem hafa þýðingu fyrir skiptin og varðveitir þau um sinn eftir að hann lýkur störfum, að því leyti sem þau hafa ekki áður verið lögð fram í dómi eða afhent sýslumanni við lok opinberra skipta. Um afhendingu skjalanna til varðveislu á Þjóðskjalasafni skal farið eftir sömu reglum og eiga við um skjöl sem eru lögð fram í dómsmálum.

Sá sem sýnir skiptastjóra fram á að hann hafi lögvarinna hagsmuna að gæta getur krafist að fá aðgang að skjölum búsins til skoðunar og eftirrit af þeim á eigin kostnað meðan skiptastjóri hefur þau í vörslum sínum.

52. gr.

Þeim sem geta kallað til arfs eða gjafar úr búi og þeim sem hafa eignir þess í umráðum sínum er skylt að veita skiptastjóra þær upplýsingar og láta honum í té þau gögn um málefni þess látna eða búsins sem hann krefst. Sama skylda hvílir á opinberum stofnunum og öðrum stjórnvöldum og sýslunarmönnum, viðskiptabönkum og sparisjóðum, svo og öðrum sem geta haft vitneskju um eignir og skuldir dánarbús vegna viðskiptatengsla við þann látna eða af öðrum sambærilegum ástæðum.

Verði einhver sá, sem getur í 1. mgr., ekki við kröfu skiptastjóra um upplýsingar eða gögn má skiptastjóri fara þess skriflega á leit við héraðsdómara að hlutaðeigandi verði kvaddur fyrir dóm til að gefa skýrslu um málefnið sem vitni. Skal farið eftir reglum um meðferð einkamála í héraði um kvaðningu vitnis, skyldu til vitnisburðar, viðurlög á hendur vitni og skýrslutökuna sjálfa, eftir því sem átt getur við.

VI. KAFLI
Fyrstu aðgerðir við opinber skipti.

53. gr.

Skiptastjóri skal svo fljótt sem verða má eftir skipun hans boða til skiptafundar þá erfingja sem eru þekktir og vitað er hvar megi finna eða umboðsmenn þeirra, lögráðamenn eða málsvara.

Ef náð verður til allra sem má telja af því sem fram er komið að geti krafist arfs úr búinu eða umboðsmanna þeirra, lögráðamanna eða málsvara skal skiptastjóri krefja þá svara á skiptafundi skv. 1. mgr. um hvort erfingjar taki á sig ábyrgð á skuldbindingum búsins, nema þeir hafi áður fengið leyfi til einkaskipta og allir lýst yfir þeirri ábyrgð þá. Mæti ekki allir erfingjar til fundarins skal skiptastjóri skora bréflega á þá sem hafa ekki tjáð sig að láta uppi afstöðu sína innan tiltekins skamms frests hafi enginn erfingi áður hafnað að takast á hendur ábyrgð. Fáist ekki með þessum hætti ábyrgð allra erfingja á skuldbindingum búsins skal litið svo á að þeir hafi allir hafnað að takast hana á hendur.

Skiptastjóri kannar af sjálfsdáðum hvort kröfur um arf eftir þann látna eigi við rök að styðjast. Telji hann framkomna kröfu ekki fá staðist eða verði annars ágreiningur um réttindi til arfs skal hann beina málefninu til héraðsdóms eftir 122. gr.

54. gr.

Skiptastjóri skal leita vitneskju um hverjar eignir tilheyri búinu, hvar þær sé að finna og hver fari með umráð þeirra eða hafi umsjón með þeim. Hann skal tafarlaust gera ráðstafanir til að tryggja varðveislu eigna og taka ef með þarf við umráðum þeirra eða umsjón með þeim, nema hann telji hættulaust að munir búsins verði áfram í vörslum annarra, enda lýsi vörslumaður þá yfir að hann sé fús til að gæta þeirra áfram á eigin áhættu.

Hafi sá látni verið í hjúskap þegar hann lést skal skiptastjóri, hvort sem erfingjar hafa lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum búsins eða ekki, þegar í stað leita svara maka þess látna við því hvort hann vilji neyta réttar síns til að leysa til sín eignir búsins skv. 35. gr. Lýsi maki yfir vilja til þess skal skiptastjóri krefjast mats á þeim eignum búsins sem nauðsyn ber til hafi þess ekki þegar verið aflað eða sammæli orðið um verðmat þeirra sem skiptastjóri getur fallist á.

Hafi allir erfingjar lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum búsins og maki þess látna hefur ekki neytt réttar til að leysa þær til sín skal skiptastjóri leita svara erfingja á skiptafundi við því hvort þeir krefjist útlagningar á tilteknum eignum til greiðslu arfs. Komi fram krafa um útlagningu skal skiptastjóri krefjast mats á þeim eignum hafi þess ekki þegar verið aflað, nema sammæli verði um verðmat þeirra sem hann getur fallist á. Hafi erfingjar ekki lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum bús en síðar kemur í ljós að eignir muni koma til arfs skal farið eins með þær eignir sem hefur ekki þá þegar verið ráðstafað við skiptin.

Ákvæði 17.–23. gr. taka til mats sem skiptastjóri krefst á eignum bús og nýtur hann þá einnig þeirrar stöðu sem erfingjum er þar veitt.

Ef ágreiningur rís um réttindi maka til að leysa eignir búsins til sín eða um kröfur maka eða annarra erfingja um að fá þær lagðar sér út skal skiptastjóri leitast við að jafna hann. Takist það ekki skal skiptastjóri beina málefninu til héraðsdóms eftir 122. gr. Eins skal farið að ef ágreiningur verður um mat á eignum búsins sem skiptastjóri krefst.

55. gr.

Skiptastjóri skal, svo fljótt sem við verður komið, leita vitneskju um skuldbindingar búsins, eftir atvikum með könnun gagna þess látna og þinglýstra heimilda og með fyrirspurnum til erfingja, innheimtumanna opinberra gjalda og þeirra sem er vitað eða má telja líklegt að hafi átt í viðskiptum við þann látna.

VII. KAFLI

Meðferð krafna á hendur búi ef erfingjar ábyrgjast ekki skuldbindingar þess.

56. gr.

Skiptastjóri skal gefa út og fá birta innköllun vegna skiptanna ef yfirlýsingar hafa ekki komið fram af hálfu allra, sem af því sem fram er komið verða taldir erfingjar eftir þann látna, um að þeir taki á sig ábyrgð á skuldbindingum búsins. Eins skal farið að ef ekki er vitað um neinn erfingja eða tilefni er annars til að ætla að ekki sé vitað um þá alla.

Í innköllun skal koma fram nafn þess látna, kennitala, dánardagur og heimilisfang hans þá og að dánarbúið hafi verið tekið til opinberra skipta samkvæmt úrskurði uppkveðnum tiltekinn dag. Í henni skal skorað á þá sem telja sig eiga kröfur á hendur búinu eða til muna í vörslum þess að lýsa kröfum sínum fyrir skiptastjóra innan tveggja mánaða frá því innköllunin birtist fyrra sinni og skal tekið fram hvert kröfur skuli sendar. Ef óvíst er hvort allir erfingjar hafi gefið sig fram eða ekki hefur náðst til allra þekktra erfingja skal enn fremur skorað á þá sem telja sig eiga rétt til arfs eftir þann látna að lýsa kröfum sínum innan sama frests.

Innköllunin skal birt tvívegis í Lögbirtingablaði.

57. gr.

Kröfulýsing skal vera skrifleg og tekið fram í hvers þágu hún sé gerð svo að ekki verði um villst. Í henni skulu kröfur tilteknar svo skýrt sem verða má, svo sem fjárhæð kröfu og vaxta í

krónum og hverrar stöðu sé krafist að hún njóti í skuldaröð, eða um afhendingu tiltekins hlutar, ákvörðun á tilgreindum réttindum á hendur búinu, lausn undan tiltekinni skyldu við það, skyldu þess til ákveðinnar athafnar eða til að láta af henni, greiðslu kostnaðar af innheimtu kröfunnar eða gæslu hagsmuna af henni o.s.frv. Í kröfulýsingu skal enn fremur greina þær málsástæður sem kröfuhafi byggir rétt sinn á hendur búi á, svo og önnur atvik sem þarf að greina samhengis vegna.

Þau gögn skulu fylgja kröfulýsingu sem kröfur eru studdar við.

Skiptastjóri skal staðfesta móttöku kröfulýsingar ef eftir því er leitað.

Kröfulýsingu fyrir skiptastjóra fylgja sömu áhrif og ef mál hefði verið höfðað um kröfuna á þeirri stund sem hún berst honum.

58. gr.

Ef kröfu á hendur búi er ekki lýst fyrir skiptastjóra áður en fresti lýkur skv. 2. mgr. 56. gr. fellur hún niður gagnvart búinu nema:

1. kröfunni sé lýst áður en boðað er til skiptafundar um frumvarp til úthlutunar úr búinu og ef eignir búsins koma til greiðslu arfs, að allir erfingjar samþykki að krafan fái komist að, en ef eignir koma ekki til greiðslu arfs, að samþykki fáist fyrir því hjá ¾ hlutum þeirra kröfuhafa sem færu á mis við greiðslu með því að krafan kæmist að, talið bæði eftir höfðatölu þeirra og kröfufjárhæðum,
2. kröfuhafinn sé búsettur erlendis og hafi hvorki verið kunnugt né mátt vera kunnugt um opinberu skiptin, enda sé kröfunni lýst án ástæðulausra tafa og áður en boðað er til skiptafundar um frumvarp til úthlutunar úr búinu,
3. krafan hafi fyrst orðið til eftir upphaf opinberra skipta og henni er lýst án ástæðulausra tafa og áður en boðað er til skiptafundar um frumvarp til úthlutunar úr búinu,
4. ráðstafa megi eign búsins við nauðungarsölu til lúkningar kröfunni án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar,
5. krafan sé höfð uppi til skuldajafnaðar við kröfu búsins, enda hafi sá sem krefst skuldajafnaðar átt kröfu sína áður en búið var tekið til opinberra skipta.

Krafa um afhendingu eignar, sem búið hefur haft í vörslum sínum, fellur þó ekki niður þótt henni sé ekki lýst innan kröfulýsingarfrests. Hafi búið ráðstafað eigninni áður en kröfu um afhendingu hennar er lýst fer um réttindi á hendur búinu eftir fyrirmælum laga um gjaldþrotaskipti.

Krafa um arf eða gjöf úr búi fellur heldur ekki niður þótt henni sé ekki lýst.

59. gr.

Þegar kröfulýsingarfresti er lokið skal skiptastjóri tafarlaust gera skrá um þær kröfur sem hafa komið fram þar sem hann lætur í ljós sjálfstæða afstöðu sína til þess hvort og þá hvernig hann telji að viðurkenna eigi hverja kröfu um sig. Í skránni skal getið hvers efnis kröfurnar séu fjárhæða þeirra og umkrafinnar stöðu í skuldaröð ef því er að skipta. Skiptastjóra er þó óskylt að taka afstöðu til kröfu ef telja má fullvíst að ekki geti komið til greiðslu hennar að neinu leyti við skiptin.

Þegar kröfuskrá hefur verið gerð skv. 1. mgr. skal skiptastjóri boða erfingja og þá sem hafa lýst kröfum til skiptafundar með minnst tveggja vikna fyrirvara. Skiptastjóri skal senda erfingjum eða umboðsmönnum þeirra, lögráðamönnum eða málsvörum eintak af kröfuskrá með boðun sinni. Í boðun til þess sem hefur lýst kröfu skal tekið fram hverja afstöðu skiptastjóri hafi tekið til viðurkenningar kröfu hans eða honum sent eintak kröfuskrár með boðuninni. Í boðun skiptastjóra skal tekið fram hver áhrif það hafi eftir 3. mgr. 60. gr. að andmæli komi ekki fram gegn afstöðu hans til viðurkenningar krafna.

60. gr.

Kröfuhafi, sem vill ekki una afstöðu skiptastjóri til viðurkenningar kröfu sinnar á hendur búinu, skal lýsa yfir mótmælum sínum á skiptafundi sem er boðað til skv. 59. gr. eða tilkynna það skiptastjóra með bréfi sem berst honum ekki síðar en á þeim fundi. Með sama hætti er erfingja eða kröfuhafa rétt að mótmæla afstöðu skiptastjóra til viðurkenningar kröfu sem annar kröfuhafi hefur gert hafi niðurstaða um hana áhrif við skiptin á hagsmuni þess sem hefur uppi mótmælin.

Skiptastjóri leggur fyrir kröfuskrá og kröfulýsingar á skiptafundi ásamt mótmælum sem kunna að hafa borist skv. 1. mgr. Þar skal hann eftir föngum veita fundarmönnum þær skýringar sem þeir æskja um efni einstakra krafna, ástæður fyrir afstöðu hans til viðurkenningar þeirra og framkomin mótmæli gegn þeim. Komi fram mótmæli á fundinum gegn afstöðu skiptastjóra til viðurkenningar kröfu og þeir eru staddir þar báðir eða allir sem hafa mótmælt og mótmæli beinast gegn skal skiptastjóri reyna að jafna ágreininginn, en annars skal hann boða þá sem eiga hlut að máli sem fyrst til sérstaks fundar í því skyni. Verði ágreiningur ekki leystur með þeim hætti skal skiptastjóri beina málefninu til héraðsdóms eftir 122. gr.

Að því leyti sem mótmæli koma ekki fram skv. 1. mgr. gegn afstöðu skiptastjóra til viðurkenningar kröfu telst afstaðan endanlega samþykkt við skiptin.

61. gr.

Ef kröfu er lýst eftir að kröfulýsingarfresti er lokið en ekki er víst að hún sé fallin niður fyrir þær sakir skal skiptastjóri, svo fljótt sem verða má, taka afstöðu til þess hvort og þá hvernig hann telji eiga að viðurkenna hana. Hann skal boða erfingja og þann sem hefur lýst kröfunni til skiptafundar með þeim hætti sem segir í 2. mgr. 59. gr., svo og aðra kröfuhafa ef ekki er orðið ljóst að búið geti efnt kröfur þeirra. Ákvæði 60. gr. gilda um rétt til mótmæla gegn afstöðu skiptastjóra, meðferð mótmæla sem kunna að koma fram og þýðingu þess að engum mótmælum sé hreyft.

62. gr.

Á skiptafundi, sem er haldinn skv. 59. og 60. gr., skal skiptastjóri gera grein fyrir efnahag búsins og tilkynna fundarmönnum hvort hann muni fara með búið eftir því sem segir í 2. mgr. eða 3. mgr.

Telji skiptastjóri víst að andvirði eigna búsins muni nægja til að efna viðurkenndar kröfur á hendur því, að viðbættum kröfum sem ágreiningur stendur enn um og kröfum sem vitað er um og mætti koma að við skiptin þótt þeim hafi ekki verið lýst, skal hann greiða viðurkenndar og gjaldfallnar kröfur eftir því sem fé liggur þegar fyrir og berst síðar, en taka frá fé vegna ógjaldfallinna, umdeildra, skilyrtra eða óframkominna krafna sem hann greiðir þegar efni verða til. Frá skiptafundinum fer þá um skiptin eftir þeim reglum þessara laga sem gilda þegar erfingjar ábyrgjast skuldbindingar búsins eftir því sem þær geta átt við, en ekki verða erfingjar taldir bera ábyrgð á skuldbindingum búsins skv. 3. mgr. 80. gr. af þessum sökum.

Verði ekki farið þannig að sem segir í 2. mgr. skal skiptastjóri tilkynna héraðsdómara það skriflega og fara með búið upp frá því samkvæmt ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti án þess að frekari dómsúrskurðar, innköllunar, auglýsinga eða tilkynninga sé þörf. Verði afgangur eigna þegar skuldbindingar búsins hafa verið efndar skal farið með búið upp frá því eftir ákvæðum 2. mgr.

Erfingi eða kröfuhafi, sem vill ekki una ákvörðun skiptastjóra um það hvort hann fari með búið eftir 2. eða 3. mgr., getur mótmælt henni á þeim skiptafundi þar sem hún er kynnt. Komi slík mótmæli fram og takist skiptastjóra ekki að jafna ágreininginn skal hann beina málefninu til héraðsdóms eftir 122. gr.

VIII. KAFLI
Meðferð krafna á hendur búi ef erfingjar ábyrgjast skuldbindingar þess.

63. gr.

Hafi erfingjar einn fyrir alla og allir fyrir einn lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum búsins skal innköllun því aðeins gefin út vegna skiptanna að einhver þeirra krefjist þess um leið og hann lýsir yfir ábyrgð af sinni hendi. Skiptastjóri má þó verða við ósk erfingja um útgáfu innköllunar sem kemur fram síðar ef hann ætlar að það muni ekki leiða til teljandi tafa, enda hafi erfingjar ekki þegar fengið útlagðar eignir eða greiðslur upp í arf.

Ef innköllun er gefin út skv. 1. mgr. gilda ákvæði 56.–58. gr. um efni hennar, birtingu og réttaráhrif og um kröfulýsingar og frest til að koma þeim fram.

Þótt innköllun hafi ekki verið gefin út er hverjum þeim sem telur sig eiga kröfu á hendur búinu heimilt að lýsa henni fyrir skiptastjóra í því formi og með þeim áhrifum sem mælt er fyrir um í 57. gr.

64. gr.

Skiptastjóri skal boða erfingja til skiptafundar og kynna þeim kröfur sem er lýst fyrir honum eftir því sem þær berast eða annars svo oft sem hentugt þykir. Hafi innköllun verið gefin út skal þetta að jafnaði gert á einum fundi að liðnum kröfulýsingarfresti.

Hafi kröfu verið lýst og erfingi mótmælir henni hvort sem innköllun var gefin út eða ekki skal skiptastjóri boða hlutaðeigendur til sérstaks fundar til að leitast við að jafna ágreining þeirra, en takist það ekki skal skiptastjóri beina málefninu til héraðsdóms eftir 122. gr. Svo lengi sem kröfunni hefur ekki verið hrundið fyrir dómi nýtur sá sem hefur lýst henni þeirrar stöðu sem er kveðið á um í 2. mgr. 65. gr.

Mótmæli erfingjar ekki lýstum kröfum sem hefur verið fjallað um á skiptafundi og gjaldfallnar eru skal skiptastjóri efna þær fyrir búið í þeirri röð sem þeim var lýst og eftir því sem efni þess hrökkva til, nema erfingjar efni þær sjálfir eða taki að sér efndir þeirra með samþykki hlutaðeigenda. Standi ágreiningur um viðurkenningu gjaldfallinnar kröfu skal taka frá fé eða gera aðrar ráðstafanir til að mæta henni verði hún viðurkennd fyrir dómi.

65. gr.

Hafi innköllun verið gefin út má ekki leggja erfingjum út eignir úr búinu eða greiða þeim arf á annan hátt meðan kröfulýsingarfresti er ólokið.

Að öðru leyti má ekki leggja erfingjum út eignir eða greiða þeim upp í arf nema allar lýstar kröfur hafi verið efndar að því leyti sem efndatími þeirra er kominn og þær eru óumdeildar, en fé tekið frá eða trygging sett fyrir efndum umdeildra gjaldfallinna krafna eða hlutaðeigandi kröfuhafar samþykki annars slíkar ráðstafanir.

66. gr.

Þótt kröfu hafi verið lýst á hendur búi samkvæmt því sem segir í þessum kafla breytir það ekki rétti þess sem það hefur gert til að höfða mál um kröfu sína eða krefjast fullnustugerða án undangengins dóms eða sáttar á hendur erfingjum, einum eða fleiri, í skjóli ábyrgðar þeirra á skuldbindingum búsins.

IX. KAFLI
Bústjórn og skiptafundir um ráðstöfun hagsmuna búsins.

67. gr.

Meðan á opinberum skiptum stendur fer skiptastjóri með forræði dánarbúsins og er einn bær um að ráðstafa hagsmunum og svara fyrir skyldur þess. Hann kemur fram af hálfu búsins fyrir dómi og gerir samninga og aðra löggerninga í nafni þess.

Skiptastjóri skal einkum gæta þess í störfum sínum að skiptum verði lokið án ástæðulauss

dráttar, að réttindum búsins verði ráðstafað á sem hagkvæmastan hátt að því leyti sem þau verða ekki lögð erfingjum út, að kröfur þess og innstæður verði heimtar inn, að engin þau réttindi þess fari forgörðum sem geta haft verðgildi og að gripið verði til þeirra aðgerða sem verða annars taldar nauðsynlegar til að forða það tjóni. Hann skal og gæta þess að peningaeign búsins beri sem hagkvæmasta vexti á reikningi við banka eða sparisjóð með tilliti til þess um hve langan tíma megi ætla að hann hafi hana undir höndum.

68. gr.

Skiptastjóri skal þegar eftir skipun sína gera ráðstafanir um atvinnurekstur bús, gagnkvæma samninga þess og önnur atriði sem verða talin mikilvæg fyrir hagsmuni þess og þola ekki bið. Verði því komið við án þess að hætta sé á að hagsmunir búsins spillist skal skiptastjóri þó áður ráðfæra sig við þá erfingja og kröfuhafa sem eiga helstra hagsmuna að gæta við skiptin eftir því sem fram er komið eða málefnið getur varðað sérstaklega.

Að öðru leyti en því sem er mælt fyrir um í 1. mgr. skal skiptastjóri bera undir skiptafundi hvort mikilsverðum réttindum búsins skuli ráðstafað, hve fljótt það verði gert og hvernig, hvort kröfum verði haldið uppi eða réttindi gefin eftir sem einhverju nema, svo og aðrar ráðstafanir sem geta skipt miklu fyrir hag búsins, nema taka verði ákvörðun til að afstýra tjóni með svo skjótum hætti að því verði ekki komið við. Skiptastjóri getur borið aðrar ráðstafanir undir skiptafundi þótt óskylt sé.

Ákveði skiptastjóri að halda ekki uppi hagsmunum sem búið kann að njóta eða geta notið hvort sem það er gert samkvæmt ályktun skiptafundar eða ekki getur erfingi gert það í eigin nafni til hagsbóta búinu hafi skiptastjóri ekki þegar skuldbundið það á annan veg. Sá erfingi, sem vill gera slíkt, skal tilkynna það skiptastjóra tafarlaust og bera sjálfur kostnað og áhættu af aðgerðum sínum, en hann getur krafið búið um endurgreiðslu kostnaðar að því leyti sem því áskotnast fé af þeim.

Kröfuhafi, sem getur ekki vænst fullra efnda kröfu sinnar frá búinu, hefur sömu heimild og erfingjar njóta skv. 3. mgr.

Hafi erfingi eða kröfuhafi tekið að sér hagsmuni búsins skv. 3. eða 4. mgr. getur skiptastjóri hvenær sem er ákveðið að búið taki við þeim á ný, en áður skal þó hlutaðeiganda greiddur sá kostnaður sem hann hefur orðið að bera af þessum sökum.

69. gr.

Þótt erfingjar hafi ekki tekið ábyrgð á skuldbindingum búsins skal boða þá til skiptafunda, nema farið sé með það eftir fyrirmælum 3. mgr. 62. gr.

Hafi erfingjar ekki tekið ábyrgð á skuldbindingum búsins skulu kröfuhafar boðaðir til skiptafunda sem eru haldnir meðan kröfulýsingarfresti er ólokið. Þeir kröfuhafar, sem hafa ekki þegar fengið fullar efndir úr hendi búsins, skulu einnig boðaðir til skiptafunda eftir þann tíma. Hafi kröfuhafi uppi kröfu um annað en peningagreiðslu skal hann þó aðeins boðaður til fundar ef fjallað verður um hagsmuni hans.

Hafi erfingjar lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum búsins þarf ekki að boða aðra en þá til skiptafunda.

Að því leyti sem þarf að ákveða atkvæði á skiptafundum ráðast þau meðal erfingja af arfshlutföllum þeirra, þó þannig að maki þess látna nýtur einnig atkvæða af búshluta sínum ef ákvörðun varðar hjúskapareign. Meðal kröfuhafa ráðast atkvæði af fjárhæðum krafna þeirra, en að því leyti sem krafa er tryggð að hluta, ógjaldfallin, umdeild eða skilyrt, skal skiptastjóri ákveða henni atkvæði til bráðabirgða. Fari erfingjar og kröfuhafar í senn með atkvæði skal hvor hópur fara samanlagt með helming atkvæða. Séu atkvæði greidd um málefni sem varða sérstaka hagsmuni einstaks erfingja eða kröfuhafa skulu atkvæði hlutaðeiganda falla niður.

Skiptastjóra er heimilt að boða aðra til skiptafunda en skylt er skv. 1.–3. mgr. ef

fundarefni varðar hagsmuni þeirra eða nærvera þeirra gæti orðið til hagræðis. Slíkir fundarmenn njóta ekki málfrelsis eða tillöguréttar nema að því leyti sem skiptastjóri ákveður.

70. gr.

Skiptafundur er ályktunarfær ef hann er sóttur af þeim sem fara með minnst þriðjung atkvæða skv. 4. mgr. 69. gr.

Ef skiptafundur er ekki ályktunarfær skal skiptastjóri ráða fundarefninu til lykta, nema hann kjósi fremur að boða til nýs fundar um það.

Skiptastjóri er bundinn af ákvörðun ályktunarfærs skiptafundar hafi allir fundarmenn verið á einu máli. Telji skiptastjóri slíka ákvörðun þó andstæða lögum, óheiðarlega, óframkvæmanlega eða bersýnilega fara í bága við hagsmuni erfingja eða kröfuhafa, sem sóttu ekki fundinn eða geta enn gefið sig fram, má hann virða ákvörðunina að vettugi og annaðhvort leggja málefnið fyrir nýjan skiptafund eða ráða málefninu sjálfur til lykta.

Greini fundarmenn á um ákvörðun er skiptastjóra að öðru jöfnu rétt að fylgja ályktun meiri hlutans. Það skal þó ekki gert ef efni eru til að víkja frá henni vegna þeirra atvika, sem eru talin í 3. mgr., eða ef ætla má að meirahlutavaldi sé misbeitt minni hlutanum til tjóns. Telji skiptastjóri ekki fært að fara að ályktun meiri hlutans getur hann lagt málefnið fyrir nýjan skiptafund eða ráðið því sjálfur til lykta.

Falli atkvæði jöfn á skiptafundi eða fáist annars ekki ályktun meiri hluta skal skiptastjóri ráða málefninu til lykta á þann veg sem hann telur best eiga við, nema hann kjósi fremur að boða til nýs fundar um það.

71. gr.

Skiptastjóri skal kynna niðurstöður um fundarefni skv. 70. gr. jafnharðan á skiptafundum, nema hann telji nauðsynlegt að fresta ákvörðun til nýs fundar. Þá skal hann einnig kynna ráðstafanir sem hann hefur gert um hagsmuni búsins frá því fundur var síðast haldinn og geta skipt máli.

Mæti erfingi eða kröfuhafi ekki til skiptafundar, sem hann hefur verið sannanlega boðaður til, glatar hann rétti til að hafa uppi mótmæli eða kröfur vegna ákvarðana og ráðstafana sem hafa verið teknar þar eða kynntar.

Erfingi eða kröfuhafi, sem á atkvæði um málefni búsins og telur ákvörðun eða ráðstöfun skiptastjóra ólögmæta, getur mótmælt henni þegar á þeim fundi sem hún er kynnt, en ella á næsta fundi, sem hann er boðaður til, hafi hann ekki glatað rétti til þess skv. 2. mgr. Komi slík mótmæli fram skal skiptastjóri leitast við að jafna ágreininginn, en takist það ekki skal hann beina málefninu til héraðsdóms eftir 122. gr. Meðan ágreiningur hefur ekki verið leiddur til lykta skulu ekki gerðar ráðstafanir um málefnið nema nauðsynlegt sé til að réttindi eða munir fari ekki forgörðum eða rýrni að mun.

X. KAFLI

Lok opinberra skipta og endurupptaka þeirra.

72. gr.

Hafi erfingjar lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum búsins og það kemur í ljós, þegar eignum búsins hefur verið komið í verð og kröfulýsingarfresti er lokið ef innköllun hefur verið gefin út, að andvirði eigna nægi ekki nema til að greiða lýstar kröfur að nokkru leyti eða öllu, skal skiptastjóri ráðstafa fénu til greiðslu skiptakostnaðar og krafna samkvæmt því sem segir í 3. mgr. 64. gr., en gera síðan yfirlit um það fé sem hann hefur tekið við í þágu búsins og ráðstöfun þess. Að því gerðu skal hann boða erfingja til skiptafundar með minnst tveggja vikna fyrirvara til að ljúka skiptunum. Eintak yfirlitsins skal fylgja boðuninni.

Komi ekki fram ábendingar um frekari eignir eða réttindi búsins á skiptafundi sem er haldinn skv. 1. mgr. ritar skiptastjóri á yfirlit sitt að skiptum sé lokið með þeim ráðstöfunum

sem þar koma fram. Skal hann tilkynna þetta héraðsdómara skriflega, svo og sýslumanni sem skiptin áttu undir.

Verði ágreiningur um hvort skilyrði séu til að ljúka skiptum samkvæmt því sem segir í 2. mgr. skal skiptastjóri leitast við að jafna hann á skiptafundinum eða á sérstökum fundi með hlutaðeigendum. Takist það ekki skal skiptastjóri beina málefninu til héraðsdóms eftir 122. gr.

Skiptum má ljúka samkvæmt framansögðu þótt svo standi á sem segir í 76. gr., en þá skal farið eftir ákvæðum þeirrar greinar eftir því sem átt getur við.

73. gr.

Nú hefur sá látni verið í hjúskap, erfingjar hans hafa tekið á sig ábyrgð á skuldbindingum búsins eða farið er með skiptin eftir 2. mgr. 62. gr. og kröfulýsingarfresti er lokið ef innköllun hefur verið gefin út, og maki þess látna tilkynnir skiptastjóra skriflega að hann óski eftir að setjast í óskipt bú með einhverjum samerfingja sinna eða þeim öllum. Skal þá skiptastjóri, ef hann telur skilyrðum laga fullnægt fyrir slíkri heimild, senda þeim sýslumanni, sem skiptin áttu undir, umsókn makans um leyfi til setu í óskiptu búi og samrit þeirra gagna sem hann hefur undir höndum og geta skipt máli við mat á umsókninni. Veiti sýslumaður leyfið skal skiptastjóri ljúka opinberum skiptum þá þegar, eftir atvikum að því leyti sem efni eru til, og láta makanum í té forræði á þeim eignum sem renna til óskipta búsins, enda hafi kostnaður af skiptunum þá verið greiddur.

Ekki stendur það í vegi fyrir að opinberum skiptum ljúki skv. 1. mgr. að gjaldfallnar kröfur hafi ekki greiðst eða trygging verið sett fyrir þeim, en skiptastjóri skal þá tilkynna hlutaðeigandi kröfuhöfum um málalokin. Ef dómsmáli er ólokið til að leysa úr ágreiningi um kröfu á hendur búinu skal því þó haldið áfram ef kröfuhafinn kýs svo, en maki þess látna tekur þá við málsaðild af búinu og verður bundinn af niðurstöðu þess ef þeir hagsmunir sem um er að tefla renna til óskipta búsins eða falla á það.

Skiptastjóri tilkynnir héraðsdómara um lok opinberra skipta skv. 1. mgr.

74. gr.

Ef skilyrðum 28. gr. er fullnægt geta erfingjar komið því á framfæri við skiptastjóra að þeir óski eftir að fá leyfi til einkaskipta á búinu, enda sé kröfulýsingarfresti lokið ef innköllun hefur verið gefin út og lýstar og gjaldfallnar kröfur greiddar, trygging sett eða fé tekið frá fyrir þeim eða ófullnægðir kröfuhafar samþykkja ósk erfingjanna skriflega. Telji skiptastjóri að skilyrði geti verið fyrir einkaskiptum skal hann senda beiðni erfingjanna um heimild til þeirra þeim sýslumanni sem skiptin áttu undir. Veiti sýslumaður leyfið skal skiptastjóri ljúka opinberum skiptum þá þegar og láta erfingjum í té forræði á eignum búsins, en áður skal þó kostnaður af skiptunum greiddur.

Ef leyfi er veitt til einkaskipta skv. 1. mgr. og dómsmál er rekið til að leysa úr ágreiningi um kröfu á hendur búinu skal því haldið áfram ef gagnaðili búsins kýs svo, en erfingjar taka þá við fyrirsvari fyrir búið af skiptastjóra.

Skiptastjóri tilkynnir héraðsdómara um lok opinberra skipta skv. 1. mgr.

75. gr.

Hafi erfingjar lýst yfir ábyrgð á skuldum og skilyrðum 65. gr. er fullnægt, eða ef svo er ástatt sem segir í 2. mgr. 62. gr., getur skiptastjóri afhent þeim þær eignir, sem er afráðið að þeir fái lagðar sér út að arfi, þótt skiptum verði ekki enn lokið vegna annarra ástæðna. Skiptastjóri skal þó gæta þess að útlagning eigi sér ekki stað nema fé liggi fyrir til greiðslu skiptakostnaðar og að erfingi eigi enn tilkall til fjár sem nægi til greiðslu erfðafjárskatts úr hendi hans eða hann reiði það af hendi.

Kröfur gjafþega skulu efndar jafnskjótt og afráðið er um réttmæti þeirra og að búið geti

efnt þær, enda greiði gjafþegi skiptastjóra um leið erfðafjárskatt vegna gjafarinnar og kostnað sem kann að leiða af varðveislu og afhendingu hennar.

76. gr.

Skiptastjóri getur ákveðið að ljúka skiptum þótt kröfu hafi verið lýst sem er háð ókomnu skilyrði eða dómsmál er rekið um, eða sá tími er ókominn sem búið getur krafist að fá að efna hana ef fyrirséð þykir að nokkur bið verði enn eftir málalokum. Hafi erfingjar ekki lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum skal fé tekið frá til að efna slíkar kröfur, svo og endranær ef dómsmál er rekið um gjaldfallna kröfu, en um varðveislu þess og endurupptöku skipta til úthlutunar á því fer eftir 82. gr.

Ef búið telur til eigna eða réttinda sem eru umdeild eða má vænta að teljandi bið verði eftir að megi koma í verð eða komi til greiðslu getur skiptastjóri ákveðið að ljúka skiptum án tillits til þeirra. Hann skal þó fylgja réttindunum eftir og taka skiptin upp á ný skv. 83. gr. þegar búið getur ráðstafað þeim. Skiptastjóra er rétt að taka fé frá til að mæta útgjöldum af þessum sökum, en um meðferð þess skal farið eftir 1. mgr. að því leyti sem það nýtist ekki til fulls.

77. gr.

Þegar opinberum skiptum lýkur ekki skv. 72.–74. gr., lýstar kröfur á hendur búinu hafa eftir atvikum verið efndar og eignum þess hefur verið komið í verð að öðru leyti en því sem leiðir af fyrirmælum 75. og 76. gr., skal skiptastjóri, svo fljótt sem verða má, gera frumvarp til úthlutunar úr búinu. Í frumvarpinu skal eftirfarandi koma fram eftir því sem tilefni er til:

1. Yfirlit um eignir búsins, þannig að ráða megi af því hvað hafi verið til í reiðufé, fengist fyrir einstaka muni, innheimst af kröfum, unnist í vexti o.s.frv., en eignir sem hafa verið útlagðar erfingjum eða gjafþegum skulu greindar á því verði sem hefur verið metið eða ákveðið á annan hátt.
2. Yfirlit yfir kostnað af útför þess látna og af skiptunum sjálfum, en síðan skal greint hvað hafi verið greitt hverjum skuldheimtumanni, afhent gjafþegum eða varið á annan hátt til að efna skuldbindingar búsins.
3. Yfirlit um eignir sem koma ekki enn til skipta og fé sem er tekið frá um sinn, sbr. 76. gr.
4. Hversu mikið hver erfingi fái að arfi og að hverju marki hann fái muni lagða sér út og greiðslu í peningum, en tiltekið skal hverri fjárhæð verði haldið eftir til greiðslu erfðafjárskatts hvers erfingja eða eftir atvikum hvort erfingi hafi þegar reitt hann af hendi.

Það skal og tekið fram í frumvarpi ef erfðafé verður varðveitt eftir ákvæðum 81. gr. og með hverjum hætti það verði gert.

78. gr.

Skiptastjóri skal boða erfingja, umboðsmenn þeirra, lögráðamenn eða málsvara, til skiptafundar um frumvarp til úthlutunar með minnst tveggja vikna fyrirvara og skal eintak þess fylgja boðuninni. Það skal tekið fram í boðun að verði fundurinn ekki sóttur af hálfu erfingja eða hafi hann ekki uppi mótmæli þar gegn frumvarpinu þá verði litið svo á að hann samþykki það.

Á skiptafundi, sem er haldinn skv. 1. mgr., skal skiptastjóri leggja frumvarpið fram og veita þær upplýsingar sem erfingjar æskja um það. Erfingjum er rétt að krefjast aðgangs að gögnum um reikningshald búsins sem skiptastjóri hefur undir höndum.

Hafi erfingjar ekki uppi mótmæli á fundinum skal frumvarpið talið endanlega samþykkt af þeirra hendi, hvort sem þeir sækja fundinn eða ekki. Skiptastjóri skal þá rita á frumvarpið að það hafi verið samþykkt sem úthlutunargerð úr búinu og að skiptum sé þar með lokið.

79. gr.

Komi fram mótmæli gegn frumvarpi á skiptafundi skv. 78. gr. og þau varða önnur atriði þess en þau sem hlutaðeigandi hefur þegar glatað rétti til að mótmæla skv. 2. mgr. 71. gr. skal skiptastjóri krefja þann svara sem hefur mótmælin uppi um hverjar breytingar hann telji eiga að gera á frumvarpinu.

Komi eingöngu fram mótmæli sem skiptastjóri telur efni til að fallast á getur hann breytt frumvarpinu þeim til samræmis og lokið skiptum, ef aðeins eru leiðréttar augljósar eða óverulegar skekkjur eða fundurinn er sóttur af hálfu allra erfingja og þeir gera engar athugasemdir. Verði það ekki gert skal skiptastjóri boða til nýs fundar skv. 78. gr. um frumvarpið svo breytt.

Verði mótmælum ekki sinnt með þeim hætti, sem segir í 2. mgr., skal skiptastjóri kveðja þá til fundar sem mótmælin varða, séu þeir ekki á skiptafundinum, og leitast við að jafna ágreininginn. Takist það ekki skal skiptastjóri beina málefninu til héraðsdóms eftir 122. gr. Meðan slíkur ágreiningur er ekki leiddur til lykta verður skiptum ekki lokið nema allir hlutaðeigendur samþykki. Þegar ágreiningur hefur verið leiddur til lykta skal skiptastjóri gera nýtt frumvarp til úthlutunar og boða til fundar um það, sbr. 77.–79. gr., nema forsendur fyrra frumvarps standi óhaggaðar og telst það þá samþykkt.

80. gr.

Þegar frumvarp hefur verið samþykkt skal skiptastjóri standa skil á erfðafjárskatti og greiða erfingjum, umboðsmönnum þeirra eða lögráðamönnum arf og láta þeim í té skilríki fyrir eignarheimildum að því leyti sem það hefur ekki þegar verið gert.

Skiptastjóri skal tilkynna héraðsdómara skriflega að skiptum sé lokið. Einnig skal hann tilkynna það sýslumanni sem skiptin áttu undir og láta eintak úthlutunargerðar fylgja.

Hafi erfingjar lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum búsins og innköllun hefur ekki verið gefin út við opinber skipti bera þeir ábyrgð einn fyrir alla og allir fyrir einn á þeim skuldbindingum þess látna sem kunna síðar að koma fram þótt ekki hafi verið kunnugt um þær áður en skiptum lauk. Hafi innköllun verið gefin út bera þeir aðeins ábyrgð á þeim skuldbindingum sem var lýst eða halda gildi þrátt fyrir vanlýsingu en voru ekki greiddar við skiptin.

81. gr.

Hafi erfingi ekki gefið sig fram við skiptin og ókunnugt er hvar verði náð til hans skal skiptastjóri leggja erfðafé hans á reikning við banka eða sparisjóð, sem beri svo háa vexti sem kostur er. Hann skal afhenda sýslumanni, sem skiptin áttu undir, skilríki fyrir slíkum reikningi til varðveislu.

Hafi sýslumanni verið afhent skilríki fyrir arfi skv. 1. mgr., en innköllun hefur ekki verið gefin út til erfingja við skiptin, skal hann svo fljótt sem verða má fá birta tvívegis í Lögbirtingablaði áskorun til erfingjans um að vitja arfsins að því viðlögðu að fénu verði ráðstafað skv. 3. mgr.

Gefi erfingi sig ekki fram við sýslumann til að vitja arfs, sem er varðveittur skv. 1. mgr., eða einhver sá sem getur sannað rétt sinn til fjárins innan tíu ára frá því innköllun til erfingja var birt eða áskorun skv. 2. mgr., geta erfingjar þess, sem féð var varðveitt fyrir, krafist að fá það afhent eins og sá hefði ekki lifað þegar arfurinn féll. Komi slík krafa ekki fram innan eins árs frá lokum þess frests skal sýslumaður greiða féð í ríkissjóð.

Hafi erfingja verið skipaður málsvari skv. 2. mgr. 13. gr. og erfinginn getur ekki tekið við arfi sínum við lok skipta skal skiptastjóri fara svo að sem segir í 1. mgr. Sýslumaður varðveitir þá arfinn þar til erfinginn verður fær um að taka við honum eða annar sannar rétt sinn til að taka við honum í stað erfingjans.

82. gr.

Hafi skiptastjóri lokið skiptum en tekið frá fé til að mæta skilyrtri kröfu, umdeildri eða ógjaldfallinni, skal það lagt á sérgreindan reikning við banka eða sparisjóð sem beri svo háa vexti sem kostur er. Skiptastjóri varðveitir skilríki fyrir slíkum reikningi.

Þegar komið er í ljós um skilyrði fyrir kröfu, ágreiningur um hana hefur verið leiddur endanlega til lykta eða sá tími er kominn að hana megi efna, skal skiptastjóri taka skiptin upp á ný, ótilkvaddur eða samkvæmt kröfu erfingja eða þess sem á rétt til greiðslu. Skiptastjóri skal þá greiða kröfuna hafi málalok orðið á þann veg, en standi eitthvað eftir af því sem tekið var frá skal hann tafarlaust gera frumvarp til viðbótaruthlutunar til erfingja og fara að öðru leyti svo að sem segir í 78.–81. gr. Nemi sú fjárhæð svo litlu sem kæmi í hlut hvers erfingja að hún standi ekki undir kostnaði af viðbótaruthlutun má skiptastjóri þó greiða hana í ríkissjóð.

83. gr.

Hafi skiptum verið lokið án tillits til eignar sem búið gat þá ekki ráðið yfir, sbr. 2. mgr. 76. gr., skal skiptastjóri ótilkvaddur og tafarlaust taka skiptin upp á ný ef eignin stendur búinu til ráðstöfunar. Standi andvirði eignarinnar undir kostnaði af því skal skiptastjóri boða til skiptafundar um ráðstöfun hennar ef nauðsyn ber til, en að ráðstöfun lokinni skal hann gera frumvarp til viðbótaruthlutunar til erfingja og fara annars svo að sem segir í 78.–81. gr. Að öðrum kosti ráðstafar hann eigninni og greiðir andvirði hennar í ríkissjóð.

Komi fram eign eftir skiptalok, sem hefði átt að falla til búsins, skal skiptastjóri taka skiptin upp á ný, ótilkvaddur eða eftir kröfu erfingja. Að öðru leyti skal farið eftir fyrirmælum 1. mgr.

84. gr.

Opinber skipti verða ekki endurupptekin að öðru leyti en heimilað er í 82. og 83. gr.

Gefi einhver sig fram innan tíu ára frá lokum opinberra skipta sem hefði átt rétt til arfs eða gjafar úr búinu en gengið var framhjá við skiptin getur hann krafið hvern þann fyrir sig sem naut arfs í hans stað um endurgreiðslu fyrir sitt leyti. Sá sem naut arfsins verður ekki krafinn um arð eða vexti af fénu nema hann hafi tekið við arfinum gegn betri vitund.

3. ÞÁTTUR
Einkaskipti dánarbúa.

XI. KAFLI
Staða erfingja og kröfuhafa við einkaskipti.

85. gr.

Frá því erfingjar hafa fengið leyfi til einkaskipta á dánarbúi skv. 31. eða 74. gr. og þar til skiptum lýkur eða leyfi þeirra fellur niður fara þeir í sameiningu með forræði búsins og eru einir bærir um að ráðstafa hagsmunum og svara fyrir skyldur þess, þar á meðal við samningsgerð, fyrir dómi eða stjórnvöldum.

Erfingjum er heimilt að fela tilteknum manni, einum eða fleiri, að koma fram af hálfu búsins gagnvart öðrum í vissum lögskiptum eða í öllu tilliti eftir því sem þeir ákveða nánar, sbr. 2. mgr. 29. gr.

86. gr.

Við ráðstöfun á málefnum búsins verða erfingjar að vera einhuga um ákvörðun nema þeir semji um annað. Samningur milli erfingja um að ákvörðun ráðist af atkvæði meiri hluta þeirra girðir ekki fyrir að hver þeirra geti um sig krafist opinberra skipta á búinu skv. 1. mgr. 38. gr.

87. gr.

Erfingjum er heimilt að gefa út og fá birta innköllun í Lögbirtingablaði og skora þar á þá sem telja sig eiga kröfur á hendur búinu eða til muna í vörslum þess að lýsa þeim fyrir tilgreindum manni innan ákveðins frests. Slík innköllun hefur ekki þau áhrif sem er mælt fyrir um í 58. gr.

Hvort sem erfingjar gefa út innköllun eða ekki getur hver sá sem telur sig eiga rétt á hendur búinu lýst kröfu sinni fyrir erfingjunum eða þeim manni sem þeir hafa tilnefnt til að svara fyrir hagsmuni búsins. Slík kröfulýsing hefur ekki þau áhrif sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 57. gr., nema mál sé rekið um hana eftir 2. mgr. 90. gr.

Mál verður ekki höfðað á hendur dánarbúi þótt erfingjar hafi fengið leyfi til einkaskipta nema að því leyti sem mælt er fyrir um heimild til þess í 1. mgr. 4. gr., 3. mgr. 88. gr. og 2. mgr. 90. gr. Þó má hafa uppi gagnkröfu til skuldajafnaðar eða sjálfstæðs dóms á hendur dánarbúi ef það hefur höfðað mál um sína hagsmuni.

88. gr.

Fjárnám verður ekki gert í eign dánarbús þótt erfingjar hafi leyfi til einkaskipta, hvorki til fullnustu kröfu á hendur þeim látna né erfingja, einum eða fleiri, nema eignin standi að fyrra bragði til tryggingar fyrir kröfunni. Það sama á við um kyrrsetningu og löggeymslu.

Hafi erfingjar leyfi til einkaskipta getur sá sem hefur aflað sér dóms á hendur þeim látna um skyldu hans til athafnar fylgt kröfu sinni samkvæmt dóminum eftir með aðför á hendur dánarbúinu að því leyti sem kröfunni verður fullnægt eftir aðalefni sínu án fjárnáms. Þá má einnig beina kröfu að dánarbúi um útburðar- eða innsetningargerð án undangengins dóms og sáttar. Kröfu um málskostnað, sem kann að vera lagður á búið vegna ágreinings um aðför eftir þessari málsgrein, má fullnægja með fjárnámi á hendur erfingja, svo og kröfu um kostnað af gerðinni sem hefur verið ákveðinn við framkvæmd hennar.

Sá sem telur athöfn erfingja í nafni búsins brjóta gegn lögvörðum rétti sínum getur krafist að lögbann verði lagt við henni eftir almennum reglum, ef þeir hafa leyfi til einkaskipta. Mál til staðfestingar á lögbanni verður þá höfðað á hendur dánarbúinu og má sækja það í þeirri þinghá þar sem skiptin fara fram. Í slíku máli má dæma búið til greiðslu skaðabóta vegna brots á lögbanni og málskostnaðar, en slíku dómsákvæði má fullnægja með fjárnámi hjá erfingja.

Krefjast má nauðungarsölu á eign dánarbús eftir almennum reglum ef erfingjar hafa leyfi til einkaskipta og þeirri kröfu verður komið fram án aðgerða sem ákvæði 3. mgr. 87. gr. eða 1. mgr. þessarar greinar girða fyrir.

89. gr.

Ákvæði 87. og 88. gr. breyta í engu rétti þess sem telur sig eiga kröfu á hendur dánarbúi til að sækja hana á hendur erfingja í skjóli ábyrgðar hans á skuldbindingum búsins.

90. gr.

Ef ágreiningur rís milli erfingja við einkaskipti, hvort sem er um réttindi þeirra til arfs, réttindi eða skyldur búsins eða ráðstafanir á hagsmunum þess, getur einn þeirra eða fleiri leitað úrlausnar héraðsdóms um ágreiningsefnið eftir 123. gr. meðan skiptum er enn ólokið. Dómsmál verður ekki höfðað með öðrum hætti til að fá leyst úr slíku ágreiningsefni.

Ef ágreiningur verður um kröfu sem er beint að dánarbúi skv. 2. mgr. 87. gr. og erfingjar og sá sem hefur hana uppi eru allir á einu máli um það geta þeir leitað úrlausnar héraðsdóms um ágreiningsefnið eftir ákvæðum 123. gr. meðan skiptum er enn ólokið.

Einkaskiptum verður ekki lokið meðan máli skv. 1. eða 2. mgr. er ólokið nema allir hlutaðeigendur séu á það sáttir, en málinu má þá halda áfram í óbreyttu horfi þótt skiptum sé lokið.

XII. KAFLI
Niðurfelling leyfis til einkaskipta.

91. gr.

Sýslumaður skal fella niður leyfi til einkaskipta og taka við forræði búsins á ný ef erfingjar ljúka ekki skiptum innan þess frests sem hann hefur veitt þeim, þeir hlíta ekki öðrum skilyrðum sem hann hefur sett fyrir einkaskiptum eða hann synjar um staðfestingu einkaskiptagerðar skv. 2. mgr. 94. gr. Erfingjum skal þó að jafnaði gefinn kostur á að tala máli sínu áður en leyfi verður fellt niður og er sýslumanni heimilt að veita þeim tiltekinn frest til úrbóta ef hann telur það geta borið árangur.

Leyfi til einkaskipta verður ekki að öðrum kosti fellt niður nema eftir ákvæðum 45. gr.

92. gr.

Ráðstafanir erfingja á hagsmunum búsins gagnvart þriðja manni, sem þeir hafa gert í skjóli leyfis til einkaskipta, raskast ekki af því einu að leyfi þeirra sé síðar fellt niður. Ákvarðanir, sem erfingjar hafa tekið um réttindi sín á milli, binda þá eftir reglum um gildi loforða, sbr. þó 2. mgr.

Hafi erfingjar fengið eignir búsins útlagðar við einkaskipti og leyfi þeirra er síðan fellt niður ber hverjum þeirra að skila því aftur sem hann hefur tekið við ef búið krefst þess. Geti erfingi ekki skilað eign má búið krefja hann um fjárhæð sem nemur andvirði hennar þegar útlagning átti sér stað ásamt vöxtum.

XIII. KAFLI
Lok einkaskipta.

93. gr.

Þegar erfingjar telja málefnum búsins nægilega ráðið til lykta og innan þess frests sem þeim hefur verið ákveðinn til að ljúka einkaskiptum skulu þeir leggja einkaskiptagerð fyrir sýslumann. Í henni skal eftirfarandi m.a. koma fram:

1. Nafn þess látna, kennitala, dánardagur og heimilisfang á dánardægri.
2. Hverjir séu erfingjar þess látna, kennitölur þeirra og heimilisföng, og eftir atvikum hverjir hafi komið fram af þeirra hálfu sem lögráðamenn eða málsvarar.
3. Hverjar eignir búsins hafi verið í byrjun og hvað hafi fengist í arð eða vexti af þeim, en tiltekið skal verðgildi einstakra muna eða safns samkynja muna sem erfingjar leggja til grundvallar um skiptin sín á milli.
4. Hverjar kröfur hafi komið fram á hendur búinu, hverjar þeirra hafi verið greiddar og hvernig fari um þær sem hafa ekki enn verið efndar.
5. Hvernig hver erfingi hafi fengið eða muni fá arf sinn greiddan eða lagðan sér út.

Einkaskiptagerð skal vera skrifleg og undirrituð af erfingjum eða umboðsmönnum þeirra, lögráðamönnum eða málsvörum. Þau gögn skulu fylgja henni sem erfingjar telja horfa til skýringa.

Við afhendingu einkaskiptagerðar skulu erfingjar leggja þær yfirlýsingar fyrir sýslumann til staðfestingar sem þeir þurfa á að halda til að þinglýsa eða skrá eignarréttindi sín að munum eða réttindum sem þeir taka að arfi. Þá skulu erfingjar enn fremur afhenda sýslumanni þær skýrslur og skjöl sem þeim er skylt til ákvörðunar og greiðslu erfðafjárskatts.

Nú eru eignir búsins óverulegar eða einkaskiptin eru einföld í sniðum af öðrum ástæðum, og er þá sýslumanni heimilt að ósk erfingja að láta hjá líða að krefja þá um einkaskiptagerð ef honum þykja nægar upplýsingar koma fram í erfðafjárskýrslu um þann látna, erfingja hans, eignir búsins og skuldbindingar þess. Ef einkaskiptagerð er ekki lögð fyrir sýslumann skal litið svo á að erfingjar hafi fengið allar eignir búsins lagðar út eftir arfshlutföllum, eftir atvikum með tilliti til búshluta maka þess látna.

94. gr.

Sýslumaður skal, svo fljótt sem verða má, taka afstöðu til einkaskiptagerðar og þeirra skjala sem erfingjar leggja fyrir hann eftir 3. mgr. 93. gr. Honum er heimilt að krefja erfingja um nánari skýringar á sérhverju því sem hann telur þörf og frekari gögn um einstök atriði.

Telji sýslumaður skorta á að einkaskiptagerð fullnægi ákvæðum 1. og 2. mgr. 93. gr. eða að eignir eða skuldbindingar búsins kunni að vera svo vantaldar eða ranglega metnar að hætta sé á að erfðafjárskattur verði ekki réttilega ákveðinn eða að brotið verði gegn réttindum erfingja sem lögráðamaður eða málsvari kemur fram fyrir skal hann að öðru jöfnu gefa erfingjum kost á að bæta úr því sem er áfátt, þá þegar eða innan tiltekins frests. Sinni erfingjar því ekki eða telji sýslumaður annmarka svo verulega að ekki megi ætla að erfingjar muni bæta úr skal hann synja um staðfestingu einkaskiptagerðar. Eins skal farið að ef annmarkar eru á þeim gögnum sem erfingjum ber að láta af hendi eftir 3. mgr. 93. gr., en sýslumanni er þó heimilt að staðfesta einkaskiptagerð þótt ekki liggi fyrir fullnægjandi yfirlýsingar um eignarréttindi erfingja að einstökum munum eða réttindum búsins.

Ef sýslumaður telur einkaskiptagerð og önnur framkomin skjöl fullnægjandi skal hann árita hana um staðfestingu.

95. gr.

Einkaskiptum er lokið þegar sýslumaður hefur staðfest einkaskiptagerð skv. 3. mgr. 94. gr.

Einkaskipti verða ekki tekin upp á ný nema síðar komi fram eignir sem hefðu átt að koma til skipta. Erfingjar skulu tilkynna sýslumanni ef slíkt tilefni verður til að taka skiptin upp, en leyfi til einkaskipta skal þá gefið út á ný eftir fyrri umsókn þeirra, eftir atvikum að fengnum yfirlýsingum þeirra sem koma í stað látinna erfingja. Skiptum skal síðan lokið á ný eftir ákvæðum 93. og 94. gr., en við endurupptöku verður ekki hreyft við því sem áður var gert við skiptin.

Ákvæði 2. mgr. 84. gr. gilda um rétt þess sem kann að hafa verið gengið fram hjá við einkaskipti.

96. gr.

Hafi sérstakur lögráðamaður verið skipaður skv. 1. mgr. 13. gr. skal hann tafarlaust afhenda reglulegum lögráðamanni erfingjans arfinn eða skilríki fyrir honum þegar útlagning hefur átt sér stað eða einkaskiptum hefur verið lokið.

Hafi erfingja verið skipaður málsvari skv. 2. eða 3. mgr. 13. gr. skal málsvarinn standa skil á arfinum eftir 1. eða 4. mgr. 81. gr. Hafi málsvari verið skipaður eftir 3. mgr. 13. gr. skal sýslumaður fara svo að sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 81. gr.

97. gr.

Eftir að einkaskiptum er lokið bera erfingjar einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð á skuldbindingum búsins án tillits til þess hvort þeim var kunnugt um þær áður en skiptum var lokið.

4. ÞÁTTUR

Opinber skipti á öðru en dánarbúum.

XIV. KAFLI

Opinber skipti til fjárslita milli hjóna o.fl.

98. gr.

Hafi annað hjóna eða þau bæði sótt um leyfi til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar án undangengins skilnaðar að borði og sæng, en sammæli hafa ekki tekist um skipti milli þeirra fyrir yfirvaldi, getur annað þeirra eða þau bæði krafist að opinber skipti fari

fram til fjárslita milli þeirra, enda séu ekki leiddar að því líkur að umsókn um leyfi til skilnaðar kunni að verða hafnað.

Hafi dómsmál verið höfðað til skilnaðar hjóna að borði og sæng, lögskilnaðar þeirra eða ógildingar hjúskaparins, getur annað þeirra eða þau bæði krafist að opinber skipti fari fram til fjárslita milli þeirra.

99. gr.

Annað hjóna getur krafist opinberra skipta til fjárslita milli sín og maka síns þótt hjúskapnum hafi ekki verið slitið:

1. ef maki þess rýrir hjúskapareign sína með vangæslu á fjármálum sínum, misbeitingu á ráðum yfir hjúskapareign eða annarri óhæfilegri framkomu, eða gefur sérstakt tilefni til óttast að svo fari,
2. ef bú maka þess er tekið til gjaldþrotaskipta.

Hjón geta að auki krafist opinberra skipta til fjárslita milli sín ef þau eru sammála um það.

100. gr.

Ef karl og kona slíta óvígðri sambúð eftir að hafa búið saman samfleytt í að minnsta kosti tvö ár eða búið saman skemmri tíma og annaðhvort eignast barn eða konan er þunguð af völdum karlsins getur annað þeirra eða þau bæði krafist opinberra skipta til fjárslita milli þeirra.

101. gr.

Krafa um opinber skipti skal vera skrifleg og skal henni beint til héraðsdómstólsins í því umdæmi þar sem aðilarnir eiga eða áttu síðast sameiginlegt lögheimili, nema þeir semji um annað.

Í kröfu um opinber skipti skal eftirfarandi koma fram:

1. Nöfn aðilanna, kennitölur þeirra beggja og heimilisföng, ásamt upplýsingum um umboðsmenn sem þau kunna að hafa tilnefnt vegna málefnisins.
2. Hvor aðilanna hafi uppi kröfu um opinber skipti og á hverju hann byggi rétt sinn til þess.
3. Hverjar séu helstu eignir og skuldir aðilanna, en greint skal sérstaklega milli hjúskapareigna og séreigna ef um hjón er að ræða.

Gögn skulu fylgja kröfunni til stuðnings því að skilyrði séu fyrir opinberum skiptum skv. 98., 99. eða 100. gr., svo og önnur gögn sem má ætla að hafi þýðingu við mat á kröfunni.

Krafa um opinber skipti verður því aðeins tekin til greina að telja megi sýnt af því sem fram er komið að eignir muni nægja fyrir skiptakostnaði eða sá sem hefur kröfuna uppi setji tryggingu fyrir honum. Sá sem krefst opinberra skipta ábyrgist greiðslu skiptakostnaðar þótt hann hafi ekki verið krafinn um tryggingu í byrjun.

Farið skal eftir ákvæðum 43. gr. og 1.–5. mgr. 44. gr. við meðferð kröfu og úrskurð héraðsdómara um opinber skipti samkvæmt þessum kafla.

102. gr.

Skiptin teljast byrjuð þegar héraðsdómari kveður upp úrskurð um að opinber skipti fari fram eða krafa um þau er fyrst tekin til greina fyrir æðra dómi. Skipar héraðsdómari þá skiptastjóra til að fara með þau með bókun í þingbók. Ákvæði V. kafla taka til skiptastjóra við opinber skipti eftir þessum kafla.

103. gr.

Ef aðili að opinberu skiptunum er ólögráða kemur lögráðamaður fram af hans hálfu við þau, þar á meðal varðandi kröfu um þau.

Hafi krafa um opinber skipti verið tekin til greina og svo er ástatt um aðila að þeim sem

segir í 2. eða 3. mgr. 13. gr. skal skiptastjóri fara þess á leit við sýslumann að hann skipi aðilanum málsvara til að koma fram fyrir hans hönd við skiptin, nema skiptastjóri telji að það megi ljúka þeim án þess að atbeina aðilans verði þörf. Ákvæði 4. mgr. 13. gr., 14. gr., 15. gr. og 2. mgr. 96. gr. gilda um slíka málsvara.

104. gr.

Ef ekki verða sammæli um annað koma aðeins til skipta þær eignir og þau réttindi aðilanna sem verða ekki taldar séreignir annars þeirra og tilheyrðu þeim þegar yfirvald tók fyrst fyrir umsókn um leyfi til skilnaðar, dómsmál var höfðað til skilnaðar eða ógildingar hjúskapar, héraðsdómari tók fyrst fyrir kröfu um opinber skipti til fjárslita milli hjóna án skilnaðar eða ógildingar hjúskapar, eða óvígðri sambúð var slitið. Að auki skulu koma til skipta arður, vextir og annars konar tekjur sem hafa fengist síðan af þeim eignum og réttindum. Með sama hætti skal aðeins tekið tillit til skulda aðilanna sem höfðu stofnast en voru ekki greiddar á því tímamarki.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er hvoru hjóna um sig heimilt að krefjast að fá muni til eignar utan skipta, sem því eru nauðsynlegir til að halda áfram atvinnu eða menntun sinni eða hefur eingöngu eða aðallega verið aflað til afnota þess, hvort sem munirnir eru hjúskapareignir þess sjálfs eða hins hjónanna, ef verðgildi munanna er ekki slíkt að þetta verði talið ósanngjarnt gagnvart hinu hjónanna, og það hjónanna sem fær muni með þessum hætti tekur að sér þær skuldir sem hvíla á munununum eða hafa orðið til vegna öflunar þeirra. Með sömu skilyrðum getur það hjónanna sem fer með forsjá sameiginlegs ófjárráða barns þeirra krafist af hálfu barnsins að það fái til eignar utan skipta muni sem það hefur haft afnot af úr hjúskapareign hvors hjónanna um sig. Við fjárslitin skal ekki tekið tillit til eigna og skulda sem er farið með á þennan hátt.

Sambýlisfólk og sameiginleg ófjárráða börn þeirra njóta sama réttar og mælt er fyrir um í 2. mgr. þegar opinber skipti fara fram við slit óvígðrar sambúðar.

105. gr.

Skiptastjóri skal, svo fljótt sem verða má eftir skipun hans, boða aðilana, umboðsmenn þeirra, lögráðamenn eða málsvara, til skiptafundar og leita þar vitneskju um hverjar eignir geti komið til skipta skv. 104. gr., hvorum aðilanum þær tilheyri, hvert verðmæti þeirra sé, hvar þær sé að finna, hver fari með umráð þeirra og hvort séreignir séu fyrir hendi og þá hverjar.

Skiptastjóri heldur svo oft skiptafundi sem hann telur þörf til að afla upplýsinga um þau atriði sem er getið í 1. mgr. Að öðru leyti leitar hann ekki vitneskju um þau sjálfur, nema annar aðilinn eða báðir krefjist þess og honum verði talið kleift að verða við því.

Verði ekki sammæli um verðmat eigna og liggi ekki þá þegar fyrir að þeim verði komið í verð við skiptin getur hvor aðilinn sem er krafist að skiptastjóri æski mats á þeim eftir 17.–23. gr. og njóta þá báðir aðilarnir þeirrar stöðu sem erfingjum er veitt í þeim ákvæðum. Skiptastjóra skal gefinn kostur á að vera viðstaddur þegar mat fer fram.

Hafi eignum eða réttindum, sem ættu að koma til skipta, verið ráðstafað eftir þann tíma, sem getur í 1. mgr. 104. gr., en áður en opinber skipti byrjuðu og sammæli verða ekki annaðhvort um að taka ekki tillit til þeirra eða um verðgildi þeirra, skal það ákveðið með mati með sama hætti og segir í 3. mgr.

106. gr.

Á skiptafundum sem eru haldnir skv. 105. gr. skal skiptastjóri enn fremur afla upplýsinga um þær skuldir aðilanna sem koma til álita eftir 1. mgr. 104. gr. Að öðru leyti leitar hann ekki sjálfur vitneskju um skuldir, nema annar aðilinn eða þeir báðir krefjist þess og honum verði talið kleift að verða við því.

Telji annað hjóna sig eiga endurgjaldskröfu á hendur hinu eða að hinu beri að greiða skuld af séreign sinni skal það koma fram á skiptafundi þegar leitað er vitneskju um skuldir að öðru leyti.

Ef annar aðilinn eða báðir óska eftir því á fyrsta skiptafundi skal skiptastjóri gefa út og fá birta í Lögbirtingablaði innköllun þar sem skorað er á þá sem telja til skulda á hendur aðilunum að lýsa kröfum sínum fyrir skiptastjóra innan tveggja mánaða frá því innköllunin birtist fyrra sinni. Skiptastjóri má verða við ósk um þetta, þótt hún komi síðar fram, ef skiptin eru enn skammt á veg komin og hann telur innköllun munu þjóna tilgangi og ekki leiða til óþarfa tafa.

Innköllun skv. 3. mgr. hefur ekki þau áhrif sem er mælt fyrir um í 4. mgr. 57. gr. og 58. gr. og veitir hún kröfuhöfum hvorki rétt til afskipta né til að krefjast efnda við skiptin. Við skiptin skal tekið tillit til krafna sem berast eftir lok kröfulýsingarfrests en áður en skiptum lýkur.

Hvort sem innköllun er gefin út eða ekki skal skiptastjóri gefa báðum aðilunum kost á að tjá sig á skiptafundi um þær skuldir sem upplýst er um.

107. gr.

Aðilarnir eiga hvor um sig rétt á að hafa vörslur þeirra eigna sem koma til skipta skv. 104. gr. og þeir höfðu í vörslum sínum þegar opinber skipti byrjuðu, þar til skiptastjóri kveður á um annað skv. 2. mgr. Það sama á við um afnot eigna að því leyti sem afnotin rýra ekki verðgildi þeirra óeðlilega.

Skiptastjóri getur ákveðið að annar aðilinn verði sviptur vörslum eignar eftir kröfu gagnaðilans og að hann taki við vörslunum sjálfur eða fái þær gagnaðilanum:

1. ef meðferð vörsluhafans á eigninni gefur sérstakt tilefni til að óttast að hún geti farið forgörðum, spillst eða rýrnað verulega í verði,
2. ef teljandi munur er á verðgildi eða afnotagildi þeirra eigna sem hvor aðilinn hefur í vörslum sínum, unnt þykir að jafna aðstöðu þeirra með því að vörsluskipti verði á einhverjum þessara eigna og ástæða er til að ætla að aðilarnir muni ekki fá þær eignir lagðar sér út við skiptin sem hvor þeirra hefur í vörslum sínum í byrjun,
3. ef gagnaðili vörsluhafans eða barn þeirra á rétt til eignarinnar án tillits til skiptanna, sbr. 104. gr.,
4. ef ákveðið hefur verið að ráðstafa eigninni við skiptin og vörsluhafinn þykir torvelda að þeirri ákvörðun verði framfylgt,
5. ef eigninni hefur þegar verið ráðstafað eða hún hefur verið útlögð gagnaðila vörsluhafans og hann lætur hana ekki af hendi.

Ef um skipti er að ræða milli hjóna verður annað þeirra ekki svipt vörslum séreignar sinnar nema því hafi verið mótmælt við skiptin að um séreign sé að ræða, ágreiningur um það hafi ekki verið leiddur til lykta og svo standi á sem segir í 1. tölul. 2. mgr.

Neiti vörsluhafi að hlíta boði skiptastjóra um að láta eign af hendi getur skiptastjóri krafist úrskurðar héraðsdóms um skyldu hans til þess. Farið skal með slíkt málefni eftir 1. mgr. 124. gr. Taki héraðsdómari kröfu skiptastjóra til greina má kveða svo á í úrskurðinum að honum megi fullnægja með aðför án aðfararfrests. Kæra úrskurðarins frestar ekki heimild til aðfarar eftir honum.

108. gr.

Meðan opinber skipti standa yfir er skiptastjóri einn bær um að ráðstafa þeim eignum sem koma til skipta skv. 104. gr. og til að taka við þeim eða greiðslu andvirðis þeirra úr hendi þriðja manns, nema þær hafi þegar verið lagðar aðilum út skv. 110. gr.

109. gr.

Við skiptin skal greina milli þeirra eigna sem tilheyra hvorum aðila fyrir sig og þeirra sem tilheyra þeim í sameiningu. Eins skal farið með skuldir hvors um sig og þær skuldir sem beinast að þeim báðum í senn.

Þegar ákvarðað er hvað hvor aðili eigi að fá í sinn hlut og ef sammæli verða ekki um aðra skipan skal lagt saman varðandi hvorn þeirra fyrir sig verðmæti eigna, sem tilheyra honum einum, og verðmæti hlutdeildar hans í því sem hann á í sameign með gagnaðilanum. Frá þessari heildareign hvors um sig skal síðan dregin fjárhæð skulda, sem beinast að hvorum þeirra, ásamt hlutdeild hvors í sameiginlegum skuldum.

Hvor aðilinn um sig á aðeins rétt á að fá eignir í sinn hlut móti skuldum sínum að því marki sem eignir hans sjálfs, þar á meðal hlutdeild í sameign, hrökkva fyrir skuldunum. Að því leyti sem eignir aðilans nægja ekki fyrir skuldum hans verður ekki tekið tillit til skuldanna sem umfram eru, nema aðilar ákveði annað.

Ef annar aðilinn á eignir umfram skuldir skal hrein eign hans koma til skipta milli þeirra beggja eftir því sem leitt verður af reglum um fjármál hjóna eða sambýlisfólks. Eigi báðir aðilarnir eignir umfram skuldir skal hrein eign þeirra lögð saman og ákveðið eftir sömu reglum hvað hvorum þeirra ber að tiltölu af henni. Hlutdeild annars aðilans í hreinni eign hins eða í samanlagðri hreinni eign þeirra beggja skal þó skerðast að því leyti sem hinn aðilinn á endurgjaldskröfu á hendur honum, sbr. 2. mgr. 106. gr.

Hvor aðilinn um sig á rétt á að fá eignir lagðar sér út eftir 110. gr. og greiðslu af andvirði eigna sem er ráðstafað eftir 111. gr. til fullnustu á því sem honum ber skv. 3. og 4. mgr.

110. gr.

Eftir því sem ráðið er hverjar eignir komi til skipta, hvorum aðila þær tilheyri og hvert verðmæti þeirra verði talið við skiptin, svo og til hverra skulda verði tekið tillit og með hvaða hætti, skal skiptastjóri gefa hvorum aðila fyrir sig kost á því á skiptafundi að fá eignir lagðar sér út eftir ákvæðum 2.–4. mgr. hafi aðilarnir ekki þegar komið sér saman um annað. Eftir því sem skiptastjóri telur skilyrðum þessarar greinar fullnægt til að verða við kröfum um það skal hann leggja aðilunum út eignir þegar í stað til frjálsrar ráðstöfunar þótt enn sé óvíst um eignir og skuldir að öðru leyti, enda þyki sýnt að hvorugur aðilinn fái meira í sinn hlut með þessum hætti en hann muni eiga rétt á að endingu. Skiptastjóri gefur út heimildarskjöl um útlagningu, ef þeirra er þörf, og hafa þau sömu áhrif og ef hann hefði umboð aðilanna til útgáfu þeirra.

Fyrst í stað skal skiptastjóri gefa hvorum aðila um sig kost á að fá lagt út af þeim eignum sínum sem eru ekki í sameign aðilanna upp í þann hlut sem honum ber skv. 3. og 4. mgr. 109. gr. Verði ekki sammæli um annað á hvorugur aðilanna rétt á að fá eignir hins lagðar sér út með þessum hætti.

Þegar aðila hefur verið útlagt það sem kostur er skv. 2. mgr., skal skiptastjóri því næst gefa honum kost á að fá útlagðar eignir sem eru í sameign aðilanna, enda sé verðmæti eignanna innan marka þess sem aðilinn á enn rétt á að fá í sinn hlut skv. 3. og 4. mgr. 109. gr. Eigi báðir aðilarnir þennan rétt til að fá eignir útlagðar úr sameign þeirra og þeir krefjast báðir útlagningar á sömu eign skal sá þeirra ganga fyrir sem má ætla að hafi meiri þörf fyrir eignina, en ella skal varpað hlutkesti um í hvors hlut hún komi ef ekki verða sammæli um annað.

Nú hefur útlagning farið fram skv. 2. og 3. mgr. og annar aðilinn eða þeir báðir eiga enn rétt á að fá eignir í sinn hlut skv. 3. og 4. mgr. 109. gr., en verðmæti einstakra eigna, sem eftir standa, fer fram úr því sem hvor aðili um sig á rétt á. Skal skiptastjóri þá gefa þeim sem þetta á við um kost á að fá slíkar eignir í sinn hlut með því að hann fái það lagt út af verðmæti þeirra sem réttur hans stendur ennþá til, en reiði af hendi afgang verðmætisins með peningagreiðslu. Ef báðir aðilarnir krefjast að fá sömu eign í sinn hlut með þessum hætti og sammæli verða ekki um annað skal sá þeirra ganga fyrir í þessum efnum sem á eignina, en sé hún í sameign aðilanna skal sá ganga fyrir sem má ætla að hafi meiri þörf fyrir hana, en ella skal hlutkesti ráða.

Ef sammæli verða ekki um annað getur hvorugur aðilinn krafist að fá eignir lagðar sér út skv. 2.–4. mgr. móti skuld sem hvílir á þeim báðum í senn, nema hann taki skuldina einn að sér og gagnaðilinn verði leystur undan skuldinni eða hann veiti gagnaðilanum nægilega tryggingu að mati skiptastjóra fyrir því að gagnaðilinn eigi ekki á hættu að verða sóttur til greiðslu skuldarinnar. Ef báðir aðilar krefjast útlagningar gegn því að taka að sér sameiginlega skuld með þessum skilyrðum skal sá þeirra ganga fyrir sem ber endanlega ábyrgð á greiðslu hennar, en sé ábyrgð þeirra jöfn skal varpað hlutkesti um hvor þeirra taki skuldina að sér.

Eignir verða ekki allar lagðar út aðilunum nema skiptakostnaður sé áður greiddur.

111. gr.

Að því leyti sem eignir verða ekki lagðar aðilunum út skv. 110. gr. skulu teknar ákvarðanir á skiptafundi um ráðstöfun þeirra.

Aðilarnir eiga einir atkvæðisrétt á skiptafundi, en atkvæði hvors þeirra ræðst af því hlutfalli sem hann á tilkall til af hreinni eign þeirra, sbr. 4. mgr. 109. gr. Ákvæði 70. og 71. gr. gilda að öðru leyti um þessa skiptafundi eftir því sem átt getur við.

Skiptastjóri framfylgir ákvörðunum sem eru teknar á skiptafundum. Hann gefur út heimildarskjöl við ráðstöfun eigna aðilanna með sömu áhrifum og ef hann hefði umboð þeirra til þess.

Andvirði eigna, sem er ráðstafað við skiptin, verður ekki varið til greiðslu skulda nema sá aðili sem skuld hvílir á æski þess sjálfur. Ef skuld hvílir þó á báðum aðilum í senn og annar þeirra tekur hana ekki að sér með þeim hætti sem í 5. mgr. 110. gr. segir getur hvor þeirra um sig krafist að hún verði greidd að fullu af andvirði eigna eftir því sem það hrekkur til.

112. gr.

Ef ágreiningur rís milli aðila við opinber skipti samkvæmt kafla þessum um þau atriði sem 2. mgr. 103. gr. og 104.–111. gr. taka til skal skiptastjóri leitast við að jafna hann. Takist það ekki beinir skiptastjóri málefninu til héraðsdóms eftir ákvæðum 122. gr. Slíkur ágreiningur verður ekki lagður fyrir dómstóla á annan hátt.

113. gr.

Ef báðir aðilarnir eru sammála um það og hvorugur þeirra hefur neytt réttinda sem eru lögum samkvæmt háð þeirri forsendu að opinber skipti fari fram til fjárslita milli þeirra geta þeir hvenær sem er ákveðið að fella skiptin niður, enda hafi áfallinn kostnaður af þeim þá verið greiddur. Þótt þetta sé gert haggast ekki gildi þeirra ráðstafana sem hafa áður verið gerðar um eignir þeirra og skuldir skv. 111. gr.

Takist samkomulag milli aðilanna um tilhögun fjárslita eftir að opinber skipti eru byrjuð skal skiptastjóri gera skriflegan samning milli þeirra og árita hann um að skiptunum sé lokið samkvæmt honum, enda hafi kostnaður af skiptunum verið greiddur.

Ef skiptum lýkur ekki með þeim hætti sem segir í 1. eða 2. mgr. og þegar eignir hafa verið lagðar aðilunum út eða þeim hefur verið ráðstafað skal skiptastjóri, svo fljótt sem verða má, gera frumvarp til úthlutunar vegna fjárslitanna. Um efni frumvarpsins, meðferð þess og aðgerðir við lok skipta skal farið eftir 77.–79. gr., 1. mgr. 80. gr. og 2. mgr. 96. gr. eftir því sem átt getur við.

Þegar skiptum hefur verið lokið skv. 2. eða 3. mgr. verða þau ekki tekin upp á ný, nema fram komi eign sem hefði átt að koma til skipta og annar eða báðir aðilarnir krefjast þess. Við endurupptöku verður ekki hreyft við því sem áður var gert, nema báðir aðilar séu sammála um það.

114. gr.

Þegar skipti eru felld niður eða þeim er lokið skv. 113. gr. skal skiptastjóri tilkynna það héraðsdómara skriflega.

Þegar opinberum skiptum til fjárslita milli hjóna hefur verið lokið áður en hjúskapnum er endanlega lokið getur aðili að þeim fengið samning eða úthlutunargerð skv. 2. eða 3. mgr. 113. gr. skrásett eins og um kaupmála væri að ræða. Upp frá því skal það sem hvor aðilanna fékk í sinn hlut við skiptin og eignast eftir þann tíma sem um ræðir í 1. mgr. 104. gr. teljast séreign hans í hjúskapnum.

115. gr.

Þótt opinber skipti fari fram samkvæmt kafla þessum breyta þau ekki rétti annarra til að höfða mál á hendur aðilum að skiptunum eða krefjast fullnustugerða á hendur þeim.

XV. KAFLI

Opinber skipti til slita á félögum þar sem félagsmenn bera ótakmarkaða ábyrgð.

116. gr.

Að því leyti sem heimilt er að lögum að félagsmaður í félagi þar sem báðir eða allir félagsmenn bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum þess krefjist slita á því getur hann krafist opinberra skipta í því skyni, ef félagssamþykkt eða aðrir löggerningar standa því ekki í vegi.

Slitum verður ekki komið fram með opinberum skiptum eftir lögum þessum á öðrum félögum en þeim sem 1. mgr. tekur til.

117. gr.

Ef krafist er opinberra skipta til slita á skrásettu félagi skal beiðni um þau beint skriflega til héraðsdómstólsins í því umdæmi þar sem félagið á varnarþing. Sé félag óskrásett skal beiðninni beint til héraðsdómstólsins í því umdæmi þar sem félagið hefur aðalstöðvar. Ráðist umdæmi ekki með þessum hætti skal krafist skipta í umdæmi þar sem formaður félagsstjórnar á heimilisvarnarþing, en sé formaður enginn, þá í umdæminu þar sem sá sem krefst skiptanna á heimilisvarnarþing.

Í kröfu um opinber skipti skal eftirfarandi koma fram:

1. Um hvert félag sé að ræða, kennitala þess og heimilisfang, hvenær það hafi verið stofnað og hver tilgangur þess sé.
2. Hver hafi uppi kröfu um opinber skipti og á hverju hann byggi rétt sinn til þess.
3. Hverjir aðrir félagsmenn séu, kennitölur þeirra og heimilisföng, að því leyti sem kunnugt er um þá.
4. Hverjar eignir félagsins séu í helstu atriðum og hverjar þær skuldbindingar séu sem kunnugt er um.

Gögn skulu fylgja kröfunni því til stuðnings að skilyrði séu til að verða við henni. Eftir því sem við á skulu einnig fylgja samþykktir félagsins, upplýsingar um það sem hefur verið tilkynnt firmaskrá um félagið og síðustu reikningar þess.

Krafa um opinber skipti til slita á félagi verður ekki tekin til greina, nema sýnt þyki af því sem fram er komið að eignir þess muni nægja til greiðslu skiptakostnaðar eða sá sem krefst skiptanna leggi fram tryggingu fyrir skiptakostnaði. Hann ábyrgist greiðslu kostnaðarins þótt hann hafi ekki verið krafinn um tryggingu.

Um meðferð kröfunnar og úrskurð um hana gilda ákvæði 43. gr. og 1.–5. mgr. 44. gr.

118. gr.

Ef krafa um opinber skipti til félagsslita er tekin til greina skulu skiptin fara að fyrirmælum V., VI., VIII., IX. og X. kafla um skipti á dánarbúi, þegar erfingjar ábyrgjast skuldbindingar þess, með þeim breytingum sem leiða af eðli máls.

5. ÞÁTTUR
Málsmeðferð fyrir dómstólum.

XVI. KAFLI
Hver ágreiningsatriði verða lögð fyrir héraðsdóm og hvernig það verður gert.

119. gr.

Hver sá, sem telur aðgerð eða ákvörðun sýslumanns skv. II., XII. eða XIII. kafla brjóta gegn réttindum sínum og hefur lögvarða hagsmuni af að fá henni hnekkt, getur krafist þess við sýslumann að hann láti af aðgerð sinni og grípi eftir atvikum til annarrar aðgerðar eða að hann falli frá ákvörðun sinni og taki eftir atvikum aðra ákvörðun. Verði sýslumaður ekki við því getur sá sem á hlut að máli krafist úrlausnar héraðsdómara um ágreiningsatriðið.

Krafa um úrlausn héraðsdómara skv. 1. mgr. skal vera skrifleg og skal henni beint til þess sýslumanns sem í hlut á. Þegar sýslumanni hefur borist krafan skal hann tafarlaust senda hana þeim héraðsdómstól sem hefur lögsögu í umdæmi hans, ásamt upplýsingum um eftirfarandi, að því leyti sem þær koma ekki fram í kröfunni:

1. Hvert það dánarbú sé sem ágreiningsefnið tengist.
2. Nafn þess sem krefst úrlausnarinnar, kennitala hans og heimilisfang.
3. Hver sú aðgerð eða ákvörðun sé sem úrlausnar er krafist um, hvernig hún varði þann sem krefst hennar og hverjar kröfur hann hafi gert við sýslumann.

Þau gögn skulu fylgja kröfunni sem má telja að hafi þýðingu fyrir úrlausn ágreiningsins, þar á meðal samrit gagna úr dánarskrá.

Héraðsdómari fer með ágreiningsmál samkvæmt þessari grein eftir ákvæðum XVII. kafla. Sá sem krefst úrlausnar héraðsdómara verður sóknaraðili í ágreiningsmálinu fyrir dómi en sýslumaður varnaraðili.

Meðan ágreiningsmálið hefur ekki verið leitt til lykta skal sýslumaður gæta þess eftir föngum að aðrar aðgerðir hans varðandi dánarbúið raski ekki frekar en nauðsyn krefur þeim hagsmunum sem málið varðar.

120. gr.

Ef ágreiningur verður á dómþingi um það hvort krafa um opinber skipti skuli tekin til greina, sbr. 3. mgr. 44. gr., skal héraðsdómari taka ágreiningsmálið þegar í stað til meðferðar án sérstakra tilkynninga skv. 127. og 128. gr. með þingfestingu máls eftir ákvæðum XVII. kafla, þar sem ráðið verði til lykta hvort opinber skipti fari fram. Sá sem krefst opinberra skipta skal vera sóknaraðili í málinu, en sá sem andmælir þeirri kröfu verður varnaraðili. Leyst skal úr ágreiningi um kröfu um opinber skipti í einu máli þótt fleiri en einn krefjist þeirra eða fleiri en einn hafi uppi andmæli gegn henni og hver þeirra á sínum grunni.

Ef krafa kemur fram þess efnis sem segir í 1. mgr. 45. gr. skal héraðsdómari fara með hana sem hluta máls skv. 1. mgr. og gefa þá aðilum þess kost á að tjá sig sérstaklega um þá kröfu án þess að skriflegar greinargerðir verði lagðar fram um hana, nema aðilar æski þess. Héraðsdómari skal síðan kveða upp sérstakan úrskurð um þennan þátt málsins svo fljótt sem auðið er. Úrskurðinum verður ekki skotið til æðra dóms.

121. gr.

Sá sem krefst úrskurðar héraðsdómara um hvort skiptastjóra verði vikið úr starfi skv. 3. mgr. 47. gr. skal beina skriflegri kröfu sinni um það til þess héraðsdómstóls þar sem skiptastjórinn var skipaður til starfans. Í kröfunni skal eftirfarandi koma fram:

1. Nafn þess sem hefur kröfuna uppi, kennitala hans og heimilisfang, ásamt skýringu á því hvernig hann telji sig eiga aðild að slíkri kröfu.
2. Hver sá skiptastjóri sé sem krafist er að verði vikið úr starfi og til hverra starfa hann hafi verið skipaður.
3. Röksemdir fyrir kröfunni ásamt skýringu þeirra atvika sem nauðsyn ber til samhengis vegna.

Þau gögn skulu fylgja kröfunni sem hún er studd við.

Héraðsdómari fer með kröfu skv. 1. mgr. eftir ákvæðum XVII. kafla. Sá sem krefst frávikningar skiptastjórans skal vera sóknaraðili máls en skiptastjórinn varnaraðili.

122. gr.

Ef ágreiningur rís um atriði við opinber skipti sem fyrirmæli laga þessara kveða sérstaklega á um að skuli beint til héraðsdóms til úrlausnar, svo og ef skiptastjóri telur þörf úrlausnar héraðsdóms um önnur ágreiningsatriði sem koma upp við opinber skipti, skal skiptastjóri beina skriflegri kröfu um það til þess héraðsdómstóls þar sem hann var skipaður til starfa. Í kröfunni skal eftirfarandi koma fram:

1. Hver þau opinberu skipti séu þar sem ágreiningur hefur risið.
2. Nöfn þeirra sem eiga aðild að ágreiningnum, kennitölur þeirra og heimilisföng.
3. Um hvað ágreiningur standi og hverjar kröfur hafi komið fram í því sambandi.
4. Hvort skiptastjóri telji hlutaðeigandi dánarbú þurfa að eiga aðild að máli um ágreininginn eða eftir atvikum hvort hann telji sig þurfa að gæta hagsmuna vegna opinberra skipta skv. XIV. kafla við meðferð málsins.

Þau gögn skulu fylgja kröfunni sem varða ágreiningsefnið.

Héraðsdómari fer með ágreiningsatriði skv. 1. mgr. eftir ákvæðum XVII. kafla. Ef ágreiningsefni málsins varðar hvort krafa erfingja eða kröfuhafa verði viðurkennd við opinber skipti skal sá sem hefur kröfuna uppi að öðru jöfnu verða sóknaraðili málsins en búið eða sá sem andmælir kröfunni verður varnaraðili. Ef ágreiningsefni málsins er annað skal héraðsdómari ákveða eftir eðli þess hvernig aðild verði háttað.

123. gr.

Erfingi sem æskir úrlausnar héraðsdómara um ágreining milli sín og annarra erfingja við einkaskipti á dánarbúi, sbr. 1. mgr. 90. gr., skal beina skriflegri kröfu um það til þess héraðsdómstóls sem hefur lögsögu í umdæmi þess sýslumanns sem veitti leyfi til einkaskipta. Í kröfunni skal eftirfarandi koma fram:

1. Um hvaða dánarbú sé að ræða og hvenær erfingjar hafi fengið leyfi til einkaskipta.
2. Nafn þess sem krefst úrlausnarinnar, kennitala hans og heimilisfang.
3. Hverjir aðrir séu erfingjar, kennitölur þeirra og heimilisföng.
4. Um hvaða atriði ágreiningur standi ásamt skýringu þeirra atvika sem nauðsyn ber til samhengis vegna.
5. Hvers sá sem krefst úrlausnarinnar krefjist varðandi ágreiningsefnið.

Ef sammæli hafa orðið um að leggja ágreiningsefni, sem hefur risið milli erfingja og kröfuhafa við einkaskipti, undir úrlausn héraðsdómara skv. 2. mgr. 90. gr., skulu aðilarnir sameiginlega beina skriflegri kröfu til þess héraðsdómstóls sem hefur lögsögu í umdæmi þess sýslumanns sem veitti erfingjunum leyfi til einkaskipta. Í kröfunni skulu þau atriði koma fram sem eru talin í 1. mgr., ásamt upplýsingum um nafn, kennitölu og heimilisfang hlutaðeigandi kröfuhafa.

Þau gögn skulu fylgja kröfu skv. 1. eða 2. mgr. sem varða ágreiningsefnið, þar á meðal skilríki fyrir að erfingjunum hafi verið veitt leyfi til einkaskipta.

Þegar héraðsdómara hefur borist krafa skv. 1. eða 2. mgr. skal hann kanna hvort málefnið geti átt undir úrlausn hans. Telji hann svo ekki vera getur hann neitað að fara með

málið, en vilji sá sem beindi kröfunni til hans ekki una þeirra ákvörðun getur sá krafist úrskurðar um neitunina.

Ef héraðsdómari telur skilyrðum fullnægt til þess skal hann fara með málið eftir ákvæðum XVII. kafla, en ekki er hann bundinn við þá afstöðu ef síðar er krafist frávísunar málsins. Ef um ágreining er að ræða, sem 1. mgr. tekur til, skal sá sem beindi kröfunni til héraðsdómara að jafnaði vera sóknaraðili málsins en aðrir erfingjar varnaraðilar. Ef mál er komið til að hætti 2. mgr. skal hlutaðeigandi kröfuhafi að jafnaði vera sóknaraðili en dánarbúið varnaraðili.

124. gr.

Telji dánarbú, sem er til opinberra skipta, til réttinda á hendur erfingja eða maka þess látna og úrlausn um þau hefur þýðingu fyrir skipti búsins, ekki verður leyst úr um þau í máli sem ber að eftir 122. gr. og unnt væri að höfða einkamál í héraði til að sækja þau eftir almennum reglum getur skiptastjóri, ef hann kýs svo, krafist úrlausnar héraðsdómara um kröfur búsins eftir ákvæðum XVII. kafla. Skal skiptastjóri þá senda þeim héraðsdómstól, þar sem hann var skipaður til starfans, stefnu og önnur sóknargögn sem gerð eru úr garði eftir reglum um meðferð einkamála í héraði að öðru leyti en því að í stefnu skal þess dómþings ekki getið þar sem málið verður þingfest. Með gögnum þessum skal fylgja skrifleg beiðni um þessa málsmeðferð, þar sem m.a. er rökstutt að skilyrðum sé fullnægt fyrir henni.

Telji aðili að opinberum skiptum eftir XIV. kafla til réttinda á hendur gagnaðila sínum sem tengjast fjárslitum milli þeirra, án þess þó að leyst verði úr um þau í máli sem ber að eftir 122. gr. og unnt væri að höfða einkamál í héraði til að sækja þau eftir almennum reglum, getur hann, ef hann svo kýs, krafist úrlausnar héraðsdómara um kröfur sínar á hendur gagnaðila sínum eftir ákvæðum XVII. kafla. Skal aðilinn þá senda þeim héraðsdómstól sem kvað á um opinberu skiptin stefnu og önnur sóknargögn ásamt beiðni, svo sem lýst er í 1. mgr.

Þegar héraðsdómara berst beiðni ásamt sóknargögnum skv. 1. eða 2. mgr. skal hann kanna hvort skilyrðum sé fullnægt til að verða við henni. Telji hann það ekki getur hann neitað að fara með málið með skriflegri ákvörðun, en vilji sá sem beindi málinu til hans ekki una þeirri ákvörðun getur sá krafist úrskurðar um neitunina. Ella fer héraðsdómari með málið eftir ákvæðum XVII. kafla, en ekki er hann bundinn af þeirri afstöðu ef síðar er krafist frávísunar málsins.

125. gr.

Nú telur dánarbú til réttinda á hendur öðrum en þeim sem 1. mgr. 124. gr. tekur til, hvort sem búið er til opinberra skipta eða einkaskipta, réttindin hafa þýðingu fyrir skiptin og þau mætti sækja í einkamáli í héraði eftir almennum reglum, og getur þá sá eða þeir sem hafa forræði á málefnum þess leitað úrlausnar héraðsdómara um réttindin eftir ákvæðum XVII. kafla, ef sá eða þeir sem kröfur beinast að eru því samþykkir.

Nú rís ágreiningur milli hjóna um fjárslit milli þeirra vegna skilnaðar eða ógildingar hjúskapar án þess að opinber skipti fari þó fram og um ágreining er að tefla, sem mætti leysa úr skv. 122. gr. eða 2. mgr. 124. gr., ef opinber skipti skv. XIV. kafla væru viðhöfð, og geta þá hjónin, ef þau eru sammála um það, leitað úrlausnar héraðsdómara um ágreininginn eftir ákvæðum XVII. kafla.

Um önnur atriði varðandi mál skv. 1. og 2. mgr. fer samkvæmt ákvæðum 124. gr. eftir því sem átt getur við.

126. gr.

Að því leyti sem annað leiðir ekki af ákvæðum þessa kafla verður ekki leyst úr um skyldur þriðja manns í málum sem fara eftir ákvæðum XVII. kafla, nema um sé að ræða:

1. Skyldu til greiðslu málskostnaðar eða réttarfarssektar vegna máls sem er rekið eftir XVII. kafla.

2. Skyldu til greiðslu gagnkröfu, hvort sem er til skuldajafnaðar eða sjálfstæðrar dómsúrlausnar, ef hlutaðeigandi hefur sjálfur gert kröfu um réttindi sín, ágreiningsmál um kröfu hans er rekið eftir ákvæðum XVII. kafla, skilyrði væru til að höfða gagnsök um gagnkröfuna eða hafa hana uppi til skuldajafnaðar í einkamáli um kröfu hans og hann hefur sótt þing þegar gagnkrafan kom fram fyrir dómi.
3. Skyldu til greiðslu kostnaðar varðandi muni sem hlutaðeigandi hefur krafist að fá afhenta ef ágreiningsmál um kröfu hans er rekið eftir XVII. kafla, en aðeins verður þá kveðið á um slíka skyldu sem skilyrði fyrir afhendingu.

XVII. KAFLI
Málsmeðferð fyrir héraðsdómi.

127. gr.

Þegar ágreiningsmál hefur borist héraðsdómara til úrlausnar með þeim hætti sem segir í XVI. kafla og hann hefur eftir atvikum staðreynt að skilyrði séu til að fara með það eftir ákvæðum þessa kafla, ákveður hann stað og stund til þinghalds þar sem málið verður þingfest, og sendir öllum aðilum málsins tilkynningu um það, þar sem eftirfarandi skal koma fram:

1. Hver hafi krafist úrlausnar hans.
2. Hverjir séu aðilar að málinu til sóknar og varnar ásamt kennitölum þeirra og heimilisföngum.
3. Hvert ágreiningsefnið sé sem krafist er úrlausnar um og hverjar kröfur sóknaraðili málsins hafi gert að því leyti sem þegar er kunnugt um þær.
4. Hvar og hvenær málið verði þingfest.
5. Hverjar afleiðingar það hafi ef aðilar til sóknar og varnar sækja ekki þing.

Með tilkynningunni skal fylgja samrit þess skjals sem var beint til héraðsdómara samkvæmt ákvæðum XVI. kafla í því skyni að leita úrlausnar hans. Sé um mál að ræða skv. 124. eða 125. gr. skal samrit stefnu einnig fylgja tilkynningunni. Héraðsdómara er þó heimilt þess í stað að taka upp í tilkynningu sinni texta þess eða þeirra skjala sem hefðu ella fylgt henni.

128. gr.

Tilkynning skv. 127. gr. skal birt málsaðila eða þeim sem væri bær til að taka við birtingu stefnu fyrir hans hönd með þeim fyrirvara sem héraðsdómari hefur metið hæfilegan.

Birting skv. 1. mgr. skal fara fram með sama hætti og stefna verður birt í einkamáli.

129. gr.

Mál samkvæmt þessum kafla telst höfðað við þingfestingu þess, en þá leggur héraðsdómari fram þau gögn um málið sem honum hafa borist og hann telur hafa þýðingu fyrir úrlausn þess, ásamt tilkynningum skv. 127. gr. með gögnum um birtingu þeirra.

Ef sóknaraðili mætir ekki við þingfestingu eða þingsókn hans fellur síðar niður skal málið fellt niður, en héraðsdómari má þá úrskurða varnaraðila ómaksþóknun ef hann sækir þing og krefst hennar. Hafi gagnkröfur verið hafðar uppi í málinu skv. 4. mgr. 130. gr. skal þó aðeins fella niður aðalsök en leyst skal þá úr gagnkröfunum á hendur sóknaraðila eftir reglu 3. mgr.

Ef varnaraðili sækir ekki þing við þingfestingu eða þingsókn hans fellur síðar niður skal farið með málið eftir almennum reglum um útivist stefnda í einkamáli, en sóknaraðila skal þá gefinn kostur á að leggja fram greinargerð og frekari gögn samkvæmt því sem segir í 1. mgr. 130. gr.

130. gr.

Ef sótt er þing af hálfu beggja eða allra aðila við þingfestingu og ekki verður sátt í málinu skal héraðsdómari gefa sóknaraðila kost á að skila greinargerð, þar sem fram komi til

fullnaðar hverjar kröfur hann hafi uppi og á hverju þær séu byggðar, ásamt frekari gögnum sem hann hyggst styðja málstað sinn við. Heimilt er þó að veita sóknaraðila skamman frest í þessu skyni ef ekki er um mál að ræða sem 124. eða 125. gr. taka til og stefna og sóknargögn hafa þegar komið fram í.

Að framkomnum gögnum sóknaraðila skv. 1. mgr. skal varnaraðila gefinn kostur á skömmum fresti til að leggja fram greinargerð af sinni hendi, þar sem fram komi kröfur hans um formhlið og efnishlið máls og á hverju þær séu byggðar, ásamt gögnum sem hann hyggst styðja málstað sinn við.

Komi fram krafa af hendi varnaraðila um frávísun málsins skal farið með hana eftir almennum reglum um meðferð einkamála í héraði.

Ef sótt er þing af hálfu sóknaraðila getur varnaraðili haft uppi sjálfstæðar kröfur af sinni hendi um úrlausn sakarefnisins í greinargerð og skal þá farið með þær sem gagnkröfur í málinu. Slíkri kröfu verður þó því aðeins komið að í máli að skilyrði væru til að hafa hana uppi sjálfstætt samkvæmt ákvæðum XVI. kafla, sbr. þó 126. gr. Gefa má sóknaraðila kost á að skila stuttu skriflegu svari við gagnkröfum, en málið skal rekið í einu lagi um kröfur á báða vegu.

131. gr.

Héraðsdómari leysir úr málum samkvæmt lögum þessum með úrskurðum. Forsendur skulu fylgja ályktunarorði úrskurðar.

Að því leyti sem annað leiðir ekki af ákvæðum þessara laga gilda almennar reglur um meðferð einkamála í héraði um meðferð mála samkvæmt þessum kafla.

132. gr.

Dómsmálaráðherra setur fyrirmæli í reglugerð um skrár sem héraðsdómari heldur um mál samkvæmt lögum þessum og um opinber skipti.

XVIII. KAFLI
Málskot til æðra dóms.

133. gr.

Að því leyti sem ekki er mælt á annan veg í lögum þessum sæta úrskurðir og ákvarðanir héraðsdómara samkvæmt þeim kæru til Hæstaréttar. Þó verða ekki kærðir úrskurðir eða ákvarðanir sem eru kveðnir upp eða teknar undir rekstri máls og mundu ekki sæta kæru ef um væri að ræða einkamál sem væri rekið eftir almennum reglum. Þá verða heldur ekki kærðir úrskurðir héraðsdómara sem fela í sér lokaákvörðun hans um ágreiningsefni, nema fullnægt sé almennum skilyrðum til áfrýjunar dómi í einkamáli.

Um kærufresti, kæruna sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Hæstarétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli.

Að því leyti sem ekki er kveðið á annan veg í lögum þessum hefur kæra sömu áhrif á meðferð máls í héraði og ef um almennt einkamál væri að ræða.

6. ÞÁTTUR
Ýmis ákvæði.

XIX. KAFLI
Gildistaka, brottfallin lög o.fl.

134. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

135. gr.

Við gildistöku laga þessara falla brott eftirfarandi ákvæði laga:

1. 1.–81. gr. og 90.–101. gr. laga um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., nr. 3 12. apríl 1878, með áorðnum breytingum.
2. Tilskipun um takmörkin milli lögsagna hinna einstöku uppboðshaldara og skiptaráðenda, 21. júní 1793.
3. 1. mgr. 1. gr. opins bréfs kansellíis um það hvers gæta skal til að tryggja fjármuni opinberra stofnana, 10. apríl 1795.
4. Tilskipun um forgöngurétt ómyndugra o.fl., 19. desember 1821.
5. Kansellíbréf um tilkynningu um andlát eða gjaldþrot skuldunauta hins opinbera o.fl., 17. maí 1823.
6. Opið bréf er lögleiðir á Íslandi með breytingum lög 30. nóvember 1857 um innkallanir í búum, 4. janúar 1861.
7. Lög um stefnur til æðri dóms í skiptamálum, nr. 19 2. október 1895.
8. 3. gr. laga um viðauka við lög 8. nóvember 1895 um hagfræðiskýrslur, nr. 20 3. október 1903.
9. 2. og 3. málsl. 13. gr. laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, nr. 14 20. október 1905, svo og í 1. málslið sömu greinar orðin „samkvæmt skiptalögum 12. apríl 1878, eða búinu er skipt af löggiltum skiptaforstjórum".
10. Í 2. mgr. 4. gr. laga um hefð, nr. 46 10. nóvember 1905, orðin „af skiptarétti".
11. VI. kafli laga um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 20. júní 1923, svo og 47. gr., 1. og 3. mgr. 48. gr., 49.–51. gr. og 56.–59. gr. laganna.
12. 2. gr. laga um nauðasamninga, nr. 19 4. júní 1924.
13. 21. gr. hjúalaga, nr. 22 7. maí 1928.
14. 9. mgr. 37. gr. A, 3. mgr. 185. gr., 3. mgr. 190. gr. og 238. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936.

    Í 2. mgr. 5. gr. sömu laga orðin „þar á meðal fógeta-, skipta-, uppboðs- eða þinglýsingarrétti".

    Í 1. mgr. 42. gr. sömu laga, sbr. b-lið 21. gr. laga nr. 92 1. júní 1989, orðin „þar á meðal við skipti, fógetagerðir og uppboð".

    Í 1. mgr. 45. sömu laga orðin „þar á meðal skipta-, fógeta- og uppboðsréttur".

    Í 6. mgr. 188. gr. sömu laga orðin „og til fógeta-, skipta- og uppboðsgerða, eftir því sem við á".
15. Í 3. mgr. 5. gr. laga um málflytjendur, nr. 61 4. júlí 1942, orðin „og tekur þetta einnig til skipta-, fógeta- og uppboðsgerða, eftir ákvörðun dómara, ef sækja þarf þar mál eða verja með líkum hætti og fyrir venjulegum dómi".
16. Í 1. mgr. 20. gr. laga um Hæstarétt Íslands, nr. 75 21. júní 1973, orðin „96. gr. skiptalaga nr. 3 12. apríl 1878, lögtakslaga nr. 29 16. desember 1885".
17. 4. mgr. 13. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6 5. maí 1978.
18. Í 2. mgr. 28. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50 24. maí 1988, orðið „búskipta".

136. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirtalin ákvæði laga sem hér segir:

1. Í 1. mgr. 113. gr. vatnalaga, nr. 15 20. júní 1923, falla niður orðin „skiptaforstjóra án dómsvalds" en í stað þeirra kemur: skilanefndar við slit hlutafélags.

    Í 5. mgr. 113. gr. sömu laga falla niður orðin „eða skiptaráðandi".
2. Í 1. málsl. 5. gr. laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, nr. 45 15. júní 1926, falla niður orðin „gegna fógetastörfum eða skjalaskrifarastörfum, halda skiptafundi, uppboðsþing eða gegna öðrum dómsstörfum" en í stað þeirra kemur: eða dómþing.
3. Í 1. mgr. 36. gr. laga um samvinnufélög, nr. 46 13. júní 1937, falla niður orðin „getur hann

annaðhvort afhent félagsbúið skiptarétti til meðferðar eða kosið“ en í þeirra stað kemur: skal hann kjósa.

Í 2. mgr. 36. gr. sömu laga falla niður orðin „á félagsbúi gilda ákvæði skiptalaganna“ en í þeirra stað kemur: gilda ákvæði hlutafélagalaga.

Í 1. mgr. 37. gr. sömu laga falla niður orðin „2. gr. laga nr. 19 frá 4. júní 1924“ en í stað þeirra kemur: VII. kafla laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Í 2. mgr. 37. gr. sömu laga falla niður orðin „skiptarétt þann, er átt hefði að fara með bú félagsins, ef það hefði verið tekið til opinberra skipta“ en í stað þeirra koma orðin: héraðsdóm á varnarþingi félagsins eftir 122. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Í sömu lögum fellur niður 2. málsl. 1. mgr. 39. gr.

Í 2. mgr. 39. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaréttur“ en í stað þess kemur: skiptastjóri.

4. Í 1. málsl. 3. gr. laga um birtingu laga og stjórnvaldserinda, nr. 64 16. desember 1943, falla niður orðin „skiptaréttur fer með“ en í þeirra stað kemur: eru til opinberra skipta.
5. Í 1. málsl. 47. gr. erfðalaga, nr. 8 14. mars 1962, fellur niður orðið „skiptaforstjóra“ en í stað þess kemur: skiptastjóra.

   Í sömu lögum fellur niður 56. gr.
6. Í 2. málsl. 2. mgr. 12. gr. laga um loftferðir, nr. 34 21. maí 1964, falla niður orðin „þeina fógetaaðgerð“. Í sama ákvæði falla enn fremur niður orðin „fógeta eða skiptaráðanda (skiptaforstjóra)“ en í stað þeirra kemur: þeim, sem fer með þá gerð.
7. Í 2. málsl. 6. gr. laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19 6. apríl 1966, falla niður orðin „slit á fjárfélagi eða búskipti“ en í stað þeirra kemur: fjárslit milli hjóna.

   Í 1. málsl. 7. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“ en í stað þess kemur: sýslumaður.
8. Í 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga um skrásetningu réttinda í loftförum, nr. 21, 16. apríl 1966, fellur niður orðið „skiptaréttar“ en í stað þess kemur: sýslumanns.

   Í niðurlagi sama ákvæðis falla niður orðin „eða til einkaskipta“.

   Í 2. mgr. 11. gr. sömu laga falla niður orðin „skiptaráðanda (skiptaforstjóra)“ en í stað þeirra kemur: skiptastjóra.
9. Í lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60 29. maí 1972, falla niður 55., 58. og 59. gr. og 1. og 2. mgr. 81. gr.

   Í 31. gr. sömu laga falla niður orðin „skiptaráðandi hafi tekið eigur bús til uppskriftar og skiptameðferðar“ en í stað þeirra kemur: úrskurður hafi gengið um að opinber skipti fari fram til fjárslita milli þeirra.
10. Í 1. málsl. 1. mgr. 30. gr. höfundalaga, nr. 73 29. maí 1972, falla niður orðin „slit á fjárfélagi né við búskipti“ en í stað þeirra kemur: fjárslit milli hjóna.
11. Í 1. mgr. 7. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 79 23. desember 1975, falla niður orðin „skiptaráðandi eða skiptaforstjóri án dómsvalds fer með“ en í stað þeirra kemur: koma til opinberra skipta.

    Í 8. gr. sömu laga falla niður orðin „tekur skiptaráðandi bú til skiptameðferðar, en framselur það“ en í stað þeirra kemur: er bú tekið til opinberra skipta en það er síðan framselt.

    Í 1. mgr. 9. gr. sömu laga falla niður orðin „skiptaráðendur eða skiptaforstjórar lúka skiptum í búum“ en í stað þeirra kemur: opinberum skiptum er lokið.

    Í sömu lögum fellur niður 2. mgr. 9. gr. og 10. gr.
12. Í 5. mgr. 6. gr. jarðalaga, nr. 65 31. maí 1976, falla niður orðin „bússkipti vegna skilnaðar“ en í stað þeirra kemur: fjárslit milli hjóna.

    Í 3. mgr. 55. gr. sömu laga falla niður orðin „Náist eigi samkomulag, sker skiptaráðandi úr“ en í stað þeirra kemur: Verði ágreiningur um þetta skal leyst úr honum eftir ákvæðum laga um skipti á dánarbúum o.fl.

13. Í 2. málsl. 1. mgr. 16. gr. laga um stimpilgjald, nr. 36 10. maí 1978, falla niður orðin fógetagerðir, skipti og.

    Í 1. málsl. 5. mgr. 16. gr. sömu laga falla niður orðin „skiptabókum eða öðrum“.

    Í 2. málsl. 5. mgr. 16. gr. sömu laga falla niður orðin „Undanskildir stimpilgjaldi eru þó útdrættir úr skiptabók og önnur“ en í stað þeirra kemur: Undanskilin stimpilgjaldi eru þó.

    Í 1. mgr. 34. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaforstjórum“ en í stað þess kemur: skiptastjórum.

14. Í 1. málsl. 2. mgr. 25. gr. þinglýsingalaga, nr. 39 10. maí 1978, falla niður orðin „skipta erfingjar búi einkaskiptum“ en í stað þeirra kemur: hafa erfingjar lokið einkaskiptum á dánarbúi.

    Í 2. málsl. 2. mgr. 25. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“ en í stað þess kemur: sýslumanns.

    Í 2. málsl. 3. mgr. 25. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“ en í stað þess kemur: skiptastjóra.

15. Í 2. málsl. 2. mgr. 44. gr. barnalaga, nr. 9 15. apríl 1981, falla niður orðin „skiptaráðanda eða skiptaforstjóra“ en í stað þeirra kemur: skiptastjóra.

16. Í fyrirsögn I. kafla laga um horfna menn, nr. 44 26. maí 1981, fellur niður orðið „skiptaráðanda“ en í stað þess kemur: héraðsdómara.

    Í 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“ en í stað þess kemur: héraðsdómari.

    Í 1. málsl. 2. mgr. 1. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“ en í stað þess kemur: héraðsdómara.

    Í 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“ en í stað þess kemur: héraðsdómari.

    Í 3. málsl. 2. mgr. 1. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“ en í stað þess kemur: héraðsdómara.

    Í 4. málsl. 2. mgr. 1. gr. sömu laga falla niður orðin „skiptaráðandi getur ákveðið, að frá uppsögu dómsins“ en í stað þeirra kemur: héraðsdómari getur kveðið á um það í úrskurði sínum, hafi þess verið krafist, að frá uppsögu úrskurðarins.

    Í 3. mgr. 1. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“ en í stað þess kemur: héraðsdómara.

    Í 1. málsl. 2. gr. sömu laga falla niður orðin „telur skiptaráðandi eigi fært að taka bú horfins manns til skiptameðferðar samkv. 1. gr.“ en í stað þeirra kemur: er kröfu skv. 1. mgr. 1. gr. hafnað í úrskurði héraðsdómara eða fyrir æðra dómi.

    Í 16. gr. sömu laga falla niður orðin „bú manns er tekið til skipta samkvæmt 1. gr. laga þessara“ en í stað þeirra kemur: úrskurður hefur gengið skv. 1. gr. og hans hefur verið neytt til sönnunar á andláti til að koma fram skiptum á dánarbúi.

17. Í 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75 14. september 1981, falla niður orðin „þrotabúum og öðrum búum sem hér er skipt“ en í stað þeirra kemur: og þrotabúum.

    Í 2. málsl. 2. mgr. 90. gr. sömu laga falla niður orðin „þrotabú og önnur bú undir skiptum“ en í stað þeirra kemur: og þrotabú.

    Í 2. mgr. 91. gr. sömu laga falla niður orðin „Skiptaráðendur og skiptaforstjórar skulu telja fram fyrir þrotabú, dánarbú og önnur bú er þeir hafa undir skiptum“ en í stað þeirra kemur: Skiptastjórar skulu telja fram fyrir þrotabú og dánarbú.

    Í 2. málsl. 4. mgr. 114. gr. sömu laga fellur niður orðið „búskipta“.

18. Í 1. málsl. 2. mgr. 7. gr. laga um erfðafjárskatt, nr. 83 25. maí 1984, falla niður orðin: „eða af löggiltum skiptaforstjóra“.

    Í 2. málsl. 2. mgr. 7. gr. sömu laga fellur niður orðið „Skiptaráðandi“ en í stað þess kemur: Sýslumaður.

Í 1. málsl. 4. mgr. 7. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“ en í stað þess kemur: sýslumaður.

Í 6. mgr. 7. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“ en í stað þess kemur: sýslumaður.

Í J-lið 1. mgr. 9. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“ en í stað þess kemur: sýslumaður.

Í 3. mgr. 9. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“ en í stað þess kemur: sýslumaður.

Í 1. málsl. 1. mgr. 11. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“ en í stað þess kemur: sýslumanns.

Í 1. málsl. 2. mgr. 11. gr. sömu laga fellur niður orðið „Skiptaráðandi“ en í stað þess kemur: Sýslumaður.

Í 2. málsl. 2. mgr. 11. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“ en í stað þess kemur: sýslumaður.

Í 1. mgr. 12. gr. sömu laga fellur niður orðið „Skiptaráðandi“ en í stað þess kemur: Sýslumaður.

Í 1. málsl. 2. mgr. 12. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“ en í stað þess kemur: sýslumaður.

1. mgr. 13. gr. sömu laga verður svohljóðandi:

Nú greinir erfingja á við sýslumann um gjaldstofn vegna tiltekinnar eignar eða annað sem hefur áhrif á fjárhæð erfðafjárskattsins og skal sýslumaður þá veita þeim allt að tveggja vikna frest til að leggja fram gögn til stuðnings kröfum sínum. Sýslumaður má lengja þennan frest um allt að tvær vikur. Að frestinum liðnum skal sýslumaður ákvarða erfðafjárskattinn á grundvelli framkominna gagna og tilkynna erfingjum þá ákvörðun með sannanlegum hætti. Vilji erfingjar ekki fella sig við ákvörðun hans geta þeir innan þriggja vikna frá því þeim berst tilkynning sýslumanns krafist úrlausnar héraðsdómara um skattskyldu eða skattfjárhæð eftir ákvæðum 119. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Í sömu lögum fellur niður 2. mgr. 13. gr.

Í 3. mgr. 13. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“ en í stað þess kemur: sýslumaður.

1. mgr. 14. gr. sömu laga verður svohljóðandi:

Þegar dánarbúi er skipt opinberum skiptum skal skiptastjóri útfylla erfðafjárskýrslu í samræmi við frumvarp til úthlutunar úr búinu og undirrita hana einn en leggja hana síðan fyrir sýslumann til bráðabirgðaákvörðunar á erfðafjárskatti áður en skiptafundur verður haldinn um frumvarpið. Innan viku frá því skiptum er lokið skal skiptastjóri leggja skýrsluna á ný fyrir sýslumann í þríriti til endanlegrar ákvörðunar skattsins og áritunar.

2. mgr. 14. gr. sömu laga verður svohljóðandi:

Vilji erfingjar ekki fella sig við ákvörðun erfðafjárskatts skv. 1. mgr. skal farið með ágreining um hana eftir 1. mgr. 13. gr. en ef erfingjar samþykkja getur skiptastjóri lokið skiptunum með því að greiða þá skattfjárhæð, sem sýslumaður hefur ákvarðað, með fyrirvara um endurheimtu. Komi til endurgreiðslu skatts að leystum ágreiningi tekur skiptastjóri upp skiptin á ný til að úthluta því sem er endurgreitt.

1. mgr. 15. gr. sömu laga verður svohljóðandi:

Gjalddagi erfðafjárskatts er sá dagur, sem sýslumaður áritar erfðafjárskýrslu skv. 2. mgr. 12. gr., ef um einkaskipti er að ræða, en skv. 1. mgr. 14. gr. sé um opinber skipti að ræða.

Við 1. málsl. 2. mgr. 15. gr. sömu laga bætast orðin: samkvæmt vaxtalögum. 2. málsl. sömu málsgreinar fellur niður.

Í 16. gr. sömu laga fellur niður orðið „Skiptaráðendur“ en í þess stað kemur: Sýslumenn.

Í 17. gr. sömu laga fellur niður orðið „Skiptaráðendur“ en í þess stað kemur: Sýslumenn.

Í 1. mgr. 18. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“ en í stað þess kemur: sýslumanni.

Í 1. málsl. 2. mgr. 18. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“ en í stað þess kemur: sýslumann.

Í 2. málsl. 2. mgr. 18. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“ en í stað þess kemur: sýslumanns.

Í 1. mgr. 19. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“ en í stað þess kemur: sýslumaður.

Í 2. mgr. 19. gr. sömu laga falla niður orðin „skiptaráðandi þá kveðið upp úrskurð um skyldu hans í þessu sambandi. Þann úrskurð má kæra til Hæstaréttar“ en í stað þeirra kemur: sýslumaður þá neytt þess úrræðis sem skiptastjórum er veitt í 2. mgr. 52. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Í 1. málsl. 2. mgr. 20. gr. sömu laga fellur niður orðið „Skiptaráðandi“ en í þess stað kemur: Sýslumaður.

Í 3. málsl. 2. mgr. 20. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“ en í þess stað kemur: sýslumaður.

Í 4. málsl. 2. mgr. 20. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“ en í stað þess kemur: sýslumaður.

Í 1. mgr. 21. gr. sömu laga fellur niður orðið „Skiptaráðandi“ en í stað þess kemur: Sýslumaður.

Aftan af 1. mgr. 21. gr. sömu laga falla orðin „samkvæmt lögum nr. 29 1885“.

Í 3. mgr. 25. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“ en í stað þess kemur: sýslumanni.

19. Í 6. gr. laga um veitinga- og gististaði, nr. 67 28. júní 1985, falla niður orðin „erfingjum er heimilt að halda starfsemi“ en í stað þeirra kemur: þeim, sem hefur tekið starfsemi að arfi, er heimilt að halda henni.

20. Í 1. mgr. 19. gr. laga um skipulag ferðamála, nr. 79 2. júlí 1985, falla niður orðin „eða viðurkenning skiptaréttar“ en í stað þeirra kemur: viðurkenndar hafa verið við gjaldþrotaskipti eða önnur opinber skipti.

21. Í 1. málsl. 3. mgr. 104. gr. tollalaga, nr. 55 30. mars 1987, falla niður orðin „samkvæmt ákvæðum III. kafla í lögum nr. 3/1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl.“ en í stað þeirra kemur: opinberra skipta eftir lát hans og erfingjar hans taka ekki á sig ábyrgð á skuldbindingum búsins.

XX. KAFLI
Ákvæði til bráðabirgða.

137. gr.

Ef skiptum er ólokið á dánarbúi þegar lög þessi öðlast gildi skulu skiptin fara fram í því umdæmi sem leiðir af 1. mgr. 3. gr. nema búið hafi áður verið tekið til opinberra skipta eða leyfi til einkaskipta verið veitt en þá skal ljúka skiptunum þar sem þau hafa byrjað.

Ákvæðum 2. og 3. mgr. 3. gr. skal beitt eftir því sem átt getur við þótt hlutaðeigandi hafi látist fyrir gildistöku laga þessara.

138. gr.

Hafi andlát manns, sem lést fyrir 1. júlí 1992, ekki verið tilkynnt þegar lög þessi öðlast gildi skal staðið að tilkynningunni og upplýsingagjöf með þeim hætti sem kveðið er á um í 5.–9. gr.

Nú hefur andlát verið tilkynnt fyrir 1. júlí 1992 og skiptum hefur ekki verið lokið þá,

dánarbúið hefur ekki verið tekið til opinberra skipta og leyfi til einkaskipta ekki verið veitt og þær upplýsingar liggja ekki fyrir sem eru taldar í 1. mgr. 7. gr. og skal þá sýslumaður leita vitneskju um þau efni að hætti 10. gr. áður en tveir mánuðir eru liðnir frá gildistöku laga þessara.

139. gr.

Við gildistöku laga þessara taka sýslumenn við því forræði á dánarbúum, sem kveðið er á um í 11. gr., af þeim skiptaráðendum sem fóru með það að hætti eldri laga.

140. gr.

Ákvæði 2. mgr. 12. gr. gilda aðeins um umboð sem erfingi veitir eftir gildistöku laga þessara.

141. gr.

Beita má ákvæðum 13. og 14. gr. um skipun sérstakra lögráðamanna og málsvara þótt skipti hafi byrjað á dánarbúi fyrir gildistöku laga þessara.

Ákvæði 3. mgr. 14. gr. og 15. gr. gilda frá 1. júlí 1992 um fjárhaldsmenn sem voru skipaðir fyrir þann dag en upp frá því skulu þeir sjálfkrafa teljast sérstakir lögráðamenn eða málsvarar eftir því sem á við.

142. gr.

Hafi uppskrift eigna og eftir atvikum virðing á þeim átt sér stað að hætti eldri laga fyrir gildistöku laga þessara skal sú aðgerð metin ígildi skrásetningar og eftir atvikum mats eftir ákvæðum 17.–21. gr. Krefjast má yfirmats eftir 22. gr. á virðingargerð eftir eldri lögum innan fjögurra vikna frá gildistöku laga þessara þótt lengri tími sé liðinn frá því virðing fór fram ef eignunum hefur ekki þegar verið ráðstafað og ný virðing hafði ekki farið fram eftir 47. gr. eldri laga.

Hafi uppskrift eigna og eftir atvikum virðing að hætti eldri laga ekki farið fram verður reglum 17.–23. gr. um skrásetningu eigna og mat beitt þótt erfingjar hafi fengið leyfi til einkaskipta á dánarbúi fyrir gildistöku laga þessara eða skiptum verið lokið eftir ákvæðum 10. gr. eldri laga eða með veitingu leyfis til setu í óskiptu búi, sbr. 4. mgr. 25. gr. og 2. mgr. 27. gr.

143. gr.

Þótt andlát hafi borið að höndum fyrir gildistöku laga þessara skal ljúka skiptum eftir ákvæðum 25.–27. gr. ef skilyrði eru til.

Taka má skipti upp á ný skv. 4. mgr. 25. gr. þótt þeim hafi verið lokið fyrir gildistöku laga þessara eftir ákvæðum 10. gr. eldri laga.

144. gr.

Ákvæði 28.–31. gr. gilda um skilyrði fyrir leyfi til einkaskipta, beiðni um slíkt leyfi og veitingu þess þótt hlutaðeigandi hafi látist fyrir gildistöku laga þessara ef fyrst er sótt um leyfið eftir þann tíma. Hafi skuldheimtumaður lýst kröfu á hendur dánarbúinu fyrir skiptaráðanda fyrir gildistöku laga þessara þótt aðgerðir við opinber skipti hafi ekki verið byrjaðar skal leyfið þó ekki veitt nema að fullnægðum skilyrðum 1. mgr. 9. gr. eldri laga.

Leyfi til einkaskipta, sem var veitt fyrir gildistöku laga þessara, haggast ekki þótt skilyrðum 28. gr. væri ekki fullnægt eða þær upplýsingar voru ekki veittar sem eru taldar í 1. mgr. 29. gr. Framlengja má frest til að ljúka einkaskiptum skv. 3. mgr. 29. gr. þótt leyfi til þeirra hafi verið veitt fyrir gildistöku laga þessara.

Ákvæði 3. þáttar og 123. gr. taka til einkaskipta frá gildistöku laga þessara þótt leyfi hafi verið veitt til þeirra fyrir þann tíma að því leyti sem bindandi ráðstafanir hafa ekki áður verið gerðar á annan veg.

145. gr.

Ef svo stendur á þann 1. júlí 1992 að skiptum á dánarbúi hefur ekki verið lokið eftir 10. gr. eldri laga, maka þess látna hefur ekki verið veitt leyfi til setu í óskiptu búi, erfingjum hefur ekki verið veitt leyfi til einkaskipta og opinberra skipta hefur ekki verið krafist og lengri tími er þá liðinn frá andláti en fjórir mánuðir skal sýslumaður beina áskorun skv. 32. gr. til erfingja áður en tveir mánuðir eru liðnir frá því lög þessi öðlast gildi. Ef skemmri tími en fjórir mánuðir er liðinn frá andláti þegar lög þessi öðlast gildi skal farið eftir ákvæðum 32. gr.

146. gr.

Beita má ákvæðum III. kafla við skipti dánarbús þótt hlutaðeigandi hafi látist fyrir gildistöku laga þessara ef skiptum hefur ekki verið lokið þá og bindandi ráðstafanir hafa ekki þegar verið gerðar á annan veg en ákvæði þessi mæla fyrir um.

147. gr.

Ákvæði 37.–41. gr. gilda um skyldu og heimild til að krefjast opinberra skipta á dánarbúi þótt hlutaðeigandi hafi látist fyrir gildistöku laga þessara. Eins gilda ákvæði 2. mgr. 38. gr. og 3. mgr. 40. gr. þótt skiptum hafi verið lokið eftir 10. gr. eldri laga. Farið skal með kröfu um opinber skipti undir þessum kringumstæðum eftir reglum IV. kafla.

Ef krafa hefur komið fram um opinber skipti fyrir gildistöku laga þessara en afstaða hefur ekki verið tekin til hennar gilda ákvæði IV. kafla um hana.

148. gr.

Ef dánarbú er til opinberra skipta þann 1. júní 1992 og ekki þykir víst að skiptum verði lokið fyrir gildistöku laga þessara skal skiptaráðandi, sem fer með skipti þess, boða til skiptafundar fyrir 1. júlí 1992 til að ákvörðun verði tekin um framhald skipta. Eins skal farið að ef dánarbú kemur fyrst til opinberra skipta eftir 1. júní 1992.

Ef fram kemur á skiptafundi skv. 1. mgr. að erfingjar vilji fá leyfi til einkaskipta og skilyrðum þessara laga er fullnægt til að verða við því þótt svo hafi ekki verið að eldri lögum skal skiptaráðandi veita leyfi til einkaskipta sem öðlast gildi 1. júlí 1992. Ef þess er þörf skal skiptaráðandi jafnframt skipa erfingja sérstakan lögráðamann eða málsvara eftir ákvæðum 13. gr. en sú skipun öðlast þá gildi um leið og leyfið.

Ef fram kemur á skiptafundi að skilyrði séu ekki til ráðstafana skv. 2. mgr. skal skiptaráðandi skipa skiptastjóra eftir ákvæðum 46. gr. Öðlast sú skipun gildi 1. júlí 1992 og tekur þá skiptastjóri við forræði á búinu af skiptaráðanda. Ákvæði laga þessara skulu gilda um framhald opinberra skipta eftir þann tíma, sbr. þó 150. gr., og lok þeirra en fyrri ráðstafanir og ákvarðanir skulu ekki haggast af þeim sökum.

Ákvæði laga þessara um stöðu og störf skiptastjóra gilda um þá sem eru skipaðir eftir 3. mgr. að öðru leyti en því að skylda til reikningsgerðar eftir 2. mgr. 49. gr. kemur ekki til framkvæmdar fyrr en í árslok 1992.

149. gr.

Hafi skiptaforstjóri verið löggiltur af dómsmálaráðherra til að fara með opinber skipti skv. 91. gr. eldri laga og þeim er ekki lokið við gildistöku laga þessara skal hann sjálfkrafa teljast skiptastjóri í búinu frá 1. júlí 1992 án sérstakrar skipunar. Ákvæði 3. mgr. 148. gr. gilda um framhald skiptanna.

Ákvæði laga þessara um stöðu og störf skiptastjóra gilda að öllu leyti um þá sem 1. mgr. tekur til frá gildistöku þeirra.

150. gr.

Hafi innköllun við opinber skipti verið birt fyrir 1. júlí 1992 gilda ákvæði eldri laga um lengd kröfulýsingarfrests, réttaráhrif kröfulýsingar og áhrif vanlýsingar þótt kröfulýsingarfresti ljúki ekki fyrr en eftir þann tíma. Kröfulýsing skal talin réttilega komin fram ef hún berst skiptastjóra eða þeim, sem gaf innköllunina út, eftir gildistöku laga þessara en innan kröfulýsingarfrests.

Hafi afstaða ekki verið tekin til lýstra krafna við opinber skipti fyrir gildistöku laga þessara skal farið eftir ákvæðum þeirra í þeim efnum.

Innköllun, sem hefur verið gefin út fyrir 1. júlí 1992 en hefur ekki birst í fyrsta sinn fyrir þann tíma, skal metin ógild.

151. gr.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 81. gr. gilda um meðferð á erfðafé þótt það hafi verið tekið til varðveislu fyrir gildistöku laga þessara. Tekur þetta einnig til erfðafjár sem hefur ekki verið vitjað eftir ákvæðum 1. mgr. 56. gr. erfðalaga, nr. 8/1962, við gildistöku laga þessara en hafi fé verið afhent samkvæmt því ákvæði eftir 30. júní 1987 gilda reglur 2. mgr. sömu greinar um rétt til að endurheimta það þótt þess sé fyrst krafist eftir gildistöku laga þessara.

152. gr.

Ákvæði 98.–100. gr. gilda um heimildir til að krefjast opinberra skipta til fjárslita milli hjóna eða sambýlisfólks þótt þau atvik, sem þar eru áskilin, hafi átt sér stað fyrir gildistöku laga þessara. Hafi komið fram krafa um slík opinber skipti en afstaða hefur ekki verið tekin til hennar við gildistöku laga þessara gilda ákvæði 101. gr.

Ef opinber skipti standa yfir til fjárslita milli hjóna eða sambýlisfólks þann 1. júlí 1992 skal farið eftir fyrirmælum 1., 3. og 4. mgr. 148. gr. og 150. gr.

Eftir því sem átt getur við skal farið eftir ákvæðum 103.–115. gr. og 142. gr. þótt opinber skipti til fjárslita hafi verið byrjuð fyrir gildistöku laga þessara hafi bindandi ákvarðanir eða ráðstafanir ekki þegar verið teknar eða gerðar á annan veg.

Hafi verið krafist opinberra skipta til slita á félagi fyrir gildistöku laga þessara en afstaða hefur ekki verið tekin til kröfunnar gilda ákvæði 116. og 117. gr.

Hafi opinber skipti byrjað fyrir gildistöku laga þessara til slita á félagi eftir ákvæðum 90. gr. eldri laga, hvort sem það væri heimilt eftir fyrirmælum laga þessara eða ekki, sbr. 2. mgr. 116. gr., skal skiptum fram haldið og lokið eftir ákvæðum laga þessara, sbr. 1., 3. og 4. mgr. 148. gr. og 150. gr.

153. gr.

Ef dómsmál hefur verið þingfest í skiptarétti fyrir gildistöku laga þessara en úrskurður ekki gengið í því fyrir 1. júlí 1992 skal málinu sjálfkrafa fram haldið fyrir þeim héraðsdómstól sem tekur við lögsögu í hlutaðeigandi umdæmi þann dag. Ákvæðum XVII. og XVIII. kafla skal beitt upp frá því um meðferð málsins en það sem þegar hefur verið gert í því skal standa óhaggað.

Hafi úrskurður gengið í skiptarétti fyrir 1. júlí 1992 sem heföi sætt áfrýjun til æðra dóms eftir eldri lögum og aðili að málinu vill skjóta honum til Hæstaréttar eftir gildistöku laga þessara skal það gert með kæru enda hafi áfrýjunarstefna ekki þegar verið tekin út, almennur áfrýjunarfrestur ekki verið á enda og öðrum skilyrðum áfrýjunar verið fullnægt. Telst kærufrestur þá byrja að líða 1. júlí 1992.

Hafi úrskurði skiptaréttar þegar verið áfrýjað fyrir 1. júlí 1992 skal málinu lokið fyrir Hæstarétti eftir reglum um meðferð áfrýjunarmála.

Hafi ákvörðun eða athöfn skiptaráðanda, sem átti sér stað fyrir 1. júlí 1992, verið kærð til Hæstaréttar fyrir þann tíma skal málinu lokið þar fyrir rétti eftir ákvæðum eldri laga þótt

athöfnin verði ekki talin til dómsathafna eftir reglum þessara laga. Slíkar ákvarðanir og athafnir verða einnig kærðar eftir gildistöku laga þessara ef kærufrestur er ekki liðinn þá.

Skiptagerð við opinber skipti, sem var lokið fyrir 1. júlí 1992, verður ekki áfrýjað til Hæstaréttar eftir gildistöku laga þessara þótt áfrýjunarfrestur hafi ekki verið liðinn þá. Hafi skiptagerð verið áfrýjað fyrir þann tíma skal málinu lokið fyrir Hæstarétti eftir ákvæðum eldri laga.

154. gr.

Ekki má leita úrlausnar héraðsdómara skv. 119. gr. um ákvarðanir eða athafnir skiptaráðanda sem voru teknar eða áttu sér stað fyrir gildistöku laga þessara.

Ef ágreiningur hefur risið við opinber skipti fyrir gildistöku laga þessara en mál hefur ekki verið þingfest í skiptarétti til að leiða ágreininginn til lykta má leita úrlausnar héraðsdómara um málefnið eftir 122. gr.

Leysa má úr kröfum í dómsmálum skv. 124. og 126. gr. þótt opinber skipti hafi byrjað fyrir gildistöku laga þessara.

155. gr.

Skipti verða ekki endurupptekin eftir gildistöku laga þessara nema að fullnægðum skilyrðum þeirra þótt skiptunum hafi verið lokið fyrir þann tíma.

156. gr.

Hafi skiptaráðanda borist krafa skv. 1. gr. laga nr. 44/1981 en úrskurður hefur ekki gengið um hana fyrir gildistöku laga þessara skal hún koma sjálfkrafa til kasta héraðsdóms eftir ákvæðum 153. gr. Leyst skal úr kröfunni eftir reglum nefndra laga eins og þeim er breytt með 16. tölul. 136. gr. laga þessara.

157. gr.

Hafi skiptaráðandi kveðið upp úrskurð skv. 1. mgr. 13. gr., 2. mgr. 19. gr. eða 2. mgr. 20. gr. laga nr. 83/1984 fyrir gildistöku laga þessara gilda ákvæði 4. mgr. 153. gr. um kæru.

Hafi ágreiningur um ákvörðun erfðafjárskatts, sem hefur risið fyrir 1. júlí 1992, ekki verið leiddur til lykta fyrir þann tíma skal farið með hann eftir það eftir reglum laga nr. 83/1984 eins og þeim er breytt með 18. tölul. 136. gr. laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan dómsmálaráðherra. Hefur verið unnið að gerð þess í samráði við réttarfarsnefnd, en jafnframt voru drög að því kynnt stjórnum Lögmannafélags Íslands, Dómarafélags Íslands og Sýslumannafélags Íslands, svo og sifjalaganefnd, og var leitað tillagna þeirra og ábendinga.

Frumvarpinu er einkum ætlað að leysa af hólmi núgildandi lög um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., nr. 3 12. apríl 1878, en að auki tekur það til efnis ýmissa annarra laga eins og ráða má af talningu brottnuminna lagaákvæða í 135. gr. þess.

Helsta viðfangsefni frumvarpsins, líkt og laga nr. 3/1878, er að mæla fyrir um hvernig staðið verði að aðgerðum við skipti á dánarbúum. Frumvarpið hefur einnig, eins og umrædd lög, að geyma reglur um skipti við slit hjúskapar og óvígðrar sambúðar og félagsslit ef ekki semst um þau milli hlutaðeigenda, en slík skipti fara að miklu leyti eftir sömu reglum og gilda um skipti á dánarbúum. Þá er í frumvarpinu kveðið á um sérstök úrræði til að fá úrlausn dómstóla um ágreining sem rís í tengslum við skipti, en reglur frumvarpsins um þetta eru um margt svipaðar ákvæðum laga nr. 3/1878.

Frumvarpið er samið sem þáttur í heildarendurskoðun löggjafar um dómstólaskipan, réttarfar og meðferð framkvæmdarvalds í héraði og er sniðið að þeirri skipan sem kveðið er á

um í lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1. júní 1989. Þau lög leiða til umfangsmikilla breytinga á skipan dómstóla og framkvæmdarvalds í héraði sem einar út af fyrir sig krefja að löggjöf um skipti á dánarbúum verði löguð að þeirri nýskipan, enda geta ákvæði laga nr. 3/1878 ekki fallið að henni. Í athugasemdum með frumvarpi, sem varð að lögum nr. 92/1989, var lýst ráðagerðum um hvernig mætti haga skiptalöggjöf að breyttri skipan dómsvalds og framkvæmdarvalds í héraði og hefur þeirri stefnu, sem þar kom fram, verið fylgt í öllum helstu atriðum við samningu þessa frumvarps.

Frumvarp, sem varð að lögum nr. 3/1878, var að mestu þýðing á lagafrumvarpi sem var gert um sama efni í Danmörku í lok 7. áratugar síðustu aldar og var lögfest þar á árinu 1874. Þau lög eru enn í gildi lítið breytt í Danmörku en heildarendurskoðun þeirra mun nú standa yfir. Lögum nr. 3/1878 hefur ekki verið breytt svo neinu nemi frá upphaflegri mynd ef frá er talin endurskoðun á reglum 8. kapítula þeirra um skuldaröð sem átti sér stað við setningu laga nr. 32/1974 og 23/1979. Lítils háttar breytingar voru þó gerðar á lögunum í tengslum við setningu laga um nauðasamninga, nr. 19/1924, laga um nauðungaruppboð, nr. 57/1949, erfðalaga, nr. 8/1962, og laga um hreppstjóra, nr. 32/1965, auk þess að 90. gr. laga nr. 3/1878 var breytt með lögum nr. 13/1986 á þann veg að tekið var af skarið um að skipti gætu farið fram eftir ákvæðum laganna við slit óvígðrar sambúðar. Í heild má allt að einu segja að hér hafi verið búið við nánast óbreytta löggjöf á þessu sviði í ríflega eina öld. Þótt lög nr. 3/1878 hafi verið vönduð og að auki hafi greinilega verið leitast við að laga reglur frumvarps að þeim betur að íslenskum staðháttum en almennt var gert á því tímabili við lögfestingu ýmissa annarra frumvarpa á sviði réttarfars af dönskum uppruna fer af augljósum ástæðum ekki hjá því að lögin séu aldurs síns vegna úrelt í fjölmörgum atriðum. Hefur þetta valdið því að í framkvæmd hefur áratugum saman verið vikið frá bókstaflegri fylgni við orð laganna í ýmsum atriðum og nokkrum ákvæðum þeirra hefur ekki verið beitt um lengri tíma, en þessa hefur gætt í auknum mæli á síðustu árum, einkum eftir setningu gjaldþrotalaga, nr. 6/1978. Kallar þetta ekki síður en setning laga nr. 92/1989 á endurskoðun skiptalöggjafarinnar, en þess má geta að venjur hafa myndast um fjölmörg atriði á þessu sviði í framkvæmd sem verulegt tillit hefur verið tekið til við samningu frumvarpsins.

Samhliða gerð þessa frumvarps hefur verið samið heildarfrumvarp til nýrra laga um gjaldþrotaskipti o.fl. og er gengið út frá að frumvörpin tvö verði lögð fyrir Alþingi um líkt leyti. Hefur verið leitast við að samræma ákvæði þessara frumvarpa í þeim mæli sem unnt er, enda er um náskyld svið að ræða.

Áður en vikið verður nánar að einstökum ákvæðum frumvarpsins verður gerð nokkur grein fyrir meginefni þess og helstu breytingunum sem eru lagðar til frá núgildandi lögum.

Helstu efnisatriði frumvarpsins.

I.

Eins og áður var nefnt er helsta viðfangsefni frumvarpsins að mæla fyrir um hvernig verði staðið að aðgerðum við skipti dánarbúa. Eftir lögum nr. 3/1878 hefjast þær aðgerðir með því að andlát er tilkynnt skiptaráðanda, en um framhald þeirra eru ýmsir kostir. Skiptum getur lokið þegar við tilkynningu andláts eða síðar með yfirlýsingu aðstandanda þess látna um eignaleysi dánarbús, en ef eignir eru fyrir hendi umfram kostnað af útför er um þrjár meginleiðir að tefla. Í fyrsta lagi kann maki þess látna að afla sér leyfis til setu í óskiptu búi, en veiting slíks leyfis hefur í för með sér að skiptum lýkur eða er slegið á frest um ótiltekinn tíma. Í öðru lagi geta erfingjar sammælst um að annast skiptin sjálfir í einkaskiptum, en loks getur í þriðja lagi komið til þess að opinber skipti fari fram á dánarbúi. Frumvarpið hefur með sama hætti og lög nr. 3/1878 að geyma reglur um tilkynningu andláts, lok skipta vegna eignaleysis dánarbús, einkaskipti og opinber skipti, en reglur um skilyrði fyrir leyfi til setu í óskiptu búi og veitingu þess er að finna í erfðalögum, nr. 8/1962, og taka ákvæði frumvarpsins ekki beinlínis til þess efnis frekar en lög nr. 3/1878.

Tölulegar upplýsingar liggja ekki fyrir um það hve mörg andlát séu tilkynnt árlega á landinu öllu eða í hverjum mæli sé um eignalaus dánarbú að ræða og hvernig staðið sé að frágangi mála þegar eignir eru fyrir hendi. Til hliðsjónar má þó hafa upplýsingar um þetta frá Reykjavík vegna áranna 1988 og 1989 sem eru eftirfarandi:

	1988	1989
Tilkynnt andlát:	847	811
Eignalaus dánarbú:	291	208
Leyfi til setu í óskiptu búi:	280	242
Einkaskipti:	184	154
Opinber skipti:		
Dánarbú sem hafa byrjað í opinberum skiptum en gengið síðan til einkaskipta:	32	35
Dánarbú sem hefur verið lokið að skipta við opinber skipti:	36	29
Ólokið:	24	143

Sem fyrr segir ná ákvæði frumvarpsins eins og reglur laga nr. 3/1878 einnig til opinberra skipta við slit hjúskapar og óvígðrar sambúðar og félagsslit. Upplýsingar liggja ekki fyrir af landinu öllu um slík opinber skipti, en í Reykjavík var fjöldi þeirra eftirfarandi á árunum 1988 og 1989:

	1988	1989
Opinber skipti við hjúskaparslit:	11	6
Opinber skipti við slit óvígðrar sambúðar:	5	2
Opinber skipti við félagsslit:	1	1

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að leitað verði úrlausnar dómstóla um ágreining sem rís í tengslum við skipti eftir sérstökum reglum, en hér er um að ræða svipaðar reglur og nú gilda. Markmið þessara sérreglna er ekki síst að stuðla að því að hægt sé að leysa úr slíkum ágreiningsatriðum á skjótan hátt þannig að skipti þurfi ekki að dragast úr hófi vegna þeirra. Verða ekki frekar en um áðurnefnd atriði fundnar upplýsingar um fjölda slíkra dómsmála af landinu öllu, en á árinu 1988 var leyst úr átta málum af þessum toga í Reykjavík og á árinu 1989 voru þau þrjú talsins.

II.

Ein helsta breytingin frá núgildandi lögum, sem stefnt er að í frumvarpinu, felst í því hverjir annist störf sem tengjast skiptum á sviði frumvarpsins. Í núgildandi lögum eru þessi störf nánast öll lögð í hendur dómara, skiptaráðenda, sem meðal annars taka við tilkynningum um andlát, veita leyfi til setu í óskiptu búi og einkaskipta á dánarbúum, annast framkvæmd opinberra skipta, leggja á erfðafjárskatt og innheimta hann, auk þess að leysa úr ágreiningi í héraði í dómsmálum sem verða rekin eftir sérreglum laga nr. 3/1878.

Frumvarp þetta er sem fyrr segir meðal annars byggt á þeim grunni sem var lagður með setningu laga nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpi sem varð að þeim lögum eru ein þýðingarmestu markmið þeirra annars vegar að framkvæmdarvaldsstörf verði tekin úr höndum dómara og hins vegar að breytt verði eðli ýmissa umsýslustarfa sem dómarar hafa haft með höndum og hafa talist dómstörf, þannig að þau verði talin til starfa framkvæmdarvaldshafa í framtíðinni eða falin að einhverju marki öðrum en handhöfum ríkisvalds. Með þessu munu héraðsdóm-

stólar framvegis svo til eingöngu fást við eiginleg dómstörf, en handhafar framkvæmdarvalds ríkisins í héraði, sýslumenn, munu annast fjölmörg önnur verk sem dómarar hafa haft með höndum til þessa.

Af þeim störfum, sem dómarar annast nú í tengslum við skipti á sviði þessa frumvarps, verða aðeins sárafá talin til eiginlegra dómstarfa, en af þeim má einkum nefna annars vegar ákvörðun um hvort opinber skipti fari fram og hins vegar úrlausn ágreiningsmála sem rísa í tengslum við skipti. Önnur störf, sem núgildandi lög fela dómurum í þessu sambandi, eru hins vegar almennt því marki brennd að vera annaðhvort framkvæmdarvaldsstörf, t.d. álagning og innheimta erfðafjárskatts, eða umsýslustörf sem eiga fátt ef nokkuð skylt við almennt hlutverk dómara, t.d. að taka við dánartilkynningum, veita ýmis leyfi og framkvæma opinber skipti. Til samræmis við grundvöll laga nr. 92/1989 er byggt á því í frumvarpinu að héraðsdómstólar muni nánast aðeins fást við fyrrnefnd eiginleg dómstörf, en önnur verk á sviði þess verði ýmist í höndum sýslumanna eða falin sérstökum skiptastjórum.

Nánar tiltekið er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að sýslumenn muni hafa með höndum mikinn hluta þeirra starfa á sviði þess sem skiptaráðendur annast eftir núgildandi lögum, annarra en eiginlegra dómstarfa, og að störf þessi verði þannig talin til framkvæmdarvaldsathafna. Af helstu viðfangsefnunum, sem sýslumönnum er ætlað á þessum vettvangi, má nefna að ákvæði frumvarpsins fela þeim meðal annars að taka við andlátstilkynningum, veita leyfi til setu í óskiptu búi eða einkaskipta, skipa sérstaka lögráðamenn eða málsvara fyrir erfingja sem þess þurfa með, annast skráningu og mat á eignum dánarbúa, hafa með höndum forræði á málefnum dánarbúa frá andláti þar til frekari aðgerðir við skipti hefjast, veita erfingjum leiðbeiningar og aðhald varðandi frágang mála og leggja á og innheimta erfðafjárskatt. Þau störf, sem hér um ræðir, verða eftir eðli sínu að teljast fara betur í höndum framkvæmdarvaldshafa en dómara, enda eiga þau ekkert skylt við almenn störf dómara og hætta getur að auki verið á að ágreiningur verði um framkvæmd þeirra sem væri ófært að einn og sami embættismaður annist og kveði síðan upp dómsúrlausn um réttmæti sinna eigin aðgerða. Að auki verður ekki litið fram hjá því að þessi störf eru um margt þjónusta við almenning sem sýslumenn munu einmitt annast í ríkum mæli á öðrum sviðum í framtíðinni.

Eitt þeirra viðfangsefna, sem skiptaráðendur hafa haft með höndum eftir ákvæðum laga nr. 3/1878, er að annast framkvæmd opinberra skipta. Hér er um að ræða verk sem tekur til fjölbreytilegra atriða, en af þeim má nefna að ákvæði þessara laga gera ráð fyrir að skiptaráðandi byrji opinber skipti með því að skrásetja og eftir atvikum láta meta eignir dánarbús og skuldbindingar eða skrifi upp búið eins og það hefur lengi verið kallað í framkvæmd. Að því búnu er ætlast til að skiptaráðandi boði erfingja til skiptafunda og leiti þar afstöðu þeirra til þess hvort þeir taki ábyrgð á skuldbindingum dánarbúsins og hvernig eigi að ráðstafa eignum þess. Þá er ætlast til að skiptaráðandi afli vitneskju um skuldbindingar búsins, ýmist með því að gefa út innköllun til skuldheimtumanna eða án þess. Skiptaráðanda er síðan ætlað að leysa úr um réttmæti krafna skuldheimtumanna og erfingja, framfylgja ákvörðunum um ráðstöfun eigna og verja eftir atvikum fé búsins til greiðslu skulda og arfs, en hann kemur fram af hálfu búsins út á við í öllu tilliti, hvort sem er við samningsgerð, gagnvart yfirvöldum eða sem fyrirsvarsmaður þess í dómsmálum. Þau viðfangsefni, sem hér um ræðir, eru nánast að öllu leyti umsýsluverkefni þar sem ekkert reynir á dómsvald skiptaráðenda nema ágreiningur rísi, en slíkt er sjaldgæft við opinber skipti dánarbúa. Af þessum sökum fengi það engan veginn samrýmst markmiði laga nr. 92/1989 að dómarar hefðu þetta hlutverk með höndum. Við gerð þessa frumvarps voru metnir þeir kostir sem þóttu tiltækir um það hverjir gætu annast framkvæmd opinberra skipta, en tæpast verður sagt að þeir kostir séu nema tveir, annaðhvort að sýslumenn annist þetta verk eða sérstaklega skipaðir skiptastjórar sem dómari mundi tilnefna að gengnum úrskurði um að opinber skipti fari fram. Síðarnefndi kosturinn þótti í flestu tilliti eiga betur við, en af þeim mörgu atriðum sem þykja mæla með honum má nefna eftirfarandi:

1. Eftir ákvæðum gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, hafa sérstakir bústjórar til bráðabirgða og skiptastjórar að meginreglu með höndum framkvæmd gjaldþrotaskipta ef eignir eru á annað borð fyrir hendi í þrotabúi. Sú tilhögun er í samræmi við löggjöf í flestum ríkjum Evrópu og Norður-Ameríku og var tekin hér upp að þeirri fyrirmynd, en hún hefur gefið sérlega góða raun hér á landi. Framkvæmd opinberra skipta á dánarbúum og við slit hjúskapar, óvígðrar sambúðar og félaga er í flestum atriðum keimlík framkvæmd gjaldþrotaskipta og má telja eðlilegt að sömu reglur gildi í öllum tilvikum, en í þessum efnum er einnig við erlendar fyrirmyndir að styðjast.
2. Í 91. gr. laga nr. 3/1878 er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra geti löggilt sérstaka skiptaforstjóra án dómsvalds til að framkvæma opinber skipti dánarbúa í stað skiptaráðenda, hvort heldur að ósk erfingja eða eftir fyrirmælum þess látna í erfðaskrá. Þessi heimild hefur lítið verið notuð hér á landi en tiltölulega meira í Danmörku. Í báðum löndunum hefur þessi tilhögun þótt gefast vel þegar reynt hefur á hana. Verksvið skiptaforstjóra eftir núgildandi lögum er að miklu leyti hliðstætt því sem frumvarpið gerir ráð fyrir um skiptastjóra.
3. Telja má að margt vinnist með því að fela sérstökum skiptastjóra að framkvæma opinber skipti fremur en að starfsmaður ríkisins hafi verkið með höndum. Reynslan við framkvæmd gjaldþrotaskipta hefur sýnt að skiptastjórum sé hægara en starfsmönnum ríkisins að gæta hagsmuna búa gagnvart öðrum og skipti hafa almennt tekið skemmri tíma og gefið betri fjárhagslegan árangur. Skiptastjórar eru einnig almennt í góðri aðstöðu til að leitast við að ná sáttum um ágreiningsefni við skipti. Þá má einnig benda á að þessi háttur gefur kost á að fyllsta trúnaðar verði gætt um það sem fer fram við opinber skipti, en sambærilegur trúnaður, sem getur verið keppikefli fyrir hlutaðeigendur, verður varla tryggður ef stjórnvald annast verkið í ljósi viðhorfa um upplýsingaskyldu þeirra.
4. Ákvæði frumvarpsins og ýmissa núgildandi laga hafa í för með sér að sýslumenn muni gegna fjölbreytilegum störfum sem mundu samræmast því illa að þeir annist framkvæmd opinberra skipta. Í IV. kafla frumvarpsins er til dæmis gert ráð fyrir að sýslumenn krefjist opinberra skipta á dánarbúum ef erfingjar hlutast ekki sjálfir til um skiptin. Sýslumenn munu einnig annast álagningu og innheimtu erfðafjárskatts hvort sem dánarbúi yrði skipt í einkaskiptum eða opinberum skiptum. Þá hafa sýslumenn með höndum innheimtu opinberra gjalda í fjölmörgum umdæmum landsins og reynslan er sú að slíkar kröfur beinist mjög oft að búum sem eru til opinberra skipta. Meðal annars af þessum ástæðum getur sýslumaður þurft að gegna skyldum embættis síns vegna sem væru ósamþýðanlegar því að framkvæma opinber skipti og hafa þannig með höndum forræði á málefnum dánarbús.
5. Eins og vikið verður sérstaklega að hér á eftir miða ákvæði frumvarpsins að því að draga verulega úr nauðsyn opinberra skipta á dánarbúum í tilvikum sem erfingjar æskja þeirra ekki sjálfir og má ætla að talsvert minna verði um þau fyrir vikið. Má þannig telja sennilegt að ef frumvarpið verður að lögum muni opinber skipti einkum koma til að ósk hlutaðeigenda, eftir atvikum vegna ágreinings eða ósamkomulags þeirra um hvernig staðið verði að verki þótt vissulega geti aðrar ástæður leitt til opinberra skipta. Umfang starfa við framkvæmd opinberra skipta er verulega misjafnt hverju sinni. Eftir núgildandi reglum í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79/1975 ber að greiða skiptagjald í ríkissjóð vegna opinberra skipta sem nemur 1,5% af heildarandvirði þeirra eigna sem koma til skipta, en gjaldinu er ætlað að standa undir þeim kostnaði sem ríkið verður að bera vegna framkvæmdar opinberra skipta í höndum starfsmanna þess. Í reynd hefur hins vegar verið hendingu háð hvort þetta gjald hafi verið í eðlilegu samhengi við þann kostnað sem hefur orðið að standa undir af almannafé vegna framkvæmdar opinberra skipta í höndum skiptaráðenda því að ýmist getur gjaldið orðið of hátt í samanburði við verkið eða of lágt. Telja verður eðlilegra í alla staði að kostnaður af opinberum skiptum verði með öllu

greiddur af þeim eignum sem koma til skipta, ekki síst í ljósi þess að ákvæði frumvarpsins stefna að því að afnema að verulegu leyti skyldu til opinberra skipta gegn vilja erfingja eða arfláta og að kostnaðurinn miðist við umfang verksins, en verði hvorki borinn af ríkissjóði né gerður að tekjulind hans. Með þeirri skipan frumvarpsins, að skiptastjórum verði falin framkvæmd opinberra skipta og þeir fái greidda þóknun sína af því fé sem þeir sýsla með, má telja að í senn verði unnt að haga málum á þann veg að kostnaður standi í eðlilegu samræmi við vinnuframlag og að ríkissjóður hvorki hagnist af né gjaldi fyrir að hlutaðeigendur kjósi að opinber skipti eigi sér stað. Í þessu sambandi er jafnframt rétt að benda á að þóknun skiptastjóra, sem yrði einkum ákveðin í ljósi tímans sem væri varið til verksins, yrði tæpast meiri en sá kostnaður sem ríkið ber af þessum sökum í reynd eftir núgildandi reglum þegar tillit er tekið til vinnulauna skiptaráðenda, launatengdra útgjalda, kostnaðar af skrifstofuhaldi o.fl. Má enn fremur hafa í huga að ákvæði frumvarpsins tryggja að hægt verði að fá úrlausn dómstóla um fjárhæð kostnaðarins ef þurfa þykir.

III.

Í lögum nr. 3/1878 er byggt á því að dánarbú teljist formlega vera til opinberra skipta frá andláti hlutaðeiganda þar til eftirlifandi maka hans er veitt leyfi til setu í óskiptu búi, erfingjum hans er veitt leyfi til einkaskipti eða skiptum er annaðhvort lokið án frekari aðgerða vegna eignaleysis dánarbúsins eða í reynd með opinberum skiptum. Af þessum sökum miða ákvæði laga nr. 3/1878 við að skiptaráðandi fari með forræði dánarbús frá andláti þar til eitthvað af framangreindu hefur átt sér stað og að hann hefjist handa um framkvæmd opinberra skipta ótilkvaddur ef erfingjar hlutast ekki til um aðrar ráðstafanir innan skamms tíma frá andláti. Þótt þessar reglur laganna standi óbreyttar má heita að í framkvæmd hafi að mörgu leyti verið horfið frá því að fylgja ætlan þeirra fyrir áratugum síðan. Að vísu hefur ekki verið vikið frá þeirri grundvallarreglu að skiptaráðandi hafi formlegt forræði á málefnum dánarbús frá andláti fram til þess tíma að maki þess látna eða erfingjar kunni að taka við því forræði á grundvelli áðurnefndra leyfa, en á hinn bóginn heyrir til undantekninga að skiptaráðandi hefjist handa um beinar aðgerðir við skiptin nema fram komi beiðni erfingja um það. Af þessum sökum hefur hlutverk skiptaráðenda að mestu beinst inn á þá braut að eftir viðtöku andlátstilkynninga fylgjast þeir með og veita aðhald um að erfingjar geri nauðsynlegar ráðstafanir til að ljúka skiptum og gefa erfingjum eftir þörfum heimildir til þessara ráðstafana. Hefur framkvæmdin þannig þróast á þann veg að skiptaráðendur hafa fremur gegnt eftirlitshlutverki en að eiga þátt að framkvæmd skipta, nema í þeim tilvikum sem opinber skipti eiga sér stað í eiginlegri mynd. Síðustu áratugi hafa opinber skipti hins vegar almennt ekki átt sér stað nema erfingi hafi beinlínis leitað eftir því, enginn erfingi hafi gefið sig fram eða vegna ákvæða laga nr. 3/1878 sem skylda annars að opinber skipti fari fram við ákveðnar aðstæður, en að þessu verður nánar vikið hér á eftir.

Ákvæði frumvarpsins mótast mjög af þeirri framkvæmd sem hér hefur verið lýst. Kemur þetta einkum fram í því að eftir frumvarpinu mun dánarbú ekki teljast sjálfkrafa vera til opinberra skipta frá andlátsstund hlutaðeiganda, heldur skapast við andlátið millibilsástand þar sem sýslumaður hefur til bráðabirgða forræði á málefnum dánarbúsins. Jafnframt er sýslumanni ætlað að gegna því hlutverki við eftirlit og gæslu almannahagsmuna varðandi skipti dánarbúa sem skiptaráðendur hafa annast til þessa í framkvæmd, bæði meðan á fyrrnefndu millibilsástandi stendur og í framhaldi af því við einkaskipti. Þetta hlutverk sýslumanna samkvæmt frumvarpinu felst nánar tiltekið í því að þeim er ætlað að taka við andlátstilkynningum og veita um leið leiðbeiningar um hvernig staðið verði að framhaldi aðgerða og málalokum, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Málalok geta orðið þau að dánarbú verði talið eignalaust og skiptum þess verði þá lokið þegar í stað fyrir sýslumanni, sbr. 25. og 26. gr. frumvarpsins. Þau geta einnig orðið á þann veg að maki þess látna fái leyfi sýslumanns til að

setjast í óskipt bú, sbr. 27. gr. frumvarpsins og ákvæði II. kafla erfðalaga nr. 8/1962. Þá getur sýslumaður orðið við umsókn erfingja um að veita þeim leyfi til einkaskipta, sbr. 29.–31. gr. frumvarpsins, en að fengnu slíku leyfi öðlast erfingjar heimild til að ráða yfir hagsmunum dánarbúsins í stað sýslumanns og ljúka síðan skiptunum með því að afhenda sýslumanni gögn og greiða erfðafjárskatt, sbr. XIII. kafla frumvarpsins. Loks getur farið svo að krafist sé opinberra skipta á dánarbúinu og að dómsúrskurður gangi um slíka kröfu eftir ákvæðum IV. kafla frumvarpsins, en ef krafan er tekin til greina verða skiptin upp frá því í höndum sérstaks skiptastjóra sem tekur við forræði á dánarbúinu af sýslumanni. Hvernig sem staðið yrði nánar að aðgerðum hverju sinni er sem fyrr segir gert ráð fyrir þeirri meginreglu í 11. gr. frumvarpsins að sýslumaður hafi með höndum formlegt forræði á málefnum dánarbús til bráðabirgða, eða nánar tiltekið á tímabilinu frá andláti fram að því að eitthvað af framangreindu gerist, og er þetta nánast það sama og nú tíðkast í framkvæmd samkvæmt áðursögðu. Þá er gert ráð fyrir því að sýslumaður greiði á ýmsan hátt fyrir aðgerðum á þessu tímabili, t.d. með skipun sérstakra lögráðamanna og málsvara fyrir erfingja eftir ákvæðum 13. og 14. gr. frumvarpsins og með því að láta fara fram skrásetningu og eftir atvikum mat á eignum eftir beiðni erfingja, sbr. 17.–23. gr. frumvarpsins, en ráðstafanir sem þessar verða ekki gerðar eftir núgildandi lögum nema við opinber skipti. Þá er loks ætlast til að sýslumaður gegni sérstöku aðhaldshlutverki með því að áminna erfingja ef dráttur verður á aðgerðum af þeirra hendi á umræddu tímabili, sbr. 32. gr. frumvarpsins, og eftir atvikum að bregðast við athafnaleysi erfingja eða þeirri aðstöðu að erfingi neiti að taka þátt í einkaskiptum eða enginn erfingi gefi sig fram með því að krefjast opinberra skipta skv. 37. gr. frumvarpsins.

Þótt sú skipan frumvarpsins, sem hér er lýst, feli í sér allnokkra breytingu að formi til frá fyrirmælum núgildandi laga líkist hún mjög þeirri framkvæmd sem hefur verið ríkjandi áratugum saman.

IV.

Eins og getið var hér á undan miða ákvæði laga nr. 3/1878 við það að dánarbú séu alltaf talin vera til opinberra skipta frá því andlát ber að höndum og þar til slíkum skiptum lýkur eða skiptaráðandi veitir maka þess látna leyfi til setu í óskiptu búi eða erfingjum hans leyfi til einkaskipta. Svo sem áðurgreindar tölulegar upplýsingar um framkvæmd í Reykjavík á árunum 1988 og 1989 gefa til kynna er reyndin hins vegar sú að beinar aðgerðir við opinber skipti dánarbúa eiga sér ekki stað í verulegum mæli því að komist er hjá þeim vegna eignaleysis þess látna eða með setu í óskiptu búi eða einkaskiptum í samtals um 91% tilvika. Þegar aðgerðir við opinber skipti byrja á annað borð sýna þessar tölur jafnframt að horfið er frá þeim í allmörgum tilvikum með því að erfingjum sé veitt leyfi til einkaskipta eða eftir atvikum að maka sé veitt leyfi til setu í óskiptu búi, en það sé aðeins í 4,4% allra tilvika sem opinber skipti fari í reynd fram allt til enda. Eftir fyrirmælum laga nr. 3/1878 geta ýmis atvik leitt til þess að nauðsynlegt sé að aðgerðir við opinber skipti á dánarbúi eigi sér stað að einhverju leyti eða öllu, en eftirfarandi eru helstu orsakir þess:

1. að erfingi sé ófjárráða eða ófær af heilsufarsástæðum um að gæta hagsmuna sinna sjálfur,
2. að bú erfingja sé til gjaldþrotaskipta,
3. að ekki verði náð til erfingja, t.d. með því að ekki sé vitað um dvalarstað hans eða hann sé horfinn,
4. að sá látni hafi haft með höndum reikningshald á vegum hins opinbera,
5. að sá látni hafi mælt fyrir í erfðaskrá um að opinber skipti skuli eiga sér stað eða skiptaforstjóri verði löggiltur til að annast skiptin,
6. að einn erfingi eða fleiri óski beinlínis eftir opinberum skiptum hvort sem ágreiningur hefur staðið milli erfingja um skiptin eða ekki,

7. að einn erfingi eða fleiri taki ekki að sér ábyrgð á skuldbindingum þess látna og skilyrði eru ekki til að ljúka skiptunum allt að einu vegna eignaleysis þess látna eða með því að veita maka hans leyfi til setu í óskiptu búi,
8. að ekki sé vitað um neinn erfingja og talið að arfur muni því renna til ríkisins,
9. að vafi sé uppi um hver geti átt tilkall til arfs.

Í þeim tilvikum, þar sem hafist var handa um aðgerðir við opinber skipti á dánarbúum í Reykjavík á árunum 1988 og 1989 og skiptum á þeim eftir atvikum lokið með þeim hætti, átti það rætur að rekja til ofangreindra orsaka í eftirfarandi mæli þegar tölur frá báðum árunum eru lagðar saman:

	Fjöldi tilvika þar sem aðgerðir byrjuðu við opinber skipti:	Þar af þau tilvik þar sem opinber skipti fóru fram til enda:
1.	40	6
2.	0	0
3.	7	3
4.	0	0
5.	5	5
6.	64	37
7.	12	10
8.	1	1
9.	3	3

Af þessu má ráða að það sé misjafnt hve mikið reyni á einstakar reglur laga nr. 3/1878 sem mæla fyrir um nauðsyn aðgerða við opinber skipti. Það skiptir þó væntanlega meira máli að varla verður séð tilefni til að kveða á um þessa nauðsyn í öllum þeim tilvikum sem hér um ræðir. Verður til dæmis ekki séð hvað vinnist með skyldu til aðgerða við opinber skipti vegna ófjárræðis erfingja því að lögráðamenn slíkra erfingja koma fram og gefa nauðsynlegar yfirlýsingar fyrir þeirra hönd og gæta hagsmuna þeirra, sérreglur um meðferð fjár ófjárráða manna gilda um varðveislu arfs eftir greiðslu hans, en afskipti skiptaráðenda hafa ekki þjónað raunhæfum tilgangi við þessar aðstæður. Röksemdir má færa með sambærilegum hætti fyrir því að opinber skipti þjóni ekki sérstökum tilgangi í þeim tilvikum sem voru talin í 2., 3. og 4. lið hér á undan. Er því lagt til í frumvarpinu að nauðsyn aðgerða við opinber skipti verði afnumin í umræddum fjórum tilvikum, en eftir atvikum komi í staðinn sérstök aðgæsla og eftirlit af hendi sýslumanns ef ófjárráða erfingi á hlut að máli, sbr. einkum 30., 31. og 94. gr. frumvarpsins, heimildir sýslumanns til að skipa ófjárráða erfingja sérstakan lögráðamann og málsvara handa erfingja sem næst ekki til, sbr. 13. og 14. gr. frumvarpsins, og ákvæði 17.–23. gr. frumvarpsins um skráningu eigna og mat á þeim sem sýslumaður annast án þess að koma þurfi til opinberra skipta til að þær aðgerðir fari fram. Má ætla að þetta hafi í för með sér að talsvert dragi úr aðgerðum við opinber skipti dánarbúa ef frumvarpið verður að lögum, en þetta mun hins vegar að einhverju marki leiða til aukinna verka sýslumanna en ella hefði orðið.

Þótt þannig sé gert ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins leiði til talsverðrar fækkunar á tilvikum þar sem opinber skipti dánarbúa fara fram gefa þau ekki tilefni til að vænta sambærilegra breytinga á tíðni opinberra skipta við slit hjúskapar eða óvígðrar sambúðar eða félagsslit, enda eru opinber skipti aldrei lögskyld við þessar aðstæður heldur koma þau alltaf til að kröfu einhvers hlutaðeiganda samkvæmt reglum laga nr. 3/1878. Þó má vekja athygli á því í þessu sambandi að í framkvæmd er mjög sjaldgæft að opinber skipti eigi sér stað til fullnaðar undir þessum kringumstæðum, heldur lýkur aðgerðum í meginþorra tilvika áður en til þess kemur með því að samningar takist um málalok. Virðist sem tilefni opinberra skipta við þessar aðstæður sé oft að leysa þurfi úr afmörkuðu ágreiningsefni milli aðilanna, en að því

leystu sé grundvöllur til samninga um önnur atriði. Hefur þá verið leitað opinberra skipta gagngert til að fá leyst úr slíkum ágreiningi með skjótum hætti eftir sérreglum laga nr. 3/1878 án þess að aðrar aðgerðir hafi þurft að eiga sér stað í tengslum við opinberu skiptin, en ekki hefur verið unnt að leita slíkrar úrlausnar eftir öðrum leiðum. Í 2. mgr. 125. gr. frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir að hjón geti leitað slíkrar skjótrar úrlausnar um afmarkað ágreiningsefni sitt við fjárslit vegna skilnaðar án þess að koma þurfi til opinberra skipta af þeim sökum. Þessi heimild kynni þannig að draga úr því að krafist yrði opinberra skipta við fjárslit vegna hjónaskilnaðar.

V.

Í ákvæðum laga nr. 3/1878 er gerður verulegur greinarmunur á því hvernig staðið verði að framkvæmd opinberra skipta á dánarbúum eftir því hvort erfingjar þess látna lýsi yfir að þeir taki á sig ábyrgð á skuldbindingum hans eða ekki. Í 19.–49. og 81.–87. gr. laganna koma fram sérreglur sem taka til tilvika þar sem yfirlýsingar um slíka ábyrgð fást ekki, án tillits til þess hvort þetta eigi rætur að rekja til skuldastöðu þess látna, varfærni af hendi erfingja eða þess að ekki hafi tekist að ná til þeirra allra. Við þessar aðstæður ber að gefa út innköllun til skuldheimtumanna og leysa úr um réttmæti krafna þeirra sem tekur minnst 5 til 6 mánuði eftir ákvæðum laganna. Meðan á þessu stendur ráða skuldheimtumenn gangi mála í alla staði án tillits til efnahags dánarbúsins, m.a. hvernig eignum verði ráðstafað, og er þá staðið að aðgerðum á sambærilegan hátt og við gjaldþrotaskipti. Að umræddum tíma liðnum kann að koma fram að eignir dánarbúsins nægi til greiðslu skulda þannig að erfingjar fái ráðið gangi mála upp frá því, en nægi eignirnar ekki helst forræði skuldheimtumanna á hagsmunum búsins allt til enda. Ef erfingjar lýsa hins vegar yfir að þeir taki þessa ábyrgð að sér og opinber skipti fara allt að einu fram er framkvæmd skiptanna miklu einfaldari í sniðum því að sambærilegt tillit er ekki tekið til skuldheimtumanna og erfingjar taka ákvarðanir um hvernig hagsmunum dánarbús verði ráðstafað, en um þetta eru reglur í 50.–55. gr. laga nr. 3/1878.

Sá meginmunur, sem ákvæði laga nr. 3/1878 gera á framkvæmd opinberra skipta eftir því hvort erfingjar lýsa yfir ábyrgð á skuldum eða ekki, er um margt óeðlilegur, m.a. vegna þess að ekkert tillit er tekið til þess af hvaða ástæðum ábyrgð erfingjanna fæst ekki. Áðurnefndar reglur laganna um framkvæmd opinberra skipta, þegar ábyrgð er ekki lýst yfir, eru að mestu miðaðar við þau tilvik þar sem þetta kemur til af því að dánarbú eigi ekki eignir fyrir skuldum. Reyndin er hins vegar oft sú að vöntun ábyrgðar erfingja stafi af öðru, t.d. að ekki náist til eins erfingja af fjölmörgum í tilviki þar sem eignir eru langt umfram skuldir. Þegar þannig stendur á er óeðlilegt svo að ekki sé meira sagt að skuldheimtumenn ráði um lengri tíma hvernig staðið verði að skiptunum án þess að tillit verði tekið til hugsanlegra hagsmuna erfingja.

Í frumvarpinu er leitast við að ráða bót á þeirri aðstöðu sem hér hefur verið lýst. Er þetta gert með því að gera ekki meiri mun á framkvæmd opinberra skipta eftir því hvort erfingjar lýsi yfir ábyrgð á skuldbindingum dánarbús eða ekki en sem telja má óumflýjanlegt. Mismunandi reglur koma að vísu eftir sem áður fram um hvernig verði kallað eftir kröfum skuldheimtumanna og farið með þær. Í VII. kafla frumvarpsins er kveðið á um hvernig staðið verði að þessu ef erfingjar hafa ekki lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum, en á sama hátt og eftir lögum nr. 3/1878 verður þá að gefa út innköllun til skuldheimtumanna og taka síðan afstöðu til þeirra krafna sem koma fram. Frestir eru hins vegar styttir mjög og reglur um meðferð krafna skuldheimtumanna eru einfaldaðar, en hvoru tveggja er lagt til eftir fyrirmynd í ákvæðum gjaldþrotalaga, nr. 6 1978, og ætti að flýta meðferðinni verulega. Í VIII. kafla frumvarpsins er síðan mælt fyrir um hvernig staðið verði að þessu ef erfingjar ábyrgjast skuldbindingar dánarbús og er þar leitast við að greiða fyrir í þessum efnum frá því sem nú gildir. Mestu skiptir hins vegar að ákvæði IX. kafla frumvarpsins veita erfingjum rétt til afskipta af því hvernig eignum og réttindum dánarbús verði ráðstafað þótt þeir hafi ekki lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum þess meðan ekki hefur verið staðreynt að dánarbúið eigi ekki eignir fyrir skuldum.

Reglur 19.–49. gr. (3. kapítula) laga nr. 3/1878, sem geyma ákvæði þeirra um opinber skipti dánarbúa þegar erfingjar lýsa ekki yfir ábyrgð á skuldbindingum þess, taka sem áður segir einkum mið af aðstæðum við framkvæmd skipta þegar eignir dánarbús nægja ekki fyrir skuldum. Þegar þannig er ástatt er í reynd um það að ræða að gjaldþrotaskipti fari fram á dánarbúinu, enda var stuðst að öllu leyti við umræddar reglur við framkvæmd gjaldþrotaskipta á búum lifenda um margra ára skeið eftir setningu laga nr. 3/1878 þar til fyrstu sérlögin voru sett hér á landi um þau efni og að vissu marki var þessum reglum enn beitt til fyllingar á fyrirmælum löggjafar um gjaldþrotaskipti eftir þann tíma og allt til gildistöku núgildandi gjaldþrotalaga frá 1978. Er þetta meðal ástæðna þess að reglur um rétthæð krafna skuldheimtumanna við gjaldþrotaskipti hafa frá upphafi verið í 8. kapítula laga nr. 3/1878 þótt sjaldan reyni á þær við skipti dánarbúa. Í ljósi þess, að sjálfstæð löggjöf gildir orðið um framkvæmd gjaldþrotaskipta og ekki síður vegna þess hve sjaldgæft er að opinber skipti fari fram þar sem eignir dánarbúa nægja ekki fyrir skuldum, hefur sú leið verið við samningu frumvarpsins að láta ógert að setja fram sérreglur um gjaldþrotaskipti dánarbúa, en þess í stað er kveðið á um það í 62. gr. frumvarpsins að hafi erfingjar ekki tekið á sig ábyrgð á skuldum og í ljós kemur eftir innköllun til skuldheimtumanna að eignir búsins nægi ekki fyrir kröfum þeirra fari framkvæmd skiptanna upp frá því í einu og öllu eftir lagareglum um gjaldþrotaskipti. Er þetta fyrst og fremst gert til einföldunar því að öðrum kosti hefði orðið að setja í frumvarpið yfirgripsmikil fyrirmæli um hvernig staðið yrði að framkvæmd opinberra skipta ef eignir dánarbús nægja ekki fyrir skuldbindingum þess og þau fyrirmæli hefðu að auki orðið annað en endurtekning á þeim reglum sem koma fram í löggjöf um gjaldþrotaskipti. Í ljósi þessara breytinga er jafnframt gert ráð fyrir því í frumvarpinu að núverandi reglur 8. kapítula laga nr. 3/1878 verði ekki framvegis í löggjöf um skipti dánarbúa, heldur í lögum um gjaldþrotaskipti þar sem telja verður að þær eigi með réttu heima. Í frumvarpi, sem hefur verið gert til nýrra heildarlaga um gjaldþrotaskipti og var minnst á hér í upphafi, eru umræddar reglur 8. kapítula laga nr. 3/1878 teknar upp þessu til samræmis.

VI.

Við gerð frumvarpsins hefur því viðhorfi verið fylgt sem núgildandi lög byggja á að í skiptalöggjöf eigi að koma fram reglur um verklag við framkvæmd skipta (svokallaðar formreglur) meðan önnur lög geymi reglur sem kveði á um tilkall til muna eða verðmæta við skiptin (svokallaðar efnisreglur). Þýðingarmestu efnisreglurnar, sem reynir á í tengslum við skipti á sviði þessa frumvarps, eru reglur um erfðaréttindi, sem er að finna í erfðalögum, nr. 8 1962, og reglur um fjármál hjóna sem koma einkum fram í lögum um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20/1923, en að auki reynir á margvíslegar efnisreglur af öðrum meiði, t.d. reglur félagaréttar þegar um skipti til félagsslita er að ræða, reglur fjármunaréttar varðandi kröfuréttindi annarra við búskipti o.s.frv. Þótt frumvarpið hafi verið samið með það fyrir augum að það tæki ekki til slíkra efnislegra atriða og að verklagsreglur þess gætu eins átt við þótt efnisreglum yrði breytt á síðari tímum er um sumt örðugt að gera fullkominn greinarmun á formreglum og efnisreglum í þessum skilningi, auk þess að vissar efnisreglur varða svo mjög framkvæmd skipta að óhjákvæmilegt er að taka þær upp í tengslum við formreglurnar. Má af þessum sökum finna einstakar reglur í frumvarpinu, líkt og í lögum nr. 3/1878, sem fremur mætti telja til efnisreglna í þessum skilningi, t.d. í 104. gr. þess auk ýmissa ákvæða í III. kafla. Á hinn bóginn hefur sú leið verið farin að taka upp í frumvarpið formreglur sem til þessa hafa verið í öðrum lögum en nr. 3/1878 og leggja um leið til brottnám slíkra fyrirmæla sérlaga. Áhrifa af þessu gætir einkum varðandi formreglur um skipti milli hjóna sem eru nú að nokkru í lögum nr. 20/1923, en reglur um þetta eru teknar upp í XIV. kafla frumvarpsins samhliða því að lagt er til í 135. gr. þess að allmörg ákvæði laga nr. 20/1923 falli niður ef það verður að lögum.

VII.

Hér á undan hefur sérstaklega verið getið nokkurra meginatriða frumvarpsins sem er ætlað að leiða til breytinga frá núgildandi lögum. Tillögur um slíkar breytingar eru þó fleiri og þykir rétt að gera hér stutta grein fyrir þeim helstu í sömu röð og þær koma fram í frumvarpinu og geta þá um leið nokkurra atriða sem varða efnisskipan frumvarpsins.

1. Fyrsti þáttur frumvarpsins hefur að geyma fyrstu þrjá kafla þess sem fjalla um almenn atriði um skipti dánarbúa. Í I. kafla frumvarpsins koma fram reglur um lögsögu við skipti dánarbúa sem er ætlað að koma í stað reglna í 95. gr. laga nr. 3/1878 og tilskipun 21. júní 1793. Ákvæði frumvarpsins um þessi atriði eru mun ítarlegri en núgildandi reglur og eru meðal annars gerð til að taka af skarið um atriði sem vafi hefur leikið um í framkvæmd.
2. Í II. kafla frumvarpsins, sem geymir ákvæði um það tímaskeið sem dánarbú á undir forræði sýslumanns eftir að andlát hefur borið að höndum, koma fyrst fram mun nánari reglur en í núgildandi lögum um hverjar upplýsingar þurfi að veita þegar andlát er tilkynnt, hvernig staðið verði að tilkynningunni sem slíkri og hver gögn þurfi að leggja fram í sambandi við hana. Reglur frumvarpsins um þessi atriði, í 5.–8. gr., taka að miklu leyti mið af því hvernig þessu hafi verið hagað í framkvæmd á liðnum árum. Í 13.–15. gr. er gert ráð fyrir að sýslumaður skipi ófjárráða erfingja sérstakan lögráðamann ef reglulegur lögráðamaður er vanhæfur til að koma fram fyrir hönd erfingjans við skipti og er einnig ráðgert að sýslumaður skipi erfingja sem ekki næst til sérstakan málsvara til að gæta hagsmuna hans. Svipaðar reglur koma nú fram í 14. gr. laga nr. 3/1878, en þær eru bundnar við að skipun sem þessi geti aðeins átt sér stað við opinber skipti sem er horfið með öllu frá í reglum frumvarpsins. Í þessum sömu ákvæðum frumvarpsins er að auki að finna nýmæli sem felast í heimild sýslumanns til að skipa fjárráða erfingja málsvara ef erfinginn er ófær um að gæta hagsmuna sinna af heilsufarsástæðum. Bein heimild til þess er ekki fyrir hendi í núgildandi lögum og hefur það leitt til að stundum hafi reynst óumflýjanlegt að svipta mann fjárræði af því eina tilefni að hann hafi verið ófær um að gæta hagsmuna sinna við arftöku. Hjá þeirri aðgerð mætti komast í mörgum tilvikum ef frumvarpið verður að lögum með skipun málsvara handa erfingja eftir umræddri heimild. Í 17.–23. gr. koma síðan fram almennar reglur um hvernig verði staðið að skrásetningu og mati á eignum dánarbúa, en eins og áður hefur komið fram er ráðgert í þessum ákvæðum frumvarpsins að slík aðgerð fari með öllu fram án tengsla við opinber skipti. Þessi fyrirmæli eiga sér nokkra hliðstæðu í 16. og 47. gr. laga nr. 3/1878, en eru þó mun ítarlegri og taka að nokkru mið af venjum sem hafa myndast í þessum efnum í framkvæmd. Ákvæði 25. og 26. gr. frumvarpsins svara að nokkru til 10. gr. laga nr. 3/1878, en liðka þó fyrir að ljúka megi skiptum með einföldum hætti þegar eignir dánarbús eru litlar sem engar. Í 29.–31. gr. koma loks fram reglur um umsókn erfingja um leyfi til einkaskipta og eftir hverju verði farið þegar afstaða er tekin til hennar. Þessar reglur eiga sér ekki hliðstæðu að teljandi leyti í lögum nr. 3/1878, en byggja um margt á venjum um þetta í framkvæmd.
3. Í III. kafla frumvarpsins er að finna reglur sem varða sérstök réttindi erfingja við skipti dánarbúa. Ákvæði 33. gr. geyma heimild til að tryggja maka þess látna og óuppkomnum börnum rétt til að halda vissum verðmætum án tillits til skipta, en þessi regla er mun rýmri en núgildandi ákvæði um sambærilegt atriði í 58. gr. laga nr. 20/1923 sem veitir þó ekki börnum þess látna þessi réttindi. Reglur 35. og 36. gr. eru áþekkar ákvæðum 46., 59. og 62. gr. laga nr. 3/1878 en er skipað saman á einum stað í frumvarpinu til einföldunar.
4. Í öðrum þætti frumvarpsins, sem nær yfir IV.–X. kafla þess, eru reglur þess um opinber skipti á dánarbúum. Áður hefur verið minnst sérstaklega á ýmis atriði frumvarpsins sem er ætlað að leiða til breytinga á framkvæmd opinberra skipta og óþarft er að víkja frekar að hér. Í IV. kafla frumvarpsins koma fram reglur um upphaf opinberra skipta, en af helstu nýmælum um þetta má í fyrsta lagi nefna að í 37. gr. er mælt fyrir um hvenær

sýslumaður skuli eiga frumkvæði að opinberum skiptum vegna gæslu almannahagsmuna, en í framkvæmd hefur þótt skorta skýrari reglur um hvenær og hvernig eigi að hefjast handa um opinber skipti við hliðstæðar aðstæður án frumkvæðis erfingja. Í öðru lagi er tekin upp heimild í 40. gr., sem skortir með öllu í lögum nr. 3/1878 til að lánardrottinn þess látna geti krafist opinberra skipta að liðnum vissum tíma frá andláti, en í núgildandi lögum er staða lánardrottna lítt tryggð ef dánarbú er ekki tekið til opinberra skipta af öðrum sökum og leyfi er ekki veitt erfingjum til einkaskipta eða maka til að setjast í óskipt bú. Þá er loks í þriðja lagi kveðið skýrar á um það í 42.–45. gr. en í núgildandi lögum hvernig staðið verði að kröfu um opinber skipti og farið með hana fyrir dómi, en að auki er þar mælt fyrir um að héraðsdómari kveði upp úrskurð um slíka kröfu í stað þess að taka afstöðu til hennar með ákvörðun eins og nú er tíðast.

5. Í V. kafla frumvarpsins er að finna almennar reglur um störf og stöðu skiptastjóra sem eins og áður hefur komið fram er ætlað að annast framkvæmd opinberra skipta. Í ljósi þess, að þessi tilhögun á sér ekki hliðstæðu í lögum nr. 3/1878, er hér að sjálfsögðu um nýmæli að ræða á þessu sviði. Reglur þessa kafla taka að nokkru mið af reglum gjaldþrotalaga nr. 6/1978 um störf bústjóra og skiptastjóra við gjaldþrotaskipti og af venjum um störf skiptaforstjóra sem eru löggiltir til starfa eftir heimild í 91. gr. laga nr. 3 1878. Af einstökum atriðum í V. kafla frumvarpsins, sem eiga sér ekki samsvörun í nýnefndum reglum gjaldþrotalaga, má einkum nefna að í 46. og 47. gr. eru ítarleg ákvæði um hæfi skiptastjóra og úrræði til að koma fram aðfinnslum um störf þeirra og í 50. gr. er gert ráð fyrir að skiptastjórar haldi skiptafundi með erfingjum og lánardrottnum líkt og löggiltum skiptaforstjórum er nú talið heimilt að gera við skipti dánarbúa. Eftir gjaldþrotalögum eiga slíkir fundir við gjaldþrotaskipti sér stað fyrir dómi, en sú tilhögun hefur um margt leitt til óþarfa þyngsla án teljandi tilgangs og yrði í andstöðu við þá stefnu þessa frumvarps að dómstólar hafi ekki afskipti af framkvæmd opinberra skipta nema ágreiningur rísi um hana sem beint er til þeirra til úrlausnar.
6. Í VI. kafla frumvarpsins eru reglur um fyrstu aðgerðir við opinber skipti. Í 53. gr. er skiptastjóra gert að boða erfingja til fundar við sig tafarlaust eftir að dánarbú er tekið til opinberra skipta og leita þar afstöðu þeirra til þess hvort þeir taki að sér ábyrgð á skuldbindingum dánarbúsins, en afstaða erfingjanna til þessa atriðis hefur þýðingu um hvernig staðið verði að framhaldi aðgerða eins og áður hefur verið nefnt og ráða má af ákvæðum VII.–IX. kafla frumvarpsins. Ákvæði 53. gr. eiga sér nokkra hliðstæðu í 15., 17. og 18. gr. laga nr. 3/1878 sem leggja sambærilegar skyldur á skiptaráðanda við upphaf opinberra skipta, en umrædd regla frumvarpsins miðar þó að skjótari og einfaldari afgreiðslu þessa atriðis. Ákvæði 54. og 55. gr. frumvarpsins fjalla um upphafskönnun skiptastjóra á því hverjar séu eignir og skuldir dánarbúsins og ráðstafanir sem honum ber að grípa til í því skyni að tryggja varðveislu eigna. Þessi ákvæði svara að nokkru til þess hvernig reglum 12. og 15. gr. laga nr. 3/1878 hefur verið beitt í framkvæmd þótt orðalag þeirra og efni sé með nokkuð öðrum hætti.
7. Í VII. kafla frumvarpsins er að finna sérreglur um meðferð krafna á hendur dánarbúum þegar erfingjar taka ekki að sér ábyrgð á skuldbindingum þess. Af einstökum atriðum þessa kafla má í fyrsta lagi nefna að í 56. gr. er mælt fyrir um að ávallt verði að gefa út innköllun til skuldheimtumanna þegar erfingjar fást ekki allir til að taka að sér ábyrgð á skuldbindingum dánarbúsins, svo sem nú er skylt eftir ákvæðum laga nr. 3/1878, en hér er sú breyting lögð til í samræmi við almenna stefnu frumvarpsins að skiptastjóri gefi innköllunina út og að kröfum skuldheimtumanna verði beint til hans í kjölfarið í stað þess að dómstólar komi við sögu í þessum efnum svo sem nú er. Þá felst einnig sú breyting í 56. gr. frumvarpsins frá ákvæðum laga nr. 3/1878 að gert er ráð fyrir að kröfulýsingarfrestur handa skuldheimtumönnum verði tveir mánuðir frá því að innköllun birtist í fyrra af tveimur skiptum í Lögbirtingablaði í stað þess að vera fjórir mánuðir frá því að hún birtist

þar í þriðja skipti, en þessi breyting á sér fyrirmynd í ákvæðum gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Í öðru lagi má geta þess að 57. gr. frumvarpsins geymir reglur um hvers efnis kröfulýsingar skuldheimtumanna til skiptastjóra skuli vera, en ákvæði skortir um þetta í núgildandi lögum. Í þriðja lagi er kveðið beinlínis á um það í 58. gr. að hverju leyti kröfur skuldheimtumanna falli niður ef þeim er ekki lýst innan kröfulýsingarfrests, en sambærileg regla er ekki lögfest þótt hún hafi talist gilda. Í fjórða lagi eru lagðar til gerbreyttar reglur um meðferð lýstra krafna skuldheimtumanna í 59.–61. gr. frumvarpsins, en þær eiga sér fyrirmyndir í ákvæðum gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, og ættu að stuðla að miklu greiðari meðferð en eftir núgildandi ákvæðum 37. og 38. gr. laga nr. 3/1878 um þetta efni. Loks má benda á að í 62. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ef erfingjar hafa ekki lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum dánarbús verði þáttaskil á framkvæmd opinberra skipta eftir lok kröfulýsingarfrests þegar komið er fram hvort eignir þess nægi fyrir skuldum. Ef ljóst þykir að eignir muni nægja gerir reglan ráð fyrir að skiptastjóri fari í flestum atriðum með skiptin upp frá því eins og erfingjar hefðu tekið umrædda ábyrgð að sér, en ef eignir nægja ekki er kveðið á um að beita skuli reglum um gjaldþrotaskipti við áframhald opinberra skipta og ráðast skiptin þá ekki frekar af ákvæðum þessa frumvarps. Þessi regla felur í sér verulega breytingu og um leið einföldun í samanburði við skipanina eftir lögum nr. 3 1878.

8. Í VIII. kafla frumvarpsins er að finna reglur um meðferð krafna skuldheimtumanna ef erfingjar hafa tekið á sig ábyrgð á skuldbindingum dánarbús. Þessar reglur eru áþekkar ákvæðum 4. kapítula laga nr. 3/1878 að öðru leyti en því að ef innköllun er gefin út til skuldheimtumanna þá annast skiptastjóri það verk og þau nýmæli, sem var lýst hér á undan í tengslum við VII. kafla frumvarpsins og varða kröfulýsingarfrest, gerð kröfulýsinga og áhrif þess að kröfu sé ekki lýst, eiga hér einnig við. Þá má einnig nefna að í umræddum 4. kapítula laga nr. 3/1878 hefur vantað skýr fyrirmæli um hvernig afstaða verði tekin til krafna sem koma fram á hendur dánarbúum við þessar aðstæður, en leitast er við að bæta úr þeirri vöntun í þessum kafla frumvarpsins.
9. Í IX. kafla frumvarpsins eru reglur um hvernig staðið verði að ákvörðunartöku um ráðstöfun á hagsmunum dánarbúa við opinber skipti. Í lögum nr. 3/1878 er byggt á því að ákvarðanir sem þessar verði teknar á skiptafundum sem skiptaráðandi heldur fyrir dómi, ýmist með skuldheimtumönnum eða erfingjum eftir því hvort erfingjar hafa tekið ábyrgð á skuldbindingum bús, en skiptaráðandi framfylgi síðan slíkum ákvörðunum og komi fram sem fyrirsvarsmaður búsins þegar það er gert. Ákvæði IX. kaflans fela þá meginbreytingu í sér að skiptastjóri haldi þessa skiptafundi utan réttar og gegni að öðru leyti því hlutverki sem skiptaráðandi hefur með höndum í þessum efnum eftir núgildandi lögum. Að öðru leyti er reglum IX. kafla ætlað að leiða í fyrsta lagi til þeirra breytinga sem áður voru nefndar, að erfingjar fái rétt til afskipta til jafns við skuldheimtumenn af ráðstöfunum á hagsmunum búsins þótt þeir taki ekki ábyrgð á skuldbindingum þess, en þessi réttur fellur þó niður ef afráðið hefur verið skv. 62. gr. frumvarpsins að fara með búið eftir reglum um framkvæmd gjaldþrotaskipta því að þá fara skuldheimtumenn einir með þetta ákvörðunarvald. Í öðru lagi veita ákvæði kaflans skiptstjórum mun rýmri heimildir til sjálfstæðrar ákvörðunartöku án þess að bera ráðstafanir undir skiptafundi en núgildandi fyrirmæli laga nr. 3/1878 veita skiptaráðendum að þessu leyti, en þessar breytingar eiga sér nokkra fyrirmynd í ákvæðum gjaldþrotalaga nr. 6/1978 og er ætlað að draga úr þyngslum í þessum efnum. Þá er í þriðja lagi leitast við að setja mun ítarlegri reglur en nú gilda um hvernig verði brugðist við ef skiptafundur kemst ekki að einróma niðurstöðu um ákvörðun eða ef ákvörðunin þykir óeðlileg í garð þeirra sem eiga hagsmuna að gæta en hafa ekki átt þátt að henni. Í framkvæmd hefur verið talið að þau sjónarmið ættu við sem er lagt til að verði lögfest að þessu leyti, en fyrir því hefur þó skort nægilega skýra lagaheimild.

10. Í X. kafla frumvarpsins er að finna reglur um hvernig opinberum skiptum verði lokið, til hverra ráðstafana skiptastjóri þurfi að grípa til að ljúka hlutverki sínu og að hverju marki verði heimilað að taka opinber skipti upp á ný þegar þeim hefur verið lokið. Reglur 72.–79. gr. varða verklag við undirbúning skiptaloka og hvernig þau eiga sér formlega stað, en þeim svipar mjög til núgildandi reglna laga nr. 3/1878 eins og þeim hefur verið beitt í framkvæmd að því frátöldu að ráðgert er að skiptastjórar annist þessi verk án afskipta dómstóla nema ágreiningur rísi í tengslum við þau, en eftir núgildandi lögum hafa skiptaráðendur þessi störf með höndum. Í 80. og 81. gr. er meðal annars kveðið á um hvernig skiptastjóri ljúki verki sínu með útborgun arfs og eftir atvikum hvernig farið verði með arf sem erfingi hefur ekki gefið sig fram til að taka við og arf sem kemur í hlut erfingja sem er ólögráða eða getur ekki gætt hagsmuna sinna af heilsufarsástæðum. Skortir á að nægilega skýrar reglur komi fram um þessi atriði í núgildandi lögum, en ákvæði frumvarpsins miða að nokkru við framkvæmd í þessum efnum. Þá er loks í 82.–84. gr. kveðið á um hvenær opinber skipti verði enduruppteknin og hvernig það verði gert, en um þetta eru ekki teljandi reglur í lögum nr. 3/1878.
11. Í þriðja þætti frumvarpsins eru reglur um framkvæmd og lok einkaskipta sem erfingjar annast sjálfir að fengnu leyfi sýslumanns, svo og um réttarstöðu erfingja og þeirra sem telja til réttinda á hendur dánarbúi meðan á einkaskiptum stendur. Þessar reglur eru í flestum atriðum sambærilegar núgildandi ákvæðum laga nr. 3/1878 og þeirri framkvæmd sem hefur mótast á grundvelli þeirra. Þó skal tekið fram að nánari reglur eru lagðar til í XI. kafla frumvarpsins en nú gilda um hvort og þá hvernig skuldheimtumenn og aðrir kröfuhafar geti framfylgt réttindum sínum á hendur dánarbúi meðan á einkaskiptum stendur með málsókn eða fullnustugerðum. Þá má vekja athygli á að reglur XII. kafla frumvarpsins um hvenær leyfi til einkaskipta verði fellt niður og afleiðingar slíkrar aðgerðar eiga sér ekki beina fyrirmynd í núgildandi lögum þótt gengið hafi verið út frá þargreindum viðhorfum í framkvæmd. Loks má benda á að í 93. gr. frumvarpsins er kveðið skýrar á en í lögum nr. 3/1878 um nauðsyn þess að erfingjar geri sérstakan samning sín á milli við lok einkaskipta, svokallaða einkaskiptagerð, og í 95. gr. er tekið af skarið um hvenær einkaskiptum telst nákvæmlega lokið sem ekki er gert í umræddum lögum.
12. Í fjórða þætti frumvarpsins koma fram reglur um opinber skipti þegar ekki er um dánarbú að ræða, en þær taka nánar tiltekið til opinberra skipta við fjárslit milli hjóna og fólks í óvígðri sambúð og við slit á félögum þar sem félagsmenn bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldum. Fyrirmælum þessa þáttar er ætlað að telja með tæmandi hætti hvenær opinber skipti geti farið fram eftir ákvæðum frumvarpsins á öðru en dánarbúum, þannig að beinlínis verður ályktað að opinber skipti komi ekki til álita undir öðrum kringumstæðum, t.d. við slit hlutafélaga eða annarra félaga þar sem félagsmenn bera takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum. Þýðingarmestu ákvæði þessa þáttar frumvarpsins koma fram í XIV. kafla sem tekur til opinberra skipta við fjárslit milli hjóna og fólks í óvígðri sambúð. Núgildandi fyrirmæli 6. kapítula laga nr. 3/1878 um opinber skipti við skilnað hjóna hafa ekki átt við þá skipan á fjármálum hjóna sem var tekin upp með lögum nr. 20/1923 og gildir enn, þannig að lítið sem ekkert hefur verið fært að styðjast við þau frá þeim tíma. Helstu núgildandi lagaákvæði, sem verður fylgt í þessum efnum, koma fram í VII. kafla laga nr. 20/1923 sem varða skipti milli hjóna við andlát annars þeirra eða skilnað og í VI. kafla sömu laga sem varða svonefnd slit á fjárfélagi hjóna án þess að um skilnað eða andlát annars þeirra sé að ræða. Reglur þessar hafa ekki gefið nægilega skýra mynd af því hvernig verði staðið að aðgerðum við slík skipti í einstökum atriðum og að auki verður að telja þeim ranglega komið fyrir í lögum sem kveða aðallega á um efnisleg réttindi milli hjóna í stað þess að vera skipað í löggjöf sem fjallar um sjálfa framkvæmd skiptanna. Með frumvarpinu er lagt til að þessar reglur færist í löggjöf um framkvæmd skipta, auk þess að leitast er við að gera þær mun skýrari og fyllri. Þá er reglum XIV. kafla frumvarpsins um

framkvæmd skiptanna skipað með þeim hætti að þær taka í senn til opinberra skipta við fjárslit milli hjóna vegna skilnaðar eða ógildingar hjúskapar eða án hjúskaparslita og við fjárslit milli fólks við lok óvígðrar sambúðar, en áðurnefnd ákvæði laga nr. 20/1923 hafa ekki tekið eftir orðanna hljóðan til allra þessara tilvika þótt stuðst hafi verið við þau með þeim hætti í framkvæmd. Að öðru leyti má almennt segja um ákvæði XIV. kafla frumvarpsins að þau séu í flestum atriðum byggð á þeirri framkvæmd sem hefur mótast undanfarna áratugi á grundvelli núgildandi laga, en þar er þó líkt og í öðrum þætti frumvarpsins byggt á því að sérstakir skiptastjórar framkvæmi opinber skipti við þessar aðstæður, en dómstólar komi þar ekki við sögu í ríkara mæli en við opinber skipti á dánarbúum.

13. Í fimmta þætti frumvarpsins er kveðið á um meðferð ágreiningsmála sem rísa við skipti fyrir dómstólum, en reglum þáttarins er skipt í þrjá kafla, XVI. kafla þar sem mælt er fyrir um hver mál verði borin undir úrlausn dómara eftir sérreglum frumvarpsins og hver aðdragandi að því yrði, XVII. kafla þar sem kveðið er á um afbrigði frá almennum reglum um meðferð einkamála í héraði við meðferð þessara mála og XVIII. kafla sem fjallar um málskot úrlausna héraðsdómara til æðra dóms. Sérákvæði um meðferð ágreiningsmála, sem rísa við opinber skipti, koma nú fram í 33., 35., 38. og 39. gr. laga nr. 3/1878 og um meðferð mála sem rísa við einkaskipti á dánarbúum í 75. gr. laganna. Þeim reglum hefur verið beitt með þeim hætti í framkvæmd að nokkuð svipi til reglna XVI. og XVII. kafla frumvarpsins. Sú grundvallarbreyting er þó óhjákvæmileg í þessum efnum að með því að ekki er ráðgert í frumvarpinu að dómari komi við sögu við skipti að öðru leyti en til að leysa úr um hvort opinber skipti muni eiga sér stað og til að leysa úr ágreiningsmálum eftir 5. þætti þess þá verða nýjar reglur að koma til skjalanna um það hvernig málum verði beint til dómarans. Sá háttur, sem er lagður til í þessum efnum í ákvæðum XVI. kafla, er um sumt líkur þeim sem er kveðið á um í lögum um aðför, nr. 90/1989, en einnig hefur að nokkru verið höfð hliðsjón af þeim aðferðum sem hefur verið beitt í framkvæmd þegar þurft hefur að leysa úr ágreiningi við opinber skipti dánarbúa sem skiptaforstjórar skv. 91. gr. laga nr. 3/1878 hafa farið með. Ákvæði XVI. kafla taka þó einnig til þess hver ágreiningsmál geti komið til úrlausnar dómstóla eftir sérreglum frumvarpsins, en í þeim efnum er ekki um teljandi breytingar að ræða frá því sem nú gildir. Þó má benda á að ákvæði 123.–126. gr. frumvarpsins gera ráð fyrir að mun fleiri ágreiningsmál geti sætt sérmeðferð eftir reglum þess, ýmist með samkomulagi milli málsaðila eða án þess. Um einstakar breytingar, sem þessum ákvæðum er ætlað að leiða til, má vísa hér til sérstakra athugasemda við þau. Í XVII. kafla má síðan finna ákvæði frumvarpsins um hvernig farið verði með umrædd ágreiningsmál, en eins og fram kemur í 131. gr. verður í meginatriðum byggt á almennum reglum laga um meðferð einkamála í héraði í þessum efnum með þeim frávikum sem mælt er fyrir um í 127.–130. gr. Þau frávik, sem hér um ræðir, eru almennt því marki brennd að þeim er ætlað að leiða til hraðari málsmeðferðar en ella. Í málskotsreglum XVIII. kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir að úrskurðir héraðsdómara í ágreiningsmálum vegna skipta verði allir kæranlegir að því leyti sem þeim verður skotið til æðra dóms, en með þessu er lögð til breyting frá núgildandi fyrirmælum 21. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, þar sem kveðið er á um að slíkir úrskurðir sæti ýmist kæru eða áfrýjun. Þessi breyting er lögð hér til í því skyni að flýta fyrir málalokum, enda er meðferð áfrýjunarmála verulega seinlegri en meðferð kærumála.

14. Í sjötta og síðasta þætti frumvarpsins koma fram reglur um gildistöku ef það verður að lögum, brottnám og breytingu annarra laga og bráðabirgðaákvæði sem varða tengsl eldri laga og yngri.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins koma fram fyrirmæli sem er ætlað að afmarka hvenær dánarbúi verður skipt hér á landi. Í löggjöf einstakra ríkja Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku er ýmist um að ræða að lögsaga þeirra við skipti dánarbúa ráðist af því hvort sá látni hafi verið búsettur í ríkinu við lát sitt án tillits til ríkisfangs hans eða að lögsagan ráðist af ríkisfangi án tillits til heimilisstaðar hans við andlát.

Hér á landi líkt og annars staðar á Norðurlöndum hefur verið byggt á því að dánarbú komi til skipta í því ríki þar sem sá látni bjó við andlát sitt, sbr. 95. gr. laga nr. 3/1878, og að nokkru lög nr. 108/1935 varðandi Norðurlandasamning um erfðir og skipti á dánarbúum og er þeirri reglu haldið í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Þó er tekið fram í ákvæðinu að þessi meginregla gildi ekki þótt sá látni hafi átt heimili hér við lát sitt ef annað verður leitt af reglum þjóðaréttar, en í þessu felst einkum vísan til almennra reglna um áhrif úrlendisréttar. Leiðir þessi undantekning til dæmis til þess að dánarbú eftir sendimann erlends ríkis kæmi ekki til skipta hér á landi þótt hann hafi verið búsettur hér við lát sitt, sbr. einnig lög nr. 16/1971, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband. Þá er enn fremur gert ráð fyrir þeirri undantekningu í 1. mgr. 1. gr. að það kunni að vera vikið frá meginreglunni með samningi sem íslenska ríkið gerir við annað ríki og hefur lagagildi hér á landi, en ekki verður séð að neinir slíkir samningar séu nú í gildi sem varða ekki fyrrgreinda undantekningu vegna áhrifa úrlendisréttar.

Í 2. mgr. 1. gr. kemur fram sérregla um að skipta megi dánarbúi hér á landi eftir íslenskan ríkisborgara þótt hann hafi verið búsettur í öðru ríki við lát sitt ef skipti geta ekki farið fram í heimilisríkinu. Þessi sérregla á rætur að rekja til þess að sú staða geti komið upp að íslenskur ríkisborgari hafi verið búsettur við lát sitt í ríki sem miðar lögsögu sína við áðurnefnda reglu um að skiptastaður ráðist af ríkisfangi þess látna. Þegar svo er ástatt geta skiptin ekki farið fram þar sem hlutaðeigandi bjó við lát sitt og ef ekki væri gert ráð fyrir sérstakri undantekningu í þessum efnum gætu þau heldur ekki farið fram hér á landi. Þessi regla gerir því ráð fyrir lausn á slíkri aðstöðu, en sama regla gildir nú eftir ákvæðum 95. gr. laga nr. 3/1878 og hefur reynt á notkun hennar fáein skipti á undanförnum árum. Rétt er að benda hér á að vikið er frekar að þessu ákvæði frumvarpsins í athugasemdum við 3. mgr. 3. gr.

Um 2. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins er sett fram regla sem afmarkar að nokkru merkingu hugtaksins dánarbú með því að kveða á um rétthæfi þess, hver réttindi renni til þess og hverjar skyldur falli á það.

Í norrænum lögfræðikenningum hafa löngum verið uppi ólíkar skoðanir um hver merking þessa hugtaks sé og um leið hverjum dánarbú tilheyri. Í eldri kenningum var þetta hugtak skilgreint á þann veg að dánarbú væri eignarheild látins manns sem kæmi til skipta eftir atvikum milli lánardrottna hans eða erfingja. Hugtakið taldist þannig í reynd aðeins samheiti fyrir margvísleg réttindi og muni sem höfðu tilheyrt þeim látna. Þegar hugtakið var notað í þessum skilningi var litið svo á að ýmist eignuðust lánardrottnar þess látna þessa eignarheild þegar við lát hans eða erfingjar hans, allt eftir því hvort erfingjar lýstu yfir ábyrgð á skuldbindingum hans eða ekki. Hugtakanotkun laga nr. 3/1878 miðar að flestu leyti við skilgreiningu af þessum meiði. Á seinni tímum hefur hins vegar verið bent á að margt sé í vegi fyrir að skilgreining sem þessi fái staðist. Hún standist t.d. ekki í ljósi þess að dánarbú eigi sjálfstæða aðild að dómsmálum, sbr. 53. og 54. gr. laga nr. 85/1936, að það verði talið sjálfstæður skattaðili, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981, eða að dánarbúi geti áskotnast réttindi eða það geti bakað sér skyldur því að útilokað sé að neitt af þessu geti átt við um svokallaða eignarheild látins manns sem eigi sér ekki sjálfstæða tilvist. Þá má einnig benda á að viðhorf um að dánarbú tilheyri annaðhvort lánardrottnum eða erfingjum þess látna þegar

frá andlátsstund standist ekki heldur því að á þeirri stundu hefur ekki enn verið leitt í ljós hvort erfingjar muni ábyrgjast skuldbindingar hans eða ekki, en einmitt þetta atriði átti eftir þessum kenningum að ráða hverjum búið tilheyrði. Þessi viðhorf geta enn síður ráðið fram úr aðstöðunni ef maður fellur frá sem hvorki stendur í skuldum við neina lánardrottna né lætur eftir sig neina erfingja.

Þeir ágallar á eldri kenningum, sem hér hefur verið lýst í einfaldaðri mynd, hafa leitt til þess að leitast hefur verið við að skilgreina hugtakið dánarbú eftir öðrum leiðum. Telja má að sá skilningur sé nú orðið almennt ríkjandi að dánarbú sé ekki eignarheild látins manns, heldur sjálfstæð lögpersóna eða lögaðili sem verði til við andlát manns, taki við fjárhagslegum réttindum hans og skyldum í öllum meginatriðum, njóti hæfis til að öðlast ný réttindi og baka sér nýjar skyldur, en líði að endingu undir lok með því að henni verði slitið með skiptum og skyldur hennar efndar eftir föngum og réttindi hennar sem kunna að standa eftir færðar í hlut erfingja þess látna. Þegar dánarbú er skilgreint með þessum hætti á hvorki við að ræða um að það tilheyri lánardrottnum né erfingjum þess látna, heldur sé nánast um sjálfseignarstofnun að ræða. Dánarbúið lúti forræði ríkisins frá því andlát beri að höndum, en það forræði geti eftir atvikum flust í hendur maka þess látna ef honum er veitt leyfi til setu í óskiptu búi eða erfingja þess látna ef þeim er veitt leyfi til einkaskipta. Eins geti þetta forræði ríkisins yfir dánarbúi staðið allt þar til því er endanlega slitið við lok skipta ef opinber skipti eiga sér stað. Skilgreining hugtaksins eftir þessum leiðum stenst m.a. gagnvart þeim atriðum sem áður voru nefnd og hafa þótt mæla gegn notkun eldri skilgreininga.

Ákvæði 2. gr. frumvarpsins fela í sér að hugtakið dánarbú er skilgreint eftir þeim yngri kenningum sem hér hafa verið nefndar með því að þar kemur fram að dánarbú njóti hæfis til að eiga réttindi og bera skyldur eða sé með öðrum orðum sjálfstæður lögaðili. Þessi regla er ekki lögð hér til í því skyni að löggjöf taki afstöðu til fræðilegra vangaveltna, heldur þykir hún nauðsynleg til afmörkunar á hugtakanotkun frumvarpsins og reyndar uppbyggingu reglna þess að mörgu öðru leyti. Rétt er að geta þess að byggt er á hliðstæðum skilningi á hugtakinu þrotabú í gjaldþrotalögum, nr. 6/1978, þannig að hér er ekki lögð til afgerandi breyting á hugtakanotkun á þessum vettvangi í lögum.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er að finna þau ákvæði frumvarpsins sem er ætlað að ráða því í hvaða umdæmi skipti dánarbús eigi að fara fram. Hugtakið umdæmi er hér notað til að tákna stjórnsýsluumdæmi sýslumanna skv. 11. gr. laga nr. 92/1989, enda eiga málefni dánarbúa almennt undir þá eftir ákvæðum II. kafla frumvarpsins nema til opinberra skipta komi, en þá ræðst sá staður sem skiptin teljast fara fram reyndar einnig af umdæmamörkum sýslumanna, sbr. 1. mgr. 42. gr. frumvarpsins.

Núgildandi fyrirmæli laga um hvar skipti fari fram á dánarbúum koma fram í tilskipun um takmörkin milli lögsagna hinna einstöku uppboðshaldara og skiptaráðenda frá 21. júní 1793 sem vísað er til með óbeinum hætti í upphafsmálslið 95. gr. laga nr. 3/1878. Skv. 1. gr. nefndrar tilskipunar á þetta að ráðast af því hvar sá látni „átti sjálfur varnarþing, er skiptin hófust". Þessi regla hefur ekki reynst nægilega markviss og hafa ýmis vafaatriði komið upp í framkvæmd um beitingu hennar.

Í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins er stefnt að því að eyða óvissu í þessum efnum með því að taka afdráttarlaust af skarið um að lögheimili í skilningi laga nr. 21/1990 ráði því undir hvaða sýslumann skiptin geti átt, en ef svo færi að sá látni hafi ekki átt tiltekið lögheimili þá er mælt sérstaklega fyrir um að fastur dvalarstaður hans ráði skiptaumdæminu eða að endingu dánarstaður ef enginn slíkur dvalarstaður hefur heldur verið fyrir hendi. Þá má benda sérstaklega á að ákvæði 1. mgr. 3. gr. taka einnig skýlausa afstöðu til þess hvar skipti eigi að fara fram ef til skipta kemur á dánarbúi eftir að maki þess látna hefur setið í óskiptu búi um lengri eða skemmri tíma. Er þá miðað við að skiptin fari fram þar sem makinn á lögheimili

þegar skiptin byrja eða átti lögheimili við lát sitt ef hann hefur setið í óskiptu búi til æviloka, en ef makinn hefur ekkert lögheimili átt ræðst skiptaumdæmi með sama hætti og áður greindi af dvalarstað hans eða eftir atvikum dánarstað. Núgildandi fyrirmæli laga hafa ekki gert ráð fyrir að þessi aðstaða geti komið upp og hefur það leitt til óvissu í framkvæmd, en framkvæmdin virðist að auki hafa verið með nokkuð misjöfnum hætti í einstökum umdæmum á undanförnum áratugum.

Í 2. mgr. 3. gr. er kveðið á um að ef ágreiningur eða vafi verður um skiptaumdæmi þá skuli leita ákvörðunar dómsmálaráðherra um hvar skiptin fari fram. Eins og reglu 1. mgr. 3. gr. er háttað ætti almennt ekki að geta komið til vafa eða ágreinings um þetta nema svo stæði á að sá látni hafi ekkert lögheimili átt og það þætti orka tvímælis hvort hann hafi átt fastan dvalarstað í skilningi 1. mgr. eða fleiri en einn slíkur staður þætti koma til greina. Þetta úrræði er fyrst og fremst lagt til í því skyni að koma í veg fyrir að neitað verði að sinna dánarbússkiptum í t.d. báðum af tveimur umdæmum sem kynnu að koma til greina og að þetta verði rökstutt á báðum stöðum með því að skiptin eigi að fara fram í hinu umdæminu, en aðstaða sem þessi hefur komið upp í framkvæmd án þess að neitt skjótvirkt úrræði hafi boðist eftir núgildandi lögum til að höggva á hnútinn. Þótt ólíklegt sé að á það mundi reyna má vekja athygli á að ákvörðun ráðherra um þetta gæti sætt endurskoðun dómstóla á grundvelli almennrar reglu 60. gr. stjórnarskrárinnar, t.d. við dómsmeðferð kröfu um opinber skipti skv. 42.–44. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. 3. gr. kemur fram að ef leitað verður eftir skiptum hér á landi skv. 2. mgr. 1. gr. á dánarbúi eftir íslenskan ríkisborgara sem hefur átt heimili erlendis við lát sitt þá skuli sá sem æskir þess hefja aðgerðir sínar með því að leita ákvörðunar dómsmálaráðherra um það í hverju umdæmi skiptin geti farið fram. Ætlast er til að það orðalag ákvæðisins að ráðherra ákveði hvar skiptin „geti farið fram“ verði skilið á þann veg að ráðherra eigi ekki að taka afstöðu til þess hvort skilyrðum 2. mgr. 1. gr. sé fullnægt til að slíkt dánarbú komi til skipta hér á landi, heldur eigi hann aðeins að benda á það umdæmi þar sem hlutaðeigandi getur borið upp erindi sitt við sýslumann eða krafist opinberra skipta fyrir dómi. Kæmi þannig að öðru jöfnu í hlut sýslumanns að taka afstöðu til þess hvort skilyrðum 2. mgr. 1. gr. sé fullnægt til að taka búið til skipta hér á landi, en eftir atvikum mætti bera ákvörðun hans um þetta undir héraðsdómara eftir almennri reglu 119. gr. frumvarpsins. Í 3. mgr. 3. gr. er ekki unnt að láta uppi neina leiðbeiningarreglu um það til hvaða umdæmis ráðherra ætti að beina erindi sem þessu, enda hlýtur það að ráðast af atvikum hverju sinni, t.d. hvar dánarbúið kynni að eiga eignir hér á landi, hvar sá látni kynni síðast að hafa átt lögheimili hér á landi o.s.frv. Er hér um að ræða slíkt mat ráðherra að síður gæti komið til þess að dómstólar teldu sér fært að hnekkja því eftir þeim viðhorfum sem voru nefnd hér á undan í tengslum við 2. mgr. 3. gr.

Um 4. gr.

Í þessu ákvæði frumvarpsins koma fram almennar reglur um takmarkanir á því að dómsmál verði höfðað á hendur dánarbúi og að leitað verði fullnustugerða gagnvart því auk þess að kveðið er á um afdrif dómsmáls sem kann að hafa verið höfðað á hendur þeim látna en var ólokið þegar hann féll frá.

Reglur 4. gr. eru efnislega þær sömu og nú koma fram um þessi atriði í 33. og 34. gr. laga nr. 3/1878 eins og þau ákvæði hafa verið skýrð í dómaframkvæmd og fræðikenningum og er því ekki ástæða til að fara hér mörgum orðum um þær. Þó er rétt að benda á að þótt reglur 4. gr. banni almennt að dómsmál verði höfðað á hendur dánarbúi og að fullnustugerðum verði komið fram gegn því þá er tekið fram að þetta bann sæti undantekningum ef mælt er fyrir um annað í lögum. Undantekningar frá banni 1. mgr. 4. gr. við höfðun dómsmáls á hendur dánarbúi eru hverfandi fáar, en í dæmaskyni má þó benda á að í 2. mgr. 44. gr. barnalaga, nr. 9 1981, er gert ráð fyrir að barnfaðernismál verði höfðað á hendur dánarbúi ef ætlaður faðir er látinn og jafnframt er mælt fyrir í 3. mgr. 88. gr. frumvarpsins um heimild til málshöfðunar á

hendur dánarbúi sem er til einkaskipta við ákveðnar aðstæður. Heimildir til að halda uppi refsimáli á hendur dánarbúi, sem einnig er gert ráð fyrir í 1. mgr. 4. gr., eru að sama skapi fáar en til slíks gæti til dæmis komið varðandi skattsektir, sbr. 3. mgr. 107. gr. og 108. gr. laga nr. 75 1981. Bann 3. mgr. 4. gr. við fullnustugerðum á hendur dánarbúi sætir að sama skapi fáum undantekningum, en hér má þó benda á að í XI. kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir heimild til þeirra innan vissra marka ef einkaskipti eiga sér stað og eins má nefna að ef farið yrði með ógjaldfært dánarbú sem er til opinberra skipta eftir reglum um gjaldþrotaskipti, sbr. 3. mgr. 62. gr. frumvarpsins, þá gæti komið til kasta heimilda skuldheimtumanna til að krefjast nauðungarsölu á eign búsins, sbr. 74. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978.

Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins, sem er jafnframt upphafsákvæði II. kafla þess um tilkynningu andláts og fyrstu aðgerðir skipta, er mælt fyrir um skyldu til að tilkynna andlát. Reglur 5. gr. eru í flestum atriðum sama efnis og ákvæði 1. gr. laga nr. 3/1878 eins og þeim hefur verið beitt í framkvæmd.

Eftir 1. mgr. 5. gr. er skylt að tilkynna andlát til sýslumanns í umdæminu þar sem skiptin ættu að fara fram samkvæmt reglum 3. gr., en eins og tíðkast hefur í framkvæmd til þessa er ætlast til að slíkri tilkynningu yrði almennt ekki vísað á bug þótt hún kæmi fram í röngu umdæmi, heldur yrði tekið við henni og hún framsend á réttan stað, sbr. 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Hér er að sjálfsögðu ekki ætlast til annars en að sýslumenn geti falið starfsmönnum sínum að annast þessi störf, þar á meðal að tekið yrði við andlátstilkynningu í útibúi frá embætti sýslumanns eftir 13. gr. laga nr. 92/1989. Í 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins er einnig gert ráð fyrir að umboðsmaður sýslumanns geti tekið við andlátstilkynningu og að hann framsendi sýslumanni síðan gögn um hana, sbr. 1. mgr. 8. gr., en hugtakið umboðsmaður getur hér eftir atvikum átt við hreppstjóra.

Í 2. mgr. 5. gr. er kveðið á um það á hverjum skylda hvíli til að tilkynna andlát. Fyrst og fremst snýr skyldan að þeim sem geta talið til lögerfðaréttar eftir þann látna, en að þeim frágengnum gæti komið til þess að bréferfingja væri þetta skylt eða þeim sem hlutast til um útför. Er hér efnislega um að ræða sambærilega reglu við 2. mgr. 1. gr. laga nr. 3/1878. Því til viðbótar er þó sérstaklega getið í 2. mgr. 5. gr. að yfirvöldum geti verið þetta skylt ef þau hafa haft afskipti af málefnum þess látna, en hér gæti t.d. verið um lögreglu að ræða ef hún annast rannsókn á mannsláti og enginn erfingi væri þekktur sem skyldan gæti annars hvílt á. Hefur þessu viðhorfi verið fylgt í framkvæmd um árabil þótt ekki sé mælt fyrir um það í lögum nr. 3 1878. Í lokamálslið 2. mgr. 5. gr. er tekið fram að aðrir geti tilkynnt andlát, en sýslumanni sé þó rétt að vísa slíkri tilkynningu á bug ef sá sem gefur sig fram er ekki fær um að gefa nægar upplýsingar um málefni þess látna eftir því sem kveðið er á um í 7. gr. frumvarpsins og ekkert virðist því til fyrirstöðu að einhver kunnugri málefnum þess látna tilkynni andlátið frekar. Sambærileg regla er ekki í núgildandi lögum en þessu viðhorfi hefur þó verið fylgt í framkvæmd.

Í 3. mgr. 5. gr. kemur fram hvernig aðhaldi verði beitt til að tilkynningarskyldu um andlát verði sinnt, en eins og í 3. mgr. 1. gr. laga nr. 3/1878 er hér lagt bann við að útför fari fram nema presti eða þeim sem annast hana sé afhent vottorð um að andlátið hafi verið tilkynnt. Er rétt að benda hér á að mjög er brýnt að þessi regla sé virt því að vanræksla um tilkynningu andláts leiðir oftar en ekki til verulegra erfiðleika í framkvæmd. Sú vanræksla hefur oft í för með sér að aðstandendur þess látna fari á mis við að fá almennar leiðbeiningar um nauðsynlegar aðgerðir varðandi skipti dánarbúa og telji af misskilningi að ekkert þurfi að hafast að í þeim efnum, en þegar um síðir kemur fram með samanburði á andlátstilkynningum og gögnum úr þjóðskrá að vanrækt hafi verið að tilkynna andlát vantar með öllu upplýsingar um málefni þess látna og til hvers megi beina tilmælum um að koma þeim í rétt horf. Hefur á köflum gengið erfiðlega í framkvæmd á undanförnum áratugum að koma því til leiðar að þeir sem gegna þessu aðhaldshlutverki fáist til að sinna því sem skyldi.

Taka má fram að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir viðurlögum við því að skyldu til að

tilkynna andlát sé ekki sinnt eða að útför sé látin fara fram án þess að sýnt sé fram á að tilkynnt hafi verið, en reglu um slík viðurlög í 2. gr. laga nr. 3/1878 virðist aldrei hafa verið beitt.

Um 6. gr.

Í 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ekki verði tekið við andlátstilkynningu nema sá sem tilkynni framvísi um leið sönnunargagni fyrir andlátinu. Þótt sambærileg regla sé ekki í lögum nr. 3/1878 hefur lengi verið gengið út frá því í framkvæmd að framvísa verði slíkum gögnum við tilkynningu andláts, enda væri með öllu ófært ef það viðgengist að skipti færu fram eftir mann án þess að þau yfirvöld, sem veita atbeina sinn við skiptin og hafa eftirlit með framkvæmd þeirra, fái áður í hendur nauðsynleg gögn til staðfestingar á láti hans.

Í 1. mgr. 6. gr. eru þau gögn, sem hér geta komið að haldi, talin upp í fimm töluliðum, en í þessari talningu er tekið tillit til þeirra tegunda sönnunargagna sem reynir á í framkvæmd og geta komið til álita eftir lögum. Fyrstnefndi kosturinn í 1. mgr. 6. gr., að framvísað sé dánarvottorði læknis til sönnunar á mannsláti, er svo af ber sá algengasti í framkvæmd, en hér er átt við vottorð sem eru gefin út eftir fyrirmælum laga nr. 64/1962. Í 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. er gert ráð fyrir að annars konar embættisvottorð en dánarvottorð geti komið að sama haldi ef það er gefið út af einhverjum sem er bær vegna opinberra starfa sinna um að votta andlátið, en hér er einkum haft í huga vottorð prests úr kirkjubók og dánarvottorð Hagstofu Íslands sem væri þá gefið út í kjölfar þess að hlutaðeigandi hafi áður fengið í hendur dánarvottorð læknis. Í 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. kemur fram að lögregluskýrsla um mannslát geti verið nægilegt sönnunargagn við andlátstilkynningu, en slík skýrsla kæmi því aðeins að haldi að lögreglan hafi staðreynt lát hlutaðeigandi manns og það komi fram í skýrslunni. Í 4. og 5. tölul. 1. mgr. 6. gr. er síðan gert ráð fyrir að sýna megi fram á heimild til að hefjast handa um skipti með því að framvísa dómsúrlausn skv. I. eða III. kafla laga um horfna menn, nr. 44/1981. Ætlast er til að þessi talning hugsanlegra sönnunargagna sé tæmandi þannig að ekki yrði t.d. talið nægilegt í þessu skyni að leggja fram svokallaða mannskaðaskýrslu sem væri gerð eftir lögum nr. 42/1913 án þess að lík hlutaðeigandi manns hafi fundist, heldur yrði þá að afla dómsúrlausnar eftir fyrrnefndum ákvæðum laga nr. 44/1981 til að sýna nægilega fram á heimild til að hefjast handa um skipti.

Í öllum töluliðum 1. mgr. 6. gr. er kveðið á um að mannslát verði sannað með tilteknum gögnum af innlendum uppruna. Í 2. mgr. er hins vegar mælt fyrir um að sams konar erlend gögn verði lögð að jöfnu, en sá fyrirvari er þó gerður í því sambandi að ekki megi vera ástæða til að draga sönnunargildi slíkra erlendra gagna í efa. Þessi fyrirvari hefur ekki teljandi raunhæfa þýðingu, en er þó settur með það fyrir augum að hugsanlegt sé að gögn sem þessi verði fengin í öðrum ríkjum eftir reglum sem eru gerólíkar þeim sem gilda hér á landi og það sem að baki þeim byggi yrði ekki metið nægilegt til að fá í hendur sambærilegt vottorð eða dómsúrlausn hér.

Rétt er að taka sérstaklega fram að með fyrirmælum 6. gr. er ætlast til að neitað verði að taka við tilkynningu um andlát ef ekki er framvísað um leið einhverju af áðurtöldum gögnum, en slík neitun hefði þá í för með sér að ekki væri unnt að hefjast handa um skipti fyrr en bætt hefði verið úr. Þá má einnig vekja athygli á því að aðeins er ætlast til að sönnunargagni sé framvísað við sýslumann en ekki að hann taki almennt við eintaki af því til varðveislu, enda leiðir af reglum laga nr. 64/1962 að algengasta sönnunargagnið til þessara þarfa, dánarvottorð læknа, séu afhent presti og hann sendi það síðan Hagstofu Íslands til varðveislu.

Um 7. gr.

Í 7. gr. eru settar almennar reglur um þau atriði sem sýslumaður eða umboðsmaður hans verður að leita upplýsinga um þegar andlát er tilkynnt. Þessi atriði eru talin upp í fimm töluliðum 1. mgr. 7. gr. og eiga það almennt sammerkt að varða þýðingarmikil atriði í sambandi við þær aðgerðir sem að öðru jöfnu verða að eiga sér stað í framhaldinu. Ekki þykir

ástæða til að gera hér grein fyrir einstökum atriðum í þessu sambandi þar sem ætla má að þessar reglur skýri sig sjálfar, en þó má taka fram að hér er ekki ætlast til að ítarlegar eða tæmandi upplýsingar séu gefnar um þessi atriði á þessu stigi, heldur aðeins nægilegar til að sýslumanni sé fært að sinna hlutverki sínu samkvæmt síðari ákvæðum frumvarpsins að þessari aðgerð lokinni. Gert er ráð fyrir að sýslumaður eða umboðsmaður hans færi þessar upplýsingar í svokallaða dánarskrá sem dómsmálaráðherra er ætlað að setja nánari reglum um skv. 2. mgr. 9. gr., en í þeim reglum mætti vænta að mælt yrði frekar fyrir um þessi atriði með það fyrir augum að samræmi verði um hverra upplýsinga verði krafist. Tekið skal fram að hér er gert ráð fyrir að fengnar séu mun meiri upplýsingar við tilkynningu andláts en nú tíðkast í framkvæmd, en þessi breyting er lögð til að danskri fyrirmynd í því skyni að tryggja markvissari meðferð í kjölfarið.

Í 1. mgr. 7. gr. er ætlast til að þessar upplýsingar séu að meginreglu fengnar áður en tilkynnanda verður látið í té vottorð til að afhenda presti skv. 3. mgr. 5. gr., en sýslumanni eða umboðsmanni hans er þó heimilað í 4. mgr. 7. gr. að láta vottorðið af hendi og veita tilkynnandanum eða öðrum í hans stað skamman frest til að koma þessum upplýsingum á framfæri. Frestun sem þessi getur reynst nauðsynleg, t.d. af tilliti til aðstandenda þess látna eða vegna þess að tilkynnandi hafi ekki næga vitneskju um þessi atriði að svo stöddu, en henni ætti ekki að beita að nauðsynjalausu.

Í 2. og 3. mgr. 7. gr. kemur fram að þeim sem tilkynnir andlát sé ekki aðeins skylt að segja deili á sjálfum sér og skýra í hverjum tengslum hann standi við þann látna, heldur einnig að veita þær upplýsingar skv. 1. mgr. sem sýslumaður eða umboðsmaður hans leitar eftir. Í ljósi reynslu í framkvæmd er ekki ástæða til að vænta annars en að upplýsingar sem þessar verði látnar greiðlega af hendi, en nefna má að neitun tilkynnanda um að veita upplýsingar hefði í för með sér að sýslumanni væri rétt að neita að láta af hendi vottorð um tilkynningu andláts og röng upplýsingagjöf í þessum efnum gæti varðað við ákvæði 146. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Í 5. mgr. 7. gr. er gert ráð fyrir að sýslumaður eða umboðsmaður hans veiti þeim sem tilkynnir andlát almennar upplýsingar um það sem gera þarf í kjölfar tilkynningar varðandi búskiptin. Þetta hefur að jafnaði verið gert í framkvæmd án beinnar lagaskyldu og hefur þótt gefa góða raun til að greiða fyrir um framhald mála.

Í tengslum við ákvæði 7. gr. má að endingu benda á að ef fram kemur við tilkynningu andláts að dánarbúið eigi ekki eignir umfram kostnað af útför, þá er ráðgert að ljúka megi skiptum þegar í stað með einfaldri yfirlýsingu tilkynnandans um þetta, en að þessu er vikið nánar í athugasemdum við 25. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Ákvæði 8. gr. taka til þeirra aðstæðna að umboðsmaður sýslumanns hafi tekið við andlátstilkynningu eða annar sýslumaður en sá sem skiptin eiga undir skv. 3. gr., en þegar þannig stendur á er ætlast til að tilkynningin sé sem fyrst send þeim sýslumanni sem málefnið á undir. Þessi regla er lögð til í þeim tilgangi að stuðla að því að málefni dánarbúsins komist sem fyrst í hendur þess sem þau koma til með að eiga undir, en þeir sem hefðu tekið við tilkynningu í hans stað, hvort sem væri umboðsmaður eða annar sýslumaður, hefðu ekki vald til að fást á neinn hátt við málefni búsins eða veita erfingjum eða öðrum heimildir til ráðstafana.

Þegar rætt er í 8. gr. um sendingu andlátstilkynningar er nánar tiltekið átt við að senda eigi upplýsingar skv. 7. gr. sem hlutaðeigandi hefur tekið við, en vænta má að þær yrðu almennt færðar á þar til gerð eyðublöð eða með sambærilegum hætti og hefðu að geyma undirritun tilkynnanda og þess sem tók við tilkynningu. Ef gögn hafa verið afhent við tilkynningu andláts, t.d. erfðaskrá þess látna, yrðu þau einnig framsend, enda ekki ætlast til að slík gögn verði varðveitt annars staðar en hjá þeim sýslumanni sem skiptin eiga undir.

Um 9. gr.

Í 1.–3. mgr. 9. gr. er að finna fyrirmæli um sérstaka dánarskrá sem er ætlast til að haldið verði við hvert sýslumannsembætti og geymi upplýsingar um hvert dánarbú sem komi til kasta hlutaðeigandi embættis og um gerðabækur sem sýslumönnum er ætlað að nota þar sem þess gerist þörf við einstök verk eftir frumvarpinu. Skrár á borð við umræddа dánarskrá hafa verið færðar um árabil við embætti skiptaráðenda og hafa reyndar borið þetta heiti þótt það hafi ekki verið boðið í lögum. Koma þar fram ýmsar upplýsingar um þann látna, eignastöðu hans og nánustu aðstandendur, auk upplýsinga um heimildir sem eru veittar til ráðstafana á hagsmunum dánarbúsins og hver málalok verða. Í 2. mgr. 9. gr. er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra setji nánari reglur um efni og færslu þessara skráa. Ekki er ástæða til að vænta að stórfelldar breytingar verði í þessum efnum frá því sem hefur tíðkast, en gera má ráð fyrir að allar upplýsingar, sem er ætlast til að verði fengnar við tilkynningu andláts skv. 7. gr., verði færðar í dánarskrá.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir verulegri notkun þeirra gerðabóka sýslumanna sem fjallað er um í 2. og 3. mgr. 9. gr., en almennt er tekið fram í einstökum ákvæðum þegar ætlast er til notkunar þeirra. Sem dæmi af þessu má benda á að færa ætti í gerðabók skipun sérstakra lögráðamanna og málsvara, sbr. 2. mgr. 14. gr., hverjar eignir dánarbús sýslumaður taki í vörslur sínar, sbr. 3. mgr. 16. gr., og ýmis atriði varðandi skrásetningu og mat á eignum dánarbúa, sbr. 18., 19. og 22. gr.

Í 3. mgr. 9. gr. kemur fram að ekki megi veita öðrum en þeim sem eiga lögmætra hagsmuna að gæta upplýsingar úr dánarskrá eða gerðabók sýslumanns. Almennt væri ekki um það að ræða að aðrir en erfingjar og eftir atvikum lánardrottnar þess látna gætu átt slíkra hagsmuna að gæta, en þetta yrði að meta hverju sinni eftir sömu viðhorfum og gilda almennt við skýringu svipaðra ákvæða í réttarfarslögum. Þessi fyrirmæli frumvarpsins undirstrika að gengið er út frá að upplýsingar um þessi efni standi ekki almenningi til boða.

Í 4. mgr. 9. gr. eru reglur varðandi hæfi sýslumanns til að gegna störfum við meðferð dánarbús hverju sinni. Kemur þar fram að sýslumaður megi ekki leysa þessi störf af hendi ef hann hefur sjálfur hagsmuna að gæta af skiptunum af öðrum sökum en vegna rækslu embættis síns. Samkvæmt þessu yrði sýslumaður talinn vanhæfur ef hann væri sjálfur erfingi eða ætti skuldakröfu á hendur dánarbúinu, en hins vegar ekki vegna þess eins að hann annist til dæmis innheimtu skattkröfu á hendur því sem honum er falið vegna embættis síns. Þá er mælt svo fyrir í 4. mgr. 9. gr. að sýslumaður teljist vanhæfur ef hann er svo skyldur eða mægður erfingja eða einhverjum öðrum sem hefur verulega hagsmuni af skiptunum að hann væri vanhæfur til að vera dómari í einkamáli sem sá ætti aðild að, en mörk skyldleika eða mægða í þessum efnum færu samkvæmt þessu eftir 36. gr. laga nr. 85/1936. Í þessu sambandi er vert að benda á að ekki er út af fyrir sig nóg að skyldmenni sýslumanns kunni að hafa einhverja hagsmuni af málefnum dánarbúsins, t.d. að sá eigi lága peningakröfu á hendur búinu, heldur verða hagsmunirnir að vera verulegir eins segir í ákvæðinu, en mörkin í þessum efnum hljóta eftir eðli máls að verða háð mati hverju sinni. Ef sýslumaður væri í aðstöðu sem leiddi til vanhæfis eftir þessum reglum er ekki þar með sagt að hann geti ekkert aðhafst í tengslum við málefni dánarbúsins því að tekið er fram í 4. mgr. 9. gr. að hann víki fyrst eftir að andlát hefur verið tilkynnt og getur hann þannig annast þau verk sem snúa að viðtöku tilkynningarinnar og einnig kemur hér fram að hann geti tekið við yfirlýsingu um eignaleysi dánarbúsins og lokið þannig skiptum eftir 25. gr. frumvarpsins þrátt fyrir þessar aðstæður. Að öðru leyti yrði sýslumaður hins vegar að víkja sæti með tilkynningu til dómsmálaráðherra sem er ætlast til að eigi sér stað án tafar eftir tilkynningu andláts, en ráðherra yrði þá að skipa annan mann sem fullnægði skilyrðum til að gegna embætti sýslumanns til að annast þau viðfangsefni sem varða dánarbúið.

Um 10. gr.

Í 10. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um aðgerðir sýslumanns ef upplýsingagjöf við tilkynningu andláts skv. 7. gr. hefur verið áfátt. Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að ónógar upplýsingar hafi komið fram í byrjun, t.d. að andlátið hafi verið tilkynnt af manni sem hefur ekki haft næga vitneskju um málefni þess látna og ekki hefur tekist þegar í kjölfarið að fá nánari upplýsingar eða jafnvel að andlátið hafi ekki verið tilkynnt og sýslumanni hafi borist upplýsingar um það með öðrum hætti, svo sem með gögnum úr þjóðskrá. Reglum 10. gr. er ætlað að stuðla að því að hafist verði handa um upplýsingaleit innan skamms tíma eftir andlátið, þannig að sýslumaður geti eftir atvikum beint því til erfingja að taka ákvörðun um aðgerðir og eins til að hann verði fær um að krefjast opinberra skipta skv. 37. gr. frumvarpsins ef þess þarf með.

Í 1. mgr. 10. gr. er kveðið á um að þessi upplýsingaleit skuli eiga sér stað ekki síðar en mánuði eftir tilkynningu andláts, en þessi mánaðarfrestur gæti eftir atvikum byrjað að líða þegar vitneskja berst sýslumanni um andlát sem hefur ekki verið tilkynnt eftir almennum reglum. Í sambandi við 1. mgr. 10. gr. verður að hafa í huga að í sumum tilvikum verður ekki beðið með aðgerðir í þann mánuð sem hér um ræðir, t.d. ef þegar hefur komið fram við tilkynningu andláts að ekki sé vitað um neinn erfingja eftir þann látna, og eins getur verið örðugleikum háð að afla vitneskju þótt liðinn sé mánuður frá andlátstilkynningu, t.d. vegna þess að ekki náist til erfingja sem er þó vitað að eru fyrir hendi. Má því segja að hér sé um leiðbeiningarreglu að ræða sem verður ekki ætlast til að geti átt við í öllum tilvikum þótt vitanlega sé gengið út frá að henni verði fylgt í öllum meginatriðum.

Í 2. og 3. mgr. 10. gr. er mælt fyrir um það á hverjum skylda hvíli til að veita sýslumanni upplýsingar um málefni þess látna og hvernig verði gengið eftir upplýsingunum. Í 2. mgr. er fyrst og fremst gert ráð fyrir að þessi skylda hvíli á þeim sem tilkynnti andlátið. Sama skylda hvílir þó á öðrum þeim sem sýslumaður telur eftir fyrirliggjandi upplýsingum að geti veitt frekari vitneskju um atriði sem talin eru í 1. mgr. 7. gr., en þar gæti til dæmis verið um að ræða mann sem var nákomnari þeim látna en tilkynnandinn eða sem hafði með höndum fjárhald fyrir þann látna. Gert er ráð fyrir að sýslumaður kveðji slíka menn á sinn fund í þessu skyni, en vert er að benda á að í 2. mgr. 10. gr. er mælt fyrir um heimild hans til að fela umboðsmanni sínum eða öðrum sýslumanni að gera þetta sem til dæmis gæti átt við ef hlutaðeigandi er búsettur fjarri starfsstöð sýslumanns.

Í 3. mgr. 10. gr. kemur fram að opinberum stofnunum, stjórnvöldum og sýslunarmönnum sé skylt að veita sýslumanni þær upplýsingar um málefni þess látna sem hann krefst og enn fremur viðskiptabönkum, sparisjóðum og þeim sem hafa staðið í slíkum viðskiptatengslum eða sambærilegu sambandi við þann látna að þeir verði taldir geta veitt vitneskju um eignir dánarbúsins eða skuldir. Þessi fyrirmæli eru í reynd sett hér til áréttingar því að hafa ber í huga að eftir 2. gr. frumvarpsins tekur dánarbúið við fjárhagslegum réttindum og skyldum þess látna og er sýslumaður í reynd að leita upplýsinga í þágu dánarbúsins um réttindi þess sjálfs og skyldur. Opinberum stofnunum og þeim öðrum, sem hér um ræðir, væri því hvort eð er án þessarar reglu skylt að veita sýslumanni þessar upplýsingar með sama hætti og þeim hefði borið að veita þeim látna þær ef hann væri enn meðal lifenda. Eftir orðalagi 3. mgr. 10. gr. getur þessi upplýsingaskylda hvílt á ýmsum. Meðal opinberra stofnana gætu til dæmis verið skattyfirvöld sem væri þá skylt að láta af hendi skattframtöl þess látna eftir kröfu sýslumanns. Meðal sýslunarmanna gætu til dæmis verið lögmaður eða löggiltur endurskoðandi sem hefur starfað fyrir þann látna. Meðal þeirra sem hafa staðið í viðskiptatengslum eða sambærilegu sambandi við þann látna og gætu veitt upplýsingar um eignir eða skuldir dánarbúsins væru til dæmis verðbréfasjóðir, vátryggingafélög eða fyrirtæki sem sá látni hefur átt föst viðskipti við. Í 3. mgr. 10. gr. er ekki ráðgert að sýslumaður kveðji þá sem þar eru taldir á sinn fund, gagnstætt því sem um ræðir í 2. mgr. ákvæðisins, heldur yrði upplýsinga af þessum toga almennt leitað bréflega líkt og nú er gert í framkvæmd.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. 11. gr. kemur fram meginregla sem var gerð að umtalsefni hér áður í almennum athugasemdum við frumvarpið, en í henni felst að sýslumaður hafi formlega með höndum forræði á öllum hagsmunum dánarbúsins frá því það verður til við andlátið og þar til eitthvað af eftirtöldu ber að höndum:

1. að skiptum þess ljúki vegna eignaleysis skv. 25. eða 26. gr. frumvarpsins,
2. að forræði á hagsmunum búsins flytjist í hendur maka þess látna með því að sýslumaður veiti honum leyfi til að setjast í óskipt bú, sbr. 27. gr. frumvarpsins og ákvæði II. kafla erfðalaga, nr. 8/1962,
3. að forræði á hagsmunum búsins flytjist í hendur erfingja þess látna í sameiningu með því að þeim sé veitt leyfi til einkaskipta á dánarbúinu, sbr. 31. gr. og 3. þátt frumvarpsins,
4. að forræði á hagsmunum búsins flytjist í hendur skiptastjóra með því að úrskurður héraðsdómara hafi gengið um að búið sé tekið til opinberra skipta.

Forræði sýslumanns á hagsmunum dánarbús stendur þannig yfir á því millibilsástandi sem hefst við andlát og líður undir lok þegar beinar aðgerðir við skiptin byrja eða þeim er lokið fyrir sýslumanni. Þetta svonefnda millibilsástand getur staðið um mislangan tíma, allt frá fáeinum dögum, ef skiptum er lokið við tilkynningu andláts með yfirlýsingu um eignaleysi dánarbús, upp í nokkra mánuði, t.d. ef dráttur verður á að erfingjar sæki um leyfi til einkaskipta.

Eins og fram kom í almennum athugasemdum hér á undan er það forræði á hagsmunum dánarbúa, sem sýslumönnum er ætlað að hafa með höndum, það sama og skiptaráðendur hafa farið með eftir lögum nr. 3/1878. Hér áður hefur verið tekið svo til orða að þetta forræði sé formlegs eðlis, en með því er átt við að sýslumaður yrði einn bær á þessu tímabili um að ráðstafa málefnum dánarbús svo að gilt sé. Þetta hefur í för með sér að maka þess látna, aðra erfingja eða utanaðkomandi menn brestur með öllu heimild til ráðstafa hagsmunum dánarbúsins eða svara fyrir skyldur þess svo að bindandi verði. Sýslumanni er á hinn bóginn ekki ætlað að gera neinar teljandi ráðstafanir á því tímabili sem hann fer með þetta forræði á málefnum dánarbúsins, heldur er almennt ætlast til að hlutirnir haldist í óbreyttu horfi þar til aðrir taka við forræðinu af sýslumanni. Þó má benda á að í 2. mgr. 11. gr. er gert ráð fyrir að sýslumaður geti ráðstafað eða heimilað aðstandendum þess látna að ráðstafa fjármunum eða eignum dánarbúsins til að greiða kostnað af útför og þar er einnig gert ráð fyrir að sýslumaður kunni að þurfa að gera aðrar ráðstafanir til að varna tjóni, en þar gæti fyrst og fremst verið um að ræða aðgerðir til að tryggja varðveislu eigna eftir ákvæðum 16. gr. frumvarpsins eins og sérstaklega er vísað til í 2. mgr. 11. gr. Aðstaðan í þessum efnum er í alla staði sambærileg þeirri sem nú tíðkast í framkvæmd á grundvelli reglna laga nr. 3/1878, en þess má geta að almennt eru einu aðgerðinar, sem fara fram á þessu tímabili, fólgnar í ráðstöfun peningaeignar þess látna til að kosta útför hans.

Að því leyti sem nauðsynlegt gæti verið að grípa til ráðstafana skv. 2. mgr. 11. gr. leiðir af orðalagi 1. mgr. ákvæðisins að valdið til þess sé í höndum þess sýslumanns sem skiptin eiga undir, sbr. 3. gr. Eins og minnst var á í athugasemdum við 8. gr. væri því hvorki umboðsmaður sýslumanns né annar sýslumaður, sem tekur við andlátstilkynningu, bær um að gera slíkar ráðstafanir eða heimila þær, nema þá eftir atvikum að fengnum sérstökum fyrirmælum þess sem skiptin eiga undir. Að því leyti sem ráðstafanir sem þessar ættu sér stað er ætlast til þess í 3. mgr. 11. gr. að sýslumaður láti þeirra getið í dánarskrá eða gerðabók, en um notkun gerðabókar í þessu skyni má vísa til þess sem áður kom fram við umfjöllun um 9. gr. frumvarpsins.

Um 12. gr.

Á því tímabili, sem sýslumaður fer með forræði á málefnum dánarbús, fer ekki hjá því að hann þurfi að meira eða minna leyti að eiga í samskiptum við erfingja um þau ef kunnugt er um

þá á annað borð. Í 12. gr. eru lagðar til reglur um það hvernig ætlast verði til að þeir sem leiti til sýslumanns í þessum efnum sýni fram á að þeir séu erfingjar eða verði taldir bærir um að koma fram fyrir hönd erfingja.

Í fyrri málsgrein 12. gr. kemur fram að sýslumaður eigi almennt að fyrra bragði að treysta réttmæti frásagnar þess sem gefur sig fram við hann og segist vera í þeim skyldleikatengslum við þann látna sem leiði til lögerfðaréttar. Þetta ákvæði frumvarpsins er sama efnis og regla í 2. málsl. 70. gr. laga nr. 3/1878. Almennt er því ekki ætlast til að sýslumaður krefjist sönnunargagna í þessum efnum, en þó gæti komið til þess, líkt og eftir núgildandi lögum, að krefjast yrði slíkra gagna ef frásögn um lögerfðatengsl yrði dregin í efa af öðrum lögerfingjum eða sýslumanni þætti sérstakt tilefni til að tortryggja hana eins og tekið er fram í 1. mgr. 12. gr. Undir þessum kringumstæðum er hins vegar ekki ráðgert að stórfelld sönnunarfærsla eigi sér stað fyrir sýslumanni því að ef ekki yrði ráðið fram úr aðstöðu sem þessari með skjótum og óyggjandi hætti bæri sýslumanni að krefjast opinberra skipta skv. 3. tölul. 37. gr. frumvarpsins. Gagnstæð regla er hins vegar lögð til í 1. mgr. 12. gr. varðandi þá sem styðja erfðaréttindi sín við erfðaskrá þess látna sem er ætlað að framvísa eintaki af henni til sönnunar, en þessari reglu hefur verið fylgt til þessa í framkvæmd eftir eðli máls þótt ekki sé mælt fyrir um hana í lögum nr. 3/1878.

Í 2. mgr. 12. gr. er mælt fyrir um að ef maður gefur sig fram við sýslumann og kveðst hafa umboð frá erfingja til að koma fram fyrir hans hönd, þá verði umboðsmaðurinn að sýna fram á heimild sína með skriflegri og vottfestri yfirlýsingu erfingjans. Þetta táknar með öðrum orðum að frásögn um umboð, sem ekki er studd við slíkt skjal, yrði virt að vettugi og það án tillits til þess hver ætti hlut að máli, hvort sem það væri nákominn aðstandandi erfingjans eða til dæmis lögmaður sem gæti borið við stöðuumboði eftir 1. mgr. 4. gr. laga nr. 61/1942 ef hann kæmi fram með sambærilegum hætti fyrir dómi. Þessari reglu hefur verið fylgt í framkvæmd án þess að mælt sé fyrir um hana í lögum, en hún byggist á því að við skipti dánarbúa getur reynt á hvort erfingjar fáist til að gefa ýmsar yfirlýsingar sem geta reynst afdrifaríkar fyrir hagsmuni þeirra, t.d. yfirlýsingar um að þeir taki að sér ábyrgð á skuldbindingum dánarbús, og væri varhugavert að láta öðrum eftir að gefa slíkar yfirlýsingar fyrir hönd erfingja nema tryggt sé að heimild standi til þeirra. Um umfang skriflegs umboðs frá erfingja kemur á hinn bóginn fram í niðurlagi 2. mgr. 12. gr. að ef slíku umboði er framvísað þá skuli líta svo á að umboðsmaðurinn hafi heimild til sérhverra aðgerða í þágu umbjóðanda síns ef engra takmarkana er getið í umboðsskjalinu. Hafi erfingi þannig gert skriflega og vottfesta yfirlýsingu eftir fyrri málslið 2. mgr. 12. gr. sem segði það eitt að hann veitti tilteknum manni umboð til að koma fram fyrir sína hönd við skipti á tilteknu dánarbúi, þá teldist umboðið fela í sér að umboðsmaðurinn gæti lýst yfir að erfinginn tæki að sér ábyrgð á skuldum búsins eða þess vegna að erfinginn afsalaði sér rétti til arfs. Sú tilhögun, sem hér um ræðir, er lögð til í ljósi þess að það yrði verulegum örðugleikum háð að tíunda hverju sinni í umboðsskjali öll þau hugsanlegu atriði sem væri ætlast til að umboðsmaður ráði til lykta og miklum mun einfaldara að tiltaka þar sérstaklega til hverra atriða umboðið næði ekki.

Um 13. gr.

Í 13.–15. gr. frumvarpsins koma fram reglur um skipun sérstakra lögráðamanna eða málsvara fyrir erfingja sem geta ekki gætt hagsmuna sinna sjálfir eða gefa sig ekki fram til þess og um þær ráðstafanir sem slíkir menn geta gert í þágu erfingja. Eins og minnst var á hér áður í almennum athugasemdum fela þessi ákvæði í sér ýmsar tillögur um breytingar frá núgildandi reglum. Einna þyngst vegur í þeim efnum að hér er gert ráð fyrir að sýslumaður skipi almennt sérstakan lögráðamann eða málsvara áður en aðgerðir hefjast við skipti dánarbús, þannig að lögráðamaðurinn eða málsvarinn verði fær um að standa að öllum slíkum aðgerðum frá öndverðu með sömu áhrifum og ef erfinginn stæði að þeim sjálfur, en eftir reglum laga nr. 3 1878 getur skipun sem þessi ekki átt sér stað nema dánarbú sé til opinberra skipta sem leiðir í

reynd ekki til annars en óþarfa þyngsla og fyrirhafnar. Þá er einnig um það að ræða að ákvæði 13.–15. gr. gera ráð fyrir skipunum sem þessum í tilvikum sem ekki hefur verið bein heimild fyrir til þessa og svigrúm sérstakra lögráðamanna og málsvara yrði mun meira til einstakra aðgerða.

Í 13. gr. koma fram reglur um það hvenær heimilt sé að skipa erfingja sérstakan lögráðamann eða málsvara. Í fyrsta lagi kemur fram í 1. mgr. ákvæðisins að sýslumaður skipi ófjárráða eða ósjálfráða erfingja sérstakan lögráðamann ef reglulegur lögráðamaður hans hefur sjálfur hagsmuna að gæta af skiptum dánarbúsins. Hér er því gengið út frá þeirri meginreglu sem hefur verið fylgt í framkvæmd til þessa þótt ef til vill mætti leggja annan skilning í orð 14. gr. laga nr. 3/1878 að reglulegur lögráðamaður ófjárráða eða ósjálfráða erfingja komi fram af hálfu hans við búskipti nema því aðeins að hann sé vanhæfur til að gegna því verki vegna sinna eigin hagsmuna. Í framkvæmd hefur einna helst reynt á skipun sérstakra lögráðamanna í þeim tilvikum þar sem maki og ófjárráða börn þess látna hafa skipt dánarbúi, makinn hefur verið reglulegur lögráðamaður barnanna og verið vanhæfur til að koma fram fyrir þeirra hönd við skiptin þar sem hann er sjálfur, eins og börnin, erfingi eftir þann látna.

Í öðru lagi er mælt fyrir um sérstaka heimild í 2. mgr. 13. gr. til að skipa fjárráða erfingja málsvara til að koma fram fyrir hans hönd við skiptin ef hann telst ófær um að gæta hagsmuna sinna sjálfur af heilsufarsástæðum. Sambærilega heimild er ekki að finna í núgildandi lögum, en áþekk leið hefur þó verið farin að einhverju marki í framkvæmd með lögjöfnun frá 14. gr. laga nr. 3/1878 sem umdeilanlegt má vera hvort fái staðist. Heimild 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins er einkum ætluð fyrir þau tilvik þar sem til dæmis aldraður erfingi á í hlut sem óvíst er hvort beri nægilegt skynbragð á gerðir sínar eða fjárráða og sjálfráða erfingi er þroskaheftur. Ef heimild sem þessi væri ekki fyrir hendi væri óhjákvæmilegt að svipta hlutaðeiganda lögræði til þess að hægt væri að skipa honum lögráðamann til að koma fram fyrir hans hönd við búskipti. Slík aðgerð er að vonum oft særandi fyrir nánustu aðstandendur og hún er jafnframt viðurhlutamikil vegna þess eins að hlutaðeiganda tæmist arfur sem er jafnvel óverulegur. Hér skal þó vakin athygli á því að í niðurlagi 2. mgr. 13. gr. kemur fram að skipun málsvara við þessar aðstæður geti því aðeins átt sér stað að hún komi að haldi til að fyrirbyggja að svipta verði erfingjann fjárræði. Með þessu er haft í huga að málsvarinn hefur aðeins heimild til að gæta hagsmuna erfingjans meðan búskiptin sem slík standa yfir, en að þeim loknum væri erfinginn sjálfur einn bær um að ráðstafa þeim fjármunum sem hann fékk að arfi. Oftar en ekki mætti koma málum svo fyrir að hlutaðeigandi erfingi fengi slíkar eignir í sinn hlut við skiptin að ekki reyndi á meðferð þeirra eða ráðstöfun eftir þann tíma, t.d. með því að hann fengi peninga í sinn hlut sem yrðu lagðir á bundinn bankareikning. Í öðrum tilvikum gæti hins vegar farið svo að erfinginn yrði eigandi að eign sem þyrfti að sýsla með á einhvern hátt, t.d. atvinnurekstur þess látna, fasteign sem er leigð út o.s.frv. Ef þannig færi yrði óhjákvæmilegt að svipta erfingjann lögræði til þess að einhver yrði fær um að gera nauðsynlegar ráðstafanir fyrir hans hönd sem lögráðamaður eftir lok skipta, en við þær aðstæður væri í alla staði eðlilegra að lögræðissvipting ætti sér strax stað við skiptin og lögráðamaður kæmi þá fram fyrir erfingjann við þau. Er þannig ætlast til þess í 2. mgr. 13. gr. að sýslumaður meti þegar í upphafi hvort skipun málsvara eftir ákvæðinu muni fela í sér nægilega lausn á þörfum erfingjans og að sú skipun eigi sér þá aðeins stað ef svo verður talið þótt hugsanlega mætti grípa til hennar meðan á aðgerðum stæði til að svipta erfingjann lögræði.

Í 3. mgr. 13. gr. er loks að finna heimild til að skipa málsvara fyrir erfingja sem vitað er hver sé en ekki er vitað hvar verði náð til og erfinginn gefur sig hvorki fram til að gæta hagsmuna sinna sjálfur né tilnefnir umboðsmann til þess. Sams konar heimild er nú í 14. gr. laga nr. 3/1878 en hefur lítið verið beitt í framkvæmd. Hún kemur eingöngu til álita í tilvikum þar sem upplýsingar liggja fyrir um að tiltekinn maður eigi rétt til arfs, en ekki reynist unnt að finna hann með neinum almennum úrræðum, t.d. með upplýsingaöflun úr þjóðskrá hér á

landi eða erlendis, fyrirspurnum til þeirra sem kunna að þekkja til erfingjans o.s.frv. Getur aðallega reynt á þessa heimild ef erfingi hefur til dæmis horfið án þess þó að dómsúrlausn hafi gengið um lát hans eða erfingi hefur flust úr landi og engin vitneskja fæst um hvar hann hefst við.

Í 4. mgr. 13. gr. kemur fram að reglur lögræðislaga eigi að gilda um hæfi og heimildir málsvara eftir 2. og 3. mgr. ákvæðisins. Reglur um hæfi lögráðamanna koma fram í 29. gr. lögræðislaga, nr. 68/1984, en reglur um heimildir þeirra, eða með öðrum orðum þær ráðstafanir sem þeir eru bærir um að gera í þágu skjólstæðinga sinna, eru í öðrum ákvæðum V. kafla sömu laga. Með þessum hætti er lagt til að málum verði skipað þannig að málsvarar verði í sömu aðstöðu til að gera ráðstafanir við skiptin og ef þeir væru lögráðamenn fyrir hlutaðeigandi erfingja sem væru þá ófjárráða.

Um 14. gr.

Í 14. gr. frumvarpsins koma einkum fram reglur um hvernig staðið verði að vali sérstaks lögráðamanns eða málsvara og þeirri aðgerð að skipa hann til starfans. Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að farið verði að með líkum hætti og nú er gert í framkvæmd, m.a. með því að sýslumaður leiti að öðru jöfnu tillagna aðstandenda erfingjans áður en hann tekur ákvörðun um skipunina. Hefur þetta verið gert til að reyna að haga málum þannig að maður veljist til verksins sem nánustu aðstandendur erfingjans geta fellt sig við og eftir atvikum til að maður fáist til að gegna þessu starfi sem mun ekki áskilja sér þóknun fyrir rækslu þess. Sýslumaður yrði þó ekki fremur en nú gildir bundinn af ábendingum sem þessum. Í 2. mgr. er síðan kveðið á um að skipunin sem slík eigi sér stað með bókun um hana í gerðabók sýslumanns, en áður yrði búið að ganga úr skugga um að hlutaðeigandi gefi kost á sér til verksins og geri sér ljóst hvað felist í því.

Í ákvæðum 1. mgr. 14. gr. kemur fram að sýslumaður eigi að skipa erfingja sérstakan lögráðamann eða málsvara svo fljótt sem verða má, en ætla verður að upplýsingar komi að öðru jöfnu fram við tilkynningu andláts eða fljótlega í kjölfarið um þá aðstöðu sem geri skipunina nauðsynlega og ætti hún þá að eiga sér stað svo fljótt sem verða mætti eftir það. Í 1. mgr. 14. gr. er þó gert ráð fyrir að sýslumaður geti látið ógert að skipa erfingja sérstakan lögráðamann eða málsvara ef hann telur að hægt verði að ljúka skiptunum án þess að atbeina erfingjans verði þörf. Þannig mætti komast hjá slíkri skipun ef ljúka mætti skiptum þegar í stað eftir 25. gr. frumvarpsins vegna eignaleysis dánarbúsins. Það sama ætti við ef aðstæður 13. gr. frumvarpsins ættu við um niðja þess látna en skilyrðum 7. gr. eða 3. mgr. 8. gr. erfðalaga, nr. 8 1962, væri fullnægt til að veita leyfi til setu í óskiptu búi án þess að leita afstöðu niðjans til umsóknar maka þess látna um slíkt leyfi.

Í 3. mgr. 14. gr. er mælt fyrir um rétt sérstaks lögráðamanns eða málsvara til þóknunar, en eins og nú er gengið út frá í framkvæmd yrði hún greidd af arfi þess sem hlutaðeigandi er skipaður til að gæta hagsmuna fyrir ef hún yrði áskilin á annað borð. Rétt er að taka fram að fremur heyrir til undantekninga í framkvæmd að ætlast sé til endurgjalds fyrir þessi störf því að oftast eru skyldmenni erfingja fengin til þeirra eða aðrir nákomnir þeim.

Um 15. gr.

Í þessu ákvæði frumvarpsins er mælt fyrir um eftirlit sýslumanns með störfum sérstakra lögráðamanna og málsvara sem hann skipar eftir fyrrnefndum heimildum. Í 1. mgr. 15. gr. er þannig í fyrsta lagi kveðið á um að sýslumaður geti áminnt og eftir atvikum vikið sérstökum lögráðamanni frá eða málsvara ef hann telur ráðstafanir hlutaðeiganda varhugaverðar fyrir hagsmuni erfingjans. Hér er ekki gert ráð fyrir að sýslumaður fylgist að fyrra bragði með öllum athöfnum sérstaks lögráðamanns eða málsvara, en hins vegar fengi sýslumaður vitneskju um ýmsar aðgerðir við störf sín samkvæmt frumvarpinu, t.d. ef hann fengi í hendur einkaskiptagerð þar sem fram kæmi að hlutaðeigandi hafi fallið frá einhverjum réttindum í nafni

skjólstæðings síns eða samþykkt að taka við eign að arfi sem hefði umdeildanlegt verðgildi. Eins gæti hugsast að sýslumanni bærist ábending frá aðstandanda erfingjans eða skiptastjóra við opinber skipti um óheimila háttsemi sérstaks lögráðamanns eða málsvara sem gæfi þá tilefni til aðgerða af hendi sýslumanns.

Í 2. og 3. mgr. 15. gr. er mælt fyrir um nauðsyn þess að sérstakur lögráðamaður eða málsvari leiti eftir samþykki sýslumanns til tiltekinna ráðstafana við búskiptin, en þar er um að ræða sambærilegar reglur við þær sem gilda almennt um störf reglulegra lögráðamanna eftir V. kafla lögræðislaga, nr. 68/1984. Er því ekki ástæða til geta einstakra atriða þessara reglna.

Í 4. mgr. 15. gr. er loks mælt fyrir um að við framkvæmd opinberra skipta eigi skiptastjóri að hafa með höndum það eftirlit með störfum sérstakra lögráðamanna og málsvara sem sýslumaður hefði annars haft skv. 2. og 3. mgr. Tillaga er hér gerð um þessa reglu til hagræðis við framkvæmd opinberra skipta því að það gæti leitt til verulegra þyngsla ef gera yrði hlé á aðgerðum hverju sinni til að bera einstakar yfirlýsingar sérstakra lögráðamanna eða málsvara undir sýslumann til samþykkis eða synjunar. Hér má hafa í huga að sérstakar hæfiskröfur eru gerðar til skiptastjóra í 46. gr. frumvarpsins og þeir bera jafnframt skyldur sem opinberir sýslunarmenn í störfum sínum, sbr. 3. mgr. 48. gr., þannig að ætla má að hagsmunum erfingja sé engan veginn teflt í hættu með reglu sem þessari.

Um 16. gr.

Í 16. gr. er að finna reglur um hvernig fari um vörslur á eignum dánarbús eða umsjón með þeim á því tímabili sem sýslumaður fer með forræði á málefnum þess, sbr. 1. mgr. 11. gr. Í 1. mgr. 16. gr. kemur fram sú meginregla að vörslur eða umsjón skuli almennt haldast í óbreyttu horfi frá því sem var í kjölfar andlátsins fram til þess tíma að lögmæt ákvörðun sé tekin um breytingar í þessum efnum, en þessi regla er sama efnis og ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 3 1878. Sá sem hefði vörslur eignar dánarbúsins eða umsjón með henni við andlátið ætti þannig að öðru jöfnu að gegna því verki áfram þar til eitthvað af eftirfarandi ætti sér stað:

1. Að sýslumaður neyti heimildar 2. mgr. 11. gr. til að ráðstafa eigninni eða leyfa ráðstöfun hennar til að kosta útför eða varna tjóni.
2. Að sýslumaður framselji eignina til þess sem kostar útför ef skiptum er lokið samkvæmt 25. eða 26. gr.
3. Að sýslumaður veiti maka þess látna leyfi til setu í óskiptu búi, en upp frá því hefði maki vald til ákvörðunartöku um afdrif eigna, sbr. 12. gr. erfðalaga, nr. 8/1962.
4. Að sýslumaður veiti erfingjum leyfi til einkaskipta, en þannig hefðu þeir vald til að ákveða hvað verði gert við eignir, sbr. 1. mgr. 85. gr. frumvarpsins.
5. Að úrskurður hafi gengið um opinber skipti, en þá ætti ákvörðun um þessi efni undir skiptastjóra, sbr. 1. mgr. 54. gr. frumvarpsins.

Í framkvæmd hefur það almennt verið svo að nákomnir ættingjar þess látna, sem eru jafnframt lögerfingjar hans, hafi með höndum gæslu með eignum dánarbúsins í kjölfar andlátsins og taki að sér að gegna því verki áfram. Sú aðstaða getur þó komið upp að manni, sem hefur vörslur eignar dánarbús eða umsjón með henni, verði ekki treyst til þess eða að hann færist undan því vegna fyrirhafnar, kostnaðar eða áhættu sem þessu tengist. Þótt lítið reyni á þá aðstöðu í framkvæmd er ófært að skylda mann gegn vilja sínum til að gegna verki sem þessu eða láta eignir í hendur manns sem verður ekki treyst fyrir henni. Af þeirri ástæðu er kveðið sérstaklega á um það í 1. mgr. 16. gr. að sýslumaður verði að bregðast við slíkri aðstöðu með því að taka sjálfur við eigninni, en þá verði dánarbúið eftir atvikum að bera kostnað af geymslu hennar eða af eftirliti með henni. Sambærilegri reglu hefur verið fylgt í framkvæmd á grundvelli 1. mgr. 12. gr. laga nr. 3/1878.

Í 2. mgr. 16. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að ef eignir dánarbús eru ekki undir eftirliti neins, þá verði sýslumaður að bregðast þannig við að taka þær í sína umsjón. Upplýsingar um þessa aðstöðu ættu almennt að koma fram við tilkynningu andláts, en í ljósi

reynslu í framkvæmd ætti sjaldan að reyna á þetta og þá tæpast nema sá látni láti ekki eftir sig nein nákomin skyldmenni.

Ef sýslumaður tæki við umsjón eigna dánarbús er mælt svo fyrir í 3. mgr. 16. gr. að þess skuli getið í gerðabók hans. Sýslumaður yrði þá að gegna þessu hlutverki fram til þess tíma að öðrum væri heimilt að taka við því samkvæmt áðurgreindu.

Um 17. gr.

Í 17.–23. gr. frumvarpsins er að finna reglur um hvernig staðið verði að formlegri skrásetningu á eignum og skuldbindingum dánarbúa ef slíkra aðgerða er þörf og eftir atvikum verðmat á þeim. Í 15. og 16. gr. laga nr. 3/1878 telst aðgerð sem þessi þáttur í opinberum skiptum og hefur hún almennt verið kölluð uppskriftargerð í framkvæmd. Eftir nefndum ákvæðum núgildandi laga er aðgerð sem þessi ekki nauðsynleg nema opinber skipti fari fram og er tiltölulega fátítt í framkvæmd að erfingjar leiti gagngert eftir að hún eigi sér stað. Í 17.–23. gr. frumvarpsins er hins vegar lögð til sú meginbreyting að skrásetning og mat á eignum og eftir atvikum skuldbindingum dánarbúa standi í engum tengslum við opinber skipti, heldur geti þetta átt sér stað óháð því hvernig staðið sé að skiptunum. Gert er ráð fyrir að sýslumaður annist þetta verk eða tilnefni einn mann eða fleiri til þess.

Ýmis tilefni geta búið að baki því að leitað sé skrásetningar og mats á eignum og eftir atvikum skuldbindingum dánarbús. Erfingjar kunna að óska eftir að fá gerða skrá um eignirnar í heild sinni eða tiltekna muni til að ekki orki tvímælis hvað hafi verið fyrir hendi eða til að hafa aðgengileg gögn til að vinna eftir við einkaskipti, en til að fyrirbyggja misklíð getur verið heppilegt að leita til utanaðkomandi manna til að leysa þetta verk af hendi. Að sama skapi getur erfingjum þótt nauðsynlegt að fá vissar eignir metnar af óháðum manni til að þeir geti skipt þeim milli sín. Enn má vera að lögráðamaður eða umboðsmaður erfingja telji heppilegt að fá skrá um eignir og eftir atvikum verðmat á þeim til að hafa undir höndum ef brigður yrðu bornar síðar á starfshætti hans. Almennt má ætla að síður sé ástæða til að skrásetja skuldbindingar með hliðstæðum hætti, enda hefur slík aðgerð engan teljandi tilgang, en heimild til að æskja hennar er þó allt að einu ráðgerð í 1. mgr. 17. gr. Í reglum 17.–23. gr. er byggt á því að sá sem óskar eftir þessum aðgerðum láti uppi hve langt hann vilji láta ganga í framkvæmd þeirra. Þannig mætti láta við það sitja að óska aðeins eftir skrásetningu eigna en ekki eftir verðmati á þeim. Á sama hátt mætti biðja um að tilteknar eignir verði skrásettar og eftir atvikum metnar, t.d. innanstokksmunir, bókasafn o.s.frv., en aðrar eignir ekki. Með þessum hætti er gert ráð fyrir að hlutaðeigendur ráði því með öllu sjálfir hvert umfang verksins verði og að þarfir þeirra sjálfra ráði því, enda er gert ráð fyrir að kostnaður fylgi framkvæmd þess eins og eftir núgildandi reglu 1. mgr. 16. gr. laga nr. 3/1878.

Í 1. mgr. 17. gr. kemur fram að erfingjar hafi heimild til að leita aðgerða sem þessara meðan skiptum hefur ekki verið lokið á dánarbúi og það hefur ekki verið tekið til opinberra skipta. Sú regla, að þetta þurfi að gerast áður en skiptum lýkur, er þó ekki án undantekninga því að eftir 4. mgr. 25. gr. getur erfingi krafist þessara aðgerða þótt skiptum hafi verið lokið á grundvelli yfirlýsingar um að eignir búsins nægi ekki nema til greiðslu útfararkostnaðar og skv. 2. mgr. 27. gr. getur erfingi krafist þessara aðgerða þótt maki þess látna hafi fengið leyfi til setu í óskiptu búi ef hann verður talinn hafa hagsmuni af því til að staðreyna hvort makinn hafi rýrt eignir búsins með þeim hætti að það gefi tilefni til að krefjast skipta skv. 1. mgr. 15. gr. erfðalaga, nr. 8/1962. Ef dánarbú væri til opinberra skipta er ekki gert ráð fyrir að erfingjar njóti heimildar til að krefjast þessara aðgerða, en þær gætu hins vegar átt sér stað að tilhlutan skiptastjóra, sbr. 54. gr. frumvarpsins.

Heimild til að krefjast skrásetningar og mats á eignum og skuldum er, eins og fram kemur í 1. mgr. 17. gr., í höndum erfingja, en lögráðamaður erfingja, málsvari hans eða umboðsmaður væri að sjálfsögðu bær um að hafa uppi kröfu sem þessa í nafni hans. Þá er tekið fram í 3. mgr. ákvæðisins að sá sem var í óvígðri sambúð með þeim látna eigi sama rétt og erfingi í

þessum efnum ef skilyrðum 100. gr. frumvarpsins um sambúðartíma eða önnur þargreind atvik er fullnægt. Rétturinn til æskja þessara aðgerða er í höndum hvers og eins sem hér um ræðir án tillits til afstöðu annarra erfingja. Þá er skiptastjóra við opinber skipti og rétt að æskja þessara aðgerða eins og áður var vakin athygli á. Sýslumanni er hins vegar ekki ætlað að hefjast handa um þessar aðgerðir ótilkvaddur, en hann gæti stuðlað með óbeinum hætti að því að þær ættu sér stað með því að neita að veita leyfi til einkaskipta fyrr en þetta yrði gert, sbr. 3. og 5. mgr. 30. gr., eða með því að gefa út einkaskiptaleyfi með skilyrði um framkvæmd þessara aðgerða, sbr. 2. mgr. 31. gr.

Í 1. mgr. 17. gr. kemur fram að sá sem vill leita skrásetningar og eftir atvikum mats eigi að beina skriflegri kröfu um aðgerðina til þess sýslumanns sem skiptin eiga undir. Eins og nánar er talið upp í ákvæðinu er ætlast til að krafan geymi upplýsingar um, hvert dánarbú sé að ræða og hver geri kröfuna, en einnig á að taka fram hverjir séu erfingjar að öðru leyti og hvar verði náð til þeirra sem er nauðsynlegt í ljósi þess að þá verður að boða þegar aðgerðin fer fram, sbr. 1. mgr. 19. gr. Þá kemur fram í 2. tölul. 1. mgr. 17. gr. að tiltaka verði í kröfunni hverjar þær eignir séu sem óskað er skrásetningar á og að hverju marki sé leitað eftir mati á þeim, en eftir atvikum ætti sama regla við ef hlutaðeigandi leitar eftir sérstakri skráningu á skuldbindingum búsins.

Heimildin til að fá eignir skrásettar og eftir atvikum metnar tekur að sjálfsögðu aðeins til eigna sem telja má sýnt að fyrra bragði að tilheyri dánarbúinu. Frá þessu er þó vikið í 3. mgr. 17. gr. þar sem mælt er sérstaklega fyrir um heimild til að krefjast skrásetningar og mats á eignum maka eða sambýlismanns þess látna, en sú heimild er ráðgerð í ljósi þess að hér er um eignir að ræða sem má ætla að dánarbúið kunni að geta krafist hlutdeildar af. Að þessari undantekningu frátalinni yrði kröfu um skrásetningu og mat á eign þriðja manns vísað á bug, sbr. 4. mgr. 19. gr.

Um 18. gr.

Í 18. gr. frumvarpsins er fjallað um það hverjir annist skrásetningu og eftir atvikum mat á eignum, en sem fyrr segir verður kröfu um þær aðgerðir beint til þess sýslumanns sem skiptin eiga undir. Í 1. mgr. 18. gr. kemur fram að ef þær eignir, sem krafan lýtur að, eru utan umdæmis sýslumannsins sem skiptin eiga undir, geti hann beint erindinu til sýslumannsins í því umdæmi. Þetta ætti jafnt við hvort sem allar eignirnar væru utan umdæmisins eða aðeins hluti þeirra, en rétt er að benda sérstaklega á að hér er aðeins um heimild að ræða þannig að sýslumaðurinn, sem kröfunni er beint til, væri allt að einu bær um að hlutast til um þessar aðgerðir utan umdæmis síns. Ef hann kýs hins vegar að fela öðrum sýslumanni málefnið, er ætlast til að sá annist þau verk sem ákvæði 18. og 19. gr. og 1. mgr. 21. gr. taka til og endursendi síðan gögn um það til frekari meðferðar.

Í ákvæðum 18. gr. er gert ráð fyrir að mismunandi reglur gildi um hverjir annist umrædd verk eftir því hvort aðeins er krafist skrásetningar á eignum og eftir atvikum skuldbindingum eða einnig er krafist mats á þeim. Ef meta þarf eignir og eftir atvikum skuldbindingar til verðs er mælt fyrir um það í 2. og 3. mgr. 18. gr. að sýslumaður kveðji til mann til leysa verkið af hendi, en þeim sama yrði þá að öðru jöfnu falið að annast skrásetningu um leið, sbr. 4. mgr. 18. gr., enda væri þar í reynd um að ræða þátt í framkvæmd matsstarfa. Í 2. mgr. 18. gr. er gert ráð fyrir þeirri aðstöðu að krafist sé mats á eign sem sérþekkingu þarf til að verðleggja, en þegar þannig stæði á yrði sýslumaður að kveðja sérfróðan mann til verksins. Ef sérþekkingarinnar væri aðeins þörf varðandi eina af mörgum eignum gæti sýslumaður hvort heldur falið sama manni að meta þær allar eða tilnefnt fleiri en einn mann til verksins og skipt með þeim verkum, svo sem tekið er fram í ákvæðinu, en rétt er að benda sérstaklega á að hér er ætlast til að það verði aðeins einn matsmaður sem meti hverja eign fyrir sig. Sýslumanni er ætlað að tilnefna þannig einn eða fleiri matsmenn svo fljótt sem verða má eftir að krafa um mat er komin fram og geta tilnefninga til verksins í gerðabók þar sem matsmaður mundi eftir atvikum

undirrita heit um rækslu starfans, sbr. niðurlag 2. mgr. 18. gr. Sérstakar hæfisreglur um matsmenn koma fram í 3. mgr. 18. gr., en þær eru hliðstæðar reglum laga nr. 85/1936 um dómkvadda matsmenn og þarfnast því ekki frekari skýringa hér.

Ef hins vegar væri aðeins krafist skrásetningar á eignum og eftir atvikum skuldbindingum leiðir af fyrirmælum 4. mgr. 18. gr. að sýslumaður geti annast það verk sjálfur eða falið það starfsmanni sínum eða umboðsmanni. Undir þessum kringumstæðum er ekki gert ráð fyrir formlegri tilnefningu til að annast verkið og ekki er mælt sérstaklega fyrir um hæfisskilyrði til að gegna því.

Um ákvæði 18. gr. má að öðru leyti geta þess að þau eru um margt byggð á venjum sem hafa mótast um þessi verk í framkvæmd á grundvelli 16. gr. laga nr. 3/1878.

Um 19. og 20. gr.

Þessi ákvæði frumvarpsins geyma reglur um framkvæmd skráningar og mats á eignum og eftir atvikum skuldbindingum dánarbús. Vænta má að þessar reglur skýri sig að mestu sjálfar, en af einstökum atriðum þeirra má í fyrsta lagi nefna að í 1. mgr. 19. gr. er gert ráð fyrir að sá eða þeir sem hafa verkið með höndum ákveði hvar og hvenær það fari fram eða byrji og tilkynni þetta þeim sem hefur krafist verksins og erfingjum sem hefur verið getið í kröfunni. Segir í ákvæðinu að tilkynningar til erfingja skuli sendar með þeim fyrirvara að þeir geti átt kost á að vera viðstaddir ef unnt er án verulegra tafa eða óhagræðis, en að þessu leyti á ákvæðið sér hliðstæðu í upphafsmálslið 2. mgr. 16. gr. laga nr. 3/1878. Með þessu er gefið til kynna að það standi ekki í vegi framkvæmdar á aðgerðum þótt erfingi sé til dæmis búsettur erlendis og geti tæplega komið því við að vera viðstaddur með þeim fyrirvara sem honum er gefinn, en eins og hingað til er ætlast til að þessarar undantekningarheimildar verði ekki neytt nema ríkar ástæður séu til. Þótt ekkert sé tekið sérstaklega fram í ákvæðinu um hvernig tilkynningum sem þessum verði komið á framfæri yrði að ganga út frá að það yrði gert með þeim hætti að sannað yrði eftir á að það hafi átt sér stað. Í öðru lagi er gert ráð fyrr að gefa eigi þeim sem eru viðstaddir við framkvæmd verksins kost á að tjá sig um atriði sem að því snúa, sbr. 2. mgr. 19. gr., og að þeir geti eftir atvikum krafist þá skriflega að verkið verði víðtækara en upphaflega var ætlast til, sbr. 3. mgr. 19. gr., en rétt er að taka fram að erfingi teldist ekki hafa fyrirgert rétti til að krefjast síðar að frekari eignir verði skráðar eða metnar þótt hann sé viðstaddur þegar verkið fer fram og hafi þar ekki uppi kröfur sínar í þeim efnum þá þegar. Ef krafa um aukið umfang verksins kæmi fram við framkvæmd þess er ætlast til þess í 3. mgr. 19. gr. að sá eða þeir sem sýslumaður fól að annast það í byrjun annist verkið í heild, nema krafist sé þar mats sem sérþekkingar þurfi til að leysa af hendi eða þær eignir, sem þá sé fyrst krafist skrásetningar og eftir atvikum mats á, séu utan umdæmisins. Í þriðja lagi er í 4. mgr. 19. gr. kveðið á um skyldu vörslumanns eignar, sem er krafist skrásetningar og eftir atvikum mats á, til að veita aðgang að henni til framkvæmdar verksins. Þótt ólíklegt sé að mikið geti reynt á það er þar einnig mælt fyrir um sérstaka heimild sýslumanns til að ákveða dagsektir á hendur vörslumanninum ef hann sinnir ekki þessari skyldu, en kröfu um slíkar dagsektir mætti þá fullnægja með aðför. Loks ber í fjórða lagi að nefna að í 20. gr. er sérstaklega vikið að því á hverjum forsendum eignir verði metnar undir þessum kringumstæðum, en sambærilegar reglur hafa ekki verið fyrir hendi í núgildandi lögum sem hefur leitt til nokkurra vandkvæða. Sú meginregla er lögð til í þessum efnum í 1. mgr. 20. gr. að eignir verði metnar eftir gangverði við frjálsa sölu gegn staðgreiðslu, en þeirri nánast sjálfgefnu reglu er þar bætt við að ef veðbönd eða önnur höft hvíli á eign skuli matsverðið miðast við staðgreiðslu á andvirði eignarinnar að frádregnum veðkröfum eða andvirði hafta. Í 2. mgr. 20. gr. er erfingjum þó heimilað að krefjast þess sérstaklega að eign verði einnig metin til verðs á annarri tiltekinni forsendu, t.d. miðað við nánar tilgreind greiðslukjör, en þessi heimild er þó eftir orðum ákvæðisins háð því að hlutaðeigandi geri sennilegt að slíkt mat geti haft þýðingu fyrir hagsmuni hans við skiptin. Þetta gæti til dæmis átt við ef erfingjar hafa náð samkomulagi sín á

milli um að einn þeirra leysi tiltekna eign dánarbúsins til sín gegn greiðslu til annarra án þess að um staðgreiðslu væri að ræða, en samkomulag hafi ekki tekist um verðlagningu eignarinnar.

Um 21. gr.

Í 21. gr. er mælt fyrir um hvenig staðið verði að verki þegar skrásetningu og eftir atvikum mati er lokið, en skv. 1. mgr., ákvæðisins ber þeim sem annaðist verkið að afhenda sýslumanninum, sem fól honum það, sérstaka eignaskrá þar sem matsverðs eigna yrði getið eftir því sem mats hefur verið krafist. Þá er ætlast til að fram komi í eignaskránni hverjir hafi verið viðstaddir þegar aðgerðin fór fram og hvort og þá hverjar athugasemdir kunni að hafa komið fram af þeirra hendi, t.d. um frekari eignir dánarbúsins en áður hafði verið upplýst um. Um aðgerðir sýslumanns eftir að eignaskráin hefur borist honum má benda á það sem kom fram hér áður í tengslum við ákvæði 1. mgr. 18. gr. að ef sýslumaður utan skiptaumdæmis hefur tilnefnt mann til að annast framkvæmd verksins og fengið síðan eignaskrána í hendur ætti hann að framsenda hana á þessu stigi máls þeim sýslumanni sem skiptin ættu undir. Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. er sýslumanninum, sem skiptin eiga undir, ætlað að taka við eignaskránni til varðveislu, en að greiddum kostnaði af framkvæmd verksins er boðið að hann sendi þekktum erfingjum eintak skrárinnar á sannanlegan hátt. Er þetta gert í því skyni að erfingjar fái sem fyrst vitneskju um niðurstöður af framkvæmd skráningar og eftir atvikum mats og eigi þess þá kost að koma fram aðfinnslum eða kröfum um yfirmat skv. 22. gr. án þess að það valdi frekari töfum en nauðsyn krefur.

Um 22. gr.

Í 22. gr. koma fram fyrirmæli um úrræði handa þeim sem vilja ekki una við niðurstöður í eignaskrá, en reglur um þau úrræði eru tvenns konar.

Annars vegar kemur fram í 1. mgr. 22. gr. að sá sem krafðist skráningar og eftir atvikum mats geti komið fram athugasemdum við sýslumann ef hann telur eign ranglega skráða, t.d. að lýsing hennar sé röng í skránni, eða að vanrækt hafi verið að sinna kröfu hans um að tiltekin eign yrði skráð og eftir atvikum metin. Um þetta má geta þess í fyrsta lagi að heimildin til athugasemda sem þessara er eingöngu veitt þeim sem krafðist aðgerðarinnar hvort sem það var sá sem krafðist hennar í öndverðu eða hann hafi fyrst komið fram kröfum um frekari skráningu eða mat þegar aðgerðin fór fram, sbr. 3. mgr. 19. gr. Í öðru lagi ber að árétta það sem felst í orðalagi 1. mgr. 22. gr. að þessi regla veitir ekki heimild til að krefjast endurskoðunar á matsverði eigna sem kemur fram í eignaskrá, heldur verður slíkri endurskoðun aðeins komið við með yfirmati skv. 2.–4. mgr. 22. gr. Ef sýslumanni berast athugasemdir sem þessar innan hæfilegs tíma frá því hlutaðeiganda barst eignaskráin og hann telur þær réttmætar er gert ráð fyrir að hann leggi fyrir þann sem annaðist verkið að bæta úr því sem fundið var að.

Hins vegar eru reglur í 2.–4. mgr. 22. gr. um heimildir erfingja, eða þeirra sem njóta sömu réttarstöðu í þessum efnum og erfingjar, til að krefjast endurskoðunar á því mati á eignum sem kann að koma fram í eignaskrá, en hún ætti sér þá stað með yfirmati. Um þessar heimildir skal í fyrsta lagi getið að í 2. mgr. 22. gr. er kveðið á um að krafa um yfirmat verði að koma fram meðan skiptum er enn ólokið og innan fjögurra vikna frá því að eignaskrá var komið á framfæri við hlutaðeiganda eða honum varð á annan hátt kunnugt um niðurstöður mats. Ætlast er til að orð ákvæðisins verði skýrð á þann hátt að umræddur frestur byrji almennt að líða þegar hlutaðeiganda hefur sannanlega gefist kostur á að kynna sér matið í eignaskrá sem sýslumaður hefur sent honum eftir reglu 1. mgr. 21. gr. Komi ekki fram krafa um yfirmat innan þess tíma telst hlutaðeigandi hafa fyrirgert rétti til að krefjast þess. Í öðru lagi má nefna að skv. 2. mgr. 22. gr. á krafa um yfirmat að vera skrifleg og á að beina henni til þess sýslumanns sem skiptin eiga undir. Komi slík krafa fram og frestir til að hafa hana uppi eru

ekki liðnir er mælt fyrir um það í 3. mgr. 22. gr. að sýslumaður eigi að tilnefna tvo menn til að framkvæma yfirmat, þannig að yfirmatsmenn verða tveir um að meta eign sem einn maður mat í öndverðu. Ætlast er til að sá sýslumaður, sem skiptin eiga undir, tilnefni yfirmatsmenninа þótt sú eign, sem þeim er ætlað að meta, sé utan umdæmis hans. Um aðferðir við tilnefninguna, hæfi yfirmatsmanna, framkvæmd yfirmats og lok þess verks er í 3. mgr. 22. gr. vísað til reglna frumvarpsins um sömu atriði varðandi undirmatið. Í þriðja lagi skal þess getið að skv. 4. mgr. 22. gr. geta niðurstöður yfirmats ekki sætt endurskoðun við búskiptin því að þar kemur fram að yfirmat sé bindandi fyrir erfingja um verðmæti þeirra eigna sem það tekur til. Í ákvæðinu er tekið fram að þetta eigi við hvort sem erfingja var gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna við framkvæmd yfirmats eða ekki. Ástæðan að baki þessari reglu er sú að nauðsynlegt er að endanleg niðurstaða fáist um verðgildi eigna svo fljótt sem auðið er, þannig að unnt verði að byggja framkvæmd skiptanna á henni án þess að eiga á hættu að hún sæti breytingum löngu síðar. Hagsmunum erfingja af verðlagningu eigna við yfirmat ætti ekki að vera nein hætta búin vegna þessarar reglu, enda byggir verðmat sem þetta á sjálfstæðri skoðun þeirra sem framkvæma það. Á hinn bóginn er rétt að undirstrika sérstaklega að þessari reglu er engan veginn ætlað að létta skyldum af yfirmatsmönnum til að tilkynna erfingjum hvenær þeir muni efna til matsfundar, heldur er hér aðeins stefnt að því að erfingi sem til dæmis gefur sig fyrst fram á síðari stigum verði bundinn af því sem þegar hefur verið gert.

Eins og kom fram hér á undan telst upphafleg matsgerð bindandi um verðmæti eigna ef krafa um yfirmat kemur ekki fram innan þess frests sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 22. gr., en ef yfirmat fer fram telst það endanlegt. Þetta leiðir til þess að stuðst verði við niðurstöður mats um verðgildi einstakra eigna sem það tekur til að því leyti sem á það getur reynt við framkvæmd skiptanna. Fyrst og fremst hefði matið þýðingu ef maki þess látna vildi leysa til sín eignir umfram arfs- og búshluta með því að greiða dánarbúinu andvirði þeirra í peningum, sbr. 35. gr. frumvarpsins, eða erfingi krefðist að fá tiltekinn hlut lagðan sér út að arfi, sbr. 36. gr. Með því hins vegar að nokkur tími geti liðið frá því mat færi fram og þar til maki þess látna greiddi búinu matsverð eigna sem hann leysir til sín eða erfingi fengi eign lagða sér út er óeðlilegt að matsverðið standi í óbreyttri fjárhæð til viðmiðunar um lengri tíma meðan til dæmis peningaeign búsins stæði á bankareikningi og vextir ynnust af henni. Er af þessum sökum mælt fyrir um það í 5. mgr. 22. gr. að hafi innlausn eða útlagning ekki átt sér stað á grundvelli matsniðurstöðu innan þriggja mánaða frá því matið var gert og erfingjar semja ekki um annað skuli hækka matsfjárhæðir til samræmis við vexti af innlánsreikningum í bönkum frá matsdegi til þess tíma sem innlausn eða útlagning fer fram. Verður að telja þetta nauðsynlegt til að tryggja jafnræði milli erfingja. Að öðru leyti en þessu leiða ákvæði 22. gr. hins vegar til þess að matsniðurstöðum verði ekki breytt við skiptin.

Um 23. gr.

Í 23. gr. er að finna reglur um greiðslu kostnaðar af skrásetningu og eftir atvikum mati á eignum sem þykja skýra sig að mestu sjálfar. Um efni þeirra má geta þess að gengið er út frá því að sá sem hefur krafist slíkra aðgerða verði almennt að bera kostnað af þeim fyrst í stað, sem sýslumaður hefði með höndum að ákveða, en að öðru jöfnu gæti hlutaðeigandi síðan endurkrafið dánarbúið um þá fjárhæð við skiptin, enda er ætlast til að hver og einn erfingi eigi rétt á að fá þjónustu óvilhallra manna til að staðreyna hverjar eignir séu fyrir hendi og hvert andvirði þeirra sé án þess að standa einn undir þeim kostnaði. Sá fyrirvari er þó gerður í niðurlagi 3. mgr. 23. gr. að slík endurkrafa komi ekki til álita ef aðgerðin hefur verið þýðingarlaus eða bersýnilega ástæðulaus. Þessi fyrirvari er gerður til að koma í veg fyrir að erfingi geti bakað dánarbúinu algerlega óþarfan kostnað með aðgerð sem þjónar engum tilgangi, t.d. með því að krefjast mats á verðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs þegar að öðru jöfnu er ljóst hvert gangverð þeirra sé eða með kröfu um mat á fasteign sem áður er ákveðið að verði seld við búskiptin. Þá má einnig vekja athygli á því í þessu sambandi að

sérregla um endurkröfu á slíkum kostnaði kemur fram í 2. mgr. 27. gr. varðandi þau tilvik þar sem krafist hefur verið skráningar og eftir atvikum mats á eignum í óskiptu búi, en samkvæmt þeirri sérreglu verður ekki krafist endurgreiðslu kostnaðarins nema aðgerðin verði til þess að til skipta komi á búinu á grundvelli hennar.

Um 24. gr.

Í 24. gr. er gert ráð fyrir að erfingi eða lögráðamaður hans, málsvari eða umboðsmaður, geti leitað til sýslumanns og fengið skriflega heimild hans til að afla upplýsinga um atriði sem varða eignir og skuldir dánarbúsins, enda sé það gert á þeim tíma sem sýslumaður hefur forræði búsins með höndum. Að fenginni slíkri heimild gæti erfingi síðan krafist upplýsinga um þessi málefni hjá þeim sem væri skylt að veita sýslumanni sams konar upplýsingar samkvæmt áðurnefndri reglu 3. mgr. 10. gr. Tillaga er gerð um þessa reglu til hagræðis þannig að sýslumaður þurfi ekki sjálfur að annast þetta verk ef erfingi er fús til að taka það að sér. Sambærileg leið hefur oft og tíðum verið farin í framkvæmd þótt ekki sé beinlínis gert ráð fyrir henni í lögum nr. 3/1878.

Um 25. gr.

Í 1. mgr. 25. gr. kemur fram almenn heimild til að ljúka skiptum með einföldum hætti ef lýst er yfir fyrir sýslumanni við tilkynningu andláts eða síðar á því tímaskeiði sem hann fer með forræði dánarbúsins að eignir þess séu ekki meiri að andvirði en nemi kostnaði af útför. Sömu heimild má nú finna í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 3/1878 og er skiptum á dánarbúum lokið á grundvelli hennar í verulegum mæli, svo sem ráða má af þeim tölulegu upplýsingum sem áður hafa komið fram. Er ætlast til að ákvæðum 1. mgr. 25. gr. verði beitt með sama hætti og núgildandi reglu, en um notkun hennar hafa að vonum myndast fastar venjur. Af þeirri ástæðu er ekki tilefni til að fjalla hér að ráði um einstök atriði ákvæðisins. Þó skal í fyrsta lagi bent á að gengið er út frá því að sýslumaður taki ekki yfirlýsingu sem þessa gilda til þessara þarfa nema hún komi fram frá manni sem telja má að hafi næga yfirsýn yfir fjárhag þess látna til að geta fullyrt hvernig eignastöðu hans sé háttað, en eins er nú farið að í framkvæmd. Þá má í öðru lagi geta þess að ráðgert er í reglu 1. mgr. 25. gr. að þær eignir, sem sá látni kann að láta eftir sig, verði afhentar eða framseldar þeim sem leggur út fyrir kostnaði af útför, en engar sérstakar takmarkanir eru gerðar á því hvers konar eignir verði látnar af hendi með þessum hætti þó að yfirleitt hafi verið um það að ræða í framkvæmd að innanstokksmunir og inneignir á bankareikningum hafi verið framseldar með stoð í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 3/1878. Í þriðja lagi má benda á að málalok að hætti 1. mgr. 25. gr. hefðu í för með sér, með sama hætti og málalok eftir 1. mgr. 10. gr. laga nr. 3/1878, að ekki kæmi til þess að leitað yrði eftir afstöðu erfingja til ábyrgðar á skuldbindingum búsins því að þær féllu þegar niður gagnvart búinu með þessum málalokum og hvorki erfingjar né sá sem tæki við framsali eigna eftir ákvæðinu bæru ábyrgð af þessum sökum á frekari skuldbindingum en þeim sem tengdust útför. Loks má í fjórða lagi geta þess að vænst er að 1. mgr. 25. gr. yrði beitt með sama hætti og núgildandi reglu að því leyti að þegar sýslumaður tæki afstöðu til þess hvort skiptum verði lokið með þessu móti hefði hann hliðsjón af því hver kostnaður sé almennt af útför á hverjum tíma, að meðtöldum útgjöldum vegna auglýsinga, frágangs á leiði, legsteini, hóflegum veitingum handa þeim sem kynnu að sækja útför o.s.frv., en gengi ekki eftir gögnum um þann kostnað nema hann væri sagður vera að mun hærri en almennt væri.

Í 2. mgr. 25. gr. er lögð til regla að danskri fyrirmynd um aðstöðu sem ekki er vikið að í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 3/1878 og óvíst hefur þótt í framkvæmd hvernig brugðist verði við. Er þar tekið af skarið um að ljúka megi skiptum eftir reglu 1. mgr. 25. gr. þótt andvirði heildareignar þess látna fari fram úr kostnaði af útför ef veðbönd eða sambærileg höft hvíla á eignunum og andvirði eignanna að frádregnum veðböndum sé innan marka útfararkostnaðar. Þessi heimild er þó háð því að sá sem fengi eignir framseldar gegn því að leggja út fyrir útförinni tæki einnig

að sér ábyrgð á greiðslu þeirra krafna sem hvíla á eignunum. Þetta ákvæði felur að vissu leyti í sér undantekningu frá þeirri meginreglu 1. mgr. 25. gr., að málalok með þessum hætti séu almennt háð því að andvirði heildareigna (brúttóeigna) þess látna sé innan marka útfararkostnaðar, en þó ber að hafa í huga að ef aðrir eiga óbein eignarréttindi, t.d. veðréttindi, í eign þess látna megi segja að eignarhluti hans í henni sé í reynd aðeins mismunurinn á heildarandvirði hennar og fjárhæð veðkrafna. Ef ljúka ætti skiptum eftir reglu 2. mgr. 25. gr. verður að telja óhjákvæmilegt að gögn séu lögð fyrir sýslumann til staðfestingar á því að skilyrðum sé fullnægt fyrir þessu úrræði. Má þannig ætla að sá sem leitar eftir slíkum málalokum verði að leggja fram gögn um fjárhæðir veðkrafna og andvirði þeirrar eignar sem kröfurnar hvíla á, auk staðfestingar á því að hann taki að sér ábyrgð á greiðslu krafnanna.

Í 3. mgr. 25. gr. kemur fram sérregla um hvernig sýslumaður geti brugðist við ef fleiri en einn erfingi eða aðstandandi þess látna gefur sig fram og óskar eftir að fá eignir búsins framseldar sér gegn því að taka að sér greiðslu kostnaðar af útförinni. Í framkvæmd hefur sárasjaldan reynt á þessa aðstöðu, en það hefur þó komið fyrir og ákvæði núgildandi laga taka ekki af skarið um hvernig ráðið verði fram úr henni. Má ætla að frekar gæti komið til þess að á þetta reyndi en hingað til í ljósi þeirrar heimildar sem er lögð til í 2. mgr. 25. gr.

Í 4. og 5. mgr. 25. gr. koma fram reglur til áréttingar á því að skiptalok eftir 1. eða 2. mgr. ákvæðisins séu ekki endanleg ef leiddar eru líkur að því að eignir dánarbús hafi í reynd verið meiri en nam kostnaði af útför. Í þessum efnum ber að hafa í huga að við málalok eftir 1. eða 2. mgr. 25. gr. leggur sýslumaður til grundvallar upplýsingar sem tilkynnandi andláts veitir eða annar sem gefur sig fram í þessum erindagerðum. Sýslumanni er ekki ætlað að rannsaka réttmæti þessara upplýsinga nema hann telji sérstaka ástæðu til að tortryggja þær, svo sem fram kemur í 1. mgr. 25. gr. Í framkvæmd hefur reynslan verið sú að upplýsingar sem þessar séu almennt áreiðanlegar, en komið getur fyrir að þeim sem veitti þær hafi ekki verið kunnugt um allar eignir þess látna eða eftir atvikum að hann hafi gefið þær gegn betri vitund. Ef skiptum hefur verið lokið á þessum grundvelli en síðar kemur á daginn að ekki hafi verið skilyrði fyrir því hefur reynslan verið sú í framkvæmd að þau málalok hafi yfirleitt verið leiðrétt að frumkvæði erfingja. Ófært er hins vegar að láta málalok sem þessi teljast bindandi ef sýnt er fram á að ekki hafi verið skilyrði til þeirra og erfingjar hlutast ekki sjálfir til um að koma fram leiðréttingu á því, en í núgildandi lögum er ekki mælt beinlínis fyrir um hvernig brugðist verði við því. Til að bæta úr þeirri vöntun eru ráðgerðir tveir kostir í 4. og 5. mgr. 25. gr. til að knýja á um leiðréttingu þessara málaloka. Annars vegar getur erfingi gefið sig fram við sýslumann og krafist að fram fari skráning og eftir atvikum mat á eignum sem tilheyrðu dánarbúinu til að staðreyna hvort andvirði þeirra hafi verið innan marka útfararkostnaðar, en ef leitt er þannig í ljós að eignir hafi verið meiri en þessu nam er kveðið á um það í 4. mgr. 25. gr. að sýslumaður skuli taka skiptin upp á ný. Hins vegar er mælt fyrir um það í 5. mgr. 25. gr. að málalok skv. 1. eða 2. mgr. ákvæðisins falli sjálfkrafa úr gildi ef dánarbúið er síðar tekið til opinberra skipta, en með þessu er vísað til þess að erfingi geti krafist opinberra skipta með heimild í 2. mgr. 38. gr. þótt skiptum hafi áður verið lokið með þessum hætti og lánardrottni þess látna er veitt sams konar heimild í 3. mgr. 40. gr., en í báðum tilvikum yrði þá að sýna fram á að eignir hafi verið meiri en nam útfararkostnaði þegar krafist væri opinberra skipta.

Um 26. gr.

Þótt reglur 25. gr. frumvarpsins ættu almennt að ráða málalokum ef dánarbú er með öllu eignalaust eða eignir eru svo litlar að þær hrökkvi ekki nema fyrir kostnaði af útför er beiting þeirra háð því að maður, sem hefur næga vitneskju um málefni þess látna, treysti sér til að fullyrða að þannig sé ástatt um fjárhag dánarbúsins. Af reynslu í framkvæmd má vænta þess að einhver tilvik muni koma upp á ári hverju þar sem veruleg líkindi eru fyrir að dánarbú eigi ekki eignir umfram útfararkostnað en enginn treysti sér þó til að gefa afdráttarlausa yfirlýsingu um það að viðlagðri þeirri ábyrgð sem henni fylgir. Getur þetta einkum stafað af því að enginn

hafi staðið í svo nánum tengslum við þann látna að geta tekið af skarið í þessum efnum. Í núgildandi lögum eru engin einföld úrræði til að ráða fram úr aðstöðu sem þessari. Í 26. gr. frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir þeim kosti við þessar aðstæður að sýslumaður geti lokið skiptum að eigin frumkvæði vegna eignaleysis dánarbús eða vegna þess að andvirði eigna þess fer ekki fram úr útfararkostnaði þótt enginn fáist til að gefa yfirlýsingu um fjárhag þess. Í 1. mgr. ákvæðisins er þó ætlast til að þetta verði ekki gert nema sýslumaður hafi áður kannað eftir reglum 10. gr. hvort hugsanlegt sé að einhverjar eignir kunni að vera fyrir hendi, t.d. með könnun skattframtala þess látna og annarra skjala hans, fyrirspurnum til banka og sparisjóða, leit í opinberum skrám um eignarhald að fasteignum og bifreiðum o.s.frv. Ef slík leit ber engan árangur og erfingjar eða aðrir kunnugir geta ekki vísað á neinar eignir er gert ráð fyrir að sýslumaður ljúki skiptum með sambærilegum hætti og gert yrði eftir 25. gr., nema hér kæmi könnun sýslumanns á fjárhag þess látna í stað yfirlýsingar annars manns um fjárhaginn. Ef sýslumaður fengi upplýsingar um einhverjar eignir við þessar aðgerðir sínar, en þær nægðu aðeins fyrir kostnaði af útför eða væru annars mjög óverulegar, er gert ráð fyrir að hann komi þeim í verð og ráðstafi andvirðinu til þess sem hefur kostað útförina, en greiði það ella í ríkissjóð.

Önnur atriði 26. gr. en nú hafa verið nefnd eru í flestu tilliti sambærileg ákvæðum 25. gr. og þykir því ekki ástæða til að víkja frekar að þeim.

Um 27. gr.

Eins og ráða má af þeim tölulegu upplýsingum sem komu fram hér áður lýkur skiptum í verulegum fjölda tilvika með því að maka þess látna er veitt leyfi til setu í óskiptu búi, en eftir atvikum má telja réttara að taka svo til orða í þessu sambandi að skiptum sé slegið á frest um ótiltekinn tíma með veitingu slíks leyfis fremur en að skiptum sé lokið þannig. Fyrirmæli um heimildir maka til að setjast í óskipt bú, umsókn um leyfi til þess, veitingu leyfisins og réttaráhrif þess koma fram í II. kafla erfðalaga, nr. 8/1962. Skiptar skoðanir kunna að vera um það hvort þeim reglum sé eðlilega komið fyrir í þeirri löggjöf eða hvort þær ættu fremur heima í löggjöf um skipti dánarbúa, en breyting á þeirri skipan er ekki lögð til í þessu frumvarpi. Hins vegar þykir rétt að setja tilvísunarreglu til þessara heimilda erfðalaganna í 27. gr. frumvarpsins til að taka meðal annars af tvímæli um stöðu þessa úrræðis til málaloka gagnvart öðrum kostum frumvarpsins í þeim efnum.

Fjallað hefur verið um ákvæði 2. mgr. 27. gr. í athugasemdum við 1. mgr. 17. gr. og 23. gr. sem hér skal vísað til.

Um 28. gr.

Þegar skipti eiga sér á annað borð stað í eiginlegum skilningi, þ.e. ef dánarbú er ekki eignalaust og maka þess látna er ekki veitt leyfi til setu í óskiptu búi, þá fara einkaskipti fram í miklum meiri hluta tilvika og er því ljóst að reglur um þau hafi að sama skapi mikla þýðingu. Reglur frumvarpsins um einkaskipti koma í meginatriðum fram á tveimur stöðum. Annars vegar eru ákvæði í 28.–31. gr. um skilyrði fyrir einkaskiptum, umsókn erfingja um leyfi til þeirra og veitingu þess leyfis, en hins vegar er í 3. þætti mælt fyrir um framkvæmd einkaskipta, þar á meðal réttaráhrif leyfis til einkaskipta og hvernig staðið verði að skiptunum og þeim lokið. Meginástæðan fyrir þessari aðgreiningu reglna um einkaskipti er sú að II. kafli frumvarpsins, þar sem 28.–31. gr. er meðal annars að finna, fjallar um það tímabil sem sýslumaður fer með forræði á dánarbúum og þar er kveðið á um flest þau atvik sem geta leitt til þess að því forræði ljúki, en veiting leyfis til einkaskipta yrði einmitt eitt algengasta tilefni þess að forræði á dánarbúi hverfi úr höndum sýslumanns. Þykja því reglur um þetta efni best eiga heima í samhengi við önnur ákvæði II. kafla þótt nokkuð bil myndist með þessu fram að því að þráðurinn sé tekinn upp á ný í 3. þætti og þá lýst hvernig staðið verði að aðgerðum eftir veitingu leyfisins.

Í 1.–6. tölul. 28. gr. frumvarpsins eru talin upp almenn skilyrði fyrir að erfingjum verði veitt leyfi til einkaskipta og er ástæða til að víkja mun nánar að hverju þeirra fyrir sig.

Í 1. tölul. 28. gr. kemur fram það grundvallarskilyrði fyrir leyfi til einkaskipta að erfingjar þurfi allir að vera á einu máli um að sækjast eftir því og skiptir engu í þessu sambandi hvort erfingi eigi mikinn arf í vændum eða hverfandi lítinn. Verður þannig hver og einn erfingi að standa að umsókn um leyfið, en eftir atvikum gæti reglulegur eða sérstakur lögráðamaður erfingja staðið að umsókninni af hans hálfu, málsvari sem væri skipaður til að gæta hagsmuna hans eða umboðsmaður sem hann hefur tilnefnt. Ákvæði 1. tölul. 28. gr. mæla hins vegar aðeins fyrir um að erfingjar þurfi að vera einhuga um þessa umsókn og þurfa gjafþegar því ekki að eiga þátt að henni, en greinarmunur á erfingjum og gjafþegum hefur byggst á fræðilegum hefðum sem ástæðulaust er að víkja nánar að hér. Sama meginskilyrði er sett fyrir heimild til einkaskipta í ákvæðum 7. kapítula laga nr. 3/1878 þótt þar sé að vísu gert ráð fyrir undantekningu frá því í 72. gr. laganna, en ekki er vitað til að þeirri undantekningu hafi verið beitt í framkvæmd og þykir ekki ástæða til að taka hana upp á ný.

Í 2. tölul. 28. gr. kemur fram að það sé skilyrði fyrir einkaskiptum að sá látni hafi ekki mælt fyrir um það í erfðaskrá eða gerningi í formi erfðaskrár að opinber skipti skuli fara fram, en að auki leiðir af 1. tölul. 42. gr. að fyrirmæli í slíkum gerningi um að tiltekinn maður eigi að annast skiptin skoðist ígildi ákvörðunar um opinber skipti. Hafi sá látni látið þannig í ljós vilja sinn til að opinber skipti fari fram telst sú ákvörðun útiloka einkaskipti þótt erfingjar væru einhuga um að fara þá leið. Þessi regla er sama efnis og ákvæði 6. gr. laga nr. 3/1878.

Í 3. tölu. 28. gr. er það skilyrði sett að þeir sem æskja leyfis til einkaskipta þurfi að sanna erfðaréttindi sín fyrir sýslumanni eftir því sem leiðir af ákvæðum 1. mgr. 12. gr. sem áður var vikið sérstaklega að. Þetta skilyrði fyrir leyfi til einkaskipta á sér hliðstæðu í 70. gr. laga nr. 3 1878.

Í 4. tölul. 28. gr. er mælt fyrir um það skilyrði fyrir einkaskiptum að erfingjar þurfi að gefa yfirlýsingu þess efnis að þeim sé ekki kunnugt um að aðrir en þeir geti kallað eftir arfi og að ekki megi vera tilefni til að draga réttmæti þeirrar yfirlýsingar í efa. Skilyrði sem þetta er ekki orðað sérstaklega í ákvæðum laga nr. 3/1878 en í framkvæmd hefur verið gengið út frá því sem sjálfgefnu.

Í 5. tölul. 28. gr. kemur fram annað meginskilyrði fyrir einkaskiptum þar sem segir að erfingjar verði að lýsa yfir að þeir taki að sér solidariska sjálfskuldarábyrgð á öllum skuldbindingum sem kunna að hvíla á búinu og gjöldum sem kunna að falla til vegna skiptanna eða arftöku þeirra. Sama skilyrði gildir eftir núgildandi lögum, en tilvist þess byggir á því að þegar erfingjum er veitt leyfi til einkaskipta fá þeir í hendur forræði á öllum hagsmunum dánarbúsins og geta með litlum takmörkunum ráðstafað þeim að eigin geðþótta án þess að þurfa að taka sérstakt tillit til hagsmuna þeirra sem telja til skuldbindinga á hendur búinu. Hefur verið gengið út frá að þetta frjálsræði erfingja um ráðstafanir þurfi að vera keypt því verði að þeir ábyrgist allir sem einn efndir á skuldbindingum búsins. Í sambandi við þessa reglu er rétt að benda á að yfirlýsing erfingja um ábyrgð á skuldbindingum má ekki vera takmörkuð á neinn hátt, enda leiðir af ákvæðum 97. gr. að ábyrgðin nái til allra skuldbindinga án tillits til vitneskju um tilvist þeirra.

Í 6. tölul. 28. gr. er að endingu mælt fyrir um það skilyrði einkaskipta að ef erfingi er ófjárráða eða atvikum er annars svo háttað að honum hafi verið skipaður málsvari samkvæmt 2. eða 3. mgr. 13. gr., þá verði fjárráða samerfingjar hans að lýsa yfir að þeir ábyrgist honum að hann muni ekki þurfa að svara til skuldbindinga búsins með öðru en arfi sínum. Ef svo er ástatt að þetta eigi við um alla erfingja þess látna er gert ráð fyrir að í staðinn geti komið yfirlýsing af hendi hvers lögráðamanns eða málsvara um sig um að hann taki sjálfur að sér þessa ábyrgð gagnvart erfingjanum sem hann kemur fram fyrir. Þessi ákvæði 6. tölul. 28. gr. breyta því ekki að eftir sem áður verða að koma fram yfirlýsingar af hálfu allra erfingja um óskerta ábyrgð gagnvart skuldheimtumönnum, sbr. 5. tölul. 28. gr. Ef skuldheimtumaður

gengi hins vegar að erfingja sem ákvæði 6. tölul. taka til í skjóli ótakmarkaðrar ábyrgðar hans í sinn garð gæti erfinginn endurkrafið fjárráða samerfingja sína eða eftir atvikum lögráðamann eða málsvara um það sem hann hefur orðið að greiða af þessum sökum umfram arf sinn. Ekki er að finna sambærilega reglu í lögum nr. 3/1878.

Eins og ráða má af þessum athugasemdum eiga flest þau almennu skilyrði fyrir einkaskiptum, sem eru talin í 28. gr., sér hliðstæðu í lögum nr. 3/1878. Hér ber hins vegar að benda sérstaklega á það sem kemur fram í almennum athugasemdum hér á undan að ákvæði frumvarpsins miða að því að rýmka um heimildir til einkaskipta með því að ýmis fyrirmæli laga nr. 3/1878 um skyldu til opinberra skipta eru ekki tekin upp í frumvarpinu. Er þannig meðal annars horfið frá skyldu til opinberra skipta þótt erfingi þess látna sé ófjárráða eða ekki sé vitað hvar verði náð til hans, en þess í stað er ráðgert í frumvarpinu að lögráðamaður eða málsvari slíks erfingja geti óskað eftir einkaskiptum án undanfarandi aðgerða við opinber skipti. Má hafa í huga í þessu sambandi að þessi breyting á ekki að leiða til neinnar hættu fyrir hagsmuni slíkra erfingja sem opinber skipti eftir fyrirmælum laga nr. 3/1878 kæmu í veg fyrir, enda er bæði gert ráð fyrir sérstöku aðhaldi og eftirliti sýslumanns þegar einkaskipti ættu sér stað undir þessum kringumstæðum, auk þess að mælt er fyrir um sérstaka ábyrgð gagnvart þeim erfingjum sem hér um ræðir í ákvæði 6. tölul. 28. gr. sem felur í sér nýmæli eins og áður var nefnt.

Um 29. gr.

Í 29. gr. koma fram reglur um form og efni umsóknar erfingja um leyfi til einkaskipta og hvað skuli fylgja slíkri umsókn, en ekki er að finna hliðstæðar reglur í lögum nr. 3/1878. Í þessu ákvæði frumvarpsins er í flestu tilliti byggt á venjum sem hafa myndast í þessum efnum í framkvæmd, en þó má segja að í þremur atriðum hafi það að geyma ráðagerðir um nýmæli eða breytingar frá ríkjandi venjum. Í fyrsta lagi er ætlast til meiri nákvæmni í tilgreiningu eigna og skuldbindinga dánarbús í beiðni um leyfi til einkaskipta en nú tíðkast. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því í 6. tölul. 1. mgr. 29. gr. að erfingjar lýsi yfir í beiðni sinni að þeir muni hlíta skilyrðum sem sýslumaður kann að setja við veitingu leyfisins, en þetta tengist einkum ákvæðum 2. mgr. 31. gr. frumvarpsins þar sem mælt er fyrir um heimild sýslumanns til að veita skilyrt einkaskiptaleyfi. Í þriðja lagi er tekin upp regla í 2. mgr. 29. gr. sem á sér fyrirmynd í venju í danskri framkvæmd, en samkvæmt henni geta erfingjar látið uppi í eitt skipti fyrir öll yfirlýsingu í beiðni sinni um að þeir veiti einum eða fleiri mönnum heimild til að koma fram út á við í nafni búsins til tiltekinna ráðstafana. Slík yfirlýsing fæli í sér umboð handa hlutaðeigandi, m.a. til að skuldbinda búið í ákveðnum efnum, en umboðið gæti hvort heldur náð til einnar tiltekinnar aðgerðar eða fjölmargra. Tillaga er hér gerð um þetta til einföldunar og hagræðis við framkvæmd einkaskipta.

Ekki verður séð að önnur atriði 29. gr. en nú hafa verið nefnd þarfnist sérstakra skýringa.

Um 30. gr.

Í þessu ákvæði frumvarpsins er kveðið á um afgreiðslu sýslumanns á beiðni sem berst honum um leyfi til einkaskipta. Við meðferð beiðninnar verður sýslumaður að sjálfsögðu einkum að líta til þess hvort hún fullnægi þeim kröfum um efni og form sem koma fram í 1. mgr. 29. gr., hvort þau gögn fylgi henni sem kunna að vera nauðsynleg skv. 3. mgr. 29. gr. og ekki síst hvort almennum skilyrðum 28. gr. fyrir einkaskiptum sé fullnægt. Að auki verður þó að gefa því gaum að ákvæði 2.–5. mgr. 30. gr. geyma fyrirmæli um frekari skilyrði fyrir einkaskiptum en áður eru talin og verður þannig að taka tillit til þeirra við afgreiðslu beiðninnar þótt það heyri til undantekninga í framkvæmd að það reyni á atriði sem þessi. Er rétt að víkja nánar að einstökum atriðum í þessum ákvæðum.

Í 2. mgr. 30. gr. kemur fram að sýslumaður geti neitað að taka afstöðu til umsóknar erfingja um leyfi til einkaskipta, ef þeir byggja erfðarétt sinn á erfðaskrá þess látna þar til þeir

hafi kynnt lögerfingjum þess látna efni hennar. Hér er ekki gert ráð fyrir að aðgerð sem þessi þurfi almennt að eiga sér stað, heldur gæti fyrst og fremst átt við að fara þessa leið ef erfðaskrá væri haldin augljósum formgalla sem gæti leitt til að hún yrði ekki lögð til grundvallar við skiptin ef lögerfingjar vefengdu hana. Er því ætlast hér til að sýslumaður geti lagt fyrir bréferfingja að tilkynna lögerfingjum um erfðaskrána og ætlan sína um að leita leyfis til einkaskipta á grundvelli hennar, en lögerfingjum gæfist þá kostur á að koma fram mótmælum gegn því við sýslumann eða krafist eftir atvikum opinberra skipta þegar í stað til að varna að einkaskiptaleyfi verði veitt. Sambærileg regla er ekki í lögum nr. 3/1878 en þessi leið hefur stundum verið farin í framkvæmd þegar reynt hefur á þessa aðstöðu.

Í 3. og 4. mgr. 30. gr. er að finna sérreglur um úrræði sem sýslumaður getur þurft að grípa til ef sótt er um leyfi til einkaskipta og erfingi er ófjárráða eða málsvari hefur verið skipaður til að gæta hagsmuna erfingja eftir 2. eða 3. mgr. 13. gr. Þegar þannig stendur á er gert ráð fyrir að sérstakar skyldur hvíli á sýslumanni til að huga að hagsmunum hlutaðeigandi erfingja. Í þessu skyni er annars vegar mælt fyrir um það í 3. mgr. 30. gr. að sýslumaður geti neitað að taka afstöðu til beiðni um leyfi til einkaskipta nema fram komi ítarlegri upplýsingar um efnahag dánarbúsins en fyrir liggja og geti hann meðal annars mælst til þess að fram fari skráning og eftir atvikum mat á eignum búsins eftir áðurlýstum reglum. Er kveðið á um þetta til að fyrirbyggja að sýslumaður láti óátalið að gengist verði í ábyrgð á skuldbindingum búsins fyrir slíka erfingja ef fyrirliggjandi gögn gefa tilefni til að óttast um að hætta sé á að eignir muni ekki nægja fyrir skuldum. Hins vegar er sýslumanni heimilað í 4. mgr. 30. gr. að neita að taka afstöðu til beiðninnar þótt samerfingjar þess sem er ófjárráða eða málsvari kemur fram fyrir hafi lýst yfir ábyrgð gagnvart honum eftir fyrirmælum 6. tölul. 28. gr. nema lögð sé fram trygging fyrir þeirri ábyrgð. Sýslumaður gæti að sama skapi synjað um leyfið ef hann teldi þessa ábyrgð ekki nægja til að tryggja hagsmuni hlutaðeigandi erfingja. Gæti þetta einkum komið til álita ef tilefni væri til að draga í efa greiðslugetu þeirra manna sem hafa lýst yfir ábyrgð eftir 6. tölul. 28. gr. Ef lögráðamenn eða málsvarar yrðu ekki við tilmælum sýslumanns um úrbætur í þessum efnum gæti sýslumaður neytt þeirra úrræða sem eru heimiluð í 1. mgr. 15. gr. frumvarpsins og eftir atvikum í V. kafla lögræðislaga, nr. 68/1984, ef ekki er um sérstakan lögráðamann eða málsvara að ræða.

Í 5. mgr. 30. gr. er mælt fyrir um heimild sýslumanns til að neita að veita leyfi til einkaskipta þótt hún stafi eingöngu frá fjárráða erfingjum, nema þeir afli mats á eignum dánarbúsins eftir reglum 17.–23. gr., enda þyki sýslumanni það nauðsynlegt til að geta lagt erfðafjárskatt á erfingjana. Þessi heimild er þannig bundin við þau tilvik þar sem sýslumanni kynni að þykja verðmat erfingja á tilteknum eignum áfátt og um eignir væri að ræða sem greiða ætti erfðafjárskatt af á grundvelli matsverðs samkvæmt reglum 9. gr. laga nr. um erfðafjárskatt, nr. 83/1984. Undir þessum kringumstæðum gæti þó sýslumaður eins kosið að fara þá leið að veita erfingjum leyfi til einkaskipta með því skilyrði að þeir afli mats á viðkomandi eignum, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 31. gr. frumvarpsins. Regla 5. mgr. 30. gr. snýr aðeins að höfnun umsóknar um leyfi til einkaskipta vegna verðlagningar á eignum dánarbús, en ef sýslumanni þætti bersýnilegt að eignir væru vantaldar í umsókn gæti hann hafnað henni með þeirri röksemd að umsókninni sem slíkri væri áfátt, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 29. gr.

Í 1. mgr. 30. gr. kemur fram að sýslumaður eigi að taka afstöðu til beiðni um leyfi til einkaskipta svo fljótt sem verða má eftir að hún berst honum, en í framkvæmd hefur til þessa að jafnaði verið leitast við að afgreiða erindi sem þessi jafnharðan og þau berast. Ef sýslumaður teldi annmarka á beiðninni sem mætti ráða bót á getur hann veitt erfingjum tiltekinn frest til þess eins og fram kemur í niðurlagi 1. mgr. 30. gr. Í 6. mgr. 30. gr. er kveðið á um höfnun sýslumanns á beiðni um leyfi til einkaskipta sem annað tveggja gæti stafað af því að áðurgreindum skilyrðum þætti ekki fullnægt til að verða við henni eða af því að sýslumaður telji sýnt að erfingjar muni ekki geta lokið skiptum á þeim tíma sem mætti veita þeim til þess skv. 2. mgr. 31. gr. Ef sýslumaður teldi þannig að synja yrði um leyfi til einkaskipta er mælt

fyrir um það í niðurlagi 6. mgr. 30. gr. að erfingjar geti krafist stuttra skriflegra röksemda fyrir þeirri afstöðu, en erfingjar gætu eftir atvikum borið þessa synjun undir héraðsdómara skv. 119. gr. frumvarpsins.

Um 31. gr.

Ákvæði 31. gr. taka til þess þegar sýslumaður telur unnt að verða við umsókn um leyfi til einkaskipta, en þessar reglur taka mið af því sem hefur tíðkast í framkvæmd. Í 1. mgr. 31. gr. er mælt fyrir um að sýslumaður veiti að öðru jöfnu leyfi til einkaskipta með áritun sinni um það á beiðni erfingjanna, en einnig gæti hann látið erfingjum í té sérstaka yfirlýsingu um leyfisveitinguna. Annað af þessu tvennu yrði yfirleitt nauðsynlegt til þess að erfingjar hefðu undir höndum sönnunargagn um heimild sína til að ráðstafa hagsmunum búsins hvort sem væri í samningum eða á annan hátt sem reynt gæti á í samskiptum við aðra.

Í 2. mgr. 31. gr. er kveðið á um skilyrði sem sýslumaður setur við veitingu leyfis til einkaskipta. Annars vegar yrði hann ávallt að setja skilyrði um að erfingjar verði að ljúka skiptunum innan tiltekins tíma, en samkvæmt ákvæðinu yrði frestur til þess almennt eitt ár frá andláti eins og nú gildir skv. 78. gr. laga nr. 3/1878, en eins mætti kveða á um skemmri eða lengri frest eftir því hvert umfang verka við skiptin virðist munu verða. Í þremur töluliðum við 2. mgr. 31. gr. er að auki mælt fyrir um heimildir sýslumanns til að setja tiltekin skilyrði fyrir leyfinu sem eiga sér ekki hliðstæðu í ákvæðum núgildandi laga. Þykja þessi ákvæði ekki þarfnast sérstakra skýringa, en væntanlega yrði þeim sjaldan beitt.

Í 3. mgr. 31. gr. er mælt fyrir um heimild sýslumanns til að verða við skriflegri og rökstuddri beiðni erfingja um lengingu frests sem hann hefur ákveðið þeim til að ljúka einkaskiptum. Gert er ráð fyrir því skilyrði fyrir að verða við slíkri beiðni að erfingjum hafi ekki reynst kleift að ljúka skiptunum af óviðráðanlegum sökum. Er hér um sömu reglu að ræða og hefur verið beitt í framkvæmd á grundvelli fyrirmæla 78. gr. laga nr. 3/1878.

Um 32. gr.

Í 32. gr., sem er jafnframt lokaákvæði II. kafla frumvarpsins, er að finna fyrirmæli um hvernig sýslumaður eigi að bregðast við ef skiptum hefur ekki verið lokið vegna eignaleysis dánarbúsins, leyfi hefur hvorki verið veitt til setu í óskiptu búi né einkaskipta og krafa hefur ekki komið fram um opinber skipti. Ef fjórir mánuðir eru liðnir frá andláti án þess að neitt af þessu hafi gerst er ætlast til þess að sýslumaður skori á þá erfingja, sem hann hefur upplýsingar um, að gera einhverjar þessar ráðstafanir innan skamms frests að því viðlögðu að hann krefjist opinberra skipta skv. 6. tölul. 37. gr. Sýslumanni er þó heimilt að fresta þessari aðgerð um skamman tíma ef erfingjar hafa áður greint honum frá ástæðum fyrir töfum af þeirra hendi og hann telur þær skýringar á rökum reistar.

Með ákvæðum 32. gr. er í senn reynt að stuðla að því að erfingjum verði veitt aðhald um að hefjast handa um aðgerðir við búskiptin, að regla verði á embættisfærslu sýslumanna í þessum efnum og ekki síst að fyrirbyggja að mál staðnæmist óhæfilega lengi í óbreyttu horfi í höndum sýslumanna með þeim erfiðleikum sem geta fylgt því að koma því síðar til leiðar að þeim verði lokið, enda má telja þann frest sem ákvæðið veitir í þessum efnum nægan í ljósi reynslunnar af núverandi framkvæmd. Er ákvæðið einnig fallið til þess að koma í veg fyrir að svokallað millibilsástand, þegar málefni dánarbúa eiga undir forræði sýslumanna og sem ákvæði II. kafla frumvarpsins taka meira eða minna til, vari lengur en nauðsyn krefur.

Um 33.–36. gr.

Þessum ákvæðum frumvarpsins er skipað í III. kafla þess og fjalla um ýmis sérstök réttindi sem erfingjar njóta við skipti dánarbúa. Þessum ákvæðum er það sammerkt að þau eiga að mestu hliðstæður í núgildandi lögum og að þau eigi við án tillits til þess hvernig skiptin verða framkvæmd.

Í 33. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um réttindi maka þess látna til að fá ýmist sína eigin muni undanþegna við skiptin eða muni þess látna afhenta sér til eignar án tillits til skiptanna, ef um er að ræða persónulega muni til nota makans eða muni sem hann þarfnast til menntunar sinnar eða atvinnu. Verðgildi þessara muna má ekki vera verulegt af tilliti til hagsmuna annarra erfingja eða skuldheimtumanna, sá látni má ekki hafa ráðstafað þeim sérstaklega á annan veg með erfðaskrá og makinn verður að taka að sér skuldbindingar sem hvort heldur njóta tryggingarréttinda í munununum eða hafa orðið til við öflun þeirra. Ef þessum skilyrðum er fullnægt getur makinn fengið munina í sinn hlut án þess að það reiknist honum til arfs eða búshluta og án þess að máli skipti hvort skiptum sé lokið eftir 25. eða 26. gr. frumvarpsins, einkaskipti eiga sér stað eða opinber skipti. Enn fremur er lagt til í 33. gr. að börn, stjúpbörn eða fósturbörn þess látna, sem hafa verið á framfæri hans við andlátið, geti nýtt sér sama rétt án tillits til þess hvort makinn notfæri sér hann einnig fyrir sitt leyti. Reglur 33. gr. eiga um margt rætur að rekja til sömu viðhorfa og reglur 43. gr. laga nr. 90/1989 um undanþágur frá og frátökurétt við aðför. Ákvæði 58. gr. laga nr. 23/1920, sem lagt er til í 135. gr. frumvarpsins að falli brott, miða að svipuðum réttindum handa maka og kveðið er á um í 33. gr., en umræddu ákvæði hefur verið beitt í mun rýmra mæli í framkvæmd en orðalag þess gefur tilefni til að ætla.

Í 34. gr. er að finna tilvísun til tiltekinna reglna XIV. kafla frumvarpsins um það hvernig fari um vörslur eigna dánarbús ef sá látni lætur eftir sig maka, afnot eignanna og rétt til að ráðstafa þeim. Þá er einnig vísað til reglna XIV. kafla um það hvernig fjárslit eigi að fara fram milli dánarbúsins og maka þess látna ef til einkaskipta eða opinberra skipta kemur á dánarbúinu meðan makinn er á lífi. Er sú skipan, sem hér um ræðir, sambærileg við þær aðferðir sem er beitt í framkvæmd eftir núgildandi lögum.

Í 1. mgr. 35. gr. er kveðið á um rétt maka þess látna til að leysa til sín eignir dánarbúsins að því leyti sem hann fær þær ekki í sinn hlut að arfi eða upp í búshluta. Þetta getur makinn gert með greiðslu matsverðs eignanna til dánarbúsins og á sú heimild við án tillits til þess hvort einkaskipti fari fram eða opinber skipti. Ef opinber skipti fara fram hefur ekki þýðingu fyrir beitingu reglunnar hvort erfingjar hafi tekið að sér ábyrgð á skuldbindingum búsins. Þessi regla er sama efnis og ákvæði 2. mgr. 59. gr. laga nr. 3/1878 að öðru leyti en því að beinlínis er tekið fram í niðurlagi 1. mgr. 35. gr. að makinn njóti ekki þessa réttar að því leyti sem sá látni kann að hafa ráðstafað einstökum eignum með erfðaskrá. Í 2. mgr. 35. gr. er mælt sérstaklega fyrir um það að ef maki neytir réttar síns eftir 1. mgr. ákvæðisins og þeim peningum sem hann yrði að láta þá af hendi yrði varið til greiðslu arfs ófjárráða niðja þess látna geti makinn krafist gjaldfrests á greiðslunni þar til hver erfingi fyrir sig verði fjárráða. Er kveðið á um að reglur um lán af fé ófjárráða manna gildi þá um skuldbindingu makans, en í þessu felst einkum vísun til 2. mgr. 38. gr. og 39. gr. lögræðislaga, nr. 68/1984. Ákvæðum 2. mgr. 35. gr. er ætlað að leysa af hólmi 62. gr. laga nr. 3/1878 sem er sama efnis að öðru leyti en því að þar er gert ráð fyrir að arfsinnstæða ófjárráða niðja sé tryggð með almennu veði í öllum eignum maka þess látna.

Í 36. gr. er mælt fyrir um réttindi maka og annarra erfingja til að fá muni dánarbúsins lagða sér út til greiðslu arfs, auk réttar maka til að fá muni lagða út upp í búshluta sinn. Ákvæði 36. gr. eru nánast í öllum atriðum sama efnis og reglur 46. gr. og að nokkru 2. mgr. 59. gr. laga nr. 3/1878 og verður því ekki séð að þau þarfnist sérstakra skýringa.

Um 37. gr.

Reglur 37. gr. eru þær fyrstu sem koma fram í IV. kafla frumvarpsins þar sem mælt er fyrir um hvernig dánarbú komi til opinberra skipta. Í 37. gr. er kveðið á um tilvik þar sem ráðgert er að sýslumanni beri að krefjast opinberra skipta ef skiptum hefur ekki verið lokið skv. 25.–27. gr., en þessi tilvik eru um margt þau sömu og mundu leiða til að skiptaráðandi ætti að taka dánarbú til opinberra skipta ótilkvaddur eftir skipan laga nr. 3/1878. Ýmist er hér um að ræða aðstæður þar sem óvíst er hverjir geti átt réttindi við skiptin eða að sýslumaður setji

kröfu sem þessa fram til að fylgja því eftir að skiptin eigi sér stað með því að ekki hafi orðið af því að erfingjar fengju leyfi til einkaskipta eða lykju málinu á annan hátt.

Í 37. gr. kemur fram að sýslumanni sé skylt að krefjast opinberra skipta við þær aðstæður sem eru taldar í ákvæðinu og að honum beri að sinna þessari skyldu svo fljótt sem þessar aðstæður hafa komið upp. Misjafnlega langur tími gæti liðið frá andláti þar til sýslumanni yrði kunnugt um þau atvik sem leiddu til skyldu hans til að krefjast opinberra skipta eða þar til frestir handa erfingjum til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja kröfu sem þessa væru liðnir. Sýslumanni gæti verið skylt að krefjast opinberra skipta þegar í kjölfar tilkynningar andláts, t.d. ef honum yrði afhent eintak erfðaskrár þess látna við tilkynninguna þar sem fram kæmu fyrirmæli um að hann hafi óskað eftir opinberum skiptum eftir sinn dag, sbr. 1. tölul. 37. gr., eða ef tilkynnandi greindi sýslumanni frá því að sá látni láti ekki eftir sig nein skyldmenni sem gætu talið til lögerfðaréttar og að hann hafi enga erfðaskrá gert þannig að vænta megi að arfur falli til ríkisins, sbr. 2. tölul. 37. gr. Á hinn bóginn gæti nokkur tími verið liðinn frá andláti þar til sýslumanni væri orðið skylt að krefjast opinberra skipta vegna fyrirmæla 4., 5. eða 6. tölul. 37. gr.

Talning þeirra tilvika, þar sem ráðgert er að sýslumanni beri að krefjast opinberra skipta, í 1.–6. tölul. 37. gr. þykir skýra sig sjálf og er því ástæðulaust að víkja að einstökum atriðum í því sambandi.

Um 38. gr.

Í 38. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um heimildir erfingja og eftir atvikum þess sem hefur búið í óvígðri sambúð með þeim látna til að krefjast opinberra skipta á dánarbúi.

Meginreglan í þessum efnum kemur fram í 1. mgr. ákvæðisins þar sem erfingjum er mæltur skilyrðislaus réttur til að krefjast opinberra skipta svo lengi sem skiptum hefur ekki þegar verið lokið vegna eignaleysis dánarbúsins eða með veitingu leyfis til setu í óskiptu búi, en um þau tvö tilvik er nánar mælt í 2. og 3. mgr. 38. gr. Regla 1. mgr. 38. gr. heimilar hverjum erfingja fyrir sig að gera kröfu sem þessa hvort sem arfshluti hans væri stór eða lítill og með öllu án tillits til vilja annarra erfingja. Skiptir heldur ekki máli í þessu sambandi hvort erfingjar hafi áður fengið leyfi til einkaskipta, en ef það hefur verið veitt getur erfingi gripið til þessa ráðs upp á eindæmi sitt og komið því til leiðar að dánarbúið hverfi úr einkaskiptum hvort sem slíkt kynni að stafa af ósamkomulagi erfingja eða öðrum sökum. Þá er heldur ekki mælt fyrir um neina nauðsyn þess að sá sem vilji krefjast opinberra skipta eftir þessari heimild sýni að fyrra bragði fram á réttmæti arfstilkalls síns, heldur er þvert á móti ætlast til að ef ágreiningur risi til dæmis milli tveggja manna um það hvor þeirra skuli talinn einkaerfingi þess látna geti hvor þeirra sem væri leitað úrlausnar á þeim ágreiningi með því að krefjast opinberra skipta og styðja rétt sinn til þess við þá forsendu að hann sé með réttu erfingi. Niðurstaða um þá kröfu mundi þá ráðast af því hvort arfstilkall hans væri talið á rökum reist. Regla 1. mgr. 38. gr. er sama efnis og núgildandi ákvæði 4. og 8. gr. laga nr. 3/1878.

Í 2. mgr. 38. gr. er mælt fyrir um heimild erfingja til að krefjast opinberra skipta þótt skiptum hafi áður verið lokið fyrir sýslumanni skv. 25. eða 26. gr. vegna eignaleysis dánarbúsins. Fjallað var um forsendur fyrir þessari heimild í athugasemdum við 25. gr. og er því ástæðulaust að víkja nánar að þeim hér.

Í 3. mgr. 38. gr. er vakin athygli á því að erfingi getið krafist opinberra skipta þótt maki þess látna hafi fengið leyfi til setu í óskiptu búi, en sú krafa er þá háð því að heimild standi til hennar í ákvæðum II. kafla erfðalaga, nr. 8/1962. Regla 3. mgr. 38. gr. geymir engar efnislegar heimildir handa erfingja í þessum efnum, heldur er aðeins vikið að þessu samhengis vegna. Þarfnast þessi regla því ekki frekari skýringa.

Í 4. mgr. 38. gr. er mælt fyrir um rétt þess sem hefur verið í óvígðri sambúð með þeim látna til að krefjast opinberra skipta ef skilyrðum 100. gr. um sambúðartíma eða önnur þargreind atvik er fullnægt. Sama heimild felst nú í ákvæðum 1. og 2. mgr. 90. gr. laga nr. 3/1878.

Um 39. gr.

Í 39. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um heimild til að krefjast opinberra skipta á dánarbúi handa þeim sem sá látni hefur tilnefnt í erfðaskrá til að annast skipti eftir sig. Eins og getið var að nokkru í athugasemdum við 28. gr. hefur sú regla lengi gilt að skylt sé að opinber skipti fari fram ef sá látni hefur ákveðið það sjálfur í erfðaskrá. Hefur verið gengið út frá því í fræðikenningum og framkvæmd að ef sá látni hefur tilnefnt tiltekinn mann í erfðaskrá til að annast skipti eftir sig þá eigi það að teljast ákvörðun hans um að opinber skipti skuli fara fram og að sá maður, sem hefur verið tilefndur, verði löggiltur sem skiptaforstjóri án dómsvalds, sbr. 91. gr. laga nr. 3/1878. Slík löggilding hefur oft verið veitt í framkvæmd að tilhlutan þess sem hefur verið tilnefndur sem skiptaforstjóri í erfðaskrá og hefur þannig verið tryggt að hann geti sjálfur framfylgt vilja þess látna í þessum efnum en þurfi ekki að treysta til dæmis á að erfingjar sækist eftir löggildingunni. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að afnema þá tilhögun að skiptaforstjórar verði löggiltir af dómsmálaráðherra, en þess í stað verði farin sú leið að dánarbú verði tekið til opinberra skipta og sá maður, sem sá látni hefur tilnefnt til að annast skiptin, verði skipaður skiptastjóri, sbr. 3. mgr. 46. gr. Vegna þeirrar breytingar er nauðsynlegt að tryggja að sá tilnefndi geti líkt og nú gerist átt sjálfur frumkvæði að því að fá forræði dánarbúsins í hendur, en sá er einmitt tilgangur 39. gr. frumvarpsins. Rétt er að benda á að þessi regla skarast að nokkru við ákvæði 1. tölul. 37. gr. þar sem mælt er fyrir um skyldu sýslumanns til að krefjast opinberra skipta ef honum verður kunnugt um tilvist erfðaskrár með fyrirmælum sem þessum. Sú regla gerir þó ekki heimildina í 39. gr. óþarfa því að sýslumanni og erfingjum þarf ekki endilega að vera kunnugt um tilvist erfðaskrárinnar sem kann að vera varðveitt af þeim sem hefur verið tilnefndur til að annast skiptin.

Um 40. gr.

Í 4. gr. laga nr. 3/1878 er kveðið á um heimild erfingja til að krefjast opinberra skipta á dánarbúi, en þar er beinlínis tekið fram að hvorki skuldheimtumenn né gjafþegar njóti slíks réttar. Þessi skipan hefur almennt ekki komið að sök því að þótt skuldheimtumenn og gjafþegar hafi ekki notið réttar til að krefjast opinberra skipta hefur réttindum þeirra á hendur dánarbúi yfirleitt verið borgið með því að maki þess látna hafi fengið leyfi til setu í óskiptu búi tiltölulega skömmu eftir andlátið og þeir hafa geta gengið að honum til að fá kröfum sínum fullnægt eða erfingjar þess látna hafa fengið leyfi til einkaskipta og skuldheimtumenn og gjafþegar hafa þá getað snúið sér að þeim um fullnustu, enda ábyrgjast erfingjar skuldbindingar búsins sjálfir ef þeir fá slíkt leyfi líkt og maki ábyrgist þær ef hann fær leyfi til setu í óskiptu búi. Eins hefur staða skuldheimtumanna og gjafþega verið tryggð ef dánarbú hefur komið til opinberra skipta þótt ekki sé að frumkvæði þeirra. Þrátt fyrir þessa óbeinu réttarvernd gagnvart skuldheimtumönnum og gjafþegum hefur sú aðstaða oft komið upp í framkvæmd að réttindi þeirra hafi staðið í óviðunandi óvissu vegna þess að ekkert af framangreindu hafi gerst og þeim hefur verið meinað að lögum að krefjast opinberra skipta. Hefur þetta fyrst og fremst verið í tilvikum þar sem erfingjar hafa ekkert aðhafst í tengslum við skiptin og skiptaráðendur hafa ekki getað tekið eða fengist til að taka málin í sínar hendur með því að hefja aðgerðir við opinber skipti án þess að krafa komi fram um það frá einhverjum þeim sem er bær um að hafa hana uppi.

Til að ráða bót á þessari aðstöðu er lagt til í 40. gr. frumvarpsins að þeir sem eigi gjaldfallna kröfu á hendur dánarbúi geti átt sjálfstæðan rétt til að krefjast opinberra skipta á því, en bæði skuldheimtumenn og gjafþegar gætu átt gjaldfallna kröfu í þessum skilningi. Heimildirnar í þessum efnum eru þrenns konar og eiga þær hver um sig við mismunandi aðstæður.

Í 1. mgr. 40. gr. er kveðið á um þennan rétt í þeim tilvikum þar sem skiptum hefur ekki verið lokið vegna eignaleysis dánarbús skv. 25. eða 26. gr., maka þess látna hefur ekki verið veitt leyfi til setu í óskiptu búi, sbr. 27. gr., og erfingjum hefur ekki verið veitt leyfi til

einkaskipta, en þá getur skuldheimtumaður eða gjafþegi krafist opinberra skipta þegar sex mánuðir eru liðnir frá andláti án þess að frekari skilyrðum þurfi að vera fullnægt. Í sambandi við þessa reglu má benda á að þegar sex mánuðir yrðu liðnir frá andláti án þess að neinar þessar aðgerðir hefðu átt sér stað, þá væri sýslumanni að jafnaði þegar orðið skylt að krefjast opinberra skipta á búinu skv. 6. tölul. 37. gr., sbr. 32. gr. Þessi heimild er þannig í reynd til öryggis ef sýslumaður sinnir ekki þessari skyldu í tæka tíð.

Í 2. mgr. 40. gr. er heimild handa skuldheimtumanni eða gjafþega til að krefjast opinberra skipta þótt erfingjar hafi fengið leyfi til einkaskipta, en þá eru þau skilyrði sett að sá sem krefst opinberra skipta verði að sýna fram á að framferði erfingjanna stefni hagsmunum hans í bráða hættu og að hann hafi áður skorað á erfingjana að efna skuldbindinguna innan sanngjarns frests. Orðalag 2. mgr. 40. gr. gefur til kynna að reglan geti aðeins átt við í mjög óvenjulegum tilvikum, enda verður einnig að taka tillit til þess að leyfi til einkaskipta veitir skuldheimtumanni eða gjafþega heimild til að ganga að erfingjunum persónulega um fullnustu. Í ljósi þess gæti þessi heimild tæplega átt við nema gert væri sennilegt að ábyrgð erfingjanna á skuldbindingum þess látna væri nánast einskis verð og að sýnt sé að framferði þeirra muni leiða til að eignir búsins verði ekki tiltækar til fullnustu.

Í 3. mgr. 40. gr. er skuldheimtumanni eða gjafþega loks heimilað að krefjast opinberra skipta þótt skiptum hafi áður verið lokið fyrir sýslumanni skv. 25. eða 26. gr. Verður honum þá að takast að sýna fram á annars vegar að eignir hafi verið meiri en svo að skiptum hafi mátt ljúka eftir þeim heimildum og hins vegar að hann eigi ekki önnur úrræði til að fá kröfu sinni fullnægt, t.d. ábyrgð þriðja manns á skuldbindingu.

Um 41. gr.

Í 41. gr. koma fram sérstök fyrirmæli varðandi kostnað af opinberum skiptum, en gengið er hér út frá þeirri meginreglu sem á sér hliðstæðu í gjaldþrotalögum, nr. 6/1978, að kostnaður skuli greiðast af fjármunum búsins. Sá kostnaður, sem hér um ræðir, getur verið af ýmsum toga, en helsti liðurinn, sem mætti almennt gera ráð fyrir, væri þóknun skiptastjóra. Til að tryggja að þessi kostnaður fáist greiddur er sú regla lögð til í 1. mgr. 41. gr. að þótt skilyrðum 38.–40. gr. sé annars fullnægt verði dánarbú ekki tekið til opinberra skipta nema leitt sé í ljós þegar skiptanna er krafist að eignir búsins nægi fyrir kostnaðinum eða að sá sem krefst þeirra setji tryggingu fyrir greiðslu hans. Er að auki tekið fram í 2. mgr. ákvæðisins að sá sem krefst opinberra skipta beri alltaf ábyrgð á kostnaði af þeim þótt hann hafi ekki verið krafinn um tryggingu. Í þessu sambandi er vert að benda sérstaklega á að gengið er út frá að þóknun skiptastjóra verði ákveðin með tilliti til vinnuframlags hans. Ef eignir búsins eru óverulegar má að öðru jöfnu ganga út frá því að vinnuframlag skiptastjóra verði lítið og þóknun hans að sama skapi. Er þannig ekki ástæða til að ætla að trygging fyrir skiptakostnaði yrði hárrar fjárhæðar eða að nein teljandi hætta sé á að sá sem hafi krafist skiptanna verði fyrir útgjöldum eftir reglu 2. mgr. 41. gr.

Í 3. mgr. 41. gr. kemur fram sérregla í þessum efnum varðandi þau tilvik þar sem sýslumanni er ætlað að krefjast opinberra skipta skv. 37. gr. Þegar þannig stendur á er kveðið á um að skiptakostnaður greiðist úr ríkissjóði ef fjármunir búsins nægja ekki fyrir honum. Er því ekki um það að ræða að kröfu sýslumanns um opinber skipti yrði hafnað þótt óvíst væri hvort eignir nægi fyrir kostnaði og tryggingar yrði heldur ekki krafist.

Um 42. gr.

Í 42. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um hvernig sá sem nýtur heimildar til að krefjast opinberra skipta samkvæmt fyrirmælum 37.–40. gr. eigi að haga gerðum sínum til að koma slíku til leiðar. Samkvæmt ákvæðinu verður hlutaðeigandi að gera skriflega kröfu um það þar sem tiltekin atriði verða að koma fram og henni verða eftir atvikum að fylgja tiltekin gögn. Í ákvæðinu felst um leið sú grundvallarregla að opinber skipti geti aldrei komið til eftir

sjálfsdáðarákvörðun dómara, heldur aðeins eftir kröfu einhvers þess sem á rétt til að hafa hana uppi samkvæmt áðurnefndum fyrirmælum frumvarpsins.

Í 1. mgr. 42. gr. kemur fram að kröfu um opinber skipti verði að beina til héraðsdómstóls, sem leysir síðan úr um hvort orðið verði við kröfunni. Sú skipan, að dómstólar kveði á um hvort opinber skipti fari fram, byggist á sama grunni og ákvæði laga nr. 3/1878 með því að litið er svo á að opinber skipti feli í sér fullnustugerð sem fari fram án tillits til vilja hlutaðeigenda og geti því ekki verið á valdi annarra en dómstóla að taka ákvörðun um að hún eigi sér stað. Er þetta einnig í samræmi við þær grundvallarreglur um verkaskipti milli dómstóla og annarra handhafa ríkisvalds sem verða dregnar af ákvæðum laga nr. 92/1989 og hefur verið byggt á meðal annars í lögum um aðför, nr. 90/1989, og lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl. nr. 31 1990. Hér má enn fremur benda á að þessi skipan er hliðstæð þeirri sem gildir við gjaldþrotaskipti því að eftir gjaldþrotalögum, nr. 6/1978, kveður dómari á um hvort slík skipti fari fram, en ráðgert er að sú skipan verði óbreytt í frumvarpi sem hefur verið gert til nýrra heildarlaga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Samkvæmt 1. mgr. 42. gr. á að beina kröfu um opinber skipti til héraðsdómstólsins sem hefur lögsögu í umdæmi sýslumannsins sem skiptin eiga undir. Ákvæði 3. gr. frumvarpsins um það, undir hvern sýslumann skipti dánarbús eiga, ráða þannig með þessum óbeina hætti hvaða dómstóll geti kveðið á um opinber skipti og leyst síðan úr ágreiningsefnum sem kunna að rísa við framkvæmd þeirra eftir fyrirmælum 5. þáttar.

Reglur 1. og 2. mgr. 42. gr. kveða á um hvers efnis krafa um opinber skipti þurfi að vera og hver gögn þurfi að fylgja henni. Sambærilegar reglur eru ekki í lögum nr. 3/1878, en efnislega er hér byggt á venjum sem hafa myndast um þessi atriði í framkvæmd. Verður ekki séð að einstök atriði í þessu sambandi þarfnist sérstakra skýringa.

Samkvæmt 3. mgr. 42. gr. á sá sem krefst opinberra skipta á grundvelli 38.–40. gr. að tilkynna það sýslumanninum sem skiptin eiga undir með því að senda honum samrit kröfu sinnar. Þessi regla er lögð til í því skyni að sýslumanni berist vitneskja um kröfu sem þessa, en slíkt er nauðsynlegt í ljósi þess að hann kynni ella að haga gerðum sínum með þeim hætti að ekki fengi samrýmst að opinber skipti standi fyrir dyrum.

Um 43. og 44. gr.

Þessi ákvæði frumvarpsins snúa bæði að því hvernig héraðsdómari fari með kröfu um opinber skipti og þykir því hentugast að fjalla um þau sameiginlega.

Af 1. mgr. 43. gr. má leiða að ætlast sé til að héraðsdómari hefjist handa um aðgerðir vegna kröfu um opinber skipti með því að kanna hvort einhverjir bersýnilegir annmarkar séu á henni því að honum er heimilað að hafna kröfunni með úrskurði þegar í stað ef hann telur ljóst að ekki séu efni til að verða við henni. Ýmis atvik gætu leitt til þess að héraðsdómara væri rétt að hafna kröfunni af sjálfsdáðum, t.d. að hún sé höfð uppi af einhverjum sem nýtur ekki heimildar til að krefjast opinberra skipta, öðrum skilyrðum opinberra skipta sé bersýnilega ekki fullnægt, krafan hafi borist röngum héraðsdómstól eða efni hennar sé áfátt. Ef héraðsdómari teldi skilyrði til að hafna kröfunni þegar í stað eftir þessari heimild þyrfti hann hvorki að kveðja þann fyrir sig sem hefur haft uppi kröfuna né aðra sem kunna að eiga hlut að máli, en úrskurður héraðsdómara um höfnunina væri kæranlegur til æðra dóms, sbr. 133. gr.

Ef krafa um opinber skipti stenst þessa frumskoðun dómara og hann hefur annaðhvort gengið úr skugga um að tryggingar fyrir skiptakostnaði skv. 41. gr. sé ekki þörf eða fengið slíka tryggingu í hendur er ætlast til að hann ákveði sem fyrst þinghald til að taka kröfuna fyrir og tilkynni þeim um þinghaldið sem eru sagðir erfingjar þess látna í kröfunni eða lögráðamenn erfingja, málsvarar eða umboðsmenn. Reglur 1.–3. mgr. 43. gr. um þetta efni skýra sig að mestu sjálfar, en rétt er þó að geta nánar nokkurra atriða í þessu sambandi. Í fyrsta lagi segir ekki í 1. mgr. 43. gr. hvar þinghald eigi að fara fram þar sem krafa um opinber skipti er fyrst tekin fyrir, en í þeim lögsagnarumdæmum héraðstóla sem ná yfir fleira en eitt stjórnsýsluum-

dæmi sýslumanna skv. I. kafla laga nr. 92/1989 gæti bæði komið til greina að þetta þinghald yrði háð á aðsetursstað dómstólsins eða á þingstaðnum í umdæmi sýslumannsins sem skiptin eiga undir. Ef héraðsdómi Suðurlands bærist þannig krafa um opinber skipti á dánarbúi sem ætti undir sýslumanninn í Vestmannaeyjum tekur 1. mgr. 43. gr. ekki af skarið um hvort þinga ætti um kröfuna á Selfossi, þar sem dómstóllinn hefur aðsetur, sbr. 2. gr. laga nr. 92/1989, eða á föstum þingstað í Vestmannaeyjum, sbr. 1. mgr. 3. gr. sömu laga. Héraðsdómara er hér ætlað að meta sjálfstætt á hvorum staðnum hann telji rétt að halda þing um kröfuna og hafa þá fyrst og fremst hliðsjón af því hvar þeir séu búsettir sem þarf að boða til þinghaldsins. Ef enginn þeirra væri búsettur í umdæmi sýslumannsins sem skiptin ættu undir væri héraðsdómara að öðru jöfnu réttast að taka kröfuna fyrir á aðsetri dómstólsins. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því í 43. gr. að tilkynning með tilteknu efni verði send þeim sem krefst opinberra skipta og að auki hverjum og einum sem upplýst er í kröfunni að kunni að telja til erfðaréttar eftir þann látna. Þessi tilkynning þarf að sendast með tilteknum hætti og berast hlutaðeigendum með ákveðnum fyrirvara. Reglurnar um þessi atriði eru í flestu tilliti sambærilegar reglum um birtingu stefnu í einkamáli og stefnufrest. Í þriðja lagi má vekja athygli á ákvæðum 3. mgr. 43. gr. þar sem mælt er fyrir um hvernig bregðast eigi við ef krafa kemur fram um opinber skipti og sá sem hefur hana uppi getur ekki fullnægt áskilnaði 3. tölul. 1. mgr. 42. gr. um að upplýsa í kröfunni hverjir séu hugsanlegir erfingjar þess látna. Slík aðstaða gæti komið til með þeim hætti að sýslumaður krefjist opinberra skipta á grundvelli 2. tölul. 37. gr. með því að ekki sé vitað um neinn sem geti krafist arfs eftir þann látna eða að ættingi þess látna, sem telur til lögerfðaréttar eftir hann, viti ekki hvort hugsanlegt sé að sá látni láti eftir sig nánari eða jafnnána ættingja. Undir þessum kringumstæðum er augljóst að ekki verði ætlast til þess að bent verði í kröfunni á einhverja tiltekna menn sem þyrfti að boða til þinghalds um hana. Hér gæti að vísu komið til greina að mæla fyrir um að héraðsdómari skuli auglýsa þinghaldið opinberlega og skora þar á þá sem teldu sig eiga erfðarétt eftir þann látna að gæta hagsmuna sinna þar. Sú leið væri hins vegar til þyngsla og ósennilegt er að slík opinber auglýsing bæri árangur, en að auki verður að taka tillit til þess að undir þessum kringumstæðum væri óhjákvæmilegt að gefa út innköllun til erfingja og skuldheimtumanna við opinberu skiptin, sbr. 2. mgr. 56. gr., þannig að réttur hugsanlegra erfingja væri engan veginn fyrir borð borinn. Af þessum sökum er ráðgert í 3. mgr. 43. gr. að undir þessum kringumstæðum taki héraðsdómari kröfu um opinber skipti fyrir á dómþingi án þess að tilkynna öðrum um þinghaldið en þeim sem hefur kröfuna uppi.

Í 44. gr. koma síðan fram reglur varðandi það þinghald sem héraðsdómari boðar eftir 43. gr. Í þremur fyrstu málsgreinum 44. gr. er mælt fyrir um hvað verði gert ef sá sem krefst opinberra skipta sækir ekki þing, hvað verði gert ef hann mætir og enginn mótmælir kröfu hans og hvernig farið verði með kröfuna ef hún sætir andmælum. Síðastgreinda aðstaðan, að mótmæli komi fram gegn kröfu um opinber skipti, getur komið til af ýmsum sökum. Þannig getur verið að þeir sem eru boðaðir til þinghalds um kröfuna telji þann sem hefur gert hana ekki njóta erfðaréttar eftir þann látna og því ekki njóta heimildar sem erfingi til að krefjast opinberra skipta skv. 38. gr. Í 4. mgr. kemur síðan fram sú regla að héraðsdómari kveði upp úrskurð um hvort krafan sé tekin til greina og að hann gæti að því í úrskurði sínum hvort lagaskilyrði séu fyrir að taka hana til greina hvort sem mótmæli hafi komið fram eða ekki. Eftir ákvæðum laga nr. 3/1878 verður úrskurður ekki kveðinn upp um kröfu sem þessa nema hún sæti andmælum, en að öðrum kosti tekur dómari afstöðu til hennar með ákvörðun sem hann bókar í þingbók. Breyting er lögð til í þessum efnum til samræmis við reglur gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, um meðferð kröfu um gjaldþrotaskipti. Í 5. mgr. 44. gr. er mælt fyrir um hverjar afleiðingar það hafi ef úrskurður héraðsdómara um að opinber skipti fari fram er kærður til æðra dóms, en þessi regla er sama efnis og ákvæði 2. mgr. 19. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978. Í 6. mgr. 44. gr. er loks mælt fyrir um að héraðsdómari skuli tilkynna sýslumanni um niðurstöður dómstóla um kröfu um opinber skipti, en sú tilkynning á

að eiga sér stað hvort sem héraðsdómari tekur kröfuna til greina eða hafnar henni og einnig á héraðsdómari að tilkynna um niðurstöðu æðra dóms ef því er að skipta. Þessi tilkynning á að þjóna sama tilgangi og tilkynning skv. 3. mgr. 42. gr. og má vísa hér til umfjöllunar um það ákvæði.

Um 45. gr.

Í reglum IV. kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir því með sama hætti og í lögum nr. 3/1878 að krafa kunni að koma fram um opinber skipti á dánarbúi þar sem leyfi hefur áður verið veitt til setu í óskiptu búi eða einkaskipta. Ef krafa um opinber skipti er tekin til greina í slíku tilviki hefur til þessa verið gengið út frá því í framkvæmd að það hafi eðli málsins samkvæmt í för með sér að leyfi sem þessi falli sjálfkrafa niður, en þetta er beinlínis tekið fram í 3. mgr. 45. gr. frumvarpsins. Á hinn bóginn hefur ekki þótt víst í framkvæmd hver áhrif það geti talist hafa á gildi leyfis til einkaskipta eða setu í óskiptu búi að krafa komi fram um opinber skipti meðan afstaða hefur ekki verið tekin til kröfunnar. Ef ágreiningur rís um hvort krafan verði tekin til greina getur tekið nokkurn tíma að fá leyst úr um réttmæti hennar, en ef leyfi til einkaskipta eða setu í óskiptu búi væri óhaggað meðan á því stæði yrði að telja leyfishafana njóta heimilda til að ráðstafa hagsmunum dánarbúsins á því tímaskeiði. Er því augljós hætta á að leyfishafar kunni vísvitandi að halda uppi tilgangslausu andófi gegn kröfu um opinber skipti til að halda forræði á dánarbúinu í andstöðu við hagsmuni þess sem hefur kröfuna uppi. Til að taka af tvímæli um þessa aðstöðu er lögð til sérstök heimild í 1. og 2. mgr. 45. gr. til að héraðsdómari geti fellt niður slík leyfi um stundarsakir meðan leyst er úr hvort krafa um opinber skipti verði tekin til greina, en kveðið er nánar á um hvernig verði staðið að þessu í 120. gr.

Rétt er að vekja athygli á því að í ákvæðum 45. gr. er tekið svo til orða að umrædd leyfi geti fallið niður af þessum sökum að einhverju leyti eða öllu. Þetta orðalag á eftir eðli máls helst við þegar um er að ræða leyfi til setu í óskiptu búi, en áhrif slíks leyfis geta fallið niður að hluta með því að t.d. einn af mörgum samerfingjum maka þess látna krefjist skipta sér til handa án þess að aðrir samerfingjar sækist eftir því fyrir sitt leyti. Ef krafa eins erfingja um opinber skipti væri tekin til greina við þessar aðstæður hefði það ekki annað í för með sér eftir reglum 45. gr. en að leyfi maka þess látna til setu í óskiptu búi félli niður gagnvart þeim erfingja, en ekki í öðru tilliti.

Um 46. gr.

Eins og minnst var á í almennum athugasemdum hér á undan er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að framkvæmd opinberra skipta verði í höndum sérstakra skiptastjóra. Þar kom fram að samkvæmt lögum nr. 3/1878 er þetta verk almennt í höndum dómara, skiptaráðenda, þótt hér sé um að ræða umsýsluverkefni sem tengist ekki almennum störfum dómara. Sú breyting, sem hér um ræðir, er lögð til samræmis við stefnu laga nr. 92/1989 og fyrirmæli gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, og á sér að auki fyrirmyndir víða erlendis þar sem algengast er að verk sem þessi séu falin svokölluðum „executor“ eða „administrator“ án dómsvalds, líkt og gert er ráðið fyrir að geti átt sér stað í 91. gr. laga nr. 3/1878. Þessi breyting setur að sjálfsögðu mark sitt á fjölmörg ákvæði frumvarpsins, en víða er þó um það að ræða að reglur þess um skiptastjóra eigi sér hliðstæðu í núgildandi reglum laga nr. 3/1878, um framkvæmdarstörf skiptaráðenda, og ákvæðum gjaldþrotalaga um störf bústjóra og skiptastjóra við gjaldþrotaskipti.

Í 1. mgr. 46. gr. er mælt fyrir um að héraðsdómari skuli skipa skiptastjóra til að framkvæma opinber skipti um leið og úrskurður hefur gengið um opinber skipti eða eftir atvikum dómur æðra dóms. Þessi skipun á að eiga sér stað með bókun í þingbók, en sú tilhögun á sér hliðstæðu í ákvæðum gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, þegar bústjóri til bráðabirgða er ráðinn við gjaldþrotaskipti. Í tengslum við þetta ákvæði frumvarpsins er rétt að benda á að gert er ráð fyrir að héraðsdómari hafi með höndum val á þeim manni sem á að gegna þessu

hlutverki og þurfi ekki að taka tillit til óska annarra í þessum efnum nema svo standi á sem segir í 3. mgr. ákvæðisins að sá látni hafi sjálfur tilnefnt mann til verksins í erfðaskrá. Héraðsdómara er þannig ekki ætlað að leita tillagna erfingja í þessum efnum eða að fara að óskum sem þeir kunna að setja fram, enda er skiptastjóra ætlað eftir ákvæðum frumvarpsins að vera með öllu hlutlaus gagnvart erfingjum jafnt sem skuldheimtumönnum og mundi því illa samrýmast þeirri stöðu hans ef hann yrði skipaður eftir tillögu erfingja. Þá má einnig minnast þess í tengslum við þetta ákvæði frumvarpsins að skipun skiptastjóra á að eiga sér stað með þessum hætti í eitt skipti fyrir öll nema því aðeins að hlutaðeigandi maður hverfi frá verkinu óloknu skv. 4. mgr. 46. gr. Er því ekki um það að ræða að fram fari kosning skiptastjóra á síðari stigum skiptanna eins og nú gildir við gjaldþrotaskipti eftir lögum nr. 6/1978. Þetta er lagt til í ljósi þeirrar reynslu sem hefur fengist við gjaldþrotaskipti eftir umræddum lögum þar sem héraðsdómari skipar bústjóra til bráðabirgða í byrjun en sérstök kosning skiptastjóra fer fram á síðari stigum. Er nánast undantekningarlaust um það að ræða í framkvæmd að sá maður, sem var ráðinn bústjóri í upphafi, sé kjörinn skiptastjóri í fyllingu tímans. Þessi tilhögun í frumvarpinu ætti þannig að leiða til einföldunar og koma að auki í veg fyrir að skiptastjóri telji sig þurfa að vinna hylli þeirra sem ættu atkvæði um kosningu hans, en sú aðstaða gæti af augljósum ástæðum leitt til hættu á að staðið yrði ómálefnanlega að skiptunum. Hagsmunum þeirra, sem teldu val á skiptastjóra óeðlilegt, er jafnframt borgið í frumvarpinu með sérstakri heimild þeim til handa í 47. gr. til að hafa uppi kröfu fyrir héraðsdómara um frávikningu skiptastjóra.

Í upphafi 2. mgr. 46. gr. kemur fram sú sjálfsagða regla að maður verði ekki skipaður til starfa skiptastjóra nema með samþykki hans, en þar á eftir eru talin þau hæfisskilyrði sem hann þarf að fullnægja til að geta tekið þetta starf að sér. Þau skilyrði eru að nokkru hliðstæð almennum skilyrðum laga nr. 92/1989 fyrir skipun manns í embætti sýslumanns, en í ýmsum atriðum er þó vikið frá þeirri samsvörun. Þýðingarmesta frávikið í þessum efnum snýr að 5. tölul. 2. mgr. 46. gr. þar sem að vísu má ráða af orðalagi að almennt sé ætlast til að skiptastjóri sé lögfræðingur að mennt, en þetta er þó ekki sett að skilyrði. Gæti helst reynt á heimild til að skipa aðra en lögfræðinga til þessara starfa á þeim landsvæðum þar sem þeirra er ekki kostur í nálægð eða ef sá látni hefur tilnefnt mann til verksins í erfðaskrá. Önnur hæfisskilyrði ákvæðisins þykja ekki þarfnast sérstakra skýringa.

Í 3. mgr. 46. gr. kemur fram regla sem hefur þegar verið minnst nokkuð á, en samkvæmt henni á héraðsdómari að öðru jöfnu að skipa þann mann til starfa skiptastjóra sem sá látni hefur mælt fyrir um í erfðagerningi ef hlutaðeigandi fullnægir hæfisskilyrðum 2. mgr. Sérstaklega er vikið að því í 3. mgr. að sá látni kunni að hafa tilnefnt fleiri menn en einn til að annast verkið í sameiningu, en dæmi eru úr framkvæmd af slíkri tilnefningu manna í erfðaskrá til starfa skiptaforstjóra skv. 91. gr. laga nr. 3/1878. Ef fyrirmæli sem þessi liggja fyrir er gengið út frá því í 3. mgr. að héraðsdómari hlýti þeim að öðru jöfnu, en þó er gerður sá fyrirvari í þessum efnum að héraðsdómari geti vikið frá ákvörðun sem þessari ef honum þykir verkið ekki standa undir þeim íburði að fleiri en einn skiptastjóri hafi það með höndum. Í sambandi við 3. mgr. 46. gr. má að öðru leyti minnast á það í fyrsta lagi að gengið er út frá að tilnefning sem þessi teljist fyrir hendi þótt tekið hafi verið þannig til orða í erfðaskrá að hlutaðeigandi eigi að „sjá um skipti", vera „skiptaforstjóri" o.s.frv., ef það þykir aðeins mega skilja fyrirmælin efnislega sem tilnefningu af þessum toga. Í öðru lagi ber að vekja athygli á því að sú almenna regla 2. mgr. 46. gr. gildir einnig í tilvikum sem þessum að sá tilnefndi þurfi að vera fús til að taka starfann að sér, en ef svo er ekki eða hann er látinn eða ófær um að gegna starfinu af öðrum sökum yrði héraðsdómari að velja mann til þess sjálfstætt. Loks má í þriðja lagi benda á að ákvæði 46. gr. gera ekki ráð fyrir að skiptastjórar geti verið tveir eða fleiri í öðrum tilvikum en þeim þar sem sá látni hefur mælt fyrir um það. Er reglan að þessu leyti frábrugðin ákvæðum gjaldþrotalaga sem takmarka ekki heimild héraðsdómara til að skipa tvo eða fleiri menn til slíkra starfa við gjaldþrotaskipti.

Í 4. mgr. 46. gr. er gert ráð fyrir að héraðsdómari eigi að skipa nýjan skiptastjóra ef sá upphaflegi hverfur frá verkinu óloknu. Sömu aðferðum yrði fylgt við þá skipun eins og gert yrði við upphaf skipta og þarfnast þessi regla því ekki frekari skýringa.

Í 5. mgr. 46. gr. er gert ráð fyrir að héraðsdómari geti krafið skiptastjóra um tryggingu vegna starfans um leið og hann er skipaður ef hann sýnir ekki skilríki fyrir að hann hafi ábyrgðartryggingu sem taki til þessara starfa. Trygging sem þessi væri ætluð til að mæta hugsanlegum kröfum sem kynnu að falla á skiptastjóra vegna starfa hans og gæti þar einkum orðið um skaðabótakröfur að ræða vegna mistaka hans í starfi. Ráðagerð ákvæðisins um að skiptastjóri kunni að hafa ábyrgðartryggingu sem geti náð til þessara starfa snýr fyrst og fremst að lögmönnum sem hafa í einhverjum mæli tekið sér almennar ábyrgðartryggingar vegna starfa sinna, en slík vátrygging kæmi að sömu notum og ef skiptastjóri legði fram peningatryggingu, veð eða ábyrgð vegna tjóns sem hann kynni að baka í starfi. Ekki er gert ráð fyrir að héraðsdómari þurfi alltaf að krefjast tryggginga af skiptastjórum, enda væri slíkt oft óþarfi ef um lítil dánarbú væri að ræða. Sambærileg regla er í 95. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, um bústjóra og skiptastjóra við gjaldþrotaskipti, en mjög lítið hefur reynt á hana í framkvæmd.

Í 6. mgr. 46. gr. er mælt svo fyrir að ákvörðun héraðsdómara um skipun manns í starf skiptastjóra verði ekki skotið til æðra dóms. Þessi regla er lögð til með hliðsjón af því að héraðsdómari mundi ekki rökstyðja í bókun um skipunina hvers vegna hann hafi valið tiltekinn mann til starfans öðrum fremur, þannig að ef þeirri ákvörðun væri einni út af fyrir sig skotið til æðra dóms kæmi til kasta hans að meta á fyrsta og eina dómstigi hvort valið hafi verið réttmætt. Í stað slíks málskots er gengið út frá þeirri reglu í 47. gr. að sá sem vilji hafa uppi mótmæli gegn skipun manns í starf skiptastjóra verði að bera upp umkvörtun sína við héraðsdómara og krefjast þá að hlutaðeiganda verði vikið úr starfinu, en héraðsdómari tæki þá rökstudda afstöðu til slíkrar kröfu í úrskurði og um leið til atriða sem varða hæfi eða hæfni hlutaðeiganda til að gegna starfinu og mætti þá skjóta þeim úrskurði til æðra dóms.

Um 47. gr.

Í 47. gr. er að finna helstu fyrirmæli frumvarpsins um það hvernig aðhald og eftirlit verði haft með störfum skiptastjóra og hvernig verði eftir atvikum staðið að því að víkja skiptastjóra úr starfi ef hann hefur til dæmis vanrækt það, brotið rétt á erfingjum eða þeim sem hafa uppi kröfur á hendur búinu, glatað hæfi til að rækja starfið eða ekki orðið við tilmælum héraðsdómara um að setja tryggingu vegna starfa sinna innan tilskilins frests. Reglur 47. gr. heimila erfingjum og þeim sem hafa haft uppi kröfur á hendur búinu sem hefur ekki verið hafnað að hafa uppi aðfinnslur við héraðsdómara um hæfi skiptastjóra, starfsháttu eða framferði hans í starfi og eftir atvikum að krefjast að skiptastjóri sæti áminningu, að honum verði gert að ráða bót á starfsháttum sínum eða verði vikið úr starfi. Héraðsdómara er sömuleiðis heimilað að taka slíkt upp hjá sjálfum sér ef hann kemst með öðrum hætti að því að störfum skiptastjóra sé ábótavant.

Ákvæði 47. gr. lýsa því hvernig staðið verði nánar að aðgerðum ef framangreind tilefni verða til afskipta héraðsdómara af störfum skiptastjóra. Er gert ráð fyrir að héraðsdómari kveðji skiptastjóra á fund sinn og eftir atvikum þann sem hefur fundið að störfum hans, en einnig getur héraðsdómari kvatt til fleiri af slíku tilefni, til dæmis erfingja eða lánardrottna sem eiga verulegra hagsmuna að gæta. Gert er ráð fyrir að héraðsdómari gefi þeim sem koma á fund hans kost á að tjá sig um málefnið og taki síðan ákvörðun um viðbrögð sín. Þau gætu orðið á þann veg að hann teldi ekki tilefni til frekari aðgerða af sinni hendi eða að veita ætti skiptastjóra áminningu og frest til að bæta úr starfsháttum sínum, en ákvörðun sem þessi yrði bókuð í þingbók og er ekki ætlast til að hún geti sætt kæru til æðra dóms. Einnig gæti héraðsdómari talið efni til að víkja skiptastjóra úr starfi af þessum sökum hvort sem áður hafi verið veitt áminning eða ekki, en um frávikningu yrði kveðinn upp rökstuddur úrskurður sem væri kæranlegur til æðra dóms. Ef sá sem hefur haft uppi aðfinnslur um störf skiptastjóra eða

kröfu um frávikningu hans vildi ekki sætta sig við ákvörðun héraðsdómara um að hafast ekkert að vegna umkvörtunar eða kröfu eða við ákvörðun dómarans um að veita áminningu í stað þess að víkja skiptastjóra úr starfi, gæti hlutaðeigandi krafist rökstudds úrskurðar héraðsdómara um afstöðu hans og væri sá úrskurður kæranlegur. Um málsmeðferð þegar héraðsdómari yrði að taka afstöðu til þessara málefna með úrskurði er nánar mælt í 121. gr.

Um 48. gr.

Í 48.–52. gr. frumvarpsins er að finna ýmis almenn fyrirmæli um skiptastjóra þar sem kveðið er á um helstu réttindi þeirra og skyldur í starfi sem varða annað en viðfangsefni þeirra við meðferð á kröfum á hendur dánarbúum, ráðstöfun á hagsmunum dánarbúa og lok skipta. Má þannig segja að þessi ákvæði móti vissan ramma um störf skiptastjóra sem að nokkru er fyllt frekar út í þegar komið er til kasta fyrirmæla VI.–X. kafla um sérstök verkefni þeirra.

Í 1. mgr. 48. gr. kemur fram sú almenna regla að skiptastjóra beri að annast öll störf sem varða meðferð dánarbús eða með öðrum orðum framkvæmd opinberra skipta, en í þessu felst einkum að skiptastjóri gegni því hlutverki að leita þeirra eftir þörfum sem telja til réttinda á hendur búinu, að gæta, halda uppi og ráðstafa hagsmunum búsins, að ljúka skiptum með því að fullnægja réttindum annarra á hendur því og að annast aðra umsýslu vegna búsins hvort sem beinlínis er mælt fyrir um hana í frumvarpinu eða nauðsyn hennar leiðir af öðrum sökum. Í þessum efnum er skiptastjóra þó heimilað að leita aðstoðar og þjónustu annarra á eigin ábyrgð en kostnað búsins. Vandasamt er að gera greinarmun í eitt skipti fyrir öll á því sem skiptastjóra er annars vegar rétt og skylt að gera sjálfur gegn þeirri þóknun sem hann á tilkall til og hins vegar því sem hann getur leitað til annarra um gegn sérstakri greiðslu til þeirra frá búinu. Hér má þó að hafa í huga að gengið er út frá því í frumvarpinu að þóknun skiptastjóra verði ákveðin af tilliti til vinnuframlags hans, t.d. sem viss fjárhæð fyrir hverja vinnustund, þannig að ekki ætti að vera hætta á að þóknun hans taki mið af rækslu starfs sem hann hefur ekki sjálfur innt af hendi, heldur fengið annan til að vinna á kostnað búsins. Verður það því að miklu leyti að ráðast af venjum og tilliti til eðlis einstakra viðfangsefna hvort skiptastjóra beri að leysa þau af hendi sjálfur fyrir þá þóknun sem honum yrði ákveðin eða hvort honum væri rétt til að leita til annarra um þau.

Í 2. mgr. 48. gr. er kveðið á um tilkall skiptastjóra til þóknunar fyrir störf sín, en nú þegar hefur verið fjallað um atriði sem þessu tengjast og verður því vísað hér til þeirrar umfjöllunar. Í síðari málslið 2. mgr. er mælt fyrir um rétt skiptastjóra til að taka sér greiðslu upp í áfallna þóknun af fjármunum búsins sem hann hefur í vörslum sínum, en þetta er þó háð því að hann kynni þá ákvörðun sína á skiptafundi og að fé búsins hrökkvi þá að minnsta kosti fyrir rétthærri kröfum áður en þóknun greiðist. Með þeim áskilnaði, að ákvörðun um slíka greiðslu upp í þóknun þurfi áður að vera kynnt á skiptafundi, er ætlast til að tryggt verði að erfingjar eða skuldheimtumenn fái tækifæri til að láta uppi skoðanir sínar um ráðagerð skiptastjórans og að þeir geti þá mótmælt henni og eftir atvikum fengið úrlausn héraðsdómara um hana eftir reglum 47. eða 122. gr. Skiptastjóra væri almennt ekki þörf að kynna ákvörðun sína um greiðslu hverju sinni sem hún stæði fyrir dyrum, heldur væri honum eftir atvikum nægjanlegt að gera skiptafundi til dæmis grein fyrir því að hann hafi í hyggju að fá greiðslu með reglubundnu millibili sem yrði ákveðin með nánar tilteknum hætti. Þeir sem hefðu hagsmuni af skiptunum gætu síðan fylgst með að ekki hafi verið farið fram úr því sem skiptastjóri kynnti þeim með könnun yfirlita um efnahag og rekstur búsins skv. 49. gr.

Í ákvæðum 3. og 4. mgr. 48. gr. er mælt fyrir um að skiptastjóri teljist opinber sýslunarmaður við rækslu starfans og að honum beri að bæta tjón sem hann kann að baka öðrum í starfi eftir almennum skaðabótareglum, en ekki verður séð að þörf sé sérstakra skýringa á þessum fyrirmælum.

Um 49. gr.

Í 49. gr. er fjallað um reikningshald skiptastjóra vegna dánarbús, skyldu hans til að gefa skýrslur til yfirvalda um fjármuni þess, t.d. að telja fram til skatts o.s.frv., skyldu hans til að gera eða láta gera yfirlit um efnahag og rekstur búsins með reglubundnu millibili og réttindi erfingja og skuldheimtumanna sem hafa ekki fengið fullnægt kröfum sínum á hendur búinu til að fá aðgang að þessum yfirlitum. Ekki þykir ástæða til að víkja nánar að einstökum atriðum þessa ákvæðis.

Um 50. gr.

Í 50. gr. er að finna almennar reglur frumvarpsins um skiptafundi, en í frumvarpinu er líkt og í lögum nr. 3/1878 gengið út frá að skiptafundir verði haldnir í ferns konar tilgangi, í fyrsta lagi til að leita eftir afstöðu erfingja til þess hvort þeir taki ábyrgð á skuldbindingum bús, í öðru lagi til að taka afstöðu til krafna á hendur búi, í þriðja lagi til að taka afstöðu til frumvarps að úthlutunargerð við lok skipta og loks í fjórða lagi til að fjalla um ráðstafanir á hagsmunum búsins. Þessir fundir eru þannig haldnir í misjöfnum tilgangi og er umfjöllunarefni á þeim að sama skapi ólíkt. Þrjú fyrstnefndu afbrigði skiptafunda eru sérstaks eðlis því að í hverju þessara tilvika eru slíkir fundir að meginreglu aðeins haldnir einu sinni við skipti dánarbús, umfjöllunarefni þeirra er bundið algerlega við ákveðið efni samkvæmt ákvæðum frumvarpsins og þar eru hvorki teknar ákvarðanir í eiginlegum skilningi né fara þar fram atkvæðagreiðslur, heldur eru þessir fundir haldnir til að leita afstöðu eða mótmæla þeirra sem eiga hagsmuna að gæta til afmarkaðra atriða þar sem hver og einn þeirra á sín réttindi án tillits til afstöðu meiri hluta. Mun nánari fyrirmæli koma fram um þessa fundi í 53. gr. og ýmsum ákvæðum VII., VIII. og X. kafla. Skiptafundir til að fjalla um ráðstafanir á hagsmunum búsins eru hins vegar í flestum atriðum gerólíkir framangreindum. Slíkir fundir eru að jafnaði fleiri en einn við skipti hvers dánarbús. Þar er fjallað um hvernig verði farið með ýmsa hagsmuni sem má ætla að geti verið mjög misjafnir hverju sinni og því ógerningur að binda nánar í lög hver umfjöllunarefnin geti orðið og á fundunum eru teknar ákvarðanir um ráðstafanir, eftir atvikum með því að greidd séu atkvæði þar sem meiri hluti ræður niðurstöðum að meginreglu. Frekari fyrirmæli koma fram um ákvörðunartöku á þessum fundum í ákvæðum IX. kafla.

Þrátt fyrir þann mun sem getur verið á skiptafundum samkvæmt framangreindu eru ýmis atriði varðandi þá sameiginleg og taka ákvæði 50. gr. einmitt til þeirra. Í 1. mgr. er mælt fyrir um að skiptastjóri ákveði hvenær þurfi að halda skiptafundi að því leyti sem ekki er beinlínis mælt fyrir um skyldu til að halda þá, en um slíka skyldu er að ræða varðandi þau þrjú afbrigði skiptafunda sem fyrst voru nefnd hér áður. Er þetta sjálfræði skiptastjóra til að ákveða nauðsyn skiptafundar þannig í reynd bundið við þá fundi sem eru haldnir til að taka ákvarðanir um ráðstöfun hagsmuna dánarbús. Þessi regla er sama efnis og ákvæði 23. gr. laga nr. 3/1878.

Í 2. mgr. 50. gr. er mælt fyrir um að skiptastjóri ákveði fundarstað, fundartíma, fyrirvara sem boðað er til fundar með og fundarefni, en vísað er þó til þess að hann kunni að vera bundinn í þessum efnum af öðrum ákvæðum frumvarpsins. Sú aðstaða er uppi varðandi fundarefnin á þeim þrenns konar skiptafundum sem fyrst voru nefndir hér áður og enn fremur um þann fyrirvara sem þarf að vera á boðun skiptafunda skv. 59., 72. og 78. gr. Í niðurlagi 2. mgr. 50. gr. kemur fram sú regla að skiptastjóri eigi að halda þessa fundi á slíkum stað og tíma að ætla megi að sem flestir, sem eigi erindi á fundinn, geti sótt hann með góðu móti. Þessi regla getur ekki orðið meira en til almennra leiðbeininga, enda geta aðstæður verið mjög ólíkar í þessum efnum hverju sinni.

Í 3. mgr. 50. gr. er síðan mælt fyrir um hvernig boðað verði til skiptafunda og er gert ráð fyrir að þetta verði gert með tilkynningu til hvers og eins sem á rétt til fundarsóknar, en ekki með opinberri auglýsingu eins og nú er talið heimilt þar sem hlutaðeigendur verða að bera áhættu af því hvort fundarboðið fari fram hjá þeim. Nánari fyrirmæli koma fram í ákvæðinu

um hvernig verði staðið að sendingu boðunar og hvernig megi bregðast við ef fundarboð misferst, en ekki verður séð að þau fyrirmæli þarfnist frekari skýringa.

Í 4. og 5. mgr. 50. gr. kemur fram að skiptastjóri stjórni skiptafundum, þar á meðal umræðum og atkvæðagreiðslum sem fara þar fram, að honum sé heimilt að víkja mönnum af fundi ef því er að skipta og að hann færi fundargerðir sem skylt er að kynna fundarmönnum áður en fundi er slitið. Þessi ákvæði skýra sig sjálf og eru hliðstæð núgildandi reglum að öðru leyti en því sem skiptir verulegu máli, að skiptastjóri heldur og stjórnar skiptafundum upp á sitt eindæmi, en eftir lögum nr. 3/1878 gegnir skiptaráðandi þessum störfum og eru fundir haldnir fyrir dómi nema skiptaforstjóri hafi verið löggiltur eftir 91. gr. laganna.

Um 51. gr.

Í þessu ákvæði frumvarpsins er mælt fyrir um að skiptastjóri taki við skjölum varðandi búskiptin og hvernig fari síðan um varðveislu þeirra og heimildir annarra til aðgangs að þeim. Þessar reglur eru sambærilegar þeim sem nú gilda að öðru leyti en því að skiptaráðendur sinna þeim verkum sem skiptastjórum er hér ætlað. Verður því ekki séð að ástæða sé til að fjalla frekar um þetta ákvæði.

Um 52. gr.

Í 1. mgr. 52. gr. er að finna reglu um skyldu annarra til að veita skiptastjóra upplýsingar og gögn sem í nær öllum atriðum er hliðstæð ákvæðum 2. og 3. mgr. 10. gr. um skyldu til að veita sýslumanni upplýsingar á fyrri stigum skipta. Má því vísa hér til athugasemda við 10. gr. um þetta.

Í 2. mgr. 52. gr. er kveðið á um úrræði skiptastjóra ef einhver sá, sem ákvæði 1. mgr. taka til, lætur ekki í té upplýsingar eða gögn sem hann krefst. Getur þá skiptastjóri óskað eftir því við héraðsdómara að hann kveðji hlutaðeiganda fyrir dóm til að gefa skýrslu um málefnið eftir almennum reglum um vitni í lögum nr. 85/1936. Gilda þannig ákvæði þeirra laga um hvernig verði nánar staðið að aðgerð sem þessari, þar á meðal um skyldu vitnis til að verða við fyrirmælum dómara um að hafa gögn meðferðis við skýrslugjöf sína, sbr. 3. mgr. 124. gr. nefndra laga, en óþarfi er að fjalla hér frekar um þær reglur.

Um 53. gr.

Ákvæði 53.–55. gr. heyra til VI. kafla frumvarpsins sem fjallar um fyrstu aðgerðir við opinber skipti.

Í 53. gr. er kveðið á um eina fyrstu starfsskyldu skiptastjóra sem er að boða þá erfingja sem er vitað um, lögráðamenn þeirra, málsvara eða umboðsmenn til skiptafundar. Á þessum fundi á skiptastjóri annars vegar að leita vitneskju um eignir og skuldbindingar búsins, sbr. 54. og 55. gr., og hugmynda erfingja um hvernig megi ráðstafa eignum, sbr. ákvæði IX. kafla, en hins vegar á hann að leita afstöðu erfingjanna til þess hvort þeir taki að sér ábyrgð á skuldbindingum búsins og hvort ágreiningur sé uppi um erfðaréttindi eftir þann látna. Um þessi síðarnefndu atriði er fjallað 2. og 3. mgr. 53. gr. sem vert er að víkja mun nánar að.

Í 2. mgr. 53. gr. er kveðið á um nauðsyn þess að skiptastjóri leiti afstöðu erfingja til ábyrgðar á skuldbindingum og hvernig það verði gert. Nokkur skýring kom fram í almennum athugasemdum við því hverja þýðingu það hafi að erfingjar lýsi þessari ábyrgð yfir eða eftir atvikum að þeir geri það ekki, en afleiðingarnar af þessu koma aðallega fram í mismunandi reglum um hvernig skiptin verði framkvæmd og því hvort skuldheimtumenn dánarbúsins geti gengið beint að erfingjum til að leita fullnustu krafna sinna í skjóli ábyrgðar þeirra. Með sama hætti og eftir lögum nr. 3/1878 er gengið út frá þeirri reglu í 2. mgr. 53. gr. að erfingjar teljist ekki hafa tekið þessa ábyrgð að sér nema beinar yfirlýsingar þess efnis komi fram frá þeim öllum og að ekki þyki ástæða eftir fyrirliggjandi upplýsingum til annars en að ætla að þeir erfingjar, sem hafa gefið slíkar yfirlýsingar, séu jafnframt þeir einu sem geti kallað til arfs.

Þetta hefur meðal annars áhrif á það hvort skiptastjóra sé skylt að leita afstöðu erfingja til skuldaábyrgðar á skiptafundi því að ekki verður gengið eftir þessu ef fyrir fram er útilokað að það þjóni tilgangi. Segir þannig í upphafi 2. mgr. 53. gr. að skiptastjóri haldi fund í þessu skyni ef náð verður til allra sem má telja eftir fyrirliggjandi upplýsingum að geti talið til erfðaréttinda eftir þann látna eða eftir atvikum umboðsmanna þeirra, lögráðamanna eða málsvara. Af þessu verður sú ályktun dregin að ef enginn erfingi er þekktur eða óvissa stendur um hvort fleiri geti talið til arfs en þegar er kunnugt um verði ekki gengið eftir yfirlýsingum um ábyrgðina, enda væri útilokað að þær fengjust frá öllum erfingjum. Þá er í annan stað tekið fram í 2. mgr. 53. gr. að skiptastjóri leiti ekki yfirlýsinga erfingja um þessa ábyrgð ef þeir hafa áður fengið leyfi til einkaskipta, enda hafa þeir þá þurft að láta uppi slíkar yfirlýsingar til að fá það leyfi, sbr. 5. tölul. 28. gr., og teljast bundnir við þá afstöðu þótt til opinberra skipta komi síðar. Undir öðrum kringumstæðum en þessum yrði skiptastjóri hins vegar að láta reyna á það hvort ábyrgðin fengist með því að krefja erfingja svara um afstöðu þeirra til hennar á skiptafundi. Því er nánar lýst í 2. mgr. 53. gr. hvernig gengið verði eftir svörum við þessu og eru reglurnar um þetta að mestu sama efnis og ákvæði 17. og 18. gr. laga nr. 3/1878. Um þær má annars vegar taka fram að erfingjar verða ekki taldir hafa tekið þessa ábyrgð að sér nema yfirlýsingar þess efnis komi fram af hálfu hvers þeirra og eins. Nægir þannig að einn skorist undan ábyrgðinni til að litið verði svo á að enginn erfingjanna hafi tekið hana að sér og skiptir engu í því tilliti hvort sá erfingi eigi rétt til mikils arfs eða hverfandi lítils. Hins vegar er vert að benda á að skiptastjóra er ætlað að leita eftir yfirlýsingum um ábyrgðina á þessum fyrsta skiptafundi sem hann heldur og eftir atvikum að ganga frekar eftir svörum erfingja í framhaldi af þessum fundi ef afstaða þeirra hefur ekki komið þar fram og enginn erfingi hefur enn þá hafnað að taka ábyrgðina að sér. Skiptastjóri getur á hinn bóginn ekki dregið að komast að niðurstöðu um þetta nema skamman tíma því að honum ber að gefa erfingjum, sem hafa ekki látið uppi afstöðu sína á skiptafundinum, tiltekinn frest til þess og ef ekkert svar berst frá þeim jafngildir það því að þeir hafi hafnað að taka ábyrgðina að sér.

Í 3. mgr. 53. gr. kemur sú meginregla fram að skiptastjóri eigi að kanna af sjálfsdáðum hvort kröfur um arf fái staðist, en af þessu leiðir að hann eigi ekki að láta við það sitja að leita eftir athugasemdum hvers og eins erfingja við arfskröfum annarra, heldur eigi hann eftir atvikum að meta sjálfur hvort þær eigi við rök að styðjast. Þessi athugun skiptastjóra ætti þannig að taka til þess hvort krafa um arf á grundvelli lögerfðaréttinda standist eftir fyrirmælum I. kafla erfðalaga, nr. 8/1962, og hvort krafa um bréfarf styðjist við erfðagerning þess látna. Ef erfðagerningi þess látna væri framvísað til stuðnings arfskröfu brysti skiptastjóri hins vegar heimild til gera athugasemdir við hana þótt hann teldi annmarka vera á gerningnum því að eftir ákvæðum VI. og VIII. kafla erfðalaga eru það eingöngu erfingjar og eftir atvikum Erfðafjársjóður sem hafa heimild til að vefengja erfðaskrá í því skyni að tillit verði ekki tekið til hennar við skipti. Í 3. mgr. 53. gr. er að öðru leyti gert ráð fyrir að skiptastjóri leitist við að útkljá þegar á fyrstu stigum opinberra skipta hverjir geti átt réttindi til arfs og beini þá eftir atvikum ágreiningi um það til héraðsdóms, sbr. 122. gr.

Um 54. og 55. gr.

Í þessum ákvæðum frumvarpsins er mælt fyrir um fyrstu aðgerðir skiptastjóra til að fá upplýst hverjar séu eignir og skuldbindingar dánarbúsins, upphafsráðstafanir hans til að tryggja varðveislu eigna og heimildir hans til að afhenda þær maka eða öðrum erfingjum þess látna þegar á þessu stigi.

Í 1. mgr. 54. gr. er kveðið á um að skiptastjóri eigi þegar við upphaf opinberra skipta að leita upplýsinga um hverjar eignir búsins séu, hvar þær séu varðveittar og hverjir fari með umráð þeirra og að honum sé rétt að taka eignirnar í sínar hendur ef þeim er ekki tryggilega fyrir komið í höndum annarra, en þessar reglur eiga sér hliðstæður í 12., 15. og 16. gr. laga nr. 3/1878. Í 54. gr. er að öðru leyti mælt fyrir um heimildir skiptastjóra til að koma eignum búsins

þegar í stað í hendur maka eða annarra erfingja þess látna, eftir atvikum án þess að þurfa áður að taka þær í sínar vörslur. Kostirnir í þessum efnum koma fram í 2. og 3. mgr. 54. gr. þar sem annars vegar er kveðið á um heimild til að afhenda þegar í stað maka þess látna eignir sem hann vill leysa til sín umfram arfs- og búshluta sinn gegn peningagreiðslu, sbr. 35. gr., og hins vegar um heimild til að afhenda erfingjum eignir sem þeir vilja fá lagðar sér út við skiptin til greiðslu á arfi, sbr. 36. gr., enda hafi þeir þá tekið að sér ábyrgð á skuldbindingum búsins eða skuldbindingarnar þegar verið efndar að fullu. Þegar um er að ræða innlausn maka á eignum eða útlagningu eigna til erfingja verður að liggja fyrir hvert verðgildi eignanna sé til þess að unnt verði að ákveða hvað eigi að greiðast við innlausn eða koma í hlut hvers við útlagningu og er því ráðgert í 2.–4. mgr. 54. gr. að skiptastjóri leiti mats á eignunum eftir reglum 17.–23. gr. ef maki eða aðrir erfingjar óska eftir ráðstöfunum sem þessum. Hjá þessu getur skiptastjóri þó komist eftir 2. og 3. mgr. 54. gr., annars vegar ef slíkt mat hefur þegar verið fengið á fyrri stigum og hins vegar ef hlutaðeigendur eru sammála um verðgildi þeirra eigna sem kemur til álita að ráðstafa með þessum hætti og skiptastjóri telur fært að leggja það samkomulag til grundvallar, eftir atvikum af tilliti til hagsmuna lánardrottna eða vegna ákvörðunar á gjaldstofnum til greiðslu erfðafjárskatts. Í 5. mgr. 54. gr. er loks mælt fyrir um hvernig brugðist verði við ágreiningi milli erfingja og eftir atvikum maka þess látna um heimildir til innlausnar á eignum eða útlagningu á þeim, en skiptastjóra er þá ætlað að reyna að jafna slíkan ágreining og að beina honum til héraðsdóms til úrlausnar eftir 122. gr. ef sættir takast ekki.

Með umræddum reglum 2.–5. mgr. 54. gr. er leitast við að stuðla að því að einfalda opinber skipti og flýta þeim svo sem frekast er kostur með því að skiptastjóri þurfi ekki að taka eignir búsins í sínar vörslur og koma þeim síðan í verð, heldur geti hann þegar við upphaf skiptanna komið eignunum í hendur maka eða annarra erfingja þess látna. Sams konar aðferðum er nú beitt í framkvæmd á grundvelli laga nr. 3/1878 og gefa góða raun. Hins vegar ber að hafa í huga að aðgerðir sem þessar eru háðar því að sá látni láti eftir sig maka, sbr. 2. mgr. 54. gr., eða eftir atvikum að erfingjar hans taki að sér ábyrgð á skuldbindingum búsins, sbr. 3. mgr. 54. gr., auk þess sjálfgefna skilyrðis að hlutaðeigendur æski þessara ráðstafana. Ef þessum aðgerðum verður ekki komið við eða ef eignum er aðeins ráðstafað að hluta með þessum hætti verður skiptastjóri að fara með eignirnar eftir reglum IX. kafla, sem er nánar lýst hér síðar.

Í 55. gr. er gert ráð fyrir að skiptastjóri framkvæmi nokkra könnun á skuldbindingum búsins þegar í stað við upphaf opinberra skipta, en þessi regla á sér hliðstæðu í 15. gr. laga nr. 3/1878. Ekki verður ætlast til að skiptastjóri gengi lengra í þessari könnun en að athuga gögn þess látna, t.d. skattframtöl, beina fyrirspurnum til erfingja og leita upplýsinga sem mætti ganga greiðlega að, t.d. um þinglýstar veðskuldir á eignum búsins, ógreidd opinber gjöld o.s.frv. Umfang könnunarinnar gæti einnig ráðist að nokkru af því hvort erfingjar tækju að sér ábyrgð á skuldbindingum dánarbúsins því að ef sú ábyrgð fengist ekki væri skylt að gefa út innköllun til skuldheimtumanna, sbr. 56. gr., sem yrðu þá að gefa sig fram sjálfir og væri þá könnun skiptastjóra skv. 55. gr. nánast ofaukið. Ef erfingjar tækju hins vegar að sér ábyrgð á skuldbindingum væri háð vilja þeirra hvort innköllun yrði gefin út til skuldheimtumanna, sbr. 63. gr., en ef innköllun væri ekki gefin út yrði meiri þörf á könnun skiptastjóra og yrði hann þá að hafa hliðsjón af óskum erfingja í þessum efnum.

Um 56. gr.

Í 56.–62. gr., sem heyra til VII. kafla frumvarpsins, koma fram sérreglur um hvernig verði farið með kröfur á hendur dánarbúi ef erfingjar hafa ekki fengist til að ábyrgjast skuldbindingar þess eftir fyrrnefndri 53. gr. Þessar reglur eru talsvert frábrugðnar ákvæðum 3. kapítula laga nr. 3/1878, en eiga sér hins vegar um margt fyrirmyndir í XVI. kafla gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, að öðru leyti en því að í frumvarpinu er gengið út frá að skiptastjóri annist ýmis viðfangsefni sem ákvæði gjaldþrotalaga fela skiptaráðendum.

Í 1. mgr. 56. gr. er mælt fyrir um skyldu skiptastjóra til að gefa út og fá birta innköllun til þeirra sem telja til réttinda á hendur dánarbúi ef erfingjar hafa ekki lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum þess eða óvissa er um hvort þeir hafi allir gefið sig fram. Hér er um að ræða fortakslausa skyldu við þessar aðstæður eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. 20. gr. laga nr. 3 1878. Í 2. mgr. 56. gr. er kveðið á um hvað þurfi að koma fram í innköllun og er þar í flestum atriðum stuðst við venjur í þessum efnum í framkvæmd sem hafa byggst á fyrirmælum 20. og 21. gr. laga nr. 3/1878. Þó ber að vekja athygli á því að í 56. gr. frumvarpsins kemur fram að kröfulýsingarfrestur verði tveir mánuðir frá því innköllun birtist fyrra skiptið af tveimur í Lögbirtingablaði, sbr. 3. mgr. 56. gr., en hér er um breytingu að ræða frá núgildandi reglum því að innköllun þarf nú að birtast þrívegis og kröfulýsingarfrestur er fjórir mánuðir frá þriðju birtingu talið. Þessi breyting er lögð hér til í samræmi við 3. mgr. 19. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6 1978, enda hafa reglur um þessi efni við opinber skipti dánarbúa leitt til þarflausra tafa.

Rétt er að benda á að í 56. gr. er ekki kveðið á um skyldu skiptastjóra til að tilkynna þekktum lánardrottnum um innköllun og kröfulýsingarfrestinn, heldur er ætlast til að þeir sem eigi kröfur á hendur búinu verði að gæta réttinda sinna ótilkvaddir. Er með þessu lagt til afnám reglu í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 3/1878 þar sem mælt er fyrir um takmarkaða skyldu til tilkynninga um þetta efni, en ekki hefur verið farið eftir þeirri reglu í framkvæmd um langa hríð.

Um 57. gr.

Í 57. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um hvernig skuldheimtumenn og aðrir, sem telja til réttinda á hendur dánarbúi, komi fram réttindum sínum við opinber skipti þar sem erfingjar ábyrgjast ekki skuldbindingar búsins, en þetta verður að jafnaði gert með kröfulýsingu eins og eftir núgildandi reglum.

Fyrirmæli 1. og 2. mgr. 57. gr. um efni kröfulýsingar og fylgigögn með henni eiga sér ekki hliðstæðu í 36. gr. laga nr. 3/1878, en þau byggjast á venjum í þessu sambandi í framkvæmd. Er þannig ráðgert í 1. mgr. 57. gr. að kröfulýsing verði í meginatriðum gerð á þann hátt að hún geymi sambærileg atriði og verða að koma fram í stefnu í einkamáli eftir ákvæðum 88. gr. laga nr. 85/1936 og skv. 2. mgr. 57. gr. verða gögn að fylgja henni með sama hætti og ef verið væri að höfða einkamál um þá kröfu sem er höfð uppi.

Í 3. og 4. mgr. 57. gr. kemur fram að beina eigi kröfulýsingu til skiptastjóra, en með þessu er ráðgerð breyting frá skipan laga nr. 3/1878 og 6/1978 þar sem byggt er á því að kröfum verði lýst fyrir skiptaráðanda. Kemur fram í 3. mgr. að skiptastjóri eigi að staðfesta móttöku kröfulýsingar ef leitað er eftir því sem er sambærileg regla og kemur fram um staðfestingu skiptaráðanda í þessum efnum í 2. mgr. 107. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978. Þessari reglu er ætlað að gefa þeim sem lýsir kröfu kost á að tryggja sér sönnur fyrir að henni hafi verið komið á framfæri. Í 4. mgr. 57. gr. kemur síðan fram að kröfulýsingu fyrir skiptastjóra fylgi sömu áhrif og ef mál hefði verið höfðað um kröfuna á þeirri stund sem honum barst kröfulýsingin, en þessi regla er efnislega sú sama og nú kemur fram í 2. mgr. 36. gr. laga nr. 3/1878.

Um 58. gr.

Í fræðikenningum og framkvæmd hefur verið gengið út frá þeirri meginreglu að innköllun við opinber skipti dánarbús hafi þau áhrif að þær kröfur falli niður sem ekki er lýst innan kröfulýsingarfrests, en í þessum efnum hefur verið tekið svo til orða að innköllun hafi „præklusiv“ eða útilokandi áhrif. Vissar undantekningar hafa þó verið gerðar frá þessari meginreglu. Þrátt fyrir mikilvægi þessarar meginreglu og afdrifaríkar afleiðingar sem hún getur haft fyrir réttindi annarra á hendur dánarbúi er ekki mælt fyrir um tilvist hennar eða efni í núgildandi lögum og aðeins er vikið að nokkru marki að undantekningum frá henni. Í 58. gr. frumvarpsins er leitast við að ráða bót á þessu með því að kveða afdráttarlaust á um þessa reglu í upphafi 1. mgr. og tiltaka síðan undantekningar frá henni í öðrum fyrirmælum 1. mgr.,

svo og í 2. og 3. mgr. Efnislega eru fyrirmæli 58. gr. í samræmi við fræðikenningar á þessu sviði, dómafordæmi og framkvæmdarvenjur, auk þess að tekin eru þar upp ákvæði sem snúa að þessu í 21. gr. laga nr. 3/1878 og IX. kafla og 111. gr. laga nr. 6/1978. Í þessu ljósi þykir ekki tilefni til að fjalla hér frekar um einstök atriði 58. gr.

Um 59. og 60. gr.

Í 37. og 38. gr. laga nr. 3/1878 eru reglur um hvernig afstaða verði tekin til þess hvort lýstar kröfur á hendur dánarbúi verði viðurkenndar við opinber skipti og þar með efndar eftir því sem fjárhagur búsins leyfir. Þar er gert ráð fyrir að skiptaráðandi geri skrá um kröfurnar þegar að loknum kröfulýsingarfresti og boði síðan til skiptafundar þar sem hlutaðeigendum gefst kostur á að hafa uppi andmæli gegn kröfum. Ef ágreiningur verður um kröfu er mælt fyrir um að leyst verði úr honum í dómsmáli sem ber að með nánar tilgreindum hætti og verður rekið fyrir skiptarétti. Í þessum reglum er gert ráð fyrir fremur seinlegri meðferð og um margt ofauknum frestum, auk þess að erfiðlega getur gengið að ná fram málalokum um viðurkenningu krafna.

Í 59. og 60. gr. frumvarpsins eru lagðar til reglur varðandi þau atriði sem 37. og 38. gr. laga nr. 3/1878 taka til. Í þessum ákvæðum frumvarpsins er gert ráð fyrir talsverðum breytingum frá eldri reglum sem er ætlað að ráða bót áðurgreindum ókostum þeirra, en 59. og 60. gr. eiga sér beina fyrirmynd í reglum 108.–110. gr. laga nr. 6/1978 sem fjalla um sömu atriði við gjaldþrotaskipti og hafa gefið góða raun í framkvæmd.

Samkvæmt 1. mgr. 59. gr. á skiptastjóri að gera svokallaða kröfuskrá þegar í stað eftir lok kröfulýsingarfrests eða eftir atvikum jafnharðan og kröfur berast meðan á frestinum stendur. Í þessari skrá á að tiltaka kröfur sem hefur verið lýst á frestinum með því að geta hver hafi hverja þeirra uppi, hvers efnis þær séu, t.d. með tilgreiningu fjárhæða peningakrafna og hverrar stöðu hafi verið krafist að þær njóti í skuldaröð, og hver afstaða skiptastjóra sé til viðurkenningar hverrar kröfu um sig. Mælt er beinlínis fyrir um að skiptastjóri eigi að taka sjálfstæða afstöðu til viðurkenningar krafna, en með því orðalagi er átt við að hann eigi ekki til dæmis að leita viðhorfa erfingja eða annarra til einstakra krafna áður en hann gerir skrána, heldur eigi hann að meta hvort sýnt sé nægilega fram á réttmæti kröfu í kröfulýsingu og fylgigögnum með henni, eftir atvikum í ljósi gagna sem hann kann að hafa undir höndum úr skjalasafni eða bókhaldi þess látna. Í 1. mgr. 59. gr. er gengið út frá að í kröfuskrá verði getið allra krafna sem hafa komið fram innan kröfulýsingarfrests með þeirri undantekningu sem er þó ekki nefnd berum orðum að ástæðulaust væri að greina sérstaklega frá arfskröfum sem kunna að hafa borist, enda sæta þær meðferð eftir öðrum reglum, sbr. 53. gr. Skiptastjóra er sem áður segir ætlað að taka afstöðu til þess í kröfuskrá hvort viðurkenna eigi hverja kröfu um sig, en mælt er þó sérstaklega fyrir um undanþágu frá þeirri skyldu ef um kröfur er að ræða sem verður talið víst í ljósi efnahags dánarbúsins að fáist ekki greiddar, enda mundi erfiði við mat á slíkum kröfum ekki þjóna neinum tilgangi. Reglur 1. mgr. 59. gr. eru að verulegu leyti sambærilegar ákvæðum 1. mgr. 108. gr. laga nr. 6/1978 eins og þeim hefur verið beitt í framkvæmd.

Í 2. mgr. 59. gr. er kveðið á um að skiptastjóri eigi að boða erfingja og þá sem hafa lýst kröfum til sérstaks skiptafundar til að fjalla um kröfuskrána. Í ákvæðinu eru fyrirmæli um efnisatriði fundarboðs, með hverjum fyrirvara það verði að berast hlutaðeigendum og hver gögn eða upplýsingar þurfi að fylgja fundarboði. Verður ekki séð að einstök atriði ákvæðisins þarfnist sérstakra skýringa.

Í 60. gr. frumvarpsins er síðan að finna reglur um hvernig því verði ráðið til lykta hvort eða hvernig einstakar kröfur verði viðurkenndar við skiptin, en þær eru hliðstæðar ákvæðum 110. gr. laga nr. 6/1978. Í 60. gr. kemur nánar fram að sú afstaða skiptastjóra til viðurkenningar hverrar kröfu um sig, sem honum er ætlað að setja fram í kröfuskrá, hafi öðru fremur þýðingu í þessum efnum því að sé afstöðu hans er ekki mótmælt bréflega eða munnlega á

skiptafundinum sem er boðað til eftir 2. mgr. 59. gr. telst hún endanleg niðurstaða um viðurkenningu kröfunnar við búskiptin, sbr. 3. mgr. 60. gr. Gildir einu í þessu sambandi hvort afstaða skiptastjóra sé sú að viðurkenna eigi tiltekna kröfu að fullu, að vissum hluta eða að engu leyti og bindandi áhrif afstöðunnar eru þau sömu fyrir alla hlutaðeigendur hvort sem er erfingja, kröfuhafa og skiptastjórann sjálfan. Vegna þessa mikilvægis afstöðu skiptastjóra má vera ljóst að hún þurfi að koma fram með svo skýlausum hætti í kröfuskrá að hægt sé að leggja hana til grundvallar um afdrif kröfunnar ef afstaðan sætir engum mótmælum og verður því að tiltaka hana af nákvæmni og án fyrirvara. Vilji einhver ekki una afstöðu skiptastjóra til viðurkenningar kröfu á sá þann kost einan eftir 1. mgr. 60. gr. að koma mótmælum á framfæri með þeim hætti sem þar er nánar lýst. Samkvæmt þessu ákvæði getur kröfuhafi mótmælt þeirri afstöðu sem skiptastjóri hefur tekið til viðurkenningar á kröfu hans sjálfs, en einnig getur hann mótmælt afstöðu til viðurkenningar krafna annarra. Erfingjar geta enn fremur haft uppi mótmæli gegn afstöðu skiptastjóra, en eftir 1. mgr. 60. gr. er þessi réttur til mótmæla þó alltaf háður því að sá sem hafi þau uppi, hvort sem er erfingi eða kröfuhafi, hafi hagsmuni af því að fá afstöðunni hrundið. Þannig gæti til dæmis kröfuhafi, sem hefur fengið viðurkennda forgangskröfu, ekki mótmælt að skiptastjóri viðurkenni réttlægri kröfu, enda hefði niðurstaða um síðarnefndu kröfuna engin áhrif á það hvort forgangskrafan fengist greidd við skiptin. Í 2. mgr. 60. gr. er að finna nánari fyrirmæli um hvernig sá skiptafundur fari fram þar sem fjallað er um kröfuskrána og hvernig skiptastjóri eigi að bregðast við mótmælum gegn afstöðu sinni til viðurkenningar kröfu og eftir atvikum að beina ágreiningi um hana til héraðsdómara til úrlausnar, sbr. 122. gr. Einstök atriði í þessu sambandi þykja ekki þarfnast sérstakra skýringa.

Um 61. gr.

Í 61. gr. er fjallað um hvernig skiptastjóri eigi að fara með kröfu sem berst honum ekki fyrr en eftir lok kröfulýsingarfrests, en sú meðferð er nánast sú sama og mælt er fyrir um í 59. og 60. gr. að teknu tilliti til þess að í tilviki sem þessu yrði ekki gerð kröfuskrá, heldur tæki skiptastjóri hér afstöðu til einnar tiltekinnar kröfu og boðað yrði til sérstaks skiptafundar til að fjalla um hana nema hún hafi borist svo skömmu eftir lok kröfulýsingarfrests að unnt væri að taka hana fyrir á skiptafundinum sem er haldinn til að fjalla um kröfuskrá. Að einu leyti er þó gert ráð fyrir að krafa sem kæmi of seint fram geti sætt annars konar meðferð en nú var lýst. Í upphafi 61. gr. segir að skiptastjóri eigi að fara með kröfu á framangreindan hátt ef hún berst honum eftir lok kröfulýsingarfrests en ekki er víst að hún sé fallin niður af þeim sökum. Af þessum orðum ber að draga þá ályktun að skiptastjóri verði fyrst í stað að athuga hvort krafan verði talin endanlega fallin niður fyrir vanlýsingu eða hvort einhver undanþága 58. gr. geti átt við þannig að henni megi allt að einu koma að þótt um síðir sé. Ef skiptastjóri teldi kröfuna endanlega fallna niður eftir fyrirmælum 58. gr. þyrfti hann hvorki að taka frekari afstöðu til réttmætis hennar né boða til skiptafundar til að fjalla um hana, heldur gæti hann látið við það sitja að tilkynna hlutaðeigandi kröfuhafa um þá niðurstöðu sína. Ef kröfuhafinn vildi ekki sæta þessu ætti hann heimtingu á að skiptastjóri legði ágreining þeirra fyrir héraðsdómara til úrlausnar, sbr. 122. gr.

Um 62. gr.

Í 62. gr. koma fram reglur sem mæla fyrir um viss þáttaskil við framkvæmd opinberra skipta þegar skiptafundur er haldinn til að fjalla um kröfuskrá og erfingjar hafa ekki lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum búsins. Ákvæði frumvarpsins miða að því að þegar slík ábyrgð hefur ekki fengist verði aðgerðum við opinber skipti hagað á þann veg fram að þessum skiptafundi að tekið verði jöfnum höndum tillit til hagsmuna erfingja og kröfuhafa, sbr. 69. gr., og leitast við að sneiða hjá ráðstöfunum sem gætu orðið öðrum hvorum hópnum til tjóns eða íþyngingar. Á skiptafundi, sem er haldinn til að fjalla um kröfuskrá, verður hins vegar leitt í ljós hverjar kröfur séu þegar viðurkenndar og hverjar kunni að hljóta viðurkenningu á síðari

stigum þegar ágreiningur um þær yrði leiddur til lykta, þannig að tiltölulega skýrar línur fást þar um hverjar skuldbindingar geti í mesta lagi hvílt á búinu. Þegar komið er að þessum fundi ættu að sama skapi að hafa átt sér stað nægilegar aðgerðir til að áætla megi með nokkurri vissu hvers virði eignir búsins komi til með að verða. Á fundinum ættu þannig að öðru jöfnu að vera skilyrði til að komast að raunhæfri niðurstöðu um hvort eignir dánarbúsins muni nægja til að fullnægja skuldbindingum þess og afgangur þeirra að renna til erfingja eða hvort eignir hrökkvi hér ekki til. Á þessu stigi á með öðrum orðum að vera unnt að slá því föstu hvort skiptin muni upp frá því fara fram með hagsmuni erfingja að leiðarljósi með því að eignir nægi til greiðslu skulda og arfs eða hvort skiptin fari fram með hagsmuni lánardrottna að leiðarljósi með því að eignir hrökkvi ekki til að greiða kröfur þeirra að fullu. Hér er því hægt að ákveða hvor hópurinn muni ráða ferðinni við frekari aðgerðir, erfingjar eða kröfuhafar og yrði þannig það tímabil liðið undir lok þar sem tekið væri tillit til hagsmuna beggja hópanna í senn.

Til þess að leiða til þeirra þáttaskila, sem hér um ræðir, er ætlast til þess í 1. mgr. 62. gr. að skiptastjóri geri grein fyrir því á skiptafundinum sem hann heldur til að fjalla um kröfuskrá hvernig hann meti efnahagsstöðu búsins og hvort hann muni upp frá því fara með skiptin af tilliti til hagsmuna erfingja, sbr. 2. mgr. 62. gr., eða kröfuhafa, sbr. 3. mgr. 62. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 62. gr. er það forsenda þess að skiptastjóri fari með búið frá þessum tíma með hagsmuni erfingja að leiðarljósi þótt þeir hafi ekki lýst yfir ábyrgð á skuldum búsins að hann telji víst að andvirði eigna þess muni nægja til að efna þær kröfur sem teljast þegar viðurkenndar á skiptafundinum, að viðbættri heildarfjárhæð krafna sem ágreiningur kann að standa um eða mætti enn þá koma að eftir lok kröfulýsingarfrests samkvæmt undantekningarreglum 58. gr. og kunnugt væri um þá þegar. Hér ber að leggja áherslu á það skilyrði 2. mgr. 62. gr. að skiptastjóri telji víst að staða búsins sé sú sem hér um ræðir. Ef vafi væri þannig um hvort andvirði eigna kunni að nægja til fullnustu skuldbindinga yrði ekki komist hjá að skiptastjóri færi þannig að sem lýst er í 3. mgr. ákvæðisins. Í þessu sambandi má þó benda á að erfingjar gætu valið þann kost að lýsa yfir ábyrgð á skuldbindingum búsins á þessu stigi þótt óvíst væri hvort eignir nægi fyrir skuldum eða jafnvel sýnt að þær muni ekki nægja, en slík yfirlýsing þeirra hefði sjálfkrafa í för með sér að ákvæði VIII. kafla frumvarpsins ættu við um framkvæmd skiptanna upp frá því og kæmi þannig ekki til kasta þeirrar leiðar sem kveðið er á um í 3. mgr. 62. gr.

Ef efnahagsstaða dánarbúsins er slík að hægt sé að telja umræddum skilyrðum 2. mgr. 62. gr. fullnægt er mælt svo fyrir í ákvæðinu að skiptastjóri greiði annars vegar þær kröfur á hendur búinu sem eru gjaldfallnar og viðurkenndar og taki hins vegar frá fé til að standa skil á þeim kröfum sem ekki eru komnar í gjalddaga, ágreiningur stendur um, háðar eru ókomnum skilyrðum eða vitað er um að megi koma að samkvæmt reglum 58. gr. þótt þeim hafi ekki verið lýst innan kröfulýsingarfrests. Eftir atvikum yrðu greiðslur eða frátaka fjármuna í þessu skyni að eiga sér stað á einhverjum tíma, allt eftir því hvort eignum hafi verið komið í verð í nægilegum mæli til að standa undir þeim aðgerðum. Þá er mælt svo fyrir í 2. mgr. 62. gr. að ef skilyrðum ákvæðisins er fullnægt skuli skiptastjóri, eftir því sem á við, haga frekari aðgerðum við skiptin eftir þeim reglum sem gildi þegar erfingjar hafa lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum dánarbúsins þótt slíkar yfirlýsingar hafi ekki verið gefnar. Með þessu er með öðrum orðum verið að beina skiptunum inn á þá braut að erfingjar fari einir með atkvæði á skiptafundum um ráðstafanir á hagsmunum búsins, sbr. ákvæði IX. kafla, að leggja megi erfingjum út eignir til fullnustu á kröfum þeirra um arf, sbr. 3. mgr. 54. gr. og 75. gr., og að skiptum megi ljúka eftir ákvæðum X. kafla að því leyti sem þau geta átt við án þess að erfingjar hafi berum orðum lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum búsins. Um síðastgreint atriði ber að hafa í huga að sumar reglur X. kafla gera ráð fyrir að skiptum verði lokið án þess að ráðstafanir verði gerðar til að greiða lýstar eða þekktar kröfur eða taka frá fé fyrir þeim. Slík málalok eru háð því að erfingjar standi í ábyrgð fyrir skuldbindingum búsins, enda geta þá ófullnægðir kröfuhafar gengið að erfingjunum í stað þess að krefjast fullnustu við skiptin. Þessi málalok kæmu hins vegar aldrei

til greina í þeim tilvikum þar sem framkvæmd skiptanna réðist af 2. mgr. 62. gr. því að erfingjar hefðu ekki tekið umrædda ábyrgð að sér, enda er beinlínis tekið fram fyrr í ákvæðinu að skiptastjóri eigi í þessum tilvikum að greiða allar kröfur eða taka frá fé til að standa skil á þeim á síðari stigum.

Ef efnahagur dánarbús er ekki með þeim hætti að því megi slá föstu að eignir muni nægja fyrir skuldum er mælt svo fyrir í 3. mgr. 62. gr. að skiptastjóri verði að taka þá ákvörðun að frekari framkvæmd skiptanna fari eftir lagareglum um gjaldþrotaskipti, en þessa ákvörðun yrði hann að kynna á skiptafundinum þar sem fjallað væri um kröfuskrá og hann yrði einnig að tilkynna héraðsdómara um hana. Þegar þannig stæði á væri um það að ræða að dánarbúið teldist ógjaldfært, en lagafyrirmæli um gjaldþrotaskipti taka einmitt gagngert til búskipta við þær aðstæður. Þessi tilhögun í 3. mgr. 62. gr. leiðir þannig til þess að ekki þurfi að gera ráð fyrir sérstökum fyrirmælum í frumvarpinu um hvernig staðið verði að skiptum á ógjaldfæru dánarbúi, en eins og vikið var að í almennum athugasemdum hér á undan þykir þessi leið horfa til mikillar einföldunar því að ella hefði orðið að taka hér upp efnislega fjölda reglna úr löggjöf um gjaldþrotaskipti að ófyrirsynju.

Tekið er fram í 3. mgr. 62. gr. að sú breyting, að framkvæmd opinberra skipta færist af sviði reglna þessa frumvarps yfir á svið reglna um gjaldþrotaskipti, eigi sér stað með því einu að skiptastjóri kunngeri ákvörðun sína um það og þurfi ekki sérstakan dómsúrskurð eða frekari tilkynningar, auglýsingar eða innköllun. Er þannig gert ráð fyrir að það nægi að þetta sé tilkynnt héraðsdómstólnum þar sem úrskurður gekk um að opinber skipti skyldu fara fram á dánarbúinu, jafnframt því að greint sé frá þessu á skiptafundi. Helstu afleiðingarnar af þessari ákvörðun yrðu þær að kröfur á hendur dánarbúinu teldust sjálfkrafa fallnar í gjalddaga þótt umsaminn efndatími væri enn ókominn, neyta mætti heimilda til skuldajafnaðar eftir sérreglum sem gilda við gjaldþrotaskipti, ákvörðunartaka um ráðstafanir á hagsmunum búsins færi eftir reglum um gjaldþrotaskipti en ekki fyrirmælum IX. kafla þessa frumvarps, höfða mætti mál til riftunar á ráðstöfunum þess látna, skuldheimtumenn ættu mun víðtækari rétt til að framfylgja kröfum sínum á hendur búinu vegna heimilda til að krefjast nauðungarsölu á eignum þess, greiðsla krafna færi eftir sérreglum um skuldaröð við gjaldþrotaskipti og sömuleiðis hvernig staðið yrði að því að ljúka skiptum og eftir atvikum gætu erfingjar leitað nauðasamnings fyrir dánarbúið.

Í niðurlagi 3. mgr. 62. gr. er tekið fram að ef ákveðið hefur verið að fara með dánarbú eftir reglum um framkvæmd gjaldþrotaskipta og eignir reynast vera fyrir hendi að greiddum skuldum leiði það til þeirrar breytingar að farið verði með skiptin frá þeim tíma eftir reglum 2. mgr. 62. gr. að því leyti sem ráðstöfunum hefur ekki verið lokið.

Í 4. mgr. 62. gr. er gert ráð fyrir að erfingjar eða kröfuhafar kunni að vera annarrar skoðunar um efnahag dánarbús en skiptastjóri, en með því að ákvörðun hans um hvort farið verði eftir 2. eða 3. mgr. ákvæðisins hefði umtalsverðar afleiðingar í för með sér fyrir hagsmuni hlutaðeigenda þykir eðlilegt að veita þeim rétt til að fá úrlausn héraðsdómara um hvort sú ákvörðun verði talin á rökum reist. Telja verður ólíklegt að ákvörðun um þessi efni gæti oft orðið tilefni til málefnalegs ágreinings.

Um 63.–66. gr.

Ákvæði 63.–66. gr. mynda VIII. kafla frumvarpsins og fjalla um meðferð krafna á hendur búi ef erfingjar hafa lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum þess, en þau eru í mörgum atriðum hliðstæð reglum 4. kapítula laga nr. 3/1878. Verulegur munur er á reglum um meðferð krafna á hendur dánarbúi eftir því hvort erfingjar hafi lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum þess eða ekki, bæði í núgildandi lögum og ákvæðum þessa frumvarps. Þetta byggist á því að þegar erfingjar hafa lýst þessari ábyrgð yfir fara skiptin að öllu leyti fram í þágu þeirra en ekki í þágu skuldheimtumanna, enda geta skuldheimtumenn þá neytt réttar til að ganga að einum eða fleiri erfingjum til að fá fullnustu á kröfum sínum án tillits til framvindu skiptanna, sbr. 66. gr.

Af þessum ástæðum er gengið út frá því að erfingjar upplýsi almennt að fyrra bragði hverjar skuldbindingar hvíli á dánarbúinu og láti eftir atvikum uppi hvort þeir vilji láta efna þær við skiptin eða ætli sér að sjá um greiðslu þeirra sjálfir, en til undantekninga heyri að skuldheimtumenn gefi sig fram við skiptin til að krefjast fullnustu. Í þessu ljósi og að fenginni reynslu af framkvæmd eftir núgildandi lögum eru ekki lagðar til yfirgripsmiklar reglur í frumvarpinu um hvernig verði farið með kröfur á hendur þessum dánarbúum.

Í 63. gr. er með sama hætti og í núgildandi lögum gengið út frá því að almennt komi ekki til þess að innköllun verði gefin út til skuldheimtumanna við opinber skipti þar sem erfingjar hafa ábyrgst skuldbindingar dánarbúsins, heldur verði þetta því aðeins gert að einn eða fleiri erfingjar óski sérstaklega eftir því þegar við upphaf skipta eða annars svo fljótt að það fái samrýmst því sem hefur þegar verið gert við skiptin og leiði ekki til þarflausra tafa á framkvæmd þeirra. Ef innköllun yrði gefin út við þessar aðstæður sem hefur heyrt til undantekninga eftir núgildandi lögum yrði hún sama efnis og kveðið er á um í ákvæðum VII. kafla frumvarpsins, kröfulýsingarfrestur yrði sá sami, kröfulýsingar yrðu að vera gerðar eins úr garði og þeim mundu fylgja sömu réttaráhrif og innköllunin hefði sömu áhrif og mælt er fyrir um í 58. gr. ef kröfu yrði ekki lýst. Frekar gæti hins vegar reynt á þá heimild, sem er kveðið á um í 3. mgr. 63. gr., til að skuldheimtumenn megi lýsa kröfum sínum fyrir skiptastjóra án þess að innköllun hafi verið gefin út, en slík kröfulýsing mundi þá veita skuldheimtumanni rétt til að fá fullnustu ef krafa hans yrði viðurkennd, hún væri komin í gjalddaga og eignir væru enn fyrir hendi til að greiða hana.

Í 64. gr. koma fram reglur um hvernig leyst verði úr hvort lýst krafa verði viðurkennd og eftir atvikum efnd við skiptin hvort sem innköllun hefur verið gefin út eða kröfu hefur verið lýst án innköllunar. Er gert ráð fyrir því að skiptastjóri boði erfingja til skiptafunda til að fjalla um lýstar kröfur, ýmist jafnharðan og hver krafa kemur fram eða til að fjalla um fleiri kröfur í senn. Erfingjum gefst kostur á að hafa uppi mótmæli gegn kröfum á þessum skiptafundum, en skiptastjóri á hér ekki að taka afstöðu til krafna andstætt því sem mælt er fyrir um í 59. gr. og áður var lýst. Komi fram mótmæli af hálfu erfingja gegn lýstri kröfu er gert ráð fyrir því í 2. mgr. 64. gr. að skiptastjóri leiti sátta um ágreininginn, en beri sú viðleitni ekki árangur vísi hann ágreiningnum til héraðsdómara til úrlausnar. Ef mótmæli koma hins vegar ekki fram á skiptafundi þar sem krafa hlýtur umfjöllun leiðir það til þess eftir 3. mgr. 64. gr. að hún teljist endanlega viðurkennd við skiptin.

Fyrirmæli koma fram í 3. mgr. 64. gr. og 65. gr. um heimildir þeirra sem telja til réttinda á hendur dánarbúi til að krefjast efnda undir þessum kringumstæðum og hver áhrif þeir geti haft á framkvæmd skiptanna. Kemur þannig í fyrsta lagi fram í 3. mgr. 64. gr. að ef krafa hefur verið viðurkennd og efndatími hennar er kominn eigi skiptastjóri að efna hana ef fjárhagur búsins leyfir nema erfingjar efni hana sjálfir eða nái samkomulagi við kröfuhafann um að gera það á síðara stigum gegn því að hann falli frá henni gagnvart búinu. Ef þannig stæði á að skiptastjóra bæri að efna fleiri kröfur en eina kemur fram í ákvæðinu að það skuli gert í þeirri röð sem þeim var lýst, en á þessum vettvangi gilda ekki reglur um skuldaröð eftir efni eða uppruna krafna. Þótt það sé ekki tekið fram í 3. mgr. 64. gr. verður sú ályktun dregin af ákvæðinu að ef á annað borð væri orðið skylt að efna kröfu sem hefur verið lýst væri óheimilt áður að efna kröfu sem hefur ekki verið lýst en erfingjar hafa bent á og óskað eftir að yrði fullnægt, nema því aðeins að fé búsins hrökkvi fyrir þeim báðum. Getur þannig skuldheimtumaður öðlast forgangsrétt til greiðslu af fjármunum búsins með lýsingu kröfu sinnar umfram þá sem hafa ekki gripið til þeirrar ráðstöfunar. Þetta mundi þó vitanlega ekki gilda um kröfur sem væru tryggðar með veði eða öðrum réttindum í eignum búsins að því leyti sem verið væri að ráðstafa andvirði þeirra eigna. Rétt er að undirstrika það sérstaklega að þessar reglur 3. mgr. 64. gr. gilda aðeins um kröfu ef efndatími hennar er þegar kominn, en lýsing ógjaldfallinnar kröfu veitir kröfuhafanum engan rétt til fullnustu nema að því leyti sem hún kynni að falla í gjalddaga fyrir lok skipta og fært væri þegar að því kæmi að efna hana.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því í 3. mgr. 64. gr. að kröfuhafi geti öðlast rétt til fullnustu af eignum dánarbús með lýsingu kröfu sinnar þótt hún sæti mótmælum ef krafan er þegar fallin í gjalddaga og skilyrði hefðu að öðru leyti verið til að efna hana ef engin mótmæli hefðu komið fram. Skiptastjóra ber þá að taka frá fé til greiðslu kröfunnar og varðveita það þar til ágreiningur um hana er leiddur til lykta, nema samkomulag takist um annað milli erfingja og kröfuhafans.

Í þriðja lagi koma fram reglur í 65. gr. um takmarkanir á heimild til að leggja erfingjum út eignir til greiðslu arfs ef innköllun hefur verið gefin út eða kröfu hefur verið lýst sem telst skylt að efna eða taka frá fé fyrir eftir ákvæðum 3. mgr. 64. gr. Er þannig mælt svo fyrir í 1. mgr. 65. gr. að ef innköllun hefur verið gefin út sé óheimilt að leggja erfingjum út eignir meðan kröfulýsingarfresti er ólokið, en í 2. mgr. kemur fram að útlagning megi ekki fara fram fyrr en lýstar kröfur hafa verið efndar að því leyti sem það getur talist skylt samkvæmt áðursögðu. Í sambandi við þetta er rétt að taka fram að ef innköllun hefur ekki verið gefin út og kröfu er fyrst lýst eftir að eignir hafa verið lagðar erfingjum út að einhverju leyti eða jafnvel öllu öðlast kröfuhafinn engan rétt til að fá hnekkt fyrri aðgerðum í þessum efnum heldur aðeins til að fyrirbyggja að frekari útlagning kunni að eiga sér stað.

Loks má benda á að í 66. gr. eru tekin af tvímæli um að lýsing kröfu við opinber skipti, þar sem erfingjar hafa lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum búsins, breyti á engan hátt rétti kröfuhafans til að ganga að erfingjunum persónulega og gildir einu hvort krafan hafi verið viðurkennd eða ágreiningur standi um hana eða hvort skylt sé að efna hana við skiptin skv. 3. mgr. 64. gr. eða ekki.

Um 67. gr.

Ákvæði 67.–71. gr. mynda þann kafla frumvarpsins sem fjallar um bústjórn eða ráðstöfun á hagsmunum dánarbús, en hér er um að ræða eitt helsta viðfangsefnið við framkvæmd opinberra skipta þar sem fengist er meira eða minna við umsýslu í þágu búsins. Skiptastjóra er ætlað að gegna störfum að þessu, en að talsverðu leyti leiða ákvæði þessa kafla til þess að hann verði háður ákvörðunum sem erfingjar og eftir atvikum skuldheimtumenn taka í þessum efnum á skiptafundum. Má því að nokkru líkja hlutverki skiptastjóra á þessu sviði við störf framkvæmdarstjóra meðan skiptafundir hafa sambærileg völd eins og um væri að ræða félagsstjórn. Reglur frumvarpsins í þessum efnum bera í senn keim af ákvæðum 24.–29. gr. laga nr. 3/1878, með þeim fyrirvara að skiptastjóri gegnir hér þeim störfum sem skiptaráðandi og eftir atvikum tilkvaddir aðstoðarmenn hans gegna eftir umræddum lögum og af ákvæðum XIII. kafla gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, þar sem bústjórar til bráðabirgða og skiptastjórar við gjaldþrotaskipti standa sambærilega að verki og mælt er fyrir um í frumvarpinu.

Í 1. mgr. 67. gr. er kveðið á um þá meginreglu að meðan á opinberum skiptum standi sé skiptastjóri einn bær um að gera ráðstafanir í þágu dánarbúsins og svara fyrir skyldur þess. Er tekið fram til áréttingar að hann komi fram fyrir dómi af hálfu búsins og geri samninga eða aðra löggerninga í þágu þess. Ófært er að telja með tæmandi hætti öll þau mismunandi tilvik þar sem gæti reynt á fyrirsvar skiptastjóra fyrir dánarbúið og má ekki skilja 1. mgr. 67. gr. á þann veg að það sé gert þar. Efnislega yrði líkast til komist næst réttri afmörkun á þessu með því að taka svo til orða að skiptastjóri komi fram í nafni búsins í nánast öllu hugsanlegu tilliti og að sama skapi séu engir aðrir bærir til þess svo gilt verði talið. Í tengslum við þetta má þó benda á að þótt þetta ótakmarkaða forræði á málefnum dánarbús sé falið skiptastjóra með ákvæði 1. mgr. 67. gr., útilokar reglan engan veginn að hann geti veitt öðrum umboð til að skuldbinda dánarbú eða gera aðrar ráðstafanir í nafni þess. Ef skiptastjóri tæki þannig til dæmis þá ákvörðun að halda áfram um sinn atvinnurekstri þess látna meðan á opinberum skiptum stæði gæti hann að sjálfsögðu veitt öðrum manni umboð til að hafa daglega stjórn rekstrarins með höndum að einhverju leyti eða öllu undir eftirliti sínu.

Í 2. mgr. 67. gr. er að finna eins konar leiðbeiningarreglu um helstu atriðin sem

skiptastjóri verður að gæta að við stjórn dánarbúsins. Verður ekki séð að einstök atriði ákvæðisins þarfnist skýringa.

Um 68. gr.

Í 1. og 2. mgr. 68. gr. er leitast við að draga fram meginatriðin í skilunum milli þeirra ákvarðana eða ráðstafana sem skiptastjóri yrði talinn bær um að taka eða gera upp á sitt eindæmi án þess að bera málefnið undir skiptafund og þeirra ákvarðana sem yrði að taka á skiptafundum. Vandasamt er að draga mörkin hér á milli og það verður heldur ekki gert með afgerandi hætti í lagafyrirmælum vegna þess hve fjölbreytilegar aðstæður geta komið upp í framkvæmd. Þegar reynt er að draga þessi mörk vegast einkum á tvenn sjónarmið, annars vegar hagræði og lipurð í aðgerðum í framkvæmd sem mæla mjög með að auka svigrúm skiptastjóra til aðgerða án samráðs við skiptafundi og hins vegar tillitið til hagsmuna þeirra sem krefjast fullnustu eða arfs úr hendi dánarbúsins sem mælir óneitanlega gegn verulegu svigrúmi skiptastjóra til sjálfstæðra ákvarðana. Síðarnefnda sjónarmiðið getur að auki haft mismikið vægi eftir því hvort verið er að horfa á hagsmuni þeirra sem krefjast fullnustu úr hendi búsins eða hvort horft sé til hagsmuna erfingja. Ef aðeins er tekið tillit til lánardrottna væri óhætt að veita skiptastjóra talsvert svigrúm því að reynslan af framkvæmd hefur sýnt að lánardrottnar vilji sem minnst afskipti hafa af einstökum ráðstöfunum ef það er aðeins tryggt að þær gefi sem mest af sér. Ef hagsmunir erfingja eru hins vegar hafðir í fyrirrúmi er nærri alveg um það gagnstæða að ræða, enda gætir þar oft áhrifa af því að einstakir munir dánarbús hafi tilfinningalegt gildi fyrir erfingja og þeim standi þannig ekki á sama hvernig mununum sé ráðstafað þótt hægt sé að tryggja eðlilegt verð fyrir þá.

Í 1. og 2. mgr. 68. gr. er leitast við að þræða meðalveg milli þeirra andstæðu sjónarmiða sem hér hefur verið lýst. Er það gert með þeirri meginstefnu að skiptastjóri geti gert vissar ráðstafanir upp á eindæmi sitt og eru þær helstu þeirra annars vegar ýmsar aðkallandi og mikilsverðar ráðstafanir sem verða ekki taldar þola bið eftir ákvörðun skiptafundar, sbr. 1. mgr., og minni háttar ráðstafanir sem gætu einkum lotið að daglegri umsýslu eða öðrum atriðum sem varða enga verulega hagsmuni, sbr. 2. mgr. Skiptastjóra væri að auki ávallt rétt og skylt að taka ákvarðanir um mikilsverð málefni án samráðs við skiptafundi ef það væri nauðsynlegt til að varna tjóni, sbr. einnig 2. mgr. Skiptafundum er hins vegar ætlað að taka ákvarðanir um ráðstöfun mikilsverðra réttinda, hvort kröfum sem einhverju skipta verði haldið uppi eða þær gefnar eftir og hvernig haldið verði um aðra hagsmuni sem geta skipt miklu fyrir hag búsins, sbr. 2. mgr. Hjá þessum reglum mættu hlutaðeigendur hæglega víkja ef þeim sýndist svo því að tekið er fram í niðurlagi 2. mgr. að skiptastjóri geti borið fleiri málefni undir skiptafundi en beinlínis er skylt, en engar takmarkanir eru settar við því hversu lítilfjörleg ákvörðunaratriði það gætu orðið. Þetta gæti skiptastjóri ákveðið upp á sitt eindæmi eða eftir óskum erfingja ef honum sýndist ástæða til. Eins mætti víkja frá þessu á gagnstæðan veg þótt það sé ekki berum orðum tekið fram í ákvæðum 68. gr., t.d. með því að allir hlutaðeigendur lýsi yfir á fyrsta skiptafundi að þeir vilji láta skiptastjóra um allar ráðstafanir eftir því sem honum þyki skynsamlegast hverju sinni eða með því að erfingjar ákveði til dæmis að fasteign búsins verði seld á frjálsum markaði og feli skiptastjóra að velja fasteignasala til að leita kaupenda og taka afstöðu til tilboða sem kynnu að koma fram án samráðs við skiptafund.

Í 3.–5. mgr. 68. gr. er kveðið á um rétt erfingja og lánardrottna sem hafa ekki fengið fullnustu hjá dánarbúinu til að halda uppi hagsmunum sem búið hefur ákveðið að halda ekki uppi sjálft, enda hafi þá skiptastjóri ekki áður skuldbundið búið með gagnstæðri yfirlýsingu. Er gert ráð fyrir að hver og einn þessara geti gripið til slíkrar aðgerðar á eigin áhættu og kostnað til hagsbóta fyrir búið, en ef hagsmunirnir ynnust með þessum hætti ætti hlutaðeigandi rétt á að fá kostnað sinn endurgreiddan, sbr. 3. mgr. Skiptastjóra er heimilað í 5. mgr. að taka hagsmunina í sínar hendur á ný ef hann telur tilefni til, en þá ber að greiða hlutaðeiganda það sem hann kann að hafa kostað til fram að því. Þessar reglur eru hliðstæðar ákvæðum 40.

og 41. gr. laga nr. 3/1878 og 114. gr. laga nr. 6/1978, en mjög lítið hefur reynt á þau í framkvæmd.

Um 69. gr.

Í 69. gr. er að finna fyrirmæli um það hverjir eigi rétt til að sækja skiptafundi og njóta þar málfrelsis og tillöguréttar og hvernig atkvæði fundarmanna verði ákveðin ef þau þarf að greiða til að komast að niðurstöðu um ákvörðun skiptafundar um tiltekið málefni.

Í 1.–3. mgr. 69. gr. er kveðið á um rétt erfingja og kröfuhafa til að sækja skiptafundi. Í 1. mgr. kemur fram að erfingjar eigi þennan rétt þótt þeir hafi ekki lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum búsins, meðan skiptastjóri hefur ekki orðið að ákveða að framkvæmd skiptanna fari eftir reglum um gjaldþrotaskipti, sbr. 3. mgr. 62. gr., en ef sú ákvörðun yrði tekin glata erfingjar rétti til fundarsóknar. Í 3. mgr. 69. gr. kemur hins vegar fram að ef erfingjar hafa lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum búsins eigi þeir einir rétt til að sækja skiptafundi. Í 2. mgr. 69. gr. er mælt fyrir um rétt kröfuhafa til að sækja skiptafundi sem er verulega takmarkaður. Sá réttur yrði aðeins fyrir hendi í tilvikum þar sem erfingjar hafa ekki lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum dánarbúsins og stæði aðeins yfir á kröfulýsingarfresti og þeim tíma sem liði eftir lok hans án þess að hlutaðeigandi kröfuhafar hafi fengið efndir. Sérstaklega er tekið fram í 2. mgr. að kröfuhafi sem telur sig eiga tilkall til annars en peningagreiðslu úr hendi búsins eigi ekki rétt til að sækja skiptafundi nema verið sé að fjalla um hagsmuni hans, enda ætti umfjöllun á skiptafundum um ráðstöfun einstakra eigna til að afla fjár til að efna peningakröfur almennt ekki að varða hagsmuni slíks kröfuhafa.

Í 4. mgr. 69. gr. er mælt fyrir um hvernig atkvæðisréttur verði ákveðinn handa hverjum erfingja og skuldheimtumanni á skiptafundi, en þessi réttur fylgir því sjálfkrafa að eiga rétt til fundarsóknar eftir 1.–3. mgr.

Meginreglan um skiptingu atkvæða milli erfingja er á þann veg að hver þeirra fari með atkvæði sem nemi arfshlutfalli sínu, en ef sá látni lætur eftir sig maka fari hann að auki með atkvæði í skjóli búshluta síns ef verið sé að fjalla um afdrif hjúskapareignar. Ef erfingjar þess látna væru þannig til dæmis maki hans og þrjú börn, engin erfðaskrá lægi fyrir og verið væri að fjalla um hjúskapareignir mætti líta svo á að samanlögð atkvæði þeirra allra væru 100. Af þeim færi maki með 50 í skjóli búshluta síns og 16,7 til viðbótar í skjóli lögerfðaréttar eða alls 66,7 atkvæði. Hvert barnanna þriggja nyti hins vegar 11,1 atkvæðis í skjóli lögerfðahlutfalls síns. Ef erfðaréttindi réðust af fyrirmælum erfðaskrár mundi síður reyna á almennar atkvæðagreiðslur um ráðstöfun einstakra muna því að almennt væri kveðið þar á um að tilteknir munir kæmu í hlut hvers erfingja og ættu þá aðrir erfingjar ekki atkvæði um meðferð munanna. Ef tiltekin verðmæti ættu hins vegar að skiptast milli ákveðins hóps erfingja kæmu atkvæði eftir eðli málsins aðeins í þeirra hlut og þá í þeim hlutföllum sem erfðaskrá segði að skipting milli þeirra ætti að fara eftir. Í ákvæðum 4. mgr. 69. gr. er ekki vikið að því hvernig færi um atkvæði við þá hugsanlegu aðstöðu að ágreiningur stæði um hver ætti með réttu tilkall til arfs, en undir þeim kringumstæðum yrði skiptastjóri að styðjast við þær reglur ákvæðisins með lögjöfnun sem varða atkvæðisrétt á grundvelli umdeildrar kröfu annars en erfingja. Rétt er að endingu að benda á það í þessu sambandi að ef ekki lægju fyrir upplýsingar um neinn sem gæti kallað til arfs eftir þann látna þá yrði að telja Erfðafjársjóð fara með öll atkvæði erfingja, sbr. 1. mgr. 55. gr. erfðalaga, nr. 8/1962.

Í 4. mgr. 69. gr. er kveðið á um að atkvæði skiptist milli kröfuhafa eftir fjárhæðum krafna þeirra, en þar er um sömu reglu að ræða og kemur fram í 1. mgr. 97. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6 1978. Við ákvörðun atkvæða innbyrðis milli kröfuhafa yrði þannig að leggja saman fjárhæðir krafnanna og finna síðan hvert hlutfall hver kröfuhafi ætti af heildarfjárhæðinni. Ef kröfur væru þannig alls að fjárhæð 1.000.000 kr. færi kröfuhafi sem ætti kröfu að fjárhæð 100.000 kr. með 10 af 100 atkvæðum. Því er bætt við í 4. mgr. 69. gr., eftir fyrirmynd í 98.–100. gr. laga nr. 6/1978, að atkvæðisréttur geti fylgt ógjaldfallinni, skilyrtri eða umdeildri kröfu, en þá kæmi í

hlut skiptastjóra að ákveða til bráðabirgða hvert atkvæðið yrði. Sama regla á við um kröfu sem er tryggð að hluta, en þá tæki skiptastjóri ákvörðun um það hver hluti kröfunnar teldist ótryggður og hver atkvæði fylgdu þeim hluta hennar. Af þessari síðastnefndu reglu verður gagnályktað á þann veg að ef krafa nýtur tryggingar í eignum búsins fylgi henni ekki atkvæði sem má telja óþarft að taka fram berum orðum, en vitanlega ætti þá hlutaðeigandi rétt til afskipta af ráðstöfun þeirrar eignar sem hann nyti tryggingarréttar í ef ekki væri víst að hann fengi fullar efndir af andvirði eignarinnar. Rétt er að vekja athygli á því að í ljósi þess, að atkvæði kröfuhafa ráðist af fjárhæðum krafna þeirra, er sjálfgefið að þeir sem telji sig eiga tilkall til annars en peningagreiðslu úr hendi búsins njóti ekki atkvæðisréttar á skiptafundum.

Í 4. mgr. 69. gr. er gert ráð fyrir þeirri aðstöðu að atkvæðisréttur geti í senn verið í höndum erfingja og kröfuhafa, en þetta ætti aðeins við í tilvikum þar sem erfingjar hafa ekki lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum búsins og ekki hefur enn verið ákveðið hvort frekari framkvæmd skiptanna fari eftir 2. eða 3. mgr. 62. gr. Vikið hefur verið að því hér áður að þessari tillögu sé ætlað að ráða bót á þeim ókosti núgildandi laga að erfingjar eigi engan rétt til afskipta af ráðstöfunum ef þeir hafa ekki tekið að sér umrædda ábyrgð, jafnvel þótt ljóst sé að eignir nægi ríflega fyrir skuldum. Þessar úrbætur felast í því að við þessar aðstæður eigi að skipta heildaratkvæðum í tvo jafna hluta og skipta öðrum helmingnum milli erfingja og eftir atvikum maka eftir áðurgreindum almennum reglum 4. mgr. 69. gr., en hinum helmingnum milli kröfuhafa eftir þeim reglum ákvæðisins sem að þeim snúa. Hver erfingi og kröfuhafi færi síðan með sjálfstætt atkvæði fyrir sínu hlutfalli.

Loks má geta þess um 4. mgr. 69. gr. að mælt er fyrir um það í niðurlagi ákvæðisins að ef greiða eigi atkvæði um málefni sem varði sérstaklega hagsmuni tiltekins erfingja eða kröfuhafa skuli atkvæði hlutaðeiganda falla niður. Þetta gæti til dæmis átt við ef fimm börn þess látna væru erfingjar hans að jöfnu og eitt þeirra gerði kauptilboð í fasteign búsins sem þyrfti að greiða atkvæði um. Þar sem segir í ákvæðinu að atkvæði hlutaðeiganda falli niður þegar þannig standi á er átt við að reikna verði atkvæðahlutföll sjálfstætt við atkvæðagreiðsluna. Í því dæmi, sem hér var nefnt, yrði þannig að telja hvert þeirra fjögurra barna þess látna, sem ættu atkvæðisrétt um kauptilboð þess fimmta, færi með 25 af 100 atkvæðum.

Í 5. mgr. 69. gr. er mælt fyrir um að skiptastjóri geti ákveðið að aðrir en áðurtaldir fái að sækja skiptafund ef hann telur nærveru þeirra geta orðið til hagræðis eða fundarefni varðar hagsmuni þeirra. Hagræði gæti orðið af því að fá til dæmis sérfróðan mann um verðlagningu vissra eigna til að koma á skiptafund og skýra fyrir fundarmönnum hvers virði hann telji slíka eign dánarbúsins vera. Eins gæti fundarefni snúið að hagsmunum manns sem væri hvorki erfingi né kröfuhafi, t.d. ef um væri að ræða mann sem ætti hlut í sameignarfélagi á móti dánarbúinu. Skiptastjóra er ætlað að ráða fram úr því hvort slíkir utanaðkomandi menn eigi erindi á skiptafund, hvort sem hann tæki það upp hjá sjálfum sér eða erfingi eða kröfuhafi gerði tillögu um að boða hlutaðeiganda á fund. Menn, sem sæktu fund eftir þessari heimild, ættu vitanlega ekki atkvæðisrétt og fengju ekki notið málfrelsis eða tillöguréttar nema eftir ákvörðun skiptastjóra. Rétt er að benda á að draga megi þá almennu ályktun af 5. mgr. 69. gr. að aðrir en erfingjar, kröfuhafar og þeir sem fengju að sitja skiptafund eftir þessari sérheimild eigi ekki rétt á að koma á skiptafund þótt skiptastjóri yrði að virða heimildir erfingja eða kröfuhafa til að hafa með sér lögfræðilega ráðgjafa á fundum.

Um 70. gr.

Í 70. gr. er mælt fyrir um hvernig komist verði að niðurstöðu á skiptafundi um málefni sem á undir ákvörðunarvald hans. Í framkvæmd er almennt um það að ræða að sammæli verði um ákvarðanir á skiptafundum og þá oftast um að fara að tillögu þess sem hefur framkvæmd skiptanna með höndum, en við þær aðstæður reynir að sjálfsögðu ekki á atkvæðagreiðslur til að komast að niðurstöðum. Hins vegar geta verið uppi þær aðstæður að einróma niðurstaða fáist ekki eða að fundarsókn sé lítil eða engin og verða því að vera tiltækar reglur til að ráða

fram úr því hver verði talin ákvörðun skiptafundar sem skiptastjóra væri síðan ætlað að framfylgja.

Í 1. og 2. mgr. 70. gr. koma fram reglur um það hver þurfi að vera lágmarksfundarsókn til að skiptastjóri geti talið ályktanir skiptafundar marktækar og hvernig hann bregðist við ef fundarsókn nær ekki því lágmarki. Á sama hátt og í 2. mgr. 97. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, er ráðgert í 1. mgr. 70. gr. frumvarpsins að skiptafundur verði ekki talinn fær um að taka ákvörðun nema hann sé sóttur af þeim sem fara með að minnsta kosti þriðjung heildaratkvæða á honum. Er þannig litið svo á að ef fundarsókn er minni sé of mikil óvissa um hvort álit fundarmanna gefi marktæka mynd af almennum vilja þeirra sem njóti atkvæða til að byggt verði á því. Skiptastjóra verður ekki ætlað að starfa við þá aðstöðu að geta ekki gert ráðstafanir við skiptin sökum þess að erfingjar eða kröfuhafar sýni ekki þann áhuga á að gæta hagsmuna sinna að þeir sæki skiptafundi. Af þeirri ástæðu er skiptastjóra ætlað sjálfum að ráða fundarefninu til lykta ef fundur reynist ekki vera ályktunarfær, sbr. 2. mgr. 70. gr., en í þeim efnum gæti hann að sjálfsögðu tekið meira eða minna tillit til álits þeirra sem sóttu þó fundinn. Skiptastjóra er einnig heimilað í 2. mgr. að reyna að ná fram áliti á nýjum fundi ef hann kýs að boða til hans fremur en að taka ákvörðun sjálfur. Reglur 1. og 2. mgr. 70. gr. eru svipaðar ákvæðum 26. gr. laga nr. 3/1878 að því gættu að þar er ekki mælt fyrir um lágmarksfundarsókn.

Í 3.–5. mgr. 70. gr. koma fram reglur um hvernig niðurstaða ráðist um fundarefni á skiptafundi sem er ályktunarfær skv. 1. mgr. Reglurnar í þessum efnum eru í flestum atriðum þær sömu og hafa verið byggðar á 24. gr. laga nr. 3/1878 í framkvæmd og fræðikenningum. Í meginatriðum verður leitt af 3.–5. mgr. 70. gr. að skiptastjóri sé almennt bundinn af einróma niðurstöðu fundar eða áliti meiri hluta fundarmanna við atkvæðagreiðslu, sbr. 3. og 4. mgr., en ef atkvæði féllu jafnt eða þau dreifðust um fleiri en tvær tillögur með þeim hætti að enginn meiri hluti fundarmanna myndaðist um eina þeirra yrði skiptastjóri að ráða niðurstöðu nema hann kysi frekar að bjóða til nýs fundar um málefnið, sbr. 5. mgr. Í ákvæðum 3. og 4. mgr. eru hins vegar settir ýmsir fyrirvarar sem gætu leitt til þess að skiptastjóri þyrfti ekki að fara eftir einróma ályktun eða ályktun meiri hluta. Þessir fyrirvarar heimila skiptastjóra að virða slíkar ályktanir að vettugi ef þær væru að mati hans andstæðar lögum, óheiðarlegar, óframkvæmanlegar, ósamrýmanlegar hagsmunum erfingja eða kröfuhafa sem sóttu ekki fund eða hafa ekki enn haft uppi kröfur eða fælu í sér misnotkun aðstöðu af hendi meiri hluta fundarmanna á kostnað minni hluta. Með þessum hætti yrðu skiptastjóra í orði kveðnu veitt talsverð völd til að hnekkja ákvörðun skiptafundar sem væri annars bindandi fyrir hann, en þegar litið er til þeirra atriða sem gætu gefið honum tilefni til slíks má telja sýnt að lítið geti reynt á þetta. Ef þessara heimilda yrði hins vegar neytt er mælt svo fyrir í 3. og 4. mgr. að skiptastjóri geti tekið sjálfstæða ákvörðun um málefnið eða boðað til nýs fundar um það ef hann teldi það réttara.

Um 71. gr.

Í 1. mgr. 71. gr. er mælt fyrir um að skiptastjóri verði að meginreglu að láta uppi jafnharðan á skiptafundi hver niðurstaða hafi orðið um hvert málefni, en með þessu er einkum stefnt að tvennu. Annars vegar að fundarmönnum sé gert tvímælalaust ljóst hvað teljist hafa verið ákveðið, t.d. hvernig hafi verið reiknað að atkvæði hafi fallið og hver teljist þannig ályktun meiri hluta, hvort skiptastjóri ætli að fylgja ályktun meiri hlutans eða víkja frá henni samkvæmt heimild í 3. eða 4. mgr. 70. gr. eða hvernig skiptastjóri hafi ákveðið að ráða málefni til lykta á fundi sem er ekki ályktunarfær eða þar sem meiri hluti hefur ekki myndast. Hins vegar er þessari meginreglu ætlað að stuðla að ákveðnari og hraðari framkvæmd skiptanna með því að komist verði að niðurstöðu um einstök málefni jafnharðan en ekki látið frestast milli funda að taka af skarið um ráðstafanir. Í 1. mgr. 71. gr. er að vísu gert ráð fyrir að fresta megi ákvörðun til nýs fundar, en þessi orð ákvæðisins fela aðeins í sér vísun til heimilda í 70. gr. handa skiptastjóra til að ákveða að leggja málefni fyrir nýjan skiptafund. Hér er því ekki

um að ræða almenna heimild handa skiptastjóra til að fresta ákvörðunartöku þótt hann mætti eftir atvikum fallast á einróma óskir fundarmanna eða óskir meiri hluta þeirra um að fresta tiltekinni ákvörðun milli funda ef hann teldi málefnanlega ástæðu búa að baki slíkum óskum. Um 1. mgr. 71. gr. má loks benda á að skiptastjóra er ætlað að gera grein fyrir því á skiptafundum hvað hann hafi gert sem máli skiptir um hagsmuni búsins frá síðasta fundi. Skiptastjóri ætti þannig til dæmis að greina fundarmönnum frá því hvernig hann hafi fylgt eftir ákvörðun þeirra um að selja tiltekna eign búsins eða hverjar ráðstafanir hann hafi gert án samráðs við skiptafund um hagsmuni sem einhverju skipta.

Í 2. mgr. 71. gr. er kveðið á um að erfingjar og eftir atvikum kröfuhafar, sem sæki ekki skiptafund sem þeir hafa verið sannanlega boðaðir til, glati rétti til að mótmæla ákvörðunum sem þar voru teknar og ráðstöfunum sem þar voru kynntar. Þessi regla er sama efnis og ákvæði 25. gr. laga nr. 3/1878 og má því telja þarflaust að fjalla frekar um hana hér.

Í 3. mgr. 71. gr. er mælt fyrir um rétt erfingja og kröfuhafa til að hafa uppi mótmæli ef þeir telja ákvörðun á skiptafundi eða ráðstöfun skiptastjóra ólögmæta og hafa ekki glatað rétti til að mótmæla henni, sbr. 2. mgr. 71. gr., en ef slík mótmæli koma fram og skiptastjóra tekst ekki að leysa ágreininginn ber honum að leggja málefnið fyrir héraðsdómara til úrlausnar, sbr. 122. gr. Um helstu atriði þessa ákvæðis má annars vegar nefna að erfingi eða kröfuhafi kann að telja ákvörðun eða niðurstöðu sem er kynnt á skiptafundi skv. 1. mgr. 71. gr. ólögmæta af ýmsum sökum. Sá galli gæti t.d. verið á boðun fundarins að aðeins fáir þeirra sem áttu rétt til að sækja fundinn vissu um hann og líklegt er að atkvæði hefðu fallið á annan veg ef réttilega hefði verið að þessu staðið. Eins má vera að skiptastjóri hafi ákveðið að virða niðurstöðu atkvæðagreiðslu að vettugi án nægrar heimildar í 3. eða 4. mgr. 70. gr. eða að hann hafi látið hjá líða að grípa í taumana eftir heimildum þeirra atkvæða þótt ástæða hafi verið til. Með því að koma fram mótmælum gætu hlutaðeigendur átt þess kost að fá niðurstöðu fundarins hnekkt áður en henni yrði framfylgt, en eftir niðurlagsorðum 3. mgr. 71. gr. mætti skiptastjóri að öðru jöfnu ekki fylgja niðurstöðunni eftir meðan ágreiningurinn væri óleystur. Hins vegar má benda á að erfingi eða kröfuhafi gæti talið ráðstöfun skiptastjóra ólögmæta ef hann hefði til dæmis gripið til aðgerðar án samráðs við skiptafund og án nægrar heimildar til sjálfstæðrar ákvörðunar í 1. eða 2. mgr. 69. gr. eða ef skiptastjóri hefði farið út fyrir heimild skiptafundar í tiltekinni ráðstöfun. Í þessu sambandi verður þó að hafa í huga að verið er að ræða um ráðstafanir sem skiptastjóri hefði þá þegar gert og væri því um orðinn hlut að ræða sem að öðru jöfnu yrði ekki horfið frá. Úrlausn um það hvort ráðstöfunin hafi verið lögmæt gæti hins vegar haft þá þýðingu að niðurstaða fengist um hvort skiptastjóri hafi brotið af sér í starfi eða honum hafi orðið á mistök sem gætu t.d. varðað hann bótaskyldu eða frávikningu.

Um 72. gr.

Í X. kafla frumvarpsins, sem 72.–84. gr. heyra til, er fjallað um hvernig opinberum skiptum verði lokið, til hverra aðgerða verði að grípa í tengslum við skiptalok og að hverju leyti megi taka opinber skipti upp á ný. Nokkrir kostir eru um það hvernig opinberu skiptunum verði lokið sem eru háðir aðstæðum hverju sinni, en rétt er benda þegar á það að eftir hugtakanotkun í frumvarpinu er hugsanlegt að opinberum skiptum ljúki þótt skiptum á dánarbúinu ljúki ekki um leið. Er til dæmis rætt um lok opinberra skipta í 74. gr. með því að erfingjum sé veitt leyfi til einkaskipta sem verður síðan lokið á síðari stigum. Þá má einnig nefna að kostirnir um hvernig opinberum skiptum á dánarbúi verður lokið eru ekki með öllu tæmandi taldir í X. kafla frumvarpsins því að ef skipti dánarbús færu eftir reglum um gjaldþrotaskipti, sbr. 3. mgr. 62. gr., færi einnig eftir þeim reglum um lok skiptanna. Af almennum atriðum varðandi ákvæði X. kafla er að endingu rétt að nefna að þar er hvergi gert ráð fyrir einfaldri aðferð til að ljúka opinberum skiptum vegna eignaleysis dánarbús á borð við þá sem kemur fram í 42. gr. laga nr. 3/1878. Þetta er einfaldlega byggt á því að gengið er út frá að ákvæði 25. og 26. gr. frumvarpsins leiði til þess að skiptum á dánarbúum, sem svo er ástatt

um, ljúki þegar í stað í höndum sýslumanna og að auki að enginn sjái sér hag í því að krefjast opinberra skipta á eignalausu dánarbúi án brýns tilefnis og þurfa að bera kostnað af þeirri aðgerð, sbr. 41. gr. Því má enn fremur bæta við að málalok verða nánast aldrei eftir 42. gr. laga nr. 3/1878 í framkvæmd.

Í 72. gr. er mælt fyrir um hvernig skiptum verði lokið á dánarbúi þar sem erfingjar hafa lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum búsins ef í ljós kemur undir skiptunum að andvirði eigna þess muni ekki hrökkva fyrir öðru en skiptakostnaði og kröfum sem hefur verið lýst fyrir skiptastjóra og krefjast má fullnustu á skv. 3. mgr. 64. gr. Er þá gert ráð fyrir að skiptastjóri noti fé búsins til greiðslu á þessum skuldbindingum svo langt sem það nær, en geri síðan yfirlit um meðferð á fjármunum búsins og boði erfingja til skiptafundar til að tjá sig um efni þess. Ef erfingjar geta ekki bent á frekari eignir eða réttindi búsins á skiptafundinum er skiptastjóra ætlað að ljúka skiptunum þá þegar með áritun sinni þar um á yfirlitið, sbr. 2. mgr. 72. gr. Samkvæmt 4. mgr. 72. gr. gæti skiptastjóri eftir atvikum lokið skiptum með þessum hætti og haldið eftir fé til að greiða gjaldfallna umdeilda kröfu eftir reglum 1. mgr. 76. gr. með því að geta þeirrar ráðstöfunar í yfirliti sínu og hann gæti einnig ákveðið að ljúka skiptum með þessum hætti þótt búið kynni að telja til frekari eigna ef ekki þætti réttmætt að fresta skiptalokum þar til unnt yrði að ráðstafa þeim, sbr. 2. mgr. 76. gr.

Í athugasemdum við 3. mgr. 64. gr. var vikið að því að sú staða gæti komið upp að innköllun væri ekki gefin út og skiptastjóri hafi lagt erfingjum út eignir áður en kröfu yrði lýst fyrir honum sem eftirstöðvar eignanna mundu ekki nægja fyrir. Við þær aðstæður ætti kröfuhafinn ekki rétt á því að útlagningin gengi tilbaka þannig að búið ætti fé til að fullnægja kröfu hans. Þessi aðstaða er síður en svo líkleg til að koma upp í framkvæmd, en ef á hana reyndi gæti skiptastjóri ekki lokið skiptum eftir 72. gr. heldur yrði hann að fara þá almennu leið sem er mælt fyrir um í 77. gr., enda yrði að öðrum kosti ekki fært að koma fram formlegum málalokum varðandi þær eignir sem voru lagðar erfingjum út á fyrri stigum.

Í 3. mgr. 72. gr. er mælt fyrir um það úrræði handa þeim sem vilja ekki fella sig við ákvörðun skiptastjóra um að ljúka skiptum eftir öðrum reglum greinarinnar að þeir geti mótmælt ákvörðuninni og komið því eftir atvikum til leiðar að héraðsdómari verði að leysa úr hvort skilyrði séu fyrir þessum málalokum, sbr. 122. gr. Þetta ákvæði á rætur að rekja til þess að skiptastjóra er ætlað að taka af skarið um þessi málalok án tillits til vilja erfingja, enda væri að öðrum kosti hætt við skiptum yrði haldið áfram að þarflausu, en í því ljósi má telja eðlilegt að unnt verði að fá leyst úr um réttmæti slíkrar ákvörðunar skiptastjóra. Réttur til að hafa uppi mótmæli sem þessi yrði aðeins í höndum erfingja, en ekki kröfuhafa, enda yrðu ekki aðrir boðaðir til skiptafundar um þessi málalok en erfingjar samkvæmt niðurlagi 1. mgr. 72. gr.

Í 2. mgr. 72. gr. er ráðgert að skiptastjóri tilkynni héraðsdómara um málalok sem þessi, svo og sýslumanni sem skiptin áttu undir í öndverðu, en ekki yrði um að ræða afhendingu á frekari gögnum af þessu tilefni til sýslumanns með því að ekki kæmi til greiðslu erfðafjárskatts undir þessum kringumstæðum.

Um 73. gr.

Í 73. gr. er mælt fyrir um heimild til að ljúka opinberum skiptum á þann hátt að maka þess látna verði veitt leyfi til setu í óskiptu búi. Er gert ráð fyrir að þessi heimild verði fyrir hendi í öðrum tilvikum en þeim þar sem farið yrði með búið eftir reglum um gjaldþrotaskipti vegna ógjaldfærni þess, sbr. 3. mgr. 62. gr., og að gera mætti þetta án þess að efna lýstar kröfur eða setja tryggingu fyrir þeim, sbr. 2. mgr. 73. gr., enda ábyrgðist þá að minnsta kosti maki þess látna efndir á kröfunum ef ekki aðrir erfingjar með honum. Þá er enn fremur gert ráð fyrir að beita mætti þessari heimild til að ljúka skiptum að hluta með því að makinn fengi leyfi til setu í óskiptu búi með einhverjum af erfingjum þess látna en öðrum yrði greiddur út arfur eftir almennum reglum.

Í reglum 73. gr. er ráðgert að málalok sem þessi beri að með þeim hætti að maki þess látna

láti uppi ósk sín um þau við skiptastjóra með því að afhenda honum umsókn um leyfi til setu í óskiptu búi sem væri gerð eftir almennum reglum II. kafla erfðalaga, nr. 8/1962. Ætlast er til að skiptastjóri athugi hvort einhver tormerki séu á að makanum verði veitt leyfið. Ef skiptastjóri teldi svo vera yrði hann að halda skiptunum áfram eftir almennum reglum, en makinn gæti þá eftir atvikum krafist úrlausnar héraðsdómara um þá afstöðu á grundvelli 47. eða 122. gr. Ef skiptastjóri teldi ekkert standa í vegi fyrir veitingu leyfisins er ráðgert í 1. mgr. 73. gr. að hann framsendi erindið sýslumanninum sem skiptin áttu undir, en sýslumaður taki afstöðu til þess eftir almennum reglum. Ef leyfið yrði síðan veitt væri skiptastjóra skylt að ljúka opinberu skiptunum þá þegar, en áður bæri þó að greiða kostnað af þeim. Skiptastjóri bæri síðan að tilkynna héraðsdómara um þessi málalok, sbr. 3. mgr. 73. gr.

Í framkvæmd hefur verið sjaldgæft á síðustu árum að opinberum skiptum hafi lokið með veitingu leyfis til setu í óskiptu búi. Stafar það væntanlega af því að heimildir maka til setu í óskiptu búi hafa verið rýmkaðar mjög á undanförnum árum með breytingu ákvæða erfðalaga, þannig að leyfi sem þessi hafa væntanlega verið veitt án þess að það reyni á opinber skipti í tilvikum þar sem slíkt hefði verið óhjákvæmilegt eftir eldri reglum.

Um 74. gr.

Í 74. gr. er gert ráð fyrir heimild til að ljúka opinberum skiptum með því að erfingjar fái leyfi til einkaskipta á dánarbúi að undangengnum einhverjum meiri eða minni aðgerðum við opinberu skiptin. Þessi leið hefur verið nokkuð algeng í framkvæmd eftir lögum nr. 3/1878, en hún hefur fyrst og fremst komið til í tilvikum þar sem skylt hefur verið eftir ákvæðum þeirra laga að byrja að minnsta kosti aðgerðir við skiptin með opinberum skiptum. Með því að þær reglur laga nr. 3/1878, sem hafa öðrum fremur valdið þessari aðstöðu, eiga sér ekki hliðstæður í ákvæðum þessa frumvarps má vænta að mjög dragi úr þessari leið ef frumvarpið verður að lögum. Allt að einu er hugsanlegt að erfingjar kynnu að telja þennan kost ákjósanlegan ef opinber skipti hafa til dæmis komið til vegna ágreinings milli þeirra sem hefur verið leystur eða vegna þess að þeir hafi ekki viljað ábyrgjast skuldbindingar búsins af ótta við að eignir þess mundu ekki hrökkva fyrir skuldum en innköllun hafi síðan leitt í ljós að sá ótti hafi verið ástæðulaus. Þykir því nauðsynlegt að þetta úrræði verði áfram heimilað sérstaklega.

Skilyrði þess, að opinberum skiptum verði lokið með veitingu leyfis til einkaskipta, koma fram í 1. mgr. 74. gr, en til þess að það geti orðið verður í fyrsta lagi að vera fullnægt almennum skilyrðum fyrir einkaskiptum skv. 28. gr., í öðru lagi verður kröfulýsingarfresti að vera lokið ef innköllun hefur verið gefin út, í þriðja lagi verða lýstar kröfur að hafa verið greiddar að því leyti sem þær eru gjaldfallnar, trygging sett fyrir þeim eða kröfuhafinn samþykkt annars að af einkaskiptum verði og loks í fjórða lagi verður kostnaður af skiptunum að greiðast. Í því skilyrði einkaskipta skv. 1. mgr. 74. gr., að ákvæðum 28. gr. sé fullnægt, felst meðal annars að erfingjar verði að lýsa yfir ábyrgð á skuldbindingum. Í þessu sambandi er rétt að benda á að þetta yrði nauðsynlegt þótt innköllun hafi verið gefin út við opinberu skiptin og allar lýstar kröfur hafi verið greiddar því að erfingjar yrðu að ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn kröfur sem kynni að mega koma að eftir lok kröfulýsingarfrests, sbr. 58. gr., og greiðslu gjalda vegna arftöku, þar á meðal erfðafjárskatt.

Í 1. mgr. 74. gr. er gert ráð fyrir að þessi málalok beri að með hliðstæðum hætti og áður var lýst varðandi 1. mgr. 73. gr. og þarf því ekki að tíunda þetta frekar hér. Samkvæmt 3. mgr. 74. gr. er ætlast til að skiptastjóri tilkynni héraðsdómara ef opinberum skiptum lýkur með þessum hætti.

Um 75. gr.

Í 1. mgr. 75. gr. er tekið af skarið um að skiptastjóri þurfi ekki að bíða með að leggja út eignir til að fullnægja kröfum erfingja um arf þangað til skiptunum verður endanlega lokið, en byggt er á þeirri reglu bæði í 3. mgr. 54. gr. og 65. gr. Af tilliti til hagsmuna kröfuhafa verður

þetta þó ekki gert nema að vissum skilyrðum fullnægðum og önnur atriði geta einnig haft áhrif í þessu sambandi. Leiðir þannig annars vegar af fyrirmælum í upphafi ákvæðisins að útlagning megi ekki fara fram nema annaðhvort að erfingjar hafi lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum búsins og skilyrðum 65. gr. sé fullnægt eða ef þeir hafa ekki lýst þeirri ábyrgð yfir að svo standi á sem segir í 2. mgr. 62. gr., með öðrum orðum að kröfulýsingarfresti sé lokið og kröfur hafi verið efndar eða tekið frá fé fyrir þeim án tillits til gjalddaga þeirra, skilyrða fyrir þeim eða ágreinings um þær. Hins vegar er tiltekið í 1. mgr. 75. gr. að útlagning megi ekki fara fram í þeim mæli að fé liggi ekki fyrir til greiðslu skiptakostnaðar og erfðafjárskatts, en eftir atvikum gætu erfingjar komist hjá þeirri hindrun með því að greiða sjálfir kostnaðinn og skattinn. Að öðru leyti er vert að nefna að skiptastjóri yrði að gæta þess sérstaklega við útlagningu að hún leiði ekki til hættu á að einn eða fleiri erfingjar kynnu að fá meira í sinn hlut en þeim bæri að endingu, en til að forðast þá hættu yrði nærtækast að láta ekki verða af útlagningu nema hún ætti sér stað samtímis og í sambærilegum mæli til allra.

Í 2. mgr. 75. gr. er kveðið á um efndir á kröfum gjafþega, en þessar reglur þykja skýra sig sjálfar.

Um 76. gr.

Í framkvæmd er almennt staðið að opinberum skiptum með þeim hætti að ekki sé hugað að því að ljúka þeim fyrr en lokið hefur verið að ráðstafa eignum dánarbús og efna skuldbindingar þess og er sú leið í alla staði eðlileg þótt hún kunni að kosta nokkurn drátt á málalokum. Í undantekningartilvikum kann hins vegar að standa þannig á að eitt atriði eða örfá standi óleyst þegar öllum öðrum hefur verið ráðið til lykta og fyrirsjáanlegt þyki að allnokkur bið geti orðið eftir því að greitt verði úr þeim. Ef þetta gerist getur orðið til óhagræðis og jafnvel tjóns fyrir erfingja að beðið sé með að ljúka skiptum. Af þessum ástæðum er gert ráð fyrir heimild til að ljúka skiptum við aðstæður sem þessar í 45. gr. laga nr. 3/1878, svo og í 126. gr. laga nr. 6/1978 þegar um gjaldþrotaskipti er að ræða, með það fyrir augum að skiptin verði tekin upp á ný þegar viðkomandi málefnum er endanlega ráðið til lykta. Þessar heimildir verða þó að skoðast með því hugarfari að nánast sé um þrautalendingu að ræða, enda hefur þeim verið sparlega beitt í framkvæmd. Við opinber skipti dánarbús gæti þetta til dæmis átt rétt á sér ef sá látni hefur átt inni arf í óskiptu búi sem hefur runnið til dánarbúsins, dánarbúið telji sig eiga lága skuldakröfu sem engu skiptir fyrir efnahag þess í heild og ágreiningur stendur um eða erfingjar hafa ekki lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum búsins, kröfu hefur verið lýst sem fellur ekki í gjalddaga fyrr en að mörgum árum liðnum og kröfueigandinn vill ekki taka við greiðslu þegar í stað.

Reglum 76. gr. er ætlað að koma að þörfum við þær undantekningaraðstæður sem hér um ræðir, en með sambærilegum hætti og mælt er fyrir um í 45. gr. laga nr. 3/1878 er gert ráð fyrir að ljúka megi skiptum þótt enn sé óvissa um skuldbindingu búsins eða hugsanlega eign þess. Í 76. gr. er byggt á því að skiptastjóri ljúki þá skiptum án þess að taka frekara tillit til þess atriðis sem enn er óútkljáð en taki frá fé til að mæta skuldbindingum sem kunna að tengjast því. Þrátt fyrir að opinberum skiptum yrði lokið á þessum grundvelli er eftir sem áður gert ráð fyrir að skiptastjóri fylgi hagsmunum búsins eftir í nafni þess, en að fengnum málalokum yrðu skiptin tekin upp á ný eftir 82. eða 83. gr. ef málalokin gæfu tilefni til þess. Lok opinberu skiptanna mundu því ekki leiða til þess við þessar aðstæður að dánarbúið nyti ekki lengur hæfis til að eiga réttindi eða bera skyldur, enda er orðalagi ákvæða 2. og 3. mgr. 2. gr., sem snúa að rétthæfi dánarbús sem lögpersónu, hagað af tilliti til þessa möguleika.

Einstök atriði í reglum 76. gr. þykja ekki þarfnast frekari skýringa en hér hafa komið fram.

Um 77.–79. gr.

Í þessum ákvæðum frumvarpsins er mælt fyrir um hvernig opinberum skiptum verði lokið á dánarbúi með svonefndri úthlutunargerð, en þessi leið yrði farin ef skiptum væri ekki lokið eftir 72., 73. eða 74. gr. og dánarbúið væri gjaldfært, þannig að ekki væri farið með það eftir reglum um framkvæmd og lok gjaldþrotaskipta, sbr. 3. mgr. 62. gr. Ákvæði 77.–79. gr. eru að talsverðu leyti sambærileg reglum 49. gr. laga nr. 3/1878 og XVIII. kafla gjaldþrotalaga, nr. 6 1978, en styðjast að öðru leyti við venjur sem hafa mótast í þessum efnum í framkvæmd. Er því ekki tilefni til teljandi umfjöllunar hér um einstök atriði þessara ákvæða.

Í 77. gr. er kveðið á um að skiptastjóri eigi að gera frumvarp til úthlutunar svo fljótt sem verða má eftir að öll málefni búsins hafa verið útkljáð. Um efni frumvarpsins eru nokkuð ítarleg ákvæði í einstökum töluliðum 1. mgr. 77. gr., en þau eru hliðstæð því sem hefur tíðkast í framkvæmd um árabil.

Í 78. og 79. gr. er mælt fyrir um hvernig skiptastjóri standi síðan að verki þegar hann hefur gert frumvarp sitt. Eftir 1. mgr. 78. gr. á hann að boða erfingja til skiptafundar og eru reglurnar í þeim efnum um margt þær sömu og koma fram í 2. mgr. 59. gr. um boðun til skiptafundar um kröfuskrá. Á fundinum á skiptastjórinn að gera grein fyrir frumvarpinu og veita nánari upplýsingar eftir beiðni erfingja, sbr. 2. mgr. 78. gr. Þar skal erfingjum gefinn kostur á að hafa uppi mótmæli gegn frumvarpinu, en komi engin mótmæli fram telst frumvarpið samþykkt sem úthlutunargerð, sbr. 3. mgr. 78. gr., og áritar þá skiptastjóri frumvarpið um það og að skiptum sé þar með lokið. Ef mótmæli koma hins vegar fram gegn frumvarpinu er mælt fyrir í 79. gr. um *hvernig skiptastjóri bregðist við þeim*. Í þessu sambandi ber að leggja áherslu á að það telst skilyrði þess að mótmælin leiði til frekari aðgerða að sá sem hafi þau uppi hafi ekki þegar glatað rétti til að hafa uppi athugasemdir um málefnið. Þetta skilyrði hefur verulega þýðingu því að þegar skiptin væru komin á þetta stig væri almennt þá þegar endanlega útkljáð hverjir ættu rétt til arfs, sbr. 53. gr., *hverjar kröfur á hendur búinu verði viðurkenndar*, sbr. 3. mgr. 60. gr. eða 3. mgr. 64. gr., og hvernig hagsmunum búsins yrði ráðstafað, sbr. 2. og 3. mgr. 71. gr. Má þannig segja að hverfandi líkindi séu fyrir því að mótmæli geti komið fram gegn efni frumvarpsins sem ekki verður þegar vísað á bug vegna þessa skilyrðis, enda hefur reynslan verið sú af sambærilegri beitingu 49. gr. laga nr. 3/1878 að mótmæli gegn frumvarpi til úthlutunar séu nánast óþekkt. Ekki verður séð að ástæða sé til að gera nánari grein fyrir einstökum efnisatriðum 79. gr. sem má telja að skýri sig sjálf.

Um 80. gr.

Í 1. mgr. 80. gr. er mælt fyrir um hvernig skiptastjóri standi að greiðslum í samræmi við úthlutunargerð vegna skiptanna að því leyti sem greiðslur hafa ekki þegar átt sér stað á fyrri stigum. Skiptastjóri á þannig að standa skil á erfðafjárskatti sem tillit yrði tekið til í úthlutunargerð skv. 4. tölul. 1. mgr. 77. gr., en um álagningu og greiðslu skattsins við opinber skipti eru reglur í lögum nr. 83/1984 eins og lagt er til að þeim verði breytt með 18. tölul. 136. gr. frumvarpsins. Samhliða þessu bæri skiptastjóra að greiða erfingjum, lögráðamönnum þeirra eða umboðsmönnum út arf eða gefa þeim út heimildarbréf fyrir eignum sem væru lagðar út erfingjum til greiðslu arfs, að því leyti sem greiðslur hefðu ekki átt sér stað eða útlagning meðan á skiptunum stóð, sbr. 75. gr. Í sambandi við útborgun arfs er vert að benda hér á tvennt. Annars vegar er skiptastjóra ekki ætlað að greiða arf til sérstakra lögráðamanna sem hafa verið skipaðir eftir 1. mgr. 13. gr., heldur á hann eftir hljóðan 1. mgr. 80. gr. að greiða arfinn lögráðamanni og er þá átt við reglulegan lögráðamann hlutaðeigandi erfingja. Stafar þetta af því að hlutverki sérstaks lögráðamanns lýkur við lok skipta og á hann því hvorki erindi til að taka við fénu fyrir ólögráða erfingja né til að hafa það undir höndum eða ráðstafa því eftir þann tíma, heldur er slíkt aðeins á færi reglulegs lögráðamanns að gættum reglum lögræðislaga, nr. 68/1984. Hins vegar er skiptastjóra ekki ætlað að greiða út arf til málsvara sem hefði verið skipaður fyrir erfingja eftir heimildum 2. eða 3. mgr. 13. gr., heldur færi eftir ákvæðum 81. gr. í þeim efnum.

Í 2. mgr. er kveðið á um að skiptastjóra beri að tilkynna héraðsdómara skriflega um skiptalokin og jafnframt sýslumanni sem skiptin áttu undir, en með tilkynningu til sýslumanns skal úthlutunargerðin fylgja. Úthlutunargerð, erfðafjárskýrsla og jafnvel frekari gögn tengd skiptalokum yrðu þó hvort eð er send sýslumanni í sambandi við álagningu erfðafjárskatts eftir því sem ráðgert er í tillögum um breytingar á reglum laga nr. 83/1984 í 136. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. 80. gr. er loks mælt fyrir um hvernig fari um ábyrgð erfingja á skuldbindingum dánarbúsins eftir skiptalok. Hafi þeir lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum berum orðum og innköllun hefur ekki verið gefin út er gert ráð fyrir að þeir beri einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð (solidaríska ábyrgð) á öllum kröfum sem yrði síðar beint að þeim, án tillits til þess hvort kunnugt hafi verið um skuldbindinguna meðan á skiptunum stóð. Hafi þeir lýst yfir slíkri ábyrgð en innköllun hefur verið gefin út ábyrgjast þeir aðeins efndir krafna sem var lýst við skiptin og greiddust ekki og krafna sem mætti koma að á síðari stigum án tillits til vanlýsingar eftir ákvæðum 58. gr., en í báðum tilvikum yrði ábyrgð þeirra sem fyrr solidarísk. Ekki er tekið fram um hvernig fari um ábyrgð í þeim tilvikum sem erfingjar hafa ekki lýst henni yfir berum orðum, en sú niðurstaða liggur væntanlega í augum uppi að engin ábyrgð yrði fyrir hendi eftir skiptalok fremur en meðan á skiptunum stóð, auk þess að beinlínis er gefið til kynna að sú ábyrgð sé útilokuð í 2. mgr. 62. gr. Ákvæði 3. mgr. 80. gr. um ábyrgð erfingja á skuldbindingum eftir skiptalok er frábrugðin ákvæðum laga nr. 3/1878 að því leyti að í 52. gr. laganna er kveðið á um solidaríska ábyrgð erfingja á skuldbindingum sem hefur verið lýst meðan á skiptum stóð en greiddust ekki, en ábyrgð þeirra er hlutafallsleg (pro rata) á skuldbindingum sem ekki var lýst við skiptin þótt undantekningar í ákvæðinu leiði til að ábyrgðin geti einnig orðið solidarísk undir þeim kringumstæðum. Reglur umræddrar 52. gr. laga nr. 3/1878 þykja hvorki svo skýrar né eðlilegar í ljósi ákvörðunarvalds erfingja um hvort innköllun verði gefin út við opinber skipti þegar þeir ábyrgjast skuldbindingar búsins að þær verði hafðar til fyrirmyndar í 3. mgr. 80. gr. frumvarpsins.

Um 81. gr.

Í 1.–3. mgr. 81. gr. er mælt fyrir um hvernig skiptastjóri ráðstafi arfi sem hefur verið ætlaður erfingja sem vitað var um en gaf sig ekki fram við skiptin. Hér er um erfingja að ræða sem málsvari yrði skipaður fyrir við skiptin eftir fyrirmælum 3. mgr. 13. gr., en svo sem vikið var að í athugasemdum við 1. mgr. 80. gr. hér á undan yrði arfurinn aldrei greiddur málsvaranum. Þess í stað kemur fram í 1. mgr. 81. gr. að skiptastjóri verði að leggja arfinn á reikning við banka eða sparisjóð sem beri svo háa vexti sem kostur sé, en þessi fyrirmæli hafa þannig sjálfkrafa í för með sér að skiptastjóri gæti aldrei ráðgert að slíkur erfingi fái annað í sinn hlut við skiptin en peninga. Þegar féð hefði verið lagt á slíkan innlánsreikning er mælt svo fyrir í niðurlagi 1. mgr. 81. gr. að skiptastjóri skuli afhenda sýslumanninum sem skiptin áttu undir skilríki fyrir reikningnum. Eftir 2. mgr. 81. gr. á sýslumaður að gæta að því þegar eftir viðtöku skilríkja fyrir slíkum reikningi hvort innköllun hafi verið gefin út til erfingja við skiptin. Hafi það ekki verið gert er sýslumanni skylt að fá birta tvívegis í Lögbirtingablaði sérstaka áskorun til erfingjans um að vitja fjárins. Í 3. mgr. 81. gr. er síðan kveðið á um það að erfinginn hafi frest til að kalla eftir fénu hjá sýslumanni í tíu ár frá því birt var innköllun til erfingja við skiptin eða sérstök áskorun skv. 2. mgr. 81. gr., en sama réttar njóta þó þeir sem gætu sannað fyrir sýslumanni að þeir ættu rétt til fjárins í stað erfingjans, t.d. dánarbú erfingjans ef dómsúrlausn hefði gengið um lát hans. Ef þessi tíu ára frestur liði án þess að erfingi eða réttartaki hans kallaði eftir fénu leiða ákvæði 3. mgr. 81. gr. til þess að sérstakur eins árs frestur byrji þá að líða, en á honum gætu þeir sem teldu til erfðaréttar eftir erfingjann, sem féð var varðveitt fyrir, krafist greiðslu þess eins og hann hefði verið látinn þegar arfurinn féll honum til handa í öndverðu. Er rétt að taka fram að eftir 3. mgr. 81. gr. þyrfti engra sannana við um lát erfingjans ef kallað yrði eftir arfinum á umræddum eins árs fresti. Liði hins

vegar þessi frestur án þess að kallað yrði eftir arfinum er mælt svo fyrir í 3. mgr. 81. gr. að sýslumaður greiði féð í ríkissjóð, en þetta yrði þannig gert að liðnum ellefu árum frá birtingu innköllunar eða sérstakrar áskorunar skv. 2. mgr. ákvæðisins. Í þessu sambandi er rétt að benda á að reglur koma fram í 2. mgr. 84. gr. um rétt manns til að krefjast endurgreiðslu arfs úr hendi annars manns sem hefur fengið hann ranglega greiddan við opinber skipti, en sú regla gæti átt við um endurheimtu arfs sem væri greiddur öðrum en erfingjanum sjálfum eftir 3. mgr. 81. gr. ef frestur til endurheimtu skv. 2. mgr. 84. gr. væri þá ekki liðinn. Reglum 1.–3. mgr. 81. gr. og 2. mgr. 84. gr. er ætlað að koma meðal annars í stað ákvæða 56. gr. erfðalaga, nr. 8/1962, en kveðið er á um brottfall þeirra ákvæða í 5. tölul. 136. gr. frumvarpsins.

Í 4. mgr. 81. gr. er síðan kveðið á um hvernig fari um útborgun arfs sem hefur fallið í hlut erfingja sem málsvari var skipaður fyrir eftir 2. mgr. 13. gr., en þar er um að ræða tilvik þar sem málsvari yrði skipaður vegna þess að fjárráða erfingi væri ófær um að gæta hagsmuna sinna. Eins og í þeim tilvikum, sem ákvæði 1.–3. mgr. 81. gr. taka til, yrði málsvaranum ekki greiddur arfurinn, heldur yrði skiptastjóri yfirleitt að hafa arfinn handbæran í peningum og leggja hann á reikning við banka eða sparisjóð eftir fyrirmælum 1. mgr. Skilríki fyrir reikningnum yrðu síðan afhent sýslumanninum sem skiptin áttu undir, en honum bæri að varðveita þau þar til erfinginn gæti sjálfur gefið sig fram til að taka við þeim eða annar sem sannaði rétt sinn til fjárins í stað erfingjans eða í þágu hans. Undir þessum kringumstæðum er sýslumanni þannig ekki ætlað að ráðstafa fénu í ríkissjóð að liðnum vissum tíma eins og mælt er fyrir um í 3. mgr. 81. gr.

Um 82. og 83. gr.

Í þessum ákvæðum er mælt fyrir um skyldu skiptastjóra til að taka opinber skipti upp á ný ef hann hefur lokið þeim með því að taka frá fé fyrir ógreiddum kröfum á hendur búinu eða án þess að taka tillit til óvissra réttinda þess, sbr. 76. gr. Er hér gert ráð fyrir að skiptastjóri taki upp skiptin án formlegs aðdraganda og fari síðan að með áþekkum hætti og hann hefði annars gert áður en skiptum var lokið.

Þannig kemur fram í 82. gr. að skiptastjóri eigi að verja fé, sem hann tók frá til að mæta óvissri kröfu, til greiðslu hennar ef hún telst að endingu eiga að hljóta efndir, en ef féð fellur nákvæmlega fyrir kröfunni þyrfti ekki frekari aðgerða við. Ef fé stæði hins vegar eftir yrði að fara með það eftir ákvæðum 83. gr. eins og ef um væri að ræða annað fé sem hafi losnað um til ráðstöfunar fyrir búið.

Í 83. gr. kemur fram að skiptastjóri eigi að ráðstafa réttindum sem hafa fallið til búsins eftir skiptalok, eftir atvikum eftir að hafa haldið skiptafundi eftir fyrirmælum IX. kafla, og gera síðan frumvarp til viðbótarúthlutunar handa erfingjum og ljúka skiptum endanlega eftir reglum 78.–81. gr. Samkvæmt 2. mgr. 83. gr. yrði farið eins að ef eign kæmi fram eftir skiptalok sem átti að renna til búsins en ekki var vitað um meðan á skiptunum stóð.

Í 82. og 83. gr. koma fram sérstakar heimildir handa skiptastjóra til að láta hjá líða að framkvæma viðbótarúthlutun til erfingja við endurupptöku, en þess í stað að greiða fyrirliggjandi fé í ríkissjóð. Fyrir þeirri ráðstöfun eru þau skilyrði sett að fjárhæðin sé svo óveruleg að hlutdeild hvers erfingja í því stæði ekki undir kostnaði af viðbótarúthlutun. Þessar heimildir eiga sér hliðstæðu í 2. mgr. 131. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978.

Um 84. gr.

Í 1. mgr. 84. gr. eru tekin af tvímæli um að opinber skipti verði ekki endurupptekin undir öðrum kringumstæðum en þeim sem mælt er fyrir um í 82. og 83. gr. Skiptir þannig ekki máli hver ástæða eða röksemd yrði færð fyrir endurupptöku, hvort sem bent væri á að maður hafi tekið við arfi sem átti ekki réttmætt tilkall til hans eða að skiptin hafi annars farið ranglega fram. Ef slík aðstaða kæmi upp er gert ráð fyrir að sá sem kynni að leita breytinga eða leiðréttinga haldi uppi kröfum sínum með höfðun einkamáls eftir almennum reglum á hendur þeim sem hafi ranglega fengið verðmæti í hendur við skiptin.

Í 2. mgr. 84. gr. er mælt fyrir um hvers efnis sú krafa gæti orðið sem maður héldi uppi á hendur þeim sem hefði fengið ranglega arf í hans stað og á hverjum tíma slík krafa fyrnist. Þessari reglu er ætlað að koma í stað 2. mgr. 56. gr. erfðalaga, nr. 8/1962, en mælt er fyrir um brottfall þess ákvæðis í 5. tölul. 136. gr. frumvarpsins.

Um 85. gr.

85. gr. er upphafsákvæði 3. þáttar frumvarpsins þar sem reglur þess koma fram um einkaskipti á dánarbúum. Þessum þætti er skipt í þrjá kafla og fjallar XI. kafli, 85.–90. gr., um stöðu erfingja og kröfuhafa við einkaskipti, XII. kafli, 91. og 92. gr., geymir reglur um niðurfellingu leyfis til einkaskipta og í XIII. kafla, 93.–97. gr., eru reglur um lok einkaskipta. Ákvæði 3. þáttar frumvarpsins eiga sér ekki hliðstæður í öllum atriðum í ákvæðum laga nr. 3 1878, en reglur frumvarpsins um einkaskipti eru að verulegu leyti sniðnar eftir venjum sem hefur verið fylgt í áratugi á þessu sviði.

Í 1. mgr. 85. gr. kemur fram sú regla að frá því að leyfi til einkaskipta hefur verið veitt og þar til annaðhvort skiptum lýkur eða leyfið er fellt niður fari erfingjarnir í sameiningu með forræði á dánarbúinu og eru einir bærir um að ráðstafa hagsmunum þess og svara fyrir skyldur þess. Þessi regla á sér ekki hliðstæðu í orðum laga nr. 3/1878 þótt þar sé tvímælalaust byggt á þessari skipan. Vert er að vekja athygli á því að eitt meginatriði þessarar reglu er það að erfingjar fari í sameiningu með umrætt forræði. Ákvörðunartaka um hagsmuni búsins á þannig undir erfingjana sameiginlega og þeir verða allir að standa í sameiningu að ráðstöfunum. Af augljósum ástæðum getur orðið þungt í vöfum að standa að einstökum aðgerðum varðandi hagsmuni búsins við einkaskipti ef erfingjar eru margir. Af þeim sökum er í 2. mgr. 85. gr. sérstaklega minnst á ráðagerð 2. mgr. 29. gr. um að erfingjar geti í beiðni um leyfi til einkaskipta tilnefnt einn eða fleiri úr sínum hópi eða utanaðkomandi mann til að koma fram af hálfu búsins í samskiptum við aðra. Hér er í reynd um það að ræða að þeir sem fara með forræði á dánarbúinu veiti tilteknum manni eða mönnum umboð af hálfu búsins til ráðstafana og þyrfti því ekki sérstaka heimild í ákvæðum frumvarpsins til að það yrði talið heimilt, en tillaga er þeim mun frekar gerð um þessa reglu til að vekja athygli á þessum kosti sem gæti leitt til verulegs hagsræðis við framkvæmd einkaskipta.

Um 86. gr.

Í 86. gr. kemur fram regla til áréttingar á því sem hefur verið gengið út frá í fræðikenningum og framkvæmd þótt ekki sé kveðið berum orðum á um það í lögum nr. 3/1878 að erfingjar þurfi að vera á einu máli um allar aðgerðir við einkaskipti til þess að af þeim geti orðið, en frá þessu megi þeir þó víkja með samningi. Með þessu er verið að undirstrika það grundvallareinkenni einkaskipta að erfingjar þurfi ekki aðeins að vera einhuga um að þau fari fram heldur þurfi einnig að vera sammæli um allar ráðstafanir sem eiga sér stað við einkaskiptin. Við einkaskipti er því ekki um það að ræða eins og við opinber skipti að meiri hluti geti ráðið ákvörðun af hálfu búsins, enda fengi það ekki staðist við einkaskipti þar sem erfingjar verða allir sem einn að standa að því að framfylgja slíkri ákvörðun, sbr. 1. mgr. 85. gr. Ef sú staða kæmi upp við einkaskipti að til dæmis einn erfingi af tíu fengist ekki með nokkru móti til að fella sig við ráðagerð sem hinir væru allir sammála um væri almennt ekki um annað úrræði að tefla en að erfingjar leituðu eftir opinberum skiptum, enda yrði afstaða meiri hlutans að öðru jöfnu lögð þar til grundvallar, sbr. 4. mgr. 70. gr. Hins vegar er gert ráð fyrir því í 86. gr. að erfingjar geti samið um það sín á milli að láta meiri hluta ráða hverju sinni, en eins og tekið er beinlínis fram í ákvæðinu stæði slíkur samningur ekki í vegi fyrir að erfingi gæti krafist opinberra skipta skv. 1. mgr. 38. gr. sem mundi leiða til þess að leyfi til einkaskipta félli niður. Þessi varnagli um skuldbindingargildi slíks samnings er nauðsynlegur af tilliti til þess, að meiri hluti erfingja kann að vera á einu máli um að gera tiltekna ráðstöfun sem yrði minni hlutanum til tjóns eða væri beinlínis andstæð lögum. Minni hlutinn ætti þá þann kost að

krefjast opinberra skipta til að koma í veg fyrir að ráðstöfunin næði fram að ganga með því að skiptastjóri gæti þar virt ákvörðun meiri hlutans að vettugi eftir heimildum 4. mgr. 70. gr.

Um 87. gr.

Í 1. mgr. 87. gr. er mælt fyrir um að erfingjar geti gefið út og fengið birta í Lögbirtingablaði innköllun til þeirra sem telja til réttinda á hendur búinu. Innköllun af þessum toga hefði litla þýðingu því að fram kemur í niðurlagi þessa ákvæðis að henni fylgi ekki þau áhrif sem mælt er fyrir um í 58. gr. eða með öðrum orðum að innköllunin leiddi ekki til að vanlýstar kröfur féllu niður. Innköllunin mundi því í reynd þjóna þeim eina tilgangi við þessar aðstæður að upplýsingar gætu komið fram um skuldbindingar sem erfingjunum var ekki kunnugt um að fyrra bragði, en í ljósi þessa tilgangs er sú regla eðlileg sem kemur fram í 1. mgr. 87. gr. að erfingjar hafi í hendi sér að ákveða kröfulýsingarfrest og hvert kröfulýsingum yrði beint. Í 76. gr. laga nr. 3/1878 er heimild handa erfingjum til að gefa út innköllun við einkaskipti í þessum sama tilgangi, en henni hefur sjaldan ef nokkurn tímann verið beitt í framkvæmd. Þrátt fyrir það þykir ekki fyllilega réttmætt að leggja til að heimild til þessarar aðgerðar verði felld úr lögum.

Í 2. mgr. 87. gr. er kveðið á um þá sjálfsögðu reglu að kröfuhafi geti lýst kröfu á hendur dánarbúi fyrir erfingjum eða tilkynnt þeim um tilvist hennar á annan þann hátt sem hann kýs. Í niðurlagi 2. mgr. kemur hins vegar fram meginatriði þessa ákvæðis þar sem tekin eru af tvímæli um að kröfulýsing eða tilkynning sem þessi hafi ekki þau áhrif sem kröfulýsing hefði við opinber skipti skv. 4. mgr. 57. gr., að vera ígildi málshöfðunar, nema mál verði rekið um kröfuna eftir sérstakri heimild í 2. mgr. 90. gr.

Í 3. mgr. 87. gr. kemur fram sú regla að mál verði ekki höfðað eftir almennum reglum á hendur dánarbúi þótt það sé til einkaskipta nema á grundvelli tiltekinna ákvæða frumvarpsins, en sérstaklega er þó tekið fram að þessi regla girði ekki fyrir að kröfuhafi geti haft uppi gagnkröfur til skuldajafnaðar eða sjálfstæðs dóms á hendur dánarbúi ef búið hefur höfðað mál á hendur honum um kröfu sem það kann að eiga. Er regla 3. mgr. byggð á því viðhorfi að ef kröfuhafi þarf að afla sér dóms um réttindi sín á hendur búinu eigi hann að beina málsókn sinni að erfingjunum persónulega, einum eða fleiri, á grundvelli ábyrgðar þeirra á skuldbindingum búsins, en ekki að búinu sem slíku.

Um 88. gr.

Í 88. gr. er að finna reglur sem mæla fyrir um það í hverjum mæli megi beina fullnustugerðum og tryggingargerðum að dánarbúi sem er til einkaskipta. Fyrirmæli eru ekki fyrir hendi um þetta efni í ákvæðum laga nr. 3/1878 sem hefur leitt til nokkurrar óvissu, en ákvæði 88. gr. byggjast á þeirri meginreglu að aðgerðum sem þessum verði ekki beint að dánarbúi eða eignum þess þótt það sé til einkaskipta, heldur verði kröfuhafi að öðru jöfnu að fylgja eftir réttindum sínum með slíkum aðgerðum gagnvart erfingjunum persónulega. Undantekningar eru þó ráðgerðar frá þeirri meginreglu með því að í fyrsta lagi er heimilað í 1. mgr. 88. gr. að fjárnám, kyrrsetning eða löggeymsla geti átt sér stað í eign dánarbúsins ef eignin stendur fyrir fram að veði eða á annan hátt til tryggingar fyrir þeirri kröfu sem fullnustu- eða tryggingargerðarinnar er krafist fyrir. Í öðru lagi er kveðið á um heimild í 2. mgr. 88. gr. til að beina aðfarargerð að dánarbúi ef henni er ætlað að fullnægja kröfu um annað en peningagreiðslu, sbr. XI. og XII. kafla laga um aðför, nr. 90/1989, en þessi heimild nær þó ekki til þess að fjárnám verði gert í skjóli hennar fyrir peningakröfu sem tengist aðalkröfunni eða gæti eftir atvikum komið í stað hennar, sbr. 5. mgr. 77. gr. ívitnaðra laga. Í þriðja lagi er heimild í 3. mgr. 88. gr. til að krefjast lögbanns við athöfn sem erfingjar framkvæma eða munu fyrirsjáanlega framkvæma í nafni dánarbúsins, en um skilyrði fyrir lögbannsgerðinni og framkvæmd hennar færi þá eftir almennum reglum IV. kafla laga nr. 31/1990. Í 3. mgr. 88. gr. er gert ráð fyrir að mál til staðfestingar lögbanni verði höfðað á hendur dánarbúinu, en þar er

um undantekningu að ræða frá áðurgreindri meginreglu 3. mgr. 87. gr. Loks er í fjórða lagi að finna ákvæði í 4. mgr. 88. gr. um heimildir til að krefjast nauðungarsölu á eign dánarbús sem er til einkaskipta. Segir að þetta fari eftir almennum reglum ef því skilyrði sé fullnægt að nauðungarsölunni verði komið fram án aðgerða sem 3. mgr. 87. gr. og 1. mgr. 88. gr. girða fyrir, en í þessu skilyrði felst að heimild þurfi að vera fyrir hendi til að krefjast nauðungarsölu án frekari málshöfðunar eða fjárnáms en kunna að hafa átt sér stað fyrir andlátið, nema fjárnámið hafi verið gert eftir upphaf einkaskipta með stoð í undantekningarreglunni í 1. mgr. 88. gr.

Um 89. gr.

Í þessu ákvæði er mælt fyrir um að takmarkaðar heimildir kröfuhafa skv. 87. og 88. gr. til að beina málsókn eða fullnustugerð að dánarbúi sem er til einkaskipta breyti í engu rétti hans til að sækja kröfu sína á hendur erfingjum. Þessu ákvæði er aðeins ætlað að taka af tvímæli um tilvist reglu sem að öðrum kosti hefði mátt draga ályktun um.

Um 90. gr.

Í 90. gr. koma fram reglur um hvernig verði leyst úr ágreiningi sem kann að rísa við einkaskipti á dánarbúi.

Í 1. mgr. 90. gr. er mælt fyrir um hvernig verði leyst úr ágreiningi sem rís innbyrðis meðal erfingja hvort sem er um réttindi þeirra til arfs, réttindi eða skyldur búsins eða einstakar ráðstafanir, en hverjum þeirra fyrir sig er þar heimilað að leggja ágreiningsatriðið undir úrlausn héraðsdómara eftir sérreglum 123. gr. og XVII. kafla frumvarpsins. Ef ágreiningur sem þessi kæmi upp milli erfingja hefði það oftar en ekki í för með sér að einhver þeirra eða eftir atvikum þeir allir mundu leita eftir opinberum skiptum, en allt að einu þykir rétt að þessi sérstaka heimild verði til staðar ef það gæti orðið til þess að koma í veg fyrir nauðsyn opinberra skipta. Regla sama efnis kemur nú fram í 75. gr. laga nr. 3/1878, en lítið hefur reynt á notkun hennar í framkvæmd. Í niðurlagi 1. mgr. 90. gr. eru tekin af tvímæli um að dómsmál verði ekki höfðað á annan hátt til að leysa úr ágreiningi milli erfingja við einkaskipti, en fyrrnefnd regla laga nr. 3 1878 hefur verið skilin á sama veg þótt orðalag hennar sé ekki afdráttarlaust að þessu leyti.

Í 2. mgr. 90. gr. kemur fram heimild sem á sér ekki beina hliðstæðu í lögum nr. 3/1878, en hún felur í sér kost til að fá leyst úr ágreiningi milli kröfuhafa og erfingja um réttindi þess fyrrnefnda á hendur dánarbúinu eftir sérreglum 123. gr. og XVII. kafla frumvarpsins ef allir hlutaðeigendur eru á einu máli um að fara þá leið. Yrði þá um málsókn kröfuhafans að ræða á hendur búinu sem slíku sem gæti að öðru jöfnu ekki annars átt sér stað, sbr. 3. mgr. 87. gr. Sú heimild, sem hér um ræðir, felur í sér valkost sem erfingjar og kröfuhafi geta nýtt sér fremur en að kröfuhafinn höfði mál eftir almennum reglum á hendur erfingjunum um réttindi sín. Þessi valkostur er veittur með það fyrir augum að hlutaðeigendum kynni að þykja hagræði af þessari málsmeðferð. Rétt er að benda á það um þessa reglu að ef mál yrði rekið eftir henni teldist það höfðað við þingfestingu, sbr. 1. mgr. 129. gr.

Í 3. mgr. 90. gr. er kveðið á um að einkaskiptum verði ekki lokið meðan mál eftir 1. eða 2. mgr. er óútkljáð nema erfingjar og eftir atvikum kröfuhafi, sem ætti aðild að máli skv. 2. mgr., væru allir sammála um það. Þessi regla er einkum nauðsynleg af tilliti til hagsmuna kröfuhafa ef heimildar 2. mgr. 90. gr. væri neytt, enda væri óeðlilegt ef erfingjar gætu leitt hann út í málsókn á hendur búinu og haft á sama tíma í hendi sér að ljúka skiptum á því.

Um 91. og 92. gr.

Í þessum ákvæðum frumvarpsins er kveðið á um atvik sem geta valdið að leyfi til einkaskipta verði fellt niður og hver áhrif brottfall leyfisins hefði. Þessar reglur eiga sér nokkra hliðstæðu í 77.–79. gr. laga nr. 3/1878, en að öðru leyti eru reglurnar í samræmi við það sem hefur þótt gilda án beinna lagafyrirmæla.

Í 91. gr. er mælt fyrir um þau tilvik þar sem sýslumanni verður talið skylt að fella niður

einkaskiptaleyfi, en þetta getur átt rætur að rekja til þess að erfingjar ljúki ekki skiptum innan þess frests sem sýslumaður hefur veitt þeim, sbr. 2. og 3. mgr. 31. gr., að þeir hafi ekki fullnægt öðrum skilyrðum sem hann hefur sett fyrir leyfi til einkaskipta, sbr. 1.–3. tölul. 2. mgr. 31. gr., eða að hann neiti að staðfesta einkaskiptagerð þeirra skv. 2. mgr. 94. gr. Gert er ráð fyrir því í 1. mgr. 91. gr. að sýslumaður gefi erfingjum að öðru jöfnu kost á að tjá sig um málefnið áður en þessu úrræði yrði beitt og eftir atvikum að þeir fengju frest til að ráða bót á því sem kynni að valda niðurfellingu leyfisins, en hér er þó ekki um fortakslausa skyldu að ræða eins og orðalag ákvæðisins gefur til kynna og gæti því sýslumaður fellt niður leyfið án slíks aðdraganda ef til dæmis væri um að ræða stórfellda vanrækslu af hendi erfingja eða brot í garð ófjárráða erfingja sem yrði uppvíst um. Niðurfelling leyfisins yrði að eiga sér stað með tilkynningu til erfingja, en að þeirri aðgerð afstaðinni er ráðgert að sýslumaður taki við formlegu forræði á málefnum búsins á ný, sbr. 11. gr., og krefjist opinberra skipta í beinu framhaldi af því, sbr. 5. tölul. 37. gr. Af fyrirmælum 2. mgr. 91. gr. leiðir að leyfi til einkaskipta verði ekki fellt niður af sýslumanni af öðrum ástæðum en þessum, heldur geti það aðeins gerst með því að dánarbúið yrði tekið til opinberra skipta, sbr. 45. gr., hvort sem þess yrði krafist af hendi erfingja sem átti þátt að einkaskiptunum, manns sem teldi sig að réttu lagi erfingja, en hefði ekki átt hlut að einkaskiptunum, eða kröfuhafa.

Í 92. gr. er mælt fyrir um hvernig fari um gildi og áhrif ráðstafana sem erfingjar hafa gert meðan á einkaskiptum stóð ef leyfi þeirra til einkaskipta fellur niður hvort sem sýslumaður fellir leyfið niður skv. 1. mgr. 91. gr. eða það gerist með því að búið sé tekið til opinberra skipta. Efnisatriði þessarar greinar eru í samræmi við fræðikenningar og eru að nokkru þau sömu og koma fram í ákvæðum 79. gr. laga nr. 3/1878. Þykir því ekki ástæða til að skýra þau frekar hér.

Um 93.–95. gr.

Þessi ákvæði frumvarpsins geyma reglur um það hvernig staðið verði að því að ljúka einkaskiptum sem eru til muna ítarlegri en núgildandi fyrirmæli 77. gr. laga nr. 3/1878, en reglur 93.–95. gr. eru að mestu byggðar á venjum sem hafa myndast í þessum efnum í framkvæmd.

Í upphafi 1. mgr. 93. gr. kemur fram að erfingjar hafi í hendi sér að ákveða hvenær þeir telji málefni dánarbúsins komin á það stig að tímabært sé að ljúka skiptunum, en þetta verður að sjálfsögðu að vera innan þess frests sem sýslumaður hefur veitt þeim í þessum efnum eins og tekið er fram í ákvæðinu. Erfingjar verða því meðal annars að gera upp við sig hvort þeir ætli að ráðstafa öllum eignum dánarbúsins meðan á skiptum stendur, t.d. með sölu þeirra eða útlagningu einstakra muna til ákveðinna erfingja, eða hvort þeir vilji ljúka einkaskiptum á sem skemmstum tíma og taka til dæmis við öllum eignum dánarbúsins með útlagningu til óskiptrar sameignar sín á milli. Erfingjarnir hefðu þannig frjálsræði í þessum efnum eins og eftir núgildandi lögum og væri engan veginn skylt að útkljá öll atriði til fullnaðar meðan á einkaskiptum stæði. Ef erfingjarnir veldu hins vegar að fara þá leið að ljúka einkaskiptum án þess að ráða öðru en brýnustu atriðum til lykta og tækju við öllum eignum til óskiptrar sameignar og öllum skuldbindingum í sameiningu ber að benda á að þeir hefðu þar með útilokað endanlega að hægt yrði að nota úrræði frumvarpsins til að leysa úr málum sínum á síðari stigum. Þeir gætu þannig ekki krafist opinberra skipta eða leitað úrlausnar dómstóla á ágreiningi sínum eftir sérreglum frumvarpsins því að skiptunum væri lokið þegar hér væri komið sögu og þau yrðu ekki endurupptekin, sbr. 1. og 2. mgr. 95., og yrðu erfingjar þannig að leita annarra og ólíkt þyngri úrræða til að útkljá sín mál. Þessi aðstaða er sú sama og leiðir af núgildandi lögum og ætti að vera erfingjum umhugsunarefni áður en þeir tækju ákvörðun um að ljúka einkaskiptum án þess að hafa ráðið öllum atriðum til lykta.

Í 93. gr. kemur fram sú meginregla um aðdragandann að því að einkaskiptum verði lokið að erfingjar geri skriflegan samning sín á milli, einkaskiptagerð, þar sem tíundað yrði í

einstökum atriðum hverjar eignir hafi komið til skipta, hverjar skuldbindingar hafi hvílt á búinu, hvað hver þeirra fái í sinn hlut við skiptin og hverjar skuldbindingar hver þeirra kann að taka að sér, en leiðbeiningarreglur um nauðsynlegt efni samningsins koma fram í 1.–5. tölul. 1. mgr. 93. gr. Samhliða þessu er ráðgert í 3. mgr. 93. gr. að erfingjar geri svokallaðar skiptayfirlýsingar sem þeir gæfu út í eigin nafni og geymdu ákvæði um hverjir þeirra hafi fengið tiltekin verðmæti lögð sér út að arfi, en yfirlýsingar sem þessar yrðu líkt og eftir núgildandi reglum nauðsynlegar til að þinglýsa eignarréttindum erfingja að fasteign eða skipi, skrásetja eignarréttindi að bifreið, fá bankareikninga eða verðbréf færð af nafni þess látna yfir á nafn erfingja o.s.frv. Erfingjar hefðu að vísu í hendi sér að láta hjá líða að gera sérstakar yfirlýsingar sem þessar ef þeir vildu fremur leggja einkaskiptagerð sína í heild fyrir á hverjum stað sem skiptayfirlýsingu hefði annars verið framvísað, en slík aðferð yrði til verulegs óhagræðis. Þá er enn fremur gert ráð fyrir því í 3. mgr. 93. gr. að erfingjar verði á þessu stigi að gera nauðsynlegar skýrslur vegna greiðslu erfðafjárskatts, en í þeim efnum yrði farið að eftir fyrirmælum laga nr. 83/1984. Í 4. mgr. 93. gr. er mælt fyrir um heimild handa erfingjum til að ljúka einkaskiptum án þess að þurfa að gera einkaskiptagerð eftir þeim reglum sem hér um ræðir, en skilyrði þess eru nánar tiltekið þau að eignir séu óverulegar eða skiptin séu einföld af öðrum ástæðum og að nægar upplýsingar komi að öðru leyti fram að mati sýslumanns í erfðafjárskýrslu sem væri gerð eftir ákvæðum laga nr. 83/1984. Þessi leið yrði þó að öllu leyti háð því að erfingjar væru ásáttir við að gengið verði út frá að sérhver eign dánarbúsins hafi verið lögð þeim út til óskiptrar sameignar eftir arfshlutföllum, sbr. 2. málsl. 4. mgr. 93. gr., hvort sem um væri að ræða fasteign eða sjónvarpstæki og gætu þeir þá ekki borið því við á síðari stigum út á við að skiptum hafi verið hagað með öðru móti nema þeir stæðu allir í sameiningu að skriflegum samningi eða yfirlýsingu því til staðfestingar. Þær reglur, sem hér um ræðir, eru í nær öllum atriðum í samræmi við núverandi framkvæmd, en þó er rétt að benda á að ákvæðum 93. gr. er ætlað að herða nokkuð á að einkaskiptagerð verði látin af hendi en viðgengist hefur til þessa í framkvæmd.

Þau gögn, sem nú hafa verið nefnd, yrðu afhent þeim sýslumanni sem skiptin ættu undir og eftir 1. mgr. 94. gr. bæri honum að yfirfara þau og taka afstöðu til þess hvort þau verði metin fullnægjandi svo fljótt sem verða mætti. Í þessu ákvæði er að finna fyrirmæli um að sýslumaður geti krafist frekari gagna eða skýringa áður en hann taki afstöðu til þess sem erfingjar hafa lagt fyrir hann og skv. 2. mgr. 94. gr. gæti hann gefið erfingjum kost á að ráða bót á annmörkum í þessum efnum. Ef verulegir ágallar væru á einkaskiptagerð eða öðrum gögnum sem erfingjar legðu fyrir sýslumann og ekki yrði eftir atvikum bætt úr þeim er mælt fyrir um það í 2. mgr. 94. gr. að sýslumaður synji um staðfestingu einkaskiptagerðar. Líkt og leiðir af 77. gr. laga nr. 3/1878 hefði sú synjun sjálfkrafa í för með sér að leyfi til einkaskipta félli niður, sbr. 1. mgr. 91. gr. frumvarpsins, en slík synjun er nú nánast óþekkt í framkvæmd þar sem erfingjar bæta að jafnaði úr annmörkum sem gætu valdið henni.

Í 3. mgr. 94. gr. er kveðið á um það að þegar sýslumaður hefur staðreynt nægilega að einkaskiptagerð og önnur gögn, sem erfingjar leggja fyrir hann, séu fullnægjandi þá áriti hann þau um staðfestingu sína. Þannig yrði einkaskiptagerð árituð um þetta og einnig skiptayfirlýsingar sem erfingjar hefðu lagt fyrir sýslumann, sbr. 3. mgr. 93. gr. Að auki verður hér að taka tillit til þess að sýslumaður yrði samhliða þessu að yfirfara, fallast á og árita erfðafjárskýrslu til þess að hægt væri að ljúka einkaskiptum, en reglur um þau efni koma fram í lögum nr. 83/1984 sem er lítillega breytt að þessu leyti með 18. tölul. 136. gr. frumvarpsins. Ákvæði 94. gr. geta hins vegar eftir efni sínu tekið til þess að sýslumaður krefjist frekari gagna varðandi erfðafjárskýrslu á grundvelli 1. mgr. þótt engir annmarkar væru á öðrum skjölum og að hann synji um staðfestingu einkaskiptagerðar á grundvelli 2. mgr. vegna atriða sem varða álagningu erfðafjárskatts.

Í 1. mgr. 95. gr. kemur síðan fram sú meginregla að einkaskiptunum sé lokið þegar sýslumaður hefur áritað einkaskiptagerð og eftir atvikum önnur gögn eftir fyrirmælum 3. mgr.

94. gr. Sambærileg regla kemur ekki fram í lögum nr. 3/1878 sem hefur gefið tilefni til vafa í þessum efnum í framkvæmd. Lok einkaskipta hafa í för með sér sömu áhrif og þegar opinberum skiptum yrði lokið eftir öðrum ákvæðum X. kafla en 73. og 74. gr. eða með öðrum orðum að lokið væri þeim aðgerðum sem þyrfti til að slíta dánarbúinu sem lögpersónu. Eftir 2. mgr. 95. gr. verða einkaskiptin ekki tekin upp á ný nema undir þeim einu kringumstæðum að eign komi fram eftir skiptalok sem láðist að taka tillit til við skiptin. Ef sú aðstaða kæmi upp er gert ráð fyrir því í ákvæðinu að erfingjar taki að meginreglu upp einkaskipti sín á ný til að ráðstafa viðkomandi eign og geri síðan viðbótarskiptagerð sem þeir legðu fyrir sýslumann eftir almennum reglum 93. og 94. gr., en ákvæði 2. mgr. 95. gr. útiloka þó ekki að opinber skipti geti átt sér stað til að leiða endurupptöku til lykta. Rétt er að benda sérstaklega á að fyrirmæli í niðurlagi 2. mgr. 95. gr. fela í sér að við endurupptökuna yrði aðeins um aðgerðir að ræða varðandi eignina sem varð tilefni hennar hvort sem hún ætti sér stað með einkaskiptum eða opinberum skiptum og yrði því í engu hróflað við því sem áður var gert. Endurupptaka gæti þannig ekki farið fram til að ráða bót á atriðum sem mátti útkljá áður en skiptum var lokið en var látið hjá líða að gera. Ákvæði 3. mgr. 95. gr. fela jafnframt þá meginreglu í sér að einkaskipti verða heldur ekki endurupptekin þótt gengið hafi verið ranglega fram hjá erfingja við þau, heldur yrði slíkur erfingi að halda uppi tilkalli sínu með málsókn eftir almennum reglum, sbr. 2. mgr. 84. gr.

Um 96. gr.

Í 96. gr. koma fram reglur um það hvernig sérstakur lögráðamaður eða málsvari, sem kann að hafa verið skipaður fyrir erfingja, ljúki hlutverki sínu þegar einkaskipti fara fram á dánarbúi. Í athugasemdum við 81. gr. var vikið að því hvernig yrði staðið að þessu við lok opinberra skipta, en segja má að reglur 96. gr. séu í alla staði samsvarandi ef tillit er tekið til þess að við einkaskipti leiðir af eðli máls að sérstakur lögráðamaður eða málsvari yrði á einhverju stigi að taka við arfi skjólstæðings síns meðan komist yrði hjá því við opinber skipti. Kemur þannig skv. 96. gr. í hlut sérstaks lögráðamanns eða málsvara að standa skil á arfinum við lok einkaskipta með sama hætti og skiptastjóri mundi gera við lok opinberra skipta. Af þessum ástæðum þykir 96. gr. ekki þarfnast frekari skýringa.

Um 97. gr.

Samkvæmt 5. tölul. 28. gr. er eitt af skilyrðunum fyrir veitingu leyfis til einkaskipta að erfingjar lýsi yfir að þeir taki að sér sjálfskuldarábyrgð in solidum á öllum skuldbindingum sem kunna að hvíla á dánarbúinu án fyrirvara um það eða tillits til þess hvort þeim sé kunnugt um tilvist skuldbindinganna. Til að taka af öll tvímæli um að þessi ábyrgð standi ekki aðeins meðan einkaskiptin fara fram, heldur einnig eftir lok þeirra er aftur kveðið á um þessa ábyrgð í 97. gr. og þá með þeim hætti að hún nái til skuldbindinga sem enn væru við lýði eftir lok einkaskipta.

Um 98.–100. gr.

Í 98.–115. gr., sem heyra til XIV. kafla frumvarpsins, koma fram reglur um opinber skipti til fjárslita milli hjóna og sambýlisfólks. Eins og vikið var að í almennum athugasemdum hér á undan er þessum reglum frumvarpsins meðal annars ætlað að koma í stað ákvæða 6. kapítula laga nr. 3/1878, fyrirmæla í 90. gr. laganna um skipti við slit óvígðrar sambúðar og ýmissa ákvæða í VI. kafla laga um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60/1972, og VI. og VII. kafla laga um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20/1923. Er í XIV. kafla frumvarpsins leitast við að setja fram reglur um þessi opinberu skipti með þeim hætti að þær taki almennt til allra tilvika þótt mismunandi tilefni kunni að búa að baki skiptunum og er reglunum að mestu skipað í röð sem mundi svara til atburðarásar við framkvæmd skiptanna. Þá hefur einnig verið stefnt að því að ákvæði XIV. kafla taki skýrari afstöðu en fyrirmæli núgildandi laga til ýmissa álitaefna sem

geta risið við framkvæmd þessara skipta, en í þeim efnum hefur að mestu verið byggt á venjum sem hafa mótast í framkvæmd.

Rétt er að geta þess áður en lengra verður haldið að í reglum XIV. kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir nokkuð breyttri notkun hugtaka frá því sem virðist almennt byggt á í núgildandi lögum. Í ákvæðum fyrrnefndra laga er yfirleitt tekið svo til orða að verið sé að skipta „búi“ eða „félagsbúi“ hjóna og eftir atvikum „búi“ fólks í óvígðri sambúð. Notkun hugtaksins „bú“ verður að teljast verulega villandi í þessu samhengi þó að ekki væri litið til annars en þess að öll áðurgreind lög byggja á þeim grunni að einstakar eignir tilheyri öðru hvoru hjóna eða eftir atvikum að hjón geti átt tiltekna eign að sérstakri sameign og á það sama við þegar litið er til óvígðrar sambúðar. Eignir hjóna eða sambúðarfólks tilheyra þannig ekki „búi“ sem myndast milli þeirra og enn síður hvíla skuldbindingar á slíkri ímyndaðri lögpersónu, heldur á öðru hvoru hjónanna eða sambýlismanninum eða eftir atvikum á báðum í senn hafi bæði gengist undir hana. Þá ber að auki að benda á að í athugasemdum við 2. gr. þessa frumvarps var vikið sérstaklega að því að hugtakið dánarbú sé notað til að tákna sjálfstæða persónu að lögum sem verði til við andlát og taki við réttindum og skyldum látins manns. Sambærileg sjálfstæð lögpersóna getur hins vegar ekki orðið til að lögum við slit hjúskapar eða óvígðrar sambúðar og tekið við réttindum og skyldum hjónanna eða sambúðarfólksins því að líkt og meðan á hjúskap eða óvígðri sambúð stendur tilheyra eignirnar aðilunum sjálfum eftir lok hjúskapar eða sambúðar og skuldbindingarnar hvíla eftir sem áður á þeim. Er því forðast að öllu leyti að haga orðum XIV. kafla frumvarpsins með þeim hætti að verið sé að skipta „búi“ milli hjóna eða sambýlisfólks, en þess í stað er tekið svo til orða að opinber skipti séu hér að fara fram til fjárslita milli hlutaðeigenda. Hugtakið fjárslit er notað í þessu sambandi eftir fyrirmynd í 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/1972 og þykir mega nota það jafnt þegar rætt er um fjárhagslegt uppgjör við skilnað hjóna, ógildingu hjúskapar eða án þess að hjúskapnum ljúki, svo og við sambærilegt uppgjör við slit óvígðrar sambúðar.

Í 98.–100. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um þau tilvik þar sem heimilt yrði að krefjast opinberra skipta til að koma fram fjárslitum í áðurgreindum skilningi milli hjóna eða sambúðarfólks, en þessi fyrirmæli eiga sér hliðstæður í núgildandi lögum. Þannig er í fyrsta lagi mælt fyrir í 98. gr. um heimildir til opinberra skipta til fjárslita milli hjóna vegna yfirvofandi hjúskaparslita, annars vegar í 1. mgr. þegar leitað hefur verið skilnaðar fyrir yfirvaldi og hins vegar í 2. mgr. þegar dómsmál hefur verið höfðað til skilnaðar eða ógildingar hjúskapar. Ákvæði 98. gr. eiga sér efnislega samsvörun í VII. kafla laga nr. 20/1923 og 6. kapítula laga nr. 3/1878. Í öðru lagi koma fram ákvæði í 99. gr. frumvarpsins um heimildir annars hjóna eða þeirra beggja til að leita fjárslita sín á milli með opinberum skiptum án tengsla við hjúskaparslit, en reglur sama efnis koma nú fram í 39. og 40. gr. laga nr. 20/1923. Þá er í þriðja lagi tekin upp regla í 100. gr. frumvarpsins um heimild til að leita opinberra skipta til fjárslita við lok óvígðrar sambúðar, en sú regla er í alla staði sama efnis og núgildandi ákvæði um þetta í 1. og 2. mgr. 90. gr. laga nr. 3/1878, sbr. lög nr. 13/1986. Í þessu ljósi þykir ekki ástæða til að fjalla hér nánar um einstök atriði þessara reglna.

Um 101. og 102. gr.

Í 101. og 102. gr. er fjallað um hvernig verði krafist opinberra skipta til fjárslita milli hjóna eða sambýlisfólks, hvernig verði farið með slíka kröfu og leyst úr henni og hver meginákrif það hafi að krafan verði tekin til greina. Þessi ákvæði eiga sér í flestum atriðum hliðstæður í reglunum um sömu atriði við opinber skipti á dánarbúum.

Í 1. mgr. 101. gr. kemur sú regla fram að beina verði kröfu um opinber skipti við þessar aðstæður til héraðsdómstóls, með sama hætti og ef verið væri að krefjast opinberra skipta á dánarbúi. Er jafnframt tekið fram í ákvæðinu í hvaða héraðsdómsumdæmi krafa sem þessi verði sett fram, en það yrði annaðhvort í umdæminu þar sem hlutaðeigendur áttu síðast eða kunna enn að eiga sameiginlegt lögheimili eða í öðru umdæmi sem kann að verða samið

sérstaklega um án tillits til heimilisstaðar. Er með þessum hætti gert ráð fyrir tvímælalausri reglu um það undir hvern dómstól það ætti að leysa úr kröfu um opinber skipti eftir XIV. kafla, en slík regla er ekki fyrir hendi í ákvæðum núgildandi laga og hefur það leitt til óvissu í framkvæmd.

Í 2. og 3. mgr. 101. gr. er mælt fyrir um hvers efnis krafa um opinber skipti þurfi að vera við þessar aðstæður og hvað þurfi að fylgja henni. Þessar reglur eru áþekkar ákvæðum 42. gr., en eftir eðli máls verður efni kröfunnar þó að vera með öðrum hætti í vissum atriðum en þegar krafist væri opinberra skipta á dánarbúi, svo sem ráða má nánar af 1.–3. tölul. 2. mgr. 101. gr. Um 3. mgr. 101. gr. má nefna að þar er ætlast til að gögn fylgi kröfunni til stuðnings því að skilyrðum 98., 99. eða 100. gr. sé fullnægt, en eftir atvikum yrði þetta gert með því að leggja til dæmis fram vottorð eða endurrit úr gerðabók yfirvalds um meðferð skilnaðarkröfu, sbr. 1. mgr. 98. gr., stefnu til sönnunar um málshöfðun, sbr. 2. mgr. 98. gr., sönnunargögn um aðstæður sem heimili kröfu um opinber skipti eftir 99. gr. eða vottorð úr þjóðskrá um að sambýlisfólk hafi haft sameiginlegt heimili tiltekinn tíma en ekki sé lengur um það að ræða.

Ákvæði 4. mgr. 101. gr. eiga sér samsvörun í 41. gr. og þarfnast því ekki sérstakra athugasemda hér.

Í 5. mgr. 101. gr. er vísað til ákvæða 43. og 44. gr. um hvernig héraðsdómari fari með og leysi úr kröfu um opinber skipti til fjárslita eftir XIV. kafla, að því frátöldu að honum yrði ekki ætlað að tilkynna sýslumanni um niðurstöður í þessum efnum eins og mælt er fyrir um í 6. mgr. 44. gr. Má því segja að reglurnar um meðferð kröfunnar og úrlausn um hana þarfnist ekki frekari athugasemda hér, en þó er rétt að benda á að líklegra gæti verið á þessum vettvangi en varðandi dánarbú að til ágreinings kæmi um hvort skilyrði væru fyrir opinberum skiptum, t.d. með því að sambýlisfólk deili um hvort sambúð þeirra hafi fullnægt áskilnaði 101. gr. til að opinber skipti geti átt sér stað.

Í 102. gr. er mælt annars vegar fyrir um hvenær skipti teljast byrja í þessum tilvikum, en þau tímamörk geta haft þýðingu varðandi beitingu annarra ákvæða kaflans, t.d. 108. gr. Hins vegar kemur fram í 102. gr. að héraðsdómari eigi, með sama hætti og við opinber skipti á dánarbúi, að skipa skiptastjóra til að framkvæma opinber skipti til fjárslita milli hjóna eða sambýlisfólks með bókun þar um í þingbók þegar í stað eftir uppkvaðningu úrskurðar þar sem krafa um skiptin yrði tekin til greina. Kemur fram í 102. gr. að fyrirmæli V. kafla eigi við um skiptastjóra í þessum tilvikum og gilda því sömu reglur hér um hæfi, frávikningu, réttindi og skyldur skiptastjóra og áður hefur verið lýst í einstökum atriðum.

Um 103. gr.

Í 103. gr. eru ákvæði um hvernig verði brugðist við ef annað hjóna eða annar sambýlismaðurinn eða jafnvel þau bæði eru ófær um að gæta hagsmuna sinna við opinber skipti til fjárslita milli þeirra eða ekki er vitað hvar verði náð til hlutaðeiganda. Reglurnar í þessum efnum þykja skýra sig sjálfar, en ætla má að mjög lítið gæti reynt á þær í framkvæmd.

Um 104. gr.

Í 104. gr. koma fram reglur um það til hverra réttinda og skuldbindinga verði tekið tillit við opinber skipti til fjárslita samkvæmt XIV. kafla, en skýr ákvæði eru ekki um þessi efni í núgildandi lögum. Ákvæði 104. gr. taka að talsverðu leyti til álitaefna um efnisleg réttindi hjóna eða sambýlisfólks við opinber skipti til fjárslita milli þeirra og má þannig segja að hér sé brotið gegn þeirri almennu stefnu frumvarpsins að sneiða hjá því að taka upp reglur um efnisleg réttindi við skipti. Þetta þykir hins vegar óhjákvæmilegt og mega helgast af því að þau atriði, sem 104. gr. tekur til, hafa grundvallarþýðingu við framkvæmd opinberu skiptanna, auk þess að ekki verður séð hvar mætti skipa á einum öðrum stað í löggjöf reglu sem tæki í senn til réttinda hjóna í þessu sambandi, án tillits til þess hvort hjúskap þeirra væri slitið, sambýlisfólks og barna þeirra.

Meginefni 1. mgr. 104. gr. felst í afmörkun ákvæðisins á því á hverjum tíma eignir eða skuldbindingar þurfi að hafa verið til staðar til að tillit verði tekið til þeirra við opinberu skiptin. Er þannig talið upp hver tímamörkin séu í þessum efnum varðandi hvert tilefni sem getur orðið til opinberra skipta samkvæmt 98.–100. gr. Að auki er tekið af skarið um að tekið verði tillit til tekna af eignum sem hafa fengist eftir þau tímamörk sem yrðu ráðandi í hverju tilviki. Rétt er þó að benda á að beinlínis er gert ráð fyrir því í 1. mgr. 104. gr. að víkja megi frá reglum ákvæðisins ef samkomulag tækist um það milli hlutaðeigenda.

Í 2. og 3. mgr. 104. gr. er mælt fyrir um undantekningar frá aðalreglunni 1. mgr. með því að aðilunum og eftir atvikum sameiginlegum ófjárráða börnum þeirra er heimilað sérstaklega að krefjast þess að fá tiltekna muni til eignar án tillits til skiptanna, en hér væri um muni að ræða sem hefðu að öðrum kosti fallið undir fyrirmæli 1. mgr. 104. gr. Afmörkunin á því um hverja muni geti hér verið að ræða er sambærileg þeirri sem kemur fram í 33. gr. frumvarpsins og þarfnast þessar reglur því ekki frekari skýringa hér.

Um 105. og 106. gr.

Í þessum ákvæðum frumvarpsins er mælt fyrir um þær upphafsaðgerðir skiptastjóra við opinber skipti samkvæmt XIV. kafla sem felast í öflun upplýsinga um eignir og skuldbindingar sem tillit verður tekið til við fjárslitin, sbr. 104. gr. Í þessu skyni er skiptastjóra gert að boða aðilana eða eftir atvikum umboðsmenn þeirra, lögráðamenn eða málsvara, til skiptafundar og leita þar vitneskju jöfnum höndum um eignir og skuldbindingar, en gert er ráð fyrir að þetta geti þurft að gerast í nokkrum áföngum og þá á fleiri fundum en einum, sbr. 2. mgr. 105. gr. Í báðum ákvæðunum er byggt á þeirri meginreglu að aðilarnir verði sjálfir að leggja til upplýsingar um eignir og skuldbindingar og verði því ekki ætlast til að skiptastjóri leiti þeirra nema krafist sé og hann geti orðið við þeirri kröfu með góðu móti, sbr. 2. mgr. 105. og 1. mgr. 106. gr.

Í 105. gr. er fjallað sérstaklega um þá öflun upplýsinga um eignir sem hefur verið minnst á, en af einstökum atriðum í þessu sambandi má benda á að í 1. mgr. eru veittar nokkrar leiðbeiningar um hverra upplýsinga eigi nánar að leita í þessum efnum. Þannig verður ekki aðeins leitað upplýsinga um tilvist einstakra eigna, heldur einnig hvort skilyrði séu til að taka tillit til þeirra skv. 104. gr., hvorum aðilanum hver eign tilheyri eða hvort eignin sé eftir atvikum sameign þeirra, hvar hverja einstaka eign sé að finna og hver hafi vörslur hennar og hvert verðgildi hverrar eignar sé. Ef sammæli verða ekki um hvert verðgildi eigna sé er mælt fyrir um það úrræði í 3. mgr. 105. gr. að leita megi mats á þeim eftir því sem þörf krefur eftir sömu reglum og mælt er fyrir um varðandi verðmat á eignum dánarbúa, sbr. 17.–23. gr. Þá er enn fremur kveðið sérstaklega á um það í 4. mgr. 105. gr. hvernig verði brugðist við ef upplýst yrði að eign hafi þegar verið ráðstafað sem taka ætti tillit til við fjárslitin eftir ákvæðum 1. mgr. 104. gr.

Í heild má leiða af ákvæðum 105. gr. að skiptastjóri eigi að ná saman fullnaðarupplýsingum um þær eignir sem tillit verður tekið til og að hann geri þá eftir atvikum skrá um þær þar sem mætti á einum og sama stað geta verðgildis þeirra, geymslustaðar, hver fari með umráðin o.s.frv. Þessi tilhögun er hér ráðgerð í ljósi þeirra frekari aðgerða sem þurfa að eiga sér stað við framkvæmd fjárslitanna og koma fram í 107.–111. gr., en þeim ákvæðum verður lýst nánar hér á eftir. Rétt er að nefna í þessu sambandi að ágreiningur gæti risið á þessu stigi aðgerða milli aðilanna um til dæmis hvort tiltekin eign hafi verið til, hvort taka ætti tillit til hennar við fjárslitin eða hvert verðgildi hennar sé, en úr slíkum ágreiningi yrði þá að leysa eftir fyrirmælum 112. og 122. gr.

Í 106. gr. er að finna um margt sambærileg ákvæði um þær upplýsingar varðandi skuldbindingar aðilanna sem skiptastjóri þyrfti að leita. Þannig þyrfti að komast að raun um hvort skuldbinding sé fyrir hendi, hvers efnis hún sé nákvæmlega og á hvorum aðilanum hún hvíli eða hvort hún beinist eftir atvikum að þeim báðum í senn. Þá er einnig ætlast til þess í 2.

mgr. 106. gr. að fram komi þegar á þessu stigi hvort annað hjóna telji sig eiga kröfur gagnvart hinu eftir sérreglum 2. mgr. 48. gr. og 52.–54. gr. laga nr. 20/1923. Gengið er út frá því í reglum 106. gr. að almennt megi fá fullnaðarupplýsingar um skuldbindingar með því að leita þeirra hjá aðilunum sjálfum, enda er það í samræmi við reynsluna í framkvæmd eftir núgildandi reglum. Ekki er þó útilokað að sú aðstaða geti komið upp að aðilarnir hafi annaðhvort ekki yfirsýn yfir skuldastöðu sína eða að annar þeirra fáist ekki til að veita raunhæfar upplýsingar í þessum efnum. Af þeim sökum er gert ráð fyrir heimild í 3. mgr. 106. gr. til að gefa út innköllun til skuldheimtumanna við opinber skipti sem þessi. Samkvæmt 4. mgr. 106. gr. hefði slík innköllun hins vegar ekki þau áhrif að vanlýstar kröfur féllu niður og lýsing kröfu eftir innkölluninni yrði heldur ekki ígildi málshöfðunar, sbr. 4. mgr. 57. gr. og 58. gr. Innköllun undir þessum kringumstæðum væri því aðeins til upplýsingaöflunar, þannig að fenginn yrði grundvöllur til að ákveða til hverra skuldbindinga yrði tekið tillit, en að þessu leyti svipar innkölluninni hér til innköllunar við einkaskipti sem fjallað var um hér áður í athugasemdum við 87. gr. Í 5. mgr. 106. gr. er gert ráð fyrir að hvor aðilinn um sig eigi kost á að tjá sig um skuldbindingar sem hinn kann að segja til um eða upplýst yrði um með kröfulýsingu. Ekki verður útilokað að ágreiningur gæti þá risið milli aðilanna um til dæmis réttmæti skuldbindingar, fjárhæð hennar eða hvort tillit ætti að taka til hennar skv. 1. mgr. 104. gr. Leysa yrði úr slíkum ágreiningi eftir fyrirmælum 112., sbr. 122. gr., en í þessu sambandi ber að vekja athygli á því að hér yrði að öllu leyti um að ræða ágreiningsmál milli hjónanna eða sambýlisfólksins þar sem annað héldi til dæmis fram tilvist skuldbindingar en hitt andmælti að hún væri til. Sá sem væri sagður kröfuhafi ætti þannig ekki aðild að ágreiningsmálinu, enda væri hér ekki verið að leysa úr réttindum hans á hendur öðrum eða báðum aðilunum heldur aðeins hvort eða hvernig tekið yrði tillit til skuldbindingar við fjárslitin milli aðilanna.

Um 107. og 108. gr.

Í athugasemdum við 98.–100. gr. hér á undan var bent á að opinber skipti til fjárslita milli hjóna eða sambýlisfólks breyti ekki þeirri skipan sem var við lýði meðan á hjúskap eða sambúð stóð, að hvort hjónanna eða hvor sambýlismaðurinn hafi átt sínar eignar og borið sínar skuldbindingar, en eftir atvikum gætu hlutaðeigendur hafa átt tilteknar eignir í sérstakri sameign með því til dæmis að hafa báðir lagt fé til kaupa þeirra og eins gætu tilteknar skuldbindingar hvílt á báðum með því að þeir hafi stofnað til þeirra í sameiningu eða annar þeirra stæði í sjálfskuldarábyrgð fyrir skuld hins. Meginatriðið í þessu sambandi er þannig að lögum samkvæmt er ekki almenn sameign milli hjóna um allar eignir og heldur ekki almenn sameiginleg ábyrgð þeirra á skuldbindingum og er ekki frekar um slíkt að ræða milli fólks í óvígðri sambúð.

Athygli er vakin á þessu hér á ný til að árétta að þegar opinber skipti fara fram til fjárslita samkvæmt XIV. kafla er um þá aðstöðu að ræða að hvor aðilinn telst eftir sem áður eigandi að sínum munum eða réttindum, en skiptin fara fram til að fullnægja því tilkalli sem hinn aðilinn getur talist eiga til hlutdeildar í andvirði þeirra muna eða réttinda eftir lagareglum um fjármál hjóna eða ólögfestum fordæmisreglum um fjármál fólks í óvígðri sambúð. Eftir almennum reglum fylgja ýmsar heimildir því að njóta eignarréttar að munum eða réttindum, t.d. heimild til afnota af eign, til að hafa vörslur hennar og ráðstafa henni. Ef engar takmarkanir væru gerðar á þessum almennu heimildum eiganda yfir munum sínum þegar til opinberra skipta kæmi til fjárslita milli hjóna eða sambýlisfólks má telja augljóst að skiptin yrðu illframkvæmanleg, auk þess að brýn hætta væri á að annar aðilinn kynni að grípa til ráðstafana á eignum sínum vísvitandi til að rýra hlut hins. Ákvæði 107. og 108. gr. eru lögð til gagngert til að mæta þessum þörfum, en í fyrrnefnda ákvæðinu er mælt fyrir um reglur sem víkja frá almennum reglum um vörslu- og afnotarétt eiganda og í því síðarnefnda eru gerðar veigamiklar takmarkanir á rétti eiganda til að ráðstafa munum sínum eða öðrum réttindum.

Í 1. mgr. 107. gr. kemur fram sú meginregla að hvor aðilinn njóti réttar til þess við opinber

skipti að hafa áfram vörslur þeirra eigna sem hann hafði í umráðum sínum við upphaf skiptanna og að sama skapi að hafa áfram afnot af því sem hann hafði á því tímamarki, en þetta á við án tillits til þess hvor aðilinn teljist eigandi að viðkomandi eignum. Þessi regla á þó aðeins við um þær eignir sem tillit verður tekið til við fjárslitin skv. 104. gr., þannig að réttur annars aðilans til að hafa vörslur eða afnot gæti ekki náð til eignar sem kæmi ekki til skipta og hinn ætti rétt yfir samkvæmt því ákvæði. Í 2. og 3. mgr. 107. gr. koma hins vegar fram ýmsar heimildir handa skiptastjóra til að ákveða að vikið verði frá umræddri meginreglu 1. mgr., ýmist af tilliti til þarfa hvors aðilans um sig, meðferðar vörslu- eða afnotahafans á eign eða nauðsynja við framkvæmd skiptanna, en einstakar heimildir í þessum efnum þykja skýra sig sjálfar. Í 4. mgr. 107. gr. er síðan mælt fyrir um sérstakt úrræði skiptastjóra til að framfylgja ákvörðun sinni skv. 2. eða 3. mgr. um breytingu á vörslum eða afnotarétti, en í þessu skyni er ráðgert að skiptastjóri geti leitað atbeina héraðsdóms, sbr. 1. mgr. 124. gr.

Í 108. gr. er síðan kveðið á um að skiptastjóri sé einn bær um að ráðstafa eignum aðilanna meðan á opinberum skiptum stendur, nema þær hafi þegar verið lagðar öðrum aðilanum út við skiptin til frjálsrar ráðstöfunar skv. 110. gr. Skiptastjóri væri því til dæmis einn bær um að selja eign, sbr. 3. mgr. 111. gr., eða að taka ákvörðun um að gefa réttindi eftir og gæti sá aðilanna, sem teldist eigandi, ekki gert slíka ráðstöfun án heimildar skiptastjóra eða til dæmis gefið eign, veðsett hana eða fargað henni. Til þess að tryggja að þessi regla yrði höfð í heiðri kynni skiptastjóri eftir atvikum að þurfa að fá til dæmis þinglýsta athugasemd á fasteign um skiptin og gera viðeigandi tryggingarráðstafanir varðandi annars konar eignir.

Um 109.–111. gr.

Eins og minnst hefur verið á hér áður á hvort hjóna um sig sínar eignir og ber sínar skuldbindingar, bæði meðan á hjúskap stendur og þegar honum er slitið, og á það sama við um fólk í óvígðri sambúð. Við fjárslit milli hjóna verða hins vegar að jafnaði virk gagnkvæm réttindi handa öðru þeirra til að njóta hlutdeildar í skuldlausu andvirði eigna hins. Eftir meginreglunni í þessum efnum í 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923 telst þessi hlutdeild helmingur, en mælt er þó fyrir heimildir til að beita öðrum hlutföllum í 27. og 57. gr. laga nr. 60/1972. Lögfestar reglur eru ekki til um slík gagnkvæm réttindi við slit óvígðrar sambúðar, en dómaframkvæmd hefur beinst í þá átt að viðurkenna viss afbrigði slíkra réttinda þótt reglur í þessum efnum séu óljósar. Einn helsti tilgangur opinberra skipta skv. XIV. kafla frumvarpsins er að fullnægja þeim gagnkvæmu réttindum sem kunna að vera fyrir hendi og hér hefur verið rætt um. Ákvæði 109.–111. gr. mæla fyrir um hvernig verði staðið að þeirri aðgerð.

Fyrsta skrefinu við fullnustu þeirra réttinda, sem hér um ræðir, er lýst í 109. gr. þar sem mælt er fyrir um hvernig eigi að finna hve mikið hvor aðilinn eigi að fá í sinn hlut ef samkomulag tækist ekki milli þeirra um aðra tilhögun. Í 109. gr. er byggt á því að hvor aðilinn um sig eigi rétt á að fá fyrst í stað reiknaða sér til handa fjárhæð af andvirði sinna eigin eigna á móti sínum eigin skuldum og yrði þá talið með andvirði hlutdeildar hans í sérstökum sameignum aðilanna og hlutdeild hans í sameiginlegum skuldum þeirra, sbr. 2. mgr. Ef skuldir hans væru umfram andvirði eigna hans sjálfs yrði ekkert tillit tekið til skuldanna sem umfram væru, sbr. 3. mgr. Ef andvirði eigna hans væri hins vegar meira en næmi skuldum hans ætti hann rétt á að fá sér reiknaða þá hlutdeild sína í hreinu eigninni sem leiddi eftir atvikum af reglum um fjármál hjóna eða sambýlisfólks, sbr. 4. mgr., en gagnaðila hans yrði þá færð sín hlutdeild í hreinu eigninni hans eftir sömu reglum og yrði sú millifærsla milli aðilanna gagnkvæm ef þeir ættu báðir eignir umfram skuldir. Með þessum hætti væri reiknaður tölulegur stofn handa hvorum aðilanum um sig og ætti síðan hvor þeirra rétt til eigna eða andvirðis þeirra til að fullnægja þessu reiknaða tilkalli sínu, sbr. 5. mgr. Þessum rétti yrði nánar tiltekið fullnægt annaðhvort með útlagningu eigna, sbr. 110. gr., eða greiðslu af söluandvirði eigna, sbr. 111. gr., en eftir atvikum mætti fullnægja þessum rétti að nokkru með útlagningu og að öðru leyti með greiðslu. Þessa aðferð má telja efnislega þá sömu og lýst er í

1. mgr. 48. gr. og 49. gr. laga nr. 20/1923, þótt framsetning hennar í 109. gr. frumvarpsins sé með nokkuð öðrum hætti.

Annað skrefið í þeim ferli, sem hér um ræðir, kemur þá til eftir reglum 110. gr., en samkvæmt þeim ætti skiptastjóri að leitast við að veita hvorum aðilanum um sig fullnustu með því að leggja honum út eignir eftir því sem hann krefðist og unnt væri, en enn eru fyrirmælin í þessum efnum því marki brennd að víkja megi frá þeim með samkomulagi. Í 1. mgr. 110. gr. er gert ráð fyrir að skiptastjóri geti hafist handa um að bjóða aðilunum útlagningu þegar á fyrstu stigum skipta ef því væri fullnægt að víst væri að þeir ættu hvor fyrir sig rétt til eigna að einhverju marki við fjárslitin. Í ákvæðum 2.–4. mgr. 110. gr. er því síðan lýst stig af stigi í hverri röð einstakar eignir gætu komið til útlagningar og hvor aðilinn nyti forgangs umfram hinn til útlagningar í hverju tilviki. Í 5. mgr. 110. gr. er sérstaklega tekið fram að hverju leyti útlagning gæti átt sér stað móti skuldum sem hvíldu á báðum aðilum í senn. Í 6. mgr. er loks gefið til kynna að fullnægja megi réttindum aðilanna við fjárslitin að öllu leyti með útlagningu eða með öðrum orðum með því að hvor þeirra fengi eignir afhentar upp í tilkall sitt án þess að neinar eignir yrðu seldar eða komið í verð með öðrum hætti, en heimildin til þessa væri háð því eina skilyrði að fé lægi fyrir eða yrði reitt af hendi til greiðslu skiptakostnaðar. Samkvæmt því sem segir í 1. mgr. fæli útlagning í sér endanlega ráðstöfun á eign, þannig að aðilinn, sem fengi hana lagða sér út, væri upp frá því réttur eigandi að henni, án tillits til þess hvort skiptunum væri enn lokið að öðru leyti, og væri frjálst að ráðstafa henni. Ef nauðsyn krefði er skiptastjóra ætlað í þessu ákvæði að gefa út heimildarskjöl fyrir þessum eignarrétti, t.d. afsal fyrir fasteign eða bifreið, framsal nafnskráðs verðbréfs o.s.frv., og yrði þetta gert með sömu áhrifum og ef hann hefði umboð til útgáfu heimildarskjalsins frá aðilanum sem taldist fram að því eigandi að viðkomandi eign. Skiptastjóri þyrfti hins vegar að sjálfsögðu ekki að gefa út slík heimildarskjöl ef eignin væri lögð þeim aðilanum út sem var skráður eigandi að henni fram til þess tíma eða ef eignarréttindi að slíkri eign yrðu ekki skrásett.

Þriðja skrefinu í þessum ferli er loks lýst í 111. gr., en það felst í því að skiptastjóri komi eignum í verð að því leyti sem þeim verður ekki ráðstafað með útlagningu eftir 110. gr., og yrði þá andvirði þeirra varið til að fullnægja réttindum aðilanna. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. yrðu teknar ákvarðanir á skiptafundum um hvernig eignum yrði ráðstafað með þessu móti, en atkvæðisréttur um þessi efni væri að öllu leyti í höndum aðilanna, sbr. 2. mgr. Í þessu síðastnefndu ákvæði er tekið fram að atkvæðisréttur ráðist af því hlutfalli sem hvor aðilinn ætti rétt til af hreinni eign, en þegar um hjón væri að ræða yrði það hlutfall að meginreglu helmingur. Er því ljóst að atkvæði gætu hæglega fallið jöfn á skiptafundum, en í 2. mgr. 111. gr. er vísað til ákvæða 70. gr., m.a. til lausnar á þessu, og kæmi þannig í hlut skiptastjóra að ráða málefnum til lykta við þær aðstæður skv. 5. mgr. 70. gr. Í 3. mgr. 111. gr. kemur fram sú regla að skiptastjóri framfylgi ákvörðunum skiptafunda um ráðstöfun eigna og hafi í því skyni heimild til að gefa út heimildarskjöl af því tilefni eins og hann hefði umboð til þess frá þeim aðilanum sem teldist eigandi að viðkomandi eign. Í 4. mgr. 111. gr. er loks mælt fyrir um það að hverju leyti andvirði eigna verði varið til greiðslu skulda, en meginreglurnar í þeim efnum eru á þann veg að ef skuld hvílir aðeins á öðrum aðilanum verði hún ekki greidd nema að ósk hans, en ef skuld hvílir á báðum aðilunum þurfi að fá samþykki beggja til að hún verði ekki greidd nema annar þeirra hafi fengið hinn leystan undan skuldbindingunni eða sett honum tryggingu fyrir að honum verði ekki gert að greiða hana.

Um 112. gr.

Í þessu ákvæði frumvarpsins er mælt fyrir um almennt úrræði til að fá leyst úr ágreiningi sem kann að rísa um réttindi eða skyldur aðila að opinberum skiptum skv. XIV. kafla, en takist skiptastjóra ekki að jafna slíkan ágreining ber honum að vísa málefninu til héraðsdóms til úrlausnar, sbr. 122. gr. Minnst var hér áður á kosti um beitingu þessa ákvæðis í athugasemdum við 105. og 106. gr., en því til viðbótar gæti risið ágreiningur um ýmis atriði

sem reglur 107.–111. gr. taka til. Í niðurlagi 112. gr. kemur fram að ágreiningur um þessi málefni verði ekki lagður fyrir dómstóla á annan hátt, en þetta er tekið fram til að taka af tvímæli um að ekki sé til dæmis unnt að höfða einkamál eftir almennum reglum til að fá leyst úr ágreiningsatriðum sem rísa við opinberu skiptin.

Rétt er að benda á að ætlast er til að regla 112. gr. verði skýrð þannig að ágreiningsefni við fjárslit milli hjóna eða sambýlisfólks hljóti úrlausn að hætti reglunnar í sama mæli og dómaframkvæmd hefur til þessa viðurkennt lögsögu skiptaréttar til að leysa úr slíkum ágreiningi við opinber skipti. Er þannig ætlast til að leysa mætti úr ágreiningi í máli eftir 112. gr. um til dæmis hvort annað hjóna teljist eiga tiltekna eign að séreign í skjóli kaupmála eða hvort annað hjóna eigi endurgjaldskröfu skv. 52. eða 53. gr. laga nr. 20/1923 á hendur hinu ef fyrirliggjandi eignir hrökkva til að fullnægja þeirri kröfu. Þótt úrlausn gæti þannig fengist eftir 112. gr. á flestum ágreiningsefnum sem varða uppgjör milli hjóna eða sambýlisfólks nægir reglan ekki til að fá úrlausn um greiðsluskyldu milli þeirra ef rétti til greiðslunnar yrði ekki fullnægt við fjárslitin. Ef dregist hefði til dæmis að koma fram opinberum skiptum til fjárslita kynni annar aðilinn að hafa ráðstafað eignum sínum, sem taka ætti tillit til við fjárslitin skv. 104. gr., í þeim mæli að það sem eftir stæði nægði ekki til að fullnægja réttindum gagnaðila hans. Undir þeim kringumstæðum kynni gagnaðili hans að eiga greiðslukröfu á hendur honum, en regla 112. gr. næði þá ekki til að fá leyst úr um hana. Af þessum sökum er gert ráð fyrir sérstakri heimild í 2. mgr. 124. gr. til að fá úrlausn um slíkar kröfur í máli eftir XVII. kafla frumvarpsins ef hlutaðeigandi kysi að nýta sér það hagræði, en aðdragandi að slíku máli yrði talsvert frábrugðinn þeim sem ætti við um mál eftir 112. gr., sbr. 122. gr.

Um 113. gr.

Í frumvarpinu er byggt á því sama meginviðhorfi og í núgildandi lögum að engin skylda standi til opinberra skipta til fjárslita milli hjóna eða sambýlisfólks þótt hjúskap eða sambúð sé slitið, heldur sé hér um að ræða úrræði sem annar aðilinn eða þeir báðir geti kosið að notfæra sér til að greiða úr málum sínum. Ekki verður sagt að teljandi almannahagsmunir geti tengst því að fjárslit fari fram milli hjóna eða sambýlisfólks þótt hjúskap eða sambúð ljúki, gagnstætt því sem á við um skipti á dánarbúum. Af þessum sökum er ekki aðeins gengið út frá því í frumvarpinu að aðilarnir hafi samningsfrelsi um uppgjör sín á milli við opinberu skiptin, heldur einnig að þeim sé almennt frjálst að stöðva framkvæmd opinberu skiptanna á hvaða stigi þeirra sem er, en gengið hefur verið út frá sömu viðhorfum í framkvæmd eftir núgildandi lögum.

Þessu til samræmis er mælt svo fyrir í 1. mgr. 113. gr. að opinber skipti skv. XIV. kafla verði felld niður ef aðilarnir eru sammála um það, en fyrir því eru þó sett þau skilyrði að kostnaður af skiptunum sé greiddur og að hvorugur aðilanna hafi neytt réttinda sem séu háð því samkvæmt lögum að opinber skipti fari fram. Með þessu síðarnefnda skilyrði er einkum haft í huga að skv. 31. gr. laga nr. 60/1972 verður hjónum ekki veitt leyfi til skilnaðar nema samkomulag hafi tekist milli þeirra fyrir yfirvaldi um fjárslit eða opinber skipti séu byrjuð í því skyni að koma fjárslitum fram. Annað hjóna eða þau bæði kynnu þannig að hafa aflað sér leyfis til skilnaðar á þeirri forsendu að opinber skipti hafi byrjað, en frjálsræði þeirra til að falla frá opinberu skiptunum að því gerðu væri í ósamræmi við umrædda reglu. Í niðurlagi 1. mgr. 113. gr. er tekið fram að ef opinber skipti yrðu felld niður með þessum hætti stæði það óhaggað sem kynni að hafa verið gert við þau fram til þess tíma, t.d. útlagning einstakra eigna, ráðstöfun þeirra o.s.frv.

Í 2. mgr. 113. gr. er mælt fyrir um heimildir til að ljúka opinberum skiptum skv. XIV. kafla með samningi milli aðilanna um tilhögun fjárslita, en skiptastjóra er þá ætlað að skrásetja þann samning ef aðilarnir gera það ekki sjálfir og árita samninginn um að opinberu skiptunum hafi verið lokið samkvæmt ákvæðum hans. Gera mætti slíkan samning á hvaða stigi skipta sem væri, en í framkvæmd eftir núgildandi lögum heyrir til undantekninga að

samningar af þessum toga takist ekki um málalok áður en komið er að því að ljúka opinberum skiptum með úthlutunargerð.

Í 3. mgr. 113. gr. er síðan mælt fyrir um hvernig skiptastjóri ljúki opinberu skiptunum með úthlutunargerð ef málalok hafa ekki fengist að hætti 1. eða 2. mgr. Ætlast er til að sömu aðferðum verði beitt í þessum tilvikum eins og þegar opinberum skiptum á dánarbúi yrði lokið með úthlutunargerð og er því í 3. mgr. 113. gr. vísað til fyrirmæla 77.–79. gr. og 1. mgr. 80. gr. um þessi atriði, en þeim reglum yrði þá að beita með þeim breytingum sem leiðir af eðli máls. Að auki er tekið fram að skiptastjóri skuli fara eftir 2. mgr. 96. gr. ef því er að skipta, en með þessu er tekin afstaða til þess hvernig hann geti skilað af sér fjármunum sem hafa komið í hlut aðila sem málsvari kynni að hafa verið skipaður fyrir, sbr. 2. mgr. 103. gr.

Í 4. mgr. 113. gr. er mælt fyrir um takmarkaða heimild til endurupptöku opinberra skipta skv. XIV. kafla. Ekki verður séð að þetta ákvæði þarfnist sérstakra skýringa.

Um 114. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 114. gr. er ætlast til að skiptastjóri tilkynni héraðsdómara skriflega um niðurfellingu eða önnur lok opinberra skipta samkvæmt XIV. kafla og er hér um sams konar skyldu að ræða og við lok opinberra skipta á dánarbúum eftir reglum X. kafla.

Í 2. mgr. 114. gr. er mælt svo fyrir að ef opinberum skiptum til fjárslita milli hjóna er lokið með samningi milli aðilanna, sbr. 2. mgr. 113. gr., eða úthlutunargerð skiptastjóra, sbr. 3. mgr. 113. gr., án þess að hjúskapnum sé þó lokið á þeim tíma geti annað hjónanna eða þau bæði fengið samninginn eða úthlutunargerðina skráða eins og um kaupmála væri að ræða. Með slíkri skráningu teldist þá það sem hvor aðilinn fékk í sinn hlut við fjárslitin séreign hans í hjúskapnum, svo og það sem hvor um sig kynni að hafa eignast eftir það tímamark 1. mgr. 104. gr. sem hefði ráðið til hverra eigna væri tekið tillit við fjárslitin. Þessi fyrirmæli 2. mgr. 114. gr. eiga sér hliðstæðu í 44. gr. laga nr. 20/1923 sem nær þó aðeins til aðstæðna eftir að svokölluðum slitum á fjárfélagi hjóna er lokið án hjúskaparslita skv. VI. kafla þeirra laga. Fyrirmæli 2. mgr. 114. gr. eru þannig víðtækari og yrði beitt ef til dæmis fjárslit hafa átt sér stað milli hjóna vegna yfirvofandi hjúskaparslita án þess að skilnaðarleyfi hafi verið veitt áður en opinberu skiptunum væri lokið.

Um 115. gr.

Í 115. gr. kemur fram að opinber skipti skv. XIV. kafla frumvarpsins breyti að engu leyti rétti annarra til að höfða dómsmál á hendur hjónum eða sambýlisfólki eða til að krefjast fullnustugerða í eignum þeirra eða að öðru leyti á hendur þeim. Þótt telja megi þessa reglu nánast sjálfsagða í ljósi eðlis opinberra skipta við þessar aðstæður þykir nauðsynlegt að hún komi berum orðum fram til að fyrirbyggja að gagnstæðar ályktanir verði dregnar í þessum efnum af ákvæðum 4. gr. frumvarpsins.

Um 116.–118. gr.

Í XV. kafla frumvarpsins, sem geymir ákvæði 116.–118. gr., er mælt fyrir um heimild til opinberra skipta til að koma fram slitum á félögum þar sem félagsmenn bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum þeirra og hvernig slík skipti verði framkvæmd. Í 90. gr. laga nr. 3 1878 er að finna heimild til opinberra skipta við slit félaga sem þessara, en í því ákvæði felast þó einnig ýmsar aðrar heimildir til opinberra skipta sem ekki er gert ráð fyrir í þessu frumvarpi og er þannig lagt til að verði felldar úr lögum. Þannig er útilokað berum orðum í 2. mgr. 116. gr. frumvarpsins að opinber skipti fari fram til að koma fram slitum á öðrum félögum en hér um ræðir, t.d. á hlutafélögum, samvinnufélögum eða svokölluðum almennum félögum þar sem félagsmenn bera enga ábyrgð á skuldbindingum. Þá leiðir einnig af gagnályktun frá ákvæðum frumvarpsins í heild að opinberum skiptum yrði ekki beitt til að slíta sameign, en skiptar skoðanir hafa verið uppi um hvort slík heimild felist í 90. gr. laga nr. 3/1878. Ástæður

þess, að lagt sé til í frumvarpinu að fella brott þessar frekari heimildir til opinberra skipta, eru fyrst og fremst þær að sérstök úrræði standa yfirleitt til boða lögum samkvæmt til að koma fram félagsslitum eða slitum sameignar sem telja verður nærtækara að nýta fremur en að leitast við að koma þeim fram með opinberum skiptum, t.d. ákvæði XIV. kafla hlutafélagalaga, nr. 32/1978, og VII. kafla laga um samvinnufélög, nr. 46/1937. Í einhverjum tilvikum sem fyrirmæli 90. gr. laga nr. 3/1878 kynnu að geta tekið til er að vísu um það að ræða að lagafyrirmæli kveða ekki á um almenn úrræði til félagsslita. Þetta gæti til dæmis átt við almenn félagssamtök á borð við stjórnmálaflokk, íþróttafélag eða líknarfélag. Í þessum efnum ber hins vegar að hafa í huga að lagafyrirmæli skortir einnig um skilyrði fyrir slitum slíkra félaga og hverjir geti átt rétt til að fá eignir þeirra í sinn hlut við félagsslit og yrðu því opinber skipti hvort eð er í reynd algerlega óframkvæmanleg til að slíta félögum eða samtökum sem þessum. Verður því að vænta að séð verði fyrir öðrum kostum í löggjöf til að koma fram slitum á slíkum félögum eða samtökum ef þeirra þykir á annað borð þörf, en opinber skipti ein út af fyrir sig gætu ekki orðið haldbært úrræði í því skyni.

Rétt er að taka fram svo ekki orki tvímælis að þótt ákvæði frumvarpsins feli samkvæmt framansögðu í sér ráðagerð um afnám einhverra hugsanlegra heimilda til að beita opinberum skiptum er þeim að sjálfsögðu ekki ætlað að koma í veg fyrir að mæla megi sérstaklega fyrir í öðrum lögum um að opinber skipti geti átt sér stað í ákveðnum tilvikum eða að reglum um opinber skipti verði beitt að einhverju leyti eða öllu við slit félaga eða stofnana.

Í 116. gr. kemur fram það meginskilyrði fyrir opinberum skiptum eftir XV. kafla frumvarpsins að um félag þurfi að vera að ræða þar sem báðir eða allir félagsmenn bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum. Eins og 2. mgr. ákvæðisins gefur til kynna er ætlast til að þetta skilyrði leiði til þeirrar gagnályktunar að opinber skipti komi ekki til greina ef ábyrgð eins félagsmanns væri takmörkuð á einhvern hátt, t.d. við ákveðna hámarksfjárhæð. Önnur atriði 116. gr. þykja ekki þarfnast sérstakra skýringa.

Í 117. gr. er síðan mælt fyrir um hvert beina ætti kröfu um opinber skipti til slita á félagi sem ákvæði 116. gr. gætu tekið til, hvað þyrfti að koma fram í kröfunni og eftir atvikum að fylgja henni, hvernig yrði farið með kröfuna og hvernig færi um ábyrgð á greiðslu skiptakostnaðar. Fyrirmæli 117. gr. eru hliðstæð reglum frumvarpsins um þessi atriði við opinber skipti undir öðrum kringumstæðum að teknu tilliti til séreðlis þeirra tilvika sem hér um ræðir.

Í 118. gr. er loks mælt fyrir um hvernig opinber skipti verði framkvæmd til að slíta félögum sem ættu undir ákvæði XV. kafla, en í þessum efnum er vísað til þeirra kafla frumvarpsins sem fjalla um opinber skipti á dánarbúum þar sem erfingjar hafa lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum. Er þetta gert í ljósi þess að félagsslit eftir XV. kafla gætu aðeins átt sér stað þegar félagsmenn bæru ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum og að sú ábyrgð væri þá sambærileg ábyrgð erfingja á skuldbindingum dánarbús. Umræddum köflum frumvarpsins um dánarbússkipti yrði vitanlega ekki beitt í öllu tilliti eftir orðanna hljóðan við opinber skipti til félagsslita, enda segir í niðurlagi 118. gr. að það verði stuðst við þær reglur með þeim breytingum sem leiði af eðli máls. Þannig yrði að beita hér einstökum reglum 2. þáttar frumvarpsins með hliðsjón af þessu, t.d. með þeirri sjálfsögðu ályktun að það séu ekki erfingjar sem eigi atkvæði um ráðstöfun eigna við félagsslit heldur félagsmenn.

Um 119. gr.

Í 5. þætti frumvarpsins koma fram reglur um hvernig úrlausn dómstóla verði fengin um ágreiningsefni sem rísa í tengslum við skipti eftir öðrum þáttum þess, en ákvæði 5. þáttar leiða að mestu leyti til þess að sams konar ágreiningsefni komi til úrlausnar eftir þessum sérreglum frumvarpsins eins og nú koma til sérstakrar meðferðar fyrir skiptarétti eftir fyrirmælum laga nr. 3/1878 og sjálf málsmeðferðin yrði einnig lík þeirri sem leiðir af þeim fyrirmælum. Ákvæðum 5. þáttar er skipt í þrjá kafla, XVI. kafla sem fjallar um hver mál komi til meðferðar

eftir sérreglum frumvarpsins og hver aðdragandi þess sé, XVII. kafla sem fjallar um meðferð þessara mála og XVIII. kafla sem fjallar um málskot til æðra dóms.

Í reglum XVI. kafla frumvarpsins, sem 119.–126. gr. heyra til, er annars vegar mælt fyrir um hver þau ágreiningsefni séu sem dómstólar færu með eftir reglum XVII. og XVIII. kafla, en í þessum efnum er bæði um það að ræða að reglur framar í frumvarpinu hafa vísað til tiltekinna ákvæða XVI. kafla um hvernig verði leyst úr ákveðnum ágreiningsefnum og að einstök ákvæði þessa kafla fjalla um áður ónefnd atriði sem leita má úrlausnar á. Hins vegar er mælt fyrir um það í 119.–126. gr. hvernig þessum málum verði beint til héraðsdóms og hver gögn þurfi að láta af hendi í því skyni, auk þess að í nokkrum tilvikum er kveðið sérstaklega á um vissar frumaðgerðir sem héraðsdómara er ætlað að leysa af hendi áður en komið yrði að sjálfri málsmeðferðinni eftir reglum XVII. kafla.

Í 1. mgr. 119. gr. er kveðið á um almenna heimild til að fá skorið úr um lögmæti aðgerða sýslumanns skv. II., XII. eða XIII. kafla í tengslum við skipti á dánarbúi, en í þessum köflum er fjallað í fyrsta lagi um aðgerðir og ráðstafnir sýslumanns á því tímaskeiði sem hann fer með forræði á málefnum dánarbús, í öðru lagi um niðurfellingu sýslumanns á leyfi til einkaskipta og í þriðja lagi um aðgerðir sýslumanns í tengslum við lok einkaskipta. Í 1. mgr. 119. gr. er ekki mælt frekar fyrir um einstök málefni sem mætti fá leyst úr, en tilvísun ákvæðisins til umræddra kafla frumvarpsins felur í sér að fjölbreytileg atriði gætu komið hér til álita. Varðandi ákvæði II. kafla gæti til dæmis risið ágreiningur um hvort sýslumanni væri rétt að telja sönnunargögn um andlát ófullnægjandi, sbr. 6. gr., hvort hann hafi með réttu neitað að láta í té upplýsingar úr dánarskrá, sbr. 3. mgr. 9. gr., hvort hann hafi að ófyrirsynju neitað að ljúka skiptum á dánarbúi vegna eignaleysis, sbr. 25. gr., hvort hann hafi ranglega hafnað beiðni um leyfi til setu í óskipti búi eða til einkaskipta, sbr. 27. og 30. gr., auk ýmissa atriða varðandi lögráðamenn og málsvara, sbr. 13.–15. gr. og skráningu og mat á eignum, sbr. 17.–23. gr. Úr ákvæðum XII. kafla gæti reynt á réttmæti niðurfellingar einkaskiptaleyfis en varðandi XIII. kafla væri fyrst og fremst hugsanlegt að reynt gæti á réttmæti þess að sýslumaður neiti að staðfesta einkaskiptagerð, sbr. 2. mgr. 94. gr. Þótt þessi dæmi kunni við fyrstu sýn að gefa til kynna að heimildir 1. mgr. 119. gr. séu mjög víðtækar, þá er reyndin ekki alls kostar sú þar sem gefa verður því gaum að í ákvæðinu er áskilið að hlutaðeigandi þurfi að hafa lögvarða hagsmuni af því að fá aðgerð eða ákvörðun sýslumanns hnekkt. Þetta táknar ekki aðeins að óviðkomandi maður geti ekki leitast við að fá ákvörðun eða aðgerð sýslumanns hnekkt, heldur einnig að þótt málefnið komi hlutaðeiganda við þá verði hann að sýna fram á að það hafi þýðingu fyrir sig að lögum að koma slíku fram og að því markmiði sem hann stefnir að verði ekki náð með öðrum og nærtækari hætti. Þannig yrði til dæmis að telja að það hefði enga þýðingu að lögum fyrir mann að fá leyst úr því hvort sýslumanni hafi verið rétt að taka við tilkynningu andláts frá fjarlægu skyldmenni þess látna fremur en að neita því og krefjast að einhver nákomnari tilkynnti látið, sbr. 2. mgr. 6. gr. Eins yrði að telja langsótt að fá leyst úr því í máli eftir 119. gr. hvort sýslumanni hafi verið rétt að taka til greina beiðni um leyfi til setu í óskiptu búi eða einkaskipta því að nærtækara væri í öllu tilliti að hlutaðeigandi krefðist að dánarbúið yrði tekið til opinberra skipta og hefði þar meðal annars uppi þau sjónarmið að leyfisveitingin stæði ekki í vegi opinberra skipta þar sem hún væri ógild vegna tiltekinna annmarka. Eins og þessi dæmi sýna verður að taka tillit til þess við skýringu 1. mgr. 119. gr. að úrlausn um það eitt hvort sýslumaður hafi staðið ranglega að verki mundi oft og tíðum ekki þjóna neinum sjálfstæðum tilgangi og þar með yrði að telja að það skorti lögvarða hagsmuni til að afla hennar.

Ef um atriði væri að tefla sem mætti leita úrlausnar um eftir framangreindum viðhorfum er mælt fyrir um þá leið til þess í 1. mgr. 119. gr. að hlutaðeigandi leiti fyrst eftir breyttri afstöðu til málefnisins hjá sýslumanni. Ef sýslumaður yrði við slíkri ósk yrði ekkert frekar úr málinu, en ef hann neitaði að víkja frá fyrri afstöðu sinni er gert ráð fyrir að hlutaðeigandi afhendi sýslumanni skriflega kröfu sína um að héraðsdómari leysi úr ágreiningi þeirra.

Samkvæmt 2. mgr. 119. gr. er ætlast til að sýslumaður sendi kröfuna þegar í stað til þess héraðsdómstóls sem hefur lögsögu í umdæmi hans og láti eftir atvikum fylgja frekari skriflegar upplýsingar um málefnið svo að þau atriði liggi fyrir sem nánar er mælt fyrir um í 1.–3. tölul. ákvæðisins. Þessu til viðbótar er mælt fyrir um það í 3. mgr. 119. gr. að sýslumaður eigi að láta gögn varðandi ágreiningsefnið fylgja ef þau þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn þess. Yrði að ráðast hverju sinni af eðli ágreiningsefnisins um hver gögn gæti verið að ræða í þessu sambandi, en ef til dæmis væri deilt um neitun sýslumanns að taka við andlátstilkynningu vegna ónógra sannana um mannslát þá væri bersýnilega við hæfi að láta þau gögn af hendi sem kann að hafa verið framvísað og þóttu ekki nægja.

Í 4. mgr. 119. gr. er mælt fyrir um hverjir yrðu aðilar til sóknar og varnar í ágreiningsmáli sem þessu fyrir héraðsdómi, en sá sýslumaður, sem í hlut ætti, væri varnaraðili, enda væri kröfum hér beint að honum í því skyni að fá ákvörðun hans eða aðgerð hnekkt og lagt fyrir hann að haga gerðum sínum með öðrum tilteknum hætti. Í þessu ákvæði er ekki berum orðum gert ráð fyrir að aðrir en þar eru nefndir geti átt aðild að máli sem þessu, en hér ber að hafa í huga að í 2. mgr. 131. gr. er mælt fyrir um að almennum reglum um meðferð einkamála í héraði verði beitt við málsmeðferð ef annað leiðir ekki af ákvæðum frumvarpsins. Þessi fyrirmæli 2. mgr. 131. gr. fela meðal annars í sér tilvísun til reglna um meðalgöngu í 50. gr. laga nr. 85/1936, en á grundvelli þeirra gæti til dæmis sá sem teldi sig hafa hagsmuni af því að afstaða sýslumanns stæði óhögguð sóst eftir að ganga inn í málið til varnar við hlið sýslumanns.

Samkvæmt 4. mgr. 119. gr. færi héraðsdómari með mál sem þessi eftir almennum reglum XVII. kafla frumvarpsins, en mælt er svo fyrir í 5. mgr. ákvæðisins að meðan á rekstri máls standi beri sýslumanni að haga öðrum aðgerðum sínum varðandi dánarbúið með þeim hætti að hann raski ekki þeim hagsmunum sem málið varða nema nauðsyn krefji.

Um 120. gr.

Í 1. mgr. 120. gr. frumvarpsins er kveðið á um hvernig verði farið með ágreining um kröfu um opinber skipti sem gæti risið með því að hún sætti andmælum þegar hún væri tekin fyrir á dómþingi. Er gert ráð fyrir að héraðsdómari taki ágreininginn rakleitt til meðferðar eftir fyrirmælum XVII. kafla án frekari tilkynninga til þeirra sem gætu átt hlut að máli og yrði dómsmál til úrlausnar um hvort krafan um opinber skipti nái fram að ganga þá þingfest á því dómþingi þar sem ágreiningur reis án frekari aðdraganda. Er mælt svo fyrir að sá sem krefjist opinberra skipta verði sóknaraðili að málinu, en sá sem mótmæli kröfunni verði varnaraðili. Gert er ráð fyrir því í 1. mgr. 120. gr. að fleiri en einn kunni að hafa staðið í sameiningu að kröfu um opinber skipti að annar hlutaðeigandi kunni að taka undir kröfuna á dómþingi eða jafnvel að fyrir liggi tvær kröfur þessa efnis sem stafi hvor frá sínum aðila og að þær hafi verið teknar fyrir í sama þinghaldi. Einnig er gert ráð fyrir því að fleiri en einn kunni að hafa uppi mótmæli gegn kröfu um opinber skipti. Hvernig sem þessu væri farið er mælt svo fyrir að héraðsdómari taki ágreininginn til úrlausnar í einu dómsmáli, án tillits til þess hvort kröfur þeirra, sem stæðu samhliða til sóknar eða varnar, væru byggðar á sömu atriðum, en ekki verður komist hjá þessari tilhögun í ljósi þess að héraðsdómara er hér ætlað að kveða á um það hvort opinber skipti fari fram sem hlýtur eftir eðli máls að varða hagsmuni allra aðilanna í senn.

Með þeirri undantekningu, sem leiðir af því að héraðsdómara er ætlað að þingfesta dómsmál þegar í stað án undangenginna tilkynninga skv. 127. og 128. gr. til að leysa úr um hvort opinber skipti fari fram, færi mál af þessum toga eftir almennum málsmeðferðarreglum XVII. kafla. Sá angi kann hins vegar að fylgja máli sem þessu að sá sem krefjist opinberra skipta hafi þá kröfu uppi vegna framkominna mótmæla gegn opinberum skiptum að leyfi til setu í óskiptu búi eða einkaskipta verði fellt niður til bráðabirgða meðan leyst verði úr málinu, sbr. 1. mgr. 45. gr. Krafa sem þessi stæði þannig í beinum tengslum við dómsmálið sem slíkt, en eðli hennar væri þó með þeim hætti að nauðsynlegt væri að leysa úr henni sem fyrst. Er því

gert ráð fyrir afbrigðilegri meðferð slíkrar kröfu í 2. mgr. 120. gr. með því að héraðsdómari gefi aðilum aðalmálsins kost á að tjá sig um hana um leið og hún kemur fram og kveði upp úrskurð í beinu framhaldi af því um hvort hún verði tekin til greina, en ekki er ráðgert að aðilarnir fái frest til að gera skriflegar greinargerðir um kröfur sínar í þessu sambandi nema þeir séu báðir eða allir sammála um það. Úrskurður um þetta atriði yrði ekki kærður til æðra dóms eins og fram kemur í niðurlagi 2. mgr. 120. gr.

Um 121. gr.

Í þessu ákvæði er mælt fyrir um hvernig yrði farið að til að afla úrskurðar héraðsdómara um kröfu um frávikningu skiptastjóra, sbr. 3. mgr. 47. gr., en gert er ráð fyrir að sá sem telji efni til frávikningar beini kröfu sinni um það beint til þess héraðsdómstóls þar sem skiptastjórinn var skipaður til starfa. Í 1.–3. tölul. 1. mgr. 121. gr. er talið upp hvað þurfi að koma fram í kröfu um þetta efni og skv. 2. mgr. 121. gr. þurfa gögn sem kunna að varða málefnið að fylgja kröfunni. Í 3. mgr. 121. gr. er mælt fyrir um hvernig aðild að máli sem þessu yrði háttað, en farið yrði með það eftir almennum málsmeðferðarreglum XVII. kafla frumvarpsins. Verður ekki séð að einstök atriði í þessu sambandi þarfnist sérstakra skýringa.

Um 122. gr.

Í 122. gr. kemur fram almenn regla frumvarpsins um hvernig leitað verði úrlausnar héraðsdómara um ágreiningsatriði sem rísa við framkvæmd opinberra skipta. Í 1. mgr. ákvæðisins kemur fram að skiptastjóra sé skylt að hlutast til um að leita úrlausnar héraðsdómara ýmist þegar ágreiningur hefur risið sem einstakar reglur frumvarpsins bjóða að verði farið með eftir 122. gr. eða þegar önnur ágreiningsefni hafa komið upp sem skiptastjóri telur þörf á að fá leyst úr eftir þessari leið. Af fyrrnefndu tilvikunum, þar sem einstök ákvæði frumvarpsins mæla beinlínis fyrir um að þessi leið skuli farin, má einkum benda hér á 3. mgr. 53. gr. þar sem þetta er boðið varðandi ágreining um tilkall til arfs, 5. mgr. 54. gr. þar sem fjallað er um ágreining um réttindi maka til að leysa eignir til sín og um rétt erfingja til að fá eignir útlagðar, 2. mgr. 60. gr. og 2. mgr. 64. gr. sem varða ágreining um lýstar kröfur á hendur búi, 4. mgr. 62. gr. varðandi ágreining um ákvörðun skiptastjóra um hvort farið verði með dánarbú eftir reglum um gjaldþrotaskipti eða ekki, 3. mgr. 71. gr. þar sem fjallað er um ágreining um ráðstöfun á hagsmunum bús, 3. mgr. 72. gr. og 3. mgr. 79. gr. sem varða ágreining sem rís í tengslum við lok skipta eða frumvarp til úthlutunar og loks 112. gr. sem snýr að ágreiningsefnum við skipti til fjárslita milli hjóna og fólks í óvígðri sambúð. Þótt þessi beinu ákvæði um skyldu til að leita úrlausnar um ágreiningsefni hljóti að taka til flestra aðstæðna þar sem ágreiningur gæti verið uppi er ekki útilokað að einhver óvenjuleg og ófyrirséð tilefni verði til þess að nauðsynlegt þyki að fá leyst úr öðrum atriðum, en sá möguleiki er einmitt tilefnið fyrir því að skiptastjóra sé boðið í 1. mgr. 122. gr. að bera önnur ágreiningsefni undir héraðsdóm en beinlínis verður talið skylt eftir einstökum ákvæðum frumvarpsins. Ágreiningsefni, sem gætu átt hér undir, væru væntanlega jafnan þess eðlis að þau gætu í fyllingu tímans orðið tilefni til mótmæla gegn frumvarpi til úthlutunar sem væri beinlínis skylt að bera undir héraðsdóm skv. 3. mgr. 79. gr., en það hlyti þá að vera eðlilegra og hagfelldara að fá leyst úr um slíkt atriði þegar í stað eftir umræddri leið 1. mgr. 122. gr. en að hafa það óútkljáð þar til komið væri að því að ljúka skiptum.

Í 1. mgr. 122. gr. er gert ráð fyrir að skiptastjóra verði skylt að leita úrlausnar héraðsdómara við þær aðstæður sem hér hefur verið lýst og er honum einum ætlað að eiga frumkvæðið í þessum efnum. Þótt ætla megi að ástæðulaust sé að óttast að skiptastjóri láti af einhverjum sökum hjá líða að sinna þessari skyldu verður eðlilega ekki fullyrt að það sé útilokað. Ef það gerðist hefði sá sem ætti hagsmuni í húfi þann kost í hendi sér að hafa uppi aðfinnslur vegna þessarar vanrækslu skiptastjóra eða eftir atvikum kröfu um brottvikningu hans, sbr. 47. gr., en með þessum óbeina hætti má telja tryggt að réttur erfingja eða annarra

þeirra, sem hafa uppi kröfur við opinber skipti, verði ekki fyrir borð borinn þótt þeir njóti ekki sjálfstæðrar heimildar til að bera ágreiningsefni undir héraðsdóm eftir 122. gr.

Í 1. mgr. 122. gr. er að öðru leyti mælt fyrir um að skiptastjóri eigi að bera ágreiningsefni undir héraðsdómstólinn þar sem hann var skipaður til starfa, með skriflegri kröfu um úrlausn og að þau atriði, sem eru talin í 1.–4. tölul. ákvæðisins, þurfi að koma fram í kröfunni. Samkvæmt 2. mgr. 122. gr. eiga gögn varðandi ágreiningsefnið að fylgja kröfunni.

Í 3. mgr. 122. gr. koma fram leiðbeiningar um það hvernig héraðsdómari eigi að ákveða hver verði talinn sóknaraðili að máli sem ber að með þessum hætti og hver verði varnaraðili, en ógerningur er að kveða á um þetta með tæmandi hætti í ákvæðinu í ljósi þess hve margvísleg ágreiningsmál gætu komið til kasta dómara eftir 122. gr. Að slepptum þeim leiðbeiningum, sem eru settar fram í 3. mgr., yrði héraðsdómari að ákveða þetta eftir eðli ágreiningsmálsins eins og tekið er þar fram, en í framkvæmd hafa mótast nokkuð föst viðhorf um hver atriði geti ráðið niðurstöðu í þessum efnum sem má ætla að væri unnt að taka tillit til þegar á reyndi.

Mál, sem kæmu til kasta héraðsdóms eftir 122. gr., mundu sæta meðferð eftir almennum reglum XVII. kafla án sérstakra frávika.

Um 123. gr.

Eins og vikið var að í athugasemdum við 1. og 2. mgr. 90. gr. er gert ráð fyrir að tvenns konar ágreiningsmál, sem gætu risið í tengslum við einkaskipti dánarbúa, verði rekin eftir sérreglum frumvarpsins, en þar er nánar tiltekið um að ræða annars vegar ágreiningsmál milli erfingjanna innbyrðis um erfðaréttindi þeirra, réttindi og skyldur búsins eða ráðstafanir á hagsmunum þess og hins vegar ágreiningsmál milli erfingja og kröfuhafa um réttindi þess síðarnefnda á hendur búi. Í fyrra tilvikinu leiðir af 1. mgr. 90. gr. að aðrar leiðir verði ekki farnar til að fá leyst úr ágreiningi um þargreind atriði en ákvæði frumvarpsins bjóða upp á, en í því síðara leiðir af 2. mgr. 90. gr. að málið geti því aðeins komið til meðferðar og úrlausnar eftir ákvæðum frumvarpsins að allir erfingjar og hlutaðeigandi kröfuhafi séu sammála um það.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 123. gr. mæla nánar fyrir um það hvernig mál sem þessi yrðu lögð fyrir héraðsdómara, en í báðum tilvikum yrði þetta gert með skriflegri kröfu til héraðsdómara sem hefði að geyma upplýsingar um þau atriði sem eru talin í 1.–5. tölul. 1. mgr. Ef um ágreining væri að ræða milli erfingjanna innbyrðis væri nægilegt skv. 1. mgr. 123. gr. að einn þeirra stæði að kröfu til héraðsdómara, en ef ágreiningurinn væri milli erfingja og kröfuhafa yrðu allir hlutaðeigendur að standa að kröfunni. Kröfunni yrði í hvoru tilvikinu sem væri beint til héraðsdómstólsins í umdæmi þess sýslumanns sem veitti erfingjunum leyfi til einkaskipta og skv. 3. mgr. 123. gr. yrðu gögn að fylgja henni um ágreiningsefnið ásamt leyfisbréfi til einkaskipta eða öðru gagni um leyfisveitinguna.

Í 4. mgr. og að nokkru í 5. mgr. 123. gr. er kveðið sérstaklega á um það að áður en héraðsdómari taki mál sem þessi til frekari meðferðar eftir ákvæðum XVII. kafla beri honum að kanna hvort ágreiningurinn falli með réttu undir 1. eða 2. mgr. Með þessu er nánar tiltekið átt við að héraðsdómari yrði að meta hvort til dæmis ágreiningur milli erfingja varði erfðaréttindi þeirra, réttindi eða skyldur búsins eða ráðstöfun á hagsmunum þess, en ekki önnur atriði sem féllu utan heimildar 1. mgr. 123. gr. Að sama skapi yrði hann að kanna hvort samþykki liggi fyrir frá öllum hlutaðeigendum fyrir rekstri máls eftir heimild 2. mgr. 123. gr. og hvort þar væri þá á ferðinni ágreiningur um réttindi kröfuhafa á hendur búinu. Ef héraðsdómari teldi ágreiningsefnið ekki eiga undir aðra hvora heimildina er honum heimilað í 4. mgr. 123. gr. að neita að taka það til meðferðar og er þá gert ráð fyrir að hann tilkynni þeim sem beindi kröfu um úrlausn til hans um þá afstöðu sína. Þyrfti héraðsdómari aðeins að láta þessa afstöðu sína uppi með formlegri hætti ef sá sem krafðist úrlausnar hans vildi ekki una við afstöðuna, en eins og fram kemur í niðurlagi 4. mgr. yrði héraðsdómari þá að kveða upp úrskurð um neitun sína ef krafist væri og mætti skjóta þeim úrskurði til æðra dóms. Yrði

niðurstaða héraðsdómara af þessari athugun hins vegar sú að hann teldi skilyrðum 1. eða 2. mgr. fullnægt er honum boðið í 5. mgr. 123. gr. að taka málið til meðferðar eftir almennum reglum XVII. kafla án þess að þurfa að tilkynna þá niðurstöðu sína sérstaklega. Tekið er þó fram að héraðsdómari sé ekki bundinn af þeirri niðurstöðu á síðari stigum ef krafa kæmi fram um frávísun málsins á þeim grunni að það eigi ekki undir heimild 1. eða 2. mgr. 123. gr., enda gætu komið fram upplýsingar undir rekstri málsins sem lágu ekki áður fyrir og kynnu að raska forsendum fyrir upphaflegri afstöðu héraðsdómarans.

Í 5. mgr. 123. gr. er að finna leiðbeiningarreglur um hvernig héraðsdómari ákveði hver verði sóknaraðili máls og hver varnaraðili, þegar mál kemur til kasta hans eftir þessari leið. Hér skal aðeins áréttað að reglan felur í sér leiðbeiningar sem verður ekki ætlast til að unnt yrði að fylgja í öllum tilvikum.

Um 124.–126. gr.

Ákvæði 33. og 35. gr. laga nr. 3/1878 fela í sér þá meginreglu að þau ágreiningsmál komi ein til úrlausnar fyrir skiptarétti eftir sérreglum þeirra laga þar sem deilt sé um réttindi á hendur búi eða hvernig skuli staðið að framkvæmd skipta. Með fáum undantekningum, sem að mestu eru taldar upp í umræddri 35. gr. laganna, er að sama skapi gengið út frá þeirri meginreglu að í málum sem þessum verði ekki leyst úr um réttindi bús á hendur þriðja manni, en almennt hefur þó verið talið að víkja megi frá þessari meginreglu og fá leyst úr slíkum réttindum bús með samþykki þess sem þau eru talin beinast að.

Það hefur komið fram hér áður að reglur þessa frumvarps, sem kveða á um það hver ágreiningsmál geti komið til úrlausnar eftir reglum 5. þáttar í stað þess að vera rekin fyrir dómstólum eftir öðrum reglum, hafa að mestu leyti verið sniðnar eftir fyrirmælum núgildandi laga. Eins og fyrirvarinn í því orðalagi gefur til kynna á þetta þó ekki við í hvívetna og felast helstu tillögurnar um breytingar frá eldri lögum í reglum 124.–126. gr. Beinast þær nánar tiltekið að því að annars vegar er ráðgert í 124. og að nokkru í 126. gr. að þriðji maður verði í nokkuð auknum mæli að sæta því að leyst verði úr um réttindi á hendur sér eftir þeim sérstöku málsmeðferðarreglum sem frumvarpið geymir og hins vegar að afstaða er tekin beinlínis til þess í 125. gr. hvenær megi semja um að leyst verði úr um skyldur þriðja manns í umæddum málum. Þessar reglur eru fyrst og fremst lagðar hér til í því skyni að stuðla að hagræði og skjótari málsmeðferð við skipti, en þetta er einmitt gert til samræmis við það markmið sem má víða finna merki um í öðrum atriðum frumvarpsins eins og í núgildandi lögum að þess eigi að gæta eins og frekast er kostur að skipti fari fram á sem skemmstum tíma.

Um nánari atriði þessara ákvæða má fyrst geta reglna 1. mgr. 124. gr. Þar er mælt fyrir um heimild skiptastjóra til að halda uppi kröfum dánarbús, sem er til opinberra skipta, í máli að hætti XVII. kafla frumvarpsins ef kröfunar beinast að maka þess látna eða öðrum erfingja, úrlausn um þau hefur þýðingu fyrir skiptin, þeim verður ekki fylgt eftir í máli sem ber að eftir 122. gr. og hægt yrði að höfða mál til að sækja þau eftir almennum reglum laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði. Hér er um heimild að ræða handa skiptastjóra, en kjósi hann að fara þessa leið verður gagnaðili búsins að hlíta því.

Í öðru lagi kemur fram sérregla í 2. mgr. 124. gr. um heimild annars hjóna eða sambýlismanns til að halda uppi réttindum sínum í máli að hætti XVII. kafla á hendur maka sínum eða sambýlismanni ef yfir standa opinber skipti eftir XIV. kafla frumvarpsins, úrlausn um réttindin hefur þýðingu fyrir fjárslitin milli þeirra, ekki verður leyst úr um þau í máli sem ber að eftir 122. gr. og hægt yrði að sækja þau í einkamáli eftir almennum reglum. Í þessari reglu, sem vikið var nánar að í athugasemdum við 112. gr. frumvarpsins, er gert ráð fyrir að um heimild sé að ræða handa öðru hjóna eða öðrum sambýlismanninum, en kjósi hann að halda uppi réttindum sínum í máli sem þessu verður gagnaðili hans að hlíta þeirri málsmeðferð.

Í þriðja lagi er í 1. mgr. 125. gr. kveðið á um heimild handa dánarbúi, hvort sem það væri

til opinberra skipta eða einkaskipta, til að halda uppi réttindum sínum í máli eftir XVII. kafla frumvarpsins á hendur öðrum en ákvæði 1. mgr. 124. gr. taka til ef réttindin hefðu þýðingu fyrir skiptin og mætti sækja í einkamáli eftir almennum reglum. Ákvæði þetta sker sig úr í samanburði við reglur 124. gr. að því leyti að hér er ekki um einhliða heimild dánarbúsins að ræða til að ákveða að mál verði rekið með þessum hætti, heldur verður gagnaðili þess að vera því samþykkur.

Loks er í fjórða lagi mælt fyrir í 2. mgr. 125. gr. um heimild hjóna til að fá leyst úr ágreiningsefnum sín á milli í máli eftir XVII. kafla varðandi fjárslit vegna skilnaðar eða ógildingar hjúskapar þótt opinber skipti fari ekki fram í því skyni eftir fyrirmælum XIV. kafla ef málefnið hefði sætt þeirri meðferð við opinber skipti eftir 122. gr. eða 2. mgr. 124. gr. Ef leita ætti úrlausnar eftir þessari heimild yrðu hjónin að vera sammála um þá málsmeðferð.

Framangreindum reglum 124. og 125. gr. er það sammerkt að þau mál, sem þar um ræðir, kæmu til kasta héraðsdóms með því að sá sem teldi til réttinda og vildi sækja þau eftir þessum heimildum yrði að gera stefnu og önnur sóknargögn með sama hætti og ef hann væri að höfða einkamál eftir almennum reglum, sbr. 1. mgr. 124. gr., sem er vísað til í öðrum umræddum ákvæðum. Með þessum gögnum er ætlast til að skrifleg beiðni fylgi til héraðsdómara um þessa málsmeðferð, en þar yrði að rökstyðja sérstaklega að málið fullnægi skilyrðum viðeigandi ákvæðis 124. eða 125. gr. Hér er að auki ráðgert að áður en lengra yrði haldið framkvæmi héraðsdómari sérstaka könnun á því hvort skilyrðum sé fullnægt fyrir að fara með málið með þessum hætti, sbr. 3. mgr. 124. gr., en reglurnar um þá könnun eru sama efnis og ákvæði 4. og 5. mgr. 123. gr. sem áður hefur verið lýst. Ef héraðsdómari teldi þessum skilyrðum fullnægt færi hann með málið eftir fyrirmælum XVII. kafla.

Í 126. gr. koma loks fram almennar reglur varðandi öll afbrigði mála, sem ákvæði XVI. kafla taka til, um það í hverjum mæli leyst verði úr skyldum þriðja manns í málum sem yrðu rekin eftir fyrirmælum XVII. kafla, að því leyti sem beinar heimildir standa ekki til að leysa úr slíkum skyldum eftir öðrum reglum XVI. kafla. Þessar heimildir eru taldar nánar í þremur töluliðum 126. gr., en þar er þess í fyrsta lagi getið að í máli eftir XVII. kafla megi dæma þriðja mann sem á aðild að því til að greiða gagnaðila sínum málskostnað og að gera megi honum að greiða réttarfarssekt. Sömu heimildir má nú finna í 3. mgr. 185. gr. og 6. mgr. 188. gr. laga nr. 85/1936, en afnám þeirra ákvæða er lagt til í 14. tölul. 135. gr. þessa frumvarps. Í öðru lagi er kveðið á um það í 2. tölul. 126. gr. að hafa megi uppi gagnkröfu á hendur þriðja manni í máli sem er rekið skv. XVII. kafla hvort sem er til skuldajafnaðar eða sjálfstæðrar dómsúrlausnar, en skilyrðin fyrir því eru að þriðji maður hafi sjálfur uppi kröfu um réttindi sín í slíku máli, hafa mætti uppi gagnkröfuna í þessu skyni ef um væri að ræða einkamál eftir almennum reglum, sbr. 49. gr. laga nr. 85/1936, og að þriðji maður hafi mætt á dómþingi þegar gagnkrafan kom fyrst fram, sbr. 4. mgr. 130. gr. frumvarpsins. Þessar heimildir til að hafa uppi gagnkröfur á hendur þriðja manni fela í sér nokkra breytingu frá fyrirmælum 35. gr. laga nr. 3/1878 sem gera aðeins ráð fyrir slíkum gagnkröfum til skuldajafnaðar. Þá er í þriðja lagi mælt fyrir um heimild í 3. tölul. 126. gr. til að fá leyst úr um skyldu þriðja manns til að greiða kostnað vegna muna sem hann krefst afhendingar á ef mál um afhendingarkröfu hans er rekið eftir XVII. kafla. Tekið er þó fram í þessu ákvæði að þetta megi aðeins gera á þann veg að leyst sé úr skyldu þriðja manns til greiðslu sem skilyrði fyrir að hann fái munina afhenta sér, en sá kostnaður, sem hér gæti átt undir, kynni að vera af ýmsum toga, t.d. húsaleiga vegna geymslu muna, kostnaður af gæslu þeirra o.s.frv. Ákvæði 35. gr. laga nr. 3/1878 fela í sér sambærilega heimild og hér um ræðir.

Um 127.–131. gr.

Reglur XVII. kafla frumvarpsins um sérstaka meðferð ágreiningsmála fyrir héraðsdómi eru í 127.–131. gr., en það einkennir þær helst að þar koma fram fyrirmæli um ákveðin afbrigði frá almennum reglum um meðferð einkamála í héraði samkvæmt lögum nr. 85/1936 sem gilda

að því leyti sem frávik frá þeim verða ekki leidd af ákvæðum frumvarpsins, sbr. 2. mgr. 131. gr. Verður litið hér nánar til þess í hverju þessi frávik felast í helstu atriðum.

Í fyrsta lagi er mælt fyrir um þann aðdraganda að málsmeðferðinni í 127. gr. að héraðsdómari geri tilkynningar eftir að hafa ákveðið stað og stund til þingfestingar og beini þeim til beggja eða allra aðila málsins. Er talið upp í fimm töluliðum 1. mgr. 127. gr. hvað eigi nánar að koma fram í þessum tilkynningum, en þeim eiga síðan að fylgja samrit þeirrar kröfu eða eftir atvikum stefnu, sbr. 124. og 125. gr., sem var beint til héraðsdómara eftir viðeigandi ákvæði XVI. kafla til að leita úrlausnar hans. Héraðsdómari má þó láta ógert að láta slík skjöl fylgja tilkynningu ef efni þeirra er tekið upp í tilkynninguna sjálfa, sbr. 2. mgr. 127. gr. Samkvæmt 128. gr. á síðan að birta þessar tilkynningar fyrir málsaðilum eftir sömu reglum og gilda um birtingu stefnu í einkamáli, sbr. ákvæði VIII. kafla laga nr. 85/1936, en þó ákveður héraðsdómari þann fyrirvara sem birta verður með án tillits til almennra reglna um stefnufrest, sbr. 1. mgr. 128. gr. frumvarpsins. Þessar upphafsaðgerðir við meðferð máls eftir XVII. kafla ættu við í öðrum tilvikum en þeim þar sem mál kemur til kasta héraðsdómara eftir fyrirmælum 120. gr., enda rís tilefni til rekstrar máls eftir þeim fyrirmælum á dómþingi sem allir hlutaðeigendur hafa verið boðaðir til.

Í öðru lagi er mælt svo fyrir í 1. mgr. 129. gr. að mál eftir XVII. kafla teljist höfðað við þingfestingu þess, en hér er vikið frá almennri reglu 103. gr. laga nr. 85/1936 sem miðar réttaráhrif málshöfðunar við birtingu stefnu í einkamáli nema mál sé þingfest fyrir dómi án undangenginnar stefnubirtingar með samþykki varnaraðilans. Við þingfestingu er héraðsdómara ætlað að leggja fram tilkynningar til aðilanna um málið með gögnum um birtingu þeirra og þau gögn sem honum hafa borist um ágreiningsefnið og hann telur hafa þýðingu, en um þetta má vekja athygli á því að ætlast er til með þessu orðalagi 1. mgr. 129. gr. að dómari leggi ekki fram í blindni öll skjöl sem hafa borist honum um málið, heldur yrði hann eftir atvikum að leitast við að einfalda málið með því að láta hjá líða að leggja sjálfur fram þýðingarlaus gögn við þingfestingu. Í tengslum við ákvæði 1. mgr. 129. gr. er rétt að benda á að ekki er minnst á það hvernig dómari eigi að haga gerðum sínum ef ekki hefur tekist að birta tilkynningar réttilega eða í tæka tíð og ekki er sótt þing af hálfu beggja eða allra aðila allt að einu. Verður að telja þau viðbrögð nærtækust að ekki verði af þingfestingu máls, heldur ákveðinn nýr tími til þingfestingar, gerðar nýjar tilkynningar og leitast á ný við að birta þær.

Í þriðja lagi má nefna að reglur 2. og 3. mgr. 129. gr. taka til þess hvernig verði farið með mál ef útivist verður af hálfu málsaðila. Þessar reglur víkja í reynd ekkert frá almennum reglum 118. gr. laga nr. 85/1936 um afleiðingar útivistar, en þær eru teknar hér upp gagngert vegna óvissu sem hefur virst ríkja í þessum efnum um mál sem eru rekin eftir ákvæðum laga nr. 3/1878.

Í fjórða lagi er í 130. gr. mælt fyrir um málsmeðferðina ef báðir eða allir málsaðilar mæta við þingfestingu, en ef sátt verður ekki í máli gefur héraðsdómari sóknaraðilanum kost á að leggja þá þegar fram greinargerð um kröfur sínar, málsástæður, önnur málsatvik og lagarök ásamt gögnum sem hann kann að byggja málstað sinn á og hafa ekki þegar verið lögð fram af dómaranum. Hér ber þó að hafa í huga að ef málið væri komið til eftir 124. eða 125. gr. hefði dómarinn þá þegar undir höndum stefnu sóknaraðilans og önnur gögn, en dómarinn legði þau þá fram við þingfestingu, sbr. 1. mgr. 129. gr. Ekki er að finna nákvæm fyrirmæli í 1. mgr. 130. gr. um efni greinargerðar sóknaraðila, en líkt og í framkvæmd eftir núgildandi lögum er hér gengið út frá að orð 1. mgr. 130. gr. verði skilin á þann veg að greinargerðin eigi að geyma sömu atriði og verða að koma fram í stefnu og eftir atvikum greinargerð sækjanda í einkamáli, sbr. 1. mgr. 88. gr. og 1. mgr. 105. gr. laga nr. 85/1936. Tekið er fram í 1. mgr. 130. gr. frumvarpsins að héraðsdómari geti veitt sóknaraðila skamman frest við þingfestingu til að leggja fram greinargerð sína, en hér ber að leggja áherslu á að ætlast er til að frestur í þessu skyni sé skammur, líkt og aðrir frestir í þessum málum, enda á því byggt að mál sem þessi fái skjótari meðferð en einkamál eftir almennum reglum. Eftir 2. mgr. 130. gr. á héraðsdómari

síðan að veita varnaraðila skamman frest að framkominni greinargerð sóknaraðilans til að leggja fram sambærilega greinargerð af sinni hendi ásamt gögnum sem hann byggir á, en þessi regla er hliðstæð ákvæðum 106. gr. laga nr. 85/1936.

Í fimmta lagi má geta þess að í 3. mgr. 130. gr. er mælt fyrir um það að farið verði með frávísunarkröfu sem kann að koma fram af hálfu varnaraðila eftir almennum reglum laga nr. 85/1936. Þótt þessi regla kunni að virðast óþörf í ljósi almennrar tilvísunar 2. mgr. 131. gr. frumvarpsins til reglna nefndra laga þjónar hún þeim tilgangi að taka af skarið um að mál sem þessi geti sætt frávísun. Hafa verið uppi mjög skiptar skoðanir um heimildir til þess eftir núgildandi lögum og hefur dómaframkvæmd verið á reiki í þeim efnum. Af þessari reglu má draga þá ályktun að dómari geti vísað máli eftir fimmta þætti frumvarpsins frá dómi af sjálfsdáðum ef annmarkar eru á því sem mundu valda frávísun almenns einkamáls án kröfu.

Í sjötta lagi má hér líta til ákvæða 4. mgr. 130. gr., en þar er mælt sérstaklega fyrir um heimild varnaraðila til að hafa uppi sjálfstæðar kröfur um úrlausn sakarefnisins sem verði þá farið með sem gagnkröfu í málinu, en því skilyrði verður þó að fullnægja að annaðhvort mætti leita sjálfstæðrar úrlausnar um kröfuna eina út af fyrir sig eftir einhverri heimild í ákvæðum XVI. kafla eða að heimild til gagnkröfunnar komi berum orðum fram í 126. gr. Þessi fyrirmæli verður að skoða í ljósi þess að í málum, sem yrðu rekin eftir ákvæðum XVII. kafla væri kröfugerð varnaraðila yfirleitt ekki sambærileg kröfugerð stefnda í einkamáli eftir almennum reglum, nema helst ef krafist væri frávísunar máls, sbr. 3. mgr. 130. gr. Í máli eftir XVII. kafla hefði varnaraðili ekki uppi kröfu um sýknu af kröfum sóknaraðila, heldur að þeim yrði hafnað eða að málalok yrðu á einhvern tiltekinn annan veg en sóknaraðilinn krefjist. Ef þess eins yrði krafist af hendi varnaraðila að kröfum gagnaðilans yrði hafnað væri ekki tilefni til að ræða um sjálfstæða kröfu varnaraðilans um úrlausn sakarefnisins í skilningi 4. mgr. 130. gr. Slík kröfugerð gæti komið að haldi ef sóknaraðilinn héldi til dæmis uppi í máli sem þessu kröfu um viðurkenningu lýstrar kröfu við opinber skipti dánarbús sem skiptastjóri mundi einfaldlega krefjast af hálfu búsins að yrði hafnað. Sú aðstaða væri hins vegar engan veginn uppi í öllum tilvikum. Ef ágreiningur væri til dæmis til úrlausnar milli tveggja erfingja sem vildu fá sama hlutinn lagðan sér út við skipti á dánarbúi kæmi öðrum þeirra að takmörkuðu gagni að geta krafist þess eins að kröfu hins um útlagningu yrði hafnað því að þótt sú krafa hans yrði tekin til greina væri ekki leyst úr því hvort hann ætti þá frekar rétt til útlagningarinnar en hinn. Undir þessum kringumstæðum væri beint tilefni til að varnaraðilinn hefði einnig fyrir sitt leyti uppi kröfu um að honum verði mæltur réttur til útlagningar, en hér væri þá einmitt um að ræða sjálfstæða kröfu varnaraðilans um úrlausn sakarefnisins í skilningi 4. mgr. 130. gr. Að öðru leyti er rétt að geta þess að í upphafsorðum 4. mgr. 130. gr. felst það skilyrði fyrir kröfu sem þessari af hendi varnarðilans að sóknaraðilinn þurfi að mæta á dómþingi þegar hún kemur fyrst fram, en ef útivist yrði af hálfu sóknaraðilans áður en gagnkrafan hefði komið fram félli málið niður, sbr. 2. mgr. 129. gr., án þess að leyst yrði úr henni í því máli. Ætlast er til þess í 4. mgr. 130. gr. að varnaraðili setji fram gagnkröfu sína í greinargerð, en héraðsdómara er heimilað í ákvæðinu að gefa sóknaraðila kost á að leggja fram stutt skriflegt svar við gagnkröfunum. Ber að leggja áherslu á að sóknaraðilanum er hér ekki veittur réttur til að fá að leggja slíkt svar fram, heldur er héraðsdómara ætlað að meta hvort tilefni sé til að gefa kost á því. Í þeim efnum yrði dómarinn væntanlega öðru fremur að taka tillit til þess hvort gagnkrafan sé svo óháð kröfum sóknaraðilans að svar felist ekki efnislega við henni þá þegar í málatilbúnaði sóknaraðilans, en þá væri eftir atvikum rétt að gefa kost á skriflegu svari við gagnkröfunni.

Loks má í sjöunda lagi benda á að í 1. mgr. 131. gr. kemur fram að úrlausn héraðsdómara í málum skv. XVII. kafla yrði ávallt nefnd úrskurður, en ekki dómur. Kemur einnig fram að forsendur eigi alltaf að fylgja ályktunarorði úrskurða héraðsdómara í þessum málum.

Um önnur atriði varðandi meðferð mála skv. XVII. kafla en þau sem hafa verið nefnd hér yrði stuðst við þá almennu tilvísun sem kemur fram í 2. mgr. 131. gr. til almennra reglna um

meðferð einkamála í héraði, sbr. einkum lög nr. 85/1936. Þannig yrði stuðst í þessum efnum við reglur af þeim vettvangi um gagnaöflun og sönnunarfærslu, flutning máls, málskostnað og réttarfarssektir, svo að eitthvað sé nefnt. Munurinn milli meðferðar einkamála eftir almennum reglum annars vegar og meðferðar eftir XVII. kafla frumvarpsins hins vegar fælist helst í því hvernig mál kæmu til kasta héraðsdóms, auk þess að ætlast er til að frestir yrðu skemmri og eftir atvikum færri og meðferðin þannig að mun skjótvirkari eftir XVII. kafla. Í reynd væri þó einn helsti munurinn á tímanum, sem færi í málarekstur, fólginn í ólíkt skjótari úrlausn mála eftir fimmta þætti frumvarpsins við málskot til æðra dóms, en að því er vikið nánar í tengslum við 133. gr.

Um 132. gr.

Í ákvæði þessu koma fram heimildir handa dómsmálaráðherra til að mæla fyrir í reglugerð um málaskrár héraðsdómara. Verður ekki séð að hér sé þörf sérstakra skýringa.

Um 133. gr.

Þessi grein frumvarpsins er eina ákvæði XVIII. kafla þess sem fjallar um málskot til æðra dóms. Reglur 133. gr. fela í sér ráðagerðir um breytingar frá núgildandi lögum sem ástæða þykir til að víkja nánar að.

Annars vegar má vekja athygli á því að með 133. gr. er farin sú leið að leggja til að reglur um málskot úrskurða og eftir atvikum ákvarðana héraðsdómara um þau málefni, sem frumvarpið tekur til, verði ekki sem hingað til í lögum um Hæstarétt Íslands, heldur í þeirri löggjöf sem fjallar um leið um málsmeðferðina fyrir héraðsdómi. Hér er um nokkra stefnubreytingu að ræða frá núgildandi lögum, en hún er lögð hér til með hliðsjón af sambærilegri skipan í frumvarpi til laga um meðferð opinberra mála, sem var lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi en varð ekki útrætt þar.

Hins vegar felst tillaga um veigamikla breytingu í því að skv. 1. mgr. 133. gr. er gert ráð fyrir að allar úrlausnir héraðsdómara, sem yrði skotið á annað borð til æðra dóms eftir frumvarpinu, sæti kæru til Hæstaréttar. Í núgildandi reglu 2. tölul. 1. mgr. 21. gr. laga um Hæstarétt Íslands, nr. 75/1973, er gert ráð fyrir að sambærilegar úrlausnir sæti ýmist kæru eða verði áfrýjað, en greinarmunurinn milli þeirra tilvika, þar sem hvor leiðin um sig á við, er ekki fyllilega skýr. Að auki er sá umtalsverði ókostur á núverandi skipan að greint er milli mála sem sæta kæru og verður áfrýjað eftir því hvert meginefni máls telst vera hverju sinni, en sú aðgreining leiðir engan veginn sjálfkrafa til þess sem má þó vænta að hafi verið ætlast til með þessum reglum að minni mál sæti kæru og hljóti þar með skjóta meðferð en umfangsmeiri málum verði áfrýjað og sæti þá mun vandaðri og um leið seinlegri meðferð. Hefur þannig reyndin stundum orðið sú að lítilfjörleg mál hafa tafist mjög í meðförum með því að orðið hefur að fá leyst úr þeim fyrir Hæstarétti með áfrýjun, en viðamikil mál eða mál sem varða mikla hagsmuni hafa getað sætt kæru. Í þessu ljósi verður ekki séð að það þjóni teljandi tilgangi að láta núverandi reglur haldast, en að auki verður heldur ekki séð hvernig megi móta almennar reglur í þessum efnum sem geti þjónað því ætlunarverki á raunhæfan hátt að greina milli málskotsleiða eftir umfangi eða þýðingu mála og fengið samrýmst um leið þeirri almennri skipan við málskot sem nú gildir. Af þessum sökum verður varla um aðra kosti að velja en að leggja annaðhvort til að öll umrædd mál sæti kæru eða að þeim verði áfrýjað, en í ljósi þeirra hagsmuna, sem eru almennt í húfi á þessum vettvangi af því að mál hljóti úrlausn á sem skemmstum tíma, er varla nema um fyrri kostinn að ræða. Þótt þetta geti óneitanlega haft í för með sér að umfangsmikil mál sæti kæru í vissum tilvikum má benda á að Hæstiréttur getur ákveðið að kærumál verði munnlega flutt þar fyrir dómi, sbr. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1973, og að ágrip dómsgerða verði lagt fram í slíku máli, þannig að meðferð þess verði í reynd hliðstæð því sem gerist við áfrýjun í öðrum atriðum en varða málshraða.

Rétt er að taka fram að í 135. gr. frumvarpsins er ekki gert ráð fyrir brottfalli ákvæða 2.

tölul. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Stafar þetta af því að umrædd ákvæði ná í senn til málskots úrskurða héraðsdómara í tengslum við gjaldþrotaskipti, nauðasamninga og þau málefni sem þetta frumvarp tekur til. Ef þetta frumvarp verður að lögum má þó ganga út frá því eftir almennum lögskýringarviðhorfum að ákvæði 133. gr. þess gangi framar reglum 21. gr. laga nr. 75/1973 í þessum efnum. Þess má geta að í ákvæðum frumvarps til laga um gjaldþrotaskipti o.fl., sem er vænst að komi til meðferðar á Alþingi samhliða þessu frumvarpi, er mælt fyrir um brottfall umræddra ákvæða laga nr. 75/1973, enda er í því frumvarpi líkt og hér að finna sérfyrirmæli um málskot.

Önnur atriði 133. gr. frumvarpsins eru í samræmi við núgildandi reglur og þykja því ekki þarfnast sérstakra skýringa.

Um 134.–136. gr.

Í 134. gr. er gert ráð fyrir að ef þetta frumvarp verður að lögum öðlist þau gildi 1. júlí 1992 eða á sama tíma og lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, ásamt ýmsum nýjum heildarlögum á sviði réttarfars sem fylgja þeim í gildistöku.

Í 135. gr. er mælt fyrir um brottfall ýmissa lagaákvæða, en af einstökum atriðum í þessu sambandi má einkum nefna að skv. 1. tölul. 135. gr. falla niður önnur ákvæði laga nr. 3/1878 en 8. kapítula þeirra sem fjalla um svokallaða skuldaröð. Er ástæða þess sú að ráðgert er að nýjar reglur um það efni verði í frumvarpi til laga um gjaldþrotaskipti o.fl. og að þar verði þá lagt til brottfall þessara ákvæða laga nr. 3/1878. Þá má benda á að í 11. tölul. 135. gr. er mælt fyrir um brottfall ýmissa ákvæða laga um réttindi og skyldur hjóna nr. 20/1923, en þetta kemur til vegna þeirra reglna frumvarpsins, einkum í XIV. kafla, sem er ætlað að leysa umrædd ákvæði af hólmi. Önnur fyrirmæli 135. gr. eru ýmist því marki brennd að verið sé að leggja til brottfall úreltra lagaákvæða á þessum vettvangi eða að lagaákvæði, sem er ætlað að falla niður, samræmast ekki fyrirmælum frumvarpsins efnislega eða í hugtakanotkun.

Í 136. gr. eru loks lagðar til breytingar í 21 tölulið á jafnmörgum lögum, en í ýmsum þessara töluliða er gert ráð fyrir breytingum á fleiri en einu ákvæði viðkomandi laga. Umfangsmestu breytingartillögurnar snúa að lögum um erfðafjárskatt, nr. 83/1984, sbr. 18. tölul. 136. gr., en ákvæði þeirra laga byggja mjög á núgildandi skipan laga nr. 3/1878 og er því nauðsynlegt að mæla fyrir um breytingar á þeim til samræmis við reglur þessa frumvarps. Flest önnur fyrirmæli 136. gr. beinast að breytingu á hugtökum í viðkomandi lögum sem á reyndar við um allmargar breytingar á lögum nr. 83/1984 og er þá tíðast um að ræða að hugtökin „skiptaráðandi“ eða „skiptaréttur“ komi þar fyrir eða að vísað hafi verið algerlega að ástæðulausu til laga nr. 3/1878 eða tiltekinna ákvæða þeirra. Yrði að telja það verulegt lýti á löggjöf ef slík ákvæði fengju að standa óáreitt þótt þau yrðu mörg hver auðskýrð til samræmis við reglur þessa frumvarps.

Um 137.–157. gr.

Í ákvæðum þessum koma fram reglur varðandi ýmis atriði um skil eldri laga og yngri ef frumvarp þetta verður að lögum. Verður ekki séð að ástæða sé til að skýra hvert þeirra sérstaklega hér.

Nd. 109. Frumvarp til laga [105. mál]

um leiðréttingu á afturvirkum ákvæðum um útreikning húsnæðisbóta, vaxtabóta og vaxtaafsláttar í lögum nr. 79/1989 og lögum nr. 117/1989, um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Geir H. Haarde.

1. gr.

Um húsnæðisbætur.

Þeir sem fengu úrskurðaðar húsnæðisbætur á grundvelli umsóknar með skattframtali 1989 vegna tekjuársins 1988 skulu halda þeim rétti og fá greiddar húsnæðisbætur í samræmi við ákvörðun skattstjóra í allt að sex ár, þó aldrei lengur en til ársins 1994, enda séu uppfyllt önnur skilyrði um húsnæðisbætur.

Þeir sem hefðu átt rétt til húsnæðisbóta vegna húsnæðisöflunar á tímabilinu frá 1. janúar 1989 til 14. júní 1989 á grundvelli þágildandi laga geta sótt um slíkar bætur í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður, eigi síðar en með skattframtali sínu á árinu 1991. Fái maður slíkar bætur úrskurðaðar vegna þessa tímabils skal hann halda þeim rétti og fá greiddar húsnæðisbætur í samræmi við ákvörðun skattstjóra til loka þess tímabils er ákvörðun skattstjóra tók til, þó aldrei lengur en til ársins 1995.

Skattstjóri skal gera rétthöfum samkvæmt ákvæði 1. mgr. viðvart um rétt þeirra til húsnæðisbóta og gefa þeim kost á að ákveða hvort þeir velja að fá slíkar bætur. Slík ósk skal hafa komið fram eigi síðar en við lok kærufrests skv. 99. gr. laga nr. 75/1981 vegna álagningar á árinu 1991. Rétthafi skal bundinn við val sitt þar til greiðslum húsnæðisbóta til hans lýkur.

Þeir sem fá úrskurðaðar húsnæðisbætur á grundvelli 1. og 2. mgr. geta aldrei notið vaxtabóta samtímis.

2. gr.

Um vaxtabætur og vaxtaafslátt.

Þrátt fyrir gildistökuákvæði í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 117/1989 skulu reglur lokamálsliðar 3. mgr. C-liðar 69. gr. laganna um áfallnar uppsafnaðar verðbætur, sbr. lokamálslið 2. mgr. 9. gr. laga nr. 117/1989, hvorki taka til þeirra manna, sem á árinu 1989 seldu íbúðarhúsnæði er á hvíldi lán sem kaupandi yfirtók með uppsöfnuðum áföllnum verðbótum, né til þeirra manna sem á árinu 1989 greiddu uppsafnaðar áfallnar verðbætur á lán á lánstíma umfram ákvæði viðkomandi skuldabréfs.

Þeir menn, sem ákvæði 1. mgr. taka til og telja sig eiga rétt til vaxtabóta eða til hærri vaxtabóta en voru ákvarðaðar þeim gjaldárið 1990, geta sótt til skattstjóra um slíkar bætur í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður eigi síðar en með skattframtali sínu á árinu 1991.

Maður, sem hefði átt rétt til vaxtaafsláttar, sbr. ákvæði laga nr. 49/1987 og 9. gr. laga nr. 92/1987, vegna fjárhagslegra ráðstafana sem gerðar voru á tímabilinu 1. janúar 1989 til 14. júní 1989, en glataði þeim rétti vegna ákvæða 3. gr. laga nr. 79/1989, getur þrátt fyrir þau ákvæði sótt til skattstjóra um vaxtaafslátt í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður eigi síðar en með skattframtali sínu á árinu 1991.

3. gr.

Brottfallin ákvæði.

Ákvæði til bráðabirgða II með lögum nr. 79/1989 fellur niður.

4. gr.

Almenn ákvæði.

Ákvæði C-liðar 69. gr. og ákvæði VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, gilda um ákvarðanir samkvæmt lögum þessum eftir því sem við getur átt.

5. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma þegar til framkvæmda.

Greinargerð.

Á árinu 1989 voru að undirlagi ríkisstjórnarinnar tvívegis gerðar breytingar á skattalögum sem höfðu þau áhrif að skattþegnum var íþyngt með afturvirkum hætti. Slík lagasetning stríðir gegn grundvallarreglum í skattarétti og réttarfari með siðuðum þjóðum og grefur undan réttaröryggi. Allir þeir, sem viðskipti stunda, jafnt einstaklingar í fasteignaviðskiptum sem aðrir, eiga að geta treyst því að lagagrunnur viðskipta standi og að stjórnvöld breyti honum ekki afturvirkt til íþyngingar.

Þau afturvirku ákvæði, sem hér um ræðir, voru sett í lögum nr. 79/1989 og nr. 117/1989, er bæði vörðuðu breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981. Þessi ákvæði snertu ákvarðanir manna um kaup og sölu íbúðarhúsnæðis á árinu 1988 og fyrri hluta árs 1989. Komu þau fram með þeim hætti að réttur manna til húsnæðis- eða vaxtabóta var ýmist þrengdur eða hann alveg frá mönnum tekinn. Vaxtaafsláttur var einnig afnuminn með afturvirkum hætti gagnvart þeim sem gerðu ráð fyrir honum á grundvelli þágildandi laga á fyrri hluta árs 1989.

Á síðasta þingi flutti flutningsmaður þessa frumvarps ásamt fleiri þingmönnum frumvarp til að freista þess að leiðrétta þessa afturvirkni áður en hún kæmi til framkvæmda við álagningu sl. sumar. Það frumvarp náði ekki fram að ganga og var ekki á fjármálaráðherra að skilja að hann teldi tilefni til neinna leiðréttinga í þessu efni.

Eftir álagningu á síðasta sumri kom í ljós að stór hópur manna átti hér hlut að máli og hafði verið þeim rangindum beittur sem freistað var að hnekkja sl. vor. Fjármálaráðherra gaf í skyn í sjónvarpsviðtali (ríkissjónvarpið 8. ágúst sl.) að til greina kæmi að gera leiðréttingar hjá einhverjum þeirra sem hlut áttu að máli og talaði í því sambandi um fólk sem „hefur með eðlilegum hætti rétt á því að þeirra mál séu skoðuð sérstaklega“. Á slíkri leiðréttingu bólar hins vegar ekki enn.

Frumvarp þetta er flutt til að tryggja að slík leiðrétting nái fram að ganga gagnvart öllum sem orðið hafa fyrir barðinu á afturvirkum ákvæðum skattalaga núverandi ríkisstjórnar og að menn fái endurgreitt það sem þeir kunna að hafa ofgreitt vegna þessara ákvæða.

Þar sem hér er um nokkuð umfangsmikla leiðréttingu að ræða fyrir skattkerfið er gert ráð fyrir að hún verði að jafnaði komin til framkvæmda eigi síðar en við skattálagningu á næsta ári.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir að þeir sem fengu úrskurðaðar húsnæðisbætur til eins árs á árinu 1989 vegna húsnæðisöflunar á árinu 1988 geti fengið þær til sex ára eins og lög gerðu ráð fyrir á árinu 1988.

Einnig er gert ráð fyrir að þeir sem öfluðu sér íbúðarhúsnæðis frá 1. janúar 1989 til 14. júní 1989, þegar lög nr. 79/1989 voru birt, geti einnig fengið húsnæðisbætur til sex ára eins og lög kváðu á um á þeim tíma.

Báðir þessir hópar, þeir sem öfluðu sér húsnæðis á árinu 1988 og hinir sem það gerðu frá ársbyrjun fram til 14. júní 1989, gátu ekki annað vitað en ákvæði þeirra laga, sem þá giltu um húsnæðisbætur, næðu til þeirra. Þetta fólk var því í góðri trú og gerði fjárhagslegar skuldbindingar á grundvelli þeirra laga sem þá voru í gildi. Afturvirk svipting þessara réttinda er siðlaus með öllu og því mikið sanngirnismál að þetta fólk nái rétti sínum.

Í greininni er sú skylda lögð á skattyfirvöld að tilkynna þeim sem fengu bætur á árinu 1989 um rétt þeirra, enda liggur fyrir hjá skattstjórum hvaða einstaklingar eiga þar hlut að máli. Skulu rétthafar þá koma ósk sinni um leiðréttingu á framfæri eigi síðar en við lok kærufrests vegna álagningar á árinu 1991.

Hins vegar eru ekki fyrir hendi upplýsingar um hverjir það eru sem kynnu að hafa átt rétt til húsnæðisbóta vegna íbúðaröflunar á fyrri hluta árs 1989 þar sem þeir hafa aldrei fengið úrskurð um slíkar bætur. Því verða þeir að sækja um bæturnar á sérstöku eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Þykir eðlilegt að menn hafi frest til að ganga frá slíkum umsóknum allt þar til þeir skila skattframtali sínu fyrir árið 1991.

Um 2. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að afturkölluð sé sú breyting á skilgreiningu vaxtagjalda, að því er varðar árið 1989, sem ákveðin var með lögum nr. 117/1989 í lok þess árs og látin gilda fyrir allt árið. Einnig að afturvirk svipting vaxtaafsláttar, sem ákveðin var með lögum nr. 79/1989, falli niður. Þannig geti þeir sem voru sviptir rétti til skattaafsláttar sem þeir höfðu þegar þeir gerðu fasteignaviðskipti haldið þeim rétti henti það betur en vaxtabótaréttur sá sem í staðinn kom.

Í báðum þessum tilvikum er óhjákvæmilegt að þeir sem hér eiga hlut að máli sæki um leiðréttingu til skattstjóra þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um hverjir þessir einstaklingar kunni að vera. Þykir eðlilegt eins og fram kemur í athugasemdum við 1. gr. að frestur til slíkra umsókna renni út þegar menn skila skattframtali á árinu 1991.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að brott falli ákvæðið um að þeir sem fengu úrskurðaðar húsnæðisbætur á árinu 1989 fái þær aðeins á því ári. Þessi breyting er bein afleiðing ákvæða 1. gr.

Um 4. gr.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að sett sé sérstök löggjöf um leiðréttingar vegna afturvirkni í skattalögum. Þessar leiðréttingar eru í eðli sínu tímabundnar en ákvæði 3. gr. eiga að tryggja að um þær sé fjallað með eðlilegum hætti á grundvelli hinna almennu skattalaga eftir því sem við getur átt.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Nd. 110. Frumvarp til laga [106. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir.

1. gr.

Við 1. mgr. 112. gr. laganna bætast þrír nýir stafliðir svohljóðandi:

k. að móta stefnu í umferðaröryggismálum,
l. að hafa frumkvæði að aðgerðum til að bæta umferðaröryggi,
m. að vinna stefnumarkandi áætlun til fjögurra ára í senn um forvarnaaðgerðir á sviði umferðaröryggismála sem lögð skal fyrir dómsmálaráðherra.

2. gr.

Á eftir 115. gr. laganna komi tvær nýjar greinar svohljóðandi:

a. (116. gr.)

Dómsmálaráðherra skal á fjögurra ára fresti leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun í umferðaröryggismálum að fengnum tillögum Umferðarráðs.

Í áætluninni komi fram sundurliðuð framkvæmdaáform og áætlaðar fjárveitingar til einstakra verkefna í umferðaröryggismálum.

Áætlun þessa skal endurskoða á tveggja ára fresti og í tengslum við það skal ráðherra leggja fram á Alþingi skýrslu um stöðu og árangur í umferðaröryggismálum.

b. (117. gr.)

Þriðjungur sektargreiðslna vegna umferðarlagabrota skal renna til forvarnastarfa í umferðaröryggismálum, sbr. 116. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Umferðarslys eru án efa eitt mesta vandamál hverrar þjóðar. Hér á landi slösuðust rúmlega 800 manns í umferðinni á síðasta ári og á hverju ári látast að meðaltali u.þ.b. 25 manns í umferðarslysum.

Á vettvangi Norðurlandaráðs hafa umferðaröryggismál fengið aukið vægi og í mars 1988 samþykkti Norðurlandaráð framkvæmdaáætlun um aukið umferðaröryggi. Markmið framkvæmdaáætlunarinnar er að í hverju Norðurlandanna verði umferðaröryggisstarf aukið og bætt, þannig að ná megi niður fjölda slasaðra og látinna í umferðinni. Nú liggur fyrir til umræðu framkvæmdaáætlun fyrir árin 1992–1994 um öruggari umferð á Norðurlöndum. Þar kemur fram að í Danmörku hefur verið sett fram áætlun til 12 ára sem miðar að því að á hverju fjögurra ára tímabili verði slysum fækkað um 10–15%, eða sam-

tals á tímabilinu öllu um 40–45%.

Í Svíþjóð miðast áætlanir við það markmið að látnum og slösuðum í umferðinni fækki um 4% á ári og að árið 2000 hafi dauðaslysum í umferðinni fækkað í a.m.k. 600 úr 904 á árinu 1989. Slösuðum á jafnframt að fækka um þriðjung á sama tíma.

Sérstakt opinbert markmið eða framkvæmdaáætlun í umferðaröryggismálum liggur ekki fyrir hér á landi en Umferðarráð vinnur að áætlun í umferðaröryggismálum samkvæmt framkvæmdaáætlun Norðurlandaráðs.

Oft hefur náðst frábær árangur í forvörnum þegar sérstakt átak hefur verið gert. Má þar nefna árið 1968 þegar skipt var yfir í hægri umferð og norræna umferðaröryggisárið 1983. Á Alþingi var samþykkt í mars 1987 þingsályktun um þjóðarátak í umferðaröryggi, flutt af Salome Þorkelsdóttur og fleirum, og var í framhaldi af því skipuð nefnd sem fylgdi eftir breytingu á umferðarlögunum á árinu 1988. Það hefur sýnt sig að þegar áróður fyrir bættri umferð er mikill og stöðugur skilar það sér í umtalsverðri fækkun slysa.

Þótt ríkisvaldið njóti mikilla beinna tekna af umferðinni í formi skattlagningar, en sú upphæð er talin nema um 3 milljörðum króna á ári miðað við núgildandi verðlag, eru áherslur hins opinbera á forvarnastarf í lágmarki. Til Umferðarráðs, sem lögum samkvæmt ber að annast forvarnastarf í umferðarmálum, runnu á síðasta ári um 28 milljónir króna, þar af komu innan við 20 milljónir úr ríkissjóði. Um 8 milljónir króna fóru beint í umferðarskólann Ungir vegfarendur og svipaðri upphæð var varið til reksturs skrifstofu, þar með talin laun fastra starfsmanna. Því er ljóst að það er ekki há fjárhæð sem Umferðarráð hefur úr að spila til að sinna hlutverki sínu.

Menntamálaráðuneytið veitir u.þ.b. 3 milljónir króna til forvarnastarfa í grunnskólum landsins en sú upphæð fer að mestum hluta í launakostnað námsstjóra í umferðarfræðslu, auk ferðakostnaðar hans.

Árlega kosta umferðarslysin samfélagið milljarða króna. Það hefur verið reiknað út að eitt dauðaslys valdi kostnaði fyrir samfélagið sem nemi um 10 milljónum króna og alvarlegt slys, sem hefur í för með sér örkuml, um 40 til 50 milljónum króna. Þá er ekki nefndur sá mannlegi harmleikur sem óneitanlega fylgir slíkum slysum og aldrei verður metinn til fjár.

Forvarnastarf verður að efla til að árangur náist í baráttunni við umferðarslysin, en um helmingur þeirra sem slasast er undir 25 ára aldri og þriðjungur á aldrinum 17 til 20 ára. Öflugt og markvisst forvarnastarf í umferðarmálum skilar árangri þegar lengra er litið, fórnarlömbum umferðarslysa fækkar og þar með lækka útgjöld í heilbrigðis-, dóms- og félagsmálum. Til þess að unnt sé að ná árangri verður að tryggja fjármagn til þessa mikilvæga málaflokks. Hér er því lagt til að fjármagn komi frá þeim er umferðarlögin brjóta.

Sektir vegna umferðarlagabrota eru ákvarðaðar með þrenns konar hætti: af lögreglustjóra, með sátt fyrir dómi og með dómi. Lögreglustjóri ákveður sektir samkvæmt viðmiðunarreglum ríkissaksóknara.

Í yfirliti frá Ríkisendurskoðun kemur fram að samkvæmt upplýsingum innheimtuembættanna er varlega áætlað að þrír fjórðu hlutar allra dómsátta og dómsekta séu vegna umferðarlagabrota. Samkvæmt því nema innheimtar umferðarlagasektir árið 1989 112.171.421 kr. Hér er lagt til að þriðjungur þessara sekta renni til forvarnastarfa. Til vara mætti leggja sérstakt álag á sektir og renni álagið, t.d. 30%, óskert til forvarnastarfa í umferðaröryggismálum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að Umferðarráði sé falið að móta stefnu í umferðaröryggismálum, að hafa frumkvæði að aðgerðum og vinna stefnumarkandi áætlun til fjögurra ára í senn um forvarnaaðgerðir á sviði umferðarmála.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að dómsmálaráðherra leggi fyrir Alþingi sérstaka áætlun í umferðaröryggismálum til fjögurra ára í senn þar sem fram komi fyrirhugaðar framkvæmdir og áætlaðar fjárveitingar til einstakra verkefna í umferðaröryggismálum. Lagt er til að áætlun þessi verði endurskoðuð á tveggja ára fresti. Með þessu er tryggt að Alþingi fylgist reglulega með framvindu mála og marki stefnu í þessum mikilvæga málaflokki.

Lagt er til að við lögin bætist ný grein um að þriðjungur sektargreiðslna vegna umferðarlagabrota renni til forvarnastarfa í umferðaröryggismálum.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Ríkisendurskoðun:

Innheimtar sektir vegna umferðarlagabrota árið 1989.

(26. sept. 1990.)

Sektir vegna umferðarlagabrota eru ákvarðaðar með þrenns konar hætti:

1. af lögreglustjóra,
2. með sátt fyrir dómi,
3. með dómi.

Í bókum og uppgjöri flestra innheimtuembætta er ekki sérstaklega tilgreint hvernig álagðar og innheimtar sektir skiptast milli umferðarlagabrota og annarra brota. Sektir álagðar af lögreglustjóra, sem embættin eiga að halda utan um, eru þó svo til eingöngu vegna umferðarlagabrota. Samkvæmt upplýsingum innheimtuembættanna er varlega áætlað að $^3/_4$ hlutar allra dómsátta og dómsekta séu vegna umferðarlagabrota.

Samkvæmt þessu eru innheimtar sektir vegna umferðarlagabrota árið 1989:

Sektir ákveðnar af lögreglustjóra	67.208.571 kr.
Dómsáttir, $^3/_4$ hlutar innheimtu	16.288.536 kr.
Dómsektir, $^3/_4$ hlutar innheimtu	28.674.314 kr.
Samtals	112.171.421 kr.

DAGS. 25/09/90 INNHEIMTA RÍKISSJÓSDTEKNA 1989, RAÐAÐ Á INNHEIMTUEMBÆTTI INNNAN GJALDTEGUNDAR (Í ÞÚS. KR.) BLS. 1

NÚMER GJALD	ÁLAGNING	BREYTING	AFSKRIFAÐ	EFTIRST. 1/1 '89	SAMTALS	INNHEIMTA Á ÁRINU	SKATTA-AFSLÁTTUR	ÓGJALD-FALLIÐ 1/1	ÓGJALDF. 31/12	RAUN-EST. 31/12	INNH. HLUTF.	HÆKKUN EST.
4990 Sektir og upptækar vörur												
Akranes	430			990	1,420	785				635	55.3	-35.9
Akureyri	7,517	-718	-52	2,554	9,301	7,281				2,020	78.3	-20.9
Blönduós	3,116			86	3,202	3,202				0	100.0	100.0
Bolungarvík	95			232	327	48				279	14.7	20.3
Borgarnes	1,615			304	1,919	1,654				265	86.2	-12.8
Búðardalur	80				80	80				0	100.0	0.0
Eskifjörður	1,859	-163		655	2,351	1,702				649	72.4	-0.9
Hafnarfjörður	22,236			6,012	28,248	21,462				6,786	76.0	12.9
Hólmavík	341				341	341				0	100.0	0.0
Húsavík	1,675	-138		644	2,181	1,724				457	79.0	-29.0
Hvolsvöllur	799			695	1,494	827				667	55.4	-4.0
Höfn, Hornaf.	473			367	840	527				313	62.7	-14.7
Ísafjörður	4,361	-330		1,064	5,095	2,434				2,661	47.8	150.1
Keflavík	8,392	-33	-2	4,049	12,406	9,822				2,584	79.2	-36.2
Keflavíkurfl.v.	1,634			190	1,824	1,545				279	84.7	46.8
Kópavogur	18,929	-3,420	-293	6,398	21,614	10,874				10,740	50.3	67.9
Lögreglustj.Rvk	66,575	-8,323		34,638	92,890	44,684				48,206	48.1	39.2
Neskaupstaður	514		-14	272	772	486				286	63.0	5.1
Ólafsfjörður	447	-60	-1	36	422	348				74	82.5	105.6
Patreksfjörður	282	0	-13	220	489	232				257	47.4	16.8
Sakadómaraemb.	8,334				8,334	8,334				0	100.0	0.0
Sauðárkrókur	1,446	-200		1,089	2,335	2,002				333	85.7	-69.4
Selfoss	5,397	-228		1,345	6,514	3,949				2,565	60.6	90.7
Seyðisfjörður	797	-96		273	974	401				573	41.2	109.9
Siglufjörður	540			120	660	525				135	79.5	12.5
Stykkishólmur	1,750	-41		1,408	3,117	1,502				1,615	48.2	14.7
Tollstj. Rvík	6,119				6,119	6,119				0	100.0	0.0
Vestmannaeyjar	1,509	-1,079		2,110	2,540	1,313				1,227	51.7	-41.8
Vík í Mýrdal	216				216	216				0	100.0	0.0
ALLS Sektir og upptækar vörur	167,478	-14,829	-375	65,751	218,025	134,419	0	0	0	83,606		

RÍKISENDURSKODUN
Vinnuskjal \ SEKTEMB.89
26.9.90
9:48:30

Yfirlit um álagðar og innheimtar sektir á árinu 1989 eftir embættum og tegundum

EMBÆTTI	Heimild	Álagðar sektir 1989 Dóms-mál DM	Dóms-sátt DS	Lögr.st. & umferðasekt. LM, UM	Ymsar sektir stgr. sekta	Samtals embætti	Skv. hskilagr. 1989	Innheimtar sektir 1989 Dóms-mál DM	Dóms-sátt DS	Lögr.st. & umferðasekt. LM, UM	Ymsar sektir stgr. sekt	Samtals embætti	Skv. hskilagr. 1989
Lögr.st. Rvk.	Sektir skv. tbl 89	47,873,314		18,635,950	66,100	66,575,364	66,575,364	25,982,431		18,657,810	44,240	44,684,481	44,684,481
Sakadómur	Áætl. skipting	1,334,000		7,000,000		8,334,000	8,334,000	1,334,000		7,000,000		8,334,000	8,334,000
Tollstjórinn					6,118,921	6,118,921	6,118,921				6,118,921	6,118,921	6,118,921
Kópavogur	Uppgj. emb	9,771,096	3,993,500	5,089,415	74,600	18,928,611	18,928,611	3,024,733	2,685,182	5,089,415	74,600	10,873,930	10,873,930
Hafnarfjörður	Áætl. skipting		5,936,167	16,300,000		22,236,167	22,236,167		4,336,417	16,300,000	826,164	21,462,581	21,462,581
Keflavík	Áætl. skipting		4,397,500	3,960,640	33,997	8,392,137	8,392,137		5,827,745	3,994,637		9,822,382	9,822,382
Keflav.flugv.	emb, tollsektir		891,044	743,000		1,634,044	1,634,044		801,844	743,000		1,544,844	1,544,844
Akranes			256,383	146,600	26,615	429,598	429,598	395,013	243,383	146,600		784,996	784,996
Borgarnes	Uppgjör	25,000	450,500	1,119,713	20,000	1,615,213	1,615,213		514,204	1,119,713	20,000	1,653,917	1,653,917
Stykkishólmur	Sektir skv. tbl 89	758,960	27,944	942,300	21,031	1,750,235	1,750,235	531,801	27,944	942,300		1,502,045	1,502,045
Búðardalur	Áætl. skipting		30,350	50,000		80,350	80,350		30,350	50,000		80,350	80,350
Ísafjörður	Áætl. skipting	3,325,181	1,035,662			4,360,843	4,360,843	1,398,361	1,035,662			2,434,023	2,434,023
Bolungarvík	Áætl. skipting		95,000			95,000	95,000		48,200			48,200	48,200
Hólmavík	emb		138,780	192,200	9,600	340,580	340,580		138,780	192,200	9,600	340,580	340,580
Patreksfjörður	Áætl. skipting		270,500	11,500		282,000	282,000		220,300	11,500		231,800	231,800
Siglufjörður	Uppgjör			517,750	22,000	539,750	539,750			502,731	22,000	524,731	524,731
Sauðárkrókur	Áætl. skipting		509,184	936,555		1,445,739	1,445,739		1,065,621	936,555		2,002,176	2,002,176
Blönduós	emb			3,115,946		3,115,946	3,115,946			3,202,246		3,202,246	3,202,246
Akureyri	emb		4,077,070	3,439,650		7,516,720	7,516,720		3,840,756	3,439,650		7,280,406	7,280,406
Húsavík	emb	668,300		1,006,840		1,675,140	1,675,140	717,309		1,006,840		1,724,149	1,724,149
Ólafsfjörður	Sektir skv. tbl 89	447,383				447,383	447,383	321,377		26,500		347,877	347,877
Seyðisfjörður	Sektir skv. tbl 89	661,500	84,186		51,464	797,150	797,150	316,863	84,186			401,049	401,049
Neskaupsstaður	Áætl. skipting		513,722			513,722	513,722		485,722			485,722	485,722
Eskifjörður	Sektir skv. tbl 89	886,641		824,136	148,040	1,858,817	1,858,817	848,467		824,136	29,500	1,702,103	1,702,103
Höfn	Áætl. skipting	272,771	12,000	188,600		473,371	473,371	298,983	12,000	188,600	28,095	527,678	527,678
Vestmannaeyjar	Sektir skv. tbl 89	1,349,361	159,300			1,508,661	1,508,661	1,065,868	159,300		88,000	1,313,168	1,313,168
Selfoss	Sektir skv. tbl 89	3,156,990		2,239,910		5,396,900	5,396,900	1,709,300		2,239,910		3,949,210	3,949,210
Vík	Áætl emb.		140,452	75,628		216,080	216,080		140,452	75,628		216,080	216,080
Hvolsvöllur	Sektir skv. tbl 89	229,535	51,090	518,600		799,225	799,225	287,912	20,000	518,600		826,512	826,512
	Samtals tegund	70,760,032	23,070,334	67,054,933	6,592,368	167,477,667	167,477,667	38,232,418	21,718,048	67,208,571	7,261,120	134,420,157	134,420,157

Sektir vegna landhelgisbrota, skattsektir og álagi á aðfl.gj. skv. 133 gr. l. nr. 55/1987 ekki taldið með

Sþ. 111. Fyrirspurn [107. mál]

til landbúnaðarráðherra um landgræðslu á Vestfjörðum.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

1. Hvernig ástand er á girðingum Landgræðslunnar á Vestfjörðum?
2. Hvað miðar uppgræðslu í þeim?
3. Hvenær er talið að uppgræðslu verði lokið samkvæmt áætlun þar um?
4. Hvenær má í síðasta lagi gera ráð fyrir að landi innan girðinganna verði skilað til eigenda?

Sþ. 112. Tillaga til þingsályktunar [108. mál]

um skráningarkerfi bifreiða.

Flm.: Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að fela *ríkisstjórninni* að sjá um að þjónusta við skráningu bifreiða verði aukin þannig að hinir gömlu einkennisbókstafir skráningarsvæða verði innleiddir að nýju án þess að afnema kosti hins nýja fastnúmerakerfis.

Greinargerð.

Víða um land má heyra raddir fólks sem saknar gömlu staðarmerkinganna í skráningarkerfi bifreiða. Menn vilja gjarnan bera þau kennsl á vegfarandann að vita hvaðan hann kemur. Það má vera að hér sé fyrst og fremst um tilfinningalegar ástæður að ræða, en hiklaust má finna margar þarfar ástæður fyrir því að bifreiðar verði aftur skráðar eftir svæðum.

Nú eru vissulega margir góðir kostir því samfara að hafa föst skráningarnúmer bifreiða og er óþarfi að telja þá upp. Það er heldur ekki lagt til að það kerfi verði lagt niður — þvert á móti.

Á hinum nýju fastnúmerum bifreiða er fyrsta sætið autt og ætlað t.d. fyrir skjaldarmerki. Þá koma tveir bókstafir og síðan þrír tölustafir t.d., BC-123. Hið auða sæti er í fæstum tilvikum notað af bifreiðaeigendum.

Samkvæmt þeirri hugmynd, sem hér er lögð fram, væri auða sætið notað fyrir einkennisbókstaf svæðis. Fyrir bifreið frá Akureyri væri númerið t.d. ABC-123, þ.e. þrír bókstafir og þrír tölustafir, þar sem fyrsti bókstafurinn sýndi ávallt af hvaða svæði bifreiðin kæmi.

Einkennisbókstafinn mætti líma á númersplötuna líkt og gert er með skoðunarmerkið nú. Ef bifreið er seld á milli skráningarsvæða heldur hún fasta númerinu, en límmerkið gamla er rifið af og annað sett í staðinn með hinum nýja einkennisbókstaf.

Þetta fyrirkomulag er til þess fallið að sameina kosti hins gamla og hins nýja skráningarkerfis bifreiða.

Sþ. 113. Fyrirspurn [109. mál]

til fjármálaráðherra um ónýttan persónuafslátt.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur.

1. Hve margir gjaldendur notuðu sér ónýttan persónuafslátt maka á gjaldárunun 1988 og 1989, sbr. A–lið 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt?
2. Hvert var tekjutap ríkissjóðs vegna þessarar heimildar á árunum 1988 og 1989?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 114. Frumvarp til laga [110. mál]

um breytingu á lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

Flm.: Jón Sæmundur Sigurjónsson.

1. gr.

Í stað 1. málsl. 2. gr. laganna komi þrír nýir málsliðir svohljóðandi:

Öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði að eigin vali enda starfi lífeyrissjóðurinn samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerð sem staðfest hefur verið af fjármálaráðuneytinu. Einungis lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps skal þó skylt að veita launamanni aðild að sjóðnum, en engum lífeyrissjóði skal heimilt að segja launamanni upp aðild óski hann áframhaldandi aðildar þar þótt hann skipti um starf. Launamönnum, sem hafa hafið töku lífeyris, er ekki skylt að greiða iðgjöld í lífeyrissjóð.

2. gr.

Í stað orðanna „náð 75 ára aldri“ í 2. málsl. 5. gr. laganna komi: hafið töku lífeyris.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mál þetta var flutt á síðasta þingi, en varð eigi afgreitt úr nefnd.

Eins og kunnugt er hefur þróun lífeyrissjóða á Íslandi verið með afar misjöfnum hætti. Með tíð og tíma hafa orðið til yfir níutíu lífeyrissjóðir, stofnaðir á mismunandi tímum með mismunandi reglugerðum og mismunandi fjárhag. Niðurstaðan fyrir bótaþegann er svo mismunandi bætur, jafnvel þótt greiddar séu sömu upphæðir í iðgjöld um jafnlangt æviskeið. Það er því augljóst að ekkert jafnrétti ríkir fyrir þegna þessa lands í lífeyrismálum.

Vegna þess að aðild að lífeyrissjóðum er háð starfi og stéttarfélagsaðild á maður á elli-

lífeyrisaldri það undir tilviljun á æviferli sínum, en ekki undir heildargreiðslum sínum í einstaka lífeyrissjóði, hverra tekna hann nýtur ævikvöldið. Þetta er augljóst og hefur leitt til þess að krafan um einn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn, sem mundi bæta úr öllum þessum ágöllum, hefur hvað eftir annað komið fram. Þar byggju allir við sama rétt eins og stjórnarskráin mælir fyrir um að Íslendingar skuli gera.

Það hefur reynst með eindæmum erfitt að losna úr viðjum ríkjandi lífeyriskerfis. Frumvarp endurskoðunarnefndar lífeyrissjóðakerfis, sem tók um áratug að semja og fjármálaráðherra var ætlað að flytja, var lagt fram í lok síðasta þings til sýnis og er nú í athugun hjá nýrri endurskoðunarnefnd. Það frumvarp, ef yrði að lögum, mundi bæta stórlega úr ágöllum núverandi kerfis þó að það leiddi ekki til þess fyrirkomulags sem flutningsmaður teldi skynsamlegast í lífeyrismálum, en það er eitt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn byggt á svokölluðu gegnumstreymi.

Verstu ágallar núverandi kerfis eru þó þeir að fólkið á ekkert val. Það er háð tilviljun á starfsferli þess hvaða laun það hlýtur í ellinni því að hverjum launamanni er gert það að skyldu að vera í lífeyrissjóði stéttarfélags síns og verður hann þá að hlíta því eins og hluta af sínum kjörum að lífeyrissjóður hans sé öðruvísi en annarra. Í því felst töluvert ranglæti að menn eru í raun að kaupa sér þessi réttindi en þeir fá ekki að ráða hvað þeir kaupa.

Hluti af þessu ranglæti er að launamanni er gert að slíta sinn iðgjaldaferil í sundur ef hann skiptir um starf og skipta um leið um lífeyrissjóð. Honum er gert að hefja nýjan feril þótt hann kæri sig ekkert um þessa röskun á högum sínum. Þetta hefur leitt til ýmissa vandræðamála og leiðinda í þjóðfélaginu sem auðvelt væri að komast hjá ef frelsi ríkti í þessum málum.

Það er svo heldur ankannalegt að skylda launamenn til lífeyrisgreiðslna eftir að þeir hafa hafið töku lífeyris. Það er því lagt til að þeim launamönnum, sem eru lífeyrisþegar, sé ekki gert skylt að greiða á sama tíma iðgjöld til lífeyrissjóðs nema þeir kæri sig um það.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. málsl. er lögð til sú breyting að launamanni sé ekki lengur gert skylt að vera í lífeyrissjóði starfsstéttar sinnar eða starfshóps heldur hafi hann rétt til að velja sér þann lífeyrissjóð þar sem hann sjálfur telur hag sínum best borgið.

Lögð er sú kvöð á lífeyrissjóð viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps skv. 2. málsl. að veita launamanni aðild, en öðrum sjóðum er það hins vegar í sjálfsvald sett. Hugsanlegt væri að fella þetta ákvæði niður að einhverjum tíma liðnum. Þá er launamanni gefið frjálst val um að vera áfram í sínum gamla lífeyrissjóði ef honum sýnist svo enda þótt hann skipti um starfsvettvang.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að heimild til setningar reglugerðar um endurgreiðslur iðgjalda einskorðist ekki við þá sem náð hafa 75 ára aldri, heldur verði víkkuð út þannig að hún nái til allra lífeyrisþega sem hafa hafið töku lífeyris.

Um 3. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Nd. 115. Frumvarp til laga [111. mál]

um breyting á lögum um lausafjárkaup, nr. 39/1922.

Flm.: Jón Sæmundur Sigurjónsson, Geir H. Haarde, Ásgeir Hannes Eiríksson, Guðrún Helgadóttir, Ingi Björn Albertsson, Jón Kristjánsson, Þórhildur Þorleifsdóttir.

1. gr.

Við 54. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Kröfur vegna galla í steinsteypu, sem keypt var tilbúin frá framleiðanda, fyrnast á tíu árum frá afhendingu vörunnar, nema seljandi hafi skuldbundið sig til að ábyrgjast vöruna lengri tíma eða haft svik í frammi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en varð ekki afgreitt úr nefnd.

Frumvarpið er flutt að frumkvæði Húseigendafélagsins. Það felur í sér að fyrningarfrestur krafna, sem rísa kunna vegna galla í steinsteypu, lengist úr einu ári í tíu ár frá afhendingu. Tilgangur frumvarpsins er sá að auka vernd húsbyggjenda og annarra kaupenda steinsteypu gagnvart göllum er leynast kunna í steypunni og auka ábyrgð framleiðenda, verktaka og eftirlitsaðila að sama skapi.

Á síðari árum hefur æ fleirum orðið ljóst að ákvæði 54. gr. laga um lausafjárkaup, nr. 39/1922, er kveður á um eins árs fyrningarfrest krafna vegna galla á seldum hlut eða vöru sem meginreglu, er óeðlilegt og fresturinn of skammur hvað varðar galla á vissum vörutegundum, t.d. byggingarefni, þar sem vitað er að gallar, sem voru á vörunni er kaup fóru fram, geta hæglega dulist kaupanda þótt hann hafi beitt eðlilegri árvekni við kaupin og mjög langur tími liðið þar til þeir koma fram. Er þetta því bagalegra þar sem hér er oft um afar mikil verðmæti að ræða og gallinn getur hæglega valdið kaupanda illbærilegu tjóni ef honum reynist ókleift að rétta hlut sinn gagnvart seljanda. Einkum hefur tilbúin steinsteypa til mannvirkjagerðar komið til umræðu og athugunar í þessu sambandi, ekki síst í tilefni af kunnum málaferlum fyrir nokkrum árum þar sem mjög reyndi á ákvörðun fyrningarfrests vegna alvarlegra galla á keyptri steinsteypu til íbúðarhússbyggingar. Varð niðurstaðan sú í dómi Hæstaréttar frá 27. júní 1983 (Hrd. 1983, bls. 1469) að krafa húsbyggjandans (kaupanda steypunnar) var talin fyrnd samkvæmt ákvæði 54. gr. laga nr. 39/1922 um ársfrest til kröfugerðar frá því að kaup tókust, en mörg ár liðu hins vegar þar til húsbyggjandinn varð gallans var sem hafði í för með sér stórtjón fyrir hann. Vakti þessi niðurstaða m.a. mikla umræðu í fjölmiðlum og kom fram í máli margra að niðurstaða í þessa átt gæti verið óréttlát gagnvart neytendum enda þótt ekki yrði vefengt að Hæstiréttur hefði einungis farið eftir gildandi lögum. Var tillögum til úrbóta jafnframt hreyft á Alþingi án þess þó að þar fengist nein niðurstaða um réttarbætur. Er þessu frumvarpi því ætlað að leysa tiltekinn vanda á umræddu sviði ef að lögum verður.

Þegar hugað er að breytingum á 54. gr. laga nr. 39/1922 í fyrrnefnda átt er ljóst að

örðugt getur verið að ákvarða þær vörutegundir sem til álita kemur að setja um sérstakt ákvæði þar sem fyrningarfrestur sé lengdur til muna frá því sem algengast er í lausafjárkaupum. Hefur orðið að ráði að miða hér einungis við tilbúna steinsteypu, sökum þess að þar birtist vandamálið í skýrustu ljósi og ætla má að gallar á því sviði hafi verið og séu allalgengir, sbr. m.a. „alkalískemmdir" svokallaðar. Er þá miðað við það í 1. gr. frumvarpsins að um þessa sérstöku vörutegund gildi tíu ára fyrningarfrestur sem reyndar er hinn almenni fyrningarfrestur samkvæmt lögum nr. 14/1905, nema annað sé sérstaklega tekið fram í þeim lögum. Jafnframt þykir eðlilegt að hafa sama fyrirvara og nú er í 54. gr. um sérstaka ábyrgð seljanda til lengri tíma en tíu ára og um svik seljanda, en um svik gildir þá að öðru leyti ákvæðið í 7. gr. laga nr. 14/1905. Rétt þykir hér einnig, til þess að taka af öll tvímæli, að miða upphaf fyrningarfrestsins við afhendingu vörunnar, svo sem gert er í 54. gr. laga nr. 39/1922, en reglur laga nr. 14/1905 um það efni eru hins vegar ekki nægilega ljósar. Verður almennt að ætla að ákvæði um tíu ára fyrningarfrest á umræddri vöru muni hvort tveggja í senn verða framleiðendum (seljendum) sérstök hvatning til vöruvöndunar og nákvæms gæðaeftirlits og leiða til fullnægjandi réttarbóta fyrir neytendur í flestum tilvikum, þótt hins vegar séu dæmi þess, svo sem í fyrrnefndu dómsmáli, að sá frestur sé ekki nægilega langur sökum þess hve gallar í steinsteypu geta verið lengi að koma fram. Á hitt ber þó að líta að seljendur þessarar vöru sem annarrar hafa augljósa hagsmuni af því að reglur um fyrningarfrest séu glöggar og einnig að fresturinn verði ekki ákveðinn mjög langur, t.d. langt umfram tíu ár, því að það mundi skerða réttaröryggi þeirra um of.

Meðal annarra Norðurlandaþjóða stendur nú yfir endurskoðun hinna almennu laga um lausafjárkaup og hafa sumar þjóðirnar nýlega lögtekið endurskoðaða lagabálka um það efni. Hefur þetta endurskoðunarstarf farið fram í norrænni samvinnu sem íslensk stjórnvöld hafa haft tækifæri til að fylgjast með þótt ekki hafi þar verið um beina þátttöku að ræða. Hefur verið leitast við að hafa sem mest samræmi milli texta hinna nýju norrænu laga á þessu sviði, en ljóst er þó að um algert samræmi verður þar ekki að ræða. Ætla verður að á næstu árum muni íslensk stjórnvöld hlutast til um endurskoðun núgildandi laga um lausafjárkaup. Má þá telja víst að í flestum efnum verði tekið mið af meginreglum hinna endurskoðuðu kaupalaga grannþjóða okkar, en jafnan verður þó að taka nægilegt tillit til íslenskra séraðstæðna þar sem það á við. Ákvæði það um viðbót við núverandi 54. gr. kaupalaga, sem hér er borið fram í frumvarpsformi, mun tvímælalaust eiga fullan rétt á sér í endurskoðuðum lögum um lausafjárkaup, en ástæðulaust er að bíða þeirrar endurskoðunar hvað þetta ákvæði varðar sökum þess að um brýna réttarbót er að ræða sem verndar hag neytenda á mikilvægu viðskiptasviði.

Flutningsmenn gera sér ljóst að ævinlega er vandasamt að kveða í löggjöf á um ábyrgð einstakra aðila að almennum viðskiptum. Verslun með steinsteypu er mjög mikilvægt svið viðskipta hér á landi þar sem iðulega eru miklir hagsmunir í húfi enda algengt að húsbyggjendur leggi aleigu sína að veði þegar ráðist er í húsbyggingu. Því er brýnt að hugað sé að vernd þeirra sem neytenda, en þó þannig að gætt sé eðlilegs jafnvægis milli hagsmuna kaupenda og seljenda. Sala og meðferð steinsteypu er nú mun þróaðri tæknilega en áður var. Ljóst er og að ending steypu er ekki einvörðungu háð gæðum framleiðslunnar sem nú er venjulega dælt í steypumót úr flutningstæki, heldur einnig meðferð hennar á byggingarstaðnum. Því þarf að vega og meta hvernig ábyrgð á hugsanlegum göllum skuli skipt milli framleiðenda og annarra er að verkinu koma, sem og eftirlits- og úttektaraðila.

Flutningsmenn telja eðlilegt að í þingnefnd verði farið nánar í saumana á þessum atriðum og kallað eftir áliti tæknimanna á þessu sviði.

Þess má að lokum geta að tvö þingmál nátengd þessu málefni voru flutt á Alþingi fyrir nokkrum árum. Annars vegar frumvarp á 107. löggjafarþingi (329. mál, flm. Sighvatur Björgvinsson o.fl.) og hins vegar tillaga til þingsályktunar á 106. löggjafarþingi (325. mál, flm. Birgir Ísl. Gunnarsson o.fl.).

Sþ. 116. Tillaga til þingsályktunar [112. mál]

um að fela forsetum Alþingis að afla lögfræðilegs álits umboðsmanns Alþingis á bráðabirgðalögum nr. 89/1990, um launamál.

Flm.: Stefán Valgeirsson.

Alþingi samþykkir að fela forsetum Alþingis að afla lögfræðilegrar umsagnar og álitsgerðar hjá umboðsmanni Alþingis, samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 13 frá 1987, um hvort bráðabirgðalög um launamál, nr. 89/1990, brjóti í bága við grundvallarreglur um stjórnskipun lýðveldisins og stjórnarskrá þess.

Álitsgerð umboðsmanns skal kunngerð Alþingi fyrir næstu umræðu um frumvarp ríkisstjórnarinnar um staðfestingu á bráðabirgðalögunum.

Greinargerð.

Á Alþingi hefur nú verið lagt fram frumvarp ríkisstjórnarinnar um staðfestingu á bráðabirgðalögum um launamál, nr. 89/1990. Efasemdir hafa komið fram um stjórnskipulegt gildi bráðabirgðalaganna og hvort þau standist gagnvart grundvallarreglum stjórnarskrárinnar. Samkvæmt 47. gr. stjórnarskrárinnar skal hver alþingismaður vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni.

Lög samþykkt á Alþingi eru dauð og ómerk stangist þau á við grundvallarreglur stjórnskipunarréttar og ákvæði stjórnarskrár. Hvorki í ríkisstjórn né á Alþingi sitja nú menn sem getið hafa sér viðurkenningu á sviði lögvísinda eða í stjórnskipunarrétti.

Lögvísindamenn hafa dregið í efa stjórnskipunarlegt gildi bráðabirgðalaganna með hliðsjón af ákvæðum stjórnarskrárinnar, þ.e. 2. gr., 28. gr., 67. gr. og 73. gr. Mál er nú til meðferðar fyrir bæjarþingi Reykjavíkur sem snýst um lögmæti bráðabirgðalagaútgáfunnar en vegna seinagangs í íslensku réttarfari og meðferðar mála fyrir dómstólum mun ekki að vænta niðurstöðu fyrir þann tíma þegar Alþingi verður að taka mál þetta til endanlegrar afgreiðslu.

Það má ekki henda Alþingi Íslendinga að láta undir höfuð leggjast að leita eftir því að umboðsmaður Alþingis fái málið til umsagnar.

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, er heimild til þess að afla álitsgerðar umboðsmannsins um hvort meinbugir séu á gildandi lögum. Bráðabirgðalögin hafa verið gildandi síðan 3. ágúst 1990.

Með hliðsjón af framangreindu er mjög brýnt fyrir alþingismenn, og skylda þeirra að öðru jöfnu, að aflað verði lögfræðilegrar álitsgerðar og umsagnar hlutlauss aðila áður en frumvarp ríkisstjórnarinnar um staðfestingu á áðurgreindum bráðabirgðalögum verður tekin til frekari meðferðar á Alþingi.

Flutningsmaður treystir sér ekki til að standa að samþykkt frumvarpsins fyrr en álits-

gerð umboðsmanns Alþingis liggur fyrir og að niðurstaða hans verði sú að bráðabirgðalögin samræmist íslensku stjórnarskránni og hafi samkvæmt efni sínu og formi stjórnskipulegt gildi.

Umboðsmaður Alþingis er doktor í lögum og hefur með höndum mikilsvert embætti í stjórnskipun okkar. Hann er því öðrum fremri til að gera slíka álitsgerð, enda heyrir það undir starfssvið hans.

Sþ. 117. Tillaga til þingsályktunar [113. mál]

um reiðvegaáætlun.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson, Jón Kristjánsson, Valgerður Sverrisdóttir, Páll Pétursson, Alexander Stefánsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Guðni Ágústsson, Jóhann Einvarðsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta í samvinnu við samtök hestamanna og sveitarfélaga gera reiðvegaáætlun. Áætlun þessi skal gerð til fjögurra ára í senn.

Samgönguráðherra skal í því skyni skipa nefnd er hafi það hlutverk að vinna reiðvegaáætlun og endurskoða hana reglulega.

Í starfi sínu taki nefndin m.a. mið af eftirfarandi atriðum:

1. Gera skal reiðvegaáætlun til fjögurra ára í senn og forgangsraða skal verkefnum.
2. Hafa skal nána samvinnu við m.a. Landssamband hestamannafélaga, samtök sveitarfélaga, Vegagerð ríkisins, Náttúruverndarráð, Landgræðslu, Skógrækt ríkisins, skipulagsstjórn og Ferðaþjónustu bænda, sem og einstök sveitarfélög og landeigendur.
3. Bæta skal aðstöðu hestamanna á þjóðvegum og haga þannig að öryggi gegn slysum verði sem mest.
4. Viðurkenna skal í raun umferð ríðandi manna sem hluta af samgöngum landsmanna.
5. Friðlýsa þarf fornar reiðleiðir og halda þeim við.
6. Við mat umferðar á hestum skal höfð hliðsjón af hesthúsahverfum, skeiðvöllum, hrossabúum, hagagöngu, staðsetningu gisti- og ferðamannastaða og veitinga- og útivistarstaða.
7. Hafa skal hlið á girðingum þar sem alfaraleiðir og girðingar skerast.
8. Tryggja skal vernd svæða og leiða sem hafa gildi vegna náttúrufegurðar og skilyrða sem gera þau að eftirsóknarverðu reiðlandi.
9. Umferð ríðandi manna má eigi spilla ræktuðu landi, túnum, görðum eða skógrækt og ekki trufla búfé.

Greinargerð.

Þingsályktun þessi er flutt samhliða tveimur frumvörpum til laga er bæði lúta að gerð reiðvega. Annars vegar er um að ræða frumvarp til laga um breytingu á vegalögum þar sem kveðið er á um að Vegagerð ríkisins skuli sjá um gerð og viðhald reiðvega samkvæmt sérstakri áætlun. Hins vegar er um að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar en þar er gert ráð fyrir að leggja á sérstakt hóffjaðragjald til að afla fjár til reiðvegagerðar.

Þessi þingsályktunartillaga, sem hér er flutt, hefur það hlutverk að fela samgönguráðherra í samvinnu við samtök hestamanna og sveitarfélaga að láta gera reiðvegaáætlun og forgangsraða verkefnum, en Vegagerðin vinni síðan í samræmi við þá reiðvegaáætlun.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að hestamennska nýtur sívaxandi vinsælda og hestaeign fer vaxandi. Ekki verður hjá því komist að taka tillit til ríðandi manna í umferðinni en aukin bílaumferð á þjóðvegum landsins gerir það nauðsynlegt að það sé gert með skipulegum hætti.

Árið 1982 var gert samkomulag milli Landssambands hestamannafélaga og Vegagerðar ríkisins um gerð reiðvega. Það samkomulag er fylgiskjal með frumvarpi um breytingu á vegalögum. Reynsla af þessu samkomulagi hefur ekki orðið nægilega góð og nauðsynlegt er að skýra málin frekar og koma þeim í fast horf. Bæði er að fé til reiðvegagerðar hefur verið mjög af skornum skammti, sem og að nauðsynlegt er að kveða skýrar á í lögum um hver beri veg og vanda af reiðvegagerð, hvernig fjár sé aflað til hennar og hverjir vinni áætlun um reiðvegagerð og ákveði forgang verkefna.

Óhjákvæmilegt er að umferð ríðandi manna verði í raun viðurkennd sem hluti af samgöngum landsmanna. Til þess að þetta sé unnt verður að taka tillit til ríðandi manna við skipulagningu vegakerfis landsins, sérstaklega þarf að hafa hliðsjón af staðsetningu hesthúsahverfa, skeiðvalla, hrossabúa, hagagöngu, gisti- og veitingastaða og útivistar- og ferðamannastaða.

Mikilvægt er einnig að friðlýsa fornar reiðleiðir og halda þeim við. Með þeim hætti er varðveittur ákveðinn þáttur í menningarsögu landsins. Mikilvægt er einnig í þessu sambandi að tryggja að gróður spillist ekki og sjá til þess að saman geti farið vernd og notagildi. Hestamennska og hestaíþróttir eru sem fyrr segir mjög vaxandi. Íslenski hesturinn er í auknum mæli orðinn útflutningsvara en jafnframt koma erlendir ferðamenn hingað í auknum mæli til hestamannamóta og ferða á hestum. Fram hjá þeirri staðreynd geta Íslendingar ekki litið og þurfa að bregðast rétt við enda getur hesturinn einmitt orðið mikilvægur þáttur í uppbyggingu ferðamannaiðnaðar í landinu í nánustu framtíð. Í því sambandi er auðvitað mikið starf óunnið og margt sem þarf að hafa í huga. Eigendur veitingastaða þurfa víða að gera hestamönnum kleift að njóta þeirrar þjónustu sem þeir hafa á boðstólum. Til þess þurfa þeir að koma upp góðri hrossarétt, vel mölborinni og með skjólgirðingu sem er t.d. $1^1/_2$ metri á hæð. Aðstaða þarf að vera til að brynna hestunum og æskilegt að hey geti verið til sölu. Við gististaði, tjaldstæði og orlofsbúðir þarf að hafa aðstöðu til hagbeitar, þar þurfa að vera hrossaréttir og geymslur fyrir reiðtygi.

Ferðaþjónusta bænda þarf að geta veitt hestamönnum fyrirgreiðslu af ýmsu tagi, ekki aðeins geta leigt mönnum hross heldur einnig haft hagbeit til sölu. Sveitarstjórnir og upprekstrarfélög eiga mörg góða skála á fjöllum, skála sem nýta mætti betur og leigja ferðafólki og gætu fallið vel inn í ferðir ríðandi manna um landið. Þannig mætti hugsa sér eins konar net náttstaða á hálendinu en hey þyrfti að vera til sölu á sem flestum stöðum svo að gróður spillist ekki.

Við gerð reiðvega þarf að hafa í huga að vegir, sem hægt er að fara allt árið, eru nauðsynlegir í nágrenni hesthúsabyggða. Slíkir vegir eru eðlilegt viðfangsefni viðkomandi sveitarfélaga, hestamanna og Vegagerðar. Talsvert aðrar kröfur þarf að gera til slíkra vega en þeirra sem aðeins eru notaðir stuttan tíma á ári vegna þess að umferð getur orðið mikil á takmörkuðu svæði vetur og vor þegar blautt er um. Slíkir vegir þurfa að falla vel inn í skipulag en gera má ráð fyrir að mest álag sé á þessa vegi næst hesthúsunum, 5–10 km

umhverfis þau, en fjær dreifist álagið verulega.

Vel má hugsa sér að reiðvegir í þéttbýli geti verið meðfram þjóðvegum eða lagðir sérstaklega um útivistarsvæði, en áherslu verður að leggja á að friða alla reiðvegi fyrir umferð vélknúinna farartækja og kveða þarf skýrt á um umferðarrétt með merkingum þar sem reiðmenn þurfa að fara þvert á veg. Víða eru gömlu malarvegirnir ágætir reiðvegir þegar þeir eru opnir. Við gerð reiðvega þarf sérstaklega að gera ráð fyrir áningarstöðum, helst með því móti að víkja megi spölkorn frá vegi.

Árið 1986 fluttu þingmennirnir Páll Pétursson og Ólafur Þ. Þórðarson tillögu til þingsályktunar um áætlun um gerð reiðvega. Sú þingsályktunartillaga er fylgiskjal með þessari. Tillaga þessi varð ekki útrædd á Alþingi.

Fylgiskjal.

Tillaga til þingsályktunar um áætlun um reiðvegagerð.

(109. löggjafarþing, 82. mál.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er geri áætlun um reiðvegagerð um landið. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Vegagerð ríkisins, einum tilnefndum af Landssambandi hestamanna, einum tilnefndum af skipulagsstjóra ríkisins og tveimur án tilnefningar.

Nefndin meti hver þörf er á nýjum reiðvegum, hvar varðveita skal gamla reiðvegi og hvar er heppilegast að reiðvegir liggi þannig að hestamönnum sé greið umferð um landið.

Nefndin skili áætluninni fyrir haustið 1987 þannig að framkvæmdir geti hafist samkvæmt henni sumarið 1988.

Greinargerð þingsályktunartillögunnar hljóðar svo:

Hestamennska nýtur sívaxandi vinsælda og fjöldi fólks sækir sálubót og hreysti í samfélag við hesta og til ferðalaga á hestum. Með aukinni bílaumferð og bættum akvegum er umferð ríðandi fólks um marga þjóðvegi landsins orðin stórhættuleg og jafnvel ómöguleg. Á undanförnum árum hefur verið unnið stórvirki í vegagerð en umferð hestamanna hefur ekki verið sinnt nema að allt of litlu leyti. Á árinu 1985 var varið 400 þús. kr. til reiðvegagerðar og 1986 einni milljón króna. Þetta er auðvitað allsendis ófullnægjandi. Reiðvegagerð þarf ekki að vera dýr, sérstaklega ef hún er unnin með fyrirhyggju. Vegagerðin hefur sums staðar gætt þess við frágang vega, fyrir atbeina Landssambands hestamanna, að reiðmönnum væri fær leið meðfram vegum. Þetta hefur hins vegar ekki alls staðar verið gert og af því skapast slysahætta og leiðindi.

Skynsamlegast er að gera áætlun um það hver þörf sé fyrir nýja reiðvegi um landið, hvar beri að varðveita gamla reiðvegi og hvar heppilegast er að reiðvegir liggi. Þannig mundu fjármunir og verktækni nýtast betur en ella og óhjákvæmilegt er að leggja stóraukna áherslu á reiðvegagerð.

Íslendingar hafa ferðast á hestum um landið frá upphafi Íslands byggðar; óhæfa er að gera þeim það ómögulegt nú. Þess ber og að gæta að ríkisvaldið ver miklu fé til tómstunda og íþróttamála og einnig til lista. Hestamennska er hin göfugasta tómstundaiðja og auk þess bæði íþrótt og list þannig að eðlilegt er að verja allnokkru almannafé til þess að auðvelda fólki iðkun hestamennsku.

Nd. 118. Frumvarp til laga [114. mál]

um breytingu á vegalögum nr. 6/1977, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Guðni Ágústsson, Alexander Stefánsson.

1. gr.

40. gr. laganna, sbr. 72. gr. laga nr. 87/1989, orðist svo:

Vegagerð ríkisins skal aðstoða nýbýlastjórn við lagningu nýbýlavega, enda sé kostnaður greiddur af sérstakri fjárveitingu í fjárlögum, samkvæmt vegáætlun eða á annan hátt.

Vegagerð ríkisins skal sjá um gerð og viðhald reiðvega samkvæmt sérstakri reiðvegaáætlun sem samgönguráðherra lætur gera í samráði við samtök hestamanna og sveitarfélaga til fjögurra ára í senn. Kostnaður við gerð reiðvega skal greiddur af hóffjaðragjaldi skv. 2. gr. laga um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, og sérstökum fjárveitingum á fjárlögum, samkvæmt vegáætlun eða á annan hátt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar og þingsályktunartillögu um gerð reiðvegaáætlunar.

Hestamennska nýtur sívaxandi vinsælda. Umferð ríðandi manna er víða orðin mjög mikil, einkum í nágrenni þéttbýlisstaða. Sambýli umferðar ríðandi manna og aukinnar umferðar bifreiða getur verið örðugt. Nauðsynlegt er að taka tillit til hestamennsku í umferðinni umfram það sem gert hefur verið.

Óhjákvæmilegt er að gera sérstaka reiðvegaáætlun þar sem forgangsröð framkvæmda kemur fram. Gerð reiðvega er yfirleitt ekki dýr, en framkvæmd þarf að vera með skipulegum hætti.

Í vegalögum er einungis fjallað um reiðvegi í 46. gr. en þar segir:

„Vegagerð ríkisins skal aðstoða nýbýlastjórn við lagningu nýbýlavega og samtök hestamanna við gerð reiðvega, enda sé kostnaður greiddur af sérstakri fjárveitingu í fjárlögum, samkvæmt vegáætlun eða á annan hátt.“

Með flutningi þessa frumvarps eru tekin af öll tvímæli um að Vegagerð ríkisins skuli annast gerð reiðvega, enda er hún sá aðili í þjóðfélaginu sem best er búin til að taka að sér slíka framkvæmd. Jafnframt er með sérstöku frumvarpi gert ráð fyrir að fjár sé aflað til gerðar reiðvega umfram fé á fjárlögum til reiðvegagerðar. Gerir það frumvarp ráð fyrir sérstöku „hóffjaðragjaldi“.

Samhliða þessum frumvörpum tveimur flytur flutningsmaður þingsályktunartillögu um að samgönguráðherra verði falið að láta gera sérstaka reiðvegaáætlun í samvinnu við samtök hestamanna og sveitarfélaga til fjögurra ára í senn. Í reiðvegaáætlun skal koma fram forgangsröð framkvæmda.

Árlega hafa verið takmarkaðar fjárveitingar á fjárlögum ákveðnar af Alþingi í þingsályktun um vegáætlun.

Landssamband hestamanna ákveður skiptingu þessarar fjárveitingar milli hestamannafélaga og umdæmisverkfræðingar Vegagerðar ríkisins fylgjast með því að áætlaðar framkvæmdir séu inntar af hendi og greiða féð út. Einnig eru dæmi um að Vegagerðin annist framkvæmdir fyrir hestamannafélögin. Undirritað var 7. maí 1982 samkomulag milli Landssambands hestamannafélaga og Vegagerðar ríkisins um gerð reiðvega. Samkomulag þetta er fylgiskjal með þessu frumvarpi. Ágreiningur varð fljótlega um túlkun þessa samkomulags.

Vandkvæði hafa þannig verið ýmis við gerð reiðvega og ástæða er einnig til að leggja áherslu á hlut sveitarfélaga og þátt reiðvega í skipulagi, en sveitarfélög eru öll skipulagsskyld samkvæmt skipulagslögum frá 1978.

Fylgiskjal.

Samkomulag milli Landssambands hestamannafélaga og Vegagerðar ríkisins um gerð reiðvega.
(7. maí 1982.)

1. gr.

Þegar stofnbrautir eða þjóðbrautir með bundnu slitlagi eru lagðar út frá þéttbýlissvæðum eða annars staðar, þar sem búast má við mikilli umferð, skal þess gætt að haga framkvæmdum á þann veg að umferð ríðandi manna megi verða sem greiðust, t.d. með gerð reiðvega á vegsvæði meðfram vegum ef þess er kostur, enda hafi komið um það tillaga frá samstarfsnefnd, sbr. 2. og 3. gr.

2. gr.

Í hverju umdæmi skal starfa samstarfsnefnd skipuð fulltrúa Vegagerðar ríkisins og tveimur fulltrúum frá Landssambandi hestamannafélaga.

3. gr.

Samstarfsnefndir skulu fylgjast með áætlunum um gerð þjóðvega með bundnu slitlagi og semja álitsgerðir um lausn á umferðarmálum ríðandi manna sem lagðar skulu fyrir hönnunaraðila til athugunar og eftirbreytni með hæfilegum fyrirvara.

Samstarfsnefnd skal jafnan eiga aðgang að upplýsingum hjá hönnunaraðila um reiðvegi sem áformað er að gera.

Samstarfsnefndir skulu jafnframt, þar sem þörf krefur, gera tillögur um gerð reiðleiða meðfram stofnbrautum og þjóðbrautum sem þegar hafa verið byggðar.

Þá skal samstarfsnefnd fylgjast með reiðleiðum sem gerðar verða samkvæmt framanskráðu og gera tillögur um viðhald þeirra eftir því sem þörf krefur.

4. gr.

Ágreiningi, sem upp kann að koma innan samstarfsnefndar, er heimilt að vísa til vegamálastjóra eða fulltrúa hans og stjórnar Landssambands hestamannafélaga sem ber að fjalla sameiginlega um ágreiningsmál og leita lausnar á þeim.

Nd. 119. Frumvarp til laga [115. mál]

um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 3/1987.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson, Guðni Ágústsson,
Ólafur Þ. Þórðarson, Alexander Stefánsson.

1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna komi ný grein er verði 2. gr. og orðist svo:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — hóffjaðragjald — af hóffjöðrum. Gjald þetta skal nema 2 kr. á hverja hóffjöður. Innlendir framleiðendur skulu einnig greiða hóffjaðragjald. Innflutningsgjaldið skal greitt í tolli en gjalddagar innlendra framleiðenda skulu vera tveir, 1. janúar og 1. júlí ár hvert, en eindagi mánuði síðar.

Hóffjaðragjald skal fylgja vísitölu byggingarkostnaðar.

2. gr.

2. gr. laganna, sem verður 3. gr., orðist svo:

Gjöld samkvæmt ákvæðum 1. og 2. gr. skulu innheimt til ríkissjóðs. Tekjum samkvæmt lögum þessum skal einungis varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun nema tekjum skv. 2. gr. sem skal varið til að gera reiðvegi samkvæmt reiðvegaáætlun sem samgönguráðherra lætur gera til fjögurra ára í senn í samvinnu við samtök hestamanna og sveitarfélaga. Ríkissjóður skal að auki leggja til gerðar reiðvega jafnvirði hóffjaðragjalds næsta ár á undan.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi um breytingu á vegalögum og þingsályktunartillögu um gerð reiðvegaáætlunar.

Með frumvarpi til breytinga á vegalögum er Vegagerð ríkisins ótvírætt falið það verkefni að sjá um gerð reiðvega samkvæmt reiðvegaáætlun sem samgönguráðherra lætur gera í samvinnu við samtök hestamanna og sveitarfélaga. Sú áætlun á að fela í sér forgangsröðun verkefna og vera gerð til fjögurra ára í senn.

Það frumvarp, sem hér er flutt, nær til tekjuöflunar vegna reiðvegagerðar. Reiðvegafé 1989 er um það bil 4 millj. kr. og engan veginn nægjanlegt til framkvæmda þegar hestamennska er svo vinsæl og vaxandi sem raun ber vitni og umferð ríðandi manna eykst jafnhliða umferð bifreiða.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að lagt verði á sérstakt „hóffjaðragjald." Gera má ráð fyrir að 7–8 þúsund manns stundi hestamennsku nú um þessar mundir og eigi hver að meðaltali um fjóra hesta. Ef gert er ráð fyrir að 30 hóffjaðrir fari í járningu og járnað sé að jafnaði fimm sinnum á ári gæti tveggja króna gjald á hverja hóffjöður gefið tekjur til reiðvegagerðar sem nema um 10 millj. kr. á ári. Gert er ráð fyrir að gjaldið fylgi byggingarvísitölu. Þannig gæti féð ásamt reiðvegafé á fjárlögum bætt mjög úr og aukið framkvæmdir, en gera verður ráð fyrir að sveitarfélög verji nokkru fé einnig til reiðvegagerðar.

Nd. 120. Frumvarp til laga [116. mál]

um breytingu á vaxtalögum, nr. 25 27. mars 1987, með síðari breytingum.

Flm.: Stefán Valgeirsson.

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist eftirfarandi málsgrein:

Óheimilt er fram til 1. janúar 1992 að áskilja eða taka hærri vexti af peningakröfum en 5% ársvexti af verðtryggðum kröfum. Hámarksvextir af óverðtryggðum kröfum skulu ákveðnir af Seðlabanka Íslands og skulu þeir ákveðnir þannig að raunávöxtun óverðtryggðra peningakrafna verði ekki hærri en raunávöxtun verðtryggðra krafna.

2. gr.

Niður falli 17.–19. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 67/1989 (um vaxtakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða).

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á 111. löggjafarþingi flutti Auður Eiríksdóttir breytingartillögu við vaxtalög sem voru þá til meðferðar í neðri deild. Þessi breytingartillaga var efnislega samhljóða þessu frumvarpi. Við 2. umr. um málið munaði aðeins tveimur atkvæðum að tillagan væri samþykkt. Þetta gerðist á kvöldfundi, öllum að óvörum. Var dreift nýrri dagskrá og málið tekið fyrir þótt þannig stæði á að fólk vantaði á kvöldfundinn sem vitað var að ætlaði að styðja tillöguna.

Þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var mynduð var það eitt af skilyrðunum sem Samtök jafnréttis og félagshyggju settu fyrir stuðningi við hana að raunvextir yrðu ekki hærri en 5%. Til samkomulags sættust þau á að í málefnasamningnum væri miðað við 6% en lofað var að taka síðan málið til endurskoðunar með það að markmiði að lækka raunvexti enn frekar.

Eftir rúmlega tveggja ára valdasetu ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar eru raunvextir fyrir venjulegt fólk frá 7,75% upp í 8,75% og þeim sem eru verst settir og þurfa að skuldbreyta lánum sínum er gert að greiða allt að 10%. Þeir sem eiga miklar eignir, sem eru lítið veðsettar, geta fengið lán með allt niður í 6,5% vexti, en það eru kallaðir kjörvextir. Á þessu sést hvernig það jafnrétti er í reynd sem almenningi er boðið upp á og er þó ekki öll sagan sögð. Með flutningi þessa frumvarps er látið reyna á hvort ríkisstjórnin stendur undir nafni sem ríkisstjórn jafnréttis og félagshyggju.

Þegar hin svokölluðu Ólafslög voru til umfjöllunar á Alþingi 1979 var öll umræðan um raunvexti á þann veg að stefnt yrði að því að þeir yrðu aldrei hærri en 2–3%. Flutningsmaður hefur undir höndum blaðagrein eftir dr. Pétur Blöndal er hann skrifaði fyrir nokkrum árum þar sem hann telur að raunvextir eigi að vera 2% og aldrei fara yfir 4%. Vaxtaokrið síðustu árin hefur orðið til þess að mjög mikil eignatilfærsla hefur orðið í

þjóðfélaginu. Fjölmörg fyrirtæki og einstaklingar hafa orðið gjaldþrota sem hefur svo leitt af sér ólýsanlegar hörmungar. Þar sem stjórnendur peningastofnana hafa ekki kunnað sér neitt hóf í vaxtatöku verður löggjafinn að grípa inn í með þeim hætti sem felst í þessu frumvarpi.

Ed. 121. Frumvarp til laga [117. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem samþykktar voru af yfirstjórn sjóðsins 28. júní 1990.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og fyrri breytingar á henni.

Ísland gerðist aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum við stofnun hans samkvæmt lögum nr. 105/1945. Stofnskrá sjóðsins var undirrituð af Íslands hálfu 27. desember 1945, sbr. auglýsingu nr. 1/1946. Stofnskráin var fyrst birt sem samningur nr. 54 í ritinu *Samningar Íslands við erlend ríki*, sbr. auglýsingu nr. 17/1946 í C-deild *Stjórnartíðinda*.

Með lögum nr. 82/1968 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá sjóðsins. Með þeirri breytingu var m.a. komið á mynteiningunni SDR við sjóðinn sem úthlutað er til aðildarríkja hans og myndar hluta af gjaldeyrisforða þeirra.

Með lögum nr. 15/1977 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingu á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Breytingin á stofnskránni var umfangsmikil og staðfesti fráhvarf frá gulltengdu fastgengisfyrirkomulagi eftirstríðsáranna. Hún kvað einnig á um að hætt skyldi að nota gull í viðskiptum sjóðsins við aðildarríki sín, formi og umfangi SDR skyldi breytt, heimilt skyldi að stofnsetja sérstakt ráð (council) við sjóðinn og nokkrum skipulagsbreytingum skyldi hrint í framkvæmd. Stofnskráin, með áorðnum breytingum og viðaukum, var birt í heild sem auglýsing nr. 18/1978 í C-deild *Stjórnartíðinda*.

2. Tillaga að breytingu á stofnskránni.

Sjóðsráð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins samþykkti 28. júní 1990 að breyta stofnskránni í þriðja sinn frá stofnun sjóðsins. Breytingin tekur gildi þegar þrír fimmtu hlutar aðildarríkja sjóðsins, sem til samans ráða 85% af heildaratkvæðamagni í sjóðnum, hafa samþykkt hana. Gert er ráð fyrir að breytingin taki gildi eigi síðar en í ársbyrjun 1992. Breytingin á stofnskránni er birt í heild sem fylgiskjal með þessu frumvarpi en hér verður gerð grein fyrir megintilgangi með þessari breytingu og meginefni hennar.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, líkt og Alþjóðabankinn, getur gripið til þeirra ráða að svipta aðildarríki, sem brýtur gegn ákvæðum stofnskrárinnar, réttinum til að nota fjármagn sjóðsins. Bæti aðildarríkið ekki ráð sitt er heimilt að vísa því úr sjóðnum. Ólíkt bankanum getur sjóðurinn hins vegar ekki gengið skrefi skemur og svipt aðildarríki tímabundið atkvæðisrétti. Samþykkt var í júní sl. að breyta stofnskránni, eins og þegar hefur komið fram, sem felur í sér heimild í ofangreinda átt, og er leitað eftir staðfestingu aðildarríkja á henni. Meginástæða þess að talin var þörf á þessari breytingu á stofnskránni nú er sú að nokkur aðildarríki hafa ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart sjóðnum og látið hjá líða að endurgreiða lán sem þau hafa fengið úr honum. Þessar vanskilaskuldir fara vaxandi og nokkur af þessum skuldugu aðildarríkjum hafa hafnað því að eiga samstarf við sjóðinn til að leita leiða til að geta staðið í skilum. Vanskilaskuldir við sjóðinn veikja fjárhagsstöðu hans, hækka vexti af lánum til annarra aðildarríkja og gera honum erfiðara um vik að standa við skuldbindingar sínar gagnvart öðrum aðildarríkjum. Tillagan um stofnskrárbreytinguna er gerð samhliða tillögu um hækkun á kvótum sjóðsins og samkomulag er innan sjóðsins um að þær verði afgreiddar samhliða. Frumvarp til laga um heimild til ríkisstjórnarinnar til að semja um hækkun á kvóta Íslands í tengslum við níundu almennu kvótahækkun hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum er lagt fram á Alþingi samtímis þessu frumvarpi.

Verður nú helstu ákvæðum þessarar stofnskrárbreytingar lýst. Samkvæmt stofnskrárbreytingunni munu ákvæði stofnskrárauka L gilda ef sjóðurinn ákveður að svipta aðildarríki tímabundið atkvæðisrétti, en til þess þarf 70% af atkvæðamagni hans,. Áhrif af tímabundinni sviptingu atkvæðisréttar, eins og þau eru tilgreind í stofnskrárauka L, eru þessi helst:

1. Aðildarríkinu er óheimilt að greiða atkvæði um breytingartillögu við stofnskrána. Sömuleiðis er atkvæðamagn þess ekki talið með til heildaratkvæðamagns í sjóðnum þegar reiknað er út hvort breytingartillaga hafi hlotið tilskilinn stuðning til að skoðast samþykkt.
2. Aðildarríkinu er óheimilt að tilnefna eða taka þátt í kjöri á þeim fulltrúum í stjórnkerfi sjóðsins sem fara með atkvæði aðildarríkja, þ.e. ráðsmanni og varamanni hans og sjóðstjóra (ráðgjafi og varamaður hans eru einnig nefndir ef svo kynni að fara að sérstakt ráð yrði sett á laggirnar, sbr. stofnskrárauka D). Slíkir fulltrúar verða að láta af störfum innan tiltekins tíma, þó svo að aðrar þjóðir, sem ekki hafa tímabundið verið sviptar atkvæðisrétti, hafi staðið að kjöri þeirra. Í þeirra stað skulu nýir fulltrúar kosnir án þátttöku þess aðildarríkis sem tímabundið hefur verið svipt atkvæðisrétti.
3. Aðildarríkinu er óheimilt að nýta atkvæðisrétt sinn innan ráða og stjórna sjóðsins.
4. Þrátt fyrir að aðildarríki hafi tímabundið verið svipt atkvæðisrétti er því engu að síður heimilt að senda fulltrúa sinn á fundi í sjóðsráðinu, ráðinu, ef það verður sett á laggirnar, og sjóðstjórninni, ef til umræðu eru mál að beiðni aðildarríkisins eða mál sem snerta það sérstaklega. Hins vegar er aðildarríkinu ekki heimilt að senda fulltrúa sinn á fundi í nefndum sem settar hafa verið á laggirnar af fyrrgreindum aðilum.

Heimilt er með fulltingi aðildarríkja, sem ráða 70% af atkvæðamagni í sjóðnum, að upphefja tímabundna sviptingu á atkvæðisrétti.

Fylgiskjal.

Tillaga að þriðju stofnskrárbreytingu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Þær ríkisstjórnir sem látið hafa undirrita núgildandi stofnskrá eru sammála um eftirfarandi:

1. Orðalagi 2. greinar í XXVI. kafla skal breytt þannig að hún hljóði sem hér segir:

„(a) Nú fullnægir aðildarríki ekki einhverjum skuldbindingum sínum samkvæmt stofnskrá þessari og er sjóðnum þá heimilt að lýsa því yfir að aðildarríkið sé ekki hlutgengt til að nota fjármagn sjóðsins. Ekkert ákvæði þessarar greinar skal teljast takmarka ákvæði 5. greinar í V. kafla eða 1. greinar í VI. kafla.
(b) Ef, að liðnum hæfilegum tíma frá því að því var lýst yfir að aðildarríki væri ekki hlutgengt samkvæmt staflið (a), það fullnægir enn ekki einhverjum skuldbindingum sínum samkvæmt stofnskrá þessari er sjóðnum heimilt að svipta það atkvæðisrétti tímabundið með fulltingi aðildarríkja sem fara með 70% af heildaratkvæðamagni. Á meðan tímabundin svipting er í gildi eiga við ákvæði í skrárauka L. Sjóðnum er heimilt hvenær sem er að upphefja tímabundna sviptingu með fulltingi aðildarríkja sem fara með 70% af heildaratkvæðamagni.
(c) Fullnægi aðildarríki enn ekki einhverjum af skuldbindingum sínum samkvæmt stofnskrá þessari að liðnum hæfilegum tíma frá því að tímabundin svipting var ákveðin samkvæmt staflið (b) er heimilt að krefjast þess með ákvörðun sjóðsráðs, sem meiri hluti sjóðsráðsmanna sem ráða 85% af heildaratkvæðamagni samþykkir, að aðildarríkið segi upp aðild sinni að sjóðnum.

(d) Áður en látið er til skarar skríða gegn einhverju aðildarríki samkvæmt stafliðum (a), (b) eða (c) skal setja reglur sem tryggja að aðildarríkinu sé tilkynnt

Proposed Third Amendment of the Articles of Agreement of the International Monetary Fund.

The Governments on whose behalf the present Agreement is signed agree as follows:

1. The text of Article XXVI, Section 2 shall be amended to read as follows:

"(a) If a member fails to fulfill any of its obligations under this Agreement, the Fund may declare the member ineligible to use the general resources of the Fund. Nothing in this Section shall be deemed to limit the provisions of Article V, Section 5 or Article VI, Section 1.

(b) If, after the expiration of a reasonable period following a declaration of ineligibility under (a) above, the member persists in its failure to fulfill any of its obligations under this Agreement, the Fund may, by a seventy percent majority of the total voting power, suspend the voting rights of the member. During the period of the suspension, the provisions of Schedule L shall apply. The Fund may, by a seventy percent majority of the total voting power, terminate the suspension at any time.

(c) If, after the expiration of a reasonable period following a decision of suspension under (b) above, the member persists in its failure to fulfill any of its obligations under this Agreement, that member may be required to withdraw from membership in the Fund by a decision of the Board of Governors carried by a majority of the Governors having eighty-five percent of the total voting power.
(d) Regulations shall be adopted to ensure that before action is taken against any member under (a), (b), or (c) above, the member shall be informed in reason-

með hæfilegum fyrirvara um kæruna á hendur því og því gefið viðunandi tækifæri til að skýra málstað sinn bæði munnlega og skriflega."

2. Bæta skal nýjum skrárauka við stofnskrána, skrárauka L, sem hljóðar svo:

„Skrárauki L

Svipting atkvæðisréttar.

Nú er aðildarríki svipt atkvæðisrétti samkvæmt staflið (b) í 2. grein í XXVI. kafla og skulu þá eftirfarandi ákvæði gilda:

1. Aðildarríkið skal ekki:
   (a) taka þátt í afgreiðslu á tillögu um breytingu á stofnskránni eða teljast með heildarfjölda aðildarríkja í þeirri afgreiðslu, nema um sé að ræða tillögu sem krefst samþykkis allra aðildarríkja samkvæmt staflið (b) í XXVIII. kafla eða nær eingöngu til hins sérstaka dráttarreiknings;
   (b) tilnefna sjóðsráðsmann eða varamann hans, tilnefna eða taka þátt í að tilnefna ráðgjafa eða varamann hans, eða tilnefna, kjósa eða taka þátt í því að kjósa sjóðsstjóra.

2. Aðildarríkinu er óheimilt að beita innan stjórnkerfis sjóðsins þeim atkvæðum sem því hefur verið úthlutað. Þau skulu ekki talin með í útreikningi á heildaratkvæðamagni nema þegar um er að ræða atkvæðagreiðslu um breytingartillögu sem eingöngu snertir hinn sérstaka dráttarreikning.
3. (a) Sjóðsráðsmaður og varamaður hans, sem tilnefndir eru af aðildarríkinu, skulu láta af störfum.
   (b) Ráðgjafinn og varamaður hans, sem tilnefndir eru af aðildarríkinu eða það hefur tekið þátt í að tilnefna, skulu láta af störfum. Hafi slíkur ráðgjafi farið með atkvæði annarra aðildarríkja, sem ekki hafa verið svipt atkvæðisrétti, skulu þau aðildarríki tilnefna annan ráðgjafa og varamann hans samkvæmt skrárauka D.

able time of the complaint against it and given an adequate opportunity for stating its case, both orally and in writing."

2. A new Schedule L shall be added to the Articles, to read as follows:

"Schedule L

Suspension of Voting Rights

In the case of suspension of voting rights of a member under Article XXVI, Section 2(b), the following provisions shall apply:

1. The member shall not:
   (a) participate in the adoption of a proposed amendment of this Agreement, or be counted in the total number of members for that purpose, except in the case of an amendment requiring acceptance by all members under Article XXVIII(b) or pertaining exclusively to the Special Drawing Rights Department;
   (b) appoint a Governor or Alternate Governor, appoint or participate in the appointment of a Councillor or Alternate Councillor, or appoint, elect, or participate in the election of an Executive Director.
2. The number of votes allotted to the member shall not be cast in any organ of the Fund. They shall not be included in the calculation of the total voting power, except for purposes of the acceptance of a proposed amendment pertaining exclusively to the Special Drawing Rights Department.
3. (a) The Governor and Alternate Governor appointed by the member shall cease to hold office.
   (b) The Councillor and Alternate Councillor appointed by the member, or in whose appointment the member has participated, shall cease to hold office, provided that, if such Councillor was entitled to cast the number of votes allotted to other members whose voting rights have not been suspended, another

Þar til slík tilnefning hefur farið fram skulu ráðgjafinn og varamaður hans gegna störfum sínum áfram en þó að hámarki í þrjátíu daga frá því að svipting atkvæðisréttar tók gildi.

(c) Sjóðsstjórinn, sem tilnefndur eða kosinn er af aðildarríkinu eða sem það hefur tekið þátt í að kjósa, skal láta af störfum nema því aðeins að slíkur sjóðsstjóri hafi farið með atkvæði annarra aðildarríkja, sem ekki hafa verið svipt atkvæðisrétti. Í síðara tilvikinu gildir:

(i) ef meira en níutíu dagar eru til næstu reglulegu kosninga á sjóðsstjórum skulu þessi aðildarríki kjósa með einföldum meiri hluta atkvæðamagns annan sjóðsstjóra sem gegni starfinu til loka kjörtímabilsins. Sjóðsstjórinn skal þó gegna störfum sínum áfram þar til slíkar kosningar hafa farið fram, þó ekki lengur en í þrjátíu daga frá því að tímabundin svipting atkvæðisréttar tók gildi.

(ii) ef næstu reglulegu kosningar á sjóðsstjórum eru innan níutíu daga skal sjóðsstjórinn gegna störfum sínum áfram til loka kjörtímabilsins.

4. Aðildarríkið hefur rétt á að senda fulltrúa sinn á fundi í sjóðsráðinu, ráðinu eða sjóðsstjórninni en ekki á fundi í nefndum á vegum þessara aðila þegar óskir frá aðildarríkinu eða málefni, sem snerta það sérstaklega, eru til umræðu."

3. Eftirfarandi skal bætt við staflið (i) í 3. grein í XII. kafla:

„(v) Þegar aðildarríki hefur endurheimt atkvæðisrétt sinn í samræmi við staflið (b) í 2. grein í XXVI. kafla og aðildarríkið hefur ekki heimild til að tilnefna sjóðsstjóra, er aðildarríkinu heimilt að semja við hver þau aðildarríki, sem hafa kjörið sjóðsstjóra, um að slíkur sjóðsstjóri skuli

Councillor and Alternate Councillor shall be appointed by such other member under Schedule D, and, pending such appointment, the Councillor and Alternate Councillor shal continue to hold office, but for a maximum of thirty days from the date of the suspension.

(c) The Executive Director appointed or elected by the member, or in whose election the member has participated, shall cease to hold office, unless such Executive Director was entitled to cast the number of votes allotted to other members whose voting rights have not been suspended. In the latter case:

(i) if more that ninety days remain before the next regular election of Execution Directors, another Executive Director shall be elected for the remainder of the term by such other members by a majority of the votes cast; pending such election, the Executive Director shall continue to hold office, but for a maximum of thirty days from the date of suspension;

(ii) if not more that ninety days remain before the next regular election of Executive Directors, the Executive Director shall continue to hold office for the remainder of the term.

4. The member shall be entitled to send a representative to attend any meeting of the Board of Governors, the Council, or the Executive Board, but not any meeting of their committees, when a request made by, or a matter particularly affecting, the member is under consideration."

3. The following shall be added to Article XII, Section 3 (i):

"(v) When the suspension of the voting rights of a member is terminated under Article XXVI, Section 2 (b), and the member is not entitled to appoint an Executive Director, the member may agree with all the members that have elected an Executive Director that the

fara með þau atkvæði, sem aðildarríkinu hefur verið úthlutað. Hafi hins vegar regluleg kosning sjóðsstjóra ekki farið fram á meðan tímabundin svipting atkvæðisréttar var í gildi skal sjóðsstjórinn, sem aðildarríkið átti þátt í að kjósa áður en tímabundin svipting atkvæðisréttar tók gildi, eða eftirmaður hans, sem kjörinn er í samræmi við tölulið (i) í staflið (c) í 3. grein í skrárauka L eða staflið (f) í þessari grein, fara með þau atkvæði sem aðildarríkinu hefur verið úthlutað. Aðildarríkið telst hafa tekið þátt í kjöri þess sjóðsstjóra sem fer með þau atkvæði sem aðildarríkinu hefur verið úthlutað."

number of votes allotted to that member shall be cast by such Executive Director, provided that, if no regular election of Executive Directors has been conducted during the period of the suspension, the Executive Director in whose election the member had participated prior to the suspension, or his successor elected in accordance with paragraph 3(c)(i) of Schedule L or with (f) above, shall be entitled to cast the number of votes allotted to the member. The member shall be deemed to have participated in the election of the Executive Director entitled to cast the number of votes allotted to the member."

4. Eftirfarandi skal bætt við 5. tölulið í skrárauka D:

„(f) Þegar sjóðsstjóra er heimilt fara með atkvæði, sem úthlutað hefur verið til aðildarríkis samkvæmt tölulið (v) í staflið (i) í 3. grein í XII. kafla, skal ráðgjafanum, sem tilnefndur var af þeim ríkjum sem kusu slíkan sjóðsstjóra, heimilt að taka þátt í atkvæðagreiðslum og fara með þau atkvæði sem slíku aðildarríki hefur verið úthlutað. Aðildarríkið telst hafa tekið þátt í tilnefningu þess ráðgjafa sem fer með þau atkvæði sem aðildarríkinu hefur verið úthlutað."

4. The following shall be added to paragraph 5 of Schedule D:

"(f) When an Executive Director is entitled to cast the number of votes allotted to a member pursuant to Article XII, Section 3(i)(v), the Councillor appointed by the group whose members elected such Executive Director shall be entitled to vote and cast the number of votes allotted to such member. The member shall be deemed to have participated in the appointment of the Councillor entitled to vote and cast the number of votes allotted to the member."

Ed. 122. Frumvarp til laga [118. mál]

um heimild til hækkunar á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 59,6 milljónum SDR í 85,3 milljónir SDR. Seðlabanki Íslands skal leggja fram það fé sem þarf til hækkunar kvótans, sbr. 23. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Kvótahækkunin.

Með lagafrumvarpi þessu er leitað heimildar fyrir ríkisstjórnina til að taka þátt í níundu almennu hækkun kvóta í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr samtals 90,1 milljarði SDR í 135,2 milljarða SDR. Við þetta hækkar kvóti Íslands úr 59,6 milljónum SDR (sbr. lög nr. 68/1983, um heimild til hækkunar á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum; jafnvirði 4.688 m.kr. miðað við gengi 1. október 1990) í 85,3 milljónir SDR (jafnvirði 6.709 m.kr.).

Skv. 23. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, er hann fyrir ríkisins hönd fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Í samræmi við ákvæði í stofnskrá sjóðsins er fjórðungur hækkunarinnar greiddur í SDR (jafnvirði rúmlega 500 m.kr.) en þrír fjórðu hlutar í íslenskum krónum. Sá hluti kvótahækkunarinnar, sem greiddur er í SDR, greiðist af Seðlabankanum og myndar sérstaka gjaldeyrisinnstæðu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og telst áfram til gjaldeyrisforða Seðlabankans. Er þar því í rauninni einungis um að ræða breytingu á samsetningu gjaldeyrisforðans. Þrír fjórðu hlutar kvótahækkunarinnar (jafnvirði tæplega 1.500 m.kr.) eru í rauninni ekki reiddir af hendi heldur eignast Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn innstæðu sem þessari fjárhæð nemur í Seðlabankanum.

Ávinningur Íslands af því að taka þátt í þessari almennu kvótahækkun er einkum af tvennum toga. Í fyrsta lagi geta aðildarríki sjóðsins tekið hagstæð lán hjá honum úr ýmsum lánaflokkum og miðast lánsfjárhæðir við tiltekið margfeldi af kvóta viðkomandi ríkis sem er breytilegt frá einum lánaflokki til annars. Ísland hefur nokkrum sinnum tekið lán hjá sjóðnum eins og síðar verður vikið að. Í öðru lagi ræðst atkvæðavægi einstakra ríkja í stjórn sjóðsins af kvóta þeirra eins og síðar kemur fram. Af þessum sökum er það Íslandi tvímælalaust í hag að taka þátt í þessari hækkun.

Níunda almenna kvótahækkunin var samþykkt af sjóðsráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrri hluta sumars 1990 og rennur frestur sá, er einstök aðildarríki hafa til að staðfesta aukningu á kvóta sínum, út 31. desember 1991. Hins vegar er vonast til að náðst hafi tilskilinn stuðningur aðildarríkja við kvótahækkunina fyrir lok apríl 1991. Í tengslum við þessa almennu kvótahækkun varð að samkomulagi að auka hlut Japans í heildarkvóta sjóðsins til að hann endurspeglaði betur stöðu Japans í heimsbúskapnum en ver-

ið hefur. Þessi sérstaka leiðrétting var gerð með því að lækka hlutfallslega hlut Bandaríkjanna, Bretlands, Frakklands, Ítalíu, Kanada og Vestur-Þýskalands. Verði almenna kvótahækkunin og hlutur einstakra aðildarríkja í henni staðfest af aðildarríkjunum verður hlutur Bandaríkjanna í sjóðnum áfram stærstur en í stað þess að Bretland verði í öðru sæti, Vestur-Þýskaland í þriðja sæti, Frakkland í fjórða og Japan í því fimmta verða Japan og Vestur-Þýskaland með jafnstóran hlut í öðru til þriðja sæti og Bretland og Frakkland með jafnstóran hlut í fjórða til fimmta sæti.

2. Starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (The International Monetary Fund) var stofnaður skömmu eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar og var Ísland eitt af stofnríkjum hans. Nú eru 154 ríki aðilar að honum. Mongólía og Sviss hafa sótt um aðild að sjóðnum og þess er vænst að Sovétríkin bætist í hópinn áður en langt um líður.

Starfsemi sjóðsins hefur tekið ýmsum breytingum frá stofnun hans. Í fyrstu beindust kraftar hans að því að útrýma hömlum á gjaldeyrisviðskiptum þjóða á milli. Góður árangur á því sviði ásamt farsælu samstarfi fjölmargra þjóða heimsins um tollalækkanir og afnám ýmissa viðskiptahafta og samstarf iðnríkjanna í Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) hefur án efa örvað milliríkjaviðskipti og átt sinn þátt í örum efnahagsframförum á áratugunum eftir síðari heimsstyrjöldina. Þessi þróun hefur ekki síst komið smáum ríkjum, eins og Íslandi, til góða sem byggja velferð sína að miklu leyti á utanríkisviðskiptum. Þegar fastgengisfyrirkomulagið leið undir lok árið 1971 varð breyting á starfsemi sjóðsins þar sem hann var ekki lengur með meginhlutverk í ríkjandi gengisfyrirkomulagi.

Önnur veigamikil breyting varð á starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þegar skuldakreppan í fjölmörgum þróunarríkjum, ríkjum rómönsku Ameríku og í nokkrum ríkjum Austur-Evrópu hófst árið 1982. Sjóðurinn hefur gegnt lykilhlutverki í aðgerðum til að létta skuldabyrði þessara ríkja og finna leiðir til að örva hagvöxt og auka útflutningstekjur til að standa undir afborgunum og vöxtum af erlendum lánum. Oft og tíðum hafa frumkvæði og þátttaka sjóðsins í aðgerðum til hjálpar skuldugum þjóðum verið forsenda þess að aðrar fjölþjóðlegar fjármálastofnanir, einstök ríki og einkaaðilar hafa verið reiðubúin að leggja hönd á plóginn.

Á undanförnum missirum hafa vanskil nokkurra aðildarríkja við sjóðinn farið vaxandi. Unnið er að því að leysa vandamál þessara ríkja en um afskriftir skulda getur ekki orðið að ræða.

3. Kvótar aðildarríkja Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og stjórn hans.

Starfsfé Alþjóðagjaldeyrissjóðsins byggist fyrst og fremst á framlögum (kvótum) aðildarríkja hans sem ákveðin eru með hliðsjón af þjóðartekjum viðkomandi ríkis, umfangi utanríkisviðskipta þess og örfáum öðrum þáttum. Heildarkvótar sjóðsins hafa verið auknir með almennum kvótahækkunum úr innan við 10 milljörðum SDR á fyrstu árum sjóðsins í núverandi stærð, 90,1 milljarð SDR. Með þessari kvótahækkun, sem nú hefur verið ákveðin, er ætlunin að auka þá í 135,2 milljarða SDR. Þessi hækkun tekur mið af aukinni efnahagsstarfsemi og alþjóðaviðskiptum í heiminum síðan áttunda almenna kvótahækkunin var gerð árið 1983 sem og fjárhagsstöðu sjóðsins, áætlunum um starfsemi hans og nauðsyn fyrir aukið ráðstöfunarfé á komandi árum.

Atkvæðavægi aðildarríkja í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fer fyrst og fremst eftir

kvóta þeirra. Bandaríkin hafa stærsta kvótann, 20,08%, af heildinni, en þar á eftir koma Bretland 6,94%, Vestur-Þýskaland 6,06%, Frakkland 5,02%, Japan 4,73% og Saudi-Arabía 3,59%. Eftir níundu kvótahækkunina og hið sérstaka samkomulag, sem gert var í tengslum við hana og þegar hefur verið vikið að, mun hlutur Bandaríkjanna af heildinni verða 19,6%, Japans 6,1%, Vestur-Þýskalands 6,1%, Bretlands 5,5%, Frakklands 5,5% og Saudi-Arabíu 3,8%. Öll þessi ríki hafa einn fulltrúa hvert af samtals 22 í stjórn sjóðsins. Norðurlöndin ráða nú til samans yfir 3,48% af heildarkvótanum í sjóðnum (3,5% eftir níundu kvótahækkunina) en þar af er hlutur Íslands 0,07% (0,06% eftir níundu kvótahækkunina). Norðurlöndin hafa sameiginlega einn fulltrúa í stjórn sjóðsins og skiptast þau á um að skipa hann.

4. Lántökur Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Ísland tók í fyrsta sinn lán, 6,8 milljónir dollara, hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum árið 1960 í tengslum við þær efnahagsaðgerðir sem þá var gripið til. Síðan hefur Ísland þrisvar tekið lán vegna halla á viðskiptum við útlönd: 15 milljónir dollara 1967–1968, 62,2 milljónir SDR 1974–1976 og 21,5 milljónir SDR árið 1982 úr lánaflokki sem ætlaður er ríkjum sem verða fyrir útflutningsbresti. Á sama ári tók Ísland einnig til sín 9 milljónir SDR af gjaldeyrisinnstæðu Seðlabankans hjá sjóðnum. Síðasta afborgun af lánum hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum var innt af hendi árið 1987 og síðan hefur Ísland verið skuldlaust við hann.

Sþ. 123. Fyrirspurn [119. mál]

til menntamálaráðherra um kostnað við breytingar á Þjóðleikhúsi Íslendinga.

Frá Eiði Guðnasyni.

1. Hve hárri fjárhæð nam kostnaður við breytingar á Þjóðleikhúsi Íslendinga 31. okt. 1990:
   a. hönnunar- og stjórnunarkostnaður,
   b. kostnaður við verklegar framkvæmdir?
2. Hvernig samræmast þessar kostnaðartölur áætlunum um framkvæmd verksins?
3. Hvaða áætlanir eru uppi um framhald verksins?
4. Er fjármagn tryggt til verkloka?

Nd. 124. Frumvarp til laga [120. mál]

um brottnám líffæra og krufningar.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

I. KAFLI

Brottnám líffæra.

1. gr.

Hver, sem orðinn er 18 ára, getur gefið samþykki til brottnáms líffæris eða lífrænna efna úr eigin líkama til nota við læknismeðferð annars einstaklings. Lífi og heilsu líf-

færagjafa má þó aldrei stofna í augljósa hættu með slíkri aðgerð.

Áður en væntanlegur líffæragjafi veitir samþykki sitt skal læknir veita honum upplýsingar um eðli aðgerðar og hugsanlegar afleiðingar hennar. Læknir skal ganga úr skugga um að væntanlegur líffæragjafi skilji þessar upplýsingar.

Blóðgjöf og notkun blóðs er undanþegin lögum þessum.

2. gr.

Nú liggur fyrir samþykki einstaklings og má þá, að honum látnum, nema brott líffæri eða lífræn efni úr líkama hans til nota við læknismeðferð annars einstaklings.

Liggi slíkt samþykki ekki fyrir er heimilt að fjarlægja líffæri eða lífræn efni úr líkama látins einstaklings ef fyrir liggur samþykki nánasta vandamanns hans og slíkt er ekki talið brjóta í bága við vilja hins látna.

Með nánasta vandamanni er átt við maka (sambýlismann eða sambýliskonu), börn, ef hinn látni átti ekki maka, foreldra, ef hinn látni var barnlaus, eða systkini, ef foreldrar hins látna eru einnig látnir.

Eftir því sem kostur er skal tilkynna vandamönnum hins látna um andlát hans áður en líffæri eða lífræn efni eru numin brott úr líkama hans til nota við læknismeðferð annars einstaklings.

3. gr.

Brottnám líffæra skv. 2. gr. er óheimilt ef kryfja þarf hinn látna réttarkrufningu og brottnámið gæti haft áhrif á niðurstöður krufningarinnar.

4. gr.

Áður en líffæri eða lífræn efni eru numin brott, sbr. 2. gr., skal andlát staðfest af tveimur læknum. Skulu það ekki vera sömu læknar og annast brottnám líffæranna.

Á sjúkrahúsum skal halda sérstaka skrá um brottnám líffæra. Í skrána skal rita andlátsstund, dánarorsök, nöfn þeirra lækna sem staðfestu andlát og hvaða viðmiðun var beitt til að staðfesta andlátið.

Læknir, sem annaðist hinn látna síðast fyrir andlátið, má ekki annast brottnám líffæra eða lífrænna efna.

II. KAFLI
Krufningar.

5. gr.

Nú liggur dánarorsök ekki fyrir svo fullnægjandi sé talið og er þá heimilt að kryfja líkið, enda hafi hinn látni eða nánasti vandamaður, sbr. 3. mgr. 2. gr., samþykkt krufninguna.

Þurfi að afla samþykkis nánasta vandamanns fyrir krufningu skal læknir veita upplýsingar um tilgang og markmið krufningarinnar.

Vandamönnum er heimilt að krefjast krufningar ef í ljós kemur að ekki er af hálfu læknis hins látna fyrirhugað að óska eftir krufningu.

6. gr.

Krufningu skv. 5. gr. má ekki framkvæma ef ástæða er til að ætla að réttarkrufningar verði krafist.

III. KAFLI
Almenn ákvæði.

7. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglur um framkvæmd laga þessara, m.a. um frágang líka að lokinni krufningu.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Heilbrigðisráðherra skipaði 10. október 1989 nefnd sem fékk það verkefni að gera tillögur að reglum um brottnám líffæra. Í nefndina voru skipuð: Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, formaður, Ólafur Ólafsson landlæknir, Páll Ásmundsson yfirlæknir, Sigþrúður Ingimundardóttir hjúkrunarfræðingur, Sigfinnur Þorleifsson sjúkrahúsprestur, Þórður Harðarson prófessor og Dögg Pálsdóttir lögfræðingur sem jafnframt var ritari nefndarinnar.

Niðurstaða nefndarinnar varð sú að ólíklegt sé að ígræðslur, aðrar en hornhimnuígræðslur, verði stundaðar hér á landi í náinni framtíð vegna smæðar þjóðarinnar. Við bestu aðstæður hér á landi mun hins vegar verða unnt að nema brott líffæri sem send yrðu utan til ígræðslu. Þó ólíklegt sé að slík líffæri nýttust í íslenska sjúklinga mundu íslenskir sjúklingar, sem bíða líffæraflutninga, eiga meiri möguleika á slíku. Í gegnum starfsemi norrænu líffæraflutningastofnunarinnar, Scandiatransplant, hafa íslenskir sjúklingar þegið nýru úr nýlátnum einstaklingum frá árinu 1971. Íslendingar hafa á sama tíma ekkert líffæri lagt af mörkum. Leggja verður áherslu á að Íslendingar eiga starfsemi Scandiatransplant mikla skuld að gjalda í þessum efnum.

Nefndin telur nauðsynlegt að lögfesta skýr ákvæði um brottnám líffæra til ígræðslu. Jafnframt telur nefndin að nauðsynlegt sé að setja skýrar reglur um hvenær krufning sé heimil.

Nefndin hefur því samið frumvarp til laga um brottnám líffæra og krufningu og skipt því í tvo meginkafla, hinn fyrri er um brottnám líffæra og hinn síðari um krufningar.

Frumvarp þetta var lagt fram til kynningar á 112. löggjafarþingi og er nú endurflutt óbreytt.

Almennt um ígræðslur.

Fyrsta meginregla líffæraflutninga er að þeim mun meira samræmi sem er milli vefjagjafa og vefjaþega þeim mun síður hafnar líkami þega hinu ígrædda líffæri. Er hér einkum átt við samræmi svokallaðra vefjamótefnavaka (HLA antigen). Enda þótt lyf á borð við cyclosporin, sem vinnur gegn höfnun ígræddra líffæra, hafi dregið úr mikilvægi vefjasamræmingar eru áhrif hennar samt ljós.

Best samræmi getur fengist milli systkina en helmingssamræmi er jafnan milli foreldra og afkvæma. Ígræðslur líffæra úr lifandi ættingjum varða fyrst og fremst nýru þótt reynt hafi verið með nokkrum árangri að flytja hluta lifrar og briss milli skyldmenna.

Til að tryggja að líffæri úr nýlátnum einstaklingi nýtist með sem mestu vefjasam-

ræmi eru til orðin svæðasamtök sem dreifa líffærum til hentugustu þiggjenda. Scandiatransplant, sem vikið var að hér að framan, eru dæmi um slík samtök.

Önnur meginregla líffæraflutninga er sú að þeim mun skemmri tími sem líður frá því að hjarta væntanlegs gjafa hættir að slá þar til líffæri til ígræðslu er numið úr honum þeim mun lífvænlegra er líffærið. Best er að fjarlægja líffæri meðan hjartað slær enn og er það raunar forsenda þess að nýta megi hjörtu og lungu til ígræðslu. Lög, sem miða dauða við að heilastarfsemi sé hætt og heimila að líffæri til ígræðslu séu fjarlægð úr látnum áður en slökkt er á öndunarvélum, eru þannig líffæraígræðslum til mikils framdráttar.

Líffæraígræðslur í Íslendinga.

Ígræðslur einstakra líffæra í íslenska sjúklinga til þessa (á árunum 1989–1990) eru sem hér segir:

Nýrnaígræðslur: Allar ígræðslur úr nýlátnum hafa verið á vegum Scandiatransplant utan ein. Það var árið 1970 sem nýra var í fyrsta sinn grætt í Íslending og var nýrað úr lifandi gjafa. Í árslok 1989 höfðu samtals 50 nýru verið grædd í 46 sjúklinga. Af þeim voru 35 nýru (70%) úr nýlátnum en 15 (30%) úr lifandi ættingjum. Af þessum nýrnaþegum voru 28 enn á lífi.

Hjarta- og lungnaígræðslur: Tveir ungir karlmenn hafa þegið hjarta og hjarta og lunga. Báðir eru á lífi.

Lifrarígræðslur: Þrír íslenskir sjúklingar hafa þegið lifur og eru tveir þeirra á lífi.

Hornhimnuígræðslur: Ígræðsla hornhimna úr nýlátnum einstaklingum hafa verið framkvæmdar hér á landi um árabil. Eðli þessara líffæra er slíkt að þær eru ekki eins háðar vefjasamræmi og dauðastundu og aðrar ígræðslur.

Árleg þörf Íslendinga á líffærum til ígræðslu.

Miðað við reynslu Norðurlandaþjóða væri þörfin sem hér segir: 2–3 hjörtu, 3–4 lifrar, 1–2 bris (gæti breyst), 10–12 nýru. Samkvæmt okkar eigin reynslu er þörf á 8–10 nýrum á ári.

Ígræðslur líffæra á Norðurlöndum.

Til fróðleiks fylgja hér með nokkrar töflur úr skýrslu Scandiatransplant um starfsemi samtakanna árið 1988. Hjartaígræðslur í Svíþjóð tóku kipp við gildistöku nýrra laga um dauðaskilgreiningu í ársbyrjun 1988. Þá má benda á að Danir stunda hvorki hjarta- né lifrarígræðslur enda viðurkenna dönsk lög ekki að stöðvun á starfsemi heila jafngildi dauða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að einstaklingur sé orðinn 18 ára til að geta gefið samþykki til brottnáms líffæris eða lífrænna efna úr eigin líkama til nota við læknismeðferð annars einstaklings. Læknir skal ætíð gefa væntanlegum líffæragjafa upplýsingar um eðli aðgerðar og hugsanlegar afleiðingar hennar. Hann skal auk þess ganga tryggilega úr skugga um að væntanlegur líffæragjafi hafi skilið upplýsingarnar. Aldrei má stofna lífi og heilsu

Tafla 1. Nýrnaflutningar á Norðurlöndum 1956–1988.

	Íbúar (millj.)	Fjöldi	FJÖLDI NÝRNAFLUTNINGA Úr nýlátnum	Lifandi gjafi	% LG
Danmörk	5.1	3.020	2.797	233	7,3
Finnland	4.8	2.084	1.857	227	10,8
Noregur	4.1	2.118	1.347	771	36,4
Svíþjóð	8.3	4.954	3.960	987	19,9
Samtals	22.3	12.176	9.961	2.208	18,1

Tafla 2. Ígræðslustarfsemi á Norðurlöndum 1974–1988.

	Bris	Lifur	Hjarta	Hjarta-lungu
Danmörk	21	0	0	0
Finnland	0	35	17	1
Noregur	60	29	78	2
Svíþjóð	187	100	34	0
Samtals	268	164	129	3

Ígræðslustarfsemi Scandiatransplant 1988.

	Hjarta	Lifur	Bris	Nýrnagjafi nýlátinn	lifandi
Svíþjóð	31	42	40	268	87
Noregur	23	13	9	104	66
Danmörk	0	0	11	125	21
Finnland	10	16	0	140	16
Samtals	64	71	60	637	190

væntanlegs líffæragjafa í hættu.

Gert er ráð fyrir að blóðgjöf og notkun blóðs verði undanþegið ákvæðum laganna.

Um 2. gr.

Sé fyrirhugað að nema brott líffæri eða lífrænt efni úr nýlátnum einstaklingi er þess krafist að einstaklingurinn hafi fyrir andlátið gefið samþykki sitt til slíkrar aðgerðar. Vottur þarf að geta staðfest munnlegt samþykki.

Liggi samþykki ekki fyrir er gert ráð fyrir að brottnám líffæra eða lífræns efnis sé engu að síður heimilt ef fyrir liggur samþykki nánasta vandamanns og slíkt er ekki talið brjóta í bág við vilja hins látna.

Með nánasta vandamanni er fyrst og fremst átt við maka (sambýlismann eða sambýliskonu). Hafi hinn látni ekki átt maka skal afla samþykkis barna og hafi hann verið barnlaus þá samþykkis foreldra. Séu foreldrar hins látna ekki á lífi teljast systkini hans nánustu vandamenn. Þetta þýðir að ekki má nema brott líffæri eða lífrænt efni úr einstaklingi sem á ekki svo nána vandamenn sem greinin telur upp nema hann hafi gefið samþykki áður en hann lést.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að óheimilt sé að nema brott líffæri til ígræðslu ef framkvæma þarf réttarkrufningu og brottnámið gæti haft áhrif á niðurstöður.

Um 4. gr.

Talin er ástæða til að andlát sé staðfest með enn tryggilegri hætti en venja er ef nema á brott líffæri úr hinum látna til ígræðslu. Þannig er hér gert ráð fyrir að andlát verði staðfest af tveimur læknum sem skulu vera aðrir en þeir sem nema brott líffærin. Þá er gert ráð fyrir að um brottnám líffæra verði haldin sérstök skrá þar sem skráð verði andlátsstund, dánarorsök, nöfn læknanna sem staðfesta andlát og viðmiðun sem beitt var við staðfestingu andláts. Þá er og gert ráð fyrir að læknir, sem annaðist hinn látna síðast fyrir andlátið, megi ekki annast brottnám líffæranna.

Um II. kafla.

Ákvæði 11. gr. laga nr. 64/1962, um dánarvottorð, hafa verið túlkuð svo að yfirlækni sé heimilt að krefjast krufningar. Í reynd munu lík þó ekki krufin nema fyrir liggi samþykki nánustu vandamanna hins látna nema um réttarkrufningu sé að ræða.

Samkvæmt lögum nr. 42/1913, um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum, telst það mannskaði ef maður deyr voveiflega. Voveiflegur dauðdagi samkvæmt lögunum er bráður bani er hlýst af einhverri annarri orsök en undanförnum sjúkdómi hvort heldur um slys er að ræða, sjálfsmorð eða manndráp.

Ef maður deyr voveiflega skal tilkynna það lögreglu tafarlaust og skal lögreglumaður rannsaka svo fljótt sem verða má hvernig dauða hefur borið að höndum. Hann skal kveðja lækni með sér og skulu þeir báðir í senn skoða líkið og læknir því næst kryfja það ef þörf gerist. Lögreglumaður ræður hvort líkið er krufið, en það skal hann jafnan fyrirskipa ef nokkur minnsti vafi getur leikið á því hvað varð manninum að bana. Til eru leiðbeiningar um réttarlæknisskoðun á líkum frá árinu 1936 og er enn við þær stuðst.

Samkvæmt lögunum frá 1913 er óþarfi að kalla til lögreglu þó að einstaklingur deyi í heimahúsi ef ljóst er að viðkomandi hafi dáið úr undanfarandi sjúkdómi. Lögregla er þannig oft af óþörfu tilkvödd þegar einstaklingur deyr í heimahúsi.

Jafnljóst er að ætíð skal gera lögreglunni viðvart ef um er að ræða fundið lík, manndráp, sjálfsvíg, slys, þegar dánarorsök er óviss eða ef önnur atvik gefa tilefni til rannsóknar.

Sýnist full ástæða til að ganga skilmerkilega frá leiðbeiningum bæði til lækna og lögreglu um það hvenær kalla þarf til lögreglu og hvenær ekki.

Um 5. gr.

Hér er sett fram sú meginregla að krufningu megi ekki gera nema hinn látni hafi samþykkt hana eða vandamenn hans í þeim tilvikum þegar ekki er vitað um vilja hins látna. Jafnframt er lögð sú skylda á lækni sem telur krufningu nauðsynlega að hann kynni vandamönnum tilgang og markmið krufningarinnar. Þá er gert ráð fyrir að komi í ljós að læknir, sem hefur haft hinn látna til meðferðar, hyggst ekki óska krufningar geti vandamenn sett fram ósk um krufningu.

Jafnframt er vandamönnum heimilt að krefjast krufningar.

Um 6. gr.

Krufningu má ekki framkvæma ef ætla má að krafist verði réttarkrufningar.

Um III. kafla.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að ráðherra verði heimilt að setja sérstakar reglur um frágang líka að lokinni krufningu. Nauðsynlegt þykir að slíkar reglur eigi sér skýra stoð í lögum.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Nd. 125. Frumvarp til laga [121. mál]

um ákvörðun dauða.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Það er hlutverk læknis að ákvarða um dauða manns og rita dánarvottorð. Honum ber að beita reynslu sinni og þeirri þekkingu sem hverju sinni er tiltæk til þessa verks.

2. gr.

Maður telst vera látinn þegar öll heilastarfsemi hans er hætt og engin ráð eru til að heilinn starfi á ný.

3. gr.

Staðfesta má dauða manns ef hjartsláttur og öndun hafa stöðvast svo lengi að öll heilastarfsemi er hætt.

Hafi öndun og hjartastarfsemi verið haldið við með vélrænum hætti skal ákvörðun um dauða byggjast á því að skoðun leiði í ljós að öll heilastarfsemi sé hætt.

4. gr.

Heilbrigðisráðherra skal setja reglur um það hvaða rannsóknum skuli beita til þess að ganga úr skugga um að öll heilastarfsemi sé hætt. Reglur þessar skulu vera í samræmi við tiltæka læknisfræðilega þekkingu á hverjum tíma.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðustu árum hefur mikið verið rætt um skilgreiningu dauða í nágrannalöndunum. Ástæða þess er m.a. sú að með aukinni tækni í læknisfræði, ekki síst með tilkomu öndunarvéla, er unnt að halda við öndun og hjartslætti sjúklings þó að heilastarfsemi sé sannanlega og endanlega hætt. Þetta hefur kallað á víðtækari skilgreiningu á dauða en hina

hefðbundnu sem gerir ráð fyrir að maður sé látinn þegar hjarta hans hættir að slá og öndun hans hættir. Frekari sannanir andláts hafa verið dauðateikn eins og líkblettir.

Fjölmörg lönd, bæði austan hafs og vestan, hafa af þessum sökum skilgreint dauðahugtakið að nýju á þann veg að maður teljist látinn ef heilastarfsemi hans er hætt og fullljóst að heilastarfsemin getur ekki hafist á ný. Danir og Íslendingar eru einu þjóðirnar í Vestur Evrópu sem hafa ekki endurskoðað dauðahugtakið með þessum hætti. Lengi hefur verið ljóst að þörf væri á því að kanna hvort ástæða væri til að fylgja fordæmi annarra þjóða.

Heilbrigðisráðherra skipaði 10. október 1989 nefnd sem fékk það verkefni að gera tillögur að löggjöf um skilgreiningu dauða. Í nefndinni áttu sæti: Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, formaður, Ólafur Ólafsson landlæknir, Páll Ásmundsson yfirlæknir, Sigfinnur Þorleifsson sjúkrahúsprestur, Sigþrúður Ingimundardóttir hjúkrunarfræðingur, Þórður Harðarson prófessor og Dögg Pálsdóttir lögfræðingur sem jafnframt var ritari nefndarinnar.

Frumvarp þetta var lagt fram til kynningar á 112. löggjafarþingi og er nú endurflutt óbreytt.

Íslensk löggjöf og skilgreining dauða.

Í gildandi lögum er hvergi að finna skilgreiningu á því hvenær maður telst látinn ef undan eru skilin ákvæði laga nr. 44/1981, um horfna menn. Samkvæmt þeim er unnt að ákveða með dómi að horfinn maður skuli talinn látinn.

Víða í lögum er hins vegar vikið að því hvað gera skuli er einstaklingur deyr. Lög nr. 3/1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., mæla svo fyrir að þegar maður deyr skuli tafarlaust, eða svo fljótt sem kostur er, tilkynna það skiptaráðanda eða hreppstjóra. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 64/1962, um dánarvottorð, skal rita dánarvottorð fyrir hvern mann er deyr hér á landi. Við andlát einstaklings skal beita ákvæðum erfðalaga, nr. 8/1962, með síðari breytingum, um skiptingu eigna hins látna.

Við ákvörðun dauða hefur verið stuðst við hina hefðbundnu dauðaskilgreiningu um stöðvun hjartsláttar og öndunar.

Norrænar reglur um skilgreiningu dauða.

Í norskum lögum frá árinu 1973 (nr. 6) er fjallað um líffæraflutninga, sjúkrahúskrufningar o.fl. Í lögunum er ekki að finna nein ákvæði um skilgreiningu dauða. Árið 1977 var sett reglugerð um skilgreiningu dauða með stoð í lögunum frá 1977. Samkvæmt henni telst einstaklingur látinn þegar ljóst er að öll heilastarfsemi, stóraheila, litlaheila og heilastofns, er stöðvuð. Í reglugerðinni er að finna nákvæm fyrirmæli um það hvaða aðferðum skuli beita til að ganga úr skugga um að öll heilastarfsemi sé stöðvuð. Eiga þær aðferðir við þau tilvik þegar öndun og hjartslætti er viðhaldið með vélrænum hætti. Gerðar eru ríkari kröfur til dánarvottorða þegar andlát er staðfest með þessum hætti. Andlátið er miðað við þann tíma þegar stöðvun heilastarfsemi er staðfest. Hafi hjartslætti og öndun ekki verið viðhaldið með vélrænum hætti skal staðfesta andlát eftir venjulegum reglum.

Í Svíþjóð gengu í gildi 1. janúar 1988 ný lög um dauðaskilgreiningu (SFS 1987:269). Samkvæmt lögunum telst einstaklingur látinn þegar heilastarfsemi er hætt. Læknar skulu staðfesta andlát í samræmi við þá þekkingu og reynslu sem tiltæk er hverju sinni. Dauða má staðfesta þegar öndun og hjartsláttur hafa stöðvast svo lengi að vafalaust er að heila-

starfsemi er hætt. Ef öndun og hjartslætti er viðhaldið með vélrænum hætti skal staðfesta dauða ef rannsóknir sýna með vissu að heilastarfsemi sé hætt.

Ítarlegar reglur og leiðbeiningar með lögunum um dauðaskilgreiningu (SOSFS 1987:32) gengu og í gildi í Svíþjóð 1. janúar 1988. Reglurnar hafa að geyma athugasemdir með einstökum greinum laganna ásamt leiðbeiningum um hvaða rannsóknir skuli gera á heilastarfsemi áður en unnt er að staðfesta andlát. Á það við um þau tilvik þegar öndun og hjartslætti er viðhaldið með vélrænum hætti.

Lög um brottnám líffæra og vefja í læknisfræðilegum tilgangi gengu í gildi í Finnlandi 1. september 1985. Lögin komu í stað laga frá 1957 um notkun vefja úr látnum. Með stoð í lögunum frá 1957 voru settar reglur árið 1971. Samkvæmt þeim telst maður látinn ef heilastarfsemi er hætt. Í reglunum er að finna fyrirmæli um hvernig ganga skuli úr skugga um að heilastarfsemin sé hætt.

Norsku, sænsku og finnsku leiðbeiningarnar um aðferðir, sem beita skal við ákvörðun um það hvort heilastarfsemi sé hætt, eru um flest svipaðar. Reglurnar í fylgiskjali með frumvarpinu, sem hér er lagt fram, eru sniðnar eftir þessum reglum og leiðbeiningum.

Í byrjun janúar 1990 voru lögð fram í danska þjóðþinginu tvö lagafrumvörp. Annars vegar er frumvarp til laga um líkskoðun, krufningu, líffæraflutninga o.fl., lagt fram af dómsmálaráðherra. Hins vegar er frumvarp til laga um skilgreiningu dauða, líffæraflutninga o.fl., lagt fram af fjórum þingmönnum. Stjórnarfrumvarpið gerir ráð fyrir að unnt sé að staðfesta andlát ef öndun og hjartsláttur hafa stöðvast eða ef heilastarfsemi hefur stöðvast. Heilbrigðisyfirvöld skulu setja nákvæmar reglur um þær rannsóknir sem gera á til að unnt sé að staðfesta andlát vegna stöðvunar heilastarfsemi. Frumvarpinu fylgja drög að reglum um staðfestingu stöðvunar á heilastarfsemi. Þingmannafrumvarpið gerir ráð fyrir að andlát megi staðfesta þegar hjartsláttur, öndun og heilastarfsemi hafa stöðvast. Gert er ráð fyrir að sérstök vottorð verði gefin út þegar starfsemi heila hefur stöðvast. Læknir skal gefa þetta vottorð út og þar skal tilgreina sjúkdóma eða slys sem valdið hafa stöðvun heilastarfsemi. Heilbrigðisráðherra skal setja nánari reglur um útgáfu þessara vottorða.

Eftir vandlega athugun mælir nefndin með að sett verði lög um ákvörðun dauða og þar staðfest að maður teljist látinn þegar öll heilastarfsemi hans er hætt og engin ráð eru til að heilinn starfi á ný. Nefndin hefur samið frumvarp til laga um ákvörðun dauða sem hér fylgir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér eftir sem hingað til er það hlutverk læknis að ákvarða um dauða manna og rita dánarvottorð. Við ákvörðun um andlát skal læknir nota þá þekkingu og beita þeim ráðum sem tiltæk eru til þeirra verka hverju sinni.

Um 2. gr.

Í þessu ákvæði felst að lýsa skal einstakling látinn þegar öll starfsemi heila er hætt. Þannig verður stöðvun heilastarfsemi sú viðmiðun sem notuð er, jafnvel þótt stuðst sé við hin hefðbundnu dauðaskilmerki, stöðvun hjartsláttar og öndunar, þegar maður er lýstur látinn.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er við það miðað að andlát sé staðfest með hefðbundinni aðferð. Langflest dauðsföll ber að með þeim hætti að 1. mgr. eigi við.

Í 2. mgr. er kveðið á um að staðfesta megi dauða þótt öndun og hjartslætti sé viðhaldið með vélrænum hætti ef sýnt verður fram á að heilastarfsemi sé hætt. Í fylgiskjalinu, sem 4. gr. mælir fyrir um, er nánar lýst þeim aðferðum sem beita skal í þessum tilvikum og vísast til fylgiskjalsins um þær. Gera má ráð fyrir að innan við 20 dauðsföll á ári verði staðfest með þeim hætti sem 2. mgr. tilgreinir.

Um 4. gr.

Heilbrigðisráðherra skal setja reglur með fyrirmælum um það hvaða rannsóknum skuli beita til að ganga úr skugga um að öll heilastarfsemi sé hætt. Á hverjum tíma skulu reglur þessar vera í samræmi við tiltækna læknisfræðilega þekkingu. Með frumvarpinu fylgja drög að slíkum reglum.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Drög að reglum um skilmerki dauða.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. .../19.. um ákvörðun dauða telst maður látinn ef heilastarfsemi er hætt. Skv. 3. gr. sömu laga er hægt að ákvarða dauða með tvennum hætti:

1. mgr. 3. gr. laga nr. .../19.. er svohljóðandi:

Staðfesta má dauða manns ef hjartsláttur og öndun hafa stöðvast svo lengi að öll heilastarfsemi er hætt.

Í langflestum tilfellum má ákvarða dauða samkvæmt þessu ákvæði. Með skoðun (hlustun, þreifingu slagæðar, hjartariti) er staðfest að öndun og hjartsláttur hafi stöðvast. Venjulega stöðvast öll heilastarfsemi um það bil 20 mínútum eftir að hjartað hættir að slá.

Sé líkamshiti manns verulega lægri en eðlilegt er skal skoða hann af mikilli gaumgæfni áður en hann er úrskurðaður látinn. Við slíkar aðstæður eru hjartsláttur og öndun svo hæg að auðveldlega má yfirsjást. Þá er og heilastarfsemi mjög hæg, en dæmi eru þess að hún hafi komist í eðlilegt horf, þótt hjartsláttur og öndun hafi virst stöðvuð í allt að klukkustund.

Sé um nýfætt barn að ræða og þá sérstaklega fyrirbura ber að fylgjast mun lengur með barninu en fullorðnum eftir að hjartsláttur og öndun stöðvast áður en barnið er úrskurðað látið.

Hafi endurlífgun verið beitt án árangurs má staðfesta dauða strax og lífgunaraðgerðum linnir.

2. mgr. 3. gr. laga nr. .../19.. er svohljóðandi:

Hafi öndun og hjartastarfsemi verið haldið við með vélrænum hætti skal ákvörðun um dauða byggjast á því að skoðun leiði í ljós að öll heilastarfsemi sé hætt.

Til að staðfesta að heilastarfsemi sé hætt er beitt tvenns konar greiningaraðferðum:

a. Ætíð skal beita taugaskoðun og heilariti.

b. Leiki vafi á greiningu skal taka röntgenmyndir af heilaæðum (cerebral angiography). Slíkar myndir skal ætíð taka ef nema skal brott líffæri úr hinum látna til ígræðslu.

a. Taugaskoðun og heilarit:

Til að staðfesta megi dauða með taugaskoðun og heilariti þarf að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Útiloka skal eitrun, kulnun og miklar truflanir á saltbúskap og efnaskiptum líkamans. Stórir skammtar af vissum geðlyfjum og svefnlyfjum geta sljóvgað svo heilastarfsemi að það líkist því að starfsemi heilans sé hætt. Hið sama á sér stað við mikla kælingu líkamans. Til að taugaskoðun og heilarit séu marktæk verður líkamshiti að vera hærri en 33°C. Þá geta truflanir á saltbúskap, sýrujafnvægi og efnaskiptum truflað mjög taugaskoðun.
2. Áverki eða sjúkdómur í heilabúi er þekktur. Þegar svo háttar verður heilaskemmdin að geta leitt til svo mikillar þrýstingshækkunar í heila að hún hindri blóðrennsli til heilans. Dæmi slíks eru heilablæðing, heilaæxli eða heilaáverki.

Ef skilyrðum 1 og 2 hér að framan er fullnægt er unnt að staðfesta dauða ef:

— meðvitundarleysi er algjört,
sjálfkrafa öndun er hætt,
— ekkert eftirtalinna taugaviðbragða fæst: sjáaldursviðbragð, hornhimnuviðbragð, augnhlustarviðbragð, kokviðbragð, viðbragð við sársaukaáreiti í andliti eða útlimum,
— heilarit sýnir engin rafhrif í heila (flatt rit).

Taugaskoðun og heilarit skulu tvítekin með tveggja tíma millibili.

b. Röntgenmyndir af heilaæðum:

Sé einhverju framangreindra skilyrða ekki fullnægt eða leiki vafi á um eitthvert þeirra skal taka röntgenmyndir af heilaæðum. Þær skal ætíð taka ef nema skal brott líffæri úr hinum látna. Sé blóðflæði um heila hætt sést ekki skuggaefnisflæði í heilaæðum. Þess er krafist að sjáanlegt sé flæði skuggaefnis í greinar ytri hálsslagæðar (a. carotis externa) eigi rannsóknin að teljast marktæk.

Hafi dauði manns verið staðfestur skv. 2. mgr. 3. gr. má hætta aðgerðum sem viðhalda öndun og hjartslætti. Lækni ber að fræða vandamenn sem best um ástand sjúklingsins og um dauða hans. Honum er ekki skylt að fara að óskum vandamanna um áframhald meðferðar þegar staðfest er að sjúklingurinn sé látinn.

Ef í hlut á látin kona sem gengur með lífvænlegt barn þá skal viðhalda öndun og hjartslætti þar til barnið hefur verið tekið með keisaraskurði.

Ef nema skal brott líffæri úr hinum látna til ígræðslu er heimilt að halda áfram aðgerðum til að viðhalda hjartslætti og öndun í takmarkaðan tíma. Mikilvægt er að tryggja blóðflæði og næringu til slíkra líffæra allt þar til þau eru numin brott. Sé fullnægt skilyrðum laga um brottnám líffæra og krufningar má halda við öndun og hjartslætti á meðan líffæri eru numin brott, en það skal gera svo fljótt sem unnt er.

Sþ. 126. Fyrirspurn [122. mál]

til samgönguráðherra um kostnað við smíði Breiðafjarðarferjunnar Baldurs.

Frá Eiði Guðnasyni.

1. Hver varð heildarkostnaður við smíði Breiðafjarðarferjunnar Baldurs:
   a. smíðakostnaður,
   b. hönnunar- og eftirlitskostnaður,
   c. fjármagnskostnaður?
2. Telur samgönguráðherra eðlilegt að sami aðili annist útboð, hönnun, eftirlit og umboðsstörf fyrir flokkunarfélag?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 127. Fyrirspurn [123. mál]

til umhverfisráðherra um starfsemi Sorpeyðingarfélags höfuðborgarsvæðisins.

Frá Jóhanni Einvarðssyni.

Hefur Sorpeyðingarfélagi höfuðborgarsvæðisins verið veitt starfsleyfi til fyrirhugaðrar starfsemi í Álfsnesi?

Sþ. 128. Fyrirspurn [124. mál]

til umhverfisráðherra um neyðaráætlun vegna olíuleka.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Er til áætlun um viðbrögð við mengun af völdum olíuleka á sjó eða landi?
Ef svo er, hvenær var hún gerð og í hverju er hún fólgin?

Sþ. **129. Skýrsla** [125. mál]

utanríkisráðherra um utanríkismál.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

I Inngangur

Stöðugleiki í meðferð utanríkismála hefur verið áberandi einkenni íslenska lýðveldisins á undanförnum fjórum áratugum. Samstöðu um utanríkisstefnuna ber ekki síst að þakka að lýðræðisöfl í íslenskum stjórnmálum hafa borið gæfu til að vinna saman að hinum stærstu hagsmunamálum. Þannig hefur tekist að standa vörð um sjálfstæði landsins og ná fram mikilvægum markmiðum í samskiptum við aðrar þjóðir.

Þær föstu skorður, sem mótuðu samskipti austurs og vesturs á árum kalda stríðsins, áttu einnig sinn þátt í því að draga úr sviptingum um grundvallaratriði íslenskrar utanríkisstefnu. Skipting Evrópu í tvær andstæðar fylkingar þrengdi svigrúm vestrænna ríkja til ákvarðana í utanríkismálum og varð þess m.a. valdandi að íslensk stjórnvöld sáu sig knúin til að leita nýrra leiða í varnar- og öryggismálum. Sú ákvörðun íslenskra stjórnvalda að taka höndum saman um stofnun varnarbandalags með vestrænum lýðræðisríkjum markaði á sínum tíma stórt spor í þá átt að tryggja Íslendingum öryggi og þar með aukna hagsæld.

Aðstæður í alþjóðamálum hafa gerbreyst á ótrúlega skömmum tíma. Skipting Evrópu heyrir til liðinni tíð og gefist hafa áður óþekkt tækifæri á sviði alþjóðamála. Markmið utanríkisstefnunnar, sem fjallað er um í málefnasamningi núverandi ríkisstjórnar, verða eftir sem áður að treysta sjálfstæði þjóðarinnar og gæta hagsmuna hennar í alþjóðasamskiptum. Jafnframt er hins vegar nauðsynlegt að Íslendingar taki í auknum mæli mið af þeim breytingum, sem orðið hafa, og lagi utanríkisstefnuna að kröfum nýs tíma. Í ljósi hinna fjölþættu viðfangsefna, sem við blasa í alþjóðamálum, er sem fyrr mikilvægt að sem víðtækust samstaða skapist á Alþingi um framkvæmd utanríkisstefnunnar.

(1) Umbylting í alþjóðamálum

Á síðustu sex mánuðum hafa breytingar farið um heiminn eins og logi yfir akur. Í Evrópu hafa átt sér stað afgerandi umskipti. Hrun kommúnismans hefur borið að með skjótari hætti í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu en nokkur átti von á. Eftir 1990 verður landafræði Evrópu heldur ekki söm. Þar sem voru þýsku ríkin tvö fyrir aðeins nokkrum vikum heitir Þýskaland nú.

Afnám eins helsta tákns sundraðrar Evrópu hefur vakið vonir um nýja skipan friðar og stöðugleika í álfunni. Áhrifa hins upprennandi tímabils sátta og samvinnu hefur gætt utan Evrópu sem innan. Í fyrsta sinn getum við nú e.t.v. búist við að unnt verði að beina þeim kröftum, sem hernaðarkapphlaupið dró til sín áður, að samvinnu í þágu alls mannkyns. Gagnkvæmt traust í samskiptum risaveldanna ætti að verða til þess að unnt verði að bregðast með árangursríkari hætti við sameiginlegum úrlausnarefnum jarðarbúa, m.a. á sviði þróunar- og umhverfismála.

Við þessar nýju aðstæður er það sérstakt ánægjuefni að Sameinuðu þjóðunum skuli hafa vaxið ásmegin. Samtökunum hefur gefist aukið svigrúm til að beita sér í þágu öryggis í heiminum í samræmi við þær vonir, sem við þær voru bundnar í upphafi. Einkum hefur starf Sameinuðu þjóðanna að lausn svæðisbundinna deilumála borið góðan árangur, en samtökin áttu m.a. stærstan þátt í lausn Namibíumálsins í fyrra og höfðu forystu um að koma á friði í Kambódíu á síðastliðnu sumri.

Framtíðarhlutverk Sameinuðu þjóðanna á sviði öryggismála mun hins vegar ráðast sumpart af því, hvernig tekst að leiða deiluna við Persaflóa til lykta. Hin hrottalega og tilefnislausa innrás Íraka í Kúvæt í ágúst sl. er til vitnis um, hve friður í heiminum er ótryggur, jafnvel nú á tímum, þegar risaveldin hafa tekið höndum saman um að hafa hemil á slíku hættuástandi. Persaflóadeilan minnir Íslendinga einnig á að þeir eru ekki óhultir fyrir áhrifum atburða í fjarlægum heimshlutum, en þurfa að axla byrðar í samfélagi þjóðanna til að mæta þeirri röskun, sem slíkir atburðir hafa óhjákvæmilega í för með sér.

Þegar Ísland gerðist aðili að Sameinuðu þjóðunum árið 1946, voru vonir við það bundnar að samtökunum myndi takast að tryggja mannkyninu frið um ókominn aldur í krafti alþjóðaöryggiskerfis, sem koma átti í veg fyrir vopnuð átök með sameiginlegu átaki. Þegar í ljós kom að öryggiskerfi Sameinuðu þjóðanna yrði engin hindrun fyrir útþenslustefnu Sovétríkjanna, ákváðu vestræn lýðræðisríki, í samræmi við 51. grein Sáttmála Sameinuðu þjóðanna, þar sem kveðið er á um órjúfanlegan rétt ríkja til sjálfsvarnar, að stofna Atlantshafsbandalagið (NATO) þremur árum síðar. Frá árinu 1940 og fram að þeim tíma höfðu Sovétmenn útvíkkað áhrifasvæði sitt um samtals 950.000 ferkílómetra og gert 113 milljónum manna að búa undir hamri og sigð.

Í einni svipan hefur nú sovéska heimsveldið dregið saman seglin. Efnt hefur verið til lýðfrjálsra kosninga í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, sem áður bjuggu við ógnarstjórn. Á miðju næsta ári verða herir Sovétmanna farnir frá Ungverjalandi og Tékkóslóvakíu og stefnt er að brottflutningi sovéskra herja frá Þýskalandi á næstu 3–4 árum. Síðast en ekki síst er nú verið að leggja lokahönd í Vínarborg á fyrsta samninginn um niðurskurð hefðbundins herafla, sem binda mun endi á getu Sovétmanna til skyndilegra sóknaraðgerða á meginlandi Evrópu.

Samstaða ríkja Atlantshafsbandalagsins hefur því skilað umtalsverðum árangri. Þegar langþráð markmið bandalagsins eru í höfn, er óhjákvæmilegt að bandalagið sjálft taki stakkaskiptum.

Aðlögun bandalagsins að nýjum kringumstæðum er raunar þegar á veg komin, eins og fram kemur í sögulegri yfirlýsingu ríkisoddvita Atlantshafsbandalagsins í London 5.–6. júlí sl. Unnið er að yfirgripsmiklu endurmati á varnarstefnu bandalagsins. Á sviði hefðbundins herafla verður dregið úr viðbúnaði og áhersla lögð á aðstöðu til að kalla saman herlið með skömmum fyrirvara í stað virkra framvarna. Bandalagið verður minna háð kjarnavopnum en áður og er það nú yfirlýst stefna þess að til kjarnavopna verði einungis gripið í nauðvörn. Meira er þó um vert að Atlantshafsbandalagið hefur rétt Sovétríkjunum og fyrri fylgiríkjum þeirra í Varsjárbandalaginu hönd sátta og vináttu og áréttað að pólitísk samvinna verði eftirleiðis í öndvegi.

Nokkur óvissa setur þó svip sinn á framtíð öryggismála í Evrópu og veldur því að hluta að erfitt er að spá fyrir um hvað gerast mun í Þýskalandi.

Sameining Þýskalands markar þáttaskil í sögu þessarar aldar, en með henni hefur stærsta mein eftirstríðsáranna í Evrópu verið grætt. Athygli vekur hve skipulega undirbúningur sameiningar Þýskalands gekk fyrir sig. Þeir flokkar í Austur-Þýskalandi, sem sameinast vildu Sambandslýðveldinu, báru sigur úr býtum í fyrstu og síðustu lýðræðislegu þingkosningunum, sem þar hafa verið haldnar, 18. mars sl. Mynduð var ríkisstjórn undir forystu Kristilegra demókrata og var meginverkefni hennar að greiða fyrir sameiningu. Með samruna þýsku efnahagskerfanna 1. júlí sl. hafði sameiningin farið fram í reynd. Hinn 3. október sl. tók gildi samkomulag fjórveldanna, þ.e. sigurvegaranna úr seinni heimsstyrjöldinni, og þýsku ríkjanna tveggja um fullveldi Þýskalands. Fyrstu kosningar sameinaðs Þýskalands verða haldnar 2. desember nk. og kemur nýtt þing saman 1. janúar 1991. Við þann atburð verður formlega endir bundinn á þá óeðlilegu skiptingu álfunnar, sem Evrópumenn hafa búið við frá stríðslokum.

Sérstök ástæða er til að fagna því að samkomulag tókst um að sameinað Þýskaland yrði innan vébanda Atlantshafsbandalagsins. Til þess að gera slíkt fyrirkomulag ásættanlegra fyrir

Sovétríkin felur samkomulagið í sér að bandalaginu er óheimilt að hafa herlið í þeim hluta landsins, sem var áður Austur-Þýskaland. Í sama tilgangi tókust Þjóðverjar einnig á hendur þá óvenjulegu skuldbindingu að greiða hluta kostnaðar af dvöl sovéskra hersveita í landinu þann tíma, sem eftir er, og vegna framkvæmda í tengslum við flutning þeirra til Sovétríkjanna.

Þegar frá líður munu þó Þjóðverjar einir ráða stefnu landsins í öryggis- og varnarmálum. Jafnframt mun stefna Þjóðverja hafa afgerandi áhrif á stöðu Atlantshafsbandalagsins á næstu árum. Enn á margt eftir að skýrast í þeim efnum, t.d. varðandi kjarnavopn á þýskri grund, en dvöl bandarískra herja í Evrópu gæti ráðist af því, hvort samkomulag næst innan bandalagsins um staðsetningu kjarnavopna til að uppfylla kröfur um lágmarksfælingu gegn hugsanlegri árás.

Þrátt fyrir að áhrif sameiningar Þýskalands á samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins eigi eftir að koma að fullu í ljós, mun bandalagið áfram gegna veigamiklu hlutverki við að varðveita jafnvægi og stöðugleika í Evrópu. Framkvæmd væntanlegs CFE-samkomulags mun engu um það breyta að Sovétríkin verða áfram langstærsta herveldið á meginlandi Evrópu, bæði á sviði hefðbundinna vopna og kjarnavopna. Til þess að komið verði í veg fyrir óstöðugleika, sem kynni að skapast við slíkar aðstæður, er nauðsynlegt að ríki Norður-Ameríku axli áfram ákveðnar skuldbindingar í varnarsamstarfi við Evrópuríkin, en Atlantshafsbandalagið er hinn eini vettvangur, sem treyst getur með árangursríkum hætti hin órofa bönd er tengja aðildarríkin yfir Atlantshafið.

Á hinn bóginn kann Atlantshafsbandalagið ekki að reynast best til þess fallið að takast á við annað helsta úrlausnarefnið sem við blasir á sviði öryggismála í Evrópu: að tryggja að öll Evrópuríki — ekki síst hin nýfrjálsu ríki Mið- og Austur-Evrópu — verði meðvirk í ákvörðunum um nýja skipan öryggismála í álfunni. Við upphaf nýs tímabils samvinnu og trausts í samskiptum risaveldanna er ekki síður mikilvægt að Sovétríkin taki fullan þátt í hinni margþættu uppbyggingu friðsamlegrar Evrópu, þar sem öryggi eins á ekki að verða á kostnað annars. Í tilraunum til að ná þessu sérstaka markmiði mun Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu (CSCE) hafa úrslitaþýðingu.

CSCE, sem þrjátíu og fjögur ríki eiga nú aðild að, hefur á undanförnum árum rutt sér til rúms sem mikill áhrifavaldur í málefnum Evrópu. Eftir því sem æ fleirum skilst að öryggi helgast ekki af hernaðarviðbúnaði einvörðungu, heldur einnig af virðingu fyrir mannréttindum og samvinnu á sviði stjórnmála, efnahags- og umhverfismála, mun CSCE láta meira að sér kveða. Á fundi ríkisoddvita CSCE-ríkjanna, sem haldinn verður í París dagana 19.–21. nóvember 1990 og verður fyrsti fundur sinnar tegundar frá undirritun Helsinki-lokaskjalsins árið 1975, er búist við ákvörðunum um frekari styrkingu CSCE, m.a. með uppsetningu nýs stofnvirkis til að koma í veg fyrir og leysa illdeilur.

CSCE mun þó ekki leysa Atlantshafsbandalagið af hólmi. Án Atlantshafsbandalagsins myndi CSCE skorta þá vestrænu dýpt, sem nauðsynleg er til að tryggja í framkvæmd áframhaldandi jafnvægi og stöðugleika á sviði varnarmála. Með auknum umsvifum CSCE fá samráð innan bandalagsins jafnframt meiri pólitíska vídd, sem þjónar því markmiði að efla friðsamleg samskipti Evrópuríkja í heild. Svo mun verða enn frekar eftir að viðræður þær, sem nú fara fram í Vínarborg um hefðbundin vopn milli Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins, verða felldar inn í viðræður ríkjanna þrjátíu og fjögurra, eftir 1992, en innan þess ramma fara nú þegar fram samningar um traustvekjandi aðgerðir á hernaðarsviðinu. CSCE og Atlantshafsbandalagið munu því fylgjast að og hagnast hvort af öðru.

En fleiri stofnanir kveða sér nú hljóðs á sviði pólitískrar samvinnu og öryggismála í Evrópu. Evrópubandalagið (EC) hefur nú meiri afskipti af þeim málum en áður, en með evrópsku einingarlögunum árið 1987 ákváðu hin tólf aðildarríki Evrópubandalagsins að stofna til sérstakrar samvinnu um utanríkismál (EPC). Níu aðildarríki Evrópubandalagsins eiga einnig aðild að Vestur-Evrópusamtökunum (WEU), en markmið þeirra er að efla evrópska þáttinn í öryggispólitísku samstarfi Atlantshafsríkjanna.

Samvinna á sviði efnahagsmála mun ráða miklu um hvort ný skipan öryggismála í Evrópu nær að festa rætur. Árangur af viðleitni Gorbatsjovs, leiðtoga Sovétríkjanna, til að endurskipuleggja sovéskt efnahagslíf og beina því inn á braut markaðshagkerfis að vestrænni fyrirmynd mun óumflýjanlega hafa áhrif á svigrúm leiðtogans til ákvarðana í utanríkismálum. Langvarandi efnahagslegt ögnþveiti í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu gæti orðið til að grafa undan tilraunum þeirra í lýðræðisátt og kynda undir ósætti í álfunni. Er af þeim sökum mikilvægt að ríki Vestur-Evrópu geri sér aukið far um að styðja nágranna sína í austri á efnahagssviðinu.

Aukin efnahagsaðstoð við ríki Mið- og Austur-Evrópu má hins vegar ekki verða til þess að vestræn ríki snúi bakinu við fátækum þjóðum á suðurhveli jarðar, en að undanförnu hefur þess orðið vart, að þróunarríkin óttast mjög að dragast enn meir aftur úr í samanburði lífsgæða við iðnríki norðursins. Eins og bent var á hér að framan, ættu endalok kalda stríðsins þvert á móti að verða til þess að þeir kraftar, sem áður voru bundnir í samkeppni á sviði vígbúnaðar, verði í auknum mæli nýttir í þágu aðstoðar við þróunarríkin.

(2) Aðlögun að breyttum aðstæðum

Þátttaka í starfsemi alþjóðastofnana hefur ætið verið snar þáttur utanríkisstefnunnar. Með aðildinni að Sameinuðu þjóðunum og Atlantshafsbandalaginu á fimmta áratugnum var lagður grunnur að stefnu þeirri, sem fylgt hefur verið til þessa.

Þrátt fyrir að Sameinuðu þjóðunum hafi aðeins í seinni tíð auðnast að gegna hlutverki sínu með marktækum hætti, er vert að minnast þess að Ísland öðlaðist lagalega viðurkenningu á yfirráðarétti sínum yfir auðlindum hafsins kringum landið í krafti aðildar sinnar að Sameinuðu þjóðunum. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og sérstofnana þeirra hefur verið unnið að framgangi ýmissa þeirra hugsjóna, sem skipað hafa öndvegi í íslenskum utanríkismálum, og nægir í því efni að nefna mannréttinda- og umhverfismál.

Verndun umhverfisins er eitt þeirra brýnustu úrlausnarefna, sem Sameinuðu þjóðirnar standa frammi fyrir um þessar mundir. Fyrir Íslendinga, sem háðir eru auðlindum sjávar öðrum þjóðum fremur, varðar verndun umhverfisins lífshagsmuni. Í samræmi við málefnasamning ríkisstjórnarinnar, þar sem fram kemur að hvatt skuli til þátttöku í alþjóðastarfi um umhverfismál, einkum með tilliti til mengunarvarna á Norður-Atlantshafi, mun Ísland áfram leggja áherslu á umhverfisvernd á höfunum innan Sameinuðu þjóðanna. Endurvakning samtakanna gefur ástæðu til að ætla að þau verði atkvæðameiri á ólíkum sviðum alþjóðamála í framtíðinni og mun þátttaka Íslands á þeim vettvangi taka mið af því, eftir því sem aðstæður leyfa.

Höfuðverkefni á sviði utanríkismála eiga þó öðru fremur rætur að rekja til þeirrar þróunar, sem nú á sér stað í Evrópu og á það jafnt við um öryggismál og viðskipti. Fjallað hefur verið um samningaviðræður um Evrópska efnahagssvæðið (EEA) í sérstakri skýrslu, sem lögð hefur verið fram á Alþingi, og er því ekki ástæða til að gera grein fyrir þeim hér.

Á síðustu áratugum hafa viðskipta- og öryggismál tengst margvíslegum böndum í samskiptum lýðræðisríkja á Vesturlöndum. Efnahagsleg viðreisn Evrópu eftir stríð fylgdist að með nánu samstarfi í öryggis- og varnarmálum. Rétt eins og friður og stöðugleiki sköpuðu forsendur efnahagslegrar velgengni, varð efnahagsleg samvinna til þess að styrkja böndin í varnarsamstarfi ríkja Atlantshafsbandalagsins. Í samningum við bandamenn um aðgang að mörkuðum var einnig tekið tillit til lykilhlutverks Íslands í vörnum Vestur-Evrópu.

Hin síðustu ár hefur þess gætt að viðskipta- og efnahagsmál eru í auknum mæli tekin að hafa áhrif á stefnumótun ríkja í öryggismálum. Bandamenn í varnarmálum eru orðnir keppinautar í viðskiptum. Evrópa hefur styrkst og er nú farin að bjóða Bandaríkjunum byrginn sem forystuafl í alþjóðaefnahagslífi, en innan Vestur-Evrópu hefur uppgangur Evrópubandalagsins myndað skörp skil milli þeirra, sem eru innan vébanda þess og utan. Af

þessum sökum verður samstaða ríkja Atlantshafsbandalagsins í framtíðinni að miklu leyti undir því komin, hvernig þeim tekst að leiða til lykta efnahagsleg viðskipti sín innbyrðis. Svo sem tryggar varnir hafa stuðlað að efnahagslegri samvinnu, er líklegt að ágreiningur um viðskipti dragi úr virkni sameiginlegra varna þegar til lengdar lætur.

Þróunin á meginlandi Evrópu og í samskiptum ríkja Evrópu og Norður-Ameríku veldur því að nauðsynlegt er fyrir Íslendinga að fara í enn ríkara mæli en áður að huga að mótun samræmdrar heildarstefnu í viðskipta- og öryggismálum, en Ísland er nú á krossgötum, þar sem val um markmið og leiðir kann að ráða miklu um fararheill þjóðarinnar á næstu árum.

Aðildin að Atlantshafsbandalaginu og tvíhliða varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna hafa verið hornsteinn íslenskrar öryggis- og varnarmálastefnu, en á næsta ári verða liðin fjörtíu ár frá undirritun varnarsamningsins. Í augum bandamanna hefur varnarstöð Atlantshafsbandalagsins verið áþreifanlegasta dæmið um framlag Íslands til sameiginlegra varna, þrátt fyrir að á Íslandi hafi verið litið á varnarstöðina og aðildina að Atlantshafsbandalaginu sem aðskilin en tengd mál. Atburðir á pólitíska sviðinu í Evrópu kunna að leiða til þess að skilin milli þessa tveggja stoða varnarstefnunnar skerpist frekar.

Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að gaumgæfa að fram er komið nýtt afl í öryggismálum Evrópu, CSCE. Styrking CSCE mun leiða til þess að lögð verður meiri áhersla á samvinnuþáttinn í samskiptum Evrópuríkja í heild, en það hefur í för með sér að sinna þarf þessum þætti utanríkisstefnunnar frekar. Aukið vægi CSCE hefur ýmsan ávinning í för með sér fyrir smærri ríki Evrópu. Ákvarðanir innan CSCE-ferlisins krefjast samstöðu allra þátttökuríkja, en það gefur hinum smærri ríkjum færi á að beita áhrifum sínum ekki síður en hinum stærri. Á vettvangi CSCE hefur Ísland t.d. haft frumkvæði að málflutningi þess efnis að Eystrasaltsríkjunum yrði veitt full aðild.

Í öðru lagi hefur Evrópubandalagið, eins og áður segir, látið öryggis- og varnarmál meira til sín taka, en innan bandalagsins á sú skoðun vaxandi fylgi að fagna að hæpið sé að skilja að „sameiningu" í efnahagsmálum og „samvinnu" í öryggismálum. Aukins samráðs ríkja Evrópubandalagsins hefur áþreifanlega orðið vart bæði á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og innan CSCE, þar sem ríkin tólf fylgjast að í málflutningi.

Aukin afskipti Evrópubandalagsins af öryggismálum orka tvímælis fyrir Íslendinga. Fari bandalagið inn á verksvið Atlantshafsbandalagsins kann það að draga úr möguleikum Íslendinga, sem standa utan Evrópubandalagsins, til að hafa áhrif á stefnumótun Evrópuríkja í öryggismálum og stuðla þannig að einangrun landsins. Á hinn bóginn kynni Evrópubandalag, sem hefði varnarmál á stefnuskrá sinni, einnig að sjá sér hag í auknum samskiptum við Ísland í ljósi hernaðarlegs mikilvægis landsins, en slíkt kynni greiða fyrir samningum um viðskipti Íslands og Evrópubandalagsins.

Á þessari stundu er ógerningur að segja með vissu fyrir um hver þróunin verður með tilliti til öryggispólitískrar samvinnu í Evrópu. Stóraukin umsvif CSCE munu þó vafalítið verða til þess að við mótun stefnu í öryggismálum þarf að taka aukið tillit til ríkja utan Atlantshafsbandalagsins. Einnig gætu aukin afskipti Evrópubandalagsins af öryggis- og varnarmálum að öðru óbreyttu haft þær afleiðingar að ríkin á meginlandi Evrópu mörkuðu sér sérstöðu innan Atlantshafsbandalagsins, en sundurgreining Atlantshafssvæðisins, þar sem miðsvæði og suðurvæng yrði gert hærra undir höfði í samanburði við norðurvæng, yrði Íslendingum sérstakt íhugunarefni. Vaknar m.a. sú spurning hvort tvíhliða varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna kunni ekki að verða enn þýðingarmeiri en áður.

Í síðustu skýrslu um utanríkismál var mikilvægi tvíhliða varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna stutt tvenns konar rökum, sem ástæða er til að árétta. Í fyrsta lagi var bent á að mikilvægi liðsflutninga frá Bandaríkjunum og Kanada myndu aukast á hættu- og ófriðartímum við niðurskurð og samdrátt í herafla Atlantshafsbandalagsins á meginlandi Evrópu. Í öðru lagi var vikið að því ósamræmi, sem vart hefur orðið milli þeirrar þróunar, sem nú á sér stað í vígbúnaðarmálum í Mið-Evrópu, og áframhaldandi endurnýjunar og uppbyggingar sovéska

norðurflotans á Kola-skaga. Síðarnefnda atriðið er ein höfuðástæða þess að Ísland hefur lagt á það ríka áherslu að Atlantshafsbandalagið beiti sér fyrir að takmörkun vígbúnaðar á höfunum verði á dagskrá að loknum þeim viðræðum, sem nú standa yfir um niðurskurð herafla á landi.

Heilsteypt stefnumörkun í utanríkismálum krefst þess um þessar mundir að hugað verði að varnar- og viðskiptahagsmunum Íslands í víðu samhengi. Í varnarmálum hefur mikilvægi tvíhliða varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna aukist, en jafnframt er það Evrópubandalagið, sem er orðið stærsti markaðurinn fyrir íslenskar útflutningsvörur. Ólíkt því sem gerist meðal bandamanna í Vestur-Evrópu, þar sem horfur eru á frekari samtvinnun efnahagssamstarfs og samvinnu á sviði öryggismála, er nú hætt við að þessir tveir þættir íslenskrar utanríkisstefnu greinist að í auknum mæli. Hvort sú verður raunin ræðst ekki einungis af stefnumörkun Íslendinga, heldur einnig af því hverju fram vindur í samskiptum Evrópubandalagsins og Bandaríkjanna.

Tveir kostir, að minnsta kosti, eru hugsanlegir í því efni. Evrópubandalagið kynni þegar til lengdar lætur að taka við hlutverki Atlantshafsbandalagsins í varnar- og öryggismálum og halda áfram á braut viðskiptalegrar samkeppni við Bandaríkin. Misklíð milli fyrrum bandamanna vestan hafs og austan gæti haft varhugaverðar afleiðingar fyrir Ísland, sem kynni að standa frammi fyrir afar erfiðu vali. Við slíkar aðstæður yrði óhjákvæmilegt að taka tillit til þess að öryggi landsins yrði tæpast tryggt í varnarsamstarfi með ríkjum Evrópubandalagsins einvörðungu. Hagsmunir í varnarsamstarfi við Bandaríkin og viðskiptum við bandalag Evrópuríkja kynnu á hinn bóginn að togast á með óæskilegum hætti. Af ýmsum ástæðum er þó ólíklegt að kostur þessi verði að veruleika.

Líklegri kosturinn er sá, að ríki Evrópubandalagsins sjái sér áfram hag í varnarsamstarfi við ríki Norður-Ameríku á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, þrátt fyrir að Evrópa taki meiri ábyrgð á eigin vörnum. Í þessu tilviki mun Ísland, hnattstöðu sinnar vegna, áfram gegna veigamiklu hlutverki í vörnum Vesturlanda. Nauðsynlegt er hins vegar að Ísland leggi á það ríka áherslu í samskiptum við ríki Evrópubandalagsins að óeðlilegar tálmanir verði fjarlægðar í viðskiptum ríkja, sem samleið eiga í öryggis- og varnarmálum, en eins og fram kemur í 2. gr. stofnsáttmála Atlantshafsbandalagsins ber aðilum þess „að eyða ágreiningi um efnahagsstefnu þeirra á alþjóðavettvangi og hvetja til efnahagssamvinnu".

Á því breytingaskeiði, sem nú fer í hönd í heiminum, er þörf fyrir áframhaldandi árvekni Íslendinga í utanríkismálum, en á næstu árum munu atburðir á því sviði hafa vaxandi áhrif á kjör almennings á Íslandi. Er af þeim sökum mikilvægt að áfram verði víðtæk samstaða um meginatriði utanríkisstefnunnar og að um þau fari fram ítarlegar umræður á Alþingi. Vonast er til að skýrsla sú um utanríkismál, sem nú er lögð fram, geti stuðlað að því markmiði.

II Ástandið í Sovétríkjunum og ríkjum Mið- og Austur-Evrópu

(1) Sovétríkin

Ástandið í Sovétríkjunum á þessu ári hefur einkennst af vaxandi efnahagserfiðleikum og kröfum lýðveldanna um aukið sjálfstæði.

Kjör almennings í Sovétríkjunum hafa versnað að undanförnu. Eldra skipulag hefur hrunið, án þess að nýtt hafi tekið við. Hafa ráðamenn sætt ámæli fyrir að ekki skuli hafa verið unnið hraðar að því að koma á markaðskerfi í landinu.

Fyrstu fimm mánuði ársins er talið að þjóðarframleiðsla Sovétríkjanna hafi minnkað um 1,1 af hundraði miðað við sama tíma í fyrra. Olíuframleiðsla féll um 5 af hundraði, sem dregur úr gjaldeyrisöflun. Áætlað er að seðlamagn á þessu tímabili hafi tvöfaldast, sem hefur m.a. leitt til þess að hillur verslana eru tómlegri en fyrir ári, jafnvel á svæðum, þar sem framleiðsluaukning hefur átt sér stað.

Vaxandi skortur ýmissa nauðsynjavara er þess valdandi að mikill þrýstingur hefur skapast að baki kröfum um skjótar úrbætur. Svo brýn er þörfin á að flýta efnahagsráðstöfunum orðin að samstaða hefur myndast með Gorbatsjov forseta og Boris Jeltsin, forseta Rússlands og leiðtoga þeirra, sem framsæknastir hafa verið. Hefur Gorbatsjov jafnvel séð sig knúinn til að hafna að verulegu leyti hugmyndum þeirrar ríkisstjórnar, sem undir honum starfar.

Efnahagsáætlun sú, sem mesta tiltrú hefur, er kennd við Shatalin, félaga í sovésku vísindaakademíunni. Miðar hún við að framkvæmd grundvallarumbóta taki fimm hundruð daga. Til verndar almenningi fyrir frekari skakkaföllum er gert ráð fyrir að frysta á umþóttunartíma fram til ársloka 1991 verðlag á eitt hundrað til eitt hundrað og fimmtíu tegundum nauðsynjavara og þjónustu. Samtímis verði lagt kapp á að auka framleiðslu og framboð í þessum greinum þannig að dugi til þess að halda verðlagi niðri, þegar verðlagshömlum verður aflétt. Þó er búist við að allra brýnustu nauðsynjar þurfi að sæta verðlagsákvörðunum hins opinbera áfram um sinn.

Til að komast yfir erfiðasta hjallann þarfnast Sovétríkin efnahagsstuðnings annarra ríkja. Nokkrar öflugar þjóðir og ríkjasamtök hafa þegar lagt sitt af mörkum. Smám saman eru einnig að skapast skilyrði fyrir nánara viðskipta- og efnahagslegu samstarfi sovéskra og erlendra fyrirtækja, m.a. til eflingar framleiðslustarfsemi í landinu.

Óvissan í sovésku efnahagslífi á að nokkru leyti rætur að rekja til þess ágreinings, sem er milli ráðamanna í Moskvu og leiðtoga einstakra sovétlýðvelda, sem sótt hafa fram til aukins sjálfstæðis, en styrrinn stendur ekki síst um forræði yfir auðlindum og framleiðslu, sem til þessa hefur verið í höndum sovésku stjórnarinnar.

Öll lýðveldi Sovétríkjanna, og jafnvel sjálfsstjórnarlendur innan þeirra, hafa að undanförnu gert kröfur um aukið sjálfsforræði. Eru kröfurnar hver með sínum hætti og ganga mislangt, en snúast í mörgum tilvikum um fullveldi og algjört sjálfstæði. Sett var 3. apríl sl. löggjöf til þess að kveða á um framkvæmd þess ákvæðis sovésku stjórnarskrárinnar, sem heimilar úrsögn einstakra lýðvelda úr sambandsríkinu. En jafnframt er nú lagt kapp á að ljúka gerð nýs sambandslagasamnings, sem móta mun framtíðarskipan ríkjasambandsins. Niðurstaðan mun ráða miklu um hvort þeir, sem krafist hafa aukins sjálfsforræðis, muni fella sig við aðild að ríkjasambandinu áfram.

Um miðjan mars sl. var Mikhail Gorbatsjov kjörinn forseti Sovétríkjanna til fimm ára. Ekki þóttu enn aðstæður til að þjóðkjör færi fram, en ákveðið er að svo verði í framtíðinni.

Hinu nýja forsetaembætti fylgja aukin völd, en forsetanum til fulltingis starfar sérstakt forsetaráð sextán manna.

Staða Kommúnistaflokks Sovétríkjanna hefur veikst og dregið hefur úr hlutverki hans við þær breytingar, sem gerðar hafa verið á valdakerfi landsins. Óvíst þótti hvort Gorbatsjov mundi sækjast eftir áframhaldandi forystu í flokknum, en hann kom sterkur út úr 28. þingi flokksins, sem haldið var í byrjun júlí, og var endurkjörinn leiðtogi hans. Aðrar stjórnmálahreyfingar eru enn í mótun, en fulltrúar slíkra fylkinga hafa þegar náð völdum í borgarstjórnum Moskvu og Leningrad. Áfram stefnir því markvisst í átt til fjölflokkakerfis og aukins lýðræðis.

(2) Eystrasaltsríkin

Litháen varð fyrst Eystrasaltsríkjanna til að lýsa yfir sjálfstæði sínu frá Sovétríkjunum 11. mars síðastliðinn. Vytautas Landsbergis, formaður Sajudis, var þá jafnframt kjörinn forseti. Ný stjórn var sett á laggirnar 16. mars í Litháen og varð Kazimiera Prunskiene úr Sajudis-flokknum forsætisráðherra.

Viðbrögð ríkisstjórnarinnar í Moskvu við sjálfstæðisyfirlýsingunni voru ótvíræð. Gorbatsjov lýsti því yfir að ekki yrði um neinar samningaviðræður að ræða við Litháen. Taldi hann sjálfstæðisyfirlýsinguna ólöglega samkvæmt stjórnlögum Sovétríkjanna og lýsti hana ógilda. Að morgni 24. mars sendi ríkisstjórn Sovétríkjanna herlið til Vilnu og um tíma var loft lævi blandið, þótt ekki kæmi til beinna aðgerða herliðsins gegn þingi og ríkisstjórn landsins.

Litháensk stjórnvöld neituðu að verða við þeim tilmælum Moskvu-stjórnarinnar að afturkalla sjálfstæðisyfirlýsinguna. Seint í apríl ákvað sovétstjórnin að beita Litháen efnahagsþvingunum til að knýja stjórnvöld þar til hlýðni og var dregið stórlega úr sendingum á olíu og gasi til landsins.

Þjóðþing Lettlands fylgdi í kjölfar Litháen með því að lýsa yfir sjálfstæði landsins 4. maí sl. Þing Eistlands lýsti yfir sjálfstæði 8. maí sl.

Stjórnir Eystrasaltsríkjanna leituðu eftir viðurkenningu Vesturlanda á sjálfstæðisyfirlýsingunum og óskuðu eftir aðstoð á efnahagssviðinu. Leiðtogar á Vesturlöndum fetuðu hér vandrataðan stíg, því almennt var talið að afgerandi yfirlýsingar varðandi deilur landanna kynnu í fyrsta lagi að grafa undan sjálfstæðishreyfingum í Eystrasaltsríkjunum og í öðru lagi að spilla því jákvæða andrúmslofti, sem fram að því hafði ríkt í samskiptum austurs og vesturs. Deiluaðilar voru hvattir til að setjast að samningaborði.

Um tíma hvorki gekk né rak. Litháar héldu fast við sitt, en brátt varð ljóst að efnahagsþvinganirnar höfðu ekki skilað tilætluðum árangri. Boris Jeltsin, forseti Rússlands, og borgaryfirvöld í Leningrad og Moskvu lýstu þeim ásetningi að eiga bein viðskipti við Litháen. Jafnframt sætti Gorbatsjov gagnrýni heima fyrir vegna ósveigjanlegrar afstöðu í deilunni. Um miðjan júní rofaði fyrst til, þegar Gorbatsjov átti fund með forsetum Eistlands, Lettlands og Litháen i Moskvu. Árangur þeirra viðræðna kom fljótlega í ljós. Viðskiptaþvingunum var aflétt að hluta og í lok júní samþykkti þing Litháens að fresta gildistöku sjálfstæðisyfirlýsingarinnar í eitt hundrað daga. Frestunin var bundin skilyrði um að hún tæki gildi þegar Moskvustjórn samþykkti að setjast niður til samninga um sjálfstæðiskröfuna.

Í tengslum við sjálfstæðisyfirlýsingarnar í vor hafa Eystrasaltsríkin tekið upp náið samstarf. Settu þau á laggirnar Eystrasltsráðið, sem hefur það markmið að vinna að fullu sjálfstæði ríkjanna þriggja. Ríkin hafa mótað sameiginlega afstöðu í samskiptum þeirra við Moskvu og gagnvart öðrum ríkjum. Hafa þau m.a. lýst áhuga sínum á að taka þátt í starfi á vettvangi CSCE.

Íslensk stjórnvöld hafa lýst stuðningi við fulla aðild Eystrasaltslandanna að CSCE. Tók utanríkisráðherra málið m.a. upp í ræðu sinni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 24.

september sl., og á fundi þátttökuríkja CSCE, sem haldinn var í New York 1. og 2. október sl., sjá fskj. I.

Forseti Litháens, Vytautas Landsbergis, heimsótti Ísland 9.–11. október og átti viðræður við íslenska ráðamenn, m.a. um þátttöku Eystrasaltsríkjanna í CSCE.

(3) Búlgaría

Í apríl síðastliðnum samþykkti búlgarska þingið ný kosningalög, lög um stjórnmálaflokka og væntanlegar stórnarskrárbreytingar. Þingið kaus forseta, leysti upp ríkisráðið og afmáði tilvísanir til sósíalisma og kommúnisma í stjórnarskránni. Að því búnu var þingið leyst upp.

Samþykkt var að á hinu nýja þjóðþingi skyldu sitja fjögur hundruð kjörnir fulltrúar og er þinginu ætlað að semja nýja stórnarskrá ekki seinna en átján mánuðum frá fyrsta fundi þess.

Fyrstu almennu og frjálsu þingkosningar í Búlgaríu í meira en fjóra áratugi voru haldnar í tvennu lagi, dagana 10.–17. júní sl. Sósíalistaflokkur Búlgaríu, sem hét áður Kommúnistaflokkur Búlgaríu, vann yfirburðasigur í kosningunum, en sá flokkur hafði haldið um stjórnvölinn frá því Todor Zhivkov var sviptur völdum í nóvember í fyrra.

Kosningarnar fóru á þann veg að Sósíalistaflokkurinn hreppti tvö hundruð og ellefu þingsæti og hreinan meiri hluta, en Samtök lýðræðisaflanna, samsteypa ýmissa andstöðuflokka, fékk eitt hundrað fjörutíu og fjóra þingmenn kjörna á þjóðþingið. Þess má geta að forsætisráðherra var einn leiðtoga fyrir hópi erlendra stjórnmálamanna, sem heimsótti Búlgaríu til að fylgjast með framkvæmd kosninganna.

Ástæður hins mikla kosningasigurs Sósíalistaflokksins voru m.a. taldar þær, að samtök lýðræðisaflanna höfðu hvorki nægan tíma né fjárhagslegt bolmagn til að heyja kosningabaráttu utan þéttbýlis, enda kom í ljós að langflestir fulltrúar samtakanna hlutu kosningu í borgum. Frambjóðendur Sósíalistaflokksins á landsbyggðinni nutu einnig valdaaðstöðu sinnar mjög víða. Meginefni kosningaáróðurs Sósílistaflokksins var að óreyndum stjórnmálaöflum með róttæka stefnu væri ekki treystandi fyrir bágbornu efnahagslífi landsins.

Í lok júní var Andrei Lukanov, þáverandi forsætisráðherra, falið að mynda ríkisstjórn. Á sviði efnahagsmála hefur sú ríkisstjórn við ærinn vanda að etja, m.a. gríðarlegan viðskiptahalla og erlendar skuldir, sem taldar eru nema 10,3 milljörðum Bandríkjadala. Ríkisstjórnin hefur til þessa sætt mikilli gagnrýni, því hún þykir einungis hafa reynt að halda í horfinu, en ekki tekist á við vandann í efnahagsmálum með afgerandi umbótaaðgerðum.

Verðbólga í landinu nemur nú um 50 af hundraði, en var 12 af hundraði í janúar. Stjórnvöld fyrirskipuðu skömmtun á ýmsum tegundum matvæla í höfuðborginni Sofíu, sem og í öðrum borgum Búlgaríu.

Mikillar ólgu hefur gætt í Búlgaríu síðastliðið ár. Mótmælafundir gegn ríkisstjórninni hafa verið tíðir. Peter Mladenov forseti, sem áður gegndi embætti utanríkisráðherra í stjórn Zhivkov og stóð að því að velta honum úr sessi, varð sjálfur að hrökklast úr embætti, þar sem sannað þótti að hann hefði gefið fyrirskipanir um óhóflega valdbeitingu til að halda mótmælaðgerðum almennings niðri. Eftir mikið þóf tókst í ágúst að ná samkomulagi um nýjan forseta, Zelio Zhelev.

(4) Pólland

Forsetakosningar fara fram í Póllandi í þessum mánuði og þingkosningar í ársbyrjun 1991. Lech Walesa, leiðtogi Samstöðu, og Mazowiecki forsætisráðherra eru í kjöri til embættis forseta.

Pólland stendur nú að ýmsu leyti í svipuðum sporum og á fjórða áratug þessarar aldar. Óráðið er með hvaða hætti landið hefur í hyggju að haga alþjóðlegu samstarfi á ýmsum sviðum, m.a. á sviði öryggis- og varnarmála. Stjórnvöld styðja opinberlega þá viðleitni að breyta Varsjárbandalaginu í ráðgefandi, pólitíska stofnun og hafa Pólverjar smám saman

dregið úr hernaðarsamvinnu á vettvangi bandalagsins. Skoðanir eru þó mjög skiptar varðandi afstöðuna til Varsjárbandalagsins og hefur Skubiszewski, utanríkisráðherra, lýst því yfir, að hann telji að hlutverki bandalagsins sé lokið. Hvað eigin varnir snertir hafa stjórnvöld farið hægt í að draga verulega úr herstyrk innan lands og bent á að það óvissuástand, sem ríki við austurlandamærin, gefi ekki tilefni til fækkunar í herliði. Formlegar samningaviðræður við Sovétmenn um brottflutning sovéskra hermanna úr landinu eru enn ekki hafnar.

Viðskipti Póllands við Vesturlönd hafa aukist á sama tíma og viðskipti við lönd í Austur-Evrópu hafa dregist saman. Almennt er álitið að Efnahagsbandalag Austur-Evrópu (COMECON) sé nú liðið undir lok og verði ekki endurvakið. Sú ákvörðun að gefa utanríkisviðskipti frjáls og gera pólska gjaldmiðilinn skiptanlegan á alþjóðlegum gjaldeyrismörkuðum frá og með ársbyrjun 1991, mun væntanlega leiða til mikils skorts á erlendum gjaldeyri í landinu og versnandi viðskiptakjara. Á hinn bóginn má nefna að viðskiptajöfnuður við Vesturlönd er nú hagstæðari en áður hefur þekkst. Erlendar skuldir eru nú um 42 milljarðar Bandaríkjadala og fara vaxandi. Hafa stjórnvöld sett sér það forgangsverkefni að lækka erlendar skuldir. Aðstoð erlendra ríkja við Pólland, þ.m.t. matvælaaðstoð, er talin nema um 10 milljörðum Bandaríkjadala, auk þess sem Pólverjar eiga von á láni frá Alþjóðabankanum og hinum nýstofnaða Þróunarbanka fyrir Austur-Evrópuríki.

Fyrri hugmyndir um náið alþjóðlegt samstarf Póllands, Tékkóslóvakíu og Ungverjalands virðast úr sögunni. Þess í stað vænta Pólverjar nánara samstarfs við Norðurlöndin og þó sérstaklega Evrópubandalagið og EFTA-ríkin, ekki aðeins á sviði efnahags- og viðskiptamála, heldur einnig á sviði stjórnmála.

Fyrsti undirbúningsfundur EFTA-ríkjanna og Póllands á grundvelli Gautaborgaryfirlýsingarinnar var haldinn 25. október sl., en þar var farið yfir öll þau atriði, sem máli skipta varðandi framtíðarskipan samskipta á efnahags- og viðskiptasviðinu.

(5) Rúmenía

Ion Iliescu var kjörinn formaður Þjóðfrelsisfylkingar Rúmeníu í apríl sl. og var hann einnig valinn forsetaefni flokksins í kosningum 20. maí sl. Var þá jafnframt kjörið nýtt þing.

Mótmælaaðgerðir gegn ráðamönnum og valdbeiting að undirlagi stjórnvalda hafa sett mark sitt á stjórnmál í Rúmeníu á þessu ári. Iliescu og stuðningsmenn hans voru harðlega gagnrýndir vegna tengsla við harðstjórn Nicolae Ceausescu og komu fram kröfur um að Iliescu hætti við framboð sitt.

Vinnubrögð ríkisstjórnar Iliescu, sem komst til valda eftir fall Ceausescu, þóttu bera keim þess síðarnefnda. Ýtt var undir persónudýrkun og öðrum stjórnmálahreyfingum gert illmögulegt að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í ríkisfjölmiðlum. Stjórnvöld voru einnig átalin fyrir seinvirkni við að uppræta hina illræmdu öryggislögreglu, „Securitate". Er ljóst að valdhafar hyggjast fara hægt í skipulagsbreytingar kerfisins og bera þeir því við að þjóðin sé illa undir þær búin.

Helstu andstæðingar þjóðfrelsisfylkingar Rúmeníu mynduðu kosningabandalag í apríl, en þeir voru Bændaflokkurinn, Kristilegar demókratar, Frjálslyndi flokkurinn og Sósíaldemókratar. Þjóðfrelsisfylkingin háði harðskeytta kosningabaráttu. Félögum andstöðuflokkanna var misþyrmt af stuðningmönnum Þjóðfrelsisfylkingarinnar og kosningaskrifstofur þeirra lagðar í rúst. Ion Iliescu vann stórsigur í forsetakosningunum í maí sl., en hann fékk 85,1 af hundraði greiddra atkvæða.

Þjóðfrelsisfylkingin fékk um 75 af hundraði þingsæta í öldunga- og fulltrúadeild. Þökkuðu menn sigurinn yfirráðum Þjóðfrelsisfylkingarinnar yfir fjölmiðlum og stjórnkerfi landsins. Erlenda eftirlitsmenn með kosningunum greindi á um hvernig staðið hefði verið að kosningunum. Flestum kom þó saman um að ólýðræðislegum aðferðum hefði verið beitt úr hófi fram.

Efnahagur Rúmeníu er mjög bágborinn og þarf að lyfta þar Grettistaki til þess að bæta afkomu fólks, enda höfðu allar undirstöður framleiðslustarfseminnar mjög rýrnað undir lok stjórnartíðar einræðisherrans fyrrverandi.

(6) Tékkóslóvakía

Fyrstu frjálsu kosningar í Tékkóslóvakíu í fjörutíu og fjögur ár fóru fram 8. og 9. júní sl. Kosið var til Sambandsþingsins og til þjóðþings Tékka og Slóvaka. Kosningunum lyktaði með yfirburðasigri Borgaravettvangs og hins slóvanska systurflokks hans, Almenningur gegn ofbeldi, undir forystu Vaclav Havels, forseta. Fengu þessir flokkar að meðaltali um 43 af hundraði greiddra atkvæða og þykja kosningaúrslitin viðurkenning á stefnu þeirra í átt til pólitískra umbóta, þrátt fyrir að vissrar óánægju gæti í landinu með ástand efnahagsmála. Kommúnistaflokkurinn fékk næstflest atkvæði, um 14 af hundraði greiddra atkvæða, og hefur flokkurinn því óveruleg áhrif á þingi. Kristilegir demókratar eru þriðji stærsti flokkurinn eftir kosningarnar og fengu 13 af hundraði greiddra atkvæða, aðallega í kaþólskum hluta landsins, Slóvakíu.

Að kosningunum loknum tók við samsteypustjórn Borgaravettvangs, Almennings gegn ofbeldi og Kristilegra demókrata undir forystu Marian Calfa, sem verið hefur forsætisráðherra frá því í desember 1989. Ríkisstjórnin hefur sett sér tvö meginstefnumið: endurskoðun stjórnarskrárinnar og umbætur í efnahagsmálum. Í efnahagsmálum hefur ríkisstjórnin markað þá stefnu að hverfa frá miðstýringu í átt til markaðsbúskapar, án þess að til alvarlegarar röskunar komi i efnahagslífinu og að verðbólga og atvinnuleysi verði innan viðunandi marka. Í þessu skyni telur stjórnin nauðsynlegt að grípa til efnahagsaðgerða, sem miða að því að gera tékkneska gjaldmiðilinn skiptanlegan á alþjóðagjaldeyrismörkuðum, að einkavæðingu fyrirtækja og auknu frjálsræði í verðlagsmálum, sem taki gildi í ársbyrjun 1991. Samhliða þessu verði gripið til strangra aðhaldsaðgerða í fjármálum ríkisins. Til að koma í veg fyrir að verðlag fari úr böndum ætlar ríkisstjórnin að beita sér fyrir því að einkavæða stór einokunarfyrirtæki, sem hafa verið burðarás í tékknesku atvinnulífi og opna jafnframt fyrir samkeppni erlendis frá. Ríkisfyrirtækjum verður breytt í hlutafélög og þau seld, ýmist til aðila innan eða utan Tékkóslóvakíu.

Á sviði utanríkismála setur ríkisstjórnin sér þá stefnu að auka samstarf og samvinnu við önnur ríki Evrópu, bæði á sviði stjórnmála og efnahagsmála. Sérstakur áhugi er á því að taka upp náin tengsl við Evrópubandalagið og EFTA-ríkin. Eitt af fyrstu verkum ríkisstjórnarinnar var að setjast að samningaborði með Sovétmönnum og náðist samkomulag um að sovéskir hermenn yrðu með öllu horfnir úr landinu á fyrra árshelmingi 1991.

Tillögur um úrsögn úr Varsjárbandalaginu hafa ekki litið dagsins ljós í Tékkóslóvakíu, en ljóst er að mati ráðamanna, að þeir telja hlutverki bandalagsins lokið. Aftur á móti hefur stjórnin lýst yfir stuðningi við áframhaldandi tilvist Atlantshafsbandalagsins.

Í heimsókn forsætisráðherra til Tékkóslóvakíu í maí á þessu ári var undirrituð yfirlýsing um nánari samvinnu á ýmsum sviðum, svo sem jarðhitamálum, viðskiptamálum o.fl. Á grundvelli Gautaborgar yfirlýsingarinnar er ákveðið að fyrsti undirbúningsfundur EFTA-ríkjanna og Tékkóslóvakíu um nánara samstarf á efnahags- og viðskiptasviði verði haldinn um miðjan nóvember nk. Þar verður rætt um framtíðarskipan á samvinnu aðilanna á þessu sviði.

Undirritað hefur verið samkomulag Íslands og Tékkóslóvakíu um gagnkvæmt afnám vegabréfsáritana.

(7) Ungverjaland

Kosningar til ungverska þingsins fóru fram í tveimur umferðum, 25. mars og 8. apríl sl. Niðurstaðan var stórsigur Ungversku lýðræðishreyfingarinnar, sem fékk 43 af hundraði atkvæða. Flokkurinn vill einkavæðingu, en leggur áherslu á smá- og meðalstór fyrirtæki.

Formaður hans, Józef Antall, varð forsætisráðherra í samsteypustjórn með Óháða smábændaflokknum, sem fékk 11 af hundraði, og Þjóðarflokki kristilegra demókrata, sem fékk 6 af hundraði atkvæða. Ungverski sósíalistaflokkurinn, sem stofnaður var á 14. flokksþingi kommúnistaflokksins sem arftaki þess síðarnefnda, fékk aðeins 9 af hundraði. Stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn, Samband frjálsra demókrata, fékk 24 af hundraði og aðhyllist hann markaðshagkerfi og einkavæðingu.

Ungverska þjóðþingið kaus dr. Arpád Göncz forseta landsins í sumar, en hann er úr Sambandi frjálsra demókrata. Ríkisstjórnarflokkarnir þurfa alloft 66,6 af hundraði atkvæða í þinginu til þess að ná fram grundvallarbreytingum, en hafa 60 af hundraði atkvæða á bak við sig. Féllst Samband frjálsra demókrata á að standa ekki í vegi fyrir ýmsum slíkum samþykktum gegn því að Göncz yrði forseti.

Miklar fórnir eru nú færðar í Ungverjalandi til að styrkja nýjar undirstöður efnahagslífsins. Stefnu ungverskra yfirvalda um að taka upp markaðshagkerfi hefur fylgt mikil skriða verðhækkana. Verðbólga hefur verið um 30 af hundraði. Talið er að um þriðjungur landsmanna búi við alvarlegan skort, en Ungverjar eru 10,5 milljónir. Þrátt fyrir þetta ríkir bjartsýni og framfarahugur í landinu.

Ungverjar hafa ákveðið að segja sig úr Varsjárbandalaginu í árslok 1991.

Í júní sl. var yfirlýsing Ungverja og EFTA-ríkjanna um aukna samvinnu undirrituð í Gautaborg. Ungverjar hafa áhuga á að gera fríverslunarsamninga við EFTA-ríkin. Ljóst er, að EFTA-ríkin eru nú í ríkara mæli tilbúin til að ljá máls á því en fyrir nokkrum mánuðum. Fyrsti undirbúningsfundur EFTA-ríkjanna og Ungverjalands á grundvelli Gautaborgaryfirlýsingarinnar fór fram 27.–28. september sl., en þar var farið yfir þau atriði, sem máli skipta varðandi framtíðarfyrirkomulag á samskiptum á efnahags- og viðskiptasviði. Er þetta sams konar fundur og var haldinn með Pólverjum. Ungverjar stefna markvisst að inngöngu í EB.

Mikils er að vænta af samvinnu Íslands og Ungverjalands í jarðvarma- og orkumálum, eins og fram kom í heimsókn iðnaðar- og viðskiptaráðherra til Ungverjalands í september sl.

Skipst hefur verið á orðsendingum um gagnkvæmt afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Ungverjalands og gekk það í gildi 24. ágúst sl.

III Pólitísk samvinna, afvopnun og takmörkun vígbúnaðar

Áhrifa þeirra stórfelldu breytinga, sem átt hafa sér stað í Evrópu á liðnu ári, hefur gætt á ýmsum sviðum pólitískrar milliríkjasamvinnu. Í fyrsta sinn getum við nú búist við að unnt verði að beina þeim kröftum, sem áður fóru til spillis í vígbúnaðarkapphlaupinu, í annan og heppilegri farveg. Aukið fylgi við sameiginlegar aðgerðir hefur opnað alþjóðasamtökum ný tækifæri og gefið Ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu (CSCE) meira vægi en áður.

Frá því síðasta skýrsla um utanríkismál var lögð fram hafa verið haldnir þrír sérfræðingafundir CSCE og er enn einn slíkur fundur fyrirhugaður í byrjun næsta árs: sérfræðingafundur um friðsamlega lausn deilumála í La Valletta á Möltu 15. janúar – 8. febrúar, sjá fskj. II.

Árétta ber, að þrátt fyrir að stuðlað verði að frekari styrkingu Helsinki-ferlisins, m.a. með nýjum stofnunum, er þess ekki að vænta að CSCE geti komið í stað varnarbandalags vestrænna þjóða, Atlantshafsbandlagsins. Þvert á móti ber að vinna að því að CSCE verði eflt jafnframt því að Atlantshafsbandalagið haldi áfram að vera samráðsvettvangur vestrænna lýðræðisríkja um öryggis- og varnarmál, þ.m.t. afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, enda er að áliti flestra þar með tryggt, að náin tengsl haldist og eflist við Bandaríkin og Kanada. Samstöðu á vettvangi Atlantshafsbandalagsins er ekki síst að þakka að náðst hefur verulegur árangur í tilraunum Evrópuríkja til að draga úr misvægi og efla traust á hernaðarsviðinu.

(1) Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu (CSCE)

(1.1) Undirbúningur ríkisoddvitafundar í París 19. – 21. nóvember 1990

Dagana 19. – 21. nóvember nk. munu ríkisoddvitar allra þrjátíu og fjögurra þátttökuríkja CSCE koma saman til fundar í París, svo framarlega sem samningur um niðurskurð hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu liggur þá fyrir. Bjartsýni ríkir nú um að takast muni að ljúka samningnum í tæka tíð fyrir fundinn eftir að risaveldunum tveim tókst að útkljá helstu ágreiningsefni í sambandi við fund utanríkisráðherra CSCE-ríkjanna í New York 1. og 2. október sl.

Ríkisoddvitafundurinn í París verður hinn fyrsti sinnar tegundar síðan lokaskjal Helsinki-ráðstefnunnar var undirritað árið 1975. Tilgangur fundarins er að líta yfir farinn veg og meta þær framfarir, sem átt hafa sér stað undanfarin misseri í átt til lýðræðislegrar, friðsamlegrar og sameinaðrar Evrópu og leggja á ráðin um frekari eflingu CSCE í framtíðinni. Miklar vonir eru við það bundnar að á fundinum takist að marka nýtt upphaf samvinnu og trausts í samskiptum Evrópuþjóða.

Undirbúningsnefnd hefur verið að störfum í Vínarborg frá 10. júlí sl. Tekist hefur að koma föstu skipulagi á dagskrá fundarins og náðist samkomulag um það efni í júlílok. Annað höfuðverkefni undirbúningsnefndarinnar er að semja drög að eins konar samþykkt, einni eða fleiri, er ríkisoddvitarnir láti frá sér fara í lok Parísarfundarins. Náðst hefur samkomulag um höfuðatriði slíkrar samþykktar og er nú unnið ötullega að því að vinna úr þessum meginþáttum.

Umfjöllunarefnið skiptist í höfuðdráttum í þrjá kafla. Í fyrsta kafla verður litið yfir farinn veg allt frá Helsinkilokaskjalinu 1975. Beinist athyglin helst að gjörbreytingum í stjórnmálum Mið- og Austur-Evrópuríkjanna, sem staðið hafa nærri hálfa öld í skugga Sovétríkjanna og stjórnarfarsbreytingunum undanfarið í risaveldinu sjálfu. Í öðrum kafla samþykktarinnar verða lögð á ráðin um framtíðarskipan samskipta allra ríkja álfunnar innan CSCE-rammans á grundvelli meginreglnanna tíu, sem samþykktar voru í Helsinki. Loks verða í þriðja lagi teknar ákvarðanir um að stofnanabinda CSCE-störfin, og verða þá e.t.v. formfest reglubund-

in fundahöld á vegum CSCE, m.a. ráðherrafundir og þingmannasamkomur. Önnur nýmæli munu e.t.v. kveða á um fámennt skrifstofulið til að annast undirbúning funda, skipulagt eftirlit með frjálsum kosningum í framkvæmd og sérstakt stofnvirki til að koma í veg fyrir og leysa illdeilur.

Í Vínarborg hafa Sovétmenn að auki kallað saman samningamenn úr öllum tuttugu og tveimur ríkjunum, sem aðild eiga að bandalögunum tveimur, Atlantshafs- og Varsjárbandalaginu, til að semja drög að sameiginlegri yfirlýsingu, eins konar griðayfirlýsingu. Upphaflega er hugmyndin komin frá Mikhail Gorbatsjov, forseta Sovétríkjanna, en á ríkisoddvitafundi Atlantshafsbandalagsins í London í byrjun júlí sl., er vináttuhönd var rétt út til austurs, tóku ríkisoddvitarnir í hana með þeim orðum að í Evrópu væru engir andstæðingar lengur og ekki stæði til að slíta þar griðum, valdi verði ekki hótað eða beitt, heldur farið í einu og öllu eftir grundvallarreglum stofnskrár Sameinuðu þjóðanna og Helsinki-lokaskjalsins.

(1.2) Efnahagssamvinnuþing CSCE í Bonn 19. mars – 11. apríl 1990

Efnahagssamvinnuþing Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu var haldið í Bonn dagana 19. mars – 11. apríl sl. Þetta var fyrsti fundurinn í Helsinki-ferlinu, sem fjallaði eingöngu um efnahags- og viðskiptasamvinnu.

Bein þátttaka aðila úr viðskiptalífinu einkenndi fundinn. Fulltrúar úr viðskiptaheiminum voru um fjórtán hundruð, en opinberir fulltrúar um sex hundruð. Viðskipta- og iðnaðarráðherra sat þingið 10. og 11. apríl og flutti lokaræðu Íslands.

Samkomulag náðist um veigamikið lokaskjal. Í skjalinu er áberandi áhersla lögð á markaðshagkerfi, markaðslögmál og frelsi.

(1.3) Fundur um mannlegan þátt CSCE í Kaupmannahöfn 5. – 29. júní 1990

Á Vínarfundi CSCE árið 1989 var ákveðið að annar framhaldsfundur ráðstefnunnar um mannréttindi yrði haldinn í Kaupmannahöfn dagana 5.–29. júní 1990. Fyrsti fundur ráðstefnunnar fór fram í París í fyrra og sá þriðji verður í Moskvu árið 1991.

Opnunarræður fundarins einkenndust af bjartsýni og samstarfs- og samningavilja í kjölfar farsællar þróunar stjórnmála í Evrópu. Í opnunarræðu utanríkisráðherra var m.a. látin í ljós ósk um að sjálfstæðisyfirlýsingar Eystrasaltsríkjanna yrðu að veruleika að loknum friðsamlegum viðræðum við Sovétríkin sjá fskj. I.

Á Kaupmannahafnarfundinum var samþykkt erindisbréf undirbúningsnefndarinnar, sem áður getur, fyrir ríkisoddvitafund CSCE í París í nóvember.

(1.4) Fundur CSCE um Miðjarðarhafsmálefni, Palma de Mallorca, 24. september – 19. október 1990

Meginviðfangsefni fundarins voru verndun lífríkisins og efnahagsþróun í löndum, er liggja að Miðjarðarhafi. Í opnunarræðum þátttakenda var mest áhersla lögð á umhverfismálin, en hluti þátttökuríkja taldi að einnig ætti að ræða öryggismál. Í máli fulltrúa Íslands á fundinum var m.a. áréttað að hafréttarsáttmáli Sameinuðu þjóðanna væri grundvöllur fyrir skipulega verndun hafsvæða í alþjóðlegu og svæðisbundnu tilliti.

(2) Opnun lofthelgi

Tvær ráðstefnur aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins um opnun lofthelgi voru haldnar á árinu, hin fyrri í Ottawa 11.–28. febrúar sl. og hin síðari í Búdapest 23. apríl–10. maí sl.

Við upphaf ráðstefnunnar í Búdapest gerðu fáir sér vonir um að takast mætti að ljúka samningi um opnun lofthelgi fyrir 12. maí sl. eins og upphaflega hafði verið ákveðið, en á

Ottawa-fundinum höfðu komið fram ýmsar vísbendingar um að Sovétmenn vildu hægja á ferðinni í viðræðunum. Engu að síður náðist góður árangur í Búdapest. Tekin voru saman ítarleg drög að samningstexta, þar sem gefur að líta mismunandi valkosti varðandi ágreiningsefni. Samkomulag hefur enn ekki náðst um mikilvæg atriði, svo sem flugvélar, sem nota skal til könnunarflugs, könnunarbúnað og kvóta fyrir yfirflug, sem ríkjum yrði heimilt að framkvæma eða yrði gert að sæta af hálfu annarra ríkja.

Búast má við að þráðurinn verði tekinn upp að nýju fljótlega eftir að væntanlegt CFE-samkomulag hefur verið undirritað.

(3) Afvopnun og takmörkun vígbúnaðar

(3.1) Fundur þrjátíu og fjögurra ríkja CSCE um traustvekjandi aðgerðir á hernaðarsviðinu (CSBM)

CSCE-framhaldsráðstefnan, sem haldin var í Vínarborg, ákvað 17. janúar 1989 að efna til nýrra samningaviðræðna um traustvekjandi aðgerðir, er byggja skyldu á og bæta við Stokkhólmsskjalið um þetta efni frá 1986. Markmiðið er að ná samkomulagi um nýjar aðgerðir til að draga úr hættunni á hernaðarátökum í Evrópu, en næsta CSCE-framhaldsráðstefna, sú fjórða í röðinni, sem ákveðið er að hefjist 24. mars 1992 í Helsinki, skal meta árangur þessara viðræðna.

Nýju CSBM-viðræðurnar hafa staðið með hléum síðan 9. mars 1989 í Vínarborg. Í ársbyrjun breyttust þær um þriggja vikna skeið í málþing helstu herráðsforingja aðildarríkjanna.

Fjölmargar tillögur hafa verið lagðar fram, flestar af Vesturlöndum í Atlantshafsbandalaginu, til styrktar ákvæðum Stokkhólmsskjalsins, sem og um nýjar ráðstafanir til viðbótar því. Tillögur sextán ríkjanna í Atlantshafsbandalaginu liggja í raun til grundvallar umræðunum, þar sem tillögur hlutlausu og óháðu ríkjanna (samtals tólf) byggja að nokkru á þeim, en Varsjárbandalagsríkin sex komu ekki fram með eins heildstæðar tillögur. Raunar hafa hin síðarnefndu aldrei öll flutt formlegar tillögur sameiginlega, heldur einungis nokkur þeirra, tvö til fimm hverju sinni. Nýmæli í þeim beinast helst að auknum tvíhliða samskiptum grannríkja á CSBM-sviðinu.

Tillögur Atlantshafsbandalagsins ná nú til átján sérstakra ráðstafana og fjalla þær m.a. um eflingu Stokkhólmsskjalsins, fyllri upplýsingar um starfsemi landherja og stjórnskipulag, tilkynningar og eftirlit með heræfingum, gagnkvæmar heimsóknir og aukin samskipti herforingja, nýjar aðgerðir til að efla gagnkvæmt traust, eins og t.d. upplýsingaskyldu um fjárlög og hernaðarútgjöld, fjarskiptakerfi til að koma upplýsingum milli allra þrjátíu og fjögurra ríkjanna, heimsóknir í flugherbækistöðvar, árlega fundi til að vega og meta framkvæmd CSBM-samþykktanna og loks skyldubundnar milliríkjaviðræður og skýringar á alþjóðavettvangi, vegna óvanalegra athafna á hernaðarsviðinu.

Lítið sem ekkert raunverulegt samkomulag hefur enn náðst í yfirstandandi viðræðum, þótt iðulega sé talað um knýjandi þörf á að ná saman endum og blaðfesta, ef leggja á nýjar samþykktir fyrir ríkisoddvitafund CSCE-ríkjanna í París. Sitja Sovétmenn enn fastir við sinn keip: allar traustvekjandi aðgerðir verða að ná til flug- og sjóherja. Telja þeir að starfsemi flug- og sjóherja verði jafnan að teljast með í öllum nýjum samþykktum, t.d. hvað varðar reglulegar tilkynningar um heræfingar og staðbundið eftirlit með þeim, að traustvekjandi aðgerðir verði, með öðrum orðum, að ná til allra greina hernaðar „á landi, í lofti og á legi". Snúast því viðræðurnar í hring, þar sem flest vestræn ríki vísa tillögum Sovétmanna þessa efnis á bug, enda stangast þær á við erindisbréf viðræðnanna frá 9. september 1983, sem loks fékkst samþykkt í Madrid og liggur til grundvallar viðræðunum.

Eins og horfir er óvíst hvort takast megi næstu vikurnar að vinna úr framkomnum

tillögum og setja saman efnislegt CSBM-skjal, sem leggja megi ásamt CFE-samningi fyrir ríkisoddvitafundinn í París. Ekki er þó útilokað að svo verði, þar sem sumar tillögurnar, eins og t.d. um fjarskiptakerfi, árlega matsnefndarfundi um CSBM í framkvæmd og reglubundnar raunkannanir á staðnum, auk upplýsingaskiptanna, gætu orðið vísir að stofnunum þeim innan CSCE-rammmans, sem rætt er um að koma eigi á fót á Parísarfundinum.

(3.2) Viðræður tuttugu og tveggja ríkja bandalaganna tveggja um hefðbundin herafla (CFE)

Markmið þessara viðræðna tuttugu og tveggja aðildarríkja hernaðarbandalaganna tveggja, Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins, samkvæmt erindisbréfi frá 10. janúar 1989, er að auka stöðugleika og jafnvægi á sviði hefðbundins herafla í Evrópu frá Atlantshafi til Úralfjalla, eyða misvægi, sem hefur neikvæð áhrif í öryggismálum og sérstaklega að taka fyrir vopnabúnað, sem hentar til að gera skyndiárásir eða hefja víðtækar sóknaraðgerðir.

Viðræðufundir hafa staðið síðan 9. mars 1989 og eru útlínur samningsins orðnar nokkuð skýrar samkvæmt framkomnum tillögum bæði úr vestri og austri, en lítið hefur þó miðað enn í tilraunum til að koma föstu orðalagi samningsákvæða á blað, að undanskildum allra einföldustu ákvæðunum, sem enginn ágreiningur er um. Í því efni er fylgt alkunnri reglu úr fyrri fjölþjóðaviðræðum: ekkert einstakt atriði er samþykkt fyrr en öll hafa verið samþykkt í heild.

Auk mannafla, þ.e. takmarkana á hermannafjölda, er rætt um að undir samninginn falli fimm flokkar vopnabúnaðar: skriðdrekar, brynvarin farartæki til liðsflutninga, stórskotaliðsbyssur, herflugvélar og árásarþyrlur. Skilgreina þarf hergagnaflokkana nákvæmlega og setja magntakmarkanir eftir svæðum (miðja álfunnar, baksvæðin og vængirnir í suðri og norðri).

Einnig verða í samningnum ýmis ákvæði um framkvæmdaratriði – talningarreglur, geymslu vopna og flutning milli svæða, hvernig eyðileggja á þau hergögn, sem fjarlægja ber, upplýsingaskipti og síðast en ekki síst raunhæft eftirlit með framkvæmd samningsins, svo tryggt sé að ekki verði svikist undan eða gengið fram hjá ákvæðum hans.

Fleiri greinar og bókanir verða enn fremur settar í samninginn varðandi endurskoðun, samskipti milli aðila, framhaldsviðræður, fullgildingu og gildistöku. Áætlað hefur verið, að textinn, samningur og viðaukar, verði nærri fjögur hundruð síður.

Skilgreiningarvinnan hefur gengið mjög hægt og er aðeins komið bráðabirgðasamkomulag um stórskotaliðsbyssur. Eftir utanríkisráðherrafund CSCE-ríkjanna í New York í byrjun október sl., virðist samkomulag í nánd um skriðdreka og brynvarin flutningatæki og hámarksfjölda þeirra. Einnig hefur nokkuð dregið saman varðandi skilgreiningu á bardagaþyrlum, en herflugvélar, bæði skilgreining þeirra og fjöldi, hafa stöðugt valdið ágreiningi. Vilja Sovétmenn setja mjög há takmörk — og þannig halda í mun fleiri herflugvélar en til eru vestan megin — og undanskilja með öllu margs konar vélar, sem auðveldlega má nota til árása, t.d. æfinga- eða kennsluvélar. Einnig vilja Sovétmenn undanskilja árásarvélar, stórar bardagaþotur, sem annars eru meðtaldar í samningnum, sem þeir segja tilheyra sovéska sjóhernum, en samkvæmt erindisbréfinu er sjóher undanskilinn í CFE-viðræðunum.

Mannafli hefur verið annar helsti ásteytingarsteinninn. Samkomulag varð í febrúar sl. í Ottawa um lækkunartillögur Bandaríkjaforseta hvað varðar herdeildir staðsettar erlendis: hvoru risaveldinu um sig væri heimilt að hafa 195.000 manna liðsafla í miðri álfunni, en Bandaríkjamenn gætu þar fyrir utan staðsett 30.000 manna lið í öðrum Evrópuríkjum. Af hálfu vestrænna ríkja var því stöðugt haldið fram, að þetta væru einu hámarksákvæðin um mannafla, sem færu inn í fyrsta CFE-samninginn, en Sovétmenn báru fram tillögur um heildarhámark herafla hvors bandalags, sem yrði 700–750.000 um miðbik álfunnar. Tengdust þessar tillögur um allsherjarhámark áhyggjum þeirra vegna sameiningar Þýskalands. Leystist

málið með samkomulagi Kohl, kanslara, og Gorbatsjovs, forseta Sovétríkjanna, í Stavropol í júlí sl., um hámarksfjölda í þýska land- og flughernum eftir sameiningu Þýskalands og brottflutning sovéskra hersveita á næstu þrem til fjórum árum. Samkomulag þetta varð liður í heildarsamkomulagi fjórveldanna, sigurvegaranna í síðustu heimsstyrjöld, um skipan utanríkismála sameinaðs Þýskalands, staðfestingu austurlandamæranna og áframhaldandi veru Þýskalands í Atlantshafsbandalaginu. Að dómi Vesturlanda verða frekari samningar um fækkun herliðs á miðju meginlandinu að bíða næstu CFE-viðræðna eftir ríkisoddvitafundinn í París.

(3.3) Langdræg kjarnavopn (START) og geimvarnir (DST)

Á fundi Bush, Bandaríkjaforseta, og Gorbatsjovs, forseta Sovétríkjanna, 1. júní sl., náðist bráðabirgðasamkomulag um fækkun langdrægra kjarnavopna og jafnframt var gefin út yfirlýsing um ásetning leiðtoganna að ljúka START-samningnum á þessu ári.

Helstu atriði bráðabirgðasamkomulagsins eru þessi:

Í fyrsta lagi mega langdrægar eldflaugar á landi, í kafbátum og í sprengjuflugvélum ekki vera fleiri en sextán hundruð. Þar af mega stórar langdrægar landeldflaugar ekki vera fleiri en eitt hundrað fimmtíu og fjórar fyrir hvorn aðilann um sig.

Í öðru lagi fær hvorugur aðilinn að hafa fleiri en sex þúsund kjarnaodda á ofangreindum eldflaugum. Innan þessa talnaramma mega ekki fleiri en fjögur þúsund og níu hundruð kjarnaoddar vera á langdrægum landeldflaugum og kafbátaeldflaugum, ekki mega fleiri en fimmtán hundruð og fjörutíu kjarnaoddar vera á stórum landeldflaugum og ekki fleiri en ellefu hundruð kjarnaoddar í hreyfanlegum landeldflaugum.

Í þriðja lagi var komist að samkomulagi um að sérhver sprengjuflugvél, sem ber langdrægar stýriflaugar (ALCM), sem skjóta má úr lofti, verði talin sem ein eining undir hámarkinu sextán hundruð burðartæki og eldflaugar. Þær sprengjuflugvélar, sem bera langdrægar stýriflaugar, sem skjóta má úr lofti, verða sérstaklega aðgreindar frá öðrum sprengjuflugvélum. Bandaríkin mega ekki hafa fleiri en eitt hundrað og fimmtíu sprengjuflugvélar búnar langdrægum stýriflaugum, og Sovétríkin mega ekki fara nema sem nemur 40 af hundraði fram úr því hámarki, sem gildir fyrir Bandaríkin, þ.e. tvö hundruð og tíu sprengjuflugvélar. Við þetta má bæta að langdrægar stýriflaugar, sem skjóta má á lofti, eru flaugar sem draga lengra en 600 km.

Í bráðabirgðasamkomulaginu er einnig staðfest að stýriflaugar í hafi (SLCM) verða ekki takmarkaðar í START-samningnum, heldur mun hvor aðili um sig gefa út einhliða yfirlýsingu um stefnu sína varðandi stýriflaugar á hafi búnar kjarnaoddum og jafnframt gefa út árlega yfirlýsingu um fyrirhugaðan fjölda langdrægra stýriflauga á hafi, sem búnar eru kjarnaoddum. Þessar yfirlýsingar verða pólitískt bindandi. Til frekari skýringa má geta þess að í hinum árlegu yfirlýsingum um hámarksfjölda kjarnastýriflauga í hafi fyrir hvert þeirra fimm ára, sem áætlað er að samningurinn gildi, verður tekið fram að yfirlýstur fjöldi fari ekki yfir átta hundruð stýriflaugar.

Í bráðabirgðasamkomulagi leiðtoganna er gert ráð fyrir að fækkun kjarnaflauganna fari fram í þremur áföngum á sjö árum. Einnig gera leiðtogarnir ráð fyrir að þegar að loknum START-samningi verði hafist handa við að semja um frekari fækkun á kjarnavopnum, en gert er ráð fyrir að START-samningurinn taki til fimmtán ára nema til komi nýtt samkomulag á tímabilinu. Verði ekki gert nýtt samkomulag, er hugsanlegt að samningurinn verði framlengdur um fimm ár í senn.

Ljóst er, að stór vandamál eru óleyst áður en START-samkomulag verður að veruleika. Má í því sambandi nefna skorður við tilraunum með nýja SS-18 eldflaug Sovétmanna, en þessi tegund eldflauga er í raun eina risakjarnaflaugin, sem eftir verður. Annað vandamál er að ekki hefur tekist að fá „Backfire"-sprengjuflugvélar Sovétríkjanna taldar með. Stöðugt er

unnið að því í Genf að útfæra bráðabirgðasamkomulag leiðtoganna nánar og koma START-samningi í endanlegt horf. Ekkert hefur miðað í viðræðunum um geimvarnir og virðist sem þeim hafi verið ýtt til hliðar meðan reynt er að uppfylla óskir leiðtoga stórveldanna um að START-samkomulag verði undirritað fyrir árslok.

(3.4) Efnavopn

Á Washington-fundi leiðtoga risaveldanna í júní sl. náðist tvíhliða samkomulag Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um að eyða efnavopnabirgðum sínum í áföngum. Eyðing þessara vopnabirgða mun hefjast 1992, jafnskjótt og hægt verður að framkvæma hana án þess að það valdi umhverfisspjöllum. Vopnabirgðunum verður eytt í þremur áföngum. Helmingi birgða verður eytt fyrir árslok 1999. Árið 2002 mega ríkin aðeins hafa birgðir sem nema fimm þúsund tonnum, sem er um það bil 20 af hundraði af núverandi birgðum Bandaríkjanna. Afgangnum verður síðan eytt eftir undirritun samnings um allsherjarbann gegn efnavopnum og eyðingunni lokið eftir gildistöku þess samnings.

Samkomulagið felur jafnframt í sér að bæði ríkin hætta að framleiða efnavopn um leið og það tekur gildi, þannig að ekki þarf að bíða eftir samningi um allsherjarbann við efnavopnum. Gert er ráð fyrir rétti til að framkvæma vettvangseftirlit með eyðingu efnavopnanna. Einnig er gert ráð fyrir árlegum upplýsingaskiptum um fyrirliggjandi magn efnavopna til þess að hægt sé að fylgjast með framkvæmd eyðingarinnar. Loks munu bæði ríkin vinna að því í sameiningu að þróa og nota öruggar aðferðir til þess að eyða þessum vopnum.

Hinu tvíhliða samkomulagi er einnig ætlað að hvetja til þess að samningar takist hið fyrsta um allsherjarbann á afvopnunarráðstefnunni í Genf, en allir virðast sammála um að besta lausnin til að hindra notkun og útbreiðslu efnavopna sé allsherjarbann, sem auðvelt sé að sannprófa. Þær vonir, sem bundnar hafa verið við skjótan árangur á afvopnunarráðstefnunni í Genf, hafa því miður ekki ræst sem skyldi. Meginvandamálið í þessum samningum er framkvæmd raunhæfs eftirlits með efndum samningsins. Telja þau ríki, sem lengst vilja ganga, að eftirlitsferðir með skömmum fyrirvara kunni að vera raunhæfasta aðferðin. Frakkland hefur nú boðist til að halda annan ráðherrafund í París í janúar 1991, en sem kunnugt er var slíkur ráðherrafundur haldinn í París í janúarmánuði 1989. Hugmyndinni hefur verið fálega tekið til þessa.

Annað atriði, sem veldur áhyggjum, er aðild að samningnum, en mestu máli skiptir að sem flest ríki heims undirriti samninginn. Um þessar mundir eru fjörutíu ríki fullgildir þátttakendur í afvopnunarráðstefnunni í Genf, en þrjátíu og fimm ríki hafa áheyrnaraðild.

(3.5) Fjórða endurskoðunarráðstefna samningsins um að dreifa ekki kjarnavopnum (NPT) í Genf 20. ágúst – 15. september 1990

Viðræður um samning um bann við útbreiðslu kjarnavopna hófust árið 1965 í átján ríkja afvopnunarnefnd Sameinuðu þjóðanna, sem var forveri núverandi afvopnunarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Genf. Í júní 1968 samþykkti allsherjarþingið drög að samningi um bann við útbreiðslu kjarnavopna (NPT) og tók hann gildi 5. mars 1970. Í lok júní 1989 hafði eitt hundrað fjörutíu og eitt ríki gerst aðili að samningnum.

NPT-samningurinn er sem fyrr mikilvægasti fjölhliða samningurinn um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, sem gerður hefur verið. Síðan hann öðlaðist gildi hefur ekkert aðildarríki hans, sem ekki hafði kjarnavopn fyrir, aflað sér þeirra. Kína og Frakkland, sem bæði ráða yfir kjarnavopnum, hafa ekki undirritað samninginn. Kínverjar hafa hins vegar lýst því yfir að Kína muni aldrei stuðla að útbreiðslu kjarnavopna né hjálpa öðrum ríkjum að smíða slík vopn. Frakkland lýsti því yfir árið 1968 að þrátt fyrir að það hefði ekki skrifað undir samninginn, færi það að ákvæðum hans.

Þrjár endurskoðunarráðstefnur hafa verið haldnar í Genf, árin 1975, 1980 og 1985.

Fjórðu endurskoðunarráðstefnunni lauk 15. september sl., einnig í Genf. Þátttakendur í ráðstefnunni voru á einu máli um að hún hefði skilað margvíslegum árangri, t.d. nákvæmu almennu endurmati á samningnum, samkomulagi um nýtt orðalag varðandi öryggisskuldbindingar af hálfu kjarnaveldanna, samkomulagi um tillögur um frekari alþjóðlega samvinnu varðandi friðsamlega notkun kjarnorku og aðgerðir gegn frekari útbreiðslu kjarnavopna. Sérstaka þýðingu hefur samkomulag um strangari kröfur til öryggiseftirlits sem skilyrði fyrir sölu á geislavirkum efnum, kjarnorkubúnaði og tækni. Ákvörðun um að fara þess á leit við Alþjóðakjarnorkumálastofnunina (IAEA) að hún kannaði nýjar aðferðir í öryggiseftirliti (t.d. skyndieftirlit) var talin lofa góðu. Loks má nefna að í fyrsta skipti tókst að ná samstöðu um orðalag varðandi nauðsyn þess að komið yrði á fót útflutningseftirliti með efnum, sem nota mætti til smíði kjarnavopna. Ekki tókst hins vegar að ná samkomulagi um lokayfirlýsingu á ráðstefnunni.

Afstaða Mexíkó, með stuðningi nokkurra hlutlausra ríkja, þar á meðal Írans og Indónesíu, hafði veruleg áhrif á niðurstöðu ráðstefnunnar. Virtust þessi ríki ekki hafa áhuga á að ná samkomulagi um lokaskjal, þar sem þeim tókst ekki að skuldbinda þátttökuríki til að semja um almennt bann við kjarnavopnatilraunum fyrir 1995, en þá verða teknar ákvarðanir um framtíð NPT. Með því að tengja tilraunabann við framlengingu NPT með þessum hætti, hefur tekist að beina meiri athygli að umræðum um almennt tilraunabann á næstu árum. Þetta hefur í för með sér enn frekari þrýsting á kjarnaveldin.

(3.6) Meðaldræg kjarnavopn (INF) og skammdræg kjarnavopn (SNF)

Framkvæmd samningsins um útrýmingu meðaldrægra kjarnaflauga á landi frá 1987 gengur samkvæmt áætlun. Í júní sl. höfðu Sovétríkin eytt sextán hundruð fjörutíu og sex eldflaugum af þeim átján hundruð fjörutíu og sex eldflaugum, sem þeim ber að eyða. Bandaríkin höfðu á sama tíma eytt fimm hundruð þrjátíu og tveimur eldflaugum af þeim átta hundruð fjörutíu og sex eldflaugum, sem þeim ber að eyða. Eldflaugum þeim, sem eftir eru, verður útrýmt ekki síðar en í júní 1991.

Í yfirlýsingu ríkisoddvitafundar Atlantshafsbandalagsins 6. júlí sl. (20. gr.) var lögð áhersla á nauðsyn þess að hefja þegar samráð vegna væntanlegra samningaviðræðna um skammdræg kjarnavopn (SNF), en gert er ráð fyrir að þær hefjist þegar CFE-samningurinn hefur verið undirritaður. Þegar hefur verið haldinn fyrsti fundur sérstakrar ráðgjafanefndar, sem hefur það hlutverk að móta samningsafstöðu með hliðsjón af yfirlýsingu ríkisoddvitafundarins, sem kveður á um fækkun skammdrægra kjarnavopna.

(3.7) Takmörkun vígbúnaðar og traustvekjandi aðgerðir á höfunum

Vígbúnaður á höfunum er hið eina meginsvið vígbúnaðar, sem ekki er á dagskrá sem slíkt í samningaviðræðum um takmörkun vígbúnaðar. Atlantshafsbandalagið hefur samþykkt að hefja samningaviðræður um skammdræg kjarnavopn við Sovétríkin. Væntanlegur START-samningur mun hafa í för með sér verulega fækkun langdrægra kjarnavopna í kafbátum. Einnig hafa Bandaríkjamenn fækkað kjarnavopnum í höfunum einhliða.

Það leiðir af landfræðilegri legu landsins að það er Íslendingum hagsmunamál, að takmörkun vígbúnaðar og traustvekjandi aðgerðir á höfunum verði liður í samningaviðræðum. Hafsvæðið umhverfis landið hefur lengi verið einhver mikilvægasti vettvangur flotaumsvifa í veröldinni og kjarnorkuvæðing þess á sér vart hliðstæðu annars staðar.

Á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, í tvíhliða viðræðum, á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og á ráðstefnum hafa Íslendingar fært rök fyrir því, að samningaviðræður nái einnig til hafsvæða. Utanríkisráðuneytið hafði frumkvæði að og studdi ráðstefnu um takmörkun vígbúnaðar og traustvekjandi aðgerðir á norðurhöfum, sem Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og bandarísk rannsóknastofnun stóðu að hér á landi í ágúst sl.

Af hálfu Íslendinga hefur m.a. verið bent á að taki viðræður um takmörkun vígbúnaðar ekki til vígbúnaðar á höfunum geti það haft þær afleiðingar að misvægi myndaðist milli einstakra svæða í Evrópu, hvað öryggi varðar. Auk þessa beri að hafa í huga að verði höfin ekki tekin inn í viðræður geti það undir vissum kringumstæðum leitt til aukins vígbúnaðar á höfunum. Frá hernaðarlegu sjónarmiði eru náin tengsl milli lands og hafs, en það felur í sér að standi sjóherir utan samningaviðræðna er hætta á að farið verði í kringum samninga um land- og flugheri og kjarnavopn, með því að auka vígbúnað á höfunum. Af þessu leiðir að samningar um takmörkun vígbúnaðar í Evrópu verða ekki heilstæðir nema þeir taki einnig til sjóherja.

Innan Atlantshafsbandalagsins hefur umræðan um takmörkun vígbúnaðar og traustvekjandi aðgerðir á höfunum enn ekki verið leidd til lykta. Atlantshafsbandalagið hefur hvorki samþykkt að taka upp slíkar viðræður né hafnað því endanlega. Á ríkisoddvitafundi í London í júlí sl. var samþykkt, að bandalagið héldi áfram að kanna möguleika á takmörkun vígbúnaðar og traustvekjandi aðgerðum á fleiri sviðum. Íslensk stjórnvöld munu leggja áherslu á að slíkar kannanir taki til vígbúnaðar á höfunum, enda er það eina meginsvið hernaðarumsvifa, sem enn er undanskilið.

Íslendingar eru ekki einir bandalagsríkja um þá afstöðu að nauðsynlegt sé að taka höfin inn í samningaviðræður, þegar afvopnunarsamningar um hefðbundin vopn hafa náðst. Ljóst er hins vegar að á þessu stigi málsins eiga traustvekjandi aðgerðir á höfunum heldur meiri hljómgrunn en takmörkun vígbúnaðar. Allflest þeirra ríkja, sem eru því hlynnt að taka höfin inn í samningaviðræður, telja raunhæfara að byrja fremur á traustvekjandi aðgerðum en samningum um niðurskurð vígbúnaðar á höfunum.

Formlegar samningaviðræður um traustvekjandi aðgerðir á höfunum útheimta nýtt erindisbréf. Núverandi erindisbréf, sem samþykkt var í Madrid 1983, sníður traustvekjandi aðgerðum þröngan stakk, þar sem einungis starfsemi sjóherja, sem beinlínis tengist tilkynningarskyldum æfingum á landi, eru viðfangsefni samningaviðræðna.

Nýtt og breytt erindisbréf verður væntanlega eitt aðalverkefni endurskoðunarráðstefnu aðildarríkja CSCE, sem fram fer í Helsinki á fyrra helmingi ársins 1992. Það er viðtekin skoðun að málefni sjóherja verði ofarlega á blaði á ráðstefnunni. Fram að þeim tíma er nauðsynlegt að Atlantshafsbandalagið nái að móta samræmda stefnu í málinu.

Hagsmunir Íslendinga lúta ekki einungis að öryggi hafsvæða, séð frá hernaðarlegu sjónarmiði, heldur einnig að verndun hafsins fyrir geislavirkum efnum, ekki síst hvað varðar slysahættu vegna kjarnakljúfa í skipum og kafbátum. Þrjú slys sovéskra kjarnorkukafbáta í norðurhöfum á árinu 1989 eru til vitnis um mögulegar hættur frá kjarnakljúfum í höfunum fyrir lífríki sjávar. Sem betur fer hafa slík slys enn sem komið er ekki haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir lífsbjörg Íslendinga, en ljóst er að sú hætta vofir stöðugt yfir. Jafnvel grunur um að sjávarafurðir væru mengaðar af völdum geislavirkni gæti haft alvarleg áhrif á markaði erlendis. Nútímamarkaður er í vaxandi mæli viðkvæmur fyrir grun um mengun og eiga Íslendingar ekki annarra kosta völ en að taka tillit til þess.

Á síðastliðnu ári lögðu Íslendingar til á vettvangi Sameinuðu þjóðanna að Alþjóðakjarnorkumálastofnunin (IAEA) gæfi út leiðbeinandi reglur um öryggi kjarnakljúfa í hafi. Slíkar reglur hafa verið gefnar út af Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO) fyrir kjarnorkuknúin farskip, en einungis fáeinir þeirra fimm hundruð sjötíu og níu kjarnakljúfa sem eru í skipum, eru í farskipum. Langflestir eru í herskipum og kafbátum. Samstarf tókst milli Norðurlandanna um málið og var það lagt fram á aðalfundi Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar í september sl. Ljóst var í upphafi að gera mátti ráð fyrir allmikilli andstöðu við að reglur næðu til herskipa, enda varð sú raunin. Niðurstaðan varð sú að samþykkt var ályktun, sem nær þó eingöngu til farskipa. Árangurinn sem náðist í þessum áfanga ber því fyrst og fremst að meta í ljósi þess, að málið er komið á dagskrá hjá Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni.

Að óbreyttu getur reynst erfitt að þoka málinu fram í undirstofnunum Sameinuðu

þjóðanna, ekki síst í ljósi þess að þeim er ætlað að beina athyglinni að notkun kjarnorku í friðsamlegum tilgangi. Þess vegna er nauðsynlegt að taka málið upp á vettvangi allsherjarþingsins. Innan utanríkisráðuneytisins er nú unnið að undirbúningi tillögugerðar á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna þess efnis, að sérfræðingum á vegum samtakanna verði falið að kanna þær hættur, sem umhverfi sjávar kynni að stafa af slysum í tengslum við kjarnakljúfa í sjó.

IV Alþjóðastofnanir

(1) Sameinuðu þjóðirnar og ýmsir þættir í starfsemi þeirra

Ágúst síðastliðinn var einn merkasti mánuðurinn í fjörutíu og fimm ára sögu Sameinuðu þjóðanna. Þá var sem samtökin vöknuðu af löngum dvala, og þau tókust af myndarskap á við tvö ófriðarmál, við Persaflóa og í Kambódíu.

Í mesta ófriði veraldarsögunnar, annarri heimsstyrjöldinni, var það framtíðardraumur sigurvegaranna, að nýtt þjóðabandalag, hinar Sameinuðu þjóðir, skyldi tryggja friðinn. Aðildarríki áttu að sameinast gegn hverjum þeim, sem réðist á annað ríki, og hrinda árásinni. Til þessa var öryggisráðið sniðið, en þar sitja nú fimmtán ríki, þar af fimm með fast sæti og neitunarvald.

Svo fór alla tíð kalda stríðsins, að risaveldin takmörkuðu svigrúm Sameinuðu þjóðanna, ekki síst á sviði vígbúnaðarmála. Í minni deilum og ófriði voru risaveldin ávallt á öndverðum meiði og komu í veg fyrir aðgerðir með neitunarvaldi.

Nú er kalda stríðinu lokið og friður milli gamalla fjandmanna í Evrópu. Hin nýja tíð var þó aðeins dagsbrún, þegar stríð braust út við Persaflóa. Innrás Íraka í Kúvæt kom sem reiðarslag. Öryggisráðið var þegar kallað saman og gerði á næturfundi sögulega ályktun, þar sem innrásin var fordæmd og þess krafist, að Írak hyrfi frá Kúvæt. Þetta samþykktu þrettán af fimmtán ríkjum ráðsins, þar með talin öll stórveldin, sem hafa neitunarvald. Síðan samþykkti ráðið efnahagslegar þvinganir gegn Írak, sem framfylgja mætti með valdi, ef þörf krefði.

Fljótlega kom í ljós, að yfirgnæfandi meiri hluti hinna Sameinuðu þjóða studdi öryggisráðið. Bandaríkjamenn sendu mikinn herafla til Saudi-Arabíu og annarra ríkja við Persaflóa. Fjölmargar aðrar þjóðir, þar á meðal Íslendingar, veittu stuðning með því að senda her eða herskip og veita fjárhagslega eða aðra aðstoð.

(1.1) Fertugasta og fimmta allsherjarþingið

Allsherjarþingið hófst við þær aðstæður, sem að ofan er lýst, hinn 18. september sl. Voru líkur á að þingið yrði sögulegt og ólíkt fyrri allsherjarþingum, því vegur Sameinuðu þjóðanna þótti ekki hafa verið meiri í aðra tíð.

Hinir miklu viðburðir í Evrópu hafa gerbreytt eðli átaka og vandamála Sameinuðu þjóðanna. Í fjörutíu og fimm ár hefur hætta á kjarnorkuófriði verið efst á baugi. Vandi næstu framtíðar verður hins vegar milli norðurs og suðurs. Valdajafnvægi og friður í Austurlöndum nær er eitt þeirra erfiðustu mála, sem við Sameinuðu þjóðunum blasa, en í fjárhagsmálum, þróunarmálum, umhverfismálum og mannréttindum munu standa hvorir gegn öðrum, hinn norðlægi hópur ríkra iðnríkja og hinn suðlægi hópur fátækra þróunarríkja.

Fyrr á árinu höfðu verið haldin tvö aukaallsherjarþing hinna Sameinuðu þjóða til að fjalla um veigamikil mál. Hið fyrra stóð yfir 20.–23. febrúar og fjallaði um eiturlyfjamálið, sem er orðið alþjóðlegur vandi. Var frá því skýrt í síðustu skýrslu til Alþingis.

(1.2) Allsherjarþing um efnahagsþróun

Aukaallsherjarþing, hið átjánda í röðinni, var haldið 23. apríl – 1. maí sl. til að fjalla um framvindu efnahagsmála, en í raun fjallaði það um þróunarmál. Fátæku ríkin eru í meiri hluta á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Hafa þau miklar áhyggjur af því hve seint baráttan við fátæktina sækist. Finnst fátæku ríkjunum þau hafa misst af heilum áratug, 1980–89, þegar mikil velmegun ríkti í iðnríkjunum, en hin fátæku fóru varhluta af og

söfnuðu skuldum. Nú síðast óttast þau að fjárhagsaðstoð muni streyma til Austur-Evrópu á kostnað annarra heimshluta. Mikið var talað, en minna um raunhæf úrræði.

Málefni snauðustu þjóðanna hafa enn verið í brennidepli. Þær vilja að vísu ekki kenna sig við fátæktina, en kjósa að kalla sig hin „minnst þróuðu ríki". Þessi flokkun varð til á allsherjarþinginu 1971 og löndin þá talin tuttugu og fjögur, en eru nú talin fjörutíu og tvö. Árið 1981 var haldin sérstök ráðstefna um mál minnst þróuðu ríkjanna, og var samþykkt veigamikil ný athafnaáætlun fyrir áratuginn. Svo fór að kjör hinna fátækustu versnuðu á þessum árum mikillar velmegunar í öðrum hlutum heims. Þjóðartekjur fátæku landanna á mann á ári lækkuðu úr 220 í 200 Bandaríkjadali að meðaltali, en eru nærri 20.000 Bandaríkjadölum hjá Íslendingum.

Allsherjarþingið ákvað 1987 að boða til annarrar ráðstefnu um málefni fátækustu ríkjanna, og fór hún fram í París í sumar. Þrátt fyrir að samúð með þessum þjóðum sé rík, var fátt um fína drætti á ráðstefnunni og er engra kraftaverka von. Ríki geta sótt um að teljast til minnst þróuðu ríkjanna og fá við það nokkur hlunnindi við skiptingu á þróunarfé. Eftirfarandi ríki eru nú talin hin fátækustu: Afghanistan, Bangladesh, Benín, Bútan, Botsvana, Búrkina Faso, Búrúndi, Grænhöfðaeyjar, Mið-Afríkulýðveldið, Chad, Comoros, Djíbútí, Miðbaugs-Gínea, Eþíópía, Gambía, Gínea-Bissau, Haiti, Kíribati, Laos, Lesótó, Malavi, Malí, Maldíveyjar, Máritanía, Mósambik, Myanmar, Nepal, Níger, Rúanda, Samóa, Saó Tóme og Prinsipe, Sierra Leone, Sómalía, Súdan, Tanzanía, Tógó, Túvalu, Úganda, Vanúatu og Jemen, en Líbería hefur sótt um að komast í þennan hóp.

(1.3) Ríkisoddvitafundur Barnahjálparinnar (UNICEF)

Ríkisoddvitafundur Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) var haldinn í New York 30. september sl. og tóku sjötíu og tveir þjóðhöfðingjar og forsætisráðherrar þátt í honum. Forsætisráðherra sótti fundinn af Íslands hálfu. Í lok fundarins undirrituðu ríkisoddvitarnir yfirlýsingu um uppvöxt barna og verndun og framkvæmdaáætlun, þar sem þeir skuldbundu sig til að leggja fram fé til að standa við yfirlýsinguna, sjá fskj. III. Samþykkt var að stofnanir Sameinuðu þjóðanna skyldu fylgjast með framkvæmd málsins. Þess var óskað að aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna gerði úttekt á árangri í kjölfar yfirlýsingarinnar árið 1995.

Ríkisoddvitafundurinn, sem er stærsti leiðtogafundur, sem haldinn hefur verið, ræddi m.a. um hungur, fátækt, heimilisleysi, sjúkdóma, misnotkun og ólæsi barna. Einnig var rætt um fjölskylduáætlanir og ábyrgð foreldra gagnvart börnum sínum. Um öll þessi atriði er fjallað í samningnum um réttindi barna, sem Ísland undirritaði þegar hann var lagður fram til undirritunar 26. janúar 1990. Nú hafa eitt hundrað tuttugu og átta ríki undirritað samninginn og fjörutíu og níu ríki fullgilt hann.

(1.4) Umhverfismál

Umhverfismálin komust í fastan farveg á síðasta allsherjarþingi. Stendur nú sem hæst undirbúningur vegna hinnar miklu ráðstefnu, sem halda á í Brasilíu 1992. Sameinuðu þjóðirnar vinna að sameiningu mannkyns í baráttunni við að bjarga lífi á jörðinni. Fátæku þróunarríkin líta hins vegar svo á, að ríki heimurinn sé með þessu að leggja fjötra stóraukins kostnaðar á nýjar atvinnugreinar þriðja heimsins, og gera stórfelldar kröfur til fjárframlaga.

Undirbúningur ráðstefnunnar gengur þó bærilega, og er vonast til að hún muni hafa stórfelld áhrif, eins og fyrri ráðstefnan um umhverfi mannsins, sem haldin var í Stokkhólmi. Hefur þó mikið vatn runnið til sjávar í þessum efnum síðan þingað var í Stokkhólmi. Nú segjast allir vera umhverfissinnar, en róðurinn þyngist, þegar aðgerðir til bjargar andrúmslofti, verðurfari, skógum eða öðrum náttúrugæðum hafa í för með sér kostnað.

Í ræðu sinni á fertugasta og fjórða allsherjarþinginu lagði utanríkisráðherra til að gerður

yrði sérstakur sáttmáli þjóða heims um umhverfisvernd, þar sem kveðið yrði á um réttindi og skyldur ríkja, sem giltu almennt um öll svið umhverfisverndar. Í framhaldi af því fengu Íslendingar því framgengt að í ályktunartillögunni um ráðstefnuna um umhverfi og þróun í Brasilíu árið 1992 er kveðið á um að eitt af markmiðum ráðstefnunnar verði að kanna möguleika á setningu reglna um almenn réttindi og skyldur ríkja á sviði umhverfismála.

Í skýrslu sinni til fertugasta og fimmta allsherjarþingsins segir aðalframkvæmdstjóri Sameinuðu þjóðanna: „Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna segir fyrir um sambúð ríkja. Mannréttindayfirlýsingin fjallar um sambúð ríkis og einstaklinga. Tími er kominn til að gerður verði sáttmáli um sambúð mannkyns við náttúruna."

Umhverfisráðstefnan í Brasilíu 1992 mun einkum miða að því að gengið verði frá formlegum sáttmálum í tengslum við breytingar loftslags og verndun lífríkis.

(1.5) Alþjóðakjarnorkumálastofnunin (IAEA)

Aðalfundur Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar (IAEA), hinn þrítugasti og fjórði í röðinni, var haldinn í Vínarborg 17.–21. september 1990.

Á fundinum var m.a. rætt um öryggi kjarnorkuvera í Mið- og Austur-Evrópu, geislunaráhrif frá Chernobyl og aðgerðir til að styrkja alþjóðasamvinnu um öryggi kjarnorku og geislavarnir.

Notkun kjarnorku í Mið- og Austur-Evrópu, þar á meðal í Sovétríkjunum, hefur farið vaxandi. Ólíkt því, sem gerist á Vesturlöndum, hefur ekki verið mikil almenn umræða um notkun kjarnorku og öryggi kjarnorkuvera í ríkjum þessum. Þetta hefur breyst, fyrst og fremst við hið alvarlega kjarnorkuslys í Chernobyl, en einnig vegna hins breytta stjórnmálaástands. Þetta hefur leitt til mikillar umræðu um öryggi kjarnorkuvera í þessum löndum. Leitað hefur verið til stofnunarinnar um aðstoð við könnun á öryggi og um ráðgjöf um endurbætur á kjarnaofnum. Stofnunin hefur m.a. komið á fót alþjóðlegri nefnd sérfræðinga til að athuga þá gerð kjarnaofna, sem verða notaðir í kjarnorkuverum í Sovétríkjunum og víðar í Mið- og Austur-Evrópu í framtíðinni. Tilgangur nefndarinnar er að finna hugsanlegar veilur í þessari gerð kjarnaofna og fylgjast með endurbótum á þeim.

Umfangsmiklar alþjóðlegar rannsóknir á geislavirkni eru hafnar á svæðum, sem urðu fyrir áhrifum frá kjarnorkuslysinu í Chernobyl. Fjölmargir sérfræðingar í geislavörnum, læknisfræði og landbúnaði hafa heimsótt svæðin, þar sem geislavirkni er enn mikil. Mæld hefur verið geislavirkni innan húss og utan, loft,- jarðvegs-, gras- og matarsýni hafa verið tekin og mæld til að staðfesta mælingar Sovétmanna. Enn fremur hefur geislavirkni í 10.000 einstaklingum verið mæld með tæki, sem Frakkar létu í té.

Á aðalfundinum var undirritað samkomulag milli IAEA annars vegar og Sovétríkjanna hins vegar um alþjóðlegar rannsóknir á afleiðingum kjarnorkuslyssins í Chernobyl-kjarnorkuverinu árið 1986. Ætlunin er að gefa út skýrslu um geislunarafleiðingar slyssins hliðstæða þeirri skýrslu um tæknilegar orsakir þess, sem stofnunin gaf út 1986. Rannsóknarstarfið og samkomulagið eru góð dæmi um hlutverk og mikilvægi Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar.

Á aðalfundinum lögðu Norðurlöndin öll fram tillögu um leiðbeinandi öryggisreglur fyrir kjarnorkuknúin skip. Aðdragandi tillögunnar var ræða utanríkisráðherra á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í fyrra, þar sem hann lagði til að IAEA yrði falið að semja leiðbeinandi alþjóðareglur um öryggi kjarnaofna í skipum. Hinar Norðurlandaþjóðirnar tóku þessari hugmynd vel og vann sænska utanríkisráðuneytið ötullega að undirbúningi málsins, m.a. á endurskoðunarráðstefnu samningsins um að dreifa ekki kjarnavopnum í Genf. Bandaríkin voru andvíg því, að slík tillaga yrði lögð fram, þar sem hún beindist að kjarnorkuknúnum herskipum, og tóku önnur vestræn ríki undir það. Upphaflegu tillögunni var þá breytt og m.a. ákveðið að minnast ekki á herskip. Eftir nokkrar fleiri breytingar, sem milduðu tillöguna, var

hún samþykkt. Í tillögunni er aðalframkvæmdastjóra falið að ráðfæra sig við Alþjóðasiglingamálastofnunina (IMO) til að kanna þörf á endurskoðun á öryggisreglum um kjarnorkuknúin farskip, sem IMO samþykkti árið 1981. Þótt tillagan, sem samþykkt var, gengi ekki eins langt og vonast hafði verið til, felst í samþykkt hennar verulegur áfangi, því að reglur um öryggi kjarnorkuknúinna skipa eru nú til athugunar hjá IAEA.

(1.6) Mannréttindi

Einn mesti lærdómur hinna miklu atburða frá því haustið 1989 er að farsæl framþróun ríkja getur ekki lengur átt sér stað, nema mannréttindi séu virt. Upplýsingaöld hefur leitt til þess að jafnvel undirokaðar þjóðir þekkja hugsjónir þessar og hafa hugmynd um líf þeirra þjóða, sem njóta mannréttinda og lýðræðis.

Þrátt fyrir mikla sigra lýðræðis og mannréttinda má ekki gleyma að vart líður dagur án frétta af pyntingum, mannvígum, gíslatöku eða hvarfi manna, vopnuðum árásum á friðsama mótmælendur og kúgun andspyrnu með valdi. Langt er á milli vona og veruleika í þessum efnum og má hvergi slaka á í þeirri baráttu. Boðun mannréttinda og viðurkenning þeirra er eitt merkasta afrek Sameinuðu þjóðanna, en framkvæmd þeirra hugsjóna hefur í för með sér sleitulausa baráttu.

(1.7) Félagsmál

Á liðnu sumri fór fram í Havana á Kúbu áttunda ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um hindrun glæpa og meðferð afbrotamanna.

Eftir níu ára undirbúning gengu Sameinuðu þjóðirnar frá alþjóðlegum sáttmála gegn notkun, fjármögnun eða þjálfun málaliða. Slíkir hermenn hafa víða verið á ferðinni, meðal annars við valdarán í litlum eyríkjum.

Allsherjarþingið hefur ákveðið að 1994 skuli vera alþjóðlegt ár fjölskyldunnar, og er það viðurkenning á því, að upplausn þessarar grunneiningar mannlegs samfélags eigi sök á margvíslegum félagslegum vandamálum, sjá fskj. IV.

Málefni kvenna hafa í vaxandi mæli verið á dagskrá Sameinuðu þjóðanna, og er ákveðið að kalla saman heimsráðstefnu um konur árið 1995. Tíu ár eru liðin frá því að gerður var sáttmáli um að afnema allt misrétti gegn konum, og hafa eitt hundrað og þrjár þátttökuþjóðir staðfest sáttmálann.

Mannfjölgun er enn hrikalegt og óleyst vandamál. Íbúafjöldi jarðarinnar er nú um 3,5 milljarðar og vex á hverjum degi um 250.000. Um 90 af hundraði fjölgunarinnar verður með fátæku þjóðunum. Mikið starf er unnið til að sporna við offjölgun, en með afar misjöfnum árangri. Halda á alþjóðlega ráðstefnu um mannfjölgun 1994.

Í skýrslu sinni til núverandi allsherjarþings segir aðalframkvæmdastjóri að hugmyndir almennings um Sameinuðu þjóðirnar hafi stórbreyst síðustu tvö ár. Áður var stofnunin talin Babelsturn árangurslausra funda. Nú er hún talin miðstöð samkomulags og aðgerða, sem vinnur gegn stjórnleysi í alþjóðamálum og er besta tryggingin fyrir þjóðarétti og réttlæti.

(2) Evrópuráðið

Athygli og störf Evrópuráðsins hafa á yfirstandandi ári í auknum mæli beinst að þróun mála í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Unnið hefur verið að nánari tengslum við þessi ríki, m.a. með hliðsjón af yfirlýsingu utanríkisráðherra aðildarríkjanna frá 5. maí 1989 um framtíðarhlutverk stofnunarinnar. Með þessum hætti er unnið að því að fullnægja markmiðum Evrópuráðsins um meiri einingu meðal aðildarríkjanna með það fyrir augum að tryggja og hrinda í framkvæmd þeim hugsjónum, sem eru sameiginleg arfleifð þeirra og auðvelda efnahagslegar og félagslegar framfarir. Í því efni eru meginstefnumið Evrópuráðsins, þ.e. lýðræðislegt stjórnarform, mannréttindi og réttindi einstaklingsins, höfð að leiðarljósi.

Pólitíska þróunin í Evrópu setti mestan svip á umræður á ráðherrafundi stofnunarinnar 10. maí sl., en þar var einnig ákveðið að sérstakir fulltrúar Evrópuráðsins myndu leita eftir leyfi til þátttöku í fundum CSCE, t.d. með setu í sendinefnd einhvers aðildarríkisins, sérstaklega þeim fundum, er vörðuðu mannréttindamál. Tékkslóvakíu og Þýska alþýðulýðveldinu, sem þá var, var boðið að hafa áheyrnarfulltrúa á fundum stofnunarinnar og stuttu síðar bættist Búlgaría í hópinn. Áður höfðu Ungverjaland, Pólland, Sovétríkin og Júgóslavía hlotið sömu réttindi. Á sérstökum ráðherrafundi í Lissabon 23. og 24. mars sl., um samskiptin við ríki Mið- og Austur-Evrópu, lýstu flestir ráðherranna sig samþykka aðild Sovétríkjanna að menningarsáttmála Evrópu. Einnig hefur verið samþykkt að vinna að áætlun um aðstoð við ríki Mið- og Austur-Evrópu til að framkvæma stjórnarskrár-, laga- og stjórnunarbreytingar.

Þótt ofangreind umræða hafi verið mest áberandi innan ráðherranefndar og ráðgjafarþings Evrópuráðsins, auk hinna ýmsu undirstofnana þess, skipa hinir hefðbundnu málaflokkar, sem snerta efnahag, félagsmál, menningu, vísindi, lög, umhverfismál og stjórnmál áfram æðstan sess í störfum stofnunarinnar. Á ráðgjafarþinginu í lok september lagði Ísland fram tillögu um sameiginlegt þýðingarverkefni og tillögu um varnir gegn mengun sjávar, þar sem sérstaklega er varað við hættum vegna kjarnorkuknúinna skipa og kafbáta.

Sérstakur hátíðarfundur Evrópuráðsins verður haldinn í Róm 5. nóvember 1990, og í kjölfar hans reglubundinn ráðherrafundur 5. og 6. nóvember.

V Svæðisbundin deilumál

(1) Írak-Kúvæt

Ófriðarblikurnar halda áfram að hrannast upp fyrir botni Persaflóa. Sjaldan hafa veður verið þar jafn válynd og eftir innrás Írak í Kúvæt 2. ágúst 1990.

Spennan í samskiptum Írak og Kúvæt magnaðist jafnt og þétt sumarið 1990 eftir að Írak ásakaði Kúvæt og önnur ríki við Persaflóa fyrir að hafa lækkað olíuverð og rofið samkomulag um takmörkun á olíuframleiðslu og þar til Írak sendi 30.000 manna herlið að landamærum Kúvæt 24. júlí sl. Viðræður fulltrúa Írak og Kúvæt í Jeddah 31. júlí til 1. ágúst báru engan árangur, enda höfnuðu fulltrúar Kúvæt öllum kröfum Íraka um landafsal.

Hinn 8. ágúst var Kúvæt innlimað í Írak. Daginn eftir var landamærum landanna lokað og sendiráðum í Kúvæt skipað að leggja niður starfsemi og flytjast til Bagdad fyrir 24. ágúst. Sendiráð tuttugu og fimm ríkja virtu þá skipun að vettugi og héldu áfram starfsemi sinni. Allt frá 24. ágúst hafa hernámsyfirvöld í Írak beitt öllum brögðum til að hrekja erlenda sendierindreka frá Kúvæt, m.a. með því að loka fyrir rafmagn, vatn og síma í sendiráðum. Jafnframt hafa sum sendiráð verið umsetin skriðdrekum og hermönnum. Margir erlendir sendierindrekar hafa verið hraktir á brott, en nokkrir eru enn eftir í landinu til að gæta hagsmuna ríkisborgara sinna. Írak framdi enn fremur alvarlegt brot á alþjóðlegum skuldbindingum sínum 12.–14. september sl., þegar írakskir hermenn brutust inn í nokkur sendiráð í Kúvæt og handtóku erlenda sendierindreka og aðra erlenda ríkisborgara, sem þar dvöldu. Sumum þeirra hefur nú verið sleppt, en aðrir eru enn í haldi. Ofangreindar aðgerðir eru skýlaust brot á Vínarsamningnum um stjórnmálasamband frá 1961, sem Írak er aðili að.

Írak hefur einnig gerst brotlegt við fjórða Genfarsamninginn um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum frá 1949. Útlendingar hafa verið fluttir nauðugir frá Kúvæt til Bagdad og hinn 24. ágúst var lögð dauðarefsing við því að fela útlendinga fyrir innrásarhernum. Gíslum hefur einnig verið komið fyrir á hernaðarlega mikilvægum stöðum í Írak.

Hinn 28. ágúst var Kúvæt gert að 19. héraði Íraks, Kúvætborg gefið nafnið Kadhima og norðausturhluti Kúvæt innlimaður í Basna-héraðið í Írak. Kúvætborg er nú draugaborg eftir að innrásarherinn hefur látið greipar sópa um borgina. Efnahagslíf landsins hefur verið lagt í rúst.

Nær öll ríki heims hafa harðlega fordæmt innrás og innlimun Íraks á Kúvæt sem gróft brot á alþjóðalögum og stofnskrá Sameinuðu þjóðanna. Víðtæk samstaða hefur náðst innan öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um fordæmingu á framferði Íraks. Öryggisráðið hefur nú samþykkt eftirfarandi ályktanir um Írak-Kúvæt málið:

1. Ályktun 660 (2. ágúst 1990), þar sem innrásin er fordæmd og þess krafist að Írak dragi herlið sitt þegar í stað og skilyrðislaust frá Kúvæt.
2. Ályktun 661 (6. ágúst 1990) um viðskiptabann á Írak og Kúvæt.
3. Ályktun 662 (9. ágúst 1990), þar sem innlimun Íraks á Kúvæt er lýst ólögleg og ógild.
4. Ályktun 664 (18. ágúst 1990), þar sem þess er krafist að erlendum ríkisborgurum verði frjálst að fara frá Írak og Kúvæt og öryggi þeirra verði tryggt.
5. Ályktun 665 (25. ágúst 1990) um hafnbann á Írak.
6. Ályktun 666 (13. september 1990) um sendingu matvæla til Írak og Kúvæt í mannúðarskyni.
7. Ályktun 667 (16. september 1990) um lokun sendiráða í Kúvæt, vernd stjórnarerindreka og annarra erlendra ríkisborgara og frelsi þeirra til að yfirgefa landið.
8. Ályktun 669 (24. september 1990) um umboð nefndar þeirrar, sem sett var á laggirnar með ályktun 661 (6. ágúst 1990) um viðskiptabann á Írak og Kúvæt.

9. Ályktun 670 (25. september 1990) um flugbann á Írak og Kúvæt.
10. Ályktun 674 (29. október 1990), þar sem þess er krafist Írakar láti án tafar af gíslatöku, gripdeildum og valdbeitingu gagnvart útlendum ríkisborgurum og íbúum í Kúvæt.

Fjölmörg ríki, með Bandaríkin í broddi fylkingar, hafa nú sent fjölmennt herlið til Saudi-Arabíu og Persaflóasvæðisins til varnar gegn frekari landvinningum Íraks. Herlið þessara ríkja stendur nú grátt fyrir járnum andspænis írakska hernum. Hernaðaruppbyggingin á Persaflóasvæðinu heldur áfram og á þessari stundu eru afleiðingarnar ófyrirsjáanlegar.

Í kjölfar innrásarinnar hækkaði olíuverð verulega í heiminum. Stöðvun eða takmörkun á olíuflutningum frá Mið-Austurlöndum hafði víðtækar afleiðingar fyrir Japan og Vestur-Evrópu. Um 60 af hundraði allrar olíu Japans og um 30 af hundraði olíu Vestur-Evrópu kemur frá Mið-Austurlöndum. Aðeins helmingur þeirrar olíu sem Bandaríkin nota er innfluttur, þar af koma aðeins um 10 af hundraði frá Mið-Austurlöndum.

Írak og Kúvæt voru hvort tveggja olíuútflutningslönd og um 98 af hundraði af öllum útflutningi Íraks var olía. Hagsmunir ríkjanna voru þó ólíkir. Írak er fjölmennt ríki, vanþróað en með litla olíuframleiðslu, en Kúvæt er fámennt, þróað og með mikla olíuframleiðslu. Hagsmunir ríkjanna fóru því ekki saman varðandi olíuframleiðslu og verð.

Alvarleg afleiðing átakanna við Persaflóa er straumur flóttafólks frá Kúvæt og Írak til nágrannaríkjanna. Ríkisstjórnin ákvað því að verja allt að 140 milljónum króna til neyðarhjálpar á svæðinu. Ráðgert er að Rauði kross Íslands ráðstafi um 90 milljónum króna, þar af fari 50 milljónir til aðstoðar við flóttamenn í Jórdaníu og 25 milljónir til aðstoðar við flóttamenn í Egyptalandi. Ákveðið var að kaupa matvæli og hjálpargögn hér á landi fyrir þessar fjárhæðir. Auk þess var ákveðið að 15 milljónum króna yrði varið til kaupa á vörum fyrir birgðastöð Rauða krossins á Kýpur. Enn fremur var ráðgert að Hjálparstofnun kirkjunnar ráðstafaði 15 milljónum króna til aðstoðar við flóttamenn, einkum í Jórdaníu og Egyptalandi. Um afgang fjárins hafa enn ekki verið fullmótaðar tillögur. Einn flugfarmur hefur verið sendur frá Íslandi til Jórdaníu, en beðið er átekta með frekari sendingar, þar sem flóttamannastraumurinn yfir landamæri Íraks og Jórdaníu stöðvaðist skyndilega.

Utanríkisráðuneytið hefur í kjölfar innrásar Íraka í Kúvæt fylgst grannt með framvindu mála þar. Einkum hafa afdrif átta íslenskra ríkisborgara, sem urðu innlyksa í Kúvæt, verið í brennidepli. Hefur ráðuneytið, í náinni samvinnu við utanríkisráðuneyti Norðurlandanna, unnið að farsælli lausn málsins. Leyfi írakskra yfirvalda fékkst fyrir flutningi fólksins til Bagdad og síðar fyrir brottför kvenna og barna úr landi, en fjölskyldurnar tvær, sem um ræðir, kusu að vera áfram í Kúvæt fyrst um sinn. Í september var síðan ákveðið að konur og börn yfirgæfu landið. Einn Íslendingur kom til Íslands 13. september og annar ásamt fjórum börnum sínum kom til landsins viku síðar. Enn er einn íslenskur ríkisborgari í Kúvæt og er unnið að því að fá hann lausan.

(2) Mið-Austurlönd

Innrás Íraka í Kúvæt hefur skaðað aðgerðir til að koma á friði milli Araba og Ísraelsmanna og þar með lausn á vandamáli Palestínumanna á hernumdu svæðunum. Ljóst er að Írakar reyna af fremsta megni að tengja hernám Kúvæt Palestínuvandamálinu og vafalaust munu deilur Ísraels og Araba tengjast Persaflóadeilunni á einn eða annan hátt og hafa áhrif á lausn hennar. Írakar hafa og reynt að eggja Araba í andstöðu við Ísrael til að fá þá til liðs við sig. Vonandi er, að leiðtogum Araba og Arababandalagsins auðnist að standast slíkan þrýsting og að þeir sjái við þessum hættulegu áformum Íraka.

Manndráp ísraelskrar lögreglu í Jerúsalem 8. október sl. urðu til að bæta gráu ofan á svart við þessar aðstæður, en atburðirnir þennan dag eru hinir blóðugustu, sem átt hafa sér stað frá því uppreisn Palestínumanna, „Intifada" hófst fyrir þremur árum. Íslensk stjórnvöld fordæmdu manndrápin og skoruðu jafnframt á stjórnvöld í Ísrael að sjá til þess að slíkir atburðir

endurtækju sig ekki, en óhæfuverk þessi voru aðeins vatn á myllu Íraka. Einnig ritaði utanríkisráðherra hinum ísraelska starfsbróður sinum bréf, þar sem skorað var á Ísraelsmenn að virða ákvæði Genfarsáttmálans um vernd óbreyttra borgara. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti einróma ályktun 12. október sl., þar sem ofbeldisaðgerðir hinna ísraelsku öryggissveita voru fordæmdar.

Ástandið á herteknu svæðunum er enn sem fyrr óviðunandi og harkalegar aðgerðir ísraelskra yfirvalda áhyggjuefni. Ísraelar verða sem hernámsaðili að fara eftir ákvæðum Genfarsamningsins um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum. Ef deiluaðilar forðast ekki að grípa til ofbeldis, er borin von að varanlegur friður náist. Friðsamleg lausn deilu Ísraelsmanna og Palestínumanna verður að vera hluti af nýrri heildarlausn í Mið-Austurlöndum, sem Arabar og Ísraelsmenn verða sjálfir að hafa forgöngu um að koma til leiðar. Liggur í hlutarins eðli að veigamikill þáttur þeirrar viðleitni er í því fólginn að Ísraelsmenn ræði við Palestínumenn um lausn mála á herteknu svæðunum. Ástæða er til að árétta að sérhver lausn í Mið-Austurlöndum verður að tryggja öryggi Ísraels og fela jafnframt í sér framtíðarlausn á sjálfsákvörðunarrétti Palestínumanna.

Fyrir skömmu tókst Harawi, forseta Líbanon, að brjóta á bak aftur andóf Aouns, hershöfðingja, gegn löglegri stjórn Líbanon en andstæðar fylkingar kristinna manna höfðu þá barist í meira en ár. Vonandi tekst forsetanum og ríkisstjórn Líbanon jafnframt að tryggja sjálfstæði, fullveldi og sameiningu landsins á grundvelli Taif-samkomulagsins, í samvinnu við Arababandalagið. Enn eru þó sýrlenskar og ísraelskar hersveitir í landinu. Deiluaðilum ber skylda til að tryggja að friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna (UNIFIL) geti sinnt því hlutverki, sem þeim er ætlað.

(3) Suður-Afríka

Málefni Suður-Afríku varða erfiðustu mannréttindamál, sem Sameinuðu þjóðirnar fást við. Í Namibíu vannst mikill sigur, og beinast nú öll spjót að Suður-Afríku sjálfri. Þar vottar fyrir breytingum, en ekki eru þær veigamiklar enn, og menn gerast óþolinmóðir.

Átök stuðningsmanna Afríska þjóðaráðsins og Inkatha-hreyfingarinnar, sem Zulumenn styðja, hafa nú staðið yfir í þrjú ár. Hætta er á að blóðug átök þessara fylkinga spilli enn frekar fyrir viðræðum blökkumanna og stjórnvalda. Hægri öfgamenn hafa einnig kynt undir ólgunni í landinu. Þessi mál voru enn til umræðu og gerð um þau ályktun síðasta dag fertugasta og fjórða allsherjarþingsins, daginn áður en hið fertugasta og fimmta var sett í New York.

Þrátt fyrir að umbætur hafi átt sér stað í Suður-Afríku, eru meginþættir kynþáttaaðskilnaðarstefnunnar enn við lýði. Snemma árs 1990 var starfsemi Afríska þjóðaráðsins leyfð og í kjölfar þess var Nelson Mandela, leiðtogi samtakanna, leystur úr haldi 11. febrúar 1990 eftir tuttugu og sjö ára fangelsisvist. Viðræður suður-afrískra stjórnvalda og Afríska þjóðaráðsins, sem hófust fyrst í maí 1990, hafa að vissu leyti markað þáttaskil. Pólitískir fangar hafa verið leystir úr haldi, sakaruppgjöf verið veitt, neyðarástandslögum aflétt í öllum héruðum nema Natal, hluti af lögum um öryggi ríkisins numinn úr gildi og lög um aðskilnað kynþátta á almannafæri verið felld niður. Jafnframt hefur Afríska þjóðaráðið látið af vopnaðri baráttu sinni gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnu stjórnvalda. Sameinuðu þjóðirnar hafa hins vegar krafist samningaviðræðna aðila um friðsamlegt og algert afnám kynþáttaaðskilnaðarstefnunnar og hafa lýst því yfir að þá fyrst verði viðskiptaþvingunum gegn Suður-Afríku aflétt.

(4) Kambódía

Kambódíu byggir gömul menningarþjóð, sem í seinni tíð hefur ekki sýnt nægan viðnámsþrótt gegn stærri og sterkari nágrönnum, aðallega Víetnam í austri og Kína í norðri. Einn armur kommúnista, hinir illræmdu Rauðu Khmerar, náði völdum í landinu og héldu uppi óhugnanlegri harðstjórn. Víetnamar réðust inn í landið fyrir tólf árum og hafa leppar

þeirra stýrt því, nú síðast undir forystu Hun Sen. Vegna þrýstings almenningsálits í heiminum, kölluðu Víetnamar her sinn heim, en eru sterklega grunaðir um að hafa enn leppsveitir í landinu. Rauðu Khmerarnir hófu þá sókn, vel þjálfaðir og vopnum búnir.

Mikill meiri hluti á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hefur viljað koma á þjóðstjórn allra þessara aðila í landinu til að undirbúa frjálsar kosningar. Gekk það hvorki né rak fyrr en stórveldin fimm, sem sitja í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, tóku höndum saman um að koma á friði með þessari ógæfusömu þjóð. Tók það margra mánaða samninga, sem báru árangur 28. ágúst 1990. Hafa allir aðilar gengið að þessu samkomulagi.

Kjarni lausnarinnar er stofnun Æðsta þjóðarráðs í Kambódíu. Í því sitja tólf menn, sex frá flokki Hun Sen stjórnarinnar, og sex frá hinni þríþættu andspyrnuhreyfingu, þar sem tvær eru nokkurn veginn lýðræðislegar hreyfingar og hinir Rauðir Khmerar. Ráðið mun taka sæti Kambódíu hjá Sameinuðu þjóðunum, en samtökin munu taka við stjórn mikilvægustu ráðuneyta í Phnom Pen um sinn og senda til þess um tólf hundruð embættismenn. Auk þess munu um fimm þúsund manna friðarsveitir Sameinuðu þjóðanna verða sendar til Kambódíu til að treysta friðinn í sessi. Verkefni Sameinuðu þjóðanna verður að efna til frjálsra kosninga og er vonast til að nýkjörin stjórn taki við landinu.

Takist Sameinuðu þjóðunum að leysa af hendi það hlutverk, sem þær hafa axlað í Kambódíu, mun það verða fyrirmynd að lausn svæðisbundinna vandamála í mörgum löndum á komandi árum. Lausn þessi er til komin eftir að sama aðferð reyndist vel í Namibíu.

(5) Mið-Ameríka

Mið-Ameríka hefur verið eitt þeirra svæða, þar sem ófriður innan ríkja og yfir landamæri hefur valdið fátækum þjóðum miklum hörmungum og heft þróun þeirra. Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt sig fram um að koma á sættum og stöðva ófrið á þessum slóðum.

Í Nicaragua hafði ríkisstjórn Sandinista mætt harðri andspyrnu innan lands og af hálfu Bandaríkjanna. Tókst að koma á kosningum í landinu, þar sem eftirlit Sameinuðu þjóðanna hafði úrslitaáhrif. Flestum kom á óvart, að Sandinistar töpuðu – og sættu sig við úrslitin. Sameinuðu þjóðirnar vöktu yfir afvopnun beggja aðila. Borgarastyrjöld, sem náði til Honduras með afskiptum Bandaríkjanna, virðist lokið.

Sameinuðu þjóðirnar hafa einnig lagt sig fram um að stilla til friðar innan El Salvador og Guatemala. Nokkur árangur hefur náðst í hinu fyrra, en minni í hinu síðara.

(6) Annað

Langvarandi deilur og ófriður í Vestur-Sahara er á lokastigi fyrir atbeina Sameinuðu þjóðanna. Verður efnt til kosninga um framtíð þjóðarinnar, enda þótt erfitt sé að skilgreina, hverjir eigi kosningarrétt.

Kýpurdeilan er enn óleyst. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna og öryggisráð þess hafa fjallað um málið, án teljandi árangurs enn sem komið er.

Friður er aðeins að nafni til í Afghanistan. Hefur aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna reynt að koma á heildarsamkomulagi um frið og stjórnkerfi, sem gefi þjóðinni einhverja íhlutun um stjórn landsins. Stórfellt flóttamannavandamál, sem af átökunum hefur skapast, krefst þess að lausn finnist á þessu svæði.

VI Norðurlandasamvinna

(1) Almennt

Þing Norðurlandráðs, hið þrítugasta og áttunda í röðinni, var haldið í Reykjavík dagana 27. febrúar – 2. mars sl.

Auk venjulegra þingstarfa var höfuðviðfangsefni þingsins ítarleg umræða um umhverfis- og mengunarmál og lágu fyrir þinginu tólf ráðherranefndartillögur og af þeim snertu fimm umhverfismál. Umhverfisráðherra var formaður ráðherranefndar samstarfsráðherra fram yfir þingið.

Í síðustu skýrslu var, undir liðnum „Norðurlandasamvinna", tekið saman ágrip af skipulagi Norðurlandasamstarfsins og skal það ekki endurtekið hér. Hins vegar er rétt að nefna þær ráðherranefndartillögur, sem til umfjöllunar voru á þinginu og hlutu þar samþykki, þ.e.:

1. Samningur um gagnkvæma viðurkenningu æðri menntunar.
2. Norrænt fjárfestingarfélag á sviði umhverfismála.
3. Hækkun lánsheimilda verkefnalána (PIL) við Norræna fjárfestingarbankann.
4. Stefnumörkun norræna vísindaráðsins (FPR).
5. Framkvæmdaáætlun um samstarf á sviði Norðurlandatungna 1990—1995.
6. Breyting á samþykktum Norræna menningarmálasjóðsins.
7. Samstarfsáætlun um bætt vinnuumhverfi.
8. Framkvæmdaáætlun um úrgang og endurvinnslu.
9. Framkvæmdaáætlun um varnir gegn loftmengun.
10. Framkvæmdaáætlun gegn mengun sjávar.
11. Samstarfsáætlun um byggðamál 1990–1994.
12. Endurskoðuð framkvæmdaáætlun um landbúnaðarmál og skógnytjar.

Framkvæmd tillagnanna hvílir fyrst og fremst á hinum ýmsu ráðherranefndum, fagráðherrrum og embættismannanefndum samkvæmt eðli máls svo og skrifstofu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn. Framkvæmd sumra tillagnanna eru á forræði samstarfsráðherranna, þar á meðal samningur um norrænan vinnumarkað þeirra, sem hlotið hafa a.m.k. þriggja ára æðri menntun.

Að útfærslu samnings þessa hefur verið unnið allt frá lokum Norðurlandaráðsþings og hafa hin ýmsu ráðuneyti, sem málið varðar, lagt hönd á plóginn við endanlega gerð samningsins. Undirrituðu formaður ráðherranefndarinnar og sendiherrar Norðurlandanna í Kaupmannahöfn samninginn hinn 24. október 1990, sjá fskj. V.

Á þessu ári hafa samstarfsráðherrar Norðurlanda haldið fjóra fundi. Fyrir höndum er fundur ráðherranna í Kaupmannahöfn hinn 13. nóvember og aftur 11. desember 1990 til undirbúnings ráðherranefndartillögum, sem lagðar verða fyrir næsta Norðurlandaráðsþing.

Á fundi staðgengla ráðherranna í Vasa 21. maí og á ráðherrafundi 22. maí voru fjárlagatillögur ráðherranefndarskrifstofunnar til sérstakrar umfjöllunar. Á fundi sínum 29. ágúst í Malmö gengu samstarfsráðherrarnir endanlega frá fjárlagatillögunum, sem sendar voru Norðurlandaráði til umsagnar eins og lög gera ráð fyrir.

Skipting framlaga landanna hefur breyst örlítið, þannig að í hlut Íslands kemur að greiða 1,1 af hundraði á næsta ári, en var 1 af hundraði árin 1989 og 1990 en 0,9 af hundraði árin 1987 og 1988. Hluti Svíþjóðar er stærstur eða 37,1 af hundraði heildarinnar.

Á síðastliðnum mánuðum hefur verið unnið að því að undirbúa lagafrumvarp, sem lagt verður fyrir Alþingi, um hækkun sameiginlegrar ábyrgðarupphæðar ríkja Norðurlanda vegna

Norræna fjárfestingarbankans (NIB) – fjárfestingarábyrgðar til verkefna – úr 700 milljónum SDR í 1000 milljónir SDR og þá ábyrgðarhluta Íslands úr 5,35 í 8,05 milljónir SDR.

Óhætt er að fullyrða að Norðurlandasamstarfið hafi ekki einskorðast við hinar gömlu hugsjónir norrænnar samvinnu og bræðralags þjóðanna átta. Þá er ljóst varð fyrr á þessum áratug að gagngerður samruni í viðskiptalífi Evópubandalagsríkjanna í víðtækum skilningi kæmi til framkvæmda fyrir árslok 1992, tók ráðherranefndin við sér með stofnun nýrrar deildar við skrifstofuna í Kaupmannahöfn, sem skyldi annast þennan málaflokk sérstaklega. Út hefur verið gefin starfsáætlun, sem miðar að því að samhæfa viðkomandi reglugerðir á Norðurlöndum undir einni stjórn, og laga þær að því, sem koma skal í löndum Efnahagsbandalagsins, en einnig og ekki síður til að halda á loft þeim lögum og reglum Norðurlandanna, sem telja má að framar standi og strangari teljast en lög og reglur í EB-löndunum. Einkum er átt við lög og reglur, sem lúta að umhverfismálum, neytendamálum og félagsmálum, sem gætu orðið öðrum til eftirbreytni. Niðurstaðan var viðamikil samantekt í bókarformi með tímasettri framkvæmd framsettra markmiða, „Norden í Europa".

Hrun valdakerfis kommúnismans i Mið- og Austur-Evrópu og barátta Eystrasaltsríkjanna fyrir fullveldi sínu hafa einnig markað djúp spor og vakið snögg viðbrögð í Norðurlandasamstarfinu. Sérstaklega hafa menn beint athygli sinni að Eystrasaltsríkjunum og á dagskrá eru ýmis áform um samstarf og aðstoð við þau undir merkjum norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs. Staðgenglar samstarfsráðherranna og samstarfsráðherrarnir hafa haft frumkvæði að tillögum um að hrinda í framkvæmd áformum um víðtækt samstarf, einkum á sviði menningartengsla, upplýsingaskipta og nemendaaðstoðar. Um þessi og önnur atriði er fjallað í yfirlýsingu utanríkisráðherrafundar Norðurlandanna, sem haldinn var í Molde 11.–12. september sl., sjá fskj. VII.

Í tilefni opnunar fyrstu upplýsingaskrifstofu Eystrasaltsríkjanna á Norðurlöndum munu utanríkisráðherrar Norðurlanda bjóða utanríkisráðherrum Eystrasaltsríkjanna þriggja til viðræðna um aukna samvinnu milli Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna.

Á síðasta þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík urðu allsnarpar umræður um gildi, hlutverk og skilvirkni norrænnar samvinnu í ljósi breyttra tíma, og sýndist sitt hverjum í þeim efnum. Má rökstyðja að sú umræða hafi m.a. hleypt nýju lífi í Norðurlandasamstarfið, og eru forsvarsmenn þess staðráðnir í að gera samstarfið enn sveigjanlegra, opnara og næmara fyrir kröfum tímans hverju sinni innan Norðurlandanna og utan. Á það einkum við um forgangsröð verkefna, því fjármagninu eru að sjálfsögðu takmörk sett.

(2) Kjarnavopnalaus svæði á norðurslóðum

Hálft fjórða ár er nú liðið síðan norræna embættismannanefndin, sem fjallar um forsendurnar fyrir kjarnavopnalausu svæði á norðurslóðum, tók til starfa. Á þeim tíma hefur nefndin unnið markvisst samkvæmt því erindisbréfi, sem henni var falið að starfa eftir í upphafi. Tekist hefur að samræma ólík sjónarmið og drög að meiri hluta efnis væntanlegrar skýrslu nefndarinnar liggja fyrir. Hin öra þróun í alþjóðamálum að undanförnu, sem enginn gat séð fyrir þegar nefndin tók til starfa, hefur þó vafalítið breytt forsendunum fyrir störfum nefndarinnar að einhverju leyti.

Á fundi utanríkisráðherra Norðurlandanna í Molde í Noregi 11.–12. september sl. var ákveðið að beina þeim tilmælum til nefndarinnar að hún freistaði þess að gefa út skýrslu eins fljótt og auðið væri á árinu 1991. Ákvörðun þessi kveður ekki endilega á um verklok nefndarinnar, enda ýmis úrlausnarefni enn óleyst. Samkomulag er hins vegar um það innan nefndarinnar að óæskilegt sé við hinar breyttu aðstæður í alþjóðamálum að störf hennar dragist úr hömlu.

VII Samvinna á vettvangi Atlantshafsbandalagsins

(1) Pólitískt samráð

Breytingarnar í Evrópu hafa orðið til þess að hafið er á vegum Atlantshafsbandalagsins endurmat á stefnu þess og markmiðum í öryggismálum. Endurskoðun þessi hefur leitt til mjög aukins samráðs innan Atlantshafsbandalagsins á öllum stigum. Blandast fáum hugur um að árið 1990 er eitt hið mikilvægasta í sögu bandalagsins.

(1.1) Ráðherrafundir

Í samráði Atlantshafsbandalagsríkjanna frá því í apríl sl. hefur hæst borið fjóra fundi, sem hver á sinn hátt marka ákveðinn áfanga.

Fyrstur var fundur kjarnorkuáætlananefndar (NPG) sem haldinn var í Kananaskis í Kanada 9. og 10. maí sl., en Ísland hefur áheyrnaraðild að fundum nefndarinnar. Meginniðurstaða þessa ráðherrafundar var að Atlantshafsbandalagið gæti tryggt öryggi sitt með færri kjarnavopnum en áður, þrátt fyrir að hernaðarmáttur Sovétríkjanna á sviði hefðbundinna vopna og kjarnavopna yrði áfram verulegur. Samþykkt var á fundinum að stefna bæri að samningaviðræðum Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um skammdræg kjarnavopn (SNF). Í tengslum við þennan fund ákvað Bush Bandaríkjaforseti að hætta við að endurbæta Lance-kjarnaflaugina og jafnframt að hætta við umbætur á fallbyssusprengjum Bandaríkjanna, sem hafa verið staðsettar í Evrópu.

Næstur í röðinni var fundur varnarmálaráðherra Atlantshafsbandalagsins í Brussel 22.–23. maí sl. Á fundinum voru teknar fjórar meginákvarðanir, sem allar eiga rætur sínar að rekja til hinna öru breytinga í Evrópu. Í fyrsta lagi var ákveðið að hefja endurskoðun á varnarstefnu Atlantshafsbandalagisins og samráðsreglum innan bandalagsins til að tryggja að skjótur árangur næðist við endurskoðun varnarstefnunnar. Í öðru lagi var komist að þeirri niðurstöðu að mjög hefði dregið úr þeirri hernaðarlegu ógnun, sem Atlantshafsbandalagið stæði frammi fyrir. Aðvörunarfrestur vegna hugsanlegrar árásar hefði aukist til muna og meiri tími gæfist til að undirbúa varnir. Í framhaldi af því var ákveðið að draga úr viðbúnaði herdeilda á meginlandi Evrópu, fækka heræfingum og draga úr umfangi þeirra. Í þriðja lagi var tekin ákvörðun um að falla frá þeirri stefnu bandalagsins að árleg raunaukning í varnarmálaútgjöldum fyrir hvert bandalagsríki næmi 3 af hundraði, en sú stefna var samþykkt árið 1977. Í fjórða lagi var ákveðið að hefja athugun á möguleikum þess að nýta frekar fjölþjóðlegan herafla í þágu bandalagsins.

Þriðji fundurinn var fundur utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins í Turnberry á Skotlandi dagana 7.–8. júní sl. Einn markverðasti árangur þessa fundar var sú pólitíska yfirlýsing, sem ráðherrarnir beindu til ríkja Varsjárbandalagsins. Var þessum ríkjum rétt „hönd vinskapar og samvinnu“ í því skyni að byggja nýja og friðsama Evrópu, sem grundvallaðist á frelsi, réttlæti og lýðræði, sjá fskj. VI. Ítrekaður var ásetningur Atlantshafsbandalagsins um að ljúka fyrsta áfanga CFE-samnings á þessu ári, lýst var yfir stuðningi við sameiningu Þýskalands og jafnframt áréttað að sameinað Þýskaland yrði áfram innan Atlantshafsbandalagsins.

Tilgreindir þrír fundir voru undanfari hins þýðingarmikla fundar ríkisoddvita bandalagsins í London 4.–5. júlí sl., en þar var náð samstöðu um fjölda tillagna til að samlaga bandalagið þróuninni í Evrópu.

Á fundinum í London tók Atlantshafsbandalagið af öll tvímæli um að það er forystuafl í þeirri friðsamlegu umbyltingu, sem nú á sér stað í Evrópu. Heföbundnum tilboðum bandalagsins til fyrrum andstæðinga um viðræður var ýtt til hliðar og í staðinn kom tilboð um sameiginlegar aðgerðir með þeim ríkjum, sem vilja verða hluti að lýðræðislegri Evrópu. Þungamiðja yfirlýsingarinnar var áhersla á frekari tengsl við Sovétríkin og önnur ríki Mið- og Austur-Evrópu, sem fram á síðustu ár höfðu í bandalagi ógnað vestrænum ríkjum á hernaðarsviðinu. Í yfirlýsingunni áréttuðu ríki Atlantshafsbandalagsins að þau myndu nota styrk sinn og samstöðu til að þjóna friði um alla Evrópu. Mikilvægar tillögur varðandi aukið hlutverk CSCE staðfestu þennan ásetning leiðtoganna, sjá fskj. VII.

Verkefni bandalagsins í kjölfar fundarins eru afar viðamikil. Hæst ber, eins og áður segir, endurskoðun varnarstefnunnar. Vonast er til að ljúka þeirri endurskoðun í vetur, í síðasta lagi fyrir fund varnarmálaráðherranna vorið 1991. Annað mikilvægt verkefni er undirbúningur leiðtogafundar CSCE, sem haldinn verður í París 19. nóvember nk., en meginvinnan felst í mótun tillagna fyrir fundinn.

Mikil vinna er fólgin í undirbúningi tillagna bandalagsríkjanna sextán í samningaviðræðunum í Vínarborg, þar sem bæði er rætt um fækkun í heföbundnum herafla bandalagsríkjanna og traustvekjandi aðgerðir á hernaðarsviðinu meðal CSCE-ríkjanna þrjátíu og fjögurra. Á ríkisoddvitafundinum var ákveðið að leggja til nýjar viðræður þegar að loknum fyrsta áfanga CFE með sömu þátttakendum og sama erindisbréfi. Formleg diplómatísk tengsl Varsjárbandalagsríkjanna við Atlantshafsbandalagið hafa einnig haft í för með sér aukin verkefni. Nú hafa öll ríkin sex í Mið- og Austur-Evrópu tilnefnt sendiherra í Brussel til að sinna þessum samskiptum. Undanfari þessara breytinga voru heimsóknir utanríkisráðherra Sovétríkjanna, Tékkóslóvakíu, Póllands, Ungverjalands og Austur-Þýskalands, sem þá var, til aðalstöðva Atlantshafsbandalagsins. Aðalframkvæmdastjóri bandalagsins hefur heimsótt Sovétríkin, Tékkóslóvakíu og síðan Pólland. Formaður herráðs Sovétríkjanna, M. Moiseev, heimsótti höfuðstöðvar Atlantshafsbandalagsins 25. október sl. og formaður hermálanefndar bandalagsins og yfirhershöfðingi herafla bandalagsins í Evrópu munu heimsækja Sovétríkin í nóvember nk. Þessi öra þróun samskipta aðildarríkja hins hnignandi Varsjárbandalags við Atlantshafsbandalagið staðfestir með skýrum hætti hinar gífurlegu breytingar, sem orðið hafa í samskiptum austurs og vesturs. Staða Varsjárbandalagsins er nú slík að samráð innan þess gengur ákaflega illa og eru Sovétríkin iðulega ein á báti í afstöðu sinni, t.d. í afvopnunarviðræðum í Vín.

(1.2) Sameining Þýskalands

Náið samráð var innan bandalagsins um framvindu samninganna um ytri þætti sameiningar þýsku ríkjanna. Bæði fyrir og eftir ráðherrafundina fjóra, sem haldnir voru í „Tveir plús fjórir"-viðræðunum voru önnur bandalagsríki upplýst um stöðu mála þannig að þau voru óbeinir þátttakendur, enda um að ræða mál sem varða Atlantshafsbandalagið.

(1.3) Atburðir „utan svæðis"

Frá fyrsta degi innrásar Íraka í Kúvæt 2. ágúst sl. hafa ríki Atlantshafsbandalagsins skipst á upplýsingum og ráðið ráðum sínum um þróun mála við Persaflóa. Upplýsingaskiptin hafa í megindráttum fjallað um hugsanlegar hernaðaraðgerðir, pólitískar aðgerðir, stöðu borgara aðildarríkjanna í Írak og Kúvæt og stöðu sendiráða og diplómatískrar starfsemi þar, stöðu og aðbúnað flóttamanna, áhrif efnahagslegra refsiaðgerða Sameinuðu þjóðanna og umræðu á vettvangi þeirra samtaka og loks aðstoð einstakra ríkja bandalagsins. Eingöngu hefur verið um skipti á upplýsingum að ræða, en ekki aðgerðir í nafni bandalagsins, enda er Persaflói utan svæðis Atlantshafssáttmálans. Sáttmálinn gerir hins vegar ráð fyrir samráði, þegar öryggi eins eða fleiri aðildarríkja er ógnað (4. gr.).

Eitt ríkja bandalagsins, Tyrkland, hefur orðið fyrir verulegum skakkaföllum vegna refsiaðgerðanna og hafa önnur ríki bandalagsins lagt sérstaka áherslu að koma Tyrkjum til aðstoðar, m.a. með fjárframlögum. Einnig hefur ýmiss konar herafli eyrnamerktur vörnum Atlantshafsbandalagsins verið sendur til Persaflóa. Sérstakur ráðherrafundur var haldinn um ástandið 10. ágúst og einnig fjalla Atlantshafsráðið og stjórnmálanefndin reglulega um stöðu mála þar.

(1.4) Varaflugvöllur á Íslandi

Vitað er að um nokkurt skeið hefur farið fram endurmat á varnarviðbúnaði Atlantshafsbandalagsins í ljósi atburða í Sovétríkjunum og ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Viðræður um takmörkun vígbúnaðar hafa skilað umtalsverðum árangri og hafa aðildarríki bandalagsins dregið saman seglin í varnarmálum að undanförnu.

Við þessar aðstæður kemur ekki á óvart að innan bandalagsins skuli þykja ástæða til að hægja á nýjum varnarframkvæmdum. Utanríkisráðherra barst í júlí síðastliðnum bréf yfirmanns Atlantshafsflota Atlantshafsbandalagsins (SACLANT), þar sem hann greindi frá ákvörðun sinni um að hætt hefði verið við frekari áætlanir um varaflugvöll Atlantshafsbandalagsins á Norður-Atlantshafi. Í bréfinu kom fram að SACLANT myndi ekki óska eftir fjárstuðningi Mannvirkjasjóðs bandalagsins við framkvæmdir vegna slíks varaflugvallar í fyrirsjáanlegri framtíð.

(2) Vísindasamstarf og umhverfisvernd

Á ríkisoddvitafundinum í London í júlí sl. var ítrekuð sú áhersla, sem bandalagið hefur lagt á samstarf á öðrum sviðum en í hefðbundinni varnarsamvinnu. Ljóst er því að hin svonefnda „þriðja vídd" mun verða meira áberandi í þeirri aðlögun, sem Atlantshafsbandalagið hefur einsett sér með hliðsjón af breytingunum í Evrópu á undanförnum misserum. Mikilvægt skref í þessa átt var ákvörðun leiðtogafundar Atlantshafsbandalagsins í maí 1989 um að stuðla að rannsóknum á vestrænum lýðræðisstofnunum með því að veita sérstaka styrki til þeirra mála. Markmiðið er einkum að styrkja fræðimenn frá ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Í júní sl. voru þessir styrkir veittir í fyrsta sinn. Styrkirnir voru fimmtíu og fimm að tölu, þar af fóru fimmtíu til fræðimanna í Mið- og Austur-Evrópu. Einnig voru að venju veittir hinir hefðbundnu rannsóknarstyrkir Atlantshafsbandalagsins til rannsókna á málum, er varða bandalagið sem slíkt, sameiginlegum hagsmunum og framtíðarþróun. Tólf fræðimenn hlutu styrk að þessu sinni og kom einn þeirra í hlut íslensks fræðimanns.

Vísindanefnd Atlantshafsbandalagsins veitir einnig styrki til vísindarannsókna. Þar er um að ræða upphæð, sem nemur 700 milljónum ísl. króna í ár. Um þessar mundir vinna sjö Íslendingar að rannsóknum með styrk frá vísindanefnd bandalagsins. Vísindanefnd mun halda vorfund sinn á Íslandi 22.–24. maí nk. í boði íslenskra stjórnvalda.

Nefnd bandalagsins, sem fæst við úrlausnarefni nútímaþjóðfélags (CCMS), hélt 14. júní sl. fund á Sikiley, þar sem minnst var tuttugu ára afmælis nefndarinnar. Markmið nefndarinnar er að ræða og ýta úr vör ýmsum rannsóknaverkefnum, einkum á sviði umhverfismála. Meðal nýrra forrannsókna, sem efnt var til á fundinum á Sikiley, eru minnkun loftmengunar frá hafförum og athugun á áhrifum plágueyða, sem notaðir eru í landbúnaði, á fólk og náttúrulegt umhverfi. Einnig má nefna að nefndin hefur ákveðið að bjóða sérfræðingum frá Mið- og Austur-Evrópu og Sovétríkjunum til þátttöku í ýmsum ráðstefnum og vinnufundum á vegum nefndarinnar.

VIII Starfsemi tengd varnarsvæðum og varnarstöð Atlantshafsbandalagsins

(1) Varnarmálskrifstofa

Varnarmálaskrifstofa fer með málefni, er varða framkvæmd varnarsamningsins og öll samskipti við varnarliðið. Á undanförnum árum hefur skrifstofan fengið aukin verkefni við að leggja mat á varnarþörf landsins og með þátttöku í samstarfi hermálanefndar Atlantshafsbandalagsins.

(2) Ríkisstofnanir á varnarsvæðum

(2.1) Lögreglustjóraembættið

Rekstur embættisins á þessu ári hefur verið með svipuðu móti og áður. Fjöldi stöðugilda er óbreyttur, sjötíu og níu. Engar byggingaframkvæmdir hafa farið fram á árinu.

(2.2) Flugmálastjórn

Á fyrstu átta mánuðum ársins fóru samtals 500.397 farþegar um Keflavíkurflugvöll, miðað við 489.814 á sama tíma í fyrra. Skiptingin var þannig að 200.079 fóru úr landi, 194.001 komu til landsins, en viðkomufarþegar voru 106.317. Þetta eru svipaðar tölur og í fyrra.

Til ágústloka í ár voru flutt 5.673 tonn af vörum úr landi 4.486 tonn á sama tímabili í fyrra. Til landsins voru flutt 3.352 tonn af vörum, en 3.371 tonn í fyrra.

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri voru heildartekjur Flugmálastjórnar fyrstu átta mánuði ársins 122 milljónir kr., en gjöld 84 milljónir kr. Hagnaður var því 38 milljónir kr.

(2.3) Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri fyrir tímabilið 1. jan. til 31. júlí voru heildartekjur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar 196.393 þús. kr. Rekstrargjöld námu fyrir sama tímabil 252.711 þús. kr., þar af var vaxtakostnaður 186.231 þús. kr. Greiðsluhalli fyrstu sjö mánuði ársins er því 56.318 þús kr.

Greiðsluhallinn árið 1989 var 108.271 þús. kr. og árið 1988, 61.753 þús. kr. Samtals er uppsafnaður greiðsluhalli miðað við 31. júlí 1990 226.342 þús. kr.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi 1990 er gert ráð fyrir að tekjur vegna millilandaflugs á Keflavíkurflugvelli nemi 1.128.000 þús. kr., þar af renni 58 af hundraði í ríkissjóð, 12 af hundraði til reksturs vallarins og 30 af hundraði til flugstöðvarinnar. Þess skal getið að Miðneshreppur innheimtir fasteignaskatt af flugstöðinni, 21.904 þús. kr. á árinu 1990, en slíkt tíðkast ekki varðandi flugstöðvar í eigu ríkisins, t.d. annars staðar á Norðurlöndum.

Unnið er að lausn fjárhagsvanda Flugstöðvarinnar í samvinnu við fjármálaráðuneytið.

Byggingaframkvæmdum við flugstöðina er að mestu lokið. Tvö útilistaverk eru í uppsetningu: Regnbogi Rúríar (Þuríður Fannberg) og Þotuhreiður Magnúsar Tómassonar. Vonast er til að uppsetningu listaverkanna verði lokið fyrir árslok.

(2.4) Ráðningaskrifstofa

Ráðningaskrifstofa varnarmálaskrifstofu, sem er staðsett í Keflavík, sér um ráðningu starfsfólks varnarliðsins.

Fjöldi íslenskra starfsmanna hjá varnarliðinu skiptist þannig eftir starfsgreinum:

Starfsgreinar	31.12.89	31.8.90
Stjórnun	116	112
Verkstjórn	98	95
Slökkvulið og snjóruðningar	151	144
Iðnaðarstörf	189	202
Skrifstofu- og verslunarstörf	247	260
Almennt verkafólk	251	313
Verkfræðingar og tæknimenn	40	41
Símavarsla	7	8
Alls	1099	1175

Tölur þessa árs sýna m.a. eitt hundrað fjörutíu og fjórar sumarráðningar. Í raun hefur orðið nokkur fækkun á fjölda íslenskra starfsmanna, þar sem ráðningar bandaríska hersins hafa stöðvast.

(2.5) Fríhöfn

Heildarvelta Fríhafnarinnar, það sem af er þessu ári, var um kr. 1.035 milljónir, sem er nokkru meira en í fyrra á sama tímabili, en hagnaður er áætlaður um 270 milljónir. Hagnaðarhlutfallið er því um 26 af hundraði, miðað við um 27 af hundraði í fyrra. Skýringin felst í mikilli lækkun Bandaríkjadals sl. sumar. Fríhöfnin greiðir 5 af hundraði af veltu í húsaleigu til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

(2.6) Sala varnarliðseigna

Sala tækja og véla á Keflavíkurflugvelli virðist muni verða svipuð og á síðasta ári, en vaxtatekjur hafa verulega minnkað í ár. Verður afkoma stofnunarinnar lakari sem því nemur.

(2.7) Íslenskir aðalverktakar

Í samræmi við viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var eignarhlutfalli í Íslenskum aðalverktökum sf. breytt sl. sumar. Ríkissjóður á nú 52 af hundraði, Sameinaðir verktakar hf. 32 af hundraði og Reginn hf. 16 af hundraði. Utanríkisráðherra tilnefnir nú þrjá menn í stjórn, Sameinaðir verktakar hf. tvo menn og Reginn hf. einn mann.

Stefnt er að því að fyrirtækinu verði breytt í hlutafélag og að hlutir í félaginu verði boðnir almenningi til kaups. Ráðgert er að breytingunni verði lokið innan fimm ára.

Heildarvelta fyrirtækisins á síðasta ári nam kr. 3.160 milljónum, en heildarhagnaður þess eftir skatta var kr. 297 milljónir.

(3) Varnarstöð Atlantshafsbandalagsins

(3.1) Eftirlits- og varnarhlutverk

Hernaðarlegt mikilvægi Íslands byggist á hnattstöðu landsins. Í fyrsta lagi má fylgjast með umferð skipa, kafbáta og flugvéla um hið svokallaða GIN-hlið (hafsvæðið milli Grænlands-Íslands-Noregs). Í öðru lagi er Ísland óhjákvæmilega tengt varnaráætlunum

Atlantshafsbandalagsríkjanna, er lúta að liðs- og birgðaflutningum, sem fyrirhugaðir eru frá Norður-Ameríku og Kanada til Evrópu á hættu- eða ófriðartímum. Varnarliðið eitt sér, eða annar varnarviðbúnaður hérlendis, hvorki eykur né dregur úr hernaðarlegu mikilvægi landsins. Varnarliðið hefur hins vegar afgerandi áhrif á möguleika þess að fylgjast með hernaðarumsvifum umhverfis Íslands og bregðast tímanlega við atburðum eða þróun, sem stofnað geta öryggi landsins í hættu. Hlutverk varnarstöðvar Atlantshafsbandalagsins á Keflavíkurflugvelli er því fyrst og fremst að tryggja varnir landsins og svæðanna umhverfis það, auk þess sem stöðin er mikilvægur hlekkur í eftirlits- og aðvörunarkerfi Atlantshafsbandalagsins.

(3.2) Varnir Íslands

Þrátt fyrir samþykki CFE-samnings á þessu ári munu öflugir herir verða áfram staðsettir í Evrópu og því mun þörfin fyrir það eftirlit, sem nú fer fram á vegum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, og fyrir áframhaldandi þróun og samræmingu íslenskra varnaráætlana, ekki minnka. Eftir sem áður verða tryggar land-, loft- og tundurduraflavarnir nauðsynlegar til þess að tryggja íslenska varnar- og öryggishagsmuni og sjóflutningaleiðir yfir Atlantshafið.

Reglubundnar liðsaukaæfingar bandarískra varnarliðsins (ARICE) á Íslandi mun áfram vera forsenda þess að framkvæma megi varnaráætlanir fyrir Ísland á hættu- eða ófriðartímum. Í fyrri skýrslum hefur verið gerð grein fyrir fjölda kafbátaleitarflugvéla, orrustuflugvéla og hermanna, sem staðsettir eru á Keflavíkurflugvelli. Á þessu hefur engin breyting orðið.

(3.3) Þyrluflugbjörgunarsveit varnarliðsins

Fyrirhugað er að endurnýja þyrlukost þyrluflugbjörgunarsveitar varnarliðsins á næstunni. Mun það styrkja starfsemi sveitarinnar, en hún hefur bjargað 238 mannslífum frá 1971, þar af 130 Íslendingum. Flugbjörgunarsveitin hefur sinnt þessari björgunarstafsemi oft við hinar erfiðustu aðstæður í allt að 600 sjómílna fjarlægð frá Íslandi.

(4) Ratsjárstofnun

Endurnýjun ratsjárkerfis á grundvelli samkomulags, sem gert var við Bandaríkin árið 1985, gengur samkvæmt áætlun. Eins og fram kom í síðustu skýrslu, lauk byggingarframkvæmdum við stöðvarhúsin á Miðnesi og Stokksnesi á fyrri hluta þessa árs. Gert er ráð fyrir að rekstur nýju stöðvanna geti hafist síðla árs 1991 eða í ársbyrjun 1992.

Ratsjárstofnun mun annast rekstur ratsjárstöðvanna og eru tæknimenn stofnunarinnar íslenskir. Undirverktaki Ratsjárstofnunar, fyrirtækið Kögun hf., mun annast rekstur og viðhald á hugbúnaði fyrir ratsjárnar í sérstakri hugbúnaðarmiðstöð, sem reist verður á varnarsvæðinu. Gert er ráð fyrir að því verki verði lokið 1995.

(5) Framkvæmdir á vegum varnarliðsins

Á árlegum fundi með byggingadeild SACLANT, sem haldinn var í Norfolk í byrjun október 1990, var ákveðin verktaka á eftirtöldum framkvæmdum á næsta ári, sem allar höfðu áður verið samþykktar:

1. Eldsneytistankar fyrir þotueldsneyti.
2. Fjarskiptastöð.
3. Hugbúnaðarmiðstöð og jafnframt varastjórnstöð vegna nýja ratsjárkerfisins (IADS) á Keflavíkurflugvelli.
4. Flutningur skotfærageymslu vegna nálægðar við nýja akstursbraut flugvéla.
5. Jarðvegsfylling við rekstrarstöð orrustuflugvéla.
6. Litlir eldsneytistankar við flugskýli orrustuflugvéla.

Verkin eru öll framkvæmd af Íslenskum aðalverktökum. Heildarverktaka þeirra á árinu 1990 mun verða um 65 milljónir Bandaríkjadala, en það eru 12 milljónum Bandaríkjadala minni framkvæmdir en verkáætlun ársins gerði ráð fyrir.

Á fundinum í Norfolk var samþykkt verkáætlun að upphæð 78 milljónir Bandaríkjadala. Með tilliti til aðstæðna má gera ráð fyrir að framkvæmdir á árinu 1991 verði þó minni, eins og raunin varð á þessu ári.

Einnig var samið um viðhaldsverkefni ársins 1991, sem koma í hlut Keflavíkurverktaka, að upphæð 9,1 milljón Bandaríkjadala.

IX Utanríkisviðskipti

(1) Almenn viðskiptamál

(1.1) Viðskiptajöfnuður

Vöruskiptajöfnuður á fyrra helmingi ársins 1990 var hagstæður um 2,4 milljarða króna en var hagstæður um 4,6 milljarða króna á sama tímabili árið áður, sem gerir 2,2 milljarða króna óhagstæðari vöruskiptajöfnuð fyrstu sex mánuði ársins 1990 en á sama tímabili árið áður, reiknað á meðalgengi gjaldmiðla janúar-júní 1990. Gjaldeyrisverðmæti vöruútflutnings nam 46,4 milljörðum króna fyrstu sex mánuði ársins 1990 og er það aukning um 3 af hundraði miðað við sama tímabil árið áður. Verðmæti útflutnings á sjávarafurðum jókst um 12,1 af hundraði, en verðmæti álútflutnings dróst saman um 23,8 af hundraði og kísiljárns um 43,2 af hundraði.

Heildarverðmæti vöruinnflutnings nam 44,0 milljörðum króna fyrstu sex mánuði ársins 1990, sem er aukning um 8,8 af hundraði miðað við sama tímabil árið áður. Almennur vöruinnflutningur jókst um 2,9 af hundraði, að frádregnum olíuinnflutningi, sem jókst um 15,2 af hundraði. Aukning á öðrum almennum innflutningi var um 1,6 af hundraði. Verðmæti skipainnflutnings dróst saman, úr 1,2 milljörðum króna í 53 milljónir króna, en innflutningsverðmæti flugvéla jókst hins vegar úr 3,9 milljörðum króna í 6,7 milljarða króna. Innflutningur vegna álvers jókst um 22 af hundraði og innflutningur vegna járnblendiverksmiðju um 125 af hundraði. Innflutningur vegna Landsvirkjunar dróst saman úr 573 m.kr. í 93 m.kr.

Þjónustutekjur á fyrra helmingi árs 1990 námu 15,4 milljörðum króna og er það aukning um 6,2 af hundraði frá sama tímabili fyrra árs. Þjónustugjöld námu 23,7 milljörðum króna, sem er aukning um 4,5 af hundraði frá árinu áður. Þjónustujöfnuður í heild, að meðtöldum vöxtum, varð því neikvæður um 8,3 milljarða króna á fyrstu sex mánuðum ársins og er það 130 milljónum krónum lakari útkoma en á sama tímabili árið áður. Vaxtajöfnuður, þ.e. vaxtatekjur að frádregnum vaxtagjöldum, var neikvæður um 7,4 milljarða króna á fyrra helmingi ársins, en var neikvæður um 7,2 milljarða króna á sama tímabili árið áður. Þjónustujöfnuður án vaxta var því neikvæður um 0,8 milljarða króna, sem er 145 milljónum króna betri útkoma en á sama tímabili árið áður.

Viðskiptajöfnuður (vöruskipta- og þjónustujöfnuður) reyndist samkvæmt framangreindum tölum neikvæður um 5,9 milljarða króna á tímabilinu janúar-júní 1990 eða sem svarar til 9,7 af hundraði útflutningstekna, en á sama tímabili árið áður var viðskiptajöfnuður neikvæður um 3,6 milljarða króna eða sem svarar til 6 af hundraði útflutningstekna.

Í nýlegri þjóðhagsspá er viðskiptahallinn á árinu 1990 í heild 6,7 milljarðar króna, sem svarar til 5,2 af hundraði áætlaðra útflutningstekna og 2,0 af hundraði áætlaðrar vergrar landsframleiðslu, sem þýðir minni viðskiptahalla síðari helming ársins en á þeim fyrri, enda var skipa- og flugvélainnflutningur á fyrra helmingi ársins 1990 80 af hundraði áætlaðs skipa- og flugvélainnflutnings allt árið eða 7,3 milljarðar (áætlaður 9,0 milljarðar allt árið).

(1.2) Útflutningur eftir vinnslugreinum og helstu vörutegundum.

Töluverðar breytingar eru á vöruútflutningi eftir vinnslugreinum fyrstu sex mánuði þessa árs miðað við sama tíma í fyrra. Veruleg aukning varð á hlutfalli sjávarafurða af heildarútflutningi, úr 73,2 af hundraði fyrstu sex mánuði ársins 1989 í 79 af hundraði á sama tímabili á þessu ári. Að sama skapi dróg úr hlutfalli iðnaðarvara af heildarverðmæti vöruútflutnings, úr 24,1 af hundraði fyrstu sex mánuði ársins 1989 í 18,6 af hundraði á sama tímabili á þessu ári. Meginskýringin á þessari breytingu er raunaukning á útflutningsverðmæti sjávarafurða um 4

milljarða króna á tímabilinu. En hins vegar var á sama tíma samdráttur á raunverðmæti útflutnings iðnaðarvara um 3 milljarða króna.

Tafla I

Útflutningur vara eftir vinnslugreinum.

(Janúar-júní)	1990 Millj. kr.	1990 %	1989 %	1988 %
Sjávarafurðir	36 623	79,0	73,2	75,5
Iðnaðarvörur	8 640	18,6	24,0	21,7
Landbúnaðarvörur	714	1,5	1,6	1,6
Aðrar vörur	406	0,9	1,2	1,2
Samtals	46 383	100,0	100,0	100,0

Aukning hefur orðið, það sem af er þessu ári, á verðmæti útflutnings fiskvinnslu, eða úr 62,4 af hundraði fyrstu sex mánuði síðasta árs í 65,9 af hundraði miðað við sama tíma í ár. Munar þar mestu um aukningu í sölu frystra afurða úr 34,3 af hundraði af heildarverðmæti af vöruútflutningi ársins 1989 í 36,9 af hundraði á þessu ári. Einnig hefur orðið töluverð aukning í saltfisksútflutningi, eða úr 14,8 af hundraði miðað við fyrstu sex mánuði ársins 1989 í 17,9 af hundraði á þessu ári. Hins vegar varð samdráttur í framleiðslu afurða fiskimjöls- og síldarverksmiðja miðað við síðasta ár, úr 9,5 af hundraði í 6,6 af hundraði heildarvöruútflutnings á þessu ári.

Hlutfall útflutnings fersks fisks af verðmæti heildarvöruútflutnings hefur aukist úr 10,8 af hundraði á síðasta ári í 13,1 af hundraði á þessu ári, miðað við fyrstu sex mánuði áranna.

Samdráttur sá, sem orðið hefur í útflutningi á iðnaðarvörum á fyrstu sex mánuðum ársins miðað við sama tíma í fyrra, má aðallega rekja til minnkandi útflutnings á áli og kísiljárni. Útflutningur á áli dróst saman úr 12,8 af hundraði af heildarverðmæti vöruútflutnings árið 1989 í 9,3 af hundraði á þessu ári. Samdráttur varð einnig á sama tíma í magni talið, eða úr 44.600 tonnum í 39.500 tonn. Samdráttur í útflutningi kísiljárns fyrstu sex mánuði ársins 1990 var einnig verulegur miðað við sama tíma í fyrra, eða 4,6 af hundraði árið 1989, en 3,0 af hundraði á þessu ári. Verð á kísiljárni var mun lægra fyrstu sex mánuði þessa árs en á sama tíma í fyrra. Þrátt fyrir samdrátt í útflutningsverðmæti jókst útflutningurinn í magni talið, eða úr 33.700 tonnum fyrstu sex mánuði 1989 í 37.000 tonn á þessu ári.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir útflutningi helstu vörutegunda annarra en áls og kísiljárns.

Áframhaldandi aukning var á þessu ári í útflutningi á frystum flökum. Fyrstu sex mánuði þessa árs voru flutt út 59.300 tonn á móti 52.200 tonnum á sama tíma í fyrra. Útflutningur þorskflaka, sem er um helmingur útflutnings frystra flaka, jókst talsvert, eða úr 24.200 tonnum í 28.100 tonn. Verðmæti útflutnings á þorskflökum jókst úr 5 milljörðum fyrstu sex mánuði ársins 1989, umreiknað á gengi janúar-júlí 1990, í 6,5 milljarða fyrir sama tíma á þessu ári.

Óverkaður saltfiskur var fluttur út fyrir 6,4 milljarða fyrstu sex mánuði þessa árs, en fyrir 5 milljarða á sama tímabili árið á undan reiknað á meðalgengi gjaldmiðla janúar-júní 1990. Nokkur aukning hefur orðið í magni talið. Á umræddum tíma 1989 voru flutt út 25.500 tonn, en í ár 27.800 tonn. Verðmætisaukning er því um 1,4 milljarða króna.

Útflutningur á ferskum fiski hefur aukist mjög verulega á síðustu misserum og sú þróun hélt áfram fyrstu sex mánuði þessa árs. Fyrir sama tímabil árið á undan voru flutt út 53.000 tonn að verðmæti 3,8 milljarðar króna, fært til meðalgengis 1990 fyrir umrætt tímabil, en á þessu ári nam útflutningur 76.500 tonnum að verðmæti 4,9 milljarðar króna.

Útflutningur á frystri rækju hefur aukist í magni talið miðað við sama tíma í fyrra. Fyrstu sex mánuði síðasta árs voru flutt út tæp 4.000 tonn, en á sama tíma í ár um 4.700 tonn. Verðmæti útflutningsins er hins vegar svipað miðað við uppfærðar tölur síðasta árs, eða um 1,8 milljarða króna.

Talsverður samdráttur er í útflutningi á heilfrystum fiski miðað við síðasta ár. Tæp 24.000 tonn voru flutt út fyrstu sex mánuði ársins 1989, en 17.700 tonn á sama tíma í ár. Nokkuð minni samdráttur er á verðmæti útflutningsins, eða úr 2,5 milljörðum króna í 2,2 milljarða króna, miðað við meðalgengi gjaldmiðla janúar-júní 1990.

Lítils háttar aukning varð í útflutningi lagmetis í magni talið. Verðmæti þessa útflutnings er hins vegar svipað, ef tölur síðasta árs eru uppfærðar, eða um 580 milljónir króna.

(1.3) Viðskipti við einstök lönd og markaðssvæði

Skipta má helstu mörkuðum fyrir íslenskar útflutningsvörur í sex svæði: Evrópubandalagið, EFTA-ríkin, Austur-Evrópa, Bandaríkin, Japan og önnur lönd. Verulegar breytingar hafa orðið á vöruútflutningi til þessara markaðssvæða, ef miðað er við fyrstu sex mánuði síðasta árs annars vegar og fyrstu sex mánuði þessa árs hins vegar.

Talsverður samdráttur er í vöruútflutningi til EFTA-ríkjanna, ef miðað er við heildarverðmæti vöruútflutnings, en fyrstu sex mánuði ársins 1989 var þetta hlutfall 12,7 af hundraði en 9,5 af hundraði á sama tíma á þessu ári. Meginskýringin er samdráttur í útflutningi áls til Sviss, en einnig má nefna samdrátt í saltsíldarsölu til Svíþjóðar, loðnumjöls til Finnlands og loðnulýsis til Noregs.

Veruleg aukning varð á vöruútflutningi til Evrópubandalagsins borið saman við árið á undan. Heildarverðmæti vöruútflutnings til Evrópubandalagsríkja jókst úr 53,7 af hundraði heildarvöruútflutnings í 66,5 af hundraði. Hér er um aukningu að ræða, sem nemur tæplega 24 af hundraði, sem er mjög mikil aukning frá síðasta ári. Aukninguna má aðallega rekja til aukins útflutnings til bandalagsins á ferskum fiski, frystum fiskflökum og blautverkuðum saltfiski.

Mest aukning í verðmætum talið er til Bretlands, en Bretland er sem fyrr stærsti kaupandinn innan Evrópubandalagsins. Fyrstu sex mánuði síðasta árs nam vöruútflutningur, færður til meðalgengis gjaldmiðla janúar-júní á þessu ári, tæpum 8,7 milljörðum króna eða 19,5 af hundraði heildarvöruútflutnings, á móti 10,6 milljörðum í ár eða 23 af hundraði heildarvöruútflutnings miðað við verðmæti.

Hins vegar var mesta hlutfallslega aukningin í útflutningi til Spánar. Fyrstu sex mánuði ársins 1989 nam vöruútflutningur til Spánar tæpum 1,5 milljarði króna fært til meðalgengis gjaldmiðla á þessu ári eða 3,3 af hundraði heildarvöruútflutnings, en á sama tíma á þessu ári var útflutningurinn tæpir 3 milljarðar króna eða 6,4 af hundraði heildarvöruútflutnings. Aukningin er tæplega 94 af hundraði. Veruleg aukning var einnig á vöruútflutningi til Danmerkur, en hún nam rúmum 89 af hundraði á milli ára umrætt tímabil. Talsverð aukning var á vöruútflutningi til Frakklands. Á síðasta ári nam útflutningurinn um 2,3 milljörðum króna, miðað við uppfært meðalgengi, eða 5,2 af hundraði heildarverðmæts vöruútflutnings. Í ár er þessi útflutningur um 3,7 milljarðar króna eða 7,9 af hundraði heildarvöruútflutnings. Hér er um að ræða aukningu um tæplega 52 af hundraði á vöruútflutningi til Frakklands.

Athygli vekur að Þýskaland er orðið annar stærsti kaupandi íslenskra útflutningsafurða, ef bornir eru saman fyrstu sex mánuðir áranna 1989 og 1990, og hefur þar með tekið sæti Bandaríkjanna. Til Vestur-Þýskalands voru fluttar út vörur að verðmæti 5,6 milljarðar króna á umræddu tímabili, sem er um 12,1 af hundraði heildarverðmætis vöruútflutnings.

Hlutur Bandaríkjanna hefur verið að minnka jafnt og þétt undanfarin ár, með litlu fráviki á síðasta ári og eru Bandaríkin nú þriðji stærsti kaupandi íslenskra útflutningsafurða. Miðað við fyrstu sex mánuði þessa árs nam vöruútflutningur til Bandaríkjanna rúmum 4,5 milljörð-

um króna, eða 9,8 af hundraði heildarvöruútflutnings Íslendinga. Til samanburðar má geta þess að á sama tíma árið 1985 var vöruútflutningur til Bandaríkjanna rúm 20 af hundraði heildarvöruútflutnings. Það ár voru Bandaríkin stærsti kaupandi íslenskra útflutningsafurða.

Áframhaldandi samdráttur virðist ætla að vera á þessu ári á vöruútflutningi til Japan, ef áðurgreind sex mánaða tímabil eru borin saman. Á síðasta ári nam útflutningurinn, uppfærður til meðalgengis þessa árs, 3,6 milljörðum króna eða 8 af hundraði heildarvöruútflutningsverðmætis, en aðeins 2,6 milljörðum króna á þessu ári, eða 5,6 af hundraði heildarvöruútflutnings.

Þær miklu breytingar, sem nú eiga sér stað í efnahags- og viðskiptalífi í ríkjum Austur-Evrópu, munu vafalaust eiga eftir að hafa mikil áhrif á viðskipti okkar við þessi ríki. Breytingarnar í átt til frjálsra gjaldeyrisviðskipta hafa nú þegar haft þær afleiðingar í för með sér að utanríkisviðskiptin hafa dregist saman vegna mikils gjaldeyrisskorts. Íslendingar hafa ekki farið varhluta af þessu. Útflutningur til þessara ríkja hefur dregist saman, auk þess sem greiðsludráttur fyrir íslenskar útflutningsvörur hefur verið tilfinnanlegur. Árið 1985 voru vöruviðskiptin við ríkin í Austur-Evrópu um 8 af hundraði heildarvöruviðskipta, en fyrstu sex mánuði ársins 1990 var þetta hlutfall 5,5 af hundraði.

Mikilvægasti markaðurinn fyrir íslenskar útflutningsvörur í Austur-Evrópu er í Sovétríkjunum. Í byrjun október fóru fram í Reykjavík samningaviðræður við Sovétríkin um nýja fimm ára viðskiptabókun. Undirbúningur hófst í vor og var af hálfu Íslendinga óskað eftir að viðræður gætu farið fram í júní sl. Sovétmenn gátu ekki fallist á það og hófust viðræðurnar ekki fyrr en 8. október. Af Íslands hálfu var lögð áhersla á að ná samningi um viðskiptabókun til fimm ára, hliðstæða fyrri samningum með vörulistum, þar sem tilgreind yrði magn- eða verðmætaviðmiðun. Áður en til samningaviðræðna kom höfðu aðilar skipst á tillögum að nýrri viðskiptabókun og átti sendiráð Íslands í Moskvu ítarlegar viðræður við sovésk stjórnvöld um þær áður en samningaviðræðurnar hófust.

Af hálfu Sovétmanna kom fram að þeir væru aðeins reiðubúnir til viðræðna um viðskiptabókun til tveggja ára með leibeinandi vörulistum án magn- eða verðmætaviðmiðunar. Sögðu þeir miklar breytingar á viðskiptaháttum vera fram undan í Sovétríkjunum og væri ætlunin að hverfa frá miðstýrðum innkaupum með opinberum fjárveitingum. Gætu þeir því ekki tryggt fjárveitingar til áframhaldandi kaupa sovésku ríkisfyrirtækjanna, sem Íslendingar hafa skipt við. Yrðu fyrirtækin nú í auknum mæli að útvega fjármagn sjálf til vöruinnflutnings. Sovéska viðræðunefndin taldi að þetta mundi skýrast, þegar fyrir lægju ákvarðanir varðandi ríkisbúskap, markaðskerfi og framtíðarskipan ríkjasambandsins, sem nú eru til meðferðar. Þá kom jafnframt fram að vegna mikilla gjaldeyriserfiðleika væri þess varla að vænta að sovéskum fyrirtækjum yrði úthlutað fjármagni og gjaldeyri í sama mæli og áður til hliðstæðra viðskipta við Íslendinga og verið hefði. Eftir viðræður í heila viku var þeim frestað fram í nóvember og mun sovéska viðræðunefndin kanna hvort heimild fæst hjá sovéskum stjórnvöldum til að gera tveggja ára samning með sams konar vörulistum og fylgt hafa fyrri samningum. Greiðsluvandamál í viðskiptum við Sovétríkin hafa verið mikið til umfjöllunar vegna verulegs greiðsludráttar, sem orðinn var vegna sölu á freðfiski, lagmeti og ullarvörum. Vegna þess mikla vanda, sem þetta hafði í för með sér fyrir íslenska útflytjendur fór sérstök nefnd á vegum utanríkisráðherra undir forystu ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins til Sovétríkjanna til að freista þess að finna lausn á greiðsluvandræðunum. Átti nefndin ítarlegar viðræður við fjölmarga aðila bæði í stjórnkerfi Sovétríkjanna og í bankakerfinu.

Skömmu áður en viðræður íslenskra og sovéskra stjórnvalda hófust í Reykjavík barst tilkynning um greiðslu fyrir þann freðfisk, sem afgreiddur hafði verið til Sovétríkjanna og hluta af lagmetinu. Hins vegar ríkir enn óvissa um greiðslu fyrir lagmeti og ullarvörur, svo og fyrir þær birgðir af íslenskum vörum, sem sérstaklega hafa verið framleiddar fyrir sovéska markaðinn. Framleiðsla á freðfiski fyrir Sovétríkin hefur nú verið stöðvuð þar til séð verður hvernig greiðsluvandinn verður leystur.

Nýlega hafa þau skilaboð borist til íslenskra fiskútflytjenda frá viðsemjendum þeirra í Sovétríkjunum að gjaldeyrisreikningum þeirra hafi verið lokað hjá viðskiptabanka þeirra í Moskvu og allar gjaldeyrisyfirfærslur stöðvaðar. Tilkynnti sovéska innflutningsfyrirtækið að það gæti hvorki veitt viðtöku þeim vörum, sem þegar hefðu verið framleiddar fyrir það upp í gerða samninga, né vörum, sem óframleiddar væru upp í samninga. Jafnframt yrði ekki um neinar greiðslur af þess hálfu að ræða í náinni framtíð. Sendiráð Íslands í Moskvu hefur þegar hafið viðræður við sovésk stjórnvöld um lausn þessa máls.

Af einstökum vöruflokkum til afgreiðslu á þessu ári hefur verið samið um rúmlega 10.000 tonn af freðfiski, sem er svipað magn og á síðasta ári. Samið var um 20.000 tonn af saltsíld af framleiðslu síldarvertíðar 1989–1990 og var það magn afgreitt á fyrri hluta þessa árs. Eftir er að framleiða upp í 5.000 tonna samning, sem gerður var síðastliðið haust, sem afgreiða skal á yfirstandandi síldarvertíð. Samið hefur verið um sölu á lagmeti fyrir 4,0 milljónir Bandaríkjadala og ullarvörur fyrir 2,2 milljónir Bandaríkjadala. Þá hefur sala á tölvuvogum gengið vel það sem af er þessu ári. Hins vegar ríkir mikil óvissa um greiðslur vegna þessara samninga og því ekki vitað hvernig fer með framkvæmd þeirra.

Mánuðina janúar-júní á þessu ári var útflutningur til Sovétríkjanna að verðmæti 1.738 millj. kr. eða 3,7 af hundraði heildarútflutnings. Verðmæti innflutnings var hins vegar 2.447 millj. kr. eða 5,1 af hundraði heildarinnflutnings. Vöruskiptajöfnuður var því Sovétmönnum í hag, sem nam 709 millj. kr.

Viðskiptin við Pólland hafa undanfarin ár byggst á sölu fiskimjöls, kaupum á fiskiskipum og skipaviðgerðum. Þá hefur verið seld þangað saltsíld og smávegis af ýmsum iðnaðarvörum. Frá árinu 1984 fóru viðskiptin vaxandi með aukinni sölu fiskimjöls og árið 1989 var gerður samningur um sölu á allt að 55.000 tonnum af fiskimjöli, en þetta er stærsti sölusamningur á fiskimjöli, sem íslenskir útflytjendur hafa gert. Vegna þess að loðnuveiði brást á haustvertíð tókst ekki að afgreiða upp í allan þennan samning þá og vegna efnahagserfiðleika, gjaldeyrisskorts og erfiðleika í landbúnaði í Póllandi hefur ekkert fiskimjöl verið flutt út til Póllands á þessu ári. Útflutningur til Póllands það sem af er árinu er því aðeins 0,2 af hundraði heildarútflutnings.

Árlegar viðræður fulltrúa íslenskra og pólskra stjórnvalda fóru fram í Reykjavík nýlega, þar sem rædd var þróun viðskipta landanna og framtíðarskipulag þeirra. Báðir aðilar lýstu áhuga sínum á áframhaldandi viðskiptum landanna og nauðsyn þess að fyrirtæki í báðum löndum héldu áfram samstarfi sínu á tímum þeirra miklu breytinga, sem nú eiga sér stað í pólsku efnahags- og viðskiptalífi. Þannig væri von til að viðskipti landanna gætu eflst aftur í framtíðinni.

Árlegar viðræður milli íslenskra og tékkneskra stjórnvalda fóru fram í Prag í lok september sl. Viðskiptin byggjast á sölu loðnumjöls, freðfisks og lagmetis, en í staðinn kaupum við ýmsar iðnaðarvörur svo sem bifreiðar, traktora, stál, fatnað o.fl. Eins og í viðskiptunum við Pólland hafa efnahagserfiðleikar í Tékkóslóvakíu haft í för með sér samdrátt í útflutningi þangað. Var útflutningur til Tékkóslóvakíu aðeins 0,1 af hundraði heildarútflutnings fyrstu sex mánuði þessa árs. Gjaldeyrisskortur og skipulagsleysi í utanríkisviðskiptum er mikið vegna þeirra breytinga, sem eiga sér stað í átt til markaðsbúskapar. Þess vegna eru horfur á að útflutningur til Tékkóslóvakíu verði afar lítill það sem eftir er af þessu ári og óvíst um horfur á næsta ári. Engu að síður er þýðingarmikið að íslenskir útflytjendur fylgist vel með framvindu efnahagsmála og þróun viðskiptahátta svo halda megi tengslum við þennan markað, þegar ástand efnahagsmála fer batnandi í Tékkóslóvakíu.

(1.4) Útflutningur á ferskum fiski

Miklar umræður hafa orðið um útflutning á ferskum fiski, en á þessu ári hefur verðlag á erlendum fiskmörkuðum verið mjög hátt og mikil ásókn í útflutning á ferskum fiski bæði í

gámum og með skipum. Í upphafi ársins úthlutuðu embættismenn utanríkisráðuneytisins útflutningsleyfum vegna þessa útflutnings og sættu mikilli gagnrýni helstu málsvara sjávarútvegs fyrir. Aðilar að verðlagsráði sóttu það fast að komið yrði á fót aflamiðlun, sem fengi þetta hlutverk, og töldu að með þeim einum hætti myndi takast að skapa samstöðu um úthlutanir.

Í tengslum við fiskverðsákvörðun í byrjun ársins varð samkomulag um að komið yrði á fót aflamiðlun, með víðari stjórnaraðild, sem úthlutaði í umboði ráðuneytisins leyfum til útflutnings á ferskum fiski.

Skilgreint hlutverk Aflamiðlunar var að greiða fyrir fiskviðskiptum innan lands og hafa eftirlit með og aðlaga útflutning á óunnum fiski að nýtingu fiskmarkaða fyrir neyslufisk.

Fyrra hlutverki sínu hefur Aflamiðlun enn aðeins að litlu leyti sinnt. Hvað varðar úthlutanir útflutningsleyfa fer fjarri að komið hafi verið í veg fyrir deilur um það efni. Þvert á móti hafa deilur um úthlutanir orðið illvígari en fyrr.

Ljóst er að núverandi kerfi krefst endurskoðunar, eins og gert er ráð fyrir, í byrjun næsta árs. Enn fremur þarf að kanna mótun fiskvinnslustefnu til lengri tíma, þar sem fjallað verði um með hvaða hætti beri að tryggja hagsmuni vinnslu og veiða við útflutning á ferskum fiski.

(1.5) Útflutningsráð Íslands

Starfsemi Útflutningsráðs Íslands á árinu 1990 var mjög svipuð starfseminni á árinu 1989. Skilgreind verkefni í verkefnaáætlun ráðsins fyrir árið 1990 eru eitt hundrað og þrjú, en verkefnin urðu áttatíu og tvö á árinu 1989. Útflutningsráð skipuleggur sýningarþátttöku íslenskra fyrirtækja á tólf alþjóðlegum vörusýningum og hefur staðið fyrir fimmtán kynningum á Íslandi og íslenskum afurðum hér á landi og erlendis.

Í febrúar sl. opnaði forseti Íslands málverkasýningu í Barbican Centre í London og stóð Útflutningsráð fyrir kynningu á íslenskum matvælum af því tilefni. Í nóvembermánuði verður forseti Íslands í Japan og hefur Útflutningsráð undirbúið kynningu á íslenskum útflutningsafurðum, Íslandi sem ferðamannalandi og íslenskri menningu í Tókíó.

Í tengslum við opinberar heimsóknir Bretadrottningar og Frakklandsforseta til Íslands á síðastliðnu sumri hélt Útflutningsráð sérstakar kynningar fyrir fulltrúa fjölmiðla í fylgdarliði þjóðhöfðingjanna.

Útflytjendur véla og tækja fyrir sjávarútveg tóku meðal annars þátt í vörusýningum í Boston, Glasgow, Leningrad, Seattle og Vancouver. Útflytjendur matvæla tóku þátt í vörusýningum í Tókíó, Boston, Búdapest og París. Í tengslum við þátttöku íslensku fyrirtækjanna á alþjóðlegum vörusýningum er yfirleitt útbúið efni fyrir fjölmiðla og á mörgum sýninganna er staðið fyrir sérstökum móttökum, þar sem íslenskar afurðir eru kynntar.

Útflutningsráð gefur reglulega út fréttabréf, sem dreift er til fimmtán hundruð aðila. Í hverjum mánuði á Útflutningsráð eina síðu í *News from Iceland*. Ýmsar skýrslur og bæklingar hafa verið gefnir út á árinu og má meðal annars nefnda bæklinginn *Iceland, a Source of Quality*, sem gefinn er út í 40.000 eintökum og dreift víða um heim. Einnig má nefna tvo leiðbeiningabæklinga, annan um markaðsrannsóknir og hinn um samningagerð við erlenda aðila.

Útflutningsráð er aðili að Markaðsskóla Íslands, sem rekinn er af Stjórnunarfélagi Íslands. Á árinu hefur verið unnið að verkefninu útflutningsaukning og hagvöxtur, sem ætlað er litlum og meðalstórum fyrirtækjum, sem eru að stíga sín fyrstu skref í útflutningi. Níu fyrirtæki taka þátt í verkefninu og er gert ráð fyrir að því ljúki í nóvember.

Á árinu hefur verið starfandi einn útflutningshópur sem starfað hefur á Norður-Ameríkumarkaði. Í hópnum eru sjö fyrirtæki, sem áhuga hafa á þessu markaðssvæði, en eru

ekki í innbyrðis samkeppni. Árangur af starfi hópsins hefur orðið þó nokkur, en gert er ráð fyrir að hópurinn ljúki starfi sínu um næstkomandi áramót. Áður en starfi hópsins lýkur er lögð áhersla á, að sem flest fyrirtækjanna geri samninga við góða umboðsmenn sem munu halda markaðsstarfi fyrirtækjanna áfram.

Unnið hefur verið að því að stofna fleiri útflutningshópa og hefur verið rætt við hugbúnaðarframleiðendur um slíka möguleika. Einnig hefur komið til tals að stofna útflutningshóp fyrir útflytjendur véla og tækja með Sovétríkin sem markaðssvæði.

Á árinu var ákveðið að framkvæma tvær umfangsmiklar markaðsathuganir. Annars vegar var ákveðið að gera athugun á því hvaða möguleika íslenskir útflytjendur eiga á mörkuðum Mið-og Austur-Evrópu í framhaldi af þeim miklu breytingum, sem þar hafa átt sér stað. Hins vegar var ákveðið, í tilefni af 60 ára afmæli forseta Íslands, að gera könnun á því með hvaða hætti Íslendingar gætu nýtt sér mikla þekkingu í heilbrigðisþjónustu til gjaldeyrisöflunar. Annars vegar er athugað hvort Íslendingar eigi möguleika á því að selja þessa þekkingu til fjarlægari landa og hins vegar hvort laða megi til Íslands ferðamenn, sem gætu nýtt sér þjónustu íslenska heilbrigðiskerfisins og þá möguleika, sem jarðhitinn býður upp á.

Í maí sl. skipaði utanríkisráðherra nefnd til að endurskoða lög um Útflutningsráð Íslands, einkum að því er varðar stjórnskipun og fjármögnun. Búist er við, að nefndin skili áliti fljótlega og er stefnt að því að frumvarp til laga um Útflutningsráð Íslands verði lagt fyrir Alþingi í haust og afgreitt fyrir áramót.

Við upptöku virðisaukaskatts var ekki lengur fyrir hendi sá möguleiki, að sjávarútvegurinn greiddi til Útflutningsráðs hluta af uppsöfnuðum söluskatti í sjávarútvegi. Mikilvægt er því að finna ráðinu nýjan, traustan gjaldstofn. Jafnframt er gert ráð fyrir, að við skipun stjórnar ráðsins verði tekið tillit til fjárframlaga hinna ýmsu atvinnugreina, þannig að vægi í stjórn endurspegli fjárframlög til ráðsins.

Útflutningsráð Íslands leitast við að sníða þjónustu sína að þörfum útflytjenda, bæði smárra og stórra. Til að Útflutningsráð Íslands nái árangri þarf starfsemi þess að byggja á stefnumótandi markaðsáætlunum fyrirtækjanna. Útflutningsráð getur aðstoðað fyrirtæki við gerð slíkra áætlana, en án þeirra er erfitt fyrir Útflutningsráð að bjóða þá þjónustu, sem fyrirtækin raunverulega þurfa á að halda.

(2) Alþjóðlegt viðskiptasamstarf

(2.1) Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti (GATT)

Einungis fáeinar vikur eru nú til loka Uruguay-viðræðnanna, en þeim lýkur með ráðherrafundi 3.–7. desember nk. í Brussel.

Viðræðurnar, sem hafa staðið í fjögur ár með þátttöku yfir hundrað ríkja, eru þær langviðamestu og flóknustu, sem ráðist hefur verið í á vettvangi GATT til þessa. Hafa miklar vonir verið bundnar við að niðurstaðan úr þeim mætti verða til þess að örva heimsviðskipti í krafti skýrari reglna og aukins frelsis á sem flestum viðskiptasviðum til hagsbóta fyrir þjóðir heims.

Staðan nú einkennist mjög af óvissu um framvinduna og tímaskorti, enda eru mörg vandamál enn óleyst og mikil tæknileg vinna og samningaumleitanir eru eftir. Misvel hefur miðað í samkomulagsátt í nefndunum og er ljóst að mikið átak og pólitískan meðbyr þarf í sumum þeirra, eigi að takast að ná viðunandi árangri. Frá og með 15. október sl. tók aðalframkvæmdastjóri GATT yfirstjórn viðræðnanna í auknum mæli í sínar hendur með aðstoð aðalsamningamanna nokkurra GATT-ríkja. Með þessum hætti vonast hann til að leysa stærstu pólitísku málin fyrir ráðherrafundinn í desember.

Viðræðurnar skiptast í tvö meginsvið, þ.e. viðræður um vöruviðskipti, sem skiptist síðan í fjórtán undirnefndir, og viðræður um þjónustuviðskipti, sem fara fram í átta vinnuhópum.

Nefnd um landbúnaðarafurðir

Landbúnaðarmálin eru eitt vandmeðfarnasta málefnið í Uruguay-viðræðunum og mun framvindan í landbúnaðarnefndinni hafa mikil áhrif á heildarútkomu Uruguay-viðræðnanna. Þó einhugur ríki um nauðsyn úrbóta með þeim hætti að dregið verði úr verndar- og stuðningsaðgerðum á sviði landbúnaðar, ríkir mikill ágreiningur um leiðir og hversu langt eigi að ganga í úrbótunum. Eru það einkum Bandaríkin og Evrópubandalagið sem eru áhrifamestu aðilarnir í þessum viðræðum og velta úrslit viðræðnanna mjög á því hvernig þeim tekst að brúa bilið milli sjónarmiða sinna.

Hugmyndir Bandaríkjanna hafa þótt afar róttækar og telur Evrópubandalagið að þær myndu bitna mun harðar á bandalaginu en Bandaríkjunum. Fjölmargar tillögur hafa verið lagðar fram (þar á meðal af Norðurlöndunum) um einstök svið eða heildartillögur, þ.m.t. um aðgang að mörkuðum (tolla og viðskiptahindranir), niðurgreiðslur, styrki og útflutningsbætur, útflutningstakmarkanir og heilbrigðisreglugerðir. Í tillögum sínum hafa Norðurlönd m.a. lagt mikla áherslu á að tekið verði tillit til sjónarmiða sem ekki eru viðskiptalegs eðlis (byggðasjónarmið og byggðarþróun, umhverfissjónarmið o.fl.) við mat á því hvers konar styrki og vernd á að afnema eða draga úr.

Í lok júlí lagði formaður landbúnaðarnefndarinnar fram samantekt varðandi ramma að samningi um úrbætur í landbúnaðarmálum, þar sem leitast er við að rata hinn vandaratað meðalveg ólíkra sjónarmiða. Eru hugmyndir hans umdeildar og þótt textinn væri ekki samþykktur sem samningsgrundvöllur, heldur einungis sem tæki til að herða á samningaumleitunum, er ljóst að hann gefur ákveðna vísbendingu um það hvernig niðurstaðan gæti orðið. Eru samningsdrögin byggð á fjórum höfuðþáttum, þ.e. um afnám eða samdrátt innanlandsaðstoðar, innflutningshafta og útflutningsbóta og síðan er sérkafli um heilbrigðisreglugerðir.

Í tengslum við texta formannsins var einnig samþykkt að aðildarlönd legðu fram fyrir 1. október sl. skilagreinar með upplýsingum um þá styrki og verndaraðgerðir, sem við lýði eru í hverju ríki fyrir sig. Mynda skilagreinarnar jafnframt ramma og útgangspunkt fyrir frekari samningaumleitanir. Í framhaldi af því áttu ríki síðan að leggja fram tilboð 15. október sl. um samdrátt innanlandsaðstoðar, afnám eða minnkun innflutningshafta og niðurskurð útflutningsbóta.

Innan Evrópubandalagsins er verið að móta tillögur, sem gera ráð fyrir samdrætti um 30 af hundraði, en í Bandaríkjunum eru hugmyndir um niðurskurð um 70–75 af hundraði.

Tollar

Markmið tollaviðræðnanna er að ná fram þriðjungs heildarlækkun tolla meðal aðildarríkjanna. Viðræðurnar hafa farið þannig fram að fyrst framvísuðu aðildarríki bráðabirgðatilboðum um tollalækkanir og síðan kröfum á hendur öðrum þátttökuríkjum. Í framhaldi af því hófust síðan eiginlegar viðræður á tvíhliða grundvelli milli einstakra ríkja um kröfurnar og tilboðin. Um miðjan september höfðu borist tilboð frá rúmlega fimmtíu þátttakendum, þ.á m. Íslandi. Ísland hefur gert kröfur um tollalækkanir á hendur Bandaríkjunum, Japan, Kanada og Suður-Kóreu og átt í tvíhliða viðræðum við fulltrúa þessara ríkja til að útskýra kröfurnar nánar og fylgja þeim frekar eftir. Í lokaþætti viðræðnanna var gert ráð fyrir því að ákveðin tilboð yrðu lögð fram fyrir 15. október sl., þar sem tekið yrði mið af þeim árangri, sem náðst hefði í tvíhliða viðræðunum um kröfur og tilboð.

Mikil óvissa ríkir um hver lokaárangur verður. Ástæðurnar eru margvíslegar. Í fyrsta lagi má nefna afstöðu Bandaríkjamanna. Upphafstilboð þeirra þótti mjög óljóst og veit enginn enn sem komið er hver áform Bandaríkjamanna eru. Einnig hafa Bandaríkjamenn lagt fram tillögur þess efnis að samið verði um tollfrelsi ákveðinna vörusviða, t.d. lyf, ál, stál o.fl. Áhugi á þessum hugmyndum hefur verið lítill og hafa þær í raun lítið gert annað en að flækja málin. Í öðru lagi má nefna að einungis tólf ríki lögðu fram bráðabirgðatilboð, sem voru

nærri markmiðum Uruguay-viðræðnanna um þriðjungs lækkun. Í fjórða lagi hafa tvíhliða viðræðurnar reynst tafsamar og ekki skilað þeim árangri sem búist var við. Loks má nefna að vegna óvissu um hvað stærstu þátttökuríkin myndu gera í tilboðum sínum, sem lögð voru fram 15. október sl., er afar óhægt um vik fyrir hin smærri ríki að endurskoða tilboð sín. Biðstaða er því komin upp, þar sem beðið er eftir frumkvæði stærstu ríkjanna. Hefur orðið vart efasemda um að lokaárangur verði viðunandi.

Nefnd um aðrar viðskiptahindranir en tolla

Viðræðurnar um aðrar viðskiptahindranir en tolla eru tvíþættar. Í fyrsta lagi fjalla þær um mótun alþjóðlegra reglna varðandi upprunareglur um skoðun á vörum í útflutningsríki. Eru þær viðræður í góðum farvegi og líkur á samkomulagi. Í öðru lagi eru í gangi viðræður um afnám viðskiptahindrana á grundvelli krafna og tilboða, en árangur þeirra hefur verið takmarkaður. Hafa umræðurnar í seinni tíð einkum snúist um hvernig best sé að tryggja útkomu úr viðræðunum, þannig að ekki verði hægt að fara í kringum samkomulagið. Hafa verið lagðar fram tillögur um að afnám hindrana á þessu sviði verði bundið í skrám, en efasemdir eru uppi um ágæti slíks fyrirkomulags.

Nefnd um náttúruauðlindir

Nefndinni um afurðir náttúruauðlinda er ætlað að fjalla um fisk og fiskafurðir, skógarafurðir, málma og járnlausa málma svo sem ál. Viðræðurnar hafa hins vegar gengið afar treglega vegna ágreinings um það til hvaða vöruflokka viðræðurnar eigi að ná. Evrópubandalagið, Chile og Ástralía telja að nefndin eigi að standa við upphaflegt erindisbréf sitt og fjalla um áðurnefnda vöruflokka. Bandaríkin, Japan, Kórea o.fl. vilja hins vegar ræða fiskafurðir og skógarafurðir í landbúnaðarnefndinni. Norðurlöndin og fleiri ríki eru þeirrar skoðunar, að þar sem viðskiptahindranir tengdar afurðum náttúruauðlinda séu ekki einkennandi fyrir slíkar afurðir, beri að fjalla um þessa vöruflokka í tollanefndinni og viðskiptahindrananefndinni. Af þessum sökum hafa Norðurlöndin og fleiri ríki lagt fram tilboð, er snerta þessa nefnd sem hluta af heildartillögunum í tollanefndinni og viðskiptahindrananefndinni. Aðeins fáein ríki hafa hins vegar lagt fram eiginlegar kröfur og tilboð í náttúruauðlindanefndinni sem slíkri. Vegna kröfu Evrópubandalagsins um að nefndinni beri einnig að fjalla um aðgang að fiskveiðilögsögu gegn aðgangi að mörkuðum og framangreinds ágreinings, er vart hægt að búast við verulegum árangri í viðræðunum um fisk og fiskafurðir.

Nefnd um hugverk í viðskiptum

Umræðurnar um hugverk í viðskiptum hafa einkennst af miklum ágreiningi, aðallega milli þróunarríkja og iðnríkja. Höfuðhlutverk nefndarinnar er að túlka nánar ríkjandi GATT-reglur á þessu sviði. Hafa iðnríkin lagt ríka áherslu á að viðunandi árangur náist, en viðhorf þróunarríkja, með Brasilíu og Indlandi í broddi fylkingar, hefur einkennst af samningstregðu vegna árangursleysis, að þeirra mati, í þeim nefndum, sem þau leggja mesta áherslu á (vefnaðarvörur og hitabeltisafurðir). Afstaða Bandaríkjanna, Evrópubandalagsins, Japans og Sviss hefur verið sú að styrkja ætti hlutverk GATT í sambandi við hugverkaréttindi í viðskiptum, þar sem engin önnur leið sé til að ná einhverjum tökum á þeirri óstjórn sem ríkir í þessum málaflokki. Hins vegar hefur það verið stefna þróunarríkja að Alþjóðahugverkastofnunin (WIPO) sé best til þess fallin að fara með þennan málaflokk að öllu leyti. Á síðustu vikum þykir þó hafa miðað heldur í áttina til samkomulags, enda hefur dregið úr andstöðu landa eins og Brasilíu og Indlands.

Nefnd um vefnaðarvörur

Fram að þessu hafa alþjóðaviðskipti með vefnaðarvörur og fatnað verið mjög háð takmörkunum, sem samið hefur verið um sem undanþágur frá GATT á grundvelli svokallaðs

„Multi-Fiber“ samnings. Hlutverk nefndarinnar er að leita leiða til að afnema þennan samning og aðrar viðskiptahindranir, sem ganga lengra í verndarátt en ákvæði GATT-samningsins heimila. Þróunarlöndin hafa lagt ríka áherslu á framgang viðræðnanna en ýmis stærstu iðnríkin hafa bundið samningsvilja sinn við það hversu þróunarríkin eru sveigjanleg á öðrum sviðum, þar sem iðnríkin hafa hagsmuna að gæta.

Mikil óvissa ríkir í vefnaðarvöruviðræðunum. Embættismenn komast vart mikið lengra innan þeirra marka, sem þeir hafa, og er þörf pólitískra ákvarðana til að höggva á hnútinn.

Hitabeltisafurðir

Viðræðurnar um hitabeltisfurðir eru með svipuðu móti og í tollanefndinni, þ.e. á grundvelli tilboða og krafna. Hefur fjöldi ríkja lagt fram tilboð, annaðhvort sem hluta af heildartillögupakkanum í tollanefndinni eða sem sérstakt tilboð í þessari nefnd. Í raun hefur nefndin gegnt afar litlu hlutverki undanfarið, þar sem rætt hefur verið um tolla, viðskiptahindranir og styrki í viðkomandi nefndum.

Nefnd um endurskoðun GATT-samningsins

Nefndinni um endurskoðun GATT-samningsins er ætlað að endurskoða, skýra og styrkja eftir þörfum þau ákvæði samningsins, sem ekki er fjallað um í öðrum nefndum.

Nefnd um sérsamninga innan GATT

Í viðræðunum um sérsamninga innan GATT er leitast við á grundvelli fenginnar reynslu að endurbæta og styrkja ýmsa sérsamninga er gerðir voru í síðustu viðskiptalotu (GATT Tókíó-viðræðunum), t.d. um tollvirði, opinber útboð o.fl. Ísland er ekki aðili að neinum þeirra.

Nefnd um verndaraðgerðir

Samkvæmt XIX. grein GATT-samningsins eru ákveðnar verndaraðgerðir (inn- og útflutningstakmarkanir) heimilaðar. Hefur mikill styrr staðið um þetta ákvæði, þar sem það þykir ekki nægilega skýrt og nokkur aðildarríki GATT hafa gripið til verndaraðgerða, sem óvíst er að falli undir XIX. greinina. Varðandi nánari túlkun á þessari grein hafa deilur einkum staðið um hvort leyfa eigi verndaraðgerðir gagnvart einu ríki eða fleirum, sem ekki þarf jafnframt að beita gagnvart öllum aðildarríkjum GATT. Þykir andstæðingum þessarar hugmyndar hún fela í sér frávik frá grundvallarreglu GATT um bestu kjararéttindi.

Nefnd um styrki og jöfnunartolla

Nefnd um styrki og jöfnunartolla (gagnaðgerðir) er ætlað að endurskoða bæði reglur GATT og sérsamning, er gerður var í Tókíó-viðræðunum um slíkar aðgerðir. Meginvandinn á þessu sviði er vöntun á skýrum reglum, sem hefur leitt til misbeitingar. Hafa Bandaríkin, Kanada, Sviss og Norðurlönd einkum beitt sér fyrir strangari reglum en þróunarríkin. Japan og Evrópubandalagið hafa reynst tregari.

Nefnd um viðskiptahindranir tengdar fjárfestingum

Þungamiðjan í viðræðunum um viðskiptahindranir tengdar fjárfestingum snýst um það hverjar núverandi skyldur aðildarríkja á þessu sviði eru, hvernig taka eigi sjónarmið vegna þróunarmála til greina og hvaða aðrar reglur ættu að gilda um þessar aðgerðir en núverandi GATT-reglur.

Nefnd um lausn deilumála

Árangur í nefndinni um endurskoðun reglna um lausn deilumála hefur verið viðunandi. Nefndin hefur einkum fjallað um tillögur um bindandi gerðardóma, greiðslu skaðabóta,

framkvæmd fyrirmæla úrskurðarnefnda, réttindi þriðja aðila og möguleika á málskoti eða áfrýjun.

Nefnd um virkni GATT-kerfisins

Í nefndinni um virkni GATT-kerfisins er fjallað um framtíðarhlutverk GATT, eflingu tengsla þess við Alþjóðabankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn o.fl. Í apríl sl. varð samkomulag um að haldnir skyldu reglulegir endurskoðunarfundir, þar sem viðskiptastefna einstakra aðildarríkja verði krufin til mergjar með tilliti til þess hvort hún samræmist reglum GATT. Verður viðskiptastefna Íslands tekin fyrir árið 1992.

Þjónustuviðskipti

Markmið viðræðnanna um þjónustuviðskipti er tvíþætt. Í fyrsta lagi að móta rammasamning um hugtök og grundvallarákvæði, er leggja skuli til grundvallar viðskiptum með þjónustu og í öðru lagi að stuðla að auknu frelsi í viðskiptum með þjónustu í áföngum.

Markmiðið er að rammasamningur um þjónustuviðskipti verði sérsamningur, sem verði hliðstæður GATT-samningnum og byggi á sömu grundvallarreglum. Fyrir nefndinni liggja drög, sem samin eru á ábyrgð formannsins og eru því ekki bindandi fyrir þátttakendur. Eitt helsta ágreiningsefni viðræðnanna hefur verið umfang samningsins. Vilja flestir að samningurinn nái til allra viðskiptasviða, en Bandaríkin hafa viljað undanskilja nokkra þætti. Einnig hefur afstaða þróunarríkja reynst erfið, en þau krefjast þess að meira tillit verði tekið til sérsjónarmiða þeirra en ásættanlegt þykir í iðnríkjunum.

Talið er hæpið að tími vinnist til að semja um aukið frelsi í áföngum fyrir lok Uruguay-viðræðnanna á grundvelli krafna og tilboða og er nú rætt um að slíkar viðræður hefjist á næsta ári og haldi áfram til ársins 1992.

X Þróunarsamvinna

(1) Almennt

Framlög á fjárlögum þessa árs vegna þróunaraðstoðar nema alls 224 milljónum króna. Þar eru meðtaldar fjárveitingar til verkefna á vegum Sameinuðu þjóðanna og stofnana þeirra. Mest af fjárveitingum íslenska ríkisins til þróunarmála er jafnan til slíkra verkefna.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands sér um tvíhliða þróunarsamvinnu. Fjárveiting til hennar á þessu ári nemur sjötíu og fimm milljónum króna. Stofnunin hefur nú starfsmenn á þrem stöðum í Afríku: á Grænhöfðaeyjum, í Malawí og í Namibíu. Á vegum stofnunarinnar starfa nú níu manns í fullu starfi í þessum löndum. Auk þess hafa þrír sérfræðingar dvalið þar um skemmri tíma.

Undirbúningur og upphaf samvinnuverkefnis Íslands og Namibíu um fiskirannsóknir við Suðvestur-Afríku var langmest áberandi í starfseminni síðastliðið hálft ár. Eftir að þess var farið á leit af stjórnvöldum í Namibíu síðastliðinn vetur að Íslendingar tækju að sér að manna rannsóknaskip Namibíumanna, RS Benguela, með yfirmönnum og fiskifræðingum, hefur undirbúningur verið í fullum gangi. Valdir voru fimm Íslendingar sem yfirmenn á skipið úr hópi eitt hundrað og þrjátíu umsækjenda, haldið var fyrir þá námskeið í júní og þeir síðan ráðnir til tveggja ára og sendir til Namibíu í ágúst, ásamt íslenskum fiskifræðingi. Þróunarsamvinnustofnun Íslands mun sjá um útgerð skipsins, en fiskimálastjórn Namibíu greiðir allan kostnað, annan en laun Íslendinganna um borð. Skipið Benguela, sem er á stærð við Árna Friðriksson, tuttugu ára gamalt, en í mjög góðu standi, lagði úr höfn í reynsluferð þann 10. september sl. Gerð hafa verið drög að samstarfssamningi, sem er til umfjöllunar hjá stjórnvöldum landanna.

Íslendingur, sem er starfsmaður ÞSSÍ, gegnir áfram starfi fiskimálafulltrúa Norðurlanda á fiskimálaskrifstofu SADCC-ríkjanna í Malawi. Auk þess hefur stofnunin tekið að sér tvíhliða samvinnuverkefni við ríkisstjórn Malawi, aðallega fiskirannsóknir á Malawi-vatni. ÞSSÍ tók að sér að endurbæta og gera nothæfan gamlan rannsóknabát, sem er á vatninu, og er því verki nú að ljúka. Einnig fór Alþjóðabankinn þess á leit, að ÞSSÍ og Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) gerðust aðilar að stóru verkefni til að endurskipuleggja veiðar og vinnslu fisks í Malawi með því að kosta að nokkru rannsóknaþáttinn í verkefninu. Þar er m.a. um að ræða smíði nýs rannsóknabáts, sem NDF mun fjármagna ásamt ÞSSÍ, og NDF mun leggja til fé í annan lítið eitt stærri fiskibát til veiða á vatninu. Vonast er til að báðir bátarnir verði byggðir hérlendis.

Mjög hefur dregið úr starfseminni á Grænhöfðaeyjum. ÞSSÍ hefur þó einn starfsmann á eyjunum til að fylgja eftir þeim verkefnum, sem komin voru af stað fyrir stuðning frá Íslandi. Auk þess er Hafrannsóknastofnun Grænhöfðaeyja aðstoðuð með tímabundinni ráðgjöf fiskifræðings. Einnig hófst í sumar verkefni til aðstoðar við smábátaútgerð eyjarskeggja með því að byggður var plastbátur að ósk þeirra og er rekstur hans nú að hefjast í samvinnu ÞSSÍ og heimamanna. Til stendur að endurnýja allan smábátaflota Grænhöfðaeyja og er þess beðið með nokkurri eftirvæntingu hvernig útgerð þessa báts gengur.

(2) Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna

Tólfta starfsár jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna (HSþ) í Reykjavík var með hefðbundnum hætti. Ellefu jarðvísindamenn og verkfræðingar voru í sex mánaða sérhæfðri þjálfun hér á landi. Búlgaría, Kenya, Nicaragua og Júgóslavía sendu tvo nemendur hvert, en einstaklingar komu frá Costa Rica, Egyptalandi og Uganda.

Sérfræðingar Orkustofnunar sáu um mestan hluta kennslunnar, en nemendur voru einnig í læri hjá sérfræðingum Verkfræðistofunnar Vatnaskil hf. Jarðhitaskóli HSþ var stofnaður árið 1979, en þá samþykkti ríkisstjórnin að Orkustofnun gerðist aðildarstofnun Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Alls hafa níutíu og þrír raunvísindamenn og verkfræðingar frá tuttugu þróunarlöndum hlotið sex mánaða þjálfun í jarðhitaskólanum, en á fjórða tug manna hefur komið til skemmri námsdvalar.

Íslenska ríkið greiðir um 80 af hundraði kostnaðar við rekstur jarðhitaskólans en um 20 af hundraði koma frá Háskóla Sameinuðu þjóðanna í Tókíó. Íslenska framlagið til jarðhitaskóla HSþ er fært á fjárlögum sem hluti af framlagi Íslands til þróunaraðstoðar.

Mikil aðsókn er að jarðhitaskólanum frá öllum heimshornum. Árið 1991 er búist við nemendum m.a. frá Mið-Ameríkuríkjum, Kína, Thailandi, Alsír, Kenya, Uganda, Búlgaríu, Póllandi og Júgóslavíu.

XI Hafréttarmálefni

(1) Hafsbotnsmálefni

Fulltrúar íslenskra stjórnvalda hafa haldið áfram tilraunum til að ná samkomulagi við nágrannaþjóðir um hafsbotnsréttindi fyrir utan 200 sjómílna efnahagslögsögu Íslands á Hatton-Rockall svæðinu, sbr. reglugerð 196/1985 um afmörkun landgrunnsins til vesturs, í suður og til austurs.

Utanríkisráðherra ræddi málið við varautanríkisráðherra Bretlands meðan á dvöl Elísabetar II stóð hér á landi í sumar og var ákveðið að framhald viðræðna milli fulltrúa íslenskra og breskra stjórnvalda yrði í Reykjavík nú í haust. Í framhaldi af þeirri ákvörðun var hinn 11. október 1990 haldinn í Reykjavík fundur, þar sem gerð var grein fyrir þeirri vinnu, sem unnin hefur verið við samningu sameiginlegrar skýrslu um hafsbotnsmál á Hatton-Rockall svæðinu. Nefndirnar voru sammála um að halda áfram þeirri vinnu og að næsti fundur yrði haldinn með jarðfræðingum beggja aðila ásamt lögfræðingum. Ákveðið var að sá fundur yrði haldinn eins fljótt og auðið væri, ekki síðar en í janúar á næsta ári.

Dagana 4. og 5. október 1990 var haldinn í Reykjavík fundur milli viðræðunefndar Íslands og Danmerkur/Færeyja. Á fundinum voru kynntar niðurstöður jarðeðlisfræðilegra rannsókna á Hatton-Rockall svæðinu, sem Ísland, Danmörk og Færeyjar stóðu sameiginlega að. Í rannsóknunum kom ýmislegt athyglisvert í ljós, sem nefndirnar töldu ástæðu til að kanna nánar. Á fundinum var einnig gerð grein fyrir þeim tvíhliða viðræðum, sem annars vegar Ísland og hins vegar Danmörk og Færeyjar hafa átt við bresk stjórnvöld.

(2) Hvalamálið

Sumarið 1990 voru engar hvalveiðar stundaðar við Ísland í fyrsta sinn í fjörutíu og þrjú ár. Hvalveiðum í atvinnuskyni var í raun lokið haustið 1985, en næstu fjögur sumur, 1986–1989, stóðu yfir hvalveiðar í vísindaskyni, sem höfðu það að markmiði að meta ástand hvalastofna við Ísland.

Árið 1983 samþykkti Alþingi að virða ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins (IWC) frá 1982 um stöðvun hvalveiða í atvinnuskyni 1986–1990. Jafnframt var ákveðið að stórefla hvalarannsóknir við landið. Niðurstöður þessara rannsókna benda til þess að hvalastofnar hér við land, einkum hrefna og langreyður, séu í það góðu ástandi að þeir þoli vel skipulagðar og takmarkaðar veiðar.

Í samræmi við það hafa íslensk stjórnvöld unnið að því, bæði innan Alþjóðahvalveiðiráðsins og utan þess, að heimilað verði að hefja takmarkaðar hvalveiðar á ný, en þar hefur verið á brattan að sækja.

Á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík fyrr á þessu ári setti ráðherranefndin sér það markmið að stuðla að aukinni samvinnu milli Norðurlandanna varðandi stjórnun veiða sjávarspendýra. Stefnt er að því að samræma sjónarmið þjóðanna, m.a. með sameiginlegum fundum þeirra embættis- og vísindamanna, sem um málið fjalla, fyrir árlega fundi Alþjóðahvalveiðiráðsins.

Þriðja alþjóðlega ráðstefnan um skynsamlega nýtingu sjávarspendýra var haldin í Tromsö í Norður-Noregi 19.–20. apríl 1990. Ráðstefnan var í framhaldi af fyrri ráðstefnum um sama málefni í Reykjavík 1988 og í Færeyjum 1989. Að þessu sinni sóttu ráðstefnuna fulltrúar frá Kanada, Færeyjum, Íslandi, Grænlandi, Noregi og Japan. Einnig var þar áheyrnarfulltrúi frá Norðurlandaráði. Af hálfu Færeyja, Grænlands, Noregs og

Íslands var undirrituð viljayfirlýsing varðandi samvinnu um rannsóknir, verndun og nýtingu sjávarspendýra í Norður-Atlantshafi.

Í apríl sl. bárust íslenskum stjórnvöldum í hendur niðurstöður bandarískrar nefndar varðandi stefnumótun Bandaríkjanna vegna fundar Alþjóðahvalveiðiráðsins. Þar kom m.a. fram það álit nefndarinnar að ólíklegt væri að Alþjóðahvalveiðiráðið myndi heimila hvalveiðar í atvinnuskyni á ný fyrir árið 2000.

Öldungadeild bandaríska þingsins hefur síðan samþykkt þingsályktun, sem felur í sér kröfu um framlengingu á banni við hvalveiðum til næstu aldamóta. Einnig hefur þingið samþykkt ályktun um hert viðurlög af hálfu Bandaríkjanna gagnvart ríkjum, sem talin eru brjóta gegn samþykktum Alþjóðahvalveiðiráðsins.

Hinn 12. júní 1990 var haldinn í Helsinki fundur norrænna aðalfulltrúa Alþjóðahvalveiðiráðsins. Þar var rætt um fyrirliggjandi dagskrá aðalfundar ráðsins. Færri mættu á fundinn en til stóð. Ástæðan virðist vera sú að þeir fulltrúar, sem tilnefndir voru af Norðurlandaráði, höfðu ekki fengið boð um þátttöku.

Hinn 10. júní 1990 hófst fundur vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins í Noordwijkerhout í Hollandi. Á fundinum var m.a. sérstök úttekt gerð á hrefnustofnum í Norður-Atlantshafi. Vísindanefndin var sammála um að besta stofnstærðarmatið á hrefnustofninum á Mið-Atlantshafssvæðinu, þ.e. umhverfis Ísland og á aðliggjandi hafsvæði, væri 28.000 hrefnur. Íslensk stjórnvöld höfðu fyrir fundinn beint þeirri spurningu til vísindanefndarinnar, hvaða áhrif veiðar á 200 hrefnum árlega næstu fimm árin hefðu á stofninn. Ekki fengust skýr svör frá nefndinni, en að áliti íslenskra vísindamanna hefur það engin teljandi áhrif.

Fertugasti og annar ársfundur Alþjóðahvalveiðiráðsins var haldinn 2.–6. júlí 1990 í Noordwijk í Hollandi. Sá málaflokkur, sem mestar deilur urðu um á þessum fundi, var heildarendurmat hvalastofna. Þessum málaflokki má skipta í tvo meginþætti, annars vegar undirbúning að nýjum stjórnunar- og matsreglum og hins vegar úttekt á hvalastofnum. Voru það nú hrefnustofnar í Suður-Íshafi og Norður-Atlantshafi, sem úttektin beindist að.

Í samræmi við niðurstöðu vísindanefndarinnar lögðu Íslendingar til að hrefnustofninn á íslensku hafsvæði yrði flokkaður á ný sem veiðanlegur stofn (stofninn er nú óflokkaður) og að heimilaður yrði 200 dýra hrefnuveiðikvóti árið 1991. Báðum þessum tillögum var hafnað af meiri hluta aðildarríkjanna og olli það Íslendingum verulegum vonbrigðum.

Ráðið féllst á að haldnir yrðu tveir sérfundir vísindanefndar fyrir næsta ársfund ráðsins. Annar fundurinn yrði um stjórnunar- og matskerfið og yrði hann haldinn í Tókíó í desember 1990. Hinn fundurinn yrði um úttekt á langreyðarstofnum við Ísland. Sá fundur yrði haldinn í Reykjavík í lok febrúar 1991. Næsti reglulegi fundur vísindanefndarinnar og ársfundur ráðsins verða í Reykjavík í maí 1991.

XI Utanríkisþjónustan

Árið 1990 er fimmtugasta afmælisár utanríkisþjónustu Íslands.

Hinn 8. júlí 1940 setti ríkisstjórnin bráðabirgðalög „um utanríkisþjónustu erlendis". Skömmu áður höfðu Íslendingar, með ályktun Alþingis 10. apríl 1940, tekið meðferð utanríkismála „að öllu leyti í sínar hendur".

Rætur utanríkisþjónustunnar má rekja til fullveldisviðurkenningarinnar 1. desember 1918. Þótt samið hafi verið þá um að utanríkisþjónusta Danmerkur annaðist meðferð utanríkismálanna meðan sambandslögin væru í gildi, var yfirstjórn þeirra mála hjá ríkisstjórninni í Reykjavík og engar ákvarðanir voru teknar í utanríkismálum landsins nema að fengnu samþykki hennar eða að frumkvæði hennar.

Eftir setningu nefndra bráðabirgðalaga 1940 var „Utanríkismáladeild Stjórnarráðs Íslands" kölluð utanríkismálaráðuneyti, og ráðherra sá, sem þá fór með utanríkismál, Stefán Jóhann Stefánsson, nefndist utanríkismálaráðherra. Þegar bráðabirgðalögin voru staðfest af Alþingi í júní 1941 var bætt framan við þau sérstakri grein um „utanríkisráðuneyti Íslands" og þau gefin út sem lög nr. 31 frá 27. júní 1941, um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis.

Í utanríkisráðuneytinu eru nú fimm skrifstofur. Það eru skrifstofur alþjóðamála, utanríkisviðskipta, varnarmála, Norðurlandamála og almenn skrifstofa. Sérstakur sendiherra hefur fyrirsvar á Vínarfundunum um hefbundinn herafla og traustvekjandi aðgerðir á hernaðarsviðinu. Auk þess starfa í ráðuneytinu prótokollstjóri og þjóðréttarfræðingur. Í utanríkisráðuneytinu eru nú alls tuttugu og sjö embættismenn og nítján aðrir starfsmenn, samtals fjörtíu og sex.

Sendiráð og fastanefndir Íslands erlendis eru alls tólf. Á hverjum stað eru sendiherra og einn eða fleiri fulltrúar. Í öllum skrifstofunum starfa einnig einn eða tveir útsendir ritarar, en jafnframt eru þar yfirleitt einn eða tveir aðrir starfsmenn, oftast ríkisborgarar þess ríkis, þar sem sendiráðsskrifstofan er. Erlendis starfa samtals tuttugu og níu embættismenn, sautján útsendir ritarar, níu staðbundnir ritarar og tólf aðrir starfsmenn, samtals sextíu og sjö manns. Starfsmenn utanríkisþjónustunnar eru því alls eitt hundrað og þrettán.

Tveir viðskiptafulltrúar starfa erlendis á vegum útflutningsaðila iðnaðarins. Þeir eru í sendiráðinu í Kaupmannahöfn og á aðalræðisskrifstofunni í New York. Enn fremur hafa þeir aðstöðu í öðrum íslenskum sendiráðum á þeim markaðssvæðum, þar sem þeir starfa.

Á vegum utanríkisþjónustunnar eru nú nær tvö hundruð ræðismenn í fimmtíu ríkjum. Þeir starfa undir stjórn sendiherra Íslands í hlutaðeigandi ríki eða utanríkisráðuneytisins, eftir því sem við á. Þeir leysa af hendi mikilvæg störf í þágu íslenskra hagsmuna. Má þar nefna viðskiptaþjónustu, menningarmál og aðstoð við Íslendinga, sem lenda í vandræðum.

Utanríkisviðskipti voru sem kunnugt er flutt í utanríkisráðuneytið árið 1987, og viðskiptaskrifstofa ráðuneytisins var stofnuð í framhaldi af þeirri breytingu. Mikilvægasti þátturinn í starfsemi hennar eru samningaviðræður EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins. Reynst hefur nauðsynlegt að fjölga starfsmönnum hennar, bæði þar sem þessar viðræður eru mjög umfangsmiklar og mikilvægar, og vegna almennt vaxandi samskipta Íslands og Evrópubandalagsins.

Verkefni utanríkisþjónustunnar hafa aldrei verið meiri. Ber þar hæst mjög umfangsmikla vinnu vegna samninga EFTA og EB um Evrópskt efnahagssvæði, en jafnframt hafa þær grundvallarbreytingar, sem nú eru að gerast í Evrópu og Sovétríkjunum kallað á stóraukna úrvinnslu pólitískra mála sem og viðskiptasamningamála.

Húsnæðisvandamál hamla á ýmsan hátt skilvirkni, en utanríkisráðuneytið er nú í leiguhúsnæði á þremur stöðum. Brýnt er því og við hæfi á hálfrar aldar tímamótum að ráða varanlega og sómasamlega bót þar á.

Fylgiskjal I.

A. Kafli um Eystrasaltsríkin úr ræðu Jóns Baldvins Hannibalssonar utanríkisráðherra í almennum umræðum á 45. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 24. september 1990

Hernaðarofbeldi það, sem við höfum nýlega orðið vitni að við Persaflóa, sýnir okkur fram á hve friður í heiminum er ótryggur, jafnvel nú þegar stórveldin hafa tekið sig saman um að hafa hemil á slíkum hættum. Það minnir okkur á að friður er annað og meira en að ekki sé stríð. Forsenda hans er að hlítt sé grundvallarreglum í samskiptum þjóða, þar með talið að fullveldi ríkja, sjálfsákvörðunarréttur þeirra og landamæri séu virt.

Hvað Evrópu snertir eru þessar meginreglur greyptar í lokaskjal Helsinkiráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu. Það er ekki síst þess vegna sem við fögnum þeirri sameiningu Þýskalands að ósk þýsku þjóðarinnar, sem á sér stað eftir fáeina daga. Vegna nýgerðra samninga þeirra aðila sem í hluta eiga geta menn nú gert sér raunhæfar vonir um langvarandi stöðugleika á meginlandi Evrópu.

Á meðan ný Evrópa er í mótun skulum við ekki loka augunum fyrir þeirri arfleifð eftirstríðsáranna, sem enn þá hefur staðið af sér umbreytingaröflin. Aðstaða Eystrasaltslýðveldanna er dæmi þessa. Þau voru sjálfstæð ríki, viðurkennd sem slík í samfélagi þjóðanna. Þeirri staðreynd fá hernám og innlimun ekki breytt.


Þegar til langs tíma er litið er engin lausn á þessu vandamáli, önnur en sú, að réttur Eystrasaltslýðveldanna til sjálfstæðis sé viðurkenndur að fullu. Það er fagnaðarefni, að nú hefur verið komið á pólitískum viðræðum milli Eystrasaltslýðveldanna, sovéskra stjórnvalda og lýðvelda Sovétríkjanna, sem vonandi greiðir fyrir skipulegu afturhvarfi til fyrra ástands.

Íslendingar vilja, eins og aðrir Norðurlandabúar, að samvinna verði höfð við Eystrasaltslýðveldin á hinum ýmsu stigum. Einnig væri það Íslendingum ánægjuefni ef Eystrasaltslýðveldunum yrði veittur réttur til áheyrnar á Ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu.

B. Sjálfstæðismál Eystrasaltsríkjanna – Afstaða og aðgerðir Íslands

1. Ísland viðurkenndi sjálfstæði Eistlands, Lettlands og Litháen 21. janúar 1922.
2. Alþingi sendi hinn 13. mars 1990 þjóðþingi Litháa ályktun Alþingis um sjálfstæði Litháen.
3. Á sérstökum utanríkisráðherrafundi Evrópuráðsins, sem haldinn var 24. mars 1990 í Lissabon, talaði utanríkisráðherra máli Eystrasaltsríkjanna.
4. Hinn 24. mars 1990 sendi utanríkisráðherra Shevardnadze, utanríkisráðherra Sovétríkjanna, bréf, þar sem hann hvatti Sovétríkin til að hefja viðræður við réttkjörna fulltrúa Litháen, án fyrir fram skilyrða.
5. Á ráðherrafundi CSCE-ráðstefnunnar um mannréttindamál í Kaupmannahöfn 5. júní sl. fjallaði utanríkisráðherra um réttmætar kröfur Eystrasaltsríkjanna til sjálfstæðis.
6. Hinn 9. júlí 1990 tók utanríkisráðherra á móti Endel Lippmaa, ráðherra í stjórn Eistlands, og 2.–5. ágúst sl. tók hann á móti Ramunas A. Bogdanas, ráðgjafa forseta Litháen.
7. Í ræðum sínum á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 24. september og á utanríkisráðherrafundi CSCE í New York 3. október sl. lýsti utanríkisráðherra yfir fullum stuðningi Íslands við aðild Eystrasaltsríkjanna að CSCE.
8. Landsbergis, forseti Litháen, var á Íslandi dagana 9.–11. október í boði ríkisstjórnarinnar.

Fylgiskjal II.



Fylgiskjal III.

Stefnuyfirlýsing ríkisoddvitafundar Sameinuðu þjóðanna varðandi afkomu, vernd og þroska barna og áætlun um aðgerðir til að hrinda í framkvæmd stefnu varðandi afkomu, vernd og þroska barna 1990–2000

1. Við erum saman komin á ríkisoddvitafundi um málefni barna til þess að taka á okkur sameiginlegar skuldbindingar og til að skora á allan heiminn – að gefa öllum börnum betri framtíð.
2. Börn heims eru saklaus, viðkvæm og öðrum háð. Þau eru einnig forvitin, lífleg og vongóð. Æska þeirra ætti að einkennast af gleði og friði, leik, námi og vexti. Framtíð þeirra ætti að mótast í sátt og samvinnu. Þau ættu að þroskast með víkkandi sjóndeildarhring og nýrri reynslu.
3. En í mörgum tilvikum er reyndin allt önnur.

Vandamálið

4. Á hverjum degi eru ótal börn um allan heim útsett fyrir hættum, sem ógna vexti þeirra og þroska. Þau þjást gífurlega vegna stríðs og ofbeldis; sem fórnarlömb kynþáttafordóma, aðskilnaðarstefnu, árásarstefnu, erlendrar hersetu og innlimunar; sem flóttamenn eða uppflosnuð, neydd til að yfirgefa heimili sín og átthaga; vegna fötlunar; eða sem fórnarlömb vanrækslu, grimmdar og misnotkunar.
5. Á hverjum degi er milljónum barna ógnað af fátækt og efnahagskreppu, hungri og heimilisleysi, drepsóttum og ólæsi, og versnandi umhverfisskilyrðum. Á þeim bitna af fullum þunga hrikaleg áhrif þjóðarskulda og skortur á hagvexti og efnahagslegum stöðugleika margra þróunarríkja, einkum þeirra sem skemmst eru á veg komin.
6. Á hverjum degi deyja 40.000 börn vegna vannæringar og veikinda, þ.á m. eyðni (AIDS), vegna skorts á hreinu vatni og ófullnægjandi hreinlætis og vegna afleiðinga eiturlyfjavandans.
7. Þetta eru vandamál, sem við sem stjórnmálaleiðtogar verðum að kljást við.

Tækifærið

8. Þjóðir okkar hafa í sameiningu bæði þekkingu og aðferðir til að vernda líf og draga stórlega úr þjáningum barna, styðja þau til fulls mannlegs þroska og gera þau meðvituð um þarfir sínar, réttindi og tækifæri. Alþjóðasáttmálinn um réttindi barna gefur nýtt tækifæri til að útbreiða um allan heim virðingu fyrir réttindum og velferð barna.
9. Nýlegar framfarir á sviði alþjóðastjórnmála geta einfaldað þetta verkefni. Með alþjóðlegri samvinnu og samstöðu ætti nú að vera hægt að ná áþreifanlegum árangri á mörgum sviðum – að blása lífi í hagvöxt og -þróun, að vernda umhverfið, að hefta útbreiðslu sjúkdóma, sem eru banvænir eða leiða til örkumls og að ná fram auknu félagslegu og efnahagslegu réttlæti. Þau skref, sem nú eru stigin, til afvopnunar þýða einnig að umtalsverðir fjármunir losna til annarra verkefna en hernaðarframkvæmda. Betra líf handa börnum hlýtur að vera brýnt forgangsverkefni þegar þessum fjármunum er úthlutað.

Verkefnið

10. Bætt heilsa og næring barna er fyrsta skylda, og lausn þess vanda er nú innan seilingar. Bjarga má á degi hverjum lífi tugþúsunda drengja og telpna, þar sem þau deyja af ástæðum, sem auðvelt væri að koma í veg fyrir. Dánartíðni barna og ungbarna er of há í mörgum heimshlutum, en gæti lækkað verulega með aðferðum, sem þegar eru þekktar og auðtiltækar.
11. Sýna þarf fötluðum börnum og öðrum börnum, sem búa við erfið skilyrði aukna aðgát, umönnun og stuðning.
12. Sterkari staða kvenna á öllum sviðum, og trygging jafnréttis kynjanna mun koma börnum heims til góða. Gefa verður stúlkum sömu skilyrði og tækifæri og drengjum alveg frá byrjun.
13. Í dag eru meira en 100 milljónir barna án allrar menntunar, og tveir þriðju hlutar þeirra eru stúlkur. Það að tryggja grunnmenntun og læsi allra er eitt mikilvægasta framlag, sem stuðlað gæti að þroska barna heimsins.
14. Hálf milljón mæðra deyja á ári hverju af barnsförum og tengdum orsökum. Tryggja verður mæðravernd með öllum tiltækum hætti. Leggja ber áherslu á ábyrga ákvörðun fjölskyldustærðar og aldursdreifingar. Fjölskyldan sem grunneining og eðlilegt umhverfi fyrir vöxt og vellíðan barna þarf að fá hvers konar nauðsynlega vernd og hjálp.
15. Öll börn þurfa að fá tækifæri til að skynja sig sem einstakling og finna til gildis síns í umhverfi sem veitir öryggi og stuðning, með hjálp fjölskyldu og annarra uppalenda, sem vilja þeim vel. Það verður að undirbúa þau fyrir ábyrgt líf í frjálsu þjóðfélagi. Frá unga aldri þarf að hvetja þau til að taka þátt í menningarlífi þjóðfélagsins.
16. Efnahagsskilyrði munu enn um sinn hafa mikil áhrif á örlög barna, einkum í þróunarríkjum. Vegna framtíðar allra barna er bráðnauðsynlegt að tryggja eða endurvekja stöðugan hagvöxt og hagþróun í öllum löndum og einnig að halda áfram að leita allra leiða til að leysa með fljótvirkum, víðtækum og varanlegum hætti þau vandamál þjóðarskulda, sem við blasa mörgum þróunarríkjum.
17. Þessi verkefni þurfa áframhaldandi og samstillt átak allra þjóða, á þjóðargrundvelli og með alþjóðlegri samvinnu.

Skuldbindingin

18. Velferð barna krefst ákvarðana á æðsta stigi stjórnmála. Við erum staðráðin í að ráðast til atlögu.
19. Við skuldbindum okkur hér með persónulega til að gefa forgang réttindum barna, afkomu þeirra, verndun og þroska. Þetta mun einnig tryggja velferð allra þjóðfélaga.
20. Við höfum ákveðið að starfa saman í alþjóðlegri samvinnu sem og á þjóðargrundvelli. Við skuldbindum okkur til að framfylgja eftirfarandi áætlun í 10 liðum til að vernda rétt barna og bæta líf þeirra.

    (1) Við munum vinna að því að alþjóðasáttmáli um réttindi barna verði samþykktur og hrint í framkvæmd sem fyrst. Setja þarf í gang um allan heim áætlanir um að upplýsa fólk um réttindi barna, með hliðsjón af mismunandi menningarlegum og félagslegum gildum í hinum ýmsu löndum.
    (2) Við munum gera það sem í okkar valdi stendur til að fá fólk til að vinna saman á þjóðlegum og alþjóðlegum grundvelli til að bæta heilsu barna, auka umönnun í meðgöngu og lækka dánartíðni barna og ungbarna í öllum löndum og meðal allra þjóða. Við munum stuðla að því að séð verði fyrir hreinu vatni í öllum samfélögum fyrir öll börn, og að allir fái aðgang að hreinlætisaðstöðu.

(3) Við munum vinna að því að bæta skilyrði barna til vaxtar og þroska með aðferðum sem útrýma hungri, vannæringu og hungursneyð og losa þannig milljónir barna undan hörmulegum þjáningum í heimi, sem hefur efni á að fæða alla sína þegna.

(4) Við munum vinna að því að styrkja stöðu og hlutverk kvenna. Við munum stuðla að ábyrgum ákvörðunum fjölskyldustærðar og aldursdreifingar, brjóstagjöfum og mæðravernd.

(5) Við munum vinna að því að hlutverk fjölskyldunnar í umönnun barna verði virt, og styðjum viðleitni foreldra, annarra uppalenda og samfélaga til að hlúa að og annast um börn frá frumbernsku til fullorðinsára. Við viðurkennum einnig sérstakar þarfir barna, sem aðskilin eru frá fjölskyldum sínum.

(6) Við munum vinna að áætlunum, sem minnka ólæsi og gefa öllum börnum tækifæri til náms, óháð uppruna og kyni; sem búa börn undir nytsöm störf og gefa þeim tækifæri til að læra af lífinu, þ.e. með verkmenntun; og sem gera börnum kleift að vaxa til fulls þroska við menningar- og félagsleg skilyrði sem veita stuðning og aðhlynningu.

(7) Við munum vinna að því að bæta aðstöðu milljóna barna, sem lifa við sérstaklega erfið skilyrði – fórnarlömb aðskilnaðarstefnu og erlendrar hersetu; munaðarleysingjar og heimilislaus börn, börn fararndverkamanna; uppflosnuð börn og fórnarlömb hamfara af náttúru eða manna völdum; fötluð börn og þau sem sæta illri meðferð, börn, sem eru félagslega afskipt eða misnotuð. Hjálpa verður flóttabörnum til að festa nýjar rætur í lífinu. Við munum vinna að sérstakri verndun vinnandi barna og stuðla að afnámi ólöglegrar vinnu barna. Við munum gera okkar besta til að tryggja að börn verði ekki fórnarlömb eiturlyfjavandans.

(8) Við munum vinna ötullega að því að vernda börn frá stríðshrellingum og gera ráðstafanir til að hindra hernaðarátök til að gefa börnum alls staðar friðvænlega og örugga framtíð. Við munum stuðla að því að börn læri að meta gildi friðar, skilnings og umburðarlyndis í gegnum námið. Vernda ber grunnþarfir barna og fjölskyldna jafnvel á stríðstímum og á ófriðarsvæðum. Við biðjum þess að séð verði fyrir vopnahléum og hjálparleiðum með þarfir barna fyrir augum á þeim stöðum þar sem stríð og ofbeldi eru enn við lýði.

(9) Við munum vinna að sameiginlegu átaki til verndunar umhverfisins á öllum sviðum, svo öll börn geti notið öruggari og heilsusamlegri framtíðar.

(10) Við munum vinna að átaki um allan heim til að ráðast gegn fátækt, sem mundi skila sér fljótt í velferð barna. Vegna varnarleysis og sérstakra þarfa verður að veita börnum í þróunarlöndum og einkum þeim minnst þróuðu forgang. En stuðla þarf að hagvexti og -þróun í öllum ríkjum, með aðgerðum innan lands og alþjóðlegri samvinnu. Til þess þarf tilfærslu fjármuna til þróunarlanda og einnig bættan vöruskiptajöfnuð, aukið verslunarfrelsi og aðgerðir til að minnka skuldabyrði þeirra. Það felur einnig í sér skipulagsbreytingar sem stuðla að hagvexti um heim allan, einkum þó í þróunarlöndum, en jafnframt þarf þó að tryggja velferð þeirra sem minnst mega sín, sérstaklega barna.

Næstu skref

21. Ríkisoddvitafundur um málefni barna hefur skorað á okkur að hefjast handa. Við erum ásátt um að taka þeirri áskorun.

22. Við viljum samvinnu við marga, en leggjum þó sérstaklega áherslu á börnin sjálf. Við hvetjum þau að taka þátt í þessu átaki.

23. Við óskum einnig eftir stuðningi stofnana á vegum Sameinuðu þjóðanna, sem og annarra alþjóðlegra og svæðisbundinna stofnana, í þessu alhliða átaki til að stuðla að velferð barna. Við óskum eftir að óopinberar stofnanir taki vaxandi þátt í samvinnunni til að styðja þjóðarframlög og alþjóðlega samvinnu á þessu sviði.
24. Við höfum ákveðið að taka upp og hrinda í framkvæmd aðgerðaáætlun, sem er hugsuð sem rammi fyrir nánari útfærslu á þjóðlegum og alþjóðlegum grundvelli. Við biðjum um samþykki allra starfsbræðra okkar við þessa áætlun. Við erum reiðubúin til að útvega þá fjármuni, sem til þarf til að framfylgja skuldbindingunni, sem ráðandi þætti í fjárlagagerð okkar.
25. Þetta gerum við ekki aðeins fyrir núverandi kynslóð barna, heldur fyrir allar komandi kynslóðir. Ekkert verkefni getur verið göfugra en það að veita öllum börnum betri framtíð.

New York, 30. september 1990.

Fylgiskjal IV.

Yfirlit yfir áratugi, ár, vikur og daga, sem Sameinuðu þjóðirnar halda hátíðlega

Alþjóðleg ár og áratugir:

Áratugur helgaður iðnþróun í Afríku 1980–1990.
Annar áratugur helgaður iðnþróun í Afríku 1991–2000.

Annar afvopnunaráratugur Sameinuðu þjóðanna 1980–1990.
Þriðji afvopnunaráratugur Sameinuðu þjóðanna 1991–2000.

Þriðji þróunaráratugur Sameinuðu þjóðanna 1980–1990.
Fjórði þróunaráratugur Sameinuðu þjóðanna 1991–2000.

Áratugur helgaður málefnum fatlaðra 1983–1992.

Annar áratugur gegn kynþáttamisrétti 1983–1993.

Áratugur helgaður samgöngum í Asíu og á Kyrrahafi, 1985–1994.

Alþjóðaáratugur menningarþróunar 1988–1997.

Árið 1990, alþjóðaár gegn ólæsi.

Alþjóðaáratugur til þess að draga úr afleiðingum náttúruhamfara 1990–1999. 1. október ár hvert verði minnst tilgangs áratugarins.

Alþjóðlegur áratugur helgaður afnámi nýlendustefnu, 1990–2000.

Annar alþjóðlegur áratugur helgaður samgöngum í Afríku, 1991–2000.

Áratugurinn 1991–2000, helgaður baráttunni gegn eiturlyfjum.

Áratugurinn 1990–1999, þjóðréttaráratugur Sameinuðu þjóðanna.

Alþjóðlegt geimár, 1992.

Ár fjölskyldunnar, 1994.

Nýlenduyfirlýsingin 30 ára, 1990.

Alþjóðlegir dagar og vikur:

Alþjóðadagur helgaður afnámi kynþáttaaðskilnaðar, 21. mars.

Vikan 21.–27. mars, helguð samstöðu með þjóðum er berjast gegn kynþáttaaðskilnaði.

Alþjóðlegur dagur barna sem eru fórnarlömb ófriðar, 4. júní.

Alþjóðlegur umhverfisverndardagur, 5. júní.

Alþjóðlegur dagur samstöðu með frelsisbaráttu íbúa Suður-Afríku, 16. júní.

Alþjóðlegur friðardagur, þriðji þriðjudagur í september.

Alþjóðlegur dagur samstöðu með frelsisbaráttu kvenna í Suður-Afríku, 9. ágúst.

Alþjóðlegur hýbýlisdagur, fyrsti mánudagur í október.

Dagur samstöðu með pólitískum föngum í Suður-Afríku, 11. október.

Alþjóðlegur fæðudagur, 16. október.

Dagur Sameinuðu þjóðanna, 24. október.

Afvopnunarvika, 24.–30. október.

Alþjóðleg vika vísinda og friðar, vikan sem 11. nóvember er í.

Alþjóðlegur dagur samstöðu með íbúum Palestínu, 29. nóvember.

Alþjóðlegur eyðnidagur, 1. desember 1990.

Alþjóðlegur sjálfboðaliðadagur til eflingar efnahags- og félagsmálum, 5. desember 1990.

Mannréttindadagur, 10. desember.

Alþjóðlegur kvennadagur, 8. mars.

Alþjóðlegur veðurfræðidagur, 23. mars.

Alþjóðlegur heilbrigðisdagur, 7. apríl.

Alþjóðlegur fjarskiptadagur, 17. maí.

Alþjóðlegur dagur til eflingar læsi, 8. september.

Alþjóðlegur dagur barnsins, breytilegur, upphaflega var hann fyrsta mánudag í október.

Alþjóðlegur póstsamgöngudagur, 9. október.

Dagur helgaður upplýsingastreymi um þróunarmál, 24. október.

Alþjóðlegur siglingamáladagur, lokavikan í september.

Fylgiskjal V.

Samningur um norrænan vinnumarkað

1. Samningurinn tekur til norrænna ríkisborgara, sem hafa hlotið a.m.k. 3 ára æðri menntun, sem gerir þá hæfa til að gegna tilteknu starfi eða verða ráðnir til tiltekins starfs.
2. Samningurinn tekur ekki til starfsgreina, sem aðrir samningar fjalla um (starfsstéttir innan heilbrigðisþjónustu og dýralæknaþjónustu og kennarahópar).
3. Með æðri menntun er átt við menntun þar sem forsenda hennar er að lokið hafi verið menntaskólanámi eða öðru framhaldsskólanámi, sem veitir starfsréttindi.
4. Samningurinn er hliðstæður EB-tilskipun um sama efni frá 21. desember 1988 (89/48/EEC).
5. Löggilding eða önnur viðurkenning til starfs í einu samningsríki veitir rétt til löggildingar/viðurkenningar í öðru. Viðurkenning í einu ríki á menntun utan Norðurlanda fellur einnig undir samninginn. Starf og menntun í ríki, þar sem ekki er krafist löggildingar/viðurkenningar til starfs veitir rétt til viðurkenningar í öðru ríki.
6. Ef ráðning í stöðu er bundin innlendri menntun skulu þeir, sem hlotið hafa menntun í öðru samningsríki, sem í meginatriðum svarar til þeirrar menntunar, sem áskilin er, eiga rétt á að vera metnir til jafns við aðra umsækjendur enda uppfylli þeir kröfu um málakunnáttu.
7. Áskilja má nægilega þekkingu á löggjöf stjórnvaldsreglum, sem máli skipta fyrir starf.
8. Heimilt er að gera kröfu um nægilega íslenskukunnáttu.
9. Gera má kröfu um starfsþjálfunartíma. Varðandi lögmenn og endurskoðendur má og áskilja hæfnispróf.
10. Ekki má setja ríkisfang sem skilyrði fyrir viðurkenningu/ löggildingu til að starfa sjálfstætt. Sama skal vera meginregla að því er varðar ráðningu í stöðu. Það nær þó ekki til stöðu yfirmanna í opinberri stjórnsýslu, starfa við réttarfarsstofnanir eða innan lögreglu og hers eða annarra starfa sem varða þjóðaröryggi.
11. Ákvæði eru um viðurkenningu á starfstíma í öðru ríki, svo og um sömu laun og eftirlaun og önnur starfsréttindi án tillits til þess hvar menntun fór fram.
12. Ríkin skuldbinda sig til að breyta löggjöf sinni þannig að erlend menntun njóti jafnréttis, og að ákvæðin um ríkisfang, starfstíma, laun o.fl. nái til starfa hjá ríkinu. Hafa má sérákvæði um reynslutíma að því er varðar dómara og saksóknara.
13. Varðandi ráðningu til starfa er vísað til norræna vinnumarkaðssamningsins frá 1982 og bókunar með honum (fyrirvari vegna íslensks vinnumarkaðar).

Fylgiskjal VI.

Sérstök yfirlýsing fundar utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins í Turnberry í Skotlandi 7.–8. júní sl. um samskiptin við Sovétríkin og ríki Mið- og Austur-Evrópu

Við, utanríkisráðherrar Atlantshafsbandalagsins, erum staðráðnir í að færa okkur í nyt þau sögulegu tækifæri, sem hinar umfangsmiklu breytingar í Evrópu hafa skapað, í þeim tilgangi að stuðla að nýju og friðsamlegu framtíðarfyrirkomulagi í Evrópu, byggðu á frelsi, réttlæti og lýðræði. Í þessum anda réttum við fram hönd sátta og samstarfs til Sovétríkjanna og allra annarra Evrópuríkja.

Raunverulegt og varanlegt öryggi í Evrópu verður best tryggt með því að öll ríki taki gagnkvæmt tillit til réttmætra öryggishagsmuna hvers annars og sýni hvert öðru skilning. Við erum reiðubúnir að stuðla á virkan hátt að auknu trausti og nánari samskiptum milli allra ríkja Evrópu, þar á meðal ríkja bandalaganna tveggja. Við lýsum ánægju okkar með yfirlýsingu aðildarríkja Varsjárbandalagsins í Moskvu 7. júní sl. Við fögnum þeim jákvæða anda, sem fram kemur í yfirlýsingu þessari og þó sérstaklega vilja þeirra ríkja, sem standa að henni, til að vinna að árangursríku samstarfi.

Við teljum að styrkja beri CSCE-ferlið og koma á fót raunhæfum stofnunum á vegum þess, en CSCE-ferlið mun verða jafnvel enn mikilvægari vettvangur samvinnu og öryggis í Evrópu. Við skuldbindum okkur til að stuðla að því að samningaviðræðurnar í Vínarborg um hefðbundinn vígbúnað verði leiddar til lykta með skjótum og fullnægjandi hætti. Fylgja ber viðræðum um takmörkun vígbúnaðar ötullega eftir.

Við erum sannfærðir um að sameining Þýskalands muni leggja mikilvægan skerf af mörkum til stöðugleika í Evrópu.

Jafnframt því, sem við gerum okkur grein fyrir mikilli pólitískri þýðingu þessara verkefna, erum við reiðubúnir að gera okkar ýtrasta til að hrinda þessu í framkvæmd.

Fylgiskjal VII.

Yfirlýsing ríkisoddvitafundar Atlantshafsbandalagsins í London 5.–6. júlí 1990 um breytingar innan bandalagsins

1. Nýtt skeið er hafið í sögu Evrópu, fullt fyrirheita. Ríki Mið- og Austur-Evrópu eru að varpa af sér oki áþjánar. Sovétríkin eru að stíga fyrstu skrefin í átt til frjáls samfélags. Múrarnir, sem áður héldu fólki föngnu og hindruðu frjáls skoðanaskipti, eru að hrynja. Evrópumenn eru nú að skapa sér örlög sjálfir. Þeir hafa valið frelsi, frjálst efnahagskerfi og frið. Atlantshafsbandalagið verður að breytast og aðlagast í samræmi við þessa þróun.
2. Atlantshafsbandalagið hefur verið árangursríkasta varnarbandalag sögunnar. Nú, þegar fimmti áratugurinn í starfsemi bandalagsins er að hefjast, og það horfir fram á við til nýrrar aldar, verður bandalagið að viðhalda áfram sameiginlegum vörnum. Bandalagið hefur átt mikinn þátt í því að skapa nýja Evrópu. Enginn getur með vissu spáð fyrir um þróun mála í framtíðinni. Við verðum að standa saman og framlengja hið langa friðarskeið, sem við höfum notið síðustu fjóra áratugi. Þrátt fyrir það verður bandalagið að vera æ meiri hvati breytinga. Það getur hjálpað til við að reisa máttarviði samstæðari álfu og stutt öryggi og jafnvægi með öllum þeim styrk, sem sameiginleg trú á lýðræði, réttur einstaklingsins og friðsamleg lausn deilumála veitir. Við ítrekum það álit okkar, að öryggi og jafnvægi eru ekki eingöngu hernaðarlegs eðlis. Það er ætlun okkar að styrkja pólitískan þátt í starfsemi bandalagsins, eins og gert er ráð fyrir í 2. grein Norður-Atlantshafssáttmálans.
3. Sameining Þýskalands þýðir að skiptingu Evrópu er einnig lokið. Sameinað Þýskaland innan Atlantshafsbandalagsins, bandalags frjálsra lýðræðisríkja, og sem hluti af æ samstæðari Evrópu, í pólitísku og efnahagslegu tilliti, verður órjúfanlegur þáttur þess stöðugleika, sem er nauðsynlegur í hjarta Evrópu. Þróunin innan Evrópubandalagsins í átt til pólitísks bandalags, þar á meðal sjálfstæð þróun evrópsks öryggis, mun einnig stuðla að einingu bandalagsríkjanna beggja vegna Atlantshafsins og stuðla að myndun réttláts og varanlegs friðar um alla Evrópu.
4. Við álítum, að í hinni nýju Evrópu sé öryggi hvers ríkis órjúfanlega tengt öryggi nágrannanna. Atlantshafsbandalagið verður að verða stofnun, þar sem Evrópumenn, Kanadamenn og Bandaríkjamenn vinna saman, ekki aðeins að sameiginlegum vörnum, heldur einnig við að mynda nýtt samband við allar þjóðir Evrópu. Samfélag Atlantshafsbandalagsríkjanna verður að hafa frumkvæði að samskiptum við ríki Austur-Evrópu, sem voru mótherjar okkar í kalda stríðinu, og rétta fram hönd til sátta og friðar.
5. Við munum halda áfram að vera varnarbandalag og verja allt landsvæði aðildarríkjanna. Við erum ekki haldnir árásarhyggju og skuldbindum okkur til að leysa öll deilumál á friðsamlegan hátt. Við munu aldrei undir neinum kringumstæðum verða fyrri til að beita valdi.
6. Aðildarríki Atlantshafsbandalagsins leggja til við ríki Varsjárbandalagsins að gefin verði út sameiginleg yfirlýsing, þar sem við staðfestum að við séum ekki lengur mótherjar og ítrekum þann ásetning okkar að beita ekki hótunum eða valdi gagnvart yfirráðarétti, eða pólitísku sjálfstæði nokkurs ríkis, eða aðhafast annað, sem ekki samræmist tilgangi og grundvallarreglum sáttmála Sameinuðu þjóðanna og lokaskjali Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu (CSCE). Við bjóðum öllum öðrum CSCE-ríkjum að sameinast um þessa yfirlýsingu um friðsamlegan ásetning.
7. Í þessum anda og til að endurspegla hið breytta pólitíska hlutverk bandalagsins, bjóðum við Gorbatsjov, forseta Sovétríkjanna, og fulltrúum annarra ríkja Mið- og Austur-

Evrópu að heimsækja höfuðstöðvar Atlantshafsbandalagsins í Brussel og ávarpa Norður-Atlantshafsráðið. Við bjóðum einnig fulltrúum ríkisstjórna Sovétríkjanna, Tékkóslóvakíu, Ungverjalands, Póllands, Búlgaríu og Rúmeníu að koma í höfuðstöðvar bandalagsins í Brussel, ekki aðeins til heimsóknar, heldur til að hafa fasta sendierindreka gagnvart aðalstöðvum Atlantshafsbandalagsins. Þetta mun gera okkur kleift að kynna þeim okkar hugarheim og fyrirætlanir á þessum sögulegu tímum breytinga.

8. Bandalagið ætlar að leggja sitt af mörkum til að eyða áratuga tortryggni. Við erum reiðubúnir að auka samskipti herforingja Atlantshafsbandalagsins og starfsbræðra þeirra í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu á sviði hermála.
9. Við fögnum því, að Manfred Wörner, aðalframkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins, hefur verið boðið til Moskvu til fundar við sovéska leiðtoga.
10. Herforingjar frá flestum ríkjum Evrópu hittust í Vínarborg fyrr á þessu ári, til að ræða um hernaðarviðbúnað sinn og hernaðarstefnu. Atlantshafsbandalagið leggur til að annar slíkur fundur verði haldinn í haust til að stuðla að gagnkvæmum skilningi. Við hyggjumst skapa opið andrúmsloft af alveg nýjum toga í Evrópu og í samræmi við það gera samkomulag um opnun lofthelgi.
11. Hin mikilvæga tilvist verulegs norður-amerísks hefðbundins herafla og bandarísks kjarnorkuherafla í Evrópu sýnir ljóslega hin pólitísku tengsl, sem hnýta saman örlög Norður-Ameríkuríkja og lýðræðisríkja Evrópu. En á sama hátt og Evrópa breytist, verðum við að breyta hugsunarhætti okkar varðandi varnarmál.
12. Til draga úr varnarþörfum okkar, er nauðsynlegt að gera trausta samninga um takmörkun vígbúnaðar. Þess vegna gerum við það að forgangsverkefni að ljúka á þessu ári hinum fyrsta samningi um niðurskurð og skorður við hefðbundnum herafla í Evrópu (CFE), ásamt því að ljúka þýðingarmiklum áfanga um traustvekjandi aðgerðir (CSBM). Þessar viðræður eiga að halda stöðugt áfram þangað til því verki er lokið. Samt sem áður vonumst við til að geta gengið lengra. Við leggjum til, þegar CFE-samningurinn hefur verið undirritaður, að framhaldsviðræður hefjist með þátttöku sömu ríkja og með sama umboði, sem væntanlega byggi á því samkomulagi, sem fyrir er, með viðaukum, þar á meðal varðandi aðgerðir til að takmarka fjölda hermanna í Evrópu. Með þetta í huga munum við gera skuldbindingar varðandi fjölda hermanna í hinu sameinaða Þýskalandi, þegar CFE-samningurinn verður undirritaður.
13. Markmið okkar er að ljúka samningaviðræðum um framhald CFE-viðræðna og um CSBM svo fljótt sem auðið er og leggja drög að góðum árangri á framhaldsfundi CSCE í Helsinki 1992. Með því að notfæra okkur nýjar viðræður um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar innan ramma CSCE munum við á tíunda áratugnum leitast við að ná fram frekari og víðtækari takmörkun á sóknargetu hefðbundinna herja í Evrópu, í því skyni að koma í veg fyrir að nokkur þjóð geti haft hernaðarlega yfirburði umfram önnur ríki í álfunni. Hinn sérstaki vinnuhópur Atlantshafsbandalagsins (HLTF) mun móta nákvæma stefnu varðandi þessar framhaldsviðræður um takmörkun hefðbundins vopnabúnaðar. Við munum gera þær sérstöku ráðstafanir fyrir mismunandi landsvæði, þar sem þess er þörf til að leiðrétta misvægi og tryggja að öryggi ríkja verði ekki ógnað undir neinum kringumstæðum. Við munum einnig halda áfram að kanna aðra valkosti varðandi takmörkun vígbúnaðar og möguleika til traustvekjandi aðgerða. Þetta er metnaðarfull áætlun, en í samræmi við markmið okkar: varanlegan frið í Evrópu.
14. Jafnframt því sem sovéskar hersveitir yfirgefa ríki A-Evrópu og samningi um takmörkun hefðbundinna vopna verður framfylgt, mun varnarkerfi og áætlanir bandalagsins breytast í grundvallaratriðum, þar á meðal í eftirfarandi atriðum:
    — Bandalagið mun beita smærri endurskipulögðum sveitum. Þessar sveitir verða

mjög hreyfanlegar og alhliða, þannig að leiðtogar bandalagsins geti haft ýtrasta sveigjanleika til að bregðast við hættuástandi. Bandalagið mun reiða sig æ meira á fjölþjóðasveitir, með þátttöku herdeilda einstakra ríkja.

— Atlantshafsbandalagið mun draga úr viðbragðsstöðu þeirra sveita, sem nú eru reiðubúnar til átaka, minnka þjálfunarkröfur og fækka æfingum.

— Atlantshafsbandalagið mun reiða sig meira á hæfni til að geta kallað út stærri hersveitir, ef og þegar þeirra verður þörf.

15. Til að viðhalda friði verður herafli bandalagsins í framtíðinni að byggjast á samtengingu kjarnavopna og hefðbundinna vopna í Evrópu, sem endurnýist þegar þess er þörf. En sem varnarbandalag, hefur Atlantshafsbandalagið ávallt lagt áherslu á það, að vígbúnaður þess muni aldrei verða notaður nema til sjálfsvarnar, og að við munum leitast við að hafa til reiðu þann lágmarksfjölda kjarnavopna, sem nauðsynlegur er til að koma í veg fyrir ófrið.
16. Hinar pólitísku og hernaðarlegu breytingar í Evrópu, og horfur á frekari breytingum, gera viðkomandi bandalagsríkjum kleift að ganga lengra. Þau munu þannig breyta og aðlaga verkefni og fælingarhlutverk kjarnorkuherafla síns. Þau hafa komist að þeirri niðurstöðu að hlutverk skammdrægustu kjarnavopna minnki verulega sem afleiðing af nýjum pólitískum og hernaðarlegum aðstæðum í Evrópu. Þau hafa sérstaklega ákveðið að bandalagið muni, þegar samningaviðræður um skammdræg kjarnavopn hefjast, bjóða það, að öllum kjarnaskothleðslum bandalagsins í Evrópu verði eytt, fallist Sovétríkin á að gera slíkt hið sama.
17. Nýjar samningaviðræður milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um takmörkun skammdrægra kjarnavopna ættu að geta hafist fljótlega eftir að CFE-samkomulagið hefur verið undirritað. Viðkomandi bandalagsríki munu þróa hugmyndir um takmörkun vígbúnaðar fyrir þessar samningaviðræður, þar sem tekið verður tillit til skilyrða okkar varðandi mun færri kjarnavopn og minnkandi þörf á skammdrægustu kjarnavopnunum.
18. Að lokum munu viðkomandi bandalagsríki, samhliða algerum brottflutningi sovéskra sveita frá ríkjum A-Evrópu og framkvæmd CFE-samkomulagsins, styðjast minna við kjarnavopn. Kjarnavopn munu halda áfram að gegna lykilhlutverki í þeirri heildarvarnarstefnu bandalagsins að hindra ófrið með því að tryggja að undir engum kringumstæðum megi útiloka notkun kjarnavopna til að verjast árás. Samt sem áður munu viðkomandi ríki geta mótað nýja varnarstefnu Atlantshafsbandalagsins, í samræmi við breyttar aðstæður í Evrópu, þar sem beiting kjarnavopna ætti sér eingöngu stað í nauðvörn.
19. Við samþykkjum það umboð, sem gefið var fastaráði Atlantshafsbandalagsins til að hafa yfirumsjón með þeim breytingum, sem nú fara fram á bandalaginu. Ráðið skal gefa skýrslu um niðurstöður sínar sem fyrst.
20. Í samræmi við þessar endurskoðuðu varnaráætlanir og vígbúnaðartakmarkanir, og samkvæmt ráðleggingum hermálayfirvalda Atlantshafsbandalagsins og allra viðkomandi aðildarríkja, mun Atlantshafsbandalagið gera nýjar sameiginlegar varnaráætlanir, sem felast í því að horfið verður frá framvarnarstefnu, þar sem það á við, og tekið upp breytt sveigjanlegt andsvar til að endurspegla minni áherslu á kjarnavopn. Í því sambandi mun bandalagið þróa nýjar varnaráætlanir, í samræmi við hinar byltingarkenndu breytingar í Evrópu. Atlantshafsbandalagið mun einnig skapa vettvang fyrir samráð bandalagsríkja um komandi samningaviðræður um skammdræg kjarnavopn.
21. Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu (CSCE) mun gegna veigameira hlutverki í framtíð Evrópu og hnýta ríki Evrópu og Norður-Ameríku saman fastari böndum. Við styðjum það, að CSCE-leiðtogafundur verði haldinn í París á þessu ári, þar sem undirritað yrði CFE-samkomulagið og leiðsögn yrði gefin varðandi stofnun og varðveislu frjálsra samfélaga. Fundurinn ætti að staðfesta meðal annars:

— CSCE-grundvallarreglur um réttinn til frjálsra og heiðarlegra kosninga.

— CSCE-skuldbindingar til að virða og viðhalda lögum og rétti.
— CSCE-leiðbeiningar til að styrkja efnahagssamvinnu, sem byggir á þróun frjáls og samkeppnifærs markaðskerfis, og
— CSCE-samvinnu um umhverfisvernd.

22. Við leggjum enn fremur til að CSCE-leiðtogafundurinn í París ákveði, hvernig CSCE, geti orðið formlegur vettvangur fyrir víðtækari pólitískar umræður í Evrópu. Við mælum með því að CSCE-ríkisstjórnir komi eftirfarandi á fót:
— Áætlun um reglulegt samráð á milli leiðtoga og ráðherra ríkisstjórna aðildarríkja að minnsta kosti einu sinni á ári, auk annarra reglulegra funda embættismanna til að undirbúa og fylgja samráðinu eftir.
— Áætlun um CSCE-ráðstefnur annað hvert ár, til að vega og meta framþróun í átt til frjálsrar og heilsteyptrar Evrópu.
— Fámennu skrifstofuliði CSCE, til að samræma þessa fundi og ráðstefnur.
— CSCE-eftirlitsnefnd, til að fylgjast með frjálsum kosningum í öllum CSCE-ríkjunum á grundvelli Kaupmannahafnarskjalsins.
— CSCE-miðstöð með það hlutverk að hindra átök, sem yrði vettvangur fyrir skipti á hernaðarlegum upplýsingum, einnig sem vettvangur viðræðna um óvenjulega hernaðarstarfsemi og lausn deilna, sem snerta CSCE-ríkin, og
— CSCE-þingstofnun, þingsamkundu Evrópu, sem grundvallist á þingi Evrópuráðsins í Strassborg, með fulltrúum allra aðildarríkja CSCE.

Staðsetning þessara nýju stofnana á að endurspegla þá staðreynd að hin nýju lýðræðisríki í Mið- og Austur-Evrópu eru hluti af pólitísku skipulagi hinnar nýju Evrópu.

23. Í dag hefst mikil umbreyting Atlantshafsbandalagsins. Í samvinnu við öll ríki Evrópu erum við ákveðnir í því að skapa varanlegan frið í álfunni.

Fylgiskjal VIII.

Yfirlýsing utanríkisráðherrafundar Norðurlanda, sem haldinn var í Molde í Noregi 11.–12. september 1990

Inngangur

Ráðherrarnir vöktu athygli á að hin jákvæða þróun, sem fólgin er í nálgun austurs og vesturs – einkum hvað varðar þróunina í Evrópu, þar sem sameining Þýskalands stendur fyrir dyrum – er tákn um söguleg straumhvörf. Þetta gefur nýja og allt aðra möguleika til að móta frjálsa og lýðræðislega Evrópu, þar sem fjölræði og samvinna sitja í öndvegi. Þessi þróun hefur enn fremur styrkt stöðu Sameinuðu þjóðanna mjög mikið og aukið möguleikana á því að leysa hin miklu alþjóðlegu vandamál, sem heimsbyggðin stendur frammi fyrir.

Alger andstaða þessarar jákvæðu þróunar er hið alvarlega ástand, sem skapast hefur við Persaflóa eftir hina grófu árás Íraks á Kúvæt og tilraun til að innlima landið. Ráðherrarnir gerðu sérstaka ályktun um þetta mál.

Austur – Vestur

Ráðherrarnir lýstu yfir ánægju sinni með hina jákvæðu þróun í samskiptum austurs og vesturs og fögnuðu æ nánara samstarfi Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, svo sem fundur æðstu manna þessara ríkja í Helsinki nýverið ber vott um.

Ráðherrarnir vöktu athygli á að nú er lögð mikil áhersla á þann þátt í samskiptum austurs og vesturs, sem snertir Evrópu. Þetta hefur komið fram í umræðum um framtíðarhlutverk Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu (CSCE) og í tengslum við samningaviðræður um hefðbundin vopn og traustvekjandi aðgerðir í Evrópu (CFE/CSBM).

Þær umbætur, sem nú eiga sér stað í Sovétríkjunum og Mið- og Austur-Evrópu, hafa átt drjúgan þátt í þeirri jákvæðu þróun, sem átt hefur sér stað í samskiptum austurs og vesturs. Norðurlöndin vilja stuðla að slíkum umbótum.

Ráðherrarnir lýsa stuðningi sínum við sameiningu þýsku ríkjanna tveggja, sem er tákn um sjálfsákvörðunarrétt þýsku þjóðarinnar samkvæmt ákvæðum lokaskjals Helsinki-sáttmálans. Ráðherrarnir telja að sameining Þýskalands stuðli að jafnvægi og nýjum samskiptaháttum í allri Evrópu.

Eystrasaltsríkin

Ráðherrarnir ítrekuðu óskir Norðurlandanna um að bæði tvíhliða og svæðisbundin samvinna landanna við Eystrasalt yrði aukin. Þeir ræddu um tiltekna möguleika á því að efla samskiptin við Eystrasaltsríkin og fögnuðu ákvörðun Norrænu ráðherranefndarinnar um að leggja fram vinnuáætlun um samvinnu Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna. Ráðherrarnir lýstu ánægju sinni á því að á ýmsum sviðum – m.a. hvað varðar umhverfisvernd, menningarmál og menntamál – hefur orðið aukning á samvinnu milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna, einnig milli ráðherra. Þeir telja miklu skipta að stofnaðar verði norrænar upplýsingaskrifstofur í Eystrasaltsríkjunum og upplýsingaskrifstofur Eystrasaltsríkjanna á Norðurlöndum. Í tengslum við opnun fyrstu upplýsingaskrifstofu Eystrasaltsríkjanna á Norðurlöndum munu utanríkisráðherrar Norðurlanda bjóða utanríkisráðherrum Eystrasaltsríkjanna þriggja til viðræðna um aukin samskipti milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna.

Ráðherrarnir lýstu ánægju sinni með það, að nú hefur verið komið á tengslum og

viðræðum milli Eystrasaltsríkjanna og æðstu stjórnar Sovétríkjanna um lausn þeirra mála, sem bíða úrlausnar. Þeir létu í ljós þá von sína að viðræðurnar stuðli að því að viðleitni Eystrasaltsþjóðanna til að öðlast sjálfstæði beri árangur.

Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu (CSCE)

Ráðherrarnir lýstu ánægju sinni yfir ráðgerðum fundi æðstu manna aðildarríkja Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu í París í nóvember nk. Ráðherrarnir töldu að frekari þróun CSCE-ferlisins skipti meginmáli í nýrri skipan friðarmála í Evrópu og ætti því að vera eitt af meginviðfangsefnum ríkisoddvitafundarins. Þeir létu í ljós þá von að teknar yrðu endanlegar ákvarðanir um m.a. að halda reglulega CSCE-fundi stjórnmálamanna, að stofna fastaskrifstofu CSCE-ríkjanna og sérstakt stofnvirki, sem hefði það hlutverk að koma í veg fyrir og leysa illdeilur.

Ráðherrarnir voru einhuga um að meginniðurstaða leiðtogafundarins ætti að vera aukið jafnvægi og styrkari samvinna Evrópuríkja, að framhald þeirra breytinga, sem nú ættu sér stað í Evrópu, yrði tryggt og að staðfest yrði að teknir yrðu upp nýir siðir í viðræðum um hernaðar- og öryggismál, svo og að meginreglur lokasamþykktar Helsinkiráðstefnunnar frá 1975 yrðu staðfestar. Ráðherrarnir vöktu athygli á að undirbúningur fyrir ríkisoddvitafundinn væri í fullum gagni í Vínarborg og létu í ljós þá von að góð samvinna mætti ríkja um undirbúningsstarfið héðan í frá sem hingað til. Ríkisoddvitafundurinn á einnig að verða upphafið að viðræðum, sem hafa það markmið að unnt verði að gera frekari samþykktir um framtíð og gerð CSCE-ferlisins á framhaldsfundinum í Helsinki 1992.

Ráðherrarnir vöktu athygli á að mikilvægur árangur hefði náðst í viðræðunum í Vín um hefðbundin vopn í Evrópu og að miklar líkur væru á því að samkomulag næðist fyrir ríkisoddvitafundinn. Ráðherrarnir létu einnig í ljós þá ósk að unnt verði að leggja fyrir fundinn ákveðinn árangur í viðræðunum um traustvekjandi aðgerðir á hernaðarsviðinu.

Ráðherrarnir létu í ljós mikla ánægju með árangurinn, sem náðist á fundinum í Kaupmannahöfn 5.–29. júní sl. um mannúðarþátt CSCE-ráðstefnunnar og á CSCE-fundinum í Bonn 19. mars til 11. apríl sl. um efnahagssamvinnu. Hinn sögulegi árangur af þessum tveimur fundum vitnar um hinar miklu og víðtæku breytingar, sem orðið hafa í Evrópu á liðnu ári.

Afvopnunarmál

Ráðherrarnir fögnuðu þeim árangri, sem náðst hefur í samningaviðræðum fulltrúa Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um langdræg kjarnavopn og vænta þess að gerður verði samningur um verulegan niðurskurð kjarnavopna í náinni framtíð.

Ráðherrarnir lögðu áherslu á nauðsyn þess að áfram yrði unnið að afvopnun bæði á sviði kjarnavopna og hefðbundinna vopna.

Ráðherrarnir lögðu áherslu á mikilvægi umræðna um afvopnun á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og á afvopnunarráðstefnunni í Genf (CD).

Ráðherrarnir létu í ljós fullan stuðning við samningaviðræðurnar á afvopnunarráðstefnunni í Genf um alþjóðasamning um algert bann við notkun efnavopna og létu í ljós þá von að tilbúinn texti slíks samnings lægi fyrir svo fljótt sem auðið væri.

Ráðherrarnir fögnuðu því að afvopnunarráðstefnan í Genf hefði aftur komið á fót nefnd um stöðvun tilrauna með kjarnavopn.

Ráðherrarnir ítrekuðu vilja Norðurlanda til að stuðla að góðum árangri á yfirstandandi endurskoðunarráðstefnu um samninginn um að dreifa ekki kjarnavopnum (NPT).

Ráðherrarnir létu í ljós von um auknar alþjóðlegar viðræður á viðeigandi vettvangi til að skapa nauðsynlegar forsendur fyrir frekari þróun öryggis og traustvekjandi aðgerða og afvopnunar, einnig á sviði sjóhernaðar.

Kjarnavopnalaus svæði á norðurslóðum

Ráðherrarnir fengu munnlega skýrslu um viðræðurnar í embættismannanefndinni, sem ætlað er að kanna forsendur fyrir kjarnavopnalausu svæði á norðurslóðum. Þeir staðfesta að hin víðtæka umræða, sem fram hefur farið í nefndinni hafi í sjálfu sér verið gagnleg. Með tilliti til hinnar öru þróunar í öryggismálum Evrópu fóru þeir fram á það við nefndina að hún reyndi að leggja fram skýrslu sem fyrst árið 1991.

Fjárhagsstaða Sameinuðu þjóðanna

Ráðherrarnir lögðu áherslu á nauðsyn þess að nægilegt fjármagn væri til reiðu fyrir Sameinuðu þjóðirnar. Á þessu mikilvæga stigi í starfsemi Sameinuðu þjóðanna mætti ekki tefla möguleikum þeirra vegna fjárskorts í tvísýnu. Ráðherrarnir hvöttu aðildarríki Sameinuðu þjóðanna til að standa betur í skilum með greiðslur, einnig hvað varðaði skuldir frá fyrri árum.

Ráðherrarnir létu í ljós þá von að þær endurbætur á stjórnun, sem gerðar hafa verið í aðalstöðvunum, leiddu til bættrar nýtingar á fjármagni innan samtakanna.

Friðarstarfsemi Sameinuðu þjóðanna

Ráðherrarnir vöktu athygli á mikilvægu og vaxandi hlutverki Sameinuðu þjóðanna á sviði friðargæslu í viðleitni samtakanna til að stuðla að lausn svæðisbundinna átaka og vísuðu í því sambandi til yfirlýsingar forseta öryggisráðsins, sem samþykkt var í maí 1990.

Virkur stuðningur við friðargæslu- og eftirlitssveitir Sameinuðu þjóðanna hefur ávallt verið snar þáttur stefnu Norðurlandanna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Ráðherrarnir ítrekuðu nauðsyn þess að deiluaðilar vinni með starfsmönnum Sameinuðu þjóðanna og virði umboð þeirra.

Ráðherrarnir lögðu áherslu á nauðsyn þess að aðilar gerðu sér grein fyrir kostnaði við friðargæsluna og hvaða árangur hún bæri. Norðurlöndin munu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna stuðla að því að fullnægjandi samkomulag náist milli aðildarríkjanna varðandi fjármögnun á þeirri starfsemi, sem er í gangi og fyrirhuguð er. Með tilliti til þessa hörmuðu ráðherrarnir að sumar friðargæslusveitir stæðu frammi fyrir alvarlegum vandamálum, einkum friðargæslusveitir á Kýpur og í Líbanon. Afleiðingin er sú, að þær þjóðir, sem leggja til lið í friðargæslusveitirnar, verða að standa undir óeðlilega stórum hluta af kostnaði við þessa starfsemi.

Lausn á fjárhagsvandanum bætir ekki aðeins forsendur Sameinuðu þjóðanna til að stofna til og beita friðargæsluliði, heldur stuðlar hún að möguleikum samtakanna til að tryggja áframhaldandi samvinnu við þær þjóðir, sem leggja til lið í friðargæslusveitirnar á eins breiðum grundvelli landfræðilega og mögulegt er.

Ráðherrarnir staðfestu að ríkisstjórnir Norðurlanda væru einnig reiðubúnar til þess í framtíðinni að leggja til lið og styðja með öðrum hætti starfsemi Sameinuðu þjóðanna að friðargæslu og varðveislu friðar. Ráðherrarnir telja mikilvægt að meiri tengsl séu á milli friðargæslunnar annars vegar og þeirra, sem standa að sáttaumleitunum hins vegar.

Þróun mála að undanförnu, sem m.a. felur í sér endurnýjun á hlutverki Sameinuðu þjóðanna til að koma í veg fyrir og leysa úr ágreiningi á alþjóðavettvangi — bæði hvað varðar virka þátttöku öryggisráðsins og framlag framkvæmdastjórans — gaf ráðherrunum tækifæri til að gaumgæfa hvaða möguleikar væru fyrir hendi varðandi aukið hlutverk Sameinuðu þjóðanna á sviði friðargæslu. Á næstunni verður haldinn fundur sérfræðinga um þetta mál í Ósló.

Kjarnavopnatilraunir í Novaja Semlja

Ráðherrarnir létu í ljós alvarlegar áhyggjur vegna fyrirætlana stjórnvalda í Sovétríkjunum um að framkvæma allar kjarnavopnatilraunir sínar í Novaja Semlja í framtíðinni. Þeir

vöktu athygli á að áhrif kjarnavopnatilrauna á vistkerfið gætu náð langt út fyrir tilraunasvæðin, ef geislavirk efni lækju út eða losnuðu. Ástæða væri til að hafa sérstakar áhyggjur af þessu, vegna hins viðkvæma vistkerfis á norðurslóðum.

Ráðherrarnir minntu á að Norðurlöndin og mikill hluti heimsbyggðarinnar væri einhuga um að krefjast þess að öllum tilraunum með kjarnavopn yrði hætt. Ráðherrarnir hvöttu kjarnorkuveldin til að leggja sérstaka áherslu á virkar ráðstafanir til að hindra alla dreifingu geislavirkra efna við kjarnavopnatilraunir sínar. Ráðherrarnir voru einhuga um að koma sjónarmiðum Norðurlanda á framfæri við sovésk stjórnvöld. Norðurlönd fögnuðu því, ef haldin yrði ráðstefna vísindamanna um ráðstafanir til að draga úr tjóni á vistkerfinu af völdum kjarnavopnatilrauna.

Fundinn sátu Uffe Ellemann-Jensen, utanríkisráðherra Danmerkur, Pertti Paasio, utanríkisráðherra Finnlands, Haraldur Kröyer, sendiherra Íslands í Ósló, Kjell Magne Bondevik, utanríkisráðherra Noregs, og Sten Andersson, utanríkisráðherra Svíþjóðar.

Yfirlýsing norræna ráðherrafundarins um málefni Suður-Afríku

Norðurlandaþjóðirnar hafa ávallt lýst megnri andúð sinni á kynþáttaaðskilnaðarstefnu stjórnvalda í Suður-Afríku. Þær eru staðráðnar í því að halda ótrauðar áfram sameiginlegri viðleitni sinni til að stuðla að algeru afnámi kynþáttaaðskilnaðarstefnunnar og koma á lýðræðislegu þjóðfélagskerfi í Suður-Afríku, þar sem kynþættir eru ekki aðskildir.

Norðurlandaþjóðirnar lýsa ánægju sinni yfir því að nú hefur hafist mikilvæg og jákvæð þróun í Suður-Afríku, sem eykur vonir manna um að víðtækar breytingar séu í sjónmáli. Þær vekja hins vegar athygli á því að meginþættir kynþáttaaðskilnaðarstefnunnar eru enn við lýði.

Með tilliti til þessa ítreka Noðurlandaþjóðirnar að stefna þeirra gagnvart Suður-Afríku er enn byggð á þeim meginatriðum, sem fram komu í norrænu framkvæmdaáætluninni frá 1988. Norðurlandaþjóðirnar munu því halda áfram að þrýsta á stjórnvöld í Suður-Afríku, m.a. með efnahagsþvingunum, þar til augljósar sannanir hafa fengist fyrir því að víðtækar og óafturkræfar breytingar hafa orðið í Suður-Afríku.

Norðurlandaþjóðirnar eru þeirrar skoðunar að varanlegar breytingar í Suður-Afríku eigi að fara fram með samningaviðræðum og með friðsamlegum hætti. Þær taka undir hvatningu heimsbyggðarinnar til stjórnvalda í Suður-Afríku og fulltrúa meiri hlutans um að fram fari raunverulegar samningaviðræður um algert afnám kynþáttaaðskilnaðarstefnunnar í andrúmslofti, sem er laust við ofbeldi eða hótanir um ofbeldi. Allir Suður-Afríkumenn ættu að fylgja fordæmi Afríska þjóðaráðsins og stjórnvalda og skuldbinda sig til að ná fram friðsamlegri lausn án valdbeitingar.

Norðurlandaþjóðirnar vilja leggja sitt af mörkum til að stuðla að viðræðum og lýðræðisþróun í Suður-Afríku. Að loknum árangursríkum viðræðum milli Afríska þjóðaráðsins og stjórnvalda í Suður-Afríku telja ríkisstjórnir Norðurlanda að full ástæða sé til að vona að þess verði ekki allt of langt að bíða að slíkar breytingar eigi sér stað.

Norðurlandaþjóðirnar hafa auk þess nú þegar gert tilteknar breytingar á sameiginlegum reglum sínum um vegabréfsáritanir í því skyni að auka samskipti með það fyrir augum að stuðla að viðræðum og lýðræðisþróun í Suður-Afríku. Stjórnvöld á Norðurlöndum munu stöðugt endurskoða aðgerðir sínar gegn stjórnvöldum í Suður-Afríku og aðlaga þær í ljósi þess hver þróunin verður.

Yfirlýsing norræna ráðherrafundarins 1990, um ástandið í Írak og Kúvæt

Ráðherrarnir fordæmdu harðlega grimmdarlega árás Íraka á Kúvæt og tilraun þeirra til að innlima landið. Þeir krefjast þess að Írakar hlíti án tafar ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 660 og 662 og flytji skilyrðislaust allt herlið sitt frá Kúvæt. Fullveldi, sjálfstæði og landfræðileg mörk Kúvæts verður að færa til fyrra horfs.

Ráðherrarnir lýstu yfir fullum stuðningi sínum við refsiaðgerðir þær, sem tilgreindar eru í

ályktun öryggisráðsins nr. 661. Norðurlönd hafa sett strangar reglur um viðskiptabann í samræmi við þessa samþykkt. Ráðherrarnir lögðu áherslu á mikilvægi þess að allar þjóðir hlíti nákvæmlega öllum ákvörðunum Sameinuðu þjóðanna um viðskiptabann og að öryggisráðið skeri án tafar úr vafamálum í þessu sambandi, m.a. varðandi matvælasendingar í mannúðarskyni. Framkvæmd þeirra samþykkta sem gerðar hafa verið, skal vera í samræmi við ályktanir nr. 661 og 665.

Ráðherrarnir létu í ljós ánægju sína með röggsemi öryggisráðsins, sem þeir töldu marka tímamót í sögu Sameinuðu þjóðanna og benda til þess að þjóðir heims séu fúsar til að endurvekja hugtakið um sameiginlegt öryggi.

Ráðherrarnir styðja það, sem gert hefur verið til að tryggja að ákvörðunum öryggisráðsins sé skilyrðislaust og án tafar hrint í framkvæmd í því skyni að fá friðsamlega lausn á deilunni og hvöttu til hertra aðgerða í þessu skyni. Ráðherrarnir létu í ljós stuðning sinn við þær þjóðir í þessum heimshluta, sem stuðla að því á virkan hátt að samþykktir öryggisráðsins hafi tilætluð áhrif, þrátt fyrir að þær standi frammi fyrir miklum erfiðleikum af þeim sökum.

Ráðherrarnir lýstu því yfir að eftir innrás Íraka í Kúvæt hefði skapast mikið neyðarástand meðal fólks í Austurlöndum nær. Hundruð þúsunda manna hafa verið neyddar til að hverfa frá heimilum sínum og orðið að þola hræðilegar aðstæður á landamærasvæðum Íraks og Jórdaníu og Íraks og Tyrklands. Brýnt sé að þjóðir heims geri án tafar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir meiri háttar hörmungar. Ráðherrarnir staðfestu í þessu sambandi að Norðurlandaþjóðirnar væru fúsar til að veita aðstoð í mannúðarskyni og aðra hjálp þjóðum sem hafa tekið á móti fjölda flóttamanna, án þess að hafa stuðlað að því sjálfar og hafa orðið fyrir fjárhagslegu tjóni af völdum deilunnar.

Það er gróft brot á alþjóðalögum og grundvallarmannréttindum að Írakar skuli hafa útlendinga í haldi. Hið sama á við um þá ákvörðun Íraka að láta útlendinga dvelja á þeim stöðum, sem hugsanlega gætu orðið skotmörk. Slíkt framferði lýsir svo megnri fyrirlitningu á grundvallarmannréttindum og skyldum þjóða samkvæmt alþjóðalögum að vakið hefur andstyggð allrar heimsbyggðarinnar.

Ráðherrarnir lýstu sig reiðubúna til að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til að tryggja öryggi útlendinga í Írak og Kúvæt í samræmi við ályktun öryggisráðsins nr. 664. Í samræmi við ákvæði alþjóðalaga lýsa þeir ábyrgð á hendur stjórnvöldum í Írak – þar á meðal einstökum valdamönnum – fyrir vernd, öryggi og velferð Norðurlandabúa og annarra útlendinga í Írak og Kúvæt.

Írak ber einnig ábyrgð á að tryggja að borin sé virðing fyrir og hlítt sé reglum um réttindi og friðhelgi erlendra sendiráða og starfsmanna þeirra í ofangreindum tveimur löndum samkvæmt ákvæðum alþjóðalaga.

Ráðherrarnir vísuðu á bug ólöglegum kröfum Íraka um slit stjórnmálasambands við Kúvæt og lýstu því yfir að þeir væru staðráðnir í að fara ekki að slíku kröfum. Auk þess höfnuðu þeir öllum tilraunum írakskra stjórnvalda til að koma á fót leppstjórn í Kúvæt.

Fylgiskjal IX.

Helstu skammstafanir

ALCM:	Air-launched Cruise Missile
ARICE:	US Army Forces Iceland
CCMS:	Committee on the Challenges of Modern Society
CFE:	Conventional Forces in Europe
COMECON:	Council on Mutual Economic Assistance
CSBM:	Confidence- and Security-building Measures
CSCE:	Conference on Security and Co-operation in Europe
DST:	Defence and Space Talks
EC:	European Community
EEA:	European Economic Area
EFTA:	European Free Trade Association
EPC:	European Political Co-operation
GATT:	General Agreement on Tariffs and Trade
IADS:	Iceland Air Defence System
IAEA:	International Atomic Energy Agency
IMO:	International Maritime Organization
INF:	Intermediate Nuclear Forces
IWC:	International Whaling Commission
NATO:	North Atlantic Treaty Organization
NDF:	Nordic Development Fund
NPG:	Nuclear Planning Group
NPT:	Non-Proliferation Treaty
OECD:	Organization for Economic Co-operation and Development
SADCC:	Southern African Development Co-ordination Conference
SACLANT:	Supreme Allied Commander Atlantic
SDI:	Strategic Defence Initiative
SLCM:	Sea-launched Cruise Missile
SNF:	Short-range Nuclear Forces
START:	Strategic Arms Limitation Talks
UNEP:	United Nations Environment Programme
UNESCO:	United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization
UNIFIL:	United Nations Interim Force in Lebanon
WEU:	Western European Union
WIPO:	World Intellectual Property Organization

Ed. 130. Frumvarp til laga [126. mál]

um breytingu á lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sbr. lög nr. 72 30. maí 1984.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:

Hafrannsóknastofnuninni er heimilt, að fengnu samþykki stjórnar stofnunarinnar og sjávarútvegsráðherra, að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum sem eru hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð er þrói hugmyndir og hagnýti niðurstöður rannsóknar- og þróunarverkefna sem stofnunin vinnur að hverju sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Hafrannsóknastofnuninni verði heimilt að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum sem vinna að því að hagnýta niðurstöður rannsókna stofnunarinnar í þágu atvinnuveganna. Er líklegt að fyrst verði samvinna við fyrirtæki á sviði eldis sjávardýra en einnig opnast möguleikar á öðrum sviðum rannsókna eins og t.d. þróun veiðarfæra. Með þátttöku stofnunarinnar í slíkum fyrirtækjum er stuðlað að betri tengslum og samvinnu við fyrirtæki í sjávarútvegi og þannig munu niðurstöður rannsókna stofnunarinnar nýtast betur í þágu sjávarútvegs.

Sams konar breyting og hér er lögð til hefur verið gerð á lögum um Háskóla Íslands, sbr. lög nr. 8/1986, um Iðntæknistofnun Íslands, sbr. lög nr. 77/1986, og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, sbr. lög nr. 71/1989.

Aðild Hafrannsóknastofnunarinnar að stofnun fyrirtækja í þessu skyni er háð samþykki stjórnar stofnunarinnar og sjávarútvegsráðherra hverju sinni. Jafnframt er heimildin bundin við aðild að félögum með takmarkaðri ábyrgð þannig að áhættan verður takmörkuð við hlutafjárframlög.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki nánari skýringa.

Sþ. 131. Fyrirspurn [127. mál]

til utanríkisráðherra um upplýsingar um tengsl öryggislögreglu Þýska alþýðulýðveldisins, Stasi, við íslenska aðila.

Geir H. Haarde.

Hyggst utanríkisráðherra fara þess á leit við þýsk stjórnvöld að þau veiti upplýsingar úr eða heimili aðgang að skjalasafni Stasi, öryggislögreglu Þýska alþýðulýðveldisins,

sem vitað er að hafði víðtæk alþjóðleg umsvif, til þess að leiða í ljós hvort hún hafi verið í tengslum við íslenska aðila?

Ed. 132. Frumvarp til laga [128. mál]

um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Eigendur fasteigna, sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, skulu á árinu 1991 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

2. gr.

Skattskylda hvílir á aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, auk þess bönkum og sparisjóðum og innlánsstofnunum.

3. gr.

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1990 á fasteign sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgjaldskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

4. gr.

Við ákvörðun á því hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1990.

Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annars, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

5. gr.

Með skattframtali 1991 skal fylgja skrá yfir eignir sem falla undir lög þessi ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð þeirra eða eftir atvikum kostnaðarverð í árslok 1990. Enn fremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúmmál eigna sem um er getið í 2. mgr. 4. gr.

Aðilar, sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga þessara en undanþegnir eru tekjuskatts- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir 31. maí 1991 skila skrám skv. 1. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

6. gr.

Sérstakur eignarskattur skal nema 1,5% af skattstofni skv. 3. gr. Skattinn skal leggja á í heilum tugum króna þannig að lægri fjárhæð en 10 kr. sé sleppt.

Sérstakan eignarskatt, sem ekki nær 4.000 kr., skal fella niður við álagningu.

7. gr.

Ákvæði VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts eftir því sem við á nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

8. gr.

Skatt samkvæmt lögum þessum má draga frá tekjum rekstrarársins 1990 sem rekstrarútgjöld við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1991. Þá er skatturinn til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981 eftir reglum lokaákvæðis 1. mgr. 76. gr. þeirra laga.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1991.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði var lagður á í fyrsta sinn á árinu 1979. Skatturinn hefur síðan verið lagður á árlega samkvæmt sérstökum lögum sem gilt hafa fyrir eitt ár í senn. Í ár fer um álagningu og innheimtu hans eftir lögum nr. 127/1989. Í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 1990 er áætlað að innheimtar tekjur af skattinum verði um 445 millj. kr. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1991 er gert ráð fyrir að framhald verði á skattlagningu þessari. Af þessum sökum er í frumvarpi þessu lagt til að ákvæði efnislega samhljóða lögum nr. 127/1989 verði lögfest vegna álagningar opinberra gjalda 1991. Í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 1991 er gert ráð fyrir að álagning skattsins nemi um 535 millj. kr. en innheimta 482 millj. kr. að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum fyrri ára.

Sþ. 133. Tillaga til þingsályktunar [129. mál]

um virðisaukaskattssvik og „svarta atvinnustarfsemi“.

Flm.: Guðni Ágústsson, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna umfang virðisaukaskattssvika og „svartrar atvinnustarfsemi“ á Íslandi.

Greinargerð.

Á þessu kjörtímabili hafa átt sér stað miklar kerfisbreytingar í innheimtu skatta. Virðisaukaskattur tók við af söluskatti, staðgreiðsla skatta tók við af eftirágreiðslu. Margt bendir til að þessar skattalagabreytingar hafi skilað árangri í innheimtu og komi að einhverju leyti í veg fyrir undanskot og skattsvik.

Hinu er ekki að leyna að víða verður þess vart að nótulaus viðskipti eru í gangi og viðskiptavinum sé boðið upp á borgun með eða án virðisaukaskatts. Nú er komin það mikil reynsla bæði á staðgreiðslukerfið og virðisaukaskattinn að full ástæða er til að

kanna umfang skattsvikanna, með svipuðum hætti og gert var 1984–1986 af sérstökum starfshópi. Það er mikilvægt fyrir Alþingi og ríkisstjórn að fá upplýsingar um nýjar innheimtuaðferðir, hvernig og hvort þær skila þeim árangri sem búist var við. Líklegt er að slíka úttekt megi gera með tiltölulega ódýrum hætti eftir þá miklu vinnu sem starfshópurinn vann 1984–1986. Slíka úttekt mætti gera með spurningakönnun sem einnig var notuð að hluta 1984–1986 og sagði starfshópurinn þá að gagnlegt gæti verið að gera slíka könnun árlega. Hér eru mörg fyrirtæki orðin mjög þróuð í að gera margvíslegar kannanir sem reynst hafa marktækar. Enn fremur liggja fyrir aðferðir og upplýsingar erlendis frá um mjög marktækar spurningakannanir um umfang skattsvika og nótulausra viðskipta.

Samkvæmt könnuninni 1984–1986 var niðurstaðan sú að umfang dulinnar starfsemi hérlendis væri á bilinu 5–7% af vergri landsframleiðslu. Tap þess opinbera vegna vangoldinna beinna skatta og söluskatts var áætlað 2,5–3 milljarðar króna árið 1985. Ríkissjóður er rekinn með halla og sífellt er rætt um að skattlagningu verði að auka þess vegna. Sé það hins vegar svo að einhverjir milljarðar króna séu á ferðinni í undirheimum þjóðfélagsins utan við lög og rétt sem skapa aðstöðumun einstaklinga og fyrirtækja verður að gera allt til að upplýsa og koma í veg fyrir slíkt. Fyrsta skrefið er að kortleggja og mæla skattsvikin, annað skrefið að koma í veg fyrir þau með hertum reglum, sektum eða sviptingu á atvinnuleyfi.

Nd. 134. Frumvarp til laga [130. mál]

um hlut Íslands í stofnfé Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða og ábyrgjast fjárhæðir þær er leiðir af stofnfjárskuldbindingum Íslands í Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við tillögu til þingsályktunar um heimild til fullgildingar samnings um stofnun Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu en sá samningur var gerður í París 29. maí 1990. Vísast til athugasemda við þá tillögu um stofnun bankans og stofnsamninginn. Eftirfarandi athugasemdir verða þó gerðar hér:

Í II. kafla samningsins, 4.–7. gr., er fjallað um hlutafé í bankanum. Í 4. gr. segir að stofnféð skuli vera 10 milljarðar evrópskra mynteininga (ECU) sem er jafnvirði 748 milljarða króna miðað við gengi ECU 1. október 1990 (1 ECU er 74,83 kr.). Af stofnfénu skulu 3 milljarðar ECU (jafnvirði 224 milljarða kr.) greiddir bankanum á næstu fimm árum en afgangurinn er ábyrgðarfé sem ekki þarf að greiða nema á ábyrgðarskuldbindingar reyni vegna fjárhagslegra áfalla í starfsemi bankans eða vegna uppgjörs við slit bankans, sbr. 17. og 42. gr. samningsins.

Hlutur Íslands í upphaflegu hlutafé í bankanum, stofnfénu, yrði 0,1%. Það gerir 10 milljónir evrópskra mynteininga eða jafnvirði 748 milljóna kr. miðað við gengi 1. október 1990. Greiðsluhlutaféð verður 3 milljónir ECU eða 224 milljónir kr. og skal inna greiðslur af hendi á fimm árum í jöfnun ársgreiðslum, í fyrsta sinn 1991. Áætlað er fyrir fyrstu greiðslunni í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1991 undir liðnum hluta- og stofnfjárframlög. Ábyrgðarhlutaféð, 7 milljónir ECU eða 524 milljónir króna, yrði því aðeins af hendi innt að öllu leyti eða hluta til ef á þyrfti að halda vegna fjárhagslegra áfalla eða slita bankans. Tekið skal fram að ákvæði samningsins um ábyrgð taka mið af samsvarandi ákvæðum samningsins um Alþjóðabankann. Aldrei hefur þó reynt á ábyrgðarskuldbindingar Íslands hjá Alþjóðabankanum þótt Ísland hafi verið aðili að honum um áratuga skeið.

Gert er ráð fyrir því í 5. gr. Evrópubankasamningsins að tekið verði til athugunar á fimm ára fresti hvort auka þurfi hlutafé í bankanum. Er hverjum aðila í sjálfsvald sett hvort hann tekur þátt í slíkri hlutafjáraukningu. Þetta er svipað kerfi og hjá Alþjóðabankanum. Ef Ísland tæki þátt í slíkri hlutafjáraukningu mundi lagafrumvarp verða lagt fyrir Alþingi þar að lútandi á svipaðan hátt og gert hefur verið vegna aðildar Íslands að Alþjóðabankanum.

Vegna skuldbindinga í 54. gr. samningsins, sem eru sambærilegar skuldbindingum Íslands vegna aðildar að ýmsum öðrum alþjóðastofnunum, þarf að leggja fram sérstakt lagafrumvarp um réttarstöðu bankans, svo og friðhelgi, forréttindi og undanþágur er tengjast honum og starfsliði hans.

Sþ. 135. Skýrsla [131. mál]

um fund Evrópuráðsins og fulltrúa þeirra ríkja sem staðfest hafa Helsinki-sáttmálann frá 1975 um öryggismál og samvinnu í Evrópu (RÖSE).

Frá íslensku þingmannanefndinni í Evrópuráðinu.

Dagana 26. og 27. sept. sl. fóru fram umræður á fundi á vegum Evrópuráðsins um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE). Þátttakendur á fundinum voru þingmenn frá þeim ríkjum sem staðfest höfðu RÖSE-sáttmálann í Helsinki árið 1975.

Fundurinn var haldinn vegna tillagna, sem fram hafa komið, um þörf á því að koma á fót þingmannasamkundu RÖSE.

Umræður voru alllangar og yfirgripsmiklar, en mjög gagnlegar, og í lok fundarins var einróma samþykkt ályktun sem hér fylgir í íslenskri þýðingu.

Forseti Evrópuráðsins, Anders Björck, sendi íslensku nefndinni ályktunina, eins og hún var endanlega samþykkt, með sérstakri ósk um að hún yrði rækilega kynnt alþingismönnum.

Ályktun þingmannafundar RÖSE-ríkja um öryggi og samvinnu í Evrópu.

Ályktun.

1. Sendinefndir þingmanna frá ríkjunum, sem undirrituðu Helsinki-sáttmálann, þátt-

takendur í fyrstu almennu þingmannaumræðunni um RÖSE-ferlið (ráðstefnuna um öryggismál og samvinnu í Evrópu), ítreka stuðning sinn við frið, öryggi og réttlæti, svo og þróun vinsamlegra samskipta og samvinnu, og láta í ljós þakklæti sitt fyrir eftirfarandi:

a. Framsýni þjóðhöfðingja og ríkisstjórna í Evrópu og Norður-Ameríku sem undirrituðu sáttmála Helsinki-ráðstefnunnar 1. ágúst 1975 og sýndu skilning á nauðsynlegum tengslum milli öryggis annars vegar og samvinnu á sviði efnahags-, mannúðar- og umhverfismála hins vegar.
b. Árangur Helsinki-ráðstefnunnar í að styrkja og þróa framkvæmd öryggis- og samvinnusáttmála Evrópu.
c. Hugrekki þjóða Mið- og Austur-Evrópu sem hafa á áhrifamikinn en yfirleitt friðsaman hátt gert meginreglur og hugsjónir sáttmála Helsinki-ráðstefnunnar að raunveruleika, svo og síðari samþykktir hinna þrjátíu og fimm þátttökuríkja RÖSE.

2. Sendinefndir þátttökuríkjanna ítreka sérstaka ábyrgð aðildarríkja RÖSE, þar sem íbúarnir njóta þegar frelsis og velmegunar sem ekki á sinn líka í mannkynssögunni, á að aðstoða við að styrkja nýtilkomnar lýðræðislegar stofnanir og markaðsbúskap. Einnig leggja þær áherslu á þörfina fyrir samstöðu um víða veröld sem kemur greinilega fram í sáttmálanum og felur eftirfarandi í sér:

— þátt um öryggi og samvinnu við Miðjarðarhaf og
— skírskotun til ábyrgðar gagnvart þróunarlöndum heims.

3. Sendinefndir þátttökuríkjanna fagna lokum árangurslausra og skaðlegra árekstra tveggja hugmyndakerfa, ekki síst vegna þess að nýir möguleikar skapast þá til að bregðast við ofbeldisaðgerðum með skjótum og ákveðnum hætti með því að þróa sameiginlegt evrópskt öryggiskerfi og, þegar unnt er, að veita fjármagn til að verjast mengun og umhverfisvanda.
4. Þær eru sammála um að væntanlegur leiðtogafundur aðildarríkja RÖSE í París 19.–21. nóvember 1990 geti markað söguleg spor, sem eigi engan sinn líka allt frá því að Vínarráðstefnan var haldin árið 1815, enda er fundurinn boðaður til að staðfesta samninga um sameiningu Þýskalands og verulega minnkun hefðbundins herafla í Evrópu, svo og að taka ákvörðun um stofnun til að annast framkvæmd sáttmálans um öryggi og samvinnu í Evrópu.
5. Í þessu sambandi skora sendinefndir þátttökuríkjanna á utanríkisráðherrana þrjátíu og fimm, sem funda í New York 1. og 2. nóvember 1990, og undirbúningsnefnd leiðtogafundarins, sem kemur saman í Vín, að tryggja að leiðtogafundurinn í París geri eftirfarandi:

a. Taki fullkomið tillit til möguleika núverandi Evrópu- og Atlantshafsstofnana, svo og viðeigandi svæðabandalaga Sameinuðu þjóðanna.
b. Myndi nýjar stofnanir aðeins þar sem nauðsynlegt er, t.d. á sviði lausnar deilumála.
c. Gangi út frá samfelldri þátttöku þingmanna í RÖSE-ferlinu með stofnun þings Evrópu á grundvelli þings Evrópuráðsins. Þing Evrópu mundi vera tengiliður ríkisstjórna RÖSE-ríkja og hvers konar milliríkjastofnana sem settar kynnu að verða á fót á þeirra vegum.

Nd. 136. Frumvarp til laga [132. mál]

um breytingu á lögum nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Á eftir 44. gr. laganna komi nýr kafli, VI. kafli, með tólf nýjum greinum. Fyrirsögn kaflans verði **Auglýsingar**. Töluröð annarra kafla og greina breytist samkvæmt því.

a. (45. gr.)

Ákvæði laga þessara og reglugerð á grundvelli þeirra taka til hvers kyns auglýsinga hér á landi og ná m.a., eftir því sem við á, til auglýsinga í sjónvarpi, hljóðvarpi, kvikmyndahúsum, kapalkerfum, tölvum og á myndböndum, í blöðum, tímaritum, bókum og bréfum, á flugritum, miðum, umbúðum, spjöldum, skiltum og í útstillingum.

b. (46. gr.)

Auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi skulu vera á lýtalausri íslensku. Erlendur söngtexti má þó vera hluti auglýsingar.

Aðrar auglýsingar skulu og vera á lýtalausri íslensku. Þegar sérstaklega stendur á má auglýsingatexti þó vera á erlendu máli, t.d. þegar auglýsingum er aðallega beint til útlendinga. Nánar má kveða á um þetta í reglugerð.

c. (47. gr.)

Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum, enda séu upplýsingar þessar til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum.

Auglýsingar mega ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.

d. (48. gr.)

Auglýsingar skulu þannig úr garði gerðar að ekki leiki vafi á að um auglýsingar sé að ræða. Skulu þær skýrt aðgreindar frá öðru efni fjölmiðla.

Auglýsingar í sjónvarpi og hljóðvarpi skulu fluttar í sérstökum auglýsingatímum.

e. (49. gr.)

Auglýsingar skulu miðast við að börn sjái þær og heyri og sérstakrar varúðar skal gætt þegar auglýsingar höfða til barna.

Komi börn fram í auglýsingum skal þess gætt að sýna hvorki né lýsa hættulegu atferli eða atvikum er leitt geti til þess að þau eða önnur börn komist í hættu eða geri það sem óheimilt er.

f. (50. gr.)

Óheimilt er að setja auglýsingar á húsveggi eða önnur mannvirki án leyfis eigenda eða annarra réttra aðila.

g. (51. gr.)
Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara varðandi auglýsingar í reglugerð er byggist m.a. á siðareglum Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingastarfsemi.

h. (52. gr.)
Ábyrgðin á því að ákvæðin í lögum þessum og reglugerð á grundvelli þeirra séu haldin hvílir á auglýsanda, semjanda auglýsingar eða auglýsingastofu og útgefanda, eiganda fjölmiðils eða öðrum birtingaraðila.

i. (53. gr.)
Ráðherra skal skipa til fjögurra ára í senn fimm menn og jafnmarga varamenn í auglýsinganefnd. Formann nefndarinnar, er vera skal lögfræðingur, skipar ráðherra án tilnefningar, svo og einn mann með sérþekkingu á sviði fjölmiðlunar, en að öðru leyti skulu nefndarmenn skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra auglýsingastofa, Verslunarráðs Íslands og Neytendasamtakanna. Sami háttur skal hafður á um skipun varamanna. Auglýsinganefnd skal tryggja að ákvæðum laga þessara sé framfylgt og hefur nefndin eftir atvikum nauðsynlegt frumkvæði í því skyni.
Nánari ákvæði um hlutverk auglýsinganefndar, starfshætti hennar, kærurétt, upplýsingaskyldu aðila og úrræði til að knýja á um lausn mála skulu sett í reglugerð.

j. (54. gr.)
Brot á ákvæðum laga þessara má kæra til auglýsinganefndar, en einnig getur nefndin tekið mál upp af sjálfsdáðum.
Verðlagsstofnun tekur við kærum til auglýsinganefndar og annast daglegan rekstur vegna starfs nefndarinnar.

k. (55. gr.)
Telji formaður auglýsinganefndar eða starfandi formaður hennar að auglýsing sé ekki í samræmi við ákvæði laga þessara getur hann bannað hana til bráðabirgða. Skal bannið gilda þar til auglýsinganefnd kann að hnekkja því en fellur þó niður eftir viku hafi nefndin ekki tekið afstöðu. Bannið skal vera skriflegt og rökstutt. Skal það tilkynnt auglýsanda, svo og auglýsingastofu og fjölmiðli allt eftir því sem við á. Birting auglýsingar í andstöðu við bann varðar ábyrgð.
Á sama hátt getur auglýsinganefnd lagt bann við auglýsingu er hún telur andstæða lögum þessum. Banni nefndarinnar má fylgja ákvörðun um févíti sem komi til framkvæmda ef bannið er brotið. Hámark févítis skal vera ein milljón króna og má breyta því í samræmi við breytingar á lánskjaravísitölu. Févíti má innheimta með lögtaki. Verk, sem felur í sér brot á banni að viðlögðu févíti, varðar ekki refsingu eftir lögum þessum.
Ákvörðun um bann má fella niður ef ástæða þykir til, t.d. vegna nýrra upplýsinga sem þykja skipta máli.
Eftir atvikum má krefjast þess að auglýsandi sendi út leiðréttingar eða viðbótarskýringar.
Nefndin getur lokið máli með sátt ef ástæða þykir til.

l. (56. gr.)
Auglýsinganefnd getur krafist allra nauðsynlegra upplýsinga af aðilum, tengdum aug-

lýsingum sem eru til meðferðar hjá nefndinni, svo og kvatt menn á sinn fund til munnlegrar skýrslugjafar.

2. gr.

27. gr. laganna hljóði svo:

Óheimilt er í atvinnustarfsemi, sem lög þessi taka til, sbr. 2. gr. og VI. kafla, að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum.

Nú eru upplýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir óhæfilegar gagnvart öðrum keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála og eiga þá ákvæði 1. mgr. við.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga einnig við um félög og samtök sem vinna að hagsmunum atvinnurekenda og neytenda.

3. gr.

Inn í 1. mgr. 52. gr. laganna skal skotið nýjum málslið er verði 2. málsl., svohljóðandi: Auk einstaklinga má dæma fyrirtæki og aðra lögaðila í fjársektir hafi brot verið framið á þeirra vegum.

Við 1. mgr. 52. gr. bætist nýr málsliður er verði 5. málsl., svohljóðandi: Fyrir brot á ákvæðum um auglýsingar skal því aðeins refsa að brot sé framið af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

4. gr.

Í stað orðanna „ 4. mgr. 45. gr.“ í 5. mgr. 53. gr. laganna standi: 4. mgr. 57. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1991.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alþingi samþykkti 18. mars 1987 svohljóðandi þingsályktun um auglýsingalöggjöf:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að undirbúa heildarlöggjöf um auglýsingar.“

Þingsályktun þessi byggðist á tillögu Steingríms J. Sigfússonar til þingsályktunar um auglýsingalöggjöf á 109. löggjafarþingi 1986 (Sþ., 84. mál) en tillögunni var breytt í meðförum þingsins.

Í viðskiptaráðuneytinu var hafist handa við að safna m.a. lögum og reglum annars staðar á Norðurlönduum og Bretlandi, svo og reglum og drögum að reglum á vettvangi Evrópuráðsins og Efnahagsbandalags Evrópu. Að svo búnu skipaði Jón Sigurðsson viðskiptaráðherra 15. mars 1988 nefnd til að undirbúa heildarlöggjöf um auglýsingar á grundvelli ályktunarinnar. Nefndina skipuðu Jón Ögmundur Þormóðsson, lögfræðingur í viðskiptaráðuneytinu, sem jafnframt var formaður nefndarinnar; Jón Magnússon hdl.,

Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri, Sólveig Ólafsdóttir lögfræðingur, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra auglýsingastofa, og Þórhildur Gunnarsdóttir, verslunar- og markaðsstjóri.

Nefndin kynnti sér lög og reglur um auglýsingar hér á landi, svo og lög og reglur erlendis, m.a. annars staðar á Norðurlöndum og breska auglýsingasamþykkt. Af alþjóðlegum samþykktum má nefna í fyrsta lagi siðareglur Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingastarfsemi, í öðru lagi af vettvangi Evrópubandalagsins, a) tilskipun ráðs Evrópubandalagsins frá 10. september 1984 um villandi auglýsingar og b) tilskipun ráðs Evrópubandalagsins frá 3. október 1989 um sjónvarpsstarfsemi og í þriðja lagi af vettvangi Evrópuráðsins, a) ályktun Evrópuráðsins frá 23. febrúar 1984 varðandi meginreglur um sjónvarpsauglýsingar, b) ályktun Evrópuráðsins frá 7. desember 1984 um notkun gervihnatta til sjónvarps- og hljóðvarpssendinga og c) Evrópusamning frá 5. maí 1989 um sjónvarpssendingar yfir landamæri. Helstu heimildir eru birtar í viðaukum hér á eftir. Auk þess kynnti nefndin sér ýmis önnur gögn, t.d. ritið „Marknadsrättslig kontroll av reklam — TV" eftir Ulf Bernitz sem tekið hafði verið saman í tengslum við starf norrænu neytendamálanefndarinnar. Einnig ræddu nefndarmenn við ýmsa aðila, t.d. auglýsingastjóra Stöðvar 2, Bylgjunnar og Morgunblaðsins.

Staða auglýsingamála í Vestur-Evrópu er í stuttu máli sú að samræming laga er skammt á veg komin. Tilskipun ráðs Evrópubandalagsins frá 1984 tekur einungis til villandi auglýsinga og svipar því til ákvæða verðlagslaganna hér á landi og reyndar ákvæða í skyldum lögum annarra Norðurlanda. Þau lög geyma nokkru ítarlegri ákvæði um úrræði á þessu sviði en finna má í íslensku lögunum. Þá tekur tilskipun ráðs Evrópubandalagsins frá 1989 aðeins til sjónvarpsauglýsinga. Mikilvægasta samræming reglna á þessu sviði hefur til þessa falist í siðareglum Alþjóðaverslunarráðsins sem aðallega hefur verið byggt á víðast hvar á Vesturlöndum, m.a. á Norðurlöndunum. Þær reglur taka til allra auglýsinga en geyma ekki sérreglur um sjónvarpsauglýsingar. Ályktun Evrópuráðsins um notkun gervihnatta til sjónvarps- og hljóðvarpssendinga og ályktun þess varðandi meginreglur um sjónvarpsauglýsingar eru stuttorðar og geyma einungis meginreglur sem almenn samstaða er um. Evrópusamningurinn um sjónvarpssendingar yfir landamæri, sem Evrópuráðið beitti sér fyrir að gerður yrði, er talinn hafa meira vægi en ályktanir ráðsins, en þó ekki síður tilskipun ráðs Evrópubandalagsins um sjónvarpsstarfsemi sem keppir að ýmsu leyti um áhrif við hann og geymir mörg efnislega samhljóða ákvæði.

Ýmsar lágmarkskröfur eru settar í samningnum og tilskipuninni og er þar leitast við að taka tillit til hagsmuna mismunandi landa. Þannig er á báðum stöðum lagt bann við tóbaksauglýsingum en reistar skorður við áfengisauglýsingum. Breska auglýsingasamþykktin, sem er best þekkt af reglum einstakra landa í Vestur-Evrópu, byggist á lagaheimild og telst opinber. Í bresku reglunum er vikið sérstaklega að sjónvarpsauglýsingum. Varðandi Norðurlöndin má bæta því við að dönsk auglýsing frá 1987 og finnsk tilskipun fjalla eingöngu um sjónvarpsauglýsingar og geyma ýmsar reglur þar að lútandi. Finnska tilskipunin er talin geyma eins konar siðareglur.

Af ofangreindu má sjá að í Vestur-Evrópu er aðallega um að ræða lagaákvæði um villandi auglýsingar, setningu lagaákvæða um sjónvarpsauglýsingar á grundvelli alþjóðasamstarfs innan vébanda Evrópubandalagsins og Evrópuráðsins og sjálfviljuga beitingu siðareglna Alþjóðaverslunarráðsins sem kunna svo að hafa áhrif á lög og reglur einstakra landa að meira eða minna leyti.

Nefndin kannaði mismunandi leiðir varðandi undirbúning heildarlöggjafar um aug-

lýsingar á Íslandi. Taldi hún ekki rétt að ganga svo langt að steypa dreifðum ákvæðum laga og reglna um auglýsingar saman í eina heildarlöggjöf, fyrst og fremst vegna þess hve ólík ákvæðin eru og um margt sérfræðileg, t.d. ákvæði lyfjalaga. Þótti réttara að viðkomandi aðilar bæru áfram ábyrgð á þeim sérsviðum sem þeim stæðu næst. Heppilegra þótti að setja í eitt frumvarp ákvæði er byggðu á hinni almennu grein verðlagslaganna um villandi auglýsingar en frumvarpið gengur þó lengra, tekur á ýmsum grundvallaratriðum öðrum, auk þess sem byggt er upp lipurt kerfi til að taka á úrlausnaratriðum. Þá var talið rétt að skapa grundvöll fyrir setningu mjög ítarlegra reglna um auglýsingar er byggðust m.a. á siðareglum Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingastarfsemi. Þeim reglum má svo auðveldlega breyta eftir þörfum í tímans rás.

Hugað var að því í nefndinni hvort setja ætti sérstök lög um auglýsingar en horfið var að því að hafa frumvarpið í því formi að nýjum kafla væri skotið inn í verðlagslögin.

Ekki er útilokað að ákvæðum auglýsingakafla verðlagslaga og auglýsingareglugerðar á grundvelli laganna megi að einhverju leyti beita um auglýsingar á sérsviðum þar sem þau kunna að vera almennara eðlis og til fyllingar þeim lögum. Aðalatriðið er þó að ekki er ætlunin að láta ákvæði verðlagslaganna og reglugerðarinnar skarast við ákvæði sérlaga. Það gæti haft óheppileg áhrif, t.d. ef mismunandi aðilar kærðu ákveðna auglýsingu fyrir ólíkum úrlausnaraðilum, svo sem fyrir Jafnréttisráði á grundvelli laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla annars vegar og fyrir auglýsinganefnd samkvæmt verðlagslögunum hins vegar. Auglýsinganefndin mundi væntanlega vísa þeim málum frá sér sem hún teldi heyra undir Jafnréttisráð.

Nefndin, sem samdi frumvarpið, taldi æskilegt að hafa fá ákvæði í lögum, en mæla hins vegar fyrir um setningu reglugerðar sem tæki á hinum fjölbreytilegustu hliðum auglýsingamála og auðvelt væri að laga að þörfum tímans hverju sinni.

Markmiðið með nýjum ákvæðum í lögum og reglugerð er að stuðla enn frekar en nú er gert að heilbrigðri samkeppni á auglýsingamarkaðinum og vernda betur hagsmuni neytenda, fyrst og fremst barna. Auglýsingaákvæði annarra íslenskra laga eða reglna á grundvelli þeirra, sem jafnframt þarf að virða, byggjast ekki endilega á sömu sjónarmiðum. Sem dæmi um sérlög má nefna lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, áfengislög, lög um tóbaksvarnir, læknalög, lyfjalög, útvarpslög, almenn hegningarlög, lög um þjóðfána Íslendinga og lög um þjóðsöng Íslendinga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér á eftir verður fyrst fjallað um þær greinar er verða munu, ef Alþingi samþykkir, 45.–56. gr. verðlagslaganna.

a. (45. gr.)

Hér er greint frá því til hvaða tegunda auglýsinga lögunum og reglugerðinni á grundvelli þeirra er ætlað að ná en upptalningin er ekki tæmandi. Byggt er á ýmsum heimildum, m.a. læknalögum og bresku auglýsingasamþykktinni.

Ákvæðin ná til auglýsinga hér á landi og því ekki til auglýsinga í erlendum sjónvarps- eða hljóðvarpssendingum né auglýsinga í erlendum blöðum, tímaritum og öðrum prentgögnum sem berast til Íslands nema þeim sé beint sérstaklega að Íslandi og unnt sé að koma fram ábyrgð á hendur þeim sem stendur að baki útsendingunum, beint eða óbeint, t.d. íslenskum umboðsmanni fyrir erlenda vöru eða þjónustu. Í þessu sambandi má

vísa til 2. mgr. 2. gr. reglugerðar um auglýsingar í útvarpi, sbr. 3. mgr. 6. gr. útvarpslaga, og laga um tóbaksvarnir, svo og að því er ábyrgð varðar til dóms er gengið hefur í Finnlandi, en greint er frá honum í framangreindu riti eftir Ulf Bernitz.

Auglýsingar eru ekki skilgreindar í frumvarpinu. Taka má fram að í 2. gr. Evrópusamningsins um sjónvarpssendingar yfir landamæri (Evrópuráðssamningsins) eru auglýsingar skilgreindar sem svo að þar sé átt við almennar tilkynningar sem ætlað er að örva sölu, kaup eða leigu vöru eða þjónustu, vinna að framgangi málstaðar eða hugmyndar eða hafa önnur áhrif sem auglýsandi sækist eftir, enda komi fyrir greiðsla eða annað endurgjald. Í inngangi siðareglna Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingar er sagt að auglýsing sé notuð í víðustu merkingu sinni og nái yfir auglýsingar sem snerta varning, þjónustu og aðstöðu.

b. (46. gr.)

Ákvæði 1. mgr. 46. gr., um það að auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi skuli vera á lýtalausri íslensku en erlendur söngtexti megi þó vera hluti auglýsingar, eru efnislega samhljóða ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar um auglýsingar í útvarpi. Í 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar er fjallað um það þegar dreift er viðstöðulaust um gervihnött og móttökustöð fréttum eða dagskrárefni er sýnir atburði sem gerast í sömu andrá. Skulu auglýsingar, sem eru hluti af slíku dagskrárefni, undanþegnar íslenskuskilyrðum í reglugerðinni. Eðli málsins samkvæmt hlýtur að verða að túlka 1. mgr. 46. gr. með sama fyrirvara, sbr. þó það sem segir í athugasemd við 45. gr. um auglýsingar sem beint er sérstaklega að Íslandi.

Í 2. mgr. 46. gr. er það einnig sett fram sem aðalregla að aðrar auglýsingar en auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi skuli vera á lýtalausri íslensku. Með undantekningarheimildinni, þess efnis að auglýsingatexti megi vera á erlendu máli þegar sérstaklega stendur á, t.d. þegar auglýsingum er aðallega beint til útlendinga, eru m.a. hafðar í huga auglýsingar í alþjóðlegum flugstöðvum, á alþjóðlegum vörusýningum og í minjagripaverslunum. Ætla má að auglýsingar í dagblöðum verði í algerum undantekningartilvikum á erlendu máli eingöngu. Oft gæti farið saman í ofangreindum auglýsingum íslenskur og erlendur texti, t.d. á veggauglýsingu í flugstöð.

c. (47. gr.)

Þessi grein er efnislega samhljóða 27. gr. verðlagslaganna varðandi villandi auglýsingar. Orðið keppinautur er þó nokkru víðtækara en atvinnurekandi. Auglýsingar skulu og vera í samræmi við ákvæði reglugerðar sem kunna að vera ítarlegri.

d. (48. gr.)

Ákvæði 1. mgr. 48. gr. þess efnis að auglýsingar skuli þannig úr garði gerðar að ekki leiki vafi á að um auglýsingar sé að ræða og þær skuli skýrt aðgreindar frá öðru efni fjölmiðla eru efnislega samhljóða 1. mgr. 1. gr. reglugerðar um auglýsingar í útvarpi en víðtækari að því leyti að þær ná ekki einungis til auglýsinga í hljóðvarpi og sjónvarpi, sbr. 11. gr. siðareglna Alþjóðaverslunarráðsins. Í 4. gr. útvarpslaganna segir aðeins að auglýsingar skuli vera skýrt afmarkaðar frá öðrum dagskrárliðum.

Meðal þeirra tilvika, sem snert geta 1. mgr. 48. gr., má nefna að orðið fréttir eða því um líkt væri notað til að auðkenna auglýsingar, t.d. í fyrirsögn þeirra.

Í 2. mgr. 48. gr. er það áskilið að auglýsingar í sjónvarpi og hljóðvarpi skuli fluttar

í sérstökum auglýsingatímum. Þetta ákvæði er í samræmi við 1. mgr. 1. gr. reglugerðar um auglýsingar í útvarpi en þar er reyndar talað um sérstaka almenna auglýsingatíma, sbr. 3. mgr. 18. gr. útvarpslaga. Í 3. gr. reglugerðarinnar segir að auglýsingatímum skuli jafnan hagað þannig að ekki leiði til afbökunar á dagskrárefni eða verulegrar röskunar á samfelldum flutningi. Virðist því ekki útilokað að auglýsingar geti tengst dagskrá að einhverju leyti.

Tekið skal fram að í 11. gr. tilskipunar ráðs Evrópubandalagsins um sjónvarpsstarfsemi er aðalreglan sú að auglýsingar skuli birtar milli dagskrárliða. Að vissum skilyrðum uppfylltum má skjóta auglýsingum inn í dagskrárliði á þann hátt að þær spilli ekki heildaráhrifum og gildi dagskrárliða enda sé tekið tillit til eðlilegra hléa í dagskrárliðum, lengdar og eðlis þeirra og réttinda rétthafa. Í 11. gr. er m.a. mælt fyrir um það að auglýsingar skuli aðeins vera í hléum í íþróttaþáttum, þröngar skorður eru settar við rofi á kvikmyndum, fréttaþáttum og barnatímum en rýmri skorður settar við rofi á t.d. léttum skemmtiþáttum. Með tilliti til aukins samstarfs Evrópuríkja er útlit fyrir að reglur og framkvæmd hér á landi verði með svipuðum hætti er fram líða stundir.

Um kostnaðaraðild er ekki fjallað í frumvarpi þessu. Þykir eðlilegast að henni sé gefinn gaumur í tengslum við útvarpslög þar eð hún tengist fyrst og fremst gerð þátta og annars dagskrárefnis í sjónvarpi eða hljóðvarpi. Í þessu sambandi vísast til skilgreiningar í d-lið 1. gr. tilskipunar ráðs Evrópubandalagsins um sjónvarpsstarfsemi og 17. gr. sömu tilskipunar, svo og skilgreiningar í g-lið 2. gr. Evrópusamningsins um sjónvarpssendingar yfir landamæri og IV. kafla samningsins (17.–18. gr.).

e. (49. gr.)

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar, sem snerta börn, eiga sér fyrirmynd í 8. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar um auglýsingar í útvarpi en ná hér til auglýsinga almennt eftir því sem við getur átt. Útfæra mætti þessa grein í reglugerð, eftir því sem þurfa þætti, og taka t.d. mið af 13. gr. siðareglna Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingastarfsemi, svo og leiðbeiningum ráðsins við siðareglurnar, þ.e. nokkrum greinum sem snerta börn, m.a. 4. gr. og jafnvel 3. tölul. 3. gr. siðareglnanna um að auglýsingar skuli ekki innihalda neitt sem getur hvatt til ofbeldisverka eða stutt slíkt athæfi.

Að því er varðar 2. mgr. 49. gr. skal hér nefnt sem dæmi að auglýsing sýni barn við stýri ökutækis eða að leik aftan við það. Svipað ákvæði er að finna í 7. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar um auglýsingar í útvarpi og 12. gr. siðareglna Alþjóðaverslunarráðsins auk 4. gr. leiðbeininga ráðsins við siðareglurnar, svo og í 1. viðauka við bresku samþykktina og í d-lið 16. gr. tilskipunar ráðs Evrópubandalagsins um sjónvarpsstarfsemi.

f. (50. gr.)

Rétt þótti að hafa í frumvarpi þessu ákvæði um uppsetningu auglýsinga á mannvirkjum. Kann þetta ákvæði að leiða til þess að menn fái fremur leyfi eigenda eða annarra réttra aðila til að setja auglýsingaspjöld upp innan á búðarglugga eða á annan þann hátt sem veldur eigi umhverfisspjöllum.

Æskilegt er að ábyrgðaraðila sé getið á auglýsingum þessum.

g. (51. gr.)

Hér er mælt fyrir um það að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna. Siðareglur Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingastarfsemi er að finna í 2. við-

auka við frumvarp þetta en auk þess kann að vera unnt að leita fanga í öðrum erlendum heimildum. Hafa sumar þeirra verið nefndar í almennum inngangi athugasemdakaflans hér að framan og eru þar að auki birtar í heild í viðaukum við frumvarpið.

h. (52. gr.)

Í grein þessari eru tekin af tvímæli um það á hverjum sú ábyrgð hvíli að ákvæði laga og reglugerðar á grundvelli þeirra séu haldin. Nánari útfærsla á ábyrgð mismunandi aðila yrði í reglugerð og þar grundvölluð á 14. gr. siðarreglna Alþjóðaverslunarráðsins.

i. (53. gr.)

Hér er mælt fyrir um það að viðskiptaráðherra skipi auglýsinganefnd sem gert er ráð fyrir að gegni lykilhlutverki í að framfylgja ákvæðum verðlagslaga og reglugerðar á grundvelli þeirra að því er varðar auglýsingar. Bent skal á að sérstök siðanefnd hefur starfað hér á landi að því að framfylgja siðareglum Alþjóðaverslunarráðsins og er hún skipuð þremur fulltrúum Sambands íslenskra auglýsingastofa, einum fulltrúa frá Verslunarráði Íslands og einum fulltrúa frá Neytendasamtökunum. Auglýsinganefnd á grundvelli verðlagslaganna mun þó geta nýtt sér ýmis úrræði er hin nefndin getur ekki beitt, t.d. bannað auglýsingar, og kann það að skipta máli í ýmsum tilvikum.

Rétt þótti með hliðsjón af efni laganna og væntanlegrar reglugerðar að gera þá kröfu að formaður nefndarinnar væri lögfræðingur, svo og að aðrir nefndarmenn væru sérfróðir um öll svið auglýsinga auk fulltrúa frá Neytendasamtökunum og þá tilnefndir af viðeigandi aðilum þar sem unnt væri. Má færa rök að því að þetta skapi meira traust á nefndinni en ella væri af hálfu þeirra er hafa afskipti af auglýsingum í starfi sínu. Þetta þykir og hafa gefist vel erlendis.

j. (54. gr.)

Ákvæði 1. mgr. eru eigi tæmandi varðandi það hvert aðilar geti snúið sér vegna ætlaðra brota á ákvæðum verðlagslaga eða reglugerðar á grundvelli þeirra. Í athugasemd við i-lið (53. gr.) var getið nefndar þeirrar sem starfar á frjálsum grundvelli að því að framfylgja siðareglum Alþjóðaverslunarráðsins hér á landi. Þá geta menn snúið sér til dómstóla eða kært beint til refsingar til réttra aðila.

Verðlagsstofnun, sem af opinberri hálfu hefur fengist við kærur varðandi ætluð brot á auglýsingaákvæðum verðlagslaganna, mun samkvæmt ákvæðum frumvarpsins gegna þjónustuhlutverki við auglýsinganefnd og þarfnast 2. mgr. eigi nánari skýringar.

k. (55. gr.)

Í þessari grein er getið úrræða þeirra er auglýsinganefnd getur beitt. Hér er fyrst og fremst um að ræða heimild til að banna auglýsingar, en sams konar heimild hefur verðlagsráð nú. Má geta þess til skýringar að ráðið bannaði nýlega að nota í auglýsingu orðið leðurlúx vegna þess að um leðurlíki var að ræða. Þetta þótti villandi. Í verðlagslögunum er einnig févítisheimild nú þannig að hér er ekki um nýmæli að ræða. Rétt þótti hins vegar að formaður auglýsinganefndar, sem vera skal lögfræðingur, og jafnframt starfandi formaður hafi heimild til að banna auglýsingu til bráðabirgða til að auglýsingaákvæðin verði sem virkust. Sé vafi á ferðinni mundi formaður eða starfandi formaður kalla auglýsinganefndina saman í stað þess að grípa til bráðabirgðabanns. Brot á bráða-

birgðabanni eða banni, sem févíti er eigi lagt við, getur haft áhrif á refsingu sem beita má.

Í 4. mgr. segir að þess megi eftir atvikum krefjast að auglýsandi sendi út leiðréttingar eða viðbótarskýringar. Þetta þarfnast ekki nánari skýringar.

Að því er varðar sátt má vísa til 43. gr. verðlagslaga til hliðsjónar.

Tekið skal fram að ekkert mundi banna auglýsinganefnd eða formanni hennar að birta skriflegt og rökstutt bann opinberlega.

l. (56. gr.)

Ákvæðið um upplýsingaskyldu er svipað öðru ákvæði í verðlagslögunum. Er það nauðsynlegt til að mál verði byggð á sem traustustum grunni að mati auglýsinganefndar.

Um 2. gr.

Hér eru gerðar nauðsynlegar breytingar á 27. gr. verðlagslaga eftir að þau ákvæði greinarinnar, er varða auglýsingar, hafa verið numin brott.

Um 3. gr.

Rétt þykir að hafa í lögunum heimild til að dæma fyrirtæki og aðra lögaðila í fjársektir en slíkt ákvæði á sér fyrirmyndir í refsirétti.

Ekki þykir ástæða til þess að hafa í lögunum heimild til að dæma í refsingu vegna einfalds gáleysis heldur þarf til að koma ásetningur eða stórfellt gáleysi. Önnur úrræði þykja duga gegn einföldum gáleysisbrotum, t.d. bann ef þurfa þykir.

Um 4. gr.

Þessi grein þarfnast eigi skýringar.

Um 5. gr.

Með gildistökuákvæðinu þykir rétt að veita svigrúm til að undirbúa framkvæmd laganna, m.a. með setningu reglugerðar.

Viðauki 1.

Ýmis lög og reglur er varða auglýsingar.
(Miðað við aldursröð laganna.)

Lög nr. 32/1933, um tilbúning og verslun með smjörlíki o.fl.

4. gr.

Þegar vörur þær, sem um getur í 1. gr. laga þessara, eru boðnar til sölu, sýndar eða auglýstar, fluttar inn í landið eða út úr því skulu þær nefndar, eftir því sem við á, smjörlíki, ostlíki, rjómalíki eða mjólkurlíki, svo og skal geta nafns framleiðanda. Bannað er að orðin smjör, mjólk og rjómi eða nokkur orð eða myndir, sem minnt geti á landbúnaðarafurðir, séu notuð í sambandi við vörur þær, sem lög þessi fjalla um, á nokkurn annan

hátt en í vöruheitunum sjálfum, svo sem þau eru skilgreind í 1. gr.

Úr 1. mgr. 10. gr.

Landbúnaðarráðuneytið sér um að ákvæðum laga þessara sé fylgt ...

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum á lögunum skal fara að hætti opinberra mála.

Lög nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga.

4. mgr. 12. gr.

Óheimilt er að nota fánann í firmamerki, vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða auglýsingu á vörum.

14. gr.

Brot gegn 4. og 5. gr. og 1. mgr. 12. gr. varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara og gegn forsetaúrskurðum eða reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum.

Mál út af brotum þessum fara að hætti opinberra mála.

Lög nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

43. gr.

Barnaverndarnefnd er skylt að hafa í umdæmi sínu eftirlit með leiksýningum og öðrum opinberum sýningum, svo og hvers konar öðrum skemmtunum. Er þeim sem veita slíkum skemmtunum forstöðu skylt að veita barnaverndarnefnd kost á því að kynna sér efni þeirra á undan almenningi. Ef barnaverndarnefnd telur skemmtun skaðlega eða óholla sálarlífi barna getur hún bannað að börn innan ákveðins aldurs fái aðgang að henni, sbr. þó um kvikmyndasýningar 5. mgr. 58. gr. Skulu þá forstöðumenn skemmtunar geta þess á sinn kostnað í auglýsingum um hana. Þegar börnum og ungmennum er bannaður aðgangur að þeim skemmtunum sem að ofan greinir, þar með taldar kvikmyndasýningar, sbr. 58. gr. þessara laga, skal miða aldur þeirra við fæðingarár en ekki fæðingardag.

Ef forstöðumaður brýtur gegn reglum sem honum eru settar samkvæmt ákvæðum greinar þessarar varðar það sektum eða varðhaldi allt að fjórum mánuðum nema þyngri refsing liggi við að lögum.

59. gr.

Um rannsókn og meðferð brota, sem refsing er lögð við í lögum þessum, fer að hætti opinberra mála.

Lög nr. 82/1969, áfengislög.

4.–5. mgr. 16. gr.

Áfengisauglýsingar eru bannaðar.

Nánari ákvæði skal setja í reglugerð.

1. mgr. 33. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum.

49. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum að hætti opinberra mála.

Reglugerð nr. 62/1989 um bann við áfengisauglýsingum.

1. gr.

Hvers konar auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum eru bannaðar.

Enn fremur er bannað að sýna neyslu eða hvers konar aðra meðferð áfengis í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vöru eða þjónustu.

2. gr.

Með auglýsingu er í reglugerð þessari átt við hvers konar tilkynningar til almennings þar sem sýndar eru í máli eða myndum áfengistegundir eða atriði tengd áfengisneyslu, áfengisvöruheiti eða auðkenni, eftirlíkingar á áfengisvarningi, spjöld eða annar svipaður búnaður, útstillingar, dreifing prentaðs máls og vörusýnishorna og þess háttar.

Ákvæðið tekur með sama hætti til auglýsinga sem eingöngu fela í sér firmanafn og/eða firmamerki áfengisframleiðanda. Þó er framleiðanda, sem auk áfengis framleiðir aðrar drykkjarvörur, heimilt að nota firmanafn eða merki í tengslum við auglýsingu þeirra drykkja, enda megi augljóst vera að um óáfenga drykki sé að ræða í skilningi áfengislaga og ekki vísað til hinnar áfengu framleiðslu.

3. gr.

Undanþegið banni við áfengisauglýsingum er:

1. Auglýsingar á erlendum tungumálum í erlendum prentritum, sem flutt eru til landsins, nema megintilgangur ritsins eða innflutningsins sé að auglýsa áfengi.
2. Auðkenni með firmanafni og/eða firmamerki á venjulegum búnaði til áfengisveitinga á veitingastað þar sem áfengisveitingar eru heimilar.
3. Auðkenni með firmanafni og/eða firmamerki á flutningatækjum áfengisframleiðanda, vöruumbúðum, bréfsefni eða öðru sem beinlínis tengist starfsemi hans.

4. gr.

Með brot á ákvæðum reglugerðar þessarar skal farið að hætti opinberra mála. Um refsingar fer samkvæmt áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 5. mgr. 16. gr. áfengislaga, nr. 82 2. júlí 1969, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi 16. gr. reglugerðar um sölu og veitingar áfengis, nr. 335 18. maí 1983.

Lög nr. 47/1971, um náttúruvernd.

19. gr.

Óheimilt er að setja upp auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis. Þó er heimilt að setja upp látlausar auglýsingar um atvinnurekstur eða þjónustu eða vörur á eign þar sem slík starfsemi eða framleiðsla fer fram.

Hvers konar áletranir á náttúrumyndanir eru óheimilar. Spjöld með leiðbeiningum fyrir vegfarendur, svo sem um leiðir, nöfn bæja, áningarstaði, þjóðgarða og friðunarsvæði, falla ekki undir ákvæði þessi.

Náttúruverndarráð setur reglur um auglýsingar og leiðbeiningar samkvæmt þessari grein og úrskurðar vafaatriði.

37. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, er settar eru samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi.

Sektir renna í ríkissjóð.

Beita má dagsektum er renna í ríkissjóð, allt að 2.000 krónum, til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum, sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögunum, eða til þess að láta af atferli sem er ólögmætt.

Menntamálaráðuneytið skal setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

Reglugerð nr. 205/1973, um náttúruvernd.

15. gr.

Óheimilt er að setja upp auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis. Heimilar eru þó látlausar auglýsingar um atvinnurekstur eða þjónustu eða vörur á eign þar sem slík starfsemi eða framleiðsla fer fram.

Spjöld með leiðbeiningum um leiðir, nöfn bæja, áningarstaði, þjóðgarða og friðunarsvæði falla ekki undir ákvæði þessi.

16. gr.

Eign telst samkvæmt reglugerð þessari hús, hlað eða hliðstæð athafnasvæði, svo og girðingar umhverfis þau.

Þéttbýli telst í reglugerð þessari samfelld byggð sem reist hefur verið samkvæmt samþykktu eða staðfestu skipulagi.

17. gr.

Vilji eigendur þjónustustaða koma upp leiðbeiningum fyrir ferðafólk er þeim heimilt að setja upp stöðluð merki, sem ákveðin verði í umferðarmerkjareglugerð, á þeim stöðum sem Vegagerð ríkisins, lögreglustjóri og Náttúruverndarráð samþykkja og reglur um slík merki leyfa.

18. gr.

Náttúruverndarráð gerir tillögur til dómsmálaráðuneytisins um það hvers konar þjón-

ustu skuli leyfa að auglýsa á þennan hátt og hvaða reglur skuli gilda hverju sinni um hvert merki.

41. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum í ríkissjóð eða varðhaldi.

Ef aðili sinnir ekki, innan tiltekins frests, fyrirmælum sveitarstjórnar, náttúruverndarnefndar eða Náttúruverndarráðs getur lögreglustjóri ákveðið honum dagsektir, allt að 2.000 kr., þar til úr er bætt, er renni í ríkissjóð.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 47/1971, um náttúruvernd, öðlast þegar gildi.

Lög nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.
Úr V. kafla. Óréttmætir viðskiptahættir og neytendavernd.

26. gr.

Í atvinnustarfsemi, sbr. 2. gr., er óheimilt að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti, sem tíðkaðir eru í slíkri starfsemi, eða er óhæfilegt gagnvart neytendum.

27. gr.

Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess, sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi, sem lög þessi taka til, sbr. 2. gr.

Nú eru upplýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir óhæfilegar gagnvart öðrum atvinnurekendum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála og eiga þá ákvæði 1. mgr. við.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga einnig við um félög og samtök sem vinna að hagsmunum atvinnurekenda og neytenda.

29. gr.

Yfirlýsingu um ábyrgð má því aðeins gefa að ábyrgðaryfirlýsingin veiti viðtakanda betri rétt en hann hefur samkvæmt gildandi lögum.

30. gr.

Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.

31. gr.

Óheimilt er við framboð vara, þjónustu eða annars þess sem látið er í té og lög þessi taka til að bjóða neytendum kaupbæti eða eitthvað það sem jafna má til kaupbætis, nema verðmæti það sem í kaupbætinum felst sé óverulegt. Auglýsingar um kaupbæti, sem

óheimill er samkvæmt ákvæðum 1. málsl., eru bannaðar.

Greiðsla, sem að öllu leyti er sömu tegundar og aðalgreiðslan, telst ekki kaupbætir.

32. gr.

Óheimilt er að bjóða neytendum annað en peninga gegn afhendingu merkis eða annars skilríkis sem afhent er við sölu vöru eða þjónustu.

Nú veitir merki eða skilríki aðeins rétt til eftirlits, viðgerðar eða því um líks á hinu selda og eiga þá ákvæði 1. mgr. ekki við.

33. gr.

Óheimilt er í því skyni að örva sölu á vöru, þjónustu eða öðru því sem í té er látið og lög þessi taka til að úthluta vinningum með hlutkesti, í formi verðlaunasamkeppni eða á annan hliðstæðan hátt þar sem tilviljun ræður að öllu leyti eða að hluta hver niðurstaðan verður.

Útgefendum blaða og tímarita er þó heimilt að úthluta vinningum með hlutkesti í sambandi við lausn verðlaunasamkeppni.

36. gr.

Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða.

Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.

37. gr.

Óheimilt er að selja eða hafa á boðstólum vörur sem merktar eru sjálfar eða á miða eða umbúðir eða með tilsvarandi heitum alþjóðamerki hjúkrunar- og mannúðarstarfsemi eða öðrum hliðstæðum auðkennum, svo og að nota slík merki, auðkenni eða nöfn í heimildarleysi á auglýsingaspjöldum, auglýsingum, reikningum, vöruskrám eða öðrum verslunarskjölum.

Við framboð vöru, þjónustu eða annars þess sem í té er látið og lög þessi taka til er óheimilt að nota í heimildarleysi íslenska ríkisskjaldarmerkið og skjaldarmerki íslenskra sveitarfélaga, svo og erlend ríkisskjaldarmerki.

Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu vörur af erlendum uppruna ef á þær eða umbúðir þeirra hefur verið sett mynd af íslenska fánanum, skjaldarmerki íslenska ríkisins eða öðrum hliðstæðum þjóðlegum auðkennum eða skírskotað til þeirra á annan hátt.

38. gr.

Verðlagsráð getur bannað athafnir sem brjóta í bága við ákvæði 26. og 27. gr. Banni má fylgja ákvörðun um févíti sem kemur til framkvæmda ef bannið er brotið. Févíti má innheimta með lögtaki.

39. gr.

Verk, sem felur í sér brot á banni að viðlögðu févíti, varðar ekki refsingu eftir lögum þessum.

40. gr.

Bann skv. 38. gr. skal tekið til meðferðar eftir umsókn verðlagsstofnunar. Ákveði verðlagsstofnun í ákveðnu tilfelli að sækja ekki um bann getur sá gert það sem hefur á boðstólum vörur, þjónustu eða annað sem í té er látið og lög þessi taka til og málið snertir eða samtök þeirra sem það hafa, samtök neytenda og launþega.

41. gr.

Ákvörðun um bann samkvæmt þessum kafla er því ekki til fyrirstöðu að sama mál sé tekið til meðferðar á ný þegar breyttar aðstæður eða aðrar sérstakar ástæður gefa tilefni til þess.

42. gr.

Við sérstakar aðstæður má leggja á bann til bráðabirgða sem gildir til þess tíma er endanleg ákvörðun liggur fyrir. Endanlega ákvörðun verður að taka innan sex vikna frá því að bann til bráðabirgða var lagt á.

43. gr.

Máli um bann við athöfn, er brýtur í bága við ákvæði 26.–27. gr., getur verðlagsstofnun lokið með sátt ef það er ekki mikilvægt.

Sáttin felst í því að fyrir þann sem talinn er hafa unnið verk sem fellur undir 26. eða 27. gr. eru til samþykktar strax eða innan ákveðins tíma lögð fyrirmæli um bann að viðlögðu févíti við að halda verknaðinum áfram eða framkvæma annan slíkan verknað.

Nú hefur sátt komist á og gildir hún þá sem bann samkvæmt ákvörðun verðlagsráðs skv. 38. gr. Viðurkenning, sem gerð er, eftir að sá tími er liðinn sem til þess var settur í sáttaboðinu, hefur þá ekkert gildi.

44. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða þessa kafla.

52. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglum og fyrirmælum, settum samkvæmt þeim, varða sektum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað má beita varðhaldi eða fangelsi allt að fjórum árum. Heimilt er að beita sektum jafnframt refsivist eftir því sem við á skv. 49. gr. almennra hegningarlaga.

Sá sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu skv. XV. kafla almennra hegningarlaga.

Svipta má sökunaut rétti til að stunda starfsemi, er opinbert leyfi eða löggildingu þarf til, um tiltekinn tíma allt að fimm árum eða ævilangt.

Upptaka eigna skv. 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil.

1. mgr. 53. gr.

Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð að hætti opinberra mála.

Lög nr. 7/1983, um þjóðsöng Íslendinga.

3. gr.

Þjóðsönginn skal ekki flytja eða birta í annarri mynd en hinni upprunalegu gerð. Ekki er heimilt að nota þjóðsönginn á nokkurn hátt í viðskipta- eða auglýsingaskyni.

4. gr.

Nú rís ágreiningur um rétta notkun þjóðsöngsins og sker þá forsætisráðherra úr.

5. gr.

Með forsetaúrskurði skal setja nánari ákvæði um notkun þjóðsöngsins ef þörf þykir.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum eða varðhaldi. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Lög nr. 74/1984, um tóbaksvarnir.

7. gr.

7.1. Hvers konar auglýsingar á tóbaki og reykfærum eru bannaðar hér á landi. Þetta nær þó ekki til auglýsinga í ritum sem út eru gefin utan lands af erlendum aðilum á erlendum tungumálum, enda sé megintilgangur þeirra ekki að auglýsa slíkar vörur.

7.2. Bannað er enn fremur að sýna neyslu eða hvers konar meðferð tóbaks eða reykfæra í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vöru eða þjónustu.

7.3. Með auglýsingum er í lögum þessum m.a. átt við hvers konar tilkynningar til almennings, eftirlíkingar af tóbaksvarningi, skilti og svipaðan búnað, útstillingar og notkun tóbaksvöruheita og auðkenna.

16. gr.

16.1. Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

17. gr.

17.1. Heilbrigðisnefndir, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hafa eftirlit með útsölustöðum tóbaks og fylgjast með því í umdæmi sínu að virt séu ákvæði II. kafla laga þessara um merkingar, auglýsingar og sölu tóbaks.

17.2. Nú er brotið gegn ákvæðum II.kafla og ekki farið að fyrirmælum heilbrigðisnefndar og getur nefndin þá beitt sömu úrræðum og talin eru upp í 27. gr. laga nr. 50/1981 (nú 109/1984, sbr. texta hér á eftir).1. og 4. mgr.

19. gr.

19.1. Sá sem brýtur gegn ákvæðum 6. og 7. gr. skal sæta sektum en varðhaldi séu sektir miklar eða brot ítrekað.

19.4. Um tilraun til brots eða hlutdeild gilda ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

21. gr.

21.1. Með mál, sem kunna að rísa vegna brota á lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

Lög nr. 108/1984, lyfjalög.

VII. kafli. Auglýsing og kynning lyfja, lækningaáhalda, sjúkravarnings og lyfjagagna.

18. gr.

Auglýsa má og kynna fullgerð lyf, sbr. 7. gr., lyfjavöru, læknis- og lækningaáhöld og lyfjagögn á íslensku í tímaritum eða blöðum lækna, lyfjafræðinga, tannlækna, dýralækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraþjálfara, ljósmæðra og lyfjatækna og annarra sem vinna áþekk störf, svo og nemenda í þessum greinum.

Í lyfjaauglýsingum skal, auk þeirra atriða er getur í 1., 2., 3. og 5. tölul. 17. gr., greina helstu ábendingar (indicationes) og frábendingar (contraindicationes) er varða notkun hlutaðeigandi lyfja og pakkningastærðir. Enn fremur stærð skammta og helstu atriði önnur en notkun og hjáverkanir. Skulu framangreindar upplýsingar ætíð vera í samræmi við það sem greinir í lyfjaskrá, lyfjastöðlum, sérlyfjaskrá eða skrá um stöðluð lyf, sbr. 13. gr.

19. gr.

Heimilt er að senda slíkar upplýsingar í pósti til fyrrgreindra einstaklinga. Heimilt er og að kynna þeim lyf og áðurtalinn varning munnlega eða á myndum, kvikmyndum eða í sjónvarpi, en þó á þann hátt að ekki sé líklegt að auglýsingin komi almenningi fyrir sjónir.

20. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum lyfjanefndar, að leyfa auglýsingu eða kynningu á lausasölulyfjum í lyfjabúðum, lyfjaútibúum, lyfjahlöðum og í sérstökum tilvikum á öðrum stöðum eða á annan hátt, enda skal texti auglýsingar eða kynningar vera í samræmi við ákvæði reglugerðar um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja, svo og annarra fyrirmæla er að þessu lúta.

21. gr.

Bannaðar eru hvers konar aðrar auglýsingar um lyf og annan þann varning sem talinn er í 18. gr.

22. gr.

Óheimilt er að senda eða afhenda lyfjafræðingum, aðstoðarlyfjafræðingum, hjúkrunarfræðingum, sjúkraþjálfurum, ljósmæðrum og lyfjatæknum og öðrum, sem vinna áþekk störf við heilbrigðisþjónustu, lyfjasýnishorn.

Heimilt er hins vegar að senda eða afhenda lækni, tannlækni eða dýralækni lyfjasýnishorn í minnstu pakkningu og án greiðslu, enda sé um að ræða lyf sem hér eru á markaði, sbr. 7. gr., og ekki teljast ávana- eða fíknilyf.

Óheimilt er að senda lyfjasýnishorn á einkaheimili.

23. gr.

Lyfjaeftirlit ríkisins gætir þess að lyfjaauglýsingar séu réttar. Getur eftirlitið bannað

tilteknar auglýsingar sem gefa rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um lyf. Eftirlitið getur og krafist þess að auglýsandi sendi út leiðréttingar eða viðbótarskýringar. Lyfjaeftirlitið leitar álits lyfjanefndar eða lyfjaverðlagsnefndar í þeim tilvikum er vafi leikur á réttmæti lyfjaauglýsingar. Vefengi auglýsandi úrskurði lyfjaeftirlitsins sker landlæknir úr.

24. gr.

Landlækni er heimilt að senda út tilkynningar um lyf, m.a. til þess að vara við hjáverkunum þeirra, sbr. 29. gr. 3. tölul. og 54. gr.

25. gr.

Landlæknir getur bannað auglýsingar um læknis- og lækningaáhöld eða lyfjagögn, sbr. 1. mgr. 18. gr., er gefa rangar eða villandi upplýsingar. Auk þess getur hann krafist að auglýsandi sendi út leiðréttingar eða viðbótarskýringar.

26. gr.

Heimilt er ráðherra, að fengnum tillögum Lyfjaeftirlits ríkisins og landlæknis, að kveða nánar á í reglugerð um gerð auglýsinga er um ræðir í þessum kafla. Reglugerðin skal einnig kveða nánar á um meðferð og afhendingu lyfjasýnishorna, sbr. 22. gr. Leita skal álits lyfjanefndar og lyfjaverðlagsnefndar um reglugerð þessa.

Úr 50. gr.

Hlutverk Lyfjaeftirlits ríkisins er sem hér segir:

...

6. Að hafa eftirlit með lyfjaauglýsingum og sjá til þess að kynning og dreifing lyfja sé almennt í samræmi við gildandi lög og reglur, sbr. 18.–26. gr.

1.–3. mgr. 58. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Nú er brot ítrekað eða stórfellt og skal þá refsa með varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Lög nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
(Sbr. tilvísun í 17. gr. laga nr. 74/1984, um tóbaksvarnir.)

27.1. Til þess að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögum þessum, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð, heilbrigðissamþykktum sveitarfélaga eða eigin fyrirmælum samkvæmt þessum ákvæðum getur heilbrigðisnefnd beitt eftirfarandi aðgerðum:

1. Veitt áminningu.
2. Veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta.
3. Stöðvað viðkomandi starfsemi eða notkun að öllu leyti eða að hluta til með aðstoð lögreglu ef með þarf.

27.2. Stöðvun skal því aðeins beitt að um alvarlegri tilvik eða ítrekuð sé að ræða eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests. Sé um slíkt brot að ræða getur heilbrigðisnefnd afturkallað starfsleyfi viðkomandi rekstrar teljist rík ástæða til.

27.3. Þar sem innsiglun er beitt við stöðvun skulu heilbrigðisnefndir nota sérstök innsigli er auðkenni þær.

27.4. Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests fyrirmælum heilbrigðisnefndar getur hún ákveðið honum dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir renna í sveitarsjóð. Hámark dagsekta skal ákveðið í heilbrigðisreglugerð og mengunarvarnareglugerð.

27.5. Ef aðili vanrækir að vinna verk sem heilbrigðisnefnd hefur fyrirskipað í samræmi við þessi lög og reglur er nefndinni heimilt að láta vinna verkið á kostnað hins vinnuskylda. Kostnaður skal til bráðabirgða greiddur úr sveitarsjóði en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi.

27.6. Kostnað og dagsektir skv. 27. gr. 4. og 5. tölul. má innheimta með lögtaki.

27.7. Sé vinna sú, sem heilbrigðisnefnd lætur framkvæma skv. 27. gr. 5. tölul. til komin vegna vanhirðu, óþrifa eða heilsuspillandi aðstæðna í húsi, á lóð eða í farartæki er kostnaður tryggður með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð eða farartæki tvö ár eftir að greiðslu er krafist.

27.8. Heilbrigðisnefndum skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal sýna-og myndatöku, að öllum þeim stöðum sem lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð og heilbrigðissamþykktir ná yfir og geta leitað aðstoðar lögreglu ef með þarf.

27.9. Heilbrigðisnefndum er heimilt að gefa fyrirmæli um meðferð og notkun matvæla og annarra vara þar sem settum reglum hefur ekki verið fylgt. Nefndirnar geta lagt hald á slíkar vörur og fyrirskipað förgun þeirra teljist slíkt nauðsynlegt.

27.10. Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita heilbrigðisnefndum allar nauðsynlegar upplýsingar sem krafist er vegna heilbrigðiseftirlitsins.

27.11. Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að afhenda heilbrigðisnefndum nauðsynleg sýni vegna heilbrigðiseftirlitsins endurgjaldslaust.

Lög nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

2.–3. mgr. 6. gr.

Óheimilt er að auglýsa eða birta auglýsingu um laust starf þar sem gefið er til kynna að fremur sé óskað starfsmanns af öðru kyninu en hinu.

Ákvæði þetta gildir ekki ef tilgangur auglýsandans er að stuðla að jafnari kynjaskiptingu innan starfsgreinarinnar og skal það þá koma fram í auglýsingunni.

11. gr.

Auglýsandi og sá sem hannar eða birtir auglýsingu skal sjá til þess að auglýsingin sé öðru kyninu ekki til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt.

1. mgr. 13. gr.

Jafnréttisráð skal annast framkvæmd laga þessara.

Úr 1. mgr. 15. gr.

Verkefni Jafnréttisráðs eru að:

1. Sjá um að ákvæðum 2.–12. gr. laga þessara sé framfylgt.

16. gr.

Nú telur Jafnréttisráð að ákvæði 2.–12. gr. laga þessara séu brotin og beinir þá ráðið rökstuddum tilmælum um ákveðnar úrbætur til viðkomandi aðila.

17. gr.

Fallist viðkomandi aðili ekki á tilmæli ráðsins skv. 16. gr. er ráðinu heimilt að höfða mál til viðurkenningar á rétti aðila í samráði við hann. Gildir það einnig þótt ekki sé um skaðabótakröfu að ræða.

18. gr.

Sá sem af ásettu ráði eða gáleysi brýtur gegn lögum þessum er skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum.

19. gr.

Brot á lögum þessum skal varða fésektum nema þyngri refsing liggi við að lögum. Félög, fyrirtæki og stofnanir má dæma í fésektir hafi brot á lögum þessum verið framið á þeirra vegum, þau átt þátt í því eða hagnast á brotinu.

20. gr.

Þegar héraðsdómari fer með mál vegna brota á lögum þessum kveður hann til tvo meðdómendur.

Kveðja skal öðrum fremur til menn sem hafa víðtæka þekkingu á jafnréttismálum og á öðrum þeim sviðum sem málið varða.

21. gr.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga í reglugerð, að fengnum tillögum Jafnréttisráðs.

Lög nr. 68/1985, útvarpslög.

Úr 3. gr.

Útvarpsréttarnefnd getur veitt sveitarfélögum og öðrum lögaðilum tímabundið leyfi til útvarps fyrir almenning á afmörkuðum svæðum.

Slík leyfi eru háð eftirfarandi almennum skilyrðum:

...

4. Skylt er útvarpsstöðvum að lesa tilkynningar frá almannavörnum, löggæslu, slysavarnafélögum eða hjálparsveitum og gera hlé á dagskrá ef brýna nauðsyn ber til og almannaheill krefst.
5. Útvarpsstöðvar bera ábyrgð á því efni, sem þær senda út, í samræmi við lög um vernd barna og ungmenna, hegningarlög eða önnur lög eftir því sem við á.

4. gr.

Útvarpsstöðvum er heimilt að afla tekna með auglýsingum, afnotagjaldi eða sérstöku gjaldi vegna útsendingar fræðslu- og skýringarefnis. Auglýsingar skulu vera skýrt afmarkaðar frá öðrum dagskrárliðum. Gjaldskrár fyrir auglýsingar skulu háðar samþykki útvarpsréttarnefndar.

3. mgr. 6. gr.

Dreifing þráðlaust eða um þráð á dagskrá, sem komin er til móttökustöðvar um gervihnött, er óheimil nema með samningi við viðkomandi útvarpsstöð, er dagskrána sendi, og með samþykki Póst- og símamálastofnunar. Útvarpsstöð, sem einungis dreifir efni sem móttekið er um gervihnött, er háð skilyrðum 3. og 5. gr. laga þessara eftir því sem við á. Þó eru auglýsingar, sem fylgja dagskrá um gervihnött, heimilar brjóti þær ekki í bága við íslensk lög.

8. gr.

Heimilt er með reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd 3.–7. gr.

Útvarpsréttarnefnd getur afturkallað leyfi til útvarps séu reglur brotnar enda sé um alvarleg og ítrekuð brot að ræða.

1. mgr. 11. gr.

Tekjur Menningarsjóðs útvarpsstöðva eru sérstakt gjald, menningarsjóðsgjald, sem skal vera 10% og leggjast á allar auglýsingar í útvarpi.

3. mgr. 18. gr.

[í kaflanum um Ríkisútvarpið]

Útvarpsstjóri gefur út reglur um fréttaflutning og auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, þar á meðal auglýsingatíma, að fengnu samþykki útvarpsráðs.

2. og 5. mgr. 22. gr.

Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins eru gjöld fyrir útvarpsafnot, gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau og aðrir tekjustofnar sem Alþingi kann að ákveða.

...

Útvarpsstjóri staðfestir auglýsingataxta og aðrar gjaldskrár eftir tillögu framkvæmdastjóra fjármáladeildar.

Úr 35. gr.

Ef útsending á útvarpsefni brýtur í bága við lög fer um refsi- og fébótaábyrgð svo sem hér segir:

...

Auglýsandi ber ábyrgð á auglýsingu.

36. gr.

Engan skal dæma til ábyrgðar vegna útsendingar á útvarpsefni né fyrir hlutdeild í útsendingu annan en þann sem ábyrgð ber eftir ákvæðum 35. gr.

Skylt er útvarpsstöð að veita hverjum þeim sem telur rétti sínum hafa verið hallað með

útsendingu á útvarpsefni fullnægjandi upplýsingar um hver hafi borið ábyrgð á útsendingunni samkvæmt ákvæðum 35. gr.

Um rétt til málssóknar út af brotum í sambandi við útsendingu útvarpsefnis fer eftir almennum reglum laga. Refsiábyrgð og fébótaskylda falla niður ef sex mánuðir líða frá útsendingu án þess að einkamál sé höfðað, krafa hafi verið borin fram um opinbera málssókn, þegar það á við, eða hafin sé opinber réttarrannsókn út af broti ef það á að sæta skilyrðislausri opinberri saksókn.

37. gr.

Óheimil hagnýting útvarpsefnis skv. 33. gr. varðar sektum. Beita má varðhaldsrefsingu ef sök er stórfelld. Upptæk má gera viðtæki sem notuð hafa verið til hagnýtingar á útvarpsefni í fjárgróðaskyni, sbr. 33. gr.

Vanræksla á tilkynningum skv. 25. gr. varðar sektum.

Um önnur brot á lögum þessum fer eftir ákvæðum almennra hegningarlaga.

38. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra. Ákveða má í reglugerð að brot gegn ákvæðum hennar varði refsingu samkvæmt lögum.

Reglur frá 1. nóvember 1983 um flutning auglýsinga í útvarpi og sjónvarpi [með breytingu á 8. gr. 2. mars 1990].

1. gr.

Ríkisútvarpið tekur auglýsingar til flutnings með eftirtöldum skilyrðum:

1. Þess skal gætt að þær séu látlaust orðaðar, lausar við skrum og hæpnar fullyrðingar en segi það eitt sem er satt og rétt í öllum greinum.
2. Að þær brjóti ekki í bága við íslensk lög, svo sem almenn hegningarlög, útvarpslög, lög um lækningaleyfi o.fl., lyfsölulög, áfengislög eða lög um óréttmæta viðskiptahætti.
3. Að þær brjóti ekki í bága við smekk og velsæmi.
4. Að enginn vafi leiki á því í augum og eyrum hlustenda að um auglýsingu sé að ræða.

2. gr.

Auglýsingar skulu aðeins fluttar á tilteknum nánar ákveðnum tímum. Þær skulu ætíð aðgreindar frá öðru óskyldu dagskrárefni.

Á öðrum tímum er eingöngu heimilt að flytja tilkynningar frá Ríkisútvarpinu, svo og aðvaranir eða neyðartilkynningar.

Við ákvörðun um lengd og fjölda auglýsingatíma skal ætíð hafa í huga að meginhlutverk Ríkisútvarpsins er á sviði upplýsinga, menntunar og skemmtunar.

3. gr.

1. Ráðherra ákveður gjald fyrir auglýsingar, að fengnum tillögum útvarpsstjóra. Heimilt er að ákveða mismunandi gjald fyrir hina ýmsu auglýsingatíma.
Útvarpsstjóri setur reglur um greiðslu auglýsinga.

2. Auglýsandi eða umboðsaðili hans ber fulla ábyrgð á pöntunum og greiðslu aug-

lýsinga fyrir umbjóðendur sína.

4. gr.

Auglýsandi ber fulla ábyrgð á efni auglýsingar.

Auglýsandi eða umboðsaðili hans skilar auglýsingu mynd- og/eða hljóðritaðri og tilbúinni til flutnings. Ríkisútvarpið setur nánari reglur um tæknileg atriði og hafnar auglýsingu sem það telur tæknilega ófullnægjandi.

Falli birting auglýsingar niður eða komi fram galli í útsendingu, sem rekja má til mistaka eða tæknilegra örðugleika hjá Ríkisútvarpinu, skal það bætt með: a) aukabirtingu án endurgjalds, b) niðurfellingu gjalds í þeim tilvikum sem endurbirtingu verður ekki við komið.

Auglýsandi ber allan kostnað af gerð auglýsingar og flutningi hennar, þar á meðal greiðslum vegna höfundaréttar eða flytjendaréttar tóna eða talaðs máls og birtingarréttar kyrr- eða kvikmynda.

5. gr.

Ríkisútvarpið áskilur sér rétt til þess að takmarka lengd auglýsinga. Hafna skal auglýsingu ef á henni eru eftirtaldir annmarkar:

1. Ef vafi leikur á hvort telja beri auglýsingu til dagskrárefnis eða auglýsingar.
2. Ef auglýsing (eða heiti auglýsanda) er mengað ádeilu eða hlutsamri umsögn um einstaka menn, stofnanir, félagsheildir, stefnur í almennum málum eða stjórnmálaflokka.
3. Ef í auglýsingu felst ósanngjarn samanburður við aðra vöru eða þjónustu.
4. Ef tal eða texti auglýsingar er ekki á réttu íslensku máli.
5. Ef auglýsing er eingöngu á erlendu máli.
6. Ef auglýsing er fallin til að vekja ótta.
7. Ef auglýsing hvetur til ofbeldis.
8. Ef auglýst er áfengi eða tóbak.
9. Ef auglýsing fjallar um peningalán annarra en innlánsstofnana.
10. Ef auglýsa á hjónabandsmiðlun, hvers konar spádóma eða dulrænar lækningar.
11. Ef ætla má að auglýsing hafi önnur áhrif á áhorfendur en verða þeim þegar ljós. Forðast skal óhóflega há eða snögg hljóð.

6. gr.

Auglýsingaskrifstofu Ríkisútvarpsins er heimilt að gera breytingar á texta auglýsingar, ef nauðsynlegar eru, til þess að hún samrýmist þessum reglum, enda skulu breytingarnar gerðar í samráði við auglýsanda. Ef ekki næst til auglýsanda skal auglýsingu skotið á frest eða hún felld niður fremur en að efni hennar sé verulega raskað eða gildi hennar rýrt án samþykkis hans.

7. gr.

Auglýsingar skulu miðast við að börn sjái þær og heyri og mega þær á engan hátt misbjóða þeim. Ekki má í auglýsingum notfæra sér vanþroska eða trúgirni barna eða vekja hjá þeim þá trú að þeim sé eitt eða annað nauðsynlegt af annarlegum ástæðum, svo sem samanburði við önnur börn eða vegna útlits.

8. gr.

Auglýsingar fyrir hvers konar almennar kosningar skulu í einu og öllu fullnægja skilyrðum 2. gr., 5. tölul., og 4. gr. reglugerðar um auglýsingar í útvarpi nr. 611/1989.

Auglýsingar frá stjórnmálaflokkum og öðrum þeim sem að framboði standa skulu falla innan þess tíma sem í almennri dagskrá er ætlaður til auglýsinga. Lengd þessara auglýsinga skal vera sambærileg við aðrar auglýsingar og óheimilt er að veita einum framboðsaðila afnot af heilum auglýsingatíma.

Magn auglýsinga frá einum samtökum í framboði má ekki verða til þess að hindra birtingu auglýsinga annarra framboðsaðila. Áskilur Ríkisútvarpið sér rétt til niðurröðunar þeirra og að panta þurfi þær með ákveðnum fyrirvara. Um ágreiningsatriði skal farið að ákvæðum 10. gr.

Á kjördag mega auglýsingar frá samtökum, sem að framboði standa, aðeins fjalla um skrifstofur, heiti skrifstofa, stað og símanúmer og leiðbeiningar til kjósenda um kosningu og kjörstaði.

9. gr.

Ríkisútvarpið ákveður röð auglýsinga í hverjum auglýsingatíma. Sé um samfellda röð kyrrmynda í sjónvarpi að ræða skal samanlagður birtingartími lagður til grundvallar um birtingarverð.

Auglýsingar skulu berast sjónvarpi og Rás 2 eigi síðar en viku áður en þær eiga að birtast. Heimilt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði. Auglýsendum er heimilt að leggja handrit að auglýsingum eða sýnishorn fyrir auglýsingadeildir Ríkisútvarpsins. Skal þá, svo fljótt sem unnt er, fella bráðabirgðaúrskurð um hvort auglýsingin verður flutt. Reynist endanleg gerð auglýsingar önnur en ætlað varð af handriti eða sýnishorni má breyta þeim úrskurði.

Heimilt er að afturkalla auglýsingu án aukakostnaðar ef um slíkt er tilkynnt a.m.k. viku fyrir pantaðan birtingardag. Ella er Ríkisútvarpinu heimilt að innheimta 10% af birtingargjaldi og fullt birtingargjald ef auglýsing er afturkölluð innan tveggja sólarhringa fyrir pantaðan birtingardag.

10. gr.

Ef vafi leikur á hvernig með auglýsingu skuli fara samkvæmt reglum þessum skal bera auglýsinguna undir útvarpsstjóra. Heimilt er útvarpsstjóra að skjóta vafaatriðum undir úrskurð útvarpsráðs. Leiki vafi á um óhlutdrægni sker útvarpsráð úr.

11. gr.

Ákvæði 4. gr. um ábyrgð auglýsanda skulu jafnan vera hluti af samningi þeirra og Ríkisútvarpsins um birtingu auglýsingar.

12. gr.

Ekkert ákvæði í reglum þessum verður skýrt svo að það feli í sér skyldu til birtingar á auglýsingu í Ríkisútvarpinu. Ef óskað er birtingar á meira auglýsingaefni en svo að unnt sé að birta það á þeim tíma, sem ætlaður er til auglýsinga, eða birting auglýsingar er talin óæskileg af öðrum orsökum en þeim sem taldar eru í þessum reglum úrskurðar útvarpsstjóri um ágreining, en þeim úrskurði má skjóta til útvarpsráðs. Ríkisútvarpið greiðir ekki bætur vegna tjóns af því að auglýsing birtist ekki.

Reglugerð nr. 611/1989 22. desember um auglýsingar í útvarpi.

1. gr.

Auglýsingar, skulu vera skýrt afmarkaðar frá öðru dagskrárefni útvarps, hljóðvarps eða sjónvarps, þannig að ekki leiki vafi á að um auglýsingar sé að ræða og skulu þær fluttar í sérstökum almennum auglýsingatímum.

Óheimilt er að birta auglýsingar með þeim hætti að sýna firmamerki eða vörumerki sem innfellda mynd í útsendri sjónvarpsdagskrá.

2. gr.

Auglýsingar sem ætlaðar eru til flutnings í útvarpi, hljóðvarpi eða sjónvarpi, skulu fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Auglýsingar skulu vera á lýtalausu íslensku máli. Heimilt er þó að erlendir söngtextar séu hluti auglýsingar.
2. Auglýsingar skulu ekki brjóta í bága við almennt velsæmi.
3. Auglýsingar mega ekki brjóta í bága við íslensk lög, svo sem almenn hegningarlög, útvarpslög, lög um lækningaleyfi, lyfsölulög, áfengislög, lög um tóbaksvarnir, lög um óréttmæta viðskiptahætti og lög um jafnrétti kynjanna.
4. Þess skal gætt að auglýsingar séu látlaust orðaðar, lausar við skrum og hæpnar fullyrðingar en segi það eitt sem er satt og rétt.
5. Auglýsing skal ekki fela í sér ádeilu og hlutdræga umsögn um einstaka menn, stofnanir, félög, félagssamtök, stefnur í almennum málum eða stjórnmálaflokka.
6. Í auglýsingum má ekki felast ósanngjarn samanburður við aðra vöru eða þjónustu.
7. Auglýsingar skulu ekki sýna eða lýsa á neinn hátt hættulegu atferli eða atvikum þar sem öryggis er ekki gætt, nema sérstök ástæða sé til í menntunarlegum eða félagslegum tilgangi, svo sem auglýsingar vegna slysavarna eða tóbaksvarna. Varúð skal sérstaklega viðhöfð í auglýsingum sem höfða til barna eða unglinga eða sýna slíka aldursflokka.
8. Auglýsingar skulu miðast við að börn sjái þær og heyri og mega þær á engan hátt misbjóða þeim. Ekki má í auglýsingum notfæra sér trúgirni og reynsluleysi barna eða vekja hjá þeim þá trú að þeim sé eitt eða annað nauðsynlegt, svo sem vegna samanburðar við önnur börn eða vegna útlits. Auglýsingar, sem beint er til barna eða eru líklegar til að hafa áhrif á börn, skulu ekki geyma staðhæfingar eða myndir sem gætu skaðað þau geðrænt eða siðferðilega.
9. Auglýsing má ekki vera til þess fallin að vekja ótta.
10. Auglýsing má ekki hvetja til ofbeldis.
11. Hafna ber auglýsingu ef gerð hennar hefur miðast við að hún hefði önnur áhrif á áhorfendur en verða mega þeim ljós.

Þegar dreift er viðstöðulaust um gervihnött og móttökustöð fréttum eða dagskrárefni, er sýnir atburði sem gerast í sömu andrá, skulu auglýsingar, sem eru hluti af slíku dagskrárefni, undanþegnar ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. þessarar greinar.

3. gr.

Auglýsingatímum skal jafnan hagað þannig að ekki leiði til afbökunar á dagskrárefni eða verulegrar röskunar á samfelldum flutningi.

4. gr.

Gæta skal þess að auglýsingar séu lausar við ótilhlýðilegan áróður eða árásir.

5. gr.

Auglýsandi ber fulla ábyrgð á efni auglýsingar. Hann skal bera allan kostnað af gerð auglýsingar og flutningi hennar, þar á meðal greiðslum vegna höfundaréttar eða flytjendaréttar tóna eða talaðs máls og birtingarréttar kyrr- og kvikmynda.

6. gr.

Heimilt er að ákveða mismunandi gjald fyrir hina ýmsu auglýsingatíma.

Á allar auglýsingar í útvarpi skal leggjast sérstakt gjald, menningarsjóðsgjald, sem skal vera 10% og rennur það til Menningarsjóðs útvarpsstöðva.

7. gr.

Útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins setur nánari reglur um auglýsingar í Ríkisútvarpinu.

Aðrir aðilar, sem fengið hafa leyfi til útvarps, geta sett nánari reglur um auglýsingar í sínum útvarpsstöðvum.

Reglur, sem settar eru skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, mega ekki ganga gegn ákvæðum þessarar reglugerðar.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu lögum samkvæmt.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 8. gr. og 38. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 og kemur í stað reglugerða nr. 512/1986, nr. 608/1987, nr. 496/1988 og nr. 550/1988. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Lög nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

2. mgr. 4. gr.

Viðskiptabönkum er skylt og einum heimilt, nema lög ákveði annað, að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið *banki* eitt sér eða samtengt öðrum orðum.

Úr athugasemdum við 2. mgr. 4. gr.

Jafnframt er í 2. mgr. lagt til að viðskiptabönkum einum sé rétt og skylt að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið banki. Ákvæðinu er ætlað að koma í veg fyrir að aðrir aðilar, einkum þeir er reka starfsemi sem er hliðstæð viðskiptabankastarfsemi, villi á sér heimildir. Ýmis fyrirtæki, sem bera heiti er felur í sér orðið banki, eru skráð í firmaskrá. Því þykir ekki fært að kveða svo á í frumvarpinu að þeir sem þegar nota orðið banki í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni skuli leggja það niður. Það er og ljóst að þau fyrirtæki, sem bera þessi firmaheiti, reka starfsemi sem lítil hætta er á að almenningur rugli saman við bankastarfsemi.

Lög nr. 34/1986, um fasteigna- og skipasölu.

1. málsl. 8. gr.

Fasteignasali skal í hvívetna leysa af hendi störf sín svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða.

10. gr.

Nú hefur fasteignasali fengið eign til sölumeðferðar eða leitað er liðsinnis hans til að gera tilboð í eign. Skal hann þá semja rækilegt yfirlit yfir öll grundvallaratriði, sem máli skipta fyrir aðila, til þess að gera sér glögga hugmynd um verð eignarinnar. Yfirlit þetta skal geyma eftirfarandi upplýsingar og atriði svo sem kostur er:

1. Upplýsingar um söluverð eignar, ef það er ákveðið, og hverjir eru söluskilmálar, þar á meðal um þann hluta söluverðs sem staðgreiða á og hversu haga eigi öðrum greiðslum og hversu þær eigi að vera tryggðar.
2. Glöggar upplýsingar og gögn um stærð húss og lóðar, fyrirkomulag innan húss, byggingarlag og byggingarefni húss, aldur þess og endurbyggingar eða viðbyggingar, ef því er að skipta, ástand húss, þar á meðal um galla, sem kunnir eru á því, hversu upphitun sé háttað og hversu hús sé glerjað, staðsetningu og atriði sem máli skipta vegna byggingar- og skipulagslaga. Einnig skal greina ástand lóðar. Teikning af húsi skal vera fyrir hendi, ef kostur er, og að jafnaði ljósmyndir af því ef eigi er unnt að skoða það eða vitað er að skoðun muni ekki fara fram. Ef um sameign er að ræða skal greina glögglega eignarhlutdeild í húsi og lóð, svo og um óskipta sameign.
3. Upplýsingar um matsverð eignar samkvæmt fasteignamati og brunabótamati, svo og önnur matsgögn ef til eru.
4. Nú er seld fasteign eða skip í smíðum og skal þá gera nákvæma grein fyrir því á hvaða stigi smíðin er þegar kaupandi á að taka við eigninni og hversu staða aðilanna verði tryggð.
5. Grein skal gerð fyrir veðskuldum og öðrum eignarhöftum sem kunna að hvíla á eigninni, stutt vottorði úr þinglýsingabókum. Greina ber hvers eðlis eignarhöftin eru, þar á meðal kvaðir sem á eign kunna að hvíla. Greina skal glögglega um eftirstöðvar veðskulda sem hvíla eiga á eign og kaupandi tekur að sér að greiða, afborganir af þeim og vexti, hvort skuld sé verðtryggð, hvenær henni eigi að vera lokið og hverjar eftirstöðvar hennar eru að viðbættri verðtryggingu. Þá skal greina kostnað við samningsgerð, þinglýsingu og stimplun skjala og í hvors hlut komi.
6. Upplýsingar eftir föngum um tekjumöguleika af eigninni, einkum þegar um atvinnuhúsnæði (jörð) er að ræða eða skip er gera skal út, svo og um heildarútgjöld sem ætla má að stafi af eign.

Hliðstæðar upplýsingar skulu greindar um skip eftir því sem við á.

11. gr.

Yfirlit það, sem greinir í 10. gr., skal vera svo rækilegt og traust að það ásamt skoðun á eign, sem fram skal fara ef kostur er og vanda skal til, sé sem tryggastur grundvöllur undir mati á verðmæti eignarinnar og á arðsemi hennar.

Ráðuneytið getur mælt svo fyrir í reglugerð að upplýsingar um eignir séu greindar á stöðluðum eyðublöðum og kveðið nánar á í reglugerð um þær upplýsingar sem greina

skal, þar á meðal sérstaklega varðandi skip.

2. og 3. málsl. 1. mgr. 12. gr.

Enn fremur skulu þeir sem annast fasteignaviðskipti samkvæmt framansögðu geta nafns síns í auglýsingum um eignir þessar. Nafngreining skal vera persónuleg samkvæmt þessari málsgrein.

2. mgr. 20. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, settum samkvæmt þeim, varða sektum nema þyngri hegning liggi við skv. öðrum lögum.

Lög nr. 53/1988, læknalög.

17. gr.

Lækni er einungis heimilt að auglýsa læknastarfsemi sína með efnislegum og látlausum auglýsingum í blöðum sem birta má í hæsta lagi þrisvar þegar hann hefur störf eða breyting verður á aðsetri eða viðtalstíma. Lækni er heimilt að auðkenna sig með nafni, sérgrein, aðsetri, síma og viðtalstíma á dyraspjöldum, nafnspjöldum og lyfseðlum.

22. gr.

Hvers konar skottulækningar eru bannaðar hér á landi.

Það eru skottulækningar er sá sem ekki hefur leyfi samkvæmt lögum þessum býðst til þess að taka sjúklinga til lækninga, gerir sér lækningar að atvinnu, auglýsir sig eða kallar sig lækni, ráðleggur mönnum og afhendir þeim lyf sem lyfsalar mega einir selja.

23. gr.

Um lyfja- og lækningaáhaldaauglýsingar fer skv. VII. kafla lyfjalaga, nr. 108/1984. Auglýsingar um lækningamátt drykkja, matvæla, neyslu- og nauðsynjavara og annars eru bannaðar.

Bannaðar eru auglýsingar um sjúkrahús og hvers konar heilbrigðisstofnanir fram yfir nafn og stað.

Auglýsingar um lyf, lækningaáhöld, sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir eru þó leyfðar í blöðum og tímaritum sem gefin eru út fyrir heilbrigðisstéttir.

24. gr.

Lækni, sem ekki hefur til þess leyfi, er óheimilt að kalla sig, auglýsa sig eða gefa á annan hátt í skyn að hann sé sérfræðingur og gildir hið sama um sérfræðing ef hann gefur í skyn að hann sé sérfræðingur í annarri grein en þeirri sem hann hefur sérfræðingsleyfi í ...

30. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða auk sviptingar lækningaleyfis, sbr. 27. og 28. gr., sektum, varðhaldi eða fangelsi.

Sé um að ræða brot af ásetningi eða vítaverðu gáleysi skal refsa með fangelsi og/eða sektum. Fyrir minni háttar brot skal refsa með sektum, en með varðhaldi og/eða sektum

hafi viðkomandi sætt áminningu landlæknis áður.
Sé um ítrekuð brot að ræða skal dæma í fangelsi og/eða sektir.

31. gr.
Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Viðauki 2.

Siðareglur Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingastarfsemi.
(Úr bæklingi, útgefnum af Sambandi íslenskra auglýsingastofa 1985.)

Inngangur.

Í bæklingi þessum eru birtar siðareglur Alþjóðaverslunarráðsins (International Chamber of Commerce) ...

Siðareglur Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingastarfsemi voru fyrst birtar árið 1937 og hafa síðan verið rækilega endurskoðaðar með vissu millibili. Þær reglur, sem hér birtast, eru frá árinu 1973 ásamt viðbót um auglýsingar og börn frá 1984.

Siðareglurnar eru aðallega ætlaðar auglýsingaaðilum sem sjálfir vilja beita viðteknum reglum um starfsemi sína og eru þær lagðar til grundvallar í starfsemi yfir 200 stofnana í um það bil 30 löndum. Siðareglunum er einnig ætlað að vera til viðmiðunar fyrir dómstóla við lögskýringar í einstökum löndum.

Reglurnar fjalla um alla auglýsingastarfsemi hvort sem um er að ræða vörur, þjónustu eða aðstöðu. Hins vegar falla kynningarmál og markaðsrannsóknir undir aðrar reglur Alþjóðaverslunarráðsins. Reglurnar eiga að vera grundvallarmælikvarði fyrir alla aðila, sem starfa á sviði auglýsinga, jafnt auglýsendur, auglýsingastofur og fjölmiðla. Þar sem reglurnar hvetja einkum til sjálfsaga skulu landssamtök með slíkt markmið nota þær í starfi sínu. Á víðara grundvelli skal reglunum beitt af markaðsmáladeild Alþjóðaverslunarráðsins eftir því sem þörf gerist.

Við túlkun reglnanna skal tekið mið af tilgangi þeirra eigi síður en bókstaf. Vegna þess að mismunandi auglýsingaaðferðir (í blöðum, sjónvarpi, útvarpi, utan dyra, í kvikmyndahúsum o.s.frv.) eru ólíkar í eðli sínu kann svo að fara að sama auglýsing hljóti samþykki hjá einum slíkum aðila en ekki hjá öðrum.

Auglýsingar skal meta eftir því hvaða áhrif þær eru líklegar til að hafa á neytendur með það í huga að neytendur líta yfirleitt einungis lauslega á auglýsingar er ber fyrir augu þeirra.

Reglurnar ná til alls innihalds í auglýsingum og teljast þar með orð og tölur (í ræðu og riti), myndir, notkun á tónlist og öðrum hljóðáhrifum.

Í siðareglunum er orðið *auglýsing* notað í víðustu merkingu sinni og nær yfir auglýsingar sem snerta varning, þjónustu og aðstöðu, án tillits til þess hvar auglýsingin birtist. Meðtaldar eru auglýsingar utan á umbúðum, á áfestum miðum o.s.frv. Orðið *söluvara* (product) nær yfir þjónustu og aðstöðu. Orðið *neytandi* nær yfir alla einstaklinga, sem auglýsingunni er beint til, og einnig yfir þá sem verða varir við auglýsinguna yfirleitt hvort sem það eru dreifingaraðilar eða endanlegir notendur.

Grundvallarhugmyndir siðareglnanna eru að allar auglýsingar skulu vera löglegar, siðlegar, heiðarlegar og segja sannleikann. Auglýsing skal samin með tilliti til félagslegrar ábyrgðar og þess gætt að viðteknum hefðum um sanngirni í samkeppni sé fylgt.

Siðareglur um auglýsingar.

1. gr. Velsæmi.
Auglýsingar skulu ekki innihalda boðskap, í orðum eða myndum, sem brýtur gegn almennri velsæmiskennd.

2. gr. Heiðarleiki.
Auglýsingar skal semja þannig að traust neytandans, takmörkuð reynsla hans eða þekking sé ekki misnotuð.

3. gr.
1. Auglýsingar skulu ekki að ástæðulausu höfða til ótta fólks.
2. Auglýsingar skulu ekki höfða til hjátrúar.
3. Auglýsingar skulu ekki innihalda neitt sem getur hvatt til ofbeldisverka eða stutt slíkt athæfi.

4. gr. Sannleiksgildi.
1. Auglýsingar skulu ekki innihalda staðhæfingar eða myndir sem líklegar eru til að villa um fyrir neytandanum, beint eða óbeint, með því að gefa eitthvað í skyn, halda eftir nauðsynlegum upplýsingum eða með því að nota tvíræða framsetningu eða ýkjur. Þetta snertir einkum:
   a. Eðli söluvarnings, samsetningu hans, framleiðsluaðferð og framleiðslutíma, notagildi miðað við tilgang, notkunarsvið, magn, nafn upprunalegs framleiðanda og framleiðsluland.
   b. Verð vörunnar og heildarkostnað við afhendingu.
   c. Sérstaka söluskilmála, svo sem kaupleigusamninga og reikningsviðskipti (sjá viðauka).
   d. Afhendingarskilmála, skipti á varningi, endursendingu og viðgerðar- og viðhaldsþjónustu.
   e. Ábyrgðarskilmála (sjá viðauka).
   f. Útgáfurétt og réttindi iðnaðaraðila, svo sem einkaleyfi, vörumerki, hönnunaraðferðir og módel og vörunöfn framleiðenda.
   g. Opinbera viðurkenningu eða gæðastimpil, einnig verðlaun af margvíslegu tagi.
2. Í auglýsingum skal ekki misnota niðurstöður rannsókna né heldur tilvitnanir í

tæknileg eða vísindaleg rit. Tölfræðilegar upplýsingar skulu ekki notaðar þannig að þær gefi í skyn annað en það sem er sannleikanum samkvæmt. Ekki skal nota tækniorð á villandi hátt. Ekki skal nota óþarfa fræðiorð til að gefa í skyn að auglýstir eiginleikar séu vísindalega staðfestir ef svo er ekki.

5. gr. Samanburður.

Ef samanburður er notaður í auglýsingum skal þess gætt að samanburðurinn sjálfur sé ekki villandi og að hann brjóti ekki gegn grundvallarreglum um sanngirni í samkeppni. Samanburðaratriði skulu byggð á staðreyndum sem ganga má úr skugga um og slík atriði skulu valin sanngjarnlega.

6. gr. Vitnisburður.

Auglýsingar skulu ekki innihalda vitnisburð eða meðmæli, nema slík umsögn sé raunverulega fyrir hendi og reynsla vitnisburðargjafa málinu skyld. Ekki skal nota í auglýsingum úreltan vitnisburð eða meðmæli né heldur slíkan stuðning ef hann er fallinn úr gildi af öðrum ástæðum.

7. gr. Last.

Í auglýsingum skal ekki hallmæla neinu fyrirtæki eða samkeppnisvöru hvorki beint né með því að gefa ókosti í skyn. Gildir þetta jafnt um fyrirlitningu, skop og önnur brögð í sama tilgangi.

8. gr. Verndun einkalífs.

Í auglýsingum skal ekki sýna eða minnast á einstaklinga hvort sem þeir starfa á eigin eða opinberu sviði, nema áður fengin heimild sé fyrir hendi. Ekki skal í auglýsingum heldur sýna eða minnast á eignir fólks á neinn hátt, sem túlka mætti sem meðmæli eigandans, nema að fengnu samþykki hans.

9. gr. Misnotkun á velvild.

1. Í auglýsingum skal ekki nota nafn eða upphafsstafi neins fyrirtækis eða stofnunar, nema ástæða sé til og heimild fyrir hendi.
2. Í auglýsingum skal ekki hagnýta óheiðarlega þá velvild, sem vöruheiti, tákn eða framleiðsla óviðkomandi aðila hefur áunnið sér, né heldur árangur sem fengist hefur í auglýsingaherferðum þeirra.

10. gr. Eftirlíking.

1. Við gerð auglýsingar skal ekki stæla uppsetningu (layout), texta, mynd, tónlistar- eða hljóðnotkun annarrar auglýsingar né líkja eftir henni á annan hátt sem sennilegt er að villi um fyrir neytendum.
2. Þegar auglýsandi starfar í mörgum löndum og hefur áunnið vissri vöru nokkurt orð í einhverju landanna skulu aðrir auglýsendur í hinum löndunum ekki stæla óheiðarlega auglýsingar hins fyrstnefnda þar sem slíkt mundi koma í veg fyrir eðlilegt gagn hans af auglýsingaverki sínu annars staðar.

11. gr. Sérkenni auglýsinga.

Auglýsingar skulu hafa greinileg sérkenni í hvaða formi sem þær birtast og án til-

lits til hvar þær koma fram. Ef auglýsing birtist í fjölmiðli, sem einnig dreifir fréttum eða stefnumarkandi greinum, skal sjá til þess að hún sé auðþekkjanleg sem auglýsing.

12. gr. Virðing fyrir öryggi.

Auglýsingar skulu ekki sýna eða lýsa á neinn hátt hættulegu atferli eða atvikum þar sem öryggi er vanvirt, nema sérstök ástæða sé til í menntunarlegum eða félagslegum tilgangi. Varúð skal sérstaklega viðhöfð í auglýsingum sem höfða til barna eða unglinga eða sýna slíka aldursflokka.

13. gr. Börn og unglingar.

1. Í auglýsingum skal ekki misnota hina eðlilegu trúgirni barna né reynsluskort yngri kynslóðarinnar og skal þess gætt að auglýsingar raski ekki samlyndi innan fjölskyldunnar.
2. Auglýsingar, sem beint er til barna eða unglinga eða eru líklegar til að hafa áhrif á þá aldursflokka, skulu ekki innihalda staðhæfingar eða myndir sem gætu skaðað hina yngri geðrænt, siðferðislega eða líkamlega.

14. gr. Ábyrgð á auglýsingum.

1. Ábyrgðin á því að ákvæðin í þessum reglum séu haldin hvílir á auglýsanda, semjanda auglýsingar eða auglýsingastofu og einnig á útgefanda, eiganda fjölmiðils eða öðrum slíkum samningsaðila við birtingu.
   a. Auglýsandi skal taka á sig heildarábyrgð vegna auglýsinga á sínum vegum.
   b. Semjandi auglýsingar eða auglýsingastofa skal vinna verkið af fyllstu kostgæfni og á þann hátt að auglýsandi sé fær um að inna skyldur sínar af hendi sem honum ber.
   c. Útgefandi, eigandi fjölmiðils eða hver annar aðili, sem birtir, miðlar eða dreifir auglýsingum, skal viðhafa réttmæta varúð er hann tekur við auglýsingum og kemur þeim á framfæri við almenning.
2. Öllum, sem starfa hjá fyrirtæki eða stofnun, sem fellur undir einhverja af áðurnefndum þremur skilgreiningum, og taka þátt í undirbúningi auglýsinga, gerð þeirra, birtingu eða miðlun til annarra, ber skylda til, í samræmi við stöðu sína, að sjá um að reglunum sé fylgt.

15. gr.

Ábyrgðin á að reglunum sé fylgt nær yfir allt innihald og form auglýsingar. Þar telst með vitnisburður og yfirlýsingar ásamt myndaefni jafnvel þótt slíkt sé aðfengið.

16. gr.

Villandi auglýsing skal ekki réttlætt með því að benda á að auglýsandi hafi síðar séð neytendum fyrir réttri vitneskju.

17. gr.

Vörulýsingar og staðhæfingar um eðli eða myndameðferð skulu ávallt vera sannleikanum samkvæmar. Auglýsendur skulu fúsir til að leggja fram sönnunargögn

án tafar sé þess óskað af aðilum sem sjá um að reglunum sé framfylgt.

18. gr.

Enginn auglýsandi, semjandi auglýsingar eða auglýsingastofa, útgefandi, eigandi fjölmiðils eða annar birtingaraðili skal taka þátt í birtingu auglýsingar ef hún hefur verið dæmd óframbærileg af þeim aðila sem sér um að reglunum sé framfylgt.

Aukaákvæði um auglýsingar á sérsviðum.

Atriðin, sem fjallað er um í þessum viðauka, krefjast sérstakrar varúðar af hálfu auglýsenda gagnvart hinum endanlega neytanda og skal bera eftirfarandi ákvæði saman við almennu ákvæðin í reglunum.

A. Verslunarhættir.

A. 1. Ábyrgð.

Í auglýsingum skal ekki minnast á ábyrgð sem bótalaust ógildir eða skerðir réttindi sem kaupandi annars hefur. **ÁBYRGÐ** og önnur orð sömu merkingar mega því aðeins koma fram í auglýsingu að greint sé fyllilega frá öllum skilmálum. Enn fremur skal auglýsingin skýra á fullnægjandi hátt hvernig kaupandi getur leitað réttar síns en slíkar upplýsingar skulu að öðrum kosti látnar honum í té skriflega við sölu eða með varningnum.

A. 2. Afborganir og annar greiðslufrestur.

Auglýsingar, sem geta um leigu er gangi upp í kaup, greiðslufrest eða hvers konar afborgunarskilmála fyrir neytendur, skulu settar fram þannig að enginn misskilningur geti orðið um staðgreiðsluverð, útborgun, vexti og heildarkostnað þess sem auglýst er né heldur um söluskilmála.

A. 3. Póstverslun.

Auglýsingar á vörum til afhendingar í pósti skulu gerðar þannig að neytendur hafi ekki ástæðu til að verða óánægðir þótt þeir geti yfirleitt ekki skoðað vöru fyrir móttöku. Í lýsingu á póstsöluvarningi skal einkum:

a. gefa ljósa og nákvæma vitneskju um það sem stendur til boða, verð, greiðsluskilmála, afhendingu (þar með teljast áætlaðar tímasetningar, burðargjald, áhætta við flutning og trygging). Einnig skal greina frá endursendingarskilmálum og full skýring skal gefin á öllu, sem boðið er „ókeypis“, og á öllum samningum um áframhaldandi viðskipti.
b. Tilgreina skal fullt nafn og varanlegt heimilisfang auglýsanda svo að neytendur geti haft samband við hann beint. Ekki skal taka til dreifingar auglýsingar sem gefa aðeins upp heimilisfang eða pósthólf.

A. 4. Ópantaðar sendingar.

Ekki skal fást við auglýsingar á varningi sem dreift er án þess að pantanir hafi borist. Aðferðin, sem vikið er að hér, byggist á að senda ópantaða vöru og krefj-

ast þess að viðtakandi greiði eða endursendi varninginn. Annað afbrigði er að gefa slíkt í skyn.

A. 5. Umboðssala (franchise).
Ef auglýst er eftir umboðssöluaðilum skal gæta þess að gefa ekki upplýsingar sem eru villandi, beint eða óbeint, um stuðning og sennilegan hagnað eða tilkostnað og fyrirhöfn. Fullt nafn umboðsbjóðanda og varanlegt heimilisfang skal tilgreint í auglýsingunni.

A. 6. Góðgerðarstarfsemi.
Í auglýsingum, sem bjóða til sölu varning til styrktar góðu málefni, skal ekki gefa villandi upplýsingar um hver hlutur góðgerðarstarfseminnar er.

A. 7. Sölukynning.
Ef auglýsingar bjóða neytendum happdrætti eða samkeppni í því skyni að örva sölu, ef boðnar eru „gjafir“ eða verðlaun eða ef auglýsing fjallar um kynningu er snýst um afsláttarmerki (trading stamps), sameinuð tilboð o.s.frv. skal í öllum tilvikum greina skýrt frá skilyrðum. Ekki skal villa um fyrir neytendum þannig að tilboðið verði óeðlilegra en efni standa til.

B. Sérstakar vörutegundir og þjónusta.

B. 1. Lög eða reglur um einstakar vörutegundir eða þjónustu.
Auglýsendur, semjendur auglýsinga og auglýsingastofur, svo og útgefendur og eigendur fjölmiðla, skulu gæta þess að farið sé að lögum er kveða á um auglýsingar á einstökum vörutegundum og þjónustu hvort sem um er að ræða sérstakar reglur um meðferð þeirra eða bann við auglýsingum.

B. 2. Lán og fjárfesting.
Auglýsingar skulu ekki hafa orðalag sem líklegt er til að villa um fyrir almenningi hvað snertir lánakjör, eðli boðinna verðbréfa, raunverulegan eða áætlaðan hagnað eða innlausnarskilmála.

B. 3. Atvinna og námskeið.
1. Ef starf er auglýst skal ekki gefa villandi eða ýktar upplýsingar um eðli starfsins, launamöguleika, vinnuskilyrði eða húsnæðishorfur á staðnum.
2. Auglýsingar, sem bjóða námskeið, skulu ekki gefa villandi loforð um atvinnu né heldur gylla atvinnumöguleika eða væntanlegar tekjuhorfur þeirra er slík námskeið sækja. Ekki skal bjóða „próf“ eða hæfnisvottorð, sem ekki njóta viðurkenningar, eða rangfæra gildi viðurkenndra prófa.

B. 4. Vinna í heimahúsum.
1. Auglýsingar um vinnu í heimahúsum skulu gefa fullnægjandi lýsingu á starfinu og á væntanlegum tekjum af því.
2. Auglýsingin skal greina á fullnægjandi hátt frá fyrirkomulagi ef verkþega er ætlað að kaupa vélar, hráefni eða panta efni til samsetningar eða ef auglýsandi

býðst til að kaupa framleiðsluna. Tilgreina skal fullt nafn auglýsanda og heimilisfang hans.

B. 5. Ferðalög.

Auglýsingar um ferðalög af ýmsu tagi skulu orðaðar þannig að ólíklegt sé að neytandinn verði fyrir vonbrigðum. Þess vegna skal í kynningarefni gera nákvæma og rétta grein fyrir eftirfarandi atriðum:

a. fyrirtækinu sem stendur að ferðinni,
b. hvernig ferðast verður (tilgreina skal hvort um er að ræða leigu- eða áætlunarferð og, ef kostur er, skal gefa upp nafn fyrirtækis í fólksflutningum, tegund flugvélar eða annars farartækis og gæðaflokk farrýmis),
c. áfangastað og ferðaáætlun,
d. lengd ferðar (nákvæmlega) og dvalartíma á hverjum stað,
e. aðbúnaði á gististað og fæði sem boðið er,
f. hvers kyns aukatilboðum sem í boði eru (skemmtanalífi, kynnisferðum o.s.frv.),
g. auglýstu heildarverði ferðalagsins (að minnsta kosti hámarks- og lágmarksverði) og kostnaðarliðum sem felast í því (flugvallarsköttum, ýmsum útgjöldum, fargjöldum á styttri leiðum, greiðslu fyrir burðarþjónustu, þjórfé o.s. frv.).
h. skilyrðum um afturköllun pantana.

B. 6. Hættulegur varningur.

Ef auglýsingar fjalla um vörur sem hætta getur stafað af vegna hugsanlegra eiturverkana, eldfimi o.s.frv. — án þess þó að neytendur geti auðveldlega gert sér slíkt ljóst — skal gera grein fyrir áhættunni.

B. 7. Fasteignir, sala og leiga.

1. Auglýsingar á þessu sviði, hvort sem um er að ræða sölu eða leigu á fasteignum, skulu ekki vera villandi eða ýktar að því er snertir:
   a. lóðina sjálfa og allar byggingar á henni eða hús sem þar á að byggja,
   b. eðli húsnæðisins innan húss og utan (þar með telst húsbúnaður og þægindi), útlit byggingar og íbúðar, svo og umhverfi,
   c. eignarrétt og formsatriði,
   d. réttindi eiganda og annarra hlutaðaeigandi aðila (rights and easements),
   e. kröfur skipulagsnefnda bæjar- eða sveitarfélaga og aðrar skyldar reglur,
   f. skatta, gjöld og skylda liði,
   g. verð, greiðsluskilmála og lánafyrirgreiðslu.
2. Sérstaka varúð skal viðhafa ef um er að ræða auglýsingar um fasteignir í öðru landi. Í þeim tilvikum skal gæta þess að nákvæm og rétt lýsing sé gefin á fasteigninni og skal sú lýsing ná yfir öll atriði sem máli skipta eins og að ofan greinir.

Auglýsingar og börn.

Alþjóðaverslunarráðið hefur samþykkt eftirfarandi leiðbeiningar við siðareglur sínar um auglýsingar:

1. gr. Auðkenning.

Vegna þess hve börn eru viðkvæm og til þess að auka áhrif 11. gr. siðareglnanna ætti að merkja auglýsingar og auglýsingaefni greinilega „Auglýsing“ eða á annan jafntryggan hátt ef hætta er á að villst verði á auglýsingum og öðru efni blaða og tímarita eða dagskrárefni hljóðvarps og sjónvarps.

2. gr. Ofbeldi.

Í samræmi við grein 13.2. skal haft í huga að auglýsingar mega ekki sýna ofbeldi þar sem það er andstætt lögum eða siðvenjum.

3. gr. Gildismat.

Auglýsingar ættu ekki að rýra gildismat viðkomandi þjóðfélags með því að gefa í skyn að umráð eða notkun vöru veiti barni líkamlega, félagslega eða sálfræðilega yfirburði yfir jafnaldra sína eða að það hafi öfug áhrif að vera án vörunnar. Auglýsingar ættu ekki að grafa undan valdi og áliti foreldra, ábyrgð þeirra, dómgreind og smekk, að teknu tilliti til ríkjandi gildismats á hverjum tíma.

4. gr. Öryggi.

Í samræmi við 12. gr. og grein 13.2. ættu auglýsingar ekki að innihalda yfirlýsingar með myndefni sem gæti orðið þess valdandi að börn komist í hættu, séu hvött til að hafa samneyti við ókunnuga eða sækja heim óvenjulega eða hættulega staði.

5. gr. Sannfæring.

Auglýsingar ættu ekki að innihalda áskorun til barna um að telja aðra á að kaupa hina auglýstu vöru handa þeim.

6. gr. Framsetning.

Í samræmi við 4. gr. siðareglnanna ætti að gæta þess sérstaklega að tryggja að auglýsingar villi ekki um fyrir börnum hvað varðar rétta stærð, verðmæti, eðli, endingu og notagildi auglýstra vara. Sé aukahluta þörf, t.d. rafhlöðu, til að nota vöruna eða til að ná þeim árangri sem lýst er eða er sýndur, t.d. málningar, ætti að gefa slíkt skýrt til kynna. Sé vara hluti af flokki, röð eða stærri heild, „t.d. sería“ ætti að taka slíkt skýrt fram, svo og hvar og hvernig megi afla sér þess sem á vantar. Auglýsingar ættu ekki að gera minna en efni standa til úr þeirri hæfni sem þörf er á til að nota vöruna. Þegar árangur af notkun vöru er sýndur eða honum lýst ætti auglýsingin að kynna einungis það sem eðlilega má ætlast til af barni á þeim aldri sem varan er ætluð.

7. gr. Verð.

Hugmynd um verð á ekki að gefa þannig að börn ofmeti raunverulegt verðmæti vörunnar, t.d. vegna notkunar orðanna einungis eða *aðeins*. Auglýsingar ættu aldrei að gefa í skyn að allar fjölskyldur hafi ráð á að eignast tiltekna vöru.

Siðanefnd.

Til þess að framfylgja framanskráðum siðareglum um auglýsingar skal sett á stofn

siðanefnd. Í nefndinni eiga sæti þrír fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra auglýsingastofa, einn fulltrúi tilnefndur af Verslunarráði Íslands og einn fulltrúi tilnefndur af Neytendasamtökunum. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum og setur sér starfsreglur.

Starfsreglur siðanefndar um auglýsingar.

1. gr.

Siðanefnd er skipuð fimm mönnum. Skulu þrír tilnefndir af Sambandi íslenskra auglýsingastofa (SÍA), einn tilnefndur af Verslunarráði Íslands (VÍ) og einn tilnefndur af Neytendasamtökunum (NS).

Ef einhver nefndarmanna á hagsmuna að gæta eða er í nánum tengslum við aðila kærumáls skal hann víkja sæti og varamaður skipaður í hans stað.

2. gr.

Siðanefnd skiptir sjálf með sér verkum, velur sér formann, varaformann og ritara. Nefndin skal halda gjörðabók þar sem skráðar eru fundargerðir og afgreiðsla mála.

3. gr.

Hver sem er (einstaklingar, fyrirtæki eða stofnanir) getur kært til siðanefndar brot á Siðareglum um auglýsingar eða brot á öðrum reglum um auglýsingar. Einnig getur siðanefnd tekið mál til athugunar að eigin frumkvæði.

4. gr.

Kæra skal vera skrifleg og rökstudd. Hafi auglýsingar birst á prenti skal eintak af henni eða ljósrit fylgja kæru. Hafi auglýsing birst í útvarpi eða sjónvarpi skal nákvæmlega tilgreint hvenær það var, um hvað auglýsingin fjallar og hvaða aðili auglýsti.

Kærur skal senda til skrifstofu Sambands íslenskra auglýsingastofa.

5. gr.

Siðanefnd getur afgreitt kærur með eftirfarandi hætti:

1. Ef siðanefnd telur auglýsingu ekki brjóta í bága við siðareglur vísar hún kærunni frá með bréfi til kæranda og greinargerð til aðildarsamtaka siðanefndar.
2. Ef siðanefnd telur vera um minni háttar brot að ræða fer nefndin fram á leiðréttingu auglýsingarinnar og sendir síðan greinargerð til aðildarsamtaka siðanefndar og svarbréf til kæranda.
3. Ef um meiri háttar brot er að ræða á siðareglum skal siðanefnd fyrst fara fram á stöðvun birtingar og leiðréttingu auglýsingar. Jafnframt óskar siðanefnd eftir greinargerð frá ábyrgðarmanni auglýsingar. Ef neitað er að stöðva birtingu eða leiðrétta auglýsingu skal aðilum boðið að leggja deiluefnið fyrir gerðardóm Verslunarráðs Íslands. Hafni aðilar gerðardómsmeðferð getur siðanefnd ráðlagt kæranda málsókn fyrir almennum dómstólum. Siðanefnd skal senda greinargerð um málsmeðferð sína og afgreiðslu til aðildarsamtaka siðanefndar og til kæranda.

6. gr.

Siðanefnd er heimilt að birta úrskurði sína opinberlega. Nöfn aðila skulu þó ekki birt nema um meiri háttar brot sé að ræða og aðeins samkvæmt ákvörðun siðanefndar hverju sinni.

Um viðauka o.fl.

Frumvarp þetta er óbreytt frá frumvarpi því er lagt var fyrir 112. löggjafarþing 1989–1990, nema hvað gildistökuákvæði er breytt og frumvarpinu fylgja þar að auki aðeins eftirfarandi viðaukar:

Viðauki 1. Ýmis lög og reglur er varða auglýsingar.
Viðauki 2. Siðareglur Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingastarfsemi.

Nd. 137. Frumvarp til laga [133. mál]

um einkaleyfi.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Rétt til að fá einkaleyfi fyrir uppfinningu samkvæmt lögum þessum hefur uppfinningamaður eða sá sem hefur öðlast rétt hans. Einkaleyfi er veitt eftir umsókn fyrir uppfinningu sem hagnýta má í atvinnulífi. Leyfið veitir einkarétt til að hagnýta uppfinninguna í atvinnuskyni.

Helstu nýjungar, sem ekki verða taldar til uppfinninga, eru þær sem eingöngu varða:

1. Uppgötvanir, vísindakenningar og stærðfræðiaðferðir.
2. Listræn verk.
3. Skipulag, reglur eða aðferðir við hugarstarfsemi, leiki eða atvinnustarfsemi eða forrit fyrir tölvur.
4. Miðlun upplýsinga.

Aðferðir við handlækningar, endurhæfingu eða sjúkdómsgreiningu á mönnum eða dýrum verða heldur ekki taldar til uppfinninga. Þetta er þó ekki því til fyrirstöðu að veita megi einkaleyfi fyrir tækjum og afurðum til nota við þessar aðferðir, þar á meðal fyrir efnum og efnablöndum.

Einkaleyfi má ekki veita fyrir:

1. Uppfinningum sem stríða mundu gegn siðgæði eða allsherjarreglu.
2. Plöntu- eða dýraafbrigðum eða aðferðum við að framleiða plöntur eða dýr sem eru aðallega líffræðilegar. Þó má veita einkaleyfi fyrir aðferðum á sviði örverufræði og afurðum slíkra aðferða.

2. gr.

Einkaleyfi verður einungis veitt fyrir uppfinningum sem eru nýjar með tilliti til þess sem þekkt er fyrir umsóknardag og eru að auki frábrugðnar því í verulegum atriðum.

Það telst þekkt sem almennur aðgangur er að í rituðu máli, fyrirlestrum, með hagnýtingu eða á annan hátt. Einnig telst efni einkaleyfisumsóknar, sem lögð hefur verið inn hér á landi fyrir umsóknardag annarrar umsóknar, þekkt ef aðgangur verður almennur að fyrri umsókninni samkvæmt reglum 22. gr. Skilyrðið í 1. mgr. um að uppfinningin sé í verulegum atriðum frábrugðin því sem þekkt er gildir þó ekki gagnvart efni slíkrar umsóknar.

Umsóknir, sem um er fjallað í III. kafla, skulu í sérstökum tilvikum hafa sömu áhrif hér á landi og um er rætt í 2. mgr., sbr. 29. og 38. gr.

Skilyrði í 1. mgr. um að uppfinningar skuli vera nýjar er ekki því til fyrirstöðu að veitt verði einkaleyfi fyrir þekktu efni eða efnablöndum til notkunar við aðferðir þær sem nefndar eru í 3. mgr. 1. gr. svo fremi sem efnið eða efnablöndurnar eru ekki þekktar við einhverjar þessara aðferða.

Einkaleyfi má veita fyrir uppfinningu þótt hún hafi orðið almenningi aðgengileg innan sex mánaða fyrir umsóknardag þegar það má rekja til:

1. augljósrar misbeitingar gagnvart umsækjanda eða einhvers sem hann sækir rétt sinn til eða
2. að umsækjandi eða einhver, sem hann sækir rétt sinn til, hafi sýnt uppfinninguna á opinberri eða opinberlega viðurkenndri alþjóðlegri sýningu samkvæmt sáttmála um alþjóðlegar sýningar sem gerður var í París 22. nóvember 1928.

3. gr.

Einkaréttur sá, sem menn öðlast með einkaleyfi, felur það í sér að aðrir en einkaleyfishafi mega ekki án samþykkis hans hagnýta sér uppfinninguna með því að:

1. framleiða, bjóða til sölu, setja á markað, nota eða flytja inn eða hafa í fórum sínum í þeim tilgangi tæki eða aðrar afurðir sem veitt hefur verið einkaleyfi fyrir eða
2. nota aðferð, sem nýtur einkaleyfisverndar, eða bjóða hana til notkunar hér á landi, ef sá sem býður fram aðferðina veit að hana má ekki nota án samþykkis einkaleyfishafa eða slíkt má vera ljóst af aðstæðum eða
3. bjóða, setja á markað eða nota afurð, sem framleidd er með aðferð sem vernduð er með einkaleyfi, eða flytja inn, eiga eða hafa slíka afurð í fórum sínum í ofangreindum tilgangi.

Í einkaréttinum felst einnig að aðrir en einkaleyfishafi mega ekki án hans samþykkis hagnýta sér uppfinninguna með því að afhenda eða bjóða þeim sem ekki hafa heimild til að nota uppfinninguna tilföng til að nota hana hér á landi. Þetta á við ef tilföngin varða verulegan þátt uppfinningar og sá sem lætur þau af hendi eða tilboðsgjafinn veit að þau henta og eru ætluð til slíkra nota eða slíkt er ljóst af aðstæðum. Sé tilfang almenn verslunarvara gildir þetta þó því aðeins að sá sem afhendir eða býðst til að afhenda það hvetji móttakandann til að hafa þann verknað í frammi sem nefndur er í 1. mgr. Við beitingu ákvæða 1. og 2. málsl. þessarar málsgreinar verður að líta svo á að þeir sem fara að með þeim hætti, sem nefndur er í 1., 3. og 4. tölul. 3. mgr., hafi ekki rétt til að notfæra sér uppfinninguna.

Einkaréttur tekur ekki til:

1. athafna sem ekki tengjast atvinnustarfsemi,
2. hagnýtingar á framleiðsluafurð sem nýtur einkaleyfisverndar og sett er á markað hér á landi af einkaleyfishafa eða með samþykki hans,
3. tilrauna með efni uppfinningar,
4. tilreiðslu lyfja í lyfjabúð samkvæmt forskrift frá lækni í einstökum tilvikum eða ráðstöfunar lyfs sem þannig er tilreitt.

4. gr.

Hagnýti einhver sér uppfinningu í atvinnuskyni hér á landi þegar annar leggur inn einkaleyfisumsókn um hana má hinn fyrrnefndi halda þeirri hagnýtingu áfram með sem líkustum hætti þrátt fyrir veitt einkaleyfi, svo fremi að hún sé ekki augljós misbeiting gagnvart umsækjanda eða einhverjum sem hann sækir rétt sinn til. Á sama hátt er hagnýting heimil þeim sem gert hafði verulegar ráðstafanir til að hagnýta uppfinninguna í atvinnuskyni hér á landi.

Aðilaskipti að rétti skv. 1. mgr. geta aðeins orðið í tenglsum við aðilaskipti að þeim atvinnurekstri sem rétturinn á uppruna sinn í eða starfsemi þar sem notkun hans var áformuð.

5. gr.

Einkaleyfi hindrar ekki að vernduð uppfinning sé hagnýtt af öðrum en einkaleyfishafa við notkun erlends ökutækis, skips eða loftfars þegar viðkomandi samgöngutæki er statt hér um stundarsakir eða af tilviljun.

Iðnaðarráðherra getur ákveðið að þrátt fyrir veitt einkaleyfi megi flytja inn varahluti og annað tilheyrandi loftförum og nota hér við viðgerðir á loftförum sem skráð eru í öðru ríki ef það ríki veitir íslenskum loftförum sams konar réttindi.

6. gr.

Nú er sótt um einkaleyfi fyrir uppfinningu sem umsækjandi eða einhver, sem hann sækir rétt sinn til, hefur á síðustu 12 mánuðum fyrir umsóknardag lýst í annarri umsókn um

einkaleyfi hér á landi eða í annarri umsókn um einkaleyfi, uppfinningarskírteini eða í umsókn um smáeinkaleyfi í öðru landi sem er aðili að Parísarsáttmálanum frá 20. mars 1883 um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar. Skal þá litið svo á að seinni umsóknin hafi verið lögð inn samtímis hinni fyrri að því er varðar efni 1., 2. og 4. mgr. 2. gr. svo og 4. gr., enda leggi umsækjandi fram kröfu þar að lútandi. Einnig má byggja forgangsrétt á umsókn um vernd sem lögð er inn í ríki sem ekki er aðili að Parísarsáttmálanum ef íslenskar umsóknir um einkaleyfi njóta sambærilegra réttinda í því ríki og löggjöf þar er í aðalatriðum í samræmi við sáttmálann.

Iðnaðarráðuneytið ákveður nánari skilyrði fyrir heimild til að slíkur forgangsréttur taki gildi.

II. KAFLI
Einkaleyfisumsóknir og meðferð þeirra.

7. gr.

Lög þessi falla undir iðnaðarráðuneytið. Á vegum ráðuneytisins er starfrækt einkaleyfaskrifstofa sem fer með framkvæmd laganna. Með einkaleyfayfirvöldum í lögum þessum er átt við þá skrifstofu nema annað sé tekið fram.

Iðnaðarráðherra skipar áfrýjunarnefnd í einkaleyfamálum. Nefndin úrskurðar í málum sem til hennar verður skotið og varða ákvarðanir einkaleyfayfirvalda, sbr. 25. gr. og 67. gr. þessara laga. Um hæfi formanns og skipunartíma, meðnefndarmenn og málsmeðferð fyrir nefndinni gilda reglur 44. gr. laga nr. 47/1968, sbr. lög nr. 31/1984. Í reglugerð verður nánar kveðið á um nefndina.

8. gr.

Umsókn um einkaleyfi skal skila skriflega til einkaleyfayfirvaldanna eða, ef um er að ræða tilvik sem greinir í III. kafla, til einkaleyfayfirvalda í erlendu ríki eða alþjóðastofnunar.

Einkaleyfisumsókn skal hafa að geyma lýsingu á uppfinningunni ásamt teikningum, sé þeirra þörf, og greinargóða skilgreiningu á því sem krafist er einkaleyfis fyrir (einkaleyfiskröfur). Lýsingin skal vera svo skýr að fagmaður geti á grundvelli hennar útfært uppfinninguna. Ef uppfinningin varðar örverufræðilega aðferð eða afurð framleidda með slíkri aðferð telst henni ekki nægilega vel lýst nema skilyrði 6. mgr. séu uppfyllt.

Umsókn skal hafa að geyma ágrip af lýsingu og einkaleyfiskröfum. Ágripinu er eingöngu ætlað að veita tæknilegar upplýsingar um uppfinninguna en hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

Nafn uppfinningamanns skal tilgreint í umsókn. Sé umsækjandi annar en uppfinningamaður skal umsækjandi sanna rétt sinn til uppfinningarinnar.

Umsækjandi skal greiða tilskilið umsóknargjald. Fyrir einkaleyfisumsókn skal einnig greiða tilskilið árgjald fyrir hvert gjaldár sem byrjar að líða áður en endanleg ákvörðun er tekin um umsókn. Gjaldár samkvæmt lögum þessum er 12 mánuðir og reiknast í fyrsta skipti frá umsóknardegi, en eftir það frá tilsvarandi degi á almanaksárinu.

Ef við uppfinninguna þarf að nota örverur sem hvorki eru aðgengilegar almenningi né hægt að lýsa í umsókn þannig að fagmaður geti á grundvelli hennar útfært uppfinninguna skal rækt af örverustofninum lögð inn til varðveislu í síðasta lagi á umsóknardegi. Ræktina skal þaðan í frá varðveita stöðugt þannig að hver sá, sem heimild hefur samkvæmt lögum þessum, geti fengið afhent sýni af henni hér á landi. Í reglugerð skal kveðið á um hvar slík varðveisla sé heimil.

Ef varðveitt örverurækt verður óvirk eða ekki er af öðrum ástæðum hægt að láta í té sýni af ræktinni má skipta um hana með nýrri rækt af sama örverustofni innan tilskilins tíma og að öðru leyti í samræmi við ákvæði í reglugerð. Í slíkum tilvikum telst nýja varðveislan hefjast sama dag og hin fyrri.

9. gr.

Að beiðni umsækjanda og gegn greiðslu tilskilinna gjalda skulu einkaleyfayfirvöld, í samræmi við nánari ákvæði í reglugerð, láta rannsaka nýnæmi uppfinningarinnar hjá alþjóðlegri nýnæmisrannsóknastofnun, sbr. ákvæði 5. mgr. 15. gr. alþjóðasamstarfssáttmálans um einkaleyfi (PCT) sem gerður var í Washington 19. júní 1970.

10. gr.

Í einni og sömu umsókn má ekki sækja um einkaleyfi fyrir tveimur eða fleiri óskyldum uppfinningum.

11. gr.

Sæki maður um einkaleyfi fyrir uppfinningu sem felst í eldri einkaleyfisumsókn hans og ekki hefur hlotið endanlega afgreiðslu skal að beiðni umsækjanda og að uppfylltum skilyrðum í reglugerð litið svo á að seinni umsóknin hafi verið lögð inn samtímis því að gögn, sem fela í sér uppfinninguna, bárust einkaleyfayfirvöldum.

12. gr.

Hafi umsækjandi ekki heimilisfesti hér á landi skal hann hafa umboðsmann búsettan hérlendis sem getur komið fram fyrir hans hönd í öllu því er varðar umsóknina.

13. gr.

Umsókn um einkaleyfi má ekki breyta á þann hátt að sótt sé um einkaleyfi fyrir einhverju því sem ekki kom fram í umsókninni þegar hún var lögð inn eða á þeim tíma sem hún telst lögð inn skv. 14. gr.

14. gr.

Geri umsækjandi breytingar á umsókn sinni innan sex mánaða frá umsóknardegi skal umsóknin, að beiðni umsækjanda, teljast lögð inn á þeim degi sem breytingarnar bárust einkaleyfayfirvöldum.

Beiðni skv. 1. mgr. skal sett fram innan tveggja ára frá umsóknardegi. Slíka beiðni má ekki setja fram oftar en einu sinni og hún verður ekki afturkölluð.

15. gr.

Hafi umsækjandi ekki farið að settum reglum um umsóknir eða einkaleyfayfirvöld telja af öðrum ástæðum að eitthvað sé því til fyrirstöðu að umsókn verði samþykkt skal umsækjanda tilkynnt það og honum gefinn kostur á að tala sínu máli eða bæta umsóknina innan ákveðins frests. Einkaleyfayfirvöld geta þó án samráðs við umsækjanda gert þær breytingar á ágripi umsóknarinnar sem þau telja nauðsynlegar.

Ef umsækjandi hvorki tjáir sig um málið né gerir nauðsynlegar ráðstafanir til að bæta umsóknina innan þess frests sem einkaleyfayfirvöld setja skal hún afskrifuð. Tekið skal fram í tilkynningu skv. 1. mgr. að svo verði gert.

Einkaleyfisumsókn verður þó tekin til meðferðar á ný ef umsækjandi tjáir sig um málið eða bætir umsóknina innan fjögurra mánaða frá því að hinn tiltekni frestur rann út, enda greiði hann tilskilið endurupptökugjald.

Ef árgjald skv. 8., 41. og 42. gr. er ekki greitt verður umsóknin afskrifuð án undanfarandi tilkynningar. Umsókn, sem hefur af þessum ástæðum verið afskrifuð, verður ekki tekin til meðferðar að nýju.

16. gr.

Telji einkaleyfayfirvöld, að fengnu svari umsækjanda, enn eitthvað mæla á móti því að umsóknin verði samþykkt og hafi umsækjandi haft möguleika á því að tjá sig um það atriði skal hafna umsókninni nema einkaleyfayfirvöld telji ástæðu til að gefa umsækjanda að nýju kost á að tala máli sínu eða bæta umsóknina skv. 1. mgr. 15. gr.

17. gr.

Staðhæfi einhver við einkaleyfayfirvöld að hann, en ekki umsækjandi, sé rétthafi uppfinningarinnar geta einkaleyfayfirvöld, ef þau telja vafa leika á í þessum efnum, beint þeim tilmælum til viðkomandi að hann höfði mál til staðfestingar kröfu sinni innan tiltekins frests. Ef viðkomandi verður ekki við tilmælunum geta einkaleyfayfirvöld litið fram hjá staðhæfingu hans við afgreiðslu einkaleyfisumsóknarinnar. Þessa skal getið í tilmælunum.

Ef höfðað er mál fyrir dómstólum um rétt til uppfinningar sem sótt er um einkaleyfi fyrir má fresta frekari meðferð einkaleyfisumsóknarinnar þar til málinu er endanlega lokið.

18. gr.

Færi einhver sönnur á að hann, en ekki umsækjandi, eigi réttinn til uppfinningar skulu einkaleyfayfirvöld skrá umsóknina á hans nafn, enda setji viðkomandi fram kröfu um það. Sá sem fær einkaleyfisumsókn skráða á sitt nafn með þessum hætti skal greiða umsóknargjald að nýju.

Komi fram krafa um yfirfærslu einkaleyfisumsóknar skv. 1. mgr. má ekki afskrifa, hafna eða samþykkja umsóknina fyrr en tekin hefur verið endanleg afstaða til kröfunnar.

19. gr.

Ef umsóknin er í samræmi við settar reglur og fyrirmæli og ekkert er því til fyrirstöðu að veita einkaleyfi skal umsóknin samþykkt til framlagningar skv. 21. gr.

Eftir að umsókn hefur verið samþykkt til framlagningar verður ekki lögð fram krafa skv. 14. gr. eða einkaleyfiskröfum breytt þannig að umfang einkaleyfisverndar verði víðtækara.

20. gr.

Umsækjandi skal greiða tilskilið framlagningargjald innan tveggja mánaða frá því einkaleyfayfirvöld tilkynntu honum að umsóknin hefði verið samþykkt til framlagningar. Sé gjaldið ekki greitt skal umsóknin afskrifuð. Umsóknin verður þó tekin til meðferðar að nýju ef umsækjandi greiðir framlagningargjaldið og tilskilið endurupptökugjald innan fjögurra mánaða frá því að frestur rann út.

Uppfinningamaður, sem sjálfur sækir um einkaleyfi, getur, innan þess frests sem um ræðir í fyrri málslið 1. mgr., farið fram á að hann verði undanþeginn greiðslu á framlagningargjaldi. Einkaleyfayfirvöld geta orðið við slíkri beiðni ef telja má að umsækjandi eigi í verulegum erfiðleikum með að greiða gjaldið. Ef slíkri beiðni er synjað telst greiðsla, sem innt er af hendi innan tveggja mánaða frá synjun, vera greidd á réttum tíma.

21. gr.

Þegar framlagningargjald skv. 20. gr. hefur verið greitt eða undanþága veitt frá greiðslu þess skulu einkaleyfayfirvöld leggja umsóknina fram svo almenningur eigi þess kost að skoða hana og bera fram andmæli gegn henni. Framlagningin skal auglýst.

Andmæli skulu vera skrifleg og hafa borist einkaleyfayfirvöldum innan þriggja mánaða frá því að framlagningin var auglýst.

Frá þeim tíma, sem framlagningin er auglýst, skal vera hægt að fá hjá einkaleyfayfirvöldum prentuð eintök af lýsingu, einkaleyfiskröfum og ágripi umsóknar. Þar skulu koma fram upplýsingar um umsækjanda og uppfinningamann.

22. gr.

Frá og með framlagningardegi umsóknar skulu umsóknargögnin vera öllum aðgengileg.

Þegar liðnir eru 18 mánuðir frá umsóknardegi eða þeim degi, sem krafist er forgangsréttar frá, sbr. 6. gr., skulu umsóknargögnin vera öllum aðgengileg, jafnvel þótt umsóknin hafi

ekki verið lögð fram. Hafi verið tekin ákvörðun um að afskrifa eða hafna umsókninni má þó ekki veita aðgang að umsóknargögnunum nema umsækjandi krefjist endurupptöku, áfrýi ákvörðun um höfnun eða krefjist endurveitingar réttinda skv. 72. eða 73. gr.

Ef umsækjandi óskar skulu gögn varðandi umsóknina gerð aðgengileg fyrr en lýst er í 1. og 2. mgr.

Þegar umsóknargögn verða aðgengileg skv. 2. eða 3. mgr. skal birta auglýsingu um það.

Hafi skjal að geyma viðskiptaleyndarmál sem ekki varðar uppfinningu þá sem sótt er um einkaleyfi fyrir geta einkaleyfayfirvöld, ef þess er óskað og sérstakar ástæður eru fyrir hendi, ákveðið að skjalið í heild eða að hluta verði ekki aðgengilegt almenningi. Hafi slík beiðni verið sett fram verður skjalið ekki gert aðgengilegt fyrr en tekin hefur verið ákvörðun þar að lútandi eða liðinn er áfrýjunarfrestur vegna þeirrar ákvörðunar. Áfrýjun hefur í för með sér frestun á framkvæmd ákvörðunar.

Ef rækt af örverustofni er varðveitt í samræmi við ákvæði 8. gr. getur hver sem er fengið afhent sýni af ræktinni í samræmi við ákvæði 1., 2. eða 3. mgr. Þetta þýðir þó ekki að sýni verði afhent neinum þeim sem samkvæmt reglugerð eða lagaákvæðum er óheimilt að meðhöndla varðveittar örverur. Sýni verður heldur ekki afhent neinum þeim sem vegna skaðlegra eiginleika örverunnar er ekki talinn hæfur til að meðhöndla sýnið án verulegrar áhættu.

Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. getur umsækjandi farið fram á að sýni af örverurræktinni skuli aðeins afhent sérfræðingum þar til umsókn er lögð fram eða þar til endanlega hefur verið úrskurðað um hana án þess að hún sé lögð fram. Iðnaðarráðherra setur reglur um frest til að setja slíka beiðni fram og hverjir teljast skuli sérfræðingar í þessu samhengi.

Beiðni um afhendingu sýnis skal borin fram skriflega við einkaleyfayfirvöld og skal hún hafa að geyma yfirlýsingu um að fylgt verði þeim takmörkunum varðandi notkun sýnisins sem iðnaðarráðherra ákveður. Ef afhenda á sýnið sérfræðingi skal hann gefa slíka yfirlýsingu í stað þess sem ber fram beiðnina.

23. gr.

Þegar frestur skv. 2. mgr. 21. gr. er liðinn er umsóknin tekin til frekari umfjöllunar í því skyni að ákveða hvort orðið skuli við henni. Við þá meðferð gilda, eftir því sem við á, ákvæði 15., 16., 17. og 18. gr.

Hafi komið fram andmæli gegn umsókninni skal umsækjanda tilkynnt það og honum gefinn kostur á að segja álit sitt á þeim.

24. gr.

Umsækjandi getur skotið endanlegum ákvörðunum einkaleyfaskrifstofunnar varðandi umsóknina til áfrýjunarnefndar. Ef einkaleyfi er veitt þrátt fyrir rétt fram komin andmæli getur andmælandi einnig skotið þeirri ákvörðun til áfrýjunarnefndar. Falli andmælandi frá málskoti sínu er eigi að síður heimilt að taka það til umfjöllunar ef sérstakar ástæður mæla með því.

Ef beiðni um endurupptöku skv. 3. mgr. 15. gr. eða 1. mgr. 20. gr. er hafnað eða orðið er við beiðni um yfirfærslu umsóknar skv. 18. gr. getur umsækjandi skotið slíkum ákvörðunum til áfrýjunarnefndar. Ef beiðni um yfirfærslu umsóknar er hafnað getur sá sem setti beiðnina fram skotið ákvörðuninni til áfrýjunarnefndar.

Ef beiðni skv. 5. og 8. mgr. 22. gr. er hafnað getur sá sem sett hefur slíka beiðni fram skotið ákvörðuninni til áfrýjunarnefndar.

25. gr.

Þegar ákvörðun varðandi einkaleyfisumsókn er áfrýjað skal það tilkynnt áfrýjunarnefnd í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að einkaleyfayfirvöld tilkynntu viðkomandi um ákvörðun-

ina. Innan sama frests skal greiða tilskilið áfrýjunargjald. Sé það ekki gert skal vísa áfrýjuninni frá.

Ákvarðanir áfrýjunarnefndar verða ekki bornar undir æðra stjórnvald.

Dómsmál vegna þeirra ákvarðana einkaleyfaskrifstofunnar, sem skjóta má til áfrýjunarnefndar, verður ekki höfðað fyrr en fyrir liggur niðurstaða áfrýjunarnefndar, sbr. þó 52. og 53. gr. Dómsmál vegna þeirrar ákvörðunar áfrýjunarnefndar að hafna einkaleyfisumsókn skal höfðað innan tveggja mánaða frá því að viðkomandi var tilkynnt um ákvörðunina.

Ákvæði 5. mgr. 22. gr. gilda einnig um gögn sem lögð hafa verið fyrir áfrýjunarnefnd.

26. gr.

Einkaleyfi telst veitt þegar umsókn hefur verið endanlega samþykkt. Þegar einkaleyfi hefur verið veitt skal það auglýst og einkaleyfisskjal gefið út. Hafi lýsingu eða einkaleyfiskröfum verið breytt frá útgáfu eintaka sem um getur í 3. mgr. 21. gr. skal vera unnt að fá hjá einkaleyfayfirvöldum afrit af endanlegri gerð einkaleyfisins. Þar skal getið nafns einkaleyfishafa og uppfinningamanns.

Sé umsókn, sem almenningur hefur haft aðgang að, endanlega hafnað eða hún afskrifuð skal birta auglýsingu um það.

27. gr.

Veitt einkaleyfi skulu færð inn í einkaleyfaskrá sem haldin er af einkaleyfayfirvöldum.

III. KAFLI
Alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir.

28. gr.

Með alþjóðlegri einkaleyfisumsókn er átt við umsókn samkvæmt ákvæðum samstarfssáttmálans um einkaleyfi sem undirritaður var í Washington 19. júní 1970.

Alþjóðleg einkaleyfisumsókn skal lögð inn hjá einkaleyfayfirvöldum eða alþjóðastofnun sem í samræmi við ákvæði sáttmálans og reglur, sem settar eru samkvæmt honum, hafa heimild til að veita viðtöku slíkum umsóknum (viðtökuyfirvöld). Alþjóðlega einkaleyfisumsókn er hægt að leggja inn hjá einkaleyfayfirvöldum hér á landi í samræmi við ákvæði reglugerðar sem iðnaðarráðherra setur. Umsækjandi skal greiða einkaleyfayfirvöldum tilskilið umsóknargjald.

Ákvæði 29.–38. gr. eiga við um alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir sem taka til Íslands.

29. gr.

Alþjóðleg einkaleyfisumsókn, sem fengið hefur alþjóðlegan umsóknardag samkvæmt ákvörðun viðtökuyfirvalda, hefur sömu áhrif og einkaleyfisumsókn lögð inn hér á landi sama dag. Ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. eiga þó því aðeins við að umsóknin hafi verið yfirfærð í samræmi við ákvæði 31. gr.

30. gr.

Alþjóðleg einkaleyfisumsókn telst afturkölluð að því er Ísland varðar í tilvikum sem nefnd eru í (i)- og (ii)-lið 1. mgr. 24. gr. samstarfssáttmálans um einkaleyfi.

31. gr.

Óski umsækjandi eftir því að yfirfæra alþjóðlega einkaleyfisumsókn til Íslands skal hann innan 20 mánaða frá alþjóðlegum umsóknardegi eða forgangsréttardegi umsóknarinnar, sé forgangsréttar krafist, greiða tilskilin gjöld til einkaleyfayfirvalda. Enn fremur skal umsækjandi afhenda þýðingu á íslensku af umsókninni að því marki sem ákveðið er í reglugerð. Hafi umsóknin verið lögð inn á íslensku skal afhenda afrit af henni.

Ef umsækjandi óskar að gerð verði alþjóðleg forathugun á einkaleyfishæfi alþjóðlegrar umsóknar og lýsi hann því yfir innan 19 mánaða frá þeim degi sem getið er um í 1. mgr. að hann í samræmi við ákvæði samningsins hyggist nota niðurstöður þeirrar athugunar við umsókn um einkaleyfi á Íslandi skal hann innan 30 mánaða frá fyrrnefndri dagsetningu hafa uppfyllt skilyrði 1. mgr.

Hafi umsækjandi greitt þau gjöld, sem krafist er, innan þess frests, sem um getur í 1. og 2. mgr., má leggja inn tilskilda þýðingu eða afrit innan tveggja mánaða viðbótarfrests gegn því að greitt sé ákveðið viðbótargjald áður en sá frestur rennur út.

Uppfylli umsækjandi ekki skilyrði þessarar greinar telst umsóknin hafa verið dregin til baka að því er varðar Ísland.

32. gr.

Dragi umsækjandi til baka beiðni um alþjóðlega forathugun á einkaleyfishæfi eða yfirlýsingu um að hann hyggist nota niðurstöður slíkrar athugunar við umsókn um einkaleyfi á Íslandi skal litið svo á að alþjóðlega umsóknin hafi verið dregin til baka að því er Ísland varðar nema umsækjandi hafi dregið beiðnina til baka innan þess frests sem gildir skv. 1. mgr. 31. gr. og yfirfært umsóknina innan þeirra tímamarka sem gilda skv. 1. mgr. 31. gr., sbr. 3. mgr. sömu greinar.

33. gr.

Þegar alþjóðleg einkaleyfisumsókn er yfirfærð í samræmi við ákvæði 31. gr. gilda ákvæði II. kafla um umsóknina og meðferð hennar ef ekki er kveðið á um annað í þessari grein eða 34.–37. gr. Umsóknina má þó því aðeins taka til meðferðar að liðnir séu frestir skv. 1. eða 2. mgr. 31. gr. nema umsækjandi óski annars.

Ákvæði 12. gr. tekur ekki gildi fyrr en einkaleyfayfirvöld geta tekið umsóknina til meðferðar.

Þótt umsókn hafi ekki verið yfirfærð koma ákvæði 22. gr. til framkvæmda um leið og umsækjandi hefur uppfyllt skyldur sínar skv. 31. gr. með því að leggja inn þýðingu á umsókninni eða, ef umsóknin er á íslensku, þegar umsækjandi hefur lagt inn afrit af henni til einkaleyfayfirvalda.

Við beitingu ákvæða 48., 56. og 60. gr. telst alþjóðleg einkaleyfisumsókn orðin öllum aðgengileg þegar hún hefur verið gerð aðgengileg samkvæmt ákvæðum 3. mgr. Ef einkaleyfisumsóknin uppfyllir skilyrði samstarfssáttmálans um form og innihald skal hún samþykkt að því leyti.

34. gr.

Alþjóðleg einkaleyfisumsókn verður ekki samþykkt til framlagningar eða henni hafnað fyrr en liðinn er frestur samkvæmt reglugerð nema umsækjandi hafi samþykkt að tekin verði ákvörðun um umsóknina innan þess frests.

35. gr.

Án samþykkis umsækjanda mega einkaleyfayfirvöld ekki leggja fram alþjóðlega einkaleyfisumsókn eða gera hana opinbera í prentuðu máli fyrr en umsóknin hefur verið gerð opinber af Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO) eða 20 mánuðir eru liðnir frá alþjóðlegum umsóknardegi eða forgangsréttardegi sé forgangsréttar krafist.

36. gr.

Hafi hvorki verið gerð alþjóðleg nýnæmisrannsókn á hluta af alþjóðlegri einkaleyfisumsókn né alþjóðleg forathugun á einkaleyfishæfi þess hluta, af þeirri ástæðu að umsóknin er talin hafa að geyma tvær eða fleiri uppfinningar óskyldar hver annarri, og hafi umsækjandi ekki greitt viðbótargjald innan tilskilins frests í samræmi við ákvæði samstarfssáttmálans skulu

einkaleyfayfirvöld rannsaka hvort matið var rétt. Reynist svo vera skal umræddur hluti umsóknarinnar teljast afturkallaður hjá einkaleyfayfirvöldum nema því aðeins að umsækjandi greiði tilskilið gjald innan tveggja mánaða frá því að einkaleyfayfirvöld tilkynntu honum um niðurstöðu rannsóknarinnar. Ef einkaleyfayfirvöld komast að þeirri niðurstöðu að matið hafi ekki verið rétt, ber þeim að halda áfram málsmeðferð umsóknarinnar í heild sinni.

Umsækjandi getur áfrýjað ákvörðun skv. 1. mgr. þess efnis að umsókn varði tvær eða fleiri óskyldar uppfinningar. Ákvæði 1.–3. mgr. 25. gr. eiga hér við.

Ef úrskurður einkaleyfayfirvalda er staðfestur telst frestur til greiðslu skv. 2. málsl. 1. mgr. frá þeim degi sem endanlegur úrskurður lá fyrir.

37. gr.

Hafi ekki farið fram alþjóðleg forathugun á einkaleyfishæfi hluta alþjóðlegrar einkaleyfisumsóknar af þeirri ástæðu að umsækjandi hefur takmarkað einkaleyfiskröfurnar samkvæmt ábendingu alþjóðlegrar rannsóknarstofnunar skal líta svo á að umræddur hluti umsóknarinnar hafi verið afturkallaður hjá einkaleyfayfirvöldum nema umsækjandi greiði tilskilið gjald innan tveggja mánaða frá því að einkaleyfayfirvöld sendu honum tilkynningu þar að lútandi með vísun til takmörkunar á þeirri rannsókn sem fram fór.

38. gr.

Hafi viðtökuyfirvöld hafnað því að veita alþjóðlegri einkaleyfisumsókn alþjóðlegan umsóknardag, eða tekið ákvörðun um að umsóknin eða beiðni þess efnis að umsóknin taki til Íslands teljist afturkölluð, skulu einkaleyfayfirvöld að beiðni umsækjanda sannreyna hvort ákvörðunin hafi verið rétt. Sama gildir ef alþjóðaskrifstofan hefur úrskurðað að einkaleyfisumsóknin teljist afturkölluð.

Beiðni um endurmat skv. 1. mgr. skal koma á framfæri við alþjóðaskrifstofuna innan frests sem ákveðinn er í reglugerð. Innan sama frests, og að því marki sem kveðið er á um í reglugerð, ber umsækjanda að leggja fram þýðingu á umsókninni til einkaleyfayfirvalda og greiða að auki tilskilið umsóknargjald.

Telji einkaleyfayfirvöld að úrskurður viðtökuyfirvalda eða alþjóðaskrifstofunnar sé rangur skulu þau fara með umsóknina í samræmi við ákvæði II. kafla. Hafi viðtökuyfirvöld ekki ákvarðað alþjóðlegan umsóknardag telst hún vera lögð inn þann dag sem einkaleyfayfirvöld telja að hefði átt að ákvarða sem alþjóðlegan umsóknardag. Sé umsóknin í samræmi við ákvæði samstarfssáttmálans að því er varðar form og efni skal hún viðurkennd að því leyti.

Ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. gildir um umsókn sem tekin er til meðferðar skv. 3. mgr., svo fremi hún verði gerð almenningi aðgengileg samkvæmt ákvæðum 22. gr.

IV. KAFLI
Umfang einkaleyfis og gildistími.

39. gr.

Umfang einkaleyfisverndar ákvarðast af einkaleyfiskröfum. Skýringa á einkaleyfiskröfum má leita í lýsingu.

40. gr.

Veittu einkaleyfi er unnt að halda í gildi í 20 ár frá umsóknardegi. Greiða skal árgjald af einkaleyfi fyrir hvert gjaldár sem byrjar að líða eftir að leyfið er veitt. Verði einkaleyfi veitt áður en árgjöld fyrir umsóknina falla í gjalddaga, sbr. ákvæði 41. gr., skal eigandi einkaleyfisins einnig, um leið og árgjald fyrir einkaleyfið gjaldfellur í fyrsta skipti, greiða árgjöld fyrir þau gjaldár sem hafist hafa fyrir veitingu leyfisins.

V. KAFLI
Greiðsla árgjalda.

41. gr.

Árgjald fellur í gjalddaga síðasta dag fyrsta almanaksmánaðar í gjaldári. Árgjöld fyrir fyrstu tvö gjaldárin falla þó ekki í gjalddaga fyrr en árgjald fyrir þriðja gjaldár gjaldfellur. Heimilt er að greiða árgjald allt að þremur mánuðum fyrir gjalddaga. Ef dómstólar hnekkja úrskurði áfrýjunarnefndar um að hafna umsókn gjaldfellur árgjald, fyrir gjaldár sem hefst eftir að úrskurður áfrýjunarnefndar er kveðinn upp og þar til dómurinn öðlast réttargildi, ekki fyrr en tveir mánuðir eru liðnir frá síðastgreindum degi.

Þegar um er að ræða seinni umsókn skv. 11. gr. teljast árgjöld, fyrir gjaldár sem hefjast áður en hún er lögð inn eða innan tveggja mánaða frá þeim degi, undir engum kringumstæðum fallin í gjalddaga fyrr en tveir mánuðir eru liðnir frá umræddum degi. Þegar um er að ræða alþjóðlega umsókn sem yfirfærð hefur verið skv. 31. gr. teljast árgjöld, fyrir gjaldár sem hefjast fyrir yfirfærsludag eða fyrir þann dag sem umsókn hefur verið tekin til meðferðar skv. 38. gr. eða innan tveggja mánaða frá þeim degi, undir engum kringumstæðum fallin í gjalddaga fyrr en tveir mánuðir eru liðnir frá þeim degi.

Árgjald má, með tilskilinni hækkun, greiða innan sex mánaða frá gjalddaga.

42. gr.

Ef uppfinningamaður er umsækjandi eða eigandi einkaleyfis og teljist það verulegum erfiðleikum bundið fyrir hann að greiða árgjöld geta einkaleyfayfirvöld veitt honum greiðslufrest, enda komi fram beiðni um það í síðasta lagi þann dag sem árgjöldin falla í fyrsta sinn í gjalddaga. Greiðslufrest má veita þrjú ár í senn en þó ekki lengur en í þrjú ár frá veitingu einkaleyfis. Beiðni um lengingu frests skal í síðasta lagi bera fram þann dag sem veittur frestur rennur út.

Ef beiðni um greiðslufrest á árgjaldi eða lengingu hans er hafnað telst greiðsla, sem berst innan tveggja mánaða frá því, greidd á réttum tíma.

Árgjald, sem veittur hefur verið frestur til að greiða skv. 1. mgr., má greiða innan sex mánaða frá þeim tíma, er frestur rann út, með sömu hækkun og nefnd er í 3. mgr. 41. gr.

VI. KAFLI
Nytjaleyfi, framsal o.fl.

43. gr.

Hafi einkaleyfishafi veitt öðrum nytjaleyfi, þ.e. heimild til að hagnýta uppfinningu í atvinnuskyni, er nytjaleyfishafa óheimilt að framselja þann rétt til annarra nema um annað hafi verið samið.

44. gr.

Ef aðilaskipti verða að einkaleyfi eða nytjaleyfi er veitt skulu slíkar breytingar færðar í einkaleyfaskrá sé þess óskað.

Ef færðar eru sönnur á að skráð nytjaleyfi sé fallið niður skal það afmáð í einkaleyfaskránni.

Ákvæði 1. og 2. mgr. taka einnig til nauðungarleyfa og heimilda skv. 2. mgr. 53. gr.

Málsókn vegna einkaleyfis má ætíð beina að þeim sem er skráður einkaleyfishafi í einkaleyfaskrá og tilkynningar frá einkaleyfayfirvöldum má senda honum.

45. gr.

Hafi einkaleyfð uppfinning ekki verið notuð hér á landi með eðlilegum hætti þegar liðin eru þrjú ár frá útgáfu einkaleyfis og fjögur ár frá umsóknardegi getur sá sem vill nota

uppfinninguna hér á landi fengið nauðungarleyfi í því skyni nema gildar ástæður séu fyrir því að uppfinningin hafi ekki verið notuð.

Við beitingu ákvæða 1. mgr. getur iðnaðarráðherra ákveðið ef fullnægt er skilyrðum um gagnkvæmni að notkun í öðru landi teljist jafngild notkun hér á landi.

46. gr.

Þegar hagnýting einkaleyfðrar uppfinningar er háð einkaleyfi sem annar á getur eigandi fyrrnefnda einkaleyfisins fengið nauðungarleyfi til að hagnýta uppfinningu þá sem vernduð er með síðarnefnda einkaleyfinu teljist það sanngjarnt með hliðsjón af mikilvægi fyrrnefndu uppfinningarinnar eða af öðrum sérstökum ástæðum.

Hafi verið veitt nauðungarleyfi skv. 1. mgr. til að hagnýta einkaleyfða uppfinningu getur einkaleyfishafi þeirrar uppfinningar einnig fengið nauðungarleyfi til að hagnýta hina uppfinninguna nema sérstakar ástæður mæli því í mót.

47. gr.

Ef það telst nauðsynlegt vegna ríkra almannahagsmuna má veita þeim sem hagnýta vill í atvinnuskyni uppfinningu sem annar hefur einkaleyfi fyrir nauðungarleyfi til slíkrar hagnýtingar.

48. gr.

Nú hagnýtir einhver í atvinnuskyni hér á landi uppfinningu sem sótt hefur verið um einkaleyfi fyrir þegar umsóknin verður aðgengileg almenningi. Getur viðkomandi þá, ef mjög sérstakar ástæður mæla með því og umsóknin leiðir til einkaleyfis, fengið nauðungarleyfi til að hagnýta uppfinninguna. Það verður því aðeins veitt að viðkomandi hafi ekki vitað um umsóknina og þess verði heldur ekki með sanngirni af honum krafist að hann hafi getað aflað sér slíkrar vitneskju. Á sömu forsendum getur sá er gert hefur verulegar ráðstafanir til að hagnýta uppfinninguna í atvinnuskyni einnig öðlast slíkan rétt.

Nauðungarleyfi skv. 1. mgr. getur náð til tímans fyrir veitingu einkaleyfisins.

49. gr.

Nauðungarleyfi verður eingöngu veitt þeim sem ætla má að sé fær um að hagnýta uppfinninguna á sanngjarnan og viðunandi hátt og í samræmi við leyfið.

Nauðungarleyfi hindrar ekki að einkaleyfishafi sjálfur hagnýti uppfinninguna eða veiti öðrum nytjaleyfi. Aðilaskipti að nauðungarleyfi eru aðeins heimil í tengslum við aðilaskipti að atvinnurekstri þeim sem leyfið er hagnýtt í eða til stóð að hagnýta það.

50. gr.

Bæjarþing Reykjavíkur sker úr um það hvort nauðungarleyfi skuli veitt, að hvaða marki hagnýta má uppfinninguna, hve hátt endurgjald skuli greitt einkaleyfishafa og önnur skilyrði nauðungarleyfis. Breytist aðstæður verulega getur dómstóllinn að kröfu annars hvors aðila fellt leyfið úr gildi eða ákveðið nýja skilmála.

VII. KAFLI
Brottfall einkaleyfis o. fl.

51. gr.

Sé árgjald ekki greitt samkvæmt reglum í 40., 41. og 42. gr. fellur einkaleyfið úr gildi frá og með byrjun þess gjaldárs sem ekki er greitt fyrir.

52. gr.

Ógilda má einkaleyfi með dómi ef:

1. það hefur verið veitt án þess að skilyrðum 1. og 2. gr. hafi verið fullnægt,
2. það varðar uppfinningu sem ekki er lýst svo greinilega að fagmaður geti á grundvelli lýsingarinnar útfært uppfinninguna,
3. það tekur til einhvers sem ekki kom fram í umsókn þegar hún var lögð inn eða
4. það hefur verið veitt þótt verndarsvið þess hafi verið rýmkað eftir að umsóknin var samþykkt til framlagningar.

Einkaleyfi verður þó ekki dæmt ógilt í heild sinni af þeirri ástæðu að einkaleyfishafinn hafi einungis átt rétt til einkaleyfisins að hluta.

Að frátöldu tilviki því, er greinir í 4. mgr., getur hver sem er höfðað mál samkvæmt grein þessari.

Mál, sem reist er á því að annar hafi öðlast einkaleyfi en sá sem skv. 1. gr. á rétt til þess, getur sá einn höfðað er telur sig eiga rétt til einkaleyfisins. Mál skal höfðað innan eins árs frá því að viðkomandi fékk vitneskju um útgáfu einkaleyfisins og önnur þau atvik sem málsóknin er reist á. Hafi einkaleyfishafi verið í góðri trú, þegar einkaleyfið var veitt eða þegar hann eignaðist það verður mál undir engum kringumstæðum höfðað eftir að þrjú ár eru liðin frá útgáfu einkaleyfisins.

53. gr.

Hafi einkaleyfi verið veitt öðrum en þeim sem skv. 1. gr. á rétt til leyfisins skal rétturinn til þess yfirfærður til rétthafa með dómi ef hann krefst þess. Um málshöfðunarfresti fer samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 52. gr.

Hafi maður, sem misst hefur einkaleyfi með dómi, í góðri trú hagnýtt uppfinningu í atvinnuskyni hérlendis eða gert verulegar ráðstafanir til þess er honum heimilt gegn sanngjörnu gjaldi og að öðru leyti með sanngjörnum skilmálum að halda þeirri hagnýtingu áfram með sem líkustum hætti eða hefja fyrirhugaða hagnýtingu innan sömu marka. Handhafi skráðs nytjaleyfis hefur einnig sama rétt á sömu forsendum.

Aðilaskipti að rétti skv. 2. mgr. geta einungis orðið í tengslum við aðilaskipti að þeim atvinnurekstri þar sem rétturinn er hagnýttur eða þar sem til stóð að beita honum.

54. gr.

Falli einkaleyfishafi frá einkaleyfi sínu með skriflegri yfirlýsingu til einkaleyfayfirvalda skulu þau lýsa einkaleyfið niður fallið.

Nú er byrjuð málsókn um yfirfærslu á rétti til einkaleyfis og má þá ekki lýsa einkaleyfið niður fallið fyrr en úrlausn er fengin í málinu.

55. gr.

Þegar einkaleyfi fellur úr gildi eða það er lýst niður fallið, það dæmt ógilt eða réttur til þess yfirfærður skulu einkaleyfayfirvöld gefa út tilkynningu um það.

VIII. KAFLI

Skylda til að veita upplýsingar um einkaleyfi.

56. gr.

Beri umsækjandi um einkaleyfi fyrir sig umsókn sína gagnvart öðrum áður en hún er gerð almenningi aðgengileg er honum skylt að veita þeim aðgang að umsóknargögnunum sé þess krafist. Hafi rækt af örverustofni verið lögð inn til varðveislu í tengslum við umsóknina, sbr. 6. mgr. 8. gr., skal viðkomandi aðili einnig eiga rétt á því að fá afhent sýni af ræktinni. Ákvæði 2. og 3. málsl. 6. mgr. 22. gr. ásamt 7. og 8. mgr. sömu greinar eiga hér við.

Gefi maður til kynna með því að snúa sér beint til annars eða með auglýsingu, með áritun á vöru eða umbúðir hennar eða með öðrum hætti að sótt hafi verið um einkaleyfi eða það veitt, án þess þó jafnframt að tilgreina númer einkaleyfisins eða umsóknarinnar, er honum skylt að veita þeim sem þess krefst þær upplýsingar án ástæðulausrar tafar. Ef upplýsingar eru til þess fallnar að gefa í skyn að um einkaleyfi hafi verið sótt eða það veitt, án þess að slíkt sé skýrt tekið fram, er skylt, sé þess krafist, að veita án ástæðulausrar tafar upplýsingar um hvort svo sé.

IX. KAFLI
Refsi- og bótaábyrgð o.fl.

57. gr.

Sá sem af ásetningi skerðir einkarétt þann er einkaleyfi veitir skal sæta sektum eða, ef sök er mikil, varðhaldi allt að þremur mánuðum.

Nú er brot framið af félagi eða öðru fyrirtæki og er þá heimilt að dæma það í fésekt.

Sókn sakar á sá sem misgert er við.

58. gr.

Sá sem af ásetningi eða gáleysi skerðir einkaleyfisrétt skal greiða hæfilegt endurgjald fyrir hagnýtingu uppfinningar og að auki skaðabætur fyrir annað það tjón sem skerðingin hefur haft í för með sér.

Skerði einhver einkaleyfisrétt án þess að um ásetning eða gáleysi hafi verið að ræða er hann, ef og að því marki sem það telst sanngjarnt, skyldur til að greiða endurgjald og skaðabætur samkvæmt ákvæðum 1. mgr.

59. gr.

Nú hefur einkaleyfisréttur verið skertur og getur þá dómstóll, sé þess krafist og að svo miklu leyti sem það telst sanngjarnt, mælt fyrir um ráðstafanir til að koma í veg fyrir misnotkun afurða, sem framleiddar hafa verið samkvæmt einkaleyfðri uppfinningu, eða misnotkun tækja, útbúnaðar eða annars sem hefði skerðingu einkaleyfisréttar í för með sér. Þannig má mæla fyrir um að hlut verði breytt á ákveðinn hátt, hann eyðilagður eða, þegar um er að ræða einkaleyfisverndaðan hlut, að hann verði afhentur gegn endurgjaldi þeim sem misgert var við. Þetta á þó ekki við gagnvart þeim sem í góðri trú hefur eignast viðkomandi hlut eða öðlast umráðarétt yfir honum og hefur ekki sjálfur framið einkaleyfisbrot.

Þegar mjög sérstæðar ástæður liggja til grundvallar getur dómstóll, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. og sé þess krafist, veitt eiganda afurða þeirra, tækja, útbúnaðar og annars sem nefnt er í 1. mgr., heimild til umráða yfir þeim á gildistíma einkaleyfis eða hluta af honum gegn sanngjörnu endurgjaldi og að öðru leyti með sanngjörnum skilmálum.

60. gr.

Hagnýti einhver uppfinningu án heimildar í atvinnuskyni eftir að umsóknargögn hafa verið gerð almenningi aðgengileg og leiði umsóknin til veitingar einkaleyfis verður ákvæðum um einkaleyfisskerðingu beitt eftir því sem við getur átt, að undanskildum ákvæðum 57. gr. Áður en framlagning skv. 21. gr. er auglýst nær einkaleyfisverndin þó aðeins til þess sem leiða má bæði af einkaleyfiskröfum eins og þær voru þegar umsóknin varð almenningi aðgengileg og af einkaleyfiskröfum í einkaleyfinu.

Brotlegur aðili er aðeins skyldur til greiðslu skaðabóta að því marki sem um ræðir í 2. mgr. 58. gr. fyrir tjón sem leiðir af skerðingu sem átt hefur sér stað áður en framlagning umsóknar skv. 21. gr. er auglýst.

61. gr.

Í málum, er varða einkaleyfisskerðingu, verður einkaleyfi því aðeins lýst ógilt að kröfu þess efnis hafi verið beint að einkaleyfishafa, eftir atvikum eftir að honum var stefnt samkvæmt reglum 4. mgr. 63. gr. Verði einkaleyfið dæmt ógilt verður ákvæðum 57.–60. gr. ekki beitt.

62. gr.

Sá sem lætur undir höfuð leggjast að uppfylla skyldur sínar skv. 56. gr. eða gefur rangar upplýsingar skal sæta sektum ef ekki liggur þyngri refsing við broti hans samkvæmt öðrum lögum. Hann skal og bæta það tjón sem af háttsemi hans hefur hlotist, að því marki sem sanngjarnt verður talið.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 57. gr. eiga hér einnig við.

63. gr.

Sá sem höfðar mál til ógildingar einkaleyfi eða um yfirfærslu á rétti til einkaleyfis eða til að öðlast nauðungarleyfi skal tilkynna það einkaleyfayfirvöldum. Samtímis skal hann með ábyrgðarbréfi tilkynna málshöfðunina öllum skráðum nytjaleyfishöfum sé heimilisfangs þeirra getið í einkaleyfaskránni. Nytjaleyfishafi, sem höfða vill mál vegna skerðingar á einkaleyfi, skal með sama hætti tilkynna það einkaleyfishafa, enda sé heimilisfangs hans getið í skránni.

Sanni stefnandi ekki á þingfestingardegi að tilkynningar skv. 1. mgr. hafi verið sendar getur dómstóllinn veitt honum frest svo skilyrðum 1. mgr. verði fullnægt. Nýti stefnandi ekki frestinn í þessu skyni skal vísa máli hans frá dómi.

Nú höfðar einkaleyfishafi mál vegna einkaleyfisskerðingar og vilji stefndi gera kröfu um að einkaleyfið verði dæmt ógilt skal hann samkvæmt ákvæðum 1. mgr. tilkynna það einkaleyfayfirvöldum og skráðum nytjaleyfishöfum. Ákvæði 2. mgr. eiga hér einnig við og verður kröfunni um ógildingu einkaleyfis vísað frá dómi ef stefndi nýtir ekki frestinn.

Í málum um einkaleyfisskerðingu, sem nytjaleyfishafi höfðar, getur stefndi stefnt einkaleyfishafanum án tillits til varnarþings hans til að beina að honum kröfu um ógildingu einkaleyfisins. Ákvæði IV. kafla laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, eiga hér við.

64. gr.

Eftirgreind mál skal höfða fyrir bæjarþingi Reykjavíkur:

1. mál um rétt til uppfinningar sem sótt hefur verið um einkaleyfi fyrir,
2. mál um veitingu einkaleyfis, sbr. 3. mgr. 25. gr.,
3. mál um ógildingu einkaleyfis eða um yfirfærslu á rétti til einkaleyfis, sbr. 52. og 53. gr., svo og mál um réttindi skv. 2. mgr. 53. gr.,
4. mál um réttindi skv. 4. gr. og 2. mgr. 74. gr.,
5. mál um einkaleyfisskerðingu,
6. mál um aðilaskipti að einkaleyfi og mál um nytjaleyfi.

Umsækjendur og einkaleyfishafar, sem ekki eru heimilisfastir hér á landi, skulu taldir eiga varnarþing í Reykjavík í málum samkvæmt lögum þessum.

65. gr.

Endurrit dóma í málum skv. 50. gr. og 1. mgr. 64. gr. skal dómari að eigin frumkvæði láta einkaleyfayfirvöldum í té.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

66. gr.

Einkaleyfishafi, sem ekki hefur heimilisfesti hér á landi, skal hafa umboðsmann sem búsettur er hérlendis. Í einkaleyfaskrá skal skrá hver umboðsmaður er. Umboðsmaður hefur, fyrir hönd einkaleyfishafa, heimild til að taka við stefnu og öðrum tilkynningum er einkaleyfið varða.

Hafi einkaleyfishafi ekki umboðsmann fer um birtingu stefnu eftir því sem segir í 2. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936. Einnig skal í ábyrgðarbréfi senda skráðum einkaleyfishafa afrit stefnu. Sama gildir um aðrar tilkynningar er einkaleyfið varða.

Iðnaðarráðherra getur ákveðið að reglur 1. mgr. gildi ekki gagnvart einkaleyfishafa sem heimilisfesti á í öðru landi ef einkaleyfishafar, sem heimilisfesti eiga hér á landi, njóta sama réttar að þessu leyti í hinu erlenda ríki. Hið sama gildir einnig ef einkaleyfishafi hefur umboðsmann sem búsettur er í viðkomandi ríki og sá hinn sami er skráður í einkaleyfaskrá hér á landi sem umboðsmaður með heimild til að taka við stefnu og öðrum tilkynningum.

67. gr.

Umsækjandi eða einkaleyfishafi getur skotið til áfrýjunarnefndar öðrum endanlegum ákvörðunum einkaleyfaskrifstofunnar en getið er í 24. gr. í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að honum var tilkynnt um ákvörðunina. Sama gildir um ákvarðanir skv. 42. gr. eða 1. og 2. mgr. 72. gr., svo og 73. gr. Aðrir, sem hagsmuna eiga að gæta, geta með sama hætti skotið umræddum ákvörðunum til áfrýjunarnefndar í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að hún var birt.

Innan sama frests skal greiða tilskilið áfrýjunargjald. Sé það ekki gert skal vísa áfrýjuninni frá.

68. gr.

Í reglugerð skal kveðið á um gjöld samkvæmt lögum þessum, þóknun fyrir þjónustu og þess háttar. Einnig er heimilt að ákveða í reglugerð að ekki verði greitt árgjald skv. 41. gr. fyrir eitt eða fleiri hinna fyrstu gjaldára.

69. gr.

Iðnaðarráðherra setur nánari reglur um einkaleyfisumsóknir og meðferð þeirra, um skipulag og færslu einkaleyfaskrár, um útgáfu og efni einkaleyfatíðinda, um skipulag og starfshætti einkaleyfaskrifstofu og áfrýjunarnefndar svo og almennt um framkvæmd laga þessara. Þar má m.a. kveða á um að dagbækur einkaleyfaskrifstofunnar um inn komnar umsóknir skuli vera öllum aðgengilegar.

Iðnaðarráðherra getur ákveðið, að ósk yfirvalda í öðru landi, að einkaleyfayfirvöld hér á landi veiti hinu erlenda yfirvaldi upplýsingar um meðferð á innlögðum einkaleyfisumsóknum. Einnig getur iðnaðarráðherra ákveðið að einkaleyfayfirvöld hér á landi geti við mat á einkaleyfishæfi umsóknar lagt til grundvallar rannsókn á einkaleyfishæfi uppfinningar sem fram hefur farið hjá einkaleyfayfirvöldum í öðru landi eða hjá alþjóðlegri stofnun.

Iðnaðarráðherra getur enn fremur ákveðið að umsækjandi hér á landi, sem lagt hefur inn sambærilega umsókn um einkaleyfi í öðru landi, skuli, að kröfu einkaleyfayfirvalda hér á landi, innan ákveðins frests láta í té upplýsingar sem honum hafa verið veittar af einkaleyfayfirvöldum í viðkomandi landi um niðurstöður rannsóknar á einkaleyfishæfi uppfinningar ásamt afriti af bréfaskriftum þeirra á milli. Upplýsinga verður þó ekki krafist vegna alþjóðlegrar umsóknar sem fjallað er um í III. kafla laganna ef fram hefur farið alþjóðleg forathugun á einkaleyfishæfi hennar og skýrsla um rannsóknina hefur verið látin einkaleyfayfirvöldum í té.

70. gr.

Ef nauðsyn krefur vegna neyðarástands af völdum náttúruhamfara, stríðs eða yfirvofandi stríðshættu getur iðnaðarráðherra ákveðið að réttur til að hagnýta uppfinningu falli til ríkisins eða annars aðila sem ráðherra ákveður. Fullt endurgjald skal koma fyrir slíka yfirtöku. Náist ekki samkomulag um endurgjald skal það ákveðið með mati samkvæmt lögum nr. 11/1973.

Ef réttur til að hagnýta uppfinningu er yfirtekinn á grundvelli ákvörðunar skv. 1. mgr. af öðrum en ríkinu og sá aðili greiðir ekki endurgjald það sem þar um ræðir er ríkinu skylt að kröfu þess, sem rétt á til endurgjaldsins, að greiða það samstundis.

71. gr.

Einkaleyfaskrifstofunni er heimilt að taka að sér verkefni við öflun eða úrvinnslu gagna er hún varðveitir eða hefur aðgang að og eru orðin almenningi aðgengileg. Nánar skal kveðið á um slíka upplýsingaþjónustu og gjaldtöku fyrir hana í reglugerð.

72. gr.

Nú glatar einkaleyfisumsækjandi, að frátöldum þeim tilvikum sem nefnd eru í 2. mgr., rétti af þeirri ástæðu að hann eða umboðsmaður hans hefur ekki gert ráðstafanir hjá einkaleyfayfirvöldum innan þess frests sem settur er í lögum þessum eða á grundvelli þeirra og hafi hlutaðeigandi gert allt sem með sanngirni má af honum krefjast til að virða frestinn og geri hann viðeigandi ráðstafanir innan tveggja mánaða frá brottfalli hindrunar er töfinni olli, en þó aldrei síðar en einu ári frá lokum frestsins, skulu einkaleyfayfirvöld endurveita honum réttinn. Til þess að rétturinn verði endurveittur þarf, innan sama frests, að leggja fram skriflega beiðni þar að lútandi og greiða tilskilin gjöld.

Ákvæði 1. mgr. eiga með sama hætti við ef umsækjandi eða einkaleyfishafi hefur ekki greitt árgjald innan þess frests sem ákveðinn er í 3. mgr. 41. gr. eða 3. mgr. 42. gr. Beiðni um endurveitingu réttinda í þeim tilvikum þarf þó að hafa borist og árgjaldið greitt í síðasta lagi sex mánuðum frá lokum frestsins.

Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við um frest skv. 1. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 25. gr.

73. gr.

Nú hefur umsækjandi í þeim tilvikum, er greinir í 31. gr. og 38. gr., sent gögn eða gjöld í pósti, en sendingin ekki komið fram á réttum tíma, og hafi viðeigandi gögnum eða gjaldi verið komið til einkaleyfayfirvalda innan tveggja mánaða frá því að umsækjanda varð ljóst eða hann mátti vita að frestur var liðinn eða í síðasta lagi einu ári eftir að frestur var liðinn skulu einkaleyfayfirvöld endurveita réttindin ef:

1. póstsamgöngur hafa legið niðri síðustu 10 daga fyrir lok frestsins vegna stríðs, byltingar, uppþots, verkfalls, náttúruhamfara eða af öðrum svipuðum ástæðum á þeim stað þar sem sendandi dvelur eða hefur starfsemi sína og gögnin eða gjöldin eru send einkaleyfayfirvöldum innan fimm daga frá því að póstsamgöngur hófust að nýju eða
2. gögnin eða gjaldið hafa verið send í ábyrgðarpósti til einkaleyfayfirvalda í síðasta lagi fimm dögum fyrir lok frestsins. Ákvæðið á þó aðeins við ef ábyrgðarsendingin var send í flugpósti nema slíkt sé ekki mögulegt eða ef sendandi hefur haft ástæðu til að ætla að hún kæmist til skila í síðasta lagi tveimur dögum frá sendingardegi.

Óski umsækjandi eftir endurveitingu réttinda skv. 1. mgr. skal hann innan þar tilgreinds frests senda einkaleyfayfirvöldum skriflega beiðni þar að lútandi.

74. gr.

Það skal auglýst ef orðið er við beiðni um endurveitingu skv. 72. eða 73. gr. og umsókn, sem hefur verið afskrifuð eða hafnað eftir að hún var gerð almenningi aðgengileg, er tekin til

áframhaldandi meðferðar eða niðurfallið einkaleyfi öðlast gildi að nýju á grundvelli endurveitingarinnar.

Hafi maður í góðri trú byrjað að hagnýta uppfinningu hér á landi í atvinnuskyni, eða gert verulegar ráðstafanir til þess eftir að liðinn er tilskilinn frestur til endurupptöku umsóknar sem hefur verið afskrifuð eða hafnað, ellegar eftir að tilkynnt hefur verið að einkaleyfi sé fallið úr gildi, en þó áður en auglýsing skv. 1. mgr. hefur verið gefin út, þá getur hlutaðeigandi haldið hagnýtingu áfram með sama hætti og áður var.

Aðilaskipti að rétti skv. 2. mgr. geta einungis orðið í tengslum við aðilaskipti að þeim atvinnurekstri þar sem rétturinn er hagnýttur eða þar sem til stóð að beita honum.

XI. KAFLI
Gildistökuákvæði.

75. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar sex mánuðir eru liðnir frá staðfestingu þeirra. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi, með þeim takmörkunum sem leiðir af öðrum ákvæðum þessa kafla. Þá falla úr gildi lög nr. 15 2. apríl 1946, um breytingu á lögum nr. 12 20. júní 1923.

Ekki er hægt að veita einkaleyfi fyrir læknislyfjum fyrr en fimm árum eftir gildistöku laga þessara. Einkaleyfi má þó veita fyrir sérstakri aðferð við tilreiðslu slíkra efna.

Ákvæði III. kafla laganna taka ekki gildi fyrr en auglýsing hefur verið birt um að Ísland hafi gerst aðili að samstarfssáttmálanum.

Ákvæði 8., 22. og 56. gr. laganna um varðveislu ræktar af örverustofni taka ekki gildi fyrr en slíkt verður ákveðið með reglugerð og verður einungis beitt varðandi umsóknir sem lagðar eru inn eftir að ákvæðin taka gildi.

76. gr.

Lögin gilda um einkaleyfi, sem veitt hafa verið eða veitt verða í samræmi við eldri lög, með þeim takmörkunum sem leiðir af eftirfarandi ákvæðum:

1. Einkaleyfi, sem um ræðir í 1. málsl. þessarar greinar verða einungis ógilt í samræmi við ákvæði 20. gr. laga nr. 12 20. júní 1923.
2. Gildistími einkaleyfa, sem veitt eru 10 árum fyrir gildistöku þessara laga eða fyrr, ræðst af ákvæði 1. mgr. 4. gr. laga nr. 12 20. júní 1923. Gildistími annarra einkaleyfa, sem veitt eru í samræmi við eldri lög, ræðst af lögum þessum en þó þannig að hann verði ekki styttri en 15 ár frá útgáfudegi.
3. Ákvæði laga nr. 12 20. júní 1923 um viðbótareinkaleyfi gilda áfram um þau viðbótareinkaleyfi sem veitt hafa verið í samræmi við þau lög.

77. gr.

Hafi stofnast réttur til að hagnýta uppfinningu á grundvelli ákvæðis 1. mgr. 6. gr. laga nr. 12 20. júní 1923 áður en lög þessi taka gildi skal sá réttur haldast þótt skilyrði 4. gr. þessara laga séu ekki uppfyllt.

78. gr.

Um meðferð einkaleyfisumsókna, sem lagðar hafa verið inn fyrir gildistöku laga þessara, fer eftir ákvæðum laga nr. 12 20. júní 1923 með þeim undantekningum sem leiða má af öðrum ákvæðum þessa kafla.

79. gr.

Hafi umsókn, sem við gildistöku laga þessara er til meðferðar hjá einkaleyfayfirvöldum, ekki verið auglýst í samræmi við 13. gr. laga nr. 12 20. júní 1923 þá gilda ákvæði þessara laga um aðgengileika umsóknarinnar, framlagningu og andmælafrest.

80. gr.

Nú hagnýtir einhver við gildistöku laga þessara í atvinnuskyni hér á landi uppfinningu sem ekki hefur verið unnt að veita einkaleyfi fyrir samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 12 20. júní 1923 eða gerir verulegar ráðstafanir til að hagnýta slíka uppfinningu. Honum er þá heimilt að halda þeirri hagnýtingu áfram í samræmi við 4. gr. þessara laga óháð því hvort hagnýtingin eða ráðstafanir þar að lútandi hófust eftir að umsókn um einkaleyfi fyrir viðkomandi uppfinningu var lögð inn og óháð því hvort einkaleyfi verður síðar veitt fyrir henni.

Nú hagnýtir einhver við gildistöku laga þessara í atvinnuskyni hér á landi uppfinningu sem annar hefur einkaleyfi fyrir án þess að sú hagnýting sé óheimil með tilliti til 5. gr. laga nr. 12 20. júní 1923, eða gerir verulegar ráðstafanir til slíkrar hagnýtingar. Honum er þá heimilt að halda þeirri hagnýtingu áfram innan sömu marka þrátt fyrir að hagnýtingin væri óheimil skv. 3. gr. þessara laga. Aðilaskipti að slíkum rétti geta einungis orðið í tengslum við aðilaskipti að þeim atvinnurekstri þar sem rétturinn er hagnýttur eða þar sem til stóð að beita honum.

81. gr.

Nú hefur uppfinning orðið kunnug almenningi fyrir gildistöku laga þessara vegna aðgerða af hálfu umsækjanda eða einhvers sem hann sækir rétt sinn til. Ef lögð er inn umsókn um einkaleyfi fyrir þeirri uppfinningu innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara skulu einungis ákvæði 4. tölul. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 12 20. júní 1923 gilda við mat á því að hve miklu leyti hægt sé að veita einkaleyfi með tilliti til ofangreindra aðgerða eða að hve miklu leyti veitt einkaleyfi verði ógilt.

82. gr.

Árgjöld af einkaleyfum, sem veitt hafa verið eða veitt verða í samræmi við eldri lög, gjaldfalla í fyrsta sinn þegar einkaleyfisgjald samkvæmt núgildandi reglum, sbr. 8. gr. rg. nr. 59/1966, hefði næst átt að gjaldfalla eftir gildistöku laga þessara. Eftir það gjaldfalla þau í samræmi við ákvæði laga þessara.

Greiða skal árgjöld af umsóknum sem lagðar hafa verið inn fyrir gildistöku laga þessara. Árgjald fyrir slíkar umsóknir reiknast í fyrsta sinn frá þeim almanaksdegi eftir gildistöku laganna sem umsóknin var upphaflega lögð inn á. Árgjöld fyrir fyrstu tvö gjaldárin eftir gildistöku laganna falla þó ekki í gjalddaga fyrr en árgjald fyrir þriðja gjaldár gjaldfellur.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpinu er ætlað að verða grundvöllur nýrrar einkaleyfalöggjafar sem betur svari þörfum iðnaðarins og almennings en núgildandi lög. Verði frumvarpið að lögum mun það leysa af hólmi núgildandi lög um einkaleyfi sem eru frá árinu 1923.

Samningu frumvarpsins lauk á sl. vori (1990) og var það lagt fram til kynningar í lok 112. löggjafarþingsins. Iðnaðarráðuneytið sendi síðan frumvarpið til umsagnar þeim aðilum sem talið var að einkum ættu hagsmuna að gæta eða sérstakan áhuga hefðu á efni þess.

Á fskj. III er listi yfir þá 46 aðila sem fengu frv. til umsagnar með bréfi ráðuneytisins, dags. 1. júní 1990. Skriflegar umsagnir bárust frá 15 aðilum og lýstu þeir allir stuðningi við frv. Á fskj. IV eru birt bréf þeirra aðila sem höfðu fram að færa beinar athugasemdir og ábendingar.

Við frágang á frv. eins og það nú liggur fyrir hefur verið reynt að taka tillit til fram kominna athugasemda, en þær vörðuðu einkum gildistökuákvæði í XI. kafla frv. Nokkrar minni háttar breytingar og leiðréttingar hafa einnig verið gerðar á skýringum við einstakar greinar og greinargerð þeirri sem hér fer á eftir.

Um aðdraganda og samningu frumvarpsins.

Umfjöllun um endurskoðun á núgildandi einkaleyfalögum má rekja allt aftur til ársins 1981 er þáverandi iðnaðarráðherra setti starfshóp til að fjalla um þörfina á endurbættri löggjöf á þessu sviði. Síðan hafa þrjár nefndir verið skipaðar til að takast á við þetta verkefni. Sú fyrsta starfaði á árunum 1983–85. Nefndin skilaði áfangaáliti 1983 um ýmsa þætti eignarréttinda á sviði iðnaðar. Hún var leyst frá störfum í mars 1985. Næsta nefnd var skipuð í október 1985. Gerði hún tillögu til iðnaðarráðherra um að hafinn yrði undirbúningur að samningu frv. um mynsturvernd. Nefndin var fljótlega leyst frá störfum.

Í nóvember 1987 skipaði iðnaðarráðherra þriggja manna starfshóp til að vinna að úttekt vegna endurskoðunar á lögum um einkaleyfi. Í starfshópnum voru Gunnar Örn Harðarson tæknifræðingur, Jón L. Arnalds borgardómari og Þorgeir Örlygsson prófessor. Starfshópurinn skilaði áfangaskýrslu til iðnaðarráðherra 1. febrúar 1988. Var skýrslan lögð fyrir Alþingi í apríl 1988. Í framhaldi af því fól iðnaðarráðherra starfshópnum að vinna að samningu frumvarps til laga um einkaleyfi. Starfshópurinn lauk störfum í júlí 1989 og skilaði þá til ráðuneytisins drögum að frumvarpi ásamt skýringum við einstakar greinar þess.

Um það leyti, sem frumvarpsdrög starfshópsins lágu fyrir, réð iðnaðarráðuneytið til starfa lögfræðing með sérmenntun á þessu sviði. Var lögfræðingnum, Rán Tryggvadóttur, falið að yfirfara fyrirliggjandi frumvarpsdrög í samstarfi við starfsmenn einkaleyfa- og vörumerkjadeildar iðnaðarráðuneytisins.

Þegar á heildina er litið er frumvarpið í öllum meginatriðum og eftir því sem aðstæður hér frekast leyfa samhljóða einkaleyfalöggjöf annars staðar á Norðurlöndum. Þar hefur löggjöf um þetta efni í meginatriðum verið samræmd og aðlöguð löggjöf í helstu iðnríkjum Evrópu og þeim breytingum sem orðið hafa á alþjóðavettvangi á síðustu árum.

Norræna einkaleyfalöggöfin var samræmd að undangenginni vandaðri athugun. Nefndin, sem vann að þeirri athugun, skilaði áliti árið 1963 (Nordisk patentlovgivning, Nordisk utredningsserie 1963:6). Þá hafa önnur ríki á Norðurlöndum einnig samræmt reglugerðir og reglur um framkvæmd laganna. Verði frv. þetta að lögum er að því stefnt að reglugerð við lögin verði sem líkust því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum.

Hugmyndalegur grunnur einkaleyfa.

Einkaleyfi eru í eðli sínu alþjóðleg. Tilgangur þeirra er að stuðla að alhliða tækniframförum í atvinnulífi og flytja þekkingu frá einu landi til annars. Einkaleyfi eru af hálfu samfélagsins (löggjafans) hugsuð sem hvatning fyrir þá sem vinna að hvers konar nýsköpun. Ein meginforsenda þess, að einkaleyfisumsókn geti leitt til einkaleyfis, er að uppfinningin teljist nýjung. Í því felst m.a. að uppfinningin má ekki áður hafa komið fyrir almenningssjónir né hafa verið notuð opinberlega. Sú tæknilega lausn, sem fólgin er í uppfinningunni, má ekki heldur vera svo „einföld" að lausnin liggi í augum uppi fyrir kunnáttumann væri hann beðinn að leysa „vandamálið". Síðast en ekki síst þarf að lýsa uppfinningunni það vel í rituðu máli og með teikningum, ef við á, að kunnáttumaður á viðkomandi sviði skilji hana til hlítar og geti fært sér hana í nyt. Af þessu leiðir að uppfinningin verður að vera tæknilega framkvæmanleg.

Sú vernd, sem hugvitsmaður eða einkaleyfishafi öðlast með einkaleyfi, er tímabundin, oftast 15–20 ár, breytilegt eftir löndum. Á þessu tímabili eða svo lengi sem leyfið er í gildi hefur leyfishafi löghelgaðan rétt til að hindra að aðrir hagnýti uppfinninguna í atvinnuskyni án heimildar. Hugvitsmaðurinn getur sjálfur hagnýtt einkaleyfið telji hann það ábatavænlegt eða heimilað öðrum að hagnýta það gegn samningsbundinni þóknun (nytjaleyfi). Eins getur hann valið þann kost að framselja leyfið og réttindi sem því fylgja til annars aðila.

Hinn samfélagslegi ávinningur liggur e.t.v. ekki alltaf í augum uppi. Með því að birta einkaleyfisumsókn opinberlega er almenningi veittur aðgangur að þeirri tækni sem lýst er í

umsókninni. Þess er vænst að tækninýjungar, sem í umsóknunum felast, veki hugmyndir hjá lesandanum um aðra og e.t.v. betri lausn á því tæknilega vandamáli sem hver einstök umsókn fjallar um. Og þegar gildistími einkaleyfisins er útrunninn eða eigandi þess telur ekki lengur ávinning að því að halda leyfinu í gildi er öllum frjálst að hagnýta sér uppfinninguna.

Helstu nýmæli.

Helstu nýmæli, sem fram koma í frv., og breytingar frá núgildandi lögum, felast í eftirfarandi:

- Skýrari ákvæði eru sett varðandi umfang og takmörk einkaleyfisverndar. (1. og 3. gr.)
- Ekki verður lengur bannað að veita einkaleyfi fyrir lyfjum og næringarefnum.
- Tekið er skýrt fram að heimilt sé að veita einkaleyfi fyrir efnum, efnablöndum og uppfinningum á sviði líftækni. (1. gr.)
- Betur er skilgreint hvað talist getur einkaleyfishæf uppfinning með tilliti til nýnæmis og frumleikastigs, þ.e. að hve miklu leyti uppfinning er frábrugðin þekktri tækni. (2. gr.)
- Uppfinningar, sem lýst er í einkaleyfisumsóknum og birtar hafa verið almenningi fyrir umsóknardag, verða samkvæmt frv. „nýnæmishindrandi“, þ.e. taldar til þess sem er þekkt. Sama máli gegnir um efni óbirtra umsókna sem síðar verða aðgengilegar. (2. gr.)
- Skýrari ákvæði eru um frágang einkaleyfisumsókna og meðferð þeirra á öllum stigum. (II. kafli.)
- Lagt er til að umsóknir verði gerðar aðgengilegar almenningi í síðasta lagi 18 mánuðum eftir innlagningu. (22. gr.)
- Mun ítarlegri ákvæði eru um andmæli gegn veitingu einkaleyfis og ágreiningsmál sem rísa kunna vegna réttar til einkaleyfis. (17., 18., 21. og 23.–25. gr.)
- Gert er ráð fyrir aðild Íslands að alþjóðasamningi um einkaleyfisumsóknir (PCT). Í samningnum felst m.a. að sama umsókn getur tekið gildi í mörgum löndum samtímis. (III. kafli.)
- Einkaleyfi verður hægt að halda í gildi í 20 ár frá innlagningardegi. Skv. núgildandi lögum hefur gildistími verið að hámarki 15 ár frá útgáfudegi. (40. gr.)
- Fyllri ákvæði eru um nytjaleyfi og rýmkuð eru skilyrði um veitingu nauðungarleyfa. (43.–50. gr.)
- Skýrari ákvæði eru um refsi- og bótaábyrgð. (57.–65 gr.)
- Heimilað er undir vissum kringumstæðum að endurveita réttindi skv. einkaleyfisumsóknum sem fallið hafa niður vegna þess að frestir hafa ekki verið virtir. (72. og 73. gr.)
- Ýmsar breytingar verða á gjaldtöku fyrir umsóknir og einkaleyfi. Þar á meðal er gert ráð fyrir greiðslu árgjalda af einkaleyfisumsóknum. (8., 20., 25., 41.–42. og 51. gr.)

- Ákvæði er um að umsækjanda einkaleyfis og einkaleyfishafa, sem ekki hefur búsetu hér á landi, sé skylt að hafa umboðsmann.(12. og 66. gr.)

- Horfið er frá veitingu svonefndra viðbótareinkaleyfa.

Nokkrir drættir í alþjóðlegri þróun.

Parísarsáttmálinn frá 1883 um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar er sá grunnur sem einkaleyfalög standa á. Aðildarríki voru 100 1. janúar 1990. Sáttmálinn hefur verið endurskoðaður sex sinnum, síðast í Stokkhólmi 1967. Alþjóðahugverkastofnunin, WIPO, er stjórnsýslumiðstöð fyrir málefni þau er sáttmálinn fjallar um. Hlutverk stofnunarinnar er að treysta vernd hugverka og hafa milligöngu um samstarf aðildarríkja á þessu sviði. Á fskj. II er, í samantekt Ránar Tryggvadóttur lögfræðings, yfirlit um upphaf einkaleyfaverndar og alþjóðasamstarf.

Frá því lög voru sett hér um einkaleyfi hafa orðið miklar breytingar á skipan einkaleyfamála á alþjóðavettvangi að ekki sé talað um hinar stórfelldu breytingar í tækniþróun. Ný þekking hefur fætt af sér ný og víðfeðm tæknisvið og nýjar framleiðsluafurðir. Nægir hér að nefna sem dæmi líftækni, rafeindatækni og tölvutækni. Í takt við þessar framfarir hefur uppfinningum í iðnríkjum fjölgað ár frá ári og einkaleyfisumsóknum að sama skapi.

Þessi þróun hefur kallað á tíðari endurskoðun á ýmsum þáttum einkaleyfalöggjafar en menn óraði fyrir. Ástæðuna má m.a. rekja til alþjóðasamninga á þessu sviði. Þá hafa einnig í nálægum löndum orðið miklar breytingar á stjórnsýslu einkaleyfakerfisins og meðferð einkaleyfisumsókna. Þar kemur hvort tveggja til, fjölgun einkaleyfisumsókna í iðnríkjum og sá veruleiki að einkaleyfisumsóknir taka stöðugt til flóknari fyrirbæra. Þetta þýðir að rannsókn á einkaleyfishæfi hverrar einstakrar uppfinningar verður yfirgripsmeiri og vandasamari.

Stjórnvöld og einkaleyfastofnanir í hverju landi hafa reynt að bregðast við framangreindri þróun með því m.a. að endurskipuleggja starfsemi einkaleyfastofnananna, að auka samstarf ríkjaheilda og að hagnýta alþjóðastofnanir og alþjóðasamninga á þessu sviði. Aðgerðir einkaleyfastofnananna hafa m.a. beinst að því að auka þekkingu starfsmanna sinna, að bæta gagnasöfn og að hagnýta upplýsingatækni sem opnar aðgang að stórum gagnabönkum. Ýmis ríki hafa með sér formlegt eða óformlegt samstarf um tiltekna þætti varðandi meðferð einkaleyfamála. Dæmi um hið fyrrnefnda, þ.e. samningsbundið eða formlegt milliríkjasamstarf, er Evrópusáttmálinn um einkaleyfi frá 1973, sjá nánar fskj. II. Hið nána samstarf, sem Norðurlönd hafa lengi haft með sér um einkaleyfamál, er hins vegar dæmi um óformlegt samstarf á þessu sviði. Sem dæmi um aukið alþjóðasamstarf má nefna samstarfssáttmálann um einkaleyfi, PCT, sem gerður var 1970 og 40 ríki eiga nú (1. jan. 1990) aðild að. Nánar er fjallað um sáttmálann síðar í þessum athugasemdum og í fskj. II.

Í alþjóðlegu tilliti er, eins og fyrr er getið, litið á einkaleyfi sem leið til að flytja þekkingu milli landa. Á árinu 1988 voru lagðar inn 1,4 milljónir einkaleyfisumsókna í heiminum og veitt einkaleyfi það ár voru um 400 þúsund. Hafa ber í huga að fjöldi uppfinninga verður ekki lesinn út úr þessum tölum því að í flestum tilvikum er sótt um einkaleyfi fyrir sömu uppfinningu í mörgum löndum. Með þessum hætti m.a. berast upplýsingar um nýjustu tækni frá einu landi til annars. Upplýsingatækni, svo sem varsla upplýsinga í tölvubönkum og möguleikar á samskiptum með aðstoð tölva, auðveldar mönnum til muna aðgang að upplýsingum varðandi einkaleyfi miðað við það sem áður var.

Um þróun einkaleyfaverndar hér á landi.

Fyrir daga núgildandi einkaleyfalaga veitti konungur einkarétt fyrir uppfinningum í iðnaði skv. 13. gr. stjórnarskrár er þá var í gildi. Veiting einkaréttar fór fram með útgáfu

leyfisbréfa að fenginni umsögn dönsku einkaleyfanefndarinnar. Nefndin lagði mat á það hvort uppfinning gæti talist það mikil nýjung að hún ætti skilið einkaleyfisvernd.

Núgildandi lög um einkaleyfi voru sett 1923 og hafa ekki verið endurskoðuð í heild síðan. Minni háttar breytingar voru gerðar með lögum nr. 15 2. apríl 1946, lögum nr. 75 13. maí 1982 og lögum nr. 36 15. maí 1984.

Frá gildistöku laganna til áramóta 1989–90 höfðu verið lagðar hér inn alls 3533 umsóknir. Þar af eru um 750 umsóknir, eða rúmlega fimmti hluti, frá íslenskum uppfinningamönnum. Af framangreindum umsóknum leiddu 1.410 umsóknir til einkaleyfis. Af þeim hafa aðeins 58 einkaleyfi (eða um 4% af heild) verið veitt íslenskum aðilum. Um áramótin 1989–90 voru hér í gildi um 300 einkaleyfi. Fyrsta einkaleyfi hér á landi skv. einkaleyfalögum var veitt 1. apríl 1925 og átti það franskur aðili. Einkaleyfi til íslensks manns var fyrst gefið út árið 1930.

Síðustu 10 ár hafa að meðaltali verið gefin hér út 34 einkaleyfi á ári. Árið 1989 sker sig þó úr, en þá voru veitt hér 80 einkaleyfi. Frá ársbyrjun 1980 til ársloka 1989 voru umsóknir frá íslenskum aðilum 223 talsins eða um þriðjungur af heild. Á sama tímabili hafa veitt einkaleyfi til íslenskra aðila ekki náð því að vera eitt að meðaltali á ári, verið um 2% af heild.

Til ársloka 1983 birtust allar tilkynningar um einkaleyfamálefni í *Lögbirtingablaði* og *Stjórnartíðindum*. Í ársbyrjun 1984 hóf iðnaðarráðuneytið útgáfu sérstaks blaðs, *Vörumerkja- og einkaleyfatíðinda*, fyrir birtingar varðandi einkaleyfi og vörumerki. Blaðið kemur að jafnaði út mánaðarlega. Þá er árlega gefið út sérrit um skráð vörumerki og einkaleyfi næstliðins árs og kemur ritið í stað birtinga í *Stjórnartíðindum* um sama efni.

Mynsturvernd er þekkt í flestum nálægum löndum. Verndin tekur eingöngu til útlits eða forms hlutar en ekki tæknilegra eiginleika líkt og einkaleyfisvernd. Svo sem kunnugt er hafa ekki enn verið sett hér lög um mynsturvernd. Drög að frv. um þetta efni liggja fyrir, sbr. áðurnefnda skýrslu iðnaðarráðuneytis til Alþingis. Þar sem verið er að móta nýja löggjöf um vernd á iðnhönnun („industrial design") í ríkjum Evrópubandalagsins og fyrir liggur að önnur ríki á Norðurlöndum muni fylgja í kjölfarið hefur iðnaðarráðuneytið ákveðið að leggja þetta frv. ekki fram. Ráðuneytið mun hins vegar taka þátt í samstarfi ríkja á Norðurlöndum um mótun endurbættrar löggjafar á þessu sviði og leggja áherslu á að því starfi verði hraðað svo sem kostur er.

Smáeinkaleyfi er verndarform sem lítið hefur verið kynnt hér á landi. Hér er um að ræða eins konar millistig milli mynsturverndar og einkaleyfa. Verndin er frábrugðin mynsturvernd að því leyti að hún tekur til tæknilegra þátta en ekki eingöngu útlits. Í samanburði við einkaleyfisvernd eru á hinn bóginn gerðar mun minni kröfur til frumleikastigs, þ.e. hve uppfinningin er frábrugðin þekktri tækni. Rannsókn er því takmarkaðri og um leið ekki eins kostnaðarsöm og við einkaleyfisumsóknir. Ýmis ríki, svo sem Vestur-Þýskaland og Japan, hafa lengi haft lög um smáeinkaleyfi. Í Finnlandi hefur verið undirbúið lagafrumvarp um smáeinkaleyfi, en það hefur ekki enn verið lagt fram. Í Danmörku og Svíþjóð er um þessar mundir verið að kanna hvort þörf sé fyrir setningu laga af þessu tagi.

Stjórnsýsla — stofnun sjálfstæðrar skráningarskrifstofu.

Nefnd sú, er vann að undirbúningi þessa frumvarps, lagði til að sett yrði á laggirnar sjálfstæð skráningarskrifstofa til að sjá um skráningu þeirra eignarréttinda á sviði iðnaðar sem hér er löggjöf um. Svo sem fram kemur í skýrslu iðnaðarráðherra til Alþingis, í apríl 1988, um störf nefndarinnar er þar gert ráð fyrir að samið verði frumvarp um stofnun sjálfstæðrar skráningarskrifstofu. Nú er gert ráð fyrir að settar verði reglur um Einkaleyfastofu með auglýsingu ráðherra, sbr. ákvæði 7. gr. laga nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands.

Alþjóðasamstarf.

Með lögum nr. 102 28. desember 1961 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta Parísarsáttmálann fyrir Íslands hönd. Sáttmálinn öðlaðist lagagildi hér á landi 5. mars 1962, en þá fullgilti Ísland Lundúnagerð sáttmálans. Hinn 28. september 1984 gerðist Ísland svo aðili að seinni hluta Stokkhólmsgerðar sáttmálans (stjórnunarhluta). Af því leiðir að efnissvið Lundúnagerðar sáttmálans gildir enn hér. Ísland gerðist aðili að Alþjóðahugverkastofnuninni 13. september 1986 og hefur þau réttindi og skyldur sem aðildinni fylgja. Að því er stefnt að Ísland gerist sem fyrst aðili að fyrri hluta Stokkhólmsgerðarsáttmálans (efnishluta).

Einkaleyfayfirvöld hér hafa til þessa leitast við að uppfylla lágmarksskyldur við Alþjóðahugverkastofnunina, svo sem varðandi árlega skýrslugjöf um starfsemina, en ekki séð sér fært að taka að neinu ráði þátt í störfum stofnunarinnar, m.a. vegna kostnaðar og takmarkaðs mannafla. Eftir leiðum norræna samstarfsins hafa íslensk stjórnvöld hins vegar haft óbein áhrif á störf ýmissa starfsnefnda WIPO. Aðild að samstarfssáttmálanum um einkaleyfi, sem gert er ráð fyrir í frv. þessu, mun kalla á mun virkari tengsl við WIPO en verið hafa. Stofnunin hefur m.a. verið íslenskum stjórnvöldum innan handar með upplýsingar um hugsanlegan ávinning af aðild að samstarfssáttmálanum, PCT.

Það leiddi af ríkjasambandi okkar við Dani fyrr á tíð að samstarf við einkaleyfayfirvöld í Danmörku hefur jafnan verið allnáið. Danska einkaleyfaskrifstofan hefur þannig frá öndverðu annast efnislega rannsókn á þeim einkaleyfisumsóknum íslenskra aðila sem ekki hafa jafnframt verið lagðar inn í öðrum ríkjum. Frá 1981 hefur iðnaðarráðuneytið tekið þátt í því samstarfi um einkaleyfamál sem Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð hafa lengi haft með sér. Þessi lönd ákváðu á sínum tíma (1963) að samræma einkaleyfalöggjöf sína og tilheyrandi reglugerðir og reglur er varða framkvæmdina.

Fyrir einkaleyfayfirvöld hér á landi hefur norræna samstarfið afar mikið gildi. Samstarf einkaleyfastofnananna tekur ekki síst til þátta er varða samræmingu á lögum og reglugerðum á þessu sviði, en einnig skiptast þær á upplýsingum um hvaðeina sem varðar meðferð einkaleyfamála og starfsemi stofnananna. Á vegum einkaleyfayfirvalda á Norðurlöndum er um þessar mundir verið að undirbúa fræðslu- og kynningarátak um einkaleyfi almennt og starfsemi einkaleyfastofnananna. Þá er þess að geta að einkaleyfastofnanirnar hjá frændþjóðunum hafa veitt íslenskum stjórnvöldum mjög gagnlegar upplýsingar í sambandi við undirbúning þessa frumvarps.

Þörfin fyrir ný einkaleyfalög — aðstaða íslenskra umsækjenda.

Fjallað er m.a. um þessi atriði í skýrslu iðnaðarráðuneytisins frá apríl 1988, fskj. I. Hér verður vikið að nokkrum almennum atriðum til viðbótar.

Ef borið er annars vegar saman hlutfall einkaleyfisumsókna sem íslenskir aðilar leggja inn hér og einkaleyfa sem þeir öðlast og hins vegar hliðstætt hlutfall annars staðar á Norðurlöndum kemur eftirfarandi í ljós: Á fimm ára tímabili, 1984–1988, leiddi þrítugasta hver umsókn, sem íslenskir aðilar lögðu inn hér, til einkaleyfis. Á sama tímabili leiddi tæplega fjórða hver umsókn, sem lögð var inn í Noregi af þarlendum aðilum, til einkaleyfis. Hliðstæð hlutföll í Danmörku eru að um fimmta hver umsókn danskra uppfinningamanna leiði til einkaleyfis og í Svíþjóð nálega önnur hver.

Þótt framangreindur samanburður sé grófur gefur hann nokkra vísbendingu og vekur ýmsar spurningar um stöðu einkaleyfamála hérlendis. Eftirtalin atriði gætu skýrt framangreindan mun að nokkru:

Hér eru árlega lagðar inn allmargar einkaleyfisumsóknir sem aldrei ná því að komast á rannsóknarstig. Ástæðan er einkum sú að þær ná ekki að uppfylla lágmarksskilyrði um form og frágang. Þegar svo er ástatt fellur viðkomandi umsókn úr gildi.

Einkaleyfisvernd hefur alla tíð verið eina form iðnverndar (að vörumerkjavernd frátalinni) hér á landi. Svo hagar til að meginþorri uppfinninga íslenskra aðila er ávöxtur af heilabrotum og hugkvæmni einstaklinga sem oft hafa ekki aðra rannsóknaraðstöðu en bílskúrinn eða vinnustað til sjós eða lands. Sem vænta má taka uppfinningar þessara aðila oft fremur til minni háttar endurbóta á tækjum og búnaði, fremur en um sé að ræða margbrotnar vélasamstæður, nýjar framleiðsluaðferðir, ný efni eða efnasamsetningar. Áður er getið um mynsturvernd og smáeinkaleyfi. Bæði þessi verndarform gætu átt betur við ýmsar af þeim uppfinningum sem verða til við framangreindar aðstæður hér á landi. Væri völ á öðru eða báðum þessum verndarformum mundi a.m.k. fækka hér þeim einkaleyfisumsóknum sem ekki ná að uppfylla skilyrði til einkaleyfisverndar.

Gjöld, sem einkaleyfayfirvöld hér taka fyrir meðhöndlun einkaleyfisumsókna, eru hin lægstu á Norðurlöndum. Gjald, sem greitt er við móttöku einkaleyfisumsóknar hér á landi, er nú (gjaldskrá frá desember 1989) 7.000 kr. og gjald vegna rannsóknar á einkaleyfishæfi umsóknar erlendis kr. 12.500 kr. Síðarnefnda gjaldið greiða umsækjendur ekki ef þeir hafa sótt um einkaleyfi fyrir sömu uppfinningu í landi sem veitir einkaleyfi að undangenginni rannsókn. Umsækjandi afhendir þá íslenskum einkaleyfayfirvöldum niðurstöður af slíkri rannsókn eða afrit af erlendu einkaleyfi og óskar eftir því að íslenskt einkaleyfi verði gefið út á grundvelli þess. Kostnaður við rannsókn á íslenskri einkaleyfisumsókn í Danmörku er, eftir því hve umsóknin er viðamikil, á bilinu 30–40 þús. kr. Gjöld fyrir einkaleyfisumsókn í Danmörku eru hin hæstu á Norðurlöndum, um 3.200 Dkr., og er þá rannsóknarkostnaður innifalinn.

Með tilliti til þess sjálfsagða markmiðs að einkaleyfi efli íslenska iðnþróun verður að telja það áhyggjuefni hve lítið er hér lagt inn af umsóknum frá íslenskum aðilum sem fást við rannsóknar- og þróunarstarfsemi. Hér er nánar tiltekið átt við uppfinningar sem standa undir því nafni að geta talist afrakstur af markvissum og vísindalegum vinnuaðferðum. Lausleg athugun sýnir að á árabilinu 1970–1988 hafi innan við 10 umsóknir borist frá slíkum aðilum.

Almennt verður að gera ráð fyrir miklum kostnaði við að koma uppfinningum á framleiðsluhæft stig (tilraunastarfsemi og smíði frumeintaks). Sama máli gegnir um kostnað við markaðsathuganir. Þannig getur þróunarkostnaður við uppfinningu, sem í fljótu bragði virðist einföld í sniðum, oft skipt milljónum. Uppfinningamenn kvarta iðulega yfir því að lánastofnanir og/eða þróunarsjóðir taki dauflega beiðnum þeirra um fyrirgreiðslu í formi lána eða styrkja. Á það verður ekki lagður dómur hér. En framangreind atriði skýra e.t.v. að nokkru hve margir íslenskir aðilar gefast upp við að fjármagna þróun eigin hugmynda og þá um leið hvers vegna einkaleyfisumsóknir þessara sömu aðila dagar uppi.

Samanburður á fjölda einkaleyfisumsókna og veittra einkaleyfa á Norðurlöndum 1984–1988.[1])

		Allar umsóknir	Umsóknir innlendra aðila	Veitt einkaleyfi til innlendra aðila	Öll veitt einkaleyfi
Ísland	1984	98	28	0	37
	85	92	21	2	21
	86	121	29	0	59
	87	119	28	2	44
	88	126	16	0	25
Noregur	1984	5293	961	230	1931
	85	6734	938	229	2165
	86	6872	934	208	1818
	87	8310	907	254	2145
	88	9459	928	277	2447
Danmörk	1984	6278	966	212	1089
	85	8293	917	200	1054
	86	8907	1036	186	958
	87	8760	1090	212	1129
	88	11214	1331	344	2815
Finnland	1984	5183	1775	647	2204
	85	7017	1746	563	2161
	86	7521	1780	555	2175
	87	8374	1893	726	2672
	88	9543	2038	776	2690
Svíþjóð	1984	6674	3969	1693	11670
	85	30748[2])	5179	2260	13520
	86	32641	4555	1923	14949
	87	34657	4458	2014	13806
	88	39230	4399	2424	15367

1) Heimild: WIPO – Industrial Property Statistic.
2) Fjölgun umsókna frá 1984–1985 er vegna aðildar Svíþjóðar að Evrópusáttmálanum um einkaleyfi (EPC).

Rýmkun ákvæða varðandi einkaleyfishæfar uppfinningar.

Meðal veigameiri breytinga, sem af frumvarpinu leiðir ef að lögum verður, er rýmkun ákvæða varðandi það hvað teljist einkaleyfishæfar uppfinningar. Þannig er gert ráð fyrir að hægt verði að veita hér einkaleyfi fyrir lyfjum. Einnig er skýrt kveðið á um að hér megi veita einkaleyfi fyrir efnum og efnasamböndum, en um það hefur ríkt nokkur óvissa. Þá er það einnig nýlunda að veita megi einkaleyfi fyrir aðferðum á sviði örverufræði og afurðum slíkra aðferða, svo sem örverum. Í þessum efnum er fylgt fordæmi gildandi laga annars staðar á Norðurlöndum. Þar voru undantekningarákvæði varðandi einkaleyfi á efnum, efnasamböndum og lyfjum numin úr gildi um og eftir 1967 í tengslum við heildarendurskoðun laganna. Bráðabirgðaákvæði um frestun á gildistöku voru þó lengi vel í gildi, en þau hafa nú verið felld úr gildi í flestum landanna.

Samkvæmt núgildandi einkaleyfalögum hér á landi má enginn öðlast einkaleyfi fyrir „nýfundnum læknislyfjum, neyzluefnum eða nautnar". Á hinn bóginn heimila lögin að veitt sé einkaleyfi fyrir „sérstakri aðferð við tilreiðslu slíkra hluta". Með neysluefnum er átt við matvæli og efni sem almennt teljast til næringarefna. Í samræmi við þetta lagaákvæði hafa verið veitt hér allmörg einkaleyfi á aðferðum við framleiðslu efna, þar á meðal lyfja og ýmiss

konar næringarefna (matvæla, vítamína og þess háttar). Sem að líkum lætur eru einkaleyfi þessi nær undantekningarlaust í eigu erlendra aðila. Hérlendir lyfjaframleiðendur hafa, vegna ákvæðis gildandi laga, getað framleitt hér ýmis lyf sem vernduð eru með einkaleyfi erlendis. Hafi aðferð við framleiðslu viðkomandi lyfs verið vernduð með einkaleyfi hér eða erlendis hefur einungis þurft að nota aðra framleiðsluaðferð.

Fyrrnefnd breyting á lögum frændþjóða okkar í þá átt að fella niður undantekningarákvæði eldri einkaleyfalaga var liður í samræmingu norrænna laga. Í þessu efni sem mörgum öðrum var stuðst við nefndarálitið frá 1963 (Nordisk patentlovgivning) sem getið er í upphafi þessara athugasemda.

Telja verður að munurinn á því að veita einkaleyfi fyrir aðferð við framleiðslu efnis og á efninu sem slíku sé oft næsta lítill. Í mörgum ríkjum var raunar lengi vel andstaða gegn því að telja efni og efnablöndur einkaleyfishæfar afurðir. Þetta átti einkum við um læknislyf og næringarefni. Færð voru fram ýmis rök þessu til stuðnings, svo sem að einkaleyfi til framleiðslu efna mundi koma í veg fyrir framþróun á viðkomandi sviði. Stórþjóðir og stærri fyrirtæki mundu í krafti fjármagns og þekkingar fá yfirburðaaðstöðu og ryðja keppinautum til hliðar. Þá var því einnig haldið fram að lyf yrðu dýrari ef veitt yrðu einkaleyfi fyrir framleiðslu þeirra. Enn fremur var skírskotað til ýmissa siðferðilegra og þjóðfélagslegra sjónarmiða. Það var talin óhæfa að veita einkarétt á læknislyfjum af þeirri ástæðu að þau gegndu því hlutverki að forða mönnum frá sjúkdómum og dauða. Loks var það nefnt að veiting einkaleyfa fyrir efnum og efnablöndum gæti leitt af sér ógeðfellda auglýsingastarfsemi. Þess má geta að í flestum löndum hefur verið sett ströng löggjöf um lyfjaauglýsingar. Hér á landi gilda í þeim efnum ákvæði VII. kafla laga nr. 49/1978.

Reynsla síðari ára hefur sýnt að framangreindar röksemdir gegn veitingu einkaleyfa fyrir efnum og efnablöndum eru byggðar á veikum grunni. Einkaleyfisvernd á efnum verður þvert á móti að teljast veigamikil forsenda fyrir eðlilegri þróun iðnaðar. Þannig er þróun lyfja byggð á mjög kostnaðarsömum rannsóknum og slíkar rannsóknir eru nauðsynlegur undanfari þess að lyf verði markaðssett. Telja verður að einkaréttur samkvæmt einkaleyfalöggjöf geti verkað hvetjandi á þessu sviði sem öðrum, verði m.a. til þess að fleiri nytsamleg efni verði fundin upp og sett á markað. Þannig er talið að ýmis fyrirtæki, t.d. í matvælaiðnaði, haldi að sér höndum við þróunarstarf og framleiðslu ýmissa efna vegna óhallkvæmrar einkaleyfalöggjafar. Forráðamenn fyrirtækjanna standa frammi fyrir því að víða eru framleiddar eftirlíkingar af vörum þeirra. Fyrirtæki, sem stunda eftirlíkingar, geta t.d. boðið lyf á mun lægra verði og þannig ráðið markaðinum að verulegu leyti vegna þess að þau þurfa hvorki að leggja í kostnað við þróun lyfjanna né heldur að greiða eðlileg leyfisgjöld.

Telja verður óeðlilegt að einkaleyfislöggjöf verndi eftirlíkingaiðnað þótt með óbeinum hætti sé. Sá eftirlíkingaiðnaður, sem á sér stað víða um lönd, felur í sér vissa þjóðfélagslega sóun. Fyrirtæki verja bæði vinnu og fjármagni til að finna upp „öðruvísi aðferð“ við framleiðslu viðkomandi efnis, eingöngu til að fara í kringum einkaleyfisréttinn. Með því að veita einkaleyfi fyrir efnum er með vissum hætti spornað við sóun af þessu tagi og þeim kostnaði sem leggst á neytendur vegna hennar. Vegna harðrar og stöðugt vaxandi samkeppni í lyfjaiðnaði svo og löggjafar ýmissa þjóða gegn ólögmætum viðskiptaháttum (hringamyndun) er talið mjög ólíklegt að einkaleyfi fyrir lyfjum leiði til hærra verðs í krafti einokunar.

Iðnfyrirtæki hér á landi þurfa að eiga kost á að færa sér í nyt erlenda rannsóknarstarfsemi og uppfinningar. Eðlilegt er að þau geri það með því að afla sér framleiðsluleyfa (nytjaleyfa) hjá réttum aðilum. Með greiðslu fyrir slík leyfi mundu hérlendir aðilar taka eðlilegan þátt í kostnaði við rannsóknir sem liggja að baki þróun viðkomandi efnis. Hér á landi er þegar fyrir hendi vísir að rannsóknar- og þróunarstarfsemi á sviði efna- og lyfjaframleiðslu. Það fyrirkomulag, sem hér hefur verið í gildi, með stoð í einkaleyfalögum, þ.e. að veita ekki einkaleyfi fyrir efnum og lyfjum, er síst fallið til að örva þessa starfsemi.

Aðild að samstarfsáttmálanum, PCT.

Gert er ráð fyrir að Ísland gerist aðili að samstarfssáttmálanum um einkaleyfi (Patent Cooperation Treaty, skammstafað PCT) sem gerður var í Washington 1970. Með ákvæðum í III. kafla frumvarpsins er kominn lagagrundvöllur til að hægt sé að framfylgja sáttmálanum hér á landi.

Meginmarkmið sáttmálans er að koma í veg fyrir tvíverknað við rannsóknir á einkaleyfisumsóknum sem lagðar eru inn samtímis í mörgum ríkjum. Í þessu skyni hefur verið farin sú leið að fela nokkrum öflugum einkaleyfastofnunum í heiminum að annast rannsókn á nýnæmi og einkaleyfishæfi uppfinninga sem sótt er um einkaleyfi fyrir samkvæmt ákvæðum sáttmálans. Þessar stofnanir þurfa skv. sáttmálanum að hljóta sérstaka viðurkenningu til að geta talist „alþjóðlegar rannsóknarstofnanir". Sænska einkaleyfastofnunin annast rannsókn alþjóðlegra umsókna fyrir önnur ríki á Norðurlöndum og gert er ráð fyrir að hún taki einnig að sér rannsókn á íslenskum alþjóðaumsóknum.

Þótt rannsókn á umsóknum sé að vissu leyti „miðstýrð" taka einkaleyfayfirvöld í hverju landi endanlega ákvörðun um veitingu einkaleyfis. Aðildarríkin eru einnig frjáls að því að ákveða umfang einkaleyfisverndar í sínu landi. Af því leiðir að ekki þarf að gera efnislegar breytingar á gildissviði löggjafar í hverju ríki til innbyrðis samræmis.

Fyrir einkaleyfisumsækjanda er einn helsti kostur við aðild að sáttmálanum sá að innlagning umsóknar í einu aðildarlandi getur, ef umsækjandi svo óskar, tekið gildi samtímis í þeim löndum sem hann hefur áhuga á að fá einkaleyfisvernd í. Þá veitir sáttmálinn möguleika á bráðabirgðaskýrslu um einkaleyfishæfi uppfinningar. Alþjóðlega umsóknakerfið, sem sáttmálinn fjallar um, getur haft í för með sér lægri útgjöld fyrir umsækjanda. Þar skiptir þó verulegu máli í hve mörgum löndum umsókn er ætlað að taka gildi. Hins vegar losnar umsækjandi undir öllum kringumstæðum við umstang sem fylgir því að leggja inn sjálfstæða umsókn í hverju landi.

Aðild að sáttmálanum leggur umsækjendum og einkaleyfayfirvöldum auknar skyldur á herðar í ýmsum efnum. Má þar nefna strangari kröfur um frágang og form umsókna en almennt gilda. Einnig eru í sáttmálanum skýr og ófrávíkjanleg ákvæði um fresti af ýmsu tagi. Ákvæði sáttmálans eru í mörgum efnum flókin í framkvæmd. Því verður að gera ráð fyrir að framkvæmd hans hér á landi miðist við nokkurn aðlögunartíma. Samkvæmt ákvæðum í sáttmálanum tekur hann gildi þremur mánuðum eftir að undirritun hefur farið fram. Það er þannig ekki á valdi aðildarríkja að ákveða aðlögunartíma eftir að undirritun hefur farið fram. Því þarf að miða undirritun við það hvenær einkaleyfayfirvöld hér eru undir það búin að framfylgja sáttmálanum. Nánar er fjallað um samstarfssáttmálann í fskj. II.

Kostnaðaráhrif af frumvarpinu.

Það er mat iðnaðarráðuneytis og fjármálaráðuneytis, sbr. umsögn á fskj. V, að frumvarp þetta hafi ekki í för með sér beinan kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

Iðnaðarráðuneytið hefur á síðustu árum ákvarðað gjöld fyrir vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar (einkaleyfi, vörumerki o.fl.) með hliðsjón af því markmiði að gjöldin stæðu að verulegu eða helst öllu leyti undir kostnaði við þessa þjónustu. Telja má að þessu markmiði hafi verið náð.

Með þeim umfangsmiklu breytingum á meðferð einkaleyfamála, sem af frumvarpi þessu leiðir, er ljóst að kostnaður við umsýslu einkaleyfa mun aukast nokkuð. Ekki er gert ráð fyrir að ríkið taki á sig þennan kostnaðarauka heldur verða notendur einkaleyfakerfisins að bera hann. Gjöld fyrir einkaleyfi munu því þurfa að hækka eitthvað að raungildi frá því sem nú er. Hinn samfélagslegi kostnaður mun fyrst og fremst miðast við að skapa skilyrði til þess að umræddar breytingar komist í framkvæmd þannig að iðnaðurinn, einstaklingar, fyrirtæki og

stofnanir eigi hér völ á hliðstæðri vernd iðnréttinda og gerist annars staðar á Norðurlöndum og í helstu viðskiptalöndum okkar.

Líta verður raunsætt á þá staðreynd að grunnkostnaður við rekstur lítillar einkaleyfastofnunar verður ætíð hlutfallslega hár miðað við fjölda umsókna. Með frumvarpi þessu er að því stefnt að allar einkaleyfisumsóknir fái sambærilega meðhöndlun hér á landi og gerist í ríkjum með sams konar löggjöf. Í því felst að einkaleyfayfirvöld hér verða að geta haldið í þjónustu sinni sérmenntuðu starfsfólki þrátt fyrir að hér séu lagðar inn tiltölulega fáar umsóknir. Laun og annar rekstrarkostnaður við umsýslu einkaleyfa mun því eðlilega deilast á færri umsóknir en gerist hjá einkaleyfastofnunum fjölmennari þjóða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um þau grundvallaratriði sem segja til um hvað verði verndað með einkaleyfi og hver geti fengið einkaleyfi.

Um 1. mgr.

Hugtakið uppfinning er ekki skilgreint í lagafrumvarpi þessu. Það hefur þó öðlast fasta merkingu í framkvæmd. Í núgildandi lögum er orðið uppgötvun notað í stað uppfinningar. Í norrænum einkaleyfarétti er gerður greinarmunur á orðunum uppgötvun og uppfinning. Þar er uppfinning skilgreind sem nýsmíð með tæknilegu ívafi sem byggð er á mannlegri hugsun. Slík nýsmíð getur verið einkaleyfishæf. Orðið uppgötvun er aftur á móti notað um þau tilvik þegar menn komast að raun um einhver áður óþekkt náttúrufyrirbæri eða náttúrulögmál. Uppgötvanir skv. þessari skilgreiningu eru ekki einkaleyfishæfar því allir eiga jafnan rétt á að njóta þess sem fyrirfinnst í náttúrunni. Til samræmis við norrænan rétt þykir rétt að styðjast við sömu skilgreiningar í frumvarpi þessu og nota orðið uppfinning í stað uppgötvunar.

Til þess að hægt sé að veita uppfinningu einkaleyfisvernd þarf hún að vera tæknilega framkvæmanleg. Í því felst að hægt sé að endurtaka hana þannig að sama niðurstaða fáist, annars er ekki um uppfinningu að ræða. Það er ekki skilyrði að uppfinningamaðurinn „skilji" uppfinningu sína, svo framarlega sem hægt er að lýsa henni og endurtaka hana. Uppfinning þarf að vera að einhverju leyti tæknilegs eðlis. Með því er átt við að uppfinningin sé tæknileg lausn á vandamáli sem leyst er með tilstuðlan náttúruafla, þ.e. með löglegri nýtingu á efni og orku úr náttúrunni. Mælikvarðinn er jafnframt sá að ekki má eingöngu vera um hugarfóstur að ræða sem ekki er unnt að nýta.

Skilyrði núgildandi laga um að uppfinningar verði að hafa eitthvert verulegt gildi, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 1. gr., er sleppt í lagafrumvarpi þessu, enda ávallt matsatriði hvað telst hafa verulegt gildi. Ljóst er þó að skilyrðið um að hægt þurfi að vera að hagnýta uppfinninguna í atvinnulífi felur í sér að gagnslausar uppfinningar verða ekki taldar einkaleyfishæfar. Í núgildandi lögum, sbr. 1. mgr. 1. gr., er þess krafist að hægt sé að hagnýta uppfinningar í iðnaði. Í tíð eldri norrænna laga, sem núgildandi lög okkar eru sniðin eftir, var túlkun þessa ákvæðis mjög þröng, sérstaklega í Danmörku. Talið var að uppfinningar þyrftu að vera á sviði hefðbundins iðnaðar. Þannig töldust uppfinningar á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs ekki einkaleyfishæfar. Með samræmingu norrænna einkaleyfalaga á sjötta áratugnum var ákveðið að samræma stefnu þjóðanna í þessum efnum og túlka þetta skilyrði á þann hátt að það næði til hvers konar atvinnustarfsemi. Það er í samræmi við orðalag og túlkun 3. tölul. 1. gr. Parísarsáttmálans um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, sbr. lög nr. 102/1962. Þessari túlkun hefur verið fylgt í framkvæmd hér á landi. Við samningu þessa frumvarps var ákveðið að víkja frá orðalagi norrænu einkaleyfalaganna þar sem enn er notað orðið „industrielt" hvað þetta atriði varðar. Það er gert til þess að taka af allan vafa um að einkaleyfisumsókn um

uppfinningu, tæknilegs eðlis, verði ekki hafnað vegna notkunarsviðs ef unnt er að hagnýta hana í atvinnuskyni og öðrum skilyrðum um einkaleyfishæfi er fullnægt.

Uppfinningamaður, eða sá sem hefur öðlast rétt hans, á rétt á að fá einkaleyfi fyrir uppfinningu sinni. Rétturinn byggist þó á því að önnur skilyrði varðandi veitingu einkaleyfis séu uppfyllt. Þetta er sama regla og í núgildandi lögum, sbr. 1. mgr. 3. gr. Einstaklingur eða hópur nafngreindra einstaklinga, sem unnið hafa að uppfinningu í sameiningu, geta talist uppfinningamenn. Fyrirtæki eða samtök geta ekki talist uppfinningamenn en uppfinningamaður getur framselt rétt sinn til slíkra aðila. Ef annar en uppfinningamaður sækir um einkaleyfi þarf að nafngreina uppfinningamann í umsókninni og jafnframt þarf umsækjandi að sanna rétt sinn til uppfinningarinnar, sbr. 4. mgr. 8. gr. frv. Réttur til einkaleyfis tilheyrir þeim sem fyrstur sækir um. Þetta gildir ef fleiri en einn sækja um einkaleyfi fyrir sömu uppfinningunni án innbyrðis tengsla, sbr. nánar 2. mgr. 2. gr. frv. Ef ágreiningur verður um hver sé uppfinningamaður verður að leysa úr honum eftir almennum reglum, jafnvel að leita til dómstóla ef nauðsyn krefur, sbr. nánar 17. gr., 18. gr. 4. mgr. 52. gr. og 53. gr. frv.

Aðilaskipti geta orðið að réttindum uppfinningamanns við framsal, erfðir, skipti bús eða fullnustuaðgerðir skuldheimtumanna eins og öðrum eignarréttindum. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir neinum sérreglum um aðilaskipti og gilda því um þau almennar reglur. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. núgildandi laga mega skuldheimtumenn ekki leita fullnægingar í rétti til að öðlast einkaleyfi, þ.e. eftir að uppfinning liggur fyrir og áður en sótt er um einkaleyfi. Ekki þótti ástæða til að halda þessari sérreglu varðandi fullnusturétt í frumvarpi þessu.

Margir uppfinningamenn eru starfsmenn í þjónustu annarra og oft eru menn ráðnir gagngert til fyrirtækja til að vinna að uppfinningum. Ef ekki er samið sérstaklega um hver eigi réttinn til uppfinningar sem til verður á starfstíma getur leikið vafi á hver eigi réttinn til hennar. Hjá öðrum Norðurlandaþjóðum hafa verið sett sérlög um réttarstöðu í þessum málum þar sem slík ákvæði þykja ekki falla innan ramma almennra einkaleyfalaga. Í frumvarpi þessu er fordæmi frændþjóða okkar fylgt og ekki kveðið á um réttarstöðu varðandi eignarrétt að uppfinningum sem verða til hjá starfsmönnum í þjónustu annarra.

Um inntak einkaréttarins, sem einkaleyfið veitir, er nánar fjallað í 3. gr. frumvarpsins. Hér má þó benda á að einkarétturinn er í framkvæmd neikvæður, þ.e. að eigandi einkaleyfis getur bannað öðrum að nota uppfinningu sína en einkaleyfið veitir honum ekki sjálfkrafa rétt til að nýta uppfinninguna. Nýting uppfinningarinnar getur verið bönnuð með lögum eða óheimil vegna einkaleyfis annarra.

Um 2. mgr.

Hér er uppfinningarhugtakið nánar afmarkað. Slíka afmörkun er ekki að finna í núgildandi lögum. Í framkvæmd hafa þó þau tilvik, sem hér eru nefnd, ekki verið talin til uppfinninga. Ákvæðið mun því ekki hafa í för með sér breytingar hvað það varðar. Eins og orðalag 1. málsl. 2. mgr. 1. gr. frv. ber með sér er upptalningin ekki tæmandi og önnur tilvik geta því fallið utan uppfinningarhugtaksins. Jafnframt er þess að gæta að í tilvikum, sem hér um ræðir, geta falist einkaleyfishæfir þættir. Þetta er undirstrikað með orðalaginu „sem eingöngu varða“.

1. tölul. 2. mgr. Eins og áður er vikið að felur uppgötvun í sér að áður óþekkt náttúrufyrirbæri eru leidd í ljós. Slíkt telst ekki uppfinning þar sem ekki er um neina nýsköpun að ræða. Vísindakenningar og stærðfræðiaðferðir eru ekki heldur uppfinningar þar sem þær miða ekki að lausn tiltekinna tæknilegra vandamála. Það er auðvitað mögulegt að beita vísindakenningum eða stærðfræðiaðferðum við lausn tiltekinna tæknilegra atriða. Lausn byggð á slíkum kenningum eða aðferðum gæti verið uppfinning í skilningi einkaleyfalaga.

2. tölul. 2. mgr. Listræn verk eru almennt ekki gædd tæknilegum eiginleikum og geta því ekki talist uppfinning. Ekki skiptir máli í því sambandi hvort verkin njóta verndar höfundalaga eða ekki. Ef verkið felur hins vegar í sér tæknilega eiginleika geta þeir út af fyrir sig talist uppfinning og verið einkaleyfishæfir. Ekkert er því til fyrirstöðu að hægt sé að fá einkaleyfi fyrir nýjum aðferðum eða áhöldum, sem notuð eru til listsköpunar eða listiðkana, að öðrum skilyrðum uppfylltum.

3. tölul. 2. mgr. Þessi tilvik teljast ekki uppfinningar þar sem þau eru eingöngu byggð á skipulagningu og framsetningu ákveðinnar hugarstarfsemi án nýtingar efnis eða orku úr náttúrunni. Þrátt fyrir skilyrðislausa hljóðan þessa töluliðar er ljóst að mörg tölvuforrit geta talist uppfinning í skilningi einkaleyfalaga. Ákvæðið tekur eingöngu til forrita sem einungis eru framsetning á hugarstarfsemi og því án tæknilegra eiginleika. Skýr dæmi um það eru almenn notendaforrit, svo sem ritvinnslu- og bókhaldsforrit. Sama máli gegnir um forritunarmál. Stýriforrit, sem eru hluti af ákveðnu framleiðsluferli, fela hins vegar í sér tæknilega eiginleika og geta því verið einkaleyfishæf að öðrum skilyrðum uppfylltum. Oft getur verið erfitt að ákvarða hvaða forrit geta talist uppfinningar og því einkaleyfishæf. Við framkvæmd þessa ákvæðis hér á landi verður að líta til evrópskrar og sér í lagi norrænnar framkvæmdar.

4. tölul. 2. mgr. Hér er um að ræða aðferðir við að koma upplýsingum á framfæri, svo sem töflum og gröfum ýmiss konar. Slíkt getur að sjálfsögðu ekki talist uppfinning. Öðru máli gegnir um tæki til að koma upplýsingum á framfæri, eins og t.d. útvarp eða símrita. Slík tæki geta verið einkaleyfishæf ef þau uppfylla önnur skilyrði einkaleyfalaga.

Um 3. mgr.

Læknisaðferðir þær, sem hér eru taldar upp, teljast ekki uppfinningar í skilningi frumvarpsins. Það er í samræmi við fyrri framkvæmd þótt ekki sé sérstaklega tekið fram í núgildandi lögum. Óeðlilegt er að láta einkaleyfi hindra lækna í að nota sérfræðiþekkingu sína til að lækna menn og dýr. Aðferðirnar eiga það sameiginlegt að þeim er aðeins hægt að beita á líkama manna eða dýra. Í norrænum rétti, sem og hérlendis, hefur ekki viðgengist að veita einkaleyfi fyrir aðgerðum sem aðeins eru gerðar á mannslíkamanum. Frumvarpið felur ekki í sér breytingu að þessu leyti. Undantekningar hafa þó verið gerðar varðandi ýmiss konar fegrunaraðgerðir, svo sem liðun og litun hárs. Aðgreining á milli læknis- og fegrunaraðgerða getur þó stundum verið erfið. Aðgerðir á líkömum dýra, sem falla utan þessa ákvæðis, geta talist einkaleyfishæfar uppfinningar, sbr. það sem segir síðar um 2. tölul. 4. mgr. þessarar greinar.

Eins og tekið er fram í 2. málsl. þessarar málsgreinar hindrar ákvæðið ekki að veitt sé einkaleyfi fyrir áhöldum og efnum til nota við þessar aðferðir. Ekki er tekið upp ákvæði núgildandi laga sem bannar útgáfu einkaleyfa fyrir nýfundnum læknislyfjum, neysluefnum eða nautnar, sbr. 3. tölul. 2. mgr. 1. gr. Einnig er skýrt tekið fram í þessum málslið að hægt sé að veita einkaleyfi fyrir efnum og efnablöndum. Hér er því boðuð töluverð breyting frá núgildandi lögum og framkvæmd. Er það í samræmi við norrænu einkaleyfalögin og réttarþróun annarra iðnríkja. Fyrrgreind breyting er þó ekki eins róttæk og virðist við fyrstu sýn þar sem í tíð núgildandi laga hafa verið veitt einkaleyfi fyrir aðferðum við framleiðslu lyfja og annarra efna og efnablandna. Slík einkaleyfi veita einkaleyfishafa allmikla vernd vegna ákvæða 1. tölul. 5. gr. núgildandi laga, en þar er kveðið á um óbeina efnisvernd. Þrátt fyrir það er ljóst að hér er lögð til mikil breyting á gildandi rétti varðandi einkaleyfishæfi lyfja sem gæti haft úrslitaáhrif á stöðu íslensks lyfjaiðnaðar. Rétt þykir því að setja bráðabirgðaákvæði, sem seinkar gildistöku þess að einkaleyfi verði veitt fyrir lyfjum, til að gera innlendum lyfjaiðnaði kleift að laga sig að breyttum aðstæðum, sbr. 2. mgr. 75. gr. frv. Slík bráðabirgðaákvæði hafa verið í lögum annars staðar á Norðurlöndum. Í Svíþjóð var þeim aflétt 1978, í Danmörku 1983, í Noregi falla þau úr gildi 1. janúar 1992 og í Finnlandi 1995.

Um 4. mgr.

Hér er fjallað um hluti sem geta talist uppfinningar í skilningi einkaleyfaréttar en ekki þykir rétt að veita einkaleyfi fyrir.

1. tölul. 4. mgr. Þetta ákvæði er sambærilegt við það sem er að finna í 2. tölul. 2. mgr. 1. gr. núgildandi einkaleyfalaga. Þó er sá munur á að skilyrðið um að uppfinning megi ekki brjóta í bága við lög hefur verið fellt úr. Það er í samræmi við ákvæði 4. gr. quater Parísarsáttmálans sem sett var inn við endurskoðun hans 1958. Þar segir að ekki megi hafna eða ógilda einkaleyfi fyrir það eitt að sala eða notkun uppfinningarinnar sé bönnuð með lögum. Sjaldan hefur reynt á ákvæðið hérlendis eða á samsvarandi ákvæði erlendis. Það er auðvitað grundvallaratriði að yfirvöld veiti ekki einkaleyfi fyrir uppfinningum sem brjóta í bága við siðgæði eða allsherjarreglu þjóðarinnar og því þörf á að hafa ákvæði um það. Hverjar slíkar uppfinningar eru fer síðan eftir siðferðismati þjóðfélagsins á hverjum tíma.

2. tölul. 4. mgr. Bannið við veitingu einkaleyfa skv. þessum tölulið nær eingöngu til plöntu- eða dýraafbrigða sem slíkra. Því er möguleiki á að fá einkaleyfi fyrir plöntu eða fræi sem hefur fengið sérstaka efnismeðferð í þeim tilgangi að búa plöntuna eða fræið ákveðnum eiginleikum sem ekki er að finna í einstaklingum í náttúrunni, t.d. gera plöntuna eða fræið ónæmt fyrir sjúkdómum. Eftir slíka meðhöndlun telst plantan eða fræið ekki lengur plöntuafbrigði í hefðbundnum skilningi. Það er þó vert að taka fram að það eru eingöngu hin meðhöndluðu eintök sem njóta verndar.

Aðferðir við framleiðslu dýra eða plantna, sem eru aðallega líffræðilegar, eru ekki einkaleyfishæfar. Hér er átt við aðferðir þar sem náttúran á stærstan hlut að máli, en tækni er ekki beitt. Líffræðilegar aðferðir við framleiðslu annarra afurða en dýra eða plantna geta verið einkaleyfishæfar að öðrum skilyrðum uppfylltum. Jafnframt geta aðferðir við framleiðslu dýra og plantna, sem ekki eru líffræðilegar að meginhluta, verið einkaleyfishæfar. Hér undir geta fallið líffræðilegar aðferðir þar sem tækni er beitt til að ná fram ákveðnum eiginleikum. Þetta á þó eingöngu við einstök dýr eða plöntur en ekki dýra- eða plöntuafbrigði sem slík.

Undir aðferðir á sviði örverufræði falla bæði þau tilvik þegar notast er við örverur í sjálfu ferlinu og einnig framleiðsla eða einangrun örvera, t.d. með erfðafræðilegum aðferðum. Ágreiningur hefur verið um hvort örverur sem slíkar teljist afurðir aðferða á sviði örverufræði og því einkaleyfishæfar eða hvort þær teljist til dýra- eða plöntutegunda. Í Noregi ríkir síðari skilningurinn og því ekki hægt að fá einkaleyfi fyrir örverunum sem slíkum, andstætt því sem gildir í Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi. Þar eru örverur taldar falla utan hugtaksins plöntu- og dýraafbrigði og því hægt að fá einkaleyfi fyrir þeim ef öðrum skilyrðum einkaleyfaréttarins er fullnægt. Hér er lagt til að fylgt verði sænskri, danskri og finnskri framkvæmd. Sérreglur um meðferð örvera, sem einkaleyfisumsókn er byggð á, eru í 6. og 7. mgr. 8. gr. frv.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um kröfuna um nýnæmi og frumleikastig uppfinninga, svo og um forgangsréttarreglu einkaleyfisumsókna. Í núgildandi lögum er kveðið á um þessi atriði í 4. tölul. 2. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 3. gr.

Um 1. mgr.

Uppfinning verður að vera ný með tilliti til þess sem þekkt er fyrir umsóknardag. Hvað telst þekkt í þessu sambandi er nánar tilgreint í 2. mgr. Miðað er við hlutlægt mat einkaleyfayfirvalda, en vitneskja uppfinningamanns um hvort uppfinningin hafi verið til eða þekkt skiptir ekki máli. Krafan um nýnæmi uppfinninga er gerð í þágu almannahagsmuna og ekki talið rétt að veita einkaleyfi fyrir neinu því sem þegar er orðið þekkt og því almennur aðgangur að.

Krafan um að uppfinning verði að vera frábrugðin því sem áður er þekkt felst í raun í hugtakinu uppfinning og er því ekki nefnd berum orðum í núgildandi lögum. Til þess að um uppfinningu sé að ræða verður hún að fela í sér einhverja tækniþróun sem ekki er augljós miðað við þekkta tækni. Uppfinning verður því að byggjast á einhverju lágmarkshugviti. Við mat á því hvort frumleikastig uppfinningar sé nægilegt er það sjónarmið haft til viðmiðunar að uppfinning verði að liggja utan þeirra marka sem fagmanni á viðkomandi sviði hefði hugkvæmst með því einu að byggja á því sem þegar er þekkt.

Umsóknardagur skilur á milli þess sem telst þekkt eða ekki þekkt þegar metið er hvort skilyrðum um nýnæmi og frumleikastig uppfinningar er fullnægt. Umsóknardagur skv. frv. þessu telst vera sá dagur þegar umsókn er lögð inn til einkaleyfayfirvalda, sbr. nánari umfjöllun við 8. og 14. gr. frv. Miðað er við heilan dag þannig að fræðilega getur komið upp sú staða að tvö einkaleyfi yrðu gefin út fyrir sömu uppfinningunni ef tveir óskyldir aðilar legðu samdægurs inn fullgildar umsóknir fyrir sömu uppfinningu. Umsóknardagur er stundum nefndur forgangsréttardagur þar sem sá sem fyrstur sækir um einkaleyfi fyrir ákveðinni uppfinningu hefur forgang til að fá einkaleyfi fyrir henni. Skiptir ekki máli hvenær uppfinningin var gerð. Reglan er annars vegar byggð á þeirri grundvallarhugsun einkaleyfaréttarins að vernd skuli veita þeim sem fyrstur sé tilbúinn að opinbera uppfinningu sína og hins vegar á því að auðveldara sé að sannreyna hvenær réttur skapast ef miðað er við umsóknardag. Forgangsréttarreglan er ekki nefnd berum orðum í frumvarpi þessu, andstætt því sem nú er, sbr. 2. mgr. 3. gr. núgildandi laga. Í 6. gr. frv. er nánar fjallað um forgangsrétt innlendra og erlendra umsókna.

Um 2. og 3. mgr.

Hér er nánar tilgreint hvað telja skuli þekkt þegar lagt er mat á nýnæmi og frumleikastig uppfinninga. Í samræmi við norræn einkaleyfalög er lagt til að tekið verði upp ótakmarkað nýnæmi, þannig að allt sem almennur aðgangur er að teljist þekkt í skilningi einkaleyfalaganna, sbr. orðalagið „eða á annan hátt“. Öll opinberun — í ræðu eða riti, með mynd eða við notkun uppfinningarinnar eða á annan hátt — getur valdið því að uppfinning telst þekkt. Engin takmörk eru heldur sett í frumvarpinu varðandi hvenær eða hvar í heiminum almennur aðgangur er eða hefur verið að viðkomandi upplýsingum. Í núgildandi lögum er hins vegar mun þrengri afmörkun á hvað telst þekkt, sbr. 4. tölul. 2. mgr. 1. gr.

Almennur aðgangur telst vera að uppfinningu ef stór eða ótilgreindur hópur manna hefur tækifæri til að komast yfir þær upplýsingar sem nægja fagmanni til að hagnýta hana. Hér skiptir ekki máli hvort óviðkomandi aðilar hafa í raun fengið upplýsingarnar eða hvort þær hafa leitt til hagnýtingar af hálfu sérfróðs manns eða annarra, heldur að sá möguleiki hafi verið fyrir hendi. Undantekning er þó varðandi þá sem kynnast uppfinningunni vegna tengsla við uppfinningamann, svo sem þegar um er að ræða aðstoðarmenn, samstarfsfólk eða væntanlega kaupendur. Hér skiptir þó máli hversu mikil aðgát er höfð eða að hve miklu leyti reynt er að koma í veg fyrir að óviðkomandi eigi aðgang að uppfinningunni.

Aðalregla ákvæðisins er að einungis það sem almennur aðgangur er að fyrir umsóknardag teljist þekkt í skilningi einkaleyfalaga. Í 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. frv. er að finna undantekningu frá þeirri reglu. Þar segir að efni eldri óbirtra umsókna, sem lagðar hafa verið inn hér á landi, skuli teljast þekkt við mat á nýnæmi uppfinninga skv. yngri umsóknum, svo framarlega sem þær fyrrgreindu verði birtar í samræmi við 22. gr. frumvarpsins. Þetta er mikil breyting frá því sem nú gildir, þar sem tekið er fram að jafnvel birtar umsóknir skuli ekki teljast þekkt efni við mat á nýnæmi uppfinninga, sbr. 4. tölul. 2. mgr. 1. gr.

Ofangreind regla er byggð á forgangsrétti þess sem fyrr sækir um. Eins og segir í ákvæðinu þarf seinni umsókn að uppfylla skilyrði um nýnæmi miðað við fyrri óbirta umsókn,

en ekki skilyrði um frumleikastig. Framkvæmd reglunnar yrði sú að leggja þyrfti seinni umsóknina til hliðar þar til ákvörðun er tekin um birtingu hinnar fyrri. Ef hin fyrri verður birt er hægt að meðhöndla seinni umsókn á eðlilegan hátt varðandi mat á nýnæmi hennar. Ef hins vegar verður ekki af birtingu hinnar fyrri hefur hún engin áhrif á mat á einkaleyfishæfi hinnar seinni. Telja verður þetta eðlilega framkvæmd miðað við forgangsréttarregluna. Ef almannahagsmunir eru hafðir í huga mæla engin sérstök rök með því að sá sem kemur seinna með umsókn um svipaða eða sömu uppfinningu og annar hefur þegar sótt um, en ekki hefur verið birt, njóti betri réttar en sá sem sækir um eftir að fyrri umsókn hefur verið birt. Undantekning varðandi skilyrðið um frumleikastig uppfinninga, sem síðar er sótt um, er aðallega gerð með þær umsóknir í huga sem koma frá sama aðila og varða nánari útfærslu á fyrri umsókn.

Í 3. mgr. 2. gr. er áréttað að undir vissum kringumstæðum, sem eru nánar tilgreindar í 28. og 38. gr. frv., geti ofangreind undantekningarregla gilt varðandi alþjóðaumsóknir.

Um 4. mgr.

Hér er sett sérregla varðandi nýnæmisskilyrði þekktra efna og efnasambanda sem nota á við lækningaaðferðir. Aðalreglan er sú að hægt er að fá einkaleyfi fyrir nýrri notkun þekktra efna og efnasambanda ef almenn skilyrði um einkaleyfishæfi eru uppfyllt. Ákvæðið virðist þó segja skv. orðanna hljóðan að slíkt sé ekki hægt varðandi efni og efnasambönd sem nota á við lækningaaðferðir nema um sé að ræða fyrstu notkun á þessu sviði. Sú túlkun var ríkjandi annars staðar á Norðurlöndum fyrst eftir að samsvarandi ákvæði var sett þar. Hins vegar hefur á seinni árum gætt efasemda um að sú framkvæmd sé rétt. Nú er því möguleiki talinn vera á að veita einkaleyfi fyrir þekktum efnum og efnasamböndum til nota í lækningaskyni þrátt fyrir að önnur læknisáhrif viðkomandi efna séu kunn. Ef á þetta atriði reynir hér á landi verður að líta til norrænnar framkvæmdar.

Um 5. mgr.

Hér koma fram undantekningar frá aðalreglu einkaleyfaréttarins um að nýnæmi uppfinninga skuli miðast við umsóknardag.

1. tölul. 5. mgr. Hér er talið að hagsmunir umsækjanda eða þess sem sækir rétt sinn til hans vegi þyngra en tillitið til almannahagsmuna eða réttarvissunnar þegar ljóst er að brotið hefur verið á rétti þeirra. Því er heimilað að birting, sem er augljós misbeiting gagnvart rétthafa, skuli ekki skaða nýnæmi uppfinningar, svo framarlega sem sótt sé um einkaleyfi fyrir henni innan sex mánaða frá því að uppfinningin varð aðgengileg almenningi með þessum hætti. Skilyrðið um að augljós misbeiting hafi átt sér stað felur í sér að ekki er nóg að birting hafi átt sér stað án samþykkis rétthafa. Einnig er ljóst að rétthafi má ekki á neinn hátt vera meðsekur í að uppfinningin varð almenningi aðgengileg, t.d. með kæruleysi. Að lokum verður að liggja fyrir að birtingin eigi rót sína að rekja til ótilhlýðilegs athæfis gagnvart umsækjanda eða þess sem sækir rétt sinn til hans. Þessari undantekningareglu eru þó sett ákveðin tímatakmörk þar sem umsókn þarf að berast innan sex mánaða frá því að uppfinningin varð almenningi kunn með þessum hætti. Þetta setur rétthafa nokkuð þröngar skorður en er rökstutt með tilliti til almannahagsmuna.

2. tölul. 5. mgr. Þetta er samsvarandi regla og er í 1. mgr. 24. gr. núgildandi laga. Hér er þó nánar kveðið á um að undantekning taki aðeins til viðurkenndra alþjóðlegra sýninga skv. sáttmála um alþjóðlegar sýningar sem gerður var í París 20. nóvember 1928. Talin var þörf á að hafa þessa tilgreiningu því orðalag núgildandi laga var villandi varðandi umfang þessarar undantekningarreglu. Ljóst er að vegna þeirra þröngu takmarka, sem alþjóðasýningum eru sett í ofangreindum sáttmála, kemur örsjaldan til með að reyna á þetta ákvæði. Umsóknir um uppfinningar, sem hafa verið sýndar á slíkum alþjóðasýningum, þurfa að berast innan sex mánaða frá því að þær voru sýndar þar.

Um 3. gr.

Hér er nánar kveðið á um inntak einkaréttarins sem einkaleyfi veitir, en í núgildandi lögum er um það efni fjallað í 1. mgr. 5. gr. Í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins er nákvæmlega tíundað hvaða athafnir teljist brot á einkarétti einkaleyfishafa. Er þar um tæmandi talningu að ræða. Upptalningin tekur til fleiri athafna en í núgildandi lögum og felur því í sér rýmkun á einkarétti einkaleyfishafa. Í 2. mgr. eru ákvæði um óbein brot á einkarétti skv. einkaleyfi. Slík ákvæði eru ekki í núgildandi lögum. Í 3. mgr. er tiltekið hvaða athafnir teljast ekki brot á einkarétti einkaleyfishafa. Engin ákvæði um það efni eru í núgildandi lögum. Frumvarpið er því mun ítarlegra varðandi inntak einkaréttarins en ákvæði núgildandi laga um sama efni.

Um 1. mgr.

Einkaleyfishafi hefur einkarétt til að hagnýta uppfinningu sína í atvinnuskyni hér á landi. Enginn annar má hagnýta uppfinninguna í þeim tilgangi nema með leyfi einkaleyfishafa. Ef uppfinningamaður hefur framselt uppfinningu sína er einnig honum óheimilt að hagnýta hana í atvinnuskyni nema með leyfi einkaleyfishafa. Einkaréttur einkaleyfishafa leiðir þó ekki sjálfkrafa til að hann geti nýtt sér uppfinninguna því nýting hennar getur verið óheimil af ýmsum ástæðum, t.d. vegna annarra einkaleyfa eða þess að hún sé bönnuð með lögum eða stjórnvaldsákvörðunum. Einnig verður að hafa í huga að einkarétturinn tekur eingöngu til íslenskrar lögsögu. Eigandi íslensks einkaleyfis getur hvorki bannað öðrum að hagnýta uppfinninguna né hagnýtt hana sjálfur á grundvelli íslenska einkaleyfisins annars staðar en á Íslandi. Þetta er oft nefnt forráðasvæðisreglan.

Í 1. og 2. tölul. málsgreinarinnar er tilgreint hvað teljist beint brot á einkarétti skv. einkaleyfi fyrir tækjum, afurðum eða aðferð. Upptalningin er mun ítarlegri en ákvæði núgildandi laga. Framleiðsla tekur til allra framleiðslustiga að frátöldu því sem telst hreinn undirbúningur. Það er nýtt ákvæði að ekki megi bjóða uppfinninguna til sölu, leigu eða annarra nota. Einnig að notkun í atvinnuskyni sé óheimil. Markaðssetning felur í sér alla ráðstöfun uppfinningarinnar eða afurða hennar gegn þóknun. Innflutningur er einnig óheimill og er það engin breyting frá núgildandi lögum. Það er nýtt að óheimilt sé að hafa í fórum sínum einkaleyfisverndaða uppfinningu í þeim tilgangi að hagnýta hana í heimildarleysi. Ákvæði 1. og 2. tölul. fela í sér tæmandi talningu og því teljast athafnir, sem ekki falla undir upptalninguna, ekki brot á einkaréttinum. Miðað er við að allar ofangreindar athafnir séu í tengslum við atvinnustarfsemi, sbr. 1. tölul. 3. mgr. 3. gr. frv. þar sem segir að einkarétturinn taki ekki til athafna sem ekki tengjast atvinnustarfsemi.

Í 3. tölul. málsgreinarinnar er kveðið á um óbeina afurðavernd. Þetta ákvæði er mjög mikilvægt fyrir eigendur aðferðaeinkaleyfa. Án slíks ákvæðis væri t.d. hægt að flytja inn afurðir sem væru löglega framleiddar með aðferðinni erlendis, sbr. það sem áður segir um gildissvið íslenskra einkaleyfa. Það mundi að sjálfsögðu rýra mjög gildi aðferðaeinkaleyfa. Þetta ákvæði veitir því eigendum aðferðaeinkaleyfa allsterka vernd. Á móti kemur þó að einkaleyfishafi verður að sanna að afurðin hafi orðið til fyrir tilstilli hinnar einkaleyfisvernduðu aðferðar. Í því felst m.a. að afurðin verður að hafa öðlast megineiginleika sína við notkun viðkomandi aðferðar og þessa eiginleika má hún ekki hafa misst á síðari stigum vinnslunnar. Ákvæðið tekur ekki til afurða sem framleiddar eru með notkun einkaleyfisverndaðs hlutar eins og t.d. vélaútbúnaðar. Að öðru leyti gildir það sama um athafnir, sem eru nefndar í 3. tölul. og að ofan greinir í umfjöllun um 1. og 2. tölul. málsgreinarinnar.

Um 2. mgr.

Hér er fjallað um óbeint brot á einkarétti einkaleyfishafa. Brot skv. þessu ákvæði felst ekki í því að sá brotlegi nýti sér hina einkaleyfisvernduðu uppfinningu á einhvern þann hátt sem brýtur í bága við 1. mgr. þessarar greinar, heldur að hann afli eða bjóðist til að afla öðrum

tilfanga til að gera slíkt og að tilföngin varði verulegan þátt uppfinningarinnar. Ef tilföngin eru almenn verslunarvara er því aðeins um brot að ræða að sá sem afhendir þau eða býðst til að afhenda þau hvetji til óheimillar hagnýtingar uppfinningarinnar.

Sá sem býður tilföngin þarf að vita að þau henti og séu ætluð til að hagnýta uppfinninguna án heimildar eða slíkt sé ljóst af aðstæðum. Hér er því að vissu leyti um hlutdeildarbrot að ræða. Brotið felst í því að gera öðrum kleift að hagnýta uppfinninguna með því að útvega þeim efni eða tæki í því skyni. Í núgildandi lögum er ekki að finna ákvæði um hlutdeildarbrot. Hlutdeildarbrot í einkaleyfisrétti hafa því lotið almennum reglum skaðabóta- og refsiréttar. Þar er meginreglan sú að til þess að um hlutdeildarbrot geti verið að ræða þurfi beint brot að liggja fyrir. Samkvæmt þessu ákvæði skiptir hins vegar ekki máli hvort tilföngin verði í raun notuð á óheimilan hátt eða ekki. Það að útvega eða bjóða tilföng til hagnýtingar uppfinningunni til aðila, sem ekki hefur heimild til að nýta hana, án leyfis einkaleyfishafa, er sjálfstætt brot. Hér er því um að ræða víkkun á einkarétti einkaleyfishafa, miðað við núgildandi lög.

Einnig er ljóst að um óbeint brot getur verið að ræða þó svo að hagnýting uppfinningarinnar með viðkomandi tilföngum sé ekki brot á einkarétti einkaleyfishafa. Kveðið er á um þetta í 3. málsl. 2. mgr. 3. gr. frv. Samkvæmt þeim málslið er óheimilt nema með leyfi einkaleyfishafa að afhenda eða bjóða tilföng til þeirra sem hagnýta sér uppfinninguna með þeim hætti sem tilgreint er í 1., 3. og 4. tölul. 3. mgr. 3. gr. frv. Slíkt gefur tilefni til refsi- og/eða skaðabótaábyrgðar þó svo að sá sem hagnýtir uppfinninguna teljist ekki brotlegur.

Um 3. mgr.

Hér eru tilgreindar þær athafnir sem einkarétturinn tekur ekki til.

Í 1. tölul. er tekið fram að einkarétturinn taki ekki til athafna sem ekki tengjast atvinnustarfsemi. Þetta er einnig ríkjandi skilningur núgildandi laga, þótt ekki sé það sagt berum orðum. Notkun uppfinningar t.d. við kennslu eða í vísindafyrirlestri telst ekki brot á einkaréttinum, nema viðkomandi uppfinning sé einmitt til þeirra nota. Noti einstaklingur uppfinningu í eigin þágu telst slíkt ekki heldur brot á einkarétti einkaleyfishafa. Svo dæmi sé tekið getur einstaklingur skv. þessu búið til tæki sem er verndað með einkaleyfi, svo framarlega sem notkun þess er eingöngu til eigin þarfa. Hann gæti jafnvel selt smíðina svo lengi sem salan er tilfallandi og getur ekki kallast atvinnustarfsemi. Matið er ekki byggt á því hvort um ábata er að ræða eða ekki. Til dæmis er ljóst að starfsemi í tengslum við líknarmál eða ríkisrekstur getur ekki verið grundvöllur til undanþágu.

Í 2. tölul. er mikilvæg regla sem er viðurkennd hér á landi þótt hana sé ekki að finna í núgildandi lögum, en það er neyslureglan. Hún er byggð á því að þegar einkaleyfishafi hefur samþykkt markaðssetningu hinnar vernduðu uppfinningar getur hann ekki hindrað áframhaldandi notkun og sölu hennar eða afurða hennar. Þetta þýðir ekki að samkeppnisaðilar eða aðrir geti án heimildar byrjað að framleiða eða flytja inn og selja viðkomandi uppfinningu eða afurðir hennar. Inntak reglunnar er að einkaleyfishafi hefur undir þessum kringumstæðum ekki lengur rétt yfir hinu markaðssetta eintaki. Áframhaldandi notkun eða sala á eintakinu, hvort sem er í atvinnuskyni eða ekki, verður ekki talin brot á einkarétti einkaleyfishafa. Þessi regla á eingöngu við um markaðssetningu hér á landi, sbr. það sem að framan segir um forráðasvæðisregluna. Þó að uppfinningin hafi verið löglega markaðssett erlendis, jafnvel af sama aðila og hefur einkaleyfi fyrir henni hér á landi, má enginn annar en íslenski einkaleyfishafinn eða einhver með hans samþykki flytja inn afurðir sem einkaleyfið nær yfir.

3. tölul. kveður á um að einkarétturinn taki ekki til athafna sem tengdar eru tilraunum með efni uppfinningarinnar. Tilraunin verður að varða efni uppfinningarinnar sjálfrar. Hins vegar skiptir ekki máli hvort tilraunin er gerð í atvinnuskyni eða í öðrum tilgangi.

4. tölul. fjallar um tilreiðslu lyfja í lyfjabúð skv. lyfseðli. Þessi undantekning mun ekki hafa gildi fyrr en farið verður að veita einkaleyfi fyrir lyfjum hér á landi, þ.e. þegar bráða-

birgðaákvæði 2. mgr. 75. gr. frumvarpsins rennur úr gildi. Þessi regla er sett til þess að lyfsalar geti áfram tilreitt lyf eftir lyfseðlum lækna án þess að brjóta á einkarétti einkaleyfishafa. Vert er þó að leggja áherslu á að eingöngu er átt við tilreiðslu lyfja eftir lyfseðli fyrir tilgreinda einstaklinga í einstökum tilfellum. Ekki er lyfsala heimilt að tilreiða lyf til að eiga á „lager" eða tilreiða stóra skammta fyrir sjúkrahús án heimildar einkaleyfishafa.

Um 4. gr.

Hér er fjallað um svonefndan fornotkunarrétt aðila sem hagnýta uppfinninguna þegar annar aðili sækir um einkaleyfi. Í núgildandi lögum er um þetta tilvik fjallað í 1. mgr. 6. gr. Í frumvarpinu felast ekki stórvægilegar breytingar varðandi þetta atriði en inntak reglunnar er nánar afmarkað. Hér er um undantekningareglu að ræða. Tilvik, sem hér um ræðir, geta ekki verið mörg því að oftast mundi umrædd hagnýting hafa áhrif á nýnæmi uppfinningar og útilokaði því að hægt væri að veita einkaleyfi fyrir henni.

Fornotkunarréttinum er ætlað að tryggja hagsmuni þeirra sem hagnýta sér viðkomandi uppfinningu þegar umsókn um hana er lögð inn af öðrum. Oftast væri um að ræða aðila sem hafa sjálfir fundið upp það sama og annar sækir um einkaleyfi fyrir. Það er þó ekki skilyrði. Upplýsingar um efni uppfinningarinnar hafa getað borist notanda frá þriðja aðila. Það er skilyrði að hagnýtingin sé ekki augljós misbeiting gagnvart umsækjanda eða þeim sem hann sækir rétt sinn til. Varðandi það, hvað sé augljós misbeiting í þessu tilliti, vísast til umfjöllunar um 5. mgr. 2. gr. frv. Misbeiting gagnvart þriðja aðila kemur hins vegar ekki sjálfkrafa í veg fyrir fornotkunarrétt.

Hagnýting sú, sem hér um ræðir, tekur til allra athafna sem falla undir 3. gr. frv. Hagnýtingin þarf að vera í atvinnuskyni. Jafnframt verður hagnýtingin að eiga sér stað hér á landi. Eðli hagnýtingar skv. fornotkunarrétti má ekki breytast frá þeim tíma sem fornotkunarréttur skapast. Það þýðir að ef fyrri hagnýting hefur falist í sölu er notanda ekki heimilt á grundvelli fornotkunarréttar að framleiða viðkomandi vöru eða flytja hana inn. Einnig er það skilyrði fyrir stofnun réttarins að hagnýting eigi sér stað á því tímamarki þegar einkaleyfisumsókn er lögð inn. Umsóknin getur verið íslensk eða erlend ef sú síðarnefnda er grundvöllur forgangsréttar skv. 6. gr. frv.

Sama fornotkunarrétt og með sömu skilyrðum öðlast sá sem hefur gert verulegar ráðstafanir til að hagnýta uppfinninguna í atvinnuskyni. Það felur í sér að viðkomandi hafi gert tæknilegar og fjárhagslegar ráðstafanir til að hefja hagnýtingu hennar.

Aðilaskipti geta orðið að fornotkunarrétti, en þó aðeins í tengslum við aðilaskipti að þeim atvinnurekstri sem hann á uppruna sinn í. Annað þætti ganga of nærri einkarétti einkaleyfishafa. Jafnframt ber að athuga að skv. þessari grein hefur rétthafi aðeins heimild til áframhaldandi hagnýtingar. Hann getur t.d. ekki bannað öðrum að hagnýta sér uppfinninguna.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um undantekningar frá einkarétti einkaleyfishafa vegna alþjóðasamgangna. Í núgildandi lögum er fjallað um þetta atriði í 2. mgr. 5. gr. Lítið hefur reynt á ákvæðið en nauðsynlegt þykir þó að hafa samsvarandi ákvæði í frumvarpi þessu, m.a. vegna alþjóðlegra skuldbindinga, sbr. 5. gr. b Parísarsáttmálans og 27. gr. alþjóðaloftflutningasamningsins sem gerður var í Chicago 7. des. 1944. Samningurinn var staðfestur af Íslands hálfu 4. apríl 1945, sbr. auglýsingu utanríkisráðuneytisins nr. 94 dags. 10. nóv. 1945.

Hagnýting sú, sem um ræðir í 1. mgr., verður að vera tengd notkun erlends samgöngutækis. Fljótandi olíuborpallar eða frystiskip teljast ekki samgöngutæki í þessu samhengi, a.m.k. ekki að því er varðar hlutverk þeirra sem vinnustöðva á hafi úti. Beiting ákvæðisins er ekki byggð á gagnkvæmni, heldur tekur það til allra erlendra samgöngutækja hvort sem heimaríki þeirra veitir íslenskum samgöngutækjum sama rétt eða ekki. Einnig er ljóst að

ákvæði þessarar málsgreinar tekur til allra uppfinninga hvort sem þær varða afurð eða aðferð. Undantekningarregla núgildandi laga tekur hins vegar eingöngu til einkaleyfisverndaðra hluta.

Efni 2. mgr. á rót sína að rekja til 27. gr. alþjóðaloftflutningasamningsins. Um er að ræða heimildarákvæði sem byggja skal á gagnkvæmni. Í reglugerð yrði kveðið á um hvernig heimildarákvæðið skuli nýtt. Ekki þykir ástæða til að taka upp efni b-liðar 2. mgr. 5. gr. núgildandi laga þar sem nægileg rök þóttu ekki styðja slíka sérreglu, auk þess sem slík regla þekkist ekki í einkaleyfalögum annarra þjóða.

Um 6. gr.

Ákvæði greinarinnar fjallar um forgangsrétt þess umsækjanda sem fyrstur sækir um einkaleyfi vegna tiltekinnar uppfinningar. Efni ákvæðisins er sótt til einnar mikilvægustu reglu Parísarsáttmálans, sbr. 4. gr. og 4. gr. a, um alþjóðasamvinnu. Í núgildandi lögum er fjallað um forgangsrétt í 2. mgr. 24. gr. Tilgangur forgangsréttarreglunnar er að gera umsækjendum kleift að sækja um einkaleyfi í fleiri en einu landi án þess að þurfa að sækja um samtímis í þeim öllum. Slíkt er mjög erfitt í framkvæmd. Umsækjanda er einnig oft nauðsyn á að fá niðurstöðu nýnæmisrannsóknar áður en hann tekur ákvörðun um að sækja um einkaleyfi í fleiri löndum. Það væri ekki mögulegt án forgangsréttarreglu Parísarsáttmálans. Ef hennar nyti ekki við yrði birting umsóknar í einu landi nýnæmishindrun í næsta landi vegna kröfunnar um alþjóðlegt nýnæmi uppfinninga.

Reglan felur það í sér að umsækjandi, sem er frá einhverju aðildarlandi Parísarsáttmálans, fær forgangsrétt í 12 mánuði frá umsóknardegi fyrstu umsóknar sinnar í einhverju aðildarríki sáttmálans til þess að sækja um einkaleyfi fyrir uppfinningu sinni í öðrum aðildarlöndum hans. Þennan frest er ekki hægt að framlengja, sbr. 3. mgr. 72. gr. frv. Þótt ekki segi berum orðum í frumvarpinu að miðað sé við fyrstu umsókn vegna viðkomandi uppfinningar er átt við hana í samræmi við eðli máls og 4. gr. C 2 Parísarsáttmálans.

Forgangsréttur getur einnig skapast á grundvelli erlendra umsókna um uppfinningaskírteini eða smáeinkaleyfi. Uppfinningaskírteini er verndarform sem er aðallega notað í sósíalískum ríkjum. Þau veita ríkisvaldinu einkarétt til að hagnýta viðkomandi uppfinningu gegn endurgjaldi til uppfinningamanns. Smáeinkaleyfi er hins vegar, eins og nafnið bendir til, verndarform þar sem gerðar eru minni kröfur til einkaleyfishæfis uppfinninga jafnframt því sem þau veita mun skemmri vernd. Smáeinkaleyfi þekkjast í mismunandi formi í Vestur-Þýskalandi, Japan og Ítalíu. Hvorugt ofangreindra verndarforma er að finna hérlendis.

Samkvæmt Parísarsáttmálanum og núgildandi lögum er aðeins unnt að fá forgangsrétt á grundvelli umsóknar sem áður hefur verið lögð inn erlendis. Í frumvarpi þessu er hins vegar skýrt tekið fram að forgangsrétt sé hægt að byggja á íslenskri umsókn. Hér er um að ræða rýmkun á forgangsréttinum sem rekja má til ákvæða alþjóðasamstarfssáttmálans (PCT) og Evrópusáttmálans um einkaleyfi (EPC). Í þeim sáttmálum er gert ráð fyrir að alþjóðaumsókn eða umsókn um Evrópueinkaleyfi geti notið forgangsréttar á grundvelli umsóknar frá aðildarlandi sem jafnframt er æskt einkaleyfis í samkvæmt fyrrnefndum umsóknum. Slík regla getur leitt til þess að tvö einkaleyfi væru gefin út fyrir sömu uppfinningu í því landi. Þrátt fyrir þetta hafa norrænu þjóðirnar fallist á þessa skipan. Talið er að sjaldan mundi reyna á þetta, m.a. vegna þess að einkaleyfishafi þyrfti þá að sjálfsögðu að borga tvöföld gjöld. Af sömu ástæðu var ekki talið að möguleikinn á að lengja verndartíma umsóknar með þessu móti væri haldbær mótrök. Meginrökin voru að setja ekki innlenda umsækjendur í verri stöðu en þá sem sækja um einkaleyfi á grundvelli PCT eða EPC og því var afráðið að lögfesta regluna í norrænum lögum. Lagt er til að slíkt hið sama verði gert hér á landi.

Til þess að forgangsréttur taki gildi verður umsækjandi að leggja fram kröfu þar að lútandi. Í reglugerð yrði nánar kveðið á um hvenær og hvernig sú krafa skuli fram sett, sbr. 2.

mgr. þessarar frumvarpsgreinar. Ef slík krafa kemur fram verður litið svo á að seinni umsóknin hafi verið lögð fram samtímis hinni fyrri varðandi atriði sem falla undir 1., 2. og 4. mgr. 2. gr., svo og 4. gr. frv. Nýnæmi uppfinningar skaðast því ekki af birtingu hennar, notkun eða af öðrum ástæðum á þessu tímabili. Fornotkunarréttur skv. 4. gr. frv. getur heldur ekki skapast. Forgangsrétturinn gildir þó aðeins varðandi fyrrnefnd atriði. Því getur t.d. myndast réttur til nauðungarleyfis skv. 48. gr. frv. vegna notkunar annarra á forgangstímanum. Einnig hefur forgangsrétturinn engin áhrif á hvort veita eða hafna skuli einkaleyfisumsókn. Slíkt er metið sjálfstætt í hverju ríki fyrir sig. Þannig getur umsókn um einkaleyfi fyrir sömu uppfinningu verið hafnað í einu ríki en veitt í öðru vegna mismunandi einkaleyfalaga í viðkomandi ríkjum, þrátt fyrir forgangsréttartengsl milli umsóknanna. Þessi sjálfstæðisregla einkaleyfa er byggð á 4. gr. a Parísarsáttmálans.

Síðasti málsliður 1. mgr. 6. gr. heimilar að sami forgangsréttur geti verið veittur á grundvelli umsókna frá ríki sem ekki er aðili að Parísarsáttmálanum. Skilyrði þess eru að gagnkvæmi sé að þessu leyti milli ríkjanna og að viðkomandi ríki hafi löggjöf sem er í aðalatriðum í samræmi við ákvæði sáttmálans. Til þess að gagnkvæmi teljist vera fyrir hendir þarf sérstakan samning þaðan að lútandi.

Um II. kafla.

Um 7. gr.

Í 8. gr. auglýsingar um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969, er kveðið á um að málefni, er varða réttindi á sviði iðnaðar, falli undir iðnaðarráðuneytið. Á vegum ráðuneytisins hefur frá árinu 1988 verið starfrækt einkaleyfa- og vörumerkjaskrifstofa sem sér um framkvæmd einkaleyfalaga.

Núgildandi einkaleyfalög eru byggð á því meginsjónarmiði að allar umsóknir um einkaleyfi séu rannsakaðar með tilliti til einkaleyfishæfis uppfinninga. Sama á við um frumvarp þetta. Fullnaðarrannsókn einkaleyfisumsókna fer ekki fram hér á landi þar sem of fáar umsóknir berast til að standa undir þeim fjölda sérhæfðra starfsmanna sem þyrfti til þess. Hingað til hefur framkvæmdin verið sú að einkaleyfi hafa annaðhvort verið veitt á grundvelli erlendra einkaleyfa sem hafa verið rannsökuð af einkaleyfayfirvöldum viðkomandi landa eða umsóknir hafa verið sendar til dönsku einkaleyfastofnunarinnar til rannsóknar. Við það er miðað að gerður verði samningur við þá stofnun um áframhaldandi aðstoð á þessu sviði. Í reglugerð yrðu sett nánari ákvæði um þetta atriði.

Nú er einkaleyfaskrifstofan eini móttökuaðili íslenskra einkaleyfisumsókna. Ef Ísland gerist aðili að samstarfssáttmálanum um einkaleyfi (Patent Cooperation Treaty eða PCT) verður hægt að sækja um einkaleyfi hér á grundvelli alþjóðaumsóknar sem hægt er að leggja inn í öllum aðildarlöndum PCT. Af því leiðir að umsóknir um íslensk einkaleyfi verða einnig lagðar inn erlendis. PCT tekur þó eingöngu til umsókna en ekki veitingar einkaleyfa. Einkaleyfaskrifstofan hér mun fjalla um umsóknina eftir að hún berst til Íslands og taka ákvörðun um höfnun eða veitingu einkaleyfis skv. henni. Síðasti málsliður 1. mgr. 7. gr. varðandi skilgreiningu á hugtakinu „einkaleyfayfirvöld" er settur vegna fyrirhugaðrar aðildar Íslands að PCT.

Áfrýjunarnefnd í einkaleyfa- og vörumerkjamálum hefur verið starfandi síðan 1984. Nánari reglur um starfshætti nefndarinnar verða settar í reglugerð.

Um 8. gr.

Einkaleyfi er eingöngu veitt á grundvelli umsóknar, eins og fram kemur í 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. frv. Í þessari grein er nánar kveðið á um hvernig umsókn um einkaleyfi skuli úr garði gerð. Greinin er hliðstæð 10. og 11. gr. núgildandi laga. Nýmæli eru þó nokkur. Sérákvæði eru um lýsingu örvera sem uppfinningar byggjast á, sbr. 6. og 7. mgr. Einnig er nýmæli að ágrip af

lýsingu og einkaleyfiskröfum skuli vera hluti af umsókn, sbr. 3. mgr. Í 5. mgr. er kveðið á um árgjald af umsóknum. Slíks gjalds er ekki krafist skv. núgildandi lögum. Nánari reglur um gerð einkaleyfisumsókna verða settar í reglugerð, sbr. 1. mgr. 69. gr. frv.

Um 1. mgr.

Hér kemur fram að þegar sótt er um einkaleyfi skuli leggja inn skriflega umsókn til einkaleyfayfirvalda. Engin önnur ákvæði eru í lögunum um hvaða lágmarkskröfur eru gerðar til þess að umsókn um einkaleyfi teljist hafa verið lögð inn. Ákvörðun um hver sé umsóknardagur er mikilvæg vegna þeirra réttaráhrifa sem við hann eru tengd, sbr. umfjöllun um 1. mgr. 2. gr. frv. Umsókn getur verið svo ábótavant að upprunalegur umsóknardagur getur ekki haldist. Umsækjandi á þá kost á að færa hann til, sbr. 14. gr. frv.

Umsókn þarf að innihalda lýsingu á uppfinningunni, einkaleyfiskröfur og ágrip þessara þátta. Einnig þarf að tilgreina uppfinningamann. Í reglugerð yrðu sett nánari ákvæði um formsatriði varðandi frágang umsókna, sbr. 1. mgr. 69. gr. frv. Ítarleg ákvæði yrðu einnig sett um umsóknareyðublöð svo og frágang og fjölda fylgigagna.

Umsækjanda skal gefinn kostur á að bæta úr þeim göllum sem á umsókninni kunna að vera, sbr. 15. gr. frv. Geri hann það ekki innan þess frests sem einkaleyfayfirvöld ákveða verður umsóknin afskrifuð, sbr. 2. mgr. 15. gr. frv. Þrátt fyrir þennan möguleika til lagfæringar getur umsókn, sem er vanbúin á umsóknardegi, auðveldlega eyðilagt eða rýrt möguleika umsækjanda á að fá einkaleyfi. Þetta er ljóst af 13. gr. frv. Þar kemur fram að umsókn má ekki breyta þannig að hún taki til einhvers sem ekki kom fram á umsóknardegi hennar.

Í seinni hluta 1. mgr. er nefnt það tilvik þegar umsókn um einkaleyfi á Íslandi er lögð inn hjá einkaleyfayfirvöldum í erlendu ríki eða alþjóðastofnun. Um slíkt verður því aðeins að ræða að Ísland gerist aðili að PCT. Þetta ákvæði öðlast því ekki gildi fyrr en Ísland hefur gerst aðili að þeim alþjóðasáttmála.

Um 2. mgr.

Hér eru nánari ákvæði um helstu efnisþætti umsókna, en þeir eru: lýsing uppfinningar ásamt teikningum, ef þörf krefur, og einkaleyfiskröfur. Gögn, þar sem þessi atriði koma fram teljast grunngögn umsóknar. Fyrst er tekið fram að einkaleyfisumsókn skuli hafa að geyma lýsingu á uppfinningunni. Hún skal vera svo skýr að fagmaður geti á grundvelli hennar útfært uppfinninguna. Með fagmanni er átt við einstakling sem hefur til að bera staðgóða þekkingu eða sérmenntun á viðkomandi sviði. Krafa um lýsingu á uppfinningu er byggð á svonefndu opinberunarsjónarmiði sem er eitt af grundvallaratriðum einkaleyfaréttarins: Ríkið veitir aðila einkarétt til að hagnýta uppfinninguna í ákveðinn tíma gegn því að henni sé lýst svo skilmerkilega að hún stuðli að tækniframförum. Nánari reglur um hvernig lýsing skuli úr garði gerð verða settar í reglugerð. Um réttaráhrif lýsingar er fjallað í 39. gr. frv.

Teikninga er því aðeins krafist að þeirra sé þörf til að skýra lýsinguna. Þeirra er þó yfirleitt þörf nema þegar sótt er um einkaleyfi fyrir efnasambandi. Þá nægir að setja fram efnafræðiformúlu þess. Nánari reglur um teikningar og frágang þeirra verða í reglugerð.

Einkaleyfiskröfur eru þungamiðja einkaleyfisumsókna. Í þeim kemur fram fyrir hverju er beiðst einkaleyfis. Þörf er á greinargóðri skilgreiningu þess sem krafist er einkaleyfis fyrir því umfang verndar ræðst af einkaleyfiskröfunum, sbr. 39. gr. frv. Samræmi verður að vera á milli einkaleyfiskrafna og lýsingar á uppfinningu því hana getur þurft að nota til að skýra einkaleyfiskröfur, sbr. 39. gr. frv. i.f. Einkaleyfiskröfur geta verið ein eða fleiri í sömu umsókn. Þó verða þær að varða sömu uppfinningu, sbr. 10. gr. frv. Í reglugerð verða nákvæmar reglur um efni og framsetningu einkaleyfiskrafna.

Ekki er kveðið á um það sérstaklega í frumvarpinu að umsókn um íslenskt einkaleyfi skuli vera á íslensku. Það verður þó að teljast grundvallaratriði til að upplýsingar, sem felast í birtum umsóknum, komi sem flestum að notum er vinna að tækniþróun hér á landi. Í þessu efni er því gert ráð fyrir að framkvæmd verði í samræmi við norrænar reglur. Af því leiðir að a.m.k. lýsing, einkaleyfiskröfur og ágrip, sbr. 3. mgr. hér á eftir, skulu vera á íslensku. Nánari reglur um innlagningu skjala á öðrum tungumálum og fresti til að leggja inn þýðingar, þegar þeirra er þörf, verða settar í reglugerð.

Í athugasemdum við 6. og 7. mgr. þessarar greinar er fjallað um þær kröfur sem gerðar eru til lýsingar á örverum sem uppfinningar eru byggðar á og hvorki eru almenningi aðgengilegar né unnt að lýsa skriflega.

Um 3. mgr.

Krafan um að ágrip skuli vera hluti af umsókn á rót sína að rekja til reglna PCT og Evrópusáttmálans um einkaleyfi (European Patent Convention eða EPC). Ágripið á að auðvelda notendum einkaleyfakerfisins að glöggva sig á efni umsókna eða einkaleyfa með skjótum hætti. Einnig gerir ágripið mönnum kleift að átta sig á hvort þeir þurfi að kynna sér frekar efni umsóknar eða einkaleyfis. Í ágripi á að koma fram hvaða tæknilegt vandamál uppfinningin á að leysa og hvernig það er gert. Ágripið er eingöngu til upplýsingar og hefur enga þýðingu við mat á einkaleyfishæfi uppfinningar eða umfangi verndar, sbr. seinni málslið ákvæðisins. Þetta kemur einnig fram í því að einkaleyfayfirvöld geta breytt ágripinu án samráðs við umsækjanda, sbr. 1. mgr. 15. gr. frv. Nánari reglur um ágrip verða í reglugerð.

Um 4. mgr.

Réttur uppfinningamanns til að vera nefndur í einkaleyfi er tryggður í 4. gr. b. Parísarsáttmálans. Í einkaleyfalögum annarra ríkja á Norðurlöndum er hins vegar gengið lengra; þar er skylda að nefna uppfinningamann í umsókn. Lagt er til að sami háttur verði tekinn upp hérlendis, þ.e. að nafn uppfinningamanns komi fram í umsókn um einkaleyfi. Þar að auki þarf umsækjandi að sanna rétt sinn til uppfinningarinnar ef hann er ekki sjálfur uppfinningamaður. Slík sönnun yrði yfirleitt í formi skriflegrar framsalsyfirlýsingar, en stundum er þörf á dómsniðurstöðu, sbr. 17. gr. frv.

Einfalt er að tilgreina uppfinningamann þegar um einn einstakling er að ræða. Erfiðara er um vik þegar hópur manna stendur að uppfinningu, sérstaklega þegar um er að ræða þróunarverkefni innan fyrirtækis. Slík þróunarverkefni geta staðið yfir í mörg ár og margir kunna að leggja þar hönd á plóg. Ekki liggur þá ávallt beint við hver teljast skuli uppfinningamaður. En af ákvæði þessarar greinar er ljóst að tilgreina þarf einn eða fleiri einstaklinga. Það útilokar að lögpersóna geti talist uppfinningamaður. Því þurfa fyrirtæki, sem sækja um einkaleyfi, að tilgreina ákveðna menn innan fyrirtækisins sem uppfinningamenn. Eins og vikið er að í athugasemdum við 1. gr. er í frumvarpi þessu ekki tekin afstaða til eignarréttar að uppfinningum sem gerðar eru af mönnum er starfa í þjónustu annarra.

Um 5. mgr.

Hér er kveðið á um að umsækjandi skuli greiða umsóknargjald. Einnig er gert ráð fyrir að greidd séu árgjöld af einkaleyfisumsóknum þótt ekki hafi verið tekin afstaða til veitingar einkaleyfisins. Það er breyting frá gildandi rétti. Umsóknargjaldi og árgjöldum vegna umsókna og veittra einkaleyfa er ásamt öðrum gjöldum ætlað að standa undir kostnaði við rekstur einkaleyfa- og vörumerkjaskrifstofu.

Greiðsla umsóknargjalds er skilyrði fyrir því að umsóknin verði tekin gild. Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði sett ákvæði þess efnis að umsækjandi geti fengið ákveðinn frest á greiðslu umsóknargjalds greiði hann það ekki við innlagningu umsóknar. Sá frestur yrði

tiltölulega skammur, t.d. tveir mánuðir. Hafi umsækjandi ekki greitt umsóknargjaldið innan tilskilins frests telst umsóknin hafa verið dregin til baka.

Árgjöld ber að greiða af umsókn þar til hún hefur fengið endanlega afgreiðslu. Í því felst m.a. að greiða ber árgjöld meðan umsókn er til meðferðar hjá áfrýjunarnefnd og/eða dómstólum. Ákvæði um það, frá hvaða tíma greiða skuli árgjöld, er í 41. gr. frv. og kveðið er á um fresti til greiðslu árgjalda í 42. gr. frv. Rök fyrir greiðslu árgjalda af umsóknum eru m.a. að með því megi sporna við því að verið sé að viðhalda umsóknum sem augljóst er að ekki muni ná fram að ganga eða umsækjandi hefur misst áhuga á.

Um 6. mgr.

Hér er að finna sérreglur um það hvenær telja skuli að uppfinningum, sem varða aðferðir á sviði örverufræði eða afurðir slíkra aðferða, sé nægilega vel lýst. Aðalreglan er sú að rækt af viðkomandi örverustofni skuli lögð inn til varðveislu þannig að hver sá, sem hefur heimild til, geti fengið afhent sýni af henni. Slík varðveisla er þó ekki nauðsynleg ef örveran er aðgengileg almenningi. Til þess að svo teljist vera þarf að vera hægt að útvega örveruna án verulegs umstangs og útgjalda. Eingöngu örverur, sem auðvelt er að skilgreina og hægt er að útvega með auðveldum hætti hjá rannsóknastofu, teljast uppfylla það skilyrði. Það að örveran finnist í náttúrunni leiðir ekki sjálfkrafa til þess að hún teljist aðgengileg almenningi.

Hugsanlegt er að örvera, sem var aðgengileg almenningi á umsóknardegi, hætti að vera það. Ef það gerist áður en einkaleyfi er veitt og rækt af örverustofninum hefur ekki verið lögð inn til varðveislu né henni nægilega lýst í umsókn er ekki hægt að veita einkaleyfið. Hafi einkaleyfi hins vegar þegar verið veitt getur fyrrnefnt tilvik leitt til þess að einkaleyfið verði ógilt, sbr. 52. gr. frv. Einkaleyfishafi getur þó yfirleitt komið í veg fyrir þetta þar sem hann hefur oftast í fórum sínum rækt af örverustofninum og getur þannig séð til þess að hún sé aðgengileg almenningi.

Varðveisla er heldur ekki nauðsynleg ef mögulegt er að lýsa örverunni í umsókn þannig að fagmaður geti á grundvelli lýsingarinnar útfært uppfinninguna. Þetta ákvæði var sett í norræn lög í kringum 1985 en áður var ekki talið unnt að lýsa örverum. Með hliðsjón af hinni öru þróun á sviði örverufræða er ekki rétt að útiloka þann möguleika. Því er samsvarandi ákvæði sett í þetta frumvarp. Rétt er þó að benda á að erfitt getur verið fyrir umsækjanda að átta sig á hvenær skrifleg lýsing sé nægileg. Í vafatilvikum er öruggara að leggja einnig inn rækt af örverustofninum til varðveislu, ella er hætta á að umsókn verði hafnað eða einkaleyfi dæmt ógilt vegna ófullnægjandi lýsingar.

Í ákvæðinu er tekið fram að í síðasta lagi á umsóknardegi umsóknar sé hægt að leggja inn rækt af örverustofninum til varðveislu. Einnig er lögð á það áhersla að ræktin skuli þaðan í frá vera stöðugt varðveitt. Ef slík varðveisla á að teljast hluti af lýsingu á uppfinningunni verður hún að vera til staðar a.m.k. þar til verndartími einkaleyfis er útrunninn, sbr. 40. gr. frv. Ef brestur verður á því getur það leitt til þess að ekki sé unnt að veita einkaleyfi eða veitt einkaleyfi verði fellt úr gildi.

Stöðug varðveisla ræktar af örverustofni, sem uppfinning er byggð á, er ekki eingöngu hagsmunamál einkaleyfishafa. Einkaleyfislýsingar sem almennt aðgengilegar tækniupplýsingar gegna vart hlutverki sínu ef varðveislu ræktar er ekki viðhaldið, helst fram yfir verndartíma hlutaðeigandi einkaleyfis. Í frumvarpi þessu eru ekki settar fastar reglur um þetta efni. Slíkar reglur eru í Búdapestsáttmálanum frá 1977 sem fjallar um alþjóðlega viðurkenningu á varðveislu örvera vegna einkaleyfisumsókna. Ísland er ekki aðili að sáttmálanum gagnstætt því sem við á um aðrar norrænar þjóðir. Þrátt fyrir það eru ákvæði þessa frumvarps í samræmi við sáttmálann og það auðveldar hugsanlega aðild að honum seinna meir.

Varðveislu örveruræktarinnar skal haldið við þannig að þeir sem til þess hafa rétt geti fengið sýni af henni hér á landi. Ljóst er að það er aðeins á færi sérhæfðra stofnana að varðveita slíka rækt. Í reglugerð verður kveðið á um hvar varðveisla er heimil. Varðveislu á slíkum sérstofnunum fylgir mikill kostnaður og leggst hann á umsækjanda. Aðalmarkmið fyrrgreinds Búdapestsáttmála er að koma á alþjóðareglum til að létta umsækjendum róðurinn. Í því skyni felur samningurinn í sér að aðeins sé þörf á varðveislu einnar ræktar af örverustofni á einni alþjóðlega viðurkenndri stofnun fyrir öll aðildarlönd sáttmálans.

Eins og áður segir er Ísland ekki aðili að sáttmálanum. Það er þó hugsanlegt að varðveisla ræktar í alþjóðlega viðurkenndri stofnun erlendis yrði metin gild sem grundvöllur fyrir lýsingu í íslenskri einkaleyfisumsókn. Þetta væri þó háð því skilyrði að viðkomandi stofnun gæti útvegað þeim, sem til þess hefðu rétt, sýni hér á landi. Um rétt til að fá slíkt sýni er fjallað í ákvæðum 22. gr. frv.

Um 7. mgr.

Varðveitt örverurækt getur orðið óvirk. Ef það gerist áður en verndartími einkaleyfis er útrunninn eða áður en einkaleyfi er veitt getur það valdið umsækjanda eða einkaleyfishafa réttarmissi. Í ákvæði þessu er því rétthafa heimilað að skipta um örverurækt ef þannig stendur á. Ákvæðið á uppruna sinn í Búdapestsáttmálanum. Nánar verður fjallað um framkvæmd og fresti til slíkra skipta í reglugerð.

Réttaráhrif framangreindra skipta eru þau að horft yrði fram hjá því að örveruræktin hafi orðið óvirk um tíma og að uppfinningunni hafi ekki verið nægilega vel lýst á því tímabili. Nýja varðveislan kemur í stað hinnar fyrri og telst hefjast sama dag og hin fyrri var lögð inn. Því er ekki hægt að hafna umsókn eða ógilda einkaleyfi vegna ónógrar lýsingar sem rekja má til tímabundinnar óvirkni ef slík skipti fara fram eftir settum reglum.

Ef varðveitt örverurækt hefur í millitíðinni orðið aðgengileg almenningi og telst vera það þegar varðveislan verður óvirk þarf ekki nýja varðveislu. Forsendur þess eru þó að örveran hafi verið skilmerkilega skilgreind í umsóknargögnum.

Um 9. gr.

Þetta ákvæði er byggt á 5. mgr. 5. gr. PCT. Þar er heimilað að í landslögum einstakra aðildarríkja megi kveða á um að umsækjendur um einkaleyfi í viðkomandi landi geti beðið um að fram fari nýnæmisrannsókn á umsókn þeirra hjá alþjóðlegri nýnæmisrannsóknastofnun. Ávinningur sá, er umsækjandi getur haft af slíkri alþjóðlegri nýnæmisrannsókn, er að hún gefur honum betri undirstöðu til að meta hvort hann eigi að leggja inn alþjóðaumsókn á grundvelli PCT. Einnig getur slík rannsókn haft í för með sér lækkun á nýnæmisrannsóknagjöldum vegna slíkrar alþjóðaumsóknar.

Ísland er ekki aðili að PCT. En þar sem aðild að þessum alþjóðasáttmála er fyrirhuguð og líta má á frumvarpið sem lið í þeim undirbúningi þykir rétt að hafa þetta ákvæði í frumvarpinu og tryggja á þann hátt samræmi við einkaleyfalög annarra Norðurlandaþjóða. Ákvæðið mun þó ekki hafa gildi fyrr en Ísland gerist aðili að PCT. Einnig er vert að árétta að ofangreind nýnæmisrannsókn mun ekki sjálfkrafa koma í stað venjulegrar nýnæmisrannsóknar á íslenskum einkaleyfisumsóknum. Kveðið verður á um það atriði í reglugerð.

Um 10. gr.

Greinin skýrir sig að mestu leyti sjálf. Hér er sett skilyrði um skyldleika uppfinninga í sömu umsókn. Sambærilegt ákvæði er í 3. mgr. 11. gr. núgildandi laga og er hér aðeins um orðalagsbreytingu að ræða. Meginrök fyrir þessu ákvæði eru stjórnunarlegs eðlis. Það mundi torvelda mjög meðhöndlun og rannsókn umsókna ef leyft væri að sækja um einkaleyfi fyrir óskyldum uppfinningum í sömu umsókn. Einnig yrði erfitt að flokka umsóknir og einkaleyfi

sem aftur gerði almenningi erfiðara um vik að kynna sér efni þeirra. Fjárhagsleg rök liggja einnig að baki ákvæðinu. Ekki þykir heldur rétt að umsækjandi geti fyrir eitt og sama gjald fengið umfjöllun um og síðar vernd á mörgum ólíkum uppfinningum. Að síðustu má nefna erfiðleika sem kynnu að koma upp við túlkun á umfangi einkaleyfis sem veitt væri fyrir óskyldum uppfinningum.

Í greininni er ekki skilgreint hvenær uppfinningar séu nægilega skyldar til þess að geta falist í sömu umsókn. Ljóst er að í mörgum tilvikum eru náin tæknileg tengsl milli uppfinninga og því sjálfsagt og eðlilegt að sótt sé um einkaleyfi fyrir þeim sameiginlega. Slíkur skyldleiki telst ekki vera fyrir hendi ef hægt er að hagnýta aðra uppfinninguna án þess að koma inn á svið hinnar. Í reglugerð verður gerð nánari grein fyrir skilyrðum sem uppfinningar þurfa að uppfylla til að teljast nægilega skyldar í þessu samhengi.

Ef sótt er um einkaleyfi á óskyldum uppfinningum í einni og sömu umsókn ber umsækjanda að skipta umsókninni í tvær eða fleiri umsóknir. Nánar er kveðið á um slíka skiptingu umsókna í 11. gr. frv.

Um 11. gr.

Greinin fjallar um þau tilvik þegar einkaleyfisumsókn er skipt í tvær eða fleiri sjálfstæðar umsóknir. Hún er í eðlilegu framhaldi af 10. gr. frv. sem kveður á um að ekki megi í sömu umsókn sækja um einkaleyfi á óskyldum uppfinningum. Hér er gefinn kostur á að hluta í sundur umsókn sem þannig er ástatt um. Greinin tekur þó ekki eingöngu til slíkra tilvika, heldur á hún einnig við ef umsækjandi æskir af öðrum ástæðum að skipta umsókn í tvær eða fleiri sjálfstæðar umsóknir. Sambærilegt ákvæði er ekki í núgildandi lögum.

Í norrænum rétti er talað um hlutun umsóknar ef efni nýrrar umsóknar er að finna í grunngögnum frumumsóknar. Ef efni nýrrar umsóknar hefur hins vegar orðið til vegna viðbóta við grunngögn frumumsóknar er talað um sundurgreiningu umsókna. Þessi aðgreining skiptir máli varðandi fresti til að setja fram beiðni um að skipta umsókn. Nánar verður gerð grein fyrir þessu í reglugerð.

Skilyrði þess, að hlutun eða sundurgreining umsóknar sé heimil, er að eldri umsókn hafi ekki hlotið endanlega afgreiðslu. Með því er átt við veitingu, afturköllun eða höfnun einkaleyfis. Það telst einnig endanleg afgreiðsla ef umsókn hefur verið afskrifuð, sbr. 15. gr. frv. Umsókn telst þó ekki endanlega afgreidd fyrr en kæru- eða endurupptökufrestur er liðinn. Annað skilyrði fyrir hlutun eða sundurgreiningu umsóknar er beiðni umsækjanda. Slík beiðni getur falist í nýrri umsókn þar sem vísað er til hinnar eldri. Einkaleyfayfirvöld geta ekki skipt umsókn af sjálfsdáðum. Um önnur skilyrði fyrir hlutun eða sundurgreiningu umsókna verður fjallað í reglugerð.

Réttaráhrif af hlutun eða sundurgreiningu umsókna eru þau að nýjar umsóknir, sem til verða við slíkar aðgerðir, teljast hafa verið lagðar inn sama dag og gögn sem fela í sér uppfinninguna. Hafi þau verið lögð inn strax við innlagningu frumumsóknar fær nýja umsóknin sama umsóknardag og frumumsóknin, annars þann dag sem viðkomandi gögn teljast hafa verið lögð inn. Þessi afturvirku réttaráhrif eru verulegt frávik frá meginreglunni um að raunverulegur umsóknardagur sé upphafsdagur réttarverndar.

Um 12. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu umsækjanda, sem ekki er heimilisfastur hér á landi, til að hafa umboðsmann búsettan hérlendis. Slík skylda er ekki fyrir hendi skv. núgildandi lögum, sbr. 12. gr. þeirra. Eigi að síður hefur það almennt tíðkast að aðilar búsettir erlendis hafi umboðsmenn hér á landi vegna einkaleyfisumsókna sinna. Ef þessu ákvæði er ekki framfylgt verður umsókn afskrifuð eða hafnað, sbr. 15. og 16. gr. frv. Greinin tekur eingöngu til umsókna, en í 66. gr. er ákvæði um umboðsmenn vegna veittra einkaleyfa.

Það þekkist í lögum ýmissa erlendra ríkja að sett séu skilyrði um menntun og sérþekkingu umboðsmanna. Slík skilyrði er ekki að finna í lögum norrænna þjóða utan að krafist er að viðkomandi hafi búsetu í landinu. Í frumvarpi þessu er því fordæmi fylgt. Umboðsmaður getur verið hvort heldur sem er einstaklingur eða lögpersóna.

Krafan um umboðsmann er byggð á hagkvæmnisjónarmiðum. Það getur verið erfiðleikum bundið fyrir einkaleyfayfirvöld að eiga samskipti við umsækjendur, sem búsettir eru erlendis, vegna tungumálaerfiðleika og vanþekkingar þeirra á íslenskum réttarreglum. Frágangur einkaleyfisumsókna og umsjón með þeim gagnvart einkaleyfayfirvöldum krefst mikillar sérþekkingar. Því er algengt að umsækjendur, búsettir hérlendis og erlendis, leiti til sérfróðra umboðsmanna til að hafa umsjón með umsóknum sínum. Í greininni er ekki tilgreint hverjir hafi rétt til að hafa umboðsmann. Til þessa hefur umsækjendum, sem búsettir eru hérlendis, einnig verið heimilt að fela umboðsmanni að koma fram fyrir sína hönd gagnvart einkaleyfayfirvöldum. Frumvarpi þessu er ekki ætlað að breyta því.

Það er búseta en ekki þjóðerni sem skiptir máli varðandi skyldu til að hafa umboðsmann. Ekki er nánar skilgreint í frumvarpinu hvað átt er við með heimilisfesti. Því verður að styðjast við almenn sjónarmið úr alþjóðarétti og réttarfari. Heimilisfesti telst vera sá staður þar sem viðkomandi hefur fasta búsetu að undanskildum skammvinnum fjarvistum vegna leyfa eða veikinda.

Samkvæmt greininni má ekki takmarka umboðið. Umboðsmaður hefur því heimild til að taka bindandi ákvarðanir gagnvart einkaleyfayfirvöldum um öll þau málefni sem upp koma varðandi einkaleyfisumsóknina. Hann getur þó orðið bótaskyldur gagnvart umbjóðanda sínum ef hann tekur ákvarðanir sem fara út fyrir samkomulag þeirra í milli. Nánari reglur um umboð og frágang þeirra verða settar í reglugerð.

Um 13. gr.

Í núgildandi lögum eru ekki samsvarandi ákvæði og hér um ræðir.

Það er meginregla einkaleyfaréttarins að ekki megi breyta umsókn sem hefur verið lögð inn hjá einkaleyfayfirvöldum. Rök fyrir þeirri reglu eru að ýmis réttaráhrif eru bundin umsóknardegi. Nægir að nefna að mat á nýnæmi uppfinningar miðast við umsóknardag; einnig forgangsréttur til verndar, sbr. 6. gr. frv., og upphaf verndartímabils einkaleyfis reiknast frá þeim tíma, sbr. 40. gr. frv. Oft er þó þörf minni háttar breytinga, eftir að umsókn hefur verið lögð inn, til að uppfylla kröfur um frágang umsókna, sbr. 15. gr. frv. Því er hér heimilað að gera breytingar á umsókn svo framarlega sem breytingin felur ekki í sér viðbót við efni umsóknar, þ.e. að ekki sé sótt um víðtækari vernd en kom fram í grunngögnum upphaflegrar umsóknar. Leiðréttingar, umorðun, nánari skýringar og takmarkanir á umsóknum eru því heimilar. Einnig er ávallt heimilt að draga umsókn til baka og leggja inn nýja. Nýja umsóknin er þá meðhöndluð sjálfstætt og greiða þarf umsóknargjöld að nýju. Þetta er þó því aðeins raunhæft að fyrri umsóknin hafi ekki orðið almenningi aðgengileg í samræmi við 22. gr. frv. því annars eyðileggur fyrri umsóknin nýnæmi þeirrar seinni.

Ef þörf er víðtækari breytinga en heimilar eru skv. þessari grein getur slíkt verið mögulegt skv. 14. gr. frv. gegn því að umsóknardegi verði breytt.

Um 14. gr.

Í greininni er fjallað um tilfærslu á upphaflegum umsóknardegi. Hliðstætt ákvæði er ekki í núgildandi lögum. Aðalregla einkaleyfaréttarins er sú að ekki megi breyta efni umsóknar þannig að hún taki til einhvers sem ekki kemur fram í upphaflegri umsókn, sbr. umfjöllun um 13. gr. frv. Stundum er umsókn þó svo ófullkomin að þörf er slíkra breytinga. Ef ekki væri heimilt að færa til upphaflegan umsóknardag þyrfti umsækjandi í slíkum tilfellum að leggja inn nýja umsókn, en það væri ósanngjarnt í mörgum tilvikum. Hér er því sett sú regla að ef

umsækjandi gerir meiri háttar breytingar innan sex mánaða frá því að upphafleg umsókn var lögð inn geti hann beðið um að umsóknin teljist hafa borist einkaleyfayfirvöldum þegar breytingarnar bárust.

Ekki er afmarkað í greininni við hvaða breytingar er átt. Ákvæðið á þó einkum við ef um mjög víðtækar breytingar er að ræða, t.d. ef lýsingu á uppfinningu hefur alveg vantað eða henni verið mjög ábótavant. Það þurfa þó að vera ljós tengsl milli upphaflegrar umsóknar og þeirrar breyttu. Breytingarnar verða að vera innan þeirra marka að þær geti með sanngirni talist breytingar í sjálfu sér en ekki ný umsókn. Annars verður umsækjandi að leggja inn nýja umsókn.

Breytingar verða að hafa borist einkaleyfayfirvöldum innan sex mánaða frá upphaflegum umsóknardegi. Þessi frestur er settur af hagkvæmnisástæðum til að koma í veg fyrir að einkaleyfayfirvöld leggi of mikla vinnu í umsókn sem síðar kynni að verða gjörbreytt. Einnig er með þessum fresti komið í veg fyrir að umsækjendur misnoti þennan möguleika til að lengja verndartímabil umsóknar.

Umsækjandi verður að leggja inn beiðni um tilfærslu á umsóknardegi. Einkaleyfayfirvöld geta því ekki fært umsóknardag til af sjálfsdáðum. Þrátt fyrir að breytingar á umsókninni verði að hafa borist innan sex mánaða frá upphaflegum umsóknardegi hefur umsækjandi tveggja ára frest til að setja fram beiðni um tilfærslu umsóknardags. Slík beiðni verður þó að hafa borist áður en einkaleyfayfirvöld birta umsóknina, sbr. 2. mgr. 19. gr. frv. Ekki má biðja um tilfærslu umsóknardags oftar er einu sinni og beiðnina er ekki hægt að afturkalla. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu að umsókn sé breytt oftar en einu sinni innan sex mánaða frestsins og getur beiðnin þá náð til allra þeirra breytinga.

Réttaráhrif slíkrar tilfærslu á umsóknardegi eru þau að umsókn telst lögð inn á þeim degi sem breytingarnar bárust. Þetta þýðir að forgangsréttur og verndartími einkaleyfis reiknast frá þeim degi. Einnig eru nýnæmishindranir og önnur atriði, er varða einkaleyfishæfi umsóknar, könnuð til þessa dags. Fyrri umsóknardagur verður því ógildur að öllu leyti nema því að umsóknin heldur sama umsóknarnúmeri. En með beiðni um tilfærslu á umsóknardegi í stað þess að leggja inn nýja umsókn sparar umsækjandi sér að greiða umsóknargjald að nýju.

Um 15. gr.

Hér er fjallað um hvernig skuli fara með umsókn sem ekki uppfyllir skilyrði laga og reglugerða um efni og frágang. Reglurnar um hvernig fara skuli með ófullkomnar umsóknir eru mun ítarlegri en þær sem eru í 1. mgr. 13. gr. núgildandi laga. Allt, sem getur verið áfátt við umsókn, fellur hér undir, bæði form- og efnisgallar. Hér er því ekki greint á milli form- og efnisrannsóknar umsókna eins og þekkist í einkaleyfalögum sumra þjóða. Það leiðir þó af eðli máls að yfirleitt er byrjað að athuga hvort formskilyrði séu uppfyllt áður en umsóknin er athuguð efnislega.

Ef einkaleyfayfirvöld sjá eitthvað athugavert við umsókn skal umsækjanda tilkynnt það. Ekki eru settar reglur um hvernig sú tilkynning skuli úr garði gerð, en yfirleitt yrði hún skrifleg. Umsækjanda skal gefinn ákveðinn frestur til að tala sínu máli eða bæta umsóknina. Honum skal jafnframt tilkynnt að sýni hann ekki einhver viðbrögð við tilmælum einkaleyfayfirvalda verði umsóknin afskrifuð, sbr. 2. mgr. Litið er svo á að ef umsækjandi hirðir ekki um að svara athugasemdum einkaleyfayfirvalda hafi hann í reynd afturkallað umsókn sína. Það er ekki skilyrði að umsækjandi verði við öllum tilmælum einkaleyfayfirvalda til þess að meðferð umsóknar verði haldið áfram. Nægilegt er að hann sýni áhuga á að viðhalda umsókninni. Ef umsækjandi bætir ekki úr því sem áfátt er við umsóknina getur það leitt til þess að henni verði hafnað, sbr. 16. gr. frv.

Umsækjandi getur fengið umsókn sína endurupptekna enda þótt hún hafi verið afskrifuð ef hann tjáir sig um athugasemdir einkaleyfayfirvalda eða bætir umsóknina innan fjögurra

mánaða frá því að hinn tiltekni frestur rann út. Jafnframt þarf hann að greiða endurupptökugjald. Mögulegt er að sama umsókn verði afskrifuð og endurupptekin mörgum sinnum ef svo ber undir. Ákvörðun um að hafna endurupptöku umsóknar má kæra til áfrýjunarnefndar, sbr. 2. mgr. 24. gr. frv. Umsókn, sem er afskrifuð vegna vangoldinna árgjalda, verður ekki endurupptekin, sbr. 4. mgr.

Það er meginregla að einkaleyfafyrirvöld geta ekki af sjálfsdáðum breytt neinu í umsókn. Í 2. málsl. 1. mgr. er þó gerð undantekning varðandi ágrip umsóknar. Tilgangur með ágripi er að gefa í sem stystu máli tæknilegar upplýsingar um uppfinninguna. Þær upplýsingar þurfa að vera aðgengilegar almenningi eins snemma og hægt er. Því getur verið nauðsynlegt að breyta ágripi án samráðs við umsækjanda til að tryggja að það liggi fyrir í endanlegri mynd áður en umsókn verður aðgengileg almenningi í samræmi við 22. gr. frv. Þar sem ágrip hefur enga þýðingu við túlkun á umfangi verndar veldur breyting á því ekki réttarspjöllum.

Um 16. gr.

Ekki er samsvarandi ákvæði í núgildandi lögum. Í greininni kemur fram að heimilt sé að hafna umsókn telji einkaleyfafyrirvöld enn eitthvað standa í vegi fyrir að veita einkaleyfi, þrátt fyrir að umsækjandi hafi haft tækifæri til að tala sínu máli eða bæta umsóknina í samræmi við 15. gr. frv. Höfnun umsóknar er endanleg ákvörðun og skal rökstudd skriflega. Hún getur bæði byggst á form- og efnisgöllum. Það er skilyrði að umsækjandi hafi haft tækifæri til að tjá sig um þau atriði sem höfnunin er byggð á. Ef umsókn er hafnað skv. þessari grein má skjóta þeirri ákvörðun til áfrýjunarnefndar skv. 24. og 25. gr. frv.

Þetta ákvæði er sett til að stuðla að skjótari meðferð einkaleyfisumsókna. Á þennan hátt er komið í veg fyrir að ófullkomnar umsóknir liggi lengi hjá einkaleyfafyrirvöldum án þess að endanleg ákvörðun sé tekin. Einkaleyfafyrirvöld geta þó veitt umsækjanda enn á ný tækifæri til að bæta umsóknina eða tala sínu máli, sbr. niðurlag ákvæðisins. Við mat á því, hvort hafna eigi umsókninni eða gefa umsækjanda enn möguleika á að bæta hana, verður að miða við það, hverjar líkur séu á að hægt sé að bæta úr því sem áfátt er. Ef um formgalla er að ræða og umsækjandi hefur haft tækifæri til að lagfæra þá skv. 15. gr. frv. verður þessum möguleika aðeins beitt í undantekningartilvikum.

Um 17. gr.

Um það, hver sé rétthafi uppfinningar, er fjallað í 1. mgr. 1. gr. frv. Í þessari grein er á hinn bóginn fjallað um það hvernig með skuli fara ef einhver staðhæfir við einkaleyfafyrirvöld að hann en ekki umsækjandi eigi rétt til uppfinningar sem sótt er um einkaleyfi fyrir. Slíka staðhæfingu getur hver sem er sett fram á hvaða málstigi umsóknar sem er. Viðkomandi er því ekki bundinn af andmælafresti skv. 2. mgr. 21. gr. frv.

Telji einkaleyfafyrirvöld að sá sem hlut á að máli hafi fært nægilegar sönnur á mál sitt getur sá hinn sami krafist þess að umsóknin verði færð á hans nafn, sbr. 18. gr. frv. Á sama hátt geta einkaleyfafyrirvöld hafnað slíkri staðhæfingu ef þau álíta að ekki sé fótur fyrir henni. Ef einkaleyfafyrirvöld telja hins vegar vafa leika á í þessum efnum geta þau beint þeim tilmælum til viðkomandi að hann höfði mál til staðfestingar kröfu sinni innan tiltekins frests. Ef hann verður ekki við þeim tilmælum geta yfirvöld litið fram hjá staðhæfingu hans.

Í 2. mgr. er heimild fyrir einkaleyfafyrirvöld til að fresta meðferð umsóknar ef mál varðandi rétt til uppfinningar hefur verið höfðað fyrir dómstólum. Á það við hvort heldur einkaleyfafyrirvöld hafa mælst til þess við aðila í samræmi við 1. mgr. eða aðili hefur höfðað mál af sjálfsdáðum. Öll slík mál skal höfða fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, sbr. 64. gr. frv. Málshöfðun skal beint gegn umsækjanda en ekki einkaleyfafyrirvöldum.

Um 18. gr.

Í frumvarpsgreininni er fjallað um svokallaða yfirfærslu umsóknar á nafn þess sem sýnir einkaleyfayfirvöldum fram á að hann en ekki umsækjandi eigi réttinn til uppfinningar. Samsvarandi ákvæði er ekki í núgildandi lögum.

Einkaleyfisumsókn verður ekki skráð á nafn annars manns nema sá hinn sami sanni rétt sinn. Ef sönnunargögn eru ótvíræð getur sönnunarfærsla farið fram milliliðalaust fyrir einkaleyfayfirvöldum, annars verður að leggja fyrir þau endurrit dóms sem gengið hefur samkvæmt 17. gr. frv. Slíka sönnun má setja fram á hvaða málstigi umsóknar sem er. Auk sönnunar verður viðkomandi að leggja fram kröfu um yfirfærslu umsóknar. Ef einhver hefur sannað rétt sinn til uppfinningar en krefst þess ekki að fá umsóknina skráða á sitt nafn skal umsókninni hafnað.

Umsókn, sem skráð er á nafn annars manns vegna betri réttar hans, heldur upphaflegum umsóknardegi. Forgangsréttur glatast því ekki og réttur til handa þriðja manni getur ekki stofnast í millitíðinni. Umsóknargjald þarf að greiða að nýju vegna þeirrar auknu vinnu sem slík yfirfærsla hefur í för með sér, auk þess sem ósanngjarnt þykir að sá sem fær umsóknina skráða á sitt nafn með þessum hætti hagnist á greiðslu upphaflegs umsækjanda.

Til að koma í veg fyrir réttartap þess aðila, sem setur fram kröfu um yfirfærslu umsóknar, er í 2. mgr. kveðið á um að ekki megi afskrifa, hafna eða samþykkja umsókn fyrr en tekin hefur verið endanleg afstaða til slíkrar kröfu. Hægt er að áfrýja úrskurði um yfirfærslu umsóknar hvort sem orðið er við beiðni um yfirfærslu eða henni hafnað, sbr. 2. mgr. 24. gr. frv. Hafi einkaleyfi þegar verið veitt þegar sett er fram krafa skv. þessari grein, eiga við ákvæði 53. gr. frv.

Um 19. gr.

Hér er fjallað um það hvenær umsókn skal samþykkt til framlagningar og möguleika umsækjanda til að breyta einkaleyfiskröfum eftir það. Með framlagningu umsóknar er verið að gefa almenningi kost á að skoða hana og bera fram andmæli gegn veitingu einkaleyfis á grundvelli hennar, sbr. 21. gr. frv. Samkvæmt 13. gr. núgildandi laga er umsókn birt eftir að formskilyrði hafa verið athuguð. Niðurstaða efnisrannsóknar liggur þá yfirleitt ekki fyrir. Umsókn getur því tekið miklum breytingum frá því hún er birt og þar til einkaleyfi er veitt. Þessar kringumstæður eru andstæðar almannahagsmunum þar sem þær gera almenningi erfitt fyrir að átta sig á hvert verður endanlegt verndarsvið hugsanlegs einkaleyfis. Hér er því lagt til að umsókn verði ekki samþykkt til framlagningar fyrr en efnisrannsókn hefur farið fram.

Áður en umsókn er samþykkt til framlagningar verður að hafa farið fram rannsókn á einkaleyfishæfi uppfinningarinnar. Það að umsókn sé samþykkt til framlagningar gefur því til kynna að á grundvelli þeirrar rannsóknar telji einkaleyfayfirvöld að uppfinningin sé einkaleyfishæf. Framlagning er hins vegar ekki bindandi yfirlýsing um að einkaleyfi verði gefið út. Þvert á móti ber einkaleyfayfirvöldum eftir sem áður skylda til að athuga allar þær hindranir sem þau fá vitneskju um og kunna að vera á því að koma í veg fyrir að einkaleyfi verði veitt. Vitneskja um slíkar hindranir berst þó yfirleitt í formi andmæla en kemur sjaldnast fram vegna frekari rannsóknar af hálfu einkaleyfayfirvalda. Ákvörðun einkaleyfayfirvalda um að leggja umsókn ekki fram telst endanleg og má því áfrýja henni skv. 24. gr. frv., en samþykki til framlagningar er ekki hægt að áfrýja.

Í 2. mgr. kemur fram að ekki megi breyta einkaleyfiskröfum þannig að umfang verndar verði víðtækara eftir að umsókn hefur verið samþykkt til framlagningar. Þessi tímamörk eru valin til að koma í veg fyrir að rannsaka þurfi umsókn á ný áður en til framlagningar kemur sem getur verið nokkru síðar, sbr. 20. gr. frv. Rökin fyrir því að takmarka möguleika á breytingum eftir að umsókn hefur verið samþykkt til framlagningar eru þau að umsóknin þarf að vera í endanlegum búningi þegar almenningi er gefinn kostur á að kynna sér hana og meta

hvort andmæla sé þörf. Sömu rök eiga við um bann við að setja fram kröfu skv. 14. gr. um tilfærslu á umsóknardegi. Öðru máli gegnir hins vegar um breytingar sem leiða til takmörkunar á umfangi verndar. Slíkar breytingar eru heimilar þrátt fyrir það að umsókn hafi verið samþykkt til framlagningar.

Um 20. gr.

Hér er kveðið á um gjald sem umsækjandi þarf að greiða fyrir framlagningu umsóknar. Framlagningargjaldi er ætlað að standa undir prentunar- og auglýsingakostnaði vegna framlagningar umsóknarinnar, sbr. 21. gr. frv. Sá kostnaður verður breytilegur eftir umfangi umsóknar eins og nánar verður gerð grein fyrir í reglugerð. Ef framlagningargjald er ekki greitt innan þess frests sem greinin kveður á um verður umsóknin afskrifuð og þar af leiðandi ekki lögð fram. Þessi háttur er hafður á til að tryggja greiðslu gjaldsins. Umsækjandi hefur þó möguleika á að fá umsóknina tekna til meðferðar að nýju ef hann greiðir framlagningargjaldið auk endurupptökugjalds innan fjögurra mánaða frá því að frestur rann út. Ef beiðni umsækjanda um endurupptöku er hafnað má skjóta þeirri ákvörðun til áfrýjunarnefndar, sbr. 2. mgr. 24. gr. frv.

Í 2. mgr. er heimild til að fella niður framlagningargjald fyrir umsóknir umsækjenda sem eiga í verulegum erfiðleikum með að greiða gjaldið. Í 25. gr. núgildandi laga er heimild til að fella niður kostnað við rannsókn umsókna fyrir efnalitla umsækjendur. Hér er hins vegar lagt til að aðstoð við efnalitla uppfinningamenn komi ekki til álita fyrr en umsókn hefur verið rannsökuð. Eðlilegra þykir að styrkja einungis þær umsóknir sem virðast hafa raunhæfa möguleika á að leiða til einkaleyfis. Slíkt er ekki hægt að meta fyrr en rannsókn hefur farið fram og búið er að samþykkja umsókn til framlagningar.

Beiðni um niðurfellingu framlagningargjalds yrði því aðeins tekin fyrir að uppfinningamaður sækti um einkaleyfi sjálfur og í eigin nafni. Heimildinni yrði aðeins beitt þegar efnalitlir umsækjendur eiga í hlut. Ekki kemur fram í frumvarpinu hvernig meta eigi efnahag umsækjanda sem ber upp slíka beiðni, en eðlilegast væri að leggja til grundvallar upplýsingar á síðasta skattframtali viðkomandi. Það skal tekið fram að örsjaldan hefur reynt á samsvarandi ákvæði hjá frændþjóðum okkar. Ef beiðni um eftirgjöf á framlagningargjaldi er hafnað hefur umsækjandi enn tveggja mánaða frest til að greiða gjaldið. Ákvörðun einkaleyfayfirvalda um að hafna slíkri beiðni verður ekki áfrýjað.

Um 21. gr.

Hér er fjallað um framkvæmd á framlagningu umsóknar og kveðið á um frest til að andmæla veitingu einkaleyfis samkvæmt henni. Framlagningin skal eiga sér stað eins fljótt og hægt er eftir að framlagningargjald hefur verið greitt. Möguleiki er þó að fá henni frestað ef umsóknin er ekki orðin almenningi aðgengileg í samræmi við 2. mgr. 22. gr. frv. Líta má á framlagningu og andmælafrest sem „tæki“ til viðbótarkönnunar á einkaleyfishæfi umsóknar. Þess vegna er mikilvægt að framlagning umsóknar sé auglýst. Auglýsing um framlagningu hefur áhrif á réttarvernd umsóknar, sbr. 1. mgr. 60. gr. frv.

Í 2. mgr. kemur fram að andmæli skulu vera skrifleg. Andmælafrestur er þrír mánuðir frá birtingu auglýsingar um framlagningu. Að öðru leyti eru ekki sett ákvæði um hvernig andmæli skuli úr garði gerð. Af þeim sökum er hægt að taka órökstudd andmæli til athugunar. Þetta er með vilja gert til að binda ekki hendur einkaleyfayfirvalda og er um leið hvatning til andmæla. Öll andmæli, sem byggjast á því að ekki megi veita einkaleyfi skv. viðkomandi umsókn, yrðu tekin til athugunar hvort sem þau varða efnis- eða formskilyrði umsóknar. Hver sem er getur sett fram andmæli sér að kostnaðarlausu. Andmælandi þarf ekki að hafa umboðsmann, jafnvel þótt hann sé búsettur erlendis. Andmæli, sem berast eftir lok andmælafrests, skulu tekin til efnislegrar athugunar. Meðhöndlun slíkra andmæla er ekki formbundin og sá sem leggur andmæli fram of seint fær ekki réttarstöðu andmælanda. Viðkomandi getur því t.d.

ekki áfrýjað ákvörðun einkaleyfayfirvalda um að veita einkaleyfi þrátt fyrir andmælin, sbr. 1. mgr. 24. gr. frv. Nánari reglur um meðferð andmæla og fresti í andmælamálum verða settar í reglugerð.

Í 3. mgr. kemur fram að almenningur á rétt á að fá prentuð eintök af lýsingu, einkaleyfiskröfum og ágripi framlagðra umsókna. Í þeim skulu m.a. koma fram upplýsingar um nafn og heimilisfang umsækjanda og uppfinningamanns. Gjald verður tekið fyrir afhendingu slíkra endurrita.

Um 22. gr.

Greinin kemur í stað síðari málsliðar 2. mgr. 13. gr. núgildandi laga og kveður á um hvaða umsóknargögn skuli vera aðgengileg almenningi og frá hvaða tíma. Það skiptir máli varðandi refsi- og bótaábyrgð vegna brota á einkaleyfarétti, sbr. 60. gr. frv. Meginreglan, sem kemur fram í 1. mgr., er sú að frá framlagningardegi skuli öll umsóknargögn vera aðgengileg almenningi. Þar er átt við að auk lýsingar, kröfugerðar og teikninga skuli gögn varðandi rannsókn á nýnæmi og einkaleyfishæfi, bréfaskriftir einkaleyfayfirvalda við aðila, breytingar á umsókninni, umboð, framsal og öll önnur þau gögn, sem skipta máli og einkaleyfayfirvöld hafa undir höndum, vera aðgengileg. Undanskilin eru þó innanhússvinnuplögg, svo sem uppköst og minnispunktar þess sem fer með málið.

Umsókn er lögð fram eftir að hún hefur verið rannsökuð, sbr. 19.–21. gr. frv. Slík rannsókn getur tekið langan tíma. Það getur skapað réttaróvissu ef almenningur á ekki kost á að kynna sér efni umsóknar fyrr en að löngum tíma liðnum. Því er lagt til í 2. mgr. að 18 mánuðum eftir umsóknardag eða þann dag, sem forgangsréttar er krafist frá, verði umsóknargögnin öllum aðgengileg.

Undantekning frá því, að umsókn verði aðgengileg eftir 18 mánuði, er þó gerð í 2. málsl. 2. mgr. Ef endanleg ákvörðun hefur verið tekin áður um að ekki verði veitt einkaleyfi á grundvelli umsóknarinnar – umsókn t.d. hafnað eða hún afskrifuð — þá verður hún ekki gerð almenningi aðgengileg. Rök fyrir þessari undantekningu eru þau, að ef ljóst er að ekki verði veitt einkaleyfi á grundvelli umsóknar hefur almenningur ekki sömu hagsmuni af því að kynna sér efni hennar. Hins vegar getur umsækjandi haft hag af því að umsóknin sé ekki gerð almenningi aðgengileg undir slíkum kringumstæðum. Hann getur þróað uppfinningu sína áfram og sótt aftur um einkaleyfi fyrir endurbættri gerð hennar án þess að fyrri umsóknin verði talin nýnæmishindrandi. Þessi undantekning varðandi aðgengileika umsókna á ekki við ef umsækjandi hefur krafist endurupptöku umsóknar sem hefur verið afskrifuð, áfrýjað ákvörðun um höfnun eða krafist endurveitingar réttinda skv. 72. eða 73. gr. frv.

Ef umsóknargögn hafa verið gerð aðgengileg almenningi verða þau það áfram þótt umsókninni sé síðar hafnað eða hún afskrifuð. Umsækjandi getur einnig farið fram á að umsóknargögn verði gerð aðgengileg fyrr en skylt er, sbr. 3. mgr. Hann getur haft hag af því vegna þeirra réttaráhrifa sem slíkt hefur í för með sér, sbr. 60. gr. frv. og 2. mgr. 2. gr.

Í 5. mgr. segir að einkaleyfayfirvöld geti ákveðið, að beiðni umsækjanda, að skjal eða hluti úr skjali verði ekki aðgengilegt almenningi. Þetta er þó háð því skilyrði að í skjalinu komi fram viðskiptaleyndarmál sem ekki varðar uppfinningu þá sem sótt er um einkaleyfi á og sérstakar aðstæður séu fyrir hendi sem geri það óæskilegt að skjalið verði gert aðgengilegt. Hér undir geta fallið allar upplýsingar um starfsemi umsækjanda sem telja má mikilvægt að haldið sé leyndum. Ef slík beiðni kemur fram verða einkaleyfayfirvöld að vega og meta framangreinda hagsmuni umsækjanda með tilliti til hagsmuna almennings af því að geta kynnt sér öll umsóknargögn. Viðkomandi skjal verður ekki gert aðgengilegt fyrr en endanleg ákvörðun hefur verið tekin um að slíkt skuli gert þrátt fyrir beiðnina.

Í 6. mgr. er fjallað um á hvern hátt varðveitt rækt af örverustofni skuli vera aðgengileg almenningi. Aðalreglan er sú að hver sem er geti fengið afhent sýni af ræktinni eftir að

umsóknargögn verða almenningi aðgengileg. Sýni verður aftur á móti ekki afhent neinum þeim sem skv. reglugerð eða lagaákvæðum er óheimilt að meðhöndla varðveittar örverur. Ákvæðið er sett til að taka af allan vafa um að einkaleyfalögin veita ekki aðila sjálfstæðan rétt til að krefjast sýnis ef slíkt er bannað í sérreglum annars staðar. Í síðasta málslið er enn fremur kveðið á um að ekki megi afhenda sýni neinum þeim sem vegna skaðlegra eiginleika örverunnar er ekki talinn hæfur til að meðhöndla sýnið án verulegrar hættu. Aðili, sem ekki hefði rétt til að fá sýni vegna ofangreindra ákvæða, yrði að fá aðila, sem uppfyllir skilyrði laganna, til að kanna örveruna fyrir sig.

Í 7. mgr. kemur fram að umsækjandi getur óskað þess að þar til umsókn verður lögð fram eða þar til endanlega hefur verið úrskurðað um hana, án þess að hún verði lögð fram, megi aðeins afhenda sýni sérfræðingum. Þessi undantekning frá aðalreglunni um aðgengileika umsókna, eftir að 18 mánuðir eru liðnir frá umsóknar- eða forgangsréttardegi, helgast af því að með því að fá sýni af örverurræktinni fær samkeppnisaðili oft uppfinninguna sjálfa í hendur. Mjög auðvelt er því fyrir viðkomandi að hagnýta uppfinninguna, ólíkt því sem við á um uppfinningar sem einungis er lýst skriflega í umsókn. Því er talið rétt að heimila takmörkun á möguleikum almennings á að fá sýni þar til nær dregur útgáfu hugsanlegs einkaleyfis. Sá sem vill fá að rannsaka sýni verður því að snúa sér til sérfræðings sem iðnaðarráðherra hefur samþykkt að uppfylli skilyrði til að geta tekið á móti sýni, sbr. 2. málsl. 7. mgr., og biðja hann um að kanna sýnið fyrir sig. Til að þessari sérreglu verði beitt við umsóknir verður að leggja inn beiðni um það innan frests sem ákveðinn er í reglugerð.

Í 8. mgr. er kveðið á um að allir, sem æskja þess að fá sýni af varðveittri örverurækt, þurfi að leggja fram skriflega beiðni um það til einkaleyfayfirvalda. Í slíkri beiðni á jafnframt að koma fram yfirlýsing um að viðkomandi fallist á að fylgja þeim reglum um meðhöndlun sýnisins sem iðnaðarráðherra setur. Þessi yfirlýsing á að tryggja enn betur að sýnið verði ekki misnotað. Ef aðeins er heimilt að afhenda sýni sérfræðingum verður fyrrgreind yfirlýsing að koma frá þeim sem fenginn er til að rannsaka sýnið. Þetta á við þó að beiðnin um sýni sé sett fram af öðrum aðila.

Um 23. gr.

Hér er fjallað um hvernig fara skuli með umsókn eftir að hún hefur verið lögð fram og andmælafrestur er liðinn. Í núgildandi lögum skortir reglur um þetta að öðru leyti en því að í síðari hluta 14. gr. er kveðið á um að umsækjandi eigi rétt á að tjá sig um fram komin andmæli.

Ef andmæli hafa borist gegn veitingu einkaleyfis er ljóst að endurskoða þarf umsóknina með tilliti til þeirra, sbr. umfjöllun um 21. gr. frv. Hins vegar er svo fyrir mælt í 1. mgr. 23. gr. að einkaleyfayfirvöld skuli athuga umsókn aftur eftir að andmælafrestur er liðinn þótt andmæli hafi ekki borist. Af þessu er ljóst að einkaleyfayfirvöld hafa heimild til að kanna af sjálfsdáðum ný gögn sem þeim verður kunnugt um, hvenær sem er fram að veitingu einkaleyfis. Það liggur þó í hlutarins eðli að hafi ekki borist andmæli og aðstæður hafa að öðru leyti ekki breyst frá því að umsókn var lögð fram eru miklar líkur til að einkaleyfi verði veitt á grundvelli hennar.

Athugun sú, sem fer fram eftir að andmælafrestur er liðinn, lýtur, eftir því sem við á, sömu reglum um málsmeðferð og fyrri athugun, sbr. 2. málsl. 1. mgr. Ef umsækjandi svarar ekki skriflegum athugasemdum einkaleyfayfirvalda vegna andmæla eða annarra ástæðna verður umsóknin afskrifuð, sbr. 15. gr. frv. Ef einkaleyfayfirvöld senda einungis afrit af andmælum til umsækjanda, sbr. 2. mgr., án athugasemda eða beiðni um svar verður umsóknin hins vegar ekki afskrifuð, þó svo að umsækjandi svari ekki, heldur verður málið tekið til efnislegrar meðferðar og úrskurðað með hliðsjón af fram komnum gögnum. Ekki má hafna umsókn á þessu stigi málsins vegna andmæla eða annarra nýframkominna hindrana nema umsækjandi hafi haft tækifæri til að tjá sig um viðkomandi atriði, sbr. 16. gr. frv. Nánari reglur um meðferð andmæla verða settar í reglugerð.

Um 24. gr.

Í greininni er fjallað um málskot til áfrýjunarnefndar. Málskotsréttur skv. 16. gr. núgildandi laga, sbr. og 1. gr. laga nr. 36/1984, er mjög takmarkaður. Einungis umsækjanda er heimilt að áfrýja ákvörðun um höfnun. Öðrum ákvörðunum einkaleyfayfirvalda verður ekki skotið til áfrýjunarnefndar. Hér er lagt til að málskotsréttur verði rýmkaður þannig að áfrýja megi fleiri ákvörðunum einkaleyfayfirvalda og einnig að andmælanda verði heimilt að áfrýja ákvörðun um að veita einkaleyfi þrátt fyrir rétt fram komin andmæli.

Meginreglan er sú að einungis má skjóta endanlegum ákvörðunum varðandi umsókn til áfrýjunarnefndar, sbr. 1. mgr. Endanlegar ákvarðanir eru höfnun eða afskrifun umsóknar eða veiting einkaleyfis skv. umsókn. Engu máli skiptir hvort höfnun eða afskrifun umsóknar er vegna form- eða efnisgalla. Öðrum ákvörðunum einkaleyfayfirvalda má því aðeins skjóta til áfrýjunarnefndar að þær séu nefndar í 2. og 3. mgr. 24. gr. eða 67. gr. frv. Á grundvelli almennra stjórnsýslureglna má þó kæra óeðlilega málsmeðferð, en ekki einstakar ákvarðanir, einkaleyfayfirvalda til æðra stjórnvalds.

Það er umsækjandi sem hefur málskotsrétt skv. 1. mgr. Andmælandi hefur einnig málskotsrétt ef einkaleyfi er veitt þrátt fyrir rétt fram komin andmæli. Andmæli teljast rétt fram komin ef þau uppfylla skilyrði 2. mgr. 21. gr. frv. Sérregla er í síðasta málslið 1. mgr. sem kveður á um að séu sérstakar ástæður fyrir hendi sé áfrýjunarnefndinni heimilt að taka málskot til umfjöllunar þótt andmælandi hafi dregið málskot sitt til baka. Heimildin yrði helst notuð þegar andmæli, sem áfrýjað er út af, varða einkaleyfishæfi uppfinningar almennt en síður ef deilan snýst um eignarrétt að henni.

Málskotsréttur í 3. mgr. vegna höfnunar á beiðni skv. 8. mgr. 22. gr. er í samræmi við norsku einkaleyfalögin. Eðlilegt virðist að veita málskotsrétt ef slíkri beiðni er hafnað þar sem um mikilsverða hagsmuni getur verið að ræða.

Um 25. gr.

Í greininni er nánar fjallað um málskot til áfrýjunarnefndar og einnig um málskot til dómstóla.

Umsækjanda eða andmælanda er gefinn tveggja mánaða frestur, frá því að einkaleyfayfirvöld tilkynntu um ákvörðun sína, til að áfrýja ákvörðun einkaleyfayfirvalda til áfrýjunarnefndar, sbr. 24. gr. Greiða skal gjald fyrir áfrýjun innan sama frests. Ef áfrýjunin eða greiðslan berst ekki innan áðurnefnds frests ber að vísa áfrýjuninni frá. Nánari reglur um formkröfur áfrýjunar verða settar í reglugerð.

Þótt áfrýjandi hafi sjálfræði um hvaða ákvörðunum hann áfrýjar getur takmörkun af hans hálfu í því efni ekki komið í veg fyrir að áfrýjunarnefndin taki einkaleyfisumsóknina og málsmeðferðina alla til endurmats. Ekkert er því til fyrirstöðu að ný gögn séu lögð fram. Áfrýjunarnefndin endurskoðar ekki ákvörðun einkaleyfaskrifstofunnar eingöngu á grundvelli þeirra gagna sem skrifstofan hefur byggt niðurstöðu sína á, heldur tekur hún nýja ákvörðun í málinu í heild sinni.

Þótt svo að ekki sé unnt að bera ákvarðanir áfrýjunarnefndar undir æðra stjórnvald, sbr. 2. mgr., þá hefur það ekki áhrif á rétt til að skjóta ákvörðunum áfrýjunarnefndar til dómstóla. Af 3. mgr. er þó ljóst að ekki má skjóta þeim ákvörðunum einkaleyfayfirvalda, sem áfrýja má til áfrýjunarnefndar, til dómstóla fyrr en ákvörðun áfrýjunarnefndar liggur fyrir. Þetta á þó ekki við ákvörðun um að veita einkaleyfi, sbr. 52. og 53. gr. frv.

Ef höfðað er mál fyrir dómstólum vegna ákvörðunar áfrýjunarnefndar ber að gera það innan tveggja mánaða frá því að viðkomandi fékk upplýsingar um úrskurð áfrýjunarnefndar, sbr. 3. mgr. Ákvörðunum einkaleyfayfirvalda, sem ekki verður áfrýjað til áfrýjunarnefndar, verður heldur ekki skotið til dómstóla. Ólögmætum stjórnsýsluathöfnum má að sjálfsögðu skjóta til dómstóla. Málsókn fyrir dómstólum vegna ákvörðunar, sem áfrýjunarnefnd hefur

úrskurðað um, skal beint gegn áfrýjunarnefndinni. Andmælandi og aðrir, sem hafa nægilegra hagsmuna að gæta, geta með meðalgöngu gerst aðilar að málinu í samræmi við almennar reglur um meðalgöngu.

Um 26. gr.

Hér er fjallað um veitingu einkaleyfis og hvernig skuli að því staðið. Greinin fjallar um sama efni og 17. gr. núgildandi laga.

Einkaleyfi telst veitt þegar umsókn hefur verið endanlega samþykkt, sbr. 1. mgr. Endanlegt samþykki telst ekki liggja fyrir fyrr en áfrýjunarfrestur skv. 1. mgr. 25. gr. er útrunninn. Útgáfudagur einkaleyfis er sá dagur þegar einkaleyfi er veitt, en ekki sá dagur sem auglýsing um veitinguna er birt, sbr. 2. málsl. 1. mgr. Frá útgáfudegi hefjast að fullu réttaráhrif einkaleyfis, þar með talin refsi- og skaðabótaákvæði IX. kafla frv. Einnig hefur útgáfudagur þýðingu varðandi ýmsa fresti, sbr. 1. mgr. 45. gr., 4. mgr. 52. gr. og 1. mgr. 53. gr. frv. Útgáfudagur hefur hins vegar engin áhrif á gildistíma einkaleyfis þar sem hann reiknast frá umsóknardegi, sbr. 40. gr. frv.

Réttaráhrif einkaleyfis eru ekki bundin við einkaleyfisskjalið sem slíkt. Gildi einkaleyfis er óháð því hvort hægt sé að sýna skjalið. Jafnframt er hægt að framselja einkaleyfið án þess að einkaleyfisskjalið sé afhent. Skjalið sjálft inniheldur engar upplýsingar sem ekki koma fram í gögnum sem hafa verið lögð fram varðandi einkaleyfið, sbr. 3. mgr. 21. gr. og 1. mgr. þessarar greinar.

Ef ekki hafa orðið breytingar á lýsingu uppfinningar eða einkaleyfiskröfum frá því að umsókn var lögð fram, sbr. 21. gr. frv., verða ekki gefin út ný eintök af þessum skjölum við útgáfu einkaleyfis. Þótt prenta þurfi nýja lýsingu eða einkaleyfiskröfur vegna breytinga verður ekki krafist sérstaks gjalds fyrir útgáfu einkaleyfis.

Um 27. gr.

Greinin fjallar um skráningu veittra einkaleyfa í einkaleyfaskrá. Slík skrá er þegar haldin, sbr. 18. gr. núgildandi laga. Í frumvarpinu er ekki kveðið á um hvaða upplýsingar skuli færðar í skrána, heldur er gert ráð fyrir að nánari reglur þar að lútandi yrðu settar í reglugerð, sbr. 1. mgr. 69. gr. Þó er í nokkrum ákvæðum frumvarpsins nefnt að upplýsingar skuli skráðar í einkaleyfaskrá samkvæmt ósk aðila. Sem dæmi má nefna upplýsingar um framsal og um veitt nytjaleyfi og niðurfellingu þess, sbr. 1. og 2. mgr. 44. gr. frv. Hið sama gildir um veitingu nauðungarleyfis og réttindi skv. 2. mgr. 53. gr. og 3. mgr. 44. gr. frv.

Viss réttaráhrif eru tengd skráningu upplýsinga í einkaleyfaskrá. Til dæmis má ætíð beina málsókn vegna einkaleyfis að þeim sem er skráður einkaleyfishafi í einkaleyfaskrá, sbr. 4. mgr. 44. gr. frv. Einnig hefur skráður leyfishafi ákveðin réttindi, sbr. 2. mgr. 53. gr. og 1. mgr. 63. gr. frv. Að öðru leyti er einkaleyfaskráin án réttaráhrifa og færsla í hana er aðallega af skipulagsástæðum. Gildi einkaleyfis er ekki bundið við að allar upplýsingar um það séu skráðar í einkaleyfaskrána.

Af ákvæðum 3. gr. gildandi einkaleyfalaga leiðir að einkaleyfi er unnt að veðsetja. Sama gildir samkvæmt frumvarpi þessu. Um slíka veðsetningu gilda reglur um sjálfsvörsluveð í lausafé. Tryggingarráðstöfunin felst í þinglýsingu og yrði veðsetningin færð í lausafjárbók á blað réttsala, sbr. 4. tölul. 1. mgr. og 4. mgr. 8. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Skráning í einkaleyfaskrá á veði í einkaleyfi veitir veðinu ekki réttarvernd, heldur móttaka veðbréfs til þinglýsingar hjá þinglýsingardómara. Af þeim sökum er ólíklegt að allir veðhafar hlutist til um skráningu í einkaleyfaskrá. Þannig getur skapast misræmi milli einkaleyfaskrár og þinglýsingarbókar og þykir því rétt að miða hér við að skráningin skuli eingöngu eiga sér stað í þinglýsingarbók en ekki jafnframt í einkaleyfaskrá.

Um flokkunarkerfi það, sem notað yrði í einkaleyfaskránni ef frumvarp þetta verður að lögum, yrðu sett nánari ákvæði í reglugerð.

Um III. kafla.

Eins og fram kemur í almennum hluta greinargerðarinnar er stefnt að því að samhliða gildistöku nýrra einkaleyfalaga verði samstarfssáttmálinn um einkaleyfi, sem undirritaður var í Washington 19. júní 1970 (Patent Cooperation Treaty eða PCT), fullgiltur. Með ákvæðum 28.–38. gr. frv. er kominn lagagrundvöllur að því að hægt sé að framfylgja ákvæðum sáttmálans hér á landi. Það er forsenda að aðild Íslands að sáttmálanum og fullgildingu hans.

Um 28. gr.

Í 1. mgr. er vísað í samstarfssáttmálann um einkaleyfi sem gerður var í Washington 19. júní 1970 (PCT) varðandi skilgreiningu á því hvað sé alþjóðleg umsókn. Í honum segir að alþjóðleg umsókn sé umsókn sem lögð sé inn í samræmi við sáttmálann, sbr. PCT, gr. 2(vii).

Í 2. mgr. er fjallað um hvar hægt sé að leggja inn alþjóðlegar umsóknir. Viðtökuyfirvöld geta verið einkaleyfayfirvöld aðildarlanda sáttmálans eða þær alþjóðastofnanir sem hafa heimild til að veita slíkum umsóknum viðtöku, sbr. PCT, gr. 2 og reglu 19. Eingöngu ríkisborgarar eða aðilar, sem búsettir eru í aðildarlandi sáttmálans eða reka þar fyrirtæki, mega leggja inn alþjóðlega umsókn, sbr. PCT, gr. 9. Aðilar, sem rétt hafa til að leggja inn alþjóðlega umsókn, geta valið um hvort þeir leggja umsókn inn í því landi sem þeir eru búsettir í eða þar sem þeir njóta ríkisborgararéttar ef bæði ríkin eru aðilar að PCT, sbr. PCT, reglu 19. Á sama hátt getur alþjóðleg einkaleyfisumsókn eingöngu náð til aðildarríkja PCT, sbr. PCT, gr. 4.

Alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir, sem tækju til Íslands, yrðu flestar lagðar inn erlendis. Ekki er þörf sérstakra lagaákvæða um það hér á landi. Hins vegar verður íslenskum ríkisborgurum eða aðilum, sem eru búsettir hér eða reka fyrirtæki hérlendis, að vera kleift að leggja inn alþjóðlegar umsóknir hér á landi í samræmi við PCT, reglu 19. Því er kveðið á um það í 2. málsl. 2. mgr. að hægt sé að leggja inn alþjóðlega umsókn hjá einkaleyfayfirvöldum hér á landi. Það verður þó ekki mögulegt fyrr en samstarfssáttmálinn hefur verið fullgiltur. Einnig þarf að koma til sérstakt samkomulag um framkvæmd hans hér á landi við WIPO sem hefur yfirumsjón með sáttmálanum og framkvæmd hans.

Nánari ákvæði verða sett í reglugerð um hlutverk einkaleyfayfirvalda sem móttökuaðila alþjóðlegra einkaleyfisumsókna í samræmi við ákvæði PCT-sáttmálans og PCT-reglugerðar. Alþjóðleg einkaleyfisumsókn fær eftirfarandi meðferð hjá einkaleyfayfirvöldum (viðtökuyfirvöldum):

1) Umsókn ásamt greiðslu tilskilins umsóknargjalds er móttekin. Umsóknargjald er þrenns konar: alþjóðlegt umsóknargjald, sbr. PCT, reglu 15, gjald fyrir nýnæmisrannsókn, sbr. PCT, reglu 16, og að lokum gjald fyrir móttöku og meðferð umsóknarinnar af hálfu einkaleyfayfirvalda hér á landi, sbr. PCT, reglu 14. Síðastgreinda gjaldið geta einkaleyfayfirvöld hér á landi ákveðið sjálf. Alþjóðlega umsóknargjaldið rennur til WIPO sem einnig ákveður upphæð þess, en rannsóknargjaldið er ákveðið af og rennur til þeirrar stofnunar sem rannsakar nýnæmi viðkomandi umsóknar.
2) Alþjóðleg umsókn er yfirfarin með tilliti til þess hvort hún fullnægi skilyrðum samstarfssáttmálans um form og efni, sbr. PCT, gr. 11(1) og 14(1)(a).
3) Fullnægi umsóknin ekki skilyrðum sáttmálans um gjöld, form og efni ber yfirvöldum að beina þeim tilmælum til umsækjanda, að hann bæti úr því innan tilskilins frests, sbr. PCT, gr. 11(2)(a), 14(1)(b) og reglu 20(6).
4) Ef umsóknin fullnægir skilyrðum sáttmálans, e.t.v. eftir að hún hefur verið lagfærð, fær hún alþjóðlegan umsóknardag, sbr. PCT, gr. 11(1), 11(2)(b) og reglu 20(3)–(5). Skilyrði, sem umsókn þarf að uppfylla til að fá úthlutað alþjóðlegum umsóknardegi, eru í PCT, gr. 11(1): í fyrsta lagi að umsækjandi hafi heimild til þess að leggja inn alþjóðlega umsókn hjá

viðkomandi móttökuyfirvaldi; í öðru lagi að umsóknin sé á því tungumáli sem krafist er; í þriðja lagi að umsóknin hafi a.m.k. að geyma eftirfarandi:
a) tilvísun til þess að um alþjóðlega einkaleyfisumsókn sé að ræða,
b) a.m.k. eitt aðildarríki samstarfssáttmálans sé tilgreint í umsókninni,
c) nafn umsækjanda,
d) eitthvað sem lítur út fyrir að vera lýsing uppfinningar,
e) eitthvað sem lítur út fyrir að vera einkaleyfiskrafa.

5) Eftir að alþjóðaumsókn hefur verið úthlutað alþjóðlegum umsóknardegi er eintak af henni ásamt tilheyrandi gögnum sent til þess aðila sem sér um nýnæmisrannsókn og annað til WIPO. Frekari málsmeðferð fer fram hjá báðum þessum aðilum í samræmi við PCT, gr. 12 og reglur 22–25.

Ákvæði 28. gr. eiga við um allar alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir, jafnvel þótt þær taki ekki til Íslands. Hins vegar eiga ákvæði 29.–38. gr. aðeins við um þær alþjóðlegu einkaleyfisumsóknir sem taka til Íslands, þó svo að þær séu lagðar inn hjá einkaleyfayfirvöldum í einhverju öðru landi.

Um 29. gr.

Hér eru ákvæði um réttaráhrif alþjóðlegrar einkaleyfisumsóknar hér á landi. Í greininni, sem byggð er á PCT, gr. 11, kemur fram að alþjóðleg einkaleyfisumsókn, sem fengið hefur ákveðinn alþjóðlegan umsóknardag, hafi frá þeim degi sömu réttaráhrif og innlend einkaleyfisumsókn. Þessi regla er þó ekki án undantekninga. Þau réttaráhrif umsóknar, sem mestu máli skipta, eru nýnæmisáhrif hennar gagnvart síðar innlögðum umsóknum, sbr. 2. gr. frv. og bráðabirgðavernd sú sem umsóknum er veitt skv. 60. gr. frv. Sérreglu um nýnæmisáhrif alþjóðlegra umsókna er að finna í 2. málsl. greinarinnar. Hún felst í því að óbirt alþjóðleg umsókn telst ekki nýnæmishindrandi á sama hátt og óbirt innlend umsókn, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. frv., nema hún hafi verið yfirfærð í samræmi við 31. gr. frv. Bráðabirgðavernd skv. 60. gr. hefst eftir að umsókn er orðin almenningi aðgengileg. Alþjóðleg umsókn telst ekki aðgengileg almenningi fyrr en hún hefur verið þýdd á íslensku, sbr. 3. mgr. 33. gr. frv., og nýtur því ekki bráðabirgðaverndar fyrr en það hefur verið gert, sbr. 4. mgr. 33. gr. frv.

Um 30. gr.

Greinin er byggð á 24. gr. samstarfssáttmálans. Hún fjallar um það hvenær alþjóðleg umsókn telst hafa verið dregin til baka að því er Ísland varðar. Ákvæðið tekur til afturköllunar á alþjóðlegri umsókn á tímabilinu frá því að hún var lögð inn hjá viðtökuyfirvöldum og þar til yfirvöld í löndum tilgreindum í umsókninni hafa tekið við henni. Eftir það eiga ákvæði 33.–38. gr. frv. við.

Ef alþjóðleg einkaleyfisumsókn telst afturkölluð vegna tilvika sem nefnd eru í (i) og (ii) lið 1. mgr. 24. gr. PCT, þá falla niður þau réttaráhrif, sem 29. gr. frv. veitir henni, á sama hátt og réttaráhrif innlendrar einkaleyfisumsóknar sem telst afturkölluð. Ekki þótti rétt að tilgreina í lagatextanum sjálfum öll þau tilvik sem leiða til þess að alþjóðleg umsókn teljist afturkölluð, heldur látið nægja að vísa í 24. gr. PCT. Tilfelli, sem þar eru nefnd, eru í fyrsta lagi þegar umsækjandi dregur alþjóðlega umsókn sína til baka í heild eða eingöngu tilgreiningu sína á Íslandi. Í öðru lagi eru þau tilvik þegar umsókn er talin hafa verið dregin til baka vegna ákvæða samstarfssáttmálans. Þar getur verið um að ræða:

1) að umsókn hafi ekki borist innan tilskilins frests til WIPO, sbr. gr. 12(3);
2) að umsækjandi hafi ekki orðið við tilmælum viðtökuyfirvalda um að lagfæra umsóknina, sbr. gr. 14(1)(b);
3) að umsóknin hafi einhvern tíma verið ófullkomin í veigamiklum atriðum, sbr. gr. 14(4);
4) að umsækjandi vanræki að greiða tilskilin gjöld á réttum tíma, sbr. gr. 14(3)(a).
5) Einnig telst tilgreining á Íslandi afturkölluð ef umsækjandi hefur ekki greitt tilgreiningargjald að fullu, sbr. gr. 14(3)(b).

Um 31. gr.

Greinin fjallar um hvenær og hvernig yfirfæra skuli alþjóðlega umsókn til þess að hægt sé að öðlast íslenskt einkaleyfi á grundvelli hennar. Ákvæðin eru byggð á PCT, gr. 22, 24(1)(iii) og gr. 39. Ef skilyrðum greinarinnar er fullnægt öðlast umsóknin gildi hér á landi frá alþjóðlegum umsóknardegi að telja í samræmi við ákvæði 29. gr. frv.

Ef yfirfæra á umsókn til Íslands þarf skv. 1. mgr. að greiða tilskilin gjöld til einkaleyfayfirvalda og afhenda íslenska þýðingu af umsókninni eða afrit af henni ef hún hefur verið lögð inn á íslensku innan 20 mánaða frá alþjóðlegum umsóknardegi eða forgangsréttardegi umsóknar, sbr. PCT, gr. 22(1). Nánari ákvæði um hvaða hluta alþjóðlegrar umsóknar þarf að þýða verða sett í reglugerð. Þýðing eða afrit umsóknar þarf að vera í samræmi við upphaflega umsókn ásamt áorðnum breytingum, en heimilt er að breyta alþjóðlegri umsókn að ákveðnu marki, sbr. PCT, gr. 19(1) og 34(2).

Í 2. mgr. er sett sérregla um lengri frest til að uppfylla skilyrði 1. mgr. Þessi sérregla á við ef umsækjandi æskir þess að alþjóðleg forathugun verði gerð á einkaleyfishæfi alþjóðlegrar umsóknar áður en hún er yfirfærð til tilgreindra landa. Um slíka forathugun er fjallað í II. kafla PCT (gr. 31–42). Allar alþjóðlegar umsóknir skulu rannsakaðar að því er varðar formskilyrði og nýnæmi áður en þær eru yfirfærðar til tilgreindra landa. Alþjóðleg forathugun verður hins vegar ekki gerð nema að beiðni umsækjanda. Slíka beiðni er þó því aðeins hægt að setja fram að heimaland umsækjanda hafi fullgilt II. kafla PCT um alþjóðlega forathugun, en heimilt er að gera fyrirvara um fullgildingu hans, sbr. PCT, gr. 64(1)(a). Einnig gildir slík forathugun eingöngu fyrir aðildarlönd sem hafa fullgilt kaflann. Í frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir að settur verði fyrirvari af Íslands hálfu varðandi fullgildingu kaflans um alþjóðlega forathugun eins og nánar er rætt um í almennum athugasemdum við frumvarpið. Aðilar búsettir á Íslandi geta því sett fram beiðni um alþjóðlega forathugun þegar samstarfssáttmálinn tekur gildi hér á landi enda hefur forathugunin þá gildi hér. Ef umsækjandi hefur beiðst alþjóðlegrar forathugunar og lýsir því yfir innan 19 mánaða frá alþjóðlegum umsóknardegi eða forgangsréttardegi að hann hyggist nota niðurstöðurnar við umsókn um einkaleyfi á Íslandi, þá lengist frestur sá sem hann hefur til yfirfærslu umsóknar til Íslands um 10 mánuði. Þessi regla er byggð á PCT, gr. 39.

Í 3. mgr. er kveðið á um viðbótarfrest til að leggja fram þýðingu eða afrit af alþjóðlegri umsókn. Skilyrði fyrir því, að hægt sé að nýta þennan viðbótarfrest, er að tilskilin gjöld vegna yfirfærslu umsóknarinnar hafi verið greidd innan þess frests sem settur er í 1. og 2. mgr. Jafnframt þarf að greiða viðbótargjald fyrir lok viðbótarfrestsins. Rökin fyrir þessari sérreglu eru þau að umsækjandi eða umboðsmaður hans þarf oft lengri tíma til að skila inn þýðingu á alþjóðaumsókn. Nauðsynlegt er að þýðingin sé mjög nákvæm. Þýðing umsóknar tekur óhjákvæmilega sinn tíma því yfirleitt er efni umsókna mjög tæknilegt. Af samræmingarástæðum er sami viðbótarfrestur veittur til að skila inn afriti af alþjóðlegri umsókn sem upphaflega var lögð inn á íslensku. Viðbótarfrestur er ekki veittur nema umsækjandi hafi greitt tilskilin gjöld vegna yfirfærslu innan almenna frestsins. Með því er leitast við að tryggja hagsmuni almennings af því að fá sem fyrst upplýsingu um hvort alþjóðleg umsókn verði yfirfærð eða ekki.

Í 4. mgr. er tilgreint hvaða afleiðingar það hefur ef ofangreindir frestir vegna yfirfærslu umsóknar eru ekki virtir. Umsóknin telst þá afturkölluð að því er varðar Ísland. Íslensk einkaleyfayfirvöld skulu þá afskrifa umsóknina án þess að gera umsækjanda viðvart. Reglan er byggð á PCT, gr. 24(1)(iii) og 39(2). Ákvæði 72. og 73. gr. frv. um endurveitingu réttinda geta komið til vegna réttindamissis skv. þessari grein ef þar tilgreind skilyrði eru uppfyllt.

Um 32. gr.

Ákvæði greinarinnar taka til þess þegar umsækjandi dregur sjálfur til baka beiðni um alþjóðlega forathugun á einkaleyfishæfi alþjóðlegrar umsóknar eða dregur til baka yfirlýsingu

um að hann ætli að nota niðurstöður hennar við umsókn um einkaleyfi á Íslandi. Greinin er byggð á PCT, gr. 37(4).

Meginreglan varðandi réttaráhrif slíkrar afturköllunar er að umsóknin í heild telst afturkölluð að því er Ísland varðar. Þó er undantekning gerð frá því ef afturköllunin á sér stað innan þess frests sem umsækjandi hefur til að yfirfæra umsóknina, sbr. 1. mgr. 31. gr. frv. Þá hefur umsækjandi möguleika á að koma í veg fyrir að umsóknin teljist afturkölluð með því að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að yfirfæra hana innan yfirfærslufrestsins skv. 1. mgr. 31. gr. frv., sbr. 3. mgr. sömu grein.

Um 33. gr.

Hér eru ákvæði um meðferð á alþjóðlegum umsóknum sem hafa verið yfirfærðar í samræmi við 31. gr. frv. Rétt þykir að meðferð þeirra sé, að svo miklu leyti sem hægt er, hin sama og meðferð á innlendum umsóknum. Því er sett sú meginregla í 1. málsl. 1. mgr. að við meðferð alþjóðlegra umsókna skuli farið eftir ákvæðum II. kafla frv. Þörf er þó á ýmsum sérreglum um meðferð alþjóðlegra umsókna. Þær sérreglur eru settar í þessari grein svo og 34.–37. gr. frv.

Fyrsta sérreglan er sett í 2. málsl. 1. mgr. Þar er kveðið á um að ekki megi taka alþjóðlega umsókn til meðferðar fyrr en liðnir eru frestir skv. 1. eða 2. mgr. 31. gr. nema til komi beiðni umsækjanda. Þetta ákvæði er byggt á PCT, gr. 23 og 40.

2. mgr. fjallar um undantekningu frá skilyrðum 12. gr. frv. um umboðsmann. Ekki má krefjast þess að umsækjendur búsettir erlendis, sem sækja um einkaleyfi hér á landi í alþjóðlegri umsókn, tilnefni umboðsmann fyrr en einkaleyfisyfirvöld hér á landi geta tekið umsóknina til meðferðar. Þessi regla er byggð á PCT, gr. 27(7).

Allar alþjóðlegar umsóknir eru birtar af WIPO þegar liðnir eru 18 mánuðir frá forgangsréttardegi, sbr. PCT, gr. 21. Innlendar umsóknir verða almenningi aðgengilegar innan sama tíma, sbr. 22. gr. frv. Í 3. mgr. er hins vegar kveðið á um að alþjóðlegar umsóknir teljist ekki almenningi aðgengilegar fyrr en umsækjandi hefur lagt inn þýðingu af umsókninni eða afrit af henni. Ekki þarf að leggja fram þýðingu eða afrit af alþjóðlegri umsókn fyrr en 20 eða 30 mánuðir eru liðnir frá forgangsréttardegi, sbr. 1. og 2. mgr. 31. gr. frv. Því getur alþjóðleg umsókn orðið seinna aðgengileg almenningi en innlend umsókn. Í þessari málsgrein er fylgt fordæmi norskra einkaleyfalaga og tekið fram að öll ákvæði 22. gr. komi til framkvæmda þegar þýðing eða afrit af alþjóðlegri umsókn hefur verið lagt inn. Í dönskum og sænskum lögum er hins vegar eingöngu minnst á 2. og 3. mgr. 22. gr. Skýrara þykir að taka fram að öll ákvæði 22. gr. frv. falli hér undir, enda liggur í eðli máls að þau geri það hvort sem það er tilgreint í lagatextanum eða ekki.

Ýmis réttaráhrif eru tengd því að umsókn verði aðgengileg almenningi. 4. mgr. kveður á um að við framkvæmd ákvæða 48. gr. frv. um nauðungarleyfi til handa þeim sem hagnýtti uppfinningu þegar umsókn um hana er gerð almenningi aðgengileg, ákvæða 56. gr. frv. um upplýsingaskyldu um einkaleyfi og ákvæða 60. gr. frv. um bráðabirgðavernd umsókna, sem gerðar hafa verið almenningi aðgengilegar, skuli litið svo á að alþjóðleg umsókn hafi orðið almenningi aðgengileg þegar skilyrði 3. mgr. eru uppfyllt.

5. mgr. er byggð á PCT, gr. 27(1). Þar segir að í lögum einstakra aðildarlanda megi ekki setja strangari reglur um innihald og form alþjóðlegra umsókna en eru í PCT. Aðildarlönd verða því að taka alþjóðlega umsókn fullgilda ef hún uppfyllir skilyrði PCT-sáttmálans hvað varðar form og innihald, jafnvel þó lög þess lands hafi að geyma strangari skilyrði um form og innihald innlendra einkaleyfisumsókna. Hins vegar geta einkaleyfayfirvöld tekið alþjóðlega umsókn gilda þótt hún uppfylli ekki skilyrði PCT-sáttmálans ef hún uppfyllir skilyrði einkaleyfalaga viðkomandi lands, nema umsækjandi krefjist þess að skilyrði PCT- sáttmálans verði látin ganga fyrir, sbr. PCT, gr. 27(4). Vert er að taka fram að þetta ákvæði tekur ekki til efnislegra skilyrða fyrir veitingu einkaleyfis. Hvert einstakt aðildarland leggur að öðru leyti mat á hvort viðkomandi uppfinning uppfylli skilyrði um nýnæmi og einkaleyfishæfi.

Um 34. gr.

Í greininni er tekið fram að alþjóðleg einkaleyfisumsókn verði ekki samþykkt til framlagningar eða henni hafnað fyrr en að ákveðnum fresti liðnum. Með þessu er umsækjanda tryggður sá réttur sem honum ber samkvæmt PCT-sáttmálanum til að gera breytingar á umsókninni innan ákveðins frests áður en tekin er endanleg ákvörðun um hana, sbr. PCT, gr. 28 og 40. Lengd þessa frests er tilgreind í PCT-reglugerðinni, sbr. reglu 52 og 78. Í samræmi við það er hér lagt til að þessi frestur verði einnig ákveðinn í reglugerð þar sem hægara er þá að breyta honum ef PCT-reglugerðinni yrði breytt.

Um 35. gr.

Í greininni er kveðið á um hvenær alþjóðlega einkaleyfisumsókn megi í fyrsta lagi leggja fram eða gera opinbera í prentuðu máli. Ákvæðið er byggt á PCT, gr. 30(4). Um það hvenær alþjóðleg umsókn verði aðgengileg almenningi er fjallað í 3. mgr. 33. gr. frv. Ákvæði þessarar greinar hindra ekki að alþjóðleg umsókn verði almenningi aðgengileg skv. reglum 3. mgr. 33. gr. frv. ef það hefur ekki í för með sér að umsóknin verði gerð opinber í prentuðu máli.

Um 36. gr.

Hér eru settar reglur um meðferð alþjóðlegrar einkaleyfisumsóknar sem hefur verið yfirfærð til Íslands og hluti umsóknar hefur ekki verið rannsakaður með tilliti til nýnæmis eða einkaleyfishæfis. 37. gr. frv. er viðbót við 36. gr. frv. og eru þær báðar byggðar á PCT, gr. 17 (3) og 34 (3).

Það er skilyrði samkvæmt PCT-sáttmálanum, sem og frumvarpi þessu, sbr. 10. gr., að umsókn megi ekki varða tvær eða fleiri óskyldar uppfinningar. Ef því skilyrði er ekki fullnægt í alþjóðlegri umsókn ber umsækjanda að greiða viðbótargjald fyrir rannsókn á þeim hluta hennar sem ekki telst „aðaluppfinningin". Gjaldið greiðist til þeirrar stofnunar sem gerir alþjóðanýnæmisrannsókn eða forathugun á einkaleyfishæfi uppfinningarinnar.

Í 1. mgr. er kveðið á um að þrátt fyrir að umsækjandi hafi ekki greitt viðbótargjald innan tilskilins frests eigi hann möguleika á að yfirfæra til Íslands þann hluta umsóknarinnar sem ekki hefur verið rannsakaður. Einkaleyfayfirvöldum hér ber í slíkum tilvikum að athuga hvort kröfum um sjálfstæði uppfinningar sé fullnægt. Komist þau að sömu niðurstöðu og alþjóðlega rannsóknastofnunin, þ.e. að umsókn taki til tveggja eða fleiri óskyldra uppfinninga, skal líta svo á að sá hluti umsóknar, sem ekki hefur verið rannsakaður, sé afturkallaður nema umsækjandi greiði viðbótargjald innan tveggja mánaða frá því að einkaleyfayfirvöld tilkynna honum um þessa niðurstöðu sína. Komist einkaleyfayfirvöld hins vegar að gagnstæðri niðurstöðu, þ.e. að skilyrði um skyldleika uppfinninga sé uppfyllt, skal taka umsóknina í heild til frekari meðferðar.

Forsenda tillögu að þessu ákvæði og 37. gr. frv. er að ákvæði íslenskra einkaleyfalaga og reglugerða séu sambærileg eða hagstæðari um mat á skyldleika uppfinninga í þessu samhengi.

Í 2. mgr. eru ákvæði um áfrýjun úrskurða einkaleyfayfirvalda í þessum efnum. Um slíka áfrýjun gilda reglur 1.–3. mgr. 25. gr. frv. Í 3. mgr. er síðan kveðið á um hvenær frestur til greiðslu viðbótargjalds skv. 2. málsl. 1. mgr. hefst ef úrskurður einkaleyfayfirvalda er staðfestur.

Um 37. gr.

Telji rannsóknayfirvöld sem sjá um alþjóðlega forathugun á einkaleyfishæfi uppfinninga að alþjóðleg umsókn taki til tveggja eða fleiri óskyldra uppfinninga ber þeim samkvæmt PCT, gr. 34(3)(a), að beina þeim tilmælum til umsækjanda að hann takmarki kröfurnar eða greiði tilskilið viðbótargjald. Um síðari kostinn er fjallað í 36. gr. frv. Takmarki umsækjandi hins

vegar kröfurnar skal litið svo á við yfirfærslu umsóknar að aðrir hlutar hennar hafi verið afturkallaðir að því er varðar Ísland nema umsækjandi greiði tilskilið gjald. Ef umsækjandi greiðir þetta gjald til einkaleyfayfirvalda getur hann einnig yfirfært þann hluta umsóknarinnar sem hann takmarkaði gagnvart alþjóðlegum rannsóknayfirvöldum.

Um 38. gr.

Hér er fjallað um viss tilvik þar sem íslenskum einkaleyfayfirvöldum ber skylda til að úrskurða um ákvarðanir móttökuyfirvalda eða alþjóðaskrifstofu WIPO. Greinin er byggð á ákvæðum PCT, gr. 25 og reglu 51. Umsækjandi hefur skv. PCT, gr. 25, rétt til að bera úrskurð viðtökuyfirvalda um að veita umsókn ekki alþjóðlegan umsóknardag eða telja umsókn í heild eða tilgreiningu einstaks lands afturkallaða undir einkaleyfayfirvöld í tilgreindu landi. Þetta er áréttað í 1. mgr. greinarinnar.

Í 2. mgr. er kveðið á um hvaða skilyrði umsækjandi þurfi að uppfylla til að einkaleyfayfirvöld framkvæmi það endurmat sem hér um ræðir. Hann þarf að bera upp beiðni um endurmat við alþjóðaskrifstofu WIPO innan ákveðins frests. Að fenginni slíkri beiðni skal alþjóðaskrifstofan senda einkaleyfayfirvöldum öll skjöl í málinu, sbr. PCT, gr. 25(2). Umsækjandi skal jafnframt innan sama frests leggja fram þýðingu á umsókninni til einkaleyfayfirvalda og greiða tilskilið umsóknargjald. Samkvæmt núgildandi PCT, reglu 51, er fresturinn tveir mánuðir frá því að umsækjanda var send tilkynning um viðkomandi úrskurð. Með því að lögbinda ekki frestinn heldur kveða á um hann í reglugerð, eins og hér er lagt til, yrði auðveldara að breyta honum síðar meir til samræmis við hugsanlegar breytingar á PCT-reglum um þetta efni.

Í 3. mgr. er því lýst hvernig umsókn skuli meðhöndluð ef einkaleyfayfirvöld hnekkja úrskurði viðtökuyfirvalda eða alþjóðaskrifstofunnar. Tilkynna skal alþjóðaskrifstofunni niðurstöðu einkaleyfayfirvalda, sbr. PCT, reglu 51(4). Meðferð umsóknarinnar fer síðan eftir ákvæðum II. kafla frv. Ef umsókninni hefur ekki verið ákvarðaður alþjóðlegur umsóknardagur skal telja að hún hafi verið lögð inn þann dag sem einkaleyfayfirvöld telja að hefði átt að vera alþjóðlegur umsóknardagur. Á sama hátt og aðrar alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir yrði umsókn, sem hér fellur undir, samþykkt varðandi form og innihald ef hún telst uppfylla skilyrði PCT-sáttmálans að þessu leyti.

4. mgr. kveður á um að umsóknir, sem fá meðferð skv. 3. mgr., verði að öllu leyti nýnæmishindrandi á sama hátt og innlendar umsóknir ef þær verða almenningi aðgengilegar skv. 22. gr. frv. Ef þetta væri ekki sérstaklega tekið fram, þá leiddi af ákvæðum 29. gr. frv. að alþjóðlegar umsóknir, sem ekki hefði verið unnt að yfirfæra skv. 31. gr. frv. vegna úrskurðar móttökuyfirvalda eða alþjóðaskrifstofunnar, yrðu ekki nýnæmishindrandi fyrr en þær hefðu verið lagðar fram. Óbirtar umsóknir teldust þannig ekki nýnæmishindrandi, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. frv. Þetta þykir ósanngjarnt ef einkaleyfayfirvöld telja upphaflegan úrskurð hafa verið rangan.

Um IV. kafla.

Um 39. gr.

Í greininni er ákvæði um þýðingu einkaleyfiskrafna við ákvörðun á umfangi einkaleyfisverndar. Samsvarandi ákvæði er ekki í núgildandi einkaleyfalögum, en framkvæmd hefur þrátt fyrir það verið í samræmi við ákvæðið.

Umfang einkaleyfisverndar má einnig nefna verndarsvið einkaleyfis. Það er það svið sem hægt er að beita einkaréttinum á, þ.e. einkaleyfishafi getur komið í veg fyrir að aðrir hagnýti í atvinnuskyni tæki, aðferð eða afurð sem fellur innan verndarsviðs einkaleyfis, sbr. 3. gr. frv. Það getur hins vegar oft verið vandasamt að ákveða hvað fellur innan og hvað utan verndarsviðs einkaleyfis. Matið er auðvelt ef um nákvæmlega eins hluti er að ræða. Örugg og skynsamleg réttarvernd einkaleyfa verður hins vegar að tryggja að annað og meira en

nákvæmlega sams konar hlutir sé verndað. Varði uppfinning t.d. vélbúnað verða tæknileg verkan, áhrif eða notkun að skera úr um hvort svipaður vélbúnaður telst brot á einkaleyfarétti eða ekki, en ekki það hvort búnaðurinn líkist eða sé nákvæmlega eins í útliti og hinn verndaði vélbúnaður. Annars væri of auðvelt fyrir samkeppnisaðila að gera smávægilegar breytingar á útliti eða aðferð og þannig hagnýta sér uppfinningar annarra. Samtímis þarf þó að hafa í huga að of umfangsmikil vernd getur heft um of starfsemi samkeppnisaðila.

Greininni er ætlað að vera til leiðbeiningar við mat á því hvað sé verndað með einkaleyfi. Samkvæmt henni er það hlutverk einkaleyfiskrafna að afmarka svo ljóst sem verða má hvað sé verndað. Vernd getur ekki náð til neins þess sem ekki verður leitt af einkaleyfiskröfum. Við túlkun á því hvað felst í einkaleyfiskröfum má leita til lýsingar. Með þessu er lögð áhersla á það að enda þótt einkaleyfiskröfur eigi að fela í sér tæmandi upptalningu á öllum aðalatriðum uppfinningar geti þær aldrei staðið einar sér; þær verði ævinlega að lesa í samhengi við lýsingu á uppfinningunni. Teikningar, sem fylgja umsókn, teljast til lýsingar í þessu samhengi.

Framkvæmd samsvarandi ákvæðis hjá öðrum norrænum þjóðum er sú að byggt er á heildarmati á kröfum og öðrum einkaleyfisgögnum. Það felur í sér að við túlkun á því, hvað kröfurnar fela í sér, er farið nákvæmlega yfir öll önnur gögn einkaleyfis, þ.e. lýsingu og teikningar. Við mat á verndarsviði einkaleyfa hér á landi verður væntanlega höfð hliðsjón af norrænni framkvæmd.

Um 40. gr.

Hér er fjallað um gildistíma einkaleyfa og greiðslu árgjalda til að viðhalda gildi þeirra. Um er að ræða töluverðar breytingar frá núgildandi lögum og reglum. Lagt er til að gildistími einkaleyfa verði lengdur úr 15 árum í 20 ár. Á móti kemur að upphaf gildistíma skv. frumvarpinu er umsóknardagur en skv. 1. mgr. 4. gr. núgildandi laga hefst gildistíminn þann dag sem einkaleyfi er veitt. Breytingin hefur í för með sér að gildistími einkaleyfa lengist ef málsmeðferð umsókna er styttri en fimm ár. Hins vegar styttist gildistíminn í þeim tilvikum sem málsmeðferð dregst lengur en fimm ár. Slíkt ætti eingöngu að gerast í undantekningartilvikum ef frumvarp þetta verður að lögum. Einnig er lagt til að árgjald af einkaleyfi verði greitt á hverju ári en skv. núgildandi reglugerð um afgreiðslu einkaleyfa nr. 59/1966, sbr. 8. gr., skulu gjöld af einkaleyfum greidd fyrir fram fyrir fimm ár í senn.

Upphaf gildistímans er frá umsóknardegi umsóknar hér á landi. Umsóknir, sem eru lagðar inn með forgangsrétti í samræmi við 6. gr. frv., hafa því lengri verndartíma sem forgangsréttartímanum nemur. Ef umsóknardagur hefur verið færður til skv. 14. gr. frv. reiknast gildistíminn frá þeim degi. Ef árgjald er ekki greitt fyrir hvert gjaldár fellur einkaleyfið úr gildi. Gjaldár er skilgreint í 5. mgr. 8. gr. frv. Þessi breyting gefur einkaleyfishöfum tilefni til að taka reglulega til athugunar hvort rétt sé að viðhalda einkaleyfi. Þannig er spornað við því að óvirkum einkaleyfum sé haldið í gildi að ástæðulausu. Ekki er hægt að framlengja gildistíma einkaleyfis.

Um árgjald af umsóknum er fjallað í 5. mgr. 8. gr. frv. Ef árgjald vegna umsóknar er ekki greitt verður umsókn afskrifuð, sbr. 15. gr. frv. Árgjöld fyrir umsóknir gjaldfalla ekki fyrr en í upphafi þriðja gjaldárs, sbr. 1. mgr. 41. gr. frv. Því getur komið fyrir að einkaleyfi verði veitt áður en árgjöld fyrir umsóknina gjaldfalla. Í 3. málsl. er því, að norskri fyrirmynd, lagt til að í þeim tilfellum gjaldfalli viðkomandi árgjöld um leið og fyrsta árgjald af veittu einkaleyfi.

V. kafli.

Um 41. gr.

Hér er að finna öll ákvæði frumvarpsins um gjalddaga árgjalda. Samsvarandi ákvæði eru ekki í núgildandi lögum.

Meginreglan um gjalddaga árgjalda kemur fram í 1. málsl. 1. mgr. Þar segir að árgjald falli í gjalddaga síðasta dag fyrsta almanaksmánaðar í gjaldári. Gjaldár er skilgreint í 5. mgr. 8.

gr. frv. Það verður því eingöngu um að ræða 12 gjalddaga á ári, þ.e. síðasta dag hvers mánaðar, fyrir árgjöld allra umsókna og veittra einkaleyfa. Þetta fyrirkomulag hefur í för með sér mikið hagræði fyrir alla aðila. Í 2. málsl. 1. mgr. er að finna fyrstu undantekninguna frá meginreglunni. Þar er lagt til að árgjald fyrir fyrstu tvö árin gjaldfalli ekki fyrr en um leið og árgjald fyrir þriðja gjaldár. Umsækjandi hefur því tvö ár til að taka afstöðu til hvort ástæða sé til að viðhalda umsókninni. Þá ættu yfirleitt að liggja fyrir fyrstu niðurstöður rannsóknar á umsókninni. Ekki er unnt að greiða árgjald fyrr en þremur mánuðum áður en það gjaldfellur, sbr. 3. málsl. 1. mgr. Upphæð árgjalds fer eftir gjaldskrá á gjalddaga en ekki á greiðsludegi.

Í 4. málsl. 1. mgr. er sérregla að norskri fyrirmynd um gjalddaga árgjalda vegna umsóknar sem hefur verið hafnað en umsækjandi skotið þeim úrskurði til dómstóla. Ef árgjöld eru ekki greidd af umsókn verður hún afskrifuð, sbr. 5. mgr. 8. gr. og 15. gr. frv. Þetta gildir þótt einkaleyfisyfirvöld hafi hafnað umsókninni og umsækjandi áfrýjað þeim úrskurði til áfrýjunarnefndar. Ef áfrýjunarnefnd staðfestir úrskurð einkaleyfayfirvalda hefur umsækjandi möguleika á að bera þá niðurstöðu undir dómstóla, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 64. gr. frv. Það þykir ósanngjarnt að greiðsla árgjalda verði skilyrði fyrir því að hægt sé að sækja málið fyrir dómstólum. Því er lagt til að ef dómstólar hnekkja úrskurði áfrýjunarnefndar um að hafna umsókninni skuli árgjöld, vegna gjaldára sem hefjast frá því að áfrýjunarnefndin kvað upp sinn úrskurð til þess dags sem dómurinn öðlast réttargildi, ekki gjaldfalla fyrr en tveimur mánuðum eftir síðastnefnda daginn. Ef dómstólar staðfesta hins vegar úrskurð áfrýjunarnefndar þarf umsækjandi ekki að greiða nein árgjöld fyrir það tímabil.

Umsókn, sem verður til við sundurgreiningu eða hlutun, telst, að vissum skilyrðum uppfylltum, hafa verið lögð inn mun fyrr en beiðnin um hlutun eða sundurgreiningu frá upphaflegri umsókn, sbr. 11. gr. frv. Hér getur jafnvel munað nokkrum árum og því varðað töluverða upphæð. Því er, til hagræðis fyrir umsækjanda, lagt til í 1. málsl. 2. mgr. að árgjöld fyrir gjaldár sem hefjast áður en beiðni um sundurgreiningu eða hlutun er lögð inn eða innan tveggja mánaða frá þeim degi, gjaldfalli ekki fyrr en tveimur mánuðum eftir þann dag. Þessi tveggja mánaða frestur reiknast frá þeim degi sem beiðnin var lögð inn og verður ekki framlengdur til síðasta dags viðkomandi mánaðar eins og meginreglan er skv. 1. málsl. 1. mgr. Gjalddagar seinni árgjalda verða síðan framvegis í samræmi við meginregluna.

Þá er í 2. málsl. 2. mgr. sérregla um gjalddaga árgjalda af alþjóðlegum umsóknum. Hugsanlegt er að alþjóðleg umsókn verði ekki yfirfærð til Íslands fyrr en rúmlega tveimur árum eftir alþjóðlegan umsóknardag, t.d. í því tilviki að fram fari alþjóðleg forathugun á einkaleyfishæfi hennar, sbr. 2. mgr. 31. gr. frv. Þá telst ekki sanngjarnt að umsækjandi greiði árgjöld af umsókninni fyrr en hún hefur verið yfirfærð í samræmi við reglur III. kafla frv. Því er lagt til að árgjöld fyrir alþjóðlegar umsóknir gjaldfalli ekki fyrr en tveimur mánuðum eftir að viðkomandi umsókn hefur verið yfirfærð í samræmi við 31. gr. frv. eða tekin til meðferðar skv. 38. gr. frv. Tveggja mánaða fresturinn reiknast frá þeim degi og verður ekki framlengdur til síðasta dags almanksmánaðar, sbr. umfjöllun hér að framan.

3. mgr. er í samræmi við ákvæði Parísarsáttmálans, gr. 5 a. Umræddur sex mánaða frestur á jafnt við um árgjöld af einkaleyfum og árgjöld af umsóknum.

Um 42. gr.

Í greininni er lagt til að hægt sé að veita efnalitlum umsækjendum eða einkaleyfishöfum gjaldfrest á greiðslu árgjalda skv. 41. gr. Greinin tekur bæði til árgjalda af umsóknum og einkaleyfum. Veita má greiðslufrest til þriggja ára. Hægt er að fá frestinn framlengdan en þó aldrei lengur en í þrjú ár frá veitingu einkaleyfis. Skilyrði þess að greiðslufrestur verði veittur er: Í fyrsta lagi að uppfinningamaður sjálfur sé umsækjandi eða einkaleyfishafi. Í öðru lagi að það teljist verulegum erfiðleikum bundið fyrir viðkomandi að greiða árgjöld. Við mat á greiðsluerfiðleikum yrðu líklega lagðar til grundvallar upplýsingar á síðasta skattframtali

viðkomandi, sbr. umfjöllun við 20. gr. frv. Í þriðja lagi þarf beiðni um greiðslufrest að berast í síðasta lagi þann dag sem árgjöldin falla í fyrsta sinn í gjalddaga eða, ef um framlengingu á greiðslufresti er að ræða, þann dag sem upphaflegur frestur rennur út. Bent skal á það að ef umsókn er hafnað á meðan umsækjandi hefur greiðslufrest er ekki hægt að skylda hann til að greiða árgjöldin. Hægt er að áfrýja úrskurði einkaleyfayfirvalda um að hafna beiðni um greiðslufrest, sbr. 67. gr. frv.

Um VI. kafla.

Einkaleyfishafi getur haft fjárhagslegan ávinning af einkaleyfi sínu á ýmsan hátt. Hann getur sjálfur hagnýtt uppfinninguna og komið í veg fyrir samkeppni með einkaleyfinu. Hann getur selt öðrum einkaleyfið. Einnig getur hann leyft öðrum að nota uppfinninguna gegn ákveðnu gjaldi, þ.e. veitt öðrum nytjaleyfi.

Í frumvarpi þessu eru ekki neinar reglur um hvernig staðið skuli að framsali einkaleyfis. Um það gilda því almennar reglur fjármunaréttarins eftir því sem við getur átt hverju sinni. Ekki eru heldur neinar reglur um hvernig staðið skuli að nytjaleyfissamningum utan þess sem mælt er fyrir um í 43. og 44. gr. frv. Ástæðan er sú að oft er um svo ólík tilvik að ræða að gera verður nytjaleyfissamning með hliðsjón af hagsmunum aðila hverju sinni. Því þykir ekki fært að setja reglur þar að lútandi í einkaleyfalög sem tryggðu réttarstöðu aðila betur. Um réttarsamband einkaleyfishafa og nytjaleyfishafa verður því að fara eftir samningum þeirra á milli, sbr. þó ákvæði 43. gr. frv.

Í þessum kafla frumvarpsins eru hins vegar nákvæmar reglur um hvernig nauðungarleyfi verða veitt. Andstætt því sem við á um nytjaleyfi eru nauðungarleyfi heimild öðrum til handa til að hagnýta einkaleyfi án samþykkis einkaleyfishafa. Nauðungarleyfi verða ekki veitt nema samkvæmt lagaheimild og þau eru því í eðli sínu lögfest takmörkun á einkarétti einkaleyfishafa. Um nauðungarleyfi er fjallað í 45.–50. gr. frv.

Um 43. gr.

Fallið var frá því að setja efnisreglur um nytjaleyfissamninga í frumvarp þetta. Hér er þó gerð undantekning. Flestir nytjaleyfissamningar eru byggðir á sérstöku trúnaðarsambandi aðila og oft er gert ráð fyrir að einkaleyfishafi geti fylgst með hvort nytjaleyfishafi noti leyfið á umsaminn hátt. Því er hér lagt til að nytjaleyfishafi, ef ekki er um annað samið, hafi ekki rétt til að framselja rétt sinn til annarra. Af ákvæðinu leiðir einnig að nytjaleyfishafi getur ekki veitt öðrum „undirleyfi“ að því marki sem slíkt felur í sér framsal leyfisins að hluta. Einnig kemur ákvæðið í veg fyrir að aðilaskipti geti orðið að nytjaleyfi með öðrum hætti en framsali. Þannig verður t.d. ekki gert fjárnám í nytjaleyfi og það yrði ekki meðal verðmæta sem dregin yrðu undir skipti við gjaldþrot leyfishafa.

Um 44. gr.

Í greininni er fjallað um hvaða upplýsingar megi skrá í einkaleyfaskrá og hver áhrif slík skráning hefur. Í núgildandi lögum er á þessu atriði tekið í 3. mgr. 18. gr. en ekki jafnítarlega og hér er lagt til.

Aðilaskipti geta orðið við framsal, erfðir, skipti bús eða fullnustuaðgerðir skuldheimtumanna. Öll aðilaskipti að einkaleyfi má skrá í einkaleyfaskrá. Sömuleiðis má skrá öll nytjaleyfi sem veitt eru. Það er ekki skylda að skrá þessi atriði í einkaleyfaskrá og skráningu fylgja engin efnisleg réttaráhrif. Hvor aðili réttarsambandsins sem er getur farið fram á skráningu. Í reglugerð yrði nánar kveðið á um hvernig beiðni um skráningu í einkaleyfaskrá skuli úr garði gerð.

Samþykki nytjaleyfishafa telst yfirleitt nægileg sönnun fyrir að nytjaleyfi sé fallið niður þannig að það verði afmáð úr einkaleyfakrá, sbr. 2. mgr. Liggi samþykki ekki fyrir verður að færa sönnur fyrir því með öðrum hætti, t.d með dómsniðurstöðu.

Í 4. mgr. 4. gr. er lagt til að ávallt megi beina málssókn, t.d. vegna kröfu um nauðungarleyfi, sbr. 50. gr. frv., eða til ógildingar á einkaleyfi, sbr. 61. og 63. gr. frv., að þeim sem er skráður einkaleyfishafi í einkaleyfaskrá. Skráður einkaleyfishafi getur því ekki andmælt slíkri málshöfðun með vísun til þess að hann hafi framselt einkaleyfið öðrum. Hins vegar verður ekki gagnályktað frá þessari reglu. Aðili, sem sætir málssókn af hendi skráðs einkaleyfishafa vegna ætlaðs brots á einkaleyfarétti, getur borið fram þau mótmæli að skráður einkaleyfishafi sé ekki réttur sóknaraðili vegna þess að hann hafi t.d. framselt einkaleyfi sitt. Réttur sóknaraðili í slíkum málum er sá sem er raunverulegur einkaleyfishafi hvort sem hann er skráður í einkaleyfaskrá eða ekki.

Um 45.–48. gr.

Í þessum greinum er að finna tillögur um í hvaða tilvikum eigi að vera hægt að veita nauðungarleyfi. Þær eru sniðnar að norrænum reglum um sama efni. Um er að ræða fleiri tilvik en heimil eru skv. 8. gr. núgildandi laga. Hér er lagt til að hægt sé að veita nauðungarleyfi í eftirfarandi tilvikum:

1) Ef uppfinning hefur ekki verið notuð á eðlilegan hátt, sbr. 45. gr.
2) Ef ekki er unnt að nota einkaleyfi án þess að fara inn á svið annars einkaleyfis, sbr. 1. mgr. 46. gr.
3) Ef nauðungarleyfi hefur verið veitt skv. 1. mgr. 46. gr., sbr. 2. mgr. 46. gr.
4) Ef um ríka almannahagsmuni er að ræða, sbr. 47. gr.
5) Ef um fornotkunarrétt er að ræða, sbr. 48. gr.

Hér á landi hefur aldrei reynt á núgildandi ákvæði. Einnig hefur mjög sjaldan reynt á ákvæði um nauðungarleyfi hjá frændþjóðum okkar. Þrátt fyrir það eru reglur um nauðungarleyfi mjög þýðingarmiklar sem varnagli við misnotkun á einkarétti þeim sem einkaleyfi veitir.

Um 45. gr.

Frá upphafi einkaleyfaréttarins hefur notkun einkaleyfisverndaðrar uppfinningar verið skilyrði til að viðhalda einkarétti. Rök fyrir því eru aðallega þau að einkaleyfi eru veitt til þess örva tækniframfarir og iðnþróun. Til að ná þessum markmiðum var talið nauðsynlegt að skylda einkaleyfishafa til að nota uppfinningu sína í viðkomandi landi. Einkaleyfi féllu þannig úr gildi væru þau ekki notuð. Með auknum alþjóðasamskiptum hafa viðhorf breyst og notkun einkaleyfa í hverju landi vegur ekki eins þungt á metum og áður, a.m.k. ekki hjá iðnríkjum. Þrátt fyrir það þykir enn ástæða til að hafa reglur til að koma í veg fyrir að menn öðlist einkaleyfi eingöngu til að útiloka aðra frá að nota uppfinningu. Flest iðnríki hafa því reglur um að einkaleyfi skuli notuð innan landamæra viðkomandi ríkis, en í stað þess að einkaleyfi, sem ekki er notað, falli úr gildi eru sett ákvæði um að hægt sé að veita nauðungarleyfi.

Í samræmi við þessi sjónarmið er í 1. mgr. lagt til að hægt sé að veita nauðungarleyfi ef einkaleyfð uppfinning hefur ekki verið notuð með eðlilegum hætti hér á landi innan ákveðins tíma. Með notkun uppfinningar í þessu samhengi er átt við framleiðslu þess sem verndað er eða notkun verndaðrar aðferðar í framleiðslu. Skilyrðið um notkun er því ekki uppfyllt með því að flytja inn vörur erlendis frá. Hér á því ekki við sama skilgreining og á orðinu „hagnýting“ einkaleyfis, sbr. t.d. 3. gr. frv. Ekki er nánar kveðið á um það í frumvarpi þessu hvað telst vera eðlileg notkun uppfinningar. Hér skal þó tekið fram að það telst eðlileg notkun *ef uppfinning er notuð á grundvelli nytjaleyfis*. Að öðru leyti verða dómstólar að skera úr um hvað teljist eðlileg notkun, sbr. 50. gr. frv.

Nauðungarleyfi verður veitt þeim sem ætlar að nota uppfinningu hér á landi. Á sama hátt og að ofan greinir merkir notkun hér framleiðslu. Nauðungarleyfi verður því ekki veitt ef ætlunin er eingöngu að flytja viðkomandi vöru inn og selja hana síðan.

Ef gildar ástæður eru fyrir því að einkaleyfi hafi ekki verið notað verður nauðungarleyfi ekki veitt, sbr. niðurlag 1. mgr. Ekki er nánar skilgreint hvað gildar ástæður séu í þessu

samhengi. Ætla má að slíkar ástæður teljist vera fyrir hendi ef t.d. notkun uppfinningar er bönnuð með lögum eða ekki er hægt að útvega nauðsynleg hráefni. Hins vegar er ólíklegt að það yrði talin gild ástæða að einkaleyfishafi telji framleiðslu ekki arðbæra. Þetta mat á þó alfarið undir dómstóla, sbr. 50. gr. frv.

Ákvæði 2. mgr. var upprunalega sett í norræn lög vegna fyrirhugaðs samstarfs um norrænar einkaleyfisumsóknir sem ekki varð af. Hins vegar getur það haft þýðingu í framtíðinni í tengslum við samstarf tiltekinna ríkjaheilda eða markaðssvæða.

Um 46. gr.

Hér er lagt til að hægt sé að veita nauðungarleyfi ef ekki er unnt að hagnýta einkaleyfisverndaða uppfinningu án þess að fara inn á svið annars einkaleyfis. Samsvarandi ákvæði er í 3. mgr. 8. gr. núgildandi laga. Frumvarpið felur hins vegar í sér rýmkun skilyrða fyrir veitingu nauðungarleyfa í slíkum tilvikum.

Frumskilyrði fyrir því að bera upp beiðni um að nauðungarleyfi skv. 1. mgr. verði veitt er að ekki sé hægt að hagnýta uppfinningu þá sem beiðnin byggist á án þess að brjóta á einkarétti annars einkaleyfishafa. Sá sem sækir um að fá nauðungarleyfið verður sjálfur að hafa fengið einkaleyfi hér á landi fyrir uppfinningu þeirri sem beiðnin byggist á. Þannig liggur fyrir sönnun að um sjálfstæða uppfinningu sé að ræða gagnvart þeirri sem sótt er um að fá nauðungarleyfi til að hagnýta. Einnig gefur einkaleyfið vissa tryggingu fyrir því að sá sem sækir um nauðungarleyfið er rétthafi þeirrar uppfinningar sem beiðnin byggist á.

Nauðungarleyfi skv. 1. mgr. verður ekki veitt nema það teljist sanngjarnt vegna mikilvægis uppfinningarinnar sem beiðnin byggist á eða af öðrum sérstökum ástæðum. Líklegt er að uppfinning, sem felur í sér verulega tæknilega framför frá þeirri sem sótt er um að fá að hagnýta með nauðungarleyfi, teljist mikilvæg í þessu samhengi. Þjóðhagslegt mikilvægi uppfinningar, sem beiðni byggist á, skiptir einnig máli; því mikilvægari sem hún er þeim mun líklegra er að nauðungarleyfi til hagnýtingar á hinni verði veitt. Þetta á t.d. við uppfinningar sem varða neysluefni og lyf. Ef um samkeppni er að ræða milli viðkomandi einkaleyfishafa þarf sterkari rök fyrir því að nauðungarleyfi verði veitt. Aðrar sérstakar ástæður, sem mælt gætu með veitingu nauðungarleyfis, geta verið þær að uppfinning, sem beiðni um nauðungarleyfi byggist á, sé á allt öðru sviði en sú sem beiðandi vill fá að hagnýta og því verði ekki um að ræða samkeppni á milli aðila.

Í 2. mgr. er fjallað um rétt einkaleyfishafa sem þarf að sæta því að nauðungarleyfi skv. 1. mgr. verði gefið út til hagnýtingar á einkaleyfisverndaðri uppfinningu hans. Hann á þá gagnkvæman rétt til að fá nauðungarleyfi fyrir hagnýtingu á hinni uppfinningunni, nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Slíkar sérstakar ástæður gætu t.d. verið að svo mikið ósamræmi væri á mikilvægi uppfinninganna að ósanngjarnt þætti að veita nauðungarleyfi á gagnkvæmnisgrundvelli. Nauðungarleyfi, sem yrði veitt skv. 2. mgr., telst alveg sjálfstætt eftir veitingu. Gildistími þess væri t.d. ekki háður gildistíma upphaflegs nauðungarleyfis skv. 1. mgr.

Verði nauðungarleyfi veitt skv. 1. eða 2. mgr. heimilar það þó eingöngu hagnýtingu að því marki sem nauðsynlegt er til að hagnýta uppfinningu þá sem beiðnin byggist á. Nauðungarleyfið veitir því ekki sjálfstæðan rétt til að hagnýta viðkomandi einkaleyfða uppfinningu að öðru leyti.

Um 47. gr.

Hér er lagt til að heimilað verði að veita nauðungarleyfi ef það telst nauðsynlegt vegna ríkra almannahagsmuna. Ekki er samsvarandi heimild í núgildandi lögum. Hins vegar er almenn eignarnámsheimild fyrir hið opinbera í 1. mgr. 8. gr. núgildandi laga, sbr. nú 70. gr. frv. og athugasemdir við hana.

Þessi heimild til nauðungarleyfis ber þó svip af eignarnámi og því þarf að beita henni af mikilli gát. Af sömu ástæðu þarf að tryggja að fullt endurgjald komi fyrir slík nauðungarleyfi, annars gæti verið hætta á að þau yrðu misnotuð þegar í raun ætti að beita eignarnámi. Nauðungarleyfi skv. þessu ákvæði yrði aðeins veitt ef það teldist nauðsynlegt vegna ríkra almannahagsmuna. Hér er átt við opinbera hagsmuni, t.d. öryggi ríkisins, nauðsynlegt framboð á lyfjum og neysluefnum, orkuframboð og samgöngur. Til að tryggja nauðsynlegt framboð væri í undantekningartilvikum hægt að veita nauðungarleyfi til innflutnings. Einkahagsmunir aðila, þó miklir væru, koma ekki til álita sem grundvöllur fyrir nauðungarleyfi skv. þessari grein.

Um 48. gr.

Þessi grein er byggð á sömu rökum og 4. gr. frv. um fornotkunarrétt. Hér er hins vegar tekið mið af hagnýtingu sem hefst eftir að annar hefur lagt inn umsókn um einkaleyfi en áður en sú umsókn verður almenningi aðgengileg. Í slíkum tilvikum kemur forgangsréttur umsækjanda í veg fyrir að sá sem hagnýtir uppfinninguna á þeim tíma öðlist rétt til áframhaldandi hagnýtingar. Hér er þó lagt til að mæli mjög sérstakar ástæður með því megi veita þeim aðila, sem hefur hagnýtt uppfinningu á umræddu tímabili eða hefur gert verulegar ráðstafanir til slíks, nauðungarleyfi til áframhaldandi hagnýtingar.

Þær ástæður, sem kæmu helst til greina, eru ef lagt hefur verið í mikinn kostnað vegna framleiðslu eða annarrar hagnýtingar viðkomandi uppfinningar. Það getur verið þjóðhagslega mjög óhagkvæmt ef öll sú vinna og fjármagn fer til spillis með því að viðkomandi væri bönnuð áframhaldandi hagnýting. Sú áframhaldandi hagnýting, sem heimiluð yrði með nauðungarleyfi, yrði að vera innan sömu marka og fyrri hagnýting. Viðkomandi gæti t.d. ekki aukið umsvif sín seinna meir á grundvelli nauðungarleyfisins. Þetta þurfa dómstólar, sbr. 50. gr. frv., að hafa í huga við mat á umfangi nauðungarleyfis skv. þessari heimild.

Hafa ber í huga að efni greinarinnar er þröngt undantekningarákvæði sem beita skal með varúð. Mjög ströng skilyrði eru sett um grandleysi þess aðila sem byggir beiðni um nauðungarleyfi á fornotkun eftir að umsókn er lögð inn. Ákvæðið er mun þrengra en ákvæði 4. gr. frv. auk þess sem sá aðili, sem fær nauðungarleyfi skv. þessu ákvæði, þarf að sjálfsögðu að greiða einkaleyfishafa hæfilegt endurgjald fyrir leyfið.

Hægt er að höfða mál um rétt til nauðungarleyfis skv. þessari grein um leið og umsókn verður almenningi aðgengileg. Dómur getur hins vegar ekki gengið fyrr en einkaleyfið hefur verið veitt. Í 2. mgr. er að finna undantekningu frá þeirri aðalreglu að nauðungarleyfi verði ekki afturvirkt. Ef nauðungarleyfi er veitt skv. þessari grein frv. getur það náð til tímans áður en einkaleyfið var veitt. Ef þessi heimild væri ekki fyrir hendi gæti einkaleyfishafi farið í mál við leyfishafa vegna hagnýtingar hans áður en nauðungarleyfi hefði verið veitt.

Um 49. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um almenn skilyrði sem hver sá sem óskar eftir að fá útgefið nauðungarleyfi sér til handa skv. 45.–48. gr. frv. þarf að uppfylla. Leyfisbeiðandi þarf að vera tæknilega og fjárhagslega í stakk búinn til að hagnýta uppfinninguna í eigin atvinnurekstri. Hann þarf einnig að geta tryggt sömu gæði í framleiðslu og einkaleyfishafi svo ekki sé hætta á að viðskiptavild einkaleyfishafa skerðist vegna framboðs á lélegum vörum framleiddum skv. nauðungarleyfi. Það er hins vegar ekki skilyrði að sá sem beiðist nauðungarleyfis hafi áður reynt að fá nytjaleyfi hjá einkaleyfishafa.

Í 2. mgr. er tekið fram að nauðungarleyfi komi ekki í veg fyrir hagnýtingu einkaleyfishafa á uppfinningu sinni eða að hann geti veitt öðrum nytjaleyfi til hagnýtingar á henni. Þetta ákvæði er byggt á Parísarsáttmálanum, 5. gr. A 4, eins og henni var breytt 1958 með Lissabongerð sáttmálans. Ísland hefur ekki fullgilt þá gerð sáttmálans en áformað er að það verði gert. Því þykir eðlilegt, einnig með hliðsjón af samræmingu við önnur norræn einkaleyfalög, að sama ákvæði verði í lögum hér á landi. Þessi regla á við öll nauðungarleyfi án

tillits til þess af hvaða tilefni þau eru veitt. Í 2. málsl. 2. mgr. er samsvarandi ákvæði og í 2. mgr. 4. gr. frv. um að aðilaskipti séu ekki heimil að nauðungarleyfinu einu sér. Ef einhver, sem öðlast rétt til nauðungarleyfis, t.d. vegna arfs eða framsals, uppfyllir ekki almenn skilyrði 1. mgr., þá getur einkaleyfishafi höfðað mál til niðurfellingar þess skv. 2. málsl. 50. gr. frv.

Um 50. gr.

Hér er lagt til að ákvörðun um veitingu nauðungarleyfis og afmörkun á skilmálum um hagnýtingu uppfinninga skv. nauðungarleyfum skuli heyra undir bæjarþing Reykjavíkur. Samkvæmt 4. mgr. 8. gr. núgildandi laga heyrir þessi ákvörðun undir iðnaðarráðuneytið með málskotsrétti til dómstóla. Nauðungarleyfi eru takmörkun á einkarétti einkaleyfishafa. Í frumvarpi þessu er lagt til að heimildir til að beita þessari takmörkun verði rýmkaðar. Með hliðsjón af því þykir rétt að leggja ákvörðunarvaldið í hendur dómstóla til að tryggja sem best hagsmuni einkaleyfishafa. Einnig þykir rétt að tilgreina einn sérstakan dómstól til að fjalla um þessi mál til að stuðla að því að sérþekking á þessu sviði byggist upp hjá viðkomandi dómstól. Niðurstöðum bæjarþings Reykjavíkur í málum sem varða nauðungarleyfi verður áfrýjað til Hæstaréttar.

Nauðsynlegt er að afmarka skýrt og ótvírætt umfang hagnýtingarréttar skv. nauðungarleyfi. Meginsjónarmiðið er að hagnýtingarrétturinn má ekki vera rýmri en aðstæður þær sem heimila veitingu nauðungarleyfis, sbr. 45.-48. gr. frv., gefa tilefni til. Einnig þarf að afmarka hvaða not uppfinningar séu heimil og í hvaða mæli. Þannig má t.d. nauðungarleyfi, sem veitt er vegna þess að uppfinning hefur ekki verið notuð hér á landi á eðlilegan hátt, sbr. 45. gr. frv., ekki ná til innflutnings, sbr. athugasemdir við þá grein. Á sama hátt nær hagnýting uppfinningar skv. nauðungarleyfi, sem veitt er á grundvelli 1. mgr. 46. gr. frv., eingöngu til hagnýtingar sem nauðsynleg er til hagnýtingar hinnar uppfinningarinnar. Heimilt er að takmarka gildistíma nauðungarleyfis. Sé það ekki gert gildir nauðungarleyfið til loka gildistíma viðkomandi einkaleyfis. Á sama hátt og á við um einkaleyfi hafa nauðungarleyfi, sem veitt eru hér á landi, eingöngu gildi hérlendis.

Ávallt ber að ákveða endurgjald til einkaleyfishafa við útgáfu nauðungarleyfis. Endurgjald getur verið leyst af hendi með einni greiðslu, en tíðast er að það sé ákvarðað sem gjald í ákveðnu hlutfalli við framleiðslu eða sölu. Meginreglan er sú að endurgjald skuli að fullu bæta einkaleyfishafa allt fjárhagslegt tjón sem hagnýting annars á grundvelli nauðungarleyfis veldur honum. Í vissum tilvikum getur sú regla sætt takmörkunum. Sem dæmi má nefna að ef einkaleyfishafi hefur misnotað einkarétt sinn með því að halda uppi óeðlilega háu vöruverði á nauðsynjavöru, þá getur verið tilefni til að veita nauðungarleyfi á grundvelli 47. gr. frv. Í því tilviki væri óeðlilegt að veita fullar bætur þar sem það gerði að engu möguleika nauðungarleyfishafa til að framleiða ódýrari vörur. Einnig getur verið erfitt að ákvarða nákvæmlega hvað séu fullar bætur. Umfang tjóns vegna hagnýtingar annarra á grundvelli nauðungarleyfis hlýtur jafnan að vera mikilli óvissu háð og ákvörðun endurgjaldsins byggist því á mati hverju sinni. Við það mat verður að taka tillit til allra þeirra ástæðna sem leiða til útgáfu leyfisins. Önnur atriði, sem huga þarf að við veitingu nauðungarleyfis, eru t.d. hvernig eftirliti með gæðum framleiðslu og tryggingu fyrir greiðslum skuli hagað.

Ákvæði 2. málsl. um endurskoðun nauðungarleyfis verður einungis beitt í undantekningartilvikum. Aðstæður verða að hafa breyst verulega og valda því að eldri skilyrði séu orðin ósanngjörn. Annars gæti það skert um of möguleika nauðungarleyfishafa á að hagnýta nauðungarleyfið.

Um VII. kafla.

Um 51. gr.

Hér er fjallað um afleiðingar þess ef árgjald fyrir veitt einkaleyfi er ekki greitt. Í 15. gr. frv. er hins vegar kveðið á um afleiðingar þess að árgjald fyrir umsóknir er ekki greitt. Samkvæmt 25. gr. núgildandi laga skal skipað fyrir um greiðslu einkaleyfisgjalda í reglugerð. Í

8. gr. rg. nr. 59/1966 um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa er kveðið á um að ef gjald er ekki greitt innan ákveðins frests, þá falli einkaleyfið úr gildi. Lagt er til að sama regla gildi skv. frumvarpi þessu. Hins vegar þykir tryggara að kveða á um slíkt réttartap í lagatexta fremur en í reglugerð. Í 72. og 74. gr. frv. er fjallað um endurveitingu réttinda sem glatast hafa vegna þess að frestir hafa ekki verið virtir.

Um 52. gr.

Hér er kveðið á um hvenær hægt sé að ógilda einkaleyfi. Í núgildandi lögum er fjallað um ógildingu einkaleyfa í 1. mgr. 20. gr. Í frumvarpi þessu er lagt til að hægt verði að ógilda einkaleyfi af fleiri ástæðum en þar eru tilgreindar. Jafnframt eru settar fram skýrari reglur um hverjir hafi málshöfðunarrétt. Greinin er byggð á samsvarandi ákvæði í lögum annarra Norðurlandaþjóða sem aftur á móti eru byggð á ákvæðum Evrópueinkaleyfasáttmálans (EPC) og ákvæðum fyrirhugaðs sáttmála Efnahagsbandalagsins um einkaleyfi (CPC).

Einkaleyfi verður aðeins ógilt með dómi, sbr. 1. málsl. 1. mgr., og eingöngu á grundvelli þeirra ástæðna sem taldar eru upp í greininni. Hins vegar eru engin tímamörk á því hvenær höfða megi ógildingarmál nema í því tilviki sem um er fjallað í 4. mgr. Áhrif ógildingar eru þau að einkaleyfið fellur niður annaðhvort að hluta eða öllu leyti. Ef krafist er ógildingar á hluta af einkaleyfi og fallist er á þá kröfu, þá verða annaðhvort einstakar einkaleyfiskröfur afmáðar eða þær umorðaðar. Varlega verður þó að fara í að umorða kröfur þar sem ný framsetning á kröfum má að sjálfsögðu ekki fela í sér víðtækari vernd en fyrri kröfur.

Ekki er kveðið á um það í frumvarpi þessu frá hvaða tíma einkaleyfið telst fallið niður, þ.e. hvort einkaleyfið teljist aldrei hafa verið veitt (ex tunc) eða hvort það falli niður frá uppsögu dóms (ex nunc). Af 2. málsl. 61. gr. frv. er þó ljóst að refsi- eða skaðabótaákvæðum 57.-60. gr. frv. verður ekki beitt vegna brota á rétti þeim sem einkaleyfi veitir hafi það verið dæmt ógilt. Að því leyti jafngilda réttaráhrif ógildingar því að einkaleyfið hafi aldrei verið veitt. Dómstólar verða að öðru leyti að meta hvaða áhrif ógilding hefur á fyrra réttarsamband aðila hverju sinni með hliðsjón af aðstæðum, t.d. hvort það teljist sanngjarnt að nytjaleyfishafi fái endurgreidd nytjaleyfisgjöld sín eða ekki.

Ógildingarástæður eru tæmandi taldar í 1.–4. tölul. 1. mgr. Það er í almannaþágu að hægt sé að ógilda einkaleyfi sem ekki uppfylla skilyrði einkaleyfalaga. Hins vegar er einnig á það að líta að ógilding einkaleyfis getur haft mjög víðtækar fjárhagslegar afleiðingar fyrir einkaleyfishafa. Í trausti þess að einkaleyfi sé í fullu gildi er algengt að einkaleyfishafi leggi í mikinn kostnað við undirbúning og framleiðslu á grundvelli einkaleyfisins. Af þessum ástæðum er lagt til að ekki verði heimilt að ógilda einkaleyfi vegna annarra atriða en tiltekin eru í þessari grein.

Fyrsta ógildingarástæðan, sbr. 1. tölul., tekur til þess ef skilyrði 1. og. 2. gr. frv. um einkaleyfishæfi uppfinningar eru ekki uppfyllt eða ef einkaleyfi er veitt öðrum en þeim sem rétt hefur til þess. Dómstólum er heimilt að endurskoða ákvarðanir einkaleyfayfirvalda að öllu leyti í þessum efnum. Mjög mikilvægt er að dómstólar hafi slíka endurskoðunarheimild. Rannsókn á uppfinningu hér á landi er að mestu byggð á niðurstöðum rannsóknar erlendis. Ljóst er að erlendir rannsóknaraðilar hafa takmarkaða möguleika á að fylgjast með tækniþróun hér á landi. Þeim mun meiri hætta er á að veitt verði hér einkaleyfi fyrir einhverju sem var orðið þekkt hér á landi áður en viðkomandi umsókn var lögð inn. Þessi endurskoðunarheimild er því afar nauðsynleg hérlendis, einkum að því er varðar nýnæmi uppfinninga.

Önnur ógildingarástæðan, sbr. 2. tölul., varðar það tilvik þegar lýsing á uppfinningu er ekki nægilega skýr til þess að fagmaður geti á grundvelli hennar útfært uppfinninguna, sbr. 2. málsl. 2. mgr. og 6. mgr. 8. gr. frv. Ákvæðið nær bæði til þess að lýsing hafi ekki verið nógu skýr þegar einkaleyfið var veitt og einnig til þess að lýsingin verði talin ófullnægjandi eftir að það var veitt. Slíkt getur átt sér stað þegar varðveitt örverurækt verður óvirk.

Þriðja ógildingarástæðan, sbr. 3. tölul., tekur til þess ef einkaleyfi varðar eitthvað sem ekki kom fram í umsókn á umsóknardegi. Reglan, sem lögð er til grundvallar, er í samræmi

við ákvæði í 13. gr. frv. Ef einkaleyfi verður veitt fyrir einhverju sem ekki kom fram í umsókn á umsóknardegi, þrátt fyrir ákvæði 13. gr., þá má ógilda einkaleyfið að þeim hluta.

Fjórða ógildingarástæðan, sbr. 4. tölul., er sú ef einkaleyfi hefur verið gefið út þrátt fyrir að verndarsvið þess hafi verið rýmkað eftir að umsókn var samþykkt til framlagningar skv. 21. gr. frv. Í 19. gr. frv. er lagt bann við breytingum á umsókn eftir að hún er samþykkt til framlagningar þannig að umfang einkaleyfisverndar verði víðtækara. Þannig á að vera komið í veg fyrir að umsækjandi geti komið með einhverjar slíkar breytingar eftir að umsóknin er lögð fram. Hins vegar er möguleiki á því að slík rýmkun á verndarsviði einkaleyfis verði vegna mistaka einkaleyfayfirvalda, áfrýjunarnefndar eða dómstóla við umorðun krafna, t.d. í andmælamáli eða dómsmáli þar sem einkaleyfi er ógilt að hluta.

Samkvæmt 2. mgr. verður einkaleyfi ekki dæmt ógilt í heild sinni þó að í ljós komi að einkaleyfishafi eigi eingöngu rétt til einkaleyfisins að hluta. Slíkt getur gerst ef margir hafa unnið að uppfinningu og einkaleyfishafi hefur ekki fengið samþykki þeirra allra til að sækja um einkaleyfi. Ef ljóst er hver hefur unnið að hvaða hluta og hægt er að afmá einstakar kröfur viðvíkjandi þeim hluta, þá má ógilda einkaleyfið að þeim hluta. Yfirleitt eru aðstæður þó þær að ekki er hægt að sundurgreina uppfinningu í sjálfstæða hluta sem einstakir uppfinningamenn eiga tilkall til. Í þeim tilvikum þyrfti að ógilda einkaleyfi í heild sinni á sama hátt og á við um umsókn sem afskrifuð er í heild sinni ef í ljós kemur að samþykki allra uppfinningamanna liggur ekki fyrir. Þetta þykja þó of ströng viðurlög þegar einkaleyfi hefur verið veitt í ljósi þess að einkaleyfishafi á þó allténT rétt á einkaleyfinu að hluta. Meðuppfinningamenn verða því í slíkum tilvikum að sætta sig við að geta eingöngu krafist þess að þeim verði ákvarðaður réttur til einkaleyfisins að hluta, sbr. 53. gr. frv.

Hver sem er getur höfðað mál til ógildingar skv. þessari grein, sbr. 3. mgr., nema mál sé höfðað vegna þess að annar hefur öðlast einkaleyfi en sá sem skv. 1. gr. frv. á rétt til þess. Í því tilfelli getur eingöngu sá sem telur sig eiga rétt til einkaleyfisins höfðað mál, sbr. 4. mgr. Þessi undantekning frá því að allir geti höfðað mál til ógildingar einkaleyfi er rökstudd með því að almenningi ætti að standa á sama hver á einkaleyfið ef það er að öðru leyti gilt. Málshöfðun í ógildingarmálum skal beina að einkaleyfishafa, ekki einkaleyfayfirvöldum, sbr. 4. mgr. 44. gr. frv. Þeim skal þó tilkynnt um málshöfðunina, sbr. 63. gr. frv.

Í 4. mgr. er að finna sérreglur um þá ógildingarástæðu að annar hafi öðlast einkaleyfi en sá sem rétt á til þess skv. 1. gr. frv. Fyrri sérreglan er að sá einn getur höfðað mál sem telur sig eiga rétt til einkaleyfisins, sbr. umfjöllun að framan. Önnur sérreglan er að sett eru tvenns konar tímamörk fyrir því hvenær höfða megi slík ógildingarmál. Þessi tímamörk eiga líka við ef þess er krafist að í stað ógildingar á einkaleyfi verði rétturinn til einkaleyfisins yfirfærður til þess sem telur sig eiga hann, sbr. 53. gr. frv. Í fyrsta lagi hefur sá sem telur sig eiga rétt til einkaleyfisins aðeins eins árs frest til að höfða slíkt ógildingarmál eftir að hann fær vitneskju um að einkaleyfið hafi verið veitt og önnur þau atvik sem málssóknin er reist á. Með „öðrum atvikum“ er hér átt við þær aðstæður sem lagðar eru til grundvallar rétti viðkomandi aðila. Þessi regla er réttlætt með því að tómlæti þess, sem telur sig eiga rétt til einkaleyfis, að hefjast ekki handa við málshöfðun innan eins árs, frá því að hann fékk ofangreinda vitneskju, geti valdið fjártjóni sem telja megi bæði ósanngjarnt og þjóðhagslega óhagkvæmt.

Í öðru lagi gilda sérstök tímamörk ef einkaleyfishafi var í góðri trú um rétt sinn. Þá verður ógildingarmál undir engum kringumstæðum höfðað eftir að þrjú ár eru liðin frá útgáfu einkaleyfisins. Annað væri ósanngjarnt gagnvart einkaleyfishafa sem í góðri trú fær veitt einkaleyfi eða í góðri trú kaupir eða öðlast rétt til einkaleyfis á annan hátt og hefur lagt í fjárfestingar til framleiðslu á grundvelli þess. Hér kemur einnig til að sá sem telur sig eiga rétt til einkaleyfis hefur líka sýnt af sér ákveðið tómlæti með því t.d. að sækja ekki sjálfur um einkaleyfi. Ef einkaleyfishafi er hins vegar ekki í góðri trú, þá gildir þessi regla ekki.

Þó svo að ofangreindir málshöfðunarfrestir geti leitt til þess að sá sem á rétt til einkaleyfis geti ekki ógilt einkaleyfi eða fengið yfirfærðan rétt sinn til þess, sbr. 53. gr. frv., þá hefur hann

yfirleitt rétt til að hagnýta viðkomandi uppfinningu, annaðhvort á grundvelli fornotkunarréttar skv. 4. gr. frv. eða með því að fá nauðungarleyfi skv. 48. gr. frv.

Um 53. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að sá sem á rétt til einkaleyfis, sem veitt hefur verið öðrum, geti með dómi fengið réttinn til einkaleyfisins yfirfærðan til sín. Samsvarandi regla er ekki í núgildandi lögum. Nauðsynlegt þykir að hafa þetta ákvæði til að tryggja hagsmuni rétthafa. Ef einhver hefur fengið veitt einkaleyfi sem annar á rétt til, þá hindra nýnæmisreglur í 2. gr. frv. að sá síðarnefndi geti fengið einkaleyfi fyrir sömu uppfinningu þrátt fyrir að hann hafi fengið fyrra einkaleyfið ógilt. Þó svo að rétthafi geti hagnýtt uppfinningu eftir að einkaleyfi hefur verið ógilt, þá hefur hann ekki sömu möguleika á fjárhagslegum ávinningi eins og einkaréttur skv. einkaleyfi getur stuðlað að. Hins vegar eru af sömu ástæðum og raktar eru í athugasemdum við 4. mgr. 52. gr. frv. höfð sömu tímamörk fyrir rétthafa að ná þessum rétti sínum, sbr. 2. málsl. 1. mgr.

Réttur til einkaleyfis getur verið yfirfærður í heild eða að hluta, þó svo að það sé ekki tekið sérstaklega fram í greininni. Ekki er hægt að skipta veittu einkaleyfi í tvö eða fleiri sjálfstæð einkaleyfi. Því leiðir yfirfærsla á rétti til einkaleyfis að hluta til þess að viðkomandi aðilar verða sameigendur að einkaleyfinu. Slík sameign getur verið með tvennum hætti: Ef hægt er að sundurgreina einkaleyfið í sjálfstæða þætti fær hvor aðili fyrir sig einkarétt á þeim hluta einkaleyfisins sem honum ber. Ef slík sundurgreining er hins vegar ekki möguleg verður einkaleyfið í óskiptri sameign þeirra. Hvort sem um er að ræða skipta eða óskipta sameign á einkaleyfi verður í dómsúrskurði að ákveða eignarhlutdeild hvors aðila um sig þannig að hægt sé að ákveða hvernig skipta skuli t.d. greiðslu árgjalda. Ekki eru í frumvarpinu neinar reglur um hvernig fara skuli með sameign á einkaleyfi. Um það gilda því almennar reglur um sameign eftir því sem við á.

Ekki er kveðið á um hvaða réttaráhrif yfirfærsla á rétti til einkaleyfis hefur. Eftir að yfirfærslan hefur átt sér stað er aðstaðan nokkuð skýr. Sá sem fær réttinn til einkaleyfisins yfirfærðan öðlast þar með allan þann rétt sem einkaleyfinu fylgir. Um rétt þess sem áður var einkaleyfishafi eða skráður nytjaleyfishafi er kveðið á í 2. mgr. Hins vegar er óvíst hvernig fer með réttarsambönd sem til hefur verið stofnað áður en yfirfærslan átti sér stað. Almennt verður að líta svo á að þau séu ógild. Hins vegar er ekki hægt að byggja eingöngu á ógildissjónarmiðum því að einkaleyfið sjálft var gilt þótt rangur aðili hafi verið einkaleyfishafi. Því verður að meta kröfur um endurgreiðslu eða skaðabætur vegna yfirfærslu réttar til einkaleyfis með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni.

Ef sá sem þarf að sæta því, að annar fái réttinn til einkaleyfis, var í góðri trú um rétt sinn til einkaleyfisins, þá hefur hann heimild til að hagnýta viðkomandi uppfinningu áfram á sama hátt og um fornotkunarrétt skv. 4. gr. frv. væri að ræða. Sömu takmörk um umfang og eðli hagnýtingar gilda og skv. 4. gr., sbr. athugasemdir við þá grein. Greiða þarf endurgjald fyrir hagnýtinguna eins og um nauðungarleyfi skv. 48. gr. frv. væri að ræða. Endurgjald og aðrir skilmálar skulu vera sanngjarnir miðað við allar aðstæður. Sama rétt hefur nytjaleyfishafi sem var í góðri trú. Aðilaskipti geta ekki orðið að þessum hagnýtingarrétti nema í tengslum við aðilaskipti að þeim atvinnurekstri þar sem hagnýtingin fór fram eða átti að fara fram.

Um 54. gr.

Hér er einkaleyfishafa veitt heimild til að falla frá einkaleyfi sínu. Slík heimild er ekki í núgildandi lögum. Einkaleyfishafi getur látið einkaleyfi sitt falla úr gildi með því að greiða ekki árgjöld, sbr. 51. gr. frv. En honum getur líka verið nauðsyn á því að láta einkaleyfi sitt falla niður með yfirlýsingu, t.d. til að koma í veg fyrir málaferli um gildi þess.

Með einkaleyfishafa er átt við þann sem skráður er sem slíkur í einkaleyfaskrá, sbr. 44. gr. frv. Yfirlýsing hans verður að vera skrifleg en aðrar formkröfur eru ekki gerðar. Eins og

aðrar einhliða viljayfirlýsingar verður hún að vera skýr og ótvíræð. Séu fleiri en einn skráðir einkaleyfishafar leiðir það af almennum reglum um sameign að þeir verða allir að samþykkja slíka yfirlýsingu. Ekki er gert ráð fyrir því að skráðir nytjaleyfishafar þurfi að samþykkja yfirlýsingu um niðurfellingu á einkaleyfi. Slíkt þykir hefta um of umráðarétt einkaleyfishafa yfir einkaleyfi sínu. Gangi slík yfirlýsing á rétt nytjaleyfishafa getur hann átt skaðabótakröfu á einkaleyfishafa. Skráður einkaleyfishafi getur veitt öðrum sérstakt umboð til að gefa yfirlýsingu um niðurfall einkaleyfis. Almennt umboð, t.d. skv. 66. gr., er ekki nægjanlegt.

Hægt er að falla frá einkaleyfi í heild eða að hluta þó slíkt sé ekki tekið fram. Einkaleyfi telst ekki niður fallið fyrr en einkaleyfayfirvöld hafa gefið út tilkynningu þar að lútandi, sbr. 55. gr. frv. Fram að útgáfu tilkynningar getur skráður einkaleyfishafi afturkallað yfirlýsingu sína. Niðurfelling einkaleyfis er endanleg og ekki er hægt að endurvekja það á sama hátt og ef einkaleyfi fellur úr gildi vegna vangoldinna árgjalda, sbr. 2. mgr. 72. gr. frv. Niðurfelling einkaleyfis hefur eingöngu áhrif fram í tímann, þ.e. frá þeim tíma sem hún tekur gildi.

Sé skráður einkaleyfishafi ekki réttur einkaleyfishafi getur raunverulegur rétthafi misst rétt sinn því ekki er hægt að veita niðurföllnu einkaleyfi gildi á ný. Hann verður því að láta sér nægja að fara í skaðabótamál við þann sem var skráður einkaleyfishafi, nema hann geti komið að andmælum áður en einkaleyfayfirvöld gefa út tilkynningu um að einkaleyfið sé niður fallið. Í framhaldi af slíkum andmælum gæti rétthafi frestað niðurfellingu einkaleyfisins með því að höfða dómsmál til að fá réttinn til einkaleyfisins yfirfærðan til sín, sbr. 2. mgr. Frestun niðurfellingar skv. 2. mgr. tekur eftir orðanna hljóðan aðeins til dómsmála um yfirfærslu réttar til einkaleyfis skv. 53. gr. frv. Telja verður þó heimilt að fresta niðurfellingu einkaleyfis ef höfðað hefur verið dómsmál til staðfestingar á rétti til einkaleyfis þrátt fyrir að sá réttur hafi orðið til eftir að einkaleyfi var veitt, t.d. vegna framsals.

Í norskum og sænskum einkaleyfalögum er í ákvæði samsvarandi 53. gr. frv. sérstaklega tekið fram að hafi verið gerð aðför í einkaleyfi fresti það niðurfellingu einkaleyfis þar til aðfarargerðinni hefur verið aflétt. Hér er hins vegar lagt til að fylgt verði fordæmi í dönskum einkaleyfalögum og aðför í einkaleyfi ekki látin valda frestun á niðurfellingu einkaleyfis. Telja má að hagsmunir aðfararhafa séu nægilega tryggðir með refsiákvæði í almennum hegningarlögum gegn þeim sem með spjöllum á eignum sínum kemur í veg fyrir að lánardrottnar hans geti fengið greiðslu af þeim, sbr. 258. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. einnig 2. mgr. 45. gr. laga nr. 19/1887, um aðför.

Um 55. gr.

Hér er kveðið á um að einkaleyfayfirvöld skuli tilkynna þegar einkaleyfi er niður fallið, hvort sem það er vegna ákvæða 51., 52. eða 54. gr. frv. Einnig skulu þau tilkynna um yfirfærslu réttar til einkaleyfis skv. 53. gr. frv.

Um VIII. kafla.

Um 56. gr.

Hvorki í núgildandi lögum né í frumvarpi þessu eru ákvæði sem skylda einkaleyfishafa til að upplýsa með einhverjum hætti að framleiðsla hans njóti einkaleyfisverndar. Það er andstætt ákvæði 5. gr. D Parísarsáttmálans að binda réttarvernd slíkri upplýsingaskyldu. Ákvæðið hindrar þó ekki að takmarka megi refsi- eða bótaábyrgð vegna brota ef einkaleyfishafi hefur ekki sinnt upplýsingaskyldu. Slíkt ákvæði er þó ekki í frumvarpi þessu né núgildandi lögum. Þótt ekki sé skylt að upplýsa að um einkaleyfisvernd sé að ræða er algengt að einkaleyfishafi eða umsækjandi geri það annaðhvort í auglýsingaskyni eða til að hindra að brotið sé á rétti hans. Ekki eru í frumvarpinu nein viðurlög ef um er að ræða rangar eða villandi upplýsingar í þessu sambandi. Slíkt fellur fremur undir löggjöf um óréttmæta viðskiptahætti, sbr. V. kafla laga nr. 56/1978. Hins vegar þykir rétt að hafa í einkaleyfalögum ákvæði sem stuðla að því að almenningur geti sannreynt hvort staðhæfingar um einkaleyfis-

vernd séu réttar. Hér er því lagt til að einkaleyfishafa eða umsækjanda sé skylt að veita upplýsingar um einkaleyfi sitt eða umsókn ef hann ber annaðhvort fyrir sig.

Í 1. mgr. er fjallað um þau tilvik þegar umsækjandi lýsir því yfir við ákveðinn hóp einstaklinga eða einstakling að hann hafi sótt um einkaleyfi fyrir tiltekinni uppfinningu. Hann gæti haft hag af því að benda ákveðnum aðilum á umsókn sína til þess að koma í veg fyrir að þeir brjóti á rétti hans eða til þess að koma í veg fyrir að þeir ávinni sér rétt til hagnýtingar, t.d. á grundvelli nauðungarleyfis skv. 48. gr. frv. Þeir sem slík yfirlýsing væri beint gegn hafa hins vegar hagsmuni af því að geta kynnt sér hvort hún hafi við rök að styðjast og hvert sé umfang einkaleyfisverndar ef umsóknin leiði til einkaleyfis. Samkvæmt 2. mgr. er umsækjanda almennt skylt að upplýsa um númer umsóknar. Enn fremur er í 1. mgr. tiltekið að þrátt fyrir að umsókn sé ekki orðin almenningi aðgengileg skv. 22. gr. frv., þá hafi sá sem yfirlýsingu er sérstaklega beint að rétt til að krefjast þess að fá aðgang að umsóknargögnum. Einnig á viðkomandi rétt á að fá afhent sýni af örverurækt, ef slíkt sýni hefur verið lagt inn til varðveislu í samræmi við ákvæði 6. mgr. 8. gr. frv. Heimildin er þó háð þeim takmörkunum sem um getur í 2. og 3. málsl. 6. mgr. 22. gr. frv. ásamt 7. og 8. mgr. sömu greinar. Skyldan til að heimila aðgang að umsókn í umræddum tilvikum hvílir á umsækjanda. Ákvæðið heimilar ekki einkaleyfayfirvöldum að veita slíkan aðgang.

Í 2. mgr. er mun þrengra ákvæði um upplýsingaskyldu. Það á við ef einkaleyfishafi eða umsækjandi hefur almennt látið að því liggja, að sótt hafi verið um einkaleyfi ellegar að einkaleyfi hafi verið veitt án þess að viðkomandi yfirlýsingu sé beint að ákveðnum einstaklingi eða hópi einstaklinga. Í 1. málsl. 2. mgr. er fjallað um það tilvik þegar númer umsóknar eða einkaleyfis hefur ekki komið fram í slíkri almennri yfirlýsingu. Þeim sem yfirlýsinguna gaf er skylt að veita upplýsingar um það atriði án ástæðulausrar tafar sé þess krafist. Þetta auðveldar aðilum, sem hagsmuna eiga að gæta, að afla sér upplýsinga um tilvist og efni umsóknar eða einkaleyfis. Hins vegar er hér ekki heimild til að krefjast þess að fá aðgang að umsóknum sem ekki eru orðnar almenningi aðgengilegar. Í 2. málsl. 2. mgr. er enn fremur tekið fram að sé eingöngu gefið í skyn að sótt hafi verið um einkaleyfi eða að það hafi verið veitt, þá beri hlutaðeigandi skylda til að veita upplýsingar um það án ástæðulausrar tafar ef þess er krafist.

Ef einkaleyfishafi eða umsækjandi sinnir ekki upplýsingaskyldu sinni skv. þessu ákvæði eiga við refsiákvæði 62. gr. frv.

Um IX. kafla.

Í þessum kafla er kveðið á um afleiðingar brota á einkaleyfisrétti. Einnig er hér afmarkað frá hvaða tíma einkaleyfisvernd hefst, sbr. 60. gr. frv. Auk þess eru hér reglur um málsmeðferð fyrir dómstólum. Í 3. gr. frv. er skilgreint hvað felst í einkarétti samkvæmt einkaleyfi. Í 39. gr. frv. er fjallað um hvernig umfang verndar er afmarkað. Hagnýting, sem er óheimil skv. 3. gr. frv., er brot í hlutlægri merkingu. Það þýðir að um brot er að ræða, hvort sem sá sem það fremur vissi að athöfn hans væri brot á einkarétti samkvæmt einkaleyfi eða ekki. Huglæg afstaða þess sem brot fremur skiptir hins vegar máli við beitingu viðurlaga. Ekki er hægt að beita refsiábyrgð skv. 57. gr. frv. nema um ásetningsbrot sé að ræða. Skaðabætur þarf að greiða bæði vegna ásetningsbrota og einnig brota sem framin eru af gáleysi, sbr. 58. gr. frv., og jafnvel vegna brota sem framin eru í góðri trú, sbr. 2. mgr. þeirrar greinar.

Um refsi- og skaðabótaábyrgð er fjallað í 21. og 22. gr. núgildandi laga. Með þeim breytingum, sem hér eru lagðar til, er stefnt að því að samræma ákvæði um þessi efni samsvarandi ákvæðum í einkaleyfalögum frændþjóða okkar. Í þeim tilvikum, sem ákvæði norrænna laga eru ekki samhljóða, hefur fordæmi danskra laga verið fylgt. Vert er að taka fram að sjaldan hefur reynt á refsiákvæði núgildandi einkaleyfalaga. Hið sama er að segja um refsiákvæði í einkaleyfalögum frændþjóða okkar. Þegar þær samræmdu einkaleyfalög sín á sjötta áratugnum var rætt um hvort afnema ætti refsiábyrgð. Það var ekki gert með þeim rökum að ásetningsbrot græfu undan réttarkerfi samfélagsins og því væri rétt að hafa refsiábyrgð samhliða skaðabótaábyrgð.

Skaðabætur og lögbann eru áhrifaríkustu aðgerðir sem einkaleyfishafi getur gripið til þegar brotið er á einkaleyfisrétti hans. Einkaleyfishafi getur einnig höfðað almennt bæjarþingsmál gegn þeim sem hann telur brjóta á rétti sínum og krafist þess að honum verði með dómi bannað það atferli sem einkaleyfishafi telur brot á rétti sínum. Lögbann er þó mun fljótvirkari aðgerð og leiðir til sömu niðurstöðu. Í frumvarpi þessu er ekki fjallað um rétt manna til að fara fram á lögbann vegna brota á einkaleyfisrétti. Lögbanni er þó ótvírætt hægt að beita í samræmi við almennar reglur um lögbann, sbr. III. kafla laga nr. 18/1949, um kyrrsetningu og lögbann. Það er hins vegar umdeilt í norrænum rétti hvort eingöngu sé hægt að krefjast lögbanns á grundvelli einkaleyfis eða hvort umsókn um einkaleyfi, a.m.k. eftir að hún hefur verið lögð fram, sbr. 60. gr. frv., geti verið nægilegur grundvöllur fyrir slíkri beiðni.

Um 57. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um hvaða refsingum megi beita ef skertur er einkaréttur sá sem einkaleyfi veitir. Meginrefsingin fyrir einkaleyfisskerðingu er fésekt. Til viðbótar má beita varðhaldi ef sök er mikil, t.d. ef um síendurtekin brot er að ræða þrátt fyrir viðvaranir. Skilyrði refsiábyrgðar er ásetningur hins brotlega. Það þýðir að til þess að refsingu verði beitt verður sá sem brotið framdi að hafa vitað um einkaleyfið og að það tilheyrði öðrum; jafnframt þarf hann að hafa vitað að aðgerðir hans væru brot á einkaleyfisvernd og að hann hefði ekki samþykki einkaleyfishafa fyrir þeim. Það er dómstóla að meta hvort sá brotlegi geti talist hafa vitað að aðgerðir hans væru brot á einkaleyfisrétti, en ekki þess sem brotið fremur. Ekki er sérstaklega tiltekið hvort tilraun og/eða hlutdeild varði refsingu. Við það er miðað að um það gildi almennar reglur refsiréttarins.

Í 2. mgr. er sérstaklega kveðið á um að heimilt sé að sekta félög og fyrirtæki sem skerða einkaleyfisrétt. Hér er fylgt danskri fyrirmynd. Eðlilegt þykir að félög eða fyrirtæki sæti refsiábyrgð, t.d. ef framleiðsla viðkomandi lögaðila byggist á því að uppfinning, sem nýtur einkaleyfisverndar, er hagnýtt án heimildar.

Í 3. mgr. er kveðið á um að sá sem misgert var við eigi sókn sakar. Þetta er í samræmi við núgildandi lög, sbr. 1. mgr. 22. gr. Sá sem misgert er við er í flestum tilfellum einkaleyfishafi en getur einnig verið nytjaleyfishafi, sbr. 1. mgr. 63. gr. frv. Ekki er í frumvarpi þessu sérákvæði um fyrningu sakar eins og í 2. mgr. 22. gr. núgildandi laga. Við það er miðað að sök fyrnist samkvæmt almennum reglum refsiréttarins. Um málsmeðferð fer að öðru leyti að hætti almennra einkamála.

Um 58. gr.

Hér er kveðið á um skaðabótaskyldu vegna brota á einkaleyfisrétti. Í 22. gr. núgildandi laga er ákvæði um að hver sá, sem brýtur á einkaleyfisrétti, sé skaðabótaskyldur samkvæmt almennum skaðabótareglum. Hér eru hins vegar mun nákvæmari reglur um skaðabótaskyldu í einkaleyfisrétti, þar á meðal leiðbeinandi reglur um hvernig reikna skuli skaðabætur. Ákvæðið tekur til skaðabótaskyldu vegna brots á einkarétti samkvæmt veittu einkaleyfi. Um skaðabótaskyldu vegna brots á rétti skv. umsókn er fjallað í 60. gr. frv.

Í 1. mgr. er kveðið á um að skaðabótaskylda stofnist bæði vegna brota sem framin eru af ásetningi og af gáleysi. Um hvað telst ásetningur gilda sömu sjónarmið og varðandi refsiábyrgð, sbr. umfjöllun við 57. gr. frv.

Gáleysi telst liggja fyrir ef sá sem brot fremur hefði átt að vita að athafnir hans fælu í sér brot á einkaleyfisvernd. Hér er því lögð rannsóknarskylda á menn áður en þeir hefja framkvæmdir sem brotið gætu í bága við einkarétt annarra. Meginreglan er sú að eftir að tilkynning hefur verið birt um framlagningu umsóknar, sbr. 21. gr. frv., eða útgáfu einkaleyfis, sbr. 26. gr. frv., getur enginn firrt sig skaðabótaábyrgð með því að halda því fram að hann hafi ekki vitað um einkaleyfið eða umsóknina. Sömu reglu er að finna í 2. málsl. 2. mgr. 6. gr. núgildandi laga. Þessi rannsóknarskylda hvílir ótvírætt á þeim sem framleiða eða flytja inn vörur. Hins vegar eru ekki eins strangar kröfur gerðar um rannsóknaskyldu annarra,

t.d. aðstoðarmanna eða kaupmanna sem gætu orðið fyrir því að selja vöru sem framleidd hefur verið í trássi við einkaleyfisvernd. Slíkir aðilar geta borið fyrir sig að þeir hafi gert það í góðri trú nema rétthafi hafi gefið þeim viðvörun um að hann teldi að um brot á einkaleyfisrétti væri að ræða. Ef framangreindar tilkynningar um framlagningu umsóknar eða útgáfu einkaleyfis hafa ekki verið birtar, t.d. vegna mistaka, þarf einkaleyfishafi hins vegar að sanna að viðkomandi aðili hafi vitað um umsóknina eða einkaleyfið. Við mat á gáleysi skiptir ekki máli hvort sá sem brotið fremur telur athafnir sínar hafa fallið utan verndarsviðs einkaleyfisins nema einkaleyfiskröfur séu svo óskýrar að erfitt sé að meta hvert verndarsviðið er. Í þeim tilvikum geta dómstólar látið einkaleyfishafa bera hallann af því.

Við ákvörðun skaðabóta skiptir ekki máli hvort brot er framið af ásetningi eða af gáleysi. Meginreglan er sú að bæta skuli allt fjárhagslegt tjón sem verður vegna einkaleyfisbrots. Vandamálið í einkaleyfarétti er hins vegar að mjög erfitt getur verið að ákveða hve mikið tjón er. Hér er því sett fram sú regla til viðmiðunar að ávallt skuli greiða hæfilegt endurgjald fyrir hagnýtingu uppfinningarinnar og að auki skaðabætur fyrir annað tjón sem hlýst af brotinu. Reglan um „hæfilegt endurgjald“ á að tryggja þeim sem fyrir tjóninu verður ákveðnar lágmarksbætur. Hvað sé hæfilegt endurgjald verða dómstólar að meta með hliðsjón af öllum málsatvikum hverju sinni. Með öðru tjóni er eingöngu átt við fjártjón. Ekki er ákvæði í frumvarpinu um bætur fyrir annað tjón en fjárhagslegt. Ef tjónþolar eru fleiri en einn, t.d. ef um er að ræða fleiri en einn nytjaleyfishafa, þá skal skipta skaðabótunum milli aðila í samræmi við innbyrðis réttarsamband þeirra.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ef sanngjarnt þyki megi skylda þann sem framdi einkaleyfisbrot í góðri trú til að greiða skaðabætur. Skaðabætur skulu ákveðnar í samræmi við 1. mgr. að því marki sem sanngjarnt þykir. Það er dómstóla að meta hvað telst sanngjarnt í slíkum tilvikum. Hér er á ferðinni undantekningarregla sem sjaldan yrði beitt, m.a. vegna þess að oftast teldist gáleysi liggja fyrir þegar um einkaleyfisbrot væri að ræða. Ef sá sem brotið fremur er í góðri trú er sjaldnast ástæða til að dæma hann í skaðabætur nema t.d. hagnýting hafi verið óvenjuumfangsmikil eða um mikinn ágóða hafi verið að ræða. Skaðabætur mega þó ekki vera of íþyngjandi fyrir dómþola og þær geta aldrei orðið hærri en sem nemur tjóni einkaleyfishafa. Þetta ákvæði hefur þýðingu við mat á skaðabótum vegna brota á einkaleyfisrétti samkvæmt umsókn sem ekki hefur verið fram lögð, sbr. 2. mgr. 60. gr.

Ekki er að finna í frumvarpi þessu sérreglu um fyrningu bótakröfu eins og í 3. mgr. 22. gr. núgildandi laga. Um fyrningu bótakröfu vegna brots á einkaleyfi gildir því 10 ára fyrningarfrestur, sbr. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 14/1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Almennar reglur skaðabótaréttarins gilda um eigin sök og aðgerðaleysi tjónþola.

Um 59. gr.

Í greininni eru ákvæði um úrræði sem dómstólar geta kveðið á um eftir kröfu rétthafa til að koma í veg fyrir endurtekna skerðingu á einkaleyfisrétti. Í 21. gr. núgildandi laga er heimild fyrir einkaleyfishafa til að krefjast afhendingar muna sem ólöglega hafa verið aðfluttir, tilbúnir eða boðnir til kaups. Hér er hins vegar lagt til að úrræðum til að koma í veg fyrir brot á einkaleyfisrétti verði fjölgað, auk þess sem gefið er aukið svigrúm til að ákveða hvað teljist sanngjarnt í hverju tilviki fyrir sig.

Til þess að úrræðum greinarinnar verði beitt verður einkaleyfisréttur að hafa verið skertur, sbr. 1. mgr. Hins vegar skiptir huglæg afstaða þess sem skerti einkaleyfisréttinn ekki máli, brot þarf ekki að hafa verið framið af ásetningi eða gáleysi. Ef hætta er á að brot verði endurtekið getur dómstóll að kröfu rétthafa mælt fyrir um ráðstafanir til að koma í veg fyrir það. Dómstólar geta fyrirskipað allar þær ráðstafanir sem til þess eru fallnar að koma í veg fyrir brot. Í 2. málsl. 1. mgr. eru nefnd þau úrræði sem helst koma til greina. Það er rétthafa að setja fram kröfu um tiltekið úrræði í þessu sambandi. Hafi hann sett fram kröfu um að hlutur verði eyðilagður verða dómstólar að taka afstöðu til þess hvort sanngjarnt sé að verða við

þeirri kröfu. Hins vegar hefur dómstóll ekki heimild til að ákveða að í stað eyðileggingar komi einhver önnur ráðstöfun.

Úrræðum verður bæði beitt til að koma í veg fyrir misnotkun afurða sem framleiddar hafa verið samkvæmt einkaleyfðri uppfinningu og einnig til að koma í veg fyrir að tæki, útbúnaður eða annað verði misnotað á þann hátt að það hefði skerðingu einkaleyfisréttar í för með sér. Það er ekki skilyrði að öll hagnýting viðkomandi tækis eða útbúnaðar hafi í för með sér einkaleyfisbrot. Ef einnig er hægt að nota hlutinn á löglegan hátt, þá er ólíklegt að fallist verði á kröfu um að hann verði eyðilagður. Eðlilegri krafa væri að hlut eða útbúnaði yrði breytt eða hann varðveittur þar til einkaleyfið rynni út.

Í 3. málsl. 1. mgr. er kveðið á um að ekki sé hægt að beita ofangreindum úrræðum gegn þeim sem í góðri trú hefur eignast eða öðlast umráðarétt yfir viðkomandi afurð, tæki eða útbúnaði. Það er einnig skilyrði að viðkomandi aðili hafi ekki sjálfur framið einkaleyfabrot.

Í 2. mgr. er að finna þrönga undantekningarreglu. Ef mjög sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur dómstóll, ef þess er krafist, heimilað að umráð þeirra hluta, sem um er rætt í 1. mgr., verði áfram hjá þeim sem braut á einkaleyfisrétti. Þessari heimild yrði því aðeins beitt að frá samfélagslegu sjónarmiði teljist það óverjandi að eyðileggja viðkomandi hlut og að afhending hans til einkaleyfishafa væri ekki möguleg, t.d. vegna þess að hann hefði ekki efni á að greiða nauðsynlegt endurgjald. Eingöngu væri um að ræða heimild til umráða yfir viðkomandi hlut en ekki til að hagnýta þá uppfinningu sem nýtur einkaleyfisverndar. Fyrir slík umráð verður að greiða sanngjarnt endurgjald og aðrir skilmálar verða að vera sanngjarnir. Það er dómstóla að kveða á um hvað teljist sanngjarnt í þessu tilviki.

Um 60. gr.

Hér er fjallað um frá hvaða tíma hægt er að beita úrræðum IX. kafla vegna brota á einkaleyfisrétti. Áður en sótt er um einkaleyfi er ekki um að ræða neina vernd samkvæmt einkaleyfarétti. Sömuleiðis fellur vernd niður um leið og einkaleyfi fellur úr gildi, þó svo að málssókn vegna brota á gildistíma þess sé enn heimil. Full refsi- og bótaábyrgð er fyrir hendi eftir að einkaleyfi hefur verið veitt, sbr. 57.–59. gr. frv., og þar til það fellur úr gildi. Í greininni er því fjallað um afleiðingar af óheimilli hagnýtingu uppfinningar sem á sér stað eftir að sótt hefur verið um einkaleyfi á henni en áður en einkaleyfi hefur verið veitt. Samsvarandi ákvæði er í 2. mgr. 6. gr. núgildandi laga. Hér er hins vegar að finna skýrari reglur um frá hvaða tíma og hvers konar ábyrgð verði við komið á ofangreindu tímabili.

Meginreglan er sú að eftir að umsóknargögn eru orðin almenningi aðgengileg skv. 22. gr. frv. verður ákvæðum frumvarpsins um einkaleyfisskerðingu beitt eftir því sem við á að undanskildum ákvæðum um refsiábyrgð, sbr. 1. mgr. Þetta á við svo framarlega sem umsóknin leiðir til einkaleyfis. Málssókn vegna brota á einkarétti samkvæmt umsókn verður því ekki til lykta leidd fyrr en einkaleyfi er út gefið eða umsókn endanlega hafnað. Af þeim sökum er vart raunhæft að tala um að úrræðum 59. gr. frv. verði beitt vegna brota á þessu tímabili. Af meginreglunni er ljóst að umsóknir, sem ekki hafa verið gerðar almenningi aðgengilegar, njóta engrar verndar samkvæmt einkaleyfalögum.

Skaðabótaábyrgð vegna brota á einkarétti samkvæmt umsókn er mismunandi eftir því á hvaða tímabili hin óheimila hagnýting uppfinningarinnar átti sér stað. Eftir að framlagning umsóknar hefur verið auglýst er skaðabótaábyrgðin sú sama og vegna brots á rétti skv. veittu einkaleyfi. Þetta er stutt með þeim rökum að eftir að umsókn hefur verið fram lögð og það auglýst hafa allir tækifæri til að kynna sér efni hennar á sama hátt og gildir um veitt einkaleyfi. Einkaleyfiskröfum má ekki breyta eftir að umsókn hefur verið fram lögð þannig að umfang verndar verði víðfeðmara, sbr. 2. mgr. 19. gr. frv. Í flestum tilfellum verða því framlagðar umsóknir gefnar út sem einkaleyfi í óbreyttu formi. Því telst rétt að veita umsóknum, sem hafa verið fram lagðar, sömu vernd og um einkaleyfi væri að ræða, að því tilskildu að einkaleyfi

verði veitt. Ef einkaleyfiskröfur hafa verið þrengdar á tímabilinu milli þess sem framlagning umsóknar er auglýst og þar til einkaleyfi er veitt, t.d. vegna andmæla, þá miðast umfang verndar á því tímabili við þá þrengingu.

Eftir að umsókn hefur verið gerð aðgengileg almenningi skv. 22. gr. frv. og áður en auglýsing hefur birst um framlagningu hennar gilda hins vegar ýmsar sérreglur um skaðabóta- ábyrgð. Rétt þykir að veita umsókn vernd ef brotið er á rétti skv. henni á þessu tímabili ef einkaleyfi er að lokum veitt fyrir henni. Þó er hér að ýmsu að hyggja. Í fyrsta lagi geta einkaleyfiskröfur breyst töluvert frá því umsókn er gerð aðgengileg almenningi og þar til einkaleyfi er veitt. Því er sett sú sérregla í 2. málsl. 1. mgr. að þar til framlagning umsóknar er auglýst skuli einkaleyfisvernd aðeins ná til þess sem leiða má bæði af einkaleyfiskröfum eins og þær voru þegar hún varð almenningi aðgengileg og af einkaleyfiskröfum í einkaleyfinu. Þetta hefur það í för með sér að ef einkaleyfiskröfum er breytt á þessu tímamarki þannig að umfang verndar víkki, þá gildir sú víkkun aðeins frá þeim tíma er auglýsing um framlagningu umsóknarinnar var birt. Einkaleyfisvernd á þessu tímabili getur ekki heldur náð til neins þess sem ekki kemur fram í einkaleyfiskröfum í veittu einkaleyfi. Í öðru lagi er erfitt fyrir almenning að kynna sér efni umsóknar sem ekki hefur verið lögð fram. Því er sett sú regla í 2. mgr. að sé brot á einkarétti samkvæmt umsókn framið áður en framlagning hennar er auglýst, þá verði aðeins dæmdar skaðabætur í samræmi við ákvæði 2. mgr. 58. gr. frv. Bætur verða því aðeins dæmdar að sanngjarnt teljist. Upphæð bóta skal einnig miðast við það sem telst sanngjarnt. Tilvísunin til 2. mgr. 58. gr. tekur aðeins til umfangs bóta en ekki til huglægrar afstöðu þess sem brotið fremur.

Í einkaleyfalögum annarra norrænna þjóða er að finna sérreglu um fyrningu bótakröfu skv. 1. mgr. þessarar greinar. Rök fyrir þeirri sérreglu eru þau að í þessum löndum er fyrningarfrestur fyrir bótakröfur í einkaleyfarétti fimm ár. Lengri tími getur liðið frá því að umsókn varð aðgengileg þar til einkaleyfi er veitt, t.d. ef andmæli berast. Bótakrafa skv. 1. mgr. þessarar greinar gæti því fyrnst samkvæmt almennu reglunni áður en hægt væri að taka afstöðu til hennar ef þessarar sérreglu nyti ekki við. Hér á landi er fyrningarfrestur bótakrafna vegna brota á einkaleyfisrétti hins vegar tíu ár, sbr. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 14/1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Því þykir ekki ástæða til að taka upp samsvarandi sérreglu um fyrningu.

Um 61. gr.

Í greininni er fjallað um það með hvaða hætti sé unnt að fá einkaleyfi lýst ógilt í dómsmáli sem höfðað er vegna skerðingar á því. Í 2. mgr. 22. gr. núgildandi laga er kveðið á um að sé því haldið fram í máli, að einkaleyfi sé niður fallið eða ógilt, beri að leggja dóm á það svo framarlega sem það varði sekt eða sýknu stefnda. Slíkur dómur hefur þó aðeins gildi milli aðilanna sjálfra og veldur því ekki að einkaleyfi verði afmáð úr einkaleyfaskrá. Hér er hins vegar lagt til að sé einkaleyfi lýst ógilt vegna kröfu sem borin er upp í máli vegna einkaleyfisskerðingar, þá hafi það sömu áhrif og venjulegur ógildingardómur, sbr. 52. gr. frv. Af því leiðir að ákvæðum 57.–60. gr. frv. um refsi- og bótaábyrgð og úrræði til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot verður ekki beitt. Sömuleiðis leiðir slíkur dómur til þess að einkaleyfi verði afmáð úr einkaleyfaskrá og að tilkynning um það skuli gefin út, sbr. 55. gr. frv.

Til þess að einkaleyfi verði lýst ógilt undir þessum kringumstæðum er sett það skilyrði að fram komi krafa um það, ekki er nægilegt að gildi einkaleyfisins sé almennt mótmælt. Kröfunni verður að vera beint gegn einkaleyfishafa, sjá 4. mgr. 44. gr. frv. Ef einkaleyfishafi er ekki aðili að málinu verður að stefna honum skv. ákvæðum 4. mgr. 63. gr. Ákvæðinu verður einnig beitt vegna kröfu um ógildingu einkaleyfis að hluta og með lögjöfnun ef því er haldið fram að einkaleyfi sé niður fallið vegna ákvæða 40. eða 51. gr. frv.

Um 62. gr.

Aðili, sem er skyldur til skv. 56. gr. frv. að gefa ákveðnar upplýsingar eða veita aðgang að umsókn sinni um einkaleyfi áður en hún verður aðgengileg, skal sæta refsiábyrgð ef hann vanrækir þær skyldur sínar eða gefur rangar upplýsingar í tengslum við fyrirspurn á grundvelli ákvæðisins. Samkvæmt greininni verður bæði refsað fyrir ásetning og gáleysi.

Um 63. gr.

Tilgangur þessa ákvæðis er að tryggja að þeir sem hagsmuna eiga að gæta varðandi einkaleyfi hafi tækifæri til að gæta réttar síns ef mál er höfðað út af því. Því er skylt að senda einkaleyfayfirvöldum tilkynningu um málshöfðun út af einkaleyfi til þess að upplýsingar um slíkt séu aðgengilegar í einkaleyfaskrá. Einkaleyfishafi er í flestum tilvikum málsaðili í málum sem höfðuð eru vegna einkaleyfis hans. Ef svo er ekki er skylt að tilkynna honum málshöfðunina. Nægilegt er að senda umboðsmanni hans, sbr. 66. gr. frv., tilkynningu þar að lútandi. Nytjaleyfishafar hafa yfirleitt mikilla hagsmuna að gæta í málum sem varða gildi eða rétt til einkaleyfis. Því ber að tilkynna þeim um málshöfðanir sem varða þau atriði. Ef skilyrðum greinarinnar um tilkynningar er ekki framfylgt verður málinu vísað frá dómi, sbr. 2. mgr.

Nauðsynlegt er að hafa ákvæði 4. mgr. um heimild stefnda til að stefna einkaleyfishafa inn í mál til að beina að honum kröfu um ógildingu einkaleyfis því að samkvæmt IV. kafla laga nr. 85/1936 hefur eingöngu sækjandi heimild til að stefna nýjum aðila inn í mál.

Um 64. gr.

Öll mál, sem varða einkaleyfi, skulu rekin fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, sbr. 50. gr. frv. Með því er stuðlað að eflingu sérþekkingar á þessu sviði hjá einum tilteknum dómstóli. Um málsmeðferð fer almennt eftir lögum nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, nema þegar annað leiðir af ákvæðum frumvarpsins.

Um 65. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Um X. kafla.

Um 66. gr.

Hér er kveðið á um skyldu einkaleyfishafa, sem búsettur er erlendis, til að hafa umboðsmann búsettan hérlendis. Samkvæmt núgildandi lögum er ekki skylda að hafa umboðsmann. Í 12. gr. frv. er kveðið á um skyldu umsækjanda að einkaleyfi til að hafa umboðsmann. Um það hverjir geti verið umboðsmenn, hverjir teljist hafa heimilisfesti hér á landi og um rétt til að hafa umboðsmann vísast til athugasemda með þeirri grein.

Skylda til að hafa umboðsmann skv. þessari grein er mun takmarkaðri en til umboðs skv. 12. gr. frv. Samkvæmt því ákvæði skal umboðsmanni vera heimilt að koma fram fyrir hönd umsækjanda í öllu því sem við kemur umsókn. Hér er hins vegar í 1. mgr. aðeins mælt fyrir um það að umboðsmaður skuli geta tekið á móti stefnu og öðrum tilkynningum sem varða einkaleyfið. Réttaráhrif þess eru þau sömu og ef einkaleyfishafi hefði sjálfur móttekið stefnuna eða viðkomandi tilkynningu. Ákvæðið kemur að sjálfsögðu ekki í veg fyrir að einkaleyfishafi geti gefið út víðtækara umboð.

Megintilgangurinn með því að skylda einkaleyfishafa til að hafa umboðsmann eftir að einkaleyfi er veitt er að tryggja að hægt sé að birta stefnur og aðrar tilkynningar, sem varða einkaleyfi hans, fyrir einhverjum hér á landi. Því þykir ekki ástæða til að hafa eins ströng viðurlög við því, ef þessu ákvæði er ekki framfylgt og gildir um 12. gr. frv. Umsókn verður hafnað eða hún afskrifuð ef ákvæði 12. gr. er ekki framfylgt. Einkaleyfi verður hins vegar ekki

fellt úr gildi þó einkaleyfishafi, sem búsettur er erlendis, hafi ekki umboðsmann, heldur er í 2. mgr. kveðið á um hvernig birta skuli stefnur og senda aðrar tilkynningar þegar þannig stendur á. Stefna verður birt í *Lögbirtingablaði*, sbr. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936. Jafnframt skal senda hana í ábyrgðarbréfi til skráðs einkaleyfishafa, sbr. 4. mgr. 44. gr. frv. Aðrar tilkynningar, sem varða einkaleyfið, skulu á sama hátt sendar skráðum einkaleyfishafa.

Um 67. gr.

Í greininni er fjallað um hvernig áfrýja skuli ákvörðunum einkaleyfayfirvalda um einkaleyfi svo og ákvörðunum um endurveitingu réttinda skv. 72. og 73. gr. frv. Í 24. og 25. gr. frv. er kveðið á um hvernig áfrýja skuli ákvörðunum einkaleyfayfirvalda um umsóknir.

Hér er lagt til, í samræmi við samsvarandi ákvæði í sænskum einkaleyfalögum, að öllum endanlegum ákvörðunum um einkaleyfi verði hægt að áfrýja. Einnig er lagt til að hægt verði að áfrýja ákvörðun um gjaldfrest á greiðslu árgjalda, sbr. 42. gr. frv., og ákvörðun um endurveitingu réttinda skv. 72. og 73. gr. frv. Eðlilegt verður að telja að hægt sé að áfrýja öllum endanlegum ákvörðunum einkaleyfayfirvalda um einkaleyfi á sama hátt og gildir um endanlegar ákvarðanir varðandi umsóknir. Auk einkaleyfishafa og umsækjanda gæti nytjaleyfishafi haft hagsmuna að gæta í þessu sambandi vegna t.d. ákvörðunar um að afmá nytjaleyfi úr einkaleyfaskrá, sbr. 2. mgr. 44. gr. frv., eða aðili sem telur sig eiga réttindi í einkaleyfi sem verður endurreist á grundvelli 72. gr. frv.

Um 68. gr.

Við það er miðað að gjöld skuli ákveðin þannig að þau standi undir starfsemi einkaleyfaskrifstofunnar og þeirri þjónustu sem hún veitir.

Um 69. gr.

Hér er kveðið á um heimild iðnaðarráðherra til að setja nánari reglur um framkvæmd laga þessara með reglugerð. Reglugerðir annarra norrænna þjóða um einkaleyfi eru samræmdar á sama hátt og einkaleyfalögin. Við samningu reglugerðar hér yrði því tekið mið af því að svo miklu leyti sem aðstæður okkar leyfa.

Í 1. mgr. er að finna almenna heimild til að setja reglugerð. Þar yrði m.a. kveðið á um að einkaleyfaskrifstofan skuli halda dagbók yfir innkomnar umsóknir. Í slíkri dagbók kæmu fram ýmsar upplýsingar um umsóknina, svo sem númer hennar og heiti uppfinningar. Þar kæmi hins vegar ekkert fram um efni umsóknarinnar. Því þykir eðlilegt að þessi dagbók sé öllum aðgengileg. Í dönsku einkaleyfalögunum er ákvæði sem heimilar setningu reglugerðar um hvaða dagar skuli ekki teljast afgreiðsludagar einkaleyfaskrifstofunnar. Var það m.a. hugsað til að kveða á um hvernig með skyldi fara þegar umsækjandi gæti ekki af óviðráðanlegum aðstæðum lagt inn umsókn sína eða einhver gögn henni lútandi, t.d. vegna verkfalla, stríðs eða náttúruhamfara. Í frumvarpi þessu eru slík ákvæði í 72. og 73. gr. og því ekki þörf á sérstakri reglugerð um það.

Í 1. málsl. 2. mgr. er ákvæði sem heimilar að gert verði samkomulag um að einkaleyfayfirvöld hér megi veita erlendu yfirvaldi upplýsingar um umsóknir um einkaleyfi hér á landi áður en þær eru orðnar almenningi aðgengilegar. Þetta ákvæði á rætur sínar að rekja til samstarfs frændþjóða okkar í einkaleyfamálum og er aðallega hugsað sem heimild til samkomulags við aðrar erlendar einkaleyfastofnanir. Hins vegar útilokar það ekki að öðrum erlendum stofnunum, t.d. dómstólum, yrðu veittar slíkar upplýsingar ef samkomulag yrði gert um það.

Í 2. málsl. 2. mgr. er heimildarákvæði varðandi samstarf um rannsókn á einkaleyfishæfi uppfinningar við erlend einkaleyfayfirvöld eða alþjóðlega stofnun. Þetta er mjög mikilvægt ákvæði vegna íslenskra aðstæðna. Algengt er að íslenskir aðilar sæki eingöngu um einkaleyfi hér á landi. Einnig getur komið fyrir að erlendir aðilar sæki eingöngu um einkaleyfi hér.

Hingað til hafa slíkar umsóknir verið sendar í rannsókn hjá einkaleyfastofnuninni í Danmörku. Við það er miðað að gerður verði samningur við þá stofnun um áframhaldandi aðstoð á þessu sviði. Slíkur samningur útilokar að sjálfsögðu ekki að gerð verði sjálfstæð rannsókn á einkaleyfishæfi umsókna, sem hér eru lagðar inn, með tilliti til íslenskra aðstæðna. Einnig útilokar samningurinn við dönsku einkaleyfastofnunina ekki að mat á einkaleyfishæfi umsókna verði byggt á rannsókn annarra erlendra einkaleyfastofnana eða alþjóðastofnana, sbr. ákvæði 3. mgr. þessarar greinar.

Í 1. málsl. 3. mgr. er gert ráð fyrir þeim möguleika að án sérstakra samninga um það sé hægt að nýta niðurstöður rannsóknar frá erlendri einkaleyfastofnun við mat á einkaleyfishæfi umsóknar. Ef umsækjandi hefur lagt inn sambærilega umsókn erlendis, annaðhvort á undan eða á eftir íslensku umsókninni, má krefja hann um niðurstöður rannsóknar þar á einkaleyfishæfi umsóknarinnar ásamt afriti af bréfaskriftum milli hans og erlenda einkaleyfayfirvaldsins. Þetta ákvæði er sett til að koma í veg fyrir tvíverknað vegna rannsóknar á umsókn um sömu uppfinninguna. Þessi tilhögun er raunar ekki ný af nálinni því sambærilegur háttur hefur verið hafður hér á í gildistíð núgildandi laga. Við það er miðað að settar verði með reglugerð nánari reglur um framkvæmdina, t.d. hvaða erlendar stofnanir verði viðurkenndar í þessu sambandi, hvaða fresti beri að veita og hvaða viðurlögum það varði að verða ekki við beiðni um upplýsingar skv. þessu ákvæði.

Ákvæði 2. málsl. 3. mgr. er sett vegna ákvæða 42. gr. PCT-sáttmálans. Þar er lagt bann við því að einkaleyfayfirvöld í landi, sem tilgreint er í alþjóðlegri umsókn, megi krefjast þess að fá rannsóknaniðurstöður vegna sömu alþjóðaumsókna frá öðru tilgreindu landi ef skýrsla um alþjóðlega forathugun á einkaleyfishæfi hennar hefur verið send einkaleyfayfirvöldum í fyrrnefnda landinu.

Um 70. gr.

Í greininni er að finna heimild til að taka eignarnámi rétt til að hagnýta uppfinningu ef þess er þörf vegna neyðarástands í landinu. Samsvarandi ákvæði er í norskum og sænskum einkaleyfalögum.

Í 8. gr. núgildandi laga er almenn eignarnámsheimild vegna einkaleyfðrar uppfinningar til handa því opinbera. Hér er hins vegar um að ræða bæði þrengri og rýmri heimild til eignarnáms. Heimildin er þrengri að því leyti að henni verður aðeins beitt vegna neyðarástands sem skapast vegna stríðs eða náttúruhamfara. Í frumvarpinu er lagt til að heimilað verði að veita nauðungarleyfi í fleiri tilvikum en skv. núgildandi lögum, m.a. vegna ríkra almannahagsmuna. Því er minni þörf en áður fyrir jafnvíðtæka heimild til eignarnáms og er í núgildandi lögum. Heimildin er rýmri að því leyti að hún nær til uppfinninga almennt en ekki eingöngu til einkaleyfðra uppfinninga og einnig að því leyti að ráðherra getur ákveðið að annar aðili en ríkið fái hagnýtingarréttinn.

Yfirtaka hagnýtingarréttar skv. þessari grein getur bæði verið ótakmörkuð, þ.e. útilokað alla aðra frá nýtingu uppfinningar, eða eingöngu tekið til nytjaleyfisréttar. Bætur yrðu ákveðnar í samræmi við það. Ef ekki næst samkomulag um endurgjald yrði það ákveðið af matsnefnd eignarnámsbóta skv. ákvæðum laga nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

Um 71. gr.

Meginverkefni einkaleyfaskrifstofunnar verður jafnan stjórnsýsla í tengslum við veitingu einkaleyfa. Hins vegar er eðlilegt að heimild sé til að skrifstofan geti veitt upplýsingaþjónustu og aðra þjónustu varðandi efni sem tengjast starfssviði hennar og geta komið innlendum iðnaði og tækniþróun að gagni. Nánari reglur um slíka þjónustu, eðli og umfang hennar, svo og gjaldtöku yrðu settar í reglugerð um almennt skipulag og starfshætti skrifstofunnar.

Um 72. gr.

Í greininni er fjallað um endurveitingu réttinda sem glatast hafa vegna þess að fresta hefur ekki verið gætt. Samsvarandi ákvæði, sbr. og 73. og 74. gr. frv., eru ekki í núgildandi lögum.

Í 1. mgr. er fjallað um endurveitingu réttinda á umsóknarstigi. Endurveitingu verður eingöngu beitt þegar umsækjandi á í hlut. Ákvæðið getur ekki átt við andmælanda. Helgast það af því að til þess að ákvæðinu verði beitt verður réttartap að hafa orðið vegna þess að frestir hafa ekki verið virtir. Umsækjandi telst hafa orðið fyrir réttartapi í þessu samhengi ef hann t.d glatar málskotsrétti sínum eða umsókn hans er hafnað eða hún er afskrifuð án möguleika á endurupptöku. Ef andmælandi hefur hins vegar einhverra hluta vegna ekki gætt andmælafrests skv. 2. mgr. 21. gr. frv., þá hefur hann enn þann möguleika að höfða ógildingarmál, sbr. 52. gr. frv., eða mál til yfirfærslu réttar, sbr. 53. gr. frv. Því hefur hann ekki liðið réttartap.

Þess er krafist að sá sem fer fram á endurveitingu réttinda verði að hafa gert allt sem með sanngirni má af honum krefjast til að virða þau tímamörk sem vörðuðu missi réttinda. Hvort viðkomandi teljist hafa uppfyllt það skilyrði verða einkaleyfayfirvöld að meta hverju sinni. Rétt er að beita ströngu mati því þetta er undantekningarákvæði. Ef því væri beitt of frjálslega mundi það leiða til réttaróvissu. Hindranir þær, sem um ræðir, þurfa að vera þess eðlis að umsækjandi hafi ekki getað séð þær fyrir eða að hann hafi með engu móti getað virt frestinn. Flestir umsækjendur hafa umboðsmenn sem sjá um umsóknina fyrir þeirra hönd gagnvart einkaleyfayfirvöldum. Því þykir rétt að láta ákvæðið einnig ná til þeirra. Ef umboðsmaður hefur gert allt sem með sanngirni má af honum krefjast til að virða viðkomandi frest, en ekki tekist það, þá má endurveita réttindi sem þannig tapast. Hafi umboðsmaður hins vegar ekki sýnt nægilega aðgát, þá getur umsækjandi ekki haldið því fram að hann sjálfur hafi sýnt nægilega aðgát og eigi því rétt á endurveitingu.

Ákvæðið tekur ekki eingöngu til endurveitingar réttinda vegna réttartaps sem hefur orðið vegna þess að samskipti milli umsækjanda eða umboðsmanns hans og einkaleyfayfirvalda voru hindruð á þann hátt sem greinin tekur til. Það á einnig við ef hindrun hefur komið í veg fyrir samskipti milli umsækjanda og umboðsmanns hans og umboðsmaður hefur ekki af þeirri ástæðu getað virt viðkomandi frest. Ef öll skilyrði ákvæðisins eru fyrir hendi verða réttindi einnig endurveitt vegna síðarnefnda tilviksins.

Í 2. mgr. er fjallað um endurveitingu réttinda sem glatast hafa vegna þess að árgjöld af umsókn eða einkaleyfi hafa ekki verið greidd á réttum tíma. Skilyrði endurveitingar réttinda í slíkum tilvikum eru hin sömu, nema að því leyti að beiðni um endurveitingu og greiðsla vangoldinna árgjalda þarf í síðasta lagi að hafa borist sex mánuðum eftir að frestur skv. 3. mgr. 41. gr. og 3. mgr. 42. gr. frv. rann út. Rök fyrir því að hafa styttri frest hér eru þau að skv. fyrrgreindum ákvæðum hefur umsækjandi eða einkaleyfishafi sex mánaða frest frá gjalddaga til greiðslu árgjalda að viðbættri tilskilinni hækkun. Því þykir óeðlilegt að veita til viðbótar þeim fresti eins árs frest eins og gert er í 1. mgr.

Forgangsréttarfrestur skv. 1. mgr. 6. gr. frv. er byggður á Parísarsáttmálanum. Ef hægt væri að framlengja þann frest um eitt ár skv. ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar gæti umsækjandi lagt inn umsókn hér á landi allt að tveimur árum eftir að hann lagði hana inn í fyrsta sinn í einhverju öðru aðildarlandi sáttmálans með sömu réttaráhrifum og hann hefði lagt hana inn hér á landi. Slíkt þykir skapa of mikla réttaróvissu fyrir almenning og því er lagt til í 3. mgr. að ekki verði hægt að endurveita réttindi sem tapast vegna þess að frestur skv. 1. mgr. 6. gr. frv. er ekki virtur.

Þá er í 3. mgr. lagt til að ákvæði 1. mgr. skuli eingöngu gilda um réttartap vegna frests gagnvart einkaleyfayfirvöldum og áfrýjunarnefnd, en ekki um frest til málshöfðunar fyrir dómstólum, sbr. 25. gr. frv. Það fer eftir almennum réttarfarsreglum hvort mál verði höfðað eftir að liðinn er frestur til málshöfðunar.

Það leiðir af eðli máls að ákvæði 1. mgr. verður ekki beitt ef þeir frestir, sem þar eru nefndir, eru ekki virtir. Ákvörðunum einkaleyfayfirvalda um endurveitingu réttinda skv. þessari grein verður skotið til áfrýjunarnefndar, sbr. 67. gr. frv.

Um 73. gr.

Greinin á við um alþjóðlegar umsóknir. Í henni er fjallað um endurveitingu réttinda sem tapast hafa vegna tiltekinna hindrana. Ákvæðin eru sett til að uppfylla skilyrði 48. gr. PCT-sáttmálans.

1. mgr. er um það tilvik þegar gögn eða gjöld, sem berast skulu til einkaleyfayfirvalda vegna alþjóðlegra umsókna, eru send með pósti og þau berast ekki innan þeirra fresta sem settir eru í 31. og 38. gr. frv. Þá skal endurveita réttindi sem þannig tapast ef nánar tilgreindar aðstæður eru fyrir hendi. Það er annars vegar ef póstsamgöngur hafa legið niðri af óviðráðanlegum ástæðum (force majeure) og sending er send einkaleyfayfirvöldum ekki seinna en fimm dögum frá því að póstsamgöngur hófust að nýju eða hins vegar að sending hafi ekki borist þrátt fyrir að hún hafi verið send í ábyrgðarpósti fimm dögum fyrir lok frestsins. Síðarnefnda tilvikið á þó aðeins við ef ábyrgðarsendingin er send í flugpósti, hafi slíkt verið mögulegt, eða ef sendandi hefur haft ástæðu til að ætla að sendingin kæmist til skila í síðasta lagi tveimur dögum frá sendingardegi þrátt fyrir að flugpóstur væri ekki notaður.

Í flestum tilvikum er endurveiting réttinda skv. 72. gr. frv. nægileg. Hins vegar er hugsanlegt að upp komi tilvik þar sem beita má ákvæðum 73. gr. um endurveitingu en ekki ákvæðum 72. gr. Þetta gæti t.d. átt við ef umsækjandi hefur ekki uppfyllt skilyrði 72. gr., þ.e. að hann hafi ekki gert allt sem með sanngirni má af honum krefjast til að koma sendingunni til einkaleyfayfirvalda á réttum tíma. 73. gr. á eingöngu við um fresti vegna alþjóðlegra umsókna og aðeins vegna sendinga sem fara milli umsækjanda (eða umboðsmanns hans) og einkaleyfayfirvalda. Umsækjandi verður að koma viðkomandi gögnum eða gjaldi til einkaleyfayfirvalda innan tveggja mánaða frá því hann vissi eða mátti vita að fresturinn var liðinn, þó í síðasta lagi einu ári eftir að frestur leið. Hann verður jafnframt að leggja inn beiðni um endurveitingu innan sama tíma, sbr. 2. mgr. Ekki er krafist sérstaks gjalds fyrir endurveitingu réttinda skv. þessari grein þar sem það væri andstætt PCT-sáttmálanum.

Um 74. gr.

Hér er kveðið á um að auglýsa skuli þegar réttindi eru endurveitt á grundvelli 72. eða 73. gr. frv. Einnig er hér ákvæði um hagnýtingarrétt þess sem í góðri trú byrjar að hagnýta uppfinningu eftir að réttindi skv. umsókn eða einkaleyfi falla niður en áður en auglýst er um endurveitingu þeirra.

Ef umsókn, sem hefur verið gerð almenningi aðgengileg, er afskrifuð eða henni hafnað þá nýtur uppfinning sú, sem hún fjallar um, ekki lengur verndar skv. einkaleyfalögum. Sama á við þegar einkaleyfi fellur úr gildi. Öllum er því frjálst að hagnýta sér viðkomandi uppfinningu. Því er þörf að auglýsa það sérstaklega, sbr. 1. mgr., ef réttindi eru endurveitt skv. 72. og 73. gr. frv. þar sem það felur í sér að viðkomandi uppfinning öðlast aftur vernd skv. lögunum og hagnýting í atvinnuskyni verður óheimil án samþykkis eiganda hennar. Um það, hvar sú auglýsing skal birt, yrði fjallað í reglugerð, sbr. 69. gr. frv.

Í 2. mgr. er með sérstöku ákvæði tekið tillit til hagsmuna þess sem í góðri trú byrjar að hagnýta uppfinningu eftir að umsókn hefur verið afskrifuð eða henni hafnað ellegar eftir að einkaleyfi féll úr gildi. Ef slík hagnýting hefst — eða verulegur undirbúningur fyrir slíka hagnýtingu er hafinn — áður en tilkynning um endurveitingu er birt, þá er viðkomandi heimilt að halda hagnýtingu áfram á sama hátt og áður. Þetta er sams konar ákvæði og er í 4. gr. frv. um fornotkunarrétt, að því undanskildu að hér er þess krafist að hlutaðeigandi sé í góðri trú,

til að áframhaldandi hagnýting sé heimil. Samkvæmt 4. gr. er þess aðeins krafist að hagnýtingin sé ekki augljós misbeiting. Varðandi skýringu við ákvæði 2. og 3. mgr. er að öðru leyti vísað til athugasemda við 4. gr. frv.

Um XI. kafla.

Um 75. gr.

Verði frumvarp þetta að lögum er lagt til að lögin öðlist gildi sex mánuðum eftir staðfestingu. Þannig fá einkaleyfayfirvöld tíma til að undirbúa gildistökuna með setningu reglugerða og samningum við erlendar rannsóknastofnanir. Einnig eru hér sérákvæði um gildistöku einstakra þátta frumvarpsins.

Samkvæmt núgildandi lögum má ekki veita einkaleyfi fyrir „læknislyfjum, neyzluefnum eða nautnar". Í 2. mgr. er lagt til að ekki verði hægt að veita einkaleyfi fyrir læknislyfjum fyrr en fimm árum eftir gildistöku. Þannig fær íslenskur lyfjaiðnaður vissan tíma til að laga sig að breyttum aðstæðum. Hins vegar er rétt að taka tillit til þess að sambærileg bráðabirgðaákvæði hjá frændþjóðum okkar, að Noregi frátöldum, eru ýmist fallin úr gildi eða munu gera það á næstu árum, sbr. umfjöllun við 3. mgr. 1. gr. frv. Með það í huga er hér lagt til að veittur verði fimm ára aðlögunartími. Ekki þykir hins vegar ástæða til að hafa sambærilegt undantekningarákvæði vegna uppfinninga á sviði neysluefna eða nautnar. Undir læknislyf falla öll lyf sem notuð eru til lækninga hvort sem það er fyrir menn eða dýr. Önnur lyf, t.d. fegrunarlyf eða lyf til að auka kjöt- eða mjólkurframleiðslu dýra, eru einkaleyfishæf að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum.

Það liggur í hlutarins eðli að ákvæði III. kafla laganna eru óvirk þar til Ísland hefur gerst aðili að samstarfssáttmálanum. Rétt þykir að miða gildistöku kaflans við birtingu auglýsingar um að Ísland hafi gerst aðili að honum. Með III. kafla laganna er kominn grundvöllur að því að hægt sé að framfylgja ákvæðum sáttmálans hér á landi. Það er forsenda fyrir aðild Íslands að sáttmálanum. Hins vegar er ekki þörf á að sáttmálinn sjálfur öðlist lagagildi. Framkvæmdastjóra Alþjóðahugverkastofnunarinnar mun afhent aðildarskjal Íslands í samræmi við 62. gr. sáttmálans. Sáttmálinn öðlast síðan gildi hér á landi þremur mánuðum eftir að aðildarskjal hefur verið lagt fram, sbr. 63. gr. sáttmálans.

Forsenda þess, að hægt sé að beita þeim ákvæðum sem rætt er um í 4. mgr. er að samkomulag verði gert við stofnanir sem varðveitt geta slíka rækt. Einnig þarf að setja með reglugerð nánari reglur um framkvæmd slíkrar varðveislu. Óvíst er að það takist áður en lögin öðlast almennt gildi. Því er lagt til að ákvæði frumvarpsins um varðveislu ræktar af örverustofni taki því aðeins gildi að gefin verði út sérstök reglugerð um það efni.

Um 76. gr.

Hér er fjallað um að hve miklu leyti lögin skuli gilda um einkaleyfi sem veitt hafa verið eða veitt verða í samræmi við eldri lög. Þær breytingar, sem frumvarpið hefur í för með sér, eru flestar þess eðlis að ekki er ástæða til að láta þær ekki gilda um eldri réttindi. Meginreglan er því sú að nýju lögin skuli einnig gilda um þau. Enn fremur er hagkvæmara að sem flest einkaleyfi lúti sömu réttarreglum. Þetta getur þó í vissum tilvikum leitt til ósanngjarnrar niðurstöðu. Því eru hér tilgreind nokkur undantekningarákvæði.

Frumvarpið hefur í för með sér að skilyrði fyrir einkaleyfishæfi uppfinninga breytast. Einnig verður í fleiri tilvikum hægt að ógilda einkaleyfi. Það þykir óeðlilegt að hægt sé að ógilda réttindi sem veitt voru á grundvelli eldri laga og ekki var hægt að ógilda skv. þeim. Því er í 1. tölul. lagt til að slík einkaleyfi verði aðeins ógilt í samræmi við ákvæði eldri laga.

Lagt er til að gildistíma einkaleyfa verði breytt þannig að þau geti gilt í 20 ár frá umsóknardegi. Núgildandi lög kveða hins vegar á um að einkaleyfi geti gilt í 15 ár frá útgáfudegi. Breytingin hefur í för með sér að gildistími einkaleyfa lengist ef málsmeðferð

umsókna er styttri en fimm ár. Hins vegar styttist gildistíminn í þeim tilvikum sem málsmeðferð dregst lengur en fimm ár. Rétt þykir að láta hinn nýja gildistíma einnig eiga við eldri réttindi, með vissum takmörkunum þó. Í vissum tilvikum er ósanngjarnt að gildistíminn lengist, t.d. vegna nytjaleyfishafa eða þeirra sem gert hafa ráðstafanir til að hagnýta einkaleyfi eftir að það fellur úr gildi. Því er í 2. tölul. lagt til að gildistími einkaleyfa, sem veitt eru 10 árum fyrir gildistöku laganna, verði í samræmi við ákvæði eldri laga. Þetta tekur til þeirra einkaleyfa sem eiga eftir eldri lögum að falla úr gildi innan fimm ára frá gildistöku þessara laga. Þau sem eiga eftir lengri gildistíma falla undir ákvæði nýju laganna. Þannig gefst þeim sem hafa af því hag að einkaleyfi falli úr gildi tími til að bregðast við breyttum aðstæðum. Einnig telst ósanngjarnt að breytingin verði til þess að gildistími einkaleyfa, sem gefin eru út á grundvelli eldri laga, styttist með nýjum lögum. Því er hér tillaga um ákvæði 2. málsl. 2. tölul.

Með viðbótareinkaleyfi, sem eru í gildi eða verða veitt, sbr. 78. gr. frv., skal farið eftir ákvæðum núgildandi laga.

Um 77. gr.

Ákvæði frumvarpsins um fornotkunarrétt er þrengra en ákvæði núgildandi laga. Hafi fornotkunarréttur stofnast skv. eldri lögum áður en þessi lög tóku gildi er lagt til að hann haldist þrátt fyrir gildistöku þessara laga.

Um 78. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 79. gr.

Þessi breyting er til hagsbóta fyrir eigendur umsókna sem lagðar hafa verið inn fyrir gildistöku laga þessara. Framkvæmd skv. 13. gr. núgildandi laga er þannig að umsókn er auglýst sex mánuðum eftir að hún berst einkaleyfayfirvöldum og er hún þar með almenningi aðgengileg. Í gildistökuákvæði 79. gr. þessa frumvarps er hins vegar lagt til að ef umsóknir, sem lagðar hafa verið inn á gildistíma eldri laga, hafa ekki verið auglýstar þá fari um aðgengileika þeirra, framlagningu og andmælafrest eftir nýjum lögum. Það hefur í för með sér að viðkomandi umsókn verður ekki aðgengileg almenningi fyrr en 18 mánuðum eftir að hún er lögð inn og ekki er unnt að andmæla henni fyrr en hún hefur verið lögð fram skv. 21. gr. þessa frumvarps. Þá hefur verið tekin afstaða til þess af hálfu einkaleyfayfirvalda hvort umsóknin geti leitt til einkaleyfis. Mun eðlilegra er að þá sé almenningi gefinn kostur á að koma andmælum sínum að.

Um 80. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að hægt sé að veita einkaleyfi fyrir uppfinningum sem ekki teljast einkaleyfishæfar skv. núgildandi lögum. Því er möguleiki á að umsókn, sem lögð er inn fyrir gildistöku laga þessara, verði breytt þannig eftir gildistöku þeirra að hún nái til einhvers sem áður var óeinkaleyfishæft. Það gæti t.d. átt við umsókn um aðferð við framleiðslu ákveðins nautnaefnis sem er breytt þannig eftir gildistöku þessara laga, á grundvelli 13. gr. frv., að umsóknin nái einnig til efnisins sjálfs. Því er í 1. mgr. lagt til að þeim sem við gildistöku laganna hagnýtir uppfinningu, sem ekki var áður hægt að veita einkaleyfi fyrir en það er hægt eftir gildistöku þeirra, sé heimilt að halda þeirri hagnýtingu áfram á sama hátt og gildir um fornotkunarrétt skv. 4. gr. frv.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að einkaréttur sá sem einkaleyfi veitir verði rýmkaður frá því sem er skv. 5. gr. núgildandi laga. Því er í 2. mgr. lagt til að hagnýting, sem hófst fyrir gildistöku laganna og heimil var skv. eldri lögum, verði áfram heimil þeim sem hóf hana á sama hátt og um fornotkunarrétt væri að ræða.

Um 81. gr.

Frumvarpið hefur í för með sér að fleiri ástæður geta valdið því að uppfinning teljist þekkt og þar með óeinkaleyfishæf. Það verður að teljast óréttlátt að beita ákvæði þessara laga um nýnæmishindrun gagnvart umsókn um uppfinningu sem hefur orðið kunnug almenningi á þann hátt, sem ekki telst nýnæmishindrandi skv. eldri lögum, fyrir gildistöku þessara laga. Því er hér lagt til að ef svo háttar til verði nýnæmi viðkomandi uppfinningar metið á grundvelli eldri laga ef umsókn um einkaleyfi fyrir henni er lögð inn ekki seinna en sex mánuðum eftir gildistöku þessara laga. Þetta á bæði við um mat á nýnæmi uppfinningar á umsóknarstigi og einnig vegna mats á nýnæmi hennar vegna hugsanlegs ógildingarmáls.

Um 82. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Skýrsla iðnaðarráðherra til Alþingis um endurskoðun löggjafar um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar.

(Lögð fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

INNGANGUR

Svo sem fram kom í stefnuræðu forsætisráðherra var að því stefnt að leggja fram frumvarp til nýrra laga um einkaleyfi á þessu þingi.

Eftir athugun á máli þessu í ráðuneytinu sl. haust skipaði iðnaðarráðherra 18. nóvember 1987 þrjá sérfróða menn til að vinna að endurskoðun á lögum um einkaleyfi. Eftir viðræður sérfræðinganna við helstu hagsmunaaðila og athugun á réttarþróun meðal annarra þjóða varð ljóst að verk þetta er viðameira en svo að hægt sé að ljúka endurskoðuninni á þessu þingi. Þess í stað var ákveðið að vinna að víðtækari heildarendurskoðun löggjafar á þessu sviði og er stefnt að því að henni verði lokið í október 1988.

Rétt þykir að gefa Alþingi nú sérstaka skýrslu varðandi endurskoðun löggjafar um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar og gera grein fyrir þeirri meginstefnu sem unnið er eftir við endurskoðunina.

I.

Með erindisbréfi dags. 18. nóvember 1987 fól iðnaðarráðherra þeim Gunnari Erni Harðarsyni tæknifræðingi, Jóni L. Arnalds borgardómara og Þorgeiri Örlygssyni, settum prófessor, að vinna að úttekt vegna endurskoðunar á lögum um einkaleyfi. Var þess óskað að þeir ynnu að úttekt, upplýsingasöfnun og fyrstu tillögugerð, er gæti orðið leiðbeinandi við samningu frumvarps að nýjum einkaleyfalögum.

Samkvæmt erindisbréfinu var verkefnið einkum fólgið í greiningu og yfirlitskönnun á stöðu einkaleyfamála hérlendis. Markmiðið var að leiða í ljós hverra meginbreytinga væri þörf á núgildandi einkaleyfalögum út frá því grundvallarsjónarmiði að þau þjónuðu sem best þróun og nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Í tengslum við þessa vinnu var einnig óskað eftir ábendingum varðandi vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar að öðru leyti.

Í erindisbréfinu var lögð á það áhersla að fram færu viðræður við hagsmunaaðila í iðnaði og skyldum starfsgreinum, aðila í stjórnkerfinu og stofnanir og ráðgjafarfyrirtæki á sviði einkaleyfamála.

Enn fremur var þess óskað að varpað yrði ljósi á helstu þætti í þróun einkaleyfamála á alþjóðavettvangi.

II.

Starfshópurinn hófst þegar handa við undirbúning og skipulagningu verksins. Haldnir voru fundir með eftirtöldum hagsmunaaðilum:

1. Félagi umboðsmanna einkaleyfa og vörumerkja,
2. Félagi íslenskra iðnrekenda,
3. Landssambandi íslenskra iðnaðarmanna,
4. Félagi hugvitsmanna,
5. Rannsóknaráði ríkisins,
6. fulltrúum frá Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins,
7. sóttir voru tveir fundir á vegum SVESI, Samtaka um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar.

Þá hélt starfshópurinn fundi með aðilum í stjórnkerfinu og ýmsum sérfræðingum í hugverkarétti.

Auk þessa hélt starfshópurinn reglulega fundi og fór yfir fyrirliggjandi gögn og stöðu mála.

Starfshópurinn skilaði frumskýrslu til iðnaðarráðherra þann 29. janúar sl. Í skýrslunni voru settar fram tillögur um endurskoðun gildandi löggjafar á þessu réttarsviði og hvernig skyldi staðið að þeirri endurskoðun. Í skýrslu starfshópsins komu m. a. fram þau atriði sem hagsmunaaðilar töldu brýna þörf á að yrðu endurskoðuð.

III.

Í framhaldi af viðræðum við hagsmunaaðila og á grundvelli eigin mats á stöðu gildandi einkaleyfalöggjafar gerði starfshópurinn eftirfarandi að tillögu sinni:

1. Samið yrði nýtt frumvarp til einkaleyfalaga. Frumvarpið hefði í meginatriðum að leiðarljósi þá stefnu við einkaleyfisvernd, sem mörkuð var í Danmörku við endurskoðun

einkaleyfalöggjafar þar. Lögð yrði sérstök áhersla á að rýmka svið laganna og afmarka skýrar gildissvið þeirra frá því sem nú er.

2. Jafnhliða samningu nýs einkaleyfafrumvarps yrði hafinn undirbúningur að því að Íslendingar gerðust aðilar að hinum svokallaða PCT-samningi og yrði þá tekin afstaða til þess, hvort ákvæði þess samnings yrðu leidd í íslensk lög í nýjum einkaleyfalögum eða hvort það yrði gert með sérstökum lögum.
3. Lögum nr. 102/1061, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd Parísarsamþykktina um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, verði breytt þannig að Stokkhólmsgerð hennar hafi lagagildi hér á landi.
4. Fyrirliggjandi frumvarp um mynsturvernd verði endurskoðað, m.a. með hliðsjón af þróun víðtækari verndar á þessu sviði annars staðar á Norðurlöndum og víðar og lagt fram þannig.
5. Samið verði sérstakt frumvarp um stofnun sjálfstæðrar skrifstofu, er annist einkaleyfa-, vörumerkja- og mynsturskráningar.
6. Samið verði frumvarp um hugverkalega réttarstöðu þeirra manna, er vinna að uppfinningum í þjónustu annarra.

IV.

1. Um þörfina fyrir endurskoðun gildandi laga um einkaleyfi.

Gildandi lög um einkaleyfi á Íslandi (lög nr. 12/1923) eru 65 ára gömul. Frá gildistöku laganna hefur þróun í einkaleyfisrétti á alþjóðavettvangi verið hröð og hefur lögunum ekki verið breytt til samræmis við þá þróun. Vegna alþjóðlegs eðlis einkaleyfisverndar er brýn nauðsyn fyrir Íslendinga að fylgja slíkri alþjóðlegri þróun eftir.

Annmarkar á gildandi löggjöf eru m.a. eftirtaldir:

a. Svið einkaleyfisverndar er um margt óljóst markað í 1. gr. gildandi laga og of þröngt miðað við þá þróun sem átt hefur sér stað erlendis. Þannig má nefna, að óljóst er samkvæmt gildandi lögum hvort unnt er að fá einkaleyfisvernd á aðferðum á sviði örverulíffræði og afurðum slíkra aðferða. Þá má og nefna að réttur manna er takmarkaður til þess að öðlast einkaleyfi á uppfinningum á læknislyfjum og næringar- og neysluefnum, en erlendis er farið að veita einkaleyfi á slíkum uppfinningum í sívaxandi mæli.
b. Ákvæði gildandi laga um svokallað nýnæmi uppfinninga er óljóst og í ósamræmi við þá þróun sem átt hefur sér stað í nágrannalöndum okkar. Nýnæmi varðar birtingu, nýtingu eða sýningu uppfinningar. Er þörf á skýrari ákvæðum um það efni í lögum.
c. Tími einkaleyfisverndar hér á landi er 15 ár frá dagsetningu leyfisbréfs en almennt 20 ár frá umsóknardegi víðast hvar erlendis. Hér þarf samræming að koma til.
d. Samkvæmt ákvæðum 13. gr. gildandi laga fer auglýsing umsóknar fram innan 6 mánaða frá því að hún er innlögð. Þegar umsóknin hefur verið auglýst hafa allir aðgang að umsókninni og þeim lýsingum á uppfinningu sem hún hefur að geyma. Eftir slíka auglýsingu telst uppfinningin hafa verið birt opinberlega. Víðast hvar erlendis er þessi frestur 18 mánuðir. Gildandi regla hérlendis getur því skert möguleika umsækjenda á því að sækja um einkaleyfi erlendis. Þarfnast það breytinga.
e. Frestur til andmæla skv. 14. gr. er stuttur og ekki í samræmi við það sem þekkist annars staðar í heiminum.
f. Reglur gildandi laga um meðferð einkaleyfisumsókna eru mjög af skornum skammti og ófullkomnar.
g. Kröfum um gerð og frágang umsókna er áfátt og er þörf úrbóta á því sviði.
h. Ákvæði um viðbótareinkaleyfi eru úrelt og hafa víða erlendis verið felld brott. Ákvæði um undanþágur varðandi uppfinningar, sem sýndar hafa verið á alþjóðlegum sýningum, þarfnast endurskoðunar.

2. Aðild Íslands að einkaleyfasamstarfssamningnum (PCT).

Samningur þessi, sem undirritaður var í Washington D.C. árið 1970, var gerður að tilhlutan WIPO (World Intellectual Property Organization). Undirbúningur að gerð samningsins hófst upp úr 1960.

Meginmarkmið samningsins er að koma í veg fyrir tvíverknað við rannsóknir einkaleyfisumsókna þegar sótt er um vernd í mörgum ríkjum samtímis. Aðilar að samningnum eru flest stórveldin, flest ríki Vestur-Evrópu og Norðurlöndin að Íslandi undanskildu. Með samningnum var sett á laggirnar samband aðildarríkjanna til alþjóðlegrar samvinnu á sviði einkaleyfisverndar.

Rannsókn á einkaleyfishæfni og nýnæmi er miðstýrt skv. samningnum, en þó er tekin endanleg afstaða til veitingar einkaleyfis í hverju landi fyrir sig. Innlagning umsóknar í einu landi, sem er aðili að PCT (Patent Cooperation Treaty), hefur þau réttaráhrif að litið er svo á að umsóknin sé einnig lögð inn í þeim PCT-löndum þar sem verndar er jafnframt óskað.

Samningurinn gerir ráð fyrir alþjóðlegri einkaleyfisumsókn þegar óskað er verndar í mörgum löndum samtímis. Gerðar eru skýrar og ítarlegar formkröfur til umsóknar. Rannsókn á nýnæmi og einkaleyfishæfni fer fram hjá alþjóðlegri stofnun sem viðurkennd er sérstaklega til þess samkvæmt PCT-samningum. Er ætlunin að þær stofnanir, sem eru stærstar og búa yfir bestri þekkingu og getu, framkvæmi slíkar rannsóknir fyrir aðildarríkin. Sænska einkaleyfastofnunin og sú breska hafa t.d. verið viðurkenndar til slíkra rannsókna.

Þegar umsækjandi hefur fengið umsögn um bæði nýnæmið og hæfnina getur hann tekið afstöðu til þess hvort hann afturkallar umsóknina, endurbætir hana eða leggur hana inn til umsóknar í einstökum löndum.

Eins og áður sagði eru einstök lönd ekki bundin við niðurstöður rannsókna hjá viðkomandi rannsóknastofnun. Tilgangurinn með þessari miðstýringu er að létta álagi af skráningarskrifstofu í hverju landi. Samningsríkin eru frjáls að því að ákveða umfang einkaleyfisverndar hvert í sínu landi og því þarf ekki að gera efnislegar breytingar á gildissviði löggjafar í hverju ríki til innbyrðis samræmis.

PCT-samningurinn hefur auk þess að geyma ákvæði sem stuðla að tækniframförum í þróunarlöndunum og auðvelda þeim aðgang að nútímatækni.

Kostir aðildar að PCT-samningnum eru fyrst og fremst þeir að málsmeðferð umsókna verður stöðluð og umsækjandinn getur, áður en hann sækir um í einstökum löndum, aflað sér upplýsinga um nýnæmi og hæfni umsóknarinnar. Hann getur þannig myndað sér rökstudda skoðun um hvort æskilegt sé fyrir hann að halda áfram. Með þessum samningi ávinnst og það að vinna við umsóknir verður léttari fyrir yfirvöld.

Um það er deilt hvort aðild að PCT-samningnum hafi í för með sér lægri útgjöld fyrir umsækjendur þegar sótt er um í mörgum löndum samtímis. Líkur eru á því að ef litið er til lengri tíma þá muni PCT-fyrirkomulagið hafa sparnað í för með sér fyrir umsækjendur. Þá er og ljóst að PCT-fyrirkomulagið hefur í för með sér frestun útgjalda fyrir umsækjendur og léttir þeim róðurinn í upphafi.

3. Staðfesting Stokkhólmsgerðar Parísarsamþykktarinnar.

Parísarsamþykktin svokallaða um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar er upprunalega frá árinu 1883 en hefur margsinnis verið endurskoðuð, m.a. í London 2. júní 1934, í Lissabon 31. október 1958 og í Stokkhólmi 14. júlí 1967. Um 100 ríki eru aðilar að samþykktinni.

Markmið Parísarsamþykktarinnar er að tryggja að eigandi eignarréttinda á sviði iðnaðar í sérhverju aðildarríki geti sem best náð réttarvernd í hinum aðildarríkjunum. Öll Norðurlöndin nema Ísland hafa fullgilt Stokkhólmstexta samþykktarinnar í heild sinni.

Með lögum nr. 102 28. desember 1961 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta samþykktina fyrir Íslands hönd. Það var gert og fékk hún lagagildi hér á landi frá 5. mars 1962. Ísland fullgilti þá Lundúnatextann frá 1934.

Hinn 28. september 1984 gerðist Ísland aðili að Stokkhólmstexta samþykktarinnar, þó með þeim fyrirvara að fyrstu tólf greinar textans voru undanskildar. Hvað efnissvið þeirra greina varðar gildir Lundúnatextinn því áfram.

Aðildarríki Parísarsamþykktarinnar hafa stofnað með sér samband til verndar eignarréttindum á sviði iðnaðar, svo sem það er nánar skilgreint í samþykktinni. Hún byggir á fjórum grunnreglum: **Í fyrsta lagi** að sambandsríkin séu skyld til að veita borgurum annarra sambandsríkja sömu lögvernd og þau veita eigin borgurum. **Í öðru lagi** á reglunni um lágmarksvernd sem felur í sér ákvæði um þá lágmarksvernd sem löggjöf sambandsríkis verður að uppfylla gagnvart borgurum annarra sambandsríkja. Þessi regla hefur leitt til lagasamræmingar, t.d. á Norðurlöndum. **Í þriðja lagi** er um að ræða regluna um forgangsrétt samkvæmt samþykktinni. Sú regla felur í sér að sé fyrst lögð inn umsókn um veitingu ákveðins einkaleyfis í einu sambandsríki og síðar innan ákveðins frests (eins árs) í einu eða fleiri hinna sambandsríkjanna, þá skuli líta svo á að síðari umsóknirnar hafi verið lagðar inn samtímis þeirri fyrstu. **Í fjórða lagi** er um að ræða regluna um sjálfstæða réttarvernd hvers ríkis. Hún felur það í sér að réttarvernd einkaleyfis gildi sjálfstætt í hverju ríki fyrir sig. Ef skilyrði fyrir vernd er ekki uppfyllt í einu sambandsríki kemur það ekki eitt sér í veg fyrir að vernd eða réttur geti komist á eða verið til staðar í öðru sambandsríki.

Ísland hefur þegar staðfest 13.–30. gr. Stokkhólmsgerðarinnar. Þessar greinar hafa að geyma skipulagsákvæði, einkum stofnsetningu WIPO en efnishluta Stokkhólmsgerðarinnar (1.–12. gr.) hefur Ísland enn ekki staðfest.

Efnishluti Stokkhólmsgerðarinnar hefur að geyma ýmsar breytingar til bóta bæði hvað varðar einkaleyfi og ekki hvað síst vörumerki og er æskilegt að Ísland staðfesti einnig efnishlutann og fylgi þannig alþjóðlegri þróun á þessu sviði.

4. Framlagning frumvarps til laga um mynstur.

Svokölluð vörumerkjalaganefnd, sem skipuð var 1961, skilaði frumvarpi til laga um mynsturvernd til iðnaðarráðuneytisins árið 1975. Frumvarpið var aldrei lagt fram. Það var endurskoðað fyrri hluta árs 1986 og var ætlunin að leggja það fram þá um haustið. Af því varð þó ekki. Í viðræðum starfshópsins við hagsmunaaðila kom það glöggt í ljós að ýmsir þeir sem hér á landi starfa að framleiðslu og iðnhönnun, töldu það vera mjög til bóta ef hér á landi væri í gildi löggjöf um mynsturvernd. Gerði starfshópurinn það að tillögu sinni að fyrirliggjandi frumvarp í iðnaðarráðuneytinu um mynsturvernd verði lagt fram samhliða nýju einkaleyfafrumvarpi. Verður að telja að sú vernd sem höfundalögin veita mynstrum sé ófullnægjandi fyrir iðnaðarmynstur. Þá er það og eðlilegastur skilningur á ákvæðum Lundúnatexta Parísarsamþykktarinnar, sem Íslendingar eru aðilar að, að okkur er skylt að hafa hér á landi löggjöf um mynsturvernd. Það er á hinn bóginn ótvírætt að hér á landi ber að hafa mynsturlöggjöf ef við gerumst aðilar að efnisákvæðum Stokkhólmsgerðar Parísarsamþykktarinnar.

Samkvæmt 1. gr. áðurnefnds frumvarps um mynsturvernd merkir mynstur, í skilningi frumvarpsins, fyrirmynd að útliti vöru eða fyrirmynd að skreytingu hennar. Með skráningu samkvæmt frumvarpinu getur hver sá sem gert hefur mynstur fengið einkarétt til þess að nýta sér mynstrið í atvinnuskyni. Samkvæmt þessu felur mynsturréttur í sér vernd gegn því að aðrir en mynstureigandinn nýti sér mynstrið í atvinnuskyni við framleiðslu, innflutning, útboð, sölu eða leigu á vörum sem ekki eru að verulegu leyti frábrugðnar mynstrinu.

Að frátöldum skrautmynstrum er hægt að fá skráð sem mynstur fyrirmynd að útliti á öllu því sem venjulegt er að kalla **vöru** í hefðbundnum skilningi þess orðs. Má hér sem dæmi

nefna fyrirmynd að útliti á borðum og stólum, kaffikönnum, lömpum o.s.frv. Það er einvörðungu útlit vörunnar sem notið getur verndar samkvæmt mynsturlögum. Þá er og rétt að taka fram að mynsturskráning veitir ekki vernd á tæknilegum þáttum eða eiginleikum vöru. Vernd slíkra eiginleika færi eftir einkaleyfalöggjöf ef um tæknilegar nýjungar væri að ræða.

Segja má að mynsturvernd hafi tvenns konar tilgang. **Í fyrsta lagi** veitir hún þeim hugvitsmanni sem hannað hefur nýtt form, nýjan búnað eða skreytingu vöru vernd gegn því að aðrir nýti sér það hugverk hans í atvinnuskyni. **Í öðru lagi** leiðir það af vernd mynsturlaga að sá framleiðandi sem lagt hefur í kostnað við að hanna vöru með tilteknu útliti, skreytingu eða formi, mundi í skjóli laganna öðlast tryggingu fyrir því að aðrir framleiðendur komi ekki á markaðinn með vörur sem hafa sama form eða sömu skreytingu.

Mynstur njóta að vísu verndar samkvæmt gildandi höfundarlögum en hún er takmörkuð. Verndin takmarkast við það að kröfum um listrænt gildi sé fullnægt. Það getur ávallt verið matsatriði hvenær kröfum um listrænt gildi er fullnægt og má því segja að í raun sé sú vernd sem höfundarlögin veita mynstrum harla ófullkomin. Er því fyllsta ástæða til þess að stíga skrefið til fulls og veita mynstrum réttarvernd án tillits til þess hvort það fullnægir kröfum um listrænt gildi eða ekki. Iðnaðarráðuneytið hefur því ákveðið að endurskoðað frumvarp um mynsturvernd verð lagt fram um leið og frumvarp til nýrra laga um einkaleyfi.

5. Stofnun skráningarskrifstofu.

Framangreindar tillögur um gagngera endurskoðun einkaleyfalaganna, um aðild okkar að hinum svokallaða PCT-samningi og um mynsturvernd fela í sér svo róttækar breytingar á gildandi fyrirkomulagi þessara mála að óhjákvæmilegt hlýtur að teljast að sett verði á laggirnar sjálfstæð skráningarskrifstofa, er annist skráningar þessar. Við ríkjandi aðstæður verður að telja að iðnaðarráðuneytið sé ekki í stakk búið að taka að sér þetta verkefni. Má einnig segja að það sé eðlilegra að svo umfangsmikil afgreiðslustörf fari fram á sérstakri skrifstofu en ekki í ráðuneytinu sjálfu.

Ætla verður að tekjur af einkaleyfa-, vörumerkja- og mynsturskráningum mundu að verulegu ef ekki öllu leyti geta staðið undir rekstrarkostnaði slíkrar skrifstofu. Löggjöfin gerir ráð fyrir því að gjöld þessi séu til þess að standa undir þjónustu ríkisins á þessu sviði en séu ekki sérstök skattheimta. Má því segja að þeir sem hagsmuna eiga að gæta eigi kröfu til þess að fá þjónustu í samræmi við gjöldin.

Rétt er að benda á það hér til samanburðar að víðast hvar erlendis er fyrirkomulag skráningar á þá lund að sérstakar skráningarskrifstofur annast skráningarstarfsemina.

6. Frumvarp um hugverkalega réttarstöðu þeirra manna er starfa í þjónustu annarra að uppfinningum.

Í viðræðum starfshópsins við hagsmunaaðila, einkum fulltrúa frá ríkisstofnunum sem starfa að rannsóknarverkefnum, kom fram að hér eru á ferðinni mörg óleyst vandamál sem brýnt er að leysa. Vandamálin eru helst fólgin í því að ágreiningur kemur upp á milli rannsóknarstofnana og fyrirtækja annars vegar og starfsmanna þeirra hins vegar um eignarréttinn að einkaleyfum á þeim uppfinningum sem verða til í rannsóknarstarfsemi stofnananna.

Einstakar stofnanir og fyrirtæki hafa reynt að leysa þetta vandamál með samningum við starfsfólk sitt en neiti starfsfólk að skrifa undir slíka samninga er vandinn óleystur. Því er þörf á lagasetningu er setji almennar reglur um hugverkalega réttarstöðu starfsfólks. Líklegt er að setning slíkrar löggjafar geti verkað hvetjandi fyrir starfsfólk, sérstaklega ef því er tryggð í lögum hlutdeild í tekjum af þeim uppfinningum sem það hefur átt þátt í að skapa.

V.

Iðnaðarráðuneytið hefur lagt á það áherslu við starfshópinn að hann ljúki við að semja frumvarps til nýrra einkaleyfislaga fyrir 1. október nk. Þá verði einnig lokið samningu frumvarps um aðild okkar að PCT-samningnum og um stofnun sjálfstæðrar skráningarskrifstofu. Er ætlunin að leggja þessi frumvörp ásamt frumvarpi til mynsturlaga fram í þingbyrjun næsta haust. Telur starfshópurinn sig þurfa tíma fram til haustsins að ljúka þessu verki.

Þá hefur iðnaðarráðuneytið lagt á það áherslu við starfshópinn að strax og lokið er við að semja þau frumvörp sem að framan getur verði samið frumvarp um hugverkalega réttarstöðu starfsmanna sem vinna að uppfinningum í þágu annarra. Jafnframt skal samið frumvarp um gildistöku efnishluta Stokkhólmsgerðar Parísarsamþykktarinnar.

Fylgiskjal II.

Um upphaf einkaleyfaverndar og alþjóðasamsamstarf.

1.0. Sögulegt yfirlit.

Uppfinningar eru undirstaða tækniframfara í hverju landi. Frá örófi alda hefur uppfinningamönnum verið umbunað á ýmsan hátt til að hvetja þá til frekari dáða. Einvaldar fyrri tíma veittu einstökum uppfinningamönnum ýmis sérréttindi, sem m.a. fólust í einkarétti til að hagnýta uppfinninguna í ákveðinn tíma. Þessi sérréttindi, sem byggðust á handahófskenndu og pólitísku ákvörðunarvaldi einvaldanna, eru forverar einkaleyfa í nútímaskilningi. Fyrstu einkaleyfalögin, sem kváðu á um almennar reglur um veitingu einkaleyfa, voru sett í Feneyjum 1474. Þau veittu uppfinningamönnum 10 ára einkarétt á að hagnýta nýjar og gagnlegar uppfinningar. Jafnframt var það skilyrði að uppfinningin yrði hagnýtt innan ákveðins tíma. Þessi lög höfðu því flesta megindrætti nútímalöggjafar um einkaleyfi. Aðrar þjóðir fylgdu þó ekki í kjölfarið og næstu einkaleyfalög voru ekki sett fyrr en 1623 í Englandi. Þau lög afnámu reyndar áður útgefin „einokunarleyfi" og lögðu bann við útgáfu nýrra. Þó var sú mikilvæga undantekning þar á að hægt var að veita einkaleyfi til 14 ára fyrir uppfinningum sem fólu í sér nýja framleiðsluhætti áður óþekkta í Englandi og töldust til almenningsheillar. Næsta mikilvæga skref í þróun einkaleyfalöggjafar var setning einkaleyfalaga í Bandaríkjum Norður-Ameríku 1790 og í Frakklandi 1791. Þessi lög áttu rót sína að rekja til þeirra pólitísku byltinga sem höfðu átt sér stað í þessum löndum og byggðust á þeirri kenningu að einstaklingar hefðu eðlislægan eignarrétt á hugverkum sínum.

Iðnbyltingin, sem hófst á 18. öld, var helsti hvatinn að nútíma einkaleyfalöggjöf. Það er þó ekki fyrr en á seinni hluta 19. aldar að flest iðnríki heims eru komin með einkaleyfalöggjöf í nútímaskilningi. Þróun á alþjóðavettvangi, þ.e. undirritun og gildistaka Parísarsáttmálans árið 1883 um alþjóðavernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, hafði þar mikil áhrif. Löggjöf einstakra landa þróaðist þó á mismunandi hátt og var byggð á ólíkum hugmyndafræðilegum grunni. Ýmis rök fyrir veitingu einkaleyfa hafa séð dagsins ljós í tímans rás. Þó að ekki þurfi að rökstyðja eða réttlæta veitingu einkaleyfa nú eru þau rök og sjónarmið, sem jafnan hafa verið notuð til að réttlæta einkaréttinn, enn áhugaverð því að þau skýra margar meginreglur einkaleyfaréttarins. Af þeim rökum, sem hafa haft mest gildi, má fyrst nefna umbunarsjónarmiðið, þ.e. að uppfinningamaðurinn eigi rétt á umbun fyrir framlag sitt til tækniframfara. Skylt því er hvatningarsjónarmiðið, þ.e. að líta má á einkaréttinn til að hagnýta uppfinninguna og þar með möguleika á fjárhagslegum ábata einkaleyfishafa sem umbun og hvatningu til

frekari uppfinninga. Eignarréttarsjónarmiðið byggist á náttúrurétti. Uppfinningamaðurinn á eðlislægan eignarrétt á hugverki sínu. Að lokum er það opinberunarsjónarmiðið. Hér er viðmiðunin sú að sá sem sækir um einkaleyfi er tilbúinn að birta almenningi lýsingu á uppfinningu sinni í stað þess að hagnýta hana með leynd. Birtingin er forsenda þess að aðrir geti kynnt sér uppfinninguna og þannig verður hún grundvöllur áframhaldandi tækniþróunar. Þess vegna á sá sem sækir um einkaleyfi rétt á þeirri umbun sem felst í einkaréttinum.

Öll ofangreind rök mæla með einkarétti einkaleyfishafa. Hins vegar eru líka sterk rök byggð á almannahagsmunum sem mæla gegn einkaréttinum. Þjóðfélaginu er nauðsyn að tækniframfarir komi öllum þegnum þess til góða. Enn fremur er nauðsynlegt að einkarétturinn hindri ekki áframhaldandi þróun tækni og vísinda. Þessi sjónarmið hafa leitt til þess að einkarétturinn hefur ávallt verið takmarkaður. Mikilvægasta takmörkunin er gildistími einkaleyfa sem er yfirleitt 15–20 ár. Auk þess eru í einkaleyfalögum flestra ríkja ákvæði um að uppfinningin skuli hagnýtt innan ákveðins tíma. Sé það ekki gert má veita svokallað *nauðungarleyfi*, þ.e. öðrum er leyfð hagnýting uppfinningar án samþykkis einkaleyfishafa.

Áhersla á almannahagsmunum annars vegar og einkarétti einkaleyfishafa hins vegar hefur verið mismunandi frá landi til lands. Þannig veita þjóðir með miðstýrt efnahagskerfi mjög sjaldan einkaleyfi og einkaleyfishafar þar hafa mjög takmarkaða möguleika til að nýta einkaleyfi sín. Uppfinningamenn í þessum löndum eiga hins vegar kost á að fá útgefið svokallað „uppfinningaskírteini“ sem veitir ríkinu einkarétt á hagnýtingu uppfinningar gegn endurgjaldi til skírteinishafa.

Tvær meginstefnur ríkja um framkvæmd varðandi veitingu einkaleyfa. Annars vegar er „rannsóknakerfið“, sem byggist á því að einkaleyfisbeiðnin er rannsökuð með tilliti til einkaleyfishæfi uppfinningarinnar áður en einkaleyfi er veitt, og hins vegar „skráningakerfið“, þar sem einkaleyfi eru veitt á grundvelli skráningar án forrannsóknar. Grundvallarmunur þessara tveggja aðferða er að einkaleyfayfirvöld í löndum, sem aðhyllast rannsóknakerfið, úrskurða um hvort uppfinning uppfylli kröfur um einkaleyfishæfi og umsækjandi þarf að setja fram nákvæmar kröfur í umsókn sem afmarka andlag og umfang einkaréttarins. Einkaleyfayfirvöld í löndum, sem aðhyllast skráningakerfið, hafa ekki úrskurðarvald um einkaleyfishæfi uppfinninga, heldur hafa dómstólar einir lögsögu um gildi og umfang veittra einkaleyfa. Báðar aðferðir gera ráð fyrir opinberri birtingu umsókna og/eða veittra einkaleyfa. Rannsóknakerfið hefur löngum verið talið tryggja hagsmuni einkaleyfishafa betur þar sem gildi veittra einkaleyfa er tryggara eftir forrannsókn umsókna. Þar á móti kemur að skráningakerfið er mun einfaldara í sniðum og þar af leiðandi mun fljótlegra og ódýrara í framkvæmd.

Öll iðnríki heims byggja á annarri hvorri framangreindra aðferða í mismunandi útfærslum. Bandaríkjamenn urðu fyrstir til að taka upp rannsóknakerfið og þeir hafa kannað nýnæmi og einkaleyfishæfi umsókna frá 1836. Bretar tóku upp takmarkaða rannsókn umsókna 1883 sem síðan hefur verið aukin stig af stigi. Það var þó ekki fyrr en með núgildandi einkaleyfalögum sem voru sett 1977 að fullkomin rannsókn umsókna var tekin upp í Bretlandi. Þjóðverjar, Japanir og norrænu þjóðirnar byggja einkaleyfaframkvæmd sína á nákvæmri rannsókn umsókna. Frakkar og Belgar eru meðal þeirra þjóða sem enn aðhyllast skráningakerfið. Frakkar hafa þó nýlega breytt sínum lögum og m.a. var nýnæmisrannsókn tekin upp, sem er skref í átt að rannsóknakerfi.

Þrátt fyrir að rannsóknakerfið tryggi betur gildi útgefinna einkaleyfa og þar með hagsmuni iðnaðarins, þá er aðferðin ekki gallalaus. Helsti annmarkinn er hversu tímafrek rannsókn umsókna er. Með auknum tækniframförum hefur fjöldi umsókna margfaldast undanfarin ár og einkaleyfaskrifstofur átt æ erfiðara með að anna þeirri fjölgun. Það getur því tekið mörg ár að fá einkaleyfi útgefið. Því tóku nokkur lönd, þar á meðal Holland, Vestur-Þýskaland og Japan, upp svokallað „biðrannsóknakerfi“ á sjötta áratugnum. Það kerfi er

byggt á því að efnisrannsókn er frestað. Upphaflega er umsókn aðeins rannsökuð með tilliti til formgalla. Efnisrannsókn fer síðan aðeins fram að beiðni umsækjanda eða þriðja aðila og gegn greiðslu rannsóknargjalds. Ef beiðni um efnisrannsókn er ekki borin upp innan ákveðins tíma, oftast 5–7 ára, fellur umsóknin úr gildi. Til að halda umsókninni í gildi í millitíðinni þarf að borga árgjald, svipað og fyrir útgefin einkaleyfi. Þar sem stór hluti einkaleyfisverndaðra uppfinninga reynist ekki hagnýtar er þeim ekki haldið í gildi nema í nokkur ár. Því hlýst vinnusparnaður af þessu fyrirkomulagi. Hins vegar eru á því sömu annmarkar og á skráningakerfinu, þ.e. áður en efnisrannsókn fer fram er óvíst um gildi og umfang á vernd uppfinningarinnar.

2.0. Alþjóðasamstarf um vernd einkaleyfa.

Mikil samræming hefur orðið á framkvæmd og efnisrétti einkaleyfalaga ríkja fyrir tilstilli alþjóðasamvinnu. Fyrsti árangur þeirrar samvinnu var undirritun Parísarsáttmálans 1883 um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar. Var hann nánast eini alþjóðasáttmálinn á sviði einkaleyfa fram yfir seinni heimsstyrjöld. Þá kom mikill fjörkippur í alþjóðasamstarf á þessu sviði sem öðrum, sérstaklega í Vestur-Evrópu.

2.1. Parísarsáttmálinn frá 1883.

Auknar samgöngur og alþjóðaviðskipti í kjölfar iðnbyltingarinnar sköpuðu þörf á alþjóðlegri vernd einkaleyfa. Þörf á alþjóðlegum reglum var sérstaklega brýn þar sem einkaleyfi voru yfirleitt ekki veitt nema til ríkisborgara viðkomandi landa. Flestar þjóðir heimiluðu „innflutning" uppfinninga, þ.e. einkaleyfi var veitt þeim sem fyrstur kynnti uppfinninguna í viðkomandi landi óháð því hvort hún væri í raun eign annars og vernduð sem slík í öðru landi. Uppfinningar sem og önnur hugverk er auðvelt að flytja milli landa og vegna skorts á alþjóðasamvinnu gátu einkaleyfishafar ekki hindrað „milliríkjastuld" á uppfinningum. Nokkrar þjóðir bundust því um það samtökum á seinni hluta nítjándu aldar að finna lausn á þessum vanda. Árangur þeirrar samvinnu var undirritun Parísarsáttmálans um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar 20. mars 1883. Aðildarríki voru upphaflega aðeins 11, en voru orðin 100 1. janúar 1990.

Sáttmálinn tekur til allra eignarréttinda á sviði iðnaðar. Hann byggist á nokkrum grundvallarreglum sem eru sameiginlegar fyrir öll þau eignarréttindi sem hann tekur til. Fyrsta grundvallarreglan er að aðildarríki eru skyld til að veita borgurum og fólki, sem búsett er í aðildarríkjum, sömu lögvernd og þau veita eigin borgurum. Því er ekki lengur hægt að neita aðila um einkaleyfi eingöngu vegna þess að hann sé útlendingur, nema viðkomandi komi frá landi sem ekki er aðili að sáttmálanum. Önnur grundvallarreglan miðar að því að auðvelda mönnum að sækja um einkaleyfi fyrir sömu uppfinningu í mörgum löndum. Flest iðnríki byggja nú orðið á ótakmörkuðu nýnæmi. Ótakmarkað nýnæmi felur í sér að allt sem talið er þekkt á innlagningardegi umsóknar er tekið til greina við mat á nýnæmi uppfinningarinnar. Skiptir þá ekki máli í því sambandi í hvaða formi birting hefur átt sér stað né hvar í heiminum eða hvenær. Það er því vandkvæðum bundið að sækja um einkaleyfi í mörgum löndum því að til að uppfylla skilyrði um nýnæmi þyrftu umsóknir að vera lagðar inn samdægurs í öllum þeim löndum sem verndar er óskað í. Parísarsáttmálinn kveður því á um forgangsrétt til umsókna. Samkvæmt honum á sá sem leggur inn umsókn í einu aðildarlandi forgangsrétt á því að leggja inn umsóknir varðandi sömu uppfinningu í öðrum aðildarríkjum innan tólf mánaða frá fyrstu umsókn. Seinni umsóknir, sem umsækjandi leggur inn í öðrum ríkjum innan árs, teljast hafa sama innlagningardag og fyrsta umsóknin. Þriðja grundvallarreglan er um sjálfstæði réttarverndar hvers ríkis. Ef umsókn um einkaleyfi er hafnað í einu aðildarríki kemur það eitt sér ekki í veg fyrir að einkaleyfi verði veitt í öðru aðildarríki. Sama á við um allar aðrar ákvarðanir

um einkaleyfi, svo sem veitingu eða ógildingu. Að lokum byggist sáttmálinn á reglum um ákveðna lágmarksvernd sem hvert aðildarríki verður að veita ríkisborgurum annarra ríkja. Þessi regla var sett til að stuðla að samræmingu og aukinni vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar. Ef aðildarríki samræmir ekki löggjöf sína ákvæðum sáttmálans um lágmarksvernd getur það leitt til þess að erlendir ríkisborgarar eigi betri rétt í því ríki en eigin þegnar þess.

Helstu ákvæði sáttmálans um lágmarksvernd uppfinninga eru eftirfarandi: Uppfinningamaður á rétt á að vera tilgreindur sem slíkur í einkaleyfi. Þetta ákvæði er til að tryggja siðferðilegan rétt uppfinningamanns til uppfinningar sinnar. Þar sem flest einkaleyfi eru nú orðið veitt til annarra en uppfinningamannsins sjálfs, ýmist vegna þess að atvinnurekandi hans á betri rétt til einkaleyfisins skv. lögum eða samningi eða vegna framsals, þá er þetta mikilvægt ákvæði. Í öðru lagi má ekki neita að veita einkaleyfi fyrir uppfinningu eða ógilda einkaleyfi vegna þess að bannað sé að selja þær afurðir sem af hagnýtingu uppfinningarinnar leiðir eða vegna annarra takmarkana á hagnýtingu hennar. Mikilvægasta og umdeildasta ákvæðið um einkaleyfi varðar hagnýtingu þess. Frá upphafi hafa lög um einkaleyfi lagt ríka áherslu á hagnýtingu uppfinninga, enda einn megintilgangur verndar að auka tæknivæðingu þjóða. Þegar til Parísarsáttmálans var stofnað var í flestum löndum hægt að ógilda einkaleyfi væri það ekki hagnýtt innan ákveðins tíma. Ljóst er að erfitt og óhagkvæmt getur verið að nýta uppfinningu í öllum þeim löndum þar sem hún nýtur einkaleyfisverndar. Því var snemma reynt að milda viðurlög við því að vernduð uppfinning væri ekki hagnýtt. Á móti kemur hins vegar það sjónarmið að vernduð uppfinning kemur ekki landsmönnum að gagni nema hún sé hagnýtt í viðkomandi landi. Á það helst við þau ríki sem skammt eru komin í tækniþróun. Hafa ákvæði um hagnýtingu uppfinninga því frá upphafi verið eitt helsta bitbein aðildarríkja Parísarsáttmálans. Núgildandi reglur sáttmálans kveða á um að aðildarríki megi heimila útgáfu nauðungarleyfa til handa þriðja aðila til að hagnýta einkaleyfi til að sporna við misbeitingu einkaréttarins. Tilvik, sem m.a. telst misbeiting, er ef hagnýting einkaleyfis hefur ekki hafist innan ákveðins tíma og einkaleyfishafi hefur ekki gildar ástæður fyrir þeim drætti. Ógilding einkaleyfis vegna þess að einkaleyfi hefur ekki verið hagnýtt er óheimil nema nauðungarleyfi hafi ekki borið árangur.

Parísarsáttmálinn hefur verið endurskoðaður sex sinnum frá því að hann tók gildi. Hver endurskoðun þýðir í raun að nýr sáttmáli er gerður og þurfa aðildarlöndin að fullgilda hina endurskoðuðu gerð hans. Þar til fullgilding hefur átt sér stað eru ríkin bundin af eldri gerð sáttmálans. Aðildarríkin eru því bundin af mismunandi gerðum sáttmálans þó að flest hafi fullgilt síðustu endurskoðun sem var gerð í Stokkhólmi 1967. Ný aðildarlönd geta þó ekki valið milli eldri gerða sáttmálans heldur þurfa þau að fullgilda síðustu endurskoðun hans. Ísland gerðist aðildarríki Parísarsáttmálans 1961 og fullgilti þá Lundúnagerð hans frá 1934. Formreglur Stokkhólmsgerðar sáttmálans voru fullgiltar á Íslandi 1984, sbr. auglýsingu nr. 17 frá 1984, en efnisreglurnar undanskildar og því gildir efnisréttur Lundúnagerðarinnar enn hér á landi.

2.2. Alþjóðahugverkastofnunin.

Alþjóðahugverkastofnunin (World Intellectual Property Organization eða WIPO) var stofnuð með sérstökum sáttmála í Stokkhólmi 1967. WIPO tók við stjórn og rekstri Parísarsáttmálans um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar. Áður hafði umsjá sáttmálans verið á höndum alþjóðaskrifstofu (BIRPI) sem heyrði formlega undir svissnesku ríkisstjórnina. Tilgangur með stofnun Alþjóðahugverkastofnunarinnar var að samræma og efla alþjóðasamvinnu á öllum sviðum hugverkaréttar. Stofnunin hefur því umsjón með helstu alþjóðasamningum um eignarréttindi á sviði iðnaðar og á sviði höfundaréttar. Hún vinnur að samræmingu löggjafar aðildarríkja sinna varðandi hugverkarétt, sér um alþjóðaskrásetningar, veitir ráðgjöf og safnar og miðlar upplýsingum. Frá 1974 hefur Alþjóðahugverkastofnunin verið ein

af sérfræðistofnunum Sameinuðu þjóðanna. Höfuðstöðvar WIPO eru í Genf. Aðildarlönd sáttmálans um Alþjóðahugverkastofnunina voru orðin 126 1. janúar 1990. Ísland gerðist aðili að Alþjóðahugverkastofnuninni 13. júní 1986, sbr. auglýsingu nr. 11/1986 í C-deild Stjórnartíðinda.

2.3. Samstarfssáttmálinn um einkaleyfi (PCT).

Ein af meginreglum einkaleyfaréttarins er forráðasvæðisreglan. Hún felur í sér að vernd uppfinninga skv. einkaleyfi nær eingöngu til þess lands sem veitir einkaleyfið. Ef óskað er verndar á sömu uppfinningu í fleiri löndum þarf því að sækja um einkaleyfi í hverju landi fyrir sig, og hefur það í för með sér margfalda vinnu umsækjanda og skráningayfirvalda. Því var snemma byrjað að ræða möguleikann á „alþjóðaeinkaleyfi", þ.e. einkaleyfi sem gildir í mörgum löndum. Það var eitt af upphaflegum markmiðum upphafsmanna Parísarsáttmálans frá 1883. Því markmiði hefur enn ekki verið náð og þykir ólíklegt að svo verði í náinni framtíð. Hins vegar hefur meiri árangur náðst við að samræma og koma á alþjóðlegri miðstýringu umsókna og rannsókna á þeim.

Á sjötta áratugnum fjölgaði umsóknum um einkaleyfi mikið og þau lönd, sem aðhylltust rannsóknakerfið, voru að kikna undir vinnuálagi. Fjölgunin stafaði aðallega af örri tækniþróun sem leiddi til aukins umfangs nýnæmisrannsókna. Jafnframt leiddu aukin alþjóðaviðskipti til þess að æ algengara varð að sótt væri um einkaleyfi fyrir sömu uppfinningu í mörgum löndum. Afleiðingin varð margföldun og sífelld endurtekning á sömu vinnu hjá einkaleyfayfirvöldum. Því var það að frumkvæði Bandaríkjanna og með stuðningi annarra helstu iðnríkja heims að umræða hófst innan BIRPI (og síðan WIPO) um möguleika á alþjóðasamningi um alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir og rannsókn á þeim. Árangur þeirrar umræðu var undirritun samstarfssáttmálans um einkaleyfi (Patent Cooperation Treaty eða PCT) í Washington 1970.

Samstarfssáttmálinn er opinn öllum aðildarríkjum Parísarsáttmálans og WIPO hefur umsjón með honum. Aðildarlönd hans voru 43 talsins 1. janúar 1990, þar á meðal öll helstu iðnríki heims svo og Norðurlandaþjóðirnar fjórar, Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð. Ríkisborgarar eða aðilar búsettir í aðildarríkjum sáttmálans geta samkvæmt honum lagt inn alþjóðlega einkaleyfisumsókn og hefur hún gildi fyrir öll þau aðildarríki sem umsækjandi tilgreinir í umsókninni. Alþjóðlegar umsóknir skulu lagðar inn hjá einkaleyfayfirvöldum í heimalandi umsækjanda. Auk þess geta Einkaleyfastofnun Evrópu, sbr. kafla 2.5.3., og WIPO tekið á móti alþjóðlegum umsóknum. Sáttmálinn tiltekur nákvæmlega hvaða formskilyrði alþjóðleg umsókn þarf að uppfylla. Uppfylli umsóknin þau hefur hún sömu réttaráhrif í tilgreindum löndum og venjuleg einkaleyfisumsókn lögð inn í landinu og ekki er heimilt að hafna henni vegna formgalla. Einkaleyfayfirvöld, sem taka á móti alþjóðlegri umsókn, athuga hvort hún uppfylli formskilyrði. Geri hún það er umsóknin send áfram til nýnæmisrannsóknar. Nýnæmisrannsókn fer fram hjá nokkrum stærri einkaleyfastofnunum aðildarríkja samstarfssáttmálans, svo og hjá Einkaleyfastofnun Evrópu. Hvert aðildarríki verður fyrir fram að ákveða hvaða stofnun það vilji nota í þessu sambandi. Sænska einkaleyfastofnunin er alþjóðleg leitarstöð undir samstarfssáttmálanum og sér hún um nýnæmisrannsókn fyrir norrænu þjóðirnar ásamt Einkaleyfastofnun Evrópu. Eftir að nýnæmisrannsókn hefur farið fram er gefin út nýnæmisskýrsla. Skal það gert innan 16 mánaða frá því að alþjóðaumsókn var lögð inn eða frá forgangsréttardegi umsóknar ef sá frestur rennur út fyrr. Á grundvelli nýnæmisskýrslunnar getur umsækjandi ákveðið hvort hann vilji afturkalla umsóknina eða framfylgja henni. Afturkalli umsækjandi ekki umsóknina birtir WIPO hana innan 18 mánaða frá innlagningar- eða forgangsréttardegi. Jafnframt sendir WIPO öllum þeim löndum, sem tilgreind eru í umsókninni og ekki hafa verið afturkölluð, afrit af umsókninni og nýnæmis-

skýrslunni. Umsækjandi verður síðan að greiða venjuleg umsóknargjöld og leggja fram þýðingu á umsókninni í hverju því landi, sem hann óskar verndar í, innan 20 mánuða frá innlagningar- eða forgangsréttardegi hennar. Eftir það verður meðferð alþjóðlegrar umsóknar hin sama og venjulegra umsókna. Einkaleyfayfirvöldum einstakra aðildarríkja er frjálst að framkvæma eigin nýnæmisrannsókn til viðbótar hinni alþjóðlegu ef þurfa þykir, en eins og áður segir mega þau ekki hafna umsókninni vegna formgalla.

Auk alþjóðlegrar nýnæmisrannsóknar gefur samstarfssáttmálinn líka kost á bráðabirgðaskýrslu um einkaleyfishæfi uppfinningar í alþjóðaumsókninni. Ef umsækjandi ákveður að notfæra sér þann möguleika er frestur til að greiða umsóknargjald og leggja fram þýðingar hjá einkaleyfayfirvöldum einstakra landa framlengdur um 10 mánuði til viðbótar við áðurgreinda 20 mánuði. Umsækjandi hefur því enn lengri tíma til að ákveða hvort hann vilji framfylgja alþjóðaumsókninni. Þar að auki gefur bráðabirgðaskýrslan umsækjanda upplýsingar um möguleika hennar til að ná vernd. Þar sem skilyrði um einkaleyfishæfi eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars, þá er rík áhersla lögð á að rannsóknin sé aðeins til bráðabirgða og að hún sé ekki bindandi fyrir einkaleyfayfirvöld aðildarríkja. Þrátt fyrir það höfðu margar þjóðir áhyggjur af því að of mikið mark yrði tekið á bráðabirgðaskýrslunni og einkaleyfishæfi uppfinninga yrði alfarið dæmt á grundvelli hennar. Því var ákveðið að heimila aðildarríkjum að setja fyrirvara um ákvæði samstarfssáttmálans varðandi bráðabirgðarannsókn á einkaleyfishæfi uppfinninga. Nokkur lönd notfærðu sér þessa undanþágu, þar á meðal Bandaríkin, Danmörk og Noregur. Þessi ótti hefur þó reynst ástæðulaus og Bandaríkin afléttu undanþágunni 1987, Danmörk 1988 og til stendur að gera slíkt hið sama í Noregi á næstunni.

Samstarfssáttmálinn hefur ótvíræða kosti og vinnusparnað í för með sér bæði fyrir umsækjendur og einkaleyfayfirvöld. Hann hefur þó verið gagnrýndur fyrir að vera of þunglamalegur í framkvæmd. Sú gagnrýni átti e.t.v. rétt á sér í upphafi, en frá því að sáttmálinn tók gildi hefur hann verið endurskoðaður tvisvar með það í huga að einfalda málsmeðferð og haft er vakandi auga á hvað megi betur fara í framtíðinni. Jafnframt hefur því verið haldið fram að engan fjárhagslegan sparnað leiði af sáttmálanum fyrir umsækjendur. Því er til að svara að fjárhagslegur sparnaður umsækjenda er óbeinn að því leyti að þeir hafa lengri tíma til að íhuga hvort uppfinning sé fjárhagslega hagkvæm áður en alþjóðaumsókn er framfylgt. Jafnframt geta umsækjendur sparað sér útgjöld í einstökum löndum ef ljóst er af alþjóðarannsókn umsóknarinnar að ólíklegt sé að uppfinningin hljóti vernd í einhverju tilgreindu landi. Umsækjandinn getur afturkallað umsóknina í viðkomandi landi og þannig sparað sér umsóknargjald í því landi. Ísland er enn ekki aðili að samstarfssáttmálanum, en aðild er til umræðu hjá stjórnvöldum og hagsmunaaðilum. Fyrirliggjandi frumvarp um einkaleyfi gerir ráð fyrir að aðild verði samþykkt.

2.4. Aðrir alþjóðasáttmálar varðandi einkaleyfi sem WIPO hefur umsjón með.

2.4.1. Búdapestsáttmálinn frá 1977 um alþjóðaviðurkenningu á geymslu örvera vegna umsókna um einkaleyfi fjallar um vandamál sem rísa við lýsingu á uppfinningum sem byggjast á örverum. Þegar sótt er um einkaleyfi er eitt helsta skilyrðið fyrir veitingu þess að uppfinningu sé svo skilmerkilega lýst að fagmaður geti framkvæmt hana. Erfitt er að lýsa uppfinningum, sem byggjast á örverum, eingöngu með orðum. Því er yfirleitt gripið til þess ráðs að afhenda rækt af viðkomandi örverustofni til varðveislu þar sem almenningur getur átt aðgang að henni. Þannig telst skilyrði einkaleyfalaganna um lýsingu uppfyllt. Hins vegar þurfa mjög sérstakar aðstæður að vera til staðar til að unnt sé að geyma og halda örverum á lífi. Flestar einkaleyfastofnanir eru vanbúnar í þessu efni. Örverurnar eru því yfirleitt geymdar á sérstofnunun sem viðurkenndar eru í því skyni. Mikill kostnaður og umstang er samfara geymslu og varðveislu slíkra örvera, sérstaklega fyrir umsækjanda sem vill fá einkaleyfi í

mörgum löndum. Til að létta umsækjanda róðurinn kveður Búdapestsáttmálinn á um að aðildarríki hans viðurkenni að varðveisla ræktar af viðkomandi örverustofni í einni alþjóðlega viðurkenndri stofnun sé nægileg til að uppfylla skilyrði um lýsingu í umsókn. Skiptir þá ekki máli hvort sú vörslustofnun er innan eða utan viðkomandi lands. Gildir þá varðveislan í öllum aðildarríkjum sáttmálans fyrir umsókn um einkaleyfi sem byggð er á varðveittu örverunni. Þetta sparar umsækjanda bæði umstang og fjárútlát. Jafnframt eru í sáttmálanum nákvæm ákvæði um hverjir geti fengið afhent sýni af varðveittri rækt og hvenær. Einnig er þar kveðið á um rétt til að endurnýja varðveislueintakið ef það upphaflega getur ekki lengur gegnt hlutverki sínu. Aðildarríki sáttmálans voru 24 1. janúar 1990, þar á meðal eru flest helstu iðnríki heims og Norðurlandaþjóðirnar utan Íslands. Einnig hefur Einkaleyfastofnun Evrópu viðurkennt gildi sáttmálans og ofangreind varðveisla nægir því líka vegna umsóknar um Evrópueinkaleyfi. Ákvæði fyrirliggjandi frumvarps um einkaleyfi eru í samræmi við ákvæði Búdapestsáttmálans.

2.4.2. Strassborgarsamkomulagið frá 1971 (International Patent Classification eða IPC) er grundvöllur alþjóðaflokkunarkerfis einkaleyfa. Samkvæmt þessu flokkunarkerfi er uppfinningum skipað í átta meginflokka og tæplega sextíu þúsund undirflokka. Alþjóðaflokkunarkerfi einkaleyfa er mjög mikilvægt, sérstaklega vegna nýnæmisrannsókna uppfinninga. Þann 1. janúar 1990 voru aðeins 27 ríki formlegir aðilar að samkomulaginu. Þrátt fyrir það nota rúmlega 70 ríki flokkunarkerfið, þar á meðal Ísland, að því er varðar veitt einkaleyfi.

2.4.3. Auk umsjónar með ofangreindum sáttmálum og samþykktum á sviði einkaleyfa er WIPO að undirbúa sáttmála sem miðar að alþjóðasamræmingu ýmissa efnisatriða einkaleyfalaga. Ef samkomulag næðist um slíkan sáttmála hefði hann í för með sér mikla hagræðingu fyrir alþjóðaviðskipti.

2.5. Vestur-evrópsk samvinna um einkaleyfi.

Eftir síðari heimsstyrjöldina hófst aftur umræða í Vestur-Evrópu um þörf á samræmingu laga og framkvæmdar varðandi eignarréttindi á sviði iðnaðar. Fyrsta skrefið varðandi einkaleyfi var samvinna Benelux-landanna og Frakklands um opnun Alþjóðaeinkaleyfastofnunarinnar í Haag 1947. Sú stofnun sá m.a. um nýnæmisrannsókn aðildarlanda sinna sem aðhylltust skráningakerfið. Stofnunin var lögð niður 1977 og Einkaleyfastofnun Evrópu í München tók við verkefnum hennar.

2.5.1. Evrópuráð var stofnað 1949. Strax á fyrsta ári þess hófst umræða um einkaleyfi og samræmingu þeirra meðal aðildarlanda ráðsins. Fyrst var rætt um að koma á fót sameiginlegri einkaleyfaskrifstofu fyrir Evrópu sem veitti evrópsk einkaleyfi. Fljótlega var hætt við þá hugmynd þar sem of mikill munur var á einkaleyfalöggjöf og framkvæmd við veitingu einkaleyfa í aðildarlöndunum. Umræðan leiddi þó til undirritunar þriggja sáttmála um einkaleyfi. Sá fyrsti var undirritaður 1953 og varðaði formsatriði við umsóknir um einkaleyfi, m.a. kvað samningurinn á um almennar reglur varðandi innlagningardag umsókna. Hins vegar er hann nú orðinn úreltur þar sem alþjóðasamræming formsatriða hefur fyrir löngu farið fram úr því sem krafist er í honum. Ísland er eitt af fimm aðildarríkjum hans. Ef fyrirliggjandi frumvarp til einkaleyfalaga verður að lögum þarf Ísland að segja upp aðild sinni. Næsti sáttmáli var undirritaður 1954 og fjallaði um alþjóðaflokkun einkaleyfa. Hann hefur verið leystur af hólmi af Strassborgarsamkomulaginu frá 1971 sem er undir umsjón WIPO. Þriðji sáttmálinn er mikilvægastur af þessum þremur. Hann fjallar um samhæfingu efnisatriða einkaleyfalaga og var undirritaður 1963, en ekki fullgiltur fyrr en 1980. Sáttmálinn er yfirleitt nefndur Strassborgarsáttmálinn. Þrátt fyrir að sáttmálinn hefur ekki verið fullgiltur fyrr en seint og síðar meir, hefur hann þó verið grundvöllur flestra meginbreytinga og samræmingar evrópskra einkaleyfalaga. Sáttmálinn hefur verið fyrirmynd við endurskoðun einkaleyfalaga

einstakra ríkja, m.a. var tekið mið af honum við samræmingu norrænu einkaleyfalaganna. Einnig byggja Evrópusáttmálinn (EPC) og alþjóðasamstarfssáttmálinn um einkaleyfi báðir í aðalatriðum á Strassborgarsáttmálanum að því er varðar kröfur um einkaleyfishæfi uppfinninga.

2.5.2. Næstu skref í vestur-evrópskri samvinnu um einkaleyfi voru undirritun Evrópusáttmálans um einkaleyfi 1973 (European Patent Convention eða EPC) og síðan gildistaka hans í október 1977. Sáttmálinn er opinn öllum Evrópuríkjum og í janúar 1990 voru aðildarlönd hans 14. Af norrænum þjóðum hafa Svíþjóð og Danmörk fullgilt sáttmálann. Megintilgangur sáttmálans er að koma á samræmdri rannsókn og veitingu einkaleyfa fyrir aðildarlönd. Í þeim tilgangi var Einkaleyfastofnun Evrópu opnuð í München sama ár og sáttmálinn gekk í gildi. Stofnunin sér um útgáfu einkaleyfa fyrir aðildarlönd sáttmálans, án þess þó að venjuleg einkaleyfi, veitt af einkaleyfayfirvöldum einstakara ríkja, séu afnumin. Gildi einkaleyfanna er það sama hvort sem það er veitt af Einkaleyfastofnun Evrópu eða einkaleyfayfirvöldum einstakra landa. Mismunurinn er þó sá að á grundvelli einnar umsóknar, sem lögð er inn hjá Einkaleyfastofnun Evrópu, er hægt að fá útgefið einkaleyfi fyrir eins mörg aðildarlönd sáttmálans og umsækjandi æskir. Einkaleyfayfirvöld einstakra ríkja geta hins vegar ekki gefið út einkaleyfi nema fyrir þau ríki sem viðkomandi yfirvöld eru í forsvari fyrir. Umsækjendur, sem vilja fá útgefið einkaleyfi fyrir sömu uppfinningunni í fleiru en einu aðildarlandi Evrópusáttmálans, geta því sparað sér vinnu og útgjöld með því að leggja inn umsókn hjá Einkaleyfastofnun Evrópu. Sparnaðurinn verður þó ekki verulegur nema sótt sé um einkaleyfi í fleiri en þremur aðildarlöndum sáttmálans.

Þó að aðild að sáttmálanum sé bundin við Evrópu getur hver sem er sótt um einkaleyfi hjá stofnuninni, óháð þjóðerni eða búsetu. Hefur það átt sinn þátt í velgengni sáttmálans. Umsóknafjöldi hefur farið fram úr björtustu áætlunum og 1987 bárust rúmlega 45.000 umsóknir frá fleiri en 50 löndum. Miðað við að sjö aðildarlönd eru að meðaltali tilgreind í Evrópuumsóknum, þá samsvarar þetta um 300.000 umsóknum til einstakra ríkja. Þessi velgengni Einkaleyfastofnunar Evrópu hefur líka í för með sér að álag minnkar á einkaleyfayfirvöld einstakra ríkja þar sem umsóknum til þeirra fækkar í hlutfalli við fjölgun umsókna til Einkaleyfastofnunar Evrópu. Sem dæmi má taka sænsku einkaleyfaskrifstofuna. Umsóknir, sem henni bárust, voru um 15.000 árið 1977 en voru aðeins um 6.000 árið 1985. Sama ár var Svíþjóð tilgreind í 20.000 umsóknum til Einkaleyfastofnunar Evrópu. Fækkun umsókna hjá einkaleyfayfirvöldum einstakra aðildarríkja hefur auðvitað í för með sér breyttar áherslur varðandi starfsemi þeirra. Fyrst í stað hafa þau einbeitt sér að því að stytta umfjöllunartíma umsókna. Á árinu 1988 stefndi Svíþjóð að því að einkaleyfaskrifstofan næði því takmarki að taka endanlega ákvörðun um allar umsóknir innan þriggja ára frá innlagningardegi. Jafnframt stefna einkaleyfayfirvöld aðildarríkjanna að því að sveigja starfsemi sína meira í þá átt að vera jafnframt upplýsingamiðstöðar fyrir iðnaðinn að því er varðar uppfinningar og tækninýjungar.

Evrópusáttmálinn hefur að geyma ítarleg ákvæði um form og efni umsókna. Hann byggir að mestu á ákvæðum Evrópuráðssáttmálans frá 1963 um nýnæmi og einkaleyfishæfi umsókna. Flest aðildarríki sáttmálans, auk annarra Evrópuþjóða, hafa tekið ákvæði hans meira eða minna orðrétt upp í sín einkaleyfalög. Umsókn samkvæmt sáttmálanum er lögð inn annaðhvort hjá Einkaleyfaskrifstofu Evrópu eða hjá einkaleyfayfirvöldum einstakra aðildarríkja sem síðan framsenda umsóknina til Einkaleyfastofnunar Evrópu. Eftir að formsatriði hafa verið athuguð fer nýnæmisrannsókn fram. Birting umsóknar fer fram innan 18 mánaða frá innlagningar- eða forgangsréttardegi. Nýnæmisskýrslan er birt samtímis ef hún liggur fyrir, annars seinna. Frekari rannsókn umsóknar fer ekki fram nema að beiðni umsækjanda og gegn greiðslu rannsóknargjalds. Frestur til að bera upp slíka beiðni er sex mánuðir frá birtingu

nýnæmisrannsóknar. Komi slík beiðni fram er umsóknin rannsökuð með tilliti til einkaleyfishæfis. Á grundvelli þeirrar rannsóknar er ákveðið að hafna eða veita einkaleyfi. Ákvörðun um að veita einkaleyfi er birt í opinberu tímariti skrifstofunnar. Eftir birtingu hefur hver sem er rétt til að bera upp andmæli við veitingu einkaleyfisins. Ástæður til andmæla eru tæmandi taldar í sáttmálanum, en þær eru: Í fyrsta lagi, að uppfinningin uppfylli ekki skilyrði sáttmálans um einkaleyfishæfi, í öðru lagi, að andlag verndar skv. veittu einkaleyfi sé víðara en skv. kröfum í umsókn, og í þriðja lagi, að uppfinningunni sé ekki nægjanlega lýst. Eftir að einkaleyfi hefur verið veitt og það ekki ógilt vegna framkominna andmæla hefur það sama gildi í hverju því aðildarríki sem veitingin nær til og önnur einkaleyfi veitt í sama ríki. Þó eru nokkrar undantekningar frá því. Í fyrsta lagi verður tímalengd verndar að vera 20 ár frá innlagningu umsóknar hvort sem viðkomandi aðildarríki veitir vernd í svo langan tíma eða ekki. Í öðru lagi vernda afurðaeinkaleyfi, sem veitt eru af Einkaleyfastofnun Evrópu, líka þær afurðir sem af aðferðinni leiðir. Í þriðja lagi eru ógildingarástæður Evrópueinkaleyfa tæmandi taldar í sáttmálanum. Ógildingarástæðurnar eru hinar sömu og vegna andmæla, auk þess sem ógilda má einkaleyfi ef það hefur verið veitt til rangs aðila eða ef umfang verndar hefur verið víkkað frá útgáfu einkaleyfisins.

Einkaleyfastofnun Evrópu er alþjóðleg leitarstöð fyrir alþjóðlegar umsóknir samkvæmt samstarfssáttmálanum. Öll aðildarlönd Evrópusáttmálans og Norðurlöndin geta tilgreint hana sem leitarstöð. Heimilt að fella niður nýnæmisrannsókn ef alþjóðaskýrsla um nýnæmisrannsókn fylgir umsókn til Einkaleyfastofnunar Evrópu. Er það m.a. gert ef alþjóðaskýrslan kemur frá sænsku einkaleyfaskrifstofunni. Getur það sparað umsækjanda töluverða fjárhæð.

2.5.3. Fljótlega eftir stofnun Efnahagsbandalagsins (EBE) 1957 var farið að ræða þörfina á samræmingu eignarréttinda á sviði iðnaðar innan EBE. Það var þó ekki fyrr en 1975 að Efnahagsbandalagssáttmálinn um einkaleyfi (Community Patent Convention) var undirritaður í Lúxemborg. Meginmarkmið sáttmálans er að koma á samræmdu einkaleyfi sem gildi fyrir öll EBE-löndin. Samstarfssáttmálinn (PCT) og Evrópusáttmálinn (EPC) stefna hins vegar aðeins að miðstýringu rannsóknar og/eða veitingar einkaleyfa til aðildarlanda sinna. Sterk tengsl eru á milli EBE-sáttmálans og Evrópusáttmálans þar sem ætlunin er að EBE-einkaleyfi verði í umsjá Einkaleyfastofnunar Evrópu frá móttöku umsóknar þar til einkaleyfið fellur úr gildi. Upphaflega var ætlunin að þessir tveir sáttmálar tækju gildi samtímis. Sú varð hins vegar ekki raunin og EBE-sáttmálinn er ekki enn genginn í gildi. Forsenda gildistöku var fullgilding sáttmálans í öllum aðildarríkjum Efnahagsbandalagsins. Við undirritun sáttmálans voru þau níu. Af þeim hafa Danmörk og Írland ekki enn fullgilt sáttmálann. Síðan hafa þrjú ríki bæst í hóp EBE-landa og það einfaldar ekki gildistöku hans. Sá frestur, sem var settur til gildistöku EBE-sáttmálans, rann út 1985. Þá var haldin ráðstefna til að framlengja þann frest og til að endurskoða sáttmálann í því skyni einfalda gildistöku hans. Þar var ákveðið að nægilegt væri að aukinn meiri hluti EBE-landa fullgilti sáttmálann til þess að hann gæti tekið gildi. Þrátt fyrir þá breytingu hefur lokaskrefið ekki enn verið stigið. Önnur ráðstefna var haldin í Lúxemborg 1989 til að tryggja gildistöku sáttmálans fyrir 1992 þegar endanleg samtenging verslunar- og viðskiptamarkaða EBE-landanna á að ganga í gildi.

EBE-einkaleyfum er ætlað að gilda samhliða venjulegum einkaleyfum einstakra EBE-landa og sáttmálinn hefur ekki nein áhrif á rétt aðildarríkja til að veita einkaleyfi. EBE-einkaleyfi verður einungis veitt af Einkaleyfastofnun Evrópu. Uppfinning, sem er grundvöllur umsóknar um EBE-einkaleyfi, þarf að uppfylla sömu kröfur um einkaleyfishæfi og aðrar uppfinningar sem Einkaleyfastofnun Evrópu fjallar um. Sáttmálinn kveður á um að tilgreining eins EBE-lands í Evrópuumsókn jafngildi tilgreiningu allra EBE-landanna. Þetta ákvæði var mjög umdeilt og því var sett bráðabirgðaákvæði þess efnis að fyrrgreinda ákvæðið gilti ekki fyrr en með samhljóða ákvörðun EBE-ráðsins. Sáttmálinn inniheldur nákvæm ákvæði

um gildi og umfang verndar EBE-einkaleyfa. Hafa þau ákvæði að mestu verið tekin upp í einkaleyfalög aðildarríkja EBE svo og annarra Evrópuríkja, þar á meðal í samræmdu norrænu einkaleyfalögin.

Ein mikilvægasta regla EBE-sáttmálans um inntak einkaréttarins er neysluregla (exhaustion of rights). Gangi sáttmálinn í gildi gildir reglan fyrir öll EBE-löndin. Samkvæmt neyslureglunni er aðeins frumhagnýting einkaleyfishafa innan eins EBE-lands vernduð. Eftir að einkaleyfishafi hefur markaðssett verndaða vöru í einu aðildarríki EBE hefur hann afsalað sér frekari rétti til hennar skv. einkaleyfinu. Því getur hann t.d. ekki lengur hindrað inn- eða útflutning vörunnar frá einu EBE-landi til annars á grundvelli einkaleyfisins. Þessi neysluregla mundi gilda jafnt fyrir EBE-einkaleyfi og venjuleg einkaleyfi veitt af einkaleyfayfirvöldum einstakra aðildarríkja. Þrátt fyrir að sáttmálinn sé enn ekki genginn í gildi er þetta sú framkvæmd sem nú gildir innan EBE. Sú afstaða hefur þróast í meðförum EBE-dómstólsins að tilraunir einkaleyfishafa til að hindra inn- eða útflutning löglega framleiddra vara á milli aðildarríkja EBE í krafti einkaréttar skv. einkaleyfi séu ekki samræmanlegar ákvæðum Rómarsáttmálans um stofnun EBE um frjálsa vörutilfærslu á milli aðildarríkjanna. Hins vegar hefur dómstóllinn jafnframt skorið úr um það að þessi víðtæka neysluregla gildi aðeins á milli aðildarlanda EBE, en ekki milli EBE og ríkja sem það er í fríverslunarbandalagi við, t.d. allra EFTA-landanna.

3.0. Norrænn réttur.

Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð hafa lengi haft mjög nána samvinnu um einkaleyfalöggjöf. Einkaleyfalög þeirra eru nú samhljóða í öllum meginatriðum, jafnframt því sem náið samstarf er milli ríkjanna varðandi framkvæmd laganna.

Norðurlandaþjóðirnar hafa löngum verið undir sterkum réttaráhrifum frá Þýskalandi. Fyrsta löggjöf Þjóðverja um einkaleyfi var sett 1877. Sú löggjöf, auk tilkomu Parísarsáttmálans um alþjóðlega vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar árið 1883, hafði þau áhrif að ný einkaleyfalög voru sett í Svíþjóð 1884, Noregi 1885, Danmörku 1894 og Finnlandi 1898. Þau lög voru byggð á rannsóknaraðferðinni. Núgildandi lög okkar eru að mestu sniðin eftir þessum lögum frændþjóða okkar.

Hugmyndin um samnorrænt einkaleyfi skaut fyrst upp kollinum 1881 á norrænu lögfræðingamóti í Kaupmannahöfn. Henni var haldið lifandi um árabil, en það var þó ekki fyrr en mörgum áratugum seinna, þ.e. eftir seinni heimsstyrjöldina, að hafist var handa af alvöru um að reyna að koma henni í framkvæmd. Komið var á fót nefnd um málið 1949 með fulltrúum frá Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Nefndin skilaði áliti 1952 og á grundvelli þess lagði Norðurlandaráð til árið 1954 við ríkisstjórnir þessara landa, auk Íslands, að stefnt yrði hið fyrsta að því að koma á fót norrænu einkaleyfi. Finnar gerðust aðilar að þessu samstarfi sama ár, en Ísland tók ekki þátt í því. Samstarfið leiddi til frumvarpsdraga 1962–63 sem sett voru fram í mjög ítarlegri skýrslu: „*Nordisk patentlovgivning*" NU 1963:6. Drögin urðu grundvöllur að samræmdum einkaleyfalögum í þessum fjórum löndum sem sett voru í desember 1967 og tóku gildi 1. janúar 1968.

3.1. Norrænu einkaleyfalögin frá 1967.

Einn megintilgangur þessara laga var að leggja grundvöll að samstarfi um veitingu einkaleyfa. Þriðji kafli laganna fjallaði um samnorrænar umsóknir. Á grundvelli umsóknar um einkaleyfi í einu landanna var hægt að veita einkaleyfi í öllum fjórum löndunum. Einkaleyfi veitt á grundvelli samnorrænnar umsóknar var þó í engu frábrugðið venjulegum einkaleyfum og laut sömu reglum um gildi og vernd. Markmiðið með þessu samnorræna umsóknakerfi var að létta vinnuálag einkaleyfayfirvalda og jafnframt minnka umstang

umsækjenda sem höfðu áhuga á að fá einkaleyfi fyrir sömu uppfinningunni í fleiri en einu af þessum löndum. Lögin komu á svo að segja algjörri efnislegri réttareiningu um einkaleyfi í þessum löndum. Þau voru samhljóða, ef frá eru talin einstök ákvæði sem vörðuðu málarekstur og viðurlög. Við samningu laganna var efni Evrópuráðssáttmálans um samhæfingu einstakra efnisatriða einkaleyfalöggjafar frá 1963 hafður til hliðsjónar, sérstaklega varðandi einkaleyfishæfi uppfinninga.

Kaflinn um samnorrænar einkaleyfisumsóknir komst aldrei í framkvæmd. Lágu til þess tvær meginástæður. Í fyrsta lagi komu fram sterk mótmæli af hálfu iðnrekenda í Danmörku og Noregi. Þeir óttuðust að þessi breyting gæti leitt til óæskilegrar fjölgunar einkaleyfa sem hindraði athafnafrelsi iðnaðarins. Í öðru lagi var í sjónmáli að þróun á alþjóðavettvangi leiddi til svipaðs kerfis með víðtækari aðild og vildu norrænu þjóðirnar fylgjast með þeirri þróun. Þær höfðu verið virkir þátttakendur í undirbúningi að samstarfssáttmálanum um einkaleyfi (Patent Cooperation Treaty) og Evrópusáttmálanum um einkaleyfi (European Patent Convention). Hinn fyrrnefndi var undirritaður í Washington 1970 og hinn síðarnefndi í München 1973. Fljótlega var farið að huga að aðild þeirra að þeim og af því tilefni var þörf lagabreytinga. Jafnframt gekk Danmörk í Efnahagsbandalagið 1973 og þurfti því að breyta einkaleyfalögum sínum til samræmis við fyrirhugaðan sáttmála Efnahagsbandalagsins um einkaleyfi (Community Patent Convention). Ákveðið var að halda fast við þá réttareiningu sem fyrir var varðandi einkaleyfi, þrátt fyrir mismunandi skuldbindingar á alþjóðavettvangi. Samræmdar lagabreytingar voru því lögfestar 1978 í þessum fjórum löndum. Lögunum frá 1978 var lítillega breytt á árunum 1983–1985. Var það annars vegar vegna breytingar á gjaldtöku vegna umsókna og hins vegar til samræmis við Búdapestsáttmálann frá 1977 um alþjóðaviðurkenningu á geymslu örvera vegna umsóknar um einkaleyfi.

3.2. Núgildandi samnorræn lög um einkaleyfi.

Þrátt fyrir nýjan lagatexta og ýmsar efnisbreytingar með lögunum frá 1978 var uppbyggingu og fyrirkomulagi laganna frá 1967 að mestu haldið. Kaflinn um samnorrænar umsóknir var felldur úr lögunum. Í staðinn kom kafli um alþjóðlegar umsóknir samkvæmt samstarfssáttmálanum. Þegar til kom fullgiltu Svíar einir Norðurlandaþjóðanna Evrópusáttmálann og því hafa sænsku lögin sérkafla um aðild og áhrif evrópskra einkaleyfaumsókna. Danmörk fullgilti hann síðan 1989. Að öðru leyti er uppbygging laganna hin sama hjá þessum fjórum þjóðum. Efnislega eru þau líka að mestu leyti samhljóða nema hvað varðar ákvæði um málarekstur og viðurlög. Frávikið stafar af mismunandi réttarfarsreglum þessara landa.

Lagabreytingarnar 1978 miðuðu að því að samræma norrænu lögin efnisákvæðum Evrópusáttmálans og samstarfssáttmálans auk fyrirhugaðs Efnahagsbandalagssáttmála. Ákvæði um efnislegan rétt eru að mestu leyti tekin orðrétt úr Evrópusáttmálanum til að koma í veg fyrir hugsanlegan möguleika á mismunandi túlkun samsvarandi ákvæða. Hins vegar er framkvæmd rannsóknar og veitingar einkaleyfa haldið í fyrra horfi. Þannig var ekki tekinn upp sá háttur að tvískipta rannsóknarferli umsókna í nýnæmisrannsókn annars vegar og rannsókn á einkaleyfishæfi uppfinninga hins vegar eins og gert er í Evrópusáttmálanum og samstarfssáttmálanum. Ekki var heldur tekinn upp sá háttur, sem Evrópusáttmálinn byggist á, að taka andmæli fyrst til greina eftir veitingu einkaleyfis. Form- og efnisrannsókn fer því fram í einu lagi, bæði að því er varðar nýnæmi og einkaleyfishæfi uppfinningar. Ef umsókn stenst þá rannsókn eða ef umsækjandi bætir úr göllum, þá er umsókn lögð fram og almenningi gefinn kostur á að andmæla í þrjá mánuði eftir framlagningu. Að þeim tíma liðnum fer fram endanleg rannsókn þar sem tekið er tillit til framkominna andmæla. Síðan er tekin ákvörðun um veitingu einkaleyfis. Fyrirliggjandi frumvarp um einkaleyfi byggist að meginstefnu á norrænu lögunum eins og þau eru í nú.

3.3. Norðurlönd og samstarfssáttmálinn (PCT).

Norrænu þjóðirnar fjórar hafa allar fullgilt samstarfssáttmálann um einkaleyfi. Ein meginástæða breytinganna á norrænu einkaleyfalögunum 1978 var fullgilding þessa sáttmála sem tók gildi um leið og lagabreytingarnar. Svíar og Finnar fullgiltu sáttmálann að öllu leyti, en Danir og Norðmenn settu fyrirvara varðandi alþjóðlega bráðabirgðarannsókn um einkaleyfishæfi. Ekki var því hægt að fá slíka rannsókn fyrir þau lönd. Ástæða þess var að forsvarsmenn iðnaðarins í Noregi og Danmörku óttuðust að bráðabirgðarannsóknin kæmi til með að hafa meiri áhrif en ætlað var, þ.e. að bráðabirgðaskýrslan fengi of mikið vægi við mat á einkaleyfishæfi alþjóðaumsókna. Reynslan hefur þó sýnt að þessi ótti var ástæðulaus og því afléttu Danir þessum fyrirvara á árinu 1988 og í Noregi stendur til að aflétta honum.

Ákvæði um alþjóðaumsóknir á grundvelli samstarfssáttmálans er að finna í þriðja kafla norrænu einkaleyfalaganna. Þar er í fyrsta lagi kveðið á um réttaráhrif alþjóðlegrar umsóknar sem tilgreinir eitthvert þessara landa. Í öðru lagi eru ákvæði um hvaða skilyrði slík umsókn þurfi að uppfylla til að hljóta samþykki í viðkomandi löndum. Að lokum eru ákvæði um hvernig umfjöllun og rannsókn slíkra umsókna skuli háttað. Þrátt fyrir að Danir og Norðmenn hafi í fyrstu sett fyrirvara um bráðabirgðarannsókn á einkaleyfishæfi uppfinninga í alþjóðaumsóknum var ákveðið að lögfesta reglur um áhrif slíkrar rannsóknar á sama hátt og í Finnlandi og Svíþjóð. Þetta var gert til þess að auðvelda gildistöku þessa hluta samstarfssáttmálans seinna meir.

Umsækjendur, bæði innlendir og erlendir, hafa nýtt sér möguleikann á alþjóðaumsóknum í síauknum mæli. Nú má rekja um 20% allra erlendra umsókna á Norðurlöndum til alþjóðaumsókna og á milli 10 og 15% innlendra norrænna umsókna eru alþjóðaumsóknir. Norrænu þjóðirnar láta vel af samstarfssáttmálanum og telja að hann komi umsækjendum að miklu gagni. Hann hefur í för með sér vinnusparnað og hagræði fyrir einkaleyfayfirvöld. Það hve sáttmálanum hefur verið vel tekið af notendum einkaleyfakerfisins á Norðurlöndum má m.a. rekja til þess að sænska einkaleyfastofnunin er viðurkennd sem rannsóknastofnun fyrir alþjóðlegar umsóknir. Þetta auðveldar alla framkvæmd varðandi norrænar alþjóðaumsóknir, sérstaklega með tilliti til tungumála.

Fylgiskjal III.

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ 17. okt. 1990.
EINKALEYFA- OG VÖRUMERKJASKRÁ

Skrá yfir þá sem fengið hafa frumvarp til einkaleyfalaga til umsagnar.

Alþýðusamband Íslands	Grensásvegi 16 a	108 Reykjavík
Arkitektafélag Íslands	Freyjugötu 41	101 Reykjavík
Bandalag háskólamanna	Lágmúla 7	108 Reykjavík
Bandalag starfsmanna ríkis og bæja	Grettisgötu 89	105 Reykjavík
Dómsmálaráðuneyti	Arnarhvoli	150 Reykjavík
Félag íslenskra hugvitsmanna	Pósthólf 8921	128 Reykjavík
Félag íslenskra iðnrekenda	Hallveigarstíg 1	101 Reykjavík
Félag ráðgjafarverkfræðinga	Engjateigi 9	105 Reykjavík
Félag umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa	Laugavegi 18	101 Reykjavík
Félagsmálaráðuneytið	Hafnarhúsinu v/Tryggvag.	101 Reykjavík
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	Arnarhvoli	150 Reykjavík
Fjármálaráðuneyti	Arnarhvoli	150 Reykjavík
Hagstofa Íslands	Skuggasundi 3	150 Reykjavík
Háskóli Íslands	v/Suðurgötu	101 Reykjavík
Heilbrigðisráðuneyti	Laugavegi 116	150 Reykjavík
Húsnæðisstofnun ríkisins	Suðurlandsbraut 24	108 Reykjavík
Iðnfræðsluráð	Sölvhólsgötu 4	150 Reykjavík
Iðntæknistofnun Íslands	Keldnaholti	112 Reykjavík
Landssamband fiskeldis- og hafbeitarstöðva	Sigtúni 3	105 Reykjavík
Landssamband íslenskra útvegsmanna	Hafnarhúsinu v/Tryggvag.	101 Reykjavík
Landssamband iðnaðarmanna	Hallveigarstíg 1	101 Reykjavík
Landsvirkjun	Háaleitisbraut 68	103 Reykjavík
Lyfjaeftirlit ríkisins	Eiðistorgi 15	107 Reykjavík
Meistara- og verktakasamband byggingarmanna	Skipholti 70	105 Reykjavík
Neytendasamtökin	Skúlagötu 26	101 Reykjavík
Rannsóknaráð ríkisins	Laugavegi 13	101 Reykjavík
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	Keldnaholti	112 Reykjavík
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	Skúlagötu 4	101 Reykjavík
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	Keldnaholti	112 Reykjavík
Reykjavíkurborg	Austurstræti 16	101 Reykjavík
Samtök fiskvinnslustöðva	Austurstræti 18	101 Reykjavík
Samtök tæknimanna sveitarfélaganna	Hlégarði	270 Mosfellsbær
Ríkismat sjávarafurða	Nóatúni 17	105 Reykjavík
Siglingamálastofnun	Hringbraut 121	107 Reykjavík
SVESI Samtök áhugamanna um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar	Höfðabakka 9	112 Reykjavík
Tæknifræðingafélag Íslands	Lágmúla 7	108 Reykjavík
Tækniskóli Íslands	Höfðabakka 9	112 Reykjavík
Umhverfisráðuneyti	Sölvhóll	150 Reykjavík
Utanríkisráðuneyti	Hverfisgötu 115	150 Reykjavík
Verkfræðingafélag Íslands	Engjateigi 9	105 Reykjavík
Verktakasamband Íslands	Hallveigarstíg 1	101 Reykjavík
Verslunarráð Íslands Húsi Verslunarinnar	Kringlunni 7	103 Reykjavík
Vinnueftirlit ríkisins	Bíldshöfða 16	112 Reykjavík
Vinnuveitendasamband Íslands	Garðastræti 41	101 Reykjavík
Viðskiptaráðuneyti	Arnarhvoli	150 Reykjavík
Utanríkisráðuneyti	Hverfisgötu 115	150 Reykjavík
Útflutningsráð Íslands	Lágmúla 5	108 Reykjavík

Fylgiskjal IV, 1.

Umsögn Landssambands iðnaðarmanna um frumvarp til laga um einkaleyfi.

Send iðnaðarráðuneytinu 28. júní 1990.

Landssamband iðnaðarmanna hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um einkaleyfi sem lagt var fram til kynningar á lokadögum þings sl. vor.

Að mati Landssambands iðnaðarmanna er fyrir löngu orðið tímabært að núgildandi lög um einkaleyfi verði leyst af hólmi. Samtökin hafa bent á þetta opinberlega og má í því sambandi benda á ályktun sem samþykkt var á 42. iðnþingi Íslendinga sem haldið var árið 1987 þar sem hvatt var til þess að sem fyrst yrðu sett ný lög um einkaleyfi.

Á heildina litið er frumvarpið stórt spor í framfaraátt, enda er hér í raun verið að færa löggjöfina til samræmis við það sem hún er á þessu sviði annars staðar á Norðurlöndum. Í frumvarpinu er tekið á þeim málum sem á hefur vantað til að núgildandi lög væru í samræmi við nútímakröfur. Má þar nefna að kveðið er skýrar á um umfang og mörk einkaleyfisréttar, en á það skortir mjög í núgildandi lögum. Þá er fjallað nánar um það hvenær uppfinning geti talist einkaleyfishæf, þannig að auðveldara ætti að vera fyrir menn að meta hvaða möguleika þeir hafa í þeim efnum, áður en lagt er út í kostnað við að sannreyna það. Þá hefur sú mikilvæga breyting verið gerð að einkaleyfi getur haldið gildi sínu í 20 ár frá innlagningardegi umsóknar, í stað þess að gilda í 15 ár frá útgáfudegi eins og er í núgildandi lögum. Í flestum tilfellum ætti þessi breyting að leiða til lengri gildistíma einkaleyfa.

Landssamband iðnaðarmanna vill hins vegar í þessu sambandi benda á, að sú aðstaða, sem íslenskum uppfinningamönnum hefur verið sköpuð, er ekki upp á marga fiska. Þeir hafa í mjög takmörkuðum mæli átt kost á að fá aðstoð hins opinbera við að þróa og fullmóta uppfinningar sínar. Þetta aðstöðuleysi hefur einnig leitt til þess að þær uppfinningar, sem íslenskir aðilar gera, eru sjaldnast mjög stórbrotnar, miklu fremur viðbót eða útfærsla á vélum eða tækjum sem þegar eru í notkun. Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu eru þær einkaleyfisumsóknir sem leiða til einkaleyfis mun færri hér en annars staðar á Norðurlöndum. Er munurinn þarna mjög mikill. Þessar staðreyndir segja allt sem segja þarf um þá aðstöðu sem íslenskum uppfinningamönnum er sköpuð, og verður að ætla að stjórnvöldum sé því ljós nauðsyn þess að úr verði bætt hið allra fyrsta. Það er til lítils að samþykkja ný lög um einkaleyfi, ef þeir sem lögin eru einkum sett til hagsbóta fyrir búa við þær aðstæður sem lögin fá í engu umbreytt.

Þrátt fyrir þessa síðustu ábendingu styður Landssamband iðnaðarmanna frumvarpið sem slíkt og hvetur til þess að það verði samþykkt.

Fylgiskjal IV, 2.

Umsögn Félags umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa um frumvarp til laga um einkaleyfi.

Send iðnaðarráðuneytinu 14. ágúst 1990.

Félag umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa hefur fengið til athugunar og umsagnar frumvarp til laga um einkaleyfi. Út af því vill félagið taka fram eftirgreint:

1.0 Félagið fagnar því að frumvarp þetta skuli nú loks tilbúið til framlagningar á Alþingi. Hefur félagið reyndar fylgst vel með undirbúningi þessa máls og einstakir félagsmenn lagt þar hönd á plóginn. Er það eindregin von félagsins að frumvarp þetta nái fram að ganga sem allra fyrst.

Jafnframt notar félagið tækifærið til að minna á mál sem ekki er síður brýnt, en það er framlagning frumvarps til laga um mynsturvernd sem fyrir liggur að stofni til frá árinu 1975, en endurskoðað var árið 1986. Svo sem margsinnis hefur komið fram, þá telur félagið af ýmsum ástæðum þá lagasetningu jafnvel enn meira framfaramál en nýja lagasetningu um einkaleyfi.

2.0 Félagið gerir ekki athugasemdir við efnisákvæði frumvarpsins sem hafa að geyma sambærilegan efnisrétt og nú gildir á Norðurlöndum.

3.0 Um XI. kafla, gildistökuákvæði, vildi félagið hreyfa eftirgreindum athugasemdum:

3.1 Sú ákvörðun, að greiða skuli árgjöld af umsóknum, sem lagðar hafa verið inn fyrir gildistöku laganna, sbr. 2. mgr. 81. gr. frumvarpsins, mun ein sér tryggja, að umsækjendur viðhaldi ekki áfram umsóknum sem þeir hafa ekki trú á að leiði til einkaleyfis. Því munu þær eldri umsóknir, sem ekki hefur verið fylgt eftir af alvöru, fljótlega falla úr gildi. Tilkynna verður þó umsækjendum með nokkrum fyrirvara um þessa fjárhagslegu íþyngingu.

3.2 Í ljósi þessa er félagið mótfallið orðalagi 1. tölul. 78. gr. frumvarpsins, þar sem gert er ráð fyrir að um meðferð umsóknar, sem auglýst hefur verið í samræmi við gildandi lög, fari eftir ákvæðum þeirra laga, en aðrar umsóknir fari eftir nýrri lögum. **Er það eindregin skoðun félagsins að miklum mun eðlilegra sé að miða hér við hvort umsókn hefur verið innlögð í tíð eldri eða yngri laga.**

Milli þessara tímamarka, þ.e. umsóknardags annars vegar og auglýsingardags hins vegar, liggja tiltölulega fáar umsóknir og nánast tilviljun ræður hvort þær umsóknir falla undir meðferð eldri eða yngri laga. Áður en umsækjandi leggur inn umsókn um einkaleyfi verður hann að vita hvaða meðferð umsóknin muni sæta og hvað hún muni nokkurn veginn kosta. Á hinn bóginn munu umsækjendur ekki vita að hverju þeir ganga, ef þeir leggja inn umsókn nokkru fyrir gildistöku nýrra laga og þessu ákvæði yrði ekki breytt í þá átt sem félagið leggur til. Yrði þá að vara umsækjendur við, þannig að þeir gætu sætt gildandi lögum eða hugsanlega nýjum lögum og þeir gætu því væntanlega lent í ótilteknum kostnaði, verði frumvarpið að lögum og ekki yrði búið að auglýsa umsókn á ótilgreindu tímamarki o.s.frv. Um eldri óauglýstar umsóknir er það að segja að hafa verður í huga þau áhrif á þessar umsóknir sem um getur í a-lið hér að framan, svo og grandleysi umsækjenda varðandi meðferð umsóknar, þýðingarkostnað o.s.frv., sem kæmi þeim í opna skjöldu.

Félagið leggur því til að byrjað verði með hreint borð í þessu tilliti og að hreinar línur gildi um það, að hverju umsækjendur gangi er þeir leggi inn umsókn, svo og að ekki verði með stórfelldum hætti komið aftan að eldri umsækjendum sem eiga óauglýstar umsóknir. Annað leiddi til óþarfa óvissu, sem hæglega gæti skapað misskilning og leiðindi, án þess að nokkuð

ynnist að öðru leyti. Svo sem áður gat ætti umsóknarárgjald að tryggja að ekki sé verið að viðhalda óþörfum og úreltum eldri umsóknum.

3.3 Ákvæði 1. mgr. 81. gr. frumvarpsins er nokkuð íþyngjandi fyrir einkaleyfishafa samkvæmt eldri lögum. Yrði að tilkynna þeim þessa breytingu með nokkrum fyrirvara.

3.4 Félagið telur eðlilegt að frumvarpið hafi að geyma ákvæði um að III. kafli frumvarpsins taki gildi með auglýsingu iðnaðarráðuneytisins þar um. Annars yrði gildistaka þessa kafla óljós.

3.5 Þá telur félagið að heppilegt hefði verið, að frumvarpið hefði að geyma ákvæði þar sem ríkisstjórninni væri heimilað að staðfesta einkaleyfasamstarfssamninginn (Patent Cooperation Treaty) sem undirritaður var í Washington 19. júní 1070 svo ekki þurfi síðar að leggja fram sérstakt frumvarp þess efnis.

3.6 Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ekki verði hægt að fá einkaleyfi fyrir læknislyfjum fyrr en að fimm árum liðnum frá gildistöku laga þessara. Í umfjöllun um 75. gr. er þess getið að sambærileg bráðabirgðaákvæði hafi verið í gildi hjá frændþjóðum okkar sem eru nú ýmist fallin úr gildi eða muni gera það á næstu árum. Enn fremur er þess getið að rétt sé að veita íslenskum lyfjaiðnaði vissan tíma til aðlögunar breyttum aðstæðum.

Félag umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa vill leggja ríka áherslu á það að það er grundvöllur einkaleyfisréttarins að þeir aðilar, sem fundið hafa upp nýjungar þ.m.t. efni og efnasambönd, svo sem læknislyf njóti afraksturs nýsköpunar sinnar í formi tímabundins einkaréttar gegn því að þeir greiði kostnað af rekstri einkaleyfakerfisins, birti nýjung sína opinberlega í formi einkaleyfisumsóknar og játist undir þau ákvæði að uppfinningin verði öllum aðgengileg að liðnum einkaleyfistímanum. Ákvæði þau, sem eru í 1. gr. núgildandi laga og sem finna má í gildistökuákvæðum frumvarpsins um frestun á veitingu einkaleyfa fyrir læknislyf um fimm ár, eru í andstöðu við þessa grundvallarreglu einkaleyfaréttarins. Engar skýringar eru gefnar á hvers vegna rétt sé að veita íslenskum lyfjafyrirtækjum fimm ára aðlögunartíma eða hvers vegna menn hafi komist að þeirri niðurstöðu að fimm ára aðlögunartími sé eðlilegur. Félagið vill benda á að þróun læknislyfja kostar í mörgum tilfellum hundruð milljóna eða jafnvel milljarða og er því ljóst að það er mikilvægt fyrir þann, sem hefur lagt svo mikla fjármuni í nýsköpun að hann fái að njóta eðlilegrar og sanngjarnrar umbunar fyrir framlag sitt. Jafn óeðlilegt er að sá sem ekki hefur lagt neina fjármuni í annað en að útbúa eftirlíkingar fái að hirða ávöxt starfs frumherjanna.

Rétt er enn fremur að benda á að þróun lyfja tekur ár ef ekki áratugi. Frá því að lyf eða lyfjaefni er fundið upp líða ár og jafnvel áratugur þar til lyfið er komið á almennan markað. Lyfjaframleiðendur sækja venjulega um einkaleyfi fyrir lyfjaefnum tiltölulega fljótlega eftir að lyfið hefur verið fundið upp. Lyfið kemur hins vegar ekki á markað fyrr en mörgum árum síðar. Þetta hefur m.a. það í för með sér að þó svo að við gildistöku frumvarpsins yrði heimilað að veita einkaleyfi fyrir læknislyfjum hefði það fyrst að fimm til tíu árum liðnum áhrif á möguleika íslenskra lyfjafyrirtækja á að koma á markað lyfjum sem aðrir hafa fundið upp. Þau lyf og efni, sem fundin hafa verið upp á síðustu árum og sótt hefur verið um einkaleyfi fyrir erlendis, yrðu þrátt fyrir allt til afnota fyrir íslensk lyfjafyrirtæki.

4.0 Frumvarpið gerir ráð fyrir sjálfstæðri einkaleyfa- og vörumerkjaskrifstofu, sbr. 1. mgr. 7. gr. Æskileg væri ítarleg lögfesting á stöðu skrifstofunnar með sérstökum lögum. Alla vega verður að ganga út frá því að þeim ágreiningi, er varðar málsmeðferð og ekki verður skotið til áfrýjunarnefndar í einkaleyfamálum, sbr. 2. mgr. 7. gr., 25. og 67. gr. frumvarpsins, verði skotið til iðnaðarráðuneytis sem sjálfstæðs æðra stjórnvalds.

5.0 Félagið telur þó ástæðu til að gera athugasemdir við það hversu takmarkaðar skýringar eru við einstakar greinar frumvarpsins. Vegna stöðu einkaleyfisréttar á Íslandi er það skoðun félagsins að heppilegra væri að hafa skýringar mun ítarlegri, þar sem frumvarpið felur í sér

mjög umfangsmiklar breytingar og margar nýjungar. Má m.a. nefna að í 1. gr. frumvarpsins er engar skýringar að finna á hugtakinu uppfinning þó þar sé um að ræða grundvöll einkaleyfisréttarins. Ýmislegt annað mætti tína til, svo sem að ekki er að finna neina umfjöllun um á hvern hátt skuli framkvæma mat á nýnæmi og einkaleyfishæfni og hvernig skuli staðið að málsmeðferð einkaleyfisumsókna. Af augljósum ástæðum getur slíkt mat né heldur málsmeðferð ekki farið fram á sama hátt hér á landi og t.d. annars staðar á Norðurlöndum.

5.1 Í III. kafla frumvarpsins þykir félaginu vanta ítarlegri umfjöllun um PCT-kerfið — markmið þess, kosti og galla. Nánari skýringar vanti um fyrsta og annan hluta sáttmálans og muninn á aðild að hvorum hluta fyrir sig svo og kostnaðarumfjöllun, en ekkert kemur fram um raunverulegan kostnað hins opinbera og/eða kostnað umsækjenda vegna þátttöku í þessu nýja kerfi. Enn fremur þykir félaginu vanta almenna umfjöllun um áhrif þess kostnaðarauka sem telja verður að frumvarpið leiði af sér, þ.e. áætlanir um tekjuöflun og áhrif kostnaðarauka á fjölda einkaleyfisumsókna. Er það mat félagsins að hingað til hafi bæði innlendum og erlendum aðilum þótt all kostnaðarsamt að leggja inn umsóknir um einkaleyfi á Íslandi. Kostnaður hér er tiltölulega mjög hár miðað við stærð markaðarins. Aukin gjaldtaka af hálfu hins opinbera, svo og auknar kröfur svo sem vegna þýðinga, sem hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir umsækjendur, gætu hæglega haft þau áhrif að umsóknum mundi verulega fækka.

5.2 Í 71. gr. frumvarpsins verður ekki betur séð en að um rýmra orðalag sé að ræða en í sambærilegum greinum löggjafar annarra Norðurlanda. Engar haldbærar skýringar er að finna um túlkun þessarar greinar í frumvarpinu en auðveldlega má túlka hana sem svo að einkaleyfisskrifstofan geti tekið að sér upplýsingaþjónustu svo og alla aðra þjónustu varðandi vernd uppfinninga, þ.m.t. ráðgjöf um einkaleyfi, frágang umsókna o.s.frv. Óskar félagið þess vegna eftir að bætt verði nánari skýringum við grein þessa.

5.3 Félagið telur æskilegt að skipurit yfir meðferðarferil einkaleyfisumsókna, sem hannað var af Gunnari Erni Harðarsyni tæknifræðingi, sé látið fylgja athugasemdum við lagafrumvarpið, en það hefur mikið upplýsingagildi.

6.0 Þótt ekki sé að finna í frumvarpinu ákvæði um þýðingar úr erlendum málum, heldur muni þau ákvæði að finna í væntanlegri reglugerð, þá leggur félagið eindregið til, að umþóttunartími verði gefinn um þýðingar. Til að byrja með verði aðeins skylt að þýða útdrátt. Hér er um róttæka ráðstöfun að ræða sem margir telja umdeilanlega og sem hefur í för með sér mikinn kostnaðarauka.

Þar sem þýðingin mun fyrst og fremst gegna því hlutverki að gera Íslendingum kleift að kynna sér efni umsókna á eigin máli, er út frá því gengið, að þýðingar þurfi ekki að leggja fram fyrr en eftir að umsókn hefur verið samþykkt til framlagningar. Ástæða þess, að slíkt verklag er heppilegt, er einnig sú að efni umsókna berst umboðsmönnum venjulega örstuttu fyrir umsóknardag og í þann mund að forgangsréttur er að renna út og með þessu móti sparast þýðingar ef umsókn er hafnað fyrir þetta tímamark.

Stjórn félagsins er reiðubúin til að ræða framangreind atriði við starfsmenn Einkaleyfa- og vörumerkjaskrár þegar þess er óskað. Er það eindregin von félagsins að fallist verði á framangreind sjónarmið.

Fylgiskjal IV, 3.

Athugasemdir Lyfjaeftirlits ríkisins við frumvarp til laga um einkaleyfi.
Sendar iðnaðarráðuneytinu 14. ágúst 1990.

Lyfjaeftirlit ríkisins gerir ekki athugasemdir við ofannefnt frumvarp umfram eftirfarandi:

3. mgr. 2. gr. — Það er mat Lyfjaeftirlitsins að fella beri þessa málsgrein niður, þar sem hún er innskot á þessum stað og hefur af þeim ástæðum ruglandi áhrif við lestur greinarinnar. Hún hefur engu við að bæta umfram það sem fram kemur í 29. og 38. gr. Í báðum þeim greinum er vísað í 2. gr. og þar með komin samtenging á milli þessara þriggja greina.

5. mgr. 8. gr. — árgjöld af umsóknum: Lagt er til að umsækjendur um einkaleyfi greiði ákveðið gjald fyrir hvert það ár sem umsóknin er til meðferðar hjá einkaleyfa- og vörumerkjaskrifstofu, áfrýjunarnefnd og/eða dómstólum.

Það er mat Lyfjaeftirlitsins að forðast beri gjöld af þessu tagi, þar sem þeim fylgir að gefinn er augljós og aðgengilegur höggstaður til gagnrýni á umfjöllunaraðila og málsmeðferð hans á umsóknum.

Eðlilegra væri að greitt yrði eitt umsóknargjald einu sinni er miðast við ákveðinn meðhöndlunartíma, en gerðar kröfur um að umsóknirnar væru þannig frágengnar, að líklegt væri að fullnaðarmeðhöndlun geti að öllum jafnaði farið fram á umræddum meðhöndlunartíma.

6. mgr. 22. gr. — afhending örverusýna: Það er mat Lyfjaeftirlitsins að ekki sé af greininni nægilega ljóst, hverjum megi afhenda varðveitt örverusýni og hverjum ekki. Hvaða reglugerðir og/eða lög fjalla um það? Hver metur það og á hvaða grunni, hvort einstaklingur sé hæfur til að meðhöndla skaðlegar örverur án verulegrar áhættu. Hversu mikil er „veruleg" áhætta? Hver ber ábyrgð á skaða sem hlýst af örverum sem afhentar hafa verið af varðveittum örverusýnum vegna einkaleyfisveitinga?

Vegna ófyrirsjáanlegra afleiðinga af meðferð og/eða meðhöndlun örvera er afar nauðsynlegt að ekki leiki vafi á ofannefndum atriðum.

Fylgiskjal IV, 4.

Athugasemdir Félags íslenskra iðnrekenda við frumvarp til laga um einkaleyfi.
Sendar iðnaðarráðuneytinu 15. október 1990.

Við höfum engar almennar athugasemdir við frumvarpið, enda má segja að alþjóðalög séu hér á ferðinni. Hins vegar teljum við ríka ástæðu til að halda fast við ákvæði 75. gr. um frestun á gildistöku laganna hvað varðar einkaleyfi á læknislyfjum og jafnvel lengja þann frest, ef mögulegt er.

Ljóst er að aðlögunartími annars staðar á Norðurlöndum hefur verið 5–10 ár. Þetta hefur verið ákveðið, þrátt fyrir að í Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi sé öflugur lyfjaiðnaður sem hefur bolmagn til nýþróunar lyfja. Þessi iðnaður er vaxinn upp á löngum tíma og hefur náð að dafna í skjóli velvilja heilbrigðisyfirvalda í þessum löndum og að nokkru leyti í skjóli ófullkominnar einkaleyfalöggjafar á tiltölulega litlum mörkuðum. Íslenskur lyfjaiðnaður er

ung grein sem hefur verið að skjóta rótum á síðustu árum. Þrátt fyrir að iðnaðurinn hafi náð nokkurri fótfestu á markaðnum er það allt að því óhugsandi að hann geti stundað nýþróun lyfja, þar eð kostnaður, sem því er samfara, er afar hár.

Íslenskur lyfjaiðnaður getur því einungis framleitt svokölluð samheitalyf (generisk lyf), þ.e. lyf sem upphaflega hafa verið þróuð og markaðssett erlendis. Þróunarkostnaður á íslenskum samheitalyfjum er verulegur, jafnvel sambærilegur við nýþróun lyfja, ef tekið er mið af markaðsstærð. Lengi vel var tiltölulega lítil samkeppni á „generiska" markaðnum erlendis frá, en það hefur gjörbreyst — núna eru nokkur stór erlend fyrirtæki farin að flytja fjölda mjög ódýrra lyfja hingað til lands; oft er um undirboð að ræða.

Það sem íslenskir lyfjaframleiðendur hafa haft fram yfir þá erlendu er að þeir hafa getað verið fyrr á ferðinni með samheitalyfin, oft 5–7 árum áður en einkaleyfi erlendis fellur úr gildi. Þótt hægt hafi verið að fá einkaleyfi á aðferð til framleiðslu lyfjaefnis hafa fæst erlend lyfjafyrirtæki hirt um að sækja um einkaleyfi hér á landi. Ekki er ósennilegt að það breytist, þegar Ísland er orðið aðili að Parísarsáttmálanum. Þegar að því kemur, er hætt við að íslenskur lyfjaiðnaður muni eiga erfitt uppdráttar vegna samkeppni erlendis frá, hafi honum ekki fyrir þann tíma tekist að stækka markaðssvæði sitt, þ.e. hefja útflutning í verulegum mæli.

Í ljósi ofangreindra atriða telur Félag íslenskra iðnrekenda eðlilegt og mjög mikilvægt fyrir íslenskan lyfjaiðnað að hann fái sanngjarnan aðlögunartíma, líkt og hinar Norðurlandaþjóðirnar hafa haft, þar sem markaðsöflun fyrir lyf erlendis er afar tímafrek og kostnaðarsöm.

Fylgiskjal IV, 5

Umsögn Guðmundar G. Haraldssonar, raunvísindadeild Háskóla Íslands.
Send iðnaðarráðuneytinu 4. október 1990.

Ég hef eftir bestu getu reynt að setja mig inn í frumvarpið í heild, lesið það í gegn og ígrundað. Umsögnin er þó engan veginn tæmandi og miðast við þau atriði sem tengjast minni takmörkuðu reynslu á þessum vettvangi svo og mínu sérsviði innan efnafræðinnar og háskólans.

Ég vil byrja á því að fagna frumvarpinu og lýsa yfir mikilli ánægju minni með það. Loksins hillir undir lausn á því ófremdarástandi sem ríkt hefur í þessum efnum hér á landi. Núgildandi lög um einkaleyfi á Íslandi eru næstum 70 ára gömul og hefur þeim ekki verið breytt til samræmis við þá öru þróun og stórstígu framfarir sem átt hafa sér stað í einkaleyfisrétti á alþjóðavettvangi. Ástand mála var því orðið mjög alvarlegt í þessum efnum og afar fráhrindandi því þeir menn sem íhugað hafa að sækja um einkaleyfi hafa þurft að setja sig bæði inn í úrelt lög okkar svo og lög nágrannalandanna. Enn fremur ber að fagna fyrirhugaðri aðild Íslands að alþjóðasamningi um einkaleyfisumsóknir, PCT (Patent Cooperation Treaty), sem gerir mönnum afar auðvelt fyrir í umsóknum á alþjóðlegum einkaleyfum, auk þess að koma í veg fyrir tvíverknað í rannsóknum á einkaleyfishæfi umsókna og spara þar með veruleg útgjöld. Engu að síður má ljóst vera að við erum og höldum áfram að vera mjög háðir erlendum aðilum hvað snertir umsagnir og rannsóknir á nýnæmis- og einkaleyfishæfi umsókna.

Sérstakt fagnaðarefni fyrir okkur efnafræðinga eru þau ákvæði að til standi að opna möguleikana fyrir veitingu einkaleyfa á efnum og efnasamböndum, uppfinningum á sviði líftækni, lyfjum og næringarefnum. Hingað til hafa einkaleyfi á þessum vettvangi einskorðast við aðferðir og framleiðsluferli á afurðum, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að unnt verði að öðlast einkaleyfi á bæði afurðinni sem slíkri, hvort heldur hún er efnasamband, lyf eða næringarefni, svo og notkun hennar, þ.m.t. í læknisfræðilegum tilgangi. Ekki tel ég þó að nægilega vel komi fram í frumvarpinu hvað nákvæmlega felst í þessu.

Taka má sem dæmi mínar eigin rannsóknir og segjum sem svo að ég hefði undir höndum afurð með háu innihaldi omega-3 fjölómettaðra fitusýra. Ef ég síðan hefði áhuga á að afla einkaleyfis á afurðinni munu þrír kostir koma til álita:

1. Aðferðafræðin við smíði afurðarinnar.
2. Afurðin sjálf, þ.e. efnið og samsetning þess.
3. Notkun afurðarinnar, t.d. sem fæðuauki, næringarefni eða jafnvel lyf. Í því tilviki mætti höfða til fyrirbyggjandi áhrifa sem vörn gegn hjarta- og æðasjúkdómum.

Þykir mér vanta að gerð sé nákvæmari grein fyrir þessum atriðum í frumvarpinu.

Ekki er í frumvarpinu kveðið á um reglur um starfsmenn á opinberum stofnunum og rétt þeirra til eigin uppfinninga. Rétt er að benda á mikilvægi þess fyrir stofnanir, þ.m.t. háskólann, og starfsmenn þeirra að reglur verði settar varðandi þetta atriði. Á Norðurlöndum hafa verið sett lög um rétt starfsmanna til uppfinninga og mætti hafa hliðsjón af þeim. Má í því sambandi benda á álitsgerð prófessors Gauks Jörundarsonar frá 7. nóvember 1984, þar sem m.a. kemur fram sá skilningur og túlkun að háskólamenn og annað vísindastarfslið háskólans haldi fullum rétti til uppfinninga sinna svo fremi að um frjálsa rannsókna- og vísindaiðkun viðkomandi starfsmanns sé að ræða.

Að lokum má nefna gjaldtöku einkaleyfayfirvalda almennt. Um er að ræða talsvert flókið fyrirkomulag, fyrst umsóknargjald, þá framlagningargjald, rannsóknargjald og að lokum árgjald. Ég tel mjög brýnt að fyrirhugaðri einkaleyfisskrifstofu verði veitt strangt aðhald í gjaldtöku til að stemma stigu við því að umsækjendur séu beinlínis notaðir til að standa undir eða haldi uppi fyrirferðarmiklu kerfisbákni eins og svo oft vill brenna við. Að vísu kveður frumvarpið á um talsvert aðhald, en sýna verður fyllstu aðgát í þessum efnum.

Fylgiskjal V.

Kostnaðarumsögn um frumvarp til laga um einkaleyfi frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun til iðnaðarráðuneytis.
(13. ágúst 1990.)

Á fjárlögum er vörumerkja- og einkaleyfaskrifstofa iðnaðarráðuneytisins sérstakt viðfangsefni sem fellur undir fjárlagalið aðalskrifstofu ráðuneytisins og er hún þannig hluti af starfsemi Stjórnarráðsins. Iðnaðarráðuneytið hefur á síðustu árum ákvarðað gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki o.fl. með hliðsjón af því markmiði að gjöldin stæðu að verulegu eða helst öllu leyti undir þeim kostnaði sem hlýst af þjónustu vörumerkja- og einkaleyfaskrifstofunnar. Á árinu 1989 stóðu tekjur skrifstofunnar alfarið undir gjöldum og gert er ráð fyrir að svo verði einnig í ár.

Verði frumvarp þetta að lögum er ljóst að kostnaður við umsýslu einkaleyfa muni aukast nokkuð. Notendur einkaleyfakerfisins munu hins vegar bera þann kostnaðarauka með hærri gjöldum. Það er mat fjármálaráðuneytisins, sem og þeirra sem að frumvarpi þessu unnu, að frumvarp þetta hafi ekki í för með sér beinan kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

Ed. 138. Nefndarálit [73. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Guðrún J. Halldórsdóttir og Halldór Blöndal voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. nóvember 1990.

Eiður Guðnason, form., frsm. Jón Helgason. Salome Þorkelsdóttir.

Valgerður Sverrisdóttir. Skúli Alexandersson.

Sþ. 139. Tillaga til þingsályktunar [134. mál]

um framleiðslu vetnis.

Flm.: Kristín Einarsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún J. Halldórsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Snjólaug Guðmundsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja skipulagðar rannsóknir og undirbúning að framleiðslu vetnis til notkunar sem eldsneyti til innanlandsnota og til útflutnings. Jafnframt verði athugað hvaða breytingar þurfi að gera á bifreiða-, skipa- og flugvélaflota og öðrum vélakosti landsins til að notkun á vetni sem eldsneyti yrði möguleg, umfang þeirra breytinga og kostnaður við þær.

Greinargerð.

Mikilvægt er fyrir okkur Íslendinga að renna styrkari stoðum undir efnahags- og atvinnulíf þjóðarinnar. Miklar vonir eru bundnar við orkulindir landsins í því sambandi. Áætlað hefur verið að aðeins sé búið að virkja 10–15% af þeirri orku í fallvötnunum sem hagkvæmt er talið að virkja þegar tekið hefur verið tillit til umhverfissjónarmiða. Það er því eðlilegt að nýta þessa auðlind til hagsbóta fyrir alla landsmenn.

Æ meiri áhersla er nú lögð á það víða um heim að finna mengunarlaust eldsneyti. Mengun vegna olíubrennslu er mikil og af þeirri ástæðu talið nauðsynlegt að draga úr notkun hennar. Auk þess eru olíulindir jarðar taldar geta gengið til þurrðar eftir hálfa öld ef ekki dregur verulega úr notkun á olíu. Það er því mat sérfræðinga að tilbúið eldsneyti verði verulegur hluti þeirrar orku sem notuð verður í framtíðinni, jafnvel strax í byrjun næstu aldar.

Árið 1980 komu út skýrslur um framleiðslu eldsneytis á Íslandi og um vetni og vetnissambönd á vegum Orkustofnunar og skýrsla á vegum iðnaðarráðuneytisins með tillögu að rannsóknaráætlun varðandi hugsanlega framleiðslu eldsneytis hér á landi með hlið-

sjón af orkubúskap landsmanna. Ekki hefur því sem fram kemur í þessum skýrslum verið fylgt eftir sem skyldi af hálfu stjórnvalda, en nú er nauðsynlegt að gera átak í þessum efnum og byggja á þeim grunni sem er til staðar. Við verðum að fylgjast vel með á þessu sviði og vera þátttakendur.

Mörg efni hafa verið nefnd til sögunnar sem eldsneyti framtíðarinnar. Nú hallast flestir að því að fyrir valinu verði hreint vetni, en ekki efni sem innihalda kolefni vegna þess að þau munu halda áfram að auka koldíoxíðmagn andrúmsloftsins og þar með auka hættu á gróðurhúsaáhrifunum svonefndu. Vetni er framleitt með rafgreiningu á vatni. Nú er gert ráð fyrir að flytja það á milli landa sem hreint vetni, en ekki tengt öðrum mengandi efnasamböndum eins og talað var um fyrir nokkrum árum. Þegar vetni brennur myndast aðeins vatn. Erfitt er að gera sér í hugarlund að betri lausn finnist á þeim eldsneytisskorti sem blasir við í náinni framtíð.

Miklar rannsóknir hafa verið gerðar á undanförnum árum á möguleikum þess að nota vetni sem eldsneyti. Tækni til að framleiða, meðhöndla og nota vetni hefur fleygt svo fram á síðustu árum að nú er ekkert því til fyrirstöðu tæknilega að hefja notkun slíks eldsneytis í miklu magni. Hins vegar hefur vetni eða annað tilbúið eldsneyti ekki verið talið samkeppnisfært við olíu reiknað á þröngan efnahagslegan mælikvarða.

Árið 1986 ákváðu nokkrir háskólar í Evrópu ásamt þýskum fyrirtækjum að kanna möguleika á því að setja af stað rannsóknarverkefni þar sem gerð yrði tilraun með framleiðslu og notkun vetnis. Áætlað var að framleiða verulegt magn vetnis úr vatni með raforku, þar sem hún er framleidd án mengunar og flytja það með tankskipum til borgar í Þýskalandi. Hafa þessir aðilar samið um kaup á 100 megavöttum af raforku í Kanada til að framleiða vetni, flytja það til Hamborgar, nota í orkukerfum borgarinnar og til að knýja 900 strætisvagna. Einnig á að gera tilraun með vetnisflugvél og er miðað við að hún fari í loftið eigi síðar en árið 1996. Tilraunin á að geta gefið raunverulega mynd af möguleikum vetnis sem eldneytis eftir að tilraunatímabilinu lýkur, sem áætlað er sjö ár. Í útreikningum þeirra, sem standa að tilraunaverkefninu, er gert ráð fyrir að kaupa orkuna á 18 mill hverja kwst. til ársins 1995 en 36 mill eftir það (mill er einn þúsundasti úr bandarískum dal). Þetta er verulega hærra verð en það sem nefnt hefur verið í tengslum við raforkusölu til nýs álvers á Keilisnesi. Frekari tilraunir með vetnisframleiðslu eru fyrirsjáanlegar og gætu Íslendingar orðið þátttakendur í þeim tilraunum ef rétt er á málum haldið.

Hér á landi er vetnisframleiðsla vel þekktur iðnaður. Áburðarverksmiðjan í Gufunesi hefur framleitt vetni í nær 40 ár. Hér höfum við mikla möguleika á að framleiða raforku og íslenskir vísinda- og tæknimenn standa framarlega á þessu sviði. Við Háskóla Íslands hafa vísindamenn unnið að rannsóknum og könnun á aðferðum til að framleiða eldsneyti og flytja milli heimshluta. Þessar rannsóknir ber að styðja og gera íslenskum vísindamönnum kleift að hafa samvinnu við erlenda vísindamenn og taka þátt í rannsóknarverkefnum á þessu sviði. Mikilvægt er að við tökum virkan þátt í rannsóknum og undirbúningi að þessu mikilvægu máli. Það á ekkert að vera því til fyrirstöðu að á Íslandi verði framleitt vetni með íslenskri orku, hráefni og hugviti.

Með notkun vetnis í stað olíu er hægt að draga verulega úr mengun í heiminum. Hér er um að ræða stóriðju sem veldur engri mengun ef undan er skilið jarðrask af völdum byggingarframkvæmda og landnotkun vegna virkjana. Íslendingar flytja inn verulegt magn af olíu og bensíni eða um þriðjung af heildarorkunotkuninni sem er um 10 teravattstundir (ein teravattstund jafngildir þúsund milljónum kílóvattstunda). Talið hefur verið hag-

kvæmt að framleiða hérlendis um 20–25 teravattstundir af raforku með vatnsafli á ári og um 20 teravattstundir með jarðvarma og er því fyrirsjáanlegt að við getum ekki aðeins fullnægt innanlandsþörf heldur getum við einnig flutt út orku, t.d. í formi vetnis.

Kosturinn við að nota vetni í stað olíu er einnig sá að hægt er að nota það á vélar sem nú eru í notkun án þess að gera þurfi á þeim verulegar breytingar. Aðeins þarf að breyta eldsneytisgeymum og gera ytri breytingar á vélinni.

Einn af kostum vetnisframleiðslu er að vel getur hentað að byggja nokkrar fremur smáar verksmiðjur. Stórar einingar eru tiltölulega lítið hagkvæmari en litlar. Þetta þýðir að hægt væri að hafa verksmiðjur allvíða um landið, t.d. við hafnir, og gera þannig skipaflotanum auðvelt að ná í eldsneyti í sjálfa verksmiðjuna fremur en að flytja það langar leiðir með miklum tilkostnaði. Þetta mundi einnig veita fólki víða um land atvinnu.

Það er kominn tími til að leita nýrra leiða í atvinnu- og efnahagsmálum þjóðarinnar. Undanfarin ár hafa ráðamenn verið svo uppteknir af byggingu álvers að ekkert annað hefur komist að. Orkusölumennirnir hafa verið ótrúlega einsýnir og virðast ekki hafa komið auga á aðra kosti til að koma orku fallvatnanna í verð en að lokka hingað mengandi stóriðju. Íslendingar eiga að leggja áherslu á að koma hér upp iðnaði sem ekki er mengandi, nýtir íslenskt hráefni og hugvit og er í sátt við landið og það fólk sem það byggir.

Sþ. 140. Tillaga til þingsályktunar [135. mál]

um fræðslu í fjármálaumsýslu í skólum.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta semja námsgögn um almenna fjármálaumsýslu fyrir 10. bekk grunnskólans og framhaldsskólann og gera fræðslu um hana að skyldunámsgrein í efsta bekk grunnskólans og kjarnagrein í framhaldsskólanum.

Markmið fjármálafræðslunnar verði:

a. að taka til meðferðar sem flest er við kemur almennri fjármálaumsýslu, þar með talið gerð greiðslu- og kostnaðaráætlana, og setja efnið þannig fram að það verði öllum aðgengilegt og skýrt,
b. að gera ungt fólk betur meðvitað um fjármál og um leið fjárskuldbindingar, með því m.a.:
   1. að kynna nemendum meðferð greiðslukorta og notkun tékkhefta,
   2. að kynna nemendum almennar reglur um lántökur, svo sem víxla- og skuldabréfaviðskipti, vaxtamál og hvaða ábyrgð felst í því að gerast ábyrgðarmaður á skuldaviðurkenningum,
   3. að tengja þessi námsgögn réttindum og skyldum manna er þeir verða fjárráða.

Greinargerð.

Tilgangur þessarar þingsályktunartillögu er að stuðla að því að ungt fólk verði betur búið undir þá fjármálalegu umsýslu sem nútímaþjóðfélag krefst af hverjum einstaklingi. Hin síðari ár hefur mikið verið fjallað um greiðsluerfiðleika fólks og á 112. löggjafarþingi voru fluttar tillögur til þingsályktunar bæði um könnun á alvarlegum fjárhagsvanda

fólks og vænlegum aðgerðum til úrbóta og eins um aðstoð við gjaldþrota fólk og eignalaust.

Umfjöllun um greiðsluerfiðleika hefur oft tengst húsnæðisöflun og hefur Húsnæðisstofnun ríkisins m.a. veitt sérstök lán vegna greiðsluerfiðleika. Eins og fram hefur komið í skýrslum er vandi þeirra sem lenda í greiðsluerfiðleikum af ýmsum toga. Oft er hann vegna ytri aðstæðna, í öðrum tilvikum hefur verið um offjárfestingu að ræða sem rekja má til vanþekkingar á meðferð fjármála, kostnaðar- og greiðsluáætlanir hafa ekki verið gerðar eða ekki eftir þeim farið. Áður fyrr taldist það til undantekninga að fólk væri lýst gjaldþrota nema þegar um fyrirtækjarekstur var að ræða en á síðari árum hefur þetta breyst. Stöðugt fleiri einstaklingar hafa orðið gjaldþrota, m.a. vegna húsnæðiskaupa og jafnvel vegna neysluskulda. Þá hefur það aukist mjög að einstaklingar sem gerst hafa ábyrgðarmenn á skuldum vina og vandamanna hafa misst eigur sínar vegna þess að lántakandi hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar.

Það sem er alvarlegast í þessu efni er hve ungum þrotamönnum fjölgar ört. Samkvæmt upplýsingum borgarfógetaembættisins voru á tímabilinu 1. janúar til 31. ágúst á þessu ári tekin til gjaldþrotaskipta 588 bú, þar af voru bú félaga 145 en bú einstaklinga 443.

Aldursskipting þeirra er hér um ræðir er samkvæmt upplýsingum embættisins sem hér segir:

Þrotamenn fæddir 1969 og síðar	17
Þrotamenn fæddir 1966–1968	46
Þrotamenn fæddir 1961–1965	76
Þrotamenn fæddir 1951–1960	139
Þrotamenn fæddir 1950 og fyrr	165
Samtals	443

Það hlýtur að vera mikið umhugsunarefni að á ekki lengri tíma en átta mánuðum skuli 139 einstaklingar 29 ára og yngri vera lýstir gjaldþrota og þar af 63 yngri en 24 ára. Bara þessar tölur frá embætti borgarfógeta segja okkur að mikil þörf er á að auka fræðslu um almenna fjármálaumsýslu og það er skoðun flutningsmanns að sú fræðsla eigi að hefjast í efsta bekk grunnskólans og síðan eigi að fylgja henni eftir í framhaldsskóla.

Nd. 141. Frumvarp til laga [136. mál]

um breyting á lögum nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki.

Flm.: Þórhildur Þorleifsdóttir, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir,
Guðmundur G. Þórarinsson, Guðrún Helgadóttir,
Rannveig Guðmundsdóttir, Jóhann A. Jónsson.

1. gr.

Við 2. mgr. laganna bætist eftirfarandi málsliður: Jafnframt er heimilt að veita einstæðum foreldrum fjárhagsaðstoð til framhaldsnáms, óháð aldri þeirra og eðli námsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er nú flutt í annað sinn. Á síðasta þingi var flutt frumvarp sama efnis og flutningsmenn þess voru úr öllum þingflokkum nema einum. Það hlaut ekki afgreiðslu, en er nú endurflutt sökum þess að um er að ræða brýnt hagsmunamál einstæðra foreldra og barna þeirra.

Sú lagabreyting, sem hér er lögð til, gæti reynst drjúg til að jafna þann menntunarlega og þar af leiðandi efnahagslega mun sem greinir þann hóp, sem frumvarpið tekur til, þ.e. einstæða foreldra, frá öðrum.

Einstæðir foreldrar og fjölskyldur þeirra eru um 12% allra fjölskyldna í landinu. Þetta er svo stór hluti þjóðarinnar að ekki verður fram hjá horft þegar verið er að meta aðstæður fjölskyldna og hvar úrbóta sé helst þörf.

Einstæðir foreldrar eru auðvitað sundurleitur hópur með mismunandi aðstæður, rétt eins og gengur og gerist með aðra þjóðfélagsþegna. Þó er ýmislegt sem greinir þennan hóp frá öðrum og lýsir það sér helst í því að kjör hans og aðstæður ýmsar eru bágari en annarra fjölskyldna þegar á heildina er litið. Þetta kemur glögglega í ljós í niðurstöðum könnunar um kjör og félagslega stöðu einstæðra foreldra sem félagsvísindadeild Háskóla Íslands gerði fyrir félagsmálaráðuneytið og birtar voru í skýrslu frá því í maí 1984. Þó að nokkuð sé um liðið síðan könnun þessi var gerð er ekkert sem bendir til þess að þær breytingar hafi orðið sem raski niðurstöðum hennar.

Helstu niðurstöður könnunarinnar leiða í ljós að fjárhagsleg staða þessa hóps er verri en annarra, með afleiðingum sem ekki verða frekar tíundaðar hér. Nærtækasta skýringin er sú að þar sem aðeins er ein fyrirvinna í fjölskyldu liggi það í hlutarins eðli að afkoman sé verri en þar sem eru tvær fyrirvinnur eins og nú er hjá þorra fjölskyldna.

En við nánari athugun er sú skýring ekki einhlít. Skýringarinnar er fyrst og fremst að leita í því að fjárhagsleg staða kvenna er verri en karla. Meðaltekjur kvenna rétt losa 60% af meðaltekjum karla. Þar að auki kemur í ljós að yfir 70% einstæðra foreldra er ófaglært verkafólk eða stundar störf á sviði verslunar og þjónustu án sérmenntunar og er það hærra hlutfall en hjá konum í heild.

Samkvæmt manntalsskýrslu frá 1. des. 1989 eru einstæðir foreldrar í landinu u.þ.b. 7.500, þar af eru einungis rúmlega 500 einstæðir feður. Hinir, þ.e. 7.000, eru *einstæðar mæður*. Samtals eru rúmlega 10.000 börn á framfæri einstæðra foreldra, þar af u.þ.b. *9.700 börn á framfæri einstæðra mæðra*.

Í ljósi alls þessa þarf engan að undra niðurstöður könnunarinnar.

Þetta frumvarp tekur aðeins á einum þætti þessa vanda en það er sú staðreynd að einstæðir foreldrar (mæður) sem hópur hafa styttri skólagöngu að baki en sambærilegri aldurshópar kvenna. Eftirfarandi upplýsingar er að finna í skýrslunni á bls. 32:

„Samanburður á menntun svarenda í jafnréttiskönnun (JK) og könnun á högum einstæðra foreldra (EF) eftir aldurshópum:

	20-29 ára		30-39 ára		40-49 ára		50-59 ára			
	EF	JK	EF	JK	EF	JK	EF	JK	Samtals	
10 ár eða skemur	78%	51%	62%	59%	68%	72%	68%	78%	71%	64%
10–11 ár	19%	29%	24%	27%	27%	21%	32%	18%	22%	24%
14 ár eða lengur	3%	20%	14%	15%	5%	7%		3%	6%	12%

Eins og sjá má kemur mesti hlutfallsmunurinn fram í aldurshópunum 20–29 ára og 30–39 ára. Yngstu einstæðu foreldrarnir virðast hafa mun minni skólagöngu en sambærilegur hópur úti í þjóðfélaginu.“

Að sjálfsögðu er stutt skólaganga ekki alltaf afleiðing barneigna en eins og segir í skýrslunni á bls. 33:

„Barneignir hafa að sjálfsögðu í för með sér miklar breytingar á högum fólks og fátt er líklegra til að koma fyrir kattarnef námsáformum kvenna en barneign. Ef barnið er aðeins á vegum annars foreldrisins eru röskunaráhrifin þeim mun sterkari fyrir það foreldrið sem í hlut á.“

Enn fremur segir í skýrslunni á bls. 32:

„Engum blöðum er um það að fletta að því unga fólki, sem leggur út í lífið um þessar mundir án annarrar formlegrar menntunar en þess lágmarks sem fræðslulög kveða á um, eru settar sýnu þrengri skorður en hinum sem hafa aflað sér viðbótarréttinda eða jafnvel starfsréttinda. Fyrir þá sök eina stendur það þegar höllum fæti á vinnumarkaði sem margir telja að muni einkennast af harðnandi samkeppni í náinni framtíð. Það verður því að teljast sérstakt íhugunarefni þegar hér kemur í ljós að ungir einstæðir foreldrar, sem augljóslega standa höllum fæti á þessum vettvangi í krafti þeirrar stöðu sinnar einnar, virðast í óvenjuríkum mæli jafnframt fylla flokk hinna minnst menntuðu. Þetta unga fólk er að hefja lífsbaráttuna með léttari mal, en um leið þyngri byrði en flestir jafnaldrar þeirra.“

Aðspurðir svöruðu því margir til í könnuninni að þeir hefðu áhuga á frekari skólagöngu, en flestir sögðu að fjárhagsaðstæður leyfðu það ekki. Af svörunum mátti helst ráða að frekara nám einstæðra foreldra væri undir því komið hvort foreldrar þeirra gætu veitt þeim fjárhagsaðstoð. Það er óviðunandi að framtíð og möguleikar fólks til náms og starfa sé háð efnahag og skilningi foreldra. En það er fáum ætlandi að stunda nám jafnframt því að sjá fyrir barni og annast það upp á eigin spýtur.

Þegar þess er gætt hve margir ungir einstæðir foreldrar hafa skamma skólagöngu að baki virðist brýnast að gera þeim fjárhagslega kleift með lagabreytingu að ljúka almennu framhaldsskólanámi, t.d. í mennta-, fjölbrauta- eða verslunarskólum, en það nám er ekki lánshæft samkvæmt núgildandi úthlutunarreglum. Einnig er gert ráð fyrir með þessu frumvarpi að ýmiss konar styttra nám eða námskeið, sem tengjast þjálfun eða undirbúningi til ákveðinna starfa, verði lánshæf. Má nefna einkaritaraskóla, málanám, leiðsögumannanám og tölvunám. Oftast er nám af þessum toga nokkuð dýrt og getur reynst fjárvana fólki þungt í skauti. Allt slíkt nám er þó fjölsótt af konum og getur ráðið úrslitum um kjör þeirra.

Það er brýnt í nútímaþjóðfélagi að búa sig sem best undir lífsstarf og með síauknum menntunarkröfum verður skólaganga æ mikilvægari í þeim undirbúningi. Það er því engin ofrausn að koma til móts við einstæða foreldra í þessum efnum með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu og gera þeim betur fært að afla sér þeirrar menntunar sem þeir

æskja, þeim sjálfum og börnum þeirra til hagsbóta.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að vikið sé frá núgildandi úthlutunarreglum LÍN, bæði hvað varðar aldur lánþega og eðli náms, í því skyni að gera einstæðum foreldrum kleift að afla sér almennrar menntunar eða sérmenntunar til undirbúnings frekara námi eða starfi. Þarna er átt við nám sem að öllu jöfnu er ekki lánshæft nú. Til samræmis þarf að breyta 2. gr. reglugerðarinnar um námslán og námsstyrki þannig að við bætist:

A. Almennir framhaldsskólar, ef um einstæða foreldra er að ræða.

B. Starfsþjálfunarnám og/eða námskeið þar sem skólagjalda er krafist, ef um er að ræða einstæða foreldra.

Sérstaklega þarf í reglugerð að kveða á um lágmarks- og hámarksviðmiðun skólagjalda og endurgreiðsluákvæði vegna síðasttalda liðarins.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 142. Svar [21. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Inga Björns Albertssonar um aðbúnað fanga á Litla-Hrauni.

Á þskj. 21 er eftirfarandi spurningum beint til dómsmálaráðherra um aðbúnað fanga á Litla-Hrauni.

1. *Eru geðsjúkir menn vistaðir á Litla-Hrauni?*
2. *Eru brögð að því að refsitími fanga sé lengdur vegna agabrota, t.d. sem nemur dvalartíma í einangrun? Sé svo, hvaða reglur gilda um slíkt?*
3. *Hve stórir eru fangaklefar á Litla-Hrauni? Fullnægja þeir ákvæðum 110. gr. heilbrigðisreglugerðar, nr. 149/1990, sbr. VII. kafla hennar?*
4. *Hvernig er staðið að forvarnastarfi gagnvart fíkniefnaneyslu meðal fanga og hvernig er tekið á vandamálum fíkniefnaneytenda í fangelsinu?*
5. *Hvers vegna fá fangar á Litla-Hrauni ekki að nota knattspyrnuvöll þann sem þeir bjuggu til fyrir nokkrum árum?*

Svör:

1. Meðal þeirra sem dæmdir eru til fangelsisvistar og þar með taldir sakhæfir eru einstaklingar sem taldir eru eiga við geðræn vandamál að stríða eða eru haldnir formlegri geðveiki. Sumir þessara manna afplána dóma sína á Litla-Hrauni.

2. Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 26. gr. laga um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, er heimilt að úrskurða fanga í allt að 30 daga einangrun vegna brota á reglum fangelsis. Samkvæmt 1. málsl. 3. mgr. 26. gr. laganna telst sá tími, sem fangi er í einangrun vegna agabrota, ekki til refsitíma. Það er skylda stjórnvalda að fara að lögum og í samræmi við það er sá tími, sem fangi er í einangrun vegna agabrota, dreginn frá þeim refsitíma sem hann afplánar. Á Alþingi hefur nú verið lagt fram frumvarp þar sem lagt er til að felld

verði brott ákvæði um að sá tími, sem fangi er í einangrun vegna agabrota, dragist frá refsitíma.

3. Á Litla-Hrauni eru 55 fangaklefar. Stærð þeirra er sem hér segir:

1. 3 klefar eru 3,26 fermetrar.
2. 2 klefar eru 4,14 fermetrar.
3. 1 klefi er 4,44 fermetrar.
4. 2 klefar eru 4,47 fermetrar.
5. 1 klefi er 4,74 fermetrar.
6. 1 klefi er 4,78 fermetrar.
7. 1 klefi er 4,79 fermetrar.
8. 1 klefi er 4,86 fermetrar.
9. 1 klefi er 4,95 fermetrar.
10. 1 klefi er 4,99 fermetrar.
11. 3 klefar eru 5,15 fermetrar.
12. 2 klefar eru 5,27 fermetrar.
13. 3 klefar eru 6,08 fermetrar.
14. 2 klefar eru 6,14 fermetrar.
15. 5 klefar eru 7,28 fermetrar.
16. 7 klefar eru 7,37 fermetrar.
17. 5 klefar eru 7,55 fermetrar.
18. 4 klefar eru 7,57 fermetrar.
19. 6 klefar eru 9,55 fermetrar.
20. 4 klefar eru 9,66 fermetrar.

Í 110. gr. heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 segir að um fangaklefa gildi ákvæði VII. kafla reglugerðarinnar. Í þeim kafla er fjallað um íbúðarhúsnæði. Í 2. mgr. 58. gr. segir að herbergi, sem er minna en 7 fermetrar að gólfflatarmáli eða mjórra en 2,2 metrar, teljist ekki íbúðarherbergi. Á Litla-Hrauni eru 24 klefar minni en 7 fermetrar og 31 stærri. Af þessum 31 klefa, sem eru stærri en 7 fermetrar, eru 21 mjórri en 2,2 metrar. Þeir eru 2,14–2,16 metra breiðir.

4. Á Litla-Hrauni er haft eftirlit með því að fangar neyti ekki fíkniefna og með leit reynt að koma í veg fyrir að þau berist inn í eða séu í umferð í fangelsinu. Í fangelsinu er ekki sérstaklega tekið á vandamálum þeirra sem við fíkniefnavandamál eiga að stríða, en þar eru þó reglubundið haldnir AA-fundir.

5. Umræddur knattspyrnuvöllur er við aðalþjóðveginn til Eyrarbakka og af þeim sökum veigruðu margir fangar sér við því að iðka þar knattspyrnu. Auk þess er völlurinn á slæmum stað með tilliti til þess að hafa eftirlit með föngum er þeir iðka þar knattspyrnu.

Tekið skal fram að á öðrum stað á fangelsislóðinni er knattspyrnuvöllur er fangar nota og á þessu ári hafa umtalsverðir fjármunir verið veittir til að bæta aðstöðu utan húss á Litla-Hrauni til boltaíþrótta.

Nd. 143. Frumvarp til laga [137. mál]

um embætti umboðsmanns barna.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Árni Gunnarsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Hjörleifur Guttormsson, Jón Kristjánsson.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja réttindi barna í samfélaginu og að tillit sé tekið til hagsmuna þeirra við löggjöf og aðrar stjórnvaldsákvarðanir.

2. gr.

Setja skal á stofn embætti umboðsmanns barna. Alþingi kýs umboðsmann til fjögurra ára í senn. Umboðsmaðurinn skal hafa sérþekkingu á sviði uppeldismála og málefna er varða velferð barna.

3. gr.

Alþingi skipar sjö manna ráð til fjögurra ára í senn, sem vera skal umboðsmanni til ráðgjafar, eftir tilnefningu eftirtalinna aðila: Barnaverndarráðs Íslands, Fóstrufélags Íslands, Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa, Kennarasambands Íslands, Sálfræðingafélags Íslands, Félags þroskaþjálfa og Félags uppeldisfræðinga. Kostnaður af störfum ráðsins greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Umboðsmaður barna skal vinna að þeim málum er sérstaklega snerta hagsmuni barna og hafa frumkvæði að úrbótum þar sem hann telur að á rétt þeirra sé gengið. Jafnframt skal hann fylgjast með því að samþykktir og ákvarðanir stjórnvalda, er snerta hagsmuni barna, séu framkvæmdar á tilsettum tíma.

Meginverkefni umboðsmanns skulu vera:

1. að fylgjast með löggjöf og ákvörðunum sem stjórnvöld taka og snerta hagsmuni barna og vekja á því athygli sé þeirra ekki gætt,
2. að fylgjast með framkvæmd laga og reglna er varða hagsmuni og réttindi barna,
3. að hafa frumkvæði að úrbótum varðandi réttindi og aðstæður barna svo að þeim séu tryggð sem best og hollust uppvaxtarskilyrði,
4. að vekja athygli á þeim árekstrum sem kunna að eiga sér stað milli hagsmuna barna og hinna fullorðnu í samfélaginu og vinna að lausn þeirra í samráði við þá aðila sem með þau mál fara,
5. að vera opinberum aðilum og einstaklingum til ráðgjafar um allt það sem verða má til hagsbóta fyrir börn og hafa náið samstarf við alla þá aðila sem með málefni barna fara,
6. að vísa þeim aðilum sem til hans leita til réttra aðila sé erindið ekki í verkahring hans sjálfs,
7. að gangast fyrir rannsóknum á aðstæðum barna í samfélaginu og veita upplýsingar um stöðu þeirra, jafnt til einstaklinga sem opinberra aðila.

Umboðsmaður skal starfa að eigin frumkvæði, sem og eftir ábendingum frá öðrum. Hann skal sjálfur meta ástæðu til ábendingar í samráði við umboðsráðið.

5. gr.

Umboðsmaður barna skal eiga aðgang að öllum stofnunum sem annast málefni barna, jafnt opinberum stofnunum sem stofnunum í einkaeign.

Stjórnvöldum og stjórnendum stofnana, sem fara með málefni barna, ber skilyrðislaust að veita umboðsmanni barna upplýsingar um starfsemi sem lýtur að börnum án þess að þagnarskyldu sé krafist svo að hún hindri ekki að umboðsmaður fái sinnt skyldu sinni. Jafnframt ber umboðsmanni að veita upplýsingar um umboðsstarfið án þess að krefjast þagnarskyldu. Umboðsmaður skal þó gæta fyllsta trúnaðar um einkamál sem hann hlýtur aðgang að.

6. gr.

Umboðsmaður hefur rétt til að gera athugasemdir við hvaðeina sem brýtur í bága við hagsmuni barna í samfélaginu og tekur sá réttur til skipulagsmála, dagvistar- og kennslumála, umhverfismála, umferðarmála, heilbrigðismála, menningarmála og hverra þeirra málefna er varða uppvaxtarskilyrði barna.

Umboðsmaður ákveður sjálfur hvert hann beinir ábendingum sínum.

7. gr.

Alþingi setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga með reglugerð að fengnum tillögum umboðsráðsins. Að öðru leyti starfa umboðsmaður og ráðið sem sjálfstæður aðili. Gefin skal út skýrsla um starfsemina ár hvert sem lögð skal fyrir Alþingi.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1991.

G r e i n a r g e r ð.

Frumvarp þetta var fyrst flutt á 109. löggjafarþingi og voru flutningsmenn þá Guðrún Helgadóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín S. Kvaran og Hjörleifur Guttormsson. Það var endurflutt á 110. löggjafarþingi og voru flutningsmenn þá Guðrún Helgadóttir, Árni Gunnarsson og Hjörleifur Guttormsson. Frumvarpið varð ekki útrætt en hlaut ítarlega umfjöllun ýmissa þeirra aðila sem með málefni barna fara í þjóðfélaginu og voru flestir hlynntir því.

Frumvarp þetta er því flutt nú í þriðja sinn og er það allmikið breytt samkvæmt ábendingum sem síðar verður gerð grein fyrir.

Með frumvarpinu fylgdi upphaflega svohljóðandi greinargerð:

„Hugmyndin að stofnun embættis umboðsmanns barna er ekki ný. Árið 1978 fluttu þingmenn Alþýðuflokksins tillögu til þingsályktunar um umbætur í málefnum barna, og í greinargerð með henni var m.a. lagt til að slíkt embætti yrði stofnað. Árni Gunnarsson var fyrsti flutningsmaður tillögunnar, en hún varð ekki útrædd.

Árið 1985 var íbúatala hér á landi 241.500 manns samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Þar af voru börn á aldrinum 0–6 ára 30.200 eða 12,5% og börn á aldrinum 7–15 ára 37.300 eða 15,4% landsmanna. Samtals *voru því börn á aldrinum 0–15 ára 67.500 eða 27,9%*, þ.e. rúmur fjórðungur íbúa þessa lands.

Fáir deila um að við löggjöf þjóðarinnar skuli tillit tekið til þarfa allra þegna þjóðfélagsins svo að þeir megi allir þrífast sem best í landi okkar, ungir sem aldnir. Því síður deila menn um mikilvægi þess að vel sé í haginn búið fyrir þá sem eru að vaxa úr

grasi og eiga að erfa landið, eins og menn orða það á hátíðastundum. Ljóst má þó vera að börnin sjálf eru ekki á sama hátt í stakk búin til að fylgja eftir sjálfsögðum mannréttindum sínum í samfélaginu og hinir sem eldri eru og þroskaðri. Aðbúnaður allur og uppvaxtarskilyrði þeirra eru á ábyrgð okkar hinna fullorðnu. Það er því ekki úr vegi að löggjafarsamkoma þjóðarinnar hugi af alvöru að því hvernig henni hafi farist það úr hendi að tryggja börnum landsins þau skilyrði til vaxtar og þroska sem ýmis lög mæla fyrir um og talin eru hornsteinn framtíðarþjóðfélags. Flutningsmenn þessa frumvarps hafa leitast við að gera sér grein fyrir þeirri þróun sem nú á sér stað og því miður orðið alvarlega uggandi um þann jarðveg sem hinni vaxandi kynslóð er búinn. Því er þetta frumvarp flutt.

Íslenska þjóðin hefur tekið stærra stökk til gjörbreyttra þjóðfélagshátta á síðustu hálfri öld en nokkru sinni fyrr í sögu þjóðarinnar. Fullvaxta fólk sem lifði þá þjóðfélagsbyltingu, sem átti sér stað á árunum eftir síðari heimsstyrjöldina og staðið hefur síðan, hefur tíðum átt fullt í fangi með að fóta sig í þessari gjörbreyttu tilveru, og í því umróti verður því varla mótmælt að börn og aldrað fólk urðu þar verst úti, enda urðu þeir hópar að treysta málsvörum sem vart höfðu ráð á sinni eigin tilveru í nýju og gjörbreyttu samfélagi. Fjölskyldan, með heimahúsmóður sem hlynnti að börnum og hinum öldruðu, leið undir lok í þessu nýja þjóðfélagi þegar húsmæður voru kallaðar til launavinnu utan heimilisins, en samfélagið kom einungis að mjög litlu leyti til móts við nýjar og áður óþekktar þarfir hinna „óarðbæru“ hópa, barnanna og hinna öldruðu. Þar hafa stjórnvöld brugðist, og svo er enn. Er nær sama hvert litið er, á öllum sviðum eru lífskilyrði þessa *helmings þjóðarinnar sýnilega verri en annarra.* Verður hér á eftir reynt að gera nokkra grein fyrir ástandinu í málefnum barna eins og þau blasa við hverjum þeim sem horfast vill í augu við staðreyndir.

Í 2. gr. laga um grunnskóla frá 1974 segir svo:

„Hlutverk grunnskólans er, í samvinnu við heimilin, að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, sem er í sífelldri þróun. Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á mannlegum kjörum og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og skyldum einstaklingsins við samfélagið.

Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.

Grunnskólinn skal veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal því leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra.“

Þessi stefnumótun er hin ágætasta. En á þeim 12 árum sem liðin eru síðan lög um grunnskóla voru samþykkt hefur verið kreppt svo að grunnskólanum að við upplausn liggur. Laun kennara eru nú á þann veg að æ erfiðara gerist að manna skólana vel menntuðum og hæfum kennurum. Haustið 1985 voru grunnskólakennarar á öllu landinu 2.698, þar af voru 441 án tilskilinna réttinda til grunnskólakennslu. Tvímælalaust eiga launakjör grunnskólakennara hér stóran þátt í þessu, enda ganga nú nýútskrifaðir kennarar til starfa í öðrum greinum en kennslu þar sem vonlaust er að lifa þolanlegu lífi af kennaralaunum einum saman. Spyrja mætti raunar hvort tilkoma kvenna í kennarastéttina hefur orðið til þess að launin hafa hrunið með ótrúlegum hraða á síðustu áratugum. Að minnsta kosti hefur raunin orðið sú að sú var tíðin að kennaralaun nægðu til framfærslu

heimilis en nú duga tvenn kennaralaun tæpast til þess. Og víst er að við þau kjör sem grunnskólakennarar búa núna er vonlaust að ætlast til þeirrar vinnu og ábyrgðar af þeim í starfi sem grunnskólalög gera ráð fyrir. Og þá eru lögin pappírsgagn eitt.

Það er því ástæða til að taka undir með Jónasi Pálssyni, rektor Kennaraháskóla Íslands, þar sem hann segir í bréfi til félagsmálanefndar Alþingis 7. apríl sl.:

„Íslenskt samfélag gengur um þessar mundir í gegnum harða kreppu, sem á sumum sviðum jaðrar við upplausn. Í bakgrunni eru félagslegar og efnahagslegar breytingar sem menn hafa lítið hirt um að skilja. Átak til umbóta í uppeldis- og skólamálum er ein mikilvægasta aðgerðin til að brjótast út úr þeirri sjálfheldu sem nú herðir að íslensku þjóðfélagi. Velmenntuð kennarastétt er lykilatriði í því uppbyggingarstarfi."

Sú er hins vegar raunin að menntun og endurmenntun kennara hefur verið hornreka og fjárveitingar til hennar skornar við nögl. Í sama bréfi segir sá maður sem að ofan var vitnað til og hvað mesta reynslu og þekkingu hefur á skólamálum hér á landi:

„Varla verður með sanni á móti því mælt að Kennaraskóli Íslands, nú Kennaraháskóli Íslands, hefur allt frá stofnun í byrjun þessarar aldar verið sá aðili, að öðrum stofnunum og skólum ólöstuðum og ógleymdum, sem lengst og af mestum áhuga og trúnaði hefur barist fyrir alhliða umbótum á starfsmenntun kennara í þessu landi. Næstum samfellt allan þennan tíma hafa forsvarsmenn og starfsfólk skólans grátbeðið — næstum í bókstaflegri merkingu — yfirvöld að skapa skólanum skilyrði til að þeir gætu innt skyldustörf sín sómasamlega af hendi eins og áhugi þeirra og metnaður stóð til. — Því miður verður að segja eins og er að yfirstjórn menntamála og Alþingi hafa sjaldnast svarað þessu ákalli eða þekkt sinn vitjunartíma."

Það er sorgleg staðreynd að á sama tíma og æ stærri hluti uppeldis barna er lagður á herðar kennara er svo kreppt að skólanum og kennurunum að torvelt er orðið að manna grunnskólana. Afleiðingar þessa ástands geta orðið geigvænlegar ef ekki er spyrnt við fæti.

Sömu sögu er að segja um ástandið í dagvistarmálum. Einungis örlítill hluti barna á aldrinum 0–6 ára á kost á góðri uppeldisstofnun meðan foreldrar þeirra vinna langan vinnudag. Ekki vantar heldur stefnumótun þar. Í lögum frá 1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, segir svo í 1. gr.:

„Markmið með starfsemi dagvistarheimila er að gefa börnum kost á að njóta handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldismálum og búa þeim þau uppeldisskilyrði er efli persónulegan og félagslegan þroska þeirra."

Og árið 1981 var svohljóðandi viðbót samþykkt:

„Gerð verði starfsáætlun á vegum menntamálaráðuneytisins, er kveði nánar á um markmið og leiðir í uppeldisstarfi á dagvistarheimilum í samráði við þá aðila er að uppeldis- og skólamálum vinna."

Sú starfsáætlun liggur nú þegar fyrir. En nú er svo komið að mikið vantar á að sérmenntað fólk fáist til starfa á dagvistarheimilunum og æ færri setjast nú í Fósturskóla Íslands, m.a. vegna bágra launakjara, en án efa einnig vegna skilningsleysis stjórnvalda á mikilvægi fóstrustarfsins. Árið 1981 skipaði menntamálaráðherra nefnd til að gera áætlun til 10 ára um uppbyggingu dagvistarheimila fyrir börn og var hún lögð fram 30. apríl 1982. Gerði áætlunin ráð fyrir að fullnægt yrði þörf fyrir dagvistarheimili á næstu 10 árum. Ljóst er að þessi áætlun er þegar pappírsgagn eitt, enda fá nær eingöngu börn einstæðra foreldra inni á dagvistarheimilum, öll önnur börn eru utan við kerfið. Enda er ekki annað að sjá en að dagvistarheimilin séu að leysast upp vegna skorts á fóstrum.

Þetta hefur gerst þegar aðstæður krefjast þess að báðir foreldrar eru tilneyddir að vera fjarri heimilunum nær allan þann tíma sólarhringsins sem börnunum er eðlilegt að vera vakandi. Hversu oft sem á það er bent loka menn augunum fyrir vaxandi lestrarerfiðleikum barna, lakara málfari ásamt sýnilegri þreytu sem oft er til komin af þrásetu yfir myndböndum í stað eðlilegs samneytis við fjölskylduna. Hvað eftir annað hafa rannsóknir sýnt að íslensk börn fá ekki þá fæðu sem þeim er nauðsynleg, enda ábyrgð á því oftlega í höndum þeirra sjálfra.

Ef litið er til öryggis barnanna í umferðinni blasir við ástand sem vart sést í nágrannalöndum okkar. Allar samgönguleiðir eru miðaðar við að bifreiðar komist um þær en minna tillit tekið til gangandi fólks eða barna og hinna öldruðu. Það er óhugnanleg sjón að sjá börn og unglinga á reiðhjólum í umferðarhringiðunni á götum Reykjavíkur og ekki síður börn að leik á gangstéttum án þess að eftirlit sé með þeim haft. Íslensk börn eru eftirlitslaus í langtum meira mæli en þekkist í nágrannalöndum okkar vegna langs vinnudags foreldra og enn viðgengst að lítil börn séu á ferð í skammdegismyrkri og óveðrum langan veg til og frá skóla, enda tala slysin sínu máli. Árið 1984 urðu 44 börn á aldrinum 1–6 ára fyrir slysi í umferðinni, þar af létust 2. Skýrsla Umferðarráðs segir ekki neitt um varanleg örkuml sem af hinum 42 slysunum hlutust.

Og enn eru skipulögð ný íbúðahverfi án nægilegs tillits til þarfa barnanna. Gatnakerfið er ætlað bifreiðum, fá dagvistarheimili eru byggð og börnin þurfa að fara langan veg til skóla. Frístundaheimili eru sárafá, íþróttaaðstaða bágborin og sundaðstaða í órafjarlægð. Úrræði barnanna að loknum skóla eru þau helst að fara heim og horfa á myndbönd þangað til foreldrarnir loks hafa lokið vinnudegi. Má geta sér þess til að það afþreyingarefni, sem börnin njóta af myndböndum, sé ekki alltaf það sem þeim er hollast og best að njóta.

Menningarmál barna hafa ævinlega verið hornreka á öllum sviðum. Ríkisfjölmiðlarnir hafa hvorki fengið fé né aðstöðu til að vinna gott og vandað efni fyrir börn. Á sama tíma og ríkisfyrirtæki jafnt sem einkafyrirtæki eyða milljörðum í auglýsingar í þessum fjölmiðlum er lítið hirt um að leggja fé í hollt og menningarlegt efni fyrir börn. Afskræmd lífssýn auglýsingaheimsins er reyndar það efni sem börn horfa mest á eða hlýða og má ímynda sér hversu uppbyggileg sú innræting er óþroskuðum börnum. Unglingaþættir snúast nær eingöngu um þá dægurlagatónlist sem efst er á baugi hverju sinni og er kynning hennar gerð eins afkáraleg og menn hafa hugarflug til. Börn eru heldur aldrei spurð um afstöðu til ýmissa mála er þau sjálf varða í fréttatímum, eins og títt er um hina fullorðnu, því síður eru þau tekin tali í þáttum um list og menningu, ekki einu sinni þó að um barnalist og barnabókmenntir sé að ræða. Börn eru einfaldlega ekki tekin alvarlega sem lifandi og hugsandi einstaklingar. Og það er þungur dómur yfir jafnréttinu í þessu landi ef rétt er að 67.500 einstaklingar eða rúmur fjórðungur landsmanna búi við svo fullkomið virðingarleysi hinna fullorðnu fyrir lífi þeirra og starfi.

Mönnum hefur orðið tíðrætt um íslenska menningu á þessum haustdögum og er það vel. Að henni er nú sótt úr ýmsum áttum. Ný fjölmiðlatækni hellist yfir okkur hvort sem okkur líkar betur eða verr, en sem betur fer virðast menn sammála um að standa beri vörð og hlúa að okkar eigin tungu og þjóðmenningu. Menn skyldu hins vegar gera sér ljóst að sú barátta er fyrir fram vonlaus nema börn og unglingar skilji tilgang hennar og taki þátt í henni sjálf. Börnin eru sá eini vaxtarbroddur íslenskrar menningar sem framtíðarþjóðfélagið á.

Í spá um mannfjölda á Íslandi á næstu áratugum, sem Hagstofa Íslands sendir frá sér

innan tíðar, kemur fram að barnsfæðingum mun síður en svo fjölga. Stjórnvöld verða að gera sér ljóst að ákvarðanir, sem teknar eru hverju sinni, hafa afgerandi áhrif á allt líf fólksins í landinu, einnig stærð fjölskyldnanna. Við þær aðstæður, sem fjölskyldunni eru nú búnar, er þess ekki að vænta að fólki þyki æskilegt að eignast stóran barnahóp. Alþingi hefur ekki treyst sér til að lengja fæðingarorlof foreldra og telur þrjá mánuði nægjanlegan tíma til að stofna til þess sambands foreldra og barns sem það á að búa að alla ævi. Því er ósvarað hvert senda skal hvítvoðunginn að þeim þremur mánuðum liðnum meðan nær algjör skortur er á dagvistarrými fyrir svo lítil börn. Börnin hrekjast því milli manna þar til skólakerfi, sem á engan hátt er stillt saman við vinnudag foreldra, tekur við þeim. Þessi uppvaxtarskilyrði eru ekki til þess fallin að hvetja fólk til að eignast mörg börn.

Sú er von flutningsmanna þessa frumvarps að alþingismenn geri sér fulla grein fyrir mikilvægi þess að stefnubreyting verði í málefnum barna á næstu árum. Stofnun embættis, sem yrði falið að vera málsvari barnanna í samfélaginu, væri áfangi að breyttum vinnubrögðum og tvímælalaust skref í rétta átt.

Þess skal að lokum getið til upplýsingar að frumvarp þetta brýtur á engan hátt í bága við barnalög, nr. 9/1981, né lög um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966, né drægi það úr gildi þeirra á nokkurn hátt yrði það að lögum. Miklu fremur yrðu hin nýju lög markmiðum þeirra laga til styrktar og eflingar."

Fátt í þessari fjögurra ára gömlu greinargerð þarfnast breytinga nema það að tölur um mannfjölda og aldursskiptingu í þjóðfélaginu hafa breyst. 31. desember 1989 voru landsmenn 253.785 (árið 1985 241.500), börn á aldrinum 0–6 ára voru þá 29.490 eða 11,6% (1985 30.200 eða 12,5%) og börn á aldrinum 7–15 ára voru 33.955 eða 13,4% (1985 37.300 eða 15,4%). Þessar tölur tala sínu máli og eru í samræmi við mannfjöldaspá Hagstofu Íslands sem fylgdi hinu upphaflega frumvarpi. Þær sýna svo að ekki verður um villst að börnum á aldrinum 7–15 ára fækkar í landinu á sama tíma og þjóðin nær æ hærri lífaldri. Fólki þykir ekki fýsilegt að ala upp barnahóp við þær aðstæður sem því eru til þess búnar og getur hver séð sjálfur hverjar afleiðingar það hefur fyrir framtíðarþjóðfélagið að æ færri verða vinnufærir, meðan þeim sem lokið hafa starfsdegi fjölgar stöðugt.

Árið 1987 voru sett lög um fæðingarorlof, nr. 57/1987. Samkvæmt þeim var fæðingarorlof lengt í áföngum í sex mánuði (frá 1. janúar 1990), en það var þrír mánuðir þegar frumvarpið var lagt fram. Ekki er í sjónmáli frekari lenging fæðingarorlofs.

Þá er þess að geta að frumvarp það sem nú liggur fyrir 113. löggjafarþingi til laga um vernd barna og unglinga tekur enn frekar fyrir að verkefni umboðsmanns barna og barnaverndarnefnda og barnaverndarráðs kynnu að skarast og er það vel.

Frá því að frumvarp um umboðsmann barna var fyrst flutt hefur embætti umboðsmanns Alþingis tekið til starfa. Flutningur þessa frumvarps hefur verið ræddur við Gauk Jörundsson, umboðsmann Alþingis. M.a. var það rætt hvort embætti umboðsmanns barna mætti koma fyrir innan embættis umboðsmanns Alþingis. Niðurstaðan varð sú að verkefni umboðsmanns barna væru annars eðlis en verkefni umboðsmanns Alþingis og því væri eðlilegt að umboðsmaður barna starfaði sjálfstætt. Viðfangsefni umboðsmanns Alþingis, hvort sem þau varða börn eða fullorðna, yrðu eftir sem áður í verkahring embættis hans, enda engin krafa gerð um að embætti umboðsmanns barna skipi löglærður aðili.

Allt frá því að frumvarp til laga um umboðsmann barna var fyrst flutt hafa samtök og einstaklingar hvatt til samþykktar þess, enda hefur margt það gerst í þjóðfélaginu síðan sem veldur vaxandi áhyggjum af málefnum barna.

Í bréfi frá Foreldrasamtökunum, Fornhaga 8, Reykjavík, dags. 1. febrúar 1990, til alþingismanna segir svo:

„Erindi þessa bréfs er að vekja athygli yðar á hugmyndum um umboðsmann barna. Hugmyndir um embætti umboðsmanns barna eru ekki nýjar, fyrir Alþingi hafa þær verið lagðar í tvígang, annars vegar sem tillaga til þingsályktunar og hins vegar sem frumvarp til laga um embætti umboðsmanns barna. Í hvorugt skiptið fengu hugmyndirnar fullnægjandi afgreiðslu.

Tilgangur með stofnun embættis umboðsmanns barna er að tryggja réttindi barna í samfélaginu og að tillit sé tekið til hagsmuna þeirra við löggjöf og aðrar stjórnvaldsákvarðanir. Það ætti öllum að vera ljóst að réttindi barna og hagsmunir fara hvarvetna halloka fyrir öðrum sjónarmiðum í samfélagi okkar og er ekki ástæða til að rökstyðja það frekar í stuttu bréfi, né heldur að rökstyðja frekar nauðsyn á embætti umboðsmanns barna.

Fyrir 109. löggjafarþing var lagt fram frumvarp til laga um umboðsmann barna. Frumvarpið var vandað og greinargerð ítarleg þó að nýrri upplýsingar knýi þó enn frekar á um mikilvægi þess að embættinu verði komið á fót.

Foreldrasamtökin sjá ekkert því til fyrirstöðu að þingheimur geti sameinast um þetta framfaramál og hvetja yður til að leggja því lið."

Þá hafa samtökin Barnaheill einnig sýnt þessu máli áhuga, svo og margir fleiri aðilar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 2. gr.

Flutningsmenn telja æskilegt að umboðsmaður barna verði kjörinn til fjögurra ára í senn, en endurráðning er engan veginn útilokuð.

Um 3. gr.

Flutningsmenn leggja áherslu á að í umboðsráðinu sé eingöngu sérmenntað fólk í uppeldismálum sem vera skuli umboðsmanni til ráðgjafar.

Um 4. gr.

Eins og greinin ber með sér er hér um verkefnaramma að ræða sem reglugerð skýrir nánar. Umboðsmaður sinnir ábendingum einstaklinga jafnt sem hann hefur eigið frumkvæði um ábendingar. Umboðsmaður skal ekki annast málefni einstaklinga, heldur vísa slíkum málum til þeirra aðila sem þau annast samkvæmt öðrum lögum.

Um 5. gr.

Umboðsmaður skal gæta fyllsta trúnaðar um einkamál sem hann hlýtur aðgang að.

Um 6.–8. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar.

Ed. 144. Frumvarp til laga [138. mál]

um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er heiti: Sementsverksmiðjan hf. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt:

a. að leggja Sementsverksmiðju ríkisins, þ.e. sjálfa verksmiðjuna ásamt öllu fylgifé hennar, til hins nýja hlutafélags,
b. að láta fara fram mat á eignum Sementsverksmiðju ríkisins til viðmiðunar við ákvörðun um upphæð hlutafjár hins nýja hlutafélags. Í þessu skyni skal bæjarfógetinn á Akranesi skipa þriggja manna matsnefnd og skal a.m.k. einn nefndarmanna vera löggiltur endurskoðandi. Öll hlutabréf í hlutafélaginu eru eign ríkissjóðs.

2. gr.

Hlutverk félagsins skal vera að framleiða og selja sement fyrir innlendan og erlendan markað.

Félagið annast rannsóknir, þróunarverkefni og efnavinnslu samkvæmt nánari ákvæðum er sett verða í samþykktum félagsins.

Félaginu er heimilt að gerast eignaraðili í öðrum hlutafélögum eða sameignarfélögum.

3. gr.

Heimili og varnarþing félagsins skal vera á Akranesi, en heimilt er að starfrækja útibú á öðrum stöðum.

4. gr.

Fastráðnir starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins skulu hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og skal þeim boðið sambærilegt starf hjá félaginu og þeir gegndu áður hjá Sementsverksmiðju ríkisins. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn.

5. gr.

Fulltrúar í stjórn hlutafélagsins skulu skipaðir eða kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn, svo og varamenn þeirra.

6. gr.

Við Sementsverksmiðjuna starfi samstarfsnefnd skipuð þremur fulltrúum frá hvorum, stjórn verksmiðjunnar og starfsliði hennar, ásamt jafnmörgum varamönnum. Hlutverk samstarfsnefndar er að efla samvinnu fyrirtækisins og starfsliðs þess, vera báðum til ráðuneytis og gera tillögur um bættan aðbúnað, heilbrigði og öryggi starfsliðs og hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins.

7. gr.

Fulltrúar hlutafélagsins skulu árlega halda tvo samráðsfundi með fulltrúum Akraneskaupstaðar til að ræða sameiginleg hagsmunamál.

8. gr.

Ríkissjóður getur ekki boðið hlutabréf í Sementsverksmiðjunni til sölu nema hafa til þess samþykki Alþingis með breytingu á b-lið 1. gr.

9. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978, gildir ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu, né heldur ákvæði 1. mgr. 17. gr. sömu laga um tölu hluthafa. Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga um hið nýja félag og greiðir það opinber gjöld með sama hætti og almennt gildir um hlutafélög hér á landi.

Iðnaðarráðherra skal skipa undirbúningsnefnd til að annast nauðsynlega samningsgerð fyrir hönd væntanlegs hlutafélags og leggja fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið á stofnfundi sem skal haldinn ekki síðar en 30. nóvember 1991.

10. gr.

Iðnaðarráðherra fer með eignarhluta ríkisins í félaginu.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Hlutafélag skv. 1. gr. yfirtekur Sementsverksmiðju ríkisins 1. janúar 1992 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 35/1948, um sementsverksmiðju.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi og hlaut afgreiðslu í efri deild. Við þinglausnir sl. vor var það til meðferðar á lokastigi í iðnaðarnefnd en hlaut ekki afgreiðslu vegna tímaskorts. Frumvarpið er hér flutt eins og það var afgreitt frá efri deild á síðasta þingi.

Tilgangurinn með frumvarpi þessu er að breyta rekstrarformi Sementsverksmiðju ríkisins í hlutafélag, þó þannig að ríkið verði eigandi allra hlutabréfa og að sala þeirra geti aðeins komið til með breytingu á lögunum. Frumvarpið byggir að stofni til á frumvarpi sem unnið var í iðnaðarráðuneytinu árið 1987, en með nokkrum veigamiklum breytingum. Í fyrsta lagi er kveðið skýrt á um að sala hlutabréfa geti aðeins komið til ef Alþingi veitir til þess samþykki með lagabreytingu. Í öðru lagi er kveðið á um sérstaka samráðsfundi verksmiðjustjórnar og bæjarstjórnar Akranesbæjar. Í þriðja lagi er kveðið á um að sérstök samstarfsnefnd starfsmanna og stjórnenda starfi við verksmiðjuna. Loks er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir að sérstök undirbúningsnefnd vinni að undirbúningi stofnfundar sem fari fram um leið og hlutafélagið yfirtaki rekstur Sementsverksmiðju ríkisins.

Á 111. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp um stofnun hlutafélags um Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg. Frumvarpið varð að lögum vorið 1989 og var hlutafélag stofnað í september sl. er tók við rekstri Gutenberg 1. janúar 1990. Röksemdir fyrir stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins eru þær sömu og giltu um Gutenberg.

Með lögum nr. 35/1948 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til þess að reisa hér á

landi verksmiðju til vinnslu sements. Á grundvelli þessara laga var síðan reist Sementsverksmiðja ríkisins á Akranesi sem sérstakt ríkisfyrirtæki undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Verksmiðjan tók til starfa árið 1958 og hefur starfað óslitið síðan.

Sementsverksmiðjan lýtur fimm manna þingkjörinni stjórn sem kosin er til fjögurra ára í senn. Iðnaðarráðherra skipar einn úr hópi stjórnarmanna formann.

Sementsverksmiðjan var að mestu leyti byggð fyrir lánsfé með ábyrgð ríkissjóðs. Beint framlag ríkisins var lítið. Verðlagning framleiðslunnar var við það miðuð að hún stæði undir beinum framleiðslukostnaði og afborgunum og vöxtum af stofnlánum.

Á árinu 1989 voru seld 117.500 tonn af sementi. Hlutur lausa sementsins í framleiðslu hefur aukist mjög og er nú svo komið að 80% af framleiðslunni er laust sement. Verksmiðjan rekur tvær stöðvar á landinu þar sem hægt er að geyma laust sement, þ.e. á Akureyri og í Reykjavík.

Um 1980 byrjaði Sementsverksmiðjan íblöndun ryks frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga, sem síað er úr útblæstri járnblendiverksmiðjunnar, í allt sement. Ryk þetta er tvisvar sinnum virkara gegn alkalíþenslu en líparít og bætir auk þess fleiri eiginleika steinsteypunnar. Járnblendifélagið og Sementsverksmiðja ríkisins reka og eiga í sameiningu fyrirtækið Sérsteypuna sf. sem sinnt hefur ýmsum þróunarverkefnum er miða að því að auka notkunarsvið steinsteypu. Erlendis hefur orðið mikil þróun á því sviði á seinustu árum.

Afkoma Sementsverksmiðjunnar var í upphafi slæm. Stafaði það af þungri skuldabyrði og síðar af óraunsærri verðlagsstefnu stjórnvalda.

Í tengslum við aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) var innflutningur á sementi gefinn frjáls árið 1975. Mjög óverulegt magn af sementi hefur verið flutt inn. Verðlag íslenska sementsins er aðeins hærra en það er í nágrannalöndum. Hafa ber í huga að íslenska sementið nýtur nokkurrar fjarlægðarverndar.

Í núverandi lögum Sementsverksmiðju ríkisins er kveðið á um skattgreiðslur verksmiðjunnar, en þau ákvæði falla niður samkvæmt tillögum í þessu frumvarpi og greiðir verksmiðjan þá skatta eins og hvert annað hlutafélag. Verksmiðjan greiðir nú landsútsvar í stað aðstöðugjalds. Verksmiðjan greiðir fasteignaskatta, en er að öðru leyti undanþegin skattgreiðslum. Ef frumvarp þetta verður að lögum verður meginbreytingin á greiðslu skatta sú að verksmiðjan greiðir aðstöðugjald, eignarskatt og væntanlega tekjuskatt. Hlutdeild Akraneskaupstaðar í landsútsvari Sementsverksmiðju ríkisins miðað við rekstrarárið 1988 var 3,5 millj. kr., en alls greiddi verksmiðjan 14 millj. kr. í landsútsvar. Ef verksmiðjan hefði greitt aðstöðugjald mundu tekjur Akraneskaupstaðar hafa orðið um 7 millj. kr.

Rekstur Sementsverksmiðjunnar hefur gengið vel flest undanfarin ár og eiginfjárstaðan batnað verulega. Þó varð rekstrartap á árinu 1989 um 76 millj. kr. samanborið við 32 millj. kr. hagnað árið áður. Í árslok 1989 var eigið fé verksmiðjunnar um 670 millj. kr. miðað við 617 millj. kr. árið áður. Rekstrartekjur námu 716 millj. kr. árið 1989 og höfðu þá aukist um 6,7% frá árinu áður. Til samanburðar jukust rekstrartekjur um 17% milli áranna 1988–1989.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin láti fara fram nákvæmt mat á eignum Sementsverksmiðju ríkisins til að hafa til viðmiðunar við ákvörðun um upphæð hlutafjár hins nýja hlutafélags. Verður þar fyrst og fremst um eignamat að ræða, en jafnframt munu aðrir þættir koma inn í matið, svo sem þróunarkostnaður, viðskiptavild o.fl. Innheimtur á útistandandi skuldum hjá verksmiðjunni eru í mjög góðu lagi. Öll hlutabréfin verða í

eigu ríkissjóðs og verður leitað samþykkis Alþingis ef til sölu hlutabréfa kemur.

Við þá formbreytingu sem verður á rekstri verksmiðjunnar, ef frumvarp þetta verður að lögum, breytast eftirtaldir þættir:

1. Ábyrgð ríkissjóðs á rekstri verksmiðjunnar takmarkast við hlutafjáreign. Fjárhagsleg ábyrgð stjórnenda eykst.
2. Skattgreiðslur breytast nokkuð, aðallega að verksmiðjan greiðir aðstöðugjald í stað landsútsvars. Einnig mundi verksmiðjan greiða eignarskatt og hugsanlega tekjuskatt.
3. Um 20 starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins eru í Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna, réttindi þeirra verða tryggð. Lífeyrismál annarra starfsmanna breytast ekkert.
4. Stjórn verksmiðjunnar er kosin á aðalfundi ár hvert.
5. Fyrirtækið hefur enga sérstöðu fram yfir önnur fyrirtæki í landinu, ýmsir kostir þess að reka fyrirtækið sem hlutafélag nýtast og verður þeim lýst hér sérstaklega. Þegar hlutafélag hefur verið stofnað um verksmiðjuna taka lög um hlutafélög sjálfkrafa gildi um fyrirtækið.

Sérstök lög, nr. 62/1973, eru í gildi um verðjöfnun á sementi. Engin breyting verður á þessum þætti. Jöfnun flutningskostnaðar samkvæmt lögum þessum nær til allra verslunarstaða á landinu sem jafnframt eru aðaltollhafnir. Viðskiptaráðherra hefur heimild til að ákveða með reglugerð að jöfnun á flutningskostnaði skuli einnig ná til annarra tilgreindra verslunarstaða.

Telja verður eðlilegt að atvinnurekstur á vegum ríkisins sé í formi hlutafélaga. Þetta á við jafnvel þótt ríkið sé eini eigandi viðkomandi hlutafélags, en í frumvarpi þessu er gerð undanþága um tölu stofnenda, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög.

Starfsemi hlutafélaga er í vandlega skilgreindu formi víðast í heiminum og hér á landi hefur löggjafinn sett ítarlegar reglur um starfsemi hlutafélaga. Í þeirri löggjöf eru nákvæmar reglur um starfssvið stjórnar, framkvæmdastjórnar og aðalfundar. Í hlutafélagalögunum er ákvæði sem verndar rétt minnihlutaeigenda og þar sem ríkið býður öðrum til samstarfs um atvinnurekstur er því hlutafélagaformið sérstaklega viðeigandi.

Kostir þess að reka Sementsverksmiðjuna í hlutafélagsformi eru að með því verður reksturinn sveigjanlegri. Fjárhagsleg uppbygging fyrirtækis veldur því að mjög æskilegt er að reka fyrirtæki í eign ríkisins í hlutafélagaformi. Hverju fyrirtæki er nauðsynlegt að fjárfesta, ráðast í nýjungar og efla starfsemi sína til að vernda stöðu sína á markaðnum. Vilji ríkið ekki leggja fram aukið hlutafé til að halda eiginfjárhlutföllum í horfinu þegar kemur til þess að fjármagna þarf nýja fjárfestingu er unnt að leita eftir nýjum hluthöfum sem færa með sér nýtt hlutafé. Með því móti verður komist hjá því að ríkið taki í sífellu á sig skuldbindingar, t.d. í formi ríkisábyrgðar, er fyrirtæki í eigu þess þurfa að ráðast í framkvæmdir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með grein þessari er ríkisstjórninni gert að stofna hlutafélag um Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi. Allar eignir Sementsverksmiðjunnar færast yfir til hins nýja hlutafélags. Öll hlutabréfin verða í eign ríkissjóðs við stofnun hlutafélagsins. Nauðsynlegt er að fram fari mat á eignum sem notað verði til viðmiðunar við ákvörðun hlutafjár hins nýja hlutafélags. Matið verði framkvæmt af óháðri nefnd sem bæjarfógetinn á Akranesi kveður til. Verðgildi hlutafjár þarf í raun ekki að merkja hvers virði viðkomandi fyrirtæki

er, þar koma inn í myndina atriði eins og samkeppnisstaða, arðsemi, eftirspurn eftir hlutabréfum o.fl.

Um 2. gr.

Rétt þykir að skilgreina í lögunum hlutverk hlutafélagsins. Jafnframt er lagt til að nánari ákvæði um hlutverk félagsins verði sett í samþykktum þess. Með þessu hefur eigandinn nokkra möguleika til að aðlaga hlutverk félagsins eftir aðstæðum hverju sinni. Fyrirtækinu er heimilt að gerast eignaraðili í öðrum hlutafélögum eða sameignarfélögum. Stöðug þróun á sér stað varðandi notkun sements og hafa fyrirtæki oft með sér samvinnu um þessa þróunarvinnu. Sementsverksmiðjan hefur mikinn áhuga á hvers konar samstarfi við aðra aðila sem leitt gæti til enn frekari sölu á sementi.

Um 3. gr.

Sementsverksmiðjan er á Akranesi og því er eðlilegt að fram komi í lagatextanum að lögheimili fyrirtækisins skuli vera á Akranesi.

Um 4. gr.

Núverandi starfsmönnum Sementsverksmiðjunnar er tryggður réttur til endurráðningar. Um 20 af starfsmönnum Sementsverksmiðjunnar eru nú í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og haldast réttindi þeirra óbreytt við þá formbreytingu á rekstri sem hér er stefnt að. Vísast í því sambandi til ákvæðis í 17. gr. laga nr. 29/1963. Engir starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins hafa gerst aðilar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins hin síðari ár. Um lífeyrismál annarra starfsmanna fer eftir ákvæðum kjarasamninga.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að skipun eða kjör fulltrúa í stjórn fari fram með sama hætti og tíðkast hjá hlutafélögum.

Um 6. gr.

Eðlilegt þykir að starfsmenn verksmiðjunnar eigi möguleika á að hafa eðlileg áhrif á þá þætti í rekstri hennar sem þá varðar sérstaklega. Því er lagt til að við verksmiðjuna starfi sérstök samstarfsnefnd skipuð þremur fulltrúum frá stjórn og þremur fulltrúum starfsmanna. Þetta ákvæði er samhljóða 12. gr. laga nr. 18/1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Um 7. gr.

Þar sem áhrifa af starfsemi Sementsverksmiðjunnar gætir mjög á Akranesi, sérstaklega í sambandi við atvinnu- og umhverfismál, er eðlilegt að setja um það skýr ákvæði að haldnir verði samráðsfundir milli forsvarsmanna hlutafélagsins og Akraneskaupstaðar.

Um 8. gr.

Sementsverksmiðjan er eitt af stærstu fyrirtækjum ríkisins og eini aðilinn sem framleiðir sement hér á landi. Eðlilegt er því að Alþingi fjalli fyrst um hugsanlega sölu hlutabréfa, hverjum eigi að selja og hversu mikið.

Um 9. gr.

Nauðsynlegt er að veita undanþágu frá ákvæðum hlutafélagalaga um lágmarkstölu stofnenda og hluthafa í félaginu. Hið nýja hlutafélag lýtur almennum reglum um skattlagningu. Með samþykkt þessa frumvarps er Sementsverksmiðja ríkisins ekki lengur starfandi og eiga því ákvæði í lögum um tekjustofna sveitarfélaga um greiðslu landsútsvars ekki lengur við. Að öllu öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga.

Gert er ráð fyrir að iðnaðarráðherra skipi undirbúningsnefnd sem annist nauðsynlega samningsgerð fyrir væntanlegt hlutafélag og leggi fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið á stofnfundi sem sé haldinn áður en breytingin á sér stað.

Um 10. gr.

Iðnaðarráðherra mun fara með eignarhluta ríkisins í félaginu enda hefur starfsemi Sementsverksmiðjunnar heyrt undir starfssvið iðnaðarráðuneytisins.

Um 11. gr.

Lögin öðlast þegar gildi, en Sementsverksmiðjan hf. yfirtekur rekstur og eignir Sementsverksmiðju ríkisins 1. janúar 1992. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 35/1948.

Nd. 145. Frumvarp til laga [139. mál]

um listamannalaun.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Alþingi veitir árlega fé á fjárlögum til að launa listamenn í samræmi við ákvæði laga þessara.

2. gr.

Alþingi veitir tilteknum listamönnum heiðurslaun. Nýir heiðurslaunahafar skulu hafa náð 65 ára aldri.

3. gr.

Almenn listamannalaun skulu veitt úr fjórum sjóðum:

a. Launasjóði rithöfunda,
b. Launasjóði myndlistarmanna,
c. Tónskáldasjóði,
d. Listasjóði.

Þrír hinna fyrstnefndu sjóða eru sérgreindir sjóðir í þágu einstakra listgreina sem eingöngu veita starfslaun, en Listasjóður er almennur sjóður sem auk starfslauna veitir verkefnastyrki til allra listgreina. Enn fremur aðra styrki og framlög, sbr. 10. gr.

4. gr.

Þriggja manna stjórn listamannalauna hefur yfirumsjón með sjóðum skv. 3. gr. Stjórnin skal skipuð af menntamálaráðherra, einum samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra listamanna, einum tilnefndum af Háskóla Íslands, en af Listaháskóla, ef stofnaður yrði,

og loks einum án tilnefningar. Stjórn sjóðsins skal m.a. annast vörslu sjóðanna og sjá um bókhald þeirra.

Stjórnin úthlutar fé úr Listasjóði, en sérstakar úthlutunarnefndir fyrir hvern hinna sérgreindu sjóða veita fé úr þeim, sbr. 13. gr.

5. gr.

Starfslaun miðast við lektorslaun II við Háskóla Íslands eins og þau eru á hverjum tíma. Þeir sem taka starfslaun hverju sinni skulu vera á launaskrá hjá stjórn listamannalauna og greiðast laun til þeirra mánaðarlega. Þeir skulu eiga kost á aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda og stendur þá launagreiðandi skil á iðgjaldshluta þeirra ásamt mótframlagi sínu. Þeir skulu ekki gegna öðru föstu starfi meðan þeir njóta starfslauna og skila skýrslu um störf sín. Fella má niður starfslaun sem veitt hafa verið til lengri tíma en sex mánaða ef talið er að viðkomandi listamaður sinni ekki list sinni.

6. gr.

Samanlögð starfslaun miðast við 840 mánaðarlaun, eða 70 árslaun, og síðan bætast við 60 mánaðarlaun á ári næstu fimm ár.

7. gr.

Launasjóður rithöfunda veitir árlega starfslaun sem svara til 360 mánaðarlauna og bætast við 24 mánaðarlaun á ári næstu fimm ár. Rétt til greiðslu úr sjóðnum hafa íslenskir rithöfundar og höfundar fræðirita. Heimilt er og að greiða úr sjóðnum fyrir þýðingar á íslensku.

8. gr.

Launasjóður myndlistarmanna veitir árlega starfslaun sem svara til 240 mánaðarlauna og bætast við 16 mánaðarlaun á ári næstu fimm ár.

9. gr.

Tónskáldasjóður veitir árlega starfslaun sem svara til 60 mánaðarlauna og bætast við átta mánaðarlaun á ári næstu fimm ár.

10. gr.

Listasjóður veitir starfslaun og styrki er svara til 180 mánaðarlauna og bætast við tólf mánaðarlaun á ári næstu fimm ár. Listasjóður veitir einnig verkefnastyrki, náms- og ferðastyrki og jafnframt sérstök framlög til listamanna, m.a. til þeirra sem notið hafa listamannalauna undanfarin ár og náð hafa 60 ára aldri.

11. gr.

Starfslaun skulu veitt til hálfs eða eins árs, til þriggja eða fimm ára. Miða skal við að fjórðungur heildarstarfslauna verði að jafnaði veittur til listamanna sem taka laun í meira en eitt ár.

12. gr.

Stjórn listamannalauna skal vinna markvisst að því að sveitarfélög og fyrirtæki veiti

listamönnum starfslaun eða leggi fram fé í Listasjóð.

13. gr.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara þar sem m.a. skal kveða á um skipun úthlutunarnefnda hinna sérgreindu sjóða að höfðu samráði við Rithöfundasamband Íslands, Samband íslenskra myndlistarmanna og Tónskáldafélag Íslands. Ákvarðanir úthlutunarnefnda eru endanlegar og verður ekki áfrýjað.

14. gr.

Við gildistöku þessara laga falla eftirtalin lög úr gildi:
Lög nr. 29 29. apríl 1967, um listamannalaun.
Lög nr. 29 20. maí 1975, um Launasjóð rithöfunda.

15. gr.

Lög þessi taka gildi hinn 1. janúar 1991 og skulu endurskoðuð eftir fimm ár frá gildistöku.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Menntamálaráðherra skipaði 20. júlí 1989 nefnd sem fjalla skyldi um launamál listamanna og gera tillögur um nýtt fyrirkomulag. Skipaðir voru: Ragnar Arnalds alþingismaður, formaður, en meðnefndarmenn voru skipaðir Eiður Guðnason alþingismaður, Gerður Steinþórsdóttir kennari, Brynja Benediktsdóttir, forseti Bandalags íslenskra listamanna, og Guðný Magnúsdóttir myndlistarmaður. Kristni Hallssyni, deildarsérfræðingi í menntamálaráðuneytinu, var falið að starfa með nefndinni. Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 31. júlí 1989. Alls hélt nefndin 16 fundi.

Áður höfðu þessi mál verið rædd í nefndum og innan samtaka listamanna, m.a. Bandalagi íslenskra listamanna. Enn fremur hafði Tónskáldafélag Íslands barist fyrir stofnun sérstaks tónskáldasjóðs allt frá árinu 1982 og lagt fram drög að lagafrumvarpi og greinargerð þar að lútandi. Lá því fyrir nefndinni allmikið af gögnum og tillögum sem nefndin kynnti sér rækilega. Þá var leitað eftir upplýsingum um launa- og styrktarkerfi í þágu listamanna í hinum ýmsu löndum, m.a. Norðurlöndum, Hollandi, Frakklandi og víðar. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu að reglur þær, sem gilda um þetta efni í Finnlandi, mætti einna helst hafa til hliðsjónar við gerð þessa frumvarps. Enn fremur hefur verið höfð hliðsjón af tillögum, sem fyrir liggja frá Bandalagi íslenskra listamanna.

Tillögur nefndarinnar voru fullgerðar 30. nóvember 1989 og voru sendar menntmálaráðherra og fleiri aðilum til kynningar. Kom í ljós að þeir sem leitað var til voru sammála um að tillögurnar væru til mikilla bóta. Fól því menntamálaráðherra nefndinni að semja frumvarp til laga byggt á þessum tillögum. Nefndin naut aðstoðar Sigurðar Reynis Péturssonar hrl. við endanlega gerð þess.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að listamannalaun séu greidd úr ríkissjóði svo sem tíðkast hefur og fé í því skyni veitt árlega á fjárlögum. Að auki er stjórn listamannalauna falið að vinna markvisst að því, sbr. 12. gr. frumvarpsins, að sveitarfélög og fyrirtæki veiti einstökum listamönnum starfslaun eða leggi fram fé í Listasjóð.

Um 2. gr.

Hér er vikið frá núgildandi reglum og lagt til að heiðurslaun verði einungis veitt þeim sem náð hafa 65 ára aldri.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir að komið verði á fót sérstakri stjórn listamannalauna er hafi yfirumsjón með öllum sjóðunum, sem gert er ráð fyrir að starfi skv. 3. gr. Hún úthlutar fé úr Listasjóði, en sérstakar úthlutunarnefndir, skipaðar af menntamálaráðherra samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð, veita starfslaun úr hinum sérgreindu sjóðum.

Um 5. gr.

Starfslaun verða nú miðuð við lektorslaun II við Háskóla Íslands, þ.e. launaflokk 146, 5. þrep samkvæmt launatöflu BHMR nr. 525, í staðinn fyrir laun framhaldsskólakennara í launaflokki 142, 5. þrep samkvæmt launatöflu BHMR nr. 505. Hækka því mánaðarlaunin úr 70.950 kr. í 77.922 kr. samkvæmt kjarasamningi BHMR og fjármálaráðherra frá 27. apríl 1989. Þá er einnig gert ráð fyrir að ýmsir styrkþegar, sem eru ekki félagar í lífeyrissjóði, öðlist lífeyrisréttindi í Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda.

Um 6. gr.

Lagt er til að starfslaun svari samanlagt til 840 mánaðarlauna og síðan bætist við 60 mánaðarlaun á ári næstu fimm árin. Gert er því ráð fyrir að framlag til listamanna, starfsstyrkir og laun, miðað við 840 mánaðarlaun, verði um 60 millj. kr. samkvæmt gildandi kjarasamningum. Til samanburðar skal nefnt að á árinu 1989 voru veitt listamannalaun og starfslaun úr Launasjóði rithöfunda og enn fremur af fjárveitingu til starfslauna listamanna sem jafngiltu 764 mánaðarlaunum eða 64 árslaunum, alls um 45 millj. kr.

Um 7.–9. gr.

Launasjóður rithöfunda er þegar fyrir hendi. Einnig er til Starfslaunasjóður myndlistarmanna sem annast úthlutun fylgiréttargjalds vegna listmunauppboða. Tónskáldin hafa ítrekað sótt um að fá Tónskáldasjóð. Þessir hópar listamanna vinna að list sinni á eigin vegum og hafa því langmesta þörf fyrir starfslaun. Þessi þörf er löngu viðurkennd og fengu þessir hópar listamanna 584 af 644 mánaðarlaunum sem veitt voru í formi starfslauna á sl. ári.

Um 10. gr.

Listasjóði er, auk starfsstyrkja, ætlað að veita verkefnastyrki, náms- og ferðastyrki og jafnframt sérstök framlög til listamanna sem notið hafa listamannalauna undanfarin ár og hafa náð vissum aldri. Hér er m.a. reynt að koma til móts við þá listamenn sem eiga stutta listamannsævi, svo sem listdansara og söngvara.

Um 11. gr.

Ljóst er að sumir okkar bestu listamanna starfa eingöngu á eigin vegum og hafa löngum litlar tekjur við að vinna að verkefnum sínum. Hér er því þörf fyrir breytingu frá fyrri

reglum um starfsstyrki sem aðeins veitti einn starfsstyrk til eins árs. Eftir að nefndin kynnti sér hvernig staðið er að styrkveitingum í öðrum löndum, m.a. í Finnlandi, var komist að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt þótti að breyta starfsstyrkjareglunum þannig að hægt yrði að veita starfsstyrki til lengri tíma en eins árs. Gert er því ráð fyrir að fjórðungur heildarstarfslauna verði veittur til listamanna sem taki starfslaun í meira en eitt ár.

Um 12. gr.

Auk þess sem tilgreint er í 4. gr. um verksvið stjórnar listamannalauna þykir rétt að stjórnin hvetji sveitarfélög og stórfyrirtæki til að styrkja listamenn. Þetta gera sum sveitarfélög nú og má nefna Reykjavík og Kópavog. Þá hafa fyrirtæki í nokkrum tilfellum styrkt listamenn og eru framlög þessi frádráttarbær við álagningu tekjuskatts.

Um 13. gr.

Hér er gert ráð fyrir að ákvæði um skipan úthlutunarnefnda sérsjóðanna séu sett í reglugerð og er það í samræmi við núgildandi reglur um Launasjóð rithöfunda, sbr. 4. gr. laga um þann sjóð nr. 29 frá 20. maí 1975 og reglugerð nr. 232/1976. Gengið er út frá því að skipað verði í nefndirnar með hliðstæðum hætti og þar greinir.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 15. gr.

Nauðsynlegt þykir að endurskoða þessi lög eftir fimm ár frá gildistöku.

Sþ. 146. Fyrirspurn [140. mál]

til forsætisráðherra um nefnd á vegum Byggðastofnunar um atvinnu- og byggðamál í uppsveitum Árnessýslu austan Brúarár.

Frá Unnari Þór Böðvarssyni.

1. Hverjir skipa nefnd þá á vegum Byggðastofnunar sem falið var að gera úttekt og tillögur í atvinnu- og byggðamálum í Biskupstungnahreppi, Gnúpverjahreppi, Hrunamannahreppi og Skeiðahreppi?
2. Hvenær var nefndin skipuð?
3. Hversu marga fundi hefur nefndin haldið?
4. Hvenær má ætla að nefndin skili áliti?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 147. Fyrirspurn [141. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um sparnað vegna breyttra reglna um endurgreiðslu tannlæknakostnaðar.

Frá Geir H. Haarde.

1. Hver var heildarkostnaður opinberra aðila vegna tannlækninga á árunum 1988 og 1989? Hver var hlutur tannréttinga í þessum kostnaði?
2. Hvað hefur mikið sparast í tannlækningakostnaði almannatrygginga á þessu ári í kjölfar laga nr. 122/1989? Hvað mikið af þessum sparnaði er til komið vegna breyttra reglna um tannréttingar?
3. Hvað nýtur stór hluti barna og unglinga 6–18 ára tannréttingaþjónustu hér á landi?
4. Hvernig hefur til tekist um flokkun tannréttinga og breytta greiðsluþátttöku hins opinbera eftir eðli aðgerða? Hvað má gera ráð fyrir að kostnaður verði mikill árlega vegna hins nýja flokkunarkerfis og eftirlits með því?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 148. Fyrirspurn [142. mál]

til dómsmálaráðherra um lögreglustöðina í Grindavík.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

Hvenær hyggst ráðherra láta bjóða út innréttingar í nýju lögreglustöðina í Grindavík og hvenær er fyrirhugað að ljúka framkvæmdum?

Sþ. 149. Fyrirspurn [143. mál]

til dómsmálaráðherra um staðfestingu á samningi Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Er það ætlun íslenskra stjórnvalda að staðfesta samning Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni sem gerður var í Vínarborg 1988? Ef svo er, hvenær má vænta þess að tillögur þar um verði lagðar fyrir Alþingi?

Nd. 150. Frumvarp til laga [144. mál]

um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

I. KAFLI
Starfsheiti.

1. gr.

Rétt til að nota starfsheitið grunnskólakennari eða framhaldsskólakennari og til að starfa sem slíkur hér á landi við grunnskóla eða framhaldsskóla á vegum opinberra aðila eða aðra hliðstæða skóla hefur sá einn sem til þess hefur leyfi menntamálaráðherra.

2. gr.

Leyfi til þess að nota starfsheitið *grunnskólakennari* skv. 1. gr. má aðeins veita þeim sem lokið hefur:

a. námi við Kennaraskóla Íslands ásamt fullgildum prófum,
b. B.Ed.-námi við Kennaraháskóla Íslands, sem miðast við kennslu í grunnskóla, ásamt fullgildum prófum,
c. BA-prófi, BS-prófi eða cand. mag. prófi frá Háskóla Íslands í kennslugrein sinni ásamt fullgildu námi í uppeldis- og kennslufræði til kennsluréttinda,
d. námi við tónmenntakennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík ásamt fullgildum prófum,
e. námi við teiknikennaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands ásamt fullgildum prófum,
f. námi við Íþróttakennaraskóla Íslands ásamt fullgildum prófum,
g. námi við Hússtjórnarkennaraskóla Íslands ásamt fullgildum prófum,
h. öðru jafngildu námi samkvæmt úrskurði matsnefndar, sbr. 4. gr.

3. gr.

Leyfi til þess að nota starfsheitið *framhaldsskólakennari* skv. 1. gr. má aðeins veita þeim sem lokið hefur:

a. námi á háskólastigi sem hentar sem undirbúningur til kennslu í framhaldsskóla og jafngildir a.m.k. 120 námseiningum ásamt fullgildum prófum; þar af skulu eigi færri en 30 einingar vera nám í uppeldis- og kennslufræði til kennsluréttinda og eigi færri en 60 einingar í sérgrein,
b. námi á háskólastigi sem hentar sem undirbúningur til kennslu í framhaldsskóla og jafngildir a.m.k. 90 námseiningum ásamt fullgildum prófum og hefur auk þess lokið kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands,
c. námi í faggrein eða sérgrein ásamt fullgildum prófum frá skóla er menntamálaráðuneytið viðurkennir og auk þess nám í uppeldis- og kennslufræði til kennsluréttinda er jafngildir 30 einingum eða kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands,
d. námi við Íþróttakennaraskóla Íslands ásamt fullgildum prófum,
e. námi við tónmenntakennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík ásamt fullgildum prófum,

f. námi við teiknikennaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands ásamt fullgildum prófum,
g. námi við Húsgtjórnarkennaraskóla Íslands ásamt fullgildum prófum,
h. öðru jafngildu námi samkvæmt úrskurði matsnefndar, sbr. 4. gr.

4. gr.

Leiki vafi á hvort umsækjandi um leyfi til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari skv. 1. gr. fullnægi skilyrðum 2. gr. skal leita úrskurðar matsnefndar sem menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Kennaraháskóla Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af Bandalagi kennarafélaga og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Leiki vafi á hvort umsækjandi um leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari skv. 1. gr. fullnægi skilyrðum 3. gr. skal leita úrskurðar matsnefndar sem menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Háskóla Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af Bandalagi kennarafélaga og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Matsnefndir úrskurða einnig leiki vafi á hvort umsækjandi um kennslu- eða stjórnunarstarf fullnægi skilyrðum 5., 6., 8. eða 9. gr.

Nám kennara skal metið í námseiningum og skal hver eining jafngilda námsvinnu einnar viku.

Matsnefndir leita upplýsinga og umsagna kennarasamtaka og sérfræðinga eftir því sem við á, en starfssvið þeirra og starfshætti skal skilgreina nánar í erindisbréfi.

II. KAFLI
Starfsréttindi.

5. gr.

Til þess að verða ráðinn, settur eða skipaður kennari við grunnskóla skal umsækjandi hafa lokið námi skv. 2. gr. og öðlast leyfi menntamálaráðherra til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari skv. 1. gr.

Miða skal við að kennari í bóklegum greinum í 8.–10. bekk grunnskóla hafi sérhæft sig í kennslugrein sinni.

Kennari við grunnskóla í handmennt, myndmennt, tónmennt, íþróttum eða heimilisfræðum skal hafa tekið viðkomandi grein sem valgrein í almennu kennaranámi eða lokið sérnámi í viðkomandi grein, sem miðast við kennslu í grunnskóla, ásamt fullgildum prófum.

Til þess að verða ráðinn eða skipaður sérkennari við grunnskóla skal grunnskólakennari hafa lokið 30 til 60 eininga framhaldsnámi í sérkennslufræðum ásamt fullgildum prófum eða öðru jafngildu námi.

Til þess að verða ráðinn eða skipaður sérkennari við sérdeildir eða sérskóla skal grunnskólakennari hafa lokið 60 eininga framhaldsnámi í sérkennslufræðum ásamt fullgildum prófum eða öðru jafngildu námi.

Heimilt er að ráða grunnskólakennara við sérdeildir eða sérskóla eitt ár í senn ef ekki fást sérmenntaðir kennarar til starfa.

Einnig er heimilt að ráða við sérdeildir eða sérskóla fóstrur eða þroskaþjálfa, sem lokið hafa 60 eininga framhaldsnámi í sérkennslufræðum, ásamt fullgildum prófum.

Matsnefnd, sbr. 4. gr., ákveður hvaða kröfur skuli gera um menntun þeirra kennara sem ekki eiga kost á námi til kennsluréttinda í sérgrein sinni enda hafi þeir lokið a. m. k. 30. eininga námi í uppeldis- og kennslufræði.

6. gr.

Til þess að verða ráðinn eða skipaður kennari við framhaldsskóla skal umsækjandi hafa öðlast leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari skv. 1. gr. og uppfylla auk þess eftirtalin skilyrði:

a. Kennari í bóklegum greinum skal hafa lokið háskólanámi ásamt fullgildum prófum í kennslugrein sinni, sbr. a- og b-liði 3. gr.
b. Kennari í íþróttum skal hafa lokið námi við Íþróttakennaraskóla Íslands eða öðru jafngildu námi.
c. Kennari í list- og verkmenntagreinum skal hafa lokið námi við listaháskóla eða aðra sérskóla sem jafngildir a.m.k. 90 einingum ásamt fullgildum prófum. Þar af skulu eigi færri en 60 einingar vera nám í sérgrein.
d. Kennari í sérgreinum eða faggreinum iðnfræðsluskóla skal hafa lokið prófi í tæknifræði eða öðru hliðstæðu námi með kennslugrein sína sem aðalgrein eða hafa meistararéttindi í þeirri iðngrein sem um er að ræða og hafa starfað í tvö ár sem tæknifræðingur eða meistari á sérsviði sínu.
e. Kennari í sérgreinum skipstjórnarnáms skal hafa lokið 4. stigs prófi frá stýrimannaskóla og siglt eigi skemur en eitt ár sem fullgildur stýrimaður á farskipi eða varðskipi eða sem skipstjóri á fiskiskipi yfir 120 rúmlestir.
f. Kennari í sérgreinum vélstjórnarnáms skal hafa lokið tæknifræði- eða verkfræðinámi sem tekur til þeirrar kennslugreinar sem viðkomandi á að annast kennslu í eða hafa lokapróf 4. stigs frá Vélskóla Íslands og hafa hlotið þá menntun sem krafist er til að öðlast ótakmörkuð véstjórnarréttindi auk starfsreynslu og meistararéttinda.
g. Kennari í sérgreinum heilbrigðisnáms skal hafa lokið námi hjúkrunarkennara ásamt fullgildum prófum frá skóla sem menntamálaráðuneytið viðurkennir eða öðru jafngildu námi.
h. Kennari við hússtjórnarskóla eða í heimilisfræðum skal hafa lokið hússtjórnarkennaraprófi, handavinnukennaraprófi eða vefnaðarkennaraprófi eða öðru jafngildu námi.
i. Kennari við Íþróttakennaraskóla Íslands skal hafa lokið prófi frá viðurkenndum íþróttakennaraskóla að viðbættu framhaldsnámi í sérgrein sem menntamálaráðuneytið metur gilt.
j. Kennari í sérgreinum við Hótel- og veitingaskóla Íslands skal hafa lokið framhaldsnámi við hótelskóla sem menntamálaráðuneytið viðurkennir og hafa tveggja ára starfsreynslu við hótelstörf eða skyldan rekstur.
k. Kennari í verklegum greinum við Fósturskóla Íslands skal hafa lokið prófi frá Fósturskóla Íslands eða sambærilegum skóla og a.m.k. eins árs viðurkenndu framhaldsnámi fyrir fóstrur. Einnig skal hann hafa unnið fósturstörf eigi skemur en þrjú ár.
l. Sérkennari við framhaldsskóla skal hafa lokið 60 eininga framhaldsnámi í sérkennslufræðum ásamt fullgildum prófum.
m. Matsnefnd, sbr. 4. gr., ákveður hvaða kröfur skuli gera um menntun þeirra kennara sem ekki eiga kost á námi til kennsluréttinda í sérgrein sinni enda hafi þeir lokið að

minnsta kosti 30 eininga námi í uppeldis- og kennslufræði.

7. gr.

Eftir eins árs starf við grunnskóla eða framhaldsskóla með góðum árangri að mati hlutaðeigandi skólastjórnanda og skólanefndar er heimilt að fastráða eða skipa viðkomandi kennara.

8. gr.

Til þess að verða ráðinn eða settur skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri við grunnskóla eða framhaldsskóla skal umsækjandi hafa kennsluréttindi og kennslureynslu á viðkomandi skólastigi.

Eftir tveggja ára starf við grunnskóla eða framhaldsskóla, þar af eitt ár sem starfandi skólastjóri/-meistari, með góðum árangri að mati hlutaðeigandi umsagnaraðila er heimilt að fastráða eða skipa viðkomandi skólastjórnanda.

Sá umsækjandi, sem lokið hefur viðurkenndu stjórnunarnámi fyrir skólastjórnendur við Kennaraháskóla Íslands eða Háskóla Íslands eða aðrar viðurkenndar menntastofnanir, skal að öðru jöfnu sitja fyrir um ráðningu í stöðu skólastjórnanda.

9. gr.

Sé um að ræða ráðningu eða skipun kennara eða skólastjórnanda við skóla, sem ekki er sérstaklega tilgreindur í lögum þessum, skal matsnefnd skv. 4. gr., að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila, ákvarða með hliðsjón af lögum þessum hvaða menntunarkröfur sé eðlilegt að gera til fastra kennara og skólastjóra skólans. Hæfni umsækjenda til þess að gegna stöðu við skólann skal síðan metin með hliðsjón af niðurstöðum nefndarinnar.

III. KAFLI
Ráðningareglur.

10. gr.

Um ráðningu skólastjórnenda og kennara fer eftir lögum nr. 63/1974, um grunnskóla, og lögum nr. 57/1988, um framhaldsskóla, með síðari breytingum.

Auglýsa skal öll laus kennslu- og stjórnunarstörf. Í auglýsingum skal m.a. tilgreina sérsvið, þ.e. aðalkennslugreinar og aldursstig nemenda. Heimilt er að ráða stundakennara skv. 11. gr. og getur skólastjóri þá ráðið grunnskólakennara eða framhaldsskólakennara án undangenginnar auglýsingar.

Sæki fleiri en einn kennari um sama starf og uppfylli allir umsækjendur þær kröfur sem gerðar eru skal við veitingu starfsins m.a. taka tillit til menntunar, kennsluferils, starfsaldurs, starfsreynslu og umsagna um starfshæfni umsækjenda.

11. gr.

Kennsla skal falin föstum kennurum eftir því sem við verður komið. Stundakennara má þó ráða

a. ef um er að ræða tímabundna heimild um stöðu frá menntamálaráðuneytinu eða viðkomandi fræðslustjóra,
b. ef um er að ræða minna en hálfa stöðu,
c. til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysinga,

d. þann sem gegnir launuðu aðalstarfi öðru en kennslustarfi.

Stundakennara samkvæmt a-, b- og d-liðum skal ráða með ráðningarsamningi eigi lengur en til eins árs í senn.

12. gr.

Óheimilt er að ráða, setja eða skipa til kennslu við grunnskóla á vegum opinberra aðila eða hliðstæða skóla aðra en þá sem uppfylla ákvæði laga þessara.

Nú sækir enginn grunnskólakennari samkvæmt lögum þessum um auglýst kennslustarf þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar og getur skólastjóri þá sótt um heimild til undanþágunefndar grunnskóla við menntamálaráðuneytið um að lausráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs í senn. Undanþágunefnd metur umsóknir og úrskurðar hvort heimila skuli að lausráða tiltekinn réttindalausan umsækjanda til kennslustarfa.

Ef hvorki skólastjóri né neinn skólanefndarmanna mælir með umsókn grunnskólakennara um kennslustarf getur skólastjóri þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. leitað til undanþágunefndar grunnskóla og óskað eftir heimild nefndarinnar til að lausráða annan starfsmann.

Nú fæst heimild frá undanþágunefnd til að lausráða starfsmann skv. 3. eða 4. mgr. og skal hann þá ráðinn með sérstökum ráðningarsamningi til ákveðins tíma. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið grunnskólakennari og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

Verði ágreiningur í undanþágunefnd um heimild til lausráðningar samkvæmt þessari grein skal leita úrskurðar menntamálaráðherra.

Menntamálaráðherra skipar undanþágunefnd grunnskóla til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af Bandalagi kennarafélaga, einum fulltrúa tilnefndum af Kennaraháskóla Íslands og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Starfsreglur undanþágunefndar skal ákveða nánar í reglugerð.

13. gr.

Óheimilt er að ráða eða skipa til kennslu við framhaldsskóla á vegum opinberra aðila eða hliðstæða skóla aðra en þá sem uppfylla ákvæði laga þessara.

Undanþágu frá þessu má þó gera að því tilskildu að auglýst hafi verið ítrekað eftir framhaldsskólakennara en án árangurs og að um sé að ræða kennslustarf sem er 8 stundir á viku eða minna og að skólastjóri og allir skólanefndarmenn séu sammála um að ráða til kennslustarfa umsækjanda sem eigi fullnægir ákvæðum þessara laga.

Ef þetta skilyrði er ekki fyrir hendi getur skólastjóri sótt um heimild til undanþágunefndar framhaldsskóla við menntamálaráðuneytið um að lausráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs í senn. Undanþágunefnd metur umsóknir og úrskurðar hvort heimila skuli að lausráða tiltekinn réttindalausan umsækjanda til kennslustarfa.

Ef hvorki skólastjóri né neinn skólanefndarmanna mælir með umsókn framhaldsskólakennara um kennslustarf getur skólastjóri þrátt fyrir ákv. 3. mgr. leitað til undanþágunefndar framhaldsskóla og óskað eftir heimild nefndarinnar til að lausráða annan starfsmann.

Nú fæst heimild frá undanþágunefnd til að lausráða starfsmann skv. 3. eða 4. mgr. og skal hann þá ráðinn með sérstökum ráðningarsamningi til ákveðins tíma. Slíkur starfs-

maður má ekki bera starfsheitið framhaldsskólakennari og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

Verði ágreiningur í undanþágunefnd um heimild til lausráðningar samkvæmt þessari grein skal leita úrskurðar menntamálaráðherra.

Menntamálaráðherra skipar undanþágunefnd framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af Bandalagi kennarafélaga, einum fulltrúa tilnefndum af Háskóla Íslands og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt. Þegar fjallað er um málefni sérskóla skal kveðja til sérmenntaðan mann á því sviði sem um er að ræða.

Starfsreglur undanþágunefndar skal ákveða nánar í reglugerð.

14. gr.

Lög þessi skerða engin réttindi sem kennari hefur áunnið sér fyrir gildistöku laganna.

15. gr.

Lög þessi taka til allra grunnskóla, framhaldsskóla og sérskóla á framhaldsskólastigi að undanskildum Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Tónlistarskólanum í Reykjavík, Leiklistarskóla Íslands og öðrum listaskólum. Lögin öðlast gildi 1. janúar 1991. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, svo og önnur lagaákvæði sem fara í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. má fastráða sem framhaldsskólakennara þá kennara sem náð höfðu 55 ára aldri 1. janúar 1987 og höfðu þá verið settir kennarar í fjögur ár eða lengur og höfðu lokið fullgildum prófum í kennslugrein sinni.

Þeir sem ljúka réttindanámi því, sem nú stendur yfir í KHÍ, öðlast leyfi til að bera starfsheitið grunnskólakennari, sbr. h-lið 2. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög nr. 48/1986 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra hafa verið endurskoðuð í samræmi við ákvæði í grein til bráðabirgða í þeim lögum. 17. janúar 1990 skipaði menntamálaráðherra nefnd til þess að endurskoða lögin í samræmi við fyrrgreint ákvæði og lauk nefndin störfum í september sl. Í nefndinni áttu sæti: Hörður Lárusson deildarstjóri, sem var formaður nefndarinnar, Sigurður Helgason deildarstjóri, Birna Sigurjónsdóttir grunnskólakennari og Magnús Þorkelsson framhaldsskólakennari.

Við endurskoðunina var lögð áhersla á að sníða af lögunum þá vankanta sem komið hafa í ljós við framkvæmd þeirra og var einkum stuðst við reynslu nefnda sem hafa starfað samkvæmt lögunum, þ.e. undanþágunefndar grunnskóla og undanþágunefndar framhaldsskóla, sbr. 13. og 14. gr. laganna, svo og matsnefnda til þess að meta hvort tiltekið nám kennara fullnægir ákvæðum laganna, sbr. 3. gr.

Helstu breytingar eru þessar:

1. Próf frá Kennaraskóla Íslands er fullnægjandi undirbúningur í uppeldis- og kennslufræði fyrir framhaldsskólakennara. Til þessa hefur þetta próf aðeins gefið 15 ein-

ingar af 30 til kennsluréttinda við framhaldsskóla.
2. Lögð er áhersla á að kennarar kenni fyrst og fremst þær greinar sem þeir hafa sérhæft sig í.
3. Tekið er fram að lögin gildi ekki um listaskóla eins og núgildandi lög. Þetta ákvæði hefur valdið erfiðleikum við ráðningu kennara að þessum skólum en listamenn hafa ekki að jafnaði aflað sér menntunar í uppeldis- og kennslufræðum.
4. Gert er ráð fyrir að umsækjandi um stöðu skólastjórnanda sem lokið hefur viðurkenndu stjórnunarnámi gangi að öðru jöfnu fyrir um ráðningu í stöðuna. Þetta er þó ekki gert að skilyrði.
5. Samkvæmt frumvarpinu verður heimilt að ráða við sérskóla eða sérdeildir fóstrur eða þroskaþjálfa sem lokið hafa 60 eininga framhaldsnámi í sérkennslufræðum.
6. Í frumvarpinu er kveðið á um hvernig með skuli fara þegar um er að ræða kennara sem ekki eiga kost á námi til kennsluréttinda í kennslugrein sinni hér á landi.
7. Ákvæði um ráðningu kennara við framhaldsskóla, sem ekki hafa full kennsluréttindi samkvæmt ákvæðum laganna, eru rýmkuð.
8. Í frumvarpinu hefur orðalagi laganna víða verið breytt í þeim tilgangi að taka af tvímæli og gera ákvæðin skýrari. Einnig hefur orðalag verið fært til samræmis við lög um framhaldsskóla þar sem þess hefur verið þörf.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 2. gr.

Hér er tekinn upp sá hluti 2. gr. í lögunum sem fjallar um grunnskóla. Eftirtaldar breytingar hafa verið gerðar:

b-liður: Skotið er inn skammstöfuninni B.Ed. Þetta er gert vegna þess að Kennaraháskóli Íslands býður upp á annars konar nám heldur en það sem leiðir til B.Ed.-prófs.

c-liður: Skotið er inn orðunum *í kennslugrein sinni*. Með þessu er lögð áhersla á að kennari skuli fyrst og fremst kenna þær greinar sem hann hefur sérhæft sig í.

h-liður: Bætt er við orðunum *samkvæmt úrskurði matsnefndar, sbr. 4. gr.*, en í lögunum er ekki tekið fram hver skuli úrskurða um annað jafngilt nám.

Um 3. gr.

Í þessari grein er tekinn upp sá hluti 2. gr. laganna sem fjallar um framhaldsskóla.

a-liður: Skotið er inn orðunum *sem hentar sem undirbúningur til kennslu í framhaldsskóla*. Þar eð háskólanám getur verið mjög margvíslegt er hér lögð áhersla á að kennari skuli hafa stundað háskólanám sem sérstaklega er hugsað sem undirbúningur til kennslu í framhaldsskóla.

b-liður: Nýr liður. Hér eru settar fram sömu kröfur um menntun í kennslugrein og fram kemur í a-lið. Hins vegar er því slegið föstu að þeir sem hafa lokið námi frá Kennaraskóla Íslands fullnægja skilyrðum um menntun í uppeldis- og kennslufræðum en hingað til hefur þessi þáttur kennaranámsins aðeins verið metinn 15 einingar.

c-liður: Um 1. gr. Áður b-liður. Liðurinn er óbreyttur nema hvað bætt er við ákvæði b-liðar hvað varðar uppeldis- og kennslufræði.

d-liður: Áður c-liður. Liðurinn er óbreyttur.

e–g-liðir: Nýir liðir: Í lögunum eru ekki ákvæði um kennara við framhaldsskóla sem höfðu lokið námi við þessar stofnanir. Hins vegar hafa lögin verið túlkuð þannig að umrætt nám nægði til kennslu í framhaldsskóla. Hér eru tekin af öll tvímæli um þetta.

h-liður: Áður d-liður. Bætt er við orðunum *samkvæmt úrskurði matsnefndar, sbr. 4. gr.*, en í lögunum er ekki tekið fram hver skuli úrskurða um annað jafngilt nám.

Um 4. gr.

Áður 3. gr.

Setningin *Mat samkvæmt þessu kerfi skal staðfest af matsnefnd, sbr. 1. eða 2. mgr. þessarar greinar* er, felld brott. Með hliðsjón af 1. og 2. mgr. er setningin óþörf.

Um 5. gr.

Áður 4. gr.

Í 1. mgr. er vísað til 2. gr. um nám kennara. Upptalning samkvæmt stafliðum a–d er felld niður þar eð um er að ræða endurtekningu á því sem fram kemur í 2. mgr. 2. gr. er ný en með henni er lögð áhersla á að kennari kenni fyrst og fremst þá kennslugrein sem hann hefur sérhæft sig í. Gerðar hafa verið orðalagsbreytingar á 2. mgr. laganna og efnisbreyting er sú að íþróttir eru taldar með list- og verkgreinum en í staðinn er felld niður 3. mgr. sem fjallar um íþróttir. Einnig eru felld brott ákvæði um einingafjölda námsins þar eð skilgreiningar í 2. gr. eru taldar nægja.

Ákvæði um sérkennara eru efnislega óbreytt en orðalag er einfaldað. Þó er bætt við ákvæði þess efnis að heimilt sé að ráða við sérskóla eða sérdeildir fóstrur eða þroskaþjálfa sem lokið hafa 60 eininga framhaldsnámi í sérkennslufræðum ásamt fullgildum prófum.

Úr síðustu málsgrein 4. gr. eru felld brott orðin *til reynslu enda sérhæfi hann sig til starfsins ef hann óskar að starfa áfram við stofnunina.* Þetta ákvæði þykir of þröngt a. m. k. á meðan skortur er á sérmenntuðum kennurum til þessara starfa og er því fellt brott.

Síðasta málsgrein er ný og tekur til kennara sem ekki eiga kost á námi til kennsluréttinda í sérgrein sinni. Þetta hefur verið vandamál í vissum greinum, svo sem vélritun. Sama má segja um fámennar greinar og greinar sem krefjast sérstakrar starfsþjálfunar.

6. gr. laganna er felld niður vegna þess að sex ára börn, sem áður stunduðu nám í forskóla, eru nú orðin skólaskyld, sbr. lög nr. 63/1974, með áorðnum breytingum.

Um 6. gr.

Áður 7. gr.

Orðalagsbreytingar í upphafi greinarinnar eru í samræmi við lög um framhaldsskóla, nr. 57/1988, með innfelldum breytingum laga nr. 107/1988 og laga nr. 72/1989.

a-liður: Nýr liður. Hér er enn einu sinni lögð áhersla á að kennari hafi lokið háskóla-

námi í kennslugrein sinni ásamt fullgildum prófum.

i- og j-liðir: Þessir liðir eru felldir niður þannig að gert er ráð fyrir að ný lög taki ekki til Myndlista- og handíðaskóla Íslands né Tónlistarskólans í Reykjavík. Sama gildir um aðra listaskóla, svo sem Leiklistarskóla Íslands.

l-liður: Áður m-liður. Gerð er krafa um 60 eininga framhaldsnám í sérkennslufræðum í stað 30–60 eininga nú.

m-liður: Nýr liður. Þetta ákvæði tekur til kennara sem ekki eiga kost á námi til kennsluréttinda í sérgrein sinni. Þetta hefur verið vandamál í vissum greinum, svo sem vélritun. Sama má segja um fámennar greinar og greinar sem krefjast sérstakrar starfsþjálfunar.

Um 7. gr.

5. og 8. gr. laganna eru hér sameinaðar í eina nýja grein þar eð þær eru efnislega samhljóða.

Um 8. gr.

Áður 9. gr.

Í 1. mgr. er gerð sú breyting að til þess að verða ráðinn skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri skuli hlutaðeigandi hafa öðlast kennslureynslu á viðkomandi skólastigi auk kennsluréttinda.

Þá er bætt við ákvæði þess efnis að umsækjandi, sem lokið hefur viðurkenndu stjórnunarnámi fyrir skólastjórnendur, skuli að öðru jöfnu sitja fyrir um ráðningu í stöðu skólastjórnanda. Það álit kom fram hjá fulltrúum KÍ og HÍK að ekki væri tímabært að setja inn þetta ákvæði. Það nám, sem nú væri boðið upp á, væri aðeins ætlað starfandi skólastjórnendum, en nauðsynlegt væri að allir, sem hefðu kennaramenntun, ættu kost á að fara í námið. Niðurstaðan varð sú að láta ákvæðið standa í því trausti að komið yrði á fót námi fyrir skólastjórnendur sem væri opið öllum sem kennaramenntun hefðu.

Um 9. gr.

Áður 10. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 10. gr.

Áður 11. gr.

1., 2. og 3. mgr. eru felldar niður og í þess stað vísað á gildandi lög um ráðningu kennara og skólastjórnenda.

Um 11. gr.

Áður 12. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 12. gr.

Áður 13. gr.

Orðalag 1. mgr. er einfaldað. Í stað þess að tilgreina sérstaklega skóla eða skólagerðir í 1. mgr. er aðeins talað um ráðningu eða skipun til kennslu við grunnskóla. Að öðru leyti er greinin óbreytt.

Um 13. gr.

Áður 14. gr.

Mikill skortur er á fullmenntuðum kennurum á framhaldsskólastigi. Skólaárið 1989–90 voru framhaldsskólakennarar með full réttindi aðeins 66,4% miðað við heil stöðugildi. Þess vegna hafa skólameistarar orðið að óska eftir undanþágum í ríkum mæli til að ráða kennara í samræmi við ákvæði 14. gr. Á síðasta ári afgreiddi undanþágunefnd framhaldsskóla alls u. þ. b. 450 undanþágubeiðnir. Núverandi fyrirkomulag er þungt í vöfum og krefst mikillar vinnu af hálfu þeirra sem sjá um framkvæmdina. Því er lagt til að undanþágubeiðnum, sem þurfa að koma til undanþágunefndar framhaldsskóla, verði fækkað með því að undanskilja ráðningu í kennslustarf sem er 8 stundir á viku eða minna og full samstaða er með skólanefnd og skólameistara um ráðningu umsækjanda sem fullnægir ekki ákvæðum laganna. Um aðrar undanþágur gilda fyrri ákvæði. Í nefndinni, sem endurskoðaði lögin, kom fram tillaga um að hliðstæð breyting yrði gerð á undanþágum fyrir grunnskóla en um það náðist ekki samkomulag.

Um 14. gr.

Áður 15. gr.

Greinin er efnislega óbreytt en orðalagi hefur verið breytt.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt ákvæði til bráðbirgða í lögunum var tilteknum hópi kennara gefinn kostur á að ljúka námi við Kennaraháskóla Íslands eða Háskóla Íslands til þess að öðlast kennsluréttindi. Af ýmsum ástæðum nýttist þessi möguleiki ekki framhaldsskólakennurum eins og til var ætlast. Nokkrir kennarar eru nú komnir undir sextugt sem kennt hafa um árabil en hafa ekki full réttindi til kennslu samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Því er lagt til að heimilt verði að fastráða þessa kennara að uppfylltum vissum skilyrðum sem tiltekin eru í greininni.

Sþ. 151. Tillaga til þingsályktunar [145. mál]

um samning um stofnun Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um stofnun Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu sem gerður var í París 29. maí 1990.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu samnings um stofnun Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu sem gerður var í París 29. maí 1990. Hann var undirritaður fyrir Íslands hönd sama dag með fyrirvara um fullgildingu. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

1. Stofnun Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu.

Á leiðtogafundi Evrópubandalagsins í Strassborg 8.–9. desember 1989 var samþykkt tillaga Frakklands um að Evrópubandalagið skyldi hafa frumkvæði að því að stofna sérstakan fjárfestingarbanka til að greiða fyrir umbreytingu á hagskipulagi í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, umbreytingu frá miðstýrðum áætlunarbúskap til markaðsbúskapar að vestrænni fyrirmynd. Í fyrstu hafði verið fyrirhugað að aðildarríki Evrópubandalagsins, bandalagið sjálft og stofnanir á þess vegum, auk ríkja í Mið- og Austur Evrópu, stæðu að bankanum. Fallið var frá þeirri hugmynd og öðrum ríkjum boðin aðild að honum. Íslendingar fengu boð frá Francois Mitterand, Frakklandsforseta, um að taka þátt í stofnun bankans og samþykkti ríkisstjórnin 22. desember 1989 að þiggja boð hans. Viðskiptaráðherra annaðist undirbúning málsins fyrir hönd Íslands. Að tillögu hans ákvað ríkisstjórnin 19. janúar 1990 að Ísland tæki fullan þátt í undirbúningi að stofnun bankans.

Umræður um stofnun bankans fóru fram á nokkrum fundum í París í boði ríkisstjórnar Frakklands, ýmist undir stjórn Frakka eða Evrópubandalagsins. Fyrsti fundurinn var haldinn 14.–16. janúar 1990 og að loknum fundi dagana 8.–9. apríl 1990 hafði tekist að ná samkomulagi um allar greinar samningsins um stofnun bankans nema þá sem kveður á um höfuðstöðvar bankans. Á fundi dagana 19.–20. maí 1990 náðist svo samkomulag um staðsetningu höfuðstöðva bankans (London), tilvonandi bankastjóra, Frakkann Jacques Attali, sérlegan ráðgjafa Frakklandsforseta, og vinnuáætlun fram að fyrsta fundi bankaráðsins en þá verða kosnir fulltrúar í stjórn bankans, bankastjóri formlega ráðinn og starfsemi bankans formlega hafin. Samningurinn var svo undirritaður við hátíðlega athöfn í forsetahöllinni í París 29. maí 1990.

Í fyrstu tóku 34 ríki og tvær alþjóðastofnanir þátt í undirbúningi að stofnun bankans en ríkjunum fjölgaði smám saman og svo fór að lokum að stofnaðilar bankans urðu 42. Stofnendur bankans eru: 12 aðildarríki Evrópubandalagsins (Belgía, Bretland, Danmörk, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Portúgal, Sambandslýðveldið Þýskaland og Spánn), 6 aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu (Austurríki, Finnland, Ísland, Noregur, Sviss og Svíþjóð), Ástralía, Bandaríkin, Egyptaland, Ísrael, Japan, Kanada, Kípur, Liechtenstein, Malta, Marokkó, Mexíkó, Nýja-Sjáland, Suður-Kórea og Tyrkland, 8 ríki Mið- og Austur-Evrópu (Búlgaría, Júgóslavía, Pólland, Rúmenía, Sovétríkin, Tékkóslóvakía, Ungverjaland og Þýska alþýðulýðveldið), auk tveggja stofnana Evrópubandalagsins, þ.e. Efnahagsbandalags Evrópu og Evrópska fjárfestingarbankans.

Hinum nýja banka, Evrópubankanum, svipar um margt til annarra alþjóðlegra þróunarbanka, svo sem Þróunarbanka Afríku, Þróunarbanka Asíu, Þróunarbanka Ameríkuríkja og að sjálfsögðu Alþjóðabankanum sem Íslendingar eru aðilar að. Öðrum þræði er hann þó annars eðlis því að honum er beinlínis ætlað sérstakt pólitískt hlutverk, þ.e. að styðja lýðræðisþróun í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu með því að stuðla að breytingu á hagskipulagi þessara ríkja, frá miðstýrðum áætlunarbúskap til markaðshagkerfis.

2. Stofnsamningur bankans.

Stofnsamningur Evrópubankans er í 63 greinum auk tveggja viðauka. Honum fylgir einnig greinargerð þar sem ýmsar greinar hans eru skýrðar nánar og einnig bréf frá Sovétríkjunum þar sem því er lýst yfir að á fyrstu þremur starfsárum bankans muni þau ekki óska eftir hærri fyrirgreiðslu frá bankanum en sem nemur þeim hluta fjárframlags Sovétríkjanna sem þegar hafi verið reiddur af hendi.

Verður nú meginatriðum stofnsamningsins lýst. Í I. kafla (1.–3. gr.) er fjallað um hlutverk bankans, starfsemi hans og aðildarríki og -stofnanir. Hlutverk bankans er að stuðla að umbreytingu á hagskipulagi í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu í átt frá miðstýrðum áætlunarbúskap til markaðshagkerfis. Hlutverki sínu á bankinn að gegna með því að stuðla að auknu einkaframtaki og stuðningi við smá og meðalstór fyrirtæki. Jafnframt er honum ætlað að stuðla að hagkvæmri fjárfestingu, m.a. í þjónustu- og fjármálagreinum og stuðningsgreinum sem eru nauðsynlegar til að einkaframtak fái notið sín, og á þann hátt skapa samkeppnisskilyrði og auka framleiðni og bæta lífskjör og aðbúnað verkafólks. Honum er einnig ætlað að leggja til tæknilega aðstoð við undirbúning og fjármögnun heppilegra verkefna og stuðla að þróun fjármagnsmarkaðar í þessum löndum. Í þessu skyni er bankanum ætlað að starfa í nánum tengslum við aðildarríki og alþjóðlegar fjármálastofnanir, svo sem Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, Alþjóðabankann, Alþjóðalánastofnunina og Efnahags- og framfarastofnunina (OECD), sem og Sameinuðu þjóðirnar og sérstofnanir þeirra. Evrópuríki og ríki utan Evrópu sem eru aðilar að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum geta gerst aðilar að bankanum og auk þeirra tvær af stofnunum Evrópubandalagsins, þ.e. Efnahagsbandalag Evrópu og Evrópski fjárfestingarbankinn.

Í II. kafla (4.–7. gr.) er fjallað um stofnfé bankans. Stofnféð er 10 milljarðar evrópskra mynteininga (ECU), þ.e. jafnvirði u.þ.b. 780 milljarða króna. Af stofnfénu skulu 3 milljarðar ECU (jafnvirði u.þ.b. 235 milljarða króna) reiddir af hendi til bankans á næstu fimm árum en stofnendur bankans skuldbinda sig til að greiða afganginn ef bankinn þarf á auknu fé að halda.

Í III. kafla (8.–19. gr.) er nánar kveðið á um starfsemi bankans. Í IV. kafla (20. gr.) er bankanum veitt heimild til að taka lán og veita ábyrgðir sem eru í samræmi við hlutverk bankans. Í V. kafla (21. gr.) er fjallað um notkun mynta í starfsemi hans.

Í VI. kafla (22.–36. gr.) er kveðið á um skipulag bankans og stjórnun hans. Æðsta vald í málefnum bankans er í höndum bankaráðs sem skipað er einum fulltrúa frá hverjum eignaraðila. Í umboði bankaráðsins fer bankastjórn, skipuð 23 fulltrúum frá eignaraðilum, með daglega yfirstjórn í bankanum. Aðildarríki Evrópubandalagsins og tvær stofnanir þess eiga 11 fulltrúa í bankastjórninni en 12 eru frá öðrum ríkjum, þar af eru 4 frá EFTA-ríkjunum, Ísrael, Kípur, Liechtenstein, Möltu og Tyrklandi, 4 frá ríkjum Mið- og Austur-Evrópu og loks 4 frá ríkjum utan Evrópu. Fulltrúar í bankastjórn eru kosnir til þriggja ára í senn. Framkvæmdastjórn bankans er í höndum bankastjóra sem kjörinn er af bankaráðinu til fjögurra ára í senn. Bankastjórnin velur einn eða fleiri aðstoðarbankastjóra að fengnum tillögum bankastjórans. Í þessum kafla er einnig kveðið á um það að höfuðstöðvar bankans skuli vera í London. Honum er jafnframt heimilt að opna umboðsskrifstofur eða útibú í sérhverju af aðildarríkjum bankans.

Í VII. kafla (37.–43. gr.) er fjallað um úrsögn eignaraðila úr bankanum, brottrekstur þeirra úr bankanum og slit hans. Í VIII. kafla (44.–55. gr.) eru ákvæði um réttarstöðu bankans, friðhelgi, forréttindi og undanþágur frá landslögum, bæði fyrir bankann og starfsfólk hans. Er hér um að ræða svipuð ákvæði og í stofnsamningum annarra alþjóð-

legra fjármálastofnana sem Ísland er aðili að.

Í IX. kafla (56.–59. gr.) er fjallað um breytingar á stofnsamningnum, túlkun á ákvæðum hans og úrskurð deilumála. Í X. kafla (60.–63. gr.) eru ýmis ákvæði, svo sem um undirritun, fullgildingu, fyrsta fund bankaráðsins og upphaf starfseminnar. Stofnaðilarnir hafa skv. 60. gr. frest fram til 31. desember 1990 til að undirrita stofnsamninginn og skv. 1. tölul. 61. gr. frest fram til 31. mars 1991 til að fullgilda eða samþykkja hann, sbr. þó 2. tölul. 61. gr. Samningurinn tekur gildi þegar stofnaðilar sem til samans leggja tila.m.k. tvo þriðju hluta stofnfjárins, þar á meðal tvö eða fleiri ríki frá Mið- og Austur-Evrópu, hafa fullgilt eða samþykkt hann.

Fyrsti fundur bankaráðsins skal haldinn eigi síðar en 60 dögum eftir að samningurinn hefur tekið gildi. Á honum skulu kjörnir fulltrúar í bankastjórnina, bankastjóri kjörinn og tekin ákvörðun um það hvenær bankinn hefji starfsemi sína.

Í viðauka A er listi yfir stofnaðila bankans og loforð þeirra um fjárframlög. Hlutur Bandaríkjanna er stærstur, 10%, en síðan koma Bretland, Frakkland, Ítalía, Japan og Vestur-Þýskaland, hvert með 8,5% hlut. Til samans leggja aðildarríki Evrópubandalagsins og stofnanir þess fram 51% af stofnfé bankans.

Í viðauka B eru kosningareglur fyrir kjör fulltrúa í stjórn bankans.

Samhliða því sem þessi þingsályktunartillaga er lögð fram leggur utanríkisráðherra fram frumvarp til laga til að tryggja bankanum ákveðna réttarstöðu hér á landi í samræmi við ákvæði í stofnsamningnum. Enn fremur mun viðskiptaráðherra leggja fram frumvarp til laga um þær fjárhagslegu skuldbindingar sem Ísland tekur á sig ef Ísland gerist aðili að bankanum og felast einkum í því að ríkissjóður ábyrgist að greiða afganginn (70%) af hlutafjárloforði Íslands ef bankinn þarf á auknu fé að halda.

3. Hlutur Íslands í stofnfé og stjórn Evrópubankans.

Ríkisstjórnin ákvað að Ísland skyldi leggja fram 0,1% af stofnfé bankans eða 10 milljónir ECU (jafnvirði 748 m.kr. miðað við gengi 1. okt. 1990). Af þessari fjárhæð verða 3 milljónir ECU (jafnvirði 224 m.kr.) reiddar af hendi í jöfnum ársgreiðslum á fimm árum, í fyrsta sinn 1991. Áætlað er fyrir fyrstu greiðslunni í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1991 undir liðnum hluta- og stofnfjárframlög. Afganginn af framlagi Íslands (7 milljónir ECU, jafnvirði 524 m.kr.) ber að reiða af hendi ef bankinn þarf á auknu fé að halda vegna fjárhagslegra áfalla eða slita bankans.

Fjórir af 23 fulltrúum í stjórn bankans koma í hlut EFTA-ríkjanna, Ísraels, Kípur, Liechtenstein, Möltu og Tyrklands. Ísland og Svíþjóð hafa þegar gert með sér samkomulag um að standa saman að kjöri stjórnarmanns sem fari með atkvæði þessara tveggja ríkja.

Fylgiskjal.

STOFNSAMNINGUR
Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu

Samningsaðilar,

sem lúta grundvallarreglum um fjölflokkalýðræði, vald laga og réttar, virðingu fyrir mannréttindum og markaðshagkerfi,

sem minnast lokaskjals Helsinkiráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu, þar á meðal yfirlýsingar hennar um meginreglur,

sem fagna þeim ásetningi ríkja Mið- og Austur-Evrópu að stuðla að framkvæmd fjölflokkalýðræðis og styrkja stofnanir lýðræðisins, vald laga og réttar og virðingu fyrir mannréttindum, og vilja þeirra til að koma á umbótum til þess að færa hagkerfi sín í átt til markaðshagkerfis,

sem líta til þess hversu mikilvæg náin og samræmd samvinna er til að stuðla að efnahagslegum framförum meðal ríkja Mið- og Austur-Evrópu, þannig að hagkerfi þeirra verði samkeppnishæfari á alþjóðavettvangi, og aðstoða þau í enduruppbyggingu þeirra og efnahagsþróun, og draga þannig þar sem við á úr allri áhættu sem fylgja kann því að veita fé til efnahagsstarfsemi þeirra,

sem eru sannfærðir um að stofnun fjölþjóðlegrar fjármálastofnunar, sem er evrópsk að grundvallareðli og með víðtæka aðild ríkja, myndi stuðla að þessum markmiðum og fela í sér nýja og einstæða skipun á samvinnu í Evrópu,

hafa orðið ásáttir um að stofnsetja hér með Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu (sem hér á eftir er nefndur „bankinn"), er starfa skal samkvæmt eftirfarandi reglum:

I. kafli
Markmið, hlutverk og aðild

1. gr.
Markmið

Við framlag sitt til efnahagslegra framfara og endurreisnar skal markmið bankans vera að hlynna að umskiptum í átt að opnu markaðshagkerfi, og hvetja til frumkvæðis einstaklinga og sjálfstæðra atvinnurekenda í þeim ríkjum Mið- og Austur-Evrópu sem gengist hafa undir og framkvæma meginreglur um fjölflokkalýðræði, fjölræði og markaðshagkerfi.

AGREEMENT
Establishing the European Bank for Reconstruction and Development

The contracting parties,

Committed to the fundamental principles of multiparty democracy, the rule of law, respect for human rights and market economics;

Recalling the Final Act of the Helsinki Conference on Security and Cooperation in Europe, and in particular its Declaration on principles;

Welcoming the intent of Central and Eastern European countries to further the practical implementation of multiparty democracy, strengthening democratic institutions, the rule of law and respect for human right and their willingness to implement reforms in order to evolve towards market-oriented economies;

Considering the importance of close and coordinated cooperation in order to promote the economic progress of Central and Eastern European, countries to help their economies become more internationally competitive and assist them in their reconstruction and development and thus to reduce, where appropriate, any risks related to the financing of their economies;

Convinced that the establishment of a multilateral financial institution which is European in its basic character and broadly international in its membership would help serve these ends and would constitute a new and unique structure of cooperation in Europe;

Have agreed to establish hereby the European Bank for Reconstruction and Development (hereinafter called "the Bank") which shall operate in accordance with the following:

Chapter I
Purpose, functions and membership

Article 1
Purpose

In contributing to economic progress and reconstruction, the purpose of the Bank shall be to foster the transition towards open market-oriented economies and to promote private and entrepreneurial initiative in the Central and Eastern European countries committed to and applying the principles of multiparty democracy, pluralism and market economics.

2. gr.
Hlutverk

1. Til að ná þeim tilgangi sínum að hlynna að umskiptum í átt að opnu markaðshagkerfi meðal ríkja Mið- og Austur-Evrópu og hvetja til frumkvæðis einstaklinga og sjálfstæðra atvinnurekenda, skal bankinn aðstoða þau aðildarríki sem aðstoð þiggja við að koma á umbótum í hagkerfi sínu í heild eða í einstökum þáttum þess, m.a. með afnámi einokunar og miðstýringar og með einkavæðingu, til að stuðla að því að atvinnulíf þeirra samlagist að fullu hinu alþjóðlega efnahagskerfi, með ráðstöfunum:

(i) er fyrir tilverknað einstaklinga og annarra fjárfesta, sem láta sig það varða, hvetji til að hefja, efla og auka arðbæra starfsemi án þátttöku ríkisvaldsins, einkum með litlum og meðalstórum fyrirtækjum,

(ii) til að nýta innlent og erlent fjármagn og reynda stjórnendur í því skyni sem í lið (i) segir,

(iii) er hlúi að arðbærri fjárfestingu, meðal annars innan þjónustu- og fjármálastarfsemi, svo og á sviði þeirra grundvallarþátta sem slíkar atvinnugreinar byggjast á, þar sem þess er þörf til að styðja frumkvæði einstaklinga og sjálfstæðra atvinnurekenda, og stuðla þannig að efnahagsumhverfi þar sem samkeppni nýtur sín, aukinni framleiðni, og bættum lífskjörum og aðstæðum á vinnumarkaði,

(iv) til að láta í té tæknilega aðstoð til að undirbúa, veita fé til og sinna viðeigandi framkvæmdum, ýmist einum sér eða í tengslum við sérstakar fjárfestingaráætlanir,

(v) til að efla og hvetja til myndunar fjarmagnsmarkaða,

(vi) til að styðja skynsamlegar og arðvænlegar framkvæmdir þar sem fleiri en eitt viðtökuríki eiga í hlut,

(vii) til að stuðla í öllum störfum sínum að varanlegri framþróun sem er skynsamleg frá sjónarmiði umhverfisverndar, og

(viii) til að sinna öðrum verkefnum og veita aðra fyrirgreiðslu sem er markmiðum þessum til framdráttar.

2. Við störf sín sitt samkvæmt 1. tl. þessarar greinar skal bankinn hafa náið samstarf við alla eignaraðila, en einnig, á þann hátt sem hann telur að við eigi innan marka samnings þessa við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, Alþjóðabankann, Alþjóðalánastofnunina, Alþjóðlegu fjárfestingará-

Article 2
Functions

1. To fulfil on a long term basis its purpose of fostering the transition of Central and Eastern European countries towards open market-oriented economies and the promotion of private and entrepreneurial initiative, the Bank shall assist the recipient member countries to implement structural and sectoral economic reforms including demonopolization, decentralization, and privatization to help their economies become fully integrated into the international economy by measures:

(i) to promote, through private and other interested investors, the establishment, improvement and expansion of productive, competitive and private sector activity, in particular small and medium sized enterprises:

(ii) to mobilize domestic and foreign capital and experienced management to the end described in (i);

(iii) to foster productive investment, including in the service and financial sectors, and in related infrastructures were that is necessary to support private and entrepreneurial initiative, thereby assisting in making a competitive environment and raising productivity, the standard of living and conditions of labour;

(iv) to provide technical assistance for the preparation, financing and implementation of relevant projects, whether individual or in the context of specific investment programmes;

(v) to stimulate and encourage the development of capital markets;

(vi) to give support to sound and economically viable projects involving more than one recipient member country;

(vii) to promote in the full range of its activities environmentally sound and sustainable development; and

(viii) to undertake such other activities and provide such other services as may further these functions.

2. In carrying out the functions referred to in paragraph 1 of this Article, the Bank shall work in close cooperation with all its members and, in such manner as it may deem appropriate within the terms of this Agreement, with the International Monetary Fund, the International Bank for Re-

byrgðarlánastofnunina og Efnahags- og framfarastofnunina, og skal eiga samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar og sérstofnanir þeirra og aðrar skyldar stofnanir, svo og við hverja þá stofnun á vegum ríkisvaldsins eða utan þess, sem lætur sig varða efnahagsþróun og fjárfestingu í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu.

3. gr.
Aðild

1. Aðild að bankanum er heimil:
(i) (1) Evrópuríkjum, og (2) ríkjum utan Evrópu sem eiga aðild að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, og
(ii) Efnahagsbandalagi Evrópu og Fjárfestingarbanka Evrópu.

2. Ríki sem orðið geta eignaraðilar samkvæmt 1. tl. þessarar greinar, og sem ekki verða eignaraðilar samkvæmt 61. gr. samnings þessa, geta öðlast aðild að bankanum með þeim skilmálum og skilyrðum sem bankinn kann að ákveða, ef eigi færri en tveir af hverjum þremur bankaráðsmönnum, sem ekki fara með minna en þrjá fjórðu hluta af öllu atkvæðamagni eignaraðilanna, greiða því atkvæði.

II. kafli
Hlutafé

4. gr.
Hlutafé

1. Upphaflegt hlutafé skal vera tíu milljarðar (10.000.000.000) ECU. Því skal skipt í eina milljón (1.000.000) hluti, hvern að nafnverði tíu þúsund (10.000) ECU, sem einungis eignaraðilar geta skráð sig fyrir í samræmi við ákvæði 5. gr. samnings þessa.

2. Upphaflegu hlutafé skal skipt í greiðsluhlutafé og kröfuhlutafé. Upphaflegt heildarnafnverð alls greiðsluhlutafjár skal nema þremur milljörðum (3.000.000.000) ECU.

3. Með atkvæðum tveggja af hverjum þremur bankaráðsmönnum, sem ekki fara með minna en þrjá fjórðu hluta af öllu atkvæðamagni eignaraðilanna, má auka hlutafé þegar ástæða þykir til, og með þeim skilmálum er æskilegir kunna að þykja.

5. gr.
Áskrift að hlutum

1. Með fyrirvara um að lagaskilyrðum hans sé fullnægt skal hver eignaraðili skrifa sig fyrir hlutum í bankanum. Hver áskrift fyrir upphaflegu

construction and Development, the International Finance Corporation, the Multilateral Investment Guarantee Agency, and the Organisation for Economic Cooperation and Development, and shall cooperate with the United Nations and its Specialized Agencies and other related bodies, and any entity, whether public or private, concerned with the economic development of, and investment in, Central and Eastern European countries.

Article 3
Membership

1. Membership in the Bank shall be open:
(i) to (1) European countries and (2) non European countries which are members of the International Monetary Fund; and
(ii) to the European Economic Community and the European Investment Bank.

2. Countries eligible for membership under paragraph 1 of this Article, which do not become members in accordance with Article 61 of this Agreement, may be admitted under such terms and conditions as the Bank may determine to membership in the Bank upon the affirmative vote of not less than two-thirds of the Governors representing not less than three-fourths of the total voting power of the members.

Chapter II
Capital

Article 4
Authorized capital stock

1. The original authorized capital stock shall be ten thousand million (10,000,000,000) ECU. It shall be divided into one million (1,000,000) shares, having a par value of ten thousand (10,000) ECU each, which shall be available for subscription only by members in accordance with the provisions of Article 5 of this Agreement.

2. The original capital stock shall be divided into paidin shares and callable shares. The initial total aggregate par value of paid-in shares shall be three thousand million (3,000,000,000) ECU.

3. The authorized capital stock may be increased at such time and under such terms as may seem advisable, by a vote of not less than two-thirds of the Governors, representing not less than three-fourths of the total voting power of the members.

Article 5
Subscription of shares

1. Each member shall subscribe to shares of the capital stock of the Bank, subject to fulfilment of the member's legal requirements. Each subscrip-

hlutafé skal vera fyrir greiðsluhlutafé og kröfuhlutafé í hlutfallinu þrír (3) á móti sjö (7). Í upphafiskal sá fjöldi hluta sem þeir undirritendur samnings þessa, er eignaraðilar verða samkvæmt 61. gr., geta skrifað sig fyrir, vera sá, sem tilgreindur er í viðauka A. Enginn eignaraðili má í upphafi skrifa sig fyrir færri en eitt hundrað (100) hlutum.

2. Bankaráð skal ákveða þann fjölda upphaflegra hluta, sem ríki, sem veitt er aðild samkvæmt 2. tl. 3. gr., skulu skrifa sig fyrir, en þó skal ekki heimila neinar áskriftir er hafa myndu í för með sér að hlutafé ríkja, sem aðilar eru að Efnahagsbandalagi Evrópu, ásamt hlutafé Efnahagsbandalags Evrópu og Fjárfestingarbanka Evrópu, verði minna en helmingur alls hlutafjár sem áskrift hefur fengist fyrir.

3. Bankaráð skal eigi sjaldnar en á 5 ára fresti meta hlutafé bankans. Nú er hlutafé aukið, og skal þá hverjum eignaraðila veitt eðlilegt tækifæri, með þeim almennu skilmálum og skilyrðum sem bankaráð setur, til að skrifa sig fyrir aukningarhlutum í sama hlutfalli og því sem hlutafjáráskrift hans nam af öllum hlutafjáráskriftum þegar áður en aukningin varð. Ekki er neinum eignaraðila skylt að skrifa sig fyrir aukningarhlut.

4. Er ákvæða 3. tl. þessarar greinar hefur verið gætt getur bankaráð að ósk eignaraðila aukið áskrift hans, eða úthlutað honum hlutum innan marka þess hlutafjár sem heimilað er, sem ekki eru áskildir öðrum aðilum. Aukningin má þó ekki hafa í för með sér að hlutafé ríkja, sem aðilar eru að Efnahagsbandalagi Evrópu, ásamt hlutafé Efnahagsbandalags Evrópu og Fjárfestingarbanka Evrópu, verði minna en helmingur alls hlutafjár sem áskrift hefur fengist fyrir.

5. Hlutabréf, sem eignaraðilar skrifa sig fyrir í upphafi, skulu gefin út á nafnverði. Önnur hlutabréf skulu og gefin út á nafnverði, nema bankaráð ákveði er sérstaklega stendur á aðra tilhögun með atkvæðum eigi færri en tveggja af hverjum þremur bankaráðsmönnum, sem ekki fara með minna en tvo þriðju hluta af öllu atkvæðamagni eignaraðilanna.

tion to the original authorized capital stock shall be for paid-in shares and callable shares in the proportion of three (3) to seven (7). The initial number of shares available to be subscribed to by Signatories to this Agreement which become members in accordance with Article 61 of this Agreement shall be that set forth in Annex A. No member shall have an initial subscription of less than one hundred (100) shares.

2. The initial number of shares to be subscribed to by countries which are admitted to membership in accordance with paragraph 2 of Article 3 of this Agreement shall be determined by the Board of Governors ; provided, however, that no such subscription shall be authorized which would have the effect of reducing the percentage of capital stock held be countries which are members of the European Economic Community, together with the European Economic Community and the European Investment Bank below the majority of the total subscribed capital stock.

3. The Board of Governors shall at intervals of not more than five (5) years review the capital stock of the Bank. In case of an increase in the authorized capital stock, each member shall have a reasonable opportunity to subscribe, under such uniform terms and condition as the Board of Governors shall determine, to a proportion of the increase in stock equivalent to the proportion which its stock subscribed bears to the total subscribed capital stock immediately prior to such increase. No member shall be obliged to subscribe to any part of an increase of capital stock.

4. Subject to the provisions of paragraph 3 of this Article, the Board of Governors may, at the request of a member, increase the subscription of that member, or allocate shares to that member within the authorized capital stock which are not taken up by other members, provided, however, that such increase shall not have the effect of reducing the percentage of capital stock held by countries which are members of the European Economic Community together with the European Economic Community and the European Investment Bank below the majority of the total subscribed capital stock.

5. Shares of stock initially subscribed to by members shall be issued at par. Other shares shall be issued at par unless theBoard of Governors, by a vote of not less than two-thirds of the Governors representing not less than two-thirds of the total voting power of the members, decides to issue them special circumstances on other terms.

6. Eigi má á nokkurn hátt veðsetja hlutabréf eða setja höft á meðferð þeirra, og eru þau ekki framseljanleg, nema til bankans samkvæmt VII. kafla samnings þessa.

7. Ábyrgð eignaraðila fyrir hlutum takmarkast við það, sem ógreitt er af útgáfuverði hlutabréfa. Eignaraðilar eru ekki vegna aðildar sinnar ábyrgir fyrir skuldbindingum bankans.

6. gr.

Greiðsla hlutafjár

1. Sú upphæð greiðsluhlutafjár, sem hver undirritandi samnings þessa, er eignaraðili verður að bankanum samkvæmt 61. gr. hans, skrifar sig fyrir í upphafi, skal greidd með fimm (5) afborgunum, sem hver nemi tuttugu (20) % af viðkomandi fjárhæð. Hver eignaraðili skal greiða fyrstu afborgun innan sextíu (60) daga frá því er samningur þessi öðlast gildi, eða frá því er hann leggur fram fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjal sitt samkvæmt 61. gr., ef sá dagur er síðar en gildistakan. Þær fjórar (4) afborganir sem eftir eru falla í gjalddaga hver af annarri einu ári eftir þann dag er næsta afborgun á undan féll í gjalddaga, og skulu þær greiddar er uppfyllt hafa verið löggjafarskilyrði hvers eignaraðila.

2. Greiða má fimmtíu (50) % af hverri afborgun samkvæmt 1. tl. þessarar greinar, eða af afborgun eignaraðila sem veitt hefur verið aðild samkvæmt 2. tl. 3. gr. samnings þessa, með skuldabréfum eða öðrum skuldaviðurkenningum útgefnum af þeim eignaraðila sem í hlut á, í ECU, Bandaríkjadölum eða japönskum jenum, til innlausnar eftir því sem bankinn þarfnast reiðufjár til notkunar í rekstri sínum. Skuldabréf þessi og skuldaviðurkenningar skulu vera óframseljanleg, ekki bera vexti, og greiðast bankanum affallalaust þegar þess er krafist. Kröfur til greiðslu á slíkum skuldabréfum eða skuldaviðurkenningum skulu gerðar þannig, að þegar miðað er við hæfilegt tímabil standi umkrafin fjárhæð í ECU, á þeim tíma er greiðslu er krafist frá hverjum eignaraðila, í réttu hlutfalli við þann fjölda greiðsluhluta sem hver eignaraðili, sem afhendir skuldabréf eða skuldaviðurkennigar, hefur skrifað sig fyrir og heldur.

3. Allar skuldir eignaraðila vegna áskriftar að upphaflegu hlutafé skulu greiddar í ECU, Bandaríkjadölum eða japönskum jenum miðað við meðalgengi viðkomandi myntar gagnvart ECU á tímabilinu frá 30. september 1989 til 31. mars 1990 að báðum dögum meðtöldum.

6. Shares of stock shall not be pledged or encumbered in any manner whatsoever, and they shall not be transferable except to the Bank in accordance with Chapter VII of this Agreement.

7. The liability of the members on shares shall be limited to the unpaid portion of their issue price. No member shall be liable, by reason of its membership, for obligation of the Bank.

Article 6

Payment of subscriptions

1. Payment of the paid-in shares of the amount initially subscribed to by each Signatory to this Agreement, which becomes a member in accordance with Article 61 of this Agreement, shall be made in five (5) instalment of twenty (20) per cent each of such amount. The first instalment shall be paid by each member within sixty (60) days after the date of the entry into force of this Agreement, or after the date of deposit of its instrument of ratification, acceptance or approval in accordance with Article 61, if this latter is later than the date of the entry into force. The remaining four (4) instalments shall each become due successively one year from the date on which the preceding instalment becomes due and shall each, subject to the legislative requirements of each member, be paid.

2. Fifty (50) per cent of payment of each instalment pursuant to paragraph 1 of this Article, or by a member admitted in accordance with paragraph 2 of Article 3 of this Agreement, may be made in promissory notes or other obligation issued by such member and denominated in ECU, in United States dollars or in Japanese yen, to be drawn down as the Bank needs funds for disbursement as a result of its operations. Such notes or obligation shall be non-negotiable, non-interest-bearing and payable to the Bank at par value upon demand. Demands upon such notes or obligations shall, over reasonable periods of time, be made so that the value of such demands in ECU at the time of demand from each members is proportional to the member of paid-in shares subscribed to and held by each such member depositing such notes or obligations.

3. All payment obligations of a member in respect of subscription to shares in the initial capital stock shall be settled either in ECU, in United States dollars or in Japanese yen on the basis of the average exchange rate of the relevant currency in terms of the ECU for the period 30 September 1989 to31 March 1990 inclusive.

4. Greiðsla áskrifta að kröfuhlutafé er háð því að hennar sé krafist, með hliðsjón af ákvæðum 17. og 42. gr. samnings þessa, einungis að því marki og á þeim tíma, er bankinn þarfnast fjárins til að standa við skuldbindingar sínar.

5. Nú er krafa gerð samkvæmt 4. tl. þessarar greinar, og skal þá eignaraðilinn greiða samkvæmt henni í ECU, Bandaríkjadölum eða japönskum jenum. Verðgildi krafna sem gerðar eru skal vera hið sama í ECU fyrir hvern kröfuhlut sem reiknaður er út þegar greiðslu er krafist.

6. Bankinn skal ákveða greiðslustað hverrar greiðslu samkvæmt þessari grein eigi síðar en einum mánuði eftir fyrsta fund bankaráðs. Fram til þess tíma skal fyrsta afborgun samkvæmt 1. tl. þessarar greinar innt af hendi til Fjárfestingarbanka Evrópu sem fjárhaldsmanns bankans.

7. Hvað snertir aðrar hlutafjáráskriftir en fjallað er um í 1., 2. og 3. tl. þessarar greinar skulu greiðslur eignaraðila vegna áskrifar að greiðsluhlutafé bankans inntar af hendi í ECU, Bandaríkjadölum eða japönskum jenum, annaðhvort í reiðufé eða í skuldabréfum og öðrum skuldaviðurkenningum.

8. Með greiðslu eða verðgildistilgreiningu í ECU er í grein þessari einnig átt við greiðslu eða verðgildistilgreiningu í sérhverjum öðrum myntum sem eru skiptanlegar, og sem á greiðslu- eða innlausnardegi eru jafnverðmætar viðkomandi skuld í ECU.

4. Payment of the amount subscribed to the callable capital stock of the Bank shall be subject to call, taking account of Articles 17 and 42 of this Agreement, only as and when required by the Bank to meet its liabilities.

5. In the event of a call referred to in paragraph 4 of this Article, payment shall be made by the member in ECU, in United States dollars or in Japanese yen. Such call shall by uniform in ECU value upon each callable share calculated at the time of the call.

6. The Bank shall determine the place for any payment under this Article not later then one month after the inaugural meeting of its Board of Governors, provided that, before such determination, the payment of the first instalment referred to in paragraph 1 of this Article shall be made to the European Investment Bank, as trustee for the Bank.

7. For subscription other than those described in paragraphs 1,2, and 3 of this Article, payment by a member in respect of subscription to paid-in shares in the authorized capital stock shall by made in ECU in United States dollars or in Japanese yen whether in cash or in promissory notes or in other obligation.

8. For the purposes of this Article, payment or denomination in ECU shall include payment or denomination in any fully convertible currency which is equivalent on the date of payment or encashment to the value of the relevant obligation in ECU.

7. gr.

Almennt fjármagn

Í samningi þessum merkir „almennt fjármagn" *meðal annars:*

(i) hlutafé bankans, bæði greiðslu- og kröfuhlutafé, sem áskrift hefur fengist fyrir samkvæmt 5. gr. samnings þessa,

(ii) fé sem aflað hefur verið með lántöku bankans samkvæmt heimild í (i)-lið 20. gr. samnings þessa, og sem ákvæði 4. tl. 6. gr. hans um kröfugerð tekur til,

(iii) endurgreidd lán og ábyrgðir, og fé sem til ráðstöfunar kemur vegna eiginfjárframlaga, sem fjármagni samkvæmt liðum (i) og (ii) hefur verið varið til,

Article 7

Ordinary capital resources

As used in this Agreement the term "ordinary capital resources" of the Bank shall include the following:

(i) authorized capital stock of the Bank, including both paid-in and callable shares, subscribed to pursuant to Article 5 of this Agreement;

(ii) funds raised by borrowings of the Bank by virtue of powers conferred by sub-paragraph (i) of Article 20 of this Agreement, to which the commitment to calls provided for in paragraph 4 of Article 6 of this Agreement is applicable;

(iii) funds received in repayment of loans or guarantees and proceeds from the disposal of equity investment made with the resources indicated in sub-paragraphs (i) and (ii)of this Article;

(iv) tekjur af lánum og eiginfjárframlögum sem fjármagni samkvæmt liðum (i) og (ii) hefur verið varið til, og tekjur af ábyrgðum og sölutryggingum, sem ekki heyra til sérstakrar starfsemi bankans, og

(v) allt annað fé eða tekjur sem bankinn aflar, sem ekki eru hluti af því sérfjármagni sem fjallað er um í 19. gr. samnings þessa.

III. kafli
Starfsemin
8. gr.
Viðtökuríki og notkun fjármagns

1. Nota skal fjármagn bankans og aðstöðu hans eingöngu til að koma fram þeim markmiðum sem lýst er í 1. gr. samnings þessa, og sinna því hlutverki, sem lýst er í 2. gr. hans.

2. Bankinn má starfa í þeim ríkjum Mið- og Austur-Evrópu þar sem stöðugrar þróunar gætir í átt til þess að markaðshagkerfi sé komið á og að hvatt sé til frumkvæðis einstaklinga og sjálfstæðra atvinnurekenda, og sem með beinum aðgerðum og á annan hátt beita meginreglum þeim, sem tilgreindar eru í 1. gr. samnings þessa.

3. Framkvæmi eignaraðili stefnu sem ekki samrýmist 1. gr. samnings þessa, eða þegar sérstaklega stendur á, skal bankastjórn fjalla um hvort fella skuli niður eða breyta aðgangi hans að fjármagni bankans, og leggja tillögur þar að lútandi fyrir bankaráð. Ákvörðun um þetta efni skal tekin af bankaráði með eigi færri atkvæðum en tveggja af hverjum þremur bankaráðsmönnum, sem ekki fara með minna en þrjá fjórðu hluta af öllu atkvæðamagni eignaraðilanna.

4. (i) Hvert það ríki, sem til greina kemur sem viðtökuríki, getur sótt um að því verði veittur aðgangur að fjármagni bankans í sérstökum tilgangi um þriggja (3) ára skeið eftir að samningur þessi öðlast gildi. Um leið og slík umsókn er lögð fram skal hún fylgja samningi þessum sem óaðskiljanlegur hluti hans.

(ii) Meðan á tímabili þessu stendur

(a) skal bankinn samkvæmt umsókn veita ríkinu og fyrirtækjum á landsvæði þess tæknilega aðstoð og aðra aðstoð er beinist að því að veita fé til atvinnustarfsemi á vegum einstaklinga, greiða fyrir því að fyrirtæki í ríkiseign komist í eign og undir stjórn einstaklinga, og aðstoða fyrirtæki sem rekin eru á samkeppnisgrundvelli og eru að færa

(iv) income derived from loans and equity investment, made from the resources indicated in sub-paragraphs (i) and (ii) of this Article and income derived from guarantees and underwriting not forming part of the special operation of the Bank; and

(v) any other funds or income received by the Bank which do not form part of its Special Funds resources referred to in Article 19 of this Agreement.

Chapter III
Operations
Article 8
Recipient countries and use of resources

1. The resources and facilities of the Bank shall be used exclusively to implement the purpose and carry out the function set forth, respectively, in Articles 1 and 2 of this Agreement.

2. The Bank may conduct its operations in countries from Central and Eastern Europe, which are proceeding steadily in the transition towards market oriented economies and the promotion of private and entrepreneurial initiative and which apply, by concrete steps and otherwise, the principles as set forth in Article 1 of this Agreement.

3. In cases where a member might be implementing policies which are inconsistent with Article 1 of this Agreement, or in exceptional circumstances, the Board of Directors shall consider whether access by a member to Bank resources should be suspended or otherwise modified and may make recommendation accordingly to the Board of Governors. Any decision on these matters shall be taken by the Board of Governors by a majority of not less than two-thirds of the Governors, representing not less than threefourths of the total voting power of the members.

4. (i) Any potential recipient country may request that the Bank provide access to its resources for limited purposes over a period of three (3) years beginning after the entry into force of this Agreement. Any such request shall be attached as an integral part of this Agreement as soon as it is made.

(ii) During such a period:

(a) the Bank shall provide to such a country, and to enterprises in its territory, upon their request, technical assistance and other types of assistance directed to finance itsprivate sector, to facilitate transition of state-owned enterprises to private ownership and control, and to help enterprises operating competitively and moving to par-

starfsemi sína til þátttöku í markaðshagkerfinu, og gildir um þetta hlutfall það, sem tilgreint er í 3. tl. 11. gr. samnings þessa,

(b) má heildarfjárhæð aðstoðar sem þannig er veitt má ekki fara fram úr heildarupphæð þess reiðufjár og skuldabréfa, sem viðkomandi ríki hefur greitt eða gefið út fyrir hlutabréf sín.

(iii) Er tímabili þessu lýkur skal ákvörðun um hvort heimila skuli viðkomandi landi aðgang umfram þau mörk sem tilgreind eru í stafliðum (a) og (b) tekin af bankaráði með eigi færri atkvæðum en þriggja af hverjum fjórum bankráðsmönnum, sem ekki fara með minna en áttatíu og fimm (85) % af öllu atkvæðamagni eignaraðilanna.

9. gr.

Almenn starfsemi og sérstök

Starfsemi bankans skal fólgin í almennri starfsemi, sem kostuð er með almennu fjármagni bankans, sbr. 7. gr. samnings þessa, og sérstakri starfsemi, sem kostuð er með því sérstaka fjármagni sem fjallað er um í 19. gr. Sameina má báðar þessartegundir starfsemi.

10. gr.

Aðskilnaður í rekstri

1. Hvað meðferð, notkun, veitingu, fjárfestingu og alla aðra ráðstöfun snertir skal hinu almenna fjármagni bankans og hinu sérstaka fjármagni hans ávallt haldið algerlega aðgreindu hvoru frá öðru. Í reikningum bankans skal sýna varasjóð hans með almennri starfsemi hans, og sérstaka starfsemi aðgreinda.

2. Almennt fjármagn bankans má aldrei nota til að greiða tap eða skuldbindingar vegna sérstakrar starfsemi eða annarrar starfsemi sem upphaflega var greidd með sérstöku fjármagni, eða sem sérstakt fjármagn var upphaflega skuldbundið til.

3. Útgjöld í beinum tengslum við almenna starfsemi skulu færð til gjalda á móti almennu fjármagni bankans. Útgjöld í beinum tengslum við sérstaka starfsemi skulu færð til gjalda á móti sérstöku fjármagni hans. Öll önnur útgjöld skulu, þó með þeim fyrirvara sem í 1. tl. 18. gr. segir, færð til gjalda á þann hátt sem bankinn kann að ákveða.

11. gr.

Starfshættir

1. Í þágu markmiða sinna og hlutverks samkvæmt 1. og 2. gr. samnings þessa skal bankinn haga rekstri sínum á einhvern eða allan þann hátt sem hér segir:

ticipation in the market oriented economy, subject to the proportion set forth in paragraph 3 of Article 11 of this Agreement;

(b) the total amount of any assistance thus provided shall not exceed the total amount of cash disbursed and promissory notes issued by that country for its shares.

(iii) At the end of this period, the decision to allow such a country access beyond the limits specified in sub-paragraphs (a) and (b) shall be taken by the Board of Governors by a majority of not less than three-fourths of the Governors representing not less than eighty-five (85) per cent of the voting power of the members.

Article 9

Ordinary and special operations

The operations of the Bank shall consist of ordinary operations financed from the ordinary capital resources of the Bank referred to in Article 7 of this Agreement and special operations financed from Special Funds resources referred to in Article 19 of this Agreement. The two types of operations may by combined.

Article 10

Separation of operations

1. The ordinary capital resources and the Special Funds resources of the Bank shall at all times and in all respects be held, used, committed, invested or otherwise disposed of entirely separately from each other. The financial statements of the Bank shall show the reserves of the Bank, together with it ordinary operations and separately, and its special operations.

2. The ordinary capital resources of the Bank shall under no circumstances be charged with, or used to discharge, losses or liabilities arising out of special operations or other activities for which Special Funds resources were originally used or committed.

3. Expenses appertaining directly to ordinary operations shall be charged to the ordinary capital resources of the Bank. Expenses appertaining directly to special operations shall be charged to Special Funds resources. Any other expenses shall, subject to paragraph 1 of Article 18 of this Agreement, be charged as the Bank shall determine.

Article 11

Methods of operation

1. The Bank shall carry out its operations in furtherance of its purpose and functions as set out in Articles 1 and 2 of this Agreement in any or all of the following ways:

(i) með lánveitingum, eða með því að sjá um útvegun lánsfjár ásamt fjölþjóðlegum stofnunum, viðskiptabönkum eða öðrum sem á því sviði starfa, eða taka þátt í lánveitingum til fyrirtækja á vegum einkaaðila eða ríkisfyrirtækja sem rekin eru á samkeppnisgrundvelli og ganga til þátttöku í markaðshagkerfinu, eða með lánveitingum til opinberra fyrirtækja til að greiða fyrir því að þau komist í eign og undir stjórn einstaklinga, þar á meðal með því að greiða fyrir eða stuðla að hlutdeild einkafjármagns og/eða erlends fjármagns í slíkum fyrirtækjum,

(ii) (a) með fjárfestingum er felast í framlagi til eigin fjár fyrirtækja á vegum einkaaðila,
(b) með fjárfestingum er felast í framlagi til eigin fjár opinberra fyrirtækja sem rekin eru á samkeppnisgrundvelli og eru að ganga til þátttöku í markaðashagkerfinu, og fjárfestingum er felast í framlagi til eigin fjár opinberra fyrirtækja til að greiða fyrir því að þau komist í eign og undir stjórn einstaklinga, þar á meðal með því að greiða fyrir eða stuðla að hlutdeild einkafjármagns og/eða erlends fjármagns í slíkum fyrirtækjum, og
(c) með því, þar sem annar háttur á útvegun fjármagns hentar ekki, að veita sölutryggingu fyrir skuldabréfaútgáfu fyrirtækja, bæði á vegum einkaaðila og þeirra fyrirtækja í ríkiseign sem fjallað er um í staflið (b), í þeim tilgangi sem í þeim staflið segir,

(iii) með því að greiða fyrir aðgangi fyrirtækja á vegum einkaaðila, svo og annarra fyrirtækja sem fjallað er um í (i)-lið þessarar greinar, að innlendum og erlendum fjármagnsmarkaði í þeim tilgangi sem fjallað er um í þeim lið, með veitingu ábyrgða þar sem annar háttur á útvegun fjármagns hentar ekki, en einnig með fjármálaráðgjöf og annarri aðstoð,

(iv) með því að nota fjármagn úr sérsjóðum samkvæmt þeim samningum sem mæla fyrir um nýtingu þeirra, og

(v) með lánum eða þátttöku í lánveitingum og tæknilegri aðstoð til að endurnýja eða þróa starfsumhverfi, þar á meðal verkefni á sviði umhverfismála, sem nauðsynlegt er til að atvinnuvegir á vegum einkaaðila þrífist og breyting eigi sér stað til markaðshagkerfis.

Hvað tölulið þennan snertir skal ekki litið svo á að ríkisfyrirtæki starfi á samkeppnisgrundvelli, nema það starfi sjálfstætt við þær aðstæður sem ríkja á samkeppnismarkaði, og það sé háð lögum um gjaldþrot.

(i) by making, or cofinancing together with multilateral institutions, commercial banks or other interested sources, or participating in, loans to private sector enterprises, loans to any state-owned enterprise operating competitively and moving to participation in market oriented economy, and loans to any state-owned enterprise to facilitate its transition to private ownership and control; in particular to facilitate or enhance the participation of private and/or foreign capital in such enterprises;

(ii) (a) by investment in the equity capital of private sector enterprises;
(b) by investment in the equity capital of any state-owned enterprise operating competitively and moving to participation in the market oriented economy, and investment in the equity capital of any state-owned enterprise to facilitate its transition to private ownership and control; in particular to facilitate or enhance the participation of private and/or foreign capital in such enterprises; and
(c) by underwriting, where other means of financing are not appropriate, the equity issue of securities by both private sector enterprises and such state owned enterprises referred to in (b) above for the ends mentioned in that sub-paragraph;

(iii) by facilitating access to domestic and international capital markets by private sector enterprises or by other enterprises referred to in sub-paragraph (i) of this paragraph for the ends mentioned in that sub-paragraph, through the provision of guarantees, were other means of financing are not appropriate, and through financial advice and other forms of assistance;

(iv) by deploying Special Funds resources in accordance with the agreements determining their use; and

(v) by making or participating in loans and providing technical assistance for the reconstruction or development of infrastructure, including environmental programmes, necessary for private sector development and the transition to a market-oriented economy.

For the purposes of this paragraph, a state-owned enterprise shall not be regarded as operating competitively unless it operates autonomously in a competitive market environment and unless it is subject to bankruptcy laws.

2. (i) Bankastjórn skal ekki sjaldnar en árlega athuga rekstur og lánastefnu bankans í hverju viðtökuríki til að ganga úr skugga um að gætt sé til fulls markmiða og hlutverks bankans samkvæmt 1. og 2. gr. samnings þessa. Ákvarðanir sem fylgja í kjölfar slíkrar endurskoðunar skulu teknar með atkvæðum eigi færri en tveggja af hverjum þremur fulltrúum í bankastjórn, sem ekki fara með minna en þrjá fjórðu hluta af öllu atkvæðamagni eignaraðilanna.

(ii) Til athugunar þessarar skal m.a. heyra að hugað sé að framförum hvers viðtökulands, hvað snertir afnám miðstýringar og einokunar og í átt til einkavæðingar, og að þeim innbyrðis hlutföllum, sem myndast af lánum bankans sem veitt eru einkafyrirtækjum, sem veitt eru opinberum fyrirtækjum sem eru að ganga til þátttöku í markaðshagkerfinu eða einkavæða, sem veitt eru til að leggja rekstrargrundvöll, sem veitt eru til tækniaðstoðar, og sem veitt eru til annarra þarfa.

3. (i) Með fyrirvara um aðra starfsemi bankans samkvæmt þessari grein má ekki veita meira en fjörutíu (40) % af lánum og ábyrgðum hans og eiginfjárframlögum hans til atvinnureksturs á vegum hins opinbera. Í fyrstu skal hlutfallstakmörkun þessi gilda um tveggja (2) ára samfellt skeið frá því er bankinn hefur rekstur, en síðan fyrir hvert fjárhagsár.

(ii) Með fyrirvara um aðra starfsemi bankans samkvæmt þessari gr. skal um fimm (5) ára samfellt skeið ekki veita meira en fjörutíu (40) % af lánum og ábyrgðum bankans og framlögum hans til eigin fjár fyrirtækja í þágu atvinnurekstrar á vegum hins opinbera í sama landi.

(iii) Hvað tölulið þennan snertir

(a) tekur hið opinbera til ríkisvaldsins og sveitastjórna, til stofnana þeirra, og til fyrirtækja í eigu þeirra eða undir stjórn þeirra,

(b) skal ekki litið svo á að lán, ábyrgð eða eiginfjárframlag til fyrirtækis í opinberri eigu sem fylgir áætlun um að koma því í eigu og undir stjórn einstaklinga, sé veitt í þágu atvinnureksturs á vegum hins opinbera,

(c) skal ekki litið svo á að lán, sem veitt eru þeim aðilum sem endurlána fé til atvinnureksturs á vegum einstaklinga, séu veitt í þágu atvinnureksturs á vegum hins opinbera.

12. gr.

Takmarkanir á almennri starfsemi

1. Aldrei má hækka heildarfjárhæð þeirra lána, ábyrgða og eiginfjárframlaga sem bankinn hefur

2. (i) The Board of Directors shall review at lest annually the Bank's operations and lending strategy in each recipient country to ensure that the purpose and the functions of the Bank, as set out in Articles 1 and 2 of this Agreement, are fully served. Any decision pursuant to such a review shall be taken by a majority of not less than two-thirds of the Directors representing not less than three-fourths of the total voting power of the members.

(ii) The said review shall involve the consideration of, **inter alia**, each recipient country's progress made on decentralisation, demonopolisation and privatization and the relative shares of the Bank's lending to private enterprises, to state-owned enterprises in the process of transition to participation in the market-oriented economy or privatisation, for infrastructure, for technical assistance, and for other purposes.

3. (i) Not more than forty (40) per cent of the amount of the Bank's total committed loans, guarantees and equity investments, without prejudice to its other operations referred to in this Article, shall be provided to the state sector. Such percentage limit shall apply initially over a two (2) year period, from the date of commencement of the Bank's operations, taking one year with another, and thereafter in respect of each subsequent financial year.

(ii) For any country, not more than forty per cent of the amount of the Bank's total committed loans, guarantees and equity investments over a period of five (5) years, taking one year with another, and without prejudice to the Bank's other operations referred to in this Article, shall be provided to the state sector.

(iii) For the purposes of this paragraph,

(a) the state sector includes national and local governments their agencies, and enterprises owned or controlled by any of them;

(b) a loan or guarantee to, or equity investment in, a state-owned enterprise, which is implementing a programme to achieve private ownership and control, shall not be considered as made to the state sector;

(c) loans to a financial intermediary for onlending to the private sector shall not be considered as made to the state sector.

Article 12

Limitations on ordinary operations

1. The total amount of outstanding loans, equity investments and guarantees made by the Bank

veitt í almennri starfsemi sinni, ef hækkunin myndi leiða til þess að farið yrði fram úr heildarfjárhæð óskertra hlutafjáráskrifta ásamt þeim varasjóðum og umframfé, sem heyrir til almennu fjármagni hans.

2. Upphæð hvers eiginfjárframlags skal að jafnaði ekki fara fram úr því hlutfalli eigin fjár þess fyrirtækis sem í hlut á, sem bankastjórn skal ákveða með almennri reglu að teljist hæfilegt. Bankinn skal ekki leitast við að ná með slíkum fjárfestingum yfirráðum í stjórn hlutaðeigandi fyrirtækis, né beita slíkum yfirráðum eða takast á hendur beina ábyrgð á stjórn fyrirtækis sem hann hefur fjárfest í, nema vanefnd hafi orðið eða hennar megi vænta varðandi fjárfestinguna, fyrirtækið sem fjárfest hefur verið í sé ógjaldfært eða ógjaldfærni þess megi vænta, eða við aðrar aðstæður sem bankinn telur að stefni fjárfestingunni í hættu, og getur bankinn þá beitt þeim ráðstöfunum og heimildum sem hann telur nauðsynlegar til verndar hagsmunum sínum.

3. Upphæð greiddra eiginfjárframlaga bankans má aldrei fara fram úr upphæð sem samsvarar heildarfjárhæð þeirra óskertu hlutafjáráskrifta sem greiddar hafa verið, umframfjár og almenns varasjóðs.

4. Bankinn má ekki ábyrgjast útflutningslán eða takast á hendur vátryggingastarfsemi.

in its ordinary operations shall not be increased at any time, if by such increase the total amount of its unimpaired subscribed capital, reserves and surpluses included in its ordinary capital resources would be exceeded.

2. The amount of any equity investment shall not normally exceed such percentage of the equity capital of the enterprise concerned as shall be determined by a general rule, to be appropriate by the Board of Directors. The Bank shall not seek to obtain by such an investment a controlling interest in the enterprise concerned and shall not exercise such control or assume direct responsibility for managing any enterprise in which it has investment, except in the event of actual or threatened default on any of its investments, actual or threatened insolvency of the enterprise in which such investment shall have been made, or other situations which, in the opinion of the Bank, threaten to jeopardize such investment, in which case the Bank may take such action and exercise such rights as it may deem necessary for the protection of its interests.

3. The amount of the Bank's disbursed equity investment shall not at any time exceed an amount corresponding to its total unimpaired paid-in subscribed capital, surpluses and general reserve.

4. The Bank shall not issue guarantees for export credits nor undertake insurance activities.

13. gr.

Starfsreglur

Bankinn skal starfa samkvæmt eftirfarandi meginreglum:

(i) í öllum rekstri sínum skal bankinn fylgja góðri venju í bankamálum,

(ii) rekstur bankans skal fara fram með það fyrir augum að lagt sé fram fé til ákveðinna verkefna, einstakra eða sem hluta af ákveðnum fjárfestingaráætlunum, og að veitt sé tæknileg aðstoð, allt í þágu þeirra markmiða og þess hlutverks, sem lýst er í 1. og 2. gr. samnings þessa,

(iii) bankinn skal ekki veita fé til neinna verkefna á landsvæði aðildarríkis, ef það er því andvígt,

(iv) bankinn skal ekki leyfa að óhóflegur hluti fjármagns síns sé notaður í þágu eins eignaraðila,

(v) bankinn skal leitast við að halda eðlilegri fjölbreytni í öllum fjárfestingum sínum,

Article 13

Operating principles

The Bank shall operate in accordance with the following principles:

(i) the Bank shall apply sound banking principles to all its operations;

(ii) the operations of the Bank shall provide for the financing of specific projects, whether individual or in the context of specific investment programmes, and for technical assistance, designed to fulfil its purpose and functions as set out in Articles 1 and 2 of this Agreement;

(iii) the Bank shall not finance any undertaking in the territory of a member if that member objects to such financing;

(iv) the Bank shall not allow a disproportionate amount of its resources to be used for the benefit of any member;

(v) the Bank shall seek to maintain reasonable diversification in all its investments;

(vi) áður en lán, ábyrgð eða eiginfjárframlag er veitt skal umsækjandi hafa lagt fram fullnægjandi áætlun, og bankastjóri bankans hafa lagt fyrir bankastjórnina skriflega umfjöllun um áætlunina á grundvelli athugana bankans, ásamt tillögum,

(vii) bankinn skal ekki takast á hendur að útvega fé eða aðstöðu í þeim tilvikum er umsækjandi getur útvegað fjármagn eða aðstöðu annars staðar, með kjörum er bankinn telur viðunandi,

(viii) er bankinn útvegar fjármagn eða ábyrgist útvegað fjármagn skal hann taka eðlilegt tillit til þess hversu fyrirsjáanlegt það er að lántaki, svo og sá er gengur í ábyrgð fyrir hann, ef við á, muni geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningnum,

(ix) veiti bankinn beint lán skal hann aðeins heimila greiðslu lánsfjárins til lántakandans eftir því sem útgjöld falla til,

(x) bankinn skal leitast við að halda fé sínu í veltu með því að selja ávallt fjárfestingar sínar einkaaðilum þegar það er unnt með viðunandi kjörum,

(xi) þegar bankinn fjárfestir í einstökum fyrirtækjum skal hann leggja fram fé með þeim kjörum og skilmálum sem hann telur við eiga með hliðsjón af þörfum fyrirtækisins, áhættu bankans, og þeim kjörum og skilmálum sem venjulega er náð við fjárfestingar á vegum einkaaðila við svipaðar aðstæður,

(xii) bankinn skal ekki setja neinar takmarkanir á kaup á vöru eða þjónustu frá neinu ríki fyrir fé sem á rætur að rekja til nokkurs láns, fjárfestingar eða annarrar útvegunar á fé í almennum eða sérstökum rekstri hans, og skal alltaf þar sem við á binda lán sín eða þjónustu því skilyrði að alþjóðleg útboð fari fram,

(xiii) bankinn skal gera allar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að fé það, sem á rætur að rekja til láns sem hann hefur veitt, ábyrgst eða tekið þátt í, eða eiginfjárframlag sem hann hefur veitt, verði einungis notað í þeim tilgangi sem lánið eða eiginfjárframlagið var veitt til, með viðeigandi hliðsjón af hagkvæmni og skilvirkni.

(vi) before a loan, guarantee or equity investment is granted, the applicant shall have submitted an adequate proposal and the President of the Bank shall have presented to the Board of Directors a written report regarding the proposal, together with recommendations, on the basis of a staff study;

(vii) the Bank shall not undertake any financing or provide andy facilities, when the applicant is able to obtain sufficient financing or facilities elsewhere on terms and conditions that the Bank considers reasonable;

(viii) in providing or guaranteeing financing, the Bank shall pay due regard to the prospect that the borrower and its guarantor, if any, will be in a position to meet their obligations under the financing contract;

(ix) in case of a direct loan made by the Bank, the borrower shall be permitted by the Bank to draw its funds only to meet expenditure as it is actually incurred;

(x) the Bank shall seek to revolve its funds by selling its investments to private investors whenever it can appropriately do so on satisfactory terms;

(xi) in its investments in individual enterprises, the Bank shall undertake its financing on terms and conditions which it considers appropriate, taking into account the requirements of the enterprise, the risks being undertaken by the Bank, and the terms and conditions normally obtained by private investors for similar financing;

(xii) the Bank shall place no restriction upon the procurement of goods and services from any country from the proceeds of any loan, investment or other financing undertaken in the ordinary or special operations of the Bank, and shall, in all appropriate cases, make its loans and other operations conditional on international invitations to tender being arranged; and

(xiii) the Bank shall take the necessary measures to ensure that the proceeds of any loan made, guaranteed or participated in by the Bank, or any equity investment, are used only for the purposes for which the loan or the equity investment was granted and with due attention to consideration of economy and efficiency.

14. gr.
Lána- og ábyrgðaskilmálar

1. Er bankinn veitir lán, tekur þátt í lánveitingu eða ábyrgist lán skal samningurinn kveða á um skilmála fyrir viðkomandi láni eða ábyrgð, þ. á m. þeim er varða endurgreiðslu höfuðstóls, vexti og aðra þóknun, gjöld, og gjald- og greiðsludaga hvers einstaks láns eða ábyrgðar. Þegar kjör þessi eru ákveðin skal bankinn taka fullt tillit til þeirrar þarfar að tryggja tekjur sínar.

2. Þegar láns- eða ábyrgðarþegi er ekki sjálfur eignaraðili að bankanum, heldur opinbert fyrirtæki, getur bankinn þegar æskilegt þykir og með hliðsjón af hinum ýmsu aðstæðum er opinber fyrirtæki og opinber fyrirtæki sem verið er að koma í eign og undir stjórn einstaklinga búa við, krafist þess að eignaraðilinn eða eignaraðilarnir á þeim landsvæðum þar sem viðkomandi verkefni skal unnið, eða sú opinbera stofnun eða annar sá sem atbeina veitir til þess á vegum eignaraðilans eða eignaraðilanna, sem bankinn samþykkir, ábyrgist endurgreiðslu höfuðstóls, vaxta og annarrar þóknunar og gjalda af láninu samkvæmt skilmálum þeim sem um það gilda. Bankastjórn skal árlega athuga framkvæmd bankans í þessu efni, og hafa þar viðeigandi hliðsjón af lánstrausti hans.

3. Í láns- eða ábyrgðarsamningi skal skýrt tekið fram íhvaða mynt eða myntum allar greiðslur til bankans samkvæmt honum skuli greiddar, eða að það skuli gert í ECU.

15. gr.
Lántökugjald og þóknun

1. Auk vaxta skal bankinn krefjast lántökugjalds vegna lána sem hann veitir eða tekur þátt í veita í almennri starfsemi sinni. Kjör og skilmálar sem um lántökugjaldið gilda skulu ákveðin af bankastjórn.

2. Er bankinn veitir ábyrgð fyrir láni í almennri starfsemi sinni, eða tryggir sölu verðbréfa, skal hann krefjast þóknunar samkvæmt gjaldskrá og á þeim tímum er bankastjórn ákveður, sem hæfileg sé fyrir áhættu hans.

3. Bankastjórn getur ákvarðað önnur gjöld er greidd skuli bankanum í almennri starfsemi hans, svo og lántökugjald, þóknun eða önnur gjöld sem greidd skulu í sérstakri starfsemi hans.

16. gr.
Sérstakur varasjóður

1. Tekjur bankans af lántökugjaldi og þóknun samkvæmt 15. gr. samnings þessa skulu lagðar í

Article 14
Terms and conditions for loans and guarantees

1. In the case of loans made, participated in, or guaranteed by the Bank, the contract shall establish the terms and conditions for the loan or the guarantee concerned, including those relating to payment of principal, interest and other fees, charges, maturities and dates of payment in respect of the loan or the guarantee, respectively. In setting such terms and conditions, the Bank shall take fully into account the need to safeguard its income.

2. Where the recipient of loans or guarantees of loans is not itself a member, but is a state-owned enterprise, the Bank may, when it appears desirable, bearing in mind the different approaches appropriate to public and state-owned enterprises in transition to private ownership and control, require the member or members in whose territory the project concerned is to be carried out, or a public agency or any instrumentality of such member or members acceptable to the Bank, to guarantee the repayment of the principal and the payment of interest and other fees and charges of the loan in accordance with the terms thereof. The Board of Directors shall review annually the Bank's practice in this matter, paying due attention to the Bank's creditworthiness.

3. The loan or guarantee contract shall expressly state the currency or currencies, or ECU, in which all payments to the Bank thereunder shall be made.

Article 15
Commission and fees

1. The Bank shall charge, in addition to interest, a commission on loans made or participated in as part of its ordinary operations. The terms and conditions of this commission shall be determined by the Board of Directors.

2. In guaranteeing a loan as part of its ordinary operations, or in underwriting the sale of securities, the Bankshall charge fees, payable at rates and times determined by the Board of Directors, to provide suitable compensation for its risks.

3. The Board of Directors may determine any other charges of the Bank in its ordinary operations and any commission, fees or other charges in its special operations.

Article 16
Special reserve

1. The amount of commissions and fees received by the Bank pursuant to Article 15 of this

sérstakan varasjóð til að mæta tapi bankans samkvæmt 17. gr. samningsins. Hinn sérstaki varasjóður skal hafður tiltækur í því formi, sem bankinn ákveður.

2. Nú telur bankastjórn að hinn sérstaki varasjóður sé nægur, og getur hún þá ákveðið að áðurgreint lántökugjald eða þóknun skuli eftirleiðis að öllu leyti eða að hluta teljast til tekna bankans.

17. gr.

Hvernig tapi bankans skal mætt

1. Nú verður greiðslufall eða vanefnd á láni sem bankinn hefur veitt í almennri starfsemi, ábyrgst eða tekið þátt í, eða tap vegna tryggingar á sölu verðbréfa eða eiginfjárframlags, og skal bankinn þá gera þær ráðstafanir er hann telur viðeigandi. Bankinn skal gera viðeigandi ráðstafanir til að mæta hugsanlegu tapi.

2. Tap, sem bankinn verður fyrir í almennri starfsemi, skal færa til gjalda á móti:

(i) í fyrsta lagi, þeim ráðstöfunum, er í 1. tl. þessarar greinar segir,

(ii) í öðru lagi, hagnaði,

(iii) í þriðja lagi, sérstökum varasjóði samkvæmt 16. gr. samnings þessa,

(iv) í fjórða lagi, almennum varasjóði og umframfé,

(v) í fimmta lagi, óskertu greiddu hlutafé, og

(vi) í síðasta lagi, hæfilegri fjárhæð á því kröfuhlutafé sem áskrift hefur fengist fyrir og ekki hefur verið krafið um, og skal þá krefjast greiðslu á því samkvæmt 4. og 5. tl. 6. gr. samnings þessa.

18. gr.

Sérsjóðir

1. Bankinn getur tekið að sér að sjá um sérsjóði sem ætlað er að stuðla að markmiðum hans og starfa innan starfssviðs hans. Allur kostnaður sem hlýst af umsjón með slíkum sjóðum skal færður til gjalda hjá þeim sjóði sem í hlut á.

2. Sérsjóði sem bankinn tekur við má nota á hvern þann hátt og með hverjum þeim kjörum og skilyrðum sem samræmast markmiðum og hlutverki bankans, öðrum ákvæðum samnings þessa sem við eiga, og samningi þeim eða samningum, sem um slíka sjóði fjalla.

3. Bankinn skal setja sér þær reglur og samþykktir sem þörf kann að vera á vegna stofnunar, umsjónar og nýtingar hvers sérsjóðs. Reglur þess-

Agreement shall be set aside as a special reserve which shall be kept for meeting the losses of the Bank in accordance with Article 17 of this Agreement. The special reserve shall be held in such liquid form as the Bank may decide.

2. If the Board of Directors determines that the size of the special reserve is adequate, it may decide that all or part of the said commission or fees shall henceforth form part of the income of the Bank.

Article 17

Methods of meeting the losses of the Bank

1. In the Bank's ordinary operations, in cases of arrears or default on loans made, participated in, or guaranteed by the Bank, and in cases of losses on underwriting and in equity investment, the Bank shall take such action as it deems appropriate. The Bank shall maintain appropriate provisions against possible losses.

2. Losses arising in the Bank's ordinary operations shall be charged:

(i) first, to the provisions referred to in paragraph 1 of this Article;

(ii) second, to net income;

(iii) third, against the special reserve provided for in Article 16 of this Agreement;

(iv) fourth, against its general reserves and surpluses;

(v) fifth, against the unimpaired paid-in capital; and

(vi) last, against an appropriate amount of the uncalled subscribed callable capital which shall be called in accordance with the provisions of paragraph 4 and 5 of Article 6 of this Agreement.

Article 18

Special funds

1. The Bank may accept the administration of Special Funds which are designed to serve the purpose and come within the functions of the Bank. The full cost of administering any such Special Fund shall be charged to that Special Fund.

2. Special Funds accepted by the Bank may be used in any manner and on any terms and conditions consistent with the purpose and the functions of the Bank, with the other applicable provisions of this Agreement and with the agreement or agreements relating to such Funds.

3. The Bank shall adopt such rules and regulations as may be required for the establishment, administration and use of each Special Fund. Such

ar og samþykktir skulu vera í samræmi við ákvæði samnings þessa, önnur en þau sem tekið er fram að gildi aðeins um almenna starfsemi bankans.

rules and regulations shall be consistent with the provisions of this Agreement, except for those provisions expressly applicable only to ordinary operations of the Bank.

19. gr.
Fé sérsjóða

Með orðunum „fé sérsjóða" er átt við fé hvers einstaks sérsjóðs, og tekur það til:

(i) fjár, sem bankinn hefur tekið við til innlagnar í sérsjóð,
(ii) fjár, sem endurgreitt er vegna láns eða ábyrgðar, og fjár sem aflað hefur verið með eiginfjárframlagi, sem veitt hefur verið af fé sérsjóðs, og sem rennur til sérsjóðs samkvæmt reglum og samþykktum sem um sérsjóðinn gilda, og
(iii) fjár, sem aflast hefur með fjárfestingu af fésérsjóðs.

Article 19
Special funds resources

The term "Special Funds resources" shall refer to the resources of any Special Fund and shall include:

(i) funds accepted by the Bank for inclusion in any Special Fund;
(ii) funds repaid in respect of loans or guarantees, and the proceeds of equity investment, financed from the resources of any Special Fund which, under the rules and regulations governing that Special Fund, are received by such Special Fund; and
(iii) income derived from investment of Special Funds resources.

IV. kafli
Lántökur og ýmsar aðrar heimildir

20. gr.
Almennar heimildir

1. Auk heimilda bankans, sem tilgreindar eru annars staðar í samningi þessum, getur hann:

(i) tekið fé að láni í aðildarríkjum eða annars staðar, enda
  (a) skal hann hafa aflað samþykkis þess ríkis sem í hlut á, áður en hann selur skuldaviðurkenningar sínar á landsvæði þess, og
  (b) skal hann hafa aflað samþykkis aðildarríkis, eigi skuldaviðurkenningar bankans að vera í mynt þess,

(ii) fest það fé sem hann ekki þarfnast í rekstri sínum, eða geymt það á reikningi,
(iii) keypt og selt verðbréf á eftirmarkaði, sem bankinn hefur gefið út, ábyrgst eða fjárfest í,
(iv) ábyrgst greiðslu verðbréfa sem hann hefur fjárfest í, til að greiða fyrir sölu þeirra,
(v) veitt eða tekið þátt í að veita tryggingu fyrir sölu á verðbréfum er fyrirtæki gefur út í tilgangi sem samræmist markmiðum og hlutverki bankans,
(vi) veitt tæknilega ráðgjöf og aðstoð sem þjónar markmiðum hans og samræmist hlutverki hans,

Chapter IV
Borrowing and other miscellaneous powers

Article 20
General powers

1. The Bank shall have, in addition to the powers specified elsewhere in this Agreement, the power to:

(i) borrow funds in member countries or elsewhere, provided always that:
  (a) before making a sale of its obligations in the territory of a country, the Bank shall have obtained its approval; and
  (b) where the obligations of the Bank are to be denominated in the currency of a member, the Bank shall have obtained its approval;
(ii) invest or deposit funds not needed in its operations;
(iii) buy and sell securities, in the secondary market, which the Bank has issued or guaranteed or in which it has invested;
(iv) guarantee securities in which it has invested in order to facilitate their sale;
(v) underwrite, or participate in the underwriting of, securities issued by any enterprise for purposes consistent with the purpose and functions of the Bank;
(vi) provide technical advice and assistance which serve its purpose and come within its functions;

(vii) beitt þeim heimildum öðrum og sett sér þær reglur og samþykktir sem samræmast ákvæðum samnings þessa, og sem þörf kann að vera á eða henta kunna til að stuðla að markmiðum hans og gegna hlutverki hans, og

(viii) gert samstarfssamninga við hvern eða hverja opinbera aðila eða einkaaðila sem vera skal.

2. Á framhlið hvers verðbréfs sem bankinn gefur út eða tryggir sölu á skal vera greinileg áletrun þess efnis að bréfið sé ekki skuldbinding neins ríkis eða eignaraðila, nema það sé reyndar skuldbinding ákveðins ríkis eða eignaraðila, og skal það þá letrað á bréfið.

(vii) exercise such other powers and adopt such rules and regulation as may be necessary or appropriate in furtherance of its purpose and functions, consistent with the provisions of this Agreement; and

(viii) conclude agreements of cooperation with any public or private entity or entities.

2. Every security issued or guaranteed by the Bank shall bear on its face a conspicuous statement to the effect that it is not an obligation of any Government or member, unless it is in fact the obligation of a particular Government or member, in which case it shall so state.

V. kafli
Myntir
21. gr.
Ákvörðun um myntir og notkun þeirra

1. Hvenær sem nauðsynlegt er samkvæmt samningi þessum að ákvarða hvort mynt sé að fullu skiptanleg samkvæmt honum, skal bankinn gera það, með þá höfuðnauðsyn í huga að vernda eigin fjárhagslegu hagsmuni, og í samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, ef þörf krefur.

2. Eignaraðilar skulu ekki setja neinar takmarkanir á viðtöku, vörslu, notkun eða yfirfærslu bankans á

(i) myntum eða ECU, sem bankinn tekur við sem greiðslu á hlutafjáráskriftum samkvæmt 6. gr. samnings þessa,

(ii) myntum, sem bankinn fær við lántöku,

(iii) myntum eða öðru fjármagni, sem bankinn fer með sem framlög til sérsjóða,

(iv) myntum, sem bankinn tekur við sem greiðslu á höfuðstóli, vöxtum, arði eða öðrum kröfum í tengslum við lánveitingar eða fjárfestingar, eða sem greiðslu fyrir það, sem fé samkvæmt liðum (i) - (iii) hefur verið varið til, eða sem greiðslu á lántökugjaldi, þóknun eða öðrum gjöldum.

Chapter V
Currencies
Article 21
Determination and use of currencies

1. Whenever it shall become necessary under this Agreement to determine whether any currency is fully convertible for the purposes of this Agreement, such determination shall be made by the Bank, taking into account the paramount need to preserve its own financial interests, after consultation, if necessary, with the International Monetary Fund.

2. Members shall not impose any restrictions on the receipt, holding, use or transfer by the Bank of the following:

(i) currencies or ECU received by the Bank in payment of subscriptions to its capital stock in accordance with Article 6 of this Agreement;

(ii) currencies obtained by the Bank by borrowing;

(iii) currencies and other resources administered by the Bank as contributions to Special Funds; and

(iv) currencies received by the Bank in payment on account of principal, interest, dividends or other charges in respect of loans or investments or the proceeds of disposal of such investments made out of any of the funds referred to in sub-paragraphs (i) to (iii) of this paragraph or in payment of commission, fees or other charges.

VI. kafli
Skipulag og stjórn
22. gr.
Stjórnskipulag

Bankinn skal hafa bankaráð, bankastjórn, bankastjóra, einn eða fleiri aðstoðarbankastjóra, og þá yfirmenn og starfsmenn aðra, sem þörf kann að vera talin á.

23. gr.
Skipan bankaráðs

1. Hver eignaraðili skal eiga sér fyrirsvar í bankaráði, og skal tilnefna einn bankaráðsmann og einn varamann. Bankaráðsmaður og varamaður hans skulu starfa meðan sá eignaraðili vill það, sem tilnefndi þá. Varamaður má ekki greiða atkvæði, nema að aðalmanni hans fjarstöddum. Á hverjum ársfundi sínum skal bankaráðið kjósa sér formann úr hópi bankaráðsmanna, og skal hann gegna því starfi þar til næsti formaður verður kjörinn.

2. Bankaráðsmenn og varamenn skulu gegna störfum sínum án launa frá bankanum.

24. gr.
Völd bankaráðs

1. Bankaráð fer með allt vald í málefnum bankans.

2. Bankaráð getur framselt vald sitt til bankastjórnar að öllu eða nokkru leyti, nema hvað snertir

(i) inntöku nýrra eignaraðila og ákvörðun á inntökuskilmálum þeirra,

(ii) aukningu eða minnkun á hlutafé bankans,

(iii) brottvikningu eignaraðila,

(iv) úrskurði á áfrýjunum á úrskurði bankastjórnar um túlkun eða framkvæmd samnings þessa,

(v) heimildir til að gera almenna samstarfssamninga við aðrar alþjóðastofnanir,

(vi) kjör bankastjórnar og bankastjóra,

(vii) ákvörðun um þóknun bankastjórnar og varamanna í bankastjórn, og launum og öðrum starfssamningskjörum bankastjóra,

(viii) staðfestingu á efnahags- og rekstursreikningi bankans að fenginni áritun endurskoðenda,

(ix) ákvörðun um hvað lagt skuli í varsjóð og um ráðstöfun og dreifingu hagnaðar,

Chapter VI
Organization and management
Article 22
Structure

The Bank shall have a Board of Governors, a Board of Directors, a President, one or more Vice-Presidents and such other officers and staff as may be considered necessary.

Article 23
Board of Governors: Composition

1. Each members shall be represented on the Board of Governors and shall appoint one Governor and one Alternate. Each Governor and Alternate shall serve at the pleasure of the appointing member. No Alternate may vote except in the absence of his or her principal. At each of its annual meetings, the Board shall elect one of the Governors as Chairman who shall hold office until the election of the next Chairman.

2. Governors and Alternates shall serve as such without remuneration from the Bank.

Article 24
Board of Governors: Powers

1. All the powers of the Bank shall be vested in the Board of Governors.

2. The Board of Governors may delegate to the Board of Directors any or all of its powers, except the power to:

(i) admit new members and determine the conditions of their admission;

(ii) increase or decrease the authorized capital stock of the Bank;

(iii) suspend a member;

(iv) decide appeals from interpretations or applications of this Agreement given by the Board of Directors;

(v) authorize the conclusion of general agreements for co-operation with other international organizations;

(vi) elect the Directors and the President of the Bank;

(vii) determine the remuneration of the Directors and Alternate Directors and the salary and other terms of the contract of service of the President;

(viii) approve, after reviewing the auditors' report the general balance sheet and the statement of profit and loss of the Bank;

(ix) determine the reserves and the allocation and distribution of the net profits of the Bank;

(x) breytingar á samningi þessum,
(xi) ákvörðun um að hætta rekstri bankans og skipta eignum hans, eða
(xii) beitingu annarra heimilda sem berum orðum eru veittar bankaráði í samningi þessum.

3. Bankaráð skal halda fullri heimild til að ráða hverju því máli sem framselt er eða falið bankastjórn samkvæmt 2. tl. þessarar greinar eða annars staðar í samningi þessum.

25. gr.
Starfshættir bankaráðs

1. Bankaráð skal halda ársfund, svo og þá fundi sem það kann sjálft að kveða á um eða bankastjórn að boða til. Bankastjórn skal ætíð boða til bankaráðsfundar þegar þess er krafist af eigi færri en fimm (5) eignaraðilum bankans, eða eignaraðilum sem ekki fara með minna en fjórðung af öllu atkvæðamagni eignaraðilanna.

2. Fundur bankaráðs er lögmætur ef tveir af hverjum þremur bankaráðsmönnum sækja hann, enda fari sá meirihuti ekki með minna en tvo þriðju hluta af öllu atkvæðamagni eignaraðilanna.

3. Bankaráð getur með reglugerð komið á tilhögun um að bankastjórn geti lagt tiltekin mál fyrir bankaráðsmenn til atkvæðagreiðslu þegar hún telur það æskilegt án þess að ráðið sé kvatt saman til fundar.

4. Bankaráð, svo og bankastjórn að því marki sem heimild hennar nær til, getur sett reglur og samþykktir og komið á fót þeim undirstofnunum sem þörf kann að vera á eða henta kunna vegna reksturs bankans.

26. gr.
Skipan bankastjórnar

1. Bankastjórn skal skipuð tuttugu og þremur (23) mönnum, sem ekki eiga sæti í bankaráði, og af þeim skulu
(i) ellefu (11) kjörnir af bankaráðsmönnum þeim sem fara með umboð Belgíu, Danmerkur, Frakklands, Grikklands, hollands, Írlands, Ítalíu, Lúxemborgar, Portúgals, Sambandslýðveldisins Þýskalands, Spánar, Stóra-Bretlands, Efnahagsbandalags Evrópu og Fjárfestingarbanka Evrópu, og

(x) amend this Agreement;
(xi) decide to terminate the operations of the Bank and to distribute its assets; and
(xii) exercise such other powers as are expressly assigned to the Board of Governors in this Agreement.

3. The Board of Governors shall retain full power to exercise authority over any matter delegated or assigned to the Board of Directors under paragraph 2 of this Article, orelsewhere in this Agreement.

Article 25
Board of Governors: Procedure

1. The Board of Governors shall hold an annual meeting and such other meetings as may be provided for by the Board or called by the board of Directors. Meetings of the Board of Governors shall be called, by the Board of Directors, whenever requested by not less than five (5) members of the Bank or members holding not less than one quarter of the total voting power of the members.

2. Two-thirds of the Governors shall constitute a quorum for any meeting of the Board of Governors, provided such majority represents not less than two-thirds of the total voting power of the members.

3. The Board of Governors may by regulation establish a procedure whereby the Board of Directors may, when the latter deems such action advisable, obtain a vote of the Governors on a specific question without calling a meeting of the Board of Governors.

4. The Board of Governors, and the Board of Directors to the extent authorized, may adopt such rules and regulations and establish such subsidiary bodies as may be necessary or appropriate to conduct the business of the Bank.

Article 26
Board of Directors: Composition

1. The Board of Directors shall be composed of twenty-three (23) members who shall not be members of the Board of Governors, and of whom:
(i) Eleven (11) shall be elected by the Governors representing Belgium, Denmark, France, The Federal Republic of Germany, Greece, Ireland, Italy, Luxembourg, the Netherlands, Portugal, Spain, the United Kingdom, the European Economic Community and the European Investment Bank; and

(ii) tólf (12) kjörnir af bankaráðsmönnum þeim sem fara með umboð annarra eignaraðila, en af þeim skulu
  (a) fjórir (4) kjörnir af bankaráðsmönnum þeim er fara með umboð ríkja þeirra sem tilgreind eru í Viðauka A sem Mið- og Austur-Evrópuríki er notið geta aðstoðar bankans,
  (b) fjórir (4) kjörnir af bankaráðsmönnum þeim er fara með umboð ríkja þeirra sem tilgreind eru í Viðauka A sem önnur Evrópuríki,
  (c) fjórir (4) kjörnir af bankaráðsmönnum þeim er fara með umboð ríkja þeirra sem tilgreind eru í Viðauka A sem ríki utan Evrópu.

Auk þess að koma fram fyrir hönd þeirra eignaraðila sem bankaráðsmenn þeir er þá hafa kjörið starfa fyrir, geta bankastjórar einnig komið fram fyrir hönd eignaraðila sem fela þeim að fara með atkvæði sín.

2. Bankastjórar skulu hafa mikla hæfileika til að bera á sviði efnahags- og fjármála, og skulu þeir kjörnir samkvæmt Viðauka B.

3. Með atkvæðum eigi færri en tveggja af hverjum þremur bankaráðsmönnum, sem ekki fara með minna en þrjá fjórðu hluta af öllu atkvæðamagni eignaraðilanna, getur bankaráðið fjölgað eða fækkað fulltrúum í bankastjórn eða breytt skipan hennar í því skyni að taka tillit til breytinga á fjölda eignaraðila að bankanum. Án þess að það skerði réttinn til beitingar þessara heimilda við síðari kjör skal fjöldi fulltrúa í bankastjórn í annarri bankastjórn, og skipan hennar, vera eins og mælt er fyrir um í 1. tl. þessarar greinar.

4. Hver fulltrúi í bankastjórn skal tilnefna varamann er hafi fullt umboð til að koma fram fyrir hans hönd í fjarveru hans. Fulltrúar í bankastjórn og varamenn þeirra skulu vera ríkisborgarar aðildarríkja. Enginn eignaraðili má hafa fleiri fulltrúa í bankastjórn en einn er komi fram fyrir hans hönd. Varamaður má sækja fundi stjórnarinnar, en aðeins greiða atkvæði er hann kemur fram fyrir hönd aðalmanns síns.

5. Fulltrúar í bankastjórn skulu gegna störfum í þrjú (3) ár, og má endurkjósa þá; þó skal hin fyrsta bankastjórn kosin af bankaráði á fyrsta fundi þess, og gegna störfum þar til næsti ársfundur þess verður haldinn, en, ákveði ráðið það á næsta ársfundi, til næsta ársfundar þar á eftir. Þeir skulu sitja uns eftirmenn þeirra hafa verið kosnir og hafa tekið við störfum. Nú verður sæti fulltrúa í bankastjórn laust áður en eitt hundrað og áttatíu (180) dagar eru til loka starfstímabils hans, og skulu þá

(ii) Twelve (12) shall be elected be the Governors representing other members, of whom:

  (a) four (4), by the Governors representing those countries listed in Annex A as Central and Eastern European countries eligible for assistance from the Bank;

  (b) four (4) the Governors representing those countries listed in Annex A as other European countries;

  (c) four (4), by the Governors representing those countries listed in Annex A as non-European countries.

Directors, as well as representing members whose Governors have elected them, may also represent members who assign their votes to them.

2. Directors shall be persons of high competence in economic and financial matters and shall be elected in accordance with Annex B.

3. The Board of Governors may increase or decrease the size, or revise the composition, of the Board of the Directors, in order to take into account changes in the number of members of the Bank, by an affirmative vote of not less than two-thirds of the Governors, representing not less than three-fourths of the total voting power of the members. Without prejudice to the exercise of these power for subsequent elections, the number and composition of the second Board of Directors shall be as set out in paragraph 1 of this Article.

4. Each Directors shall appoint an Alternate with full power to act for him or her when he or she is not present. Directors and Alternates shall be nationals of member countries. No member shall be represented by more than one Director. An Alternate may participate in meetings of the Board but may vote only when he or she is acting in place of his or her principal.

5. Directors shall hold office for a term of three (3) years and may be reelected; provided that the first Board of Directors shall be elected by the Board of Governors at its inaugural meeting, and shall hold office until the next immediately following annual meeting of the Board of Governors or, if that Board shall so decide at that annual meeting, until its next subsequent annual meeting. They shall continue in office until their successors shall have been chosen and assumed office. If the

bankaráðsmenn er kusu þann fulltrúa í bankastjórn velja eftirmann hans til enda tímabilsins samkvæmt Viðauka B. Til kjörsins þarf meiri hluta greiddra atkvæða þeirra bankaráðsmanna sem í hlut eiga. Verði sæti fulltrúa í bankastjórn laust eitt hundrað og áttatíu (180) dögum fyrir lok starfstímabils hans eða síðar, má á sama hátt kjósa eftirmann hans til loka starfstímabilsins með atkvæðum þeirra bankaráðsmanna sem kusu fulltrúa þann í bankastjórn sem lét af störfum, og þarf til þess kjörs meiri hluta greiddra atkvæða þeirra bankaráðsmanna sem í hlut eiga. Meðan sætið er laust skal varamaður þess fulltrúa í bankastjórn sem lét af störfum fara með vald hans, annað en tilnefningu varamanns.

office of a Director becomes vacant more than one hundred and eighty (180) days before the end of his or her term, a successor shall be chosen in accordance with Annex B, for the remainder of the term, by the Governors who elected the former Director. A majority of the votes cast by such Governors shall be required for such election. If the office of a Director becomes vacant one hundred and eighty (180) days or less before the end of his or her term, a successor may similarly be chosen for the remainder of the terms, by the votes cast by such Governors who elected the former Director, in which election a majority of the votes cast by such Governors shall be required. While the office remains vacant, the Alternate of the former Director shall exercise the powers of the latter, except that of appointing an Alternate.

27. gr.

Völd bankastjórnar

Bankastjórn skal falið, án þess að skertar séu heimildir bankaráðs samkvæmt 24. gr. samnings þessa, að fara með yfirstjórn bankans í almennum rekstri, og skal hún í því skyni, auk þeirra heimilda sem samningur þessi veitir henni sérstaklega, fara með allt vald sem bankaráð framselur henni, einkum hvað snertir

(i) undirbúning á störfum bankaráðs,
(ii) stefnumörkun og ákvarðanatöku í samræmi við almenn fyrirmæli bankaráðs varðandi veitingu lána og ábyrgða, fjárfestingu í eigin fé fyrirtækja, lántökur bankans, veitingu tæknilegrar aðstoðar og annan rekstur bankans,
(iii) að leggja endurskoðaða reikninga hvers fjárhagsárs fyrir bankaráð til samþykktar á hverjum ársfundi, og
(iv) að samþykkja fjárhagsáætlun bankans.

Article 27

Board of Directors: Powers

Without prejudice to the powers of the Board of Governors as provided in Article 24 of this Agreement, the Board of Directors shall be responsible for the direction of the general operation of the Bank and, for this purpose, shall, in addition to the powers assigned to it expressly by this Agreement, exercise all the powers delegated to it by the Board of Governors, and in particular:

(i) prepare the work of the Board of Governors;
(ii) in conformity with the general directions of the Board of Governors, establish policies and take decisions concerning loans, guarantees, investment in equity capital, borrowing by the Bank, the furnishing of technical assistance, and other operation of the Bank;
(iii) submit the audited accounts for each financial year for approval of the Board of Governors at each annual meeting; and
(iv) approve the budget of the Bank

28. gr.

Starfsreglur bankastjórnar

1. Bankastjórn skal venjulega starfa í höfuðstöðvum bankans, og skal hún koma saman svo oft sem verkefni bankans krefjast.

2. Fundur bankastjórnar er lögmætur ef meiri hluti fulltrúa í bankastjórn sækir hann, enda fari sá meiri hluti ekki með minna en tvo þriðju hluta af öllu atkvæðamagni eignaraðilanna.

Article 28

Board of Directors: Procedure

1. The Board of Directors shall normally function at the principal office of the Bank and shall meet as often as the business of the Bank may require.

2. A majority of the Directors shall constitute a quorum for any meeting of the Board of Directors, provided such majority represents not less than two-thirds of the total voting power of the members.

3. Bankastjórn skal setja samþykktir um að eignaraðili geti, ef enginn fulltrúi í bankastjórn er af þjóðerni hans, sent fulltrúa án atkvæðisréttar á fundi bankastjórnar, þegar málefni er sérstaklega varðar þann eignaraðila er til umfjöllunar.

29. gr.
Atkvæðagreiðslur

1. Atkvæðamagn hvers eignaraðila skal fara eftir fjölda þeirra hluta sem hann hefur skrifað sig fyrir í hlutafé bankans. Greiði eignaraðili ekki hluta af gjaldfallinni fjárhæð þrátt fyrir skuldbindingar hans varðandi greiðsluhlutafé samkvæmt 6. gr. samnings þessa, getur hann ekki meðan á greiðsludrætti stendur farið með atkvæðisrétt, sem samsvarar hlutfalli ógreiddrar en gjaldfallinnar fjárhæðar af heildarfjárhæð þeirra greiðsluhluta sem sá eignaraðili hefur skrifað sig fyrir í hlutafé bankans.

2. Er atkvæði eru greidd í bankaráði á hver bankaráðsmaður rétt á að greiða þau atkvæði, sem sá eignaraðili hefur er hann kemur fram fyrir. Sé ekki annað tekið fram í samningi þessum ræður meiri hluti atkvæðamagns þeirra eignaraðila sem atkvæði greiða niðurstöðu mála í bankaráði.

3. Er atkvæði eru greidd í bankastjórn á hver fulltrúi í bankastjórn rétt á að greiða jafn mörg atkvæði og bankaráðsmenn þeir er kosið hafa hann, svo og þeir bankaráðsmenn sem framselt hafa honum atkvæði sín samkvæmt staflið D í Viðauka B, eiga rétt á að greiða. Fulltrúi í bankastjórn sem kemur fram fyrir hönd fleiri eignaraðila en eins getur greitt atkvæði hvers þeirra sérstaklega. Sé ekki annað tekið fram í samningi þessum, og að undanskildum ákvörðunum um stefnumarkandi atriði, sem taka skal með eigi minna en tveimur þriðju hlutum af öllu atkvæðamagni þeirra eignaraðila sem atkvæði greiða, ræður meiri hluti atkvæðamagns þeirra eignaraðila sem atkvæði greiða niðurstöðu mála í bankastjórn.

30. gr.
Bankastjóri

1. Bankaráð skal kjósa bankastjóra fyrir bankann með atkvæðum meiri hluta allra bankaráðsmanna, er a.m.k. fara með meiri hluta af öllu atkvæðamagni eignaraðilanna. Meðan bankastjórinn gegnir störfum má hann ekki vera bankaráðsmaður eða fulltrúi í bankastjórn, né varamaður þeirra.

3. The Board of Governors shall adopt regulations under which, if there is no Director of its nationality, a member may send a representative to attend, without right to vote, any meeting of the Board of Directors when a matter particulary affecting that member is under consideration.

Article 29
Voting

1. The voting power of each member shall be equal to the number of its subscribed shares in the capital stock of the Bank. In the event of any member failing to pay any part of the amount due in respect of its obligations in relation to paid-in shares under Article 6 of this Agreement, such member shall be unable for so long as such failure continues to exercise that percentage of its voting power which corresponds to the percentage which the amount due but unpaid bears to the total amount of paid-in shares subscribed to by that member in the capital stock of the Bank.

2. In voting in the Board of Governors, each Governor shall be entitled to cast the votes of the members he or she represents. Except as otherwise expressly provided in this Agreement, all matters before the Board of Governors shall be decided by a majority of the voting power of the members voting.

3. In voting in the Board of Directors each Director shall be entitled to cast the number of votes to which the Governors who have elected him or her entitled and those to which any Governors who have assigned their votes to him or her, pursuant to Section D of Annex B, are entitled. A Director representing more than one member may cast separately the votes of the members he or she represents. Excepts as otherwise expressly provided in this Agreement, and except for general policy decisions in which cases such policy decisions shall by taken by a majority of not less than two-thirds of the total voting power of the members voting, all matters before the Board of Directors shall be decided by a majority of the voting power of the members voting.

Article 30
The President

1. The Board of Governors, by a vote of a majority of the total number of Governors, representing not less than a majority of the total voting power of the members, shall elect a President of the Bank. The President, while holding office, shall not be a Governor or a Director or an Alternate for either.

2. Starfstímabil bankastjórans er fjögur (4) ár. Hann má endurkjósa. Hann skal þó láta af störfum ef eigi færri en tveir af hverjum þremur bankaráðsmönnum, sem ekki fara með minna en tvo þriðju hluta af öllu atkvæðamagni eignaraðilanna, greiða því atkvæði. Nú verður starf bankastjóra laust af einhverjum ástæðum, og skal þá bankaráð kjósa eftirmann hans til allt að fjögurra (4) ára, samkvæmt ákvæðum 1. tl. þessarar greinar.

3. Bankastjórinn skal ekki greiða atkvæði, en getur þó greitt úrslitaatkvæði þegar atkvæði falla jafnt. Hann á rétt til setu á fundum bankaráðs, og skal stýra fundum bankastjórnar.

4. Bankastjórinn er fyrirsvarsmaður bankans að lögum.

5. Bankastjórinn er yfirmaður starfsliðs bankans. Hann ber ábyrgð á verkaskiptingu, ráðningu og uppsögnum yfirmanna og annarra starfsmanna samkvæmt samþykkt er bankastjórn skal setja. Er hann ræður yfirmenn og aðra starfsmenn skal hann hafa eðlilega hliðsjón af því, að þeir komi sem víðast að meðal eignaraðila að bankanum, þó þannig að dugnaður og fagleg kunnátta sitji í fyrirrúmi.

6. Bankastjórinn stjórnar daglegum rekstri bankans undir yfirstjórn bankastjórnar.

31. gr.

Aðstoðarbankastjóri (-stjórar)

1. Bankastjórn skal að tillögu bankastjóra skipa einn eða fleiri aðstoðarbankastjóra. Um starfstímabil og valdsvið aðstoðarbankastjóra og hlutverk hans í stjórn bankans skal fara að ákvörðun bankastjórnar. Í fjarveru eða forföllum bankastjóra skal aðstoðarbankastjóri fara með vald hans og gegna störfum hans.

2. Aðstoðarbankastjóri má sækja fundi bankastjórnar án atkvæðisréttar, en þó getur hann greitt úrslitaatkvæði þegar hann kemur fram í stað bankastjóra.

32. gr.

Alþjóðlegt eðli bankans

1. Bankinn má ekki taka við sérsjóðum eða þiggja lán eða aðra aðstoð sem gæti á einhvern hátt skert, raskað eða breytt markmiðum hans og hlutverki.

2. The term of office of the President shall be four (4) years. He or she may be re-elected. He or she shall, however, cease to hold office when the Board of Governors so decides by an affirmative vote of not less than two-thirds of the Governors, representing not less than two-thirds of the total voting power of the members. If the office of the President for any reason becomes vacant, the Board of Governors, in accordance with the provisions of paragraph 1 of this Article, shall elect a successor for up to four (4) years.

3. The President shall not vote, except that he or she may cast a deciding vote in case of an equal division. He or she may participate in meetings of the Board of Governors and shall chair the meetings of the Board of Directors.

4. The President shall be the legal representative of the Bank.

5. The President shall be chief of the staff of the Bank. He or she shall be responsible for the organisation, appointment and dismissal of the officers and staff in accordance with regulations to be adopted by the Board of Directors. In appointing officers and staff, he or she shall, subject to the paramount importance of efficiency and technical competence, pay due regard to recruitment on a wide geographical basis among members of the Bank.

6. The President shall conduct, under the direction of the Board of Directors, the current business of the Bank.

Article 31

Vice-President(s)

1. One or more Vice-Presidents shall be appointed by the Board of Directors on the recommendation of the President. A Vice-President shall hold office for such term, exercise such authority and perform such functions in the administration of the Bank, as may be determined by the Board of Directors. In the absence or incapacity of the President, a Vice-President shall exercise the authority and perform the functions of the President.

2. A Vice-President may participate in meetings of the Board of Directors but shall have no vote at such meetings, except that he or she may cast the deciding vote when acting in place of the President.

Article 32

International character of the Bank

1. The Bank shall not accept Special Funds or other loans or assistance that may in any way prejudice, deflect or otherwise alter its purpose or functions.

2. Bankinn, bankastjóri, aðstoðarbankastjóri eða aðstoðarbankastjórar, yfirmenn og aðrir starfsmenn skulu aðeins taka ákvarðanir sínar með sjónarmið í huga sem lúta að markmiðum bankans, hlutverki hans og rekstri, svo sem kveðið er á um í samningi þessum. Þau sjónarmið skulu metin á óhlutdrægan hátt í þeim tilgangi að ná markmiðum bankans og gegna hlutverki hans.

3. Við störf bankastjóra, aðstoðarbankastjóra, yfirmanna og annarra starfsmanna lúta skyldur þeirra einvörðungu að bankanum, er einn hefur yfir þeim að segja. Allir eignaraðilar að bankanum skulu virða hið alþjóðlega eðli starfsskyldna þeirra, og í engu reyna að hafa áhrif á nokkurt þeirra við störf sín.

33. gr.

Aðsetur

1. Höfuðstöðvar bankans skulu vera í London.

2. Bankinn getur sett á fót umboðsskrifstofur eða útibú á landsvæði hvers eignaraðila.

34. gr

Geymslustofnanir og boðleiðir

1. Hver eignaraðili skal tilnefna seðlabanka sinn eða þá stofnun aðra sem samkomulag kann að verða um við bankann, til að varðveita allt fé bankans í mynt eignaraðilans, svo og aðrar eignir bankans.

2. Hver eignaraðili skal tilnefna viðeigandi opinbera stofnun sem bankinn getur leitað til vegna hvers þess máls, sem upp kann að koma varðandi samning þennan.

35. gr.

Birting á skýrslum og veiting upplýsinga

1. Bankinn skal birta ársskýrslu með endurskoðuðum ársreikningum, og senda eignaraðilum eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti greinargerð um fjárhagsstöðu sína ásamt rekstursreikningi fyrir starfsemi bankans. Reikningar skulu færðir í ECU.

2. Bankinn skal árlega skýra frá umhverfisáhrifum sem af störfum hans leiðir, svo og birta þær skýrslur aðrar, sem hann telur æskilegt að birta til framdráttar markmiðum sínum.

3. Dreifa skal til eignaraðila eintökum af öllum skýrslum, greinargerðum og birtu efni samkvæmt þessari grein.

2. The Bank, its President, Vice-President(s), officers and staff shall in their decisions take into account only considerations relevant to the Bank's purpose, functions and operations, as set out in this Agreement. Such considerations shall be weighed impartially in order to achieve and carry out the purpose and functions of the Bank.

3. The President, Vice-President(s), officers and staff of the Bank, in the discharge of their offices, shall owe their duty entirely to the Bank and to no other authority. Each member of the Bank shall respect the international character of this duty and shall refrain from all attempts to influence any of them in the discharge of their duties.

Article 33

Location of offices

1. The principal office of the Bank shall be located in London.

2. The Bank may establish agencies or branch offices in the territory of any member of the Bank.

Article 34

Depositories and channels of communication

1. Each member shall designate its central bank, or such other institution as may be agreed upon with the Bank, as a depository for all the Bank's holdings of its currency as well as other assets of the Bank.

2. Each member shall designate an appropriate official entity with which the Bank may communicate in connection with any matter arising under this Agreement.

Article 35

Publication of reports and provision of information

1. The Bank shall publish an annual report containing an audited statement of its accounts and shall circulate to members at intervals of three (3) months or less a summary statement of its financial positions and a profit and loss statement showing the results of its operations. The financial accounts shall be kept in ECU.

2. The Bank shall report annually on the environmental impact of its activities and may publish such other reports as it deems desirable to advance its purpose.

3. Copies of all reports, statements and publications made under this Article shall be distributed to members.

36. gr.

Ráðstöfun og úthlutun hagnaðar

1. Bankaráð skal eigi sjaldnar en árlega ákveða hverjum hluta af hagnaði bankans skuli ráðstafað eða varið á annan hátt eftir að fé hefur verið lagt í varasjóð eða varið samkvæmt 1. tl. 17. gr. samnings þessa ef þörf krefur til að mæta hugsanlegu tapi, og hverju skuli úthlutað, ef um það er að ræða. Allar ákvarðanir um ráðstöfun á hagnaði bankans í öðru skyni skulu teknar með atkvæðum eigi færri en tveggja af hverjum þremur bankaráðsmönnum, sem ekki fara með minna en tvo þriðju hluta af öllu atkvæðamagni eignaraðilanna. Ekki skal ráðstafa fé eða úthluta því fyrr en almennur varasjóður hefur náð að minnsta kosti tíu (10) % af hlutafé.

2. Úthlutanir, svo sem í 1. tl. greinir, skulu fara fram í hlutfalli við greiðsluhlutafé hvers eignaraðila, en þó skal við útreikning hlutfallsins aðeins tekið tillit til greiðslna sem farið hafa fram í reiðufé og til skuldaviðurkenninga sem greiddar hafa verið vegna þess hlutafjár á viðkomandi fjárhagsári eða fyrr.

3. Greiðslur til hvers eignaraðila skulu fara fram á þann hátt sem bankaráð ákveður. Hvorki greiðslur þessar né notkun þeirra af hálfu eignaraðila skulu sæta neinum takmörkunum af hálfu aðildarríkja.

Article 36

Allocation and distribution of net income

1. The Board of Governors shall determine at least annually what part of the Bank's net income, after making provision for reserves and, if necessary, against possible losses under paragraph 1 of Article 17 of this Agreement, shall be allocated to surplus or other purposes and what part, if any, shall by distributed. Any such decision on the allocation of the Bank's net income to other purposes shall be taken by a majority of not less than two-thirds of the Governors, representing not less than two-thirds of the total voting power of the members. No such allocation, and no distribution, shall be made until the general reserve amounts to at least ten (10) per cent of the authorized capital stock.

2. Any distribution referred to in the preceding paragraph shall be made in proportion to the number of paid-in shares held by each member; provided that in calculating such number account shall be taken only of payments received in cash and promissory notes encashed in respect of such shares on or before the end of the relevant financial year.

3. Payments to each member shall by made in such manner as the Board of Governors shall determine. Such payments and their use by the receiving country shall be without restriction by any member.

VII. kafli

Úrsögn og brottvikning: Tímabundin brottvikning og rekstrarstöðvun

Chapter VII

Withdrawal and suspension of membership: Temporary suspension and termination of operations

37. gr.

Réttur eignaraðila til úrsagnar

1. Sérhver eignaraðili getur sagt sig úr bankanum hvenær sem er með því að senda skriflega tilkynningu þar að lútandi til höfuðstöðva bankans.

2. Úrsögn eignaraðila gengur í gildi og aðild hans hættir þann dag sem tilgreindur er í tilkynningu hans til bankans, en eigi síðar en sex (6) mánuðum eftir að bankinn fær slíka tilkynningu. Eigi að síður getur eignaraðili gefið bankanum til kynna að hann dragi úrsögn sína til baka áður en hún gengur endanlega í gildi.

Article 37

Right of members to withdraw

1. Any member may withdraw from the Bank at any time by transmitting a notice in writing to the Bank at its principal office.

2. Withdrawal by a member shall become effective, and its membership shall cease, on the date specified in its notice but in no event less than six (6) months after such notice is received by the Bank. However, at any time before the withdrawal becomes finally effective, the member may notify the Bank in writing of the cancellation of its notice of intention to withdraw.

38. gr.

Brottvikning

1. Ef eignaraðili uppfyllir ekki einhverjar skyldur sínar við bankann getur bankinn vikið

Article 38

Suspension of membership

1. If a member fails to fulfil any of its obligations to the Bank, the Bank may suspend its

honum brott. Til þess þarf atkvæði eigi færri en tveggja af hverjum þreumur bankaráðsmönnum sem ekki fara með minna en tvo þriðju hluta af öllu atkvæðamagni eignaraðilanna. Sé eignaraðila vikið brott gengur aðild hans sjálfkrafa úr gildi einu ári frá brottvikningardegi að telja nema ákveðið sé að veita honum aðild á ný. Ákvörðun um aðild á ný skal tekin á sama hátt og ákvörðun um brottvikningu.

2. Meðan á brottvikningu eignaraðila stendur getur hann ekki neytt neinna réttinda samkvæmt þessum samningi annarra en úrsagnar; þó er hann jafnframt háður öllum skuldbindingum hans.

39. gr.

Uppgjör við fyrrverandi eignaraðila

1. Eftir að eignaraðili hættir að eiga aðild að bankanum ber hann áfram ábyrgð á beinum skuldbindingum sínum við bankann jafnt sem skilyrtum á meðan nokkur hluti þeirra lána, framlaga til eigin fjár fyrirtækja eða ábyrgða sem samið var um áður en aðild hans lauk eru útistandandi. Á hinn bóginn fellur ábyrgð hans niður á þeim lánum, framlögum til eigin fjár fyrirtækja og ábyrgðum sem bankinn tekur á sig eftir þann tíma, enda eigi hann þá hvorki hlut í tekjum né kostnaði bankans.

2. Eftir að eignaraðili hættir að eiga aðild að bankanum skal bankinn sjá til þess að kaupa aftur hluti hans, sem lið í heildaruppgjöri við hann, í samræmi við ákvæði þessarar greinar. Endurkaupsverð hlutanna skal vera það verð sem var í gildi á bókum bankans þann dag sem aðildinni lauk þó þannig að verð hvers hlutar sé aldrei hærra en upphaflegt verð hans.

3. Greiðsla fyrir hluti sem bankinn endurkaupir skal háð eftirfarandi skilyrðum:

(i) sérhver greiðsla til fyrrverandi eignaraðila fyrir hluti hans skal eigi innt af hendi fyrr en sá eignaraðili, seðlabanki hans eða einhver stofnun eða stuðningsaðili er enn skuldbundinn bankanum sem lántakandi eða ábyrgðarmaður. Bankinn getur upp á sitt eindæmi ákveðið að greiðslan gangi upp í hverja slíka skuldbindingu þegar hún fellur í gjalddaga. Engum greiðslum skal haldið eftir vegna skuldbindinga fyrrverandi eignaraðila sem rísa vegna áskriftar á hlutafé samkvæmt 4., 5 og 7. tl. 6. gr. samnings þessa. Eigi verða greiðslur til eignaraðila fyrir hluti hans inntar af hendi fyrr en sex (6) mánuðum eftir að aðild hans gengur úr gildi,

membership by decision of a majority of not less than two-thirds of the Governors, representing not less than two-thirds of the total voting power of the members. The member so suspended shall automatically cease to be a member one year from the date of its suspension unless a decision is taken by not less than the same majority to restore the member to good standing.

2. While under suspension, a member shall not be entitled to exercise any rights under this Agreement, except the right of withdrawal, but shall remain subject to all its obligations.

Article 39

Settlement of accounts with former members

1. After the date on which a member ceases to be a member, such former member shall remain liable for its direct obligations to the Bank and for its contingent liabilities to the Bank so long as any part of the loans, equity investment or guarantees contracted before it ceased to be a member are outstanding; but it shall cease to incur such liabilities with respect to loans, equity investments and guarantees entered into thereafter by the Bank and to share either in the income or the expenses of the Bank.

2. At the time a member ceases to be a member, the Bank shall arrange for the repurchase of such former member's shares as a part of the settlement of accounts with such former member in accordance with the provisions of this Article. For this purpose, the repurchase price of the shares shall be the value shown by the books of the Bank on the date of cessation of membership, with the original purchase price of each share being its maximum value.

3. The payment for shares repurchased by the Bank under this Article shall be governed by the following conditions:

(i) any amount due to the former member for its shares shall by withheld so long as the former member, its central bank or any of its agencies or instrumentalities remains liable, as borrower or guarantor, to the Bank and such amount may, at the option of the Bank, be applied on any such liability as it matures. No amount shall be withheld on account of the liability of the former member resulting from its subscription for shares in accordance with paragraphs 4, 5 and 7 of Article 6 of this Agreement. In any event, no amount due to a member for its shares shall be paid until six (6) months after the date upon which the member ceases to be a member;

(ii) greiða má fyrrverandi eignaraðila fyrir hluti gegn afhendingu þeirra þegar upphæðin sem greiða skal, þ.e. endurkaupsverðið samkvæmt 2. tl. þessarar greinar, er hærri en samanlagðar ábyrgðir og skuldbindingar vegna lána, framlaga til eigin fjár fyrirtækja sbr. (i)-lið þessa tl.; þar til eignaraðilinn hefur þegið endurkaupsverðið að fullu,

(iii) greiðslur skulu vera háðar þeim skilyrðum og inntar af hendi í þeim skiptanlegu myntum eða ECU og á þeim dögum sem bankinn ákveður, og

(iv) ef bankinn verður fyrir tapi vegna einhverra ábyrgða, þátttöku í lánveitingum eða vegna lána sem voru enn útistandandi þegar fyrrverandi eignaraðili hætti aðild, eða ef bankinn verður fyrir tapi vegna eiginfjárframlaga fyrir þann tíma og upphæð þess taps er hærri en þeir varasjóðir sem fyrirliggjandi voru þegar aðild fyrrverandi eignaraðila lauk; skal hinn fyrrverandi eignaraðili þá, sé þess krafist, greiða upphæð sem samsvarar þeirri lækkun á endurkaupsverði á hlutum hans sem hefði orðið ef tekið hefði verið tillit til tapsins þegar endurkaupsverðið var ákveðið. Ennfremur skal fyrrverandi eignaraðilinn vera áfram skuldbundinn fyrir ógreiddu kröfuhlutafé, þegar þess er krafist samkvæmt 4. tl. 6. gr. samnings þessa, að því marki sem ætlast hefði mátt til af honum ef skerðing hlutafjárins hefði átt sér stað og krafan verið gerð á þeim tíma sem endurkaupsverð hluta hans var ákveðið.

4. Nú hættir bankinn starfsemi sinni samkvæmt 41 gr. samnings þessa innan sex (6) mánaða frá því að eignaraðili lauk aðild sinni. Skulu þá öll réttindi þess eignaraðila ákveðin í samræmi við ákvæði 41. – 43. gr. samnings þessa.

(ii) payments for shares may be made from time to time, upon their surrender by the former member, to the extent by which the amount due as the repurchase price in accordance with paragraph 2 of this Article exceeds the aggregate amount of liabilities on loans, equity investments and guarantees in subparagraph (i) of this paragraph until the former member has received the full repurchase price;

(iii) payments shall by made on such conditions and in such fully convertible currencies, or ECU, and on such dates, as the Bank determines; and

(iv) if losses are sustained by the Bank on any guarantees, participations in loans, or loans which were outstanding on the date when the member ceased to be a member, or if a net loss is sustained by the Bank on equity investments held by it on such date, and the amount of such losses exceeds the amount of the reserves provided against losses on the date when the member ceased to be a member, such former member shall repay, upon demand, the amount by which the repurchase price of its shares would have been reduced if the losses had been taken into account when the repurchase price was determined. In addition, the former member shall remain liable on any call for unpaid subscriptions under paragraph 4 of Article 6 of this Agreement, to the extent that it would have been required to respond if the impairment of capital had occurred and the call had been made at the time the repurchase price of its shares was determined.

4. If the Bank terminates its operations pursuant to Article 41 of this Agreement within six (6) months of the date upon which any member ceases to be a member, all rights of such former member shall be determined in accordance with the provisions of Articles 41 to 43 of this Agreement.

40. gr.

Tímabundin rekstrarstöðvun

Í neyðartilvikum getur bankastjórn tímabundið stöðvað starfsemi bankans varðandi veitingu nýrra lána, ábyrgða, trygginga, tækniaðstoðar og eiginfjárframlaga meðan bankaráði gefst svigrúm til frekari athugunar og aðgerða.

Article 40

Temporary suspension of operations

In an emergency, the Board of Directors may suspend temporarily operations in respect of new loans, guarantees, underwriting, technical assistance and equity investments pending an opportunity for further consideration and action by the Board of Governors.

41. gr.

Starfseminni hætt

Bankinn getur hætt starfsemi sinni með samþykki eigi færri en tveggja af hverjum þremur bankaráðsmönnum sem ekki fara með minna en þrjá fjórðu hluta af öllu atkvæðamagni eignaraðilanna. Sé ákvörðun tekin um þetta legst öll starfsemi bankans niður nema sú sem þjónar ráðstöfunum til sölu, verndunar og varðveislu eigna hans og frágangi skuldbindinga.

Article 41

Termination of operations

The Bank may terminate its operations by the affirmativevote of not less than two-thirds of the Governors, representing not less than three-fourths of the total voting power of the members. Upon such termination of operations the Bank shall forthwith cease all activities, except those incident to the orderly realization, conservation and preservation of its assets and settlement of its obligations.

42. gr.

Skuldbindingar eignaraðila og greiðslur krafna

1. Ef starfsemi bankans er hætt skulu allar skuldbindingar eignaraðila um kröfuhlutafé sem ekki hefur verið gerð krafa um greiðslu á vera í gildi uns allar kröfur kröfuhafa, þar með taldar allar skilyrtar kröfur, hafa verið greiddar.

2. Kröfuhöfum sem eiga almennar kröfur skal fyrst greitt af eignum bankans, síðan af því fé sem eftir á að greiða bankanum vegna ógreidds greiðsluhlutafjár og að lokum af því fé sem eftir á að greiða bankanum vegna kröfuhlutafjár. Áður en greiðslur eru inntar af hendi til kröfuhafa almennra krafna skal bankastjórn gera ráðstafanir sem að þess mati eru nauðsynlegar til að tryggja hlutfallsleg skipti milli eigenda almennra og skilyrtra krafna.

Article 42

Liability of members and payment of claims

1. In the event of termination of the operations of the Bank, the liability of all members for uncalled subscriptions to the capital stock of the Bank shall continue until all claims of creditors, including all contingent claims, shall have been discharged.

2. Creditors on ordinary operations holding direct claims shall be paid first out of the assets of the Bank, secondly out of the payments to be made to the Bank in respect of unpaid paid-in shares and then out of payments to be made to the Bank in respect of callable capital stock. Before making any payments to creditors holding direct claims, the Board of Directors shall make such arrangements as are necessary, in its judgment, to ensure a **pro rata** distribution among holders of direct and holders of contingent claims.

43. gr.

Skipting eigna

1. Ekki skal fara fram skipting eigna í samræmi við hlutafjáreign eignaraðila fyrr en:

(i) allar skuldbindingar við kröfuhafa hafa verið uppfylltar eða eru frágengnar, og
(ii) bankaráð hefur samþykkt skiptinguna með atkvæðum eigi færri en tveggja af hverjum þremur bankaráðsmönnum sem ekki fara með minna en þrjá fjórðu hluta af öllu atkvæðamagni eignaraðilanna.

2. Skipting eigna bankans milli eignaraðila skal vera í hlutfalli við hlutafjáreign hvers og eins og skal hún fara fram á þeim tímum og að uppfylltum þeim skilyrðum sem bankinn telur sanngjörn og í samræmi við jafnræði. Ekki er skilyrði að allir eignaraðilar hljóti samskonar eignir í sinn hlut. Eignaraðili skal ekki fá greiddan hlut sinn fyrr en hann hefur uppfyllt allar skuldbindingar sínar við bankann.

Article 43

Distribution of assets

1. No distribution under this Chapter shall be made to members on account of their subscriptions to the capital stock of the Bank until:

(i) all liabilities to creditors have been discharged or provided for; and
(ii) the Board of Governors has decided by a vote of not less than two-thirds of the Governors, representing not less than three-fourths of the total voting power of the members, to make a distribution.

2. Any distribution of the assets of the Bank to the members shall be in proportion to the capital stock held by each member and shall be effected at such times and under such conditions as the Bank shall deem fair and equitable. The shares of assets distributed need not be uniform as to type of assets. No member shall be entitled to receive its share in such a distribution of assets until it has settled all of its obligations to the Bank.

3. Eignaraðili sem fær greiddan hlut samkvæmt þessari grein skal njóta sömu réttinda varðandi slíkan hlut og bankinn naut áður en eignum hans var skipt.

VIII. kafli
Réttarstaða, friðhelgi, forréttindi og undanþágur

44. gr.
Tilgangur kaflans

Réttarstöðu þá, friðhelgi, forréttindi og undanþágur, sem lýst er í kafla þessum, skal veita bankanum á landsvæðum allra aðildarríkja svo að hann geti til fullnustu gegnt hlutverki sínu og þeim störfum sem honum eru falin.

45. gr.
Réttarstaða bankans

Bankinn skal hafa fullt rétthæfi og m.a. gerhæfi að því er varðar það að:

(i) gera samninga,
(ii) eignast og afsala lausafé og fasteignum og
(iii) höfða mál.

46. gr.
Staða bankans gagnvart málssókn

Aðeins má höfða mál gegn bankanum fyrir þar til bærum dómi með lögsögu á landsvæði þar sem bankinn hefur skrifstofu, hefur tilnefnt umboðsmann til að taka við kvaðningu eða stefnu fyrir rétt eða hefur gefið út eða ábyrgst verðbréf. Eigi verður þó höfðað mál á hendur bankanum af hálfu eignaraðila eða einstaklinga sem eru fulltrúar fyrir eignaraðila eða hafa fengið kröfur framseldar frá þeim. Fé og eignir bankans skulu án tillits til staðsetningar og handhafa vera undanþegnar hvers konar töku, löghaldi eða aðför áður en lokaúrskurður hefur verið kveðinn upp í máli gegn bankanum.

47. gr.
Friðhelgi fyrir eignasviptingu

Fé og eignir bankans skulu án tillits til staðsetningar og handhafa vera undanþegnar leit, afhendingarkröfu, upptöku, eignarnámi eða hvers konar annarri töku eða sviptingu með stjórnvaldsráðstöfun eða löggjöf.

48. gr.
Friðhelgi skjalasafns

Skjalasafn bankans skal vera friðheilagt, svo og almennt öll skjöl sem tilheyra því eða eru varðveitt þar.

3. Any member receiving assets distributed pursuant to this Article shall enjoy the same rights with respect to such assets as the Bank enjoyed prior to their distribution.

Chapter VIII
Status, immunities, privileges and exemptions

Article 44
Purpose of Chapter

To enable the Bank to fulfil its purpose and the functions with which it is entrusted, the status, immunities, privileges and exemption set forth in this Chapter shall be accorded to the Bank in the territory of each member country.

Article 45
Status of the Bank

The Bank shall possess full legal personality and, in particular, the full legal capacity:

(i) to contract;
(ii) to acquire, and dispose of, immovable and movable property; and
(iii) to institute legal proceedings.

Article 46
Position of the Bank with regard to judicial process

Actions may be brought against the Bank only in a court of competent jurisdiction in the territory of a country in which the Bank has an office, has appointed an agent for the purpose of accepting service or notice of process, or has issued or guaranteed securities. No actions shall, however, be brought by members or persons acting for or deriving claims from members. The property and assets of the Bank shall, wheresoever located and by whomsoever held, be immune from all forms of seizure, attachment or execution before the delivery of final judgment against the Bank.

Article 47
Immunity of assets from seizure

Property and assets of the Bank, wheresoever located and by whomsoever held, shall be immune from search, requisition, confiscation, expropriation or any other form of taking or foreclosure by executive or legislative action.

Article 48
Immunity of archives

The archives of the Bank, and in general all documents belonging to it or held by it, shall be inviolable.

49. gr.

Undanþága eigna frá takmörkunum

Að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að bankinn geti gegnt hlutverki sínu og störfum og í samræmi við ákvæði samnings þessa skulu allt fé og eignir bankans njóta undanþágu frá hvers konar takmörkunum, reglugerðum, hömlum og greiðslufrestunum.

Article 49

Freedom of assets from restrictions

To the extent necessary to carry out the purpose an functions of the Bank and subject to the provisions of this Agreement, all property and assets of the Bank shall be free from restrictions, regulations, controls and moratoria of any nature.

50. gr.

Forréttindi varðandi orðsendingar

Eignaraðilar skulu fara með opinberar orðsendingar bankans á sama hátt og opinberar orðsendingar annarra eignaraðila.

Article 50

Privilege for communications

The official communications of the Bank shall be accorded by each member the same treatment that it accords to the official communications of any other member.

51. gr.

Friðhelgi yfirmanna og annarra starfsmanna

Allir bankaráðsmenn, fulltrúar í bankastjórn, varamenn, yfirmenn og aðrir starfsmenn bankans, svo og sérfræðingar sem starfa að verkefnum á vegum bankans, skulu njóta undanþágu frá málssókn vegna embættisverka nema bankinn afsali þessari undanþágu. Einnig skulu öll opinber gögn og skjöl þeirra njóta friðhelgi. Friðhelgi þessi nær þó ekki til almennrar ábyrgðar vegna tjóns er hlýst af umferðaróhappi sem bankaráðsmaður, fulltrúi í bankastjórn, varamaður, yfirmaður, annar starfsmaður eða sérfræðingur er valdur að.

Article 51

Immunities of officers and employees

All Governors, Directors, Alternates, officers and employees of the Bank an experts performing missions for the Bank shall be immune from legal process with respect to acts performed by them in their official capacity, except when the Bank waives this immunity, and shall enjoy inviolability of all their official papers and documents. This immunity shall not apply, however, to civil liability in the case of damage arising from a road traffic accident caused by any such Governor, Director, Alternate, officer, employee or expert.

52. gr.

Forréttindi yfirmanna og annarra starfsmanna

1. Allir bankaráðsmenn, fulltrúar í bankastjórn, varamenn, yfirmenn og aðrir starfsmenn bankans, svo og sérfræðingar sem starfa að verkefnum á vegum bankans,

(i) sem ekki eru heimamenn, skulu njóta sömu undanþágu frá innflytjendatakmörkunum, kröfum um skráningu útlendinga og herskyldu og sömu aðstöðu varðandi gjaldeyrisreglur og eignaraðilar veita fulltrúum, embættismönnum og öðrum starfsmönnum á sama stigi frá öðrum eignaraðilum, og

(ii) skulu njóta sömu kjara viðvíkjandi ferðaaðstöðu og eignaraðilar veita fulltrúum, embættismönnum og öðrum starfsmönnum á sama stigi frá öðrum eignaraðilum.

2. Makar og fjölskyldur þeirra fulltrúa í bankastjórn, varamanna þeirra, yfirmanna, annarra starfsmanna og sérfræðinga bankans, sem eru búsettir í því landi er hýsir höfuðstöðvar bankans, skulu fá tækifæri til að starfa í því landi. Makar og fjölskyldur þeirra fulltrúa í bankastjórn, vara-

Article 52

Privileges of officers and employees

1. All Governors, Directors, Alternates, officers and employees of the Bank and experts of the Bank performing missions for the Bank:

(i) not being local nationals, shall be accorded the same immunities from immigration restrictions, alien registration requirements and national service obligations, and the same facilities as regards exchange regulations, as are accorded by members to the representatives, officials, and employees of comparable rank of other members; and

(ii) shall be granted the same treatment in respect of travelling facilities as is accorded by members to representatives, officials and employees of comparable rank of other members.

2. The spouses and immediate dependants of those Directors, Alternate Directors, officers, employees and experts of the Bank who are resident in the country in which the principal office of the Bank is located shall be accorded opportunity to take employment in that country.

manna þeirra, yfirmanna, annarra starfsmanna og sérfræðinga bankans, sem eru búsettir í landi sem hýsir útibú eða umboðsskrifstofu bankans, skulu, eftir því sem unnt er, fá sams konar tækifæri til að starfa þar enda sé það í samræmi við lög þess lands. Bankinn skal gera sérstaka samninga um framkvæmd þessa ákvæðis við landið, er hýsir höfuðstöðvar bankans, og, eftir því sem við á, hin löndin sem hlut eiga að máli.

The spouses and immediate dependants of those Directors, Alternate Directors, officers, employees and experts of the Bank who are resident in a country in which any agency or branch office of the Bank is located should, wherever possible, in accordance with the national law of that country, be accorded similar opportunity in that country. The Bank shall negotiate specific agreements implementing the provisions of this paragraph with the country in which the principal office of the Bank is located and, as appropriate, with the other countries concerned.

53. gr.

Skattfrelsi

1. Á sviði opinberrar starfsemi sinnar skulu bankinn, eignir, fé og tekjur hans njóta undanþágu frá öllum beinum sköttum.

2. Ef bankinn þarf vegna opinberrar starfsemi sinnar nauðsynlega að kaupa vörur eða þjónustu fyrir verulega upphæð og skattar eða gjöld eru innifalin í verði þessara vara eða þjónustu skal sá eignaraðili, sem leggur skattana eða gjöldin á, gera viðeigandi ráðstafanir til að veita undanþágu frá þeim eða sjá um endurgreiðslu þeirra enda sé sundurliðun möguleg.

3. Vörur, sem bankinn flytur inn og eru nauðsynlegar til þess að hann geti haldið uppi opinberri starfsemi sinni, skulu undanþegnar öllum innflutningstollum og -sköttum, svo og hvers konar innflutningshömlum og takmörkunum. Á sama hátt skulu vörur, sem bankinn flytur út og eru nauðsynlegar til að hann geti haldið uppi opinberri starfsemi sinni, undanþegnar hvers konar útflutningstollum og -sköttum, svo og hvers konar banni við og takmörkunum á útflutningi.

4. Vörur, sem bankinn hefur aflað eða flutt inn og fengið undanþágur fyrir samkvæmt þessari grein, má ekki selja, leigja, lána eða gefa gegn greiðslu eða án endurgjalds nema í samræmi við skilyrði sem eignaraðilar þeir er veittu undanþágurnar eða inntu endurgreiðslurnar af hendi hafa sett.

5. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki ná til skatta eða gjalda sem eru ekki annað en greiðsla fyrir opinbera þjónustu.

6. Fulltrúar í bankastjórn, varamenn þeirra, yfirmenn og aðrir starfsmenn bankans skulu greiða raunverulega skatta til bankans af launum og þóknun sem bankinn greiðir þeim. Þetta er háð skilyrðum sem skulu sett og reglum sem skulu samþykktar af bankaráði innan eins árs frá gildistöku samnings þessa. Laun þessi og þóknun skal

Article 53

Exemption from taxation

1. Within the scope of its official activities the Bank, its assets, property, and income shall be exempt from all direct taxes.

2. When purchases or services of substantial value and necessary for the exercise of the official activities of the Bank are made or used by the Bank and when the price of such purchases or services includes taxes or duties, the member that has levied the taxes or duties shall, if they are identifiable, take appropriate measures to grant exemption from such taxes or duties or to provide for their reimbursement.

3. Goods imported by the Bank and necessary for the exercise of its official activities shall be exempt from all import duties and taxes, and from all import prohibitions and restrictions. Similarly goods exported by the Bank and necessary for the exercise of its official activities shall be exempt from all export duties and taxes, and from all export prohibitions and restriction.

4. Goods acquired or imported and exempted under this Article shall not be sold, hired out, lent or given away against payment or free of charge, except in accordance with conditions laid down by the members which have granted exemptions or reimbursements.

5. The provisions of this Article shall not apply to taxes or duties which are no more than charges for public utility services.

6. Directors, Alternate Directors, officers and employees of the Bank shall be subject to an internal effective tax for the benefit of the Bank on salaries and emoluments paid by the Bank, subject to conditions to be laid down and rules to be adopted by the Board of Governors with in a period of one year from the date of entry into force

njóta undanþágu frá almennum tekjuskatti til ríkisins frá álagningardegi skattsins. Þó geta eignaraðilar tekið tillit til launa og þóknunar, sem undanþágan gildir um, við mat á upphæð skatta sem leggja ber á aðrar tekjur.

7. Þrátt fyrir ákvæði 6. tl. þessarar greinar getur eignaraðili lagt fram yfirlýsingu með fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjali sínu um að hann áskilji sér rétt til að skattleggja fyrir sína hönd, stjórnsýslusvæða eða sveitarstjórna sinna laun og þóknun sem bankinn greiðir ríkisborgurum eða þegnum þess eignaraðila. Bankinn er undanþeginn hvers konar skyldu til að greiða, halda eftir eða innheimta þessa skatta. Bankinn endurgreiðir ekki þessa skatta.

8. Sjötti töluliður þessarar greinar nær ekki til eftirlauna og lífeyris sem bankinn greiðir.

9. Enga skatta, hverju nafni sem nefnast, skal leggja á skuldbindingar eða verðbréf, útgefin af bankanum, þar með talið á arðsúthlutun og vexti þar af, án tillits til handhafa:

(i) sem fela í sér mismunun gagnvart slíkum skuldbindingum eða verðbréfum af þeirri ástæðu einni að bankinn gaf þau út eða

(ii) ef lögsögugrundvöllur slíkrar skattheimtu er eingöngu staðurinn eða myntin, sem þau voru gefin út í, má greiða í eða eru greidd í, ellegar staðsetning einhverrar skrifstofu eða starfsstöðvar sem bankinn rekur.

10. Enga skatta, hverju nafni sem nefnast, skal leggja á skuldbindingar eða verðbréf sem bankinn ábyrgist, þar með talið á arðsúthlutun og vexti þar af, án tillits til handhafa:

(i) sem fela í sér mismunun gagnvart slíkum skuldbindingum eða verðbréfum af þeirri ástæðu einni að bankinn ábyrgist þau eða

(ii) ef lögsögugrundvöllur slíkrar skattheimtu er eingöngu staðsetning einhverrar skrifstofu eða starfsstöðvar sem bankinn rekur.

54. gr.

Framkvæmd ákvæða kaflans

Sérhver eignaraðili skal hið fyrsta gera nauðsynlegar ráðstafanir til að framkvæma ákvæði þessa kafla og skal gera bankanum glögga grein fyrir því í hverju ráðstafanir þessar voru fólgnar.

55. gr.

Afsal friðhelgi, forréttinda og undanþága

Friðhelgi, forréttindi og undanþágur samkvæmt ákvæðum þessa kafla eru veittar í þágu bankans. Bankastjórnin getur afsalað hvers konar friðhelgi,

of this Agreement. From the date on which this tax is applied, such salaries and emoluments shall be exempt from national income tax. The members may, however, take into account the salaries and emoluments thus exempt when assessing the amount of tax to be applied to income from other sources.

7. Notwithstanding the provisions of paragraph 6 of this Article, a member may deposit, with its instrument of ratification, acceptance or approval, a declaration that such member retains for itself, its political subdivisions or its local authorities the right to tax salaries and emoluments paid by the Bank to citizens or nationals of such member. The Bank shall be exempt from any obligation for the payment, withholding or collection of such taxes. The Bank shall not make any reimbursement for such taxes.

8. Paragraph 6 of this Article shall not apply to pensions and annuities paid by the Bank.

9. No tax of any kind shall be levied on any obligation or security issued by the Bank, including any dividend or interest thereon, by whomsoever held:

(i) which discriminates against such obligation or security solely because it is issued by the Bank, or

(ii) if the sole jurisdictional basis for such taxation is the place or currency in which it is issued, made payable or paid, or the location of any office or place of business maintained by the Bank.

10. No tax of any kind shall be levied on any obligation or security guaranteed by the Bank, including any dividend or interest thereon – by whomsoever held:

(i) which discriminates against such obligation or security solely because it is guaranteed by the Bank, or

(ii) if the sole jurisdictional basis for such taxation is the location of any office or place of business maintained by the Bank.

Article 54

Implementation of Chapter

Each member shall promptly take such action as is necessary for the purpose of implementing the provisions of this Chapter and shall inform the Bank of the detailed action which it has taken.

Article 55

Waiver of immunities, privileges and exemptions

The immunities, privileges and exemptions conferred under this Chapter are granted in the interest of the Bank. The Board of Directors may

foréttindum og undanþágum, sem veittar eru samkvæmt þessum kafla, að því marki og með þeim skilyrðum er hún kann að ákveða, þegar slíkar ráðstafanir eru hagsmunum bankans í hag að mati stjórnarinnar. Bankastjóranum er rétt og skylt að afsala hvers konar friðhelgi, forréttindum eða undanþágum yfirmanna, annarra starfsmanna eða sérfræðinga bankans að undanteknum bankastjóra og aðstoðarbankastjórum, ef hann telur að slík friðhelgi, forréttindi eða undanþágur geti hindrað framgang réttvísinnar og hagsmunir bankans séu ekki skertir með afsalinu. Við svipaðar aðstæður og með sömu skilyrðum skal bankastjórn rétt og skylt að afsala friðhelgi, forréttindum eða undanþágum bankastjóra og hvers aðstoðarbankastjóra.

waive to such extent and upon such conditions as it may determine any of the immunities, privileges and exemptions conferred under this Chapter in cases where such action would, in its opinion, be appropriate in the best interests of the Bank. The President shall have the right and the duty to waive any immunity, privilege or exemption in respect of any officer, employee or expert of the Bank, other than the President or a Vice-President, where, in his or her opinion, the immunity, privilege or exemption would impede the course of justice and can by waived without prejudice to the interests of the Bank. In similar circumstances and under the same conditions, the Board of Directors shall have the right and the duty to waive any immunity, privilege or exemption in respect of the President and each Vice-President.

IX. kafli
Breytingar, túlkun, gerð
56. gr.
Breytingar

1. Sérhverri tillögu um breytingar á samningi þessum, hvort sem hún kemur frá eignaraðila, bankaráðsmanni eða bankastjórn, skal komið á framfæri við formann bankaráðs sem síðan leggur hana fyrir bankaráð. Ef bankaráð samþykkir slíka breytingartillögu skal bankinn spyrja öll aðildarríki, með svo skjótum hætti sem unnt er, hvort þau samþykki breytingartillöguna. Þegar þrír af hverjum fjórum eignaraðilum (þar með talin tvö ríki frá Mið- og Austur-Evrópu af listanum í viðauka A) sem ekki fara með minna en fjóra fimmtu hluta af öllu atkvæðamagni eignaraðilanna hafa samþykkt breytingartillöguna skal bankinn staðfesta hana með formlegri orðsendingu til allra eignaraðila.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. þessarar gr.
(i) er samþykkis allra eignaraðila krafist þegar um er að ræða breytingar er varða:
  (a) réttindi til að segja upp aðild að bankanum,
  (b) réttindi er varða kaup á hlutafé samkvæmt 3. tl. 5. gr. samnings þessa,
  (c) takmarkanir á ábyrgð sbr. 7. tl. 5. gr. samnings þessa,
  (d) markmið og hlutverk bankans eins og það er skilgreint í 1. og 2. gr. samnings þessa,
(ii) samþykki ekki færri en þriggja af hverjum fjórum eignaraðilum sem ekki fara með minna en áttatíu og fimm (85) % af öllu

Chapter IX
Amendments, interpretation, arbitration
Article 56
Amendments

1. Any proposal to amend this Agreement, whether emanating from a member, a Governor or the Board of Directors, shall be communicated to the Chairman of the Board of Governors who shall bring the proposal before that Board. If the proposed amendment is approved by the Board the Bank shall, by any rapid means of communication, ask all members whether they accept the proposed amendment. When not less than three-fourths of the members (including at least two countries from Central and Eastern Europe listed in Annex A), having not less than four-fifths of the total voting power of the members have accepted the proposed amendment, the Bank shall certify that fact by formal communication addressed to all members.

2. Notwithstanding paragraph 1 of this Article:
(i) acceptance by all members shall be required in the case of any amendment modifying:
  (a) the right to withdraw from the Bank;
  (b) the rights pertaining to purchase of capital stock provided for in paragraph 3 of Article 5 of this Agreement;
  (c) the limitations on liability provided for in paragraph 7 of Article 5 of this Agreement; and
  (d) the purpose and functions of the Bank defined by Articles 1 and 2 of this Agreement;
(ii) acceptance by not less than three-fourths of the members having not less than eighty-five (85) per cent of the total voting power of the

atkvæðamagni eignaraðilanna þarf til að gera breytingar á 4. tl. 8. gr. samnings þessa.

Nú hafa skilyrði fyrir samþykkt slíkrar tillögu til breytinga verið uppfyllt og skal þá bankinn staðfesta hana með formlegri orðsendingu til allra eignaraðila.

3. Breytingar skulu öðlast gildi fyrir alla eignaraðila að liðnum þremur (3) mánuðum frá dagsetningu hinnar formlegu tilkynningar samkvæmt 1. og 2. tl. þessarar greinar nema bankaráð tiltaki annan tíma.

57. gr.

Túlkun og framkvæmd

1. Öllum málum er varða túlkun eða framkvæmd ákvæða stofnsamnings þessa sem upp kunna að koma milli eignaraðila og bankans eða milli eignaraðila skal vísað til bankastjórnar til úrskurðar. Ef enginn fulltrúa í bankastjórn er af þjóðerni eignaraðilans, sem málið snertir sérstaklega, hefur slíkur eignaraðili rétt á eigin fulltrúa á fundi bankastjórnar þegar málið er tekið fyrir. Fulltrúi slíks eignaraðila hefur þó ekki atkvæðisrétt. Bankaráð setur reglur um slíka fulltrúa.

2. Hverju sinni er bankastjórnin hefur úrskurðað samkvæmt 1. tl. þessarar greinar, getur sérhver eignaraðili krafist þess að málinu verði skotið til bankaráðs en úrskurður þess skal vera endanlegur. Meðan beðið er úrskurði bankaráðs er bankanum heimilt, að svo miklu leyti sem hann telur slíkt nauðsynlegt, að breyta í samræmi við úrskurð bankastjórnar.

58. gr.

Gerð

Ef ágreiningur rís með bankanum og eignaraðila sem sagt hefur upp aðild sinni að bankanum, eða með bankanum og einhverju aðildarríki eftir að ákveðið hefur verið að leggja bankann niður skal slíkur ágreiningur lagður í gerð þriggja (3) manna gerðardóms þar sem einn er skipaður af bankanum, annar af eignaraðilanum eða eignaraðilanum sem sagt hefur upp aðild, en sá þriðji, nema ágreiningsaðilar ákveði annað, skal skipaður af forseta Alþjóðadómstólsins eða öðrum slíkum til þess hæfum aðila sem kann að hafa verið ákveðinn með reglugerð sem bankaráð hefur samþykkt. Meiri hluti gerðardómenda er nægjanlegur til að komast að niðurstöðu, sem skal vera endanleg og bindandi fyrir ágreiningsaðilana. Þriðji

members shall be required in the case of any amendment modifying paragraph 4 of Article 8 of this Agreement.

When the requirements for accepting any such proposed amendment have been met, the Bank shall certify that fact by formal communication addressed to all members.

3. Amendments shall enter into force for all members three (3) months after the date of the formal communication provided for in paragraphs 1 and 2 this Article unless the Board of Governors specifies a different period.

Article 57

Interpretation and application

1. Any question of interpretation or application of the provisions of this Agreement arising between any member and the Bank, or between any members of the Bank, shall be submitted to the Board of Directors for its decision. If there is no Director of its nationality in that Board, a member particulary affected by the question under consideration shall be entitled to direct representation in the meeting of the Board of Directors during such consideration. The representative of such member shall, however, have no vote. Such right of representation shall be regulated by the Board of Governors.

2. In any case where the Board of Directors has given a decision under paragraph 1 of this Article, any member may require that the question be referred to the Board of Governors, whose decision shall be final. Pending the decision of the Board of Governors, the Bank may, so far as it deems it necessary, act on the basis of the decision of the Board of Directors.

Article 58

Arbitration

If a disagreement should arise between the Bank and a member which has ceased to be a member, or between the Bank and any member after adoption of a decision to terminate the operation of the Bank, such disagreement shall be submitted to arbitration by a tribunal of three (3) arbitrators, one appointed by the Bank, another by the member or former member concerned, and the third, unless the parties otherwise agree, by the President of the International Court of Justice or such other authority as may have been prescribed by regulations adopted by the Board of Governors. A majority vote of the arbitrators shall be sufficient to reach a decision which shall be final and binding upon the parties. The third

gerðardómarinn hefur fullt vald til þess að skera úr öllum málum er varða málsmeðferð, hvenær sem ágreiningur er með málsaðilum hvað þetta varðar.

59. gr.
Samþykki telst veitt

Sé krafist samþykkis eignaraðila áður en bankinn hefst handa við eitthvert verk, nema 56. gr. samnings þessa eigi við, þá skal samþykki teljast veitt nema eignaraðilinn leggi fram mótmæli innan sanngjarnra tímamarka sem bankinn getur sett er hann tilkynnir eignaraðilanum um fyrirhugað verk.

X. kafli
Lokaákvæði

60. gr.
Undirritun og varsla

1. Samningur þessi skal vera í vörslu ríkisstjórnar Frakklands (héreftir nefnd vörsluaðili) og skal hann bíða undirritunar verðandi eignaraðila, sem nefndir eru í viðauka A við þennan samning, allt til 31. desember 1990.

2. Vörsluaðilinn skal senda staðfest eintök af þessum samningi til allra samningsaðila.

61. gr.
Fullgilding, staðfesting eða samþykkt

1. Samningurinn skal háður fullgildingu, staðfestingu eða samþykkt undirritenda. Fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjal skal sent vörsluaðila eigi síðar en 31. mars 1991, samkvæmt 2. tl. þessarar greinar. Vörsluaðili skal þegar tilkynna öðrum samningsaðilum um hverja fullgildingu og dagsetningu hennar.

2. Undirritandi getur orðið aðili að þessum samningi með því að senda skjalfesta fullgildingu, staðfestingu eða samþykkt innan eins árs eftir að hann gengur í gildi, eða ef nauðsyn krefur, síðar, innan tiltekins dags sem meiri hluti bankaráðsmanna ákveður nánar. Til þess þarf meirihluta af öllu atkvæðamagni eignaraðilanna.

3. Undirritandi sem leggur fram fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjal sitt samkvæmt 1. tl. þessarar greinar fyrir þá dagsetningu sem samningur þessi tekur gildi skal teljast eignaraðili að bankanum frá þeim degi. Sérhver annar undirritandi sem fer eftir ákvæðum síðasta tl. skal teljast eignaraðili að bankanum frá þeim degi sem fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjal er lagt fram.

arbitrator shall have full power to settle all questions of procedure in any case where the parties are in disagreement, with respect thereto.

Article 59
Approval deemed given

Whenever the approval or the acceptance of any member is required before any act may be done by the Bank, except under Article 56 of this Agreement, approval or acceptance shall be deemed to have been given unless the member presents an objection within such reasonable period as the Bank may fix in notifying the member of the proposed act.

Chapter X
Final provisions

Article 60
Signature and deposit

1. This Agreement, deposited with the Government of the French Republic (hereinafter called "the Depository"), shall remain open until 31 December 1990 for signature by the prospective members whose names are set forth in Annex A to this Agreement.

2. The Depository shall communicate certified copies of this Agreement to all the Signatories.

Article 61
Ratification, acceptance or approval

1. The Agreement shall be subject to ratification, acceptance or approval by the Signatories. Instruments of ratification, acceptance or approval shall, subject to paragraph 2 of this Article, be deposited with the Depository not later than 31 March 1991. The Depository shall duly notify the other Signatories of each deposit and date thereof.

2. Any Signatory may become a party to this Agreement by depositing an instrument of ratification, acceptance or approval until one year after the date of its entry into force or, if necessary, until such later date as may be decided by a majority of Governors, representing a majority of the total voting power of the members.

3. A Signatory whose instrument referred to in paragraph 1 of this Article is deposited before the date on which this Agreement enters into force shall become a member of the Bank on that date. Any other Signatory which complies with the provisions of the preceding paragraph shall become a member of the Bank on the date on which its instrument of ratification, acceptance or approval is deposited.

62. gr.
Gildistaka

1. Samningur þessi tekur gildi þegar fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjöl eru fengin frá undirritendum sem eiga samtals eigi minna en tvo þriðju hluta upphaflegrar áskriftar að hlutafé, sbr. viðauka A, þar af skulu tvö ríki hið minnsta vera frá Mið- eða Austur-Evrópu af listanum í viðauka A.

2. Ef samningur þessi hefur ekki tekið gildi fyrir 31. mars 1991 getur vörsluaðilinn kallað saman ráðstefnu þeirra væntanlegu eignaraðila er áhuga hafa, til að ákveða framtíðarstefnu og koma sér saman um ný tímamörk fyrir fullgildingu hans.

Article 62
Entry into force

1. This Agreement shall enter into force when instruments of ratification, acceptance or approval have been deposited by Signatories whose initial subscriptions represent not less than two thirds of the total subscriptions set forth in Annex A, including at least two countries from Central and Eastern Europe listed in Annex A.

2. If this Agreement has not entered into force by 31 March 1991, the Depository may convene a conference of interested prospective members to determine the future course of action and decide a new date by which instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited.

63. gr.
Stofnfundur og starfsbyrjun

1. Strax og samningur þessi hefur gengið í gildi samkvæmt 62. gr. skal sérhver eignaraðili tilnefna bankaráðsmann. Vörsluaðili skal kalla saman fyrsta fund bankaráðs innan sextíu (60) daga frá gildistöku samningsins samkvæmt 62. gr. eða eins skjótt og mögulegt er eftir það.

2. Á fyrsta fundi sínum skal bankaráðið:
(i) kjósa bankastjóra,
(ii) kjósa fulltrúa í bankastjórn samkvæmt 26. gr. samnings þessa,

(iii) gera ráðstafanir til að ákveða hvenær bankinn skal hefja störf,

(iv) gera aðrar ráðstafanir til undirbúnings á starfsbyrjun bankans.

3. Bankinn skal senda öllum eignaraðilum tilkynningu um hvenær hann mun hefja störf.

GJÖRT í París 29. maí 1990 í einu frumeintaki, en enskur, franskur, þýskur og rússneskur texti hans eru jafngildir. Það skal varðveitt í skjalasafni vörsluaðila sem skal afhenda staðfest afrit öllum væntanlegum aðilum sem getið er í viðauka A.

Article 63
Inaugural meeting and commencement of operations

1. As soon as this Agreement enters into force under Article 62 of this Agreement, each member shall appoint a Governor. The Depository shall call the first meeting of the Board of Governors within sixty (60) days of entry into force of this Agreement under Article 62 or as soon as possible thereafter.

2. At its first meeting, the Board of Governors:
(i) shall elect the President;
(ii) shall elect the Directors of the Bank in accordance with Article 26 of this Agreement;
(iii) shall make arrangements for determining the date of the commencement of the Bank's operations; and
(iv) shall make such other arrangements as appear to it necessary to prepare for commencement of the Bank's operations.

3. The Bank shall notify its members of the date of commencement of its operations.

DONE at Paris on 29 May 1990 in a single original, whose English, French, German and Russian texts are equally authentic, which shall be deposited in the archives of the Depository which shall transmit a duly certified copy to each of the other prospective members whose names are set forth in Annex A.

Viðauki A

Upphaflegar áskriftir væntanlegra eignaraðila að hlutafé samkvæmt 61. gr.

	Fjöldi hluta	Áskrift að hlutafé (m.ECU)
A – Evrópubandalagið		
a)		
Belgía	22.800	228,00
Danmörk	12.000	120,00
Frakkland	85.175	851,75
Sambandslýðveldið Þýskaland	85.175	85,175
Grikkland	6.500	65,00
Holland	24.800	248,00
Írland	3.000	30,00
Ítalía	85.175	851,75
Lúxemborg	2.000	20,00
Portúgal	4.200	42,00
Spánn	34.000	340,00
Stóra Bretland	85.175	851,75
b)		
Efnahagsbandalag Evrópu	30.000	300,00
Fjárfestingarbanki Evrópu	30.000	300,00
B – Önnur Evrópuríki		
Austurríki	22.800	228,00
Finnland	12.500	125,00
Ísland	1.000	10,00
Kípur	1.000	10,00
Ísrael	6.500	65,00
Liechtenstein	200	2,00
Malta	100	1,00
Noregur	12.500	125,00
Svíþjóð	22.800	228,00
Sviss	22.800	228,00
Tyrkland	11.500	115,00
C – Viðtökuríki		
Búlgaría	7.900	79,00
Tékkóslóvakía	12.800	128,00
Þýska alþýðulýðveldið	15.500	155,00
Ungverjaland	7.900	79,00
Pólland	12.800	128,00
Rúmenía	4.800	48,00
Sovétríkin	60.000	600,00
Júgóslavía	12.800	128,00

Annex A

Initial subscriptions to the authorized capital stock for prospective members which may become members in accordance with Article 61

	Number of shares	Capital subscription (in million ECUs)
A – European Communities		
a)		
Belgium	22 800	228.00
Denmark	12 000	120.00
France	85 175	851.75
Germany, Federal Republic of	85 175	851.75
Greece	6 500	65.00
Ireland	3 000	30.00
Italy	85 175	851.75
Luxembourg	2 000	20.00
Netherlands	24 800	248.00
Portugal	4 200	42.00
Spain	34 000	340.00
United Kingdom	85 175	851.75
b)		
European Economic Community	30 000	300.00
European Investment Bank	30 000	300.00
B – Other European Countries		
Austria	22 800	228.00
Cyprus	1 000	10.00
Finland	12 500	125.00
Iceland	1 000	10.00
Israel	6 500	65.00
Liechtenstein	200	2.00
Malta	100	1.00
Norway	12 500	125.00
Sweden	22 800	228.00
Switzerland	22 800	228.00
Turkey	11 500	115.00
C – Recipient countries		
Bulgaria	7 900	79.00
Czechoslovakia	12 800	128.00
German Democratic Republic	15 500	155.00
Hungary	7 900	79.00
Poland	12 800	128.00
Rumania	4 800	48.00
Union of Soviet Socialist Republics	60 000	600.00
Yugoslavia	12 800	128.00

D – Ríki utan Evrópu		
Ástralía	10.000	100,00
Kanada	34.000	340,00
Egyptaland	1.000	10,00
Japan	85.175	851,75
Lýðveldið Kórea	6.500	65,00
Mexíkó	3.000	30,00
Marokkó	1.000	10,00
Nýja Sjáland	1.000	10,00
Bandaríkin	100.000	1000,00
E – Hlutir sem er óúthlutað	125	1,25
SAMTALS	1.000.000	10.000,00

D – Non-European Countries		
Australia	10 000	100.00
Canada	34 000	340.00
Egypt	1 000	10.00
Japan	85 175	851.75
Korea, Republic of	6 500	65.00
Mexico	3 000	30.00
Morocco	1 000	10.00
New Zealand	1 000	10.00
United States of America	100 000	1000.00
E – Non allocated shares	125	1.25
TOTAL	1 000 000	10000.00

* Flokkun væntanlegra eignaraðila er einungis með tilliti til samnings þessa. Annars staðar í þessum samningi er vísað til viðtökuríkja sem ríkja í Mið- og Austur-Evrópu.

(*) Prospective members are listed under the above categories only for the purpose of this Agreement. Recipient countries are referred to elsewhere in this Agreement as Central and Eastern European countries.

Viðauki B

Stafliður A

Kjör fulltrúa í bankastjórn af þeim bankaráðsmönnum sem eru fulltrúar Belgíu, Danmerkur, Sambandslýðveldisins Þýskalands, Frakklands, Grikklands, Írlands, Ítalíu, Lúxemborgar, Hollands, Portúgals, Spánar, Stóra-Bretlands, Efnahagsbandalags Evrópu og Fjárfestingarbanka Evrópu (hér á eftir er vísað til þeirra sem bankaráðsmanna undir staflið A)

1. Ákvæði þessa stafliðar eiga einungis við um þennan staflið.

2. Frambjóðendur til embættis fulltrúa í bankastjórn skulu tilnefndir af bankaráðsmönnum undir staflið A að því tilskildu að bankaráðsmaður tilnefnir einungis einn frambjóðanda. Kosning fulltrúa í bankastjórn fer fram við atkvæðagreiðslu bankaráðsmanna undir staflið A.

3. Hver bankaráðsmaður sem hefur kosningarétt skal greiða einum manni öll þau atkvæði sem eignaraðilinn er veitti honum umboð sitt á rétt á samkvæmt 1. og 2. tl. 29. gr. samnings þessa.

4. Með hliðsjón af 10. tl. þessa stafliðar, skulu þeir 11 menn sem hljóta flest atkvæði verða fulltrúar í bankastjórn. Eigi skal þó neinn maður teljast kjörinn hljóti hann minna en 4,5% af mögulegum atkvæðum undir staflið A.

5. Með hliðsjón af 10. tl. þessa stafliðar skal greiða atkvæði öðru sinni nema frambjóðendur séu ekki fleiri en 11. Ef frambjóðendur eru hins vegar fleiri en 11 skal sá frambjóðandi sem fæst atkvæði hlaut í fyrstu atkvæðagreiðslunni ekki

Annex B

Section A

Election of Directors by Governors representing Belgium, Denmark, the Federal Republic of Germany, France, Greece, Ireland, Italy, Luxembourg, the Netherlands, Portugal, Spain, the United Kingdom, the European Economic Community and the European Investment Bank (hereinafter referred to as Section A Governors)

1. The provisions set out below in this Section shall apply exclusively to this Section.

2. Candidates for the office of Director shall be nominated by Section A Governors, provided that a Governor may nominate only one person. The election of Directors shall be by ballot of Section A Governors.

3. Each Governor eligible to vote shall cast for one person all of the votes to which the member appointing him or her is entitled under paragraphs 1 and 2 of Article 29 of this Agreement.

4. Subject to paragraph 10 of this Section, the 11 persons receiving the highest number of votes shall be Directors, except that no person who receives less than 4.5 per cent of the total of the votes which can be cast (eligible votes) in Section A shall be considered elected.

5. Subject to paragraph 10 of this Section, if 11 persons are not elected on the first ballot, a second ballot shall be held in which, unless there were no more than 11 candidates, the person who received the lowest number of votes in the first ballot shall

teljast kjörgengur á ný. Þessir hafa einir atkvæðisrétt við aðra atkvæðagreiðslu:

(a) þeir bankaráðsmenn sem greiddu þeim mönnum atkvæði er ekki hlutu kosningu.

(b) Þeir bankaráðsmenn sem greiddu þannig kjörnum frambjóðanda atkvæði að samkvæmt 6. og 7. tl. þessa stafliðar teljist þeir hafa hækkað heildarmagn atkvæða sem honum voru greidd upp fyrir 5,5% af atkvæðamagni.

6. Þegar úrskurða skal um hvort atkvæði sem bankaráðsmaður greiðir hafi hækkað heildarmagn atkvæða sem einn frambjóðandi hlaut upp fyrir 5,5% af atkvæðamagni skal líta svo á að þessi 5,5% feli í sér í fyrsta lagi atkvæði þess bankaráðsmanns sem greiddi þeim manni flest atkvæði, síðan skulu talin atkvæði þess sem greiddi næstflest atkvæði o.s.frv. þangað til 5,5% er náð.

7. Nú hækkar atkvæðamagn bankaráðsmanns heildaratkvæðamagn einhvers frambjóðanda upp fyrir 4,5%. Skal þá líta svo á að sá bankaráðsmaður hafi greitt þeim frambjóðanda öll sín atkvæði, jafnvel þótt þannig hækki heildaratkvæði frambjóðandans upp yfir 5,5% og telst hann þá ekki atkvæðisbær við næstu atkvæðagreiðslu.

8. Með hliðsjón af 10. tl. þessa stafliðar, ef ekki hefur tekist að kjósa 11 menn eftir aðra atkvæðagreiðslu skal halda atkvæðagreiðslur á ný samkvæmt þeim reglum og aðferðum sem settar eru í þessum staflið uns 11 menn hafa verið kjörnir. Þrátt fyrir ákvæði 4. tl. þessa stafliðar má kjósa 11. manninn með einföldum meiri hluta þeirra atkvæða sem eftir eru ef 10 menn hafa þegar verið kjörnir.

9. Nú er fulltrúum í bankastjórn sem kjósa skal af bankaráðsmönnum undir staflið A fjölgað eða fækkað. Skal þá breyta hámarks- og lágmarkshundraðshlutum í 4., 5. og 7. tl. þessa stafliðar með hliðsjón af því.

10. Hafi undirritandi eða hópur undirritenda sem hafa skráð sig fyrir meira en 2,4% af hlutafé bankans eins og greinir í viðauka A ekki lagt fram fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjal eða -skjöl sín skal ekki kjósa fulltrúa í bankastjórn í þágu slíks undirritanda eða hóps undirritenda. Bankaráðsmaður eða -menn sem eru fulltrúar slíks undirritanda eða hóps undirritenda skal kjósa bankastjóra í þágu slíks undirritanda eða hóps undirritenda jafnskjótt og undirritandinn eða hópur undirritenda gerist eignaraðili. Líta skal svo á að sá fulltrúi í bankastjórn hafi verið kosinn á

be ineligible for election and in which there shall vote only:

(a) those Governors who voted in the first ballot for a person not elected and

(b) those Governor whose votes for a person elected are deemed under paragraphs 6 and 7 below of this Section to have raised the votes cast for that person above 5.5. per cent of the eligible votes.

6. In determining whether the votes cast be a Governor are deemed to have raised the total votes cast for any person above 5.5. per cent of the eligible votes, the 5.5. per cent shall be deemed to include, first, the votes of the Governor casting the largest number of votes for such person, then the votes of the Governor casting the next largest number and so on, until 5.5. per cent is reached.

7. Any Governor, part of whose votes must be counted in order to raise the total of votes cast for any person above 4.5. per cent shall be considered as casting all of his or her votes for such person, even if the total votes for such person thereby exceed 5.5. per cent and shall not be eligible to vote in a further ballot.

8. Subject to paragraph 10 of this Section, if, after the second ballot, 11 persons have not been elected, further ballots shall be held in conformity with the principles and procedures laid down in this Section, until 11 persons have been elected, provided that, if at any stage 10 persons are elected, notwithstanding the provisions of paragraph 4 of this Section, the 11th may be elected by a simple majority of the remaining votes cast.

9. In the case of an increase or decrease in the number of Directors to be elected by Section A Governors, the minimum and maximum percentages specified in paragraphs 4, 5, 6 and 7 of this Section shall be appropriately adjusted by the Board of Governors.

10. So long as any Signatory, or group of Signatories, whose share of the total amount of capital subscriptions provided in Annex A is more than 2.4. per cent, has not deposited its instrument or their instruments of ratification, approval or acceptance there shall be no election for one Director in respect of each such Signatory or group of Signatories. The Governor or Governors representing such a Signatory or group of Signatories shall elect a Director in respect of each Signatory or group of Signatories, immediately after the Signatory becomes a member or the

stofnfundi bankans samkvæmt 3. tl. 36. gr. samnings þessa sé hann kjörinn á starfstímabili fyrstu bankastjórnar.

Stafliður B

Kjör fulltrúa í bankastjórn af þeim bankaráðsmönnum sem eru fulltrúar annarra ríkja

(i)

Kosning fulltrúa í bankastjórn af bankaráðsmönnum sem eru fulltrúar þeirra ríkja sem í viðauka A eru nefnd ríki Mið- og Austur-Evrópu (viðtökuríki) (hér á eftir verða þeir nefndir bankaráðsmenn undir staflið B (i))

1. Ákvæði þessa stafliðar eiga einungis við um þennan staflið.

2. Frambjóðendur til embættis fulltrúa í bankastjórn skulu tilnefndir af bankaráðsmönnum undir staflið B (i) að því tilskildu að bankaráðsmaður tilnefnir einungis einn frambjóðanda. Kosning fulltrúa í bankastjórn fer fram við atkvæðagreiðslu bankaráðsmanna undir staflið B (i).

3. Hver bankaráðsmaður sem hefur kosningarétt skal greiða einum manni öll þau atkvæði sem eignaraðilinn er veitti honum umboð sitt á rétt á samkvæmt 1. og 2. tl. 29. gr. samnings þessa.

4. Með hliðsjón af 10. tl. þessa stafliðar, skulu þeir 4 menn sem hljóta flest atkvæði verða fulltrúar í bankastjórn. Eigi skal þó neinn frambjóðandi teljast kjörinn hljóti hann minna en 12% mögulegra atkvæða undir staflið B (i).

5. Með hliðsjón af 10. tl. þessa stafliðar skal greiða atkvæði öðru sinni nema frambjóðendur séu ekki fleiri en 4. Ef frambjóðendur eru hins vegar fleiri en 4 skal sá frambjóðandi sem fæst atkvæði hlaut í fyrstu atkvæðagreiðslunni ekki teljast kjörgengur á ný. Þessir hafa einir atkvæðisrétt við aðra atkvæðagreiðslu:

(a) þeir bankaráðsmenn sem greiddu þeim frambjóðendum atkvæði er ekki hlutu kosningu, og

(b) þeir bankaráðsmenn sem greiddu þannig kjörnum frambjóðanda atkvæði að samkvæmt 6. og 7. tl. þessa stafliðar teljist þeir hafa hækkað heildarmagn atkvæða sem honum voru greidd upp fyrir 13% af atkvæðamagni.

6. Þegar úrskurða skal um hvort atkvæði sem bankaráðsmaður greiðir hafi hækkað heildarmagn atkvæða sem einn frambjóðandi hlaut upp fyrir

group of Signatories become members. Such Director shall be deemed to have been elected by the Board of Governors at its inaugural meeting, in accordance with paragraph 3 of Article 26 of this Agreement, if he or she is elected during the period in which the first Board of Directors shall hold office.

Section B

Election of Directors by Governors representing other countries

Section B (i)

Election of Directors by Governors representing those countries listed in Annex A as Central and Eastern European Countries (recipient countries) (hereinafter referred to as Section B (i) Governors)

1. The provisions set out below in this Section shall apply exclusively to this Section.

2. Candidates for the office of Director shall be nominated be Section B (i) Governors, provided that a Governor may nominate only one person. The election of Directors shall be by ballot of Section B (i) Governors.

3. Each Governor eligible to vote shall cast for one person all of the votes to which the member appointing him or her is entitled under paragraphs 1 and 2 Article 29 of this Agreement.

4. Subject to paragraph 10 of this Section, the 4 persons receiving the highest number of votes shall be Directors, except that no person who receives less than 12 per cent of the total of the votes which can be cast (eligible votes) in Section B (i) shall be considered elected.

5. Subject to paragraph 10 of this Section, if 4 persons are not elected on the first ballot, a second ballot shall be held in which, unless there were no more than 4 candidates, the person who received the lowest number of votes in the first ballot shall be ineligible for election and in which there shall vote only:

(a) those Governors who voted in the first ballot for a person not elected and

(b) those Governors whose votes for a person elected are deemed under paragraphs 6 and 7 below of this Section to have raised the votes cast for that person above 13 per cent of the eligible votes.

6. In determining whether the votes cast by a Governor are deemed to have raised the total votes cast for any person above 13 per cent of the

13% af atkvæðamagni skal líta svo á að þessi 13% feli í sér í fyrsta lagi atkvæði þess bankaráðsmanns sem greiddi þeim manni flest atkvæði, síðan skulu talin atkvæði þess sem greiddi næstflest atkvæði o.s.frv. þangað til 13% er náð.

7. Nú hækkar atkvæðamagn bankaráðsmanns heildaratkvæðamagn einhvers frambjóðanda upp fyrir 12%. Skal þá líta svo á að sá bankaráðsmaður hafi greitt þeim frambjóðanda öll sín atkvæði, jafnvel þótt þannig hækki heildaratkvæði frambjóðandans upp yfir 13% og telst hann þá ekki atkvæðisbær við næstu atkvæðagreiðslu.

8. Með hliðsjón af 10. tl. þessa stafliðar, ef ekki hefur tekist að kjósa 4 menn eftir aðra atkvæðagreiðslu skal halda atkvæðagreiðslur á ný samkvæmt þeim reglum og aðferðum sem settar eru í þessum staflið uns 4 menn hafa verið kjörnir. Þrátt fyrir ákvæði 4. tl. þessa stafliðar má kjósa 4. manninn með einföldum meiri hluta þeirra atkvæða sem eftir eru ef 3 menn hafa þegar verið kjörnir.

9. Nú er fulltrúum í bankastjórn sem kjósa skal af bankaráðsmönnum undir staflið B (i) fjölgað eða fækkað. Skal þá breyta hámarks- og lágmarkshundraðshlutum í 4., 5., 6. og 7. tl. þessa stafliðar með hliðsjón af því.

10. Hafi undirritandi eða hópur undirritenda sem hafa skráð sig fyrir meira en 2,8% af hlutafé bankans eins og greinir í viðauka A ekki lagt fram fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskal eða -skjöl skal ekki kjósa fulltrúa í bankastjórn í þágu slíks undirritanda eða hóps undirritenda. Bankaráðsmaður eða -menn sem eru fulltrúar slíks undirritanda eða hóps undirritenda skal kjósa fulltrúa í bankastjórn í þágu slíks undirritanda eða hóps undirritenda jafnskjótt og undirritandinn eða hópur undirritenda gerist eignaraðili. Líta skal svo á að sá fulltrúi í bankastjórn hafi verið kosinn á stofnfundi bankans samkvæmt 3. tl. 36. gr. samnings þessa sé hann kjörinn á starfstímabili fyrstu bankastjórnar.

eligible votes, the 13 per cent shall be deemed to include, first, the votes of the Governor casting the largest number of votes for such person, then the votes of the Governor casting the next largest number and so on, until 13 per cent is reached.

7. Any Governor, part of whose votes must be counted in order to raise the total of votes cast for any person above 12 per cent shall be considered as casting all of his or her votes for such person, even if the total votes for such person thereby exceed 13 per cent and shall not be eligible to vote in afurther ballot.

8. Subject to paragraph 10 of this Section, if, after the second ballot, 4 persons have not been elected, further ballots shall be held in conformity with the principles and procedures laid down in this Section, until 4 persons have been elected, provided that, if at any stage 3 persons are elected, notwithstanding the provisions of paragraph 4 of this Section, the 4th may be elected by a simple majority of the remaining votes cast.

9. In the case of an increase or decrease in the number of Directors to be elected by Section B (i) Governors, the minimum and maximum percentages specified in paragraphs 4, 5, 6, and 7 of this Section shall be appropriately adjusted by the Board of Governors.

10. So long as any Signatory, or group of Signatories, whose share of the total amount of capital subscriptions provided in Annex A is more than 2.8 per cent, has not deposited its instrument or their instruments of ratification, approval or acceptance, there shall be no election for one Director in respect of each such Signatory or group of Signatories. The Governor or Governors representing such a Signatory or group of Signatories shall elect a Director in respect of each Signatory or group of Signatories, immediately after the Signatory becomes a member or the group of Signatories become members. Such Director shall be deemed to have been elected by the Board of Governors at its inaugural meeting, in accordance with paragraph 3 of Article 26 of this Agreement, if he or she is elected during the period in which the first Board of Directors shall hold office.

(ii)

Kosning fulltrúa í bankastjórn af bankaráðsmönnum sem eru fulltrúar þeirra ríkja sem í viðauka A eru nefnd önnur Evrópuríki (hér á eftir verða þeir nefndir bankaráðsmenn undir staflið B (ii))

1. Ákvæði þessa stafliðar eiga einungis við um þennan staflið.

Section B (ii)

Election of Directors by Governors representing those countries listed in Annex A as other European Countries (hereinafter referred to as Section B (ii) Governors)

1. The provisions set out below in this Section shall apply exclusively to this Section.

2. Frambjóðendur til embættis fulltrúa í bankastjórn skulu tilnefndir af bankaráðsmönnum undir staflið B (ii) að því tilskildu að bankaráðsmaður tilnefnir einungis einn frambjóðanda. Kosning fulltrúa í bankastjórn fer fram við atkvæðagreiðslu bankaráðsmanna undir staflið B (ii).

3. Hver bankaráðsmaður sem hefur kosningarétt skal greiða einum manni öll þau atkvæði sem eignaraðilinn er veitti honum umboð sitt á rétt á samkvæmt 1. og 2. tl. 29. gr. samnings þessa.

4. Með hliðsjón af 10. tl. þessa stafliðar, skulu þeir 4 menn sem hljóta flest atkvæði verða fulltrúar í bankastjórn. Eigi skal þó neinn frambjóðandi teljast kjörinn hljóti hann minna en 20,5% af mögulegum atkvæðum undir staflið B (ii).

5. Með hliðsjón af 10. tl. þessa stafliðar skal greiða atkvæði öðru sinni nema frambjóðendur séu ekki fleiri en 4. Ef frambjóðendur eru hins vegar ekki fleiri en 4 skal sá frambjóðandi sem fæst atkvæði hlaut í fyrstu atkvæðagreiðslunni ekki teljast kjörgengur á ný. Þessir hafa einir atkvæðisrétt við aðra atkvæðagreiðslu:

(a) þeir bankaráðsmenn sem greiddu þeim frambjóðendum atkvæði er ekki hlutu kosningu, og

(b) þeir bankaráðsmenn sem greiddu þannig kjörnum frambjóðanda atkvæði að samkvæmt 6. og 7. tl. þessa stafliðar teljist þeir hafa hækkað heildarmagn atkvæða sem honum voru greidd upp fyrir 21,5% af atkvæðamagni.

6. Þegar úrskurða skal um hvort atkvæði sem bankaráðsmaður greiðir hafi hækkað heildarmagn atkvæða sem einn frambjóðandi hlaut upp fyrir 21,5% af atkvæðamagni skal líta svo á að þessi 21,5% feli í sér í fyrsta lagi atkvæði þess bankaráðsmanns sem greiddi þeim manni flest atkvæði, síðan skulu talin atkvæði þess sem greiddi næstflest atkvæði o.s.frv. þangað til 21,5% er náð.

7. Nú hækkar atkvæðamagn bankaráðsmanns heildaratkvæðamagn einhvers frambjóðanda upp fyrir 21,5%. Skal þá líta svo á að sá bankaráðsmaður hafi greitt þeim frambjóðanda öll sín atkvæði, jafnvel þótt þannig hækki heildaratkvæði frambjóðandans upp yfir 21,5% og telst hann þá ekki atkvæðisbær við næstu atkvæðagreiðslu.

8. Með hliðsjón af 10. tl. þessa stafliðar hefur ekki tekist að kjósa 4 menn eftir aðra atkvæðagreiðslu skal halda atkvæðagreiðslur á ný samkvæmt þeim reglum og aðferðum sem settar eru í þessum staflið uns 4 menn hafa verið kjörnir. Þrátt fyrir ákvæði 4. tl. þessa stafliðar má kjósa 4. manninn með einföldum meirihluta þeirra atkvæða sem eftir eru ef 3 menn hafa þegar verið kjörnir.

2. Candidates for the office of Director shall be nominated by Section B (ii) Governors provided that a Governor may nominate only one person. The election of Directors shall be by ballot of Section B (ii) Governors.

3. Each Governors eligible to vote shall cast for one person all of the votes to which the member appointing him or her is entitled under paragraphs 1 and 2 of Article 29 of thisAgreement.

4. Subject to paragraph 10 of this Section, the 4 persons receiving the highest number of votes shall be Directors, except that no person who receives less than 20.5 per cent of the votes which can be cast (eligible votes) in Section B (ii) shall be considered elected.

5. Subject to paragraph 10 of this Section, if 4 persons are not elected on the first ballot, a second ballot shall be held in which, unless there were no more than 4 candidates, the person who received the lowest number of votes in the first ballot shall be ineligible for election and in which there shall vote only:

(a) those Governors who voted in the first ballot for a person not elected and

(b) those Governors whose vote for a person elected are deemed under paragraphs 6 and 7 below of this Section to have raised the votes cast for that person above 21.5 per cent of the eligible votes.

6. In determining whether the votes cast by a Governor are deemed to have raised the total votes cast for any person above 21.5 per cent of the eligible votes, the 21.5. per cent shall be deemed to include, first, the votes of the Governor casting the largest number of votes for such person, then the votes of the Governor casting the next largest number and so on, until 21.5. per cent is reached.

7. Any Governor, part of whose votes must counted in order to raise the total of votes cast for any person above 20.5. per cent shall be considered as casting all of his or her votes for such person, even if the total votes for such person thereby exceed 21.5 per cent and shall not be eligible to vote in a further ballot.

8. Subject to paragraph 10 of this Section, if, after the second ballot, 4 persons have not been elected, further ballots shall be held in conformity with the principles and procedures laid down in this Section, until 4 persons have been elected, provided that, if at any stage 3 persons are elected, notwithstanding the provisions of paragraph 4 of this Section, the 4th may be elected by a simple majority of the remaining votes cast.

9. Nú er fulltrúum í bankastjórn sem kjósa skal af bankaráðsmönnum undir staflið B (ii) fjölgað eða fækkað. Skal þá breyta hámarks- og lágmarks hundraðshlutum í 4., 5., 6. og 7. tl. þessa stafliðar með hliðsjón af því.

10. Hafi undirritandi eða hópur undirritenda sem hafa skráð sig fyrir meira en 2,8% af hlutafé bankans eins og greinir í viðauka A ekki lagt fram fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjal eða -skjöl skal ekki kjósa bankastjóra í þágu slíks undirritanda eða hóps undirritenda. Bankaráðsmaður eða -menn sem eru fulltrúar slíks undirritanda eða hóps undirritenda skal kjósa fulltrúa í bankastjórn í þágu slíks undirritanda eða hóps undirritenda undir eins og undirritandinn eða hópur undirritenda gerist eignaraðili. Líta skal svo á að sá fulltrúi í bankastjórn hafi verið kosinn á stofnfundi bankans samkvæmt 3. tl. 36. gr. samnings þessa sé hann kjörinn á starfstímabili fyrstu bankastjórnar.

(iii)

Kosning fulltrúa í bankastjórn af bankaráðsmönnum sem eru fulltrúar þeirra ríkja sem í viðauka A eru nefnd ríki utan Evrópu (hér á eftir verða þeir nefndir bankaráðsmenn undir staflið B (iii))

1. Ákvæði þessa stafliðar eiga einungis við um þennan staflið.

2. Frambjóðendur til embættis fulltrúa í bankastjórn skulu tilnefndir af bankaráðsmönnum undir staflið B (iii) að því tilskildu að bankaráðsmaður tilnefnir einungis einn frambjóðanda. Kosning fulltrúa í bankastjórn fer fram við atkvæðagreiðslu bankaráðsmanna umdir staflið B (iii).

3. Hver bankaráðsmaður sem hefur kosningarétt skal greiða einum manni öll þau atkvæði sem eignaraðilinn er veitti honum umboð sitt á rétt á samkvæmt 1. og 2. tl. 29. gr samnings þessa.

4. Með hliðsjón af 10. tl. þessa stafliðar, skulu þeir 4 menn sem hljóta flest atkvæði verða fulltrúar í bankastjórn. Eigi skal þó neinn frambjóðandi teljast kjörinn hljóti hann minna en 8% af mögulegum atkvæðum undir staflið B (iii).

5. Með hliðsjón af 10. tl. þessa stafliðar skal greiða atkvæði öðru sinni nema frambjóðendur séu ekki fleiri en 4. Ef frambjóðendur eru hins vegar fleiri en 4 skal sá frambjóðandi sem fæst atkvæði hlaut í fyrstu atkvæðagreiðslunni ekki

9. In the case of an increase or decrease in the number of Directors to be elected by Section B (ii) Governors, the minimum and maximum percentages specified in paragraphs 4, 5, 6 and 7 of this Section shall be appropriately adjusted by the Board of Governors.

10. So long as any Signatory, or group of Signatories, whose share of the total amount of capital subscriptions provided in Annex A is more than 2.8 per cent, has not deposited its instrument or their instruments of ratification, approval or acceptance, there shall be no election for one Director in respect of each such Signatory or group of Signatories. The Governor or Governors representing such a Signatory or group of Signatories shall elect a Director in respect of each Signatory or group of Signatories, immediately after the Signatory becomes a member or the group of Signatories become members. Such Director shall be deemed to have been elected by the Board of Governors at its inaugural meeting, in accordance with paragraph 3 of Article 26 of this Agreement, if he or she is elected during the period in which the first Board of Directors shall hold office.

Section B (iii)

Election of Directors by Governors representing those countries listed in Annex A as Non-European Countries (hereinafter referred to as Section B (iii) Governors)

1. The provisions set out below in this Section shall apply exclusively to this Section.

2. Candidates for the office of Director shall be nominated by Section B (iii) Governors, provided that a Governor may nominate only one person. The election of Directors shall be by ballot of Section B (iii) Governors.

3. Each Governor eligible to vote shall cast for one person all of the votes to which the member appointing him or her is entitled under paragraphs 1 and 2 of Article 29 of this Agreement.

4. Subject to paragraph 10 of this Section, the 4 persons receiving the highest number of votes shall be Directors, except that no person who receives less than 8 per cent of the total of the votes which can be cast (eligible votes) in Section B (iii) shall be considered elected.

5. Subject to paragraph 10 of this Section, if 4 persons are not elected on the first ballot, a second ballot shall be held in which, unless there were no more than 4 candidates, the person who received the lowest number of votes in the first ballot shall

teljast kjörgengur á ný. Þessir hafa einir atkvæðisrétt við aðra atkvæðagreiðslu:

(a) þeir bankaráðsmenn sem greiddu þeim frambjóðendum atkvæði er ekki hlutu kosningu.

(b) þeir bankaráðsmenn sem greiddu þannig kjörnum frambjóðanda atkvæði að samkvæmt 6. og 7. tl. teljist þeir hafa hækkað heildarmagn atkvæða sem honum voru greidd upp fyrir 9% af atkvæðum.

6. Þegar úrskurða skal um hvort atkvæði sem bankaráðsmaður greiðir hafi hækkað heildarmagn atkvæða sem einn frambjóðandi hlaut upp fyrir 9% af atkvæðamagni skal líta svo á að þessi 9% feli í sér í fyrsta lagi atkvæði þess bankaráðsmanns sem greiddi þeim manni flest atkvæði, síðan skulu talin atkvæði þess sem greiddi næstflest atkvæði o.s.frv. þangað til 9% er náð.

7. Nú hækkar atkvæðamagn bankaráðsmanns heildaratkvæðamagn einhvers frambjóðanda upp fyrir 9%. Skal þá líta svo á að sá bankaráðsmaður hafi greitt þeim frambjóðanda öll sín atkvæði, jafnvel þótt þannig hækki heildaratkvæði frambjóðandans upp yfir 9% og telst hann þá ekki atkvæðisbær við næstu atkvæðagreiðslu.

8. Með hliðsjón af 10. tl. þessa stafliðar hefur ekki tekist að kjósa 4 menn eftir aðra atkvæðagreiðslu skal halda atkvæðagreiðslur á ný samkvæmt þeim reglum og aðferðum sem settar eru í þessum staflið uns 4 menn hafa verið kjörnir. Þrátt fyrir ákvæði 4. tl. þessa stafliðar má kjósa 4. manninn með einföldum meiri hluta þeirra atkvæða sem eftir eru ef 3 menn hafa þegar verið kjörnir.

9. Nú er fulltrúm í bankastjórn sem kjósa skal af bankaráðsmönnum undir staflið B (iii) fjölgað eða fækkað. Skal þá breyta hámarks- og lágmarks hundraðshlutum í 4., 5., 6. og 7. tl. þessa stafliðar með hliðsjón af því.

10. Hafi undirritandi eða hópur undirritenda sem hafa skráð sig fyrir meira en 5% af hlutafé bankans eins og greinir í viðauka A ekki lagt fram fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjal eða -skjöl skal ekki kjósa fulltrúa í bankastjórn í þágu slíks undirritanda eða hóps undirritenda. Bankaráðsmaður eða -menn sem eru fulltrúar slíks undirritanda eða hóps undirritenda skal kjósa fulltrúa í bankastjórn í þágu slíks undirritanda eða hóps undirritenda jafnskjótt og undirritandinn eða hópur undirritenda gerist eignaraðili. Líta skal svo á að sá fulltrúi í bankastjórn hafi verið kosinn á stofnfundi bankans samkvæmt á 3. tl. 36. gr. þess

be ineligible for election and in which there shall vote only:

(a) those Governors who voted in the first ballot for a person not elected and

(b) those Governors whose votes for a person elected are deemed under paragraphs 6 and 7 below of this Section to have raised the votes cast for that person above 9 per cent of the eligible votes.

6. In determining whether the votes cast by a Governor are deemed to have raised the total votes cast for any person above 9 per cent of the eligible votes the 9 per cent shall be deemed to include, first, the votes of the Governor casting the largest number of votes for such person, then the votes of the Governor casting the next largest number and so on, until 9 per cent is reached.

7. Any Governor, part of whose votes must be counted in order to raise the total of votes cast for any person above 8 per cent shall be considered as casting all of his or her votes for such person, even if the total votes for such person thereby exceed 9 per cent and shall not be eligible to vote in a further ballot.

8. Subject to paragraph 10 of this Section, if, after the second ballot, 4 persons have not been elected, further ballots shall be held in conformity with the principles and procedures laid down in this Section, until 4 persons have been elected, provided that, if at any stage 3 persons are elected, notwithstanding the provisions of paragraph 4 of this Section, the 4th may be elected by a simple majority of the remaining votes cast.

9. In the case of an increase or decrease in the number of Directors to be elected by Section B (iii) Governors, the minimum and maximum percentages specified in paragraphs 4, 5, 6 and 7 of this Section shall be appropriately adjusted by the Board of Governors.

10. So long as any Signatory, or group of Signatories, whose share of the total amount of capital subscriptions provided in Annex A is more than 5 per cent, has not deposited its instrument or their instrument of ratification, approval or acceptance, there shall be no election for one Director in respect of each such Signatory or group of Signatories. The Governor or Governors representing such a Signatory or group of Signatories shall elect a Director in respect of each Signatory or group of Signatories, immediately after the Signatory becomes a member or the group of Signatories become members. Such Director shall

samnings sé hann kjörinn á starfstímabili fyrsta bankaráðsins.

Stafliður C

Kjör fulltrúa í bankastjórn af hálfu þeirra ríkja sem ekki eru tilgreindir í viðauka A

Taki bankaráð ákvörðun samkvæmt 3. tl. 26. gr. samnings þessa um að fjölga eða fækka eða breyta samsetningu bankastjórnar til að taka tillit til breytinga á fjölda eignaraðila bankans skal bankaráðið fyrst taka til athugunar hvort breytinga er þörf á þessum viðauka og síðan getur það gert sérhverjar breytingar sem það telur þörf á.

Stafliður D

Framsal atkvæða

Taki bankaráðsmaður ekki þátt í atkvæðagreiðslu eða ef atkvæði hans falla ekki til kjörs á fulltrúa í bankastjórn samkvæmt staflið A, B (i), B (ii) eða B (iii) í þessum viðauka getur hann framselt atkvæði sín til kjörins fulltrúa í bankastjórn að því tilskildu að slíkur bankaráðsmaður hafi hlotið til þess samþykki um allra bankaráðsmanna sem kusu þann fulltrúa í bankastjórn.

Ákveði bankaráðsmaður að taka ekki þátt í kjöri á fulltrúa í bankastjórn skal það ekki hafa áhrif á útreikning á mögulegum atkvæðum samkvæmt staflið A, B (i), B (ii) eða B (iii) í þessum viðauka.

be deemed to have been elected by the Board of Governors at its inaugural meeting, in accordance with paragraph 3 of Article 26 of this Agreement, if he or she is elected during the period in which the first Board of Directors shall hold office.

Section C

Arrangements for the election of Directors representing countries not listed in Annex A

If the Board of Governors decides, in accordance with paragraph 3 of Article 26 of this Agreement, to increase or decrease the size, or revise the composition, of the Board of Directors, in order to take into account changes in the number of members of the Bank, the Board of Governors shall first consider whether any amendments are required to this Annex, an may make any such amendments as it deems necessary as part of such decision.

Section D

Assignment of votes

Any Governor who does not participate in voting for the election or whose vote does not contribute to the election of a Director under Section A or Section B (i) or Section B (ii) or Section B (iii) of this Annex may assign the votes to which he or she is entitled to an elected Director, provided that such Governors shall first have obtained the agreement of all those Governors who have elected that Director to such assignment.

A decision by any Governor not to participate in voting for the election of a Director shall not affect the calculation of the eligible votes to be made under Section A, Section B (i), Section B (ii) or Section B (iii) of this Annex.

Sþ. 152. Tillaga til þingsályktunar [146. mál]

um fullgildingu Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga sem gerður var í Strassborg 15. október 1985.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga sem gerður var í Strassborg 15. október 1985. Sáttmálinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

A. Tilurð sáttmálans.

Evrópusáttmálinn um sjálfsstjórn sveitarfélaga er árangur af frumkvæði ýmissa aðila og margra ára umræðum í Evrópuráðinu.

Það hafði lengi verið áhugamál sveitarstjórnarmanna að vernda og styrkja sjálfsstjórn sveitarfélaga í Evrópu með gerð samþykktar þar sem fram kæmu þær meginreglur sem eru í heiðri hafðar í öllum lýðræðisríkjum Evrópu.

Evrópuráðið var kjörinn vettvangur til að gera drög að slíkri samþykkt. Þegar árið 1957 viðurkenndi ráðið mikilvægi sveitarstjórna með því að setja á stofn, í þeirra þágu, evrópskt fulltrúaráð er síðan hefur haldið reglulega fundi um málefni sveitar- og héraðsstjórna í Evrópu (CLRAE).

Árið 1981 ákvað CLRAE að senda til ráðherranefndar Evrópuráðsins drög að Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga.

Þau drög voru rædd á 5. ráðstefnu ráðherra Evrópuríkja, sem fara með sveitarstjórnarmál, sem haldin var í Luganó í októbermánuði 1982. Í niðurstöðum ráðherranna, sem sátu ráðstefnuna, kom fram að þeir

„telja að drögin að þessum Evrópusáttmála sé mikilvægt skref í því skyni að skilgreina meginreglur um sjálfsstjórn sveitarfélaga ... :

fara þess á leit við ráðherranefnd Evrópuráðsins að hún feli nefnd um málefni héraðsstjórna og borga (CDRM) að gera, í samráði við ráðstefnuna um málefni sveitar- og héraðsstjórna í Evrópu, nauðsynlegar breytingar á drögum að Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga í samræmi við þær athugasemdir um form og efni hans sem fram komu á ráðstefnunni þannig að unnt verði að leggja þau fyrir næstu ráðstefnu þeirra til samþykktar".

Eftir að CDRM hafði endurskoðað drögin að sáttmálanum voru þau lögð fyrir 6. ráðstefnu ráðherra Evrópuríkja sem fara með sveitarstjórnarmál, en hún kom saman í Róm í nóvembermánuði 1984. Meginreglur í drögunum voru samþykktar einróma.

Með hliðsjón af áliti ráðherrafundarins í Róm samþykkti ráðherranefnd Evrópuráðsins Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga í júní 1985 og var hann undirritaður í Strassborg 15. október 1985 á 20. allsherjarfundi CLRAE. Hann var undirritaður fyrir Íslands hönd 20. nóvember 1985 með fyrirvara um fullgildingu. Sáttmálinn hefur verið undirritaður af 18 ríkjum og fullgiltur af eftirtöldum tíu ríkjum: Austurríki, Danmörku,

Grikklandi, Ítalíu, Kípur, Liechtenstein, Lúxemborg, Noregi, Spáni, Svíþjóð og Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur eindregið mælt með að sáttmálinn verði fullgiltur af Íslands hálfu.

B. Almennar athugasemdir.

Megintilgangur sáttmálans er að vernda réttindi sveitarstjórna og þannig veita íbúum sveitarfélaga tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanir sem snerta næsta umhverfi þeirra.

Meginreglur sáttmálans er að finna í fyrsta og öðrum hluta hans. Í fyrsta hluta er kveðið á um þær meginreglur sem sveitarstjórnir starfa eftir, þ.e. stjórnskipulegan og lagalegan grundvöll sjálfsstjórnar sveitarfélaga. Fjallað er um vernd staðarmarka sveitarfélaga, hvernig sveitarstjórnir geta ákveðið eigið stjórnkerfi, starfsskilyrði sveitarstjórnarmanna, eftirlit stjórnvalda með starfsemi sveitarstjórna, tekjustofna sveitarfélaga, rétt sveitarstjórna til að stofna samtök, svo og lögvernd sjálfsstjórnar sveitarfélaga.

Í öðrum hluta eru ýmis ákvæði sem varða umfang skuldbindinga aðila að sáttmálanum.

Í sáttmálanum er ekki gert ráð fyrir skipulegu kerfi til að fylgjast með framkvæmd hans að undanskilinni þeirri kröfu að aðilar veiti allar viðeigandi upplýsingar um lagasetningu eða aðrar ráðstafanir sem gerðar eru í því skyni að framfylgja ákvæðum hans.

C. Einstakar greinar sáttmálans.

Almennt eru ákvæði sáttmálans í samræmi við sveitarstjórnarlög nr. 8/1986 og lög nr. 91/1989, um tekjustofna sveitarfélaga. Hvað varðar meginregluna í 1. gr. sáttmálans vísast til 1. og 2. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. og 76. gr. stjórnarskrárinnar.

Í 5. gr. sáttmálans segir að ekki megi breyta staðarmörkum sveitarfélaga án samráðs við viðkomandi sveitarfélag og vísast í því sambandi til 3. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 2. mgr. 2. gr. þeirra.

Í 2. tölul. 6. gr. sáttmálans er kveðið á um ráðningarkjör starfsmanna sveitarfélaga. Í 73. gr. sveitarstjórnarlaga eru ákvæði um starfsmenn sveitarfélaga en þar eru ekki settar fram sömu kröfur og fram koma í sáttmálanum og heldur ekki í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sem getið er í þeirri grein. Launanefnd sveitarfélaga og Reykjavíkurborg gera kjarasamninga fyrir hönd sveitarfélaga. Ráðningarkjör eru þar af leiðandi alfarið á þeirra valdi en stefnt er að samræmingu launa og starfskjara.

Í 8. gr. sáttmálans er fjallað um eftirlit stjórnvalda. Í 2. gr. sveitarstjórnarlaga segir að félagsmálaráðuneytið fari með málefni sveitarfélaga. Í 118. gr. sömu laga er kveðið nánar á um eftirlitshlutverk ráðuneytisins.

Í 5. tölul. 9. gr. sáttmálans er kveðið á um fyrirkomulag til að leiðrétta áhrif ójafnrar tekjuskiptingar og útgjalda. Í lögum nr. 91/1989, um tekjustofna sveitarfélaga, er að finna ákvæði um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem er ætlað það hlutverk að úthluta framlögum í þessu skyni.

Samkvæmt 12. gr. sáttmálans skulu aðilar að honum staðfesta minnst 20 ákvæði sáttmálans. Íslensk stjórnvöld telja rétt að öll ákvæði hans verði staðfest þar sem telja verður að íslensk lög uppfylli allar þær kröfur sem hann kveður á um.

Fylgiskjal.

EVRÓPUSÁTTMÁLI
um sjálfsstjórn sveitarfélaga.

INNGANGUR

Aðildarríki Evrópuráðsins, sem undirritað hafa sáttmála þennan,

telja að markmið Evrópuráðsins sé að ná meiri einingu meðal aðildarríkja þess í því skyni að vernda og hrinda í framkvæmd þeim hugsjónum og grundvallarreglum sem eru sameiginleg arfleifð þeirra;

telja að ein leið til þess að ná þessu marki sé gerð samninga á sviði stjórnsýslu;

telja að sveitarstjórnir séu einn af helstu hornsteinum hvers lýðræðislegs stjórnarfars;

telja að réttur þegnanna til þátttöku í stjórnun opinberra mála sé ein af þeim lýðræðislegu meginreglum sem sameiginleg er öllum aðildarríkjum Evrópuráðsins;

eru þess fullviss að eðlilegast er að njóta þessa réttar í sveitarfélögum;

eru sannfærð um að tilvist ábyrgra sveitarstjórna geti haft í för með sér stjórnsýslu sem bæði er virk og í nánum tengslum við þegnana;

vita að verndun og efling sveitarstjórna í hinum ýmsu löndum Evrópu er mikilvægt framlag til uppbyggingar þeirrar Evrópu sem byggir á meginreglum lýðræðis og valddreifingar;

staðhæfa að þetta hefur í för með sér tilvist sveitarstjórna sem hafa sér til fulltingis lýðræðislega skipaðar nefndir til ákvarðanatöku og sem hafa víðtækt sjálfsforræði að því er varðar verkefni þeirra, á hvern hátt þessi verkefni eru framkvæmd og hvernig þau eru fjármögnuð;

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Samningsaðilar skuldbinda sig til að telja sig bundna af eftirfarandi greinum á þann hátt og að því marki sem fyrir er mælt í 12. gr. þessa sáttmála.

EUROPEAN CHARTER
of Local Self-Government

PREAMBLE

The member States of the Council of Europe, signatory hereto,

Considering that the aim of the Council of Europe is to achieve a greater unity between its members for the purpose of safeguarding and realising the ideals and principles which are their common heritage;

Considering that one of the methods by which this aim is to be achieved is through agreements in the administrative field;

Considering that the local authorities are one of the main foundations of any democratic regime;

Considering that the right of citizens to participate in the conduct of public affairs is one of the democratic principles that are shared by all member States of the Council of Europe;

Convinced that it is at local level that this right can be most directly exercised;

Convinced that the existence of local authorities with real responsibilities can provide an administration which is both effective and close to the citizen;

Aware that the safeguarding and reinforcement of local self-government in the different European countries is an important contribution to the construction of a Europe based on the principles of democracy and the decentralisation of power;

Asserting that this entails the existence of local authorities endowed with democratically constituted decision-making bodies and possessing a wide degree of autonomy with regard to their responsibilities, the ways and means by which those responsibilities are exercised and the resources required for their fulfilment,

Have agreed as follows:

Article 1

The Parties undertake to consider themselves bound by the following articles in the manner and to the extent prescribed in Article 12 of this Charter.

I. HLUTI

2. gr.

Stjórnskipunarlegur og lagalegur grundvöllur sjálfsstjórnar sveitarfélaga.

Meginreglan um sjálfsstjórn sveitarfélaga skal viðurkennd í landslögum og í stjórnarskránni ef unnt er.

3. gr.

Hugtakið sjálfsstjórn sveitarfélaga.

1. Sjálfsstjórn sveitarfélaga gefur til kynna rétt og getu sveitarstjórna til að stjórna og annast lögum samkvæmt verulegan hluta opinberra mála á eigin ábyrgð og íbúum sveitarfélagsins til hagsbóta.

2. Þessi réttur skal vera í höndum ráða eða þinga skipuðum fulltrúum kjörnum í frjálsum og leynilegum kosningum, sem byggjast á milliliðalausum, jöfnum og almennum kosningarétti, og sem geta haft á að skipa framkvæmdanefndum ábyrgum gagnvart þeim. Þetta ákvæði skal á engan hátt rýra rétt þegnanna til að fjalla um mál á borgarafundum, í þjóðaratkvæðagreiðslum eða á hvern annan hátt sem lög leyfa beina þátttöku þegnanna.

4. gr.

Sjálfsstjórnarsvið sveitarfélaga.

1. Í stjórnarskrá eða lögum skal kveðið á um réttindi og skyldur sveitarstjórna í grundvallaratriðum. Þetta ákvæði skal þó ekki hindra það að sveitarstjórnum verði veitt vald og ábyrgð í sérstökum tilgangi samkvæmt lögum.

2. Sveitarstjórnir skulu lögum samkvæmt hafa heimild til þess að eigin frumkvæði að taka til meðferðar sérhvert mál sem ekki er undanþegið valdsviði þeirra eða falið öðru stjórnvaldi.

3. Opinber trúnaðarstörf skulu að öðru jöfnu vera innt af hendi af þeim stjórnvöldum sem næst standa þegnunum. Þegar trúnaðarstarf er falið öðru stjórnvaldi skal tekið tillit til umfangs og eðlis verkefnisins og þörf á aukinni virkni og hagkvæmni.

4. Það vald sem sveitarstjórn er veitt skal að öllu jöfnu vera fullt og óskorað. Það má annað stjórnvald ekki skerða eða takmarka, hvort sem um er að ræða ríkis- eða héraðsstjórnvald, nema samkvæmt heimild í lögum.

5. Þegar ríkis- eða héraðsstjórn felur sveitarstjórnum vald skal, eftir því sem unnt er, veita þeim svigrúm til að aðlaga framkvæmd þess aðstæðum í sveitarfélaginu.

6. Leita skal álits sveitarstjórna í tæka tíð og á

PART I

Article 2

Constitutional and legal foundation for local self-government

The principle of local self-government shall be recognised in domestic legislation, and where practicable in the constitution.

Article 3

Concept of local self-government

1. Local self-government denotes the right and the ability of local authorities, within the limits of the law, to regulate and manage a substantial share of public affairs under their own responsibility and in the interests of the local population.

2. This right shall be exercised by councils or assemblies composed of members freely elected by secret ballot on the basis of direct, equal, universal suffrage, and which may possess executive organs responsible to them. This provision shall in no way affect recourse to assemblies of citizens, referendums or any other form of direct citizen participation where it is permitted by statute.

Article 4

Scope of local self-government

1. The basic powers and responsibilities of local authorities shall be prescribed by the constitution or by statute. However, this provision shall not prevent the attribution to local authorities of powers and responsibilities for specific purposes in accordance with the law.

2. Local authorities shall, within the limits of the law, have full discretion to exercise their initiative with regard to any matter which is not excluded from their competence nor assigned to any other authority.

3. Public responsibilities shall generally be exercised, in preference, by those authorities which are closest to the citizen. Allocation of responsibility to another authority should weigh up the extent and nature of the task and requirements of efficiency and economy.

4. Powers given to local authorities shall normally be full and exclusive. They may not be undermined or limited by another, central or regional, authority except as provided for by the law.

5. Where powers are delegated to them by a central or regional authority, local authorities shall, insofar as possible, be allowed discretion in adapting their exercise to local conditions.

6. Local authorities shall be consulted, insofar

viðeigandi hátt, ef unnt er, varðandi skipulagningu og ákvarðanir í öllum málum sem þær varða.

5. gr.
Vernd staðarmarka sveitarfélaga.

Ekki skal gera breytingar á staðarmörkum sveitarfélaga án þess að leita fyrst álits viðkomandi sveitarfélaga svo sem með almennri atkvæðagreiðslu þar sem lög leyfa.

6. gr.
Viðeigandi stjórnkerfi og fjárráð sveitarstjórna vegna verkefna þeirra.

1. Sveitarstjórnir verða að geta ákveðið eigið stjórnkerfi til þess að aðlaga það staðbundnum þörfum og tryggja árangursríka stjórnun, enda brjóti það ekki á bága við almennari ákvæði í lögum.

2. Ráðningarkjör starfsmanna sveitarfélaga verða að vera slík að unnt sé að ráða hæfileikafólk á grundvelli verðleika og getu. Til þess að tryggja þetta verður að veita starfsmönnum viðunandi tækifæri til þjálfunar, laun og frama í starfi.

7. gr.
Starfsskilyrði sveitarstjórnarmanna.

1. Starfsskilyrði kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnum skulu vera slík að þeir geti óhindrað framkvæmt skyldustörf sín.

2. Þau skulu gera ráð fyrir hæfilegu endurgjaldi vegna kostnaðar við framkvæmd þessara skyldustarfa og, þar sem það á við, hæfilegum bótum vegna tekjutaps eða greiðslu fyrir unnin störf og samsvarandi félagslega vernd.

3. Með lögum eða grundvallarreglum skal ákveða hvaða störf og athafnir skulu teljast ósamrýmanleg stöðu kjörins sveitarstjórnarmanns.

8. gr.
Eftirlit með starfsemi sveitarstjórna.

1. Allt eftirlit með starfsemi sveitarstjórna má einungis framkvæma á þann hátt og í þeim tilvikum sem mælt er fyrir í stjórnarskránni eða í lögum.

2. Allt eftirlit með starfsemi sveitarstjórna skal að jafnaði aðeins beinast að því að farið sé að lögum og grundvallarreglum stjórnskipunar. Þegar hentar geta æðri stjórnvöld þó haft eftirlit með

as possible, in due time and in an appropriate way in the planning and decision-making processes for all matters which concern them directly.

Article 5
Protection of local authority boundaries

Changes in local authority boundaries shall not be made without prior consultation of the local communities concerned, possibly by means of a referendum where this is permitted by statute.

Article 6
Appropriate administrative structures and resources for the tasks of local authorities

1. Without prejudice to more general statutory provisions, local authorites shall be able to determine their own internal administrative structures in order to adapt them to local needs and ensure effective management.

2. The conditions of service of local government employees shall be such as to permit the recruitment of high-quality staff on the basis of merit and competence; to this end adequate training opportunities, remuneration and career prospects shall be provided.

Article 7
Conditions under which responsibilities at local level are exercised

1. The conditions of office of local elected representatives shall provide for free exercise of their functions.

2. They shall allow for appropriate financial compensation for expenses incurred in the exercise of the office in question as well as, where appropriate, compensation for loss of earnings or remuneration for work done and corresponding social welfare protection.

3. Any functions and activities which are deemed incompatible with the holding of local elective office shall be determined by statute or fundamental legal principles.

Article 8
Administrative superivision of local authorities' activities

1. Any administrative supervision of local authorities may only be exercised according to such procedures and in such cases as are provided for by the constitution or by statute.

2. Any administrative supervision of the activities of the local authorities shall normally aim only at ensuring compliance with the law and with constitutional principles. Administrative super-

framkvæmd sveitarstjórna á verkefnum sem viðkomandi stjórnvöld hafa framselt sveitarstjórnum.

3. Eftirlit með sveitarstjórnum skal framkvæma á þann hátt að hægt sé að tryggja að íhlutun eftirlitsstjórnvalds sé í hlutfalli við mikilvægi þeirra hagsmuna sem því er ætlað að vernda.

9. gr.

Tekjustofnar sveitarfélaga.

1. Sveitarstjórnum skuli tryggðir fullnægjandi tekjustofnar innan ramma hinnar opinberu fjármálastefnu og skal þeim frjálst að ráðstafa þeim að eigin vild innan valdsviðs síns.

2. Tekjustofnar sveitarstjórna skulu vera í samræmi við þau verkefni sem þeim eru falin í stjórnarskránni og lögum.

3. Að minnsta kosti hluti af tekjum sveitarstjórna skal eiga rætur sínar að rekja til staðbundinna skatta og þjónustugjalda og hafa sveitarstjórnir vald til að ákveða upphæð þeirra eftir því sem kveðið er á um í lögum.

4. Fjármálakerfið sem tiltækar tekjur sveitarstjórna grundvallast á skal vera nægjanlega fjölþætt og sveigjanlegt í eðli sínu til þess að geta haldið í við raunverulega hækkun kostnaðar við framkvæmd verkefnanna, svo sem framast er unnt.

5. Til þess að tryggja hag sveitarstjórna, sem standa verr að vígi fjárhagslega, þarf að vera fyrir hendi fyrirkomulag um jöfnun tekna eða samsvarandi aðgerðir sem hafa það markmið að leiðrétta áhrif ójafnrar tekjuskiptingar og þeirra útgjalda sem þær þurfa að standa undir. Slíkar leiðir eða aðgerðir skulu ekki draga úr athafnafrelsi sveitarstjórna innan valdsviðs þeirra.

6. Á viðeigandi hátt skal leita álits sveitarstjórna á úthlutun jöfnunargreiðslna til þeirra.

7. Framlög til sveitarstjórna skal ekki, ef unnt er, eyrnamarka til fjármögnunar á sérstökum verkefnum. Veiting framlaga skal ekki skerða grundvallarrétt sveitarstjórna til athafnafrelsis innan staðarmarka þeirra.

8. Sveitarstjórnir skulu innan marka laganna hafa aðgang að innlenda lánsfjármarkaðnum til lántöku vegna fjárfestinga.

vision may however be exercised with regard to expediency by higher-level authorities in respect of tasks the execution of which is delegated to local authorities.

3. Administrative supervision of local authorities shall be exercised in such a way as to ensure that the intervention of the controlling authority is kept in proportion to the importance of the interests which it is intended to protect.

Article 9

Financial resources of local authorities

1. Local authorities shall be entitled, within national economic policy, to adequate financial resources of their own, of which they may dispose freely within the framework of their powers.

2. Local authorities' financial resources shall be commensurate with the responsibilities provided for by the constitution and the law.

3. Part at least of the financial resources of local authorities shall derive from local taxes and charges of which, within the limits of statute, they have the power to determine the rate.

4. The financial systems on which resources available to local authorities are based shall be of a sufficiently diversified and buoyant nature to enable them to keep pace as far as practically possible with the real evolution of the cost of carrying out their tasks.

5. The protection of financially weaker local authorities calls for the institution of financial equalisation procedures or equivalent measures which are designed to correct the effects of the unequal distribution of potential sources of finance and of the financial burden they must support. Such procedures or measures shall not diminish the discretion local authorities may exercise within their own sphere of responsibility.

6. Local authorities shall be consulted, in an appropriate manner, on the way in which redistributed resources are to be allocated to them.

7. As far as possible, grants to local authorities shall not be earmarked for the financing of specific projects. The provision of grants shall not remove the basic freedom of local authorities to exercise policy discretion within their own jurisdiction.

8. For the purpose of borrowing for capital investment, local authorities shall have access to the national capital market within the limits of the law.

10. gr.

Réttur sveitarstjórna til að stofna samtök.

1. Sveitarstjórnum skal heimilt í starfi sínu að hafa samvinnu við og innan marka laganna að stofna til samtaka með öðrum sveitarstjórnum í því skyni að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum.

2. Sérhvert ríki skal viðurkenna rétt sveitarstjórna til að eiga aðild að samtökum til verndunar og eflingar sameiginlegra hagsmuna og til að eiga aðild að alþjóðlegum samtökum sveitarstjórna.

3. Sveitarstjórnum skal heimilt, með þeim skilmálum sem settir kunna að vera í lögum, að eiga samvinnu við hliðstæða aðila í öðrum ríkjum.

11. gr.

Lögvernd sjálfsstjórnar sveitarfélaga.

Sveitarstjórnir skulu hafa rétt til að leita aðstoðar dómstóla til þess að tryggja sjálfsstjórn sína og til þess að haldnar séu í heiðri þær grundvallarreglur um sjálfsstjórn sem lögfestar eru í stjórnarskránni eða löggjöf landsins.

II. HLUTI

Ýmis ákvæði.

12. gr.

Skuldbindingar.

1. Sérhver aðili skuldbindur sig til að telja sig bundinn af a.m.k. tuttugu ákvæðum í I. hluta sáttmálans, þar af skulu a.m.k. tíu vera valin úr eftirfarandi ákvæðum:

2. grein
3. grein, 1. og 2. töluliðir
4. grein, 1., 2. og 4. töluliðir
5. grein
7. grein, 1. töluliður
8. grein, 2. töluliður
9. grein, 1., 2. og 3. töluliðir
10. grein, 1. töluliður
11. grein.

2. Sérhver aðili skal tilkynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins um þau ákvæði sem hann hefur valið sér skv. 1. tl. þessarar greinar þegar hann afhendir fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjal sitt.

3. Sérhver aðili getur hvenær sem er síðar tilkynnt aðalframkvæmdastjóranum að hann telji sig bundinn af ákvæðum í sáttmála þessum sem hann hefur ekki þegar samþykkt í samræmi við 1. tl. þessarar greinar. Slíkar síðar gefnar skuldbindingar skulu taldar óaðskiljanlegur hluti fullgildingar, viðurkenningar eða samþykktar þess aðila sem

Article 10

Local authorities' right to associate

1. Local authorities shall be entitled, in exercising their powers, to co-operate and, within the framework of the law, to form consortia with other local authorities in order to carry out tasks of common interest.

2. The entitlement of local authorities to belong to an association for the protection and promotion of their common interests and to belong to an international association of local authorities shall be recognised in each State.

3. Local authorities shall be entitled, under such conditions as may be provided for by the law, to co-operate with their counterparts in other States.

Article 11

Legal protection of local self-government

Local authorities shall have the right to recourse to a judicial remedy in order to secure free exercise of their powers and respect for such principles of local self-government as are enshrined in the constitution or domestic legislation.

PART II

Miscellaneous provisions

Article 12

Undertakings

1. Each Party undertakes to consider itself bound by at least twenty paragraphs of Part I of the Charter, at least ten of which shall be selected from among the following paragraphs:

- Article 2,
- Article 3, paragraphs 1 and 2,
- Article 4, paragraphs 1, 2 and 4
- Article 5,
- Article 7, paragraph 1,
- Article 8, paragraph 2,
- Article 9, paragraphs 1, 2 and 3,
- Article 10, paragraph 1,
- Article 11.

2. Each Contracting State, when depositing its instrument of ratification, acceptance or approval, shall notify the Secretary General of the Council of Europe of the paragraphs selected in accordance with the provisions of paragraph 1 of this Article.

3. Any Party may, at any later time, notify the Secretary General that it considers itself bound by any paragraph of this Charter which it has not already accepted under the terms of paragraph 1 of this Article. Such undertakings subsequently given shall be deemed to be an integral part of the ratification, acceptance or approval of the Party so

tilkynninguna sendir og skulu þær taka gildi frá fyrsta degi þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóra tók við tilkynningunni.

13. gr.
Stjórnvöld sem sáttmálinn tekur til.

Grundvallarreglur sjálfsstjórnar sveitarfélaga, sem sáttmáli þessi fjallar um, taka til allra flokka sveitarstjórna sem fyrir hendi eru á landsvæði aðila. Hver aðili getur þó, þegar hann afhendir fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjal sitt, tiltekið þá flokka sveitar- eða héraðsstjórna sem hann ætlar að láta ákvæði sáttmálans taka til, eða þá flokka sem hann hyggst undanskilja ákvæðum sáttmálans. Hann getur einnig látið ákvæði sáttmálans taka til fleiri flokka sveitar- eða héraðsstjórna með síðari tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

14. gr.
Ákvæði um upplýsingar.

Sérhver aðili skal senda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins allar upplýsingar er máli skipta varðandi lagasetningu og aðrar aðgerðir sem hann hefur gert í þeim tilgangi að fullnægja ákvæðum þessa sáttmála.

III. HLUTI
15. gr.
Undirritun, fullgilding og gildistaka.

1. Aðildarríki Evrópuráðsins geta undirritað þennan sáttmála. Hann er háður fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki. Fullgildingar-, viðurkenningar- og samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra ráðsins til vörslu.

2. Sáttmáli þessi gengur í gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að fjögur aðildarríki Evrópuráðsins hafa lýst samþykki sínu á að vera bundin af sáttmálanum samkvæmt undanfarandi tölulið.

3. Gagnvart hverju aðildarríki sem síðar lýsir samþykki sínu á að vera bundið af honum, tekur sáttmálinn gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjalið er afhent.

notifying, and shall have the same effect as from the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of the receipt of the notification by the Secretary General.

Article 13
Authorities to which the Charter applies

The principles of local self-government contained in the present Charter apply to all the categories of local authorities existing within the territory of the Party. However, each Party may, when depositing its instrument of ratification, acceptance or approval, specify the categories of local or regional authorities to which it intends to confine the scope of the Charter or which it intends to exclude from its scope. It may also include further categories of local or regional authorities within the scope of the Charter by subsequent notification to the Secretary General of the Council of Europe.

Article 14
Provision of information

Each Party shall forward to the Secretary General of the Council of Europe all relevant information concerning legislative provisions and other measures taken by it for the purposes of complying with the terms of this Charter.

PART III
Article 15
Signature, ratification and entry into force

1. This Charter shall be open for signature by member States of the Council of Europe. It is subject to ratification, acceptance or approval. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

2. This Charter shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date on which four member States of the Council of Europe have expressed their consent to be bound by the Charter in accordance with the provisions of the preceding paragraph.

3. In respect of any member State which subsequently expresses its consent to be bound by it, the Charter shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of the deposit of the instrument of ratification, acceptance or approval.

16. gr.
Ákvæði um landssvæði.

1. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun eða við afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals síns að tilgreina það eða þau landssvæði sem þessi sáttmáli nær til.

2. Með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins getur sérhvert ríki hvenær sem er síðar látið ákvæði þessa sáttmála ná til hvaða annars landssvæðis sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Sáttmálinn öðlast gildi gagnvart slíku landssvæði fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins berst slík yfirlýsing.

3. Sérhverja yfirlýsingu sem gefin er samkvæmt tveimur undanfarandi töluliðum má afturkalla fyrir hvert það landssvæði, sem þar er tilgreint, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Afturköllunin öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru sex mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastóra berst tilkynningin.

17. gr.
Uppsögn.

1. Sérhver aðili getur sagt upp sáttmála þessum hvenær sem er eftir að liðin eru fimm ár frá þeim degi að sáttmálinn gekk í gildi hvað hann varðar. Veita skal aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins sex mánaða frest. Slík uppsögn hefur þó ekki áhrif á gildi sáttmálans hvað aðra aðila varðar, að því tilskildu að þeir séu aldrei færri en fjórir.

2. Í samræmi við ákvæði undanfarandi töluliðar getur sérhver aðili sagt upp hvaða ákvæði sem er, sem hann hefur samþykkt í 1. hluta sáttmálans, að því tilskildu að aðilinn verði áfram bundinn hvað varðar fjölda og eðli þeirra ákvæða sem 1. tl. 12. gr. áskilur. Sérhver aðili sem segir upp ákvæði og fullnægir þar með ekki lengur skilyrðum 1. tl. 12. gr. telst einnig hafa sagt upp sáttmálanum.

Article 16
Territorial clause

1. Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, specify the territory or territories to which this Charter shall apply.

2. Any State may at any later date, by a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend the application of this Charter to any other territory specified in the declaration. In respect of such territory the Charter shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such declaration by the Secretary General.

3. Any declaration made under the two preceding paragraphs may, in respect of any territory specified in such declaration, be withdrawn by a notification addressed to the Secretary General. The withdrawal shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of six months after the date of receipt of such notification by the Secretary General.

Article 17
Denunciation

1. Any Party may denounce this Charter at any time after the expiration of a period of five years from the date on which the Charter entered into force for it. Six months' notice shall be given to the Secretary General of the Council of Europe. Such denunciation shall not affect the validity of the Charter in respect of the other Parties provided that at all times there are not less than four such Parties.

2. Any Party may, in accordance with the provisions set out in the preceding paragraph, denounce any paragraph of Part I of the Charter accepted by it provided that the Party remains bound by the number and type of paragraphs stipulated in Article 12, paragraph 1. Any Party which, upon denouncing a paragraph, no longer meets the requirements of Article 12, paragraph 1, shall be considered as also having denounced the Charter itself.

18. gr.
Tilkynningar.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins um

a) sérhverja undirritun,
b) afhendingu sérhvers fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals,
c) sérhvern gildistökudag sáttmála þessa samkvæmt 15. gr.,
d) sérhverja tilkynningu sem borist hefur um beitingu ákvæða 2. og 3. tl. 12. gr.,
e) sérhverja tilkynningu sem borist hefur um beitingu ákvæða 13. gr.,
f) sérhvern annan gerning, tilkynningu eða orðsendingu sem sáttmála þennan varðar.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað sáttmála þennan.

Gjört í Strassborg 15. október 1985 á ensku og frönsku í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til allra aðildarríkja Evrópuráðsins.

Article 18
Notifications

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council of Europe of:

a. any signature;
b. the deposit of any instrument of ratification, acceptance or approval;
c. any date of entry into force of this Charter in accordance with Article 15;
d. any notification received in application of the provisions of Article 12, paragraphs 2 and 3;
e. any notification received in application of the provisions of Article 13;
f. any other act, notification or communication relating to this Charter.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Charter.

Done at Strasbourg, this 15th day of October 1985, in English and French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe.

Sþ. 153. Tillaga til þingsályktunar [147. mál]

um fullgildingu samnings um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga sem gerður var í Strassborg 28. janúar 1981.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu samnings um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga. Samningur þessi var gerður á vegum Evrópuráðsins og lagður fram til undirritunar í Strassborg 28. janúar 1981. Hann var undirritaður af Íslands hálfu 27. september 1982. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari. Ástæða þess að svo lengi hefur dregist að leita eftir fullgildingarheimild er fyrst og fremst að lög hér á landi um vernd persónuupplýsinga hafa verið tímabundin, fyrst lög 63/1981 og síðan lög 59/1985, lög um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni. Lög þessi giltu hvor um sig aðeins til fjögurra ára.

Með setningu laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989, sem ekki hafa markaðan gildistíma, telst vera fenginn ótvíræður grundvöllur fyrir staðfestingu þessa samnings.

Samningurinn öðlaðist gildi 1. október 1985, en tíu ríki hafa nú fullgilt hann: Austurríki, Bretland, Danmörk, Frakkland, Írland, Lúxemborg, Noregur, Spánn, Svíþjóð og Þýskaland. Tilgangur samnings þessa er fyrst og fremst að tryggja sérhverjum manni rétt til einkalífs að því er varðar vélræna vinnslu á persónuupplýsingum.

Aðdragandi samningsins er sá að á árinu 1968 samþykkti þing Evrópuráðsins ályktun um að láta kanna hvort Mannréttindasáttmáli Evrópu og löggjöf aðildarríkjanna veiti einstaklingum næga einkalífsvernd gagnvart nútíma tækni. Athugun á vegum ráðsins leiddi í ljós að þágildandi löggjöf veitti ónóga vernd fyrir einkalíf manna gagnvart vélvæddum gagnabönkum. Ráðherranefnd ráðsins gerði síðan 1973 og 1974 tvær samþykktir um upplýsingavernd til leiðbeininga fyrir aðildarríkin við setningu laga um þessi málefni.

Þegar sérfræðingar voru að vinna að texta samþykkta ráðherranefndarinnar varð þeim ljóst að þegar löggjöf ríkjanna hefði verið aðlöguð nýrri tækni væri nauðsyn að setja alþjóðasamning til að treysta framkvæmd lagareglnanna þar sem ríki kæmu sér saman um samræmda framkvæmd réttarreglna á þessu sviði. Árið 1976 fól ráðherranefndin því sérfræðingum að gera drög að samningi um vernd einkalífs gagnvart vinnslu upplýsinga milli landa og vinnslu upplýsinga erlendis.

Niðurstaða þeirrar vinnu var samningur sá sem hér er lagður fram til staðfestingar.

Efni samningsins má skipta í þrjá meginþætti:

1. Ákvæði um grundvallaratriði sem kveða á um í lögum.
2. Ákvæði um streymi upplýsinga milli ríkja.
3. Ákvæði um skipulag gagnkvæmrar aðstoðar milli aðila.

Samkvæmt 3. gr. samningsins skuldbinda aðilar sig til að láta ákvæði samningsins gilda um vélræna vinnslu slíkra upplýsinga. Samkvæmt 4. gr. skuldbindur sérhvert aðildarríki sig til að taka í lög sín þau grundvallaratriði sem 2. kafli samningsins fjallar um.

Telja verður að reglur þær sem nýsett lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga nr. 121/1989 gera ráð fyrir uppfylli þau skilyrði sem sett eru í samningnum um vernd persónuupplýsinga. Að því er varðar ákvæði 3. kafla samningsins um streymi upplýsinga milli ríkja þá er í 27. gr. laganna heimild til að setja í reglugerð ákvæði til að fullnægja þeim reglum sem eru í samningnum.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga

Formáli

Aðildarríki Evrópuráðsins sem undirrita samning þennan,

hafa í huga að markmið Evrópuráðsins er að auka samheldni aðila þess sem byggist einkum á virðingu fyrir lögum, mannréttindum og grundvallarfrelsi,

hafa í huga að með tilliti til vaxandi streymis persónuupplýsinga sem unnar eru vélrænt yfir landamæri sé æskilegt að gera víðtækari öryggisráðstafanir varðandi réttindi og grundvallarfrelsi allra manna og sérstaklega varðandi rétt til virðingar fyrir friðhelgi einkalífs,

staðfesta jafnframt skuldbindingu sína um að viðhalda upplýsingafrelsi án tillits til landamæra,

CONVENTION
for the Protection of Individuals with regard to Automatic Processing of Personal Data

PREAMBLE

The member States of the Council of Europe, signatory hereto,

Considering that the aim of the Council of Europe is to achieve greater unity between its members, based in particular on respect for the rule of law, as well as human rights and fundamental freedoms;

Considering that it is desirable to extend the safeguards for everyone's rights and fundamental freedoms, and in particular the right to the respect for privacy, taking account of the increasing flow across frontiers of personal data undergoing automatic processing;

Reaffirming at the same time their commitment to freedom of information regardless of frontiers;

viðurkenna að nauðsynlegt sé að samhæfa grundvallargildi virðingar fyrir friðhelgi einkalífs og óhindraðs upplýsingastreymis þjóða í milli,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið og tilgangur.

Tilgangur samnings þessa er að tryggja á landssvæði hvers aðila sérhverjum manni, hvert sem þjóðerni hans eða búseta er, virðingu fyrir réttindum hans og grundvallarfrelsi, og einkum rétt hans til einkalífs, að því er varðar vélræna vinnslu persónuupplýsinga er hann varða („upplýsingavernd").

2. gr.
Skilgreiningar.

Í samningi þessum merkir:

a. „Persónuupplýsingar" hvers konar upplýsingar er varða sérgreindan eða sérgreinanlegan einstakling („skráðan aðila").

b. „vélræn skrá" sérhverjar upplýsingar sem unnar eru vélrænt.

c. „vélræn vinnsla" eftirfarandi aðgerðir séu þær framkvæmdar að öllu eða nokkru leyti með vélrænum hætti: geymslu upplýsinga, framkvæmd rökrænna og/eða reikningslegra aðgerða á þeim upplýsingum, breytingu á þeim, afmáun, uppflettingu eða dreifingu.

d. „skrárhaldari" þann mann eða lögaðila, stjórnvald eða hverja aðra stofnun sem er bær samkvæmt landslögum að ákveða markmið með vélrænu skránni, hvers konar persónuupplýsingar eigi að geyma og hvaða aðgerðum megi beita.

Recognising that it is necessary to reconcile the fundamental values of the respect for privacy and the free flow of information between peoples,

Have agreed as follows:

CHAPTER I
General provisions

Article 1
Object and purpose

The purpose of this convention is to secure in the territory of each Party for every individual, whatever his nationality or residence, respect for his rights and fundamental freedoms, and in particular his right to privacy, with regard to automatic processing of personal data relating to him ("data protection").

Article 2
Definitions

For the purposes of this convention:

a. "personal data" means any information relating to an identified or identifiable individual ("data subject");

b. "automated data file" means any set of data undergoing automatic processing;

c. "automatic processing" includes the following operations if carried out in whole or in part by automated means: storage of data, carrying out of logical and/or arithmetical operations in those data, their alteration, erasure, retrieval or dissemination;

d. "controller of the file" means the natural or legal person, public authority, agency or any other body who is competent according to the national law to decide what should be the purpose of the automated data file, which categories of personal data should be stored and which operations should be applied to them.

3. gr.
Gildissvið.

1. Aðilar takast á hendur að láta samning þennan ná til vélrænna skráa með persónuupplýsingum og vélrænnar vinnslu á persónuupplýsingum hjá opinberum aðilum og einkaaðilum.

2. Sérhvert ríki getur við undirritun eða við afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- eða aðildarskjals, eða síðar, tilkynnt með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins:

a. að það muni ekki láta samning þennan taka til ákveðinna flokka vélrænna skráa með persónuupplýsingum og skal listi um þær afhentur. Á þessum lista skulu þó ekki vera þeir flokkar vélrænna skráa sem falla samkvæmt lögum undir ákvæði um upplýsingavernd. Lista þessum skal því breyta með nýrri yfirlýsingu hvenær sem nýir flokkar vélrænna skráa með persónuupplýsingum eru felldir með lögum undir ákvæði um upplýsingavernd.

b. að það muni einnig láta samning þennan taka til upplýsinga varðandi einstaklingshópa, samtök, stofnanir, fyrirtæki, sambandsfélög og hvers konar aðrar félagseiningar sem einstaklingar mynda, beint eða óbeint, hvort sem þær eru lögaðilar eða ekki.

c. að það muni einnig láta samning þennan taka til skráa með persónuupplýsingum sem ekki eru unnar vélrænt.

3. Sérhvert ríki sem rýmkað hefur gildissvið samnings þessa með einhverri yfirlýsingu sem gert er ráð fyrir í 2. tl. b eða c hér að framan getur tilkynnt í nefndri yfirlýsingu að slíkar rýmkanir skuli einungis taka til ákveðinna flokka skráa með persónuupplýsingum og skal afhenda lista yfir þá.

4. Sérhver aðili sem undanskilið hefur ákveðna flokka vélrænna skráa með persónuupplýsingum með yfirlýsingu sem gert er ráð fyrir í 2. tl. a hér að framan getur ekki krafist þess að aðili sem ekki hefur undanskilið þá láti samning þennan taka til þessara flokka.

Article 3
Scope

1. The Parties undertake to apply this convention to automated personal data files and automatic processing of personal data in the public and private sectors.

2. Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, or at any later time, give notice by a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe:

a. that it will not apply this convention to certain categories of automated personal data files, a list of which will be deposited. In this list it shall not include, however, categories of automated data files subject under its domestic law to data protection provisions. Consequently, it shall amend this list by a new declaration whenever additional categories of automated personal data files are subjected to data protection provisions under its domestic law;

b. that it will also apply this convention to information relating to groups of persons, associations, foundations, companies, corporations and any other bodies consisting directly or indirectly of individuals, whether or not such bodies possess legal personality;

c. that it will also apply this convention to personal data files which are not processed automatically.

3. Any State which has extended the scope of this convention by any of the declarations provided for in sub-paragraph 2.*b* or *c* above may give notice in the said declaration that such extensions shall apply only to certain categories of personal data files, a list of which will be deposited.

4. Any Party which has excluded certain categories of automated personal data files by a declaration provided for in sub-paragraph 2.*a* above may not claim the application of this convention to such categories by a Party which has not excluded them.

5. Á sama hátt getur aðili sem ekki hefur hlutast til um eina eða fleiri rýmkanir sem gert er ráð fyrir í 2. tl. b og c hér að framan ekki krafist þess að samningur þessi taki til þessara atriða að því er varðar aðila sem hlutast til um slíkar rýmkanir.

6. Yfirlýsingar þær sem gert er ráð fyrir í 2. tl. hér að framan skulu taka gildi jafnskjótt og samningurinn öðlast gildi að því er varðar ríki það sem þær hefur gefið hafi þær verið gefnar við undirritun eða við afhendingu skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, eða þremur mánuðum eftir að aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins tekur við þeim hafi þær verið gefnar síðar. Afturkalla má yfirlýsingar þessar, að nokkru eða öllu leyti, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Afturkallanir taka gildi þremur mánuðum frá þeim degi er slík tilkynning berst.

5. Likewise, a Party which has not made one or other of the extensions provided for in sub-paragraphs 2. *b* and *c* above may not claim the application of this convention on these points with respect to a Party which has made such extensions.

6. The declarations provided for in paragraph 2 above shall take effect from the moment of the entry into force of the convention with regard to the State which has made them if they have been made at the time of signature or deposit of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, or three months after their receipt by the Secretary General of the Council of Europe if they have been made at any later time. These declarations may be withdrawn, in whole or in part, by a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe. Such withdrawals shall take effect three months after the date of receipt of such notification.

II. KAFLI
Grundvallarreglur um streymi upplýsinga.

4. gr.
Skyldur aðila.

1. Sérhver aðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir í lögum til þess að grundvallarreglur þær um upplýsingavernd sem greinir í kafla þessum taki gildi.

2. Ráðstafanir þessar skulu gerðar í síðasta lagi þegar samningur þessi öðlast gildi að því er varðar þann aðila.

5. gr.
Gæði upplýsinga.

Persónuupplýsingar sem unnar eru vélrænt skulu vera:

a. fengnar og unnar á heiðarlegan og lögmætan hátt,

b. geymdar í tilgreindum og lögmætum tilgangi og ekki notaðar á hátt sem ósamrýmanlegur er þeim tilgangi,

CHAPTER II
Basic principles for data protection

Article 4
Duties of the Parties

1. Each Party shall take the necessary measures in its domestic law to give effect to the basic principles for data protection set out in this chapter.

2. These measures shall be taken at the latest at the time of entry into force of this convention in respect of that Party.

Article 5
Quality of data

Personal data undergoing automatic processing shall be:

a. obtained and processed fairly and lawfully;

b. stored for specified and legitimate purposes and not used in a way incompatible with those purposes;

c. hæfilegar, viðeigandi og eigi umfangsmeiri en tilgangur geymslu þeirra gefur efni til,

d. nákvæmar og, þegar nauðsyn er, framfærðar,

e. varðveittar í þeirri mynd að ekki verði unnt að sérgreina skráðan aðila lengur en þörf er á með tilliti til tilgangs geymslu upplýsinganna.

c. adequate, relevant and not excessive in relation to the purposes for which they are stored;

d. accurate and, where necessary, kept up to date;

e. preserved in a form which permits identification of the data subjects for no longer than is required for the purpose for which those data are stored.

6. gr.

Sérstakir flokkar upplýsinga.

Persónuupplýsingar sem varða kynþátt manna, stjórnmálaskoðanir eða trúarbrögð eða annan átrúnað, svo og persónuupplýsingar varðandi heilsuhagi manna eða kynlíf, má ekki vinna vélrænt nema lög geri ráð fyrir viðeigandi verndarákvæðum. Sama gildir um persónuupplýsingar varðandi dóma í sakamálum.

Article 6

Special categories of data

Personal data revealing racial origin, political opinions or religious or other beliefs, as well as personal data concerning health or sexual life, may not be processed automatically unless domestic law provides appropriate safeguards. The same shall apply to personal data relating to criminal convictions.

7. gr.

Öryggi upplýsinga.

Gera skal viðeigandi öryggisráðstafanir til þess að vernda persónuupplýsingar sem geymdar eru í vélrænum skrám gegn því að þær eyðileggist af slysni eða án heimildar eða glatist af slysni, svo og gegn óheimilum aðgangi, breytingum eða dreifingu.

Article 7

Data security

Appropriate security measures shall be taken for the protection of personal data stored in automated data files against accidental or unauthorised destruction or accidental loss as well as against unauthorised access, alteration or dissemination.

8. gr.

Frekari öryggisráðstafanir fyrir skráðan aðila.

Sérhverjum manni skal gert unnt:

a. að staðreyna að vélræn skrá með persónuupplýsingum sé fyrir hendi, aðaltilgang hennar svo og vitneskju um hver sé skrárhaldari og fast heimili hans eða aðalstarfsstaður,

b. að fá með hæfilegu millibili og án óhæfilegs dráttar eða kostnaðar staðfestingu á því hvort persónuupplýsingar sem hann varðar séu geymdar í vélrænu skránni, enda sé honum skýrt frá slíkum upplýsingum á skiljanlegan hátt,

c. að fá, eftir því sem við á, leiðréttar eða afmáðar slíkar upplýsingar hafi þær verið unnar gagnstætt ákvæðum laga sem veita

Article 8

Additional safeguards for the data subject

Any person shall be enabled:

a. to establish the existence of an automated personal data file, its main purposes, as well as the identity and habitual residence or principal place of business of the controller of the file;

b. to obtain at reasonable intervals and without excessive delay or expense confirmation of whether personal data relating to him are stored in the automated data file as well as communication to him of such data in an intelligible form;

c. to obtain, as the case may be, rectification or erasure of such data if these have been processed contrary to the provisions of

gildi þeim grundvallarreglum er greindar eru í 5. og 6. gr. samnings þessa,

d. að leita úrræða sé ekki orðið við beiðni hans um staðfestingu eða, eftir því sem við á, tilkynningu, leiðréttingu eða afmáun eins og greinir í stafliðum b og c þessarar greinar.

9. gr.

Undantekningar og takmarkanir.

1. Engar undantekningar frá ákvæðum 5., 6. og 8. gr. samnings þessa skulu leyfðar nema innan þeirra marka sem í grein þessari er kveðið á um.

2. Frávik frá ákvæðum 5., 6. og 8. gr. samnings þessa er leyfilegt þegar gert er ráð fyrir slíku fráviki í lögum aðila og það er nauðsynleg ráðstöfun í lýðræðisþjóðfélagi til þess að:

a. vernda öryggi ríkisins, almannaöryggi, fjárhagslega hagsmuni ríkisins eða til þess að hamla gegn lögbrotum.

b. vernda skráðan aðila eða réttindi og frelsi annarra.

3. Takmarka má með lögum að réttindum þeim sem tilgreind eru í stafliðum b, c og d 8. gr. sé framfylgt að því er varðar vélrænar skrár með persónuupplýsingum sem notaðar eru fyrir tölfræðilegar upplýsingar eða við vísindalegar rannsóknir þegar auðsætt er að engin hætta er á skerðingu friðhelgis einkalífs skráðs aðila.

10. gr.

Viðurlög og úrræði.

Hver aðili tekst á hendur að setja reglur um hæfileg viðurlög og úrræði vegna brota á ákvæðum laga sem veita gildi þeim grundvallarreglum um vernd upplýsinga er greinir í kafla þessum.

11. gr.

Rýmkuð vernd.

Ekkert ákvæða kafla þessa skal túlkað á þann hátt að það takmarki eða hafi á annan hátt áhrif á að aðili geti veitt skráðum aðilum víðtækari vernd en þá er samningur þessi kveður á um.

domestic law giving effect the basic principles set out in Articles 5 and 6 of this convention;

d. to have a remedy if a request for confirmation or, as the case may be, communication, rectification or erasure as referred to in paragraphs *b* and *c* of this article is not complied with.

Article 9

Exceptions and restrictions

1. No exception to the provisions of Articles 5, 6 and 8 of this convention shall be allowed except within the limits defined in this article.

2. Derogation from the provisions of Articles 5, 6 and 8 of this convention shall be allowed when such derogation is provided for by the law of the Party and constitutes a necessary measure in a democratic society in the interests of:

a. protecting State security, public safety, the monetary interests of the State or the suppression of criminal offences;

b. protecting the data subject or the rights and freedoms of others.

3. Restrictions on the exercise of the rights specified in Article 8, paragraphs *b, c* and *d,* may be provided by law with respect to automated personal data files used for statistics or for scientific research purposes when there is obviously no risk of an infringement of the privacy of the data subjects.

Article 10

Sanctions and remedies

Each Party undertakes to establish appropriate sanctions and remedies for violations of provisions of domestic law giving effect to the basic principles for data protection set out in this chapter.

Article 11

Extended protection

None of the provisions of this chapter shall be interpreted as limiting or otherwise affecting the possibility for a Party to grant data subjects a wider measure of protection than that stipulated in this convention.

III. KAFLI
Streymi upplýsinga yfir landamæri.

12. gr.
Streymi persónuupplýsinga yfir landamæri og lög.

1. Þegar persónuupplýsingar sem unnar eru vélrænt eða safnað í því skyni að vinna þær vélrænt eru fluttar yfir landamæri skulu eftirfarandi ákvæði gilda og skiptir ekki máli hvaða miðill notaður er.

2. Aðili skal ekki í þeim tilgangi einum að vernda friðhelgi einkalífs banna eða áskilja sérstaka heimild fyrir streymi yfir landamæri á persónuupplýsingum sem eiga að berast til landssvæðis annars aðila.

3. Eigi að síður er aðila heimilt að víkja frá ákvæðum 2. tl.:

a. að því marki sem löggjöf hans hefur að geyma sérstakar reglur um ákveðna flokka persónuupplýsinga eða vélrænna skráa með persónuupplýsingum vegna eðlis þessara upplýsinga eða þessara skráa, nema þegar reglur hins aðilans kveða á um sams konar vernd,

b. þegar flutningur á sér stað frá landssvæði hans um landssvæði annars aðila til landssvæðis ríkis sem ekki er aðili að samningi þessum, í því skyni að koma í veg fyrir að slíkir flutningar leiði til þess að komist verði undan lögum aðilans sem um getur í upphafi töluliðar þessa.

IV. KAFLI
Gagnkvæm aðstoð.

13. gr.
Samvinna milli aðila.

1. Aðilar eru sammála um að veita hver öðrum gagnkvæma aðstoð við framkvæmd samnings þessa.

2. Í þeim tilgangi:

a. skal hver aðili nefna til eitt stjórnvald eða fleiri og skal hann tilkynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins nafn og heimilisfang hvers þeirra,

CHAPTER III
Transborder data flows

Article 12
Transborder flows of personal data and domestic law

1. The following provisions shall apply to the transfer across national borders, by whatever medium, of personal data undergoing automatic processing or collected with a view to their being automatically processed.

2. A Party shall not, for the sole purpose of the protection of privacy, prohibit or subject to special authorisation transborder flows of personal data going to the territory of another Party.

3. Nevertheless, each Party shall be entitled to derogate from the provisions of paragraph 2:

a. insofar as its legislation includes specific regulations for certain categories of personal data or of automated personal data files, because of the nature of those data or those files, except where the regulations of the other Party provide an equivalent protection;

b. when the transfer is made from its territory to the territory of a non-Contracting State through the intermediary of the territory of another Party, in order to avoid such transfers resulting in circumvention of the legislation of the Party referred to at the beginning of this paragraph.

CHAPTER IV
Mutual assistance

Article 13
Co-operation between Parties

1. The Parties agree to render each other mutual assistance in order to implement this convention.

2. For that purpose:

a. each Party shall designate one or more authorities, the name and address of each of which it shall communicate to the Secretary General of the Council of Europe;

b. skal hver aðili sem nefnt hefur til fleiri en eitt stjórnvald greina frá valdsviði hvers stjórnvalds í tilkynningu þeirri er um getur í síðasta staflið.

3. Stjórnvald sem aðili hefur nefnt til skal að beiðni stjórnvalds sem annar aðili hefur tilnefnt:

a. láta í té upplýsingar um lög hans og stjórnsýsluhætti á sviði upplýsingaverndar,

b. gera allar viðeigandi ráðstafanir í samræmi við lög hans til að láta í té upplýsingar varðandi tilgreinda vélræna vinnslu sem fram fer á landssvæði hans, þó að undanskildum persónuupplýsingum sem vinnslan lýtur að, í þeim eina tilgangi að vernda friðhelgi einkalífsins.

14. gr.

Aðstoð við skráðan aðila búsettan erlendis.

1. Hver aðili skal aðstoða hvern þann mann sem búsettur er erlendis við að framfylgja réttindum þeim sem veitt eru í lögum hans sem veita gildi þeim grundvallarreglum er um getur í 8. gr. samnings þessa.

2. Sé hann búsettur á landssvæði annars aðila skal honum gefinn kostur á að leggja fram beiðni sína fyrir milligöngu stjórnvalds sem tilnefnt er af þeim aðila.

3. Beiðni um aðstoð skal greina öll nauðsynleg atriði m. a. um:

a. nafn, heimilisfang og önnur viðeigandi atriði sem sanna deili á þeim er beiðnina leggur fram,

b. hina vélrænu skrá með persónuupplýsingum sem beiðnin beinist að eða skrárhaldara hennar,

c. tilgang beiðninnar.

15. gr.

Öryggisráðstafanir varðandi aðstoð sem tilnefnd stjórnvöld veita.

1. Nú hafa stjórnvaldi sem aðili hefur tilnefnt borist upplýsingar frá stjórnvaldi er annar aðili hefur nefnt til, annaðhvort upplýsingar sem fylgja beiðni um aðstoð eða upplýsingar sem eru svar við eigin beiðni um

b. each Party which has designated more than one authority shall specify in its communication referred to in the previous subparagraph the competence of each authority.

3. An authority designated by a Party shall at the request of an authority designated by another Party:

a. furnish information on its law and administrative practice in the field of data protection;

b. take, in conformity with its domestic law and for the sole purpose of protection of privacy, all appropriate measures for furnishing factual information relating to specific automatic processing carried out in its territory, with the exception however of the personal data being processed.

Article 14

Assistance to data subjects resident abroad

1. Each Party shall assist any person resident abroad to exercise the rights conferred by its domestic law giving effect to the principles set out in article 8 of this convention.

2. When such a person resides in the territory of another Party he shall be given the option of submitting his request through the intermediary of the authority designated by that Party.

3. The request for assistance shall contain all the necessary particulars, relating *inter alia* to:

a. the name, address and any other relevant particulars identifying the person making the request;

b. the automated personal data file to which the request pertains, or its controller;

c. the purpose of the request.

Article 15

Safeguards concerning assistance rendered by designated authorities

1. An authority designated by a Party which has received information from an authority designated by another Party either accompanying a request for assistance or in reply to its own request for assistance shall

aðstoð, og skal því þá óheimilt að nota þær upplýsingar í öðrum tilgangi en þeim sem greindur er í beiðninni um aðstoð.

2. Hver aðili skal sjá um að menn þeir sem tilheyra eða starfa á vegum hins tilnefnda stjórnvalds séu bundnir tilhlýðilegri þagnar- og trúnaðarskyldu varðandi þessar upplýsingar.

3. Tilnefnt stjórnvald má ekki í neinu tilviki leggja fram fyrir hönd skráðs aðila sem búsettur er erlendis beiðni um aðstoð samkvæmt 2. tl. 14. gr. að eigin frumkvæði og án skýlauss samþykkis þess er hlut á að máli.

16. gr.

Synjun á aðstoðarbeiðni.

Tilnefnt stjórnvald sem beiðni um aðstoð er beint til samkvæmt 13. og 14. gr. samnings þessa getur ekki hafnað henni nema:

a. beiðnin sé ósamrýmanleg þeim heimildum á sviði upplýsingaverndar sem þau stjórnvöld hafa er ber að svara,

b. beiðnin sé ekki í samræmi við ákvæði samnings þessa,

c. að verða við beiðninni væri ósamrýmanlegt fullveldi, öryggi eða allsherjarreglu *(ordre public)* þess aðila sem tilnefndi það eða réttindum og grundvallarfrelsi manna undir lögsögu þess aðila.

17. gr.

Kostnaður og málsmeðferð vegna aðstoðar.

1. Gagnkvæm aðstoð sem aðilar veita hver öðrum samkvæmt 13. gr. og aðstoð er þeir veita skráðum aðilum erlendis samkvæmt 14. gr. skal ekki gefa efni til greiðslu kostnaðar né þóknana annarra en þeirra sem stofnast vegna sérfræðinga og túlka. Síðast greindan kostnað eða þóknun skal sá aðili greiða sem tilnefndi stjórnvald það sem bað um aðstoð.

2. Skráðan aðila má ekki krefja um kostnað eða þóknun í sambandi við aðgerðir framkvæmdar í þágu hans á landssvæði annars aðila, önnur en þau gjöld er íbúum landssvæðis þess aðila ber að greiða.

not use that information for purposes other than those specified in the request for assistance.

2. Each Party shall se to it that the persons belonging to or acting on behalf of the designated authority shall be bound by appropriate obligations of secrecy or confidentiality with regard to that information.

3. In no case may a designated authority be allowed to make under Article 14, paragraph 2, a request for assistance on behalf of a data subject resident abroad, of its own accord and without the express consent of the person concerned.

Article 16

Refusal of requests for assistance

A designated authority to which a request for assistance is addressed under Articles 13 or 14 of this convention may not refuse to comply with it unless:

a. the request is not compatible with the powers in the field of data protection of the authorities responsible for replying;

b. the request does not comply with the provisions of this convention;

c. compliance with the request would be incompatible with the sovereignty, security or public policy *(ordre public)* of the Party by which it was designated, or with the rights and fundamental freedoms of persons under the jurisdiction of that Party.

Article 17

Costs and procedures of assistance

1. Mutual assistance which the Parties render each other under Article 13 and assistance they render to data subjects abroad under Article 14 shall not give rise to the payment of any costs or fees other than those incurred for experts and interpreters. The latter costs or fees shall be borne by the Party which has designated the authority making the request for assistance.

2. The data subject may not be charged costs or fees in connection with the steps taken on his behalf in the territory of another Party other than those lawfully payable by residents of that Party.

3. Önnur atriði viðvíkjandi aðstoð er varða sérstaklega þann hátt, þá málsmeðferð og það tungumál er nota skal skulu hlutaðeigandi aðilar ákveða beint sín á milli.

V. KAFLI
Ráðgjafarnefnd.

18. gr.
Skipan nefndarinnar.

1. Þegar samningur þessi hefur öðlast gildi skal sett á stofn ráðgjafarnefnd.

2. Hver aðili skal nefna fulltrúa í nefndina og varafulltrúa. Hvert aðildarríki Evrópuráðsins sem ekki er aðili að samningi þessum á rétt á að eiga áheyrnarfulltrúa í nefndinni.

3. Ráðgjafarnefndin getur með samhljóða ákvörðun boðið ríki sem ekki er aðili að Evrópuráðinu og ekki er aðili að samningi þessum að eiga áheyrnarfulltrúa á tilteknum fundi.

19. gr.
Hlutverk nefndarinnar.

Ráðgjafarnefndin:

a. getur gert tillögur í því skyni að auðvelda og bæta framkvæmd samningsins,

b. getur gert tillögur um breytingar á samningi þessum í samræmi við 21. gr.,

c. skal leggja fram álit sitt á sérhverri tillögu um breytingu á samningi þessum sem vísað er til hennar í samræmi við 2. tl. 21. gr.,

d. getur að beiðni aðila látið í ljósi álit sitt á sérhverju atriði varðandi framkvæmd samnings þessa.

20. gr.
Málsmeðferð.

1. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins kallar ráðgjafarnefndina saman. Fyrsti fundur hennar skal haldinn innan tólf mánaða frá gildistöku samnings þessa. Hún skal síðan

3. Other details concerning the assistance relating in particular to the forms and procedures and the language to be used, shall be established directly between the Parties concerned.

CHAPTER V
Consultative Committee

Article 18
Composition of the committee

1. A Consultative Committee shall be set up after the entry into force of this convention.

2. Each Party shall appoint a representative to the committee and a deputy representative. Any member State of the Council of Europe which is not a Party to the convention shall have the right to be represented on the committee by an observer.

3. The Consultative Committee may, by unanimous decision, invite any non-member State of the Council of Europe which is not a Party to the convention to be represented by an observer at a given meeting.

Article 19
Functions of the committee

The Consultative Committee:

a. may make proposals with a view to facilitating or improving the application of the convention;

b. may make proposals for amendment of this convention in accordance with Article 21;

c. shall formulate its opinion on any proposal for amendment of this convention which is referred to it in accordance with Article 21, paragraph 3;

d. may, at the request of a Party, express an opinion on any question concerning the application of this convention.

Article 20
Procedure

1. The Consultative Committee shall be convened by the Secretary General of the Council of Europe. Its first meeting shall be held within twelve months of the entry into

koma saman til fundar a. m. k. einu sinni á hverjum tveimur árum og ávallt þegar einn þriðji hluti fulltrúa aðilanna óskar þess að hún komi saman.

2. Ráðgjafarnefndin er ályktunarfær þegar fulltrúar meiri hluta aðila eru á fundi.

3. Eftir hvern fund skal ráðgjafarnefndin leggja fyrir ráðherranefnd Evrópuráðsins skýrslu um störf sín og framkvæmd samningsins.

4. Ráðgjafarnefndin setur sér fundarsköp í samræmi við ákvæði samnings þessa.

force of this convention. It shall subsequently meet at least once every two years and in any case when one-third of the representatives of the Parties request its convocation.

2. A majority of representatives of the Party shall constitute a quorum for a meeting of the Consultative Committee.

3. After each of its meetings, the Consultative Committee shall submit to the Committee of Ministers of the Council of Europe a report on its work and on the function of the convention.

4. Subject to the provisions of this convention, the Consultative Committee shall draw up its own Rules of Procedure.

VI. KAFLI
Breytingar.

21. gr.
Breytingar.

1. Aðili, ráðherranefnd Evrópuráðsins og ráðgjafarnefndin geta lagt fram tillögur um breytingar á samningi þessum.

2. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda sérhverja breytingartillögu til aðildarríkja Evrópuráðsins og sérhvers ríkis, sem ekki er aðili að Evrópuráðinu, en gerst hefur aðili eða boðin hefur verið aðild að samningi þessum skv. 23. gr.

3. Ennfremur skal sérhver breyting sem aðili eða ráðherranefndin leggur til send ráðgjafarnefndinni er skal láta ráðherranefndinni í té álit sitt á breytingartillögunni.

4. Ráðherranefndin skal taka breytingartillöguna til athugunar svo og sérhvert álit frá ráðgjafarnefndinni og getur samþykkt breytinguna.

5. Texta sérhverrar breytingar sem ráðherranefndin hefur samþykkt í samræmi við 4. tl. þessarar greinar skal komið til aðilanna til samþykktar.

CHAPTER VI
Amendments

Article 21
Amendments

1. Amendments to this convention may be proposed by a Party, the Committee of Ministers of the Council of Europe or the Consultative Committee.

2. Any proposal for amendment shall be communicated by the Secretary General of the Council of Europe to the member States of the Council of Europe and to every non-member State which has acceded to or has been invited to accede to this convention in accordance with the provisions of Article 23.

3. Moreover, any amendment proposed by a Party or the Committee of Ministers shall be communicated to the Consultative Committee, which shall submit to the Committee of Ministers its opinion on that proposed amendment.

4. The Committee of Ministers shall consider the proposed amendment and any opinion submitted by the Consultative Committee and may approve the amendment.

5. The text of any amendment approved by the Committee of Ministers in accordance with paragraph 4 of this article shall be forwarded to the Parties for acceptance.

6. Breyting sem samþykkt hefur verið í samræmi við 4. tl. þessarar greinar skal ganga í gildi á þrítugasta degi eftir að allir aðilar hafa tilkynnt aðalframkvæmdastjóranum um samþykkt.

6. Any amendment approved in accordance with paragraph 4 of this article shall come into force on the thirtieth day after all Parties have informed the Secretary General of their acceptance thereof.

VIII. KAFLI
Lokaákvæði.

22. gr.
Gildistaka.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir aðildarríki Evrópuráðsins. Hann er háður fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki. Fullgildingar-, viðurkenningar- og samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er fimm aðildarríki Evrópuráðsins hafa látið í ljósi samþykki sitt um að vera bundin af samningi þessum í samræmi við ákvæði næsta töluliðar hér að framan.

3. Gagnvart aðildarríki sem síðar lætur í ljósi samþykki sitt um að vera bundið af samningnum skal hann öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjal er afhent.

23. gr.
Aðild ríkja sem ekki eru aðilar að Evrópuráðinu.

1. Eftir gildistöku samnings þessa getur ráðherranefnd Evrópuráðsins boðið hvaða ríki sem er, sem ekki er aðili að Evrópuráðinu, að gerast aðili að samningi þessum með ákvörðun sem tekin er með þeim meiri hluta sem tilskilinn er í d-lið 20. gr. stofnskrár Evrópuráðsins og með samhljóða atkvæðum fulltrúa samningsríkjanna sem rétt eiga til setu í nefndinni.

CHAPTER VII
Final clauses

Article 22
Entry into force

1. This convention shall be open for signature by the member States of the Council of Europe. It is subject to ratification, acceptance or approval. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

2. This convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date on which five member States of the Council of Europe have expressed their consent to be bound by the convention in accordance with the provisions of the preceding paragraph.

3. In respect of any member State which subsequently expresses its consent to be bound by it, the convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of the deposit of the instrument of ratification, acceptance or approval.

Article 23
Accession by non-member States

1. After the entry into force of this convention, the Committee of Ministers of the Council of Europe may invite any State not a member of the Council of Europe to accede to this convention by a decision taken by the majority provided for in Article 20. *d* of the Statute of the Council of Europe and by the unanimous vote of the representatives of the Contracting States entitled to sit on the committee.

2. Gagnvart ríki sem þannig gerist aðili skal samningurinn öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi sem aðildarskjal er afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. In respect of any acceding State, the convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of deposit of the instrument of accession with the Secretary General of the Council of Europe.

24. gr.
Ákvæði um landssvæði.

1. Hvert ríki getur við undirritun eða afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- eða aðildarskjals tilgreint það eða þau landssvæði sem samningur þessi á að ná til.

2. Hvert ríki getur hvenær sem er síðar með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins látið samning þennan ná til hvaða annars landssvæðis sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Gagnvart slíku landssvæði skal samningurinn öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóra berst slík yfirlýsing.

3. Sérhverja yfirlýsingu sem gefin er samkvæmt tveimur síðast greindum töluliðum má afturkalla fyrir hvert það landssvæði sem þar er greint með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra. Afturköllunin tekur gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru sex mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóra berst slík tilkynning.

Article 24
Territorial clause

1. Any State may at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, specify the territory or territories to which this convention shall apply.

2. Any State may at any later date, by a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend the application of this convention to any other territory specified in the declaration. In respect of such territory the convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such declaration by the Secretary General.

3. Any declaration made under the two preceding paragraphs may, in respect of any territory specified in such declaration, be withdrawn by a notification addressed to the Secretary General. The withdrawal shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of six months after the date of receipt of such notification by the Secretary General.

25. gr.
Fyrirvarar.

Enga fyrirvara má gera varðandi ákvæði samnings þessa.

Article 25
Reservations

No reservation may be made in respect of the provisions of this convention.

26. gr.
Uppsögn.

1. Hver samningsaðili getur hvenær sem er sagt upp samningi þessum með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Uppsögn tekur gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru sex

Article 26
Denunciation

1. Any Party may at any time denounce this convention by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe.

2. Such denunciation shall become effective on the first day of the month following

mánuðir frá þeim degi að aðalframkvæmdastjóra berst tilkynningin.

27. gr.
Tilkynningar.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum ráðsins og sérhverju ríki sem gerst hefur aðili að samningi þessum um:

a. sérhverja undirritun,

b. afhendingu sérhvers fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- og aðildarskjals,

c. sérhvern gildistökudag samnings þessa skv. 22., 23. og 24. gr.,

d. sérhverja aðra gerð, tilkynningu eða orðsendingu varðandi samning þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir sem til þess hafa fullt umboð undirritað samning þennan.

Gert í Strassborg 28. janúar 1981 á ensku og frönsku í einu eintaki sem skal varðveitt í skjalasafni Evrópuráðsins og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til sérhvers aðildarríkis Evrópuráðsins og sérhvers ríkis sem boðið er að gerast aðili að samningi þessum.

the expiration of a period of six months after the date of receipt of the notification by the Secretary General.

Article 27
Notifications

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council and any State which has acceded to this convention of:

a. any signature;

b. the deposit of any instrument of ratification, acceptance, approval or accession;

c. any date of entry into force of this convention in accordance with Articles 22, 23 and 24;

d. any other act, notification or communication relating to this convention.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Convention.

Done at Strasbourg, the 28th day of January 1981, in English and in French, both texts being equally authoritative, in a single copy which shall remain deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe and to any State invited to accede to this Convention.

Ed. 154. Frumvarp til laga [148. mál]

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989 og 70/1990.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

B-liður 35. gr. laganna, sbr. lög nr. 76/1989 og lög nr. 70/1990, orðast svo:

Að skipta á húsbréfum og fasteignaveðbréfum sem gefin eru út með veði í íbúðarhúsnæði í tengslum við fasteignaviðskipti, nýbyggingar og meiri háttar viðbyggingar, endurbætur og endurnýjun á notuðu íbúðarhúsnæði, sbr. c-lið 2. mgr. 36. gr.

2. gr.

43. gr. laganna, sbr. lög nr. 76/1989 og lög nr. 70/1990, orðast svo:

Skipta má á fasteignaveðbréfum fyrir húsbréf samkvæmt eftirfarandi:

a. Fyrir allt að 75% af eðlilegu matsverði fasteignar ef matsverðið er 6.200.000 kr. eða lægra.
b. Fyrir allt að 4.650.000 kr. ef matsverð fasteignar er á bilinu 6.200.000 kr. til 7.154.000 kr.
c. Fyrir allt að 65% af eðlilegu matsverði fasteignar ef matsverðið er 7.154.000 kr. eða hærra.

Húsbréfadeild setur reglur um eðlilegt matsverð fasteigna sem skulu byggjast á viðmiðun við markaðsverð, brunabótamat, byggingarkostnað og samþykktan kostnað við meiri háttar endurnýjun eða endurbætur á íbúðarhúsnæði. Taka ber tillit til áhvílandi veðskulda þannig að fasteignaveðbréfið sé innan þessara marka. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið hámarksfjárhæð fasteignaveðbréfa sem húsbréfadeild kaupir vegna hverrar fasteignar. Ofangreindar fjárhæðir eru miðaðar við vísitölu byggingarkostnaðar í nóvember 1990, 173,2 stig, í júlí 1987 100 stig, og breytast ársfjórðungslega í samræmi við breytingar á vísitölunni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 35. gr. laganna, sbr. lög nr. 76/1989 og lög nr. 70/1990, er húsbréfadeild heimilt fyrstu 12 mánuðina eftir gildistöku laganna að skipta á húsbréfum og fasteignaveðbréfum sem gefin eru út með veði í íbúðarhúsnæði til greiðslu á skuldum íbúðareigenda í greiðsluerfiðleikum. Fjárhæð fasteignaveðbréfs má ekki vera hærri en svo að andvirði þeirra húsbréfa, sem fást við skuldabréfaskiptin, nægi til að greiða fyrirliggjandi kröfur miðað við skráð söluverð húsbréfa á þeim degi sem húsbréfadeild samþykkir skuldabréfaskiptin. Skilyrði fyrir afgreiðslu eru eftirfarandi:

a. Fjárhagsvandi umsækjanda sé til kominn vegna fjármögnunar á hóflegu íbúðarhúsnæði miðað við fjölskylduaðstæður.
b. Fyrir liggi að skipti á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf leysi greiðsluvanda umsækjanda.

c. Skuldareigendur samþykki greiðslu skulda umsækjanda með húsbréfum.
d. Umsækjandi uppfylli að öðru leyti skilyrði laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá og með 15. nóvember 1990 mun húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar ríkisins hafa heimild til að skipta á húsbréfum og fasteignaveðbréfum vegna nýbygginga. Þá verða lög um húsbréfaviðskipti að fullu komin til framkvæmda og ná bæði til fasteignaviðskipta vegna notaðra íbúða og nýbygginga. Húsbréfaviðskipti taka þó ekki til allra lánaflokka Byggingarsjóðs ríkisins.

Með því frumvarpi sem hér er lagt fram er brúað að mestu það bil sem er á milli húsbréfakerfisins og lánakerfisins frá 1986, þannig að þeir lánamöguleikar sem eru innan þess lánakerfis séu einnig innan húsbréfakerfisins. Jafnframt er með frumvarpi þessu gerðar breytingar á húsbréfakerfinu þannig að það þjóni betur þörfum þeirra sem hafa lágar eða miðlungstekjur og eiga litlar eignir.

Frumvarpið fjallar um eftirfarandi atriði:

— Húsbréf taki til endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði.
— Húsbréf miðist við allt að 75% af matsverði verðminnstu íbúða.
— Heimiluð verði tímabundin aðstoð við íbúðareigendur í greiðsluerfiðleikum.

Meiri háttar endurbætur og endurnýjun á notuðu íbúðarhúsnæði.

Samkvæmt reglugerð nr. 217/1990, sem félagsmálaráðherra gaf út 18. maí 1990, er nýbygging skilgreind sem ný íbúð sem hlotið hefur samþykki byggingaryfirvalda og ekki hefur verið tekin í notkun eða hefur verið í notkun í 6 mánuði eða skemur þegar fasteignaveðbréf (frumbréf) er gefið út. Viðbygging við notaða íbúð, sem er í beinum tengslum við íbúðina og hefur verið samþykkt af byggingaryfirvöldum, telst einnig til nýbygginga. Viðbyggingar við notaðar íbúðir eru því lánshæfar í húsbréfakerfinu.

Meiri háttar endurbætur eða endurnýjun á notuðu íbúðarhúsnæði reynast oft nauðsynlegar. Einn af lánaflokkum Byggingarsjóðs ríkisins tekur til þessa, sbr. 4. tölul. 11. gr. laganna. Því er í frumvarpi þessu lagt til að fyrirgreiðsla vegna endurbóta eða endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði rúmist innan húsbréfakerfisins.

Húsbréf miðist við allt að 75% af matsverði verðminnstu íbúða.

Húsbréfadeild hefur heimild til að skipta á fasteignaveðbréfum og húsbréfum fyrir fjárhæð sem nemur allt að 65% af eðlilegu matsverði íbúðar, að teknu tilliti til áhvílandi veðskulda þannig að fasteignaveðbréfið sé innan þessara marka. Þessi viðmiðunarmörk hafa mikið að segja um það hvaða möguleika lágtekju- og meðaltekjufólk, sem á litlar eignir, hefur á að festa kaup á íbúðarhúsnæði á hinum almenna markaði. Hækkun á viðmiðunarmörkum útgefins fasteignaveðbréfs úr 65% í 75%, vegna verðminnstu íbúðanna, gerir lágtekju- og meðaltekjufólki auðveldara að eignast eigið íbúðarhúsnæði en ella. Greiðslubyrði vegna íbúðarkaupa minnkar verulega.

Starfshópur, sem félagsmálaráðherra skipaði, og var falið að bera saman greiðslubyrði vegna íbúðarkaupa í húsbréfakerfinu annars vegar og í lánakerfinu frá 1986 hins vegar, skilaði niðurstöðum í greinargerð dags. 24. júlí 1990. Í niðurstöðum starfshópsins kemur fram að séu íbúðarkaup athuguð í heild sinni er mánaðarleg greiðslubyrði lægri fyrstu árin í húsbréfakerfinu en samkvæmt lánakerfinu frá 1986, að gefnum ákveðnum forsendum, enda sé kaupverð íbúðar yfir 5 milljónum króna. Ef kaupverð er hins vegar

innan við 5 milljónir eða lægra er greiðslubyrði beggja lánakerfanna svipuð þegar í hlut á fólk með lágar eða meðaltekjur sem á litlar eignir, enda sé þá tekið tillit til vaxtabóta. Ef fest eru kaup á verðlitlum íbúðum er greiðslubyrði hátekjufólks léttari í lánakerfinu frá 1986 en í húsbréfakerfinu. Í þessum samanburði hefur það mikil áhrif að unnt er að fá hærra langtímalán í húsbréfakerfinu en samkvæmt lánakerfinu frá 1986. Þörf íbúðarkaupenda fyrir skammtímalán minnkar þar með, en þau hafa mikil áhrif á greiðslubyrðina fyrstu árin.

Starfshópur félagsmálaráðherra bar saman greiðslubyrði vegna íbúðarkaupa samkvæmt lánakerfinu frá 1986 og húsbréfakerfinu. Niðurstöður voru eftirfarandi:

Tafla 1. Mánaðarleg greiðslubyrði, 1.–5. ár.
Viðmiðunarmörk miðast við 65% af matsverði íbúðar.
Borin er saman greiðslubyrði vegna íbúðarkaupa 1.–5. ár í húsbréfakerfinu og lánakerfinu frá 1986. Miðað er við að umsækjandi hafi lánsloforð og sé í forgangsröð. Ekki er tekið tillit til vaxtabóta sem lækka greiðslubyrðina hjá þeim sem uppfylla skilyrði laga þar um.

Eigið fé – þús. kr.		Kaupverð íbúðar (matsverð) – millj. kr.					
		3,0	4,0	5,0	6,0	7,0	8,0
0	Húsbréf	36.000	49.000	60.000	72.000	84.000	96.000
0	86-kerfið	32.000	41.000	58.000	75.000	97.000	118.000
1.000	Húsbréf	13.000	26.000	38.000	50.000	62.000	74.000
1.000	86-kerfið	11.000	18.000	36.000	55.000	75.000	97.000

Til samanburðar við niðurstöður starfshópsins, sem fram koma í töflu 1, eru í töflu 2 útreikningar sem miða við að viðmiðunarmörk hækki úr 65% í 75% vegna verðminnstu íbúðanna.

Tafla 2. Mánaðarleg greiðslubyrði í húsbréfakerfinu 1.–5. ár.
Viðmiðunarmörk miðast við 75% af matsverði íbúðar.

Eigið fé – þús. kr.		Kaupverð íbúðar (matsverð) – millj. kr.					
		3,0	4,0	5,0	6,0	7,0	8,0
0	Húsbréf	31.000	42.000	52.000	62.000	82.000	96.000
0	86-kerfið	32.000	41.000	58.000	75.000	97.000	118.000
1.000	Húsbréf	13.000	19.000	30.000	40.000	60.000	74.000
1.000	86-kerfið	11.000	18.000	36.000	55.000	75.000	97.000

Áhersla er lögð á að niðurstöður þessara útreikninga eru háðar þeim forsendum sem hér er byggt á og ekki er tekið tillit til vaxtabóta.

Greiðslubyrði íbúðarkaupenda minnkar ef viðmiðunarmörk útgefins fasteignaveðbréfs, sem húsbréfadeild tekur í skiptum fyrir húsbréf, hækka úr 65% í 75% sbr. töflur 1 og 2 hér að framan, ef kaupverðið er 6,0 milljónir króna eða lægra. Möguleikar lág-

tekju- og meðaltekjufólks til að kaupa íbúð á hinum almenna markaði aukast vegna þessa, en það er megintilgangur þessara breytinga.

Hækkun á viðmiðunarmörkum verðminnstu íbúðanna úr 65% í 75% hefur í för með sér að fjárhæð útgefinna húsbréfa á ári getur hækkað um allt að 5–10%. Með þessari breytingu munu fleiri geta keypt íbúðir á hinum almenna markaði. Á móti kemur að ráðstöfnarfé viðskiptabanka og lífeyrissjóða mun að öllum líkindum aukast vegna þessarar hækkunar á viðmiðunarmörkunum þar sem þörf íbúðarkaupenda fyrir skammtímalán mun minnka. Áhrifin geta því verið jákvæð fyrir fjármagnsmarkaðinn.

Aðstoð við íbúðareigendur í greiðsluerfiðleikum.

Á árinu 1985 var stofnaður lánaflokkur hjá Byggingarsjóði ríkisins fyrir íbúðareigendur í greiðsluerfiðleikum. Lengst af hefur verið veitt sérstakt framlag úr ríkissjóði til fjármögnunar þessa lánaflokks. Íbúðareigendum í greiðsluerfiðleikum hefur samtals verið lánað um 2,8 milljarðar króna úr þessum lánaflokki, uppreiknað til september 1990. Tilgangurinn var upphaflega sá að aðstoða íbúðareigendur sem voru í greiðsluerfiðleikum vegna misgengis lána og launa á árinu 1983. Á síðustu missirum hafa þessi lán hins vegar verið veitt þeim íbúðareigendum er hafa lent í ófyrirséðum greiðsluerfiðleikum af ýmsum orsökum, s.s. vegna lágra launa eða veikinda.

Greiðsluerfiðleikar íbúðareigenda hafa í för með sér mikla erfiðleika jafnt fyrir viðkomandi fjölskyldur og þjóðfélagið í heild. Miklum árangri hefur verið náð með því að gefa íbúðareigendum í greiðsluerfiðleikum kost á sérstökum lánum úr Byggingarsjóði ríkisins, en vandinn hefur þó ekki verið leystur.

Gjaldþrot blasir við mörgum íbúðareigendum sem eru í greiðsluerfiðleikum. Sumir þeirra geta leyst vanda sinn með því að selja íbúðir sínar og festa kaup á annarri íbúð með því að nýta sér húsbréfakerfið. Íbúðareigendum í greiðsluerfiðleikum gengur hins vegar oft illa að selja þær íbúðir sem teknar hafa verið til uppboðsmeðferðar. Aðfarargerðir draga oft úr áhuga íbúðarkaupenda.

Margir íbúðareigendur hafa farið fram á að fá húsbréf til að greiða upp skuldir sínar og endurfjármagna þannig íbúðarkaup sín. Greiðslubyrði margra íbúðareigenda mundi minnka verulega ef þessu verður komið við. Vandi íbúðareigenda í greiðsluerfiðleikum stafar í flestum tilvikum af miklum skammtímalánum. Með því að gefa íbúðareigendum kost á húsbréfum til að greiða upp eða inn á skammtímaskuldir þeirra væri unnt að gera mörgum, sem eru í greiðsluerfiðleikum, kleift að halda íbúðum sínum og koma fjármögnun í þannig horf að þeir eigi möguleika á að standa undir greiðslubyrði sinni.

Samkvæmt upplýsingum frá ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar ríkisins eru meðalskuldir íbúðareigenda í greiðsluerfiðleikum, sem hafa sótt um aðstoð hjá stofnuninni síðastliðin tvö ár, eftirfarandi:

Skuldir við Húsnæðisstofnun ríkisins	kr. 1.200.000,-.
Skuldir við lífeyrissjóði	kr. 850.000,-.
Skammtímaskuldir (bankar, sparisj. ofl.)	kr. 1.450.000,-.
Samtals	kr. 3.500.000,-.

Meðalgreiðslubyrði þessara íbúðareigenda, miðað við að öll lán séu í skilum, er um 50–100.000 krónur á mánuði. Greiðslubyrðin er mismunandi hjá íbúðareigendum og háð

því hve hagstæð lánskjör íbúðareigendur fá á skammtímalánum. Ef skammtímaskuldir eru allar greiddar upp með húsbréfum verður greiðslubyrðin um eða undir 30.000 krónur á mánuði í ofangreindu dæmi.

Fjárhæð útgefinna húsbréfa á ári mun hækka við það að íbúðareigendum í greiðsluerfiðleikum verði gefinn kostur á að skipta á fasteignaveðbréfum og húsbréfum til greiðslu á skuldum. Á móti kemur hins vegar að ráðstöfunarfé viðskiptabanka og lífeyrissjóða mun aukast vegna þessa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að húsbréfadeild hafi heimild til að skipta á húsbréfum og fasteignaveðbréfum vegna meiri háttar endurbóta eða endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði.

Sömu reglur gildi um framkvæmdir þegar húsbréfum verður skipt fyrir fasteignaveðbréf og nú eru við afgreiðslu lána vegna meiri háttar viðbygginga, endurbóta eða endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði úr Byggingarsjóði ríkisins. Miðað er við að 80% af lánshæfum framkvæmdum sé lokið áður en skuldabréfaskipti fari fram. Almennt viðhald íbúðarhúsnæðis telst ekki til meiri háttar endurbóta eða endurnýjunar. Umsóknum um skipti á fasteignaveðbréfum fyrir húsbréf vegna meiri háttar endurbóta eða endurnýjunar á íbúðarhúsnæði skal fylgja kostnaðaráætlun og verklýsing á eyðublöðum sem hlotið hafa samþykki húsbréfadeildar Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Um 2. gr.

Lagt er til að unnt verði að skipta á húsbréfum og fasteignaveðbréfum fyrir fjárhæð sem nemur allt að 75% af matsverði íbúðar í stað 65% eins og nú er ef eðlilegt matsverð fasteignar er 6.200.000 kr. eða lægra. Ástæðan fyrir þessu er sú að lán sem er 75% af 6.200.000 kr. íbúð er hærra en hámarkslán úr Byggingarsjóði ríkisins í nóvember 1990, sem er 4.637.000 kr. Lagt er til að unnt verði að skipta húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf fyrir allt að 65% af matsverði íbúðar ef það er 7.154.000 kr. eða hærra. Fjárhæð fasteignaveðbréfs verði allt að 4.650.000 kr. ef matsverð íbúðar er á bilinu 6.200.000 kr. til 7.154.000 kr. til að fyrirbyggja að þeir sem kaupa íbúðir á liðlega 6,2 milljónir fái ekki lakari fyrirgreiðslu en þeir sem kaupa íbúðir undir 6,2 milljónir. Ofangreindar fjárhæðir eru miðaðar við vísitölu byggingarkostnaðar í nóvember 1990, 173,2 stig, júlí 1987 100 stig, og breytast ársfjórðungslega í samræmi við breytingar á vísitölunni.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til að fyrstu 12 mánuðina eftir gildistöku laga þessara hafi húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar heimild til að skipta á húsbréfum og fasteignaveðbréfum, sem gefin eru út með veði í íbúðarhúsnæði, til greiðslu á skuldum íbúðareigenda í greiðsluerfiðleikum.

Við það er miðað að fjárhæð fasteignaveðbréfs verði aldrei hærri en þörf er á til að umsækjandi geti staðið undir greiðslubyrði skulda sinna miðað við þær reglur sem húsbréfadeild setur um greiðslugetu íbúðarkaupanda. Skilyrði fyrir afgreiðslu í húsbréfakerfinu eru að fjárhagsvandi umsækjanda sé til kominn vegna fjármögnunar á hóflegu íbúðarhúsnæði, miðað við fjölskylduaðstæður, fyrir liggi að skipti á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf leysi greiðsluvanda umsækjanda, skuldareigendur samþykki greiðslu skulda

umsækjanda með húsbréfum, umsækjandi uppfylli skilyrði um greiðslugetu og að íbúð uppfylli skilyrði um veðhæfni.

Sþ. 155. Fyrirspurn [149. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um greiðslu sérfræðiþjónustu fyrir fatlað fólk.

Frá Málmfríði Sigurðardóttur.

1. Hver er ástæða þess að fötluðu fólki innan 16 ára aldurs er gert að greiða hærri fjárhæð fyrir viðtal við sérfræðing en fötluðu fólki 16 ára og eldra?
2. Hver er ástæða þess að sjúkraþjálfun fatlaðra barna er ekki metin sem sérfræðiþjónusta?

Sþ. 156. Tillaga til þingsályktunar [150. mál]

um fullgildingu bókunar við alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda aðra valfrjálsa bókun um afnám dauðarefsingar við samninginn frá 19. desember 1966 um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi sem gerð var í New York 15. desember 1989.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Samningurinn um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi var samþykktur á 21. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York og lagður fram til undirritunar þar 19. desember 1966. Samningurinn var undirritaður af Íslands hálfu 30. desember 1968. Hann var fullgiltur 22. ágúst 1979 samkvæmt heimild í ályktun Alþingis 8. maí 1979, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1979, þar sem samningurinn er birtur. Á sama tíma gerðist Ísland einnig fullgildur aðili valfrjálsrar bókunar við alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

Hinn 15. desember 1989 var samþykkt á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna önnur valfrjáls bókun við alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi varðandi afnám dauðarefsingar. Bókunin er birt sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Í 1. gr. bókunarinnar segir að dauðarefsingu skuli ekki framfylgt innan lögsögu aðildarríkis. Samkvæmt 2. tölul. 1. gr. skal aðildarríki beita öllum nauðsynlegum ráðum til þess að afnema dauðarefsingu innan lögsögu sinnar. Undantekningu má gera þegar um er að ræða hernaðarleg brot mjög alvarlegs eðlis sem framin eru á stríðstímum, sbr. 2. tölul. 2. gr. bókunarinnar.

Í 4. og 5. gr. bókunarinnar eru ákvæði um kæruheimildir gagnvart aðildarríki.

4. gr. fjallar um lögbæri mannréttindanefndarinnar til þess að taka við og athuga erindi þegar aðildarríki heldur því fram að annað aðildarríki framfylgi ekki skyldum sínum. Ísland hefur skv. 41. gr. samningsins viðurkennt vald nefndarinnar þar að lútandi að því er varðar ákvæði samningsins og mun viðurkenna það vald einnig vegna ákvæða bókunarinnar.

5. gr. fjallar hinsvegar um lögbæri nefndarinnar til að athuga erindi frá einstaklingum. Ísland hefur einnig viðurkennt vald nefndarinnar í því skyni gagnvart skuldbindingum í samningnum og mun viðurkenna þennan rétt að því er varðar bókunina. Sambærilegar kæruheimildir eru í Mannréttindasáttmála Evrópu um rétt mannréttindanefndarinnar til þess að taka við kærum frá einstaklingum og aðildarríkjum um meint mannréttindabrot samningsríkjanna.

Dauðarefsing var numin úr íslenskum lögum árið 1928, sbr. 1. gr. laga nr. 51/1928, og hafði henni þá ekki verið beitt í langan tíma. Hinn 22. maí 1987 fullgilti Ísland viðbótarsamning nr. 6 við Mannréttindasáttmála Evrópu um afnámdauðarefsingar, frá 28. apríl 1983, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 6/1987, þar sem samningurinn er birtur.

Af framansögðu verður ekki séð að nokkuð sé því til fyrirstöðu að bókunin verði fullgild af Íslands hálfu.

Fylgiskjal.

ÖNNUR VALFRJÁLS BÓKUN við alþjóðasamning um borgaraleg réttindi um afnám dauðarefsingar

Ríki þau sem aðilar eru að bókun þessari

telja að afnám dauðarefsingar stuðli að eflingu göfgi mannsins og framþróun mannréttinda

minna á 3. gr. Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna sem samþykkt var 10. desember 1948 og 6. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi sem samþykkt var 16. desember 1966

minna á að í 6. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi sé vísað til afnáms dauðarefsingar á þann hátt að sérstaklega sé gefið til kynna að afnám dauðarefsingar sé æskilegt

eru sannfærð um að allar ráðstafanir til afnáms dauðarefsingar skuli teljast auka möguleikana á að njóta réttar til lífs

æskja að takast hér með á hendur alþjóðlega skuldbindingu um afnám dauðarefsingar

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

1. Enginn sem búsettur er innan lögsögu ríkis sem aðili er að bókun þessari skal tekinn af lífi.

2. Aðildarríki skal beita öllum nauðsynlegum ráðum til að afnema dauðarefsingu innan lögsögu sinnar.

2. gr.

1. Enginn fyrirvari er leyfilegur samkvæmt samningi þessum að undanskildum fyrirvara, sem gerður er við fullgildingu eða aðild og gerir ráð fyrir beitingu dauðarefsingar á stríðstímum, við sakfellingu fyrir alvarlegustu afbrot hernaðarlegs eðlis og sem framin eru á stríðstímum.

2. Aðildarríki sem gerir slíkan fyrirvara skal við fullgildingu eða aðild tilkynna aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um viðeigandi ákvæði í lögum sem eiga við á stríðstímum.

3. Aðildarríki sem gert hefur slíkan fyrirvara skaltilkynna aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna upphaf eða endi stríðsástands sem nær til landsvæðis þess.

SECOND OPTIONAL PROTOCOL to the International Covenant on Civil and Political Rights, aiming at the abolition of the death penalty

The States parties to the present Protocol,

Believing that abolition of the death penalty contributes to enhancement of human dignity and progressive development of human rights,

Recalling article 3 of the Universal Declaration of Human Rights adopted on 10 December 1948 and article 6 of the International Covenant on Civil and Political Rights adopted on 16 December 1966,

Noting that article 6 of the International Covenant on Civil and Political Rights refers to abolition of the death penalty in terms that strongly suggest that abolition is desirable,

Convinced that all measures of abolition of the death penalty should be considered as progress in the enjoyment of the right to life,

Desirous to undertake hereby an international commitment to abolish the death penalty,

Have agreed as follows:

Article 1

1. No one within the jurisdiction of a State party to the present Optional Protocol shall be executed.

2. Each State party shall take all necessary measures to abolish the death penalty within its jurisdiction.

Article 2

1. No reservation is admissible to the present Protocol, except for a reservation made at the time of ratification or accession that provides for the application of the death penalty in time of war pursuant to a conviction for a most serious crime of a military nature committed during wartime.

2. The State party making such a reservation shall at the time of ratification or accession communicate to the Secretary-General of the United Nations the relevant provisions of its national legislation applicable during wartime.

3. The State party having made such a reservation shall notify the Secretary-General of the United Nations of any beginning or ending of a state of war applicable to its territory.

3. gr.

Ríki, þau sem aðilar eru að bókun þessari, skulu í skýrslum sem þau leggja fyrir mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna í samræmi við 40. gr. samningsins tilgreina þær ráðstafanir sem þau hafa gert til þess að veita bókun þessari gildi.

Article 3

The States parties to the present Protocol shall include in the reports they submit to the Human Rights Committee, in accordance with article 40 of the Covenant, information on the measures that they have adopted to give effect to the present Protocol.

4. gr.

Að því er varðar ríki, sem aðilar eru að samningnum og gefið hafa yfirlýsingu samkvæmt 41. gr., skal lögbæri mannréttindanefndarinnar til þess að taka við og athuga orðsendingar þess efnis að aðildarríki heldur því fram að annað aðildarríki framfylgi ekki skyldum sínum einnig ná til ákvæða þessarar bókunar, nema því aðeins að hlutaðeigandi aðildarríki hafi gefið gagnstæða yfirlýsingu við fullgildingu eða aðild.

Article 4

With respect to the States parties to the Covenant that have made a declaration under article 41, the competence of the Human Rights Committee to receive and consider communications when a State party claims that another State party is not fulfilling its obligations shall extend to the provisions of the present Protocol, unless the State party concerned has made a statement to the contrary at the moment of ratification or accession.

5. gr.

Að því er varðar ríki, sem aðilar eru að fyrstu valfrjálsri bókun við alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sem gerð var 16. desember 1966, skal lögbæri mannréttindanefndarinnar til þess að taka við og athuga erindi frá einstaklingum, sem fjalla undir lögsögu þess, einnig ná til ákvæða bókunar þessarar, nema því aðeins að hlutaðeigandi aðildarríki hafi gefið gagnstæða yfirlýsingu við fullgildingu eða aðild.

Article 5

With respect to the States parties to the (first) Optional Protocol to the International Covenant on Civil and Political Rights adopted on 16 December 1966, the competence of the Human Rights Committee to receive and consider communications from individuals subject to its jurisdiction shall extend to the provisions of the present Protocol, unless the State party concerned has made a statement to the contrary at the moment of ratification or accession.

6. gr.

1. Ákvæði bókunar þessarar skulu gilda sem viðbótarákvæði samningsins.

2. Að áskildum möguleika á að gera fyrirvara samkvæmt 2. gr. bókunar þessarar skal ekki heimilt að víkja samkvæmt 4. gr. samningsins frá rétti þeim sem tryggður er í 1. tl. 1. gr. bókunar þessarar.

Article 6

1. The provisions of the present Protocol shall apply as additional provisions to the Covenant.

2. Without prejudice to the possibility of a reservation under article 2 of the present Protocol, the right guaranteed in article 1, paragraph 1, of the present Protocol shall not be subject to any derogation under article 4 of the Covenant.

7. gr.

1. Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir hvert það ríki sem undirritað hefur samninginn.

2. Sérhvert ríki sem hefur fullgilt eða gerst aðili að samningnum er heimilt að fullgilda þessa bókun. Fullgildingarskjöl skal afhenda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

3. Bókun þessi skal liggja frammi til aðildar fyrir hvert það ríki sem fullgilt hefur eða gerst aðili að samningnum.

Article 7

1. The present Protocol is open for signature by any State that has signed the Covenant.

2. The present Protocol is subject to ratification by any State that has ratified the Covenant or acceded to it. Instruments of ratification shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

3. The present Protocol shall be open to accession by any State that has ratified the Covenant or acceded to it.

4. Aðild skal öðlast gildi með því að aðildarskjal er afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

5. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum þeim ríkjum sem undirritað hafa þessa bókun eða gerst aðilar að henni um afhendingu sérhvers fullgildingar- eða aðildarskjals.

8. gr.

1. Bókun þessi skal öðlast gildi þremur mánuðum eftir þann dag sem tíunda fullgildingar- eða aðildarskjalið er afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

2. Nú fullgildir ríki þessa bókun eða gerist aðili að henni eftir afhendingu tíunda fullgildingar- eða aðildarskjalsins til varðveislu og skal þá þessi bókun öðlast gildi gagnvart því ríki þremur mánuðum eftir þann dag sem það afhendir sitt eigið fullgildingar- eða aðildarskjal til varðveislu.

9. gr.

Ákvæði þessarar bókunar skulu ná til allra hluta sambandsríkja án nokkurra takmarkana eða undantekninga.

10. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum þeim ríkjum sem vikið er að í 1. tl. 48. gr. samningsins um eftirfarandi atriði:

(a) fyrirvara og tilkynningar samkvæmt 2. gr. bókunar þessarar,

(b) yfirlýsingar samkvæmt 4. eða 5. gr.,

(c) undirritanir, fullgildingar og aðildir samkvæmt 7.gr.,

(d) gildistökudag bókunar þessarar samkvæmt 8. gr.

11. gr.

1. Bókun þessari skal komið til varðveislu í skjalasafni Sameinuðu þjóðanna og eru textarnir á arabísku, kínversku, ensku, frönsku, rússnesku og spönsku jafngildir.

2. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal senda öllum þeim ríkjum sem vikið er að í 48. gr. samningsins staðfest afrit bókunar þessarar.

4. Accession shall be effected by the deposit of an instrument of accession with the Secretary General of the United Nations.

5. The Secretary-General of the United Nations shall inform all States that have signed the present Protocol or acceded to it of the deposit of each instrument of ratification or accession.

Article 8

1. The present Protocol shall enter into force three months after the date of the deposit with the Secretary-General of the United Nations of the tenth instrument of ratification or accession.

2. For each State ratifying the present Protocol or acceding to it after the deposit of the tenth instrument of ratification or accession, the present Protocol shall enter into force three months after the date of the deposit of its own instrument of ratification or accession.

Article 9

The provisions of the present Protocol shall extend to all parts of federal States without any limitations or exceptions.

Article 10

The Secretary-General of the United Nations shall inform all States referred to in article 48, paragraph 1, of the Covenant of the following particulars:

(*a*) Reservations, communications and notifications under article 2 of the present protocol;

(*b*) Statements made under its articles 4 or 5;

(*c*) Signatures, ratifications and accessions under its article 7;

(*d*) The date of the entry into force of the present Protocol under its article 8.

Article 11

1. The present Protocol, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited in the archives of the United Nations.

2. The Secretary-General of the United Nations shall transmit certified copies of the present Protocol to all States referred to in article 48 of the Covenant.

Ed. 157. Nefndarálit [117. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Guðrún J. Halldórsdóttir og Halldór Blöndal voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. nóv. 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm. Jóhann Einvarðsson, fundaskr. Skúli Alexandersson.

Eiður Guðnason. Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 158. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um heimild til hækkunar á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Guðrún J. Halldórsdóttir og Halldór Blöndal voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. nóv. 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm. Jóhann Einvarðsson, fundaskr. Skúli Alexandersson.

Eiður Guðnason. Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 159. Nefndarálit [35. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 17 3. apríl 1990, um ábyrgðadeild fiskeldislána.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um efni frumvarpsins og fékk á sinn fund Jóhann Antonsson frá ábyrgðadeild fiskeldislána og Vilhjálm Guðmundsson frá Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva. Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt.

Guðrún J. Halldórsdóttir og Halldór Blöndal voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. nóv. 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm. | Jóhann Einvarðsson, fundaskr. | Skúli Alexandersson.

Eiður Guðnason. | Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 160. Nefndarálit [44. mál]

um frv. til l. um norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Í ljós kom við yfirlestur þess að ákveðins ósamræmis gætti í texta frumvarpsins þar sem norræna fjármögnunarfélagið er stundum nefnt félag og stundum nefnt sjóður. Nefndin leggur til að orðinu „sjóður“ í þremur greinum frumvarpsins verði breytt í félag, til samræmis við orðalag í samningi Norðurlandaþjóðanna um stofnun fjármögnunarfélagsins. Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þessum breytingum sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Guðrún J. Halldórsdóttir og Halldór Blöndal voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. nóv. 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm. | Jóhann Einvarðsson, fundaskr. | Skúli Alexandersson.

Eiður Guðnason. | Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 161. Breytingartillögur [44. mál]

við frv. til l. um norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „Sjóðurinn skal undanþeginn“ í upphafi greinarinnar komi: Félagið skal undanþegið.
   b. Í stað orðanna „sjóðsins“ og „hans“ í niðurlagi greinarinnar komi: félagsins og þess.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna „Sjóðurinn skal vera undanþeginn“ í upphafi greinarinnar komi: Félagið skal undanþegið.
3. Við 4. gr. Í stað orðsins „sjóðurinn“ komi: félagið.

Ed. 162. Nefndarálit [92. mál]

um frv. til l. um ábyrgð vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess með eftirfarandi

BREYTINGU:

Fyrirsögn frv. verði: Frv. til l. um ábyrgð gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum.

Guðrún J. Halldórsdóttir og Halldór Blöndal voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. nóv. 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm. Jóhann Einvarðsson, fundaskr. Skúli Alexandersson.

Eiður Guðnason. Ey. Kon. Jónsson.

Nd. 163. Frumvarp til laga [151. mál]

um breytingu á lögum nr. 78/1980, um jöfnunargjald, með síðari breytingum.

Flm.: Friðrik Sophusson.

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Á árinu 1990 skal veita 200 millj. kr. til að endurgreiða iðnfyrirtækjum uppsafnaðan söluskatt vegna ársins 1989.

2. gr.

Við 6. gr. laganna bætist nýr málsliður svohljóðandi: Lög þessi falla úr gildi 31. desember 1990.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um sama efni var flutt á síðasta þingi og þá fylgdi því svofelld greinargerð:

„Lög um jöfnunargjald voru fyrst samþykkt á Alþingi vorið 1978. Samkvæmt þeim var 3% jöfnunargjald lagt á innflutning sömu iðnvara og framleiddar voru hér á landi til að vega upp á móti þeim söluskatti sem varð hluti framleiðslukostnaðar þessara vara samkvæmt gildandi söluskattslögum. Tekjum af jöfnunargjaldinu átti að ráðstafa að hluta til að efla iðnþróun. Í greinargerð með frumvarpinu sagði m.a. orðrétt:

„Leggja ber áherslu á að álagning þessa gjalds er tímabundin ráðstöfun þar sem við

upptöku virðisaukaskatts félli gjaldið niður vegna þess að uppsöfnunaráhrifum yrði þar með eytt. Með álagningu þessa gjalds er ekki talið að farið sé út fyrir þau takmörk sem aðildarsamningur Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu og samningur við Efnahagsbandalag Evrópu setja okkur, svo framarlega sem gjaldið er ekki hlutfallslega hærra en nemur þeim kostnaðarauka sem uppsöfnun söluskatts nú veldur í verði innlendrar vöru."

Í greinargerð var einnig sagt að eðlilegt væri að verja hluta af tekjunum „til að tryggja að útflytjendur iðnaðarvara þurfi eigi að verðleggja vöru sína með hliðsjón af þeim söluskatti er orðið hefur hluti af framleiðslukostnaði vörunnar". Lögin voru tímabundin og giltu til 31. desember 1980, enda var gert ráð fyrir að virðisaukaskattur tæki við af söluskatti í byrjun árs 1981.

Á næsta þingi fluttu fjórir þingmenn, þar á meðal núverandi fjármálaráðherra, frumvarp til laga um breytingu á lögum um jöfnunargjaldið. Í greinargerð frumvarpsins sagði orðrétt m.a. um tilgang laganna:

„Lög þessi voru sett til að jafna samkeppnisstöðu íslensks iðnaðar gagnvart iðnaði landa EFTA og EBE vegna ólíkra söluskattskerfa."

Núgildandi lög um jöfnunargjald, lög nr. 78/1980, eru byggð á lögunum frá 1978. Áfram er ætlast til að tekjunum af jöfnunargjaldinu sé ráðstafað að hluta til að efla iðnþróun. Í greinargerð með frumvarpinu er áhersla lögð á að um tímabundna ráðstöfun sé að ræða vegna mismunandi söluskattskerfa.

Þegar lög um virðisaukaskatt voru samþykkt á Alþingi var gengið út frá því að jöfnunargjaldið félli niður. Í töflum um áhrif virðisaukaskatts á tekjur ríkissjóðs, en þær fylgdu frumvarpinu, er sýnt hvaða áhrif slíkt hefur og þegar skatthlutfallið var ákveðið var gert ráð fyrir því tekjutapi.

Í tengslum við gerð kjarasamninga á sl. ári var samið um ýmis atriði við ríkisstjórnina, þar á meðal um jöfnunargjaldið. Í bréfi forsætisráðherra, dags. 30. apríl 1989, til VSÍ og Vinnumálasambands samvinnufélaga segir orðrétt: „Jöfnunargjald af innfluttum vörum verður hækkað tímabundið úr 3% í 5% og fellur niður þegar virðisaukaskattur kemur til framkvæmda." Lögunum var síðan breytt og gjaldhlutfallið hækkað í samræmi við þessa yfirlýsingu.

Við afgreiðslu fjárlaga varð ljóst að ríkisstjórnin ætlaði ekki að standa við loforð sitt og fella gjaldið niður. Í fjárlögum er gert ráð fyrir að gjaldið verði innheimt í sex mánuði óbreytt. Hins vegar var ekki í fjárlögum ætlast til að ríkið endurgreiddi uppsafnaðan söluskatt vegna framleiðslu sl. árs. Í stað þess voru 390 millj. kr. veittar til þess með fjáraukalögum sem samþykkt voru í desember 1989. Af þeirri upphæð gengu 100 milljónir króna til iðnaðarins.

Nú hefur komið í ljós að sú upphæð dugir ekki til. Iðnaðarráðherra gerði þetta að umtalsefni í ræðu sinni á ársþingi FÍI 15. mars sl. og sagði þá m.a.:

„Frá upptöku virðisaukaskatts um síðustu áramót heyrir uppsöfnun söluskatts í aðfangakostnaði iðnfyrirtækja sögunni til. Í fjárlögum fyrir árið 1990 er því ekki gert ráð fyrir neinni fjárveitingu til endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti í iðnaði. Jafnframt hefur verið gert ráð fyrir því að 5% jöfnunargjald á innfluttar iðnaðarvörur verði fellt niður frá miðju þessu ári.

Því er hins vegar ekki að neita að sú fjárhæð, sem ákveðin var með fjáraukalögum á síðasta ári til að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt í iðnaði vegna framleiðslu á árinu 1989, hrekkur ekki til. Samkvæmt áætlunum gæti fjárvöntunin numið allt að 170 milljónum króna."

Í fjárlögum er gert ráð fyrir að jöfnunargjaldið færi ríkissjóði 500 millj. kr. í tekjur. Eina réttlætingin, sem ríkisstjórnin hafði fyrir því að ganga á bak orða sinna og fresta niðurfellingu gjaldsins, var að tekjurnar þyrfti til að mæta útgjöldum vegna endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti af framleiðslu sl. árs. Það kom því verulega á óvart þegar iðnaðarráðherra sagði eftirfarandi í áðurgreindri ræðu:

„Við þær erfiðu aðstæður, sem nú eru í ríkisfjármálunum, verður því ef til vill ekki hjá því komist að fresta niðurfellingu jöfnunargjaldsins um nokkra mánuði til þess að afla fjár til endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti til iðnaðar vegna framleiðslu á síðasta ári. Það er í fullu samræmi við lögin um jöfnunargjaldið sem enn eru í gildi og ákveða að hluta af tekjum af því skuli varið í þágu iðnaðarins. Ég hef undirbúið um þetta tillögu sem ég mun leggja fram í ríkisstjórn á morgun."

Tilgangurinn með flutningi þessa frumvarps er annars vegar að tryggja endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti til iðnfyrirtækja vegna framleiðslu síðasta árs með sama hætti og tíðkast hefur undanfarin ár. Hins vegar er það tilgangurinn að koma í veg fyrir að ríkisstjórnin gangi á bak orða sinna og haldi áfram innheimtu jöfnunargjalds í ríkissjóð lengur en eðlilegt getur talist og fjárlög gera ráð fyrir."

Við afgreiðslu fjáraukalaga í maí sl. flutti flutningsmaður þessa frumvarps breytingartillögur sama efnis. Í umræðum um tillögurnar skoraði iðnaðarráðherra á flutningsmann að kalla þær aftur. Á það var fallist í trausti þess að ríkisstjórnin afgreiddi málið síðar á árinu með viðlíka hætti og tillögurnar gerðu ráð fyrir. Í fjáraukalögum þeim, sem nú liggja fyrir þinginu, er gert ráð fyrir að 150 millj. kr. verði endurgreiddar, en ekki 200 millj. kr. sem er viðurkennt að vanti til að endurgreiða að fullu. Mismunurinn stafar af því að ríkisstjórnin hefur ákveðið að endurgreiða ekki uppsafnaðan söluskatt af framleiðslu iðnfyrirtækja í desember 1989. Þá er í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1991 áætlað að innheimta 700 millj. kr. í jöfnunargjald sem renna skulu óskiptar í ríkissjóð.

Af því sem hér hefur verið rakið er ljóst að jöfnunargjald mun skila tæpum milljarði króna í tekjur á yfirstandandi ári, en aðeins 150 millj. kr. verða endurgreiddar, ef fjáraukalagafrumvarpið verður samþykkt óbreytt. Og áfram verður jöfnunargjaldið innheimt þrátt fyrir yfirlýsingar um annað.

Að lokum skal þess getið að flutningsmaður hefur tvívegis ritað utanríkisráðherra bréf og spurst fyrir um álit hans á því, hvort það samræmist fríverslunarsamningum Íslands við önnur ríki að halda áfram álagningu og innheimtu jöfnunargjalds eftir að virðisaukaskattur hefur verið tekinn upp. Svör hafa ekki borist enn.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eðlilegt er að ríkissjóður endurgreiði uppsafnaðan söluskatt iðnfyrirtækja af framleiðslu sl. árs eins og gert hefur verið á undanförnum árum. Af þeim 390 millj. kr., sem ætlaðar voru til greiðslu á uppsöfnuðum söluskatti samkvæmt fjáraukalögum á sl. ári, gengu 100 millj. kr. til iðnaðarins. Upplýst er að enn vanti 190–200 millj. kr. til greiðslu á uppsöfnuðum söluskatti af framleiðslu sl. árs. Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, er ríkissjóði skylt að greiða út allt að 200 millj. kr. af þeim tæpum 1.000 millj. kr. sem innheimtast á árinu.

Um 2. gr.

Hér er lagt til í samræmi við margyfirlýstan vilja Alþingis og loforð ríkisstjórnarinn-

ar að fella niður jöfnunargjaldið. Áætlað var að gjaldið yrði afnumið á miðju þessu ári og skilaði 500 millj. kr. Samkvæmt þessari grein verður jöfnunargjaldið fellt niður í árslok og hefur þá skilað tæpum 500 milljónum króna umfram það sem áætlað var í fjárlögum yfirstandandi árs.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneytið, hagdeild:

Tekjur af jöfnunargjaldi 1981–1989.

Hér með fylgir yfirlit um tekjur ríkissjóðs af jöfnunargjaldi 1981–1989, svo og þær endurgreiðslur sem því eru tengdar.

	Innheimta tekjur (m.kr.)	**Þar af endurgreitt** (m.kr.)
Árið 1981	37,8	20,9
Árið 1982	66,6	37,8
Árið 1983	110,4	57,1
Árið 1984	142,6	79,4
Árið 1985	217,9	113,1
Árið 1986	282,7	169,9
Árið 1987	403,9	263,2
Árið 1988	513,4	225,5
Árið 1989, brb	833,5	337,2
Árið 1990, brb.	960,0[1]	150,0[2]

[1]Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1991.

[2]Samkvæmt fjáraukalagafrumvarpi fyrir árið 1990.

Nd. 164. Frumvarp til laga [152. mál]

um flutning Lyfjatæknaskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands til menntamálaráðuneytisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

15. gr. laga nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, með síðari breytingu, orðist svo:

Menntamálaráðuneytið starfrækir við framhaldsskóla nám í lyfjatækni í samvinnu við samtök lyfsala. Menntamálaráðherra setur með reglugerð ákvæði um námið og tilhögun þess.

Lyfjabúðum er skylt samkvæmt nánari ákvörðun heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í reglugerð að vista lyfjatækninema til verklegs náms.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra getur með reglugerð sett ákvæði um starfsréttindi lyfjatækna, svo og annars afgreiðslu- og aðstoðarfólks í lyfjabúðum og öðrum stofnunum sem afgreiða, framleiða eða selja lyf í heildsölu.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laga um sjúkraliða, nr. 58/1984, með síðari breytingum, orðist svo:

Leyfi skv. 1. gr. má veita þeim sem lokið hafa námi frá skóla hér á landi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið viðurkennir.

4. mgr. 5. gr. laga um sjúkraliða, nr. 58/1984, eins og greininni var breytt með lögum nr. 73/1989, fellur niður.

3. gr.

Í 2. gr. laga nr. 40/1985, um Þroskaþjálfaskóla Íslands, komi: menntamálaráðherra í stað „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra".

4. gr.

Við 6. gr. laga nr. 35/1964, um Ljósmæðraskóla Íslands, bætist nýr málsliður svohljóðandi:

Lög þessi falla úr gildi 31. desember 1992.

5. gr.

2. gr. 1. mgr. ljósmæðralaga, nr. 67/1984, orðist svo:

Leyfi skv. 1. gr. má veita þeim sem lokið hafa námi frá skóla hér á landi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið viðurkennir.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1991. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella þau inn í meginmál þeirra laga sem þau breyta og gefa þau lög út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fjórir skólar heilbrigðisstétta eru nú reknir af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu: Ljósmæðraskóli Íslands, Lyfjatæknaskóli Íslands, Sjúkraliðaskóli Íslands og Þroskaþjálfaskóli Íslands. Ráðuneytið hefur verið þeirrar skoðunar að rekstur skóla væri á verk-

sviði menntamálaráðuneytisins.

Á síðustu árum hefur verið boðið upp á sjúkraliðanám í fjölbrautaskólum. Heilbrigðisráðuneytið telur því að ekki sé lengur þörf á Sjúkraliðaskóla Íslands og hefur skólinn því verið lagður niður frá og með 1. nóvember 1990 og verða fjárframlög o.fl. er tengist skólanum flutt yfir til menntamálaráðuneytis miðað við þá dagsetningu.

Samkomulag hefur náðst milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og menntamálaráðherra um að menntamálaráðuneytið taki við yfirstjórn og rekstri náms lyfjatækna, sjúkraliða og þroskaþjálfa. Hefur verið miðað við að þessi breyting verði 1. júlí 1991. Gert er ráð fyrir að framlög á fjárlögum ársins 1991 hvað snertir lyfjatækna og þroskaþjálfa flytjist milli ráðuneytanna sem þessu nemur, svo og eigur skólanna, samningar um húsaleigu, ráðningarsamningar o.fl.

Jafnframt hafa heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og menntamálaráðherra samið um að að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið leggi niður Ljósmæðraskóla Íslands á árinu 1992. Ákveðið hefur verið að sá hópur, sem hóf nám í haust, verði síðasti hópurinn sem lýkur námi frá skólanum. Þessi hópur mun ljúka námi vorið 1992. Mun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið leggja starfsemi skólans niður í framhaldi af því. Á vegum menntamálaráðuneytisins er hafin athugun á framtíðarskipan ljósmæðranáms og hugsanlegum tengslum þess við námsbraut í hjúkrunarfræði í Háskóla Íslands.

Af hálfu menntamálaráðuneytisins er fyrirhugað að kennsla sjúkraliða og lyfjatækna verði tengd framhaldsskólum sem fyrir eru en að Þroskaþjálfaskóli Íslands starfi áfram sem sérstök stofnun.

Til að framangreindar breytingar á yfirstjórn og tilhögun náms ljósmæðra, lyfjatækna, sjúkraliða og þroskaþjálfa geti komist í kring þarf að breyta fimm lögum.

Frumvarp þetta var lagt fram í lok síðasta þings en ekki vannst tími til að afgreiða það. Fyrir því er það lagt fram óbreytt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi breyting snertir Lyfjatæknaskóla Íslands. Gert er ráð fyrir að Lyfjatæknaskóli Íslands flytjist yfir til menntamálaráðuneytisins og mun hann verða sérstök námsbraut innan framhaldsskólakerfisins.

Um 2. gr.

Þessi grein fjallar um nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 58/1984, um sjúkraliða, vegna þess að Sjúkraliðaskóli Íslands hefur verið lagður niður.

Um 3. gr.

Hér er gerð sú breyting á 2. gr. laga nr. 40/1985, um Þroskaþjálfaskóla Íslands, að í stað heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra komi menntamálaráðherra.

Um 4. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur ákveðið að Ljósmæðraskóli Íslands verði lagður niður. Því er hér gert ráð fyrir að lög um Ljósmæðraskóla Íslands, nr. 35/1964, falli úr gildi 31. desember 1992.

Um 5. gr.

Þessi grein fjallar um nauðsynlegar breytingar á ljósmæðralögum, nr. 67/1984, vegna þess að Ljósmæðraskóli Íslands verður lagður niður.

Um 6. gr.

Rétt þykir að gera það skilyrði að þegar lögin hafa hlotið staðfestingu verði breytingar þær, sem þau fela í sér, felldar inn í meginmál þeirra laga sem þau breyta og þau lög gefin út þannig breytt.

Nd. 165. Frumvarp til laga [153. mál]

um breytingu á læknalögum, nr. 53/1988, með breytingu nr. 50/1990.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

1. mgr. 2. gr. hljóði svo:

Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hafa prófi frá læknadeild Háskóla Íslands, svo og viðbótarnámi á heilbrigðisstofnunum hér á landi eftir reglum sem ráðherra setur, að fengnum tillögum læknadeildar Háskóla Íslands, Læknafélags Íslands og landlæknis.

3. mgr. 2. gr. hljóði svo:

Áður en leyfi er veitt samkvæmt þessari grein skulu liggja fyrir tillögur landlæknis og læknadeildar Háskóla Íslands.

2. gr.

3. gr. hljóði svo:

Veita má manni, sem lokið hefur sambærilegu prófi og um getur í 2. gr., lækningaleyfi og þar með rétt til að kalla sig lækni hér á landi enda uppfylli hann skilyrði 2. gr. að öðru leyti. Læknadeild Háskóla Íslands getur sett sem skilyrði að viðkomandi gangi undir próf í lögum og reglum er varða störf lækna hér á landi og sanni kunnáttu í mæltu og rituðu íslensku máli. Læknadeild Háskóla Íslands getur og krafist þess að umsækjandi sanni kunnáttu sína í læknisfræði með því að gangast undir próf.

3. gr.

2. mgr. 5. gr. hljóði svo:

Ráðherra setur reglur um nám sérfræðinga, að fengnum tillögum læknadeildar Háskóla Íslands, Læknafélags Íslands og landlæknis. Áður en lækni er veitt leyfi til að kalla sig sérfræðing skulu liggja fyrir tillögur nefndar sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn og í eiga sæti landlæknir, sem jafnframt er formaður, einn fulltrúi tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands og einn fulltrúi tilnefndur af Læknafélagi Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin skal setja sér starfsreglur sem ráðherra staðfestir.

Á eftir 2. mgr. 5. gr. komi ný málsgrein sem verður 3. mgr. og hljóði svo:

Hafi læknir leyfi til að kalla sig sérfræðing á einhverju Norðurlandanna getur heilbrigðisráðherra veitt honum sams konar sérfræðileyfi, að fengnum tillögum landlæknis, enda sé að mati landlæknis ekki ástæða til að mæla gegn því að leyfi verði veitt.

4. gr.

2. mgr. 16. gr., sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 50/1990, hljóði svo:

Lækni er skylt að afhenda sjúklingi eða umboðsmanni hans afrit sjúkraskrár, allrar eða að hluta, sé sjúkraskráin færð eftir 30. júní 1988. Lækni er skylt, án tillits til aldurs sjúkraskráa, að afhenda landlækni og öðrum opinberum aðilum sjúkraskrár, sé þeim með lögum falið að athuga kæru sjúklings eða umboðsmanns hans vegna læknismeðferðar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella þau inn í meginmál læknalaga, nr. 53/1988, með breytingu nr. 50/1990, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í mars sl. var lagt fram frumvarp til laga um breytingu á læknalögum, nr. 53/1988, þar sem lagðar voru til breytingar á nokkrum greinum laganna með það fyrir augum að fjölga tillöguaðilum um viðbótarnám læknakandídata til að öðlast lækningaleyfi og um nám sérfræðinga. Enn fremur að breyta meðferð umsókna um lækningaleyfi og að tillit yrði tekið til samnings um gagnkvæm starfsréttindi innan heilbrigðisþjónustunnar á Norðurlöndum sem Ísland hefur verið aðili að varðandi lækna frá 1982. Jafnframt voru lagðar til breytingar á ákvæðum um afhendingarskyldu sjúkraskráa til þess að taka af öll tvímæli um afturvirkni skyldunnar og breytingar á framkvæmd ákvæðis 26. gr. laganna þar sem kveðið er á um að lækni sé óheimilt að reka lækningastofu eftir 75 ára aldur.

Skemmst frá að segja var aðeins tekin afstaða til tveggja efnisatriða við afgreiðslu málsins á Alþingi, annars vegar aldursákvæðisins og hins vegar afhendingarskyldunnar en ekki var fallist á afturvirkni hennar miðað við gildistöku læknalaga, nr. 53/1988. Auk þess voru samþykktar breytingar á 18. gr. laganna varðandi tilkynningarskyldu til landlæknis vegna mistaka eða vanrækslu af hálfu lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna.

Samkvæmt ofanrituðu var aðeins tekin afstaða til fárra efnisatriða við afgreiðslu frumvarpsins á Alþingi, enda kemur fram í áliti heilbrigðis- og tryggingaefndar neðri deildar að of skammur tími hafi verið til umfjöllunar fyrstu þriggja greina frumvarpsins.

Með vísun til ofanritaðs hefur verið ákveðið að leggja frumvarpið fram á ný með hliðsjón af þremur fyrstu greinum fyrra frumvarps. Enn fremur hefur verið ákveðið að leggja til breytingar á ákvæðunum um afhendingarskyldu þannig að þau standi ekki í vegi fyrir því að landlækni og öðrum opinberum aðilum, sem samkvæmt lögum er falið að athuga kærur vegna læknismeðferðar, verði afhentar sjúkraskrár, sem færðar voru fyrir gildistöku læknalaga, nr. 53/1988.

Ísland hefur um nokkurra ára skeið verið aðili hvað snertir lækna og lyfjafræðinga að norrænum samningi um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar. Samkvæmt honum hefur Ísland skuldbundið sig til að viðurkenna lækningaleyfi og sérfræðileyfi sem gefin eru út annars staðar á Norðurlöndum. Þetta þýðir í raun að íslenskur læknir sem stundað hefur framhaldsnám á einhverju Norðurlanda, t.d. Svíþjóð, og fengið sérfræðingsviðurkenningu þarlendra heilbrigðisyfirvalda á, í krafti samningsins, að fá sams konar sérfræðingsleyfi hér á landi þó svo að einhver munur kunni að vera milli landanna á námsfyrirkomulagi í viðkomandi sérgrein.

Læknadeild Háskóla Íslands hefur túlkað ákvæði norræna samningsins svo að þrátt fyrir sérfræðingsviðurkenningu frá einhverju Norðurlanda skuli deildin leggja sjálfstætt mat á það hvort veita eigi viðkomandi íslenskt sérfræðingsleyfi. Vegna þess að einhver

munur er milli landanna á námsfyrirkomulagi í einstökum sérgreinum hefur læknadeild nokkrum sinnum synjað íslenskum læknum, sem þegar hafa fengið, í flestum tilfellum sænska sérfræðingsviðurkenningu, um íslenska sérfræðingsviðurkenningu. Þar til nú hafa íslenskir læknar sem þannig hafa fengið synjun læknadeildar sætt sig við þá synjun og bætt við framhaldsnám sitt þeim mánuðum sem munurinn milli landanna hefur falist í.

Síðla árs 1987 synjaði læknadeild íslenskum lækni, sem árið 1986 hafði fengið sænska sérfræðingsviðurkenningu, um íslenskt sérfræðingsleyfi í viðkomandi sérgrein. Synjunina byggði deildin á tilteknu ákvæði í reglugerð nr. 311/1986 um veitingu lækningaleyfis og sérfræðingsleyfa. Ákvæðið heimilar læknadeild að synja lækni um sérfræðingsviðurkenningu hafi námið ekki verið nægilega samfellt eða óeðlilega langur tími hafi liðið frá því að viðkomandi lauk samfelldu sérnámi og þar til umsókn um sérfræðingsleyfi barst. Vegna ákvæða læknalaga, sem veita læknadeild algert neitunarvald í þessu efni, varð heilbrigðisráðherra að synja viðkomandi lækni um sérfræðingsviðurkenningu.

Í ljósi norræna samningsins vildi læknirinn ekki una þessum málalokum og skaut málinu til embættismannanefndar á vegum Norðurlandaráðs sem hefur það verkefni að fylgjast með framkvæmd samningsins. Að lokinni athugun sænska fulltrúans í nefndinni var málið tekið þar til umræðu og afgreiðslu. Niðurstaða nefndarinnar varð sú að með synjuninni hefði heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið brotið ákvæði norræna samningsins um gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda innan heilbrigðisþjónustunnar. Nefndin beindi þeim tilmælum til heilbrigðisráðuneytisins að málið yrði endurskoðað og sérfræðileyfi veitt.

Að óbreyttum læknalögum og reglugerð um veitingu sérfræðingsleyfa getur heilbrigðisráðherra ekki veitt umræddum lækni sérfræðingsleyfi. Heilbrigðisráðherra ritaði því læknadeild Háskóla Íslands bréf og greindi deildinni frá áformum sínum um að fella reglugerðarákvæði það sem málið strandaði á úr gildi. Læknadeild svaraði og vísaði til 5. gr. læknalaga sem segir að „ráðherra setur reglur um nám sérfræðinga samkvæmt tillögum læknadeildar Háskóla Íslands ... ", þ.e. benti ráðherra á að reglugerðinni gæti hann ekki breytt nema tillaga þar að lútandi kæmi frá læknadeildinni.

Á sama tíma hafa bæði Noregur og Svíþjóð reynt að synja læknum, með íslenskt lækningaleyfi, um norskt og sænskt lækningaleyfi með vísan til þess að í hinu íslenska viðbótarnámi sé ekki lengur innifalinn starfstími í heilsugæslu í dreifbýli. Hið íslenska viðbótarnám er þannig 12 mánuðir á sama tíma og norskir og sænskir læknakandidatar þurfa að ljúka tæplega tveggja ára viðbótarnámi til að fá lækningaleyfi í sínu heimalandi. Þessar tilraunir norskra og sænskra heilbrigðisyfirvalda hafa verið brotnar á bak aftur með vísan til norræna samningsins um gagnkvæm starfsréttindi.

Eftirlitsnefndin með framkvæmd norræna samningsins tók mál íslenska læknisins upp að nýju á fundi sínum í nóvember 1989 og ítrekaði þar fyrri niðurstöðu sína. Nefndin ákvað að yrði engin breyting á næstu þremur mánuðum á afstöðu íslenskra heilbrigðisyfirvalda í máli umrædds læknis mundi hún kæra heilbrigðisráðuneytið fyrir norrænu ráðherranefndinni fyrir brot á samningnum.

Tilraunir heilbrigðisráðherra til að leysa þetta mál hafa strandað á því að ákvæði læknalaga gefa læknadeild Háskóla Íslands algert vald um veitingu sérfræðileyfa og um setningu reglna um nám sérfræðinga. Er þetta einsdæmi meðal heilbrigðisstétta. Hjá öllum öðrum heilbrigðisstéttum hefur fagfélag eða háskóladeild viðkomandi stéttar eingöngu umsagnarrétt ásamt landlækni.

Til að tryggja það að túlkun læknadeildar Háskóla Íslands á norræna samningnum

stefni ekki í voða hagsmunum íslenskra lækna í framhaldsnámi á Norðurlöndum verður að breyta þeim ákvæðum læknalaga sem málið hefur strandað á. Um leið yrði því afstýrt að íslensk heilbrigðisyfirvöld verði kærð fyrir norrænu ráðherranefndinni vegna brota á norrænum samningi sem Íslendingar hafa staðfest og skuldbundið sig til að fylgja.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir breytingum á 2. og 5. gr. læknalaga sem hníga í þá átt að fjölga þeim aðilum sem geta gert tillögur til heilbrigðisráðherra um breytingar á reglum um viðbótarnám nýútskrifaðra lækna og um nám sérfræðinga. Auk læknadeildar Háskóla Íslands er gerð tillaga um að landlæknir og Læknafélag Íslands geri tillögur til heilbrigðisráðherra um reglur um viðbótarnám og sérfræðingsnám. Þar með er aðili sem heyrir beint undir ráðherra, þ.e. landlæknir, kominn með tillögurétt í þessu efni auk þess sem fagfélag lækna, Læknafélag Íslands, fær samsvarandi tillögurétt.

Hér eru og gerðar tillögur um breytta meðferð umsókna um almennt lækningaleyfi. Samkvæmt gildandi ákvæðum skal þriggja manna nefnd skoða umsóknir um almennt lækningaleyfi. Þorri þeirra sem sækja um almennt lækningaleyfi hafa lokið námi frá læknadeild Háskóla Íslands. Það sem skoða þarf vegna umsókna um almennt lækningaleyfi er hvort umsækjandi hafi lokið viðbótarnáminu, þ.e. kandídatsári, í samræmi við settar reglur. Það er óþarflega tafsamt fyrirkomulag að hafa þriggja manna nefnd í því að kanna hvort skilyrðum um viðbótarnám er fullnægt. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að læknadeild skuli ásamt landlækni gera tillögur um afgreiðslu umsókna um almennt lækningaleyfi.

Rétt þykir að fela þriggja manna nefnd, skipaða landlækni sem formanni og fulltrúum tilnefndum af læknadeild Háskóla Íslands og Læknafélagi Íslands að meta umsóknir um sérfræðingsleyfi. Íslenskir læknar stunda sérfræðinám víða um heim og því eðlilegt að sérstök nefnd kanni gaumgæfilega umsóknir um sérfræðingsviðurkenningu. Með því að gera landlækni formann nefndarinnar er umsagnarferillinn einfaldaður því eins og fyrirkomulagið er nú fara allar umsóknir um sérfræðingsleyfi á tvo staði, til landlæknis og til læknadeildar. Þá þykir eðlilegt að fulltrúi Læknafélags Íslands eigi aðild að þessari nefnd líkt og önnur fagfélög heilbrigðisstétta eru umsagnaraðilar um sambærilegar leyfisveitingar. Varamenn yrðu skipaðir með sama hætti sem þýðir að aðstoðarlandlæknir verður varaformaður nefndarinnar.

Í samræmi við norræna samninginn um gagnkvæm starfsréttindi innan heilbrigðisþjónustunnar gerir frumvarpið ráð fyrir að ef læknir hefur leyfi heilbrigðisyfirvalda á einhverju Norðurlanda til að kalla sig sérfræðing þá geti ráðherra veitt honum sams konar sérfræðileyfi án umsagnar læknadeildar Háskóla Íslands. Ætíð skal þó leita tillagna landlæknis vegna þessara umsókna um leyfi til að kalla sig sérfræðing. Í þessum tilvikum yrði það hlutverk landlæknis að athuga hvort heilbrigðisyfirvöld á Norðurlöndum hefðu gert athugasemdir við störf viðkomandi læknis.

Um 2. gr.

Breytingarnar í 2. gr. frumvarpsins á 3. gr. laganna skýra sig sjálfar í ljósi breytinga skv. 1. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Eins og gerð er grein fyrir hér að framan var tekin afstaða til afturvirkni afhendingarskyldu lækna á sjúkraskrám við afgreiðslu fyrra frumvarps í vor. Ekki var þó fallist á tillögur ráðuneytisins því samkvæmt breytingunum gildir afhendingarskyldan ekki um sjúkraskrár, sem færðar eru fyrir gildistöku læknalaga, nr. 53/1988, 1. júlí 1988. Þar kemur einnig fram að sama gildir gagnvart opinberum aðilum sem lögum samkvæmt athuga kæru sjúklings eða umboðsmanns vegna læknismeðferðar. Með vísun til þessara breytinga hefur landlækni verið synjað um afhendingu sjúkraskráa sem hefur í för með sér að hann getur ekki sinnt þeim skyldum sem á honum hvíla samkvæmt læknalögum og lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu. Hér hljóta því mistök að hafa átt sér stað, sem bráðnauðsynlegt er að leiðrétta, þannig að landlæknir og aðrir opinberir aðilar, sem lögum samkvæmt eru ætluð afskipti af slíkum málum, geti sinnt þeim með sama hætti og áður. Breytingarnar taka mið af því að svo verði.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 166. Svar [140. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Unnars Þórs Böðvarssonar um nefnd á vegum Byggðastofnunar um atvinnu- og byggðamál í uppsveitum Árnessýslu austan Brúarár.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hverjir skipa nefnd þá á vegum Byggðastofnunar sem falið var að gera úttekt og tillögur í atvinnu- og byggðamálum í Biskupstungnahreppi, Gnúpverjahreppi, Hrunamannahreppi og Skeiðahreppi?*
2. *Hvenær var nefndin skipuð?*
3. *Hversu marga fundi hefur nefndin haldið?*
4. *Hvenær má ætla að nefndin skili áliti?*

Leitað var upplýsinga hjá Byggðastofnun og fer svar hennar hér á eftir:

Nefnd sú sem fyrirspyrjandi óskar upplýsinga um er starfshópur sem settur var á laggirnar að beiðni oddvita fjögurra hreppa í uppsveitum Árnessýslu. Sú beiðni barst stofnuninni 1. desember 1987. Þá stóðu yfir umræður um eflingu atvinnulífs með auknu hlutafjár í Límtré hf. sem er sameiginlegt fyrirtæki hreppanna þar efra. Byggðastofnun er luthafi í því félagi og hafði lýst áhuga á að selja hlutabréf sín, enda fyrirtækið í góðrum rekstri og eftirspurn eftir bréfunum. Sveitarstjórnirnar vildu ekki að stofnunin gerði það og fóru jafnframt fram á að stofnunin gerði það og fóru jafnframt fram á að stofnunin gerði byggðaáætlun fyrir svæðið. Byggðastofnun svaraði beiðni byggðastjórnanna með bréfi dags. 16. febrúar 1988. Þar er sveitarstjórnunum boðið að skipa full-

trúa í starfshóp til að vinna að þessu verkefni. Sá hópur hittist tvisvar. Lagði fulltrúi Byggðastofnunar þar fram ýmis gögn um svæðið og fóru fram umræður á grundvelli þeirra.

Að umræðunum loknum dagaði þetta starf uppi. Ekki var leitað eftir frekari vinnu af hálfu heimaaðila. Byggðastofnun hefur stutt atvinnueflingu á svæðinu, m.a. með því að leggja fram 13 millj. kr. hlutafé í Límtré hf. til að auðvelda stofnun Yleininga hf. í Biskupstungum. Vegna þess að enn brýnni vekrefni lágu fyrir í öðrum landshlutum, og starfslið var ekki nægilegt, var verkinu ekki haldið áfram að svo komnu máli.

Svör Byggðastofnunar við einstökum töluliðum fyrirspurnarinnar fara hér á eftir:

1. Starfshópur þessi starfaði sameiginlega á vegu Byggðastofnunar og sveitarstjórnanna í fjórum hreppum í uppsveitum Árnessýslu. Fulltrúar í starfshópnum voru: Frá Gnúpverjahreppi Jón Ólafsson, frá Hrunamannahreppi Ágúst Sigurðsson, frá Skeiðahreppi Sveinn Ingvarsson og frá Biskupstungnahreppi Þorfinnur Þórarinsson. Fulltrúi Byggðastofnunar var Sigurður Guðmundsson.
2. Starfshópurinn var ekki skipaður en hann tók til starfa snemma árs 1988.
3. Starfshópurinn hélt tvo fundi.
4. Ekki að svo komnu máli fyrirhugað að starfshópurinn skili áliti.

Sþ. 167. Skýrsla [154. mál]

forsætisráherra um meðferð ályktana 112. löggjafarþings 1989–1990.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

Á 112. löggjafarþingi gaf forsætisráðherra, samkvæmt ósk nokkurra þingmanna, skýrslu um framkvæmd þingsályktana á tímabilinu frá 1. janúar 1985 til 20. maí 1989. Í framhaldi af þeirri skýrslu og með vísan í 29. gr. laga nr. 52/1985, um þingsköp Alþingis, óskar forsætisráðherra að gera alþingismönnum nú grein fyrir meðferð þeirra ályktana Alþingis sem gerðar voru á á 112. löggjafarþingi.

Skrifstofa Alþingis sendir allar þingsályktanir til forsætisráðuneytis sem annast úthlutun þeirra á grundvelli verkaskiptingar milli ráðuneyta. Sendir forsætisráðuneytið öðrum ráðuneytum þingsályktunina ásamt upphaflegri þingsályktunartillögu með greinargerð og framsögu 1. flutningsmanns til glöggvunar varðandi framkvæmdina. Með bréfi forsætisráðuneytisins, dags. 26. september 1990, var óskað upplýsinga frá öllum sem fengið hafa ályktanir síðasta þings til meðferðar um hvað framkvæmd liði. Verður hér gerð grein fyrir þeim upplýsingum sem borist hafa.

FORSÆTISRÁÐUNEYTI

1. Nýir atvinnumöguleikar á landsbyggðinni með áherslu á fjarvinnu

Hinn 19. mars 1990 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktunartillögu þingmannanna Danfríðar Skarphéðinsdóttur, Önnu Ólafsdóttur Björnsson, Guðrúnar Agnarsdóttur, Kristínar Einarsdóttur, Málmfríðar Sigurðardóttur og Þórhildar Þorleifsdóttur:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna með hvaða hætti unnt er að nota nútíma tölvu- og fjarskiptatækni til að flytja verkefni á vegum ríkisstofnana og annarra aðila frá höfuðborgarsvæðinu til annarra landshluta svo og hvernig auka megi tölvufræðslu.

Sérstaklega verði kannaðir möguleikar á að nýta þessa tækni til að koma á laggirnar fjarvinnustofum í því skyni að fjölga störfum og auka fjölbreytni í atvinnulífi byggðarlaganna."

Ályktunin barst forsætisráðuneyti frá Alþingi 20. júní 1990.

Með bréfi dags. 27. júní 1990 sendi forsætisráðuneytið Byggðastofnun þingsályktunina til meðferðar.

Að mati Byggðastofnunar er mjög líklegt að verkefni sem fjarvinnslustofur gætu annast sé allvíða að finna hjá stofnunum ríkisins. Til þess að hrinda þeim í framkvæmd þurfi vilja þeirra sem stjórna ráðuneytum og ríkisstofnunum og nokkra fjármuni. Byggðastofnun hefur lánað fé til nokkurra fjarvinnslustofa og stutt þær að ýmsu öðru leyti.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 6. nóvember 1990 var gerð svofelld samþykkt:

„Ríkisstjórnin samþykkir að ráðuneyti og opinberar stofnanir flytji, eftir því sem föng eru á, gagnaskráningu og ritvinnslu til fjarvinnslustofa á landsbyggðinni.

Til undirbúnings því felur ríkisstjórnin Byggðastofnun, í samvinnu við Vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytis og Fjárlaga- og hagsýslustofnun, að gera úttekt á því hvaða

gagnavinnsluverkefni, sem unnin eru á vegum ríkisins á höfuðborgarsvæðinu, geti hentað til fjarvinnslu á landsbyggðinni. Þegar slík úttekt liggur fyrir verði tillaga að stefnumótun um flutning tilgreindra gagnavinnsluverkefna til landsbyggðarinnar lögð fyrir ríkisstjórn. Markmið stefnumörkunar verði að tryggja, svo sem unnt er, að verkefnaflutningur komi að raunhæfum notum og bæti atvinnuástand á landsbyggðinni."

Í greinargerð sem fylgdi samþykktinni segir m.a. að auk Byggðastofnunar hafi ráðgjafanefnd Vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins fjallað um málið. Að hennar dómi hafi fjarvinnslan þann ótvíræða kost að hana megi staðsetja óháð markaðinum og sé hún því kjörið úrræði til þess að skapa atvinnu í dreifbýli eða utan þéttbýlissvæða. Hins vegar telur ráðgjafanefndin ekki sjálfgefið að fjarvinnslustofur á landsbyggðinni verði samkeppnisfærar við aðila sem eru á markaðssvæðinu. Út frá byggðasjónarmiði geti eigi að síður verið réttlætanlegt að beina opinberum gagnavinnsluverkefnum til fjarvinnslustofa á landsbyggðinni þar sem skortur er nýrra atvinnutækifæra.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1991 er gerð tillaga um tæplega 12 millj. kr. framlag til smáiðnaðar í dreifbýli á vegum iðnaðarráðuneytis. Er gert ráð fyrir að verja allt að 3–4 millj. kr. af því fé til að koma af stað fjarvinnslu með því að leggja fram mótframlag á móti stofnkostnaði stofnana sem kjósa að semja um fjarvinnslu við fjarvinnslustöðvar á landsbyggðinni.

Byggðastofnun telur mikilvægt að Alþingi samþykki fjárveitingu til málsins og með því verði unnt að stíga mikilvæg skref til þess að efla þessa nýjung í atvinnulífi landsbyggðarinnar. Eðlilegt virðist að fjárveiting sé til forsætisráðuneytis þar sem það fer annars vegar með málefni Stjórnarráðs Íslands sem heildar og hins vegar með yfirstjórn byggðamála.

Til upplýsingar má geta þess að forsætisráðherra var í vor kynnt sérstaklega starfsemi fjarvinnslustofunnar Orðtaks hf. á Hvammstanga og möguleikar hennar á að taka að sér ýmis verkefni fyrir hið opinbera. Forsætisráðherra kom erindinu á framfæri við öll ráðuneytin með ósk um sérstaka athugun. Snemma á þessu ári heimsótti viðskiptaráðherra fjarvinnslustofuna Orðtak og hófust þá viðræður sem leiddu til þess að 1. september sl. var gerður samningur um tölvuskráningu hlutafélagaskrár milli viðskiptaráðuneytis og Orðtaks hf. Það verkefni lánaðist afar vel samkvæmt upplýsingum viðskiptaráðuneytisins. Önnur ráðuneyti hafa einnig sýnt áhuga á að nýta þjónustu fjarvinnslustofa eftir því sem verkefni gefa tilefni og tækifæri til, m.a. iðnaðarráðuneyti, menntamálaráðuneyti og Hagstofa Íslands.

Fleiri fjarvinnslustofur, m.a. á Selfossi og í Vík í Mýrdal, hafa vakið athygli Stjórnarráðsins á þjónustu sinni, og vitað er að verið er að kanna ýmsa möguleika innan Stjórnarráðsins. Í umsögn Byggðastofnunar til forsætisráðuneytisins um þetta mál er hvatt til þess að fara varlega af stað og sjá hver verður árangurinn á næsta ári ef Alþingi samþykkir fjárveitingu til þessa viðfangsefnis í fjárlagafrumvarpi næsta árs.

2. Endurskoðun á útreikningi þjóðhagsstærða.

Hinn 5. maí 1990 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktunartillögu Kristínar Einarsdóttur, Önnu Ólafsdóttur Björnsson, Danfríðar Skarphéðinsdóttur, Guðrúnar Agnarsdóttur, Málmfríðar Sigurðardóttur og Sigríðar Lillýjar Baldursdóttur:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna aðferðir við útreikning þjóðhagsstærða þar sem tekið sé tillit til áhrifa framleiðslustarfsemi á umhverfi og náttúrulegar auðlindir. Í þessu skyni verði komið skipulagi á hagskýrslugerð um umhverfismál og nýtingu auðlinda og fylgst með því sem er að gerast erlendis á þessu sviði."

Þingsályktunin var send forsætisráðuneyti með bréfi Alþingis dags. 15. maí 1990. Með bréfum dags. 25. maí 1990 var Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnun send þingsályktunin til samstarfs um meðferð hennar.

Í svari hagstofustjóra varðandi framkvæmd tillögunnar segir m.a.:

„Sem kunnugt er er færsla þjóðhagsreikninga eitt verkefna Þjóðhagsstofnunar. Af þeim sökum tekur stofnunin þátt í starfi Norrænu hagstofunefndarinnar um þjóðhagsreikningagerð (Nordiska utskottet för nationalräkenskaper). Nefndin hélt fund í ágústmánuði sl. og var þar m.a. rætt um hvernig taka megi tillit til umhverfisþátta og auðlindanýtingar í þjóðhagsreikningum. Þessi mál eru nú mjög til umræðu í tengslum við hagskýrslugerð á alþjóðavettvangi. Naumast sýnist skynsamlegt að Íslendingar fari eigin leiðir eða gangi á undan í þessum efnum en áherslu verður að leggja á að vel verði fylgst með umræðum og nýjum aðgerðum á þessu sviði.

Hagstofan hefur eftir föngum reynt að kynna sér framvindu á sviði hagskýrslugerðar um umhverfismál á alþjóðavettvangi. Í því sambandi má m.a. nefna samræmingarstarf sem unnið hefur verið á vegum Hagstofnunar Sameinuðu þjóðanna í Genf (Economic Commission for Europe) og Íslendingar eru aðilar að. Þá má geta stofnunar Umhverfismálastofnunar Evrópu en gera verður ráð fyrir að Íslendingar, eins og önnur EFTA-ríki, taki þátt í þeirri margháttuðu skýrslugerð um umhverfismál sem þar er stefnt að. Hagstofan hefur fært þetta í tal við umhverfisráðherra og væntir í því sambandi góðs af samstarfi við umhverfisráðuneytið og hina væntanlegu umhverfismálastofnun sem setja á á laggirnar á næstunni. Loks má geta þess að Hagstofan hefur í hyggju, eftir því sem fjárhagur og mannahald leyfir, að taka aukinn þátt í samstarfi Norðurlanda á þessu sviði, en það fer m.a. fram í einni af samstarfsnefndum norrænu hagstofanna."

Í svari Þjóðhagsstofnunar segir m.a.:

„Vegna þessarar þingsályktunar hefur Þjóðhagsstofnun leitast við að fylgjast öllu betur með þessum málum en ella hefði orðið. Stofnunin hefur fengið nokkurt efni um umhverfismál og nýtingu náttúruauðlinda og auk þess hafa umhverfismál verið meðal dagskrárliða á þremur ráðstefnum sem fulltrúar frá stofnuninni hafa sótt að undanförnu. Þar er fyrst að telja að dagana 19.–20. júní síðastliðinn var haldin að Laugarvatni ráðstefna á vegum Norræna hagrannsóknaráðsins um „miljöökonomi". Þar var meðal annars rætt um umhverfismál, náttúruauðlindir og þjóðhagsreikninga. Á reglulegum fundi sérfræðinga OECD-ríkjanna um þjóðhagsreikninga, sem haldinn var í París 3.–6. júlí, var eitt umræðuefnið mat á umhverfisþáttum með sérstöku tilliti til þeirrar endurskoðunar, sem nú stendur yfir, á þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðu þjóðanna. Að síðustu er svo þess að geta að 27.–29. ágúst síðastliðinn var haldinn í Osló fundur norrænna sérfræðinga um þjóðhagsreikninga en þessir fundir eru haldnir annað hvert ár. Einn dagskrárliður þessa fundar var þjóðhagsreikningar, umhverfi og náttúruauðlindir.

Innan Efnahagsbandalagsins fara einnig fram athuganir á því með hvaða hætti unnt sé að meta umhverfisþættina og tengingu þeirra við þjóðhagsreikninga.

Erfitt er að draga saman í stuttu máli þá umræðu sem fram fer um tengslin milli þjóðhagsreikninga og umhverfismála. Enginn efast um mikilvægi umhverfismála og athugana á nýtingu auðlindanna en fremur kann það að orka tvímælis hve langt eigi að ganga í að breyta þjóðhagsreikningum eins og þeir eru færðir nú. Ef til vill má segja að þeir sem lítið þekkja til þjóðhagsreikninga vilji breyta þeim sem mest og ganga lengst í því að „endurbæta" reikningana og fella þá sem mest að „nýrri sýn til umhverfismála". Þjóðhagsreikningamenn eru hins vegar formfastir og íhaldssamir í viðhorfum sínum. Þeir leggja áherslu á að fylgt sé alþjóðlegum stöðlum sem mótast hafa í tímans rás. Þannig fáist sambærilegur mælikvarði á umsvifin í efnahagslífinu, mælikvarði sem er nothæfur í samanburði milli landa og óbreyttur frá einum tíma til annars. Sérfræðingar í þjóðhagsreikningum halda því mjög ákveðið fram að þjóðhagsreikningar séu ekki velferðarmælikvarði. Ef ætlunin er að breyta reikningunum í það horf þá er þörf á afar róttækum breytingum og það sem væri verst er hve torvelt er allajafnan að leggja óumdeildanlegt tölulegt mat á ýmsa velferðar- og umhverfisþætti.

Flestir virðast hins vegar sammála um það að ástæða sé til þess að auka skýrslugerð um umhverfismál og auðlindanýtingu. Nú þegar er mikið starf unnið í þessum málum í sumum löndum, t.d. í Noregi, og reglulega eru þar gefnar út skýrslur um þessi mál. Þar er lýst ítarlega þróun ýmissa raunstærða eins og landnýtingu, mengun frá iðnaði og landbúnaði, magni þess brennisteinsdíoxíðs og kolmónoxíðs sem sleppt er út í andrúmsloftið o.fl.

Þegar komið er að því að tengja þessar stærðir ýmsum þjóðhagsreikningatölum vandast málið enda eru rannsóknir á því sviði mun skemmra á veg komnar. Einna lengst hefur verið gengið í tilraunum í þessa átt á vegum hagstofu Sameinuðu þjóðanna. Þær tilraunir hafa þó mjög verið gagnrýndar og margt fundið þeim til foráttu. Innan Norðurlandanna er þess helst að geta að bæði í Danmörku og Svíþjóð eru um þessar mundir starfandi sérstakar nefndir sem ætlað er að koma með tillögur um hvernig best verði unnið að skýrslugerð um umhverfismál og auðlindanýtingu og tengsl þessara málaflokka við hagræna skýrslugerð og þar með þjóðhagsreikninga. Danska nefndin á að skila áliti nú í haust en sú sænska næsta vor. Sumir vænta þess að nefndirnar komi með tillögur um „græna" þjóðhagsreikninga. Þess er þó tæpast að vænta með hliðsjón af því hve skammt á veg þessar rannsóknir eru komnar annars staðar.

Eins og nú horfir má telja það líklegustu niðurstöðu í þróun þessara mála á alþjóðavettvangi að núverandi þjóðhagsreikningar haldist í líku horfi og nú er en til hliðar við þessa reikninga verði byggð upp aðgreind reikningakerfi þar sem leitast er við að „leiðrétta" núverandi niðurstöður þjóðhagsreikninga vegna breytinga á náttúruauðlindum og ýmsum umhverfisþáttum. Áður en að því kemur þarf þó að leysa ótal vandamál og má telja sennilegt að það taki nokkur ár."

UTANRÍKISRÁÐUNEYTI

1. Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1989.

Hinn 9. apríl 1990 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktunartillögu Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins:

„Alþingi ályktar að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að vinna að framkvæmd ályktana Vestnorræna þingmannaráðsins sem samþykktar voru á fundi ráðsins í Stykkishólmi í júní síðastliðnum og prentaðar eru með ályktun þessari sem fylgiskjal."

Ályktunin var send forsætisráðuneyti með bréfi Alþingis dags. 9. apríl 1990. Skipti forsætisráðuneytið meðferð ályktananna á ráðuneytin eftir því sem verkaskipting í reglugerð um Stjórnarráð Íslands kveður á um. Í bréfi til utanríkisráðuneytisins, dags. 2. maí 1990, var ályktunin send utanríkisráðuneyti og athygli þess sérstaklega beint að eftirfarandi hluta ályktunarinnar:

„Með tilvísun til ályktunar nr. 4, sem samþykkt var á fundi Vestnorræna þingmannaráðsins í Ilulissat 1988, vill ráðið lýsa áhyggjum sínum af hernaðarumsvifum á Norður-Atlantshafi og hvetur stjórnvöld viðkomandi landa til að hrinda í framkvæmd þeim tillögum sem birtar eru í ályktuninni, m.a. með því að kalla strax til hóp sérfræðinga til að annast fyrrnefnd umhverfisvandamál. Ráðið skorar því á landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands að þær geri allt sem í þeirra valdi stendur til að beita stórveldin þrýstingi í því skyni að flýta afvopnun á Norður-Atlantshafi.

Ráðið lýsir yfir miklum áhyggjum af auknum siglingum kjarnorkuknúinna skipa og kafbáta á þessu hafsvæði. Er það mat ráðsins að öllu máli skipti fyrir umhverfi landanna þriggja og tilvist að höfin verði gerð kjarnorkuvopnalaus."

Utanríkisráðuneytið upplýsir að íslensk stjórnvöld hafi ítrekað vakið máls á nauðsyn þess að í afvopnunarviðræðum verði einnig fjallað um afvopnun á höfunum og traustvekjandi aðgerðir. Er m.a. bent á ræðu utanríkisráðherra á 45. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

2. Þingsályktun um fullgildingu á alþjóðasamþykkt nr. 159 um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra.

Hinn 8. febrúar 1990 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktunartillögu frá ríkisstjórninni:

„Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 159 um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra sem gerð var á 69. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf 20. júní 1983."

Þingsályktunin var send forsætisráðuneyti með bréfi Alþingis dags. 21. febrúar 1990 og með bréfi dags. 1. mars 1990 sendi það utanríkisráðuneytinu málið til meðferðar. Alþjóðasamþykktin var fullgilt 22. júní 1990.

3. Þingsályktun um staðfestingu samnings um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi.

Alþingi samþykkti hinn 26. apríl 1990 svofellda þingsályktunartillögu frá ríkisstjórninni:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi sem gerður var í Tampere 15. júní 1988, ásamt bókun um beitingu samningsins gagnvart furstadæminu Liechtenstein."

Forsætisráðuneytinu barst ályktunin með bréfi Alþingis dags. 15. maí 1990 og með bréfi dags. 25. maí 1990 sendi það málið til utanríkisráðuneytis. Samningurinn var staðfestur og bókun við hann fullgilt 8. júní 1990.

4. Þingsályktun um fullgildingu Evrópusamnings um varnir gegn pyndingum og ómannlegri og vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Alþingi samþykkti hinn 26. apríl 1990 svofellda þingsályktunartillögu frá ríkisstjórninni:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda Evrópusamning um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu sem gerður var í Strasborg 26. nóvember 1987."

Ályktunin barst forsætisráðuneyti með bréfi Alþingis dags. 14. maí 1990 og var send utanríkisráðuneyti til meðferðar 25. maí 1990. Samningurinn var fullgiltur 19. júní 1990.

5. Þingsályktun um staðfestingu rammasamnings um samvinnu á sviði vísinda og tækni milli Íslands og Evrópubandalaganna.

Hinn 26. apríl 1990 var samþykkt á Alþingi svofelld þingsályktunartillaga frá ríkisstjórninni:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd rammasamning um samvinnu á sviði vísinda og tækni milli lýðveldisins Íslands og Evrópubandalaganna sem gerður var í Brussel 30. október 1989."

Ályktunin barst forsætisráðuneyti með bréfi Alþingis dags. 14. maí 1990 og var send utanríkisráðuneyti með bréfi dags. 25. maí 1990. Samningurinn var fullgiltur 6. júní 1990.

6. Þingsályktun um fullgildingu á alþjóðasamþykkt nr. 122, um stefnu í atvinnumálum.

Alþingi samþykkti hinn 26. apríl 1990 eftirfarandi þingsályktunartillögu frá ríkisstjórninni:

„Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 122, um stefnu í atvinnumálum, sem gerð var á 48. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf 9. júlí 1964."

Þingsályktunin barst forsætisráðuneyti með bréfi Alþingis dags. 14. maí 1990 og var send utanríkisráðuneyti með bréfi dags. 25. maí 1990. Alþjóðasamþykktin var fullgilt 22. júní 1990.

7. Þingsályktun um staðfestingu breytinga á samningi um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) vegna fríverslunar með fiskafurðir.

Hinn 30. apríl 1990 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktunartillögu frá ríkisstjórninni:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd breytingar á 26., 27., 28. og 38. gr. samnings frá 4. janúar 1960 um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og á viðauka E við þann samning eins og samþykkt var í ráði Fríverslunarsamtakanna 14. júní 1989. Breytingarnar eru birtar sem fylgiskjal með ályktun þessari."

Þingsályktunin barst forsætisráðuneyti með bréfi Alþingis í júní 1990 (ódags.) og var send utanríkisráðuneyti með bréfi dags. 27. júní 1990. Breytingarnar voru staðfestar 27. júní 1990.

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI

1. Þingsályktun um tæknifrjóvganir.

Svofelld þingsályktunartillaga þingmannanna Sigríðar Lillýjar Baldursdóttur, Láru V. Júlíusdóttur, Birgis Ísl. Gunnarssonar, Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur, Guðmundar Ágústssonar, Inga Björns Albertssonar og Guðrúnar Helgadóttur var samþykkt á Alþingi hinn 14. desember 1989:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja hið fyrsta fyrir Alþingi frumvarp til laga um tæknifrjóvganir, m.a. að því er varðar réttarstöðu og tryggingamál þeirra sem hlut eiga að máli."

Ályktunin var send forsætisráðuneyti með bréfi dags. 20. janúar 1990. Með bréfi dags. 31. janúar 1990 sendi forsætisráðuneyti ályktunina til meðferðar dóms- og kirkjumálaráðuneytis, jafnframt því sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti var sent afrit til kynningar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið lagði ályktunina sem innlegg til nefndar til að kanna réttaráhrif tæknifrjóvgunar, sem skipuð var hinn 28. júlí 1986. Nefndin vinnur að tillögum að frumvarpi um tæknigetnað (tæknisæðingu og glasafrjóvgun). Nefndin hefur enn ekki lokið störfum en lögð er áhersla á það af dómsmálaráðuneyti að nefndin skili tillögum sem fyrst þannig að þær megi leggja fyrir Alþingi nú í haust.

2. Þingsályktun um öryggi í óbyggðaferðum.

Alþingi samþykkti hinn 22. febrúar 1990 svofellda þingsályktunartillögu alþingismannanna Kristínar Einarsdóttur, Hjörleifs Guttormssonar, Jóns Helgasonar, Kolbrúnar Jónsdóttur, Stefáns Valgeirssonar, Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur, Karvels Pálmasonar og Friðjóns Þórðarsonar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að bæta öryggi þeirra sem ferðast í óbyggðum með því að samræma og setja reglur og lög eftir því sem við á og með því að skipuleggja fræðslu, ráðgjöf og upplýsingar til ferðafólks.

Við undirbúning málsins verði haft samráð við samtök áhugafólks um ferðalög og slysavarnir."

Þingsályktunin barst forsætisráðuneyti með bréfi Alþingis dags. 4. mars 1990, og með bréfum dags. 7. mars 1990 sendi það dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og samgönguráðuneytinu málið til meðferðar. Dómsmálaráðherra og samgönguráðherra hafa í sameiningu sett á fót nefnd tveggja manna til að gera tillögur um það hvernig öryggi manna í óbyggðaferðum verði best tryggt. Í nefndinni sitja þau Hjalti Zóphóníasson, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneyti, og Ragnhildur Hjaltadóttir, skrifstofustjóri í samgönguráðuneyti.

3. Könnun á stofnun alþjóðlegrar björgunarsveitar.

Alþingi samþykkti hinn 26. apríl 1990 svofellda þingsályktunartillögu Jóns Kristjánssonar, Jóhanns Einvarðssonar og Guðna Ágústssonar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna möguleika á stofnun alþjóðlegrar björgunarsveitar með aðsetur á Íslandi sem sinni björgunarmálum á Norður-Atlantshafi. Leitað verði samstarfs við þær þjóðir sem mestra hagsmuna hafa að gæta á þessu sviði.

Niðurstöður könnunarinnar verði lagðar fyrir sameinað Alþingi á næsta löggjafarþingi."

Þingsályktunin var send forsætisráðuneyti með bréfi Alþingis dags. 15. maí 1990. Með bréfi dags. 25. maí 1990 var dóms- og kirkjumálaráðuneyti send ályktunin til meðferðar. Með bréfaskiptum dómsmálaráðuneytis og utanríkisráðuneytis, dags. 5. og 7. september 1990, hefur verið komið á fót undirbúningsnefnd með fulltrúum ráðuneytanna og landhelgisgæslunnar til að fjalla um efni þingsályktunarinnar.

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI

1. Þingsályktun um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1989.

Hinn 19. mars 1990 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins um að vinna að framkvæmd ályktana þess. Þar á meðal var svofelld ályktun um jafnréttismál:

„Vestnorræna þingmannaráðið ályktar að skora á landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands að þær geri árið 1992 að sérstöku vestnorrænu ári. Megináherslan verði lögð á jafnréttismál karla og kvenna, umhverfismál og æskulýðsmál. Ráðstefna um jafnrétti verði haldin á Íslandi, ráðstefna um umhverfismál á Grænlandi og um æskulýðsmál í Færeyjum."

Forsætisráðuneytinu barst þingsályktunin með bréfi Alþingis dags. 9. apríl 1990 og var ofangreindur þáttur hennar sendur félagsmálaráðuneyti með bréfi dags. 2. maí 1990. Í maí skrifaði félagsmálaráðuneytið Jafnréttisráði og óskaði að það athugaði þessa ályktun og léti ráðuneytinu í té umsögn um hvernig standa bæri að slíkri ráðstefnu.

Í svari Jafnréttisráðs kemur fram að ráðið mælir með því að haldið verði vestnorrænt kvennaþing en ekki ráðstefna. Undirbúningur verði í höndum kvennahreyfinga og verkalýðsfélaga. Talið er að mikill áhugi sé á slíku þingi í löndunum þremur og að slíkt vestnorrænt kvennaþing geti jafnframt orðið undirbúningur þjóðanna að nýju norrænu kvennaþingi sem til umræðu er að halda árið 1994 eða 1995. Jafnréttisráð lýsir sig reiðubúið til að taka þátt í undirbúningnum á svipaðan hátt og við undirbúning norræna kvennaþingsins. Ráðið leggur áherslu á að ákvörðun um vestnærrænt kvennaþing liggi fyrir sem fyrst þannig að undirbúningur geti hafist.

Samkvæmt upplýsingum félagsmálaráðuneytis mun það á næstunni vinna áfram að þessu máli.

2. Þingsályktun um tilfærslu verkefna og tekjustofna frá ríki til sveitarfélaga og héraða.

Hinn 23. apríl 1990 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktunartillögu Birgis Ísl. Gunnarssonar, Geirs H. Haarde, Salome Þorkelsdóttur og Guðmundar H. Garðarssonar:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að kanna skipulega í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga hvernig best verði staðið að frekari tilfærslu á verkefnum og tekjustofnum frá ríkinu til sveitarfélaga og héraða."

Forsætisráðuneytinu barst ályktunin með bréfi Alþingis dags. 30. apríl 1990 og með bréfi dags. 25. maí 1990 var hún send félagsmálaráðuneyti til meðferðar.

Félagsmálaráðuneytið hefur unnið að gagnaöflun og öðrum undirbúningi að framkvæmd þessarar þingsályktunar. Óskað hefur verið eftir tillögum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtökum sveitarfélaga um hvaða verkefni þau telja að flytja eigi frá ríkinu til sveitarfélaga og héraða og hvernig standa eigi að slíkum verkefnaflutningi. Jafnframt hefur verið óskað eftir tilnefningu þessara aðila í nefnd sem ætlað væri að vinna að þessu verkefni.

3. Þingsályktun um námsaðstöðu fyrir fatlaða í heimavistarskólum.

Hinn 5. maí 1990 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktunartillögu Guðna Ágústssonar, Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur, Karls Steinars Guðnasonar, Stefáns Valgeirssonar, Kristínar Einarsdóttur, Friðjóns Þórðarsonar og Skúla Alexanderssonar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvernig koma megi til móts við námsþarfir fatlaðra, sem ekki hafa aðstöðu til að sækja heimagönguskóla að loknum grunnskóla, með því að þeir fái aðstöðu til að stunda fjölbreytt nám með öðrum nemendum í héraðsskólum eða öðrum heimavistarskólum."

Forsætisráðuneyti barst ályktunin með bréfi Alþingis dags. 15. maí 1990. Með bréfi dags. 25. maí 1990 var félagsmálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti send þingsályktunin til samstarfs um meðferð hennar. Í upplýsingum félagsmálaráðuneytis um meðferð málsins segir m.a. að félagsmálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti hafi fjallað sameiginlega um þessa þingsályktun. Í minnisblaði til ráðuneytisstjóra félagsmála- og menntamálaráðuneyta frá þeim starfsmönnum ráðuneytanna, sem fjallað hafa um málið, kemur m.a. fram að samkvæmt lögum og reglugerð um framhaldsskóla sé gert ráð fyrir að framhaldsskólinn sé fyrir alla, fatlaða sem ófatlaða. Ráðuneytin telja að gera þurfi ráðstafanir vegna fatlaðra í öllum skólum landsins.

Ráðuneytin benda á að við byggingu heimavistarhúsnæðis við framhaldsskóla landsins sé nauðsynlegt að tryggja að allar aðstæður séu með þeim hætti að fötluðum sé kleift að stunda þar nám við hlið ófatlaðra. Samkvæmt reglugerð um framhaldsskóla sé nú unnið að stofnun námsbrauta fyrir fatlaða í nokkrum fjölbrautaskólum landsins.

Ráðuneytin telja að leggja beri allt kapp á að fylgja eftir þeirri stefnu sem mörkuð er í lögum og reglugerð um framhaldsskóla, enda sé hún í samræmi við hugmyndafræði sem m.a. kemur fram í lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, sem fylgt hefur verið á undanförnum árum.

Félagsmálaráðuneytið upplýsir að það muni vinna áfram að málinu í samráði við menntamálaráðuneytið.

HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI

1. Þingsályktun um varnir gegn mengun frá fiskeldi.

Hinn 14. desember 1989 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktunartillögu Hjörleifs Guttormssonar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta samræmdar reglur um starfsleyfi fyrir fiskeldisstöðvar og um eftirlit og rannsóknir á mengunarhættu frá þeim. Jafnframt verði athugað hvort þörf sé á lagasetningu venga mengunar frá fiskeldi."

Þingsályktunin barst forsætisráðuneyti með bréfi Alþingis dags. 20. janúar 1990 og var send heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti til meðferðar með bréfi dags. 30. janúar 1990. Jafnframt voru landbúnaðarráðuneyti og samgönguráðuneyti send afrit til kynningar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti upplýsir að þar sem umhverfisráðuneyti hafi tekið við yfirstjórn mengunarvarna, þar á meðal varna gegn mengun frá fiskeldi í vor, hafi það einnig tekið við meðferð þingsályktunarinnar.

2. Þingsályktun um könnun á fjölþættum möguleikum Bláa lónsins.

Hinn 5. apríl 1990 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktunartillögu Níelsar Árna Lund:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera könnun á möguleikum á uppbyggingu við Bláa lónið við Svartsengi með það að markmiði að nýta þá möguleika sem staðurinn hefur upp á að bjóða. Einkum skal beint sjónum að hvernig megi nýta lækningamátt lónsins fyrir Íslendinga og útlendinga, svo og að fyrirhuguð starfsemi tengist ferðamannaþjónustu almennt.

Við þetta starf verði haft náið samstarf við Hitaveitu Suðurnesja, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Grindavíkurbæ, Ferðamálasamtök Suðurnesja, landlæknisembættið, Samtök psoriasis- og exemsjúklinga og aðra þá sem málinu kunna að tengjast."

Forsætisráðuneytinu barst ályktunin með bréfi Alþingis dags. 18. apríl 1990. Með bréfum dags. 2. maí 1990 sendi forsætisráðuneytið heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og samgönguráðuneytinu ályktunina. Í bréfi til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis sagði m.a.: „Samgönguráðuneyti hefur verið send þingsályktunin til meðferðar en í ljósi efnis hennar þykir rétt að samvinna verði um framkvæmdina milli samgönguráðuneytis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis."

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti upplýsir að þegar hafi farið fram rannsóknir á hugsanlegum lækningamætti Bláa lónsins við Svartsengi, m.a. í samræmi við ályktanir Alþingis. Margt bendi til þess að efnasamsetning lónsins geti hjálpað psoriasis- og exemsjúklingum, a.m.k. haldið sjúkdómseinkennum niðri, séu böð stunduð reglulega. Heilsufarslegi þátturinn hafi því verið kannaður allítarlega og virðist vera möguleikar á slíkri nýtingu, ekki aðeins fyrir Íslendinga heldur og fyrir útlendinga. Áhugi fyrir þess konar nýtingu hafi farið vaxandi erlendis að undanförnu og því geti verið um að ræða umtalsverða hagsmuni fyrir ferðaþjónustuna.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur í samráði við forsætisráðherra og samgönguráðherra ákveðið að setja á laggirnar nefnd, skipaða fulltrúum ráðuneytanna, Samtaka psoriasis- og exemsjúklinga og Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum til þess að gera tillögu um nýtingu Bláa lónsins í samræmi við ályktun Alþingis. Óskað hefur verið eftir tilnefningum í nefndina og er þess að vænta að hún taki til starfa á næstu vikum. Þar sem þegar liggja fyrir kannanir á hugsanlegum lækningamætti lónsins ætti nefndin að geta unnið fljótt, þannig að tillögur séu tilbúnar fyrir þingslit í vor.

LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI

1. Þingsályktunartillaga um kynbótastöð fyrir laxfiska.

Með bréfi Alþingis, dags. 26. mars 1990, var vísað til ríkisstjórnarinnar þingsályktunartillögu þess efnis að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að láta reisa og reka kynbótastöð fyrir laxfiska.

Tillögunni fylgdi nefndarálit atvinnumálanefndar sameinaðs Alþingis, þar sem m.a. sagði: „Nefndin telur hins vegar að efling laxakynbóta sé það viðamikið verkefni að ekki sé eðlilegt að ríkið eitt sinni slíku heldur hljóti jafnframt að koma til þátttaka hagsmunaaðila í fiskeldi. Í ljósi þess frumkvæðis, sem stjórnvöld hafa haft í kynbótarannsóknum á laxi, telur nefndin eðlilegt að stjórnvöld hafi forustu um að kanna vilja hagsmunaaðila til samstarfs um þessi mál, sbr. 62. gr. laga 76/1970, um lax- og silungsveiði. Nefndin leggur því til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Forsætisráðuneytið sendi málið til meðferðar landbúnaðarráðuneytis með bréfi dags. 29. mars 1990. Samkvæmt upplýsingum landbúnaðarráðuneytis hefur verið unnið ötullega að framkvæmd tillögunnar. Að því verki hafa komið aðilar frá landbúnaðarráðuneyti, Veiðimálastofnun, Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Framkvæmdasjóði Íslands, Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, Silfurlaxi hf. o.fl.

Fyrir liggur áætlun þar sem gert er ráð fyrir að laxeldisstöðin í Kollafirði sjái um eldi í fersku vatni en eldi í sjó fari fram í stöð Silfurgens hf. í Höfnum. Sú stöð yrði sameign Framkvæmdasjóðs og Silfurlax til að byrja með og e.t.v. fleiri aðila er fram líður.

Framkvæmd, skipulag og uppgjör kynbótanna er samvinnuverkefni Kollafjarðarstöðvarinnar, Veiðimálastofnunar og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Þegar hefur verið óskað eftir fjármagni í þetta verkefni og ef það fæst verður hægt að hefjast handa í haust.

2. Þingsályktun um landgræðslu.

Hinn 19. mars 1990 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktunartillögu Egils Jónssonar, Jóns Helgasonar, Geirs Gunnarssonar, Árna Gunnarssonar, Inga Björns Albertssonar, Málmfríðar Sigurðardóttur, Guðmundar Ágústssonar og Halldórs Blöndal:

„Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hlutast til um að gerð verði markviss áætlun um aðgerðir til að stöðva eyðingu jarðvegs og gróðurs á Íslandi þar sem þess er kostur.

Sérstök áhersla verði lögð á að afmarka þau landsvæði þar sem sandfok á sér enn stað svo að unnt sé að hefja þar skipulagt ræktunarstarf.

Kannað verði hvort Áburðarverksmiðju ríkisins muni fært að lækka verð á áburði til landgræðslustarfa sem einkum væri ráðstafað til brýnna verkefna.

Miðað verði við að um næstu aldamót verði uppblástur þessara svæða stöðvaður."

Forsætisráðuneyti barst þingsályktunin með bréfi Alþingis í júní 1990 (ódags.) og sendi hana landbúnaðarráðuneyti til meðferðar með bréfi dags. 27. júní 1990.

Í greinargerð landbúnaðarráðuneytis um meðferð tillögunnar segir m.a.:

„Á fundi landbúnaðarráðherra sl. sumar með nefnd þeirri sem undirbjó landgræðslu- og landverndaráætlun 1987–1991 og forstöðumönnum þeirra stofnana landbúnaðarins sem vinna að framkvæmd áætlunarinnar var m.a. ákveðið að hefja starf við mat á árangri og framkvæmd landgræðsluáætlana allt frá 1974. Samkomulag var um að fela dr. Birni Sigurbjörnssyni að hafa yfirumsjón með því verki og hefur dr. Björn fallist á það.

Gögn, sem aflað verður vegna þessa verkefnis, munu nýtast við gerð nýrrar landgræðsluáætlunar. Sú gagnaöflun er hafin.

Landbúnaðarráðuneytið ritaði öllum þingflokkum bréf í ágústmánuði sl., þar sem beðið var um tilnefningu fulltrúa í nefnd sem ráðherra áformar að skipa til að vinna að gerð áætlunar samkvæmt þingsályktuninni.

Ráðuneytinu hafa enn ekki borist tilnefningar frá öllum þingflokkum, en beiðni ráðuneytisins hefur verið ítrekuð.

Stefnt er að því að tillaga að nýrri landgræðsluáætlun verði lögð fyrir Alþingi snemma árs 1991."

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI

1. Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1989.

Hinn 19. mars 1990 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins um að vinna að framkvæmd ályktana þess. Þar á meðal var svofelld ályktun sem falin var menntamálaráðuneyti með bréfi forsætisráðuneytisins dags. 2. maí 1990:

„Vestnorræna þingmannaráðið samþykkir að skora á landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands að vinna að því að skipuleggja kennaraskipti á grunnskóla- og framhaldsskólastigi milli landanna þriggja."

Menntamálaráðuneytið mun í samráði við forráðamenn skóla og kennarasamtök beita sér fyrir athugun á möguleikum til að stuðla að kennaraskiptum eins og um ræðir í þessum lið ályktana Vestnorræna þingmannaráðsins.

Í bréfi dags. 2. maí 1990 beindi forsætisráðuneytið einnig athygli menntamálaráðuneytisins að áskorun Vestnorræna þingmannaráðsins um að gera árið 1992 að sérstöku vestnorrænu ári. M.a. er þar gert ráð fyrir að ráðstefna um æskulýðsmál verði haldin í Færeyjum og mun menntamálaráðuneyti taka þátt í undirbúningi af Íslands hálfu.

2. Þingsályktun um námsaðstöðu fyrir fatlaða í heimavistarskólum.

Hinn 5. maí 1990 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktunartillögu alþingismannanna Guðna Ágústssonar, Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur, Karls Steinars Guðnasonar, Stefáns Valgeirssonar, Kristínar Einarsdóttur, Friðjóns Þórðarsonar og Skúla Alexanderssonar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvernig koma megi til móts við námsþarfir fatlaðra, sem ekki hafa aðstöðu til að sækja heimagönguskóla að loknum grunnskóla, með því að þeir fái aðstöðu til að stunda fjölbreytt nám með öðrum nemendum í héraðsskólum eða öðrum heimavistarskólum.“

Forsætisráðuneyti barst ályktunin með bréfi Alþingis dags. 15. maí 1990. Með bréfi dags. 25. maí 1990 var félagsmálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti send þingsályktunin til samstarfs um meðferð hennar. Í upplýsingum menntamálaráðuneytis um meðferð málsins segir m.a. að samkvæmt tilmælum forsætisráðuneytisins í bréfi dags. 25. maí sl. hafi menntamálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti haft samstarf um meðferð þingsályktunarinnar. Í sameiginlegri álitsgerð fulltrúa beggja ráðuneytanna komi m.a. fram að samkvæmt lögum og reglugerð um framhaldsskóla sé gert ráð fyrir að framhaldsskólinn sé fyrir alla, fatlaða sem ófatlaða. Ráðuneytin telji að gera þurfi ráðstafanir vegna fatlaðra í öllum skólum landsins.

Ráðuneytin tvö benda einnig á að við byggingu heimavistarhúsnæðis við framhaldsskóla landsins sé nauðsynlegt að tryggja að allar aðstæður séu með þeim hætti að fötluðum sé kleift að stunda þar nám við hlið ófatlaðra. Samkvæmt reglugerð um framhaldsskóla er nú unnið að stofnun námsbrauta fyrir fatlaða í nokkrum fjölbrautaskólum landsins og hefur Menntaskólinn við Hamrahlíð sérstaklega verið útbúinn með þarfir fatlaðra að leiðarljósi.

Ráðuneytin telja að leggja beri allt kapp á að fylgja eftir þeirri stefnu sem mörkuð er í lögum og reglugerð um framhaldsskóla, enda sé hún í samræmi við hugmyndafræði sem m.a. kemur fram í lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, sem fylgt hefur verið á undanförnum árum.

3. Athugun á varðveislu ljósvakaefnis.

Hinn 23. apríl 1990 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktunartillögu Birgis Ísl. Gunnarssonar, Friðjóns Þórðarsonar, Friðriks Sophussonar og Pálma Jónsonar:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á því hvernig best verði staðið að skipulegri varðveislu ljósvakaefnis sem hafi menningarsögulegt gildi eða geti verið mikilvægt fyrir rannsóknir næstu kynslóða á sögu lands og þjóðar.“

Forsætisráðuneytinu barst þingsályktunin með bréfi Alþingis dags. 30. apríl 1990. Með bréfi dags. 25. maí 1990 var menntamálaráðuneytinu sent málið til meðferðar.

Menntamálaráðuneytið hefur ákveðið að skipa nefnd til að fjalla um það viðfangsefni sem ályktunin lýtur að. Hefur verið leitað tilnefningar fulltrúa frá eftirtöldum aðilum: Íslenska útvarpsfélaginu, Landsbókasafni Íslands, Ríkisútvarpinu og Þjóðskjalasafni Íslands. Nefndinni verður falið að kanna og gera tillögur um varðveislu ljósvakaefnis með hliðsjón af menningarlegum og tæknilegum þáttum.

4. Þingsályktun um að draga úr ofbeldi í myndmiðlum.

Alþingi samþykkti hinn 26. apríl 1990 svofellda þingsályktunartillögu Guðrúnar Agnarsdóttur, Önnu Ólafsdóttur Björnsson, Danfríðar Skarphéðinsdóttur, Kristínar Einarsdóttur, Málmfríðar Sigurðardóttur og Sigríðar Lillýjar Baldursdóttur:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að dregið verði verulega úr því ofbeldi sem börnum og öðrum er sýnt í sjónvarpi, kvikmyndum og á myndböndum og að gerðar verði nauðsynlegar kannanir í þessu skyni.“

Menntamálaráðuneytið hefur leitað til Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands og beðið um tillögu og kostnaðaráætlun um víðtæka könnun á útbreiðslu ofbeldis í myndmiðlum. Í öðru lagi hefur ráðuneytið leitað lögfræðilegs álits útvarpsréttarnefndar og Kvikmyndaeftirlits á því hvort og þá með hvaða hætti megi draga verulega úr því ofbeldi sem börnum og öðrum er sýnt í sjónvarpi, kvikmyndum og á myndböndum.

5. Þingsályktun um mötuneyti og heimavistir fyrir framhaldsskólanemendur.

Alþingi samþykkti hinn 26. apríl 1990 eftirfarandi þingsályktunartillögu Danfríðar Skarphéðinsdóttur, Önnu Ólafsdóttur Björnsson, Guðrúnar Agnarsdóttur, Kristínar Einarsdóttur, Málmfríðar Sigurðardóttur og Sigríðar Lillýjar Baldursdóttur:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera áætlun sem miði að því að leysa mötuneytis- og húsnæðisvanda framhaldsskólanema sem stunda nám fjarri sinni heimabyggð og marka stefnu um framkvæmdir í þessu skyni."

Ályktunin barst forsætisráðuneyti með bréfi Alþingis dags. 15. maí 1990. Með bréfi forsætisráðuneytis dags. 25. maí 1990 var menntamálaráðuneyti falin meðferð málsins.

Menntamálaráðuneytið vinnur nú að heildarúttekt á framhaldsskólum á landinu að því er tekur til námsframboðs, reksturs, húsnæðis og búnaðar. Úttektin tekur því einnig til mötuneyta og heimavista sem þingsályktunin fjallar um. Stefnt er að því að lokaskýrsla liggi fyrir um næstu áramót.

Samhliða úttektinni og í framhaldi af henni verða gerðar tillögur um skólaskipan á framhaldsskólastigi, námsframboð og verkaskiptingu milli skóla, búnað og aðstöðu til bóklegrar og verklegrar kennslu, aðstöðu til stjórnunar og annarrar starfsemi sem þarf að fara fram í viðkomandi skólastofnun, svo og um endurbætur á skólahúsnæði og nýbyggingar.

„Áætlun sem miðar að því að leysa mötuneytis- og húsnæðisvanda framhaldsskólanema sem stunda nám fjarri sinni heimabyggð" ætti því að liggja fyrir þegar framangreindu verki lýkur.

6. Þingsályktunartillaga um að komið verði á máltíðum í hádegi í öllum grunnskólum landsins.

Á fundi sameinaðs Alþingis 5. maí 1990 var að tillögu félagsmálanefndar samþykkt að vísa ofangreindu máli til ríkisstjórnarinnar og var það tilkynnt með bréfi forseta sameinaðs Alþingis sem barst menntamálaráðuneyti 20. júní 1990.

Í greinargerð menntamálaráðuneytis um málið segir að félagsmálanefnd hafi ekki talið rétt að ríkið hlutaðist til um það með lögum að sveitarfélög tryggi nemendum máltíðir í skólum. Því lagði hún til að málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar og að ríkið ætti um það viðræður við Samband íslenskra sveitarfélaga hvernig koma mætti á sem fyrst skólamáltíðum þar sem þeirra væri þörf.

Í minnispunktum menntamálaráðuneytis um tillöguna segir m.a.:

„Þessi tillaga fellur vel að þeim hugmyndum sem uppi eru í menntamálaráðuneytinu og koma fram bæði í frumvarpi til laga um grunnskóla og í drögum að framkvæmdaáætlun í skólamálum til næstu tíu ára. Eðlilegt er að taka skólamáltíðir til umræðu með sveitarfélögum og öðrum aðilum (kennurum) í samhengi við önnur stefnumið, s.s. um samfelldan skóladag, lengingu á viðveru í skóla og einsetningu.

Verði hins vegar ákveðið að taka skólamáltíðir upp sem sérstakt mál liggur beinast við að setja nefnd eða starfshóp í að kortleggja stöðuna, gera útreikninga á kostnaði og tillögur um hvernig ábyrgð skiptist á milli aðila."

Síðar í minnispunktunum segir:

„Flestum ber saman um nauðsyn þess að börn og unglingar eigi greiðan aðgang að hollri fæðu í grunnskólum. Svo virðist sem skólar verði að einhverju marki að taka á sig þennan hluta umönnunar vegna breyttra aðstæðna á heimilum og í atvinnulífinu. Það sem út af stendur er hvað á að bjóða, hver á að sjá um það og hver borgar ...

... Fyrirkomulag hlýtur að ráðast af aðstæðum á hverjum stað. Sums staðar er þegar fyrir hendi viðunandi aðstaða til móttöku, geymslu og afgreiðslu. Fáir skólar hafa aðra aðstöðu en skólastofur, ganga og setkróka til að neyta matarins.

Umsjónin (pantanir, afgreiðsla, fjárreiður o.fl.), gæsla nemenda á matmálstímum og húsnæði eru stærstu kostnaðarliðirnir, ef gengið er út frá því að nemendur greiði sjálfir fyrir málsverði."

Menntamálaráðuneytið mun á næstunni beita sér fyrir viðræðum íslenskra sveitarfélaga um efni tillögunnar.

SAMGÖNGURÁÐUNEYTI

1. Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1989.

Hinn 19. mars 1990 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins um að vinna að framkvæmd ályktana þess. Þar á meðal var svofelld ályktun:

„Vestnorræna þingmannaráðið beinir þeim tilmælum til landsstjórna Færeyja og Grænlands og ríkisstjórnar Íslands að þær veiti fé á fjárlögum næstu þrjú ár til vestnorrænu ferðamálanefndarinnar til kynningarstarfs, áætlanagerðar og markaðsrannsókna á sviði ferðamála í löndunum þremur."

Forsætisráðuneytinu barst þingsályktunin með bréfi Alþingis, dags. 9. apríl 1990, og var ofangreindur þáttur hennar sendur samgönguráðuneyti með bréfi forsætisráðuneytis dags. 2. maí 1990.

Samkvæmt upplýsingum samgönguráðuneytis er í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1991 gert ráð fyrir fjárframlagi til vestnorrænu ferðamálanefndarinnar.

2. Þingsályktun um könnun á fjölþættum möguleikum Bláa lónsins.

Hinn 5. apríl 1990 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktunartillögu Níelsar Árna Lund:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera könnun á möguleikum á uppbyggingu við Bláa lónið við Svartsengi með það að markmiði að nýta þá möguleika sem staðurinn hefur upp á að bjóða. Einkum skal beint sjónum að hvernig megi nýta lækningamátt lónsins fyrir Íslendinga og útlendinga, svo og að fyrirhuguð starfsemi tengist ferðamannaþjónustu almennt.

Við þetta starf verði haft náið samstarf við Hitaveitu Suðurnesja, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Grindavíkurbæ, Ferðamálasamtök Suðurnesja, landlæknisembættið, Samtök psoriasis- og exemsjúklinga og aðra þá sem málinu kunna að tengjast."

Forsætisráðuneytinu barst ályktunin með bréfi Alþingis dags. 18. apríl 1990. Með bréfi dags. 2. maí 1990 sendi forsætisráðuneytið samgönguráðuneytinu ályktunina til meðferðar en jafnframt var hún send heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Í bréfi til samgönguráðuneytis sagði m.a.: „Í ljósi efnis ályktunarinnar þykir rétt að samgönguráðuneyti hafi samvinnu við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti um meðferð málsins."

Samgönguráðuneyti hefur sent Ferðamálaráði þingsályktunina til umsagnar. Í fimm manna nefnd til að kanna nýtingu lónsins, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti hefur óskað eftir tilnefningum í, verður einn fulltrúi samgönguráðuneytisins.

3. Þingsályktun um að flýta framkvæmdum við jarðgöng á Vestfjörðum.

Hinn 5. maí 1990 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktunartillögu frá samgönguráðherra:

„Alþingi ályktar að flýta skuli framkvæmdum við fyrirhugaða jarðgangagerð á Vestfjörðum umfram það sem fyrirhugað er í fyrirliggjandi vegáætlun. Skal stefnt að því að framkvæmdir hefjist árið 1991 og að þeim ljúki á 4–5 árum. Undirbúningsrannsóknum verði hagað í samræmi við þetta.

Ríkissjóði skal heimilað að taka lán til framkvæmdanna, allt að 1.300 m.kr., á árunum 1990–1994 samkvæmt nánari ákvæðum vegáætlunar og lánsfjárlaga hverju sinni. Lán ásamt

verðbótum endurgreiðast af fé til stórverkefna samkvæmt vegáætlun. Útgjöld vegna vaxta og lántökukostnaðar umfram það, sem sparast í viðhaldskostnaði á fjármögnunarskeiði framkvæmdanna, greiðist úr ríkissjóði sem sérstakt byggðaframlag.

Ríkisstjórnin skal láta fram fara könnun á möguleikum til þess að afla sérstaklega lánsfjár og/eða tekna til að standa straum af kostnaði vegna ákvörðunar um að flýta framkvæmdum og skila áliti til næsta Alþingis."

Ályktunin barst forsætisráðuneyti með bréfi Alþingis dags. 15. maí 1990, og með bréfi dags. 25. maí 1990 var samgönguráðuneytinu send ályktunin til meðferðar. Þingsályktunin var einnig send til fjármálaráðuneytis og þess óskað að samstarf yrði með ráðuneytunum um framkvæmd hennar.

Samgönguráðuneyti upplýsir að þegar séu hafnar undirbúningsframkvæmdir við jarðgöng og í samstarfi við fjármálaráðuneytið hafi verið tekin inn í frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1991 tiltekin fjárhæð vegna þessara framkvæmda.

4. Þingsályktun um flugmálaáætlun árin 1990–1993.

Alþingi samþykkti hinn 4. maí 1990 þingsályktun um flugmálaáætlun árin 1990–1993. Samgönguráðuneyti var sent málið með bréfi forsætisráðuneytis dags. 25. maí 1990.

Samkvæmt I. kafla laga nr. 31/1987 skal samgönguráðherra á tveggja ára fresti leggja fram tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára áætlun um framkvæmdir í flugmálum. Framkvæmdum er síðan hagað í samræmi við þá áætlun sem Alþingi hefur samþykkt.

5. Þingsályktun um breytingu á vegáætlun fyrir árin 1989–1992.

Alþingi samþykkti hinn 4. maí 1990 þingsályktun um breytingu á vegáætlun fyrir árin 1989–1992. Samgönguráðuneyti var sent málið með bréfi forsætisráðuneytis dags. 25. maí 1990.

Samkvæmt 10. gr. vegalaga, nr. 6/1977, skal samgönguráðherra á tveggja ára fresti leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um vegáætlun til fjögurra ára í senn. Starfsemi Vegagerðar ríkisins fer síðan eftir þeirri vegáætlun sem Alþingi samþykkir. Í þessu tilviki var um endurskoðun á gildandi vegáætlun, 1989–1992, að ræða.

6. Þingsályktun um leiðsögumenn og endurskoðun reglugerðar nr. 175/1983, um eftirlit með skipulögðum hópferðum erlendra aðila til Íslands í atvinnuskyni.

Alþingi samþykkti hinn 23. apríl 1990 svofellda þingsályktunartillögu Danfríðar Skarphéðinsdóttur, Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur, Árna Gunnarssonar, Hjörleifs Guttormssonar, Jóns Helgasonar og Stefáns Valgeirssonar:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til að endurskoða reglugerð nr. 175/1983, um eftirlit með skipulögðum hópferðum erlendra aðila til Íslands í atvinnuskyni. Í nefndinni eigi sæti fimm fulltrúar skipaðir af eftirfarandi aðilum: samgönguráðuneyti, umhverfisráðuneyti, Félagi leiðsögumanna, Félagi íslenskra ferðaskrifstofa og ferðafélögum áhugamanna. Ný reglugerð öðlist gildi eigi síðar en 1. janúar 1991."

Með bréfi Alþingis dags. 30. apríl 1990 var ályktunin send forsætisráðuneyti sem sendi hana samgönguráðuneyti til meðferðar með bréfi dags. 25. maí 1990.

Samvæmt upplýsingum samgönguráðuneytis hefur verið skipuð nefnd til þess að vinna að þeirri endurskoðun sem ályktun Alþingis tekur til.

7. Þingsályktun um rannsókn á siglingaleið um Hornafjörð.

Alþingi samþykkti hinn 26. apríl 1990 svofellda þingsályktunartillögu Egils Jónssonar, Jóns Kristjánssonar og Hjörleifs Guttormssonar:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að hlutast til um við Hafnamálastofnun ríkisins að hraðað verði rannsókn á innsiglingunni við Hornafjarðarós og öðrum aðstæðum í tengslum við skipaleiðir um Hornafjörð."

Ályktunin barst forsætisráðuneyti með bréfi Alþingis dags. 15. maí 1990 og var send samgönguráðuneyti með bréfi dags. 25. maí 1990.

Í mars sl. gekk Hafnamálastofnun frá rannsóknaáætlun um siglingaleið um Hornafjörð. Þar var gert ráð fyrir að rannsóknir hæfust ekki af fullum krafti fyrr en á næsta ári og að lokaskýrsla með tillögum um varanlega mannvirkjagerð lægi fyrir árið 1993. Áætlaður kostnaður við rannsóknirnar er 25,7 milljónir króna, og gert var ráð fyrir að hann dreifðist á næstu þrjú ár.

Í ljósi breyttra aðstæðna við Hornafjarðarós og ályktunar Alþingis var ákveðið að Hafnamálastofnun ríkisins hraðaði umræddum rannsóknum og var ákveðið að hefja þær strax í ár. Þannig eru straum- og dýptarmælingar þegar hafnar. Með því að flýta framkvæmd rannsóknaáætlunarinnar er þess vænst að mun betra ráðrúm fáist til að túlka niðurstöður á næsta ári og þróa frekari leiðir til úrbóta.

Áætlaður kostnaður við þær mælingar og rannsóknir, sem framkvæmdar verða í ár, er 6,3 milljónir króna. Samgönguráðuneytið væntir þess að fé fáist á fjáraukalögum 1990 til að greiða þennan fyrsta hluta rannsóknanna.

UMHVERFISRÁÐUNEYTI

1. Þingsályktun um könnun á áhrifum af steinatöku og söfnun steingervinga.

Alþingi samþykkti hinn 19. febrúar 1990 svofellda þingsályktunartillögu Árna Johnsen, Salome Þorkelsdóttur, Egils Jónssonar og Kristins Pétursssonar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Náttúrufræðistofnun Íslands kanna áhrif af steinatöku og söfnun steingervinga á náttúru Íslands og gera í framhaldi af því, að höfðu samráði við Náttúruverndarráð, tillögur um aðgerðir til náttúruverndar á þessu sviði eftir því sem þörf er talin á."

Þingsályktunin barst forsætisráðuneyti með bréfi Alþingis, dags. 23. febrúar 1990, og var hún send umhverfisráðuneyti til meðferðar með bréfi dags. 1. júní 1990.

Eftir að umhverfisráðuneytinu var falin meðferð þingsályktunarinnar óskaði það eftir skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um málið. Telur hún mjög mikilvægt að þessi könnun sé gerð sem fyrst. Aðalkostnaðinn við könnunina telur hún laun og dagpeninga eins steinafræðings og eins steingervingafræðings, í tvo mánuði. Einnig óskaði umhverfisráðuneytið álits Náttúruverndarráðs og vísaði það í umsögn sína, dags. 14. apríl 1988, til allsherjarnefndar Alþingis við meðferð þingsályktunartillögunnar á Alþingi.

Umhverfisráðuneytið telur að um sé að ræða nytjamál, en bendir þó á að auk þess kostnaðar sem hlytist af könnun mundi eftirlit með steinatöku vafalítið reynast bæði nokkuð kostnaðarsamt og erfitt í framkvæmd.

2. Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1989.

Hinn 19. mars 1990 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins um að vinna að framkvæmd ályktana þess. Þar á meðal var svofelld ályktun:

„Vestnorræna þingmannaráðið ályktar að skora á landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands að þær geri árið 1992 að sérstöku vestnorrænu ári. Meginhersla verði lögð á jafnréttismála karla og kvenna, umhverfismál og æskulýðsmál. Ráðstefna um jafnrétti verði haldin á Íslandi, ráðstefna um umhverfismál á Grænlandi og um æskulýðsmál í Færeyjum. Enn fremur skorar ráðið á stjórnvöld að þau veiti nægilegt fé til þessara mála og tilnefni hvert einn fulltrúa til að undirbúa vestnorrænt ár 1992."

Forsætisráðuneyti barst þingsályktunin með bréfi Alþingis, dags. 9. apríl 1990, og var ofangreindur þáttur hennar m.a. sendur umhverfisráðuneyti með vísan til fyrirhugaðrar ráðstefnu um umhverfismál á Grænlandi. Umhverfisráðuneytið hefur í huga að taka þátt í slíkri ráðstefnu, ef af verður, og hefur lýst sig reiðubúið til þess að aðstoða við undirbúning eftir því sem aðstæður leyfa og óskað verður.

3. Þingsályktun um varnir gegn mengun frá fiskeldi.

Alþingi samþykkti hinn 14. desember 1989 svofellda þingsályktunartillögu Hjörleifs Guttormssonar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta samræmdar reglur um starfsleyfi fyrir fiskeldisstöðvar og um eftirlit og rannsóknir á mengunarhættu frá þeim. Jafnframt verði athugað hvort þörf sé á lagasetningu vegna mengunar frá fiskeldi."

Forsætisráðuneyti sendi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti ályktunina til meðferðar með bréfi dags. 30. janúar 1990. Eftir að umhverfisráðuneytið tók formlega við málefnum, sem snerta mengunarvarnir, hinn 1. júní 1990, tók það við meðferð ályktunar Alþingis. Ákvað umhverfisráðuneytið að láta fara fram endurskoðun á ýmsum ákvæðum mengunarvarnarreglugerðar. Sú endurskoðun er hafin, þar á meðal sá þáttur sem lýtur að fiskeldi.

Sþ. 168. Fyrirspurn [155. mál]

til utanríkisráðherra um tilboð ríkisstjórnarinnar í GATT-viðræðunum um verslun með landbúnaðarvörur.

Frá Agli Jónssyni.

Hvað felst í tilboði ríkisstjórnarinnar í GATT-viðræðunum fyrir Íslands hönd um verslun með landbúnaðarvörur? Sérstaklega er óskað eftir upplýsingum um:

1. breytingar á innra stuðningi við landbúnaðinn,
2. breytingar á landamæravernd vegna verslunar með landbúnaðarvörur,
3. breytingar á útflutningsbótum,
4. hve mikil hlutdeild innfluttra landbúnaðarvara yrði samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar í þeim markaði, sem innlend framleiðsla hefur fram til þessa fullnægt, þegar aðlögunartíma lýkur.

Sþ. 169. Fyrirspurn [156. mál]

til fjármálaráðherra um samninga við sveitarfélög um greiðslu á hlut ríkissjóðs í kaupum eða framkvæmdum.

Frá Friðriki Sophussyni.

Hefur verið samið við sveitarfélög um greiðslu á hluta ríkissjóðs í kaupum eða framkvæmdum samkvæmt heimild í 6. gr. fjárlaga (6.8) 1990?

a. Við hvaða sveitarfélög hefur verið samið?
b. Um hvaða upphæðir?

Greinargerð.

Samkvæmt 6. gr. fjárlaga (lið 6.8) er fjármálaráðherra heimilt „að semja við sveitarfélög með yfir 10.000 íbúa um greiðslu á hluta ríkissjóðs í kaupum eða framkvæmdum til þess að ljúka brýnum sameiginlegum verkefnum að tilskildu samþykki fjárveitinganefndar, enda takmarkist skuldbinding ríkisins við framlag á fjárlögum hverju sinni".

Í atkvæðagreiðslu um þennan lið frumvarpsins gerði fyrirspyrjandi svohljóðandi grein fyrir atkvæði sínu:

„Ætlun mín og annarra þm. Reykjavíkur var að flytja sérstaka tillögu um heimild fyrir hæstv. fjmrh. að gera samning við Reykjavíkurborg um uppgjör vegna framkvæmda í vegamálum. Frá því var horfið þegar ljóst varð af viðtölum við hæstv. fjmrh. og hv. formann fjvn. að samkvæmt þessari grein, þótt breytt hafi verið, geti hæstv. ráðherra gert slíkan samning. Í trausti þess að það verði gert segi ég já."

Samsvarandi heimild er að finna í 6. gr. frumvarps til fjárlaga fyrir 1991, en ekki verður í fljótu bragði séð að í því sé gert ráð fyrir sérstöku framlagi vegna slíkra samninga.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 170. Fyrirspurn [157. mál]

til samgönguráðherra um verkefni, skipulag og rekstur Póst- og símamálastofnunar.

Frá Friðriki Sophussyni.

1. Hefur verið tekin ákvörðun um eða er á döfinni að breyta lögum þannig að prófun og viðurkenning notendabúnaðar á sviði síma- og fjarskiptatækja verði færð til óskylds, sjálfstæðs aðila?
2. Hefur ríkisstjórnin tekið ákvörðun um eða stendur til að afnema úr lögum skyldu stofnunarinnar til þess að selja notendabúnað, svo og um að hún hætti slíkri starfsemi?
3. Hver eru viðbrögð yfirmanna stofnunarinnar og samgönguráðherra við gagnrýni og tillögum Ríkisendurskoðunar varðandi skipulag og rekstur Póst- og símamálastofnunar?
4. Má búast við því að farið verði eftir tillögum Ríkisendurskoðunar um skilmerkilega aðgreiningu á stofn- og rekstrarliðum stofnunarinnar?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 171. Fyrirspurn [158. mál]

til landbúnaðarráðherra um arð af húseign Skógræktar ríkisins að Sunnuvegi 6 í Hafnarfirði.

Frá Eiði Guðnasyni.

1. Hve hárri fjárhæð nemur arður Skógræktar ríkisins af húseigninni Sunnuvegi 6 í Hafnarfirði frá árinu 1973 fram til þessa árs?
2. Hve mikið af arðinum hefur runnið til þess að efla trjágróður í Dalasýslu í samræmi við fyrirmæli gefanda fasteignarinnar, Hákonar J. Helgasonar, í erfðaskrá dags. 16. júní 1972?
3. Hvernig hefur arður af fasteigninni verið bókfærður í bókhaldi Skógræktar ríkisins?
4. Hvernig nýtir Skógrækt ríkisins fasteignina um þessar mundir?
5. Hefur eignin verið seld á leigu? Ef svo er, þá hverjum og með hvaða kjörum?

Nd. 172. Frumvarp til laga [159. mál]

um starfsmannamál o.fl. í kjölfar breyttra verkaskipta ríkis og sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

I. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein er verði 2. mgr. og orðist svo:

Heimilt er fjármálaráðherra að fela einstökum ríkisstofnunum að annast framkvæmd kjarasamninga fyrir sína hönd. Slíka heimild getur fjármálaráðherra afturkallað með sex mánaða fyrirvara. Skylt er ofangreindum aðilum að veita fjármálaráðuneytinu allar upplýsingar um launavinnslu, laun og samsetningu þeirra, launatengd gjöld og önnur þau atriði er máli skipta um framkvæmd laga, kjarasamninga og reglugerða er ráðuneytið setur.

2. gr.

5.–8. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Þeir starfsmenn, sem eru félagar í hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélögum og gerast ríkisstarfsmenn 1. nóvember 1990 eða 1. janúar 1991 á grundvelli laga nr. 75/1990, um breyting á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónstu, skulu eiga þess kost að vera áfram í sama stéttarfélagi sem fer þá með samningsumboð fyrir þeirra hönd við ríkið.

Starfsmenn, sem falla undir lög þessi og komu til starfa 1. janúar 1990 eða síðar í þau störf, sem lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87 31. maí 1989, taka til, skulu jafnframt eiga val um hvort þeir verða félagsmenn í hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélagi eða í öðru því félagi ríkisstarfsmanna sem hefur samkvæmt lögum þessum samningsumboð fyrir viðkomandi starfsmenn. Það sama gildir um starfsmenn sem falla undir þessi lög og koma til starfa eftir 1. nóvember 1990 eða 1. janúar 1991 í þau störf sem lög nr. 75/1990 taka til.

Hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélag skal hafa tilkynnt fjármálaráðuneytinu fyrir 15. janúar 1991 fyrir hvaða starfsmenn það fer með samningsumboð gagnvart ríkinu á grundvelli þessara laga.

Hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélög hafa því aðeins samningsumboð gagnvart ríkinu fyrir starfsmenn skv. 5. og 6. mgr. þessarar greinar að tilkynningarskyldu hafi verið fullnægt skv. 7. mgr. þessarar greinar.

II. KAFLI
Um breyting á lögum nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana, með síðari breytingum.

3. gr.

Við 9. gr. bætist ný málsgrein er verði 3. mgr. og orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. geta fjármálaráðuneyti og viðkomandi ráðuneyti, ef um það er samkomulag, falið stjórnendum eða stjórnum stofnana að staðfesta ráðningarbréf starfsmanna. Slíka heimild getur fjármálaráðuneytið afturkallað einhliða með þriggja mánaða fyrirvara.

III. KAFLI
Um gildistöku.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum árum hefur verið rætt um að nauðsyn bæri til að auka sjálfstæði ríkisstofnana. Einn þáttur í slíkri viðleitni er að fela ríkisstofnunum, sem til þess hafa aðstöðu að mati fjármálaráðuneytisins, að sjá um framkvæmd kjarasamninga fyrir starfsmenn sína.

Í frumvarpinu er reynt að tryggja að þær stofnanir, sem fengju heimild til að fara með launavinnslu fyrir starfsmenn sína, hagi henni á þann hátt að hún sé í samræmi við þá stefnu sem fjármálaráðuneytið markar hverju sinni.

Ljóst má vera að fjármálaráðuneytið fer með gerð kjarasamninga við þau stéttarfélög sem hér eiga hlut að máli. Því er ráðuneytinu nauðsyn á að geta fylgst með og haft áhrif á hvernig samningar eru framkvæmdir og túlkaðir.

Því þótti ástæða til að setja fyrirvara er heimiluðu fjármálaráðuneytinu að grípa inn í ef misbrestur yrði í framkvæmd launavinnslu eða af öðrum orsökum.

Í athugasemdum við frumvarp til laga um breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 59/1983, sem samþykkt var á síðasta þingi sem lög nr. 75/1990, segir orðrétt: „Þrátt fyrir það, að verið sé að færa fjárhagslegan rekstur allrar heilbrigðisþjónustunnar, jafnt heilsugæslu sem og sjúkraþjónustu, yfir til ríkisins og að fullu á kostnað ríkisins, telur ráðuneytið ástæðulaust að efla miðstýringu þjónustunnar. Ráðuneytið er þeirrar skoðunar að þessum málum verði best sinnt af hlutaðeigandi aðilum, sem eru stjórnir viðkomandi stofnana, og vill með breytingum á heilbrigðisþjónustulögunum treysta afskiptarétt þeirra, sem falið er að annast reksturinn út í héraði, m.a. með því að stjórnirnar taki yfir allar mannaráðningar og annist fjárreiður, bókhald og reikningsskil í samræmi við gildandi reglur."

Sú breyting, sem hér er lögð til á 3. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, með síðari breytingum, er m.a. sett fram til þess að koma til móts við þessi fyrirheit, en í samræmi við fyrrgreind sjónarmið um aukið sjálfstæði ríkisstofnana vill fjármálaráðuneytið stuðla að frekari valddreifingu í þessum efnum.

Ekki þótti því rétt að einskorða þessa heimild við þær sjúkrastofnanir sem lög nr. 75/1990 taka til, heldur yrði hér um almenna stefnumörkun að ræða, þ.e. heimild til þess að hverfa almennt frá miðstýringu á launavinnslu.

Það skal þó tekið fram að Launaskrifstofa fjármálaráðuneytisins mun sjá um alla launavinnslu fyrir Heilsuverndarstöðina og heilsugæslu í Reykjavík frá 1. nóvember 1990.

Unnið er að því að tryggja ásamt fulltrúum sjúkrahúsanna að upplýsingaflæði milli þessara tveggja kerfa, þ.e. launakerfis sjúkrahúsa og launakerfis Launaskrifstofu fjármálaráðuneytisins verði fullnægjandi. Er það m.a. nauðsynlegt til þess að unnt sé að halda utan um upplýsingar um hversu mörgum starfsmönnum ríkið greiðir laun á hverjum tíma, launategundir o.fl.

Að því er seinni breytinguna á samningsréttarlögunum varðar er rétt að vitna til athugasemda með lögum nr. 128/1989, um breyting á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þau sjónarmið, sem þar eru rakin, eiga enn frekar við nú þar sem tæplega 3000 starfsmenn skipta nú um vinnuveitanda. Orðrétt segir:

„Með lögum um breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87 31. maí 1989, komu fljótlega í ljós ýmsir annmarkar að því er tekur til starfsmannamála. Fram kom mikil andstaða af hálfu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja gegn því að þeir starfsmenn, er flyttust yfir til ríkisins á grundvelli ofangreindra laga, yrðu þvingaðir til þess að skipta um stéttarfélög. Ótti manna á landsbyggðinni við slík félagaskipti mun ekki hvað síst

stafa af því að þeir telja að greind lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga séu aðeins undanfari frekari breytinga er fyrirhugaðar séu á sviði heilbrigðismála. Var þeirri skoðun haldið mjög á lofti að slíkar breytingar hefðu í för með sér hrun bæjarstarfsmannafélaga á landsbyggðinni með öllum þeim afleiðingum er slíkt kynni að hafa í för með sér. Sú breyting á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, sem hér er lögð til, er sett fram til þess að koma til móts við ofangreind sjónarmið."

Með hliðsjón af ofanrituðu telur fjármálaráðuneytið óhjákvæmilegt að breyta lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna til þess að unnt sé að framfylgja þeim grundvallarreglum í starfsmannamálum sem framfylgt var við síðustu verkaskipti. Fjármálaráðuneytið hefur átt í viðræðum við fulltrúa þeirra stéttarfélaga sem hér eiga hlut að máli og hafa þessar breytingar verið kynntar þeim.

Sú breyting, sem gerð er á lögum nr. 97/1974, skýrir sig sjálf. Með þessari tilhögun er verið að auka ábyrgð stofnana. Gerður er þó sá fyrirvari að fjármálaráðuneyti getur afturkallað heimild til launavinnslu ef eitthvað fer úrskeiðis. Þeir aðilar, sem fá heimild til að staðfesta ráðningabréf starfsmanna sinna, verða að sjálfsögðu að haga störfum sínum þannig að eigi fari í bága við 2. gr. laga nr. 97/1974, með síðari breytingum.

Frumvarp það, sem hér liggur frammi, felur í meginatriðum í sér að launa- og starfsmannamálum sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva í starfstengslum við þau er haldið sem mest heima í héraði eins og verið hefur og jafnframt að starfsmenn þessara stofnana fái að halda félagsaðild sinni óski þeir þess. Loks er lagt til að fjármálaráðuneytinu verði heimilað að fela stofnunum ríkisins að sjá um launavinnslu fyrir starfsmenn sína og að stjórnendum stofnana verði veitt heimild til að staðfesta ráðningabréf, án atbeina fjármálaráðuneytis og fagráðuneytis, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er um að ræða almenna heimild fyrir fjármálaráðherra að fela stofnunum ríkisins að sjá um framkvæmd kjarasamninga. Í því felst m.a. að sjúkrahús og heilsugæslustöðvar í starfstengslum við þau geta alfarið séð um alla launavinnslu, í samræmi við þau fyrirheit sem gefin voru með lögum nr. 75/1990. Með framkvæmd kjarasamninga er í þessu samhengi átt við útreikninga á launum og launavinnslu eða þær ráðstafanir sem gera þarf til þess að unnt sé að borga starfsmönnum laun.

Úrvinnsla á bókunum í samningum eða öðrum atriðum, sem vísað hefur verið til nefnda til nánari umfjöllunar og túlkun kjarasamninga, falla utan við framkvæmd kjarasamnings, samkvæmt þeim skilningi sem hér er lagður til grundvallar.

Nauðsyn þykir að kveða á um það, til þess að taka af öll tvímæli, að ráðherra geti afturkallað heimild stofnana til þess að sjá um launavinnslu. Mikilvægt er að ákvæði kjarasamninga séu túlkuð á samræmdan hátt, svo sem ákvæði um mat á starfsaldri, vaktavinnuákvæði o.fl. Eins gætu atriði er lúta að breyttum kostnaðarforsendum leitt til afturköllunar.

Í samræmi við framangreind sjónarmið er kveðið á um ríka upplýsingaskyldu þessara stofnana gagnvart fjármálaráðuneyti. Í því felst að ráðuneytið getur falið starfsmönnum sínum að kanna ýmis frumgögn á þessum stofnunum svo sem ráðningasamninga, starfsvottorð o.fl.

Um 2. gr.

Með 2. gr. þessa frumvarps er tekin upp sérregla um félagsaðild í samræmi við þá stefnu sem fylgt var við síðustu verkaskipti. Starfsmenn sem færðust til ríkisins 1. janúar 1990 eða færast yfir til ríkis 1. nóvember 1990 (öll heilsugæsla í Reykjavík) og 1. janúar 1991 á grundvelli laga um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87 31. maí 1989, og laga nr. 75/1990, um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, og þeir starfsmenn, sem munu gegna störfum þeirra eftirleiðis, geta valið um hvort þeir verði félagsmenn í hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélagi eða því félagi ríkisstarfsmanna sem hefur lögum samkvæmt samningsumboð fyrir viðkomandi starfsmenn. Gert er ráð fyrir að þeir starfsmenn, sem kjósa að vera áfram félagsmenn í hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélagi, myndi eins konar ríkisstarfsmannadeild innan þess.

Gengið er út frá því að öll ákvæði laganna gildi um þessa nýju viðsemjendur ríkisins eftir því sem við getur átt, þar á meðal ákvæði um takmörkun verkfallsréttar ríkisstarfsmanna, tilkynningu vinnustöðvana, framkvæmd verkfalls o.s.frv. Í þessu felst því að einungis ríkisstarfsmenn innan hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélags eiga atkvæðisrétt um kjarasamning félagsins við ríkið og eiga rétt á að taka ákvörðun um boðun verkfalls gagnvart ríkinu.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa en þeirra sem gerð er grein fyrir í hinum almennu athugasemdum. Þó skal áréttað að skv. 1. gr. frumvarps þessa er fjármálaráðuneytinu veitt víðtæk heimild til þess að kanna ýmis frumgögn á stofnununum sjálfum, svo sem ráðningarsamninga o.fl.

Þeir aðilar, sem fá heimild til að staðfesta ráðningabréf starfsmanna sinna, eru að sjálfsögðu bundnir af 2. gr. laga nr. 97/1974, með síðari breytingum. Í 2. gr. framangreindra laga er m.a. kveðið á um að óheimilt sé að láta starfsmenn starfa í þjónustu ríkisins eða ríkisstofnana, nema fjárveiting eða heimild til launagreiðslu sé fyrir hendi.

Sþ. 173. Tillaga til þingsályktunar [160. mál]

um staðfestingu samnings um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT) sem gerður var í Lundúnum 3. september 1976.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT) er mynduð af alþjóðasamtökum sem stofnuð voru til að annast rekstur gervitungla til þess að bæta fjarskipti við skip og að því leyti sem hagkvæmt þykir einnig fjarskipti við flugvélar. Markmið samtakanna er að þjóna öllum þeim svæðum þar sem þörf er fyrir fjarskipti við skip og flugvélar. Ísland er eina strandríkið í Vestur-Evrópu sem ekki er aðili að samtökunum.

Samningur um stofnunina var undirritaður í Lundúnum 3. september 1976, en tók gildi 16. júlí 1979. Jafnframt var gengið frá rekstrarsamkomulagi sem fjarskiptastofnanir í aðildarríkjunum gerast aðilar að. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Samkvæmt 25. gr. samningsins er INMARSAT alþjóðastofnun sem persóna að lögum.

Þing, þar sem sæti eiga öll aðildarríki, fer með æðsta vald innan stofnunarinnar og hefur endanlegt ákvörðunarvald. Í ráði INMARSAT sitja fulltrúar 18 stærstu hluthafanna auk fjögurra fulltrúa sem kosnir eru af þinginu. Framkvæmdastjórn fer með daglega stjórnun.

Starfsemi INMARSAT er fjármögnuð af undirritunaraðilum með fjárframlögum þeirra. Hver undirritunaraðili skal eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta í stofnuninni í hlutfalli við hlutafjáreign sína sem er ákvörðuð í rekstrarsamkomulaginu.

INMARSAT veitir talsíma-, telex-, telefax- og gagnasendingaþjónustu um gervitungl, þar með taldar neyðar- og öryggissendingar. Þjónustan er ætluð skipum og mannvirkjum meðfram ströndum, en einnig eru leyfðar burðarstöðvar í ákveðnum tilvikum. Fyrir þessa starfsemi hefur INMARSAT leigt tvö gervitungl frá geimfarastofnun Evrópuríkja (ESA), magnara í nokkrum gervitunglum í eigu INTELSAT og magnara í einu gervitungli Comsat-fyrirtækisins í Bandaríkjunum, en mun í framtíðinni nota sín eigin gervitungl. Stofnunin setur tæknilega staðla fyrir notendabúnað þann, sem þarf til að hafa samband um gervitunglin, en lætur hann ekki í té. Strandajarðstöðvar, sem hafa samband við skipin (flugvélarnar) gegnum gervitungl, eru teknar af símastjórnum ýmissa aðildarríkja í samræmi við staðla. Í sumum tilvikum reka símastjórnirnar sameiginlega strandajarðstöð, t.d. jarðstöðina í Eik, sem rekin er af Norðurlöndum.

Nokkur íslensk kaupskip eru nú þegar búin skipajarðstöð til viðskipta um gervitungl, en slíkur búnaður er hluti af framtíðarneyðarfjarskiptakerfi skipa (GMDSS- Global Maritime Distress and Safety System) sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur samþykkt.

INMARSAT hefur komið á þjónustu við loftför, en með gervitunglanotkun er unnt að bæta núverandi sambönd og gefa farþegum kost á símaþjónustu.

Hagur Íslands af aðild að framangreindri stofnun er mikill. Með slíkri aðild verður auðveldara að fylgjast með á þessu sviði og tryggja að íslenskir notendur (skip og flugvélar) eigi kost á nýjustu og bestu möguleikum til fjarskipta.

Aðild Íslands er fjárhagslega viðráðanleg og hættulaus. Með aðild að INMARSAT verður Íslandi gert að eignast lágmarkshlut í samtökunum, sem er 0,05%. Þessi upphæð nam um síðustu áramót um 140 þúsundum bandarískra dala, eða um 8,5 milljónum íslenskra króna. Á næstu árum mun INMARSAT fjárfesta í gervitunglum og þarf til þess aukningu á hlutafé. Reiknað er með að framlag Íslands nái hámarki á árinu 1993 og verði þá samtals um 300 þúsundir dala, eða um 18,3 milljónir króna. Eftir það mun arður og endurgreiðsla á fyrri framlögum nema hærri tölu en ný framlög, og á árinu 1997 mun heildarfjármagnsflæði verða Íslandi í hag. Það er stefna samtakanna að greiða 14% arð af því fé sem liggur bundið hverju sinni.

Með hliðsjón af framangreindu fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu samningsins fyrir Íslands hönd.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla

Aðildarríki samnings þessa,

sem hafa í huga meginreglu ályktunar 1721 XVI. allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna að þjóðir heims skuli allar og án mismununar eiga þess kost að nota gervitungl til fjarskipta svo fljótt sem verða má,

sem hafa í huga viðeigandi ákvæði samnings um starfsemi ríkja á sviði könnunar og notkunar himingeimsins, þ.m.t. tunglsins og himinhnatta sem gerður var hinn 27. janúar 1967, einkum 1. gr. hans, þar sem segir að nýting himingeimsins skuli koma öllum löndum til góða og fara fram í þágu þeirra allra,

sem líta til þess að heimsverslun er að mjög miklu leyti háð skipum,

sem gera sér grein fyrir að neyðar- og öryggisbúnað á sjó, svo og fjarskipti milli skipa, milli skipa og útgerðar þeirra og milli áhafna eða farþega á skipsfjöl og manna í landi, má verulega bæta með notkun gervitungla,

CONVENTION
on the International Maritime Satellite Organization (INMARSAT)

The States Parties to this Convention:

Considering the principle set forth in Resolution 1721 (XVI) of the General Assembly of the United Nations that communication by means of satellites should be available to the nations of the world as soon as practicable on a global and non-discriminatory basis,

Considering the relevant provisions of the Treaty on Principles Governing the Activities of States in the Exploration and Use of Outer Space, including the Moon and Other Celestial Bodies, concluded on 27 January 1967, and in particular Article 1, which states that outer space shall be used for the benefit and in the interests of all countries,

Taking into account that a very high proportion of world trade is dependent upon ships,

Being aware that considerable improvements to the maritime distress and safety systems and to the communication link between ships and between ships and their management as well as between crew or passengers on board and persons on shore can be made by using satellites,

eru staðráðnir í að gera ráðstafanir í þessu skyni til að afla skipum allra þjóða með notkun fullkomnustu geimtækni, sem hentar og völ er á, eins gagnlega og hagkvæma aðstöðu og unnt er, sem samræmist hinni bestu og réttlátustu notkun á radíótíðnirófinu og brautum gervitungla,

sem gera sér grein fyrir að gervitunglakerfi til notkunar á höfum er byggt upp af færanlegum jarðstöðvum og fastajarðstöðvum á landi ásamt geimskorinni,

sem staðfesta að gervitunglakerfi til notkunar á höfum skuli einnig vera hægt að nota fyrir fjarskipti í lofti í þágu loftfara allra ríkja,

eru ásátt um eftirfarandi:

1. gr.
Skilgreiningar

Í samningi þessum:

(a) merkir „rekstrarsamkomulag" rekstrarsamkomulag Alþjóðastofnunar um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT), ásamt viðauka þess,

(b) merkir „aðili" ríki sem samningur þessi hefur öðlast gildi gagnvart,

(c) merkir „undirritunaraðili" annað hvort aðila eða stofnun sem tilnefnd hefur verið samkvæmt 3. tl. 2. gr. og rekstrarsamkomulagið hefur öðlast gildi gagnvart.

(d) merkir „geimskor" gervitunglin ásamt eltikerfi, fjarmælingu, stjórn, stýringu, eftirliti og tengdri aðstöðu og búnaði sem þörf er á til stuðnings rekstri þeirra.

(e) merkir „INMARSAT-geimskorin" geimskor sem INMARSAT á eða leigir.

(f) merkir „skip" hvers konar far sem notað er á sjó. Meðal annars skulu þar taldir vatnsvængjabátar, loftpúðaför, kafbátar og flotför og pallar sem ekki eru festir til frambúðar.

(g) merkir „eign" allt það sem eignarétti getur verið háð, þar á meðal réttindi samkvæmt samningi.

(h) merkir „loftfar" hvert það tæki sem helst uppi í lofthjúpnum vegna gagnverkunar loftsins, annarrar en gagnverkunar loftsins við yfirborð jarðar.

2. gr.
Stofnun INMARSAT

(1) Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT), sem hér eftir er nefnd stofnunin, er hér með sett á fót.

Determined, to this end, to make provision for the benefit of ships of all nations through the most advanced suitable space technology available, for the most efficient and economic facilities possible consistent with the most efficient and equitable use of the radio frequency spectrum and of satellite orbits,

Recognizing that a maritime satellite system comprises mobile earth stations and land earth stations, as well as the space segment,

Affirming that a maritime satellite system shall also be open for aeronautical communications for the benefit of aircraft of all nations,

Agree as follows:

Article 1
Definitions

For the purposes of this Convention:

(a) "Operating Agreement" means the Operating Agreement on the International Maritime Satellite Organization (INMARSAT, including its Annex.

(b) "Party" means a State for which this Convention has entered into force.

(c) "Signatory" means either a Party or an entity designated in accordance with Article 2(3), for which the Operating Agreement has entered into force.

(d) "Space segment" means the satellites, and the tracing, telemetry, command, control, monitoring and related facilities and equipment required to support the operation of these satellites.

(e) "INMARSAT space segment" means the space segment owned or leased by INMARSAT.

(f) "Ship" means a vessel of any type operating in the marine environment. It includes *inter alia* hydrofoil boats, air-cushion vehicles, submersibles, floating craft and platforms not permanently moored.

(g) "Property" means anything that can be the subject of a right of ownership, including contractual rights.

(h) "Aircraft" means any machine that can derive support in the atmosphere from the reactions of the air other than the reactions of the air against the earth's surface.

Article 2
Establishment of INMARSAT

(1) The International Maritime Satellite Organization (INMARSAT), herein referred to as "the Organization", is hereby established.

(2) Gera skal rekstrarsamkomulag í samræmi við ákvæði samnings þessa og skal það lagt fram til undirritunar á sama tíma og hann.

(3) Sérhver aðili skal undirrita eða tilnefna þar til bæra stofnun hins opinbera eða einkaaðila, sem lýtur lögsögu þess aðila, til að undirrita rekstrarsamkomulagið.

(4) Símastjórnir og símastofnanir geta með fyrirvara um lög hlutaðeigandi ríkis samið um og gerst aðilar að samningum um fjarskiptaumferð að því er tekur til notkunar þeirra á fjarskiptaaðstöðu sem látin er í té samkvæmt samningi þessum og rekstrarsamkomulaginu, svo og er varðar almenningsþjónustu, aðstöðu, skiptingu tekna og skyld viðskiptaatriði.

(2) The Operating Agreement shall be concluded in conformity with the provisions of this Convention and shall be opened for signature at the same time as this Convention.

(3) Each Party shall sign the Operating Agreement or shall designate a competent entity, public or private, subject to the jurisdiction of that Party, which shall sign the Operating Agreement.

(4) Telecommunications administrations and entities may, subject to applicable domestic law, negotiate and enter directly into appropriate traffic agreements with respect to their use of telecommunications facilities provided pursuant to this Convention and the Operating Agreement, as well as with respect to services to be furnished to the public, facilities, division of revenues and related business arrangements.

3. gr.
Tilgangur

(1) Tilgangur stofnunarinnar er að gera ráðstafanir viðvíkjandi nauðsynlegri geimskor til að bæta fjarskipti á sjó, svo og fjarskipti í flugi, og stuðla þannig að því að bæta neyðar- og öryggisfjarskipti, fjarskipti í þágu flugumferðar, afköst og stjórnun skipa og loftfara, almenningsþjónustu á sjó og í lofti og möguleika til staðarákvarðana.

(2) Stofnunin skal leitast við að veita þjónustu sína á öllum svæðum þar sem þörf er fyrir fjarskipti á sjó og í lofti.

(3) Stofnunin skal eingöngu starfa í friðsamlegum tilgangi.

Article 3
Purpose

(1) The purpose of the Organization is to make provision for the space segment necessary for improving maritime communications and, as practicable, aeronautical communications, thereby assisting in improving communications for distress and safety of life, communications for air traffic services, the efficiency and management of ships and aircraft, maritime and aeronautical public correspondence services and radiodetermination capabilities.

(2) The Organization shall seek to serve all areas where there is need for maritime and aeronautical communications.

(3) The Organization shall act exclusively for peaceful purposes.

4. gr.
Samskipti aðila við þá stofnun, sem hann tilnefnir

Þegar undirritunaraðili er stofnun, sem aðili hefur tilnefnt,

(a) skulu samskipti aðilans og undirritunaraðila fara að lögum hlutaðeigandi ríkis.

(b) skal aðilinn veita þær leiðbeiningar og fyrirmæli samkvæmt viðeigandi lögum sem tryggja að undirritunaraðili ræki skyldur sínar.

(c) er aðili ekki ábyrgur fyrir skuldbindingum samkvæmt rekstrarsamkomulaginu. Aðilinn skal þó tryggja að þegar undirritunaraðilinn efnir skyldur sínar við stofnunina brjóti störf hans ekki í bága við skuldbindingar sem aðilinn hefur játast undir samkvæmt samningi þessum eða skyldum alþjóðasamningum.

Article 4
Relations between a Party and its Designated Entity

Where a Signatory is an entity designated by a Party:

(a) Relations between the Party and the Signatory shall be governed by applicable domestic law.

(b) The Party shall provide such guidance and instructions as are appropriate and consistent with its domestic law to ensure that the Signatory fulfils its responsibilities.

(c) The Party shall not be liable for obligations arising under the Operating Agreement. The Party shall, however, ensure that the Signatory, in carrying out its obligations within the Organization, will not act in a manner which violates obligations which the Party has accepted under this Convention or under related international agreements.

(d) skal aðilinn, ef undiritunaraðilinn segir sig úr stofnuninni eða bundinn er endi á aðild hans, bregðast við eins og í 3. tl. 29. gr. eða 6. tl. 30. gr. segir.

5. gr.
Ákvæði stofnunarinnar um rekstur og fjármál

(1) Störf stofnunarinnar skulu kostuð af undirritunaraðilum með fjárframlögum þeirra. Hver undirritunaraðili skal eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta í stofnuninni í hlutfalli við hlutafjáreign sem er ákveðin í samræmi við rekstrarsamkomulagið.

(2) Sérhver undirritunaraðili skal leggja fé af mörkum til fjármagnsþarfar stofnunarinnar og fær endurgreiðslu á því ásamt arði eins og rekstrarsamkomulagið segir til um.

(3) Stofnunin skal rekin á traustum efnahagslegum og fjárhagslegum grundvelli í samræmi við viðurkenndar viðskiptareglur.

6. gr.
Útvegun geimskorar

Stofnunin má eiga geimskor eða leigja hana.

7. gr.
Aðgangur að geimskor

(1) Geimskor INMARSAT skal vera opin skipum og loftförum allra þjóða til notkunar með þeim skilyrðum sem ráðið setur. Við ákvörðun skilyrðanna skal ráðið ekki gera greinarmun á skipum og loftförum á grundvelli þjóðernis.

(2) Ráðið getur í einstökum tilvikum leyft jarðstöðvum, sem staðsettar eru á mannvirkjum á hafsvæðum, öðrum en skipum, aðgang að geimskor INMARSAT, ef og svo lengi sem rekstur slíkra jarðstöðva hefur ekki veruleg áhrif á þá þjónustu sem veitt er skipum og loftförum.

(3) Jarðstöðvar á landi, sem hafa fjarskipti um geimskor INMARSAT, skulu staðsettar á landi undir lögsögu aðila og skulu að öllu leyti vera í eigu aðila eða stofnana undir lögsögu þeirra. Ráðinu er heimilt að ákveða annað ef það telur vera hagsmunum stofnunarinnar í vil.

(d) If the Signatory withdraws or its membership is terminated the Party shall act in accordance with Article 29(3) or 30(6).

Article 5
Operational and Financial Principles of the Organization

(1) The Organization shall be financed by the contributions of Signatories. Each Signatory shall have a financial interest in the Organization in proportion to its investment share which shall be determined in accordance with the Operating Agreement.

(2) Each Signatory shall contribute to the capital requirements of the Organization and shall receive capital repayment and compensation for use of capital in accordance with the Operating Agreement.

(3) The Organization shall operate on a sound economic and financial basis having regard to accepted commercial principles.

Article 6
Provision of Space Segment

The Organization may own or lease the space segment.

Article 7
Access to Space Segment

(1) The INMARSAT space segment shall be open for use by ships and aircraft of all nations on conditions to be determined by the Council. In determining such conditions, the Council shall not discriminate among ships or aircraft on the basis of nationality.

(2) The Council may, on a case-by-case basis, permit access to the INMARSAT space segment by earth stations located on structures operating in the marine environment other than ships, if and as long as the operation of such earth stations will not significantly affect the provisions of service to ships or aircraft.

(3) Earth stations on land communicating via the INMARSAT space segment shall be located on land territory under the jurisdiction of a Party and shall be wholly owned by Parties or entities subject to their jurisdiction. The Council may authorize otherwise if it finds this to be in the interests of the Organization.

8. gr.
Aðrar geimskorir

(1) Nú hyggst aðili eða einhver innan lögsögu hans, einn sér eða með öðrum, undirbúa eða hefja notkun á aðskildri geimskoraraðstöðu til að sinna hlutverkum INMARSAT geimskorinnar í þágu siglinga að einhverju eða öllu leyti og skal þá aðilinn tilkynna það stofnuninni svo tæknilegt samræmi sé tryggt og komið sé í veg fyrir að INMARSAT verði fyrir verulegum fjárhagslegum skaða.

(2) Ráðið skal láta í ljósi álit sitt að því er við kemur tæknilegri samhæfingu í formi tilmæla, sem ekki eru bindandi, og tjá þinginu álit sitt hvað snertir fjárhagslegan skaða.

(3) Þingið skal innan níu mánaða frá því er málsmeðferð sú hefst, sem kveðið er á um í grein þessari, láta í ljósi álit í formi tilmæla sem ekki eru bindandi. Má kveða þingið saman til aukafundar í þessu skyni.

(4) Tilkynning samkvæmt 1. tl. þ.m.t. tæknilegar upplýsingar, sem látnar eru í té þaraðlútandi og viðræður við stofnunina, sem síðar eiga sér stað, skal hafa til hliðsjónar viðeigandi ákvæði radíóreglugerðar Alþjóðafjarskiptasambandsins.

(5) Grein þessi skal ekki gilda um stofnun, öflun, nýtingu eða áframhaldandi rekstur geimskora í þágu varnar- og öryggismála, né um geimskorir, sem samið hefur verið um eða settar á stofn, aflað eða nýttar áður en samningur þessi öðlast gildi.

9. gr.
Skipulag

Innan stofnunarinnar skulu starfa:
(a) þingið
(b) ráðið
(c) stjórnin, sem framkvæmdarstjóri er fyrir.

10. gr.
Þingið, skipan þess og fundir

(1) Á þinginu eiga allir aðilar sæti.

(2) Þingið skal koma saman reglulega á tveggja ára fresti. Það skal kvatt saman til aukafunda að ósk þriðjungs aðilanna eða ráðsins.

11. gr.
Þingsköp

(1) Á þinginu skal hver aðili hafa eitt atkvæði.

Article 8
Other Space Segments

(1) A Party shall notify the organization in the event that it or any person within its jurisdiction intends to make provision for, or initiate the use of, individually or jointly, separate space segment facilities to meet any or all of the maritime purposes of the INMARSAT space segment, to ensure technical compatibility and to avoid significant economic harm to the INMARSAT system.

(2) The Council shall express its views in the form of a recommendation of a non-binding nature with respect to technical compatibility and shall provide its views to the Assembly with respect to economic harm.

(3) The Assembly shall express its views in the form of recommendations of a non-binding nature within a period of nine months from the date of commencing the procedures provided for in this Article. An extraordinary meeting of the Assembly may be convened for this purpose.

(4) The notification pursuant to paragraph (1), including the provision of pertinent technical information, and subsequent consultations with the Organization, shall take into account the relevant provisions of the Radio Regulations of the International Telecommunications Union.

(5) This Article shall not apply to the establishment, acquisition, utilization or continuation of separate space segment facilities for national security purposes, or which were contracted for, established, acquired or utilized prior to the entry into force of this Convention.

Article 9
Structure

The organs of the Organization shall be:
(a) The Assembly.
(b) The Council.
(c) The Directorate headed by a Director General.

Article 10
Assembly – Composition and Meetings

(1) The Assembly shall be composed of all the Parties.

(2) Regular sessions of the Assembly shall be held once every two years. Extraordinary sessions shall be convened upon the request of one-third of the Parties or upon the request of the Council.

Article 11
Assembly – Procedure

(1) Each Party shall have one vote in the Assembly.

(2) Ákvarðanir um efnisatriði skal taka með meirihluta ⅔ atkvæða, en um þingsköp með einföldum meirihluta þeirra aðila sem viðstaddir eru og atkvæði greiða. Aðilar, sem sitja hjá við atkvæðagreiðslu, skulu taldir með þeim sem ekki greiða atkvæði.

(3) Formaður ákvarðar hvort mál varði efnisatriði eða fundarsköp. Slíkri ákvörðun hans verður hnekkt með ⅔ meirihluta atkvæða þeirra aðila sem viðstaddir eru og atkvæði greiða.

(4) Þingfundur er lögmætur ef meirihluti aðila sækir hann.

12. gr.

Störf þingsins

(1) Þingið hefur eftirfarandi starfssvið:

(a) Að huga að og fjalla um starfsemi, tilgang, almenna stefnumörkun og langtímamarkmið stofunarinnar og láta ráðinu í té um það álit sitt og tilmæli.

(b) Að sjá til þess að störf stofnunarinnar samræmist samningi þessum, tilgangi og meginreglum sáttmála Sameinuðu þjóðanna og öllum öðrum alþjóðasamningum sem stofnunin verður bundin af samkvæmt ákvörðun sinni.

(c) Að heimila samkvæmt tilmælum ráðsins að komið sé upp frekari geimskoraraðstöðu eingöngu eða aðallega til að bjóða staðsetningarþjónustu, neyðarþjónustu og öryggisþjónustu. Þó má án slíkrar heimildar nota geimskoraraðstöðu, sem komið hefur verið upp til að veita almenningi þjónustu á sjó og í lofti, fyrir fjarskipti í neyð og í öryggisskyni og til staðsetningar.

(d) Að taka ákvarðanir um tilmæli ráðsins og láta í ljósi álit um skýrslur þess.

(e) Að kjósa fjóra fulltrúa í ráðið samkvæmt b-lið 1.tl. 13.gr.

(f) Að ákvarða um atriði er varða formleg samskipti stofnunarinnar og ríkja, hvort sem þau eru aðilar eða ekki, og alþjóðastofnana.

(g) Að ákvarða um breytingar á samningi þessum samkvæmt 34.gr. eða á rekstrarsamkomulaginu samkvæmt XVIII gr. þess.

(h) Að fjalla um og ákveða hvort aðild skuli ljúka samkvæmt 30. gr.

(i) Að vinna hver þau störf önnur sem því eru falin í öðrum greinum samnings þessa eða rekstrarsamkomulaginu.

(2) Decisions on matters of substance shall be taken by a two-thirds majority, and on procedural matters by a simple majority, of the Parties present and voting. Parties which abstain from voting shall be considered as not voting.

(3) Decisions whether a question is procedural or substantive shall be taken by the Chairman. Such decisions may be overruled by a two-thirds majority of the Parties present and voting.

(4) A quorum for any meeting of the Assembly shall consist of a majority of the Parties.

Article 12

Assembly – Functions

(1) The functions of the Assembly shall be to:

(a) Consider and review the activities, purposes, general policy and long-term objectives of the Organization and express views and make recommendations thereon to the Council.

(b) Ensure that the activities of the Organization are consistent with this Convention and with the purposes and principles of the United Nations Charter, as well as with any other treaty by which the Organization becomes bound in accordance with its decision.

(c) Authorize, on the recommendation of the Council, the establishment of additional space segment facilities the special or primary purpose of which is to provide radiodetermination, distress or safety services. However, the space segment facilities established to provide maritime and aeronautical public correspondence services can be used for telecommunications for distress, safety and radiodetermination purposes without such authorization.

(d) Decide on other recommendations of the Council and express views on reports of the Council.

(e) Elect four representatives on the Council in accordance with Article 13(1)(b).

(f) Decide upon questions concerning formal relationships between the Organization and States, whether Parties or not, and international organizations.

(g) Decide upon any amendments to this Convention pursuant to Article 34 or to the Operating Agreement pursuant to Article XVIII thereof.

(h) Consider and decide whether membership be terminated in accordance with Article 30.

(i) Exercise any other functions conferred upon it in any other Article of this Convention or the Operating Agreement.

(2) Við störf sín skal þingið hafa hliðsjón af öllum tilmælum ráðsins sem þau varða.

13. gr.
Skipan ráðsins

(1) Ráðið skal skipað 22 fulltrúum undirritunaraðila eins og hér segir:

(a) Átján fulltrúum þeirra undirritunaraðila eða hópa undirritunaraðila, sem ekki eiga sér annað fyrirsvar og samþykkt hafa að komið sé fram fyrir þeirra hönd sem hóps sem lagt hafa fram mest hlutafé til stofnunarinnar. Nú hefur hópur undirritunaraðila og einstakur undirritunaraðili lagt fram jafn mikið hlutafé, og skal hinn síðarnefndi þá njóta forgangs. Ef fulltrúar í ráðinu yrðu fleiri en 22 vegna þess að hlutafé tveggja eða fleiri undirritunaraðila er jafnt, skulu þeir þó, í því undantekningartilviki, báðir eða allir eiga þar fulltrúa.

(b) Fjórum fulltrúum undirritunaraðila sem ekki eiga sér annað fyrirsvar í ráðinu, sem kosnir eru af þinginu án tillits til hlutafjáreignar þeirra, til þess að tryggja að farið sé eftir meginreglunni um réttláta landfræðilega dreifingu fyrirsvars og með tilliti til hagsmuna þróunarríkja. Undirritunaraðili sem kosinn er til fyrirsvars fyrir hönd landsvæðis skal koma fram fyrir hönd allra undirritunaraðila á því svæði sem samþykkt hefur það og ekki nýtur annars fyrirsvars í ráðinu. Kosning skal taka gildi á fyrsta fundi ráðsins eftir að kosið var, og haldast í gildi til næsta reglulegs fundar þingsins.

(2) Meðan laust fulltrúasæti hefur ekki verið skipað ógildist skipan ráðsins ekki vegna of lágrar fulltrúatölu.

14. gr.
Fundarsköp ráðsins

(1) Ráðið skal koma saman svo oft sem þörf er á til að vinna störf sín á skilvirkan hátt, en eigi sjaldnar en þrisvar á ári.

(2) Ráðið skal leitast við að taka ákvarðanir sínar samhljóða. Nú næst ekki samkomulag um samhljóða ákvörðun, og skal ákvörðun þá tekin sem hér segir: Ákvarðanir um efnisatriði skulu teknar með meirihluta þeirra fulltrúa í ráðinu sem fara með að minnsta kosti tvo þriðju hluta alls atkvæðisréttar þeirra undirritunaraðila og hópa undirritunaraðila sem þar eiga fulltrúa. Ákvarðanir um fundarsköp skulu teknar með einföldum meirihluta þeirra fulltrúa sem

(2) In performing its functions the Assembly shall take into account any relevant recommendations of the Council.

Article 13
Council – Composition

(1) The Council shall consist of twenty-two representatives of Signatories as follows:

(a) Eighteen representatives of those Signatories, or groups of Signatories not otherwise represented, which have agreed to be represented as a group, which have the largest investment shares in the Organization. If a group of Signatories and a single Signatory have equal investment shares, the latter shall have the prior right. If by reason of two or more Signatories having equal investment shares the number of representatives on the Council would exceed twenty-two, all shall nevertheless, exceptionally, be represented.

(b) Four representatives of Signatories not otherwise represented on the Council, elected by the Assembly, irrespective of their investment shares, in order to ensure that the principle of just geographical representation is taken into account, with due regard to the interests of the developing countries. Any Signatory elected to represent a geographical area shall represent each Signatory in that geographical area which has agreed to be so represented and which is not otherwise represented on the Council. An election shall be effective as from the first meeting of the Council following that election, and shall remain effective until the next ordinary meeting of the Assembly.

(2) Deficiency in the number of representatives on the Council pending the filling of a vacancy shall not invalidate the composition of the Council.

Article 14
Council – Procedure

(1) The Council shall meet as often as may be necessary for the efficient discharge of its functions, but not less than three times a year.

(2) The Council shall endeavour to take decisions unanimously. If unanimous agreement cannot be reached, decisions shall be taken as follows: Decisions on substantive matters shall be taken by a majority of the representatives on the Council representing at least two-thirds of the total voting participation of all Signatories and groups of Signatories represented on the Council. Decisions on procedural matters shall be taken by a simple majority of the representatives present

viðstaddir eru og atkvæði greiða og hefur hver fulltrúi þá eitt atkvæði. Formaður ráðsins sker úr deilum um hvort ákveðið mál varði fundarsköp eða efnisatriði. Ákvörðun formanns má hnekkja með ⅔ meirihluta þeirra fulltrúa sem viðstaddir eru og atkvæði greiða og hefur hver þeirra þá eitt atkvæði. Ráðið getur samþykkt aðra tilhögun atkvæðagreiðslu við kosningu embættismanna sinna.

(3) (a) Atkvæðisréttur hvers fulltrúa skal samsvara því hlutafé sem hann er í fyrirsvari fyrir. Þó má enginn fulltrúi fara með atkvæði fyrir hönd eins undirritunaraðila er vegur meira en 25% alls atkvæðamagns í stofnuninni, nema b-liður (iv) eigi við.

(b) Þrátt fyrir ákvæði 9., 10. og 12. tl. V. gr. rekstrarsamkomulagsins

(i) Getur undirritunaraðili sem fulltrúa á í ráðinu, og á samkvæmt hlutafjáreign sinni rétt á atkvæðamagni sem fara myndi fram úr 25% af heildarmagni atkvæða í stofnuninni, boðið öðrum undirritunaraðilum að taka að einhverju leyti eða öllu við þeirri hlutdeild sinni sem fer fram úr 25%.

(ii) Geta aðrir undirritunaraðilar tilkynnt stofnuninni að þeir séu þess búnir að taka við slíku umframhlutafé að einhverju eða öllu leyti. Ef fjárhæðir þær sem stofnuninni er tilkynnt um fara samanlagðar ekki fram úr þeirri fjárhæð sem til skipta er, skal ráðið skipta henni milli þeirra undirritunaraðila sem tilkynntu, í samræmi við fjárhæðir þær sem tilkynnt var um. En ef fjárhæðir þær sem stofnuninni er tilkynnt um fara fram úr þeirri fjárhæð sem til skipta er skal ráðið skipta eins og þeir undirritunaraðilar sem tilkynntu kunna að verða ásáttir um, eða ef ekki verður af samkomulagi, í hlutfalli við þær fjárhæðir sem tilkynnt hefur verið um.

(iii) Alla slíka skiptingu skal ráðið annast á þeim tíma er hlutafjáreign er ákvörðuð samkvæmt V. gr. rekstrarsamkomulagsins. Skipting skal ekki auka hlutafjáreign neins undirritunaraðila umfram 25%.

(iv) Að því leyti sem hlutafjáreign undirritunaraðila umfram 25%, sem boðin er fram til skiptingar, er ekki skipt samkvæmt þeim reglum,sem ákveðið er á um í þessum tölulið, má atkvæðisréttur fulltrúa þess undirritunaraðila fara fram úr 25%.

and voting, each having one vote. Disputes whether a specific matter is procedural or substantive shall be decided by the Chairman of the Council. The decision of the Chairman may be overruled by a two-thirds majority of the representatives present and voting, each having one vote. The Council may adopt a different voting procedure for the election of its officers.

(3) (a) Each representative shall have a voting participation equivalent to the investment share or shares he represents. However, no representative may cast on behalf of one Signatory more than 25 per cent of the total voting participation in the Organization except as provided in sub-paragraph (b)(iv).

(b) Notwithstanding Article V(9), (10) and (12) of the Operating Agreement:

(i) If a Signatory represented on the Council is entitled, based on its investment share, to a voting participation in excess of 25 per cent of the total voting participation in the Organization, it may offer to other Signatories any or all of its investment share in excess of 25 per cent.

(ii) Other Signatories may notify the Organization that they are prepared to accept any or all of such excess investment share. If the total of the amounts notified to the Organization does not exceed the amount available for distribution, the latter amount shall be distributed by the Council to the notifying Signatories in accordance with the amount available for distribution, the latter amount shall be distributed by the Council as may be agreed among the notifying Signatories, or, failing agreement, in proportion to the amounts notified.

(iii) Any such distribution shall be made by the Council at the time of determinations of investment shares pursuant to Article V of the Operating Agreement. Any distribution shall not increase the investment share of any Signatory above 25 per cent.

(iv) To the extent that the investment share of the Signatory in excess of 25 per cent offered for distribution is not distributed in accordance with the procedure set forth in this paragraph, the voting participation of the representative of the Signatory may exceed 25 per cent.

(c) Að því leyti sem undirritunaraðili ákveður að bjóða ekki öðrum undirritunaraðilum umframhlutafjáreign sína skal þeim atkvæðisrétti hans sem er umfram 25% skipt jafnt á milli allra fulltrúa í ráðinu.

(4) Fundur ráðsins er lögmætur ef hann er sóttur af meirihluta fulltrúa í ráðinu sem fer með að minnsta kosti ⅔ hluta heildaratkvæðisréttar allra undirritunaraðila og hópa undirritunaraðila sem þar eiga fulltrúa.

15. gr.
Störf ráðsins

Ráðið skal bera ábyrgð á að sjá fyrir nauðsynlegri geimskor til að koma í framkvæmd markmiðum stofnunarinnar með sem hagkvæmustum, árangursríkustum og skilvirkustum hætti í samræmi við samning þennan og rekstrarsamkomulagið með álit og tilmæli þingsins í huga. Til að framkvæma þessa skyldu skal ráðið hafa vald til að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal:

(a) Að ákvarða um þörf fyrir gervitunglafjarskipti á sjó og í lofti og samþykkja stefnumörkun, skipulag, áætlanir, reglur og ráðstafanir vegna hönnunar, þróunnar, smíði, stofnunarinnar, kaupa eða leigu, starfrækslu, viðhaldi og notkun INMARSAT-geimskorinnar og þar á meðal kaup á uppskotaþjónustu til að sinna þeim þörfum.

(b) Að samþykkja og koma í framkvæmd stjórnunartilhögun er skyldi framkvæmdastjóra að leita verksamninga á sviði tæki og rekstrar hvarvetna þar sem slíkt er stofnunni hagkvæmara.

(c) Að samþykkja viðmiðun og reglur um viðurkenningu jarðstöðva á landi, í skipum og loftförum og á mannvirkjum á hafsvæðum til aðgangs að INMARSAT-geimskorinni, og um prófun og eftirlit með afköstum jarðstöðva sem aðgang hafa að INMARSAT-geimskorinni. Hvað jarðstöðvar í skipum og loftförum snertir skal ætlast til að viðmiðun sé nægilega sundurliðuð til að yfirvöld einstakra landa sem veita leyfi geti, ef þau telja ástæðu til, notað þau til tegundarviðurkenningar.

(d) Að legga tilmæli fyrir þingið samkvæmt c-lið 1. tl.

(e) Að leggja skýrslur um störf stofnunarinnar, þar á meðal um fjármál, reglulega fyrir þingið.

(c) To the extent that a Signatory decides not to offer its excess investment share to other Signatories, the corresponding voting participation of that Signatory in excess of 25 per cent shall be distributed equally to all other representatives on the Council.

(4) A quorum for any meeting of the Council shall consist of a majority of the representatives on the Council, representing at least two-thirds of the total voting participation of all Signatories and groups of Signatories represented on the Council.

Article 15
Council – Functions

The Council shall have the responsibility, having due regard for the views and recommendations of the Assembly, to make provision for the space segment necessary for carrying out the purposes of the Organization in the most economic, effective and efficient manner consistent with this Convention and the Operating Agreement. To discharge this responsibility, the Council shall have the power to perform all appropriate functions, including:

(a) Determination of maritime and aeronautical satellite telecommunications, requirements and adoption of policies, plans, programmes, procedures and measures for the design, development, construction, establishment, acquisition by purchase or lease, operation, maintenance and utilization of the INMARSAT space segment, including the procurement of any necessary launch services to meet such requirements.

(b) Adoption and implementation of management arrangements which shall require the Director General to contract for technical and operational functions whenever this is more advantageous to the Organization.

(c) Adoption of criteria and procedures for approval of earth stations on land, on ships, on aircraft, and on structures in the marine environment for access to the INMARSAT space segment and for verification and monitoring of performance of earth stations having access to and utilization of the INMARSAT space segment. For earth stations on ships and aircraft, the criteria should be in sufficient detail for use by national licensing authorities, at their discretion, for type-approval purposes.

(d) Submission of recommendations to the Assembly in accordance with Article 12(1)(c).

(e) Submission to the Assembly of periodic reports on the activities of the Organization, including financial matters.

(f) Að koma á innkaupatilhögun, reglum og samningsskilmálum og samþykkja kaupsamninga í samræmi við samning þennan og rekstrarsamkomlagið.

(g) Að marka stefnu í fjármálum og samþykkja reglur um fjármál, árlega fjárhagsáætlun og ársreikninga, og ákvarða reglulega gjöld fyrir notkun INMARSAT-geimskorarinnar og taka ákvarðanir um öll önnur fjármál, þar á meðal um hlutafjáreign og hámarksupphæð stofnfjárs í samræmi við samning þennan og rekstrarsamkomulagið.

(h) Að ákvarða um tilhögun stöðugs samráðs við stofnanir sem ráðið viðurkennir að séu í fyrirsvari fyrir útgerðarmenn, flugrekendur, áhafnir í siglingum og flugi, og aðra þá er nota fjarskipti á sjó og í lofti.

(i) Að tilnefna gerðarmann þegar stofnunin er aðili að máli fyrir gerðardómi.

(j) Að sinna öllum öðrum störfum sem því eru falin í öðrum greinum samnings þessa eða með rekstrarsamkomulaginu, og öllum öðrum störfum sem við eiga til að tilgangi stofnunarinnar verði náð.

16. gr.
Stjórnin

(1) Ráðið skal skipa framkvæmdastjóra úr hópi manna sem aðilar eða undirritunaraðilar fyrir milligöngu aðila tilnefna og er skipun hans háð staðfestingu aðila. Vörsluaðili skal þegar tilkynna aðilum um skipunina. Skipun er staðfest hafi ekki fleiri en þriðjungur aðila andmælt henni skriflega við vörsluhafa innan sextíu daga frá tilkynningu. Framkvæmdastjóri getur hafið störf meðan beðið er staðfestingar þegar skipun hans hefur farið fram.

(2) Ráðningartími framkvæmdastjóra er sex ár. Þó getur ráðið vikið honum frá fyrr að eigin ákvörðun. Ráðið skal tilkynna þinginu um ástæður frávikningarinnar.

(3) Framkvæmdastjóri skal vera æðsti starfsmaður stofnunarinnar og fyrirsvarsmaður hennar að lögum, og ber hann ábyrgð gagnvart ráðinu og er háður fyrirmælum þess.

(4) Skipulag, starfsmannafjöldi og almenn ráðningarkjör yfirmanna og starfsliðs, svo og sérfræðinga og annara ráðgjafa stjórnarinnar, eru háð samþykki ráðsins.

(5) Framkvæmdastjóri skipar stjórnarmenn. Skipun hátt settra yfirmanna sem eru millilið-

(f) Adoption of procurement procedures, regulations and contract terms and approval of procurement contracts consistent with this Convention and the Operating Agreement.

(g) Adoption of financial policies, approval of the financial regulations, annual budget and annual financial statements, periodic determination of charges for use of the INMARSAT space segment, and decisions with respect to all other financial matters, including investment shares and capital ceiling consistent with this Convention and the Operating Agreement.

(h) Determination of arrangements for consultation on a continuing basis with bodies recognized by the Council as representing shipowners, aircraft operators, maritime and aeronautical personnel and other users of maritime and aeronautical telecommunications.

(i) Designation of an arbitrator where the Organization is a party to arbitration.

(j) Exercise of any other functions conferred upon it in any other Article of this Convention or the Operating Agreement or any other function appropriate for the achievement of the purposes of the Organization.

Article 16
Directorate

(1) The Director General shall be appointed, from among candidates proposed by Parties or Signatories through Parties, by the Council, subject to confirmation by the Parties. The Depository shall immediately notify the Parties of the appointment. The appointment is confirmed unless within sixty days of the notification more than one-third of the Parties have informed the Depositary in writing of their objection to the appointment. The Director General may assume his functions after appointment and pending confirmation.

(2) The term of office of the Director General shall be six years. However, the Council may remove the Director General earlier on its own authority. The Council shall report the reasons for the removal to the Assembly.

(3) The Director General shall be the chief executive and legal representative of the Organization and shall be responsible to and under the direction of the Council.

(4) The structure, staff levels and standard terms of employment of officials and employees and of consultants and other advisers to the Directorate shall be approved by the Council.

(5) The Director General shall appoint the members of the Directorate. The appointment of

laust ábyrgir gagnvart framkvæmdastjóra er háð samþykki ráðsins.

(6) Meginsjónarmið við skipun framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna stjórnarinnar skal vera að tryggja að fullnægt sé ítrustu kröfum um ráðvendni, hæfni og dugnað.

17. gr.
Fyrirsvar á fundum

Öllum aðilum og undirritunaraðilum sem eiga samkvæmt samningi þessum eða rekstrarfyrirkomulaginu rétt á að sækja fund stofnunarinnar og/eða taka þar þátt skal leyft að sækja þá og/eða taka þátt í þeim, svo og öllum öðrum fundum sem haldnir eru á vegum stofnunarinnar, hver sem fundarstaður kann að vera. Öll framkvæmdaratriði sem samið er um við land þar sem fundur er haldinn skulu vera í samræmi við þessar skuldbindingar.

18. gr.
Kostnaður af fundahöldum

(1) Hver aðili og undirritunaraðili skal greiða eigin kostnað af fyrirsvari á fundum stofnunarinnar.

(2) Útgjöld við fundi stofnunarinnar skulu talin stjórnunarkostnaður hennar. Þó skal ekki halda fundi stofnunarinnar utan aðalstöðva hennar nema væntanlegur gestgjafi fallist á að greiða aukakostnað þann sem af því hlýst.

19. gr.
Ákvörðun afnotagjalda

(1) Ráðið skal tilgreina mælieiningar fyrir hina mismunandi notkun INMARSAT-geimskorarinnar og ákvarða gjöld fyrir hana. Gjöldunum er ætlað að afla stofnuninni nægilegra tekna til að standa straum af kostnaði hennar við rekstur, viðhald og stjórnun, sjá fyrir því rekstrarfé sem ráðið kann að telja nauðsynlegt, standa undir fyrningu á fjárfestingum undirritunaraðila, og greiða arð af fjármagni eins og kveðið er á um í rekstrarsamkomulaginu.

(2) Gjaldskrár afnotagjalda skulu vera hinar sömu fyrir hverja notkun meðal allra undirritunaraðila fyrir þá notkun.

(3) Fyrir stofnanir aðrar en undirritunaraðila, sem heimilað hefur verið samkvæmt 7. gr. að nota INMARSAT-geimskorina, getur ráðið ákveðið afnotagjöld önnur en þau sem fyrir undirritunar-

senior officials reporting directly to the Director General shall be approved by the Council.

(6) The paramount consideration in the appointment of the Director General and other personnel of the Directorate shall be the necessity of ensuring the highest standards of integrity, competency and efficiency.

Article 17
Representation at Meetings

All Parties and Signatories which, under this Convention or the Operating Agreement, are entitled to attend and/or participate at meetings of the Organization shall be allowed to attend and/or participate at such meetings as well as any other meeting held under the auspices of the Organization, regardless of where the meeting may take place. The arrangements made with any host country shall be consistent with these obligations.

Article 18
Cost of Meetings

(1) Each Party and Signatory shall meet its own costs of representation at meetings of the Organization.

(2) Expenses of meetings of the Organization shall be regarded as an administrative cost of the Organization. However, no meeting of the Organization shall be held outside its headquarters, unless the prospective host agrees to defray the additional expenditure involved.

Article 19
Establishment of Utilization Charges

(1) The Council shall specify the units of measurement for the various types of utilization of the INMARSAT space segment and shall establish charges for such utilization. These charges shall have the objective of earning sufficient revenues for the Organization to cover its operating, maintenance, and administrative costs, the provision of such operating funds as the Council may determine to be necessary, the amortization of investment made by Signatories, and compensation for use of capital in accordance with the Operating Agreement.

(2) The rates of utilization charge for each type of utilization shall be the same for all Signatories for that type of utilization.

(3) For entities, other than Signatories, which are authorized in accordance with Article 7 to utilize the INMARSAT space segment, the Council may establish rates of utilization charge differ-

aðila gilda. Gjöld fyrir hverja notkun skulu vera hinar sömu meðal allra slíkra stofnana fyrir þá notkun.

20. gr.
Innkaup

(1) Stefnu ráðsins um innkaup skal þannig hagað að hún hvetji, í þágu stofnunarinnar, til samkeppni um sölu vöru og þjónustu um heim allan. Í þeim tilgangi

(a) skal kaup á vöru og þjónustu sem stofnunin þarfnast, hvort sem er með kaupum eða leigu, gerð með samningi sem byggist á tilboðum með opnum alþjóðlegum útboðum

(b) skal samningur gerður við tilboðsgjafa sem bjóða bestu staðsetningu, gæða, verðs og hagkvæmasta afhendingartíma

(c) skal ráðið, ef bjóðendur gefa sambærilega samsetningu gæða, verðs og afhendingartíma gera pöntun á þann hátt að fylgt sé stefnu þeirri við innkaup sem að ofan er lýst.

(2) Í eftirtöldum tilvikum má, samkvæmt málsmeðferð sem ráðið samþykkir, gera undanþágu frá kröfunni um opið, alþjóðlegt útboð, enda hvetji ráðið um leið, í þágu stofnunarinnar, til samkeppni um sölu vöru og þjónustu um heim allan:

(a) Ef áætlað verð pöntunar fer ekki fram úr 50.000 Bandaríkadölum og pöntun myndi ekki vegna undanþágunnar skapa seljanda slíka aðstöðu að ráðinu yrði síðar torveldað að framkvæma í raun þá innkaupastefnu sem að ofan er lýst. Ráðið getur endurskoðað hámarks fjárhæðina að því leyti sem slíkt réttlætist af breytingum á heimsmarkaðsverði, eins og endurspeglast af viðeigandi verðvísitölum.

(b) Ef innkaup þola ekki bið vegna neyðarástands.

(c) Ef aðeins einn seljandi getur uppfyllt kröfur sem nauðsynlegar eru til að sinna þörfum stofnunarinnar, eða ef fjöldi hugsanlegra seljanda er svo mjög takmarkaður að það væri hvorki æskilegt né í bestu samræmi við hagsmuni stofnunarinnar að leggja til fé og tíma vegna opins alþjóðlegs útboðs, svo framarlega sem hugsanlegir seljendur, séu þeir fleiri en einn, fái sömu möguleika að gefa tilboð.

(d) Ef það sem kaupa þarf er í þágu stjórnunar og hvorki væri raunhæft né gerlegt að falast eftir því með opnu alþjóðlegu útboði.

(e) Ef kaup eru fyrir persónulega þjónustu.

ent from those established for Signatories. The rates for each type of utilization shall be the same for all such entities for that type of utilization.

Article 20
Procurement

(1) The procurement policy of the Council shall be such as to encourage, in the interests of the Organization, world-wide competition in the supply of goods and services. To this end:

(a) Procurement of goods and services required by the Organization, whether by purchase or lease, shall be effected by the award of contracts, based on responses to open international invitations to tender.

(b) Contracts shall be awarded to bidders offering the best combination of quality, price and the most favourable delivery time.

(c) If there are bids offering comparable combinations of quality, price and the most favourable delivery time, the Council shall award the contract so as to give effect to the procurement policy set out above.

(2) In the following cases the requirement of open international tender may be dispensed with under procedures adopted by the Council, provided that in so doing the Council shall encourage in the interests of the Organization world-wide competition in the supply of goods and services:

(a) The estimated value of the contract does not exceed 50,000 US dollars and the award of the contract would not by reason of the application of the dispensation place a contractor in such a position as to prejudice at some later date the effective exercise by the Council of the procurement policy set out above. To the extent justified by changes in world prices, as reflected by relevant price indices, the Council may revise the financial limit.

(b) Procurement is required urgently to meet an emergency situation.

(c) There is only one source of supply to a specification which is necessary to meet the requirements of the Organization or the sources of supply are so severely restricted in number that it would be neither feasible nor in the best interest of the Organization to incur the expenditure and time involved in open international tender, provided that where there is more than one source they will have an opportunity to bid on an equal basis.

(d) The requirement is of an administrative nature for which it would be neither practicable nor feasible to undertake open international tender.

(e) The procurement is for personal services.

21. gr.

Uppfinningar og tæknilegar upplýsingar

(1) Í tengslum við hvert það verk sem stofnunin vinnur eða unnið er á vegum stofnunarinnar á hennar kostnað skal hún aðeins öðlast þau réttindi yfir uppfingingum og tæknilegum upplýsingum sem nauðsynleg eru vegna sameiginlegra hagsmuna stofnunarinnar og undirritunaraðilanna vegna aðildar þeirra. Sé verk innt af hendi samkvæmt samningi skulu engin slík réttindi er stofnunni öðlast háð einkarétti.

(2) Hvað 1. tl. snertir skal stofnunin í tengslum við slík verk sem felur í sér verulegar athuganir, rannsóknir og þróunarstarf í samræmi við meginreglur þær sem um hana gilda, markmið sín, og almennt viðurkennda starfsháttu í iðnaði tryggja sjálfri sér:

(a) rétt til að allar uppfinningar og tæknilegar upplýsingar sem aflað er með verkinu séu birtar henni án endurgjalds,

(b) rétt til að birta og láta birta slíkar uppgötvanir og tæknilegar upplýsingar aðilum og undirritunaraðilum, svo og öðrum innan lögsögu aðila, að nota slíkar uppfinningar og tæknilegar upplýsingar án endurgjalds í tengslum við geimskor INMARSAT eða jarðstöðvar á landi eða í skipum eða loftförum, sem reknar eru í tengslum við hana.

(3) Sé verk unnið samkvæmt samningi skal eignarréttur að uppfinningum og tæknilegum upplýsingum sem frá verkinu eru runnar haldast hjá verksala.

(4) Stofnunin skal með sanngjörnum og eðlilegum skilmálum og skilyrðum einnig tryggja sjálfri sér rétt til að nota og láta nota uppfinningar og tæknilegar upplýsingar sem beinlínis eru nýttar við framkvæmd verks á hennar vegum en 2. tl. tekur ekki til, að svo miklu leyti sem notkunin er nauðsynleg til að endursmíða eða breyta framleiddri vöru sem afhent er samkvæmt samningi sem stofnunin greiðir fyrir og að því marki sem sá er verkið vann er bær til að veita þann rétt.

(5) Í einstökum tilvikum getur ráðið samþykkt að vikið sé frá stefnu þeirri sem kveðið er á um í b-lið 2. tl. og 4. tl. ef ráðinu er sýnt fram á það meðan á samningaumleitunum stendur að það myndi skaða hagsmuni stofnunarinnar ef ekki yrði vikið frá stefnunni.

(6) Ráðið getur einnig í einstökum tilvikum og þegar sértstakar aðstæður réttlæta það samþykkt

Article 21

Inventions and Technical Information

(1) The Organization, in connexion with any work performed by it or on its behalf at its expense, shall acquire in inventions and technical information those rights, but no more than those rights, which are necessary in the common interests of the Organization and of the Signatories in their capacity as such. In the case of work done under contract, any such rights obtained shall be on a non-exclusive basis.

(2) For the purpose of paragraph (1) the Organization, taking into account its principles and objective and generally accepted industrial practices, shall in connexion with such work involving a significant element of study, research or development ensure for itself:

(a) The right to have disclosed to it without payment all inventions and technical information generated by such work.

(b) The right to disclose and to have disclosed to Parties and Signatories and others within the jurisdiction of any Party such inventions and technical information, and to use and to authorize and to have authorities Parties and Signatories and such others to use such inventions and technical information without payment in connexion with the INMARSAT space segment and any earth station on land, ship or aircraft operating in conjunction therewith.

(3) In the case of work done under contract, ownership of the rights in inventions and technical information generated under the contract shall be retained by the contractor.

(4) The Organization shall also ensure for itself the right, on fair and reasonable terms and conditions, to use and to have used inventions and technical information directly utilized in the execution of work performed on its behalf but not included in paragraph (2), to the extend that such use is necessary for the reconstruction or modification of any product actually delivered under a contract financed by the Organization, and to the extent that the person who has performed such work is entitled to grant such right.

(5) The Council may in individual cases approve a deviation from the policies prescribed in paragraphs (2)(b) and (4), where in the course of negotiation it is demonstrated to the Council that failure to deviate would be detrimental to the interests of the Organization.

(6) The Council may also, in individual cases where exceptional circumstances warrant,

að vikið sé frá stefnu þeirri sem kveðið er á um í 3. tl. ef öllum eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

(a) Ráðinu er sýnt fram á að það myndi skaða hagsmuni stofnunarinnar ef ekki yrði vikið frá stefnunni.

(b) Ráðið telur stofnunina geta tryggt einkaleyfisvernd í hvaða landi sem er.

(c) Þar sem og að svo miklu leyti sem verktaki getur ekki eða vill ekki tryggja slíka einkaleyfisvernd innan þess frests sem unnt er að veita.

(7) Hvað uppfinningar og tæknilegar upplýsingar snertir, sem stofnunin hefur öðlast réttindi til á annan hátt en samkvæmt 2. tl., skal hún samkvæmt beiðni og að því marki sem hún á rétt til þess

(a) birta eða láta birta hvaða aðila eða undirritunaraðila sem er uppfinningar og tæknilegar upplýsingar gegn því að endurgreitt verði hvert það fé sem stofnunin hefur greitt eða krafist greiðslu á vegna þessa afhendingarréttar.

(b) veita hvaða aðila eða undirritunaraðila sem er rétt til að birta eða fá birtar öðrum slíkar uppfinningar og tæknilegar upplýsingar innan lögsögu einhvers aðila, og nota og heimila eða láta heimila öðrum innan lögsögu einvhers aðila að nota uppfinningarnar eða tæknilegar upplýsingar

(i) án endurgjalds í tengslum við INMARSAT-geimskorina eða hverja þá jarðstöð í landi, í skipi eða loftfari, sem rekin er í tengslum við hana.

(ii) í sérhverju öðru skyni, með sanngjörnum og eðlilegum skilmálum og skilyrðum sem samið skal um milli undirritunaraðila eða annarra innan lögsögu aðila og stofnunarinnar eða eigenda uppfinningar eða tæknilegra upplýsinga eða hvaða annarrar viðurkenndrar stofnunar eða aðila, sem eignarrétt á að þeim, gegn því að endurgreidd verði hver sú greiðsla sem innt hefur verið af stofnuninni eða krafið af henni vegna þessara réttinda.

(8) Með birtingu og notkun, og skilmálum og skilyrðum fyrir birtingu og notkun, á uppfinningu og tæknilegum upplýsingum, sem stofnunin hefur öðlast réttindi yfir, skal eigi mismunað neinum undirritunaraðilum og öðrum undir lögsögu aðila.

(9) Ekkert í grein þessari skal vera því til fyrirstöðu að stofnunin geri ef æskilegt er samninga við menn samkvæmt landslögum og reglugerðum um afhendingu tæknilegra upplýsinga.

approve a deviation from the policy prescribed in paragraph (3) where all the following conditions are met:

(a) It is demonstrated to the Council that failure to deviate would be detrimental to the interests of the Organization.

(b) The Council determines that the Organization should be able to ensure patent protection in any country.

(c) Where, and to the extent that, the contractor is unable or unwilling to ensure such patent protection within the time required.

(7) With respect to inventions and technical information in which rights are acquired by the Organization otherwise than pursuant to paragraph (2), the Organization, to the extent that it has the right to do so, shall upon request:

(a) Disclose or have disclosed such inventions and technical information to any Party or Signatory subject to reimbursement of any payment made by or required of the Organization in respect of the exercise of this right of disclosure.

(b) Make available to any Party or signatory the right to disclose or have disclosed to others within the jurisdiction of any Party and to use and to authorize and to have authorized such others to use such inventions and technical information:

(i) Without payment in connexion with the INMARSAT space segment or any earth station on land, ship or aircraft operating in conjunction therewith.

(ii) For any other purpose, on fair and reasonable terms and conditions to be settled between Signatories or others within the jurisdiction of any Party and the Organization or the owner of the inventions and technical information or any other authorized entity or person have a property interest therein, and subject to reimbursement of any payment made by or required of the Organization in respect of the exercise of these rights.

(8) The disclosure and use, and the terms and conditions of disclosure and use, of all inventions and technical information in which the Organization has acquired any rights shall be on a non-discriminatory basis with respect to all Signatories and others within the jurisdiction of Parties.

(9) Nothing in this Article shall preclude the Organization, if desirable, from entering into contracts with persons subject to domestic laws and regulations relating to the disclosure of technical information.

22. gr.
Ábyrgð

Aðilar bera sem slíkir ekki ábyrgð á athöfnun eða skyldum stofnunarinnar, nema gagnvart ríkjum sem ekki eru aðilar, eða mönnum eða lögpersónum sem þau kunna að vera í fyrirsvari fyrir, að því leyti sem ábyrgð kann að leiða af þjóðréttarsamningum sem í gildi eru milli aðilans og viðkomandi ríkis sem ekki er aðili. Þó skal þetta ekki koma í veg fyrir að aðili, sem krafinn hefur verið um greiðslu bóta til ríkis sem ekki er aðili eða til manns eða lögpersónu sem það kann að vera í fyrirsvari fyrir, nýti sér rétt sem hann kann að eiga gegn öðrum aðila samkvæmt þjóðréttarsamningnum.

Article 22
Liability

Parties are not, in their capacity as such, liable for the acts and obligations of the Organization, except in relation to non-Parties or natural or juridical persons they might represent in so far as such liability may follow from treaties in force between the Party and the non-Party concerned. However, the foregoing does not preclude a Party which has been required to pay compensation under such a treaty to a non-Party or to a natural or juridical person it might represent from invoking any rights it may have under that treaty against any other Party.

23. gr.
Undanþeginn kostnaður

Skattar af tekjum undirritunaraðila sem frá stofnuninni koma skulu ekki teljast til gjalda hennar.

Article 23
Excluded costs

Taxes on income derived from the Organization by any of the Signatories shall not form part of the costs of the Organization.

24. gr.
Endurskoðun

Reikningar stofnunarinnar skulu árlega endurskoðaðir af óháðum endurskoðanda sem ráðið skipar. Sérhver aðili eða undirritunaraðili á rétt á að athuga reikninga stofnunarinnar.

Article 24
Audit

The accounts of the Organization shall be audited annually by an independent Auditor appointed by the Council. Any Party or Signatory shall have the right to inspect the accounts of the Organization.

25. gr.
Persóna að lögum

Stofnunin skal vera persóna að lögum og ábyrg fyrir athöfnum sínum og skyldum. Svo hún geti starfað á réttan hátt skal hún sérílagi hafa hæfi til samningagerðar, til að eignast, leigja hafa í umráðum og afsala sér lausafé og fasteignum, vera aðili að dómsmáli og gera samninga við ríki eða alþjóðafélög og stofnanir.

Article 25

The Organization shall have legal personality and shall be responsible for its acts and obligations. For the purpose of its proper functioning, it shall, in particular, have the capacity to contract, to acquire, lease, hold and dispose of movable and immovable property, to be a party to legal proceedings and to conclude agreements with States or international organizations.

26. gr.
Friðindi og friðhelgi

(1) Stofnunin og eignir hennar skulu í öllum aðildarríkjum samnings þessa, innan athafnasviðs þess sem samningurinn heimilar, vera undanþegnar tekjusköttum, beinum eignasköttum og aðflutningsgjöldum af fjarskiptatunglum og hlutum þeirra eða hlutum sem ætlaðir eru til fjarskiptatungla sem skotið skal á loft til notkunar í INMARSAT-geimskorinni. Hver aðili skuldbindur sig til þess að gera, í samræmi við innanlandsreglur, það sem í hans valdi stendur til að koma á þeim frekari undanþágum frá tekjuskatti, beinum

Article 26
Privileges and Immunities

(1) Within the scope of activities authorized by this Convention, the Organization and its property shall be exempt in all States Parties to this Convention from all national income and direct national property taxation and from customs duties on communication satellites and components and parts for such satellites to be launched for use in the INMARSAT space segment. Each Party undertakes to use its best endeavours to bring about, in accordance with the applicable domestic procedure, such further exemption from

eignarsköttum og aðflutningsgjöldum sem æskilegar eru þegar hið sérstaka eðli stofnunarinnar er haft í huga.

(2) Allir undirritunaraðilar, nema sá sem skipaður er af aðila þeim er aðalstöðvar INMARSAT eru staðsettar hjá, skulu sem slíkir vera undanþegnir skattlagningu á tekjur sem þeir fá frá stofnuninni á landsvæði þess aðila.

(3) (a) Svo fljótt sem unnt er eftir að samningur þessi öðlast gildi skal stofnunin gera samning við aðila þann er hún setur upp aðalstöðvar sínar, aðrar skrifstofur eða mannvirki hjá, samkvæmt umleitunum ráðsins og með staðfestingu þingsins, um fríðindi og friðhelgi stofunarinnar, framkvæmdastjóra hennar og starfsmanna og sérfræðinga sem gegna erindum hennar svo og fullltrúa aðila eða undirritunaraðila á meðan þeir dvelja á landsvæði viðtökuríkis til þess að rækja störf sín.

(b) Skal samningurinn vera án tengsla við þennan samning og skal honum slitið með samkomulagi milli viðtökuríkis og stofnunarinnar, eða ef aðalstöðvar stofnunarinnar eru fluttar frá landsvæði viðtökuríkisins.

(4) Svo fljótt sem unnt er eftir að samningur þessi hefur öðlast gildi skulu allir aðilar nema sá sem gert hefur samning þann sem um er fjallað í 3. tl. gera með sér bókun um fríðindi og friðhelgi stofnunarinnar, framkvæmdastjóra hennar og starfsmanna og sérfræðinga sem gegna erindum hennar, svo og fulltrúa aðila eða undirritunaraðila, á meðan þeir dvelja á landsvæði aðilanna til þess að rækja störf sín. Skal bókunin vera óháð samningi þessum, og skal í henni greint frá skilyrðum fyrir því að hún fellur úr gildi.

income and direct property taxation and customs duties as is desirable, bearing in mind the particular nature of the Organization.

(2) All Signatories acting in their capacity as such, except the Signatory designated by the Party in whose territory the headquarters is located, shall be exempt from national taxation on income earned from the Organization in the territory of that Party.

(3) (a) As soon as possible after the entry into force of this Convention, the Organization shall conclude, with any Party in whose territory the Organization establishes its headquarters, other offices or installations, an agreement to be negotiated by the Council and approved by the Assembly, relating to the privileges and immunities of the Organization,its Director General, its staff, of experts performing missions for the Organization and of representatives of Parties and Signatories whilst in the territory of the host Government for the purpose of exercising their functions.

(b) The agreement shall be independent of this Convention and shall terminate by agreement between the host Government and the Organization or if the headquarters of the Organization are moved from the territory of the host Government.

(4) All Parties other than a Party which has concluded an agreement referred to in paragraph (3) shall as soon as possible after the entry into force of this Convention conclude a Protocol on the privileges and immunities of the Organization, its Director General, its staff, of experts performing missions for the Organization and of representatives of Parties and Signatories whilst in the territory of Parties for the purposes of exercising their functions. The Protocol shall be independent of this Convention and shall prescribe the conditions for its termination.

27. gr.
Tengsl við aðrar alþjóðastofnanir

Stofnunin skal eiga samstarf við Sameinuðu þjóðirnar og stofnanir þeirra sem fást við friðsamleg not af himingeimnum og höfum jarðar, sérstofnunum þeirra og öðrum alþjóðastofnunum um sameiginleg hagsmunamál. Stofnunin skal sérstaklega taka tillit til viðeigandi alþjóðlegra staðla, reglna, ályktana, starfshátta og tilmæla Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Stofnunin skal virða þau ákvæði alþjóðafjarskiptasamningsins sem hana varða svo og reglur sem samkvæmt honum eru settar og skal við hönnun, þróun, smíði og stofnsetningu

Article 27
Relationship with other International Organizations

The Organization shall co-operate with the United Nations and its bodies dealing with the Peaceful Uses of Outer Space and Ocean Area, its Specialized Agencies, as well as other international organizations, on matters of common interest. In particular the Organization shall take into account the relevant international standards, regulations, resolutions, procedures and recommendations of the International Maritime Organization and the International Civil Aviation Organization. The Organization shall observe the relevant provisions of the International Telecommuni-

INMARSAT-geimskorarinnar og við mótun á starfsreglum um rekstur INMARSAT-geimskorarinnar og jarðstöðva taka mið af viðeigandi ályktunum, tilmælum og starfsháttum stofnana Alþjóðafjarskiptasambandsins.

28. gr.
Tilkynningar til Alþjóðafjarskiptasambandsins

Að beiðni stofnunarinnar skal aðili sá sem aðalstöðvar stofnunarinnar eru staðsettar hjá samræma bylgjutíðnir þær sem nota á í geimskorinni og tilkynna þær Alþjóðafjarskiptasambandinu fyrir hönd hvers aðila sem samþykkir það, svo og aðrar upplýsingar, eins og kveðið er á um í radíóreglugerð þeirri sem fylgir alþjóðafjarskiptasamningnum í viðauka.

29. gr.
Úrsögn

(1) Aðili eða undirritunaraðili getur hvenær sem er sagt sig úr stofnuninni með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila. Þegar ákvörðun hefur verið tekin í samræmi við viðeigandi landslög um að undirritunaraðili megi segja sig úr stofnuninni skal aðili sá sem tilnefndi undiritunaraðilann tilkynna vörsluaðila skriflega um úrsögnina og skal litið svo á að tikynningin feli í sér samþykki aðilans á úrsögninni. Er aðili segir sig úr stofnuninni sem slíkur felur það samtímis í sér úrsögn undirritunaraðila sem aðilinn hefur tilnefnt eða úrsögn aðilans sem undirritunaraðila, eftir því sem við á.

(2) Er vörsluaðili veitir tilkynningu um úrsögn viðtöku fellur niður allur réttur þess aðila sem tikynninguna veitir og undirritunaraðila sem hann hefur tilnefnt, eða þess undirritunaraðila sem tilkynningin varðar, eftir því sem við á, til fyrirsvars og atkvæðagreiðslu á öllum starfsvettvangi innan stofnunarinnar og baka þeir sér engar skuldbindingar eftir viðtökudag. Verði ekki annað ákveðið af ráðinu samkvæmt XIII. gr. rekstrarsamkomulagsins skal undirritunaraðili, sem segir sig úr stofnuninni, þó enn bera ábyrgð á greiðslu hlutdeildar sinnar í stofnfjárframlögum sem nauðsynleg er til að fullnægja samningsbundnum skuldbindingum sem stofnunin hefur sérstaklega heimilað fyrir viðtöku og á athöfn eða athafnaleysi sem

cation Convention and regulations made thereunder, and shall in the design, development, construction and establishment of the INMARSAT space segment and in the procedures established for regulating the operation of the INMARSAT space segment and of earth stations give due consideration to the relevant resolutions, recommendations and procedures of the organs of the International Telecommunication Union.

Article 28
Notification to the International Telecommunication Union

Upon request from the Organization, the Party in whose territory the Headquarters of the Organization is located shall co-ordinate the frequencies to be used for the space segment and shall, on behalf of each Party that consents, notify the International Telecommunication Union of the frequencies to be so used and other information, as provided for in the Radio Regulations annexed to the International Telecommunication Convention.

Article 29
Withdrawal

(1) Any Party or Signatory may by written notification to the Depositary withdraw voluntarily from the Organization at any time. Once a decision has been made under applicable domestic law that a Signatory may withdraw, notice of the withdrawal shall be given in writing to the Depositary by the Party which has designated the Signatory, and the notification shall signify the acceptance by the Party of the withdrawal. Withdrawal of a Party, in its capacity as such, shall entail the simultaneous withdrawal of any Signatory designed by the Party or of the Party in its capacity as Signatory, as the case may be.

(2) Upon receipt by the Depositary of a notice to withdraw, the Party giving notice and any Signatory which it has designated, or the Signatory in respect of which notice has been given, as the case may be, shall cease to have any rights of representation and any voting rights in any organ of the Organization and shall incur no obligation after the date of such receipt. However, a withdrawing Signatory shall remain responsible, unless otherwise decided by the Council pursuant to Article XIII of the Operating Agreement, for contributing its share of the capital contributions necessary to meet contractual commitments specifically authorized by the Organization before the receipt and liabilities arising from acts or omis-

átt hefur sér stað fyrir viðtöku. Að öðru leyti en hvað slík stofnfjárframlög eða 31. gr. samnings þessa og XVI. gr. rekstrarsamkomulagsins snertir skal úrsögn öðlast gildi og samningur þessi og/eða rekstarsamkomulagið falla úr gildi gagnvart viðkomandi aðila og/eða undirritunaraðila þremur mánuðum eftir þann dag er vörsluaðili veitir viðtöku þeirri skriflegu tilkynningu sem í 1. tl. segir.

(3) Nú segir undirritunaraðili sig úr stofnuninni, og skal þá aðili sá sem tilnefndi hann, áður en úrsögnin kemur til framkvæmda og með gildi frá þeim degi að telja, tilnefna nýjan undirritunaraðila, taka að sér hlutverk undirritunaraðila samkvæmt 4. tl. eða segja sig úr stofnuninni. Hafi aðili ekki gert það á þeim degi er úrsögn undirritunaraðila kemur til framkvæmda skal hann talinn hafa sagt sig úr stofnuninni frá þeim degi að telja. Nýr undirritunaraðili er ábyrgur fyrir öllum ógreiddum stofnfjárframlögum fyrri undirritunaraðila og fyrir því hlutfalli stofnfjárframlega sem nauðsynleg eru til að fullnægja samningsbundum skuldbindingum sem stofnunin hefur sérstaklega heimilað svo og vegna athafna eða athafnaleysi sem átt hafur sér stað eftir viðtökudag.

(4) Nú vill aðili af einhverjum ástæðum koma í stað undirritunaraðila sem hann hefur tilnefnt, eða tilnefna nýjan undirritunaraðila og skal hann þá tilkynna það vörsluaðila skriflega. Er hinn nýi undirritunaraðili hefur tekið að sér allar útistandandi skuldbindingar þess undirritunaraðila sem fyrr var tilnefndur, eins og í síðasta málslið 3. tl. greinir og undirritað rekstrarsamkomulagið skal rekstarsamkomulagiðð öðlast gildi gagnvart hinum nýja undirritunaraðila og falla úr gildi gagnvart hinum fyrri undirritunaraðila.

30. gr.

Tímabundin og varanleg brottvísun

(1) Eigi síðar en einu ári eftir að stjórninni hefur borist skrifleg tilkynning um að aðili virðist hafa vanefnt einhverjar skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum, getur þingið er það hefur íhugað það sem aðilinn kann að hafa til mála að leggja og ef það telur að vanefnd hafi í raun átt sér stað sem torveldi rekstur stofnunarinnar, ákveðið að aðild hans skuli felld niður. Skal samningur þessi falla úr gildi gagnvart aðilanum frá ákvörðunardegi að telja, eða frá síðari degi sem þingið kann að ákveða. Kalla má þingið saman til aukafundar í þessu skyni. Í niðurfellingu aðildar skal felast að aðild undirritunaraðila sem aðilinn hefur tilnefnt, eða aðilans sem undirritunaraðila, eftir því sem við á, er felld niður samtímis. Rekstrarsamkomulagið skal falla úr gildi gagnvart undirritsions before the receipt. Except with respect to such capital contributions and except with respect to Article 31 of this Convention and Article XVI of the Operating Agreement, withdrawal shall become effective and this Convention and/or the Operating Agreement shall cease to be in force for the Party and/or Signatory three months after the date of receipt by the Depositary of the written notification referred to in paragraph (1).

(3) If a Signatory withdraws, the Party which designated it shall, before the effective date of withdrawal and with effect from that date, designate a new Signatory, assume the capacity of a Signatory in accordance with paragraph (4), or withdraw. If the Party has not acted by the effective date, it shall be considered to have withdrawn as from that date. Any new Signatory shall be responsible for all the outstanding capital contributions of the previous Signatory and for the proportionate share of any capital contributions necessary to meet contractual commitments specifically authorized by the Organization, and liabilities arising from acts or omissions, after the date of receipt of the notice.

(4) If for any reason a Party desires to substitute itself for its designated Signatory or to designate a new Signatory, it shall given written notice to the Depositary. Upon assumption by the new Signatory of all the outstanding obligations, as specified in the last sentence of paragraph (3), of the previously designated Signatory and upon signature of the Operating Agreement, that Agreement shall enter into force for the new Signatory and shall cease to be in force for the previous Signatory.

Article 30

Suspension and Termination

(1) Not less than one year after the Directorate has received written notice that a Party appears to have failed to comply with any obligation under this Convention, the Assembly after considering any representations made by the Party, may decide, if it finds that the failure to comply has in fact occurred and that such failure impairs the effective operation of the Organization, that the membership of the Party is terminated. This Convention shall cease to be in force for the Party as from the date of the decision or at such later date as the Assembly may determine. An extraordinary session of the Assembly may be convened for this purpose. The termination shall entail the simultaneous withdrawal of any Signatory designated by the Party or of the Party in its capacity as

unaraðila á þeim degi sem samningur þessi fellur úr gildi gagnvart aðila þeim sem í hlut á, nema hvað snertir stofnfjárframlög sem nauðsynleg eru til að fullnægja samningsbundnum skuldbindingum sem stofnunin hefur sérstaklega heimilað fyrir lok aðildar, og ábyrgð á athöfn eða athafnaleysi sem átt hafa sér stað fyrir þann tíma, svo og hvað snertir 31. gr. samnings þessa og XVI. gr. rekstrarsamkomlagsins.

(2) Nú vanefnir undirritunaraðili, sem slíkur, einhverjar skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum eða rekstarsamkomulaginu, aðrar en skuldbindingar samkvæmt 1. tl. III. gr. rekstarsamkomulagsins, og ekki hefur verið bætt úr vanefndum innan þriggja mánaða frá því er undirritunaraðilanum hefur verið tilkynnt skriflega um ályktun ráðsins um vanefndina, og getur ráðið þá er það hefur íhugað mótmæli undirritunaraðilans og viðkomandi aðila, ef við á, fellt réttindi undirritunaraðilans niður að svo stöddu. Nú telur ráðið er þrír mánuðir eru liðnir til viðbótar og er það hefur ihugað mótmæli undirritunaraðilans og viðkomandi aðila ef við á, að vanefnd sé enn fyrir hendi og getur þá þingið ákveðið að tillögu ráðsins að aðild undirritunaraðilans sé lokið. Lýkur þá aðildinni og rekstarsamkoulagið fellur úr gildi gagnvart undirritunaraðilanum frá dagsetningu slíkrar ákvörðunar að telja.

(3) Nú greiðir undirritunaraðili ekki upphæð sem gjaldfallin er samkvæmt 1. tl. III. gr. rekstrarsamkomulagsins innan fjögurra mánaða frá því er hún er í gjalddaga komin, og falla réttindi undirritunaraðilans samkvæmt samningi þessum og rekstarsamkomulaginu þá sjálfkrafa niður að svo stöddu. Hafi undirritunaraðilinn ekki innan þriggja mánaða frá þeim tíma greitt alla gjaldfallna fjárhæð, eða aðili sá sem tilnefndi hann sett annan í hans stað samkvæmt 4. tl. 29. gr., getur ráðið, er það hefur íhugað mótmæli undirritunaraðila eða aðila þess sem tilnefndi hann, ákveðið að aðild undirritunaraðilans sé lokið. Rekstrarsamkomulagið skal falla úr gildi gagnvart undirritunaraðilanum frá dagsetningu slíkrar ákvörðunar að telja.

(4) Á meðan réttindi undirritunaraðila eru úr gildi felld að svo stöddu samkvæmt 2. eða 3. tl. ber hann samt sem áður allar skyldur undirritunaraðila samkvæmt samningi þessum og rekstarsamkomulaginu.

(5) Eftir að aðild lýkur falla engar skyldur á undirritunaraðila aðrar en þær að hann ber ábyrgð á greiðslu hlutdeildar sinnar í stofnfjárframlögum sem nauðsynleg eru til að fullnægja samningsbundnum skuldbindingum sem sérstaklega hafa

Signatory, as the case may be. The Operating Agreement shall cease to be in force for the Signatory on the date on which this Convention ceases to be in force for the Party concerned, except with respect to capital contributions necessary to meet contractual commitments specifically authorized by the Organization before the termination and liabilities arising from acts or omissions before the termination, and except with respect to Article 31 of this Convention and Article XVI of the Operating Agreement.

(2) If any Signatory, in its capacity as such, fails to comply with any obligation under this Convention or the Operating Agreement, other than obligations under Article III(1) of the Operating Agreement and the failure has not been remedied within three months after the Signatory has been notified in writing of a resolution of the Council taking notice of the failure to comply, the Council, after considering any representations made by the Signatory and, if applicable, the Party, the Council finds that the failure to comply has not been remedied, the Assembly may decide on the recommendation of the Council that the membership of the Signatory is terminated. Upon the date of such decision, the termination shall become effective and the Operating Agreement shall cease to be in force for that Signatory.

(3) If any Signatory fails to pay any amount due from it pursuant to Article III(1) of the Operating Agreement within four months after the payment has become due, the rights of the Signatory under this Convention and the Operating Agreement shall be automatically suspended. If within three months after the suspension the Signatory has not paid all sums due or the Party which has designated it has not made a substitution pursuant to Article 29(4), the Council, after considering any representations made by the Signatory or by the Party which has designated it, may decide that the membership of the Signatory is terminated. From the date of such decision, the Operating Agreement shall cease to be in force for the Signatory.

(4) During the period of suspension of the rights of a Signatory pursuant to paragraphs (2) or (3), the Signatory shall continue to have all the obligations of a Signatory under this Convention and the Operating Agreement.

(5) A Signatory shall incur no obligation after termination, except that it shall be responsible for contributing its share of the capital contributions necessary to meet contractual commitments specifically authorized before the termination and

verið heimilaðar fyrir lok aðildar, og á athöfn eða athafnaleysi sem átt hafa sér stað fyrir þann tíma, svo og hvað snertir 31. gr. samnings þessa og XVI. gr. rekstrarsamkomulagsins.

(6) Nú er aðild undirritunaraðila felld niður, og skal þá aðili sá sem tilnefndi hann, innan þriggja mánaða frá brottvísun og þannig að gilt sé frá þeim degi að telja, tilnefna nýjan undirritunaraðila, taka að sér hlutverk undirritunaraðila samkvæmt 4. tl. 29. gr., eða segja sig úr stofnuninni. Hafi aðili ekki gert það áður en frestinum lýkur skal hann talinn hafa sagt sig úr stofnuninni frá þeim degi að telja er aðildin er felld niður, og skal samningurinn falla úr gildi gagnvart þeim aðila frá þeim degi að telja.

(7) Þegar samningur þessi hefur fallið úr gildi gagnvart aðila skal gert samkomulag milli stofnunarinnar og undirritunaraðila þess sem sá aðili hefur tilnefnt eða aðilans sem undirritunaraðila, eins og kveðið er á um í VIII. gr. rekstarsamkomulagsins.

liabilities arising from acts or omissions before the termination, and except with respect to Article 31 of this Convention and Article XVI of the Operating Agreement.

(6) If the membership of a Signatory is terminated, the Party which designated it shall, within three months from the date of the termination and with effect from that date, designate a new Signatory, assume the capacity of a Signatory in accordance with Article 29(4), or withdraw. If the Party has not acted by the end of that period, it shall be considered to have withdrawn as from the date of termination, and this Convention shall cease to be in force for the Party as from that date.

(7) Whenever this Convention has ceased to be in force for a Party, settlement between the Organization and any Signatory designated by that Party or that Party in its capacity as Signatory, shall be accomplished as provided in Article XIII of the Operating Agreement.

31. gr.
Lausn deilumála

(1) Deilur sem rísa milli aðila, eða milli aðila og stofnunarinnar, varðandi réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum, ber að leysa með samningaviðræðum þeirra sem í hlut eiga. Hafi sættir ekki tekist innan árs frá því er deiluaðili óskaði lausnar á deilunni og deiluaðilar hafa þá ekki komið sér saman um að leggja hana fyrir Alþjóðadómstólinn eða beita einhverri annarri málsmeðferð til lausnar deilum, má ef deiluaðilar samþykkja það að leggja hana í gerð samkvæmt viðauka við samning þennan. Dómur gerðardóms í deilu milli aðila eða milli aðila og stofnunarinnar skal ekki koma í veg fyrir eða hafa áhrif á ákvörðun samkvæmt 1. tl. 30. gr. um að samningur þessi falli úr gildi gagnvart aðila.

(2) Ef ekki verður á annað fallist skal að ósk einhvers deiluaðila leggja deilu sem upp kemur milli stofnunarinnar og eins eða fleiri aðila varðandi samkomulag sem gert hefur verið þeirra í milli í gerð samkvæmt viðauka við samning þennan hafi hún ekki verið leyst með samningaviðræðum innan árs frá því að deiluaðili hefur óskað þess að deilan sé leyst.

(3) Deilu sem upp kemur milli eins eða fleiri aðila sem slíkra og eins eða fleiri undirritunaraðila sem slíkra, varðandi réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum eða rekstrarsamkomulaginu má

Article 31
Settlement of Disputes

(1) Disputes arising between Parties, or between Parties and the Organization, relating to rights and obligations under this Convention should be settled by negotiation between the parties concerned. If within one year of the time any party has requested settlement, a settlement has not been reached and if the parties to the dispute have not agreed to submit it to the International Court of Justice or to some other procedure for settling disputes, the dispute may, if the parties to the dispute consent, be submitted to arbitration in accordance with the Annex to this Convention. Any decision of an arbitral tribunal in a dispute between Parties, or between Parties and the Organization, shall not prevent or affect a decision of the Assembly pursuant to Article 30(1), that the Convention shall cease to be in force for a Party.

(2) Unless otherwise mutually agreed, disputes arising between the Organization and one or more Parties under agreement concluded between them, if not settled by negotiation within one year of the time any party has requested settlement, shall, at the request of any party to the dispute, be submitted to arbitration in accordance with the Annex to this Convention.

(3) Disputes arising between one or more Parties and one or more Signatories in their capacity as such, relating to rights and obligations under this Convention or the Operating Agreement may

leggja í gerð samkvæmt viðauka við samning þennan ef aðilinn eða aðilarnir og undirritunaraðilinn eða undirritunaraðilarnir fallast á það.

(4) Grein þessi skal haldast í gildi gagnvart aðila eða undirritunaraðila sem hættir aðild, að því leyti sem varðar deilu um réttindi eða skyldur sem upp kemur vegna aðildarinnar.

32. gr.
Undirritun og fullgilding

(1) Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar í London þar til hann öðlast gildi, og síðan liggja frammi til aðildar. Öll ríki geta gerst aðilar að samningnum með

(a) undirritun án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykkt, eða

(b) undirritun með fyrirvara um staðfestingu, viðurkenningu eða samþykkt, sem staðfesting viðurkenning eða samþykkt fylgir, eða

(c) eftirfarandi aðild.

(2) Fullgilding, staðfesting, eða samþykkt skal fara fram með afhendingu viðeigandi skjals til vörsluaðila.

(3) Er ríki verður aðili að samningi þessum, eða hvenær sem er síðar, getur það lýst því yfir með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila hvaða flokka skipa samningur þessi skal gilda um, svo og hvaða loftför sem rekin eru samkvæmt lögum þess og hvaða jarðstöðvar á landi sem falla undir lögsögu þess.

(4) Ríki verður ekki aðili að samningi þessum fyrr en það eða stofnun sú sem það hefur tilnefnt hefur undirritað samning þennan.

(5) Eigi má gera fyrirvara við samning þennan eða samkomulagið.

33. gr.
Gildistaka

(1) Samningur þessi skal öðlast gildi sextíu dögum eftir að ríki sem eru fulltrúar fyrir 95 af hundraði upphaflegs hlutafjár hafa gerst aðilar að honum.

(2) Hafi samningur þessi ekki öðlast gildi innan 36 mánaða frá þeim degi er hann er lagður fram til undirritunar skal hann þrátt fyrir ákvæði 1. tl. ekki öðlast gildi.

(3) Gagnvart ríki sem afhendir fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildaskjal sitt eftir að samningur þessi hefur öðlast gildi skal fullgilidingin, staðfestingin, samþykktin eða aðildin öðlast gildi á afhendingardegi.

be submitted to arbitration in accordance with the Annex to this Convention if the Party or Parties and the Signatory or Signatories involved agree to such arbitration.

(4) This Article shall continue to apply to a Party or Signatory which ceases to be a Party or Signatory, in respect of disputes relating to rights and obligations arising from its having been a Party or Signatory.

Article 32
Signature and Ratification

(1) This Convention shall remain open for signature in London until entry into force and shall thereafter remain open for accession. All States may become Parties to the Convention by:

(a) Signature not subject to ratification, acceptance or approval, or

(b) Signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval, or

(c) Accession.

(2) Ratification, acceptance, approval or accession shall be effected by the deposit of the appropriate instrument with the Depositary.

(3) On becoming a Party to this Convention, or at any time thereafter, a State may declare, by written notification to the Depositary, to which Registers of ships, to which aircraft operating under its authority, and to which land earth stations under its jurisdiction, the Convention shall apply.

(4) No State shall become a Party to this Convention until it has signed, or the entity it has designated, has signed the Operating Agreement.

(5) Reservations cannot be made to this Convention or the Operating Agreement.

Article 33
Entry into Force

(1) This Convention shall enter into force sixty days after the date on which States representing 95 per cent of the initial investment shares have become Parties to the Convention.

(2) Notwithstanding paragraph (1), if the Convention has not entered into force within thirty-six months after the date it was opened for signature, it shall not enter into force.

(3) For a State which deposits an instrument of ratification, acceptance, approval or accession after the date on which the Convention has entered into force, the ratification, acceptance, approval or accession shall take effect on the date of deposit.

34. gr.
Breytingar

(1) Hver aðili getur lagt fram tillögur til breytinga á samningi þessum. Breytingartillögur skulu sendar stjórninni, sem tilkynna skal öðrum aðilum og undirritunaraðilum um þær. Tilkynningafestur er þrír mánuðir áður en ráðið tekur breytingartillögu til meðferðar, en það skal leggja álit sitt fyrir þingið innan sex mánaða frá þeim degi er breytingartillögu er dreift. Þingið skal fjalla um breytingartillöguna eigi síðar en eftir sex mánuði þaðan í frá og hafa í huga hvert það álit sem ráðið kann að hafa látið uppi. Frest þennan getur þingið í einstökum tilvikum stytt með ákvörðun um efnisatriði.

(2) Nú er breytingartillaga samþykkt af þinginu, og skal þá breytingin öðlast gildi 120 dögum eftir að vörsluaðili hefur tekið við tilkynningu um samþykki frá tveimur þriðju hlutum þeirra ríkja sem aðilar voru þegar þingið samþykkti tillöguna og fóru þá með eigi minna en tvo þriðju hluta alls hlutafjár. Breyting skal vera bindandi fyrir alla aðila og undirritunaraðila er hún öðlast gildi einnig þá sem ekki hafa samþykkt hana.

35. gr.
Vörsluaðili

(1) Vörsluaðili samnings þessa skal vera aðalritari Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

(2) Vörsluaðili skal þegar í stað tilkynna öllum ríkjum sem undirritað hafa samning þennan eða gerst aðilar að honum, svo og öllum undirritunaraðilum, um

(a) undirritanir samnings þessa,

(b) afhendingar fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjala,

(c) gildistöku samnings þessa,

(d) samþykkt breytinga ásamningi þessum og gildistöku þeirra,

(e) tilkynningar um úrsögn,

(f) tímabundna eða endanlega niðurfellingu aðildar,

(g) aðrar tilkynningar og orðsendingar sem samninginn varða.

(3) Er samningur þessi öðlast gildi skal vörsluaðili senda skrifstofu Sameinuðu þjóðanna staðfest afrit hans til skráningar og birtingar samkvæmt 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Article 34
Amendments

(1) Amendments to this Convention may be proposed by any Party. Proposed amendments shall be submitted to the Directorate, which shall inform the other Parties and Signatories. Three months' notice is required before consideration of an amendment by the Council, which shall submit its views to the Assembly within a period of six months from the date of circulation of the amendment. The Assembly shall consider the amendment not earlier than six months thereafter, taking into account any views expressed by the Council. This period may, in any particular case, be reduced by the Assembly by a substantive decision.

(2) If adopted by the Assembly, the amendment shall enter into force one hundred and twenty days after the Depositary has received notices of acceptance from two-thirds of those States which at the time of adoption by the Assembly were Parties and represented at least two thirds of the total investment shares. Upon entry into force, the amendment shall become binding upon all Parties and Signatories, including those which have not accepted it.

Article 35
Depositary

(1) The Depositary of this Convention shall be the Secretary-General of the International Maritime Organization.

(2) The Depositary shall promptly inform all signatory and acceding States and all Signatories of:

(a) Any signature of the Convention.

(b) The deposit of any instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

(c) The entry into force of the Convention.

(d) The adoption of any amendment to the Convention and its entry into force.

(e) Any notification of withdrawal.

(f) Any suspension or termination.

(g) Other notifications and communications relating to the Convention.

(3) Upon entry into force of the Convention the Depositary shall transmit a certified copy to the Secretariat of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

GJÖRT Í LONDON 3. september 1976 í jafngildum textum á ensku, frönsku, rússnesku og spönsku, í einu frumriti sem afhent skal vörsluaðila til varðveislu, en hann skal senda ríkisstjórnum hvers ríkis sem boðið var að taka þátt í alþjóðaráðstefnu um stofnun alþjóðlegs gervihnattakerfis fyrir siglingar, og ríkisstjórn hvers þess ríkis sem undirritar samning þennan eða gerist aðili að honum, staðfest afrit hans.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, duly authorized by their respective Governments, have signed this Convention.

DONE AT LONDON this third day of September one thousand nine hundred and seventy-six in the English, French, Russian and Spanish languages, all the texts being equally authentic, in a single original which shall be deposited with the Depositary, who shall send a certified copy to the Government of each of the States which were invited to attend the International Conference on the Establishment of an International Maritime Satellite System and to the Government of any other State which signs or accedes to this Convention.

Ed. 174. Frumvarp til lánsfjárlaga [161. mál]

fyrir árið 1991.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán innan lands að fjárhæð allt að 11.875.000 þús. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1991 og þessara laga.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 3.000.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri eða innlendri mynt til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum fyrirtækisins. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.

4. gr.

Heimilt er að taka lán vegna skuldbreytinga sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra sem hér segir:

1. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 50.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 10.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Eyra, lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 17.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Bæjarveitur Vestmannaeyja, lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 28.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
5. Aðrar skuldbreytingar, lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 50.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

5. gr.

Hríseyjarhreppi er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 23.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að búa ferjuna Sæfara farþegarými.

6. gr.

Herjólfi hf., Vestmannaeyjum, er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 500.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til smíði á nýrri ferju.

7. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 900.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Iðnþróunarsjóði er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 400.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Milliganga Iðnþróunarsjóðs um erlend lán fyrir aðila út á auglýsingu viðskiptaráðuneytis, nú nr. 314/1990, eða aðrar heimildir veittar einstökum fyrirtækjum, skal rúmast innan þessarar heimildar.

9. gr.

Iðnlánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 950.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Milliganga Iðnlánasjóðs um erlend lán fyrir aðila út á auglýsingu viðskiptaráðuneytis, nú nr. 314/1990, eða aðrar heimildir veittar einstökum fyrirtækjum, skal rúmast innan þessarar heimildar.

10. gr.

Útflutningslánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 50.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

11. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar og endurlána þeim aðilum sem nefndir eru í 3.–10. gr. með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

Þeir aðilar, sem nefndir eru í 3.–10. gr., svo og allir aðrir sem njóta ábyrgðar ríkissjóðs á erlendum skuldbindingum sínum og taka erlend lán út á heimildir laga þessara eða annarra laga, skulu gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990.

12. gr.

Lánasjóðum, sem njóta ríkisábyrgðar á skuldbindingum sínum, öðrum en þeim sem tilgreindir eru í 8. og 9. gr., er óheimilt að hafa milligöngu um töku erlendra lána fyrir innlenda aðila á grundvelli auglýsingar viðskiptaráðuneytisins, nú nr. 314/1990, um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar, eða annarra heimilda veittum einstaka fyrirtækjum, nema að fengnu samþykki fjármálaráðuneytis. Ákvæði 2. mgr. 11. gr. gilda jafnframt um tilvik samkvæmt þessari grein.

II. KAFLI

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eigi nema hærri fjárhæð en 53.680 þús. kr. á árinu 1991 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bænda.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 25. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og 21. gr. laga nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, skal endurgreiðsla ríkissjóðs til sjóðanna vegna hækkunar á áður úrskurðuðum lífeyri eigi nema hærri fjárhæð en 700.000 þús. kr. á árinu 1991 og skiptast á milli sjóðanna í hlutfalli við óskertar endurgreiðslukröfur.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs falla niður á árinu 1991.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, hafnalaga, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 50.000 þús. kr. á árinu 1991.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1991.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. tölul. 9. gr. laga nr. 76/1987, sbr. og 31. gr. sömu laga, um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs falla niður á árinu 1991.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum eigi nema hærri fjárhæð en 68.000 þús. kr. á árinu 1991.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 81.000 þús. kr. á árinu 1991.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 50/1957, um Menningarsjóð, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi fara fram úr 10.500 þús. kr. á árinu 1991.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 32/1979, um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, falla þær greiðslur niður á árinu 1991.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1991 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka, skal framlag ríkissjóðs vegna bóta fyrir eyðingu refa og minka eigi vera hærra en 19.640 þús. kr. á árinu 1991.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, og 7. gr. laga nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögunum leiðir.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. gr. laga nr. 34/1982, um Listskreytingasjóð ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi vera hærra en 12.000 þús. kr.

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 25. gr. laga nr. 19/1964, skipulagslaga, sbr. lög nr. 42/1974, skal mótframlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1991.

28. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 10. gr. laga nr. 82/1989, um málefni aldraðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs aldraðra eigi vera hærra en 240.000 þús. kr. á árinu 1991.

29. gr.

Þrátt fyrir ákvæði IX. kafla laga nr. 41/1983, um Framkvæmdasjóð fatlaðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra eigi vera hærra en 225.000 þús. kr. á árinu 1991.

30. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. laga nr. 88/1989, þjóðminjalaga, skal framlag ríkissjóðs í Húsafriðunarsjóð eigi nema hærri fjárhæð en 10.500 þús. kr. á árinu 1991.

31. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl., skal hlutdeild sókna, skráðra trúfélaga og Háskólasjóðs í óskiptum tekjuskatti lækka um 5% á árinu 1991.

32. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 26. gr. laga nr. 21/1963, um kirkjugarða, skal hlutdeild kirkjugarða í óskiptum tekjuskatti lækka um 15% á árinu 1991.

33. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 42. gr. laga nr. 49/1978, lyfjalaga, með síðari breytingum, skal framlag ríkissjóðs til lyfsölusjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 880 þús. kr. á árinu 1991.

34. gr.

Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 83/1989, um þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, skal á árinu 1991 heimilt að ráðstafa 335.000 þús. kr. af sérstökum eignarskatti samkvæmt lögunum til framkvæmda við eftirtalin mannvirki: Þjóðleikhús, Þjóðminjasafn Íslands og Bessastaði.

III. KAFLI

35. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að samþykkja skulda- eða vaxtaskipti

lána sem tryggð eru með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs, enda séu að mati fjármálaráðherra nægar tryggingar fyrir ábyrgð ríkissjóðs þegar til slíkra samninga er stofnað.

36. gr.

Aðilum, sem njóta ríkisábyrgðar á erlendum skuldbindingum sínum, er heimilt:

a. Að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.
b. Að stofna til skulda- eða vaxtaskipta þar sem mótaðili í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir eða vaxtaskilmála í lánum sem aðili, sem nýtur ríkisábyrgðar, tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Slíkur aðili tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- eða vaxtaskiptum.
c. Séu lántökuheimildir laga þessara að hluta til nýttar til töku skammtímalána eða veltilána er aðila, sem nýtur ríkisábyrgðar, heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.
d. Að nýta möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja sig gegn verulegum vaxtabreytingum.

Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á erlendum skuldbindingum sínum, nýta sér heimildir þessarar greinar skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990.

37. gr.

Lántökuheimildir skv. I. kafla gilda á árinu 1991. Heimildir samkvæmt lögum þessum verða þó nýttar til 1. júlí 1992 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

38. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1991 eru heildarlántökur opinberra aðila og sjóða áætlaðar 39,2 milljarðar króna. Þessar lántökur skiptast þannig að 32,6 milljarðar króna yrðu fjármagnaðir á innlendum lánamarkaði en 6,6 milljarðar króna erlendis. Hrein lánsfjárþörf, þ.e. þegar frá eru dregnar afborganir eldri lána, er talin verða um 21,1 milljarður króna. Þar af er stefnt að 20,4 milljarða króna hreinni lántöku á innlendum markaði, en aðeins 0,7 milljörðum króna erlendis. Hreinar lántökur þessara aðila yrðu þar með ívið lægri en stefnt er að á þessu ári.

Miðað við áætlun um innlendan sparnað, sem fjallað verður um hér á eftir, má telja líklegt að þessi áform geti gengið eftir án röskunar á innlendum lánamarkaði. Óvissa ríkir þó um eftirspurn eftir lánsfé frá fyrirtækjum, en hún hefur verið með minnsta móti á yfirstandandi ári. Fyrirliggjandi áætlanir um fjárfestingu á næsta ári benda heldur ekki til mikillar lánsfjáreftirspurnar frá fyrirtækjum. Á hinn bóginn má reikna með að gjaldeyrisstaða þjóðarbúsins rýrni nokkuð á næsta ári. Lakari gjaldeyrisstaða mun að öllum líkindum hafa neikvæð áhrif á lausafjárstöðu innlánsstofnana á næsta ári.

Innlendur lánamarkaður.

Af reikningum bankakerfisins má ráða að betra jafnvægi hafi verið á peningamarkaðnum að undanförnu en mörg undangengin ár. Árið 1989 dró verulega úr aukningu útlána og var hún því í betra samræmi við aukningu innlána og annars ráðstöfunarfjár bankakerfisins en

áður. Hins vegar var meiri þensla í starfsemi annarra lánastofnana svo sem fjárfestingarlánasjóða og lífeyrissjóða.

Útlán. Á árinu 1990 hefur innlendur lánamarkaður haldið áfram að þróast í átt til aukins jafnvægis milli framboðs og eftirspurnar eftir lánsfé. Þannig jukust útlán lánastofnana í heild um 43 milljarða króna frá síðustu áramótum til júníloka, eða um 9%. Meira en 90% af þessari útlánaaukningu var fjármögnuð með innlendum sparnaði, en hann hefur aukist um 39 milljarða króna, eða um 13%. Hreint erlent lánsfé, þ.e. nýjar lántökur að frádregnum afborgunum af eldri lánum, jókst á sama tíma um 3,5 milljarða króna. Útlán hafa því vaxið hægar en peningalegur sparnaður það sem af er þessu ári. Til samanburðar má nefna að lánskjaravísitalan hefur hækkað um 4,8% á þessu sama tímabili.

Upp undir helmingur aukinna útlána á fyrri hluta ársins 1990 fór til heimila, en lán til þeirra hafa vaxið um 18,7 milljarða króna frá síðustu áramótum, eða um 13,5%. Raunar hafa skuldir heimilanna verið vaxandi allan þennan áratug. Tæplega þriðjungur, eða 13,3 milljarðar króna, fór síðan til atvinnufyrirtækja, en það sem eftir stendur, um það bil fjórðungur, fór til ríkisins.

Mjög hefur dregið úr eftirspurn atvinnufyrirtækja eftir lánsfé á þessu ári. Ástæður þess eru margvíslegar. Útflutningsvörubirgðir eru með minnsta móti og fjárfesting er lítil á þessu ári og hugsanlega fjármögnuð í meira mæli en áður af eigin aflafé. Lítil eftirspurn fyrirtækja eftir lánsfé á þessu ári hefur vafalítið dregið úr spennu á lánamarkaði. Í meðfylgjandi töflu er gefið yfirlit um þróun helstu stærða í lánakerfinu og sýndar bráðabirgðatölur um stöðuna á miðju ári 1990.

Innlendur lánamarkaður 1988–1990.


Milljarðar króna á verðlagi í árslok	Árslok 1988	Árslok 1989	Staða í júnílok 1990	Hreyfing jan.-júní 1990
Útlán og verðbréf	354,0	470,6	513,5	9,1%
ríki	75,1	98,2	109,3	11,3%
sveitarfélög	14,6	19,2	19,0	-1,0%
atvinnuvegir	160,7	214,6	227,9	6,2%
heimili	103,6	138,6	157,3	13,5%
Peningalegur sparnaður	229,4	302,4	341,8	13,0%
frjáls	104,2	138,2	155,2	12,3%
kerfisbundinn	125,2	164,2	186,6	13,6%
Erlent lánsfé, nettó	124,6	168,2	186,6	13,6%
Til samanburðar				
Hækkun lánskjaravísitölu janúar–júlí 1990	-	-	-	4,8%

Innlendur sparnaður. Í árslok 1989 var stofn peningalegs sparnaðar á lánamarkaðnum kominn yfir 300 milljarða króna. Þar af var svokallaður kerfisbundinn sparnaður um 165 milljarðar króna, en það eru fyrst og fremst eignir lífeyrissjóðanna. Frjáls sparnaður, sem er einkum bankainnlán, ríkisskuldabréf og markaðsverðbréf, nam um 138 milljörðum króna.

Samkvæmt áætlun Seðlabanka er talið að innlendur sparnaður aukist um 35 milljarða króna á þessu ári og 38 milljarða króna á því næsta. Þessi spá byggist á forsendum þjóðhagsáætlunar um raunstærðir og verðlag en sjálfstæðum áætlunum um ýmsa þætti sparnaðar, svo

sem lífeyrissparnað. Nýr sparnaður héldist samkvæmt þessu sem svipað hlutfall af landsframleiðslu og á þessu ári, eða um 10½%, samanborið við 7% árið 1989.

Innlendur sparnaður 1980–1991.
Stöðutölur í árslok.
% af landsframleiðslu.



Undanfarin ár hefur innlendur sparnaður stöðugt farið vaxandi eins og fram kemur á meðfylgjandi línuriti. Í árslok 1989 var heildarsparnaður kominn í 94% af landsframleiðslu. Í lok þessa árs er áætlað að sparnaður verði orðinn meiri en nemur landsframleiðslu ársins, eða 104%, og í lok næsta árs verður sparnaðarhlutfallið 113% samkvæmt spánni. Til samanburðar má nefna að í árslok 1980 var hlutfallið 47%. Helstu skýringar á auknum sparnaði eru mikil umskipti á lánamarkaði í kjölfar aukins frjálsræðis á honum og uppbygging lífeyrissjóðanna.

Árið 1990 er gert ráð fyrir talsverðri aukningu á kerfisbundnum sparnaði þrátt fyrir að landsframleiðsla verði óbreytt. Skýringin er tvíþætt. Annars vegar kemur til framkvæmda á þessu ári síðasti áfanginn í breikkun á iðgjaldastofni lífeyrissjóðanna. Hins vegar mun eignamyndun síðustu ára skila sér í auknum vaxtatekjum hjá lífeyrissjóðum. Flestir þættir frjáls sparnaðar hafa einnig vaxið hratt á þessu ári og er áætlað að hann vaxi um 17 milljarða króna í heild. Mestur er vöxturinn í útgáfu hlutdeildarbréfa verðbréfasjóðanna og bankabréfa. Einnig hafa hefðbundin innlán aukist töluvert og er spáð um 16% aukningu innlána frá upphafi til loka árs 1990.

Árið 1991 er aftur á móti reiknað með að kerfisbundinn sparnaður dragist saman og verði um 15 milljarðar króna, eða 3 milljörðum króna lægri en 1990. Hins vegar er reiknað með að frjáls sparnaður haldi áfram að vaxa. Meðal annars er gert ráð fyrir um 15% aukningu innlána á næsta ári. Er þá miðað við að vextir heildarinnlána verði um 2% að raungildi.

Áætlun um peningalegan sparnað 1990 og 1991.

Milljarðar króna	Staða í árslok 1989	Staða í árslok Áætlun 1990	Staða í árslok Spá 1991	Hrein aukning á meðalverðlagi 1989	Hrein aukning á meðalverðlagi Áætlun 1990	Hrein aukning á meðalverðlagi Spá 1991
Peningalegur sparnaður	302	359	424	21	35	38
frjáls	138	165	201	10	17	24
kerfisbundinn	164	194	223	11	18	15
Peningalegur sparnaður sem hlutfall af landsframleiðslu	-	-	-	7,1%	10,4%	10,6%

Þróun vaxta. Grunnvextir verðtryggðra lána hafa haldist nánast óbreyttir frá fyrra ári. Grunnvextir ríkisskuldabréfa hafa almennt verið á bilinu 6–7% en vextir á verðtryggðum bankalánum verið á bilinu 7¼–9½%, allt eftir mati á lánstrausti lánþega. Í tengslum við söluátak á spariskírteinum á miðju ári bauð ríkissjóður ávöxtun á spariskírteinum sem var á bilinu 6,85–7,05% til stærri kaupenda. Slíkum sértilboðum hefur nú verið hætt og spariskírteini eru í boði með 6–6,2% vöxtum. Raunvextir verðtryggðra skuldbindinga, miðað við framfærsluvísitölu, hafa á þessu ári verið nokkru lægri en á því síðasta enda minni munur á hækkunum lánskjaravísitölu og framfærsluvísitölu á þessu ári en á árinu 1989. Raunvextir óverðtryggðra útlána hafa á þessu ári verið hærri en í fyrra en þá voru þeir með lægsta móti.

Lántökur opinberra aðila. Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1990 voru heildarlántökur ríkissjóðs, fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs, sveitarfélaga og opinberra lánastofnana áætlaðar 31,3 milljarðar króna. Af þeirri fjárhæð var ráðgert að taka 10,4 milljarða króna að láni erlendis og 20,9 milljarða króna á innlendum lánamarkaði. Að teknu tilliti til afborgana var hrein innlend lánsfjáröflun áætluð 12 milljarðar króna, eða 3,8% af landsframleiðslu.

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er talið að heildarlántökur verði allnokkru hærri, eða 36,7 milljarðar króna. Þar af eru innlendar lántökur taldar geta orðið allt að 28,4 milljörðum króna, eða 7,5 milljörðum króna umfram upphaflega áætlun. Þar skiptir mestu að útgáfa húsbréfa er talin verða um 5 milljarðar króna á þessu ári, en ekki hafði verið áætlað sérstaklega hversu mikil sú útgáfa yrði. Einnig virðast lántökur atvinnuvegasjóða verða meiri en áætlað hafði verið. Hrein lánsfjáröflun þessara aðila á innlendum markaði gæti því numið 17,3 milljörðum króna.

Innlend fjáröflun ríkissjóðs hefur gengið vel á þessu ári. Áformað var að selja spariskírteini fyrir 6,6 milljarða króna og er útlit fyrir að það gangi fram. Þegar hafa verið seld spariskírteini fyrir röska 5 milljarða króna og gengið frá samningum um það sem á vantar. Mikil sala hefur verið í ríkisvíxlum og hefur ríkissjóður að stærstum hluta fjármagnað þörf sína fyrir árstíðabundið lánsfé með sölu þeirra. Þá var ákveðið að fjármagna 2 milljarða króna skuld ríkissjóðs við Seðlabanka vegna greiðsluhalla ársins 1989 með innlendu lánsfé í stað erlendrar lántöku eins og áformað hafði verið.

Hér er því um verulega breytingu að ræða frá fyrri árum þegar árstíðabundin þörf ríkissjóðs var að mestu fjármögnuð með fyrirgreiðslu Seðlabankans. Í ársbyrjun 1990 námu útistandandi ríkisvíxlar 5,9 milljörðum króna en hafa lengst af á þessu ári numið um 11–13 milljörðum króna. Reiknað er með að fjárþörf ríkissjóðs dragist nokkuð saman þegar líður að áramótum og að útistandandi ríkisvíxlar í árslok verði um 9,6 milljarðar króna.

Í eftirfarandi töflu eru sýndar áætlaðar lántökur og afborganir opinberra aðila og sjóða.

Rétt er að taka fram að innlendum lánum sveitarfélaga er sleppt og að því leyti er yfirlitið ekki tæmandi.

Lánsfjárþörf opinberra aðila og sjóða 1990–1991.

	Áætlun 1990			Áætlun 1991		
Milljarðar króna	Innlent	Erlent	Alls	Innlent	Erlent	Alls
Lántökur	**28,4**	**8,3**	**36,7**	**32,6**	**6,6**	**39,2**
Opinberir aðilar	11,7	4,8	16,5	11,9	3,1	15,0
ríkissjóður A-hluti	11,7	0,9	12,6	11,9	-	11,9
ríkisfyrirtæki	-	3,7	3,7	-	3,0	3,0
sveitarfélög	-	0,2	0,2	-	0,1	0,1
Opinberar lánastofnanir	16,7	3,5	20,2	20,7	3,5	24,2
byggingarsjóðir	10,2	-	10,2	9,9	-	9,9
húsbréf	5,0	-	5,0	10,0	-	10,0
aðrir	1,5	3,5	5,0	0,8	3,5	4,3
Afborganir	**11,1**	**4,2**	**15,3**	**12,2**	**5,9**	**18,1**
ríkissjóður	4,4	1,3	5,7	5,6	1,3	6,9
ríkisfyrirtæki	-	1,4	1,4	-	2,5	2,5
sveitarfélög	-	0,5	0,5	-	0,5	0,5
opinberar lánastofnanir	6,7	1,0	7,7	6,6	1,6	8,2
Hrein lánsfjárþörf	**17,3**	**4,1**	**21,4**	**20,4**	**0,7**	**21,1**
Hlutfall af landsframleiðslu	5,2%	1,2%	6,4%	5,5%	0,2%	5,7%

Erlend lán. Horfur eru á að erlendar lántökur þjóðarbúsins til lengri tíma en eins árs verði um 20,4 milljarðar króna á árinu 1990. Það er um 2,5 milljörðum króna minna en gert var ráð fyrir í áætlun lánsfjárlaga, sem skýrist fyrst og fremst af minni lántöku ríkissjóðs en áformað var. Með lánsfjárlögum og fjárlögum var ríkissjóði heimiluð 2,4 milljarða króna erlend lántaka. Líkur eru á að ríkissjóður taki engin erlend lán í ár ef frá eru taldar 900 m.kr. lántökur sveitarfélaga og fyrirtækja og sjóða í B-hluta sem fara um Endurlán ríkissjóðs. Samdráttur í fjárfestingu atvinnuvega og bætt staða viðskiptabanka hefur auðveldað ríkissjóði að mæta lánsfjárþörf sinni innan lands og dregið úr erlendum endurlánum lánastofnana.

Afborganir af erlendum lánum eru taldar verða um 11 milljarðar króna og hreint innstreymi langra lána nemur því um 9,4 milljörðum króna, en það er um 2,8% af landsframleiðslu árið 1990.

Árið 1991 eru erlendar lántökur þjóðarbúsins áætlaðar 17,1 milljarður króna og lækka um 16% frá fyrra ári. Aftur á móti aukast afborganir um 37% og nema 15,1 milljarði króna. Hreint innstreymi langra lána verður því um 2 milljarðar króna, eða 0,5% af landsframleiðslu á árinu 1991. Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlaðar lántökur á árinu 1991 með samanburði við lánsfjárlög 1990 og nýja spá um innkomin lán á árinu 1990:

Erlendar lántökur 1990 og 1991.

Milljónir króna	Láns-fjárlög 1990	Áætlun 1990	Lánsfjár-áætlun 1991
Opinberir aðilar	**6.500**	**4.800**	**3.100**
A- og B-hluti ríkissjóðs	2.700	900	-
fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	3.400	3.700	3.000
sveitarfélög	400	200	100
Opinberir lánasjóðir	**3.750**	**3.500**	**3.500**
Atvinnufyrirtæki	**12.650**	**12.100**	**10.500**
skip og flugvélar	9.150	8.900	6.500
annað	3.500	3.200	4.000
Löng erlend lán, alls	**22.900**	**20.400**	**17.100**


Greiðslujöfnuður. Á árinu 1989 var viðskiptajöfnuður við útlönd óhagstæður um 4,6 milljarða króna, eða 1,6% af landsframleiðslu. Samkvæmt þjóðhagsáætlun eru horfur á að hallinn á árinu 1990 verði 6,7 milljarðar króna, eða 2% af landsframleiðslu, en minnki í 5,7 milljarða króna eða 1,6% af landsframleiðslu á árinu 1991. Minni viðskiptahalli stafar að nokkru leyti af samdrætti í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara, einkum flugvéla.

Sem fyrr segir eru horfur á að hreint innstreymi langra erlendra lána verði um 9,4 milljarðar króna á árinu 1990. Á móti kemur 0,7 milljarða króna útstreymi á öðrum fjármagnsliðum þannig að fjármagnsjöfnuður verður jákvæður um 8,7 milljarða króna árið 1990. Heildargreiðslujöfnuður, þ.e. fjármagnsjöfnuður að frádregnum viðskiptahalla, gæti því orðið jákvæður um 2 milljarða króna á árinu 1990. Gjaldeyrisstaða Seðlabankans batnar um sömu fjárhæð og verður samkvæmt þessari áætlun um 21 milljarður króna í árslok 1990, reiknað á áætluðu meðalgengi 1990.

Á árinu 1991 er gert ráð fyrir að hreint innstreymi langra erlendra lána verði aðeins um 3,2 milljarðar króna og vantar þá um 3,9 milljarða króna til að fjármagna viðskiptahalla ársins. Hér er gert ráð fyrir að erlendar skammtímaskuldir aukist um 2,9 milljarða króna og fjármagnsjöfnuður verði jákvæður um 4,9 milljarða króna. Samkvæmt því mun gjaldeyrisstaðan rýrna um 1 milljarð króna árið 1991.

Raunaukning erlendra lána er talin verða um 1% á árinu 1990. Á sama tíma er landsframleiðslan áætluð óbreytt frá fyrra ári. Hlutfall langra erlendra lána hækkar því líklega úr 51,3% af landsframleiðslu árið 1989 í 51,6% á árinu 1990. Miðað við spá um 2,6% raunlækkun erlendra skulda og 1,5% hagvöxt lækkar skuldahlutfallið hins vegar í 48% af landsframleiðslu árið 1991.

Skuldastaða þjóðarbúsins og greiðslubyrði erlendra lána 1980–1991.
% af landsframleiðslu.



Hrein skuldastaða gagnvart útlöndum, þ.e. löng erlend lán og skammtímaskuldir að frádreginni gjaldeyriseign þjóðarinnar, gefur að mörgu leyti raunhæfari mynd af skuldbindingum þjóðarbúsins erlendis en löngu lánin. Eins og fram kemur í meðfylgjandi línuriti var skuldastaðan innan við 30% af landsframleiðslu í upphafi áratugarins. Hlutfallið hækkaði verulega á erfiðleikaárunum 1982–1984 og náði hámarki árið 1985, í tæplega 53%. Í uppsveiflunni fram til 1987 fór hlutfallið lækkandi. Frá árinu 1988 hefur hlutfallið aftur farið upp á við, meðal annars vegna samdráttar í landsframleiðslu og lækkunar á raungengi auk þess sem erlend lán jukust að raungildi. Þannig var hrein skuldastaða árið 1989 48,4% af landsframleiðslu. Hlutfallið lækkar lítillega á þessu ári í 48% og á næsta ári er áætlað að það fari niður í 46%.

Greiðslubyrði afborgana og vaxta af erlendum lánum hefur breyst í hátt við skuldastöðuna á undanförnum árum. Hæst fór greiðslubyrðin árið 1985, í 10% af landsframleiðslu en fór síðan lækkandi vegna aukins útflutnings og vaxtalækkunar á erlendum lánamörkuðum. Þannig voru meðalvextir erlendra lána um 10% á árunum 1983 og 1984 en lækkuðu í 7,8% 1987 og 1988. Greiðslubyrðin hækkaði aftur árið 1989 upp í 7½% af landsframleiðslu og hlutfallið er áætlað svipað á þessu ári. Á næsta ári er gert ráð fyrir frekari hækkun greiðslubyrðinnar vegna mikilla afborgana eins og áður kom fram. Jafnframt hafa meðalvextir erlendra lána hækkað upp á síðkastið. Á árinu 1989 voru þeir komnir í 8,9% og eru áætlaðir 8,6% 1990 og 8,7% á árinu 1991.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Heildarfjárþörf ríkissjóðs á árinu 1991 er áætluð 11,9 milljarðar króna. Er það svipuð fjárhæð og innlend lánsfjáröflun ríkissjóðs er talin verða á árinu 1990. Peningalegur sparnaður innan lands hefur á undanförnum árum aukist jafnt og þétt. Á árinu 1990 hefur innlendur sparnaður aukist umfram ný útlán lánastofnana og horfur eru á að hann vaxi enn á næsta ári. Það er því fyllsta ástæða til að ætla að lánsfjárþörf ríkissjóðs á árinu 1991 megi brúa með innlendu fé. Þar kemur einnig til að nálægt þriðjungur lánsfjárþarfar ríkissjóðs er ætlaður til að mæta innlausn spariskírteina, en slík innlausn örvar jafnan sölu nýrra spariskírteina.

Af lánsfé ríkissjóðs er ráðgert að veitt verði lán til B-hluta fyrirtækja og sjóða að fjárhæð 3.680 m.kr. Lánþegar eru þessir: Lánasjóður íslenskra námsmanna, 3.000 m.kr., til að mæta fjárþörf sjóðsins á árinu 1991; Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina, 550 m.kr., til að brúa áætlaðan greiðsluhalla sjóðsins á árinu 1991; Hafnabótasjóður, 240 m.kr., til að fjármagna hluta ríkisins vegna framkvæmda við hafnarmannvirki í Sandgerði og Alþjóðaflugþjónustan, 115 m.kr., til að fjármagna framkvæmdir við fyrsta áfanga nýs fluggagnakerfis hér á landi.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar á árinu 1991 nemi um 3,4 milljörðum króna, þar af eru um 2,5 milljarðar vegna Blönduvirkjunar og 0,9 milljarðar til annarra framkvæmda, svo sem til háspennulína. Af áætluðum virkjanakostnaði við Blöndu nema vextir á framkvæmdatíma um 0,4 milljörðum króna. Miðað er við að fyrsta vél Blönduvirkjunar verði gangsett haustið 1991.

Ráðgert er að fjármagna framkvæmdir Landsvirkjunar með 3 milljarða króna lántöku, erlendri og innlendri, í ljósi aðstæðna á innlendum lánamarkaði. Það sem eftir stendur, 0,4 milljarðar króna, verður fjármagnað með fé úr rekstri fyrirtækisins.

Áætlanir fyrirtækisins gera ráð fyrir greiðslu afborgana að fjárhæð 1,9 milljarðar króna, þar af eru 1,3 milljarðar af erlendum lánum. Vaxtagreiðslur eru áætlaðar 2,9 milljarðar króna á árinu 1991, þar af fara 2,4 milljarðar til útlanda.

Í þessu frumvarpi er ekki áætlað fyrir fjármögnun vegna virkjanaframkvæmda í tengslum við stóriðju þar sem ekki liggur fyrir ákvörðun í því máli.

Um 4. gr.

Á undanförnum árum hafa lántökur sveitarfélaga nær eingöngu verið tengdar fjármögnun framkvæmda og skuldbreytingum hjá hitaveitum. Endurgreiðslutími fjárfestingarlána hitaveitna hefur verið mun skemmri en nemur afskriftartíma mannvirkjanna. Margar hitaveitur hafa af þeirri ástæðu lent í miklum erfiðleikum bæði vegna þungrar greiðslubyrði af áhvílandi skuldum og byrjunarörðugleika í rekstri. Ríkissjóður hefur á síðustu árum létt byrði margra þessara veitna með því að yfirtaka hluta af skuldum þeirra og skuldbreyta öðrum lánum til lengri tíma með það að markmiði að tryggja rekstrargrundvöll þeirra til frambúðar.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar. Veitunni er heimiluð 50 m.kr. lántaka á árinu 1991 til að skuldbreyta yfirdráttarláni og standa straum að kostnaði við breytingar á sölukerfi veitunnar. Afborganir af eldri lánum eru áætlaðar 45 m.kr. á árinu 1991.

Hitaveita Egilsstaða og Fella. Veitunni er heimiluð 10 m.kr. lántaka á árinu 1991 til að standa straum af greiðslu afborgana af eldri lánum sem eru áætlaðar 24 m.kr. á árinu 1991.

Hitaveita Eyra. Veitunni er heimiluð 17 m.kr. lántaka á árinu 1991 til að standa straum af greiðslum af áhvílandi skuldum. Afborganir af eldri lánum eru áætlaðar 20 m.kr. á árinu 1991.

Bæjarveitur Vestmannaeyja. Veitunni er heimiluð 28 m.kr. lántaka á árinu 1991 til að standa skil á afborgunum af eldri lánum, en þær eru áætlaðar 48 m.kr. á næsta ári.

Annað. Áætlaðar eru á safnlið alls 50 m.kr. vegna lántöku ýmissa sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra. Ætla má að einhverjar lántökubeiðnir berist frá þeim á síðari stigum fyrir afgreiðslu lánsfjárlaga.

Um 5. gr.

Til að auka notagildi Hríseyjarferjunnar Sæfara var hún búin 80 manna farþegasal. Samið var við Slippstöðina hf. á Akureyri að annast verkið og Byggðastofnun fjármagnaði framkvæmdina til bráðabirgða. Ákvæði þessarar greinar heimilar Hríseyjarhreppi 23 m.kr. lántöku á árinu 1991 til að endurgreiða Byggðastofnun umrætt lán.

Um 6. gr.

Hinn 20. júlí s.l. voru opnuð tilboð í smíði nýrrar ferju fyrir Herjólf hf. í Vestmannaeyjum. Frestur til töku tilboðs var 20. október 1990 en hefur verið framlengdur til 1. nóvember.

Verði smíði skipsins ákveðin er stefnt að afhendingu þess á árinu 1992. Áætlaður kostnaður vegna smíðinnar er um 1.200 m.kr. á núverandi verðlagi auk kostnaðar vegna eftirlits með smíði þess.

Í lánsfjárlögum fyrir árið 1990 er heimild til lántöku allt að 500 m.kr. Ef af smíði skipsins verður mun sú fjárhæð ganga að mestu til kaupa á stáli og vinnu við upphaf smíðanna. Á árinu 1991 þyrfti að koma til lántökuheimild að fjárhæð 500 m.kr. og 200 m.kr. á árinu 1992. Greiðsluáætlun vegna smíðinnar verður ljósari þegar samningsdrög liggja fyrir.

Um 7. gr.

Í frumvarpi til lánsfjárlaga 1991 er gert ráð fyrir að Byggðastofnun hafi til ráðstöfunar á árinu 1991 samtals 1,5 milljarða króna að óbreyttri sjóðstöðu. Eigið ráðstöfunarfé stofnunar er áætlað 250 m.kr. Framlag ríkissjóðs samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 1991 er 250 m.kr. Auk þess er gert ráð fyrir að stofnunin afli lánsfjár innan lands að fjárhæð 100 m.kr. og erlendis að fjárhæð 900 m.kr.

Til samanburðar má geta þess að í lánsfjárlögum 1990 er heimild til Byggðastofnunar fyrir erlendri lántöku að fjárhæð 900 m.kr. Að auki hafði stofnunin heimild til 100 m.kr. innlendrar lántöku.

Um 8., 9. og 12. gr.

Í lögum um opinbera fjárfestingarlánasjóði, að Fiskveiðasjóði undanskildum, eru ákvæði um að ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar þeirra. Heimilda til lántöku þessara sjóða hefur verið aflað í lánsfjárlögum hverju sinni. Á grundvelli auglýsingar viðskiptaráðuneytis um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar, hafa sjóðir eins og Iðnlánasjóður, Iðnþróunarsjóður og Framkvæmdasjóður haft milligöngu í umtalsverðum mæli um útvegun erlends lánsfjár fyrir atvinnufyrirtæki. Vegna ákvæða laga um þessa sjóði og um ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum þeirra hafa fyrirtæki í raun fengið lán með ríkisábyrgð án þess að ráð hafi verið fyrir því gert í lánsfjárlögum eða í auglýsingu viðskiptaráðuneytisins. Eins og í lánsfjárlögum fyrir árið 1990 er nú kveðið á um að lánasjóðum, sem njóta ríkisábyrgðar á skuldbindingum sínum, sé óheimilt að hafa milligöngu

um töku erlendra lána fyrir innlenda aðila á grundvelli áðurnefndrar auglýsingar viðskiptaráðuneytisins, nema að fengnu samþykki fjármálaráðuneytis.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Iðnþróunarsjóði verði heimiluð 400 m.kr. erlend lántaka á árinu 1991 og Iðnlánasjóði 950 m.kr. erlend lántaka. Jafnframt er kveðið sérstaklega á um það að milliganga sjóðanna um erlend lán fyrir atvinnufyrirtæki á grundvelli auglýsingar viðskiptaráðuneytis, nr. 314/1990, eða aðrar heimildir veittar einstaka fyrirtækjum, rúmist innan þessara heimilda. Sjóðirnir hafa því ekki heimild til að skuldbinda ríkissjóð frekar með erlendri lántöku á árinu 1991. Þá er í lánsfjáráætlun 1991 heimild fyrir 100 m.kr. innlenda lántöku Iðnþróunarsjóðs og 400 m.kr. innlenda lántöku Iðnlánasjóðs. Í lánsfjárlögum 1990 hefur Iðnþróunarsjóður heimild til 750 m.kr. erlendrar lántöku og Iðnlánasjóður hefur þar 950 m.kr. heimild. Sjóðirnir munu að öllum líkindum ekki nota þessar heimildir að fullu.

Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir að Útflutningslánasjóður fái heimild til erlendrar lántöku að fjárhæð 50 m.kr. sem er sama fjárhæð og veitt var í lánsfjárlögum 1990.

Um 11. gr.

Á allra síðustu árum hafa innlendar stofnanir með ríkisábyrgð í vaxandi mæli leitað á erlenda lánamarkaði í stað þess að taka erlend lán fyrir milligöngu Framkvæmdasjóðs Íslands, ríkissjóðs eða annarra. Allar þessar stofnanir taka lán í skjóli ríkisábyrgðar og eru kynntar þannig á alþjóðlegum markaði. Þar til í ár hefur hins vegar í mjög takmörkuðum mæli verið fylgst með lántökustarfsemi þeirra enda þótt miklir hagsmunir séu í húfi fyrir ríkissjóð og mikilvægt sé að samræmi sé milli lánskjara sem þær njóta og skilmála þeirra sem stofnanir með ríkisábyrgðir og ríkissjóður sjálfur njóta á alþjóðlegum lánamörkuðum. Í lánsfjárlögum fyrir árið 1990 var þeim aðilum, sem m.a. eru nú tilgreindir í 3.–10. gr. sem og öllum öðrum sem njóta ríkisábyrgðar á erlendum skuldbindingum sínum, gert skylt að kynna áform sín fyrir og leita eftir samþykki Seðlabanka Íslands í umboði fjármálaráðuneytisins á þeim kjörum og skilmálum sem í boði væru hverju sinni. Þessu ákvæði hefur verið framfylgt. Með lögum nr. 43 frá 16. maí 1990 var Lánasýslu ríkisins komið á fót og í 2. mgr. 7. gr. laganna um hana er stofnunum með ríkisábyrgð á erlendum skuldbindingum sínum, sem hyggjast taka lán erlendis, gert skylt að kynna áform sín fyrir henni og leita eftir fyrir fram samþykki á þeim kjörum og skilmálum sem þeir hyggjast semja um.

Um 13.–34. gr.

Í samræmi við markaða stefnu í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1991 um skerðingu lögboðinna framlaga er með þessu frumvarpi mælt fyrir breytingum ákvæða viðkomandi laga. Hér er um að ræða skerðingu á sjálfvirkum framlögum til ýmissa aðila sem bundin eru í sérlögum.

Lög um málefni fatlaðra eru nú í endurskoðun, þar með ákvæði um Framkvæmdasjóð fatlaðra, hlutverk og verkefni í uppbyggingu aðstöðu fyrir fatlaða. Þá mun heilbrigðisráðherra væntanlega leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum um málefni aldraðra, m.a. þess efnis að fé úr Framkvæmdasjóði aldraðra megi ráðstafa til reksturs og almenns viðhalds auk stofnframkvæmda. Verði breyting gerð á hlutverki þessara sjóða gætu ákvæði 28. gr. og 29. gr. þessa frumvarps fallið niður í meðförum Alþingis.

Í undirbúningi er frumvarp um breyting á lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987, þar sem ríkissjóði er heimilað að halda eftir tilteknum hluta af sóknargjöldum fyrir eðlilegum

kostnaði við innheimtu gjaldsins. Verði umrætt frumvarp að lögum er rétt að ákvæði 31. gr. endurskoðist eða falli niður í meðförum Alþingis.

Dóms- og kirkjumálaráðherra mun á næstunni leggja fram frumvarp til laga um kirkjugarða. Í lögum um kirkjugarða, nr. 21/1963, eru ákvæði um tekjur kirkjugarða, bæði hlutdeild í óskiptum tekjuskatti, sbr. lög nr. 89/1987, og tekjur er reiknast af aðstöðugjöldum. Verði frumvarpið að lögum gæti ákvæði 32. gr. þessa frumvarps fallið niður í meðförum Alþingis.

Um 35. gr.

Í þessari grein felst heimild fyrir ríkissjóð til að samþykkja skulda- og vaxtaskipti lána með sjálfskuldarábyrgð ríkisins, en ríkissjóður hefur sjálfur heimild til slíkra viðskipta skv. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 43/1990.

Um 36. gr.

Þessi grein heimilar þeim sem njóta ríkisábyrgðar á erlendum skuldbindingum sínum að endurfjármagna erlend lán sín þegar hagstæðari kjör bjóðast, að stofna til vaxta- eða skuldaskipta, að nýta sér möguleika sem skammtímalánsform bjóða upp á og að nýta sér möguleika sem markaðir bjóða upp á til þess að tryggja sig gegn verulegum vaxtabreytingum. Í síðasta liðnum felst m.a. heimild til þess að semja um hámark eða lágmark á breytilegum vöxtum. Hyggist stofnanir með ríkisábyrgð nýta sér heimildir þessarar greinar skulu þær gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990.

Um 37. og 38. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Heildaryfirlit yfir innlendar og erlendar lántökur 1991.
(M.kr.)

Upprunalegir lántakar	Sala ríkis bréfa	Verðbréfa-kaup líf-eyrissjóða	Önnur innlend lántaka	Innlend lántaka alls	Erlend lán	Heildar-lántökur
I Opinberir aðilar	**11.875**	**-**	**-**	**11.875**	**3.100**	**14.975**
Ríkissjóður, A-hluti	11.875	-	-	11.875	-	11.875
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	-	-	-	-	3.000	3.000
Sveitarfélög	-	-	-	-	100	100
II Opinberar lánastofnanir	**-**	**15.415**	**5.250**	**20.665**	**3.500**	**24.165**
Byggingarsjóður ríkisins	-	6.580	-250	6.330	-	6.330
Byggingarsjóður verkamanna	-	3.560	-	3.560	-	3.560
Húsbréf	-	4.930	5.000	9.930	-	9.930
Byggðastofnun	-	100	-	100	900	1.000
Fiskveiðasjóður	-	-	-	-	1.200	1.200
Stofnlánadeild landbúnaðarins	-	245	-	245	-	245
Iðnlánasjóður	-	-	400	400	950	1.350
Iðnþróunarsjóður	-	-	100	100	400	500
Útflutningslánasjóður	-	-	-	-	50	50
III Atvinnufyrirtæki					**10.500**	**10.500**
Heildarlántökur samtals (I+II+III)	**11.875**	**15.415**	**5.250**	**32.540**	**17.100**	**49.640**

Fylgiskjal II.

Greiðslujöfnuður við útlönd 1989–1991.
(Meðalgengi hvers árs, m.kr.)

	1989	Áætlun 1990	Áætlun 1991
Vöruskiptajöfnuður	**7.469**	**7.700**	**10.600**
Útfluttar vörur, alls	80.072	92.300	100.400
Sjávarafurðir	56.812	67.500	73.600
Ál og kísiljárn	13.317	13.130	14.660
Skip og flugvélar	1.518	800	100
Annað	8.425	10.870	12.040
Innfluttar vörur alls	**-72.603**	**-84.600**	**-89.800**
Sérstakur vöruinnflutningur	-10.828	-14.420	-13.100
Skip og flugvélar	-5.841	-9.000	-7.200
Aðrar fjárfestingarvörur	-588	-	-
Rekstrarvörur	-4.399	-	-
Almennur innflutningur	-61.775	-70.180	-76.700
Olía	-5.990	-7.440	-8.900
Annað	-55.785	-62.740	-67.800
Þjónustujöfnuður	**-12.084**	**-14.400**	**-16.300**
Þjónustujöfnuður án vaxta	**867**	**100**	**-800**
Útflutt þjónusta án vaxta	29.149	37.800	40.500
Innflutt þjónusta án vaxta	-28.282	-37.700	-41.300
Vaxtajöfnuður	-12.951	-14.500	-15.500
Viðskiptajöfnuður	**-4.615**	**-6.700**	**-5.700**
í % af landsframleiðslu	-1.6	-2.0	-1.6
Framlög án endurgjalds	**-185**	-	-
Fjármagnsjöfnuður	**7.778**	**8.700**	**4.900**
Erlent einkafjármagn	-1.864	-	-
Langar lántökur, nettó	15.945	9.400	2.000
Innkomin löng lán, alls	25.164	20.400	17.100
Afborganir	9.220	11.000	15.100
Stuttar fjármagnshreyfingar	-6.303	-700	2.900
Skekkjur og vantalið	**818**	-	-
Heildargreiðslujöfnuður	**3.796**	**2.000**	**-800**
(Breyting á gjaldeyrisstöðu Seðlabanka)			

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fylgiskjal III.

Staða þjóðarbúsins út á við 1981–1991.
(Meðalgengi hvers árs, m.kr.)

	Löng erlend lán	Erlend skammtímalán			Gjald-eyris-staða	Nettó staða við útlönd	Verg lands-framleiðsla	Staða í % af VLF	
		Skuldir	Eignir	nettó				Löng lán	Nettó staða
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)
1981	-7.521	-1.270	680	-590	1.451	-6.660	24.336	30,9	27,4
1982	-14.904	-2.380	1.090	-1.290	1.101	-15.093	38.132	39,1	39,6
1983	-32.127	-4.264	2.921	-1.343	2.280	-31.190	65.837	48,8	47,4
1984	-42.559	-6.995	4.389	-2.606	1.763	-43.402	87.508	48,6	49,6
1985	-60.857	-13.472	4.133	-9.339	7.297	-62.899	119.091	51,1	52,8
1986	-75.082	-12.574	5.028	-7.546	11.266	-71.362	158.597	47,3	45,0
1987	-83.806	-17.012	6.224	-10.768	10.420	-84.154	208.099	40,3	40,4
1988	-105.546	-20.854	8.873	-11.981	11.102	-106.425	254.639	41,4	41,8
1989	-150.887	-20.156	10.518	-9.638	18.350	-142.175	293.918	51,3	48,4
1990	-173.000	...	...	-9.100	21.200	-160.900	335.100	51,6	48,0
1991	-175.000	...	...	-12.000	20.400	-166.600	363.600	48,1	45,8

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fylgiskjal IV.

Greiðslubyrði erlendra lána 1981–1991.
(Meðalgengi hvers árs, m.kr.)

	Löng erlend lán					Greiðslubyrði af útflutningstekjum, %				
	Afborgun	Vextir	Samtals	Nettó vaxta-greiðslur	Útflutn-ings-tekjur	Afborg-anir (1:5)	Vextir (2:5)	Samtals (6+7)	Nettó (4:5)	Alls (6+9)
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)
1981	633	827	1.460	802	8.887	7,1	9,3	16,4	9,0	16,1
1982	1.230	1.541	2.771	1.475	13.063	9,4	11,8	21,2	11,3	20,7
1983	2.674	2.974	5.648	3.050	27.456	9,7	10,8	20,6	11,1	20,8
1984	4.278	4.177	8.455	4.555	34.792	12,3	12,0	24,3	13,1	25,4
1985	4.456	5.259	9.715	5.605	50.490	8,8	10,4	19,2	11,1	19,9
1986	5.937	6.152	12.089	6.226	63.938	9,3	9,6	18,9	9,7	19,0
1987	5.777	6.158	11.935	6.213	74.544	7,7	8,3	16,0	8,3	16,0
1988	6.597	7.593	14.190	8.173	85.266	7,7	8,9	16,6	9,6	17,3
1989	9.124	12.290	21.414	12.951	110.838	8,2	11,1	19,3	11,7	19,9
1990 1)	11.000	14.200	25.200	14.500	130.100	8,5	10,9	19,4	11,1	19,6
1991 2)	15.100	15.100	30.200	15.500	140.900	10,7	10,7	21,4	11,0	21,7

1) Ný áætlun 1990.
2) Lánsfjáráætlun 1991.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fylgiskjal V.

Greiðsluáætlun fjárfestingarlánasjóða 1991.

(m.kr.)	Byggingarsj. ríkisins	Byggingarsj. verkamanna	Framkv.-sjóður	Byggða-stofnun	Atvinnu-tr.sjóður	Fiskveiða-sjóður	Iðnlána-sjóður	Iðnþróunar-sjóður	Stofnlánad. landb.	Stofnlánad. samv.fél.
Innstreymi:	**11.105**	**5.466**	**6.070**	**3.235**	**1.064**	**5.950**	**3.065**	**1.440**	**2.065**	**215**
Sjóðslækkun	-	-	-	-	-	-	100	60	-	-
Innheimtar afborganir	1.824	457	3.300	1.045	291	2.500	765	465	635	115
hjá fjárf.lánasjóðum	43	-	2.675	-	-	-	-	5	-	-
hjá öðrum	1.781	457	625	1.045	291	2.500	765	460	635	115
Innheimtir vextir	2.825	159	2.750	940	448	2.250	690	360	280	75
hjá fjárf.lánasjóðum	34	-	2.125	-	-	-	15	5	-	-
hjá öðrum	2.791	159	625	940	448	2.250	675	355	280	75
Tekin lán	6.330	3.730	-	1.000	325	1.200	1.350	500	745	18
hjá Framkvæmdasjóði	-	-	-	-	-	-	-	-	500	-
hjá bankakerfi	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
hjá lífeyrissjóðum	6.580	3.560	-	100	-	-	-	-	245	18
hjá öðrum innl. aðilum	-250	170	-	-	325	-	400	100	-	-
erlend lán	-	-	-	900	-	1.200	950	400	-	-
Framlög og skatttekjur	-	900	-	250	-	-	150	-	395	-
frá ríkissjóði	-	700	-	250	-	-	-	-	54	-
frá sveitarfélögum	-	200	-	-	-	-	-	-	-	-
frá öðrum	-	-	-	-	-	-	150	-	341	-
Aðrar tekjur	126	220	20	-	-	-	10	55	10	7
Útstreymi:	**11.105**	**5.466**	**6.070**	**3.235**	**1.064**	**5.950**	**3.065**	**1.440**	**2.065**	**215**
Sjóðsaukning	-	-	150	60	-	-	-	-	-	-
Rekstrarkostnaður	300	110	60	250	17	150	95	60	65	7
Fjárfesting	20	-	-	-	-	-	20	-	-	-
Greiddar afborganir	2.437	606	2.110	770	414	2.845	680	75	995	158
til ríkissjóðs	533	90	-	-	-	-	-	-	-	-
til bankakerfis	-	-	200	63	-	1.900	-	-	-	-
til lífeyrissjóða	1.865	473	235	84	-	-	45	-	365	123
til Framkvæmdasjóðs	-	-	-	597	-	765	450	-	630	35
til Byggingarsj. ríkisins	-	43	-	-	-	-	-	-	-	-
til Iðnþróunarsjóðs	-	-	-	-	-	-	5	-	-	-
til Seðlabanka	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
til annarra innl. aðila	39	-	-	-	414	-	-	-	-	-
til erlendra aðila	-	-	1.675	26	-	180	180	75	-	-
Greiddir vextir	3.239	970	2.900	735	633	2.305	570	210	470	50
til ríkissjóðs	291	66	-	12	78	-	-	-	-	-
til bankakerfis	-	-	440	90	-	955	-	-	-	-
til lífeyrissjóða	2.910	870	520	25	-	-	14	-	168	37
til Framkvæmdasjóðs	-	-	-	285	125	865	306	-	302	13
til Byggingarsj. ríkisins	-	34	-	-	-	-	-	-	-	-
til Iðnþróunarsjóðs	-	-	-	-	-	-	5	-	-	-
til Seðlabanka	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
til annarra innl. aðila	38	-	-	-	430	100	-	15	-	-
til erlendra aðila	-	-	1.940	323	-	385	245	195	-	-
Hlutafjárkaup	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Endurgreidd stofnframlög	-	-	-	-	-	-	-	70	-	-
Veitt lán og styrkir	5.109	3.780	850	1.420	-	650	1.700	1.025	535	-
til fjárfestingarsjóða	170	-	650	-	-	-	-	-	-	-
til fyrirt. og einstaklinga	4.939	3.780	200	1.420	-	650	1.700	1.025	535	-

Heimild: Fjármálaráðuneyti.

(m.kr.)	Verslunarlána-sjóður	Ferðamála-sjóður	Landflutn.-sjóður	Útflutnings-lánasjóður	Þróunar-félag	Lánasj. sveitarf.	Framleiðnisj. landbún.	Innbyrðis færsla	Samtals
Innstreymi:	**815**	**310**	**50**	**310**	**565**	**785**	**695**	**-5.722**	**37.483**
Sjóðslækkun	-	-	-	-	23	-	-	-	**183**
Innheimtar afborganir	225	50	20	224	330	414	13	-2.723	**9.950**
hjá fjárf.lánasjóðum	-	-	-	-	-	-	-	-2.723	**-**
hjá öðrum	225	50	20	224	330	414	13	-	**9.950**
Innheimtir vextir	400	125	5	33	100	190	10	-2.179	**9.461**
hjá fjárf.lánasjóðum	-	-	-	-	-	-	-	-2.179	**-**
hjá öðrum	400	125	5	33	100	190	10	-	**9.461**
Tekin lán	185	125	25	50	110	56	-	-820	**14.929**
hjá Framkvæmdasjóði	-	125	25	-	-	-	-	-650	**-**
hjá bankakerfi	-	-	-	-	110	56	-	-	**166**
hjá lífeyrissjóðum	185	-	-	-	-	-	-	-	**10.688**
hjá öðrum innl. aðilum	-	-	-	-	-	-	-	-170	**575**
erlend lán	-	-	-	50	-	-	-	-	**3.500**
Framlög og skatttekjur	-	-	-	-	-	113	672	-	**2.480**
frá ríkissjóði	-	-	-	-	-	-	651	-	**1.655**
frá sveitarfélögum	-	-	-	-	-	113	-	-	**313**
frá öðrum	-	-	-	-	-	-	21	-	**512**
Aðrar tekjur	5	10	-	3	2	12	-	-	**480**
Útstreymi:	**815**	**310**	**50**	**310**	**565**	**785**	**695**	**-5.722**	**37.483**
Sjóðsaukning	-	-	-	18	-	-	-	-	**228**
Rekstrarkostnaður	15	2	-	8	20	15	12	-	**1.186**
Fjárfesting	-	-	-	-	3	3	-	-	**46**
Greiddar afborganir	280	83	19	68	8	118	28	-2.723	**8.971**
til ríkissjóðs	-	-	-	-	-	-	-	-	**623**
til bankakerfis	-	28	-	-	-	-	-	-	**2.191**
til lífeyrissjóða	280	-	-	-	-	-	-	-	**3.470**
til Framkvæmdasjóðs	-	55	19	-	6	118	-	-2.675	**-**
til Byggingarsj. ríkisins	-	-	-	-	-	-	-	-43	**-**
til Iðnþróunarsjóðs	-	-	-	-	-	-	-	-5	**-**
til Seðlabanka	-	-	-	-	-	-	28	-	**28**
til annarra innl. aðila	-	-	-	-	2	-	-	-	**455**
til erlendra aðila	-	-	-	68	-	-	-	-	**2.204**
Greiddir vextir	335	105	7	16	65	54	5	-2.179	**10.490**
til ríkissjóðs	-	-	-	-	-	-	-	-	**447**
til bankakerfis	-	-	-	-	-	-	-	-	**1.485**
til lífeyrissjóða	335	-	-	-	-	-	-	-	**4.879**
til Framkvæmdasjóðs	-	105	7	-	63	54		-2.125	**-**
til Byggingarsj. ríkisins	-	-	-	-	-	-	-	-34	**-**
til Iðnþróunarsjóðs	-	-	-	-	-	-	-	-5	**-**
til Seðlabanka	-	-	-	-	-	-	5	-	**5**
til annarra innl. aðila	-	-	-	-	-	-	-	-15	**568**
til erlendra aðila	-	-	-	16	2	-	-	-	**3.106**
Hlutafjárkaup	-	-	-	-	134	-	-	-	**134**
Endurgreidd stofnframlög	-	-	-	-	-	-	-	-	**70**
Veitt lán og styrkir	185	120	24	200	335	595	650	-820	**16.358**
til fjárfestingarsjóða	-	-	-	-	-	-	-	-820	**-**
til fyrirt. og einstaklinga	185	120	24	200	335	595	650	-	**16.358**

Fylgiskjal VI.

Löng erlend lán 1982–1991, flokkuð eftir lánnotendum[1].
(Meðalgengi hvers árs, m.kr.)

	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	Áætlun 1990	Áætlun 1991
1 Lántökur:										
Opinberir aðilar	2.267	3.705	4.111	5.727	5.816	3.213	4.949	9.715	4.800	3.100
Lánastofnanir	585	908	1.982	1.945	2.106	3.187	3.670	4.967	3.500	3.500
Einkaaðilar	781	964	1.416	2.260	4.120	6.419	8.087	11.129	12.100	10.500
Samtals	**3.633**	**5.577**	**7.509**	**9.932**	**12.042**	**12.819**	**16.706**	**25.811**	**20.400**	**17.100**
2 Afborganir:										
Opinberir aðilar	494	1.084	1.546	1.791	2.680	2.534	1.978	2.979	3.170	4.360
Lánastofnanir	166	351	491	658	603	455	459	629	1.030	1.560
Einkaaðilar	570	1.239	2.241	2.007	2.654	2.788	4.160	5.516	6.800	9.180
Samtals	**1.230**	**2.674**	**4.278**	**4.456**	**5.937**	**5.777**	**6.597**	**9.124**	**11.000**	**15.100**
3 Nettó hreyfing:										
Opinberir aðilar	1.773	2.621	2.565	3.936	3.136	679	2.971	6.736	1.630	-1.260
Lánastofnanir	419	557	1.491	1.287	1.503	2.732	3.211	4.338	2.470	1.940
Einkaaðilar	211	-275	-825	253	1.466	3.631	3.927	5.613	5.300	1.320
Samtals	**2.403**	**2.903**	**3.231**	**5.476**	**6.105**	**7.042**	**10.109**	**16.687**	**9.400**	**2.000**
4 Vaxtagreiðslur:										
Opinberir aðilar	975	2.013	2.894	3.656	4.382	4.258	4.918	7.221	7.650	7.850
Lánastofnanir	132	298	449	692	806	880	1.247	2.372	2.790	3.150
Einkaaðilar	434	663	834	911	964	1.020	1.429	2.697	3.760	4.100
Samtals	**1.541**	**2.974**	**4.177**	**5.259**	**6.152**	**6.158**	**7.594**	**12.290**	**14.200**	**15.100**
5 Staða í árslok:										
Opinberir aðilar	9.847	21.973	29.475	42.293	50.755	52.294	62.813	86.301	95.260	94.000
Lánastofnanir	1.439	3.400	5.693	8.735	11.778	14.945	20.264	30.245	34.100	36.000
Einkaaðilar	3.618	6.754	7.391	9.829	12.549	16.569	22.469	34.341	43.640	45.000
Samtals	**14.904**	**32.127**	**42.559**	**60.857**	**75.082**	**83.808**	**105.546**	**150.887**	**173.000**	**175.000**
Gengisforsendur 2)										
SDR = Krónur	13,71	26,60	32,38	42,18	48,18	49,92	57,78	73,12	79,10	79,10
6 Meðalvextir: 3)										
Opinberir aðilar	11,6	10,1	10,6	9,3	9,1	8,2	8,1	8,9	8,1	8,3
Lánastofnanir	10,8	9,6	9,6	8,9	7,6	6,8	7,0	8,8	8,7	9,0
Einkaaðilar	12,5	9,6	10,4	9,5	8,4	7,4	7,3	9,0	9,4	9,4
Meðaltal	**11,8**	**9,9**	**10,4**	**9,3**	**8,7**	**7,8**	**7,8**	**8,9**	**8,6**	**8,7**

1) Erlend lán viðskiptabanka eru flokkuð eftir endurlánum þeirra.
2) Áætlað meðalgengi 1991 er 8,4% yfir meðalgengi 1990.
3) Breytilegir vextir. LIBOR-USD eru áætlaðir 8,5% 1990 og 9,0% 1991.
Heimild: Seðlabanki Íslands.

Sþ. 175. Fyrirspurn [162. mál]

til fjármálaráðherra um bréfaskriftir fjármálaráðuneytis.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

1. Svarar ráðuneytið bréfum sem því berast frá einstaklingum og þá innan hvaða tímamarka?
2. Ef svo er má þá treysta því að sú regla sé virt án tillits til þess hver einstaklinguriinn er?

Nd. 176. Frumvarp til laga [163. mál]

um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, sbr. lög nr. 71/1978, 37/1982, 90/1984 og 108/1988.

Flm.: Geir H. Haarde, Friðrik Sophusson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Tilgangur laga þessara er að tryggja að nýting lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða sé eðlileg og hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og að eigendaskipti á landi og bújörðum geti gengið auðveldlega fyrir sig.

2. gr.

6. gr. laganna breytist sem hér segir:

a. Orðin „og afla samþykkis þeirra til ráðstöfunarinnar“ í lok fyrri málsliðar l. mgr. falli brott.
b. 2.–5. mgr. falli brott.

3. gr.

7.–9. gr. laganna falli brott.

4. gr.

12. og 13. gr. laganna, sbr. 5.–6. gr. laga nr. 90/1984, falli brott.

5. gr.

18. gr. laganna falli brott.

6. gr.

30. gr. laganna orðist svo:

Eigi að selja jörð sem leiguliði hefur setið í tíu ár eða lengur á hann forkaupsrétt að henni enda taki hann jörðina til ábúðar og fullra nytja.

7. gr.

1. mgr. 32. gr. orðist svo:

Forkaupsréttur skv. 30. gr. skal jafnan boðinn leiguliða skriflega. Skulu söluverð og

aðrir skilmálar tilgreindir á tæmandi hátt. Leiguliði skal svara forkaupsréttartilboði skriflega innan fjögurra vikna frá því er honum barst tilboð. Svari hann ekki innan þess tíma hefur hann í það sinn glatað rétti sínum til að kaupa.

8. gr.

1. mgr. 34. gr. orðist svo:

Nú er forkaupsréttarhafa boðið að neyta forkaupsréttar en kaupverð er ranglega tilgreint of hátt eða skilmálar ranglega tilgreindir of íþyngjandi í því skyni að halda forkaupsréttarhafa frá því að neyta réttar síns. Forkaupsréttarhafi getur þá, að fengnu samþykki jarðanefndar, krafist mats dómkvaddra manna um hæfilegt söluverð jarðarinnar og skilmála. Er honum þá heimilt að neyta forkaupsréttar síns á því verði.

9. gr.

Síðari málsgrein 35. gr. falli brott.

10. gr.

40. gr. laganna breytist sem hér segir:

a. Orðin „enda hafi sveitarstjórn hafnað forkaupsrétti“ í 1. málsl. falli brott.
b. 6. tölul. greinarinnar falli brott.

11. gr.

Síðari málsliður 41. gr. falli brott.

12. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 42. gr. orðist svo: Náist ekki samkomulag um kaupverð geta aðilar sameiginlega óskað mats á jörðinni samkvæmt ákvæðum 45. gr.

13. gr.

Orðin „enda hafi þeir, sem forkaupsrétt eiga að lögum, hafnað honum“ í síðari málslið 69. gr. falli brott.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir tvenns konar meginbreytingum á jarðalögum. Annars vegar að úr lögunum falli brott ákvæði um að ekki megi selja eða ráðstafa á annan hátt fasteignaréttindum utan skipulagðra þéttbýlissvæða nema með samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar. Hins vegar að niður falli forkaupsréttur sveitarfélaga við sölu fasteignaréttinda.

Flutningsmenn telja að hvortveggja ákvæðin setji óeðlilegar hömlur á ráðstöfunarrétt manna yfir eignum sínum en í 67. gr. stjórnarskrárinnar segir svo: „Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli, og komi fullt verð fyrir.“

Þetta stjórnarskrárákvæði verndar þá meginreglu að mönnum sé frjálst að ráðstafa eignum sínum með þeim hætti sem þeir sjálfir telja heppilegast enda fari það ekki í bága

við „almenningsþörf“ eða lögvarinn rétt annarra. Sú kvöð að þurfa að afla samþykkis sveitarstjórnar og sérstakrar jarðanefndar fyrir sölu á jörð eða annarri sambærilegri ráðstöfun fasteignaréttinda er óeðlileg hindrun í vegi fyrir því að menn fái neytt þess sjálfsagða réttar að ráðstafa eign sinni að eigin vild.

Þessi hindrun er þeim mun óeðlilegri þegar þess er gætt að sveitarstjórn og jarðanefnd hafa samkvæmt gildandi jarðalögum ekki áþreifanlegri viðmiðun að fara eftir en hvort fyrirhuguð ráðstöfun fasteignar teljist „andstæð hagsmunum sveitarfélagsins“ (2. mgr. 6. gr.). Hlýtur að teljast mjög hæpið að heimila stjórnvaldi jafnveigamikil afskipti af ráðstöfun manna á eignum sínum án þess að nánar sé í settum lögum kveðið á um efnisleg skilyrði þess að til afskipta megi koma. Telji sveitarstjórn óhjákvæmilegt að leysa til sín jörð eða önnur réttindi vegna sérstakra aðstæðna þar sem almannaheill krefst þess ætti til þess að þurfa miklu ákveðnari heimildir í eignarnámslögum en þetta.

Líkja má gildandi lagaákvæðum við það ef eigendum íbúða í fjölbýlishúsum yrði gert að skyldu að leita samþykkis húsfélags eða annarra nágranna fyrir sölu íbúða sinna. Og raunar jafnframt að húsfélagið hefði forkaupsrétt og gæti krafist mats á því hvort fyrirhugað söluverð væri „óeðlilega hátt“ og síðan fengið lán úr opinberum sjóði til að kaupa eignina sem það mætti svo ráðstafa að vild og jafnvel endurselja án tafar. En forkaupsréttarákvæði jarðalaga (einkum 30., 34. og 41. gr.) eru einmitt þessa eðlis að dómi flutningsmanna og eðlisóskyld samningsbundum forkaupsrétti sem þekkist í viðskiptum á ýmsum sviðum.

Það er álit flutningsmanna að umrædd ákvæði um samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar, svo og um forkaupsrétt sveitarfélaga, dragi úr áhuga manna á því að leita eftir kaupum á fasteignum til sveita og þar með úr líkum á því að seljendur slíkra eigna fái sannvirði fyrir þær. Frá því jarðalögin voru sett árið 1976 hefur og stöku sinnum komið til árekstra vegna þessara ákvæða án þess að slík dæmi skuli rakin hér.

Á undanförnum árum hefur mjög aukist áhugi þéttbýlisbúa á því að koma upp aðstöðu til útivistar og orlofsdvalar til sveita. Á það jafnt við um einstaklinga sem stéttarfélög og ýmis áhugamannafélög, m.a. á sviði skógræktar, hestamennsku, íþrótta o.s.frv. Má gera ráð fyrir að þessi áhugi eigi enn eftir að vaxa með batnandi samgöngum og auknum frítíma almennings.

Á sama tíma er líklegt að aukið framboð verði á jörðum til nota í þessu skyni þar eð framleiðsla hefðbundinna búvara fer minnkandi og útlit fyrir að markaðir fyrir þessar vörur skreppi frekar saman en hitt. Þeim fer því fækkandi sem stunda hefðbundna landbúnaðarframleiðslu í landinu og ekki ólíklegt að enn frekari skipulagsbreytingar í framleiðslu geri það að verkum að fleiri vilji koma jörðum sínum í verð.

Eðlilegt er að greiða fyrir markaðsviðskiptum með jarðir milli þeirra sem vilja bregða búi og selja slíkar eignir af fúsum og frjálsum vilja og þeirra sem festa vilja kaup á þeim til að koma sér upp útivistar- eða orlofsaðstöðu. Eðli sínu samkvæmt verka ákvæði gildandi laga um samþykki sveitarstjórna og jarðanefnda hamlandi á slík viðskipti þótt þau stöðvi þau e.t.v. ekki alveg.

Jafnframt draga þessi ákvæði úr líkum á því að seljendur jarða fái sannvirði fyrir eignir sínar eins og fyrr segir. Þannig vinna þau gegn þeim tilgangi, sem fram kemur í 1. gr. gildandi laga, að tryggja að eignarráð á landi sé í samræmi við hagsmuni „þeirra sem landbúnað stunda“. Enda er það yfirleitt svo að hömlur á ráðstöfun eigna bitna frekar á eigendum þeirra en öðrum.

Að lokum má minna á að í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins

Pálssonar frá 8. júlí 1987 er ákvæði um endurskoðun jarðalaga. Segir þar að „jarðalögin verði endurskoðuð í því augnamiði að auðvelda eigendaskipti á bújörðum". Ekkert sambærilegt ákvæði er í málefnasamningum þeirra ríkisstjórna sem setið hafa frá árinu 1988 og er flutningsmönnum ekki kunnugt um nein áform í þessa veru af hálfu núverandi ríkisstjórnar. Er því ljóst að eina leiðin til að fá þessum málum hreyft er sú að flytja þingmannafrumvarp eins og það sem hér er kynnt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að markmiðsgrein jarðalaganna verði breytt og í stað orðanna „eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra sem landbúnað stunda" komi: eigendaskipti á landi og bújörðum geti gengið auðveldlega fyrir sig. Með þessum hætti er lögð áhersla á það meginmarkmið þessa frumvarps að auðvelda frá því sem verið hefur viðskipti með land og jarðir og tryggja þannig betur hagsmuni þeirra sem slíkar fasteignir eiga svo og þeirra sem þær vilja eignast.

Um 2. gr.

Í greininni er lögð til sú grundvallarbreyting í 1. mgr. að brott falli sú skylda að afla þurfi samþykkis sveitarstjórnar og jarðanefndar til ráðstöfunar fasteignarréttinda. Eftir sem áður helst sú skylda að tilkynna verði þessum aðilum um slíka ráðstöfun.

Breytingin sem lögð er til í síðari mgr. þess efnis að 2.–5. mgr. 6. gr. laganna falli brott leiðir af þessari meginbreytingu.

Um 3. gr.

Í 7., 8. og 9. gr. gildandi laga eru ákvæði um hvernig leitað skuli samþykkis sveitarstjórnar og jarðanefndar til ráðstöfunar á fasteign og frekari málsmeðferð í því sambandi. Það leiðir af breytingunni sem lögð er til með 2. gr. frumvarpsins að þessi ákvæði falli brott.

Um 4. gr.

Meginefni 12. gr. laganna er að ekki megi taka land sem nýtt sé til landbúnaðar til annarra nota nema til komi heimild í lögum. Einnig eru ákvæði í 12. og 13. gr. þess efnis að ekki megi skipta landi jarða eða sameina jarðir án samþykkis jarðanefnda og sveitarstjórna og ákvæði um hvernig með slík og afleidd tilvik skuli fara.

Flutningsmenn telja það í eðlilegu samræmi við önnur ákvæði og meginstefnu frumvarpsins að þessi ákvæði laganna falli brott og er 4. gr. frumvarpsins í samræmi við það.

Um 5. gr.

Í 18. gr. laganna eru ákvæði um refsingar og fleira sé fasteign ráðstafað andstætt fyrirmælum laganna. 5. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir þessi grein falli brott þar eð ekki er nein ástæða til að leggja refsingar við brotum á lögunum eftir að felld hafa verið niður ákvæði sem áskilja samþykki við ráðstöfunum.

Um 6. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er gert ráð fyrir þeirri meginbreytingu að niður falli það

ákvæði sem nú er að finna í 30. gr. laganna að sveitarstjórn þess sveitarfélags þar sem eign er skuli eiga forkaupsrétt að eigninni við sölu hennar.

Frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir því að áfram verði ákvæði í 30. gr. laganna um að leiguliði, sem setið hafi jörð í tíu ár eða lengur, skuli hafa forkaupsrétt að jörðinni enda taki hann hana til ábúðar og fullra nytja.

Um 7. gr.

Ákvæði þessarar greinar leiðir af hinni næstu á undan. Í stað þess að í 32. gr. laganna séu ákvæði um hvernig forkaupsréttur skuli boðinn sveitarfélagi og hvernig skuli staðið að hagnýtingu hans eru í greininni sambærileg ákvæði um leiðuliða sem á forkaupsrétt skv. 30. gr. laganna. Athyglisvert er að í gildandi lögum eru engin ákvæði um hvernig staðið skuli að því að bjóða leiguliða að hagnýta forkaupsrétt sinn heldur aðeins sveitarstjórn. Úr þessu er bætt í frumvarpsgreininni.

Um 8. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir því að hert séu skilyrði sem legið geta til grundvallar kröfu forkaupsréttarhafa um mat dómkvaddra manna á eign sem honum er boðið að neyta forkaupsréttar að.

Núgildandi orðalag þessa ákvæðis er eftirfarandi:

„Nú er forkaupsréttarhafa boðið að neyta forkaupsréttar, en tilgreint kaupverð er óeðlilega hátt eða skilmálar ósanngjarnir miðað við almennar viðskiptavenjur, þannig að ætla má að gert sé í því skyni að halda forkaupsréttarhafa frá að neyta réttar síns. Forkaupsréttarhafi getur þá, að fengnu samþykki jarðanefndar, krafist mats dómkvaddra manna á eigninni og gildir það þá sem söluverð."

Samkvæmt 8. gr. frumvarpsins kæmi eftirfarandi orðalag í staðinn:

„Nú er forkaupsréttarhafa boðið að neyta forkaupsréttar en kaupverð er ranglega tilgreint of hátt eða skilmálar ranglega tilgreindir of íþyngjandi í því skyni að halda forkaupsréttarhafa frá að neyta réttar síns. Forkaupsréttarhafi getur þá, að fengnu samþykki jarðanefndar, krafist mats dómkvaddra manna um hæfilegt söluverð jarðarinnar og skilmála. Er honum þá heimilt að neyta forkaupsréttar síns á því verði."

Er af þessu orðalagi alveg skýrt að forkaupsréttarhafi verður að sanna að kaupverð eða aðrir skilmálar séu ranglega tilgreindir í því skyni að koma í veg fyrir að hann neyti réttar síns. Núgildandi orðalag, einkum orðin „óeðlilega hátt", „ósanngjarnir skilmálar" og „ætla má" bjóða heim geðþóttakenndu mati á þessum aðstæðum sem ekki er við hæfi um viðskipti sem þessi.

Í þessu sambandi ber að hafa í huga að seljandi jarðar getur vel hafa náð hagstæðum sölusamningum um hana miðað við þekktar jarðasölur án þess að nokkuð „óeðlilegt" eða „ósanngjarnt" sé við það. Kaupandinn getur hæglega hafa haft sérstaklega mikinn áhuga á að eignast jörðina og því viljað borga vel fyrir hana. Ef forkaupsréttarhafi fengi að knýja fram kaup til sín á lægra verði væri einfaldlega verið að leyfa honum að leggja bótalaust undir sig fé seljanda.

Forkaupsréttarhafi á skýlausa kröfu á að fá réttar upplýsingar um verð og söluskilmála. Geti hann fært sönnur á að upplýsingarnar séu rangar er eðlilegt að hann geti krafist mats óvilhallra aðila og hafi heimild til að kaupa á matsverðinu.

Um 9. gr.

Í 2. mgr. 35. gr. jarðalaga er ákvæði um að falli fasteignaréttindi við erfðir til annarra en barna, barnabarna, kjörbarna, fósturbarna, systkina eða foreldra eigi hreppsnefnd rétt á að fá þau keypt. Flutningsmenn telja þetta ákvæði óeðlilegt og réttast að um þessar sem aðrar fasteignir gildi sömu reglur gagnvart fjarskyldum eða öðrum erfingjum.

Um 10. gr.

Báðar breytingarnar í þessari grein leiðir af 6. gr. frumvarpsins.

Um 11. gr.

Síðari málsliður 41. gr. laganna veitir Jarðasjóði heimild til að veita sveitarfélögum lán til að neyta forkaupsréttar síns á jörðum. Það leiðir af 6. gr. frumvarpsins að þessa heimild beri að fella niður.

Um 12. gr.

Í 42. gr. laganna, þar sem fjallað er um kaup Jarðasjóðs á jörðum, segir að náist ekki samkomulag um kaupverð geti hvor aðili um sig óskað mats á jörðinni. Koma þá til skjalanna ákvæði 45. gr. þar sem kveðið er á um sérstaka þriggja manna nefnd til að meta kaupverð jarða sem Jarðasjóður áformar að kaupa og mats er óskað á.

Í viðskiptum af þessum toga má ætla að kaupverð ráði mestu um hvort samningar takast milli kaupanda og seljanda en verðið er í frjálsum viðskiptum samkomulagsatriði milli aðila. Óeðlilegt er að annaðhvort kaupandi eða seljandi geti knúð fram endanlegt kaupverð með kröfu um mat sem báðir verða að lúta. Hins vegar er eðlilegt að aðilar geti komið sér saman um að óska slíks mats og gerir frumvarpsgreinin ráð fyrir því.

Um 13. gr.

Breytinguna í þessari grein leiðir af 6. gr. frv.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 177. Tillaga til þingsályktunar [164. mál]

um ferðamálastefnu.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að framfylgja ferðamálastefnu sem felur í sér eftirfarandi markmið:

Markmið.

- Að þróa og viðurkenna ferðaþjónustu sem þjóðhagslega mikilvægan og arðgæfan atvinnuveg.
- Að bæta lífskjör almennings með fjölbreyttu framboði ferða á hagstæðum kjörum bæði innan lands og til annarra landa.
- Að valda sem minnstri röskun á íslenskri náttúru og samfélagi með ferðamennsku.
- Að hafa jákvæð áhrif á viðskiptajöfnuð landsmanna.
- Að auka fjölbreytni atvinnulífs í landinu og nýta vaxtarmöguleika ferðaþjónustunnar.
- Að renna stoðum undir þróun byggðar sem víðast á landinu.
- Að stuðla að því að sem flestir geti notið ferðalaga og útivistar við góðar aðstæður.
- Að hvetja Íslendinga til ferðalaga um eigið land til að efla þekkingu sína á náttúru þess, sögu og menningu.

Leiðir.

Til að ná ofangreindum markmiðum í ferðamálum telur Alþingi að m.a. sé þörf á eftirfarandi aðgerðum:

Þróun og fjármögnun ferðaþjónustu.

- Að ríkið leggi fram aukið fjármagn til sameiginlegrar yfirstjórnar og þróunar ferðamála, en leitað verði eftir fjárhagslegri þátttöku aðila í ferðaþjónustu til einstakra verkefna.
- Að samkeppnisaðstaða þeirra sem sinna ferðaþjónustu sé á jafnréttisgrundvelli, m.a. að því er varðar opinber gjöld.
- Að vinna að greiðum samskiptum og miðlun upplýsinga milli þeirra sem starfa að ferðaþjónustu, bæði í þágu innlendra og erlendra ferðamanna.
- Að móta langtímaáætlun um ferðamál, þar á meðal um opinberar aðgerðir, til að sem best heildarsýn fáist yfir alla þætti ferðamála. Slík áætlun verði endurskoðuð með vissu millibili.
- Að koma á ráðgjafarþjónustu á sem flestum sviðum ferðamála, ekki síst fyrir þá sem ætla að hefja rekstur og fjárfesta í greininni.
- Að hvetja lánastofnanir til að veita aðstoð um rekstrar- og markaðsáætlanir vegna uppbyggingar í ferðaþjónustu.
- Að kanna möguleika á hliðstæðri fyrirgreiðslu og felst í afurðalánum vegna viðskipta í ferðaþjónustu.
- Að gæta þess að atvinnugreinin sjálf sé aflögufær um fjármagn til uppbyggingar og þróunar.
- Að ríki og sveitarfélög leggi fram fé til þátta sem varða farsæla þróun ferðamála til langs tíma og ekki er líklegt að sinnt verði af einkaaðilum.
- Að ná fram sem bestri nýtingu á fjármagni sem lagt er í ferðaþjónustu, m.a. með því að lengja ferðamannatímann og samnýta húsnæði og samgöngutæki, þar á meðal með samvinnu við aðrar atvinnugreinar.
- Að hlúa að þeim grunnþáttum í ferðaþjónustu sem fyrir eru á hverjum tíma og nauðsynlegt er að starfræktir séu allt árið.

Rannsóknir og markaðsstörf.

- Að efla rannsóknir á sviði ferðamála, þróa aðferðir til að meta árangur af aðgerðum og miðla upplýsingum um niðurstöður til fyrirtækja.
- Að auka tölfræðilega heimildasöfnun er varpi ljósi á þýðingu ferðaþjónustunnar fyrir efnahags- og atvinnulíf þjóðarinnar, svo og um samkeppnisstöðu hennar og rekstrarskilyrði á hverjum tíma.
- Að greina sem best milli ferðatilefna, svo sem viðskiptaferða, funda- og ráðstefnuhalds, orlofsdvalar og skemmtiferða, vegna markaðssetningar og skipulags innan ferðaþjónustunnar.
- Að móta langtímastefnu um markaðsstörf og kynningu á Íslandi sem ferðamannalandi og við val á markaðssvæðum.
- Að leita eftir samvinnu við aðrar atvinnugreinar um að kynna land og þjóð.
- Að auka samstarf ferðamálaaðila og fjölmiðla, m.a. um að flytja fréttir og upplýsingar til erlendra ferðamanna á meðan þeir dvelja hérlendis.
- Að taka þátt í alþjóðlegri samvinnu á sviði ferðamála og fylgjast með þróun ferðamennsku um víða veröld.

Umhverfisvernd.

- Að líta á það sem grundvallaratriði við skipulag ferðamála og rekstur ferðaþjónustu að vernda þurfi náttúru landsins og umhverfi. Í þessu skyni verði tryggð náin samvinna við stjórnvöld skipulags- og umhverfismála.
- Að stuðla að því með skipulagi ferða og samgöngum að skemmtiferðafólk dreifist sem mest um landið.
- Að skipuleggja aðgang að ferðamannastöðum og svæðum þar sem hætta er á of miklu álagi og umhverfisspjöllum.
- Að gera sem fyrst skipulag um landnotkun á hálendi og annars staðar í óbyggðum og koma á friðlýsingu að náttúruverndarlögum á völdum svæðum.
- Að móta stefnu um vegakerfi og umferð í óbyggðum sem miði í senn að náttúruvernd og að greiða fyrir ferðalögum til valinna svæða samkvæmt nánara skipulagi.
- Að gera stórátak í sorphirðu og hreinlætisaðstöðu á ferðamannastöðum og tryggja fjármagn til slíkra aðgerða.
- Að leggja göngustíga og bæta upplýsingar um gönguleiðir, reiðleiðir og skoðunarverða staði.
- Að samvinna sé höfð við leiðsögumenn, landverði og fararstjóra um umhverfisvernd.

Hagstæður viðskiptajöfnuður.

- Að auðvelda Íslendingum að ferðast innan lands og stuðla að komu erlendra ferðamanna til Íslands eftir því sem samrýmst getur þjóðhagslegum markmiðum og umhverfisvernd.
- Að haga skattlagningu og verðlagningu í ferðaþjónustu hliðstætt því sem gerist í útflutningsgreinum og tryggja að atvinnugreinin sé samkeppnisfær í sem flestu tilliti.
- Að leitast verði við að lækka innlenda kostnaðarliði vegna ferðaþjónustu, ekki síst verð á matvælum.
- Að skilgreina þá þætti sem styrkt geta stöðu Íslands sem ferðamannalands í augum heimamanna og útlendinga og vanda þær áherslur sem líklegar eru til að skila árangri.

Byggðaþróun og ferðaþjónusta.

- Að bæta skipulag ferðamála á landsbyggðinni, m.a. með því að efla þar miðstöðvar fyrir ferðaþjónustu og tryggja að ferðamálafulltrúar starfi í hverjum landshluta.

- Að efla svæðisbundna samvinnu innan landshluta um ferðaþjónustu og kynningu, m.a. með aðild sveitarfélaga og samtaka þeirra.
- Að haga samgöngum, miðlun upplýsinga og uppbyggingu í ferðaþjónustu þannig að ferðafólk dreifist sem víðast.
- Að varðveita sögulegar minjar í landinu og gera ferðafólki kleift að kynnast menningu og atvinnuháttum að fornu og nýju.
- Að vanda til kynningarefnis fyrir ferðamenn í máli og myndum um landið allt og einstaka landshluta og byggðarlög.
- Að veita áhugafélögum á sviði ferðamála og björgunarstarfa stuðning af hálfu hins opinbera og tryggja sem best tengsl þeirra innbyrðis og við aðra aðila í ferðaþjónustu.

Jafnrétti og neytendavernd.

- Að bæta aðstöðu fatlaðra til ferðalaga og aðgang þeirra að þjónustu sem almennt er í boði.
- Að auðvelda aðgang sem flestra Íslendinga að orlofsdvöl við góðar aðstæður.
- Að bæta öryggi ferðamanna í byggð og óbyggð með leiðbeiningum, skipulagi björgunarmála og tryggingum.
- Að hafa sem fjölbreytilegast framboð af gististöðum og annarri þjónustu.
- Að miðlun upplýsinga til ferðafólks uppfylli kröfur um góða þjónustu og þær séu samræmdar og áreiðanlegar.

Fræðsla og menntun.

- Að auka þekkingu og færni þeirra sem vinna að ferðamálum með samræmdu framboði á námi sem tengist ferðaþjónustu svo og þjálfun og eftirmenntun. Stuðlað verði að sem bestri samvinnu skóla og fyrirtækja í ferðaþjónustu.
- Að skólar efni í auknum mæli til skoðunar- og námsferða innanlands í tengslum við kennslu í náttúrufræði, sögu og bókmenntum.
- Að sett verði á fót fræðsluráð ferðaþjónustu á framhaldsskólastigi samkvæmt lögum um framhaldsskóla og samin námsskrá vegna fræðslu í ferðaþjónustu.
- Að styðja starfsemi áhugafélaga á sviði ferðamála, sem láta sig varða fræðsluferðir innan lands.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Skipan og störf ferðamálanefndar.

Tillaga sú um ferðamálastefnu, sem hér er endurflutt, var lögð fram á 112. löggjafarþingi til kynningar. Tillagan er samin af nefnd sem Steingrímur J. Sigfússon samgönguráðherra skipaði 1. júní 1989 og hlaut heitið ferðamálanefnd samgönguráðuneytisins.

Verkefni nefndarinnar voru tilgreind þannig af ráðuneytinu:

„Að fjalla um ferðamál á breiðum grundvelli og stefnumörkun í þeim. Felur nefndarstarfið m.a. í sér eftirfarandi þætti:

1. Könnun á samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrðum ferðaþjónustu hér á landi í samanburði við nágrannalöndin.
2. Endurskoðun á opinberri stefnu í ferðamálum og tillögur um æskilega þróun þeirra mála.
3. Endurskoðun laga um ferðamál."

Í nefndina voru skipuð: Hjörleifur Guttormsson alþingismaður, formaður, Árni Þór Sigurðsson deildarstjóri, starfsmaður nefndarinnar, Áslaug Alfreðsdóttir hótelstjóri, Birgir Þorgilsson ferðamálastjóri, Bjarni Sigtryggsson ferðamálafræðingur, Friðjón Þórðarson alþingismaður, Kristín Einarsdóttir alþingismaður, Reynir Adolfsson framkvæmdastjóri, Unnur Stefánsdóttir verkefnisstjóri.

Nefndinni var ekki afmarkaður starfstími, en hún ákvað í samráði við ráðuneytið að skipta verkefni sínu í áfanga og ljúka störfum haustið 1990.

Nefndin hefur fjallað um alla þætti samkvæmt skipunarbréfi og skilað niðurstöðum um tvo fyrstu töluliðina. Hún hefur farið yfir stöðu ferðamála hérlendis og aflað vitneskju um stefnumörkun í ferðamálum í nágrannalöndum. Þá hefur nefndin átt viðtöl við fjölmarga hagsmunaaðila og ýmsa fleiri sem tengjast ferðaþjónustu á einn eða annan hátt. Alls hafa þannig fulltrúar hátt á annað hundrað samtaka, stofnana og félaga komið á fundi hjá nefndinni.

Vegna könnunar á samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrðum ferðaþjónustunnar fékk nefndin til liðs við sig hóp sérfræðinga frá Hagstofu Íslands, Seðlabanka og Þjóðhagsstofnun. Gerð er grein fyrir starfi þessa hóps síðar í greinargerðinni og álit hans birt í heild sem fylgiskjal.

Nefndin skilaði tillögu að opinberri ferðamálastefnu til samgönguráðuneytis 17. mars 1990, og var hún lögð fram á Alþingi skömmu síðar. Tillagan fékk jákvæðar undirtektir við umræðu í Sameinuðu þingi og var að henni lokinni vísað til atvinnumálanefndar, sem sendi hana til umsagnar fjölmargra aðila. Umsagnaraðila er getið í fylgiskjali með tillögunni. Ferðamálanefndin hefur farið yfir þær umsagnir sem atvinnumálanefndinni bárust og unnið úr því efni við endurskoðun tillögunnar. Þess ber þó að geta að lítið kom fram af beinum breytingartillögum frá umsagnaraðilum. Flestir þeir sem sendu umsögn, taka undir þau meginmarkmið sem sett eru fram í tillögunni og þær leiðir sem lagt er til að farnar verði.

2. Ferðamálastefna — til hvers?

Með því að Alþingi fjalli um og samþykki tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu er að því stefnt að skýra viðhorf þingsins til ferðaþjónustu sem atvinnugreinar. Í tillögunni eru sett fram nokkur samfélagsleg markmið er varða atvinnugreinina og bent á margar leiðir sem fara þarf til að ná þessum markmiðum. Í greinargerð og fylgiskjölum eru síðan settar fram nánari skýringar á einstökum liðum tillagnanna og upplýsingar um stöðu ferðaþjónustu hér á landi og þróunarhorfur.

Slík stefnumótun á bæði að verða opinberum aðilum og þeim sem starfa við ferðaþjónustu að gagni. Eftir umræður um stefnuna á að verða auðveldara en ella að átta sig á æskilegum lagabreytingum og öðrum aðgerðum til að ná fram settum markmiðum. Stefnuna þarf síðan að endurskoða með reglubundnum hætti í ljósi fenginnar reynslu.

Hliðstæð vinna að ferðamálum og fleiri þáttum atvinnumála hefur farið fram í mörgum löndum um skeið. Í fylgiskjali er greint frá nokkrum þáttum er varða ferðamálastefnu nágrannalanda okkar.

Nokkrar atrennur hafa áður verið gerðar af hálfu stjórnvalda hérlendis til að móta stefnu í ferðamálum. Þannig voru árið 1973 fengnir sérfræðingar á vegum Sameinuðu þjóðanna til að setja fram hugmyndir um þróun íslenskra ferðamála. Skiluðu þeir skýrslu sem bar heitið „Tourism in Iceland" (Checchi-skýrslan). Hlutu þessar hugmyndir nokkra umræðu en lítið sem ekkert varð úr framkvæmdum á grundvelli þeirra.

Í árslok 1981 skipaði samgönguráðherra nefnd til að gera úttekt á þjóðhagslegri þýðingu íslenskrar ferðamannaþjónustu og spá um þróun hennar. Nefndin skilaði áliti í apríl 1983 („Bláa skýrslan") og gerði tillögur um stefnumótandi aðgerðir í ferðamálum. Sá þröngi fjárhagslegi stakkur, sem Ferðamálaráði hefur verið búinn undanfarin ár, hefur þó staðið í vegi fjölmargra þeirra verkefna sem þar eru tíunduð. Í umræddri skýrslu er lagt til að skipulega verði unnið að uppbyggingu ferðamálasamtaka í einstökum landshlutum. Nú, sjö árum síðar, hafa verið stofnuð þannig samtök í öllum kjördæmum.

Árið 1987 kom út á vegum samgönguráðuneytisins skýrsla sem bar heitið „Úttekt á íslenskum ferðamálum" („Græna skýrslan"). Um er að ræða tölulegar upplýsingar á sviði ferðamála, lýsingu á þróun ferðamála og nokkrar tillögur um úrbætur í ferðaþjónustu.

Í riti framkvæmdanefndar um framtíðarkönnun á vegum forsætisráðuneytis, „Auðlindir um aldamót" (1987), er stuttur kafli um ferðaþjónustu. Á vegum sama ráðuneytis hefur nefnd

nýlega tekið saman „skýrslu ráðgjafarnefndar um undirbúning sérstaks kynningarátaks Íslands á sviði markaðsmála“, september 1989. Koma þar fram ýmsar ábendingar varðandi ferðamál.

Þá er í áliti nefndar sem umhverfisráðherra skipaði í október 1989 til að gera tillögur um nýsköpun í atvinnulífinu og mótun atvinnustefnu að finna nokkrar ábendingar um ferðaþjónustu («Mótun atvinnustefnu», september 1990).

Ferðamálaráð hefur á hverjum tíma fjallað um margvísleg mál er tengjast ferðamálastefnu. Þar að auki hefur stefnumótandi vinna er varðar ferðaþjónustu einkum tengst lagasetningu og undirbúningi frumvarpa á vegum samgönguráðuneytis. Í fylgiskjali er að finna yfirlit yfir skýrslur og samantektir á sviði ferðamála.

3. Þróunarkostir í ferðamálum.

Oft er um það spurt hverjar séu þróunarhorfur einstakra atvinnugreina og um hvaða leiðir sé að velja í þeim efnum. Varðandi ferðamálin hafa stundum verið settir á blað spádómar um fjölgun erlendra ferðamanna og vangaveltur sem því tengjast. Slíkir spádómar hafa ekki mikið gildi nema þeir byggi á rannsóknum og markvissu þróunarstarfi. Skiptir þá máli að forsendur séu sæmilega skýrar þannig að unnt sé að meta hverjar þeirra standast próf reynslunnar. Rannsóknir, sem tengjast ferðamálum, eru óverulegar og veikburða hérlendis. Á því þarf að verða breyting ef unnt á að verða að stýra þróun ferðamálanna eða beina henni í tiltekna farvegi út frá þjóðhagslegum markmiðum.

Á undanförnum árum hefur ferðamönnum, sem koma til landsins, fjölgað mikið ár frá ári og mörg ný störf skapast í ferðaþjónustu víða um land. Á einfaldan mælikvarða getur þetta talist æskileg þróun og hún sýnir m.a. að Ísland hefur talsvert aðdráttarafl sem ferðamannaland. Hins vegar vantar mikið á að menn hafi búið sig sem skyldi undir að taka á móti vaxandi ferðamannastraumi. Þess má geta að fjölgi erlendum ferðamönnum næstu 15 árin jafnmikið að meðaltali og undanfarin 5 ár kæmu hingað um 200 þúsund erlendir ferðamenn eftir 5 ár, um 300 þúsund um aldamótin og um 470 þúsund árið 2005.

Að þessu sinni verða hvorki settar fram hugmyndir um vöxt ferðaþjónustunnar miðað við hugsanlega né æskilega fjölgun ferðamanna. Meginástæðan er að æskilegur fjöldi ferðamanna ræðst að verulegu leyti af því hvernig til tekst við uppbyggingu og þróun ferðaþjónustunnar og hvernig tekið verður á umhverfismálum í allra nánustu framtíð. Framtíð og vöxtur ferðaþjónustu sem atvinnugreinar hérlendis eru undir því komin að ráðist verði í nauðsynlegar aðgerðir til að treysta undirstöður greinarinnar og skapa þannig forsendur fyrir farsælli þróun. Þetta varðar ekki síst aðgerðir á sviði umhverfismála. Innlendir sem erlendir ferðamenn valda miklu álagi á umhverfið með ferðum sínum um landið. Náttúran, sem flestir sækjast eftir að skoða, er í hættu vegna þessa álags, einkum á eftirsóttum og rómuðum ferðamannastöðum. Sérstæð náttúra og óspillt umhverfi er það sem reynt er að auglýsa til að laða ferðamenn hingað. Þessi söluvara er að verða ókræsilegri með hverju ári sem líður og getur fyrr en varir misst aðdráttarafl sitt. Því er auðvelt að færa fyrir því rök að ekkert vit sé í að reyna að fjölga ferðamönnum í landinu á meðan ekki er tekið á undirstöðuþáttum varðandi móttöku þeirra og æskilega dreifingu um landið.

Þá er einnig vert að hafa í huga að mikil þensla og ör vöxtur í ferðaþjónustu eru ekki æskileg, síst af öllu meðan undirstaðan er ótraust. Samdráttur getur orðið þeim mun tilfinnanlegri. Ferðaþjónusta hérlendis verður óhjákvæmilega háð árstíðabundnum sveiflum og greinin er mannaflafrek. Alla þessa þætti þarf að vega og meta og setja þá í samhengi við þróun annarra atvinnugreina og þjóðhagsleg markmið.

Möguleikar Íslands sem ferðamannalands eru margvíslegir. Ferðamennska í heiminum hefur breyst allnokkuð á síðustu árum. Ósnortin víðerni, saga og menning, heilbrigði og

manneldi eru þættir sem eru orðnir eftirsóttarverðir og er ljóst að Ísland á ekki síður möguleika í þessu efni en önnur lönd. Fundir og ráðstefnur og svokallaðar hvatningarferðir (incentive tours - en með því er átt við verðlaunaferðir ýmis konar, t.d. til starfsmanna fyrir vel unnin störf) fara einnig í vöxt og er þá gjarna verið að leita að einhverju framandi og ævintýralegu. Einnig á þessu sviði hefur Ísland aðdráttarafl. Þróun ferðaþjónustu er hins vegar þolinmæðisverk og til að nýta vaxtarmöguleika hennar þarf skilning af hálfu stjórnvalda og góð starfsskilyrði.

4. Um einstök markmið.

- *Að þróa og viðurkenna ferðaþjónustu sem þjóðhagslega mikilvægan og arðgæfan atvinnuveg.*

  Mikið skortir á að stjórnvöld og aðrir hafi áttað sig á þjóðhagslegu gildi ferðaþjónustu og þeim vaxtarmöguleikum sem hún býr yfir ef rétt er á málum haldið. Málefni ferðaþjónustu verðskulda ekki síður athygli en hefðbundnar greinar eins og sjávarútvegur og landbúnaður. Alveg sérstaklega þarf að taka tillit til þess við stjórnvaldsaðgerðir að hér er um útflutningsatvinnugrein að ræða sem ekki má mismuna með tilliti til samkeppnisaðstöðu og líta ber á í sambandi við meðferð efnahagsmála, þar með taldar gengisákvarðanir.

  Í þessu sambandi skiptir miklu að hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu, þ.e. atvinnugreinin sjálf, skilgreini sína hagsmuni og leitist við að samræma þá þannig að þróunarforsendur greinarinnar liggi sem skýrast fyrir.

- *Að bæta lífskjör almennings með fjölbreyttu framboði ferða á hagstæðum kjörum bæði innan lands og til annarra landa.*

  Tilefni ferðalaga eru margvísleg. Sum tengjast atvinnurekstri og því að bera björg í bú, önnur eru upplyfting og til skemmtunar. Oft er hægt að sameina hvoru tveggja. Ferðamennska hefur vaxið gífurlega síðustu áratugi og er að verða snar þáttur í lífi flestra. Aðstaða til ferðalaga og tilkostnaður við þau eru því hluti af lífskjörum almennings.

  Fyrir eyþjóð eins og Íslendinga skipta samgöngur til og frá landinu afar miklu. Á því sviði eiga sér stað umtalsverðar breytingar sem skipta ferðaþjónustuna verulegu máli. Flugsamgöngur eru þar efst á blaði, en einnig þarf að gefa gaum að samgöngum á sjó.

  Framboð á ferðum innan lands hefur ekki síður gildi, jafnt fyrir landsmenn sjálfa og útlendinga. Gott skipulag á samgöngum og samgöngubætur eru allra hagur og forsenda þess að sem flest byggðarlög geti átt hlut að ferðaþjónustu. Sérstaklega þarf að athuga tilkostnað við innanlandsferðir þannig að þær verði aðlaðandi kostur fyrir heimafólk og samkeppnisstaða fyrirtækja í ferðaþjónustu sé sem best um land allt.

- *Að valda sem minnstri röskun á íslenskri náttúru og samfélagi með ferðamennsku.*

  Náttúra landsins er sú auðlind sem laðar útlendinga til Íslandsferða öðru fremur og sama gildir um skemmtiferðir Íslendinga innan lands. Því er náttúruvernd undirstöðuatriði fyrir framtíð ferðaþjónustu. Þetta varðar alla þætti umhverfisins: loft, vatn og land. Allt er þetta í nokkurri hættu að spillast og við því þarf að bregðast með viðhlítandi aðgerðum. Sem dæmi má nefna að loftgæði á höfuðborgarsvæðinu eru í verulegri hættu af mengun, fjöldi ferðamannastaða er í niðurníðslu og umgengni er víða mjög ábótavant. Ferðamennska á hér hlut að máli, en önnur umsvif og almennt ástand umhverfismála varðar heildarmyndina miklu.

  Huga þarf að áhrifum ferðamennsku á samfélagið þannig að hún valdi sem minnstri truflun og óæskilegri röskun. Í því efni getum við m.a. haft hliðsjón af reynslu annarra þjóða þar sem fólksmergð og örtröð kaffærir samfélagið sem fyrir er. Þessi hætta blasir þegar við hérlendis á fjölsóttum ferðamannastöðum, t.d. við Mývatn að sumarlagi.

- *Að hafa jákvæð áhrif á viðskiptajöfnuð landsmanna.*

  Hér er um hagrænt markmið að ræða, þ.e. að ferðaþjónustan hafi í heild jákvæð áhrif á viðskiptajöfnuð landsmanna. Með því er ekki gerð krafa um að einstakir þættir, t.d. ferðir Íslendinga til útlanda og ferðir útlendinga til Íslands, séu í jafnvægi, heldur fyrst og fremst að heildaráhrifin séu hagstæð.

  Íslendingar eyða verulegum fjárhæðum og um leið gjaldeyri á ferðalögum erlendis. Ferðalög til útlanda hafa þannig sömu áhrif á gjaldeyrissjóð landsmanna og innflutningur á vörum og þjónustu.

  Á móti vegur að erlendir ferðamenn, sem hingað koma, skila þjóðarbúinu gjaldeyristekjum, líkt og útflutningur á vörum og þjónustu. Enn fremur geta ferðalög Íslendinga innan lands haft jákvæð áhrif á viðskiptajöfnuð með því m.a. að draga úr eftirspurn eftir ferðum til útlanda.

  Út frá þjóðhagslegu sjónarmiði er það keppikefli að bæta gjaldeyrisstöðu landsins og ferðaþjónustan skiptir vaxandi máli í því samhengi. Vilji Íslendingar hafa gott svigrúm til utanlandsferða er nauðsynlegt að afla tekna á móti og ferðir útlendinga til landsins eru þar önnur hlið á sama teningi.

- *Að auka fjölbreytni atvinnulífs í landinu og nýta vaxtarmöguleika ferðaþjónustunnar.*

  Ferðaþjónusta er margþætt atvinnugrein og tengist ýmissi annarri starfsemi. Hún er því vel fallin til að auka fjölbreytni í störfum og atvinnuframboði, en á því er veruleg þörf, m.a. vegna samdráttar á öðrum sviðum atvinnulífs. Undanfarin ár hefur verið mikill vöxtur í ferðaþjónustu og ástæða er til að ætla að svo geti orðið áfram ef rétt er að málum staðið. Mikið vantar hins vegar á kjölfestu í greininni, m.a. að því er varðar menntun og þjálfun starfsfólks og námsframboð innan lands, svo og rannsóknar- og þróunarstarf. Margt þarf því að koma til svo að ofangreint markmið náist.

  Hafa ber einnig í huga að mikil árstíðabundin sveifla er í ferðaþjónustu hérlendis og endurspeglast hún í breytilegri eftirspurn eftir vinnuafli í greininni þar sem mikið er um hlutastörf og árstíðabundin verkefni. Þetta þarf hins vegar ekki endilega að falla illa að íslenskum vinnumarkaði.

- *Að renna stoðum undir þróun byggðar sem víðast á landinu.*

  Ferðaþjónusta getur fallið vel að því yfirlýsta markmiði stjórnvalda í byggðamálum að viðhalda byggð sem víðast á landinu. Innlendir sem erlendir ferðamenn vilja öðru fremur kynnast náttúru landsins og lífsháttum fólks í byggðunum. Því á að vera unnt að tryggja dreifingu ferðamanna á álagstímum og gera sem flestar byggðir með einhverjum hætti þátttakendur í ferðaþjónustu. Í þeim efnum reynir hins vegar mjög á gott skipulag og samstarf hlutaðeigandi aðila. Þannig skipta greiðar boðleiðir og samræmdar upplýsingar miklu sem og samgöngur og framboð á annarri þjónustu.

  Ferðaþjónusta á að geta styrkt nauðsynlega þjónustu við heimafólk í byggðunum, en til þess þurfa heimaaðilar að eiga hlut að henni og grunnþjónusta að njóta hagnaðar af árstíðabundnum tekjum af viðskiptum við ferðafólk.

- *Að stuðla að því að sem flestir geti notið ferðalaga og útivistar við góðar aðstæður.*

  Með þessu markmiði er lögð áhersla á jöfnuð í aðgengi að ferðaþjónustu þannig að sem flestir geti notið ferðalaga og útivistar. Sérstaklega þarf að huga að málefnum hreyfihamlaðra og fatlaðra í þessu sambandi, bæði varðandi byggingar, farartæki, útivistarsvæði, vegi og brautir. Sjá verður fyrir þörfum þessara hópa þegar settar eru reglugerðir, við skipulag og ekki síst byggingu mannvirkja og útbúnað tækja.

Svipuðu máli gegnir um aldraða, þ.e. að taka þarf sérstakt tilliti til þeirra við uppbyggingu ferðaþjónustu. Öldruðu fólki fer fjölgandi meðal ferðamanna og líkur eru á að sú þróun haldi áfram. Hér er því um umtalsverðan hluta af markaði ferðaþjónustunnar að ræða sem á eðlilega kröfu á þjónustu miðað við sínar aðstæður.

- *Að hvetja Íslendinga til ferðalaga um eigið land til að efla þekkingu sína á náttúru þess, sögu og menningu.*

Eitt af frumskilyrðum þess að Íslendingar læri að umgangast eigið land og bera virðingu fyrir því er að fólk ferðist og kynnist landinu af eigin raun. Það verður því að teljast eðlilegt markmið opinberrar ferðamálastefnu að hvetja Íslendinga til ferðalaga innan lands, ekki síst til að kynnast náttúru landsins, sögu og menningu. Þessu marki verður m.a. náð með því að skólar standi í auknum mæli fyrir skipulögðum námsferðum í tengslum við kennslu í ýmsum greinum, svo sem sögu, landafræði, jarðfræði, bókmenntum, líffræði og skyldum greinum. Með því móti lærir æskan að njóta landsins og umgangast það af nærfærni og skilningi.

Enn fremur er rétt að styðja starfsemi áhugafélaga á sviði ferðamála sem sérstaklega láta sig varða ferðalög tengd ofangreindu markmiði.

Ástæða er til að benda á umsögn Ferðafélags Íslands til nefndarinnar, dags. 6. desember 1989, þar sem segir: „Í þessu sambandi má minna á að Íslendingar eru í vaxandi mæli að taka krankleika kyrrsetumanna. Uppeldi, er gerði áreynsluferðir að eðlilegum þætti í lífi manna, á því að líkindum að skila betri Íslendingum til líkama og sálar en ella til fullorðinsára."

5. Um einstakar leiðir.

Þróun og fjármögnun ferðaþjónustu.

Forsenda uppbyggingar og fjölbreytni í ferðaþjónustu er sífelld þróun. Þar skiptir fjárhagslegt umhverfi miklu og sem skýrust verkaskipting milli ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja.

Ferðaþjónusta sem atvinnugrein á fyrst og fremst að standa á eigin fótum án opinberrar íhlutunar um málefni einstakra fyrirtækja. Tímabundinn stuðningur af hálfu ríkis eða sveitarfélaga getur þó verið nauðsynlegur og jákvæður, m.a. vegna aðstæðna í dreifbýli og við að koma fyrirtækjum á legg. Einnig er eðlilegt að opinberir aðilar eins og Skógrækt ríkisins og Náttúruverndarráð sjái um rekstur og eftirlit á völdum svæðum, svo sem í þjóðgörðum og í ríkisskógum. Þá er óhjákvæmilegt að Ferðamálaráð leggi í samvinnu við sveitarfélög og aðra aðila fram fjármagn til að koma upp aðstöðu á ýmsum ferðamannastöðum utan þéttbýlis.

Fjárhagslegur stuðningur af hálfu ríkisins á þó fyrst og fremst að beinast að sameiginlegri yfirstjórn, skipulagi, menntun og rannsóknar- og þróunarstarfi í ferðamálum. Þennan fjárstuðning þarf að auka til muna frá því sem nú er, a.m.k. á meðan verið er að koma ferðaþjónustu á viðunandi grundvöll og bæta úr margháttaðri vanrækslu. Lágmark er að Ferðamálaráð og starfsemi, sem því tengist, fái á næstu árum óskertan þann markaða tekjustofn sem lög um skipulag ferðamála nú kveða á um eða hliðstætt framlag. Einnig þarf að fá fjármagn til uppbyggingar á öðrum sviðum sem tengjast ferðamálunum, m.a. til fræðslumála.

Nauðsynlegt er að gott samstarf og greið upplýsingamiðlun sé innan Stjórnarráðsins vegna opinberra aðgerða í þágu ferðamála. Í því sambandi ætti að koma á fót samstarfsnefnd þeirra ráðuneyta sem mest afskipti þurfa að hafa af málaflokkum sem tengjast ferðaþjónustu.

Samvinna hefur tekist milli hins opinbera og einkaaðila m.a. um landkynningarskrifstofu í Frankfurt og um Upplýsingamiðstöð ferðamála þar sem Ferðamálaráð og ýmsir aðilar í

ferðaþjónustu vinna saman. Þar hefur skapast vettvangur fyrir þá sem selja þjónustu til að koma vöru sinni á framfæri og samræma upplýsingar.

Æskilegt er að ríkið örvi frekar þróun í ferðamálum með því að bjóða fram fé til afmarkaðra verkefna gegn því að fyrirtæki í ferðaþjónustu leggi fram fjármagn á móti. Sem dæmi um slík hugsanleg sameiginleg verkefni má nefna átak í landkynningu og markaðsfærslu, uppbyggingu ferða- og upplýsingamiðstöðva heima og erlendis, þjálfun og endurmenntun og stuðning við leiðbeiningarþjónustu og rannsóknir.

Þannig getur ríkið haft jákvæð áhrif á þróun atvinnugreinarinnar án þess að hlutast til um rekstur einstakra fyrirtækja. Mörg verkefni eru þess eðlis að þau eru ekki á færi annarra en hins opinbera. Má þar nefna uppbyggingu og þróun nýrra svæða sem nú eru lítt þekkt meðal ferðamanna. Miklu varðar einnig að sveitarfélögin séu virk og jákvæð gagnvart uppbyggingu ferðaþjónustu og aðstoði við að auka á fjölbreytni í framboði á aðstöðu og tilbreytingu fyrir ferðamenn.

Fyrirtækin sjálf eiga hins vegar að bera ábyrgð á rekstri, þróa framboð, skipuleggja starfsemi sína og samskipti innbyrðis og sjá um markaðsfærslu.

Í samstarfi atvinnugreinarinnar og opinberra aðila þarf að móta langtímaáætlun um ferðamál. Opinber ferðamálastefna er með vissum hætti grunnur fyrir slíka áætlun sem útfæra þarf á einstökum sviðum.

Þýðingarmikið er að heildarsýn fáist yfir málefni ferðaþjónustunnar og að hún verði sameign sem flestra hlutaðeigandi. Langtímaáætlanir og ferðamálastefnu þarf að endurskoða reglubundið og gæti það m.a. að verið viðfangsefni ferðaþinga.

Mikilvægt er að þróun í ferðamálum tengist skipulagi á einstökum landsvæðum og í byggðarlögum. Ferðaþjónustan þarf að eiga náið samstarf við skipulagsyfirvöld á landsvísu og í sveitarfélögum, bæði vegna almenns skipulags og hagrænna áætlana. Staðsetning fyrirtækja í ferðaþjónustu skiptir ein sér afar miklu þar eð hún er hluti af framboðinu. Þá þarf einnig að hafa trausta samvinnu við stjórnendur umhverfis- og náttúruverndarmála því að gott og ómengað umhverfi hefur æ meiri þýðingu fyrir markaðsfærslu í ferðaþjónustu.

Taka þarf afstöðu til þess hvar beri að byggja upp aðstöðu vegna ferðamanna og til samgangna og tengsla milli ferðamannastaða. Athuga þarf þá leið að draga úr álagi af ferðamannastraumi á hálendi landsins með því að skipuleggja ferðir þangað úr byggð sem dagsferðir. Sérstaklega ber að varast að koma upp dvalaraðstöðu í næsta nágrenni við viðkvæma staði með tilliti til náttúruverndar. Á það bæði við um byggð og óbyggð, en þó sérstaklega um gróðurvinjar á hálendi.

Halda þarf áfram þeirri stefnu að koma upp orlofsbúðum og sumarhúsum fyrir ferðafólk á völdum stöðum víða um land. Samtvinna ætti áform um ræktun nytjaskóga og dvalaraðstöðu fyrir innlenda og erlenda ferðamenn. Dæmi um svæði, sem þróa ætti með þetta í huga, er Fljótsdalshérað.

Bæta þarf menntun og færni þeirra sem starfa að ferðamálum með auknu framboði á námi og eftirmenntun sem tengist ferðaþjónustu. Nauðsynlegt er að efla og tengja saman það nám sem nú er í boði, ekki síst Hótel- og veitingaskólann og aðra framhaldsmenntun. Síðar í þessari greinargerð er nánar fjallað um menntunarmálin.

Ráðgjafarþjónustu þarf að auka til muna í ferðamálum í tengslum við Ferðamálaráð og ferða- og upplýsingamiðstöðvar í landshlutunum. Slík ráðgjöf þarf að ná til sem flestra þátta er varða fjárfestingu, rekstur og markaðsfærslu fyrirtækja í ferðaþjónustu. Mikilsvert er að lánastofnanir leggi þar sitt af mörkum og geri eðlilegar kröfur um arðsemi.

Leitast þarf við að nýta sem best þá aðstöðu sem fyrir er í þágu ferðaþjónustu og leita samvinnu við aðrar atvinnugreinar og stofnanir um samnýtingu á húsnæði og samgöngutækjum. Gæta þarf þess að hlúa að grunnþjónustu í ferðamálum í dreifbýli sem þörf er á að sé til staðar allt árið.

Vinna þarf að því að samkeppnisstaða aðila innan ferðaþjónustunnar og gagnvart öðrum atvinnugreinum sé á jafnréttisgrundvelli að því er starfsskilyrði varðar, þar á meðal greiðsla á opinberum gjöldum. Sérstaklega þarf að huga að samræmingu á launaskatti sem er 3,5% af öllum greiddum launum í ferðaþjónustu, á meðan aðrar útflutningsatvinnugreinar eru undanþegnar þessum skatti.

Endurskoða þarf starfsemi Ferðamálasjóðs með það í huga að bæta aðgang ferðaþjónustunnar að stofnlánum, einkum að lengja lánstíma og ná sem hagstæðustum vaxtakjörum.

Fyrirtæki í ferðaþjónustu eiga ekki kost á að fá afurðalán eins og þekkist í mörgum greinum. Árstíðabundnar sveiflur eru mjög miklar í greininni og því mundu sambærileg lán bæta rekstrarstöðu hjá mörgum.

Rannsóknir og markaðsstörf.

Rannsóknir á sviði ferðamála hafa ekki verið miklar hér á landi og því er afar brýnt að þær verði efldar. Með rannsóknum þarf ekki síst að meta viðbrögð og væntingar þeirra sem ætlunin er að ná til í kynningar- og markaðsstarfi. Þannig á að vera unnt að meta með stuðningi af rannsóknum, til hvaða hópa sé vænlegast að höfða og hvaða atriði það eru sem rétt er að leggja áherslu á í landkynningu.

Vönduð tölfræðileg heimildasöfnun og viðhorfskannanir eru mikilvæg atriði til að átta sig á viðbrögðum og væntingum ferðamanna. Ferðamálaráð þarf að geta beitt sér fyrir rannsóknum og leita eftir samvinnu um rannsóknir á sviði ferðaþjónustu við háskóla og fleiri aðila hérlendis.

Sem fyrst þarf að þróa mælikvarða sem endurspegla samkeppnisstöðu í ferðaþjónustu hérlendis og rekstrarskilyrði greinarinnar.

Við stefnumótun í markaðsmálum og kynningu á Íslandi sem ferðamannalandi þarf að leita samráðs við aðrar atvinnugreinar og Útflutningsráð og utanríkisþjónustu og velja úr vænleg markaðssvæði. Tengja þarf slíka kynningu víðtækari markmiðum fyrir aðrar útflutningsgreinar.

Miða þarf markaðsstörf í auknum mæli við að hafa í boði ferðir sem sniðnar eru að óskum viðskiptavina. Taka ber mið af þróun upplýsinga- og bókunarkerfa og nútímalegra tölvuforrita í markaðs- og sölustarfsemi.

Í ferðaþjónustu skiptir miklu að geta boðið upp á fjölbreytni í afþreyingu og atburðum og tengja þá íslenskum sérkennum í náttúru og menningu.

Þýðingarmikið er að Íslendingar taki virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi í ferðamálum. Lega landsins býður upp á víðtæk samskipti, einkum við Evrópu, Norður-Ameríku og Austur-Asíu.

Umhverfisvernd.

Verndun umhverfis er undirstöðuatriði að því er varðar framtíð ferðaþjónustu á Íslandi. Mikilvægt er því að við skipulag ferðamála og rekstur ferðaþjónustu sé verndun náttúru og umhverfis höfð að leiðarljósi. Hingað til hefur allt of mikið verið horft fram hjá þessum grundvallarþætti.

Margir fjölsóttir ferðamannastaðir eru mjög illa farnir og þola alls ekki þann fjölda ferðamanna sem þangað koma nú og því síður fjölgun þeirra. Nauðsynlegt er því að skipuleggja aðgang að svæðum þar sem hætta er á of miklu álagi og umhverfisspjöllum og beina fólki á önnur áhugaverð svæði. Jafnvel getur verið nauðsynlegt að takmarka aðgang að ákveðnum svæðum eða loka þeim tímabundið á meðan unnið er að úrbótum. Síðar í greinargerðinni er að finna tillögur um samstarf aðila og aðgerðir í þessu skyni.

Sorphirðu og hreinlætisaðstöðu er víða mjög ábótavant á ferðamannastöðum og sums staðar svo mjög að horfir til mikilla vandræða ef ekki verður gripið til róttækra aðgerða hið fyrsta.

Ákveðinn hluti ferðamanna kýs að ferðast um óbyggðir og fáfarnar slóðir ótruflaðir af umferð vélknúinna ökutækja. Vegakerfi og umferð í óbyggðum þarf að taka tillit til þessa. Auk þess er brýnt vegna náttúruverndar að setja skýrari reglur en nú gilda um akstur utan vega, en tillaga þar að lútandi var samþykkt á Alþingi vorið 1988.

Brýnt er að tekið verði á skipulagsmálum óbyggða og hálendis með mun ákveðnari hætti en hingað til vegna ferðamennsku og náttúruverndar. Móta þarf hið fyrsta rammaskipulag um landnotkun á hálendi og helstu akvegi og slóðir, svo og um svæði sem halda eigi ósnortnum af umferð vélknúinna tækja. Komið verði á víðtækri friðlýsingu landsvæða í óbyggðum að náttúruverndarlögum í formi þjóðgarða og friðlanda.

Nauðsynlegt er að lagfæra og merkja vegslóða til að koma í veg fyrir náttúruspjöll. Þá þarf að bæta aðstöðu gangandi fólks og hestamanna til ferða um landið. Leggja þarf göngustíga þar sem álag er mest og merkja og kortleggja gönguleiðir og reiðleiðir.

Eðlilegt er að leitað sé samráðs við áhugasamtök um umhverfisvernd og aðila eins og leiðsögumenn, landverði og fararstjóra sem öðlast hafa reynslu og þekkingu á ferðalögum um landið.

Hagstæður viðskiptajöfnuður.

Uppbygging ferðaþjónustu innan lands getur á tvennan hátt haft bætandi áhrif á viðskiptajöfnuð Íslendinga við útlönd. Ferðir um eigið land draga úr gjaldeyrisnotkun og beina neyslunni þess í stað inn í innlent hagkerfi og útlendingar sem hingað koma færa þjóðinni gjaldeyristekjur. Svo framarlega sem ferðaþjónusta innan lands ofbýður hvorki náttúru né umhverfi og leiðir ekki til óarðbærra fjárfestinga er hún þarft verkfæri til að stuðla að jöfnuði í viðskiptum okkar við önnur lönd.

Þótt það sé yfirlýst þjóðhagslegt markmið að stefna að afgangi eða jöfnuði í viðskiptum við útlönd getur slíkt þó aldrei náð til allra einstakra þátta. Það er auk þess einn mælikvarðinn á velferð þegnanna hve aðgengileg ferðalög eru innan lands og utan.

Ferðaþjónusta þarf að búa við hliðstæð kjör og aðrar samkeppnisgreinar, m.a. um skattlagningu. Lækkun kostnaðarliða í ferðaþjónustu bætir samkeppnisstöðuna og er líkleg til að hafa hagstæð áhrif á viðskiptajöfnuð landsmanna. Matvælaverð er enn tilfinnanlega hátt hérlendis og fyrir ferðaþjónustuna skiptir miklu að það lækki.

Framboð í ferðaþjónustu þarf að miða við að laða hingað viðskipti. Það verður best gert með því að auka fjölbreytni í atburðum og afþreyingu er höfði til erlendra ferðamanna.

Byggðaþróun og ferðaþjónusta.

Ferðaþjónusta er atvinnugrein sem stuðlað getur að jákvæðri þróun byggðar í landinu með því að auka fjölbreytni í atvinnu og bæta þjónustu sem einnig kemur heimafólki til góða.

Hlúa þarf að þeim vísi að ferðaþjónustu sem vaxið hefur upp víða um land m.a. fyrir tilstuðlan ferðamálasamtaka. Gera þarf ferðamálasamtökum og Ferðamálaráði í sameiningu kleift að koma upp og starfrækja ferða- og upplýsingamiðstöðvar í landshlutunum. Í tengslum við þær ættu að starfa ferðamálafulltrúar. Verkefni þessara miðstöðva væri að styðja við uppbyggingu og skipulag ferðamála, veita fyrirtækjum og sveitarfélögum ráðgjöf, samræma upplýsinga- og útgáfustarfsemi og vinna að ýmsum þróunarverkefnum.

Mikilvægt er að haga ferðaþjónustu og miðlun upplýsinga þannig að ferðafólk safnist ekki saman samtímis á örfáum stöðum heldur eigi völ á góðri aðstöðu og þjónustu víða í byggðunum. Jákvæð skref hafa verið stigin í þessa átt með því að auka fjölbreytni gistirýmis í strjálbýli.

Ferðafólk þarf afþreyingu og viðfangsefni til að sjá ástæðu til að staldra við. Slík viðfangsefni þarf að laða fram og þróa úr þeim efnivið sem fyrir er á hverju svæði. Gott kynningarefni þarf að vera til um náttúru landsins og leiðbeiningar sem vísi á áhugaverða staði.

Atvinnulíf til lands og sjávar hefur aðdráttarafl fyrir ferðamenn og með samvinnu við það má skapa framboð á viðfangsefnum fyrir ferðafólk. Dæmi um það er þátttaka ferðamanna í dagróðrum eða lengri veiðiferðum eða ígrip í landbúnaðarstörf. Sveitarstjórnir og ferðamálanefndir á þeirra vegum geta haft milligöngu um slíkt framboð og félög áhugamanna á ýmsum sviðum geta lagt sitt af mörkum.

Tengja þarf saman minjavernd og ferðaþjónustu og byggja upp söfn með tilliti til innlendra og erlendra ferðamanna. Einnig þarf að auka kynningu fyrir ferðafólk á sögu og menningu þjóðarinnar í fortíð og nútíð.

Áhugafélög á sviði ferðamála hafa unnið mikið brautryðjendastarf við að greiða götu fólks um landið, ekki síst í óbyggðum. Ferðaskálar, sem þau hafa komið upp, eru nær eina húsaskjólið á hálendi landsins. Styðja þarf við starfsemi þessara samtaka og ná sem bestri samvinnu við þau um skipulag ferðaþjónustunnar. Sama máli gegnir um áhugafélög um náttúruvernd og félög sem sinna björgunarstarfi.

Ferðafólk hefur til skamms tíma átt fárra kosta völ um leiðir inn og út úr landinu. Breyting varð á með rekstri bíla- og farþegaferju með aðkomu á Seyðisfirði. Lítið hefur verið lagt til aðstöðu þar af opinberri hálfu og þarf þar að verða breyting á. Tilraunir hafa verið gerðar með beint flug til útlanda víðar en frá Keflavík. Með endurbótum á aðalflugvöllum í landshlutunum verður auðveldara að koma við slíkum ferðum. Skipulag ferðaþjónustunnar þarf að taka mið af stefnu um þessi efni. Jafnframt þarf að bæta samgöngur milli aðalflughafna með tilliti til millilandaflugs.

Mestu skiptir að heimamenn á hverjum stað verði virkir þátttakendur í þróun og skipulagi ferðaþjónustu.

Jafnrétti og neytendavernd.

Uppbygging og þróun innlendrar ferðaþjónustu hefur tvö meginmarkmið, efnahagsleg og félagsleg. Hin efnahagslegu lúta að því að afla gjaldeyris, skapa vinnu og nýta fjárfestingu í samgöngu- og þjónustutækjum. Hin félagslegu miða að jöfnun byggðar og jöfnun lífskjara.

Auknar ráðstöfunartekjur heimilanna og samningsbundið orlof hafa gert almenningi kleift að njóta uppbyggilegrar útivistar, ferðalaga og orlofsdvalar. Mikilvægt er að tryggja öllum hópum þjóðfélagsins aðgang að slíkri aðstöðu: þeim sem vegna fötlunar sinnar eða sjúkdóma, bágs fjárhags, félagslegrar einangrunar eða skorts á þeim réttindum sem samtök launafólks veita geta ekki notið orlofs síns með sama hætti og aðrir.

Það er samfélagslegt verkefni að búa svo um að allir þegnar þjóðfélagsins eigi þess kost að njóta orlofsdvalar við góðar aðstæður og kosta íslenskrar náttúru.

Fjölbreytilegt framboð af gististöðum og annarri þjónustu eykur líkur á að ferðmenn finni aðstæður við sitt hæfi. Á þessu hefur orðið breyting til bóta að undanförnu í þéttbýli og sveitum. Miðla þarf samræmdum og áreiðanlegum upplýsingum til ferðafólks um þá þjónustu sem er í boði.

Eðlilegt er að af opinberri hálfu séu settar reglur varðandi lágmarkskröfur um aðbúnað og að hlutur neytenda sé tryggður með eftirliti.

Nauðsynlegt er að fram fari vönduð úttekt á því við hvaða aðstæður óheft samkeppni tryggi hagsmuni neytenda og hvar þurfi í þessu skyni að úthluta og viðhalda sérleyfum í samgöngum á landi, sjó og í lofti. Í framhaldi af því verði mörkuð stefna um aðgerðir og hugsanlegar breytingar frá þeirri skipan mála sem nú ríkir.

Ferðamenn þurfa að geta ferðast með viðunandi öryggi um landið. Aðstæður hérlendis, skjót veðrabrigði, lélegir vegir, óbrúuð vatnsföll og miklar víðáttur í óbyggðum koma innlendum og erlendum ferðamönnum oft í opna skjöldu. Við þessu þarf að bregðast svo sem kostur er með leiðbeiningum og reglum til að bæta öryggi fólks. Mikið sjálfboðaliðastarf er

unnið af björgunarsveitum í þágu ferðamanna. Af opinberri hálfu þarf að styðja við starfsemi þeirra og samræma hana enn betur. Alþingi samþykkti í febrúar 1990 tillögu til þingsályktunar um öryggi í óbyggðaferðum og er hún birt sem fylgiskjal.

Fræðsla og menntun.

Hér á landi eru ýmsir möguleikar til náms á sviði ferðaþjónustu. Það er sammerkt þeim kostum sem í boði eru að þeir eru allir á framhaldsskólastigi. Á háskólastigi er ekkert nám í boði hér á landi sem eingöngu lýtur að ferðaþjónustu.

Vaxandi áhugi er á fræðslumálum innan ferðaþjónustunnar. Fræðslufulltrúi hefur starfað um skeið á vegum Sambands veitinga- og gistihúsa (SVG) og sumarið 1990 var stofnað á þess vegum sérstakt fræðsluráð hótel- og veitingagreina með aðild SVG og félaga framreiðslumanna, matreiðslumanna og starfsfólks í veitingahúsum. Er tilgangur þess m.a. að vinna að stefnumótun í menntunarmálum í þessum greinum, bjóða upp á endurmenntun og símenntun og koma á nánara sambandi milli skóla og atvinnulífs. Á vegum Ferðamálaráðs starfaði einnig á árinu 1990 nefnd til að gera tillögur um framtíðarskipulag menntamála í ferðaþjónustu og hefur hún skilað áliti.

Ferðamálanefnd samgönguráðuneytisins hefur kynnt sér fram komnar hugmyndir um fræðslu á sviði ferðaþjónustu og rætt við fulltrúa frá menntamálaráðuneyti, skólum og atvinnulífi um þessi efni. Það er álit nefndarinnar að bæta þurfi menntun og færni þeirra sem starfa að ferðamálum með auknu framboði á námi og eftirmenntun sem tengist ferðaþjónustu.

Nauðsynlegt er að efla og tengja saman það nám sem nú er í boði, ekki síst Hótel- og veitingaskólann og aðra framhaldsmenntun. Æskilegt væri að mynda einskonar móðurstofnun (kjarnaskóla) fyrir nám í ferðaþjónustu með samstarfi eða samruna Hótel- og veitingaskólans og ferðamálabrautar, sem komið hefur verið á í Menntaskólanum í Kópavogi. Þangað væri unnt að sækja ráðgjöf fyrir aðra framhaldsskóla sem sinna vilja námi í ferðaþjónustu og safnað yrði reynslu sem nýttist við gerð námsskrár og námsefnis á þessu margbrotna sviði. Á vegum slíks móðurskóla væri einnig hægt að skipuleggja námskeið á afmörkuðum sviðum og bjóða upp á þau í samvinnu við aðra víða um land. Búa þarf vel að fræðslustarfsemi sem nú fer fram í Hótel- og veitingaskólanum og fjölbrautaskólum. Þetta á við um húsnæði og tækjakost, en ekki síður um námsframboð.

Þá er æskilegt að menntamálaráðuneytið skipi sem fyrst fræðsluráð ferðaþjónustu á framhaldsskólastigi samkvæmt heimild í 27.gr. laga nr. 72/1989, um framhaldsskóla. Markmiðið með því væri að tryggja sem víðtækust samráð við atvinnulífið og að fræðsluráðið verði ráðuneytinu til aðstoðar við stefnumótun og framkvæmd fræðslu á sviði ferðaþjónustu.

Þótt fræðsla á framhaldsskólastigi sé forgangsverkefni er jafnframt rétt að kanna þörf fyrir nám á háskólastigi tengt ferðaþjónustu og aðstæður til að koma því á við háskóla hérlendis. Leiðsöguskóli hefur verið starfræktur á vegum Ferðamálaráðs og þyrfti að tengja hann betur skólakerfinu en nú er.

Víða í háskólum og sérskólum erlendis er í boði nám í ferðamálum. Upplýsingastofa um nám erlendis, sem starfrækt er á vegum Háskóla Íslands, veitir leiðbeiningar þar að lútandi og geta einstaklingar og fyrirtæki fengið þar upplýsingar til að átta sig á námsframboði í erlendum skólum og gildi náms og prófgráða sem fólk hefur aflað sér þar.

Í fylgiskjali er að finna yfirlit um námsframboð á sviði ferðamála hérlendis.

6. Endurskoðun laga um skipulag ferðamála.

Eitt meginverkefni ferðamálanefndar samgönguráðuneytisins hefur í samræmi við skipunarbréf verið að endurskoða lög um ferðamál. Nefndin hóf vinnu að þeim þætti á árinu 1989 og kynnti hugmyndir sínar þar að lútandi á ráðstefnu Ferðamálaráðs í febrúar 1990.

Þegar þingsályktunartillaga um ferðamálastefnu var lögð fram á Alþingi í apríl 1990 fylgdi í greinargerð lýsing á helstu atriðum í hugmyndum nefndarinnar um lagabreytingar. Á fjölmörgum fundum, sem nefndin hefur haldið með hagsmunaaðilum, hafa lagabreytingar einnig verið til umræðu. Í umsögnum til atvinnumálanefnar Sameinaðs þings um ferðamálastefnu víkja margir að hugmyndum nefndarinnar um lagabreytingar. Vinna að lagaendurskoðun er vel á veg komin og gert ráð fyrir að frumvarp til laga um ferðamál verði lagt fram á haustþingi 1990.

Í þeirri endurskoðun, sem hér um ræðir, er bæði litið á lög um skipulag ferðamála og lög um veitinga- og gististaði. Nefndin hefur fjallað um alla þætti þessara laga og rætt þá við fjölmarga einstaklinga, fulltrúa opinberra aðila, samtaka og fyrirtækja í ferðaþjónustu.

Hér á eftir verður greint frá nokkrum þáttum er varða skipulag og stjórnun ferðamála sem ræddir hafa verið innan nefndarinnar og við marga aðila. Ýmsar ábendingar komu fram um þessi atriði í umsögnum til atvinnumálanefndar Sameinaðs þings um þingsályktunartillöguna.

Yfirstjórn ferðamála — hvaða ráðuneyti?

Það virðist eiga víðtækan stuðning að yfirstjórn ferðamála verði áfram í höndum samgönguráðuneytis. Rökin fyrir þeirri skipan eru m.a., að ástand og skipan samgangna jafnt innan lands og að og frá landinu skipti afar miklu fyrir ferðaþjónustu á Íslandi. Því sé æskilegt að sami ráðherra beri ábyrgð á þessum málaflokkum.

Fleiri ráðuneyti hafa vissulega verið nefnd sem vistað gætu ferðamálin, t.d. viðskiptaráðuneyti. Í tillögum stjórnskipaðarar nefndar, sem fjallaði um skipulag Stjórnarráðsins og skilaði áliti í desember 1989, er gert ráð fyrir að ferðamál verði áfram undir samgönguráðuneyti.

Óháð því undir hvaða ráðuneyti ferðamál munu heyra í framtíðinni telur ferðamálanefnd nauðsynlegt að styrkja meðferð ferðamála innan Stjórnarráðsins. Ráðuneyti ferðamála þarf því að efla til að það verði fært um að rækja betur yfirstjórn og eftirlit af hálfu framkvæmdarvaldsins í ferðamálum. Í þessu skyni getur þurft að stofna sérstaka skrifstofu ferðamála innan ráðuneytis. Í hlut hennar kæmi m.a. að bera ábyrgð á framgangi opinberrar ferðamálastefnu og að móta starfsumhverfi atvinnugreinarinnar. Góð tengsl þurfa að vera við Ferðamálaráð og aðrar stofnanir sem sinna ferðamálum, en einnig við önnur ráðuneyti. Í því skyni telur ferðamálanefnd æskilegt að stofnuð verði föst samstarfsnefnd þeirra ráðuneyta sem mest tengjast ferðamálum.

Ferðaþing.

Sérstakt ferðaþing verði haldið eigi sjaldnar en annað hvert ár, jafnvel árlega, ekki ósvipað og tíðkast hefur um ferðamálaráðstefnur á vegum Ferðamálaráðs um alllangt skeið. Hliðstæðu má finna í þingum annarra atvinnugreina eins og fiskiþingi og búnaðarþingi. Þetta yrði fulltrúasamkoma sem starfaði samkvæmt reglugerð þar sem m.a. yrði kveðið á um rétt einstakra samtaka til að tilnefna fulltrúa á þingið. Auk þess væri þingið opið fyrir áhugafólk um ferðamál, sem hefði þó ekki atkvæðisrétt.

Ferðaþing yrði ráðgefandi samkoma og hlutverk þess m.a. að fjalla og ályktа um málefni ferðaþjónustu, gera tillögur um breytingar á opinberri ferðamálastefnu og hugsanlega að kjósa tiltekinn fjölda fulltrúa í Ferðamálaráð.

Ferðamálaráð.

Ferðamálanefnd gerir ráð fyrir að Ferðamálaráð verði áfram til staðar sem tengiliður hins opinbera og atvinnugreinarinnar. Undir ráðið heyri eins og verið hefur skrifstofa ferðamála

og verði framkvæmdastjóri ráðsins jafnframt yfirmaður skrifstofunnar og beri heitið ferðamálastjóri.

Nefndin hefur rætt hugsanlegar breytingar á skipan Ferðamálaráðs, einkum í þá átt að ráðið verði fámennara en samkvæmt gildandi lögum og komist verði þannig hjá því að hafa sérstaka framkvæmdastjórn fyrir ráðið. Nefndin telur einkum koma til álita að í Ferðamálaráði verði níu fulltrúar: formaður skipaður af ráðherra ferðamála, fjórir fulltrúar tilnefndir, m.a. af stærstu samtökum innan ferðaþjónustu og fjórir kosnir af ferðaþingi. Auk þess eigi varaformaður skipaður af ráðherra seturétt á fundum ráðsins ásamt ferðamálastjóra. Þegar þessi hugmynd er skoðuð þarf að hafa í huga tillöguna um ferðaþing þar sem flest samtök innan ferðaþjónustu ættu fulltrúa. Þingið fengi hluta af þeim verkefnum sem nú eru á verksviði Ferðamálaráðs.

Skrifstofa ferðamála.

Undir Ferðamálaráð heyri svipað og nú er skrifstofa ferðamála og veiti ferðamálastjóri skipaður af ráðherra henni forstöðu. Skrifstofunni mætti skipta í þrjú svið (deildir): markaðs- og kynningarsvið (landkynning, markaðsfærsla, rannsóknir og þróun), umhverfis- og skipulagssvið (umhverfismál, fræðsla og ráðgjöf, upplýsingamiðstöðvar, ferðamálafulltrúar) og fjármálasvið (almenn skrifstofa, fjármál/tölfræði, rekstur/bókhald, starfsmannamál, tölvumál).

Ferðamálasamtök.

Gert er ráð fyrir að frjáls samtök aðila í ferðaþjónustu starfi svæðisbundið með svipuðum hætti og nú tíðkast, þ.e. innan kjördæma eða á stærri svæðum. Þessi samtök rækti m.a. tengsl við sveitarfélög og samtök þeirra, væru aðilar að ferða- og upplýsingamiðstöðvum (sjá síðar) og sendu fulltrúa á ferðaþing. Enn fremur má hugsa sér að samtökin ráði ferðamálafulltrúa til starfa í viðkomandi kjördæmi, e.t.v. með fjárhagslegum stuðningi ríkisins.

Ferða- og upplýsingamiðstöðvar.

Nefndin leggur á það áherslu að ferða- og upplýsingamiðstöðvar verði starfræktar svæðisbundið, t.d. í hverju kjördæmi eða landshluta. Þær tengist Ferðamálaráði og ferðamálasamtökum svæðisins. Mætti hugsa sér að þessir aðilar fjármögnuðu uppbyggingu og rekstur miðstöðvanna, en einnig kemur til álita að fleiri aðilar taki þátt í þessu starfi. Ferðamálafulltrúar starfi í tengslum við þessar miðstöðvar.

Verkefni miðstöðvanna verði svæðisbundin, m.a. ráðgjafar- og þróunarstarfsemi, miðlun upplýsinga, tengsl við sveitarstjórnir og samtök þeirra og tengsl við aðra svæðisráðgjafa, svo sem iðnráðgjafa, skipulagsstofur, náttúrustofur o.fl.

Ferðamálanefndir sveitarfélaga.

Sérstakar ferðamálanefndir eru allvíða starfandi í sveitarfélögum, en annars staðar eru ferðamálin hluti af verkefnum almennra atvinnumálanefnda. Ekki er talin ástæða til að lögbjóða kosningu ferðamálanefnda í sveitarfélögunum, en hvetja ætti sveitarfélög almennt til að sinna ferðamálum.

Þar sem ferðamálanefndir eru starfandi eru verkefni þeirra einkum tillögur til sveitarstjórna um aðgerðir í ferðamálum innan sveitarfélagsins og tengsl við ferðamálasamtök.

7. Fjármögnunarleiðir vegna ferðaþjónustu.

Augljóst ætti að vera að þörf er á að auka til muna fjárveitingar úr ríkissjóði til ferðamála ef tryggja á farsæla þróun atvinnugreinarinnar. Þá er ekki verið að hugsa um styrki til fyrirtækja í greininni þótt þeirra kunni að vera þörf í afmörkuðum tilvikum, heldur til

sameiginlegrar yfirstjórnar ferðamálanna og ákveðinna grunnþátta. Þar er m.a. um að ræða uppbyggingu ferða- og upplýsingamiðstöðva á landsbyggðinni, rannsóknar- og þróunarstarf, menntun og síðast en ekki síst brýnar úrbætur á fjölsóttum ferðamannastöðum og fyrirbyggjandi aðgerðir vegna umhverfisverndar.

Með lögum nr. 60/1976 var ákveðið að greiða skyldi til Ferðamálaráðs 10% gjald af árlegri vörusölu Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli og verja því m.a. til endurbóta á ferðamannastöðum, til landkynningarverkefna og sem óafturkræf framlög til Ferðamálasjóðs. Í reynd hefur aðeins brot af þessum markaða tekjustofni skilað sér til Ferðmálaráðs. Alþingi hefur að tillögu ríkisstjórna samþykkt árlega stórfellda skerðingu á þessum tekjustofni. Hefur ákvörðun um þetta verið tekin með lánsfjárlögum hvers árs. Skerðingin nam um 75% á árinu 1989 og um 68% samkvæmt fjárlögum ársins 1990. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1991 er gert ráð fyrir að umrædd skerðing nemi um 50%. Ef þessi markaði tekjustofn hefði runnið til ferðamála eins og fyrirhugað var væri staðan öll önnur í þessari atvinnugrein. Í fylgiskjali er að finna yfirlit um meðferð á þessum markaða tekjustofni frá því hann var lögfestur.

Það er mat ferðamálanefndar að ekki sé sem stendur hægt að benda á vænlegri tekjuöflun til ferðamálanna en umrætt 10% hlutfall af vörusölu Fríhafnarinnar og því beri að láta reyna á pólitískan vilja til að þetta fjármagn fáist óskert til Ferðamálaráðs. Sama viðhorf hefur verið ríkjandi hjá flestum viðmælendum nefndarinnar og var það einnig staðfest af ferðamálaráðstefnu sem haldin var á Egilsstöðum í febrúar 1990.

Í þessu sambandi ber þó að minna á að ýmsar breytingar eru að verða á stöðu fríhafnarviðskipta í Evrópu og kunna þær í framtíðinni að hafa áhrif á rekstrarform og tekjur fríhafnar á Keflavíkurflugvelli og annarra fríhafna hérlendis, sbr. kafla 12.

Ýmsar aðrar tekjuöflunarleiðir hafa komið til tals að undanförnu. Má þar nefna þá hugmynd að ríkið gefi eftir launaskatt af aðilum í ferðaþjónustu eins og gerist í öðrum útflutningsgreinum og fyrirtækin skili honum til Ferðamálaráðs. Á þessu eru þó ýmsir annmarkar, ekki síst að mörg fyrirtæki tengjast ferðaþjónustu aðeins að hluta til og kann því að reynast erfitt að áætla þann hluta af launaskatti sem renna ætti til ferðamála.

Önnur leið og vænlegri að margra mati er að auka verkefnabundna fjármögnun þar sem ríki og fyrirtæki í ferðaþjónustu leggi fram fé í tilteknum umsömdum hlutföllum. Sem dæmi um verkefni sem undir þetta gætu fallið má nefna átak í landkynningu, tilteknar rannsóknir og uppbyggingu ferða- og upplýsingamiðstöðva.

Þá hafa verið nefndar sem fjármögnunarleiðir gjaldtaka á ferðamannastöðum, gjald vegna ferðaskrifstofuleyfa og leyfa til veitinga- og gistihúsastarfsemi, en nefndin hefur ekki tekið afstöðu til þessara hugmynda.

Málefni Ferðamálasjóðs þarfnast sérstakrar athugunar, m.a. sá háttur, sem tíðkast hefur í vaxandi mæli, að leggja fram fé á fjárlögum að tillögu fjárveitinganefndar til afmarkaðra verkefna í ferðamálum án samráðs við Ferðamálaráð.

Fjárhagsvandi ýmissa hótela, einkum á landsbyggðinni, er sértækt mál sem Alþingi hefur haft afskipti af undanfarin ár í samráði við samgönguráðuneyti. Ástæða kann að vera til að endurmeta þá málsmeðferð, m.a. í ljósi þess hvert stefnir í rekstri margra hótela. Ljóst er að skuldasöfnun vegna fjárfestinga og hár fjármagnskostnaður veldur mestu um þann vanda, sem þarna er verið að glíma við.

8. Ferðamennska og umhverfisvernd.

Þótt fáar athuganir hafi verið gerðar á því hvað einkum laðar erlenda skemmtiferðamenn til Íslands bendir flest til þess að það sé öðru fremur náttúra landsins. Náttúran er því sú auðlind sem íslensk ferðaþjónusta byggir að miklu leyti tilveru sína á og það gildir einnig um ferðir Íslendinga innan lands.

Álag ferðamennskunnar hefur sett sín spor á landið, einkum á vinsælum ferðamannastöðum og það svo að víða er komið í óefni. Fullyrða má að verði ekki gert stórátak í fyrirbyggjandi aðgerðum og til að koma upp lágmarksaðstöðu til móttöku ferðafólks á ferðamannastöðum utan þéttbýlis víða um land verði grundvellinum kippt undan ferðaþjónustu sem atvinnugrein. Orðstír Íslands sem ferðamannalands er þannig í mikilli hættu og óhjákvæmilegt að bregðast skjótt við eigi ekki illa að fara. Dæmið af stöðu mála við Gullfoss er aðeins eitt af mörgum þar sem um ótrúlega vanrækslu og fyrirhyggjuleysi er að ræða. Ferðamálaráð og Náttúruverndarráð hafa lengst af talað fyrir daufum eyrum með kröfur sínar um fjárveitingar til úrbóta og mál til komið að þar verði breyting á.

Að mati undirnefndar Ferðamálaráðs, sem fjallaði um málefni ferðamannastaða síðari hluta árs 1989, þyrfti strax um 40 milljónir króna til allra brýnustu úrbóta á ferðamannastöðum í byggð og óbyggð. Þar er um að ræða aðgerðir sem varða snyrtiaðstöðu, stígagerð, göngubrýr, stikun vegslóða og lagfæringar, merkingar, sorphirðu, rotþrær og vatnsöflun. Jafnframt er brýnt að opna nýja skoðunarverða staði til að dreifa álagi af völdum ferðafólks.

Rétt er að benda á að mikið skortir á samhæfingu og skýrari verkaskiptingu milli opinberra aðila sem lögum samkvæmt eiga að sinna þessum málum. Því leggur ferðamálanefnd samgönguráðuneytisins áherslu á að hið fyrsta verði til samráðsnefnd þessara aðila til að fjalla um aðgerðir til úrbóta á ferðamannastöðum. Þeir aðilar, sem ættu að eiga fulltrúa í slíkri nefnd, eru m.a.: Ferðamálaráð, Náttúruverndarráð, Skógrækt ríkisins, Hollustuvernd, skipulagsstjórn og Vegagerð ríkisins. Samráðsnefndin þyrfti svo að tryggja góð tengsl við sveitarstjórnir vegna hlutaðeigandi svæða. Hlutverk hennar yrði m.a. að fá sem gleggst yfirlit um æskilegar aðgerðir og leggja á ráðin um framkvæmd þeirra, svo og um framtíðarskipulag.

Margir hafa ítrekað bent á þörf á úrbótum á ferðamannastöðum og safnað upplýsingum um ástand á hverjum stað.

Þá er ástæða til að minna á að umgengni er víða til vansa fram með vegum og í þéttbýli og dreifbýli. Loftmengun og mengun frá skólpi er einnig mjög vaxandi við þéttbýli og mikil þörf að bregðast við. Almenn staða umhverfismála í landinu snertir ferðaþjónustuna með beinum hætti og til lítils að ætla að auglýsa landið sem náttúruperlu nema róttæk breyting verði til bóta varðandi umgengni og umhverfisvernd.

9. Samkeppnisstaða íslenskrar ferðaþjónustu.

Eins og áður er getið fékk ferðamálanefndin sérfræðinga til aðstoðar við þann þátt sem varðar samkeppnisstöðu íslenskrar ferðaþjónustu og öflun talnalegra upplýsinga um ferðaþjónustu í landinu. Mynduðu þeir samstarfsvettvang sem gekk undir heitinu „tölfræðihópurinn". Þetta voru eftirtaldir: Friðrik Már Baldursson frá Þjóðhagsstofnun, Kristinn Karlsson frá Hagstofu Íslands, Þorsteinn M. Jónsson frá Seðlabanka Íslands.

Einnig tengdust vinnu hópsins Vilborg Júlíusdóttur og Gamalíel Sveinsson á Þjóðhagsstofnun. Árni Þór Sigurðsson, deildarstjóri í samgönguráðuneyti, hefur verið tengiliður nefndarinnar við hópinn og starfaði með honum.

Nú liggur fyrir greinargerð frá hópnum og er hún birt sem fylgiskjal með tillögunni.

Varðandi samkeppnisstöðu Íslands í ferðaþjónustu eru slegnir margvíslegir varnaglar, m.a. að ekki liggur skýrt fyrir hver okkar helstu samkeppnislönd í ferðaþjónustu eru. Af þessum sökum er ekki unnt að reikna út sérstakt raungengi miðað við launakostnað eða verðlag í þessu samhengi. Ályktanir hópsins endurspegla það sem flestir er starfa í ferðaþjónustu hafa fundið fyrir, þ.e. að gengisskráning krónunnar skiptir miklu máli. Þegar gengi krónunnar er haldið föstu og laun hækka hlutfallslega meira hér en í samkeppnislöndunum fer samkeppnisstaða aðila sem flytja inn ferðamenn versnandi. Á hinn bóginn batnar staða þessara aðila þegar laun í samkeppnislöndunum hækka meira í krónum talið en laun hér á landi. Nýlegt dæmi um fyrra ferlið er frá árunum 1986–88. Síðan hefur staðan batnað á mælikvarða íslenskrar ferðaþjónustu sem útflutningsgreinar. Þetta kemur skýrt fram á línuriti

í fylgiskjali I sem sýnir raungengi íslensku krónunnar mælt á tvo kvarða, þ.e. launakostnaðar og verðlags. Þetta línurit gefur vísbendingu um þróun samkeppnisstöðu ferðaþjónustu á tímabilinu 1971–89. Topparnir á línuritinu sýna versnandi stöðu í rekstrarlegu tilliti. Gengi íslensku krónunnar hefur fyrst og fremst verið skráð eftir viðskiptakjörum í sjávarútvegi, en það getur komið ferðaþjónustunni illa. Samband veitinga- og gistihúsa hefur m.a. lagt áherslu á það í umsögn sinni til atvinnumálanefndar sameinaðs þings að tekið verði tillit til annarra þátta efnahagslífsins í þessu efni.

Þær niðurstöður, sem hér eru birtar, eru bráðabirgðaniðurstöður, byggðar á gögnum sem ekki taka sérstakt tillit til ferðaþjónustunnar sem atvinnugreinar. Framhaldsathuganir þyrftu að fela í sér sértækar athuganir fyrir ferðaþjónustuna þannig að framkvæma megi útreikninga á þróun samkeppnisstöðu hennar með skömmum fyrirvara.

Starfsmenn Þjóðhagsstofnunar hafa fjallað um uppgjör þjóðhagsreikninga og rekstraryfirlit fyrir ferðaþjónustu. Úttekt tölfræðihópsins vísar m.a. til þess hvernig unnt væri að vinna úr fyrirliggjandi gögnum til að komast sem næst raunsönnu uppgjöri fyrir ferðaþjónustuna. Einnig er bent á með hvaða aðferðum væri unnt að grafast fyrir um tekjur af íslenskum ferðamönnum hér innan lands. Eins og fram kemur í inngangi með fylgiskjali I hefur verið unnið að þessu máli í samgönguráðuneytinu í samstarfi við Þjóðhagsstofnun. Þar er sýnt yfirlit yfir vinnsluvirði og ársverk í þjóðhagsreikningum og gengið út frá ákveðnum forsendum um umfang ferðaþjónustu í hinum ýmsu þáttum. Sú aðferð, sem þar er notuð, gefur nokkuð raunhæfa mynd af ferðaþjónustunni sem atvinnugrein í þjóðhagslegu tilliti, en segja má að einungis ítarleg og vísindalega unnin könnun, sem tæki til heils árs, gæti gefið glögga mynd sem margir aðilar í ferðaþjónustu og yfirvöld þeirra mála vildu gjarna sjá. Að öðru leyti vísast til nefnds fylgiskjals.

Þá hefur Þjóðhagsstofnun reynt að meta svokölluð raungengisáhrif á tekjur og gjöld vegna ferðamanna. Með tekjum er þá átt við þann gjaldeyri sem erlendir ferðamenn selja hér á landi og með gjöldum er átt við þann gjaldeyri sem Íslendingar kaupa til ferðalaga erlendis. Vísast í því sambandi til töflu í fylgiskjali I, en þar kemur m.a. fram sú mikla aukning sem orðið hefur á tekjum og gjöldum vegna ferðalaga á tímabilinu 1968–1989. Þar kemur einnig fram að gjaldeyriskaup Íslendinga vegna ferðalaga hafa aukist til muna meira en tekjur af útlendingum, einkum á síðustu árum, reiknað sem hlutfall af útflutningi og innflutningi. Þetta þýðir með öðrum orðum að viðskiptajöfnuður ferðaþjónustunnar hefur orðið óhagstæðari.

Hópurinn hefur reynt að meta áhrif verðlagsbreytinga hér innan lands á tekjur af erlendum ferðamönnum. Kemur fram vísbending um að ef innlent verðlag hækkar um 10% umfram erlent (mælt í sömu mynt) megi búast við 10–20% samdrætti í tekjum af ferðamönnum reiknað á föstu íslensku verði. Á móti kemur að hagvöxtur í viðskiptalöndum ferðaþjónustunnar erlendis mildar þessi áhrif til mikilla muna þannig að við 2–3% hagvöxt þar megi a.m.k. um nokkurt skeið búast við 10–15% vexti í tekjum af ferðamönnum að óbreyttu raungengi.

Raungengisbreytingar virðast hins vegar ekki í sama mæli hafa áhrif á útgjöld Íslendinga á ferðalögum erlendis.

Gildur þáttur í talnalegum upplýsingum varðandi ferðaþjónustu kemur frá Hagstofu Íslands. Þar er m.a. safnað tölum um fjölda farþega til landsins, bæði Íslendinga og útlendinga frá ýmsum þjóðlöndum og heimshlutum. Talnagögnin um þetta efni ná allt aftur til ársins 1949. Margt athyglisvert má lesa út úr þessum tölum.

Þá heldur Hagstofan saman yfirliti um fjölda hótela og annarra gistimöguleika í landinu og frá árinu 1984 hafa verið skráðar gistinætur og þjóðerni gesta á einstökum gististöðum. Ekki hefur tekist að vinna úr þessum upplýsingum sem skyldi vegna manneklu og álags á Hagstofunni, en það stendur nú til bóta. Héðan í frá verður væntanlega unnt að nota þær til meira gagns en hingað til fyrir aðila í ferðaþjónustu.

10. Ferðamál og breytt samkeppnisskilyrði.

Til að festa fáist í ferðaþjónustu sem lífvænlega atvinnugrein er brýnt að ákvarðanir séu teknar um þau starfsskilyrði sem henni eru ætluð af hálfu hins opinbera. Stefna um það verður að sjálfsögðu ekki mörkuð í eitt skipti fyrir öll þar eð taka þarf tillit til breytilegra skilyrða og stöðu ferðaþjónustu í samkeppnislöndum. Breytingar í efnahagskerfi og samstarfi Evrópuríkja er eitt af því sem hafa þarf vakandi auga á, en þær varða fjölmarga þætti er lúta að ferðaþjónustu, m.a. stöðu flugfélaga.

Meiri opnun fjármagnsmarkaðar en nú er getur t.d. haft veruleg áhrif á stöðu fyrirtækja í ferðaþjónustu. Þær raddir heyrast að eignaraðild erlendra aðila að fyrirtækjum, t.d. í gistihúsa- og veitingarekstri hérlendis, kunni að vera æskileg í einhverjum mæli, en á hinn bóginn hafa komið fram mjög ákveðnar aðvaranir, m.a. á ferðamálaráðstefnu í febrúar 1990, um hættur sem fylgt geta vaxandi ítökum erlendra aðila í greininni. Þá hafa stórir hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu, eins og Félag íslenskra ferðaskrifstofa, lagt á það ríka áherslu í umsögn sinni til atvinnumálanefndar sameinaðs þings að eignarhald á fyrirtækjum í ferðaþjónustu hér á landi verði ávallt að meiri hluta í höndum íslenskra aðila.

Flestir virðast sammála um að ekki megi til þess koma að fyrirtæki í ferðaþjónustu verði háð opinberum styrkjum. Greinin þurfi að standa á eigin fótum og spjara sig við eðlilegar samkeppnisaðstæður. Til að öðlast innri styrk og standast sveiflur í viðskiptum er brýnt að tengsl innan greinarinnar styrkist og boðleiðir verði skýrar og greiðar. Á þetta hefur talsvert skort, en vaxandi vilji er til að leita úrbóta.

11. Hlutur opinberra aðila í ferðaþjónustu.

Eins og fram hefur komið hér á undan er gert ráð fyrir að rekstur fyrirtækja í ferðaþjónustu verði ekki háður opinberum styrkjum. Ekki er heldur ráð fyrir því gert að ríkið leggi fram hlutafé nema þá í óverulegum mæli til fyrirtækja í ferðaþjónustu og komist verði hjá miðstýringu. Hins vegar má reikna með að sveitarfélög víða um land leggi talsvert af mörkum til að koma á fót og styðja við fyrirtæki í ferðaþjónustu innan sinna vébanda.

Hlutur ríkisins verður eftir sem áður mikilvægur við að skapa almenn skilyrði fyrir vöxt og viðgang ferðaþjónustunnar. Ríkið miðlar fjármagni úr sameiginlegum sjóði til framkvæmda í samgöngumálum (til vega, hafna og flugvalla) og viðhalds samgöngumannvirkja. Framlag ríkisins til yfirstjórnar og rannsóknar- og þróunarstarfs í ferðamálum er heldur ekki umdeilt hér fremur en í nágrannalöndum.

Meiri þörf virðist vera fyrir opinberar aðgerðir hérlendis vegna ferðamannastaða utan þéttbýlis en almennt gerist erlendis, svo og til að koma í veg fyrir akstur utan vega og önnur náttúruspjöll í óbyggðum.

Um fjáröflun vísast til kaflans um fjármögnunarleiðir vegna ferðaþjónustu.

12. Breytingarnar í Evrópu og íslensk ferðaþjónusta.

Miklar breytingar eiga sér nú stað í Evrópu og geta þær haft margvísleg áhrif hér á landi, m.a. á ferðaþjónustu. Þar er einkum um að ræða tilkomu sameiginlegs innri markaðar í Evrópubandalaginu og þær miklu breytingar sem ganga yfir í Austur-Evrópu.

Sameiginlegur markaður EB felur m.a. í sér að afnumin verða landamæri og hindranir fyrir vörur, fjármagn, þjónustu, einstaklinga og fyrirtæki milli þeirra 12 ríkja sem mynda Evrópubandalagið. Samkeppni mun fara harðnandi innan bandalagsins með tilkomu innri markaðarins, svo og við önnur lönd og svæði.

Ferðamálin og Evrópskt efnahagssvæði.

Frá vorinu 1989 hafa staðið yfir viðræður milli EB og EFTA um myndun svonefnds Evrópsks efnahagssvæðis. Með samningaviðræðum, sem hófust í júní 1990, er stefnt að því að

lög og reglur um sameiginlegan markað EB verði í meginatriðum teknar upp hjá EFTA-ríkjunum, þar á meðal á Íslandi. Evrópska efnahagssvæðinu mundi fylgja afar mikil breyting á rekstrarumhverfi fyrirtækja, m.a. í ferðaþjónustu og á sviði samgangna. Útlendingar frá löndum Vestur-Evrópu fengju t.d. sama rétt og Íslendingar til að stofna og reka fyrirtæki hérlendis og Íslendingar fengju hliðstæðan rétt í ríkjum Vestur-Evrópu.

Tillögur nefndarinnar um lagabreytingar verða ekki sérstaklega sniðnar að þeim breytingum sem fylgja mundu aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði og verður að taka afstöðu til þeirra þátta síðar ef samningur þar að lútandi verður að veruleika.

Ferðamál innan EB.

Ferðamál sem atvinnuvegur hafa ekki verið mikið á dagskrá stofnana Evrópubandalagsins hingað til, en nú er að verða á því breyting. Unnið er að fyrstu aðgerðaáætlun EB í ferðamálum og á að leggja hana fyrir ferðamálaráðherra landanna í nóvember 1990. Ýmis verkefni eru í undirbúningi á sviði ferðamála, m.a. um samræmingu hagrænna upplýsinga og stöðlun á ýmsum þáttum ferðaþjónustu. Árið 1986 gaf framkvæmdastjórn EB út tilmæli um stöðlun upplýsinga og eldvarnir í hótelum í EB-löndum. Þá liggja fyrir drög að EB-reglum um tölvuvædd bókunarkerfi. Fyrsta beina fjárframlagið til ferðamála var tekið inn á fjárlög EB 1989 í aðdraganda ferðamálaárs Evrópu 1990.

Í 3. riti Evrópustefnunefndar Alþingis, bls. 26, frá febrúar 1989, segir m.a.:

„EB stefnir að því að afnema allt það sem torveldar för fólks yfir landamæri milli aðildarríkja þess fyrir árslok 1992. ... Hinn innri markaður Evrópubandalagsins mun auðvelda mjög ferðalög innan bandalagsins, bæði fyrir borgara EB-ríkjanna og aðra. Slíkt getur haft neikvæð áhrif á ferðamannaþjónustu annarra Evrópuríkja. Ferðamannaþjónustan hér á landi verður í einhverjum mæli að laga sig að þessum nýju aðstæðum, bæði í samvinnu við hin EFTA-löndin og Norðurlöndin, sem og upp á eigin spýtur."

Samvinna EB og EFTA í ferðaþjónustu.

Samvinna er milli EB- og EFTA-ríkja á ýmsum sviðum ferðamála, einkum á vettvangi Ferðamálanefndar Evrópu (European Travel Commission – ETC), m.a. um markaðsmál í Bandaríkjunum og Japan. Í Lúxemborgaryfirlýsingu EB og EFTA frá árinu 1984 er fjallað um óformlegar viðræður og skipti á upplýsingum á sviði ferðaþjónustu.

Í tengslum við samningaviðræður um Evrópskt efnahagssvæði (EES) hefur verið stofnað til sérfræðingahóps EFTA-ríkja um ferðamál (EFTA Expert group). Hélt sá hópur sinn fyrsta fund í Genf 4. september 1990. Þar komu m.a. fram upplýsingar þess efnis að samkvæmt mati framkvæmdastjórnar EB væri aðeins hægt að taka í væntanlegan EES-samning þau svið sem vörðuðu lög og reglur um sameiginlegan markað. Af hálfu EFTA hefur hins vegar verið lögð áhersla á víðtækara samstarf á sviði ferðamála, m.a. að EFTA-ríkin eigi hlut að mótun ferðamálastefnu með EB og aðgang að fundum ferðamálaráðherra Evrópubandalagsins.

Flugsamgöngur og breytt samkeppnisskilyrði.

Á sviði samgangna er margt á dagskrá í viðræðum EFTA og Evrópubandalagsins. Okkur Íslendinga skipta þar mestu sjóflutningar og flugsamgöngur. Innan EB eiga samkeppnisreglur bandalagsins að gilda á sviði sjóflutninga og ná m.a. til ferjusamgangna.

Flugsamgöngur í Evrópu hafa um áratuga skeið byggst á tvíhliða samningum milli ríkja og samningum einstakra flugfélaga sem hafa deilt með sér markaðnum. Á þessu er að verða breyting. Í desember 1987 gerði EB fjórar samþykktir um flugmál þar sem m.a. var tekið fram að ákvæði Rómarsáttmálans gildi einungis um flug á milli aðildarríkjanna en ekki um innanlandsflug. Næstu skref um afnám samkeppnishindrana í flugi voru svo stigin í júní 1990

og taka gildi í áföngum. Þannig á að afnema með öllu hlutaskipti varðandi fjölda farþega á áætlunarleiðum frá 1. janúar 1993 og frá sama tíma verða fargjöld gefin frjáls nema ríkisstjórnir viðkomandi landa leggist gegn því. Þá hefur ráðherraráð EB samþykkt að láta svonefnd fimmtu flugréttindi ná til allra flugfélaga, en samkvæmt þessu ákvæði hefur flugfélag rétt til að flytja farþega milli tveggja ákvörðunarstaða utan heimalandsins, t.d. gæti íslenskt flugfélag flutt farþega á milli Lundúna og Parísar og danskt flugfélag gæti flutt farþega milli Reykjavíkur og Lúxemborgar. Þessi breyting er talin geta þrengt að íslenskum flugfélögum í millilandaflugi.

Lengi vel var reiknað með því að samkomulag yrði gert milli EFTA-ríkjanna í heild og EB á sviði flugsamgangna. Höfðu margir fundir verið haldnir til undirbúnings þar sem Ísland, Finnland, Austurríki og Sviss höfðu samflot, en Noregur og Svíþjóð voru sér í flokki. Það gerðist svo í júní sl. að EB veitti umboð til samningaviðræðna eingöngu við Noreg og Svíþjóð og snúast þær fyrst og fremst um hagsmuni SAS. Þær viðræður ganga gegn stefnunni um að EFTA tali einni röddu í samningum við EB. Þessar einkaviðræður SAS-landanna við EB eru mikið áhyggjuefni þar sem hætta er t.d. á að hagsmunir Íslands og Finnlands verði fyrir borð bornir og flugfélögum þessara landa verði stillt upp frammi fyrir gerðum hlut. Flugsamgöngur við landið eru snar þáttur í ferðaþjónustu og því hefur ferðamálanefndin rætt þessa stöðu við hlutaðeigandi og deilir með þeim áhyggjum um þessa málsmeðferð.

Fríhafnarviðskipti og virðisaukaskattur.

Fríhafnarviðskipti og skattlagning á flugfargjöld er eitt af því sem verið er að samræma innan EB. Munu fríhafnarviðskipti verða aflögð frá ársbyrjun 1993. Einnig mun vera ákveðið að leggja virðisaukaskatt á flugfargjöld innan bandalagsins. Komi til samræmingar á þessum þáttum innan Evrópsks efnahagssvæðis hefur það víðtæk áhrif og er brýnt að hlutaðeigandi fylgist náið með framvindu þessara þátta.

Austur-Evrópa og aukinn ferðamannastraumur.

Breytingarnar í Austur-Evrópu hafa að líkindum í för með sér mjög aukinn straum ferðafólks til og frá þessum löndum. Í samstarfsyfirlýsingum EFTA annars vegar og Póllands, Ungverjalands og Tékkóslóvakíu hins vegar eru ferðamál nefnd sem samstarfssvið. Afnám vegabréfsáritana við þessi og fleiri ríki Austur-Evrópu munu einnig greiða fyrir ferðalögum. Í löndunum við Eystrasalt er mikið rætt um samvinnu í ferðamálum. Staumur ferðafólks hefur aukist verulega milli Norður-Ameríku og Sovétríkjanna að undanförnu. Íslendingar hljóta að kanna möguleika á að fá slíka ferðamenn til að eiga viðdvöl hérlendis og laða hingað ferðamenn frá öðrum ríkjum Austur-Evrópu.

13. Framkvæmd og endurskoðun ferðamálastefnu.

Framkvæmd ferðamálastefnu, sem Alþingi markar, er komin undir stjórnvöldum á hverjum tíma, ríkisstjórn og fjárveitingavaldi. Þess vegna skiptir miklu að ferðamálum sé vel fyrir komið innan stjórnkerfisins og tryggð tengsl við atvinnugreinina. Ferðaþjónustan á mikið undir því komið að vel sé staðið að verndun landsins og náttúru þess sem ferðamenn eru öðru fremur að leita eftir. Það er verkefni hins opinbera og þeirra sem starfa í ferðaþjónustu hverju sinni að tryggja verndun og viðhald þessarar auðlindar.

Tillagan gerir ráð fyrir að tengsl hins opinbera við atvinnugreinina verði eftir sem áður í Ferðamálaráði og til viðbótar komi net miðstöðva í kjördæmum landsins og árlegt ferðaþing þangað sem þeir sem að ferðamálum vinna sendi fulltrúa sína. Á þeim vettvangi m.a. hlýtur ferðamálastefna hvers tíma að verða til umræðu og endurmats.

Fylgiskjal I.

Greinargerð tölfræðihóps.

Athugun á samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrðum ferðaþjónustu.

Inngangur.

Í júní 1989 skipaði Steingrímur J. Sigfússon samgönguráðherra nefnd til að fjalla um ferðamál á breiðum grundvelli. Meðal verkefna nefndarinnar er að kanna samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrði ferðaþjónustunnar á Íslandi.

Nefndin ákvað fljótlega að fá til liðs við sig sérfræðinga til að vinna þennan hluta verksins, enda ljóst að nefndarmenn hefðu ekki tök á því. Forstöðumenn þeirra stofnana sem leitað var til tóku beiðni nefndarinnar vel og var komið á laggirnar óformlegum vinnuhópi (tölfræðihópi) til að skoða samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrði og fleiri hagstærðir í ferðaþjónustu. Í hópinn völdust Friðrik Már Baldursson frá Þjóðhagsstofnun, Kristinn Karlsson frá Hagstofunni og Þorsteinn M. Jónsson frá Seðlabanka Íslands. Árni Þór Sigurðsson, deildarstjóri í samgönguráðuneytinu og starfsmaður ferðamálanefndarinnar, starfaði einnig með tölfræðihópnum. Seinna bættist Vilborg Júlíusdóttir á Þjóðhagsstofnun í hópinn og sumarið 1990 vann Björn Fr. Björnsson, starfsmaður samgönguráðuneytisins, að þessu verkefni í samstarfi við Vilborgu Júlíusdóttur. Töflur I.1. og I.2. eru meðal afraksturs þeirrar vinnu.

Í upphafi var ákveðið að skipta verkefni hópsins í þrjá meginkafla: I) þjóðhagsreikningauppgjör og rekstraryfirlit fyrir ferðaþjónustu, II) samkeppnisstöðu í ferðaþjónustu og III) tölfræðilegar upplýsingar tengdar ferðaþjónustunni. Hér fara á eftir greinargerðir frá þeim aðilum sem standa að tölfræðihópnum. Rétt er að taka fram að ábyrgð á einstökum köflum skrifast á höfunda þeirra en ekki hópinn í heild.

I. Þjóðhagsreikningauppgjör og rekstraryfirlit fyrir ferðaþjónustu.

Í þessum hluta felst að gera tillögu að líkani, er gefi heillega mynd af ferðaþjónustu sem atvinnugrein, umfangi hennar og þjóðhagslegri þýðingu. Hér verður fyrst og fremst notast við fyrirmynd frá OECD og öðrum Norðurlöndum, sem vissulega er byggð á áætlunum en hefur engu að síður gefist vel. Takmörkun þessarar skilgreiningar felst fyrst og fremst í því að ferðaþjónustan er ekki afmörkuð atvinnugrein, líkt og sjávarútvegur og landbúnaður, heldur er um að ræða viðskipti ákveðinna aðili (ferðamanna) við margar atvinnugreinar.

II. Samkeppnisstaða í ferðaþjónustu.

Í fyrsta lagi er hér um að ræða að meta samkeppnisstöðu innlendra aðila í ferðaþjónustu, m.a. með tilliti til launakostnaðar, og bera saman við samkeppnisløndin. Sá mælikvarði sem hér yrði notaður er þróun raungengis miðað við launaþróun. Í öðru lagi þarf að meta samkeppnisstöðuna úr frá neytandanum, þ.e.a.s. bera saman þróun kostnaðar á helstu þjónustu- og vöruflokkum sem ferðamaðurinn kaupir (samgöngur, matvæli, gisting). Einnig hefur verið rætt um að hanna sértæka vísitölu fyrir ferðaþjónustu en það þarf að skoðast betur.

III. Tölfræðilegar upplýsingar tengdar ferðaþjónustu.

Undir þessum lið verður gerð grein fyrir gistináttatalningu og þeim upplýsingum sem hún gefur. Hugsanlegt er að einhver áætlun um gistináttafjölda utan hótela og gistiheimila (í tjöldum o.fl.) verði með í þessari greinargerð. Jafnframt er fjallað um þróun framfærsluvísitölu, sérstaklega þeim hluta sem snýr að ferðaþjónustu og tengdum liðum. Þessar upplýsingar eru unnar á vegum Hagstofunnar.

Eins og sjá má vantar enn nokkuð upp á að heildarmynd fáist af samkeppnisstöðu ferðaþjónustunnar, vægi hennar í þjóðhagslegu tilliti o.fl. Hér má þó geta þess að ferðaþjónustan greiðir fullan launaskatt, 3,5% þótt aðrar gjaldeyrisskapandi atvinnugreinar séu undanþegnar launaskatti. Þá bera hótel- og veitingastaðir 24,5% virðisaukaskatt, en í flestum nágrannalöndum er þetta skatthlutfall lægra og rýrir það verulega samkeppnisstöðu þessa hluta ferðaþjónustunnar.

Til þess að skilgreina ferðaþjónustuna í þjóðhagsreikningum þarf að ákveða vægi hennar í einstökum rekstrarþáttum. Þessari greinargerð fylgir áætlun um umfang ferðaþjónustu á Íslandi og er þar miðað við árið 1987, en því miður hefur ekki tekist að fá nýrri tölur úr þjóðhagsreikningum til að fylla þá mynd.

Grundvöllur þessarar áætlunar er yfirlit sem sett er fram í gögnum sem unnin hafa verið annars staðar á Norðurlöndum. Ísland hefur verið að nokkru leyti með í þeirri samvinnu, en lítið verið gert til að fá fram þær hlutfallstölur sem máli skipta. Vinnan fór þannig fram að teknir voru út úr þjóðhagsreikningum þær atvinnugreinar sem taldar eru vera að öllu eða einhverju leyti ferðaþjónusta. Það eru greinar í sambandi við samgöngur á sjó, á landi og í lofti, hótel- og veitingaþjónusta, ferðaskrifstofur, verslun og ýmis menningarmál. Sú vinna sem unnin var í samgönguráðuneytinu í sumar er að nokkru leyti ekki eins ítarleg og þær áætlanir sem önnur ríki á Norðurlöndum hafa gert. Á móti kemur að yfirleitt hefur verið áætlað eins rúmt og hægt er, án þess þó að óraunsæis gætti. Allar hagtölur eru fengnar úr gögnum Þjóðhagsstofnunar, sem hefur einnig veitt margs konar aðstoð. Þá hefur verið haft samráð við fjölmarga aðila í ferðaþjónustu við ákvörðun á vægi ferðaþjónustu í tilteknum greinum.

Eins og ljóst má vera er hér alls ekki um tæmandi úttekt að ræða. Til dæmis má nefna að ekki hefur tekist að áætla hlut landbúnaðar í ferðaþjónustu, en hann fer sívaxandi með auknu umfangi ferðaþjónustu bænda. Þá eru ótalin ýmis ársverk sem sannanlega eru þáttur í ferðaþjónustu, t.d. leiðsögumenn. Það má því með miklum sanni segja að jafnvel þó boginn sé spenntur nokkuð hátt víða í áætlunum, þá vanti á móti nokkra umtalsverða liði, þannig að í heild geti þessi úttekt gefið raunhæfa mynd af umfangi ferðaþjónustu sem atvinnugreinar í íslensku efnahags- og atvinnulífi. Miðað við þær niðurstöðutölur sem liggja fyrir úr þessari úttekt má benda á að vergar þáttatekjur í ferðaþjónustu eru hærri en í öllum landbúnaði hérlendis.

Í þessum kafla er einnig að finna upplýsingar um áhrif raungengis á ferðajöfnuð.

Í kaflanum um samkeppnisstöðu er gerð grein fyrir aðferðum til að mæla hana. Enn fremur er birt línurit sem sýnir þróun raungengis á tvo kvarða, gagnvart launakostnaði og verðlagi. Vakin er athygli á að hér er aðeins um vísbendingu að ræða, en til að gera marktækan samanburð við samkeppnislönd, þarf fyrst að skilgreina hver þau eru. Jafnframt þarf að skoða ýmis ytri rekstrarskilyrði, svo sem opinbera skattlagningu. Síðan er velt upp hugmynd um hönnun á sérstakri vísitölu fyrir ferðaþjónustuna. Líta verður svo á að hér sé um brýnt verkefni að ræða fyrir ferðaþjónustuna í landinu og væri ekki óhugsandi að þeir sem hagsmuna eiga að gæta tækju höndum saman um að láta vinna slíkt verk.

Í þriðja kafla eru ýmsar tölfræðilegar upplýsingar um ferðaþjónustuna, svo sem um fjölda ferðamanna, fjölda gistinátta og útgjöld til ferðamála í vísitölu framfærslukostnaðar. Þessar upplýsingar hafa þýðingu fyrir allar greinar ferðaþjónustunnar. Þær hafa ekki síst gildi í landkynningar- og markaðsmálum. Einmitt þess vegna er mikilvægt að unnið sé að staðaldri úr gögnum, þannig að þær upplýsingar sem fást nýtist þegar á þarf að halda.

Ljóst er að ferðaþjónustan er ört vaxandi atvinnugrein hér á landi sem annars staðar. Erlendum ferðamönnum hefur fjölgað allan níunda áratuginn, úr rúmum 65 þúsundum við upphaf hans í rúm 130 þúsund árið 1989. Á sama tíma hefur ferðalögum Íslendinga til útlanda

fjölgað álíka mikið. Atvinnuvegaskýrslur gefa einnig til kynna að ársverkum í ferðaþjónustu hafi fjölgað nokkuð á undanförnum árum.

Sú vinna, sem hér liggur fyrir, ætti að gefa nokkra vísbendingu um ferðaþjónustuna og geta verið allgóður grunnur að framhaldsvinnu, þannig að hægt verði með reglulegu millibili að athuga bæði samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrði greinarinnar og þróun þeirra mála. Ef svo verður, er hálfur sigur unninn.

Árni Þór Sigurðsson.

Tafla I.1.

Áætlaðar vergar þáttatekjur og ársverk í ferðaþjónustu

Atv. gr.fl.	Nafn	Vergar þáttat. '87 millj. kr	Árs-verk 87	Áætlað hlutfall ferðaþjónustu í greininni	Þáttatekjur ferðaþjónustu í greininni millj. kr	Ársverk ferðaþjónustu í greininni
	Hótel og veitingastaðir	**3.813,0**	**3.575**	**64,1%**	**2.442,6**	**2.101**
863	Hótel	1.529,0	1.119	100,0%	1.529,0	1.119
862	Veitingastaðir	2.284,0	2.456	40,0%	913,6	982
	Samgöngur á landi	**1.432,0**	**767**	**30,4%**	**436,0**	**377**
712	Langferðab. og strætó	549,0	544	29,3%	160,8	312
712a	Alm.vagn. innanb.	396,4	226	4,0%	15,9	9
712b	Langferðabílar	152,6	318	95,0%	145,0	303
713	Aðrir farþegaflutn.	883,0	223	31,2%	275,2	65
713a	Bílaleigur*	300,0	70	82,0%	246,0	57
713b	Leigubílar*	583,0	153	5,0%	29,2	8
715	**Samgöngur sjóleiðis**	**3.091,0**	**1.478**	**5,8%**	**180,0**	**90**
	þ.a. ferjur*	200,0	100	90,0%	180,0	90
717	**Flugsamgöngur**	**2.676,2**	**1.304**	**90,0%**	**2.408,6**	**1.174**
719	**Ferðaskrifstofur**	**406,0**	**269**	**100,0%**	**406,0**	**269**
	Verslun alls	**16.392,8**	**14.747**	**7,8%**	**1.270,5**	**1.207**
61	Heildverslun	9.219,5	6.700	6,0%	553,2	402
62	Smásöluverslun	7.173,3	8.047	10,0%	717,3	805
	ALLS	**27.811,0**	**22.140**	**25,7%**	**7.143,7**	**5.217**
	ALLS ÍSLAND:	**161.075,0**	**111.615**			
	Hlutfall ferðaþj. af heild:					
	Vergar þáttatekjur	4,4%				
	Ársverk	4,7%				

* Gróft áætlaðar vergar þáttatekjur og ársverk

Vergar þáttatekjur eru jafnar vergri þjóðarframleiðslu að frádregnum óbeinum sköttum og viðbættum framleiðslustyrkjum

Tafla I.2.

Launagreiðslur og launskattsgreiðslur í ferðaþjónustu 1987

Allar tölur í þúsundum kr.

	Heildarlauna greiðslur	Hlutfall ferða-þjón. í grein	Launagreiðslur ferðaþjónustu	Launaskattgr. ferðaþjónustu	Á núvirði 1. júlí 1990
Hótel	648.400	100,00%	648.400	22.694	38.920
Veitingastaðir	1.352.200	40,00%	540.880	18.931	32.466
Langferðabílar og strætisvagnar	376.400	29,30%	110.285	3.860	6.620
Aðrir farþegaflutningar*	164.400	26,00%	42.744	1.496	2.566
Flutningar á sjó*	1.701.100	5,00%	85.055	2.977	5.105
Flugsamgöngur	160.000	95,00%	152.000	5.320	9.124
Ferðaskrifstofur	303.300	100,00%	303.300	10.616	18.205
Verslun	10.917.900	7,50%	818.843	28.659	49.151
ALLS	**15.623.700**	**17,29%**	**2.701.507**	**94.553**	**162.156**

* Bráðabirgðatala hlutfalls

Friðrik Már Baldursson,
Vilborg Júlíusdóttir:

I.
Þjóðhagsreikningauppgjör og rekstraryfirlit fyrir ferðaþjónustu.

Þjóðhagsreikningauppgjör og rekstraryfirlit fyrir ferðaþjónustu.

Fyrir utan flugrekstur, rekstur ferðaskrifstofa og hótelrekstur er varla nokkur atvinnugrein hérlendis sem er eingöngu í ferðaþjónustu. Þjóðhagsreikninga- og rekstraryfirlit í ferðaþjónustu verður því að hluta til að byggja á skiptingu sumra atvinnugreina í ferðaþjónustu og „annað", og ef engar tölulegar upplýsingar liggja fyrir verður að gera það með ágiskunum. Þetta er raunar sú aðferð sem notuð er annars staðar, t.d. á Norðurlöndunum (sjá t.d. „Sektorräkenskaper för turism. Utveckling av nordiskt statistikprogram för turism. Delrapport 5. Statistiska Centralbyrån.") og í OECD. Spurningin er þá fyrst og fremst sú hversu hátt hlutfall hinna ýmsu greina sem m.a. fást við ferðaþjónustu er í raun í þeirri atvinnugrein. Vísi að svona reikningum fyrir Ísland má sjá í grein Jóns Sigurðssonar í *Fjármálatíðindum* (nr. 3 1985). Þær töflur hafa verið framlengdar til 1987, sjá töfluhefti Þjóðhagsstofnunar um ferðaútveg frá septembermánuði 1989.

Fullkomið uppgjör ferðaþjónustu yrði ef til vill byggt á eftirfarandi skiptingu:

a. Tekjur innan lands af erlendum ferðamönnum.
b. Tekjur innan lands af íslenskum ferðamönnum.
c. Tekjur íslensku flugfélaganna af erlendum ferðamönnum.
d. Tekjur íslensku flugfélaganna af íslenskum ferðamönnum.
e. Gjöld íslenskra ferðamanna á ferðalögum erlendis.
f. Innlend aðföng fyrirtækja í ferðaútvegi.
g. Erlend aðföng fyrirtækja í ferðaútvegi.

Erfitt og oft nánast ómögulegt, við núverandi aðstæður, er að nálgast gögn um þessa þætti og skiptingu þeirra á atvinnugreinar, sjá athugasemdir síðar. Það má samt fá ýmsar upplýsingar úr atvinnuvegaskýrslum Þjóðhagsstofnunar, sjá meðfylgjandi ljósrit, þar sem birt eru rekstraryfirlit, efnahagsreikningar, mannaflatölur og ýmsar aðrar upplýsingar um hinar ýmsu atvinnugreinar. Upp úr þessum töflum má vinna uppgjör fyrir ferðaþjónustu að gefnum forsendum um hversu hátt hlutfall hverrar greinar er í ferðaútvegi, sjá „vísi að skilgreiningu á ferðaútvegi" síðar.

Athugasemdir um skiptingu ferðaþjónustu á atvinnugreinar.

a. Tekjur innan lands af erlendum ferðamönnum.

Útgjöld erlendra ferðamanna má fá úr greiðslujafnaðarskýrslum Seðlabanka Íslands, sjá töflu VI, lið 211. Hins vegar er það ekki nægjanlegt að fá einungis heildartölur heldur er ætlast til þess að útgjöldum sé skipt niður eftir tegund útgjalda, þ.e. hótelgisting, veitingar, ferðir o.fl.

Til þess að nálgast þessa skiptingu væri ástæða til að kanna fyrst hvaða upplýsingar unnt er að vinna úr tölum gjaldeyriseftirlits Seðlabankans. Vafalítið er talsvert um það að fyrirtæki í ferðaþjónustu selji gjaldeyri í bönkum og þá er auðvelt að flokka þau útgjöld eftir atvinnugreinum og jafnvel tegund þjónustu.

Eins mætti kanna hjá greiðslukortafyrirtækjum hvaða upplýsingar fást hjá þeim vegna notkunar erlendra ferðamanna hér á landi á greiðslukortum. Þau útgjöld ætti einnig að vera unnt að flokka eftir tegund.

Hins vegar liggur ekki ljóst fyrir hvernig flokka mætti þann gjaldeyri sem erlendir ferðamenn skipta sjálfir í bönkum hér. Þar er að mörgu leyti um að ræða sömu vandamál við tegundaflokkun útgjalda og að því er varðar innlenda ferðamenn.

b. Tekjur innan lands af íslenskum ferðamönnum.

Hér mætti skoða bæði framboðs- og eftirspurnarhliðina. Á eftirspurnarhlið er helst að vænta upplýsinga úr einkaneysluskýrslum Þjóðhagsstofnunar, en þar er útgjöldum heimila skipt á útgjaldaflokka, sbr. bls. 14 í „Delrapport 5". Á framboðshlið koma að notum atvinnuvega- og þjóðhagsreikningaskýrslur Þjóðhagsstofnunar.

Vandinn er hér að ákveða bærilega „skiptilykla". Til þess hefur að mestu leyti verið byggt á ágiskunum. Ekki er annað sýnna en eina leiðin sé að velja ákveðið úrtak fyrirtækja í hverri grein og spyrja um hlutfallslega skiptingu á sölutekjum þeirra milli „ferðamanna innlendra og erlendra" nánar skilgreindra, og annarra viðskiptavina. Gistináttaskýrslur Hagstofunnar koma hér að gagni. Einnig hafa Flugleiðir einhverjar hugmyndir um þátt viðskiptaferða af farþegatekjum.

c. og d. Tekjur flugfélaganna.

Heildartekjurnar koma fram í atvinnuvegaskýrslum ÞHS, en skiptingu þeirra á útlendinga og Íslendinga verður að fá hjá flugfélögum.

e. Gjöld Íslendinga á ferðalögum erlendis.

Heildarútgjöldin birtir Seðlabankinn í *Hagtölum mánaðarins*, sjá töflu VI, lið 221. Skiptingu milli viðskiptaferða og annars kostnaðar má fá hjá greiðslujafnaðardeild Seðlabankans.

f. og g. Aðföng fyrirtækja í ferðaþjónustu.

Heildaraðföng má fá úr atvinnuvegaskýrslum ÞHS, en fullkomin skipting milli innlendra og erlendra aðfanga er ekki til.

Vísir að skilgreiningu á ferðaútvegi.

	Vinnsluvirði	Áætlað hlutfall ferðaþjónustu af umfangi einstakra gr. %	m. kr.
1. Hótel og veitingastaðir, samtals			
Hótel			
Veitingastaðir			
2. Samgöngur á landi, samtals			
Almenningsvagnar og langferðabílar			
þar af farþegaflutningur			
Aðrir farþegaflutningar			
(leigubílar-bílaleigur)			
3. Samgöngur sjóleiðis, samtals			
Milli landa			
þar af farþegaflutningar			
Innan lands			
þar af farþegaflutningar			
4. Flugsamgöngur, samtals			
Milli landa			
þar af farþegaflutningar			
Innan lands			
þar af farþegaflutningar			
5. Menning og afþreying, samtals			
(kvikmyndahús, leikhús,			
útivera, íþróttir			
og aðrar skemmtanir)			
6. Ferðaskrifstofur			
SAMTALS			

Tafla 1.8 frh.

Rekstraryfirlit verslunar- og veitingareksturs 1987

Atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands	629 Blönduð verslun	862 Veitinga-staðir	862a Matsölu-staðir	863 Gisti-staðir
Fjárhæðir í millj. kr.				
Fjöldi fyrirtækja	3	11	4	6
1. Rekstrartekjur	4527.96	476.83	693.09	346.47
1.1 Sala	5047.04	529.05	835.77	326.79
1.2 Söluskattur	-533.49	-55.72	-148.37	-20.14
1.3 Birgðabr. fullunn. vara	-	-	-	-
1.4 Aðrar tekjur	14.41	3.50	5.69	39.82
2. Rekstrargjöld	4547.16	492.66	735.36	354.14
2.1 Vörunotkun	3507.59	204.97	224.07	60.28
2.2 Laun og tengd gjöld	587.76	156.38	223.24	117.62
2.3 Reiknuð eigin laun	-	2.94	-	0.42
2.4 Önnur rekstrargjöld	397.23	91.26	258.25	74.84
2.5 Afskriftir	54.58	37.10	29.82	100.97
3. Hagn. fyrir vexti og verðbr.færslu	-19.20	-15.83	-42.29	-7.67
4. Vextir og verðbreytingarfærslur	69.37	-31.57	-12.12	41.25
5. Hagnaður af reglulegri starfsemi	50.17	-47.40	-54.41	33.59
6. Óreglulegar tekjur og gjöld	-109.50	6.45	1.42	-0.52
7. Hr. hagn. f. tekju- og e.sk.	-59.33	-40.95	-52.99	33.07
8. Tekju- og eignaskattar	-	0.81	0.36	0.37
9. Í hlutfalli af tekjum, %				
9.1 Vörunotkun	77.47	42.99	32.33	17.40
9.2 Laun, eigin laun og tengd gjöld	12.98	33.41	32.21	34.07
9.3 Önnur rekstrargjöld	8.77	19.14	37.26	21.60
9.4 Afskriftir	1.21	7.78	4.30	29.14
9.5 Hagn. fyrir vexti og verðbr.f.	-0.42	-3.32	-6.10	-2.21
9.6 Hagnaður af reglulegri starfsemi	1.11	-9.94	-7.85	9.69
10. Áætlaðar heildarrekstrartekjur	15710.00	7130.00	-	2770.00

Efnahagsyfirlit verslunar- og veitingareksturs í árslok 1987

Atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands	629	862	862a	863
	Blönduð verslun	Veitinga-staðir	Matsölu-staðir	Gisti-staðir
Fjárhæðir í millj. kr.				
1. Veltufjármunir	1022.39	49.98	92.93	17.52
1.1 Sjóður og bankainnistæður	22.29	3.84	8.66	4.55
1.2 Viðskiptakröfur og víxlar	520.96	34.96	64.61	8.00
1.3 Birgðir	415.30	9.68	17.68	4.93
1.3.1 Fullunnar framl. vörur	5.80	-	-	-
1.3.2 Aðrar vörubirgðir	409.50	9.68	17.68	4.93
1.4 Aðrir veltufjármunir	63.84	1.51	1.98	0.05
2. Fastafjármunir	1206.43	167.25	647.80	1130.73
2.1 Áhættufjárm. og langtímakröfur	182.69	6.54	3.70	11.95
2.2 Varanlegir rekstrarfjármunir	1021.33	160.70	641.24	1118.78
2.2.1 Vélar áhöld og tæki	166.80	20.67	92.17	157.09
2.2.2 Bifreiðar	13.59	1.84	1.63	0.48
2.2.3 Fasteignir	840.94	138.20	547.45	961.21
2.2.4 Skip	-	-	-	-
2.3 Aðrar eignir	2.40	0.01	2.86	-
3. Eignir = Skuldir + Eigið fé	2228.82	217.24	740.74	1148.26
4. Skuldir	2072.79	342.43	736.67	832.30
4.1 Skammtímaskuldir	1267.59	198.57	365.66	135.00
4.2 Langtímaskuldir	805.20	143.85	371.01	697.30
5. Eigið fé	156.03	-125.20	4.07	315.80
5.1 Óskattlagt eigið fé	87.48	13.51	21.56	19.30
5.2 Annað eigið fé	68.55	-138.71	-17.49	296.50
5.2.1 Hlutafé	17.55	6.89	0.22	43.10
5.2.2 Annað e.f. og endurmat	51.00	-145.59	-17.71	253.41
6. Veltufjárhlutfall	0.81	0.25	0.25	0.13
7. Eiginfjárhlutfall	0.07	-0.58	0.01	0.28
8. Í hlutfalli af tekjum, %				
8.1 Skuldir	45.78	71.81	106.29	240.22
8.2 Skuldir - veltufjarmunir	23.20	61.33	92.88	235.16
8.3 Fjárfesting á árinu	9.95	11.98	55.22	2.33

Tafla 1.9

Rekstraryfirlit samgangna 1987

Atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands	712	712a	713	714	715	717
	Rekstur strætisv.og langf.bíla	Strætisv. Reykja-víkur	Aðrir fólksflutn. á landi	Vöru-flutningar á landi	Flutningar á sjó	Flug-rekstur
Fjárhæðir í millj. kr.						
Fjöldi fyrirtækja	9	1	7	17	9	8
1. Rekstrartekjur	308.65	371.94	34.20	258.33	5680.84	9346.52
1.1 Sala	306.13	185.42	33.25	247.42	4704.16	8269.26
1.2 Söluskattur	-7.35	-4.36	-3.39	-4.03	-2.04	-55.19
1.3 Birgðabr. fullunn. vara	-	-	-	-	-	-
1.4 Aðrar tekjur	9.88	190.88	4.34	14.93	978.72	1132.45
2. Rekstrargjöld	308.46	403.82	34.32	244.51	5290.52	9506.99
2.1 Vörunotkun	22.04	-3.01	-	14.66	104.00	12.02
2.2 Laun og tengd gjöld	102.92	193.83	16.30	110.62	1408.66	2754.88
2.3 Reiknuð eigin laun	9.60	-	6.71	4.47	-	1.32
2.4 Önnur rekstrargjöld	124.05	163.80	8.33	86.58	3207.70	6342.39
2.5 Afskriftir	49.86	49.20	2.98	28.18	570.15	395.38
3. Hagn. fyrir vexti og verðbr.færslu	0.19	-31.88	-0.13	13.81	390.32	-159.47
4. Vextir og verðbreytingarfærslur	-10.47	-8.08	0.01	-5.45	64.75	-7.13
5. Hagnaður af reglulegri starfsemi	-10.28	-39.96	-0.11	8.36	455.08	-166.59
6. Óreglulegar tekjur og gjöld	6.88	1.41	0.70	0.84	-21.93	205.29
7. Ifr. hagn. f. tekju- og e.sk.	-3.40	-38.55	0.59	9.20	433.15	38.70
8. Tekju- og eignaskattar	3.24	-	0.26	2.59	209.14	17.28
9. Í hlutfalli af tekjum, %						
9.1 Vörunotkun	7.14	-0.81	-	5.68	1.83	0.13
9.2 Laun, eigin laun og tengd gjöld	36.46	52.11	67.29	44.55	24.80	29.49
9.3 Önnur rekstrargjöld	40.19	44.04	24.37	33.51	56.47	67.86
9.4 Afskriftir	16.15	13.23	8.72	10.91	10.04	4.23
9.5 Hagn. fyrir vexti og verðbr.f.	0.06	-8.57	-0.38	5.35	6.87	-1.71
9.6 Hagnaður af reglulegri starfsemi	-3.33	-10.74	-0.33	3.24	8.01	-1.78
10. Áætlaðar heildarrekstrartekjur	1000.00	-	1650.00	3355.00	8250.00	8600.00

Efnahagsyfirlit samgangna í árslok 1987

Atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands	712	712a	713	714	715	717
	Rekstur strætisv.og langf.bíla	Strætisv. Reykja-víkur	Aðrir fólksflutn. á landi	Vöru-flutningar á landi	Flutningar á sjó	Flug-rekstur
Fjárhæðir í millj. kr.						
1. Veltufjármunir	49.42	46.24	3.64	62.67	2030.30	1778.89
1.1 Sjóður og bankainnistæður	13.88	5.52	0.95	28.07	136.29	513.90
1.2 Viðskiptakröfur og víxlar	29.00	8.47	2.65	27.82	1692.31	809.40
1.3 Birgðir	3.23	32.25	-	2.29	88.63	175.59
1.3.1 Fullunnar framl. vörur	-	-	-	-	-	-
1.3.2 Aðrar vörubirgðir	3.23	32.25	-	2.29	88.63	175.59
1.4 Aðrir veltufjármunir	3.31	-	0.04	4.49	113.07	280.00
2. Fastafjármunir	228.19	301.94	22.68	213.73	3513.06	3384.44
2.1 Áhættufjárm. og langtímakröfur	11.33	-	-	2.37	342.68	209.29
2.2 Varanlegir rekstrarfjármunir	209.93	301.94	22.68	211.36	3078.61	2802.02
2.2.1 Vélar áhöld og tæki	3.04	6.78	0.23	16.42	727.44	452.46
2.2.2 Bifreiðar	136.87	-	6.53	32.19	392.77	2.58
2.2.3 Fasteignir	70.02	295.16	15.92	162.76	986.27	1081.16
2.2.4 Skip	-	-	-	-	972.13	1265.82
2.3 Aðrar eignir	6.93	-	-	-	91.77	373.13
3. Eignir = Skuldir + Eigið fé	277.61	348.18	26.32	276.40	5543.36	5163.33
4. Skuldir	123.56	3.96	9.21	78.64	3525.27	4164.26
4.1 Skammtímaskuldir	70.70	3.96	7.44	64.32	1661.15	2736.97
4.2 Langtímaskuldir	52.86	-	1.77	14.32	1864.12	1427.29
5. Eigið fé	154.08	344.21	17.11	197.76	2018.09	999.07
5.1 Óskattlagt eigið fé	37.64	-	0.06	6.87	146.47	17.93
5.2 Annað eigið fé	116.44	344.21	17.05	190.89	1871.62	981.13
5.2.1 Hlutafé	16.19	-	7.13	37.69	318.25	542.50
5.2.2 Annað e.f. og endurmat	100.25	344.21	9.91	153.21	1553.37	438.63
6. Veltufjárhlutfall	0.70	11.66	0.49	0.97	1.22	0.65
7. Eiginfjárhlutfall	0.56	0.99	0.65	0.72	0.36	0.19
8. Í hlutfalli af tekjum, %						
8.1 Skuldir	40.03	1.07	26.94	30.44	62.06	44.55
8.2 Skuldir - veltufjármunir	24.02	-11.37	16.30	6.18	26.32	25.52
8.3 Fjárfesting á árinu	24.52	-	7.60	3.86	6.04	6.92

Tafla 1.17 frh.

Sundurliðun annarra tekna, aðfanga, verðbreytingafærslna, vaxta og samantekt óbeinna skatta 1987

Atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands	629	712	712a	713	713a	714
	Blönduð verslun	Rekstur strætisv.og langf.bíla	Strætisv. Reykjavíkur	Aðrir fólksflutn. á landi	Bílaleigur	Vöruflutningar á landi
Fjárhæðir í millj. kr.						
1. Rekstrartekjur	8185.78	308.65	371.94	34.20	116.11	258.32
2. Aðrar tekjur	20.97	9.88	190.88	4.34	12.89	14.93
2.1 Leigutekjur	11.52	0.94	2.99	2.68	1.52	10.16
2.2 Umboðslaun	0.76	1.56	-	1.66	-	2.67
2.3 Framleiðslustyrkir	-	-	138.05	-	-	-
2.4 Aðrar tekjur	8.70	7.38	49.84	-	11.37	2.10
3. Aðföng	7039.98	133.86	152.79	6.28	52.64	85.23
3.1 Hráefniskaup/vörukaup	6629.88	22.80	-	-	-	15.08
3.2 Birgðabreyting	-131.06	-0.76	-3.01	-	0.24	-0.42
3.3 Umbúðir	40.74	0.05	-	-	-	-
3.4 Flutningskostnaður	26.50	7.32	2.09	0.59	3.99	19.27
3.5 Rafmagn, hiti	47.59	1.02	4.99	0.29	1.03	2.84
3.6 Olíur	-	13.40	39.28	0.50	9.07	4.44
3.7 Viðhald	75.92	37.63	76.49	1.45	15.50	18.89
3.8 Skrifst.kostn. ekki laun	52.34	6.61	2.89	1.06	6.89	10.24
3.9 Tryggingar	10.19	10.31	12.06	0.84	5.80	3.61
3.10 Leigur	127.91	3.03	0.65	0.22	2.23	2.92
3.11 Auglýsingar	42.15	-	-	-	-	-
3.12 Önnur aðföng	117.83	32.46	17.36	1.32	7.90	8.35
4. Verðbr.færslur, vextir o.fl.	-7.31	-10.47	-8.08	0.01	-24.67	-5.45
4.1 Vaxtatekjur og verðbætur	87.39	3.99	0.60	0.09	-0.78	2.49
4.2 Vaxtagj., verðb., gengism.	-317.92	-18.41	-0.04	-1.35	-27.51	-11.97
4.3 Verðbr.færslur til tekna	223.22	4.57	-	1.28	2.06	3.97
4.4 Verðbr.færslur til gjalda	-	-0.64	-8.64	-	-	-0.09
4.5 Fenginn arður af hlutabr.	-	0.02	-	-	-	0.16
5. Óbeinir skattar	981.20	22.95	12.36	6.15	32.14	22.78
5.1 Söluskattur	855.05	7.35	4.36	3.39	23.89	4.03
5.2 Launaskattur	16.50	3.37	-	0.72	0.70	2.74
5.3 Aðstöðugjald	99.06	4.05	-	0.38	1.85	3.45
5.4 Fasteignaskattur	1.26	0.52	0.88	0.32	0.98	3.50
5.5 Aðrir óbeinir skattar	9.33	7.64	7.12	1.35	4.74	9.06

Tafla 1.17 frh.

Sundurliðun annarra tekna, aðfanga, verðbreytingafærslna, vaxta og samantekt óbeinna skatta 1987

Atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands	715	717	719	720	730	826
Fjárhæðir í millj. kr.	Flutningar á sjó	Flug-rekstur	Ferða-skrifst. o.fl.	Geymslu-starfsemi	Rekstur pósts og síma	Tannlækn. og starfsl. þeirra
1. Rekstrartekjur	7585.29	9346.52	1254.23	116.77	3601.28	90.85
2. Aðrar tekjur	999.31	1132.45	61.29	1.89	168.69	5.45
2.1 Leigutekjur	164.82	36.11	-	-	9.42	1.42
2.2 Umboðslaun	29.29	78.54	55.09	-	22.44	-
2.3 Framleiðslustyrkir	182.86	-	0.50	-	-	-
2.4 Aðrar tekjur	622.34	1017.79	5.70	1.89	136.83	4.04
3. Aðföng	4624.72	6292.90	1044.71	34.60	1246.37	26.25
3.1 Hráefniskaup/vörukaup	109.10	12.21	-	-	191.01	9.47
3.2 Birgðabreyting	-1.39	-0.19	-	-	-	-0.05
3.3 Umbúðir	1.07	-	-	-	-	-
3.4 Flutningskostnaður	1021.05	160.62	106.25	3.44	216.23	0.39
3.5 Rafmagn, hiti	101.68	41.20	2.33	3.35	58.51	0.42
3.6 Olíur	443.66	1282.89	0.04	-	-	0.15
3.7 Viðhald	647.69	861.16	5.79	9.94	100.01	2.97
3.8 Skrifst.kostn. ekki laun	389.04	1129.41	52.97	8.58	67.96	2.37
3.9 Tryggingar	117.71	201.97	0.48	0.92	4.19	0.83
3.10 Leigur	898.69	388.61	16.23	4.58	21.30	2.05
3.11 Auglýsingar	-	0.20	-	-	-	0.01
3.12 Önnur aðföng	896.42	2214.82	860.63	3.79	587.17	7.65
4. Verðbr.færslur, vextir o.fl.	125.63	-7.12	-3.45	1.98	-68.46	-0.90
4.1 Vaxtatekjur og verðbætur	473.27	203.48	23.14	4.98	21.13	0.66
4.2 Vaxtagj., verðb., gengism.	-524.01	-239.56	-35.28	-3.16	-89.58	-1.46
4.3 Verðbr.færslur til tekna	171.12	61.51	9.93	0.79	-	0.71
4.4 Verðbr.færslur til gjalda	-1.33	-32.97	-1.25	-0.64	-	-0.81
4.5 Fenginn arður af hlutabr.	6.59	0.43	0.02	-	-	-
5. Óbeinir skattar	108.61	180.38	22.51	6.22	403.87	2.46
5.1 Söluskattur	2.14	55.19	0.10	-	403.87	-
5.2 Launaskattur	46.49	63.69	5.35	1.42	-	1.39
5.3 Aðstöðugjald	17.32	35.76	16.28	1.45	-	0.81
5.4 Fasteignaskattur	5.36	24.45	0.43	3.35	-	0.24
5.5 Aðrir óbeinir skattar	37.30	1.30	0.35	-	-	0.02

Tafla 1.17 frh.

Sundurliðun annarra tekna, aðfanga, verðbreytingafærslna, vaxta og samantekt óbeinna skatta 1987

Atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands	862	862a	863	864	865	866
	Veitinga-staðir	Matsölu-staðir	Gisti-staðir	Þvottahús og efna-laugar	Rakara-stofur	Hárgreiðslu og snyrti-stofur
Fjárhæðir í millj. kr.						
1. Rekstrartekjur	476.83	693.09	473.88	283.64	49.16	37.28
2. Aðrar tekjur	3.50	5.69	47.37	5.78	0.74	0.28
2.1 Leigutekjur	2.99	2.04	25.99	1.72	0.63	0.28
2.2 Umboðslaun	-	0.29	0.83	0.31	-	-
2.3 Framleiðslustyrkir	-	-	-	0.12	0.03	-
2.4 Aðrar tekjur	0.52	3.37	20.55	3.64	0.09	-
3. Aðföng	284.93	466.44	190.51	141.93	14.12	15.21
3.1 Hráefniskaup/vörukaup	206.84	230.38	101.32	79.17	5.24	8.20
3.2 Birgðabreyting	-1.87	-6.31	-3.52	0.20	-0.31	-1.16
3.3 Umbúðir	3.02	-	0.15	1.60	0.02	-
3.4 Flutningskostnaður	6.66	5.88	1.36	8.46	0.24	0.32
3.5 Rafmagn, hiti	8.04	7.45	11.25	8.27	0.76	0.16
3.6 Olíur	0.31	0.43	0.30	2.08	0.03	-
3.7 Viðhald	10.56	32.38	17.62	8.71	0.80	0.68
3.8 Skrifst.kostn. ekki laun	7.67	17.12	13.44	3.66	1.28	2.38
3.9 Tryggingar	1.48	2.43	1.28	1.66	0.22	0.28
3.10 Leigur	16.72	29.28	9.22	4.89	4.01	1.97
3.11 Auglýsingar	-	-	-	-	-	-
3.12 Önnur aðföng	25.49	147.40	38.08	23.20	1.82	2.37
4. Verðbr.færslur, vextir o.fl.	-31.57	-12.12	37.27	-1.74	-0.58	-2.52
4.1 Vaxtatekjur og verðbætur	1.78	7.95	44.89	3.20	0.05	0.04
4.2 Vaxtagj., verðb., gengism.	-66.38	-61.14	-122.39	-7.74	-1.86	-4.92
4.3 Verðbr.færslur til tekna	33.13	41.07	114.82	3.92	1.35	2.41
4.4 Verðbr.færslur til gjalda	-0.09	-	-0.08	-1.12	-0.11	-0.04
4.5 Fenginn arður af hlutabr.	-	-	0.03	-	-	-
5. Óbeinir skattar	71.41	171.69	55.83	34.78	13.75	9.12
5.1 Söluskattur	55.72	148.37	35.19	30.00	12.10	8.01
5.2 Launaskattur	4.38	7.44	5.26	2.00	1.06	0.54
5.3 Aðstöðugjald	5.98	9.09	4.53	1.43	0.41	0.35
5.4 Fasteignaskattur	0.98	2.03	10.70	0.60	0.02	0.11
5.5 Aðrir óbeinir skattar	4.35	4.77	0.14	0.75	0.14	0.10

Tafla 2.1 frh.

Úrtaksstærð í iðnaði, byggingariðnaði, verslun, samgöngum og ýmsum þjónustugreinum 1987.

	Laun í milljónum króna				Fjöldi fyrirtækja		
	Heild	Þar af reiknuð eigin laun	Í úrtaki	Úrtakshlutfall	Heild	Í úrtaki	Úrtakshlutfall
62 Smásöluverslun	6164.6	744.7	1712.5	27.8	1787	131	7.3
617 Fiskverslun	56.1	28.1	30.9	55.2	41	8	19.5
618 Kjöt- og nýlenduvöruverslun, mjólkur- og brauðsala	830.7	93.8	129.6	15.6	164	13	7.9
619 Sala tóbaks, sælgætis og gosdrykkja	633.2	183.7	61.6	9.7	436	15	3.4
620 Blómaverslun	156.1	25.4	78.3	50.2	64	8	12.5
621 Sala vefnaðar- og fatnaðarvöru	458.5	96.8	91.2	19.9	320	13	4.1
622 Skófatnaður	66.3	7.0	32.3	48.8	34	6	17.6
623 Bækur og ritföng	228.6	32.2	39.2	17.2	96	8	8.3
624 Lyf og hjúkrunarvörur	335.6	93.4	117.2	34.9	49	11	22.4
625 Búsáh., heimilist., húsgögn	727.9	48.6	442.2	60.7	165	20	12.1
626 Úr, skartv., ljósm.v., sjónt.	181.8	44.2	91.4	50.3	72	12	16.7
627 Snyrti- og hreinlætisvörur	47.2	13.3	15.0	31.8	52	7	13.5
628 Sérversl. ót.a. s.s. sportv. leikf.,minjag.,frímerki o.fl	. 200.3	37.4	56.8	28.3	136	9	6.6
629 Blönduð verslun	2242.4	40.7	526.7	23.5	158	3	1.9
63 Veitinga- og hótelrekstur	1904.0	120.4	392.5	20.6	542	21	3.9
862 Veitingastaðir	1353.3	81.6	328.6	24.3	381	15	3.9
863 Gististaðir	550.7	38.8	64.0	11.6	161	6	3.7
71 Samgöngur	6325.7	1271.9	3927.8	62.1	2606	63	2.4
712 Rekstur strætisvagna og langferðabíla	452.6	70.3	267.0	59.0	177	10	5.6
713 Aðrir fólksflutningar á landi	513.4	362.5	21.3	4.2	967	7	0.7
714 Vöruflutningar á landi	1102.2	801.4	100.0	9.1	1303	17	1.3
715 Flutningar á sjó	1736.7	16.8	1193.2	68.7	61	9	14.8
717 Flugrekstur	2155.4	9.8	2112.7	98.0	32	8	25.0
719 Ferðaskrifstofur o.fl.	319.6	11.1	192.0	60.1	59	7	11.9
720 Geymslustarfsemi	45.8	0.1	41.5	90.5	7	5	71.4
72 Rekstur pósts og síma	1440.3	2.0	1437.8	99.8	9	1	11.1
730 Rekstur pósts og síma	1440.3	2.0	1437.8	99.8	9	1	11.1
83 Fasteignarekstur og þjónusta við atvinnurekstur	4158.8	1362.2	1194.3	28.7	1998	78	3.9
841 Lögfræðiþjónusta	556.8	324.5	56.3	10.1	285	10	3.5
842 Bókhaldsþj., endurskoðun	735.4	266.1	180.4	24.5	332	11	3.3
843 Tæknileg þjónusta	1549.3	550.8	497.2	32.1	750	21	2.8
844 Fjölritun, vélritun o.fl.	50.3	18.6	22.8	45.3	50	5	10.0

Tafla 4.5 frh.

Skipting vinnuafls eftir atvinnugreinum 1978-1986.
Fjöldi ársverka

	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986
622 Skófatnaður	88	94	90	95	92	90	103	104	106
623 Bækur og ritföng	255	253	278	284	293	347	342	344	363
624 Lyf og hjúkrunarvara	302	339	374	334	345	378	399	397	401
625 Búsáh.,heimilist.,húsgögn	492	518	508	573	609	581	634	647	724
626 Úr,skartv.,ljósm.v.,sjóntækjav.	169	223	245	225	235	202	207	232	229
627 Snyrti- og hreinlætisvörur	53	47	43	61	53	58	59	78	76
628 Sérversl.ót.a. s.s. sportv. leikf.,minjagr.,frímerki o.fl.	210	233	238	251	247	252	258	279	295
629 Blönduð verslun	2.408	2.190	2.167	2.161	2.721	2.921	3.051	3.074	3.264
63 Veitinga- og hótelrekstur	1.907	1.893	1.994	2.064	2.347	2.404	2.562	3.033	3.153
862 Veitingastaðir	1.029	1.133	1.145	1.336	1.540	1.606	1.677	2.049	2.139
863 Gististaðir	878	760	849	728	807	798	885	984	1.014
71 Samgöngur	6.484	6.004	6.090	6.270	6.401	6.413	6.325	6.594	6.577
712 Rekstur strætisvagna og langf.bíla	381	369	385	446	462	488	529	530	540
713 Aðrar fólksflutn. á landi	949	849	807	809	852	827	836	894	908
714 Vöruflutningar á landi	1.428	1.140	1.310	1.308	1.388	1.389	1.397	1.383	1.367
715 Flutningar á sjó	1.961	2.000	2.128	2.234	2.153	2.140	2.010	1.985	1.768
716 Rekstur hafna og vita	219	244	244	206	211	204	212	222	225
717 Flugrekstur	1.124	1.045	838	831	887	931	890	1.052	1.158
718 Rekstur flugvalla og flugþjónusta	174	163	162	168	165	144	149	199	204
719 Ferðaskrifstofur o.fl.	208	153	172	231	239	246	262	283	347
720 Geymslustarfsemi	40	41	44	37	44	44	40	46	60
72 Rekstur Pósts og síma	1.549	1.576	1.601	1.571	1.583	1.601	1.539	1.621	1.632
730 Rekstur Pósts og síma	1.549	1.576	1.601	1.571	1.583	1.601	1.539	1.621	1.632
81 Peningastofnanir	2.443	2.538	2.787	3.361	2.921	3.040	3.316	3.669	4.003
631 Bankar og fjárfestingasjóðir	2.230	2.301	2.537	3.087	2.695	2.720	2.954	3.278	3.559
632 Sparisjóðir	213	237	250	274	226	320	362	391	444
82 Tryggingar	668	716	703	731	739	725	763	797	816
641 Almannatr.,lífeyrissj. o.þ.h.	177	208	211	227	229	222	218	231	245
649 Vátryggingar, líftryggingar	491	508	492	504	510	503	545	566	571
83 Fasteignarekst.og þjón.v/atv.r.	2.145	2.025	2.258	2.429	2.750	3.001	3.569	3.808	4.126
651 Húsfélög	32	29	26	28	21	25	25	31	39
659 Fasteignarekstur, eignarfélög	219	179	244	255	300	331	387	472	464
841 Lögfræiþjón.,fasteignasala	366	329	337	362	410	453	485	491	570
842 Bókhaldsþjón.,endurskoðun	368	364	394	427	475	508	522	557	631
843 Tæknileg þjónusta	799	760	817	856	1.008	1.048	1.101	1.206	1.273
844 Fjölritun, vélritun o.fl.	51	34	41	39	40	44	61	70	72

Raungengisáhrif á ferðajöfnuð.

Á Þjóðhagsstofnun hefur verið reynt að meta raungengisáhrif á tekjur og gjöld vegna ferðamanna. Með tekjum er hér átt við þann gjaldeyri sem erlendir ferðamenn selja hér á landi, og með gjöldum er átt við þann gjaldeyri sem Íslendingar kaupa til ferðalaga erlendis. Tekjur og gjöld flugfélaganna koma því ekki hér inn. Þessar tölur eru birtar mánaðarlega í *Hagtölum mánaðarins,* sem Seðlabanki Íslands gefur út, sjá töflu VI, liði 211 og 221. Við staðvirðingu talnanna eru notaðar framfærsluvísitölur hér (á tekjuhlið) og erlendis (á gjaldahlið). Það má fá nokkra hugmynd um þróun og þjóðhagslegt mikilvægi þessara stærða í töflu 1 hér að neðan. Þar sést vel hin mikla aukning, fram yfir aðra út- og innflutningsliði, sem hefur orðið að tekjum og gjöldum vegna ferðalaga. Gjaldeyriskaup Íslendinga hafa þó aukist sýnu meira en tekjur af útlendingum, sérstaklega á síðustu árum.

Tafla 1.

Tekjur og gjöld vegna ferðamanna.

	Tekjur í % af útflutningi	Gjöld í % af innflutningi	Mismunur í % af landsframleiðslu
1968	1.8	3.2	-0.7
1969	2.0	2.6	-0.2
1970	2.1	3.0	-0.3
1971	2.5	3.1	-0.4
1972	2.8	3.9	-0.5
1973	3.1	4.0	-0.4
1974	3.4	3.7	-0.5
1975	2.5	3.3	-0.5
1976	2.1	4.0	-0.6
1977	2.1	4.6	-0.9
1978	2.1	5.1	-1.0
1979	2.1	4.9	-1.0
1980	1.9	4.7	-1.0
1981	1.8	5.6	-1.4
1982	2.5	6.4	-1.6
1983	2.5	6.6	-1.5
1984	3.2	7.9	-1.8
1985	3.5	8.0	-1.8
1986	3.9	9.4	-1.8
1987	4.5	11.0	-2.4
1988	5.6	11.6	-2.1
1989	5.8	11.3	-1.7

Við greiningu á þessum tölum eru notaðar hefðbundnar aðferðir hagmælinga til að finna eftirspurnar- eða tekjuáhrif og verðáhrif. Hin sterka leitni sem er í tölunum gerir þetta að vísu erfitt. Í einföldustu mynd er hefðbundið eftirspurnarfall oft metið á forminu:

$$\log(x) = a + b \cdot \log(y) - c \cdot \log(px/p)$$

þar sem x er stærðin sem er verið að meta eftirspurn á (staðvirt), y er einhvers konar tekjubreyta (staðvirt), px er verðvísitala fyrir x og p er einhver almenn verðvísitala. b er þá tekjuteygnistiki og c verðteygnistiki. Í grófum drættum segir stikinn b hve mikilli hækkun í hundraðshlutum má búast við á x ef y hækkar um 1%, að öðru óbreyttu, og stikinn c segir hve mikilli lækkun í hundraðshlutum má búast við á x ef verðvísitala x hækkar um 1%, að öðru óbreyttu. Það sem hér er fyrst og fremst til umfjöllunar eru verðteygniáhrifin.

Hvað varðar tekjur af erlendum ferðamönnum þá eru sterkar vísbendingar um að verðteygnistuðullinn liggi á bilinu 1 til 2, þ.e. ef innlent verðlag hækkar um 10% umfram erlent, þar sem hvort tveggja er mælt í sömu mynt, þá má búast við 10 til 20% samdrætti í tekjum af ferðamönnum, þ.e. 0,5–1% samdrætti í heildarútflutningstekjum, á föstu íslensku verði. Það sem hefur mildað þessi áhrif er mjög há tekjuteygni, sem virðist vera um 5. Við stöðugan 2–3% hagvöxt erlendis má því búast við 10 til 15% vexti af tekjum af ferðamönnum, að óbreyttu raungengi. Það ber hins vegar að varast framreikning mörg ár fram í tímann með svona tekjuteygnistika því það er næsta ólíklegt að þetta sé stöðug tala.

Útgjöld Íslendinga á ferðalögum erlendis virðast ekki vera verðteygin. Það er líklega um nokkra skammtímateygni að ræða, tæplega 1, en litla sem enga langtímateygni. Þetta þýðir að Íslendingar draga tímabundið úr þessum útgjöldum við raungengislækkun, en auka síðan við sig aftur þannig að sækir í sama farið og áður. Tekjuteygnin virðist vera um 1.5. Tekjubreytan er einkaneysla á föstu verði svo að í raun þýðir þetta að ferðaútgjöldin fara vaxandi, sem hlutfall af heildarneyslunni, miðað við fast raungengi og vöxt einkaneyslunnar í tíma, eins og raunin er til lengri tíma litið.

Þorsteinn M. Jónsson:

II.
Samkeppnisstaða í ferðaþjónustu.

Í skipunarbréfi ferðamálanefndar, 1. tölul., kemur fram hvert hlutverk tölfræðihópsins á að vera: „Könnun á samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrðum ferðaþjónustu hér á landi í samanburði við nágrannalöndin.“

Í staðinn fyrir nágrannalöndin væri réttara að segja samkeppnislöndin, því að það er alls ekki víst að nágrannalöndin séu okkar samkeppnislönd og samkeppnisstaða er einungis til gagnvart samkeppnisaðila.

Unnt er að meta samkeppnisstöðuna frá tveimur hliðum. Annars vegar frá sjónarhóli framleiðenda eða seljanda vörunnar og hins vegar frá sjónarhóli neytenda. Fyrrgreindi samanburðurinn tekur til kostnaðarliða framleiðslunnar og ber saman hvernig þeir þróast hlutfallslega hér og í samkeppnislöndunum. Hinn samanburðurinn tekur til þróunar á verðlagi þeirrar vöru og þjónustu sem ferðamenn neyta og tilgreinir um hvort verðlag hefur óhagstæðari þróun fyrir ferðamenn hér eða í samkeppnislöndunum.

Þar sem kostnaður ferðaþjónustu er að stórum hluta launakostnaður, þá gefur samanburður á launaþróun hér og í samkeppnislöndunum vísbendingu um þróun samkeppnisstöðu innlendra aðila. Hækki til að mynda laun meira hér á landi en í helstu samkeppnislöndum á ákveðnu tímabili, mælt í sömu mynt, þá hefur samkeppnisstaða hérlendra aðila versnað. Gengisskráning krónunnar er því afar þýðingarmikið atriði. Á þeim tímum þegar gengi krónunnar er haldið föstu og verð á erlendum gjaldmiðlum breytist ekki af okkar völdum, en laun hækka hlutfallslega meira hér en í samkeppnislöndunum, þá er samkeppnisstaða aðila sem flytja út ferðaþjónustu, þ.e. flytja inn ferðamenn, að versna. Krónutöluhækkun launa er meiri hér en í samkeppnislöndunum og róðurinn þyngist því hlutfallslega fyrir innlenda aðila. Þetta á til dæmis við um árin 1986–88. Á hinn bóginn batnar staða þessara aðila á tímum þegar gengið breytist umfram muninn á innlendum og erlendum launabreytingum, þ.e. laun í samkeppnislöndunum hækka meira í krónum talið en laun hér á landi. Þróunin á síðasta ári var með þessum hætti.

Eftir því sem verðlag hér hækkar meira en í samkeppnislöndunum, mælt í sömu mynt, því ófýsilegri kostur verður landið okkar sem ferðamannaland og því verri er samkeppnisstaðan.

Ef fá á mynd af þróun samkeppnisstöðunnar á þennan kvarða þá er verðlag hér sett í hlutfall við meðalverðlag í samkeppnislöndunum og breytingin skoðuð yfir tiltekinn tíma.

Sá hlutfallslegi samanburður sem hér greinir, bæði á launakostnaði og verðlagi, eru tveir mælikvarðar raungengis. Í Seðlabankanum er raungengið reiknað reglulega og einstök lönd hafa vægi eftir viðskiptum okkar við þau. Það liggur ekki fyrir hver eru okkar helstu samkeppnislönd í ferðaþjónustu og því er ekki unnt að reikna út sérstakt raungengi miðað við launakostnað eða verðlag samkvæmt því. Sá mælikvarði sem liggur fyrir gefur engu að síður ákveðnar vísbendingar og hugmynd um hvernig sértækari úrvinnsla yrði. Meðfylgjandi mynd varpar ljósi á þróun samkeppnisstöðunnar á milli ára með þessum fyrirvörum. Annar ferillinn lýsir þróun á hlutfalli launakostnaðar hér og í samkeppnislöndunum og hinn ferillinn lýsir þróun á hlutfalli verðlags miðað við framfærsluvísitölu. Þau ár sem ferlarnir eru á uppleið er kostnaðar- og verðlagsþróun innlendum aðilum óhagstæð og því er samkeppnisstaðan að versna. Þá er gengi krónunnar ekki breytt nægilega til að jafna muninn á innlendri og erlendri kostnaðar og verðlagsþróun. Gengisskráningin hefur löngum tekið mið af afkomu í sjávarútvegi. Það getur og hefur gert öðrum atvinnugreinum erfitt fyrir. Til að mynda geta batnandi viðskiptakjör í sjávarútvegi, og þar með aukið gengisþol orðið til þess að raungenginu er leyft að hækka.

Það kemur illa niður á þeim útflutnings- og samkeppnisgreinum sem ekki búa við bætt viðskiptakjör. Ýmislegt hefur verið sagt og ritað um þetta erfiða sambýli við sjávarútveginn og skal ekki farið frekar út í þá sálma hér.

Nánari útfærsla á sértækum raungengisútreikningum eða sérstakri vísitölu samkeppnisstöðu fyrir ferðaþjónustu fæli eftirfarandi í sér: Á framleiðslukostnaðarhlið væri tekið tillit til fleiri kostnaðarþátta en launakostnaðar og hverjum þætti gefið viðeigandi vægi. Á eftirspurnarhlið væru teknar út þær vörur og sú þjónusta sem ferðamenn neyta og hönnuð sérstök framfærsluvísitala ferðamanna. Í þeirri vísitölu hefðu verð á matvælum, gistingu og samgöngum meira vægi en fram kemur í framfærsluvísitölunni. Enn fremur þarf að fá vitneskju um hverjir okkar samkeppnisaðilar eru á þessu sviði. Það má til dæmis gera með könnun á meðal ferðamanna sem hingað koma og spyrja hvert þeir hefðu annars farið ef ekki hingað, þ.e. hverjir valkostirnir eru. Enn fremur fengist þá vitneskja um hverjir það eru sem hingað koma og í hvaða erindum. Hvort þeir sækja fundi eða ráðstefnur, njóta einstakrar náttúrufegurðar eða sækja sér heilsubót. Slík upplýsingasöfnun er ekki einungis gagnleg fyrir þetta verk, heldur einnig fyrir þá sem sjá um kynningu á landinu okkar erlendis.

Rétt er að hafa í huga að samanburðurinn verði sem einfaldastur. Þau gögn sem liggja til grundvallar þurfa að vera aðgengileg svo framkvæma megi útreikninga á þróun samkeppnisstöðunnar með skömmum fyrirvara. Einfaldleikinn má þó ekki vera á kostnað áreiðanleika.

Raungengi íslensku krónunnar á tvo kvarða
1971–1989.
Meðaltal 1971–1979=100.

	Laun	breyt.	Verðlag	breyt.
1971	96.6		88.3	
1972	107.6	11.4%	92.1	4.3%
1973	112.6	4.6%	102.8	11.6%
1974	134.4	19.4%	116.8	13.6%
1975	93.6	-30.4%	92.8	-20.5%
1976	102.7	9.7%	103.7	11.7%
1977	110.3	7.4%	113.5	9.5%
1978	102.9	-6.7%	1005.7	-6.9%
1979	97.2	-5.5%	100.4	-5.0%
1980	96.6	-0.6%	100.4	0.0%
1981	102.9	6.5%	105.9	5.5%
1982	96.6	-6.1%	97.7	-7.7%
1983	81.2	-15.9%	90.3	-7.6%
1984	81.3	0.1%	94.4	4.5%
1985	83.8	3.1%	93.3	-1.2%
1986	84.0	0.2%	93.1	-0.2%
1987	102.5	22.0%	102.7	10.3%
1988	113.4	10.6%	106.2	3.4%
1989	99.2	-12.5%	98.1	-7.6%

RAUNGENGI ÍSLENSKU KRÓNUNNAR Á TVO KVARÐA 1971–89
VÍSBENDING UM ÞRÓUN SAMKEPPNISSTÖÐU FERÐAÞJÓNUSTU
Meðaltal 1971–89=100

Kristinn Karlsson:

III.

Tölfræðilegar upplýsingar um fjölda ferðamanna til landsins, fjölda gistinátta, útgjöld til ferðamála í vísitölu framfærslukostnaðar o.fl.

Meðfylgjandi tölfræðilegar upplýsingar um ferðamál eru teknar saman á Hagstofu Íslands. **Töflur I til IV** sýna úrvinnslu á mánaðarlegum tölum Útlendingaeftirlits um komu farþega til landsins. Frá árinu 1951 hefur birtst í *Hagtíðindum* ár hvert samantekt á talningu Útlendingaeftirlits. **Tafla I** (og línurit 1, sem byggir á þeirri töflu) sýnir fjölda farþega sem koma til landsins árin 1949 til 1989, skipt eftir þjóðerni fjölmennustu hópa. **Tafla II** (og línurit 2) og **tafla III** (hlutfallsleg skipting) sýna fjölda farþega til landsins síðustu níu árin skipt eftir ríkisfangi, og kemur hér fram meiri sundurliðun, en í töflunni á undan. **Tafla IV** (og línurit 3a, b og c) sýnir loks komu farþega til landsins hvern þriðjung áranna 1983 til 1989.

Tafla V (og línurit 4) sýnir fjölda farþega og ökutækja til landsins árin 1981 til 1989. Þessi samantekt er byggð á upplýsingum frá ferðaskrifstofunni Austfar hf. á Seyðisfirði (fjöldi farþega með ferjum Smyril Line), og sýslumannsembættinu á Seyðisfirði (fjöldi ökutækja með ferjum Smyril Line), en auk þess voru upplýsingar fengnar frá Tollstjóraembættinu í Reykjavík.

Töflur VI til IX (og línurit 5) eru byggðar á gistináttatalningu Hagstofu Íslands, sem hófst í júní 1984. Töflurnar sýna fjölda gististaða og gistinátta, annars vegar á öllum hótelum og gistiheimilum frá júní 1984 til 1988, hins vegar á farfuglaheimilum og gististöðum með farfuglasniði frá sama tíma til ársloka 1989. Heimtur frá farfuglaheimilum hafa verið 100%. Heimtur frá hótelum og gistiheimilum hafa einnig verið mjög góðar eða að jafnaði yfir 80%. Þar sem gistirými á hótelum hefur verið þekkt hafa á grundvelli þessara upplýsinga verið áætlaðar tölur um gistináttafjölda hjá þeim aðilum sem ekki hafa skilað. Nánari sundurliðun þessara upplýsinga og upplýsingar um gistinætur á öðrum tegundum gististaða, þar sem heimtur hafa verið mun lakari, mun liggja fyrir á næstunni.


Tafla X (og línurit 6) sýnir þrjár undirvísitölur vísitölu framfærslukostnaðar, hvern mánuð frá 1984 til 1989. Hér er um að ræða þær undirvísitölur, sem taka til veitinga- og ferðakostnaðar. Það er liður 83 Veitingahúsa- og hótelþjónustu í vísitölunni, sem skiptist í 831 Veitingahús og kaffihús, 832 Ferðalög til útlanda og loks 833 Hótelkostnaður og hópferðir. Fyrsti liðurinn byggir á mánaðarlegri verðupptöku á veitinga- og kaffihúsum í Reykjavík. Liður tvö byggir á verðupptöku á orlofsferðum til útlanda. Loks er síðasti liðurinn byggður á gistingu á Eddu hótelum og hópferðum um hálendið. Á línuriti 6 er gerður samanburður á þróun vísitölu veitinga- og kaffihúsa, ferðalaga til útlanda og framfærsluvísitölunnar sjálfrar, en veitinga og kaffihúsaliðurinn er sá af þessum þremur sem mest segir um kostnað erlendra ferðamanna.

HAGSTOFA ÍSLANDS.

TAFLA I. **FJÖLDI FARÞEGA TIL LANDSINS 1949 TIL 1989**

	ÍSLEND-INGAR	Útlendingar.					ÚTLEND-INGAR ALLS	FAR-ÞEGAR ALLS
		Norður-landabúar	Bretar	V-Þjóð-verjar	Banda-ríkjamenn	Önnur lönd		
Fjöldi.								
1949	**6.376**	1.773	796	580	1.810	353	**5.312**	**11.688**
1950	**4.312**	1.824	717	200	1.340	302	**4.383**	**8.695**
1951	**4.780**	1.646	920	175	1.003	340	**4.084**	**8.864**
1952	**4.943**	2.031	1.023	206	1.137	426	**4.823**	**9.766**
1953	**5.183**	1.878	737	272	3.024	469	**6.380**	**11.563**
1954	**6.566**	2.907	584	424	2.452	476	**6.843**	**13.409**
1955	**7.112**	3.682	648	648	3.778	718	**9.474**	**16.586**
1956	**8.751**	4.210	779	812	2.872	844	**9.517**	**18.268**
1957	**8.858**	4.339	854	785	2.432	869	**9.279**	**18.137**
1958	**8.239**	4.940	919	883	2.512	857	**10.111**	**18.350**
1959	**9.712**	6.352	870	1.162	2.942	970	**12.296**	**22.008**
1960	**9.491**	6.092	1.162	1.257	3.123	1.172	**12.806**	**22.297**
1961	**10.078**	5.215	1.705	1.494	3.700	1.402	**13.516**	**23.594**
1962	**11.227**	6.848	2.155	1.725	4.561	1.960	**17.249**	**28.476**
1963	**13.124**	6.406	2.520	1.974	4.376	2.299	**17.575**	**30.699**
1964	**16.746**	8.048	2.980	2.603	6.180	3.158	**22.969**	**39.715**
1965	**18.679**	10.353	3.114	3.374	7.997	4.041	**28.879**	**47.558**
1966	**23.147**	9.857	3.718	4.580	11.756	4.822	**34.733**	**57.880**
1967	**26.368**	9.120	4.515	3.991	13.191	6.911	**37.728**	**64.096**
1968	**20.848**	9.835	3.968	4.231	15.278	7.135	**40.447**	**61.295**
1969	**19.482**	9.023	4.637	4.621	17.934	7.884	**44.099**	**63.581**
1970	**26.899**	10.600	5.295	5.497	22.352	9.164	**52.908**	**79.807**
1971	**32.205**	10.363	5.785	6.460	27.588	10.523	**60.719**	**92.924**
1972	**37.807**	12.972	7.127	7.369	28.124	12.434	**68.026**	**105.833**
1973	**47.661**	17.886	5.317	8.084	29.499	13.233	**74.019**	**121.680**
1974	**54.941**	16.947	4.603	7.872	26.587	12.467	**68.476**	**123.417**
1975	**51.438**	18.967	5.649	7.966	25.053	14.041	**71.676**	**123.114**
1976	**59.879**	17.185	3.305	10.147	24.095	15.448	**70.180**	**130.059**
1977	**70.992**	17.920	4.648	11.390	**22.574**	16.158	**72.690**	**143.682**
1978	**80.273**	19.194	5.529	11.942	23.512	15.523	**75.700**	**155.973**
1979	**73.489**	20.990	6.761	9.761	22.525	16.875	**76.912**	**150.401**
1980	**69.270**	19.673	6.876	9.112	15.260	15.000	**65.921**	**135.191**
1981	**77.825**	20.145	7.880	9.160	17.904	16.809	**71.898**	**149.723**
1982	**85.314**	19.563	7.276	8.595	20.824	16.342	**72.600**	**157.914**
1983	**79.695**	19.385	8.868	8.821	24.915	15.603	**77.592**	**157.287**
1984	**89.728**	22.416	9.398	9.615	27.293	16.468	**85.190**	**174.918**
1985	**95.662**	28.374	9.720	9.419	31.633	18.297	**97.443**	**193.105**
1986	**111.621**	34.541	10.264	13.601	32.700	22.422	**113.528**	**225.149**
1987	**142.797**	45.073	10.597	14.011	35.669	23.965	**129.315**	**272.112**
1988	**149.211**	47.463	10.525	15.588	28.724	26.523	**128.823**	**278.034**
1989	**142.579**	46.059	11.990	18.316	22.952	31.186	**130.503**	**273.082**
Hlutfallsleg skipting.								
1949	**54,6%**	15,2%	6,8%	5,0%	15,5%	3,0%	**45,4%**	**100,0%**
1954	**49,0%**	21,7%	4,4%	3,2%	18,3%	3,5%	**51,0%**	**100,0%**
1959	**44,1%**	28,9%	4,0%	5,3%	13,4%	4,4%	**55,9%**	**100,0%**
1964	**42,2%**	20,3%	7,5%	6,6%	15,6%	8,0%	**57,8%**	**100,0%**
1969	**30,6%**	14,2%	7,3%	7,3%	28,2%	12,4%	**69,4%**	**100,0%**
1974	**44,5%**	13,7%	3,7%	6,4%	21,5%	10,1%	**55,5%**	**100,0%**
1979	**48,9%**	14,0%	4,5%	6,5%	15,0%	11,2%	**51,1%**	**100,0%**
1984	**51,3%**	12,8%	5,4%	5,5%	15,6%	9,4%	**48,7%**	**100,0%**
1989	**52,2%**	16,9%	4,4%	6,7%	8,4%	11,4%	**47,8%**	**100,0%**
Breyting milli ára (%).								
1949	.	.	.	.	.	.	.	.
1954	**3,0**	64,0	-26,6	-26,9	35,5	34,8	**28,8**	**14,7**
1959	**47,9**	118,5	49,0	174,1	20,0	103,8	**79,7**	**64,1**
1964	**72,4**	26,7	242,5	124,0	110,1	225,6	**86,8**	**80,5**
1969	**16,3**	12,1	55,6	77,5	190,2	149,7	**92,0**	**60,1**
1974	**182,0**	87,8	-0,7	70,4	48,2	58,1	**55,3**	**94,1**
1979	**33,8**	23,9	46,9	24,0	-15,3	35,4	**12,3**	**21,9**
1984	**22,1**	6,8	39,0	-1,5	21,2	-2,4	**10,8**	**16,3**
1989	**58,9**	105,5	27,6	90,5	-15,9	89,4	**53,2**	**56,1**

Línurit 1. FJÖLDI FARÞEGA TIL LANDSINS 1949 TIL 1989



HAGSTOFA ÍSLANDS.

TAFLA II. **FARÞEGAR TIL LANDSINS 1981 TIL 1989 SKIPT EFTIR RÍKISFANGI (fjöldatölur)**


	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989
Farþegar alls	**149.723**	**157.914**	**157.287**	**174.918**	**193.105**	**225.149**	**272.112**	**278.034**	**273.082**
Íslendingar	**77.825**	**85.314**	**79.695**	**89.728**	**95.662**	**111.621**	**142.797**	**149.211**	**142.579**
Útlendingar	**71.898**	**72.600**	**77.592**	**85.190**	**97.443**	**113.528**	**129.315**	**128.823**	**130.503**
Útlendingar, alls	**71.898**	**72.600**	**77.592**	**85.190**	**97.443**	**113.528**	**129.315**	**128.823**	**130.503**
Norðurlönd, alls	**20.595**	**19.563**	**19.385**	**22.416**	**28.374**	**34.541**	**45.073**	**47.463**	**46.059**
Danmörk	7.839	6.846	6.665	7.659	9.946	12.841	16.191	16.398	16.159
Noregur	5.062	5.268	5.345	6.055	7.665	8.757	10.165	10.067	9.061
Svíþjóð	6.303	5.820	5.554	6.699	8.167	10.478	15.614	17.322	16.430
Finnland	1.391	1.629	1.821	2.003	2.596	2.465	3.103	3.676	4.409
Evrópulönd utan Norðurlanda, alls	**30.557**	**29.176**	**30.308**	**32.581**	**33.748**	**42.285**	**44.073**	**48.139**	**56.737**
EFTA-lönd utan Norðurlanda, alls	**4.455**	**3.862**	**3.944**	**4.235**	**5.066**	**5.385**	**5.642**	**6.132**	**8.076**
Austurríki	1.039	892	1.252	1.473	2.235	2.237	2.359	2.142	3.171
Portúgal	58	87	79	65	76	163	276	170	141
Sviss(Liecht.)	3.358	2.883	2.613	2.697	2.755	2.985	3.007	3.820	4.764
Efnahagsbandalagslönd utan Norðurlanda, alls	**25.029**	**24.103**	**25.356**	**27.385**	**27.572**	**35.182**	**36.694**	**39.596**	**46.085**
Frakkland	4.251	4.429	3.922	4.846	4.483	5.617	5.311	6.141	8.187
V-Þýskaland	9.091	8.518	8.765	9.615	9.419	13.601	14.011	15.588	18.316
Ítalía	821	903	1.053	1.037	1.170	2.119	2.699	2.801	2.981
Holland	1.569	1.707	1.506	1.610	1.653	2.309	2.419	2.832	2.516
Stóra-Bretland	7.880	7.276	8.868	9.398	9.720	10.264	10.579	10.525	11.990
Önnur Efnah.b.l.	1.417	1.270	1.242	879	1.127	1.272	1.675	1.709	2.095
Austur-Evrópulönd, alls	**570**	**564**	**464**	**544**	**467**	**942**	**902**	**1.220**	**1.268**
Sovétríkin	235	267	196	211	204	503	240	342	321
Önnur A-Evrópulönd	335	297	268	333	263	439	662	878	947
Önnur Evrópulönd, alls	**503**	**647**	**544**	**417**	**643**	**776**	**835**	**1.191**	**1.308**
Spánn	270	500	440	277	457	425	524	849	849
Önnur lönd	233	147	104	140	186	351	311	342	459
Afríka, alls	**267**	**180**	**237**	**195**	**194**	**268**	**313**	**341**	396
Norður-Ameríka, alls	**18.795**	**21.827**	**25.953**	**28.294**	**32.919**	**33.895**	**36.955**	**30.001**	**24.244**
Bandaríkin	17.904	20.824	24.915	27.293	31.633	32.700	35.669	28.724	22.952
Kanada	891	1.003	1.038	1.001	1.286	1.195	1.286	1.277	1.292
Mið- og Suður- Ameríka, all	**352**	**410**	**270**	**289**	**334**	**382**	**307**	**431**	371
Mexíkó	165	130	82	103	144	55	46	70	52
Önnur lönd	187	280	188	186	190	327	261	361	319
Asía, alls	**811**	**774**	**966**	**959**	**1.304**	**1.486**	**1.915**	**1.703**	**2.050**
Japan	339	386	453	539	716	857	1.000	993	1.254
Önnur lönd	472	388	513	420	588	629	915	710	796
Eyjaálfa, alls	**503**	**617**	**438**	**426**	**537**	**625**	**624**	**708**	620
Ríkisfangslausir, alls	**18**	**53**	**35**	**30**	**33**	**46**	**55**	**37**	**26**

HAGSTOFA ÍSLANDS.

TAFLA III. **HLUTFALLSLEG SKIPTING FARÞEGA TIL LANDSINS 1981 TIL 1989 SKIPT EFTIR RÍKISFANGI (%)**

	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989
Farþegar alls	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**
Íslendingar	**52,0**	**54,0**	**50,7**	**51,3**	**49,5**	**49,6**	**52,5**	**53,7**	**52,2**
Útlendingar	**48,0**	**46,0**	**49,3**	**48,7**	**50,5**	**50,4**	**47,5**	**46,3**	**47,8**
Útlendingar, alls	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**
Norðurlönd, alls	**28,6**	**26,9**	**25,0**	**26,3**	**29,1**	**30,4**	**34,9**	**36,8**	**35,3**
Danmörk	10,9	9,4	8,6	9,0	10,2	11,3	12,5	12,7	12,4
Noregur	7,0	7,3	6,9	7,1	7,9	7,7	7,9	7,8	6,9
Svíþjóð	8,8	8,0	7,2	7,9	8,4	9,2	12,1	13,4	12,6
Finnland	1,9	2,2	2,3	2,4	2,7	2,2	2,4	2,9	3,4
Evrópulönd utan Norðurlanda, alls	**42,5**	**40,2**	**39,1**	**38,2**	**34,6**	**37,2**	**34,1**	**37,4**	**43,5**
EFTA-lönd utan Norðurlanda, alls	**6,2**	**5,3**	**5,1**	**5,0**	**5,2**	**4,7**	**4,4**	**4,8**	**6,2**
Austurríki	1,4	1,2	1,6	1,7	2,3	2,0	1,8	1,7	2,4
Portúgal	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,2	0,1	0,1
Sviss(Liecht.)	4,7	4,0	3,4	3,2	2,8	2,6	2,3	3,0	3,7
Efnahagsbandalagslönd utan Norðurlanda, alls	**34,8**	**33,2**	**32,7**	**32,1**	**28,3**	**31,0**	**28,4**	**30,7**	**35,3**
Frakkland	5,9	6,1	5,1	5,7	4,6	4,9	4,1	4,8	6,3
V-Þýskaland	12,6	11,7	11,3	11,3	9,7	12,0	10,8	12,1	14,0
Ítalía	1,1	1,2	1,4	1,2	1,2	1,9	2,1	2,2	2,3
Holland	2,2	2,4	1,9	1,9	1,7	2,0	1,9	2,2	1,9
Stóra-Bretland	11,0	10,0	11,4	11,0	10,0	9,0	8,2	8,2	9,2
Önnur Efnah.b.l.	2,0	1,7	1,6	1,0	1,2	1,1	1,3	1,3	1,6
Austur-Evrópulönd, alls	**0,8**	**0,8**	**0,6**	**0,6**	**0,5**	**0,8**	**0,7**	**0,9**	**1,0**
Sovétríkin	0,3	0,4	0,3	0,2	0,2	0,4	0,2	0,3	0,2
Önnur A-Evrópulönd	0,5	0,4	0,3	0,4	0,3	0,4	0,5	0,7	0,7
Önnur Evrópulönd, alls	**0,7**	**0,9**	**0,7**	**0,5**	**0,7**	**0,7**	**0,6**	**0,9**	**1,0**
Spánn	0,4	0,7	0,6	0,3	0,5	0,4	0,4	0,7	0,7
Önnur lönd	0,3	0,2	0,1	0,2	0,2	0,3	0,2	0,3	0,4
Afríka, alls	**0,4**	**0,2**	**0,3**	**0,2**	**0,2**	**0,2**	**0,2**	**0,3**	**0,3**
Norður-Ameríka, alls	**26,1**	**30,1**	**33,4**	**33,2**	**33,8**	**29,9**	**28,6**	**23,3**	**18,6**
Bandaríkin	24,9	28,7	32,1	32,0	32,5	28,8	27,6	22,3	17,6
Kanada	1,2	1,4	1,3	1,2	1,3	1,1	1,0	1,0	1,0
Mið- og Suður- Ameríka, alls	**0,5**	**0,6**	**0,3**	**0,3**	**0,3**	**0,3**	**0,2**	**0,3**	**0,3**
Mexíkó	0,2	0,2	0,1	0,1	0,1	0,0	0,0	0,1	0,0
Önnur lönd	0,3	0,4	0,2	0,2	0,2	0,3	0,2	0,3	0,2
Asía, alls	**1,1**	**1,1**	**1,2**	**1,1**	**1,3**	**1,3**	**1,5**	**1,3**	**1,6**
Japan	0,5	0,5	0,6	0,6	0,7	0,8	0,8	0,8	1,0
Önnur lönd	0,7	0,5	0,7	0,5	0,6	0,6	0,7	0,6	0,6
Eyjaálfa, alls	**0,7**	**0,8**	**0,6**	**0,5**	**0,6**	**0,6**	**0,5**	**0,5**	**0,5**
Ríkisfangslausir, alls	**0,0**	**0,1**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**


Línurit 2. ERLENDIR FARÞEGAR TIL LANDSINS 1981 TIL 1989




HAGSTOFA ÍSLANDS.

TAFLA IV. Farþegar til landsins ársþriðjungslega 1983 til 1989.


	Janúar til apríl			Maí til ágúst			Sept. til desember			ALLS:		
	Fjöldi	%	Breyt. frá fyrra ári	Fjöldi	%	Breyt. frá fyrra ári	Fjöldi	%	Breyt. frá fyrra ári	Fjöldi	%	Breyt. frá fyrra ári
Farþegar alls												
1983	26.847	17,1	.	89.639	57,0	.	40.801	25,9	.	157.287	100,0	.
1984	28.832	16,5	*7,4*	100.002	57,2	*11,6*	46.084	26,3	*12,9*	174.918	100,0	*11,2*
1985	34.531	17,9	*19,8*	105.266	54,5	*5,3*	53.308	27,6	*15,7*	193.105	100,0	*10,4*
1986	36.772	16,3	*6,5*	120.848	53,7	*14,8*	67.529	30,0	*26,7*	225.149	100,0	*16,6*
1987	47.457	17,4	*29,1*	143.313	52,7	*18,6*	81.342	29,9	*20,5*	272.112	100,0	*20,9*
1988	52.420	18,9	*10,5*	144.779	52,1	*1,0*	80.835	29,1	*-0,6*	278.034	100,0	*2,2*
1989	54.090	19,8	*3,2*	147.316	53,9	*1,8*	71.676	26,2	*-11,3*	273.082	100,0	*-1,8*
Útlendingar												
1983	10.917	14,1	.	50.943	65,7	.	15.732	20,3	.	77.592	100,0	.
1984	12.309	14,4	*12,8*	57.049	67,0	*12,0*	15.832	18,6	*0,6*	85.190	100,0	*9,8*
1985	14.682	15,1	*19,3*	60.899	62,5	*6,7*	21.862	22,4	*38,1*	97.443	100,0	*14,4*
1986	16.083	14,2	*9,5*	70.509	62,1	*15,8*	26.936	23,7	*23,2*	113.528	100,0	*16,5*
1987	21.207	16,4	*31,9*	78.097	60,4	*10,8*	30.011	23,2	*11,4*	129.315	100,0	*13,9*
1988	21.451	16,7	*1,2*	78.612	61,0	*0,7*	28.760	22,3	*-4,2*	128.823	100,0	*-0,4*
1989	22.645	17,4	*5,6*	82.709	63,4	*5,2*	25.149	19,3	*-12,6*	130.503	100,0	*1,3*
Íslendingar												
1983	15.930	20,0	.	38.696	48,6	.	25.069	31,5	.	79.695	100,0	.
1984	16.523	18,4	*3,7*	42.953	47,9	*11,0*	30.252	33,7	*20,7*	89.728	100,0	*12,6*
1985	19.849	20,7	*20,1*	44.367	46,4	*3,3*	31.446	32,9	*3,9*	95.662	100,0	*6,6*
1986	20.689	18,5	*4,2*	50.339	45,1	*13,5*	40.593	36,4	*29,1*	111.621	100,0	*16,7*
1987	26.250	18,4	*26,9*	65.216	45,7	*29,6*	51.331	35,9	*26,5*	142.797	100,0	*27,9*
1988	30.969	20,8	*18,0*	66.167	44,3	*1,5*	52.075	34,9	*1,4*	149.211	100,0	*4,5*
1989	31.445	22,1	*1,5*	64.607	45,3	*-2,4*	46.527	32,6	*-10,7*	142.579	100,0	*-4,4*


Línurit 3a. FARÞEGAR TIL LANDSINS ÁRSÞRIÐJUNGSLEGA 1983-1989
160.000
140.000
120.000
100.000
80.000
60.000
40.000
20.000
1983
1984
1985
1986
1987
1988
1989
Janúar til apríl
Maí til ágúst
Sept. til desember

Línurit 3b. ERLENDIR FARÞEGAR TIL LANDSINS ÁRSÞRIÐJUNGSLEGA 1983 TIL 1989



Línurit 3c. ÍSLENSKIR FARÞEGAR TIL LANDSINS ÁRSÞRIÐJUNGSLEGA 1983 TIL 1989




HAGSTOFA ÍSLANDS.

TAFLA V. **Farþegar og ökutæki með bílferjum til landsins 1981 til 1988.**

	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989
	fj.	fj.	fj.	fj.	fj.	fj.	fj.	fj.	fj.
Fjöldi									
Farþegar alls *)	**4.844**	**5.194**	**9.821**	**5.639**	**5.600**	**6.489**	**6.181**	**7.110**	**7.189**
Breytingar milli ára %	19,3	7,2	89,1	-42,6	-0,7	15,9	-4,7	15,0	1,1
Íslendingar	**984**	**838**	**4.405**	**1.595**	**1.703**	**1.651**	**1.666**	**1.938**	**1.729**
Útlendingar, alls	**3.860**	**4.356**	**5.416**	**4.044**	**3.897**	**4.838**	**4.515**	**5.172**	**5.460**
Norðurlandabúar	.	.	.	1.146	1.105	1.744	1.421	1.583	1.402
Aðrir vestur Evrópubúar	.	.	.	2.798	2.700	3.012	3.038	3.532	3.961
þar af: Vestur Þjóðverjar	.	.	.	1.425	1.589	1.747	1.736	2.096	2.360
Allir aðrir útlendingar	.	.	.	100	92	82	56	57	97
Ökutæki alls	.	.	**2.055**	**1.543**	**1.324**	**1.425**	**1.866**	**1.962**	**2.302**
Breytingar milli ára %	.	.	.	-24,9	-14,2	7,6	30,9	5,1	17,3
Á erl.skráninganr.	.	.	1.518	1.272	1.186	1.112	1.624	1.636	1.910
Á ísl.skráninganr.	.	.	537	271	138	313	242	326	392
Hlutfallsleg skipting.									
Farþegar alls	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Íslendingar	20,3%	16,1%	44,9%	28,3%	30,4%	25,4%	27,0%	27,3%	24,1%
Útlendingar, alls	79,7%	83,9%	55,1%	71,7%	69,6%	74,6%	73,0%	72,7%	75,9%
Norðurlandabúar	.	.	.	20,3%	19,7%	26,9%	23,0%	22,3%	19,5%
Aðrir vestur Evrópubúar	.	.	.	49,6%	48,2%	46,4%	49,2%	49,7%	55,1%
þar af: Vestur Þjóðverjar	.	.	.	25,3%	28,4%	26,9%	28,1%	29,5%	32,8%
Allir aðrir útlendingar	.	.	.	1,8%	1,6%	1,3%	0,9%	0,8%	1,3%
Ökutæki alls	.	.	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Á erl.skráninganr.	.	.	73,9%	82,4%	89,6%	78,0%	87,0%	83,4%	83,0%
Á ísl.skráninganr.	.	.	26,1%	17,6%	10,4%	22,0%	13,0%	16,6%	17,0%

*) Öll árin var í ferðum til Seyðisfjarðar ferja í eigu færeyska skipafélagsins Smyril line, 1981 og 1982 ferjan Smyrill, en frá 1983 ferjan Norröna. Árið 1983 var einnig í ferðum til landsins bílferjan Edda, sem fyrirtækið Farskip h.f. hafði á leigu. Heimahöfn þeirrar ferju var Reykjavík.

Línurit 4. FARÞEGAR OG ÖKUTÆKI MEÐ BÍLFERJUM TIL LANDSINS 1981 TIL 1988



TAFLA VI **Fjöldi hótela og gistiheimila 1984 til 1989, skipt eftir fjölda rúma og ársþriðjungum.**

		GISTISTAÐA FJÖLDI.					RÚMA FJÖLDI.					
		STÆRÐARFL.:				SAM-	STÆRÐARFL.:				SAM-	
		fj.rúma ≥19	fj.rúma 20-59	fj.rúma 60-149	fj.rúma 150≤	TALS fj.	fj.rúma ≥19	fj.rúma 20-149	fj.rúma 60-149	fj.rúma 150≤	TALS fj.	GISTIRÚMA-NÝTING
		fj.	fj.	fj.	fj.	gistist.	fj.	fj.	fj.	fj.	rúma	%
1984												
	Sumarið	23	34	25	4	**86**	308	1.322	2.107	1.045	**4.782**	**59,3**
þar af	sumarhótel	8	17	14	1	40	116	687	1.293	160	2.256	56,7
	Haustið	17	15	11	3	**46**	200	537	742	885	**2.364**	**30,7**
1985												
	Vorið	18	15	11	3	**47**	207	538	732	885	**2.362**	**31,4**
	Sumarið	23	33	28	4	**88**	289	1.253	2.280	1.047	**4.869**	**54,3**
þar af	sumarhótel	6	18	12	1	37	78	696	1.177	162	2.113	51,3
	Haustið	21	15	12	3	**51**	246	572	814	885	**2.517**	**34,2**
1986												
	Vorið	24	15	13	3	**55**	281	526	872	885	**2.564**	**32,4**
	Sumarið	32	45	27	4	**108**	415	1.696	2.312	1.158	**5.581**	**56,6**
þar af	sumarhótel	7	20	12	1	40	93	752	1.154	160	2.159	51,6
	Haustið	27	22	13	3	**65**	337	832	975	998	**3.142**	**36,0**
1987												
	Vorið	26	17	17	3	**63**	328	541	1.201	983	**3.053**	**33,6**
	Sumarið	38	37	40	5	**120**	512	1.187	3.144	1.422	**6.265**	**55,1**
þar af	sumarhótel	14	16	18	1	49	190	509	1.543	160	2.402	51,0
	Haustið	28	20	18	4	**70**	354	661	1.281	1.262	**3.558**	**34,5**
1988												
	Vorið	26	26	14	4	**70**	310	897	1.084	1.262	**3.553**	**29,8**
	Sumarið	37	48	30	5	**120**	505	1.789	2.599	1.422	**6.315**	**50,8**
þar af	sumarhótel	7	22	13	1	43	174	830	1.178	160	2.342	46,4
	Haustið	26	25	17	4	**72**	322	864	1.349	1.262	**3.797**	**30,5**
1989												
	Vorið	27	21	19	4	**71**	346	674	1.439	1.264	**3.723**	**27,6**
	Sumarið	34	39	40	6	**119**	455	1.246	3.120	1.580	**6.401**	**54,9**
þar af	sumarhótel	11	18	17	1	47	167	588	1.387	160	2.302	51,7
	Haustið	24	23	19	5	**71**	290	736	1.378	1.420	**3.824**	**29,8**

TAFLA VI b. **Fjöldi hótela og gistiheimila, herbergja og rúma, og nýting 1984 til 1989, skipt eftir fjölda rúma og árstíðajungum.**

		GISTISTAÐA FJÖLDI.				HERBERGJA FJÖLDI.				RÚMA FJÖLDI.				NÝTINGHERBERGJA				NÝTINGRÚMA			
		STÆRÐARFL.:			SAM-	STÆRÐARFL.:			SAM-	STÆRÐARFL.:			SAM-	STÆRÐARFL.:			SAM-	STÆRÐARFL.:			SAM-
		≥ 19 rúm	20 -149 rúm	150≤ rúm	TALS fjöldi gistist.	≥ 19 rúm	20 -149 rúm	150≤ rúm	TALS fjöldi herbergja	≥ 19 rúm	20 -149 rúm	150≤ rúm	TALS fjöldi rúma	≥ 19 rúm	20 -149 rúm	150≤ rúm	TALS herbergja-nýting	≥ 19 rúm	20 -149 rúm	150≤ rúm	TALS rúma-nýting
		fj.	fj.	fj.		fj.	fj.	fj.		fj.	fj.	fj.		fj.	fj.	fj.		fj.	fj.	fj.	
1984																					
Sumarið	allt landið	22	59	4	85	155	1.790	539	2.484	289	3.429	1.045	4.763	54,8	61,5	89,4	68,3	51,2	56,0	69,4	59,3
þar af	sumarhótel	7	31	1	39	44	1.015	81	1.140	97	1.980	160	2.237	59,7	56,3	77,6	58,3	52,6	55,6	68,0	56,7
	Reykjavík	3	10	3	16	31	332	458	821	47	587	885	1.519	68,1	74,6	91,3	83,8	71,3	63,3	69,7	67,3
Haustið	allt landið	17	26	3	46	115	685	458	1.258	200	1.279	885	2.364	29,9	35,9	56,3	43,6	26,9	25,0	38,4	30,5
	Reykjavík	2	7	3	12	17	231	458	706	25	387	885	1.297	42,9	53,2	56,3	55,0	40,5	39,0	38,4	38,6
1985																					
Vorið	allt landið	18	26	3	47	119	677	458	1.254	208	1.270	885	2.363	26,2	35,5	59,2	44,3	21,7	23,9	42,7	31,4
	Reykjavík	2	7	3	12	17	229	458	704	24	390	885	1.299	49,4	57,9	59,2	58,5	40,5	41,3	42,7	42,2
Sumarið	allt landið	23	61	4	88	159	1.843	538	2.540	289	3.533	1.047	4.869	55,4	57,9	84,6	64,9	51,0	49,8	66,2	54,3
þar af	sumarhótel	6	30	1	37	41	960	81	1.082	78	1.873	162	2.113	54,0	54,2	69,0	55,5	52,0	50,4	60,8	51,3
	Reykjavík	3	9	3	14	31	305	457	793	47	541	885	1.473	70,5	74,4	86,5	81,3	70,9	60,9	66,9	64,9
Haustið	allt landið	21	27	3	51	141	733	457	1.331	246	1.386	885	2.517	33,4	37,2	66,7	48,8	28,6	25,2	47,0	34,2
	Reykjavík	2	7	3	12	21	238	457	716	30	410	885	1.325	47,3	60,1	66,7	64,1	45,6	43,3	47,0	45,9
1986																					
Vorið	allt landið	24	28	3	55	156	742	457	1.355	281	1.398	885	2.564	30,0	34,6	62,4	45,2	22,9	24,0	45,1	32,4
	Reykjavík	3	7	3	13	26	233	457	716	44	401	885	1.330	42,6	57,4	62,4	60,1	30,8	41,6	45,1	43,6
Sumarið	allt landið	32	72	4	108	225	2.096	593	2.914	415	4.008	1.158	5.581	53,3	61,3	89,7	68,2	48,5	52,5	68,9	56,6
þar af	sumarhótel	7	32	1	40	44	971	79	1.094	93	1.906	160	2.159	35,9	57,2	61,3	56,9	36,2	51,9	54,4	51,6
	Reykjavík	6	10	3	19	54	319	514	887	87	556	998	1.641	72,6	79,9	90,4	85,9	65,7	66,9	69,3	68,3
Haustið	allt landið	27	35	3	65	189	943	514	1.646	337	1.807	998	3.142	38,1	40,3	67,5	50,5	28,4	28,0	49,0	36,0
	Reykjavík	6	8	3	17	45	260	514	819	74	441	998	1.513	53,1	64,9	67,5	66,3	41,3	46,9	49,0	48,2
1987																					
Vorið	allt landið	26	34	3	63	183	916	514	1.613	328	1.742	983	3.053	31,1	37,6	63,8	47,1	23,4	26,0	46,5	33,6
	Reykjavík	6	7	3	16	43	238	514	795	73	401	983	1.457	49,5	63,2	63,8	63,3	36,0	45,9	46,5	46,1
Sumarið	allt landið	36	76	5	117	264	2.222	749	3.235	484	4.305	1.422	6.211	55,7	60,8	80,4	66,4	49,7	51,6	63,8	55,1
þar af	sumarhótel	13	34	1	48	89	1.042	79	1.210	173	2.052	160	2.385	41,7	56,3	80,1	57,7	37,6	49,7	70,8	51,0
	Reykjavík	7	12	4	23	61	366	670	1.097	101	639	1.262	2.002	63,3	71,0	80,5	76,9	58,2	62,5	63,2	62,8
Haustið	allt landið	27	38	4	69	194	1.018	670	1.882	341	1.942	1.262	3.545	36,7	38,2	61,6	47,4	28,6	27,6	44,8	34,5
	Reykjavík	4	9	4	17	34	295	670	999	56	513	1.262	1.831	44,3	59,5	61,6	60,6	34,2	45,5	44,8	44,7
1988																					
Vorið	allt landið	26	39	4	69	175	1.013	670	1.858	310	1.953	1.262	3.525	33,9	34,4	52,6	41,7	24,8	24,6	37,6	29,8
	Reykjavík	5	9	4	18	36	296	670	1.002	62	521	1.262	1.845	48,9	51,5	52,6	52,2	37,7	39,2	37,6	38,0
Sumarið	allt landið	37	78	5	120	272	2.277	749	3.298	505	4.388	1.422	6.315	47,0	54,5	79,6	61,3	40,9	46,9	62,5	51,1
þar af	sumarhótel	11	35	1	47	87	1.043	79	1.209	174	2.008	160	2.342	42,8	49,1	75,4	50,7	39,3	45,4	64,3	46,4
	Reykjavík	8	12	4	24	72	386	670	1.128	124	694	1.262	2.080	58,2	68,5	80,0	75,1	48,6	58,1	62,3	60,3
Haustið	allt landið	26	42	4	72	181	1.145	670	1.996	322	2.213	1.262	3.797	41,2	32,9	56,2	42,2	31,3	23,9	40,4	30,5
	Reykjavík	4	10	4	18	35	324	670	1.029	61	578	1.262	1.901	46,2	47,8	56,2	53,3	30,6	37,0	40,4	39,1
1989																					
Vorið	allt landið	28	40	4	72	196	1.118	671	1.984	354	2.134	1.264	3.752	34,1	32,7	46,8	38,2	23,5	23,5	33,8	27,5
	Reykjavík	4	10	4	18	36	334	671	1.041	61	597	1.264	1.922	46,8	50,3	46,8	47,9	32,3	36,9	33,8	34,7
Sumarið	allt landið	34	79	6	119	251	2.293	824	3.368	459	4.366	1.580	6.405	43,0	59,4	81,4	65,3	37,1	50,6	65,3	54,5
þar af	sumarhótel	11	36	1	48	89	1.088	79	1.256	167	2.073	160	2.400	49,0	55,7	75,4	57,0	46,6	50,4	68,2	51,7
	Reykjavík	7	13	4	24	70	404	669	1.143	111	734	1.268	2.113	64,4	74,1	84,5	80,3	60,4	61,8	67,2	65,3
Haustið	allt landið	25	42	5	72	172	1.113	745	2.030	306	2.111	1.420	3.837	26,9	34,2	48,9	40,0	22,0	23,9	35,0	28,5
	Reykjavík	3	11	4	18	27	332	669	1.028	42	596	1.268	1.906	28,9	46,7	52,7	50,2	25,3	33,3	37,6	36,0

HAGSTOFA ISLANDS.

TAFLA VI c NÝTING HÓTELA OG GISTHEIMILA 1984-89

	NÝTING HERBERGJA %	NÝTING RÚMA %
1984		
Sumarið	**68,3**	**59,3**
þar af Reykjavík	83.8	67.3
Haustið	**43.6**	**30,5**
þar af Reykjavík	55,0	38.6
1985		
Vorið	**44,3**	**31,4**
þar af Reykjavík	58,5	42,2
Sumarið	**64,9**	**54,3**
þar af Reykjavík	81,3	64,9
Haustið	**48,8**	**34,2**
þar af Reykjavík	64,1	45,9
ALLT ÁRIÐ	**55,0**	**42,7**
þar af Reykjavík	68,6	51,6
1986		
Vorið	**45,2**	**32,4**
þar af Reykjavík	60,1	43,6
Sumarið	**68,2**	**56,6**
þar af Reykjavík	85,9	68,3
Haustið	**50,5**	**36,0**
þar af Reykjavík	66,3	48,2
ALLT ÁRIÐ	**57,1**	**44,3**
þar af Reykjavík	71,5	54,1
1987		
Vorið	**47,1**	**33,6**
þar af Reykjavík	63,3	46,1
Sumarið	**66,4**	**55,1**
þar af Reykjavík	76,9	62,8
Haustið	**47,4**	**34,5**
þar af Reykjavík	60,6	44,7
ALLT ÁRIÐ	**55,6**	**43,3**
þar af Reykjavík	67,4	51,8
1988		
Vorið	**41,7**	**29,8**
þar af Reykjavík	52,2	38,0
Sumarið	**61,3**	**51,1**
þar af Reykjavík	75,1	60,3
Haustið	**42,2**	**30,5**
þar af Reykjavík	53,3	39,1
ALLT ÁRIÐ	**50,3**	**39,3**
þar af Reykjavík	60,6	46,2
1989		
Vorið	**38,2**	**27,6**
þar af Reykjavík	47,9	34,7
Sumarið	**65,3**	**54,5**
þar af Reykjavík	80,3	65,3
Haustið	**40,0**	**28,5**
þar af Reykjavík	50,2	36,0
ALLT ÁRIÐ	**50,2**	**39,2**
þar af Reykjavík	59,9	45,8

TAFLA VII a **Gistinætur á öllum hótelum og gistiheimilum 1984 til 1989, skipt eftir landsvæðum.**

	ALLT LANDIÐ		Reykjavík		Reykjanes		Vesturland		Vestfirðir		Norðurl.vestra		Norðurl.eystra		Austurland		Suðurland	
	Samtals	þar af útlendinga	Samtals	þar af útlendinga	Samtals	þar af útlendinga	Samtals	þar af útlendinga	Samtals	þar af útlendinga	Samtals	þar af útlendinga	Samtals	þar af útlendinga	Samtals	þar af útlendinga	Samtals	þar af útlendinga
JÚNÍ TIL DESEMBER 1984																		
fjöldi gesta	**324.115**	197.979	**153.844**	118.721	**1.066**	894	**27.439**	11.312	**10.963**	2.099	**14.591**	3.712	**46.775**	26.046	**28.818**	11.708	**40.619**	23.487
hlutfall (%) útlendinga af gestum		**61,1**		77,2		83,9		41,2		19,1		25,4		55,7		40,6		57,8
1985																		
fjöldi gesta	**449.007**	250.010	**254.148**	177.170	**3.421**	2.098	**29.728**	8.885	**13.796**	2.023	**17.736**	3.877	**52.933**	22.316	**33.903**	11.603	**43.342**	22.038
hlutfall (%) útlendinga af gestum		**55,7**		69,7		61,3		29,9		14,7		21,9		42,2		34,2		50,8
1986																		
fjöldi gesta	**532.793**	309.588	**288.392**	212.104	**8.660**	7.374	**29.437**	9.027	**15.684**	3.030	**20.228**	4.543	**66.922**	28.150	**42.419**	15.360	**61.051**	30.000
hlutfall (%) útlendinga af gestum		**58,1**		73,5		85,2		30,7		19,3		22,5		42,1		36,2		49,1
breyting milli ára (%)	**18,7**		13,5		153,1		-1,0		13,7		14,1		26,4		25,1		40,9	
1987																		
fjöldi gesta	**612.981**	354.707	**328.269**	242.763	**16.367**	13.086	**33.037**	13.273	**20.144**	3.187	**20.129**	4.648	**81.071**	31.788	**42.376**	14.482	**71.587**	31.480
hlutfall (%) útlendinga af gestum		**57,9**		74,0		80,0		40,2		15,8		23,1		39,2		34,2		44,0
breyting milli ára (%)	**15,1**		13,8		89,0		12,2		28,4		-0,5		21,1		-0,1		17,3	
1988																		
fjöldi gesta	**593.149**	343.130	**324.596**	239.039	**20.910**	17.307	**29.117**	8.043	**13.981**	2.393	**18.208**	4.094	**72.186**	26.963	**43.932**	13.715	**70.220**	31.575
hlutfall (%) útlendinga af gestum		**57,8**		73,6		82,8		27,6		17,1		22,5		37,4		31,2		45,0
breyting milli ára (%)	-3,2		-1,1		27,8		-11,9		-30,6		-9,5		-11,0		3,7		-1,9	
1989																		
fjöldi gesta	**603.984**	380.039	**325.167**	247.594	**23.044**	18.738	**29.673**	12.041	**15.075**	2.441	**18.316**	5.744	**76.494**	33.306	**41.586**	17.524	**74.629**	42.651
hlutfall (%) útlendinga af gestum		**62,9**		76,1		81,3		40,6		16,2		31,4		43,5		42,1		57,2
breyting milli ára (%)	**1,8**		0,2		10,2		1,9		7,8		0,6		6,0		-5,3		6,3	

TAFLA VII b **Skipting gistinátta á öllum hótelum og gistiheimilum 1984 til 1989, eftir þjóðerni gesta og ársþriðjungum.**

Gistinætur í:		Þjóðerni gesta														Fjöldi útleigðra herbergja	Breyting milli ára (%)
		Ísland	Dan-mörk	Svf-þjóð	Noreg-ur	Finn-land	Bret-land	V Þýska land	Hol-land	Frakk-land	Sviss	Annað Evrópa	Banda-ríkin	Önnur lönd	ALLS		
JÚNÍ TIL DESEMBER 1984																	
	Sumarlið	82.236	10.631	10.255	10.880	4.537	27.415	31.334	2.736	12.533	8.738	8.348	26.411	4.906	240.960	143.882	.
	þar af sumarhótel	42.113	4.038	2.777	3.078	1.058	8.768	17.131	1.246	6.734	3.780	3.309	5.212	1.441	100.685	52.852	.
	Haustlið	42.912	5.413	5.478	4.235	1.266	5.710	2.415	550	732	408	2.848	7.776	1.748	81.491	63.102	.
	SAMTALS	125.148	16.044	15.733	15.115	5.803	33.125	33.749	3.286	13.265	9.146	11.196	34.187	6.654	322.451	206.984	.
1985	Vorlið	49.218	4.735	5.335	4.552	1.385	4.504	1.756	482	749	475	3.590	5.684	2.147	84.612	63.334	.
	Sumarlið	103.059	14.881	13.251	12.579	4.234	22.896	29.332	2.196	11.527	6.921	8.739	31.662	7.659	268.936	166.817	11,6
	þar af sumarhótel	42.692	5.126	2.330	2.262	754	7.369	12.495	708	4.828	2.648	2.629	4.546	1.376	89.763	49.350	-10,8
	Haustlið	46.720	6.133	6.457	4.556	1.665	4.901	3.491	488	1.189	643	2.038	13.805	3.373	95.459	72.017	17,1
	SAMTALS	198.997	25.749	25.043	21.687	7.284	32.301	34.579	3.166	13.465	8.039	14.367	51.151	13.179	449.007	302.168	.
1986	Vorlið	53.771	5.714	6.960	4.026	768	4.226	2.037	1.088	850	209	1.551	8.201	3.124	92.525	67.955	9,4
	Sumarlið	113.029	16.015	16.847	16.372	5.271	28.305	38.478	2.272	14.848	9.330	15.591	31.044	7.303	314.705	195.729	17,0
	þar af sumarhótel	39.502	3.401	2.710	2.835	1.315	7.549	13.859	530	6.394	2.491	4.206	4.134	1.429	90.355	50.304	0,7
	Haustlið	56.405	7.524	8.366	6.401	1.164	6.800	5.257	1.268	1.761	891	4.442	19.697	5.587	125.563	92.473	31,5
	SAMTALS	223.205	29.253	32.173	26.799	7.203	39.331	45.772	4.628	17.459	10.430	21.584	58.942	16.014	532.793	356.157	18,7
1987	Vorlið	66.049	6.989	9.179	5.321	706	5.876	3.027	1.107	1.170	865	1.985	12.067	3.504	117.844	87.163	27,4
	Sumarlið	128.971	19.735	25.926	16.442	6.545	24.377	40.050	2.430	12.113	8.917	19.316	40.496	8.602	353.920	222.565	12,5
	þar af sumarhótel	46.501	3.932	4.306	3.316	1.260	6.979	16.007	798	5.749	1.959	4.298	5.095	1.832	102.031	58.850	12,9
	Haustlið	63.254	10.185	13.070	8.775	1.428	7.225	5.274	1.373	1.230	1.161	5.705	17.973	4.561	141.217	103.341	12,5
	SAMTALS	258.274	36.909	48.175	30.539	8.679	37.478	48.351	4.910	14.513	10.944	27.007	70.536	16.667	612.981	413.069	15,1
1988	Vorlið	68.254	7.997	9.092	5.033	507	6.559	4.163	829	1.134	485	3.622	9.477	4.282	121.435	89.718	3,0
	Sumarlið	123.190	18.361	29.133	16.897	9.814	23.153	38.971	3.290	12.989	10.368	18.525	26.862	10.119	341.670	213.625	-3,5
	þar af sumarhótel	44.470	2.900	4.265	2.355	2.094	5.143	14.791	697	5.308	1.678	4.355	2.746	1.519	92.319	51.826	-9,5
	Haustlið	58.576	7.884	15.346	6.241	1.082	5.766	6.904	1.127	1.718	1.846	5.047	14.137	4.371	130.044	94.824	-7,9
	SAMTALS	250.020	34.242	53.571	28.171	11.403	35.479	50.037	5.246	15.840	12.699	27.194	50.475	18.771	593.149	398.167	-3,2
1989	Vorlið	60.650	7.325	10.121	4.606	980	7.817	4.906	1.085	1.352	433	4.321	9.098	4.559	117.253	86.485	-3,4
	Sumarlið	103.867	19.033	31.944	15.553	10.432	27.822	54.705	2.753	23.067	16.197	24.478	23.750	8.788	362.389	227.353	6,1
	þar af sumarhótel	39.663	2.952	4.532	2.162	1.076	8.613	20.906	1.016	9.794	2.658	5.855	3.372	870	103.469	59.527	12,1
	Haustlið	59.428	8.304	11.434	5.203	1.978	7.921	8.272	778	1.587	1.527	4.122	9.420	4.368	124.342	92.211	-4,4
	SAMTALS	223.945	34.662	53.499	25.362	13.390	43.560	67.883	4.616	26.006	18.157	32.921	42.268	17.715	603.984	406.049	1,8

TAFLA VII c **Hlutfallsleg skipting gistinátta á öllum hótelum og gistiheimilum 1984 til 1989, eftir þjóðerni gesta og ársþriðjungum.**

Gistinætur í:		Þjóðerni gesta													
		Ísland	Dan-mörk	Sví-þjóð	Noreg-ur	Finn-land	Bret-land	V-Þýska-land	Hol-land	Frakk-land	Sviss	Annað Evrópa	Banda-ríkin	Önnur lönd	ALLS
JÚNÍ TIL DESEMBER 1984															
	Sumarið	34,1	4,4	4,3	4,5	1,9	11,4	13,0	1,1	5,2	3,6	3,5	11,0	2,0	100,0
	þar af sumarhótel	41,8	4,0	2,8	3,1	1,1	8,7	17,0	1,2	6,7	3,8	3,3	5,2	1,4	100,0
	Haustið	52,7	6,6	6,7	5,2	1,6	7,0	3,0	0,7	0,9	0,5	3,5	9,5	2,1	100,0
	SAMTALS	38,8	5,0	4,9	4,7	1,8	10,3	10,5	1,0	4,1	2,8	3,5	10,6	2,1	100,0
1985	**Vorið**	58,2	5,6	6,3	5,4	1,6	5,3	2,1	0,6	0,9	0,6	4,2	6,7	2,5	100,0
	Sumarið	38,3	5,5	4,9	4,7	1,6	8,5	10,9	0,8	4,3	2,6	3,2	11,8	2,8	100,0
	þar af sumarhótel	47,6	5,7	2,6	2,5	0,8	8,2	13,9	0,8	5,4	2,9	2,9	5,1	1,5	100,0
	Haustið	48,9	6,4	6,8	4,8	1,7	5,1	3,7	0,5	1,2	0,7	2,1	14,5	3,5	100,0
	SAMTALS	44,3	5,7	5,6	4,8	1,6	7,2	7,7	0,7	3,0	1,8	3,2	11,4	2,9	100,0
1986	**Vorið**	58,1	6,2	7,5	4,4	0,8	4,6	2,2	1,2	0,9	0,2	1,7	8,9	3,4	100,0
	Sumarið	35,9	5,1	5,4	5,2	1,7	9,0	12,2	0,7	4,7	3,0	5,0	9,9	2,3	100,0
	þar af sumarhótel	43,7	3,8	3,0	3,1	1,5	8,4	15,3	0,6	7,1	2,8	4,7	4,6	1,6	100,0
	Haustið	44,9	6,0	6,7	5,1	0,9	5,4	4,2	1,0	1,4	0,7	3,5	15,7	4,4	100,0
	SAMTALS	41,9	5,5	6,0	5,0	1,4	7,4	8,6	0,9	3,3	2,0	4,1	11,1	3,0	100,0
1987	**Vorið**	56,0	5,9	7,8	4,5	0,6	5,0	2,6	0,9	1,0	0,7	1,7	10,2	3,0	100,0
	Sumarið	36,4	5,6	7,3	4,6	1,8	6,9	11,3	0,7	3,4	2,5	5,5	11,4	2,4	100,0
	þar af sumarhótel	45,6	3,9	4,2	3,3	1,2	6,8	15,7	0,8	5,6	1,9	4,2	5,0	1,8	100,0
	Haustið	44,8	7,2	9,3	6,2	1,0	5,1	3,7	1,0	0,9	0,8	4,0	12,7	3,2	100,0
	SAMTALS	42,1	6,0	7,9	5,0	1,4	6,1	7,9	0,8	2,4	1,8	4,4	11,5	2,7	100,0
1988	**Vorið**	56,2	6,6	7,5	4,1	0,4	5,4	3,4	0,7	0,9	0,4	3,0	7,8	3,5	100,0
	Sumarið	36,1	5,4	8,5	4,9	2,9	6,8	11,4	1,0	3,8	3,0	5,4	7,9	3,0	100,0
	þar af sumarhótel	48,2	3,1	4,6	2,6	2,3	5,6	16,0	0,8	5,7	1,8	4,7	3,0	1,6	100,0
	Haustið	45,0	6,1	11,8	4,8	0,8	4,4	5,3	0,9	1,3	1,4	3,9	10,9	3,4	100,0
	SAMTALS	42,2	5,8	9,0	4,7	1,9	6,0	8,4	0,9	2,7	2,1	4,6	8,5	3,2	100,0
1989	**Vorið**	51,7	6,2	8,6	3,9	0,8	6,7	4,2	0,9	1,2	0,4	3,7	7,8	3,9	100,0
	Sumarið	28,7	5,3	8,8	4,3	2,9	7,7	15,1	0,8	6,4	4,5	6,8	6,6	2,4	100,0
	þar af sumarhótel	38,3	2,9	4,4	2,1	1,0	8,3	20,2	1,0	9,5	2,6	5,7	3,3	0,8	100,0
	Haustið	47,8	6,7	9,2	4,2	1,6	6,4	6,7	0,6	1,3	1,2	3,3	7,6	3,5	100,0
	SAMTALS	37,1	5,7	8,9	4,2	2,2	7,2	11,2	0,8	4,3	3,0	5,5	7,0	2,9	100,0

TAFLA VIII FJÖLDI FARFUGLAHEIMILA Í BANDALAGI ÍSLENSKRA FARFUGLA OG FJÖLDI GISTISTAÐA MEÐ "FARFUGLASNIÐI" 1984 TIL 1989 SKIPT EFTIR LANDSVÆÐUM.

	1984				1985				1986				1987				1988				1989			
	Fj. gisti-staða	Fjöldi gesta	Þar af útlend-ingar	% útl. af gestum	Fj. gisti-staða	Fjöldi gesta	Þar af útlend-ingar	% útl. af gestum	Fj. gisti-staða	Fjöldi gesta	Þar af útlend-ingar	% útl. af gestum	Fj. gisti-staða	Fjöldi gesta	Þar af útlend-ingar	% útl. af gestum	Fj. gisti-staða	Fjöldi gesta	Þar af útlend-ingar	% útl. af gestum	Fj. gisti-staða	Fjöldi gesta	Þar af útlend-ingar	% útl. af gestum
Vor																								
Reykjavík, alls	-	-	-	-	2	1.990	1.295	65,1	2	1.961	1.158	59,1	4	2.676	1.333	49,8	3	2.131	1.468	68,9	3	3.255	1.979	60,8
þar af í BÍF	-	-	-	-	1	1.311	1.127	86,0	1	1.236	1.150	93,0	2	921	663	72,0	2	1.240	1.130	91,1	2	1.334	1.149	86,1
Norðurland vestra	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1	16	16	100,0
þar af í BÍF	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1	16	16	100,0
Austurland	-	-	-	-	-	-	-	-	1	48	23	47,9	-	-	-	-	1	1.330	8	0,6	-	-	-	-
þar af í BÍF	-	-	-	-	-	-	-	-	1	48	23	47,9	-	-	-	-	1	1.330	8	0,6	-	-	-	-
Suðurland	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1	98	30	30,6	-	-	-	-
þar af í BÍF	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1	98	30	30,6	-	-	-	-
Vor, samtals	-	-	-	-	**2**	**1.990**	**1.295**	**65,1**	**3**	**2.009**	**1.181**	**58,8**	**4**	**2.676**	**1.333**	**49,8**	**5**	**3.559**	**1.506**	**42,3**	**4**	**3.271**	**1.995**	**61,0**
þar af í BÍF	-	-	-	-	1	1.311	1.127	86,0	2	1.284	1.173	91,4	2	921	663	72,0	4	2.668	1.168	43,8	3	1.350	1.165	86,3
Sumar																								
Reykjavík, alls	2	10.793	10.671	98,9	2	12.632	12.523	99,1	3	12.032	11.750	97,7	4	15.213	14.627	96,1	3	13.831	13.424	97,1	3	15.781	15.503	98,2
þar af í BÍF	1	9.227	9.105	98,7	1	10.739	10.668	99,3	2	10.212	10.129	99,2	2	10.469	10.309	98,5	2	10.785	10.688	99,1	2	11.220	11.079	98,7
Vesturland	-	-	-	-	1	1.096	221	20,2	1	1.654	571	34,5	1	1.700	348	20,5	1	2.470	579	23,4	1	194	83	42,8
þar af í BÍF	-	-	-	-	1	1.096	221	20,2	1	1.654	571	34,5	1	1.700	348	20,5	1	2.470	579	23,4	1	194	83	42,8
Vestfirðir	2	903	502	55,6	2	1.137	334	29,4	1	1.147	424	37,0	1	1.287	677	52,6	1	731	190	26,0	1	1.152	587	51,0
þar af í BÍF	2	903	502	55,6	1	889	330	37,1	1	1.147	424	37,0	1	1.287	677	52,6	1	731	190	26,0	1	1.152	587	51,0
Norðurland vestra	1	380	90	23,7	1	1.095	259	23,7	1	818	151	18,5	2	1.360	199	14,6	2	736	362	49,2	2	1.021	536	52,5
þar af í BÍF	1	380	90	23,7	1	1.095	259	23,7					1	115	96	83,5	1	290	256	88,3	1	433	383	88,5
Norðurland eystra	1	1.730	1.676	96,9	3	1.253	1.132	90,3	3	2.580	2.174	84,3	3	2.407	1.920	79,8	2	1.666	1.506	90,4	2	2.014	1.653	82,1
þar af í BÍF	1	1.730	1.676	96,9	3	1.253	1.132	90,3	3	2.580	2.174	84,3	3	2.407	1.920	79,8	2	1.666	1.506	90,4	2	2.014	1.653	82,1
Austurland	5	3.124	2.389	76,5	5	3.354	2.473	73,7	5	4.900	3.694	75,4	6	5.104	4.085	80,0	4	4.181	3.128	74,8	5	5.728	4.678	81,7
þar af í BÍF	5	3.124	2.389	76,5	5	3.354	2.473	73,7	5	4.900	3.694	75,4	6	5.104	4.085	80,0	4	4.181	3.128	74,8	5	5.728	4.678	81,7
Suðurland	4	1.483	1.216	82,0	5	2.779	2.310	83,1	5	3.387	2.501	73,8	6	3.634	2.973	81,8	6	4.327	3.599	83,2	6	5.200	4.590	88,3
þar af í BÍF	4	1.483	1.216	82,0	5	2.779	2.310	83,1	5	3.387	2.501	73,8	6	3.634	2.973	81,8	6	4.327	3.599	83,2	6	5.200	4.590	88,3
Sumar, samtals	**15**	**18.413**	**16.544**	**90**	**19**	**23.346**	**19.252**	**82,5**	**19**	**26.518**	**21.265**	**80,2**	**23**	**30.705**	**24.829**	**80,9**	**19**	**27.942**	**22.788**	**81,6**	**20**	**31.090**	**27.630**	**88,9**
þar af í BÍF	14	16.847	14.978	88,9	17	21.205	17.393	82,0	17	23.880	19.493	81,6	20	24.716	20.408	82,6	17	24.450	19.946	81,6	18	25.941	23.053	88,9
Haust																								
Reykjavík, alls	2	1.469	1.407	95,8	2	1.983	1.651	83,3	3	3.633	3.271	90,0	3	3.741	2.960	79,1	2	3.979	3.707	93,2	3	4.646	4.111	88,5
þar af í BÍF	1	1.193	1.131	94,8	1	1.616	1.502	92,9	1	2.440	2.345	96,1	1	1.875	1.812	96,6	1	2.288	2.271	99,3	2	2.367	2.082	88,0
Vestfirðir	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1	73	17	23,3
þar af í BÍF	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1	73	17	23,3
Norðurland vestra	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1	23	18	78,3	-	-	-	-
þar af í BÍF	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1	23	18	78,3	-	-	-	-
Norðurland eystra	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1	211	191	90,5
þar af í BÍF	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1	211	191	90,5
Suðurland	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1	56	56	100,0
þar af í BÍF	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1	56	56	100,0
Haust, samtals	**2**	**1.469**	**1.407**	**95,8**	**2**	**1.983**	**1.651**	**83,3**	**3**	**3.633**	**3.271**	**90,0**	**3**	**3.741**	**2.960**	**79,1**	**3**	**4.002**	**3.725**	**93,1**	**6**	**4.986**	**4.375**	**87,7**
þar af í BÍF	1	1.193	1.131	94,8	1	1.616	1.502	92,9	1	2.440	2.345	96,1	1	1.875	1.812	96,6	2	2.311	2.289	99,0	5	2.707	2.346	86,7
SAMTALS, allt árið					**19**	**27.319**	**22.198**	**81,3**	**21**	**32.160**	**25.717**	**80,0**	**23**	**37.122**	**29.122**	**78,4**	**19**	**35.503**	**28.019**	**78,9**	**20**	39.347	34.000	86,4
þar af í BÍF					17	24.132	20.022	83,0	18	27.604	23.011	83,4	20	27.512	22.883	83,2	17	29.429	23.403	79,5	18	29.998	26.564	88,6


TAFLA IX a SKIPTING GESTA Á FARFUGLAHEIMILUM Í BANDALAGI ÍSLENSKRA FARFUGLA OG Á GISTISTOÐUM MEÐ "FARFUGLASNIÐI", EFTIR ÞJÓÐERNI GESTA OG ÁRSPRIÐJUNGUM 1984 TIL 1989.

		Þjóðerni gesta														Breyting milli ára (%)
		Ísland	Dan-mörk	Svi-þjóð	Noreg-ur	Finn-land	Bret-land	V-Þýska-land	Hol-land	Frakk-land	Sviss	Annað Evrópa	Banda-ríkin	Önnur lönd	ALLS	
JÚNÍ TIL DESEMBER 1984																
	Sumar	**1.869**	**659**	**931**	**580**	**348**	**2.963**	**4.009**	**509**	**2.264**	**1.202**	**1.545**	**835**	**697**	**18.413**	.
	þar af í BÍF	1.869	654	928	520	348	2.915	2.893	505	2.262	941	1.517	816	677	16.847	.
	Haust	**62**	**121**	**36**	**150**		**254**	**381**	**51**	**57**	**72**	**54**	**133**	**98**	**1.469**	.
	þar af í BÍF	62	121	36	134		214	171	45	57	72	54	129	98	1.193	.
	SAMTALS	**1.931**	**780**	**967**	**730**	**348**	**3.217**	**4.390**	**560**	**2.321**	**1.274**	**1.599**	**968**	**795**	**19.882**	.
	þar af í BÍF	**1.931**	**775**	**964**	**654**	**348**	**3.129**	**3.064**	**550**	**2.319**	**1.013**	**1.571**	**945**	**775**	**18.040**	.
1985	Vor	695	38	84	15	402	261	75		133	42	47	75	123	1.990	.
	þar af í BÍF	184	16	79		352	225	68		133	33	23	75	123	1.311	.
	Sumar	**4.094**	**1.070**	**1.586**	**577**	**237**	**3.013**	**3.879**	**574**	**4.077**	**1.194**	**1.401**	**965**	**679**	**23.346**	**26,8**
	þar af í BÍF	3.812	1.058	1.411	577	237	2.893	2.646	563	4.068	926	1.385	953	676	21.205	25,9
	Haust	**332**	**91**	**99**	**122**	**9**	**447**	**277**	**19**	**100**	**110**	**59**	**201**	**117**	**1.983**	**35,0**
	þar af í BÍF	114	91	99	120	9	431	163	19	100	110	57	186	117	1.616	35,5
	SAMTALS	**5.121**	**1.199**	**1.769**	**714**	**648**	**3.721**	**4.231**	**593**	**4.310**	**1.346**	**1.507**	**1.241**	**919**	**27.319**	.
	þar af í BÍF	**4.110**	**1.165**	**1.589**	**697**	**598**	**3.549**	**2.877**	**582**	**4.301**	**1.069**	**1.465**	**1.214**	**916**	**24.132**	.
1986	**Vor**	**828**	**27**	**86**	**240**		**229**	**130**		**174**	**39**	**62**	**91**	**103**	**2.009**	**1,0**
	þar af í BÍF	111	27	86	240		221	130		174	39	62	91	103	1.284	-2,1
	Sumar	**5.253**	**1.198**	**1.043**	**858**	**407**	**3.384**	**4.401**	**391**	**3.797**	**1.400**	**2.069**	**1.302**	**1.015**	**26.518**	**13,6**
	þar af í BÍF	4.387	1.172	1.039	837	407	3.346	3.222	391	3.774	1.032	2.012	1.293	968	23.880	12,6
	Haust	**362**	**445**	**149**	**235**	**300**	**325**	**491**	**96**	**99**	**183**	**161**	**433**	**354**	**3.633**	**83,2**
	þar af í BÍF	95	289	107	124	154	302	368	96	99	139	82	238	347	2.440	51,0
	SAMTALS	**6.443**	**1.670**	**1.278**	**1.333**	**707**	**3.938**	**5.022**	**487**	**4.070**	**1.622**	**2.292**	**1.826**	**1.472**	**32.160**	**17,7**
	þar af í BÍF	**4.593**	**1.488**	**1.232**	**1.201**	**561**	**3.869**	**3.720**	**487**	**4.047**	**1.210**	**2.156**	**1.622**	**1.418**	**27.604**	**14,4**
1987	**Vor**	**1.343**	**152**	**83**	**19**	**14**	**140**	**161**	**36**	**152**	**36**	**391**	**67**	**82**	**2.676**	**33,2**
	þar af í BÍF	258	37	32	6	2	82	93	27	152	36	50	67	79	921	-28,3
	Sumar	**5.876**	**1.621**	**2.159**	**1.503**	**488**	**3.573**	**6.188**	**550**	**2.473**	**1.698**	**2.627**	**1.248**	**701**	**30.705**	**15,8**
	þar af í BÍF	4.308	1.504	1.964	1.318	485	3.263	3.776	538	2.419	1.002	2.343	1.124	672	24.716	3,5
	Haust	**781**	**154**	**236**	**210**	**234**	**434**	**670**	**55**	**101**	**76**	**324**	**281**	**185**	**3.741**	**3,0**
	þar af í BÍF	63	146	209	13	59	275	250	55	101	73	218	228	185	1.875	-23,2
	SAMTALS	**8.000**	**1.927**	**2.478**	**1.732**	**736**	**4.147**	**7.019**	**641**	**2.726**	**1.810**	**3.342**	**1.596**	**968**	**37.122**	**15,4**
	þar af í BÍF	**4.629**	**1.687**	**2.205**	**1.337**	**546**	**3.620**	**4.119**	**620**	**2.672**	**1.111**	**2.611**	**1.419**	**936**	**27.512**	**-0,3**
1988	**Vor**	**2.053**	**180**	**165**	**83**	**42**	**131**	**127**	**53**	**213**	**40**	**56**	**68**	**348**	**3.559**	**33,0**
	þar af í BÍF	1.500	102	144	53	40	128	126	53	213	40	56	68	145	2.668	189,7
	Sumar	**5.154**	**1.620**	**2.492**	**1.134**	**866**	**2.204**	**4.716**	**507**	**2.492**	**1.822**	**2.888**	**1.250**	**797**	**27.942**	**-9,0**
	þar af í BÍF	4.504	1.474	2.056	1.025	666	2.091	3.896	487	2.478	1.336	2.534	1.167	736	24.450	-1,1
	Haust	**277**	**286**	**358**	**306**	**120**	**519**	**1.217**	**45**	**95**	**81**	**206**	**189**	**303**	**4.002**	**7,0**
	þar af í BÍF	22	257	346	306	44	264	268	44	92	77	206	189	196	2.311	23,3
	SAMTALS	**7.484**	**2.086**	**3.015**	**1.523**	**1.028**	**2.854**	**6.060**	**605**	**2.800**	**1.943**	**3.150**	**1.507**	**1.448**	**35.503**	**-4,4**
	þar af í BÍF	**6.026**	**1.833**	**2.546**	**1.384**	**750**	**2.483**	**4.290**	**584**	**2.783**	**1.453**	**2.796**	**1.424**	**1.077**	**29.429**	**7,0**
1989	**Vor**	**1.276**	**45**	**201**	**155**	**1**	**224**	**695**	**21**	**183**	**84**	**44**	**250**	**92**	**3.271**	**-8,1**
	þar af í BÍF	185	37	163	40		119	193	21	173	61	25	244	89	1.350	-49,4
	Sumar	**3.460**	**1.287**	**1.874**	**633**	**720**	**2.787**	**8.116**	**388**	**4.786**	**2.045**	**3.367**	**775**	**852**	**31.090**	**11,3**
	þar af í BÍF	2.888	1.173	1.731	450	684	2.712	5.063	387	4.757	1.538	2.981	760	817	25.941	6,1
	Haust	**611**	**235**	**232**	**431**	**330**	**397**	**1.829**	**35**	**255**	**135**	**176**	**128**	**192**	**4.986**	**24,6**
	þar af í BÍF	361	145	164	76	262	386	406	35	255	134	164	128	191	2.707	17,1
	SAMTALS	**5.347**	**1.567**	**2.307**	**1.219**	**1.051**	**3.408**	**10.640**	**444**	**5.224**	**2.264**	**3.587**	**1.153**	**1.136**	**39.347**	**10,8**
	þar af í BÍF	**3.434**	**1.355**	**2.058**	**566**	**946**	**3.217**	**5.662**	**443**	**5.185**	**1.733**	**3.170**	**1.132**	**1.097**	**29.998**	**1,9**

TAFLA IX b SKIPTING GESTA Á FARFUGLAHEIMILUM Í BANDALAGI ÍSLENSKRA FARFUGLA OG Á GISTISTOÐUM MEÐ "FARFUGLASNIÐI", EFTIR ÞJOÐERNI GESTA OG ÁRSÞRIÐJUNGUM 1984 TIL 1989.

		Þjóðerni gesta													
		Ísland	Dan-mörk	Svi-þjóð	Noreg-ur	Finn-land	Bret-land	V-Þýska-land	Hol-land	Frakk-land	Sviss	Annað Evrópa	Banda-ríkin	Önnur lönd	ALLS
JÚNÍ TIL DESEMBER 1984															
	Sumar	**10,2**	**3,6**	**5,1**	**3,2**	**1,9**	**16,1**	**21,8**	**2,8**	**12,3**	**6,5**	**8,4**	**4,5**	**3,8**	**100,0**
	þar af í BÍF	11,1	3,9	5,5	3,1	2,1	17,3	17,2	3,0	13,4	5,6	9,0	4,8	4,0	100,0
	Haust	**4,2**	**8,2**	**2,5**	**10,2**		**17,3**	**25,9**	**3,5**	**3,9**	**4,9**	**3,7**	**9,1**	**6,7**	**100,0**
	þar af í BÍF	5,2	10,1	3,0	11,2		17,9	14,3	3,8	4,8	6,0	4,5	10,8	8,2	100,0
	SAMTALS	**9,7**	**3,9**	**4,9**	**3,7**	**1,8**	**16,2**	**22,1**	**2,8**	**11,7**	**6,4**	**8,0**	**4,9**	**4,0**	**100,0**
	þar af í BÍF	10,7	4,3	5,3	3,6	1,9	17,3	17,0	3,0	12,9	5,6	8,7	5,2	4,3	100,0
1985	**Vor**	**34,9**	**1,9**	**4,2**	**0,8**	**20,2**	**13,1**	**3,8**	**0,0**	**6,7**	**2,1**	**2,4**	**3,8**	**6,2**	**100,0**
	þar af í BÍF	14,0	1,2	6,0	0,0	26,8	17,2	5,2	0,0	10,1	2,5	1,8	5,7	9,4	100,0
	Sumar	**17,5**	**4,6**	**6,8**	**2,5**	**1,0**	**12,9**	**16,6**	**2,5**	**17,5**	**5,1**	**6,0**	**4,1**	**2,9**	**100,0**
	þar af í BÍF	18,0	5,0	6,7	2,7	1,1	13,6	12,5	2,7	19,2	4,4	6,5	4,5	3,2	100,0
	Haust	**16,7**	**4,6**	**5,0**	**6,2**	**0,5**	**22,5**	**14,0**	**1,0**	**5,0**	**5,5**	**3,0**	**10,1**	**5,9**	**100,0**
	þar af í BÍF	7,1	5,6	6,1	7,4	0,6	26,7	10,1	1,2	6,2	6,8	3,5	11,5	7,2	100,0
	SAMTALS	**18,7**	**4,4**	**6,5**	**2,6**	**2,4**	**13,6**	**15,5**	**2,2**	**15,8**	**4,9**	**5,5**	**4,5**	**3,4**	**100,0**
	þar af í BÍF	17,0	4,8	6,6	2,9	2,5	14,7	11,9	2,4	17,8	4,4	6,1	5,0	3,8	100,0
1986	**Vor**	**41,2**	**1,3**	**4,3**	**11,9**	**0,0**	**11,4**	**6,5**		**8,7**	**1,9**	**3,1**	**4,5**	**5,1**	**100,0**
	þar af í BÍF	8,6	2,1	6,7	18,7	0,0	17,2	10,1		13,6	3,0	4,8	7,1	8,0	100,0
	Sumar	**19,8**	**4,5**	**3,9**	**3,2**	**1,5**	**12,8**	**16,6**	**1,5**	**14,3**	**5,3**	**7,8**	**4,9**	**3,8**	**100,0**
	þar af í BÍF	18,4	4,9	4,4	3,5	1,7	14,0	13,5	1,6	15,8	4,3	8,4	5,4	4,1	100,0
	Haust	**10,0**	**12,2**	**4,1**	**6,5**	**8,3**	**8,9**	**13,5**	**2,6**	**2,7**	**5,0**	**4,4**	**11,9**	**9,7**	**100,0**
	þar af í BÍF	3,9	11,8	4,4	5,1	6,3	12,4	15,1	3,9	4,1	5,7	3,4	9,8	14,2	100,0
	SAMTALS	**20,0**	**5,2**	**4,0**	**4,1**	**2,2**	**12,2**	**15,6**	**1,5**	**12,7**	**5,0**	**7,1**	**5,7**	**4,6**	**100,0**
	þar af í BÍF	16,6	5,4	4,5	4,4	2,0	14,0	13,5	1,8	14,7	4,4	7,8	5,9	5,1	100,0
1987	**Vor**	**50,2**	**5,7**	**3,1**	**0,7**	**0,5**	**5,2**	**6,0**	**1,3**	**5,7**	**1,3**	**14,6**	**2,5**	**3,1**	**100,0**
	þar af í BÍF	28,0	4,0	3,5	0,7	0,2	8,9	10,1	2,9	16,5	3,9	5,4	7,3	8,6	100,0
	Sumar	**19,1**	**5,3**	**7,0**	**4,9**	**1,6**	**11,6**	**20,2**	**1,8**	**8,1**	**5,5**	**8,6**	**4,1**	**2,3**	**100,0**
	þar af í BÍF	17,4	6,1	7,9	5,3	2,0	13,2	15,3	2,2	9,8	4,1	9,5	4,5	2,7	100,0
	Haust	**20,9**	**4,1**	**6,3**	**5,6**	**6,3**	**11,6**	**17,9**	**1,5**	**2,7**	**2,0**	**8,7**	**7,5**	**4,9**	**100,0**
	þar af í BÍF	3,4	7,8	11,1	0,7	3,1	14,7	13,3	2,9	5,4	3,9	11,6	12,2	9,9	100,0
	SAMTALS	**21,6**	**5,2**	**6,7**	**4,7**	**2,0**	**11,2**	**18,9**	**1,7**	**7,3**	**4,9**	**9,0**	**4,3**	**2,6**	**100,0**
	þar af í BÍF	16,8	6,1	8,0	4,9	2,0	13,2	15,0	2,3	9,7	4,0	9,5	5,2	3,4	100,0
1988	**Vor**	**57,7**	**5,1**	**4,6**	**2,3**	**1,2**	**3,7**	**3,6**	**1,5**	**6,0**	**1,1**	**1,6**	**1,9**	**9,8**	**100,0**
	þar af í BÍF	56,2	3,8	5,4	2,0	1,5	4,8	4,7	2,0	8,0	1,5	2,1	2,5	5,4	100,0
	Sumar	**18,4**	**5,8**	**8,9**	**4,1**	**3,1**	**7,9**	**16,9**	**1,8**	**8,9**	**6,5**	**10,3**	**4,5**	**2,9**	**100,0**
	þar af í BÍF	18,4	6,0	8,4	4,2	2,7	8,6	15,9	2,0	10,1	5,5	10,4	4,8	3,0	100,0
	Haust	**6,9**	**7,1**	**8,9**	**7,6**	**3,0**	**13,0**	**30,4**	**1,1**	**2,4**	**2,0**	**5,1**	**4,7**	**7,6**	**100,0**
	þar af í BÍF	1,0	11,1	15,0	13,2	1,9	11,4	11,6	1,9	4,0	3,3	8,9	8,2	8,5	100,0
	SAMTALS	**21,1**	**5,9**	**8,5**	**4,3**	**2,9**	**8,0**	**17,1**	**1,7**	**7,9**	**5,5**	**8,9**	**4,2**	**4,1**	**100,0**
	þar af í BÍF	20,5	6,2	8,7	4,7	2,5	8,4	14,6	2,0	9,5	4,9	9,5	4,8	3,7	100,0
1989	**Vor**	**39,0**	**1,4**	**6,1**	**4,7**		**6,8**	**21,2**	**0,6**	**5,6**	**2,6**	**1,3**	**7,6**	**2,8**	**100,0**
	þar af í BÍF	13,7	2,7	12,1	3,0		8,8	14,3	1,6	12,8	4,5	1,9	18,1	6,6	100,0
	Sumar	**11,1**	**4,1**	**6,0**	**2,0**	**2,3**	**9,0**	**26,1**	**1,2**	**15,4**	**6,6**	**10,8**	**2,5**	**2,7**	**100,0**
	þar af í BÍF	11,1	4,5	6,7	1,7	2,6	10,5	19,5	1,5	18,3	5,9	11,5	2,9	3,1	100,0
	Haust	**12,3**	**4,7**	**4,7**	**8,6**	**6,6**	**8,0**	**36,7**	**0,7**	**5,1**	**2,7**	**3,5**	**2,6**	**3,9**	**100,0**
	þar af í BÍF	13,3	5,4	6,1	2,8	9,7	14,3	15,0	1,3	9,4	5,0	6,1	4,7	7,1	100,0
	SAMTALS	**13,6**	**4,0**	**5,9**	**3,1**	**2,7**	**8,7**	**27,0**	**1,1**	**13,3**	**5,8**	**9,1**	**2,9**	**2,9**	**100,0**
	þar af í BÍF	11,4	4,5	6,9	1,9	3,2	10,7	18,9	1,5	17,3	5,8	10,6	3,8	3,7	100,0

Línurit 5. FJÖLDI GISTINÁTTA Á FARFUGLAHEIMILUM, HÓTELUM OG GISTIHEIMILUM 1984 TIL 1989



HAGSTOFA ÍSLANDS.

TAFLA X. ÚR VÍSITÖLU FRAMFÆRSLUKOSTNAÐAR 1984 TIL 1989


	83 Veitingahúsa- og hótelþjónusta:				
	831 Veitingahús og kaffihús	832 Ferðalög til útlanda	833 Hótelkostnaður og hópferðir	83 Alls	Framfærsluvísitala alls
1984					
febrúar	100,0	100,0	100,0	100,0	**100,0**
mars	100,7	100,0	100,0	100,2	**101,1**
apríl	105,0	103,7	100,0	103,9	**102,5**
maí	108,9	103,7	107,3	105,6	**103,4**
júní	111,9	103,7	108,7	106,7	**105,8**
júlí	112,6	103,7	108,7	106,9	**106,8**
ágúst	113,5	107,9	133,3	111,2	**108,5**
september	113,3	113,4	130,2	114,4	**109,2**
október	115,2	114,0	130,2	115,4	**110,4**
nóvember	117,2	114,8	130,2	116,5	**111,8**
desember	118,4	117,6	130,2	118,6	**117,2**
meðaltal 1984	**110,6**	**107,5**	**116,3**	**109,0**	**107,0**
1985					
janúar	125,6	117,6	130,5	121,0	**122,3**
febrúar	132,6	123,6	130,5	127,0	**126,5**
mars	137,8	123,6	130,5	128,7	**129,9**
apríl	140,1	125,6	130,5	130,6	**132,1**
maí	140,3	126,9	146,4	132,4	**134,9**
júní	147,3	126,9	146,4	134,8	**137,4**
júlí	152,7	128,5	146,4	137,4	**140,7**
ágúst	151,4	147,0	168,3	149,7	**144,9**
september	157,1	147,0	168,3	151,6	**148,7**
október	167,2	147,0	168,3	154,9	**152,0**
nóvember	173,4	155,5	168,3	162,1	**155,3**
desember	182,2	155,5	168,3	165,0	**159,3**
meðaltal 1985	**150,6**	**135,4**	**150,2**	**141,3**	**140,3**
breyting milli ára í %:	36,2	25,9	29,2	29,6	**31,2**
1986					
janúar	181,1	156,6	168,3	165,3	**164,0**
febrúar	184,4	162,3	168,3	169,9	**168,8**
mars	183,6	163,6	168,3	170,4	**165,2**
apríl	188,3	166,5	168,3	173,7	**166,2**
maí	192,8	166,5	201,6	177,2	**169,0**
júní	196,2	166,5	201,6	178,3	**170,2**
júlí	200,2	166,5	201,6	179,6	**170,9**
ágúst	201,1	185,7	218,4	192,7	**172,8**
september	208,5	185,4	218,4	194,9	**174,9**
október	207,3	185,6	218,4	194,6	**175,6**
nóvember	212,7	184,7	218,4	195,9	**179,2**
desember	220,2	183,1	218,4	197,3	**180,8**
meðaltal 1986	**198,0**	**172,8**	**197,5**	**182,5**	**171,5**
breyting milli ára í %:	31,5	27,6	31,5	29,2	**22,2**

HAGSTOFA ÍSLANDS.

TAFLA X. **ÚR VÍSITÖLU FRAMFÆRSLUKOSTNAÐAR 1984 TIL 1989**

	83 Veitingahúsa- og hótelþjónusta:				
	831 Veitingahús og kaffihús	832 Ferðalög til útlanda	833 Hótelkostnaður og hópferðir	83 Alls	Framfærsluvísitala alls
1987					
janúar	233,1	184,7	218,4	202,6	**185,1**
febrúar	239,4	192,3	218,4	209,2	**187,8**
mars	243,8	192,3	218,4	210,7	**190,6**
apríl	245,5	199,3	218,4	215,6	**193,2**
maí	247,0	199,3	245,5	217,7	**195,6**
júní	263,2	199,3	245,5	223,0	**199,5**
júlí	273,2	201,2	245,5	227,4	**203,0**
ágúst	281,0	216,5	271,6	240,9	**208,0**
september	290,2	219,1	271,6	245,5	**210,4**
október	297,6	219,0	271,6	247,8	**213,9**
nóvember	310,5	216,8	271,6	250,7	**220,7**
desember	313,4	213,6	271,6	249,7	**225,0**
meðaltal 1987	**269,8**	**204,4**	**247,3**	**228,4**	**202,7**
breyting milli ára í %:	36,3	18,4	25,2	25,2	**18,2**
1988					
janúar	327,0	216,1	271,6	255,7	**233,4**
febrúar	334,2	220,5	271,6	260,7	**235,4**
mars	326,5	223,7	271,6	260,2	**237,5**
apríl	336,9	232,6	271,6	269,0	**241,0**
maí	331,8	232,6	302,9	269,3	**245,2**
júní	345,4	256,3	302,9	287,6	**271,5**
júlí	362,3	256,3	302,9	293,5	**262,4**
ágúst	364,0	271,4	395,9	308,6	**267,9**
september	362,3	267,7	395,9	306,2	**269,8**
október	364,0	267,7	395,9	306,7	**270,7**
nóvember	364,6	262,6	395,9	304,0	**270,9**
desember	362,3	262,4	395,9	303,0	**271,4**
meðaltal 1988	**348,4**	**247,5**	**331,2**	**285,4**	**256,4**
breyting milli ára í %:	29,1	21,1	33,9	24,9	**26,5**
1989					
janúar	361,7	262,6	395,9	303,0	**276,0**
febrúar	365,3	270,0	395,9	308,3	**280,1**
mars	377,9	272,1	395,9	314,0	**287,8**
apríl	383,6	281,2	395,9	321,3	**294,0**
maí	389,2	296,6	433,8	334,5	**299,8**
júní	391,2	323,5	433,8	350,6	**308,7**
júlí	397,5	326,8	433,8	354,7	**310,8**
ágúst	408,8	355,4	416,8	373,8	**315,0**
september	408,8	358,4	416,8	375,4	**321,4**
október	421,7	359,4	416,8	380,5	**327,7**
nóvember	424,0	355,4	416,8	379,2	**332,7**
desember	438,0	359,4	416,8	386,2	**339,9**
meðaltal 1989	**397,3**	**318,4**	**414,1**	**348,5**	**307,8**
breyting milli ára í %:	14,0	28,7	25,0	22,1	**20,0**

Línurit 6. ÚR VÍSITÖLU FRAMFÆRSLUKOSTNAÐAR 1984 TIL 1989



Fylgiskjal II.

Ferðamálastefna nágrannalandanna.

Danmörk.

Ferðamálastefnan sem í gildi er í Danmörku er frá árinu 1986. Þar eru dregin upp helstu verkefni danskrar ferðaþjónustu og kynnt framkvæmdaáætlun sem ætlað er að örva þróun í ferðaþjónustu. Í aðalatriðum má segja að stefnan felist í að skapa atvinnugreininni hagstæð skilyrði til að vaxa og dafna án þess að ferðaþjónustan sé leidd í einhvern ákveðinn farveg.

Ferðamennska innan lands hafði ekki verið verkefni danska ferðamálaráðsins fyrr en með stefnunni frá 1986. Eitt af markmiðunum var að efla kynningu á Danmörku á heimamarkaði.

Finnland.

Finnska ferðamálastefnan var endurskoðuð á síðasta ári og gildir fyrir árin 1989–1992. Þar er fyrst og fremst gert ráð fyrir að efla markaðs- og kynningarstarf, og var skipan ferðamálaráðsins m.a. breytt með tilliti til þessara áherslna. Í stefnunni er lögð áhersla á efnahags- og menningarlega þýðingu ferðaþjónustunnar fyrir Finnland. Jafnframt þurfi að móta langtímastefnu í ferðamálum og vinna eftir nokkurra ára áætlunum.

Ferðamálastefnan leggur ríka áherslu á umhverfisvernd og undirstrikar að nauðsynlegt sé að taka tillit til umhverfisþátta við uppbyggingu ferðamannastaða. Sömuleiðis er byggðamálum gert hátt undir höfði í finnsku ferðamálastefnunni og sérstaklega er hvatt til samvinnu sveitarfélaga við uppbyggingu í ferðaþjónustu.

Noregur.

Norsk ferðamálastefna er frá árunum 1986–87. Þar er lýst því markmiði að þróa ferðaþjónustuna sem vaxandi atvinnugrein. Helstu markmið eru að vinna að ferðamálastefnu sem kynnir ferðaþjónustuna og sem hefur jákvæð áhrif á byggðaþróun. Hún skal einnig stuðla að sem fjölbreytilegustum möguleikum almennings til útivistar og ferðalaga og styrkja fjölbreytileika atvinnulífsins.

Þær leiðir sem helstar eru nefndar er að laga ferðaþjónustuna að markaðnum, lengja ferðamannatímann, dreifa ferðamönnum betur um landið en hingað til, marka skýra verkaskiptingu milli opinberra aðila og greinarinnar sjálfrar o.m.fl. Jafnframt eiga opinberir aðilar og einkageirinn að vinna saman að tilteknum verkefnum þar sem það á við til að ná sem bestum árangri.

Til þess að styrkja vöxt ferðaþjónustunnar á greinin nú aðgang að lánsfjármagni í iðnlánasjóði. Þá er stuðlað að bættum samgöngum með nýjum áætlunarleiðum og færri reglum, bæði varðandi flutninga í lofti, á landi og sjó. Enn fremur hefur verið veitt auknu fjármagni í rannsóknir og þróun á sviði ferðamála.

Svíþjóð.

Hin almenna stefna stjórnvalda í ferðamálum hefur verið óbreytt frá árinu 1984. Þá samþykkti sænska þingið ferðamálastefnu sem felur í sér eftirtalin meginmarkmið: Að hafa jákvæð áhrif á viðskiptajöfnuð, að auka atvinnu, að örva byggðaþróun, að bæta aðstöðu allra þjóðfélagsþegna til ferðalaga og að auka arðsemi ferðaþjónustunnar. Skilningur á mikilvægi atvinnugreinarinnar hefur farið vaxandi á undanförnum árum, en til vitnis um það eru fjölmargar tillögur sem lagðar hafa verið fyrir sænska þingið á síðustu missirum. Þar birtast

áherslur eins og nauðsyn á meiri rannsóknum, bættri menntun og starfsþjálfun, þróun flutningakerfisins, sérstaklega járnbrauta- og flugsamgangna, félagslegt mikilvægi ferðaþjónustunnar og skatta- og tollamál.

Árið 1986 var uppbyggingu sænska ferðamálaráðsins breytt með það fyrir augum að efla markaðs- og kynningarstarf, styrkja samstarf opinberra aðila og einkageirans til að ná fram skýrari verkaskiptingu og meiri arðsemi o.fl. Í kjölfarið fylgdi síðan skýrsla, „Strukturplan" sem kom út í tveimur hlutum, 1987 og 1988.

Ferðamálanefnd Vestnorden, samstarf Íslendinga, Færeyinga og Grænlendinga í ferðamálum.

Samstarf þessara landa hófst formlega síðla árs 1985, að tilhlutan Vestnorden-nefndarinnar. Sett var á fót ferðamálanefnd þessara landa og var megintilgangurinn að gera sameiginlegt átak í markaðs- og landkynningarmálum.

Ferðamálanefnd er þannig skipuð að þrír fulltrúar eru frá hverju landi. Ferðamálastjórar landannna eiga þar sæti, einn fulltrúi frá ferðamálaráðum landanna og einn fulltrúi frá ferðaþjónustunni. Vestnorden-nefndin tilnefnir einn fulltrúa úr sínum hópi og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

Ferðaþjónusta er ný og vaxandi atvinnugrein í öllum þessum löndum en Íslendingar gegna þó ákveðnu forustuhlutverki innan þessa samstarfs. Þannig voru lög um ferðamál á Íslandi lögð til grundvallar þegar ferðamálaráð Færeyja var stofnað árið 1985. Grænlendingar hafa enn ekki sett á fót ferðamálaráð en hafa myndað samtök sem þeir kalla „Turist Forum" og má segja að það samsvari ferðamálaráði.

Nefndin hafur unnið mikið í kynningar- og markaðsmálum og stærstu verkefni á því sviði hafa verið ferðakaupstefnur sem haldnar hafa verið í löndunum til skiptis þar sem erlendum ferðaheildsölum hefur verið boðið að koma til að kynna sér ferðaþjónustu landanna auk þess sem þeim hefur gefist kostur á að ferðast um einstök svæði. Þannig var árið 1989, þegar kaupstefnan var haldin á Íslandi, boðið upp á ferðir í samstarfi við ferðamálasamtök landshlutanna til allra kjördæma landsins. Einnig hefur nefndin sameinað kraftana á erlendum vettvangi, t.d. á kynningum í Ósló og Kaupmannahöfn. Auk þess vinnur nefndin í samstarfi við ferðamálasamtök í löndunum að ýmsum verkefnum og má t.d. nefna flokkun og stöðlun gististaða sem ferðaþjónusta bænda hefur unnið hér á Íslandi með stuðningi frá Vestnorden-nefndinni og er nú í vinnslu í Færeyjum og þannig reynt að samræma gæði þjónustu í löndunum.

Æ fleirum er að verða ljóst að samstarf þessara landa á sviði ferðamála er öllum löndunum til hagsbóta. Vestnorden-svæðið er stórt og fámennt og því hefur nefndin uppi áætlun um markaðsrannsóknir og skoðanakönnun meðal ferðamanna á næstu tveimur árum til þess að undirbúa markvissa sókn ferðaþjónustunni til hagsbóta.

Ferðamálanefndin hefur gert þriggja ára starfsáætlun og er nú þessa dagana verið að leita leiða til að fjármagna hana bæði frá opinberum aðilum og fyrirtækjum í ferðaþjónustu landanna.

Heimildir:

„Turistpolitisk redegørelse", Industriministeriet København, 1986.
„Om reiselivet", Stortingsmelding nr. 14, Samferdselsministeriet Oslo, 1986–87.
„Strukturplan 89 för turism och rekreation". Industriministeriet Stockholm, 1989.
„Statsrådets principbeslut om hur turismen skall utvecklas åren 1989–1992". Helsinki 1989.
„Tourism policy and international tourism in OECD member countries", Paris 1989.

Fylgiskjal III.

Útdráttur úr skýrslu um ferð til Bandaríkjanna 7.–11. maí 1990.

Þátttakendur:
Áslaug Alfreðsdóttir og Kristín Einarsdóttir.

Ferð þessi var farin sem liður í starfi ferðamálanefndar samgönguráðuneytisins til að fræðast um skipulag ferðamála í Bandaríkjunum og aðra þá þætti sem að gagni gætu komið. Sendiráð Íslands í Washington aðstoðaði við skipulagningu ferðarinnar m.a. í samráði við sendiherra Bandaríkjanna í Reykjavík.

Fyrst var heimsókn í viðskiptaráðuneytið í Washington, ferðaþjónustudeild (U.S. Travel and Tourism Administration) sem stofnuð var 1961. Deildin tekur að sér almenna landkynningu erlendis, gerir rannsóknir, markaðskannanir í einstökum löndum, kannanir meðal ferðamanna á leið úr landi o.fl.

Rannsóknadeild ráðuneytisins (Office of research) sér um víðtækar kannanir meðal innlendra og erlendra ferðamanna á leið úr landi. Fjörutíu og fjögur flugfélög taka reglubundið þátt í könnun og er úrtakið um 1% af öllum sem fara úr landi. Í könnuninni er m.a. spurt um þjóðerni, búsetu, tilgang ferðar, hvernig ferðin var skipulögð, hvenær bókað, hvers konar farseðill, í hvers konar hópi, hve oft komið, hve margar nætur var gist í landinu, hvernig var ferðast, símnotkun, hve miklum peningum var eytt, hvað gert í fríinu o.s.frv. Spurningablaðið er einnig hannað fyrir Bandaríkjamenn sem ferðast til útlanda.

Niðurstöður eru gefnar út og kostar hver útgáfa um $150, en þau flugfélög, sem taka þátt í könnuninni, fá afraksturinn endurgjaldslaust.

Markaðsskrifstofa ráðuneytisins (Field Office Operations) sér um útgáfu kynningarbæklinga. Gefinn hefur verið út einn heildarbæklingur fyrir Bandaríkin en minni bæklingar eru gefnir út þar sem eitt fylki eða fleiri eru kynnt saman. Útlitið er samræmt og sama slagorðið er notað á öllum bæklingunum. („America Catch the Spirit"). Bæklingarnir eru gefnir út á sex tungumálum.

Skrifstofan sér um markaðskannanir erlendis m.a. til að athuga hve mikil áhrif auglýsingar hafi, hverju fólk sækist eftir o.fl. Einnig er skrifstofan í sambandi við fólk sem skrifar í blöð og tímarit og sér um ýmis námskeið fyrir fólk í ferðaþjónustu. Starfsmenn skrifstofunnar töldu mikilvægt að sett væru fram markmið og áætlanir í kynningarmálum til að hægt væri að vinna markvisst að þeim.

Ameríkusamband ferðaskrifstofa (ASTA) eru alþjóðasamtök ferðaþjónustuaðila (þrátt fyrir nafnið!). Meðlimir eru 21 þúsund í 129 löndum. Sambandið sér m.a. um að gæta hagsmuna ferðaþjónustuaðila gagnvart hinu opinbera og heldur ráðstefnur og fundi fyrir meðlimi sína m.a. til að bæta þjónustu við viðskiptavini. Gefið er út vikulegt fréttablað. Nýjar umsóknir um aðild eru auglýsingar í blaðinu og geta meðlimir gert athugasemdir. Sambandið gefur út upplýsingabækling um skóla í Bandaríkjunum, þar sem hægt er að læra ýmislegt sem tengist ferðaþjónustu.

Samtök ferðaþjónustuaðila (Travel Industry Association of America, TIA) eru heildarsamtök ferðaþjónustuaðila með um 800 meðlimi. Samtökin gera ýmsar rannsóknir og hafa stofnað upplýsingamiðstöð (U.S. Travel Data Centre). Þau hafa frumkvæði að kynningarátaki eins og „Discover America" sem er ætlað til að örva Bandaríkjamenn til að ferðast innan lands. Samtökin eru eingöngu fjármögnuð af aðilum í ferðaþjónustu og leggja ríka áherslu á

að stöðugt þurfi að upplýsa stjórnmálamenn og almenning um mikilvægi ferðaþjónustunnar fyrir efnahag landsins og fá hana viðurkennda sem atvinnugrein.

Upplýsingamiðstöð samtakanna er mjög öflug. Eitt af verkefnum hennar er að meta mikilvægi ferðaþjónustunnar fyrir efnahag landsins. Þau fá upplýsingar frá opinberum aðilum eins og Travel and Tourism Administration, vinna nánar úr þeim og taka m.a. hlut tekjuskatts og söluskatts inn í útreikningana. Einnig taka þau að sér verkefni fyrir einstök fyrirtæki eða aðra sem vilja fá upplýsingar og athuganir á einstökum sviðum.

Skógarþjónusta Bandaríkjanna (U.S. Department of Agriculture, Forest Service) gegnir mikilvægu hlutverki innan ferðaþjónustunnar. 75 milljónir hektara skóglendis eru í þeirra umsjá. Stór hluti er nytjaður á „hefðbundinn hátt" en hluti er útivistarsvæði. Tekjur þeirra eru fyrst og fremst af skógarhöggi.

Skógarþjónustan rekur mörg tjaldsvæði með ýmis konar aðstöðu og afþreyingu. Selt er inn mismunandi dýrt eftir þeirri þjónustu sem í boði er. Ef aðsókn verður of mikil á einum stað er reynt að beina fólki á önnur svæði með auglýsingum og tilkynningum en loka ekki svæðunum. Í tilvikum, þar sem svæði eru ofsetin og „of vinsæl", er beitt ýmsum brögðum til „að gera fólki lífið leitt", svo sem með því að minnka bílastæðin eða hafa tjaldsvæðið það lítið að ekki komist allir fyrir og þurfa frá að hverfa.

Ósnortin víðerni (wilderness) eru óbyggðasvæði þar sem ákveðið hefur verið að náttúran eigi að haldast ósnortin. Í lögunum, sem gilda um þessi svæði, „The Wilderness Act", segir að tilgangur þeirra sé að geyma og vernda land ósnortið svo núlifandi og komandi kynslóðir geti notið þess. Til að fara inn á þessi svæði þarf að láta skrá sig á ákveðnum stað og þar eru ferðamönnum, sem fara inn á svæðið, gefnar upplýsingar og leiðbeiningar. Þessi svæði eru eingöngu fyrir gangandi fólk. Heimilt er að loka svæðunum ef of margir eru komnir inn á þau bæði vegna náttúrunnar og friðsældar þannig að ferðamenn geti notið kyrrðar óbyggðarinnar. Einnig þarf leyfi til að fara á bátum niður ár og sigla á vötnum og eru fjöldatakmarkanir þar líka í gildi. Engin vélknúin farartæki eru leyfð á þessum svæðum. Gönguleiðir eru merktar og það má tjalda á svæðinu en engin aðstaða er sett upp fyrir ferðafólk.

Í New York var *Upplýsingamiðstöð ferðamála* (New York Convention & Visitors Bureau) heimsótt. Upplýsingamiðstöðin er rekin af einkaaðilum. Borgin tekur þó að einhverju leyti þátt í fjármögnun bæklinga. Hótel, veitingahús, ferðaskrifstofur o.fl. reka skrifstofuna. Þar starfa rúmlega 40 manns sem, taka á móti 500–700 gestum daglega. Ekkert gjald er tekið fyrir þjónustu eða bæklinga. Skrifstofan safnar upplýsingum um hvaða ráðstefnur og stórfundir yrðu haldnir í borginni meira en ár fram í tímann.

Í ferðinni fengum við mikið efni í skriflegu formi, bæklinga, niðurstöður úr könnunum, dæmi um spurningaeyðublöð, lagabálka og reglur og fleira sem að gagni gæti komið við skipulag ferðamála á Íslandi. Er það efni aðgengilegt í samgönguráðuneytinu.

Frásögn

af ferð Unnar Stefánsdóttur á ráðstefnu um „græna ferðamennsku" í Danmörku 2.–5. september 1990.

Tilgangur ferðarinnar var að sitja ráðstefnu um „græna ferðamennsku" sem haldin var á vegum Dansk fritidsforum á Fuglsøcentret á Jótlandi.

Þátttakendur voru frá öllum Norðurlöndum alls 150 manns, flestir frá Danmörku og Noregi, fæstir frá Íslandi og Finnlandi, einn frá hvoru landi.

Fulltrúi frá Íslandi var Unnur Stefánsdóttir sem sæti á í ferðamálanefnd samgönguráðuneytisins og tók hún þetta yfirlit saman.

Á ráðstefnunni voru haldnir 19 fyrirlestrar á tveimur dögum og voru spurningar leyfðar á eftir hverjum fyrirlestri. Flestir fyrirlesaranna voru frá Danmörku, þá Noregi og síðan Svíþjóð.

Græn ferðamennska var þannig skilgreind af einum fyrirlesaranum á ráðstefnunni: „Græn ferðamennska er þjónusta sem byggir á tilvist sveitanna (kulturlandskabet), náttúrufari, atvinnuháttum, menningu og menningarminjum. Starfsemin byggist á nánum tengslum við íbúana og daglegu starfi þeirra, einnig við nýja atvinnustarfsemi sem fellur að því atvinnulífi sem fyrir er.

Græn ferðamennska er að gefa mönnum kost á að kynnast daglegu lífi fólksins, sérkennilegri náttúru svæðisins og sögulegum minjum. Starfsemin þarf að falla að umhverfinu og hana þarf að skipuleggja í nánu samráði og í samkomulagi við íbúana þannig að hún efli atvinnulíf, mannlíf og menningu svæðisins og undirstriki sérkenni þess."

Megininntak fyrirlestranna var eftirfarandi:

— Græn ferðamennska byggir m.a. á því sem hvert land hefur upp á að bjóða, svo sem jökla á Íslandi, fjöll í Noregi og vötn í Finnlandi.
— Mikilvægt er að þróa græna ferðamennsku á Norðurlöndunum öllum og nýta sem best þá möguleika sem löndin hafa upp á að bjóða.
— Æskilegt er að ákveðin svæði vinni saman og skapi áhugaverð tilboð fyrir ferðamenn með margs konar fjölbreytni, svo sem hestamennsku, hjólreiðar og gönguferðir.
— Græn ferðamennska byggir á að gefa ferðamönnum möguleika á að njóta náttúru og menningar í friðsælu umhverfi.
— Mikilvægt er að gefa ferðamönnum kost á að njóta þess að vera úti í náttúrunni og reyna á sig, svo sem í göngu, hjólreiðum, siglingum og á sjóskíðum.
— Mikilvægt er að fólki líði vel á nýjum stað og hafi löngun til þess að koma aftur.
— Gæta þarf þess að átroðningur verði ekki of mikill á vinsælustu ferðamannastöðunum með því að dreifa ferðamönnum á fleiri staði.
— Samstarf þarf að vera meðal þeirra sem starfa í hinum ýmsu greinum ferðaþjónustunnar.
— Reyna þarf að hafa ferðatilboðin ódýr svo að sem flestir geti nýtt sér þau.
— Hafa ber í huga að ferðatilboðin höfði til sem flestra hópa og sérstök tilboð séu fyrir börn.
— Börnum sé gefinn möguleiki á að kynnast gömlum vinnubrögðum af eigin raun, svo sem hvernig ull var unnin, hvernig mjólk var unnin o.fl.
— Skólabúðir í dreifbýli fyrir borgarbörn þar sem boðið er upp á fræðslu um umhverfið og náttúruna og félagsþroski þeirra efldur.
— Styðja þarf frumatvinnugreinarnar í dreifbýlinu til þess að ferðamennirnir eigi kost á að kynnast atvinnulífinu.
— Áherslu ber að leggja á að bjóða ferðamönnunum mat og drykk sem framleiddur er á viðkomandi landssvæði.
— Bændaferðaþjónustan er mjög áhugaverður þáttur í grænni ferðamennsku.
— Gera þarf reglulega kannanir á því hvað það er sem fólk vill og óskar eftir í ferðamennsku.
— Hvetja þarf fólk til að ferðast um eigið land og læra að njóta þess sem þar er í boði.

Útdráttur úr skýrslu um Noregsferð 13.–15. júní 1990.

Þátttakendur:
Árni Þór Sigurðsson, Hjörleifur Guttormsson og Reynir Adólfsson.

Markmið ferðarinnar var að afla sem bestrar vitneskju um stöðu ferðamála í Noregi. Hér fer á eftir útdráttur úr skýrslu um ferðina þar sem greint er frá nokkru af því sem fram kom í viðræðum við einstaka aðila.

NORTRA, Norska ferðamála- og markaðsráðið.

NORTRA ber höfuðábyrgð á landkynningar- og markaðsmálum bæði vegna utanlandsmarkaðar og innanlandsmarkaðar. NORTRA er í raun sjálfseignarstofnun með sérstakri stjórn. Ríkið og atvinnugreinin eiga fulltrúa í stjórninni, atvinnugreinin þó í meiri hluta. Helmingur af umsetningu NORTRA kemur í gegnum fjárlög ríkisins, hinn helmingurinn frá atvinnulífinu. Það er utanríkisráðuneytið sem fer með fjármögnunarmál NORTRA. Utanríkisþjónustan hefur 75 stöðvar erlendis á sínum snærum, norska útflutningsráðið hefur 33 og NORTRA hefur 13. Milli þessara þriggja aðila er mjög náið samstarf. NORTRA deilir skrifstofuaðstöðu með útflutningsráðinu og/eða sendiráðum þar sem það er talið hagkvæmt. Atvinnuvegaráðuneytið hefur ekkert með markaðsfærslu eða markaðssetningu að gera, það vinnur aðeins að innri málefnum (infrastruktur) í ferðamálum. Jafnframt ber ráðuneytið faglega ábyrgð á samhæfingu milli þeirra fjölmörgu aðila sem fást við ferðaþjónustu. Byggðasjóður (Distriktenes utbyggingsfond) heyrir undir félagsmálaráðuneytið.

Á Norðurlöndum er mismunandi háttur á uppbyggingu ferðamálaráðanna. Í Noregi er ráðið talsvert sjálfstætt og lítið háð ríkisvaldinu. NORTRA hefur komið upp dótturfyrirtækjum og síðan er eitt stórt fyrirtæki eða „konsern" sem á dótturfyrirtækin. Til dæmis er fyrirtækið NORTRA Konsult, en það sér um arðsemisútreikninga á verkefnum á sviði ferðaþjónustu, bæði fyrir sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga. Þá er sérstakt fyrirtæki, NORTRA Marketing GMBH sem hefur höfuðaðsetur í Þýskalandi og starfar á þýskumælandi markaði. Það gefur út tímarit einu sinni á ári sem er rekið á viðskiptalegum grunni og er selt fyrir 10 þýsk mörk. Þetta fyrirtæki skilaði um einni milljón þýskra marka í hagnað á síðasta ári.

Framkvæmdastjórn NORTRA samanstendur af sex mönnum, meðal annars framkvæmdastjóra, fjármálastjóra, markaðsstjóra o.s.frv. Sérstök vinnuregla eða „matching-prinsipp" ræður fjármögnun einstakra verkefna á sviði landkynningarmála. Viðmælendur töldu að best væri að ríkið sjái um rekstur skrifstofanna bæði heima og erlendis, en þegar um sérstakt átak væri að ræða yrði einkageirinn að leggja sitt af mörkum á móti framlagi ríkisins. Í stjórn NORTRA eiga sæti sjö menn, einn er fulltrúi utanríkisráðuneytis, einn fulltrúi útflutningsráðs, einn fulltrúi starfsmanna, en fjórir fulltrúar eru frá hagsmunaaðilum, kjörnir af sérstöku markaðsráði, en í því eiga sæti 15–20 manns. Markaðsráðið er ráðgefandi en ekki ákvörðunaraðili. Þá hefur verið starfandi sérstakt ferðamálaráð, Norges reiselivsråd, en þar hafa átt sæti stærstu hagsmunaaðilar, en einnig fulltrúar frá ferðamálaráðum einstakra fylkja og frá ríki.

Fram kom að utanríkisþjónustan starfrækir um 400 ræðismannsskrifstofur. Hjá ræðismönnunum hefur komið fram aukinn vilji til að leggja meira af mörkum í landskynningarmálum. Samstarf NORTRA og utanríkisþjónustunnar á þessu sviði hefur verið gott. Rætt hefur verið um að markaðsstjórar NORTRA erlendis gætu haft aðsetur í sendiráðum Noregs sem sérstakir ferðasendifulltrúar. Einn slíkur hefur þegar tekið til starfa í Kaupmannahöfn og er kallaður „reiselivsattaché".

Atvinnuvegaráðuneytið.

Í Noregi er starfandi samstarfsnefnd ráðuneyta sem mest tengjast ferðamálum og er sú nefnd undir forustu atvinnuvegaráðuneytis sem fer með ferðamál. Menntunarframboð og þróun fræðslu- og menntunarmála á sviði ferðamála er mikilvægur þáttur. Ferðamál eru nú orðin sérstök grein hjá rannsóknaráðum í Noregi. Lögð er áhersla á byggðamálin (bygdeturisme) og innri málefni ferðaþjónustunnar.

Þekking á markaðinum er mikilvæg, allt of algengt er að menn bjóði fram þjónustu (produkt) án þess að kaupendur séu fyrir hendi. Í fylkjunum starfa ferðamálastjórar í tengslum við atvinnudeildir eða atvinnumálaskrifstofur í fylkjunum. Atvinnugreinin sjálf hefur mikil áhrif á þróun í ferðamálum. Áherslur eða stefnumið stjórnvalda eru tekin inn í áætlanir fylkjanna. Samstarfsnefnd ráðuneytanna hefur það að markmiði að færa styrkveitingar frá einstökum fyrirtækjum til almennra aðgerða í þágu greinarinnar.

Það er talið mikilvægt að auka tekjur af erlendum ferðamönnum. Sömuleiðis er það talið mikilvægt markmið að viðskiptajöfnuður vegna erlendra ferðamanna annars vegar og innlendra hins vegar sé jákvæður.

Ferðamálastjórar starfa í fylkjunum og er sjálfstæði þeirra tiltölulega mikið. Ferðamálaráð starfa einnig í fylkjunum og atvinnugreinin leggur mikið upp úr því að hafa meiri hluta í þeim ráðum.

Áhersla er lögð á að blanda ekki saman markaðsfærslu annars vegar og stefnumótandi vinnu hins vegar. Atvinnugreinin sjálf á að bera höfuðábyrgð á markaðsfærslu, ráðuneyti hins vegar á stefnumótandi vinnu.

Ferðaskrifstofum er skipt í þrjá flokka: almennar ferðaskrifstofur, skipuleggjendur ferða og leigjendur skála. Tryggingafyrirkomulag vegna ferðaskrifstofa er nú þannig að um er að ræða sjálfseignarstofnun í einkaeign, sjóð sem ferðaskrifstofurnar standa sjálfar að. Í stjórn sjóðsins eiga sæti fulltrúi ráðuneytis, neytenda og ferðaskrifstofanna. Fram kom að fyrir dyrum stendur að fella úr gildi lög um ferðaskrifstofur en í stað þess eigi að gilda um þær almenn lög og reglur um atvinnurekstur.

Fylkin hafa á sinni könnu menntun og fræðslu á framhaldsskólastigi. Í einstaka fylkjum er boðið upp á ferðamálabrautir. Þá hefur atvinnugreinin sjálf staðið fyrir sérstakri háskólabraut í ferðamálum eða „reiselivsakademi".

Umhverfisráðuneytið.

Alls eru friðlýst samkvæmt náttúruverndarlögum 5,4% af flatarmáli Noregs. Um er að ræða mismunandi friðlýsingar, rétt eins og á Íslandi, þjóðgarðar eru 17 talsins. Friðlönd (naturreservater) eru 862, landslagsverndarsvæði 67 og loks eru fjölmörg náttúruvætti.

Strängust getur friðlýsing orðið á friðlöndum. Ekki er talið æskilegt að byggja hótel á slíkum svæðum eða skíðalyftur. Hins vegar er leyft að leggja þar stíga og merkja, setja upp göngubrýr, en flest eru friðlöndin ekki fallin til skoðunar nema þá fyrir sérstaka hópa. Unnt er að banna alla umferð á þessum svæðum, t.d. á fuglafriðlöndum um ákveðinn tíma ársins, en annars er leyfilegt að ganga um svæðin.

Vægasta friðlýsing er landslagsverndin þar sem leyfa má ýmsar framkvæmdir sem ekki ganga gegn markmiðum með verndinni.

Þjóðgarðar taka yfir 12.000 ferkílómetra svæði og eru alls 17. Tvívegis hafa verið gerðar langtímaáætlanir um þjóðgarða, sú fyrri 1964.

Engin meiri háttar mannvirki eru reist inni í þjóðgörðunum og umferð vélknúinna tækja er heldur ekki leyfð þar. Meginreglan er að fólk geti gengið óhindrað um þjóðgarðana, þ.e. fótgangandi, en hins vegar er hægt að óska eftir að fólk haldi sig á stígum og tjaldi ekki nema á ákveðnum svæðum.

Nokkur togstreita var um tíma milli hagsmuna ferðaþjónustu og útivistar en á seinni árum hefur tekist gott samkomulag og leitað er að gullnum meðalvegi á þessu sviði.

Flest friðlýst svæði eru ekki fallin til aksturs utan vega nema þá á Hardangervidda þar sem erfitt er að hafa stjórn á slíku. Um helmingur þess svæðis er í einkaeigu og helmingurinn í ríkiseign.

Almennt má segja að ekki séu sérstök vandamál í Noregi í sambandi við ferðaþjónustu og náttúruvernd.

Við spurðum um heimild til flugs yfir svæðin og því var svarað til að lágflug stórra flugvéla væri ekki heimilað yfir náttúruverndarsvæði en smáflugvélar mættu fljúga yfir færu þær ekki niður fyrir 200 metra.

Samband veitinga- og gistihúsa.

Síðasta ár gekk tiltölulega vel hjá veitinga- og gistihúsum, fjöldi útlendinga var vaxandi og fleiri Norðmenn ferðuðust heima fyrir. Þrátt fyrir fjölgun gistinátta er enn um verulegt umframframboð að ræða og er nýting gistirýmis aðeins 52%.

Ferðaþjónustan er dreifð. Starfandi innan samtakanna eru 1.500 hótel og 3.900 veitingastaðir stórir og smáir, starfsmenn eru alls 55.000, þar af 70% konur. Mörg hótelanna eru á landsbyggðinni og eru þýðingarmiklir vinnustaðir. Um var að ræða umframfjárfestingu, ekki síst í Ósló þar sem talsvert hefði verið um gjaldþrot.

Samtökin hafa óskað eftir sérstökum pólitískum fulltrúa eða statssekretær í atvinnuvegaráðuneytinu sem gæti talað máli ferðaþjónustunnar. Hótellöggjöfin er nú sjö ára gömul og á að fara að endurskoða hana. Viðhorf samtakanna er svipað og hjá stjórnvöldum varðandi lagasetningu, stefnan er að einfalda löggjöf og reglur þannig að ekki sé sett ákvæði um nema það nauðsynlegasta. Í Noregi er ekki virðisaukaskattur á gistingu, en hins vegar 10% virðisaukaskattur á þjónustu. Evrópubandalagið hefur virðisaukaskatt á gistingu, meðalskattur í Evrópubandalagslöndum er 11%. Flestir innan samtakanna telja þó að Noregur ætti að ganga í Evrópubandalagið, einkum ef skattareglur yrðu samræmdar og sami virðisaukaskattur yrði í Noregi og Evrópubandalaginu, t.d. 15%.

Talsvert væri um að útlendingar kæmu með allt með sér, þyrftu nánast ekkert að kaupa í Noregi í ferðum. Ekkert formlegt væri gert til að koma í veg fyrir slíkt; það væri ekki auðvelt mál.

Svæðisstarfsmennirnir „distriktssjeffer", sem nú væri verið að koma á, gæfu góða raun, þriggja ára reynsla væri af slíku starfi í Noregi með góðum árangri; þeir vinna m.a. að skipulagi ferðaþjónustunnar og ráðgjöf.

Aðspurður um það fyrirkomulag að greinin legði fram fjármagn á móti ríkinu (svokallað matching-kerfi) sagði hann að nokkurra erfiðleika hefði gætt hjá ferðaþjónustunni að leggja fram sinn hluta á móti hinu opinbera, m.a. vegna veikari efnahagsstöðu undanfarin ár, en við eðlilegar aðstæður ætti þetta að geta gengið vel.

Samgöngunefnd Stórþingsins.

Hjá nefndarmönnum kom fram að Noregur hefði ekki náð þeim vexti í ferðaþjónustu sem skyldi og stæði tiltölulega veikt miðað við nágrannalönd, engin almenn löggjöf væri um ferðamál, en hins vegar sérlög eins og varðandi vínveitingaleyfi, ferðaskrifstofur og áætlunarbíla.

Meðal annars væri talið áfátt að of litlar fjárveitingar séu til markaðsmála, hlutfallslega minna en hjá Svíum og Dönum. Þó væri talið að Noregur næði allgóðu út úr sinni fjárfestingu í markaðsmálum.

Fylkin hafa miklu hlutverki að gegna og ferðaþjónustan hefur mikil gildi fyrir landsbyggðina. Líta þyrfti á ferðaþjónustuna sem atvinnugrein og meta þýðingu hennar fyrir störf og gjaldeyrisöflun.

Aðilar í ferðaþjónustu ættu sjálfir að leita lausna á eigin skipulagi. Ekki væri auðvelt að skýra ástæður fyrir sviptingum í greininni, en bent væri á árekstra milli opinberra starfsmanna og hagsmuna fyrirtækjanna. Fara þyrfti betur yfir hver ætti að vera hlutur hins opinbera í ferðaþjónustu. Í því sambandi var nefnd almenn markaðsfærsla, innri uppbygging (infrastruktur) ferðaþjónustunnar, vegakerfi, upplýsingar og menningarverðmæti (kulturminne).

Ferðin var hin gagnlegasta og greiddi norska ferðamálaráðið, NORTRA, götu okkar. Ítarleg skýrsla um ferðina ásamt margvíslegu upplýsingaefni um norsk ferðamál er varðveitt í samgönguráðuneytinu.

Fylgiskjal IV.

Menntunarleiðir í ferðamálum.

Hótel- og veitingaskóli Íslands.

Í lögum um Hótel- og veitingaskóla Íslands frá 1971 segir að hlutverk hans sé m.a. að veita fræðslu í matreiðslu og framreiðslu til sveinsprófs, veita nám fyrir matsveina á fiski- og flutningaskipum, bjóða nám fyrir bryta á farþega- og flutningaskipum, starfrækja framhaldsdeildir fyrir umsjónarmenn í veitingasölum og yfirmatreiðslumenn, veita fræðslu öðru starfsfólki á hótelum og í veitingahúsum, á farþegaskipum og í flugvélum. Skólanum er samkvæmt lögunum einnig heimilt að starfrækja deild eða halda námskeið fyrir matráðskonur og veita fræðslu nemendum skyldra iðn- og starfsgreina, svo sem í brauð- og kökugerð og kjötiðnaði. Við skólann hefur hingað til aðeins verið haldið uppi kennslu í þremur deildum, framreiðslu, matreiðslu og námi fyrir matsveina á fiski- og flutningaskipum.

Menntaskólinn í Kópavogi.

Haustið 1988 fór af stað ferðamálabraut við Menntaskólann í Kópavogi. Brautin er ein af átta brautum skólans sem leiða til stúdentsprófs. Í kynningarbæklingi um brautina segir að markmið hennar sé að búa nemendur undir störf í ferðaþjónustu eða frekara nám í greininni. Brautin er nátengd málabraut. Greinar sem tengjast ferðaþjónustu eru í kjarna sem allir taka og möguleiki er á vali til þess að kynnast betur ákveðnum sviðum innan ferðamálanna. Auk þess er lögð áhersla á tungumál og fræði um Ísland, eins og jarðfræði, landafræði, félagsfræði og sögu. Nemendur stunda sérgreinar brautarinnar tvö síðari árin í náminu.

Verslunarskóli Íslands.

Í öldungadeild VÍ er nú boðið upp á nám á ferðamálabraut, með námsgreinar eins og farseðlaútgáfu, ferðaþjónustu, landafræði og sögu. Þetta nám virðist sniðið að því námi sem er á námskeiðunum í MK.

Fjölbrautaskólarnir í Garðabæ og Breiðholti og Menntaskólinn á Egilsstöðum.

Í þessum skólum er boðið upp á áfanga í ferðaþjónustu sem er eins konar almenn kynning á greininni. Í Garðabæ er starfrækt ferðamálalína innan málabrautar og eru þar kennd fög eins og listir og söfn, ferðaþjónusta, markaðsfræði og samskipti.

Leiðsöguskólinn.

Þessi skóli er rekinn af Ferðamálaráði Íslands í samræmi við lög um skipulag ferðamála. Um er að ræða eins vetrar nám og fer kennsla fram á kvöldin. Það er undirbúningur undir leiðsögustörf fyrir ferðamenn á Íslandi þar sem fjallað er um ferðamál almennt, svæðalýsingar, sögu, jarðfræði o.fl.

Viðskipta- og málaskólinn.

Viðskiptaskólinn býður upp á nám í hótelstjórn. Fjallað er um hótel- og veitingahúsastörf, bókanir, fjármál, stjórnun, kynningarstarfsemi o.fl.

Málaskólinn býður upp á ferðamálanám. Meðal námsgreina eru almenn kynning á ferðamálum, flugmál, ferðaskrifstofur, ferðir, markaðsmál, rekstur og tungumál.

Málaskólinn Mímir.

Ferðamálanámið í þessum skóla snýst bæði um ferðamál og tungumál sem er aðalviðfangsefni skólans.

Auk þess sem að ofan greinir er boðið upp á einstaka námskeið, svo sem eins og flugfreyju- og flugþjónanám. Þá er í undirbúningi við Bréfaskólann nám fyrir fólk í ferðaþjónustu bænda.

Áform hafa verið uppi um að sameina nám á sviði ferðamála á einum stað, og er nú helst rætt um fjölbrautaskóla í Kópavogi, þar sem sameinaðir yrðu Menntaskólinn í Kópavogi og Hótel- og veitingaskólinn. Að þessu er unnið á vegum menntamálaráðuneytisins.

Hér hafa verið raktar helstu menntunarleiðir í ferðamálum hér á landi. Vafalaust er hér ekki um tæmandi úttekt að ræða en ætti þó að gefa allgott yfirlit yfir það nám sem í boði er. Þessi samantekt er byggð á erindi Gerðar G. Óskarsdóttur, ráðunauts menntamálaráðherra, á ferðamálaráðstefnu á Egilsstöðum 16. – 17. febrúar sl. Til frekari fróðleiks er bent á erindið í heild, sem birt verður í skýrslu Ferðamálaráðs Íslands um ráðstefnuna.

Fylgiskjal V.

Þingsályktun um öryggi í óbyggðaferðum.

Samþykkt á Alþingi 22. febr. 1990.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að bæta öryggi þeirra sem ferðast í óbyggðum með því að samræma og setja reglur og lög eftir því sem við á og með því að skipuleggja fræðslu, ráðgjöf og upplýsingar til ferðafólks.

Við undirbúning málsins verði haft samráð við samtök áhugafólks um ferðalög og slysavarnir.

Tillaga til þingsályktunar um öryggi í óbyggðaferðum.
(Tillagan var lögð fram á 112. löggjafarþingi á þskj. 571, 327. mál.)

Flutningsmenn tillögunnar voru Kristín Einarsdóttir, Hjörleifur Guttormsson, Jón Helgason, Kolbrún Jónsdóttir, Stefán Valgeirsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Karvel Pálmason og Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að bæta öryggi þeirra sem ferðast í óbyggðum með því að samræma og setja reglur og lög eftir því sem við á og með því að skipuleggja fræðslu, ráðgjöf og upplýsingar til ferðafólks.

Við undirbúning málsins verði haft samráð við samtök áhugafólks um ferðalög og slysavarnir.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur það oft komið fyrir að erlendir og innlendir ferðamenn lendi í ógöngum í óbyggðum. Nýlegt dæmi og umtalað er þegar breskur ferðamaður varð úti í Öræfasveit í janúar sl. í veðri sem algengt er hérlendis á þessum árstíma. Slík dæmi eru mörg sem leitt hafa til manntjóns, slysa og kostnaðarsamrar leitar, oft vegna ófullnægjandi útbúnaðar og kunnáttuleysis. Þannig gerist það flest haust að leita þarf að rjúpnaskyttum sem týnt hafa áttum og villst. Fjöldi fólks leggur á sig mikla fyrirhöfn við leit og af því hlýst ómældur kostnaður auk þess sem leitarmenn stofna sjálfum sér í hættu. Útlendingar eru e.t.v. í enn meiri hættu en Íslendingar þar sem þeir þekkja lítið sem ekkert til aðstæðna hér á landi og þeirrar óblíðu náttúru sem við búum við.

Það er því í allra þágu að bæta öryggi ferðamanna sem leggja leið sína í óbyggðir. Þar eru fyrirbyggjandi aðgerðir af ýmsu tagi ódýrasta og besta ráðið. Flutningsmenn tillögunnar mæla hins vegar ekki með ferðabanni eða því að loka svæðum fyrir ferðafólki nema í undantekningartilvikum. Íslendingar vilja sjálfir geta ferðast um land sitt og leitast er við að laða hingað erlenda ferðamenn, ekki síst með því að auglýsa íslenska náttúru og óbyggðir. Það leggur okkur skyldur á herðar. Þáttur í að gera óbyggðaferðir aðlaðandi fyrir innlenda sem erlenda er að bærilega sé séð fyrir öryggismálum og að ferðamenn verði sjálfir þátttakendur í að bæta þar úr og gera sér grein fyrir því sem borið getur að höndum.

Fjöldi sjálfboðaliða vinnur mikið og óeigingjarnt starf í björgunarsveitum og slysavarnafélögum um land allt. Samvinna þeirra, sem að þessum málum vinna, hefur aukist upp á síðkastið þótt enn megi bæta þar um og mætti hlutur opinberra aðila vera meiri til stuðnings og samræmingar. Reynslu þessara aðila og annarra af hálendis- og jöklaferðum þarf að nýta þegar lögð eru á ráð til að bæta öryggi í óbyggðaferðum.

Frá því vorið 1985 hefur verið starfrækt tilkynningarþjónusta fyrir ferðamenn. Að henni standa Landssamband hjálparsveita skáta, Landssamband flugbjörgunarsveita og fyrirtækið Securitas. Þjónustan er þannig að fólk, sem ætlar í óbyggðaferðir, getur hringt og greint frá ferðaáætlun sinni. Komi það ekki fram á tilgreindum tíma er eftirgrennslan eða leit hafin. Byggja mætti m.a. á þeirri reynslu sem fengist hefur af þessari starfsemi.

Í mörgum löndum er þess krafist að fólk, sem ferðast um svæði þar sem hættur eru miklar, kaupi sér vátryggingu fyrir leitarkostnaði. Sums staðar er vátryggingarupphæðin svo há að það er varla á færi hins almenna borgara að kaupa slíka tryggingu. Það er hins vegar eðlilegt að kanna hvort slíkt kæmi til greina hér á landi í einhverjum tilvikum þegar um sérstaka ævintýramennsku er að ræða. Einnig heyrast þau sjónarmið að erlendir ferðamenn, sem ætla í áhættusamar ferðir hér á landi, verði skyldaðir til að kaupa leitar- og björgunartryggingu.

Efnahagur fólks má þó alls ekki verða ráðandi um það hverjir geta ferðast um óbyggðir sér til yndisauka.

Með flutningi tillögunnar er ekki ætlunin að benda á tilteknar lausnir heldur að Alþingi láti málið til sín taka og hlutist til um aðgerðir. Við mótun þeirra þarf margt að athuga og er aðeins vikið að nokkrum þáttum í tillögugreininni. Áhersla er lögð á fræðslu, ráðgjöf og upplýsingar til ferðafólks, en einnig að sett verði og samræmd lög og reglur sem stuðlað geti að bættu öryggi án þess að ganga um of nærri frjálsri og óheftri umferð um landið. Hafa ber í huga að ferðum fylgir ætíð nokkur áhætta en óþarfi er að ýkja hana eða bregðast við henni með boðum og bönnum.

Flutningsmenn hafa m.a. í huga eftirfarandi atriði sem athuga ber þegar fjallað er um öryggi í óbyggðaferðum:

— Fræðslu fyrir ferðamenn, innlenda sem erlenda, um helstu hættur sem orðið geta á vegi þeirra við breytilegar aðstæður á ólíkum árstímum og hvernig bregðast megi við. Slíkar leiðbeiningar er m.a. hægt að færa inn á kort og í bæklinga sem ætluð eru ferðamönnum.
— Starfrækslu tilkynningarþjónustu í núverandi eða breyttu formi og tilkynningarskyldu sem gæti náð til ákveðinna fáfarinna eða erfiðra ferðasvæða. Dæmi um slíkt geta verið jöklaferðir, klifur í fjöllum og á jöklum og gönguferðir um fáfarin svæði, svo að eitthvað sé nefnt.
— Sameina mætti tilkynningarþjónustu og ráðgjöf um leiðaval og útbúnað svo og aðrar leiðbeiningar.
— Athuga þarf hvort tryggingafélög taka að sér að veita þeim tryggingu sem ferðast utan alfaraleiða án óhóflegs kostnaðar. Tengja mætti slíkar tryggingar við leitar- og björgunarþjónustu og jafnvel gera þær að skilyrði fyrir leit við tilteknar aðstæður.
— Setja þarf skýrari reglur en nú gilda um akstur í óbyggðum, merkja akstursleiðir og koma upp viðvörunarskiltum á hættulegum stöðum, m.a. við ótrygg vöð á ám.
— Heimildir þurfa að vera til að banna ferðalög inn á tiltekin svæði við sérstakar og afbrigðilegar aðstæður, t.d. vegna snjóflóðahættu eða vegna yfirvofandi óveðurs.
— Aukið eftirlit af hálfu löggæslu í óbyggðum getur jafnframt stuðlað að bættu öryggi svo og samvinnu björgunaraðila og löggæslu.

Margar af þeim hugmyndum, sem fram hafa komið til að bæta öryggi í óbyggðum, krefjast ekki breytinga á lögum heldur betri skipulagningar og samræmingar og að settar verði reglur á grundvelli núgildandi laga.

Af lögum og lagaákvæðum, sem tengjast þessum málum, má benda á eftirfarandi:

Lög um almannavarnir, nr. 94/1962. Hlutverk almannavarna er m.a. að skipuleggja og gera ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkamstjóni af völdum náttúruhamfara eða annarri vá.

Lög um lögreglusamþykktir, nr. 36/1988. Í a-lið 3. gr. segir m.a. „. . . allt sem lýtur að því að draga úr hættu og óþægindum, greiða fyrir umferð og tryggja öryggi fólks; . . .“

Lög um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965. Í 2. mgr. 9. gr. laganna er heimild fyrir dómsmálaráðherra að setja sérstakar reglur um tilkynningarskyldu útlendinga meðan þeir dveljast hér á landi.

Jafnframt því að athuga hvort gildandi lög og lagaákvæði eru fullnægjandi er rétt að kanna þörf á nýjum lögum eða lagaákvæðum.


Æskilegt er að hraða þeim aðgerðum sem tillagan gerir ráð fyrir í sem bestri samvinnu við þá mörgu aðila sem mál þetta varðar.

Fylgiskjal VI.


Opinberar fjárveitingar til ferðamála

(upphæðir í þús. kr. á verðlagi hvers árs)

	Fjárlagafrv. 1991	Fjárlög 1990	Reikn. 1989	Breyting '89-'91
Ferðamálaráð, rekstur	13.420	10.375	10.650	26,1%
Ferðamálasamtök landshluta	0	0	1.000	-100,0%
Ferðamál, skil á Fríhafnarfé	68.000	48.600	33.842	100,9%
Hótel, framlög	25.000	25.000	22.800	9,6%
Ýmislegt	0	4.600	0	0,0%
Ferðamálaár Evrópu 1990	0	4.160	0	0,0%
SAMTALS	***106.420***	***92.735***	***68.292***	***55,8%***
Ferðamálasjóður, lánsheimild		130.000	130.000	


%
12
10
8
6
4
2
0
Gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum sem hlutfall af útfluttri vöru og þjónustu
Skil ríkissjóðs á mörkuðum tekjum af vörusölu Fríhafnar til ferðamála.
(Lögbundin skil eru 10%)
1976
1977
1978
1979
1980
1981
1982
1983
1984
1985
1986
1987
1988
1989
1990
1991
(áætlað)

Fylgiskjal VII.



Fylgiskjal VIII.

Tillaga til þingsályktunar, sem lögð var fram á 112. löggjafarþingi, var send eftirtöldum aðilum til umsagnar:

Almannavarnir ríkisins	svarað
Alþýðusamband Íslands	
Arnarflug	
Arnarflug innan lands	
Austfar hf.	
Bandalag íslenskra farfugla	
Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra	svarað
Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna	
Bandalag starfsmanna ríkis og bæja	
Byggðastofnun	
Ferðafélag Akureyrar	
Ferðafélag Íslands	svarað
Ferðamálanefnd Reykjavíkur	
Ferðamálaráð	svarað
Ferðamálasamtök Austurlands	
Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins	svarað
Ferðamálasamtök Norðurlands	svarað
Ferðamálasamtök Suðurlands	
Ferðamálasamtök Suðurnesja	
Ferðamálasamtök Vestfjarða	
Ferðamálasamtök Vesturlands	
Ferðamálasjóður	
Ferðaskrifstofa Íslands	
Ferðaþjónusta bænda	
Félag eigenda sumardvalarsvæða	
Félag hópferðaleyfishafa	
Félag íslenskra atvinnuflugmanna	svarað
Félag íslenskra ferðaskrifstofa	svarað
Félag leiðsögumanna	svarað
Félag sérleyfishafa	
Félag starfsfólks í veitinga- og gistihúsum	
Fjórðungssamband Norðlendinga	svarað
Fjórðungssamband Vestfirðinga	svarað
Flugfélag Austurlands hf.	
Flugfélag Norðurlands hf.	
Flugfélagið Ernir hf.	
Flugleiðir	
Flugskóli Helga Jónssonar	
Hótel- og veitingaskóli Íslands	
Landgræðsla ríkisins	svarað
Landmælingar Íslands	
Landssamband flugbjörgunarsveita	

Landssamband hjálparsveita skáta	
Landssamband veiðifélaga	svarað
Landvarðafélag Íslands	svarað
Landvernd	
Leiðsöguskólinn	svarað
Lögreglufélag Reykjavíkur	svarað
Náttúruverndarráð	svarað
Neytendasamtökin	svarað
Samband íslenskra náttúruverndarfélaga	
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum	svarað
Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi	svarað
Samband veitinga- og gistihúsa	svarað
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga	svarað
Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu	svarað
Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi	
Sjálfsbjörg	svarað
Skipulag ríkisins	svarað
Skógrækt ríkisins	
Slysavarnafélag Íslands	svarað
Upplýsingamiðstöð ferðamála	svarað
Útflutningsráð Íslands	svarað
Útivist	
Útlendingaeftirlitið	
Vegagerð ríkisins	
Verslunarmannafélag Reykjavíkur	
Verslunarráð Íslands	svarað
Vinnumálasamband samvinnufélaganna	svarað
Vinnuveitendasamband Íslands	
Öryrkjabandalag Íslands	svarað

Fylgiskjal IX.

ÞÁTTTAKA ÍSLANDS Í FJÖLÞJÓÐLEGU SAMSTARFI Á SVIÐI FERÐAMÁLA

1. ORGANIZATION FOR ECONOMIC CO-OPERATION AND DEVELOPMENT (OECD)

Ísland á aðild að ferðamálanefnd OECD. Á vettvangi þessara samtaka er fjallað um flest þau mál er snerta þróun og framkvæmd ferðamálastefnu aðildarríkjanna og unnið að því að ryðja úr vegi hverskonar hindrunum, sem standa í veg fyrir eðlilegum samskiptum á sviði ferðaþjónustu. Ennfremur er mikið starf fólgið í söfnun gagna um flesta þá þætti sem snerta fjárhagslegt mikilvægi þessarar atvinnugreinar.

2. EUROPEAN TRAVEL COMMISSION (ETC)

Ísland hefur verið aðili að þessum samtökum frá stofnun þeirra fyrir liðlega 40 árum síðan, en samtökin voru stofnuð í Noregi. 24 lönd í Evrópu eiga nú aðild að ETC. Auk þess að sinna mörgum sömu verkefnum fyrir aðildarríkin og OECD gerir á breiðari grundvelli, rekur ETC öfluga kynningar- og sölustarfsemi í norður og suður Ameríku, Japan og nýlega hefur verið opnuð söluskrifstofa í Singapore. Fundir eru haldnir tvisvar á ári.

Árið 1981 hafði ETC forgöngu um að komið var á fót samstarfshópi, sem hlaut nafnið European Tourism Action Group (ETAG), en í þeim hópi eiga fulltrúa flest þeirra alþjóðlegu samtaka, sem mestra hagsmuna hafa að gæta á sviði ferðaþjónustu, samtals 12 meðlimir, en auk þess hafa EB, OECD og WTO áheyrnarfulltrúa. Þessi hópur hélt 3 fundi á árinu 1989.

3. NORDISK TURISTRÅD (NT)

Þetta eru samtök norðurlandann 5, sem ákveðið var að stofna í framhaldi af samþykkt norrænu ferðamálaráðherranna í Skagen þann 12. júní 1980.

Ferðamálastjórar norðurlandanna halda 3-4 fundi á ári, en auk þess er árlegur fundur með formönnum ferðamálaráða landanna. Starfið innan NT er meðal annars fólgið í að móta sameiginlega stefnu landanna fimm gagnvart OECD og ETC þegar slíkt er álitið æskilegt til að hafa áhrif á einstök mál, ýmsum markaðskönnunum, sameiginlegri þátttöku í ferðasýningum og síðast en ekki síst rekstri landkynningarskrifstofu í New York undir nafninu Scandinavian National Torurist Offices SCAN. NT stendur fyrir ferðasýningu sem ber nafnið NORDIC TRAVEL MARKET og er hún haldin annað hvert ár í löndunum til skiptis.

Ennfremur tekur samgönguráðuneytið þátt í störfum norrænnar embættismannanefndar á sviði ferðamála, Nordisk Ministerråds Turistkommité (NMT).

4. VEST-NORDEN

Samstarf Vest-Norden landanna þriggja, Færeyja, Grænlands og Íslands, á sviði ferðamála hófst sumarið 1985. Tilgangur samtakanna er að vinna að aukningu ferðalaga milli þessara landa og standa sameiginlega að kynningarstarfsemi utan svæðisins. Samtökin hafa staðið fyrir árlegum ferðasýningum í Reykjavík, Torshavn og Nuuk. Starfsmaður Vest-Norden ferðamálasamtakanna er Reynir Adolfsson hefur hann aðsetur hjá Byggðastofnun á Akureyri.

Fylgiskjal X.

SKÝRSLUR OG HEIMILDARRIT UM FERÐAMÁL

	Heiti	Útgefandi og ár:
1.	Ársskýrslur Ferðamálaráðs	
2.	Fundargerðir frá ferðamálaráðstefnum Ferðamálaráðs	
3.	Ferðamálafélag Reykjavíkur, FERÐAMÁL Á ÍSLANDI	Georges Lebrec 1960
4.	A Forecast for Tourist Development in Reykjavík up to 1980	Ferðamálaráð 1969
5.	Ferðamálakönnunin 1972–1976	Samgönguráðuneytið 1976
6.	Könnun Ferðamálaráðs	Hagvangur 1978
7.	Skýrsla um útsendingu bréfa, send aðilum í ferðamannaþjónustu og svör sem bárust	Ferðamálaráð 1979
8.	Skýrsla um hvernig auka megi ferðalög Íslendinga innan lands	Ferðamálaráð 1980
9.	Ferðir Íslendinga um Ísland	Hringborðsumræður 1981
10.	Kapacitetsudnyttelsen ved turistanlæggene í Norden	Nordisk Turistråd 1983
11.	Ferðamál á Íslandi	Samgönguráðuneytið 1983
12.	De nordiska länderna som semestermål för holländska turister	Nordisk Turistråd 1983
13.	De nordiska lènderna som semestermål för engelska turister	Nordisk Turistråd 1983
14.	Island som international konferencedestination, Scandinavian Consulting Group	Ferðamálaráð 1983
15.	Skýrsla um veiðimál	Ferðamálaráð 1983
16.	Nordisk Markedsrapport	Nordisk Turistråd 1984
17.	Úttekt á ferðaþjónustu í Vesturlandskjördæmi	Óli J. Ólason 1984
18.	Ferðavenjur Íslendinga í eigin landi	Hagvangur 1985, Ferðamálaráð 1985
19.	Ferðamálafélag Mývatnssveitar, könnun	
20.	Kapacitetsudnyttelsen ved turistanlæggene í Norden	Nordisk Turistråd 1985
21.	Könnun meðal erlendra fjölmiðlamanna er sóttu leiðtogafundinn	Talnakönnun 1986
22.	Könnun á ferðavenjum útlendinga á Íslandi	Björn S. Lárusson 1988
23.	L'Islande et le tourisme	Université J. Fourier 1989
24.	Skýrsla um ferðaþjónustu í Vestfjarðakjördæmi	Sigurborg Kr. Hannesd. 1989
25.	Ferðaþjónusta á Austurlandi — Horft til framtíðar	Peter Anderson 1990
26.	Tillaga til þingsályktunar um ferðamálastefnu	1990

Fylgiskjal XI.

Viðmælendur ferðamálanefndar samgönguráðuneytisins.

Nafn	Stofnun/Félag/Fyrirtæki
Albert Eiríksson	Neskaupstaður
Alda Andrésdóttir	Form. ferðamálan. Hverageröis
Anna G. Edvardsdóttir	Bolungarvík
Arngeir Lúðvíksson	Arnarflug hf.
Arnþór Björnsson	Mývatnssveit
Arnþór Ingólfsson	Lögreglan í Reykjavík
Auður Lárusdóttir	Kelduneshreppur
Axel A. Beck	Seyðisfjörður
Ágúst Guðmundsson	Landmælingar Íslands
Ágúst Hafberg	Ferðamálasjóður
Árni Steinar Jóhannsson	Akureyri
Árni Stefánsson	Ferðamálasamtök Austurlands
Ásdís Illugadóttir	Mývatnssveit
Ásgerður Ingimarsdóttir	Öryrkjabandalagið
Áskell Jónsson	BHMR
Áslaug J. Marinósdóttir	Félag leiðsögumanna
Beat Iseli	Sviss
Birgir B. Sigurjónsson	BHMR
Birna G. Bjarnleifsdóttir	Leiðsöguskólinn
Birna Sigurbjörnsdóttir	Akureyri
Bjarni Aðalgeirsson	Húsavík
Bjarni I. Árnason	Samband veitinga- og gistihúsa
Bjarni Einarsson	Byggðastofnun
Bjarni Þór Einarsson	Húsavík
Björn Guðmundsson	Kelduneshreppur
Björn Hermannsson	Hótel Ísafjörður
Björn Hólmgeirsson	Húsavík
Björn S. Lárusson	Ferðamálasamtök Suðurlands
Björn Pálsson	Ferðamálanefnd Hverageröis
Björn Sigurðsson	Húsavík
Bragi Einarsson	Eden Hveragerði
Bryndís Brynjólfsdóttir	Form. ferðamálanefndar Selfoss
Bryndís Schram	Líf og Land
Clive Stacy	Bretland
Cristian Kneissl	Austurríki
Dagný Pálsdóttir	Egilsstaðir
Dagur Jóhannesson	Aðaldælahreppur
Dieter-Wendler Jóhannsson	Þýskaland
Edda Kr. Björnsdóttir	Miðhús
Einar Árnason	Fell, Breiðdal
Einar Egilsson	Samband ísl. náttúruverndarfélaga

Nafn	Stofnun/Félag/Fyrirtæki
Einar Gunnarsson	Landssamband flugbjörgunarsveita
Einar Gústavsson	Flugleiðir hf.
Einar Hannesson	Landssamband veiðifélaga
Einar R. Haraldsson	Egilsstaðir
Eiríkur Eyvindsson	Fél. eigenda sumardvalarsvæða
Elín Erlingsdóttir	Arnarflug innan lands hf.
Elín Fjóla Þórarinsdóttir	Náttúruverndarráð, Jökulsárgljúfrum
Erlendur Steinþórsson	Egilsstaðir
Erna Gunnarsdóttir	Leiðsögumaður
Erna Hauksdóttir	Samband veitinga- og gistihúsa
Erna Þórarinsdóttir	Hótelstjóri Laugarvatni
Fanney Gísladóttir	Ferðamálasamtök höfðuborgarsvæðisins
Friðfinnur Hermannsson	Akureyri
Friðrik Dagur Arnarson	Mývatnssveit
Gerard Alant	Frakkland
Gerður G. Óskarsdóttir	Ráðgjafi menntamálaráðherra
Grétar Brynjólfsson	Skipalækur
Guðjón Petersen	Almannavarnir ríkisins
Guðmundur Axelsson	Hótel- og veitingaskólinn
Guðmundur Gunnarsson	Ferðafélag Akureyrar
Guðmundur Malmquist	Byggðastofnun
Guðmundur Þorsteinsson	Fáskrúðsfjörður
Guðrún Sigurðardóttir	Mývatnssveit
Guðrún Þorleifsdóttir	Fell, Breiðdal
Gunnar H. Guðjónsson	Fél. ísl. atvinnuflugmanna
Gunnar M. Guðmundsson	Sérleyfisbílar Akureyrar
Gunnar Höskuldsson	Húsavík
Gunnar Oddur Sigurðsson	Flugleiðir hf.
Gunnar Sveinsson	Fél. sérleyfishafa
Hafsteinn Hafsteinsson	Verslunarmannafél. Reykjavíkur
Halldór Árnason	Fjármálaráðuneyti
Halldór Benediktsson	Bolungarvík
Halldór Bjarnason	Ferðaskrifstofa Úlfars Jacobsen
Halldór Gunnarsson	Lundarskóli
Hallgrímur Hallgrímsson	BSRB
Hannes Þ. Hafstein	Slysavarnafélag Íslands
Hálfdán Henrýsson	Slysavarnafélag Íslands
Heimir Pálsson	Skólanefndir MK og H-V-skólans
Heimir Steinsson	Þjóðgarður Þingvöllum
Heiðar Guðbrandsson	Súðavík
Heiðar Ragnarsson	Hótelstjóri Selfossi
Helena Dejak	Ferðaskrifstofan Nonni
Helga K. Einarsdóttir	Náttúruverndarráð, Jökulsárgljúfrum
Helgi Arngrímsson	Borgarfjörður eystri
Helgi Gunnarsson	Mývatnssveit
Helgi Jóhannesson	Samgönguráðuneyti
Helgi Jóhannsson	Félag ísl. ferðaskrifstofa
Herbert Guðmundsson	Verslunarráð Íslands

Nafn	Stofnun/Félag/Fyrirtæki
Herdís Þorvaldsdóttir	Líf og Land
Hilmar Baldursson	Bæjarstjóri Hveragerði
Hinrik Árni Bóasson	Mývatnssveit
Hjalti Zóphaníasson	Dómsmálaráðuneyti
Hjörtur Eiríksson	Vinnumálasamband samvinnufélaga
Hlífar Þorsteinsson	Neskaupstaður
Hólmfríður Árnadóttir	Flugleiðir hf.
Hólmfríður Gísladóttir	Hótelstjóri Laugarvatni
Hrafnhildur Stefánsdóttir	Vinnuveitendasamband Íslands
Hulda Eggertsdóttir	Akureyri
Hulda Jónsdóttir	Bandalag ísl. farfugla
Hörður Lárusson	Menntamálaráðuneyti
Iðunn Antonsdóttir	Presthólahreppur
Ingibjörg Þorleifsdóttir	Mývatnssveit
Ingjaldur Hannibalsson	Útflutningsráð
Ingólfur Hjartarson	Fél. ísl ferðaskrifstofa
Ingólfur Ingólfsson	Bandalag ísl. leigubifreiðastjóra
Ingólfur Á. Jóhannesson	Mývatnssveit
Ingvar Valdimarsson	Landssamband flugbjörgunarsveita
Ingvar Þórarinsson	Húsavík
Jakob Björnsson	Akureyri
Jana Sigfúsdóttir	Hótel Ólafsfjörður
Jens R. Ingólfsson	Flugskóli Helga Jónssonar
Jóhann T. Bjarnason	Fjórðungssamband Vestfjarða
Jóhann Jóhannsson	Útlendingaeftirlitið
Jóhann Þórsson	Landvarðafélag Íslands
Jóhanna Leópoldsdóttir	Ferðamálasjóður
Jóhannes Sigmundsson	Ferðamálasamtök Suðurlands
Jón Guðmundsson	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað
Jón Þór Gunnarsson	Akureyri
Jón Leví Hilmarsson	Hafnamálastofnun
Jón Illugason	Mývatnssveit
Jón Birgir Jónsson	Vegagerð ríkisins
Jón Ragnarsson	Hótelstjóri Hveragerði
Jón Ásberg Salómonsson	Húsavík
Jón Sigurðsson	Kelduneshreppur
Jón Sveinsson	Hótel- og veitingaskólinn
Jóna Gróa Sigurðardóttir	Ferðamálasamtök höfðuborgarsvæðisins
Jónas Hallgrímsson	Austfar hf.
Júlíus Snorrason	Sæluhúsið Dalvík
Jörundur Guðmundsson	Arnarflug innan lands hf.
Karl Rafnsson	Hótel Edda Hallormsstað
Karl Sigurhjartarson	Fél ísl. ferðaskrifstofa
Kjartan Lárusson	Ferðaskrifstofa Íslands
Kolbrún Halldórsdóttir	Ísafjörður
Kristinn H. Gunnarsson	Bolungarvík
Kristinn Jónsson	Ísafjörður
Kristín Halldórsdóttir	Ferðamálaráð

Nafn	Stofnun/Félag/Fyrirtæki
Kristján Egilsson	Fél. ísl. atvinnuflugmanna
Lára Oddsdóttir	Náttúruverndarráð
Leifur Hallgrímsson	Mývatnssveit
Loftur Þorsteinsson	Oddviti Flúðum
Magnús B. Baldursson	Landmælingar Íslands
Magnús Einarsson	Lögreglan í Reykjavík
Magnús R. Guðmundsson	Ísafjörður
Magnús Oddsson	Ferðamálaráð Íslands
Margrét Sveinbjörnsdóttir	Húsavík
Már Sigurðsson	Hótelstjóri Geysi
Norbert Schehle	Þýskaland
Óðinn Gunnar Óðinsson	Borgarfjörður eystri
Ólafur Þór Benediktsson	Bolungarvík
Ólafur Helgi Kjartansson	Ísafjörður
Ólafur Örn Ólafsson	Hótel Ísafjörður
Ólafur W. Stefánsson	Dómsmálaráðuneyti
Ólafur Tómasson	Póst- og símamálastofnun
Ólöf Ríkharðsdóttir	Öryrkjabandalagið
Ómar Benediktsson	Þýskaland
Páll Pálsson	Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins
Páll Richardson	Ferðaþjónusta bænda
Pétur Bjarnason	Ferðamálasamtök Vestfjarða
Pétur Blöndal	Seyðisfjörður
Pétur J. Eiríksson	Flugleiðir hf.
Pétur Elísson	Egilsstaðir
Pétur Hannesson	Fél. eigenda sumardvalarsvæða
Ragnheiður Kristjánsdóttir	Gistihúsið Salka
Ragnhildur Hjaltadóttir	Samgönguráðuneyti
Reynir Ingason	Djúpbáturinn hf.
Rolf Marona	Þýskaland
Runólfur Þórarinsson	Geysisnefnd
Rúnar Pálsson	Egilsstaðir
Sigfús Erlingsson	Bandaríkin
Signý Sen	Lögreglustjórinn í Reykjavík
Sigríður H. Elíasdóttir	Súðavík
Sigríður Pétursdóttir	Neytendasamtökin
Sigríður Stefánsdóttir	Akureyri
Sigríður K. Þorgrímsdóttir	Mývatnssveit
Sigrún Aspelund	BSRB
Sigurbjörg Stella Jóhannsdóttir	Náttúruverndarráð, Jökulsárgljúfrum
Sigurborg Kr. Hannesdóttir	Egilsstaðir
Sigurborg Ragnarsdóttir	Náttúruverndarráð, Jökulsárgljúfrum
Sigurður Aðalsteinsson	Flugfélag Norðurlands
Sigurður Blöndal	Skógrækt ríkisins
Sigurður Einarsson	Fél. starfsfólks í veitinga- og gistihúsum
Sigurður Guðmundsson	Fél. starfsfólks í veitinga- og gistihúsum
Sigurður Hjaltason	Höfn
Sigurður Ragnarsson	Mývatnssveit

Nafn	Stofnun/Félag/Fyrirtæki
Sigurður R. Símonarson	Egilsstaðir
Sigurður Thoroddsen	Skipulag ríkisins
Sigurður Þráinsson	Náttúruverndarráð
Sigurgeir Ísaksson	Ásbyrgi
Sigurjón Hannesson	Ferðafélag Fljótsdalshéraðs
Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir	Náttúruverndarráð, Jökulsárgljúfrum
Símon Pálsson	Noregur
Skarphéðinn Eyþórsson	Fél. hópferðaleyfishafa
Snorri Tómasson	Ferðamálasjóður
Soffía Helgadóttir	Húsavík
Sólveig Jónsdóttir	Landvarðafélag Íslands
Sólveig Jónsdóttir	Mývatnssveit
Stefán H. Sigfússon	Landgræðsla ríkisins
Stefán Thors	Skipulag ríkisins
Steindór Guðmundsson	Ferðafélag A-Skaftfellinga
Steingrímur Hermannsson	Forsætisráðherra
Steingrímur J. Sigfússon	Samgönguráðherra
Steinn Logi Björnsson	Þýskaland
Steinn Lárusson	Bretland
Sturla Þórðarson	Lögreglan í Reykjavík
Svavar B. Pálsson	Landmælingar Íslands
Sveinn Sigurbjarnarson	Eskifjörður
Sverrir Hestnes	Ferðaskrifstofa Vestfjarða
Tryggvi Árnason	Höfn
Tryggvi Friðjónsson	Sjálfsbjörg
Tryggvi Friðriksson	Landssamband hjálparsveita skáta
Tryggvi Óskarsson	Reykjahverfi
Viðar Aðalsteinsson	Egilsstöðum
Vignir Már Þormóðsson	Bláhvammur hf.
Wilhelm Wessman	Samband veitinga- og gistihúsa
Þorgeir K. Þorgeirsson	Póst- og símamálastofnun
Þorgrímur Sigurðsson	Reykjahreppur
Þorleifur Þór Jónsson	Ferðamálasamtök Norðurlands
Þorvarður Árnason	Náttúruverndarráð, Jökulsárgljúfrum
Þór Þorfinnsson	Skógarvörður Hallormsstað
Þórdís Pálsdóttir	Húsavík
Þórður Haraldsson	Húsavík
Þórður Örn Sigurðsson	Flugmálastjórn
Þórir Þorgeirsson	Oddviti Laugarvatni
Þóroddur F. Þóroddsson	Náttúruverndarráð
Þórunn Lárusdóttir	Ferðafélag Íslands
Þórunn Lárusdóttir	Landvernd
Þráinn Jónsson	Fellabær
Þuríður Backman	Egilsstaðir
Æsa Hrólfsdóttir	Mývatnssveit
Örn Þorleifsson	Húsey

Sþ. 178. Skýrsla [165. mál]

um 84. þing Alþjóðaþingmannasambandsins í Punta del Este í Úrúgvæ 15.–20. október 1990 og ráðstefnu sambandsins um afvopnunarmál í Bonn 21.–25. maí 1990.

Frá Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins.

A. ÞING ALÞJÓÐAÞINGMANNASAMBANDSINS í PUNTA DEL ESTE

I. Inngangur.

Alþjóðaþingmannasambandið (Inter-Parliamentary Union) hélt sitt 84. þing í Punta del Este í Úrúgvæ dagana 15.–20. október sl. Þingið sóttu fulltrúar frá 88 þjóðþingum, en aðild að Alþjóðaþingmannasambandinu eiga þingmenn á þjóðþingum 113 ríkja. Á þinginu voru einnig áheyrnarfulltrúar frá fjölmörgum alþjóðasamtökum, þar á meðal frá ýmsum stofnunum Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðinu og svæðisbundnum samtökum þjóðþinga. Forseti Úrúgvæ, Luis Alberto Lacalle Herrera, var við setningu þingsins og flutti ræðu.

Fyrir hönd Íslandsdeildarinnar sóttu þingið alþingismennirnir Geir H. Haarde, formaður deildarinnar, Ólafur Þ. Þórðarson og Geir Gunnarsson, auk Þorsteins Magnússonar, ritara deildarinnar.

Skýrslan skiptist í þrjá meginþætti. Fyrst er fjallað um störf og ályktanir þingsins. Þá er gerð grein fyrir störfum og ákvörðunum ráðs sambandsins sem fundaði tvívegis meðan á þinginu stóð. Að síðustu er fjallað um störf óformlegra hópa á þinginu.

II. Störf og ályktanir þingsins.

Á dagskrá þingsins í Punta del Este voru að vanda tvö aðalumræðuefni. Hið fyrra var um mikilvægi lestrarkunnáttu og almennrar menntunar til þess að stuðla að þátttöku fólks í lýðræðislegri ákvörðunartöku í þjóðfélaginu. Tengist það því að Sameinuðu þjóðirnar hafa lýst árið 1990 „ár læsis“. Seinna umræðuefnið var um mikilvægi þess að afnema leifar nýlendustefnu í heiminum og efla samvinnu milli þróaðra ríkja og þróunarlanda, sem og að efla svæðisbundna samvinnu ríkja. Fyrir þinginu lágu jafnframt tillögur um viðbótarumræðuefni og svokallað skyndiumræðuefni, en þingið getur tekið á dagskrá eitt viðbótarumræðuefni og eitt mjög brýnt mál sem ákveðin eru á þinginu sjálfu.

Tillögur um sex viðbótarumræðuefni lágu fyrir þinginu en fjórar þessara tillagna voru að lokum dregnar til baka en greidd atkvæði um hinar tvær. Annars vegar var tillaga frá Frakklandsdeildinni sem fól í sér fordæmingu á hernámi Kúvæts og hvatningu til að leita leiða til friðar við Persaflóa. Hins vegar var tillaga frá Íransdeildinni þar sem hvatt var almennt til friðsamlegra lausna deilumála, virðingar fyrir fullveldi ríkja og fordæmd íhlutun erlendra ríkja í Miðausturlöndum. Tillaga Frakklandsdeildarinnar var samþykkt með miklum mun.

Þá lágu fyrir þinginu tvær tillögur um skyndiumræðuefni og var önnur þeirra flutt af Alsírdeildinni og hin af Svíþjóðardeildinni. Tillögurnar fjölluðu báðar um átök Ísraelsmanna og Palestínumanna og voru fluttar í tengslum við manndrápin á Musterishæð í Jerúsalem fyrr í mánuðinum. Til að koma í veg fyrir að þingheimur þyrfti að gera upp

á milli tillagnanna í atkvæðagreiðslu flutti ítalska sendinefndin breytingartillögu sem fól í sér að meginefni beggja tillagnanna voru felld saman í eina tillögu. Ítalska tillagan var samþykkt með meginþorra atkvæða en gegn atkvæðum Ísraelsmanna.

1. Samstaða um aðalályktanir þingsins.

Fyrir þinginu lágu frá ýmsum þjóðdeildum fjölmargar álitsgerðir og drög að ályktunum um tvö áðurgreind aðalefni sem þingið fjallaði um. Að loknum löngum almennum umræðum um þessi efni var ályktunardrögum og álitsgerðum vísað til hlutaðeigandi nefnda. Með hliðsjón af þeim gögnum gengu nefndirnar frá ályktunardrögum sem samþykkt voru einróma á síðasta degi þingsins. Þeim sem áhuga hafa á að kynna sér þessar ályktanir, sem og aðrar ályktanir og gögn frá þinginu, er bent á að hafa samband við ritara Íslandsdeildarinnar.

Í þeirri nefnd, sem fjallaði um mikilvægi lestrarkunnáttu og almennrar menntunar í því að stuðla að þátttöku fólks í lýðræðislegri ákvörðunartöku í þjóðfélaginu, var efnt til svokallaðra vitnaleiðslna (hearings). Þar sat fyrir svörum Tedesco, sérstakur fulltrúi framkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO). Fundur þessi þótti mjög fróðlegur og eru slíkar vitnaleiðslur með sérfræðingum orðinn fastur liður í nefndastörfum á þingum Alþjóðaþingmannasambandsins.

2. Ályktanir um ástand mála í Miðausturlöndum.

Eins og áður segir var samþykkt að taka fyrir á þinginu tvö umræðuefni er vörðuðu ástand mála í Miðausturlöndum. Þingið samþykkti með yfirgnæfandi meirihlutaályktun þar sem tekið var undir fordæmingu öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna á hernámi Kúvæts. Þó að Írakar fengju óbeinan stuðning frá nokkrum sendinefndum, eins og t.d. sendinefndum frá Jemen, Jórdaníu og Alsír sem vildu að ályktun um Kúvæt-málið væri tengd stöðu mála almennt fyrir botni Miðjarðarhafs, þá var greinilegt að sendinefndin frá Írak var mjög einangruð á þinginu.

Þingið samþykkti einnig ályktun um atburðinn á Musterishæðinni í Jerúsalem 8. október, þegar ísraelskar öryggissveitir skutu til bana yfir 20 Palestínumenn, og var í ályktun þingsins m.a. tekið undir fordæmingu öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna á þessum atburðum.

3. Almennar stjórnmálaumræður.

Að vanda var mikil þátttaka í almennu stjórnmálaumræðunum og var þar víða komið við í ræðum manna. Almennu umræðurnar hófust með ræðu dr. Hector Gros Espiel, utanríkisráðherra Úrúgvæs, sem m.a. fjallaði um stöðu GATT-viðræðnanna, en núverandi stig þeirra (hinar svokölluðu Úrúgvæ-viðræður) hófust einmitt í Punta del Este árið 1986. Síðar um daginn talaði einnig Guido de Marco, utanríkisráðherra Möltu og forseti allherjarþings Sameinuðu þjóðanna.

Formaður íslensku sendinefndarinnar, Geir H. Haarde, tók þátt í almennu umræðunum og fjallaði hann m.a. um þýðingu GATT-viðræðnanna. Hann vék einnig að framvindu alþjóðamála frá síðasta þingi sambandsins og ítrekaði m.a. stuðning Íslendinga við sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna.

4. Kosningar í framkvæmdastjórn.

Á þinginu þurfti að kjósa tvo fulltrúa í framkvæmdastjórn Alþjóðaþingmannasam-

bandsins þar sem kjörtímabil Danans Ivars Nörgaard og N. C. Makombe frá Simbabve rann út á þessu þingi. Þrír menn gáfu kost á sér í framkvæmdastjórnina, Humberto Lucena frá Brasilíu, Lawrence Fonka Shang frá Kamerún og Leo McLeay frá Ástralíu. Vesturlandahópurinn (12-plús) og Kyrrahafshópurinn ákváðu að styðja framboð Ástralíumannsins og Kamerúnmannsins og varð niðurstaðan sú að þeir hlutu báðir kosningu.

III. Störf og ákvarðanir ráðsins.

Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins fundaði tvívegis meðan þingið stóð yfir en á meðan lágu þingfundir niðri. Ráðið er hin formlega stjórn sambandsins og eiga í því sæti tveir fulltrúar frá hverri þjóðdeild. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu málum sem komu til umræðu og ákvörðunar ráðsins.

1. Ný aðildarþing.

Ráðið samþykkti aðild þriggja nýrra þjóðdeilda, frá Síle, Namibíu og Níger. Einni þjóðdeild var vikið úr sambandinu, þjóðdeildinni frá Afríkuríkinu Líberíu, en þar hefur ekkert þing starfað um skeið vegna borgarastyrjaldar.

Þá var skýrt frá því að vegna sameiningar Þýskalands og sameiningar Jemens mundi aðeins ein þjóðdeild eiga aðild að sambandinu frá hvoru ríki.

2. Næstu þing og ráðstefnur.

Ráðið tók ákvörðun um næstu þing og ráðstefnur á vegum sambandsins.

a. Þing Alþjóðaþingmannasambandsins.

Ákveðið var að þiggja boð þjóðdeildar Norður-Kóreu um að næsta þing sambandsins (85. þing) verði haldið í höfuðborg landsins, Pyongyang, dagana 29. apríl til 4. maí 1991. Aðalumræðuefnin á því þingi verða annars vegar um hvernig stöðva megi ofbeldi gagnvart börnum og konum og hins vegar um nauðsyn þess að hindra útbreiðslu kjarnorkuvopna og annarra gjöreyðingarvopna.

Þá var ákveðið að þiggja boð þjóðdeildar Síle um að halda haustþing sambandsins (86. þing) í Valparaiso. Þingið í Valparaiso verður haldið dagana 7.–12. október 1991. Fyrir liggur að 87. þing sambandsins verður haldið í höfuðborg Afríkuríkisins Kamerún í apríl 1992. Þjóðdeild Svíþjóðar hyggst halda 88. þing sambandsins (september 1992), þjóðdeild Ástralíu er að kanna möguleika á að halda 89. eða 90. þing sambandsins. Þjóðdeild Frakklands býðst til að halda 91. þing sambandsins (mars 1994), þjóðdeild Danmerkur hefur boðið til 92. þings (september 1994) og þjóðdeild Spánar býður til 93. þings (apríl 1995).

b. RÖSE-ráðstefna í Vínarborg.

Alþjóðaþingmannasambandið hefur staðið fyrir sex ráðstefnum þingmanna um öryggi og samvinnu í Evrópu. Þessar ráðstefnur hafa verið sóttar af þingmönnum frá ríkjunum 34 sem aðild eiga að Helsinki-samkomulaginu um öryggi og samvinnu í Evrópu. Næsta ráðstefna verður í Vínarborg dagana 1.–3. júlí 1991. Ef RÖSE verður gert að sérstakri stofnun, sem m.a. mundi standa fyrir reglulegum þingmannafundum, legðust RÖSE-fundir sambandsins að líkindum af. Íslandsdeildin stefnir að því að taka þátt í þessari ráðstefnu.

c. Ráðstefna um efnahagssamvinnu á Asíu-Kyrrahafssvæðinu.

Dagana 28. janúar til 1. febrúar 1991 verður haldin sérstök ráðstefna um efnahagssamvinnu á Asíu-Kyrrahafssvæðinu. Ráðstefnan verður haldin í Jomtien í Tælandi. Ekki

er fyrirhuguð þátttaka á vegum Íslandsdeildarinnar í þessari ráðstefnu.

3. Mannréttindamál þingmanna.

Á vegum Alþjóðaþingmannasambandsins starfar sérstök fastanefnd sem hefur það verkefni að fylgjast með mannréttindabrotum gagnvart þingmönnum og reyna að fá þingmenn leysta úr haldi hafi þeir verið fangelsaðir án dóms og laga. Hefur verulegur árangur náðst í þessu efni á undanförnum árum. Í ráðinu var lögð fram ítarleg skýrsla þessarar nefndar og gerð grein fyrir fangelsunum, ofsóknum og morðum á þingmönnum í sex ríkjum sem nefndin hefur haft til rannsóknar. Ríkin, sem hér er um að ræða, eru Síle, Kólombía, Gínea-Bissá, Hondúras, Súdan og Tyrkland. Þeir sem vilja kynna sér skýrslu mannréttindanefndarinnar er bent á að hafa samband við ritara Íslandsdeildar.

Á fundi ráðsins var Nicos Anastasiades frá Kípur kjörinn varamaður í mannréttindanefnd sambandsins.

4. Nefnd um Kípurvandamálið.

Framkvæmdastjórn Alþjóðaþingmannasambandsins skýrði ráðinu frá því að hún hefði, í samræmi við ályktun síðasta þings, komið á fót sérstakri nefnd til að fylgjast með ástandi mála á Kípur. Í nefndina voru skipaðir þrír menn frá Bretlandi, Tælandi og Póllandi.

5. Skýrsla framkvæmdastjóra Alþjóðaþingmannasambandsins.

Framkvæmdastjóri sambandsins lagði að vanda fram ítarlega ársskýrslu um störf Alþjóðaþingmannasambandsins. Skýrslan er fróðleg lesning fyrir alla þá er vilja kynna sér starfsemi sambandsins. Í einum kafla skýrslunnar er greint frá starfi einstakra þjóðdeilda og vekur athygli hversu oft Íslands er þar getið. Þar er m.a. vakin athygli á því að Íslandsdeildin hefur látið þýða lög sambandsins á íslensku, að deildin er ein þeirra deilda sem gefur reglulega skýrslu til þjóðþingsins um störf sambandsins og þátttöku sína í störfum þess og að Alþingi hafi á síðasta vori samþykkt starfsreglur fyrir Íslandsdeildina.

6. Ráðstefna um afvopnunarmál.

Á fundi ráðsins var gerð grein fyrir niðurstöðum ráðstefnu sambandsins um afvopnunarmál sem haldin var í Bonn 21.–25. maí sl. og sótt var af fulltrúum 61 ríkis, þar á meðal frá Íslandsdeildinni. Niðurstöðum ráðstefnunnar var í vor dreift til alþingismanna en nánari grein er gerð fyrir henni annars staðar í þessari skýrslu.

7. Ráðstefna um vanda þriðja heimsins.

Skýrt var frá því að framkvæmdastjórnin hefði skipað sjö manna nefnd til að fjalla um „Norður-Suður samskiptin“ og vinna að því að efnt verði til ráðstefnu um fjárhagsvanda og skuldir þriðja heimsins. Gert er ráð fyrir að nefndin skili skýrslu á haustþinginu 1991.

8. Fjárhagsáætlun Alþjóðaþingmannasambandsins.

Á fundinum var lögð fram fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 1991 og var hún samþykkt samhljóða. Í áætluninni er m.a. kveðið á um framlög aðildardeilda og að vanda greiðir Íslandsdeildin 0,27% af framlögum deildanna sem eru 870 þús. krónur miðað við núverandi gengi.

9. Skýrsla umhverfismálanefndar.

Á fundi ráðsins var lögð fram skýrsla umhverfismálanefndar sem ráðið hafði komið á fót í mars 1989. Í skýrslunni kemur m.a. fram að nefndin hefur ákveðið að láta loftslagsbreytingar og orkumál hafa forgang í störfum sínum. Íslandsdeild hefur sent skýrslu nefndarinnar til umhverfisráðherra.

IV. Störf óformlegra hópa á þinginu.

Á þingum Alþjóðaþingmannasambandsins er mikið um fundi óformlegra hópa sem þingfulltrúar skiptast í. Verður hér gerð grein fyrir fundum þessara hópa og þátttöku Íslendinga í þeim eftir því sem við á.

1. Fundir Norðurlandahópsins.

a. Formennska Íslands í Norðurlandahópnum.

Þjóðdeildir Norðurlanda í Alþjóðaþingmannasambandinu hafa með sér náið samstarf og skiptast á um að stýra þessu samstarfi. Á þinginu í Punta del Este tóku Íslendingar við formennskunni af Finnum og verður hún í þeirra höndum fram á næsta haustfund sambandsins í Síle. Það kom því í hlut Geirs H. Haarde, formanns Íslandsdeildarinnar, að stýra fundi sem allir norrænu þingfulltrúarnir, 35 talsins, sóttu auk þess að hafa forgöngu um aðra fundi formanna norrænu sendinefndanna.

b. Tillaga um fund með baltneskum þingmönnum.

Á fundi, sem allir norrænu fulltrúarnir sóttu, lagði formaður sænsku deildarinnar fram tillögu um sérstakan fund þingmanna frá Eystrasaltsríkjunum og þingmanna frá Norðurlandadeildum Alþjóðaþingmannasambandsins. Tilgangur fundarins skyldi einkum vera sá að kynna þingmönnum frá þessum ríkjum starfsemi Alþjóðaþingmannasambandsins og á hvern hátt þing þessara ríkja gætu haft hag af því að taka virkan þátt í störfum sambandsins eftir að þau verða fullvalda. Það kom skýrt fram að ekki er ætlun með þessari tillögu að fara inn á störf annarra norrænna stofnana sem nú fjalla um tengsl við Eystrasaltsríkin heldur yrði fundurinn með baltnesku þingmönnunum bundinn við störf Alþjóðaþingmannasambandsins og þátttöku norrænna þingmanna í því starfi, þó að vitaskuld kæmi til greina að ræða þar fleiri mál. Eftir nokkra umræðu um málið var niðurstaðan sú að formenn norrænu deildanna skyldu kynna stjórnum hlutaðeigandi þinga tillöguna og stefna að því að niðurstaða lægi fyrir í málinu fyrir lok nóvembermánaðar. Ef svo færi að þingin féllust á tillöguna skyldi stefnt að því að halda fundinn með baltnesku þingmönnunum í Stokkhólmi í apríl 1991 í tengslum við reglulegan samráðsfund norrænu deildanna sem haldinn er fyrir hvert þing Alþjóðaþingmannasambandsins.

Formaður Íslandsdeildarinnar hefur vegna þessa máls ritað forsetum Alþingis bréf og óskað eftir afstöðu þeirra til málsins.

c. Fundur með keníska þingmönnum.

Formenn norrænu sendinefndanna óskuðu eftir fundi með sendinefnd Kenía til að ræða mál keníska andófsmannsins Koigi wa Wamere. Á fundinum afhenti Geir H. Haarde, sem formaður norræna þingmannahópsins, formannni sendinefndar Kenía bréf þar sem þess var farið á leit við sendinefndina að hún hlutaðist til um við þarlend stjórnvöld að Wamere fengi sanngjörn réttarhöld, honum yrði leyft að ræða við lögfræðing og hann yrði ekki látinn sæta harðræði. Ástæðan fyrir afskiptum norrænu deildanna er sú að Wamere

hafði hæli í Noregi sem pólitískur flóttamaður, en var handtekinn snemma í október þegar hann kom til Afríku. Eftir nokkra umræðu um málið féllst keníska sendinefndin á að koma bréfinu á framfæri við stjórnvöld í Kenía. Sólarhring síðar hafði kenísku sendinefndinni hins vegar snúist hugur og skilaði bréfinu með þeim orðum að sendinefndin væri þeirrar skoðunar að slík mál ættu að fara eftir formlegum leiðum og því eðlilegra að norrænu deildirnar hefðu beint samband við kenísk stjórnvöld. Á sama tíma og þessir atburðir gerðust í Punta del Este höfðu norsk stjórnvöld í frammi formleg mótmæli við stjórnvöld í Kenía og sleit Kenía stjórnmálasambandi við Noreg skömmu síðar.

2. Fundir Vesturlandahópsins (12-plúshópsins).

Íslenska sendinefndin tók virkan þátt í störfum Vesturlandahópsins sem fundaði bæði helgina fyrir upphaf þingsins og síðan á hverjum morgni áður en þingfundir hófust. Á þessum samráðsfundum var afstaða til einstakra mála og þátttaka í nefndastarfi rædd. Við lok þingsins tóku Svisslendingar við formennsku í hópnum en Svíar hafa haft þar formennsku á hendi undir forustu jafnaðarmannsins Sture Ericson sem stýrt hefur hópnum af miklu öryggi í eitt ár.

Á fundum Vesturlandahópsins var sérstaklega fjallað um störf tveggja vinnuhópa sem starfað hafa innan hans. Annars vegar er um að ræða vinnuhóp sem fjallað hefur um Kípur-málið og hins vegar vinnuhóp sem fjallað hefur um framtíð Vesturlandahópsins innan Alþjóðaþingmannasambandsins. Fyrrnefndi hópurinn skilað fyrir fundinn í Punta del Este ítarlegri bráðabirgðaskýrslu um málið. Þeir sem áhuga hafa getað fengið skýrsluna hjá ritara Íslandsdeildar. Menn voru sammála um að vinnuhópurinn hefði unnið mjög gott starf og væri þýðingarmikið að Vesturlandahópurinn héldi áfram umfjöllun um málið því að vart væri hægt að segja að nokkur annar aðili væri að vinna að lausn Kípurdeilunnar. Vinnuhópnum var falið að starfa áfram og skila frekari greinargerð fyrir fund Vesturlandahópsins á vorþinginu 1991. Síðari vinnuhópurinn lagði fram minnismiða um framtíðarsamvinnu 12-plús deildanna og tengsl við þjóðdeildir nýju lýðræðisríkjanna í Mið- og Austur-Evrópu. Þar sem hér var aðeins um frumdrög að ræða var hópnum falið að starfa áfram og skila skýrslu fyrir næsta þing sambandsins.

3. Fundir alþjóðasamtaka stjórnmálaflokka.

Venja er að aðilar að alþjóðasamböndum stjórnmálaflokka hittist meðan þing sambandsins stendur. Á þessu þingi boðuðu bæði íhaldsmenn og jafnaðarmenn til slíks fundar. Geir H. Haarde sótti fund þingmanna íhaldsflokka en enginn í íslensku sendinefndinni átti aðild að Alþjóðasambandi jafnaðarmanna.

4. Fundur fulltrúa frá RÖSE-ríkjum.

Fulltrúar frá þeim 35 ríkjum, sem aðild eiga að Helsinki-sáttmálanum um öryggi og samvinnu í Evrópu, héldu einn fund meðan þingið stóð yfir. Þar var ákveðið að næsta RÖSE-ráðstefna á vegum Alþjóðaþingmannasambandsins yrði í Vín 1.–3. júlí nk. eins og greint er frá fyrr í þessari skýrslu.

5. Fundur kvenfulltrúa á þinginu.

Konur, sem sitja þing Alþjóðaþingmannasambandsins, hafa síðan 1975 haldið með sér sérstakan fund á þinginu til að ráða ráðum sínum. Hópur sá, sem stendur fyrir þessum fundum, hefur með árunum orðið æ betur skipulagður og látið meira að sér kveða í starfi

sambandsins. Á þinginu í Punta del Este hélt hópurinn að venju fund með öllum kvenfulltrúum.

B. RÁÐSTEFNA UM AFVOPNUNARMÁL Í BONN

Svo sem áður hefur komið fram gengst Alþjóðaþingmannasambandið fyrir sérstökum ráðstefnum á hverju ári um afmörkuð viðfangsefni auk hinna föstu þinga sem haldin eru tvisvar á ári. Á síðasta ári voru þannig haldnar ráðstefnur um ferðamál og þátttöku kvenna í stjórnmálum. Af hálfu Íslandsdeildarinnar hafa þessar aukaráðstefnur ekki verið sóttar að staðaldri.

Stjórn deildarinnar ákvað hins vegar fyrr á þessu ári að senda tvo þátttakendur á ráðstefnu sambandsins um afvopnunarmál sem haldin var í Bonn í boði sambandsþingsins þar. Ráðstefnan var haldin dagana 21.–25. maí og sóttu hana þingmenn frá 61 ríki auk fjölda sérfræðinga, stjórnarerindreka og fjölmargra vestur-þýskra ráðamanna. Meðal annarra ávörpuðu Kohl kanslari og Genscher utanríkisráðherra ráðstefnuna og Weizacker forseti hafði boð inni fyrir formenn sendinefnda.

Af hálfu Íslandsdeildarinnar sóttu ráðstefnuna alþingismennirnir Geir H. Haarde, formaður deildarinnar, og Anna Ólafsdóttir Björnsson, þingmaður Kvennalistans. Fyrir ráðstefnuna var haldinn undirbúningsfundur í hópi fulltrúa vestrænna ríkja, hinum svonefnda 12-plús hópi, í München og sótti formaður deildarinnar þann fund.

Sendiherra Íslands í Bonn, Hjálmar W. Hannesson, sat einnig hluta ráðstefnunnar í boði þýska þingsins og var hann íslensku fulltrúunum mjög innan handar sem og aðrir starfsmenn sendiráðsins.

Ráðstefnan í Bonn var með nokkuð nýstárlegu sniði því að mjög takmörkuðum tíma var varið í almenn ræðuhöld fulltrúa en þeim mun meiri tíma í fyrirlestra sérfræðinga og umræður og fyrirspurnir sem af þeim spunnust. Var með þessum hætti fjallað sérstaklega um öll helstu mál sem á döfinni eru í viðræðum um takmörkun vígbúnaðar og fengnir til þess færustu sérfræðingar Sameinuðu þjóðanna og þeirra ríkja sem mest tengjast þessum viðræðum.

Hinum sérhæfðu umræðum var skipt í fjóra efnisflokka og var fjallað um tvo og tvo samtímis. Íslensku þátttakendurnir fylgdust því hvor um sig með tveimur efnisflokkum auk almennu umræðnanna. Í hinum fyrsta var fjallað um svokallaðar traustvekjandi aðgerðir og leiðir til að fylgjast með framkvæmd samninga. Í öðrum hópnum var rætt um leiðir til að koma í veg fyrir útbreiðslu kjarnorkuvopna og fækkun í vopnabúrum þeirra ríkja sem eiga slík vopn. Einnig um samdrátt í hefðbundnum herafla og bann við notkun efnavopna. Viðfangsefnið í þriðja flokknum var svæðisbundin afvopnun og öryggisskipan og loks var í fjórða flokknum fjallað um efnahagslegar og félagslegar hliðar afvopnunar.

Eins og á þessari lýsingu sést mátti á ráðstefnunni fá mjög góða yfirsýn yfir stöðu allra þátta þessara yfirgripsmiklu og mikilvægu mála. Í lok ráðstefnunnar var samþykkt ítarleg yfirlýsing sem dreift hefur verið til alþingismanna, utanríkisráðuneytis og öryggismálanefndar og þykir ekki ástæða til að endursegja efni hennar hér. Önnur gögn varðandi ráðstefnuna eru fáanleg hjá ritara Íslandsdeildarinnar.

Ed. 179. Frumvarp til laga [92. mál]

um ábyrgð gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 20. nóv.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast hluta Íslands, allt að fjárhæð 8.050.000 SDR, gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna fjárfestingarlána og fjárfestingarábyrgða til verkefna utan Norðurlanda.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ganga frá samningi við Norræna fjárfestingarbankann um ábyrgð skv. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 180. Frumvarp til laga [44. mál]

um norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 20. nóv.)

1. gr.

Stofna skal norrænt fjármögnunarfélag samkvæmt samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns fjármögnunarfélags á sviði umhverfismála sem undirritaður var í Reykjavík 2. mars 1990.

2. gr.

Félagið skal undanþegið ákvæðum laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, svo og annarra laga er setja kunna hömlur á greiðslur í erlendum gjaldeyri eða gjaldeyrisviðskipti, að svo miklu leyti sem slík ákvæði hindra eða torvelda starfsemi félagsins eða efndir skuldbindinga þess.

3. gr.

Félagið skal undanþegið aðstöðugjaldi, landsútsvari, tekjuskatti og eignarskatti, svo og öðrum gjöldum sem lögð kunna að vera á tekjur, eignir eða veltu til ríkis eða sveitarfélaga.

4. gr.

Lánssamningar, sem félagið er aðili að, skulu vera undanþegnir stimpilgjöldum og öðrum gjöldum hins opinbera.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. 181. Nefndarálit [50. mál]

um frv. til l. um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og við afgreiðslu þess studdist hún við umsagnir frá síðasta þingi. Nefndin afgreiddi frumvarpið sl. vor, en það hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu í neðri deild. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Eiður Guðnason var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. nóv. 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson.
Skúli Alexandersson.	Guðrún J. Halldórsdóttir.	Halldór Blöndal.

Sþ. 182. Fyrirspurn [166. mál]

til umhverfisráðherra um gerð landnýtingaráætlunar.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur.

Er þegar hafin vinna við gerð landnýtingaráætlunar á vegum umhverfisráðuneytisins? Ef svo er ekki, hefur umhverfisráðherra í hyggju að láta vinna landnýtingaráætlun fyrir Ísland og hvenær mun sú vinna hefjast?

Sþ. 183. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1991.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen og Geir Gunnarssyni.

Við 6. gr. bætist nýr liður svohljóðandi:

Að fella niður aðflutningsgjöld, söluskatt og virðisaukaskatt af innflutningi árin 1989 og 1990 á verksmiðju með tilheyrandi búnaði, þar á meðal vinnubúðum, í eigu Íslenska stálfélagsins hf. í Hafnarfirði.

Nd. 184. Frumvarp til laga [167. mál]

um breyting á lögum nr. 78 23. desember 1980, um jöfnunargjald, með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Í stað 1. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 51 29. maí 1989, um ráðstafanir vegna kjarasamninga, komi tveir nýir málsliðir er orðast svo:

Greiða skal í ríkissjóð jöfnunargjald af öllum innfluttum vörum sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og fríverslunarsamnings Íslands við Evrópubandalagið. Gjaldið skal vera 4% frá 1. janúar 1991 og 2% frá 1. júlí 1991.

2. gr.

Frá og með 1. janúar 1992 falla lög nr. 78/1980, um jöfnunargjald, með áorðnum breytingum, úr gildi.

3. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1991.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á árinu 1978 voru samþykkt á Alþingi lög um jöfnunargjald. Lögin voru tímabundin og var ætlað að gilda til 31. desember 1980. Jöfnunargjaldið var lagt á innflutning sömu iðnaðarvara og framleiddar voru hér á landi í þeim tilgangi að vega upp á móti þeim söluskatti sem varð hluti framleiðslukostnaðar þessara vara samkvæmt þágildandi söluskattslögum. Gert var ráð fyrir því við setningu laganna um jöfnunargjald að einungis yrði um tímabundna ráðstöfun að ræða þar sem stefnt skyldi að setningu laga um virðisaukaskatt í byrjun árs 1981 en með upptöku virðisaukaskatts yrði eytt uppsöfnunaráhrifum þeim sem fólgin voru í söluskattskerfinu.

Jöfnunargjaldinu var m.a. ætlað að jafna þá röskun, sem þátttaka Íslands í fríverslun hafði óhjákvæmilega í för með sér, með minnkandi tollvernd á íslenskar iðnaðarvörur og því að virðisaukaskattur hafði verið tekinn upp í helstu viðskiptalöndum okkar.

Ekki varð af upptöku virðisaukaskatts á árinu 1981. Ríkisstjórnin lagði því til við Alþingi að ný lög um jöfnunargjald yrðu sett ótímabundið. Jafnframt var gildissvið gjaldsins aukið og það nú lagt á allar vörur sem tollar höfðu verið felldir niður af.

Hluta af tekjum af jöfnunargjaldi hefur verið varið til að endurgreiða iðnfyrirtækjum uppsöfnun söluskatts, en í lögum um gjaldið segir: „Tekjum af jöfnunargjaldi skal ráðstafað í fjárlögum ár hvert að hluta til eflingar iðnþróunar."

Með lögum nr. 51/1989, um ráðstafanir í kjarasamningum, var jöfnunargjald hækkað í 5%.

Með upptöku virðisaukaskatts hér á landi um síðustu áramót varð mikil breyting á samkeppnisskilyrðum iðnaðarins. Íslensk iðnfyrirtæki sitja nú að mestu leyti við sama borð og helstu keppinautar þeirra að því er varðar uppsöfnun opinberra gjalda í framleiðslu þeirra. Þó eru sterk rök fyrir því að jöfnunargjald verði ekki afnumið í upphafi næsta árs, eins og rætt hefur verið um, heldur verði það lækkað í áföngum árinu þannig að það verði horfið í upphafi ársins 1992. Það er lagt til í þessu frumvarpi.

Uppsöfnunaráhrifa söluskatts gætir enn í rekstrarkostnaði iðnaðar af þremur orsökum, þ.e. vegna fasteigna sem komu til fyrir upptöku virðisaukaskatts, vegna viðhalds og endurbóta véla og vegna flutningatækja. Þjóðhagsstofnun hefur lagt mat á hversu mikil þessi áhrif eru, sbr. fylgiskjal. Samkvæmt niðurstöðum Þjóðhagsstofnunar er áætlað að uppsafnaður söluskattur hafi numið 5,63% af framreiknuðu stofnverði rekstrarfjármuna í iðnaði í árslok 1989. Söluskattur í afskriftum í hutfalli við rekstrarkostnað er áætlaður 0,22%. Að teknu tilliti til 6% raunvaxta af söluskattshluta rekstrarfjármuna verður uppsafnaður söluskattur um 0,64% af rekstrarkostnaði iðnaðar. Samkvæmt Þjóðhagsstofn-

un er endingartími þeirra fjármuna, sem hér um ræðir, allt frá örfáum árum til 25 ára. Mest munar þó um fasteignir sem hafa endingartíma á bilinu 12–25 ár, miðað við gefnar forsendur.

Aðstöðugjald skekkir einnig samkeppnisstöðu iðnaðar, þar sem um er að ræða gjald á rekstrarkostnað, þ.m.t. vörunotkun, sem ekki þekkist í samkeppnislöndunum. Á þessu ári er áætlað að aðstöðugjald iðnaðar án stóriðju muni nema um 0,75% af tekjum. Þar sem jöfnunargjald er nú 5% eru því 4,25% eftir til að bæta áhrif uppsöfnunar söluskatts.

Til þess að finna hvað jöfnunargjald þarf að vera hátt í eitt ár til þess að bæta iðnaði upp uppsöfnunina eftir að virðisaukaskattur leysir söluskatt af hólmi þarf forsendur um vexti og endingartíma þeirra fjármuna sem um ræðir. Miðað við 15 ára endingartíma og 6% raunvexti þyrfti 6,6% jöfnunargjald í heilt ár í þessu skyni. Þar sem iðnaðurinn hefur notið 4,25% jöfnunargjalds þegar, að teknu tilliti til aðstöðugjalds, þyrfti að meðaltali 3,2% jöfnunargjald á næsta ári til að bæta honum upp það sem á vantar.

Niðurfelling 5% jöfnunargjalds mun hafa töluverð áhrif á samkeppnisstöðu iðnaðar. Það er augljóslega of skyndileg breyting fyrir iðnaðinn að þetta gerist í einum áfanga. Það er því á margan hátt eðlilegt að iðnaðurinn fái aðlögunartíma, þannig að gjaldið verði afnumið í áföngum. Því er hér lagt til að gjaldið verði 4% frá áramótum og 2% frá byrjun júlí og falli síðan niður í árslok. Þetta jafngildir 3% gjaldi að meðaltali á árinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að jöfnunargjaldið verði lækkað í tveim áföngum á árinu. Það jafngildir 3% gjaldi á árinu. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1991 er gert ráð fyrir að tekjur af gjaldinu verði 700 milljónir króna.

Um 2. gr.

Lagt er til að jöfnunargjald verði fellt niður um næstkomandi áramót.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Þjóðhagsstofnun:

Minnisblað um uppsafnaðan söluskatt í rekstrarfjármunum iðnaðar.
(Vinnuskjal 30. október 1990.)

Hér á eftir fara niðurstöður á áhrifum söluskatts í rekstrarfjármunum og afskiftum í iðnaði. Við athugun þessar er byggt á upplýsingum úr ársreikningum fyrirtækja í iðnaði 1989. Sundurliðun á einstakar iðngreinar er hefðbundin sundurliðun sem fylgt hefur verið við útreikning á hlutföllum uppsafnaðs söluskatts í iðnaði.

Tvenns konar upplýsingar koma fram á meðfylgjandi yfirliti. Annars vegar er um að ræða hlutfall söluskatts af framreiknuðu stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna í iðnfyr-

irtækjum í árslok 1989. Við útreikning þennan eru þær forsendur gefnar að söluskattsskyldur efnisliður í stofnkostnaði fasteigna hafi numið 40% af stofnkostnaði í árslok 1989. Jafnframt er söluskattur í vélum og tækjum einungis bundinn við skrifstofuáhöld og tæki, t.d. tölvubúnað. Framleiðslutæki til útflutnings- og samkeppnisiðnaðar báru hins vegar ekki söluskatt. Aftur á móti er gert ráð fyrir að stofnkostnaður flutningstækja, t.d. bifreiða, sé að fullu með söluskatti í árslok 1989.

Í öðru lagi eru á meðfylgjandi yfirliti áætluð hlutföll uppsafnaðs söluskatts í afskriftum rekstrarfjármuna af rekstrarkostnaðinum. Við útreikning þennan eru notaðar tölur úr ársreikningum, m.a. fyrningarskýrslum, um sundurliðaðar afskriftir eftir tegundum fjármuna. Forsendur um söluskatt í afskriftum eru þær sömu og að framan er lýst.

Niðurstöður þessara útreikninga eru þær að hlutfall söluskatts af framreiknuðu stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna nemi að meðaltali 5,6%. Þetta hlutfall er þó afar mismunandi eftir greinum og fyrirtækjum, lægst 2,3% í keramíkvinnslu, en hæst tæplega 9% í vikurvinnslu. Söluskattur í afskriftum sem hlutfall af rekstrargjöldum nemur að meðaltali 0,2%. Þetta hlutfall er eins og hið fyrra þó afar mismunandi eftir greinum og fyrirtækjum, allt frá tæplega 0,1% í skinnaiðnaði í rúmlega 0,8% í framleiðslu á steinull.

Ofantaldar niðurstöður eru eins og áður sagði byggðar á rekstrarreikningum fyrirtækja árið 1989 og efnahag í árslok 1989. Áhrifa söluskatts í fjármunum og þar með afskriftum gætir að sjálfsögðu mest fyrstu vikur og mánuði eftir að upptaka virðisaukaskattskerfis átti sér stað, en minnka þegar frá líður og endurfjárfestingar hafa átt sér stað. Áhrifanna gætir að sjálfsögðu lengst í fasteignum en skemur í söluskattsskyldum tækjum og bifreiðum með skemmri endingartíma.

Til að svara þeirri spurningu hversu lengi áhrifa uppsafnaðs söluskatts muni gæta í rekstrarkostnaði iðnfyrirtækja verður að gefa sér forsendur um meðalendingartíma fjármunanna og meðalaldur þeirra í árslok 1989. Endingartími eigna er eðli málsins samkvæmt afar mismunandi, en í skattalögum er fyrning ákveðin sem árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna eða eignaflokka. Fyrningahlutfall fasteigna er algengt 2–4%, nokkuð breytilegt eftir notkun og gerð, en almennt hærra hlutfallið ef um verksmiðjuhúsnæði er að ræða, sbr. reglugerð nr. 171 frá 1984. Fyrningarhlutföll véla og tækja eru á bilinu 12–20% og hlutföll fyrir flutningatæki geta verið á bilinu 8–15%. Ef meðalendingartími fjármuna er í takt við afskriftarhlutfallið ættu fasteignir að endast í 25–50 ár, vélar og tæki í 5–8 ár og flutningatæki í 7–13 ár. Forsendan um meðalaldur þessara fjármuna gæti verið sú að endingartíminn væri hálfnaður í árslok 1989 sem aftur þýðir að áhrifa söluskatts í verðmæti fjármuna og í afskriftum gætir allt að 4–7 ár í flutningatækjum og 3–4 ár í tækjum sem báru söluskatt. Miðað við þessar forsendur gætti áhrifa söluskatts í fasteignum í 12–25 ár, eftir því hvort afskriftir væru reiknaðar 4% eða 2% eins og áður segir.

Þjóðhagsstofnun:

Hlutfall söluskatts af framreiknuðu stofnverði rekstrarfjármuna í iðnaði í árslok 1989 og hlutfall söluskatts í afskriftum 1989.

(4. nóvember 1990.)

Hlutfallstölur.

		Hlutfall söluskatts af framreiknuðu stofnverði rekstrarfjárm. í árslok 1989	Söluskattur í afskriftum, hlutfall af rekstrar-kostnaði árið 1989
1.0.	Útflutningsiðnaður	4,56	0,24
1.1	Ullariðnaður	5,86	0,38
1.2	Skinnaiðnaður	2,79	0,05
1.3	Niðursuðuiðnaður	4,84	0,11
1.4	Kísilgúr	2,50	0,48
1.5	Keramik	2,28	0,09
1.6	Málningariðnaður	6,85	0,30
1.7	Umbúðaiðnaður	2,72	0,13
1.8	Veiðarfæraiðnaður	3,36	0,25
1.9	Þörungavinnsla	5,73	0,33
1.10	Brotajárnvinnsla	6,39	0,45
1.11	Vélaiðnaður	7,12	0,32
1.12	Vikurvinnsla	8,69	0,13
1.13	Pappírsvinnsla	6,39	0,45
1.14	Steinullarframleiðsla	3,95	0,81
1.15	Annar útflutningsiðnaður	4,43	0,18
2.0	Aðrar iðngreinar í einhverri samkeppni við innflutning	6,65	0,20
2.1	Skipasmíði	6,20	0,20
2.2	Fóðurblöndun	9,99	0,17
2.3	Framleiðsla á dósum, vírneti, lömum o.fl.	4,84	0,35
2.4	Málmsmíði	6,76	0,20
3.0	Iðnaður alls	5,63	0,22

Athugasemd:
Athugun byggir á ársreikningum fyrirtækja 1989.

Sþ. 185. Skýrsla [168. mál]

samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 1989.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

INNGANGUR

Framkvæmdir í hafnargerðum á árinu 1989 urðu sem hér segir:

	Milljón kr.
Almennar hafnir	650.1
Reykjavíkurhöfn	227.3
Landshafnir	34.5
Ferjuhafnir	3.0
Samtals	914.9

Árið 1988 urðu heildarframkvæmdir í höfnum 763.5 milljónir kr.

Í skýrslunni hér á eftir er stutt lýsing á framkvæmdum á hverjum stað, svo og sérstakur kafli um rannsóknir.

FRAMKVÆMDIR Í ALMENNUM HÖFNUM

Akranes.

Í mars og apríl var unnið við dýpkun og grjótfyllingu í smábátahöfn samkvæmt tilboði frá fyrra ári. Samið var við Skófluna hf. um grjótfyllingu við þrær SFA á grundvelli einingaverða frá fyrra verki. Grjótnám var í Galtarvík.

Lokið var við ljósamastursbús á Faxabryggju skömmu eftir áramót. Einnig var smíðað ljósamastursbús við löndunarkrana á Bátabryggju og steypt var skáplan fyrir sjósetningu smábáta.

Síðari áfanga stoðveggs á aðalhafnargarði var lokið þannig að nú hefur stoðveggurinn í heild sinni verið endurbyggður alls um 240 metrar.

Samið var við Þorgeir og Ellert hf. um smíði lóðsbáts.

Framkvæmdakostnaður: 34.6 milljónir kr.

Borgarnes.

Engar framkvæmdir 1989.

Arnarstapi/Hellnar.

Lítils háttar var dýpkað við bryggju.

Framkvæmdakostnaður: 0.4 milljónir kr.

Ólafsvík.

Lokið var við frágang á kantbita við nýja stálþilið á Norðurtanga, samkvæmt samningi frá fyrra ári.

Samið var við Köfunarstöðina hf. um dýpkun við nýja stálþilið að undangengnu útboði. Alls voru fjarlægðir um 14.885 m^3 af dýpkunarsvæðum og um 11.000 m^3 af því mokað á land. Verktaki átti í erfiðleikum með dýpkunina vegna klappar í botni og þurfti að taka um 345 m^3 með sprengingum. Öll dýpkunarsvæði voru þá komin í a.m.k. -5.0 m dýpi.

Enn fremur var boðin út steypa á þekju, lagnir og smíði tveggja ljósamastursbúsa. Samið var við lægstbjóðanda Hervin Vigfússon um verkið. Hluta verksins var frestað með samningi

við verktaka í september 1989. Þá var smíði ljósamastursbúsanna að mestu lokið og var lýsingu komið fyrir á þeim.

Framkvæmdakostnaður: 12.7 milljónir kr.

Grundarfjörður.

Annar áfangi þekjusteypu alls um 1.007 m² var boðinn út í maí. Samið var við lægstbjóðanda, Þorstein Sveinsson, Hafnarfirði um verkið. Lauk því í ágúst. Einnig var samið við Guðna Hallgrímsson rafvirkja um lagningu rafmagns í ljósamastur og brunna.

Framkvæmdakostnaður: 6.4 milljónir kr.

Stykkishólmur.

Haldið var áfram með framkvæmdir við ferjubryggjuna við Súgandisey. Samið var um smíði ferjubrúar við Skipavík hf. að undangengnu útboði. Verkstjóri frá Hafnamálastofnun ásamt heimamönnum sá um rekstur stálþils utan um ferjubrúna og smíði 45 m langrar viðlegubryggju úr tré fyrir ferjuna. Gengið var frá húsi fyrir ljósamastur og dælubúnað ferjubrúarinnar. Fylling var sett yfir veginn út að ferjustæðinu og hann hækkaður um 50 sm. Keyptar voru flotbryggjur fyrir smábáta, sem lagðar voru út frá Stykkinu, alls 30 m á lengd.

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 57.6 milljónir kr.

Brjánslækur.

Vélsmiðjan Orri hf. í Mosfellsbæ smíðaði ferjubrú að undangengnu útboði. Steyptur var bás undir brúna og gengið frá kanti á stálþili. Hafnamálastofnun annaðist þær framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 22.0 milljónir kr.

Patreksfjörður.

Framkvæmdir hófust við 1. áfanga smábátahafnar. 40 metra löng og 5 metra breið trébryggja, heilklædd að utan var smíðuð. Gengið var frá ljósamastri með bráðabirgðalýsingu á undirstöðu. Ekki var lokið við lagnir að öðru leyti. Verkstjóri frá Hafnamálastofnun sá um verkið ásamt heimamönnum. Gert var við tjón á Oddanum, þar sem grjótvörn hafði bilað.

Framkvæmdakostnaður: 14.9 milljónir kr.

Tálknafjörður.

Byrjað var á skjólgarði (um 20 metrar) vegna framkvæmda í smábátahöfn. Verkinu var ekki að fullu lokið á árinu. Einnig var keyptur löndunarkrani og settur upp. Heimamenn sáu um þessar framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 3.0 milljónir kr.

Bíldudalur.

Gert var við tjón á grjótgarðinum og fjörukambur við smábátabryggju lagfærður. Unnið var að grjótrannsóknum vegna fyrirhugaðs grjótgarðs.

Framkvæmdakostnaður: 3.1 milljónir kr.

Þingeyri.

Trébryggja við olíulöndun var endurbyggð og grjót sett í kverk við stálþil. Hafnamálastofnun annaðist þessar framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 2.7 milljónir kr.

Flateyri.

Settur var upp löndunarkrani frá Vélsmiðju Jóns og Erlings á Siglufirði. Unnið var að lokafrágangi á hafnarvog. Heimamenn sáu um þessar framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 1.3 milljónir kr.

Suðureyri.

Engar framkvæmdir.

Bolungarvík.

Samið var við Dýpkunarfélagið hf. á Siglufirði um dýpkun í höfninni. Gröfuskip félagsins dýpkaði í –7.0 metra á um 45 metra breiðu svæði við Grundargarð og meðfram Brjótnum, en annars staðar í –6.0 metra. Alls nam dýpkunin um 42.000 m^3. Verkið hófst í september og því lauk í nóvember.

Framkvæmdakostnaður: 21.7 milljónir kr.

Ísafjörður.

Steypa á um 2.000 m^2 af þekju, ídráttarlagnir og smíði mastursshúsa við stálþilið í Sundahöfn var boðin út. Samið var við lægstbjóðanda, Trésmiðjuna hf., Hnífsdal og lauk verkinu í október. Ekki var farið í endanlegan frágang á rafmagni að sinni.

Dýpkun við vöruhafnarkant í Sundahöfn, með dæluskipi Dýpkunarfélagsins lauk í mars og nam heildardýpkunin um 48.000 m^3. Einnig var dýpkað í Bátahöfninni og fjarlægðir um 8.000 m^3.

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 27.7 milljónir kr.

Súðavík.

Samið var við Dýpkunarfélagið hf. um dýpkun fyrir framan frystihúsið við væntanlega löndunarbryggju. Dýpkunin nam um 8.600 m^3. Enn fremur var keypt efni í 40 metra langa trébryggju við frystihúsið og hafist handa um byggingu landveggs fyrir hana.

Framkvæmdakostnaður: 12.3 milljónir kr.

Norðurfjörður.

Engar framkvæmdir.

Fjármagnskostnaður: 3.3 milljónir kr.

Drangsnes.

Engar framkvæmdir.

Hólmavík.

Engar framkvæmdir.

Hvammstangi.

Unnið var að endurbyggingu Norðurgarðs. Steypt var utan á bryggjuna á um 75 metra kafla. Enn fremur var keyrður út um 60 metra (3.600 m^3) langur garður suður úr Suðurgarði til að mynda skjól fyrir smábáta. Heimamenn höfðu umsjón með þessum framkvæmdum.

Framkvæmdakostnaður: 10.9 milljónir kr.

Blönduós.

Unnið var að undirbúningi vegna grjótgarðs. Almenna verkfræðistofan gerði framkvæmdaáætlun og greinargerð vegna væntanlegs útboðs á brimvarnargarði. Unnið var að rannsóknum á námu vegna verksins. Einnig var lagt rafmagn á bryggju vegna landtengingar skipa og lagfærður kantur á innanverðri bryggjunni. Heimamenn önnuðust þessar framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 7.8 milljónir kr.

Skagaströnd.

Unnið var við smíði 20 metra langrar og 4 metra breiðrar trébryggju við Skúffugarð, og var því verki ekki lokið um áramót. Raflagnir á löndunarbryggju voru endurnýjaðar. Gert var við göt á aðalhafnargarði og innsiglingarmerki lagfærð. Heimamenn sáu um þessar framkvæmdir ásamt Hafnamálastofnun. Gröfuskip Dýpkunarfélagsins kom við og lauk dýpkun við Skúffugarð frá fyrra ári, alls um 2.400 m^3.

Framkvæmdakostnaður: 10.5 milljónir kr.

Sauðárkrókur.

Grjóti var safnað utan af Skaga, vegna væntanlegra grjótgarðsframkvæmda.

Framkvæmdakostnaður: -0.2 milljónir kr.

Hofsós.

Löndunarkrani, sem settur var upp árið 1988, var tekinn inn í uppgjör.

Framkvæmdakostnaður: -0.2 milljónir kr.

Siglufjörður.

Raflögn og lýsing á Bæjarbryggju var boðin út og samið við Ágúst og Hjálmar á Siglufirði og Raflagnaverkstæði Tómasar á Akureyri um verkið. Enn fremur var samið við Dýpkunarfélagið hf. um dýpkun (15.400 m^3) í höfninni og að grafa fyrir stálþili (13.600 m^3). Dýpkuninni var ekki lokið að fullu á árinu. Keypt var flotbryggja, en ekki lokið við uppsetningu hennar.

Framkvæmdakostnaður: 12.2 milljónir kr.

Ólafsfjörður.

Trébryggja við Norðurgarð var endurbyggð.

Framkvæmdakostnaður: 5.1 milljón kr.

Dalvík.

Samið var við Dýpkunarfélagið hf. um dýpkun innan hafnar, alls um 47.700 m^3. Einnig voru keyptar og settar upp flotbryggjur frá Vélsmiðjunni Þór á Ísafirði.

Framkvæmdakostnaður: 21.8 milljón kr.

Árskógssandur.

Samið var við Dýpkunarfélagið hf. um 2.000 m^3 dýpkun upp með bryggjunni.

Framkvæmdakostnaður: 1.1 milljón kr.

Hrísey.

Engar framkvæmdir.

Akureyri.

Unnið var við þekju í Fiskihöfninni, alls voru steyptir um 2.800 m^2. Einnig var gengið frá um 200 metra löngum kantbita á stálþilinu þar, en einungis sett upp lýsing til bráðabirgða. Gengið var frá hitalögn í þekju og kant. Starfsmenn hafnarinnar sáu um þessar framkvæmdir. Dýpkað var í Fiskihöfninni með krana hafnarinnar, alls um 23.400 m^3. Samið var við Dýpkunarfélagið hf. um dýpkun á um 13.400 m^3 í Fiskihöfninni þar sem kraninn náði ekki til og um 800 m^3 við Krossanesbryggju.

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 67.0 milljónir kr.

Svalbarðseyri.

Engar framkvæmdir.

Grenivík.

Tengibraut að höfninni var breikkuð og grjótvarin.
Framkvæmdakostnaður: 2.0 milljón kr.

Grímsey.

Unnið var að 1. áfanga smábátahafnar. Boðin var út grjótvinnsla fyrir væntanlegan grjótgarð í smábátahöfninni. Útboðið fór fram í samvinnu við Flugmálastjórn, sem var að láta lengja flugvöllinn til norðurs. Lægstbjóðandi var Stefán Guðjónsson frá Sauðárkróki. Alls voru unnir um 13.200 m^3 af grjóti til hafnargerðarinnar.
Framkvæmdakostnaður: 12.4 milljónir kr.

Húsavík.

Haldið var áfram með brimvarnargarðinn utan á Norðurgarð. Fyllt var í lón, sem myndaðist milli hans og Norðurgarðs. Ákveðið var að reyna að fylla það með því að dæla upp úr höfninni. Samið var við Dýpkunarfélagið hf. um dælinguna. Ekki reyndist unnt að dæla nema um 8.700 m^3. Unnir voru um 12.000 m^3 af grjóti í námunni. Urðu nokkrir erfiðleikar með þessa vinnslu og ljóst að ekki verður hægt að vinna þar meira grjót. Þegar vinnu var hætt um haustið var frágangi stórgrýtis utan á garðinn, svo og grjóthleðslu að innan ólokið. Hafnamálastofnun annaðist framkvæmdir ásamt heimamönnum.
Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 37.8 milljónir kr.

Kópasker.

Tæknikostnaður: 0.1 milljón kr.

Raufarhöfn.

Engar framkvæmdir.
Fjármagnskostnaður: 2.3 milljónir kr.

Þórshöfn.

Lokið var frágangi á raflögn. Heimamenn sáu um þetta verk.
Framkvæmdakostnaður: 2.5 milljónir kr.

Bakkafjörður.

Byggður var 120 metra langur skjólgarður (20.100 m^3) að vestanverðu við höfnina og 20 metra löng trébryggja við hann. Hafnamálastofnun annaðist framkvæmdir, sem að hluta fóru fram um leið og verkið á Vopnafirði.
Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 33.9 milljónir kr.

Vopnafjörður.

Unnið var að byggingu 370 metra langs brimvarnargarðs, Innrigarðs. Alls voru unnir um 45.000 m^3 af grjóti og settir í garðinn. Verkið hófst í júní og því lauk í október. Hafnamálastofnun sá um framkvæmdir, sem að hluta fóru fram á sama tíma og verkið á Bakkafirði.
Framkvæmdakostnaður: 38.4 milljónir kr.

Borgarfjörður eystri.

Hafist var handa við lengingu bryggjanna sitt hvoru megin í höfninni við Hafnarhólma. Bryggjan að vestanverðu var lengd um 15 metra og lauk því verki á árinu. Bryggjan að

austanverðu er staurakista sem lengja átti um 24 metra. Lokið var við að steypa landvegg, grjótkistur settar út og tengt á milli.

Framkvæmdakostnaður: 10.5 milljónir kr.

Seyðisfjörður.

Dýpkað var við Angróbryggju með krana úr landi, alls um 1.400 m^3. Enn fremur var haldið áfram að innrétta smábátahöfn og byggður um 50 metra löng viðlega. Heimamenn sáu um þessar framkvæmdir.

Dráttarbraut frá Póllandi var afhent um haustið og bíður uppsetningar.

Framkvæmdakostnaður: 20.2 milljónir kr.

Neskaupstaður.

Engar framkvæmdir.

Tæknikostnaður ofl.: 0.2 milljónir kr.

Eskifjörður.

Boðin var út steypt þekja um 1280 m^2 og lagning rafmagns og vatns á loðnubryggju alls. Samið var við Byggðarholt hf. um verkið, sem hófst í júní og var lokið í september.

Framkvæmdakostnaður: 9.3 milljónir kr.

Reyðarfjörður.

Byggður var fyrirstöðugarður alls um 11.000 m^3 fyrir dýpkun við væntanlegt stálþil innan við smábátahöfnina. Heimamenn sáu um verkið. Síðan var boðin út dýpkun og í ágúst var samið við Björgun hf., sem var lægstbjóðandi, um verkið. Dýpkunin nam alls um 43.400 m^3 og lauk henni í október. Lögð var út flotbryggja, sem var 4 einingar, 7 metra langar úr tré.

Framkvæmdakostnaður: 16.2 milljónir kr.

Fáskrúðsfjörður.

Stálþil alls um 70 metra langt var rammað niður við frystihús og gengið frá kanti og lýsingu. Smíðuð var 10 metra löng löndunarbryggja fyrir smábáta við enda stálþilsins og löndunarkrani færður að henni. Ný hafnarvog var keypt og sett upp.

Framkvæmdakostnaður: 25.0 milljónir kr.

Stöðvarfjörður.

Unnið að lagfæringum og viðbótum á flotbryggjum, m.a. settir „fingur" á þær. Heimamenn sáu um þessar framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 1.9 milljónir kr.

Breiðdalsvík.

Flotbryggjur voru keyptar og settar upp innan á gömlu bryggjuna. Hér var um 2 steyptar einingar frá Króla að ræða. Heimamenn sáu um framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 2.0 milljónir kr.

Djúpivogur.

Settar voru upp flotbryggjur innan á bátabryggju. Þetta voru 4 einingar, 7 metra langar, sem smíðaðar höfðu verið árið áður.

Framkvæmdakostnaður: 0.6 milljónir kr.

Höfn.

Komið var lýsingu á innsiglingarmerki við Austurfjörutanga. Enn fremur var komið fyrir festum á Suður- og Austurfjörutanga við Hornafjarðarós. Dýpkunarskipið Soffía hélt áfram dýpkun í höfninni og á Mikleyjarhrygg, alls var um 25.300 m^3 dælt úr höfninni.

Framkvæmdakostnaður: 13.5 milljónir kr.

Vestmannaeyjar.

100 metra langt stálþil, sem reka á við Binnabryggju, var hannað og keypt síðla á árinu. Dýpkað var með sanddæluprammа hafnarinnar og alls dælt 25.125 m^3.

Framkvæmdakostnaður: 9.1 milljón kr.

Stokkseyri.

Engar framkvæmdir.

Eyrarbakki.

Engar framkvæmdir.

Grindavík.

Í mars var lokið við 75 metra langa trébryggju við austanverðan Miðgarð. Þar var fyrst og fremst unnið við lagnir og slitlag. Framkvæmdir hófust seinni hluta ársins við 24 metra langan kafla, sem er fyrri hluti endurbyggingar á sunnanverðum Eyjabakka. Starfsmenn hafnarinnar sáu um verk þessi með aðstoð Hafnamálastofnunar. Unnið var að botnborunum vegna væntanlegra frekari framkvæmda við Eyjabakka.

Framkvæmdakostnaður: 12.4 milljónir kr.

Hafnir.

Grjótvörn (3.300 m^3) var lögð u.þ.b. 40 metra út með hafnargarðinum og er þá eftir að verja um 80 metra af garðinum. Hafnamálastofnun annaðist framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 2.7 milljónir kr.

Sandgerði.

Unnið var að lítils háttar lagfæringum á köntum í höfninni. Undirbúningur að útboði vegna dýpkunar innsiglingar hófst seinni part ársins.

Framkvæmdakostnaður: 3.2 milljónir kr.

Gerðar.

Vigtarhús u.þ.b. 10 m^2 var smíðað. Heimamenn sáu um verkið.

Framkvæmdakostnaður: 0.6 milljónir kr.

Vogar.

Gerð um 18.100 m^3 skjólgarðs fyrir smábátahöfn var boðin út í apríl. Samið var við lægstbjóðanda, sem var Suðurverk hf., um verkið og því lauk í byrjun júní.

Framkvæmdakostnaður: 9.0 milljónir kr.

Hafnarfjörður.

Dýpkunarfélagið hf. vann að dýpkun hafnarinnar samkvæmt samningi frá fyrra ári. Alls voru 36.300 m^3 fjarlægðir úr höfninni. Einnig var dýpkað um 24.800 m^3 og floteiningar voru settar upp í smábátahöfninni, en sú framkvæmd er alfarið á vegum Hafnasjóðs og kemur því ekki inn í kostnaðaruppgjör. Enn fremur var lokið við endurbætur á rafdreifikerfi á Norðurbakka. Áfram var unnið að grjótvörn utan á Suðurgarð og var lokið við það verk.

Framkvæmdakostnaður: 15.1 milljón kr.

Garðabær.

Unnið var að dýpkun innsiglingar og samið við Köfunarstöðina hf. um dýpkunina að loknu útboði. Alls voru fjarlægðir um 7.660 m^3 af dýpkunarsvæðum, samkvæmt uppgjöri. Smíði ljósamastursbúss var boðin út og samið við Kvistás um verkið. Einnig var gengið frá lögnum í það.

Framkvæmdakostnaður: 4.5 milljónir kr.

Kópavogur.

Í Kópavogi hefur verið unnið að byggingu skjólgarðs vestan við höfnina. Þessi framkvæmd hefur verið unnin á kostnað Hafnasjóðs að mestu. Veittur var styrkur úr ríkissjóði til Kópavogshafnar, sem lendingarbætur að upphæð 2.0 milljónir kr. vegna þessara framkvæmda.

Reykjavík.

Unnið var að lengingu Holtabakka um 50 metra. Enn fremur var unnið við landgerð sunnan Holtabakka um 35.000 m^3 og hafist handa við nýjan 140 metra langan hafnarbakka, sem er fyrsti áfangi svokallaðs Vogabakka. Þar var um fyllingu og kaup og rekstur stálþils að ræða. Lokið var við lengingu Kleppsbakka (32 metrar) og einnig áfram unnið við skjólgarð við Korngarð.

Framkvæmdakostnaður: 227.3 milljónir kr.

LANDSHAFNIR

Rifshöfn.

Samið var við Köfunarstöðina hf. um dýpkun innsiglingar í Rifshöfn. Fjarlægðir voru um 17.100 m^3.

Framkvæmdakostnaður: 6.9 milljónir kr.

Þorlákshöfn.

Boðin var út dýpkun innsiglingar vegna mikils sandburðar að höfninni. Samið var við Björgun hf., sem var lægstbjóðandi um verkið. Alls voru um 42.400 m^3 fjarlægðir.

Framkvæmdakostnaður: 11.5 milljónir kr.

Keflavík/Njarðvík.

Keyptur var nýr lóðsbátur sem smíðaður var af Þorgeiri og Ellert á Akranesi.

Framkvæmdakostnaður: 16.1 milljón kr.

FERJUBRYGGJUR

Mestar framkvæmdir voru við bryggjuna á Melgraseyri, en þar var bryggjan breikkuð og endurbyggð að hluta. Einnig var unnið að lítils háttar lagfæringum í Ögri og víðar við Djúp.

Framkvæmdakostnaður: 3.0 milljónir kr.

SJÓVARNARGARÐAR

Víða um land var unnið að sjóvörnum, en þessar voru helstar: Á Flateyri við Brimnesveg; á Blönduósi sunnan ósa Blöndu; á Húsavík undir bökkunum; á Stokkseyri haldið áfram við Íragerði og á Eyrarbakka við Samkunduhús.

Framkvæmdakostnaður: 33.0 milljónir kr.

RANNSÓKNIR

Mælingar og botnrannsóknir voru framkvæmdar eftir þörfum verkefna eins og undanfarin ár. Ýmis rannsóknaverkefni voru unnin í samvinnu við aðrar stofnanir.

Botnrannsóknir voru gerðar í Stykkishólmi, Grindavík og í Reykjavíkurhöfn.

Mælingar vegna dýpkana og rannsókna voru gerðar í eftirtöldum höfnum: Sandgerði, Ísafirði, Vogum, Akranesi, Garðabæ, Súðavík, Ólafsvík, Rifi, Þorlákshöfn, Húsavík, Hornafirði, Akureyri, Stykkishólmi, Bolungarvík, Eskifirði, Flateyri, Reyðarfirði, Straumsvík, Vestmannaeyjum, Ólafsfirði, Seyðisfirði, Árskógssandi og Sauðárkróki.

Öldumælingum var framhaldið á Grenivík, Djúpavogi, Vestmannaeyjum og í Reykjavík. Úthafsöldumælingar fóru fram á Grímseyjarsundi, við Surtsey og vestur af Garðskaga. Öldumælingar hófust á Skagaströnd en duflið slitnaði upp og týndist.

Á árinu var unnið að og lokið líkantilraunum af Ólafsfjarðarhöfn og Bakkafjarðarhöfn og tilraunir hafnar á líkani af Sauðárkrókshöfn.

Unnið var að frumhönnun og verkhönnun á eftirtöldum höfnum: Patreksfirði, Bíldudal, Blönduósi, Sauðárkróki, Ólafsfirði, Grímsey, Dalvík, Akureyri, Húsavík, Kópaskeri, Bakkafirði, Þórshöfn, Vopnafirði, Breiðdalsvík, Hornafirði, Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn, Grindavík, Sandgerði, Keflavík og Hafnarfirði.

Mikil vinna fylgdi þeim breytingum sem áttu sér stað í Hornafjarðarós og hófust með umhleypingum í byrjun desember 1988.

Gefnar voru út skýrslur um könnun hafnaraðstöðu á Ólafsfirði og Bakkafirði.

Tafla I. Hafnarframkvæmdir 1989.
(Í millj. kr.)

Höfn:	Verkefni:	Ríkisþátt.	Heildarkostnaður		Ríkishluti
I. Almennar hafnir:					
Akranes	Smábátahöfn: Fylling	50%	2.3		
	Dýpkun og grjótvörn	75%	5.5		
	Grjótfylling v/SFA	75%	7.9		
	Lóðsbátur (gr. upp í samn.)	40%	14.6		
	Stoðveggur aðalh.garðs	75%	2.8		
	Bátabr: Masturshús og rafl.	75%	3.0		
	Leiðrétt v/framkvæmda 1988	75%	-1.9		
	Dýpkun hafnar	75%	0.4	34.6	20.3
Arnarstapi	Innsiglingarmerki	75%	0.1		
	Dýpkun	75%	0.3	0.4	0.3
Ólafsvík	Dýpkun	75%	7.7		
	Kantur	75%	3.5		
	Lagnir og lýsing	75%	2.5		
	Leiðrétt v/stálþils 1988	75%	-1.0	12.7	9.5
Grundarfjörður	Þekja, lagnir, ljósam.	75%	6.4	6.4	4.8
Stykkishólmur	Ferjuaðstaða	75%	47.8		
	Fylling í veg á garði	75%	2.5		
	Flotbryggjur	75%	3.0		
	Heimtaug og lýsing	75%	2.6		
	Fjármagnskostnaður	75%	4.2		
	Leiðrétt v/dráttarbr. 1988	40%	-0.7		
	Leiðrétt v/grjótg. o.fl. 1988	75%	-1.8	57.6	43.4
Brjánslækur	Ferjubrú og aðstaða	75%	22.0	22.0	16.5

Höfn:	Verkefni:	Ríkisþátt.	Heildarkostnaður		Ríkishluti
1. Almennar hafnir:					
Patreksfjörður	Smábátahöfn: Trébryggja	75%	15.5		
	Tjónaviðgerð (ólokið)	75%	1.7		
	(Tjónastyrkur)	75%	-2.3	14.9	11.2
Tálknafjörður	Smábátahöfn: Skjólgarður	75%	2.5		
	Löndunarkrani	40%	0.5	3.0	2.1
Bíldudalur	Grjótnám og rannsóknir	75%	1.8		
	Flotbryggja	75%	1.3		
	Tjónaviðgerð	75%	2.8		
	(Tjónastyrkur)	75%	-2.8	3.1	2.3
Þingeyri	Endurbyggð trébryggja	75%	2.2		
	Grjót við stálþil	75%	0.5	2.7	2.0
Flateyri	Löndunarkrani	40%	0.8		
	Hafnarvog	40%	0.3		
	Dýptarmælingar	75%	0.2	1.3	0.6
Bolungarvík	Dýpkun	75%	21.7	21.7	16.3
Ísafjörður	Sundahöfn: Dýpkun	75%	5.5		
	Þekja, lagnir, lýsing	75%	16.5		
	Bátahöfn: Dýpkun	75%	2.5		
	Leiðr. v/stálþ. 1987	75%	0.4		
	Fjármagnskostnaður	75%	2.8	27.7	20.8
Súðavík	Dýpkun	75%	4.2		
	Löndunarbryggja	75%	8.1	12.3	9.2
Norðurfjörður	Fjármagnskostnaður	75%	3.3	3.3	2.5
Hvammstangi	Smábátahöfn: Grjótgarður	75%	2.7		
	Norðurgarður: Endurb.	75%	8.2	10.9	8.2
Blönduós	Endurn. viðlegukants	75%	3.5		
	Landrafmagn	75%	1.3		
	Brimvarnargarður, undirb.	75%	3.0	7.8	5.9
Skagaströnd	Trébryggja	75%	3.8		
	Viðgerð á garði	75%	1.2		
	Dýpkun o.fl.	75%	3.3		
	Lagnir í plan	75%	1.9		
	Rafmagnsheimtaug	75%	0.3	10.5	7.9
Sauðárkrókur	Grjótnám	75%	2.6		
	Mælingar o.fl.	75%	0.4		
	Leiðrétt v/Norðurgarðs 1988	75%	-3.2	-0.2	-0.2

Höfn:	Verkefni:	Ríkisþátt.	Heildarkostnaður		Ríkishluti
1. Almennar hafnir:					
Hofsós	Löndunarkrani frá 1988	40%	0.8		
	Leiðrétt v/Hafnarvog 1987	40%	-1.0	-0.2	-0.1
Siglufjörður	Tæknikostn. o.fl.	75%	1.0		
	Flotbryggja	75%	1.6		
	Jarðv.sk.v/Togarabryggju	75%	6.1		
	Lýsing á Hafnarbryggju	75%	4.0		
	Leiðr. v/dýpk. 1988	75%	-0.5	12.2	9.2
Ólafsfjörður	Endurbyggð trébryggja (1988/89)	75%	4.5		
	Hönnun o.fl.	75%	0.6	5.1	3.8
Dalvík	Dýpkun	75%	21.8	21.8	16.4
Árskógssandur	Dýpkun	75%	1.1	1.1	0.8
Akureyri	Fiskihöfn: Dýpkun	50%	17.8		
	Frágang v/stálþils	50%	43.8		
	Fjármagnskostnaður	50%	5.4	67.0	33.5
Grenivík	Grjótvörn og fylling v/tengib.	75%	2.0	2.0	1.5
Grímsey	Smábátahöfn; grjótvinnsla	75%	12.4	12.4	9.3
Húsavík	Norðurgarður 2. áfangi	75%	33.9		
	Dýpkun	75%	1.0		
	Fjármagnskostnaður	75%	2.9	37.8	28.4
Kópasker	Tæknikostnaður	75%	0.1	0.1	0.1
Raufarhöfn	Smábátahöfn o.fl.	75%	0.3		
	Fjármagnskostnaður	75%	0.8		
	Fjármagnskostnaður	90%	1.7		
	Leiðrétt v/framkvæmda 1987–88	75%	-0.5	2.3	2.0
Þórshöfn	Lýsing	75%	0.4		
	Löndunarkrani	40%	0.8		
	Fjármagnskostnaður	75%	0.6		
	Mælingar o.fl. 1988	75%	0.7	2.5	1.6
Bakkafjörður	Garður og bryggja	75%	28.7		
	Fjármagnskostnaður	75%	5.2	33.9	25.4
Vopnafjörður	Brimvarnargarður	75%	38.4	38.4	28.8
Borgarfj. eystri	Lengd bryggja	75%	10.5	10.5	7.9

Höfn:	Verkefni:	Ríkisþátt.	Heildarkostnaður		Ríkishluti
1. Almennar hafnir:					
Seyðisfjörður	Dráttarbraut	40%	17.8		
	Smábátahöfn	75%	1.4		
	Dýpkun v/Angróbryggju	75%	1.0	20.2	8.9
Neskaupstaður	Tæknikostnaður o.fl.	75%	0.2	0.2	0.2
Eskifjörður	Frágangur löndunarbryggju	75%	9.3	9.3	7.0
Reyðarfjörður	Flotbryggja	75%	1.1		
	Dýpkun	75%	12.3		
	Fyrirstöðugarður	50%	2.8	16.2	11.5
Fáskrúðsfjörður	Stálþil og lýsing	75%	18.7		
	Trébryggja	75%	2.6		
	Hafnarvog	40%	4.2		
	Leiðrétt frá 1987	75%	-0.5	25.0	17.3
Stöðvarfjörður	Flotbryggja	75%	1.9	1.9	1.4
Breiðdalsvík	Flotbryggja	75%	2.0	2.0	1.5
Djúpivogur	Flotbryggja, uppsetning	75%	0.6	0.6	0.5
Höfn í Hornaf.	Innsiglingam. og raflagnir	75%	4.7		
	Dýpkun í höfn	75%	5.2		
	Dýpkun í innsiglingu	90%	1.2		
	Smábátahöfn v/1988	75%	1.9		
	Leiðrétt dýpkun v/1988	75%	0.5	13.5	10.3
Vestmannaeyjar	Stálþil v/Binnabryggju	75%	2.1		
	Dýpkun	75%	6.3		
	Leiðr. v/dýpkunar 1988	75%	0.7	9.1	6.8
Grindavík	Miðgarður: Lagnir, slitlag o.fl.	75%	4.1		
	Eyjabakki: endurbyggð bryggja	75%	5.9		
	Tjón á Svíragarði	75%	1.5		
	Botnrannsóknir	75%	0.9	12.4	9.3
Hafnir	Grjótvörn	75%	2.7	2.7	2.0
Sandgerði	Dýpkun innsiglingar	90%	3.2	3.2	2.9
Garður	Vigtarhús	40%	0.6	0.6	0.2
Vogar	Smábátahöfn: Skjólgarður	75%	9.0	9.0	6.8

Höfn:	Verkefni:	Ríkisþátt.	Heildarkostnaður		Ríkishluti
1. Almennar hafnir:					
Hafnarfjörður	Raflagnir Norðurbryggju	50%	2.5		
	Dýpkun	50%	12.3		
	Leiðr. v/1988	50%	0.3	15.1	7.6
Garðabær	Dýpkun hafnar	75%	0.8		
	Dýpkun innsiglingar	90%	1.5		
	Ljósamastur og lýsing	75%	2.2	4.5	3.6
Óskipt	Slysavarnir	75%	5.0	5.0	3.8
	Samtals almennar hafnir:	40%	38.7		
		50%	87.2		
		75%	516.6		
		90%	7.6	650.1	453.8
II. Landshafnir:					
Rifshöfn	Dýpkun	100%		6.9	6.9
Þorlákshöfn	Dýpkun	100%		11.5	11.5
Keflav.-Njarðv.	Lóðsbátur o.fl.	100%		16.1	16.1
	Samtals:			34.5	34.5
III. Ferjubryggjur:					
	Búðardalur	100%		0.1	0.1
	Vigur	100%		0.2	0.2
	Melgraseyri	100%		2.4	2.4
	Mjóifjörður	100%		0.1	0.1
	Ýmsir staðir	100%		0.2	0.2
	Samtals:			3.0	3.0
IV. Reykjavíkurhöfn:					
Kleppsvík:	Holtabakki	0%		45.1	0.0
	Vogabakki	0%		87.4	0.0
	Landfylling	0%		41.0	0.0
Vatnagarðar:	Kleppsbakki	0%		37.8	0.0
	Skjólg. v/Korngarð	0%		16.0	0.0
	Samtals:			227.3	0.0
	Alls framkvæmdir			914.9	491.3

Tafla II. Framkvæmdir við sjóvarnir 1989.
(Í millj. kr.)

Akranes	2.8
Neshreppur	0.7
Ólafsvík	1.4
Búðardalur	0.5
Flateyri	5.0
Suðureyri	0.1
Bolungarvík	0.4
Ísafjörður	0.4
Blönduós	3.0
Sauðárkrókur	1.1
Húsavík	7.7
Stokkseyri	1.9
Eyrarbakki	4.4
Grindavík	1.1
Gerðahreppur	0.1
Vogar, Vatnsleysustr.hr	1.1
Seltjarnarnes	1.3
Samtals:	33.0

Tafla III. Rannsóknaverkefni 1989.
(Í millj. kr.)

Almennar rannsóknir óskipt		5.1
Innréttingar í líkanstöð		0.8
Líkantilraunir af höfnum		
Ólafsfjörður	4.6	
Bakkafjörður	1.1	
Sauðárkrókur	3.0	8.7
Rannsóknarverkefni í höfnum		
Skagaströnd	0.3	
Sauðárkrókur	0.3	
Grenivík	0.2	
Bakkafjörður	0.1	
Djúpivogur	0.1	
Hornafjörður	1.1	
Vestmannaeyjar	0.2	
Ýmsar hafnir	0.3	2.6
Samtals		17.2

Tafla IV. Staða ríkissjóðs.
(Í millj. kr.)

Höfn:	Staða ríkissj. í árslok 1988		Ríkishluti	Fjárveiting	Staða ríkissjóðs í árslok 1989	
	vantar	ónotað	1989	1989	vantar	ónotað
Akranes	9.4		20.3	13.1	16.6	
Borgarnes		0.5				0.5
Arnarstapi		1.0	0.3			0.7
Ólafsvík		7.0	9.5	8.0		5.5
Grundarfjörður	1.9		4.8	4.9	1.8	
Stykkishólmur	20.3		43.4	30.0	33.7	
Karlsey		0.1				0.1
Brjánslækur	1.1		16.5	14.1	3.5	
Patreksfjörður	1.0		11.2	10.5	1.7	
Tálknafjörður	1.0		2.1	0.9	2.2	
Bíldudalur		0.4	2.3	1.5	0.4	
Þingeyri		0.1	2.0	3.0		1.1
Flateyri		0.5	0.6		0.1	
Suðureyri	0.9			1.2		0.3
Bolungarvík	1.8		16.3	1.0	17.1	
Ísafjörður	21.8		20.8	26.5	16.1	
Súðavík			9.2	10.1		0.9
Norðurfjörður	5.6		2.5	3.3	4.8	
Drangsnes		0.2				0.2
Hólmavík						
Hvammstangi		4.7	8.2	3.5		0.0
Blönduós		1.1	5.9	6.0		1.2
Skagaströnd	2.1		7.9	8.0	2.0	
Sauðárkrókur	4.3		-0.2	4.5		0.4
Hofsós	0.2		-0.1	0.2		0.1
Haganesvík		0.1				0.1
Siglufjörður	6.6		9.2	20.8		5.0
Ólafsfjörður	5.6		3.8	4.1	5.3	
Dalvík	4.0		16.4	10.8	9.6	
Hrísey		0.2				0.2
Árskógssandur	3.3		0.8	3.3	0.8	
Hjalteyri						
Akureyri	29.0		33.5	14.4	48.1	
Svalbarðseyri		0.0				
Grenivík		0.1	1.5		1.4	
Grímsey		5.2	9.3	5.0		0.9
Húsavík	12.8		28.4	30.6	10.6	
Tjörnes	0.7			0.6	0.1	
Kópasker		1.7	0.1	1.0		2.6
Raufarhöfn	16.5		2.0	11.2	7.3	
Þórshöfn	11.1		1.6	8.4	4.3	
Bakkafjörður	6.6		25.4	5.6	26.4	
Vopnafjörður	0.1		28.8	22.4	6.5	
Borgarfj. eystri		2.3	7.9	4.9	0.7	
Seyðisfjörður	4.5		8.9	4.5	8.9	
Neskaupstaður		0.0	0.2		0.2	
Eskifjörður	7.5		7.0	7.8	6.7	
Reyðarfjörður	3.9		11.5	8.9	6.5	
Fáskrúðsfjörður		4.4	17.3	14.6		1.7
Stöðvarfjörður		0.9	1.4		0.5	

Höfn:	Staða ríkissj. í árslok 1988		Ríkishluti	Fjárveiting	Staða ríkissjóðs í árslok 1989	
	vantar	ónotað	1989	1989	vantar	ónotað
Breiðdalsvík	0.1		1.5	1.3	0.3	
Djúpivogur	1.2		0.5	1.2	0.5	
Höfn í Hornafirði	1.0		10.3	4.8	6.5	
Vestmannaeyjar	0.9		6.8	17.5		9.8
Stokkseyri						
Eyrarbakki		1.0				1.0
Grindavík	4.4		9.3	15.2		1.5
Hafnir			2.0		2.0	
Sandgerði	0.6		2.9	3.8		0.3
Garður			0.2		0.2	
Vogar		0.6	6.8	5.0	1.2	
Hafnarfjörður	14.5		7.6	18.2	3.9	
Garðabær		1.1	3.6	3.8		1.3
Slysav.óskipt		7.8	3.8	1.0		5.0
Samtals	206.3	41.0	453.8	401.0	258.5	40.4

Tafla V. Fjárveiting til hafnaframkvæmda 1989.
(Í millj. kr.)

Almennar hafnir		401.0
Lendingabætur:		
Kópavogur	2.0	
Skarðsstöð	0.7	
Selvík á Skaga	0.6	
Lónkot í Fellshreppi	0.4	
Leirhöfn	0.3	4.0
Landshafnir:		
Rif	7.0	
Rif aukafjárv. v/yfirtöku	23.3	
Þorlákshöfn	4.0	
Þorlákshöfn aukafjárv. v/yfirtöku	15.0	
Keflavík - Njarðvík	4.0	
Keflavík-Njarðvík aukafjárv. v/yfirtöku	11.7	65.0
Ferjubryggjur:		
Óskipt	1.0	
Ögur	0.1	
Melgraseyri	2.8	
Mjóifjörður	0.1	4.0
Samtals		474.0

Tafla VI. Fjárveitingar til sjóvarna 1989.
(Í millj. kr.)

Sjóvarnargarðar (Fjárlagaliður 10-333).	
1. Akranes	1.3
2. Ólafsvík	1.0
3. Búðardalur	0.7
4. Neshreppur utan Ennis	0.8
5. Flateyri	7.5
6. Suðureyri	1.0
7. Bolungarvík	1.5
8. Ísafjörður	1.5
9. Blönduós	3.8
10. Skagaströnd	1.0
11. Sauðárkrókur	1.5
12. Húsavík	3.0
13. Stokkseyri	4.8
14. Eyrarbakki	2.0
15. Grindavík	1.3
16. Miðneshreppur	0.8
17. Gerðahreppur	0.8
18. Vatnsleysustrandarhreppur	1.0
19. Hafnahreppur	1.0
20. Bessastaðahreppur	0.5
21. Seltjarnarnes	0.5
Samtals	37.3

Tafla VII. Úthlutanir hafnabótasjóðs 1989.
(Í millj. kr.)

		Styrkur	Lán	
Úthlutað v/heimahluta í nýframkvæmdum:				
Ólafsvík		0.80	0.80	
Grundarfjörður		0.90	0.30	
Stykkishólmur		5.60	3.30	
Brjánslækur		3.60		
Patreksfjörður		2.10	0.50	
Bolungarvík		0.20		
Súðavík		1.00	1.00	
Norðurfjörður		0.65		
Hvammstangi		0.70		
Blönduós			1.20	
Skagaströnd		1.60		
Dalvík			2.20	
Grímsey		1.00		
Húsavík			6.10	
Tjörneshöfn			0.10	
Kópasker		0.20		
Þórshöfn		0.40		
Bakkafjörður		5.50		
Vopnafjörður		4.10	1.50	
Borgarfjörður eystri		1.00		
Seyðisfjörður			0.70	
Fáskrúðsfjörður			2.10	
Vogar, Vatnsleysuströnd		1.00		
	Samtals	30.35	19.80	
Tjónastyrkir:				
Patreksfjörður		2.30		
Bíldudalur		2.80		
	Samtals	5.10		
Bráðabirgðalán v/væntanlegra fjárveitinga:				
Bakkafjörður			11.63	
Skuldbreyting eldri bráðabirgðalána:				
Stykkishólmur			16.00	
Akureyri			20.40	
Húsavík			10.92	
	Samtals		47.32	
Samtals úthlutað styrkir og lán:		35.45	78.75	114.20

Sþ. 186. Svar [19. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Inga Björns Albertssonar um húsnæðismál lögreglunnar í Stykkishólmi.

1. Var leitað tilboða hjá framleiðendum einingahúsa í Stykkishólmi í húsnæði handa lögreglunni á staðnum? Ef svo var gert: hvernig voru þau tilboð? Ef það var ekki gert, hverjar voru ástæður þess?

Svar:

Ekki var leitað tilboða í smíði einingahúss til nota sem lögreglustöð í Stykkishólmi. Ástæða fyrir því var sú að engin fjárveiting var á fjárlögum 1990 til þessa verks.

2. Hvort var það einingahús, sem upp var sett fyrir lögregluna í Stykkishólmi, keypt eða leigt og á hvaða kjörum var það?

Svar:

Frá fyrirtækinu S.G. einingahús kom tilboð um lausn á þeim vanda sem húsnæðismál lögreglunnar í Stykkishólmi voru í án þess að leitað væri tilboða, sbr. svar hér að framan.

Tilboðið hljóðaði upp á smíði húss af tiltekinni gerð, að stærð rúmlega 103 fermetrar, sem hentaði vel sem lögreglustöð.

Í tilboðinu var gengið út frá því að húsið yrði leigt á 41 þús. kr. á mánuði. Jafnframt var ráðuneytinu boðið að kaupa húsið á 6.064 þús. kr. að viðbættri hækkun er kynni að verða á byggingarvísitölu, miðað við byggingarvísitölu 164,9 stig, enda fengist til þess fjárveiting.

Þessu tilboði tók ráðuneytið að því er leiguþáttinn varðar, enda var hér um boð að ræða sem bakaði ríkinu ekki fjárútlát á þessu ári. Hugsanleg kaup eru hins vegar háð ákvörðun Alþingis samkvæmt fjárlögum, en ráðuneytið er reiðubúið til að samþykkja þau að fullnægðum þeim skilyrðum.

Sþ. 187. Fyrirspurn [169. mál]

til dómsmálaráðherra um endurskoðun umferðarlaga og reglugerðar nr. 787 frá 13. des. 1983 um ökukennslu, próf ökumanna o.fl.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur.

Hvað líður endurskoðun umferðarlaga og reglugerðar nr. 787 frá 13. desember 1983 um ökukennslu, próf ökumanna o.fl. í framhaldi af tillögum nefndar dómsmálaráðherra sem skipuð var 4. október 1988?

Sþ. 188. Fyrirspurn [170. mál]

til fjármálaráðherra um vinnu að frumvarpi um fjárgreiðslur úr ríkissjóði.

Frá Geir H. Haarde.

Hvað líður vinnu á vegum fjármálaráðuneytisins að endurskoðun frumvarps um fjárgreiðslur úr ríkissjóði o.fl. sem á síðasta þingi var afgreitt með rökstuddri dagskrá að tillögu fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar „í trausti þess að unnið verði að málinu í sumar“ á vegum ríkisstjórnarinnar?

Sþ. 189. Fyrirspurn [171. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um endurskoðun á gjaldtöku í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Frá Geir H. Haarde.

Hvað líður þeirri nákvæmu athugun á innheimtu gjalds til Framkvæmdasjóðs aldraðra sem lagt var fyrir ríkisstjórnina að gera þegar frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra (103. mál 112. löggjafarþings) var vísað til ríkisstjórnarinnar með rökstuðningi 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar 27. apríl sl., en þar segir um núverandi skipan að hún sé „órökrétt og óhagkvæm í innheimtu“ og að 1. minni hl. telji því rétt að „nákvæm athugun fari fram á álagningu þessa gjalds í framtíðinni og að niðurstöður þeirrar athugunar eigi að liggja fyrir eigi síðar en við 1. umr. fjárlaga fyrir árið 1991“?

Sþ. 190. Fyrirspurn [172. mál]

til utanríkisráðherra um takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvað hefur utanríkisráðuneytið aðhafst í framhaldi af ályktun Alþingis frá 13. júní 1985 um takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða og til hvaða aðgerða telur ráðherra þörf að grípa þar að lútandi?

Nd. 191. Frumvarp til laga [173. mál]

um breyting á lögum nr. 63 28. maí 1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Flm.: Matthías Bjarnason, Ingi Björn Albertsson.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:

Sé áfengi og tóbak selt gegn greiðslu póstkröfu skal Áfengis- og tóbaksverslun ríkis-

ins greiða umbúða- og sendingarkostnað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins rekur nú 19 verslanir er selja áfengi. Utan Stór-Reykjavíkursvæðisins er þessar verslanir að finna á Akranesi, í Ólafsvík, á Ísafirði, Sauðárkróki, Siglufirði, Akureyri, Seyðisfirði, Neskaupstað, Höfn, í Vestmannaeyjum, á Selfossi og í Keflavík. Þeir sem ekki hafa búsetu á þessum stöðum eða í nágrenni þeirra skipta gjarnan við Áfengis- og tóbaksverslunina með aðstoð póstþjónustunnar. Kostnað við þá þjónustu verða þeir að bera sjálfir. Samkvæmt upplýsingum Áfengis- og tóbaksverslunarinnar hefur fyrirtækið krafið viðskiptavini sína um 6,7 milljónir króna í póstburðargjöld fyrstu 10 mánuði þessa árs og áætlar fyrirtækið að sú upphæð muni nema 8,8 milljónum króna í árslok.

Kostnaður við sölu vöru gegn greiðslu á póstkröfu er umtalsverður þegar þess er gætt að hann leggst á mjög lítinn hluta landsmanna. Þessi kostnaður er óréttlátur þar sem Áfengis- og tóbaksverslunin ber sjálf allan kostnað af dreifingu vöru í byggðum þar sem áfengisverslanir eru. Á það má minna að sumum sveitarfélögum er meinað að hafa áfengisverslanir innan marka sinna vegna ákvæða 10. gr. áfengislaga, nr. 82/1969, með síðari breytingum, en þar segir að aðeins megi setja á stofn útsölustaði áfengis í sveitarfélögum þar sem meiri hluti íbúanna býr í þéttbýli og íbúar hafa verið a.m.k. 1.000 í þrjú ár samfellt.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur áratugum saman borið allan kostnað af dreifingu tóbaks til verslana þannig að jafnaðarverð hefur verið á tóbaki um land allt. Með tilliti til þessa, svo og þeirra takmarkana sem lög setja einstökum byggðum til að fá áfengisútsölur innan sinna marka, er lagt til með frumvarpi þessu að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins beri kostnað sem samfara er sölu vöru gegn greiðslu á póstkröfu og sendingarkostnaði. Kostnaður við minnstu sendingu er 525 kr. og sendingar- og póstkröfukostnaður við sendingu á einum bjórkassa er 660 kr. Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps að allir landsmenn eigi að búa við sama verð hjá þessari stærstu verslun ríkisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 3. gr. laga um verslun ríkisins með með áfengi og tóbak segir að fjármálaráðherra ákveði útsöluverð áfengis og tóbaks á hverjum tíma. Í 3. gr. er einnig að finna leiðbeinandi reglu um verðlagningu tóbaks. Með hliðsjón af því að í öðrum greinum laganna er ekki vikið að verðlagningu á vörum ÁTVR þykir eðlilegt að bæta ákvæðum þeim, sem hér er lagt til að lögfest verði, við þá grein.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Nd. 192. Frumvarp til laga [174. mál]

um grunnskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

I. KAFLI
Markmið og skólaskylda.

1. gr.

Ríki og sveitarfélögum er skylt að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6 til 16 ára eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Skóli þessi nefnist grunnskóli. Öllum börnum og unglingum á framangreindum aldri er skylt að sækja skóla, en frá því má þó veita undanþágu, sbr. 5., 7. og 8. gr.

Þegar tilgreindur er aldur nemanda í lögum þessum miðast hann við það almanaksár er nemandinn nær nefndum aldri.

2. gr.

Hlutverk grunnskólans, í samvinnu við heimilin, er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, sem er í sífelldri þróun. Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á kjörum fólks og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og á skyldum einstaklingsins við samfélagið.

Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.

Grunnskólinn skal veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal því leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

3. gr.

Grunnskóli er tíu ára skóli.

Stefnt skal að því að hver grunnskóli sé heildstæður og einsetinn.

Hverjum grunnskóla má skipa í einingar með ákvörðun hlutaðeigandi sveitarstjórna að fenginni umsögn fræðslustjóra og samþykki menntamálaráðuneytisins.

4. gr.

Í strjálbýli skal stefnt að heimanakstri nemenda en ekki heimavist.

Stefnt skal að því að börn yngri en tíu ára dvelji ekki í heimavist nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi að mati fræðslustjóra.

Sveitarstjórn er heimilt að koma á fót skólaseljum frá aðalskóla, að fenginni umsögn fræðslustjóra og með samþykki menntamálaráðuneytisins.

5. gr.

Skólanefnd getur borið fram við fræðslustjóra rökstudda beiðni um tímabundna undanþágu frá því að uppfylla að fullu ákvæði 1. gr. þessara laga um skólaskyldu eða lágmarksákvæði 44. gr. um starfstíma skóla. Að fenginni tillögu fræðslustjóra úrskurðar menntamálaráðuneytið hvort eða að hve miklu leyti slík undanþága skuli veitt.

6. gr.

Forráðamaður skólaskylds barns ber ábyrgð á að það innritist í skóla, þegar það kemst á skólaskyldualdur, og sæki skólann. Verði verulegur misbrestur á skólasókn skólaskylds barns án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli skal skólastjóri reyna að leysa málið. Takist það ekki skal málinu vísað til fræðslustjóra. Vilji forráðamaður barnsins ekki hlíta ákvörðun fræðslustjóra getur hvor aðili um sig vísað málinu til barnaverndarnefndar.

7. gr.

Undanþegin því að sækja grunnskóla skv. 1. gr. eru:

a. börn sem sækja viðurkennda einkaskóla, sbr. 72. gr.,
b. börn er búa í skólahverfum sem fengið hafa undanþágu skv. 5. gr. að því leyti sem undanþágan kveður á um.

8. gr.

Sæki forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu, í samráði við umsjónarkennara, telji hann til þess gildar ástæður. Fræðslustjóra skal tilkynnt um slíkar undanþágur.

II. KAFLI
Stjórn grunnskóla.

9. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra málefna er lög þessi taka til. Grunnskólaráð er samstarfsvettvangur menntamálaráðuneytisins og annarra aðila er starfa að málefnum grunnskólans. Verkefni þess eru m.a. að hafa yfirlit yfir lög og reglur sem varða grunnskóla, gefa ábendingar um lagfæringar á þeim og samræmi á milli þeirra. Grunnskólaráð fylgist með framkvæmd grunnskólalaga og aðalnámsskrár, gerir tillögur um úrbætur og stuðlar að samvinnu og samræmi í starfi þeirra sem vinna að málefnum grunnskólans.

Ráðið skal skipað ellefu fulltrúum: Tveimur fulltrúum kennarasamtaka, einum fulltrúa skólastjórnenda, einum fulltrúa foreldrafélaga eða samtaka þeirra, tveimur fulltrúum Kennaraháskóla Íslands, einum fulltrúa Háskóla Íslands, einum fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga, einum fulltrúa Námsgagnastofnunar auk tveggja fulltrúa menntamálaráðuneytisins og skal annar þeirra vera fræðslustjóri. Jafnmargir skulu tilnefndir til vara.

Grunnskólaráð skal skipað til tveggja ára í senn.

Menntamálaráðuneytið setur grunnskólaráði erindisbréf, kveður nánar á um skipun þess, starfstilhögun og starfssvið.

10. gr.

Skipuð skal samstarfsnefnd menntamálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd laga þessara.

Verkefni nefndarinnar skulu m.a. vera að gera áætlun um einsetinn skóla, lengdan og samfelldan skóladag og skólamáltíðir, sbr. bráðabirgðaákvæði laga þessara, skólasöfn, heimavistir og félagsstörf nemenda og aðstöðu vegna sérkennslu. Nefndin fær til umsagnar reglugerðir, sem varða samskipti ríkis og sveitarfélaga samkvæmt lögum þess-

um, áður en þær eru gefnar út. Enn fremur fær hún til umsagnar ágreiningsatriði, sem kunna að koma upp varðandi þessi samskipti, áður en þau koma til úrskurðar.

Nefndin skal skipuð tveimur fulltrúum frá menntamálaráðuneytinu og tveimur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

11. gr.

Landið skiptist í fræðsluumdæmi sem hér segir:

1. Reykjavíkurumdæmi sem nær yfir Reykjavík.
2. Reykjanesumdæmi sem nær yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Hafnarfjörð, Keflavík, Grindavík, Njarðvík, Garðabæ, Seltjarnarnes, Kópavog og Mosfellsbæ.
3. Vesturlandsumdæmi sem nær yfir Borgarfjarðarsýslu, Akranes og Borgarnes, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Ólafsvík, Stykkishólm og Dalasýslu.
4. Vestfjarðaumdæmi sem nær yfir Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjörð, Bolungarvík, Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu.
5. Norðurlandsumdæmi vestra sem nær yfir Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Blönduós, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrók og Siglufjörð.
6. Norðurlandsumdæmi eystra sem nær yfir Eyjafjarðarsýslu, Akureyri, Ólafsfjörð, Dalvík, Suður-Þingeyjarsýslu, Húsavík og Norður-Þingeyjarsýslu.
7. Austurlandsumdæmi sem nær yfir Norður-Múlasýslu, Seyðisfjörð, Suður-Múlasýslu, Neskaupstað, Eskifjörð, Egilsstaði, Austur-Skaftafellssýslu og Höfn.
8. Suðurlandsumdæmi sem nær yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Vestmannaeyjar, Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Selfoss og Hveragerði.

Í hverju fræðsluumdæmi skal vera fræðsluskrifstofa.

12. gr.

Í hverju fræðsluumdæmi skal vera fræðsluráð.

Fræðsluráð er samstarfsvettvangur sveitarfélaga og grunnskóla í viðkomandi umdæmi. Hlutverk þess er m.a. að vinna að eflingu skólastarfs í fræðsluumdæminu, stuðla að samvinnu og hagræðingu milli skóla, fjalla um sameiginleg verkefni og styðja starf skólanefnda og fræðsluskrifstofu.

13. gr.

Í fræðsluráði eiga sæti níu fulltrúar sem skipaðir eru að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Fjórir fulltrúar eru kjörnir af sveitarstjórnum eða samtökum sveitarfélaga í hlutaðeigandi fræðsluumdæmi, fjórir af samtökum kennara og skólastjórnenda í umdæminu og fræðslustjóri sem jafnframt er formaður fræðsluráðs. Jafnmargir skulu kjörnir til vara.

Fræðsluráð kemur saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Fulltrúi foreldra á rétt til setu á fundum fræðsluráðs með málfrelsi og tillögurétti.

Kostnaður vegna fundarsetu fulltrúa sveitarfélaga greiðist af sveitarfélögum en kostnaður vegna fundarsetu annarra fulltrúa greiðist úr ríkissjóði.

14. gr.

Menntamálaráðuneytið ræður í stöðu fræðslustjóra að undangenginni auglýsingu. Við

ráðningu fræðslustjóra er skylt að taka tillit til kennslufræðilegrar menntunar umsækjenda, stjórnunarreynslu innan skólakerfisins og þekkingar á skólamálum.

15. gr.

Fræðslustjóri er fulltrúi menntamálaráðuneytisins um skólamál í umdæmi sínu og skal búsettur sem næst fræðsluskrifstofu þess. Hann er forstöðumaður fræðsluskrifstofu og formaður fræðsluráðs.

Í umboði menntamálaráðuneytisins og í samvinnu við skólanefndir hefur fræðslustjóri umsjón og eftirlit með framkvæmd laga um grunnskóla í umdæmi sínu. Hann sér til þess að nemendur njóti kennslu og þjónustu samkvæmt lögum og öðrum fyrirmælum menntamálaráðuneytisins, hefur forgöngu um umbætur í skólamálum og eftirlit og umsjón með aðbúnaði, skipulagi og árangri skólastarfs.

Menntamálaráðuneytið samræmir störf fræðslustjóra og setur um þau reglugerð.

16. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður fræðsluskrifstofu stað í samráði við sveitarfélög í viðkomandi fræðsluumdæmi.

Starfsmenn fræðsluskrifstofu eru ríkisstarfsmenn. Um ráðningu og starfskjör þeirra fer eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Verkefni fræðsluskrifstofu eru einkum þessi: áætlanagerð og eftirlit með námi og kennslu, sálfræðiþjónusta, kennsluráðgjöf, skólaþróun og nýbreytnistarf, endurmenntun og símenntun kennara í samráði við skóla sem veita kennaramenntun.

Að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins er fræðslustjóra heimilt að semja svo við samtök sveitarfélaga, einstök skólahverfi og sveitarfélög að fræðsluskrifstofa taki að sér tiltekin verkefni fyrir þessa aðila, enda komi greiðsla fyrir. Á hliðstæðan hátt er fræðslustjóra heimilt að semja svo við samtök sveitarfélaga að skrifstofa þeirra eða einstakar starfsdeildir innan þeirra annist störf fyrir fræðsluskrifstofu, enda komi samþykki menntamálaráðuneytis til.

17. gr.

Skólahverfi er sú eining sem stendur að einum grunnskóla eða fleiri. Sveitarfélög geta sameinast um rekstur grunnskóla og mynda þá eitt skólahverfi.

Sveitarfélag sem rekur tvo eða fleiri grunnskóla telst eitt skólahverfi séu íbúar færri en 10 þúsund. Fjölmennari sveitarfélögum skal skipta í skólahverfi og annast viðkomandi sveitarstjórn þá skiptingu með samþykki menntamálaráðuneytisins. Miða skal við að íbúar í hverju skólahverfi séu að jafnaði ekki fleiri en 15 þúsund. Sama sveitarfélag getur átt aðild að fleiri en einu skólahverfi ef börn og unglingar á skólaskyldualdri úr viðkomandi sveitarfélagi eiga skólasókn til tveggja eða fleiri skólahverfa.

18. gr.

Í hverju skólahverfi skal vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög þessi og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir kunna að fela henni.

Skólanefnd skal sjá um að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Hún fylgist með og stuðlar að því að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og annar aðbúnaður, þar með talin útivistar- og leiksvæði nemenda. Í samráði við

skólastjóra lítur nefndin eftir að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða á þessu sviði og gerir tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur. Enn fremur getur skólanefnd lagt tillögur um umbætur í skólastarfi fyrir skólastjóra í skólahverfinu.

Skólanefnd er samráðsaðili um ráðningar starfsmanna hlutaðeigandi skóla sbr. 30.–34. gr.

19. gr.

Skólanefnd skal kosin til fjögurra ára í senn af hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnum í upphafi hvers kjörtímabils. Um kosningu í skólanefnd og starfshætti fer samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

Varamenn í skólanefndum skulu jafnmargir aðalmönnum og kosnir á sama hátt.

Í sveitarfélagi þar sem skólahverfi eru tvö eða fleiri skulu fulltrúar í skólanefnd vera kosnir úr hópi íbúa í viðkomandi skólahverfi.

Þar sem fleiri en eitt sveitarfélag standa saman að rekstri grunnskóla eða hluta hans skulu aðilar setja í stofnsamning ákvæði um aðild hvers og eins að skólanefnd.

Fulltrúar kennara, skólastjóra og foreldra eiga rétt til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétti.

Grunnskólakennarar í skólahverfinu kjósa úr sínum hópi fulltrúa til að starfa með skólanefnd. Þar sem stöðugildi við grunnskóla í skólahverfi eru 15 eða færri skal kjörinn einn kennarafulltrúi en tveir þar sem stöðugildi eru 16 eða fleiri. Varamenn kennarafulltrúa skulu vera jafnmargir aðalmönnum.

Skólastjórar— eða aðstoðarskólastjórar í forföllum þeirra, eiga rétt til setu á skólanefndarfundum.

Foreldrafélag eða samtök foreldra í skólahverfinu kjósa úr sínum hópi einn fulltrúa til starfa með skólanefnd.

20. gr.

Skólastjóri er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar og ber ábyrgð á starfi hans undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins. Hann hefur í starfi sínu samráð við kennara, skólanefnd og fræðslustjóra.

Skólastjóri boðar til kennarafundar svo oft sem þurfa þykir, en þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Auk þess skal boða til slíks fundar ef þriðjungur kennara æskir þess.

Öllum föstum kennurum skólans er skylt að sækja kennarafund þá mánuði er skóli starfar ef fundurinn fer fram innan dagvinnumarka.

Í skólum, sem eiga rétt á 8 stöðugildum eða fleiri auk skólastjóra, skal almennur kennarafundur í upphafi hvers skólaárs kjósa þriggja manna kennararáð sem í umboði kennarafundar er skólastjóra til ráðuneytis um stjórn skólans. Í öðrum skólum fer almennur kennarafundur með hlutverk kennararáðs.

Ágreiningi milli skólastjóra og kennararáðs eða kennarafundar um meðferð tiltekins máls skal vísa til fræðslustjóra. Ef samkomulag tekst ekki, úrskurðar menntamálaráðuneytið um málið. Ákvörðun skólastjóra gildir uns úrskurður liggur fyrir, nema samkomulag hafi orðið um annað.

Nánar skal kveðið á um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð.

21. gr.

Starfsmönnum skóla er skylt að efla sem mest samstarf skóla og heimila, m.a. með því

að kennarar miðli fræðslu um skólamál til foreldra og veiti upplýsingar um starfið í skólanum.

Foreldrar barna í grunnskóla, skólastjóri eða almennur kennarafundur geta óskað eftir því að stofnuð séu samtök foreldra eða foreldra og kennara við skólann í þeim tilgangi að styðja skólastarfið og efla tengsl heimila og skóla. Skólastjóri skal þá boða til stofnfundar slíkra samtaka.

Fulltrúi foreldra á rétt til setu á kennarafundum, fundum skólanefnda og fræðsluráða með málfrelsi og tillögurétti nema þegar fjallað er um mál einstakra nemenda.

Samtökin setja sér starfsreglur.

22. gr.

Nemendum grunnskóla er heimilt að stofna nemendaráð sem vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Skólastjóri felur einum af kennurum skólans að aðstoða nemendaráð.

Fulltrúi nemenda eða nemendaráðs á rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs, svo og á kennarafundum, með málfrelsi og tillögurétti, þegar rætt er um skipulag skólastarfsins.

Nemendaráð hvers skóla skal setja sér starfsreglur.

III. KAFLI
Skólahúsnæði.

23. gr.

Gerð skólamannvirkja er undirbúin heima í héraði af sveitarstjórn í samráði við skólanefnd.

Stofnkostnaður grunnskóla greiðist af sveitarfélögum. Í hverju skólahverfi skal vera skólahúsnæði sem fullnægir þörfum grunnskóla við þær aðstæður sem þar eru. Við gerð eða breytingar skólamannvirkja skal m.a. tekið tillit til hvort nemendur ganga til skóla, er ekið þangað daglega, búa þar í heimavist eða fyrirkomulag er blandað.

24. gr.

Eigi tvö sveitarfélög eða fleiri félag með sér um byggingu skólahúsnæðis skal miða skiptingu stofnkostnaðar við eftirtalin meginatriði, nema um annað semjist:

a. íbúafjölda,
b. útsvarsskyldar tekjur í sveitarfélögum næstliðið ár,
c. þann barnafjölda sem hverju sveitarfélagi ber að senda í skólann,
d. kennslustundafjölda í þeim bekkjum sem aðild sveitarfélags miðast við.

Eigi einungis hluti sveitarfélags aðild að viðkomandi skólahverfi skal miða a- og b-liði við þann hluta.

25. gr.

Í skólahúsi skal, auk kennsluaðstöðu fyrir allar kennslugreinar, gera ráð fyrir skólasafni; aðstöðu fyrir nemendur til náms, annarra starfa og hvíldar utan kennslustunda; aðgengi og aðstöðu fatlaðra; aðstöðu til að neyta málsverðar; snyrtiherbergjum; skrifstofu- og vinnuherbergjum skólastjórnenda og kennara; aðstöðu til heilsugæslu, íþróttaiðkana og almennrar félagsstarfsemi í þágu nemenda; húsnæði til sérkennslu og sálfræðiþjónustu og annars þess er lög þessi gera ráð fyrir. Ef henta þykir má ætla aðstöðu til íþrótta

eða annarrar kennslu í öðru húsnæði í nágrenni skólans.

Við gerð heimavista skal kappkostað að þeir minni sem mest á venjuleg heimili og þannig sé gengið frá að nemendur geti jafnan náð til umsjónarmanns heimavista.

26. gr.

Sveitarstjórnir ákveða í samráði við hlutaðeigandi skólanefnd hvaða sérfræðingar skuli annast hönnun skólabygginga, þ.e. undirbúningsvinnu og áætlanagerð, þar með gerð uppdrátta.

Tillöguuppdrættir að gerð skólamannvirkja skulu kynntir opinberlega í viðkomandi skólahverfi. Fulltrúar skólastjóra og kennara skulu vera með í ráðum við hönnun skólamannvirkja.

Áður en framkvæmdir hefjast skal leitað eftir samþykki menntamálaráðuneytisins fyrir viðkomandi skólamannvirki.

Skólanefnd gerir tillögu um nafn skóla. Menntamálaráðuneytið staðfestir nafngift að fenginni umsögn örnefnanefndar.

27. gr.

Um listskreytingu skólamannvirkja fer eftir lögum nr. 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins.

28. gr.

Sveitarfélög annast viðhald skólahúsa og búnaðar á fullnægjandi hátt, þar á meðal endurnýjun kennslutækja, sbr. 83. gr., og greiðist viðhaldskostnaður af sveitarfélögum.

29. gr.

Dagleg umsjón og umráð skólamannvirkja, þar á meðal skólastjóra- og kennarabústaða sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga eða í eigu sveitarfélaga einna, skal vera í höndum skólanefndar í umboði sveitarstjórnar og skólastjóra í umboði menntamálaráðuneytisins.

Sveitarstjórn er heimilt að ráðstafa skólahúsnæði eða hluta þess til æskulýðsstarfsemi, íþróttastarfsemi og almennrar félagsstarfsemi í þágu íbúa byggðarlagsins. Slíkt er þó aðeins heimilt að það raski í engu skólahaldi, félagslífi nemenda né annarri lögbundinni notkun húsnæðisins.

Að fenginni umsögn hlutaðeigandi skólanefndar getur sveitarstjórn ákveðið að skólahúsnæði sé utan venjulegs skólatíma notað til gistingar og veitingareksturs. Tekjur af eignum skóla renna til sveitarsjóða.

IV. KAFLI
Starfslið grunnskóla.

30. gr.

Við hvern skóla sem starfar samkvæmt lögum þessum skal vera skólastjóri.

Menntamálaráðuneytið ræður skólastjóra, að fengnum rökstuddum tillögum og umsögnum skólanefndar, kennararáðs og fræðslustjóra sem í hlut eiga.

31. gr.

Í grunnskóla sem á rétt á tíu kennurum eða fleiri í fullu starfi, auk skólastjóra, ræð-

ur menntamálaráðuneytið aðstoðarskólastjóra, að fengnum rökstuddum tillögum og umsögnum skólastjóra, skólanefndar og kennararáðs.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að ráða aðstoðarskólastjóra, að fenginni tillögu skólanefndar, skólastjóra og fræðslustjóra, enda þótt forsendur þær sem greindar eru í 1. mgr. séu ekki fyrir hendi. Einnig er menntamálaráðuneytinu heimilt að ráða fleiri en einn aðstoðarskólastjóra við einn og sama skóla vegna sérstakra aðstæðna, komi um það tillaga frá skólanefnd, skólastjóra og fræðslustjóra.

Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra. Í skólum þar sem starfa færri en tíu kennarar ákveður skólastjóri í upphafi skólaárs í samráði við kennarafund og skólanefnd hver af föstum kennurum skólans skuli annast skólastjórn í forföllum hans.

32. gr.

Í grunnskóla skal kennsla falin föstum kennurum eftir því sem við verður komið og stundakennurum að öðru leyti, sbr. þó 13. gr. laga nr. 48/1986. Heimilt er að ráða kennara í einni eða fleiri kennslugreinum fyrir tvö eða fleiri skólahverfi samtímis til þess að fullnægja kennsluþörf ef ekki er fullt verkefni fyrir kennarann í einu skólahverfi.

33. gr.

Skólastjóri ræður kennara og aðra starfsmenn skóla sem teljast ríkisstarfsmenn í samráði við skólanefnd og innan heimilda fjárlaga. Sé ekki völ á kennara með full kennsluréttindi getur skólastjóri sent undanþágunefnd grunnskóla beiðni um að lausráða umsækjanda til bráðabirgða í samræmi við ákvæði laga nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Fræðslustjóri staðfestir ráðningar þessara starfsmanna.

Skólastjóri ræður stunda- og forfallakennara við grunnskóla, sbr. þó lög nr. 48/1986.

Sveitarstjórn eða skólanefnd í umboði hennar ræður þá starfsmenn skóla er teljast starfsmenn sveitarfélaga í samráði við skólastjóra. Starfsmenn þessir lúta stjórn skólastjóra um dagleg störf í skólanum á starfstíma skóla.

34. gr.

Við einstaka grunnskóla eða fræðsluskrifstofur skulu starfa námsráðgjafar er annast náms- og starfsráðgjöf og persónulega ráðgjöf er snertir nám nemenda.

Námsráðgjafar annast náms- og starfsfræðslu í samvinnu við kennara.

Námsráðgjafar skulu ráðnir með sama hætti og kennarar. Starfssvið og menntun námsráðgjafa og umfang þjónustunnar skal nánar skilgreint í reglugerð.

35. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og kennara við grunnskóla að fengnum tillögum umsagnaraðila.

36. gr.

Stefnt skal að því að ráðningar í stöður kennara og skólastjórnenda fari fram eigi síðar en 1. maí ár hvert.

Fræðslustjóri auglýsir stöður skólastjórnenda, kennara og annarra starfsmanna grunnskóla sem teljast ríkisstarfsmenn.

Þurfi að ráða skólastjórnendur eða kennara fyrirvaralítið má ráða í starfið án undan-

genginnar auglýsingar, en auglýsa skal slíkar stöður svo fljótt sem unnt er, sbr. þó 13. gr. laga nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

37. gr.

Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar, kennarar, og aðrir starfsmenn ríkisins sem ráðnir eru til starfa við grunnskóla skulu gegna þeim samkvæmt lögum, reglugerðum og erindisbréfi er menntamálaráðuneytið setur.

Um vinnutíma og kjör starfsmanna grunnskóla fer eftir ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og kjarasamningum stéttarfélaga eftir því sem við á.

Um embættisgengi skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og kennara við grunnskóla gilda ákvæði laga nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

38. gr.

Fyrir hverja bekkjardeild eða námshóp í grunnskóla skal skólastjóri velja umsjónarkennara í samráði við kennararáð eða kennarafund. Umsjónarkennarinn fylgist sérstaklega með námi nemenda sinna og þroska, leiðbeinir þeim og leitast við að efla samstarf skóla og heimila, sbr. 21. gr.

Skólastjóra er heimilt að fela föstum kennurum árgangastjórn og fagstjórn, leiðsögn nýliða og leiðsögn kennaranema.

Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um hlutverk og starfssvið umsjónarkennara, árganga- og fagstjóra og leiðsögukennara.

39. gr.

Skólastjóri við heimavistarskóla er jafnframt heimavistarstjóri. Í heimavistum skal daglegt eftirlit og umsjón með nemendum jafnframt vera í höndum kennara, fóstra eða annarra starfsmanna sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

Kostnaður við gæslu á heimavist greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um störf og starfslið í heimavistum og aðbúnað nemenda þar.

40. gr.

Þegar kennari nær 55 ára aldri minnkar kennsluskylda hans um $^1/_6$, og er hann nær 60 ára aldri minnkar kennsluskylda hans enn um $^1/_6$ af fullri kennsluskyldu. Til þess að öðlast þennan rétt þarf tíu ára kennsluferil.

41. gr.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara námsleyfi á föstum launum í allt að eitt ár til að efla þekkingu sína og starfshæfni. Leyfistímann skal nota til:

a. reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun eða
b. a.m.k. tveggja mánaða námsferðar sem skipulögð er og/eða boðið til af aðila eða stofnun sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

Af því fé, sem veitt er á fjárlögum til að kosta námsleyfi kennara, má veita ferðastyrki og styrki til viðbótar námsleyfi. Menntamálaráðuneytinu er heimilt að auglýsa eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám gegn námsleyfi og/eða styrk.

Enginn kennari getur á starfsævi sinni fengið hærri fjárhæð í námsleyfi og styrki en nemur tveggja ára embættislaunum.

Að námsleyfi loknu er kennara skylt að senda ráðuneytinu skýrslu um nám sitt á leyfistímabilinu og er ráðuneytinu heimilt að birta hana.

Námsleyfi má binda því skilyrði að sá er það hlýtur starfi að skólamálum á Íslandi í minnst þrjú ár að námi loknu.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um skólastjórnendur.

Setja skal reglugerð sem kveður nánar á um framkvæmd námsleyfis.

42. gr.

Til endurmenntunar skólastjórnenda og kennara á grunnskólastigi skal auk námsleyfa, sbr. 41. gr., verja fjárhæð sem til þess er ætluð á fjárlögum hverju sinni.

43. gr.

Hafi starfsmaður grunnskóla gerst brotlegur við lög þessi eða reglugerðir samkvæmt þeim má vísa málinu til fræðslustjóra ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Telji fræðslustjóri að aðgerðir í málinu þoli enga bið getur hann gert tafarlausar ráðstafanir til úrbóta um stundarsakir, en gefur þegar í stað skýrslu til menntamálaráðuneytisins sem tekur ákvörðun í málinu.

Um meðferð slíkra mála fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eftir því sem við á.

V. KAFLI
Starfstími grunnskóla.

44. gr.

Reglulegur starfstími grunnskóla skal vera níu mánuðir á hverju skólaári, og hefjast 1. september, en ljúka 31. maí.

Með hliðsjón af atvinnuháttum og aðstæðum í einstökum skólahverfum getur fræðslustjóri veitt tímabundna undanþágu frá framangreindum ákvæðum. Æski skólanefnd að hluta námsskyldu barna sé fullnægt með sumarskóla getur menntamálaráðuneytið heimilað það, að fenginni umsögn fræðslustjóra.

Nánar skal kveðið á um starfstíma grunnskóla og grunnskólanemenda í reglugerð og með skóladagatali sem ráðuneytið gefur út árlega.

45. gr.

Vikulegur kennslutími á hvern nemenda í grunnskóla skal að lágmarki vera þessi:

a. í 1. bekk 1000 mínútur,
b. í 2. bekk 1000 mínútur,
c. í 3. bekk 1000 mínútur,
d. í 4. bekk 1080 mínútur,
e. í 5. bekk 1280 mínútur,
f. í 6. bekk 1360 mínútur,
g. í 7. bekk 1400 mínútur,
h. í 8. bekk 1400 mínútur,
i. í 9. bekk 1400 mínútur,
j. í 10. bekk 1400 mínútur.

Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt að í heild fari hann (þ.e. kennslutími, stundahlé og sjálfsnám utan kennslustunda) ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska.

Daglegur kennslutími nemenda skal vera samfelldur með eðlilegum stundahléum og matartímum.

Stundahlé í grunnskóla skulu að jafnaði vera 15 mínútur á móti hverjum 100 mínútum sem kenndar eru.

Skólastjóri ákveður lengd kennslustunda í samráði við kennararáð/kennarafund. Meðallengd kennslustunda í grunnskóla telst vera 40 mínútur.

46. gr.

Í grunnskóla skal jólaleyfi vera frá og með 21. desember til og með 3. janúar og páskaleyfi frá pálmasunnudegi til og með þriðjudegi eftir páska. Að öðru leyti skulu leyfisdagar ákveðnir í reglugerð.

VI. KAFLI
Námsskrá og kennsluskipan.

47. gr.

Menntamálaráðuneytið setur grunnskólum aðalnámsskrá. Í henni er m.a. kveðið nánar á um uppeldishlutverk grunnskólans og meginstefnu í kennslu og kennsluskipan í samræmi við hlutverk grunnskólans, sbr. 2. gr.

Í öllu starfi skólans skal leggja áherslu á:

— að efla sjálfsvitund og félagsvitund nemenda,
— að stuðla að líkamlegri og andlegri velferð, heilbrigðum lífsháttum og ábyrgri umgengni við líf og umhverfi,
— þjálfun í íslensku í öllum námsgreinum og leikræna og listræna tjáningu,
— hæfni nemenda til að skilja orsakasamhengi og draga rökréttar ályktanir,
— skilning og frjótt, skapandi starf og jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms,
— að námið nýtist nemendum í daglegu lífi, frekara námi og starfi,
— að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi,
— margvíslegar leiðir við öflun þekkingar með notkun tæknimiðla, upplýsingatækni, safna- og heimildavinnu,
— náms- og starfsfræðslu, kynningu á atvinnulífi og námsleiðum til undirbúnings náms- og starfsvals.

Við setningu aðalnámsskrár, skipulagningu náms og kennslu og við gerð og val námsgagna skal þess sérstaklega gætt að allir nemendur fái sem jöfnust tækifæri til náms, sbr. 2. gr.

Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, búsetu, stéttar, trúarbragða eða fötlunar.

Í öllu skólastarfi skal tekið mið af mismunandi persónugerð, þroska, getu og áhugasviðum nemenda.

48. gr.

Í aðalnámsskrá skal setja meginmarkmið og ákvæði um megininntak og skipulag náms og kennslu á þessum sviðum:

a. Notkun íslensku í ræðu og riti, lestur, íslenskar bókmenntir og umræða um mál og málnotkun.
b. Stærðfræði, hlutverk hennar í að lýsa fyrirbærum og leysa viðfangsefni, gildi röksemda, hlutfirringar og táknmáls.
c. Listgreinar, fagurskyn, listhneigð og hagleikur; mynd- og handmennt, tónmennt, leiklist og dans.
d. Heimilishald, heimilisrækt, neysla og hollusta.
e. Líkams- og heilsurækt, íþróttir, sund.
f. Eðli lifandi og lífvana náttúru, tækni og gagnkvæm áhrif manns og umhverfis.
g. Mannlegt samfélag, samfélagshættir, umheimur og umhverfi nær og fjær í fortíð og nútíð, einkum með hliðsjón af Íslandi.
h. Kristin trú og siður, önnur trúarbrögð og almenn lífsgildi.
i. Erlend tungumál, að skilja og tjá sig á einu norðurlandamáli og ensku og kynnast menningu viðkomandi þjóða.

Í aðalnámsskrá skal nánar kveðið á um uppbyggingu, áherslur og skipan náms í grunnskóla svo og hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina. Þess skal gætt að námið verði sem heildstæðast.

Menntamálaráðuneytið hefur aðalnámsskrá grunnskóla stöðugt til athugunar og endurskoðunar og gerir tillögur um breytingar þegar þörf er talin á. Menntamálaráðuneytið gefur aðalnámsskrá grunnskóla út eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

49. gr.

Í 8.–10. bekk mega námsgreinar vera að hluta frjálst val nemenda. Verja má allt að helmingi námstímans á hverju skólaári í valgreinar. Heimilt er að meta tímabundna þátttöku nemenda í atvinnulífinu á skólatíma sem nám, enda sé það skipulagt í samráði við skólann.

Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um valgreinar.

50. gr.

Kennsla er veitt ókeypis í öllum opinberum grunnskólum.

Ríkið sér nemendum í skyldunámi fyrir ókeypis námsgögnum. Námsgagnastjórn ákveður hvaða námsgögn eru látin í té og hvort þau eru afhent nemendum til eignar eða afnota.

Námsbækur og önnur námsgögn sem skólar nota skulu vera í samræmi við gildandi lög og aðalnámsskrá. Vafamálum um hvort námsgögn uppfylla skilyrði laga og aðalnámsskrár má skjóta til sérstakrar nefndar sem skipuð skal einum fulltrúa frá Kennaraháskóla Íslands, einum fulltrúa frá Háskóla Íslands og einum fulltrúa frá Landssamtökum foreldrafélaga. Nefndin gefur út fullnaðarúrskurð í málum sem til hennar er skotið.

Ekki er heimilt að krefja nemendur í skyldunámi um greiðslu fyrir kennslu, námsgögn og annað efni sem þeim er gert skylt að nota samkvæmt lögum þessum og ríki og sveitarfélög eiga að leggja til.

Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

51. gr.

Í öllum grunnskólum skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi á vegum skólans. Tómstunda- og félagsstarf getur bæði verið liður í daglegu

starfi og utan venjulegs skólatíma.

Í félagsstarfi skal m.a. að því stefnt að nemendur verði færir um að taka að sér félagsleg störf í þjóðfélaginu.

Kostnaður við félagsstörf greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélagi.

VII. KAFLI
Réttindi og skyldur nemenda.

52. gr.

Börnum og unglingum er skylt að sækja grunnskóla fái þau ekki hliðstæða kennslu annars staðar, sbr. 7. og 72. gr. þessara laga.

Skólaskylda barns hefst við upphaf skólaárs á því almanaksári sem barnið verður sex ára. Foreldrar eða forráðamenn barns geta sótt um eða samþykkt að það hefji skólagöngu fyrr eða síðar en segir í lögum þessum um skólaskyldu sex ára barna. Skólastjóri getur veitt slíka heimild, að fengnum meðmælum hlutaðeigandi fræðsluskrifstofu.

Ljúki nemandi öllu námi grunnskóla með tilskyldum árangri á skemmri tíma en tíu árum telst hann hafa lokið skyldunámi.

Að höfðu samráði við foreldra eða forráðamenn, auk skólastjóra, getur fræðslustjóri heimilað nemanda að hverfa frá grunnskólanámi að loknum 9. bekk í allt að eitt ár vegna þátttöku í atvinnulífi og lýkur nemandi þá grunnskólanámi þeim mun síðar. Heimilt skal að meta þessa þátttöku nemandans í atvinnulífi til jafns við nám í tilteknum valgreinum 10. bekkjar.

53. gr.

Börn og unglingar, sem að dómi kennara og annarra sérfræðinga skóla og fræðsluskrifstofu þurfa sérkennslu vegna erfiðleika í námi, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, eiga rétt á kennslu við sitt hæfi, sbr. 2. gr.

Kennslan getur verið einstaklingsbundin eða farið fram í hópi innan eða utan almennra bekkjardeilda, í sérstökum deildum eða í sérskóla.

Meginstefnan skal vera sú að kennslan fari fram í heimaskóla.

Telji foreldrar barns eða forráðamenn, kennarar eða aðrir sérfræðingar skóla og fræðsluskrifstofu að barnið fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í heimaskóla geta forráðamenn sótt um skólavist fyrir það í sérskóla. Heimilt er að fela sérskóla að annast kennslu fatlaðra barna undir skólaskyldualdri, enda verði kennsla við hæfi þeirra ekki tryggð með öðrum hætti.

Sérmenntaðir kennarar skulu annast kennsluna þar sem því verður við komið. Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um sérkennslu í grunnskólum.

Menntamálaráðuneytið skal gera heildaráætlun um skipulag og framkvæmd sérkennslu í landinu.

54. gr.

Í grunnskóla er heimilt að stofna nemendaverndarráð til að samræma störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda varðandi sérkennslu, námsráðgjöf, sálfræðiþjónustu og heilsugæslu.

Setja skal reglur um nemendaverndarráð.

55. gr.

Á starfstíma skólans má nemandi ekki stunda vinnu utan hans valdi hún því að nemandinn geti ekki rækt nám sitt sem skyldi eða notið nauðsynlegrar hvíldar að dómi skólastjóra og kennara. Í slíkum tilvikum skal skólastjóri gera nemandanum, forráðamanni hans og hlutaðeigandi vinnuveitanda viðvart. Verði ekki bót á ráðin skal vísa málinu til fræðslustjóra. Vilji forráðamaður barnsins ekki hlíta ákvörðun fræðslustjóra getur hvor aðili um sig vísað málinu til barnaverndarnefndar.

56. gr.

Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks skóla í öllu því er skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisvenjum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.

Ef nemanda reynist verulega áfátt í hegðun ber kennara hans að leita orsaka þess og reyna að ráða á því bót, m.a. með viðtölum við nemandann sjálfan og forráðamenn hans. Verði samt ekki breyting á til batnaðar skal kennari leita aðstoðar skólastjóra og sérfróðra ráðgjafa skólans.

Meðan mál skv. 2. mgr. eru óútkljáð getur skólastjóri vísað nemanda úr skóla um stundarsakir, enda tilkynni hann forráðamönnum nemanda og fræðslustjóra tafarlaust þá ákvörðun. Takist ekki að leysa málið innan skólans tekur fræðslustjóri það til meðferðar í samráði við skólanefnd.

Óheimilt er að víkja nemanda úr skóla nema honum hafi verið tryggt annað úrræði.

Í reglugerð skal mæla nánar fyrir um framkvæmd þessarar greinar.

VIII. KAFLI
Kennsluráðgjöf og sálfræðiþjónusta.

57. gr.

Fræðsluskrifstofa skal veita kennsluráðgjöf til leiðbeiningar kennurum í almennri kennslu og sérkennslu. Hún hefur faglega umsjón og eftirlit með nýbreytni- og þróunarstarfi og sérkennslu í grunnskólum umdæmisins.

58. gr.

Á fræðsluskrifstofu skal halda uppi sálfræðiþjónustu. Eftir ósk foreldra, kennara og heilsugæslu skóla skal hún annast athuganir á nemendum sem annaðhvort eiga í sálrænum, tilfinningalegum, félagslegum eða öðrum skyldum erfiðleikum og nýtast ekki hæfileikar sínir í námi og starfi. Sálfræðiþjónusta leiðbeinir foreldrum og starfsmönnum skóla um uppeldi þessara nemenda og tekur þá sem með þurfa til greiningar eða vísar þeim á viðeigandi meðferð. Hún skal annast rannsóknir og athuganir á þessu sviði, vinna að forvörnum og stuðla að því að sálfræðileg þekking nýtist í skólastarfi.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að fela fræðsluskrifstofu að annast sálfræðiþjónustu á öðrum skólastigum, enda sé veitt til þess fé í fjárlögum.

59. gr.

Á fræðsluskrifstofu eða í tengslum við hana er heimilt að reka kennslugagnamiðstöð og veita sérfræðilega ráðgjöf og þjónustu við stofnun og rekstur skólasafna.

60. gr.

Fræðslustjóri gerir heildaráætlun fyrir sérfræðiþjónustu í fræðsluumdæminu. Þjónustan skal ná til allra grunnskóla og skal skipulögð miðað við aðstæður á hverjum stað. Heimilt er að fella alla þessa þjónustu í eina heild. Einnig er heimilt að reka hluta hennar utan fræðsluskrifstofu.

Ákveða skal í reglugerð lágmarkssérfræðiþjónustu á fræðsluskrifstofum og fjölda starfsmanna og menntun þeirra.

61. gr.

Forstöðumaður kennsluráðgjafar skal vera kennari með framhaldsmenntun í uppeldisfræðum. Forstöðumaður sálfræðiþjónustu skal vera sálfræðingur. Aðrir starfsmenn sérfræðiþjónustu fræðsluskrifstofa geta verið: kennarar, sérkennarar, uppeldisfræðingar, sálfræðingar, félagsráðgjafar eða aðrir sérfræðingar.

Við ráðningu þess starfsfólks sem þessi grein tekur til skal taka tillit til reynslu og framhaldsmenntunar.

Kostnaður við kennsluráðgjöf og sálfræðiþjónustu greiðist úr ríkissjóði.

IX. KAFLI
Námsmat.

62. gr.

Megintilgangur námsmats er örvun nemenda og námshjálp.

Með námsmati í grunnskóla skal einnig reynt að afla sem öruggastrar og víðtækastrar vitneskju um það hver árangur hefur orðið af skólastarfinu. Hverjum kennara og skóla ber að fylgjast vandlega með því hvernig nemendum gengur að ná þeim námsmarkmiðum sem aðalnámsskrá og skólinn setja þeim, sbr. 47. og 48. gr. Námsmat fer ekki eingöngu fram í lok námstímans, heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfsins, órjúfanlegt frá námi og kennslu.

63. gr.

Námsmat í grunnskóla skal að jafnaði framkvæmt af kennurum skólans, sbr. þó 64. gr., og skulu nemendur stöðugt fá glöggar upplýsingar um námsárangur. Kennarar skulu gefa vitnisburð a.m.k. í lok hvers námsáfanga.

Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði nemenda öðrum en þeim sjálfum og forráðamönnum þeirra, nema nauðsyn beri til vegna flutnings nemenda milli skóla. Þó skal heimilt að veita fræðsluyfirvöldum þessar upplýsingar og öðrum vegna fræðilegra rannsókna, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu.

64. gr.

Menntamálaráðuneytið leggur grunnskólum til samræmd próf eða könnunarpróf. Skal einkum við það miðað að þessi próf veiti glögga vitneskju um árangur skólastarfsins.

Kveða skal nánar á um fyrirkomulag prófanna og leiðbeiningar með þeim í reglugerð.

65. gr.

Er grunnskólanámi lýkur skal nemandi fá skírteini er votti að hann hafi lokið skyldu-

námi samkvæmt lögum. Í skírteinið skal skrá vitnisburð í þeim námsgreinum er nemandi lagði stund á í 10. bekk.

66. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar prófdómara við samræmt námsmat, svo og trúnaðarmenn til aðstoðar við framkvæmd samræmdra prófa.

Nánari ákvæði um tilhögun námsmats setur ráðuneytið í reglugerð. Þar skal og setja ákvæði um hvernig fylgst verði með námi þeirra nemenda á skólaskyldualdri sem eigi sækja almennan grunnskóla.

X. KAFLI
Skólaþróun, tilraunaskólar.

67. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur með höndum gerð áætlana um umbætur í skólastarfi, hefur yfirumsjón með þróunar- og tilraunastarfi í skólum, sér um endurskoðun aðalnámsskrár og hefur með höndum mat á skólum, skólastarfi og námsgögnum. Það veitir upplýsingar og leiðbeiningar um skólamál.

Til þessara starfa skulu, auk fastráðinna starfsmanna, ráðnir sérfræðingar til allt að fjögurra ára í senn. Við ráðningu þeirra skal tekið tillit til kennslufræðilegrar menntunar og kennslureynslu.

68. gr.

Árlega skal veita fé á fjárlögum í Þróunarsjóð grunnskóla. Menntamálaráðuneytið hefur umsjón með sjóðnum og setur reglur um styrkveitingar.

69. gr.

Menntamálaráðuneytið getur veitt einstökum fræðsluumdæmum, skólahverfum og opinberum kennslustofnunum heimild til að reka tilraunaskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga og reglugerða, svo sem um nám, starfstíma skóla, kennslutilhögun, stundafjölda o.s.frv., enda brjóti slíkar undanþágur ekki í bága við 2. gr. þessara laga eða þrengi hlutverk grunnskóla frá því sem þar er gert ráð fyrir.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að styrkja tilraunaskóla og sérstakar nýjungar eftir því sem fjárlög heimila hverju sinni.

XI. KAFLI
Skólasöfn.

70. gr.

Í hverjum grunnskóla skal vera skólasafn. Heimilt er þó að sameina almenningsbókasafn og skólasafn ef það rýrir ekki gildi safnsins fyrir skólann, forstöðumenn beggja telja slíkt æskilegt og menntamálaráðuneytið samþykkir.

Að skólasöfnum skal þannig búið að því er varðar húsnæði, bókakost, önnur námsgögn og starfslið að þau geti gegnt því hlutverki að vera eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu.

Nánari ákvæði um skólasöfn, starfshætti, starfslið og menntun þess setur menntamálaráðuneytið í reglugerð.

XII. KAFLI
Heilsuvernd.

71. gr.

Um heilsuvernd í grunnskóla fer eftir gildandi lögum um heilsuvernd í skólum. Sá aðili, sem fer með stjórn heilsuverndar í skólahverfi, skal hafa samráð við skólanefnd og skólastjóra um skipulagningu og fyrirkomulag þeirrar starfsemi.

Skólastjóra ber að fylgjast með því að starfsfólk heilsuverndar ræki störf sín í skólanum í samræmi við þá tilhögun sem ákveðin hefur verið samkvæmt framangreindu.

XIII. KAFLI
Einkaskólar.

72. gr.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að löggilda grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 3. gr., sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð eða skipulagsskrá sem ráðuneytið staðfestir, enda hlíti slíkir skólar sama eftirliti og reglum og aðrir grunnskólar. Börn sem þessa einkaskóla sækja hafa undanþágu skv. 7. gr., en forstöðumaður skal fyrir upphaf hvers skólaárs senda hlutaðeigandi skólanefnd og fræðslustjóra skrá um nemendur og tilkynna sömu aðilum allar breytingar á nemendaskrá jafnóðum og þær verða.

Einkaskólar eiga ekki kröfu til styrks af almannafé.

Skólagjöld eru háð samþykki menntamálaráðuneytisins.

XIV. KAFLI
Fjármál.

73. gr.

Ríkissjóður greiðir launakostnað vegna almennrar kennslu í grunnskólum skv. 45., 47., 48. og 49. gr. með þeirri skólaskipan sem ákveðin er í hverju skólahverfi skv. 17. gr.

Fjölda kennslustunda sem ríkissjóður greiðir skal miða við heildarfjölda nemenda er stunda nám samtímis í grunnskólum hvers skólahverfis skv. 74. og 75. gr.

Að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins er heimilt að víkja frá þeim meginreglum, sem um getur í 1. og 2. mgr., þar sem fleiri en einn grunnskóli eða útibú er í sama skólahverfi. Skal þá tekið mið af eðlilegri skólasókn eftir búsetu nemenda og staðsetningu skóla innan skólahverfis.

74. gr.

Að jafnaði skal við það miðað að nemendur í hverri bekkjardeild í grunnskóla séu ekki fleiri en 24 eftir að frá hafa verið taldir sérbekkir fyrir nemendur sem ekki stunda nám í almennum bekkjum grunnskóla.

Við ákvörðun fjölda kennslustunda, sem ríkissjóður greiðir í hverjum grunnskóla, skal miða við að í 1.–3. bekk séu nemendur í einstökum bekkjardeildum ekki fleiri en 22 og í 4.–10. bekk ekki fleiri en 28.

75. gr.

Í fámennum skólum, þar sem aldursflokkar í 1.–8. bekk eru saman í deild, skal við það miðað að nemendur í bekkjardeild séu ekki fleiri en hér segir:

a. 8 nemendur ef aldursflokkar eru fleiri en fjórir,

b. 12 nemendur ef aldursflokkar eru fjórir,
c. 17 nemendur ef aldursflokkar eru þrír,
d. 22 nemendur ef aldursflokkar eru tveir.

Þegar sérstaklega stendur á getur fræðslustjóri ákveðið fjölgun um allt að fjóra nemendur í bekkjardeild gegn aukinni kennslu með fjölgun tíma.

Í 9. og 10. bekk skal miða við að deildir séu eigi færri en aldursflokkar þeir sem sækja þessa bekki skólans. Til þess að 9. og 10. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi mega nemendur í þessum deildum þó ekki vera færri en 12 að meðaltali, nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins.

76. gr.

Heimilt er að blanda saman bekkjardeildum og aldurshópum ef skólinn telur sig þannig ná betur markmiðum aðalnámsskrár og sérstökum markmiðum skólans, enda sé kennslustundafjöldi innan samþykktra marka.

Menntamálaráðuneytið setur reglur um greiðslur vegna skiptingar bekkjardeilda m.a. vegna verklegrar kennslu, svo og vegna valgreina í 8.–10. bekk.

77. gr.

Auk almennrar kennslu greiðir ríkissjóður kennslukostnað vegna viðurkenndrar forfallakennslu, sjúkrakennslu og sérkennslu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Samþykki viðkomandi skólanefnd og sveitarstjórn að kennslustundir og aðrar starfsstundir við skóla séu fleiri en samrýmist ákvæðum þessarar greinar, 73. og 77. gr., greiðist kostnaður vegna umframstundanna úr sveitarsjóði, nema menntamálaráðuneytið hafi heimilað annað.

78. gr.

Auk kostnaðar við kennslu skv. 73. og 77. gr. greiðir ríkissjóður launakostnað við stjórnun grunnskóla, námsráðgjöf og störf í skólasafni samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð, svo og þann launakostnað er stafar af lækkun kennsluskyldu kennara samkvæmt lagafyrirmælum eða ákvörðun menntamálaráðuneytis.

Ríkissjóður greiðir enn fremur laun stjórnskipaðra prófdómara og kostnað er leiðir af kjarasamningum ríkisins við kennara.

79. gr.

Sveitarfélög greiða allan annan rekstrarkostnað grunnskóla en laun vegna kennslu og stjórnunar eða kostnað vegna annarra þeirra rekstrarþátta sem greindir eru í lögum þessum sem verkefni ríkissjóðs.

Sveitarfélög greiða m.a. efni til verklegrar kennslu, svo og pappír og ritföng, sem notuð eru í sameiginlegri starfsemi skólans og eru í hans vörslu.

80. gr.

Skólastjóri skal árlega gera áætlun fyrir skóla sinn um fyrirkomulag kennslu, kennslustundafjölda og annan kostnað sem ríkissjóður og sveitarsjóður bera. Áætlunina skal miða við komandi skólaár. Áætlun þessa skal leggja fyrir skólanefnd og skal hún að því er fjármál sveitarfélaga varðar hljóta samþykki sveitarstjórnar, áður en hún er send fræðslustjóra fyrir 15. apríl ár hvert, eða annan þann dag sem menntamálaráðuneytið ákveður.

Áætlun þessa skal endurskoða við upphaf skólaárs ef þörf krefur.

Áætlun fyrir fræðsluumdæmið í heild sendir fræðslustjóri til menntamálaráðuneytisins á þeim tíma sem ráðuneytið ákveður.

81. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd þessara laga.

Hlutaðeigandi sveitarfélög annast fjármál og reikningshald, en geta falið skólanefnd, skólastjóra eða sérstökum reikningshaldara að hafa á hendi reikningshald í umboði sínu.

Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga. Þar sem fleiri sveitarfélög en eitt standa að rekstri grunnskóla skulu hlutaðeigandi sveitarstjórnir sameiginlega tilnefna til fjögurra ára í senn tvo fulltrúa til að endurskoða reikninga skólans og tvo til vara. Menntamálaráðuneytið og aðilar í umboði þess skulu eiga aðgang að öllu slíku reikningshaldi og upplýsingum um skólakostnað.

82. gr.

Ríkissjóður greiðir allan kostnað af rekstri fræðsluskrifstofu, þar með talinn allan kostnað við kennsluráðgjöf og sálfræðiþjónustu í þeim skólum sem lög þessi taka til. Fjárveitingar til þessara starfa skulu greiddar mánaðarlega til fræðsluskrifstofu.

Í reglugerð skal setja ákvæði um hvernig reikna skuli framlög til fræðsluskrifstofu.

83. gr.

Sveitarfélög greiða stofnkostnað grunnskóla, sbr. 23. gr. Jafnframt falla úr gildi að því er tekur til grunnskóla ákvæði laga nr. 49/1967, um skólakostnað. Þó skulu haldast ákvæði þeirra laga um verðtryggingu stofnkostnaðarframlaga ríkissjóðs að því er tekur til framkvæmda sem fullgerðar voru eða hafnar í árslok 1989.

Menntamálaráðuneytið setur reglur um lágmarksstærð grunnskólahúsnæðis og búnað þess.

XV. KAFLI
Gildistaka og reglugerð.

84. gr.

Menntamálaráðuneytið setur nánari ákvæði í reglugerðir og reglur um framkvæmd laga þessara.

85. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi lög um grunnskóla, nr. 63/1974, með áorðnum breytingum, lög nr. 13/1962, um heyrnleysingjaskóla, og önnur lagaákvæði sem fara í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 45. gr. um lágmarks vikulegan kennslutíma á hvern nemenda komi til framkvæmda á næstu þremur árum frá gildistöku laga þessara.

Ákvæði 74. gr. um hámarksfjölda nemenda í 4.–10. bekk komi til framkvæmda á næstu þremur árum þannig að miðað verði við hámarkið 29 nemendur skólaárið 1991–92 og hámarkið 28 nemendur skólaárið 1992–93. Ákvæði 74. gr. um fjölda nemenda í 1.–3. bekk komi til framkvæmda á næstu þremur árum þannig að skólaárið 1991–1992 verði

miðað við hámark 22 nemendur í 1. og 2. bekk og skólaárið 1992–1993 verði miðað við hámark 22 nemendur í 1.–3. bekk.

Ákvæði 34. gr. um námsráðgjafa við einstaka grunnskóla eða fræðsluskrifstofu komi til framkvæmda á næstu fimm árum frá gildistöku laganna samkvæmt ákvörðun í fjárlögum hverju sinni.

Stefnt skal að því að ákvæði 3. gr. um einsetinn skóla komi að fullu til framkvæmda á næstu tíu árum frá gildistöku laganna samkvæmt áætlun sem unnin yrði í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga. Jafnframt verði á því árabili jafnt og þétt aukið við kennslutíma grunnskólanemenda að því marki að við lok tímabilsins verði vikulegur stundafjöldi allra nemenda 35 stundir, skóladagur samfelldur og nemendur eigi kost á skólamáltíðum.

Að fimm árum liðnum frá gildistöku laga þessara skal menntamálaráðherra gera Alþingi grein fyrir framkvæmd og undirbúningi þeirra bráðabirgðaákvæða sem hér eru talin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er í meginatriðum samhljóða frumvarpi til laga um grunnskóla sem lagt var fyrir 112. löggjafarþing vorið 1990.

Frumvarpið er unnið í menntamálaráðuneytinu í ágúst til nóvember 1990 af sama starfshópi og samdi fyrra frumvarpið. Í starshópnum voru: Gerður G. Óskarsdóttir, ráðunautur menntamálaráðherra, Hrólfur Kjartansson, deildarstjóri grunnskóladeildar, Kolbrún Gunnarsdóttir, deildarstjóri sérkennsludeildar, Sigurður Helgason, deildarstjóri starfsmannadeildar, Sólrún Jensdóttir, skrifstofustjóri skólamálaskrifstofu og Örlygur Geirsson, skrifstofustjóri fjármálaskrifstofu.

Starfshópurinn sem vann að frumvarpinu setti sér að breyta ekki 2. gr. grunnskólalaga og hrófla ekki við þeim greinum laganna sem breytt var með lögum nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þegar á reyndi var þó óhjákvæmilegt að leggja til breytingar við nokkrar greinar til að gæta samræmis við aðra hluta frumvarpsins.

Á meðan á samningu frumvarpsins stóð voru haldnir sérstakir umræðufundir með fulltrúum Kennarasambands Íslands og Samtaka íslenskra sveitarfélaga. Einnig var haldinn sameiginlegur fundur með fulltrúum Kennarasambandsins, Félags skólastjóra og yfirkennara, fræðslustjóra, Kennaraháskóla Íslands, Félags íslenskra skólasálfræðinga, Félags íslenskra námsráðgjafa og Félags skólasafnskennara. Á þessum fundum komu fram gagnlegar ábendingar bæði skriflegar og munnlegar sem starfshópurinn hafði til hliðsjónar við lokagerð frumvarpsins.

Auk þess að hafa samráð við fulltrúa ýmissa samtaka, félaga og stofnana sem málið snertir hafði starfshópurinn hliðsjón af niðurstöðum nefnda og ályktunum ýmissa aðila um skólamál, umsögnum sem bárust sumarið 1990 um fyrra frumvarpið sem lagt var fram um vorið og álitsgerð umboðsmanns Alþingis um kaup á námsbókum og efnisgjald dags. 31. ágúst 1990. Einnig var tekið mið af frumvörpum til laga um breytingar á grunnskólalögum sem lögð hafa verið fyrir Alþingi á þessum áratug. Má þar nefna frumvarp til laga um breytingar á grunnskólalögum frá Ingvari Gíslasyni menntamálaráðherra 1983, frumvarp til laga um breytingar á grunnskólalögum sem flutt var af Skúla Alexanderssyni, Þórði Skúlasyni og Sveini Jónssyni 1986, frumvarp til laga um breytingar á grunnskólalögum flutt af Salome Þorkelsdóttur 1986, frumvarp til laga um grunnskóla frá Sverri

Hermannssyni menntamálaráðherra 1987, frumvarp til laga um breytingar á grunnskólalögum flutt af Salome Þorkelsdóttur, Valgerði Sverrisdóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur, Margréti Frímannsdóttur og Guðmundi Ágústssyni 1988 og frumvarp til breytinga á lögunum sem flutt var af Ragnhildi Helgadóttur, Birgi Ísl. Gunnarssyni og Þorsteini Pálssyni 1988, frumvarp til breytinga á grunnskólalögum sem flutt var af Guðrúnu Agnarsdóttur og Danfríði Skarphéðinsdóttur 1988.

Helstu efnislegar breytingar frá frumvarpi því sem lagt var fyrir 112. löggjafarþing vorið 1990 eru þessar:

1. Samstarfsnefnd menntamálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga er fengið stærra hlutverk. Henni er einkum ætlað að gera áætlun um hvernig þeim markmiðum um einsetinn skóla, lengri og samfelldari skóladag, skólamáltíðir o.fl., sem sett eru fram í ákvæði til bráðabirgða, verði náð. Þessi markmið eru þess eðlis að ríki og sveitarfélög verða að leggjast á eitt og vera samstiga í framkvæmdum.
2. Lagt er til að fræðsluráð fái nýtt hlutverk. Lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga breyttu hlutverki og verksviði fræðsluráða og skólanefnda í veigamiklum atriðum. Í frumvarpinu er lagt til að fræðsluráð verði samstarfsvettvangur skóla og sveitarfélaga í viðkomandi fræðsluumdæmi.
3. Hlutverk skólanefnda markast af lögum nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Í frumvarpinu er lagt til að um kosningu skólanefnda fari samkvæmt sveitarstjórnarlögum og ákvæði um samsetningu og fjölda skólanefndarmanna verði einfölduð. Þá er gert ráð fyrir að skólanefndir geti gert tillögur og komið með ábendingar um umbætur í skólastarfi á sama hátt og áheyrnarfulltrúar kennara, skólastjóra og foreldra geta beint tillögum til skólanefnda um úrbætur í aðbúnaði.
4. Fræðsluskrifstofum og fræðslustjóra er ætlað ákveðnara hlutverk, svo sem um skólaþróun, kennararáðningar, eftirlit með skólum og skólastarfi. Horfið er frá því að tala eingöngu um ráðningu kennara og skólastjórnenda í stað skipunar eða setningar eins og gert var í frumvarpinu vorið 1990. Engu að síður er framkvæmd ráðninga færð til þess horfs sem hefur verið að þróast að undanförnu en gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið skipi í stöður eins og hingað til.
5. Horfið er frá orðalaginu „reglulegur starfstími grunnskólanemenda skal vera ...“ og orðalag gildandi laga látið halda sér, sbr. 44. gr. frumvarps þessa. Hið sama á við um ákvæði um jólaleyfi í grunnskóla, sbr. 46. gr.
6. Bætt er inn nýrri grein um að kennsla skuli vera ókeypis og að nemendur skuli fá námsbækur í skyldunámi sér að kostnaðarlausu, sbr. 50. gr.
7. Ákvæði um hámarksfjölda nemenda í bekk eru færð inn í fjármálakafla frumvarpsins, enda eru þær viðmiðanir grundvöllur fjölda kennslustunda sem ríkissjóður greiðir. Miðað er við hámarkið 28 nemendur í 4.–10. bekk í stað 30.

Aðrar breytingar frá frumvarpi því sem lagt var fram á Alþingi vorið 1990 eru þær helstar að kaflaheitum hefur verið breytt, greinar og greinahlutar færðir til og uppröðun greina hefur verið breytt til að mynda rökrænni röð efnisatriða innan kafla.

Helstu breytingar sem frumvarpið felur í sér frá lögum nr. 63/1974, um grunnskóla, með áorðnum breytingum, eru þessar:

Gildandi grunnskólalög eru að stofni til frá 1974. Síðan lögin tóku gildi hafa verið gerðar á þeim nokkrar breytingar. Þær stærstu eru vafalaust breytingar sem samþykkt laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, hafði í för með sér.

Önnur veigamikil breyting var gerð vorið 1990 þegar sex ára börn urðu skólaskyld. Þær breytingar aðrar sem frumvarp þetta felur í sér eru að mestu aðlögun að þróun á síðustu tveimur áratugum.

Valddreifing er eitt einkenni frumvarpsins. Þannig eru foreldrar og kennarar og einstakir skólastjórnendur kvaddir til verka oftar en í gildandi lögum. Þetta kemur m.a. fram í auknum verkum og ábyrgð fræðslustjóra, fræðsluskrifstofa og skólastjórnenda. Þetta birtist líka í því að gert er ráð fyrir því að skipta stærstu sveitarfélögunum í skólahverfi þar sem hvert hverfi hafi sína skólanefnd. Er það síðastnefnda í samræmi við frumvarp, sem lagt var fram í efri deild Alþingis 1988, frá þingmönnum úr öllum flokkum.

Kostnaðarskipting.

Verkaskiptalögin taka af skarið um hver greiðir hvað og þar með um ábyrgð ríkis annars vegar og sveitarfélaga hins vegar á ýmsum þáttum skólahalds.

Einsetinn skóli.

Komið verði á einsetnum grunnskóla með samfelldum sjö stunda skóladegi. Nemendum gefist kostur á málsverði í skólanum. Þetta er undirstaða þess að unnt sé að lengja viðverutíma barna í skólum á sama tíma og þjóðfélagið byggir á þeirri forsendu að báðir foreldrar vinni utan heimilis. Með lengdum skóladegi er gert ráð fyrir því að unnt verði að sinna margvíslegum verkefnum í skólunum sem nú vinnst ekki tími til. Í ákvæði til bráðabirgða er við það miðað að þessu markmiði verði náð á tíu ára tímabili.

Grunnskólaráð.

Nýtt ákvæði um samstarfsvettvang þeirra aðila sem vinna að málefnum grunnskólans. Fulltrúar foreldrafélaga, kennarafélaga og kennaramenntunarstofnana verða í grunnskólaráði, auk fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga, Námsgagnastofnunar og menntamálaráðuneytisins.

Samráðsnefnd menntamálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Hlutverk hennar verður stærra og ný verkefni eru tilgreind. Nefndin gegnir lykilhlutverki í gerð áætlunar vegna ákvæða til bráðabirgða.

Fræðsluskrifstofur.

Stöðu þeirra var breytt í verkaskiptalögunum og verksvið þeirra gert skýrara. Starfsmenn verða ríkisstarfsmenn. Gert er ráð fyrir deildaskipulagi fræðsluskrifstofa í frumvarpinu.

Kennsluráðgjafar.

Nýtt ákvæði. Kennsluráðgjafar starfa þegar á vegum fræðsluskrifstofa en hafa ekki verið sérstaklega nefndir í lögum áður.

Kennslugagnamiðstöðvar.

Nýtt ákvæði. Heimild til að stofna kennslugagnamiðstöðvar við fræðsluskrifstofur og koma á aðstoð við uppbyggingu skólasafna.

Fræðsluráð.

Breytt hlutverk og skipan. Samráðsvettvangur sveitarfélaga og skóla hvers umdæmis.

Skólanefndir.

Breytt hlutverk í kjölfar verkaskiptalaga. Fjöldi skólanefndarmanna og kosning þeirra verði samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Gerður verði stofnsamningur um aðild að skólanefnd þar sem fleiri en eitt sveitarfélag reka einn skóla.

Skólahverfi.

Fjölmennum sveitarfélögum verði skipt í skólahverfi. Miðað við að hámark 10 – 15 þús. íbúar myndi skólahverfi.

Foreldrar.

Áhrif og þátttaka foreldra eru aukin m.a. með aðild að grunnskólaráði og með áheyrnarfulltrúum á kennarafundum, skólanefndarfundum og í fræðsluráðum. Þetta stuðlar að stofnun formlegra samtaka foreldra í einstökum skólum og fræðsluumdæmum um allt land.

Ráðningar.

Breytt fyrirkomulag. Skólastjórar ráða kennara. Fræðslustjóri staðfestir f.h. ráðuneytis. Ráðuneytið skipar í stöður.

Námsráðgjafar.

Nýtt ákvæði. Námsráðgjafar geta starfað í einstökum skólum eða á fræðsluskrifstofum. Þeir eru ráðnir sem kennarar. Lagt er til að ákvæði um námsráðgjafa komi til framkvæmda á fimm árum.

Árgangastjórar, fagstjórar, leiðsögukennarar.

Nýtt ákvæði að hluta. Staðfesting á þróun síðustu ára.

Kennsluafsláttur vegna aldurs.

Skilyrði fyrir kennsluafslætti lækkað úr 20 árum í 10.

Fjölgun kennslustunda.

Lenging á skóladegi 1.–3. bekkjar á næstu þremur árum í 25 stundir á viku. Sjö stunda heildstæður skóladagur allra grunnskólanemenda komi til framkvæmda á næstu tíu árum.

Lágmarksákvæði um kennslu.

Gert ráð fyrir því að ákvæðin um tímafjölda á hvern nemenda sem nú eru í grunnskólalögum verði lágmarksákvæði þannig að ekki verði heimilt að bjóða minni kennslu handa nemendum en grunnskólalög kveða á um.

Námsgögn.

Nýtt ákvæði í grunnskólalögum. Ítrekað að kennsla er ókeypis. Skýr ákvæði um ókeypis námsbækur í skyldunámi.

Nemendafjöldi í bekk.

Viðmiðunartala í 1.–3. bekk er lækkuð úr 30 nemendum í 22 nemendur Í 4.–10. bekk úr 30 nememendum í 28 nemendur.

Samkennsla í fámennum skólum.

Ákvæði rýmkuð til aukins sveigjanleika.

Sérkennsla.

Mörkuð er ákveðnari stefna um sérkennsluaðstoð í heimaskóla. Ákvæði um að gerð skuli áætlun um sérkennslu fyrir landið allt.

Nemendaverndarráð.

Nýtt ákvæði. Eykur líkur á samræmdum vinnubrögðum í sérkennslu og sérfræðiþjónustu við einstaka nemendur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Um 1. gr.

Óbreytt 1. gr. grunnskólalaga.

Um 2. gr.

Markmiðsgrein grunnskólalaga frá 1974 er tekin upp óbreytt. Með því er lögð áhersla á að í meginatriðum byggist frumvarpið á gildandi grunnskólalögum. Leitast er við að aðlaga lögin þeim breytingum sem orðið hafa í samfélaginu og skólakerfinu á þeim 15 árum sem liðin eru frá því að lög um grunnskóla voru samþykkt.

Um 3. gr.

Í samræmi við lög nr 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, er sveitarstjórnum gert að ákveða hvort skóli skuli starfa sem ein stofnun eða vera skipt í einingar (t.d. 1.–4. bekkur, 8.–10. bekkur). Þó er stefnt að heildstæðum skóla, þ.e. skóla þar sem starfræktir eru allir bekkir grunnskólans frá 1. til 10. bekkjar undir einni stjórn. Í dreifbýli kann að vera heppilegt að sameina mjög fámenna skóla undir einni stjórn og á þessi grein einnig við um þá skipan mála. Samráð við menntamálaráðuneytið og samþykki er nauðsynlegt til að tryggja greiðslu kennslukostnaðar.

Í greininni er ekki sett fram viðmiðun um stærð skóla eða eininga grunnskóla. Heppilegt þykir að skólar séu að öllu jöfnu ekki stærri en svo að þrjár bekkjardeildir (hliðstæður) séu í hverjum árgangi. Lætur nærri að í grunnskóla með 1.–10. bekk séu þá um 650 nemendur. Fjölmennari skólar þykja of stórir og ópersónulegir vinnustaðir fyrir nemendur og kennara. Hér er um viðmiðun að ræða, enda verður að taka tillit til óstöðugs íbúa- og nemendafjölda, t.d. í bæjum og borgarhverfum í örum vexti.

Einnig eru þau nýmæli að skólar skuli vera einsetnir, þ.e. að hver bekkjardeild hafi sína skólastofu og stofur séu því sem næst jafnmargar og bekkjardeildir í viðkomandi skóla, auk sérgreinastofa. Þar með gefst möguleiki á að lengja skóladag nemenda og hafa hann samfelldan. Nútímaþjóðfélag kallar á slíkt fyrirkomulag bæði til þess að unnt sé að sinna ýmiss konar námi og starfi í skólunum sem ekki gefst ráðrúm til nú og einnig vegna þátttöku beggja foreldra í atvinnulífinu. Ljóst er að talsvert vantar á að skólahús-

næði í landinu sé nægjanlegt til þess að fullnægja þessum skilyrðum. Í athugun sem gerð var á vegum menntamálaráðuneytisins í byrjun árs 1989 kom í ljós að nú vantar í landinu rúmlega 500 kennslustofur til þess að einsetja megi alla grunnskóla (sjá bráðabirgðaákvæði). Því markmiði er unnt að ná á tíu árum með svipuðu framkvæmdafé til skólanna og lagt er fram á þessu ári. Í 10. gr. frumvarpsins er ákvæði um samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga sem m.a. er ætlað það hlutverk að gera áætlun um hvernig hægt verði að ná því markmiði um einsetinn skóla sem 3. grein felur í sér.

Um 4. gr.

Merking greinarinnar er nánast óbreytt frá gildandi lögum. Áfram er stefnt að heimanakstri í stað heimavistar. Sveitarstjórnum er heimilt að fengnu samþykki ráðuneytisins að koma á fót skólaseljum þar sem heimanakstri til aðalskóla verður ekki við komið. Frumkvæðið er hér fært frá ráðuneytinu til sveitarstjórna. Í greininni er mörkuð sú stefna að yngri börn en 10 ára dvelji ekki í heimavist nema í undantekningartilvikum. Skólasel, sem eru eins konar útibú frá aðalskóla, skulu því koma í stað heimavista fyrir umrædda aldurshópa.

Sú stefna að miða við heimangöngu eða akstur í stað heimavista þýðir aukinn skólaakstur. Í gildandi reglugerð um skólaakstur er sú viðmiðun notuð að nemendur séu að jafnaði ekki lengur en 90 mínútur á dag í akstri milli heimilis og skóla eða 45 mínútur hvora leið. Deila má um hver viðmiðunin eigi að vera en margir skólamenn og foreldrar telja 45 mínútna akstur í byrjun og lok hvers skóladags of mikið álag á nemendur, einkum þá yngstu.

Um 5. gr.

Tvær síðustu málsgreinar 5. gr. gildandi laga eru felldar brott þar sem ákvæði þeirra eiga ekki við lengur vegna laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Orðalagi 1. mgr. er lítillega breytt en ekki gerðar efnislegar breytingar frá grunnskólalögum.

Um 6. gr.

Þær breytingar eru gerðar á 6. gr. gildandi laga að skólastjóra er ætlað að vinna að lausn mála áður en þeim er vísað til fræðslustjóra og þar með til sérfræðinga sem starfa á fræðsluskrifstofum. Í ljósi þeirra breytinga sem verða á hlutverki skólanefnda í kjölfar laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þykir ekki ástæða til að vísa málum af þessu tagi til skólanefnda.

Um 7. gr.

Engin breyting frá gildandi lögum.

Um 8. gr.

Þær breytingar, sem lagðar eru til við 8. gr. laganna, gera ráð fyrir því að skólastjóri, að höfðu samráði við umsjónarkennara, hafi heimild til þess að veita tímabundna undanþágu frá skólasókn telji hann til þess gildar ástæður. Í gildandi lögum veitir fræðslustjóri slíkar undanþágur að fenginni umsögn skólastjóra og skólanefndar, en það hefur reynst örðugt í framkvæmd. Hér er því verið að einfalda málsmeðferð. Þær tímabundnu

undanþágur, sem hér um ræðir, eru t.d. vetrarorlof fjölskyldna, aðstoð við bændur á álagstímum, svo sem kringum réttir og aðrar slíkar tímabundnar fjarvistir sem skólastjóri metur gildar. Forráðamaður barnsins er þá ábyrgur fyrir því að nemandinn vinni upp það sem hann missir úr námi.

Um II. kafla.

Um 9. gr.

Ný grein um stofnun grunnskólaráðs sem verði samstarfsvettvangur menntamálaráðuneytis, kennarasamtaka, Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Námsgagnastofnunar og foreldra. Þessum samstarfsvettvangi er fyrst og fremst ætlað að samræma störf þeirra sem fjalla um málefni grunnskólans, stuðla að markvissara skólastarfi og þróun þess. Grunnskólaráð skal hafa yfirlit yfir gildandi lög og reglugerðir um grunnskólann, fylgjast með framkvæmd þeirra og gefa ráð um lagfæringu á þeim og samræmi á milli þeirra.

Grunnskólaráð er hugsað sem ráðgefandi nefnd og vettvangur samráðs og upplýsinga milli þeirra stofnana, félaga og samtaka sem vinna að málum grunnskóla.

Ráðuneytið setur grunnskólaráði erindisbréf þar sem nánar er kveðið á um starfstilhögun og starfssvið ráðsins.

Um 10. gr.

Ákvæði í 9. gr. gildandi laga um samstarfsnefnd ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fjallar um fjárhagslega framkvæmd grunnskólalaganna er gert ítarlegra og lögð áhersla á mál sem lög nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, taka til. Samráðsnefndinni er fengið stærra hlutverk en áður m.a. með því að henni er ætlað að gera áætlun um einsetinn skóla, lengdan og samfelldan skóladag og skólamáltíðir, sbr. bráðabirgðaákvæði frumvarpsins, svo og um skólasöfn, heimavistir og félagsstörf nemenda og aðstöðu til sérkennslu. Slík áætlun sem gerð er af ríki og sveitarfélögum í sameiningu ætti að tryggja skjóta úrlausn mála, samræma aðgerðir og auka líkur á að framkvæmdir verði samstiga.

Um 11. gr.

Hér eru gerðar þær breytingar á 10. gr. gildandi laga að nýir kaupstaðir bætast við í upptalningu. Heimildarákvæði laga nr. 29/1978, um stofnun sérstaks fræðsluumdæmis í sveitarfélögum með 10 þús. íbúa eða fleiri, er fellt niður.

Ákvæði um að í hverju fræðsluumdæmi skuli vera fræðsluráð er flutt í 12. gr.

Um 12. gr.

Í greininni er lagt til að fræðsluráð verði skilgreint á annan hátt en verið hefur og hlutverki þess breytt.

Með lögum nr 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, hafa verið dregnar skýrari línur um verkefni þessara aðila á sviði skólamála. Verkaskiptalögin hafa m.a. breytt hlutverki og starfssviði skólanefnda og minnkað þörf fyrir fræðsluráð sem samráðsvettvang ríkis og sveitarfélaga í hverju umdæmi. Fræðsluráðin sem hafa starfað samkvæmt grunnskólalögunum hafa reynst kostnaðarsöm, einkum í dreifbýli, og misvirk. Engu að síður virðist full þörf fyrir þann vettvang sem fræðsluráðin hafa myndað til að fjalla um sameiginleg mál skóla í heilu fræðsluumdæmi. Með því að hafa

fræðsluráðin áfram lögfest, en breyta hlutverki þeirra, gefst kostur á að halda uppi umræðu um skólamál umdæmis, samræma aðgerðir, koma við hagræðingu í skólaskipulagi og koma tillögum og hugmyndum um úrbætur á framfæri. Fræðsluráðin geta þannig orðið mikilvægur samráðsvettvangur sveitarstjórna og grunnskóla í umdæminu.

Um 13. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að fræðsluráð sé skipað að loknum sveitarstjórnarkosningum.

Lagt er til að fræðslustjóri verði formaður fræðsluráðs. Miðað við breytt hlutverk fræðsluráðs, sbr. 12. gr., er eðlilegt að fræðslustjóri sé settur formaður. Með því móti verða fræðsluskrifstofur bakhjarl fræðsluráða og annast t.d. útvegun nauðsynlegra gagna, fundarboð, fundargerðir o.fl.

Í greininni er haldið inni ákvæðum um fundarsetu foreldra eins og verið hefur. Æskilegt er að foreldrafélög í fræðsluumdæmi myndi með sér samtök sem síðan tilnefni fulltrúa til setu á fræðsluráðsfundum. Slík samtök foreldrafélaga eru nú aðeins starfandi í Reykjavík (SAMFOK).

Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna fræðsluráða sé nær eingöngu fólginn í fundarsetu og ferðum á fundi. Fræðsluráðin eru hugsuð sem samráðsvettvangur en ekki framkvæmdaraðili.

Um 14. gr.

Í 32. gr. laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, er gerð sú breyting á grunnskólalögum að fræðslustjórar verða eingöngu fulltrúar menntamálaráðuneytisins.

Um 15. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 14. gr. grunnskólalaga. Verksvið fræðslustjóra er þó ekki skilgreint með ítarlegri upptalningu eins og í 14, gr. gildandi laga, enda á slík upptalning betur heima í reglugerð.

Fræðslustjóri hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd laga um grunnskóla í umdæmi sínu. Þetta ákvæði tekur fyrst og fremst til þeirra framkvæmdaratriða sem starfsmenn ríkisins eiga að sinna. Engu að síður er óhjákvæmilegt að fræðslustjóri fylgist einnig með húsnæði og búnaði grunnskóla þótt skólabyggingar og aðbúnaður sé á verksviði sveitarfélaga. Húsnæði og búnaður getur haft afgerandi áhrif á möguleika starfsfólks skólanna til að uppfylla skyldur sínar varðandi nám og kennslu.

Um 16. gr.

Greinin er í meginatriðum samhljóða þeirri breytingu sem varð á 15. gr. grunnskólalaga með lögum nr. 87/1989.

Fellt er út að fræðslustjóri sé forstöðumaður fræðsluskrifstofu enda er það ákvæði komið áður í 15. gr.

Bætt er inn ákvæði um að menntamálaráðuneytið verði að samþykkja þau verkefni sem fræðsluskrifstofur taka að sér fyrir sveitarfélög eða samtök þeirra eða þessir aðilar taka að sér fyrir fræðsluskrifstofur.

Að öðru leyti fjallar greinin um meginverkefni fræðsluskrifstofu.

Um 17. gr.

Greinin gerir ráð fyrir breytingu á skipan skólanefnda í sveitarfélögum með yfir 10 þúsund íbúa.

Þetta er í samræmi við frumvarp sem lagt var fram á Alþingi 1988 af þingmönnum úr öllum flokkum (154. mál).

Í greinargerð með því frumvarpi segir m.a.: „Tilgangur þessa frumvarps er að færa yfirstjórn skólamála, í þessu tilviki starf skólanefndar, nær vettvangi, auka lýðræði og áhrif íbúa skólahverfis á stjórn skóla og auðvelda þannig samstarf einstakra skóla og skólanefnda og gera það markvissara en nú er."

Flutningsmenn töldu að með þessum hætti væru auknar líkur á því að „málefni einstakra skóla fái betri umfjöllun og afgreiðslu fyrr en nú er og einnig að íbúar einstakra íbúðahverfa geti haft aukin áhrif á þróun skólamála í sínu nánasta umhverfi".

Flutningsmenn frumvarpsins höfðu einkum í huga þann vanda Reykvíkinga að Reykjavík er eitt skólahverfi samkvæmt grunnskólalögum. Þeir töldu þó að sami vandi gæti birst í öðrum byggðarlögum og því kæmi til greina að lækka viðmiðunartöluna 20 þúsund, t.d. í 10 þúsund ef aðrir þingmenn teldu það til bóta.

Í 17. gr. er miðað við 10 þúsund íbúa og tekur breytingin því til Reykjavíkur og stærstu kaupstaða. Greinin gerir þó ráð fyrir nokkru svigrúmi sem felst í því að allt að 15 þús. íbúar geti staðið að baki skólanefnd.

Um 18. gr.

Greinin fjallar um verkefni skólanefnda. Felld eru brott ákvæði um að skólanefndum sé heimilt að ráða sér starfsmann, skólafulltrúa, enda er slík ákvörðun á valdi viðkomandi sveitarfélaga hverju sinni.

Felld eru brott ákvæði 2. og 3. mgr. 19. gr. grunnskólalaga, enda eiga þau ekki lengur við í ljósi verkaskiptalaganna.

Lög nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, gera verksvið skólanefndar skýrara en áður. Skólanefnd er ótvírætt á vegum sveitarstjórnar eða -stjórna og starfar í umboði þeirra. Verksvið skólanefndar mótast því af ákvörðunum þeirra sem skipa þær en auk þess skulu þær fást við þau verkefni sem frumvarpið felur í sér. Í frumvarpinu eru dregnar þær meginlínur að skólanefndir sjái fyrst og fremst um mál sem lúta að húsnæði og búnaði grunnskóla en innra starf skólanna, nám og kennsla sé einkum á verksviði fræðsluskrifstofa.

Þessi skýra verkaskipting kann að orka tvímælis. Farsælt og árangursríkt skólastarf er háð bæði gæðum kennslunnar og námsgagnanna sem ríkið stendur straum af en ekkert síður þeim aðbúnaði sem sveitarfélögum er gert að láta í té. Heillavænlegast er að allir aðilar, sem bera á einhvern hátt ábyrgð á skólahaldi, séu samtaka um að hlúa að því á allan hátt. Samstarf og samvirkni kann því að vera enn brýnni en áður. Skólanefndirnar kunna að vera ákjósanlegasti vettvangurinn til þess. Greinin gerir því ráð fyrir að nefndirnar geti fjallað um og beint tillögum og hugmyndum um umbætur í skólastarfi til skólanna á sama hátt og fulltrúar skólamanna leggja tillögur um úrbætur í aðbúnaði fyrir skólanefndir.

Um 19. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingu á 18. gr. gildandi laga hvað varðar skipan skólanefnda. Vísað er til sveitarstjórnarlaga um kosningu og starfshætti. Ákvæði um fjölda

skólanefndarmanna eftir aðstæðum eru felld út enda gert ráð fyrir að sú ákvörðun liggi hjá viðkomandi sveitarstjórn eða samtökum sveitarstjórna.

Gerðar eru nokkrar orðalagsbreytingar til samræmis við breytingar á 17. og 18. gr. frumvarpsins.

Ákvæði þess efnis að í Reykjavík fari fræðsluráð með hlutverk skólanefndar er fellt brott til samræmis við 17. gr.

Þær nýjungar eru teknar upp í greininni að foreldrar í hverju skólahverfi kjósi úr sínum hópi fulltrúa til starfa með skólanefnd.

Felld er út síðasta málsgrein 18. gr. laganna enda óþörf.

Um 20. gr.

Áréttað er í greininni að skólastjóri er forstöðumaður þess skóla sem hann starfar við, stjórnar starfi hans og ber ábyrgð á því.

Staða skólastjóra hefur þótt óljós og er hér leitast við að skýra hana og einfalda gildandi lagatexta til að taka af tvímæli. Skólastjórar skulu starfa undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins sem setur þeim erindisbréf.

Í samræmi við lög nr. 87/1989 er fellt út ákvæði í 20. gr. grunnskólalaga um að skólastjóri lúti yfirstjórn fræðsluráðs og skólanefndar. Í ljósi breytts hlutverks fræðsluráða og skólanefnda á það ákvæði ekki við lengur.

Kennarafundur eða kennararáð í umboði þess skal vera skólastjóra til ráðuneytis við stjórn skólans. Bætt er inn ákvæði um hvernig fara skuli með hugsanlegan ágreining milli skólastjóra og kennara. Gert er ráð fyrir að ágreiningsefnum sé vísað til úrskurðar hjá fræðslustjóra sem reynir að leysa málið áður en það kemur til úrskurðar menntamálaráðuneytis.

Um 21. gr.

Í greininni er lögð aukin áhersla á samskipti heimila og skóla og kennurum gert skylt að miðla fræðslu um skólamál til foreldra og veita upplýsingar um starfið í skólanum. Markmiðið er að foreldrar geti fylgst betur með námi barna sinna og þar með verið færari um að veita skólanum nauðsynlegt aðhald og hafa áhrif á skólastarfið.

Réttur foreldra er aukinn með því að bæta inn ákvæði um að fulltrúi foreldra eigi rétt til setu á fundum skólanefnda og fræðsluráða auk kennarafunda.

Um 22. gr.

Í greininni eru nokkrar orðalagsbreytingar frá gildandi lagatexta varðandi nemendaráð. Heimildin tekur til allra grunnskólanemenda í stað nemenda í 8.–10. bekk áður. Markmiðið er að efla félagsþroska nemenda þegar á unga aldri.

Lögð er aukin áhersla á að nemendaráðin láti eigin mál til sín taka, svo sem félags-, hagsmuna- og velferðarmál.

Réttur til setu nemendafulltrúa á fundum skólastjóra og kennararáðs og á kennarafundum er þó takmarkaður við fundi þar sem rætt er almennt um skipulag skólastarfsins.

Nemendaráðið setur sér sjálft samþykktir til að starfa eftir.

Um III. kafla.

Um 23. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 34. gr. laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Um 24. gr.

Greinin er í samræmi við 35. gr. laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Um 25. gr.

Í greininni er skólahúsnæði skilgreint. Í orðalaginu „kennsluaðstaða fyrir allar kennslugreinar“ felst að í skólahúsnæði skulu vera kennslustofur eða aðstaða til að kenna allar þær námsgreinar og námsþætti sem lög, reglugerðir og aðalnámsskrá grunnskóla mæla fyrir um, þar með taldar list- og verkgreinar.

Lögð er áhersla á mikilvægi skólasafns og að fatlaðir eigi greiða leið um húsnæðið og búi við aðstöðu sem gerir þeim kleift að njóta starfs og leiks til jafns við aðra. Með aðstöðu fyrir nemendur til náms, annarra starfa og hvíldar utan kennslustunda er átt við að nemendur hafi athvarf og viðunandi aðstöðu til að vinna eða nýta á annan hátt tíma sem kann að verða til við „göt“ í stundaskrá. Með orðalaginu „neyta málsverðar“ er átt við skólamáltíð eða svokallað skólanesti sem nemendur kaupa í skólanum eða hafa með sér að heiman. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að ríki og sveitarfélög geri í sameiningu áætlun um að koma skólamáltíðum á í grunnskólum sem ekki hafa þær þegar á boðstólum. Á meðan slík áætlun liggur ekki fyrir er eðlilegt að gera ráð fyrir að aðstaða til að neyta málsverðar sé með ýmsu móti í grunnskólum. Ef henta þykir má ætla aðstöðu til íþrótta eða annarrar kennslu í öðru húsnæði í nágrenni skólans. Þess verður þó að gæta að húsnæðið uppfylli almennar kröfur sem gerðar eru til skólahúsnæðis og henti þeirri kennslu sem þar fer fram. Einnig felur orðalagið í nágrenni skólans í sér að nemendur eigi ekki að þurfa að eyða miklum tíma í ferðir á milli, skóladagur þeirra geti verið heillegur og fyllsta öryggis sé gætt á leið milli skólahúss og kennsluaðstöðu annars staðar.

Um 26. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að 2. mgr. gildandi lagagreinar falli niður, en í staðinn komi ákvæði um að tillöguuppdrættir að gerð skólamannvirkja skuli kynntir opinberlega í viðkomandi skólahverfi til þess að foreldrar og aðrir íbúar hafi tækifæri til að gera athugasemdir og koma með ábendingar.

Einnig er gert ráð fyrir því að fulltrúar skólastjóra og kennara séu með í ráðum við hönnun skólahúsnæðis því að sjálfsagt þykir að þeir sem í skólum starfa hafi áhrif á gerð húsnæðis vegna sérþekkingar sinnar. Í flestum tilvikum yrði hér um skólastjóra og kennara viðkomandi skóla að ræða, en orðalagið „fulltrúar skólastjóra og kennara“ er valið til þess að tryggja að kennslu- og uppeldisfræðileg sjónarmið komist á framfæri þegar nýir skólar eru hannaðir.

Þá eru einnig ákvæði um að áður en framkvæmdir hefjist skuli leitað eftir samþykki menntamálaráðuneytisins. Þetta er í samræmi við ákvæði í 83. gr. frumvarpsins sem er samhljóða 48. gr. laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Eðlilegt þykir að menntamálaráðuneytið fái upplýsingar um fyrirhuguð skólamannvirki í tvíþættum tilgangi. Í fyrsta lagi til þess að unnt sé að koma á framfæri athugasemdum vegna lágmarkskrafna um aðbúnað nemenda og vinnuaðstöðu kennara og í öðru lagi að ráðuneytið geti með nægjanlegum fyrirvara tekið afstöðu til kostnaðar við kennslu o.fl. sem af byggingu skólans leiðir.

Um 27. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 36. gr. laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Um 28. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 37. gr. laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Um 29. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 38. gr. laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Bætt er inn til frekari áherslu að ráðstöfun skólahúsnæðis til annars en skólastarfs megi ekki raska venjulegu, lögbundnu skólahaldi né heldur félagslífi nemenda, enda er litið svo á að með félagslífi nemenda í skólanum sé verið að stuðla að miklilvægum uppeldis- og félagslegum markmiðum skólans. Áður en ákvarðanir eru teknar um aðra ráðstöfun skólahúsnæðis á starfstíma skóla en til náms og kennslu er eðlilegt að leitað sé álits skólastjóra á því hvort önnur starfsemi kunni að trufla skólahald.

Um IV. kafla.

Þessi kafli hefur að hluta verið umsaminn, heiti hans stytt, röð greina er önnur en í grunnskólalögum og efnisatriði hafa verið flutt á milli greina til þess að fá skýrari heildarmynd af efni hans.

Um 30. gr.

Um ráðningu, setningu og skipun kennara og skólastjóra fer samkvæmt lögum nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra. Því er ekki talin þörf á 2. mgr. 30. gr. laganna. Í þessu frumvarpi er ákvæði um skipun sett í 35. gr.

Þá er það nýmæli að kennararáð geri tillögu til menntamálaráðuneytisins um ráðningu skólastjóra auk skólanefndar og fræðslustjóra. Tillögur kennararáðs koma þó ekki til þegar um er að ræða nýja skóla og kennarar hafa ekki verið ráðnir.

Í greininni er talað um rökstuddar tillögur og umsagnir til að leggja áherslu á vandað og vel ígrundað mat þeirra sem ákvæðið tekur til.

Um 31. gr.

Starfsheitinu yfirkennari samkvæmt gildandi lagagrein er breytt í starfsheitið aðstoðarskólastjóri. Þetta er gert til að undirstrika að þessi starfsmaður er fyrst og fremst aðstoðarmaður skólastjóra. Menntamálaráðuneytið ræður aðstoðarskólastjóra, að fengnum tillögum skólastjóra, skólanefndar og kennararáðs og skal fylgja tillögunum rökstudd umsögn.

2. mgr. felur í sér heimild til að ráða aðstoðarskólastjóra þótt forsendur þær sem 1. mgr. kveður á um séu ekki fyrir hendi. Hér er t.d. átt við skólasel, sbr. 4. gr., og þegar þannig háttar til að grunnskóli starfar í einingum sbr. 3. gr. Heimildarákvæðið tekur einnig til þess að ráða megi fleiri en einn aðstoðarskólastjóra við einn og sama skóla ef hlutaðeigandi skólanefnd, skólastjóri og fræðslustjóri leggja það til og sérstakar aðstæður krefjast þess. Hér er t.d. átt við skóla sem eru tímabundið mjög fjölmennir.

Í skólum sem ekki eiga rétt á ráðningu aðstoðarskólastjóra felur skólastjóri í samráði við skólanefnd og kennara í upphafi skólaárs einum af föstum kennurum skólans að annast skólastjórn í forföllum sínum. Þetta er gert til að tryggja stjórn skólans forfallist skólastjóri skyndilega.

Fellt er niður ákvæði um að ráðherra sé skylt að fara eftir tillögum umsagnaraðila ef þeir eru sammála um að mæla með ákveðnum umsækjanda í stöðu aðstoðarskólastjóra þar sem ekki þykir ástæða til að hafa þau sérákvæði um þessa starfsmenn eingöngu.

Um 32. gr.

Efnislega óbreytt ákvæði 1. og 2. mgr. 37. gr. grunnskólalaga. Vísað er til laga nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

3., 4. og 5. mgr. 37. gr. laganna verða 39. gr. frumvarpsins.

Þegar talað er um fasta kennara er átt við þá kennara sem ráðnir eru í $^1/_2$ starf eða meira.

Ef kennari er ráðinn til að gegna kennslu í fleiri en einu skólahverfi verður að gera ráð fyrir að ríkissjóður standi straum af kostnaði við ferðir á milli skóla.

Um 33. gr.

Nú er ráðningu þannig háttað að menntamálaráðuneytið setur eða skipar kennara, að fengnum tillögum skólastjóra, skólanefndar og fræðslustjóra.

Þrátt fyrir þessi ákvæði hefur ráðning kennara raunverulega verið í höndum skólastjóra. Breytingin er því fyrst og fremst formleg þar sem rétt þykir að það fyrirkomulag sé lögfest.

Gert er ráð fyrir að skólastjóri ráði kennara, námsráðgjafa og annað starfslið sem telst ríkisstarfsmenn í samráði við skólanefnd. Takist ekki að fá kennara með full kennsluréttindi til að sækja um auglýsta stöðu þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir skal skólastjóri sækja um undanþágu til að ráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa í samræmi við 13. gr. laga nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Fræðslustjórar munu staðfesta ráðningarsamninga í umboði menntamálaráðuneytisins.

Síðasta málsgrein 33. gr. fjallar um ráðningu annarra starfsmanna skóla. Enda þótt þessir starfsmenn, svo sem húsverðir, ræstingafólk, gangaverðir og skrifstofufólk sé ráðið af sveitarstjórnum og að tilhlutan skólanefnda, þykir nauðsynlegt að tryggja samræmi í störfum þeirra og starfsmanna sem annast nám og kennslu. Því er gert ráð fyrir að skólastjóri hafi yfirsýn yfir og umsjón með daglegum störfum allra starfsmanna í skólanum á starfstíma skóla. Eðlilegt er að sveitarstjórnir hafi daglega verkstjórn á hendi utan venjulegs starfstíma skóla, t.d. á sumrin.

Um 34. gr.

Tekið er upp það nýmæli að námsráðgjafar skuli starfa við einstaka grunnskóla eða fræðsluskrifstofur og sinna ráðgjöf við nemendur um mál er tengjast námi þeirra. Hér er um að ræða náms- og starfsráðgjöf og persónulega ráðgjöf.

Uppeldishlutverk skólans hefur stóraukist hin síðari ár án þess að skólanum hafi verið búin aðstaða til að mæta því sem skyldi. Breyttir þjóðfélagshættir, fjölbreytt námsframboð og mismunandi undirbúningur undir atvinnulíf og starfsréttindi kallar á markvissa ráðgjöf við nemendur.

Námsráðgjöfum er einnig ætlað að sinna náms- og starfsfræðslu í samvinnu við kennara. Reiknað er með að t.d. bekkjarkennarar eða fagkennarar sinni fræðslunni en námsráðgjafi liðsinni þeim um skipulag og efni. Námsleiðum hefur fjölgað mjög á framhaldsskólastigi og fjölbreytni starfa í atvinnulífinu eykst stöðugt. Grunnur að starfsvali er lagður snemma á ævi hvers einstaklings og því er mikilvægt að börnum sé kynnt atvinnulífið með ýmsum hætti og í tengslum við margar námsgreinar allan grunnskólann.

Um 35. gr.

Óbreytt ákvæði um skipun í stöður.

Um 36. gr.

Ný grein sem kemur í stað 33. gr. grunnskólalaga.

Hér er gert ráð fyrir að fræðslustjórar auglýsi lausar stöður við grunnskóla í stað menntamálaráðuneytisins þar sem þeir eru nær vettvangi.

Þá er gert ráð fyrir að gengið sé frá ráðningum fyrir 1. maí í stað 1. júlí til þess að ráðningum sé lokið áður en skólastarfi lýkur að vori og þar með sé hægt að skipuleggja næsta skólaár fyrr en nú er.

Um 37. gr.

35. gr. grunnskólalaga er hér óbreytt að öðru leyti en því að fellt er niður ákvæði um að skólastjórar og kennarar heimavistarskóla skuli ekki fá skipun fyrr en eftir tveggja ára reynslu við störf í slíkum skóla, sbr. lög nr. 48/1986.

Um 38. gr.

Í 38. gr. grunnskólalaga er tekið fram að skólastjórar velji umsjónarkennara bekkja. Hér er gerð sú breyting að skólastjórar velja umsjónarkennara í samráði við kennararáð eða kennarafund til þess að tryggja að kennarar séu með í ráðum. Engu að síður hefur skólastjóri síðasta orðið um val á umsjónarkennurum.

Skólastjóra er enn fremur heimilað að fela föstum kennurum árgangastjórn og fagstjórn svo og leiðsögn nýliða eftir nánari reglum er menntamálaráðuneytið setur um hlutverk þeirra.

Nokkur reynsla er þegar komin af starfi árganga- og fagstjóra og leiðsögukennara í grunnskólum. Samkvæmt þeim upplýsingum sem menntamálaráðuneytið hefur aflað um árganga- og fagstjórn, leikur ekki vafi á að hér er um að ræða störf sem stuðla að skipulegri og samfelldari vinnubrögðum en áður. Árganga- og fagstjórar samræma nám og kennslu, afla upplýsinga og gagna, skipuleggja samráð innan skóla og milli skóla og hafa yfirsýn yfir skólastarfið. Þeir gegna einnig mikilvægu hlutverki við undirbúning og gerð skólanámsskrár sem er eins konar heildaráætlun um starf tiltekins skóla.

Leiðsögukennarar hafa það hlutverk að koma nýliðum inn í starfið. Hlutverk þeirra er mikilvægt í ljósi skorts á kennurum með full réttindi. Mikill fjöldi leiðbeinenda (kennarar sem ekki hafa réttindi samkvæmt lögum nr 48/1986) er ráðinn að grunnskólum ár hvert og umtalsverður hluti þess hóps hefur ekki kennt áður. Reyndum grunnskólakennurum, þ.e. leiðsögukennurum er falið að upplýsa nýliða um skólann og skólastarfið og vera þeim til halds og trausts fyrsta kennsluárið.

Um 39. gr.

3., 4. og 5. mgr. 37. gr. laganna eru settar fram í sérstakri grein sem er samhljóða 40. gr. laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Um 40. gr.

Þessi ákvæði eru í 36. gr. grunnskólalaga.

Greinin breytist þannig að skilyrði fyrir kennsluafslætti við 55 og 60 ára aldur verður 10 ára kennsluferill í stað 20 ára. Hér er átt við afslátt af kennsluskyldu en ekki minnkun á starfsskyldu. Bent skal á að hjá framhaldsskólakennurum er kennsluafsláttur vegna aldurs ekki bundinn lengd starfsferils.

Um 41. gr.

Ákvæði 40. gr. í gildandi lögum um orlof eru einfölduð. Í stað orlofs er notað orðið námsleyfi sem undirstrikar enn betur markmið greinarinnar. Í stað orlofstímans er talað um leyfistímann af sömu ástæðu.

Um 42. gr.

Í greininni er orðinu skólastjórnenda bætt í textann til að leggja áherslu á rétt þeirra til endurmenntunar.

Um 43. gr.

Greinin er efnislega óbreytt 55. gr. gildandi laga. Orðalag er einfaldað og efni 1. og 2. mgr. fellt saman.

Um V. kafla.

V. kafla grunnskólalaga er hér skipt í tvo kafla. 41., 44. og 45. gr. grunnskólalaganna eru látnar mynda einn kafla um starfstíma.

Um 44. gr.

Gert er ráð fyrir 9 mánaða reglulegum starfstíma grunnskóla frá 1. september til 31. maí. Í 2. mgr. er heimild til tímabundinnar undanþágu frá þessari meginreglu.

Í 41. gr. gildandi laga er reglulegur starfstími grunnskóla hins vegar mismunandi eftir skólahverfum eða 7–9 mánuðir.

Hér á eftir fylgir tafla yfir nemendafjölda í grunnskólum landsins skólaárið 1988/1989 skipt niður eftir starfstíma þeirra og til samanburðar sama skipting skólaárið 1973/1974:

Starfstími	Fjöldi nemenda 73/74	88/89	% 73/74	% 88/89
9 mánuðir	23.261	32.777	56.90	77.04
8,5 mánuðir	5.632	5.746	13.77	13.51
8 mánuðir	10.661	3.962	26.07	9.31
Styttri en 8 mán	1.332	58	3.26	0.14
Samtals	40.886	42.543	100%	100%

Stefnt er að því að jafna þennan mun og er það í samræmi við þróunina á síðustu árum eins og ofangreind tafla sýnir.

Í síðustu málsgrein er kveðið á um reglugerð og skóladagatal. Gert er ráð fyrir að þar komi fram nánara skipulag starfstímans í grunnskólum, hvernig hann skiptist í áfanga, fjöldi starfsdaga kennara, frídagar, tími til prófa og námsmats o.fl. Með hliðsjón af þessu er lagt til að 60. gr. grunnskólalaga falli burt.

Um 45. gr.

Efni 44. gr. laganna hefur verið raðað á nýjan leik til að fá rökræna röð málsgreina.

Í 1. mgr. er orðalagið sem næst fellt út en í stað þess sett lágmark í a–j-liðum. Lágmarkskennsla sem nemendur í grunnskóla eiga rétt á verður ákveðnari með þessu móti, sjá enn fremur ákvæði til bráðabirgða.

Í a–j-liðum er lagt til að vikulegur skólatími yngri barna verði aukinn að lágmarki í 1000 mínútur eða 5 kennslustundir á dag að jafnaði miðað við 5 daga kennsluviku.

Í eftirfarandi töflu er samanburður á vikulegum kennslustundafjölda samkvæmt

a. gildandi lögum,
b. gildandi viðmiðunarstundaskrá,
c. lágmarki í 45. gr. frumvarps þessa og
d. hámarki í ákvæðum til bráðabirgða í frumvarpi þessu.

Miðað er við að meðallengd kennslustundar sé 40 mínútur.

	a Grunnsk. lög	b Viðm. st. skrá	c Frv. lágmark	d Frv. hámark
1. b. (6 ára)	23	25	35	
2. b. (7 ára)	22	23	25	35
3. b. (8 ára)	24	23	25	35
4. b. (9 ára)	27	26	27	35
5. b. (10 ára)	32	29	32	35
6. b. (11 ára)	34	32	34	35
7. b. (12 ára)	35	34	35	35
8. b. (13 ára)	36–37	35	35	35
9. b. (14 ára)	36–37	35	35	35
10.b. (15 ára)	36–37	31–35	35	35

Í neðri bekkjum grunnskólans er því lagt til að vikulegur kennslutími verði aukinn og

er það í samræmi við kröfur í þjóðfélagi þar sem báðir foreldrar vinna utan heimilis. Með lengdum skóladegi er auk þess gert ráð fyrir því að unnt verði að sinna margvíslegum verkefnum í skólanum sem nú vinnst ekki tími til.

2. mgr. er óbreytt 1. mgr. laganna. Hér er um almennt ákvæði að ræða sem varðar vinnuálag á nemendur.

Um 46. gr.

Greinin er óbreytt 45. gr. grunnskólalaga.

Um VI. kafla.

Um 47. gr.

42. gr. grunnskólalaga er hér skipt í fjórar greinar.

Í fyrsta hluta greinarinnar er í raun kveðið nánar á um þau meginatriði sem fjallað er um í 2. gr. laganna. Þau eru sameiginleg öllum námsgreinum og koma ekki einungis fram í daglegri kennslu heldur í öllu starfi skólans. Hér er fyrst og fremst lögð aukin áhersla á þessi atriði og tekið tillit til þeirrar þróunar sem orðið hefur frá setningu laganna 1974 fremur en að um efnisbreytingar sé að ræða.

Í stað orðsins kennslufræði í gildandi lögum er hér notað orðið kennsluskipan. Með þessari breytingu er lögð áhersla á faglegt sjálfstæði skóla og að starfslið þeirra velji þær kennsluaðferðir sem við eiga hverju sinni. Með kennsluskipan er átt við að aðalnámsskrá segi fyrir um skipulag náms, t.d. röðun námsefnis á námsár í megindráttum.

Um 48. gr.

Í a–i-liðum eru ákvæði um á hvaða sviðum skuli setja markmið og inntakslýsingar í aðalnámsskrá. Hér er ekki um efnislegar breytingar að ræða þótt uppröðun sé lítillega breytt frá gildandi lagagrein. Aukin áhersla er lögð á hlut skólans í að stuðla að heilbrigði og hollustu. Listir og verkmenntir fá líka aukið vægi.

Um 49. gr.

Greinin fjallar um valgreinar en um þær eru ákvæði í 1. og 3. mgr. 42. gr. laganna.

Það tíðkast almennt í grunnskólum að nemendum í 10. bekk sé gefinn kostur á að velja um nokkrar námsgreinar. Sjaldgæft er að nemendur 8. og 9. bekkjar eigi kost á valgreinum. Á síðustu árum hefur þó færst í vöxt að bjóða fram valgreinar fyrir 9. og 10. bekk eða 8., 9. og 10. bekk sameiginlega. Einkum á þetta við um fámenna skóla.

Tilgangurinn með því að bjóða valkosti í námi er einkum sá að reyna að höfða til sem flestra nemenda. Vitað er að nemendur hafa ekki allir áhuga á því sama og erfitt er að vekja áhuga allra samtímis á sama viðfangsefni. Greinin á þó ekki við um almennt val í námi, t.d. um verkefni innan námsgreina, heldur um val milli námsgreina.

Skólar hafa fram til þessa haft mjög frjálsar hendur um hvaða valgreinar eru boðnar. Framboðið ræðst einkum af því hvaða möguleikar eru á að útvega kennara og hvaða aðstaða er fyrir hendi. Upphaflega mun hugmyndin hafa verið sú að valgreinaframboðið væri einkum á sviði lista og verkmennta. Í auglýsingu um skiptingu kennslustunda milli námsgreina, sem menntamálaráðuneytið gefur út, er sérstaklega mælt með því að eftirtaldar greinar séu boðnar fram: Heimilisfræði, mynd- og handmennt, sjóvinna, starfsfræðsla, kynning atvinnuveganna, tónmennt, hljóðfæraleikur, kórstarf, tölvufræði, vélfræði, viðskiptagreinar, bókfærsla, vélritun.

Í könnun sem menntamálaráðuneytið gerði 1977–78 kom í ljós að um 60 mismunandi valgreinar voru í boði í skólum landsins. Önnur könnun, sem gerð var 1986–1987, leiddi í ljós að 76 mismunandi greinar voru í boði.

Um 50. gr.

Greinin er ný.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 23/1990, um Námsgagnastofnun, segir: „Nemendur í skyldunámi skulu fá ókeypis námsgögn til eignar eða afnota samkvæmt ákvörðun námsgagnastjórnar."

Þetta ákvæði hefur verið túlkað á mismunandi hátt. Sumir vilja skilja þetta þannig að allar námsbækur og öll önnur gögn, svo sem pappír, sem nemendur í skyldunámi þurfi yfirleitt á að halda, eigi að vera ókeypis hvaðan sem þau koma. Aðrir líta svo á að ákvæðið eigi við um þau gögn sem Námsgagnastofnun framleiðir eða útvegar fyrir það fé sem stofnunin hefur til ráðstöfunar í fjárlögum hverju sinni.

Í 5. gr. laganna um Námsgagnastofnun, þar sem fjallað er um hlutverk stofnunarinnar, segir m.a. : „Stofnunin annast gerð, útgáfu, framleiðslu og dreifingu á náms- og kennslugögnum miðað við íslenskar þarfir og aðstæður. Hún kaupir og framleiðir fræðslumyndir eða er aðili að gerð þeirra." Enn fremur segir: „Hún kaupir, selur og dreifir náms- og kennslugögnum frá öðrum aðilum."

Í álitsgerð umboðsmanns Alþingis dags. 31. ágúst 1990, sem fjallar um kaup á námsbókum, viðurkenningu á námsbókum og efnisgjöld, kemst umboðsmaður að þeirri niðurstöðu að óheimilt sé að láta nemendur í skyldunámi kaupa námsbækur, að menntamálaráðuneytinu hafi borið samkvæmt eldri lögum um Námsgagnastofnun að annast viðurkenningu á námsgögnum og að óheimilt sé að ætla nemendum að greiða svokallað efnisgjald. Niðurstöður sínar varðandi námsbækur og viðurkenningu á þeim byggir umboðsmaður einkum á því ákvæði 9. gr. laga nr. 45/1979, um Námsgagnastofnun, að skólum sé heimilt að nota önnur námsgögn en þau sem Námsgagnastofnun gefur út ef þau hafa hlotið viðurkenningu menntamálaráðuneytisins. Niðurstaða umboðsmanns var eftir sem áður sú að óheimilt væri að ætla nemendum að greiða námsgögn þótt þau hefðu fengið viðurkenningu menntamálaráðuneytisins. Þetta ákvæði um viðurkenningu á námsgögnum er ekki lengur í lögum um Námsgagnastofnun.

Kaup á námsbókum og öðrum námsgögnum, viðurkenning ráðuneytis á námsgögum og innheimta svonefndra efnisgjalda í skólum eru álitamál og sú var ástæða þess að þau komu til kasta umboðsmanns Alþingis. Það eru skiptar skoðanir um skilgreiningu á orðinu námsgögn og menn getur jafnvel greint á um skilgreiningu á því hvað er námsbók. Skilgreining á því hvað er skyldunám eða skyldunámsgrein er ekki skýr. Námsgagnastofnun hefur t.d. ekki úthlutað ókeypis námsbókum í valgreinum enda afar erfitt í framkvæmd í ljósi þess hve margar og fjölbreytilegar valgreinar eru í boði, sbr. athugasemdir við 49. gr.

Ýmsar skilgreiningar eru uppi á því hvaða „efni" svokölluð efnisgjöld fela í sér. Fyrir þá fjármuni eru oftast keyptar pappírsvörur, möppur, stílabækur, litir o.fl. sem nemendur hafa fram til þessa útvegað sjálfir. Einnig eru gjarnan keyptar t.d. matvörur vegna heimilisfræði og efni til að nota í mynd- og handmennt enda neyta nemendur matarins sjálfir og eiga þau myndverk, smíðisgripi eða hannyrðir sem þeir búa til úr efninu. Í slíkum tilvikum er álitamál hvort líta ber á efni sem „námsgögn".

Eftir að ráðuneytinu barst álitsgerð umboðsmanns Alþingis var leitað umsagnar fleiri

aðila sem málið varðar, svo sem Námsgagnastofnunar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Enn fremur var kannað í grunnskólum hvaða námsefni nemendur hefðu verið látnir kaupa og hvaða efnisgjald hefði verið innheimt skólaárið 1989–1990 og haustið 1990. Að vandlega athuguðu máli varð niðurstaða ráðuneytisins eftirfarandi:

Um kaup á námsgögnum.

Fallist er á að Námsgagnastofnun eigi að láta nemendum í skyldunámi í té ókeypis námsgögn. Þessi niðurstaða er kjarninn í álitsgerð umboðsmanns Alþingis og þýðir að óheimilt er að láta grunnskólanemendur kaupa námsgögn.

Með skyldunámi er átt við þær námsgreinar og námsþætti sem grunnskólalög og aðalnámsskrá grunnskóla gera ráð fyrir að kenndar séu í grunnskólum.

Námsgögn eru samkvæmt skilgreiningu í aðalnámsskrá grunnskóla námsbækur, kennsluleiðbeiningar, handbækur, myndbönd, hljómbönd, veggspjöld, tölvuforrit, efni til list- og verkgreina og önnur slík gögn sem nauðsynleg eru í skyldunámi.

Námsgagnastofnun lætur nemendum í skyldunámi í té ókeypis námsgögn nema efni til verklegrar kennslu sem sveitarfélög greiða. Framlag ríkisins til námsgagna fer einungis til Námsgagnastofnunar. Framkvæmdin og mat á því hvað teljast nauðsynleg gögn, svo og ákvarðanir um nýtingu fjármuna er lögbundið verkefni námsgagnastjórnar. Þar eiga sæti fulltrúar Kennarasambands Íslands, Hins íslenska kennarafélags, Félags skólastjóra og yfirkennara, Kennaraháskóla Íslands, fræðslustjóra og menntamálaráðuneytisins auk áheyrnarfulltrúa foreldra.

Um efnisgjald.

Fallist er á álit umboðsmanns Alþingis um efnisgjald. Skólum er ekki heimilt að krefja nemendur um fé til að standa straum af kostnaði sem fellur undir almennan rekstur skóla. Sveitarfélögum ber að greiða rekstrarkostnað grunnskóla. Í því felst m.a. efniskaup til verklegrar kennslu, kaup á kennslutækjum og búnaði, svo og pappír og ritföngum sem notuð eru í sameiginlegri starfsemi skólans og eru í hans vörslu.

Opinberum aðilum er ekki skylt að leggja nemendum til gögn til persónulegra nota bæði í skóla og heima og hefð er fyrir að foreldrar útvegi. Dæmi um slík gögn eru stílabækur, reikningsbækur, blýantar, pennar, strokleður, reglustrikur, yddarar, plastmöppur, litir o.fl. í þeim dúr. Skólum er heimilt að útvega nemendum slík gögn gegn endurgjaldi ef foreldrar óska þess eða samkomulag næst þar um.

Um viðurkenningu á námsgögnum.

Lagaákvæðið, sem þessi niðurstaða byggir á, var í lögum nr. 45/1979, um Námsgagnastofnun, sem nú eru fallin úr gildi. Ákvæðið er ekki í nýjum lögum nr. 23/1990, um Námsgagnastofnun, sem leystu eldri lög af hólmi.

Formleg „gæðastimplun“ á öll námsgögn þýðir óhjákvæmilega rækilega miðstýringu, mikinn kostnað og í raun eftirlit með starfsemi Námsgagnastofnunar. Þetta þykir ekki vænleg lausn og síst til þess fallin að stuðla að þróun námsefnisgerðar eða til að auka sjálfstæði skóla. Engu að síður þarf að vera vettvangur til að leysa ágreiningsefni um gæði námsgagna, vettvangur sem foreldrar, nemendur, kennarar og útgefendur geta skotið málum til.

Í samræmi við þessar niðurstöður er tekið af skarið um það í 50. gr. frumvarpsins að nemendur í skyldunámi skuli ekki greiða fyrir kennslu, námsgögn eða annað efni sem þeim er gert skylt að nota. Þetta þýðir í raun að skólar eiga að fá öll námsgögn frá Námsgagnastofnun eða fyrir milligöngu hennar. Í 79. gr. frumvarps þessa er lagt til að kveðið sé á um skyldur sveitarstjórna varðandi kostnað við efni til verklegrar kennslu, papp-

írskostnað og annað sem fellur undir rekstur.

Lagt er til að sérstök nefnd verði sett á stofn til að skera úr um vafamál varðandi gæði námsgagna. Nefndin hafi fullnaðarúrskurð í málum sem til hennar er skotið enda lagt til að hún sé þannig skipuð að nefndarmenn eða þeir sem tilnefna þá hafi ekki beinna hagsmuna að gæta. Gert er ráð fyrir að nefndin leiti álits sérfræðinga eftir eðli máls hverju sinni.

1. mgr. 50. gr. er óbreytt ákvæði 6. gr. laga nr 55/1974, um skólakerfi.

Um 51. gr.

Hér er gerð sú áherslubreyting frá gildandi lögum að tómstunda- og félagsstarf fari ekki aðeins fram utan venjulegs skólatíma heldur geti einnig verið liður í daglegu starfi. Margs konar hagræði getur verið að því að fella félags- og tómstundastörf að eða inn í stundaskrá skólanna t.d. vegna skipulags á skólaakstri. Tekið skal fram að gerður er greinarmunur á tómstunda- og félagsstörfum sem sveitarfélög standa straum af samkvæmt þessari grein og svonefndri félagsmálafræðslu sem er hluti af skyldunámi og greidd sem kennsla.

Síðasta málsgrein 43. gr. grunnskólalaga um kennaranámskeið á vegum menntamálaráðuneytisins er felld brott, enda eru slík námskeið fremur verkefni stofnana sem annast kennaramenntun en ráðuneytisins.

3. mgr. er samhljóða 41. gr. laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Um VII. kafla.

Um 52. gr.

Fellt er niður ákvæði um vorskóla þar sem þeir eru nú aflagðir. Að öðru leyti er orðalag 49. gr. grunnskólalaga einfaldað.

Um 53. gr.

Gildandi lagagreinar nr. 50, 51 og 52 um sérkennslu eru hér settar í eina grein umorðaðar og færðar til nútímaviðhorfa til sérkennslu, þarfa fatlaðra og stöðu þeirra í þjóðfélaginu.

Ýmis ákvæði í áðurnefndum greinum grunnskólalaga sem vart eiga við lengur eru felld út.

Meginmarkmiðið er að fatlaðir og aðrir þeir sem þarfnast sérkennslu sitji við sama borð og aðrir nemendur með hliðsjón af markmiðsgrein gildandi grunnskólalaga; kennslan taki mið af fötlun nemandans og heildaraðstæðum hans og fari að öðru jöfnu fram í heimaskóla. Gert er ráð fyrir að þörf nemenda fyrir sérkennslu og/eða aðstoð við fatlaða nemendur verði metin út frá þeim markmiðum sem aðalnámsskrá grunnskóla setur. Námsleiðir, kennsluaðferðir og önnur aðstoð sé metin með tilliti til þess hvers nemandinn þarfnast af öðru tagi eða til viðbótar því sem almennir nemendur þarfnast til að ná markmiðum aðalnámsskrár.

Um 54. gr.

Ný grein sem fjallar um nemendaverndarráð en því er ætlað að samræma skipulag og framkvæmd ýmissar þjónustu við nemendur. Hér er einkum átt við sérkennslu, námsráðgjöf, sálfræðiþjónustu og heilsuvernd. Stundum hefur þótt skorta á að samræmi væri

í aðgerðum þeirra aðila sem fjalla um mál einstakra nemenda á þessum sviðum og jafnvel stefnt í gagnstæðar áttir án þess menn viti hverjir af öðrum. Nemendaverndarráðið er hugsað sem samráðsvettvangur þeirra aðila sem hér um ræðir. Slík ráð hafa nú um skeið starfað í nokkrum skólum og þótt gefast vel.

Um 55. gr.

Greinin er efnislega óbreytt 53. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að orðið skólalæknir fellur út en í stað þess kemur orðið kennari. Rétt þykir að kennari nemanda sem fylgist með daglegu starfi hans dæmi hér um ásamt skólastjóra.

Um 56. gr.

54. gr. grunnskólalaga er hér umorðuð og reynt að tryggja að viðbrögð við hegðunarvandkvæðum séu skipuleg og markviss.

Í 5. mgr. er nýtt ákvæði um að nemanda sé ekki vikið úr skóla án þess að ráðstafanir séu gerðar til að tryggja honum skólavist annars staðar eða önnur úrræði.

Um VIII. kafla.

Um 57. gr.

Ný grein sem kemur að nokkru í stað ákvæða í 14. gr. laganna.

Gildandi lög gera ráð fyrir ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu á vegum fræðsluskrifstofu. Í lögunum er gert ráð fyrir að félagsráðgjafar, sálfræðingar og sérkennarar annist þá þjónustu. Þróunin hefur hins vegar orðið sú að við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu starfa nú nær eingöngu sálfræðingar. Hins vegar hafa fræðsluskrifstofur í síauknum mæli sinnt kennsluráðgjöf bæði vegna almennrar kennslu og sérkennslu, ásamt nýbreytni- og þróunarstarfi og símenntun kennara. Sá þáttur sérfræðiþjónustu hefur ekki fallið undir ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu.

Sú skipting á sérfræðiþjónustu fræðsluskrifstofanna annars vegar í kennsluráðgjöf (57. gr. frumvarpsins) og hins vegar sálfræðiþjónustu (58. gr. frumvarpsins) er því í raun staðfesting á þróun síðustu ára.

Um 58. gr.

Sálfræðiþjónustu fræðsluskrifstofa er ætlað svipað hlutverk í þessu frumvarpi og í IX. kafla gildandi laga. Kaflinn er hér einfaldaður, efni hans fellt í 58., 60. og 61. gr. frumvarpsins og samræmt hlutverki fræðsluskrifstofa. Heitið sálfræðiþjónusta er tekið upp í stað ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta.

Bætt er við heimild til þess að fela sálfræðiþjónustu verkefni við forskóla og framhaldsskóla. Tilgangurinn með því er að tryggja samfellu í þessari mikilvægu þjónustu sem skólakerfið veitir nemendum.

Gert er ráð fyrir að upptalning á verkefnum í stafliðum 67. gr. laganna komi í reglugerð, sbr. 60. gr.

Um 59. gr.

Þetta er ný grein sem heimilar rekstur kennslugagnamiðstöðva við fræðsluskrifstofur og þjónustu við skólasöfn.

Kennslumiðstöð Námsgagnastofnunar í Reykjavík hefur starfað síðan 1983. Þar hefur verið haldið uppi öflugri kynningu og upplýsingastarfsemi og almennri þjónustu við

starfsfólk skóla. Kennarar hafa nýtt sér í ríkum mæli þá aðstöðu og aðstoð sem þar er boðin fram, en augljósir annmarkar eru á því að kennarar utan Reykjavíkur geti haft af henni full not. Möguleikar Kennslumiðstöðvarinnar í Reykjavík á að þjóna landsbyggðinni til jafns við Reykjavíkursvæðið eru enn fremur takmarkaðir.

Þegar er kominn vísir að svonefndum kennslugagnasöfnum við fræðsluskrifstofur utan Reykjavíkur. Nefnd sem skipuð var til að fjalla um kennslugagnamiðstöðvar í tengslum við fræðsluskrifstofur skilaði áliti fyrir stuttu og mælir mjög eindregið með frekari uppbyggingu á þessu sviði. Alþingi samþykkti ályktun um málið 1985 og menntamálaráðuneytið hefur farið fram á fjárveitingar til að koma á fót og efla þá þjónustu sem kennslugagnamiðstöðvar í tengslum við fræðsluskrifstofur geta í té látið. Greinin staðfestir því þróun síðustu ára í því skyni að jafna aðstöðu skóla í landinu.

Um 60. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fræðslustjórar skipuleggi sérfræðiþjónustu fræðsluskrifstofanna með tilliti til aðstæðna í hverju umdæmi. Í reglugerð um fræðsluskrifstofur skal ákveða lágmarkssérfræðiþjónustu. Í heildaráætlun fræðslustjóra þarf m.a. að koma fram hvaða sérfræðingar eru nauðsynlegir og hvers konar fyrirkomulag á sérfræðiþjónustu fellur best að aðstæðum. Vegna samgangna og landfræðilegra aðstæðna kann að vera nauðsynlegt að þjónustunni sé komið fyrir í eins konar útibúi frá fræðsluskrifstofu.

Í fjölmennari fræðsluumdæmum má gera ráð fyrir að sérfræðiþjónustan verði deildaskipt. Við þá deildaskiptingu er brýnt að tengsl sérkennslu við kennslufræðideild og sálfræðideild verði tryggð vegna þeirrar stefnu að fatlaðir stundi nám við hlið ófatlaðra.

Um 61. gr.

Ef sérfræðiþjónusta fræðsluskrifstofu er deildaskipt er gert ráð fyrir, eðli málsins samkvæmt, að sálfræðingur sé forstöðumaður sálfræðideilda, en að kennari með framhaldsmenntun í uppeldisfræðum, þar með töldum sérkennslufræðum, sé forstöðumaður kennsluráðgjafar. Sé sérfræðiþjónustu komið fyrir í einni deild koma áðurnefndir sérfræðingar til álita þegar forstöðumaður er ráðinn, enda séu uppfyllt þau skilyrði sem kunna að verða sett í reglugerð.

Um IX. kafla.

Um 62. gr.

56. gr. laganna er hér óbreytt að öðru leyti en því að megintilgangur námsmats er færður fram til áherslu.

Um 63. gr.

57. gr. laganna er hér óbreytt að öðru leyti en því að orðið námsmat kemur í stað próf, enda litið svo á að próf í venjulegum skilningi séu hluti af námsmati og ýmsar aðrar aðferðir en próf geti hentað betur til að afla upplýsinga um sum markmið náms. Með hliðsjón af þessu er 60. gr. grunnskólalaga felld út, sjá einnig 44. gr. frumvarpsins.

Ekki þykir ástæða til að binda í lögum að einkunnir og vitnisburðir séu færðir í prófbækur og einkunnabækur.

Um 64. gr.

Meginbreytingin sem gerð er á 58. gr. grunnskólalaga er sú að ekki er lengur tiltek-

ið í hvaða námsgreinum skuli halda samræmd próf. Þá er ekki lengur gert ráð fyrir stöðluðum prófum. Ákvæði laganna um stöðluð próf hefur ekki komið til framkvæmda enda afar tímafrekt, kostnaðarsamt og vafi á að gagnsemi slíkra prófa réttlæti kostnaðinn. Auk þess hafa markmið, námsefni og kennsluhættir í grunnskóla verið í örri þróun og því líkur á að staðla þyrfti próf mjög oft.

Með 16. gr. laga nr. 57/1988, um framhaldsskóla, eru sérstök inntökuskilyrði í framhaldsskóla afnumin. Þar með er fallin brott ein meginforsenda samræmdra lokaprófa í grunnskóla. Samræmdum lokaprófum í 10. bekk (áður 9. bekk) hefur fækkað og vorið 1990 var aðeins haldið samræmt próf í íslensku og stærðfræði. Með hliðsjón af þessari þróun og 16. gr. framhaldsskólalaga hefur umræða um samræmd próf beinst að svokölluðum könnunarprófum. Samræmd könnunarpróf eru ekki bundin við síðasta mánuð grunnskólagöngu heldur hugsuð þannig að þau megi leggja fyrir í hvaða árgangi sem er. Tilgangur þeirra er að gefa nemendum, kennurum og fræðsluyfirvöldum upplýsingar um stöðu mála í tiltekinni námsgrein eða námsþætti. Einn galli samræmdra prófa í lok síðasta námsárs grunnskóla er sá að skólanum gefst ekki ráðrúm til að bregðast við niðurstöðum þeirra. Samræmd könnunarpróf koma að þessu leyti betur til móts við nemendur og kennara.

Gert er ráð fyrir að nánari útfærsla og fyrirkomulag samræmdra prófa og könnunarprófa verði skilgreint í reglugerð.

Um 65. gr.

58. gr. laganna er breytt á þann veg að í stað þess að tilgreina valgreinar sérstaklega er talað um námsgreinar í 10. bekk, þar með teljast valgreinar.

Um 66. gr.

2. og 3. mgr. 61. gr. laganna eru felldar út enda óþarfar.

Um X. kafla.

Heiti kaflans er breytt til samræmis við efni hans.

Um 67. gr.

62. og 63. gr. grunnskólalaga eru hér færðar saman í eina grein.

Í stað „... gerð áætlana um umbætur í starfi skóla, rannsóknar- og tilraunastarf í skólum ...“ er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið hafi yfirumsjón með þróunar- og tilraunastarfi í skólum. Í þessu felst m.a. að hafa frumkvæði að og gera áætlanir um umbætur í grunnskólum og fylgjast með þróun og nýbreytni sem aðrir eiga frumkvæði að.

Eðlilegt má telja að eiginlegar skólarannsóknir fari fram á vegum rannsóknastofnana, svo sem Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála, Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands.

Mat á skólum, skólastarfi og námsgögnum tekur til almenns eftirlitshlutverks ráðuneytisins bæði í þeim tilgangi að afla vitneskju um hvar umbóta er þörf og fylgjast með framkvæmd laga og reglugerða sem kveða á um skóla og skólastarf.

Ákvæði um útgáfu námsefnis og kennaramenntun í 62. gr. gildandi laga eru óþörf þar eð lög um Námsgagnastofnun og Kennaraháskóla Íslands fela í sér hvernig með þau mál skuli fara.

Í stað námstjóra í 63. gr. laganna er í frumvarpinu talað um sérfræðinga og gert ráð

fyrir að þeir geti starfað bæði í menntamálaráðuneytinu og á fræðsluskrifstofum.

Um 68. gr.

Þróunarsjóður grunnskóla hefur þegar verið stofnaður og er úthlutað árlega fé úr honum samkvæmt sérstökum reglum. Ekki er gert ráð fyrir að sjóðurinn standi straum af rannsóknum, námsleyfum eða breytingum á húsnæði og aðstöðu heldur styrki skóla, kennarahópa eða einstaka kennara sem hafa frumkvæði að umbótum í námi og kennslu og skipulagi skólastarfs.

Með þessu móti er ýtt enn frekar undir faglegt frumkvæði og ábyrgð skóla og kennara og svigrúm til umbóta í skólastarfi aukið.

Um 69. gr.

1. mgr. 65. gr. grunnskólalaga er efnislega óbreytt.

2. mgr. er felld út enda óþörf í ljósi laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Í staðinn kemur heimild til að styrkja sérstakar nýjungar eða tilraunaskóla.

Um XI. kafla.

Um 70. gr.

Heiti kaflans breytist úr Bókasöfn í Skólasöfn. 72. gr. gildandi laga er færð að nútímaviðhorfum um hlutverk og starfsemi skólasafna.

Skólasöfn hafa reynst vera eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu. Með skólasafni er átt við safn bóka, kennslutækja, námsgagna og annarra gagna sem koma að notum við nám og kennslu. Nauðsynlegt er að vel sé búið að skólasöfnum bæði hvað varðar húsnæði, aðbúnað, gagnakost og starfslið. Sérstakt húsnæði er víðast nauðsynlegt en í fámennum skólum getur þurft að samnýta húsrými.

Sveitarfélög annast rekstur grunnskóla og sjá þar með um að aðstaða fyrir skólasafn sé fullnægjandi og kaupa bækur og önnur gögn á safnið. Ríkið greiðir hins vegar starfsfólki skólasafna laun, sbr. 43. gr. laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Því er nauðsynlegt að bæði ríki og sveitarfélög setji nánari reglur um skólasöfnin, búnað þeirra og starfslið.

Um XII. kafla.

Um 71. gr.

73. gr. gildandi laga er einfölduð og færð til samræmis við framkvæmd heilsuverndar í skólum í dag.

Um XIII. kafla.

Um 72. gr.

Greinin er efnislega óbreytt 75. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að bætt er við ákvæði um að skólagjöld séu háð samþykki menntamálaráðuneytisins. Sams konar ákvæði er í 5. gr. laga nr. 55/1974, um skólakerfi.

Um XIV. kafla.

Fjármálakafli frumvarpsins tekur í öllum meginatriðum mið af þeim breytingum er urðu á grunnskólalögum við samþykkt laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

46., 47. og 48. gr. grunnskólalaga eru fluttar inn í kaflann um fjármál, enda eru ákvæði þessara greina grundvöllur kostnaðar ríkissjóðs vegna kennslu.

Ákvæði 74.–79. gr. grunnskólalaga eru efnislega samhljóða lögum nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

76. gr. frumvarps þessa felur hins vegar í sér breytingar frá ákvæðum 76. gr. grunnskólalaga, en þeirri grein var ekki breytt með ákvæðum laga nr. 87/1989. Breytingar þessar stefna að einföldun og taka mið af breyttri verkaskiptingu.

Um 73. gr.

Samkvæmt frumvarpsgreininni greiðir ríkissjóður alla almenna kennslu sem ákveðin er á hverjum tíma í samræmi við nemendafjölda í hverju skólahverfi og eðlilega skiptingu í námshópa.

Um 74. gr.

Í raun er hér verið að staðfesta þá þróun sem orðið hefur. Meðalfjöldi nemenda í bekk hefur minnkað og er 22–24 nemendur í stærri skólum. Meðaltal er lægra í fámennum skólum.

Í gildandi lögum er ákvæði um að nemendafjöldi í bekkjardeild fari ekki yfir 30 sem þýðir að þegar þannig stendur á er hópnum skipt í tvær bekkjardeildir og fjöldi kennslustunda sem skólinn hefur til ráðstöfunar ákveðinn út frá því. Frumvarpið gerir ráð fyrir að lækka þessa tölu í 28 í 4.–10. bekk, sjá ákvæði til bráðabirgða.

Enn fremur er gert ráð fyrir því að í 1.–3. bekk (6, 7 og 8 ára börn) fari nemendafjöldi einstakra bekkja aldrei yfir 22. Þessi viðmiðun er í raun þegar komin á í 1. bekk. Eðlilegt er að í skólabyrjun þar sem grunnur er lagður að skólagöngu séu færri nemendur í bekk en þegar ofar dregur. Hvort tveggja er að nemendur þurfa meiri einstaklingsaðstoð og mikilvægt er að tryggja sem best grundvallarfærni, svo sem í lestri.

Um 75. gr.

Hér eru 47. og 48. gr. grunnskólalaga felldar saman í eina grein enda eiga þær við um fámenna skóla þar sem óhjákvæmilegt er að kenna árgöngum saman.

Orðalag 1. og 2. mgr. 47. gr. gildandi laga er einfaldað. Í greininni er miðað við samkennslu nemenda í fámennum skólum í 1.–8. bekk (6–13 ára nem.) í stað 1.–6. bekk áður (7–12 ára).

Stafliður a) er viðbót og setur hámark á nemendafjölda í skólum þar sem mjög fáir nemendur eru í árgangi. Með þessari viðbót er heimild laga til samkennslu rýmkuð nokkuð og greinin nær betur yfir margs konar afbrigði og sveiflur sem gjarnan koma upp í mjög fámennum skólum.

Síðasta mgr. 75. gr. frumvarpsins er efnislega svipuð 48. gr. gildandi laga. Breytingar eru til samræmis við fyrri hluta greinarinnar.

Um 76. gr.

1. mgr. heimilar skólum að blanda saman aldurshópum. Margir skólar hafa þegar tek-

ið upp slíkt skipulag bæði tímabundið og til lengri tíma og í fámennum skólum er blöndun árganga óhjákvæmileg. Blöndun árganga hentar vel til að ná ýmsum markmiðum náms og kennslu í grunnskólum, svo sem um félagsþroska, samvinnu og jafnrétti. Enn fremur er með slíku skipulagi oft auðveldara að laga námsefni og námskröfur að einstaklingum.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að skipta bekkjum vegna verklegrar kennslu. Meginreglan hefur verið sú að miða við hálfa bekki í svonefndum verklegum greinum, smíðum, hannyrðum og heimilisfræði.

Um 77. gr.

Gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um kennslukostnað vegna forfallakennslu, sjúkrakennslu og sérkennslu í reglugerð.

Um 78. gr.

Óbreytt ákvæði 77. gr. grunnskólalaga, sbr. 43. gr. laga nr. 87/1989 að öðru leyti en því að bætt er við orðinu „námsráðgjafi“ í 1. mgr. til samræmis við ákvæði 34. gr. þessa frumvarps.

Um 79. gr.

1. mgr. er óbreytt ákvæði 78. gr. grunnskólalaga, sbr. 44. gr. laga nr. 87/1989.

2. mgr. er viðbót sem er tilkomin vegna niðurstöðu umboðsmanns Alþingis um að óheimilt sé að innheimta efnisgjöld af nemendum og að sveitarfélögum beri að standa straum af öllum rekstrarkostnaði grunnskóla.

Um 80. gr.

Ákvæði 80. gr. grunnskólalaga eru hér felld að lögum nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Um 81. gr.

Óbreytt ákvæði 81. gr. grunnskólalaga, sbr. 46. gr. laga nr. 87/1989, að öðru leyti en því að fellt er út úr 1. mgr. ákvæði um ársreikninga skóla. Hliðstætt ákvæði kemur fram í lok 3. mgr.

Um 82. gr.

Óbreytt ákvæði 82. gr. grunnskólalaga, sbr. 47. gr. laga nr. 87/1989, að því frátöldu að talað er um kennsluráðgjöf og sálfræðiþjónustu í stað ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í samræmi við aðrar greinar frumvarpsins.

Um 83. gr.

Óbreytt ákvæði 83. gr. grunnskólalaga, sbr. 48. gr. laga nr. 87/1989.

Um XV. kafla.

Um 84. gr.

Engar athugasemdir.

Um 85. gr.

Verði frumvarp þetta að lögum falla úr gildi lög um grunnskóla, nr. 63/1974, með áorðnum breytingum, lög um heyrnleysingjaskóla, nr. 13/1962, svo og þau lagaákvæði er kunna að brjóta í bága við þau.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Um ákvæði til bráðabirgða vísast til inngangs að greinargerð.

Sþ. 193. Svar [20. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Inga Björns Albertssonar um ferðakostnað ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver var ferðakostnaður hvers ráðherra vegna ferðalaga til útlanda árið 1989 og fram til 1. október 1990?

Óskað er eftir svofelldri sundurliðun:

a. *hve margar ferðir hver ráðherra fór, hvert var farið og hve lengi hann dvaldist samtals erlendis;*
b. *fargjöld;*
c. *samanlagður hótelkostnaður (gisti- og fæðiskostnaður);*
d. *risna;*
e. *dagpeningagreiðslur, þar með talið álag á þær;*
f. *heildargreiðslur vegna maka (ferðakostnaður, dagpeningar o.fl.).*

Fyrirspurnin var send öllum ráðuneytum í Stjórnarráði Íslands með ósk um upplýsingar. Fara svör ráðuneytanna hér á eftir:

FORSÆTISRÁÐUNEYTI

a. 1. Fjöldi ferða: 1989: 10
1990: 7

2. Tilefni ferða 1989:

Íslandskynning í Amsterdam; Norðurlandaráðsþing í Stokkhólmi; forsætisráðherrafundur EFTA-ríkja í Ósló; fundur Alþjóðasamtaka frjálslyndra flokka; boðsferð til Ungverjalands; fundur NATO í Brussel; forsætisráðherrafundur Norðurlanda í Helsinki; alþjóðlegur fundur um EFTA–EB og Austur-Evrópu; aukaþing Norðurlandaráðs í Mariehamn; fundir í London og ráðstefna um EFTA–EB í Konstanz; NATO-fundur í Brussel.

Tilefni ferða 1990:

Fundur um Austur-Evrópu í Konstanz; opinber heimsókn til Lichtenstein; fundur hjá EB í Brussel; opinber heimsókn til Egyptalands; opinber heimsókn til Tékkóslóvakíu; umhverfismálafundur í Bergen; ráðherrafundur EFTA í Gautaborg; NATO-fundur í London; „Special Olympics" í Glasgow; leiðtogafundur Sameinuðu þjóðanna um velferð barna og heimsókn til Alumax og væntanlegra innflytjenda vatns.

3. Dagafjöldi erlendis: 1989: 51
1990: 56

		þús. kr.
b. Fargjöld Steingríms Hermannssonar:	1989:	645
	1990:	739
c. Hótelkostnaður alls:	1989:	712
	1990:	1.140
d. Risna:	1989:	179
	1990:	192

e. Dagpeningar Steingríms Hermannssonar að frádregnum sköttum:	1989:	573
	1990:	667
f. Greiðslur fyrir maka:		
Fargjöld:	1989:	545
	1990:	602
Dagpeningar að frádregnum sköttum:	1989:	315
	1990:	384

UTANRÍKISRÁÐUNEYTI

a. 1. Fjöldi ferða: 31

2. Hvert var farið: París, Ósló, Vín, Brussel, Kaupmannahöfn, Stokkhólmur, Færeyjar, Helsinki, Kristiansand, Bonn, London, Kanada, Tyrkland, Strassborg, New York, Genf, Dublin, Búdapest, Berlín, Turku, Lissabon og Turnberry.

3. Dagafjöldi erlendis: 1989: 114
1990: 68

		þús. kr.
b. Fargjöld:	1989:	1.504
	1990:	1.172
c. Hótelkostnaður:	1989:	1.949
(Eftir er að greiða hluta hótelkostnaðar)	1990:	979
d. Risna:	1989:	133
	1990:	9
e. Dagpeningar að frádregnum sköttum:	1989:	1.425
	1990:	924
f. Heildargreiðslur fyrir maka að frádregnum sköttum:	1989:	1.289
	1990:	1.120

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI

Halldór Ásgrímsson fór tvær ferðir ásamt maka á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á árinu 1989.

A. Á fund Norðurlandaráðs í Stokkhólmi 1.–3. mars og einnig til Belgíu vegna sjávarútvegsmála. Dómsmálaráðuneytið greiddi aðeins fargjald í þessari ferð 99.307 kr. fyrir Halldór og 49.653 kr. fyrir maka hans (samtals Halldór Ásgrímsson og maki: 148.960 kr.).

B. Á fund dómsmálaráðherra Evrópuráðsríkja í Haag, Hollandi, 19.–20. júní 1989 ásamt maka.

Fargjald Halldórs:	79.110 kr.	maka:	31.030 kr.
Hótel:	20.732 kr.		
Dagpeningar:	55.212 kr.	maka:	27.606 kr.
Samtals:	155.054 kr.		58.636 kr.
Samtals Halldór Ásgrímsson og maki:	213.690 kr.		

Óli Þ. Guðbjartsson fór eina ferð ásamt maka á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 1989, á fund Norðurlandaráðs á Álandseyjum 13.–14. nóvember 1989.

Fargjöld Óla:	90.700 kr.	maka:	50.210 kr.
Hótel:	22.404 kr.		
Risna:	20.038 kr.		
Dagpeningar:	80.325 kr.	maka:	40.163 kr.
Samtals:	213.467 kr.		90.373 kr.
Samtals Óli Þ. Guðbjartsson og maki:	303.840 kr.		

Ferðir dómsmálaráðherra, Óla Þ. Guðbjartssonar, frá 1. janúar til 1. nóvember 1990:

A. Fundur dómsmálaráðherra Evrópuráðsríkja í Istanbul 2.–8. júní 1990.

Fargjald Óla	160.810 kr.	maka:	160.810 kr.
Hótel:	176.302 kr.		
Dagpeningar:	171.647 kr.	maka:	85.824 kr.
Samtals:	508.759 kr.		242.304 kr.
Samtals Óli Þ. Guðbjartsson og maki:	755.393 kr.		

B. Fundur dómsmálaráðherra í Finnlandi 13.–15. ágúst 1990:

Fargjald Óla	104.020 kr.	maka:	55.330 kr.
Hótel:	161.696 kr.		
Dagpeningar:	123.631 kr.	maka:	61.816 kr.
Samtals:	389.347 kr.		117.146 kr.
Samtals Óli Þ. Guðbjartsson og maki:	506.493 kr.		
Samtals á árinu 1990:	1.261.886 kr.		

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI

Á árinu 1989 fór félagsmálaráðherra alls fimm sinnum utan í embættiserindum:

1. Fundur umhverfisráðherra í Finnlandi dagana 9.–11. janúar 1989:

Fargjald	72.730 kr.
Hótelkostnaður	17.219 kr.
Dagpeningar	37.555 kr.

2. Þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi dagana 2.–4. mars 1989:

Fargjald	75.060 kr.
Hótelkostnaður	5.925 kr.
Dagpeningar	42.578 kr.

3. Fundur Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf dagana 7.–11. júní 1989:

Fargjald	58.270 kr.
Hótelkostnaður	19.770 kr.
Risna	8.270 kr.
Dagpeningar	68.460 kr.

4. Fundur ráðherra jafnréttismála í Vín dagana 3.–7. júlí 1989:

Fargjald	35.330 kr.
Hótelkostnaður	35.612 kr.
Dagpeningar	69.781 kr.

5. Fundur ráðherra vinnumála í Kaupmannahöfn dagana 25.–27. okt. 1989:

Fargjald	65.810 kr.
Hótelkostnaður	14.947 kr.
Dagpeningar	45.351 kr.

Samtals kostnaður við fimm ferðir:

Fargjald	307.200 kr.
Hótelkostnaður	93.473 kr.
Risna	8.270 kr.
Dagpeningar	263.725 kr.
Samtals:	672.668 kr.

Frá áramótum hefur félagsmálaráðherra farið tvisvar utan í embættiserindum:

1. Fundur ráðherra húsnæðismála í EFTA–EB dagana 30. jan.–2. febr. 1990:

Fargjald	70.430 kr.
Hótelkostnaður	29.377 kr.
Dagpeningar	61.213 kr.

2. Fundur ráðherra jafnréttismála í Kaupmannahöfn dagana 4.–7. sept. 1990:

Fargjald	72.490 kr.
Hótelkostnaður	19.091 kr.
Dagpeningar	62.105 kr.

Samtals kostnaður við tvær ferðir:

Fargjald	142.920 kr.
Hótelkostnaður	48.468 kr.
Dagpeningar	123.318 kr.
Samtals:	314.706 kr.

Varðandi f-lið fyrirspurnarinnar skal tekið fram að ekki er um að ræða neinn kostnað vegna maka.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI

a. Fjármálaráðherra fór fjórar ferðir til útlanda árið 1989 og fram til 1. okt. 1990:

1. 4.–13. mars 1989: Moskva, Ósló (10 dagar), þar af 7 dagar á vegum ráðuneytis.
2. 18.–19. maí 1989: London (2 dagar).
3. 20. júlí –8. ágúst 1989: New York, Mexíkó (6 dagar greiddir af ráðuneyti).
4. 17.–19. júní 1990: Finnland, Noregur (3 dagar).

b. Fargjöld:

1. 39.370 kr.
2. 66.990 kr.
3. 60.160 kr. (⅔ greiddir af ráðuneyti).
4. 72.270 kr.

c. Samanlagður hótelkostnaður (gisti- og fæðiskostnaður):

1. 26.756 kr. (4 hótelnætur greiddar af ráðuneyti).
2. Hótel greitt af ráðherra.
3. 71.580 kr. (7 hótelnætur).
4. 46.971 kr.

d. Risna:

1. 3.986 kr.
2. 0 kr.
3. 0 kr.
4. 6.788 kr.

e. Dagpeningagreiðslur, þar með talið álag á þær:

1. 91.808 kr.
2. 26.787 kr.
3. 97.188 kr. (6 dagar greiddir af ráðuneyti).
4. 53.346 kr.

f. Heildargreiðslur fyrir maka (ferðakostnaður, dagpeningar o.fl.):

1. 71.778 kr.
2. Fór ekki með.
3. 87.494 kr.
4. Fór ekki með.

HAGSTOFA ÍSLANDS

Núverandi ráðherra Hagstofu Íslands hefur ekkert ferðast á vegum þessa ráðuneytis, hvorki á árinu 1989 né árinu 1990.

Júlíus Sólnes var ráðherra Hagstofu Íslands frá 10. september 1989 til 23. febrúar 1990. Þar sem hér var um tímabundna ráðstöfun að ræða og meginverkefni ráðherrans fólust í undirbúningi að stofnun umhverfisráðuneytis var allur kostnaður af starfsemi ráðherraskrifstofunnar færður hjá forsætisráðuneyti undir sérstökum lið með heitinu: umhverfisráðuneyti, undirbúningskostnaður.

HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI

a.

1. Mars 1989, ráðstefna um umhverfismál í London, Englandi.
2. Maí 1989, ársfundur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Genf, Sviss.

3. Júní – júlí 1989, fundur heilbrigðis- og félagsmálaráðherra Norðurlanda í Björgvin, Noregi.
4. September 1989, Evrópufundur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í París, Frakklandi.
5. Desember 1989, ráðstefna um umhverfismál í Frankfurt, Þýskalandi, og undirritun milliríkjasamnings í Lúxemborg.
6. Maí 1990, ársþing Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Genf, Sviss.
7. Júní 1990, fundur heilbrigðis- og félagsmálaráðherra Norðurlanda, Álandseyjum.

Samtals 7 ferðir og ferðadagar samtals 49.

b. Fargjöld Guðmundar Bjarnasonar:

47.620	kr.
62.330	kr.
81.230	kr.
84.650	kr.
73.180	kr.
96.920	kr.
174.830	kr.
620.760	kr.

c. Hótelkostnaður Guðmundar Bjarnasonar:

46.014	kr.
117.840	kr.
129.872	kr.
31.241	kr.
38.450	kr.
75.612	kr.
44.940	kr.
483.969	kr.

d. Risna: 26.718 kr.

e. Dagpeningar Guðmundar Bjarnasonar:

136.421	kr.
60.501	kr.
97.254	kr.
119.952	kr.
160.094	kr.
52.386	kr.
77.728	kr.
704.336	kr.

f. Heildargreiðslur fyrir maka:

26.260	kr.
84.650	kr.
57.840	kr.
31.620	kr.
37.763	kr.
68.210	kr.
38.865	kr.
42.840	kr.
388.048	kr.

IÐNAÐARRÁÐUNEYTI

Hvert farið	Dagar	Fargjöld	Dvalar-kostnaður	Dagpen-ingar	Risna	Annar kostnaður	Samtals	Þar af fyrir maka
Stokkhólmur[1]	8	105.290	233.391	169.675		36.833	545.189	109.203
Yveskylä	4	90.180	27.338	54.406		31.483	203.407	
Zürich	5	82.990	77.447	75.211		9.893	245.541	
Stokkhólmur og Björgvin	5	77.490	24.592	92.855		9.071	204.008	
Kaupmannahöfn	3	65.810	47.583	46.215		18.236	177.844	
Samtals 1989	25	421.760	410.351	438.362	0	105.516	1.375.989	109.203
París	4	83.520	52.061	61.135		4.254	200.970	
Helsinki, París og London	9	127.180	30.048	212.558		54.833	424.619	134.443
Óðinsvé	4	109.320	34.140	94.118	5.845	8.452	251.875	67.813
Ottava	6	125.770	53.103	94.520		2.076	275.469	
Amsterdam og London	2	97.440	26.990	30.984		9.895	165.309	
Búdapest, Washington og New York	8	400.720	54.731	194.095		18.296	667.842	265.058
Samtals 1990	33	943.950	251.073	687.410	5.845	97.806	1.986.084	467.314
Samtals	58	1.365.710	661.424	1.125.772	5.845	203.322	3.362.073	576.517

1) Kostnaður greiddur af skrifstofu samstarfsráðherra Norðurlandaráðs.

LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI

Utanlandsferðir landbúnaðarráðherra 1989:

a. Tvær ferðir: 1. Vestur-Þýskaland. 2. Finnland. Samtals 13 dagar.
b. Fargjöld . . . . . 151.450 kr.
c. Hótelkostnaður . . . . . 23.823 kr.
d. Risna . . . . . 33.937 kr.
e. Dagpeningar . . . . . 169.639 kr.
f. Greiðslur fyrir maka . . . 89.274 kr.

Utanlandsferðir landbúnaðarráðherra 1. jan.–30. sept. 1990:

a. Tvær ferðir: 1. Noregur. 2. Grænland. Samtals 8 dagar.
b. Fargjöld . . . . . 103.302 kr.
c. Hótelkostnaður . . . . . 13.117 kr.
d. Risna . . . . . 0 kr.
e. Dagpeningar . . . . . 118.645 kr.
f. Greiðslur fyrir maka . . . 63.791 kr.

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI

Ferðir Svavars Gestssonar menntamálaráðherra til útlanda 1989–1990:

Ferðir 1989:	Fargjald	Dagpeningar	Hótelkostnaður	Annað	Samtals
Þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi 26. febr.–3. mars:	69.890	66.596	65.545		202.031
Ráðherranefnd mennta- og menningarmála á Norðurlöndum í Kaupmannahöfn 13.–14. mars:	59.930	28.106			88.036
Ráðherranefnd mennta- og menningarmála á Norðurlöndum í Kaupmannahöfn 18.–20. apríl:	62.380	20.431	17.501		100.312
Fundur menntamálaráðherra Norðurlanda í Kaupmannahöfn, Evreka-fundur í Vín og opinber heimsókn til Finnlands 14. júní – 6. júlí (maki með):	227.060	318.142	33.641	17.750	596.593
Opinber heimsókn til Kanada 31. júlí–8. ágúst (maki með):	218.240	206.573	8.720		433.533
Bókamessa í Gautaborg 9. sept.:	66.540	16.851			83.391
Ráðherranefnd mennta- og menningarmála á Norðurlöndum í Kaupmannahöfn 14.–15. sept.:	65.560	13.815	28.405		107.700
Undirritun Evreka-Audiovisuelle samnings í París 1.–3. okt.:	78.160	27.866			106.026
Aðalfundur UNESCO í París 17.–20. okt.:	61.180	47.513	30.704		139.397
Íslensk myndlistarsýning í London og Hull 27.–28. okt.:	82.300	23.206			105.506
Ráðherranefnd mennta- og menningarmála á Norðurlöndum í Kaupmannahöfn 25.–28. nóv.:	42.450	36.247	57.013		135.710
Ferðir til 1. okt. 1990:					
Ferð til Nuuk á Grænlandi 20.–22. febrúar:	61.130	28.742			89.872
Ráðherranefnd mennta- og menningarmála á Norðurlöndum í Kaupmannahöfn 8.–10. maí:	72.490	29.072	29.985		131.547
Evreka-fundur í Róm, ferð til Kaupmannahafnar á ráðherrafund og til Leníngrad með forseta Íslands 31. maí – 13. júní:	276.302	171.508		10.440	458.250
Bókamessa í Gautaborg og ráðherrafundur Evrópuráðsins í Lissabon 8.–16. sept.:	148.150	82.757	48.940		279.847

SAMGÖNGURÁÐUNEYTI

Utanlandsferðir Steingríms J. Sigfússonar samgönguráðherra frá 1. janúar 1989 til 30. september 1990:

	Dagar	Fargjöld	Dag-peningar	Gisting	Risna
1989:					
Febrúar, opnun Íslandskynningar í Lúxemborg:	2	25.623			
Mars, þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi og ráðstefna um klóróflúrkolefni og eyðingu ósonlagsins í London:	6	78.510	82.887	34.375	50.445
Maí, ferð til Bandaríkjanna vegna komu nýrrar flugvélar Flugleiða:	3		38.075		
September, opinber ferð samgönguráðherra til Egyptalands:	8	76.049	119.294		
Nóvember, fundur samgönguráðherra Norðurlandanna í Mariehamn:	4	84.500	60.752	13.411	
Desember, fundur vegna ferðamálaárs Evrópu í Frakklandi:	4	74.210	61.880	20.060	
Samtals	27	313.269	388.511	67.846	50.445
Samtals 1989:	820.071				
1990:					
Mars, ferðakaupstefna og boð fyrir ráðherra í Berlín, opinber heimsókn til Ungverjalands og heimsókn til íslenskra ferðamálaaðila í Frankfurt:	8	110.850	121.108	15.790	
Apríl, ráðstefna um ferðamál vegna ferðamálaárs Evrópu 1990:	4	111.850	60.509		
Maí, ferð til Baltimore vegna opnunar á nýrri flugleið:	4		60.580		
September, ráðstefna um samgöngur á Norðvestursvæðinu (Vest Norden) á Grænlandi:	4	93.000	62.262	18.852	
September, ráðstefna um ferðamál á vegum Íslensk-amerísku verslunarráðsins í Washington:	4	105.840	61.978	25.654	
Samtals	24	421.540	366.437	60.296	0
Samtals 1990:	848.273				

Utanlandsferðir Bergnýjar Marvinsdóttur, eiginkonu samgönguráðherra, sömu tímabil:

1989:					
Maí, ferð til Bandaríkjanna vegna komu nýrrar flugvélar Flugleiða:	3		19.037		
September, opinber ferð samgönguráðherra til Egyptalands:	8	60.898	59.648		
Samtals	11	60.898	78.685		
Samtals 1989:	139.583				
1990:					
Mars, ferðakaupstefna og boð fyrir ráðherra í Berlín, opinber heimsókn til Ungverjalands og heimsókn til íslenskra ferðamálaaðila í Frankfurt:	8	110.850	60.554		
September, ráðstefna um ferðamál á vegum Íslensk-amerísku verslunarráðsins í Washington:	4	58.570	30.989		
Samtals	12	169.420	91.543		
Samtals 1990:	260.963				

SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTI

A. Sjávarútvegsráðherra fór 12 ferðir utan á tilgreindu tímabili og dvaldist samanlagt í 83 daga erlendis. Ferðirnar voru sem hér segir:

1. Jan. 1989: Stokkhólmur. Á vegum Norræna fjárfestingarbankans, fundur um umhverfismál, 3 dagar.
2. Mars 1989: Stokkhólmur. Þing Norðurlandaráðs, 5 dagar, og fundur um Efnahagsbandalagið í Brussel, 4 dagar, samtals 9 dagar.
3. Apríl 1989: Þýskaland, opinber heimsókn, 8 dagar.
4. Júní 1989: Bandaríkin, San Diego og ársfundur Alþjóðahvalveiðiráðsins, 10 dagar.
5. Sept. 1989: Svíþjóð, Visby, fundur um Efnahagsbandalagið, 3 dagar.
6. Okt. 1989: Opinber heimsókn til Sovétríkjanna, 7 dagar, og viðræður við sjávarútvegsráðherra EB-ríkja, 4 dagar, samtals 11 dagar.
7. Okt. 1989: ANUGA-sýningin í Köln á vegum Útflutningsráðs, 3 dagar.
8. Jan. 1990: Boð borgarstjórans í Berlín á sýninguna „Græna vikan", 4 dagar.
9. Mars 1990: Opinber heimsókn til Japans, 8 dagar, heimsókn til íslensku fisksölufyrirtækjanna í Bandaríkjunum og Boston Seafood, 4 dagar, samtals 12 dagar.
10. Júlí 1990: Holland, ársfundur Alþjóðahvalveiðiráðsins, 8 dagar.
11. Ágúst 1990: Danmörk, norræna fiskimálaráðstefnan og fundur sjávarútvegsráðherra Norðurlanda, 6 dagar.
12. Sept. 1990: Opinber heimsókn til Grænlands, 6 dagar.

B. Fargjöld samtals:	960.000 kr.
C. Samanlagður hótelkostnaður (gisti- og fæðiskostn.):	794.000 kr.
D. Risna:	146.000 kr.
E. Dagpeningagreiðslur, þar með talið álag:	1.150.000 kr.
F. Heildargreiðslur f. maka (ferðakostn., dagpen. o.fl.):	917.000 kr.
Samtals	3.967.000 kr.

UMHVERFISRÁÐUNEYTI

1. Fundur umhverfis- og heilbrigðisráðherra í Frankfurt dagana 7.–9. desember 1989:

Dagar:	5	
Fargjöld:	57.620 kr.	
Hótelkostnaður:	52.780 kr.	
Dagpeningar:	98.243 kr.	
Heildarkostnaður:		208.643 kr.

2. Norðursjávarráðstefna í Haag dagana 7. og 8. mars 1990:

Dagar:	4	
Fargjöld:	69.330 kr.	
Hótelkostnaður:	26.209 kr.	
Leigubílar:	3.666 kr.	
Dagpeningar:	51.782 kr.	
Ferðakostnaður maka:	61.400 kr.	
Heildarkostnaður:		212.387 kr.

3. Umhverfisráðstefna í Kanada dagana 17.–25. mars 1990:

Dagar:	8	
Fargjöld:	104.480 kr.	
Hótelkostnaður:	90.421 kr.	
Leigubílar:	2.150 kr.	
Risna:	15.458 kr.	
Dagpeningar:	94.869 kr.	
Ferðakostnaður maka:	121.666 kr.	
Heildarkostnaður:		429.044 kr.

4. Fundur umhverfisráðherra EFTA dagana 6. og 7. apríl 1990:

Dagar:	3	
Fargjöld:	95.000 kr.	
Hótelkostnaður:	16.642 kr.	
Leigubifreiðar:	2.156 kr.	
Dagpeningar:	37.283 kr.	
Heildarkostnaður:		151.081 kr.

5. Fundur umhverfisráðherra ECE-ríkja í Björgvin, Noregi, dagana 12.–24. maí 1990:

Dagar:	13	
Fargjöld:	58.045 kr.	
Hótelkostnaður:	133.596 kr.	
Símakostnaður:	18.928 kr.	
Dagpeningar:	112.876 kr.	
Ferðakostnaður maka:	85.752 kr.	
Heildarkostnaður:		409.197 kr.

6. Ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um verndun ósonlagsins í London dagana 27.–29. júní 1990:

Dagar:	6	
Fargjöld:	60.140 kr.	
Hótelkostnaður:	121.894 kr.	
Sími:	20.213 kr.	
Dagpeningar:	72.328 kr.	
Ferðakostnaður maka:	73.084 kr.	
Heildarkostnaður:		347.659 kr.

7. Heimsókn í kjarnorkustöðina í Dounreay 30. júlí 1990.
Fundur stjórnarnefndar UNEP í Nairobi 1.–3. ágúst 1990.
Fundur undirbúningsnefndar ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Brasilíu í Nairobi dagana 5.–10. ágúst:

Dagar:	15	
Fargjöld:	217.306 kr.	
Hótelkostnaður:	44.652 kr.	
Sími:	4.630 kr.	
Dagpeningar:	187.381 kr.	
Ferðakostnaður maka:	279.216 kr.	
Heildarkostnaður:		733.185 kr.

Heildaryfirlit:

Ferðir:	7	
Dagar:	54	
Fargjöld:	661.921 kr.	
Hótelkostnaður:	486.194 kr.	
Sími og leigubifreiðar:	51.743 kr.	
Dagpeningar (að frádregnum skatti):	654.762 kr.	
Risna:	15.458 kr.	
Ferðakostnaður maka:	621.118 kr.	
Heildarkostnaður:		2.491.196 kr.

VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Hvert farið	Dagar	Fargjöld	Dvalar-kostnaður	Dagpen-ingar	Risna	Annar kostnaður	Samtals	Þar af fyrir maka
Washington	5	65.590	23.949	78.660			168.199	
París	5	147.900	57.164	181.743	36.375		423.182	109.881
Washington [1]	9	175.660	130.053	175.498			481.211	117.052
Samtals 1989	19	389.150	211.166	435.901	36.375		1.072.592	226.933
París	4	81.230	60.295	61.357	7.861		210.743	
Brussel	5	138.840	32.128	114.222	11.016		296.206	107.494
París og Bonn	5	82.800	42.407	38.102	8.838		172.147	
París [2]	6	5.770	107.420	92.294			205.484	48.400
Washington [3]	7	0	112.230	164.072			276.302	54.691
Samtals 1990	27	308.640	354.480	470.047	27.715		1.160.882	210.585
Samtals	46	697.790	565.646	905.948	64.090		2.233.474	437.518

1) Endurgreitt af IBRD 206.227 kr.
2) Fargjald greitt af iðnaðarráðuneyti. Ferð talin þar einnig.
3) Fargjald greitt af iðnaðarráðuneyti. Ferð talin þar einnig.

Nd. 194. Frumvarp til laga [175. mál]

um Slysavarnaskóla sjómanna.

Flm.: Árni Gunnarsson, Matthías Bjarnason, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Guðmundur G. Þórarinsson, Málmfríður Sigurðardóttir, Hjörleifur Guttormsson, Stefán Valgeirsson, Matthías Á. Mathiesen, Kristín Einarsdóttir, Ásgeir Hannes Eiríksson, Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Slysavarnaskóli sjómanna er miðstöð almennrar fræðslu um öryggismál sjómanna og fer Slysavarnafélag Íslands með yfirstjórn skólans er starfar á vegum þess og ábyrgð. Markmið Slysavarnaskóla sjómanna er að veita sjómönnum fræðslu um meðferð björgunar- og öryggisbúnaðar, um slysavarnir og að miðla upplýsingum um öryggismál sjómanna.

2. gr.

Slysavarnaskóli sjómanna skal halda námskeið fyrir alla starfandi sjómenn um öryggis- og björgunarmál á helstu útgerðarstöðum landsins.

Þá annast skólinn öryggis- og slysavarnafræðslu fyrir nemendur í skipstjórnar- og vélstjóranámi í framhaldsskólum.

Aðalkennslugreinar Slysavarnaskóla sjómanna eru: Fræðsla um öryggismál, slysavarnir, björgunaraðferðir, skyndihjálp, flutningur sjúkra og slasaðra, meðferð björgunarbúnaðar, slökkvibúnaðar og reykköfunartækja.

3. gr.

Það er skilyrði lögskráningar í skipsrúm að skipverji, sem skylt er að lögskrá samkvæmt lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, hafi lokið grunnnámi í Slysavarnaskóla sjómanna samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

4. gr.

Samgönguráðherra tilnefnir af sinni hálfu tvo fulltrúa til setu í skólanefnd og Slysavarnafélag Íslands þrjá fulltrúa og er einn þeirra formaður nefndarinnar. Meginhlutverk skólanefndar er að fjalla um málefni Slysavarnaskóla sjómanna, einkum varðandi tækjakaup og búnað hans, viðhald, framkvæmdir og áframhaldandi uppbyggingu.

Skólanefnd Slysavarnaskóla sjómanna gerir tillögur til stjórnar Slysavarnafélags Íslands um námskeiðahald, námsskrá og lengd námskeiða á vegum skólans.

5. gr.

Skólanefnd ræður skólastjóra Slysavarnaskóla sjómanna en um mannaráðningar fer samkvæmt lögum Slysavarnafélags Íslands.

6. gr.

Kostnaður við rekstur skólans skal greiddur úr ríkissjóði. Slysavarnafélag Íslands gerir fjárhagsáætlun fyrir skólann og leggur fyrir samgönguráðuneytið til staðfestingar.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 3. gr. skulu þó ekki koma að fullu til framkvæmda fyrr en að fimm árum liðnum frá gildistöku laganna.

Greinargerð.

Slysavarnaskóli sjómanna hefur nú starfað í rösk fimm ár og er nú orðinn einn mikilvægasti þátturinn í starfi Slysavarnafélags Íslands. Skólinn hefur fengið rekstrarfé á fjárlögum. Tilgangurinn með þessu frumvarpi er að löggilda skólann og tryggja að allir sjómenn, sem lögskráðir eru á íslensk skip, hafi lokið þar námi. Löggilding skólans tryggir enn fremur fastar fjárveitingar til hans sem veitir mikið öryggi við allan rekstur hans.

Undirbúningur.

Veturinn 1983 hófust viðræður á milli Slysavarnafélags Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands um að koma á fót þjálfunarmiðstöð þar sem áhafnir skipa gætu sótt námskeið í meðferð björgunarbúnaðar og gætu fengið verklega fræðslu. Upphaflega var hugmyndin sú að til þessara verka yrði fengið gamalt skip sem rennt yrði á grunn og notað við kennslu og æfingar. Einnig yrði aðstaða í landi, t.d. fyrir æfingar með slökkvitæki og fleira.

Landssamband slökkviliðsmanna lýsti áhuga á að eiga aðild að slíkri miðstöð þar sem einnig yrði aðstaða til að æfa slökkviliðsmenn. Rætt var um Eiðið úti í Geldinganes við Reykjavík eða Skerjafjörðinn sem heppileg svæði fyrir þessa starfsemi. Fyrirmyndin var skóli í Noregi, Statens Havarivernskole, sem þar hefur starfað í nokkur ár með góðum árangri.

Þessi mál voru rædd við samtök útgerðarmanna, bæði kaupskipa og fiskiskipa, fulltrúa vátryggingafélaga og fulltrúa frá þingflokkunum. Undirtektir voru jákvæðar þegar í byrjun.

Á landsþingi Slysavarnafélags Íslands í Vestmannaeyjum 1984 voru öryggismál sjómanna mjög til umræðu. Þar voru gerðar ítarlegar ályktanir sem stjórn Slysavarnafélags Íslands reyndi að fylgja eftir. Þetta ár var haldið áfram viðræðum Slysavarnafélags Íslands, Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands um stofnun fræðslu- og þjálfunarmiðstöðvar sjómanna. Í nóvember 1984 lá fyrir áfangaskýrsla öryggismálanefndar sjómanna þar sem hvatt var til fastra námskeiða fyrir sjómenn. Slysavarnafélag Íslands réð mann til starfa þegar 1. desember þetta ár og hóf hann undirbúning. Leitað var samstarfs við eftirtalda aðila, auk þeirra samtaka sjómanna sem áður voru nefnd: Landssamband íslenskra útvegsmanna, Samband íslenskra kaupskipaútgerða, Siglingamálastofnun ríkisins, Samband íslenskra tryggingafélaga, Landssamband slökkviliðsmanna, Brunamálastofnun ríkisins, Stýrimannaskólann í Reykjavík, Vélskóla Íslands, Landhelgisgæslu Íslands og Fiskifélag Íslands. Haldinn var fundur með fulltrúum flestra þessara aðila í desember og lagt á ráðin um starfið.

Að þessum fundahöldum loknum var stofnuð undirnefnd sem í áttu sæti fulltrúar Slysavarnafélags Íslands, sjómannasamtakanna, Landssambands slökkviliðsmanna og Siglingamálastofnunar ríkisins. Varð að ráði að hefja starfið með fræðslu- og kynningarfundum sem víðast. Strax voru haldnir fundir í flestum verstöðvum á Suðurnesjum, Suðurlandi og á Austfjörðum, frá Höfn að Vopnafirði. Einnig voru fundir á Húsavík, Skaga-

strönd og Ísafirði. Björgunarsveitarfélagar í Bolungarvík héldu einnig fjölmennan fræðslufund.

Á framangreindum fundum var lögð áhersla á að gera mönnum grein fyrir þýðingu góðrar þekkingar og æfinga í meðferð öryggistækja. Undirtektir voru þegar mjög góðar og leiddu umræðurnar oft til þess að áhafnir skipa héldu fljótlega æfingar og hlutuðust til um kaup nýrra öryggistækja.

Erindreki Slysavarnafélags Íslands fór til Noregs til að kynna sér fræðslustarf meðal sjómanna þar og í maí 1985 var síðan haldið tilraunanámskeið í Reykjavík. Námskeiðið var skipulagt af Slysavarnafélagi Íslands og Landssbandi slökkviliðsmanna.

Veturinn 1985 var skipuð nefnd fulltrúa samgönguráðuneytisins, Slysavarnafélags Íslands, Siglingamálastofnunar og öryggismálanefndar sjómanna til að fjalla frekar um þessi mál og hvernig væri rétt að standa að þeim til frambúðar. Þá var m.a. til umræðu að miðstöð þessarar starfsemi yrði hjá Slysavarnafélagi Íslands og var því lýst yfir af hálfu félagsins að það væri reiðubúið að taka hlutverkið að sér.

Fyrsta árið.

Í skýrslu Haraldar Henrýssonar, forseta Slysavarnafélags Íslands, árið 1986, segir á þessa leið:

„Í síðustu ársskýrslu stjórnar var rætt um undirbúning að aukinni öryggisfræðslu sjómanna sem þá stóð yfir. Hefur verið unnið áfram að þeim málum og er nú óhætt að fullyrða að þau séu komin á það góðan rekspöl að tryggt ætti að vera að hér verði um fast og skipulegt starf að ræða til frambúðar og að miðstöð þess verði hjá Slysavarnafélaginu en unnið í samstarfi við marga aðila.

Á sl. ári var starfandi nefnd, skipuð af Matthíasi Bjarnasyni samgönguráðherra, til að fjalla um fræðslumál sjómanna. Í nefndinni áttu sæti: Ólafur St. Valdimarsson, ráðuneytisstjóri samgönguráðuneytisins, formaður, Magnús Jóhannesson siglingamálstjóri, Árni Johnsen alþingismaður og undirritaður. Nefndin skilaði áliti um þessi mál hinn 11. október 1985. Var það aðaltillaga hennar að þegar yrði hafist handa um að halda 3–4 daga námskeið fyrir sjómenn um öryggismál á sama gundvelli og SVFÍ hafði verið með að undanförnu og yrðu þessi námskeið haldin á öllum helstu útgerðarstöðum á landinu. Var nefndin og sammála um að góður árangur Slysavarnafélagsins og reynsla í námskeiðahaldi um öryggismál gerði það sjálfsagt að félaginu yrði falið að annast framkvæmd þessara námskeiða í samráði við nefndina.

Nefndin lagði áherslu á að tillögur hennar um námskeiðahald væru aðeins til bráðabirgða og til þess fyrst og fremst að bæta úr brýnni þörf. Jafnhliða verði að vinna að því að fastur samastaður verði fyrir þessa kennslu þar sem unnt verði að halda lengri og fjölbreyttari námskeið. Nauðsyn sé og að halda endurþjálfunarnámskeið, þannig að mönnum gefist kostur á að byggja upp og endurnýja þjálfun sína frá byrjunarnámskeiðum. Lagði nefndin áherslu á að sú stefna verði mörkuð að enginn, sem hefur ekki starfað áður á sjó, verði ráðinn í skiprúm, hvorki undirmenn né yfirmenn, nema þeir hafi hlotið lágmarksöryggisfræðslu.

Að lokum lagði nefndin til að teknar yrðu inn á fjárlög ársins 1986 10 milljónir króna til námskeiðahalds á því ári, og lagði samgönguráðherra þá tillögu fyrir fjárveitinganefnd Alþingis.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár var veitt 5,5 millj. kr. til þessa starfs og þótt vonbrigðum hafi valdið að ekki skyldi lengra gengið til móts við tillögur nefndar-

innar tryggði þessi fjárveiting samt að unnt var að halda því starfi áfram sem félagið hóf í þessum efnum á síðasta ári. Mörg námskeið hafa þegar verið haldin á árinu og verður kappkostað að hafa þau sem flest, eftir því sem mannafli og fjármagn leyfir. Þorvaldur Axelsson, sem í fyrra var ráðinn til eins árs til að sinna þessari starfsemi, hefur nú verið ráðinn til frambúðar og er deildarstjóri þessa þáttar í starfinu sem við köllum gjarna slysavarnaskólann. Auk hans hefur verið ráðinn sem fastur starfsmaður við þennan þátt Þórir Gunnarsson slökkviliðsmaður, fyrrum formaður björgunarsveitarinnar Alberts á Seltjarnarnesi. Reyndar hafði hann unnið talsvert áður en hann var ráðinn fastur starfsmaður, en hann og Höskuldur Einarsson, formaður Landssambands slökkviliðsmanna hafa verið leiðbeinendur ásamt Þorvaldi á flestum námskeiðunum frá upphafi. Einnig vann Erna Antonsdóttir, erindreki félagsins, mjög mikið með þeim félögum að undirbúningi og uppbyggingu námskeiðanna í upphafi og var þar einnig leiðbeinandi. Öll eiga þau miklar þakkir skildar fyrir þann mikla áhuga og alúð sem þau hafa lagt í þetta starf sem var ákaflega þýðingarmikið og dýrmætt, einmitt þegar verið var að leggja að því grundvöll. Af hálfu SVFÍ er kappkostað að þau námskeið, sem haldin eru, séu vönduð og að menn fái þar staðgóða og markvissa fræðslu, bæði bóklega og verklega, enda þótt ljóst sé að sá tími, sem námskeiðunum er ætlaður, sé mjög knappur. Á námskeiðunum er farið yfir flesta þætti öryggismála og auk hinna föstu leiðbeinenda hafa oft verið kallaðir til leiðbeinendur frá ýmsum aðilum, svo sem Siglingamálastofnun ríkisins, Landhelgisgæslu Íslands, Líffræðistofnun Háskólans og fleiri aðilum og er hér með þakkað framlag þeirra. Sérstaklega skal þakkað það framlag Landhelgisgæslunnar að senda oft þyrlu sína til að taka þátt í æfingum á námskeiðunum. Þá hafa björgunarsveitir SVFÍ á hinum ýmsu stöðum lagt námskeiðunum til mikla aðstoð með mannafla og tækjum, svo og slökkvilið hinna einstöku staða sem hafa aðstoðað við æfingar í slökkvistörfum og reykköfun. Það er ánægjulegt að finna hversu mikill áhugi ríkir á framgangi þessa máls. Áhugi sjómanna á þátttöku í slíkum námskeiðum hefur mjög aukist, eftir því sem spurst hefur meira frá þeim, og skilningur útgerðarmanna einnig farið vaxandi.

Varðskipið Þór.

Á árinu 1984 skrifuðu SVFÍ, FFSÍ og SSÍ ríkinu bréf með ósk um að varðskipið Þór, sem þá hafði verið lagt, yrði afhent til öryggisfræðslu sjómanna. Engin viðbrögð bárust lengi vel við þessu bréfi. Á síðastliðnu hausti, þegar verið var að flytja skipið úr Reykjavíkurhöfn suður í Straumsvíkurhöfn og helst virtist liggja fyrir skipinu að verða selt í brotajárn, var af hálfu SVFÍ vakin athygli þáverandi fjármálaráðherra, Alberts Guðmundssonar, á þessu máli og var það einkum fyrir milligöngu Árna Johnsens alþingismanns. Fjármálaráðherra ákvað að bjóða SVFÍ skipið til kaups fyrir eitt þúsund krónur. Var gengið að því góða boði og þar með var þetta merka skip orðið eign félagsins. Hér skal ítrekað þakklæti til þáverandi fjármálaráðherra og ríkisstjórnarinnar fyrir þann skilning sem þessu máli var sýndur með þessari ákvörðun.

Segja má um þetta að vandi fylgi vegsemd hverri. Tilkoma skipsins undir merki félagsins leggur því ýmsar skyldur á herðar, m.a. allmiklar fjárhagslegar, sem enn á eftir að kanna til fulls hvernig unnt er að uppfylla. Á hinn bóginn er ljóst að skipið gefur okkur marga góða möguleika í starfi að öryggismálum sjómanna og björgunarmálum sem þýðingarmikið er að við getum nýtt okkur. Fyrsta verkefni okkar var að koma skipinu í legupláss þar sem unnt yrði að nýta það strax til þeirra verkefna sem því eru ætluð, þ.e. að hýsa Slysavarnaskóla sjómanna. Fyrir góðan skilning og velvilja hafnaryfirvalda í

Reykjavík fékkst allgott bryggjupláss til bráðabirgða. Var síðan hafist handa um að breyta skipinu og undirbúa það til hins nýja hlutverks síns. Innréttaður hefur verið kennslusalur og skipið gert að mestu klárt til að námskeiðahald geti hafist þar um borð í Reykjavíkurhöfn. Sótt var um styrk til Fiskimálasjóðs vegna þessara framkvæmda og samþykkti hann að veita eina milljón króna í styrk til þeirra. Einnig hafa félaginu borist nokkrar gjafir vegna Þórs. Farmanna- og fiskimannasambandið afhenti 250.000 kr. og einnig gaf Kvennadeild SVFÍ í Reykjavík sömu fjárhæð til skipsins. Þá tilkynnti Vélsmiðja Olsen í Njarðvík að hún gæfi til skipsins losunarbúnað fyrir gúmmíbjörgunarbáta, sem hún smíðar, bæði handstýrðan og sjálfvirkan, til að nota við kennslu og æfingar og mundi hún einnig sjá um uppsetningu búnaðarins. Eru allar þessar gjafir mikils virði og eru hér færðar bestu þakkir fyrir þær.

Rætt hefur verið við menntamálaráðherra um að sjómannaskólarnir og sjóvinnunámskeið grunnskólanna fái öryggisfræðslu um borð í Þór og greiði ráðuneytið fyrir þá þjónustu. Einnig hefur verið rætt við borgarstjórann í Reykjavík um að vinnuflokkar í unglingavinnu borgarinnar sjái að hluta til um viðhaldsvinnu um borð í skipinu á sumrin og fái þar um leið fræðslu um sjóvinnu, öryggismál og björgunarmál. Eru allar líkur á að sú starfsemi hefjist þegar í sumar.

Fram undan er mikið verkefni til að gera það mögulegt að við getum siglt skipinu milli hafna og haldið þar námskeið og æfingar og einnig til að við getum nýtt skipið enn frekar í þágu slysavarna og björgunarmála."

Uppbygging og þróun.

Árið 1986 sóttu 600–700 sjómenn námskeið Slysavarnaskóla sjómanna og um mitt árið 1987 voru þeir yfir 1.000. Á árinu 1986 var veitt 5,5 millj. kr. til öryggisfræðslu sjómanna samkvæmt fjárlögum. Heildarútgjöld vegna fræðslunnar námu hins vegar hátt á sjöundu milljón króna. Árið 1987 voru 8 millj. kr. á fjárlögum. Auk þess afhenti Halldór Ásgrímsson sjávarútvegsráðherra félaginu 8 millj. kr. í október, en það var samkvæmt lögum sem samþykkt voru fyrr á árinu um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins og stóð þetta fé eftir af eignum Tryggingasjóðs.

Í skýrslu Slysavarnafélags Íslands fyrir árið 1987 er fjallað um þátt Sæbjargar í fræðslustarfinu. Þar segir m.a.:

„Miðstöð Slysavarnaskóla sjómanna er um borð í Sæbjörgu og þar um borð hafa verið haldin þau námskeið sem verið hafa í Reykjavík. Unnið hefur verið að ýmsum endurbótum og viðhaldi í skipinu með það í huga að unnt verði að nota það til þessa starfs. Hér hafa margir lagt hönd á plóginn, bæði innan félags okkar og utan. Á síðasta sumri unnu vinnuflokkar úr unglingavinnu Reykjavíkurborgar við ýmis störf um borð í skipinu, málningu, þrif o.fl., undir aðalumsjón Ásgríms Björnssonar og hlutu unglingarnir jafnframt fræðslu og tilsögn varðandi slysavarnir og björgunarmál. Var þetta ákaflega ánægjulegur þáttur og er sérstök ástæða til að þakka borgarstjóranum í Reykjavík og borgaryfirvöldum fyrir þann skilning sem þau sýndu í þessu máli.

Í vetur hefur einkum verið unnið að því að yfirfara aðra aðalvél skipsins og að öðru leyti að búa skipið undir að geta siglt. Er fyrsta ferðin farin nú í maímánuði til Vestmannaeyja þar sem námskeið verða haldin en síðan verður skipinu siglt til Akureyrar í tengslum við aðalfund félagsins á Hrafnagili og verða haldin námskeið í Eyjafirði í tengslum við þá ferð.

Með þessu hefur ísinn verið brotinn. Fram undan er hins vegar að tryggja til fram-

búðar fjárhagslegan grundvöll útgerðar skipsins sem skólaskips er sigli umhverfis landið. Er ljóst að þar bíða okkar mikil verkefni. Einnig er að því stefnt að koma upp aðstöðu í landi í nágrenni Reykjavíkur þar sem unnt verði að hafa æfingar varðandi slökkvistörf og eldvarnir.

Á síðasta ári var varið um það bil 5 millj. kr. til endurbóta og viðhalds á Sæbjörgu, en ljóst er að sú fjárhæð hefði orðið miklu hærri ef ekki hefði notið mikilvægrar aðstoðar sjálfboðaliða og annarra. Framlög og gjafir til skipsins námu samtals 4,5 millj. kr., þar af voru seld gjafabréf fyrir um það bil 1,7 millj. kr. Í síðustu ársskýrslu var getið framlags Fiskimálasjóðs, kvennadeildar SVFÍ í Reykjavík og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands en hér skal nefnt til viðbótar framlag frá svd. Eykyndli í Vestmannaeyjum, 100.000 kr., sem afhent var í tengslum við landsþingið 1986."

Árið 1988 var allt starf Slysavarnaskóla sjómanna komið í fast form. Árið 1987 sóttu 1.500 manns námskeið og æfingar hjá skólanum. Auk venjulegra námskeiða voru margvíslegar æfingar og leiðbeiningarþjónusta á vegum skólans, einkum um notkun flotbjörgunarbúninga.

Námskeið skólans, sem flest standa í fjóra daga, höfðu þá verið haldin víða um land, en flest um borð í Sæbjörgu í Reykjavík. Allmargar skipshafnir höfðu þá komið til Reykjavíkur og gist í Sæbjörgu. Mikill áhugi var á því að sigla Sæbjörgu sem víðast til námskeiðahalds, en slök fjárráð komu í veg fyrir það. Þó var siglt til Vestmannaeyja og Akureyrar 1987.

Í byrjun árs 1988 höfðu á þriðja þúsund manns sótt námskeið Slysavarnaskólans frá því hann var stofnaður í maí 1985. Árið 1988 fól Matthías Á. Mathiesen samgönguráðherra nefnd, sem starfað hafði á vegum ráðuneytisins, að hafa umsjón með því að skólanum yrðu tryggðar árlegar fastar tekjur og að semja starfsreglur fyrir öryggisfræðslu sjómanna er hann undirritaði fyrir hönd ráðuneytisins. Þá var gerður sérstakur samningur við menntamálaráðuneytið um að Slysavarnaskóli sjómanna sjái nemendum Stýrimannaskólans og Vélskólans fyrir fræðslu um öryggismál. Svavar Gestsson menntamálaráðherra undirritaði þetta samkomulag fyrir hönd ráðuneytisins.

Fjármál og framtíð.

Fljótlega kom í ljós að fjárskortur hamlaði nokkuð starfsemi Slysavarnaskóla sjómanna. Árið 1989 fékk skólinn 11,5 millj. kr. á fjárlögum og hafði framlagið hækkað um 1,5 millj. kr. á milli ára. Auk þess var greitt sérstaklega fyrir námskeið þau sem skólinn hélt fyrir nemendur Stýrimannaskólans og Vélskólans. Talsverðar umræður hafa orðið um hvernig tryggja megi skólanum nægilegt fjármagn.

Um síðustu áramót höfðu liðlega 4.200 manns sótt námskeið skólans. Sjómenn hafa tekið þessu starfi mjög vel og er óhætt að fullyrða að þetta fræðslustarf hefur gífurlega mikla þýðingu fyrir allt öryggi sjómanna. Starf skólans hefur einnig stuðlað að aukinni umhugsun sjómanna um öryggismál og eflt með þeim skilning á nauðsyn þess að halda öllu í góðu lagi er varðar öryggi skips og ástand alls búnaðar um borð. Nú þegar eru nokkur dæmi þess að sjómenn, sem lent hafa í lífsháska, telja að fræðsla og þjálfun, er þeir hlutu í skólanum, hafi ráðið úrslitum um að þeim tókst að bjarga sér og félögum sínum. Þá má og nefna nokkur tilvik, þar sem fræðsla um rétt viðbrögð við eldsvoða um borð í skipum hefur komið að góðum notum og bjargað talsverðum verðmætum.

Það er skoðun stjórnar Slysavarnafélags Íslands að hver einasti sjómaður fái slíka fræðslu með föstu millibili. Það er því mjög brýnt að löggilda starfsemi skólans, tryggja

honum nægjanlegt fjármagn og lögbinda þetta nám fyrir alla sjómenn. Óhætt er að fullyrða að sú skipan að Slysavarnafélag Íslands annist þessa starfsemi sé mjög heppileg. Starf Slysavarnaskóla sjómanna nýtur þegar mikillar velvildar úti um allt land og er litið á það sem fastan lið í starfi félagsins. Skólinn fær þannig ómetanlegan styrk frá deildum og björgunarsveitum Slysavarnafélags Íslands víðs vegar, sem leggja fram mikla sjálfboðaliðavinnu í hans þágu, en búast má við að fyrir slíka vinnu þyrfti að greiða að verulegu leyti ef hér væri um ríkisstofnun að ræða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að Slysavarnaskóli sjómanna skuli vera miðstöð almennrar fræðslu fyrir sjómenn en að Slysavarnafélag Íslands fari með yfirstjórn hans og beri ábyrgð á rekstrinum. Þá eru staðfest þau markmið með rekstri skólans sem starfað hefur verið eftir í rösk fimm ár.

Um 2. gr.

Í þessari grein er getið aðalþátta í starfsemi skólans: skipulag námskeiða á helstu útgerðarstöðum landsins, fræðsla fyrir nemendur í skipstjórnar- og vélstjórnarnámi, sem fer fram samkvæmt sérstökum samningi við menntamálaráðuneytið, og taldar upp helstu kennslugreinar.

Um 3. gr.

Þetta er ein mikilvægasta grein frumvarpsins. Samkvæmt henni verður ekki unnt að lögskrá sjómann á skip nema hann hafi lokið grunnnámi í Slysavarnaskóla sjómanna. Eins og fram kemur í 7. gr. er þó ekki gert ráð fyrir að ákvæði 3. gr. komi að fullu til framkvæmda fyrr en að fimm árum liðnum frá gildistöku laganna.

Um 4. gr.

Þessi grein skýrir sig að verulegu leyti sjálf. Í henni er kveðið á um skipan skólanefndar. Gert er ráð fyrir að samgönguráðherra tilnefni tvo menn í hana og Slysavarnafélag Íslands þrjá, þar af formann. Þá er kveðið á um verkefni skólanefndar.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Í þessari grein er kveðið svo á um að ákvæði 3. gr. komi ekki að fullu til framkvæmda fyrr en eftir fimm ár frá gildistöku laganna. Þetta er aðlögunartími fyrir þá sjómenn sem ekki hafa stundað nám í Slysavarnaskóla sjómanna.

Fylgiskjal.

SLYSAVARNASKÓLI SJÓMANNA

Námskeið og nemendafjöldi árin 1985 - 1990

1985	A-ol	fjöldi	S-ol/2/3	fjöldi	T-ol	fjöldi	X-ol	fjöldi
Reykjavík	12	278						
Ólafsvík	1	17						
Grundarfjörður	1	13						
Stykkishólmur	1	22						
Skagaströnd	1	23						
5 Staðir	16	353						
ALLS	**16 námskeið**		**353 nemar**					
1986								
Reykjavík	14	368			5	71		
Ólafsfjörður	4	104						
Vestmannaeyjar	2	54						
Stykkishólmur	1	17						
Ísafjörður	2	41						
Sauðárkrókur	2	30						
Dalvík	2	42						
Hólmavík	1	21						
Húsavík	1	31						
9 Staðir	29	708			5	71		
ALLS	**34 námskeið**		**779 nemar**					

1987	A-ol	fjöldi	S-ol/2/3	fjöldi	T-ol	fjöldi	X-ol	fjöldi
Reykjavík	17	395	9	200	7	135	1	42
Vestmannaeyjar	2	39	1	31				
Ísafjörður			1	22				
Skagaströnd	1	30						
Blönduós	1	27						
Súðavík	1	23						
Flateyri	1	31						
Þingeyri	1	21						
Akureyri	2	56						
Eskifjörður	2	66						
10 Staðir	28	688	11	253	7	135	1	42
ALLS	**47 námskeið**		**1118 nemar**					
1988								
Reykjavík	9	271	15	281	5	95	2	73
Vestmannaeyjar			2	26				
Dalvík			4	66				
Akureyri	1	27						
Neskaupsstaður	1	19						
Hornafjörður	2	37						
6 Staðir	13	354	21	373	5	95	2	73
ALLS	**41 námskeið**		**895 nemar**					

1989	A-ol	fjöldi	S-ol/2/3	fjöldi	T-ol	fjöldi	X-ol	fjöldi
Reykjavík	3	90	15	248	1	30		
Akureyri	2	43						
Fáskrúðsfjörður					1	19		
Hornafjörður					1	30		
Vestmannaeyjar			4	69				
Seyðisfjörður	1	26			1	15		
Akranes	1	33			1	13		
Ólafsvík	2	49						
Patreksfjörður	1	54			2	38		
Bolungarvík	1	25			2	39		
Ísafjörður	2	50			2	34		
Siglufjörður	1	25			1	27		
Húsavík	1	17			1	13		
Vopnafjörður	1	30			1	24		
Dalvík			2	26				
15 Staðir	16	442	21	343	14	282		
ALLS	**51 námskeið**		**1067 nemar**					

1990								
Reykjavík	6	144	9	170	5	109	2	35
Hvammstangi					1	13		
Akureyri	3	90	1	20	3	26		
Rif	1	20			1	23		
Sauðárkrókur	2	38			1	17		
Ólafsfjörður	2	64						
Hrísey					1	15		
Dalvík	1	36	2	36	1	16		
Eskifjörður	1	46			1	27		
Fáskrúðsfjörður	1	55			1	24		
10 Staðir	17	493	12	226	15	270	2	35
ALLS	**46 námskeið**		**1024 nemar**					

áætlun til áramóta								
Reykjavík	1	30	4	100	1	30	1	23
ALLS	**53 námskeið**		**1207 nemar**					

A-o1	- Almennt grunnnámskeið	(4 dagar)
S-o1/2/3	- Námskeið fyrir Sjómannaskóla	(5 dagar)
T-o1	- Smábátanámskeið	(15 stundir)
X-o1	- Námskeið sniðin fyrir Lögregluskóla ríkisins	

Slysavarnaskóli sjómanna

Námskeiða og nemendafjöldi í ferðum s/s Sæbjargar um landið árin 1987,-1989,-og 1990.

1987	**A-o1**	**nemar**	**T-o1**	**nemar**
Vestmannaeyjar	2	39		
Akurevri	2	56		
2 Hafnir	4 namskeið	95 menn		
Alls	**4 námskeið**	**95 menn**		
1989				
Akranes	1	33	1	13
Ólafsvík	2	49		
Patreksfjörður	1	54	2	38
Bolungarvík	1	25	2	39
Isafjörður	2	50	2	34
Siglufjörður	1	25	1	27
Húsavík	1	17	1	13
Vopnafjörður	1	30	1	24
8 Hafnir	10	283	10	188
Alls	**20 námskeið**	**471 maður**		
1990				
Rif	1	20	1	23
Sauðarkrokur	2	38	1	17
Olafsfjörður	2	64		
Hrisey			1	15
Akureyri	3	90	3	26
Dalvík	1	36	1	16
Eskifjörður	1	46	1	27
Faskruðsfjörður	1	55	1	24
Alls	11	349	9	148
Alls	**20 námskeið**	**497 menn**		

Á-o1 = Almennt grunnnamskeið - 4 dagar
T-o1 = Smabatanámskeið

Sþ. 195. Svar [122. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Eiðs Guðnasonar um kostnað við smíði Breiðafjarðarferjunnar Baldurs.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver varð heildarkostnaður við smíði Breiðafjarðarferjunnar Baldurs:*
   a. *smíðakostnaður,*
   b. *hönnunar- og eftirlitskostnaður,*
   c. *fjármagnskostnaður?*
2. *Telur samgönguráðherra eðlilegt að sami aðili annist útboð, hönnun, eftirlit og umboðsstörf fyrir flokkunarfélag?*

Ráðuneytið óskaði eftir því við byggingarnefnd Breiðafjarðarferju, en formaður hennar er Stefán Skarphéðinsson sýslumaður, að hún tæki saman upplýsingar um heildarkostnað við smíði ferjunnar eins og hann liggur fyrir nú og fara upplýsingar hennar hér á eftir. Rétt er að taka fram að smíði ferjunnar er ekki að fullu lokið.

1. Heildarkostnaður við smíði Breiðafjarðarferju.

a. Smíðakostnaður	256.849.759 kr.
b. Hönnunar- og eftirlitskostnaður	12.403.110 kr.
c. Fjármagnskostnaður og annar lántökukostnaður	144.931.069 kr.[1]
Samtals	414.183.938 kr.

[1] Þar af:
Stimpilgjald, lántökugjald og annar opinber kostnaður við lántöku: 14.082.480 kr.
Gengismunur: 58.623.419 kr.

2. Útboð, hönnun, eftirlit og umboðsstörf fyrir flokkunarfélag.

Eðlilegt er að saman fari hönnun og útboð. Útboðslýsing byggist á hönnun og forsendum hönnunar. Það er einnig eðlilegt að þessi sami aðili leggi mat á tilboð vegna þess að mesta þekking á verkefninu á þeim tíma er hjá honum.

Æskilegt er að óháður aðili annist eftirlitsstörf með verkefnum eins og smíði ferja. Upp geta komið ágreiningsmál milli hönnuðar og verktaka um hönnun eða smíði. Óháður aðili á að jafnaði betra með að leysa slík ágreiningsmál án þess að eigin hagsmunir hönnuðar eða verktaka fái ráðið.

Heppilegt er að umboðsmaður flokkunarfélags sé óháður aðili þannig að hönnuður, verktaki eða sá er hefur með eftirlit að gera geti ekki í ágreiningsmálum á nokkurn hátt nýtt sér til framdráttar að hann sé umboðsmaður flokkunarfélags.

Nd. 196. Frumvarp til laga [176. mál]

um grundvöll lánsviðskipta, réttindi og skyldur ábyrgðarmanna o.fl.

Flm.: Anna Ólafsdóttir Björnsson, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

1. gr.

Viðskiptatraust lántakanda og þær tryggingar, sem hann getur sjálfur lagt fram, eiga að vera undirstaða lánsviðskipta lánastofnunar og lántakanda þannig að ekki þurfi að krefjast ábyrgðarmanna vegna fjárskuldbindinga lántakanda. Banki, sparisjóður eða önnur lánastofnun skal í samráði við lántakanda gera greiðsluáætlun fyrir lántakanda og meta greiðslugetu hans.

2. gr.

Telji lánastofnun að lántakandi hafi ekki það viðskiptatraust eða geti ekki lagt fram sjálfur þær tryggingar sem hún telur fullnægjandi fyrir þeim skuldbindingum sem lántakandi stofnar til gagnvart lánastofnuninni getur hún krafist þess að lántakandi afli sér ábyrgðar annars manns á skuldbindingum sínum. Ábyrgðarmaður getur gengið persónulega í ábyrgð fyrir lántakanda eða ábyrgst skuldbindingar lántakenda með einstökum eigum sínum. Ábyrgðarmaður hefur rétt til þess að kynna sér greiðsluáætlun lántakanda.

3. gr.

Lánastofnunum eða öðrum lánveitendum, er krefjast persónulegrar ábyrgðar eða ábyrgðar í eign annars manns en lántakenda, ber að upplýsa þá sem ábyrgjast fjárskuldbindingar lántakenda um eðli þeirrar ábyrgðar sem ábyrgðarmaður gengst undir og afleiðingar vanefnda lántakenda, sbr. 4. gr. Þetta á við hvort sem lánveitingin er liður í atvinnustarfsemi lánveitanda eða ekki. Ákvæði 3.–6. gr. um lánveitanda taka enn fremur til leigusala sem krefst trygginga þriðja manns fyrir afnotum og greiðslum leigutaka samkvæmt leigusamningi og þess sem síðar öðlast rétt lánveitanda fyrir framsal.

Lántakanda, sem gefur út eða samþykkir til greiðslu hvers konar viðskiptabréf með persónulegri ábyrgð annars manns, fær veðleyfi eða tryggingarbréf með veði í eign annars manns til tryggingar skilvísum greiðslum sínum eða útvegar annars konar persónulega ábyrgð annars manns á skuldbindingum sínum, ber að upplýsa ábyrgðarmann sinn um fjárhagsstöðu sína hvenær sem ábyrgðarmaður krefst þess á meðan ábyrgðin varir. Einnig verður lántakandi að hlíta upplýsingagjöf skv. 6. gr. Ábyrgðarmaður er bundinn þagnarskyldu um þær upplýsingar sem hann öðlast um fjármál lántakanda samkvæmt þessu ákvæði eða ákvæði 6. gr.

4. gr.

Í skuldabréfi eða tryggingarbréfi skulu upplýsingar um efni þeirrar ábyrgðar, sem krafist er og áhrif vanefnda, koma fram í texta bréfsins. Á bakhlið víxils skal greina efni ábyrgðar framseljenda víxils og ábyrgðarmanna og áhrif vanefnda greiðanda víxilsins, sbr. ákvæði víxillaga.

Ef ábyrgðarmanns er krafist á skilvísum greiðslum lántakanda með öðrum hætti en um getur í 1. mgr. ber lánveitanda að kynna ábyrgðarmanni á sannanlegan hátt efni ábyrgðarinnar og áhrif vanefnda lántakandans fyrir hann.

Sé upplýsingaskyldu, sbr. 1. og 2. mgr., ekki gætt er þriðji maður ekki ábyrgur fyrir skuldbindingum lántakanda.

5. gr.

Lánveitanda ber að tilkynna ábyrgðarmanni með sannanlegum hætti innan tíu daga frá gjalddaga um vanefndir lántakanda sem hann hefur gengið í ábyrgðir fyrir. Ef ekki er vitað um heimilisfang ábyrgðarmanns nægir tilkynning í Lögbirtingablaðinu.

6. gr.

Ábyrgðarmaður, sem veitt hefur lánveitanda ábyrgð sína á skilvísum greiðslum lántakanda, hefur jafnan rétt á því að fá allar upplýsingar sem lánveitandi hefur um fjárhagsstöðu lántakanda á meðan hann ábyrgðist greiðslur lántakanda.

Sé ábyrgðarmaður í hjúskap eða óvígðri sambúð getur hann ekki gengist undir ábyrgð án samþykkis maka eða sambýlings. Reglur 20. og 21. gr. laga um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 20. júní 1923, skulu gilda um leyfi ábyrgðarmanns sem er í óvígðri sambúð til veðsetningar eigna sinna. Það telst óvígð sambúð ef karl og kona hafa búið saman samfleytt í tvö ár eða ef þau búa saman og eiga barn saman eða konan er þunguð.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1991.

Greinargerð.

Í þessu frumvarpi er lögð áhersla á að meginregla í öllum lánsviðskiptum sé gagnkvæmt traust lántakanda og lánveitanda. Eðlilegt er að við lántöku sé greiðslugeta lántakanda metin, greiðsluáætlun gerð, og að hún sé grundvöllur viðskiptatrausts hans. Í flestum lánaviðskiptum tíðkast nú að krefjast trygginga fyrir skilvísum greiðslum lántakanda. Algengt er að lántakandi leggi sjálfur fram slíkar tryggingar, t.d. með veði í fasteign sinni. Hitt er ekki síður algengt að krafist sé sjálfskuldarábyrgðar eins eða tveggja manna á greiðslum lántakanda. Þarf lántakandi að útvega þessa ábyrgðarmenn, sem oft eru ættingjar lántakanda. Þá er einnig algengt að lántakandi fái lánað veð í eign annars manns til tryggingar greiðslum sínum, sérstaklega í tengslum við fasteignakaup. Segja má að nánast sé meginregla að lántakandi geti ekki fengið lán án þess að afla trygginga frá öðrum. Slíkt ætti þó einungis að vera í undantekningartilvikum og gilda um það skýrar reglur.

Margir sem veita ábyrgð sína á endurgreiðslum af lánum annarra gera sér ekki grein fyrir því hvert eðli og umfang slíkrar ábyrgðar er. Ef til ábyrgðarinnar þarf að taka ábyrgist sjálfskuldarábyrgðarmaður greiðslur lántakanda með öllum eigum sínum, en sá sem hefur lánað fasteignarveð leggur viðkomandi fasteign undir. Ábyrgðarmaður þarf oft að greiða verulegar fjárhæðir fyrir lántakanda sem hann ábyrgist. Ef ábyrgðarmaður getur ekki greitt skuldir lántakanda missir hann eigur sínar í hlutfalli við skuldir lántakandans, oft allt sitt. Á síðustu árum hafa gjaldþrot einstaklinga og fyrirtækja aukist mjög mikið og sífellt fleiri ábyrgðarmenn hafa þurft að standa við ábyrgðir sínar, oft með þeim afleiðingum að ábyrgðarmaður verður líka gjaldþrota. Gjaldþrot hafa ekki einungis viðskiptalega hlið því að oft leysast heimili gjaldþrota einstaklinga upp.

Með þessu frumvarpi er gengið út frá þeirri meginreglu að lántakandi ábyrgist sjálfur skilvísar endurgreiðslur sínar og geri sér grein fyrir sinni lánshæfni með gerð greiðslu-

áætlunar. Frumvarpinu er einnig ætlað vekja athygli á stöðu ábyrgðarmanna og tryggja lágmarksréttindi þeirra til upplýsingaöflunar. Nauðsynlegt er að flytja sérstakt frumvarp um þessi efni því almenn lög um skuldabréf hafa aldrei verið sett hér á landi og ekki þótti rétt að setja þessi ákvæði í lög um viðskiptabanka, sparisjóði eða verðbréfafyrirtæki þar sem fleiri lána fé en þær stofnanir. Frændur vorir á Norðurlöndum hafa búið við almenna löggjöf um skuldabréf í langan tíma og væri þörf á að setja slík lög hér á landi þótt ekki sé ráðist í það nú með þessu frumvarpi. Verði frumvarpið að lögum geta ábyrgðarmenn á auðveldan hátt áttað sig á efni þeirra ábyrgða sem krafist er. Einnig geta þeir gripið mun fyrr en nú er í taumana ef lántakandi greiðir ekki af skuldbindingum sínum. Bitur reynsla undanfarinna ára hefur sannað að ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga hafa brýna hagsmuni af því að þessi löggjöf nái fram að ganga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þetta ákvæði hefur að geyma þá meginreglu laganna að grundvöllur lánsviðskipta sé viðskiptatraust lántakanda. Ákvæðið nær til lánastofnana: banka, sparisjóða og verðbréfafyrirtækja. Lánastofnunum ber að gera greiðsluáætlanir og meta þær tryggingar sem lántakandi getur ábyrgst þannig að meginreglan sé sem áður sagði að lántakandi ábyrgist sjálfur sín lán.

Um 2. gr.

Þrátt fyrir meginreglu 1. gr. getur verið í ýmsum tilfellum að lánastofnun telji viðskiptatraust lántakanda né hans eigin tryggingar ekki tryggja fjárskuldbindingu nægilega. Er helst að þetta komi til ef lántakandi er algerlega eignalaus, hefur slæmt viðskiptatraust og í öðrum ámóta tilfellum. Ef krafist er ábyrgðarmanna eiga þeir rétt á því að kynna sér þær forsendur sem eru fyrir lánveitingunni, þ.e. greiðsluáætlun lántakanda.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er lögfest skylda lánveitenda til þess að upplýsa ábyrgðarmenn lántakenda um eðli þeirrar ábyrgðar sem gengist er undir hvert sinn og afleiðingar vanefnda. Upplýsingaskyldan nær aðeins til einstaklinga sem ganga persónulega í ábyrgðir fyrir aðra, en ekki til ábyrgða sem fyrirtæki veita. Lögin miða að því að gefa einstaklingum, sem ganga persónulega í ábyrgðir fyrir aðra, tækifæri til þess að meta réttarstöðu sína. Því má halda fram að þeim, er veitir ábyrgð sína á skuldbindingum annarra, ætti að vera fullkunnugt um efni slíkrar skuldbindingar. Ýmsir veita ábyrgðir vegna fjölskyldu eða vinatengsla og eiga af þeim orsökum erfitt með að neita lántakanda um ábyrgð. Á móti kemur að öll fræðsla almennings um þessi mál hefur verið mjög að skornum skammti. Húsnæðisstofnun ríkisins hefur reynt að vekja athygli fólks á þýðingu lánveða, en að öðru leyti hefur slík fræðsla verið nánast engin nú seinni ár. Telja má að of mikið sé gert úr vitneskju almennings um efni og eðli ábyrgða á fjárskuldbindingum. Lánveitandi hefur mikla hagsmuni af því að ábyrgðarmenn geti staðið við ábyrgðir sínar ef lántakandi getur ekki staðið við sínar greiðslur. Eðlilegt er því að gera þá kröfu til lánveitenda að þeir kynni ábyrgðarmönnum eðli og efni þeirra ábyrgða sem þeir krefjast og geri ábyrgðarmönnum það ljóst að hugsanlega þurfi þeir að standa við ábyrgð sína.

Ekki er gerð tilraun til þess að skilgreina hugtakið lánveitandi í lagatexanum. Almennt má þó líta svo á að sá sem veitir lán til eignar sé talinn lánveitandi. Lán til eign-

ar nefnist það er maður lánar öðrum tegundarákveðna hluti gegn því að lántakandi greiði síðar sama fjölda sömu tegundar með sama verðgildi. Algengustu lán til eignar eru peningalán og ef greitt er endurgjald af láninu nefnist það vextir.

Ákvæði 3. gr. takmarkast ekki við þá sem veita lán til eignar því hugsanlegt er að sá sem leigir út hluti krefjist sjálfskuldarábyrgðar einhvers annars en lántakanda á skilum hlutarins, sbr. 2. málsl. 1. mgr. Í þeim málslið kemur einnig fram að sá sem öðlast rétt lánveitanda fyrir framsal þarf einnig að hlíta ákvæðum laganna, þar með talin 3. mgr. 4. gr. Oft mun lánveitandi taka við viðskiptabréfi úr hendi lántakenda. Viðskiptabréf eru öll þau bréf sem ganga á milli manna í viðskiptum með sama hætti og eftir sömu reglum og skuldabréf. Ein helsta regla viðskiptabréfa er að bréfið stofnar rétt eftir hljóðan sinni og því kann framsalshafi að öðlast meiri rétt en framseljandi hafði. Sem dæmi má taka að ef skuldabréf er selt án áritunar um innáborgun, þrátt fyrir að hún hafi átt sér stað, glatast sú mótbára skuldarans og hann verður að greiða framsalshafa fullt verð skuldabréfsins. Í samanburði á lokamálsl. 1. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr. kemur fram mikilvæg undantekning á reglum um viðskiptabréf. Ef þess er ekki gætt að tilkynna ábyrgðarmanni um afleiðingar þess að gangast undir ábyrgð þá er ábyrgðarmaður laus undan ábyrgð sinni. Framseljandi gæti átt það á hættu að sá sem upphaflega eignaðist viðskiptabréfið og gerði kröfu um ábyrgðarmenn hafi ekki kynnt þeim efni ábyrgðarinnar. Þessi hætta er þó ekki mikil þar sem flest öll viðskiptabréf hafa staðlaðan texta í meginmáli, en nánari ákvæði eru fyllt út af útgefenda. Búast má við að í slíkum stöðluðum textum viðskiptabréfa komi fram lýsing á þeim ábyrgðum sem krafist er, áhrifum vanefnda lántakanda og að lokum yfirlýsing ábyrgðarmanna um að þeir hafi kynnt sér réttarstöðu sína. Af þessari ástæðu er óhætt að láta mótbáru gagnvart gildi ábyrgðar, sbr. 3. mgr. 4. gr., ná líka til framsalshafa viðskiptabréfs sem getur séð af bréfinu hvort upplýsingaskyldu hafi verið fullnægt. Ekkert er því heldur til fyrirstöðu að tilkynna ábyrgðarmönnum um efni ábyrgðar við framsal og kanna viðbrögð þeirra.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu lántakanda, sem fær annan mann til þess að ábyrgjast persónulega þær fjárhagsskuldbindingar sem hann tekst á hendur, til þess að veita ábyrgðarmanni sínum upplýsingar um fjárhagsstöðu sína á meðan hann er í ábyrgðum. Í 6. gr. er um samsvarandi skyldu lánveitanda að ræða. Er þessi skylda sett í lög til að gera þennan rétt ábyrgðarmanns ótvíræðan. Ábyrgðarmaður getur reynt að grípa í taumana áður en í fullkomið óefni er komið ef hann fylgist með fjárhagsstöðu lánveitanda. Ábyrgðarmaður er á móti bundinn þagnarskyldu um fjármál lántakenda.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. eru talin upp algengustu form viðskiptabréfa og þess krafist að í meginmáli þeirra skuli koma fram upplýsingar um efni ábyrgðar og afleiðingar vanefnda. Ef önnur form viðskiptabréfa en getur í 1. mgr. eða ábyrgðar krafist með öðrum hætti en á sér stað í viðskiptabréfum ber lánveitanda að kynna ábyrgðarmanni um efni ábyrgðarinnar á sannanlegan hátt, t.d. með því að láta ábyrgðarmann rita undir skjal þar sem upplýsingar um ábyrgðina koma fram. Upplýsingaskyldu, sbr. 1. mgr. 3. gr., telst fullnægt sé þessa gætt.

Til að auðvelda lánveitendum kynninguna, sbr. og 1. mgr. 3. gr., má gera ráð fyrir því að stöðluð form viðskiptabréfa, sem lánveitandi notar, séu með sérstökum texta um efni ábyrgðar og afleiðingar vanefnda lántakenda. Einnig má gera ráð fyrir að þeir sem selja stöðluð form viðskiptabréfa á almennum markaði felli slíkan texta inn í þau. Lánveit-

andi ber sönnunarbyrði fyrir því að efni ábyrgðar hafi verið kynnt ef slíkt má ekki sjá af texta viðskiptabréfsins.

Til þess að brýna mikilvægi þessara upplýsingaskyldu lánveitenda er gert ráð fyrir því að vanræksla á því að sinna skyldunni hafi alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir lánveitendur. Gert er ráð fyrir því að þriðji maður, sem er ábyrgðarmaður, þurfi ekki að standa við ábyrgðir sínar ef honum hafa ekki verið kynnt efni þeirra. Í staðlaðan texta viðskiptabréfa yrði væntanlega sett yfirlýsing ábyrgðarmanns um að hann hafi kynnt sér þær upplýsingar sem fram koma í texta bréfsins.

Um 5. gr.

Það virðist eðlilegt að leggja þá skyldu á lánveitendur að tilkynna ábyrgðarmönnum á sannanlegan hátt um vanskil lántakanda tíu dögum eftir að vanskil verða á greiðslum hans. Iðulega fá ábyrgðarmenn ekki að vita um vanefndir fyrr en kostnaðarsamar innheimtuaðgerðir eru hafnar og lánsupphæð hefur öll verið gjaldfelld. Ábyrgðarmanni kann þá að vera ofviða að grípa í taumana, en hugsanlega hefði hann getað staðið við ábyrgð sína á fyrri stigum. Hér er því um veigamikla réttarbót að ræða fyrir ábyrgðarmenn. Ef ekki næst í ábyrgðarmenn vegna þess að ókunnugt er um heimilisfang þeirra er nægilegt að birta eina tilkynningu í Lögbirtingablaðinu. Lántakandi gæti hugsanlega bakað sér skaðabótaskyldu ef ábyrgðarmaður fær ekki tilkynningu.

Um 6. gr.

Ábyrgðarmaður hefur ótvíræða hagsmuni af því að eiga greiðan aðgang að upplýsingum um þær lánveitingar sem hann gengur í ábyrgð fyrir. Jafnframt að öllum upplýsingum sem lánveitandi hefur um fjárhag lántakanda. Hér er lagt til að réttur ábyrgðarmanns til upplýsingaöflunar verði lögfestur. Lántakenda er gert skylt í 2. mgr. 3. gr. að hlíta þessari skyldu lánveitandans til upplýsinga. Á móti er krafist þagnarskyldu af ábyrgðarmanni.

Í 20. og 21. gr. laga um um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20/1923, er kveðið á um að þeim sem er í hjúskap beri að afla sér samþykkis maka fyrir veðsetingu fasteignar sem jafnframt er heimili fjölskyldunnar og muna sem notast til heimilisins. Hins vegar getur maki óhindrað gengist undir sjálfskuldarábyrgð þar sem ábyrgðin nær til allra eigna hans. Er með þessu ákvæði sett undir þennan leka. Jafnframt er lagt til að ofangreindar reglur laga um réttindi og skyldur hjóna gildi einnig um sambúðarfólk þar sem sömu rök eiga við um að sambúðaraðili þurfi að afla samþykkis sambúðaraðila áður en fasteign fjölskyldunnar er veðsett.

Um 7. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. september 1991 þar sem að lánveitendur þurfa aðlögunartíma til þess að undirbúa ný skjalaform og gera aðrar breytingar.

Sþ. 197. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [112. mál]

í málinu: Lögfræðilegt álit umboðsmanns á bráðabirgðalögum um launamál.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Þar sem lög heimila ekki umboðsmanni að taka til athugunar mál sem eru til meðferðar hjá dómstólum né að taka við fyrirmælum frá Alþingi samþykkir Alþingi að vísa þessu máli frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. 198. Frumvarp til laga [177. mál]

um breytingu á lögum nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

Flm.: Halldór Blöndal, Margrét Frímannsdóttir, Karl Steinar Guðnason, Guðrún J. Halldórsdóttir, Salome Þorkelsdóttir.

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýr töluliður svohljóðandi:

Meðan núverandi sóknarprestur í Kirkjuhvolsprestakalli þjónar kallinu taka breytingar á Odda-, Kirkjuhvols- og Fellsmúlaprestaköllum í Rangárvallaprófastsdæmi skv. 1. gr. ekki gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn 1. júlí sl. gengu í gildi ný lög um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands. Frumvarpið var samþykkt í önnum þingsins síðustu daganna og þess vegna kemur ekki á óvart þótt nauðsynlegt sé að breyta einstökum ákvæðum laganna.

Samkvæmt lögunum verður Kirkjuhvolsprestakalli skipt upp. Hábæjarsókn á að falla undir Oddaprestakall, Kálfholts- og Árbæjarsóknir skulu leggjast til Fellsmúlaprestakalls.

Nú hafa sóknarnefndir Hábæjar-, Kálfholts- og Árbæjarsókna skrifað kirkjumálaráðherra bréf þar sem óskað er eftir, eins og segir í bréfi sóknarnefndar Árbæjarsóknar:

1. að hafa áfram sr. Auði Eir Vilhjálmsdóttur,
2. að þurfa ekki að hlíta því að vera með stjórnvaldsákvörðun skikkuð í annað prestakall.

Flutningsmenn telja rétt að leggja það álitamál til hliðar um sinn hvort sá lagabókstafur skuli standa til frambúðar að Kirkjuhvolsprestakall verði lagt niður. Á hinn bóginn leggja flutningsmenn áherslu á að sóknarbörn Kirkjuhvolsprestakalls fái áfram að njóta þjónustu þess sóknarprests sem þau kusu, séra Auðar Eirar Vilhjálmsdóttur. Slík frestun á skipulagsbreytingu er enn fremur í samræmi við hefðir og góða lagavenju.

Flutningsmenn minna á að séra Auður Eir Vilhjálmsdóttir er sú kona íslensk sem fyrst hlaut prestsvígslu.

Fylgiskjal með frumvarpi þessu eru bréf frá sóknarnefndum Árbæjar-, Hábæjar- og Kálfholtssókna í Kirkjuhvolsprestakalli til kirkjumálaráðherra.

Fylgiskjal.

Bréf sóknarnefnda Árbæjar-, Hábæjar- og Kálfholtssókna til kirkjumálaráðherra.

1. Bréf sóknarnefndar Árbæjarsóknar.
(20. okt. 1990.)

Okkur í sóknarnefnd Árbæjarsóknar í Kirkjuhvolsprestakalli, Rangárvallaprófastsdæmi, er sagt að prestakall okkar verði lagt niður um áramótin nk. samkvæmt lögum sem samþykkt voru á Alþingi á síðasta vori. Við óskum ekki eftir þessum breytingum og vorum búin að mótmæla þeim. Því grípum við til þess ráðs að skrifa yður.

Rök okkar eru tvíþætt:

Í fyrsta lagi: Við óskum eftir að hafa áfram sr. Auði Eir Vilhjálmsdóttur.

Í öðru lagi: Við viljum ekki hlíta því að vera með stjórnvaldsákvörðun skikkuð í annað prestakall.

Við förum þess á leit við yður að þér beitið þeirri heimild sem þér hafið í 49. gr. laga nr. 62 frá árinu 1990 og **frestið** ákvörðun um breytingu á Kirkjuhvolsprestakalli.

Virðingarfyllst,

Hannes Hannesson, Þórunn Ragnarsdóttir, Helgi Haraldsson.

2. Bréf sóknarnefndar Hábæjarsóknar.
(19. okt. 1990.)

Með þessu bréfi til yðar, herra kirkjumálaráðherra, viljum við enn einu sinni mótmæla því að Kirkjuhvolsprestakall í Rangárvallaprófastsdæmi verði lagt niður. Því var mótmælt á héraðsfundi sem haldinn var um málið meðan það var enn á umræðustigi og við sendum kirkjuþingi sérstök mótmæli sóknarnefndarinnar.

Við bjuggumst ekki við að prestakall okkar yrði lagt niður og höfum ekki áttað okkur á þessu fyrr en nú. Þess vegna höfum við ekki komið að máli við yður eða skrifað yður um þetta fyrr.

Við erum enn sem fyrr andvíg því að prestakall okkar verði lagt niður og prestssetrið flytjist úr Þykkvabæ. Við óskum eftir að halda áfram að njóta þjónustu prests okkar, séra Auðar Eirar Vilhjálmsdóttur. Við erum andvíg því að tilheyra prestakalli austan Rangár. Við sjáum enga ástæðu til breytinga á Kirkjuhvolsprestakalli.

Við óskum því eindregið eftir því, herra kirkjumálaráðherra, að þér beitið heimild í

lögum nr. 62 frá 1990, í 49. gr., og frestið ákvörðun um breytingu á prestakalli okkar.

Virðingarfyllst,

Páll Ó. Hafliðason, Búð, Helga Tyrfingsdóttir, Tjörn,
Ágúst Gíslason, Suður-Nýjabæ, Eygló Yngvadóttir, Önnuparti,
Páll Guðbrandsson, Hávarðarkoti.

3. Bréf sóknarnefndar Kálfholtssóknar.
(22. okt. 1990.)

Okkur í sóknarnefnd Kálfholtssóknar í Kirkjuhvolsprestakalli, Rangárvallaprófastsdæmi, er sagt að prestakall okkar verði lagt niður um áramótin samkvæmt lögum sem samþykkt voru á Alþingi á síðasta vori. Við mótmælum þessum breytingum þar sem ekki hefur verið haft samráð við Kálfholtssöfnuð og munum við ekki hlíta því að vera með stjórnvaldsákvörðun skikkuð í annað prestakall.

Því óskum við eftir að hafa áfram þann sóknarprest, sr. Auði Eir Vilhjálmsdóttur, sem við höfum kosið okkur.

Við förum þess á leit við yður að þér beitið þeirri heimild sem þér hafið í 49. gr. laga nr. 62 frá árinu 1990 og frestið ákvörðun um breytingu á Kirkjuhvolsprestakalli.

Virðingarfyllst,

Jónas Jónsson, Sveinn Tyrfingsson, Jón Þorsteinsson.

Ed. 199. Frumvarp til laga [178. mál]

um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Flm.: Halldór Blöndal, Guðrún J. Halldórsdóttir, Eyjólfur Konráð Jónsson, Karvel Pálmason, Egill Jónsson.

1. gr.

Við 1. mgr. 12. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

12. Sala á hjálparbúnaði fyrir sjónskerta skv. tollnúmeri 9008–3000.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lestæki fyrir þá sem eru svo alvarlega sjónskertir að þeir þurfa á sambyggðri myndavél og skjá að halda eru mjög dýr og kosta á bilinu 170–340 þús. kr. Slík tæki lánar Sjónstöð Íslands einstaklingum sem ekki geta notast við önnur sjónhjálpartæki lengur. Eins og þingmenn vita öðrum betur eru framlög af fjárlögum til Sjónstöðvar Íslands hvergi nærri svo rífleg að dugi til að sinna öllu því fólki sem vegna sjóndepru þarf á myndavél og skjá að halda. Á þessu ári ganga um 5 millj. kr. til þessara þarfa. Á dvalarheimilum geta slík tæki nýst fleirum en einum. Búist er við að 30–50 manns bætist á

hverju ári við í þann hóp sem þarf á myndavél og skjá að halda. Það er mikilvægt að hinir sjónskertu fái að læra á tækin meðan þeir hafa þrek og þrótt til.

Flutningsmönnum er ljóst að varlega verður að fara í það að veita undanþágur frá ákvæðum laga um virðisaukaskatt. Slík prinsipp eru léttvæg gagnvart þeim sem eru að missa sjónina. Slíku fólki verður að hjálpa til sjálfsbjargar og undir engum kringumstæðum getur verið ásættanlegt að það sé haft að féþúfu fyrir ríkissjóð.

Sþ. 200. Tillaga til þingsályktunar [179. mál]

um grænar símalínur.

Flm.: Jón Kristjánsson, Valgerður Sverrisdóttir, Guðni Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að Stjórnarráð Íslands og helstu ríkisstofnanir semji við Póst- og símamálastofnun um „grænar símalínur“ og tryggt verði fjármagn til að standa straum af þeim kostnaði sem af þessum samningum leiðir.

Greinargerð.

Tækniframfarir eru örar í fjarskiptum. Þetta skapar möguleika sem ekki voru áður fyrir hendi, m.a. í gjaldtöku fyrir símtöl. Meðal þeirrar þjónustu sem Póst- og símamálastofnun býður upp á eru svokallaðar grænar símalínur. Það þýðir að símtöl eru greidd af þeim sem hringt er til og sá sem hringir greiðir aðeins samkvæmt staðartaxta.

Samkvæmt upplýsingum frá Póst- og símamálastofnuninni hafa nokkrar opinberar stofnanir notfært sér þessa þjónustu.

Hér hagar þannig til að opinberar stofnanir eru að mestu leyti í Reykjavík. Þar er einnig öll æðsta stjórn ríkisins. Mikill kostnaður er því fyrir almenning í landinu að nýta þjónustu og ráðgjöf sem hægt er að fá símleiðis frá hinu opinbera og hið sama gildir um sveitarfélög og fyrirtæki. Það er réttlætismál að kippa þessu í lag og tæknilega er ekkert því til fyrirstöðu lengur, enda hefur Póst- og símamálastofnun þegar gefið út bækling þar sem þessi þjónusta er auglýst.

Þetta mál væri skref til þess að jafna aðstöðuna í landinu. Segja má að það heyri til lýðréttinda að aðgangur að þjónustu hins opinbera sé alls staðar á landinu jafn.

Fordæmi þess í málinu gæti orðið fyrirtækjum á almennum markaði hvatning til að taka upp þessa þjónustu og þar með yrði gengið enn lengra til jöfnunar að þessu leyti.

Sþ. 201. Nefndarálit [57. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990, sbr. lög nr. 72/1990.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjáraukalagafrumvarp þetta fyrir árið 1990 var lagt fram á Alþingi 22. október sl. Nefndin hafði þó allnokkru áður hafið vinnu með drög að frumvarpinu sem hún hafði fengið í fjármálaráðuneyti. Var það gert til þess að flýta afgreiðslu þess eins og frekast var unnt. Þetta er í þriðja sinn sem frumvarp til fjáraukalaga fyrir yfirstandandi ár er afgreitt og eru vinnubrögð, sem mörkuð voru af nefndinni við fyrstu afgreiðslu á sl. vetri, farin að falla í fastar skorður.

Í stuttu máli má lýsa vinnubrögðum þannig að nefndin kannaði hvern lið frumvarpsins til hlítar og fékk skýringar frá fjármálaráðuneyti og fagráðuneyti á óskum um greiðsluheimildir. Jafnframt gekk nefndin úr skugga um hvort greiðslur hefðu átt sér stað áður en fjárheimilda var leitað. Svo reyndist ekki vera og er það vissulega mikil framför frá því sem áður hafði tíðkast.

Til viðbótar þessu kallaði nefndin eftir upplýsingum um hvernig ráðstöfunarfé ráðherra hefur verið varið, sbr. fjárlagaliði 09-998. Hér er um nýtt viðfangsefni að ræða sem tekið var upp í fjárlögum í fyrsta sinn fyrir árið 1990 og er ætlað til þess að unnt sé að sinna ýmsum aðkallandi minni háttar viðfangsefnum sem ekki voru fyrirséð við afgreiðslu fjárlaga, en hljóta óhjákvæmilega alltaf að koma til á árinu. Með sama hætti var kallað eftir upplýsingum um hvernig ráðstöfunarfé ríkisstjórnar hefur verið varið (fjárlagaliður 09-989-110), að fjárhæð 100 milljónir kr. Þá óskaði nefndin einnig eftir því að fá nákvæmari sundurliðanir á einstökum útgjaldaliðum, svo sem auknum greiðsluheimildum heilsugæslustöðva og embætta bæjarfógeta og sýslumanna sem í frumvarpinu eru sýndar í einni óskiptri fjárhæð. Hvað þessa útgjaldaliði varðar leggur fjárveitinganefnd til að frumvarpinu verði breytt þannig að sundurliðanir á einstök viðfangsefni komi þar inn í stað heildarfjárhæðar til að ljóst sé hvaða greiðslur verði heimilaðar til hvers og eins þeirra og vegna hvers.

Að lokinni þessari yfirferð kallaði nefndin fyrir sig forsvarsmenn ráðuneyta og margra ríkisstofnana. Var þeim gefinn kostur á að koma á framfæri við nefndina upplýsingum um greiðslustöðu ýmissa verkefna og óskum, ef einhverjar voru, um greiðsluheimildir umfram fjárlög og fjáraukalagafrumvarp. Einnig bárust nefndinni fjölmörg slík erindi frá einstaklingum, félögum og stofnunum. Samtals bárust 55 erindi og voru óskir um viðbótargreiðsluheimildir alls um 406 milljónir kr.

Nefndin hafði nýjustu greiðslustöðu samkvæmt ríkisbókhaldi til hliðsjónar við umfjöllun um þessi erindi auk áætlunar fjárlaga. Þá kallaði nefndin eftir tillögum fagráðuneytanna sem ábyrgð bera á viðfangsefnum og áliti fjármálaráðuneytisins. Í flestum tilvikum féllst fjárveitinganefnd á tillögur ráðuneytanna og mat fjármálaráðuneytisins á greiðsluþörf, enda kallaði nefndin eftir og fékk yfirlýsingu frá fjármálaráðuneytinu um það að yrði þörf fyrir meiri greiðslur úr ríkissjóði til þessara viðfangsefna og annarra en fjárlög og breytingartillögur fjárveitinganefndar gerðu ráð fyrir mundu greiðslur þeirra vegna úr ríkissjóði ekki eiga sér stað fyrr en viðbótargreiðsluheimilda hefði verið aflað í nýjum fjáraukalögum.

Rétt er þó að geta þess að nefndin sjálf átti frumkvæði að nokkrum afgreiðslum en þær eru allar minni háttar. Samtals nema tillögur um viðbótargreiðsluheimildir við 2. umr. 157.705 þús. kr. umfram það sem fjáraukalagafrumvarpið gerir ráð fyrir. Aðeins í einu tilviki er um lækkun á greiðsluheimild að ræða. Hún varðar þing Norðurlandaráðs sem haldið var á sl. vetri en kostnaður við það reyndist nokkru lægri en gert var ráð fyrir.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins.

201 Alþingi: Tekin eru inn eftirfarandi ný viðfangsefni: 1.04 Skrifstofu- og alþingiskostnaður 1.500 þús. kr. vegna kostnaðar við Evrópustefnunefnd. Viðfangsefnið 1.06 Útgáfa Alþingistíðinda 15.560 þús. kr. Um er að ræða aukinn útgáfukostn-

aðar við Alþingistíðindi vegna virðisaukaskatts. Viðfangsefnið 1.31 Þingmannanefndir Evrópuráðsins 1.600 þús. kr. Viðfangsefnið 1.32 Norðurlandaráð lækkar um 6.000 þús. kr. vegna minni kostnaðar við þing Norðurlandaráðs en áætlað var. Viðfangsefnið 1.33 Þingmannafundir Fríverslunarsamtaka Evrópu 700 þús. kr. er vegna ferðakostnaðar.

02 Menntamálaráðuneyti.

710 Fræðsluskrifstofur: Tekið er inn nýtt viðfangsefni, 1.30 Vesturlandsumdæmi, 2.000 þús. kr. vegna stofnbúnaðarkaupa hjá Fræðsluskrifstofu Vesturlands.

989 Ýmis íþróttamál: Tekið er inn nýtt viðfangsefni, 6.13 Íþróttasamband fatlaðra vegna endurhæfingar, 1.380 þús. kr. Um er að ræða styrk til Íþróttasambands fatlaðra þar sem sambandið hafði greitt sömu fjárhæð til Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík.

03 Utanríkisráðuneyti.

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 6.01 Tæki og búnaður 7.000 þús. kr. Liðurinn fellur brott og flyst á fjárlagalið Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, 1.82 Tölvumál.

04 Landbúnaðarráðuneyti.

201 Búnaðarfélag Íslands: Tekinn er inn nýr liður, 1.01 Yfirstjórn, 4.500 þús. kr. Fjárveitingin er vegna starfsloka búreikningastofu.

270 Landgræðslu- og landverndaráætlun: Tekið er inn nýtt viðfangsefni, 6.90 Fyrirhleðslur, 2.500 þús. kr. Fjárveitingin er til framkvæmda við Markarfljót.

288 Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög: Tekið er inn nýtt viðfangsefni, 1.10 Ráðunautar, 12.000 þús. kr. Fjárveitingin er til aksturskostnaðar héraðsráðunauta, 6.000 þús. kr., og vegna þess að launahluta þeirra, 6.000 þús. kr., vantar.

289 Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði: Viðfangsefni 1.20 Endurgreiðsla söluskatts í fiskeldi og loðdýrarækt hækkar um 12.000 þús. kr. og verður 65.000 þús. kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

209 Lögregluskóli ríkisins: Tekinn er inn nýr liður, 1.01 Rekstrarkostnaður, 3.000 þús. kr. Fjárveiting er vegna aukins kostnaðar við stundakennslu og kostnaðar við gerð námsefnis.

304 Ýmis kirkjuleg málefni: Tekið er inn nýtt viðfangsefni, 1.90 Ýmislegt, 300 þús. kr. Fjárveitingin er framlag til dómprófasts í Reykjavík.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi: Tekið er inn nýtt viðfangsefni, 1.45 Krýsuvíkursamtökin. Fjárveitingin er framlag til Krýsuvíkursamtakanna vegna vist- og dvalarkostnaðar á árinu 1990.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

371 Ríkisspítalar: Sértekjur lækka um 40.000 þús. kr. Tekið er inn nýtt viðfangsefni, 1.10 Legudeildir, svæfingar- og gjörgæsludeildir, 35.000 þús. kr. vegna kostnaðar við sjúklinga er þurfa dýra lyfjameðferð.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir: Viðfangsefnið 1.10 Uppgjör á hallarekstri sjúkrahúsa. Fjárveiting hækkar um 7.500 þús. kr. og verður 47.500 þús. kr. Sundurliðun er í sérstöku yfirliti í breytingartillögunum.

10 Samgönguráðuneyti.

101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn. Fjárveiting hækkar um 700 þús. kr. og verður 5.700 þús. kr. Um er að ræða viðbótarkostnað vegna Óslóar- og Parísarráðstefnu.

333 Hafnamál: Við bætist nýr liður, 1.10. Hafnarannsóknir og mælingar, 6.300 þús. kr. Viðfangsefni 6.30 Hafnarmannvirki lækkar um 53.300 þús. kr. og verður 11.700 þús. kr. Tekinn er inn nýr liður, 6.40 Sjóvarnargarðar, 27.500 þús. kr. Þar af eru 2.500 þús. kr. til framkvæmda við sjóvarnargarð á Stokkseyri. Tekinn er inn nýr liður, 6.70 Hafnabótasjóður, framlag, 22.000 þús. kr. Alls hækka tilfærslur vegna hafnamála um 2.500 þús. kr.

471 Flugmálastjórn: Sértekjur lækka um 3.000 þús. kr. og verða alls lækkaðar um 13.000 þús. kr.

11 Iðnaðarráðuneyti.

240 Iðnaðarrannsóknir: Viðfangsefnið 1.01 Iðnaðarrannsóknir. Fjárveiting hækkar um 3.500 þús. kr. vegna kostnaðar við staðarval fyrir álver og verður 13.500 þús. kr.

289 Jöfnunargjald: Viðfangsefnið 1.01 Jöfnunargjald í iðnaði hækkar um 10.000 þús. kr. og verður 160.000 þús. kr. Fjárveitingin er til að unnt sé að endurgreiða söluskatt í iðnaði til loka nóvembermánaðar árið 1989.

301 Orkustofnun: Tekið er inn nýtt viðfangsefni, 1.01 Almennur rekstur, 1.500 þús. kr. Fjárveitingin er til greiðslu biðlauna Ísleifs Jónssonar hjá Orkustofnun.

371 Orkusjóður: Tekið er inn nýtt viðfangsefni, 6.22 Styrkur til jarðhitaleitar í Öxarfirði, 1.400 þús. kr. Á móti lækkar viðfangsefnið 6.15 Lán til jarðhitaleitar um sömu fjárhæð.

14 Umhverfisráðuneyti.

101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn. Fjárveiting hækkar um 500 þús. kr. vegna kostnaðar við undirbúning undir ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Brasilíu.

15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

182 Tölvumál: Tekið er inn nýtt viðfangsefni, 6.50 Stjórnarráð, tölvuvæðing, 7.000 þús. kr. Um er að ræða tilfærslu frá lið utanríkisráðuneytis, aðalskrifstofu, viðfangsefni 6.01 Tæki og búnaður.

Frekari skýringar á einstökum breytingartillögum verða gefnar í framsögu eftir því sem þurfa þykir.

Eins og vanalega vann fjárveitinganefnd, bæði meiri og minni hl., saman að umfjöllun allra erinda. Meiri hl. nefndarinnar ber ábyrgð á breytingartillögum og flytur þær en minni hl. mun skila séráliti.

Alþingi, 27. nóv. 1990.

Sighvatur Björgvinsson, form., frsm.
Margrét Frímannsdóttir, fundaskr.
Alexander Stefánsson.
Ólafur Þ. Þórðarson.
Ásgeir Hannes Eiríksson.

Sþ. 202. Breytingartillögur [57. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990, sbr. lög nr. 72/1990.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar (SighB, MF, AS, ÓÞÞ, ÁHE).

	Þús. kr.
1. Við 3. gr. Nýr liður:	
00-201 Alþingi	
a. 104 Skrifstofu- og alþingiskostnaður	1.500
b. 106 Útgáfukostnaður Alþingistíðinda	15.560
c. 131 Þingmannanefndir Evrópuráðsins	1.600
d. 132 Norðurlandaráð	–6.000
e. 133 Þingmannafundir Fríverslunarsamtaka Evrópu	700
2. Við 3. gr. Nýr liður:	
02-710 Fræðsluskrifstofur	
630 Vesturlandsumdæmi, tæki og búnaður	2.000
3. Við 3. gr. 02-989 Ýmis íþróttamál. Nýr liður:	
613 Íþróttasamband fatlaðra, vegna endurhæfingar	1.380
4. Við 3. gr. 03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. 601 Tæki og búnaður.	
Liðurinn fellur brott.	
5. Við 3. gr. Nýr liður:	
04-201 Búnaðarfélag Íslands	
101 Yfirstjórn	4.500
6. Við 3. gr. 04-270 Landgræðslu- og landverndaráætlun. Nýr liður:	
690 Fyrirhleðslur	2.500
7. Við 3. gr. Nýr liður:	
04-288 Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög	
110 Ráðunautar	12.000
8. Við 3. gr. 04-289 Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði. 120 Endurgreiðsla söluskatts í fiskeldi og loðdýrarækt	
Fyrir „53.000“ kemur	65.000
9. Við 3. gr. Nýr liður:	
06-209 Lögregluskóli ríkisins	
101 Rekstrarkostnaður	3.000
10. Við 3. gr. Nýr liður:	
06-304 Ýmis kirkjuleg málefni	
190 Ýmislegt	300
11. Við 3. gr. 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Nýr liður:	
145 Krýsuvíkursamtökin	2.465
12. Við 3. gr. 08-371 Ríkisspítalar. Nýir liðir:	
a. 1.10 Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeild	35.000
b. 4 Sértekjur	–40.000
13. Við 3. gr. 08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir.	
a. Við 110 Uppgjör á hallarekstri sjúkrahúsa.	
Fyrir „40.000“ kemur 47.500	

b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

1. Sjúkrahúsið Bolungarvík	2.300	
2. Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð, Kópavogi	3.700	
3. SÁÁ, meðferðarstöð	11.300	
4. Sjúkrahúsið Ísafirði	3.000	
5. Sjúkrahúsið Húsavík	5.000	
6. Sjúkrahúsið Selfossi	12.700	
7. Sjúkrahúsið Egilsstöðum	2.000	
8. Óráðstafað	7.500	
		47.500

14. Við 3. gr. 08-480 101 Heilsugæslustöðvar. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

a. Rekstrarhalli.

1. Heilsugæslustöð Akranesi	200	
2. Heilsugæslustöð Borgarnesi	600	
3. Heilsugæslustöð Ísafirði	1.800	
4. Heilsugæslustöð Hólmavík	900	
5. Heilsugæslustöð Blönduósi	1.400	
6. Heilsugæslustöð Sauðárkróki	700	
7. Heilsugæslustöð Siglufirði	400	
8. Heilsugæslustöð Ólafsfirði	500	
9. Heilsugæslustöð Dalvík	200	
10. Heilsugæslustöð Akureyri	5.000	
11. Heilsugæslustöð Kópaskeri	200	
12. Heilsugæslustöð Raufarhöfn	200	
13. Heilsugæslustöð Egilsstöðum	4.100	
14. Heilsugæslustöð Seyðisfirði	600	
15. Heilsugæslustöð Vopnafirði	1.000	
16. Heilsugæslustöð Djúpavogi	1.000	
17. Heilsugæslustöð Kirkjubæjarklaustri	200	
18. Heilsugæslustöð Vík í Mýrdal	500	
19. Heilsugæslustöð Hvolsvelli	700	
20. Heilsugæslustöð Hveragerði	600	
21. Heilsugæslustöð Vestmannaeyjum	700	
22. Heilsugæslustöð Hafnarfirði	2.800	
23. Heilsugæslustöð Garðabæ	1.100	
24. Heilsugæslustöð Seltjarnarnesi	3.000	
25. Óráðstafað	600	
		29.000

b. Sjúkraflutningar.

1. Heilsugæslustöð Akureyri, Suðurnesjum og Hafnarfirði	60.000	
2. Heilsugæslustöð Akranesi	2.400	
3. Heilsugæslustöð Patreksfirði	900	
4. Heilsugæslustöð Ísafirði	3.900	
5. Heilsugæslustöð Bolungarvík	700	

6. Heilsugæslustöð Sauðárkróki	1.500	
7. Heilsugæslustöð Siglufirði	1.300	
8. Heilsugæslustöð Dalvík	200	
9. Heilsugæslustöð Kópaskeri	200	
10. Heilsugæslustöð Vestmannaeyjum	2.200	
11. Óráðstafað vegna ófyrirséðs kostnaðar	6.700	
		80.000
c. Aðrar heilsugæslustöðvar		5.000
		114.000
15. Við 3. gr. 10-101 Samgönguráðuneyti. 101 Yfirstjórn.		
Fyrir „5.000“ kemur		5.700
16. Við 3. gr. 10-333 Hafnamál.		
a. Við bætist nýr liður:		
110 Hafnarannsóknir og mælingar		6.300
b. Við 630 Hafnarmannvirki.		
Fyrir „65.000“ kemur		11.700
c. Við bætast nýir liðir:		
640 Sjóvarnargarðar		27.500
670 Hafnabótasjóður, framlag		22.000
17. Við 3. gr. 10-471 Flugmálastjórn. 4 Sértekjur.		
Fyrir „–10.000“ kemur		–13.000
18. Við 3. gr. 11-240 101 Iðnaðarrannsóknir.		
Fyrir „10.000“ kemur		13.500
19. Við 3. gr. 11-289 101 Jöfnunargjald í iðnaði.		
Fyrir „150.000“ kemur		160.000
20. Við 3. gr. Nýr liður:		
11-301 Orkustofnun		
101 Almennur rekstur		1.500
21. Við 3. gr. Nýr liður:		
11-371 Orkusjóður		
a. 615 Lán til jarðhitaleitar		–1.400
b. 622 Styrkur til jarðhitaleitar í Öxarfirði		1.400
22. Við 3. gr. 14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.		
Fyrir „2.000“ kemur		2.500
23. Við 3. gr. Nýr liður:		
15-182 Tölvumál		
650 Stjórnarráð, tölvuvæðing		7.000

Sþ. 203. Fyrirspurn [180. mál]

til forsætisráðherra um afnám vísitölutengingar fjárskuldbindinga.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

Hvenær verður vísitölutenging fjárskuldbindinga afnumin?

Sþ. 204. Fyrirspurn [181. mál]

til félagsmálaráðherra um vexti á lánum Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

Eru hugmyndir uppi í félagsmálaráðuneytinu eða Húsnæðisstofnun ríkisins að gefa þeim sem við fasteignakaup hafa yfirtekið lán frá Húsnæðisstofnun ríkisins frá árunum 1976 og 1977 kost á skuldbreytingu svo að þeir þurfi ekki að búa við það óréttlæti að greiða yfir 9% vexti af þeim lánum meðan almennir vextir af húsnæðisstjórnarlánum eru 4,5% eða lægri?

Sþ. 205. Fyrirspurn [182. mál]

til félagsmálaráðherra um kaup Húsnæðisstofnunar ríkisins á íbúðum á nauðungaruppboði.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

1. Hvaða sjónarmið eru látin ráða við uppgjör á kaup- og söluverði þegar Húsnæðisstofnun ríkisins kaupir eignir á nauðungaruppboði? Heldur stofnunin mismuninum hjá sér, greiðir hún uppboðsþolanum mismuninn eða lætur hún aðra lánadrottna uppboðsþolans njóta þess að mismunur verður?
2. Eru mörg dæmi þess að Húsnæðisstofnun ríkisins hafi hagnast á því að kaupa eignir á nauðungaruppboði?
3. Fer skoðun félagsmálaráðherra saman við skoðun stjórnar Húsnæðisstofnunar ríkisins í málum af þessu tagi?

Nd. 206. Frumvarp til laga [183. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Sigrún Jónsdóttir, Kristín Einarsdóttir,
Málmfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 16. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 59/1987:

a. Í stað 1.–3. málsl. 1. mgr. komi fimm nýir málsliðir er orðist svo:

Fæðingarstyrkur skal vera 22.754 kr. á mánuði í sjö mánuði við hverja fæðingu til móður sem á lögheimili hér á landi, sbr. þó 2. mgr. Frá 1. janúar 1992 skal fæðingarstyrkur greiddur í átta mánuði og frá 1. janúar 1993 í níu mánuði. Að auki á barnshafandi kona rétt á greiðslu fæðingarstyrks einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag fram að fæðingardegi. Staðfesta skal áætlaðan fæðingardag með læknisvottorði. Ef fæðingu ber að fyrir áætlaðan fæðingardag fellur niður ónýttur réttur konu til greiðslu fæðingarstyrks fyrir áætlaðan fæðingardag.

b. Í stað 1. málsl. 5. mgr. koma tveir nýir málsliðir svohljóðandi:

Framlengja skal greiðslu fæðingarstyrks um þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt

ef fleiri fæðast í einu. Að auki skal kona, sem gengur með fleiri en eitt barn, eiga rétt á greiðslu fæðingarstyrks í tvo mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag.

c. 6. mgr. orðist svo:

Fæðingarstyrkur skal og greiddur ættleiðandi foreldri, uppeldis- eða fósturforeldri, vegna töku barns yngra en fimm ára, í sjö mánuði frá því er fyrir liggur staðfesting barnaverndarnefndar eða sveitarfélags um fósturráðstöfun eða leyfi til ættleiðingar eftir því sem við á. Fæðingarstyrkur skal greiddur í átta mánuði frá 1. janúar 1992 og í níu mánuði frá 1. janúar 1993.

d. Við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er að loknum fyrstu þremur mánuðum fæðingarorlofs að óska þess að einungis verði greiddur helmingur fæðingarstyrks á mánuði og lengist sá tími sem greitt er til samræmis við það.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 26. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1987:

a. C-liður orðist svo:

Fæðingardagpeningar skulu greiddir í sjö mánuði. Frá 1. janúar 1992 skulu þeir greiddir í átta mánuði og frá 1. janúar 1993 í níu mánuði.

b. E-liður orðist svo:

Barnshafandi kona á rétt á greiðslu fæðingardagpeninga einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag fram að fæðingardegi. Staðfesta skal áætlaðan fæðingardag með læknisvottorði. Ef fæðingu ber að fyrir áætlaðan fæðingardag fellur niður ónýttur réttur konu til greiðslu fæðingardagpeninga fyrir áætlaðan fæðingardag. Kona, sem gengur með fleiri en eitt barn, skal eiga rétt á greiðslu fæðingardagpeninga í tvo mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag.

c. Í stað orðanna „fjögurra mánaða fæðingardagpeningum (fimm eða sex, sbr. c-lið)“ í niðurlagi seinni málsliðar f-liðar komi: sjö, átta eða níu mánaða fæðingardagpeningum, sbr. c-lið.

d. H-liður orðist svo:

Fæðingarorlof og greiðslur fæðingardagpeninga framlengjast um þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt ef fleiri fæðast í einu.

e. Við bætist nýr stafliður svohljóðandi:

Heimilt er að loknum fyrstu þremur mánuðum fæðingarorlofs að óska þess að einungis verði greiddur helmingur fæðingardagpeninga á mánuði og lengist sá tími sem greitt er til samræmis við það.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið þessa lagafrumvarps er að tryggja velferð barna og foreldra þeirra og gera foreldrum betur kleift að annast börn sín á fyrstu mánuðum ævi þeirra. Með því treystum við innbyrðis tengsl fjölskyldunnar og styrkjum hana á þýðingarmiklu og viðkvæmu skeiði.

Það er viðurkennd staðreynd í þjóðfélagi okkar að flest heimili þurfa tvær fyrirvinnur, enda hefur atvinnuþátttaka kvenna aukist gífurlega á undanförnum áratugum. Árið 1960 unnu um 29% kvenna utan heimilis. Í sérriti Þjóðhagsstofnunar nr. 1 frá því í janúar 1989 kemur m.a. fram að árið 1985 var atvinnuþátttaka ógiftra kvenna um 79% og 83% meðal giftra kvenna. Ekkert bendir til þess að það hlutfall hafi lækkað síðastliðin ár nema síður sé. Í sérriti Þjóðhagstofnunar segir enn fremur: „Ef einungis er tekið mið af konum á aldrinum 16–74 ára var atvinnuþátttaka íslenskra kvenna árið 1986 90,1%.“ Heimilin bera það ekki fjárhagslega að önnur fyrirvinnan láti af launuðum störfum utan heimilis til að annast ungabarn á fyrsta æviskeiði þess. Einnig er rétt að minna á að á mörgum heimilum er aðeins ein fyrirvinna. Það er skylda samfélagsins að gera öllum foreldrum fjárhagslega kleift að eignast börn og veita þeim viðunandi umönnun. Greiðslur í fæðingarorlofi nú eru allt of lágar og óviðunandi er að tekjur fjölmargra fjölskyldna skuli í raun lækka við það að eignast barn.

Lagabreytingar, sem frumvarpið kveður á um, eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi að fæðingarorlof verði lengt um þrjá mánuði eftir fæðingu. Í öðru lagi að öllum mæðrum sé tryggður hvíldartími fyrir fæðingu. Í þriðja lagi að fleirburamæðrum séu tryggðir tveir mánuðir fyrir fæðingu og þrír mánuðir að auki eftir fæðingu. Í fjórða lagi er lagt til að fæðingarorlof til ættleiðandi foreldra, uppeldis- eða fósturforeldra, lengist í áföngum til jafns við fæðingarorlof annarra foreldra. Í fimmta lagi er veitt heimild til þess að foreldrar geti dreift greiðslum fæðingarorlofs eftir ákveðinn tíma þannig að hægt sé að lengja fæðingarorlofið á þann hátt ef foreldrar kjósa það.

Eins og fyrr segir er lagt til að sú skipan verði tekin upp hér að fæðingarorlof eftir fæðingu verði níu mánuðir. Það mundi lengjast nú þegar í sjö mánuði, 1. janúar 1992 í átta mánuði og 1. janúar 1993 í níu mánuði. Vart þarf að fjölyrða um hversu mikilvægt það er fyrir heilbrigði og framtíð barna okkar að njóta umönnunar foreldra sinna sem lengst. Hér er um að ræða réttindamál barna jafnt sem foreldra og ekki síður hagsmunamál samfélagsins alls. Sú staðreynd að foreldrar þurfa að hverfa aftur til vinnu sinnar að loknu sex mánaða fæðingarorlofi hlýtur að vekja okkur til umhugsunar um hvað við erum að bjóða ungum börnum okkar. Í mörgum tilfellum eru þau sett í hendur ókunnugra meiri hluta dagsins aðeins sex mánaða gömul. Á þeim aldri þarfnast börn stöðugrar umönnunar sem eðlilegast er að foreldrar veiti. Sex mánaða gamalt barn er enn mjög háð uppalanda sínum, þremur mánuðum síðar hefur það öðlast mun meiri þroska og getur betur tekist á við umhverfið. Rannsóknir hafa leitt í ljós hve mikilvægt það er fyrir þroska barns að náið og traust samband myndist milli þess og móður þess eða nánasta uppalanda þegar á fyrsta æviskeiði. Gildi móðurmjólkur fyrir ungbörn er ótvírætt, bæði til næringar og verndar gegn sýkingum. Jafnframt skiptir brjóstagjöf mjög miklu máli til myndunar sterkra tilfinningatengsla milli móður og barns. Enn fremur benda rannsóknir til þess að börn fái síður ofnæmi ef reynt er að bægja frá þeim ofnæmisvaldandi efnum fyrstu sex til níu mánuðina eftir fæðingu. Í því sambandi er talið mikilvægt að gefa börnum eingöngu brjóstamjólk, a.m.k. fyrstu sex mánuðina. Við sex mánaða aldur eru þau mótefni sem ungbörn fá frá móður að mestu uppurin og hæfileiki til mótefnamyndunar

hjá barninu er að þroskast. Á þessu aldursskeiði, þ.e. sex til níu mánaða, eru börn því viðkvæm fyrir alls kyns smiti og þá sérstaklega ofnæmisbörn. Þetta styður enn frekar þá tilhögun að lengja fæðingarorlof úr sex í níu mánuði.

Það skref sem stigið var með lögum nr. 57 og 59 árið 1987, um lengingu fæðingarorlofs í sex mánuði, var vissulega skref í rétta átt. En þar má ekki láta staðar numið og því er þetta frumvarp lagt fram. Það er rétt að geta þess hér að kvennalistakonur lögðu í þrígang fram frumvarp á síðasta kjörtímabili um lengingu fæðingarorlofs úr þremur mánuðum í sex sem ekki fékkst samþykkt. Þá kom m.a. fram í umræðum að þingmenn töldu sex mánuði ekki vera endanlegt markmið, heldur aðeins skref í átt til lengra fæðingarorlofs.

Það er mikið hagsmunamál fyrir verðandi mæður að hafa skýlausan rétt til þess að fara í fæðingarorlof allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag. Meðganga er mikið líkamlegt álag og geta ýmsir fylgikvillar gert vart við sig ekki síst á síðustu mánuðum meðgöngunnar. Það getur skipt sköpum, bæði fyrir verðandi móður og ekki síður fyrir nýburann, að móðirin sé óþreytt þegar að fæðingu kemur. Nú starfa um 80% kvenna utan heimilis auk þess sem heimilisstörfin hvíla enn að stórum hluta á herðum kvenna. Það mundi því létta mjög á verðandi mæðrum ef þær gætu hafið töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir fæðingu. Ekki er gert ráð fyrir að hægt sé að fresta því að taka þennan mánuð fyrir fæðingu og lengja þannig fæðingarorlofið eftir fæðingu, heldur er hér verið að stuðla að því að konur geti hvílst fyrir fæðingu. Í lögum um almannatryggingar segir að konu sé heimilt að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag. Ef ekki er um viðurkenndan sjúkdóm að ræða hefur það í för með sér að sá tími sem hún hefur með barni sínu eftir fæðingu styttist sem því nemur. Í 1. og 2. tölul. 2. og 3. gr. reglugerðar um fæðingarorlof nr. 20/1989 segir til um hvaða ástæður geti leitt til framlengingar fæðingarorlofs:

„1. Sjúkdómar sem upp koma vegna meðgöngu og valda óvinnufærni, samkvæmt vottorði læknis.

2. Sjúkdómar, tímabundir eða langvarandi, sem versna um meðgöngu og valda óvinnufærni, samkvæmt vottorði læknis."

Sú breyting sem hér er lögð til felst í því að konur hafi skilyrðislausan rétt til að hefja töku fæðingarorlofs mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag án vottorðs frá lækni og að fæðingarorlof eftir fæðingu skerðist ekki við það. Sambærilegar reglur eru í gildi á Norðurlöndunum um töku fæðingarorlofs fyrir fæðingu.

Ljóst er að konum sem ganga með fleirbura er hættara við fyrirburafæðingum en þeim sem ganga með eitt barn. Reynslan sýnir að hættast er við fyrirburafæðingu á tímabilinu frá 30. viku og fram til 35. viku meðgöngunnar. Þeim sið hefur verið fylgt á kvennadeild Landspítalans til margra ára að hvetja konur til að hætta vinnu þetta tímabil til að minnka þessa áhættu. Í mörgum tilvikum hafa konur verið lagðar inn á meðgöngudeild ef þær hafa fengið fyrirvaraverki á þessu hættuskeiði. Í 3. tölul. 2. gr. reglugerðar um fæðingarorlof nr. 20/1989 er kveðið á um þær heilsufars- og öryggisástæður sem geta leitt til framlengingar fæðingarorlofs: „Fyrirbyggjandi meðferð til að koma í veg fyrir fyrirburafæðingu eða til að vernda heilsu fósturs, enda valdi meðferðin óvinnufærni, samkvæmt vottorði læknis."

Með þeirri lagabreytingu sem hér er lögð til ættu allar fleirburamæður rétt á að hefja töku fæðingarorlofs a.m.k. tveim mánuðum fyrir áætlaðan fæðingardag. Enn fremur er ljóst að það að eignast fleiri en eitt barn í einu er mikið álag fyrir hverja fjölskyldu og

því þykir okkur rétt að lengja fæðingarorlof um þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt. Reynslan sýnir að hér á landi eru tvíburafæðingar um 40 á hverju ári að meðaltali. Þríburar fæðast hér annað eða þriðja hvert ár og fjórburar hafa fæðst tvisvar hér á landi svo vitað sé. Hér er því ekki um stóran hóp að ræða en nauðsynlegt er að tryggja öryggi þessara barna og mæðra þeirra eins og best verður á kosið og í samræmi við þær kröfur sem fæðingarlæknar telja við hæfi.

Eðlilegt hlýtur að teljast að kjörforeldrar, uppeldis- eða fósturforeldrar, njóti sama réttar og aðrir foreldrar í þessu sambandi, þar sem þeir og viðkomandi börn þurfa tíma til að aðlaga sig breyttum aðstæðum. Hér er ekki um mörg tilfelli að ræða á ári svo ekki mun verða um umtalsverða kostnaðaraukningu að ræða. Nú er orlof vegna töku fósturbarna fimm mánuðir en lagt er til að það lengist nú þegar í sjö mánuði, síðan í átta mánuði 1. janúar 1992 og loks í níu mánuði 1. janúar 1993 til samræmis við fæðingarorlof annarra foreldra.

Mörgum foreldrum gæti hentað betur að vera lengur í fæðingarorlofi en í níu mánuði og því er lagt til að heimilt sé að dreifa greiðslum eftir fyrstu þrjá mánuðina þannig að greiðslutímabilið geti lengst um allt að helming. Þetta er í samræmi við heimild sem starfsmenn hins opinbera hafa svo fremi sem því verði við komið á vinnustað þeirra. Það sama þyrfti að gilda hér, þ.e. að um slíka tilhögun yrði samið á vinnustað hvers og eins, en við teljum nauðsynlegt að tryggja þennan möguleika í lögunum.

Okkur Íslendingum er tamt að bera okkur saman aðrar Norðurlandaþjóðir með ýmis málefni sem snerta þjónustu hins opinbera. Varðandi þann málaflokk sem hér er til umræðu kemur í ljós að víðast er fæðingarorlofið lengra en hér á landi. Hér er nokkur munur á milli landa Svíar hafa nú lengsta fæðingarorlofið á Norðurlöndum, því næst Finnar, svo Danir og Norðmenn með svipaða tímalengd og loks við með stysta orlofið. Í Svíþjóð er fæðingarorlof nú 18 mánuðir, þar af getur móðirin tekið 60 virka daga fyrir fæðingu. Í Finnlandi eiga konur rétt á að vera frá vinnu í 30 virka daga (fimm vikur) fyrir áætlaðan fæðingardag og í 75 virka daga (u.þ.b. fjóra mánuði) eftir fæðingu sem geta orðið 105 virkir dagar ef konan nýtir sér ekki dagana sem hún á rétt á fyrir fæðingu. Að þessum tíma liðnum tekur við svokallaður umönnunartími sem foreldrar geta skipt á milli sín sem eru 158 virkir dagar (u.þ.b. átta mánuði). Í Danmörku eiga konur á vinnumarkaði rétt á að vera frá vinnu frá og með fjórum vikum fyrir áætlaðan fæðingardag barns. Eftir fæðingu er fæðingarorlofið 24 vikur (sex mánuðir). Alls getur fæðingarorlof í Danmörku því orðið 28 vikur (sjö mánuðir). Fyrstu 14 vikurnar verður móðirin að vera í fæðingarorlofi en tíu vikunum þar á eftir geta foreldrar skipt að eigin vali. Í Noregi eiga konur á vinnumarkaði rétt á fjarveru í 24 eða 30 vikur sex til sjö og hálfan mánuð vegna fæðingar. Allt að 12 vikum af þessum tíma má taka fyrir fæðinguna. Fyrstu sex vikurnar eftir fæðingu verður móðirin að vera heima en vikunum sem eftir eru geta foreldrar skipt á milli sín.

Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun hafa 5.222 einstaklingar fengið greiðslu frá stofnuninni fyrstu 11 mánuði þessa árs. Heildargreiðslur nema 1.025.086.477 kr. sem gera rúmar 93 milljónir kr. á mánuði að jafnaði á þessu ári. Miðað við 7% hækkun verðlags, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga árið 1991, og svipaðan fjölda fæðinga á næsta ári, ættu greiðslur á mánuði að vera tæpar 100 milljónir kr. árið 1991. Kostnaðarauki vegna lengingar fæðingarorlofs um tvo mánuði, þ.e. einn mánuð fyrir og einn mánuð eftir fæðingu, er því um 200 milljónir kr. á næsta ári. Benda má á að með frumvörpum Kvennalistans um fæðingarorlof á síðasta kjörtímabili var lagt til að hækka

lífeyristryggingagjald atvinnurekenda um 1%, úr 2% í 3%. Nú standa hins vegar fyrir dyrum kerfisbreytingar á innheimtu gjalda af atvinnurekendum sem mundu leiða af sér hækkun á heildarframlagi atvinnurekenda í svokallað tryggingaiðgjald um rúma 2 milljarða kr. Ef af verður ætti að vera hægt að hnika til um 200 milljónum kr. á næsta ári til að fjármagna lengra fæðingarorlof.

Farsæl byrjun æviferils í faðmi foreldra hlýtur að vera eitt af grundvallaratriðum þess að við eignumst hæfa og vel gerða einstaklinga. Árangur bættra aðstæðna ungbarnaforeldra verður án vafa aukið heilbrigði, andlegt og líkamlegt, færri félagsleg vandamál svo eitthvað sé nefnt — í stuttu máli betra mannlíf. Það er kominn tími til að Íslendingar taki sig á í þessu efni og búi betur að börnum sínum. Gerum þetta mál að forgangsverkefni dagsins í dag.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

a. Í 16. gr. laga nr. 67/1971 er kveðið á um að upphæð fæðingarstyrks sé 15.000 kr. og breytist sú tala til samræmis við það sem hún er nú, þ.e. 22.754 kr. Við gildistöku þessara laga skal greiða fæðingarstyrk í sjö mánuði eftir fæðingu, frá 1. janúar 1992 í átta mánuði og frá 1. janúar 1993 í níu mánuði. Sú nýbreytni er lögð til hér að allar konur eigi einnig rétt á greiðslu fæðingarstyrks í einn mánuð fyrir áætlaðan fæðingardag. Kona, sem tekur fæðingarorlof einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag en á barn sitt fyrir tímann, telst eiga (sjö, átta) níu mánuði eftir í fæðingarorlofi eftir fæðingu barnsins. Ef kona gengur með barn fram yfir áætlaðan fæðingardag er hún í orlofi fram að fæðingardegi en eftir það telst hún eiga (sjö, átta) níu mánaða fæðingarorlof. Ef fæðingu barns ber að áður en kona er komin í fæðingarorlof fellur niður ónýttur réttur hennar til greiðslu fæðingarstyrks fyrir áætlaðan fæðingardag. Rétt er að taka það fram hér að sá réttur, sem konur hafa nú til að hefja töku fæðingarorlofs meira en mánuði fyrir fæðingu vegna veikinda, er á engan hátt skertur, það ákvæði stendur óbreytt í lögunum. Við gildistöku laganna yrði fæðingarorlof alls átta mánuðir, níu mánuðir frá 1. janúar 1992 og tíu mánuðir frá 1. janúar 1993.

b. Hér er lagt til að þrír mánuðir bætist við fæðingarorlof eftir fæðingu ef fleiri en eitt barn fæðast í einu. Ef kona eignast tvíbura verður fæðingarorlof hennar því a.m.k. tíu mánuðir eftir fæðingu þegar lög þessi taka gildi, eftir 1. janúar 1992 yrði það 11 mánuðir og eftir 1. janúar 1993 12 mánuðir. Þá er lagt til að fleirburamæður eigi rétt á fæðingarstyrk í tvo mánuði að auki fyrir fæðingu barnanna. Ef um er að ræða tvíburafæðingu gæti móðirin því hafið töku fæðingarorlofs a.m.k. tveim mánuðum fyrir áætlaðan fæðingardag og síðan verið í tíu mánuði í fæðingarorlofi eftir fæðingu.

c. Hér er verið að samræma lengd fæðingarorlofs kjör- og fósturforeldra vegna töku barns yngra en fimm ára við lengd fæðingarorlofs annarra foreldra.

d. Hér er um nýmæli að ræða þar sem foreldrum er gefinn kostur á að skipta greiðslum Tryggingastofnunar til helminga eftir þrjá mánuði. Orlofsgreiðslur yrðu með öðrum orðum þær sömu, en dreifðust á lengri tíma. Hér yrði að vera um samkomulagsatriði að ræða milli vinnuveitanda og launþega í hvert sinn.

Um 2. gr.

Í 26. gr. laga nr. 67/1971 er kveðið á um hvaða reglur skuli gilda um greiðslu fæðingardagpeninga. Þær breytingar, sem hér eru gerðar á þeirri grein, eru allar í samræmi

við breytingar á 16. gr. þar sem fjallað er um greiðslu fæðingarstyrks.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Nd. 207. Frumvarp til laga [184. mál]

um breyting á lögum um fæðingarorlof, nr. 57 31. mars 1987.

Flm.: Sigrún Jónsdóttir, Kristín Einarsdóttir,
Málmfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Foreldrar, sem gegna launuðum störfum og eiga lögheimili á Íslandi, eiga rétt á níu mánaða fæðingarorlofi frá fæðingu barns.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Barnshafandi kona á rétt á fæðingarorlofi einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag fram að fæðingardegi. Staðfesta skal áætlaðan fæðingardag með læknisvottorði. Óheimilt er að bæta fæðingarorlofi samkvæmt þessari grein við fæðingarorlof sem tekið er eftir fæðingu barns skv. 2. gr.

3. gr.

1. málsl. 5. gr. laganna orðist svo:

Ættleiðandi foreldrar, uppeldis- eða fósturforeldrar, eiga rétt til níu mánaða fæðingarorlofs vegna töku barns að fimm ára aldri þess.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fæðingarorlof skal vera sjö mánuðir frá gildistöku þessara laga til 1. janúar 1992. Fæðingarorlof skal vera átta mánuðir frá þeim tíma til 1. janúar 1993.

Fæðingarorlof ættleiðandi foreldra, uppeldis- eða fósturforeldra, skal vera sjö mánuðir frá gildistöku þessara laga til 1. janúar 1992, en átta mánuðir frá þeim tíma til 1. janúar 1993.

Greinargerð.

Tilgangur þessa lagafrumvarps er að lengja fæðingarorlof eftir fæðingu úr sex mánuðum í níu og að tryggja öllum barnshafandi konum einn mánuð sem hvíldartíma fyrir fæðingu.

Það er enginn vafi á því að bættar aðstæður foreldra ungbarna skila sér margfalt til baka til þjóðfélagsins í formi betra mannlífs, betri heilsu og færri félagslegra vandamála. Að öðru leyti vísast til greinargerðar með frumvarpi á þskj. 206.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Fæðingarorlof eftir fæðingu skal verða níu mánuðir. Í bráðabirgðaákvæði segir að orlofið skuli lengjast í þrepum, þ.e. nú þegar í sjö mánuði, frá 1. janúar 1992 í átta mánuði og frá 1. janúar 1993 í níu mánuði.

Um 2. gr.

Í greininni er mælt fyrir um þá nýbreytni að barnshafandi kona eigi rétt á fæðingarorlofi mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag. Kona, sem tekur fæðingarorlof einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag en á barn sitt fyrir tímann, fær fæðingarorlof samkvæmt þessari grein fram að fæðingunni, en eftir fæðinguna tekur við fæðingarorlof skv. 2. gr. laganna. Ef kona gengur með barn fram yfir áætlaðan fæðingardag er hún í orlofi samkvæmt þessari grein fram að fæðingardegi, en eftir það tekur hún fullt orlof skv. 2.gr. laganna. Þessi mánuður fyrir fæðingu er ætlaður sem hvíldartími fyrir barnshafandi konur og óheimilt er að bæta honum við fæðingarorlof eftir fæðingu.

Beri fæðingu að meira en einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag hefst þegar fæðingarorlof skv. 2. gr. laganna og konan getur ekki nýtt fæðingarorlof samkvæmt þessari grein.

Um 3. gr.

Í þessari grein er verið að samræma lengd fæðingarorlofs ættleiðandi foreldra, uppeldis- og fósturforeldra, við lengd fæðingarorlofs annarra foreldra. Við gildistöku þessara laga yrði það sjö mánuðir til 1. janúar 1992, en þá yrði það átta mánuðir og 1. janúar 1993 yrði það níu mánuðir.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Nd. 208. Nefndarálit [44. mál]

um frv. til l. um norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess eins og það var afgreitt frá efri deild.

Jón Sæmundur Sigurjónsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. nóv. 1990.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur G. Þórarinsson, fundaskr.	Þórhildur Þorleifsdóttir.
Matthías Bjarnason.	Friðrik Sophusson.	Ragnar Arnalds.

Nd. 209. Nefndarálit [117. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Jón Sæmundur Sigurjónsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. nóv. 1990.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur G. Þórarinsson, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Friðrik Sophusson.	Ragnar Arnalds.	Þórhildur Þorleifsdóttir.

Nd. 210. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um heimild til hækkunar á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Jón Sæmundur Sigurjónsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. nóv. 1990.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur G. Þórarinsson, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Ragnar Arnalds.	Þórhildur Þorleifsdóttir.	Friðrik Sophusson.

Sþ. 211. Nefndarálit [57. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990, sbr. lög nr. 72/1990.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1990 til athugunar. Meiri hl.

nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með nokkrum breytingum en minni hl. stendur ekki að afgreiðslu málsins. Sú afstaða byggist þó ekki á því að minni hl. sé andvígur öllum breytingartillögum meiri hl. heldur á því aðalatriði að stjórn á fjármálum ríkisins er með þeim hætti í höndum núverandi ríkisstjórnar að minni hl., fulltrúar stjórnarandstöðunnar, getur á engan hátt átt þar aðild að. Hluti af því dæmi öllu kemur fram í því frumvarpi sem hér er til afgreiðslu.

Þegar frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1990 var lagt fram fyrir rúmi ári taldi fjármálaráðherra að meginárhif stefnumiða frumvarpsins birtust í eftirfarandi:

— Tekjur ríkissjóðs áttu að lækka á árinu 1990 um 1,5% að raungildi eða 1.500 m.kr.
— Útgjöld ríkissjóðs áttu að lækka um 4,2% að raungildi eða 4.000 m.kr.
— Halli ríkissjóðs átti að lækka og verða um 2.900 m.kr.

Frumvarpinu var fjálglega lýst sem nýjum hornsteini „jafnvægis og stöðugleika".

Fljótt kom í ljós að hér var málum blandið. Frumvarpið var losaralega unnið og götótt. Forsendur þess voru afar óljósar og samanburðartölur í ýmsum greinum villandi. Ljóst var að skattbyrðin átti að halda áfram að vaxa, rekstrarumfang ríkisins að aukast og þar með útgjöldin, en tekinn var upp nýstárlegur feluleikur til þess að reyna að leyna því í lengstu lög hversu mikil hækkun yrði á raunverulegum útgjöldum ríkissjóðs.

Fjárlögin fyrir þetta ár voru síðan afgreidd fyrir tæpu ári með nálega 3,7 milljarða kr. halla. Nokkrar breytingar urðu í meðförum Alþingis, m.a. var hulunni svipt af feluleiknum með gjaldahliðina í ýmsum smærri atriðum, en sama leiknum haldið staðfastlega áfram í fjölmörgum hinna veigameiri mála. Hvergi var komist fyrir rætur vandans í fjármálum ríkisins, þ.e. þenslu í rekstrarumsvifum ríkiskerfisins og eyðslu hjá ráðherrunum sjálfum. Við, sem skipum minni hl. fjárveitinganefndar og erum fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna á Alþingi, gagnrýndum þá afgreiðslu harðlega og sýndum lið fyrir lið fram á skekkjur í niðurstöðum þar sem stjórnarliðið kaus að loka augunum til þess að geta haldið feluleiknum áfram. Okkar mat var að halli á fjárlagadæminu yrði eigi minni en 6–7 milljarðar kr. og væri þó gífurlegum vanda í útgjöldum ríkisins slegið á frest og þannig velt yfir á herðar framtíðarinnar.

Nú er að koma til afgreiðslu fjáraukalagafrumvarp sem er annað í röðinni við fjárlög þessa árs. Það fyrsta var afgreitt í byrjun maímánaðar sl. og fól það í sér nokkurn niðurskurð á einstökum útgjaldaliðum og einnig hækkun annarra, en meginbreytingin varð þá bæði tekna- og gjaldamegin vegna breyttra forsendna við þjóðarsáttina. Svo sem kunnugt er hafði ríkisstjórnin byggt á þeim stefnumiðum sínum að verðlag á milli ára 1989 og 1990 hækkaði um 16–17%, erlendur gjaldeyrir um 13–14% og laun um 11% sem þýddi 5,5% lækkun kaupmáttar. Þessu vildu aðilar vinnumarkaðarins ekki una og mótuðu nýjan efnahagsgrundvöll fyrir ríkisstjórnina þar sem verðlagshækkun milli ára færðist niður í eins stafs tölu og skerðingu kaupmáttar launafólks var að mestu eytt á þessu ári. Hinar nýju efnahagsforsendur þýddu liðlega 2.000 m.kr. sparnað í rekstri ríkissjóðs frá efnahagsgrunni ríkisstjórnarinnar.

Þriðja fjáraukalagafrumvarpið verður væntanlega flutt snemma á næsta ári og er engan veginn hægt að segja fyrir um það nú hvernig það muni líta út.

Í töflu 1 hér á eftir er sýnt hvernig útgjöld A-hluta ríkissjóðs (í þús. kr.) skiptast á einstök ráðuneyti samkvæmt fjárlögum og þær breytingar sem á þeim verða við fjáraukalög í maí sl. og við það frumvarp sem hér kemur til 2. umræðu miðað við breytingartillögur meiri hl. fjárveitinganefndar.

Tafla 1.

Ráðuneyti	Fjárlög 1990	Fjáraukalög í maí	Fjáraukalög í nóv.	Hækkun frá fjárlögum	Samtals
Æðsta stjórn ríkisins	1.051.452	-83.000	43.360	-39.640	1.011.812
Forsætisráðuneyti	674.204		62.700	62.700	736.904
Menntamálaráðuneyti	14.326.583	-99.000	673.980	574.980	14.901.563
Utanríkisráðuneyti	1.173.690	-5.000	187.400	182.400	1.356.090
Landbúnaðarráðuneyti	3.404.144	27.000	207.600	234.600	3.638.744
Sjávarútvegsráðuneyti	857.552	-8.000	57.300	49.300	906.852
Dómsmálaráðuneyti	4.319.708	-55.000	173.700	118.700	4.438.408
Félagsmálaráðuneyti	3.749.738		49.565	49.565	3.799.303
Heilbrigðisráðuneyti	38.616.399	2.000	1.545.200	1.547.200	40.163.599
Fjármálaráðuneyti	5.062.692	-116.000	909.000	793.000	5.855.692
Samgönguráðuneyti	6.913.796	-144.000	376.300	232.300	7.146.096
Iðnaðarráðuneyti	1.061.933	-20.000	231.100	211.100	1.273.033
Viðskiptaráðuneyti	4.657.319	800.000	12.000	812.000	5.469.319
Hagstofa Íslands	108.648				108.648
Umhverfisráðuneyti	22.951		2.500	2.500	25.451
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	9.230.704	-2.000	-318.000	-320.000	8.910.704
Breyttar forsendur		-2.050.000			-2.050.000
Samtals A-hluti	95.231.513	-1.753.000	4.213.705	4.510.705	97.692.218

Tafla 2 sýnir á hinn bóginn (í millj. kr.) tekjuhlið, gjaldabálk og hallarekstur A-hluta ríkissjóðs á árinu 1990 samkvæmt fjárlögum, fjáraukalögum í maí og fjáraukalagafrumvarpi nú, miðað við breytingartillögur meiri hl. fyrir 2. umr.

Tafla 2.

	Fjárlög 1990	Fjáraukalög í maí	Fjáraukalagafrv. eftir 2. umr.
Tekjur	91.544	88.944	92.574
Gjöld	95.231	93.478	97.692
Halli	-3.686	-4.533	-5.177

Það yfirlit, sem þessar töflur sýna, sannar að ýmsu leyti haldleysi þeirra fjárlaga sem afgreidd voru fyrir tæpu ári. Það sannar líka að niðurskurðurinn í fjáraukalögum í maí var að meira eða minna leyti sýndarmennska og enn fremur að hallareksturinn er þegar kominn yfir 5.000 m.kr. Er þá nauðsynlegt að muna eftir því sem fyrr er getið og fram kemur í töflu 1 að nýjar forsendur vegna þjóðarsáttarinnar, sem aðilar vinnumarkaðarins færðu ríkisstjórninni á silfurdiski, hafa lækkað útgjaldaáætlun ríkissjóðs á þessu ári um rúmlega 2.000 m.kr. Þetta yfirlit og samanburður við fjárlög ársins á undan sýnir að tekjur ríkissjóðs lækka ekki að raungildi á árinu 1990 um 1.500 m.kr. eins og fjármálaráðherra sagði fyrir ári heldur hækka þær um 2.500 m.kr. að raungildi. Útgjöld ríkissjóðs

lækka ekki frá árinu á undan um 4.000 m.kr. að raungildi eins og fjármálaráðherra fullyrti heldur hækka þau um yfir 5.000 m.kr. að raungildi. Halli ríkissjóðs er kominn yfir 5 milljarða kr. og á eftir að hækka því að ekki eru öll kurl til grafar komin enn þá. Yfirlætisfullar staðhæfingar fjármálaráðherra um nýjan hornstein, nýjan grundvöll að jafnvægi, stöðugleika í fjármálum ríkisins o.s.frv. eru álíka mikils virði og sprunginn belgur. Þetta kemur þó betur í ljós síðar.

Frumvarpið og afgreiðsla þess.

Með frumvarpinu er farið fram á hækkun útgjalda hjá ríkissjóði um 4.056 m.kr. Í þeim auknu útgjöldum kennir ýmissa grasa. Af einstökum útgjaldaliðum er sá hæsti til Tryggingastofnunar ríkisins, 1.200 m.kr., þar af 1.100 m.kr. til sjúkratrygginga en um helmingurinn af því er aukinn lyfjakostnaður. Þetta er athyglisvert því að ætlunin var að spara 500 m.kr. í sjúkrakostnaði. Minni hl. vakti athygli á því við afgreiðslu fjárlaga að ólíklegt væri að þetta tækist. Sú hefur orðið raunin.

Athyglisvert er einnig hversu rýmilega er ætlað fyrir auknum útgjöldum á vegum fjármálaráðuneytisins eða samtals um 909 m.kr. Útgjaldaaukning þessa ráðuneytis hefur síðustu árin verið gífurleg og meiri en annars staðar í ríkiskerfinu.

Við 2. umr. leggur meiri hl. fjárveitinganefndar fram nokkrar breytingartillögur, sem samtals nema 157,7 m.kr., til hækkunar útgjalda. Við þessa umræðu vekur það meiri athygli hvað ekki er tekið inn í tillögur meiri hl. en tillögurnar sjálfar. Eru sum þessara mála þannig að augljóslega er verið að gera tilraun til að leyna raunveruleikanum eins lengi og fært er. Önnur sýnast eiga að bíða fjáraukalagafrumvarps á nýju ári og um enn önnur virðast teknar umdeilanlegar ákvarðanir.

Stærst af þessum málum er yfirtaka ríkissjóðs 1. júní sl. á yfirdráttarskuld Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins í Seðlabankanum sem við þessa umræðu er ekki gerð tillaga um að færa á greiðsluyfirlit ríkissjóðs til gjalda. Hér er um liðlega 1.500 m.kr. að ræða. Ríkisendurskoðun hefur skilað greinargerð um málið, dags. 19. nóv. sl. Þar segir m.a.: „Ekki hægt að horfa fram hjá því að ríkissjóður yfirtók gjaldfallna yfirdráttarskuld en ekki ógjaldfallna skuld samkvæmt skuldabréfi.“ Síðar segir: „Af þeim sökum verður ekki komist hjá því að afla fullgildrar lagaheimildar til greiðslu og lántöku ef með þarf vegna uppgjörs ríkissjóðs á skuldum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins við Seðlabanka Íslands.“ Hér liggur það ljóst fyrir að greiðsluheimildar þarf að afla í fjáraukalögum fyrir yfirtöku þessara lausaskulda 1. júní sl. Vel má vera að um þetta verði flutt breytingartillaga við 3. umr. Greinargerð Ríkisendurskoðunar ásamt fylgibréfum er birt sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti.

Þá er ekki nema að litlu leyti tekið tillit til alvarlegs hallarekstrar hjá sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum. Sumpart stafar þessi halli af því að virðisaukaskattur leggst mun þyngra á rekstur þessara stofnana en söluskattur gerði áður. Ekki var gert ráð fyrir þessum kostnaðarauka í fjárlögum og er sömu sögu að segja um margar stofnanir ríkiskerfisins. Meiri hl. hefur ekki tekið upp í tillögur sínar eina einustu krónu til að mæta þessari skattheimtu á stofnanir sem ríkið rekur og er hjá sjúkrahúsunum einum um 90 m.kr. á þessu ári. Þessi fjárhæð, sem þannig á að spara, svarar til kostnaðar við 50 legurúm fyrir aldraða á einu ári.

Fjármálaráðuneytið segir ráðherrana hafa komist að samkomulagi um að skila ekki til atvinnuveganna jöfnunargjaldi sem innheimt verður í desembermánuði á þessu ári. Þessi ákvörðun kemur þvert ofan í gefin loforð. Þessi endurgreiðsla ætti að nema í des-

ember um 260 m.kr. til allra atvinnugreina, þar af til iðnaðarins 50 m.kr.

Til Atvinnuleysistryggingasjóðs vantar til loka ársins um 200 m.kr. sem áformað er að afla með því að selja verðbréf í eigu sjóðsins með allt að 30% afföllum. Viðbótarfjárþörf Lánasjóðs íslenskra námsmanna á þessu ári er um 452 m.kr. og reiknað er með að mæta henni með enn aukinni lántöku. Með þessari ráðstöfun er verið að rýra eigið fé sjóðsins sem eykur fjárhagsvanda hans í framtíðinni.

Ekkert hefur heyrst af samningum fjármálaráðherra við nokkur stærri sveitarfélög um greiðslu á skuldum ríkissjóðs samkvæmt heimild í 6. gr. fjárlaga en skuldir þessar eru öðrum hvorum megin við 1 milljarð kr.

Þótt fjölmörg smærri málefni séu hér ótalin sýnir framanskráð að fjarri fer því að öll kurl séu til grafar komin varðandi útgjöld ríkissjóðs á þessu ári við 2. umr. frumvarpsins. Má í því sambandi minna á afgreiðslu fjáraukalaga 21. desember í fyrra er heimiluðu 8,5 milljarða kr. aukin útgjöld umfram fjárlög. Eigi að síður þurfti fjármálaráðherra að biðja um meira en 1 milljarð kr. í nýjum fjáraukalögum sem eytt var umfram heimildir síðustu 10 daga ársins.

Ríkisstjórnin og stuðningslið hennar munu væntanlega reyna að ýta sumu af því á undan sér sem að framan er talið, halda feluleiknum áfram, láta fljóta meðan ekki sekkur. Önnur atriði eru þess efnis að ekki verður komist hjá að taka þau inn á greiðsluyfirlit ríkissjóðs í fjáraukalögum.

Spá okkar í minni hl. við afgreiðslu fjárlaga fyrir tæpu ári um 6–7 milljarða kr. raunverulegan halla ríkissjóðs á þessu ári var varfærin. Miðað við horfur nú sýnist það síst of í lagt ef ríkisstjórnin og stuðningslið hennar beitir ekki beinum bolabrögðum í feluleiknum. Árið verður ekki gert upp fyrr en með fjáraukalögum eftir áramót og með ríkisreikningi. Enn er því ekki tímabært að gefa fjármálaráðherra einkunn fyrir fjármálastjórnina á árinu þótt frammistaðan, ekki síst í eigin ráðuneyti, gefi sterkar bendingar um hver hún verður.

Hitt er ljóst að gagnrýni okkar í minni hl. við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár hefur þegar sannast og að öll glamuryrði fjármálaráðherra um nýja hornsteina, jafnvægi og stöðugleika í fjármálum ríkisins hafa reynst gaspur eitt.

Alþingi, 27. nóv. 1990.

Pálmi Jónsson, frsm. Málmfríður Sigurðardóttir. Egill Jónsson.

Friðjón Þórðarson.

Fylgiskjal.

Bréf Ríkisendurskoðunar til fjárveitinganefndar um yfirtöku ríkissjóðs á lausaskuldum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

(19. nóv. 1990.)

Vísað er til bréfs fjárveitinganefndar dags. 13. nóvember 1990 þar sem óskað er eft-

ir greinargerð Ríkisendurskoðunar um yfirtöku ríkissjóðs á lausaskuldum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Með lögum nr. 39 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, var Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins lagður niður. Í ákvæði til bráðabirgða í nefndum lögum er kveðið á um að ríkissjóður skuli taka við skuldbindingum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Í athugasemdum við umrætt ákvæði í frumvarpi að lögum þessum segir m.a.:

„Verulegar skuldbindingar eru nú á Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, bæði vegna lántöku hjá Seðlabankanum 1981 og vegna tveggja lána sem tekin voru 1988 og 1989. Áætla má að skuldir þessar geti numið allt að 2.000 m.kr. með vöxtum og gengistryggingu. Nauðsynlegt er að ríkissjóður taki á sig þessar skuldbindingar enda hafa verið gefin fyrirheit um það."

Nánar tiltekið mun ríkissjóður hafa tekið yfir eftirtaldar skuldbindingar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

1. Lán, er tekið var í Seðlabanka Íslands á árinu 1981, og Ríkisábyrgðarsjóður sem ábyrgðaraðili varð að leysa til sín er það gjaldféll á sínum tíma, nú samtals að fjárhæð um 230 milljónir króna.
2. Lán í formi yfirdráttar á hlaupareikningi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins hjá Seðlabanka Íslands að fjárhæð allt að 800 milljónir króna samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 83/1988, sbr. yfirlýsingu um lántökuna frá 13. október 1988.
3. Lán í formi yfirdráttar á hlaupareikningi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins hjá Seðlabanka Íslands að fjárhæð allt að 400 milljónir króna samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 51/1989, sbr. yfirlýsingu um lántökuna frá 13. október 1988.

Ríkissjóður tók í samræmi við tilgreindar lagaheimildir ábyrgð á báðum þeim lánum, sem um ræðir í lið 2 og 3 hér að ofan, sbr. áritun fjármálaráðherra á yfirlýsingarnar, sem Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins gaf út vegna lánanna. Í 4. tölul. yfirlýsinganna beggja er jafnframt kveðið á um að þegar fulldregið verði á lánin, þó eigi síðar en hinn 31. desember 1989 vegna fyrri lántökunnar og 30. apríl 1990 vegna þeirrar síðari, skuli yfirdráttarskuldirnar eins og þær eru ásamt vöxtum, vaxtaálögum og kostnaði, settar á skuldabréf, sem skulu endurgreiðast af tekjum frystiafurðadeildar Verðjöfnunarsjóðs, reikningi fyrir freðfisk og hörpudisk, af þessum afurðum til 15. júní 1992, sbr. 6. tölul. í síðari yfirlýsingunni.

Við gildistöku laga nr. 39/1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, 1. júní sl. féllu lög nr. 72/1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, úr gildi. Þann sama dag yfirtók ríkissjóður ofangreindar skuldbindingar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Yfirdráttarskuldirnar á hlaupareikningi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins hjá Seðlabankanum, sbr. liðir 2 og 3 hér að ofan, námu 1. nóvember sl. 1.274,9 milljónum króna. Skuldin við Ríkisábyrgðasjóð, sbr. lið 1 hér að framan, nam á sama tíma 230 milljónum króna eins og áður segir.

Með bréfi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins dags. 6. nóvember 1990 til Seðlabanka Íslands er gerð grein fyrir endanlegri skuldastöðu sjóðsins vegna lánanna frá árinu 1988 og 1989. Í bréfinu segir svo m.a.:

„Samkvæmt lögum nr. 9/1989 og lögum nr. 51/1989 skyldi umrætt lán endurgreitt af tekjum Verðjöfnunarsjóðs af viðkomandi afurðum á næstu þremur árum eftir að það var tekið en það sem þá kynni að vera ógreitt skyldi falla á ríkissjóð. Með lögum nr. 39 15. maí 1990 er Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins lagður niður og skal ríkissjóður taka við skuldbindingum sjóðsins samkvæmt bráðabirgðaákvæði sömu laga. Sam-

kvæmt því er fullljóst að skuldbindingar sjóðsins samkvæmt fyrrgreindri yfirdráttaryfirlýsingu falla á ríkissjóð og telur Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins frekari afskipti af frágangi skuldarinnar því ekki í verkahring sjóðsins."

Ekki verður um það deilt að skuld sjóðsins við Ríkisábyrgðarsjóð, sbr. lið 1 hér að framan, er gjaldfallin, enda er þar um að ræða endurkröfu vegna ábyrgðar, sem féll á Ríkisábyrgðasjóð vegna þess að Verðjöfnunarsjóður greiddi ekki á gjalddaga tiltekna skuld, sem ríkið ábyrgðist.

Að því er þá spurningu varðar hvort yfirdráttarskuldir þær, sem um ræðir í lið 2 og 3 hér að framan, séu í gjalddaga fallnar eða ekki skal eftirfarandi tekið fram. Ríkissjóður tók eins og áður segir við öllum skuldbindingum Verðjöfnunarsjóðs í kjölfar þess að hann var lagður niður 1. júní sl., sbr. 14. gr., og ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 39/1990. Því sjónarmiði sýnist mega hreyfa að í þessu felist jafnframt heimild fyrir ríkissjóð til þess að nýta sér heimildir eða rétt, sem Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins áður átti samkvæmt samningum við lánardrottna sína til þess t.d. að koma yfirdráttarskuldum í skil með tilteknum hætti, sbr. heimild sjóðsins í 4. tölul. yfirlýsingar þeirrar, sem fjallað er um hér að framan, til að gefa út skuldabréf fyrir umræddum yfirdrætti. Eðlilegt sé að túlka umrætt bráðabirgðaákvæði rúmt þannig að það verði og talið fela í sér að ríkissjóður geti gengið inn í rétt Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins til skuldbreytinga af þessu tagi. Því sé ekki nauðsynlegt að leita eftir sérstakri greiðslu- og lántökuheimild Alþingis af þessu tilefni þar sem engar greiðsluhreyfingar fylgi því að ganga frá málinu með þessum hætti.

Að mati Ríkisendurskoðunar leyfir umrætt bráðabirgðaákvæði ekki svo rúma túlkun. Það mælir einungis fyrir um að ríkissjóður taki yfir skuldbindingar sjóðsins en hvorki réttindi né eignir að öðru leyti. Eignir hans teljast t.d. þvert á móti með ráðstöfunarfé hins nýja sjóðs, Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins, og skal þeim varið til greiðslu verðbóta með tilteknum hætti samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu. Fyrir liggur að ekki var gengið frá skuldabréfi milli Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og Seðlabanka Íslands eins og ráð var fyrir gert í yfirlýsingunum, sbr. það sem rakið er um þau áform hér að framan. Þar sem Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins hefur verið lagður niður kæmi það í hlut ríkissjóðs að gefa í sínu nafni út umrætt skuldabréf ef þessi leið yrði farin. Í þessu sambandi er hins vegar á það að líta að skv. 10. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, er bankanum einungis heimilt að veita ríkissjóði lán til skamms tíma og skulu slík lán greiðast upp innan þriggja mánaða frá lokum hvers fjárhagsárs með lántöku eða annarri fjáröflun utan Seðlabanka. Eins og á stóð er að mati Ríkisendurskoðunar ekki hægt að horfa fram hjá því að ríkissjóður yfirtók gjaldfallna yfirdráttarskuld sjóðsins en ekki ógjaldfallna skuld samkvæmt skuldabréfi. Því virðist umrætt ákvæði Seðlabankans girða fyrir þennan möguleika.

Auk þess sem að framan er rakið er á það að líta að forsendur þær, sem bjuggu að baki áformum um endurgreiðslu lánanna, sýnast brostnar þegar litið er til þess að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins hefur hætt allri starfsemi og heyrir í raun sögunni til í kjölfar þess að hafa verið lagður niður frá og með 1. júní sl. með sérstöku lagaákvæði.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið lítur Ríkisendurskoðun svo á að ofangreindar skuldbindingar Verðjöfnunarsjóðs hafi allar verið gjaldfallnar þegar ríkissjóður tók þær yfir 1. júní sl. Af þeim sökum verður ekki komist hjá því að afla fullgildrar lagaheimildar til greiðslu og lántöku ef með þarf vegna uppgjörs ríkissjóðs á skuldum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins við Seðlabanka Íslands.

Að lokum skal þess getið að 6. júní sl. komust fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Seðlabanki Íslands að samkomulagi um uppgjör skuldabréfalána ríkissjóðs við bankann en það á rætur að rekja til skulda, sem mynduðust á viðskiptareikningi ríkissjóðs í bankanum fyrir gildistöku laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, og samið var um til ákveðins tíma. Samkvæmt þessu samkomulagi greiddi ríkissjóður Seðlabankanum 3.517,3 milljónir króna og aflaði til þess fjár með því að selja innlánsstofnunum skuldabréf. Af framangreindri greiðslu runnu 189,5 milljónir króna til að greiða upp lán, sem Ríkisábyrgðasjóður tók á sínum tíma hjá Seðlabankanum vegna greiðslufalls Verðjöfnunarsjóðs á láni því sem um ræðir í lið 1 hér að framan. Í greiðsluyfirliti ríkisbókhalds hefur mótbókun vegna lántökunnar verið færð á viðskiptareikning. Eins og mál þetta er vaxið er að mati Ríkisendurskoðunar eðlilegt að færa umrædda 189,5 milljóna króna greiðslu, svo og eftirstöðvar umræddrar skuldar sem framlag til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og að fjármálaráðherra leiti í samræmi við það eftir greiðsluheimild Alþingis hér að lútandi. Á móti þessu ætti fjárþörf Ríkisábyrgðarsjóðs, sem áætluð var 240 milljónir króna í fjárlögum fyrir árið 1990, að lækka um 130 milljónir króna. Skýringin á lækkun þessari er sú að gert var ráð fyrir að verja 90 milljónum króna af áðurnefndu 240 milljóna króna fjárframlagi á fjárlögum fyrir árið 1990 til greiðslu á umræddri skuld. Sú fjárhæð, að viðbættri greiðslu ríkissjóðs til Ríkisábyrgðasjóðs á eftirstöðvum skuldarinnar, sem eru 40,5 milljónir króna, mun þannig bæta greiðslustöðu sjóðsins um 130 milljónir króna.

Halldór V. Sigurðsson.
Sig. Þórðarson.

Hjálagt:
Bréf Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins dags. 6. nóvember 1990.
Yfirlýsing dags. 13. október 1988.
Yfirlýsing dags. 8. júní 1989.

Seðlabanki Íslands
Kalkofnsvegi 1
101 Reykjavík.

6. nóvember 1990.

Með lögum nr. 9 2. mars 1989, um efnahagsaðgerðir, sbr. brbl. nr. 83 28. september 1988, var stjórn frystideildar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins heimilað að taka allt að 800 m.kr. lán hjá Seðlabanka Íslands eða fyrir milligöngu hans er verja skyldi til greiðslu verðbóta á freðfisk og hörpudisk. Með lögum nr. 51 1. júní 1989, um ráðstöfun vegna kjarasamninga, var stjórn frystideildar heimilað að taka 400 m.kr. viðbótarlán í þessu skyni.

Þessar lántökuheimildir voru nýttar og samdi stjórn frystideildar við Seðlabanka Íslands um heimild til yfirdráttar á hlaupareikningi sjóðsins í þessu skyni, sbr. fyrst yfirlýsingu dags. 13. október 1988, en síðar yfirlýsingu dags. 8. júní 1989 sem náði til lántöku vegna heimilda í báðum áður tilvitnuðum lögum.

Lántökur þessar voru nýttar til greiðslu verðbóta vegna framleiðslu á tímabilinu 1. júní 1988 til 31. desember 1989. Uppgjöri vegna framleiðslu á þessu tímabili er nú lokið. Nam yfirdráttur vegna freðfisks samtals 15.496.192,70 SDR sem samsvarar 1.066.079.860 IKR miðað við gengi á þeim dögum sem ádráttur átti sér stað. Yfirdráttur vegna verðbóta á hörpudisk nam 688.374,67 SDR sem samsvarar 47.862.307 IKR miðað við sömu gengisforsendur og að framan getur. Samtals nemur yfirdráttur miðað við gengi á einstökum yfirdráttardögum því 1.113.942.167 IKR eða 16.184.567,37 SDR. Þetta samsvarar 1.274.851.898 IKR miðað við gengi 1. þ.m. Sendist hjálagt yfirlit varðandi yfirdráttarskuld þessa.

Samkvæmt lögum nr. 9/1989 og lögum nr. 51/1989 skyldi umrætt lán endurgreitt af tekjum Verðjöfnunarsjóðs af viðkomandi afurðum á næstu þremur árum eftir að það var tekið en það sem þá kynni að vera ógreitt skyldi falla á ríkissjóð. Með l. nr. 39 15. maí 1990 er Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins lagður niður og skal ríkissjóður taka við skuldbindingum sjóðsins samkvæmt bráðabirgðaákvæði sömu laga. Samkvæmt því er fullljóst að skuldbindingar sjóðsins samkvæmt fyrrgreindri yfirdráttaryfirlýsingu falla á ríkissjóð og telur Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins frekari afskipti af frágangi skuldarinnar því ekki í verkahring sjóðsins.

Virðingarfyllst.

F.h. Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins,
Árni Kolbeinsson, formaður.

YFIRLÝSING

Vegna lántöku deildar fyrir frystar afurðir í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, reikninga fyrir freðfisk og hörpudisk, skv. 1. gr. bráðabirgðalaga um efnahagsaðgerðir, nr. 83 frá 28. sept. 1988, í formi yfirdráttar á hlaupareikningi sjóðsins nr. 35217 við Seðlabanka Íslands að fjárhæð allt að kr. 800.000.000,00, — áttahundruðmilljónirkróna —, lýsir undirritaður yfir eftirfarandi f.h. sjóðsins:

1. Hámark skuldar á hlaupareikningi vorum frá og með deginum í dag þar til fulldregið verður á lánið, þó eigi síðar en 31. desember 1989, nemi ekki hærri fjárhæð en ofangreindum 800.000.000,00. Af þeirri fjárhæð eru allt að 750 m.kr. vegna freðfisks en allt að 50 millj. kr. vegna hörpudisks. Ráðgert er að draga eftir þörfum á greindan hlr. að hámarkinu.
2. Yfirdráttarskuldin, eins og hún er á hverjum tíma, er bundin kaupgengi SDR eins og það er skráð á þeim degi er til skuldar er stofnað hverju sinni. Seðlabankinn getur skipt um lánsgrundvöll með því að afla erlends lánsfjár sem yrði grunnur yfirdráttarheimildar þessarar og síðar láns skv. 4. lið hér á eftir. Miðað skal við að lánsgrundvöllur sé ávallt skilgreindur í SDR, nema fjármálaráðuneytið að höfðu samráði við sjóðinn fallist á aðra gengisviðmiðun. Jafnframt hefur Seðlabankinn fallist á að láta sjóðinn njóta þeirra kjara sem um kann að semjast, þegar og ef skipt er um lánsgrundvöll, en áskilur sér þó rétt í því sambandi til að bæta vaxtaálagi við umsamda vexti, en vaxtaálagið fari þó aldrei fram úr $^1/_8$% (0,125%).
3. Vextir af yfirdráttarskuldinni, eins og hún er á hverjum tíma, skulu vera millibanka-

vextir í London (LIBOR) samvegnir eftir samsetningu SDR hverju sinni, sbr. þó ákvæði 2. liðar hér að framan. Þó skulu vextir vera hinir sömu og gilda á hverjum tíma af innstæðum Verðjöfnunarsjóðs, deildar fyrir frystar afurðir, ef skuldin fer ekki fram úr fjárhæð innstæðu.

4. Þegar fulldregið verður á lánið, þó eigi síðar en 31. desember 1989, skal yfirdráttarskuldin, eins og hún er þá ásamt vöxtum, vaxtaálagi, ef um það er að ræða, og hugsanlegum kostnaði, færð í form skuldabréfs og skal skuldin endurgreidd af tekjum Verðjöfnunarsjóðs, deildar fyrir frystar afurðir, af reikningum fyrir freðfisk og hörpudisk í þeim hlutföllum sem getið er í 1. lið hér að framan á næstu þremur árum þar á eftir af tekjum sjóðsins af þeim afurðum. Það sem þá kann að vera ógreitt fellur á ríkissjóð, sbr. ákvæði 3. mgr. 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 83/1988. Vextir skuldabréfsins ákveðast hinir sömu og á 3. lið hér að framan, sbr. þó ákvæði 2. liðar, og endurgreiðsla skuldarinnar miðast við breytingar á kaupgengi SDR, sem er grundvöllur láns þessa á hverjum tíma, sbr. 2. lið hér að framan.
5. Til tryggingar skilvísri og skaðlausri endurgreiðslu á skuld þessari, auk vaxta, vaxtaálags, ef um það er að ræða, og hugsanlegs kostnaðar, tekst ríkissjóður Íslands, sbr. ákvæði 1. gr. laga nr. 83/1988 á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuld þessari.

Reykjavík, 13. október 1988.

F.h. Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins,
deildar fyrir frystar afurðir.
Árni Kolbeinsson.

Fjármálaráðuneytið, f.h. ríkissjóðs, tekst hér með á hendur sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu skuldar þessarar með heimild í 1. gr. laga nr. 83 28. sept. 1988. Jafnframt skal ríkissjóður greiða þann hluta skuldarinnar, sem ekki greiðist af tekjum sjóðsins vegna skuldar samkvæmt skuldabréfi, sbr. 4. lið hér að framan ásamt vöxtum, vaxtaálagi, ef um það er að ræða, og hugsanlegum kostnaði, sbr. ákvæði 3. mgr. 1. gr. laga nr. 83/1988.

D.u.s.
Ríkissjóður Íslands

Ólafur Ragnar Grímsson
fjármálaráðherra.

YFIRLÝSING

Vegna lántöku deildar fyrir frystar afurðir í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, reikninga fyrir freðfisk og hörpudisk, skv. 1. gr. laga um ráðstafanir vegna kjarasamninga, nr. 51 frá 1. júní 1989, í formi yfirdráttar á hlaupareikningi sjóðsins nr. 35217 við Seðlabanka Íslands að fjárhæð allt að 400 m.kr. til viðbótar lántöku á hliðstæðan hátt að fjárhæð allt að 800 m.kr. skv. heimild í 1. gr. laga nr. 9 frá 2. mars 1989, eða samtals að hámarki kr. 1.200.000.000,00 — tólfhundruðmilljónirkróna —, lýsir undirritaður yfir eftirfarandi f.h. sjóðsins:

1. Hámark skuldar á hlaupareikningi vorum frá og með deginum í dag þar til fulldregið verður á lánið, þó eigi síðar en 30. apríl 1990, nemi ekki hærri fjárhæð en ofangreindum kr. 400.000.000,00 til viðbótar áðurgreindum kr. 800.000.000,00. Af þeirri fjárhæð eru allt að 1.100 m.kr. vegna freðfisks en allt að 100 m.kr. vegna hörpudisks. Ráðgert er að draga eftir þörfum á greindan hlr. að hámarkinu, sbr. þó bréf Verðjöfnunarsjóðs til fjármálaráðuneytisins dagsett í dag.
2. Yfirdráttarskuldin, eins og hún er á hverjum tíma, er bundin kaupgengi SDR. Grunngengi hvers ádráttar er kaupgengi SDR eins og það er skráð á þeim degi er til skuldar er stofnað hverju sinni. Seðlabankinn getur skipt um lánsgrundvöll og þar með gengisviðmiðun með því að afla erlends lánsfjár sem yrði grunnur yfirdráttarheimildar þessarar og síðar láns skv. 4. lið hér á eftir. Miðað skal við að lánsgrundvöllur sé ávallt skilgreindur í SDR, nema fjármálaráðuneytið að höfðu samráði við sjóðinn fallist á aðra gengisviðmiðun. Jafnframt hefur Seðlabankinn fallist á að láta sjóðinn njóta þeirra kjara sem um kann að semjast, þegar og ef skipt er um lánsgrundvöll en áskilur sér þó rétt í því sambandi til að bæta vaxtaálagi við umsamda vexti, en vaxtaálagið fari þó aldrei fram úr $^{1}/_{8}$% (0,125%).
3. Vextir af yfirdráttarskuldinni, eins og hún er á hverjum tíma, skulu vera millibankavextir í London (LIBOR), samvegnir eftir samsetningu SDR hverju sinni, sbr. þó ákvæði 2. liðar hér að framan. Þó skulu vextir vera hinir sömu og gilda á hverjum tíma af innstæðum Verðjöfnunarsjóðs, deildar fyrir frystar afurðir, ef skuldin fer ekki fram úr fjárhæð innstæðu.
4. Þegar fulldregið verður á lánið, þó eigi síðar en hinn 30. apríl 1990, skal yfirdráttarskuldin, eins og hún er þá ásamt vöxtum, vaxtaálagi, ef um það er að ræða, og hugsanlegum kostnaði, færð í form skuldabréfs og skal skuldin endurgreidd af tekjum Verðjöfnunarsjóðs, deildar fyrir frystar afurðir, af reikningi fyrir freðfisk annars vegar og hörpudisk hins vegar í samræmi við lántöku til hvors reiknings um sig, sbr. 1. lið hér að framan af tekjum sjóðsins af þeim afurðum til 15. júní 1992. Það sem þá kann að vera ógreitt, þ.e. hinn 15. júní 1992, fellur á ríkissjóð, sbr. ákvæði 3. mgr. 1. gr. laga nr. 9/1989 og 3. mgr. 1. gr. laga nr. 51 frá 1. júní 1989. Vextir skuldabréfsins ákveðast hinir sömu og á 3. lið hér að framan, sbr. þó ákvæði 2. liðar, og endurgreiðsla skuldarinnar miðast við breytingar á kaupgengi SDR, sem er grundvöllur láns þessa á hverjum tíma, sbr. 2. lið hér að framan.
5. Til tryggingar skilvísri og skaðlausri endurgreiðslu á skuld þessari, auk vaxta, vaxtaálags, ef um það er að ræða, og hugsanlegs kostnaðar, tekst ríkissjóður Íslands, sbr. ákvæði 1. gr. laga nr. 9/1989 og 1. gr. laga nr. 51/1989, á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuld þessari.
6. Yfirlýsing þessi er gefin út til viðbótar yfirlýsingu Verðjöfnunarsjóðs frá 13. október 1988 og gilda ákvæði þeirrar sem dagsett er 13. október 1988 um skuldir og viðskipti sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum hans gagnvart Seðlabanka Ís-

lands frá þeim degi til dagsetningar yfirlýsingar þessarar er ákvæði þessarar yfirlýsingar taka við.

Reykjavík, 8. júní 1989.
F.h. Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins,
deildar fyrir frystar afurðir.

Árni Kolbeinsson.

Fjármálaráðuneytið f.h. ríkissjóðs tekst hér með á hendur sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu skuldar þessarar með heimild í 1. gr. laga nr. 9 frá 2. mars 1989 og 1. gr. laga nr. 51 frá 1. júní 1989. Jafnframt skal ríkissjóður greiða þann hluta skuldarinnar, sem ekki greiðist af tekjum sjóðsins vegna skuldar samkvæmt skuldabréfi, sbr. 4. lið hér að framan ásamt vöxtum, vaxtaálagi, ef um það er að ræða, og hugsanlegum kostnaði, sbr. ákvæði 3. mgr. 1. gr. laga nr. 9/1989 og 3. mgr. 1. gr. laga nr. 51/1989.

D.u.s.
Ríkissjóður Íslands

Ólafur Ragnar Grímsson
fjármálaráðherra.

Ed. 212. Frumvarp til laga [185. mál]

um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

3. tölul. 24. gr. laganna hljóðar svo:

Ráðherra skipar fimm manna samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík, Borgarspítala, St. Jósefsspítala og Ríkisspítala. Í ráðinu eiga sæti formenn stjórna Borgarspítala, St. Jósefsspítala og Ríkisspítala og tveir fulltrúar skipaðir af ráðherra til eins árs í senn. Ráðið kýs sér formann úr hópi fulltrúa sjúkrahúsanna til tveggja ára í senn.

Hlutverk ráðsins er að gera tillögur um mótun framtíðarstefnu áðurnefndra sjúkrahúsa, flokkun þeirra og starfssvið, þróunar og fjárfestingaráætlanir og stuðla þannig að sem hagkvæmastri verkaskiptingu þessara sjúkrahúsa.

Tillögur samstarfsráðsins skulu lagðar fyrir stjórnir ofangreindra sjúkrahúsa til umfjöllunar og skulu þær síðan senda ráðuneytinu tillögur sínar. Samstarfsráð skal fylgjast með að sjúkrahúsin starfi í samræmi við fjárveitingar til þeirra, þær áætlanir sem gerðar hafa verið og að gætt sé fyllstu hagkvæmni í rekstri þeirra.

Samstarfsráðið skal að öðru leyti annast verkefni sem heilbrigðismálaráð Reykjavíkurlæknishéraðs hefur með höndum og snerta þessi sjúkrahús.

Framkvæmdastjóri þess sjúkrahúss, sem formaður stjórnar kemur frá hverju sinni, annast framkvæmd mála fyrir ráðið.

2. gr.

3. tölul. 24. gr. verður 4. tölul. 24. gr. laganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Allt frá setningu fyrstu laga um heilbrigðisþjónustu sem öðluðust gildi 1. janúar 1974 hafa verið í lögunum ákvæði um skiptingu sjúkrahúsa í flokka eftir tegund og þjónustu. Í sjálfum lögunum hefur aldrei verið tekin afstaða til einstakra sjúkrahúsa, heldur er ætlast til þess að ráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði um flokkunina að höfðu samráði við Landssamband sjúkrahúsa, og ákveði jafnframt hver skuli vera verkaskipting og verksvið þeirra. Árið 1982 lágu fyrir drög að reglugerð um flokkun sjúkrahúsa samkvæmt framangreindu, sem unnin voru af sérstakri nefnd í samráði við Landssamband sjúkrahúsa og sjúkrahúsin í landinu. Ekki náðist samstaða um reglugerðina.

Við endurskoðun heilbrigðisþjónustulaga, sbr. gildandi lög um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, var sett í lög sérstakt ákvæði þar sem ráðherra er heimilað með reglugerð að kveða á um samvinnu og samstjórn sjúkrahúsa í landinu. Var þetta m.a. gert í samræmi við ályktanir heilbrigðisþings, sem haldið var haustið 1980, um nauðsyn þess að hægt væri að kveða á um sem mesta samvinnu og samstjórn sjúkrahúsa í landinu, bæði svæðisbundið og í heild. Var í þessu sambandi ekki síst hugsað til þessara þátta í Reykjavíkurlæknishéraði þar sem starfandi eru þrjú stærstu sjúkrahús landsins.

Árið 1984 var sett á laggirnar svokölluð samvinnunefnd sjúkrahúsa. Nefndin hefur meðal annars gert tillögur um flokkun og verkaskiptingu sjúkrahúsa utan Reykjavíkur en þar er ekki tillaga um breytta skipan mála í Reykjavík. Í þessari nefnd hafa frá upphafi átt sæti fulltrúar sjúkrahúsanna í Reykjavík auk fulltrúa Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, landlæknis og ráðuneytisins.

Árið 1989 var sett á laggirnar sérstök nefnd, sem falið var að kanna alla möguleika á auknu samstarfi sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu og/eða sameiningu þeirra í eina eða fleiri stofnanir. Í þá nefnd voru skipaðir framkvæmdastjórar stóru sjúkrahúsanna þriggja í Reykjavík, þ.e. Ríkisspítala, Borgarspítala og St. Jósefsspítala, yfirlæknar sömu stofnana, fulltrúi borgarstjórnar Reykjavíkur og tveir fulltrúar heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytisins, og var annar þeirra formaður nefndarinnar.

Nefndin hefur nú lokið störfum og fylgir skýrsla nefndarinnar með lagafrumvarpi þessu sem fylgiskjal ásamt bréfi því sem nefndarmenn rituðu heilbrigðis og tryggingamálaráðherra. Á það er lögð áhersla af hálfu nefndarinnar að þær tillögur, sem nefndin varð ásátt um, séu málamiðlun en engu að síður mikilvægt skref til aukins samstarfs milli sjúkrahúsanna og markvissrar verkaskiptingar milli þeirra.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir nánast sömu skipan mála og nefndin varð sammála um. Áherslumunur varð hins vegar í nefndinni um það hvernig ráðið skyldi skipað. Frumvarpið gerir ráð fyrir svipaðri skipan samstarfsráðsins og tillögur meiri hluta nefndarinnar gerðu ráð fyrir.

Vaxandi þörf er á nýjum fjárfestingum á vegum sjúkrahúsanna í Reykjavík vegna hátækni og skapast þá hætta á að verið sé að koma upp sama eða svipuðum búnaði á öllum sjúkrahúsum, án þess að afstaða hafi áður verið tekin til þess hvort nauðsynlegt sé að öll sjúkrahúsin þurfi á þessum búnaði að halda eða hvort hægt er með samvinnu og verkaskiptingu að samnýta búnaðinn. Annað vandamál sem taka þarf á eru lokanir deilda yfir sumarmánuðina. Er veruleg þörf á að dregið verði úr þeim eins og frekast er kostur og að náið samstarf sé milli sjúkrahúsanna um hvers konar aðgerðir, sem leiða eiga til sparnaðar, er gætu þýtt minni þjónustu.

Með breytingum sem gerðar voru á lögum um heilbrigðisþjónustu sl. vor var tekin ákvörðun um nýja flokkun sjúkrahúsa, sbr. nánar 1. tölul. 24. gr. laganna, þannig að ástæða er til þess tæpum 16 árum eftir gildistöku laganna, sem bæði fjalla um heilsugæslu og þjónustu sjúkrahúsa, að flokka sjúkrahúsin og kveða á um verkaskiptingu þeirra og samvinnu ekki síst í Reykjavíkurlæknishéraði. Í þessu tilviki skal bent á að rúm átta ár eru síðan reglugerð fyrir heilsugæslustöðvar var sett, en þær höfðu þá aðeins starfað í átta ár.

Lagt er til að sett verði á laggirnar sérstakt samstarfsráð eins og tillaga nefndar þeirrar sem heilbrigðisráðherra skipaði árið 1989 gerir ráð fyrir.

Hvað snertir skipun tveggja fulltrúa ráðherra í ráðið til eins árs í senn er það að segja að nauðsynlegt er að tryggja sem mest tengsl við ráðuneytið, en til þess að binda ekki um of hendur komandi ráðherra er lagt til að skipun þeirra verði til eins árs í senn. Ráðinu er einnig ætlað að sinna þeim verkefnum sem heilbrigðismálaráði Reykjavíkurlæknishéraðs, sbr. 7. gr. laga nr. 97/1990, er ætlað að sinna gagnvart þeim sjúkrahúsum, sem hér um ræðir, enda tengjast þau með beinum hætti hlutverki ráðsins samkvæmt frumvarpinu. Þessi sjúkrahús yrðu því ekki á verkefnaskrá heilbrigðismálaráðs og því óeðlilegt að fulltrúar þeirra sætu í heilbrigðismálaráði.

Hlutverk samstarfsráðs er að gera tillögur um flokkun, starfssvið og verkaskiptingu

sjúkrahúsa í Reykjavík í samræmi við 2. tölul. 24. gr. gildandi laga. Er ráðinu falin ákveðin stefnumörkun í samvinnumálum þessara sjúkrahúsa, m.a. með því að gera tillögur um þróunar og fjárfestingaráætlanir. Enn fremur er gert ráð fyrir því að ráðið fylgist með því að sjúkrahúsin starfi í samræmi við þær áætlanir sem gerðar hafa verið og að gætt sé fyllstu hagkvæmni í rekstri þeirra. Til að framfylgja þessu hlutverki sínu þarf ráðið að fjalla um fjárveitingar til sjúkrahúsanna með hliðsjón af verkaskiptingu og samvinnu þeirra. Ráðinu er ekki ætlað að hlutast til um rekstur stofnananna að öðru leyti en því að leggja línurnar sérstaklega hvað varðar hagkvæmni við skipulag á verkaskiptingu þeirra og hvaða sérfræðiþjónustu hvert þeirra skuli veita.

Ljóst er að ná má meiri hagræðingu og sparnaði í rekstri sjúkrahúsanna í Reykjavík og að fenginni reynslu genginna ára virðist nauðsynlegt að Alþingi taki afstöðu til málsins, enda ákveður Alþingi fjárveitingar til rekstursins að öllu leyti. Verði ekki hægt að ná tökum á þessum málum er viðbúið að sú þróun, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum, haldi áfram og að kostnaður við starfsemina aukist enn. Samstarfsráði sjúkrahúsanna í Reykjavík er ætlað að skapa grundvöll undir verkaskiptingu þeirra og samvinnu með þeim bætta þjónustu og hagræðingu að leiðarljósi.

Fylgiskjal.

Skýrsla nefndar um samstarf sjúkrahúsanna í Reykjavík.

(Send heilbrigðisráðherra 10. okt. 1990.)

Nefnd sú, sem þér skipuðuð 1. febrúar 1989 og kanna átti alla möguleika á auknu samstarfi sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu og/eða sameiningu þeirra í eina eða fleiri stofnanir, hefur nú lokið störfum.

Samkomulag varð í nefndinni um þá skýrslu sem hér fylgir með, og þær tillögur sem fram koma í nefndinni um skipulag á samstarfi sjúkrahúsanna í Reykjavík, þ.e. Ríkisspítalanna, Borgarspítalans og Landakotsspítala. Þó er ágreiningur um með hvaða hætti samstarfsráðið skuli skipað og fylgir hér með bókun tveggja nefndarmanna þar um.

Nefndin leggur áherslu á að hjálagðar tillögur eru málamiðlun, en engu að síður mikilvægt skref til aukins samstarfs milli sjúkrahúsanna og markvissrar verkaskiptingar.

Inngangur.


Með bréfi dagsettu 1. febrúar 1989 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd til að kanna alla möguleika á auknu samstarfi sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu og/eða sameiningu þeirra í eina eða fleiri stofnanir. Nefndinni var falið að gera tillögu til heilbrigðisráðherra um þá kosti sem fyrir hendi væru og leggja mat á hagkvæmni slíks samstarfs og/eða sameiningar næstu 5–10 árin.

Í nefndina voru skipuð Árni Björnsson yfirlæknir, Davíð Á. Gunnarsson forstjóri, Edda Hermannsdóttir skrifstofustjóri, Jóhannes Pálmason framkvæmdastjóri, Logi Guðbrandsson framkvæmdastjóri, Ólafur Örn Arnarsson yfirlæknir, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúi, Örn Smári Arnaldsson yfirlæknir og Finnur Ingólfsson, aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra, sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Þegar á nefndarstarfið leið þá óskaði Ólafur Örn Arnarson eftir því við heilbrigðisráðherra að vera leystur frá þessu starfi. Heilbrigðisráðherra varð við þeirri ósk hans.

Í starfi sínu hefur nefndin einvörðungu beint sjónum sínum að sjúkrahúsunum í Reykjavík, þ.e. Landspítala, Borgarspítala og Landakoti. Í skýrslu þessari er reynt að gera nákvæma grein fyrir því hvernig sjúkrarúm áðurnefndra sjúkrahúsa skiptast eftir deildum sjúkrahúsanna og hvar deildir eru staðsettar. Um leið verður verkaskipting sjúkrahúsanna nokkuð skýr. Reynt er að áætla hver útgjöld hins opinbera muni verða árin 1990–1995 miðað við óbreytt skipulag sjúkrahúsanna. Í skýrslunni eru gerðar tillögur til heilbrigðisráðherra um breytt skipulag sjúkrahúsanna.

Tillaga um breytt skipulag sjúkrahúsanna í Reykjavík.

Komið verði á nýju skipulagi um samstarf sjúkrahúsanna í Reykjavík, þ.e. Ríkisspítala, Borgarspítala og Landakots, og skal það vera í samræmi við það skipurit, sem hér fylgir með. Gengið er út frá því eftir sem áður að hvert sjúkrahús sé sjálfstæð stofnun.



Samstarfsráð.

Gerð verði breyting á lögum nr. 59/ 1983, um heilbrigðisþjónustu, þannig að inn í lögin komi sérstakt ákvæði um samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík, þ.e. Ríkisspítala, Borgarspítala og Landakots. Hlutverk þess verði að gera tillögur að mótun framtíðarstefnu áðurnefndra sjúkrahúsa, gera þróunar- og fjárfestingaáætlanir fyrir þau og stuðla að sem hagkvæmastri verkaskiptingu milli þeirra. Ráðið skal fylgjast með því að sjúkrahúsin starfi í samræmi við þær áætlanir sem gerðar hafa verið.

Samstarfsráðið skal annast þau verkefni, sem heilbrigðismálaráð hefur haft með höndum, er snerta þessi sjúkrahús.

Samstarfsráðið skal skipað þannig: Fulltrúi sem stjórnarnefnd Ríkisspítalanna velur, fulltrúi sem stjórn Borgarspítalans velur, fulltrúi sem stjórn Landakotsspítala velur, fulltrúi fjárveitinganefndar og fulltrúi heilbrigðisráðherra. Formaður skal kosinn úr hópi fulltrúa sjúkrahúsanna í fyrsta skipti. Síðan skal formennskan skiptast árlega milli fulltrúa sjúkrahúsanna. Með ráðinu skulu starfa framkvæmdastjórar sjúkrahúsanna.

Stjórnir sjúkrahúsanna.

Með hinu nýja skipulagi á samstarfi sjúkrahúsanna er ekki verið að draga úr mikilvægi stjórnanna. Hlutverk þeirra verður eftir sem áður að stjórna sjúkrahúsunum og bera ábyrgð á rekstri þeirra og sjá til þess að þau séu rekin innan þeirra áætlana og markmiða sem þeim hefur verið sett. Tillögur samstarfsráðsins skulu lagðar fyrir stjórnir sjúkrahúsanna til afgreiðslu. Stjórnirnar skulu skipaðar með sama hætti og nú er.

Rökstuðningur breytts skipulags.

Í II. kafla skýrslu þessarar er núverandi verkaskiptingu sjúkrahúsanna í Reykjavík nákvæmlega lýst. Þar kemur fram að nokkur sérhæfing er innan hvers sjúkrahúss, en augljóslega má auka þá sérhæfingu með skipulagðri og markvissri verkaskiptingu milli sjúkrahúsanna eins og gerð er tillaga um með stofnun samstarfsráðsins.

Í svo fámennu landi sem Íslandi er viss hætta á að sú dreifing sérhæfðrar þjónustu, sem nú er milli spítala landsins, geti minnkað gæði heilbrigðisþjónustunnar þar sem oft skapast of fá tilfelli til að halda við þjálfun í meðferð. Því er beinlínis rökrétt að slíkar sérgreinar séu staðsettar á einum stað þar sem greining og meðferð fer fram.

Unnt er að koma við mun meiri verkaskiptingu en nú er milli sjúkrahúsanna með því að sameina einstakar sérgreinar á einhverju sjúkrahúsanna. Enn fremur hlýtur skipulag bráðaþjónustu sjúkrahúsanna að koma til sérstakrar athugunar.

Hér er ekki tekin afstaða til þess á hvaða sjúkrahúsi hinum einstöku sérgreinum skuli fyrir komið. Tillögur um það skulu koma frá samstarfsráðinu. Fyrirkomulag sérhæfðrar læknisþjónustu á hverjum spítala um sig hlýtur fyrst og fremst að ráðast af þeim mannafla sem þar er starfandi, tækjabúnaði sjúkrahúsanna og aðstæðum inni á sjúkrahúsunum.

Fullyrða má að með markvissari verkaskiptingu og með endurskipulagningu á rekstri sjúkrahúsanna megi fækka útideildum og draga þar með úr kostnaði við rekstur stofnananna. Í mörgum tilfellum er rekstur útideildanna dýr og óhagkvæmur. Með breyttri verkaskiptingu og með því að nýta hverja stofnun betur en gert er í dag er hægt að ná fram auknum sparnaði.

Að framansögðu er ljóst að með efldu samstarfi og skýrari verkaskiptingu sjúkrahúsanna í Reykjavík er hægt að spara fjármuni og auka og bæta þjónustu þeirra.

Fjöldi sjúkrarúma og skipting þeirra.

Lyflækningadeildir	LSP	BSP	LKT	Samtals
Skýring 1			68	68
Skýring 2	11A 18	A6 26		44
Skýring 3	11B 21	A7 25		46
Skýring 4	14E 21	E6 18		39
Skýring 5	14G 23			23
Skýring 6	11E 23			23
Skýring 7	22			22
Hvítabandið		20		20
	128	89	68	285
Handlækningadeildir				
Skýring 1	12A 21			21
Skýring 2	13A 11	B4 14		25
Skýring 3	11G 23	A4 16	9	48
Skýring 4	13D 12	A5 18	10	40
Skýring 5	13D 13	A5 12	13	38
Skýring 6	46	A3 18	21	85
Skýring 7		16		16
	126	94	53	273

Sérdeildir	LSP	BSP	LKT	Samtals
Kvenlækningar	26	10 (1)	0	36
Fæðingardeild	65	10 (2)	0	75
Háls, nef, eyru	0	18 (3)	0	18
Bráðamóttaka	10	G2 6	9	25
Gjörgæsla	11	E6 12	10	33
Barnalækningar	65	0	28	93
Geðlækningar	255 (4)	97 (5)	0	352
Augnlækningar	0	0	12	12
Öldrunarlækn. (6)	63	67	25	155
Taugal. Grensás	0	60	0	60
Taugal. Heilsuv.st.	0	25	0	25
Lungnalækningar	56 (7)	0	0	56
Húðlækningar	13 (8)	0	0	13
	564	305	84	953
Önnur starfsemi	238 (9)	4(10)		242
Samtals	1056	492	205	1753

Samantekt á útideildum.

Landspítalinn án Kleppsspítala.

Hátún, öldrunarlækningar	63 rúm
Hátún, geðlækningar	28 rúm
Flókagata 29 og 31, geðlækningar	22 rúm
Laugarásvegur 71, geðlækningar	17 rúm
Reynimelur 55, geðlækningar	5 rúm
Bjarg, Melabraut 10, geðlækningar	12 rúm
Dalbraut, unglingageðdeild	16 rúm
Vífilsstaðir, geðlækningar (áfengi)	16 rúm
Gunnarsholt, geðlækningar (áfengi)	30 rúm
Vífilsstaðir, lungnalækningar	56 rúm
Vífilsstaðir, húðlækningar	13 rúm
	278 rúm
Önnur útistarfsemi	238 rúm

Borgarspítalinn.

Arnarholt, geðlækningar	60 rúm
Kleifarvegur, geðlækningar	6 rúm
Fæðingarheimilið, skurðlækningar	10 rúm
Fæðingarheimilið, fæðingar	10 rúm
Grensásdeild, taugalækningar	60 rúm
Heilsuverndarstöðin, taugalækningar	25 rúm
Hvítabandið, lyflækningar	20 rúm
Fæðingarheimilið, háls, nef, eyru	4 rúm
Fæðingarheimilið, bæklunarlækningar	4 rúm
	199 rúm

Landakot.

Hafnarbúðir, öldrunarlækningar	25 rúm

Lyflækningadeild. — Skýringar.

1. Á Landakotsspítala er erfitt að finna út nákvæma skiptingu rúma eftir sjúkdómum á lyflækningadeild nema með mikilli vinnu og þá út frá sjúkdómaskrá.
2. Á deild 11A á Landspítalanum starfa þrír sérfræðingar í meltingarsjúkdómum, einn í innkirtlasjúkdómum og einn í smitsjúkdómum. Sérfræðingar í meltingarsjúkdómum sjá um rekstur samnefndrar rannsóknarstofu.
   Á deild A6 á Borgarspítalanum eru starfandi sérfræðingar í öldrunarlækningum, hjartalækningum, blóðsjúkdómum, efnaskipta- og innkirtlasjúkdómum, smitsjúkdómum, nýrnasjúkdómum, lungnasjúkdómum og meltingarsjúkdómum.
3. Á deild 11B á Landspítalanum eru starfandi þrír sérfræðingar í lungnasjúkdómum og einn sérfræðingur í efnaskipta- og innkirtlasjúkdómum. Á þessari deild er auk þess tekið á móti sjúklingum með almenn lyflæknisvandamál. Rannsóknastofa í lungnasjúkdómum er rekin af lungnasérfræðingum deildarinnar. Göngudeild sykursjúkra er rekin í tengslum við deildina. Þar er starfandi sérfræðingur í efnaskiptasjúkdómum.

Á deild A7 á Borgarspítalanum er starfandi sérfræðingur í öldrunarlækningum, hjartalækningum, blóðsjúkdómum, efnaskipta- og innkirtlasjúkdómum, smitsjúkdómum, nýrnasjúkdómum, lungnasjúkdómum og meltingarsjúkdómum.

4. Deild 14E á Landspítalanum annast aðallega rannsóknir á meðferð sjúklinga með hjartasjúkdóma. Allir sérfræðingar á deildinni starfa með hjartasjúkdóma sem sérgrein. Læknar deildarinnar sjá um rekstur göngudeildar fyrir háþrýsting. Hjartarannsóknastofa er rekin í tengslum við deildina.
   Á deild E6 á Borgarspítalanum eru hjartalækningar.
5. Á deild 14G á Landspítalanum eru starfandi þrír sérfræðingar í gigtlækningum og lyflækningum. Auk þess tekur deildin við sjúklingum með önnur lyflæknisvandamál, einkum nýrnasjúkdóma. Einnig tekur deildin við sjúklingum frá blóðskilunardeild þegar á þarf að halda, en sú deild er dagdeild. U.þ.b. 50% af umsetningu deildarinnar tilheyrir gigtlækningarhlutanum og hinn helmingurinn skiptist á nýrnasjúkdóma og aðra lyflæknissjúkdóma. Göngudeildarstarfsemi er rekin í tengslum við deildina. Mikil samvinna er á milli þessarar deildar og bæklunarlækningadeildar, því sérfræðingar þeirrar deildar annast ýmsar skurðlækningar á gigtarsjúklingum og liggja þeir þá jöfnum höndum á báðum deildunum.
6. Deild 11E á Landspítalanum er krabbameins- og smitsjúkdómadeild. Af þeim 22 rúmum sem þar eru tilheyra 16 rúm röntgen- og krabbameinslækningasviði Ríkisspítalanna en 7 eru fyrir smitsjúkdóma. Á smitsjúkdómahluta deildarinnar starfa tveir sérfræðingar, annar í smitsjúkdómum og hinn í blóðsjúkdómum.
7. Á taugalækningadeild Landspítalans eru 22 rúm. Starfsemin er fyrst og fremst á sviði efnasjúkdóma í mið- og úttaugakerfi. Rannsóknastofa í klínískri taugalífeðlisfræði er rekin af sérfræðingum deildarinnar. Göngudeildarstarfsemi er einnig stunduð út frá deildinni.

Handlækningadeildir. — Skýringar.

1. Á deild 12A á Landspítalanum eru aðallega æðaskurðlækningar og hvers konar aðgerðir á blóðrásarfærum líkamans.
2. Á deild 13A á Landspítalanum eru lýtalækningar. Meðferð á góð- og illkynja æxlum sem hvorki tilheyra taugaskurðlækningum né háls-, nef- og eyrnalækningum.
   Á deild B4 á Borgarspítalanum eru starfandi sérfræðingar í öldrunar-, bæklunar-, lýta- og almennum skurðlækningum.
3. Á deild 11G á Landspítalanum eru fyrst og fremst meðhöndlaðir sjúkdómar í brjóstholi. Sérfræðingar sem starfa við deildina sinna jafnframt almennum handlækningum eftir því sem aðstæður á deildinni leyfa og þörf krefur hverju sinni. Hjartaskurðlækningar hófust á Landspítalanum 1986 og falla innan starfssviðs þessarar deildar. Sá þáttur vex stöðugt í starfsemi þessarar deildar.
   Deild A4 á Borgarspítalanum er almenn skurðlækningadeild með starfandi sérfræðingum í brjóstholsskurðlækningum, lýtalækningum og almennum skurðlækningum.
   Á Landakotsspítala eru 19 rúm áætluð undir almennar skurðaðgerðir. 9 þeirra eru skilgreind hér undir sem brjóstholsaðgerðarrúm.
4. Deild 13D á Landspítalanum er formlega skipt í tvennt. Annars vegar almennar skurðlækningar með 12 rúm þar sem algengir sjúkdómar eru ýmsir kvillar í kviðarholi, maga, þörmum og ristli og hins vegar þvagfærasjúkdómar með 13 rúm.
   Á deild A5 á Borgarspítalanum eru starfandi sérfræðingar í brjóstholsskurðlækningum, almennum skurðlækningum og lýtalækningum svipað og á deild A4.
   Á Landakotsspítalanum eru skilgreind 19 rúm eins og áður segir fyrir almennar skurðaðgerðir. 10 þeirra eru skilgreind hér undir fyrir kviðarholsaðgerðir.

5. Á deild 13D á Landspítalanum eru 13 rúm ætluð til þvagfæraskurðlækninga.
   Á deild A5 á Borgarspítalanum eru þvagfæraskurðlækningar.
   Á Landakotsspítala eru 13 rúm fyrir þvagfæraskurðlækningar.
6. Á bæklunarlækningadeild Landspítalans eru 46 rúm. Starfsemi deildarinnar spannar skurðaðgerðir á hreyfi- og stoðkerfi líkamans, þ.e. hrygg og útlimum.
   Á deild A3 á Borgarspítalanum eru starfandi sérfræðingar í slysa- og bæklunarlækningum, lýtalækningum og almennum skurðlækningum. Svo er einnig á deild B4 á Borgarspítalanum en hún var áður skilgreind hér undir sem lýtalækningadeild.
   Á Landspítalanum eru 21 rúm ætluð fyrir beinaskurðlækningar.
7. Á deild A3 á Borgarspítalanum eru 12 rúm fyrir taugaskurðlækningar og á deild A6 eru 4 rúm fyrir taugaskurðlækningar.

Sérdeildir. — Skýringar.

1. Kvenlækningar Borgarspítalans eru á Fæðingarheimilinu við Eiríksgötu.
2. Fæðingardeild Borgarspítalans er Fæðingarheimilið við Eiríksgötu.
3. Af þeim 18 rúmum sem skilgreind eru undir háls-, nef- og eyrnalækningar á Borgarspítalanum eru 4 á Fæðingarheimilinu við Eiríksgötu.
4. Rúmafjöldi á geðlækningasviði Ríkisspítalanna skiptist þannig eftir staðsetningu:

Geðdeild Landspítalans Kleppi	64 rúm
Geðdeild Landspítalans (15 rúm áfengi)	45 rúm
Hátún 10	28 rúm
Flókagata 29 og 31	22 rúm
Laugarásvegur 71	17 rúm
Reynimelur 55	5 rúm
Bjarg, Melabraut 10	12 rúm
Dalbraut	16 rúm
Vífilsstaðir	16 rúm
Gunnarsholt	30 rúm
Samtals:	255 rúm

Skipting rúma miðað við stjórnskipulag.

Almennar geðlækningar, skor 1	77 rúm
Almennar geðlækningar, skor 2	101 rúm
Barna- og unglingageðlækn., skor 3	16 rúm
Áfengis- og vímuefnasjúkdómar, skor 4	61 rúm
Samtals:	255 rúm

5. Geðlækningar Borgarspítalans skiptast þannig:

Deild A2	31 rúm
Arnarholt á Kjalarnesi	60 rúm
Kleifarvegur 15	6 rúm
Samtals	97 rúm

6. Öldrunarlækningar Landspítalans eru í Hátúni. Öldrunarlækningar Borgarspítalans eru á deild B4, B5 og B6 og öldrunarlækningar Landakotsspítala eru í Hafnarbúðum.
7. Lungnalækningar Landspítalans eru á Vífilsstöðum.
8. Húðlækningar Landspítalans eru á Vífilsstöðum.
9. Kópavogshæli 160 rúm, Kristnes 58 rúm og Tjaldanesheimilið 20 rúm. Samtals 238 rúm.
10. Hluti af bæklunarlækningum Borgarspítalans er á Fæðingarheimilinu við Eiríksgötu.

Kostnaður við óbreytt skipulag sjúkrahúsanna til ársins 1995.

Áætluð útgjöld ríkissjóðs í milljónum króna vegna sjúkrahúsanna í Reykjavík árin 1990–1995 gengju áform sjúkrahússtjórnanna eftir, samkvæmt fjárlagagerð 1990.

Landspítalinn	1990	1991	1992	1993	1994	1995
Laun og t. gjöld	3741	3741	3741	3920	4032	4144
Önnur gjöld	1855	1855	1855	1979	2226	2350
Viðhald	166	166	166	166	166	166
Eignakaup	230	230	230	230	230	230
Nýframkvæmdir	616	555	603	479	416	175
Alls:	6608	6547	6595	6777	7070	7065

Borgarspítalinn	1990	1991	1992	1993	1994	1995
Laun og t. gjöld	2016	2016	2128	2240	2352	2352
Önnur gjöld	927	927	927	989	1051	1051
Viðhald	115	115	115	115	115	115
Eignakaup	204	204	204	204	204	204
Nýframkvæmdir	358	599	594	532	555	556
Alls:	3620	3861	3968	4080	4277	4278

Landakot	1990	1991	1992	1993	1994	1995
Laun og t. gjöld	840	840	840	840	840	840
Önnur gjöld	526	526	526	526	526	526
Viðhald	19	19	19	19	19	19
Eignakaup	38	38	38	38	38	38
Nýframkvæmdir	0	0	0	0	0	0
Alls:	1423	1423	1423	1423	1423	1423
Samtals:	11651	11831	11986	12277	12770	12766

Forsendur.

1. Áætlun er á verðlagi í janúar 1990.
2. Nýframkvæmdir, eignakaup og viðhald er miðað við áform sjúkrahúsanna.
3. Í launum og launatengdum gjöldum er áætlað fyrir nýjum störfum eins og áform sjúkrahúsanna væru við fjárlagagerð 1990, þ.e. Landspítalinn 310 milljónir, Borgarspítalinn 93 milljónir og Landakot 11 milljónir.

4. Áform Ríkisspítalanna um byggingaframkvæmdir eru: Bráðabirgðainnréttingar á rannsóknastofu. Hæð ofan á eldhús Landspítalans. Tengigangur fyrir eldhús T1 og TK sem er 1835 m². Lokið verði við byggingu K2 sem er 8250 m². Tengigangur T2 verði byggður. Hafin verði bygging A fyrir rannsóknastofur. Byggingaráætlun fyrir Kristnesspítala verði sett af stað. Hjúkrunardeild Kópavogshælis og lóðaframkvæmdir þar verði settar af stað. Byggð verði öldrunardeild við Vífilsstaðaspítala. Annar áfangi unglingageðdeildar við Dalbraut fari af stað.
5. Áform Borgarspítalans um byggingaframkvæmdir eru: Að ljúka við byggingu B-álmu, hefja 2. áfanga að byggingu G-álmu sem er 3553 m². Áætlað er að honum verði lokið 1998. Fyrsta áfanga að byggingu hjúkrunarheimilis, sem er 2920 m², verði lokið 1991 og strax að honum loknum verði hafinn 2. áfangi að byggingu hjúkrunarheimilis og honum verði lokið 1992. Sá áfangi er 3780 m². Einnig eru uppi áform um að lokið verði við 1. og 2. áfanga að H-álmu og honum verði lokið 1995. Á árunum 1990–91 verði lokið við byggingu barnaheimilis.
6. Á Landakotsspítala eru engin áform um byggingaframkvæmdir.

Bókun frá Davíð Á. Gunnarssyni og Árna Björnssyni.

Við undirritaðir getum ekki fallist á það fyrirkomulag sem gert er ráð fyrir um skipun samstarfsráðsins.

Við teljum eðlilegt að til þess að ráðið geti betur sinnt því mikilvæga hlutverki, sem því er ætlað, verði það skipað fjórum fulltrúum kosnum af sameinuðu Alþingi, formönnum stjórnar spítalanna þriggja, þ.e. Ríkisspítalanna, Borgarspítalans og Landakotsspítala, einum kjörnum af borgarstjórn Reykjavíkur og einum fulltrúa tilnefndum af heilbrigðisráðherra sem jafnframt skal vera formaður ráðsins.

Sþ. 213. Breytingartillögur [57. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990, sbr. lög nr. 72/1990.

Frá Friðriki Sophussyni.

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Tekjuliður 4212 Jöfnunargjald í 3. gr. fjárlaga fyrir árið 1990 hækki úr 500.000 þús. kr. og verði 960.000 þús. kr.
2. Við 3. gr. 11-289 Jöfnunargjald.
   Fyrir „150.000“ kemur 200.000

Sþ. 214. Fyrirspurn [186. mál]

til fjármálaráðherra um ferðakostnað þingmanna og ríkisstarfsmanna á vegum ráðuneyta og stofnana þeirra.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

Hver var ferðakostnaður hvers alþingismanns og hvers ríkisstarfsmanns vegna ferðalaga til útlanda árið 1989 og 1990 fram til 1. nóvember sl.?

Óskað er eftir svofelldri sundurliðun:

a. Hvað margar ferðir fór hver alþingismaður og hver ríkisstarfsmaður, hvert var farið og hvað lengi dvaldist hann samtals erlendis,
b. fargjöld,
c. samanlagður gisti- og fæðiskostnaður,
d. risna,
e. dagpeningagreiðslur, þar með talið álag á þær,
f. heildargreiðslur fyrir maka.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 215. Fyrirspurn [187. mál]

til dómsmálaráðherra um lagafrumvarp um sjálfseignarstofnanir.

Guðrún J. Halldórsdóttir.

Hvenær hyggst dómsmálaráðherra leggja fram frumvarp til laga um sjálfseignarstofnanir, sbr. bréf dómsmálaráðuneytisins, dags. 6. sept. 1989, þar sem Guðmundi Skaftasyni fyrrverandi hæstaréttardómara var falið að gera drög að slíkum lögum?

Nd. **216. Nefndarálit** [73. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.
Ólafur Þ. Þórðarson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. des. 1990.

Ragnar Arnalds, form.	Guðmundur G. Þórarinsson, frsm.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr.
Þórhildur Þorleifsdóttir.	Árni Gunnarsson.	Ragnhildur Helgadóttir.

Sþ. 217. Frumvarp til fjáraukalaga [57. mál]

fyrir árið 1990, sbr. lög nr. 72/1990.

(Eftir 2. umr. í Sþ., 3. des.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1990 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1990, sbr. 1. gr. laga nr. 72/1990:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**3 630 000**
Beinir skattar	1 419 000	
Óbeinir skattar	1 781 000	
Vaxtatekjur	400 000	
Aðrar tekjur	30 000	
Gjöld		**4 213 705**
Samneysla	1 754 260	
Rekstrargjöld	1 585 760	
Viðhald	168 500	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2 115 765	
Vaxtagreiðslur	–325 000	
Fjárfesting	672 680	
Stofnkostnaður	233 100	
Fjármagnstilfærslur	439 580	
Gjöld umfram tekjur		**583 705**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		1 640 000
Veitt lán	1 200 000	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum	440 000	
Hluta- og stofnfjárframlög		20 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**2 243 705**
Afborganir af teknum lánum		–1 360 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**883 705**
Lántökur		875 000
Innlend verðbréfaútgáfa	2 345 000	
Erlend verðbréfaútgáfa	–1 470 000	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**–8 705**

2. gr.

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1990, sbr. 2. gr. laga nr. 72/1990, sem hér segir, sbr. sundurliðun í 3. gr.:

	Þús. kr.	Þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	43 360	
01 Forsætisráðuneyti	62 700	
02 Menntamálaráðuneyti	673 980	
03 Utanríkisráðuneyti	187 400	
04 Landbúnaðarráðuneyti	207 600	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	57 300	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	173 700	
07 Félagsmálaráðuneyti	49 565	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1 545 200	
09 Fjármálaráðuneyti	909 000	
10 Samgönguráðuneyti	376 300	
11 Iðnaðarráðuneyti	231 100	
12 Viðskiptaráðuneyti	12 000	
14 Umhverfisráðuneyti	2 500	
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	-318 000	
Samtals		4 213 705

3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á stofnanir og viðfangsefni er þessi:

00 Æðsta stjórn ríkisins

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–201	**Alþingi**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		13 360
1 04	Skrifstofu- og alþingiskostnaður	1 500	
1 06	Útgáfukostnaður Alþingistíðinda	15 560	
1 31	Þingmannanefndir Evrópuráðsins	1 600	
1 32	Norðurlandaráð	−6 000	
1 33	Þingmannafundir Fríverslunarsamtaka Evrópu	700	
	Gjöld samtals		13 360
	Tegundasundurliðun:		
52–58	Önnur gjöld	13 360	
5	Gjöld samtals		**13 360**
00–510	**Bessastaðir**		
	Viðfangsefni:		
	Stofnkostnaður:		25 000
6 01	Mannvirkjagerð	25 000	
	Gjöld samtals		25 000
	Tegundasundurliðun:		
52–58	Önnur gjöld	25 000	
5	Gjöld samtals		**25 000**
00–620	**Ríkisendurskoðun**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		4 000
1 01	Yfirstjórn	4 000	
	Stofnkostnaður:		1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		5 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**
	Samtals		43 360

01 Forsætisráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
01–101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		12 000
1 01 Yfirstjórn	12 000	
Viðhaldsverkefni:		2 900
5 20 Stjórnarráðshús	2 900	
Gjöld samtals		14 900
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	14 900	
5 Gjöld samtals		**14 900**
01–102 Þjóðhagsstofnun		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		1 400
1 01 Þjóðhagsstofnun	1 400	
Gjöld samtals		1 400
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	1 400	
5 Gjöld samtals		**1 400**
01–171 Byggðastofnun, framlag		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		45 000
6 01 Byggðastofnun, framlag	45 000	
Gjöld samtals		45 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	45 000	
5 Gjöld samtals		**45 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
01–902	**Þjóðgarðurinn á Þingvöllum**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 400
1 01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	1 400	
	Gjöld samtals		1 400
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	1 400	
5	Gjöld samtals		**1 400**
	Samtals		62 700

02 Menntamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 000
1 01	Yfirstjórn	15 000	
	Gjöld samtals		15 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	15 000	
5	Gjöld samtals		**15 000**
02–201 Háskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 500
1 01	Yfirstjórn	19 500	
	Gjöld samtals		19 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 500	
52–58	Önnur gjöld	9 000	
5	Gjöld samtals		**19 500**
02–221 Kennaraháskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 500
1 20	Endurmenntun	1 500	
	Gjöld samtals		1 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	1 500	
5	Gjöld samtals		**1 500**

02–223 Rannsóknastofnun uppeldismála Þús. kr. Þús. kr.

Viðfangsefni:
Almennur rekstur: 800
1 01 Rannsóknastofnun uppeldismála 800
Gjöld samtals 800

Tegundasundurliðun:
52–58 Önnur gjöld 800
5 Gjöld samtals **800**

02–231 Náttúrufræðistofnun Íslands

Viðfangsefni:
Almennur rekstur: 400
1 01 Náttúrufræðistofnun Íslands 400
Gjöld samtals 400

Tegundasundurliðun:
51 Laun 400
5 Gjöld samtals **400**

02–319 Framhaldsskólar, almennt

Viðfangsefni:
Almennur rekstur: 238 000
1 01 Framhaldsskólar, almennt 238 000
Gjöld samtals 238 000

Tegundasundurliðun:
51 Laun 177 000
52–58 Önnur gjöld 61 000
5 Gjöld samtals **238 000**

02–422 Námsgagnastofnun

Viðfangsefni:
Almennur rekstur: 6 200
1 60 Námsefnisgerð 6 200
Gjöld samtals 6 200

Tegundasundurliðun:
52–58 Önnur gjöld 6 200
5 Gjöld samtals **6 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–710 Fræðsluskrifstofur			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			2 000
6 30	Vesturlandsumdæmi, tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		2 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals		**2 000**
02–720 Grunnskólar, almennt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			63 000
1 90	Grunnskólar, óskipt	63 000	
	Gjöld samtals		63 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	63 000	
5	Gjöld samtals		**63 000**
02–931 Náttúruverndarráð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 01	Yfirstjórn	1 000	
1 33	Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum	2 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**
02–978 Endurbótasjóður menningarstofnana			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			300 000
6 01	Endurbótasjóður menningarstofnana	300 000	
	Gjöld samtals		300 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	300 000	
5	Gjöld samtals		**300 000**

02–982 Listir, framlög

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 200
1 21	Leikfélag Akureyrar	2 200	
1 30	Íslenska óperan	4 000	
1 80	Listahátíð	6 000	
	Gjöld samtals		12 200
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	12 200	
5	Gjöld samtals		**12 200**

02–989 Ýmis íþróttamál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 000
1 21	Skáksamband Íslands	1 000	
Stofnkostnaður:			1 380
6 13	Íþróttasamband fatlaðra vegna endurhæfingar	1 380	
	Gjöld samtals		2 380
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 380	
5	Gjöld samtals		**2 380**

02–999 Ýmislegt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 000
1 92	Ýmis framlög	10 000	
	Gjöld samtals		10 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	10 000	
5	Gjöld samtals		**10 000**
	Samtals		673 980

03 Utanríkisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 000
1 50	Viðskiptaskrifstofa	23 000	
1 53	Þýðingar laga og reglugerða Evrópubandalagsins	17 000	
	Gjöld samtals		40 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 000	
52–58	Önnur gjöld	22 000	
5	Gjöld samtals		**40 000**
03–102 Varnarmálaskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 400
1 01	Varnarmálaskrifstofa	1 400	
	Gjöld samtals		1 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	700	
52–58	Önnur gjöld	700	
5	Gjöld samtals		**1 400**
03–201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 000
1 20	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	6 000	
	Gjöld samtals		6 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 000	
5	Gjöld samtals		**6 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–390	**Þróunarsamvinnustofnun Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			140 000
1 24	Neyðaraðstoð vegna ástandsins við Persaflóa	140 000	
	Gjöld samtals		140 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	140 000	
5	Gjöld samtals		**140 000**
	Samtals		187 400

04 Landbúnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 000
1 01	Yfirstjórn	2 000	
	Gjöld samtals		2 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals		**2 000**
04–171 Jarðeignir ríkisins, framlög			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			15 000
6 01	Jarðeignir ríkisins	15 000	
	Gjöld samtals		15 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	15 000	
5	Gjöld samtals		**15 000**
04–201 Búnaðarfélag Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 500
1 01	Yfirstjórn	4 500	
	Gjöld samtals		4 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 500	
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals		**4 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–205 Veiðistjóri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 800
1 01	Veiðistjóri	3 800	
	Gjöld samtals		3 800
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	1 000	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	2 800	
5	Gjöld samtals		**3 800**
04–231 Skógrækt ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 000
1 01	Yfirstjórn	2 000	
	Gjöld samtals		2 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 000	
5	Gjöld samtals		**2 000**
04–232 Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 500
1 01	Rannsóknastöðin á Mógilsá	2 500	
	Gjöld samtals		2 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 500	
5	Gjöld samtals		**2 500**
04–246 Veiðimálastofnunin			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 01	Veiðimálastofnunin	3 000	
Stofnkostnaður:			8 000
6 02	Stofnkostnaður vegna ferskfiskrannsókna	8 000	
	Gjöld samtals		11 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	3 000	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	8 000	
5	Gjöld samtals		**11 000**

04–247 Yfirdýralæknir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 000
1 01	Yfirstjórn	1 000	
	Gjöld samtals		1 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	1 000	
5	Gjöld samtals		**1 000**

04–270 Landgræðslu- og landverndaráætlun

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			7 500
6 40	Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins	5 000	
6 90	Fyrirhleðslur	2 500	
	Gjöld samtals		7 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	7 500	
5	Gjöld samtals		**7 500**

04–272 Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 000
1 01	Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey	2 000	
Stofnkostnaður:			1 500
6 02	Bygging einangrunarstöðvar	1 500	
	Gjöld samtals		3 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	3 500	
5	Gjöld samtals		**3 500**

	Þús. kr.	Þús. kr.
04–288 Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		12 000
1 10 Ráðunautar	12 000	
Gjöld samtals		12 000
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	6 000	
52–58 Önnur gjöld	6 000	
5 Gjöld samtals		**12 000**
04–289 Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		65 000
1 20 Endurgreiðsla söluskatts í fiskeldi og loðdýrarækt	65 000	
Gjöld samtals		65 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	65 000	
5 Gjöld samtals		**65 000**
04–290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		71 000
1 01 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	71 000	
Gjöld samtals		71 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	71 000	
5 Gjöld samtals		**71 000**
04–299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		4 400
1 22 Ýmis verkefni	4 400	
Gjöld samtals		4 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 400	
5	Gjöld samtals		**4 400**

04–502 Bændaskólinn á Hólum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 400
1 01	Bændaskólinn á Hólum	2 400	
	Gjöld samtals		2 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 400	
5	Gjöld samtals		**2 400**
	Samtals		207 600

05 Sjávarútvegsráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–202	**Hafrannsóknastofnun**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 700
1 31	R/s Bjarni Sæmundsson	2 800	
1 32	R/s Árni Friðriksson	1 900	
1 36	Veiðarfærakostnaður	7 000	
Viðhaldsverkefni:			30 600
5 32	Viðhald, r/s Árni Friðriksson	30 600	
	Gjöld samtals		42 300
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	42 300	
5	Gjöld samtals		**42 300**
05–299	**Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 000
1 32	Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi	15 000	
	Gjöld samtals		15 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	15 000	
5	Gjöld samtals		**15 000**
	Samtals		57 300

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 000
1 01	Yfirstjórn	1 000	
	Gjöld samtals		1 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	1 000	
5	Gjöld samtals		**1 000**
06–103 Kosningar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 400
1 01	Kosningar	6 400	
	Gjöld samtals		6 400
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	6 400	
5	Gjöld samtals		**6 400**
06–201 Hæstiréttur			
Tegundasundurliðun:			
4	Sértekjur	−1 500	
	Mismunur		**1 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–202 Ríkissaksóknari			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 600
1 01	Ríkissaksóknari	1 600	
	Gjöld samtals		1 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 600	
5	Gjöld samtals		**1 600**
06–204 Borgarfógetinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			1 700
6 01	Tæki og búnaður	1 700	
	Gjöld samtals		1 700
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	1 700	
5	Gjöld samtals		**1 700**
06–205 Sakadómur Reykjavíkur			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 01	Sakadómur Reykjavíkur	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 000	
5	Gjöld samtals		**8 000**
06–209 Lögregluskóli ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 01	Rekstrarkostnaður	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 000	
52–58	Önnur gjöld	1 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–210 Héraðsdómstólar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 200
1 91	Héraðsdómari á Suður- og Vesturlandi	4 300	
1 92	Héraðsdómari á Vestfjörðum	4 000	
1 93	Héraðsdómari á Norðurlandi	4 900	
1 94	Héraðsdómari á Austurlandi	5 000	
	Gjöld samtals		18 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 200	
5	Gjöld samtals		**18 200**
06–211 Sýslumenn og bæjarfógetar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			50 000
1 10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	50 000	
	Gjöld samtals		50 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	50 000	
5	Gjöld samtals		**50 000**
06–251 Landhelgisgæsla Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 800
1 21	V/s Ægir	5 000	
1 22	V/s Óðinn	3 500	
1 23	V/s Týr	4 500	
1 30	Fluggæsla	8 800	
Stofnkostnaður:			3 200
6 90	Tæki og búnaður	3 200	
	Gjöld samtals		25 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	25 000	
5	Gjöld samtals		**25 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–281 Dómsmál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 500
1 10	Málskostnaður	23 000	
1 11	Meðdómsmenn	1 500	
1 15	Setusaksóknari	5 000	
	Gjöld samtals		29 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 500	
52–58	Önnur gjöld	23 000	
5	Gjöld samtals		**29 500**
06–282 Ýmis löggæslukostnaður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 000
1 20	Ýmis löggæslukostnaður	2 000	
	Gjöld samtals		2 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals		**2 000**
06–301 Biskup Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 000
1 01	Yfirstjórn	4 000	
	Gjöld samtals		4 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 500	
52–58	Önnur gjöld	2 500	
5	Gjöld samtals		**4 000**
06–303 Prestaköll og prófastsdæmi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 500
1 90	Prestar og prófastar	21 500	
	Gjöld samtals		21 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 500	
5	Gjöld samtals		**21 500**

06–304 Ýmis kirkjuleg málefni

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			300
1 90	Ýmislegt	300	
	Gjöld samtals		300
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	300	
5	Gjöld samtals		**300**
	Samtals		173 700

07 Félagsmálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 000
1 01	Yfirstjórn	1 000	
	Gjöld samtals		1 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	1 000	
5	Gjöld samtals		**1 000**
07–700 Málefni fatlaðra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 300
1 04	Kostnaður skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra	11 500	
1 10	Vistanir	5 800	
	Gjöld samtals		17 300
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	17 300	
5	Gjöld samtals		**17 300**
07–702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 500
1 70	Vistheimilið Skálatúni	2 500	
	Gjöld samtals		2 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 500	
5	Gjöld samtals		**2 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 800
1 30	Iðjulundur, verndaður vinnustaður	4 500	
1 70	Vistheimilið Sólborg	4 300	
	Gjöld samtals		8 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 300	
52–58	Önnur gjöld	4 500	
5	Gjöld samtals		**8 800**
07–708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 000
1 31	Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum	2 000	
	Gjöld samtals		2 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals		**2 000**
07–750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 01	Yfirstjórn	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**
07–972 Bjargráðasjóður Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 000
1 01	Bjargráðasjóður	11 000	
	Gjöld samtals		11 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	11 000	
5	Gjöld samtals		**11 000**

07–999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 965
1 45	Krísuvíkursamtökin	2 465	
1 90	Ýmis framlög	1 500	
	Gjöld samtals		3 965
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 965	
5	Gjöld samtals		**3 965**
	Samtals		49 565

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–101	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 01	Yfirstjórn	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**
08–271	**Tryggingastofnun ríkisins**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 200 000
1 10	Lífeyristryggingar	100 000	
1 20	Sjúkratryggingar	1 100 000	
	Gjöld samtals		1 200 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 200 000	
5	Gjöld samtals		**1 200 000**
08–277	**Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			56 000
1 01	Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna	56 000	
	Gjöld samtals		56 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	56 000	
5	Gjöld samtals		**56 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–301 Landlæknir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 000
1 01	Yfirstjórn	2 000	
	Gjöld samtals		2 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals		**2 000**
08–324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands			
Tegundasundurliðun:			
4	Sértekjur	−7 500	
	Mismunur		**7 500**
08–371 Ríkisspítalar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			35 000
1 10	Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeild	35 000	
Stofnkostnaður:			3 200
6 80	Ármúli 1a	3 200	
	Gjöld samtals		38 200
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	38 200	
5	Gjöld samtals	38 200	
4	Sértekjur	−39 994	
	Mismunur		**78 194**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–373 St. Jósefsspítali, Landakoti			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 000
1 01	St. Jósefsspítali, Landakoti	32 000	
	Gjöld samtals		32 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	32 000	
5	Gjöld samtals		**32 000**
08–381 Sjúkrahús og læknisbústaðir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			47 500
1 10	Uppgjör á rekstrarhalla sjúkrahúsa[1])	47 500	
	Gjöld samtals		47 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	47 500	
5	Gjöld samtals		**47 500**
08–399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 000
1 25	Neyslu- og manneldismál, manneldisráð	2 000	
	Gjöld samtals		2 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals		**2 000**
08–480 Heilsugæslustöðvar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			114 000
1 01	Heilsugæslustöðvar[2])	114 000	
	Gjöld samtals		114 000

1) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 1.
2) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 2.

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	114 000	
5	Gjöld samtals		**114 000**

08–502 Þroskaþjálfaskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 01	Þroskaþjálfaskóli Íslands	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 200	
52–58	Önnur gjöld	1 800	
5	Gjöld samtals		**3 000**
	Samtals		1 545 194

09 Fjármálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 000
1 01	Yfirstjórn	4 000	
	Gjöld samtals		4 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	4 000	
5	Gjöld samtals		**4 000**
09–103 Ríkisbókhald			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 000
1 01	Ríkisbókhald	10 000	
	Gjöld samtals		10 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	10 000	
5	Gjöld samtals	10 000	
4	Sértekjur	−20 000	
	Mismunur		**30 000**
09–202 Skattstofan í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 700
1 01	Skattstofan í Reykjavík	7 700	
	Gjöld samtals		7 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 700	
5	Gjöld samtals		**7 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–212 Skattamál, ýmis útgjöld			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			116 000
1 01	Ýmis sameiginleg útgjöld	116 000	
	Gjöld samtals		116 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	116 000	
5	Gjöld samtals		**116 000**
09–251 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 000
1 10	Ýmis innheimtukostnaður	30 000	
	Gjöld samtals		30 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	30 000	
5	Gjöld samtals		**30 000**
09–261 Ríkistollstjóri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 01	Ríkistollstjóri	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 500	
52–58	Önnur gjöld	4 500	
5	Gjöld samtals		**8 000**
09–381 Uppbætur á lífeyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			130 000
1 01	Uppbætur á lífeyri	130 000	
	Gjöld samtals		130 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	130 000	
5	Gjöld samtals		**130 000**

09–981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			48 000
6 50	Sölvhólsgata 7	2 000	
6 60	Sölvhóll	19 000	
6 80	Skuggasund 3	27 000	
	Gjöld samtals		48 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	48 000	
5	Gjöld samtals		**48 000**

09–989 Launa- og verðlagsmál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			412 300
1 01	Rekstur	140 000	
1 11	Geymdar fjárveitingar og óviss útgjöld	272 300	
	Gjöld samtals		412 300
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	272 300	
59	Tilfærslur:		
	5910 Til stofnana í A-hluta	140 000	
5	Gjöld samtals		**412 300**

09–999 Ýmislegt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			123 000
1 12	Skýrsluvélakostnaður vegna tekjubókhalds	31 000	
1 13	Kjarasamningar	14 000	
1 14	Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	10 000	
1 18	Styrkur til blaðaútgáfu samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar	50 000	
1 60	Dómkröfur	18 000	
	Gjöld samtals		123 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 000	
52–58	Önnur gjöld	109 000	
5	Gjöld samtals		**123 000**
	Samtals		909 000

10 Samgönguráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
10–101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		5 700
1 01 Yfirstjórn	5 700	
Gjöld samtals		5 700
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	5 700	
5 Gjöld samtals		**5 700**
10–211 Vegagerð ríkisins		
Viðfangsefni:		
Viðhaldsverkefni:		135 000
5 10 Viðhald vega	135 000	
Stofnkostnaður:		140 000
6 10 Nýframkvæmdir	140 000	
Gjöld samtals		275 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	275 000	
5 Gjöld samtals		**275 000**
10–333 Hafnamál		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		6 300
1 10 Hafnarannsóknir og mælingar	6 300	
Stofnkostnaður:		61 200
6 30 Hafnarmannvirki	11 700	
6 40 Sjóvarnargarðar	27 500	
6 70 Hafnabótasjóður, framlag	22 000	
Gjöld samtals		67 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	6 300	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	22 000	
	5912 Til sveitarfélaga	39 200	
5	Gjöld samtals		**67 500**

10–471 Flugmálastjórn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 500
1 40	Flugvalladeild	8 500	
	Gjöld samtals		8 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	8 500	
5	Gjöld samtals	8 500	
4	Sértekjur	−13 000	
	Mismunur		**21 500**

10–485 Ýmis framlög

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 500
1 20	Tilkynningarskylda íslenskra skipa	2 700	
1 25	Norrænar jarðskjálftarannsóknir á Suðurlandi	1 800	
	Gjöld samtals		4 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 500	
5	Gjöld samtals		**4 500**

10–651 Ferðamálaráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 100
1 01	Ferðamálaráð	2 100	
	Gjöld samtals		2 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 100	
5	Gjöld samtals		**2 100**
	Samtals		376 300

11 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
11–240 Iðnaðarrannsóknir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 500
1 01	Iðnaðarrannsóknir	13 500	
	Gjöld samtals		13 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	13 500	
5	Gjöld samtals		**13 500**
11–289 Jöfnunargjald			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			160 000
1 01	Jöfnunargjald í iðnaði	160 000	
	Gjöld samtals		160 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	160 000	
5	Gjöld samtals		**160 000**
11–299 Iðja og iðnaður, framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 100
1 15	Alþjóðastaðlar CEN-CENELEC	8 000	
1 26	Iðnþróunarverkefni	5 000	
1 40	Framlag til styrktar ullariðnaði o.fl.	8 000	
1 50	Iðnþróun og markaðsmál	5 100	
	Gjöld samtals		26 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	8 000	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	18 100	
5	Gjöld samtals		**26 100**

11–301 Orkustofnun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 500
1 01	Orkustofnun	1 500	
	Gjöld samtals		1 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 500	
5	Gjöld samtals		**1 500**

11–371 Orkusjóður

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			
6 15	Lán til jarðhitaleitar	−1 400	
6 22	Styrkur til jarðhitaleitar í Öxarfirði	1 400	
	Gjöld samtals		
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	−1 400	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	1 400	
5	Gjöld samtals		

11–399 Ýmis orkumál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 000
1 19	Önnur orkumál	30 000	
	Gjöld samtals		30 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	30 000	
5	Gjöld samtals		**30 000**
	Samtals		231 100

12 Viðskiptaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
12–101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 000
1 01	Yfirstjórn	9 000	
	Gjöld samtals		9 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	5 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 000	
5	Gjöld samtals		**9 000**
12–902 Verðlagsstofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 000
1 01	Verðlagsstofnun	1 000	
	Gjöld samtals		1 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	1 000	
5	Gjöld samtals		**1 000**
12–903 Skráning hlutafélaga			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tölvuvæðing hlutafélagaskrár	2 000	
	Gjöld samtals		2 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals		**2 000**
	Samtals		12 000

14 Umhverfisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
14–101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 500
1 01	Yfirstjórn	2 500	
	Gjöld samtals		2 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 500	
5	Gjöld samtals		**2 500**
	Samtals		2 500

15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun

		Þús. kr.	Þús. kr.
15–182 Tölvumál			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			7 000
6 50	Stjórnarráð, tölvuvæðing	7 000	
	Gjöld samtals		7 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	7 000	
5	Gjöld samtals		**7 000**
15–991 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			−325 000
1 01	Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	−325 000	
	Gjöld samtals		−325 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	−325 000	
5	Gjöld samtals		**−325 000**
	Samtals		−318 000

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

SÉRSTÖK YFIRLIT

1. Uppgjör á hallarekstri sjúkrahúsa (08-381 110).

1. Sjúkrahúsið Bolungarvík	2.300	
2. Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð, Kópavogi	3.700	
3. SÁÁ, meðferðarstöð	11.300	
4. Sjúkrahúsið Ísafirði	3.000	
5. Sjúkrahúsið Húsavík	5.000	
6. Sjúkrahúsið Selfossi	12.700	
7. Sjúkrahúsið Egilsstöðum	2.000	
8. Óráðstafað	7.500	
		47.500

2. Heilsugæslustöðvar (08-480 101).

a. Rekstrarhalli.

1. Heilsugæslustöð Akranesi	200	
2. Heilsugæslustöð Borgarnesi	600	
3. Heilsugæslustöð Ísafirði	1.800	
4. Heilsugæslustöð Hólmavík	900	
5. Heilsugæslustöð Blönduósi	1.400	
6. Heilsugæslustöð Sauðárkróki	700	
7. Heilsugæslustöð Siglufirði	400	
8. Heilsugæslustöð Ólafsfirði	500	
9. Heilsugæslustöð Dalvík	200	
10. Heilsugæslustöð Akureyri	5.000	
11. Heilsugæslustöð Kópaskeri	200	
12. Heilsugæslustöð Raufarhöfn	200	
13. Heilsugæslustöð Egilsstöðum	4.100	
14. Heilsugæslustöð Seyðisfirði	600	
15. Heilsugæslustöð Vopnafirði	1.000	
16. Heilsugæslustöð Djúpavogi	1.000	
17. Heilsugæslustöð Kirkjubæjarklaustri	200	
18. Heilsugæslustöð Vík í Mýrdal	500	
19. Heilsugæslustöð Hvolsvelli	700	
20. Heilsugæslustöð Hveragerði	600	
21. Heilsugæslustöð Vestmannaeyjum	700	
22. Heilsugæslustöð Hafnarfirði	2.800	
23. Heilsugæslustöð Garðabæ	1.100	
24. Heilsugæslustöð Seltjarnarnesi	3.000	
25. Óráðstafað	600	
		29.000

b. Sjúkraflutningar.		
1. Heilsugæslustöð Akureyri, Suðurnesjum og Hafnarfirði	60.000	
2. Heilsugæslustöð Akranesi	2.400	
3. Heilsugæslustöð Patreksfirði	900	
4. Heilsugæslustöð Ísafirði	3.900	
5. Heilsugæslustöð Bolungarvík	700	
6. Heilsugæslustöð Sauðárkróki	1.500	
7. Heilsugæslustöð Siglufirði	1.300	
8. Heilsugæslustöð Dalvík	200	
9. Heilsugæslustöð Kópaskeri	200	
10. Heilsugæslustöð Vestmannaeyjum	2.200	
11. Óráðstafað vegna ófyrirséðs kostnaðar	6.700	
		80.000
c. Aðrar heilsugæslustöðvar		5.000
		114.000

Sþ. 218. Breytingartillögur [57. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990, sbr. lög nr. 72/1990.

Frá Friðriki Sophussyni.

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Tekjuliður 4212 Jöfnunargjald í 3. gr. fjárlaga fyrir árið 1990 hækki úr 500.000 þús. kr. og verði 960.000 þús. kr.
2. Við 3. gr. 11-289 Jöfnunargjald.
   Fyrir „160.000“ kemur 200.000

Sþ. 219. Breytingartillaga [57. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990, sbr. lög nr. 72/1990.

Frá Kristni Péturssyni.

Á eftir 3. gr. komi ný grein svohljóðandi:

Liður 2.1 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1990 orðist svo:

Að stofna til tímabundins yfirdráttar á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum á árinu 1990 vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins og semja, ef með þarf, um greiðslu yfirdráttarskuldar og um lánskjör, enda verði yfirdrátturinn gerður upp fyrir áramót samkvæmt heimildum í lánsfjárlögum þannig að viðskiptareikningur ríkissjóðs verði í jafnvægi.

Sþ. 220. Fyrirspurn [188. mál]

til viðskiptaráðherra um útreikningsreglur viðskiptabanka á vöxtum verðtryggðra innlána og útlána.

Frá Guðmundi G. Þórarinssyni.

1. Hvernig eru vextir reiknaðir hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum:
   a. af verðtryggðum útlánum,
   b. af verðtryggðum innlánsreikningum?
2. Telur ráðherra ekki nauðsynlegt að viðskiptabankar og sparisjóðir geri almenningi grein fyrir þeim grundvallarmun sem á þessum reiknireglum er?

Sþ. 221. Breytingartillaga [57. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990, sbr. lög nr. 72/1990.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar (SighB, MF, AS, ÓÞÞ, ÁHE).

Við 3. gr. 02-982 121 Leikfélag Akureyrar.	Þús. kr.
Fyrir „2.200“ kemur	6.000

Sþ. 222. Breytingartillaga [57. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990, sbr. lög nr. 72/1990.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

Við 3. gr. 07-999. Nýr liður:	Þús. kr.
146 G-samtökin	1.200

Sþ. 223. Fyrirspurn [189. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um reglur varðandi endurgreiðslur á ferðakostnaði sjúklinga.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hvað veldur því að ekki eru komnar til framkvæmda nýjar reglur um endurgreiðslur á ferðakostnaði sjúklinga innan lands sem samþykktar voru á fundi tryggingaráðs síðastliðið sumar og áttu þá aðeins eftir að hljóta staðfestingu ráðuneytis?

Sþ. 224. Fyrirspurn [190. mál]

til dómsmálaráðherra um opinberar fjársafnanir.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvernig er eftirliti háttað með opinberum fjársöfnunum stofnana og félaga?
2. Er gengið eftir því að 7. gr. laga nr. 5/1977, um opinberar fjársafnanir, þar sem kveðið er á um opinbera birtingu á reikningsyfirlitum sé framfylgt? Ef svo er með hvaða hætti er það gert og hvar hafa slík yfirlit verið birt?
3. Með hvaða hætti er fylgst með því að söfnunarfé sé notað í þeim tilgangi sem upphaflega var ætlað, sbr. 5. gr. laga nr. 5/1977?
4. Eru ríkisstofnanir eða ráðuneyti þátttakendur eða aðilar að slíkum fjársöfnunum? Ef svo er hvaða reglur gilda um þátttöku þeirra og um meðferð þeirra og notkun á söfnunarfé?

Sþ. 225. Fyrirspurn [191. mál]

til fjármálaráðherra um greiðslur fyrir ómælda yfirvinnu.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

Tíðkast enn að starfsmenn ríkisins og ríkisstofnana fái greidd laun fyrir svokallaða „óunna“ eða „ómælda“ yfirvinnu? Ef svo er, hvert er hlutfall slíkra greiðslna á samningsbundin laun?

Hvaða launaflokkar fá slíkar greiðslur?

Hver er heildarupphæð slíkra greiðslna frá ríkinu?

Hverjar eru heildarlaunagreiðslur ríkisins fram yfir samningsbundnar launagreiðslur samkvæmt kjarasamningum?

Sþ. 226. Fjáraukalög [57. mál]

fyrir árið 1990, sbr. lög nr. 72/1990.

(Afgreidd frá Sþ. 4. des.)

Samhljóða þskj. 217 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Eftirtaldar breytingar verða á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1990 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1990, sbr. 1. gr. laga nr. 72/1990:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**3 630 000**
Beinir skattar	1 419 000	
Óbeinir skattar	1 781 000	
Vaxtatekjur	400 000	
Aðrar tekjur	30 000	
Gjöld		**4 217 505**
Samneysla	1 754 260	
Rekstrargjöld	1 585 760	
Viðhald	168 500	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2 115 565	
Vaxtagreiðslur	-325 000	
Fjárfesting	672 680	
Stofnkostnaður	233 100	
Fjármagnstilfærslur	439 580	
Gjöld umfram tekjur		**587 505**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		1 640 000
Veitt lán	1 200 000	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum	440 000	
Hluta- og stofnfjárframlög		20 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**2 247 505**
Afborganir af teknum lánum		-1 360 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**887 505**
Lántökur		875 000
Innlend verðbréfaútgáfa	2 345 000	
Erlend verðbréfaútgáfa	-1 470 000	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**-12 505**

2. gr. hljóðar svo:

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1990, sbr. 2. gr. laga nr. 72/1990, sem hér segir, sbr. sundurliðun í 3. gr.:

	Þús. kr.	Þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	43 360	
01 Forsætisráðuneyti	62 700	
02 Menntamálaráðuneyti	677 780	
03 Utanríkisráðuneyti	187 400	
04 Landbúnaðarráðuneyti	207 600	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	57 300	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	173 700	
07 Félagsmálaráðuneyti	49 565	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1 545 200	
09 Fjármálaráðuneyti	909 000	
10 Samgönguráðuneyti	376 300	
11 Iðnaðarráðuneyti	231 100	
12 Viðskiptaráðuneyti	12 000	
14 Umhverfisráðuneyti	2 500	
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	-318 000	
Samtals		4 217 505

Fjárlagaliður **02–982 Listir, framlög** í 3. gr. hljóðar svo:

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 000
1 21	Leikfélag Akureyrar	6 000	
1 30	Íslenska óperan	4 000	
1 80	Listahátíð	6 000	
	Gjöld samtals		16 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	16 000	
5	Gjöld samtals		**16 000**

Sþ. 227. Fyrirspurn [192. mál]

til forsætisráðherra um lögfræðilegt álit á bráðabirgðalögunum.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

Hvaða skriflegra álita lögfræðinga hefur ríkisstjórnin aflað sér vegna fram kominna fullyrðinga á Alþingi og utan þess um að bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar, nr. 89/1990, séu ekki í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar?

Nd. 228. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [193. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

1. gr.

31. gr. orðist svo:

Á Alþingi eiga sæti 43 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til fjögurra ára. Kjördæmi landsins eru ákveðin sem hér segir:

Fyrir hverjar kosningar til Alþingis skal landinu skipt í 22 sem næst jafnfjölmenn kjördæmi. Mesti leyfilegur munur á fjölda atkvæðisbærra manna í því kjördæmi sem fæsta hefur og því sem flesta hefur skal vera innan við 5%.

Hagstofa Íslands skal annast skiptingu landsins í kjördæmi þannig:

Deilt er í fjölda kosningarbærra landsmanna með tölunni 22. Síðan eru afmörkuð landsvæði sem hafa að geyma þann fjölda kosningarbærra einstaklinga og telst hvert svæði eitt kjördæmi. Mörkin skulu fylgja hreppa-, bæjar- eða sýslumörkum eins og við verður komið. Ella skal styðjast við önnur landfræðileg kennileiti, svo sem ár, fjöll, vegi og aðalgötur í bæjum.

Kjördæmamörk skal auglýsa eigi síðar en sextán vikum fyrir kjördag eða, ef því verður ekki við komið vegna stutts fyrirvara, auglýsa kjördæmamörk innan þriggja sólarhringa eftir að kosningar eru fyrirskipaðar og á þann hátt á hverjum stað sem venja er að birta opinberar auglýsingar.

Hver kjósandi til Alþingis hefur tvö atkvæði, annað til að kjósa þingmann í kjördæmi og hitt til að kjósa þingmann af landslista.

Þingmenn skulu kjörnir þannig að 22 eru kosnir einfaldri meirihlutakosningu í jafnmörgum kjördæmum og 21 þingmaður af landslistum stjórnmálasamtaka með hlutfallskosningum og skal höfð hliðsjón af atkvæðahlutfalli á bak við þingmenn kjörna í kjördæmum.

2. gr.

32. gr. orðist svo:

Alþingi starfar í einni málstofu.

3. gr.

38. gr. orðist svo:

Sérhver þingmaður hefur rétt til að bera fram frumvörp til laga og annarra samþykkta. Alþingi má senda forseta lýðveldisins ávörp. Alþingi má fela aðilum utan þingsins að semja reglugerðir um nánari útfærslu laga frá Alþingi en allar reglugerðir þurfa að hljóta samþykki Aþingis áður en þær taka gildi.

4. gr.

39. gr. orðist svo:

Alþingi getur skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Alþingi getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

5. gr.

42. gr. orðist svo:

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja fram frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í því fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld. Það skal afgreiða við þrjár umræður.

6. gr.

43. gr. orðist svo:

Alþingi kýs þrjá yfirskoðunarmenn og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins og gæta þess hvort tekjur landsins séu þar allar taldar og hvort nokkuð hafi verið af hendi greitt án heimildar. Þeir geta hver um sig, tveir eða allir, krafist að fá allar skýrslur þær og skjöl sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um samþykkt á honum og athugasemdir yfirskoðunarmanna.

Rétt er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur ríkisféhirðis og sömuleiðis Stjórnarráðsins fyrir ár það sem er að líða eða liðið er. Þyki þeim nokkuð athugavert skulu þeir gefa eftirmönnum sínum vísbendingu um það skriflega.

7. gr.

44. gr. orðist svo:

Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt þrisvar á Alþingi. Sama máli gegnir um reglugerðir með lögum.

8. gr.

45. gr. fellur brott.

9. gr.

52. gr. (sem verður 51. gr.) orðist svo:

Alþingi kýs sér forseta.

10. gr.

53. gr. (sem verður 52. gr.) orðist svo:

Alþingi getur ekki gert samþykkt um má nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og greiði þar atkvæði.

11. gr.

54. gr. (sem verður 53. gr.) orðist svo:

Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp sérhvert almennt mál ef Alþingi leyfir það og beiðast um það skýrslu ráðherra. Skylt er að veita öllum framkomnum málum þinglega meðferð, þ.e. að Alþingi ræði málið og greiði um það atkvæði. Eigi má slíta Alþingi fyrr en málaskrá er tæmd en forseti getur ákveðið síðasta skiladag nýrra þingmála og skal hann ekki vera fyrr en 30 dögum fyrir þinglausnir.

12. gr.

55. gr. (sem verður 54. gr.) orðist svo:

Alþingi má ekki taka við neinu málefni nema alþingismaður flytji það. Skylt er forseta að taka þingmál á dagskrá í þeirri röð sem þau berast honum.

13. gr.

56. gr. (sem verður 55. gr.) orðist svo:

Nú þykir Alþingi ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert málefni og getur það þá vísað því til ráðherra.

14. gr.

57. gr. (sem verður 56. gr.) orðist svo:

Fundir Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti, eða svo margir þingmenn sem til er tekið í þingsköpum, krafist að öllum utanþingsmönnum sé vísað burt og sker þá þingfundur úr hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum.

15. gr.

58. gr. (sem verður 57. gr.) orðist svo:

Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur þrjú meginmarkmið:

1. Að jafna atkvæðisrétt allra landsmanna.
2. Að koma á persónukosningum og þar með beinum tengslum á milli þingmanna og kjósenda í einmenningskjördæmum og tryggja um leið að samræmi sé í hlutfalli þingmanna og kjósenda sem hafa svipuð sjónarmið.
3. Að fækka alþingismönnum í 43.

I.

Það er æðsta takmark hjá hverju þjóðfélagi að jafna bilið á milli þegnanna, eins og framast er unnt, og búa svo um hnútana að allir hafi jafna möguleika til að verða sinn-

ar eigin gæfu smiðir og hjálpa þeim sem verða undir í lífsbaráttunni. Þannig má tryggja öllu fólki jafnan aðgang að þjóðfélaginu. Það líður fæstum vel í landi þar sem einhverjum öðrum líður illa.

Þessu marki hafa Íslendingar náð á flestum sviðum þjóðlífsins og eru víða til fyrirmyndar. Sums staðar er þó enn þá pottur brotinn og einn hópur landsmanna er eftirbátur annarra. Þar er komin slagsíða á þjóðfélagið og hana þarf að leiðrétta.

II.

Dýrmæt réttindi fólksins er rétturinn til að kjósa fulltrúa á löggjafarþing. Kosningarrétturinn greinir lýðveldi frá einveldi og án hans hafa þjóðir ekki full lýðréttindi. Þróun byggðar á Íslandi hefur fært þann rétt á milli landshluta í öfugu hlutfalli við íbúana. Komin er slagsíða á kosningarréttinn. Reykvíkingar og Reyknesingar hafa þannig aðeins hluta af atkvæðisrétti íbúa í öðrum kjördæmum. Í Reykjavík eru 3315 gild atkvæði á bak við hvern þingmann en aðeins 1199 á Vestfjörðum.

Kosningarrétturinn er mannréttindi og engin efnisleg gæði geta komið í staðinn fyrir hann. Ekki frekar en fyrir málfrelsið og prentfrelsið. Stundum heyrast þau sjónarmið að eitt kjördæmi standi öðru að baki á einhvern hátt. Til dæmis með opinbera þjónustu af ýmsu tagi. Verði menn ásáttir um þann mun á milli kjördæma er rétt að bæta það með skattaafslætti til íbúa þess kjördæmis sem lakara er sett eða á annan sambærilegan hátt. Atkvæðisrétt fólksins í öðrum kjördæmum má aldrei nota fyrir skiptimynt í svoleiðis jöfnuði. Þess vegna verða allir landsmenn að hafa jafnan kosningarrétt. Annars spegla kosningar ekki lengur vilja þjóðarinnar og niðurstöður þeirra verða rangar. Þar með eru undirstöður þjóðfélagsins orðnar skakkar og það riðar til falls.

III.

Kjósendum finnst oft að lítil tengsl séu á milli þeirra og alþingismanna. Framboðslistar stjórnmálaflokkanna eru ýmist valdir í stofnunum flokkanna eða í prófkjörum þar sem almennir kjósendur hafa misjafnlega greiðan aðgang. Það kemur aðeins einn sigurvegari úr hverju prófkjöri þó að listinn fái fleiri menn kjörna á þing. Aðrir þingmenn listans hafa því beðið lægri hlut í prófkjöri og teljast ekki sigurvegarar í þeim skilningi.

Kjósendur standa svo frammi fyrir því að velja allan listann í kjördæminu eða ekki. Þannig gefst ekki kostur á að velja eitt þingmannsefni umfram annað í viðamiklu kjördæmi með margvísleg sjónarmið frambjóðenda. Þeim er heldur ekki gert kleift að velja frambjóðanda án þess að kjósa flokk hans um leið.

Á sama hátt er kjósendum ekki mögulegt að velja frambjóðendur úr öðru kjördæmi en þeirra eigin. Fólk getur ekki valið ákjósanlegt þingsmannsefni nema vera sjálft bólfast í sama kjördæmi.

IV.

Það er oft haft á orði að pólitískur áhugi landsmanna sé í lágmarki og því fari virðing fyrir stjórnmálamönnum dvínandi. Með vaxandi fólksfjölda breikkar bilið á milli kjósenda og kjörinna fulltrúa. Frambjóðendur á lista í fjölmennu kjördæmi telja sig ekki þurfa að nálgast kjósendur sína á sama hátt og um einmenningskjördæmi væri að ræða. Þeir skáka í skjóli rótgróins fylgis við listann sinn frekar en þingmennina sjálfa. Með auknum borgarbrag í Reykjavík verða hin ýmsu borgarhverfi stöðugt sjálfstæðari byggðir innan höfuðborgarinnar. Samt er víðsfjarri að alþingismenn borgarbúa séu búsettir í öllum

hverfum Reykjavíkur. Þannig er flutningsmaður þessa frumvarps eini þingmaður Reykvíkinga sem býr í fjölmennustu íbúabyggð landsins í Breiðholti.

Eftir því sem kjördæmin eru minni og kjósendur færri nær kjörinn fulltrúi betra sambandi við íbúana.

Oft er haft á orði að stjórnmálaflokkar séu of margir hér á landi og því nái samsteypustjórnir þeirra ekki sama árangri og ríkisstjórnir eins eða tveggja flokka. Mörgum finnst að flokkur og stjórnmálasamtök þurfi að renna saman í stærri fylkingar og mynda kerfi tveggja stjórnmálaflokka til að axla ábyrgðina til skiptis.

V.

Með frumvarpinu er reynt að taka á þessum málum og færa til betri vegar. Allir landsmenn sitji við sama borð eins og andi stjórnarskrárinnar gerir ráð fyrir: Allir landsmenn hafi jafnan atkvæðisrétt til Alþingis. Reykvíkingar og Reyknesingar verði ekki lengur hálfdrættingar á við aðra íbúa landsins.

VI.

Ein meginbreytingin í þessu frumvarpi er sú að hver kjósandi hefur tvö atkvæði. Í hverju kjördæmi geta stjórnmálasamtök boðið fram bæði kjördæmislista og landslista. Kjósandi á því strax nokkurt val. Hann getur annaðhvort kosið báða listana eða stutt frambjóðanda eins lista í kjördæmi sínu og kosið annan framboðslista á landsvísu. Kjósandi getur líka kosið aðeins annan listann og sleppt hinum ef honum býður svo við að horfa.

Þó að frumvarpið byggist á einmenningskjördæmum að hálfu leyti tryggir landslistinn að allar stjórnmálaskoðanir eigi fulltrúa á Alþingi í samræmi við raunverulegt fylgi þeirra.

Með frumvarpinu er líka reynt að efla tengslin á milli kjósenda og kjörinna fulltrúa. Úr hverju einmenningskjördæmi kemur einn sigurvegari á Alþingi og hann þarf að leita beint til kjósenda í kjördæmi sínu eftir stuðningi. Nú dugar ekki lengur að skáka í skjóli flokka sinna af miðjum framboðslista.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Sjá greinargerð hér að framan.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir að Alþingi starfi í einni málstofu í stað tveggja, efri og neðri deildar, eins og nú er. Með því móti sparast bæði tími og fyrirhöfn. Eins tryggir sú breyting lýðræðið í sessi eins og glöggt kom fram við afgreiðslu bráðabirgðalaga ríkisstjórnarinnar nú í haust. Lög þau höfðu meirihlutafylgi á Alþingi en hefðu getað fallið þrátt fyrir það vegna þess að ekki var meiri hluti fyrir hendi í annarri þingdeildinni.

Um 3. gr.

Iðulega segir í frumvarpi til laga að viðkomandi ráðherra sé falið að setja reglugerð um nánari útfærslu laganna. Ráðherra felur svo oft starfsfólki í ráðuneyti sínu að vinna verkið í sínu nafni. Oft og tíðum eru þýðingarmestu þættir laganna þannig ákveðnir í

reglugerðinni. Dæmi má nefna um sjóð sem Alþingi ákveður að stofna í ákveðnum tilgangi með lögum. Í reglugerð er svo kveðið á um hvernig úthluta eigi úr sjóðnum og hverjir vinni það verk. Þannig hefur Alþingi afsalað sér stórum hluta af löggjafarvaldinu með þessu móti og er mál að endurheimta það vald.

Þar sem mikill tími vinnst við að sameina Alþingi í eina málstofu þá losnar tími til að sinna reglugerðum laganna.

Um 4., 5., 6., 9., 10., 13., 14. og 15. gr.

Þessum greinum er breytt vegna sameiningar Alþingis í eina málstofu. Orðin „sameinað Alþingi“, „neðri deild“ og „efri deild“ eru felld út og orðið „Alþingi“ kemur í staðinn.

Um 7. gr.

Hér er gert ráð fyrir að reglugerðir fái framvegis sömu þingmeðferð og lagafrumvörp.

Um 8. gr.

Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að Alþingi starfi framvegis í einni málstofu er þessi grein óþörf, en hún gerir ráð fyrir afdrifum mála í sameiginlegri málstofu ef eigi gengur saman hjá deildum þingsins um einstök lagafrumvörp.

Um 11. gr.

Hér er gert ráð fyrir nýmælum í stjórnarskránni til að tryggja lýðræðið með því að lögbinda rétt flutningsmanna þingmála til þess að mál þeirra hljóti þinglega meðferð á Alþingi. Nú er svo í pottinn búið að einungis lítill hluti þingmála fær lokaafgreiðslu í þingsölum. Þetta er vanvirðing við bæði Alþingi og alþingismenn.

Hlutverk Alþingis hlýtur að vera að ljúka hverju fram komnu máli með því að þingheimur greiði um það atkvæði, samþykki málið eða hafni því.

Hægt er að hugsa sér að komið verði einhvers konar kvóta á ráðuneyti, þingflokka og einstaka alþingismenn ef fjöldi þingmála keyrir um þverbak.

En fyrsta skylda Alþingis er að hafa hreint borð við hverjar þinglausnir og líða ekki þá vanvirðingu að löglega fram borin þingmál séu svæfð og þar með eyðilögð í þingnefndum. Það er ekki hlutverk þingnefnda og allra síst hlutverk formanna þeirra.

Um 12. gr.

Hér er gert ráð fyrir að þingmál séu tekin á dagskrá í þeirri röð sem þau berast forseta. Nú er því hins vegar þannig varið að stjórnarfrumvörp hafa forgang á frumvörp alþingismanna. Flutningsmaður á bágt með að sætta sig við það fyrirkomulag og telur það ljóð á lýðræðinu. Þingmaðurinn sjálfur er hornsteinn Alþingis og verður að hafa jafnan rétt og hópur þingmanna til þess að flytja mál sitt. Alþingi getur starfað án ríkisstjórnar en ríkisstjórnir ekki án alþingismanna.

Athugasemdir við einstakar greinar kosningalagafrumvarpsins.

Um 4. gr.

Í síðustu kosningum hefði tala skv. 4. gr. frumvarpsins verið 7791 kjósandi sem lagður hefði verið til grundvallar við skiptingu landsins í kjördæmi. Miðað við núgildandi kjördæmaskiptingu hefði þingmannafjöldi í kjördæmum þá orðið:

Reykjavík	9 þingmenn
Reykjanes	5 þingmenn
Vesturland	1 þingmaður
Vestfirðir	1 þingmaður
Norðurland vestra	1 þingmaður
Norðurland eystra	2 þingmenn
Austurland	1 þingmaður
Suðurland	2 þingmenn
Samtals	22 þingmenn

Þessir þingmenn hefðu verið kjörnir beinni kosningu og væru því beinir fulltrúar þeirra kjósenda sem hefðu kosið þá. Ekki er gott að segja hverjir hefðu hlotið kosningu samkvæmt þessari tillögu en líklegt er að kjördæmakosnir þingmenn hefðu skipst svo á stjórnmálaflokkana:

Alþýðuflokkur	3 þingmenn
Framsóknarflokkur	7 þingmenn
Sjálfstæðisflokkur	8 þingmenn
Alþýðubandalag	2 þingmenn
Borgaraflokkur	1 þingmaður
Kvennalisti	1 þingmaður
Samtals	22 þingmenn

Samtök jafnréttis og félagshyggju hefðu ekki fengið mann kjörinn samkvæmt þessu kerfi, enda þingmenn mun færri en í núgildandi kerfi.

Við skiptingu þingsæta milli flokka samkvæmt landslistum skal tekið tillit til fjölda þingsæta hvers flokks í kjördæmum og byggt á reiknaðri tölu samkvæmt *gildum* atkvæðum í kosningum. Þannig er deilt með heildarfjölda þingsæta (43) í samtölu gildra atkvæða samkvæmt landslistum. Í seinustu alþingiskosningum hefði sú tala verið 3552.

Miðað við að öll atkvæði greidd kjördæmislistum hefðu líka skilað sér til landslista flokkanna hefðu þingmenn kjörnir af landslista að öllum líkindum skipst þannig á flokka:

Alþýðuflokkur	4 þingmenn
Framsóknarflokkur	1 þingmaður
Sjálfstæðisflokkur	4 þingmenn
Alþýðubandalag	4 þingmenn

Borgaraflokkur	4 þingmenn
Kvennalisti	4 þingmenn
Samtals	21 þingmaður

Þingmenn hefðu því skipst svona á milli flokka á þessu kjörtímabili:

		Kjósendur að baki hvers þingmanns
Alþýðuflokkur	7 þingmenn	3324
Framsóknarflokkur	8 þingmenn	3613
Sjálfstæðisflokkur	12 þingmenn	3458
Alþýðubandalag	6 þingmenn	3397
Borgaraflokkur	5 þingmenn	3318
Kvennalisti	5 þingmenn	3094
Samtals	43 þingmenn	

Um 33. gr.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á breytingu á 33. gr. þar sem umboðsmönnum lista er ekki heimilt að framselja umboð sitt til annarra. Þetta kemur í veg fyrir þær hvimleiðu persónunjósnir sem stundaðar hafa verið í kjördeildum hér á landi. Umboðsmönnum lista, tveim í hverju kjördæmi, er þó heimilt að hafa eftirlit með kosningum í einstökum kjördeildum.

Um 63. gr.

Gert er ráð fyrir að kjörstjóra sé heimilt að láta kosningu fara fram í fangelsum, meðferðarheimilum og öðrum stofnunum á sama hátt og nú er leyft á sjúkrahúsum og dvalarheimilum aldraða. Það eru aukin réttindi fyrir vistmenn á þessum stöðum og mikil hagræðing fyrir starfsfólk þeirra.

Um 81. gr.

Samkvæmt greininni er kjósendum skylt að framvísa persónuskilríkjum áður en kjörseðill er afhentur.

Fylgiskjal.

Drög að frumvarpi til laga um kosningar til Alþingis.

I. KAFLI

Kosningarréttur og kjörgengi.

2. gr.

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá sem kosningarrétt á skv. 1. gr. og hefur óflekkað mannorð. Þeir dómendur, sem hafa ekki umboðsstörf á hendi, eru þó ekki kjörgengir.

Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem er sekur eftir dómi um verk sem er svívirðilegt að almenningsáliti, nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér, nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri er hann framdi brotið og refsing sé fjögurra mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla sé dæmd.

3. gr.

Hver sá, sem kosningarrétt hefur skv. 1. gr., hefur við kosningar til Alþingis tvö atkvæði, annað til að kjósa þingmann í því kjördæmi sem hann á búsetu í og hitt til að kjósa landslista þeirra stjórnmálasamtaka sem hann vill styðja.

Ekki er skilyrði að þessi atkvæði falli á sama listabókstaf, en ef landslisti er ekki kosinn telst atkvæði greitt kjördæmislista yfirlýsing um stuðning við landslista þess flokks er hlýtur atkvæði í kjördæmi. Ef landslisti er kosinn eingöngu telst það ekki yfirlýsing um kosningu sama lista í kjördæmi, heldur skal einungis telja atkvæðið til landslistans.

II. KAFLI
Kjördæmi.

4. gr.

Fyrir hverjar kosningar til Alþingis skal landinu skipt í 22 sem næst jafnfjölmenn kjördæmi. Mesti leyfilegi munur á fjölda atkvæðisbærra manna í því kjördæmi sem fæsta hefur og því sem flesta hefur skal vera innan við 5%.

Hagstofa Íslands skal annast skiptingu landsins í kjördæmi þannig:

Deilt er í fjölda kosningarbærra landsmanna með tölunni 22. Síðan eru afmörkuð landsvæði sem hafa að geyma þann fjölda kosningarbærra einstaklinga og telst hvert svæði eitt kjördæmi. Mörkin skulu fylgja hreppa-, bæja- eða sýslumörkum eins og við verður komið. Ella skal styðjast við önnur landfræðileg kennileiti, svo sem ár, fjöll, vegi og aðalgötur í bæjum.

Landslistar skulu gilda fyrir allt landið sem þá telst eitt kjördæmi.

5. gr.

Þingsæti á Alþingi skulu vera 43 og skiptast þannig að hvert kjördæmi, með sem næst þeirri tölu sem fundin er skv. 4. gr., kýs einn þingmann með einfaldri meirihlutakosning. 21 þingmaður skal kjörinn með hlutfallskosningum af landslistum stjórnmálasamtaka. Við úthlutun þingsæta af landslistum skal tekið tillit til atkvæðahlutfalls bak við þingmenn kjörna í kjördæmum, sbr. 112. gr.

IV. KAFLI
Kjörstjórnir og kjörstjórar utan kjörfunda.

8. gr.

Alþingi kýs eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm manna landskjörstjórn hlutbundnum kosningum og jafnmarga til vara. Landskjörstjórn velur sér sjálf oddvita og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

9. gr.

Í hverju kjördæmi er yfirkjörstjórn. Skal hún skipuð fimm mönnum og jafnmörgum

til vara og eru þeir kosnir af Alþingi á sama hátt og landskjörstjórn. Kýs hún sér sjálf formann. Yfirkjörstjórnarmenn skulu allir vera búsettir í hlutaðeigandi kjördæmi. Nú forfallast landskjörstjórnar- eða yfirkjörstjórnarmaður, eða yfirkjörstjórnarmaður flyst búferlum úr kjördæmi og varamaður er ekki tiltækur, og skipar ráðherra menn í þeirra stað eftir tillögu þess flokks sem kaus þá á Alþingi. Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa aðsetur sitt, þar sem hún veitir viðtöku framboðslistum þar sem hún dvelst, meðan kosning fer fram, og skal aðsetur hennar vera eins miðsvæðis í kjördæminu og kostur er, enda liggi það vel við samgöngum.

VI. KAFLI
Framboð.

26. gr.

Þegar kosningar til Alþingis fara fram skulu öll framboð tilkynnt skriflega yfirkjörstjórn þeirri, sem í hlut á, landslistar til landskjörstjórnar eigi síðar en átta vikum fyrir kjördag.

Gæta skal þess um öll framboð að tilgreina skýrlega fullt nafn frambjóðanda, stöðu, heimili og kennitölu til þess að enginn vafi geti leikið á því hverjir í kjöri eru.

27. gr.

Framboðslista í kjördæmi skal fylgja skrifleg yfirlýsing þeirra sem á listanum eru að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann, svo og skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá eigi færri en 50 og eigi fleiri en 100 kjósendum í kjördæminu.

Landslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing þeirra sem á listanum eru að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann, svo og skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá eigi færri en 200 og eigi fleiri en 400 kjósendum.

Framboðslista í kjördæmi, svo og landslista, skal fylgja skrifleg yfirlýsing meðmælenda hans um það fyrir hvaða stjórnmálasamtök listinn er boðinn fram. Allir listar hverra stjórnmálasamtaka um sig teljast til landsframboða. Ef fyrrgreinda yfirlýsingu vantar telst listi sérstakt landsframboð.

Ef sá sem ákveður framboðslista eða staðfestir hann endanlega samkvæmt reglum stjórnmálasamtaka ber fram mótmæli gegn því að listi sé í framboði fyrir þau samtök skal úrskurða að slíkur framboðslisti teljist ekki til landsframboðs þess.

28. gr.

Við alþingiskosningar má enginn bjóða sig fram á fleiri framboðslistum en einum.

29. gr.

Nú berst yfirkjörstjórn eða landskjörstjórn listi, er nafn manns stendur á, án þess að skriflegt leyfi hans fylgi, eða maður hefur skriflega leyft nafn sitt á fleiri listum en einum, og skal þá kjörstjórn nema það nafn af listanum eða listunum. Eigi má nafn manns standa bæði á kjördæmislista og landslista.

30. gr.

Heimilt er á framboðslistum í kjördæmum að hafa allt að þrjú nöfn frambjóðenda, þ.e. aðalmanns er skipar 1. sæti listans og tveggja varamanna, en aldrei fleiri.

Á landslista skulu vera eingöngu nöfn þeirra frambjóðenda er kjósa á, eða 21 nafn, og

aldrei fleiri. Nú berst landskjörstjórn listi með fleiri nöfnum en tilskilið er og skal þá nema burt af listanum öftustu nöfnin sem eru fram yfir 21.

VII. KAFLI
Umboðsmenn.

33. gr.

Framboðslista í hverju kjördæmi skal fylgja til yfirkjörstjórnar skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans um það hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans. Ef umboðsmenn lista eru ekki tilgreindir eða nauðsynjar hamla umboðsmanni eru frambjóðendur réttir umboðsmenn hans. Þessir umboðsmenn gæta réttar lista þeirra, sem þeir eru fyrir, við skoðun og úrskurðun listanna. Þeir gefa þær upplýsingar um listana er yfirkjörstjórn óskar. Þeim er heimilt að vera viðstaddir kosningar á hinum einstöku kjörstöðum sem og flokkun og talningu atkvæða. Skyldir eru umboðsmenn að hlíta þeim fundarreglum sem kjörstjórnir setja.

Á sama hátt skal hverjum landslista fylgja til landskjörstjórnar skrifleg tilkynning frá frambjóðendum um tvo umboðsmenn landslista.

Réttindi og skyldur þeirra umboðsmanna gagnvart landskjörstjórn eru hinar sömu og umboðsmanna framboðslista í kjördæmum gagnvart yfirkjörstjórnum. Frambjóðendur í efstu sætum á landslista eru réttir umboðsmenn listans ef umboðsmenn eru ekki tilgreindir, eða ef nauðsynjar hamla umboðsmanni.

40. gr.

Dómsmálaráðuneytið skal halda skrá um listabókstafi stjórnmálasamtaka sem buðu fram lista við síðustu almennar alþingiskosningar.

Hyggist stjórnmálasamtök, sem ekki hafa skráðan listabókstaf, bjóða fram lista við alþingiskosningar skal það tilkynnt dómsmálaráðuneytinu eigi síðar er tíu vikum fyrir kjördag. Tilkynningin skal undirrituð af a.m.k. 50 kjósendum. Ákveður ráðuneytið bókstaf samtakanna, að fengnum óskum þeirra og með hliðsjón af listabókstöfum annarra stjórnmálasamtaka í undangengnum kosningum. Skal nýjum listabókstaf eða bókstöfum bætt inn á skrá dómsmálaráðuneytisins.

Hin endanlega skrá skal birt með auglýsingu eigi síðar en átta vikum fyrir hverjar almennar alþingiskosningar. Nú eru fyrirskipaðar kosningar með svo stuttum fyrirvara að þetta verður ekki gert, og skal þá dómsmálaráðuneytið auglýsa eftir væntanlegum framboðum innan þriggja sólarhringa eftir að kosningar eru fyrirskipaðar, og auglýsa hina endanlegu skrá eigi síðar en tíu sólarhringum eftir að kosningar eru fyrirskipaðar.

41. gr.

Er yfirkjörstjórn í hverju kjördæmi hefur lagt úrskurð á framboðslista merkir hún lista framboðs með hliðsjón af auglýsingu dómsmálaráðuneytisins um listabókstafi, sbr. 40. gr.

Nú hefur framboð fleiri lista en einn í sama kjördæmi og skal þá merkja þá A, AA ..., B, BB ..., o.s.frv., eftir því sem við á.

45. gr.

Kjörgögn til atkvæðagreiðslu utan kjörfunda skulu vera þannig gerð:

Kjörseðill, fylgibréf og stofn skulu vera samföst á einu kjörblaði, en aðgreind með rif-

línum. Kjörblöð skulu vera úr haldgóðum pappír, með mismunandi lit við hverjar kosningar, og svo þykkum, að skrift verði ekki greind í gegnum hann, þó að borið sé upp við birtu. Stofn og fylgibréf sama kjörblaðs skulu auðkennd sömu tölu, og öll kjörblöð, sem notuð eru við hverjar almennar kosningar um land allt, tölusett áframhaldandi tölum. Hver 10 kjörblöð skulu vera heft saman. Kjörseðillinn skal vera alveg auður, brotinn í miðju og jaðrar hans límbornir, svo að honum megi loka eins og spjaldbréfi. Jaðrarnir skulu aðgreindir frá sjálfum seðlinum með riflínum svo að auðvelt sé að rífa þá frá og opna seðilinn. Á fylgibréfinu skulu vera vottorð kjósenda og kjörstjórna. Kjörblað skal vera svipað þessu:

Nr. .....

.....

(Nafn og föðurnafn kjósanda.)

.....

(Staða, heimili, hreppsnafn eða kaupstaður.)

kaus .....

(Staður, dagsetning og ár.)

hjá .....

(Staða.)

Nr. .....
Ég undirritaður, sem á heima

.....

(Heimili, hreppsnafn eða kaupstaður.)

og get ekki sótt kjörfund á kjörstað mínum, legg það undir drengskap minn og mannorð, að ég þvingunarlaust, aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður hafi séð, hef útfyllt viðfestan kjörseðil og límt hann aftur. Á sama hátt lýsi ég því yfir, að ég hef engan annan kjörseðil frá mér sent og hef ekki kosið annars staðar.

.....

(Staður, dagsetning og ár.)

.....

(Undirskrift kjósanda.)

Að .....

(Fullt nafn kjósanda.)

.....

(Heimili kjósanda.)

hafi undirskifað fylgibréfið, sem er rétt dagsett, og að þar umgetinn kjörseðill sé útfylltur aðstoðarlaust og í einrúmi, vottar undirritaður.

.....


(Embættisstaða vottorðsgefanda og heimili.)

Vitundarvottar

(Embættisstimpill nægir ekki.)

.....

(Nafn.)



Umslögin skulu gerð úr þykkum, mislitum pappír, hæfilega stór utan um fylgibréfið og kjörseðilinn, eftir að kjörseðlinum hefur verið lokað og fylgibréfið með honum áföstum einbrotið saman. Þau skulu tölusett sömu tölum og kjörblöðin, og hverju 10 blaða hefti fylgja 10 umslög með sömu tölum.

53. gr.

Kjörseðla sem notaðir verða á kjörfundi í hverju kjördæmi skal fullgera á þennan hátt:

Efst á kjörseðilinn skal prenta með skýru letri: **Kjörseðill í** ..... (nafn kjördæmis) **kjördæmi.** Þar fyrir neðan skal prenta listana í kjördæminu á eyðublaðið, hvern við annars hlið, í röð eftir bókstöfum þeirra. Bókstafur hvers lista skal vera stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum, og neðan undir listabókstaf skal prenta með skýru letri: **Listi** ..... (nafn stjórnmálasamtaka), og þar fyrir neðan skulu vera nöfn frambjóðenda listans í réttri röð, ásamt stöðu og heimili, ef nauðsyn þykir til auðkenningar. Fyrir neðan kjördæmislista, með u.þ.b. 10 mm millibili, skal á sama hátt prenta með skýru letri: **Kjörseðill landslista.** Þar fyrir neðan skal prenta landslista, hvern við annars hlið, í röð eftir bókstöfum þeirra. Tilgreindur skal vera listabókstafur landsframboðs, stór og greinilegur, og standi hann yfir miðjum listanum. Neðan undir listabókstaf skal prenta með skýru letri: **Landslisti** ..... (nafn stjórnmálasamtaka), og þar fyrir neðan skulu vera nöfn frambjóðenda landslistans í réttri röð, ásamt stöðu og heimili, ef nauð-

syn þykir til auðkenningar. Listarnir skulu aðgreindir með feitum langstrikum og skal að minnsta kosta 5 mm breitt bil vera fyrir framan nöfnin á hverjum lista.

Kjörseðill í . . . . . kjördæmi

A Listi	B Listi	C Listi	.... o.s.frv.
Nafn frambj. .... o.s.frv.	Nafn frambj. .... o.s.frv.	Nafn frambj. .... o.s.frv.	.... o.s.frv.

Kjörseðill landlista

A Landslisti	B Landslisti	C Landslisti	.... o.s.frv.
Nafn frambj. .... o.s.frv.	Nafn frambj. .... o.s.frv.	Nafn frambj. .... o.s.frv.	.... o.s.frv.

XI. KAFLI
Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

63. gr.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar er því aðeins gild að notuð séu hin fyrirskipuðu kjörblöð og umslög og að kosning fari fram:

a. í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta, borgarfógeta í Reykjavík eða lögreglustjóra utan Reykjavíkur,

b. í skrifstofu eða á heimili hreppstjóra,

c. um borð í íslensku skipi, þar sem skipstjóri hefur fengið afhent kjörgögn samkvæmt

48. gr., enda sé þá kjósandinn skrásettur á skipinu,
d. í skrifstofu sendiráðs, fastanefndar eða sendiræðisskrifstofu, svo og í skrifstofu kjörræðismanns, sem er kjörstjóri skv. 13. gr.

Kjörstjóra samkvæmt a- og b-liðum fyrri málsgreinar 13. gr. er enn fremur heimilt að láta kosningu fara fram á sjúkrahúsi, dvalarheimili aldraðra, fangelsum, endurhæfingar- og meðferðarheimilum og öðrum skyldum stofnunum, enda sé kjósandi sjúklingur eða vistmaður á stofnuninni.

Kjörstjóri samkvæmt a- og b-liðum fyrri málsgreinar 13. gr. auglýsir á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram. Atkvæðagreiðsla í sjúkrahúsum og dvalarheimilum aldraðra skal fara fram á þeim tíma sem kjörstjóri ákveður, að höfðu samráði við stjórn stofnunar og samkvæmt nánari reglum sem dómsmálaráðuneytið setur. Slík atkvæðagreiðsla má þó ekki fara fram fyrr en þremur vikum fyrir kjördag og skal tilkynna umboðsmönnum lista, sbr. 33. gr., um hana fyrir fram. Utanríkisráðuneytið auglýsir hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram hjá kjörræðismönnum sem eru kjörstjórar skv. 13. gr.

XII. KAFLI
Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.

75. gr.

Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörfundarstofu. Auk umboðsmanna lista, sbr. 33. gr., má enginn vera inni í kjörfundarstofunni, nema þeir kjósendur, einn á hvern kjörklefa, sem eru að greiða atkvæði.

Athöfnin byrjar með því að oddviti kjörstjórnar leggur fram seðlaböggul þann, sem hann hefur fengið frá yfirkjörstjórn, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsiglin eru heil eða böggullinn ber þess merki að hann hafi verið opnaður. Skal þess getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn og umboðsmenn, ef þeir eru viðstaddir, undir. Því næst opnar oddviti böggulinn og telur seðlana, en meðkjörstjórar og umboðsmenn, ef þeir eru viðstaddir, telja líka. Skal þess gætt hvort tala seðlanna kemur heim við tölu þá sem tilgreind er í bréfi því sem yfirkjörstjórn skal láta fylgja hverjum seðlaböggli. Þess skal getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn og umboðsmenn, ef þeir eru viðstaddir, þar undir.

81. gr.

Er kjósandi kemur inn í kjörfundarstofuna gengur hann fyrir oddvita, sem fær honum einn kjörseðil, ef hann á rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni.

Áður en kjósandi fær afhentan kjörseðil skal hann sanna hver hann er með því að framvísa persónuskilríkjum eða á annan fullnægjandi hátt.

90. gr.

Áður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann skal kjörstjórnin og umboðsmenn, ef þeir eru viðstaddir, gæta þess að kassinn sé tómur og síðan læsa honum.

93. gr.

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en átta klukkustundir eru liðnar frá því að kjörfundur hófst, og ekki fyrr en hálf klukkustund er liðin frá því að kjósandi gaf sig fram síðast. Atkvæðagreiðslu má þó slíta er allir, sem á kjörskrá standa, hafa greitt atkvæði.

Kjörfundi skal slíta eigi síðar en kl. 23 á kjördag. Þeir kjósendur, sem hafa gefið sig

fram fyrir þann tíma, eiga þó rétt á því að greiða atkvæði.

95. gr.

Að atkvæðagreiðslunni lokinni opnar oddviti umslög þeirra bréfa sem kjörstjórninni hafa borist með utankjörfundaratkvæðaseðlum og ekki hafa verið aftur heimt.

Kjörstjórn og umboðsmenn lista, ef þeir eru viðstaddir, bera saman tölusetningu þeirra og umslaganna og rannsaka hvort sá sem bréfið er frá stendur á kjörskrá og ef svo er, hvort hann hefur greitt atkvæði á kjörfundi. Ef svo reynist að sá sem bréfið er frá standi á kjörskrá og eigi rétt á að greiða atkvæði og hafi ekki greitt atkvæði á kjörfundi setja meðkjörstjórar merki við nafn kjósandans á eftirritin af kjörskránni.

Komi fram umslag með ónýttum seðli, sbr. 69. gr., skal kjörstjórn athuga fylgibréf og leggja það ásamt kjörseðlinum í umslag undir ónýtta seðla er hún sendir yfirkjörstjórn.

XIII. KAFLI
Kosningaúrslit í kjördæmum.

105. gr.

Atkvæði skal meta ógilt: Ef ekki verður séð við hvern lista er merkt, eða ef ekki verður séð með vissu hvort það sem stendur á utankjörfundarseðli getur átt við nokkurn af listum sem í kjöri eru.

1. Ef merkt er við fleiri listabókstafi en einn á kjördæmishluta seðils, eða tölumerkt, eða útstrikuð nöfn á fleiri listum en einum á kjördæmishluta seðils, eða skrifaður fleiri en einn listabókstafur á kjördæmishluta utankjörfundarseðils.
2. Ef merkt er við fleiri listabókstafi en einn á landslistahluta seðils, eða tölumerkt, eða útstrikuð nöfn á fleiri listum en einum á landslistahluta seðils, eða skrifaður fleiri en einn listabókstafur á landslistahluta utankjörfundarseðils.
3. Ef áletrun á kjörseðli fram yfir það sem fyrir er mælt, eða annarleg merki, sem ætla má að sett séu af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennanlegan, eða ef eitthvað er innan í utankjörfundarseðli sem ætla má að hafi verið sett þar í því skyni.
4. Ef kjörseðill er annar en kjörstjórn eða kjörstjóri hefur löglega afhent.

Auð atkvæði skal ekki flokka með ógildum atkvæðum, heldur skulu þau talin sér.

106. gr.

Atkvæði skal ekki meta ógilt þó að gallað sé, ef greinilegt er, á hvorum hluta seðils fyrir sig, hvernig það á að falla, nema augljóslega komi í bága við framangreind ákvæði. Þannig skal taka gilt atkvæði þó að ekki sé merkt framan við listabókstafinn, en t.d. aftan við hann, þó að kross sé ólögulegur, þó að á utankjörfundarseðli orðið listi fylgi listabókstaf að óþörfu, þó að í stað listabókstafs standi heiti stjórnmálasamtaka, o.s.frv.

Lista í kjördæmi telst atkvæði þó að láðst hafi að merkja við listabókstaf, ef nafn eða nöfn á honum eru tölusett, eða útstrikuð, eða krossað við nafn, enda séu ekki aðrir gallar á, og sé ekki annað skráð á seðilinn telst það atkvæði einnig til landslista sömu stjórnmálasamtaka, sbr. 3. gr.

Landslista telst atkvæði þó að láðst hafi að merkja við listabókstaf, ef nafn eða nöfn á honum eru tölusett, eða útstrikuð, eða krossað við nafn, enda séu ekki aðrir gallar á, en sé ekki annað skráð á seðilinn telst það atkvæði ekki til kjördæmislista sömu stjórnmálasamtaka, sbr. 3. gr.

109. gr.

Í kjördæmi skal telja öll atkvæði sem hver listi hefur hlotið, bæði á kjördæmislista og landslista, og eru þá fundnar atkvæðatölur hvers lista í því kjördæmi, sbr. 3. gr. Enn fremur skal yfirkjörstjórn telja atkvæði hvers frambjóðanda í hvert sæti kjördæmislista og landslista, sbr. 4. og 5. mgr. 113. gr.

Yfirkjörstjórn skal tafarlaust senda landskjörstjórn skýrslu um atkvæðatölur. Skal þar tilgreina hvernig atkvæði hafa fallið á hvern lista fyrir sig, bæði í kjördæmi og á landslista, svo og atkvæðatölur hvers frambjóðanda. Enn fremur tölu kjósenda á kjörskrá. Landskjörstjórn lætur yfirkjörstjórnum í té eyðublöð undir þessar skýrslur.

Sé atkvæðasending frá einhverri kjördeild ekki komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma sem nefndur er í 102. gr. skal yfirkjörstjórn eigi að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á þeim tíma sem auglýstur hafði verið. Yfirkjörstjórn sendir þó ekki skýrslur sínar um atkvæðatölur til landskjörstjórnar skv. 2. mgr. fyrr en talin hafa verið atkvæði úr sendingunni sem vantaði. En auglýsa skal umboðsmönnum lista, eftir því sem auðið er, hvenær sendingin verður opnuð til þess að þeir eigi kost á að vera viðstaddir.

XIV. KAFLI
Úthlutun þingsæta.

110. gr.

Þegar landskjörstjórn hafa borist allar skýrslur um kosningaúrslit í kjördæmum eftir almennar alþingiskosningar, sbr. 109. gr., skal hún koma saman til að úthluta þingsætum. Landskjörstjórn auglýsir með hæfilegum fyrirvara hvar og hvenær hún kemur saman í þessu skyni svo að umboðsmönnum gefist kostur á að vera viðstaddir, sbr. 34. gr.

111. gr.

Þingsæti hvers kjördæmis hlýtur sá listi, eða frambjóðandi, sem hlotið hefur flest atkvæði.

Ef atkvæðatölur tveggja eða fleiri lista eru jafnháar skal hluta til um hver hlýtur þingsætið.

112. gr.

Þingsætum landslista skal úthlutað, sbr. 5. gr., sem hér segir:

1. Deila skal í tölu gildra atkvæða, sem greidd eru landslistum, með tölu þingsæta, 43, og sú tala sem þá er fengin lögð til grundvallar við úthlutun þingsæta af landslistum, þannig að hver listi fái þingsæti í sem réttustu hlutfalli við heildaratkvæðamagn sitt samkvæmt landslistum, að meðtöldum þingsætum úr kjördæmum.
2. Listar sem hafa heildaratkvæði landslista, sem er lægri en tala skv. 1. tölul., koma ekki til álita við úthlutun þingsæta samkvæmt landslistum.
3. Deila skal tölu kjördæmakjörinna þingsæta hvers landslista í atkvæði þau er listinn hefur hlotið á landsvísu, ef sú tala sem þá fæst er lægri en tala skv. 1. tölul., kemur listinn ekki til álita við úthlutun sæta samkvæmt landslistum.
4. Deila skal tölu sem fékkst skv. tölul. 1, í tölu þeirra atkvæða,sem hver landslisti hefur fengið, og fæst með því tala þeirra þingmanna sem listinn á rétt á. Síðan skal draga tölu kjördæmakjörinna þingmanna frá þessari tölu, og fæst þá tala þingmanna kjörinna af landslista hverra stjórnmálasamtaka.
5. Deila skal í atkvæðatölur þeirra landslista, sem rétt eiga á þingsætum, skv. 1. til 4.

tölul. með tölunum 1, 2, 3, 4, o.s.frv. upp að 21. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvern lista.

6. Fyrsta þingsæti fær sá landslisti sem hæsta útkomutölu hefur, og á rétt á þingsæti af landslista. Sú tala er síðan felld niður. Annað þingsæti hlýtur sá landslisti, sem nú hefur hæsta útkomutölu, og á rétt á þingsæti af landslista. Þessu skal haldið áfram uns úthlutað hefur verið 21 þingsæti.

7. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar þegar að þeim kemur skv. 6. tölul. og skal þá hluta til um röð þeirra.

8. Nú eru of fá nöfn á lista þegar til úthlutunar kemur skv. 6. tölul. og skal þá ganga fram hjá þeim lista við frekari úthlutun.

9. Ekki er nauðsynlegt að listi fái kjördæmakjörinn þingmann til að koma til álita við úthlutun þingsæta af landslista.

113. gr.

Til þess að finna hvaða frambjóðandi hefur náð kosningu á hverjum lista í kjördæmi og á landslista skal reikna frambjóðendum atkvæðatölu á þennan hátt:

Yfirkjörstjórn tekur saman þá kjörseðla þar sem engin breyting hefur verið gerð á listum, kjördæmislista eða landslista. Þar teljast efstu nöfn listanna vera í fyrsta sæti, næsta nafn í öðru sæti, o.s.frv.

Næst tekur yfirkjörstjórn alla þá seðla þar sem kjósendur hafa gert einhverjar breytingar á röð frambjóðenda á kjördæmislista og telur atkvæði hvers frambjóðanda í hvert sæti listans.

Þá tekur yfirkjörstjórn alla þá seðla þar sem kjósendur hafa gert einhverjar breytingar á röð frambjóðenda á landslista og telur atkvæði hvers frambjóðanda í hvert sæti listans.

Landskjörstjórn skal raða nöfnum frambjóðenda á hverjum kjördæmislista þannig að sá, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. sæti, skv. 3. mgr. hér á undan, hlýtur það sæti. Sá frambjóðandi, að þessum slepptum, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. og 2. sæti samanlagt, hlýtur 2. sætið, o.s.frv. Framboðslisti í kjördæmi, sem hlotið hefur þingsæti þess, skv. 111. gr., á rétt á varaþingmanni, sem skal vera sá er hlotið hefur 2. sætið, samkvæmt þessari málsgrein.

Landskjörstjórn skal raða nöfnum frambjóðenda á hverjum landslista þannig að sá sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. sæti skv. 3. mgr. hér á undan hlýtur það sæti. Sá frambjóðandi, að þessum slepptum, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. og 2. sæti samanlagt, hlýtur 2. sætið, o.s.frv. Landslisti, sem hlotið hefur þingmann, eða þingmenn kjörna, hefur að jafnaði rétt til jafnmargra varaþingmanna meðan nöfn endast á listanum.

Nd. 229. Lög [44. mál]

um norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar.

(Afgreidd frá Nd. 5. des.)

Samhljóða þskj. 180.

Nd. 230. Lög [117. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

(Afgreidd frá Nd. 5. des.)

Samhljóða þskj. 121.

Nd. 231. Lög [118. mál]

um heimild til hækkunar á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

(Afgreidd frá Nd. 5. des.)

Samhljóða þskj. 122.

Nd. 232. Lög [73. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 5. des.)

Samhljóða þskj. 75.

Nd. 233. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til l. um launamál.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið sem flutt er til staðfestingar á bráðabirgðalögum nr. 89/1990.

Á fund nefndarinnar komu Páll Halldórsson, Birgir Björn Sigurjónsson og Eggert Lárusson frá BHMR, Ögmundur Jónasson og Sjöfn Ingólfsdóttir frá BSRB, Ásmundur Stefánsson frá ASÍ, Þórarinn V. Þórarinsson frá VSÍ og Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt eins og það liggur fyrir á þskj. 40.

Um setningu bráðabirgðalaganna má segja almennt að ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar mátu ástand efnahags- og launamála svo að brýna nauðsyn bæri til að setja bráðabirgðalög í ágúst síðastliðnum. Annars hefðu skollið á ófyrirséðar launahækkanir sem leitt hefðu til víxlhækkana verðlags og launa. Í kjölfarið hefði fylgt óðaverðbólga. Sú þjóðarsátt, sem gerð var í febrúar, var með öðrum orðum í hættu og í stað stöðugleika og öryggis hefði riðið yfir þjóðina glundroði og efnahagsóvissa. Gátu ábyrg stjórnvöld alls ekki horft á slíkt aðgerðarlaus. Með endanlegu orðalagi 1. gr. kjarasamnings ríkisins og BHMR

taldi fjármálaráðherra tryggt að ekki kæmi til launahækkana ef þær væru taldar raska hinu almenna launakerfi í landinu. Þegar fyrir lá að svo reyndist ekki hlutu forsendur samningsins hvað þetta snertir að teljast brostnar. Við þessar aðstæður og í ljósi þeirra afleiðinga, sem fram kæmu, yrði ekkert að gert, átti ríkisvaldið ekki annarra kosta völ en að beita bráðabirgðalagasetningu til þess að forðast holskeflu í efnahagsmálum og óðaverðbólgu eins og áður segir.

Ríkisstjórnir hafa áður breytt kjarasamningum með bráðabirgðalögum sem Alþingi hefur samþykkt. Alþingi hefur einnig breytt kjarasamningum með lögum. Löggjafinn hefur þannig breytt samningum milli vinnuveitenda og launafólks óháð því hver vinnuveitandinn er. Flestir stjórnmálaflokkar hafa staðið að slíku. Það er því langt frá því að um einsdæmi sé að ræða í þessu tilviki. Jafnframt er rétt að vekja sérstaka athygli á þeim útbreidda misskilningi að bráðabirgðalögin hafi numið úr gildi niðurstöður Félagsdóms. Þeim niðurstöðum er í engu raskað. Eftir að niðurstöður Félagsdóms lágu fyrir var hins vegar hluta samnings BHMR og fjármálaráðherra breytt með lögum þannig að geiðslur féllu niður frá 1. september 1990. Það þýðir hins vegar ekki að niðurstöðum Félagsdóms sé breytt heldur þeirri réttarheimild sem greiðsluskylda studdist við.

Að gefnu tilefni er rétt að nefna hvað gerist ef staðfestingarfrumvarpið verður ekki samþykkt á Alþingi. Í fyrsta lagi féllu bráðabirgðalögin niður en afleiðingin af því er yfirleitt hin sama og af ógildingu annarra laga. Bráðabirgðalögin yrðu úr sögunni að því er til framtíðarinnar tekur. Þau stofna því hvorki rétt né skyldu frá þeim tíma er þau ganga úr gildi. Hins vegar stendur óhaggað það réttarástand er þau hafa áður skapað. Gildir það eins þótt Alþingi hafi fellt lögin. Gildi bráðabirgðalaga er því hið sama og annarra laga á meðan það helst enda þótt því ljúki með ákveðnum hætti.

Þjóðhagsstofnun hefur að beiðni forsætisráðherra reiknað út þrjú dæmi um hugsanlega verðþróun á næstu mánuðum ef bráðabirgðalögin um launamál frá 3. ágúst sl. falla úr gildi. Í niðurstöðu Þjóðhagsstofnunar segir:

„Niðurstöður þessara útreikninga sýna að verði vixlhækkanir verðlags, launa og gengis með þeim hætti sem að framan greinir stefnir í stöðugt vaxandi verðbólgu. Tilgangslítið er að reikna slík dæmi langt fram í tímann. Ljóst er að á nokkrum mánuðum yrði þriggja mánaða hraði verðbólgunnar miðað við heilt ár kominn í tugi prósenta. Í þeim dæmum, sem reiknuð voru, var verðbólga á þennan mælikvarða í fyrsta dæminu komin í 22% í júlí 1991, 27% í öðru dæminu og í tæplega 40% í því þriðja. Í öllum þessum dæmum mun kaupmáttur launa aukast umtalsvert fyrst í stað og líklegt að almenn eftirspurn fari vaxandi. Það má því reikna með að ef þessi þróun gengur eftir að þau markmið um viðskiptahalla og litla aukningu þjóðarútgjalda, sem sett voru fram í þjóðhagsáætlun 1991, standist ekki. Rétt er hins vegar að leggja áherslu á að þetta eru ekki ótvíræðar niðurstöður því óvissuatriðin eru mörg í þessum dæmum."

Svo sem fram kemur í könnun Þjóðhagsstofnunar er ljóst að „þjóðarsáttinni" lýkur, efnahagsmarkmið fara úr böndunum, fram koma vixlhækkanir verðlags og launa og vaxandi verðbólga mun ekki á sér standa. Afleiðingarnar eru því skýrar.

Fyrir bæjarþingi Reykjavíkur er nú svo sem kunnugt er rekið mál vegna setningar bráðabirgðalaganna sem Bjarnheiður Guðmundsdóttir hefur höfðað gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og menntamálaráðherra f.h. Rannsóknadeildar fisksjúkdóma við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði. Í stefnu og greinargerð stefnanda er því haldið fram að bráðabirgðalögin brjóti í bága við stjórnarskrá. Ríkislögmaður, sem fer með málið f.h. ríkissjóðs, lagði fram greinargerð stefndu hinn 22. nóvember sl. Fylgir grein-

argerðin með nefndaráliti þessu sem fylgiskjal en í henni kemur fram ítarleg lýsing á málavöxtum, málsástæðum stefndu og lagarökum.

Að gefnu tilefni þykir rétt að vekja athygli á ákvæðum 4. gr., sbr. 3. gr., bráðabirgðalaganna. Það gefna tilefni er „Kjarafréttir BHMR", 4. tbl. 1990. Þar er haldið fram túlkun á efni 4. gr. sem rétt er að gera athugasemdir við. Fjallað er m.a. um 2. mgr. 4. gr., sem kveður á um að kjarasamningar aðildarfélaga BHMR og viðsemjenda þeirra gildi til 31. ágúst 1991 og falli þá úr gildi án uppsagnar. Um þetta segir í málgagni BHMR að „BHMR-félög eru þannig föst undir ákvæðum bráðabirgðalaganna, jafnvel þó önnur samtök (BSRB) segi upp samningum sínum þegar fyrir næstu áramót í kjölfar endurskoðunar".

Hér er um misskilning að ræða. 4. gr. laganna ber ekki að skilja svo að efni 3. gr. geti ekki náð til BHMR. Þvert á móti er það ákveðinn skilningur ríkisstjórnar og meiri hl. nefndarinnar að skv. 2. mgr. 3. gr. laganna sé BHMR félögum heimilt að semja um stofnun og verksvið launanefndar við sína viðsemjendur rétt eins og öðrum aðilum að kjarasamningi sem ekki kveður á um launanefnd. Verði slíkur samningur gerður fari þá eftir ákvæðum 1. mgr. 3. gr. frá þeim tíma. Gildistími kjarasamninga aðildarfélaga BHMR geti þá eins og hjá öðrum stéttarfélögum styst frá því sem segir í 2. mgr. 4. gr. vegna uppsagnar samnings eftir þeim sömu reglum og endranær gilda hjá stéttarfélögum sem samið hafa um launanefndir.

Sú túlkun á efni 3. og 4. gr., sem fyrr greinir, hefur verið túlkun ríkisstjórnar frá upphafi. Sá andstæði skilningur, sem fram kemur í Kjarafréttum BHMR, gefur að mati ríkisstjórnarinnar og meiri hl. nefndarinnar ekki tilefni til að leggja fram breytingartillögur við frumvarpið, enda telur ríkisstjórnin og meiri hl. nefndarinnar orðalag greinanna svo skýrt að misskilningur af því tagi, sem fram hefur komið hjá BHMR, þurfi ekki að vera uppi. Þetta er hins vegar tekið fram hér í nefndarálitinu til að taka af öll tvímæli um skilning á þessu ákvæði.

Með nefndaráliti þessu fylgja sem fylgiskjöl álitsgerð frá Þjóðhagsstofnun til forsætisráðherra, dags. 3. desember 1990, um bráðabirgðalögin frá 3. ágúst og verðþróun á næstu mánuðum, og greinargerð ríkislögmanns í máli Bjarnheiðar Guðmundsdóttur sem hann hefur lagt fyrir bæjarþing Reykjavíkur vegna máls á hendur fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og menntamálaráðherra f.h. Rannsóknadeildar fisksjúkdóma við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði.

Alþingi, 5. des. 1990.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur G. Þórarinsson, fundaskr.	Ragnar Arnalds.
	Jón Sæmundur Sigurjónsson.	

Fylgiskjal I.

Þjóðhagsstofnun:

Bráðabirgðalögin frá 3. ágúst og verðþróun á næstu mánuðum.
(Send forsætisráðherra 3. desember 1990.)

Að þinni beiðni fylgja hér með þrjú dæmi um hugsanlega verðþróun á næstu mánuðum, ef bráðabirgðalögin um launamál frá 3. ágúst sl. falla úr gildi. Til samanburðar er nýleg verðlagsspá Þjóðhagsstofnunar sem byggir á svonefndri þjóðarsátt. Helstu niðurstöður eru dregnar saman í töflu sem fylgir hér með.

Marga fyrirvara þarf að hafa í dæmum af þessu tagi. Sérstaklega er vakin athygli á þrennu: Í fyrsta lagi er túlkun kjarasamnings BHMR ekki vafalaus, eins og fram kemur hér á eftir. Í öðru lagi er ýmislegt óljóst um viðbrögð annarra aðila vinnumarkaðarins, svo sem um tímasetningar launahækkana og endurskoðun annarra forsendna kjarasamningsins. Í þriðja lagi er álitamál hvaða gengisforsendur skuli leggja til grundvallar svona dæmum.

Kjarasamningur BHMR og bráðabirgðalögin.

Fyrsti áfangi endurskoðunar á launakerfi háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins átti að koma til framkvæmda 1. júlí sl. á grundvelli kjarasamanburðarnefndar aðila samningsins. Samningurinn kveður á um að í hverjum áfanga skuli laun hækka um að minnsta kosti einn launaflokk að meðaltali. Þá eru ákvæði um að hafi kjarasamanburðarnefnd ekki skilað áliti 1. júlí 1990 skuli greitt upp í væntanlega hækkun sem nemi $^1/_2$ launaflokki. Í heild er hér um að ræða 4,5% hækkun. Þessi hækkun var greidd út í júlí og ágúst en bráðabirgðalögin nr. 89 3. ágúst 1990 afnámu þessa hækkun frá og með 1. september.

Í kjarasamningi BHMR voru ekki ákvæði um launanefndir með hliðstæðum hætti og í samningum sem gerðir voru í febrúar sl. Með bráðabirgðalögunum var launanefnd BSRB falið að úrskurða um launahækkanir vegna verðlagsviðmiðunar fyrir BHMR. Laun BHMR félaga hækkuðu af þessum sökum um 0,27% 1. október og um 2,55% 1. desember. Augljóst er hins vegar að með vísan til 15. gr. kjarasamnings BHMR að BHMR félagar hefðu fengið þessa hækkun. Efni 15. gr. er að hækki laun annarra launþega eftir 30. nóvember 1989 umfram almennar launabreytingar BHMR samningsins (launahækkun vegna endurskoðunar launakerfis er undanskilin) geta aðilar krafist breytingar á launalið sem því nemur. Samningurinn tilgreinir að ef ekki næst samkomulag innan eins mánaðar er hægt að vísa deilunni til nefndar samningsaðila sem ber að fella úrskurð innan þriggja vikna. Kjarni 15. gr. er því að verja hækkun launa BHMR umfram aðra launþega, eins og ljóst er af því að hækkun launa BHMR vegna endurskoðunarákvæða koma ekki inn í samanburð við laun annarra. Í samningnum er ekki kveðið á um sérstakar launahækkanir á næsta ári aðrar en vegna endurskoðunar launakerfisins 1. júlí nk., en þá er kveðið á um a.m.k. einn launaflokk til hækkunar, 3%.

Rétt er að minna á að falli bráðabirgðalögin úr gildi yrði væntanlega tekið til við að ljúka samanburði á kjörum háskólamenntaðra manna hjá ríkinu og annars staðar. Í þessu gæti falist viðbótarlaunahækkun sem gæti komið til greiðslu fyrir mitt næsta ár. Það skal enn fremur áréttað að með bráðabirgðalögunum var kjarasamningur BHMR og viðsemj-

enda þeirra felldur úr gildi 31. ágúst 1991, auk þess sem 5. og 15. gr. samningsins féllu strax úr gildi. Þá kveður 17. gr. samnings BHMR á um að samningurinn sé uppsegjanlegur með eins mánaðar fyrirvara eftir 30. september 1990.

Í forsendum útreikninga Þjóðhagsstofnunar er ekki gert ráð fyrir frekari hækkun til BHMR vegna ákvæða um endurskoðun launakerfis þeirra, a.m.k. næsta hálfa árið, og jafnframt er ekki gert ráð fyrir að BHMR og ríkið geri nýjan samning á næstu sex mánuðum.

Kjarasamningar í febrúar 1989.

Í kjarasamningi ASÍ, VSÍ og VMSS er ekki að finna jafnafdráttarlaus ákvæði um endurskoðun launaliðar vegna launahækkana til annarra launþega og er í samningi BHMR. Ein af forsendum samningsins (9. gr.) er að „launaþróun annarra verði sú sama og gert er ráð fyrir í samningi þessum". Ekki er tekið á því hvernig skuli bregðast við standist þessi forsenda ekki. Sambærilegt ákvæði er ekki í kjarasamningi BSRB við viðsemjendur sína og ekki í samningi SÍB og bankanna.

Af yfirlýsingum samningsaðila frá því í sumar má ráða að þeir hefðu samið um sambærilegar hækkanir og fólust í samningum BHMR ef bráðabirgðalögin hefðu ekki verið sett. Þetta staðfesti VSÍ í bréfi til ASÍ 31. júlí sl. Jafnframt er vart hægt að gera því skóna að aðrar forsendur kjarasamnings ASÍ og vinnuveitenda standi óbreyttar, eftir að til umræddrar launahækkunar komi. Hér er einkum um að ræða forsendur um verðlagsviðmiðun í maí næstkomandi og forsendur um gengi.

Forsendur útreikninga.

Í þessum útreikningum er gengið út frá því að almenn laun hækki um 4,5% í janúar 1991 og síðan fari af stað víxlverkandi hækkun launa BHMR og annarra launþega. Laun á almennum vinnumarkaði hækka því um 4,5% 1. mars 1991 og 1. maí. Í fyrsta dæminu eru einungis reiknuð verðlagsáhrif af víxlverkunum af þessu tagi og gengissigs krónunnar um 1% á mánuði. Gengi krónunnar er látið síga til að halda raungengi krónunnar svipuðu og reiknað var með í forsendum „þjóðarsáttar". Launahækkunum samkvæmt samningi ASÍ og vinnuveitenda í mars og júní er sleppt og ekki reiknað með neinum verðbótum í þessu dæmi. Í dæmi tvö eru reiknuð áhrif af launauppbótum í júní miðað við ákvæði kjarasamninga ASÍ/VSÍ um rautt strik í maí 1991. Í þessu dæmi er gengi krónunnar látið síga um $1^1/_4$% á mánuði. Í þriðja og síðasta dæminu er 2,5% launahækkun í mars og 2% hækkun í júní bætt við auk þess sem rauða strikið í júní er reiknað að fullu. Gengi krónunnar er látið síga um $1^3/_4$% á mánuði.

Þann almenna fyrirvara verður að gera um útreikninga af þessu tagi, að hér er reiknað með fullkominni sjálfvirkni milli verðlags annars vegar og launa og gengis hins vegar. Reynslan sýnir að þegar til lengdar lætur eru það þessir þættir, auk verðbreytinga erlendis, sem hafa mest áhrif á verðlagið. Hins vegar er erfiðara að spá fyrir um skammtímabreytingar verðlags með þessum aðferðum, þar sem það ræðst að verulegu leyti af markaðsaðstæðum hverju sinni hvernig og hvenær kostnaðarbreytingar koma fram í verðlagi.

Þessi þrjú dæmi eru reiknuð út frá þeirri forsendu að ekki komi til hækkunar á olíuverði umfram það sem þegar er komið fram. Þá er rétt að benda á að tekið hefur verið tillit til viðræðna aðila vinnumarkaðarins og fulltrúa ríkisins í nóvemberlok um gjaldskrárhækkanir ríkisfyrirtækja á næsta ári og búvöruverð. Þetta er gert til þess að halda

samræmi við verðlagsspána sem lögð var til grundvallar þegar „þjóðarsáttin“ var framlengd í lok nóvember sl.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN 3. desember 1990.

Dæmi um breytingar verðlags á næstu mánuðum.

	Þjóðarsátt[1]	Dæmi 1	Dæmi 2	Dæmi 3
Forsendur				
Hækkun launa, %				
janúar		4½	4½	4½
mars	2	4½	4½	7
maí		4½	4½	4½
júní	3½	2	5¼	9¼
Gengi krónunnar, %				
Mánaðarleg hækkun á verði erlends gjaldeyris	0	1	1¼	1 3/4
Vísitala framfærslukostnaðar				
1990				
Desember	148,9	148,9	148,9	148,9
1991				
Janúar	150,0	150,0	150,0	150,0
Febrúar	150,8	152,2	152,3	152,4
Mars	151,6	154,1	154,3	154,6
Apríl	152,6	157,4	157,7	159,1
Maí	153,5	159,5	160,0	162,2
Júní	154,0	162,7	167,4	166,6
Júlí	155,3	165,5	167,4	172,3
Þriggja mánaða breyting miðað við heilt ár, %				
Desember 1990	6,0	6,0	6,0	6,0
Janúar 1991	7,9	7,9	7,9	7,9
Febrúar 1991	7,3	11,3	11,4	11,7
Mars 1991	7,2	14,7	15,2	16,2
Apríl 1991	7,2	21,2	22,2	26,5
Maí 1991	7,1	20,6	22,0	28,5
Júní 1991	6,7	21,4	25,0	34,9
Júlí 1991	7,2	22,3	26,9	37,8

1. Þessi spá var gerð í nóvember og byggir hún á kjarasátt ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins.

Niðurstöður.

Niðurstöður þessara útreikninga sýna að verði vísxlhækkanir verðlags, launa og gengis með þeim hætti sem að framan greinir stefnir í stöðugt vaxandi verðbólgu. Tilgangslítið er að reikna slík dæmi langt fram í tímann. Ljóst er að á nokkrum mánuðum yrði þriggja mánaða hraði verðbólgunnar miðað við heilt ár kominn í tugi prósenta. Í þeim dæmum sem reiknuð voru var verðbólga á þennan mælikvarða í fyrsta dæminu komin í 22% í júlí 1991, 27% í öðru dæminu og í tæplega 40% í því þriðja. Í öllum þessum dæmum mun kaupmáttur launa aukast umtalsvert fyrst í stað og líklegt að almenn eftirspurn fari vaxandi. Það má því reikna með að ef þessi þróun gengur eftir að þau markmið um viðskiptahalla og litla aukningu þjóðarútgjalda, sem sett voru fram í þjóðhagsáætlun 1991, standist ekki. Rétt er hins vegar að leggja áherslu á að þetta eru ekki ótvíræðar niðurstöður því óvissuatriðin eru mörg í þessum dæmum.

Fylgiskjal II.

Greinargerð ríkislögmanns í bæjarþingi Reykjavíkur.

Nr. 15. Lagt fram í bæjarþingi Reykjavíkur 22. nóvember 1990.

GREINARGERÐ
stefndu í bæjarþingsmálinu nr. /1990:
Bjarnheiður Guðmundsdóttir
gegn
fjármálaráðherra fh. ríkissjóðs og menntamálaráðherra fh. Rannsóknardeildar fisksjúkdóma við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði.

Ég flyt mál þetta af hálfu beggja stefndu og geri þær kröfur að umbjóðendur mínir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati réttarins úr hendi stefnanda. Til vara krefst ég þess að málskostnaður verði felldur niður.

Ég legg fram:

Nr. 15. Greinargerð þessa.
— 16. Dómur Félagsdóms, dags. 23. júlí 1990.
— 17. Tilboð o.fl., sem fór á milli fjármálaráðherra og BHMR 25.–31. júlí 1990.
— 18. Bréf fjármálaráðuneytis til lögmanns stefnanda, dags. 28. september 1990.
— 19. Bréf embættis ríkislögmanns

til menntamálaráðuneytis, dags. 4. október 1990.
— 20. Bréf embættis ríkislögmanns til fjármálaráðuneytis, dags. 4. október 1990.
— 21. Bréf menntamálaráðuneytis til embættis ríkislögmanns, dags. 22. október 1990.
— 22. Bréf fjármálaráðuneytis til embættis ríkislögmanns, dags. 20. nóvember 1990 með fylgiskjali, dags. sama dag.

Málavextir.

Málavextir eru í stuttu máli þessir:

Hinn 18. maí 1989 var undirritaður kjarasamningur milli fjármálaráðherra fh. ríkissjóðs og Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna (BHMR) vegna nokkurra aðildarfélaga bandalagsins. Þessi kjarasamningur er á dskj. nr. 12. Degi síðar var undirritaður kjarasamningur sömu aðila vegna margra annarra aðildarfélaga BHMR. Á fyrri hluta árs 1990 kom í ljós ágreiningur milli samningsaðila um túlkun samningsins. Voru það einkum 1. og 5. gr. hans, sem deilt var um. Skaut Félag íslenskra0 náttúrufræðinga, sem er eitt aðildarfélaga BHMR, ágreiningi þessum til Félagsdóms. Sjónarmið aðila um túlkun kjarasamningsins koma fram í dskj. nr. 16.

Hinn 23. júlí sl. féll dómur Félagsdóms í málinu. Var þar tekin til greina sú krafa stefnanda málsins, að skilja bæri 5. gr. kjarasamningsins svo að fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs væri frá 1. júlí 1990 skylt að greiða öllum félagsmönnum stefnanda, sem starfa hjá ríkinu og taka laun samkvæmt áðurnefndum kjarasamningi fjárhæð, sem nemi einum og hálfum launaflokki til viðbótar launum viðkomandi félagsmanns skv. 10. gr. kjarasamnings aðila. Þessi dómur fól í sér 4,5% hækkun launa.

Af þessu tilefni ákvað ríkisstjórnin á fundi hinn 25. júlí sl. að nýta heimild í 17. gr. kjarasamningsins að segja honum upp. Var BHMR kunngerð sú ákvörðun. Samkvæmt nefndri samningsgrein var samningurinn uppsegjanlegur eftir 30. september 1990 með eins mánaðar fyrirvara. Samkvæmt því gat samningurinn orðið laus frá og með 1. nóvember 1990.

Jafnframt óskaði fjármálaráðherra viðræðna við forráðamenn BHMR um breytingar á kjarasamningnum með það fyrir augum að umrædd 4,5% launahækkun mundi ekki valda víxlhækkunum launa. Ástæða þessara tilmæla var sú að allt benti til að þessi launahækkun til BHMR félaga mundi ganga yfir allan launamarkaðinn í landinu og í framhaldi af því enn frekari víxlhækkanir launa vegna ákvæða 15. gr. kjarasamnings BHMR. Voru haldnir um þetta nokkrir fundir dagana 25.–31. júlí sl. Þá var endanlega ljóst að BHMR mundi ekki verða við tilmælum um óhjákvæmilegar breytingar á samningnum. Um þessar viðræður vísast til dskj. nr. 17 og 22.

Í byrjun febrúar 1990 og á næstu vikum þar á eftir höfðu verið gerðir kjarasamningar milli Vinnuveitendasambands Íslands (VSÍ) og Vinnumálasambands samvinnufélaganna (VMS) annars vegar og verkalýðsfélaga innan Alþýðusambands Íslands (ASÍ) hins vegar sem fólu í sér nýmæli í gerð kjarasamninga. Samið var um lágar grunnkaupshækk-

anir miðað við það sem viðgengist hefur á síðustu árum og langan gildistíma samnings, en að auki tryggingar fyrir stöðugu verði á vöru og þjónustu á flestum sviðum. Þessir samningar eru almennt nefndir þjóðarsáttin. Auk aðila vinnumarkaðarins eiga ýmsir aðrir aðild að henni með yfirlýsingum og skuldbindingum af sinni hálfu, svo sem samtök bænda, ríkisvaldið og viðskiptabankar í landinu. Nokkrum vikum eftir gerð þessara samninga gerðu fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og BSRB samning sín á milli á sömu nótum. Enn fleiri stéttarfélög fylgdu í kjölfarið. Á miðju ári 1990 höfðu þannig um 90% launþega í landinu gengist undir svokallaða þjóðarsáttarsamninga. Gerð þessara samninga hefur leitt til þess að verðbólga í landinu hefur nú lækkað niður í 5–10% sem er minnsta verðbólga sem verið hefur hér á landi um langt árabil. Í kjarasamningum VSÍ og VMS við ASÍ kemur fram að forsenda samninganna sé sú að launþegar í öðrum launþegafélögum fái ekki meiri launahækkanir en þessir samningar gera ráð fyrir.

Þegar dómur Félagsdóms lá fyrir í júlí sl. komu strax fram kröfur launþega á hinum almenna vinnumarkaði þess efnis að þeir skyldu einnig fá 4,5% launahækkun líkt og BHMR félagar höfðu fengið með dómi Félagsdóms. Þetta kemur fram á dskj. 6–10 sem stefnandi hefur lagt fram.

Hinn 31. júlí ákváðu VSÍ og VMS að fallast á þá launahækkun til sinna viðsemjenda sem BHMR hafði fengið með dómi Félagsdóms. Þar með var orðið fullljóst að þetta yrði almenn launahækkun sem gengi yfir stærstan hluta launamarkaðarins, en einskorðaðist ekki við BHMR.

Við þessar aðstæður ákvað ríkisstjórnin að grípa inn í og stöðva fyrirséða víxlhækkunarskriðu launa. Hinn 3. ágúst 1990 voru gefin út bráðabirgðalög um launamál sem m.a. felldu niður frá 1. september sl. á hækkun sem BHMR hafði fengið frá 1. júlí sl. Í aðfararorðum laganna kemur m.a. fram að brýna nauðsyn beri til að grípa þegar til ráðstafana til þess að koma í veg fyrir yfirvofandi sjálfvirkar víxlhækkanir launa og verðlags og treysta þau efnahagslegu markmið sem ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins hafi komið sér saman um og lögð voru til grundvallar almennum kjarasamningum í byrjun þessa árs.

Málsástæður og önnur atvik. Lagarök.

Í stefnu og greinargerð stefnanda kemur fram að hann styðji kröfur sínar einkum við ákvæði 2. gr., 28. gr., 67. gr. og 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, og skýringar fræðimanna á þeim ákvæðum og sambærilegum grundvallarreglum í landsrétti erlendra ríkja og alþjóðlegum sáttmálum og samningum. Telur stefnandi ákvæði bráðabirgðalaga nr. 89/1990 andstæð nefndum greinum stjórnarskrárinnar. Vísast einkum til þess sem segir á miðri bls. 3 í stefnu og á miðri bls. 5 fram á miðja bls. 6 í greinargerð um málsástæður og lagarök stefnanda að þessu leyti.

Fyrir hönd umbjóðenda minna mótmæli ég þeim sjónarmiðum stefnanda sem þarna koma fram. Ég held því fram að nefnd bráðabirgðalög séu ekki andstæð íslenskum stjórnskipunarlögum. Engar skýringar er heldur að finna á því, hvaða alþjóðlegu sáttmálar og samningar það eru, sem átt er við eða hvaða erlendu ríki það eru, sem vísað er til um sambærilegar grundvallarreglur. Þetta skal tekið fram:

A. Um 2. gr. stjórnarskrár.

Stefnandi heldur því fram að löggjafinn geti ekki gripið fram fyrir hendur dómstóla með þeim hætti sem gert var. Löggjafanum sé óheimilt að taka aftur eignarréttindi afmarkaðs hóps manna sem honum hafði sérstaklega verið dæmd örfáum dögum áður af

æðsta dómstól á sviði vinnuréttar. Með þessu sé brotið gegn meginreglunni um þrískiptingu ríkisvaldsins, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Á þessi sjónarmið verður ekki fallist. Með dómi sínum kvað Félagsdómur á um hvernig skýra bæri tilteknar greinar í kjarasamningi fjármálaráðherra og BHMR. Niðurstaða dóms um tiltekið sakarefni bindur ekki hendur löggjafans til að breyta gildandi rétti. Með lögum nr. 89/1990 er hluta kjarasamnings BHMR og fjármálaráðherra breytt þannig að 4,5% launahækkun, sem fólst í kjarasamningunum óbreyttum, féll niður frá og með 1. september 1990. Með því var breytt þeirri réttarheimild sem greiðsluskylda samkvæmt dóminum var byggð á. Ekki verður fallist á það með stefnanda að löggjafinn sé bundinn til frambúðar við það réttarástand, sem dómstólar hafa kveðið á um að sé gildandi réttur, er dómur gekk. Löggjafinn hefur óumdeilanlega vald til að breyta gildandi rétti. Í 2. gr. stjórnarskrárinnar felst ekki það hlutverk eða staða dómsvalds að þegar dómstóll hafi kveðið upp dóm sé þar með komin óbreytanleg niðurstaða til frambúðar sem önnur grein ríkisvaldsins, þ.e. löggjafarvald fái ekki hróflað við.

B. Um 28. gr. stjórnarskár.

Stefnandi telur að skilyrði 28. gr. stjórnarskrár um að brýna nauðsyn hafi borið til útgáfu nefndra bráðabirgðalaga hafi ekki verið fyrir hendi. Hvað sem eldri viðhorfum líði skuli dómstólar taka til sjálfstæðrar skoðunar hvort slík skilyrði séu til staðar. Málatilbúnaður stefnanda sé miðaður við að slík sjálfstæð skoðun fari fram.

Þessi sjónarmið stefnanda verður heldur ekki fallist á. Bráðabirgðalöggjafinn á sjálfur endanlegt mat um það hvenær hin brýna nauðsyn er fyrir hendi. Dómstólar eru ekki bærir til að taka til endurskoðunar hið huglæga mat bráðabirgðalöggjafans um það hvort brýn nauðsyn hafi legið til grundvallar lagasetningu eða ekki.

Jafnvel þótt fallist yrði á sjónarmið stefnanda þess efnis að dómstólar gætu tekið mat bráðabirgðalöggjafans að þessu leyti til endurskoðunar er hafið yfir vafa að brýn nauðsyn í skilningi 28. gr. stjórnarskrárinnar var fyrir hendi við setningu laga nr. 89/1990. Í bréfi fjármálaráðuneytis til embættis ríkislögmanns á dskj. nr. 22 er rakið hvernig mál horfðu við ríkisstjórninni eftir að dómur Félagsdóms lá fyrir í máli BHMR 23. júlí 1990. Samkvæmt því sem þar kemur fram er alveg víst að brýn nauðsyn krafðist þess að ríkisstjórnin gripi til þeirrar lagasetningar sem sett var 3. ágúst sl. Hér verður að líta til þeirra afleiðinga sem það hefði haft í för með sér ef til lagasetningar hefði ekki komið. Núgildandi kjarasamningar í landinu, þar á meðal kjarasamningar BHMR og fleiri, hafa margir hverjir að geyma ákvæði þess efnis að fái launþegar, sem taka laun samkvæmt öðrum kjarasamningum launahækkun, skuli viðkomandi einnig fá þá launahækkun. Stundum eru forsendur kjarasamninga byggðar á því að aðrir launþegar fái ekki launahækkun umfram það sem viðkomandi kjarasamningur segir. Þetta á við um þjóðarsáttarsamninga ASÍ frá febrúarmánuði sl. Hefði ekki verið gripið inn í með lögum hefðu launahækkanir til BHMR félaga hrint af stað launahækkunum annarra launþega sem gert höfðu kjarasamninga og þar með hækkun launa og verðlags í þjóðfélaginu. Þar með var kollvarpað þeim stöðugleika sem að var stefnt með þjóðarsáttarsamningunum og þeim mikla árangri í baráttu við verðbólgu sem þegar á sl. sumri hafði náðst með þessum samningum. Þessar víxlhækkanir hefðu dunið yfir strax í kjölfar Félagsdóms. Ókleift var að bíða þess að Alþingi kæmi saman. Með því að gera það hefði skaðinn þegar verið skeður. Um þetta vísast nánar til dskj. nr. 22.

Á það skal jafnframt lögð áhersla að ekki var gripið til lagasetningar fyrr en fullreynt var að ekki tækjust samningar milli fjármálaráðherra og BHMR um breytingu á kjara-

samningum þannig að hann gæti samrýmst þjóðarsátt. Um það vísast til dskj. nr. 17 sem skýrir hvaða gögn fóru á milli aðila í samningaviðræðum dagana 25.–31. júlí sl. Enn fremur til bréfs fjármálaráðuneytis á dskj. nr. 22 þar sem rakið er efni þeirra viðræðna sem á þessum tíma fóru fram.

C. Um 67. gr. stjórnarskrár.

Þá heldur stefnandi því fram að bráðabirgðalög nr. 89/1990 feli í sér ólögmæta skerðingu á eignarrétti. Þau svipti afmarkaðan hóp launþega hluta þeirra launa sem þeir fengu greidd frá 1. júlí 1990 án þess að nokkrar bætur komi fyrir og séu að því leyti ólík öðrum tilvikum þar sem gripið hafi verið með lögum inn í gildandi kjarasamninga. Skerðing sú á eignarrétti sem felist í bráðabirgðalögunum sé ekki almenn, heldur sérstök í þeim skilningi að hún beinist að afmörkuðum hópi manna og lækki laun hans frá því sem ákveðið hafði verið.

Ekki verður fallist á réttmæti þessara sjónarmiða. Kemur þar fyrst til að ekki er unnt að telja vinnulaun sem ekki hefur verið unnið fyrir eign í skilningi 67. gr. stjórnarskrár. Gagnstæð niðurstaða mundi gilda um laun sem þegar hefur verið unnið fyrir. Launakrafa stofnast að meginstefnu til ekki fyrr en vinnuframlagið hefur verið innt af hendi og launþegi hefur ekki þær heimildir sem felast í eignarréttindum þegar um væntanleg laun er að ræða. Löggjafinn hefur ótvíræða heimild til að breyta reglum um laun sem ekki hefur verið unnið fyrir á þeim grundvelli að þau njóta ekki verndar 67. gr. stjórnarskrár. Skiptir þá engu hvort um er að ræða stærri eða þrengri hóp sem ákvörðunin beinist að. Þannig hefur löggjafinn á ýmsum sviðum sett því skorður á hvaða verði vinna eða vörur eru seldar. Ekki fæst séð að ákvæði stjórnarskrár séu því til fyrirstöðu, sbr. einkum 69. gr.

Þá er ekki heldur unnt að samsinna því að skerðing launa samkvæmt bráðabirgðalögunum sé sérstök í þeim skilningi að hún beinist að afmörkuðum hópi manna. Samkvæmt 1. gr. laganna taka þau til þeirra kjarasamninga sem samkvæmt ákvæðum sínum eru í gildi við gildistöku laganna. Eins og fram kemur í bréfi fjármálaráðuneytis á þskj. nr. 22 ná lögin þannig til kjarasamninga um það bil 90% launþega í landinu.

Að auki kemur fram í gögnum málsins að ASÍ hafi þegar eftir uppkvaðningu Félagsdóms haft uppi kröfur á hendur sínum viðsemjendum um sömu launahækkun og BHMR fékk og vísað þar til orðaðra forsendna í samningum sínum. Enn fremur að VSÍ og VMS hafi fallist á að verða við þeirri kröfu. Lögin eru því ótvírætt almenn með því að þau svipta stærstan hluta launþega í landinu með sama hætti launahækkun sem þeim hafði verið ákveðin. Þar eru félagsmenn í BHMR ekki í neinni sérstöðu. Það verður því ekki á það fallist að skerðing launa samkvæmt lögunum hafi beinst að afmörkuðum hópi manna, svo sem segir í málatilbúnaði stefnanda. Það voru einmitt þessar væntanlegu launahækkanir til annarra en BHMR félaga og þar af leiðandi víxlhækkanir launa sem beinlínis voru tilefni til lagasetningarinnar.

D. Um 73. gr. stjórnarskrár.

Loks telur stefnandi að lög nr. 89/1990 og einkum 2. og 4. gr. þeirra séu andstæð félagafrelsisákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar. Stefnandi telur að slík löggjöf grafi undan starfsemi frjálsra stéttarfélaga og leiði til þess að félagsmenn glati trú á gildi þess að starfa í skipulögðum félagsskap með löglegum hætti til að bæta kjör sín og réttindi. Telur stefnandi að bráðabirgðalögin grafi undan þeim hugmyndum sem 73. gr. stjórnarskrárinnar er reist á.

Vandséð er hvernig 73. gr. stjórnarskrár getur varðað kröfugerð stefnanda þessa máls.

Ákvæði þeirrar greinar snýr að félagasamtökum sem slíkum. Stéttarfélag stefnanda er ekki aðili málsins. 73. gr. stjórnarskrár er máli stefnanda óviðkomandi.

Samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar eiga menn rétt á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi án þess að sækja þurfi um leyfi til þess. Ekkert félag má heldur leysa upp með stjórnarráðstöfun. Í málatilbúnaði stefnanda felast staðhæfingar um annað innihald 73. gr. stjórnarskrár en skýr orð hennar segja til um.

Bráðabirgðalög nr. 89/1990 um launamál takmarka á engan hátt rétt manna til að stofna stéttarfélög. Stéttarfélag hefur heldur ekki verið leyst upp eða bannað með lögunum. Þau stéttarfélög sem aðild eiga að BHMR geta haldið uppi starfsemi sinni eftir gildistöku bráðabirgðalaganna sem fyrir setningu þeirra. Það grefur ekki undan tilvist stéttarfélaga, hvorki nú né endranær þótt löggjafinn grípi við erfiðar aðstæður inn í kjarasamning viðkomandi félags sem iðulega gerist hér á landi.

Ekki verður heldur fallist á að lagasetning, sem löggjafinn sér ástæðu til að setja með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi, verði til þess að félagsmenn glati trú á því að starfa í stéttarfélögum. Að minnsta kosti er alveg ljóst að lögin verða ekki dæmd ógild vegna hugsanlegra hugrenninga einstakra félagsmanna, sem kunni að falla í þennan farveg.

Við umfjöllun bæði 67. og 73. gr. stjórnarskrár skal á það bent að lögin eru tímabundin og gildistími þeirra er tiltölulega skammur. BHMR er heimilað að semja um launanefnd skv. 3. gr. laganna sem enn getur stytt þann tíma sem samningar eru bundnir.

Áskilinn er sérstakur réttur til að afla frekari sönnunargagna um áhrif bráðabirgðalaga nr. 89/1990 um launamál og um áhrif 4,5% launahækkunar til viðsemjenda VSÍ og VMS á verðbólgu í landinu. Enn fremur um áhrif áframhaldandi víxlhækkana launa eftir hina fyrstu 4,5% hækkun launa til þorra launþega í landinu.

Í stefnu kemur fram sérstakur áskilnaður um hækkun krafna með því að bráðabirgðalög nr. 89/1990 svipti stefnanda til frambúðar launahækkun sem hann eigi rétt til. Þessi áskilnaður er um að hækka kröfur til samræmis við það tjón sem stefnandi bíði af áframhaldandi gildi bráðabirgðalaganna. Vegna þessa skal tekið fram að ekki verður fallist á umrædda hækkun krafna án framhaldsstefnu. Ástæða þess er sú að slík aukin kröfugerð kann að kalla á umfjöllun frekari málsástæðna fyrir sýknukröfu minna umbjóðenda.

Með vísan til sundurliðunar kröfugerðar á bls. 4 í stefnu verður ekki séð að ágreiningur sé með aðilum um fjárhæð kröfu.

Af hálfu stefndu er ekki óskað eftir því að aðilar eða vitni komi fyrir dóm til skýrslutöku. Stefndu eru sammála því mati stefnanda að ágreiningur í máli þessu snúist fyrst og fremst um lögfræðileg atriði. Ekki verður séð af málatilbúnaði stefnanda að ágreiningur sé um staðreyndir.

Áskilinn er réttur til að reifa málið frekar, koma að nýjum málsástæðum og leggja fram ný gögn, gefist tilefni til, þar á meðal við aðalmeðferð málsins.

Reykjavík, 21. nóvember 1990.

Virðingarfyllst,
Gunnlaugur Claessen, hrl.

Ed. 234. Frumvarp til laga [194. mál]

um breyting á lögum nr. 77/1979, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Háskólaárið telst frá 5. september til jafnlengdar næsta ár. Kennsluár Háskólans skiptist í tvö kennslumissiri, haustmissiri og vormissiri. Missiraskipting, leyfi og önnur kennsluhlé skulu ákveðin í reglugerð. Háskólaráði er heimilt að ákveða sérstaka missiraskiptingu fyrir einstakar deildir og námsbrautir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt tillögu háskólaráðs og lýtur að því að Háskóli Íslands fái aukið svigrúm til breytinga á skiptingu kennslumissira. Ef frumvarpið verður að lögum verður unnt að staðfesta tillögur sem háskólaráð hefur samþykkt um reglugerðarbreytingar sem kveða á um færslu miðsvetrarprófa frá janúar til desember og fleiri breytingar varðandi próf. Með samþykkt lagafrumvarpsins og viðeigandi reglugerðarbreytingum yrði stefnt að meiri samræmingu en nú er í skiptingu kennslumissira en það mundi auðvelda starf háskólans almennt, þar á meðal að gefa aukna möguleika á valfrelsi og samstarfi á milli deilda.

Samkvæmt núgildandi 17. gr. laga nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, telst háskólaárið frá 15. september til jafnlengdar næsta ár og skiptist þannig að haustmissiri er frá 15. september til 23. janúar, en vormissiri frá 24. janúar til 31. maí. Háskólaráð getur þó ákveðið aðra missiraskiptingu fyrir einstakar deildir og námsbrautir.

Talsvert mismunandi er hvenær kennsla hefst í einstökum deildum Háskóla Íslands. Þannig byrjar kennsla á tímabilinu 1. til 8. september í námsbraut í sjúkraþjálfun, lyfjafræði lyfsala, námsbraut í hjúkrunarfræði, verkfræðideild og raunvísindadeild, en á tímabilinu 12. til 22. september í læknadeild, guðfræðideild, lagadeild, viðskipta- og hagfræðideild, heimspekideild, tannlæknadeild og félagsvísindadeild. Miðsvetrarpróf eru í öllum deildum frá 7. til 23. janúar nema í lagadeild. Vormissiri hefst í öllum deildum 24. janúar nema í lagadeild 8. janúar. Vorprófin eru frá 27. apríl til 26. maí í lagadeild, 15. til 31. maí í verkfræðideild og raunvísindadeild, en frá 5. maí til 31. maí í öðrum deildum. En fáein dæmi eru einnig um það að skrifleg próf að vori séu haldin á öðrum tíma en hinum almenna próftíma. Þá er kennslutímabil á missiri mismunandi langt hjá deildum háskólans: Almennt 13 vikur en 15 vikur í verkfræðideild og raunvísindadeild. Þetta leiðir óhjákvæmilega til þess að erfitt er að samræma kennslu- og próftíma fyrir háskólann þannig að allar deildir búi við sama skipulag.

Í flestum erlendum háskólum er upphaf kennslumissira og lok á sama degi hjá öllum deildum og próftími deilda á sama tímabili. Slíkt fyrirkomulag er mjög æskilegt með tilliti til valnáms stúdenta í öðrum deildum en þeirra eigin. Fram að þessu hefur valfrelsi milli deilda við Háskóla Íslands verið takmarkað en vaxandi áhugi er nú á því að það

verði aukið, m.a. í tengslum við MA- eða MS-nám, þar sem í sumum tilvikum er gert ráð fyrir samvali greina úr mismunandi námsbrautum og/eða mismunandi deildum. Hjá háskóladeild, sem nýtur í ríkum mæli þjónustukennslu annarrar deildar, er mjög mikilvægt að próftíminn verði samræmdur, og einnig æskilegt að kennslutímabil fari saman. Þannig er sérstaklega brýnt að raunvísindadeild og verkfræðideild verði samstiga vegna þess að sú síðarnefnda sækir stóran hlut af námi á fyrstu tveimur árunum til hinnar fyrrnefndu. Þá annast raunvísindadeild einnig þjónustukennslu fyrir læknadeild, bæði í læknisfræði, lyfjafræði lyfsala og hjúkrunarfræði og hefur það valdið vandræðum að próftími þessara námsbrauta hefst áður en kennslu lýkur í raunvísindadeild.

Í skoðanakönnun meðal stúdenta á sl. ári um próftíma í lok haustmissiris kom fram að 77% vildu færa próftímann fram í desember, tæplega 17% voru því andvígir, en tæp 7% tóku ekki afstöðu. Það er því ljóst að mikill meiri hluti stúdenta er fylgjandi þessari breytingu. Auk þess hafa tvær deildir, félagsvísindadeild og raunvísindadeild, formlega samþykkt að mæla með því að próf verði færð fram í desember.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein felast efnisatriði lagabreytingarinnar, sbr. almenna greinargerð hér að framan. Háskólaárið er talið hefjast 5. september þannig að haustmissiri geti lokið fyrir jólaleyfi. Skipting kennslumissira yrði ekki lengur bundin við ákveðnar dagsetningar í lögum en sett yrðu nánari ákvæði um skiptinguna í reglugerð.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 235. Fyrirspurn [195. mál]

til menntamálaráðherra um heimavistir við grunnskóla.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

1. Við hvaða grunnskóla eru reknar heimavistir og fyrir hvaða aldurshópa?
2. Við hvaða grunnskóla eru heimavistir sem ekki eru í rekstri?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 236. Fyrirspurn [196. mál]

til samgönguráðherra um snjómokstur.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

1. Verða snjómokstursreglur endurskoðaðar á þessum vetri?
2. Ef svo er, hvað verður þá haft að leiðarljósi við þá endurskoðun?

Sþ. 237. Fyrirspurn [197. mál]

til fjármálaráðherra um kostnað við flutning ónotaðs persónuafsláttar milli foreldra og barns.

Frá Friðriki Sophussyni.

Hefur gagngert mat farið fram á því hvaða áhrif það hefur á ríkissjóð ef foreldrar gætu nýtt sér ónotaðan persónuafslátt barna sinna?

Hver er niðurstaða matsins?

Greinargerð.

Á síðasta þingi var vísað til ríkisstjórnar frumvarpi (238. mál) fjögurra þingmanna Kvennalistans en í því var gert ráð fyrir að hægt væri að færa ónotaðan persónuafslátt á milli einstæðs foreldris og barns. Í nefndaráliti meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar sagði orðrétt: „Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur meiri hl. til að gagngert mat fari fram á því hvaða kostnað breytt skipan tekjuskatts, samkvæmt þeirri tilhögun sem gerðar eru í fyrirliggjandi frumvarpi, mundi hafa fyrir ríkissjóð."

Skriflegt svar óskast.

Nd. 238. Nefndarálit [54. mál]

um frv. til l. um breytingu á sektarmörkum nokkurra laga o.fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og kallaði höfund þess, dr. Ármann Snævarr, fyrrv. hæstaréttardómara, á sinn fund. Auk þess bárust umsagnir dómsmálaráðuneytisins og Lögmannafélags Íslands.

Nefndin leggur til að gerðar verði þrjár breytingar á frumvarpinu. Lagt er til að 2. og 41. gr. frumvarpsins falli brott þar sem þau lagaboð, sem þar er verið að breyta, voru felld úr gildi á síðasta þingi. Þá er einnig lagt til að 31. gr. frumvarpsins falli brott en í henni er lögð til breyting á sektarmörkum söluskattslaga. Þau lög voru felld úr gildi með lögum um virðisaukaskatt, en refsiákvæði laganna höfðu tímabundið gildi. Nú hefur fækkað mjög þeim tilvikum sem refsiákvæði söluskattslaga gætu náð yfir. Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra munu allar undanþáguheimildir til þess að skila söluskatti falla niður um áramót. Sýnist því ekki ástæða til þess að breyta þessum ákvæðum söluskattslaga því að nýju sektarmörkin mundu einungis gilda um söluskattssvik frá gildistöku laganna og fram að næstu áramótum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 5. des. 1990.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Ólafur G. Einarsson, fundaskr.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Friðjón Þórðarson.	Guðni Ágústsson.	Ingi Björn Albertsson.
	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.	

Nd. 239. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til l. um breytingu á sektarmörkum nokkurra laga o.fl.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. Greinin falli brott.
2. Við 31. gr. Greinin falli brott.
3. Við 41. gr. Greinin falli brott.

Nd. 240. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til l. um brottfall laga og lagaákvæða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og kallaði formann nefndarinnar, sem samdi frumvarpið, dr. Ármann Snævarr, fyrrv. hæstaréttardómara, á sinn fund. Að auki bárust nefndinni umsagnir dómsmálaráðuneytisins og Lögmannafélags Íslands.

Nefndin leggur til að gerð verði ein breyting á frumvarpinu, þ.e. að 1. tölul. 24. gr. þess falli brott þar sem opið bréf frá 28. desember 1836 var var fellt úr gildi með lögum nr. 20/1988.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. tölul. 24. gr. falli brott.

Alþingi, 5. des. 1990.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Ólafur G. Einarsson, fundaskr.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Guðni Ágústsson.	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.	Friðjón Þórðarson.
	Ingi Björn Albertsson.	

Sþ. 241. Nefndarálit [62. mál]

um till. til þál. um könnun á gerð jarðganga og vegarlagningu milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar í framhaldi af opnun jarðganga um Ólafsfjarðarmúla.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og stuðst við umsagnir frá síðasta þingi, þ.e. frá bæjarstjórnum Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, Fjórðungssambandi Norðlendinga og Vegagerð ríkisins.

Nefnd þingmanna úr öllum þingflokkum vinnur nú ásamt Vegagerð ríkisins að gerð langtímaáætlunar í samgöngumálum. Virðast efni tillögunnar falla inn í verkefni þeirrar nefndar. Nefndarmenn eru sammála um að heppilegast sé að umræða um jarðgangagerð og könnun hennar fari fram í þeirri nefnd sem vinnur að langtímaáætluninni.

Í trausti þess að efni þessarar tillögu verði komið á framfæri við fyrrgreinda þingmannanefnd leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 5. des. 1990.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Jón Kristjánsson, fundaskr.	Karl Steinar Guðnason.
Kristinn Pétursson.	Guðrún Helgadóttir.	Eggert Haukdal.
	Ingi Björn Albertsson.	

Ed. 242. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sbr. lög nr. 72 30. maí 1984.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin fékk Jakob Jakobsson, forstjóra Hafrannsóknastofnunar, á sinn fund til viðræðna um efni frumvarpsins. Leggur nefndin til að það verði samþykkt án breytinga.

Guðmundur H. Garðarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. des. 1990.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Danfríður Skarphéðinsdóttir, fundaskr.	Halldór Blöndal.
Karvel Pálmason.	Skúli Alexandersson.	Jóhann Einvarðsson.

Sþ. 243. Fyrirspurn [198. mál]

til samgönguráðherra um landbrot við Jökulsá á Breiðamerkursandi.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvaða athuganir liggja fyrir á landbroti við Jökulsá á Breiðamerkursandi sem rofið

gæti hringveginn og myndað fjörð þar sem nú er Jökulsárlón?

Nd. 244. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til l. um launamál.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp það sem hér um ræðir er til staðfestingar bráðabirgðalögum sem sett voru 3. ágúst sl. til að ógilda kjarasamning ríkisins og aðildarfélaga BHMR sem undirritaður var 18. maí 1989. Kvennalistinn var mótfallinn setningu þessara bráðabirgðalaga sem og öðrum afskiptum hins opinbera af almennum kjarasamningum í landinu og sendi frá sér harðorða ályktun strax 3. ágúst 1990, sbr. fskj. I. Fjölmörg dæmi eru því miður um afskipti af kjarasamningum undanfarin ár og hefur Kvennalistinn ætíð mótmælt slíku. Auk þess telur Kvennalistinn ákvæði í stjórnarskránni um heimild til setningar bráðabirgðalaga bæði ofnotaða og misnotaða og hefur enda lagt fram frumvarp á Alþingi þess efnis að hún verði felld niður. En sjaldan eða aldrei hefur sú heimild verið notuð með jafnósvífnum hætti og í þessu tilfelli, enda þessi bráðabirgðalög líklega ein þau umdeildustu í sögu lýðveldisins. Kemur þar margt til. Málið á sér langan og flókinn aðdraganda.

Umræddur kjarasamningur var gerður 18. maí 1989 eftir langt og harðvítugt verkfall. Helsti ávinningar fyrir aðildarfélög BHMR var sá að samþykkt var að endurskoða launakerfi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna. Í 1. gr. I. kafla kjarasamningsins segir svo:

„Endurskoða skal launakerfi háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins með tilliti til ábyrgðar, sérhæfni og menntunar sem nýtist í starfi. Skal þessi endurskoðun hafa það að markmiði að háskólamenntaðir ríkisstarfsmenn njóti sambærilegra kjara og menn sem gegna hliðstæðum störfum eða hafa sömu eða svipaða menntun, sérhæfni og ábyrgð og ekki taka laun samkvæmt launakerfi ríkisstarfsmanna, enda sé þá tekið tillit til hlunninda og annarra atriða sem áhrif hafa á starfskjör. Standa skal að umræddum breytingum með þeim hætti að ekki valdi röskun á hinu almenna launakerfi í landinu. Tímabundnar sveiflur og sérstakar aðstæður á vinnumarkaði skulu ekki hafa áhrif á þessa endurskoðun."

Sérstakri nefnd, skipaðri þremur mönnum af BHMR og jafnmörgum af fjármálaráðherra, var falið að annast þann kjarasamanburð, sem um er rætt í 1. gr., og skila lokaáliti eigi síðar en 1. júlí 1990. Til áréttingar þessu og til að tryggja framgang og framkvæmd endurskoðunarinnar og kjarasamanburðarins var sett ákvæði þess efnis að hafi nefndin ekki skilað áliti á tilsettum tíma, þ.e. 1. júlí 1990 í síðasta lagi, skuli koma til greiðsla til félagsmanna upp í væntanlegar hækkanir, sbr. 6. mgr. 5. gr. kjarasamningsins, en sú grein hljóðar svo:

„Endurraða skal starfsheitum í launaflokka í samræmi við endurskoðun launakerfisins skv. 1. og 2. gr. Að því skal stefnt að endurröðuninni verði lokið á ekki lengri tíma en þremur árum.

Tilfærsla milli launaflokka skal gerast í sem jöfnustum árlegum áföngum er taki gildi 1. júlí ár hvert, sá fyrsti árið 1990.

Í hverjum áfanga skal þá miða við að hækkun nemi einum launaflokki hið minnsta að meðaltali, en einstök starfsheiti og einstakir starfsmenn hækki þó ekki meira en nemur

þremur launaflokkum. Er hér miðað við launaflokka skv. 10. gr. eða jafngildi þeirra, verði launatöflu breytt.

Sé tilefni til endurröðunar takmarkað er heimilt að ljúka tilfærslu á skemmri tíma en þremur árum. Reynist á hinn bóginn ekki unnt að ná endurröðuninni í þremur árlegum áföngum er heimilt að fjölga áföngum um tvo og falla þá niður ákvæði 3. mgr. varðandi þá áfanga.

Röðun í launaflokka skal taka mið af menntun svo og faglegri, fjármálalegri og stjórnunarlegri ábyrgð, sbr. ákvæði 1., 3. og 4. gr.

Hafi nefnd skv. 3. mgr. 2. gr. ekki skilað lokaáliti hinn 1. júlí 1990 skal greitt upp í væntanlega hækkun þannig að tilfærslur milli launaflokka skv. 3. mgr. verði að jafnaði $^1/_2$ launaflokki meiri en lágmark skv. 3. mgr. hefði verið frá 1. júlí 1990. Við endanlega ákvörðun áfangans skal þó enginn lækka í launaflokki.

Í stað tilfærslu milli launaflokka skv. þessari grein er aðilum heimilt að semja um önnur kjaraatriði er jafngildi þeirri launaflokkatilfærslu sem tilefni gefst til eða hluta hennar."

Þarna er að finna þau ákvæði sem hefðu fært BHMR-félögum u.þ.b. 4,5% launahækkun 1. júlí 1990 hefðu þau komið til framkvæmda. Annars vegar ákvæði um hækkun, sem skyldi nema einum launaflokki hið minnsta, og hins vegar refsiákvæði sem kveður á um hækkun um að jafnaði hálfum launaflokki meiri en lágmark skv. 3. mgr. hefði verið frá 1. júlí 1990.

Þegar þjóðarsátt var gerð í febrúar 1990, þ.e. samningar ASÍ og VSÍ og síðan samningar ríkisins við BSRB, fóru strax að heyrast raddir um það að ekki kæmi til greina að BHMR-félagar fengju hækkun umfram aðra. Litla furðu vakti þó að VSÍ léti þessa skoðun í ljós — alvarlegra var að sumir forsvarsmenn verkalýðshreyfingarinnar tóku undir sönginn. Kvað þar við alveg nýjan tón þegar látið var í veðri vaka að eitt verkalýðsfélag gæti í samningum bundið hendur annars jafnvel ógilt þegar gerða og undirritaða samninga.

Í júní dró til tíðinda. Starfandi forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, ritaði BHMR bréf 12. júní 1990 þar sem *einhliða var tilkynnt* að ríkið hyggðist ekki standa við samninga sem það sjálft var annar aðilinn að. Í því bréfi stendur m.a.:

„Ein af forsendum kjarasamnings ASÍ og VSÍ, sem aðrir kjarasamningar hafa tekið mið af, er að launaþróun annarra verði sú sama og gert er ráð fyrir í samningi þessum. ... Jafnframt hefur það komið fram af hálfu fulltrúa þess launafólks, sem þegar hefur samið, að ef BHMR-félagar fengju almenna kauphækkun nú í sumar mundu þeir að sjálfsögðu sækja viðlíka hækkanir til handa sínum umbjóðendum. ... Samkvæmt þessu munu BHMR-félagar fá þær breytingar á launalið sem annað launafólk hefur samið um."

Kvennalistinn mótmælti þessum vinnubrögðum þegar í stað og sendi m.a. frá sér fréttatilkynningu í tilefni þessa atburðar, sbr. fskj. II.

BHMR-félagar höfðu ítrekað óskað eftir viðræðum um endurskoðun á launakerfi BHMR eins og samið hafði verið um, en árangurslaust. Þetta umrædda bréf var í raun einu viðbrögðin. Eftir móttöku bréfsins brást BHMR hart við og mótmælti samningsbrotum ríkisstjórnarinnar. Jafnframt var málið lagt fyrir dómstóla og samstöðu leitað með öðrum launamönnum. Allt sumarið gekk á fundum og „samningaumleitunum" af ýmsu tagi.

Dómur Félagsdóms í máli Félags íslenskra náttúrufræðinga gegn fjármálaráðherra var á þann veg að skylt væri að standa við umsamdar launahækkanir, sbr. fskj. III. BHMR

sendi þá öllum hlutaðeigandi launagreiðendum bréf með kröfu um greiðslu á 4,5% launahækkun í samræmi við dóm Félagsdóms. ASÍ brást hart við og krafðist þess að BHMR afsalaði sér hækkuninni. Þeirri beiðni hafnaði BHMR.

Þann 27. júlí kynnir viðræðunefnd BHMR fjármálaráðherra um samþykkt samninganefndar BHMR um breytingu á 15. gr. kjarasamningsins til að koma í veg fyrir víxlverkunaráhrif launahækkana, en það hafði verið ein sterkasta röksemd ríkisstjórnarinnar í málinu að framkvæmd hennar mundi leiða til óðaverðbólgu. Sú hefði eflaust orðið raunin hefði verið staðið við þær yfirlýsingar sem gefnar höfðu verið. Þar með hefðu víxlverkunaráhrifin verið komin í fullan gang. Tilgangur BHMR með tilboðinu um breytingu á 15. gr. var einmitt að koma í veg fyrir slíkt. Reyndar kom fram að það hefði fyrst og fremst verið fjármálaráðherra sem óskaði eftir þessari grein í samningnum við gerð hans.

Þessu erindi BHMR var ekki sinnt og 27. júlí tilkynnir ríkisstjórnin að ákveðið hafi verið að segja upp samningi ríkisins og BHMR. Enn reynir BHMR samningaleiðina og sendir ríkisstjórninni bréf dags. 30. júlí 1990. Þar segir m.a.:

„Samninganefndin vill leggja sitt af mörkum til svonefndrar „þjóðarsáttar" með því að breyta efni 15. gr. kjarasamninga aðildarfélaga BHMR frá 18. og 19. maí 1989 þannig að BHMR-félagar geti ekki krafist launaleiðréttinga ef laun hækka hjá öðrum launamönnum. Með þessu er höggvið nú strax á þann hnút sem kjaramálin í landinu virðast vera komin í og það tryggt að hægt verði að leiðrétta lægstu launin í landinu án víxlverkana. Er þetta í samræmi við óskir ASÍ og BSRB."

Ef ríkisstjórnin hefði gengið að þessu tilboði hefði eflaust verið auðveldara að taka upp viðræður við BHMR um aðra þætti samningsins og þar sem BHMR hafði með þessu tilboði sýnt bæði skilning, samstarfsvilja og ábyrgð hefði næsta skrefið átt að vera að snúa sér bæði til fulltrúa ASÍ og VSÍ sem gáfu út yfirlýsingu 31. júlí ásamt VMSS þess efnis að þeir mundu greiða viðsemjendum sínum sömu hækkun launa og félagar í BHMR hlytu og krefjast þess sama af þeim. Áhugi þeirra á því að þjóðarsátt héldi hefði einmitt getað birst í sama skilningi og ábyrgð sem hefði hugsanlega leitt til þeirrar niðurstöðu að draga til baka yfirlýsingar um sömu hækkanir til allra. Þannig hefði verið komið í veg fyrir víxlverkun launa og verðlags og óðaverðbólgu bægt frá. Eftir hefði staðið 4,5% hækkun til BHMR-félaga sem í raun var leiðrétting en ekki launahækkun. Sú leiðrétting hefði kostað 350–400 millj. kr. sem ekki hefði leitt til neinnar almennrar hækkunar á verðlagi eða þjónustu og ekki hefði verið brotið á þeim 4.000 ríkisstarfsmönnum sem eru innan vébanda BHMR.

En ríkisstjórnin kaus aðra leið. Þann 3. ágúst voru bráðabirgðalögin sett sem grípa inn í kjarasamninga ríkisins og BHMR. Tvær mikilvægar greinar hans eru felldar úr gildi og gildistími styttur um rúmlega þrjú ár. Látið er í veðri vaka að þau nái til allra en þau gera það ekki. Tekið er fram að þau nái ekki til þeirra kjarasamninga sem þá, þ.e. 3. ágúst, eru lausir og þau breyta engu fyrir þá sem aðild eiga að þjóðarsátt. Þessi bráðabirgðalög eru því í raun sett til höfuðs fámennum hópi og er það í hróplegu ósamræmi við 28. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir: „Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög milli þinga." Er sá skilningur almennur að það skuli varða þjóðarheill.

Athæfi ríkisstjórnarinnar allt hlýtur að teljast ámælisvert. Aldrei var reynt að fara samningaleið og fátt eða ekkert getur réttlætt aðferðir ríkisstjórnarinnar, enda hefur BHMR ekki viljað hlíta þessu og hefur verið lögð inn stefna fyrir bæjarþingi Reykja-

víkur vegna eins félagsmanna úr aðildarfélögum BHMR til kröfu á þeim 4,5% sem afnumin voru með bráðabirgðalögunum. Lagarök eru m.a. þau að BHMR telur að bráðabirgðalögin brjóti í bága við stjórnarskrána í fjórum greinum, sbr. fskj. IV. Jafnframt hefur BHMR kært til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sbr. fskj. V.

Kvennalistinn telur að ríkisstjórnin hafi með vinnubrögðum sínum unnið ómældan skaða, grafið undan trausti dómstóla, rýrt álit Íslands á alþjóðavettvangi auk þess óheillaverknaðar sem setning bráðabirgðalaganna var. Sá skaði verður seint bættur sem unninn er. Þjóðarsátt er engin afsökun fyrir þessari gjörð. Á aðrar leiðir var aldrei látið reyna. Það getur ekki verið réttlátt að hluti verkalýðshreyfingarinnar þurfi að gjalda fyrir samninga sem aðrir gera. Það eru ákvæði um samningsrétt í landinu. Kjarasamningur BHMR og ríkisins er gerður tæpu ári fyrir þjóðarsátt. Hún var ekki gerð við BHMR og er ekki á þess ábyrgð. Ábyrgðin er þeirra sem hana gerðu. Við gerða kjarasamninga á að standa og þá sérstaklega þeir sem aðild eiga að þeim eins og er í þessu tilfelli.

Ríkisstjórnin segir að allt verði til að vinna svo að þjóðarsátt haldi, annars blasi við óðaverðbólga. En engin svör hafa fengist við því hvað gerist 15. september þegar þjóðarsátt lýkur. Voru bráðabirgðalögin einungis forsmekkur þess sem koma skal? Er e.t.v. ætlunin að ríkisstjórn geti einhliða tekið sér það vald að ákvarða launakjör fólksins í landinu og gera þar með alla samninga óþarfa og ómerka? Sú ríkisstjórn, sem nú situr, hefur þegar sýnt það í verki að hún skirrist ekki við að taka sér þetta vald.

Ríkisstjórn, sem með svo hrokafullum hætti opinberar virðingarleysi sitt fyrir lýðræði og mannréttindum, er til alls vís. Því er mikilvægt — áður en spjótin beinast gegn fleirum — að stöðva hana í þessum óheillaverkum. Til að stuðla að því og til að BHMR-félagar nái þeim rétti, sem þeim ber, munu Kvennalistakonur greiða atkvæði gegn þessu frumvarpi.

Alþingi, 6. des. 1990.

Þórhildur Þorleifsdóttir.

Fylgiskjal I.

Ályktun frá Kvennalistanum.

Kvennalistakonur átelja harðlega að enn einu sinni skuli íslensk ríkisstjórn setja bráðabirgðalög á launafólk. Þannig er jafnt og þétt grafið undan lýðræði og mannréttindum í þjóðfélaginu.

Núverandi ríkisstjórn hóf feril sinn með því að framlengja bann á kjarasamninga sem var meginástæða þess að Kvennalistinn hafnaði aðild að henni.

Ríkisstjórnin setur nú lög á eigin samninga og beitir valdi sínu þannig til að hnekkja dómi Félagsdóms. Nú eru það samtök háskólamanna sem beitt eru lögþvingunum til þess að sveigja þau undir vilja stjórnvalda. Hverjir verða næstir?

Í raun felst í nýsettum bráðabirgðalögum afnám réttar alls launafólks til þess að semja um laun sín því ríkisstjórnin hefur sýnt að hún er tilbúin til lögþvingunar á hvað sem er, jafnvel þvert á uppkveðna dóma.

Þáttur forustumanna ASÍ og BSRB vekur furðu, þar sem þeir hafa tekið undir þann áróður að laun almenns launafólks séu meginvaldur verðbólgu og berjast nú jafnvel harðar gegn öðru launafólki en atvinnurekendum.

Þetta eru alvarleg tíðindi fyrir almenning í landinu. Á hvaða leið er samfélag, þar sem stjórnvöld, atvinnurekendur og stærstu samtök launafólks sameinast um að svipta hluta launafólks samningsrétti? Hvernig er lýðræðinu háttað, þar sem stjórnvöld óvirða mannréttindi og dómstóla?

Vinnubrögð ríkisstjórnarinnar eru forkastanleg og bera vott um siðblindu. Ríkisstjórn, sem setur lög á eigin gerðir, er ekki hæf til að stjórna landinu og á að segja af sér.

Reykjavík, 3. ágúst 1990.
F.h. þingflokks Kvennalistans,
Kristín Einarsdóttir.

Fylgiskjal II.

Ályktun frá kvennalistakonum í tilefni af einhliða frestun ríkisstjórnarinnar á kjarasamningi við BHMR.

Hvert beinast spjótin næst?
(14. júní 1990.)

Í lýðræðisþjóðfélagi telst frjáls samningsréttur til grundvallarmannréttinda. Þegar ríkisstjórn Íslands sýnir nú sitt rétta andlit og grípur til þess ráðs að tilkynna BHMR formálalaust að ríkisvaldið hyggist ekki standa við sinn hlut í löglega gerðum og undirrituðum kjarasamningi hlýtur það að vekja ugg í brjósti margra og spurningar. Ekki síst þegar þess er gætt að þetta er ekki í fyrsta sinn sem samningsréttur íslenskra launþega er fótum troðinn og einskis virtur. Aðferðin er ný en innihaldið ekki. Þetta mannréttindabrot ríkisstjórnarinnar er því einungis tilbrigði við stef sem allir launþegar ættu nú að kunna.

Fyrir rúmu ári, eftir langt og harðvítugt verkfall, gerðu BHMR og ríkið með sér samning um að endurskoða launakerfi háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins í því augnamiði að þeir nytu sambærilegra kjara og fyrir sambærileg störf á almennum vinnumarkaði. Í kjölfar þessarar endurskoðunar sem ljúka átti á fyrra missiri ársins 1990 skyldu tillögur um breytingar á launakerfi BHMR framkvæmdar á þremur árum. Fyrsta skref átti að stíga 1. júlí 1990.

En þá gerist það að ríkisstjórn Íslands *tilkynnir* BHMR með bréfi dagsettu 12. júní 1990 að hún hafi ákveðið að fresta framkvæmd nýs launakerfis háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna. Sama dag er tilkynnt hækkun á áfengi og tóbaki og sú skýring gefin að hækkunin sé í samræmi við fjárlög. Var hækkunin til háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, sem samið var um fyrir ári, ekki inni í fjárlögum? Ætlaði ríkisstjórnin sér aldrei að standa við samninginn?

Í bréfi ríkisstjórnarinnar er vísað til „þjóðarsáttarinnar" og að framkvæmd umsaminnar endurskoðunar á launakerfi BHMR muni spilla árangri hennar. Því til stuðnings er minnt á að ein af forsendum kjarasamnings ASÍ og VSÍ, sem aðrir kjarasamningar hafi tekið mið af, sé að „launaþróun annarra verði sú sama og gert er ráð fyrir í samningi þessum" (þ.e. ASÍ og VSÍ).

BHMR átti ekki aðild að þjóðarsáttinni svokölluðu. Samningur þess við ríkisvaldið var

gerður tæpu ári fyrr. Hvorki ASÍ, VSÍ eða nokkur annar getur gert kjarasamninga sem breyta þegar gerðum samningum annarra.

Frestun er réttlætt með því að vitna til eftirfarandi setningar í BHMR-samningnum: „Standa skal að umræddum breytingum með þeim hætti, að ekki valdi röskun á hinu almenna launakerfi í landinu.“ Þessi setning staðfestir að launakerfi BHMR *skuli* breytt, eins og 1. gr. samningsins kveður á um. Hún er ekki um það að ekki eigi að framkvæma umsamdar breytingar heldur um leiðir til þeirra breytinga.

Með því að fresta leiðréttingunni einhliða gefur ríkisstjórnin til kynna að ekki megi hrófla við ríkjandi launakerfi. Þýðir þetta að hópar, sem hér eftir semja um leiðréttingu launa, geti ekki fengið hana vegna þess að ekki megi breyta launakerfinu? Er það launakerfi, sem nú er við lýði, eitthvert náttúrulögmál?

Kvennalistakonur telja núverandi launakerfi óréttlátt og *vilja raska því*, ekki síst til þess að bæta hag kvenna á vinnumarkaðinum.

Ríkisvald, sem opinberar virðingarleysi sitt fyrir lýðræði og mannréttindum með þeim hætti sem nú er orðið, er til alls víst. Það er því áríðandi að *allt launafólk* skilji mikilvægi þess að undirritaðir samningar haldi — hver svo sem í hlut á — minnugt þess að þau spjót, sem beinast að einum í dag, geta fyrr en varir snúist gegn öðrum á morgun.

Fylgiskjal III.

Félagsdómur:

Dómsorð.
(23. júlí 1990.)

Frávísunarkröfu stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs er hrundið.

Viðurkennt er að stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs sé frá 1. júlí 1990 skylt að greiða félagsmönnum stefnanda, Félags íslenskra náttúrufræðinga, sem starfa hjá stefnda og taka laun samkvæmt kjarasamningi aðila frá 18. maí 1989, fjárhæð sem nemur $1^1/_2$ launaflokki til viðbótar launum viðkomandi félagsmanns skv. 10. gr. kjarasamnings aðila.

Stefndi greiði stefnanda kr. 200.000 í málskostnað, er beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Garðar Gíslason. Sigurður Reynir Pétursson. Ingibjörg Benediktsdóttir.
Ragnar Halldór Hall. Þorsteinn A. Jónsson.

Fylgiskjal IV.

BHMR:

Um stefnu fyrir bæjarþingi.
(9. október 1990.)

Fimmtudaginn 4. október sl. var lögð inn stefna fyrir bæjarþingi Reykjavíkur vegna eins félagsmanns úr aðildarfélögum BHMR til kröfu á þeim 4,5% sem afnumin voru með bráðabirgðalögunum frá 3. ágúst sl.

BHMR hefur áður sent fjármálaráðherra „áskorunarbréf" um að inna þessa greiðslu af hendi en fjármálaráðherra hefur ekki sinnt því.

BHMR hefur óskað eftir því við fjármálaráðherra að niðurstaða í þessu einstaklingsmáli hafi fordæmisgildi fyrir alla félagsmenn sem heyra undir samninginn. Fjármálaráðherra hefur enn ekki svarað því.

Lagarökin í þessu máli eru m.a. eftirfarandi:

BHMR telur að bráðabirgðalögin brjóti í bága við stjórnarskrá Íslands í fjórum greinum:

1. Samtökin telja að setning laganna brjóti í bága við 2. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um þrískiptingu valdsins. Lögin voru sett í þeim tilgangi að ómerkja dóm sem æðsta dómsvald hafði fellt.
2. Samtökin telja að lögin stríði gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar sem eru í 67. gr. hennar. Með lögunum er hluti af launum afmarkaðs hóps þjóðfélagsþegna gerður bótalaust upptækur.
3. Samtökin telja lögin brjóta gegn 73. gr. stjórnarskrárinnar sem fjallar um félagafrelsi. Þegar viðsemjandi beitir sér fyrir einhliða afnámi samnings er í raun og veru verið að kippa stoðunum undan starfsemi stéttarfélaga. Þar með er verið að svipta launamenn þeim rétti til frjálsrar félagastarfsemi sem stjórnarskránni er ætlað að tryggja.
4. Alþingi ræddi öll tilvik þessa máls í vetur og þar með einnig möguleikann á lagasetningu. Samtökin telja þess vegna að heimild til setningar bráðabirgðalaga skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar hafi ekki verið fyrir hendi.

Fylgiskjal V.

BHMR:

Um kæru til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO).
(9. október 1990.)

Stjórn og launamálaráð BHMR hafa ákveðið að óska eftir kærumeðferð á vinnubrögðum íslensku ríkisstjórnarinnar hjá Alþjóðavinnumálastofnunni, ILO.

Vísað er sérstaklega til eftirfarandi samþykkta ILO:

1. Samþykkt ILO nr. 98 um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega.
2. Samþykkt ILO nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess.

BHMR mun m.a. vekja athygli ILO á eftirfarandi aðstæðum:

1. Bráðabirgðalögin eru sett af ríkisstjórninni sem var samningsaðili BHMR. Annar tveggja samningsaðila getur ekki haft rétt til að ómerkja meginefni samnings þegar honum hentar.
2. Bráðabirgðalögin veitast að umsömdum kjörum afmarkaðs hóps launamanna.
3. Bráðabirgðalögin ómerkja niðurstöðu æðsta dómsvalds um kjör launamanna.
4. Bráðabirgðalög hafa undanfarin ár grafið undan starfsemi stéttarfélaga en þessi lagasetning er sérstök árás á félög innan BHMR.
5. Bráðabirgðalögin eru sett með vitund annarra stéttarfélaga sem í sínum samningum hafa gert ráð fyrir að samningur BHMR-félaganna yrði ómerktur.

Nd. 245. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til l. um launamál.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í þessu nefndaráliti er rakið hvernig staðið var að samningi BHMR og ríkisins, hverjir voru að verki og hvaða skuldbindingar þeir tóku á sig. Rifjað er upp samkomulag aðila vinnumarkaðarins frá 1. febrúar sl. sem gengið hefur undir nafninu þjóðarsáttin. Sérstaklega er bent á að ríkisstjórnin tók að sér að koma í veg fyrir að BHMR-samningurinn næði efnislega fram að ganga. Hún aðhafðist þó ekkert í málinu lengst af þrátt fyrir fjölda viðvarana.

Þegar ríkisstjórnin ákvað að greiða ekki umsamdar launahækkanir til BHMR fór málið fyrir Félagsdóm sem staðfesti skilning BHMR á kjarasamningnum með samhljóða niðurstöðu. Sagt er frá þeim sýndarviðræðum sem þá fóru fram og síðan setningu bráðabirgðalaganna sem í reynd eru lög um að breyta niðurstöðu æðsta dómstigs í kjaramálum.

Þá er greint frá því að nægur meiri hluti var ekki fyrir hendi til að frumvarpið næði fram að ganga og skýrt frá hugmyndum ríkisstjórnarinnar um að hunsa þingræðisregluna. Loks er sýnt fram á að mesti ógnvaldurinn við þjóðarsáttina er ríkisstjórnin sjálf.

Þegar saga málsins er rakin og rifjuð upp sést að ríkisstjórnin hefur staðið þannig að þessu máli öllu að það er óverjandi fyrir 2. minni hl. nefndarinnar að bera með einum eða öðrum hætti ábyrgð á því að frumvarpið nái fram að ganga.

Kjarasamningur BHMR frá 18. maí 1989.

Hinn 18. maí 1989 var gerður kjarasamningur milli BHMR og ríkisins. Verkfall BHMR hafði staðið frá 6. apríl. Samningaviðræðurnar voru sérstæðar, m.a. að því leyti að ráðherranefnd, sem í sátu þeir Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra, Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra og Svavar Gestsson menntamálaráðherra, tók beinan þátt í viðræðum. Ólafur Ragnar Grímsson fjármálaráðherra starfaði einnig náið með nefndinni og

kom á lokastigi beint að viðræðunum. Það mun vera einsdæmi að fjórir ráðherrar taki svo mikinn þátt í gerð kjarasamnings.

Samningurinn átti að gilda til ársloka 1994 og tryggja félagsmönnum BHMR allar sömu hækkanir og aðrir launþegar fá. Þungamiðja samningsins var hins vegar kjarasamanburður sem ætlað var að hækka laun BHMR-félaga því til viðbótar. Þetta lá ljóst fyrir frá upphafi, enda er í samningunum beinlínis tryggð 4,5% greiðsla upp í „væntanlega hækkun" ef launasamanburði yrði ekki lokið fyrir 1. júlí 1990.

Samkvæmt samningunum skal jafna laun háskólamanna í opinberri þjónustu við laun á almennum markaði fyrir hliðstæð störf í opinberri þjónustu miðað við sömu menntun og ábyrgð. Úrskurðarnefndir eiga að setja reglur um mat á menntun og ábyrgð. Þannig er stefnt að því að grunnpunktur launakerfis BHMR sé sömu laun fyrir sömu menntun og hækkanir reiknast þar frá miðað við meiri menntun annars vegar og ábyrgð hins vegar.

Verði niðurstaða þessa samanburðar og mats sú að ríkisstarfsmenn séu vanhaldnir ber að leiðrétta það á allt að fjórum árum með meðaltalshækkunum einu sinni á ári sem svarar til eins til þriggja launaflokka, þ.e. 3%–9% í hvert sinn þar til meintum mun er eytt.

Pólitísk og persónuleg skuldbinding.

Hinn 19. maí 1989 er haft eftir fjármálaráðherra í Morgunblaðinu að hér hafi ekki einungis verið um að ræða kjarasamning í venjulegri merkingu heldur einnig eins konar vinnusáttmála. Einn af kostum samningsins sé að hann gildi til ársins 1994. Launaliðurinn á árinu og fyrri hluta næsta árs endurspegli á skýran hátt þá kjarasamninga sem gerðir hafa verið við önnur samtök. Í blaðinu sama dag er einnig viðtal við Indriða H. Þorlaksson þar sem hann segist telja samninginn innan ramma launastefnu ríkisstjórnarinnar. Hann segir ómögulegt að meta á þessu stigi áhrif þeirra ákvæða sem lúti að launakerfi og koma eigi til framkvæmda á næstu árum.

Í Þjóðviljanum sama dag er haft eftir fjármálaráðherra: „Samningurinn sem náðist er að mörgu leyti tímamótasamningur. ... Með því að bera beint ábyrgð á samningavinnunni var bæði ég sem fjármálaráðherra og síðan ríkisstjórnin í heild að taka verulega pólitíska áhættu þar sem líf hennar og kannski staða einstakra ráðherra gat ráðist af því hvernig samningsgerðin tækist." Hin beina þátttaka ríkisstjórnarinnar í samningagerðinni gæfi „auðvitað til kynna að ríkisstjórnin telur sig pólitískt og persónulega skuldbundna til að vinna það verk sem fram undan er í einlægni og byggja upp trúnaðartraust á nýjan leik". Það er fátítt að svo ákveðnar yfirlýsingar séu gefnar eftir að samningar liggja fyrir. Ekki virtist vanta viljann í upphafi.

Innstæðulaus ávísun.

Í umfjöllun um samninginn í DV 19. maí er skýrt frá því undir fyrirsögninni „Trygging gegn hækkunum annarra" að háskólamenn muni samkvæmt samningnum fá þær hækkanir sem verða á launatöxtum þeirra verkalýðsfélaga sem samið hafa til skemmri tíma.

Í Morgunblaðinu 20. maí er haft eftir forsætisráðherra að menn geti náttúrlega deilt um þær hækkanir sem eru framundan hjá BHMR síðar á samningstímabilinu. Hann muni standa við þær yfirlýsingar, sem hann hafi áður gefið, að kjör háskólamenntaðra manna í ríkisþjónustu eigi að vera sambærileg við það sem gerist hjá háskólamenntuðum mönnum utan ríkisgeirans.

Í leiðara Morgunblaðsins 20. maí segir:

„Ljóst er að í samkomulaginu felst ákvörðun um að hækka laun háskólamenntaðra

ríkisstarfsmanna verulega á næstu árum og verður fróðlegt að sjá hvort aðrir opinberir starfsmenn sætti sig við það án þess að fá sambærilegar hækkanir. Hefur einhver trú á því?“

Þá segir einnig:

„Nú hafa verið gerðir nýir samningar við aðra hópa opinberra starfsmanna sem eru ekki fremur í samræmi við veruleikann í íslensku atvinnulífi en hinir fyrri.“

Sama dag skrifar Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, í Morgunblaðið:

„Fjármálaráðherrann hefur verið að hæla sér af því, með stuðningi Þjóðviljans, að undanförnu að hann hafi kveðið niður með öllu markaðslaunahugmyndir háskólamanna í ríkisþjónustu. Niðurstaða kjarasamninganna er á hinn bóginn sú að gengið er að kröfum af þessu tagi en með býsna sérkennilegum hætti. Það er skrifuð út ávísun á framtíðina sem fjármálaráðherrann hefur ekki og getur ekki sýnt fram á að innstæða sé til fyrir.“

Þannig var ríkisstjórnin vöruð við strax við gerð samningsins.

Kjarasamningur ASÍ og VSÍ frá 1. febrúar.

Við undirbúning að gerð kjarasamnings ASÍ/VSÍ fyrr á þessu ári náðist samstaða milli aðila á vinnumarkaði um að freista þess að ná niður verðbólgu og treysta þar með atvinnu. Kom þá strax fram af hálfu BSRB og ASÍ að forsenda samninga, sem miðuðu að mjög lágri verðbólgu, væri sú að allir sætu við sama borð. Sett var því inn í samning ASÍ og VSÍ í 10. gr., 9. tölul., að forsenda samningsins væri sú að aðrir fengju ekki frekari hækkanir en í samningi ASÍ og VSÍ fælist.

Upplýst er að atvinnurekendur kölluðu eftir tryggingum fyrir því að kjarasamningar ríkisstjórnarinnar röskuðu ekki febrúarsamningunum og einnig að ríkisstjórnin hafi handsalað þetta með einum eða öðrum hætti.

Fjármálaráðherra hélt því fram að niðurlagsákvæði 1. gr. samnings við BHMR, um að standa skuli að breytingum með þeim hætti að ekki valdi röskun á hinu almenna launakerfi í landinu, gerði það að verkum að ekki kæmi til hækkana. Af hálfu VSÍ og margra annarra var bent á að þessi skilningur jafngilti því að í samningnum stæði að aldrei skyldi efna hann því að þessi hækkun umfram aðra mundi alltaf raska launamálum annarra.

Það kvað við nokkuð annan tón þegar Þjóðviljinn rakti efni samninganna föstudaginn 2. febrúar 1990. Þar segir orðrétt:

„Eftir þetta hjal hljóta sigurvegarar kjarabaráttunnar samt að vera félagar í BHMR. Þeir náðu að semja til lengri tíma en aðrir og ekkert virðist geta komið í veg fyrir að laun þeirra hækki umfram aðra hópa þótt þeir njóti vitaskuld góðs af mörgum þáttum þessara samninga. En það væri banabiti verkalýðshreyfingarinnar ef hún ætlaði sér að fá samningi BHMR rift og varla hægt að ætla neinum slíkt brot á grundvallarmannréttindum.“

Þannig varaði málgagn Alþýðubandalagsins við því hvert stefndi ef ekki væri farin samningaleiðin.

Formaður Alþýðubandalagsins, fjármálaráðherrann sjálfur, kaus hins vegar að horfa fram hjá fyrirliggjandi staðreyndum og sagði á Alþingi 6. febrúar 1990:

„Hér hefur tekist á fullkomlega lýðræðislegan hátt með frjálsum samningum aðila á vinnumarkaði að festa í sessi stöðugleika í efnahagsmálum og byggja á þeim grundvelli

sem ríkisstjórnin hefur lagt án þess að beita lögþvingun með einum eða öðrum hætti."

Síðar kom annað í ljós.

Framkvæmd samningsins við BHMR.

Í Alþýðublaðinu 3. febrúar 1990 er haft eftir fjármálaráðherra að BHMR eigi ekki rétt á neinu umfram kjarasamninga ASÍ og VSÍ. Kjarasamningur BHMR gefi þeim ekki sjálfkrafa rétt á launahækkun umfram aðra launþega. Forsætisráðherra sagðist ekki útiloka lagasetningu til að koma í veg fyrir að einstakir hagsmunahópar sprengi nýgerða kjarasamninga. Utanríkisráðherra sagði í Morgunblaðinu 4. febrúar að engum líðist að sprengja ramma samninganna. Þrátt fyrir þetta hafðist ríkisstjórnin ekki að.

Í DV 8. febrúar segir fjármálaráðherra:

„Það er ljóst að Einar Oddur Kristjánsson, formaður VSÍ, hefur ekki lesið vel yfir kjarasamninga BHMR þegar hann kallaði þá tímasprengju sem þyrfti að aftengja. Það hefur engin tímasprengja verið tengd. ... Það er því ljóst að kjarasamningar háskólamanna munu ekki raska því jafnvægi sem nýju kjarasamningarnir eiga að tryggja á vinnumarkaði og í efnahagslífinu. Endurskoðun og breytingar á launakerfi háskólamanna verði því að vera innan þess ramma sem nýju kjarasamningarnir marka."

Í Þjóðviljanum bæði 1. og 8. maí varar Ari Skúlason hagfræðingur ASÍ við því að hækkanir í BHMR-samningnum geti ógnað samningi ASÍ og VSÍ og þeim stöðugleika í atvinnulífinu sem hafi verið forsenda hans.

Þá hefur verið upplýst að bæði VSÍ og Reykjavíkurborg hafi varað við því að BHMR mundi fá hækkanir viðurkenndar ef deilan gengi til dóms. Ríkisstjórnin treysti því hins vegar blint að hægt væri að svíkja BHMR með fyrirvaranum í 1. gr. samningsins og hafðist ekki að.

Þrátt fyrir öll varnaðarorðin gerðist ekkert fyrr en 12. júní þegar ríkisstjórnin boðaði BHMR til fundar og greindi frá því að hún hafi á grundvelli ákvæða í 1. gr. samningsins ákveðið að láta BHMR fylgja þjóðarsáttinni og fresta framkvæmd launahækkana samkvæmt þeim samningi sem hún sjálf hafði gert við BHMR.

Dómur félagsdóms.

BHMR höfðaði mál fyrir Félagsdómi og féll dómur 23. júlí þar sem fallist var á kröfur BHMR um 4,5% launahækkun frá 1. júlí.

Í niðurstöðu dómsins segir m.a.:

„Sýknukrafa stefnda [fjármálaráðherra] er í fyrsta lagi á því byggð að honum hafi verið heimilt og skylt að fresta framkvæmd nýs launakerfis og að honum sé því óskylt skv. 1. gr. samningsins að inna af hendi hina umkröfðu greiðslu til félagsmanna stefndu þar sem slík launahækkun valdi röskun á hinu almenna launakerfi í landinu.

Ekkert ákvæði kjarasamningsins tekur til þess hvernig sú aðstaða skuli skilgreind að framkvæmd tiltekinna ákvæða hans fari í bága við þetta markmið sem aðilar tóku sameiginlega á sig að stefna að. Verður þetta ákvæði samningsins ekki skýrt öðru vísi en svo að telji annar hvor samningsaðilanna slíka röskun vera yfirvofandi verði hann að leita samkomulags við hinn aðilann um hvernig við því skuli brugðist. Er því ekki fallist á með stefnda að ákvæði 1. gr. samningsins hafi heimilað honum að ákveða einhliða frestun greiðslna samkvæmt I. kafla samningsins sem koma áttu til framkvæmda 1. júlí 1990, enda hefur ekki verið í ljós leitt með óyggjandi hætti að afleiðingar samningsins verði aðrar en þær er sjá mátti fyrir við gerð hans."

Þarna er undirstrikuð sú staðreynd að áhrif samningsins voru þekkt frá upphafi og hlutu að hafa sams konar áhrif hvort sem þjóðarsáttin var gerð eða ekki. Og eins er bent á þann sjálfsagða hlut að leita verði samkomulags áður en annar aðilinn tekur einhliða ákvarðanir um efnisatriði.

Tilboð ríkisstjórnarinnar.

Í framhaldi af dómi Félagsdóms settu fulltrúar ASÍ fram kröfu um hliðstæða hækkun á fundi í launanefnd ASÍ og VSÍ þriðjudaginn 24. júlí. BSRB lýsti þegar sömu kröfum. Fulltrúar VSÍ töldu málið utan starfssviðs launanefndar og var ákveðinn fundur samningsaðila fimmtudaginn 26. júlí.

Miðvikudaginn 25. júlí hélt ASÍ miðstjórnarfund þar sem krafan um jöfnuð við launaþróun BHMR var enn áréttuð. Samningafundurinn fór fram 26. júlí og í kjölfar hans áttu fulltrúar samtakanna fund með formönnum stjórnarflokkanna. Jafnframt var af hálfu VSÍ rifjað upp að ríkisstjórnin hafi heitið því að tryggja sömu launaþróun hjá BHMR og þeim sem gerðu þjóðarsáttina. Í kjölfar þessa fundar var fundur í framkvæmdastjórn VSÍ þar sem málið var reifað og samningaráði veitt heimild til þeirra aðgerða sem nauðsynlegar þættu til að knýja á um að staðið verði við fyrirheitið um sömu launaþróun.

Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar efndi fjármálaráðherra þá til viðræðna við BHMR með það að markmiði að BHMR samþykkti að falla frá þeim launahækkunum sem staðfestar voru í Félagsdómi. Niðurstöður yrðu að liggja fyrir þriðjudaginn 31. júlí.

Að kvöldi 30. júlí setti fjármálaráðherra fram lokaboð til BHMR: Þeir héldu 4,5% kauphækkuninni en fengju enga aðra til 15. september 1991 en nytu verðbótaúrskurða launanefnda. BHMR hafnaði þessari leið.

Hinn 31. júlí var haldinn fundur samninganefnda ASÍ, VSÍ og VMSS þar sem lögð var fram yfirlýsing samninganefndar atvinnurekenda sem svar við kröfu ASÍ um hækkun til samræmis við BHMR. Þar var því heitið að atvinnurekendur hlytu að tryggja ASÍ-fólki hliðstæða launaþróun.

Bráðabirgðalögin gefin út.

Í kjölfar þessara atburða var bráðabirgðalögunum hnoðað saman og voru þau gefin formlega út 3. ágúst. Meginefni laganna er að BHMR-hækkunin er afnumin frá 1. september og launaþróunin fest með sama hætti og hjá öðrum. 5. og 15. gr. BHMR-samningsins eru ógiltar og samningurinn látinn renna út 15. september 1991. Að formi til binda lögin alla gildandi kjarasamninga en breyta samt engu um neina nema við BHMR. Hér er einungis um form að ræða.

Það er einnig athyglisvert að í nafni frjáls samningsréttar og lýðræðis voru lögin, að kröfu Alþýðubandalagsráðherranna, aðeins látin ná til þeirra sem þegar höfðu samið. Fjármálaráðherra benti á það að samningsréttur annarra væri óskertur. Það var sú beita sem þingmönnum Alþýðubandalagsins var ætlað að gleypa við.

Aðdragandi bráðabirgðalaganna.

Eftir öll mistökin, sem ríkisstjórnin hafði gert, sat hún uppi með dóm sem staðfesti skilning BHMR og jafnframt þá hættu sem VSÍ, Reykjavíkurborg o.fl. höfðu varað við. Eftir dómsuppkvaðninguna varð ríkisstjórnin ráðvillt, en starfandi forsætisráðherra og fjármálaráðherra tóku strax af skarið um lagasetningu. Hinn 24. júlí 1990 spurði blm. DV: „Kemur til greina að setja bráðabirgðalög á þessar hækkanir?“ Og fjármálaráðherra svar-

aði: „Nei, það tel ég ekki vera, það kemur ekki til greina að setja bráðabirgðalög á niðurstöðu dóms."

Daginn eftir var hins vegar haft eftir Jóni Baldvini Hannibalssyni utanríkisráðherra í Morgunblaðinu:

„Mín niðurstaða er sú að í fyrsta lagi eigi að segja þessum samningi upp. Í annan stað á að styðja það frekar með bráðabirgðalögum sem þjóni eftirfarandi markmiðum: Í fyrsta lagi að taka til baka seinni áfangahækkanir BHMR-samningsins til þess að kaupmáttarniðurstaðan í lok samningstímabils almennu samninganna verði sú sama. Í annan stað tel ég að þau lög eigi að binda aðra hópa sem enn hafa ekki lokið sínum kjarasamningum en gætu hugsað sér til hreyfings í framhaldi af þessu."

Á næstu dögum gaus upp ágreiningur um hvort setja skyldi bráðabirgðalög og hvert efni þeirra ætti að verða. Niðurstaðan er kunn, en tvískinningurinn í orðum fjármálaráðherra leynir sér ekki í viðtali við Tímann 3. ágúst 1990. „Ég er mjög ánægður með það að bráðabirgðalögin eru í þeirri mynd sem þingflokkur Alþýðubandalagsins lagði áherslu á nú síðasta sólarhringinn. ... Við vildum ekki takmarka rétt þeirra sem eru með lausa samninga og það er ekki gert í þessum bráðabirgðalögum og almennur samningsréttur og lýðréttindi eru ekki skert."

Í Morgunblaðinu var viðtal við Ólaf Ragnar Grímsson:

„Bráðabirgðalögin eru í þeirri mynd sem við vildum hafa þau. Við vildum ekki takmarka samningsrétt þeirra sem eru með lausa samninga og það er ekki gert í þessum bráðabirgðalögum. Almennur samningaréttur og lýðréttindi eru ekki skert með þessum lögum.

En hvað ef félög með lausa samninga ætla að fá meira en felst í þjóðarsáttinni. Verða þá sett lög á þau?

Þau geta auðvitað farið fram á hvað sem er. En lýðræðislegur réttur þeirra til að gera sjálfstæða samninga er ekki skertur í þessum bráðabirgðalögum."

Þessi lýsing formanns Alþýðubandalagsins á innihaldi bráðabirgðalaganna virðist hafa dugað flestum þingmönnum flokksins. Þegar Þjóðviljinn spurði Svavar Gestsson hvernig honum litist á niðurstöðuna sagði hann:

„Í fyrsta lagi er niðurstaðan sú að bráðabirgðalögin taka í raun og veru á tveimur aðalefnisatriðum. Því að fresta 4,5% launahækkun Bandalags háskólamanna í þrjá mánuði, sem í staðinn fá 2% hækkun 1. desember, 2,5% 1. mars og 2% 1. júní. Hvað varðar kaupmátt standa þeir ekki lakar en þeir hefðu gert. ... En það grundvallaratriði verða menn að hafa í huga að allir, sem á annað borð hafa lausa samninga, geta, ef þeir ná til þess stöðu, samið sig frá þessu. Þannig að mannréttindaákvæði laga, stjórnarskrár og leikreglna í þjóðfélaginu eru á sínum stað hvort sem um er að ræða rétt til uppsagnar, samninga og verkfalla. Pólitískt séð fyrir Alþýðubandalagið er þetta meginatriðið í mínum huga."

Hver verður næstur?

Tveir þingmenn Alþýðubandalagsins lýstu samt andstöðu við bráðabirgðalögin og greiddu atkvæði gegn þeim í þingflokknum. Geir Gunnarsson sagði í viðtali við Þjóðviljann 4. ágúst sl.:

„Ríkisstjórnin gerði þennan samning áður en þjóðarsáttin var gerð og maður verður að ímynda sér að hún hafi ætlað að standa við hann. En svo er eins og menn hafi verið ráðnir í að hafa hann að engu. Svo kom þetta áfall sem úrskurður Félagsdóms var og þá var ekki hikað við að afnema dóminn með lögum. Alltaf þegar gerð er atlaga að samn-

ingsrétti launafólks hefur það fordæmisgildi. Það veit enginn hver verður næstur."

Við fyrstu umræðu um frumvarpið lýsti Hjörleifur Guttormsson skoðun sinni með þessum orðum:

„Þetta er mjög alvarlegt mál sem hér er til umræðu. Það snertir grundvallarþætti stjórnskipunar okkar, undirstöðuþætti varðandi leikreglur í samfélaginu og það varðar mjög marga. Jafnvel þó menn telji sig hafa vissu fyrir því að þarna hafi verið mikil vá eða a.m.k. erfiðleikar fyrir dyrum í efnahagslegu samhengi þá finnst mér ekki hægt að rökstyðja þessa lagasetningu með vísun til efnahagslegra kringumstæðna miðað við það sem á undan var gengið. Þá er ég að vísa til Félagsdóms, niðurstöðu hans og dómsorðs, og ég er líka að vísa til þeirrar mjög takmörkuðu og brotakenndu viðleitni sem ríkisvaldið sem samningsaðili hafði haft uppi til þess að leysa þetta mál með samningum og friðsamlegum hætti við gagnaðilann, í þessu tilviki BHMR. Ríkisvaldið gerði samning við BHMR vorið 1989. Aðrir aðilar á vinnumarkaði sömdu í febrúar 1990. En ríkisvaldið hafði ekki fyrir því að koma því áleiðis til viðsemjanda síns, BHMR, að það liti svo á að vegna gerðra samninga á almennum markaði teldi það að fyrri samningur væri ógildur og honum væri sagt upp, sem hefði þó verið skylda ríkisvaldsins ef það var mat manna að ekki væri búandi við þennan samning, m.a. vegna ákvæða 15. gr. hans um víxlhækkanir og tilvísun í aðra kjarasamninga."

Meiri hluti ekki fyrir hendi.

Þegar Stefán Valgeirsson lýsti því yfir í síðasta mánuði að hann mundi greiða atkvæði gegn bráðabirgðalögunum varð ljóst að ríkisstjórnin hafði misst tilskilinn meiri hluta til að koma frumvarpinu í gegnum neðri deild án stuðnings eða hjásetu stjórnarandstöðuþingmanna.

Þar með opinberaðist það jafnframt að forsætisráðherra hafði sagt forseta og þjóðinni rangt frá þegar hann sagði við setningu laganna að hann hefði tryggilega gengið úr skugga um meirihlutastuðning. Í blaðaviðtali fyrir skömmu segist hann hafa staðið í þeirri trú að meiri hluti hefði verið fyrir hendi þar sem hann hefði ekki átt von á andstöðu Geirs Gunnarssonar. Þegar svo var komið hlaut það að vera þingræðisleg skylda forsætisráðherrans, ef hann vildi ná frumvarpinu fram, að freista þess að afla frumvarpinu fylgis á Alþingi. Að öðrum kosti bar ríkisstjórninni að segja af sér, þannig að kostur gæfist á að mynda stjórn til að leysa málið á þingræðislegan hátt.

Þrátt fyrir yfirlýsingu þingflokks sjálfstæðismanna um að greiða atkvæði gegn frumvarpinu, eins og það liggur fyrir, á grundvelli siðferðis- og lagaraka kaus ríkisstjórnin að ræða ekki við stjórnarandstöðuna um framhald málsins. Í stað þess hótaði hún þingrofi sem hefði fellt bráðabirgðarlögin úr gildi og í framhaldi af því átti að setja lögin á nýjan leik. Slíkt tilræði við þingræði og lýðræðisvenjur náði þó ekki fram að ganga þegar einn eindregnasti andstæðingur frumvarpsins ákvað að sitja hjá við atkvæðagreiðsluna til að koma í veg fyrir að flokkur hans tæki þátt í að fótum troða leikreglur lýðræðisins ofan í það siðleysi og þau lögbrot sem áður höfðu átt sér stað í þessu máli.

Ríkisstjórnin er mesti ógnvaldur þjóðarsáttar.

Kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins í febrúar voru að sjálfsögðu ekki endanleg lausn í baráttunni við verðbólguna. Ýmsir aðrir þættir koma þar til skjalanna, þættir sem ríkisstjórn á hverjum tíma hefur fyrst og fremst á valdi sínu. Kjarasamningarnir voru fyrst og fremst framlag til þess að lækka verðbólguna og skapa vinnufrið til frekari árangurs

en eru hvergi nægjanlegir einir og sér. Um þetta hafa flestir verið sammála.

En hvernig hefur ríkisstjórnin þá staðið sig í þeim hlutum sem að henni snúa? Aðilar vinnumarkaðarins og þá sérstaklega launþegar gera samkvæmt þjóðarsáttinni ekki meiri kröfur til tekna og eyðslu en samræmist verðmætasköpun atvinnulífsins. Ríkisstjórnin hefur hins vegar ekki fylgt þeirri stefnu. Hún er þvert á móti að grafa undan þessari þjóðarsátt.

Í fyrsta lagi hefur ríkisstjórninni ekki tekist að ná valdi á útgjöldum ríkissjóðs. Síþensla ríkisútgjalda heldur áfram þótt nú sé reynt með bókhaldsbrögðum að fela útgjaldaaukninguna. Eigið fé sjóða er látið rýrna með því að skera niður ríkisframlög án þess að fjárhagur þeirra sé efldur með öðrum hætti. Stórfellt tap sjóða, svo sem Byggðasjóðs, Atvinnutryggingarsjóðs og Hlutafjársjóðs er falið. Framlag ríkissjóðs til lífeyrisskuldbindinga vegna opinberra starfsmanna er þurrkað út. Hvergi kemur fram í ríkisbókhaldi að lántaka Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins á sínum tíma hafi fallið á ríkissjóð. Á hverju hausti kynnir fjármálaráðherra nýtt tímamótafrumvarp til fjárlaga, hornstein stöðugleika í efnahagsmálum. En þegar upp er staðið er afkoma ríkissjóðs um 6.000–7.000 milljónum króna verri en þessi tímamótaplögg fjármálaráðherra gerðu ráð fyrir.

Í öðru lagi hefur ríkisstjórnin boðað skattahækkanir á atvinnuvegina þrátt fyrir að öllum sé ljóst að slíkar hækkanir koma fram í verðlagi sem ekki er gert ráð fyrir í þeim forsendum sem aðilar vinnumarkaðarins og ríkisstjórnin sjálf komu sér saman um. Boðuð er 800 milljóna króna skattahækkun samfara samræmingu launatengdra gjalda. Til viðbótar er boðað 800 milljóna króna álag á sama stofn sem á að fara í að lækka aðstöðugjald án þess að neitt sé farið að vinna í því máli. Þá á að hækka tekjuskatt fyrirtækja að raungildi um 500–600 milljónir króna sem kemur fram í afkomu þeirra og getu til uppbyggingarstarfa. Enn fremur er boðaður sérstakur hafnarskattur sem hækkar kostnað við innflutning og leggst líka á útflutningsgreinar á sama tíma og raungengishækkun er fyrirsjáanleg.

Í þriðja lagi hefur peningamagn aukist umfram verðbólgutölur en það getur gengið meðan fyrirtæki eru að bæta skuldastöðu sína og sparnaður þjóðarinnar eykst. Hættan er hins vegar sú að ríkisstjórnin muni beita sér gegn því að vextir breytist eðlilega ef eftirspurn eftir lánsfé fer að aukast á nýjan leik, t.d. ef fyrirtæki telja sig geta á ný farið að byggja sig upp. Ríkisstjórnin hefur gengið hart fram í að fá bankana ofan af því að breyta vöxtum þegar þeir hafa talið þess þurfa. Því er ekki við því að búast að ríkisstjórnin verði viljugri þegar þrýstingur á vaxtahækkanir eykst enn frekar vegna aukinnar ásóknar ríkissjóðs á innlenda lánsfjármarkaðinn. Peningamálastefna ríkisstjórnarinnar getur því á engan hátt samrýmst því markmiði að halda verðlagi í skefjum.

Þannig liggur fyrir að stefna ríkisstjórnarinnar í þessum mikilvægu málum samræmist alls ekki markmiði kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins í febrúar sl. Á sama tíma og almennir launþegar hafa tekið á sig 15% kaupmáttarskerðingu vegna samdráttar í þjóðarbúinu og atvinnufyrirtækin leita allra leiða til að hagræða hefur ríkisstjórnin svikist um framlag sitt til þjóðarsáttar. Ríkisstjórnin sjálf er þannig mesti ógnvaldurinn við þá þjóðarsátt sem hún þáði að gerast aðili að á sínum tíma.

Niðurstaða.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa margoft lýst stuðningi sínum við meginmarkmið kjarasamninganna sem hlotið hafa nafnið þjóðarsátt. Ólögmætar aðgerðir, bráðabirgðalög á dómsniðurstöðu og siðlaus framkoma ríkisstjórnar gagnvart viðsemjendum sínum

geta hins vegar aldrei orðið hluti af þjóðarsátt.

Ríkisstjórnin tók að sér að tryggja aðild BHMR að þjóðarsáttinni svokölluðu þegar aðilar vinnumarkaðarins skrifuðu undir kjarasamning sinn 1. febrúar. Þrátt fyrir margar viðvaranir lét ríkisstjórnin undir höfuð leggjast að ræða við BHMR um samstarf á þeim grundvelli.

Þannig hafnaði ríkisstjórnin því að fara lögmætar leiðir til að fá BHMR til þátttöku. Hún valdi einhliða samningsrof í stað samningsumleitana. Hún neytti ekki þess úrræðis að grípa til löggjafarvaldsins á meðan þing sat og enn voru tækifæri. Hún kaus að beita bráðabirgðalögum eftir að æðsti dómstóll hafði kveðið upp sinn dóm. Slíkt er af mörgum talið stjórnarskrárbrot.

Á slíkum aðgerðum getur Sjálfstæðisflokkurinn ekki tekið ábyrgð. Það gildir einu þótt slík afstaða gegn lögleysu og óréttlæti kunni að kosta óvinsældir um stundarsakir.

Í þeirri stöðu, sem upp kom á Alþingi þegar ljóst var að ríkisstjórnin hafði misst meiri hluta sinn, jafngilti hjáseta Sjálfstæðisflokksins því að hann tryggði framgang frumvarpsins og bæri ábyrgð á bráðabirgðalögunum. Þess vegna hlaut þingflokkur sjálfstæðismanna að taka þá ákvörðun að greiða atkvæði gegn frumvarpinu. 2. minni hl. nefndarinnar leggur því til að frumvarpið verði fellt.

Matthías Bjarnason var fjarverandi lokaafgreiðslu málsins vegna veikinda.

Alþingi, 6. des. 1990.

Friðrik Sophusson.

Fylgiskjal I.

ÞETTA SÖGÐU ÞEIR ÞÁ

Um ábyrgð, frjálsan samningsrétt og siðgæði.

Ólafur Ragnar Grímsson fjármálaráðherra var spurður í Morgunblaðinu 14. maí 1989 hvort hann útilokaði lagasetningu um gerðardóm á BHMR. Hann svaraði:

„Við viljum hafa hér lýðræðislegt þjóðfélag með frjálsum samningsrétti. En lýðræði þolir ekki frjálsræði ef engin ábyrgð fylgir því. Ábyrgð er ekki verslunarvara sem menn kaupa úti í búð. Hún er eiginleiki, hugarfar, ákveðið siðgæði. Lagasetning, sem kemur í veg fyrir eiginhagsmunapot ákveðins þjóðfélagshóps, leysir hann undan þessari ábyrgð. Hún mundi ýta undir ábyrgðarlaust hugarfar. Við skulum bara leika okkur og sjá hvað við komumst langt. Ég tel að við stöndum hér á ákveðnum tímamótum. Við eigum að neita okkur um lagasetningu og halda áfram að byggja upp þá ábyrgðartilfinningu sem komið hefur fram í öðrum kjaradeilum."

Hvatt til pólitískra verkfalla.

Í blaðagrein, sem Páll Halldórsson, formaður BHMR, skrifar hinn 23. ágúst sl., lýsir hann afstöðu Ólafs Ragnars til aðgerða af hálfu BHMR þegar bráðabirgðalög voru sett árið 1988. Hann segir:

„Núverandi fjármálaráðherra hvatti þá ákaft forustumenn BHMR til að æsa til pólitískra verkfalla gegn ríkisstjórninni og ekki vantaði frýjunarorðin þegar menn vildu ekki

fara að ráðum hans. Pólitísk verkföll eru ólögleg þó honum hafi ekki fundist það þá þungbær röksemd."

Staðið við yfirlýsingu.

„Þessir samningar hafa að sjálfsögðu afar mikla þýðingu. Hér hefði orðið óþolandi ástand ef verkfallið hefði haldið áfram, fram eftir sumri eins og mér fannst stefna í, sagði Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra í samtali við Morgunblaðið um nýgerða kjarasamninga ríkisins og BHMR.

Forsætisráðherra sagði að kostnaðarlega séð bæri að líta til þess að lítill munur yrði á kjarabótum BHMR og BSRB þá átta mánuði sem eftir væru af samningstíma BSRB. „Hins vegar geta menn náttúrlega deilt um þær hækkanir sem eru framundan hjá BHMR síðar á samningstímabilinu. Mér sýnist sem BHMR fái um 15% hækkun á eins árs grundvelli. Það er staðreynd að það er of mikil hækkun," sagði Steingrímur, en bætti svo við: „Það er auðvitað afar mikils virði að fá með þessum samningum jafnvel allt að fimm ára frið í skólum."

Steingrímur sagðist mundu standa við þær yfirlýsingar, sem hann hefði áður gefið, eins og í ríkisstjórninni 1985, að kjör háskólamenntaðra manna í þjónustu ríkisins ættu að vera sambærileg við það sem gerðist hjá háskólamenntuðum mönnum utan ríkisgeirans. „Reyndar skil ég vel þá tortryggni sem er hjá þeim vegna þess hve erfiðlega hefur gengið að fá þetta fram."

Forsætisráðherra var spurður hvers vegna hann hefði ekki sem forsætisráðherra á árunum 1985 til 1987 séð til þess að staðið yrði við yfirlýsingu hans: „Framkvæmdin í svona máli er náttúrlega í höndum fjármálaráðherra sem fer með þessi mál. Ég gaf þessa yfirlýsingu á sínum tíma að ósk BHMR og samkvæmt samþykki þáverandi fjármálaráðherra, Alberts Guðmundssonar," sagði Steingrímur Hermannsson, forsætisráðherra." (Morgunblaðið 20. maí 1989.)

Dómstólar og pólitískt vald.

„Það er ekki hlutverk Félagsdóms eða annarra dómstóla að bjarga ríkisstjórninni út úr þeim lögfræðilegu ógöngum sem hún hefur ratað í.

Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að helsta einkenni réttarríkis er að það eru lögin sem á endanum ákvarða réttindi manna og skyldur. Hinu sama gegnir um ráðamenn sem í athöfnum sínum og ákvörðunum eru bundnir af lögum. Annað einkenni réttarríkisins er að sérstökum stofnunum, dómstólum, er falið vald til að skera úr réttarágreiningi. Við úrlausn sína ber dómstólum að fara að lögum. Í þessu valdi dómstólanna felast í reynd takmörk hins pólitíska valds. Ráðamenn verða óhjákvæmilega að sníða áætlanir sínar og ákvarðanir að þeim lagalega veruleika sem þeir búa við. Pólitísk markmið ríkisstjórnar ákvarða ekki réttarstöðu manna, hversu skynsamleg sem þau kunna annars að vera." (Davíð Þór Björgvinsson lögfræðingur í Morgunblaðinu 12. ágúst 1990.)

Góð ráð Morgunblaðsins.

„Ríkisstjórnin situr uppi með afleiðingar kjarasamninga sem hún gerði til þess að losna út úr erfiðu verkfalli. Hún stóð síðan að öðrum kjarasamningum sem gengu þvert á hina fyrri. Hún hefði auðvitað átt að gera hreint fyrir sínum dyrum strax í vetur. En hvað sem því líður má aldrei leika vafi á að ríkisstjórn fari að lögum. Þess vegna á ríkis-

stjórnin að ganga hreint til verks og nýta þann rétt sem hún hefur til þess að setja bráðabirgðalög, þannig að ekki fari á milli mála að rétt sé að verki staðið. Auðvitað hefði ríkisstjórnin átt að leggja tillögu að slíkri löggjöf fyrir Alþingi áður en því var slitið í vor. Allar upplýsingar lágu fyrir um þetta mál meðan þingið sat, en væntanlega hafa stjórnarflokkarnir viljað komast hjá pólitískum óþægindum vegna þessa máls fyrir sveitarstjórnarkosningar. Ef ríkisstjórnin treystir sér ekki til að nýta rétt sinn til bráðabirgðalaga vegna aðstæðna ætti hún að taka þátt í því að fá úr því skorið fyrir dómstólum hvernig túlka beri loðið orðalag samninganna. Það stjórnar enginn lýðræðisþjóðfélagi með samningsbrotum og trúnaðarbresti við launþegasamtök." (Leiðari Morgunblaðsins 15. júní sl. í kjölfar „kaupránsyfirlýsingar" ríkisstjórnarinnar.)

Gómaður í græna hliðinu.

„Fjármálaráðherra hafði lýst því yfir að samningurinn við BHMR væri góður, að ákvæði hans í 1. gr. kæmi í veg fyrir verðbólgukollhnís og að Félagsdómur mundi dæma ríkisstjórninni í hag.

Ítrekuðum ábendingum um að illa gæti farið var ekki sinnt. Nú stendur ráðherrann og skammar Félagsdóm. Þetta minnir á mann sem stendur í biðröðinni við græna hliðið með allt of mikið brennivín, er svo tekinn og ræðst á tollgæsluna." (Föstudagsspjall Guðmundar Einarssonar, aðstoðarmanns iðnaðarráðherra, í Alþýðublaðinu 27. júlí sl.)

Fylgiskjal II.

Árni Grétar Finnsson:

Setning bráðabirgðalaganna er andstæð stjórnarskránni.

Umræður um staðfestingu bráðabirgðalaganna, sem ríkisstjórnin setti í sumar til ógildingar á samningum sínum við BHMR, eru nú í brennidepli. Í þeim umræðum virðast margir horfa fram hjá þeim meginkjarna málsins að setning bráðabirgðalaga eftir á til að ógilda efnislega niðurstöðu félagsdóms er andstæð stjórnarskránni.

Stjórnarskráin er sá grunnur sem stjórnskipun íslenska lýðveldisins byggist á. Til að tryggja festu stjórnarskrárinnar gilda aðrar og umfangsmeiri reglur um breytingar á henni heldur en um venjulegar lagasetningar. Alþingismenn vinna sérstakt heit að því að virða stjórnarskrána.

Almenn lög mega ekki brjóta í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar. Í 28. gr. hennar, sem fjallar um útgáfu bráðabirgðalaga, er sérstaklega tekið fram: „Ekki mega þau þó ríða í bága við stjórnarskrána." Úrskurðarvald um hvort lög samrýmast stjórnarskránni er í höndum dómstólanna. Eru dæmi þess að Hæstiréttur hafi vikið lögum á þeim forsendum að þau væru andstæð ákvæðum hennar.

Samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar er ríkisvaldinu skipt í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Þar er sérstaklega tekið fram að dómendur fari með dómsvaldið. Hliðstæð skipting ríkisvaldsins er í stjórnarskrám annarra ríkja með svipað stjórnarfar og Íslendingar búa við. Hugmyndin að þrískiptingu ríkisvaldsins er nær fjögurra alda gömul. Henni er ætlað að dreifa hinu mikla valdi ríkisins og stuðla að því að hver einstakur þáttur þess veiti hinum aðhald. Þar er hlutverk óháðra dómstóla mikilvægt, þar sem

þeirra nýtur ekki lengur tekur alræði framkvæmdarvaldsins við.

Samkvæmt 60. grein stjórnarskrárinnar skera dómstólar úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þar er dómstólum fengið vald til að úrskurða um hvort handhafar framkvæmdarvaldsins, þar með taldir ráðherrar, hafa farið að lögum í stjórnarathöfnum sínum.

Dómum verður ekki breytt með lögum.

Af því sem nú hefur verið rakið er ljóst að dómstólum er ætlað að veita handhöfum löggjafar- og framkvæmdarvaldsins víðtækt aðhald. Þeir eru oft eina vörn þegnanna gegn öðrum þáttum ríkisvaldsins, sérstaklega framkvæmdarvaldinu. Hlutverk dómstólanna er að sjálfsögðu mun víðtækara en þetta þótt ekki verði um það fjallað hér. Með störfum þeirra er ætlunin að tryggja að endi skuli bundinn á alla þrætu. Ákvæði stjórnarskrárinnar um að dómendur fari með dómsvald þýðir að niðurstaða þeirra er endanleg í hverju einstöku máli sem þeir úrskurða. Henni er ekki hægt að breyta, hvorki af löggjafar- né framkvæmdarvaldi. Undantekningar um náðun og uppreisn æru í sakamálum eiga ekki við í því tilfelli sem hér er til umfjöllunar. Endurupptaka máls, t.d. sökum nýrra sönnunargagna, er háð ákvörðun dómstóla.

Félagsdómur fékk til úrskurðar mál BHMR og ríkisins vegna ágreinings um framkvæmd kjarasamninga sem þeir gerðu sín á milli 1. maí 1989. BHMR krafðist þess að umdeild ákvæði samningsins um kauphækkanir tækju gildi, en ríkisstjórnin taldi forsendur ákvæðanna brostnar. Niðurstaða Félagsdóms gekk sem kunnugt er BHMR í vil og úrskurðaði dómurinn að hin umdeildu ákvæði kjarasamningsins væru í fullu gildi. Þar með var málinu lokið á lögformlegan hátt. Hér skiptir ekki máli hvaða afstöðu menn hafa til efnis umræddra kjarasamnings BHMR eða hvort hann kunni að hafa einhver áhrif á aðra samninga sem kenndir hafa verið við þjóðarsátt. Dómurinn er endanlegur fyrir báða aðila. Samkvæmt áðurnefndum ákvæðum stjórnarskrárinnar og viðurkenndum réttarreglum, sem af ákvæðunum leiðir, er óheimilt að breyta efnislegri niðurstöðu dómsins með lögum. Setning bráðabirgðalaganna 3. ágúst sl. er því andstæð stjórnarskránni.

Alvarlegt fordæmi.

Slík lagasetning eftir á, til að breyta efnislega dómsniðurstöðu, á sér ekkert fordæmi hér á landi, að því er ég best veit. Ef ríkisstjórnin vildi með lögum fella niður hin umdeildu ákvæði í kjarasamningi sínum við BHMR þá bar henni að gera það áður en málið fór fyrir félagsdóm, þá hafði hún heimild til lagasetningar, en eftir að dómur var genginn var ekki heimilt að breyta niðurstöðu hans efnislega með lögum.

Setning bráðabirgðalaganna undir þessum kringumstæðum hefur í för með sér mjög alvarlegt fordæmi, ef samþykkt yrði. Þar með gætu ríkisstjórnir í framtíðinni með bráðabirgðalögum eða Alþingi með venjulegum lögum breytt efnislega eftir á dómum sem féllu ríkinu í óhag. Menn, sem ættu kröfur á ríkið og fengju þær staðfestar með dómi, yrðu þá að sæta því að þær yrðu efnislega ógiltar með lögum eftir að dómur væri genginn. Allir sjá til hvílíks ófarnaðar slíkt myndi leiða, en hvar eru mörkin eftir að fordæmið hefur verið gefið.

Fylgiskjal III.

Jón Steinar Gunnlaugsson:

Meginreglur og hentistefna
(Morgunblaðið 6. des. 1990.)

Sú ákvörðun þingmanna Sjálfstæðisflokksins að greiða atkvæði gegn frumvarpi ríkisstjórnarinnar til staðfestingar á bráðabirgðalögum um kjarasamning BHMR hefur mætt andbyr og verið af sumum talin bera keim af pólitískri tækifærisstefnu. Ég er annarrar skoðunar um þetta og tel raunar að þingmönnum, sem greiða atkvæði gegn staðfestingarlögunum, þótt vitað sé um óvinsældir slíkrar afstöðu hjá „aðilum vinnumarkaðarins" og fleirum, sé mikill sómi að slíkri afstöðu.

I.

Nauðsynlegt er að fara yfir nokkur meginatriði þessa máls:

1. Fjármálaráðherra gerði í maí 1988 kjarasamning við BHMR. Eitt meginefni samningsins var að fallast að nokkru á kröfur BHMR um meiri hækkanir til sinna manna en aðrir fengju. Var ætlunin með þessu að jafna kjör félagsmanna BHMR við kjör annarra manna við sambærileg störf sem ynnu hjá öðrum en ríkinu. Var kveðið á um hvernig þetta skyldi framkvæmt, m.a. á þann hátt að launin skyldu við tiltekin skilyrði hækka um 4,5% 1. júlí 1990.

2. Í febrúar 1990 gerðu ASÍ, VSÍ og fleiri aðilar með sér kjarasamning sem kenndur hefur verið við þjóðarsátt. Var í honum samið um hófstilltar launahækkanir. Í 10. gr. samnings þessa voru taldar upp svonefndar forsendur hans. Þar var talið upp í 9. tölul. sem forsenda að „launaþróun annarra verði sú sama og gert er ráð fyrir í samningi þessum." Í þessum kjarasamningi var ekkert vikið að kjarasamningi BHMR við ríkisvaldið þó að samningsaðilarnir hafi vel vitað um tilvist hans og efni.

3. Ríkisstjórnin ákvað í júní 1990 að efna ekki samning sinn við BHMR að því er varðaði hækkunina 1. júlí. Ágreiningur um þetta gekk til Félagsdóms. Gekk dómur þann 23. júlí 1990 með þeirri niðurstöðu að viðurkennd var krafa BHMR um að fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs væri skylt að efna samninginn. Fengu félagsmenn BHMR greidd laun sín í júlí og ágúst í samræmi við það.

4. Þann 3. ágúst 1990 voru svo að tilhlutan forsætisráðherra sett bráðabirgðalög sem afnámu þær sérstöku launahækkanir sem félagsmenn BHMR höfðu öðlast rétt til og lýst er að ofan. Í formála bráðabirgðalaganna kemur fram að megintilefni þeirra sé að vinnuveitendur hafi ákveðið að veita sínum viðsemjendum sömu hækkun launa og félagar í BHMR höfðu hlotið. Nú er rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur dómsmál þar sem á því er byggt að bráðabirgðalögin standist ekki stjórnarskrá landsins og beri því að greiða aðilum BHMR laun samkvæmt kjarasamningi þeirra þrátt fyrir bráðabirgðalögin. Þá hefur ríkisstjórnin, svo sem skylt er, flutt á Alþingi frumvarp til staðfestingar á bráðabirgðalögunum.

Þingmaður, sem taka þarf afstöðu til málsins, hefur að nokkrum atriðum að hyggja. Skal nú litið á þau.

II.

Það fyrsta og langþýðingarmesta sem þingmaðurinn þarf að athuga er hvort frumvarpið standist stjórnaskrá landsins, enda hafa allir alþingismenn unnið eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni samkvæmt fyrirmælum í 47. gr. hennar.

Ég tel nokkuð augljóst að bráðabirgðalögin brjóti í bága við stjórnarskrá bæði að formi og efni.

Að því er formið varðar tel ég að skilyrði fyrir setningu bráðabirgðalaga sem felast í 28. gr. stjórnarskrár hafi ekki verið til staðar. Stafar það af því að öll málsatvik sem máli skipta um kjarasamning BHMR lágu fyrir meðan Alþingi sat sl. vor. Það fær ekki staðist að ríkisstjórn geti beðið með lagasetningu þar til þingi hefur verið slitið til að bregast við „brýnni nauðsyn“ sem í ljós var komin meðan þing sat.

Um efnið, og það er enn þýðingarmeira, er það að segja að réttur félagsmanna BHMR til launa sinna samkvæmt kjarasamningnum var örugglega eignarréttindi þeirra sem nutu verndar 67. gr. stjórnarskrár. Þar er lagt bann við að mönnum sé gert að láta af hendi eign sína nema fullt verð komi fyrir. Það er því brot gegn þessu ákvæði stjórnarskrár að gera þessi eignarréttindi upptæk án bóta.

Einhverjir hafa fleygt því í umræðunum um málið að hliðstæður þessara bráðabirgðalaga megi finna. Ekki hef ég heyrt um nein dæmi þess. Þegar lög hafa verið sett um launamál og gerð kjarasamninga hafa þau yfirleitt verið um almenn atriði, svo sem bann við verkbindingu launa hjá öllum launþegum eða eða þá um aðferð við að koma á samningi, t.d. með gerðardómi til að aflétta vinnustöðvun. Þess háttar lög eru allt annars eðlis en lög sem hreinlega afnema kjarabætur sem tiltekinn tiltölulega fámennur launþegahópur hefur öðlast rétt til með samningi. Og svo mikið er víst að engum dómsúrlausnum er til að dreifa sem veita fordæmi fyrir lögum af því tagi sem hér um ræðir.

III.

Auðvitað verða þingmenn að taka afstöðu til þess hvort þeir telji lagafrumvarp brjóta í bága við stjórnarskrá. Þeir geta aldrei vísað því álitaefni frá sér, t.d. með tilvísun til þess að verið sé að fjalla um mál fyrir dómstólum. Ef þingmaður kemst að þeirri niðurstöðu að frumvarp fari gegn stjórnarskrá, eins og hér virðist vera augljóst, ber honum brýn skylda til að greiða atkvæði gegn því. Hann má aldrei láta hávaðasama þrýstihópa eða von um fleiri atkvæði í kosningum hrekja sig af leið í þessu efni. Hér eru nefnilega miklu þýðingarmeiri gæði í húfi, sjálf stjórnskipun landsins og leikreglurnar sem við höfum sem siðmenntuð þjóð ákveðið að eigi að gilda í samskiptum okkar hvert við annað. Þeir þingmenn sem láta þessi gildi ráða afstöðu sinni á stundum, þegar fjöldi manna hrópar á annað, verðskulda allan heiður.

IV.

Talað er um að setning bráðabirgðalaganna hafi verið nauðsynleg til að vernda hina svokölluðu þjóðarsátt um að halda verðbólgu í skefjum. Þetta er rangt. Hin umsamda kauphækkun til BHMR-manna hefði lítil áhrif á verðbólgu þótt framkvæmd yrði. Áður var að því vikið að hvergi var getið um BHMR-samninginn í hinum almennu kjarasamningum í febrúar sl. Þó vissu menn vel um hann. Þetta ber líklega að túlka þannig að framkvæmd samnings BHMR hafi ekki verið meðal þeirra atriða sem gátu gefið tilefni til frávika í samningi ASÍ og VSÍ og upp voru talin sem forsendur þess samnings, enda var mönnum við samningsgerðina í lófa lagið að víkja að þessu berum orðum.

Það sem stefnir þjóðarsátt í voða er yfirlýsing fyrirsvarsmanna vinnuveitenda um að þeir muni hækka laun viðsemjenda sinna ef kjarasamningur BHMR yrði efndur. Þetta er raunar skýrt tekið fram í inngangi bráðabirgðalaganna, svo sem áður var sagt. Engin samningsskylda knúði þá til slíkra hækkana. Og jafnvel þótt svo hefði verið gat það aldrei orðið viðhlítandi ástæða til að afnema umsamdar kjarabætur BHMR-hópsins. Eða eiga svonefndir aðilar á vinnumarkaði að geta samið um það sín í milli að aðrir aðilar í þjóðfélaginu skuli láta sín eignarréttindi bótalaust af hendi? Allir sjá að slíkt getur ekki gengið. Ef ríkisstjórnin taldi nauðsynlegt að koma með lagasetningu í veg fyrir verðbólguáhrif af þeim atvikum sem hér er lýst átti hún að gera það með lögum sem bönnuðu að framkvæmd kjarasamnings BHMR hefði áhrif til hækkunar launa á almennum vinnumarkaði.

V.

Í því sem hér hefur verið sagt er ekki að neinu leyti verið að réttlæta samningsgerð fjármálaráðherra við BHMR í maí 1989. Sá samningur var áreiðanlega afar óskynsamlegur. Ráðherrann, sem þann samning gerði, ætti raunar fyrir löngu að hafa axlað ábyrgð á honum með því að segja af sér. En sá samningur var gerður af aðila sem til þess hafði formlegt vald og við það situr. Þar með hafði þessi launþegahópur öðlast þau réttindi sem þar var kveðið á um.

Það er því miður of sjaldgæft í íslenskum stjórnmálum að sjá stjórnmálamenn standa vörð um þau grundvallarréttindi sem eru okkur öllum þýðingarmest þegar okkur hefur tekist að þurrka skammsýnisglýjuna úr augunum. Nú hafa þingmenn Sjálfstæðisflokksins gert þetta. Ég er viss um að þar hvílir aðeins trúnaður við meginreglur að baki.

Fylgiskjal IV.

Hjörleifur Guttormsson:

Vanhugsuð bráðabirgðalög.
(DV, 13. ágúst 1990.)

Bráðabirgðalögin sem sett voru 31. júlí sl. marka spor í þjóðmálabaráttunni hér á landi og eiga eftir að verða umdeild lengi. Ástæðan er ekki sú að lagasetningin sem slík sé merkileg heldur miklu fremur aðdragandi hennar og þau viðhorf sem fram voru borin og talin voru réttlæta þetta skref.

Lögin eiga eftir að koma fyrir Alþingi til staðfestingar. Ekki er ástæða til að ætla annað en þar verði mikill meiri hluti með samþykkt þeirra. Í stuðningsflokkum ríkisstjórnarinnar mæltu aðeins tveir þingmenn, Geir Gunnarsson og sá sem þetta ritar, gegn setningu bráðabirgðalaganna. Stuðningur Sjálfstæðisflokksins við lagasetninguna hefur ekki farið leynt og aðeins einn þingflokkur, Kvennalistinn, hefur í heild lýst andstöðu við bráðabirgðalögin. Það ætti þannig að verða létt verk fyrir ríkisstjórnina að fá þennan gjörning sinn stimplaðan af komandi Alþingi.

Málið er hins vegar ekki svo einfalt. Bakgrunnur setningar bráðabirgðalaganna var

mjög sérstæður og rökin fyrir þeim langt frá því að vera einhlít. Fjölmargar spurningar um grundvallaratriði og leikreglur í samfélaginu hljóta að vakna þegar litið er á málavexti. Niðurstaðan í skoðanakönnun DV í aðdraganda lagasetningarinnar, þar sem svörin voru nánast 50:50, bendir til þess að efasemdir um réttmæti lagasetningarinnar hafi verið langtum meiri meðal almennings en látið var í veðri vaka.

Snýst ekki um hlutaskiptin.

Í áróðrinum fyrir lagasetningu var spilað ótæpilega á þá strengi að háskólamenntaðir ríkisstarfsmenn væru nógu vel haldnir fyrir og ekki væri verjandi að hleypa þeim fram úr öðrum með sérstakar hækkanir. Um þetta mætti margt segja. Auðvelt er að sýna fram á að launamunur í þjóðfélaginu er óhæfilega mikill og þeir sem minnst bera úr býtum eru á ósæmilega lágum kjörum. En um það snýst ekki þetta mál, nema menn telji rétt að taka upp þá stefnu að kveða á um kaup og kjör í landinu með lagasetningu í stað frjáls samningsréttar.

Einnig er rétt að hafa í huga að launamunurinn er ekki fyrst og fremst milli fólks í einstökum heildarsamtökum, hvort sem þau heita ASÍ, BSRB eða BHMR, heldur innbyrðis innan þeirra og byggist á mismunandi umsömdum launaflokkum og ólíkum launakerfum. Í öllum þessum samtökum er að finna láglaunafólk og aðra sem eru langtum betur settir.

Deilan um setningu bráðabirgðalaga nú varðar hins vegar grundvallarhagsmuni allra þessara samtaka, þ.e. spurninguna um frjálsan samningsrétt og hvort þau eigi að fallast á réttmæti þess að ríkisvaldið ógildi gerða samninga. Þótt talsmenn ASÍ og BSRB telji sig kannski hafa allt á þurru nú að því er varðar sína samninga kemst fólk í þessum samtökum ekki hjá því að íhuga hvert fordæmisgildi slík inngrip hafi.

Talsmenn Vinnuveitendasambandsins mæla fagurlega þessa stundina að orð skuli standa gagnvart ASÍ en ætli þeim þyki nokkuð lakara að eiga hlut að því að knýja fram bráðabirgðalög í kjaramálum sem rökstudd eru með vísan í efnahagsleg markmið ríkisstjórnar? Það er ekki langt í næstu ríkisstjórn og ætli sú hin sama telji sig ekki eiga eitthvað ógert í baráttu við verðbólgu og við að tryggja efnahagslegan stöðugleika?

Valdhroki hefnir sín.

Ríkisstjórnin missteig sig alvarlega í samskiptum sínum við Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna. Í fyrsta lagi stóð hún að samningi við BHMR sem fól í sér ákvæði um „að verði almennar breytingar á launakjörum annarra launþega ... geta aðilar krafist breytingar á launaliðnum sem því nemur". Í öðru lagi hafðist hún ekki að þegar ASÍ og VSÍ gerðu sinn þjóðarsáttarsamning í vetur leið. Í þriðja lagi tilkynntu ráðherrar einhliða 12. júní sl. að þeir ætluðu ekki að standa við ákvæði samnings síns við BHMR að því er varðaði 5. gr. hans varðandi launabreytingar 1. júlí. Í framhaldi af málshöfðun kom síðan samhljóma dómsorð Félagsdóms 23. júlí sl. svohljóðandi:

„Af orðalagi 6. mgr. 5. gr. er ljóst að ákvæðið mælir fyrir um greiðslur ef framkvæmd kjarasamanburðarins dregst fram yfir 1. júlí 1990. Verða hin tilvitnuðu ákvæði ekki skýrð á annan veg en þann að stefnda beri að greiða félagsmönnum stefnanda upp í hækkun sem þeir kunna að eiga rétt á samkvæmt kjarasamanburðinum þar sem honum var ekki lokið 1. júlí 1990."

Af viðbrögðum ríkisstjórnarinnar og einstakra ráðherra við þessum dómi mátti ætla að þeir hefðu misskilið ótvíræð ákvæði eigin samnings eða þá að ekki hafi verið ætlunin að standa við hann.

Bráðabirgðalög ofan í dóm.

Það er ofan í þessi samskipti og dómsorð sem ríkisstjórnin nú setur bráðabirgðalög. Hún hefur tapað máli fyrir dómi en taldi sig ekki geta unað því, m.a. með vísun til yfirlýsingar atvinnurekenda um hliðstæða hækkun til sinna viðsemjenda og verðhækkanir og gengislækkun í kjölfarið.

Samningaumleitanir, sem fram fóru milli BHMR og fjármálaráðherra í nokkra daga, leiddu í ljós að forustumenn BHMR voru reiðubúnir að taka ákvæði 15. gr. kjarasamnings síns um víxlhækkanir, byggðar á samningum annarra samtaka, til endurskoðunar, en töldu sig ekki hafa umboð til að falla frá launahækkun frá 1. júlí samkvæmt gildandi samningi. Samningaumleitanir fóru fram í skugga umræðu innan ríkisstjórnarinnar um báðabirgðalög og við þær aðstæður voru hverfandi líkur á að tækist að leysa málið með samkomulagi.

Innan ríkisstjórnar voru uppi mjög harðar kröfur frá samstarfsaðilum Alþýðubandalagsins um lagasetningu. Fyrsta tillaga forsætisráðherra gerði ráð fyrir að binda allt í hólf og gólf á vinnumarkaði með lögum fram á haust 1991, einnig þá sem nú hafa lausa samninga. Niðurstaðan er mildari á pappírnum en leiðir að sama marki.

Brýnt að endurvekja traust.

Ljóst er að mikill trúnaðarbrestur er orðinn milli háskólamenntaðra starfsmanna í þjónustu ríkisins og áður viðsemjenda þeirra. Forusta BHMR hefur boðað hörð viðbrögð gegn bráðabirgðalögunum og einnig samtök kennara. Samskipti þessara aðila við viðsemjanda sinn, ríkið, hafa verið erfið um árabil og deilur leitt til verulegs tjóns, ekki síst í starfi skólanna. Þannig hafa þeir sem síst skyldi, börn og nemendur, orðið fyrir barðinu á langvarandi erjum ríkisins við starfsmenn sína.

Þetta er óviðunandi ástand og löngu hætt að vera einkamál einstakra hagsmunasamtaka. Það skiptir t.d. foreldra og nemendur afar miklu að góður starfsandi og samfella sé í skólastarfi. Þróun atvinnulífs hér sem annars staðar byggist í vaxandi mæli á rannsóknum sem að hluta til fara fram í ríkisstofnunum.

Það er því brýnt að skaplegt andrúmsloft og bærilegt traust skapist milli handhafa ríkisvaldsins og starfsmanna í ríkisþjónustu, einnig þeirra sem aflað hafa sér háskólamenntunar. Ekki er ástæða til að ætla að háskólamenntað fólk sé að jafnaði óvægnara sem viðsemjendur um kaup og kjör en ýmsir aðrir hópar í þjóðfélaginu. Átökin að undanförnu og einhliða rifting ríkisins á gerðum samningum eru hins vegar ekki til þess fallin að efla traust og ýta undir sanngirni.

Verkefni Alþingis á að mínu mati ekki að vera að blanda sér í þegar gerða samninga á vinnumarkaði. Löggjafinn hefur önnur ráð til að jafna kjör í landinu ef vilji er fyrir hendi.

Fylgiskjal V.

Fréttatilkynning frá BSRB.
(3. ágúst 1990.)

BSRB harmar að ríkisstjórnin og Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna skuli ekki hafa leyst ágreiningsefni sín í milli með samningum. BSRB ítrekar þá afstöðu bandalagsins að kjarasamningum beri ekki að skipa með lagaboði og lýsir því fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni.

Í þeim deilum, sem risið hafa síðustu daga, hefur BSRB lagt áherslu á að í einu og öllu verði staðið við kjarasamninga BSRB jafnframt því sem bent hefur verið á að það væri ekki ásættanlegt fyrir félagsmenn BSRB að félagsmenn annarra samtaka fengju sjálfkrafa allar hækkanir sem BSRB semdi um, en sætu hins vegar einir að hækkunum sér til handa. BSRB minnir á að allt launafólk hefur notið góðs af kaupmáttartryggingum og öðrum efnahagslegum ávinningum sem felast í þeim kjarasamningum sem BSRB og meginþorri íslensks launafólks gerði sl.vetur. Ljóst er að komi víxlverkunarákvæði kjarasamninga til framkvæmda eru samningsbundnar verðlagsforsendur samninganna brostnar og þar með sú kaupmáttartrygging sem kjarasamningur BSRB byggir á. Af þessum sökum hefur BSRB lagt áherslu á að þessi víxlverkunarhnútur yrði leystur með samkomulagi.

Fylgiskjal VI.

Um stefnu fyrir bæjarþingi.
(9. október 1990.)

Fimmtudaginn 4. október sl. var lögð inn stefna fyrir bæjarþingi Reykjavíkur vegna eins félagsmanns úr aðildarfélögum BHMR til kröfu á þeim 4,5% sem afnumin voru með bráðabirgðalögunum frá 3. ágúst sl.

BHMR hefur áður sent fjármálaráðherra „áskorunarbréf" um að inna þessa greiðslu af hendi en fjármálaráðherra hefur ekki sinnt því.

BHMR hefur óskað eftir því við fjármálaráðherra að niðurstaða í þessu einstaklingsmáli hafi fordæmisgildi fyrir alla félagsmenn sem heyra undir samninginn. Fjármálaráðherra hefur enn ekki svarað því.

Lagarökin í þessu máli eru m.a. eftirfarandi:

BHMR telur að bráðabirgðalögin brjóti í bága við stjórnarskrá Íslands í fjórum greinum:

1. Samtökin telja að setning laganna brjóti í bága við 2. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um þrískiptingu valdsins. Lögin voru sett í þeim tilgangi að ómerkja dóm sem æðsta dómsvald hafði fellt.
2. Samtökin telja að lögin stríði gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar sem eru

í 67. gr. hennar. Með lögunum er hluti af launum afmarkaðs hóps þjóðfélagsþegna gerður bótalaust upptækur.
3. Samtökin telja lögin brjóta gegn 73. gr. stjórnarskrárinnar sem fjallar um félagafrelsi. Þegar viðsemjandi beitir sér fyrir einhliða afnámi samnings er í raun og veru verið að kippa stoðunum undan starfsemi stéttarfélaga. Þar með er verið að svipta launamenn þeim rétti til frjálsrar félagastarfsemi sem stjórnarskránni er ætlað að tryggja.
4. Alþingi ræddi öll tilvik þessa máls í vetur og þar með einnig möguleikann á lagasetningu. Samtökin telja þess vegna að heimild til setningar bráðabirgðalaga skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar hafi ekki verið fyrir hendi.

Fylgiskjal VII.

Þórarinn V. Þórarinsson:

Bréf Vinnuveitendasambandsins til Friðriks Sophussonar.
(5. desember 1990.)

Sem svar við fyrirspurn Friðriks Sophussonar um skilning Vinnuveitendasambands Íslands á samhengi áður boðaðra skattaáforma ríkisstjórnarinnar við endurnýjuð sameiginleg markmið aðila vinnumarkaðar og ríkisstjórnar í verðlagsmálum vill undirritaður láta eftirfarandi koma fram.

Í tengslum við endurskoðun kjarasamninga ASÍ og BSRB við vinnuveitendur og fjármálaráðuneyti, sem lokið var 24. nóvember sl., var af hálfu allra aðstandenda þessara samninga farið rækilega yfir forsendur og horfur fyrir síðari hluta samningstímabilsins. Í því samhengi var m.a. sett niður ný og sameiginleg verðlagsspá sem fjármálaráðherra staðfesti fyrir hönd ríkisstjórnar að endurspeglaði sameiginleg markmið sem ríkisstjórnin muni vinna að. Jafnhliða kom fram að hugsanlegum breytingum á sköttum verði hagað þann veg að sem minnst áhrif hafi á verðlag og samkeppnisstöðu.

Það er mat hagfræðinga sem að þessu máli unnu að nýir óbeinir skattar eða hækkun kostnaðarskatta rúmist ekki innan þeirra verðlagsmarkmiða, sem samkomulag varð um, né heldur markmiða um samkeppnisstöðu. Um það er fráleitt ágreiningur. Hitt er þó ljóst að samkomulag um framangreind markmið þurfa ekki nauðsynlega að útiloka breytta samsetningu opinberra gjalda, svo fremi heildarskattlagningin sé óbreytt og breytingin raski hvorki verðlags- eða samkeppnisforsendum. Umræða um löngu liðna atburði á borð við niðurfellingu virðisaukaskatts á bókum eða væntanlega lækkun jöfnunargjalds hefur hér enga þýðingu því áhrif þessara breytinga á verðlag eru ýmist komnar fram eða ráð fyrir þeim gert á fyrri stigum.

Fylgiskjal VIII.

Guðmundur Magnússon:

Þjóðarsáttin: Er allt sem sýnist?

(Spástefna Stjórnunarfélags Íslands, 3. desember 1990.)

Þjóðarsátt, þ.e. víðtækt samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins, annarra hagsmunasamtaka og ríkisstjórnar, getur komið að gagni um stundarsakir. Þjóðarsátt á tímum verðbólgu og efnahagsþrenginga getur slegið á væntingar um vaxandi verðbólgu og veitt svigrúm til viðnámsaðgerða. Hin svonefnda þjóðarsátt nú uppfyllir þessi skilyrði að mörgu leyti. Hún hefur kostað stundarfórnir sem menn vonast til að auki framtíðarhag. En hún hefur líka kostað missætti með friðkaupum við einn hóp á kostnað friðrofa við annan hóp í þjóðfélaginu. Framkvæmdinni fylgir einnig aukinn kostnaður, svo sem í eftirliti, málaferlum og ferðum milli banka.

En hefur svigrúmið til þess að eyða verðbólgu og bæta lífskjör verið notað sem skyldi og er allt sem sýnist?

Áður en ég svara þessu skulum við líta á eftirfarandi atriði:

1. Hver eru viðhorfin í ríkisfjármálum?
2. Hvað er að gerast í launamálum?
3. Hvaða vísbendingar gefa peningamagn og vextir?
4. Nokkrar sjálfsblekkingar og villuljós.

Að lokum verða dregnar niðurstöður um hvað kraumar undir í þjóðarsáttinni.

1. Þrálátur ríkishalli og skuldbindingar utan fjárlaga.

Fjárhagsstaða hins opinbera og viðhorfin í fjármálum ríkis og sveitarfélaga ráða miklu um framvindu verðbólgu, vaxta og kaupkrafna, svo og um væntingar manna og ákvarðanir. Æskilegast væri að fjárlögin gæfu raunhæfa mynd af stöðu ríkisfjármála hverju sinni þannig að þjóðarsátt væri reist á raunhæfum forsendum í þeim efnum. Því miður eru fjárlögin feluleikur í ýmsum atriðum. Hvort tveggja er að freisting er fyrir fjármálaráðherra að fresta eftir megni greiðslum þar til eftir áramót til þess að koma vel út í samanburði við fyrirrennara sína. En það er ekki einungis halli á fjárlögum heldur eru utan fjárlaga miklar skuldbindingar sem koma munu til greiðslu á næstu árum. Til að gefa hugmynd um hvað átt er við skulum við líta á eftirfarandi töflu:

Skuldbindingar utan fjárlaga.

1. Vanreiknuð fjárþörf í fjárlagafrumvarpi, svo sem byggingarsjóða og LÍN.
2. Lífeyrisskuldbindingar.
3. Áfallnir vextir.
4. Skuldir við sveitarfélög.
5. Skuldir vegna orkumála.
6. Skuldir vegna yfirtöku lána Útvegsbankans.
7. Skuldir ýmissa stofnana í B-hluta sem falla munu á ríkissjóð.
8. Ýmsar skuldbindingar Hlutafjársjóðs.

9. Ýmsar ábyrgðir.
10. Sjóðir sem settir eru á laggirnar til að fela ríkisútgjöld.
11. Þjóðarbókhlaða.
12. Skuldbindingar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Auk þess eru ýmiss konar útgjöld sem eru færð á móti tekjum og koma ekki fram í fjárlögum sem útgjöld, svo sem sértekjur stofnana og skattafslættir.

Hér skulu ekki settar fram tölur um það hvað er utan fjárlaga eða um þá liði sem eru nettófærðir. Hins vegar er greinilegt að undiralda ríkisútgjalda er þung.

Verði ríkisútgjöld skorin niður minnkar tekjuþörfin að sama skapi. Verði hins vegar að hækka skatta þarf að taka tillit til viðbragða launþegasamtaka og hugsanlegrar rýrnunar skattstofns vegna letjandi áhrifa skattahækkunar á vinnuframboð.

2. Launahækkanir í sjávarútvegi.

Þjóðarsáttin er afstætt hugtak að því er varðar tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Þannig felur hún í sér að 4,5% hækkun eins hóps er þjóðhættuleg en 68% hækkun annars hóps er allt í lagi. Mér telst svo til að meðallaun sjómanna hafi hækkað um 25% á tímum þjóðarsáttar og sumra þeirra er sigla með aflann um 68% (hugsanlega með einhverri skerðingu vegna olíuverðshækkunar). (Rétt er að taka fram að ég er ekki aðili að BHMR!) Þar að auki hafa nokkrir fengið tugi milljóna við úthlutun kvóta. Þessar hækkanir í sjávarútvegi bera sem betur fer vott um bættan efnahag þjóðarinnar. En hann sýnir jafnframt að það kraumar undir þjóðarsáttinni.

3. Aukning peningamagns og hækkun vaxta.

Rétt er að athuga hvort betri hagur útvegsins setji ekki spor sín á peningamarkaðinn, en utanríkisviðskiptin eru aðaluppspretta aukins peningamagns. Einnig er þess að vænta að þrálátur ríkishalli valdi vaxtahækkun á markaðnum.

Hjálagt línurit sýnir að vöxtur peningamagns hefur verið stöðugur eða yfir 20% undanfarið ár. Á sama tíma dró úr verðbólgu í byrjun en hún fer nú aftur vaxandi. Miðað við samband verðbólgu og peningamálastærða er líklegt að bilið milli þessara stærða minnki. Þetta þýðir að verði ekki dregið úr aukningu peningamagns mun verðbólga aukast.

4. Sjálfsblekking.

Það sætir furðu hve menn eru auðtrúa í sambandi við nokkra liði þjóðarsáttar. Ég ætla að taka nokkur dæmi.

Þau fyrstu eru reyndar frá fyrri þjóðarsáttinni 1986. Þá var samið um lækkun aðflutningsgjalda af bifreiðum. Tekjutap ríkissjóðs varð miklu meira en áætlað var og m.a. hjálpaði verkalýðshreyfingin til við að menn gætu keypt lúxusjeppa á hagstæðari kjörum en áður. Hinir tekjulægri urðu að slá verðtryggð lán til að geta náð út kjarabótinni og kvörtuðu svo yfir vöxtunum. Nemandi minn reiknaði út að kjarabótin sem tollalækkunin á bílum átti að skila hafi að mestu farið í kostnað og eru þá ótaldar ófarir ríkissjóðs sem enn er glímt við. Í sömu kjarasátt var einnig samið um skattlaust ár og það hljóð heyrðist úr horni vinnuveitenda að þetta yrði til þess að slá á verðbólguna. Þetta átti að gerast með því að vinnuframboð ykist svo mikið á skattlausa árinu og framleiðsla að fyrirtækin gætu lækkað verð. En það var greinilega reiknað með því að aukinn kaupmáttur yrði ekki til að örva eftirspurn enn meira en framboð enda fór sem fór.

Þriðja dæmið eru samningar launþega um auknar niðurgreiðslur vöruverðs af hálfu ríkissjóðs. Einhver verður að taka á sig auknar skattálögur og vexti af lánum vegna þessa í framtíðinni. Því er um hæpna kjarabót að ræða. Þetta lækkar verðlag en ekki verðbólgu.

Fjórða dæmið er samningar um vaxtastig. Þetta er skiljanlegt með tilliti til þess að vextir af húsnæðislánum hækki ekki vegna hagsmuna launþega. En þar til nýlega hefur þetta ekki átt við um bankavexti að sama skapi. Þetta er annars vegar vegna þess að launþegar eiga tiltölulega meira af sparifé í bönkum og sparisjóðum en þeir skulda þeim. Hins vegar er sá misskilningur furðu útbreiddur að hærri vextir auki verðbólgu. Í þessu sambandi gleymist tvennt. Annað er það að vextir á frjálsum markaði ákveðast af bæði framboði og eftirspurn, rétt eins og það er ekki annað blaðið á skærunum sem klippir þráðinn heldur bæði. Hærri vextir valda vissulega meiri rekstrarkostnaði fyrirtækja en minni eftirspurn þeirra eftir fjárfestingarfé. Þar að auki verður framboð sparifjár meira. Þetta er líklegra til þess til lengdar að lækka vexti og vöruverð. Hitt er að allar athuganir sýna að til lengdar fylgjast að lágir vextir og mikil verðbólga og öfugt. Þetta er einfaldlega vegna þess að lágir vextir örva eftirspurn eftir lánsfé en draga úr framboði þess. Aukið peningamagn veldur verðhækkun og glæðir væntingar um vaxandi verðbólgu.


5. Arfinn og þjóðarsáttin.

Við höfum orðið vitni að því hvernig miðstýrð hagkerfi hafa hrunið í Austur-Evrópu og vitum hvernig önnur ramba á barmi örvæntingar. Þar átti þó að ríkja þjóðarsátt í einhverjum skilningi. Ég nefni þetta ekki af því að ég telji núverandi þjóðarsátt vera í anda skipulagshyggju eða alræðis heldur vegna þess að hún gengur þvert á lögmál markaðarins. Þar halda fyrirtæki og launþegar hver öðrum í skefjum með frjálsri samkeppni þar sem frelsi eins takmarkast af frelsi annars. Markaðskerfið getur heldur ekki gegnt hlutverki sínu ef verð á sumum vörum fá ekki að hækka og önnur að lækka þannig að boð séu send til neytenda og framleiðenda um hvað er hagkvæmast að kaupa og selja hverju sinni.


Eins og ég gat um hér að framan ruglast menn iðulega á lækkun verðlags og verðbólgu. Lækkun verðlags felst t.d. í því að greiða niður vöruverð. Verð getur lækkað, þ.e. vísitala eða ferill hliðrast til, en verðbólgan heldur sínu striki. Það má líkja þessu við arfann. Það er ekki nóg að klippa hann, því að hann vex alltaf aftur ef hann er ekki tekinn upp með rótum.

Í þjóðarsáttinni hefur arfinn verið klipptur en rótin er enn eftir.

12 mánaða breytingar í peningamagni og verðlagi.



Breytingar nokkurra hagstærða í tvo áratugi (%).



Fylgiskjal IX.

Seðlabanki Íslands, hagfræðideild:

Hugsanleg verðbólguáhrif afnáms bráðabirgðalaga.
(30. nóvember 1990.)

Forsætisráðherra hefur óskað þess að Seðlabankinn meti verðbólguáhrif þess að bráðabirgðalögin, sem sett voru gegn launahækkunum til aðildarfélaga BHMR sl. sumar, verði numin úr gildi.

Erfitt er á þessu stigi að ákveða forsendur slíkra útreikninga. Endanlegar afleiðingar þess að nema bráðabirgðalögin úr gildi velta m.a. á viðbrögðum aðila vinnumarkaðarins, ríkisstjórnar og Seðlabankans. Svo mörg túlkunaratriði og óvissa um nýja samningsgerð koma hér til álita að ekki getur orðið um eiginlega verðbólguspá að ræða. Við slíkar aðstæður virðist eðlilegast að skoða nokkur dæmi um hugsanlega framrás atburða sem hægt er að nota til viðmiðunar án þess að endanleg afstaða sé til þess tekin hvert þessara dæma sé líklegast til að verða að veruleika. Í þessu sambandi eru gerðir eftirfarandi fyrirvarar:

1. Hagfræðideild getur enga ábyrgð tekið á túlkun kjarasamninga eða bókana um afstöðu aðila til viðbótarsamninga.

2. Við ríkjandi efnahagsástand hlýtur að teljast fásinna að stefna að gengislækkun. Dæmi byggt á þeirri forsendu þjónar þeim tilgangi einum að sýna á hvern hátt gengisfelling mundi leiða til enn meiri verðbólgu, ef í slíkt óefni væri komið.

Þrjú dæmi.

Eftirfarandi dæmi miðast öll við að bráðabirgðalögin frá því í sumar verði felld, en greinir á hvað varðar viðbrögð annarra launþegasamtaka og VSÍ og fyrirstöðu í gengismálum. Gert er ráð fyrir að laun BHMR hækki frá áramótum að telja, enda skiptir afturvirkni ekki máli við mat framleiðslukostnaðar og verðlags.

1. Fyrsta dæmið byggir á þeirri forsendu að VSÍ standi ekki við fyrirheit um almennar launahækkanir til jafns við BHMR. Í kjarasamningi ASÍ/VSÍ eru engin afdráttarlaus ákvæði um það að svo þurfi að vera. Því má túlka yfirlýsingar VSÍ sem svo að þær séu fyrst og fremst til þess ætlaðar að beita stjórnvöld þrýstingi til að halda bráðabirgðalögunum áfram í gildi. Í ljósi þess hve afdráttarlausar þessar yfirlýsingar hafa verið er þó ljóst að VSÍ hefur sett sig í erfiða stöðu ef bráðabirgðalögin verða felld. Í þessu tilfelli mætti hugsa sér að 4,5% viðbótarhækkun launa komi í júní í stað verðbóta á laun. Gengi er haldið föstu.

2. Annað dæmi byggir á þeirri forsendu að VSÍ standi við gefin fyrirheit um almennar launahækkanir eina umferð þannig að laun hækki almennt um 4,5% 1. janúar, en að öðru leyti standi kjarasamningurinn frá því í febrúar óbreyttur. Í þessu tilfelli mundu verðbætur á laun í júní falla niður, enda mundi launahækkunin í janúar þegar fullnægja kaupmáttarákvæðum samningsins og unnt er að segja samningnum upp á þeim tíma.

3. Þriðja dæmið byggir á sömu forsendum og dæmi 2, nema hvað reiknað er með 2% gengisfellingu í mars til þess að bæta stöðu útflutningsatvinnuveganna. Gengisfelling af

þeirri stærðargráðu nægir til þess að ná svipuðu raungengisferli og gert var ráð fyrir við kjarasamningana í febrúar.

Niðurstöður.

Þau dæmi, sem hér hafa verið rakin og byggja á mismunandi traustum forsendum, ber að líta á sem nytsamlegar viðmiðanir í umræðunni um hugsanleg verðbólguáhrif þess að fella bráðabirgðalögin en ekki spádóm.

Dæmi 1 verður líklega að skoðast fremur óraunsætt í ljósi yfirlýsinga VSÍ þó að það standist lágmarksforsendur febrúarsamninganna. Verðlagsáhrif hækkunar til BHMR eru lítils háttar og 4,5% viðbótarlaunahækkun í júní nk. felur í raun í sér einungis 2,5–3% til viðbótar þeim hækkunum sem hefðu orðið hvort eð er. Þriggja mánaða árshækkun framfærsluvísitölu kæmist um skeið yfir 10% í ágúst og september og hækkun framfærsluvísitölu yfir árið yrði 1–2% meiri en í grunnspánni (þ.e. síðustu verðlagsspá SÍ). Hækkun lánskjaravísitölu yrði rúmlega 10% yfir árið, eða um 2% meiri en í grunnspánni. Þriggja mánaða hækkun hennar mundi um tímabil ná tæplega 18% árshraða.

Dæmi 2 breytir í raun litlu frá dæmi 1 ef árið er skoðað í heild. Ástæðan er sú að 4,5% launahækkun í ársbyrjun mundi líklega gera rauða strikið í maí óvirkt þar sem það launastig sem verðbótum í júní er ætlað að tryggja væri þá þegar komið fram. Meginbreytingin felst í því að launabreytingar og þar með verðlagsbreytingar koma fram fyrr á árinu.

Dæmi 3 gefur um 9% hækkun framfærsluvísitölu yfir árið. Þriggja mánaða árshækkun vísitölunnar yrði mest um 11,3% í apríl og meiri en 10% í fjóra mánuði samfleytt.

Það er vissulega hægt að hugsa sér mörg önnur tilbrigði, misjafnlega háskaleg, við þá atburðarás sem hér er dregin fram. Til þess að hækkun verðlags nái 20% yfir árið þyrfti t.d. víxlhækkun launa um 4,5% annan hvern mánuð fram yfir mitt ár að viðbættu mánaðarlegu gengissigi upp á u.þ.b. 1,5% á mánuði. Að VSÍ mundi gangast inn á slíkt er að mati hagfræðideildar algerlega óhugsandi þar sem engin afdráttarlaus ákvæði eru um það í kjarasamningum VSÍ/ASÍ að svo þurfi að vera. Gildi þess að halda í þjóðarsáttina væri þá að engu orðið og allt til þess vinnandi að láta hana springa. Svo algert fyrirstöðuleysi af hálfu VSÍ samræmist því tæpast þeirri grundvallarforsendu allra hagvísinda að efnahagseiningarnar stjórnist af skynsamlegri ákvarðanatöku. Það er því mat hagfræðideildar að skynsamleg túlkun kjarasamninga ASÍ/VSÍ feli ekki í sér vá óðaverðbólgu.

Tilgangslaust er að reikna dæmi af þessu tagi langt fram í tímann því slík þróun hlyti að kalla á alvarleg viðbrögð stjórnvalda, en möguleikar á tímasetningu og eðli þeirra eru margir. Tæknilega séð eru því lítil takmörk sett hversu hátt verðbólgustigið gæti orðið ef gefið er eftir á öllum vígstöðvum í nægilega langan tíma. Slíkir loftfimleikar í útreikningum hafa hins vegar ekkert hagnýtt gildi.

Þrjú dæmi um þróun framfærsluvísitölu.

	Vísitölur.				Þriggja mánaða hækkun á árskvarða.			
	Grunn-dæmi	Dæmi 1	Dæmi 2	Dæmi 3	Grunn-dæmi	Dæmi	Dæmi	Dæmi
Des.	148,9	148,9	148,9	148,9	6,0	6,0	6,0	6,0
Jan.	150,1	150,1	150,1	150,1	8,2	8,1	8,1	8,1
Febr.	150,9	151,0	151,3	151,4	7,4	7,7	8,5	9,0
Mars	151,8	151,7	152,4	152,8	7,8	7,6	9,6	10,7
Apríl	152,5	152,4	153,5	154,2	6,4	6,4	9,5	11,3
Maí	153,3	153,4	154,7	155,5	6,5	6,4	9,4	11,1
Júní	154,2	154,5	155,7	156,8	6,5	7,6	9,0	10,8
Júlí	155,2	155,9	156,7	157,9	7,3	9,4	8,5	9,9
Ágúst	156,2	157,3	157,6	158,9	7,9	10,6	7,8	9,0
Sept.	157,1	158,5	158,5	159,8	7,9	10,7	7,3	8,0
Okt.	158,0	159,6	159,4	160,7	7,3	9,8	7,0	7,4
Nóv.	158,6	160,4	160,2	161,6	6,4	8,3	6,8	6,9
Des.	159,2	161,2	161,1	162,4	5,5	6,8	6,8	6,6

Ed. 246. Frumvarp til laga [199. mál]

um búfjárhald.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

I. KAFLI
Markmið og yfirstjórn.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja vellíðan búfjár, góða meðferð og að það hafi ætíð nægilegt fóður og drykkjarvatn. Haga skal aðbúnaði búfjár í samræmi við þarfir þess og eðli.

Tilgangur laganna er einnig að tryggja að við framleiðslu búfjárafurða sé eingöngu notað hraust og heilbrigt búfé.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur á hendi æðstu stjórn þeirra mála er lúta að meðferð búfjár og eftirliti með búfjárhaldi sem kveðið er á um í lögum þessum.

Með búfé er í lögum þessum átt við alifugla, geitur, hross, kanínur, loðdýr, nautgripi, sauðfé, svín og önnur dýr sem haldin verða til nytja. Rísi ágreiningur um hvað falla skuli undir hugtakið búfé sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

Með vörslu búfjár er í lögum þessum átt við að búfjáreigandi haldi því búfé sem varsl-

an tekur til innan ákveðins afmarkaðs svæðis, en með lausagöngu búfjár að búfé geti gengið á annars manns land í óleyfi.

II. KAFLI
Takmörkun búfjárhalds.

3. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja samþykkt um búfjárhald. Slík samþykkt tekur gildi, þegar hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra og birt í *Stjórnartíðindum.*

4. gr.

Í samþykktum sveitarstjórna um búfjárhald má ákveða að tiltekið búfjárhald sé með öllu bannað í viðkomandi sveitarfélagi eða takmarkað við tiltekin svæði innan sveitarfélagsins. Í samþykktunum geta einnig verið ákvæði sem takmarka fjölda búfjár af hverri búfjártegund og fjölda búfjár einstakra búfjáreigenda.

Í samþykktunum má kveða á um að búfjárhald sé óheimilt án leyfis, þar sem takmarka má fjölda búfjár hvers aðila. Slík leyfi skulu vera tímabundin og afturkallanleg með tilteknum fyrirvara. Ef í gildi eru leyfisákvæði fyrir tiltekna búfjártegund skv. 7. gr. geta leyfi samkvæmt þessum samþykktum ekki verið rýmri.

Samþykktir skulu kveða á um að búfjáreigandi uppfylli skilyrði um aðstöðu fyrir bústofn sinn, fóðrun hans, vörslu og meðferð.

III. KAFLI
Varsla búfjár.

5. gr.

Sveitarstjórnum, einni eða fleiri, samliggjandi sveitarfélaga, er heimilt, til að koma í veg fyrir ágang búfjár, að ákveða að eigendum búfjár sé skylt að hafa það í vörslu allt árið eða tiltekinn hluta ársins.

Heimild þessi getur jafnt tekið til alls umdæmis viðkomandi sveitarstjórna eða afmarkaðs hluta þess, svo sem umhverfis þéttbýli eða fjölfarna vegi.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð almenn ákvæði um vörslu búfjár af hverri tegund þar sem einnig skal kveðið á um almennar reglur um framkvæmd þeirrar vörslu.

6. gr.

Graðpeningi skal haldið í öruggri vörslu sem hér segir:

1. Naut, 6 mánaða og eldri, allt árið.
2. Hrútar og hafrar á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. maí ár hvert.
3. Graðhestar eða laungraðir hestar, 18 mánaða og eldri, allt árið. Óski hrossaræktarsamband og/eða sveitarstjórn eftir því getur ráðherra heimilað að færa aldursmörk að 12 mánaða aldri á viðkomandi svæði.
4. Aðrar búfjártegundir en að framan greinir, allt árið.

Sveitarstjórn skal hlutast til um að graðpeningur, sem ekki er í öruggri vörslu, sé handsamaður og afhentur hreppstjóra. Eigandi getur leyst til sín viðkomandi grip með greiðslu á áföllnum kostnaði. Við ítrekað brot skal graðhestur seldur á opinberu uppboði, en öðrum gripum slátrað og uppboðs- eða frálagsverð látið mæta áföllnum kostnaði.

IV. KAFLI
Aðbúnaður og meðferð búfjár.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra er rétt að gefa út reglugerð fyrir einstakar búfjártegundir þar sem nánar er kveðið á um atriði sem lúta að aðbúnaði og meðferð gripanna.

Í slíkri reglugerð skulu vera ákvæði um gripahús, umhirðu gripa og eftirlit. Fyrir gripi sem ganga úti hluta ársins skal einnig kveðið á um eftirlit á þeim tíma.

Í ákvæði um gripahús skal setja reglur um innréttingar, rýmisþörf gripa, loftræstingu, birtu í húsi, fóðurgeymslur, fóðrunarútbúnað og önnur atriði er lúta að velferð viðkomandi búfjártegundar.

Í slíkri reglugerð er heimilt að kveða á um skráningu á vanhöldum og heilbrigði búfjár. Þar má einnig kveða á um aðrar tímasetningar fyrir talningu gripa af viðkomandi tegund en ákvæði 10. gr. segja til um.

Þá er einnig heimilt að kveða á um leyfisveitingu til búfjárhalds í viðkomandi búgrein. Þar skal kveðið á um þau skilyrði sem uppfylla þarf til leyfis til að halda búfé af viðkomandi tegund. Þar er einnig heimilt að kveða á um kröfur til reynslu og menntunar þeirra sem búfé halda.

Í búgreinum, sem lúta framleiðslustýringu með takmörkun framleiðsluréttar, er heimilt að takmarka búfjárhald hvers búfjáreiganda í samræmi við leyfi hans til framleiðslu í viðkomandi grein. Slíka takmörkun má einungis setja í samvinnu við og með samþykki landssamtaka sem hafa að minnsta kosti $^{2}/_{3}$ starfandi bænda í viðkomandi búgrein innan sinna vébanda. Séu slík búgreinasamtök ekki fyrir hendi skal afla samþykkis Stéttarsambands bænda áður en sett er reglugerð samkvæmt heimildum þessarar málsgreinar.

Eftirlit með framkvæmd á þeim ákvæðum sem reglugerðir samkvæmt þessari grein kveða á um skal falið búfjáreftirliti sem kveðið er á um í 9. gr.

8. gr.

Landbúnaðarráðuneytið skal beita sér fyrir því í samvinnu við Búnaðarfélag Íslands, viðkomandi búgreinafélag, yfirdýralækni og dýraverndarnefnd að fyrir hverja búfjártegund verði gefnar út leiðbeinandi reglur um sem flesta þætti er lúta að fóðrun, aðbúnaði, meðferð og heilbrigði búfjár af viðkomandi tegund. Tryggt skal að slíkar reglur séu endurskoðaðar reglulega í samræmi við bestu þekkingu á hverjum tíma.

V. KAFLI
Um forðagæslu, eftirlit og talningu búfjár.

9. gr.

Í hverju sveitarfélagi skal vera búfjáreftirlitsmaður, einn eða fleiri, sem hafi eftirlit með ásetningi búfjár, fóðrun og hirðingu. Sveitarstjórn ræður þá til starfa til fjögurra ára að loknum sveitarstjórnarkosningum hverju sinni. Til starfsins skal velja menn sem hafa haldgóða reynslu og þekkingu í fóðrun og meðferð búfjár. Heimilt er fyrir fleiri en eitt sveitarfélag að ráða sameiginlega búfjáreftirlitsmann (menn).

Búnaðarsambönd hafa á hendi umsjón með búfjáreftirliti hvert á sínu svæði. Ráðunautur viðkomandi búnaðarsambands annast slíkt eftirlit eða aðili sem það tilnefnir. Skulu búfjáreftirlitsmenn á svæðinu leita úrskurðar hans í vafaatriðum um framkvæmd eftirlits.

Eftirlit vegna ákvæða reglugerða skv. 7. gr. skal framkvæmd af búfjáreftirliti samkvæmt þessari grein.

Héraðsdýralæknar skulu hafa eftirlit með þeim þáttum er snerta heilbrigði búfjár og tryggja hollustu afurða þess.

10. gr.

Búfjáreftirlitsmanni er skylt að fara minnst tvær ferðir um umdæmi sitt á hverjum vetri til eftirlits með fóðrun og ásetningi búfjár. Skal fyrri ferðinni lokið fyrir 15. nóvember og hinni síðari fyrir lok aprílmánaðar. Skal hann sannreyna tölur um fjölda ásetts búfjár og líta eftir húsakosti þess, fóðrun og hirðingu. Ákvæði reglugerða skv. 7. gr. geta samt mælt fyrir um aðrar dagsetningar fyrir skráningu á fjölda búfjár af viðkomandi tegund. Gróffóðurbirgðir hjá hverjum búfjáreiganda skulu mældar og gæðin metin.

Þar sem gripir eru í hagagöngu skal eigandi ætíð tilgreina aðila innan viðkomandi sveitarfélags, samþykktan af sveitarstjórn, sem er ábyrgur fyrir eftirliti og umsjá með þeim gripum.

Niðurstöður hausteftirlits um fjölda búfjár, fóðurforða, fyrningar og fóðurþörf skrái búfjáreftirlitsmaður á eyðublað sem Búnaðarfélag Íslands lætur í té ásamt reglum um framkvæmd forðagæslu. Skýrslu þessa skal senda Búnaðarfélagi Íslands strax að lokinni haustskoðun. Búnaðarfélag Íslands annast úrvinnslu á niðurstöðum um búfjárfjölda og fóðurforða og hefur yfirstjórn með framkvæmd forðagæslu. Skýrslur þessar skulu vera heimilar til afnota Framleiðsluráði landbúnaðarins, Hagstofu Íslands, Hagþjónustu landbúnaðarins og öðrum opinberum aðilum að fengnu leyfi landbúnaðarráðuneytisins.

Telji landbúnaðarráðherra ástæðu til getur hann ákveðið sérstaka talningu búfjár.

11. gr.

Þegar að lokinni skoðun skal búfjáreftirlitsmaður bera niðurstöður sínar undir eftirlitsmann búnaðarsambands. Komi í ljós að búfjáreiganda skorti hús eða fóður fyrir fénað sinn, vanfóðri hann eða vanhirði, skal búfjáreftirlitsmaður tilkynna það sveitarstjórn þegar í stað. Er þá sveitarstjórn skylt að aðvara þegar þann er hlut á að máli og gefa honum einnar viku frest til úrbóta. Hafi hann að þeim tíma liðnum ekki gert þær ráðstafanir, sem sveitarstjórn og eftirlitsmaður búnaðarsambandsins telja fullnægjandi, ber sveitarstjórn að útvega honum fóður, ráðstafa fénaði hans til fóðrunar eða lóga ef ekki er annarra kosta völ.

Búfjáreigandi, er hlut á að máli, ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum. Skylt er sýslumanni að veita sveitarstjórn stuðning við þessa framkvæmd ef með þarf.

12. gr.

Búfjáreftirlitsmaður skal launaður af sveitarsjóði.

Til að standa undir kostnaði við framkvæmd forðagæslu og búfjáreftirlits er sveitarstjórn heimilt að innheimta gjald af búfjáreigendum sem getur verið fast grunngjald auk gjalds sem ákvarðast af fjölda búfjár af hverri tegund. Gjald þetta skal þó ekki lagt á búfjáreigendur sem halda búfé á lögbýli og eiga þar lögheimili.

Landbúnaðarráðherra skal gefa út hámarksgjaldskrá fyrir þessa þjónustu.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum og samþykktum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru. Hafi búfjáreigandi gerst sekur um illa meðferð á skepnum skal hann sviptur leyfi til að eiga eða halda búfé. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi 13., 19., 31.–33., og 38. gr., svo og IX. X. og XI. kafli búfjárræktarlaga, nr. 31 24. apríl 1973, og lög nr. 57 25. maí 1989, um breytingu á þeim lögum, lög nr. 44 23. maí 1964, um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, og lög nr. 38 23. maí 1980, um breyting á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við setningu nýrra laga um búfjárrækt á Alþingi vorið 1989 kom fram sá ásetningur að sett yrðu sérstök lög um búfjárhald. Hinn 1. nóvember 1989 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til þess að hefja undirbúning slíkrar lagasetningar. Í nefndina voru skipaðir Jón Viðar Jónmundsson ráðunautur, formaður, Ólafur R. Dýrmundsson ráðunautur og Sigurður Sigurðarson dýralæknir.

Nefndin yfirfór búfjárræktarlög frá árinu 1973 með tilliti til þeirra ákvæða laganna sem ekki voru tekin til endurskoðunar við setningu laga um búfjárrækt í maí 1989. Þau atriði, sem hér um ræðir, eru í fyrsta lagi kaflinn um forðagæslu, auk ákvæða sem lúta að lausagöngu búfjár. Varðandi lausagöngu ber að vekja athygli á að þar er um að ræða tvenns konar ákvæði, í fyrsta lagi atriði sem lúta að lausagöngu graðpenings sem gengur laus á beit hluta ársins (naut, hrútar, stóðhestar), í öðru lagi er um að ræða almenn ákvæði um lausagöngu beitarfénaðar mismunandi búfjártegunda.

Önnur lög, sem komu til athugunar hjá nefndinni, eru lög um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum frá árinu 1964. Þar var einnig haft til hliðsjónar frumvarp til laga um búfjárhald í þéttbýli sem lagt var fyrir 105. löggjafarþing. Þessi löggjöf hefur verið á vegum félagsmálaráðuneytisins.

Einnig hafa lög um dýravernd frá 1957 verið höfð til hliðsjónar, en í sambandi við þau mál hefur mikið verið stuðst við gögn nefndar sem skilaði drögum að endurskoðuðu frumvarpi um þau mál árið 1986. Þessi löggjöf er á vegum menntamálaráðuneytisins. Fulltrúar bæði félags- og menntamálaráðuneytis hafa verið í viðræðum við nefndina í þessu sambandi.

Einnig hafa reglugerðir um búfjárhald fyrir einstakar búfjártegundir, sem hafa verið gefnar út eða verið í vinnslu hjá landbúnaðarráðuneytinu, verið til umfjöllunar og skoðunar í þessu sambandi.

Nefndin leitaðist við að kynna sér þróun þessara mála í nálægum löndum. Gagna var m.a. aflað frá Danmörku, Svíþjóð, Vestur-Þýskalandi og Bretlandi. Í nálægum löndum hefur á síðustu árum átt sér stað mikil umræða um þessi mál og miklar breytingar verið gerðar á löggjöf. Innan Evrópubandalagsins fer fram mikið starf við samræmingu á slíkri löggjöf einstakra landa bandalagsins.

Eitt helsta einkenni þess málaflokks, sem hér er til meðferðar og má raunar telja að

gildi um alla þætti hans, er að þetta eru mál sem snúa mjög beint að hinum einstaka búfjáreiganda. Annað einkenni eru mjög breytilegar aðstæður frá einum stað til annars og hlýtur virk framkvæmd því að byggja mjög á ákvarðanatöku sem liggur sem næst viðkomandi. Þess vegna er gert ráð fyrir að ákvarðanataka í mjög mörgum atriðum, sem lúta að þessum málum, sé á hendi viðkomandi sveitarstjórna.

Mismunur í mörgum þessum málum er einnig afar mikill á milli búgreina. Augljósustu skilin í mörgum málum liggja á milli þeirra tegunda sem nýta beit (geitur, hross, nautgripir og sauðfé) og þeirra sem ala mestan sinn aldur á húsi (alifuglar, kanínur, loðdýr og svín). Í öllum hugmyndum um nánari útfærslu á ákvæðum, sem lúta að búfjárhaldi, er því ljóst að munur á milli búfjártegunda er mikill og farsæl framkvæmd verður aðeins tryggð með vissu frumkvæði og með góðri samvinnu við forsvarsaðila viðkomandi búgreinar.

Hvað varðar leyfi til búfjárhalds er ljóst að rök fyrir slíku geta verið nokkuð breytileg eftir búfjártegundum. Þess vegna er hér lagt til að slíkt leyfisform verði í meginatriðum bundið við einstakar búfjártegundir. Í reglugerðum þar um yrði þá nánar kveðið á um ákvæði sem fullnægja þyrfti til slíks leyfis. Eðlilegt virðist einnig að komi til slíkra ákvæða fyrir einstakar búfjártegundir verði gerður skýr greinarmunur á kröfum til þeirra aðila sem þegar stunda viðkomandi búgrein og þeirra sem ætla að taka hana upp.

Einhver veigamestu rök fyrir slíkri leyfisveitingu er ákveðin þekking í viðkomandi búgrein, auk þess að fyrir hendi sé aðstaða sem tryggi búfénu viðunandi aðbúnað og fóður. Auk þess má einnig benda á vaxandi kröfur til einstakra búgreina um að þær valdi ekki óeðlilegri truflun á aðstöðu annarra þegna í næsta nágrenni (umhverfis- og mengunarkröfur). Ástæða er til að benda á að kröfur um lágmarksþekkingu á meðferð gripa verða hugsanlega brýnni í sumum greinum þar sem búfjáreign er að færast á hendur fjölmargra aðila sem hafa aldrei fyrr komist í snertingu við búfé. Í slíkum tilfellum er líklegt að hætta á vanfóðrun gripa og slæmri meðferð vegna hreinnar vankunnáttu vaxi.

Í hreinum framleiðslugreinum eru rök fyrir auknum þekkingarkröfum annars eðlis. Þar gerir neytandinn sífellt auknar kröfur um gæði þeirrar vöru sem honum er boðin. Hraðfara tækniþróun í sumum greinum, sem leitt hefur til mikillar stækkunar á rekstrareiningum, gerir auknar kröfur til þekkingar þeirra sem búféð annast. Fari eitthvað úrskeiðis við slíkar aðstæður verða afleiðingarnar mun stórfelldari og alvarlegri en áður þekkist. Sérhæfingin gerir því auknar kröfur til framleiðenda um að standa að framleiðslu með alla tiltæka þekkingu að vopni.

Í þessu sambandi er rétt að draga fram mismun á mjólkur- og kjötframleiðslu eins og hún er nú. Í mjólkurframleiðslu er mjög víðtækt framleiðslueftirlit samkvæmt reglugerð um mjólk og mjólkurvörur nr. 35/1986 þar sem m.a. er kveðið á um að fjósskoðunarvottorð dýralæknis sé ígildi starfsleyfis fyrir mjólkurframleiðandann. Í kjötframleiðslu er núna engu tilsvarandi eftirliti með aðstöðu framleiðenda til að dreifa. Hitt kann að vera íhugunarefni hvort ekki muni full ástæða til þess í sumum kjötframleiðslugreinum.

Þá er hér einnig gert ráð fyrir að einstök sveitarfélög geti sett sér samþykktir um búfjárhald þar sem þau hafi heimild til að banna eða takmarka búfjárhald í einstökum greinum. Hér er hugmyndin að koma til móts við ákvæði núgildandi laga um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum. Ljóst er að slíkar samþykktir verða aðeins gerðar til takmörkunar á búfjárhaldi og aðeins þar sem brýnar ástæður eru til. Á þennan hátt má samt einnig ætla að einstök sveitarfélög gætu unnið að friðunaraðgerðum í tilteknum sveitarhluta ef aðstæður krefjast þess. Frumkvæði í þessum efnum er vafalítið best komið hjá

sveitarstjórnum því að framkvæmdin hlýtur eðlilega að verða á hendi heimaaðila. Rétt er að vekja athygli á því að í sveitarfélögum þar sem búfjárhald snertir mikinn minni hluta íbúa er nauðsynlegt að tryggja samt rétt búfjáreigenda gagnvart atvinnurekstri sínum.

Hér er gert ráð fyrir þeim möguleika að fyrir einstakar búgreinar verði settar reglugerðir sem skilgreini skýrt kröfur um ýmsa þætti í aðbúnaði og meðferð búfjár af viðkomandi tegund. Hér eins og áður eru viðhorfin og atriðin sem athyglin beinist að ákaflega breytileg frá einni búfjártegund til annarrar. Í sumum greinum eru slíkar aðferðir til stýringar í greinunum á ýmsan hátt mun eðlilegri heldur en kvóti á framleiðslu. Slíkar reglugerðir eru í raun að hluta þegar fyrir hendi eða á vinnslustigi í nokkrum greinum; loðdýrarækt, kanínurækt, alifuglaframleiðslu og svínarækt. Þessar reglugerðir eða reglugerðadrög eru aftur á móti núna byggðar á ýmsum breytilegum lögum. Um sumar þessar reglugerðir hafa einnig komið fram rökstuddar hugmyndir um þörf á endurskoðun þeirra. Eðlilegt sýnist að slíka vinnu verði á komandi árum hægt að byggja á heilsteyptri löggjöf sem nær til allra búgreina. Til að tryggja að slíkar reglur verði unnar á þann hátt að þær verði viðurkenndar og virtar er nauðsynlegt að við vinnu þeirra og frágang sé tryggður sem mestur og bestur aðgangur þeirra aðila sem málin varða mest, þ.e. bænda í viðkomandi búgrein. Því er gert ráð fyrir nánu samstarfi við viðkomandi búgreinafélög við vinnslu á þessum reglugerðum.

Þá er bent á að mjög æskilegt væri að jafnhliða þessu frumvarpi kæmi til umfjöllunar breytingar á gildandi dýraverndarlögum, sbr. áðurnefnda endurskoðun frá árinu 1986.

Ástæða er til að leggja á það áherslu að við mótun á slíkum reglum verður að hafa í heiðri það sjónarmið að íþyngja ekki framleiðslu í viðkomandi greinum með dýru eftirliti, en leggja þess í stað áherslu á virkt innra eftirlit hjá búgreininni. Þessar framleiðslugreinar eiga flestar á brattann að sækja vegna mikils framleiðslukostnaðar og verður því að forðast allt sem eykur hann óeðlilega. Til að tryggja að kostnaði við framkvæmd og eftirlit samkvæmt slíkum reglum sé haldið í lágmarki er bent á þá leið að nota til þess það búfjáreftirlit sem þegar er fyrir hendi með forðagæslu, og heiti forðagæslumanns m.a. breytt til samræmis við það sjónarmið í búfjáreftirlitsmann.

Bent skal á nauðsyn þess að efla samræmingu í framkvæmd búfjáreftirlits um allt land. Ábending er gefin um það að stefna að reglulegu námskeiðahaldi fyrir búfjáreftirlitsmenn á tveggja til þriggja ára fresti til þess að tryggja á þann hátt samræmda framkvæmd þessa málaflokks um land allt. Þá hefur einnig verið á það bent að æskilegt væri að búfjáreftirlitsmönnum verði sett erindisbréf. Þar mætti kveða nánar á um ýmis atriði í starfi þeirra.

Hér er lagt til að landbúnaðarráðuneytinu verði falið að beita sér fyrir að gefnar verði út samræmdar almennar leiðbeiningar um aðbúnað og meðferð búfjár fyrir hverja búfjártegund. Þetta er gert að erlendum fyrirmyndum. Með slíku ætti að mega tryggja að framleiðendur í viðkomandi grein hefðu mjög aðgengileg helstu undirstöðuatriði um þessa þætti fyrir búfé sitt. Þó að mjög mikið af slíku efni sé til á íslensku er ekki um það að ræða að það sé til aðgengilegt á einum stað, sem hefði augljósa kosti.

Gert er ráð fyrir að framkvæmd forðagæslu sé að miklu leyti haldið óbreyttri frá því sem verið hefur.

Til að mæta kostnaði við framkvæmd búfjáreftirlits er með lögum þessum gefin heimild til sveitarstjórna um gjaldtöku af búfjáreigendum til að standa straum af kostnaði vegna þessa málaflokks. Til þessa hefur sveitarfélögum verið falin framkvæmd forðagæslu og að standa undir kostnaði við hana án heimilda til gjaldtöku. Eftir því sem bú-

fjáreign verður bundin sífellt minni hluta íbúa í hverju sveitarfélagi virðist eðlilegt að kostnaður vegna þessa málaflokks verði greiddur af búfjáreigendum. Líklegt er að það muni um leið skapa virkara aðhald með framkvæmd þessara mála en víða er nú. Ætla má að til slíkrar gjaldtöku komi fremur hjá sveitarfélögum í þéttbýli en í dreifbýli. Að óreyndu verður einnig að ætla að framkvæmd búfjáreftirlits sé mun dýrari í þéttbýli þar sem oft er um fáa gripi að ræða hjá fjölmörgum eigendum en í dreifbýli þar sem búfjárhald er fyrst og fremst stundað vegna atvinnu búfjáreigenda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um yfirstjórn þessa málaflokks og gildissvið, þ.e. til hvaða búfjártegunda ákvæði frumvarpsins ná.

Um 3. gr.

Greinin er efnislega, samhljóða ákvæði gildandi laga um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum. Hún gerir ráð fyrir því að öllum sveitarfélögum sé heimilt að setja reglugerð um búfjárhald, en ekki eingöngu þéttbýlissveitarfélögum eins og nú er.

Um 4. gr.

Hér er einnig um að ræða ákvæði sem er að finna í lögum um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum. Gerð er grein fyrir þeim ákvæðum sem ætlast er til að samþykktir um búfjárhald skv. 3. gr. taki til.

Um 5. gr.

Í þessari grein er fjallað um vörslu búfjár. Nýverið hefur nefnd, sem fjallaði um búfé á þjóðvegum, skilað áliti til landbúnaðarráðherra. Þar eru ábendingar um mörg mál sem þörf er að skoða í sambandi við þennan málaflokk. Ljóst er að hér er um gífurlega mikið hagsmunamál að ræða þar sem eftir er að fjalla um ákaflega marga þætti málsins áður en til endanlegra ákvarðana kemur.

Þess vegna er hér gert ráð fyrir að mótun á almennum reglum um vörslu verði sett fram með sérstakri reglugerð. Á þann hátt má ætla að auðveldara verði að fást við að koma í framkvæmd þeim breytingum sem fyrirsjáanlegar virðast í þessum málum á allra næstu árum. Með tilkomu á verulega meiri vörslu búfjár en nú gerist er ljóst að í sumum tilfellum muni þurfa ákveðið aðlögunartímabil að breyttum aðstæðum. Þar sem breytingar í þessum málum munu kalla á aukna fjárhagslega ábyrgð búfjáreigenda mun slíkt kalla á t.d. endurskoðun í tryggingamálum fyrir bændur. Þá má benda á möguleika þess að hafa reglur breytilegar eftir landshlutum (svæðum).

Ástæða er einnig til að minna á að með breyttum reglum um vörslu þarf einnig að huga að því að slíkar reglur verði mótaðar á þann hátt að þær geri mögulega eðlilega nýtingu lands sem skipt er af umferðaræðum og einnig þarf að huga að óhjákvæmilegri umferð hestamanna meðfram og eftir vegum.

Í áðurnefndu nefndaráliti er eingöngu fjallað um breytt viðhorf til vörslu með tilliti til umferðarmála. Ýmis önnur sjónarmið ýta á breytingar í þessum málum, t.d. breytt við-

horf í landnýtingu, m.a. með tilliti til aukinnar landfriðunar, breyttur búrekstur á jörðum í dreifbýli, sem felst í að búfjárhald leggst af á fjölda jarða. Þessi mál þarfnast því mun víðtækari umfjöllunar áður en endanleg stefnumörkun fer fram.

Hér er gert ráð fyrir heimildum til einstakra sveitarfélaga til að setja reglur sem kveða á um meiri vörslu búfjár en almennar reglur gera ráð fyrir. Ljóst er að áhugi og frumkvæði heimaaðila er hið eina sem tryggt getur örugga framkvæmd þessara mála.

Um 6. gr.

Hér hafa verið dregin saman ákvæði búfjárræktarlaga frá 1973 sem fjalla um vörslu graðpenings. Gert er ráð fyrir aðeins þrengdum vörslutíma fyrir hrúta og reglum um graðhesta er breytt til samræmis við samþykktir frá Hrossaræktarsambandi Íslands.

Um 7. gr.

Hér er um að ræða nýmæli í lögum. Gert er ráð fyrir að landbúnaðarráðherra fái heimild til að gefa út reglugerð fyrir hverja búfjártegund þar sem nánar sé kveðið á um ýmsa þætti er lúta að aðbúnaði og meðferð gripa af hverri tegund. Fylgt er líkri þróun og átt hefur sér stað í þessum málum erlendis á síðustu árum.

Hér er gerð grein fyrir þeim almennu ákvæðum sem slíkar reglugerðir mundu fjalla um, en eðlilega yrðu umfjöllunar- og áhersluatriði ákaflega breytileg frá einni búfjártegund til annarrar.

Hér er gert ráð fyrir þeim möguleika að tekin sé upp leyfisveiting til tiltekinnar búfjárframleiðslu og vísað er til umfjöllunar hér að framan um þau mál. Athygli er vakin á þeim mismun sem nú er fyrir hendi á mjólkur- og kjötframleiðslu að þessu leyti.

Þá er gert ráð fyrir að með slíkum reglugerðum sé mögulegt í þeim framleiðslugreinum, þar sem viðhöfð er framleiðslutakmörkun með úthlutun framleiðsluréttar, að tryggja að samræmi sé á milli ákvæða um búfjárhald og réttar viðkomandi aðila til framleiðslu. Áhersla er lögð á að reglugerðir þurfi samþykki viðkomandi búgreinarfélags. Á þann hátt ætti að vera mögulegt að tryggja að ákvæði þeirra íþyngi ekki framleiðslu í viðkomandi grein á óeðlilegan hátt. Frumkvæði og áhugi framleiðenda í viðkomandi búgrein er einnig áreiðanlega besta trygging fyrir því að reglugerðir séu virtar og þeim framfylgt. Gert er ráð fyrir að eftirlit vegna slíkra reglugerða verði byggt á þeim grunni sem nú er fyrir hendi í forðagæslu.

Um 8. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að gefnar séu út samræmdar leiðbeinandi reglur um aðbúnað og meðferð búfjár af hverri tegund. Um þetta er nánar fjallað í almennum athugasemdum frumvarpsins.

Um 9.–12. gr.

Þessar greinar fjalla um framkvæmd forðagæslu. Að grunni eru hér sömu ákvæði og í búfjárræktarlögum, nr. 31 24. apríl 1973. Felld eru niður ákvæði um skráningu á framleiðslu á kartöflum og rófum. Nýmæli er ákvæðið um ábyrgðarmenn með búfé sem er í hagagöngu án þess að eigendur þess séu búsettir í viðkomandi sveitarfélagi.

Þá er gert ráð fyrir þeim möguleika að búfjáreftirlitsmenn verði ráðnir sameiginlega af fleiri sveitarfélögum. Þetta er gert m.a. með hliðsjón af því að hér verði um meira starf að ræða en verið hefur og gerðar verði auknar kröfur um samræmingu í framkvæmd og

þjálfun hjá þeim aðilum sem sinna þessu starfi í framtíðinni. Slík skipan mála getur einnig hugsanlega gert auðveldara að fást við meðferð á vandasömum málum þar sem kann að gæta áhrifa of mikils nágrennis þegar heimaaðili á í hlut.

Hér er gert ráð fyrir þeim möguleika að sveitarfélögum sé heimilt að mæta kostnaði vegna framkvæmdar við búfjáreftirlit með gjaldtöku af búfjáreigendum. Til þessa hefur framkvæmd forðagæslu verið kostuð að öllu leyti beint af sveitarsjóði.

Kostnaðarauki ríkissjóðs vegna framkvæmdar þessara laga er enginn frá því sem verið hefur. Hugsanlega er um aukinn kostnað sveitafélaga að ræða í sumum tilfellum en eins og að framan greinir er gert ráð fyrir heimild þeirra til tekjuöflunar til að mæta þeim kostnaði. Slíkar heimildir eru ekki í gildandi lögum.

Nd. 247. Nefndarálit [34. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Ástu Magnúsdóttur frá Húseigendafélagi Reykjavíkur, Þórleif Jónsson og Guðlaug Stefánsson frá Landssambandi iðnaðarmanna og Snorra Olsen og Guðrúnu Ástu Sigurðardóttur frá fjármálaráðuneytinu.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Matthías Bjarnason var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. des. 1990.

Páll Pétursson, form.	Guðmundur G. Þórarinsson, fundaskr.	Jón Sæmundur Sigurjónsson, frsm.
Friðrik Sophusson.	Þórhildur Þorleifsdóttir.	Ragnar Arnalds.

Nd. 248. Nefndarálit [35. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 17 3. apríl 1990, um ábyrgðadeild fiskeldislána.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Matthías Bjarnason var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. des. 1990.

Páll Pétursson, form.	Guðmundur G. Þórarinsson, fundaskr.	Jón Sæmundur Sigurjónsson, frsm.
Friðrik Sophusson.	Þórhildur Þorleifsdóttir.	Ragnar Arnalds.

Nd. 249. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til l. um tímabundna lækkun tolls af bensíni.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Snorra Olsen, skrifstofustjóra í fjármálaráðuneytinu, og Guðrúnu Ástu Sigurðardóttur, deildarstjóra í fjármálaráðuneytinu.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Matthías Bjarnason var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. des. 1990.

Páll Pétursson, form.	Guðmundur G. Þórarinsson, fundaskr.	Jón Sæmundur Sigurjónsson, frsm.
Ragnar Arnalds.	Þórhildur Þorleifsdóttir.	Friðrik Sophusson.

Nd. 250. Breytingartillögur [91. mál]

við frv. til l. um tímabundna lækkun tolls af bensíni.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „frá 1. október 1990“ í 2. mgr. komi: vegna innflutnings frá 6. október 1990 og vegna birgða sem til voru í landinu á þeim tíma.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „31. desember 1990“ komi: 28. febrúar 1991.

Nd. 251. Nefndarálit [92. mál]

um frv. til l. um ábyrgð gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Matthías Bjarnason var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. des. 1990.

Páll Pétursson, form.	Guðmundur G. Þórarinsson, fundaskr.	Jón Sæmundur Sigurjónsson, frsm.
Friðrik Sophusson.	Ragnar Arnalds.	Þórhildur Þorleifsdóttir.

Sþ. 252. Svar [141. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Geirs H. Haarde um sparnað vegna breyttra reglna um endurgreiðslu tannlæknakostnaðar.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hver var heildarkostnaður opinberra aðila vegna tannlækninga á árunum 1988 og 1989? Hver var hlutur tannréttinga í þessum kostnaði?*
2. *Hvað hefur mikið sparast í tannlækningakostnaði almannatrygginga á þessu ári í kjölfar laga nr. 122/1989? Hvað mikið af þessum sparnaði er til kominn vegna breyttra reglna um tannréttingar?*
3. *Hvað nýtur stór hluti barna og unglinga 6–18 ára tannréttingaþjónustu hér á landi?*
4. *Hvernig hefur til tekist um flokkun tannréttinga og breytta greiðsluþátttöku hins opinbera eftir eðli aðgerða? Hvað má gera ráð fyrir að kostnaður verði mikill árlega vegna hins nýja flokkunarkerfis og eftirlits með því?*

1. Heildarkostnaður opinberra aðila við tannlækningar á árinu 1988 var 713 millj. kr. og 1989 922 millj. kr.

Hver hlutur tannréttinga var í þessum kostnaði er ekki hægt að segja nákvæmlega því að í reikningum hér að lútandi er tannlækniskostnaði ekki skipt eftir verkefnum. Ráðuneytið telur að tannréttingakostnaður á árinu 1988 hafi verið mjög nálægt 115 millj. kr. og nálægt 135 millj. kr. á árinu 1989.

2. Enn liggja ekki fyrir neinar marktækar upplýsingar um kostnað ársins 1990 til þess að hægt sé að svara þessari spurningu því að miklar sveiflur eru milli mánaða eftir því hvernig reikningar eru innheimtir.

3. Nákvæmar tölur liggja ekki fyrir um hversu stór hluti 6–18 ára barna og unglinga nýtur tannréttingaþjónustu hér á landi, en þær kannanir sem gerðar hafa verið benda til að nálægt 40% barna og unglinga á þessum aldri hafi notið þessarar þjónustu áður en lögunum var breytt í fyrra.

Í nágrannalöndunum, t.d. Noregi, hefur verið talið að um 25% barna þurfi tannréttinga með.

4. Flokkun á tannskekkju hefur enn ekki hafist, enda samningar um gjaldskrá tannréttara ekki í höfn. Endurgreiðsla fyrir tannréttingar, sem ekki var hafin 1. nóvember 1989, hefur því legið niðri frá áramótum 1989–1990, nema þegar um aðkallandi þörf á meðferð hefur verið að ræða. Í þeim tilvikum hefur Tryggingastofnun ríkisins samþykkt endurgreiðslu með fyrirvara um síðari endurskoðun á prósentutölu endurgreiðslunnar að fenginni gjaldskrá tannréttara og reglugerð um flokkun tannskekkju.

Tryggingastofnun ríkisins hefur enn ekki gert sérstaka áætlun um kostnað við hið nýja flokkunarkerfi og eftirlit með því og slík áætlun verður ekki gerð fyrr en samningar um gjaldskrá hafa verið gerðir.

Sþ. 253. Tillaga til þingsályktunar [200. mál]

um kortlagningu gróðurlendis Íslands.

Flm.: Egill Jónsson, Jón Helgason, Geir Gunnarsson, Árni Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hlutast til um að gróðurlendi Íslands verði kortlagt.

Lögð verði áhersla á að upplýsa:

1. heildarstærð gróinna landsvæða svo að staðfest verði hve mikill hluti landsins er hulinn gróðri,
2. stærð og mörk þeirra landsvæða þar sem gróðureyðing er ör til að auðvelda markvissar aðgerðir í gróðurvernd og uppgræðslu þeirra,
3. stærð þeirra landsvæða þar sem gróður á í vök að verjast og friðun telst árangursrík til styrkingar,
4. stærð ógróinna landsvæða sem hæf eru til landgræðslu en gróa ekki sjálfkrafa.

Að öðru leyti byggist nánari greining landsins eftir jarðvegi og gróðri á þeim möguleikum sem sú tækni í myndagerð, sem notuð verði við þetta verkefni, framast leyfir.

Greinargerð.

Á síðustu áratugum hefur gróðurfar landsins verið fyrirferðarmikið umræðuefni hér á landi. Slík umfjöllun kemur tæpast á óvart því að þjóðin býr í stóru landi með fjölbreytilegu og stórbrotnu landslagi sem eldur og ís hefur mótað í aldanna rás. Þessi umræða hefur m.a. beinst að útbreiðslu og viðgangi gróðurs á ýmsum tímum. Drjúgan þátt í þessari umfjöllun hafa lærðir menn á þessu sviði átt og er því fróðlegt að íhuga skoðanir þeirra. Í bókinni *Lýsing Íslands* eftir Þorvald Thoroddsen, sem kom út í 2. útgáfu árið 1933, kemst höfundur m.a. svo að orði:

„Í Íslendingabók Ara prests hins fróða er sagt, að Ísland hafi verið „viði vaxið milli fjalls og fjöru", er það byggðist. Þó þetta sé líklega ýkt, þá er það víst, að birkiskógar hafa á landnámstíð tekið yfir miklu stærri svæði en síðar varð. Hinar neðri fjallshlíðar hafa þá að öllum líkindum verið skógivaxnar víða um land og skógur hefur tekið yfir meginið af holtum og melum á undirlendi og yfir ýmis gömul hraun og sandsvæði á láglendi, sem nú eru uppblásin. Skógur hefir náð yfir mikinn hluta af bygðum og dölum, en hvergi hefir hann að mun náð upp á hálendi, og flestir útkjálkar hafa þá sennilega verið alveg skóglausir einsog nú. Á sjálfu undirlendinu hafa þegar á landnámstíð mörg svæði verið skóglaus, t.d. margar mýrar, sandar við sjó og fram með ám, ný hraun o.fl. Mun vera vel í lagt, ef þess er getið til, að þá hafi þrítugasti hluti landsins verið skógivaxinn; hálendið nærri alt og allmiklar spildur af útkjálkum og útnesjum voru gróðurlitlar auðnir síðan á ísöldu; skóganna hefir því aldrei gætt mikið í samanburði við flatarmálið þó þeir eðlilega hljóti að hafa verið mjög þýðingarmiklir fyrir landnámsmenn."

Niðurstaða Þorvalds Thoroddsens á útbreiðslu skóglendis á Íslandi er sú að við landnám hafi um 3.400 km^2 lands verið skógi vaxnir en það er u.þ.b. þrefalt á við það sem nú er.

Í ársriti Skógræktarfélags Íslands 1971 kemst Hákon Bjarnason skógræktarstjóri að nokkuð ólíkri niðurstöðu. Þar segir að á fyrri tímum hafi skóglendi þakið um 40.000 km^2

og að um helmingur landsins hafi verið vaxinn samfelldum gróðri.

Árið 1972 ritar Ingvi Þorsteinsson grein í rit Landverndar *Gróðurvernd* undir kaflaheitinu „Hve mikið hefur tapast?“ Þar segir:

„Gróðureyðingin náði hámrki á síðari hluta 19. aldar. Þá voru víðáttumikil svæði á hálendinu orðin örfoka, uppblástursgeirarnir teygðu sig víða niður í byggð, fjöldi bæja hafði lagzt í eyði vegna sandfoks og uppblásturs og tilveru heilla byggðarlaga var ógnað. Upp úr síðustu aldamótum tók að draga úr eyðingarhraðanum, bæði vegna hlýnandi loftslags og landgræðsluaðgerða, og vegna þess að víða var allt fokið, sem fokið gat. Samt fer því fjarri, að enn hafi tekizt að stöðva landeyðinguna, eins og síðar verður að vikið.

Ekki er fyrir hendi vitneskja um, hve mikið af landinu er gróið nú. Unnið er að kortlagningu á gróðri landsins, en henni er ekki lokið. Af þeim niðurstöðum, sem þegar liggja fyrir, virðist þó mega áætla að $^1/_4$–$^1/_5$ þess (20–25 þús. km^2) sé gróinn. Þetta táknar, að á þeim tæpum 1100 árum, sem liðin eru frá upphafi landnáms, hefur tapazt meira en helmingur af gróðurlendi landsins af svæði, sem svarar til a.m.k. $^1/_3$ af heildarstærð landsins. Árlegt tap hefur samkvæmt þessu numið að meðaltali 20–25 km^2 gróðurlendis á þessu tímabili.

Af heildarflatarmáli landsins eru nú um 12% jöklar, 5–6% ár og vötn, 20–25% gróið og 50–60% ógróið land.“

Athyglisverðasta niðurstaða þessarar greinar er að gróið land þeki 20–25 þús. km^2 og að árlegt tap gróins lands nemi að meðaltali 20–25 km^2.

Í ritinu *Náttúra Íslands*, sem gefið var út árið 1981, fjallar Ingvi Þorsteinsson aftur um þessi mál. Þar segir undir kaflaheitinu „Gróðurrýrnun“:

„Á Íslandi hefur orðið gífurleg rýrnun landgæða á þeim 1100 árum, sem liðin eru frá því að land byggðist. Rýrnunin er fyrst og fremst fólgin í því, að á þessu tímabili hefur flatarmál gróins lands minnkað úr 60–70 þúsund km^2 í u.þ.b. 25 þúsund km^2, og flatarmál skóg- og kjarrlendis úr 30–40 þúsund km^2 í 1.250 km^2. Þessi eyðing ætti að vera flestum kunn, því að í öllum landshlutum blasa við auðnir, sem áður voru klæddar gróðri, og rofabörð og önnur merki þess, að gróður- og jarðvegseyðingu er ekki lokið á Íslandi.“

Það sem vekur sérstaka eftirtekt er að hér er áætlað að gróður hafi við landnám þakið um 60–70 þús. km^2 og er það mikil aukning frá fyrri áætlunum.

Ritið *Íslensk þjóðmenning* (1987) birtir m.a. grein eftir Sturlu Friðriksson þar sem hann fjallar ítarlega um þessi mál. Samkvæmt heimildaskrá sem fylgir greininni hefur Sturla m.a. haft til hliðsjónar efni þeirra ritgerða sem að framan er getið. Í greininni segir:

„Af ýmsum fyrrgreindum heimildum og rökum má þó telja fullvíst að gróður hafi a.m.k. hulið um 40.000 km^2 lands, en það er tvöfalt víðáttumeira landsvæði en nú er gróið. Sennilega hefur tæpur helmingur þess lands verið vaxinn skógi, eða um 18.000 km^2.

Rétt er að geta þess að skiptar skoðanir eru um víðáttu skóglendis um landnám. Þannig var lengi álitið að aðeins 3.000–5.000 km^2 lands hafi verið viði vaxnir. Síðar hafa menn talið að að minnsta kosti rúmir 25.000 km^2 landsins hafi þá verið skógi vaxnir eða jafnvel getið þess til að um 40.000 km^2 lands hafi verið vaxnir birki.“

Þótt skoðanir sérfróðra manna um gróðurfar landsins séu ekki samdóma, eins og framangreindar tilvitnanir bera með sér, verður að telja að hin faglega umræða hafi skilað þeirri niðurstöðu að enn gangi á gróðurlendi landsins og að þannig sé fenginn grund-

völlur að þjóðfélagsumræðunni um þessi mál.

Einhliða umræða.

Í umræðu um orsakir eyðingar gróðurlenda á Íslandi hefur jafnan gætt nokkuð einhliða skýringa, sérstaklega hefur svo verið hin síðari ár, að þar sé búsetunni í landinu um að kenna. Miklu minna hefur verið rætt um áhrif hinna hörðu náttúruafla sem m.a. ráðast af eldvirkni og jöklum og breytilegri veðráttu á ýmsum tímum.

Um þessi efni fjallar Sigurður Þórarinsson jarðfræðingur í grein er birtist í ritinu *Saga Íslands I,* árið 1974. Þar er m.a. sýnd hitafarslína frá fyrri öldum og snælínan í suðurhlíðum Vatnajökuls allt frá landnámi, sjá fskj. I. Þarna kemur greinilega fram hversu veðráttan hefur farið hörðum höndum um þetta land þótt úr hófi hafi keyrt á sautjándu, átjándu og nítjándu öld, og má nærri geta hver áhrifin hafa verið á gróðurfar landsins. Margar heimildir vitna um þá óheillaþróun sem af þessu langvinna harðæri hlaust. Í því sambandi er vert að minna á hin eftirtektarverðu orð Sveins Pálssonar er hann viðhafði fyrir tveimur öldum þegar eyðingaröflin fóru hamförum:

„Hver er líka sá, að hann hafi leikið eftir eða fylgst með öllum seinagangi náttúrunnar stig af stigi, öllum duttlungum hennar og umbreytingum, eða þori að neita því að þar sem jökulárnar flæmast nú um, brjóta grassvörðinn, valda uppblæstri og mynda samfellda sanda og jökulaura, geti orðið frjósamt sléttlendi þegar aldir renna?"

Einnig hlýtur að vekja eftirtekt skoðun Runólfs Sveinssonar sandgræðslustjóra á þessum málum sem kemur fram í yfirgripsmikilli grein sem birtist í ritinu *Sandgræðsla Íslands fimmtíu ára.* Þar segir m.a.:

„Víst er, að hálendis- og öræfagróður landsins er mjög háður hitastigi og veðráttunni yfirleitt. Takmörk gróðurs og auðnar inni á öræfum og jafnvel allt niður undir byggð sums staðar á landinu hafa áreiðanlega flutzt til fyrir áhrif veðráttunnar einnar. Gróðureyðing og uppblástur á því stundum upptök sín ekki sízt inni á hálendinu, vegna þess að árshitinn lækkar og veðráttan harðnar um lengri eða skemmri tíma."

Með engu móti má þó gleymast að landið ber búsetunni órækt vitni enda oft á tíðum gengið hart að nytjum þess, bæði er varðar viðartekjur og beit þess búfjár er í landinu hefur gengið.

Breyttir tímar.

Um þessar mundir er liðin u.þ.b. ein öld frá því að hjöðnun jöklanna hófst. Frá þeim tíma hefur veðrátta farið hlýnandi og er nú að mati fróðra manna svipuð og var við landnám. Þessi hagstæðu áhrif í veðurfari eiga sinn þátt í að gróður er í framför víða um land. Að sama marki stefna áhrif þess umbótatíma í landbúnaði sem varað hefur um fjögurra áratuga skeið. Með aukinni túnrækt og nýtingu ræktunarlanda til beitar hefur stórlega dregið úr beitarálagi á landið.

Mörg stórvatna landsins, sem áður eyddu gróðurlendum, hafa nú tekið sér fastan farveg, m.a. vegna aðgerða við fyrirhleðslur. Þessi lönd eru nú í örri framför hvað sjálfgræðslu varðar. Tilvitnuð orð Sveins Pálssonar hér að framan, sem hann viðhafði fyrir tveimur öldum, eru þannig orðin að staðreynd. Af þessum ástæðum og fleirum er gróður víða um land í mikilli framför. Áraurar, sem til skamms tíma voru berangur, eru sem óðast að vaxa samfelldum gróðri, sums staðar eru lyng og birkiplöntur farnar að ná umtalsverðri útbreiðslu og birki og víðir eru víða í mikilli framför, einkum til dala. Þrátt fyrir þessa hagstæðu þróun í gróðurfari landsins er hennar lítið getið og ekki hefur hún enn

verið tekin til uppgjörs við mat á ástandi gróðurs í landinu.

Mat á aðstæðum.

Tæpast verður það áréttað sem vert er hversu gróðurfarslegar aðstæður í landinu eru ólíkar því að þrátt fyrir þá hagstæðu þróun sem að framan er getið eru eyðingaröflin á fullri ferð víða um land þótt áhrifa þeirra gæti einkum á móbergssvæðunum um miðbik landsins. Við vissar náttúrufarslegar aðstæður geta jafnvel áhrif hlýnandi veðráttu leitt til óhagstæðari gróðurskilyrða. Fróðir menn telja að afleiðing hjöðnunar jökla sé að landið rísi sem leitt getur til lægri grunnvatnsstöðu í jarðvegi og lakari gróðurskilyrða. Við hærri snjólínu á þurrviðrasömum heiðarlöndum dregur úr þýðingarmikilli vatnsmiðlun og vaxtarskilyrði versna. Þessi dæmi og raunar mörg fleiri sýna hvert grundvallaratriði það er við þær breytilegu aðstæður sem einkenna náttúrufar landsins að sem nákvæmust staðbundin þekking á ræktun þess sé fyrir hendi.

Í áður tilvitnaðri ritgerð Runólfs Sveinssonar, þar sem fjallað er um stærð gróins lands og ástand gróðurs á þeim tíma, kemst höfundur þannig að orði:

„Því miður getum við ekki gert gróðurreikning landsins upp í dag, og því ekki séð með neinni vissu hvort um hallabúskap er að ræða eða ekki. Til þess þarf umfangsmiklar rannsóknir sem eru kostnaðarsamar og tímafrekar. Engu að síður er okkur lífsnauðsynlegt að vita hvort gróður landsins er enn að eyðast og þá hve mikið. Ef ræktun og aukning gróðurs, sem unnið er að, ekki vegur upp á móti gróðureyðingunni, er mikil alvara á ferðum. Auk þess, með væntanlega fjölgun búfjár í landinu í huga, er mikil nauðsyn að komast sem fyrst að viðunanlegri niðurstöðu um hvernig gróðurreikningur landsins stendur nú. Því má þó ekki gleyma, sem áður er hér drepið á, hvað veðráttan á hverjum tíma mun hafa mikla þýðingu fyrir allan gróður í landinu."

Enn er ekki fyrir hendi nákvæm vitneskja um stærð þeirra landsvæða sem eru að eyðast gróðri. Sveinn Runólfsson áætlar að ör gróðureyðing taki til 5–6 þús. km^2 og að á um það bil 10–12 þús. km^2 sé gróður í bágu ástandi.

Þótt hér séu ónákvæmar tölur tilgreindar er fullljóst að mikil verkefni í landgræðslu og gróðurvernd eru fram undan.

Að greiða skuldina við landið.

Oft á tíðum hefur gætt ótrúlegrar bjartsýni þegar ákvarðanir hafa verið teknar um einstök markmið í landgræðslumálum. Þannig var jafnan haft á orði í umræðum um fyrstu landgræðsluáætlunina sem Alþingi samþykkti á hátíðarfundi á Þingvöllum árið 1974 þegar þjóðin minntist ellefu alda afmælis á Íslandi „að nú skyldi skuldin við landið greidd". Þrátt fyrir árangursrík störf Landgræðslu ríkisins er ljóst að langur tími mun líða þar til eyðingaröflin í náttúru Íslands verða að velli lögð og fullyrða má að gróðurvernd og græðsla verða ævarandi verkefni á Íslandi. Það ræðst af hörðu náttúrufari landsins og viðkvæmri jarðvegsbyggingu.

Í því sem að framan er greint kemur greinilega fram að vitneskju um gróðurfar í landinu er afar ábótavant, bæði er varðar stærð gróinna landa en þó sérstaklega varðandi þau lönd sem umönnunar þurfa. Nákvæm mæling þeirra landa, röðun verkefna og nákvæm ræktunaráætlun eru mikilvægur grundvöllur til að meta stærð þessa mikilvæga verkefnis og tryggja sem bestan árangur í landgræðslustarfi.

Miklar nýjungar og tækniframfarir hafa átt sér stað á síðari árum í myndagerð með notkun gervihnatta. Vafalaust mun þekkingu á þessu sviði enn eiga eftir að fleygja fram

á næstu árum. Landmælingar Íslands hafa nýlega gert fyrsta kortið á grundvelli þessarar nýju tækni sem sýnir að gervihnattamyndir er auðvelt að hagnýta við flokkun landsins eftir gróðurfari og að með þeirri þekkingu, sem þegar er fyrir hendi í landinu og m.a. byggist á gróðurkortum, er hægt að ákvarða með sæmilegu öryggi ástand gróðurs á einstökum svæðum landsins. Vísast í þeim efnum til álitsgerðar Landmælinga Íslands sem er birt sem fskj. II.

Á síðasta Alþingi var samþykkt tillaga (fylgiskjal III) sem kveður á um stórátak í landgræðslu. Er þar miðað við að uppblástur landsins verði að mestu úr sögunni um næstu aldamót. Þessi áform eiga að byggjast á raunhæfri úttekt á landsvæðum þar sem beitarálag er of mikið og eyðingaröflin eru enn að verki. Til þess að þessi markmið nái fram að ganga er óumflýjanlegt að kortleggja landið svo að stærð þessa verkefnis liggi fyrir.

Sú tillaga, sem hér er flutt, ef samþykkt verður, leggur grundvöll að markvissum aðgerðum í landgræðslumálum jafnframt því sem sú mikilvæga þekking, sem þannig fæst, hlýtur að færa þjóðfélagsumræðuna um gróðurfar landsins til þess horfs sem er við hæfi menntaðrar þjóðar.


Fylgiskjal I.

Sigurður Þórarinsson:

Sambúð lands og lýðs í ellefu aldir.
(Grein úr Sögu Íslands I, 1974.)

Það má líta á lengd ístíma við Ísland sem eins konar mæli á lofthita hérlendis, að vísu ekki nákvæman, auk þess sem honum eru þau takmörk sett, að hann mælir ekki hækkun hitans, eftir að ísinn hættir algjörlega að koma upp að landinu. Með því að hafa einnig hliðsjón af harðærum og samhengi þeirra við hitafar og ístíma hefur Páll teiknað línuritið á bls. 37. Kemur það nokkuð heim við hitafarsbreytingar á Grænlandi. Samkvæmt því hefur meðalhiti 30 ára tímabils orðið hæstur framan af 12. öld, en færa má nokkur rök fyrir því, að hann hafi orðið a.m.k. jafnhár á heitasta 30 ára tímabilinu milli 1920 og 1960. Hinu einfaldaða línuriti á bls. 37 er ætlað að sýna aðalganginn í hitafarsbreytingunum frá upphafi byggðar. Er það byggt að miklu leyti á útreikningum Páls og að nokkru á eigin könnun. Samkvæmt því hefur meðalhiti frá því um 900 og fram yfir miðbik 12. aldar verið nokkru hærri en á tímabilinu 1901–30, en eitthvað lægri en á tímabilinu 1931–60. Á síðustu áratugum 12. aldar lækkaði hitinn mjög og verður lægstur á tímabilinu 1250–1350, en þó ekki alveg eins lágur og á 18. og 19. öld. Árferði er að líkindum eitthvað skárra undir lok 14. aldar og á 15. öld. Um veðurfar 1430–1500 er annars mjög lítið vitað, svo sem áður getur. Síðari tíma annálar nefna mikil ísár 1470 og 1479 og af lýsingu á hafís í Íslandslýsingu Odds Einarssonar frá því um 1590 má ráða að á áratugunum upp úr miðri 16. öld hafi árferði ekki verið mjög ólíkt því sem var á tímabilinu 1901–1930. En með síðustu áratugum 16. aldar tekur að síga á ógæfuhlið um árferði. Hitafar er í lágmarki á 18. og 19. öld, og verður hvað lægst um miðbik þeirrar 18. og aftur milli 1860 og 1890. Upp úr því fer að hlýna, þó ekki að ráði fyrr en um 1920,

og tímabilið 1920–1960 er svipað um hitafar og hlýjustu tímabil svipaðrar lengdar á 10. og 11. öld.



Einfaldað línurit af hitafarsbreytingum frá upphafi Íslandsbyggðar.
Lárétta línan er nærri 1901–1930.
Sigurður Þórarinsson 1969.


Hitafarssveiflur milli áratuga eru ef til vill minni en margur mundi ætla út frá áhrifum þeirra. Tíu ára tímabil 1878–1887 mun eitt hið kaldasta er sögur fara af, og hið kaldasta er beinar mælingar ná yfir, en tíu árin hálfri öld síðar, 1928–1937, í tölu þeirra hlýjustu. Munur meðalárshitans á þessum tímabilum var 1,6°C í Stykkishólmi og 2,1°C í Berufirði.

En um áhrifin hérlendis af breytingum árferðis og hitafars kemur það til að Ísland er tiltölulega nærri mörkum þess að vera byggilegt landbúnaðarþjóð og sama hitafarsbreyting því afdrifaríkari þar en í löndum sem hafa meira upp á að hlaupa um árferði. Sturla Friðriksson hefur reiknað út að heyfengur af hektara minnki um eitt tonn (10 hesta) við einnar gráðu lækkun á meðal árshita. Samtímis vex heyþörfin, þar eð sá tími lengist, sem búpeningur er á gjöf. Einnig hefur verið reiknað út, af Páli Bergþórssyni að loftslag á tímabilinu 1873–1922 hefði, miðað við árin 1931–60, skert nautgripaafurðir um 20%, afurðir sauðfjár um 30% og afurðir hrossa eitthvað svipað. Enda þótt slíkum útreikningum verði að taka með varúð, þar eð dæmin eru ekki svona einföld, veita þeir þó innsýn í áhrif loftslagsbreytinga hérlendis.


Þau línurit, sem hér fylgja, varða breytingar á loftslaginu, afdrifaríkasta þættinum í umhverfi mannvistar, og áhrif þeirra breytinga.

Efstu línuritin tvö sýna, nokkuð einfaldað, varanleika hafísa við Íslandsstrendur og hæð hjarnmarka á jöklum og eru bæði mælikvarði á breytingar loftslags, einkum hitafars.

Ístími, vikur árlega.
(Meðaltal á öld.)



Hæð hjarnmarka sunnan í Vatnajökli.
(Í metrum.)



Fylgiskjal II.

Landmælingar Íslands:

Bréf Ágústs Guðmundssonar til Egils Jónssonar alþingismanns, um gróðurkort af Íslandi.

(20. nóvember 1990.)

Í bréfi yðar dags. 8. nóvember 1990 kemur fram ósk um upplýsingar varðandi gerð gróðurkorts af öllu landinu. Í bréfinu segir m.a.: „Hugmynd mín er að þetta verk byggist á nýjustu og fullkomnustu tækni í loftmyndagerð frá gervihnöttum og yrði því umfang þess og niðurstaða að ákvarðast af þeim möguleikum sem þessi tækni hefur yfir að ráða."

Áður en farið er út í nánari verklýsingu við gerð gróðurkortsins er rétt að gera örstutta grein fyrir þeirri tækni og þeim möguleikum sem að baki liggja.

Notkun gervitunglamynda hefur vaxið mjög á síðustu tveimur áratugum, einkum á sviði veðurfræði, kortagerðar og ýmiss konar rannsókna á landi. Ný tækni við stafræna vinnslu gervitunglamynda hefur aukið verulega möguleika á rannsóknum á ýmsum sviðum. Sú þróun hefur orðið á síðustu árum að tæki og hugbúnaður til stafrænnar myndvinnslu hefur stöðugt verið að lækka í verði og verða aðgengilegri til notkunar. Notkunargildi myndanna hefur einnig aukist með tilkomu nýrra tækja í gervitunglunum sem skila skýrari myndum.

Gögn frá hinum ýmsu gervitunglum eru mjög mismunandi eftir því til hvers á að nota

þau. Veðurtunglamyndir sýna yfirleitt mjög stór svæði sem getur verið á kostnað þess hversu nákvæmlega þær sýna einstök fyrirbæri.

Þær gervitunglamyndir, sem notaðar eru við kortagerð og rannsóknir á landi, sýna minni svæði, en á þeim má greina nákvæmar einstök fyrirbæri á jörðinni. Í gervitunglunum eru skannar sem nema stafrænt útgeislun frá jörðu á mismunandi bylgjusviðum rafsegulrófsins. Oftast er rafsegulrófinu skipt niður í afmörkuð bil, svonefnd bönd, og fer það eftir eðli og gerð skannans hve mörg böndin eru og hve nákvæmlega má greina einstök fyrirbæri á jörðu. Myndir á hverju bandi eru byggðar upp af litlum ferningum, svonefndum myndeiningum (pixels) sem hafa mismunandi tölugildi eftir styrk geislunarinnar sem skanninn nemur. Tölugildin segja til um mismunandi yfirborð lands, svo sem gróið og ógróið land, en þau koma síðan fram sem mismunandi grátónar á mynd. Með því að velja og setja saman ólík bönd í tölvu má fá fram litmyndir sem sýna mismunandi fyrirbæri á jörðinni í ólíkum litum eftir því hvernig þeim er blandað saman.

Möguleikar á öflun stafrænna gervitunglagagna fyrir kortagerð af Íslandi eru aðallega frá tveimur gerðum gervitungla, Landsat og Spot.

Bandarísku Landsat-gervitunglin eru nú orðin fimm að tölu. Landsat 5 hefur kerfisbundið tekið myndir af jörðinni í rúm sex ár og er mikið myndefni til af Íslandi, geymt í Kiruna í Svíþjóð. Landsat 5 er í 705 km hæð og fer yfir sama svæði á 16 daga fresti. Það svæði, sem hver mynd sýnir, er 185x185 km að stærð og til að þekja allt Ísland er hugsanlegt að komast af með 12 myndramma. Mjög sjaldgæft er að myndir séu algjörlega án skýja og myndir til kortlagningar gróðurs þarf að velja frá tiltölulega stuttum tíma seinni hluta sumars. Landmælingar Íslands hafa beint samband við dreifingarfyrirtæki Landsat í Evrópu sem gerir stofnuninni kleift að fylgjast með þeim gögnum sem til verða og afla þeirra.

Myndir frá frönsku Spot-gervitunglunum hafa verið fáanlegar í rúm fjögur ár. Þær eru taldar henta vel til kortagerðar, m.a. vegna sérstakra eiginleika á því sviði, svo sem þrívíddarmyndatökur, en sá annmarki er á notkun þeirra við kortlagningu stærri svæða að hver mynd þekur aðeins 60x60 km svæði og þarf því níu slíkar til að þekja sama svæði og ein heil Landsat-mynd og kostnaður er þar af leiðandi mun meiri. Um reglulega myndatöku hefur ekki verið að ræða af Íslandi og ekki munu enn þá vera til slíkar myndir nema af hluta landsins. Því er sjálfgefið að verkefni það sem hér um ræðir verður að byggjast á Landsat-gögnum.

Landmælingar Íslands hafa nýlega gefið út tvær gervitunglamyndir með skýringum í mælikvarða 1:100.000 þar sem notuð var Landsat 5 mynd frá 7. september 1986. Önnur myndin er litmynd sem byggir á þremur böndum á sýnilega sviði rafsegulrófsins, en hin myndin er innrauð litmynd í breyttum litum þar sem notuð voru tvö bönd af sýnilega sviðinu og eitt á nær innrauða sviði rafsegulrófsins, en það band er mjög næmt fyrir útgeislun gróðurs sem kemur fram í rauðum lit. Báðar útgáfurnar eru gerðar eftir sama segulbandinu á mismunandi hátt með stafrænni myndvinnslu sem fram fór erlendis. Með slíkri myndvinnslu má draga fram marga ólíka þætti myndanna eftir verkefnum hverju sinni.

Vinnsluferill útgáfu sem þessarar er sá að fyrst er keypt segulband með þeim sjö böndum sem myndin er byggð upp af. Síðan hefst myndvinnslan í tölvu og eru gerðar mismunandi útfærslur sem valið er úr og taldar eru henta við verkefnið. Þær eru yfirfærðar á svarthvítar filmur sem hægt er að gera eftir litfilmur, annaðhvort til þess að gera stækkanir eða litgreiningu vegna prentunar. Þær myndir, sem gefnar voru út, komu sem

litfilmur úr myndvinnslu erlendis, síðan fór fram teiknivinna og gerð skýringa hjá Landmælingum, en litgreining og prentun fór fram í prentsmiðju hér á landi. Hægt er að kaupa staðlaðar útgáfur gervitunglamynda á pappír eða filmu án þess að jafnframt sé keypt segulband með myndinni, en þá er ekki um að ræða neina möguleika á vinnslu mynda til að draga fram þau fyrirbæri sem leitað er eftir hverju sinni. Því eru segulböndin undirstaða til nákvæmrar greiningar myndanna.

Hér fer á eftir áætlun um kostnað við gerð gróðurkorts af Íslandi í mælikvarða 1:500.000 eftir gervitunglamyndum og fjallað um helstu verkþætti.

Verkinu má skipta í fjóra meginþætti:

a. Val og kaup á skýjalausum gervitunglamyndum af landinu.
b. Val og kaup á tölvubúnaði og úrvinnsla stafrænna gervitunglamynda.
c. Túlkun gervitunglamynda, gagnasöfnun hér á landi og gerð handrits að gróðurkorti. (Hér þarf að koma til samstarf við þá aðila sem lögum samkvæmt eiga að annast upplýsingaöflun um gróðurfar landsins.)
d. Kortateiknun, filmuvinna og útgáfa.

Verk þetta mætti vinna á þrjá vegu miðað við áðurnefndar forsendur, nýjustu tækni og notkun nýrra gervitunglamynda.

Leið 1.

Keyptar verði gervitunglamyndir á tölvuböndum og pappír af öllu landinu, tölvubúnaður og hugbúnaður til myndvinnslu. Síðan verði hér á landi gerð nákvæm túlkun og flokkun gróðurs með aðstoð tölvu, kortateiknun og prentun.

Hér yrði til mikilvægt gagnasafn nýrra gervitunglamynda af öllu landinu á stafrænu formi og tæki og aðstaða fyrir vísindamenn og sérfræðinga á fjölmörgum sviðum náttúruvísinda og kortagerðar. Slíkur gagnabanki af öllu Íslandi mundi nýtast til samanburðar í framtíðinni og til allra annarra rannsókna sem nýtt geta gervitunglamyndir. Nota á tölvuböndin síðar til að gera nákvæmari kort af ákveðnum svæðum, sbr. „Gervitunglamyndir með skýringum“ (Mosfellsheiði) sem LMÍ gáfu út nýlega. Skráning gagna og landgreining geymist í tölvutæku formi ásamt gervitunglagögnunum.

Kostnaður við verkið er eftirfarandi:

a. Kaup á tölvuböndum og pappírsmyndum	4.000.000 kr.
b. Kaup á hugbúnaði og tölvu til myndvinnslu	4.000.000 kr.
c. Túlkun, gagnasöfnun og gerð handrits	9.000.000 kr.
d. Kortateiknun, filmuvinna og útgáfa	1.800.000 kr.
Samtals	18.800.000 kr.

Leið 2.

Keypt yrðu tölvubönd og pappírsmyndir af öllu landinu, þær túlkaðar með hliðsjón af takmarkaðri tölvuvinnslu erlendis til samanburðar. Handrit yrði aðallega gert eftir pappírsmyndum og að lokum færi fram kortateiknun og útgáfa.

Hér yrði um að ræða almenna greiningu mynda þar sem stuðst er við samanburðardæmi úr tölvuvinnslu erlendis en ekki yrðu sömu möguleikar á nákvæmri greiningu gróðurs og jarðvegs að ræða og samkvæmt Leið 1. Með þessari leið yrði til á stafrænu formi gagnabanki með gervitunglamyndum af öllu landinu sem nýtist til rannsókna, en sá annmarki verður á notkun tölvubandanna að leita þarf eftirúrvinnslu erlendis.

Kostnaður við verkið er eftirfarandi:

a. Kaup á tölvuböndum og pappírsmyndum	4.000.000 kr.
b. Túlkun, gagnasöfnun og gerð handrits	3.600.000 kr.
c. Tölvuvinnsla við prufumyndir erlendis	1.000.000 kr.
d. Kortateiknun, filmuvinna og útgáfa	1.800.000 kr.
Samtals	10.400.000 kr.

Leið 3.

Keyptar verði eingöngu gervitunglamyndir á pappír af öllu landinu og þær túlkaðar án tölvuvinnslu. Handrit verði gert með mjög einfaldri skiptingu lands í gróið og ógróið land og kortateiknun og prentun verði með hefðbundnum hætti.

Kostnaður við verkið yrði eftirfarandi:

a. Kaup á pappírsmyndum	1.500.000 kr.
b. Túlkun, gagnasöfnun og gerð handrits	2.700.000 kr.
c. Kortateiknun, filmuvinna og útgáfa	1.800.000 kr.
Samtals	6.000.000 kr.

Öll ofangreind verð eru án virðisaukaskatts.

Framsetning gróðurkortsins yrði grafísk hvaða leið af þremur ofantöldum sem valin yrði, svipuð jarðfræðikorti því sem LMÍ gáfu út fyrir u.þ.b. ári síðan í samvinnu við Náttúrufræðistofnun. Nákvæmni kortsins fer eftir því hver ofantalinna leiða er valin og má segja að gæðin séu í hlutfalli við kostnaðinn. Við frágang og filmuvinnu yrði notaður sami grunnur af landinu (í mælikvarða 1:500.000) og notaður er við gerð jarðfræðikortsins.

Við vinnsluna þarf að styðjast við ýmis gögn sem til eru í landinu, þar með talið loftmyndir og gróðurkort. Við túlkun gervitunglamyndanna og gerð handrits kortsins þurfa að koma til sérfræðingar á sviði gróðurs og jarðvegs. Frá þeim tíma að ákvörðun er tekin um framkvæmd verksins má gera ráð fyrir a.m.k. tveggja ára framkvæmdartíma.

Það er mitt mat að ef horft er til nútíðar og framtíðar þá sé Leið 1 ódýrust og gefi nákvæmustu upplýsingar af ofantöldum þremur leiðum. Með henni færist notkunarmöguleiki þessarar nýju gervitunglatækni inn í landið og fullkominn gagnabanki fæst af yfirborði þess. Það mun skapa rannsókna- og vísindamönnum nýjan grunn til að meta ástand og þróun gróðurs, jarðvegs, jökla og fleiri þátta í náttúru Íslands.

Bréf Egils Jónsssonar til Ágústs Guðmundssonar, forstjóra Landmælinga Íslands.

(8. nóvember 1990.)

Ég hefi ákveðið að flytja Alþingi tillögu um að gert verði gróðurkort af Íslandi. Fyrirmyndina sæki ég til jarðfræðikortsins sem þið lukuð við í fyrravetur.

Hugmynd mín er að þetta verk byggist á nýjustu og fullkomnustu tækni í loftmyndagerð frá gervihnöttum og yrði því umfang þess og niðurstaða að ákvarðast af þeim möguleikum sem þessi tækni hefur yfir að ráða.

Þau markmið sem ég hefi sérstaklega í huga eru:

1. Flokkun landsins í fjóra aðalflokka, gróið land, ógróið land sem hægt er að græða, það land sem er að eyðast og auðnir.

2. Æskilegt er að skipta grónu landi í flokka eftir gróðri og jarðvegi að því marki sem unnt er.

Mikilvægt er að fyrir liggi hvað ætla má að þetta verk taki langan tíma og að áætlaður sé kostnaður við framkvæmd þess.

Fylgiskjal III.

Þingsályktun um landgræðslu.
(Samþykkt á Alþingi 19. mars 1990.)

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hlutast til um að gerð verði markviss áætlun um aðgerðir til að stöðva eyðingu jarðvegs og gróðurs á Íslandi þar sem þess er kostur.

Sérstök áhersla verði lögð á að afmarka þau landsvæði þar sem sandfok á sér enn stað svo að unnt sé að hefja þar skipulagt ræktunarstarf.

Kannað verði hvort Áburðarverksmiðju ríkisins muni fært að lækka verð á áburði til landgræðslustarfa sem einkum væri ráðstafað til brýnna verkefna.

Miðað verði við að um næstu aldamót verði uppblástur þessara svæða stöðvaður.

Sþ. 254. Tillaga til þingsályktunar [201. mál]

um fjárveitingar til fræðsluskrifstofa.

Flm.: Málmfríður Sigurðardóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Sigrún Jónsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að beina þeirri áskorun til menntamálaráðherra að því fjármagni, sem veitt er á fjárlögum hverju sinni til grunnskóla í fræðsluumdæmum landsins, verði ráðstafað beint til fræðsluskrifstofa hvers umdæmis um sig sem síðan sjá um að útdeila og ábyrgjast fjárveitinguna hver í sínu umdæmi.

Greinargerð.

Um allmörg undanfarin ár hefur miðstýring samfélags okkar farið sívaxandi og það í þeim mæli að margir hafa áhyggjur af. Sú krafa verður nú æ háværari að stefna beri að því að færa völd, verkefni og ábyrgð til sveitarstjórna og landshluta enn frekar en orðið er. Sú skipan mála tryggi betur lýðræðislega stjórnun og efli sveitarfélögin. Betra sé öllum landslýð að ákvarðanir séu teknar sem næst fólkinu sjálfu af þeim sem best þekkja til staðhátta, þarfa og innri mála á hverjum stað.

Sama máli gegnir með ýmsar ríkisstofnanir. Sú skoðun vinnur nú æ meira fylgi að rétt sé að ríkisstofnanir séu fluttar af höfuðborgarsvæðinu út um land eða a.m.k. deildir eða útibú frá þeim. Stjórnvöld hafa sýnt vilja sinn í þessum efnum, sbr. Skógrækt ríkisins, sem flutt hefur verið að Hallormsstað, og útibú Byggðastofnunar og Húsnæðisstofnunar.

Það er mat margra, enda vaxandi krafa, að það fé, sem stofnunum er ætlað á fjárlög-

um hvers árs, eigi ekki að vera niður neglt til hvers einstaks verkefnis innan þeirra heldur sé stjórnendum falin ráðstöfun fjárins og treyst til að gera það á þann hátt sem öllum kemur best. Þetta skref hefur þegar verið stigið varðandi Háskóla Íslands og virðist eðlilegt að halda áfram á þeirri braut hvað varðar menntastofnanir.

Núverandi ríkisstjórn hefur lýst vilja sínum til þess að færa verkefni, völd og ábyrgð út um landið og þegar hafið það starf, þótt hægt fari. Efling þeirrar opinberu þjónustu sem fyrir er á hverju svæði, ásamt auknu forræði, er mikið nauðsynjamál í augum landsbyggðarbúa. Sjálfstæði fræðsluskrifstofanna er þar ofarlega á blaði enda er starfsemi þeirra nátengd hverju einasta sveitarfélagi í landinu. Starfsfólk fræðsluskrifstofanna gjörþekkir starfsemi hvers einasta grunnskóla og er í nánum tengslum við þá. Því má ætla að þar sé fyrir hendi sú þekking sem á þarf að halda við útdeilingu fjár til rekstrar og uppbyggingar skólastarfsins á hverjum stað og til þeirra sérþarfa og verkefna sem kunna að vera fyrir hendi á mismunandi stöðum. Þetta verk verði unnið í samvinnu við fræðsluráð og skólanefndir.

Samþykkt þessarar tillögu væri mikilsverður þáttur í eflingu starfsemi í héruðum og í samræmi við málefnasamning ríkisstjórnarinnar en þar stendur í kafla um byggðamál:

„Gerðar verða ráðstafanir til aukinnar valddreifingar, meðal annars með því að auðvelda flutning stofnana og svæðisbundinna verkefna frá miðstjórn ríkisvaldsins út í héruð.“

Sþ. 255. Fyrirspurn [202. mál]

til viðskiptaráðherra um skipun í stöðu seðlabankastjóra.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

1. Hvenær ætlar ráðherra að skipa í stöðu seðlabankastjóra?
2. Hvernig verður staðið að undirbúningi að skipan í þá stöðu?
   a. Verður staðan auglýst?
   b. Er gert ráð fyrir að stjórnmálaflokkar tilnefni hver sinn fulltrúa í stöðuna, sbr. tilnefningu af hálfu forustu Sjálfstæðisflokksins?
3. Gilda einhverjar reglur, skráðar eða óskráðar, um að stjórnmálaflokkar eigi rétt á bankastjórastöðum í ríkisviðskiptabönkunum og Seðlabanka Íslands?

Ed. 256. Frumvarp til stjórnsýslulaga. [203. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi taka til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og stofnana þeirra. Í reglugerð, sem forsætisráðherra setur, er heimilt að ákveða að lögin nái jafnframt til fyrirtækja og stofnana sem fengið er opinbert vald án þess að þær teljist til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga.

Lögin gilda um stjórnsýslu þegar tekin er ákvörðun um rétt eða skyldu manna. Þau gilda þó ekki við samningu reglugerða eða annarra almennra stjórnvaldsfyrirmæla.

Ákvæði II. kafla um sérstakt hæfi gilda einnig við meðferð mála varðandi samningagerð eða aðra svipaða einkaréttarlega löggerninga.

2. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

Stjórnsýsla: Stjórnunar- og eftirlitsstörf við rekstur ríkis og sveitarfélaga.

Stjórnvald: Embætti, stofnun, ráð eða nefnd á vegum ríkis eða sveitarfélaga sem hefur að lögum heimild til þess að kveða á um rétt eða skyldur manna.

Stjórnsýsluhafi: Einstaklingur sem í skjóli stjórnsýsluvalds hefur að lögum heimild til þess að kveða á um rétt og skyldur manna. Stjórnsýsluhafi getur einnig verið fjölskipað stjórnvald.

Aðili máls: Aðili er hefur lögmætra hagsmuna að gæta varðandi stjórnsýsluákvörðun þegar stjórnsýsluhafi í skjóli stjórnsýsluvalds síns kveður einhliða á um rétt og/eða skyldur tiltekins aðila í einstöku máli.

Íþyngjandi stjórnsýsluákvörðun: Ákvörðun stjórnvalds eða stjórnsýsluhafa sem skerðir rétt manna eða leggur auknar skyldur á herðar þeim.

Andmælaréttur: Réttur þess sem ákvörðun stjórnvalds eða stjórnsýsluhafa varðar til að kynna sér gögn máls og málsástæður sem ákvörðun byggist á og að fá að tjá sig um þær.

Stjórnsýsluákvörðun: Þegar stjórnsýsluhafi í skjóli stjórnsýsluvalds kveður einhliða á um rétt og/eða skyldu tiltekins aðila í einstöku máli.

Stjórnsýslumál: Tiltekið úrlausnarefni sem er til umfjöllunar og ákvörðunar í stjórnsýslunni.

Stjórnsýslukæra: Kæra aðila máls sem hefur kærurétt til æðra stjórnvalds eða stjórnsýsluhafa.

II. KAFLI
Sérstakt hæfi.

3. gr.

Stjórnsýsluhafi má ekki taka þátt í meðferð tiltekins máls ef:

1. Hann er aðili máls, fyrirsvarsmaður eða umboðsmaður aðila.
2. Hann er skyldur eða mægður aðila að feðgatali eða niðja eða að öðrum lið til hliðar, maki hans, sambýlismaður eða sambýliskona, unnusti eða unnusta, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
3. Hann er skyldur eða mægður fyrirsvarsmanni eða umboðsmanni aðila að feðgatali eða niðja eða að fyrsta lið til hliðar, maki hans, sambýlismaður eða sambýliskona, unnusti eða unnusta, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
4. Hann hefur á kærustigi tekið þátt í meðferð þess á lægra settu stjórnsýslustigi eða sem stjórnsýsluhafi við meðferð umsjónar eða eftirlitsvalds ef hann hefur áður haft afskipti af málinu hjá þeim stjórnsýsluaðila sem eftirlitið lýtur að.
5. Málið varðar hann sjálfan verulega, venslamenn hans skv. 2. tölul., næstu yfirmenn persónulega, stofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í forsvari fyrir.
6. Fyrir hendi eru að öðru leyti þær ástæður sem til þess eru fallnar að draga úr trú á óhlutdrægni hans.

Sá sem vanhæfur er í máli má ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess.

4. gr.

Stjórnsýsluhafi má þrátt fyrir ákvæði 3. gr. taka þátt í meðferð máls ef bundið er verulegum vandkvæðum eða talið varhugavert að fela öðrum aðila meðferð málsins í stað þess er í hlut á. Eigi er heldur um vanhæfi að ræða ef eðli eða vægi þeirra hagsmuna, sem málið snýst um, er smávægilegt eða þáttur hlutaðeigandi í meðferð málsins er það lítilfjörlegur að ekki er talin hætta á að hlutdræg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun málsins.

Ákvæði 3. gr. gilda um aðila sem sæti eiga í fjölskipuðu stjórnvaldi, jafnvel þótt ókleift reynist að boða varamann. Þó gilda ákvæðin ekki ef það leiðir til þess að stjórnvaldið er ekki lengur ályktunarhæft eða af skipan stjórnvaldsins leiðir að það teljist nauðsynlegt að afstaða hans komi fram við meðferð málsins og eigi er unnt að fresta umfjöllun um málið án verulegs tjóns fyrir almanna- eða einkahagsmuni.

Þegar fjölskipaður stjórnsýsluhafi velur menn í tiltekin störf mega fulltrúar hins fjölskipaða stjórnsýsluhafa þrátt fyrir ákvæði 3. gr. taka þátt í meðferð málsins, enda þótt þeir séu sjálfir í kjöri.

Um vanhæfi sveitarstjórnarmanna, þar með talið fulltrúa nefnda og ráða til meðferðar máls, fer eftir 45. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8 18. apríl 1986.

5. gr.

Ráðherra getur sett reglur þar sem nánar er mælt fyrir um gildissvið ákvæða 3. og 4. gr. á tilteknum sviðum stjórnsýslu hins opinbera.

6. gr.

Stjórnsýsluhafi, sem veit um annmarka er veldur vanhæfi hans, sbr. 1. mgr. 3. gr., skal án tafar vekja athygli næsta yfirmanns síns á því nema augljóst sé að annmarkinn hafi

enga þýðingu. Sé um fjölskipað stjórnvald að ræða skal vekja athygli stjórnvaldsins á annmarkanum.

Sá er í hlut á má ekki sjálfur taka þátt í meðferð eða ákvörðun máls um vanhæfi, sbr. þó 1. og 2. mgr. 4. gr. Þetta gildir þó ekki á sviðum þar sem lög kunna að skipa þessu á annan veg.

Víki ráðherra sæti af ástæðum er greinir í 3. gr. skipar forseti Íslands annan ráðherra til þess að taka ákvörðun í því máli sem til úrlausnar er.

III. KAFLI
Leiðbeiningar stjórnsýsluhafa, fyrirsvarsmenn o.fl.

7. gr.

Stjórnsýsluhafi skal veita þeim sem til hans leita nauðsynlega hjálp og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið hans.

Berist stjórnsýsluhafa skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið hans ber honum að framsenda fyrirspurnina til hins rétta stjórnsýsluhafa, eftir því sem tök eru á.

8. gr.

Aðili máls getur á hvaða stigi málsmeðferðar sem er fengið annan til þess að vera í fyrirsvari fyrir sig eða til aðstoðar. Stjórnsýsluhafi getur þó krafist þess að aðili máls taki sjálfur þátt í meðferð þess þegar það hefur þýðingu við úrlausn málsins.

IV. KAFLI
Réttur aðila máls til að kynna sér gögn.

9. gr.

Aðila máls, sem er til meðferðar og ákvörðunar stjórnvalds eða stjórnsýsluhafa, er heimilt að kynna sér skjöl og önnur gögn sem mál hans varða. Þetta raskar þó ekki rétti manna samkvæmt ákvæðum laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Ákvæði um þagnarskyldu opinberra starfsmanna og opinberra sýslunarmanna takmarka ekki skyldu til að veita aðgang að gögnum samkvæmt þessum kafla.

Ákvæði þessa kafla gilda hvorki um mál þar sem grunur hefur fallið á aðila um lögbrot án þess að til ákæru hafi komið, né heldur meðan aðili er sóttur til refsingar. Þó getur sakborningur, eftir að meðferð í sakamáli er lokið, krafist þess að fá að kynna sér gögn málsins hjá stjórnvöldum. Skal orðið við slíkri beiðni, að því leyti sem hún er studd sanngjörnum rökum um hagsmuni aðila og ef tillit er tekið til fyrirbyggjandi aðgerða stjórnvalda, uppljóstrunar sakamála eða saksóknar eða sérstök sjónarmið til verndar sakborningum, vitnum eða öðrum aðilum mæla ekki gegn því.

10. gr.

Réttur aðila máls til aðgangs að gögnum nær til:

1. Allra gagna sem snerta málið, þar með talinna endurrita bréfa sem stjórnvald eða stjórnsýsluhafi hefur sent þegar ætla má að þau hafi borist viðtakanda.
2. Skráningar í skjalaskrár og lista um gögn málsins.
3. Vinnuskjala og bréfa milli aðila innan sama stjórnvalds ef þau geyma endanlega ákvörðun um afgreiðslu máls eða þau geyma upplýsingar sem ekki er unnt að afla annars staðar frá.

Sá sem sækir um eða sótt hefur um ráðningu eða stöðuhækkun í opinberri þjónustu getur þó aðeins krafist að fá að kynna sér þau gögn um ráðninguna eða stöðuhækkunina er varða hann sjálfan.

11. gr.

Þegar aðila máls er veittur aðgangur að gögnum máls sem til meðferðar er hjá stjórnvaldi eða stjórnsýsluhafa skal fresta afgreiðslu málsins þar til málsaðila hefur gefist tími til að kynna sér gögnin.

Ákvæði 1. mgr. gilda þó ekki ef frestun hefur í för með sér að lögmæltur frestur til að afgreiða mál rennur út eða hagsmunir aðilans um að máli sé frestað þykja eiga að víkja vegna ríkra almanna- eða einkahagsmuna.

12. gr.

Réttur til aðgangs að gögnum tekur ekki til:

1. Fundargerða ríkisráðs og ríkisstjórnar, minnisgreina af ráðherrafundum eða skjala sem tekin hafa verið saman af stjórnvöldum fyrir slíka fundi.
2. Vinnuskjala sem rituð hafa verið hjá stjórnvaldi til eigin afnota í sambandi við meðferð málsins og bréfaskipta um málið milli ýmissa deilda eða stofnana innan sama stjórnvalds, sbr. þó 3. tölul. 1. mgr. 10. gr.
3. Bréfaskipta stjórnvalda eða stjórnsýsluhafa við sérfróða menn til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort mál skuli höfða.
4. Bréfaskipta milli sveitarstjórnar og nefnda hennar eða annarra undirstofnana, svo og bréfaskipta þeirra í milli.

13. gr.

Stjórnvaldi eða stjórnsýsluhafa er heimilt að takmarka aðgang aðila máls að gögnum ef hagsmunir hans af því að notfæra sér vitneskju úr gögnum þykja eiga að víkja fyrir ríkum almannahagsmunum, opinberum hagsmunum eða af tilliti til aðila sjálfs eða annarra en undir þetta falla:

1. Öryggi ríkisins og varnarmál.
2. Hagsmunir ríkisins á sviði utanríkis- og utanríkisviðskiptamála, þar á meðal gögn um samskipti ríkisins við erlend ríki og alþjóðastofnanir.
3. Fyrirbyggjandi aðgerðir lögreglu- og dómsyfirvalda gegn lögbrotum, svo og upplýstran lögbrota og saksókn brotamanna, refsifullnusta og skyld mál, enn fremur verndun sakborninga, vitna og annarra sem tengjast málum er varða refsiverð brot.
4. Framkvæmd opinbers eftirlits, stjórnunarstarfa og áætlunargerðar eða fyrirhugaðar aðgerðir á sviði gengisskráningar eða fyrirhugaðar breytingar á sviði skattamála eða annarrar tekjuöflunar hins opinbera.
5. Fjárhagshagsmunir hins opinbera, þar með taldir viðskiptahagsmunir við kaup eða sölu vöru og þjónustu.
6. Upplýsingar í gögnum til afnota í barnaverndarmálum eða forsjárdeilumálum sem telja verður að geti skaðað
   a. barn eða samband þess við sína nánustu,
   b. aðila máls eða aðra, svo sem upplýsingar um heilsufar og sálfræðileg atriði og heitið hefur verið trúnaði um.
7. Upplýsingar úr sjúkraskýrslu er varða hagsmuni sjúklinga.

Aðgang að gögnum skv. 6. og 7. tölul. sem trúnaðarupplýsingum eiga lögmaður aðila, læknir og aðrir sérfræðingar sem bundnir eru trúnaðareiði.

Ef sjónarmið þau, sem greinir í 1. mgr., eiga aðeins við um hluta skjals skal veita aðila máls aðgang að öðru efni skjalsins.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um takmörkun á aðgangi að gögnum samkvæmt þessari grein.

14. gr.

Stjórnvald eða stjórnsýsluhafi sem mál hefur til meðferðar tekur ákvörðun um það hvort og í hve ríkum mæli taka beri til greina beiðni um aðgang að gögnum máls.

Ákveða skal jafnskjótt og unnt er hvort taka beri beiðni til greina. Sé ekki orðið við beiðni eða henni hafnað innan tveggja vikna frá móttöku skal stjórnvald eða stjórnsýsluhafi tilkynna aðila um ástæður fyrir því, svo og hvenær vænta megi að ákvörðun liggi fyrir.

Nú skiptir það aðila máli að fá afrit eða ljósrit af gögnum máls til að gæta hagsmuna sinna og skal þá orðið við beiðni þar að lútandi. Þetta gildir þó ekki ef eðli skjalanna, fjöldi eða stærð þeirra mæla sterklega gegn því.

Kæra má synjun á aðgangi að gögnum til sama stjórnvalds eða stjórnsýsluhafa og fá mundi efnisúrskurð lægra stjórnvalds í málinu til meðferðar ef kostur er á kæru til æðra stjórnvalds. Ákvæði 11. gr. gilda hér eftir því sem við á.

15. gr.

Nú er heimild til að kæra ákvörðun bundin við tiltekinn frest og beiðni um aðgang að gögnum máls er borin fram eftir að ákvörðun hefur verið tilkynnt aðilanum en áður en kærufrestur rennur út og getur þá stjórnvald eða stjórnsýsluhafi ákveðið að rjúfa kærufrest. Hefst kærufrestur að nýju frá þeim tíma þegar aðila er heimilaður aðgangur að gögnunum eða er synjað um hann, en hann skal vera tvær vikur hið skemmsta. Tilkynning um hvenær kærufrestur rennur út að nýju skal jafnframt send öðrum aðilum, sem rétt eiga til þess að kæra, hafi þeir fengið skriflega tilkynningu um sjálfa ákvörðunina.

V. KAFLI
Andmælaréttur aðila máls.

16. gr.

Ef ætla má að aðila máls sé ókunnugt um að stjórnvald eða stjórnsýsluhafi hafi undir höndum tilteknar upplýsingar um málsatvik er óheimilt að taka ákvörðun í málinu fyrr en aðila máls hefur verið gefinn kostur á að kynna sér upplýsingarnar og tjá sig um þær. Þetta gildir því aðeins að upplýsingarnar séu málsaðilanum í óhag og hafi verulega þýðingu varðandi afgreiðslu málsins. Heimilt er að setja aðila ákveðinn frest til að láta nefnda umsögn í té.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef:

1. Frestun hefur í för með sér að farið sé fram úr lögmæltum fresti til afgreiðslu málsins.
2. Hagsmunir aðila af því að fá málinu frestað þykja eiga að víkja fyrir ríkum almanna- eða einkahagsmunum.
3. Sérstök lögmælt ákvæði tryggja aðila rétt til að kynna sér á hverju hin fyrirhugaða ákvörðun er byggð og til að tjá sig um málið áður en ákvörðun er tekin.

4. Aðili hefur ekki rétt til aðgangs að gögnum máls samkvæmt ákvæðum IV. kafla laganna.

Ráðherra getur með reglugerð fellt niður andmælarétt í ákveðnum málaflokkum.

17. gr.

Í málum, þar sem stjórnvaldi eða stjórnsýsluhafa er unnt að beiðni aðila máls að breyta ákvörðun, getur það látið hjá líða að veita andmælarétt ef eðli málsins eða tillit til aðila sjálfs mælir gegn því.

Nú hefur verið látið hjá líða að veita aðila máls andmælarétt skv. 1. mgr. og skal þá láta fylgja ákvörðuninni þær upplýsingar sem ella hefði átt að kynna honum samkvæmt ákvæðum 16. gr. Aðila máls skal jafnframt kynntur réttur hans til að fá málið tekið upp að nýju. Ákveða má aðila frest til að setja fram beiðni um endurupptöku.

Í tilvikum þar sem frestur er tiltekinn til að skjóta ákvörðun til annars stjórnvalds eða stjórnsýsluhafa og beiðni um endurupptöku er borin fram innan þess frests rofnar kærufresturinn. Kærufrestur hefst að nýju frá þeim tíma er ný ákvörðun er tilkynnt aðila máls en skal þó vera tvær vikur hið skemmsta.

18. gr.

Aðili máls getur á hvaða stigi málsmeðferðar sem er krafist þess að afgreiðslu málsins sé frestað uns hann hefur gert grein fyrir afstöðu sinni. Heimilt er að setja aðila ákveðinn frest til að láta umsögn í té.

Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki ef:

1. Frestun hefur í för með sér að farið sé fram úr lögmæltum fresti til afgreiðslu málsins.
2. Hagsmunir aðila af því að fá málinu frestað þykja eiga að víkja fyrir ríkum almanna- eða einkahagsmunum.
3. Sérstök lögmælt ákvæði tryggja aðila rétt til þess að láta í té umsögn um málið áður en það er afgreitt.

VI. KAFLI
Rökstuðningur o.fl.

19. gr.

Þegar ákvörðun er tilkynnt skriflega skal fylgja henni rökstuðningur nema hún sé að öllu leyti ívilnandi fyrir hlutaðeigandi aðila máls.

20. gr.

Sá sem fengið hefur ákvörðun stjórnvalds eða stjórnsýsluhafa tilkynnta munnlega getur krafist þess að fá skriflegan rökstuðning fyrir henni nema ákvörðunin sé ívilnandi að öllu leyti fyrir hlutaðeigandi aðila máls. Beiðni hér að lútandi skal bera fram innan viku frá því að málsaðili tók á móti tilkynningunni.

Beiðni um skriflegan rökstuðning skv. 1. mgr. skal svara jafnskjótt og auðið er. Hafi beiðni ekki verið svarað innan tveggja vikna frá því að hún barst skal tilkynna aðila máls ástæðurnar fyrir töfinni og hvenær svars megi vænta við beiðninni.

21. gr.

Í rökstuðningi fyrir ákvörðun stjórnvalds eða stjórnsýsluhafa skal vísa til þeirra réttarreglna sem hún er byggð á. Að því marki, sem ákvörðun samkvæmt þessum reglum byggist á mati, skal í rökstuðningnum greina þau meginsjónarmið sem ráðandi voru við matið.

Enn fremur skal í rökstuðningi, ef ástæða þykir til, rekja í stuttu máli þær upplýsingar um raunveruleg málsatvik sem þyngst hafa verið á metunum við ákvörðun.

Takmarka má rökstuðninginn að því leyti sem hagsmunir aðilans til þess að notfæra sér hann til hagsmunagæslu þykja eiga að víkja fyrir ríkum almanna- eða einkahagsmunum, sbr. ákvæði 12. og 13. gr.

Hafi fjölskipað stjórnvald eigi samþykkt rökstuðning með ákvörðun sinni skal formaður þess semja rökstuðning með ákvörðuninni og taka þar mið af þeim sjónarmiðum sem lágu henni til grundvallar.

VII. KAFLI
Leiðbeiningar um kæru o.fl.

22. gr.

Stjórnsýsluákvörðunum, sem kæra má, skulu, þegar þær eru tilkynntar skriflega, fylgja leiðbeiningar um kæruheimild, hvert beina skuli kæru, svo og upplýsingar um kærufresti. Þetta gildir þó ekki hafi ákvörðunin að öllu leyti verið ívilnandi fyrir hlutaðeigandi aðila máls.

Ráðherra getur í reglugerð ákveðið að einfalda megi kæruleiðbeiningar í ákveðnum málaflokkum eða sleppa þeim enda séu í þeim tilvikum kæruheimildir á almannavitorði eða þær kynntar með sérstökum hætti.

Ef settur er í lögum sérstakur tímafrestur á málshöfðun vegna stjórnsýsluákvörðunar skulu fylgja upplýsingar þar að lútandi með tilkynningu um stjórnvaldsákvörðun.

23. gr.

Í úrskurði æðra stjórnvalds eða stjórnsýsluhafa um kæru á ákvörðun lægra setts stjórnvalds skal greina:

1. Efni það sem til úrlausnar er, þar á meðal hina kærðu ákvörðun.
2. Niðurstöðu ásamt rökstuðningi þar sem m.a. skal gerð grein fyrir þeim lagaatriðum er niðurstaða byggist á.
3. Önnur atriði sem máli skipta.

Aðalniðurstöðu skal draga saman í lok úrskurðar í sérstök úrskurðarorð.

VIII. KAFLI
Þagnarskylda o.fl.

24. gr.

Starfsmenn í opinberri þjónustu og kjörnir eða skipaðir fulltrúar í fjölskipuðu stjórnvaldi skulu gæta þagmælsku um upplýsingar sem flokkaðar eru sem trúnaðarmál og fara eiga leynt eðli máls samkvæmt vegna ríkra almanna- eða einkahagsmuna, sbr. ákvæði 13. gr.

Stjórnvald getur ákveðið að einstaklingar, sem ekki starfa í þjónustu hins opinbera, skuli gæta þagmælsku að því er varðar upplýsingar sem leynt eiga að fara og stjórnvaldið hefur miðlað til hlutaðeigandi aðila án þess að vera skuldbundið til þess.

25. gr.

Starfsmaður í opinberri þjónustu má ekki í skjóli þess afla sér trúnaðarupplýsinga sem ekki hafa þýðingu fyrir verkefni sem honum eru falin í starfi.

IX. KAFLI
Gildistaka o.fl.

26. gr.

Ákvæði annarra laga og stjórnvaldsfyrirmæla, sem hafa að geyma strangari hæfisskilyrði en II. kafli laganna mælir fyrir um, halda gildi sínu.

27. gr.

Ákvæði í IV. kafla laga þessara ná til skjala sem stjórnvöld hafa samið eða komist hafa í vörslu stjórnvalda eða stjórnsýsluhafa 1. janúar 1982 eða síðar. Ákvæðum 9. gr. verður ekki beitt varðandi gögn í sakamálum sem lokið er fyrir gildistöku laganna.

Upplýsingar um málsatvik, sem er að finna í skjölum er stjórnvald hefur samið eða komist hafa í vörslur þess 1. janúar 1982 eða síðar, eru samt sem áður háðar ákvæðum IV. kafla hafi skjölin verið lögð með skjölum máls sem er eða hefur verið til meðferðar hjá stjórnvaldi eða stjórnsýsluhafa eftir framangreint tímamark og upplýsingarnar hafa eða hafa haft verulega þýðingu við ákvörðun í málinu.

28. gr.

Forsætisráðherra setur í reglugerð nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.
Inngangur.

Frumvarp um sama efni var lagt fram til kynningar á síðasta þingi. Leitað var eftir athugasemdum og umsögnum margra hagsmuna- og áhugaaðila. Bárust ýmsar þarfar ábendingar, m.a. frá umboðsmanni Alþingis, tölvunefnd, barnaverndarráði, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Lögmannafélagi Íslands o.fl.

Frumvarpið er nú endurflutt nokkuð breytt og að teknu tilliti til framkominna athugasemda og ábendinga. Samhliða frumvarpi þessu verður lagt fram sjálfstætt frumvarp um upplýsingaskyldu stjórnvalda.

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar segir m.a.: „Sett verða almenn stjórnsýslulög sem miða að aukinni valddreifingu.“ Hinn 23. maí 1989 skipaði Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra því nefnd til þess að semja frumvarp til stjórnsýslulaga.

Í nefndinni áttu sæti Jón Sveinsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, formaður, Arnmundur Backman hæstaréttarlögmaður, Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri og Guðmundur Ágústsson alþingismaður. Ritari nefndarinnar var Kristján Andri Stefánsson laganemi.

Nefndin kynnti sér frumvarp og þingsályktanir um stjórnsýslulög sem komið hafa fram á Alþingi og hún fór einnig yfir stjórnsýslulöggjöf í nágrannalöndunum. Einkanlega kynnti hún sér dönsku stjórnsýslulögin sem eru nýjasta löggjöfin á þessu sviði á Norð-

urlöndum og samin voru með hliðsjón af reynslu annarra þjóða af framkvæmd stjórnsýslulaga.

Varð nefndin sammála um að breyta og bæta nokkuð við frumvarp til stjórnsýslulaga sem lagt var fram á 109. löggjafarþingi og byggja framsetningu og efnisatriði nýs frumvarps í megindráttum á dönsku lögunum. Nefndin leitaðist þó við að hafa ákvæði frumvarpsins einfaldari og skýrari en þar er og samþykkti að taka ekki í frumvarpið ákvæði um söfnun og miðlun persónuupplýsinga þar sem mun ítarlegri ákvæði um það efni er að finna í lögum nr. 121 28. desember 1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Frumvarpið gerir vissar lágmarkskröfur til stjórnsýslunnar þannig að t.d. vandaðir stjórnsýsluhættir um ýmis einstök atriði verði reglum þess til fyllingar. Í því er að finna ákvæði um þau lágmarksréttindi sem þegnunum skulu veittar alls staðar í stjórnsýslunni. Þessum málsmeðferðarreglum frumvarpsins er ætlað að koma í stað gildandi ákvæða í lögum sem ekki tryggja mönnum eins góðan rétt.

Nefndin er þeirrar skoðunar að ákvæði um upplýsingaskyldu stjórnvalda eigi að vera í sérstökum lögum, en ekki í stjórnsýslulögum, þar sem kveðið er á um aðgang aðila að gögnum máls. Önnur viðhorf hljóta að móta reglur um aðgang aðila máls að gögnum og upplýsingum en þau sjónarmið sem liggja til grundvallar reglum um aðgang almennings og fjölmiðla að gögnum hjá stjórnsýslunni.

Tillögur um setningu stjórnsýslulaga hér á landi.

Tillaga til þingsályktunar um upplýsingaskyldu stjórnvalda var fyrst lögð fram á Alþingi veturinn 1969–1970 af Þórarni Þórarinssyni o.fl. Var hún þess efnis að lagt skyldi fyrir þingið frumvarp til laga um skyldu stjórnvalda og ríkisstofnana til að skýra opinberlega frá störfum sínum og ákvörðunum og veita þeim sem þess óska aðgang að reikningum og skjölum sem almenning varða. Tillagan varð ekki útrædd og á sama veg fór með þingsályktunartillögu sama efnis sem lögð var fram á þinginu 1970–1971. Þingsályktunartillaga Þórarins Þórarinssonar o.fl. um upplýsingaskyldu stjórnvalda var síðan samþykkt 19. maí 1972 og stjórnarfrumvörp þess efnis lögð fyrir þingin 1972–1973, 1973–1974 og 1974–1975 án þess að hljóta samþykki.

Á 103. löggjafarþingi 1980–1981 var samþykkt þingsályktunartillaga sem Ragnhildur Helgadóttir alþingismaður flutti um undirbúning almennra stjórnsýslulaga. Í greinargerð með tillögunni segir m.a.: „Tillaga þessi er flutt til að tryggja réttaröryggi einstaklinga gagnvart ákvörðunum stjórnvalda og jafnframt til að gera athafnir framkvæmdarvaldsins skýrari og traustari. Í því sambandi er að mati flutningsmanns nauðsynlegt að setja reglur um málsmeðferð í stjórnsýslunni sem tryggi rétt aðila til að tjá sig áður en stjórnvaldsákvarðanir, sem að þeim beinast, eru teknar."

Á 107. löggjafarþingi árið 1985 var að nýju samþykkt tillaga til þingsályktunar um undirbúning að setningu almennrar stjórnsýslulöggjafar og voru flutningsmenn alþingismennirnir Gunnar G. Schram, Guðrún Agnarsdóttir, Kjartan Jóhannsson, Páll Pétursson, Svavar Gestsson og Friðrik Sophusson. Þar segir m.a. svo í greinargerð:

„Skýrar og ótvíræðar reglur um stjórnsýslu ríkisins eru nauðsynlegar til þess að tryggja réttaröryggi borgaranna í skiptum þeirra við yfirvöld. Hér á landi eru ekki til nein almenn stjórnsýslulög sem m.a. hefðu að geyma reglur um málsmeðferð í stjórnsýslunni, sbr. réttarfarsreglur, þ.e. bæði form- og efnisreglur varðandi undirbúning mála og úrlausn þeirra, þar á meðal um rétt þegnanna til þess að fylgjast með meðferð mála hjá stjórnvöldum og koma að sjónarmiðum sínum og andmælum.

Íslenskur stjórnarfarsréttur byggist að miklu leyti á óskráðum reglum og viðurkenndar stjórnsýslureglur varðandi málsmeðferð eru fáar. Af þessu leiðir að þeir sem þurfa að leita réttar síns hjá stjórnvöldum standa höllum fæti. Oft er ekki ljóst hver er réttur þeirra við málsmeðferð og ákvarðanatöku og þá í hvaða mæli.

Hér mætti hreyfa þeirri mótbáru að óskráðar stjórnarfarsreglur komi í stað skráðra réttarreglna. Því er því miður ekki að heilsa. Slíkar reglur eru margar næsta óljósar og samhæfða framkvæmd skortir sem veiti þeim ótvírætt lagagildi. Þar að auki skortir beinlínis skráðar eða óskráðar réttarreglur um mörg mikilvægustu svið stjórnarfarsréttar sem sérstaklega lúta að réttindum og skyldum borgaranna. Sem dæmi má taka útgáfu ýmiss konar leyfa. Oftast er ekki að finna neinn lagabókstaf um það hvort stjórnvald skuli t.d. rökstyðja synjun um leyfi. Þá er ekki að finna ótvíræðar reglur um það hvort stjórnvaldi sé skylt að veita umsækjanda aðgang að upplýsingum sem synjunin byggist á. Hið sama gildir í öðrum tilvikum, að reglur skortir almennt um skyldur stjórnvalda til þess að rökstyðja almennt úrskurði sína. Fyrir Alþingi hefur legið frumvarp um upplýsingaskyldu stjórnvalda, en ekki náð fram að ganga. Einnig skortir í íslenskum stjórnarfarsrétti almennar settar reglur um heimild manna til þess að koma að andmælum við meðferð máls sem þá varðar og er til úrskurðar eða úrlausnar hjá stjórnvöldum. Sama má segja um hæfi stjórnvalds til þess að fjalla um mál. Flestir virðast að vísu sammála um það að samkvæmt íslenskum lögum megi enginn taka þátt í meðferð máls í stjórnsýslunni ef úrslit málsins varða verulega hagsmuni hans. Þessi réttarregla hefur þó verið margbrotin í íslenskri stjórnsýslu þrátt fyrir þá hættu sem það hlýtur óhjákvæmilega að hafa í för með sér."

Síðar segir í sömu greinargerð: „Þeir gallar, sem hér hefur verið vikið að, varða ekki einungis stöðu borgaranna gagnvart yfirvöldum, heldur starfsskilyrði stjórnsýslunnar sjálfrar. Skortur á skýrum og ljósum réttarreglum er mjög til baga þegar yfirvöld þurfa að leysa úr stjórnarfarslegum álitaefnum á margvíslegustu sviðum. Hætta er á að úrlausnir verði handahófskenndar og skilvirkni mun minni en æskilegt verður að telja.

Af þessum ástæðum er nauðsynlegt að sett verði almenn stjórnsýslulög hér á landi. Er það annars vegar vegna réttaröryggissjónarmiða og hins vegar vegna hagkvæmnis- og skilvirknissjónarmiða. Ástæðulaust er að slíkar reglur séu allt of flóknar og nákvæmar, heldur verður að greina milli aðalatriða og aukaatriða ... "

Á 109. löggjafarþingi 1986–1987 var lagt fram frumvarp til stjórnsýslulaga og var það samið af hæstaréttarlögmönnunum Eiríki Tómassyni og Jóni Steinari Gunnlaugssyni að beiðni þáverandi forsætisráðherra Steingríms Hermannssonar.

Þar var lagt til að lögfestar yrðu meginreglur um andmælarétt, rétt málsaðila til þess að kynna sér gögn máls, um leiðbeiningarskyldu stjórnvalda, um vanhæfi og um form stjórnvaldsúrskurða.

Samtímis frumvarpinu var lagt fram frumvarp um umboðsmann Alþingis og var það samþykkt sem lög frá Alþingi, en frumvarp til stjórnsýslulaga varð ekki útrætt.

Umboðsmaður Alþingis ritaði 29. desember 1989 forsætisráðherra bréf og vitnar hann þar í greinargerð með frumvarpi til stjórnsýslulaga þar sem sagði að náin tengsl væru milli markmiða þessara tveggja frumvarpa. Reglur um málsmeðferð í stjórnsýslulögum næðu betur tilgangi sínum ef þeim væri fylgt eftir af umboðsmanni Alþingis og að sama skapi mundu slíkar reglur styrkja starf umboðsmannsins. Síðan segir umboðsmaður í bréfi sínu:

„Að fenginni tveggja ára reynslu í starfi umboðsmanns Alþingis, hef ég sannfærst

um, að ofangreind sjónarmið í greinargerð með frumvarpi til stjórnsýslulaga eigi við veigamikil rök að styðjast, án þess að ég hafi þar með tekið afstöðu til þess í einstökum atriðum, hvernig stjórnsýslulög skuli úr garði gerð. Ég tel hins vegar ástæðu til að leggja áherslu á eftirfarandi atriði, sem eru að mínum dómi brýnt tilefni lagasetningar:

1. Ekki er til að dreifa í skráðum lögum almennum reglum um rétt manna til að kynna sér gögn í vörslu stjórnvalda. Þar verður að gera greinarmun á skyldu stjórnvalds til að veita almenningi upplýsingar, skyldu stjórnvalds til að veita aðilum, sem sérstakra hagsmuna hafa að gæta, aðgang að upplýsingum, skyldu stjórnvalds til að kynna einstaklingi upplýsingar, sem hjá því eru skráðar um einkahagi hans, og skyldu til að veita öðrum stjórnvöldum upplýsingar. Slíkar reglur tengjast lagareglum um þagnarskyldu þeirra manna, sem fást við stjórnsýslu, en lagaákvæði um það eru fjölmörg á víð og dreif í settum lögum. Reynsla mín í starfi umboðsmanns hefur leitt í ljós, að á þessum vettvangi rísa ágreiningsmál, sem oft vefst fyrir stjórnvöldum að greiða úr.
2. Ekki eru í skráðum lögum almennar reglur um hæfi þeirra, sem hafa á hendi stjórnsýslu, til að fjalla um einstök mál, sem þeir fá til úrlausnar.
3. Á ýmsum sviðum stjórnsýslu er ekki svo skýrt sem skyldi, hvaða rétt menn eiga til að skjóta máli sínu til æðra stjórnvalds. Ég tel sérstaka ástæðu til að vekja athygli á því, að slíkur vafi hefur risið í framkvæmd sveitarstjórnarlaga, að því er ákvarðanir sveitarstjórna varðar.

Framangreind talning er ekki á neinn hátt tæmandi og ég lít svo á, að almennt sé nauðsynlegt að lögfesta í stjórnsýslulögum helstu grundvallarreglur um málsmeðferð í stjórnsýslu. Það eru því tilmæli mín, að þér, hæstvirtur forsætisráðherra, beitið yður fyrir því, að frumvarp til stjórnsýslulaga verði lagt á ný fyrir Alþingi eftir atvikum að lokinni endurskoðun þess frumvarps, sem þegar hefur verið samið og áður er vikið að.“

Erlend lög um málsmeðferð í stjórnsýslunni.

Eftir því sem umsvif opinberrar stjórnsýslu hafa aukist hafa í mörgum ríkjum komið fram kröfur um aukið réttaröryggi þegnanna í samskiptum sínum við hið opinbera.

Á Norðurlöndum var þessari kröfu í upphafi mætt með því að leyfa málshöfðunarrétt fyrir dómstólum eftir ákveðnum reglum um gildi eða ógildi stjórnsýsluathafna.

Í Sviþjóð og Finnlandi eru tvö dómstig sérstakra stjórnsýsludómstóla sem starfa að mörgu leyti hliðstætt hinu almenna dómstólakerfi. Í Danmörku, Noregi og hér á landi er aftur byggt á málskotsrétti fyrir almennum dómstólum. Í stjórnsýslu Norðurlandaríkjanna hefur skipulagi stjórnsýslunnar yfirleitt í meginatriðum verið hagað á þann veg að ráðuneyti fara með stefnumótun og eftirlit, en ekki afgreiðslu einstakra mála. Þau fella því sjaldnast úrskurði á fyrsta stigi málsmeðferðar, en hægt er að skjóta gerðum eða úrskurðum lægra settra stjórnarstofnana til endurskoðunar þeirra. Hér á landi er skipulagið þó skemmra á veg komið að því leyti að almenn kæruleið innan stjórnsýslunnar frá lægra til æðra stjórnvalds er ekki fyrir hendi nema í afmörkuðum málaflokkum.

Þótt yfirleitt sé opin leið til málshöfðunar fyrir almennum dómstólum er þar um seinvirkari og dýrari aðferð að ræða við prófun á gildi stjórnsýslugerða en kæra til æðra stjórnvalds.

Í úrskurðum um gildi stjórnsýsluaðgerða reynir oft á verklagsreglur í stjórnsýslunni, en þær eru í mörgum tilvikum óljósar. Hafa því komið upp raddir um nauðsyn þess að

formlega verði settar meginreglur um meðferð mála í stjórnsýslunni með almennum stjórnsýslulögum.

Fjölmörg dæmi eru um slíka lagasetningu. Í Bandaríkjunum eiga þau sér langa sögu bæði hvað snertir löggjöf alríkisins og einstakra ríkja, en það er sameiginlegt slíkri lagasetningu að lögin skiptast í þrjá hluta. Í fyrsta lagi fjalla þau um vald stjórnsýslustofnana, í öðru lagi fjalla þau um meðferð þess valds og í þriðja lagi fjalla þau um viðurlög við brotum. Á meginlandi Evrópu hefur slík lagasetning einnig tíðkast lengi og má nefna frönsku stjórnsýslulögin sem dæmi um það, en þau eru víðtækari en bandarísku lögin og fjalla m.a. um réttindi og skyldur starfsmanna, skaðabótaskyldu hins opinbera o.fl.

Norðurlandaríkin nema Ísland hafa sett sér stjórnsýslulöggjöf. Í Noregi voru almenn stjórnsýslulög sett árið 1967, en upphaflegar tillögur um lagasetninguna komu fram í nefndaráliti árið 1958. Lögin hafa tekið verulegum breytingum síðan þau voru sett. Í Svíþjóð tóku almenn stjórnsýslulög frá 1971 gildi 1. janúar 1972. Þeim var breytt nokkrum sinnum og síðan leyst af hólmi með nýjum stjórnsýslulögum sem gildi tóku 1. janúar 1987. Í Finnlandi voru sett stjórnsýslulög árið 1982 og tóku þau gildi 1. janúar 1983. Í Danmörku voru á árinu 1985 sett almenn stjórnsýslulög sem gildi tóku 1. janúar 1987.

Sameiginlegt hinum norrænu lögum er að þau eru að ýmsu leyti hliðstæða réttarfarsreglna við almenna dómstólameðferð. Lögð er áhersla á réttaröryggi þegnanna, en jafnframt er þó reynt að samrýma það kröfunni um skilvirka stjórnsýslu. Í lögunum er lögfestur andmælaréttur í stjórnsýslu og stjórnsýslustofnunum sett tímamörk um afgreiðslu mála. Settar eru almennar reglur um vanhæfi til meðferðar einstaks máls, um leiðbeiningar til málsaðila, um aðgang málsaðila að gögnum máls, um rökstuðning úrskurða, verklagsreglur um kæru til annars stjórnvalds, um þagnarskyldu starfsmanna og um meðferð upplýsinga.

Helstu ákvæði frumvarpsins.

Helstu atriði frumvarps þessa eru þessi:

1. Lagt er til að lögfestar verði nokkrar grundvallarreglur um meðferð stjórnsýslumála sem taki til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og stofnana þeirra (1. gr.).
2. Skilgreind eru nokkur stjórnsýsluhugtök (2. gr.).
3. Settar eru skýrar reglur um sérstakt hæfi stjórnsýsluhafa (II. kafli).
4. Sett eru ákvæði um hvernig bregðast skuli við vanhæfi ráðherra (6. gr.).
5. Settar eru skýrar reglur um leiðbeiningarskyldu stjórnsýsluhafa (III. kafli).
6. Settar eru reglur um rétt málsaðila til þess að kynna sér gögn í málum sem eru til meðferðar hjá stjórnvöldum (IV. kafli).
7. Andmælaréttur málsaðila er lögfestur (V. kafli).
8. Sett eru ákvæði um rökstuðning stjórnsýsluúrskurða (VI. kafli).
9. Settir eru tímafrestir um meðferð mála sem lögin taka til og úrskurði (VI. kafli).
10. Settar eru reglur um leiðbeiningarskyldu varðandi kærumeðferð stjórnsýsluákvarðana (VII. kafli).
11. Þagnarskylda starfsmanna í opinberri þjónustu er ítrekuð (VIII. kafli).
12. Réttur málsaðila til þess að kynna sér málsgögn nær aftur til 1. janúar 1982 (27. gr.).
13. Lagt er til að lögin taki gildi 1. janúar 1992 (29. gr.).

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um gildissvið laganna og skýringar á hugtökum sem þar koma fyrir.

Um 1. gr.

Lögin taka til allrar stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga, þ.e. stjórnsýslu ráðuneyta og stofnana sem undir þau heyra, til stjórnsýslu sveitarfélaga og stofnana þeirra. Forsætisráðherra getur auk þess ákveðið að lögin nái jafnframt til fyrirtækja og stofnana sem fengið er opinbert vald án þess að þær teljist til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Sem dæmi um slíkt fyrirtæki má nefna Bifreiðaskoðun Íslands hf. sem samkvæmt sérstökum samningi sér um skoðun ökutækja og úrskurðar í því sambandi hvort þau fullnægi þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar í reglugerðum settum af stjórnvöldum.

Lögin taka til starfsemi ráða og nefnda á vegum ríkisins og sveitarfélaga, en um afgreiðslur mála í sveitarstjórn og nefndum hennar fer þó eftir sérreglum sveitarstjórnarlaga.

Ákvæði laganna ná ekki til löggjafarvaldsins, þ.e. starfsemi Alþingis og stofnana þess, svo sem til umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar. Starfsemi dómsvaldsins er einnig undanþegin ákvæðum laganna nema um sé að ræða starfsemi sem tengist stjórnsýslu dómstólsins. Eins og áður er vikið að getur ráðherra ákveðið í reglugerð að ákvæði laganna nái einnig til fyrirtækja og stofnana, en ella ná þau ekki til starfsemi sjálfseignarstofnana og stofnana sem að forminu til eru hlutafélög eða sameignarfélög þótt eigendur séu að miklu eða öllu leyti ríki og sveitarfélög.

Lögin taka til stjórnsýslustarfa ráðherra, en ekki til starfa þeirra á Alþingi eða þátttöku þeirra í fundum ríkisstjórnar og ríkisráðs.

Lögin gilda um meðferð þeirra mála hjá stjórnvöldum þar sem teknar eru ákvarðanir um rétt og skyldur einstaklinga og lögaðila. Þagnarskylda samkvæmt lögunum nær þó til allra mála. Með hugtakinu „að taka ákvörðun um rétt og skyldur“ er átt við að stjórnvald ákveði hvað sé „rétt“ í viðkomandi tilviki, t.d. hvort aðili eigi samkvæmt gildandi reglum rétt á leyfi til gjaldeyrisyfirfærslu eða húsbyggingar eða hvort honum beri skylda til þess að aðhafast eitthvað. Lögin ná ekki til margvíslegrar starfsemi hins opinbera sem ekki verður flokkuð undir stjórnsýslu, svo sem samningagerðar, þjónustu eða atvinnustarfsemi á vegum ríkis og sveitarfélaga. Þau ná ekki til umönnunar sjúkra og aldraða, kennslu, húsvörslu eða bókavörslu. Stjórnvöld geta hins vegar tekið ákvarðanir um rétt eða skyldu einstaklinga til þess að njóta slíkrar þjónustu og þær ákvarðanir falla undir ákvæði laganna.

Það leiðir af framangreindri skilgreiningu að lögin ná til ákvörðunar sem tekin er í krafti opinbers valds, en hins vegar ekki til skuldbindinga á sviði einkamálaréttar, svo sem til samningagerðar. Ráðningar einstakra starfsmanna, stöðuhækkanir og uppsagnir falla þó undir lögin, enda snerta þær aðra starfsmenn hins opinbera. Ákvæði laganna um vanhæfi ná þó einnig til skuldbindinga á sviði einkamálaréttar sem stjórnvald eða stjórnsýsluhafi tekst á hendur fyrir hönd hins opinbera.

Ákvæði laganna ná ekki til fyrirmæla sem stjórnendur gefa öðrum starfsmönnum við framkvæmd starfa sinna. Þau ná heldur ekki til ákvarðana um útgáfu reglugerða og efni þeirra né til annarra almennra stjórnvaldsfyrirmæla.

Um 2. gr.

Hér eru skilgreind nokkur þau hugtök sem koma fyrir í frumvarpinu. Ástæðan er einkum sú að merking þessara hugtaka hefur verið nokkuð á reiki í íslensku lagamáli. Erfitt er hins vegar að skilgreina hugtök þessi svo, jafnvel þótt í löngu máli væri, að ekki geti komið upp einhver vafatilvik við skýringu á þeim.

Hugtökin eru yfirleitt skilgreind svo að þau beri að skýra rúmt fremur en þröngt. Þó skal tekið fram að svonefndar „neikvæðar stjórnsýsluákvarðanir", þ.e. ákvarðanir sem fela í sér óbreytt ástand, svo sem synjun á umsókn, falla ekki undir hugtakið „íþyngjandi stjórnarsýsluákvörðun" eins og það er skilgreint í frumvarpinu.

Hugtakinu „stjórnvald" ber að halda aðgreindu frá orðinu „stjórnsýsluhafi", en það vísar til þess einstaklings er hverju sinni gegnir embætti sem opinbert vald fylgir. Samkvæmt því telst embætti forsætisráðherra vera stjórnvald, en sá einstaklingur, sem því gegnir, stjórnsýsluhafi. Þessi aðgreining hefur fyrst og fremst þýðingu þegar fjallað er um vanhæfi við meðferð einstakra mála í stjórnsýslunni. Samkvæmt þessum ákvæðum má sá einstaklingur, sem að öðru jöfnu gegnir tilteknu embætti, ekki taka þátt í meðferð máls ef hann hefur eða getur haft sérstakra hagsmuna að gæta varðandi málsúrslit. Við slíkar aðstæður yrði að fela öðrum einstaklingi að fást við málið.

Um II. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um sérstakt hæfi stjórnsýsluhafa til þess að taka þátt í meðferð einstakra mála. Um þetta efni hefur skort heildstæðar reglur í íslenskum rétti. Í 36. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, er að finna ákvæði um vanhæfi dómara, en samsvarandi ákvæði gilda ekki almennt í stjórnsýslu hins opinbera þótt finna megi ákvæði þar að lútandi í einstökum lögum er fjalla um afmarkaða þætti opinberrar stjórnsýslu, svo sem í sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986. Ákvæði kaflans gilda einnig um aðila sem sæti eiga í fjölskipuðu stjórnvaldi. Sérstakt hæfi, oft nefnt vanhæfi, getur valdið ógildingu ákvörðunar nema það teljist ekki hafa haft þýðingu fyrir ákvörðunina.[1]

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru sniðin eftir 36. gr. laga nr. 85/1936 sem fyrr er getið, en aukið er við upptalningu 5. og 6. tölul. samkvæmt fyrirmyndum frá stjórnsýslulöggjöf annarra Norðurlandaþjóða.

1. tölul. fjallar um vanhæfi vegna þess að stjórnsýsluhafi er sjálfur aðili máls, fyrirsvarsmaður eða umboðsmaður aðila. Gildir þar meginreglan um að enginn er dómari í eigin sök.

2. tölul. fjallar um vanhæfi vegna skyldleika stjórnsýsluhafa við aðila máls sem eðli málsins samkvæmt getur valdið því að stjórnsýsluhafi fái ekki litið hlutlaust á málavexti.

3. tölul. fjallar um vanhæfi vegna skyldleika stjórnsýsluhafa við fyrirsvarsmann eða umboðsmann aðila og gildir þar sama og um getur í 2. tölul. Skyldleiki til hliðar, sem vanhæfi veldur, nær þó aðeins til systkina.

4. tölul. fjallar um vanhæfi vegna þess að stjórnsýsluhafi hefur áður haft afskipti af málinu og það kemur aftur til meðferðar hans. Hann kann því að hafa fyrir fram skoð-

[1] Um vanhæfi stjórnsýsluhafa sjá greinar í 3.–4. tölublaði tímaritsins Úlfljóts árið 1986.

un á því og getur tæplega litið hlutlaust á málavexti. Hér er átt við það að úrskurði í máli sé skotið til æðra stjórnvalds, en ekki við umfjöllun máls á sama stigi málsmeðferðar. Hafi stjórnsýsluhafi kveðið upp stjórnsýsluúrskurð á lægra stigi, en síðan flutt sig um set innan stjórnsýslunnar, er hann vanhæfur til þess að úrskurða á æðra stigi um gildi úrskurðar sem hann hefur kveðið upp eða átt hlutdeild í á lægra stigi. Vegna fyrri afskipta stjórnsýsluhafa er líklegt að hæfi hans verði dregið í efa.

5. tölul. tekur til ýmissa ótilgreindra tilvika sem valdið geta vanhæfi stjórnsýsluhafa. Þar má nefna nána vináttu við aðila máls, yfirlýsingar sem stjórnsýsluhafi hefur gefið um málsatvik, veruleg áhrif sem stjórnsýsluákvörðun getur haft á hag venslamanna sem standa stjórnsýsluhafa nærri, en falla ekki undir þær upptalningar er að framan greinir, málið varðar næsta yfirmann stjórnsýsluhafa eða stofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem stjórnsýsluhafi er í forsvari fyrir. Í síðastnefnda tilvikinu er lögð áhersla á það að um stofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sé að ræða, en stjórnarseta eða starf fyrir opinbera stofnun, er mál varðar, veldur ekki vanhæfi stjórnsýsluhafa. Stjórnsýsluhafi, sem jafnframt er fulltrúi í sveitarstjórn, er t.d. ekki vanhæfur til þess að kveða upp stjórnsýsluúrskurð þótt sveitarstjórnin sé aðili að málinu, enda þótt það hafi verulega hagsmuni af stjórnsýsluákvörðuninni. Sama er um stjórnarþátttöku stjórnsýsluhafa í stofnun þar sem hann er útnefndur eða valinn sem fulltrúi stjórnvaldsins.

6. tölul. tekur til annarra atriða sem draga úr óhlutdrægni stjórnsýsluhafa. Við beitingu þessa ákvæðis ætti m.a. að líta til þess hvort stjórnsýsluákvörðun í málinu hefði í för með sér ágóða, tap eða óþægindi fyrir stjórnsýsluhafann sjálfan eða venslamenn hans. Einnig ber að líta til þess hvort aðili máls hefur krafist þess að stjórnsýsluhafinn víki sæti eða ekki.

Þegar stjórnsýsluhafi er vanhæfur til þátttöku í meðferð máls verður að setja annan einstakling *ad hoc* til þess að fara með það. Sá aðili má ekki vera næsti undirmaður stjórnsýsluhafa, en vanhæfi til meðferðar máls nær einnig til hans, sbr. 5. tölul. Í flestum tilvikum er verkaskipting milli starfsmanna stjórnvalds þannig að hver starfsmaður fer með ákveðna málaflokka. Aðrir starfsmenn viðkomandi stjórnvalds geta þá leyst málið með því að hlaupa í skarðið fyrir þann sem vanhæfur er, en ef þess er ekki kostur verður að fá utanaðkomandi aðila, t.d. sérfræðing frá öðru stjórnvaldi, til þess að fjalla um málið. Ef um er að ræða vanhæfi einstaklings sem situr í fjölskipuðu stjórnvaldi má yfirleitt kalla til varamann, en ef þess er ekki kostur verður stjórnvaldið að taka ákvörðun án þess að vera fullskipað. Frá þessu er þó gerð undantekning í 2. mgr. 4. gr.

Um 4. gr.

Ákvæðin um vanhæfi eru ekki fortakslaus. Í fyrsta lagi kann að vera verulegum vandkvæðum bundið að fela öðrum aðila meðferð málsins. Hér er t.d. átt við það tilvik að ekki er völ á öðrum aðilum með nægilega sérfræðikunnáttu til þess að kveða upp stjórnsýsluúrskurð á því sviði sem um ræðir. Þá er oft um að ræða lítilfjörlega hagsmuni sem þótt persónulegir séu geta ekki valdið vanhæfi. Þá verður einnig að líta til þess hvort meðferð mála fer að öllu leyti eftir lögbundnum reglum eða hún er að einhverju leyti háð frjálsu mati stjórnsýsluhafa. Ýmsar afgreiðslur stjórnvalda ganga þannig eftir föstum reglum sem ekki verður vikið frá hver sem í hlut á. Lögreglustjóri getur t.d. gefið út ökuskírteini sjálfum sér eða nánum vandamönnum til handa, enda eru skilyrði fyrir ökuleyfi og endurnýjun þess lögbundin og tæpast vafi á því hvort þau skilyrði eru fyrir hendi.

Aðalreglan er sú að sá sem situr í fjölskipuðu stjórnvaldi má ekki taka þátt í af-

greiðslu máls ef hann er vanhæfur samkvæmt ákvæðum 3. gr. Það gildir þó ekki ef það leiðir til þess að stjórnvaldið er ekki lengur ályktunarhæft, ef nauðsynlegt er talið að afstaða hins vanhæfa aðila komi fram í afgreiðslu stjórnvaldsins og ef ekki er hægt að fresta umfjöllun um málið án verulegs tjóns fyrir almanna- eða einkahagsmuni. Í sumum tilvikum kann að vera gerð krafa til þess að fullskipað stjórnvald taki ákvörðun og í öðrum tilvikum er skipan stjórnvalds með þeim hætti að þar eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila sem fjalla eiga um mál, enda þótt þeir eigi þar jafnframt persónulegra hagsmuna að gæta. Í undantekningartilvikum kann að vera ómögulegt að fresta umfjöllun um mál án verulegs tjóns fyrir almanna- eða einkahagsmuni og því verði að líta fram hjá vanhæfi einstakra meðlima stjórnvaldsins.

Í fjölskipuðu stjórnvaldi getur aðili tekið þátt í kjöri til embættis eða nefndar innan stjórnvaldsins eða til þess að vera fulltrúi þess á öðrum vettvangi enda þótt hann sé sjálfur í kjöri.

Í síðustu málsgrein 4. gr. er sagt að um vanhæfi sveitarstjórnarmanna til meðferðar máls fari eftir 45. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8 frá 1986. Með sveitarstjórnarmönnum er átt við kjörna fulltrúa í sveitarstjórn og fulltrúa í nefndum og ráðum sveitarstjórnar. Vanhæfisreglur laga þessara taka hins vegar til stjórnsýslu sveitarfélaga að öðru leyti.

Um 5. gr.

Hér er ráðherra veitt heimild til þess að setja nánari reglur um gildissvið ákvæða 3. og 4. gr. á tilteknum sviðum opinberrar stjórnsýslu. Slíkt á t.d. við þar sem fulltrúar hagsmunaaðila eiga aðild að fjölskipuðu stjórnvaldi. Ákvæði þetta samsvarar 5. gr. dönsku stjórnsýslulaganna.

Um 6. gr.

Sá sem veit sig vanhæfan til meðferðar einstaks máls skal án tafar vekja athygli næsta yfirmanns síns á því nema ljóst sé að vanhæfið skipti engu máli. Sé um að ræða aðila sem setu á í fjölskipuðu stjórnvaldi skal hann vekja athygli stjórnvaldsins á annmarkanum sem í flestum tilvikum felst í því að hann tilkynnir formanni stjórnvaldsins um það. Ef formaðurinn er sjálfur vanhæfur til meðferðar málsins yrði sá sem vekja vill athygli á vanhæfi sínu að snúa sér til annarra þeirra sem setu eiga í stjórnvaldinu.

Stjórnsýsluhafi má ekki sjálfur taka þátt í meðferð eða ákvörðun máls um vanhæfi sitt, sbr. þó 1. og 2. mgr. 4. gr. Þetta gildir þó ekki á sviðum þar sem lög kunna að skipa málum á annan veg og má þar nefna sveitarstjórnarlögin sem mæla svo fyrir að sveitarstjórnarmaður skuli taka þátt í atkvæðagreiðslu um vanhæfi sitt. Er það ákvæði sett til þess að ekki sé hægt að nota tilefnislausa ásökun um vanhæfi til þess að gera meiri hluta óvirkan í sveitarstjórn eða nefnd sveitarstjórnar. Afgreiðslu sveitarstjórnar á slíku máli má kæra til félagsmálaráðuneytis.

Í síðustu mgr. 6. gr. er fjallað um vanhæfi ráðherra, en lögin gilda um stjórnsýslustörf þeirra eins og áður er minnst á. Hér er lagt til að víki ráðherra sæti af ástæðum sem greinir í 3. gr. skuli forseti Íslands skipa annan ráðherra til þess að taka ákvörðun í því máli sem til úrlausnar er. Er þetta ákvæði samhljóða 18. gr. stjórnsýslulagafrumvarpsins sem lagt var fyrir 109. löggjafarþing.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um leiðbeiningarskyldu stjórnvalda og um rétt almennings til þess að fá annan til þess að vera í fyrirsvari fyrir sig gagnvart stjórnvöldum eða til aðstoðar.

Um 7. gr.

Öllum þeim, sem með stjórnsýslu hins opinbera fara, er skylt að leiðbeina þeim sem til þeirra leita um rétt þeirra og skyldur hvort sem þeir hafa úrskurðarvald í því efni eða ekki. Hér er að sjálfsögðu undanskilið að sá sem leitað er til fjalli um viðkomandi málaflokk eða viti skil á þeim reglum sem gilda. Ef svo er ekki verður að gera þá kröfu til hans að hann vísi rétta leið til þess sem fjallar um viðkomandi málaflokk. Leiðbeiningar stjórnvalda geta bæði verið almennar og einstaklingsbundnar. Almennar leiðbeiningar geta t.d. verið gefnar í sérstökum bæklingum, auglýsingum eða veggspjöldum, en einstaklingsbundnar leiðbeiningar geta verið gefnar munnlega, þar á meðal í síma eða skriflega í bréfi til þess sem leiðbeininga æskir.

Form almennra leiðbeininga þarf að laga að þörf almennings fyrir vitneskju á viðkomandi sviði og síðan þarf að gefa tækifæri á nánari einstaklingsbundinni leiðsögn.

Innihald leiðbeininganna þarf að vera nægilegt til þess að útskýra gildandi reglur á tilteknu sviði, í þeim þarf að koma fram hvaða stjórnvald taki ákvarðanir um mál á því sviði og hvaða upplýsinga nauðsynlegt sé afla ef leggja á erindi fyrir stjórnvaldið.

Í leiðbeiningarskyldu stjórnsýsluhafa er innifalin leiðsögn viðvíkjandi útfyllingu eyðublaða, samningu tilkynninga og öðrum atriðum sem þýðingu hafa á verksviði stjórnsýsluhafans. Hins vegar er ekki hægt að gera þá kröfu til stjórnsýsluhafa að hann veiti sérfræðilega ráðgjöf í máli, a.m.k. ef hún yrði tímafrek. Hvar draga á mörkin milli leiðbeiningarskyldu og sérfræðilegrar ráðgjafar fer nokkuð eftir aðstæðum.

Í 2. mgr. er ákvæði þess efnis að stjórnvaldi sé skylt að framsenda skriflegt erindi sem því berst ranglega til rétts stjórnvalds eftir því sem tök eru á. Sé erindi munnlegt er hins vegar eðlilegt að erindisgjafa sé leiðbeint um hvar hann finni hið rétta stjórnvald og geti þar komið erindi sínu milliliðalaust á framfæri.

Hér er rétt að minna á samning Norðurlanda um notkun norrænna tungumála fyrir stjórnvöldum, en samkvæmt honum geta borgarar Norðurlandaríkja notað móðurmál sitt í viðskiptum við opinbera aðila. Er skylt að afla aðstoðar túlks eða skjalaþýðanda, eftir því sem nauðsyn ber til, og skal það vera viðkomandi einstaklingi að kostnaðarlausu. Þau erlend tungumál, sem hér um ræðir, eru danska, finnska, norska og sænska, en samningurinn nær ekki til færeysku, grænlensku eða tungumáls Sama. Því verður að veita leiðbeiningar á framangreindum tungumálum og afla aðstoðar túlks ef viðkomandi starfsmaður og sá sem leiðbeininga leitar skilja ekki hvor annan.

Um 8. gr.

Hér er málsaðila heimilað að fá annan til þess að vera í fyrirsvari fyrir sig eða til aðstoðar. Hér er bæði átt við sérfræðinga eins og lögmenn eða endurskoðendur, en einnig aðra sem taka að sér að aðstoða málsaðila. Venjulega verður að gera þá kröfu að slíkur aðstoðarmaður sé lögráða, en í einstaka tilvikum er eðlilegt að falla frá því, t.d. ef barn aðstoðar foreldra sína sem túlkur. Stéttarfélög eða almannasamtök geta tekið að sér umboð fyrir eða aðstoð við einstakling eða lögaðila sem er aðili að stjórnsýslumáli. Aðstoðin getur verið fólgin í því að rita erindi til stjórnvalds, taka við skjölum og mæta til

viðtals hjá stjórnsýsluhafa. Stjórnvald getur þó krafist þess að málsaðili mæti sjálfur þegar slíkt hefur þýðingu fyrir ákvörðun málsins að mati þess.

Stjórnsýsluhafi getur samkvæmt almennum reglum krafist þess að umboðsmaður málsaðila framvísi skriflegu umboði eða sanni á annan hátt heimild sína til erindisreksturs fyrir málsaðila.

Um IV. kafla.

Þessi kafli fjallar um rétt aðila máls (málsaðila) til þess að kynna sér skjöl og önnur gögn sem mál hans varða. Frumforsenda þess er að sjálfsögðu sú að aðili viti af því að mál hans sé til meðferðar í stjórnsýslunni. Í kaflanum eru settar nánari reglur um þessi atriði.

Réttur aðila máls til þess að kynna sér gögn er til viðbótar við almenna upplýsingaskyldu stjórnvalda og aðgang að gögnum er varða stjórnsýslu hins opinbera, en þar eru ýmis gögn er varða einkamálefni fólks undanskilin vegna friðhelgi einkalífs.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um rétt aðila til þess að fá að kynna sér gögn málsins hjá því stjórnvaldi sem tekur um það ákvörðun. Hér kann að koma upp vafi um það hver skuli teljast aðili máls. Þar koma til greina umsækjendur, kærendur og aðrir sem verulegra hagsmuna eiga að gæta við afgreiðslu máls. Við ákvörðun um það hvort um aðila máls sé að ræða verður að taka mið af því hversu mikla hagsmuni viðkomandi hefur af ákvörðun um mál á hvorn veg sem hún verður.

Lög nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, veita almennan rétt til aðgangs að skráðum upplýsingum og eru því rýmri en ákvæði þessa frumvarps sem takmarka aðgang við gögn máls sem er til meðferðar hjá stjórnvaldi. Því gæti komið til álita hvort aðili, sem vill kynna sér gögn máls sem til meðferðar er í stjórnsýslunni, geti ekki borið fyrir sig ákvæði IV. kafla laga nr. 121/1989. Til þess að taka af öll tvímæli í þessu efni er tekið fram í 1. mgr. að sú regla, sem þar er sett fram, raski ekki rétti manna samkvæmt ákvæðum laga nr. 121/1989.

Samkvæmt 2. mgr. eru ákvæði um þagnarskyldu opinberra starfsmanna og sýslunarmanna ekki til fyrirstöðu því að þeir veiti málsaðilum aðgang að gögnum samkvæmt þessum kafla laganna.

Þriðja málsgrein fjallar um mál þar sem grunur hefur fallið á aðila um lögbrot eða hann er sóttur til refsingar. Í þeim tilvikum getur hann ekki krafist aðgangs að gögnum málsins með tilvísan til þessa kafla laganna. Vísbendingar um lögbrot koma oft fram í starfi stjórnsýsluhafa og nánari athugun er hafin sem stundum leiðir til ákæru og stundum ekki. Meðan mál er á því stigi er ekki talið rétt að veita aðila aðgang að gögnum málsins né heldur meðan það er á ákærustigi, en þá gilda um það reglur laga um meðferð opinberra mála.

Hins vegar getur sakborningur, eftir að meðferð máls er lokið, krafist þess að mega kynna sér gögn málsins hjá stjórnvöldum að því leyti sem slík beiðni er studd sanngjörnum rökum um hagsmuni hans og ef tillit til fyrirbyggjandi aðgerða stjórnvalda, upplýstrunar sakamála eða saksóknar eða sérstök sjónarmið til verndar sakborningi, vitnum eða öðrum aðilum mæla því ekki í gegn. Þau stjórnvöld, sem hér koma til greina, eru t.d. löggæsluyfirvöld eða ráðuneyti sem sent hefur kæru til rannsóknarlögreglu vegna

meintra lögbrota. Með orðunum „eftir að meðferð máls er lokið“ er ekki átt við að dómsmeðferð skuli vera lokið.

Um 10. gr.

Í þessari grein eru talin upp þau gögn sem réttur málsaðila nær til. Í fyrsta lagi er um að ræða móttekin og send bréf. Í öðru lagi eru skráningar í skjalaskrár og listar um gögn málsins. Í þriðja lagi eru vinnuskjöl og bréf milli aðila innan sama stjórnvalds ef þau geyma upplýsingar sem ekki er unnt að afla annars staðar frá. Er þar um undantekningu að ræða frá þeirri aðalreglu að málsaðilar hafa ekki aðgang að vinnuskjölum.

Síðasta málsgrein takmarkar aðgang þess sem sótt hefur um ráðningu eða stöðuhækkun í opinberri þjónustu að þeim gögnum um ráðninguna eða stöðuhækkunina er varða hann sjálfan.

Um 11. gr.

Í þessari grein eru settar reglur um frest á afgreiðslu máls ef málsaðila hefur verið veittur aðgangur að gögnum máls. Skal frestur veittur þar til málsaðila hefur gefist tími til að kynna sér gögnin.

Í 2. mgr. eru þó settar takmarkanir á veitingu slíks frests ef það stangast á við lögmæltan frest til afgreiðslu máls eða hagsmunir aðilans þykja eiga að víkja vegna ríkari hagsmuna sem mæla gegn slíkri frestun.

Við ákvörðun á lengd frests til að kynna sér gögn máls verður að taka tillit til fjölda skjala og eðlis máls og einnig þess að málsaðili kann í sérstökum tilvikum að þarfnast aðstoðar sérfróðra manna til þess að meta innihald skjalanna.

Um 12. gr.

Greinin fjallar um undantekningar frá aðgangi að gögnum máls.

Þar eru í fyrsta lagi undanskilin ýmis gögn er varða starf ríkisráðs og ríkisstjórnar. Ákvæðið er sett til þess að vernda hið stjórnmálalega ákvörðunarferli þessara stjórnvalda sem sjálf taka ákvarðanir um birtingu gagna sem til umfjöllunar eru á fundum þeirra.

Í öðru lagi eru undanskilin vinnuskjöl sem rituð hafa verið hjá stjórnvaldi til eigin afnota í sambandi við meðferð máls og bréfaskipti um málið milli ýmissa deilda eða stofnana innan sama stjórnvalds. Hér er fylgt fyrirmyndum annarra stjórnsýslulaga, en slík vinnuskjöl eru undanþegin aðgangi sökum þess að þau eru liður í ákvörðunartöku um mál og innihalda oft vangaveltur um mál, uppköst að skriflegu eða munnlegu svari, útskýringar staðreynda og skoðanir á efni máls sem síðan breytast við nánari athugun á staðreyndum og réttarheimildum. Þá er hér um ýmsar skýrslur að ræða sem stjórnvald lætur gera í tengslum við innra eftirlit á rekstri og eru nauðsynlegur þáttur í góðri stjórnsýslu. Segja má að takmörkunin á aðgangi gagna varðandi vinnuskjöl til eigin afnota komi fram í gagnályktun frá 3. tölul. 1. mgr. 10. gr. þar sem veittur er aðgangur að þeim vinnuskjölum sem geyma endanlega ákvörðun stjórnvalda um afgreiðslu máls eða geyma upplýsingar sem ekki er unnt að afla annars staðar frá. Í slíku tilviki er skylt að gefa endurrit úr þeim hluta skjalsins sem hefur að geyma umræddar upplýsingar.

Í þriðja lagi eru undanskilin bréfaskipti stjórnvalda eða stjórnsýsluhafa við sérfróða menn til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort mál skuli höfða. Í tengslum við dómsmál eða undirbúning þeirra fara oft fram bréfaskipti aðila við sérfróða menn. Stjórn-

völd njóta hér jafnræðis við aðra aðila sem hugsanlega eru að undirbúa málaferli gegn þeim, en þurfa ekki að birta bréfaskipti sín við sérfróða aðila í því sambandi.

Í fjórða lagi eru undanskilin bréfaskipti milli sveitarstjórnar og nefnda hennar eða annarra undirstofnana, svo og bréfaskipti þeirra á milli. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum er sveitarstjórn æðsti stjórnandi málefna sveitarfélaga og á fundum sveitarstjórna eru teknar endanlegar ákvarðanir, m.a. með umfjöllun um fundargerðir nefnda sveitarstjórna.

Sveitarstjórnarfundir eru haldnir í heyranda hljóði nema í algjörum undantekningartilvikum og þau gögn, sem þar eru lögð fram, lýsa endanlegri afstöðu nefnda til einstakra mála. Aðgangur að þessum gögnum, svo og að fundargerðum sveitarstjórnar, veita því málsaðila aðgang að nauðsynlegum gögnum, en hins vegar ekki að bréfaskiptum og öðrum vinnuskjölum sem farið hafa á milli einstakra nefnda, stofnana og starfsmanna innan stjórnvaldsins.

Um 13. gr.

Í 13. gr. eru taldir upp nokkrir málaflokkar þar sem heimilt er að takmarka aðgang málsaðila að gögnum vegna ríkra almannahagsmuna, opinberra hagsmuna eða með tilliti til aðila sjálfs eða annarra eins og því er síðar lýst í greininni.

Þar er í fyrsta lagi nefnt öryggi ríkisins og varnir landsins, en málsaðili kann að krefjast slíks aðgangs í tengslum við mál hans sem til umfjöllunar er hjá stjórnvöldum.

Í öðru lagi eru nefndir hagsmunir ríkisins á sviði utanríkis- og utanríkisviðskiptamála, þar á meðal gögn um samskipti ríkisins við erlend ríki og alþjóðastofnanir. Hér er oft um viðkvæm mál að ræða þar sem ríkir almannahagsmunir ráða því að gögnin verða ekki gerð opinber.

Í þriðja lagi eru nefndar fyrirbyggjandi aðgerðir gegn lögbrotum, svo og uppljóstran lögbrota, saksókn brotamanna og fleiri atriði. Ástæða er talin til þess að hindra aðgang að gögnum í þessu sambandi í því skyni að ekki sé dregið úr virkni löggæslunnar.

Í fjórða lagi er um að ræða ýmis atriði í rekstri hins opinbera þar sem nauðsyn ber til að hindra að upplýsingar berist ekki of fljótt út, svo sem vegna fyrirhugaðra breytinga á gengi íslensku krónunnar eða vegna áformaðra breytinga á tekjuöflun hins opinbera.

Í fimmta lagi eru taldir fjárhagslegir hagsmunir hins opinbera, þar með nefndir viðskiptahagsmunir við kaup eða sölu vöru eða þjónustu. Hér er átt við tilvik þar sem hið opinbera kemur t.d. fram í hlutverki kaupanda eða seljanda vöru. Tilgangur ákvæðisins er að koma í veg fyrir að réttur til aðgangs málsaðila að gögnum skerði ekki samningsaðstöðu hins opinbera þannig að það standi verr að vígi en viðsemjandinn.

Í sjötta lagi er um að ræða upplýsingar í gögnum sem notuð eru í barnaverndarmálum eða forsjárdeilumálum sem annars vegar geta hugsanlega skaðað barn eða samband þess við sína nánustu eða hins vegar aðila máls eða aðra. Er hér átt við upplýsingar um heilsufar og sálfræðileg atriði sem sérstökum trúnaði hefur verið heitið um. Oft getur verið nauðsynlegt að afla gagna um álit vina og vandamanna, svo og sérfræðinga á málsatvikum til þess að viðkomandi yfirvöld geti myndað sér skoðun um þau og betur lagt mat á önnur gögn málsins. Ef málsaðilar sjálfir eiga ótakmarkaðan aðgang að slíkum gögnum er ákveðin hætta á því að menn neiti að láta álit sitt í ljósi af ótta við að baka sér óvild annars málsaðilans. Við það mundu viðkomandi stjórnvöld ekki hafa umsagnir kunnugra aðila til stuðnings ákvörðunum í máli. Eru hér einkum hafðar í huga skýrslur umsagnaraðila vegna deilna um forræði barna og skýrslur sálfræðinga af sama tilefni.

Í sjöunda lagi er um að ræða upplýsingar úr sjúkraskýrslum er varða hagsmuni sjúklinga. Læknaskýrslur eru gögn sem læknar rita sér til minnis og til þess að auðvelda öðrum læknum að taka við eða taka þátt í meðferð sjúklings. Með ótakmörkuðum aðgangi aðila sjálfs að slíkum gögnum er talin hætta á ýmiss konar misskilningi, deilum og jafnvel málshöfðun sem koma mundu í veg fyrir gerð nákvæmra læknaskýrslna og þar með torvelda meðferð sjúklinga á sjúkrastofnunum.

Þrátt fyrir ákvæði 6. og 7. tölul. 1. mgr. skulu lögmaður aðila, læknir og aðrir sérfræðingar, sem bundnir eru trúnaðareiði, eiga aðgang að þessum gögnum sem trúnaðarupplýsingum. Með slíku fyrirkomulagi er ætlunin að tryggja að gögnin séu gerð í samræmi við tilgang þeirra, en hins vegar er þeim sem gögnin stafa frá veitt persónuleg vernd.

Lögð skal áhersla á að í framangreindum tilvikum er um heimildarákvæði að ræða. Við mat stjórnvalda á því hvort heimildinni skuli beitt þarf að meta hvort hagsmunir málsaðila eða hins opinbera eru ríkari, en margt í þeim gögnum, sem falla undir framangreinda málaflokka, má vafalaust gera opinbert án þess að það skaði almannahagsmuni.

Eigi sjónarmið um gagnaleynd aðeins við um hluta skjals skal veita málsaðila aðgang að öðru efni skjalsins.

Loks er ráðherra í síðustu málsgrein veitt heimild til þess að setja nánari reglur um aðgang að gögnum sem fjallað er um í þessari grein, en slíkar almennar reglur mundu auðvelda einstökum stjórnvöldum ákvarðanir um aðgang málsaðila að gögnunum.

Um 14. gr.

Ákvörðun um hvort og að hvaða leyti málsaðili fái aðgang að gögnum tekur það stjórnvald sem málið hefur til meðferðar. Skal stjórnvald eða stjórnsýsluhafi jafnskjótt og unnt er taka ákvörðun um hvort taka beri beiðni til greina og sé ekki orðið við beiðni eða henni hafnað innan tveggja vikna frá móttöku hennar skal stjórnvald tilkynna aðilanum um ástæður fyrir því, svo og hvenær megi vænta ákvörðunar í málinu.

Í flestum tilvikum ætti ekki að vera neitt til fyrirstöðu því að málsaðili geti litið á gögn málsins, en í fáeinum tilvikum þarf þó að taka beiðni málsaðila til nánari athugunar og e.t.v. undirbúa gerð úrskurðar um höfnun aðgangs að gögnum málsins. Ákvæði 2. mgr. eru sett til þess að tryggja rétt málsaðila og koma í veg fyrir að erindi hans verði látið ósvarað í langan tíma.

Í 3. mgr. er fjallað um rétt málsaðila til þess að fá afrit eða ljósrit af gögnum máls. Stjórnvald getur þó neitað málsaðila um afrita- eða ljósritatöku sem eru ofviða venjulegu skrifstofuhaldi stjórnvaldsins, t.d. ef óskað er eftir afritum eða ljósritum svo nemur hundruðum eða jafnvel þúsundum blaðsíðna. Einnig getur verið að gögnin séu þess eðlis að miklum erfiðleikum sé bundið að afrita þau, t.d. ef um er að ræða módel, sýnishorn, líkön og því um líkt. Málsaðili þarf að greiða kostnað við afrit og ljósrit og fer upphæð greiðslunnar eftir almennum reglum hjá ríki eða sveitarfélögum á hverjum tíma.

Í 4. gr. er fjallað um kæruheimild til æðra stjórnvalds sem fá mundi málið til meðferðar við kæru málsaðila á úrskurði þess stjórnvalds sem haft hefur málið til meðferðar.

Um 15. gr.

Hér er fjallað um heimild stjórnvalds eða stjórnsýsluhafa til að rjúfa kærufrest ef kæruheimild er bundin við ákveðinn frest og beiðni um aðgang að gögnum máls er borin fram eftir að ákvörðun hefur verið tilkynnt aðila, en áður en kærufrestur er runninn út. Hefst þá nýr kærufrestur frá þeim tíma þegar aðila er heimilaður aðgangur að gögnum eða honum synjað um hann. Skal hann vera tvær vikur hið skemmsta og skal senda tilkynningu um hinn nýja kærufrest til annarra aðila, sem rétt eiga til þess að kæra, hafi þeir fengið skriflega tilkynningu um sjálfa ákvörðunina.

Síðari málsgrein fjallar um það hver taki ákvörðun um aðgangsbeiðni að gögnum og um kæruheimild til æðra stjórnvalds sé þess kostur.

Andstætt dómsúrskurðum er í mörgum tilvikum unnt að endurskoða stjórnsýsluúrskurði án áfrýjunar og getur stjórnsýsluhafi því tekið ákvörðun sína til endurskoðunar og veitt málsaðila frest til þess að skoða gögn málsins og tjá sig um þau, jafnvel eftir að úrskurður hefur verið kveðinn upp í málinu. Þar með er ekki sagt að samræmingar verði ekki að gæta í stjórnsýsluúrskurðum, en nýjar upplýsingar kunna að koma fram eftir að málsaðili hefur fengið tækifæri til þess að kynna sér þau gögn sem úrskurður var byggður á.

Um V. kafla.

Í V. kafla er fjallað um andmælarétt málsaðila sem talinn er meginregla í almennu réttarfari fyrir dómstólum og sem hefur einnig í æ ríkari mæli rutt sér til rúms í þeim reglum er gilda um stjórnsýsluúrskurði í nágrannaríkjum okkar. Í stjórnsýslunni tengist andmælarétturinn annarri reglu sem nefnd er rannsóknarreglan, en samkvæmt henni bera stjórnvöld ábyrgð á því að allra nauðsynlegra upplýsinga varðandi mál, sem til úrlausnar er, verði aflað og þær rannsóknir og kannanir, sem nauðsynlegar þykja, verði framkvæmdar. Kjarni andmælareglunnar er að ekki verði tekin ákvörðun er varðar réttarstöðu einstaklinga eða lögaðila án þess að viðkomandi aðila hafi gefist kostur á að kynna sér gögn máls og málsástæður, sem ákvörðun byggist á, og að tjá sig um málið. Andmælarétturinn stuðlar að réttaröryggi borgaranna og dregur úr líkum á röngum, óréttmætum og óheppilegum stjórnsýsluákvörðunum.

Til þess að aðilar geti neytt andmælaréttar síns þurfa þeir í fyrsta lagi að fá vitneskju um að mál, sem þá varðar, sé til úrlausnar hjá stjórnvaldi, sbr. grenndarkynningu samkvæmt ákvæðum byggingarlaga. Í öðru lagi þarf aðili að eiga þess kost að kynna sér gögn málsins og í þriðja lagi að eiga þess kost að tala máli sínu.

Frá almennri andmælareglu eru nokkrar undantekningar í löggjöf nágrannalanda okkar og hafa nokkrar þeirra verið teknar upp í frumvarp þetta, enda þótt lagt sé til að hún verði lögfest sem meginregla. Ljóst er að almenn andmælaregla getur dregið úr skilvirkni stjórnsýslunnar og aukið vinnuálag stjórnsýsluhafa, en í frumvarpinu er reynt að feta meðalveg milli skilvirkni og réttaröryggis í stjórnsýslu hins opinbera.[2]

Um 16. gr.

Í 1. mgr. er þeirri meginreglu slegið fastri að ef ætla megi að aðila máls sé ókunnugt um að stjórnvald hafi undir höndum tilteknar upplýsingar um málsatvik sé stjórn-

[2]Um andmælaregluna, sjá grein Ingibjargar Rafnar hdl. í Tímariti lögfræðinga 1980, bls. 149: Andmælareglan og stjórnsýslan.

sýsluhafa óheimilt að taka ákvörðun í málinu fyrr en málsaðila hefur verið gefinn kostur á að kynna sér upplýsingarnar og tjá sig um þær.

Þetta gildir þó því aðeins að upplýsingarnar séu málsaðilanum í óhag og hafi verulega þýðingu varðandi afgreiðslu málsins. Stjórnvaldi sé heimilt að setja aðila ákveðinn frest til að láta nefnda umsögn í té.

Þessi regla hefur þann tilgang að tryggja að málsaðili í stjórnsýslumáli fái tækifæri til þess að kynna sér gögn málsins og benda á misskilning eða ónákvæmni í þeim og jafnframt benda á gögn sem séu betri grundvöllur ákvörðunar að hans mati.

Ekki er mælt fyrir um hvort aðili skuli tjá sig skriflega eða munnlega, en það er á valdi stjórnvalds hvor hátturinn hafður er á. Tjái aðili sig munnlega þarf þó að rita minnisblað um þær athugasemdir er hann kann fram að færa.

Ef fyrirliggjandi upplýsingar eru málsaðila í hag eða hafa litla þýðingu fyrir úrslit málsins má þó sleppa því að gera honum aðvart um fyrirliggjandi gögn.

Stjórnvald getur sett aðila ákveðinn frest til að láta umsögn sína í té og verður að haga þeim fresti eftir aðstæðum, en almennt ber að hafa hann eins skamman og unnt er sökum kröfunnar um skilvirkni stjórnsýslunnar og skjótrar afgreiðslu mála.

Ef aðila er kunnugt um þau gögn, sem eru í fórum stjórnvalds, er ekki nauðsynlegt að gefa honum frest til að tjá sig um gögnin. Þetta á t.d. við ef aðili sjálfur hefur komið gögnunum til stjórnvalds ásamt nauðsynlegum skýringum. Sama á við ef upplýsingarnar eru ekki taldar málsaðila í óhag. En sé vafi um annað hvort þessara atriða yrði stjórnvald að gefa aðila kost á að tjá sig um málið. Þótt mál kunni að snerta hagsmuni fleiri aðila en þess sem kemur við sögu í því er ekki skylda að gefa þeim öllum kost á að tjá sig um það.

Í 2. mgr. eru taldar nokkrar undantekningar frá andmælarétti málsaðila.

Í fyrsta lagi hafi frestun vegna andmælaréttar þær afleiðingar að farið sé fram úr lögmæltum fresti til afgreiðslu málsins.

Í öðru lagi er heimilt að synja um frestun vegna andmælaréttar þegar hagsmunir aðila af því að fá málinu frestað þykja eiga að víkja fyrir ríkum almanna- eða einkahagsmunum sem mæla gegn slíkri frestun. Ákvæðið er byggt á þeirri forsendu að stjórnvald meti og vegi í hverju tilviki hagsmuni málsaðila annars vegar og hagsmuni hins opinbera, einstaklinga eða lögaðila hins vegar.

Í þriðja lagi er heimilt að synja um frestun vegna andmælaréttar þegar sérstök lögmælt ákvæði tryggja aðila rétt til að kynna sér á hverju hin fyrirhugaða ákvörðun er byggð og til að tjá sig um um málið áður en ákvörðun er tekin. Hér má t.d. nefna reglur byggingar- og skipulagslaga sem gefa tilteknum aðilum, sem ákvörðun snertir, rétt til þess að bera fram athugasemdir áður en ákvörðunin er tekin.

Í fjórða lagi er heimilt að synja um frestun vegna andmælaréttar þegar aðili hefur ekki rétt til aðgangs að gögnum máls samkvæmt ákvæðum IV. kafla laganna.

Í 3. mgr. er ráðherra heimilað með reglugerðum að fella niður andmælarétt í ákveðnum málaflokkum. Reyna kann á þetta ákvæði ef í ljós kemur að frestun vegna andmælaréttar í tilteknum málaflokkum torveldar um of skilvirkni stjórnsýslunnar. Ákvæðið er sniðið eftir sambærilegu ákvæði í 19. gr. dönsku stjórnsýslulaganna.

Um 17. gr.

Í þessari grein er fjallað um undanþágu frá veitingu andmælaréttar í þeim tilvikum þar sem stjórnvaldi er unnt að beiðni málsaðila að breyta ákvörðun, enda mæli eðli máls og

tillit til málsaðila sjálfs gegn því. Undanþágan nær því einkum til ýmiss konar leyfa þar sem umsækjandi fær synjun.

Samkvæmt 2. mgr. skal í því tilviki láta fylgja ákvörðuninni þær upplýsingar sem ella hefði átt að kynna málsaðila samkvæmt ákvæðum 16. gr. og málsaðila skal jafnframt tilkynntur réttur hans til að fá málið tekið upp að nýju. Stjórnvald getur sett aðila frest til að setja fram beiðni um endurupptöku.

Í 3. mgr. er ákvæði um rof frests til að skjóta ákvörðun til æðra stjórnvalds ef málsaðili notfærir sér rétt sinn til endurupptöku. Hefst kærufrestur þá að nýju frá þeim tíma er ný ákvörðun er tilkynnt málsaðila, en skal þó vera a.m.k. tvær vikur.

Það er forsenda fyrir því að ákvæðum þessarar greinar sé beitt að hægt sé að breyta stjórnvaldsákvörðun málsaðila í hag og leiði endurupptaka málsins til breyttar ákvörðunar gildir hún frá þeim tíma sem fyrri ákvörðun átti að gilda frá. Þó verður að gera þann fyrirvara að ný ákvörðun skerði ekki rétt annars eða annarra.

Um 18. gr.

Þessi grein veitir málsaðila rétt til þess að krefjast frestunar á afgreiðslu máls uns hann hefur gert grein fyrir afstöðu sinni. Þetta gildir þó ekki ef frestun leiðir til þess að farið sé fram úr lögmæltum fresti til afgreiðslu málsins, ríkir almanna- eða einkahagsmunir mæla gegn frestun eða sérstök lögmælt ákvæði tryggja rétt aðila til þess að gefa umsögn um málið áður en það er afgreitt á sama hátt og um getur í 15. gr.

Um VI. kafla.

Um 19. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um að skriflegri ákvörðun stjórnvalds skuli fylgja rökstuðningur, nema hún sé að öllu leyti ívilnandi fyrir málsaðila. Það er aðeins ákvörðunin sjálf sem rökstyðja þarf, en ekki önnur atriði sem málinu tengjast.

Um 20. gr.

Í þessari grein er fjallað um ákvarðanir stjórnvalds eða stjórnsýsluhafa sem tilkynntar eru munnlega. Í því tilviki getur málsaðili krafist þess að fá skriflegan rökstuðning fyrir ákvörðun, nema ákvörðunin sé ívilnandi að öllu leyti fyrir málsaðila. Skal bera fram beiðni um það innan viku frá því að málsaðili tók á móti tilkynningunni frá stjórnvaldi.

Svara skal beiðni um skriflegan rökstuðning skv. 1. mgr. jafnskjótt og unnt er og hafi beiðni ekki verið svarað innan tveggja vikna frá því að hún barst stjórnvaldi skal það tilkynna málsaðila ástæðurnar fyrir töfinni og hvenær vænta megi svars við beiðninni.

Reglurnar um eftirfarandi rökstuðning með munnlegri ákvörðun hafa ekki í för með sér frest á réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Ákvörðun tekur gildi eftir efni sínu jafnskjótt og hún er tilkynnt munnlega, en málsaðili kann að vilja sjá forsendur hennar í skriflegum rökstuðningi og e.t.v. kæra ákvörðunina til æðra stjórnvalds.

Um 21. gr.

Grein þessi fjallar um rökstuðning fyrir stjórnsýsluákvörðun, en form hans hlýtur að fara eftir málsatvikum þótt gætt sé þeirra meginreglna sem um getur í greininni. Þar er mælt svo fyrir að ákvörðun skuli vísa til þeirra réttarreglna, sem hún er byggð á, og til þeirra meginsjónarmiða sem fylgt var við stjórnsýslulegt mat hafi ákvörðunin byggst á því. Hér er ekki átt við að eingöngu sé vísað til nafns og númers á lögum eða reglugerð,

heldur til þeirra greina viðkomandi réttarheimilda sem ákvörðunin styðst við. Í einstökum tilvikum er hægt að vísa til verklagsreglna stjórnvalda, enda hafi þær verið staðfestar af fyrirmælum æðri stjórnvalda eða af langri stjórnsýsluvenju.

Þá skal, eftir því sem ástæða er til, rekja í stuttu máli þær upplýsingar um raunverulega málsatvik sem þyngst hafa verið á metunum við ákvörðun. Sérstaklega á þetta við ef staðreyndir málsins eru umdeildar.

Í 3. mgr. er heimild til þess að takmarka rökstuðning að svo miklu leyti sem vísa þarf til gagna, sem málsaðila er ekki heimill aðgangur að, sbr. 12. og 13. gr.

Í 4. mgr. er fjallað um ákvarðanir fjölskipaðra stjórnvalda. Þar er oft tekist á um fleiri en eina tillögu að ákvörðun og endanleg ákvörðun er jafnvel málamiðlun milli tillagna. Hið fjölskipaða stjórnvald fjallar því í mörgum tilvikum ekki sérstaklega um rökstuðning fyrir ákvörðun sinni. Því er sú skylda lögð á formann stjórnvaldsins að semja rökstuðning fyrir endanlegri ákvörðun og taka þar mið af þeim sjónarmiðum sem lágu henni til grundvallar og sem væntanlega hafa komið fram í umræðum innan stjórnvaldsins.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla er annars vegar fjallað um leiðbeiningar um kæruheimildir til æðra stjórnvalds eða málshöfðunarheimildir fyrir dómstólum, ef á þeim er sérstakur tímafrestur, og hins vegar er fjallað um form og efni stjórnsýsluúrskurðar æðra stjórnvalds.

Um 22. gr.

Þegar kæra má stjórnsýsluákvörðun til æðra stjórnvalds skal það tekið fram um leið og hún er tilkynnt skriflega til málsaðila. Þetta gildir þó ekki ef ákvörðunin hefur að öllu leyti verið ívilnandi. Í leiðbeiningum um kæruheimild skal taka fram hvert beina skuli kæru og skýra skal frá kærufrestum eftir því sem efni er til.

Ráðherra getur skv. 2. mgr. með reglugerð sett ákvæði í því skyni að einfalda kæruleiðbeiningar eða jafnvel sleppa þeim og er þar höfð í huga einföldun skriffinnsku í málaflokkum þar sem stjórnsýsluákvarðanir eru margar og þurfa að ganga hratt fyrir sig eða í málaflokkum þar sem kæruleiðir eru á almannavitorði eða þær kynntar sérstaklega. Sem dæmi um þetta má nefna að við ákvörðun atvinnuleysisbóta sé nægilegt að í viðkomandi afgreiðslusal sé tilkynning á vegg þar sem skýrt er frá kæruheimildum þeirra sem taka við atvinnuleysisbótum.

Ákvarðanir stjórnvalda má yfirleitt bera undir dómstóla, en sé sérstakur tímafrestur þar að lútandi settur í því tilviki, sem við á, skal vekja athygli á því skv. 3. mgr.

Um 23. gr.

Í þessari grein er fjallað um form og efni úrskurða æðra stjórnvalds á gildi stjórnsýslukæru þar sem hún er heimil lögum samkvæmt. Höfð er hliðsjón af reglum réttarfarslaga, en gert er ráð fyrir að þessir úrskurðir verði mun einfaldari að allri gerð en dómar sem kveðnir eru upp af hinum almennu dómstólum. Þannig er ekki ætlast til að málavextir séu raktir í úrskurðum né vikið sérstaklega að málsástæðum eða lagarökum aðila.

Um VIII. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins er fjallað um þagnarskyldu opinberra starfsmanna o.fl. Brot á slíkri þagnarskyldu varða refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12.

febrúar 1940. Þá er einnig fjallað um óheimila öflun trúnaðarupplýsinga.

Um 24. gr.

Greinin fjallar um þagnarskyldu starfsmanna í opinberri þjónustu um upplýsingar sem flokkaðar eru sem trúnaðarmál af yfirmönnum stjórnvalds eða eru það eðli máls samkvæmt, sbr. ákvæði 13. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. er það ekki brot á þagnarskyldu að veita málsaðilum aðgang að gögnum í samræmi við ákvæði IV. kafla, en þagnarskylda samkvæmt grein þessari nær til allra þeirra sem teljast starfsmenn hins opinbera.

Hér er við þann vanda að etja að hugtakið „opinberir starfsmenn" hefur ekki sömu merkingu í þeim samböndum sem það kemur fyrir í. Hugtakið tekur ýmist til allra þeirra er ráðnir eru í þágu ríkis eða sveitarfélaga eða það er afmarkað við félagsmenn ákveðinna stéttarfélaga. Norsku stjórnsýslulögin nota hugtakið „offentlig tjenestemann" og er hugtakið mjög víðtækt og skilgreint í löggjöf um starfsmenn hins opinbera í Noregi. Til þess að taka af öll tvímæli er hér notað orðalagið „starfsmenn í opinberri þjónustu og kjörnir eða skipaðir fulltrúar í fjölskipuðu stjórnvaldi" og tekur það til allra sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum, til opinberra sýslunarmanna varðandi störf sem þeir vinna í opinberri þágu og til kjörinna eða skipaðra fulltrúa í hvers konar fjölskipuðum stjórnvöldum.

Í 2. mgr. þessarar greinar er heimilað að leggja þagnarskyldu á einstaklinga, sem ekki starfa í þjónustu hins opinbera, að því er varðar upplýsingar sem leynt eiga að fara og það hefur miðlað til hlutaðeigandi aðila án þess að vera skuldbundið til þess. Ekki er ávallt hægt eðli máls samkvæmt að komast hjá því að miðla upplýsingum sem leynt eiga að fara til utanaðkomandi aðila, t.d. sjálfstætt starfandi sérfræðinga, sem ráðnir eru til að vinna að sérstakri athugun fyrir stjórnvöld, og er nauðsynlegt í því sambandi að hægt sé að leggja þagnarskyldu á þá aðila.

Um 25. gr.

Ákvæði þessarar greinar er sett til þess að koma í veg fyrir óheimila öflun trúnaðarupplýsinga.

Um IX. kafla.

Ljóst er að setning almennra stjórnsýslulaga mun í framtíðinni breyta fyrirkomulagi á kærumeðferð stjórnsýsluákvarðana, um aðgang að gögnum máls o.fl. sem nú er kveðið á um í ýmsum sérlögum. Ekki er lagt til að ákvæðum slíkra sérlaga verði breytt að svo stöddu þótt þau hljóti að koma til athugunar við síðari endurskoðun viðkomandi laga í ljósi hinna almennu reglna stjórnsýslulaganna. Mörg ákvæði í lögum ganga t.d. miklu skemur heldur en 3. gr. frumvarpsins um sérstakt hæfi. Sem dæmi þessa má nefna 1. mgr. 4. gr. landskiptalaga, nr. 46/1941, 5. gr. laga nr. 14/1942, um læknaráð, 16. gr. laga nr. 17/1965, um landgræðslu, 39. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, 6. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál o.fl. Þá er til töluverður fjöldi af lagaákvæðum þar sem vísað er til 36. gr. einkamálalaga, nr. 85/1936, varðandi hæfisskilyrði stjórnsýsluhafa. Má sem dæmi nefna 1. mgr. 14. gr. laga nr. 53/1966 varðandi nefndarmenn barnaverndarnefnda, 4. mgr. 2. gr. laga nr. 59/1969 varðandi tollgæslustjóra, 2. mgr. 14. gr. laga nr. 74/1972 varðandi lögreglustjórann í Reykjavík, 2. mgr. 2. gr. laga nr. 11/1973 varðandi matsnefnd eignarnámsbóta, 22. gr. laga nr. 74/1974 varðandi ríkissaksóknara, 1. mgr. 8. gr. laga nr.

108/1976 varðandi rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, 137. gr. laga nr. 6/1978 varðandi bústjóra til bráðabirgða, skiptastjóra, aðstoðarmann skiptaráðanda, aðila í kröfuhafanefnd, endurskoðenda og umsjónarmann eða matsmann við gjaldþrotameðferð, 3. mgr. 89. gr. og 103. gr. laga nr. 75/1981 varðandi stjórnsýsluhafa sem fara með skattamál, 3. mgr. 1. gr. laga 86/1989 varðandi lögbókanda og 2. mgr. 4. gr. laga 90/1989 varðandi sýslumann við aðfarargerðir. Varðandi þessi ákvæði vaknar það skýringarhlutverk hvort fara beri eftir hæfisskilyrðum stjórnsýslulaga sem mjög sennilega verða ekki eins ströng í framkvæmd og sérstakar hæfisreglur 36. gr. einkamálalaga, nr. 85/1936.

Um 26. gr.

Með gagnályktun frá orðalagi 26. gr. má ljóst vera að hæfisreglur stjórnsýslulaganna komi í staðinn fyrir reglur sem minni kröfur gera.

Um 27. gr.

Hér er um að ræða ákvæði er varða aðgang að gögnum máls og er heimild til aðgangs málsaðila miðuð við skjöl sem stjórnvöld hafa samið eða komist hafa í vörslu þeirra tíu árum fyrir ætlaða gildistöku laganna. Það á þó ekki við gögn í sakamálum sem lokið er fyrir gildistöku laganna.

Nauðsynlegt er setja aðlögunartíma við gildistöku laganna, eins og hér er lagt til, í því skyni að gildistaka laganna skapi ekki óhæfilegt álag á stjórnvöld vegna þegar afgreiddra mála.

Um 28. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 29. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. janúar 1992. Talsverðan tíma þarf að ætla til kynningar á efni stjórnsýslulaganna fyrir starfsliði við stjórnsýslu hins opinbera sem bæði þarf að fara fram í útgáfu leiðbeiningarbæklinga fyrir starfslið og með fræðslufundum. Einnig þarf að kynna efni laganna ítarlega fyrir almenningi.

Ed. 257. Frumvarp til laga [204. mál]

um upplýsingaskyldu stjórnvalda.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Lög þessi taka til stjórnsýslu ríkis, sveitarfélaga og stofnana þeirra. Í reglugerð, sem forsætisráðherra setur, er heimilt að ákveða að lögin skuli taka til nánar tilgreindra félaga, stofnana og fyrirtækja sem kostuð eru af eða eru í eigu opinberra aðila eða er að lögum fengið vald til þess að taka ákvarðanir fyrir hönd ríkis og sveitarfélaga.

Lögin taka ekki til starfsemi Alþingis og stofnana þess eða til dómstóla.

2. gr.

Stjórnvöldum eða stjórnsýsluhafa er skylt að veita almenningi aðgang að gögnum með þeim takmörkunum sem um getur í lögum þessum eða öðrum lögum.

Almenn ákvæði um þagnarskyldu starfsmanna í opinberri þjónustu takmarka ekki skyldu til að láta í té upplýsingar samkvæmt lögum þessum.

Beiðni um aðgang að gögnum hjá stjórnvöldum skal vera skrifleg og skal í henni tilgreina skýrt þau gögn sem hlutaðeigandi óskar eftir að kynna sér.

3. gr.

Óheimilt er að veita almenningi aðgang að gögnum sem varða einkahagi manna nema sá samþykki sem í hlut á. Sama á við um gögn sem gerð eru til undirbúnings funda ríkisstjórnar og ríkisráðs eða hafa að geyma frásagnir af þeim fundum.

4. gr.

Heimilt er að takmarka aðgang almennings að gögnum þegar mikilvægir almannahagsmunir krefjast, enda hafi gögnin að geyma upplýsingar um:

1. Öryggi ríkisins og varnarmál.
2. Samskipti við erlend ríki og fjölþjóðastofnanir.
3. Ráðstafanir stjórnvalda til eftirlits með framkvæmd löggjafar og opinberum rekstri og ráðstöfunum er ekki lokið.
4. Mál sem til rannsóknar er þar sem ætla má að lögbrot hafi verið framið.
5. Fyrirhugaðar hagræðingarráðstafanir eða breytingar á rekstri þeirra stofnana sem falla undir ákvæði 1. gr.
6. Fyrirhugaðar ráðstafanir í fjármálum ríkis og sveitarfélaga, þar á meðal í gjaldeyrismálum, peningamálum, skattamálum, tollamálum og til annarrar tekjuöflunar, svo og í kjaramálum starfsmanna þeirra stofnana sem ákvæði 1. gr. ná til. Einnig gögn er geyma upplýsingar um undirbúning löggjafar þegar frumvarp er enn ekki komið fram.
7. Mikilvæga viðskiptahagsmuni einstaklinga og fyrirtækja, svo og viðskiptamál fyrirtækja ríkis og sveitarfélaga til verndar rekstrar- og samkeppnisaðstöðu þeirra.
8. Hvers konar prófraunir sem fyrirhugaðar eru á vegum ríkis og sveitarfélaga.

5. gr.

Ef ákvæði 3.–4. gr. taka einungis til hluta skjals er mönnum heimilt að óska eftir útdrætti af öðrum hlutum skjalsins.

Ráðherra skal með reglugerð setja ákvæði um meðferð þeirra gagna, sem aðgangur er bannaður eða takmarkaður að, og um það hve lengi skuli banna aðgang að gögnum. Skal í því efni hafa samráð við menntamálaráðherra og Þjóðskjalasafn Íslands.

Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. gr. er óheimilt að takmarka aðgang að öðrum gögnum en þeim, er varða einkahagi manna, í lengri tíma en 20 ár. Þó er heimilt að takmarka aðgang að gögnum, er varða öryggi ríkisins og varnarmál, í allt að 40 ár.

6. gr.

Réttur almennings til að kynna sér gögn hjá stjórnvaldi eða stjórnsýsluhafa nær til:

1. Allra gagna, sem snerta mál sem komið hefur til afgreiðslu stjórnvalds, þar með talinna endurrita bréfa sem stjórnvaldið hefur sent, enda megi ætla að bréfin hafi borist viðtakanda.
2. Skráninga í skjalaskrár og lista um málsgögn.
3. Vinnuskjala og bréfa milli aðila innan sama stjórnvalds ef þau ein geyma endanlega ákvörðun stjórnvalds eða stjórnsýsluhafa um afgreiðslu máls eða þau geyma upplýsingar sem ekki er unnt að afla annars staðar frá.

Upplýsingar um þá, sem sótt hafa um ráðningu eða stöðuhækkun í opinberri þjónustu, skulu bundnar við nöfn umsækjenda.

Nú eru veittar munnlegar upplýsingar, sem mikilvægar má telja fyrir úrslit máls, og ber þá stjórnvaldi eða stjórnsýsluhafa að skrá efni þeirra og leggja það, sem skráð hefur verið, með öðrum gögnum málsins.

7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. er þó heimilt að undanþiggja aðgangi vinnugögn starfsmanna, sem rituð hafa verið hjá stjórnvaldi eða stjórnsýsluhafa til eigin afnota í sambandi við meðferð máls, og bréfaskipti um málið milli ýmissa deilda eða stofnana innan sama stjórnvalds, sbr. þó 3. tölul. 1. mgr. 6. gr.

Einnig má undanþiggja aðgangi bréfaskipti stjórnvalda eða stjórnsýsluhafa við sérfróða menn til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort mál skuli höfða. Einnig bréfaskipti milli sveitarstjórnar og starfsmanna á hennar vegum.

8. gr.

Nú er sett fram beiðni um aðgang að gögnum um mál sem stjórnvald eða stjórnsýsluhafi hefur tekið ákvörðun um eða hefur til ákvörðunar og skal þá það stjórnvald eða stjórnsýsluhafi ákveða hvort orðið skuli við beiðni.

Ákvarðanir um hvort veita eigi aðgang að gögnum má kæra sérstaklega til æðra setts stjórnvalds ef það er fyrir hendi. Komi fram slík kæra skal hið æðra stjórnvald eða stjórnsýsluhafi taka afstöðu til ákvörðunar og málsmeðferðar að öðru leyti.

Heimilt er ráðherra að setja með reglugerð ákvæði sem víkja frá 1. og 2. mgr.

9. gr.

Það stjórnvald eða stjórnsýsluhafi, sem fær beiðni um aðgang að gögnum, skal eins fljótt og unnt er taka ákvörðun um hvort taka eigi beiðni til greina og hvort veita skuli

beiðanda aðgang að gögnunum, annaðhvort með athugun gagna á staðnum eða með afhendingu endurrita eða ljósrita af þeim. Sé ekki orðið við beiðni eða henni hafnað innan viku frá móttöku skal tilkynna aðila um ástæðu fyrir því og hvenær vænta megi að niðurstöður í málinu liggi fyrir.

Ráðherra eða sveitarstjórn getur ákveðið gjald fyrir afrit og ljósrit gagna samkvæmt lögum þessum.

10. gr.

Lög þessi gilda ekki um gögn sem stjórnvöld eða stjórnsýsluhafi hafa samið eða veitt móttöku fyrir gildistöku laganna. Aðgang má þó veita að upplýsingum um raunveruleg málsatvik, sem er að finna í slíkum gögnum, hafi gögnin verið lögð með máli sem er eða verið hefur til meðferðar eftir að lögin tóku gildi og upplýsingarnar hafa eða höfðu að geyma verulega þýðingu við ákvörðun í málinu.

Ákvæði annarra laga um aðgang að gögnum hjá stjórnsýslunni skulu halda gildi sínu þó sá réttur sé þrengri en samkvæmt lögum þessum.

11. gr.

Forsætisráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp um sama efni var lagt fram til kynningar á síðasta þingi. Leitað var eftir athugasemdum og umsögnum allmargra hagsmuna- og áhugaaðila um efni frumvarpsins sl. sumar. Hafa ýmsar þarfar ábendingar borist, m.a. frá umboðsmanni Alþingis, Blaðamannafélagi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Er frumvarpið nú endurflutt nokkuð breytt og að teknu tilliti til framkominna athugasemda og ábendinga. Samhliða frumvarpi þessu verður lagt fram sjálfstætt frumvarp til stjórnsýslulaga.

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar segir m.a.: „Settar verða skýrar reglur um upplýsingaskyldu stjórnvalda.“ Hinn 23. maí 1989 skipaði Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra því nefnd til þess að vinna að setningu reglna um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Í nefndinni áttu sæti Jón Sveinsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, formaður, Arnmundur Backman hæstaréttarlögmaður, Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri og Guðmundur Ágústsson alþingismaður. Ritari nefndarinnar var Kristján Andri Stefánsson laganemi.

Nefndin kynnti sér þingsályktanir og frumvörp um upplýsingaskyldu stjórnvalda og aðgang að upplýsingum hjá almannastofnunum sem fram hafa komið á Alþingi. Einnig kynnti nefndin sér lög um aðgang almennings að gögnum hjá stjórnsýslunni á öðrum Norðurlöndum. Einkum kynnti hún sér vel dönsku lögin um aðgang almennings að gögnum hjá stjórnsýslunni sem eru nýjustu lögin á þessu sviði á Norðurlöndum og samin voru með hliðsjón af reynslu annarra þjóða af framkvæmd upplýsinga- og stjórnsýslulaga. Loks kynnti nefndin sér bandarískar reglur um aðgang almennings að upplýsingum hjá stjórnvöldum.

Varð nefndin sammála um að byggja frumvarp sitt í meginatriðum á frumvarpi til laga um aðgang að upplýsingum hjá almannastofnunum sem lagt var fram á 99. löggjafarþingi 1977–1978. Jafnframt ákvað nefndin að gera nokkrar breytingar með hliðsjón af norrænni löggjöf og frumvarpi til stjórnsýslulaga sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu.

Fyrri tillögur um setningu laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda.

Tillaga til þingsályktunar um upplýsingaskyldu stjórnvalda var fyrst lögð fram á Alþingi 1969–1970 af Þórarni Þórarinssyni o.fl. Hún var þess efnis að lagt skyldi fyrir þingið frumvarp um skyldu stjórnvalda og ríkisstofnana til að skýra opinberlega frá störfum sínum og ákvörðunum og veita þeim sem þess óska aðgang að reikningum og skjölum sem almenning varða. Sú tillaga var ekki útrædd. Á sama veg fór með þingsályktunartillögu sama efnis sem lögð var fram á þinginu 1970–1971. Þingsályktunartillaga Þórarins Þórarinssonar og Ingvars Gíslasonar um upplýsingaskyldu stjórnvalda var síðan samþykkt 19. maí 1972.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni segir m.a. svo:

„Eigi almenningur að geta dæmt um gerðir stjórnvalda og ríkisstofnana þarf hann að eiga þess kost að geta fengið sem áreiðanlegastar upplýsingar um starfsemi þeirra og ákvarðanir. Mjög skortir nú á að svo sé. Allt of mikil leynd hvílir yfir starfsemi þessara aðila. Reikningum þeirra og skjölum er oftast haldið lokuðum þannig að almenningur fær ekki aðgang að þeim. Þessi leynd dregur mjög úr því aðhaldi sem þegnarnir gætu annars veitt og gerir erfitt fyrir þá að dæma um athafnir stjórnvalda og ríkisstofnana."

Frumvarp til laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda var síðan lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi í febrúar 1973. Hafði Jón P. Emils hæstaréttarlögmaður samið frumvarpið að beiðni dóms- og kirkjumálaráðuneytis, með hliðsjón af löggjöf annarra Norðurlanda á því sviði, en ráðuneytið gerði í samráði við hann nokkrar breytingar á frumvarpinu og jók við greinargerð. Frumvarpið varð ekki útrætt og var það síðan lagt fyrir Alþingi að nýju á 94. löggjafarþingi haustið 1973. Frumvarpið varð þá ekki heldur útrætt.

Með bréfi dags. 16. september 1976 fól Ólafur Jóhannesson dómsmálaráðherra Baldri Möller ráðuneytisstjóra, Einari Karli Haraldssyni fréttastjóra, þáverandi formanni Blaðamannafélags Íslands, og Sigurði Líndal prófessor að endurskoða fyrra frumvarp til laga um uppýsingaskyldu stjórnvalda eða semja nýtt frumvarp um þetta efni. Valdi nefndin þann kost að semja algjörlega nýtt frumvarp sem hún nefndi „Um aðgang að upplýsingum hjá almannastofnunum". Það var lagt fram á 99. löggjafarþingi 1977–1978 en varð ekki útrætt.

Aðgangur almennings að gögnum.

Í fyrri frumvörpum var gert ráð fyrir að lögin nefndust annaðhvort „lög um upplýsingaskyldu stjórnvalda" eða „lög um aðgang að upplýsingum hjá almannastofnunum". Með þessu frumvarpi er lagt til að lögin heiti „lög um upplýsingaskyldu stjórnvalda". Er það heiti að mati nefndarinnar heppilegra, enda stjórnvöldum skylt skv. 2. gr. frumvarpsins að veita aðgang að gögnum. Skylda er hins vegar ekki lögð á stjórnsýsluhafa að hafa frumkvæði að því að veita almenningi upplýsingar. Meginhugsun þess frumvarps, sem hér liggur fyrir, er sú að öllum eigi að vera heimilt að kynna sér skjöl í málum sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá stjórnsýsluaðilum ef þeir óska þess. Undantekningar ber eingöngu að gera ef sérstakir hagsmunir einstaklinga eða þjóðfélags krefjist þess. Hins veg-

ar megi ekki láta nein þau sjónarmið hafa áhrif sem lúta að því að losa embættismenn og aðra starfsmenn stjórnsýslunnar við óþægindi eða fyrirhöfn við að veita vitneskju um mál. Verða þær undantekningar, sem gert er ráð fyrir í lagafrumvarpi þessu, sérstaklega rökstuddar hver fyrir sig þegar kemur að athugasemdum við einstakar greinar.

Í stjórnsýslulagafrumvarpi, sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi, er að finna ákvæði um rétt málsaðila til aðgangs að upplýsingum hjá stjórnvöldum, en talið var rétt að aðskilja upplýsingaréttinn á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, annars vegar með framlagningu þessa frumvarps og hins vegar með framlagningu sjálfstæðs frumvarps til stjórnsýslulaga. Ástæða þessa er sú að réttur málsaðila er að mörgu leyti ríkari en almennings og eins er hitt að ólíkar forsendur liggja að baki aðgangsheimild þessara tveggja hópa. Er farin að þessu leyti sama leið og Danir hafa valið. Í stjórnsýslulagafrumvarpinu eru skilgreiningar á ýmsum hugtökum sem fram koma í frumvarpi þessu og vísast til þess hvað þær snertir.

Upplýsingamiðlun framkvæmdarvaldshafa annars vegar og upplýsingamiðlun dómstóla og löggjafarvalds hins vegar er um margt ólík. Sú meginregla hefur um langan aldur gilt í íslensku réttarfari að dómþing skulu háð í heyranda hljóði, sbr. nú 33. gr. laga 85/1936, um einkamálaréttarfar, og 16. gr. laga nr. 74/1974, um réttarfar í sakamálum. Í 57. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, er og kveðið svo á að fundir Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Svipuð meginregla verður hins vegar ekki talin eiga við á sviði stjórnsýslu eðli málsins samkvæmt. Sérstakt lagaboð verður að koma til ef opna á fundi fjölskipaðs stjórnvalds, sbr. t.d. sveitarstjórnarlög, nr. 8/1986. Málflutningur fyrir dómstólum er yfirleitt í heyranda hljóði og dómar Landsyfirréttar og síðar Hæstéttar hafa verið gefnir út óslitið síðan 1873. Útgáfa Alþingistíðinda hóf göngu sína 1845.

Til að auðvelda almenningi að fylgjast með störfum stjórnsýslunnar hafa þó verið sett ýmis lög og reglur jafnframt því að venjur hafa myndast á sumum sviðum um upplýsingamiðlun hins opinbera. *Stjórnartíðindi* hófu göngu sína 1874 og *Lögbirtingablað* nokkru síðar. Þar að auki eru gefnar út ársskýrslur, fréttabréf og fréttatilkynningar, blaðamannafundir eru haldnir og einstök lög gefa almenningi kost á að kynna sér fyrirhugaðar stjórnarathafnir, sbr. 17. gr. skipulagslaga, nr. 19/1964.

Framangreind upplýsingamiðlun veitir almenningi kost á að fylgjast með sumu af því sem stjórnsýslan fæst við. Hins vegar er ekki þar með tryggður réttur borgaranna til þess að fá að kynna sér tiltekin gögn er þeir óska eftir hjá stjórnsýslunni. Einungis er um að ræða einhliða ákvörðun stjórnsýsluhafa um birtingu tiltekinna ákvarðana samkvæmt eigin starfsreglum eða að öðrum kosti samkvæmt lagaboði.

Enn fremur ber að líta á að í gildi eru ýmis lagaákvæði um leyndarskyldu og þagnarskyldu, bæði almenns eðlis og sérgreind tilvik, og má þar fyrst og fremst vísa til 32. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, og 136. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940, um brot á þagnarskyldu sem eru þó svo almennt orðaðar að ekki er hægt að draga af þeim ályktun um almennar leyndarreglur.

Þannig hefur skortur á reglum jafnt bagað borgarana sem og stjórnsýsluhafa sem hafa ekki getað stuðst við leiðbeiningarreglur um hvað megi birta og hvað sé ekki réttlætanlegt að veittar verði upplýsingar um.

Embætti umboðsmanns Alþingis var stofnað með lögum nr. 13/1987, en skv. 7. gr. laganna ber honum skýlaus réttur til liðveislu um upplýsingaöflun hjá stjórnsýslunni. Á þessu hefur orðið nokkur brestur, sbr. 5 tölul. I. kafla í ársskýrslu umboðsmanns fyrir árið 1989. Varð það honum tilefni til að rita forsætisráðherra bréf 29. desember 1989 þar sem

hann hvetur til lagasetningar um meðferð upplýsingabeiðna. Er með frumvarpi þessu reynt að mæta þeim óskum, svo og með frumvarpi til stjórnsýslulaga.

Af þessu má ljóst vera að framkvæmd upplýsingaskyldu hefur verið talsvert á reiki í stjórnkerfinu, enda valdhöfum ekki sett úrlausnarmörk í lagareglum. Umboðsmaður Alþingis tók að eigin frumkvæði til athugunar á síðastliðnu ári hvort ráðuneyti fylgdu almennt einhverjum reglum um svör við erindum sem þeim bærust. Af niðurstöðum athugunar hans má ljóst vera að skortur á reglum af þessu tagi hefur tafið fyrir afgreiðslu upplýsingabeiðna í meðförum ráðuneyta, ríkisstofnana og hjá sveitarfélögum. Frumvarpi þessu er ætlað að auka skilvirkni í stjórnsýslunni, flýta afgreiðslutíma erinda og auðvelda samskipti sem borgararnir þurfa að hafa við stjórnvöld.

Erlend lög um aðgang að gögnum í stjórnsýslunni.

Nefndin hefur í starfi sínu kynnt sér þær reglur sem í gildi eru á Norðurlöndum og aflað ítarlegra upplýsinga þaðan.

Í Svíþjóð er meginreglan að öll opinber gögn séu aðgengileg og öllum opin og var hún fest í lög 1982. Þau lög taka þó ekki fram sérstökum lögum um trúnaðarskyldu, Sekretesslagen 1980, en í þeim er skilgreint hvað flokkast undir trúnaðargögn og skylt er að halda leyndum.

Í Finnlandi gilda svipaðar reglur og í Svíþjóð.

Í Noregi gildir einnig sama meginreglan, lögfest 1970. Var þeim lögum ætlað að auka aðgang almennings að opinberum gögnum og fækka undantekningum frá meginreglunni.

Í Danmörku tóku ný lög um upplýsingaskyldu gildi í upphafi árs 1987 og leystu þau af hólmi eldri lög frá 1970.

Í öllum þessum löndum hefur stefnan verið sú að auka rétt þegnanna til aðgangs að opinberum gögnum og stjórnvöldum í sumum tilvikum gert að skyldu að koma upplýsingum á framfæri við almenning eða tiltekna hópa fólks. Gífurlegt átak hefur verið gert í þessu sambandi með því að kynna opinberum starfsmönnum reglur á þessu sviði og auðvelda almenningi að þekkja inn á stjórnkerfið, en stjórn upplýsingagjafar og meðferð opinberra gagna er nánast á ráðuneytisstigi í Svíþjóð og Noregi.

Stjórnkerfið hér er þó fábreyttara og einfaldara í sniðinu en hjá milljónaþjóðum og ber að hafa það í huga við mótun reglna á þessu sviði. Reglur þær, sem í frumvarpi þessu eru lagðar til, eru því fyrst og fremst grundvallarreglur og langt frá því eins ítarlegar og í þeim löndum sem vitnað er til hér að framan. Á öllum meginatriðum er þó tekið. Verður reynslan síðar að skera úr um það hvort nauðsyn er á setningu enn ítarlegri löggjafar á þessu sviði hérlendis en nú er lagt til.

Helstu ákvæði frumvarpsins.

Með gögnum er í frumvarpinu átt við ritaðan texta í skjölum, uppdrætti og teikningar, myndir, þar með talin myndbönd eða hljóð- og segulbandsupptökur sem má lesa, hlusta eða horfa á. Undanþegin eru þó vinnugögn stjórnsýsluhafa, sem ekki hafa að geyma upplýsingar um endanlega ákvörðun, trúnaðargögn og skrár eða aðrar kerfisbundnar upplýsingar í tölvutæku formi, en um hið síðastnefnda gilda sérstök lög, nr. 121/1989.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að mönnum sé almennt veitt heimild til að kynna sér skjöl í málum sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá stjórnsýslunni. Í 3. gr. eru undantekningar frá meginreglunni og enn fremur í 4. gr. þar sem stjórnsýsluhöfum er heim-

ilað að undanþiggja tiltekin málefni aðgangi þegar mikilvægir almannahagsmunir krefja. Reynt er að telja upp sem ítarlegast allar þær undantekningar sem nauðsynlegt hefur verið talið að lögfesta. Með þessu móti er girt fyrir það að forstöðumenn almannastofnana og fyrirtækja reyni að skjóta sér undan því að veita tilteknar upplýsingar með því að bera fyrir sig eðli máls án nánari skilgreiningar.

Þá fjalla lögin einungis um heimild almennings til að kynna sér gögn, en þau nefna ekkert um það í hvaða skyni þessar upplýsingar skuli notaðar. Af þeim leiðir að sjálfsögðu að unnt er að birta þessi skjöl og það takmarkast einungis að því leyti er lög mæla fyrir um á annan veg.

Þá er ekki í þessum lögum á neinn veg fjallað um heimild manna til að vera viðstaddir fundi í stjórnvaldsráðum og nefndum. Um það fer eftir öðrum lögum, sbr. t.d. ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Helstu atriði frumvarpsins eru þessi:

1. Lögfest verði almenn regla um rétt almennings til aðgangs að gögnum hjá stjórnsýslu ríkis, sveitarfélaga og stofnana þeirra. Lögin taka hins vegar ekki til starfsemi Alþingis og stofnana þess eða til dómstóla (1. gr.).
2. Forsætisráðherra, sem lögin heyra undir, er heimilt að ákveða í reglugerð að lögin taki jafnframt til nánar tilgreindra félaga, stofnana og fyrirtækja sem kostuð eru af eða eru í eigu opinberra aðila eða er að lögum fengið vald til að taka ákvarðanir fyrir hönd ríkis og sveitarfélaga (1. gr.).
3. Skilgreint er til hvaða gagna aðgangur almennings nær (2., 3., 4., 6. og 7. gr.).
4. Afmarkað er í hvaða tilvikum er heimilt að takmarka upplýsingaréttinn (3., 4., 5. og 7. gr.).
5. Ætlast er til að ráðherra, forsætisráðherra, setji með reglugerð nánari ákvæði um meðferð gagna í stjórnsýslunni og geti ákveðið hversu lengi aðgangur að gögnum skuli bannaður (5. gr.).
6. Óheimilt er að takmarka aðgang að gögnum, öðrum en þeim er varða einkahagi manna, í lengri tíma en 20 ár. Þó er heimilt að takmarka aðgang að gögnum, er varða öryggi ríkisins og varnarmál, í allt að 40 ár (5. gr.).
7. Beiðni um aðgang að gögnum skal vera skrifleg (3. mgr. 2. gr.).
8. Tekið er fram hvernig staðið skuli að meðferð upplýsingabeiðna (8. og 9. gr.).
9. Upplýsingaskyldan nær ekki nema að takmörkuðu leyti til gagna sem til eru komin fyrir gildistöku laganna (10. gr.).
10. Lögin taka gildi 1. janúar 1992 (11. gr.).

Að öðru leyti vísast til athugasemda við einstakar greinar hér á eftir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um gildissvið laganna. Um merkingu orðsins *stjórnsýsla* og skilgreiningu annarra hugtaka vísast til frumvarps til stjórnsýslulaga. Þar þýðir orðið stjórnsýsla stjórnunar- og eftirlitsstörf við rekstur ríkis og sveitarfélaga. Stjórnvald merkir embætti, stofnun, ráð eða nefnd á vegum ríkis eða sveitarfélags sem hefur að lögum heimild til þess að kveða á um rétt eða skyldu manna. Stjórnsýsluhafi merkir einstakling sem í skjóli stjórnsýsluvalds hefur að lögum heimild til þess að kveða á um rétt og skyldur manna. Stjórnsýsluhafi getur verið fjölskipað stjórnvald.

Samkvæmt 2. mgr. falla utan gildissviðs laganna Alþingi og dómstólar um það er lít-

ur að löggjafar- og dómsstörfum, enda gilda um það sérstakar reglur. Með stofnunum Alþingis er átt við Ríkisendurskoðun og umboðsmann Alþingis. Rétt þykir hins vegar að heimila að lögin nái til þeirra fyrirtækja og stofnana sem að öllu leyti eru í eigu ríkis eða sveitarfélaga, svo sem fram kemur í 1. mgr., svo sem allra ríkisbanka og sjóða í almannaeigu, jafnt sem annarra atvinnu- og þjónustufyrirtækja ríkis og sveitarfélaga. Þó ber í þessu sambandi að vekja athygli á ákvæðum viðskiptabankalaga sem gilda m.a. um ríkisviðskiptabanka, þar sem segir að bankaráð, bankastjórar og allir starfsmenn bankans séu bundnir þagnarskyldu um það sem snerti hagi viðskiptamanna bankans er þeir fá vitneskju um í starfi sínu. Gert er ráð fyrir að þetta ákvæði og önnur samsvarandi haldist þannig að réttur manna til að kynna sér skjöl í málum, sem eru til meðferðar og hafa verið til meðferðar í ríkisviðskiptabönkum, sé einungis bundinn við þau er lúta að rekstri bankanna.

Um 2. gr.

Í þessari grein er mörkuð meginstefna frumvarpsins um að öllum sé heimilt að kynna sér gögn í málum sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá stjórnsýsluaðilum. Um skilgreiningu á hugtakinu „gögn“ vísast til þess er segir í almennum athugasemdum hér að framan. Ýmsar takmarkanir eru þó gerðar í frumvarpinu og öðrum lögum. Ákvæði greinarinnar takmarkast hins vegar hvorki af stjórnvaldsfyrirmælum, svo sem reglugerðarákvæðum, né heldur samþykktum eða siðareglum tiltekinna starfshópa.

Önnur málsgrein felur í sér að sérstök fyrirmæli í lögum um þagnarskyldu skuli haldast en þau takmarka hins vegar ekki skyldu til að láta í té upplýsingar samkvæmt þessum lögum.

Í beiðni skv. 3. mgr. á að taka fram hvert það mál er sem hlutaðeigandi óskar að fá upplýsingar um þannig að það sé fullljóst. Frekari kröfur um efni eða form beiðni eru ekki gerðar. Þannig þarf ekki að tiltaka ástæðu fyrir beiðni, en rétt er að vekja athygli á því að unnt er að baka sér ábyrgð með því að nota sér upplýsingar úr málsskjölum í ólögmætum tilgangi.

Um 3. gr.

Samkvæmt þessari grein er óheimilt að veita upplýsingar um einkamálefni einstaklinga. Í greininni er takmarkaður aðgangur að skjölum vegna einkahagsmuna. Ákvæðið skerðir ekki rétt aðila sjálfs til þess að kanna gögnin, svo sem fram kemur í svipuðu ákvæði frumvarps til stjórnsýslulaga. Er með þessari grein einkum stefnt að því að vernda friðhelgi einkalífs. Undir þessa grein falla m.a. skjöl er lúta að hjúskaparmálum, ættleiðingum, framfærslu, ætterni, heilsufari manna o.s.frv. Af skjölum sem einkum falla undir þennan lið má einnig nefna læknisvottorð, skrár og dagbækur sjúkrahúsa, sakavottorð, skattframtöl o.fl. Í þessu sambandi má og minna á fjölmörg sérákvæði um þagnarskyldu sem stefna að sama markmiði. Jafnframt eru undanþegin ýmis gögn er varða störf ríkisráðs og ríkisstjórnar.

Um 4. gr.

Í greininni eru taldir upp nokkrir málaflokkar þar sem heimilt er að takmarka aðgang almennings að gögnum vegna ríkra almannahagsmuna.

Greinin heimilar að undanþiggja aðgang að skjölum í tilteknum málaflokkum sem sérstaklega eru taldir upp. Metið skal í hverju einstöku tilfelli hvort mikilvægir hags-

munir séu bundnir við hvert einstakt gagn. Þrátt fyrir þetta verður þó að telja að greinin heimili að undanþiggja aðgang að öllum gögnum tiltekins máls, ef upplýsingar um eitthvert gagn eða einhver hluti þess hefði það óbeint í för með sér að nauðsynlegri leynd yrði svipt af öllu málinu.

Rétt er að vekja athygli á því að sum undantekningarákvæðin taka aðeins til ráðstafana, sem fyrirhugaðar eru, þ.e. þau eiga ekki við eftir að ráðstafanir hafa verið gerðar.

Í 1. tölul. er stjórnvaldi eða stjórnsýsluhöfum heimilt að undanþiggja ákvæðum 2. gr. frumvarpsins gögn er lúta að öryggi ríkisins og vörnum landsins. Þarfnast það ekki frekari skýringar.

Í 2. tölul. falla hvers konar gögn er lúta að samskiptum við erlend ríki, bæði utanríkisviðskiptamál og utanríkisstjórnmál. Hagsmunir íslenska ríkisins krefjast þess mjög oft að slíkum gögnum sé haldið leyndum einkum í samningum við önnur ríki, ella yrði verulegum hagsmunum stefnt í hættu. Auk þess verður að hafa í huga þær almennu reglur, sem gilda í samskiptum ríkja, er oft krefjast þess að gögnum sé haldið leyndum, nema fengið sé samþykki hins erlenda ríkis að rjúfa upplýsingaleynd. Enn fremur verður oft að líta á það hvaða reglur gilda í hinu erlenda ríki um aðgang að gögnum. Sama á við um fjölþjóðastofnanir, svo sem Norðurlandaráð, Sameinuðu þjóðirnar, Atlantshafsbandalagið, Fríverslunarsamtök Evrópu og Evrópubandalagið.

3. tölul. á við um hvers konar ráðstafanir til eftirlits ríkisins þar sem hugsanlegt væri að það missti marks ef skylt væri að veita óskorað aðgang að gögnum sem að því lúta. Hér má sem dæmi nefna hvers konar endurskoðun á opinberum rekstri, svo og skatteftirlit, einkum rannsóknir skattyfirvalda á framtölum manna. Þegar einstökum aðgerðum er lokið sýnist ekkert mæla gegn því að aðgangur sé heimilaður að umræddum gögnum ef önnur lagaákvæði banna ekki.

4. tölul. er nátengdur 3. tölul. og oft félli tiltekið mál undir báða þessa liði. Mál, sem til rannsóknar eru hjá lögreglu, njóta oft þagnarverndar skv. 16. gr. laga nr. 74/1974, en hún tekur einungis til mála sem til rannsóknar eru hjá lögreglu. Mjög mikilvægt kann að vera að ekki sé skýrt frá slíkum málum á rannsóknarstigi alveg óháð því hvort þau eru í höndum lögreglu eða annarra stjórnsýsluaðila. Þykir því rétt að hafa almennt undantekningarákvæði um þetta atriði í frumvarpinu. Rannsókn á lögbrotum getur farið fram í ráðuneytum og öðrum almannastofnunum og er oftast mikilvægt að vitneskja um slík mál berist ekki út á frumstigi rannsóknar, bæði í þágu þess sem rannsókn beinist að og eins vegna almannahagsmuna sem því eru bundnir að rannsókn beri árangur.

Þessi töluliður veitir einnig næga heimild til þess að halda nöfnum leyndum, bæði þeirra sem kynnu að kæra eða veitt gætu upplýsingar er að gagni mættu koma við rannsókn máls. Enn fremur á töluliður þessi við jafnvel þótt hugsanlegt brot kynni einungis að valda viðurlögum samkvæmt ákvörðun stjórnsýsluhafa og viðkomandi mál færi aldrei fyrir dómstóla.

Í 5. tölul. felst að talið er nauðsynlegt að stjórnsýsluhafar hafi heimild til að varna aðgangi að gögnum um fyrirhugaða hagræðingu og breytingu í rekstri stjórnsýslustofnana og fyrirtækja. Er alkunnugt að þar er einatt um viðkvæm málefni að ræða sem geta valdið ótímabærum deilum meðan þau eru á undirbúningsstigi. Undantekningarákvæðið í 2. tölul. 8. gr. frumvarpsins ætti ekki ávallt við þar sem við slíka starfsemi þyrfti oft að afla skýrslna og bréfa frá öðrum stofnunum. Slíkum gögnum kynni oft að vera nauðsynlegt að halda leyndum þangað til undirbúningi máls væri lokið, ella væri hætta á að ráðstafanir, sem fyrirhugaðar væru, mistækjust. Að sjálfsögðu mætu stjórnsýsluhafar það

hverju sinni hvenær tímabært teldist að greina frá umræddum áætlunum. Eins og fyrr var vikið að gætu slíkar áætlanir einatt snert stöðu manna og starfssvið og því varðað hagsmuni einstaklinga.

Í 6. tölul. er gert ráð fyrir að ekki séu birtar fyrirætlanir um ráðstafanir varðandi fjármál ríkis og sveitarfélaga. Þær þurfa oft undirbúning og ekki einhlítt að undantekningarákvæði 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins ætti við um öll gögn sem nota þyrfti. Hér féllu undir aðgerðir í gjaldeyrismálum, svo sem gengisbreyting, ýmsar ráðstafanir í skattamálum og tollamálum eða til annarrar tekjuöflunar ríkisins, eins og ákvarðanir um breytingu á verðlagi áfengis eða tóbaks o.s.frv. Ef ekki væri unnt að halda slíkum fyrirætlunum leyndum, uns til framkvæmda kæmi, gæti það valdið svo mikilli röskun að ráðstafanirnar misstu marks.

Enn fremur er samkvæmt þessum tölulið heimilt að halda leyndum gögnum sem lúta að fyrirhuguðum ráðstöfunum í kjaramálum starfsmanna ríkis og sveitarfélaga. Þetta ákvæði kæmi einkum til álita þegar ríki eða sveitarfélög standa að kjarasamningum við starfsmenn sína, en í því sambandi þarf oft að afla ýmissa skýrslna og gagna frá öðrum stofnunum. Slík gögn féllu ef til vill ekki alltaf undir undantekningarákvæði í 1. mgr. 7. gr. Þá þarf oft að taka ákvarðanir um hvaða afstöðu taka skuli til krafna starfsmanna og hefur ríkið og einnig sveitarfélög ótvíræða hagsmuni af því að geta haldið slíkum ákvörðunum leyndum ef það á að standa jafnt að vígi í samningum og viðsemjandi þess.

7. tölul. veitir viðskiptahagsmunum einstaklinga og fyrirtækja, svo og fyrirtækja ríkis og sveitarfélaga, ákveðna vernd. Ákvæðinu er ætlað að vernda samkeppnisstöðu þessara aðila er lýtur að viðskiptasamböndum, tilboðum um kaup og sölu o.s.frv.

Í 8. tölul. er fjallað um nauðsyn þess að öllum prófgögnum sé haldið leyndum. Ákvæðið er einungis sett til að taka af öll tvímæli og koma í veg fyrir að úrskurða þurfi slíkt sérstaklega, enda hugsanlegt að einhverjir gengju á það lagið að krefjast slíkra gagna ef ekki væru reglur sem berum orðum heimiluðu að halda þeim leyndum. Ákvæðið nær einungis til fyrirhugaðra prófa þannig að leynd skal aflétt þegar prófi er lokið. Á hinn bóginn nær það ekki eingöngu til prófa í skólum, heldur einnig utan þeirra, svo sem bifreiðastjóraprófa, flugprófa o.s.frv.

Um 5. gr.

Eigi sjónarmið um gagnaleynd aðeins við um hluta skjals skal veita málsaðila aðgang að öðru efni skjalsins skv. 1. mgr.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að ráðherra geti sett í reglugerð ákvæði um frekari meðferð skjala og að eftir tiltekið árabil megi létta af takmörkunum á tilteknum gögnum sem ekki hefur verið heimilt að veita aðgang að samkvæmt ákvæðum laga þessara. Er í mörgum tilvikum nauðsynlegt að hafa reglur hvað þetta snertir þannig að almenningur geti gengið að upplýsingum vísum að tilteknum árafjölda liðnum. Rétt þykir að haft verði samráð við menntamálaráðherra og Þjóðskjalasafn Íslands.

Í 3. mgr. er tekið skýrt fram að óheimilt sé að takmarka aðgang að gögnum í lengri tíma en 20 ár. Undanþegin þessum tímamörkum eru þó skjöl er varða einkahagi manna. Takmarka má þó aðgang að gögnum, er varða öryggi ríkisins og varnarmál, í allt að 40 ár.

Um 6. gr.

Í greininni eru talin upp þau gögn sem réttur almennings nær til.

Í fyrsta lagi er um að ræða öll gögn sem snerta mál, þar með talin móttekin og send bréf.

Í öðru lagi eru skráningar í skjalaskrár og listar um gögn málsins.

Í þriðja lagi eru vinnuskjöl og bréf milli aðila innan sama stjórnvalds er þau ein geyma upplýsingar sem ekki er hægt að geyma annars staðar. Er þar um undantekningu að ræða frá þeirri aðalreglu að almenningur hafi ekki aðgang að vinnuskjölum.

Í 2. mgr. er tekið skýrt fram að varðandi ráðningar í stöður og stöðuhækkanir megi aðeins veita upplýsingar um nöfn umsækjanda og fjölda þeirra.

Ástæðan fyrir 3. mgr. er sú að iðulega afla stjórnsýsluhafar munnlegra upplýsinga til viðbótar þeim sem fyrir eru í máli, oft símleiðis. Ef mikið kveður að því að mál séu afgreidd á grundvelli munnlegra upplýsinga getur það haft þær afleiðingar að réttur manna til aðgangs að gögnum verði í reynd að litlu gerður. Á hinn bóginn er margt sem mælir með því að stjórnsýsluhafi taki við slíkum munnlegum upplýsingum, m.a. gerir það stjórnsýsluna þjálli og liðlegri. Því er ekki talin ástæða til að amast við þeirri aðferð, en rétt þykir að reyna að koma til móts við bæði sjónarmiðin. Er kveðið svo á í greininni að upplýsingar um staðreyndir sem veittar eru munnlega eigi að fá í útdrætti þannig að staðreyndir málsins liggi fyrir skjalfestar. Skyldan lítur aðeins að þeim staðreyndum sem teljast mikilvægar við úrlausn málsins. Verður stjórnsýsluhafi að meta það hverju sinni hverjar upplýsingar beri að skrá á þennan hátt, enda ógerlegt að orða almenna reglu um það.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. eru undanskilin aðgangi vinnuskjöl sem stjórnvald eða stjórnsýsluhafi hefur ritað til eigin afnota eða í sambandi við meðferð máls og bréfaskipti um málefni ýmissa deilda eða stofnana innan sama stjórnvalds. Hér er fylgt fyrirmyndum annarra stjórnsýslu- og upplýsingalaga, en slík vinnuskjöl eru undanþegin aðgangi sökum þess að þau innihalda oft vangaveltur um mál, uppköst að skriflegu eða munnlegu svari, skýringar staðreynda og skoðana um þau mál sem síðan breytast við nánari athugun á staðreyndum og réttarheimildum. Þá er hér um ýmsar skýrslur að ræða sem stjórnsýsluaðili lætur gera í tengslum við innra eftirlit á rekstri og eru nauðsynlegur þáttur í góðri stjórnsýslu.

Í 2. mgr. eru undanskilin bréfaskipti stjórnsýsluaðila við sérfróða menn til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort mál skuli höfða. Í tengslum við dómsmál eða undirbúning þeirra fara oft fram bréfaskipti aðila við sérfróða menn. Stjórnsýsluhafar njóta hér jafnræðis við aðra aðila sem hugsanlega eru að undirbúa málaferli gegn þeim en þurfa ekki að birta bréfaskipti sín við sérfróða aðila í því sambandi. Einnig eru undanskilin bréfaskipti milli sveitarstjórnar og starfsmanna á hennar vegum.

Um 8. gr.

Lagt er til að það stjórnvald eða stjórnsýsluhafi, sem ákvörðun tók eða hefur mál til meðferðar, taki ákvörðun um hvort orðið skuli við beiðni um aðgang að gögnum. Ekki yrði það talið ósamrýmanlegt þessari grein þótt slíkt vald yrði framselt til annarra aðila eða stofnunar. Oft er eðlilegt að sá stjórnsýsluhafi, sem varðveitir gögn, ákveði hvort veita skuli aðgang að þeim.

Í 2. mgr. er fjallað um rétt til þess að kæra ákvörðun um synjun aðgangs að gögnum. Æðra setta stjórnsýslustigið tekur þá endanlega ákvörðun um aðgang að gögnunum.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því að ráðherra sé heimilt að setja nánari reglur og sem víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr.

Um 9. gr.

Stjórnvald eða stjórnsýsluhafi skal skv. 1. mgr., jafnskjótt og unnt er, ákveða hvort taka beri beiðni um aðgang að gögnum til greina. Jafnframt tekur stjórnvald eða stjórnsýsluhafi ákvörðun um á hvern hátt aðgangur að gögnum skuli veittur. Sé ekki orðið við beiðni eða henni hafnað innan viku frá móttöku hennar skal tilkynna beiðanda um ástæðu fyrir því eða hvenær vænta megi að ákvörðun liggi fyrir.

Loks er í 2. mgr. gert ráð fyrir því að ráðherra fyrir sitt leyti og sveitarstjórn fyrir sitt leyti geti ákveðið gjald fyrir afnot og ljósrit gagna sem látin eru af hendi.

Um 10. gr.

Hér er um að ræða ákvæði er varða aðgang að gögnum máls og er heimild til aðgangs almennings miðuð við gögn sem stjórnvöld eða stjórnsýsluhafar hafa samið eða veittu móttöku eftir gildistöku laganna. Undantekning er þó gerð varðandi gögn sem snerta raunveruleg málsatvik hafi gögnin verið lögð inn í mál sem er eða verið hefur til meðferðar hjá stjórnsýslunni eftir hið greinda tímamark og upplýsingarnar hafa eða höfðu að geyma verulega þýðingu varðandi ákvörðun í málinu.

Í 2. mgr. er tekið fram að ákvæði annarra laga, sem heimila almenningi að kynna sér gögn hjá stjórnsýslunni, skuli halda gildi sínu þrátt fyrir að sá réttur til aðgangs sé þrengri en réttur samkvæmt lögum þessum.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. janúar 1992. Talsverðan tíma þarf að ætla til kynningar á efni frumvarpsins fyrir starfsliði við stjórnsýslu hins opinbera, svo og almenningi. Þarf kynning helst að fara fram bæði með útgáfu leiðbeiningabæklinga fyrir starfslið og almenning og með fræðslufundum.

Ed. 258. Frumvarp til laga [205. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987.

Flm.: Salome Þorkelsdóttir, Eiður Guðnason, Eyjólfur Konráð Jónsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðmundur Ágústsson, Guðrún J. Halldórsdóttir, Halldór Blöndal, Karl Steinar Guðnason, Margrét Frímannsdóttir, Skúli Alexandersson, Valgerður Sverrisdóttir.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 72. gr. laganna komi ný málsgrein er orðist svo:

Barn, tólf ára eða yngra, sem hjólar eða er reitt á reiðhjóli, skal nota hlífðarhjálm.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1991.

Greinargerð.

Árið 1988 tóku gildi ný umferðarlög og voru í þeim ýmis nýmæli sem ætlað var að bæta umferðaröryggi og draga úr slysum. Er ljóst að þær breytingar hafa á margan hátt náð tilætluðum árangri. Á síðasta þingi var þó samþykkt frumvarp, sem fyrsti flutningsmaður þessa frumvarps flutti ásamt fleiri þingmönnum, um breytingar á lögunum og lutu þær að notkun bílbelta í aftursætum bifreiða.

Frumvarp, sem í var ákvæði er varðar 1. gr. þessa frumvarps, hefur áður verið flutt en náði þá ekki fram að ganga. Í því var lagt til að börn væru skylduð til að nota hlífðarhjálma þegar þau hjóla eða eru reidd á reiðhjóli. Notkun slíkra hjálma hefur verið lögleidd, t.d. í Svíþjóð í mörg ár, og þykir sannað að notkun þeirra dregur úr alvarlegum höfuðáverkum vegna reiðhjólaslysa á börnum.

Í nýlegri grein í félagsriti Bindindisfélags ökumanna, nr. 1 1990, er grein eftir Jónas Ragnarsson um könnun Hagvangs fyrir félagið á lögbindingu reiðhjólahjálma. Þar segir m.a.:

„Um 90% þeirra sem tóku afstöðu til spurningar um lögleiðingu reiðhjólahjálma voru hlynnt þeirri ráðstöfun. Þetta var niðurstaðan úr könnun sem Hagvangur gerði fyrir Bindindisfélag ökumanna í janúar 1990. Spurt var: Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) setningu lagaákvæða um að börn á reiðhjólum skuli nota hjálma? Karlar voru hlynntari þessu en konur, íbúar á landsbyggðinni heldur hlynntari en þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu en hins vegar var langskólagengið fólk ekki eins hlynnt lögbindingu reiðhjólahjálma eins og þeir sem höfðu styttri skólagöngu að baki.

Ár hvert slasast hundruð hjólreiðamanna hér á landi. Í flestum alvarlegum reiðhjólaslysum verður höfuðið fyrir höggi, við fall eða árekstur. Þess vegna er eðlilegasta vörnin að verja höfuð hjólreiðamannsins eins og kostur er.

Áhrif reiðhjólahjálma til að draga úr slysum hafa verið rannsökuð mikið erlendis. Í einni af nýjustu rannsóknunum, sem greint var frá í hinu virta bandaríska læknariti, *The New England Journal of Medicine* (25. maí 1989), var dregin sú ályktun að með notkun reiðhjólahjálma mætti draga úr hættu á alvarlegum höfuðmeiðslum um 85%. Niðurstöður annarra rannsókna hníga í sömu átt.

Þeir hjálmar, sem nú eru á markaði, eru mun léttari og þjálli en eldri hjálmar og veita samt góða vörn gegn höggum. Kannanir sýna að hlutfallslega fáir hjólreiðamenn nota hjálma þrátt fyrir ótvírætt ágæti þeirra. Þetta hefur þó verið að breytast, bæði hér á landi og erlendis. Börn og unglingar, sem mest þurfa á hjálmum að halda, virðast þó ekki setja fyrir sig að nota þá samkvæmt erlendum athugunum. Jafnvel hefur verið bent á að börn líti upp til þeirra jafnaldra sinna sem nota hjálma.

Það sem flestir eru sammála um að skorti er meiri fræðsla um gildi reiðhjólahjálma. Sú fræðsla þarf að vera bæði í fjölmiðlum og skólum, og ekki síst þarf að koma hvatning frá foreldrum. Bent hefur verið á að með réttum aðferðum megi hafa þau áhrif að hjálmar komist í tísku meðal barna og unglinga. Umferðarráð og Olíufélagið Skeljungur hafa tekið höndum saman um kynningu á hjálmunum og hefur það átak skilað árangri að þeirra mati.

Sumir telja að notkun reiðhjólahjálma verði þó ekki almenn fyrr en hún verður lögbundin. Er þá m.a. vitnað til þess að ökumenn vélhjóla hér á landi fóru ekki að nota

hjálma að nokkru marki fyrr en það var leitt í lög fyrir hálfum öðrum áratug. Svipuð reynsla var af tilraunum til að auka notkun bílbelta."

Á nýafstöðnu umferðarþingi flutti Tryggvi Þorsteinsson yfirlæknir fyrirlestur um hjólreiðaslys á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Þar kom fram að 397 einstaklingar hefðu leitað til slysadeildar Borgarspítalans vegna meiðsla í hjólreiðaslysum. Tíu þurfti að vista á sjúkrahúsi og þar af einn vegna lífshættulegs ástands. Meiðsli á höfði voru algeng, heilahristing fengu 33 og voru fimm lagðir inn á sjúkrahús vegna þess. Fleiður og sár á andliti og hvirfli voru 133. Alls 39 hlutu brot á handlegg, þar af 25 á framhandlegg. Ellefu brotnuðu á fótum, þar af þrír um sköflung, og þrjú liðhlaup voru skráð. Átta viðbeinsbrotnuðu.

Flest voru slysin í aldurshópnum að fimmtán ára aldri, eða 84%. Á umferðargötu eru skráð 90 slys og á þeim vettvangi meiddust sjö börn á aldrinum að fimm ára aldri og 30 börn á aldrinum 5–9 ára. Flest eru slysin á gangstíg eða annars staðar úti, eða 299, sem eru rúmlega 75% slysa. Alvarlegustu slysin urðu í sambandi við árekstur við bíla á umferðargötum og höfðu fjórir hinna innlögðu orðið fyrir bifreið.

Í lok máls síns hvatti Tryggvi Þorsteinsson yfirlæknir reiðhjólafólk til að nota hjálm og taldi jafnframt mikilvægt að leggja áherslu á fræðslu um reiðhjólaakstur í skólum.

Ed. 259. Frumvarp til laga [206. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Salome Þorkelsdóttir.

1. gr.

Við 1. mgr. 12. gr. laganna bætist nýr töluliður svohljóðandi:

Sala á barnabílstólum, bílpúðum sem festir eru með bílbeltum eða öðrum viðurkenndum öryggisbúnaði fyrir börn í bifreiðum, svo og sala á öryggishjálmum fyrir reiðhjóla- eða vélhjólaakstur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1991.

Greinargerð.

Tilgangur þessa frumvarps er að stuðla að verðlækkun á öryggisbúnaði fyrir börn í bifreiðum og fyrir þá sem aka um á reiðhjólum og vélhjólum með því að fella niður virðisaukaskatt á þessum búnaði sem nemur 24,5%. Sannað er að slíkur öryggisbúnaður getur orðið til þess að koma í veg fyrir alvarleg slys hvort sem um er að ræða börn í bifreiðum og á reiðhjólum eða í vélhjólaakstri.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi um breytingu á umferðarlögum og vísast að öðru leyti til greinargerðar með því frumvarpi.

Ed. 260. Frumvarp til laga [207. mál]

um slysavarnaráð.

Flm.: Salome Þorkelsdóttir.

1. gr.

Stofna skal slysavarnaráð sem heyrir undir heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Hlutverk slysavarnaráðs er:

a. að vera ríkisstjórn, ráðherra, slysavarnanefndum í héruðum og öðrum aðilum til ráðuneytis um allt er lýtur að slysavörnum,
b. gera tillögur til heilbrigðisyfirvalda um áhersluatriði í slysavörnum á hverjum tíma,
c. sjá um og stuðla að rannsóknum á orsökum og afleiðingum slysa,
d. samræma störf þeirra aðila sem vinna að slysavörnum,
e. fylgjast með nýjungum og reynslu annarra þjóða í slysavörnum,
f. halda landsþing um slysavarnir annað hvert ár.

3. gr.

Heilbrigðisráðherra skipar sjö fulltrúa í slysavarnaráð, tilnefnda af eftirtöldum aðilum: landlæknisembættinu, og skal sá vera formaður, læknadeild Háskóla Íslands, dómsmálaráðherra, Vinnueftirliti ríkisins, Slysavarnafélagi Íslands, Sambandi íslenskra tryggingafélaga og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Slysavarnaráð skal skipað til fjögurra ára í senn.

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

4. gr.

Slysavarnaráð getur, að fenginni heimild ráðherra, sett á fót samstarfshópa um mikilvæg mál á sviði slysavarna, jafnframt því sem það getur kallað sérfræðinga sér til ráðuneytis.

5. gr.

Slysavarnaráð gerir árlega áætlun um ráðstöfun á því fé sem til þess er veitt á fjárlögum eða það fær til ráðstöfunar á annan hátt.

6. gr.

Slysavarnaráð sendir ráðuneytinu í lok hvers árs skýrslu um störf ráðsins.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í áætlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um heilbrigði fyrir alla árið 2000 segir m.a. (11. markmið) að átak þurfi að gera gegn slysum, þ.e. að fækka dauðsföllum af þeirra völdum um 25% fyrir árið 2000.

Hinn 27. febrúar 1987 skipaði þáverandi heilbrigðismálaráðherra, Ragnhildur Helgadóttir, nefnd um varnir gegn slysum. Flutningsmaður þessa frumvarps var skipuð formaður nefndarinnar. Aðrir nefndarmenn voru: Gunnar Þór Jónsson, prófessor í slysalækningum, Haraldur Henrýsson, þá forseti Slysavarnafélags Íslands, Ólafur W. Stefánsson, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneyti, Sigrún Gísladóttir skólastjóri og Vilborg Ingólfsdóttir hjúkrunarfræðingur sem jafnframt var ritari nefndarinnar.

Í nefndinni urðu menn sammála um að með samstilltu átaki þjóðarinnar væri hægt að gera þetta markmið að veruleika hér á landi. Samstilltu átaki taldi nefndin að best yrði náð með því að höfða til hvers einstaklings í því umhverfi sem hann lifir og hrærist í. Þess vegna séu mestar líkur á að það gerist með því að unnið sé markvisst að slysavörnum í hverju byggðarlagi fyrir sig. Þegar hefur verið lögfest með breytingu á sveitarstjórnarlögum að verkefni sveitarstjórna séu m.a. að vinna að slysavörnum í sveitarfélaginu.

Ein af þeim tillögum, sem fram komu í nefndinni, var að lögfest yrðu sérstök ákvæði um slysavarnaráð. Í upphaflegri útgáfu að íslenskri heilbrigðisáætlun, sem lögð var fram á Alþingi í apríl 1987 af þáverandi heilbrigðismálaráðherra, Ragnhildi Helgadóttur, var lagt til að lögfest yrði sérstakt slysavarnaráð er fyrst og fremst sinnti störfum fyrir opinbera aðila. Fyrir liggur að núverandi heilbrigðismálaráðherra, Guðmundur Bjarnason, hefur ákveðið að stofna slysavarnaráð í samræmi við þær tillögur sem fram hafa komið frá nefndinni um varnir gegn slysum. Þetta frumvarp er því flutt til að fylgja eftir þeirri ákvörðun þar sem flutningsmaður frumvarpsins telur eðlilegt að lögfesta skuli slíkt slysavarnaráð, enda í samræmi við markmið íslenskrar heilbrigðisáætlunar.

Efnisatriði frumvarpsins byggjast á þeim hugmyndum sem fram hafa komið í nefndinni um skipan slysavarnaráðs og verkefni þess.

Nd. 261. Frumvarp til laga [208. mál]

um breytingu á lögum nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

Flm.: Friðjón Þórðarson.

1. gr.

Í stað orðsins „Grundarfjarðarprestakall“ í 4. tölul. VII. í 1. gr. laganna komi: Setbergsprestakall.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn 1. júlí 1990 gengu í gildi ný lög um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands. Frumvarpið var samþykkt á síðasta degi 112. löggjafarþings, 5. maí 1990. Það er vitað að jafnan eru miklar annir á lokadegi þings. Má því vera að einstök mál séu ekki athuguð svo gaumgæfilega sem vera þyrfti í öllum greinum.

Samkvæmt hinum nýju lögum er nafni Setbergsprestakalls í Eyrarsveit á Snæfellsnesi breytt í Grundarfjarðarprestakall. Þessu vilja heimamenn ekki una og skilja ekki í

hvaða tilgangi þessi nafnbreyting hefur verið gerð.

Fylgiskjal með frumvarpi þessu er bréf, dags. 1. desember 1990, undirritað af sóknarnefndarformanni og sóknarpresti. Þar er komin fram sú ósk að lögunum frá 5. maí sl. verði breytt í hið fyrra horf þannig að nafn Setbergsprestakalls standi óbreytt, svo sem verið hefur um aldaraðir.

Fylgiskjal.

Grundarfirði, 1. desember 1990.

Hr. alþingismaður
Friðjón Þórðarson
Alþingishúsinu við Kirkjustræti,
101 Reykjavík.

Þann 5. maí síðastliðinn voru samþykkt á Alþingi lög um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands. Lögin tóku gildi 1. júlí sl.

Í 1. grein laganna kemur í ljós að nafni Setbergsprestakalls hefur verið breytt í Grundarfjarðarprestakall. Þessi nafnabreyting kemur nokkuð flatt upp á sóknarnefnd Setbergssóknar sem er eina sókn prestakallsins, og telur hún að heimamenn hafi ekki verið hafðir með í ráðum þegar breyting þessi var gerð. Mikil óánægja er í sóknarnefndinni og einnig meðal sóknarmanna með þessa breytingu og er vandséð í hvaða tilgangi hún var gerð.

Vitað er að til stóð að breyta nöfnum nokkurra annarra prestakalla en frá því mun hafa verið horfið vegna eindreginna mótmæla heimamanna. Má í þessu sambandi nefna Breiðabólsstaðarprestakall sem átti að heita Hvammstangaprestakall, Hjarðarholtsprestakall sem átti að nefnast Búðardalsprestakall, Hvammsprestakall sem heita átti Hvolsprestakall og þannig mætti nefna fleiri prestaköll.

Við undirrituð förum þess á leit við yður, hr. alþingismaður, að þér hlutist til um að gerð verði breyting á nefndum lögum þannig að nafn Setbergsprestakalls standi óbreytt frá því sem það var fyrir gildistöku laganna eins og það hefur verið um aldaraðir.

Með vinsemd og virðingu,

Salbjörg Nóadóttir
sóknarnefndarformaður.

Sigurður Kr. Sigurðsson
sóknarprestur.

Sþ. 262. Fyrirspurn [209. mál]

til forsætisráðherra um áform um að minnast landafunda Leifs Eiríkssonar í Vesturheimi.

Frá Þorvaldi Garðari Kristjánssyni.

1. Hvaða áform hafa íslensk yfirvöld nú uppi um að minnast landafunda Leifs Eiríkssonar í Vesturheimi, sbr. fréttatilkynningu frá utanríkisráðuneytinu 6. des. 1990?
2. Geta íslensk yfirvöld átt hlut að kynningarátaki Norðmanna um Íslendinginn Leif

Eiríksson nema staðinn sé vörður um óskipta arfleifð íslensku þjóðarinnar og fullur sómi sé sýndur sögulegum staðreyndum sem greyptar eru í þjóðarsögu og þjóðarvitund um heimssögulegt afrek Leifs heppna?

Ed. 263. Nefndarálit [148. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989 og 70/1990.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það Grétar Guðmundsson, aðstoðarmann félagsmálaráðherra, Þórólf Halldórsson, formann Félags fasteignasala, Gunnar Helga Hálfdanarson, forstjóra Landsbréfa, Vigdísi Hreinsdóttur, forstöðumann ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar, og Yngva Örn Kristinsson, formann stjórnar Húsnæðisstofnunar ríkisins. Þá barst nefndinni umsögn um frumvarpið frá stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingar þær sem um er að ræða eru eftirfarandi:

1. Við 2. gr. Lagt er til að heimilað verði að skipta á fasteignaveðbréfum fyrir húsbréf fyrir fjárhæð er nemi allt að 75% af eðlilegu matsverði fasteignar. Ráðherra ákveður með reglugerð hvert hlutfall þetta skuli vera og getur hann ákveðið að hlutfallið vegna nýbygginga eða kaupa á íbúð í fyrsta sinn sé hærra en lánshlutfall vegna annarra fasteignaviðskipta. Það er vilji nefndarinnar að sú breyting, sem felst í breytingartillögunni, leiði ekki til þess að lánshlutfallið hækki almennt úr 65% í 75%, heldur er skapaður möguleiki á því fyrir ráðherra að ákveða að lánshlutfallið verði allt að 75% vegna nýbygginga og kaupa á fyrstu íbúð.

Ástæða þess að nefndin breytir fyrri efnismálsgrein 2. gr. er sú að frumvarpsgreinin þykir óþarflega margbrotin og óljós og er talin geta aukið á viðleitni til að gefnar verði rangar upplýsingar um kaup- og söluverð eigna.

2. Við 3. gr. Lagt er til að húsbréfaviðskipti vegna viðgerða og endurbóta hefjist ekki fyrr en 1. september 1991 þar sem nauðsynlegt er að dreifa því aukna álagi sem gera má ráð fyrir að verði á verðbréfamarkaði með tilkomu þessara viðskipta og viðskipta vegna greiðsluerfiðleika. Rétt er að taka fram að nefndin telur að félagsmálaráðherra hafi heimild til að ákveða að þeir, sem hefja endurbætur eftir 1. janúar 1991, eigi rétt til húsbréfa vegna viðgerða og endurbóta þegar hlutaðeigandi ákvæði laganna tekur gildi.

3. Við ákvæði til bráðabirgða. Talið er nauðsynlegt að fram séu tekin þau hlutfallslegu mörk um greiðslubyrði sem miða skal við þegar umsóknir eru metnar. Eðlilegt þykir að heimild til að geta fengið lánafyrirgreiðslu samkvæmt þessari grein sé bundin því að greiðslubyrði umsækjanda sé yfir 30% af áætluðum heildarlaunum hans á ári að jafnaði næstu fjögur árin og að eftir skuldabréfaskiptin fari greiðslubyrðin ekki upp fyrir þessi mörk né niður fyrir 20%, skilgreint á sama hátt.

Nefndin telur rétt að fram komi að það er skilningur hennar að ákvæði 1. gr. frumvarpsins um endurbætur á íbúðarhúsnæði nái einnig til lánaflokka er varða orkusparandi breytingar og einstaklinga með sérþarfir, sbr. 11. gr. laganna.

Alþingi, 10. des. 1990.

Margrét Frímannsdóttir, form., frsm.	Guðmundur H. Garðarsson, fundaskr.	Jóhann Einvarðsson.
Karl Steinar Guðnason.	Salome Þorkelsdóttir.	Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Jón Helgason.

Ed. 264. Breytingartillögur [148. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989 og 70/1990.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Fyrri efnismálsgrein orðist svo:
   Skipta má á fasteignaveðbréfum fyrir húsbréf fyrir fjárhæð sem nemur allt að 75% af eðlilegu matsverði fasteignar. Ráðherra ákveður með reglugerð hvert hlutfall þetta skuli vera og getur hann ákveðið að hlutfallið vegna nýbygginga eða kaupa á íbúð í fyrsta sinn sé hærra en lánshlutfall vegna annarra fasteignaviðskipta.
   b. Síðasti málsliður síðari efnismálsgreinar falli brott.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. um húsbréfaviðskipti í tengslum við endurbætur og endurnýjun á notuðu íbúðarhúsnæði taka þó ekki gildi fyrr en 1. september 1991.
3. Við ákvæði til bráðabirgða. Á eftir c-lið komi nýr stafliður er orðist svo:
   Greiðslubyrði umsækjanda sé að jafnaði yfir 30% af áætluðum heildarlaunum hans á ári næstu fjögur árin. Eftir skuldabréfaskiptin verði greiðslubyrðin að jafnaði um 20% af heildarlaunum hans.

Sþ. 265. Fyrirspurn [210. mál]

til menntamálaráðherra um sjávarútvegsbrautina á Dalvík.

Frá Birni Val Gíslasyni.

1. Hvenær er þess að vænta að nemendur geti lokið að fullu skipstjórnarnámi við sjávarútvegsbrautina á Dalvík?
2. Hvaða önnur áform eru uppi um eflingu sjávarútvegsbrautarinnar á Dalvík?

Sþ. 266. Fyrirspurn [211. mál]

til sjávarútvegsráðherra um smáfiskveiði.

Frá Birni Val Gíslasyni.

1. Hefur sjávarútvegsráðuneytið látið Hafrannsóknastofnun kanna áhrif aukinnar smáfiskveiði, vegna tilflutnings á aflakvótum af bátum yfir á togara, á afrakstursgetu ýsu- og þorskstofna?
2. Ef svo er, hverjar eru niðurstöðurnar?
3. Ef svo er ekki, hyggst sjávarútvegsráðherra beita sér fyrir slíkri könnun?

Sþ. 267. Tillaga til þingsályktunar [212. mál]

um matvælaaðstoð við Sovétríkin.

Flm.: Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að hún kanni með hvaða hætti Íslendingar geti lagt sitt af mörkum til að afstýra yfirvofandi hungursneyð í Sovétríkjunum.

Greinargerð.

Þjóðir Sovétríkjanna eru nú loks að létta af sér oki kommúnismans. Það er ljóst að margra ára áætlunarbúskapur og miðstýrt hagkerfi að kommúnískum hætti hefur leitt til algjörs gjaldþrots. Gífurleg umbrot eiga sér stað í hinu sovéska þjóðfélagi, þar sem bæði þjóðir og einstaklingar eru að átta sig á að kommúnisminn er loksins að slaka á klónni. Frelsisalda sú, er nú fer um Sovétríkin og lönd Austur-Evrópu er að hluta til komin vegna hruns hagkerfisins, en einnig og þá ekki síst vegna þess hugrekkis sem forusta Sovétríkjanna hefur sýnt við að brjótast úr viðjum fortíðarinnar og leyfa frelsi á ýmsum sviðum þar sem áður var myrkviður einn.

Það er varla við öðru að búast en að umskiptin frá einræði og þvingun til frelsis meðal einstaklinga og þjóða, þ.e. umskiptin frá miðstýrðu áætlunarkerfi til markaðsbúskapar, verði fyrst í stað vart til annars en að skapa glundroða og óvissu á flestum sviðum þegar venjubundin gildi og hefðbundnar viðskiptaaðferðir eiga ekki lengur við. Það er dæmigert að þrátt fyrir metuppskeru vantar mikið á að allt korn sé hirt af ökrunum, að uppskera og aðrar landbúnaðarafurðir komist rétta boðleið á markaði og að framboð á markaði nái því jafnvægi að geta sinnt eftirspurn. Afleiðingin er vöruþurrð, skortur og hungursneyð.

Margar þjóðir hafa nú þegar boðið Sovétmönnum aðstoð sína. Matvælasendingar streyma nú þangað í stórum stíl þótt enn vanti mikið á. Þetta er ekki að ófyrirsynju. Það er mikils um vert að sú mikla þjóðfélagstilraun, sem nú er gerð í Sovétríkjunum, takist. Ef hún tekst er fyrst grundvöllur lagður að langþráðum friði og öryggi í heiminum. Stefna Gorbatsjovs forseta og stjórnar hans byggist á því að gefa þjóðum Sovétríkjanna sjálfsvirðingu sem byggist á frelsi, velsæld og samvinnu við vestræn ríki. Því miður er leiðin löng og örðug til þess að ná öllum þeim markmiðum.

Framlag Íslands skiptir auðvitað ekki sköpum. En með því sýnum við vinarhug til þjóða sem við höfum haft mikil menningarleg og viðskiptaleg samskipti við í gegnum tíðina. Nú eru þessar þjóðir að berjast fyrir því sama sem við Íslendingar höfum viljað standa vörð um með veru okkar í NATO, en það er fullveldi landsins og sjálfstæði ásamt frelsi einstaklingsins til orðs og æðis.

Framlag okkar Íslendinga gæti t.d. falist í matvælasendingu þar sem við Íslendingar eigum vissulega gnægð matar. Má þar nefna miklar birgðir lambakjöts, sem til eru í landinu, sem um langan tíma munu einungis valda geymslukostnaði og svo seinna meir stórfelldum útgjöldum vegna útflutningsuppbóta, þá væri aukakostnaður við slíkt framlag ekki verulegur. Því er lagt til að ríkisstjórnin kanni möguleikann á neyðaraðstoð við Sovétríkin á þeim grundvelli.

Ed. 268. Frumvarp til laga [213. mál]

um breyting á lögum nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 76/1989 og lög nr. 70/1990.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Í stað 2. mgr. 94. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Eigi skal greiða stimpilgjald af lánssamningum sem Húsnæðisstofnun ríkisins gerir við framkvæmdaraðila vegna byggingar eða kaupa á félagslegum íbúðum. Skuldabréf, sem framkvæmdaraðili gefur út í verklok til Húsnæðisstofnunar ríkisins, eru einnig stimpilfrjáls.

Eigi skal greiða stimpilgjald af skuldabréfum sem kaupendur félagslegra íbúða gefa út til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Þó skal greiða stimpilgjald við kaup á almennum kaupleiguíbúðum.

2. gr.

Lögin öðlast þegar gildi. Fjármálaráðherra er heimilt að endurgreiða stimpilgjald af skjölum þeim sem getur í 1. gr. og stimpluð voru eftir 1. júní 1990.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum nr. 70/1990 um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins var í rr lið 3. gr. ákvæði þess efnis að undanþegin stimpilgjaldsskyldu væru skuldabréf félagslegra íbúða. Var ætlunin sú að öll skuldaskjöl vegna lánveitinga Húsnæðisstofnunar ríkisins væru stimpilfrjáls vegna bygginga og kaupa á félagslegum íbúðum. Var gert ráð fyrir því að undir þetta ákvæði félli annars vegar skuldaskjöl vegna lánveitinga til bygginga á félagslegu íbúðarhúsnæði og hins vegar skuldaskjöl vegna kaupa einstaklinga á félagslegum íbúðum.

Félagslegar íbúðir eru skv. 52. gr. laga 86/1988, ásamt síðari breytingum:

1. Kaupleiguíbúðir.
2. Félagslegar eignaríbúðir.
3. Félagslegar leiguíbúðir.

4. Félagslegar íbúðir byggðar í tíð eldri laga.
   Kaupleiguíbúðir skv. 1 skiptast í félagslegar kaupleiguíbúðir og almennar kaupleiguíbúðir. Þar er um þrjá kosti að ræða:
a. Kaupréttur nýttur strax í upphafi.
b. Leiga með kauprétti.
c. Leiga með hlutareign.

Löggjafinn hefur því skýrt nákvæmlega hvað séu félagslegar íbúðir.

Á þeim tíma sem lög nr. 70/1990 voru sett hafði ekki tíðkast að greitt væri stimpilgjald af framkvæmdalánasamningum. Þegar ákveðið varð að setja sérreglu í 2. málsl. 2. mgr. 94. gr. sem gilti um stimpilskyldu almennra kaupleiguíbúða var sú sérregla einungis hugsuð þegar framkvæmdaláni er breytt í fast lán og gefið út skuldabréf fyrir langtímaláni. Litið var svo á að stimpilskylda vegna kaupa á almennum kaupleiguíbúðum ætti einungis við þegar um væri að ræða skuldabréf fyrir langtímaláni. Litið hefur verið svo á að með lögum 70/1990 hefði verið lögfest sú regla að ekki skyldi greitt stimpilgjald af skuldabréfum félagslegra íbúða og eina undantekningin væri að stimpilgjald skuli greitt við kaup á almennum kaupleiguíbúðum, þ.e. af skuldabréfum. Þegar frumvarp að því sem varð að lögum nr. 70/1990 var í undirbúningi var sú lögskýring óþekkt að framkvæmdalánasamningi skyldi þinglýst, enda hafði svo ekki verið gert. Það kom ekki til álita við samningu laganna að greitt skyldi stimpilgjald af framkvæmdalánasamningi.

Samkvæmt 2. mgr. 74. gr. laga nr. 86/1988, ásamt síðari breytingum, standa framkvæmdir sjálfar til tryggingar veittu framkvæmdaláni á hverjum tíma. Húsnæðismálastjórn setur nánari reglur um tryggingar. Með tilkomu annarra framkvæmdaraðila en sveitarfélaga fyrir byggingu félagslegra íbúða hefur húsnæðismálastjórn krafist raunverulegra trygginga fyrir framkvæmdaláni og það er því eftir setningu laga nr. 70/1990 sl. vor sem farið er að þinglýsa framkvæmdalánssamningi og krafa kemur fram um að skuldabréf séu stimpilgjaldsskyld. Til að tryggja það að sú ákvörðun löggjafarvaldsins, sem birtist í 94. gr. laga nr. 86/1988, sbr. lög nr. 70/1990 um að ekki skuli greiða stimpilgjald af afsölum né skuldabréfum vegna félagslegra íbúða, sé í raun framkvæmd þykir nauðsynlegt að flytja þetta frumvarp.

Alþingi samþykkti sl. vor að eigi skyldi greiða stimpilgjald af afsölum né skuldabréfum félagslegra íbúða. Í samræmi við vilja Alþingis um að undanskilja félagslegar íbúðir stimpilgjaldi er þetta frumvarp flutt til að árétta að lánssamningur við framkvæmdaraðila beri ekki stimpilgjöld og heldur ekki skuldabréf vegna framkvæmdalánssamninga sem gefnir eru út í verklok.

Með því að undanþiggja umrædd skuldaskjöl stimpilskyldu er verið að lækka annars vegar verð félagslegra íbúða og hins vegar lækka kostnað vegna lántöku kaupenda hjá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Sjá almennar athugasemdir.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er ákvæði um gildistöku. Þar er einnig kveðið á um heimild til handa fjármálaráðherra til að endurgreiða stimpilgjöld af skuldaskjölum sem stimpluð voru eftir að lög nr. 70/1990, um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, tóku gildi. Er þetta

í samræmi við vilja löggjafarvaldsins með setningu laga nr. 70/1990.

Nd. 269. Frumvarp til laga [54. mál]

um breytingu á sektarmörkum nokkurra laga o.fl.

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. des.)

1. gr.

Erindisbréf handa biskupum, 1. júlí 1746.

a. Síðari málsliður 18. gr. falli niður.
b. 2. málsl. 21. gr. falli niður.

2. gr.

Tilskipun um veiði á Íslandi, 20. júní 1849.

a. 5. gr. orðist svo:

Nú drepur maður dýr eða veiðir án heimildar í annars manns landi og varðar það sektum.

b. 2. mgr. 7. gr. falli niður.
c. 3. málsl. 8. gr. falli niður.
d. 9.–21. gr. falli niður.
e. Ný grein, 9. gr., orðist svo:

Enginn má skjóta landsel eða útsel á fjörðum eða víkum, þar sem látur eru eða lagnir, nær en hálfa sjómílu frá þeim.

f. Ný grein, 10. gr., orðist svo:

Vöðuseli eða annan farsel má hver maður skjóta eða veiða í nót hvar sem hann vill, en þó ekki nær annars manns landi en 300 metra frá stórstraumsfjörumáli þar sem nótlög eru, né heldur skjóta nær eggveri eða látrum en greinir í 9. gr., sbr. og lög nr. 30 27. júní 1925.

Nú vill maður leggja nót af landi eða í nótlögum annars manns og skal hann þá semja um það við þann sem veiði á.

g. Ný grein, 11. gr., orðist svo:

Brot gegn fyrirmælum þessum varða sektum og fer um mál út af þeim samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Heimilt er að gera upptæk net og aðrar veiðitilfæringar, svo og skotvopn, sem brot hafa verið framin með.

3. gr.

Tilskipun fyrir Ísland um síldar- og upsaveiði með nót, 12. febrúar 1872.

a. 7. gr. falli niður.
b. Í 1. málsl. 12. gr. falli niður orðin „frá 5 til 200 rd.“, svo og 2. málsl. greinarinnar.
c. 1. mgr. 13. gr. orðist svo:

Um mál út af brotum á lagaboði þessu fer að hætti opinberra mála.

d. 14. gr. falli niður.

4. gr.

Lög um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., nr. 3 12. apríl 1878.

2. gr. falli niður.

5. gr.

Lög um leysing á sóknarbandi, nr. 9 12. maí 1882.

4. málsl. 4. gr. falli niður.

6. gr.

Lög um beitutekju, nr. 39 2. nóvember 1914.

a. Síðari málsliður 1. mgr. 1. gr. orðist svo: Ef landeigandi verður fyrir tjóni vegna þessa á hann rétt á bótum.
b. 2. mgr. 1. gr. falli niður.
c. 2. mgr. 2. gr. falli niður.
d. Í 3. gr. falli niður orðin „20 til 200 króna“.
e. 6. gr. falli niður.
f. 7. gr. orðist svo:

Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

7. gr.

Lög um áveitu á Flóann, nr. 68 14. nóvember 1917.

6. gr. orðist svo:

Ákveða má að brot gegn samþykkt varði sektum og fer um mál vegna brota að hætti opinberra mála.

8. gr.

Lög um landamerki o.fl., nr. 41 28. nóvember 1919.

7. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum og fer um mál vegna þeirra að hætti opinberra mála.

9. gr.

Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að banna flutning til landsins á varningi, sem stjórnin telur stafa sýkingarhættu af, nr. 8 18. maí 1920.

2. gr. orðist svo:

Brot gegn ákvæðum laga þessara og fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða sektum og sæta mál út af því meðferð opinberra mála.

10. gr.

Lög um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum, nr. 53 27. júní 1921.

5. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum og fer um mál út af þeim að hætti opinberra mála.

11. gr.

Lög um verslunarskýrslur, nr. 12 19. júní 1922.

a. Í 2. gr. falli niður orðin „allt að 200 kr.“.
b. 5. gr. orðist svo:

Vísvitandi röng skýrslugjöf varðar sektum nema þyngri refsing liggi við að lögum. Tregðist nokkur við að láta í té skýrslu sem hann hefur fengið frest á að gefa

má þröngva honum til þess að frestinum liðnum með dagsektum allt að 10.000 kr. og getur lögreglustjóri tiltekið sektina í bréfi til hlutaðeiganda.

c. 6. gr. orðist svo:
Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

12. gr.

Vatnalög, nr. 15 20. júní 1923.

a. 107. gr. orðist svo:
Brot gegn félagssamþykktum varða sektum og um mál út af þeim fer að hætti opinberra mála.

b. Í stað orðanna „einföldu fangelsi“ í a-lið 1. tölul. 153. gr. komi: varðhaldi.

c. Í stað orðanna „einföldu fangelsi“ í b-lið 1. tölul. 153. gr. komi: varðhaldi.

d. 2. tölul. 153. gr. falli niður.

e. 154. gr. orðist svo:
Um mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

13. gr.

Lög um nauðasamninga, nr. 19 4. júní 1924.

a. Í stað orðanna „20 kr.“ í 1. mgr. 54. gr. komi: lögmælt gjald.

b. Í 2. mgr. 54. gr. falli niður orðin „20–200 kr.“.

14. gr.

Lög um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922, um fiskiveiðar í landhelgi, nr. 4 4. maí 1925.

3. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 200–20.000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, og fer um mál vegna brota að hætti opinberra mála.

15. gr.

Lög um selaskot á Breiðafirði og uppidráp, nr. 30 27. júní 1925.

2. gr. orðist svo:

Brot gegn 1. gr. varðar sektum.

Skotvopn og veiðifang má gera upptækt, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

16. gr.

Lög um einkenning fiskiskipa, nr. 31 27. júní 1925.

a. Í 1. mgr. 3. gr. falli niður orðin „frá 50–2.000 kr.“.

b. Í 2. mgr. 3. gr. falli niður orðin „allt að 400 kr.“.

c. 1. mgr. 4. gr. orðist svo:
Um mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

17. gr.

Hjúalög, nr. 22 7. maí 1928.

a. 31. gr. falli niður.

b. 32. gr. orðist svo:
Brot gegn 7. og 19. gr. varða sektum og fer um mál vegna þess að hætti opinberra mála.
c. 33. gr. falli niður.

18. gr.

Lög um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, nr. 24 1. febrúar 1936.
Í 2. mgr. 11. gr. falli niður orðin „100–10.000 krónum".

19. gr.

Lög um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936.
Í 3. mgr. 34. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 33/1963, falli niður orðin „200–4.000 krónur".

20. gr.

Lög um samvinnufélög, nr. 46 13. júní 1937.
a. Í stað orðanna „fangelsi, samkv. 26. gr. hinna almennu hegningarlaga" í 1. mgr. 43. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 47/1977, komi: varðhaldi.
b. Í stað orðanna „sem almenn lögreglumál" í 44. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 47/1977, komi: að hætti opinberra mála.

21. gr.

Lög um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir að það auki kyn sitt, nr. 16 13. janúar 1938.
Í 9. gr. falli niður orðin „100–10.000 krónum".

22. gr.

Lög um ostrurækt, nr. 21 12. júní 1939.
5. gr. orðist svo:
Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum og fer um mál út af þeim samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

23. gr.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna að veita upplýsingar um ferðir skipa, nr. 9 12. febrúar 1940.
3. gr. orðist svo:
Brot gegn lögum þessum varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.
Mál vegna brota á lögunum fara að hætti opinberra mála.

24. gr.

Landskiptalög, nr. 46 27. júní 1941.
Í 2. mgr. 15. gr. falli niður orðin „allt að 1.000 kr.".

25. gr.

Lög um beitumál, nr. 45 7. maí 1946.

15. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 13/1947, orðist svo:
Brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum og fer um mál vegna brota að hætti opinberra mála.

26. gr.
Lög um stjórn flugmála, nr. 119 28. desember 1950.
Í 4. gr. falli niður orðin „allt að 30.000 krónum".

27. gr.
Lög um að banna hnefaleika, nr. 92 27. desember 1956.
Í 3. gr. falli niður orðin „allt að 10.000 krónum".

28. gr.
Lög um dýravernd, nr. 21 13. apríl 1957.
Í stað orðanna „200 krónum" í 2. mgr. 14. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 38/1968, komi: 10.000 krónum.

29. gr.
Lög um efnahagsmál, nr. 4 20. febrúar 1960.
Í 36. gr. falli niður orðin „allt að 500.000 kr.".

30. gr.
Lög um dánarvottorð, nr. 64 25. apríl 1962.
Í 12. gr. falli niður orðin „allt að 1.000 krónum".

31. gr.
Lyfsölulög, nr. 30 29. apríl 1963.
Í 1. mgr. 68. gr. falli niður orðin „frá 100 til 200.000 króna".

32. gr.
Lög um eyðingu svartbaks, nr. 50 18. maí 1965.
1. málsl. 1. mgr. 11. gr. orðist svo: Fyrir hvern unninn svartbak á veiðimaður rétt á greiðslu samkvæmt því er nánar verður kveðið á um í reglugerð er ráðherra setur að fengnum tillögum veiðistjóra.

33. gr.
Lög um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33 26. apríl 1966.
a. 2. mgr. 37. gr. falli niður.
b. 41. gr., er felld var niður með 47. gr. laga nr. 75/1982, orðist svo:
Tilraun til brota á lögum þessum og hlutdeild í þeim er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

34. gr.
Lög um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní 1970.
Í 2. mgr. 97. gr. falli niður orðin „allt að 500.000 kr.".

35. gr.

Lög um náttúruvernd, nr. 47 16. apríl 1971.

Í stað orðanna „2.000 krónum“ í 3. mgr. 37. gr. komi: 10.000 krónum.

36. gr.

Búfjárræktarlög, nr. 31 24. apríl 1973.

1. málsl. 59. gr. orðist svo:

Sá er sekur verður um illa meðferð á skepnum skv. 58. gr. skal sæta sektum eða varðhaldi allt að sex mánuðum nema þyngri refsing liggi við að lögum.

37. gr.

Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 36 2. maí 1974.

Í stað orðanna „2.000 krónum“ í 2. mgr. 8. gr. komi: 10.000 krónum.

38. gr.

Lög um bátaábyrgðarfélög, nr. 18 23. apríl 1976.

Í 3. mgr. 7. gr. falli niður orðin „frá 1000–25.000 krónum“.

39. gr.

Lög um sauðfjárbaðanir, nr. 22 10. maí 1977.

10. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum, svo og reglugerðum og fyrirmælum samkvæmt þeim, varða sektum og fer um mál vegna þeirra að hætti opinberra mála.

40. gr.

Lög um manntal 31. janúar 1981, nr. 76 19. desember 1980.

Í 1. mgr. 10. gr. falli niður orðin „allt að 500 nýkrónum“.

41. gr.

Lög um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75 14. september 1981.

107. gr. breytist þannig:

a. Í 2. mgr. falli niður orðin „allt að 10.000 kr.“.
b. Í 3. mgr. falli niður orðin „allt að 5.000 kr.“.
c. Í 4. mgr. falli niður orðin „allt að 10.000 kr.“.
d. Í 7. mgr. falli niður orðin „allt að 10.000 kr.“.

42. gr.

Lög um ákvörðun fésekta, nr. 14 8. mars 1948, falli niður.

43. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 270. Frumvarp til laga [72. mál]

um brottfall laga og lagaákvæða.

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. des.)

Samhljóða þskj. 74 með þessari breytingu:

24. gr. hljóðar svo:

Lög er varða verslun.

1. Lög um að selja kornvörur og kol eftir vigt, nr. 29/1877.
2. Lög um að selja salt eftir vigt, nr. 37/1902.
3. Lög um sölu á eggjum eftir vigt, nr. 21/1912.
4. Lög um þyngd bakarabrauða, nr. 11/1917.

Nd. 271. Frumvarp til laga [91. mál]

um tímabundna lækkun tolls af bensíni.

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. des.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka toll á bensíni sem flokkast í tnr. 2710.0012 og 2710.0019 í viðauka 1 við tollalög nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, úr 50% í allt að 30%.

Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að ákveða að lækkun tolls skuli gilda vegna innflutnings frá 6. október 1990 og vegna birgða sem til voru í landinu á þeim tíma.

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað og skulu gilda til 28. febrúar 1991.

Nd. 272. Lög [35. mál]

um breyting á lögum nr. 17 3. apríl 1990, um ábyrgðadeild fiskeldislána.

(Afgreidd frá Nd. 11. des.)

Samhljóða þskj. 35.

Nd. 273. Lög [92. mál]

um ábyrgð gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum.

(Afgreidd frá Nd. 11. des.)

Samhljóða þskj. 179.

Ed. 274. Frumvarp til laga [214. mál]

um breyting á lánsfjárlögum fyrir árið 1990, nr. 116/1989.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Eftirfarandi breyting verði á 1. gr. laganna:

a. Í stað „6.625.000“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: 12.650.000.

b. Við bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Fjármálaráðherra er heimilt að endurlána Alþjóðaflugþjónustunni allt að 180.000 þús. kr. af þeirri fjárhæð sem um getur í 1. málsl. 2. mgr. þessarar greinar og Lánasjóði íslenskra námsmanna allt að 450.000 þús. kr. umfram það sem kveðið er á um í fjárlögum fyrir árið 1990.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs var í fjárlögum 1990 áætluð tæpir 9 milljarðar kr. Þar af var áformað að mæta 6,6 milljörðum með innlendri lánsfjáröflun og 2,4 milljörðum með erlendri lántöku. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs á yfirstandandi ári um 12,6 milljarðar kr. og verður henni mætt með 11,7 milljarða kr. innlendri lánsfjáröflun og 0,9 milljarða kr. erlendri lántöku. Þar við bætist að sótt er um heimild til útgáfu á spariskírteinum vegna uppgjörs á skuld ríkissjóðs við Útvegsbankann að fjárhæð 0,9 milljarða kr.

Innlend lánsfjáröflun verður samkvæmt þessu 6,0 milljörðum kr. hærri en heimild í lánsfjárlögum 1990 segir til um og er með frumvarpi þessu leitað eftir viðbótarheimild fyrir ríkissjóð til hennar.

Hækkun innlendrar lánsfjárþarfar ríkissjóðs á sér nokkrar skýringar. Í fyrsta lagi má ætla að halli á fjárlögum aukist um 1,4 milljarða króna. Fjárlög 1990 voru afgreidd með tæplega 3,7 milljarða kr. halla. Nú er hins vegar útlit fyrir að gjöld verði rúmir 5,1 milljarður kr. umfram tekjur. Heimilda til greiðslu gjalda umfram fjárlög var aflað með fjáraukalögum, nr. 72/1990, sem samþykkt voru á sl. vori og með fjáraukalögum sem lögð voru fram í byrjun haustþings og hafa nýlega verið samþykkt.

Í annan stað nam skammtímaskuld við Seðlabanka Íslands vegna halla á ríkissjóði á árinu 1989 um 2 milljörðum kr. Fjármögnun þessarar skuldar var ekki inni í lántökuheimild ríkissjóðs í lánsfjárlögum 1990. Samkvæmt lögum um Seðlabanka ber að greiða skuld ríkissjóðs við bankann fyrir lok marsmánaðar. Í ljósi mikillar sölu á ríkisvíxlum í byrjun árs var ákveðið að nota hluta andvirðis þeirra til þessa uppgjörs.

Í þriðja lagi eykst lánsfjárþörf um 450 m.kr. vegna aukinnar fjárþarfar Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Loks hefur verið ákveðið að nýta ekki heimild til erlendrar lántöku sem áætluð var til greiðslu erlendra afborgana en fjármagna þær í stað þess með innlendri lántöku.

Sþ. 275. Fyrirspurn [215. mál]

til forsætisráðherra um ferðakostnað þingmanna og embættismanna þingsins.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

Hver var ferðakostnaður hvers alþingismanns á vegum Alþingis vegna ferðalaga til útlanda árið 1989 og 1990 fram til 1. nóvember sl.?

Óskað er eftir svofelldri sundurliðun:

a. Hvað margar ferðir fór hver alþingismaður, hvert var farið og hvað lengi dvaldist hann samtals erlendis,
b. fargjöld,
c. samanlagður gisti- og fæðiskostnaður,
d. risna,
e. dagpeningagreiðslur, þar með talið álag á þær,
f. heildargreiðslur fyrir maka.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 276. Tillaga til þingsályktunar [216. mál]

um stofnræktun kartöfluútsæðis.

Flm.: Jón Helgason, Guðni Ágústsson, Valgerður Sverrisdóttir.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að koma nú þegar af stað stofnræktun kartöfluútsæðis sem fullnægt geti þörfum allra kartöfluframleiðenda.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur íslensk kartöfluframleiðsla reynst erfið. Það stafar m.a. af erfiðu tíðarfari sum árin, útbreiðslu sjúkdóma og skipulagsleysi við dreifingu og sölu á kartöflum. Það er grundvallaratriði fyrir íslenska kartöfluræktun að hér verði jafnan á boðstólum nægilegt magn á stofnræktuðu útsæði því að framleiðendur þurfa að skipta reglubundið um útsæði á fárra ára fresti. Alvarleg staða er nú komin upp þar sem hringrot hefur komið upp hjá nokkrum útsæðisræktendum í Eyjafirði en þaðan hefur mestur hluti stofnútsæðisins komið að undanförnu. Það er því brýnt að bregðast skjótt við og taka þessi mál föstum tökum.

Hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur verið lagður grunnur að heilbrigðum stofnum af afbrigðunum gullauga, Helgu og rauðum íslenskum, en ekki hefur verið hægt að fjölga þeim nægilega vegna skorts á fjármagni. Samkvæmt lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara eiga eignir þær, sem Grænmetisverslun landbúnaðarins átti, að ganga til þess að styrkja þessa starfsemi. Vegna þess hve mikill dráttur hefur orðið á að ganga frá uppgjöri þeirra mála þá hefur það ekki orðið enn. Hins vegar hefur komið fram hugmynd um að gjald það, sem innheimt hefur verið og ætlað er að standa undir kostnaði við kartöflumat, renni í sjóð í þessu skyni. Opinbert kartöflumat fer nú ekki fram

og því ekki lengur rök fyrir innheimtu á matsgjaldi. Jafnframt þessu þarf að fara fram val á ræktendum sem geta tekið að sér framhaldsstofnræktun á hinum nýju stofnum og þarf að vanda það mjög vel til þess að tryggja það eins og frekast er kostur að sjúkdómar berist ekki með hinu nýja útsæði.

Hér er um að ræða svo brýnt hagsmunamál íslenskrar kartöfluframleiðslu að óhjákvæmilegt er að hefjast þegar handa og gæti það orðið mikilvægur þáttur til að treysta aftur grundvöll þessarar mikilvægu búgreinar.

Ed. 277. Nefndarálit [82. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Samkvæmt venju hafa formenn allsherjarnefnda farið yfir fram komnar umsóknir ásamt ritara nefndanna og gert tillögu um hverjir skuli öðlast ríkisborgararétt.

Lagt er til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. des. 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Skúli Alexandersson.	Danfríður Skarphéðinsdóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.

Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 278. Breytingartillaga [82. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr. orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Baara, Rami Turki Abdallah, flugmaður, f. 13. janúar 1955 í Jórdaníu.
2. Barker, Guðmundur Ragnar Carter, sjúkraliði, f. 4. febrúar 1960 í Reykjavík.
3. Barker, Skúli Bruce, verkfræðingur, f. 16. febrúar 1964 í Reykjavík.
4. Blanco, Susana Nelly, iðnverkakona, f. 17. júlí 1958 í Argentínu.
5. Bolon, Jocelyn Consulta, verkakona, f. 10. mars 1954 á Filippseyjum.
6. Brandt, Davíð Hermann, nemi, f. 17. apríl 1972 í Bandaríkjunum.
7. Brattberg, Reine Nancy Margareta, húsmóðir, f. 23. ágúst 1941 í Svíþjóð.
8. Cabaluna, Thelma Mata, verkakona, f. 1. febrúar 1963 á Filippseyjum.
9. Couch, Kristín, húsmóðir, f. 22. júlí 1965 í Reykjavík.
10. Dahlke, Rose Dietlind, húsmóðir, f. 10. febrúar 1938 í Þýskalandi.
11. Datye, Surekka Shreekrishna, húsmóðir, f. 6. september 1956 á Indlandi.
12. Dentchev, Dian Vasilev, íþróttakennari, f. 4. mars 1957 í Búlgaríu.
13. Ege, Kari Ósk, barn, f. 16. janúar 1981 í Reykjavík.

14. Ehrat, Walter, nemi, f. 2. janúar 1966 í Sviss.
15. Ehrat, Walter Oskar, bóndi, f. 7. febrúar 1935 í Sviss.
16. Frewer, Martin Eliot, fiðluleikari, f. 10. desember 1960 í Englandi.
17. Harles, Elísabet, nemi, f. 10. júlí 1973 í Lúxemborg.
18. Hasan, Samir Amin Mohamad, framkvæmdastjóri, f. 26. september 1951 í Svíþjóð.
19. Heenen, Francois Jean Jacques Roger, nemi, f. 24. janúar 1957 í Belgíu.
20. Hounslow, Thomas John William, bifreiðasmiður, f. 10. nóvember 1943 í Englandi.
21. Ivosevic, Filip, sjómaður, f. 19. júní 1949 í Júgóslavíu.
22. Jaroz, Didier Stanisles, verkamaður, f. 4. maí 1952 í Frakklandi.
23. Jensen, Þorvaldur Flemming, skrifstofumaður, f. 6. janúar 1967 í Reykjavík.
24. Joensen, Amanda Sunneva, húsmóðir, f. 17. apríl 1966 í Vestmannaeyjum.
25. Joensen, Kristi Sóley, verkakona, f. 3. maí 1964 í Færeyjum.
26. Kelley, Donald Martin, skipasmiður, f. 21. febrúar 1942 í Bandaríkjunum.
27. Kojic, Helena Dóra, skrifstofumaður, f. 27. maí 1957 í Reykjavík.
28. Kuran, Szymon, tónlistarmaður, f. 16. desember 1955 í Póllandi.
29. Marshall, Chandis Þór, verkamaður, f. 3. desember 1969 í Kanada.
30. Marshall, George Chandice, rafeindavirki, f. 18. september 1940 í Kanada.
31. Marshall, George Stefán, nemi, f. 5. ágúst 1972 í Kanada.
32. Mateus, Mario José Delgado, verkamaður, f. 15. apríl 1954 í Kólumbíu.
33. Mellado Campos, José Antonio, veitingamaður, f. 26. febrúar 1954 á Spáni.
34. Munoz Mompel, Victor Manuel, iðnverkamaður, f. 20. október 1950 á Spáni.
35. Paraiso, Gloria, húsmóðir, f. 1. nóvember 1952 á Filippseyjum.
36. Paran, Emely Unabia, iðnverkakona, f. 11. september 1968 á Filippseyjum.
37. Patriarca, Wilfredo Septimo, verkamaður, f. 24. júlí 1964 á Filippseyjum.
38. Phumipraman, Nualjan, verkakona, f. 28. október 1963 í Tælandi.
39. Prigge, Rita, húsmóðir, f. 9. ágúst 1938 í Þýskalandi.
40. Reyes, Arlene Velos, verkakona, f. 28. nóvember 1963 á Filippseyjum.
41. Rissakorn, Rinda, húsmóðir, f. 15. mars 1955 í Tælandi.
42. Rzepnicka, Teresa, verkakona, f. 17. júlí 1958 í Póllandi.
43. Samper, Jökull Þorri, framreiðslumaður, f. 25. október 1971 í Reykjavík.
44. Secong, Eleanor Amate, verkakona, f. 7. maí 1950 á Filippseyjum.
45. Shimmyo, Daniel Yoshio, nemi, f. 18. september 1971 á Seyðisfirði.
46. Solbakken, Gunnar Ludvig, verkamaður, f. 22. júlí 1942 í Noregi.
47. Susan Ann Björnsdóttir, tækniteiknari, f. 21. mars 1955 í Englandi.
48. van der Valk, Theodora Josephine, leiðsögumaður, f. 30. október 1931 í Hollandi.
49. Vilhjálmur Árnason, nemi, f. 22. janúar 1969 í Vestmannaeyjum.
50. Weber, Barbara Piekut, húsmóðir, f. 27. október 1961 í Póllandi.
51. Witt, Sigurður Sverrir, skrifstofumaður, f. 24. apríl 1965 í Bandaríkjunum.
52. Yaghi, Hassan Hassan, starfsmannastjóri, f. 20. nóvember 1960 í Líbanon.
53. Överby, Bernharð, sjómaður, f. 4. júlí 1945 í Reykjavík.

Nd. 279. Frumvarp til laga [217. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Jón Sæmundur Sigurjónsson.

1. gr.

Við 8. tölul. 3. mgr. 2. gr. laganna bætist svohljóðandi málsliður: sala og útleiga veiðiréttar er þó skattskyld.

Greinargerð.

Leitast hefur verið við með setningu laga um virðisaukaskatt að komast af með sem fæstar undantekningar frá skattskyldu. Þessi viðleitni hefur valdið nokkru fjaðrafoki í þjóðfélaginu þegar vörur og þjónusta sem áður voru undanþegnar í gamla söluskattskerfinu urðu skyndilega skattskyldar. Er skemmst að minnast deilna um svokallaðan matarskatt, sem enginn var, þar eð mikilvægustu matvælin voru greidd niður um það sem munaði skattinum.

Jafnmiklum deilum og jafnframt undrun hafa svo þau atriði valdið sem af einhverjum ástæðum hafa sloppið við þessa skattskyldu. Eitt þessara atriða eru veiðileyfi hvers konar, en skattfrelsi þeirra virðist vart hægt að styðja með neinum skynsamlegum rökum miðað við fjölmarga hluti hins daglega lífs sem hinn venjulegi borgari þessa lands getur ekki veitt sér nema greiða af þeim virðisaukaskatt. Það er því alveg einsýnt að þeir sem ótilneyddir verða sér úti um laxveiði-, silungsveiði- eða fuglaveiðileyfi sér til ánægju geti líkt og aðrir lagt eitthvað til samneyslunnar. Verðlagning slíkra veiðileyfa virðist oftast nær heldur ekki vera í neinu samræmi við þann tilkostnað sem lagt er í af veiðisölumönnum, þannig að þessi skattlagning ætti að færa ríkissjóði nokkrar tekjur.

Það er hins vegar ljóst að með þessu frumvarpi er ekki lagt til að keypt eða útleigð aflahlutdeild fiskiskipa verði skattskyld. Þetta atriði er nánar rökstutt í bréfi ríkisskattstjóra sem lagt er hér fram sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Ríkisskattstjóri:

Virðisaukaskattur — aflahlutdeild fiskiskipa.

(6. nóv. 1990.)

Með bréfi yðar, dags. 28. júní 1990, óskið þér eftir áliti ríkisskattstjóra á því hvort viðskipti með aflahlutdeild (aflakvóta) í sjávarútvegi séu skattskyld samkvæmt lögum um virðisaukaskatt. Segir í bréfinu að um geti verið að ræða sölu á aflakvóta sem veiða á innan ársins og einnig sölu á aflakvóta til frambúðar.

Til svars erindinu skal tekið fram að skattskylda samkvæmt lögum um virðisaukaskatt nær til hvers konar vöru og verðmæta, svo og vinnu og þjónustu, hverju nafni sem

nefnist, nema hún sé undanþegin skv. 3. mgr. 2. gr. laganna. Framsal óefnislegra réttinda er meðal þeirra viðskipta sem skattskyld eru talin samkvæmt þessum meginreglum. Gildir það að áliti ríkisskattstjóra m.a. um sölu eða leigu á aflahlutdeild samkvæmt lögum nr. 3/1988 og 38/1990, og skiptir ekki máli þótt réttindi þessi séu að stofni til leyfi veitt af hinu opinbera.

Löggjöf um stjórn fiskveiða byggir á því að veiðiheimildir samkvæmt lögunum eru réttindi sem bundin skulu ákveðnu skipi. Þannig er meginregla að aflakvóti fiskiskips fylgir við eigendaskipti þess, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 3/1988 og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1990. Heimilt er með vissum takmörkunum að selja veiðikvóta sérstaklega, sbr. 13. gr. laga nr. 3/1988 og 6. mgr. 11. gr. og 12. gr. laga nr. 38/1990, en einnig í þeim tilvikum ber alltaf að tengja þessi réttindi við ákveðin skip.

Samkvæmt 6. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt er sala og útleiga skipa undanþegin skattskyldri veltu. Ríkisskattstjóri túlkar lagaákvæði þetta þannig að það taki til aflahlutdeildar sem seld er með skipi eða leigð með skipi.

Lagarök þykja standa til þess að sama gildi um það tilvik þegar aflakvóti er seldur eða leigður sérstaklega, hvort sem það er um lengri eða skemmri tíma. Ljóst er að aflahlutdeild samkvæmt löggjöf um stjórn fiskveiða er í ýmsum tilvikum aðalverðmæti fiskiskips og skip er nánast verðlaust sem atvinnutæki til fiskveiða þegar það er án veiðiheimilda. Tilgangur viðskipta með fiskiskip er og oft sá að flytja aflakvóta milli aðila. Eins og áður sagði skulu veiðiréttindi þó ávallt tengd ákveðnu skipi.

Samkvæmt framansögðu ber að áliti ríkisskattstjóra ekki að reikna útskatt á sölu eða leigu aflakvóta, hvort sem hann seldur eða leigður sérstaklega um lengri eða skemmri tíma eða seldur eða leigður með skipi.

Virðingarfyllst,
f.h. ríkisskattstjóra

Ólafur Ólafsson.

Nd. 280. Frumvarp til laga [218. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Flm.: Jón Sæmundur Sigurjónsson.

1. gr.

Við 5. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 90/1987, bætist nýr málsliður svohljóðandi: Námsmenn við framhaldsskóla, sem lögheimili eiga á stöðum þar sem engir slíkir skólar eru fyrir hendi og hafa ekki nýtt persónuafslátt sinn að fullu við upphaf haustmissiris, eiga rétt á aukaskattkorti frá skattstjóra til ráðstöfunar fyrir foreldri eða viðurkenndan fjárhaldsmann þar sem tilgreindur er sá persónuafsláttur sem fyrirsjáanlegt er að námsmaðurinn nýtir ekki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um staðgreiðslu opinberra gjalda gera ráð fyrir því að launamaður, sem stundar nám í a.m.k. sex mánuði á ári en er í launuðu starfi yfir sumarmánuðina, geti sótt um að fá námsmannaskattkort hjá ríkisskattstjóra sem beri hærri mánaðarlegan persónuafslátt en aðalskattkort. Námsmaður við viðurkennda framhaldsskóla hefur þannig tvö skattkort til afnota fyrir mánuðina júní, júlí og ágúst.

Nú þarf námsmaðurinn að hafa tiltölulega góð laun þessa þrjá mánuði til að fullnýta persónuafslátt sinn sem er einnig leið til að fjármagna námið. Fullvíst má telja að í fæstum tilvikum séu laun námsmanna þennan stutta tíma það góð að þau endist til framfærslu allt skólaárið. Aðstoð þarf því í flestum tilvikum að koma til frá foreldrum eða fjárhaldsmönnum. Framhaldsskólanemendur njóta ekki námslána fyrr en á háskólastigi.

Í eldri skattalögum nutu foreldrar og fjárhaldsmenn afsláttar vegna námskostnaðar barna sinna í framhaldsskólum. Í núgildandi lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda er ekki gert ráð fyrir slíku, en þó er gefinn kostur á persónuafslætti námsmannsins sem oftast er sýnd veiði en ekki gefin.

Sérstakan kostnað umfram aðra hafa nemendur í framhaldsskólum og foreldrar þeirra þegar sækja þarf skóla í önnur byggðarlög. Það felst veruleg mismunun í því fyrir margt landsbyggðarfólk að geta ekki veitt börnum sínum fæði og húsnæði í heimahúsum meðan á framhaldsskólagöngu stendur, heldur verða að senda þau um langan veg með ærnum tilkostnaði.

Þessu frumvarpi er ætlað að bæta úr þessum aðstöðumun til menntunar í landinu þannig að landsbyggðarfólki, sem ekki býr á framhaldsskólastöðum, gefist kostur á að fullnýta þann persónuafslátt námsmanna sem skattalögin hvort eð er bjóða upp á.

Samkvæmt 1. gr. þessa frumvarps eiga námsmenn í framhaldsskólum, sem sjaldnast eru í hjónabandi eða í sambúð, sama rétt og makar og fólk í sambúð til að framvísa skattkortum sínum til ráðstöfunar, í þessu tilfelli til foreldra eða fjárhaldsmanns. Þessi réttarbót er ætluð til að jafna aðstöðumun til menntunar og er því bundin við lögheimili fjarri framhaldsskólum.

Nd. 281. Frumvarp til laga [219. mál]

um breyting á lögum nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

6. gr. laganna falli niður.

2. gr.

2. og 3. mgr. 10. gr. falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í þessu frumvarpi er lagt til að fjármálaráðuneytið og Fjárlaga- og hagsýslustofnun verði sameinuð. Samkvæmt núgildandi lögum um Stjórnarráð Íslands er Fjárlaga- og hagsýslustofnun sjálfstæð stjórnardeild innan fjármálaráðuneytisins sem lýtur stjórn hagsýslustjóra. Miklar breytingar hafa orðið frá því að gildandi stjórnarráðslög voru samþykkt. Þrískipting fjármálaráðuneytisins undir stjórn þriggja jafnsettra manna, þ.e. ráðuneytisstjóra, hagsýslustjóra og ríkisendurskoðanda var breytt eins og kunnugt er með lögum nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun; þar sem ákveðið var að starfsemi Ríkisendurskoðunar færðist frá fjármálaráðuneytinu til Alþingis.

Samkvæmt 5. mgr. 10. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, er forsætisráðherra heimilt að kveða á um að ráðuneytisstjóri veiti fleiri en einu ráðuneyti forstöðu og að fleiri en eitt ráðuneyti hafi eftir því sem við verður komið sameiginlegt starfslið og húsnæði. Með bréfi, dags. 1. febrúar 1990, heimilaði forsætisráðherra að hagsýslustjóra yrði jafnframt embætti sínu falið að gegna starfi ráðuneytisstjóra í hinu almenna fjármálaráðuneyti og að vinna að sameiningu fjármálaráðuneytisins og Fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Ástæða þessarar sameiningar eru breyttar aðstæður og sú skoðun að með henni náist fram hagræðing í rekstri ráðuneytisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að sérákvæði um Fjárlaga- og hagsýslustofnun og Ríkisendurskoðun verði felld niður. Eins og kunnugt er var með lögum nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun, gerð áþekk breyting er tók til stöðu þeirrar stofnunar.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að ákvæði, sem fjalla um ríkisendurskoðanda og hagsýslustjóra, verði felld niður.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 282. Tillaga til þingsályktunar [220. mál]

um eflingu Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðisins sem miðstöðvar fræðslu og rannsókna á sviði sjávarútvegs.

Flm.: Björn Valur Gíslason.

Alþingi ályktar að á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu skuli byggja upp miðstöð fræðslu og rannsókna á sviði sjávarútvegs.

Alþingi felur því ríkisstjórninni að láta gera tímasetta áætlun sem miði að uppbyggingu sjávarútvegsbrautar Háskólans á Akureyri og sjávarútvegsbrautarinnar á Dalvík og eflingu hvers kyns rannsóknar- og þróunarstarfsemi á svæðinu.

Greinargerð.

Fiskveiðar og vinnsla hafa lengi verið ein mikilvægasta undirstaða atvinnulífs við

Eyjafjörð líkt og annars staðar í landinu. Hvergi hefur þó vöxtur sjávarútvegsfyrirtækja orðið meiri á síðustu árum en á þessu svæði, þrátt fyrir að ástand sjávar út af Norðurlandi hafi verið mjög óhagstætt um árabil. Fjölbreytt útgerð báta og skipa af ýmsum stærðum hefur treyst útgerðina við Eyjafjörð og stuðlað að meiri fjölbreytni og sérhæfingu fiskvinnslufyrirtækja en víðast hvar annars staðar þekkist.

Frá Eyjafirði er gerður út öflugur togarafloti sem telur yfir 20 skip og hefur vaxið ört á undanförnum árum. Einnig er gerður þaðan út stór floti nóta- og rækjuskipa auk mikils fjölda annarra báta. Sameiginlega hefur þessi floti allur náð að skapa mikla fjölbreytni í vinnslu sjávarafurða á Eyjafjarðarsvæðinu.

Í kjölfar þess stíganda, sem hefur verið í útgerð og fiskvinnslu í Eyjafirði, hefur komið ýmis þjónusta tengd sjávarútveginum beint eða óbeint. Öflug þjónustufyrirtæki hafa náð að skjóta þar rótum og hafa flest hver náð að festa sig í sessi. Þekktasta þjónustufyrirtæki sjávarútvegsins í Eyjafirði er auðvitað Slippstöðin hf. á Akureyri sem í áratugi hefur verið leiðandi í skipasmíðum hér á landi auk þess að sjá um viðhald og endurbætur á stærsta hluta stórskipaflota landsins. Einnig skulu nefnd fyrirtækin Sæplast hf. og Fiskmiðlun Norðurlands hf. sem hvort um sig hafa skapað sér nafn í þjónustu við sjávarútveginn. Öll þessi fyrirtæki auk margra ónefndra hafa náð að festa sig í sessi og eru viðurkennd hér heima og erlendis og njóta virðingar sem fyrirtæki með mikla þekkingu á fiskveiðum og vinnslu.

Fyrir nokkrum árum hófst kennsla við skipstjórnarnám á Dalvík. Í fyrstunni var aðeins um námskeiðahald og undirbúningskennslu fyrir frekara nám annars staðar að ræða. Nú er hins vegar um fulla kennslu að ræða fyrir þá sem vilja læra til skipsstjórnar á fiskiskipum. Nú eru 30 nemendur við stýrimannaskólann á Dalvík og hefur aðsókn að skólanum aukist jafnt og þétt síðustu árin.

Fiskvinnsluskóli er einnig nýtekinn til starfa á Dalvík og er eini skólinn sinnar tegundar utan Reykjavíkursvæðisins. Skólinn hefur á þeim stutta tíma sem hann hefur starfað sýnt það og sannað að löngu var orðið tímabært að bjóða upp á nám við fiskvinnslu á landsbyggðinni. Kennt er á öllum stigum fiskvinnslunáms við skólann og verða fyrstu fullnuma nemendurnir útskrifaðir næsta vor.

Nýhafin er kennsla við Háskólann á Akureyri í sjávarútvegsfræðum og eru miklar vonir bundnar við þessa deild háskólans meðal þeirra sem starfa við sjávarútveginn í landinu. Markmið sjávarútvegsdeildar Háskólans á Akureyri er að mennta einstaklinga í öllum undirstöðuatriðum íslensks sjávarútvegs og þjálfa þá í beitingu faglegra vinnubragða við stefnumörkun, ákvarðanatöku og stjórnun í greininni. Er þetta í fyrsta sinn sem kennsla í sjávarútvegsfræðum fer fram hér á landi.

Jafnframt er nú verið að opna útibú Hafrannsóknastofnunar á Akureyri auk þess sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er þar fyrir. Ljóst er að samstarf þessara stofnana, og annarra ókominna fyrirtækja í sjávarútvegi, verður í framtíðinni að vera mjög náið. Þess vegna er mjög áríðandi að efla rannsóknastofnanir sjávarútvegsins í Eyjafirði og beina áframhaldandi uppbyggingu slíkra stofnana á þetta svæði.

Eins og hér hefur komið fram er fjölbreytt atvinnulíf í sjávarútvegi við Eyjafjörð og töluvert um nýjungar á mörgum sviðum varðandi þessa atvinnugrein. Það hlýtur því að vera freistandi fyrir stjórnvöld sem á annað borð kenna sig við byggðastefnu að vera af fullum krafti með í þessari uppbyggingu og nýta sér alla þá reynslu og þekkingu sem fyrir er á þessu svæði í sjávarútvegi.

Það er að mínu mati þjóðhagslega mikilvægt að gott samstarf sé á milli stofnana rík-

isins á sviði sjávarútvegs og fyrirtækja í greininni. Þetta er ekki síst mikilvægt nú í þeirri umræðu sem er um Ísland og Evrópubandalagið. Þess vegna er okkur nauðsynlegt að nýta okkur þá þekkingu og reynslu sem til er í landinu á þáttum sjávarútvegsins svo að við náum að venjast ásókn erlendra þjóða í þessa atvinnugrein og standast harðnandi samkeppni.

Þessi tillaga felur það í sér að á Akureyri og í Eyjafirði verði í framtíðinni höfuðstöðvar fræðslu og rannsókna á sviði sjávarútvegs og framtíðaruppbygging á vegum ríkisins hvað þetta varðar fari hér eftir fram í Eyjafirði. Það er mjög mikilvægt að slík miðstöð sjávarútvegsins verði byggð upp þar sem þekking og reynsla er til og allar ytri aðstæður sem með þarf eru fyrir hendi.

Því er lagt til að ríkisstjórnin geri nú sem fyrst áætlun um uppbyggingu á slíkri miðstöð sjávarútvegsins í Eyjafirði og verði sú áætlun lögð fyrri Alþingi fyrir lok þessa kjörtímabils.

Fylgiskjal I.

Háskólinn á Akureyri:

Sjávarútvegsdeild.

Kennsla í sjávarútvegsfræði hefst í sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri í janúar 1990.

Markmið.

Markmið náms í sjávarútvegsfræði er að mennta einstaklinga í öllum undirstöðuatriðum íslensks sjávarútvegs og þjálfa þá í beitingu faglegra vinnubragða við stefnumörkun, ákvarðanatöku og stjórnun í greininni.

Inntökuskilyrði.

Inntökuskilyrði í sjávarútvegsdeild eru stúdentspróf og minnst eins árs starfsreynsla í sjávarútvegi. Umsækjendur með langa starfsreynslu, en aðra menntun en stúdentspróf, eiga þó kost á inngöngu. Slíkar umsóknir verða metnar sérstaklega í hvert sinn.

Námið.

Sjávarútvegsfræðin verður til að byrja með 144 námseiningar, hver eining telst ein vinnuvika. Námsárið skiptist í tvær annir 3. janúar – 20. maí og 15. ágúst – 20. desember.

Sjávarútvegsfræðin er þverfaglegt nám sem skiptist í fimm meginhluta:

Líffræði/fiskifræði.

Efnafræði/matvælafræði.

Rekstrarhagfræði/fiskihagfræði.

Tæknigreinar.

Félags- og skipulagsmál sjávarútvegs.

Efnafræðihluti.

Efnafræðihlutinn byrjar með almennri efnafræði. Síðan taka við lífræn- og lífefnafræði, þá örverufræði og loks efnafræði fiska. Námið er byggt upp frá undirstöðu efnafræðinnar og endar á matvælafræði. Markmið efnafræðigreina er að byggja upp þekk-

ingu á nútíma matvælaiðnaði með fisk í aðalhlutverki. Starfsemi efnafræðihlutans mun verða tengd Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Rannsóknastofur fyrir kennslu og vinnuaðstöðu starfsmanna verða í viðbyggingu við núverandi húsnæði Háskólans á Akureyri.

Viðskipta- og hagfræðigreinar.

Markmið viðskipta- og hagfræðigreina er að kenna meðferð fjármuna, rekstur fyrirtækja, markaðssetningu og hagkvæmni í nýtingu auðlinda (fiskstofna).

Félags- og skipulagsgreinar.

Markmið kennslu í félags- og skipulagsgreinum er að upplýsa nemendur um innra skipulag sjávarútvegsins og hlutverk sjávarútvegsins í samfélaginu. Einnig verða kenndar nútímaaðferðir við stjórnun og samskipti.

Tæknigreinar.

Kennd verða undirstöðuatriði í skipatækni, veiðitækni og vinnslutækni. Markmið kennslunnar er að nemendur verði færir um að leggja hlutlægt mat á mismunandi tæknilegar lausnir fyrir sjávarútveginn.

Líffræði/fiskifræði.

Kennd verður sjávarvistfræði og líffræði. Náminu lýkur með fiskifræði þar sem megináhersla verður lögð á stofnstærðarreikninga og nýtingu fiskstofna. Gert er ráð fyrir verulegu samstarfi við Hafrannsóknastofnun í þessum greinum, stór hluti kennslunnar verður keyptur sem stundakennsla þaðan.

Námsgreinar skiptast á annir sem hér segir:

1. ár. Vorönn: stærðfræði, tölfræði, tölvufræði, sjávarútvegskynning.
   Haustönn: efnafræði, lífræn– og lífefnafræði, reikningshald.
2. ár. Vorönn: örverufræði, rekstrarhagfræði, sjávarlíffræði.
   Haustönn: skipatækni, efnafræði fiska, skipulag sjávarútvegs, samskiptatækni.
3. ár. Vorönn: fiskifræði, framleiðslutækni, fjármál og fjárfesting.
   Haustönn: markaðsfræði, stjórnun og samskipti, veiðitækni, opinber stjórn sýsla.
4. ár. Vorönn: fiskihagfræði, félagsfræði sjávarútvegs, rekstur fyrirtækja.
   Haustönn: sjálfvalið lokaverkefni.

Fylgiskjal II.

Um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Úr lögum nr. 112/1984. — 5. og 6. gr. III. kafla.

Eftirtalin stig skipstjórnarnáms við Stýrimannaskólann í Reykjavík, Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum og sjávarútvegsbrautina á Dalvík eru grundvöllur atvinnuréttinda stýrimanna sem hér segir:

I. Á fiskiskipum:
   1. 1. stig: 200 rúmlesta skip og minni í innanlandssiglingum.
   2. 2. stig: Ótakmörkuð stærð og farsvið ótakmarkað.

II. Á flutningaskipum, farþegaskipum og varðskipum:
   1. 2. stig: 1. 400 rúmlesta skip og minni, farsvið ótakmarkað.
      2. Undirstýrimaður á skipum af ótakmarkaðri stærð, farsvið ótakmarkað.
   2. 3. stig: Ótakmörkuð stærð og farsvið ótakmarkað.

III. Á öðrum skipum:
   1. 1. stig: 200 rúmlesta skip og minni í innanlandssiglingum.
   2. 2. stig: 400 rúmlesta skip og minni og farsvið ótakmarkað.
   3. 3. stig: Ótakmörkuð stærð og farsvið ótakmarkað.

Atvinnuréttindi stýrimanna eru bundin eftirfarandi skilyrðum um siglingatíma:

Siglingatími telst sá tími er stýrimannsefni starfar á skipi sem er í förum og þar sem viðkomandi fær undirstöðuþekkingu í störfum á þilfari og í brú, stjórn manna og forsjá. Af siglingatíma verður stýrimannsefni að hafa gengið sjóvaktir a.m.k. 6 mánuði í brú undir umsjón skipstjórnarmanns.

Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða útlendri, eða vottorði frá lögskráningarstjóra. Ef skip er lagt upp án þess að lögskráð sé úr skipsrúmi, skal þess getið í sjóferðabók. Liggi skip um kyrrt með þessum hætti lengur en lögskráningartími hlutaðeigandi stýrimannsefnis, skal sá sem umfram er, eigi reiknast til siglingatíma.

Af óskilgreindum siglingatíma mega 6 mánuðir vera við önnur störf en skipstjóra-, stýrimanns- eða hásetastörf. Heimilt er einnig að meta eftirfarandi nám eða starf til óskilgreinds siglingatíma: Eins vetrar nám í sjómannafræðum framhaldsskóla, skv. námsskrá menntamálaráðuneytisins, jafngildi *siglingatíma í 3 mánuði*. Tveggja mánaða starf á viðurkenndu veiðarfæraverkstæði og tengd störf jafngilda eins mánaða siglingatíma á fiskiskipi. Nám í verklegri sjómennsku, nýrri verktækni og notkun öryggis- og björgunarbúnaðar á námskeiðum eða í farskóla, sem Slysavarnarfélag Íslands eða samtök sjómanna og útgerðarmanna beita sér fyrir, má meta sem þrefaldan siglingatíma þó aldrei meira en einn mánuð. *Ofangreind störf og/eða nám skulu þó aldrei metin til lengri siglingatíma en 6 mánaða í heildarsiglingatíma stýrimannsefnis.* Óskilgreindur siglingatími, sem stýrimannsefni ávinnur sér við störf í landi, skal staðfestur af tveimur trúverðugum mönnum.

Skip í förum er skip sem siglir utan hafna, fljóta og vatna.

I. Á fiskiskipum:
   a. Réttindi í innanlandssiglingum á 200 rúmlesta skipum:
      24 mánuðir og af þeim tíma a.m.k. 12 mánuði háseti á fiskiskipi sem er yfir 30 rúmlestir að stærð. Heimilt er að af þessum tíma séu 6 mánuðir á trillu sem er undir 12 rúmlestum að stærð og sé það vottað af tveimur trúverðum mönnum.
   b. Ótakmörkuð réttindi:
      27 mánuðir og af þeim tíma a.m.k. 12 mánuði háseti á fiskiskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð eða hafa réttindi til að vera stýrimaður á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi og að auki a.m.k. 6 mánuði háseti á fiskiskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.

II. Á flutningaskipum, farþegaskipum og varðskipum:
   a. 1. Réttindi á 400 rúmlesta skipum:
      36 mánuðir og af þeim tíma a.m.k. 18 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð eða hafa réttindi sem

stýrimaður á fiskiskipi sem er yfir 200 rúmlestir að stærð og að auki a.m.k. 9 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir.

2. Ótakmörkuð undirstýrimannsréttindi:
27 mánuðir og af þeim tíma a.m.k. 15 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð eða hafa réttindi sem stýrimaður á fiskiskipi sem er yfir 200 rúmlestir að stærð og að auki a.m.k. 6 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.

b. Ótakmörkuð réttindi:
36 mánuði og af þeim tíma a.m.k. 18 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð eða hafa réttindi til að vera stýrimaður á fiskiskipi sem er yfir 200 rúmlestir að stærð og auk þess a.m.k. 12 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.

III. Á öðrum skipum:

a. Réttindi í innanlandssiglingum á 200 rúmlesta skipum:
24 mánuðir og af þeim tíma a.m.k. 12 mánuði háseti á skipi yfir 30 rúmlestir að stærð.

b. Réttindi á 400 rúmlesta skipum og ótakmörkuð undirstýrimannsréttindi:
27 mánuðir og af þeim tíma a.m.k. 12 mánuði háseti á skipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.

c. Ótakmörkuð réttindi:
36 mánuðir og af þeim tíma a.m.k. 18 mánuðir háseti á skipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.

Ath.: Með væntanlegri aðild að alþjóðasamþykkt um menntun, þjálfun, skilríki og vaktstöðu sjómanna (STCW — 1978) má búast við breytingu á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna til samræmis við þessa samþykkt.

Skipstjórnarnámið veiti þá eftirtalin réttindi til yfir- og undirstýrimanna:

1. stigið: Til *innanlandssiglinga* á fiskiskip og önnur skip sem eru 200 rúmlestir eða minni.

2. stigið: 1. Réttindi *yfir- og undirstýrimanna* á *fiskiskip* af hvaða stærð sem er og farsvið ótakmarkað.

2. Réttindi *yfirstýrimanns* á *farskip og önnur skip* 200 rúmlestir og minni í *innanlandssiglingum.*

3. Réttindi *yfirstýrimanns* á farskip og sérhæfð skip af hvaða stærð sem er og farsvið ótakmarkað.

Önnur skip er samkvæmt lögum um atvinnuréttindi hvert það skip sem skrásett er til verkefna annarra en fiskiskip, flutningaskip, farþegaskip og varðskip eru skráð undir.

Réttindi skipstjóra eru óbreytt, en samkvæmt STCW-samþykktinni á yfirstýrimaður að geta tekið að sér ábyrgð skipstjóra hvenær sem þurfa þykir.

Menntun yfirmanns og skipstjóra verður því að vera hin sama til réttinda á mismunandi gerðir skipa.

Fylgiskjal III.

Almennar upplýsingar um fiskvinnsludeild.

Hlutverk fiskvinnsludeildarinnar er að veita fræðslu í vinnslu sjávarafla. Námið er sniðið að mestu eftir Fiskvinnsluskólanum í Hafnarfirði og útskrifar fiskiðnaðarmenn. Kennsla deildarinnar miðar að því að fiskiðnaðarmenn hafi öðlast nægilega undirstöðuþekkingu, bóklega og verklega, til þess að geta annast almenna verkstjórn, gæðaflokkun, einfalda vinnuhagræðingu og stjórnun. Náminu er skipt í bóklegt og verklegt skólanám og starfsþjálfun á vinnustöðum.

Til að öðlast starfsréttindi sem fiskiðnaðarmaður skal nemandi hafa staðist próf upp úr fiskvinnsludeildinni og auk þess hafa lokið 36 vikna skipulagðri starfsþjálfun á vinnustöðum frá því að hann innritaðist í skólann.

Inntökuskilyrði.

1. Nemandi sem lokið hefur námi í grunnskóla eða hlotið aðra jafngilda menntun hefur rétt til að hefja nám í fiskvinnsludeildinni.
2. Nemendur sem hefja nám á 3. önn skulu hafa lokið átta vikna starfsþjálfun hjá viðurkenndum fiskvinnslufyrirtækjum. Þó skal tekið fram að æskilegra er að nemandi hafi starfað mun lengur við fiskvinnslu.

Fylgiskjal IV.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

Markmið Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins eru:

— að afla þekkingar sem fiskiðnaður og tengdar greinar matvælaiðnaðar geta hagnýtt,
— að hafa með höndum fræðslu og upplýsingamiðlun um nýjungar í fiskiðnaði,
— að veita fiskiðnaðinum virka og skjóta sérfræðiþjónustu í hæsta gæðaflokki,
— að efla traust á íslenskum sjávarafurðum með rannsóknum.

Leiðir:

Rannsóknir.

— Stofnunin stundar hverjar þær rannsóknir, sem falla að faglegum grunni hennar, og efla það starf sem henni er ætlað.
— Við val á rannsóknaverkefnum er miðað við að niðurstöður geti fyrirsjáanlega orðið hagnýtar og gefið arð.
— Rannsóknir fyrir eða í samvinnu við aðila fiskiðnaðarins njóta að öðru jöfnu forgangs, enda kemur slíkt samstarf niðurstöðum best til skila.

Þjónusta.

— Stofnunin sinnir lögboðnu eftirliti og mælingum, sem henni er falið, svo og öðrum opinberum skyldum.
— Áhersla er lögð á hagkvæma, skjóta og góða þjónustu í samræmi við þarfir notenda án þess að fórna faglegum skyldum.

Kynning og fræðsla.
— Stofnunin stundar kynningar- og fræðslustarf um þá þætti sem ákvarða gæði, geymsluþol og vinnslu sjávarafla.
— Verkefni, sem unnið er að hverju sinni, eru kynnt með áherslu á árangur og tækifæri fyrir íslenskt atvinnulíf.
— Námskeið um sérhæfð efni eru haldin á vegum stofnunarinnar. Auk þess leggur stofnunin til kennsluaðstöðu í matvælafræðum og skyldum greinum.

Fagleg þekking.
— Með verkefnavali og mannaráðningum byggir stofnunin upp þekkingargrunn á sérstökum áherslusviðum sem mikilvæg eru fyrir framþróun fiskiðnaðarins á hverjum tíma.
— Stofnunin veitir starfsmönnum sínum sem víðtækasta reynslu og þekkingu með virkri verkefnastjórnun og sérmenntun.
— Stofnunin vinnur sem heild að lausn verkefna og starfsmenn miðla hver öðrum af þekkingu sinni.

Gæði rannsókna og þjónustumælinga.
— Lögð er áhersla á að rannsóknir stofnunarinnar standist alþjóðlegar kröfur og niðurstöður séu hæfar til birtingar í viðurkenndum fagtímaritum.
— Allar mælingar stofnunarinnar skulu gerðar samkvæmt alþjóðlega viðurkenndum aðferðum, eða aðferðum sem stofnunin hefur sannreynt, og framkvæmdar í tækjabúnaði sem sannarlega má treysta.

Sþ. 283. Fyrirspurn [221. mál]

til dómsmálaráðherra um réttarstöðu barna sem getin eru við tæknifrjóvgun.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Hvað líður störfum nefndar sem skipuð var 28. júlí 1986 samkvæmt þingsályktun til að kanna réttarstöðu barna, sem getin eru við tæknifrjóvgun, og aðstandenda þeirra?

Nd. 284. Frumvarp til laga [222. mál]

um breytingu á lögum nr. 34/1988, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.

Flm: Ragnar Arnalds.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 1. gr. laganna komi ný málsgrein svohljóðandi:

Til fiskvinnslufólks teljast allir þeir sem starfa að vinnslu sjávarafurða hér á landi en með því er átt við frystingu, söltun, herslu, reykingu, súrsun, niðursuðu, niðurlagningu

og hverja þá verkun sem ver fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum, þar með talin bræðsla og mjölvinnsla.

Greinargerð.

Við gerð kjarasamninga á árinu 1988 var samið um ákvæði sem gilda um greiðslu Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna atvinnuleysisbóta fastráðins fiskvinnslufólks. Vinnuveitandi, sem hefur skuldbundið sig til þess að greiða fastráðnu fiskvinnslufólki föst laun fyrir dagvinnu í samræmi við nánari ákvæði í reglugerð, á rétt á, þegar stöðva þarf vinnslu tímabundið vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi til vinnslu, að fá greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði fyrir hvern heilan vinnudag umfram tvo sem fyrirtækið heldur starfsmönnum á launaskrá.

Greiðsla þessi nemur fjárhæð hámarksdagpeninga skv. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 64/1981 fyrir hvern starfsmann í fullu starfi sem orðið hefur verkefnalaus vegna stöðvunarinnar meðan hún varir, þó ekki lengur en fjórar vikur í senn og aldrei lengur en í sex vikur á hverju almanaksári.

Þessi ákvæði voru lögtekin með lögum nr. 34 18. maí 1988.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um hve mikilvæg lög þessi eru fyrir fiskvinnslufólk. En sá er gallinn á þessum lögum að hugtakið „fiskvinnslufólk“ hefur verið túlkað í þröngri merkingu og hafa þau t.d. ekki verið talin ná til þeirra sem vinna að síldar- eða loðnubræðslu eða niðursuðu og niðurlagningu.

Frumvarpi þessu er ætlað að bæta hér úr og er orðið fiskvinnsla skilgreint hér á skýran og ótvíræðan hátt.

Ed. 285. Frumvarp til laga [148. mál]

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989 og lög nr. 70/1990.

(Eftir 2. umr. í Ed., 12. des.)

1. gr.

B-liður 35. gr. laganna, sbr. lög nr. 76/1989 og lög nr. 70/1990, orðist svo:

Að skipta á húsbréfum og fasteignaveðbréfum sem gefin eru út með veði í íbúðarhúsnæði í tengslum við fasteignaviðskipti, nýbyggingar og meiri háttar viðbyggingar, endurbætur og endurnýjun á notuðu íbúðarhúsnæði, sbr. c-lið 2. mgr. 36. gr.

2. gr.

43. gr. laganna, sbr. lög nr. 76/1989 og lög nr. 70/1990, orðist svo:

Skipta má á fasteignaveðbréfum fyrir húsbréf fyrir fjárhæð sem nemur allt að 75% af eðlilegu matsverði fasteignar. Ráðherra ákveður með reglugerð hvert hlutfall þetta skuli vera og getur hann ákveðið að hlutfallið vegna nýbygginga eða kaupa á íbúð í fyrsta sinn sé hærra en lánshlutfall vegna annarra fasteignaviðskipta.

Húsbréfadeild setur reglur um eðlilegt matsverð fasteigna sem skulu byggjast á viðmiðun við markaðsverð, brunabótamat, byggingarkostnað og samþykktan kostnað við meiri háttar endurnýjun eða endurbætur á íbúðarhúsnæði. Taka ber tillit til áhvílandi veðskulda þannig að fasteignaveðbréfið sé innan þessara marka. Ráðherra getur með reglu-

gerð ákveðið hámarksfjárhæð fasteignaveðbréfa sem húsbréfadeild kaupir vegna hverrar fasteignar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. um húsbréfaviðskipti í tengslum við endurbætur og endurnýjun á notuðu íbúðarhúsnæði taka þó ekki gildi fyrr en 1. september 1991.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 35. gr. laganna, sbr. lög nr. 76/1989 og lög nr. 70/1990, er húsbréfadeild heimilt fyrstu 12 mánuðina eftir gildistöku laganna að skipta á húsbréfum og fasteignaveðbréfum sem gefin eru út með veði í íbúðarhúsnæði til greiðslu á skuldum íbúðareigenda í greiðsluerfiðleikum. Fjárhæð fasteignaveðbréfs má ekki vera hærri en svo að andvirði þeirra húsbréfa, sem fást við skuldabréfaskiptin, nægi til að greiða fyrirliggjandi kröfur miðað við skráð söluverð húsbréfa á þeim degi sem húsbréfadeild samþykkir skuldabréfaskiptin. Skilyrði fyrir afgreiðslu eru eftirfarandi:

a. Fjárhagsvandi umsækjanda sé til kominn vegna fjármögnunar á hóflegu íbúðarhúsnæði miðað við fjölskylduaðstæður.
b. Fyrir liggi að skipti á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf leysi greiðsluvanda umsækjanda.
c. Skuldareigendur samþykki greiðslu skulda umsækjanda með húsbréfum.
d. Umsækjandi uppfylli að öðru leyti skilyrði laga þessara.

Nd. 286. Frumvarp til laga [148. mál]

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989 og lög nr. 70/1990.

(Eftir 3. umr. í Ed., 12. des.)

1. gr.

B-liður 35. gr. laganna, sbr. lög nr. 76/1989 og lög nr. 70/1990, orðist svo:

Að skipta á húsbréfum og fasteignaveðbréfum sem gefin eru út með veði í íbúðarhúsnæði í tengslum við fasteignaviðskipti, nýbyggingar og meiri háttar viðbyggingar, endurbætur og endurnýjun á notuðu íbúðarhúsnæði, sbr. c-lið 2. mgr. 36. gr.

2. gr.

43. gr. laganna, sbr. lög nr. 76/1989 og lög nr. 70/1990, orðist svo:

Skipta má á fasteignaveðbréfum fyrir húsbréf fyrir fjárhæð sem nemur allt að 75% af eðlilegu matsverði fasteignar. Ráðherra ákveður með reglugerð hvert hlutfall þetta skuli vera og getur hann ákveðið að hlutfallið vegna nýbygginga eða kaupa á íbúð í fyrsta sinn sé hærra en lánshlutfall vegna annarra fasteignaviðskipta.

Húsbréfadeild setur reglur um eðlilegt matsverð fasteigna sem skulu byggjast á viðmiðun við markaðsverð, brunabótamat, byggingarkostnað og samþykktan kostnað við meiri háttar endurnýjun eða endurbætur á íbúðarhúsnæði. Taka ber tillit til áhvílandi veðskulda þannig að fasteignaveðbréfið sé innan þessara marka. Ráðherra getur með reglu-

gerð ákveðið hámarksfjárhæð fasteignaveðbréfa sem húsbréfadeild kaupir vegna hverrar fasteignar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. um húsbréfaviðskipti í tengslum við endurbætur og endurnýjun á notuðu íbúðarhúsnæði taka þó ekki gildi fyrr en 1. september 1991.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 35. gr. laganna, sbr. lög nr. 76/1989 og lög nr. 70/1990, er húsbréfadeild heimilt fyrstu 12 mánuðina eftir gildistöku laganna að skipta á húsbréfum og fasteignaveðbréfum sem gefin eru út með veði í íbúðarhúsnæði til greiðslu á skuldum íbúðareigenda í greiðsluerfiðleikum. Fjárhæð fasteignaveðbréfs má ekki vera hærri en svo að andvirði þeirra húsbréfa, sem fást við skuldabréfaskiptin, nægi til að greiða fyrirliggjandi kröfur miðað við skráð söluverð húsbréfa á þeim degi sem húsbréfadeild samþykkir skuldabréfaskiptin. Skilyrði fyrir afgreiðslu eru eftirfarandi:

a. Fjárhagsvandi umsækjanda sé til kominn vegna fjármögnunar á hóflegu íbúðarhúsnæði miðað við fjölskylduaðstæður.
b. Fyrir liggi að skipti á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf leysi greiðsluvanda umsækjanda.
c. Skuldareigendur samþykki greiðslu skulda umsækjanda með húsbréfum.
d. Greiðslubyrði umsækjanda sé að jafnaði yfir 30% af áætluðum heildarlaunum hans á ári næstu fjögur árin. Eftir skuldabréfaskiptin verði greiðslubyrðin að jafnaði um 20% af heildarlaunum hans.
e. Umsækjandi uppfylli að öðru leyti skilyrði laga þessara.

Sþ. 287. Nefndarálit [145. mál]

um till. til þál. um samning um stofnun Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt.

Alþingi, 11. des. 1990.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm.	Hjörleifur Guttormsson, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson.
Karl Steinar Guðnason.	Guðmundur H. Garðarsson.	Guðmundur G. Þórarinsson.

Kristín Einarsdóttir.

Sþ. 288. Nefndarálit [146. mál]

um till. til þál. um fullgildingu Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt.

Alþingi, 11. des. 1990.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm.	Hjörleifur Guttormsson, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson.
Karl Steinar Guðnason.	Guðmundur H. Garðarsson.	Guðmundur G. Þórarinsson.

Kristín Einarsdóttir.

Sþ. 289. Nefndarálit [147. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt.

Jón Thors, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu, kom á fund nefndarinnar. Samkvæmt upplýsingum Jóns Thors eru almennt séð nægjanleg lagaákvæði fyrir hendi í íslenskum lögum til að unnt sé að fullnægja ákvæðum samningsins.

Alþingi, 11. des. 1990.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm.	Hjörleifur Guttormsson, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson.
Karl Steinar Guðnason.	Guðmundur H. Garðarsson.	Guðmundur G. Þórarinsson.

Kristín Einarsdóttir.

Sþ. 290. Nefndarálit [150. mál]

um till. til þál. um fullgildingu bókunar við alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt.

Alþingi, 11. des. 1990.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm.	Hjörleifur Guttormsson, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson.
Karl Steinar Guðnason.	Guðmundur H. Garðarsson.	Guðmundur G. Þórarinsson.

Kristín Einarsdóttir.

Sþ. 291. Nefndarálit [160. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samnings um Alþjóðastofnun un notkun gervitungla í siglingum.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt.

Alþingi, 11. des. 1990.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm.	Hjörleifur Guttormsson, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson.
Karl Steinar Guðnason.	Guðmundur H. Garðarsson.	Guðmundur G. Þórarinsson.

Kristín Einarsdóttir.

Sþ. 292. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1991.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Störf fjárveitinganefndar við afgreiðslu frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1991 hafa verið með hefðbundnum hætti. Nefndin vann að ýmsum viðfangsefnum í sumar og hélt þá fundi, en undirbúningur fjárlagavinnunnar hófst nokkru áður en Alþingi kom saman. Þá átti nefndin m.a. fund með fjármálaráðherra um vandamál og stærstu viðfangsefni fjárlagagerðarinnar og hélt auk þess fund þar sem nefndin ræddi skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga á yfirstandandi ári. Allt eru þetta viðfangsefni sem lúta að

undirbúningi nefndarinnar fyrir fjárlagagerð og er stöðugt meiri þörf á því að fjárveitinganefnd fundi yfir sumartímann og þegar líður að hausti, bæði til þess að skoða einstök viðfangsefni sem varða rekstur ríkisins og ríkisstofnana og eins til þess að kynna sér upplýsingar sem sífellt verða fyllri og gleggri um framkvæmd fjárlaga á yfirstandandi ári. Allt eru þetta þættir í því starfi nefndarinnar að geta gert sér betur grein fyrir áætlunum fjárlagafrumvarps og búa nefndina betur undir tillögugerð. Löngu er orðið tímabært að gera fjárveitinganefnd formlega að heilsársnefnd sem haldi þá umboði sínu allt árið, en samkvæmt núgildandi lögum um þingsköp Alþingis fellur starfsumboð fjárveitinganefndar niður við þinglausnir á hverju vori og nefndin sjálf hefur raunverulega enga stöðu til þess að sinna þeim verkefnum sem hún þarf þó að vinna að í auknum mæli yfir sumarmánuðina. Til þess að bregðast við breyttum aðstæðum þarf því í senn að breyta þingskapalögum um starfshætti fjárveitinganefndar með því að gera hana að heilsársnefnd svipað eins og utanríkismálanefnd nú er. Einnig þarf annaðhvort að hefja þinghald fyrr að hausti eins og fjármálaráðherra hefur stungið upp á ellegar að gera ráð fyrir því að fjárveitinganefnd tengist með einum eða öðrum hætti undirbúningi fjárlagagerðarinnar þannig að nefndinni gefist kostur á að afla sér, og þá að sjálfsögðu í fyllsta trúnaði, upplýsinga um ýmis þau viðfangsefni sem verið er að fjalla um í fjárlagagerðinni hverju sinni þannig að formlegur undirbúningur nefndarinnar að væntanlegri fjárlagagerð geti hafist fyrr en frá og með þeim tíma þegar fjárlagafrumvarp er lagt fram á Alþingi.

Til þess að létta nokkuð vinnuálagið á nefndinni sem stöðugt hefur farið vaxandi hefur sá háttur tíðkast um margra ára skeið að nefndin hefur veitt fulltrúum sveitarstjórna viðtöl og tekið við erindum sveitarstjórna áður en þing hefst og fjárlagafrumvarp er lagt fram. Að þessu sinni hófust fundir nefndarinnar með sveitarstjórnum mánudaginn 1. október og stóðu þeir fundir alla þá viku. Fulltrúar flestra sveitarstjórna á Íslandi gengu þá til fundar við fjárveitinganefnd og gerðu henni grein fyrir erindum sínum. Með lagabreytingum þeim, sem gerðar hafa verið á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, hefur að vísu fækkað verulega sameiginlegum viðfangsefnum Alþingis og sveitarstjórna. Þrátt fyrir það eru ýmis mikilvæg mál enn þá sameiginleg og breytingin á verkaskiptalögunum hefur a.m.k. enn ekki dregið úr því að sveitarstjórnir telji sig eiga erindi við fjárveitinganefnd. Samstarf fjárveitinganefndarmanna og sveitarstjórnarmanna hefur verið gott og sú yfirsýn, sem sameiginlegir fundir sveitarstjórnarmanna og fjárveitinganefndarmanna veita fjárveitinganefndarmönnum yfir verkefni og viðfangsefni sveitarstjórna og landshluta, er ómetanleg þeim sem starfa að fjárlagagerð fyrir íslenska ríkið.

Eftir að fjárlög hafa verið lögð fram á Alþingi eru einnig fjölmargir aðilar, félög, samtök, stofnanir og einstaklingar, sem telja sig eiga erindi við fjárveitinganefnd og óska eftir því að fá að ganga á fund nefndarinnar. Þessir fundir taka stöðugt meiri tíma og erindum fjölgar og er nú svo komið að fundir fjárveitinganefndir, þar sem nefndin veitir viðtöku erindum og hlýðir á beiðni aðila, standa talsvert á þriðju viku og er þá aðeins rætt um þann tíma sem það tekur nefndina að sinna móttöku þeirra aðila sem sjálfir óska eftir að fá að ganga á fund nefndarinnar. Í þessum viðtölum skiptir fjárveitinganefnd sér þó í þrjá hópa þannig að ef nefndin ætti öll að sinna þessu viðfangsefni mundi það taka nefndina meira en tvo mánuði. Er þá ótalinn sá tími sem fer í viðræður við aðila, svo sem ráðuneyti, ríkisstofnanir og aðra sem fjárveitinganefnd sjálf óskar eftir að fá upplýsingar frá eða ræða við. Það er í senn kostur og galli hversu opið hið íslenska stjórnkerfi er og hversu greiðan aðgang stofnanir, samtök og einstaklingar eiga þrátt fyrir allt að þeim sem fást við stjórn þessa þjóðfélags. Sá er kosturinn að almenningur á greiða leið að

stjórnvöldum og getur hindrunarlítið og millilíðalaust borið upp erindi sín sem auðvitað eru misstór og misþýðingarmikil en öll þó mikilsverð frá sjónarmiði þess sem erindið ber upp. Sá er hins vegar gallinn að þetta nána samband krefst þess að menn gefi sér mikinn tíma og þess eru sennilega fá dæmi að nefndir þjóðþinga, eins og t.d. fjárveitinganefnd Alþingis í þessu tilviki, gefi sér svo mikinn tíma til þess að hlusta á erindi allra þeirra, hvort um er að ræða einstaklinga, félög, samtök, stofnanir eða hópa sem finna hjá sér ástæðu til að leita til þjóðþinga eða stjórnvalda um öll möguleg mál, smá og stór. Eftir því sem árin líða og fjárlagaafgreiðslan verður flóknari, yfirgripsmeiri og erfiðari, þeim mun meiri vandkvæði eru á því að finna þann tíma sem þarf til að sinna slíkum erindum og má vera að þeir tímar séu ekki svo langt undan þegar fjárveitinganefnd Alþingis neyðist til þess að breyta þessum starfsháttum einvörðungu til þess að geta gefið sér tíma til þess að kynna sér þau erindi sem nefndin ekki kemst hjá að kynna sér vel og gera þær vönduðu afgreiðslur sem gera þarf.

Þegar fjárveitinganefnd lauk viðtöku erinda og fundum með þeim sem sjálfir vildu fylgja erindum sínum úr hlaði höfðu nefndinni borist alls 565 erindi sem eru talsvert fleiri en á sl. ári. Algengt er að hvert erindi fjalli um fleiri viðfangsefni en aðeins eitt í fjárlagafrumvarpi og nam fjöldi atriða sem erindi þessi fjölluðu um alls 1224. Heildarfjárhæð umsókna um útgjöld úr ríkissjóði umfram fjárlagafrumvarpið nam 9,8 milljörðum króna. Fjárveitinganefnd skoðaði öll þessi erindi og kannaði öll þau atriði sem í erindunum fólust og kallaði á fjölmarga aðila til viðræðna um þessi erindi. Það er að sjálfsögðu feikimikil vinna sem á bak við þetta liggur og hefði ekki unnist á svo skömmum tíma ef tvennt hefði ekki komið til. Í fyrsta lagi fékk nefndin mjög góða aðstoð og þá einkum og sér í lagi hjá starfsfólki Ríkisendurskoðunar, fjármálaráðuneytis og Alþingis sem hefur unnið með fjárveitinganefnd. Vill fjárveitinganefnd Alþingis færa þessu fólki sérstakar þakkir fyrir afburða góð störf og er það einróma álit nefndarinnar að sú samvinna sem tekist hefur á milli nefndarinnar, Ríkisendurskoðunar og fjármálaráðuneytis og raunar annarra ráðuneyta, en það samstarf hefur nú fallið í mjög fastar skorður, sé ómetanlegt og eru nefndarmenn allir sammála um að varðveita beri og treysta það samstarf.

Þá er einnig bæði rétt og skylt að meiri hluti fjárveitinganefndar þakki fulltrúum stjórnarandstöðunnar í nefndinni fyrir mjög gott samstarf og tillitssemi. Enginn vafi er á því að fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjárveitinganefnd gætu, ef þeir kærðu sig um, gert starf meiri hl. mjög erfitt og raunar illviðráðanlegt. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni hafa hins vegar gert sér far um það nú eins og áður að greiða fyrir störfum meiri hl. og nefndarinnar í heild. Meiri og minni hl. fjárveitinganefndar hefur staðið saman að athugun allra mála og fengið sömu upplýsingar um öll viðfangsefni. Þegar hins vegar hefur að því komið að taka afstöðu hafa skoðanir að sjálfsögðu verið skiptar og þá fyrst og fremst um þau mál sem varða meginstefnumörkun í frumvarpinu og ríkisstjórnin og stuðningsflokkar hennar bera ábyrgð á. Sá skoðanamunur hefur þó ekki komið fram í því að menn gætu ekki unnið saman af fullum heilindum að undirbúningi slíkrar ákvarðanatöku og í flestum málum, ef litið er á málafjöldann, hafa menn orðið sammála um afgreiðsluna og því er það að nefndin öll flytur nú saman breytingartillögurnar við 2. umr. en fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni þó með fyrirvara m.a. um afstöðu til einstakra breytingartillagna sem fram kunna að koma og munu fulltrúar minni hl. í nefndinni lýsa afstöðu sinni í sérstökum nefndarálitum minni hluta fjárveitinganefndar og í umræðum í þinginu.

Ef litið er á heildartillögur nefndarinnar um viðbótarútgjöld sem hún flytur nú við 2.

umræðu nema þær samtals 890.552 þús. króna og skiptast þær þannig: Hækkun rekstrarliða er samtals 561.555 þús. kr. Nefndin gerir síðan tillögu um breytingu sértekna til hækkunar samtals að fjárhæð 28.878 þús. kr. Tillögur nefndarinnar um hækkun viðhalds er um 17 millj. kr. og þar að auki gerir nefndin tillögur um hækkun stofnkostnaðar samtals að fjárhæð 340.575 þús. kr. Allar þessar tillögur eru skýrðar nákvæmlega í athugasemdum þeim sem fylgja nefndarálitinu.

Um sl. áramót tóku gildi lög sem breyttu verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ýmis viðfangsefni, sem áður voru sameiginleg ríki og sveitarfélögum, fluttust um þau áramót alfarið yfir til sveitarfélaganna. Má þar nefna framkvæmdir við grunnskólabyggingar, íþróttahús, framkvæmdir á sviði dagvistunar og íþróttamála á vegum sveitarfélaga. Einnig féll niður sérstakur fjárstuðningur ríkisins við vatnsveitur á vegum sveitarfélaga og við félagsheimili. Í staðinn tók ríkið við nokkrum rekstrarviðfangsefnum af sveitarfélögum og má þar nefna rekstur heilsugæslustöðva og rekstur fræðsluskrifstofa.

Þegar frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1990 var samið og fjárlög síðan afgreidd voru þau að sjálfsögðu reist á þessum forsendum um breytta verkhætti og verkaskiptingu. Gerð var áætlun um kostnað ríkisins í því sambandi sem miðað var við í fjárlagagerðinni. Í ljós hefur hins vegar komið að um allverulegar vanáætlanir var þar að ræða, m.a. vegna upplýsinga sem ekki lágu fyrir þegar til verkaskiptingarinnar var gengið. Einkum og sér í lagi á þetta við um útgjöld vegna heilsugæslumálefna. Var þar bæði um að ræða viðbótarmannaflaþörf umfram það sem upplýsingar höfðu legið fyrir um og eins viðfangsefni sem reyndust vera miklu dýrari en tölur höfðu verið lagðar fram um. Má í því sambandi t.d. nefna sjúkraflutninga og fleira. Þessi útgjöld, sem fallið hafa á ríkissjóð umfram það sem gert var ráð fyrir þegar gengið var til framkvæmda á breyttum verkaskiptum ríkis og sveitarfélaga, nema verulegum fjárhæðum og þessir ófyrirséðu kostnaðarliðir, sem ekki var um vitað, koma m.a. fram í auknu mannahaldi hjá ríkinu á árinu 1990 umfram það sem ráð var fyrir gert og samsvarandi aukningu sem óhjákvæmilega kemur einnig fram við fjárlagagerð fyrir árið 1991, þar sem menn hafa að sjálfsögðu orðið að taka með formlegum hætti inn á launaskrá ríkisins og ríkisstofnana stöður sem ekki hafði verið áætlað fyrir. Er þetta meginskýringin á því að ef menn bera saman fjölda starfsmanna hjá ríkinu samkvæmt fjárlögum fyrir yfirstandandi ár annars vegar og aukningu launakostnaðar ríkisins og ríkisstofnana í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1991 hins vegar virðist svo sem ríkisstarfsmönnum hafi fjölgað um talsvert á 6. hundrað. Skýringin á þessu er hins vegar að langmestu leyti fyrir áhrif hinna nýju verkaskiptalaga, m.a. fyrir áhrif óhjákvæmilegs launakostnaðar sem ekki var séður fyrir. Nýjar skráðar stöður hjá ríkinu á árinu 1991 samkvæmt fjárlagafrumvarpi eru hins vegar 70,4 og með þeim afgreiðslum, sem fjárveitinganefnd nú leggur til við 2. umr. er bætt við alls 38 skráðum stöðum.

Verkaskiptalögin gerðu auk þess ráð fyrir því að skuldir ríkisins vegna sameiginlegra framkvæmda ríkis og sveitarfélaga við grunnskóla, dagvistunarstofnanir og vegna félagsheimila og íþróttamála yrðu gerðar upp á fjórum árum. Fyrsta ár þessarar greiðslu var árið 1990. Fyrir fjárlagagerð þess árs fór fjárveitinganefnd Alþingis vandlega yfir áætlanir um stöðu framkvæmda sem áður voru sameiginlegar með sveitarfélögum. Þar komu fram nokkur atriði þar sem sveitarfélög greindi á við ríkisvaldið um fjárhæðir og einstakar framkvæmdir, en ljóst var engu að síður að heildarfjárhæðir vangreiddra framlaga ríkisins vegna umræddra framkvæmda námu á bilinu 1.200–1.400 millj. kr. Fyrir 3. umr. fjárlaga ársins 1990 gerði fjárveitinganefnd tillögu um hvernig staðið skyldi að þessum uppgjörsmálum og hvað tekið skyldi til greiðslu á fyrsta ári uppgjörsins, á ár-

inu 1990. Nefndin gerði einnig áætlun um greiðslu til lokauppgjörs og var þessi áætlun, með upplýsingum um áætlaða skuld og áformum um endurgreiðslu þessara skulda, send til sveitarfélaga á árinu 1990 svo að sveitarstjórnum gæfist kostur á að koma á framfæri athugasemdum, ef einhverjar væru, og efna til viðræðna við menntamálaráðuneytið um ágreiningsefni sem kynnu að koma í ljós. Nokkur slík ágreiningsefni komu í ljós og fóru fram viðræður milli menntamálaráðuneytisins og flestra eða allra þeirra sveitarfélaga sem hlut áttu að máli. Fjárveitinganefnd kannaði sérstaklega hvernig mál þessi stæðu nú í haust og kom þá í ljós að mörg ágreiningsmál höfðu verið leyst og þau mál, sem enn var ágreiningur um, voru í viðræðum milli menntamálaráðuneytisins og viðkomandi sveitarfélaga. Sum þessara ágreiningsmála eru stór og varða grundvallaratriði, önnur smærri og varða einstakar framkvæmdir og eru flest þeirra leyst með samkomulagi. Aðeins örfáum hefur verið skotið til úrskurðar sérstakar nefndar sem til þess var skipuð.

Þótt öll ágreiningsmál séu ekki enn leyst liggja þó nú fyrir mun haldbetri áætlanir um uppgjörsmálin við sveitarfélögin heldur en um þetta leyti sl. ár. Fjárveitinganefnd fór yfir þessar áætlanir enn á ný með þeim breytingum sem gerðar hafa verið og samkomulag hefur orðið um milli sveitarfélaga og menntamálaráðuneytis þar sem ágreiningur var áður uppi og hefur nefndin lagt fyrir þingmannahópana tillögur sínar um afgreiðslur fyrir árið 1991 sem byggjast á eftirfarandi tveimur meginatriðum:

1. Að staðið skuli við þær yfirlýsingar sem nefndin gaf á sl. ári um að einn þriðji hluti þess, sem óuppgert er við sveitarfélögin, skuli greiðast á árinu 1991.

2. Nefndin tók þá ákvörðun að leggja til að skuldir að fjárhæð minna en ein milljón króna skyldu gerðar upp í einum áfanga á árinu 1991 í stað þess að skipta svo lágum greiðslum á þau þrjú ár sem eftir eru af uppgjörstímabilinu. Þetta skiptir óverulegu máli um heildarfjárhæðina.

Við yfirferð þingmannahópanna yfir uppgjörsmál þessi hafa komið fram ábendingar um einstök atriði sem þingmannahópar hafa óskað eftir að fá að skoða eilítið betur. Þess vegna hefur fjárveitinganefnd fallist á að bíða með lokaafgreiðslu til 3. umr. til þess eins að mönnum gefist kostur á að skoða þessi endurgreiðsluáform nokkru nánar þannig að ef vera skyldi að einhverja tilfærslu þyrfti að gera væri það unnt, enda aðeins um mjög smávægilegar fjárhæðir að ræða. Af þessum ástæðum er tillaga um viðbótarfjárþörf vegna uppgjörsins við sveitarfélögin ekki flutt nú þótt nefndin sé fyrir sitt leyti búin að ljúka umfjöllun sinni um það mál. Nokkur önnur mál bíða einnig 3. umr. Má þar nefna þessi:

Fjárveitingar til hafnamála á fjárlagalið 10-333 bíða 3. umr. Hafnamál hafa yfirleitt verið afgreidd við 2. umr. fjárlaga en svo er ekki að þessu sinni. Nokkur álitamál komu upp í fjárveitinganefnd þegar fjallað var um hafnamál sem þurfti að skoða nánar og bíða tillögur nefndarinnar um afgreiðslu þeirra mála því 3. umr.

Málefni byggingarsjóðanna, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, eru til meðferðar í ríkisstjórninni og bíða 3. umr.

Óskir um viðbótarfjárveitingar úr ríkissjóði vegna reksturs og framkvæmda við Þjóðleikhúsið bíða einnig 3. umr.

Sama máli gegnir um ráðstöfun fjár í Endurbótasjóði menningarbygginga og sama máli gegnir einnig um óskir um viðbótarfjárgreiðslur vegna framkvæmda við Þjóðarbókhlöðu og framkvæmda við endurbyggingu forsetasetursins á Bessastöðum.

Þá bíða einnig 3. umr. óskir um fjárframlög til stuðnings við Leikfélag Akureyrar og fjárframlag til stuðnings við Íslensku óperuna, en þau mál eru nú til meðferðar hjá

menntamálaráðuneytinu sem er í viðræðum við bæjarstjórn Akureyrar um lausn á fjárhagsvanda Leikfélags Akureyrar og við borgarstjórann í Reykjavík um lausn á fjárhagsvanda Íslensku óperunnar. Fjárveitinganefnd vill fá að sjá hvaða niðurstöður verða í þessum viðræðum og gerir ekki tillögur í málunum fyrr en sú niðurstaða liggur fyrir.

Þá bíður einnig 3. umr. umfjöllun um framlög til jarðabóta samkvæmt jarðræktarlögum, svo og ósk um viðbótarframlag til sauðfjárveikivarna vegna riðuniðurskurðar á árinu 1986.

Ýmis önnur viðfangsefni bíða einnig 3. umr., bæði smærri og stærri viðfangsefni sem fjárveitinganefnd hefur til umfjöllunar. Þá bíður einnig 3. umr. að fjalla um mál sem tengjast fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar um breytingar á tekjuhlið frumvarpsins með breytingum á fyrirtækjasköttum en þær breytingar varða m.a. breytta meðferð á sértekjum stofnana, svo sem eins og Vinnueftirlits ríkisins.

Þá bíða einnig 3. umr. þau mál sem venja er að fjallað sé um við þá umræðu svo sem málefni B-hlutastofnana, endurskoðun á útgjaldaspá almannatrygginga, 6. gr. heimildir, tekjuhlið frumvarpsins o.fl.

Nokkur fleiri mál bíða því 3. umr. nú en vanalegt er og eru skýringarnar á því eins og áður sagði annars vegar að ýmis álitamál eru enn ófrágengin og hins vegar að ríkisstjórnin boðaði með fjárlagafrumvarpinu ýmsar breytingar sem hafa áhrif á bæði útgjalda- og tekjuhlið frumvarpsins en hafa enn ekki verið sýndar með flutningi frumvarpa á Alþingi.

Breytingartillögurnar, sem fjárveitinganefnd flytur nú við 2. umr., varða 4. gr. og nema alls um 890,5 millj. kr. Breytingartillögurnar má greina á eftirfarandi hátt til að veita nánari upplýsingar um eðli þeirra og umfang.

Tafla 1.

Afgreiðsla nefndar við 2. umr. um fjárlög 1991, skipt eftir viðfangsefnum.

1. Hækkun rekstrargjalda	561.555
2. Hækkun sértekna	– 28.878
3. Hækkun viðhalds	17.300
4. Hækkun stofnkostnaðar	340.575
Samtals	890.552

Tafla 2.

Yfirlit um breytingar á útgjaldaflokkum frumvarpsins.

Fjárhæðir í millj. kr.	Frumvarp fram lagt	Frumvarp við 2. umr.	Frávik	Hlutfall
Launagjöld	31.663	31.957	294	0,9%
Önnur rekstrargjöld	64.799	65.067	268	0,4%
Sértekjur	– 5.171	– 5.200	– 29	0,6%
	91.291	91.824	533	0,6%
Stofnkostnaður og viðhald	11.922	12.280	358	2,9%
Alls	103.213	104.104	891	0,9%

Eftir hagrænu eðli	Þús. kr.	Hlutfall	Stöðug.
Launakostnaður	293.651	33,0%	38
Annar rekstur	239.026	26,8%	
Stofn- og viðhaldskostnaður	357.875	40,2%	
Alls	890.552	100,0%	

Tafla 3. Breytingar á frumvarpinu við 2. umræðu.

Fjárhæðir í þús. kr.	Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1991				Breytingar á frumvarpi	
Ráðuneyti	Gjöld samtals	Sértekjur	Mismunur	Hlutfall	Fjárhæð	Hlutfall
Æðsta stjórn ríkisins	895.940	8.170	887.770	0,9%	31.900	3,6%
Forsætisráðuneyti	462.350	78.500	383.850	0,4%	6.160	1,6%
Menntamálaráðuneyti	16.113.790	687.080	15.426.710	14,9%	155.416	1,0%
Utanríkisráðuneyti	1.339.220	24.900	1.314.320	1,3%	19.820	1,5%
Landbúnaðarráðuneyti	4.349.300	184.090	4.165.210	4,0%	96.750	2,3%
Sjávarútvegsráðuneyti	1.107.200	154.920	952.280	0,9%	20.000	2,1%
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	4.908.140	197.810	4.710.330	4,6%	23.994	0,5%
Félagsmálaráðuneyti	4.407.560	122.960	4.284.600	4,2%	72.050	1,7%
Heilbr. og tryggingamálaráðun.	43.990.030	1.581.110	42.408.920	41,1%	415.102	1,0%
Fjármálaráðuneyti	15.564.110	281.230	15.282.880	14,8%	0	0,0%
Samgönguráðuneyti	7.766.850	1.294.420	6.472.430	6,3%	22.770	0,4%
Iðnaðarráðuneyti	1.293.510	307.790	985.720	1,0%	13.890	1,4%
Viðskiptaráðuneyti	5.406.560	22.410	5.384.150	5,2%	0	0,0%
Hagstofa Íslands	170.790	35.940	134.850	0,1%	0	0,0%
Umhverfisráðuneyti	622.670	203.690	418.980	0,4%	12.700	3,0%
Samtals	108.398.020	5.185.020	103.213.000	100,0%	890.552	0,9%

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

201 Alþingi: Viðfangsefnið 1.02 Aðalskrifstofa hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 41.130 þús. kr. Hækkunin er vegna útgáfu afmælisrits um kristnitöku. Viðfangsefnið 1.03 Þingmálaskrifstofa hækkar um 5.000 þús. kr. og verður 102.580 þús. kr. vegna aukins útgáfukostnaðar við Alþingistíðindi. Viðfangsefnið 1.04 Rekstrarskrifstofa hækkar um 2.100 þús. kr. og verður 129.520 þús. kr. vegna aukins húsaleigukostnaðar í Austurstræti 14. Viðfangsefni 1.05 Alþjóðastarf þingmanna hækkar um 9.400 þús. kr. og verður 27.940 þús. kr. vegna kostnaðar við ýmsar þingmannanefndir. Viðfangsefnið 1.06 Norðurlandaráð hækkar um 1.500 þús. kr. og verður 23.920 þús. kr. Hækkunin er vegna skrifstofu Norðurlandaráðs í Stokkhólmi. Viðfangsefnið 5.20 Fasteignir hækkar um 3.500 þús. kr. og verður 13.500 þús. kr. vegna breytinga á veitingasal í Jónshúsi.

620 Ríkisendurskoðun: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 7.400 þús. kr. og verður 133.040 þús. kr. Hækkunin er vegna aukinna leigugjalda hjá stofnuninni að fjárhæð 4.400 þús. kr. og til sérstakra verkefna 3.000 þús. kr. Viðfangsefni 6.01 Tæki og búnaður hækkar um 2.000 þús. kr. og verður 9.000 þús. kr. Hækkunin er vegna fyrirhugaðs flutnings stofnunarinnar í nýtt húsnæði.

01 Forsætisráðuneyti

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa: viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 6.000 þús. kr. og verður 49.610 þús. kr. Um er að ræða fjárveitingu til könnunar Félagsvísindastofnunar á valdi í íslensku þjóðfélagi að fjárhæð 1.000 þús. kr. og framlag til verkefnis er varðar fjarvinnslu á landsbyggðinni að fjárhæð 5.000 þús. kr. Viðfangsefnið 1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar hækkar um 160 þús. kr. og verður 1.500 þús. kr. þannig að framlagið svarar til prófessorslauna.

02 Menntamálaráðuneyti

101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 1.600 þús. kr. og verður 219.720 þús. kr. Um er að ræða tímabundna ritstjórastöðu vegna bókaflokksins Íslensk þjóðmenning.

201 Háskóli Íslands: Viðfangsefni 1.02 Sameiginleg útgjöld hækkar um 5.000 þús. kr. og verður 241.210 þús. kr. Hækkunin er framlag til vinnumatskerfis. Viðfangsefni 1.06 Kennslu- og vísindadeildir hækkar um 16.191 þús. kr. og verður 996.431 þús. kr. Um er að ræða hækkun vegna stundakennslu vegna aukins nemendafjölda við skólann að fjárhæð 10.000 þús. kr. og framlag að fjárhæð 6.191 þús. kr. vegna 6 nýrra lektorsstaða.

202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum: Viðfangsefni 1.10 Rannsóknadeild fisksjúkdóma hækkar um 1.500 þús. kr. og verður 19.890 þús. kr. Um er að ræða stöðugildi sameindalíffræðings vegna rannsókna á fisksjúkdómum.

203 Raunvísindastofnun Háskólans: Viðfangsefni 1.03 Rannsóknastofur hækkar um 1.500 þús. kr. og verður 116.740 þús. kr. Hækkunin er vegna sérfræðilegrar athugunar á rannsóknarbúnaði vegna eldvirkni.

204 Stofnun Sigurðar Nordals: Viðfangsefni 5.01 Fasteign hækkar um 700 þús. kr. og verður 1.200 þús. kr. vegna viðhaldskostnaðar.

234 Vísindaráð: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 1.500 þús. kr. og verður 10.880 þús. kr.

318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður: Önnur gjöld hækka um 41.000 þús. kr. og verða 351.300 þús. kr. og skiptist hækkunin efirfarandi:

a. Tekinn er inn nýr liður 6.11 Menntaskólinn að Laugarvatni 2.000 þús. kr.
b. Liðurinn 6.17 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, kennsluhúsnæði hækkar um 4.000 þús. kr. og verður 9.000 þús. kr.
c. Liðurinn 6.19 Fjölbrautaskóli Vesturlands, mötuneyti hækkar um 15.000 þús. kr. og verður 35.000 þús. kr. til að ljúka framkvæmdum við 1. hæð þjónustubyggingar fjölbrautaskólans.
d. Liðurinn 6.29 Fjölbrautaskólinn Ármúla, viðbygging hækkar um 2.000 þús. kr. og verður 5.000 þús. kr.
e. Teknir eru inn nýir liðir:
   6.32 Menntaskólinn á Akureyri 2.000 þús. kr.
   6.35 Menntaskólinn á Ísafirði, íþróttahús 8.000 þús. kr.
   6.37 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ 3.000 þús. kr. vegna hönnunar á nýju húsnæði fyrir skólann.
   6.38 Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu 3.000 þús. kr. Um er að ræða kaup á skólastjórabústað.
   6.39 Fjölbrautaskóli Suðurlands 2.000 þús. kr. til hönnunar 2. áfanga bóknámshúss við fjölbrautaskólann.

319 Framhaldsskólar, almennt: Viðfangsefni 1.40 Framhaldsskólar, óskipt hækkar um 7.500 þús. kr. og verður 33.910 þús. kr. Hækkunin er leiðrétting á kostnaði vegna heimavistargæslu í héraðsskólum.

355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum: Viðfangsefni 1.03 Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum, kennsla hækkar um 500 þús. kr. vegna hækkunar á yfirvinnu.

422 Námsgagnastofnun: Viðfangsefni 1.60 Námsefnisgerð hækkar um 3.000 þús. kr. og verður 53.820 þús. kr. vegna námsefnisgerðar fyrir 6 ára nemendur.

507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík: Viðfangsefni 1.01 Kennsla hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 25.460 þús. kr. Hækkunin er kostnaður vegna nýrrar skipunar á námi.

514 Iðnskólinn í Reykjavík: Tekið er inn nýtt viðfangsefni 6.01 Tæki og búnaður 10.000 þús. kr.

517 Hótel- og veitingaskóli Íslands: Viðfangsefni 6.01 Tæki og búnaður hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 1.500 þús. kr.

531 Íþróttakennaraskóli Íslands: Viðfangsefni 6.10 Sundlaug hækkar um 10.000 þús. kr. og verður 22.000 þús. kr. til að ljúka framkvæmdum við sundlaugarbyggingu.

571 Sjómannaskólahúsið: Viðfangsefni 6.10 Lóðaframkvæmdir hækkar um 4.000 þús. kr. og verður 8.000 þús. kr.

610 Héraðsskólar almennt: Viðfangsefni 6.90 Stofnkostnaður. Vísað er í sundurliðun á sérstöku yfirliti með breytingartillögum um skiptingu á einstök verkefni.

621 Skálholtsskóli: Viðfangsefni 1.02 Annað en kennsla hækkar um 1.500 þús. kr. og verður 3.780 þús. kr. vegna rekstrar.

720 Grunnskólar, almennt: Viðfangsefni 1.41 Landakotsskóli, rekstrarstyrkur hækkar um 1.200 þús. kr. og verður 4.080 þús. kr. vegna aukins rekstrarkostnaðar við skólann. Viðfangsefni 1.43 Suðurhlíðarskóli, rekstrarstyrkur hækkar um 1.000 þús. kr.

og verður 5.360 þús. kr. Um er að ræða styrk vegna kostnaðar af byggingarframkvæmdum.

881 Náms- og fræðimenn, framlög: Viðfangsefni 1.15 Styrkur til útgáfustarfa hækkar um 1.400 þús. kr. og verður 3.840 þús. kr.

885 Fullorðinsfræðsla: Viðfangsefni 1.60 Heimilisiðnaðarskólinn hækkar um 200 þús. kr. og verður 1.300 þús. kr.

901 Landsbókasafn Íslands: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 1.500 þús. kr. og verður 43.760 þús. kr. Um er að ræða tímabundna stöðu í tengslum við skáldverk Halldórs Laxness.

902 Þjóðminjasafn Íslands: Viðfangsefni 5.01 Húseign við Suðurgötu hækkar um 7.000 þús. kr. og verður 10.000 þús. kr. vegna viðhaldskostnaðar. Viðfangsefni 6.01 Tæki og búnaður hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 2.000 þús. kr. Um er að ræða hækkun framlags til tækjakaupa.

904 Safnahúsið við Hverfisgötu: Viðfangsefni 5.01 Viðhald fasteignar hækkar um 500 þús. kr. og verður 2.000 þús. kr.

908 Kvikmyndasafn Íslands: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 1.500 þús. kr. og verður 7.860 þús. kr. Um er að ræða framlag til eftirtöku á gömlum myndum.

909 Blindrabókasafn Íslands: Viðfangsefni 6.01 Tæki og búnaður hækkar um 2.000 þús. kr. og verður 3.700 þús. kr. til greiðslu á prentara samkvæmt samningi við Innkaupastofnun ríkisins.

982 Listir, framlög: Tilfærslur hækka um 4.800 þús. kr. og verða 234.920 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig:

a. Liðurinn 1.24 Önnur leiklistarstarfsemi hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 4.000 þús. kr. Um er að ræða framlag til bandalags atvinnuleikhópa.
b. Liðurinn 1.33 Íslensk tónverkamiðstöð hækkar um 500 þús. kr. og verður 4.550 þús. kr.
c. Liðurinn 1.34 Sinfóníuhljómsveit æskunnar hækkar um 500 þús. kr. og verður 2.800 þús. kr.
d. Liðurinn 1.37 Tónlistarstarfsemi, styrkir hækkar um 2.000 þús. kr. og verður 7.000 þús. kr.
e. Liðurinn 1.42 Myndlistaskólinn í Reykjavík hækkar um 200 þús. kr. og verður 4.000 þús. kr.
f. Liðurinn 1.45 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar hækkar um 600 þús. kr. og verður 5.200 þús. kr. vegna rekstrar og styrks til sérstakrar sýningar.
g. Liðurinn 1.75 Lista- og menningarmál, ýmis lækkar um 2.000 þús. kr. og verður 10.000 þús. kr.
h. Tekinn er inn nýr liður 1.78 Ýmsir styrkir 2.000 þús. kr.

983 Vísindaleg starfsemi, styrkir: Viðfangsefni 1.10 Vísinda- og fræðistörf hækkar um 200 þús. kr. og verður 1.710 þús. kr. Tekinn er inn nýr liður 1.17 Samtök um upplýsinganet rannsóknaraðila 1.500 þús. kr. Um er að ræða sérstakt framlag vegna upplýsinganets rannsóknaraðila.

988 Æskulýðsmál: Tilfærslur hækka um 6.100 þús. kr. og verða 32.200 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig:

a. Liðurinn 1.10 Æskulýðsráð ríkisins hækkar um 250 þús. kr. og verður 1.750 þús. kr.

b. Liðurinn 1.11 Æskulýðssamband Íslands hækkar um 500 þús. kr. og verður 1.200 þús. kr.
c. Liðurinn 1.12 Ungmennafélag Íslands hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 10.500 þús. kr.
d. Liðurinn 1.13 Bandalag íslenskra skáta hækkar um 500 þús. kr. og verður 5.500 þús. kr.
e. Liðurinn 1.16 Íslenskir ungtemplarar hækkar um 150 þús. kr. og verður 1.150 þús. kr.
f. Liðurinn 1.17 Starfsemi KFUM og KFUK hækkar um 200 þús. kr. og verður 2.200 þús. kr.
g. Teknir eru inn tveir nýir liðir:
6.20 KFUM og KFUK, byggingarstyrkur 1.000 þús. kr.
6.21 Séra Friðrikskapella, byggingarstyrkur 2.500 þús. kr.

989 Ýmis íþróttamál: Viðfangsefni 1.10 Íþróttasamband Íslands hækkar um 2.000 þús. kr. og verður 26.920 þús. kr. Viðfangsefni 1.11 Ólympíunefnd Íslands hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 5.500 þús. kr. vegna undirbúnings undir Ólympíuleikana í Frakkalandi. Viðfangsefni 1.16 Íþróttafélög, styrkir hækkar um 2.000 þús. kr. og verður 16.000 þús. kr. Viðfangsefni 1.21 Skáksamband Íslands hækkar um 200 þús. kr. og verður 2.200 þús. kr. vegna almenns rekstrar Skáksambandsins. Tekið er inn nýtt viðfangsefni 6.21 Ýmis íþróttamál 1.000 þús. kr. Um er að ræða framlag til Skáksambands Íslands vegna húsnæðis.

991 Húsafriðun: Viðfangsefni 1.50 Hið íslenska fornleifafélag hækkar um 100 þús. kr. og verður 380 þús. kr. Viðfangsefni 6.40 Byggða- og minjasöfn hækkar um 6.125 þús. kr. og verður 12.125 þús. kr. Um er að ræða hækkum á tilfærslum.

999 Ýmislegt: Tilfærslur hækka um 5.600 þús. kr. og verða 43.990 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig:
a. Liðurinn 1.21 Norræn umhverfisráðstefna hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 6.000 þús. kr.
b. Liðurinn 1.50 Landssamband hjálparsveita skáta hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 3.000 þús. kr.
c. Liðurinn 1.90 Söfn, styrkir hækkar um 100 þús. kr. og verður 2.100 þús. kr.
d. Liðurinn 1.92 Ýmis framlög hækkar um 3.500 þús. kr. og verður 15.000 þús. kr.

03 Utanríkisráðuneyti

201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli: Viðfangsefni 1.20 Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 121.750 þús. kr. vegna launa. Sértekjur lækka um 500 þús. kr. og verða 22.650. Um er að ræða hækkun vegna vopnaleitar og tollaeftirlits.

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 16.430 þús. kr. og verður 95.000 þús. kr. Um er að ræða lágmarksfjárþörf vegna skuldbindinga stofnunarinnar.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi: Viðfangsefnið 1.16 Aðstoð Sameinuðu þjóðanna við palestínska flóttamenn, UNRWA hækkar um 910 þús. kr. og verður 1.500 þús. kr. Um er að ræða hækkun á tilfærslum.

399 Ýmis utanríkismál: Viðfangsefnið 1.40 Samskipti við Vestur-Íslendinga hækkar um 690 þús. kr. og verður 970 þús. kr. vegna ýmissa verkefna. Viðfangsefni 1.70 Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi hækkar um 290 þús. kr. og verður 500 þús. kr. vegna rekstrarkostnaðar.

04 Landbúnaðarráðuneyti

171 Jarðeignir ríkisins, framlög: Viðfangsefnið 6.01 Jarðeignir ríkisins hækkar um 10.000 þús. kr. og verður 30.000 þús. kr.

172 Jarðasjóður: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 10.000 þús. kr. og verður 25.000 þús. kr.

201 Búnaðarfélag Íslands: Viðfangsefni 1.30 Sérfræðileg aðstoð við landbúnaðinn hækkar um 6.500 þús. kr. og verður 27.340 þús. kr. Hækkunin er vegna þess að hluti Búnaðarfélagsins af búnaðarmálasjóðsgjaldi reiknast ekki að fullu til lækkunar á framlagi ríkisins til félagsins. Miðað er við að helmingur teknanna komi til frádráttar á næsta ári þannig að framlag ríkissjóðs hækkar um 3.500 þús. kr. Að auki hækkar framlag á sama viðfangsefni um 3.000 þús. kr. vegna ákvæðis í 12. gr. búfjárræktarlaga sem kveður á um að ríkissjóður greiði laun aðstoðarfólks við uppgjör og úrvinnslu ræktunarskýrslna.

202 Hagþjónusta landbúnaðarins: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 2.000 þús. kr. og verður 10.330 þús. kr. Hækkunin er vegna unnar stöðu að fjárhæð 1.300 þús. kr. og aukins rekstrarkostnaðar að fjárhæð 700 þús. kr. Tekinn er inn nýr liður 6.01 Tæki og búnaður 1.500 þús. kr.

206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins: Viðfangsefni 1.01 Aðalstöðvar hækkar um 1.500 þús. kr. og verður 103.040 þús. kr. Hækkunin er framlag til stöðu sérfræðings við rannsóknir. Tekinn er inn nýr liður 1.93 Sérstök verkefni 500 þús. kr. vegna sérstakra verkefna á Vestfjörðum. Viðfangsefnið 6.01 Tæki og búnaður hækkar 9.000 þús. kr. og verður 12.000 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig að 1.000 þús. kr. eru vegna tækjakaupa og 8.000 kr. eru framlag til bútæknihúss á Hvanneyri. Tekinn er inn nýr liður 682 Tilraunastöð Stóra-Ármóti 1.000 þús. kr. vegna stofnkostnaðar hjá tilraunastöðinni.

232 Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins: Viðfangsefni 1.20 Tilraunir með ræktun iðnviðar hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 7.960 þús. kr. Viðfangsefni 6.01 Tæki og búnaður hækkar um 400 þús. kr. og verður 1.000 þús. kr. vegna tækjakaupa.

235 Landgræðsla ríkisins: Viðfangsefni 5.20 Viðhald, óskipt hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 4.000 þús. kr. Hækkunin er vegna viðhalds landgræðslugirðinga.

243 Sauðfjárveikivarnir: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 1.500 þús. kr. og verður 329.500 þús. kr. Framlagið er til flutnings og varðveislu á fé frá Skriðuklaustri vegna ullareiginleika.

246 Veiðimálastofnun: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 2.000 þús. kr. og verður 57.960 þús. kr. Um er að ræða framlag til ráðgjafar á Vesturlandi.

247 Yfirdýralæknir: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 1.300 þús. kr. og verður 9.940 þús. kr. vegna einnar stöðu dýralæknis.

289 Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði: Viðfangsefni 1.10 Endurgreiðsla kjarnfóðursgjalds lækkar um 32.500 þús. kr. og verður 474.500 þús. kr. Á móti er tekinn inn nýr liður 1.30 Niðurgreiðsla fóðurs í loðdýrarækt 32.500 þús. kr.

290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir: Viðfangsefni 1.10 Framleiðnisjóður landbúnaðarins hækkar um 25.400 þús. kr. og verður 676.400 þús. kr. Hækkunin er vegna vöntunar á framlagi til sjóðsins á árabilinu 1986 til 1988.

299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi: Viðfangsefni 1.19 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði hækkar um 10.000 þús. kr. og verður 25.710 þús. kr. vegna framlags til nytjaskógræktar. Viðfangsefni 1.22 Ýmis verkefni hækkar um 7.150 þús. kr. og verður 11.850 þús. kr.

501 Bændaskólinn á Hvanneyri: Viðfangsefni 6.01 Fasteignir og lóðir hækkar um 1.500 þús. kr. og verður 8.400 þús. kr. Um er að ræða framlag vegna skulda við byggingu nemendagarða á Hvanneyri.

502 Bændaskólinn á Hólum: Viðfangsefni 6.01 Fasteignir og lóðir hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 4.400 þús. kr. Framlagið er til byggingar kennslufjárhúss. Viðfangsefni 6.02 Tæki og búnaður hækkar um 1.500 þús. kr. og verður 2.500 þús. kr. Hækkunin er vegna tækja- og búnaðarkaupa við fiskeldiskennslu.

503 Garðyrkjuskóli ríkisins: Viðfangsefni 5.01 Viðhald fasteigna hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 4.500 þús. kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

202 Hafrannsóknastofnun: Viðfangsefni 1.40 Hvalarannsóknir hækkar um 10.000 þús. kr. og verður 20.000 þús. kr. Um er að ræða framlag til að ljúka rannsóknum á hvölum. Viðfangsefni 6.32 Tæki og búnaður í r/s Árna Friðriksson hækkar um 5.000 þús. kr. og verður 11.500 þús. kr. vegna endurnýjunar búnaðar og stofnkostnaðar.

216 Ríkismat sjávarafurða: Sértekjur lækka um 3.000 þús. kr. og verða 28.210 þús. kr. vegna erfiðleika í sölu síldar.

290 Veiðieftirlit: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 2.000 þús. kr. og verður 65.330 þús. kr. Um er að ræða hækkun kostnaðar við veiðieftirlit vegna smábáta.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

201 Hæstréttur: Viðfangsefni 5.01 Viðhald fasteigna hækkar um 2.500 þús. kr. og verður 4.500 þús. kr. Hækkunin er vegna lágmarksviðhalds utan húss á dómshúsi Hæstaréttar.

208 Rannsóknarlögregla ríkisins: Viðfangsefni 6.01 Tæki og búnaður hækkar um 3.000 þús. kr. og verður 8.000 þús. kr. vegna endurnýjunar á bifreið.

211 Sýslumenn og bæjarfógetar: Viðfangsefni 5.50 Fasteignir hækkar um 600 þús. kr.og verður 15.600 þús. kr. Um er að ræða viðhaldsfé til sýslumannsbústaðar á Blönduósi.

213 Sýslumaður Borgarnesi: Viðfangsefni 1.20 Löggæsla hækkar um 700 þús. kr. og verður 25.350 þús. kr. vegna hálfrar stöðu lögreglumanns.

214 Sýslumaður Stykkishólmi: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 1.500 þús. kr. og verður 24.630 þús. kr. Hækkunin er vegna stöðu löglærðs fulltrúa er hafi aðsetur á Ólafsvík.

216 Sýslumaður Patreksfirði: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 700 þús. kr. og verður 16.230 þús. kr. Um er að ræða hálfa stöðu umboðsmanns sýslumanns á Reykhólum.

221 Sýslumaður Blönduósi: Viðfangsefni 1.20 Löggæsla hækkar um 700 þús. kr. og verður 21.240 þús. kr. vegna hálfrar stöðu lögreglumanns.

234 Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi: Tekið er inn nýtt viðfangsefni 6.20 Lögreglustöð 1.000 þús. kr. til að ljúka framkvæmdum við lögreglustöð á Selfossi.

239 Fangelsismálastofnun: Viðfangsefnið 1.01 hækkar um 1.500 þús. kr. og verður 23.740 þús. kr. Um er að ræða framlag til einnar stöðu við stofnunina. Viðfangsefni 6.01 Tæki og búnaður hækkar um 600 þús. kr. og verður 1.400 þús. kr. vegna tölvuvæðingar stofnunarinnar og annarra eignakaupa.

242 Vinnuhælið Litla-Hrauni: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 650 þús. kr. og verður 110.150 þús. kr. Hækkunin er vegna hálfrar stöðu hjúkrunarfræðings.

253 Almannavarnir ríkisins: Viðfangsefni 1.01 Hækkar um 744 þús. kr. og verður 20.184 þús. kr. vegna kaupa á geislunarvarnatæki í samvinnu við Geislavarnir ríkisins. Viðfangsefni 6.01 Tæki og búnaður hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 4.000 þús. kr. vegna kaupa á viðvörunarflautum sem hingað til hafa verið teknar á leigu.

301 Biskup Íslands: Tekið er inn nýtt viðfangsefni 1.15 Ýmis verkefni 4.700 þús. kr. Um er að ræða laun verkefnisstjóra vegna þúsund ára afmælis kristnitöku 2.000 þús. kr. og framlag til biblíuþýðingar 2.700 þús. kr. Á móti lækkar viðfangsefnið 1.01 Yfirstjórn um 2.700 þús. kr. og verður 17.310 þús. kr.

303 Prestaköll og prófastsdæmi: Viðfangsefni 1.90 Prestar og prófastar hækkar um 1.500 þús. kr. og verður 286.700 þús. kr. vegna stöðugildis prests.

304 Ýmis kirkjuleg málefni: Tekinn er inn nýr liður 1.60 Ráðgjöf í fjölskyldumálum 1.800 þús. kr. Um er að ræða stöðu prests er veitir forstöðu þjónustustöð fyrir slíka ráðgjöf. Tekinn er inn nýr liður 5.42 Húsmæðraskólinn á Löngumýri, 500 þús. kr. Viðfangsefni 6.51 Hallgrímskirkja hækkar um 3.000 þús. kr. og verður 6.000 þús. kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

700 Málefni fatlaðra: Viðfangsefni 1.10 Vistanir hækka um 3.000 þús. kr. og verður 11.190 þús. kr. Hækkunin er vegna aukins kostnaðar við vistanir og svo ekki þurfi að koma til takmarkana á þessari þjónustu.

701 Málefni fatlaðra, Reykjavík: Viðfangsefni 1.29 Sambýli Vesturbrún 17 hækkar um 3.800 þús. kr. og verður 10.780 þús. kr. Um er að ræða fjölgun stöðugilda á sambýlinu um 2,4 vegna hrakandi heilsu heimilismanna og fárra tækifæra þeirra til atvinnu og dagvistar utan sambýlisins.

703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi: Viðfangsefni 1.70 Sumarbúðir hækkar um 1.100 þús. kr. og verður 3.250 þús. kr. vegna sumarbúða í Holti.

704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum: Tekið er inn nýtt viðfangsefni 6.50 Tæki og búnaður 1.300 þús. kr. Um er að ræða framlag til kaupa á bifreið.

705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra: Tekið er inn nýtt viðfangsefni 1.90 Verkstjórn 1.010 þús. kr. Um er að ræða stöðu leiðbeinanda fyrir fatlaða starfsmenn hjá Þormóði ramma.

707 Málefni fatlaðra, Austurlandi: Tekið er inn nýtt viðfangsefni 1.80 Atvinnuleit 870 þús. kr. Um er að ræða hálft stöðugildi vegna atvinnuleitar fyrir fatlaða.

708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi: Viðfangsefni 1.26 Sambýli Vestmannaeyjum hækkar um 1.700 þús. kr. og verður 6.450 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig að 1.300 þús. kr. eru vegna eins stöðugildis og 400 þús. kr. eru vegna fæðiskostnaðar og leigugjalda. Tekið er inn nýtt viðfangsefni 1.80 Atvinnuleit 825 þús. kr. Um er að ræða hálft stöðugildi vegna atvinnuleitar fyrir fatlaða.

711 Styrktarfélag vangefinna: Viðfangsefni 1.30 Vinnustofan Ás hækkar um 1.175 þús. kr. og verður 22.755 þús. kr. vegna eins stöðugildis.

719 Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ: Viðfangsefnið 1.70 Vistheimilið Tjaldanesi hækkar um 500 þús. kr. og verður 33.990 þús. kr. Um er að ræða hækkun vegna lagfæringar á hreinlætisaðstöðu.

720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ: Viðfangsefnið 1.70 Vistheimilið Skálatúni hækkar um 1.600 þús. kr. og verður 102.080 þús. kr. vegna rekstrar.

722 Sólheimar Grímsnesi: Viðfangsefni 1.70 Vistheimilið að Sólheimum Grímsnesi hækkar um 870 þús. kr. og verður 77.510 þús. kr. vegna heimferðargjalds.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Viðfangsefni 1.10 hækkar um 44.800 þús. kr. og verður 1.348.800 þús. kr. Um er að ræða hækkun í samræmi við lög um tekjustofna sveitarfélaga.

951 Brunamálastofnun ríkisins: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 1.500 þús. kr.og verður 56.220 þús. kr. vegna stöðu tæknimenntaðs starfsmanns.

981 Vinnumál: Viðfangsefni 1.60 Orlofsheimili launþegasamtakanna hækkar um 140 þús. kr. og verður 5.000 þús. kr. Viðfangsefni 1.90 Ýmislegt hækkar um 3.100 þús. kr. og verður 33.140 þús. kr.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi: Viðfangsefni 1.27 Slysavarnafélag Íslands hækkar um 740 þús. kr. og verður 9.000 þús. kr. Viðfangsefni 1.31 Félagasamtök, styrkir hækkar um 3.530 þús. kr. og verður 18.400 þús. kr. Viðfangsefni 1.90 Ýmis framlög hækkar um 590 þús. kr. og verður 7.150 þús. kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

340 Málefni fatlaðra: Viðfangsefni 1.40 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga hækkar um 1.500 þús. kr. og verður 8.650 þús. kr. Hækkunin er til að hafa sjúklinga í frumendurhæfingu við göngudeild. Tekinn er inn nýr liður 1.70 Hjarta- og æðaverndarfélag, Akureyri 1.000 þús. kr. Viðfangsefni 1.90 Önnur starfsemi hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 4.300 þús. kr. Framlagið er til rekstrar endurhæfingarstöðvar fyrir hjarta- og lungnasjúklinga.

358 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 3.700 þús. kr. og verður 1.053.300 þús. kr. vegna 1% hækkunar álagshlutfalls á laun.

360 Sjúkrahúsið Seyðisfirði: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 2.000 þús. kr. og verður 78.080 þús. kr. Um er að ræða hækkun á rekstrargjöldum sjúkrahússins svo unnt sé að nýta sérfræðing í krabbameinslækningum, sem kominn er til starfa við sjúkrahúsið, og hafa sjúklinga af Austfjörðum frekar heima í héraði en í Reykjavík.

366 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 1.500 þús. kr. og verður 178.490 þús. kr. Hækkunin er vegna hálfrar stöðu svæfingarlæknis við sjúkrahúsið.

370 Sjúkrahús í Reykjavík: Viðfangsefni 1.01 lækkar um 8.844.700 þús. kr. og verður 154.300 þús. kr. Viðfangsefni 5.01 Viðhald lækkar um 123.500 þús. kr. og fellur brott. Viðfangsefni 6.01 Tæki og búnaður lækkar um 90.000 þús. kr. og verður 20.000 þús. kr. Liðurinn breytir um nafn og nefnist Stofnkostnaður. Viðfangsefni 6.50 Nýframkvæmdir lækkar um 65.000 þús. kr. og fellur brott. Viðfangsefni 6.70 Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð lækkar um 74.000 þús. kr. og fellur brott.

371 Ríkisspítalar: Tekin eru inn eftirfarandi ný viðfangsefni:
a. 1.01 Almennur rekstur 5.504.973 þús. kr.
b. 5.60 Stjórnarnefnd, viðhald 73.000 þús. kr.
c. 6.60 Stjórnarnefnd, stofnkostnaður 100.000 þús. kr.
d. 6.70 Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð 164.000 þús. kr.

372 Borgarspítalinn: Tekin eru inn eftirfarandi ný viðfangsefni:
a. 1.01 Almennur rekstur 2.445.131 þús. kr.
b. 5.01 Viðhald 44.000 þús. kr.
c. 6.01 Tæki og búnaður 25.000 þús. kr.
d. 6.50 Nýframkvæmdir 30.000 þús. kr.

373 St. Jósefsspítali, Landakot: Tekin eru inn eftirfarandi ný viðfangsefni:
a. 1.01 Almennur rekstur 1.099.688 þús. kr.
b. 5.01 Viðhald 6.500 þús. kr.
c. 6.01 Tæki og búnaður 10.000 þús. kr.
d. 6.50 Framlag til röntgentækjakaupa 10.000 þús. kr.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir: Viðfangsefni 6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða hækkar um 81.850 þús. kr. og verður 291.850 þús. kr. Vísað er í sundurliðun á sérstöku yfirliti með breytingartillögum um skiptingu á einstök verkefni.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi: Viðfangsefni 1.35 Hjartavernd, Monica-rannsóknir hækkar um 520 þús. kr. og verður 3.500 þús. kr. Viðfangsefni 1.37 Hjartavernd hækkar um 900 þús. kr. og verður 8.500 þús. kr. vegna launakostnaðar við rannsóknastöð. Viðfangsefni 1.90 Ýmis framlög hækka um 70 þús. kr. og verða 10.000 þús. kr.

500 Heilsugæslustöðvar, almennt: Viðfangsefni 6.01 Tæki og búnaður hækkar um 2.000 þús. kr. og verður 6.000 þús. kr.

581 Heilsugæslustöðin Keflavík: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 700 þús. kr. og verður 86.770 þús. kr. vegna hálfrar stöðu við heimahjúkrun.

591 Héraðslæknir í Reykjavík: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 2.200 þús. kr. og verður 14.110 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig að 1.500 þús. kr. eru vegna stöðugildis er heimild var fyrir hjá embætti borgarlæknis og 700 þús. kr. eru vegna rekstrargjalda.

602 Þroskaþjálfaskóli Íslands: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 600 þús. kr. og verður 16.720 þús. kr. vegna leiðréttingar á launalið skólans.

610 Gæsluvistarsjóður, framlag: Viðfangsefnið 6.40 Samhjálp hækkar um 200 þús. kr. og verður 2.200 þús. kr. vegna endurbóta á húsnæði samtakanna.

621 Bindindisstarfsemi: Viðfangsefni 1.20 Stórstúka Íslands, ungliðastarf hækkar um 270 þús. kr. og verður 1.700 þús. kr.

10 Samgönguráðuneyti

331 Vita- og hafnarmálaskrifstofan: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 760 þús. kr. og verður 76.400 þús. kr. Um er að ræða biðlaun til hafnarstjóra landshafna. Viðfangsefni 6.01 Tæki og búnaður hækkar um 1.500 þús. kr. og verður 3.000 þús. kr. Um er að ræða hækkun vegna flutnings skrifstofunnar.

332 Vitastofnun Íslands: Viðfangsefni 1.10 Rekstur vita hækkar um 1.680 þús. kr. og verður 91.340 þús. kr. vegna launagjalda. Sértekjur lækka um 1.380 þús. kr. og verða 44.190 þús. kr.

333 Hafnamál: Viðfangsefni 1.10 Hafnarannsóknir og mælingar hækkar um 2.500 þús. kr. og verður 23.220 þús. kr. vegna rannsóknar á innsiglingu Hornafjarðaróss.

341 Siglingamálastofnun ríkisins: Viðfangsefni 1.03 Sérstök verkefni hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 2.600 þús. kr. vegna stöðugleikarannsókna. Viðfangsefni 6.01 Mengunarvarnabúnaður hækkar um 2.400 þús. kr. og verður 5.600 þús. kr.

471 Flugmálastjórn: Viðfangsefni 1.20 Loftferðaeftirlit hækkar um 2.000 þús. kr. og verður 28.090 þús. kr. vegna eins stöðugildis í flugrekstrardeild. Viðfangsefni 1.30 Reykjavíkurflugvöllur lækkar um 1.650 þús. kr. og verður 84.780 þús. kr. vegna lækkunar á yfirvinnu. Viðfangsefni 1.40 Flugvalladeild lækkar um 5.000 þús. kr. og verður 150.080 þús. kr. Launagjöld hækka um 2.640 þús. kr. vegna 2,5 stöðugilda flugvallavarða og önnur rekstrargjöld lækka um 7.640 þús. kr. Viðfangsefni 1.50 Loftferðaeftirlit. Launagjöld hækka um 2.500 þús. kr. vegna stöðugildis flugmanns en á móti lækkar yfirvinna sem nemur 2.500 þús. kr. Viðfangsefni 1.60 Flugumferðaþjónusta hækkar um 5.000 þús. kr. og verður 171.010 þús. kr. vegna fjögurra stöðugilda nema og eins stöðugildis aðstoðarmanns. Sértekjur hækka um 350 þús. kr. og verða 650.940 þús. kr.

485 Ýmis framlög: Tilfærslur hækka um 9.550 þús. kr. og verða 53.010 þús. kr. Þær skiptast eftirfarandi:

a. 1.20 Tilkynningarskylda íslenskra skipa hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 14.530 þús. kr. Um er að ræða hækkun á framlagi til rekstrarkostnaðar.
b. Tekinn er inn nýr liður 1.26 Ýmislegt 4.000 þús. kr.
c. Tekinn er inn nýr liður 1.26 Ýmislegt 4.000 þús. kr. 1.33 Slysavarnaskóli sjómanna hækkar um 1.500 þús. kr. og verður 23.830 þús. kr.
d. Tekinn er inn nýr liður 1.42 Ýmis framlög vegna ferðamála 3.050 þús. kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

240 Iðnaðarrannsóknir: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 2.750 þús. kr. og verður 29.070 þús. kr. Um er að ræða kostnað vegna undirbúnings staðarvals fyrir nýtt álver.

299 Iðja og iðnaður, framlög: Viðfangsefni 1.21 Byggingarþjónustan hækkar um 440 þús. kr. og verður 1.000 þús. kr. Tekinn er inn nýr liður 1.42 Stuðningur við skipasmíðaiðnað 7.000 þús. kr. Viðfangsefni 1.50 Iðnþróun og markaðsmál hækkar um 3.800 þús. kr. og verður 13.410 þús. kr. Framlagið er til verkefnisins Málmur 92, samstarfsverkefnis ýmissa aðila.

14 Umhverfisráðuneyti

101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 6.000

þús. kr. og verður 35.970 þús. kr. Um er að ræða hækkun vegna stöðu fulltrúa við ráðuneytið 750 þús. kr., hækkun annarra gjalda 2.000 þús. kr., til að koma á fót nýrri umhverfisstofnun 2.000 þús. kr. og vegna stöðu arkitekts 1.250 þús. kr. Tekið er inn nýtt viðfangsefni 6.01 Tæki og búnaður 1.500 þús. kr. vegna stofnbúnaðarkaupa hjá aðalskrifstofu.

410 Veðurstofa Íslands: Viðfangsefni 6.90 Veðurratsjá o.fl. hækkar um 5.200 þús. kr. og verður 21.200 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig að 1.000 þús. kr. er framlag til tölvukaupa vegna snjóflóðavarna og 4.200 þús. kr. er til að ljúka greiðslum vegna kaupa á veðurratsjá á Reykjanesi.

Alþingi, 12. des. 1990.

Sighvatur Björgvinsson, form., frsm.
Margrét Frímannsdóttir, fundaskr.
Alexander Stefánsson.
Ólafur Þ. Þórðarson.
Ásgeir Hannes Eiríksson.

Sþ. 293. Breytingartillögur [1. mál]

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1991.

Frá fjárveitinganefnd.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 0-201 Alþingi.	
a. Við 102 Aðalskrifstofa.	
Fyrir „40.130“ kemur	41.130
b. Við 103 Þingmálaskrifstofa.	
Fyrir „97.580“ kemur	102.580
c. Við 104 Rekstrarskrifstofa.	
Fyrir „127.420“ kemur	129.520
d. Við 105 Alþjóðasamstarf þingmanna.	
Fyrir „18.540“ kemur	27.940
e. Við 106 Norðurlandaráð.	
Fyrir „22.420“ kemur	23.920
f. Við 520 Fasteignir.	
Fyrir „10.000“ kemur	13.500
2. Við 4. gr. 0-620 Ríkisendurskoðun.	
a. Við 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „125.640“ kemur	133.040
b. Við 601 Tæki og búnaður.	
Fyrir „7.000“ kemur	9.000
3. Við 4. gr. 1-101 Forsætisráðuneyti.	
a. Við 140 Gjöf Jóns Sigurðssonar.	
Fyrir „1.340“ kemur	1.500
b. Nýr liður:	
190 Ýmis verkefni	6.000
4. Við 4. gr. 2-101 Menntamálaráðuneyti. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „218.120“ kemur	219.720
5. Við 4. gr. 2-201 Háskóli Íslands.	
a. Við 102 Sameiginleg útgjöld.	
Fyrir „236.210“ kemur	241.210
b. Við 106 Kennslu- og vísindadeildir.	
Fyrir „980.240“ kemur	996.431
6. Við 4. gr. 2-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum. 110 Rannsóknadeild fisksjúkdóma.	
Fyrir „18.390“ kemur	19.890
7. Við 4. gr. 2-203 Raunvísindastofnun Háskólans. 103 Rannsóknastofur.	
Fyrir „115.240“ kemur	116.740
8. Við 4. gr. 2-204 Stofnun Sigurðar Nordals. 501 Fasteign.	

Fyrir „500“ kemur 1.200

9. Við 4. gr. 2-234 Vísindaráð. 101 Almennur rekstur.
Fyrir „9.380“ kemur 10.880
10. Við 4. gr. 2-318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður.
a. Nýr liður:
611 Menntaskólinn að Laugarvatni 2.000
b. Við 617 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, kennsluhúsnæði.
Fyrir „5.000“ kemur 9.000
c. Við 619 Fjölbrautaskóli Vesturlands, mötuneyti.
Fyrir „20.000“ kemur 35.000
d. Við 629 Fjölbrautaskólinn Ármúla, viðbygging.
Fyrir „3.000“ kemur 5.000
e. Nýir liðir:
632 Menntaskólinn á Akureyri 2.000
635 Menntaskólinn á Ísafirði, íþróttahús 8.000
637 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ 3.000
638 Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu 3.000
639 Fjölbrautaskóli Suðurlands 2.000
11. Við 4. gr. 2-319 140 Framhaldsskólar, óskipt.
Fyrir „26.410“ kemur 33.910
12. Við 4. gr. 2-355 103 Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum, kennsla.
Fyrir „4.640“ kemur 5.140
13. Við 4. gr. 2-422 Námsgagnastofnun. 160 Námsefnisgerð.
Fyrir „50.820“ kemur 53.820
14. Við 4. gr. 2-507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík. 101 Kennsla.
Fyrir „24.460“ kemur 25.460
15. Við 4. gr. 2-514 Iðnskólinn í Reykjavík. Nýr liður:
601 Tæki og búnaður 10.000
16. Við 4. gr. 2-517 Hótel- og veitingaskóli Íslands. 601 Tæki og búnaður.
Fyrir „500“ kemur 1.500
17. Við 4. gr. 2-531 Íþróttakennaraskóli Íslands. 610 Sundlaug.
Fyrir „12.000“ kemur 22.000
18. Við 4. gr. 2-571 Sjómannaskólahúsið. 610 Lóðaframkvæmdir.
Fyrir „4.000“ kemur 8.000
19. Við 4. gr. 2-610 Héraðsskólar almennt. 690 Stofnkostnaður. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Héraðsskólar (02-610 690).

1. Reykholt	5.000
2. Núpur	4.000
3. Reykjanes	2.500
4. Reykir	2.000

5. Eiðar 10.000
6. Skógar 1.500
7. Laugarvatn 1.000
26.000

20. Við 4. gr. 2-621 Skálholtsskóli. 102 Annað en kennsla.
Fyrir „2.280“ kemur 3.780
21. Við 4. gr. 2-720 Grunnskólar, almennt.
a. Við 141 Landakotsskóli, rekstrarstyrkur.
Fyrir „2.880“ kemur 4.080
b. Við 143 Suðurhlíðarskóli, rekstrarstyrkur.
Fyrir „4.360“ kemur 5.360
22. Við 4. gr. 2-881 Náms- og fræðimenn, framlög. 115 Styrkur til útgáfustarfa.
Fyrir „2.440“ kemur 3.840
23. Við 4. gr. 2-885 Fullorðinsfræðsla. 160 Heimilisiðnaðarskólinn.
Fyrir „1.100“ kemur 1.300
24. Við 4. gr. 2-901 Landsbókasafn Íslands. 101 Almennur rekstur.
Fyrir „42.260“ kemur 43.760
25. Við 4. gr. 2-902 Þjóðminjasafn Íslands.
a. Við 501 Húseign við Suðurgötu.
Fyrir „3.000“ kemur 10.000
b. Við 601 Tæki og búnaður.
Fyrir „1.000“ kemur 2.000
26. Við 4. gr. 2-904 Safnahúsið við Hverfisgötu. 501 Viðhald fasteignar.
Fyrir „1.500“ kemur 2.000
27. Við 4. gr. 2-908 Kvikmyndasafn Íslands. 101 Almennur rekstur.
Fyrir „6.360“ kemur 7.860
28. Við 4. gr. 2-909 Blindrabókasafn Íslands. 601 Tæki og búnaður.
Fyrir „1.700“ kemur 3.700
29. Við 4. gr. 2-982 Listir, framlög.
a. Við 124 Önnur leiklistarstarfsemi.
Fyrir „3.000“ kemur 4.000
b. Við 133 Íslensk tónverkamiðstöð.
Fyrir „4.050“ kemur 4.550
c. Við 134 Sinfóníuhljómsveit æskunnar.
Fyrir „2.300“ kemur 2.800
d. Við 137 Tónlistarstarfsemi, styrkir.
Fyrir „5.000“ kemur 7.000
e. Við 142 Myndlistaskólinn í Reykjavík.
Fyrir „3.800“ kemur 4.000
f. Við 145 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar.
Fyrir „4.600“ kemur 5.200
g. Við 175 Lista- og menningarmál, ýmis.
Fyrir „12.000“ kemur 10.000
h. Nýr liður:

178 Ýmsir styrkir 2.000

30. Við 4. gr. 2-983 Vísindaleg starfsemi, styrkir.
    a. Við 110 Vísinda- og fræðistörf.
    Fyrir „1.510“ kemur 1.710
    b. Nýr liður:
    117 Samtök um upplýsinganet rannsóknaaðila. 1.500
31. Við 4. gr. 2-988 Æskulýðsmál.
    a. Við 110 Æskulýðsráð ríkisins.
    Fyrir „1.500“ kemur 1.750
    b. Við 111 Æskulýðssamband Íslands.
    Fyrir „700“ kemur 1.200
    c. Við 112 Ungmennafélag Íslands.
    Fyrir „9.500“ kemur 10.500
    d. Við 113 Bandalag íslenskra skáta.
    Fyrir „5.000“ kemur 5.500
    e. Við 116 Íslenskir ungtemplarar.
    Fyrir „1.000“ kemur 1.150
    f. Við 117 Starfsemi KFUM og KFUK.
    Fyrir „2.000“ kemur 2.200
    g. Nýir liðir:
    620 KFUM og KFUK, byggingarstyrkur 1.000
    621 Séra Friðrikskapella, byggingarstyrkur 2.500
32. Við 4. gr. 2-989 Ýmis íþróttamál.
    a. Við 110 Íþróttasamband Íslands.
    Fyrir „24.920“ kemur 26.920
    b. Við 111 Ólympíunefnd Íslands.
    Fyrir „4.500“ kemur 5.500
    c. Við 116 Íþróttafélög, styrkir.
    Fyrir „14.000“ kemur 16.000
    d. Við 121 Skáksamband Íslands.
    Fyrir „2.000“ kemur 2.200
    e. Nýr liður:
    621 Ýmis íþróttamál 1.000
33. Við 4. gr. 2-991 Húsafriðun.
    a. Við 150 Hið íslenska fornleifafélag.
    Fyrir „280“ kemur 380
    b. Við 640 Byggða- og minjasöfn.
    Fyrir „6.000“ kemur 12.125
34. Við 4. gr. 2-999 Ýmislegt.
    a. Við 121 Norræn umhverfisráðstefna.
    Fyrir „5.000“ kemur 6.000
    b. Við 150 Landssamband hjálparsveita skáta.
    Fyrir „2.000“ kemur 3.000
    c. Við 190 Söfn, styrkir.
    Fyrir „2.000“ kemur 2.100
    d. Við 192 Ýmis framlög.

Fyrir „11.500“ kemur 15.000
35. Við 4. gr. 3-201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli.
a. Við 120 Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli.
Fyrir „120.750“ kemur 121.750
b. Við 4 Sértekjur.
Fyrir „23.150“ kemur 22.650
36. Við 4. gr. 3-390 101 Þróunarsamvinnustofnun Íslands.
Fyrir „78.570“ kemur 95.000
37. Við 4. gr. 3-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi. 116 Aðstoð Sameinuðu þjóðanna við palestínska flóttamenn, UNRWA.
Fyrir „590“ kemur 1.500
38. Við 4. gr. 3-399 Ýmis utanríkismál.
a. Við 140 Samskipti við Vestur-Íslendinga.
Fyrir „280“ kemur 970
b. Við 170 Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.
Fyrir „210“ kemur 500
39. Við 4. gr. 4-171 601 Jarðeignir ríkisins.
Fyrir „20.000“ kemur 30.000
40. Við 4. gr. 4-172 601 Jarðasjóður.
Fyrir „15.000“ kemur 25.000
41. Við 4. gr. 4-201 Búnaðarfélag Íslands. 130 Sérfræðiaðstoð við landbúnaðinn.
Fyrir „20.840“ kemur 27.340
42. Við 4. gr. 4-202 Hagþjónusta landbúnaðarins.
a. 101 Almennur rekstur.
Fyrir „8.330“ kemur 10.330
b. Nýr liður:
601 Tæki og búnaður 1.500
Fyrir „8.330“ kemur 11.830
43. Við 4. gr. 4-206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins.
a. Við 101 Aðalstöðvar.
Fyrir „101.540“ kemur 103.040
b. Nýr liður:
193 Sérstök verkefni 500
c. Við 601 Tæki og búnaður.
Fyrir „3.000“ kemur 12.000
d. Nýr liður:
682 Tilraunastöð Stóra-Ármóti 1.000
44. Við 4. gr. 4-232 Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins.
a. Við 120 Tilraunir með ræktun iðnviðar.
Fyrir „6.960“ kemur 7.960
b. Við 601 Tæki og búnaður.
Fyrir „600“ kemur 1.000
45. Við 4. gr. 4-235 Landgræðsla ríkisins. 520 Viðhald óskipt.
Fyrir „3.000“ kemur 4.000
46. Við 4. gr. 4-243 Sauðfjárveikivarnir. 101 Almennur rekstur.
Fyrir „328.000“ kemur 329.500

47. Við 4. gr. 4-246 Veiðimálastofnunin. 101 Almennur rekstur.
Fyrir „55.960“ kemur 57.960
48. Við 4. gr. 4-247 Yfirdýralæknir. 101 Yfirstjórn.
Fyrir „8.640“ kemur 9.940
49. Við 4. gr. 4-289 Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði.
a. Við 110 Endurgreiðsla kjarnfóðurgjalds.
Fyrir „507.000“ kemur 474.500
b. Nýr liður:
130 Niðurgreiðsla fóðurs í loðdýrarækt 32.500
50. Við 4. gr. 4-290 110 Framleiðnisjóður landbúnaðarins.
Fyrir „651.000“ kemur 676.400
51. Við 4. gr. 4-299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi.
a. Við 119 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði.
Fyrir „15.710“ kemur 25.710
b. Við 122 Ýmis verkefni.
Fyrir „4.700“ kemur 11.850
52. Við 4. gr. 4-501 Bændaskólinn á Hvanneyri. 601 Fasteignir og lóðir.
Fyrir „6.900“ kemur 8.400
53. Við 4. gr. 4-502 Bændaskólinn á Hólum.
a. Við 601 Fasteignir og lóðir.
Fyrir „3.400“ kemur 4.400
b. Við 602 Tæki og búnaður.
Fyrir „1.000“ kemur 2.500
54. Við 4. gr. 4-503 Garðyrkjuskóli ríkisins. 501 Viðhald fasteigna.
Fyrir „3.500“ kemur 4.500
55. Við 4. gr. 5-202 Hafrannsóknastofnun.
a. Við 140 Hvalarannsóknir.
Fyrir „10.000“ kemur 20.000
b. Við 632 Tæki og búnaður í r/s Árna Friðriksson.
Fyrir „6.500“ kemur 11.500
56. Við 4. gr. 5-216 Ríkismat sjávarafurða. 4 Sértekjur.
Fyrir „31.210“ kemur 28.210
57. Við 4. gr. 5-290 Veiðieftirlit. 101 Almennur rekstur.
Fyrir „63.330“ kemur 65.330
58. Við 4. gr. 6-201 Hæstiréttur. 501 Viðhald fasteigna.
Fyrir „2.000“ kemur 4.500
59. Við 4. gr. 6-208 Rannsóknarlögregla ríkisins. 601 Tæki og búnaður.
Fyrir „5.000“ kemur 8.000
60. Við 4. gr. 6-211 Sýslumenn og bæjarfógetar. 550 Fasteignir.
Fyrir „15.000“ kemur 15.600
61. Við 4. gr. 6-213 Sýslumaður Borgarnesi. 120 Löggæsla.
Fyrir „24.650“ kemur 25.350
62. Við 4. gr. 6-214 Sýslumaður Stykkishólmi. 101 Yfirstjórn.
Fyrir „23.130“ kemur 24.630
63. Við 4. gr. 6-216 Sýslumaður Patreksfirði. 101 Yfirstjórn.
Fyrir „15.530“ kemur 16.230

64. Við 4. gr. 6-221 Sýslumaður Blönduósi. 120 Löggæsla.
Fyrir „20.540“ kemur 21.240
65. Við 4. gr. 6-234 Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi. Nýr liður:
620 Lögreglustöð 1.000
66. Við 4. gr. 6-239 Fangelsismálastofnun.
a. Við 101 Almennur rekstur.
Fyrir „22.240“ kemur 23.740
b. Við 601 Tæki og búnaður.
Fyrir „800“ kemur 1.400
67. Við 4. gr. 6-242 Vinnuhælið Litla-Hrauni. 101 Yfirstjórn.
Fyrir „109.500“ kemur 110.150
68. Við 4. gr. 6-253 Almannavarnir ríkisins.
a. Við 101 Almennur rekstur.
Fyrir „19.440“ kemur 20.184
b. Við 601 Tæki og búnaður.
Fyrir „3.000“ kemur 4.000
69. Við 4. gr. 6-301 Biskup Íslands.
a. Við 101 Yfirstjórn.
Fyrir „20.010“ kemur 17.310
b. Nýr liður:
115 Ýmis verkefni 4.700
70. Við 4. gr. 6-303 190 Prestar og prófastar.
Fyrir „285.200“ kemur 286.700
71. Við 4. gr. 6-304 Ýmis kirkjuleg málefni.
a. Nýir liðir:
160 Ráðgjöf í fjölskyldumálum 1.800
542 Húsmæðraskólinn á Löngumýri 500
b. Við 651 Hallgrímskirkja.
Fyrir „3.000“ kemur 6.000
72. Við 4. gr. 7-700 Málefni fatlaðra. 110 Vistanir.
Fyrir „8.190“ kemur 11.190
73. Við 4. gr. 7-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík. 129 Sambýli Vesturbrún 17.
Fyrir „6.980“ kemur 10.780
74. Við 4. gr. 7-703 Málefni fatlaðra Vesturlandi. 170 Sumarbúðir.
Fyrir „2.150“ kemur 3.250
75. Við 4. gr. 7-704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum. Nýr liður:
650 Tæki og búnaður 1.300
76. Við 4. gr. 7-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra. Nýr liður:
190 Verkstjórn 1.010
77. Við 4. gr. 7-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi. Nýr liður:
180 Atvinnuleit 870
78. Við 4. gr. 7-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi.
a. Við 126 Sambýli Vestmannaeyjum.
Fyrir „4.750“ kemur 6.450
b. Nýr liður:
180 Atvinnuleit 825

79. Við 4. gr. 7-711 Styrktarfélag vangefinna. 130 Vinnustofan Ás.
Fyrir „21.580“ kemur 22.755
80. Við 4. gr. 7-719 Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ. 170 Almennur rekstur.
Fyrir „33.490“ kemur 33.990
81. Við 4. gr. 7-720 Skálatúnsheimilið Mosfellsbæ. 170 Almennur rekstur.
Fyrir „100.480“ kemur 102.080
82. Við 4. gr. 7-722 Sólheimar Grímsnesi. 170 Almennur rekstur.
Fyrir „76.640“ kemur 77.510
83. Við 4. gr. 7-801 110 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.
Fyrir „1.304.000“ kemur 1.348.800
84. Við 4. gr. 7-951 Brunamálastofnun ríkisins. 101 Almennur rekstur.
Fyrir „54.720“ kemur 56.220
85. Við 4. gr. 7-981 Vinnumál.
a. Við 160 Orlofsheimili launþegasamtakanna.
Fyrir „4.860“ kemur 5.000
b. Við 190 Ýmislegt.
Fyrir „30.040“ kemur 33.040
86. Við 4. gr. 7-999. Félagsmál, ýmis starfsemi.
a. Við 127 Slysavarnafélag Íslands.
Fyrir „8.260“ kemur 9.000
b. Við 131 Félagasamtök, styrkir.
Fyrir „14.870“ kemur 18.400
c. Við 190 Ýmis framlög.
Fyrir „6.560“ kemur 7.150
87. Við 4. gr. 8-340 Málefni fatlaðra.
a. Við 140 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga.
Fyrir „7.150“ kemur 8.650
b. Nýr liður:
170 Hjarta- og æðaverndarfélag, Akureyri 1.000
c. Við 190 Önnur starfsemi.
Fyrir „3.300“ kemur 4.300
88. Við 4. gr. 8-358 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. 101 Almennur rekstur.
Fyrir „1.049.600“ kemur 1.053.300
89. Við 4. gr. 8-360 Sjúkrahúsið Seyðisfirði. 101 Almennur rekstur.
Fyrir „76.080“ kemur 78.080
90. Við 4. gr. 8-366 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum. 101 Almennur rekstur.
Fyrir „176.990“ kemur 178.490
91. Við 4. gr. 8-370 Sjúkrahús í Reykjavík.
a. Við 101 Almennur rekstur.
Fyrir „9.905.560“ kemur 154.300
b. Við 501 Viðhald.
Liðurinn fellur brott.
c. Við 601 Liðurinn orðist svo:
601 Stofnkostnaður, óskipt 20.000
d. Við 650 Nýframkvæmdir.
Liðurinn fellur brott.

e. Við 670 Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð.
Liðurinn fellur brott.
f. Við 4 Sértekjur.
Liðurinn fellur brott.

92. Við 4. gr. Við bætist nýr liður:
08-371 Ríkisspítalar.

a. 101 Almennur rekstur	5.902.821
b. 560 Stjórnarnefnd, viðhald	73.000
c. 660 Stjórnarnefnd, stofnkostnaður	100.000
d. 670 Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð	164.000
e. 4 Sértekjur	397.848

93. Við 4. gr. Við bætist nýr liður:
08-372 Borgarspítali.

a. 101 Almennur rekstur	2.843.593
b. 501 Viðhald	44.000
c. 601 Tæki og búnaður	25.000
d. 650 Nýframkvæmdir	30.000
e. 4 Sértekjur	398.462

94. Við 4. gr. Við bætist nýr liður:
08-373 St. Jósefsspítali, Landakoti.

a. 101 Almennur rekstur	1.243.346
b. 501 Viðhald	6.500
c. 601 Tæki og búnaður	10.000
d. 602 Framlag til röntgentækjakaupa	10.000
e. 4 Sértekjur	143.658

95. Við 4. gr. 8-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir.
a. Við 690 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða.
Fyrir „210.000“ kemur 291.850
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 690).

a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:

1. Akranes, sjúkrahús	11.000
2. Akranes, H2	19.200
3. Borgarnes, H2	800
4. Ólafsvík, hjúkrunarheimili	1.000
5. Grundarfjörður, H1	4.000
6. Stykkishólmur, H2	6.000
7. Patreksfjörður, sjúkrahús	4.000
8. Ísafjörður, sjúkrahús	25.000
9. Hvammstangi, H2	1.000
10. Blönduós, H2	28.500
11. Sauðárkrókur, sjúkrahús og H2	6.000
12. Siglufjörður, sjúkrahús	4.500

13. Akureyri, H2	2.200	
14. Raufarhöfn, H1	2.500	
15. Húsavík, H2	31.500	
16. Seyðisfjörður, sjúkrahús og H2	17.700	
17. Djúpivogur, H2	6.300	
18. Neskaupstaður, sjúkrahús	4.200	
19. Eskifjörður, H1	2.000	
20. Vestmannaeyjar, sjúkrahús	2.000	
21. Stokkseyri, H1	2.000	
22. Þorlákshöfn, H1	7.300	
23. Hafnarfjörður, H2	12.200	
24. Hafnarfjörður, St. Jósefsspítali	3.000	
25. Garðabær, H2	4.000	
26. Seltjarnarnes, H2	27.100	
		235.000
b. Húsaleiga:		
Akureyri	6.000	
		6.000
c. Læknisbústaðir:		
1. Hvolsvöllur	850	
2. Seyðisfjörður	2.000	
		2.850
d. Hjúkrunarheimili aldraðra:		
1. Patreksfjörður, forhönnun	1.000	
2. Sauðárkrókur	7.500	
3. Vopnafjörður	5.000	
4. Eskifjörður	5.000	
5. Kirkjubæjarklaustur	8.500	
6. Hella	9.000	
7. Grindavík	12.000	
		48.000
		291.850
96. Við 4. gr. 8-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.		
a. Við 135 Hjartavernd, Monica-rannsóknir.		
Fyrir „2.980“ kemur		3.500
b. Við 137 Hjartavernd.		
Fyrir „7.600“ kemur		8.500
c. Við 190 Ýmis framlög.		
Fyrir „9.930“ kemur		10.000
97. Við 4. gr. 8-500 Heilsugæslustöðvar almennt. 601 Tæki og búnaður.		
Fyrir „4.000“ kemur		6.000
98. Við 4. gr. 8-581 Heilsugæslustöðin Keflavík. 101 Almennur rekstur.		
Fyrir „86.070“ kemur		86.770

99. Við 4. gr. 8-591 Héraðslæknir í Reykjavík. 101 Almennur rekstur.
Fyrir „11.910“ kemur 14.110
100. Við 4. gr. 8-602 Þroskaþjálfaskóli Íslands. 101 Almennur rekstur.
Fyrir „16.120“ kemur 16.720
101. Við 4. gr. 8-610 Gæsluvistarsjóður, framlag. 640 Samhjálp.
Fyrir „2.000“ kemur 2.200
102. Við 4. gr. 8-621 120 Stórstúka Íslands, ungliðastarf.
Fyrir „1.430“ kemur 1.700
103. Við 4. gr. 10-331 Vita- og hafnamálaskrifstofan.
a. Við 101 Almennur rekstur.
Fyrir „75.640“ kemur 76.400
b. Við 601 Tæki og búnaður.
Fyrir „1.500“ kemur 3.000
104. Við 4. gr. 10-332 Vitastofnun Íslands.
a. Við 110 Rekstur vita.
Fyrir „89.660“ kemur 91.340
b. Við 4 Sértekjur.
Fyrir „45.570“ kemur 44.190
105. Við 4. gr. 10-333 Hafnamál.
a. Við 110 Hafnarannsóknir og mælingar.
Fyrir „20.720“ kemur 23.220
b. Við 620 Ferjubryggjur.
Fyrir „6.000“ kemur 8.000
106. Við 4. gr. 10-341 Siglingamálastofnun ríkisins.
a. Við 103 Sérstök verkefni.
Fyrir „1.600“ kemur 2.600
b. Við 601 Mengunarvarnabúnaður.
Fyrir „3.200“ kemur 5.600
107. Við 4. gr. 10-471 Flugmálastjórn.
a. Við 120 Loftferðaeftirlit.
Fyrir „26.090“ kemur 28.090
b. Við 130 Reykjavíkurflugvöllur.
Fyrir „86.430“ kemur 84.780
c. Við 140 Flugvalladeild.
Fyrir „155.080“ kemur 150.080
d. Við 160 Flugumferðarþjónusta.
Fyrir „166.010“ kemur 171.010
e. Við 4. gr. Sértekjur.
Fyrir „650.590“ kemur 650.940
108. Við 4. gr. 10-485 Ýmis framlög.
a. Við 120 Tilkynningarskylda íslenskra skipa.
Fyrir „13.530“ kemur 14.530
b. Nýr liður:
126 Ýmislegt 4.000
c. Við 133 Slysavarnaskóli sjómanna.

Fyrir „22.330“ kemur 23.830
d. Nýr liður:
142 Ýmis framlög til ferðamála 3.050
109. Við 4. gr. 11-240 101 Iðnaðarrannsóknir.
Fyrir „26.320“ kemur 29.070
110. Við 4. gr. 11-299 Iðja og iðnaður, framlög.
a. Við 121 Byggingarþjónustan.
Fyrir „660“ kemur 1.000
b. Nýr liður:
142 Stuðningur við skipasmíðaiðnað 7.000
c. Við 150 Iðnþróun og markaðsmál.
Fyrir „9.610“ kemur 13.410
111. Við 4. gr. 14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa.
a. Við 101 Yfirstjórn.
Fyrir „29.970“ kemur 35.970
b. Nýr liður:
601 Tæki og búnaður 1.500
112. Við 4. gr. 14-410 Veðurstofa Íslands. 690 Veðurratsjá o.fl.
Fyrir „16.000“ kemur 21.200

Sþ. 294. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1991.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1991 kemur nú til afgreiðslu á Alþingi við aðrar aðstæður í þjóðfélaginu en verið hafa um langt skeið. Þrátt fyrir geigvænlegar horfur í fjármálum ríkisins og alvarlega stöðu í málefnum ýmissa greina atvinnulífsins og landsbyggðarinnar er nú meiri kyrrð yfir verðlags- og launamálum en verið hefur í mörg ár.

Fyrir ári birti ríkisstjórnin efnahagsstefnu sína fyrir árið í ár og voru afleiðingar hennar m.a. áætlaðar í þjóðhagsspá sem hér segir:

— Verðlag á milli áranna 1989 og 1990 mundi hækka um 16–17%.
— Erlendur gjaldeyrir mundi hækka um 13–14%.
— Laun mundu hækka um 11%.
— Kaupmáttur launafólks mundi lækka um $5^1/_2$%.

Þessi efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1990 þýddi því kjaraskerðingu hjá launafólki um $5^1/_2$% til viðbótar við þá miklu skerðingu kaupmáttar sem orðið hafði síðustu tvö árin á undan og samkvæmt yfirliti Þjóðhagsstofnunar nam 22 prósentustigum.

Svo sem kunnugt er vildu aðilar vinnumarkaðarins ekki una þessari efnahagsstefnu. Í tengslum við kjarasamningana í febrúar mótuðu þeir nýjan efnahagsgrundvöll fyrir ríkisstjórnina og fyrir þjóðina. Þessi efnahagsgrundvöllur hlaut nafnið „þjóðarsátt“ og með henni var efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar vikið til hliðar. Í meginatriðum þýddi þessi nýja efnahagsstefna eftirfarandi:

— Verðlag á árinu 1990 hækkaði eigi yfir 6–7%.
— Verð á erlendum gjaldeyri stæði óbreytt.
— Kaupmáttur launafólks væri sem næst óbreyttur.

Segja má að þessi meginatriði hafi gengið eftir. Þjóðarsáttinni fylgdu engir afarkostir fyrir ríkisstjórnina. Einungis voru sett skilyrði um að launaákvæði samninganna næðu jafnt yfir alla og að dregið yrði úr útgjöldum ríkissjóðs um sem svaraði 1 milljarði kr. Því síðasttalda var að nafninu til framfylgt með afgreiðslu fjáraukalaga í maímánuði sl. Sú afgreiðsla var þó að meginhluta sýndarmennska, eins og glöggt er sýnt fram á í nefndaráliti minni hl. fjárveitinganefndar um fjáraukalögin í haust sem afgreidd voru um síðustu mánaðamót. Þótt útgjöld ríkissjóðs væru lækkuð lítils háttar á pappírnum í maí hafa þau þegar verið hækkuð aftur með fjáraukalögum um 4.200 millj. kr. og á þó ríkisstjórnin sitthvað eftir í pokahorninu sem kemur til gjalda hjá ríkissjóði á þessu ári.

En einnig varð að ætlast til þess að ríkisstjórnin notaði tíma þjóðarsáttarinnar til þess að laga til í þjóðfélaginu með því að taka fjármál ríkisins nýjum tökum, eyða raunverulegri verðbólgu og leggja grunn að batnandi lífskjörum almennings í landinu. Þetta hefði átt að vera þeim mun sjálfsagðara þar sem hinn nýi efnahagsgrunnur þjóðarsáttarinnar lækkaði útgjöld ríkissjóðs sjálfkrafa um 2.050 m.kr. frá því það sem orðið hefði ef efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar hefði verið fylgt. Jafnframt hefur orðið stórhækkun á flestum útflutningsafurðum okkar.

Fullyrða má að í þessum efnum hafi ríkisstjórnin gjörsamlega brugðist. Ríkisstjórnin heldur áfram óstjórn í fjármálum ríkisins og dregur þar á eftir sér hrikalegan slóða óleystra vandamála. Ríkisstjórnin hefur ekki unnið gegn þenslu í efnahagskerfinu, heldur gerir hún hvort tveggja að loka hækkanir, þ.e. verðbólgu, inni og geyma þangað til eftir kosningar eða, eins og hún orðar það, „eftir þjóðarsátt" og sprengir upp lánsfjármarkaðinn og vextina með meiri opinberum lántökum en nokkru sinni hafa áður þekkst á innlendum lánsfjármarkaði. Ríkisstjórnin hefur einnig látið undir höfuð leggjast að nota svigrúm þjóðarsáttar og hækkandi verðs á útflutningsafurðum til að leggja grunn að betri lífskjörum, auknum hagvexti, ef frá eru talin þau handarbakavinnubrögð sem beitt hefur verið við undirbúning nýs álvers.

Þrátt fyrir þjóðarsátt og hækkandi verð á sjávarafurðum blasir eftirfarandi við samkvæmt opinberum gögnum:

1. Erlendar skuldir þjóðarbúsins hafa aldrei verið hærri en á þessu ári eða 51,6% af landsframleiðslu, voru 40,3% 1987.
2. Greiðslubyrði af erlendum lánum verður á næsta ári samkvæmt spá Seðlabankans 21,7% af útflutningstekjum, var 16% 1987.
3. Viðskipti þjóðarbúsins við útlönd eru með stöðugum halla og er spáð að hann verði 5.700 millj. kr. á næsta ári. Hallinn á því eina ári mun því nema 114 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu.
4. Kaupmáttur ráðstöfunartekna launafólks er talinn hafa lækkað um 22 prósentustig frá 1987 til 1990.
5. Atvinnuleysi hefur um það bil þrefaldast frá 1988. Gert er ráð fyrir að 2500 manns gangi atvinnulausir að meðaltali allt þetta ár. Þjóðhagsstofnun spáir því að atvinnuleysi aukist enn á næsta ári.
6. Gjaldþrotum einstaklinga og fyrirtækja fer sífellt fjölgandi og eru engar horfur á að því dapurlega ástandi linni.
7. Þótt sumar greinar atvinnulífsins standi betur en áður vegna hækkandi verðs á afurðum okkar erlendis eru fjölmörg fyrirtæki sem eiga ekkert eigið fé. Sem betur fer eru einnig önnur sem búa við góða afkomu. Gjaldþrotaskriðan sannar þó hve ástandið er alvarlegt. Til viðbótar hafa nýlegar ákvarðanir ríkisstjórnar, bæði í landbúnaði og sjávarútvegi, valdið ótta hjá fólki á landsbyggðinni um að það þurfi að hrekjast frá staðfestu sinni þannig að eftir standi sviðin jörð.
8. Lántökur opinberra aðila á innlendum lánsfjármarkaði eru á næsta ári áætlaðar 32,4 milljarðar kr. og að frádregnum afborgunum 20,2 milljarðar kr. Peningamagn í umferð hefur á þessu ári vaxið um 20%. Allt stuðlar þetta að hækkun raunvaxta og þenslu í efnahagskerfinu sem hætt er við að komi í ljós þegar kemur fram á næsta ár.
9. Skattheimta til ríkisins fer enn vaxandi. Frá og með 1988 til 1991, miðað við fjárlagafrumvarpið og verðlag þessa árs, hafa skattar til ríkissjóðs verið hækkaðir um $15^1/_2$ milljarð kr. Það er álíka fjárhæð og öll útgjöld á vegum menntamálaráðuneytisins á næsta ári, en það er annað útgjaldafrekasta ráðuneytið.
10. Þrátt fyrir þessa gífurlegu skattheimtu stefnir í það að samansafnaður halli ríkissjóðs árin 1988–1991 verði yfir 30 milljarðar króna á verðlagi fjárlagafrumvarpsins.

Hér að framan eru dregnir fram tíu punktar sem lýsa glöggt því ástandi sem við er að fást þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefur setið að völdum í rúmlega tvö

ár. Þó nýtur ríkisstjórnin þeirrar giftu að aðilar úti í þjóðfélaginu skyldu taka af henni völdin í febrúarmánuði sl. og móta skynsamlegan efnahagsgrundvöll. Eigi að síður má í þessu yfirliti sjá hluta af þeim afrakstri sem orðið hefur af störfum þeirrar ríkisstjórnar sem kenndi sig við jafnrétti og félagshyggju. Það er sú ríkisstjórn sem lofaði því að leysa bráðan efnahagsvanda þjóðarinnar, treysta stöðu landsbyggðarinnar og varðveita velferðarkerfið. Þetta er líka sú ríkisstjórn sem í sífellu hefur sagst vera að leggja nýja og nýja hornsteina jafnvægis og stöðugleika í fjármálum ríkissjóðs.

„Traustir skulu hornsteinar ...“

Skömmu áður en núverandi ríkisstjórn settist á valdastóla undir lok septembermánaðar 1988 hafði fyrrverandi fjármálaráðherra lýst því yfir að halli á rekstri ríkissjóðs á því ári yrði 693 m.kr. Hér verður eigi dæmt um hvort þetta hefði orðið niðurstaðan ef sá fjármálaráðherra hefði setið til loka ársins. Hitt liggur fyrir að það tók nýjan húsbónda í fjármálaráðuneytinu ekki nema fáa daga að breyta áætlunum ráðuneytisins og síðan lokaútkomu ársins í halla sem nam 7.200 m.kr. eða 10.500 m.kr. miðað við verðlag fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1991.

Núverandi ríkisstjórn hefur síðan lagt fram þrjú fjárlagafrumvörp. Hið fyrsta þeirra var með rekstrarjöfnuði. Því var lýst af fjármálaráðherra sem tímamótaplaggi. Lokið væri tímaskeiði hallareksturs og eyðslu hjá ríkissjóði, við tæki jafnvægi og ráðdeild. Síðari fjárlagafrumvörp ríkisstjórnarinnar hafa einnig verið talin tímamótaverk af hálfu fjármálaráðherra. Hann hefur einnig lýst þeim sem nýjum og nýjum hornsteinum jafnvægis og stöðugleika í fjármálum ríkisins og lagt áherslu á hvílíku lykilhlutverki þessir traustu hornsteinar, sem hann væri að leggja í fjármálum ríkisins, gegndu í almennri hagstjórn á Íslandi.

Til þess að sýna fram á hvernig þessi fallegu orð hafa reynst birtist hér eftirfarandi yfirlit:

Tafla 1.

	Fjárlagafrv.	Fjárlög	Útkoma ársins	Verðlag fjárlfrv. 1991
1989	+1.183 m. kr.	+635 m. kr.	−6.665	−7.400 m. kr.
1990	−2.854 m. kr.	−3.686 m. kr.	−5.200[1)]	−5.500 m. kr.
1991	−3.650 m. kr.	?	?	?

1) Þessi tala er með þeim fyrirvara að árið er ekki liðið. Sýnilega á hallinn eftir að hækka verulega. T.d. hafa enn ekki verið færð til gjalda útgjöld ríkissjóðs vegna yfirtöku á lausaskuldum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins 1. júní sl. um 1500 m.kr.

Samkvæmt þessu yfirliti er ljóst að allar yfirlýsingar fjármálaráðherra um „tímamót“, „jafnvægi og stöðugleika“ og alla „hornsteinana“ hafa reynst orðin tóm, raunar eins og hvert annað gaspur. Það mun þó koma betur í ljós þegar niðurstaða liggur fyrir um hallarekstur ríkissjóðs á þessu ári og við afgreiðslu á fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1991.

Reynslan af fjármálastjórn núverandi ríkisstjórnar sannar að hún þarf að breyta sínum yfirlýsingum. Einkunnarorðin gætu orðið: Hallarekstur, eyðslustefna, skattrán. Hornsteinar fjármálaráðherra eru því mjög ólíkir þeim sem Jónas kvað um forðum.

Fjárlagafrumvarpið 1991.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1991 sýnir enn betur en fyrr hve ríkisstjórninni hefur gjörsamlega mistekist í fjármálum ríkisins. Engar yfirlýsingar fjármálaráðherra breyta þessari niðurstöðu.

Megineinkenni frumvarpsins eru þessi:

1. Frumvarpið er lagt fram með 3,7 milljarða kr. halla. Það er meiri halli en áður hefur orðið. Stærri vanda er þó leynt með margbrotnum feluleik í frumvarpinu. Heitstrengingar fjármálaráðherra um jafnvægi í rekstri ríkissjóðs hafa snúist upp í andhverfu sína.
2. Gífurlegur hallarekstur ríkissjóðs á síðustu árum veldur því að nálega tíunda hver króna af útgjöldum ríkissjóðs fer til að greiða vexti.
3. Frumvarpið gerir ráð fyrir nýjum sköttum á þjóðina sem nema 2.200 millj. kr.
4. Hluti af skatttekjum ríkissjóðs kemur ekki fram í tekjuyfirliti frumvarpsins heldur hverfur inn í rekstur tiltekinna stofnana sem sértekjur. Svo er um hinn nýja hafnaskatt, ICAO-tekjur og flugvallagjald, samtals 1.300 m.kr.
5. Útgjöld ríkissjóðs hafa vaxið meira en tekjurnar í tíð núverandi ríkisstjórnar. Frumvarpið boðar þar enga stefnubreytingu.
6. Umsvif ríkisins halda áfram að aukast. Rekstrarútgjöld aukast um 2% að raungildi á milli ára. Launaútgjöld frumvarpsins tákna ígildi 468 nýrra starfa hjá A-hluta ríkissjóðs á næsta ári umfram þau 495 störf sem færast til ríkisins vegna nýrra verkaskiptalaga.
7. Frumvarpið er í sumum greinum nýstárlega sett upp, þannig að fjárlagaliðum, sem áður voru aðskildir, er steypt saman í einn svo að það verður erfiðara um allan samanburð við fyrri ár. Sums staðar krefst hin nýja uppsetning lagabreytinga, en þó fylgja engin lagafrumvörp. Samanburðartöflur eru sumar villandi. Sérmerktum tekjustofnum sem ríkissjóður innheimtir er ekki skilað til samræmis við það sem lög kveða á um, sjá fskj. VII.
8. Frumvarpið boðar gífurlegan vanda í fjármálum ríkisins á komandi árum vegna hallarekstrar síðustu ára, vegna skuldbindinga af hálfu ríkisstjórnarinnar sem þá falla í gjalddaga og vegna samfélagslegra sjóða sem sækja styrk sinn til ríkissjóðs, en ríkisstjórnin hefur vanrækt að leggja fram fé til svo að þeir eru að éta upp sitt eigið fé og eru komnir að fótum fram. Fjármálaráðherra viðurkennir að vandi sjóðanna einna sé svo mikill að það taki 2–3 kjörtímabil að ráða fram úr honum.
9. Frumvarpið er skýr yfirlýsing um uppgjöf og ráðleysi ríkisstjórnarinnar í fjármálum ríkisins. Hvergi er komist fyrir rætur vandans þ.e. útþenslu í umsvifum kerfisins og sóun, einkum hjá ráðherrunum sjálfum, sem jafnvel eyða meira en mánaðarlaunum verkamanns í gistingu yfir nóttina á ferðum sínum erlendis.
10. Viðskilnaður ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki er ekki gleðigjafi fyrir þjóðina. Vandinn verður ekki auðleystur, en fram hjá því verður ekki gengið að þjóðin verður að taka á sig byrðarnar.

Tekjuhliðin.

Það hefur verið yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að hækka skatta til þess að ná endum saman í ríkisbúskapnum. Ekkert hefur á það skort að ríkisstjórn hafi komið fram fyrri hlutanum af þessari stefnu. Skattar hafa hækkað gífurlega í hennar tíð. Að framan er frá því greint að frá og með 1988–1991 hafa skattar verið hækkaðir um 15.500 millj. kr.

miðað við fjárlagafrumvarpið og verðlag þessa árs.

Á hinn bóginn hefur ekki tekist að ná endum saman í ríkisbúskapnum því að útgjöldin hafa hækkað meira en skattarnir. Forsætisráðherra og fjármálaráðherra hafa því báðir boðað nauðsyn nýrra skattahækkana á komandi árum og enginn efast um að því vilja þeir koma fram fái þeir til þess völd. Ríkisstjórnin kemur ekki auga á neina aðra leið út úr skuldafeni ríkissjóðs en þá að seilast enn dýpra í vasa borgaranna eftir fé. Allt mun þetta dæmt til að mistakast.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nýjum sköttum, þ.e. hafnaskatti 560 m.kr. og hækkun launatengdra gjalda á atvinnulífið um 1.600 m.kr. Þessum launatengdu gjöldum á síðan að steypa saman í eitt svokallað tryggingariðgjald.

Enn skortir lagafrumvörp til þess að þessir nýju skattar verði lagðir á og svo virðist sem vaxandi vafi sé á því hvort þeir ná fram að ganga. Er þá ljóst að tekjuhliðin er í mikilli óvissu. Það er hins vegar boðskapur ríkisstjórnarinnar að þessir skattar skuli lagðir á sem þýðir að þeir, sem nota hafnir, skuli borga allar framkvæmdir í höfnum og að hluta rekstur Hafnamálastofnunar og Vitastofnunar Íslands. Enn fremur þýðir tryggingariðgjaldið stóraukna skattlagningu á atvinnulífið eða 34,3% frá fjárlögum þessa árs og jafnframt að launaskattur skuli leggjast á þær atvinnugreinar sem ekki hafa borgað hann til þessa, þ.e. ýmsar iðngreinar, landbúnaður og sjávarútvegur.

Í töflu II hér á eftir er sýnt hvernig tekjur ríkissjóðs hafa aukist stórkostlega sem hlutfall af vergri landsframleiðslu frá 1985–1991, miðað við fjárlagafrumvarpið og áætlun um tekjur ríkissjóðs á þessu ári. Stóra stökkið í þessari skattheimtu verður árið 1989 þegar núverandi ríkisstjórn er komin til valda.

Tafla 2.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs A-hluta, 1985–1991, sem hlutfall af af vergri landsframleiðslu.

	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991
Verg landsframleiðsla (m.kr.)	119.175	158.167	207.646	254.326	293.918	335.200	363.600
Beinir skattar samtals	**2,8**	**3,4**	**2,9**	**3,7**	**4,5**	**5,2**	**5,3**
Tekjuskattur	2,1	2,8	2,3	3,1	3,6	4,3	4,4
Eignarskattur	0,6	0,6	0,7	0,6	0,9	0,9	0,9
Óbeinir skattar samtals	**19,1**	**18,6**	**19,2**	**20,2**	**20,8**	**20,5**	**20,3**
Tollar og vörugjald	3,9	3,1	3,0	1,3	1,7	1,6	1,6
Innflutningsgjald af bifreiðum	0,1	0,2	0,4	0,4	0,3	0,3	0,3
Innflutningsgjald af bensíni	0,7	0,8	0,8	0,8	1,0	0,9	1,0
Önnur gjöld af innflutningi	0,3	0,2	0,3	0,3	0,5	0,4	0,3
Tekjur af sölu erlends gjaldeyris	0,2	0,2	0,3	0,4	0,3	0,2	0,2
Virðisaukaskattur/söluskattur	9,0	9,1	9,6	11,6	11,6	11,4	11,1
Hagnaður ÁTVR	1,6	1,5	1,5	1,7	1,8	1,8	1,8
Launaskattur	1,0	1,0	1,0	1,1	1,1	1,2	
Önnur launatengd gjöld	0,7	0,7	0,8	0,8	0,9	1,0	
Tryggingaiðgjald							2,5
Þungaskattur, bifreiðagjöld	0,4	0,4	0,4	0,6	0,6	0,7	0,7
Aðrir óbeinir skattar	1,3	1,3	1,2	1,1	1,0	1,1	0,9
Aðrar tekjur samtals	**0,9**	**2,0**	**1,4**	**1,5**	**1,9**	**1,9**	**1,7**
Vaxtatekjur	0,7	1,6	1,2	1,2	1,4	1,2	1,0
Arðgreiðslur og aðrar tekjur	0,1	0,2	0,2	0,2	0,4	0,7	0,7
Tekjur samtals (1+2+3)	**22,7**	**24,0**	**23,6**	**25,3**	**27,2**	**27,6**	**27,4**

Athugasemdir:

Niðurstöður ársins 1990 byggja á áætlun um innheimtar tekjur.
Niðurstöður 1991 byggja á frumvarpi til fjárlaga 1991.

Í töflunni kemur fram að tekjur ríkissjóðs lækka örlítið miðað við landsframleiðslu 1991, enda er þá byggt á því að landsframleiðslan aukist um 28,4 milljarða kr. Séu hins vegar tekjur ríkissjóðs 1991 bornar saman við fjárlög 1990 er gert ráð fyrir að þær hækki um 11,9% meðan verðlagsbreyting á milli ára er reiknuð 7% eða 4,9% umfram verðlag.

Báknið.

Alvarlegasta meinsemdin í fjármálum ríkisins er hversu umsvif ríkiskerfisins vaxa ár frá ári. Sífellt er verið að auka þessi umsvif í rekstri. Það er stofnað nýtt ráðuneyti að óþörfu, settar á laggirnar nýjar stofnanir og tekin á herðar ríkisins ný viðfangsefni með ærnum kostnaði. Útgjöldin vaxa í sífellu og gildir einu þótt skorið sé niður fé til opinberra framkvæmda, atvinnuvega og samfélagslegra sjóða.

Núverandi ríkisstjórn hefur verið afkastamikil við að þenja út ríkisbáknið. Á árunum 1980–1987 voru útgjöld ríkisins frá 23–25% af landsframleiðslu. Nú er þetta hlutfall komið yfir 29%. Útgjöldin hafa því vaxið hraðar en tekjurnar og þykir þó flestum nóg um skattahækkanir ríkisstjórnarinnar. Í frumvarpinu nú er gert ráð fyrir aukningu á rekstrargjöldum um 2% að raungildi. Ekki lækkar það í meðförum Alþingis eða í höndum fjármálaráðherra á fjárlagaárinu miðað við fyrri reynslu.

Þess er áður getið að hækkun á launalið frumvarpsins er um 15,2% frá fjárlögum 1990 sem virðist jafngildi þess að 963 störf bætist við hjá A-hluta ríkissjóðs á næsta ári,

þar af 495 vegna tilfærslna við nýja verkaskiptingu, sjá fskj. I. Hér er því stefnt að gífurlegum hækkunum í launum og rekstrargjöldum sem eru bestu kennileitin til þess að sýna hvernig báknið þenst út.

Á undangengnum árum hefur minni hl. fjárveitinganefndar gagnrýnt harðlega eyðslu ráðherranna á þeirra eigin skrifstofum. Gagnrýni minni hl. hefur verið að engu höfð, jafnt fyrir það þó sterklega hafi verið vakin athygli á því að sumir ráðherrarnir raða pólitískum vildarmönnum sínum á jötuna á skrifstofum sínum langt umfram það sem lög og reglugerð um Stjórnarráð Íslands heimila. Nú hefur það bæst við að flestir ráðherrarnir misbjóða siðgæðisvitund almennings í landinu með sóun í utanferðum sem er brot á þeim reglum sem áður giltu um þessi efni og ganga svo út yfir allan þjófabálk að erfitt er að skýra.

Kostnaður við einstök ráðuneyti og aðalskrifstofur einstakra ráðherra hefur vaxið mismunandi mikið á síðustu árum. Sennilega fer vel á því að fjármálaráðherra er þar mjög í fararbroddi, bæði að því er varðar ráðuneytið í heild og eigin skrifstofu.

Í fjáraukalögum, sem samþykkt voru á Alþingi um síðustu mánaðamót, voru útgjöld fjármálaráðuneytisins hækkuð um 909 m.kr. frá fjárlögum. Þá hafa útgjöld fjármálaráðuneytisins með öllum undirstofnunum hækkað á tveimur árum, 1989 og 1990, um 112%. Hækkun kostnaðar á aðalskrifstofu ráðherrans er enn meiri eða 129%. Á sama tíma hafa útgjöld ríkissjóðs í heild þó ekki hækkað nema um 54,6% og þykir nóg.

Þegar svo er haldið á málum hjá fjármálaráðherra sjálfum og ráðherrunum í heild, eins og nóg dæmi eru um, er ekki von að vel fari eða að árangur verði af öllu því orðaflóði um jafnvægi, sparnað og hornsteina sem vellur af vörum þessara ráðamanna þjóðarinnar. Skylt er að geta þess að fjármálaráðherra virðist ekki hafa misfarið með aðstöðu sína í kostnaði við utanlandsferðir.

Við, sem að þessu nefndaráliti stöndum, teljum stefnu ríkisstjórnarinnar í fjármálum ríkisins ranga og útþenslu ríkiskerfisins stefna út í ófæru. Þetta höfum við gagnrýnt áður. Við höfum bent á að samkvæmt yfirliti Þjóðhagsstofnunar vex þjóðarframleiðslan frá 1980–1990 um 4%, þjóðartekjur um 8% en samneyslan um 37%. Við höfum bent á að slík þróun stefnir út í efnahagslegt kviksyndi. Ríkisstjórnin skellir við þessu skollaeyrunum og herðir róðurinn í átt til glötunar.

Við, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, teljum óhjákvæmilegt að gerbreyta um stefnu og bregðast við þessum horfum í meginatriðum á tvennan hátt. Í fyrsta lagi með því að tryggja atvinnulífinu þau skilyrði að hagvöxtur geti tekið við af kyrrstöðu og hnignun. Í öðru lagi að stöðva þenslu ríkiskerfisins og ná raunverulegum sparnaði. Sá sparnaður hefjist hjá ráðherrunum sjálfum því að ráðherrar sem ganga á undan með sóun geta ekki náð árangri við að taka til hjá öðrum. Þeir eru með öðrum orðum ófærir um að takast á við fjármál ríkisins eins og reynslan sýnir um núverandi ríkisstjórn.

Töflur sem sýna nánar ýmislegt af því sem hér hefur verið rakið birtast sem fylgiskjöl I–VII.

Ríkisstjórnin og landsbyggðin.

Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar lýsti því yfir í upphafi að hún mundi treysta stöðu landsbyggðarinnar. Því miður er staðan veik og sums staðar veikari en nokkru sinni. Þó hefur orðið grundvallarbreyting á afkomu ýmissa sjávarútvegsfyrirtækja vegna batnandi verðs á afurðum okkar á erlendum markaði. Þrátt fyrir það er afkomu heilla

byggðarlaga stefnt í hættu með kveðjum ríkisstjórnarinnar til smábátaeigenda nú nýverið.

Tilboð ríkisstjórnarinar í GATT-viðræðunum hefur vakið ugg á landsbyggðinni. Afgreiðsla á málum landbúnaðarins í fjárveitinganefnd bíður að sumu leyti 3. umræðu Nokkur mál eru þó afgreidd og skal eitt þeirra gert að umtalsefni þar sem ráðherrar fjármála og landbúnaðar gerðu tillögu sem gengur í berhögg við gerða samninga.

Á árinu 1988 tókst samkomulag milli ríkisvaldsins og bænda um málefni búnaðarfélags Íslands, m.a. með tilliti til fjárveitinga. Samkvæmt tillögum ráðherranna er í engu staðið við það samkomulag. Sérstaklega er ámælisvert að af búnaðarmálasjóðsgjaldi, sem greitt er af bændum og samið var um að gengi til tiltekinna verkefna hjá félaginu, er nú ráðstafað til að lækka aðrar fjárveitingar til félagsins. Hér er um einsdæmi að ræða og er þessari meðferð mála hér sérstaklega mótmælt.

Hafnir eru lífæðar atvinnulífs á landsbyggðinni. Í þessu frumvarpi er þörfum hafnanna sýnd meiri lítilsvirðing en áður hefur sést. Þessi málaflokkur bíður til 3. umræðu og væri mikil þörf á því að þar fengjust verulegar úrbætur.

Á síðari árum hefur engin fólksfjölgun orðið utan Reykjavíkur og Reykjaness. Á heilum áratug hefur fólki á þessu svæði aðeins fjölgað um 367 en fólksfjölgun í heild er yfir 24 þúsund. Af hverjum 100 nýjum störfum, sem orðið hafa til á síðustu tveimur árum, eru aðeins 12 utan Reykjavíkur og Reykjaness. Þetta sannar hve staðan er veik. Þessu ástandi mætir ríkisstjórnin m.a. með því að skera niður framlög til Byggðasjóðs en auka starfsmannahald og umsvif ríkiskerfisins svo sem að framan hefur verið gerð grein fyrir. Allir vita hvar þau störf og þau umsvif eru að meginhluta. Allir vita líka að því meira fjármagn sem dregið er saman til ríkisins því minna er eftir fyrir aðra sem fjær aðalstöðvum þess standa. Að þessu leyti rekur ríkisstjórnin stefnu sem er andstæð landsbyggðinni.

Afgreiðsla frumvarpsins.

Þegar frumvarpið var lagt fram var það með 3,7 milljarða kr. halla. Breytingartillögur nefndarinnar við þessa umræðu hækka útgjöldin um 890 millj. kr., ef samþykktar verða. Hallinn er því að nálgast 4,6 milljarða.

Nefndin flytur þessar breytingartillögur sem heild svo sem oftast hefur verið. Við, sem erum fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárveitinganefnd, erum auðvitað misjafnlega ánægðir með þessar breytingartillögur og hefðum í sumum þeirra lagt aðrar áherslur. Við áskiljum okkur því rétt til að hafa óbundnar hendur um afstöðu til einstakra tillagna sem og að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Til 3. umræðu bíður eftir venju tekjuhliðin, B-hluta stofnanir og 6. gr. Enn fremur bíða allmörg stórmál sem eru óleyst. Hvernig með þau verður farið mun hafa gríðarleg áhrif á niðurstöðutölur fjárlaga. Ýmis þessara viðfangsefna kosta hundruð milljóna króna hvert um sig. Þetta eru mál eins og Tryggingastofnun ríkisins, húsnæðissjóðirnir, hafnamál, uppgjör við sveitarfélögin, Þjóðleikhúsið, Þjóðarbókhlaðan og Þjóðminjasafnið, forsetasetrið á Bessastöðum, niðurgreiðslur, verðjöfnun á orku, ýmis landbúnaðarmál o.fl. Þá veltur eigi lítið á því hvernig farið verður með tekjuhliðina sem enn er á floti.

Hér verður því ekki að sinni spáð um það hverjar verða niðurstöður fjárlaga eftir 3. umræðu þótt líkurnar séu ótvíræðar. Víst er að hallinn á eftir að vaxa þótt án efa verði beitt eins miklum feluleik og mögulegt er til að leyna vandanum í lengstu lög. Því vinnulagi höfum við fengið að kynnast síðustu tvö árin.

Velt á framtíðina.

Hvernig sem fer með afgreiðslu þess fjárlagafrumvarps, sem hér kemur til 2. umræðu, liggur hitt fyrir að sú ríkisstjórn, sem enn situr, veltir yfir á herðar framtíðarinnar gífurlegum byrðum. Þessar byrðar eru vissulega vandmetnar til fulls þótt ýmsir pinklarnir liggi nokkuð fyrir.

Þessar byrðar má greina sundur í fimm aðalatriði.

1.	Uppsafnaður halli A-hluta ríkissjóðs árin 1988–1991	30.000 m.kr.
2.	Fjárskuldbindingar sem falla á ríkissjóð og leyst hefur verið með útgáfu skuldabréfa o.fl.	3.000 m.kr.
3.	Ríkisábyrgðir sem falla kunna á ríkissjóð á næstu árum	5.000 m.kr.
4.	Tap fjárfestingarlánasjóða 1989–1991	2.000 m.kr.
5.	Byggingasjóður ríkisins. Framlög sem ríkissjóður þarf að inna af hendi til ársins 2005: 460 m.kr. á ári	7.000 m.kr.
	Samtals	47.000 m.kr.

Þessar gífurlegu byrðar skulu skýrðar hér nokkru nánar:

1. Uppsafnaður halli A-hluta ríkissjóðs á árabilinu 1988 til 1991.

Uppsafnaður rekstrarhalli á greiðslugrunni til loka ársins 1990 (miðað við áætlaðan rekstrarhalla 1990, 5,3 milljarða kr.) nemur alls 23,2 milljörðum kr. á verðlagi ársins 1991. Á árinu 1991 má áætla að rekstrarhallinn nemi 6–8 milljörðum kr. þannig að uppsafnaður rekstrarhalli í árslok 1991 gæti numið um 30 milljörðum kr. á verðlagi næsta árs. Þetta svarar til þriggja og hálfs árs framlaga ríkissjóðs til fjárfestingar samkvæmt frumvarpinu 1991. Þá er þetta sama fjárhæð og gert er ráð fyrir að sé greidd í laun hjá A-hluta stofnunum ríkissjóðs á árinu 1991.

2. Fjárskuldbindingar sem falla á ríkissjóð sem leyst hefur verið með útgáfu skuldabréfa o.fl.

	M.kr.
Jarðræktar- og búfjárframlög	210
Útflutningsbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	550
Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins	1.500
Uppgjör við sveitarfélög, eftirstöðvar	760
	3.020

3. Ríkisábyrgðir sem e.t.v. falla á ríkissjóð á komandi árum og skuldasöfnun A-hluta ríkissjóðs.

Áætla má að ríkissjóður þurfi að koma til bjargar vegna ríkisábyrgða, bæði er varðar ábyrgðir á lánum og svo ábyrgðir á einstökum útlánasjóðum. Gera má ráð fyrir að þessi áföll geti numið á bilinu 6–7 milljörðum kr. sem komi til með að falla á ríkissjóð á næstu árum.

Hér koma til eftirtaldir aðilar:

	M.kr.
Útlán Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina	1.700
A-skírteini Hlutafjársjóðs	200
Arnarflug og Skipaútgerðin	800
Tryggingasjóður fiskeldislána	140
Byggðastofnun	1.500
Loðdýrarækt	500
Samtals	4.840

4. Afkoma fjárfestingarlánasjóða atvinnuvegarins á árinu 1989.

Athugun þessi nær til 13 fjárfestingarlánasjóða sem flestir eru í eigu ríkisins og sérstök lög gilda um. Tap á sjóðunum var um 700 millj. kr. á árinu 1989 eða um 10% af eigin fé sjóðanna. Sex þessara sjóða nutu ríkisframlags á árinu 1989, er nam rúmlega 1,7 milljörðum kr., og ef tekið er tillit til þess nam raunverulegt tap þeirra á árinu 2,4 milljörðum kr. Talið er að afkoma þessara sjóða á árinu 1990 verði ekki miklu betri en á síðastliðnu ári. Í því sambandi má nefna gjaldþrot laxeldisfyrirtækja og Arnarflugs á þessu ári.

5. Þá er ótalinn vandi Byggingarsjóðs ríkisins, en talið er að ríkissjóður þurfi að leggja fram 460 millj. kr. árlega til ársins 2005 eða tæplega 7 milljarða kr.

Fjármálaráðherra hefur lýst yfir því að það kunni að taka 2–3 kjörtímabil að ráða við þann vanda sem felst í tveimur síðustu töluliðunum hér að framan. Í þeim orðum felst viðurkenning á nokkrum hluta af þeirri arfleifð sem ríkisstjórnin skilur eftir sig. En vandinn er stærri. Ríkisstjórnin skilur eftir sig byrðar sem þjóðin þarf að axla á allra næstu árum og nema 48 milljörðum kr. Þetta eru 940 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu. Talan er geigvænleg. Samt er ekki allt talið. Hrikaleg staða Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eða vandamál Lánasjóðs íslenskra námsmanna er t.d. ekki tekin með.

Við Sjálfstæðismenn höfum gagnrýnt fjármálastjórnina harðlega í tíð þessarar ríkisstjórnar. Fjármálaráðherra hefur í síbylju talað um nýja hornsteina, nýjan grundvöll, jafnvægi og stöðugleika í fjármálum ríkisins undir sinni stjórn. Því miður eru þetta orðin tóm. Þetta eru aðeins orð sem bera vott um sjálfbirgingshátt og yfirlæti. Þau eru lítils virði þegar til kastanna kemur. Hitt liggur fyrir að nú stendur þjóðin frammi fyrir meiri vanda en nokkru sinni áður í fjármálum ríkisins. Ríkisstjórn ráðleysis og sóunar skilur þann vanda eftir sig.

Alþingi, 12. des. 1990.

Pálmi Jónsson, frsm. Egill Jónsson. Friðjón Þórðarson.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti.

11. desember 1990.

Til: Fjárveitingnefndar Alþingis.
Frá: Fjármálaráðuneyti.

Efni: Fyrirspurnir fjárveitinganefndar frá 22. október 1990.

Fyrirspurn 3:

Launaútgjöld fjárlagafrumvarpsins virðast aukast frá fjárlögum í ár um 15,2%. Hvað þýðir þetta mikla fjölgun starfsmanna?

Svar:

Á meðfylgjandi töflu koma fram helstu breytingar á launagjöldum og starfsmannafjölda frá fjárlögum 1990 til fjárlagafrumvarps 1991. Raunaukning launagjalda kemur fram í dálkinum „mismunur m.kr. ára" og nemur 1.252,5 m.kr. og jafngildir það um 4% hækkun milli ára. Miðað við að meðalkostnaður við hvert starf nemi 1,3 millj. kr. þá jafngildir þessi hækkun því, að 963,4 ný störf verði stofnuð hjá ríkinu á næsta ári. Svo er þó ekki, heldur er samtals gert ráð fyrir 70,5 nýjum störfum. Skráðum störfum fjölgar um 565,1 hjá öllum ráðuneytum, en þar vegur þyngst breyting innan heilbrigðisráðuneytisins vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga.

Fjármálaráðuneytið 11. desember 1990:

Launagjöld ríkisins og fjölgun starfa frá fjárlögum 1990 til frumvarps 1991 (í m. kr.).

	Fjárlög 1990	Frumvarp 1991	Breytingar v/verðlags	Aðrar breytingar	Mismunur milli ára	Reiknuð fjölgun starfa	Þar af skráð fjölgun starfa	Þar af skráð ný störf
Æðsta stjórn	467,6	517,9	27,3	3,5	19,4	14,9	4,0	4,0
Forsætisráðuneyti	112,1	121,9	6,5	0,8	2,4	1,9	0,0	0,0
Menntamálaráðuneyti	8.698,5	9.740,2	508,0	65,6	468,2	360,2	97,3	22,6
Utanríkisráðuneyti	483,1	533,7	28,2	3,6	18,8	14,4	– 0,7	0,0
Landbúnaðarráðuneyti	512,7	544,0	29,9	3,7	– 2,3	– 1,7	20,8	0,0
Sjávarútvegsráðuneyti	443,1	491,8	25,9	3,3	19,5	15,0	– 25,1	0,0
Dómsmálaráðuneyti	2.873,8	3.145,8	167,8	21,3	82,9	63,8	8,7	17,3
Félagsmálaráðuneyti	963,8	1.079,6	56,3	7,3	52,2	40,2	– 36,0	0,0
Heilbrigðisráðuneyti	10.140,8	11.249,5	592,2	76,0	440,6	338,9	452,4	19,6
Fjármálaráðuneyti	990,4	2.489,6	57,8	1.416,1	25,3	19,5	– 0,2	4,0
Samgönguráðuneyti	945,1	841,0	55,2	5,7	– 165,0	– 126,9	– 88,9	0,0
Iðnaðarráðuneyti	420,2	452,6	24,5	3,1	4,8	3,7	0,0	0,0
Viðskiptaráðuneyti	77,2	93,9	4,5	0,6	11,6	8,9	8,9	0,0
Hagstofa Íslands	71,8	81,0	4,2	0,5	4,5	3,5	0,0	0,0
Umhverfisráðuneyti	9,7	280,7	0,6	1,0	269,4	207,2	123,8	3,0
Samtals	27.209,8	31.663,4	1.589,1	1.612,1	1.252,5	963,4	565,1	70,5

Fylgiskjal II.

Ríkisendurskoðun:

Yfirlit um þróun útgjalda A-hluta ríkissjóðs og fjölgun stöðugilda á árabilinu 1987–1991.

Í þús. kr.	1987	1988	1989	1990	1991
A Verg landsframleiðsla	207.464	254.326	294.200	335.200	363.600
B Útgjöld ríkisins á greiðslugrunni	51.688	72.618	84.617	97.355	104.104
„B" sem hlutfall af „A"	24.9%	28.6%	28.8%	29.1%	28.6%[1]
Þróun gr. stöðugilda, mánaðarlaun	11.669	12.399	12.548	12.948	13.498
Fjölgun á ári		730	149	400	550[2]

1) Frumvarp 1991 við 2. umræðu.
2) Áætluð fjölgun skv. fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1991.

Fylgiskjal III.

Ríkisendurskoðun:

Þróun gjalda hjá aðalskrifstofum allra ráðuneyta 1985–1991 á áætluðu verðlagi 1991.

Í þús. kr.

Ráðuneyti	1985	1986	1987	1988	1989	1990[1]	1991[2]
Forsætisráðuneyti	94.086	106.171	122.759	90.061	77.698	91.982	71.610
Menntamálaráðuneyti	157.589	167.247	201.801	227.830	211.238	203.274	219.620
Utanríkisráðuneyti	179.015	214.530	308.719	275.613	267.893	322.148	310.380
Landbúnaðarráðuneyti	49.676	50.966	63.870	66.573	62.274	60.409	58.210
Sjávarútvegsráðuneyti	55.878	58.962	62.766	118.743	74.265	70.632	75.560
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	64.339	69.885	87.946	89.879	86.626	80.868	80.080
Félagsmálaráðuneyti	53.259	62.079	71.281	74.943	72.439	72.131	68.150
Heilbr.- og tryggingamálaráðuneyti	71.672	85.159	95.777	113.009	101.595	99.694	101.380
Fjármálaráðuneyti	123.338	131.728	161.377	190.428	206.534	175.384	190.558[3]
Samgönguráðuneyti	52.437	47.000	55.675	55.213	51.465	55.318	50.820
Iðnaðarráðuneyti	57.167	55.064	58.790	59.853	62.265	55.144	57.960
Viðskiptaráðuneyti	70.250	66.073	57.030	54.757	48.620	68.685	56.490
Hagstofa Íslands	94.266	111.235	127.857	152.586	146.941	152.594	170.790
Umhverfisráðuneyti	0	0	0	0	0	24.135	29.970
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	48.578	43.372	57.937	61.789	50.824	68.552	68.552[3]
	1.171.550	1.269.471	1.533.585	1.631.277	1.520.678	1.600.951	1.610.130

Fylgiskjal IV.

Ríkisendurskoðun:

Hlutfallslegar breytingar á heildargjöldum á áætluðu verðlagi 1991 hjá aðalskrifstofum allra ráðuneyta 1985–1991.

Í þús. kr.

Ráðuneyti	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Breyting f. 1985 í %
Forsætisráðuneyti	12,8%	15,6%	– 26,6%	– 13,7%	18,4%	– 22,1%	– 23,9%
Menntamálaráðuneyti	6,1%	20,7%	12,9%	– 7,3%	– 3,8%	8,0%	39,4%
Utanríkisráðuneyti	19,8%	43,9%	– 10,7%	– 2,8%	20,3%	– 3,7%	73,4%
Landbúnaðarráðuneyti	2,6%	25,3%	4,2%	– 6,5%	– 3,0%	– 3,6%	17,2%
Sjávarútvegsráðuneyti	5,5%	6,5%	89,2%	– 37,5%	– 4,9%	7,0%	35,2%
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	8,6%	25,8%	2,2%	– 3,6%	– 6,6%	– 1,0%	24,5%
Félagsmálaráðuneyti	16,6%	14,8%	5,1%	– 3,3%	– 0,4%	– 5,5%	28,0%
Heilbr.- og tryggingamálaráðuneyti	18,8%	12,5%	18,0%	– 10,1%	– 1,9%	1,7%	41,4%
Fjármálaráðuneyti	6,8%	22,5%	18,0%	8,5%	– 15,1%	8,7%	54,5%
Samgönguráðuneyti	– 10,4%	18,5%	– 0,8%	– 6,8%	7,5%	– 8,1%	– 3,1%
Iðnaðarráðuneyti	– 3,7%	6,8%	1,8%	4,0%	– 11,4%	5,1%	1,4%
Viðskiptaráðuneyti	– 5,9%	– 13,7%	– 4,0%	– 11,2%	41,3%	– 17,8%	– 19,6%
Hagstofa Íslands	18,0%	14,9%	19,3%	– 3,7%	3,8%	11,9%	81,2%
Umhverfisráðuneyti	–	–	–	–	–	24,2%	
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	– 10,7%	33,6%	6,6%	– 17,7%	34,9%	0,0%	41,1%
	8,4%	20,8%	6,4%	– 6,8%	5,3%	0,6%	37,4%

1) Fjárlög 1990 að viðbættum fjáraukalögum, nr. 72/1990.
2) Fjárlagafrumvarp 1991.
3) Innifalin Launaskrifstofa ríkisins. Kostnaður Fjárlaga- og hagsýslustofnunar 1990 framreiknaður og dreginn frá 1991.

Fylgiskjal V.

Þjóðhagsstofnun:

Yfirlit nokkurra þjóðhagsstærða 1990.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	Bráðab. 1988	Áætlun 1989	Spá 1990
Vísitölur 1980 = 100 (á mann)											
Landsframleiðsla	100	103	103	98	101	103	110	118	115	111	109
Þjóðarframleiðsla	100	102	103	97	99	101	108	116	111	107	104
Viðskiptakjör	100	101	101	104	105	104	108	112	114	109	109
Þjóðartekjur	100	103	103	98	100	102	111	121	117	111	108
Þjóðarútgjöld	100	105	109	98	103	105	109	125	122	114	111
Einkaneysla	100	106	110	102	104	108	116	133	126	117	113
Samneysla	100	106	111	115	114	120	127	134	137	137	137
Fjárfesting	100	100	98	85	92	92	91	107	103	93	92
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	100	105	109	94	93	103	112	138	134	123	117
Breyting frá fyrra ári, %											
Landsframleiðsla	4,5	2,9	0,6	− 5,1	2,7	2,4	6,7	7,4	− 2,8	− 3,5	− 2,0
Þjóðarframleiðsla	4,4	2,3	0,3	− 5,7	2,2	2,1	6,8	7,4	− 3,7	− 4,3	− 2,4
Viðskiptakjör	− 3,4	1,1	− 0,1	3,3	0,3	− 0,8	4,1	3,9	1,2	− 3,9	− 0,4
Þjóðartekjur	3,2	2,7	0,0	− 4,4	2,3	1,9	8,5	9,0	− 3,2	− 5,6	− 2,6
Þjóðarútgjöld	4,6	4,9	3,7	− 10,0	5,0	2,1	4,4	14,5	− 2,5	− 6,6	− 2,3
Einkaneysla	2,2	5,8	3,9	− 7,3	2,1	3,7	7,2	15,1	− 5,7	− 6,9	− 3,0
Samneysla	1,0	6,1	4,7	3,4	− 0,8	5,4	6,0	4,9	2,7	0,0	0,0
Fjárfesting	12,9	− 0,2	− 1,9	− 13,4	8,0	0,7	− 1,6	17,3	− 3,7	− 8,9	− 2,0
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	0,6	5,3	3,3	− 13,5	− 1,1	11,3	8,4	22,8	− 2,9	− 8,2	− 4,9

Fylgiskjal VI.

Ríkisendurskoðun:

Samanburður á fjölda starfsmanna á aðalskrifstofum ráðuneyta árin 1982 og 1989.

	STÖÐUGILDI			
	Apríl 1982	Jan.–des. 1989	Breyting í stg.	Breyting í %
Forsætisráðuneyti	11,0	14,4	3,4	30,9
Menntamálaráðuneyti	36,6	49,2	12,6	34,4
Utanríkisráðuneyti	25,0	33,2	8,2	32,8
Landbúnaðarráðuneyti	7,5	15,9	8,4	112,0
Sjávarútvegsráðuneyti	14,0	14,4	0,4	2,9
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	19,6	22,5	2,9	14,8
Félagsmálaráðuneyti	12,3	16,2	3,9	31,7
Heilbr.- og tryggingamálaráðuneyti	15,0	23,4	8,4	56,0
Fjármálaráðuneyti	39,8	66,2*	26,4	66,3
Samgönguráðuneyti	8,5	10,4	1,9	22,4
Iðnaðarráðuneyti	12,5	17,0	4,5	36,0
Viðskiptaráðuneyti	12,3	10,9	− 1,4	− 11,4
Hagstofa Íslands	27,1	47,4	20,3	74,9
Umhverfisráðuneyti	0,0	0,5	0,5	—
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	11,8	13,4	1,6	13,6
Samtals	253,0	355,0	102,0	40,3

* Starfsfólk Launaskrifstofu ríkisins talið með.

Fylgiskjal VII.

Skerðingarákvæði á gjaldahlið fjárlagafrumvarps 1991.

(Í milljónum króna.)

	Lögbundið framlag	Fjárlaga-frumvarp 1991	Skerðing
Stofnlánadeild og Lífeyrissjóður bænda	55,0	53,7	1,3
Lífeyrissjóðir ríkisstarfsmanna og hjúkrunarkvenna	1.230,0	700,0	530,0
Bjargráðasjóður	62,9*	0,0	62,9
Hafnabótasjóður	47,7	50,0	−2,3
Fiskveiðasjóður	0,4	0,4	0,0
Iðnlánasjóður	193,0	0,0	193,0
Ferðamálaráð	136,0	68,0	68,0
Kvikmyndasjóður	95,0**	81,0	14,0
Menningarsjóður	10,5	10,5	0,0
Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum	2,5	0,0	2,5
Ríkisútvarpið	190,0	0,0	190,0
Listskreytingasjóður	15,6	12,0	3,6
Eyðing refa og minka	24,0*	19,7	4,3
Skipulagsgjald	36,0*	0,0	36,0
Framkvæmdasjóður aldraðra	370,0	240,0	130,0
Framkvæmdasjóður fatlaðra	260,0	225,0	35,0
Þjóðminjalög	28,0	10,5	17,5
Sóknar- og kirkjugarðsgjöld	1.080,0	990,3	89,7
Lyfsölusjóður	18,0	0,8	17,2
Endurbætur menningarmannvirkja	335,0	335,0	0,0
Samtals	**4.189,6**	**2.796,9**	**1.392,7**

*) Tillaga viðkomandi ráðuneytis.
**) Samkvæmt áætlun Hagstofu Íslands.

Sþ. 295. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1991.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Við lokafrágang síðustu fjárlaga núverandi ríkisstjórnar stendur Alþingi frammi fyrir því einu sinni enn að afgreiða fjárlög með stórfelldum halla og augljóst að þó eru ekki öll kurl komin til grafar.

Efnahagsforsendur frumvarps til fjárlaga byggjast á áætlun Þjóðhagsstofnunar um framvindu efnahagsmála á árinu. Sú áætlun er þó ótrygg og veruleg frávik geta orðið á veigamiklum þáttum. Óvissa ríkir um olíuverð. Þótt verð á sjávarafurðum í heild hafi stórhækkað er ekki séð hversu mikinn ábata ríkissjóður hlýtur af því. Sala á saltsíld hefur brugðist, loðnuaflinn hefur brugðist og rækjuverð hríðfallið. Einnig er útlit fyrir lakari viðskiptakjör en gengið er út frá í frumvarpinu. Vert er einnig að taka fram að hafnargjaldið nýja hlýtur að hafa áhrif til verðlagshækkana, en með því er ekki reiknað í verðlagsforsendum frumvarpsins.

Tekjugrunnurinn er einnig valtur. Gjaldstofn virðisaukaskattsins hefur dregist saman. Allt er í lausu lofti með fyrirhugað tryggingaiðgjald og hafnargjald. Framkvæmd þeirrar skattheimtu hefur hvorki verið skipulögð eða útfærð enn, né lagaheimilda aflað, og lýsir því fremur óskhyggju en raunsæi hjá ráðamönnum að treysta því að sú tekjuöflun nái fram að ganga að fullu. Allir þessir þættir geta valdið verulegum breytingum á fjárlögum komandi árs.

Í fjárlögum fyrir árið 1991 er stefnt að eftirfarandi markmiðum:

1. Að halli ríkissjóðs haldi áfram að lækka og verði um 1% af landsframleiðslu samanborið við 1,5% í ár.
2. Að lánsfjárþörf ríkissjóðs haldi áfram að lækka og verði 1,3% af landsframleiðslu í stað 1,9% í ár.
3. Að lánsfjárþörf verði að fullu fjármögnuð innan lands.

Þegar er sýnt að ekki mun takast að ná fyrsta markmiði. Hækkun á gjaldaliðum við 2. umr. er um 900 millj. kr. Stórmál sem bíða 3. umr. varða hafnamál, byggingarsjóðina, Lánasjóð íslenskra námsmanna, Tryggingastofnun ríkisins, Þjóðleikhúsið og Bessastaði. Mörg smærri mál koma að auki til afgreiðslu þá. Alls má ætla að afgreiðsla þessara þátta hækki gjaldahliðina um 2,2 milljarða kr. og hafa útgjöld ríkisins þá hækkað um rúma 3 milljarða kr. frá frumvarpinu og hallinn orðinn milli 7 og 8 milljarðar kr. Halli ríkissjóðs stefnir því í að verða um 2,2% af landsframleiðslu. Hlutfallið lækkar ekki, það hækkar, þvert ofan í markmiðin.

Hvað varðar annað markmið, lækkun á lánsfjárþörf, þá er næsta augljóst af því sem fyrr er sagt að viðbótarlánsfjárþörf mun verða um 4 milljarðar kr. og verður því heildarlánsfjárþörfin um 1,5% af landsframleiðslu en ekki 1,3% eins og stefnt var að.

Þriðja markmið, að fjármagna lánsfjárþörfina innan lands, kann að takast. En aukin lánsfjárþörf ríkissjóðs hlýtur að auka þenslu á fjármagnsmarkaðnum, ýta undir hækkanir á vöxtum og stofna til hækkandi verðbólgu. Þannig er staðan nú ef ekki kemur til ný tekjuöflun eða stórfelldur niðurskurður á útgjöldum.

Við afgreiðslu þessara síðustu fjárlaga frá ríkisstjórninni hljóta menn að líta á hvaða breytingar til bóta hafi orðið í ríkisfjármálum á ferli hennar miðað við þau fyrirheit sem

hún gaf. Menn horfa á það að í reynd hefur ekkert breyst síðustu þrjú árin. Stjórnvöld eru í sjálfheldu með sífellda raunaukningu ríkisútgjalda sem þau virðast vera vanmegnug að takast á við. Stórfé hefur verið varið til kerfisbreytinga, einnar af annarri, sem kalla á stóraukin umsvif og mannahald hjá ríkinu. Árlega hefur fjölgað um 300–400 starfsmenn í ríkiskerfinu. 400 störf kosta um milljarð króna. Þessi aukning hefur gengið fram án þess að stjórnvöld hafi reynt að sporna við því þótt þau stynji undir launakostnaðinum.

Ríkisstjórnin hefur hælt sér af því að tekist hafi að halda stöðugleika í verðlagi. Augljóst er að þegar eru uppi ákveðin teikn um að svo muni ekki verða til loka næsta árs. Peningamagn í umferð fer vaxandi. Sífelldur hallarekstur ríkissjóðs veldur samkeppni um fjármagn sem orsakar að ekki hefur tekist að lækka vexti sem neinu nemur. Nú þegar krauma undir yfirborðinu kostnaðarhækkanir sem haldið hefur verið niðri með handafli en hljóta að brjótast upp á yfirborðið á næsta ári. Því eru litlar líkur til að forsendur fjárlaganna um verðbólgu fái staðist.

Á þessu tímabili stöðugleikans hefur ríkisstjórnin ekki búið í haginn fyrir áframhaldandi stöðugleika, ekkert raunhæft aðhafst til undirbúnings þess að menn geti séð fram á vaxandi tekjur og aukinn kaupmátt launa í komandi kjarasamningum. Ekki er einsýnt að launþegar og bændur uni til langframa þeim kjörum sem þeir tóku að sér að axla við þjóðarsátt.

Ýmislegt fleira mætti telja til sem hlífst er við að taka á, þótt ekki sé eindagi að hausti. Óleystum vanda er velt yfir til framtíðarinnar. Einna alvarlegust eru málefni byggingarsjóðanna. Byggingarsjóður ríkisins þarf til sín um hálfan milljarð króna. árlega fram yfir aldamót. Byggingarsjóður verkamanna verður með álíka fjárþörf um ófyrirséða framtíð. Þótt núverandi ríkisstjórn hafi ekki stofnað til þessa vanda bar henni að finna lausn á honum, rétt eins og hún ætlar komandi ríkisstjórnum að leysa ýmsan vanda sem hún hefur stofnað til.

Þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram taldi fjármálaráðherra það ekki vera kosningafrumvarp. Þar væru engin gylliboð. Þetta frumvarp var þó kosningafrumvarp að því leyti að þar var gengið fram hjá málum sem augljóslega varð að taka á í vinnu fjárveitinganefndar og valda stórmiklum útgjöldum, sbr. ýmis dæmi hér að framan. Þá er fjármálaráðherra sá leikur auðveldur að firra sig ábyrgð á hækkun ríkisútgjalda, en varpa henni á fjárveitinganefnd og Alþingi og það mun hann gera. Samstaðan um fjárlögin innan ríkisstjórnarinnar er svo ekki meiri en það að ráðherrar og ráðuneyti þeirra hafa komið til fjárveitinganefndar með óskalista upp á mörg hundruð milljóna króna hækkanir.

Uppsafnaður halli á ríkisrekstri síðustu þrjú ár er um það bil 23 milljarðar kr. Viðskilnaður núverandi fjármálaráðherra verður trúlega á þann veg að hallinn frá hans fjármálastjórn nær 30 milljörðum króna þrátt fyrir öll tímamótafjárlögin og hornsteinana undir efnahagslífið.

Þessi niðurstaða um ríkisfjármálin leggur þær kvaðir á framtíðina að leysa úr þessum málum. Stórkostlegur vandi blasir við þeim sem eftir koma. Greiða verður á næstu árum og áratugum þessa 30 milljarða kr. í viðbót við fyrri skuldir. Það verða fjáraukalög framtíðarinnar.

Þetta er sú mynd er við blasir nú og er meginástæða þess að Kvennalistinn getur ekki staðið að samþykkt þessa frumvarps.

Alþingi, 13. des. 1990.

Málmfríður Sigurðardóttir.

Sþ. 296. Svar [195. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Valgerðar Sverrisdóttur um heimavistir við grunnskóla.

1. Við hvaða grunnskóla eru reknar heimavistir og fyrir hvaða aldurshópa?

Fræðsluumdæmi Vesturlands:
Laugagerðisskóli, 1.–10. bekkur.
Varmalandsskóli, 1.–10. bekkur.
Laugaskóli, 1.–10. bekkur.
Reykholtsskóli, 10. bekkur og framhaldsdeild.

Fræðsluumdæmi Vestfjarða:
Reykhólaskóli (heimavist og heimangönguskóli), 4.–10. bekkur.
Grunnskólinn í Rauðasandshreppi, 2.–10. bekkur.
Héraðsskólinn á Núpi, 10. bekkur (og framhaldsdeildir).
Grunnskólinn í Reykjanesi, 4.–7. bekkur (1.–3. bekkur, vor og haust).
Héraðsskólinn í Reykjanesi, 8.–10. bekkur.
Finnbogastaðaskóli, 1.–10. bekkur.

Fræðsluumdæmi Norðurlands vestra:
Varmahlíðarskóli, 7.–10. bekkur.

Fræðsluumdæmi Norðurlands eystra:
Húsabakkaskóli, 1.–9. bekkur, 43. nemendur.
Dalvíkurskóli, 10. bekkur, 4 nemendur.
Stórutjarnarskóli, 8.–10. bekkur, 17 nemendur.
Barnaskóli Bárðdæla, 1.–7. bekkur, 13 nemendur.
Framhaldsskólinn á Laugum, 10. bekkur, 23 nemendur.
Hafralækjarskóli, 1.–10. bekkur, 11 nemendur.
Lundur í Öxarfirði, 6.–10. bekkur, 24 nemendur.

Fræðsluumdæmi Austurlands:
Grunnskólinn í Brúarási, 1.–9. bekkur.
Grunnskólinn á Jökuldal, 1.–7. bekkur.
Grunnskólinn á Hallormsstað, 1.–9. bekkur.
Grunnskólinn á Eiðum, 1.–9. bekkur.

Nesjaskóli (heimavist og heimangönguskóli), 1.–10. bekkur.
Grunnskólinn á Djúpavogi (heimavist og heimangönguskóli), 1.–10. bekkur.

Fræðsluumdæmi Suðurlands:
Héraðsskólinn á Skógum, 8.–10. bekkur.
Héraðsskólinn á Laugarvatni, 8.–10. bekkur.
Kirkjubæjarskóli, 1.–10. bekkur.

2. Við hvaða grunnskóla eru heimavistir sem ekki eru í rekstri?

Fræðsluumdæmi Vesturlands:
Kleppjárnsreykjaskóli.
Heiðaskóli.

Fræðsluumdæmi Vestfjarða:
Grunnskólinn að Holti í Önundarfirði (pláss fyrir 15 börn).
Klúkuskóli (pláss fyrir 20 börn).

Fræðsluumdæmi Norðurlands vestra:
Laugabakkaskóli (15 herbergi).
Húnavallaskóli (25 herbergi).
Vegna erfiðra samgangna er eitt barn frá Vatnsnesi, sem ætti að ganga í Laugabakkaskóla, vistað á Hvammstanga og gengur í skóla þar. Sama gildir um þrjú börn úr Skefilsstaðahreppi, en þau eru vistuð á Sauðárkróki og ekið heim um helgar.

Fræðsluumdæmi Norðurlands eystra:
Þelamerkurskóli, heimavist hefur ekki verið nýtt síðan 1987.
Hrafnagilsskóli, heimavist hefur ekki verið nýtt síðan 1988.

Fræðsluumdæmi Austurlands:
Engar heimavistir sem eru ekki nýttar.

Fræðsluumdæmi Suðurlands:
Ljósafossskóli, heimavist hefur ekki verið nýtt síðan 1985–1986.
Laugaland í Holtum, heimavist hefur ekki verið nýtt sl. átta eða tíu ár.
Flúðaskóli, heimavist er nýtt þegar illa viðrar.

Ed. 297. Frumvarp til laga [223. mál]

um breytingar á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

Flm.: Eiður Guðnason, Skúli Alexandersson,
Danfríður Skarphéðinsdóttir.

1. gr.

2. tölul. 4. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:
Þegar ríkissjóður kaupir fasteignir, fær þær að gjöf eða selur.

2. gr.

2. tölul. fyrri málsgreinar 35. gr. laganna, skv. 11. gr. laga nr. 90/1984, orðist svo:
Þegar ríkissjóður ráðstafar fasteignaréttindum eða fær þau að gjöf.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt 6. gr. núgildandi jarðalaga skal afla samþykkis sveitarstjórnar og jarðanefndar þegar fyrirhuguð eru aðilaskipti að réttindum yfir fasteign eða stofnun slíkra réttinda, svo sem fyrir kaup, gjöf, skipti, nauðungarsölu o.s.frv. eins og nánar er tilgreint í lögunum. Sú breyting, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir, er að samþykkis sveitarstjórnar og jarðanefndar þurfi ekki að afla þegar ríkissjóður eða stofnanir hans fá fasteignir að gjöf. Gildandi ákvæði um að samþykkis þurfi ekki að afla gilda eingöngu þegar ríkissjóður kaupir eða selur fasteignir.

Í 35. gr. gildandi jarðalaga er fjallað um hvenær ákvæði um forkaupsrétt komi ekki til framkvæmda. Lagt er til að þessi ákvæði verði rýmkuð þannig að forkaupsréttarákvæði falli ekki aðeins brott þegar ríkissjóður ráðstafar fasteignaréttindum heldur líka ef ríkissjóður fær slík réttindi að gjöf.

Á undanförnum árum hafa þau tilvik komið upp að ríkissjóður eða stofnanir hans hafa fengið fasteignir að gjöf, t.d. með erfðaskrá eða gjafabréfi. Ákvæði jarðalaga um samþykki og forkaupsrétt geta í slíkum tilvikum komið í veg fyrir að vilji gefanda nái fram að ganga. Þessu telja flutningsmenn frumvarpsins eðlilegt að breyta og því er frumvarpið flutt.

Nd. 298. Frumvarp til laga [224. mál]

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989 og lög nr. 70/1990.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Á eftir IX. kafla laganna komi nýr X. kafli, **Húsnæðissamvinnufélög og búseturéttur,** svohljóðandi:

a. (124. gr.)

Markmið húsnæðissamvinnufélaga er að byggja, eiga og hafa yfirumsjón með rekstri íbúðarhúsnæðis sem félagsmönnum þeirra er látið í té sem félagslegar eða almennar kaupleiguíbúðir með búseturétti er tryggir þeim ótímabundin afnot af íbúðunum gegn kaupum á eignarhlut í þeim, sbr. 92. gr.

Auk höfuðmarkmiða skv. 1. mgr. skulu húsnæðissamvinnufélög:

a. taka til ávöxtunar sparifé félagsmanna er þeir hyggjast síðar nota til kaupa á búseturétti,
b. eiga aðild að fyrirtækjum með takmarkaðri ábyrgð eins og samvinnusamböndum samkvæmt lögum um samvinnufélög og hlutafélögum enda starfi þau fyrirtæki að verkefnum sem teljast mikilvæg fyrir húsnæðissamvinnufélög,
c. útvega lán til byggingarframkvæmda og rekstrar sem félögin annast.

Félag, sem ákvæði þessa kafla taka til, skal hafa orðið *húsnæðissamvinnufélag* sem skammstafa má *hsf.* í nafni sínu. Jafnframt er öðrum óheimilt að bera slík heiti.

b. (125. gr.)

Um félagsstofnun, skráningu, félagsstjórn, endurskoðun og félagsslit húsnæðissamvinnufélags skal fara, eftir því sem við getur átt, eftir ákvæðum laga um samvinnufélög eins og þau eru á hverjum tíma.

Áður en skráning húsnæðissamvinnufélags fer fram skulu samþykktir þess staðfestar af félagsmálaráðuneytinu. Ráðuneytið skal gera fyrirmynd að samþykktum er miði m.a. að því að tryggja réttindi og skyldur einstakra félagsmanna og búsetufélaga. Í samþykktum þessum skulu einnig vera ákvæði sem stuðla að því að fjármál félagsins, tilhögun framkvæmda og rekstur verði sem skýrust.

c. (126. gr.)

Félagsmenn öðlast rétt til að fá keyptan búseturétt í þeirri röð sem þeir ganga í húsnæðissamvinnufélagið enda fullnægi þeir skilyrðum 80.–82. gr. laganna um rétt einstaklinga til félagslegra íbúða og greiði ákveðna fjárhæð í stofnsjóð félagsins.

Þegar félagsmaður notar rétt sinn til kaupa á búseturétti ber honum að inna búseturéttargjald af hendi, sbr. 127. gr. Geri hann það ekki innan tilskilins tíma gengur rétturinn til næsta félagsmanns, sbr. 1. mgr.

Búseturétt geta þeir einir keypt sem eru orðnir fjárráða.

d. (127. gr.)

Búseturétt kaupa menn með búseturéttargjaldi sem er tiltekið hlutfall af verðmæti þess húsnæðis sem búseti vill tryggja sér rétt til. Þetta hlutfall ákvarðast annars vegar af byggingarkostnaði og hins vegar af lánsfé til langs tíma.

Stjórn húsnæðissamvinnufélags ákveður fjárhæð búseturéttargjalds, sbr. 1. mgr., og hvenær það skuli innt af hendi.

Nú gengur búseturéttur kaupum til annars félagsmanns og skal þá ákveða endursöluverðið eftir upphaflegu verði að viðbættri hækkun samkvæmt lánskjaravísitölu. Þá skal bæta við kostnaði seljanda vegna endurbóta á húsnæðinu en draga frá kostnað við að bæta úr göllum á íbúðinni, allt samkvæmt samkomulagi eða mati.

e. (128. gr.)

Búseturéttur veitir félagsmanni ótímabundinn umráðarétt yfir íbúð enda standi hann skil á gjöldum til félagsins af íbúðinni. Brjóti félagsmaður gegn lögum, reglugerðum eða samþykktum um húsnæðissamvinnufélög eða búsetufélög má svipta hann umráðarétti yfir íbúðinni. Gefa skal félagsmanni eina skriflega viðvörun áður en til slíks kemur.

Enginn einstaklingur getur átt nema einn búseturétt og enginn getur átt búseturétt nema hann búi jafnframt í því íbúðarhúsnæði sem búseturéttinum fylgir, sbr. þó ákvæði 129. gr. um rétt til afnota og 135. gr. um framleigu samkvæmt sérstökum reglum. Eigandi búseturéttar er að jafnaði einn nema um hjón sé að ræða eða einstaklinga sem hafa haft sameiginlegt heimilishald í a.m.k. tvö ár.

Nú óskar ríki, sveitarfélag eða almannasamtök eftir að fá að ráðstafa búseturétti yfir einni eða fleiri íbúðum húsnæðissamvinnufélags og skal þá erindi um slíka ráðstöfun koma frá félagsmálaráðuneytinu og þess gætt að með þeim hætti verði ekki ráðstafað meira en 20% íbúða félagsins.

f. (129. gr.)

Réttur búseturétthafa til íbúðar er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Húsnæðissamvinnufélagið getur þó heimilað að réttur til afnota af íbúð færist yfir til maka við andlát félagsmanns, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi. Sá sem þannig eignast búseturétt eignast um leið aðild að húsnæðissamvinnufélaginu í stað fyrri búseta, enda notfæri hann sér réttinn og búi í íbúð hjá félaginu og fullnægi skilyrðum þessara laga til þess.

g. (130. gr.)

Búseturéttargjald stendur sem trygging fyrir skilvísri greiðslu búsetugjalds, sbr. 132. gr. Búseta er óheimilt að veðsetja búseturétt sinn.

Komi til meiri háttar vanskila félagsmanns missir hann rétt sinn til húsnæðisins enda hafi skil ekki borist þrátt fyrir ítrekaða viðvörun. Stjórn húsnæðissamvinnufélagsins tekur ákvörðun um að vísa félagsmanni úr húsnæðinu að fenginni tillögu frá búsetufélagi.

Nánari reglur um búseturétt skulu settar með reglugerð.

h. (131. gr.)

Þegar hafnar eru framkvæmdir við byggingu nýrra íbúða skal stjórn húsnæðissamvinnufélags sjá til þess að búseturétthafar geti fylgst með framkvæmdum á byggingarstigi og verið með í ráðum.

Þegar lokið er framkvæmdum við byggingu íbúða á ákveðnu svæði skulu þeir, sem þar hafa keypt sér búseturétt, mynda með sér sérstaka deild innan húsnæðissamvinnufélagsins sem nefnist *búsetufélag*. Einnig er heimilt að stofna búsetufélag fyrr eða fljótlega eftir úthlutun óski búseturétthafar í tilteknu húsi eða á tilteknu svæði eftir því. Stjórn húsnæðissamvinnufélags skal fjalla um og taka afstöðu til slíkra óska.

Óski búseturétthafar í tilteknum byggingaráfanga, þar sem íbúðir eru tíu eða færri, ekki eftir því að mynda sérstakt búsetufélag skulu þeir eigi að síður skoðast sem deild í húsnæðissamvinnufélaginu. Á meðan svo er fer stjórn húsnæðissamvinnufélagsins með þau verkefni sem annars væru í höndum búsetufélagsins, en deildin skal hafa sjálfstæðan fjárhag. Óski meiri hluti búseturétthafa í deild eftir stofnun sérstaks búsetufélags skal stjórn húsnæðissamvinnufélagsins verða við því.

Búsetufélag hefur aðskilinn fjárhag og setur sér við stofnun samþykktir um réttindi, fjármál og ábyrgð, bæði gagnvart félagsmönnum þess og gagnvart húsnæðissamvinnufélaginu. Þessar samþykktir þarf húsnæðissamvinnufélagið og félagsmálaráðuneytið að staðfesta. Félagsmálaráðuneytið setur reglur um form fyrir samþykktir búsetufélaga.

i. (132. gr.)

Búsetufélag ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi mannvirkja og innheimtir öll gjöld hjá félagsmönnum sínum vegna rekstrarkostnaðar, viðhalds og fjármagnskostnaðar. Þessir gjaldaliðir eru sameinaðir í eitt gjald, búsetugjald.

Fjárhæð búsetugjalds hverju sinni ákveður stjórn búsetufélagsins á grundvelli áætlunar um þá gjaldaliði sem nefndir eru í 1. mgr. Ákvörðun um fjárhæð búsetugjalds getur hver félagsmaður skotið til úrskurðar stjórnar húsnæðissamvinnufélags.

Búsetufélag ábyrgist full skil til húsnæðissamvinnufélags á fjármagnskostnaði af íbúðum þar sem húsnæðissamvinnufélagið er eigandi þeirra.

j. (133. gr.)

Stjórn húsnæðissamvinnufélags getur án samþykkis búsetufélags veðsett íbúðir fyrir stofnlánum sem tekin eru til byggingar íbúðanna. Stjórn búsetufélags þarf á hinn bóginn að samþykkja veðsetningar vegna lána sem tekin kunna að verða síðar til endurbóta og viðhalds fasteignanna. Með reglugerð má takmarka veðsetningarheimildir miðað við ákveðið hlutfall af kostnaðarverði íbúðanna.

k. (134. gr.)

Hver sá, sem hefur fengið keyptan búseturétt, skal gera búsetusamning við húsnæðissamvinnufélagið sem hann er félagsmaður í. Samningurinn er óuppsegjanlegur af hálfu húsnæðissamvinnufélagsins nema búseti geri sig sekan um grófar vanefndir á skyldum sínum, svo sem vegna áberandi vanhirðu eða endurtekinna vanskila. Uppsagnarfrestur af hálfu búseta er hins vegar sex mánuðir. Áður en sá tími er liðinn þarf að liggja fyrir nýr búsetusamningur við þann félagsmann sem næstur er í röðinni um endurúthlutun. Sé enginn slíkur félagsmaður hefur seljandi búseturéttar heimild til að benda á nýjan félagsmann sem fullnægir skilyrðum laganna. Takist hvorugt innan sex mánaða er húsnæðissamvinnufélaginu heimilt að endurgreiða seljanda andvirði búseturéttar á næstu sex mánuðum frá lokum uppsagnarfrests.

Búsetusamningur skal vera í samræmi við lög þessi og reglugerðir sem settar eru með heimild í þeim. Hann skal einnig samrýmast samþykktum búsetufélags sem félagsmaðurinn er í og húsnæðissamvinnufélagsins. Félagsmálaráðuneytið skal láta gera sérstök eyðublöð fyrir búsetusamninga.

Í búsetusamningi skal kveðið á um uppsögn og riftun, afhendingu íbúðar, viðhald og viðhaldsskyldu, greiðslu rekstrarskostnaðar og fjármagnskostnaðar, umgengnisreglur og réttindi, tryggingu fyrir greiðslum, framleigu, ráðstöfun búseturéttar við andlát, hjúskaparslit o.fl. Í búsetusamningi skulu einnig vera ákvæði um úttekt og mat á íbúðinni.

l. (135. gr.)

Ekki er heimilt að framleigja íbúð með búseturétti nema með samþykki stjórnar húsnæðissamvinnufélags. Óski búseti eftir því að íbúðin verði framleigð öðrum skal stjórn húsnæðissamvinnufélags gefa svar innan 30 daga. Framleiga er ekki heimil nema búseti

hafi brýna þörf fyrir það, svo sem vegna tímabundins starfs eða náms annars staðar. Leigutími skal þá vera í mesta lagi eitt ár í einu. Leigusamningur, sem eigi er áritaður af húsnæðissamvinnufélagi, er ógildur. Nú verður leigutaki fyrir tjóni sökum ógilds leigusamnings og er þá leigusali bótaskyldur.

Húsnæðissamvinnufélag getur rift leigusamningi sem er ógildur samkvæmt ákvæðum 1. mgr. og krafist útburðar leigutaka.

m. (136. gr.)

Félagsmenn í búsetufélagi skulu leggja reglulega fé í viðhaldssjóð sem aðalfundur ákveður gjöld til hverju sinni. Framlag í viðhaldssjóð er hluti búsetugjalds skv. 132. gr.

Með viðhaldssjóði skal standa straum af viðhaldi fasteignar utanhúss, sem félagið annast, og viðhaldi íbúða sem búseti hverrar íbúðar annast og ber ábyrgð á. Félagsmaður fær fé úr viðhaldssjóðnum til viðhalds íbúðar sinnar samkvæmt nánari reglum þar um sem aðalfundur félagsins setur.

n. (137. gr.)

Húsnæðissamvinnufélagi skal aflað fjár sem hér segir:

a. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins sem ákveðið skal á aðalfundi samkvæmt samþykktum þess. Sjóði þessum skal varið til að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar, þar með talinn kostnaður af auknum rekstri meðan á undirbúningi byggingarframkvæmda og uppgjöri þeirra stendur, telst ekki rekstrarkostnaður í þessu sambandi.
b. Með lánum skv. 66. gr. þessara laga, sbr. 68. gr. varðandi lánskjör. Íbúðum, sem húsnæðissamvinnufélögum er veitt lán til samkvæmt þessum staflið, skal skila fullgerðum til félagsmanna.
c. Með varasjóðstillagi af byggingarkostnaði hverrar íbúðar er svarar til greiðslu í Tryggingasjóð, sbr. 97. gr. Í varasjóð skal einnig greiða árlegt fjárframlag af óskiptum tekjum félagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar.
d. Með inntökugjöldum félagsmanna sem leggjast í stofnsjóð félagsins, sbr. 126. gr. Stjórn félagsins getur ákveðið að framlög félagsmanna, eða hluti framlaga þeirra, til kaupa á búseturétti renni í stofnsjóð sem séreign hvers félagsmanns. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna skulu geymdar á reikningi hjá viðurkenndri innlánsstofnun. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanns endurgreiðast að viðbættum vöxtum og verðbótum þegar búseturéttargjald er greitt. Stofnsjóðsinnstæður, sem ekki hafa verið endurgreiddar, falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot og við úrsögn úr félaginu eða brottflutning af félagssvæðinu enda hafi félagsmaður fullnægt öllum skuldbindingum við félagið.

o. (138. gr.)

Þegar húsnæðissamvinnufélag sækir um lán úr Byggingarsjóði verkamanna skal koma fram fjöldi, gerð og stærð fyrirhugaðra íbúða, framkvæmdartími, áætlaður byggingarkostnaður og annað það sem nauðsynlegt er til þess að Húsnæðisstofnun ríkisins geti tekið afstöðu til lánveitinga til framkvæmdanna. Einnig skal fylgja greinargerð um útvegun nauðsynlegs viðbótarfjár.

p. (139. gr.)

Að lokinni athugun tekur húsnæðismálastjórn ákvörðun um hvort framkvæmdin falli undir 52. gr. þessara laga og skal sérstaklega hugað að hagkvæmni íbúða og leiðum til að tryggja sem lægst íbúðarverð, sbr. 75. gr.

Heimilt er Húsnæðisstofnun ríkisins að gera framkvæmdarlánssamning við húsnæðissamvinnufélög með hliðsjón af 74. gr. þessara laga.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal hafa eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum húsnæðissamvinnufélaga og hafa aðgang að bókhald þeirra. Skylt er húsnæðissamvinnufélögum að senda Húsnæðisstofnuninni ársreikninga sína.

q. (140. gr.)

Húsnæðissamvinnufélögum er heimilt að sækja um lán úr Byggingarsjóði verkamanna til kaupa á húsnæði sem síðan er ráðstafað með búseturétti skv. 92. gr. þessara laga. Húsnæðið þarf að fullnægja þeim almennu kröfum sem gerðar eru um íbúðarhúsnæði og kaupverð má eigi vera hærra en nemur byggingarkostnaði nýrrar íbúðar að frádregnum afskriftum.

Lán sjóðsins má nema allt að sama hlutfalli af kaupverði, að frádregnum áhvílandi lánum, og lánað er til nýbygginga. Lánin skulu bera sömu vexti og nýbyggingalán til húsnæðissamvinnufélaga, sbr. b-lið 137. gr. þessara laga.

Óheimilt er húsnæðissamvinnufélögum að selja íbúðir með búseturétti sem byggðar eru samkvæmt lögum þessum meðan á þeim hvíla lán úr Byggingarsjóði verkamanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 1. febrúar 1990 skipaði félagsmálaráðherra Jóhanna Sigurðardóttir nefnd til að semja frumvarp um húsnæðissamvinnufélög og búseturétt. Í nefndinni sátu eftirtaldir: Grétar J. Guðmundsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, Reynir Ingibjartsson, framkvæmdastjóri Búseta, landssambands húsnæðissamvinnufélaga, og Helgi Birgisson lögfræðingur.

Það frumvarp, sem hér er lagt fram, er í megindráttum hliðstætt frumvarpi til laga um húsnæðissamvinnufélög og búseturétt sem kom frá nefnd sem þáverandi félagsmálaráðherra skipaði með bréfi dags. 27. júní 1984. Samstaða varð ekki um það frumvarp í þáverandi ríkisstjórn en það var eigi að síður flutt alls fjórum sinnum á Alþingi en varð ekki útrætt. Tekið hefur verið tillit til þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á húsnæðislöggjöfinni síðustu ár og þeirrar reynslu sem skapast hefur í starfi húsnæðissamvinnufélaga.

Með lögum um kaupleiguíbúðir, sem sett voru árið 1988, var húsnæðissamvinnufélögunum tryggður lánsréttur samkvæmt svokallaðri hlutareign, og með lögum nr. 70/1990 sem nýlega voru samþykkt um félagslega húsnæðiskerfið, er lánsréttur húsnæðissamvinnufélaga enn frekar tryggður í lánaflokknum um almennar og félagslegar kaupleiguíbúðir. Eigi að síður er nauðsynlegt að tryggja þessu nýja húsnæðisformi, búseturéttarforminu, lagalegan rétt eins og gert hefur verið fyrir löngu annars staðar á Norðurlöndunum og víðs vegar um heim.

Á þessu ári verða liðin sjö ár frá stofnun fyrsta húsnæðissamvinnufélagsins hér á landi

og nú eru félögin orðin alls ellefu og dreifð um allt land. Félagsmenn þeirra eru um fimm þúsund talsins. Nokkur af þessum félögum hafa þegar tekið í notkun íbúðir með búseturétti (hlutareign) og flest félögin eru í byggingarframkvæmdum eða eru að undirbúa framkvæmdir.

Að undanförnu hefur átt sér stað heildarendurskoðun húsnæðiskerfisins og með breytingum á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 70/1990, má segja að lagður hafa verið grunnur að nýju húsnæðiskerfi með mismunandi valkostum sem tryggja eigi öllum öruggt húsnæði.

Samkvæmt frumvarpinu er nýr kafli felldur inn í lög nr. 86/1988, með síðari breytingum, er ber heitið: Húsnæðissamvinnufélög og búseturéttur, og verður X. kafli.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um a. (124. gr.)

Skv. 92. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 86/1988, sbr. lög nr. 70/1990, er heimilt að tryggja leigutaka ótímabundinn afnotarétt af félagslegum eða almennum kaupleiguíbúðum með því að selja viðkomandi eignarhlut í þeim. Hér er um sams konar eignarhlut að ræða og getið er í lagagreininni. Að öðru leyti eru markmið húsnæðissamvinnufélaga sambærileg við markmið byggingarsamvinnufélaga, sbr. IX. kafla laga um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Um b. (125. gr.)

Húsnæðissamvinnufélög starfa á samvinnugrundvelli að þeim markmiðum að efla hagsæld félagsmanna. Um stofnun þeirra, starfsháttu og slit fer því, eftir því sem við getur átt, eftir ákvæðum laga um samvinnufélög eins og þau eru á hverjum tíma. Um samvinnufélög gilda nú ákvæði laga nr. 46/1937.

Um c. (126. gr.)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um d. (127. gr.)

Í greininni er að finna skilgreiningu á búseturéttargjaldi og hvernig það skuli ákveðið. Skv. 92. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins er um að ræða þrenns konar búseturéttargjald: Í fyrsta lagi 10% búseturéttargjald fyrir eignarhlut í félagslegri kaupleiguíbúð. Í öðru lagi 10% búseturéttargjald fyrir eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð. Í þriðja lagi 30% búseturéttargjald fyrir eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð ef umsækjandi á skuldlausa eða skuldlitla íbúð fyrir.

Í 3. mgr. eru ákvæði um ákvörðun endursöluverðs þegar búseturéttur gengur til annars félagsmanns.

Um e. (128. gr.)

Í 3. mgr. er opnaður möguleiki fyrir ríki, sveitarfélög og almannasamtök að fjármagna og ráðstafa búseturétti í allt að 20% af íbúðum húsnæðissamvinnufélaga. Þetta getur verið hagkvæmur kostur ekki síst fyrir ýmis sveitarfélög í stað þess að þau byggi og reki íbúðir sjálf fyrir starfsmenn sína eða aðra sem tryggja þarf húsnæði í sveitarfélaginu. Fyrir ýmis almannasamtök, svo sem samtök öryrkja og aldraða, getur þetta verið heppileg leið til að tryggja félagsmönnum húsnæði.

Um f. (129. gr.)

Í greininni er sett fram sú meginregla að réttur búseturétthafa til íbúðar er ekki framseljanlegur. Jafnframt er sett fram meginregla um ráðstöfun búseturéttar.

Um g. (130. gr.)

Þar sem búseturéttur felur aðeins í sér lítinn eignarhlut í íbúð, sem háður er miklum takmörkunum og einungis framseljanlegur í undantekningartilvikum, telst óeðlilegt ef hægt væri að veðsetja hann fremur en eignarhlut í kaupleiguíbúð. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um h. (131. gr.)

Nauðsynlegt þykir að hafa heimild til þess að mynda sérstaka deild í húsnæðissamvinnufélaginu í stað þess að stofna sérstakt búsetufélag þegar um smáa byggingaráfanga er að ræða. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um i. (132. gr.)

Í greininni er skilgreining á búsetugjaldi og hvernig fjárhæð þess skuli ákveðin.

Í búsetugjaldi felst gjald, eins konar leiga, sem felur í sér eftirfarandi þætti:

a. viðhald og viðhaldssjóð,
b. rekstrarkostnað, fasteignagjöld, tryggingar o.fl.,
c. afborganir lána og annan fjármagnskostnað.

Um j. (133. gr.)

Í greininni er mælt fyrir um hvernig fara skuli með veðsetningu íbúða. Gerður er greinarmunur á stofnlánum annars vegar og lánum til endurbóta og viðhalds, sem tekin eru síðar, hins vegar. Í seinna tilvikinu þykir eðlilegt að stjórn búsetufélags þurfi að samþykkja veðsetningar, enda er það m.a. hlutverk búsetufélags að sjá um viðhald mannvirkja.

Um k. (134. gr.)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um l. (135. gr.)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um m. (136. gr.)

Skv. 132. gr. ber búsetufélag ábyrgð á viðhaldi mannvirkja sem því tilheyra. Eðlilegt er að notandinn (búsetinn) fremur en eigandinn (húsnæðissamvinnufélagið) beri þessa ábyrgð.

Viðhaldssjóði er tvískipt, annars vegar í viðhaldssjóð fyrir sameignina og hins vegar viðhaldssjóð fyrir innra viðhald og hverja íbúð fyrir sig. Við kaup og sölu á búseturétti fylgir með sú upphæð sem kann að vera inni á viðhaldssjóði fyrir íbúðina.

Greiðsla í viðhaldssjóð kemur í gegnum búsetugjaldið.

Um n. (137. gr.)

Fjármögnun húsnæðissamvinnufélaga er með hliðstæðum hætti og hjá byggingarsam-

vinnufélögum. Í rekstrarsjóð renna fyrst og fremst árgjöld félagsmanna, í varasjóð aðrar óskiptar tekjur og hluti af byggingarkostnaði og í stofnsjóð, inntökugjöld. Einnig er möguleiki á að sparnaður fyrir búseturétti leggist í stofnsjóð sem ávaxtist hjá viðurkenndri innlánsstofnun.

Um varasjóð skal hér bent á að með lögum nr. 70/1990, breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, var lögfest að af öllum félagslegum íbúðum skuli leggja allt að 1% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar í Tryggingasjóð vegna byggingargalla er gegni því hlutverki að tryggja gæði og bæta fyrir áföll sem kunna verða, svo sem byggingargalla, og ekki teljast eðlilegt viðhald. Eins og fram kemur í 97. gr. tekur sjóður þessi til allra félagslegra íbúða, þar á meðal íbúða á vegum húsnæðissamvinnufélaga. Samkvæmt lögum um samvinnufélög, nr. 46/1937, er hins vegar ákvæði um skyldu samvinnufélags til þess að greiða í varasjóð. Nauðsynlegt er því að heitið varasjóður sé notað í frumvarpi þessu, enda þótt hér sé um tryggingasjóð að ræða í skilningi 97. gr. laganna. Sjóðurinn skal varðveittur í Byggingarsjóði verkamanna skv. 97. gr.

Byggingarframkvæmdir eru fjármagnaðar með lánum úr Byggingarsjóði verkamanna með allt að 90% lánum og búseturéttargjöldum félagsmanna.

Um o. (138. gr.)

Með viðbótarfé er átt við búseturéttargjaldið sem tryggir búseta ótímabundinn afnotarétt af íbúð. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um p. (139. gr.)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um q. (140. gr.)

Með 3. mgr. er komið í veg fyrir sölu á íbúðum með búseturétti á meðan á þeim hvíla lán úr Byggingarsjóði verkamanna. Á meðan búsetusamningur er í gildi milli búseta og húsnæðissamvinnufélags verður búseti ekki sviptur ótímabundnum afnotarétti sínum þó að íbúðin kynni að verða seld.

Nd. 299. Frumvarp til laga [225. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Við 8. tölul. 3. mgr. 2. gr. laganna bætist: Sama gildir um leigu tjaldstæða og bifreiðastæða. Útleiga veitinga- og samkomuhúsnæðis er þó skattskyld.

2. gr.

Í stað orðanna „fyrir færri en níu menn“ í 1. mgr. 10. gr. laganna komi: fyrir níu menn eða færri.

3. gr.

6. tölul. 3. mgr. 16. gr. laganna orðast svo: Öflun, rekstur og leigu fólksbifreiða fyrir níu menn eða færri.

4. gr.

3. málsl. 7. mgr. 27. gr. laganna orðast svo: Sama gildir ef bókhald og þau gögn, sem liggja fyrir um fjárhæðir á virðisaukaskattsskýrslu, verða ekki talin nægilega örugg eða ef tekjuskráning, þar með talið notkun sjóðvélar eða útbúnaður hennar eða notkun og form reikninga, er ekki í samræmi við ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim.

5. gr.

Við 28. gr. laganna bætist eftirfarandi málsgrein:

Vanræki skattskyldur aðili að færa tilskilið bókhald samkvæmt ákvæðum VIII. kafla laga þessara eða nota tilskilið söluskráningarkerfi samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim eða ef söluskráningarkerfi er verulega áfátt skal skattrannsóknarstjóri með ábyrgðarbréfi beina til hans fyrirmælum um úrbætur. Ef fyrirmælum þessum er ekki sinnt innan 20 daga getur skattrannsóknarstjóri látið lögreglu stöðva atvinnurekstur viðkomandi á sama hátt og greinir í 3. mgr. þessarar greinar og þar til fullnægjandi úrbætur hafa verið gerðar.

6. gr.

2. mgr. 40. gr. laganna orðast svo:

Ef aðili vanrækir tilkynningarskyldu sína skv. 5. gr., vanrækir skyldu sína til að halda tilskilið bókhald samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, þar með talið að hann vanrækir að skrá sölu sína í sjóðvél með fullnægjandi útbúnaði, vanrækir að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn, svo sem ákveðið er í lögum þessum eða ákvæðum reglna, sem settar eru samkvæmt þeim, skýrir rangt eða villandi frá einhverju er varðar virðisaukaskattsskýrslur hans, þótt upplýsingarnar hafi ekki áhrif á skattskyldu hans eða skattgreiðslur, eða brýtur á annan hátt gegn lögum þessum eða ákvæðum reglna, sem settar eru samkvæmt þeim, skal hann sæta sektum, enda liggi eigi við brotinu þyngri refsing eftir þessum eða öðrum lögum.

7. gr.

3. mgr. 43. gr. laganna, sbr. 13. gr. laga nr. 119/1989, orðast svo:

Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að setja reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts sem erlend fyrirtæki hafa greitt hérlendis vegna kaupa, aðvinnslu, geymslu eða flutnings á vörum sem flytja á úr landi eða þau hafa selt hingað til lands.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Endurgreiðsla skv. 7. gr. er þó heimil vegna viðskipta frá 1. janúar 1990.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í júní sl. kannaði skattrannsóknarstjóri notkun og ástand sjóðvéla sem notaðar eru af skattskyldum fyrirtækjum til skráningar sölu á vörum og þjónustu. Niðurstöður þeirrar

könnunar voru þær að þó svo að staðan hefði batnað frá fyrri rannsóknum skorti enn mikið á að reglum um sjóðvélar væri framfylgt. Tíunda hvert sjóðsvélaskylt fyrirtæki reyndist ekki hafa sjóðvél og hjá meiri hluta þeirra er höfðu slíka vél var búnaði eða notkun á einhvern hátt ábótavant. Einungis um þriðjungur þeirra fyrirtækja sem skylt er að hafa sjóðvélar reyndist hafa þær í fullkomnu lagi.

Þörf er á úrræðum til handa skattyfirvöldum til að taka í taumana með skjótum hætti. Hin hefðbundnu úrræði, sektir og áætlun skatts, þykja ekki nógu fljótvirk í þessu sambandi auk þess sem þörf er á meðölum sem knýja menn til aðgerða frekar en fjárútláta, þ.e. lokunaraðgerðum. Gert er þó ráð fyrir að hægt verðu að beita framangreindum úrræðum, sektum, áætlunum og lokunaraðgerðum, samhliða.

Svipuð sjónarmið eiga við um tilhögun bókhalds, svo og aðrar söluskráningaraðferðir og er því gert ráð fyrir að hægt verði að grípa til sams konar úrræða við brotum á þeim reglum.

Auk framangreindra breytinga á lögunum er þörf á að gera á þeim nokkrar smávægilegar efnisbreytingar vegna vandkvæða er komið hafa í ljós við framkvæmd.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Skv. 8. tölul. 3. mgr. 2. gr. laganna er fasteignaleiga, þar með talin hótel- og gistiherbergjaleiga, undanþegin skattskyldu. Í framkvæmd hefur leiga tjaldstæða og bifreiðastæða einnig verið talin falla hér undir. Lagt er til að þessi starfsemi verði beinlínis nefnd, til nánari skýringar og fyllingar á þessari undanþágu.

Nokkur brögð munu að því að félagasamtök og aðrir reyni að komast hjá greiðslu virðisaukaskatts að hluta af veitinga- og samkomuhaldi við leigu á samkomusal og kaup á mat. Leigan á salnum ein og sér er virðisaukaskattsfrjáls en veitingarnar skattskyldar. Erfitt er að koma í veg fyrir að kostnaður sé færður á milli frá skattskyldu sölunni og yfir á þá skattfrjálsu. Lagt er til að skammtímaleigan á veitinghúsnæði verði gerð skattskyld til að fyrirbyggja slík undanskot skattsins, svo og til þess að jafna samkeppnisaðstöðu við veitinga- og samkomuhús sem bera skattinn að fullu af sinni sölu.

Um 2. og 3. gr.

Ýmsir erfiðleikar hafa komið upp í framkvæmd vegna þess að ekki ber saman skilgreiningum umferðarlaga og virðisaukaskattslaga um hvað telja beri fólksbifreið. Umferðarlögin miða við átta farþega og færri meðan virðisaukaskattslögin miða við sjö farþega og færri. Eðlilegt þykir að miða við umferðarlögin í þessu sambandi, enda var ekki ætlunin í frumvarpi til laga um virðisaukaskatt að semja nýja skilgreiningu á hugtakinu fólksbifreið.

Um 4.–6. gr.

Auk nýrrar heimildar í 28. gr. fyrir skattrannsóknarstjóra til að krefjast lokunar fyrirtækis er lagt til að ákvæði 27. og 40. gr. laganna verði gerð fyllri til þess að taka af allan vafa og jafnframt að ítreka heimildir skattyfirvalda til að áætla skattskylda veltu og beita sektum við brotum á reglum um tekjuskráningu, þar með töldum reglum um sjóðvélar.

Um 7. gr.

Í 43. gr. laganna er gert ráð fyrir heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts sem erlend fyrirtæki hafa greitt hérlendis vegna kaupa, aðvinnslu, geymslu eða flutnings á vörum sem flytja á úr landi. Nú hafa komið upp tilvik þar sem um tvísköttun er að ræða vegna viðskipta erlendra aðila hér á landi í tengslum við vöru sem þeir selja hingað til lands. Hér má sem dæmi nefna að erlent fyrirtæki kaupir af íslenskum aðila þjónustu, svo sem vinnu við uppsetningu á vélum eða ábyrgðarviðgerð, vegna vöru sem hinn erlendi aðili selur hingað til lands. Erlendi aðilinn á ekki rétt á endurgreiðslu virðisaukaskattsins vegna kaupa á þjónustunni frá hinum íslenska aðila auk þess sem hinn íslenski kaupandi vörunnar þarf að greiða virðisaukaskatt í tolli af heildarverðinu, t.d. vél og uppsetningu hennar. Hér verður því um tvísköttun að ræða á þjónustuhlutanum. Einnig getur orðið um tvísköttun að ræða vegna vörukaupa erlends aðila hérlendis, t.d. þegar erlendur seljandi vöru kaupir í hana varahlut hérlendis vegna ábyrgðarviðgerðar. Framangreind vandamál skapast vegna þess að um er að ræða millilið (hinn erlenda seljanda) sem ekki er skráður aðili hér á landi og á þar af leiðandi ekki rétt á innskattsfrádrætti.

Lagt er til að ákvæði 43. gr. verði rýmkuð svo að einnig verði hægt að endurgreiða í þeim tilvikum þegar varan er seld hingað til lands.

Sþ. 300. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1991.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur, Önnu Ólafsdóttur Björnsson, Guðrúnu J. Halldórsdóttur, Kristínu Einarsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur og Þórhildi Þorleifsdóttur.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 01-171 Byggðastofnun, framlag. Nýr liður: 602 Byggðastofnun, framlag til atvinnuþróunar fyrir konur á landsbyggðinni	50.000
2. Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands. 105 Aðrar sérstofnanir og verkefni (rannsóknastofa í kvennafræðum). Fyrir „56.320“ kemur	56.720
3. Við 4. gr. 02-885 Fullorðinsfræðsla. Nýr liður: 161 Heimilisiðnaðarráðunautur	1.500
4. Við 4. gr. 03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi. 121 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndunum, UNIFEM. Fyrir „1.100“ kemur	9.816
5. Við 4. gr. 07-981 Vinnumál. 170 Atvinnumál kvenna á landsbyggðinni. Fyrir „15.000“ kemur	215.000
6. Við 4. gr. 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi. 140 Kvennaathvarf í Reykjavík. Fyrir „10.210“ kemur	14.100

Sþ. 301. Svar [157. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Friðriks Sophussonar um verkefni, skipulag og rekstur Póst- og símamálastofnunar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hefur verið tekin ákvörðun um eða er á döfinni að breyta lögum þannig að prófun og viðurkenning notendabúnaðar á sviði síma- og fjarskiptatækja verði færð til óskylds, sjálfstæðs aðila?*
2. *Hefur ríkisstjórnin tekið ákvörðun um eða stendur til að afnema úr lögum skyldu stofnunarinnar til þess að selja notendabúnað, svo og um að hún hætti slíkri starfsemi?*
3. *Hver eru viðbrögð yfirmanna stofnunarinnar og samgönguráðherra við gagnrýni og tillögum Ríkisendurskoðunar varðandi skipulag og rekstur Póst- og símamálastofnunar?*
4. *Má búast við því að farið verði eftir tillögum Ríkisendurskoðunar um skilmerkilega aðgreiningu á stofn- og rekstrarliðum stofnunarinnar?*

1. Ákvörðun hefur ekki verið tekin um að breyta lögum um fjarskipti á þann hátt að prófun og viðurkenning notendabúnaðar á sviði síma- og annarra fjarskiptatækja verði alfarið færð til óskylds, sjálfstæðs aðila. Póst- og símamálastofnun hefur mælt með því að prófanir og annað eftirlit fari frá stofnuninni og er það til athugunar í ráðuneytinu, m.a. með tilliti til fjarskiptalaga.

Ráðuneytið hefur hins vegar ákveðið að setja ákvæði í reglugerð um skipulag og verkefni Póst- og símamálastofnunar sem unnið er að í ráðuneytinu og verður birt innan tíðar að þessi verkefni heyri til sjálfstæðrar deildar sem verði undir stjórn póst- og símamálastjóra og samgönguráðuneytisins. Með þessu fyrirkomulagi er stigið fyrsta skrefið í þá átt að flytja frá stofnuninni allar prófanir og viðurkenningar á notendabúnaði, úthlutun tíðna, veitingu rekstrarleyfa og annað eftirlit með því að reglum og stöðlum sé fullnægt.

Til frekari upplýsingar er rétt að geta þess að símastjórnir í Vestur-Evrópu, þar á meðal íslenska símastjórnin, hafa haft frumkvæði að því að setja á stofn sjálfstæða staðalstofnun, ETSI, sem mun annast gerð staðla á sviði fjarskipta, þar með talið um notendabúnað. Stefnt er að því að staðlarnir verði teknir upp í öllum löndum Vestur-Evrópu og ef til vill víðar. Með þessu skapast möguleikar á því að einfalda mjög prófun búnaðar að því leyti að hún þarf ekki að eiga sér stað nema í einu landi. Í þessu sambandi verða gerðar miklar kröfur um vinnubrögð á prófstofum hvort sem þær eru í einkaeign eða starfræktar af hinu opinbera.

2. Hvorki samgönguráðherra né ríkisstjórn hafa tekið ákvörðun um að afnema skyldu Póst- og símamálastofnunar til þess að selja notendabúnað. Er sú stefna í samræmi við samþykktir Evrópubandalagsins um skipan fjarskiptamála í Evrópu sem til umræðu eru við EFTA-ríkin í tengslum við sameiginlegt Evrópskt efnahagssvæði, en í þeim er gert ráð fyrir að símastjórnirnar taki þátt í samkeppni með sölu notendabúnaðar og fjarskiptaþjónustu.

Í reglugerð, sem nefnd er hér að framan um breytingar á skipulagi stofnunarinnar, er gert ráð fyrir að þessi þáttur í starfsemi hennar verði betur aðgreindur frá öðrum verkefnum hennar en nú er.

3. Eins og þegar hefur komið fram er á vegum ráðuneytisins unnið að reglugerð um skipulag og verkefni Póst- og símamálastofnunar. Þetta verk var hafið að hluta til á árunum 1986 og 1987 að frumkvæði Matthíasar Bjarnasonar samgönguráðherra, en hann fól Ólafi Tómassyni, póst- og símamálastjóra, og Halldóri S. Kristjánssyni, skrifstofustjóra í samgönguráðuneytinu, að vinna það verk. Óskað var tillagna um breytingar á skipulagi stofnunarinnar sem umræddir aðilar töldu æskilegt að gera. Að frumkvæði þeirra lagði samgönguráðherra fram frumvarp um breytingu á lögum um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og með samþykkt þess, sbr. lög nr. 34/1987, voru ákvæði um verkefni og skipulag einstakra deilda felld úr lögum.

Tillögur um breytingar á reglugerð voru kynntar ráðherra á vordögum 1987, en hann ákvað að láta eftirmanni sínum í ráðherrastóli eftir að taka ákvörðun um setningu reglugerðarinnar.

Fyrrverandi samgönguráðherra, Matthías Á. Mathiesen, skipaði nefnd undir forustu Árna Vilhjálmssonar prófessors, með bréfi dags. 15. júlí 1988, til að hafa umsjón með sérstakri athugun sem gerð yrði á stjórnun og rekstri Póst- og símamálastofnunar, þar sem tekið yrði mið af þeim breytingum, tæknilegum og rekstrarlegum, sem orðið hafa og fyrirsjáanlegar eru í fjarskiptaþjónustunni. Ákveðið var að bíða með setningu reglugerðar þar til tillögur þessarar nefndar lægju fyrir.

Í júní 1989 skilaði nefndin skýrslu um athugun á stjórnun og rekstri Póst- og símamálastofnunarinnar. Ráðuneytið hófst aftur handa við þá vinnu að reglugerð um skipulag og verkefni stofnunarinnar sem frá var horfið þegar þessi nefnd var skipuð og hafði nú hliðsjón af starfi hennar og niðurstöðum í samráði við Póst- og símamálastofnun.

Ráðuneytið var langt komið með tillögur að reglugerð þegar Ríkisendurskoðun skilaði frá sér skýrslum um stjórnsýsluendurskoðun á stjórnunarsviðum stofnunarinnar í maí 1990. Var þá talið rétt að staldra við og taka til skoðunar þær tillögur sem þar eru fram settar. Má segja að viðbrögð ráðuneytis og stofnunar séu almennt jákvæð varðandi tillögur Ríkisendurskoðunar þótt ekki sé talið fært að taka að fullu tillit til þeirra við setningu reglugerðarinnar. Ein megintillaga Ríkisendurskoðunar er að stofnað verði sérstakt póstmálasvið, en viðskiptadeild verði lögð niður. Þessi tillaga kemur fyrst fram í drögum að reglugerð sem lögð var fyrir ráðherra 1987 og aftur sem ein af tillögum nefndar frá árinu 1988 sem fyrr er getið.

Ríkisendurskoðun leggur jafnframt til að umsýsludeild verði lögð niður og verkefni hennar færð til fjármálasviðs þannig að stjórnunardeildum/sviðum verði fækkað í þrjár/þrjú. Í þeim tillögum, sem nú liggja fyrir í ráðuneytinu, er ekki gengið svo langt, heldur byggt á tillögum nefndarinnar um skiptingu stjórnunarhluta í fjögur svið, fjármála-, fjarskipta-, póstmála- og umsýslusvið.

Varðandi rekstrarhlutann er í tillögum þeim að reglugerð, sem nú eru til athugunar hjá ráðherra, er lagt til að umdæmi I verði skipt í þrjú umdæmi. Fellur sú breyting að tillögum Ríkisendurskoðunar. Þessi breyting hefur verið til athugunar í ráðuneytinu allt frá árinu 1987.

Ríkisendurskoðun leggur til að aðalendurskoðun stofnunarinnar, sem nú heyrir undir fjármáladeild, verði sett beint undir póst- og símamálastjóra. Ráðuneytið mun taka þessa ábendingu til athugunar.

Að lokum vill ráðuneytið vekja athygli á eftirfarandi umsögn Ríkisendurskoðunar sem fram kemur í inngangi skýrslu hennar um stjórnsýsluendurskoðun á stjórnunarsviðum Póst- og símamálastofnunarinnar:

„Þess ber að geta að Póst- og símamálastofnunin hefur tekið athugasemdum Ríkisendurskoðunar vel og lagfært margt sem betur mátti fara. Því er í lokaskýrslu þessari m.a. að finna athugasemdir sem Póst- og símamálastofnunin hefur þegar fært til betri vegar. Þess ber og að geta að margt er með miklum ágætum í rekstri stofnunarinnar þótt í lokaskýrslu þessari sé einungis að finna athugasemdir er varða reksturinn.“

4. Ráðuneytinu er ekki kunnugt um annað en að Póst- og símamálastofnunin aðgreini í bókhaldi sínu á skilmerkilegan hátt stofnkostnaðar- og rekstrarliði stofnunarinnar.

Að því er stefnt að tveir aðalþjónustuþættir stofnunarinnar, póstþátturinn og símaþátturinn, standi undir sér og var síðasta gjaldskrárbreyting liður í þeirri stefnumörkun.

Sþ. 302. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1991.

Frá Inga Birni Albertssyni og Skúla Alexanderssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-902 Þjóðminjasafn Íslands. Nýir liðir:	
a. 102 Búminjasafn á Hvanneyri, rekstur	1.500
b. 603 Búminjasafn á Hvanneyri, stofnkostnaður	1.000

Sþ. 303. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1991.

Flm.: Guðmundur Ágústsson.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 06-255 Umferðarráð. 601 Tæki og búnaður.	
Fyrir „1.000“ kemur	3.500

Ed. 304. Nefndarálit [54. mál]

um frv. til l. um breytingu á sektarmörkum nokkurra laga o.fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeim

breytingum sem gerðar voru í meðförum neðri deildar.

Alþingi, 13. des. 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Ey. Kon. Jónsson.	Skúli Alexandersson.	Valgerður Sverrisdóttir.
	Danfríður Skarphéðinsdóttir.	

Ed. 305. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til l. um brottfall laga og lagaákvæða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í meðförum neðri deildar.

Alþingi, 13. des. 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Ey. Kon. Jónsson.	Skúli Alexandersson.	Valgerður Sverrisdóttir.
	Danfríður Skarphéðinsdóttir.	

Ed. 306. Nefndarálit [185. mál]

um frv. til l. um breyt á l. nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu.

Frá heilbrigðis- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Finn Ingólfsson, aðstoðarmann heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Jóhannes Pálmason, framkvæmdastjóra Borgarspítalans, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúa, Davíð Á. Gunnarsson, forstjóra Ríkisspítala, Árna Björnsson yfirlækni og Loga Guðbrandsson, framkvæmdastjóra Landakotsspítala.

Nefndin telur rétt að leggja til eina breytingu á skipun samstarfsráðs sjúkrahúsanna í Reykjavík. Í stað þess að tveir fulltrúar séu skipaðir af ráðherra til eins árs í senn er lagt til að sá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sem gegnir embætti hverju sinni, skipi tvo menn, en annar þeirra skal tilnefndur af sjórnarnefnd Ríkisspítala. Aðrar breytingar eru ekki efnislegar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Stefán Guðmundsson og Guðmundur H. Garðarsson voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. des. 1990.

Valgerður Sverrisdóttir, form., frsm. | Salome Þorkelsdóttir, fundaskr., með fyrirvara. | Karl Steinar Guðnason.

Guðrún J. Halldórsdóttir. | Margrét Frímannsdóttir.

Ed. 307. Breytingartillögur [185. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Á eftir 2. mgr. 24. gr. laganna bætist við ný málsgrein og breytist röð annarra málgreina til samræmis. Málgreinin orðast svo:
   Ráðherra skipar fimm manna samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík, Borgarspítala, St. Jósefsspítala og Ríkisspítala. Í ráðinu eiga sæti formenn stjórna Borgarspítala, St. Jósefsspítala og Ríkisspítala og tveir fulltrúar skipaðir af þeim ráðherra sem gegnir embætti heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hverju sinni og skal annar þeirra tilnefndur af stjórnarnefnd Ríkisspítala. Ráðið kýs sér formann úr hópi fulltrúa sjúkrahúsanna til tveggja ára í senn. Hlutverk ráðsins er að gera tillögur um mótun framtíðarstefnu áðurnefndra sjúkrahúsa, flokkun þeirra og starfssvið, þróunar- og fjárfestingaráætlanir og stuðla þannig að sem hagkvæmastri verkaskiptingu þessara sjúkrahúsa. Tillögur samstarfsráðsins skulu lagðar fyrir stjórnir fyrrgreindra sjúkrahúsa til umfjöllunar og skulu þær síðan senda ráðuneytinu tillögur sínar. Samstarfsráð skal fylgjast með að sjúkrahúsin starfi í samræmi við fjárveitingar til þeirra og þær áætlanir sem gerðar hafa verið og að gætt sé fyllstu hagkvæmni í rekstri þeirra. Samstarfsráðið skal að öðru leyti annast verkefni sem heilbrigðismálaráð Reykjavíkurlæknishéraðs hefur með höndum og snerta þessi sjúkrahús. Framkvæmdastjóri þess sjúkrahúss, þaðan sem formaður stjórnar kemur hverju sinni, annast framkvæmd mála fyrir ráðið.
2. Við 2. gr. Greinin falli brott.

Nd. 308. Frumvarp til laga [226. mál]

um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 52/1985.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

1. gr.

Við 18. gr. laganna bætist svohljóðandi málsgrein:
Ef í lagafrumvarpi er gert ráð fyrir útgjöldum úr ríkissjóði má ekki taka það til með-

ferðar nema einnig sé í frumvarpinu ákvæði um samsvarandi tekjur fyrir ríkissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Stærsta verkefni Alþingis er að setja fjárlög á hverju ári. Gerð þeirra er tímafrek vinna fyrir nefndarmenn í fjárveitinganefnd og starfsfólk Alþingis, ráðuneyta og ýmissa ríkisstofnana.

Það hlýtur að vera markmið Alþingis að hafa fjárlög hvers árs í jafnvægi. Gjöld og tekjur standist á og ríkissjóður skili helst afgangi til að mæta hugsanlegum áföllum. Þess vegna verða tekjur hvarvetna að mæta gjöldum í fjárlögum því að annars myndast halli og svokallað fjárlagagat.

Þess vegna á þingmönnum ekki að vera heimilt að ávísa á ríkissjóð nema sýna fram á raunhæfar tekjur í staðinn og rökstyðja þær. Annars má búast við að hallinn aukist ár frá ári uns hann vex ríkissjóði yfir höfuð.

Í mörgum nágrannaþingum okkar eru víða ríkar hefðir fyrir því að þingmenn geri ekki útgjaldatillögur nema jafnframt sé séð fyrir tekjum á móti.

Á Alþingi Íslendinga virðist hins vegar ríkja sama hefð með öfugum formerkjum. Hér er stöðugt ávísað á ríkissjóð án þess að gera grein fyrir hvar fjárins skal afla.

Nái þetta frumvarp fram að ganga mun öll fjárlagagerð á Íslandi verða bæði ábyrg og raunhæf. Tími fjárlagahalla er þá væntanlega allur og eftirsóttur jöfnuður ríkir framvegis í þjóðfélaginu.

Sþ. 309. Svar [109. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Þórhildar Þorleifsdóttur um ónýttan persónuafslátt.

1. Hve margir gjaldendur notuðu sér ónýttan persónuafslátt maka á gjaldárunum 1988 og 1989, sbr. A-lið 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt?

Samkvæmt upplýsingum úr skattframtölum nýttu 25.156 aðilar sér ónýttan persónuafslátt maka á árinu 1989, en samsvarandi tala fyrir árið 1988 er 25.816. Þessar tölur greinast þannig eftir kynjum:

	1988	1989	Breyting %
Heildarfjöldi	**25.156**	**25.816**	**2,6**
— ónýttur persónuafsláttur eiginkonu	23.713	24.040	1,4
— ónýttur persónuafsláttur eiginmanns	1.443	1.776	23,1
Kostnaður ríkissjóðs m.kr.:			
Millifærsla persónuafsláttar samtals	**1.666**	**2.067**	**24,1**
— millifærsla frá eiginkonu	1.607	1.982	23,3
— millifærsla frá eiginmanni	59	85	44,1

2. Hvert var tekjutap ríkissjóðs vegna þessarar heimildar á árunum 1988 og 1989?

Eins og fram kemur í töflunni hér að ofan kostaði millifærsla á ónýttum persónuafslætti ríkissjóð 1.666 millj. kr. á árinu 1988 og 2.067 millj. kr. árið 1989. Hækkunin nemur þannig 24%, en meðalhækkun persónuafsláttar var tæplega 20% milli þessara ára.

Ed. 310. Nefndarálit [55. mál]

um frv. til l. um opinbera réttaraðstoð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Umsagnir bárust frá Sýslumannafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands og Lögmannafélagi Íslands, auk þess sem gögn bárust frá dómsmálaráðuneytinu. Á fund nefndarinnar komu Atli Gíslason hæstaréttarlögmaður, Sigurður Jónsson, aðstoðarmaður dómsmálaráðherra, og Skúli Guðmundsson, skrifstofustjóri Þjóðskrár.

Við athugun á frumvarpinu kom í ljós að nokkrum veigamiklum efnisþáttum átti að skipa með reglugerð, þar á meðal tekjumörkum þeirra sem rétt eiga á aðstoð í einstökum málum samkvæmt þriðja kafla frumvarpsins og þeirra sem eiga rétt á gjafsókn. Einnig var í frumvarpinu gert ráð fyrir því að þessar viðmiðunarfjárhæðir, sem ákveða skyldi með reglugerð, ættu að hækka árlega til samræmis við almennar verðhækkanir. Þykir nefndinni nauðsynlegt að skipa þessum málum með skýrum hætti og leggur því til að eftirtaldar breytingar verði gerðar.

Í fyrsta lagi að 8. gr. sé breytt þannig að kveðið sé á um það í lögunum hverjir eigi rétt til aðstoðar í einstökum málum. Miðað er við að tekjuskattsstofn einstaklings sé 850.000 kr. eða lægri samkvæmt skattframtali síðasta árs en tekjustofn hjóna eða sambúðarfólks sé samanlagt 1.275.000 kr. Í öðru lagi er lagt til að sama viðmiðun verði notuð í 15. gr. um gjafsóknarleyfi. Í þriðja lagi er lagt til að 19. gr. verði breytt þannig að með skýrum hætti sé kveðið á um hvernig viðmiðunarfjárhæðir skuli hækka. Er miðað við breytingar á lánskjaravísitölu á ársgrundvelli frá 1. október til sama tíma á næsta ári. Gert er ráð fyrir að viðmiðunarfjárhæðir hækki 1. desember á hverju ári. Í fjórða lagi er lagt til að lögin öðlist gildi 1. apríl 1991. Þriðji kaflinn öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. júlí 1992 þegar lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds taka gildi. Í fimmta lagi eru

lagðar til lagfæringar á 6., 7. og 9. gr. frumvarpsins en þær eru ekki efnislegar.

Lagt er til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 13. des. 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Danfríður Skarphéðinsdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.	Skúli Alexandersson.
	Valgerður Sverrisdóttir.	

Ed. 311. Breytingartillögur [55. mál]

við frv. til l. um opinbera réttaraðstoð.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 6. gr. Í stað orðanna „7. gr. gjaldþrotalaga, nr. 5 frá 5. maí 1978“ í niðurlagi 2. mgr. komi: 7. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6 5. maí 1978.
2. Við 7. gr. Niðurlag greinarinnar orðist svo: að aðstoðin sé bersýnilega þarflaus eða hún brjóti í bága við siðareglur lögmanna.
3. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

   Rétt til aðstoðar í einstökum málum eiga einstaklingar með 850.000 kr. tekjuskattsstofn eða lægri samkvæmt skattframtali ársins áður en aðstoðin er veitt. Aðstoðin skal ekki vera tengd atvinnurekstri viðkomandi. Tekjuskattsstofn í lögum þessum er sá sami og skilgreindur er í lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Mæðra- og feðralaun teljast þó ekki til tekjuskattsstofnsins.

   Sé umsækjandi í hjúskap eða óvígðri sambúð á hann rétt á aðstoð ef samanlagður tekjuskattsstofn hjónanna eða sambúðaraðilanna er 1.275.000 kr. eða lægri.

   Aðstoð verður ekki veitt oftar en einu sinni á hverju almanaksári. Sýslumaður getur þó heimilað undantekningu þar frá ef sérstaklega stendur á.
4. Við 9. gr.
   a. 2. málsl. fyrri málsgreinar orðist svo: Ríkissjóður greiðir þrjá fjórðu hluta þóknunar en skjólstæðingur einn fjórða hluta.
   b. 2. málsl. seinni málsgreinar orðist svo: Greiðsla þóknunar skiptist að jöfnu milli ríkissjóðs og skjólstæðings.
5. Við 15. gr. 2. mgr. orðist svo:

   Viðmiðunarfjárhæðir vegna gjafsóknarleyfa skulu vera þær sömu og í 8. gr.
6. Við 19. gr. Greinin orðist svo:

   Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna. Fjárhæðir þær, sem um er getið í 8. og 15. gr. og í reglugerð skv. 9. gr., eru grunnfjárhæðir sem breytast skulu 1. desember ár hvert í samræmi við breytingar á lánskjaravísitölu frá 1. október á næstliðnu ári til jafnlengdar á næsta ári, í fyrsta sinn 1. desember 1991.

   Dómsmálaráðherra skal með hæfilegum fyrirvara fyrir 1. desember ár hvert aug-

lýsa opinberlega þær breytingar sem verða á viðmiðunarfjárhæðum skv. 1. mgr.

7. Við 20. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi taka gildi 1. apríl 1991 og fellur þá jafnframt úr gildi XI. kafli laga nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði. III. kafli tekur þó ekki gildi fyrr en 1. júlí 1992.

Sþ. **312. Frumvarp til fjárlaga** [1. mál]
fyrir árið 1991.

(Eftir 2. umr. í Sþ., 14. des.)

Samhljóða þskj. 1 með þessum breytingum:

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr. hljóðar svo:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**99 563 000**
Beinir skattar	19 332 000	
Óbeinir skattar	73 928 000	
Vaxtatekjur	3 710 000	
Aðrar tekjur	2 593 000	
Gjöld		**104 104 052**
Samneysla	43 289 807	
Rekstrargjöld	40 755 807	
Viðhald	2 534 000	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	41 670 370	
Vaxtagreiðslur	9 400 000	
Fjárfesting	9 743 875	
Stofnkostnaður	5 874 300	
Fjármagnstilfærslur	3 869 575	
Gjöld umfram tekjur		**4 541 052**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		330 000
Veitt lán til B-hluta ríkissjóðs	3 680 000	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum	-3 350 000	
Hluta- og stofnfjárframlög		270 000
Viðskiptareikningar		500 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**5 641 052**
Afborganir af teknum lánum		6 900 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**12 541 052**
Lántökur		11 650 000
Innlend verðbréfaútgáfa	11 650 000	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**-891 052**

2. gr. hljóðar svo:

Árið 1991 eru veittar til gjalda fjárhæðir sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

Rekstrar-

Gjöld:

		Þús. kr.	Þús. kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**		**920 170**
	Embætti forseta Íslands	42 650	
	Alþingi og stofnanir þess	768 840	
	Ríkisstjórn og Hæstiréttur	90 100	
	Annað	18 580	
01	**Forsætisráðuneyti**		**390 010**
	Ráðuneyti	77 660	
	Annað	312 350	
02	**Menntamálaráðuneyti**		**15 582 126**
	Ráðuneyti	221 220	
	Háskólar og rannsóknir	2 448 531	
	Framhaldsskólar	3 525 080	
	Héraðsskólar	163 690	
	Grunnskólar	4 558 860	
	Sérstofnanir fyrir börn og unglinga	577 940	
	Önnur fræðslumál	364 030	
	Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 930 000	
	Söfn, listastofnanir o.fl.	914 840	
	Ýmis framlög	877 935	
03	**Utanríkisráðuneyti**		**1 334 140**
	Ráðuneyti o.fl.	359 070	
	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	205 970	
	Sendiráð og fastanefndir	392 850	
	Þróunarmál, alþjóðastofnanir o.fl.	376 250	
04	**Landbúnaðarráðuneyti**		**4 261 960**
	Ráðuneyti	55 500	
	Landbúnaðarmál	3 678 360	
	Landgræðsla, skógrækt	344 910	
	Búnaðarskólar	183 190	
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**		**972 280**
	Ráðuneyti	75 560	
	Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	816 780	
	Annað	79 940	
	Flutt		23 460 686

3. gr. hljóðar svo:

Árið 1991 er áætlað að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

reikningur

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
41	**Beinir skattar**		
411	**Eignarskattar**		**3 397 000**
4110	Eignarskattur, einstaklingar	1 400 000	
41101	Eignarskattsauki, einstaklingar	140 000	
4111	Eignarskattur, félög	920 000	
41111	Eignarskattsauki, félög	195 000	
4116-7	Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði	482 000	
4118	Erfðafjárskattur	260 000	
412	**Tekjuskattur, nettó**		**15 565 000**
4120-2	Tekjuskattur, einstaklingar, nettó	12 200 000	
4123	Tekjuskattur, félög	3 365 000	
413	**Persónuskattar**		**370 000**
4130	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	370 000	
42-43	**Óbeinir skattar**		
420	**Gjöld af innflutningi, aðflutningsgjöld, almenn**		**3 405 000**
4200	Aðflutningsgjöld alls	3 405 000	
421	**Gjöld af innflutningi**		**5 625 000**
4210	Gjald af bifreiðum og bifhjólum	1 160 000	
4211	Innflutningsgjald af bensíni	3 570 000	
4212	Jöfnunargjald	700 000	
4213	Jöfnunarálag á hús og húshluti	10 500	
42153	Fóðurgjald, grunngjald, lög nr. 46/1985	52 500	
42154	Kartöflugjald	102 000	
4216	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	30 000	
422	**Tekjur af sölu erlends gjaldeyris**		**589 000**
4220	Gjald af umboðsþóknun og gengismun innlánsstofnana	343 000	
4221	Leyfisgjald	246 000	
	Flutt		28 951 000

Rekstrar-

Gjöld:

		Þús. kr	Þús. kr.
	Flutt		23 460 686
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**		**4 734 324**
	Ráðuneyti o.fl.	112 190	
	Dómsmálastofnanir	413 670	
	Löggæslustofnanir	1 039 960	
	Sýslumenn og bæjarfógetar	1 725 340	
	Fangelsismál	298 730	
	Landhelgisgæsla o.fl.	718 584	
	Kirkjumál	425 850	
07	**Félagsmálaráðuneyti**		**4 356 650**
	Ráðuneyti	68 080	
	Húsnæðismál	700 000	
	Stjórnsýslustofnanir o.fl.	127 780	
	Málefni fatlaðra	1 630 380	
	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1 348 800	
	Annað	481 610	
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**		**42 824 022**
	Ráðuneyti	97 830	
	Tryggingamál	26 018 730	
	Sjúkrahús	14 509 852	
	Heilsugæsla	1 619 630	
	Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	215 630	
	Annað	362 350	
09	**Fjármálaráðuneyti**		**15 282 880**
	Ráðuneyti o.fl.	389 460	
	Skatta- og tollamál	1 230 200	
	Verðlagsmál og ríkisábyrgðir	3 031 000	
	Vextir	9 400 000	
	Annað	1 232 220	
10	**Samgönguráðuneyti**		**6 495 200**
	Ráðuneyti	50 620	
	Vegamál	5 370 000	
	Siglingamál	473 170	
	Flugmál	439 980	
	Annað	161 430	
	Flutt		97 153 762

r e i k n i n g u r

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		28 951 000
423	**Skattar af framleiðslu og innflutningi**		**2 457 000**
4235	Vörugjald	2 345 000	
4239	Framleiðslugjald af áli	112 000	
425	**Virðisaukaskattur**		**40 500 000**
4250	Virðisaukaskattur	40 500 000	
426	**Skattar af orku**		**80 000**
4261	Rafmagnseftirlitsgjald	80 000	
427	**Skattar af einkasöluvörum**		**6 405 400**
4271	Hluti af rekstrarhagnaði ÁTVR	6 400 000	
4273	Gjald af einkasöluvörum	5 400	
428	**Sérstakir skattar af þjónustu**		**71 500**
42801	Skemmtanaskattur	61 000	
42802	Miðagjald	10 500	
429	**Aðrir skattar af veittri þjónustu**		**453 500**
4290	Aukatekjur, almennar	445 000	
42942	Samúðarskeyti Landsímans	8 500	
430	**Skattar af launagreiðslum**		**9 130 000**
4300	Tryggingaiðgjald	9 130 000	
	Flutt		88 048 400

Rekstrar-

Gjöld:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		97 153 762
11	**Iðnaðarráðuneyti**		**999 610**
	Ráðuneyti	45 460	
	Iðnaðarmál	269 500	
	Orkumál	684 650	
12	**Viðskiptaráðuneyti**		**5 384 150**
	Ráðuneyti	56 490	
	Niðurgreiðslur	5 250 000	
	Annað	77 660	
13	**Hagstofa Íslands**		**134 850**
14	**Umhverfisráðuneyti**		**431 680**
	Ráðuneyti o.fl.	71 290	
	Náttúruvernd	66 770	
	Skipulagsmál	64 900	
	Rannsóknir o.fl.	228 720	
	Gjöld samtals		104 104 052

r e i k n i n g u r

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		88 048 400
431	**Aðrir óbeinir skattar**		**5 211 600**
4310	Þinglýsingar	70 000	
4311	Stimpilgjald	2 250 000	
43121	Þungaskattur af dísilbifreiðum, skv. ökumælum	1 105 000	
43122	Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	345 000	
43123	Bifreiðagjald	1 010 000	
43132	Vitagjald	39 000	
43133	Skipaskoðunargjald	42 000	
4316	Áhættugjald ríkisábyrgða	304 000	
4317	Einkaleyfisgjald Happdrættis H.Í.	46 600	
48	**Fjármunatekjur**		
481	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**3 710 000**
4811	Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	1 750 000	
4812	Vaxtatekjur af langtímalánum	1 960 000	
482	**Arðgreiðslur**		**2 318 000**
4820	Frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta:		
48201	Afgjöld ríkisjarða	15 000	
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	330 000	
48203	Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	18 000	
48206	Póstur og sími	550 000	
4821	Sameignir ríkisins	600 000	
4822	Arður af hlutabréfum	50 000	
4823	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	750 000	
4829	Aðrar arðgreiðslur ríkisfyrirtækja	5 000	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**275 000**
4990	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	250 000	
4999	Óvissar tekjur	25 000	
	Tekjur samtals		99 563 000
	Gjöld umfram tekjur		4 541 052
	Samtals		104 104 052

Eftirtaldir liðir 4. gr. breytast og hljóða svo:

00 Æðsta stjórn ríkisins

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–201 Alþingi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			589 880
1 01	Alþingiskostnaður	260 040	
1 02	Aðalskrifstofa	41 130	
1 03	Þingmálaskrifstofa	102 580	
1 04	Rekstrarskrifsorfa	129 520	
1 05	Alþjóðasamstarf þingmanna	27 940	
1 06	Norðurlandaráð	23 920	
1 07	Hús Jóns Sigurðssonar	4 250	
1 08	Hið íslenska þjóðvinafélag	500	
Viðhaldsverkefni:			13 500
5 20	Fasteignir	13 500	
Stofnkostnaður:			15 000
6 01	Tæki og búnaður	15 000	
	Gjöld samtals		618 380
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	323 090	
52–58	Önnur gjöld	268 050	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	27 240	
5	Gjöld samtals	618 380	
4	Sértekjur	8 150	
	Mismunur		**610 230**
00–620 Ríkisendurskoðun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur: .			133 040
1 01	Yfirstjórn	133 040	
Stofnkostnaður:			9 000
6 01	Tæki og búnaður	9 000	
	Gjöld samtals		142 040

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	87 870	
52–58	Önnur gjöld	54 170	
5	Gjöld samtals	142 040	
4	Sértekjur	20	
	Mismunur		**142 020**

01 Forsætisráðuneyti

01–101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			70 170
1 01	Yfirstjórn	43 610	
1 20	Stjórnarráðshús	6 880	
1 21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu	2 280	
1 22	Ráðherrabústaður Þingvöllum	870	
1 23	Hrafnseyri	810	
1 30	Öryggismálanefnd	8 220	
1 40	Gjöf Jóns Sigurðssonar	1 500	
1 90	Ýmis verkefni	6 000	
Viðhaldsverkefni:			7 600
5 20	Stjórnarráðshús	2 000	
5 21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu	5 000	
5 22	Ráðherrabústaður Þingvöllum	600	
	Gjöld samtals		77 770
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	28 320	
52–58	Önnur gjöld	42 140	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	5 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 310	
5	Gjöld samtals	77 770	
4	Sértekjur	110	
	Mismunur		**77 660**

02 Menntamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			219 720
1 01	Yfirstjórn	219 720	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		221 220
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	114 110	
52–58	Önnur gjöld	107 110	
5	Gjöld samtals		**221 220**
02–201 Háskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 604 741
1 01	Yfirstjórn	91 190	
1 02	Sameiginleg útgjöld	241 210	
1 03	Rekstur fasteigna	167 220	
1 04	Háskólabókasafn	52 370	
1 05	Aðrar sérstofnanir og verkefni	56 320	
1 06	Kennslu- og vísindadeildir	996 431	
Viðhaldsverkefni:			60 000
5 50	Viðhald fasteigna	60 000	
Stofnkostnaður:			135 400
6 50	Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	135 400	
	Gjöld samtals		1 800 141
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 192 271	
52–58	Önnur gjöld	607 870	
5	Gjöld samtals	1 800 141	
4	Sértekjur	344 700	
	Mismunur		**1 455 441**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			85 640
1 01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	65 750	
1 10	Rannsóknadeild fisksjúkdóma	19 890	
Viðhaldsverkefni:			10 000
5 01	Viðhald húseigna	10 000	
Stofnkostnaður:			6 700
6 10	Fiskeldisrannsóknahús	6 700	
	Gjöld samtals		102 340
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	58 370	
52–58	Önnur gjöld	43 970	
5	Gjöld samtals	102 340	
4	Sértekjur	30 910	
	Mismunur		**71 430**
02–203 Raunvísindastofnun Háskólans			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			141 510
1 01	Yfirstjórn	13 760	
1 02	Rekstur fasteigna	11 010	
1 03	Rannsóknastofur	116 740	
	Gjöld samtals		141 510
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	97 390	
52–58	Önnur gjöld	44 120	
5	Gjöld samtals	141 510	
4	Sértekjur	31 850	
	Mismunur		**109 660**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–204 Stofnun Sigurðar Nordals			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 270
1 01	Stofnun Sigurðar Nordals	6 270	
Viðhaldsverkefni:			1 200
5 01	Fasteign	1 200	
	Gjöld samtals		7 470
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 910	
52–58	Önnur gjöld	4 560	
5	Gjöld samtals		**7 470**
02–234 Vísindaráð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 880
1 01	Vísindaráð	10 880	
Viðhaldsverkefni:			1 000
5 01	Bárugata 3	1 000	
	Gjöld samtals		11 880
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 850	
52–58	Önnur gjöld	6 030	
5	Gjöld samtals	11 880	
4	Sértekjur	1 240	
	Mismunur		**10 640**
02–318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			52 000
5 90	Viðhald, óskipt	52 000	
Stofnkostnaður:			299 300
6 10	Menntaskólinn í Reykjavík, endurbætur KFUM og K húss	7 500	
6 11	Menntaskólinn á Laugarvatni	2 000	
6 12	Menntaskólinn við Hamrahlíð, endurbætur	15 000	
6 13	Menntaskólinn við Sund, endurbætur	10 000	
6 14	Menntaskólinn á Egilsstöðum, mötuneyti o.fl.	10 000	
6 15	Menntaskólinn í Kópavogi, stjórnsýsluálma	15 000	
6 16	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, íþróttahús	24 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
6 17	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, kennsluhúsnæði	9 000	
6 18	Fjölbrautaskóli Suðurnesja, viðbygging	4 400	
6 19	Fjölbrautaskóli Vesturlands, mötuneyti	35 000	
6 20	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, viðbygging	10 000	
6 21	Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki, heimavist	7 000	
6 22	Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki, bóknámshús	28 000	
6 24	Verkmenntaskóli Austurlands, heimavist	30 900	
6 25	Verkmenntaskóli Austurlands, kennsluhúsnæði og frágangur lóðar	3 000	
6 26	Verkmenntaskólinn á Akureyri, nýbygging	15 000	
6 29	Fjölbrautaskólinn Ármúla, viðbygging	5 000	
6 30	Framhaldsskólinn Laugum, mötuneyti o.fl.	2 500	
6 31	Framhaldsskólinn á Húsavík, nýbygging	7 000	
6 32	Menntaskólinn Akureyri	2 000	
6 34	Menntaskólinn á Ísafirði, kennsluhúsnæði	4 000	
6 35	Menntaskólinn á Ísafirði, íþróttahús	8 000	
6 37	Fjölbrautaskólinn Garðabæ	3 000	
6 38	Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu	3 000	
6 39	Fjölbrautaskóli Suðurlands	2 000	
6 40	Tæki og búnaður	25 000	
6 50	Tölvubúnaður	12 000	
	Gjöld samtals		351 300
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	351 300	
5	Gjöld samtals		**351 300**

02–319 Framhaldsskólar, almennt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			181 590
1 11	Sameiginleg þjónusta	5 600	
1 12	Orlof kennara	23 710	
1 13	Forfallakennsla	11 860	
1 14	Sérkennsla	12 910	
1 15	Prófkostnaður	21 340	
1 16	Nýjungar í skólastarfi	3 860	
1 17	Námsskrárgerð	10 410	
1 18	Námsefnisgerð	4 750	
1 19	Kennslueftirlit	3 300	
1 20	Framhaldsdeildir	21 150	
1 21	Tannsmíðanám	6 740	
1 22	Námskeið skipstjórnarmanna	4 750	
1 30	Endurmenntun	17 300	
1 40	Framhaldsskólar, óskipt	33 910	
	Gjöld samtals		181 590

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	156 110	
52–58	Önnur gjöld	8 180	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	17 300	
5	Gjöld samtals		**181 590**

02–355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			50 040
1 01	Kennsla	27 660	
1 02	Annað en kennsla	15 490	
1 03	Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum, kennsla	5 140	
1 04	Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum, annað en kennsla	1 750	
	Gjöld samtals		50 040
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	41 120	
52–58	Önnur gjöld	8 920	
5	Gjöld samtals	50 040	
4	Sértekjur	1 640	
	Mismunur		**48 400**

02–422 Námsgagnastofnun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			257 560
1 01	Skrifstofa	19 290	
1 10	Skólavörubúð	22 150	
1 11	Afgreiðsludeild	13 450	
1 20	Framleiðsludeild	115 760	
1 30	Fræðslumyndasafn	24 220	
1 40	Kennslumiðstöð	8 870	
1 60	Námsefnisgerð	53 820	
	Gjöld samtals		257 560
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	58 880	
52–58	Önnur gjöld	198 680	
5	Gjöld samtals	257 560	
4	Sértekjur	30 270	
	Mismunur		**227 290**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 720
1 01	Kennsla	25 460	
1 02	Annað en kennsla	5 260	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		32 720
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 010	
52–58	Önnur gjöld	5 710	
5	Gjöld samtals	32 720	
4	Sértekjur	830	
	Mismunur		**31 890**
02–514 Iðnskólinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			357 340
1 01	Kennsla	281 960	
1 02	Annað en kennsla	75 380	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
	Gjöld samtals		367 340
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	312 290	
52–58	Önnur gjöld	55 050	
5	Gjöld samtals	367 340	
4	Sértekjur	18 840	
	Mismunur		**348 500**
02–517 Hótel- og veitingaskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 210
1 01	Kennsla	15 210	
1 02	Annað en kennsla	23 000	
Viðhaldsverkefni:			300
5 01	Fasteign	300	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		40 010
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 640	
52–58	Önnur gjöld	21 370	
5	Gjöld samtals	40 010	
4	Sértekjur	3 070	
	Mismunur		**36 940**

02–531 Íþróttakennaraskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 860
1 01	Kennsla	15 280	
1 02	Annað en kennsla	10 580	
Viðhaldsverkefni:			2 000
5 01	Viðhald íþróttavalla o.fl.	1 000	
5 02	Endurbætur á húsum	1 000	
Stofnkostnaður:			23 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
6 10	Sundlaug	22 000	
	Gjöld samtals		50 860
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 670	
52–58	Önnur gjöld	31 190	
5	Gjöld samtals	50 860	
4	Sértekjur	1 480	
	Mismunur		**49 380**

02–571 Sjómannaskólahúsið

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 210
1 01	Sjómannaskólahúsið	20 210	
Viðhaldsverkefni:			3 000
5 01	Fasteign	3 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			8 000
6 10	Lóðaframkvæmdir	8 000	
	Gjöld samtals		31 210
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 890	
52–58	Önnur gjöld	19 320	
5	Gjöld samtals	31 210	
4	Sértekjur	1 060	
	Mismunur		**30 150**

02–610 Héraðsskólar almennt

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			5 000
5 90	Viðhald, óskipt	5 000	
Stofnkostnaður:			26 000
6 90	Stofnkostnaður	26 000	
	Gjöld samtals		31 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	31 000	
5	Gjöld samtals		**31 000**

02–621 Skálholtsskóli

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 420
1 01	Kennsla	3 640	
1 02	Annað en kennsla	3 780	
	Gjöld samtals		7 420
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 130	
52–58	Önnur gjöld	3 290	
5	Gjöld samtals	7 420	
4	Sértekjur	1 260	
	Mismunur		**6 160**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–720 Grunnskólar, almennt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			201 530
1 12	Umferðarfræðsla í skólum	3 350	
1 20	Kennsla á Landspítala og Landakotsspítala	3 580	
1 30	Safnakennsla	2 740	
1 31	Sérstök fræðsluverkefni	9 680	
1 33	Þróunarsjóður dagvistarheimila	3 740	
1 41	Landakotsskóli, rekstrarstyrkur	4 080	
1 42	Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur	5 170	
1 43	Suðurhlíðarskóli, rekstrarstyrkur	5 360	
1 50	Orlof kennara	5 870	
1 51	Rannsóknasjóður grunnskólakennara	39 100	
1 60	Stjórnskipaðir prófdómarar	8 640	
1 70	Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi	11 240	
1 80	Sérkennsla í grunnskólum, óskipt	16 350	
1 82	Þróunarstörf í grunnskólum	9 640	
1 83	Starfsleiknínám	14 340	
1 84	Námsstjórn og þróunarverkefni	10 010	
1 86	Endurmenntun sálfræðinga	2 650	
1 88	Réttindanám leiðbeinenda	6 540	
1 89	Leiðsögn nýliða	5 240	
1 90	Grunnskólar, óskipt	34 210	
Stofnkostnaður:			8 000
6 90	Tölvuvæðing í grunnskólum	8 000	
	Gjöld samtals		209 530
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	143 190	
52–58	Önnur gjöld	33 650	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	32 690	
5	Gjöld samtals		**209 530**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–881 Náms- og fræðimenn, framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 070
1 10	Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum	9 880	
1 11	Styrkur til grænlenskra námsmanna	850	
1 14	Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna	1 210	
1 15	Styrkur til útgáfustarfa	3 840	
1 19	Safngripaviðgerðir, námsvistargjöld	1 600	
1 20	Félagsstofnun stúdenta	5 690	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			7 000
6 20	Stúdentagarðar	7 000	
	Gjöld samtals		30 070
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	850	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	29 220	
5	Gjöld samtals		**30 070**

02–885 Fullorðinsfræðsla

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 020
1 10	Fjarkennsla	9 020	
1 20	Bréfaskólinn	3 300	
1 60	Heimilisiðnaðarskólinn	1 300	
1 80	Fullorðinsfræðsla, almenn	1 400	
	Gjöld samtals		15 020
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 550	
52–58	Önnur gjöld	7 470	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	4 600	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 400	
5	Gjöld samtals		**15 020**

02–901 Landsbókasafn Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 760
1 01	Landsbókasafn Íslands	43 760	
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Bókakaup o.fl.	7 000	
	Gjöld samtals		50 760
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	32 150	
52–58	Önnur gjöld	18 610	
5	Gjöld samtals	50 760	
4	Sértekjur	1 320	
	Mismunur		**49 440**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–902 Þjóðminjasafn Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 750
1 01	Þjóðminjasafn Íslands	49 750	
Viðhaldsverkefni:			18 100
5 01	Húseign við Suðurgötu	10 000	
5 90	Verndun gamalla húsa	8 100	
Stofnkostnaður:			15 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
6 02	Breyting sýningarsala	3 000	
6 90	Húseign við Suðurgötu, endurbætur	10 000	
	Gjöld samtals		82 850
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 970	
52–58	Önnur gjöld	44 880	
5	Gjöld samtals	82 850	
4	Sértekjur	590	
	Mismunur		**82 260**
02–904 Safnahúsið við Hverfisgötu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 130
1 01	Safnahúsið við Hverfisgötu	5 130	
Viðhaldsverkefni:			2 000
5 01	Viðhald fasteignar	2 000	
	Gjöld samtals		7 130
02–908 Kvikmyndasafn Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 860
1 01	Kvikmyndasafn Íslands	7 860	
	Gjöld samtals		7 860
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 010	
52–58	Önnur gjöld	5 850	
5	Gjöld samtals		**7 860**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–909 Blindrabókasafn Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 330
1 01	Blindrabókasafn Íslands	23 330	
Stofnkostnaður:			3 700
6 01	Tæki og búnaður	3 700	
	Gjöld samtals		27 030
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 130	
52–58	Önnur gjöld	15 900	
5	Gjöld samtals		**27 030**

02–982 Listir, framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			234 920
1 10	Listamannalaun	8 490	
1 11	Launasjóður rithöfunda	24 230	
1 12	Starfslaun listamanna	21 810	
1 13	Höfundagreiðslur skv. 21. gr. höfundalaga	330	
1 14	Rithöfundasjóður Íslands	9 580	
1 15	Þýðingarsjóður	6 060	
1 16	Bókmenntakynningarsjóður	1 650	
1 20	Leikfélag Reykjavíkur	15 000	
1 21	Leikfélag Akureyrar	15 410	
1 22	Leiklistarstarfsemi	13 580	
1 23	Bandalag íslenskra leikfélaga	3 040	
1 24	Önnur leiklistarstarfsemi	4 000	
1 25	Leiklistarráð	300	
1 26	Alþýðuleikhúsið	8 000	
1 28	Kynning á íslenskri list erlendis	7 000	
1 30	Íslenska óperan	14 430	
1 33	Íslensk tónverkamiðstöð	4 550	
1 34	Sinfóníuhljómsveit æskunnar	2 800	
1 35	Íslenska hljómsveitin	2 000	
1 37	Tónlistarstarfsemi, styrkir	7 000	
1 41	Listasöfn, styrkir	3 000	
1 42	Myndlistaskólinn í Reykjavík	4 000	
1 43	Myndlistarskólinn á Akureyri	6 500	
1 44	Samband íslenskra myndlistarmanna	1 500	
1 45	Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	5 200	
1 46	Listasafn ASÍ	2 300	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 47	Nýlistasafn	2 750	
1 48	Listamiðstöð í Straumi	1 100	
1 70	Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	12 240	
1 72	Starfslaunasjóður myndlistarmanna	1 220	
1 73	Bandalag íslenskra listamanna	500	
1 74	Listkynning, styrkir	400	
1 75	Lista- og menningarmál, ýmis	10 000	
1 76	Menningarsjóður félagsheimila	6 100	
1 77	Samnorræn menningarkynning	1 000	
1 78	Ýmsir styrkir	2 000	
1 79	M-hátíð	1 100	
1 80	Listahátíð	2 050	
1 82	Ferðaleikhúsið	900	
1 83	Leikbrúðuland	1 800	
	Gjöld samtals		234 920
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	234 920	
5	Gjöld samtals		**234 920**

02–983 Vísindaleg starfsemi, styrkir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 650
1 10	Vísinda- og fræðistörf	1 710	
1 12	Samstarfsnefnd um upplýsingamál	400	
1 14	Rannsóknaleyfi sérfræðinga á vísindastofnunum	9 540	
1 16	Kvennasögusafn	1 500	
1 17	Samtök um upplýsinganet rannsóknaaðila	1 500	
	Gjöld samtals		14 650
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 540	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 110	
5	Gjöld samtals		**14 650**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–988	**Æskulýðsmál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 700
1 10	Æskulýðsráð ríkisins	1 750	
1 11	Æskulýðssamband Íslands	1 200	
1 12	Ungmennafélag Íslands	10 500	
1 13	Bandalag íslenskra skáta	5 500	
1 14	Bandalag íslenskra skáta, Úlfljótsvatn	2 000	
1 16	Íslenskir ungtemplarar	1 150	
1 17	Starfsemi KFUM og KFUK	2 200	
1 18	Iðnemasamband Íslands	2 550	
1 19	Æskulýðsmál, almennt	1 850	
Stofnkostnaður:			3 500
6 20	KFUM og KFUK, byggingarstyrkur	1 000	
6 21	Séra Friðrikskapella, byggingarstyrkur	2 500	
	Gjöld samtals		32 200
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	32 200	
5	Gjöld samtals		**32 200**
02–989	**Ýmis íþróttamál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			71 920
1 10	Íþróttasamband Íslands	26 920	
1 11	Ólympíunefnd Íslands	5 500	
1 12	Ólympíunefnd fatlaðra	1 140	
1 13	Íþróttamál fatlaðra	4 000	
1 15	Íþróttastarfsemi, almenn	660	
1 16	Íþróttafélög, styrkir	16 000	
1 20	Glíman, íslenska þjóðaríþróttin, kynning í skólum	2 500	
1 21	Skáksamband Íslands	2 200	
1 22	Launasjóður stórmeistara í skák	5 540	
1 23	Skákmót, styrkir	660	
1 24	Skólaskákmót	400	
1 30	Bridgesamband Íslands	900	
1 40	Ýmis framlög til íþróttamála	5 500	
Stofnkostnaður:			1 000
6 21	Ýmis íþróttamál	1 000	
	Gjöld samtals		72 920

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 540	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	67 380	
5	Gjöld samtals		**72 920**

02–991 Húsafriðun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			380
1 50	Hið íslenska fornleifafélag	380	
Stofnkostnaður:			33 625
6 10	Húsafriðunarsjóður	10 500	
6 20	Nesstofa	4 000	
6 40	Byggða- og minjasöfn	12 125	
6 60	Sjóminjasafn Íslands	7 000	
	Gjöld samtals		34 005
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	34 005	
5	Gjöld samtals		**34 005**

02–999 Ýmislegt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 790
1 21	Norræn umhverfisráðstefna	6 000	
1 29	Amtsbókasafn, vegna skilaskyldu	380	
1 42	Reykholtsstaður	690	
1 50	Landssamband hjálparsveita skáta	3 000	
1 75	Til Cornell- og Manitobaháskóla	520	
1 90	Söfn, styrkir	2 100	
1 91	Tónlistarsaga Íslands	2 000	
1 92	Ýmis framlög	15 000	
1 93	Kvenfélagasamband Íslands	1 200	
1 94	Iðnsaga Íslands	4 550	
1 97	Útvarpsréttarnefnd	920	
1 98	Félög, styrkir	570	
1 99	Sögusafn alþýðu	860	
Stofnkostnaður:			8 700
6 10	Náttúrufræðihús	2 500	
6 20	Gamli Stýrimannaskólinn við Öldugötu	1 000	
6 24	Safnastofnun Austurlands	5 200	
	Gjöld samtals		46 490

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	43 990	
5	Gjöld samtals		**46 490**

03 Utanríkisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–201	**Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			226 820
1 01	Yfirstjórn	17 000	
1 10	Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	88 070	
1 20	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	121 750	
Viðhaldsverkefni:			500
5 20	Viðhald lögreglustöðvar	500	
Stofnkostnaður:			1 300
6 01	Tæki og búnaður	1 300	
	Gjöld samtals		228 620
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	185 800	
52–58	Önnur gjöld	42 820	
5	Gjöld samtals	228 620	
4	Sértekjur	22 650	
	Mismunur		**205 970**
03–390	**Þróunarsamvinnustofnun Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			95 000
1 01	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	95 000	
	Gjöld samtals		95 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	95 000	
5	Gjöld samtals		**95 000**

03–391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 990
1 10	Háskóli Sameinuðu þjóðanna	18 120	
1 11	Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	6 040	
1 12	Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	14 490	
1 13	Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	2 060	
1 14	Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna, WFP	860	
1 15	Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNHCR	2 170	
1 16	Aðstoð Sameinuðu þjóðanna við palestínska flóttamenn, UNRWA	1 500	
1 17	Sameinuðu þjóðirnar, ýmsir sérsjóðir	690	
1 18	Alþjóðaráð Rauða krossins	2 230	
1 19	Neyðarhjálparstofnun Sameinuðu þjóðanna, UNDRO	370	
1 20	Alþjóðamatvælabirgðasjóðurinn, IEFR	360	
1 21	Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM	1 100	
	Gjöld samtals		49 990
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	49 990	
5	Gjöld samtals		**49 990**

03–399 Ýmis utanríkismál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 980
1 20	Kynningarátak um Leif Eiríksson	5 000	
1 30	Lögberg-Heimskringla	410	
1 40	Samskipti við Vestur-Íslendinga	970	
1 50	Móttaka flóttamanna	16 100	
1 70	Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	500	
	Gjöld samtals		22 980

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	5 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	17 980	
5	Gjöld samtals		**22 980**

04 Landbúnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–171 Jarðeignir ríkisins, framlög			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			30 000
6 01	Jarðeignir ríkisins	30 000	
	Gjöld samtals		30 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	30 000	
5	Gjöld samtals		**30 000**
04–172 Jarðasjóður			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			25 000
6 01	Jarðasjóður	25 000	
	Gjöld samtals		25 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	25 000	
5	Gjöld samtals		**25 000**
04–201 Búnaðarfélag Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			86 000
1 01	Yfirstjórn	25 010	
1 20	Ráðunautar	33 650	
1 30	Sérfræðileg aðstoð við landbúnaðinn	27 340	
	Gjöld samtals		86 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	52 450	
52–58	Önnur gjöld	33 550	
5	Gjöld samtals	86 000	
4	Sértekjur	7 590	
	Mismunur		**78 410**

04–202 Hagþjónusta landbúnaðarins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 330
1 01	Hagþjónusta landbúnaðarins	10 330	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		11 830
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 870	
52–58	Önnur gjöld	5 960	
5	Gjöld samtals	11 830	
4	Sértekjur	270	
	Mismunur		**11 560**

04–206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			127 920
1 01	Aðalstöðvar	103 040	
1 82	Tilraunastöðin Stóra-Ármóti	3 780	
1 83	Tilraunastöðin Hesti og Hvanneyri	5 930	
1 85	Tilraunastöðin Möðruvöllum	6 970	
1 87	Tilraunastöðin Sámsstöðum og Gunnarsholti	7 700	
1 93	Sérstök verkefni	500	
Viðhaldsverkefni:			1 000
5 80	Tilraunastöðvar, viðhald	1 000	
Stofnkostnaður:			13 500
6 01	Tæki og búnaður	12 000	
6 82	Stóra-Ármót	1 000	
6 92	Tilraunastöðin á Möðruvöllum, fjósbygging	500	
	Gjöld samtals		142 420

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	92 050	
52–58	Önnur gjöld	49 870	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	500	
5	Gjöld samtals	142 420	
4	Sértekjur	12 820	
	Mismunur		**129 600**

04–232 Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 370
1 01	Rannsóknastöðin á Mógilsá	18 250	
1 10	Tilraunir með rótarskóga	480	
1 20	Tilraunir með ræktun iðnviðar	7 960	
1 30	Sérstakt rannsóknaverkefni	4 680	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		32 370
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 630	
52–58	Önnur gjöld	5 620	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	4 680	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 440	
5	Gjöld samtals		**32 370**

04–235 Landgræðsla ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			92 910
1 10	Almenn landgræðsla	80 650	
1 50	Landgræðsluframkvæmdir Mývatnssveit	1 100	
1 60	Búrekstur	11 160	
Viðhaldsverkefni:			4 000
5 20	Viðhald, óskipt	4 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			13 000
6 01	Tæki og búnaður	4 000	
6 10	Gunnarsholt, viðbygging	5 000	
6 20	Fræverkunarstöð	4 000	
	Gjöld samtals		109 910
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	33 190	
52–58	Önnur gjöld	75 620	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	1 100	
5	Gjöld samtals	109 910	
4	Sértekjur	11 900	
	Mismunur		**98 010**

04–243 Sauðfjárveikivarnir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			329 500
1 01	Sauðfjárveikivarnir	329 500	
Viðhaldsverkefni:			9 200
5 01	Varnargirðingar	9 200	
	Gjöld samtals		338 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 580	
52–58	Önnur gjöld	9 040	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	315 080	
5	Gjöld samtals		**338 700**

04–246 Veiðimálastofnunin

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			57 960
1 01	Veiðimálastofnunin	57 960	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		59 460

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 320	
52–58	Önnur gjöld	25 140	
5	Gjöld samtals	59 460	
4	Sértekjur	25 740	
	Mismunur		**33 720**

04–247 Yfirdýralæknir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 380
1 01	Yfirstjórn	9 940	
1 20	Héraðsdýralæknar	42 330	
1 30	Dýralæknir fisksjúkdóma	2 530	
1 52	Eftirlit og eftirlitsferðir	580	
Viðhaldsverkefni:			4 000
5 90	Dýralæknisbústaðir, óskipt	4 000	
	Gjöld samtals		59 380
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	48 580	
52–58	Önnur gjöld	10 800	
5	Gjöld samtals	59 380	
4	Sértekjur	2 640	
	Mismunur		**56 740**

04–290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 103 400
1 01	Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	1 427 000	
1 10	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	676 400	
	Gjöld samtals		2 103 400
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	2 103 400	
5	Gjöld samtals		**2 103 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			39 140
1 18	Skógræktarfélag Íslands	1 580	
1 19	Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	25 710	
1 22	Ýmis verkefni	11 850	
	Gjöld samtals		39 140
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	25 710	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	13 430	
5	Gjöld samtals		**39 140**
04–501 Bændaskólinn á Hvanneyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			92 360
1 01	Yfirstjórn	13 980	
1 30	Rekstur skóla	49 600	
1 40	Rannsóknir og tilraunastarfsemi	5 680	
1 50	Búrekstur	23 100	
Viðhaldsverkefni:			3 700
5 01	Fasteignir	3 700	
Stofnkostnaður:			9 400
6 01	Fasteignir og lóðir	8 400	
6 02	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		105 460
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 780	
52–58	Önnur gjöld	53 680	
5	Gjöld samtals	105 460	
4	Sértekjur	31 360	
	Mismunur		**74 100**
04–502 Bændaskólinn á Hólum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			63 260
1 01	Bændaskólinn á Hólum	63 260	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			4 500
5 01	Fasteignir	4 500	
Stofnkostnaður:			6 900
6 01	Fasteignir og lóðir	4 400	
6 02	Tæki og búnaður	2 500	
	Gjöld samtals		74 660
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 290	
52–58	Önnur gjöld	40 370	
5	Gjöld samtals	74 660	
4	Sértekjur	13 020	
	Mismunur		**61 640**

04–503 Garðyrkjuskóli ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 600
1 01	Garðyrkjuskóli ríkisins	39 590	
1 10	Tilraunir og rannsóknastörf	3 010	
Viðhaldsverkefni:			4 500
5 01	Viðhald fasteigna	4 500	
Stofnkostnaður:			6 600
6 10	Fasteignir og tæki	6 600	
	Gjöld samtals		53 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 590	
52–58	Önnur gjöld	24 110	
5	Gjöld samtals	53 700	
4	Sértekjur	6 250	
	Mismunur		**47 450**

05 Sjávarútvegsráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–202 Hafrannsóknastofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			444 500
1 01	Yfirstjórn	50 810	
1 10	Rannsóknasvið	92 000	
1 11	Raftæknideild	8 300	
1 12	Tölvudeild	10 650	
1 19	Tímabundin verkefni	18 600	
1 20	Útibú á Húsavík	3 180	
1 21	Útibú á Höfn í Hornafirði	2 610	
1 22	Útibú á Ísafirði	3 980	
1 23	Útibú í Ólafsvík	3 290	
1 24	Útibú í Vestmannaeyjum	3 100	
1 31	R/s Bjarni Sæmundsson	62 920	
1 32	R/s Árni Friðriksson	54 190	
1 33	R/s Dröfn	32 170	
1 36	Veiðarfærakostnaður	20 790	
1 39	Annar skiparekstur	36 130	
1 40	Hvalarannsóknir	20 000	
1 41	Lúðueldi á Reykjanesi	13 770	
1 42	Aflaskýrslur	1 520	
1 50	Alþjóðlegt samstarfsverkefni á hafsvæðinu milli Íslands og Austur-Grænlands	6 490	
Viðhaldsverkefni:			27 000
5 31	Viðhald, r/s Bjarni Sæmundsson	10 000	
5 32	Viðhald, r/s Árni Friðriksson	9 000	
5 33	Viðhald, r/s Dröfn	6 000	
5 90	Viðhald, óskipt	2 000	
Stofnkostnaður:			42 500
6 31	Tæki og búnaður í r/s Bjarna Sæmundsson	3 000	
6 32	Tæki og búnaður í r/s Árna Friðriksson	11 500	
6 33	Tæki og búnaður í r/s Dröfn	10 700	
6 90	Tæki og búnaður deilda og útibúa	17 300	
	Gjöld samtals		514 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	235 630	
52–58	Önnur gjöld	278 370	
5	Gjöld samtals	514 000	
4	Sértekjur	21 180	
	Mismunur		**492 820**

05–216 Ríkismat sjávarafurða

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			95 390
1 01	Ríkismat sjávarafurða	95 390	
Stofnkostnaður:			2 800
6 01	Tæki og búnaður	2 800	
	Gjöld samtals		98 190
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	50 530	
52–58	Önnur gjöld	47 660	
5	Gjöld samtals	98 190	
4	Sértekjur	28 210	
	Mismunur		**69 980**

05–290 Veiðieftirlit

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			65 330
1 01	Veiðieftirlit	65 330	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		67 330
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	43 960	
52–58	Önnur gjöld	23 370	
5	Gjöld samtals	67 330	
4	Sértekjur	32 690	
	Mismunur		**34 640**

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–201	**Hæstiréttur**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 280
1 01	Yfirstjórn	14 800	
1 02	Útgáfa Hæstaréttardóma	12 480	
Viðhaldsverkefni:			4 500
5 01	Viðhald fasteigna	4 500	
	Gjöld samtals		31 780
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 790	
52–58	Önnur gjöld	20 990	
5	Gjöld samtals	31 780	
4	Sértekjur	2 350	
	Mismunur		**29 430**
06–208	**Rannsóknarlögregla ríkisins**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			148 630
1 01	Rannsóknarlögregla ríkisins	148 630	
Viðhaldsverkefni:			1 500
5 01	Viðhald húseignar	1 500	
Stofnkostnaður:			8 000
6 01	Tæki og búnaður	8 000	
	Gjöld samtals		158 130

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	115 950	
52–58	Önnur gjöld	42 180	
5	Gjöld samtals	158 130	
4	Sértekjur	1 380	
	Mismunur		**156 750**

06–211 Sýslumenn og bæjarfógetar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			68 160
1 10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	11 370	
1 20	Forfallakostnaður og námskostnaður	46 790	
1 90	Skipulags- og hagræðingarverkefni	10 000	
Viðhaldsverkefni:			15 600
5 50	Fasteignir	15 600	
Stofnkostnaður:			6 000
6 01	Tæki og búnaður	6 000	
	Gjöld samtals		89 760
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 720	
52–58	Önnur gjöld	62 040	
5	Gjöld samtals		**89 760**

06–213 Sýslumaður Borgarnesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 630
1 01	Yfirstjórn	21 850	
1 20	Löggæsla	25 350	
1 30	Hreppstjórar	1 430	
	Gjöld samtals		48 630
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	38 080	
52–58	Önnur gjöld	10 550	
5	Gjöld samtals	48 630	
4	Sértekjur	1 970	
	Mismunur		**46 660**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–214	**Sýslumaður Stykkishólmi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			60 040
1 01	Yfirstjórn	24 630	
1 20	Löggæsla Stykkishólmi	12 740	
1 21	Löggæsla Grundarfirði	8 090	
1 24	Löggæsla Ólafsvík og Hellissandi	13 500	
1 30	Hreppstjórar	1 080	
Stofnkostnaður:			11 900
6 20	Lögreglustöð	11 900	
	Gjöld samtals		71 940
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	45 930	
52–58	Önnur gjöld	26 010	
5	Gjöld samtals	71 940	
4	Sértekjur	1 640	
	Mismunur		**70 300**
06–216	**Sýslumaður Patreksfirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 550
1 01	Yfirstjórn	16 230	
1 20	Löggæsla	15 420	
1 30	Hreppstjórar	900	
Stofnkostnaður:			4 000
6 10	Viðbygging	4 000	
	Gjöld samtals		36 550
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	25 010	
52–58	Önnur gjöld	11 540	
5	Gjöld samtals	36 550	
4	Sértekjur	960	
	Mismunur		**35 590**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–221 Sýslumaður Blönduósi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 360
1 01	Yfirstjórn	20 660	
1 20	Löggæsla	21 240	
1 30	Hreppstjórar	1 460	
	Gjöld samtals		43 360
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 400	
52–58	Önnur gjöld	11 960	
5	Gjöld samtals	43 360	
4	Sértekjur	850	
	Mismunur		**42 510**
06–234 Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			108 390
1 01	Yfirstjórn	42 510	
1 20	Löggæsla	64 160	
1 30	Hreppstjórar	1 720	
Stofnkostnaður:			1 000
6 20	Lögreglustöð	1 000	
	Gjöld samtals		109 390
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	82 610	
52–58	Önnur gjöld	26 780	
5	Gjöld samtals	109 390	
4	Sértekjur	5 860	
	Mismunur		**103 530**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–239 Fangelsismálastofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 740
1 01	Fangelsismálastofnun	23 740	
Stofnkostnaður:			1 400
6 01	Tæki og búnaður	1 400	
	Gjöld samtals		25 140
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 810	
52–58	Önnur gjöld	7 330	
5	Gjöld samtals		**25 140**
06–242 Vinnuhælið Litla-Hrauni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			127 240
1 01	Yfirstjórn	110 150	
1 21	Númeradeild	3 520	
1 31	Ýmis framleiðsla og fangavinna	13 570	
	Gjöld samtals		127 240
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	77 520	
52–58	Önnur gjöld	49 720	
5	Gjöld samtals	127 240	
4	Sértekjur	23 980	
	Mismunur		**103 260**
06–253 Almannavarnir ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 184
1 01	Almannavarnir ríkisins	20 184	
Stofnkostnaður:			4 000
6 01	Tæki og búnaður	4 000	
	Gjöld samtals		24 184

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 340	
52–58	Önnur gjöld	14 844	
5	Gjöld samtals		**24 184**

06–301 Biskup Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			39 140
1 01	Yfirstjórn	17 310	
1 02	Biskupsbústaður	640	
1 10	Fræðslu- og þjónustudeild	10 790	
1 11	Kirkjuráð	890	
1 12	Kirkjuþing	3 500	
1 13	Alþjóðasamvinna	970	
1 14	Prestastefna	340	
1 15	Ýmis verkefni	4 700	
	Gjöld samtals		39 140
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 380	
52–58	Önnur gjöld	12 060	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 700	
5	Gjöld samtals	39 140	
4	Sértekjur	3 550	
	Mismunur		**35 590**

06–303 Prestaköll og prófastsdæmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			286 700
1 90	Prestar og prófastar	286 700	
Viðhaldsverkefni:			32 000
5 20	Prestsbústaðir	32 000	
Stofnkostnaður:			11 000
6 20	Prestsbústaðir	10 000	
6 21	Kaup á eignum	1 000	
	Gjöld samtals		329 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	232 180	
52–58	Önnur gjöld	97 520	
5	Gjöld samtals	329 700	
4	Sértekjur	110	
	Mismunur		**329 590**

06–304 Ýmis kirkjuleg málefni

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 240
1 42	Húsmæðraskólinn á Löngumýri	1 170	
1 58	Kirkjugarðaeftirlit	1 980	
1 60	Ráðgjöf í fjölskyldumálum	1 800	
1 90	Ýmislegt	5 290	
Viðhaldsverkefni:			500
5 42	Viðhald húseignar á Löngumýri	500	
Stofnkostnaður:			12 000
6 50	Skálholtsstaður	3 000	
6 51	Hallgrímskirkja	6 000	
6 52	Hóladómkirkja	3 000	
	Gjöld samtals		22 740
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 440	
52–58	Önnur gjöld	3 420	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	14 880	
5	Gjöld samtals		**22 740**

07 Félagsmálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–700 Málefni fatlaðra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			180 240
1 01	Stjórnarnefnd	2 240	
1 02	Samráðsnefnd	1 250	
1 03	Samráðsnefnd um ferlimál	1 720	
1 04	Kostnaður skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra	130 900	
1 05	Kostnaður skv. 19. gr. laga um málefni fatlaðra	6 860	
1 10	Vistanir	11 190	
1 50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	7 810	
1 60	Félagslegar íbúðir fyrir fatlaða	8 030	
1 80	Starfsþjálfun	8 220	
1 81	Tölvumiðstöð fatlaðra	2 020	
	Gjöld samtals		180 240
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 720	
52–58	Önnur gjöld	3 330	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	159 190	
5	Gjöld samtals		**180 240**
07–701 Málefni fatlaðra, Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			149 110
1 01	Svæðisstjórn	9 780	
1 20	Sambýli Drekavogi 16	6 850	
1 21	Sambýli Akurgerði 20	8 620	
1 22	Sambýli Stuðlaseli 2	10 850	
1 29	Sambýli Vesturbrún 17	10 780	
1 31	Tæknivinnustofa Öryrkjabandalagsins	5 410	
1 32	Verndaður vinnustaður	2 690	
1 33	Vinnustofa Blindrafélagsins	4 080	
1 64	Skammtímavistun Álfalandi 6	16 920	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 73	Vistheimili við Holtaveg	18 820	
1 74	Sambýli Njörvasundi 2	13 380	
1 75	Sambýli, óstaðsett	9 160	
1 80	Atvinnuleit	2 380	
1 91	Sambýli Grundarlandi 17	10 020	
1 93	Sambýli fyrir ungmenni	7 990	
1 94	Sambýli fyrir blinda	11 380	
	Gjöld samtals		149 110
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	100 650	
52–58	Önnur gjöld	8 360	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	27 920	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	12 180	
5	Gjöld samtals		**149 110**

07–703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 800
1 01	Svæðisstjórn	6 480	
1 20	Sambýli Akranesi	13 520	
1 21	Sambýli Borgarnesi	3 200	
1 30	Verndaður vinnustaður Akranesi	7 450	
1 40	Leikfangasafn Borgarnesi	1 420	
1 41	Leikfangasafn Ólafsvík	1 210	
1 60	Dagvistun Akranesi	6 400	
1 70	Sumarbúðir	3 250	
1 80	Atvinnuleit	870	
	Gjöld samtals		43 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 460	
52–58	Önnur gjöld	9 340	
5	Gjöld samtals	43 800	
4	Sértekjur	1 970	
	Mismunur		**41 830**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 910
1 01	Svæðisstjórn	5 180	
1 40	Leikfangasafn Ísafirði	990	
1 50	Þjónustumiðstöð Bræðratungu	31 740	
Stofnkostnaður:			1 300
6 50	Þjónustumiðstöð Bræðratungu	1 300	
	Gjöld samtals		39 210
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	28 580	
52–58	Önnur gjöld	10 630	
5	Gjöld samtals		**39 210**
07–705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 870
1 01	Svæðisstjórn	6 920	
1 20	Sambýli Siglufirði	9 080	
1 21	Sambýli Sauðárkróki	6 210	
1 22	Sambýli að Gauksmýri	7 140	
1 40	Leikfangasafn Siglufirði	2 020	
1 41	Leikfangasafn Blönduósi	2 040	
1 42	Leikfangasafn Sauðárkróki	2 020	
1 70	Sumardvöl Egilsá	1 590	
1 80	Atvinnuleit	840	
1 90	Verkstjórn	1 010	
	Gjöld samtals		38 870
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	32 520	
52–58	Önnur gjöld	6 350	
5	Gjöld samtals		**38 870**
07–707 Málefni fatlaðra, Austurlandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			56 100
1 01	Svæðisstjórn	5 560	
1 20	Sambýli Egilsstöðum	7 620	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 30	Verndaður vinnustaður Egilsstöðum	7 000	
1 40	Leikfangasafn	1 930	
1 50	Þjónustumiðstöð Vonarlandi	31 170	
1 60	Þroskaþjálfun Höfn í Hornafirði	1 950	
1 80	Atvinnuleit	870	
	Gjöld samtals		56 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	43 860	
52–58	Önnur gjöld	12 240	
5	Gjöld samtals	56 100	
4	Sértekjur	2 590	
	Mismunur		**53 510**

07–708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			95 075
1 01	Svæðisstjórn	6 900	
1 20	Sambýli Árvegi 8, Selfossi	7 370	
1 21	Sambýli Vallholti 9	11 640	
1 22	Sambýli Vallholti 12-14	6 730	
1 24	Sambýli Bitru	6 060	
1 25	Sambýli Hlíðartungu	6 060	
1 26	Sambýli Vestmannaeyjum	6 450	
1 30	Verndaður vinnustaður Selfossi	6 230	
1 31	Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum	10 120	
1 40	Leikfangasafn Vestmannaeyjum	1 830	
1 70	Lambhagi	11 720	
1 72	Skaftholt	6 060	
1 73	Meðferðarheimili Búhamri 17, Vestmannaeyjum	7 080	
1 80	Atvinnuleit	825	
	Gjöld samtals		95 075
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	61 280	
52–58	Önnur gjöld	15 615	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	18 180	
5	Gjöld samtals	95 075	
4	Sértekjur	5 530	
	Mismunur		**89 545**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–711	**Styrktarfélag vangefinna**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			185 885
1 20	Sambýli Háteigsvegi 6	5 700	
1 21	Sambýli Sigluvogi 5	7 220	
1 22	Sambýli Auðarstræti 15	6 990	
1 23	Sambýli Víðihlíð 11	7 570	
1 24	Sambýli Víðihlíð 7	5 620	
1 25	Sambýli Víðihlíð 5	6 060	
1 30	Vinnustofan Ás	22 755	
1 60	Dagvistun Lækjarási	24 000	
1 61	Dagvistun Bjarkarási	29 070	
1 62	Dagvistun Lyngási	37 980	
1 63	Skammtímavistun Víðihlíð 9	12 700	
1 64	Skammtímavistun Blesugróf 31	10 220	
1 90	Sambýli Blesugróf 29	7 640	
1 91	Styrktarfélag vangefinna, sambýli	2 360	
	Gjöld samtals		185 885
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	136 355	
52–58	Önnur gjöld	49 530	
5	Gjöld samtals	185 885	
4	Sértekjur	11 640	
	Mismunur		**174 245**
07–719	**Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 990
1 70	Vistheimilið Tjaldanesi	33 990	
	Gjöld samtals		33 990
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 260	
52–58	Önnur gjöld	9 730	
5	Gjöld samtals		**33 990**
07–720	**Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			102 080
1 70	Vistheimilið Skálatúni	102 080	
	Gjöld samtals		102 080

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	74 870	
52–58	Önnur gjöld	27 210	
5	Gjöld samtals	102 080	
4	Sértekjur	1 670	
	Mismunur		**100 410**

07–722 Sólheimar Grímsnesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			77 510
1 70	Vistheimilið að Sólheimum Grímsnesi	77 510	
	Gjöld samtals		77 510
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	46 650	
52–58	Önnur gjöld	30 860	
5	Gjöld samtals	77 510	
4	Sértekjur	2 970	
	Mismunur		**74 540**

07–801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 348 800
1 10	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1 348 800	
	Gjöld samtals		1 348 800
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 348 800	
5	Gjöld samtals		**1 348 800**

07–951 Brunamálastofnun ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			56 220
1 01	Brunamálastofnun ríkisins	56 220	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		57 220

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 500	
52–58	Önnur gjöld	37 720	
5	Gjöld samtals	57 220	
4	Sértekjur	62 410	
	Mismunur		**–5 190**

07–981 Vinnumál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 740
1 10	Félagsdómur	2 060	
1 13	Sjómannasamtök, lögskráning	440	
1 51	Sjómannadagsráð	200	
1 60	Orlofsheimili launþegasamtakanna	5 000	
1 70	Atvinnumál kvenna á landsbyggðinni	15 000	
1 90	Ýmislegt	33 040	
	Gjöld samtals		55 740
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	890	
52–58	Önnur gjöld	1 170	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	200	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	53 480	
5	Gjöld samtals		**55 740**

07–999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			141 130
1 10	Meðlög skv. 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga	10 560	
1 11	Meðlög skv. lögum nr. 9/1981	58 170	
1 27	Slysavarnafélag Íslands	9 000	
1 30	Sjómannastofur	1 050	
1 31	Félagasamtök, styrkir	18 400	
1 32	Starfsmenntun í atvinnulífinu	15 590	
1 40	Kvennaathvarf í Reykjavík	10 210	
1 41	Stígamót	4 620	
1 80	Snjóflóða- og skriðufallavarnir	6 380	
1 90	Ýmis framlög	7 150	
	Gjöld samtals		141 130

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	6 380	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	134 750	
5	Gjöld samtals		**141 130**

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
08-340	**Málefni fatlaðra**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			50 980
1 10	Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	11 000	
1 20	Sjálfsbjörg Akureyri	9 750	
1 30	Sumardvalarheimili í Reykjadal	9 900	
1 40	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga	8 650	
1 50	Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	1 980	
1 60	Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	4 400	
1 70	Hjarta- og æðaverndarfélag, Akureyri	1 000	
1 90	Önnur starfsemi	4 300	
	Gjöld samtals		50 980
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	50 980	
5	Gjöld samtals		**50 980**
08-358	**Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 053 300
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	1 053 300	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			9 000
5 01	Viðhald húsnæðis	9 000	
Stofnkostnaður:			51 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
6 50	Nýbygging	41 000	
	Gjöld samtals		1 113 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	715 090	
52–58	Önnur gjöld	398 210	
5	Gjöld samtals	1 113 300	
4	Sértekjur	98 330	
	Mismunur		**1 014 970**

08–360 Sjúkrahúsið Seyðisfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			78 080
1 01	Sjúkrahúsið Seyðisfirði	78 080	
	Gjöld samtals		78 080
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	48 230	
52–58	Önnur gjöld	29 850	
5	Gjöld samtals	78 080	
4	Sértekjur	2 650	
	Mismunur		**75 430**

08–366 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			178 490
1 01	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	178 490	
	Gjöld samtals		178 490
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	118 290	
52–58	Önnur gjöld	60 200	
5	Gjöld samtals	178 490	
4	Sértekjur	15 840	
	Mismunur		**162 650**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–370 Sjúkrahús í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			154 300
1 01	Sjúkrahús í Reykjavík	154 300	
Stofnkostnaður:			20 000
6 01	Stofnkostnaður, óskipt	20 000	
	Gjöld samtals		174 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	123 000	
52–58	Önnur gjöld	51 300	
5	Gjöld samtals		**174 300**
08–371 Ríkisspítalar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 902 821
1 01	Ríkisspítalar	5 902 821	
Viðhaldsverkefni:			73 000
5 60	Stjórnarnefnd, viðhald	73 000	
Stofnkostnaður:			264 000
6 60	Stjórnarnefnd, stofnkostnaður	100 000	
6 70	Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð	164 000	
	Gjöld samtals		6 239 821
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 849 712	
52–58	Önnur gjöld	2 390 109	
5	Gjöld samtals	6 239 821	
4	Sértekjur	397 848	
	Mismunur		**5 841 973**
08–372 Borgarspítalinn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 843 593
1 01	Borgarspítalinn	2 843 593	
Viðhaldsverkefni:			44 000
5 01	Viðhaldsfé	44 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			55 000
6 01	Tæki og búnaður	25 000	
6 50	Nýframkvæmdir	30 000	
	Gjöld samtals		2 942 593
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 892 852	
52–58	Önnur gjöld	1 049 741	
5	Gjöld samtals	2 942 593	
4	Sértekjur	398 462	
	Mismunur		**2 544 131**

08–373 St. Jósefsspítali, Landakoti

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 243 346
1 01	St. Jósefsspítali, Landakoti	1 243 346	
Viðhaldsverkefni:			6 500
5 01	Viðhaldsfé	6 500	
Stofnkostnaður:			20 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
6 02	Framlag til röntgentækjakaupa	10 000	
	Gjöld samtals		1 269 846
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	803 036	
52–58	Önnur gjöld	466 810	
5	Gjöld samtals	1 269 846	
4	Sértekjur	143 658	
	Mismunur		**1 126 188**

08–381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			26 000
5 50	Viðhald sjúkrahúsa, óskipt	26 000	
Stofnkostnaður:			333 550
6 60	Tækjakaup, óskipt	20 000	
6 90	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	291 850	

		Þús. kr.	Þús. kr.
6 91	St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	9 000	
6 92	Heilsugæsla í Garðabæ samkvæmt samningi	10 700	
6 96	Heimili mænuskaddaðra við Grensásdeild	2 000	
	Gjöld samtals		359 550
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	46 000	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	302 550	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	11 000	
5	Gjöld samtals		**359 550**

08–399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			236 950
1 22	Eiturefnanefnd	1 090	
1 23	Daggjaldanefnd	2 800	
1 25	Neyslu- og manneldismál, manneldisráð	10 440	
1 30	Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	2 000	
1 31	Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	116 800	
1 32	Minningarsjóður Landspítalans	8 500	
1 35	Hjartavernd, Monica-rannsóknir	3 500	
1 37	Hjartavernd	8 500	
1 40	Kostnaður vegna laga nr. 25/1975	1 000	
1 42	Kostnaður skv. lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	41 000	
1 53	Tóbaksvarnir	9 330	
1 60	Ljósmæðralaun	860	
1 71	Norræni heilsugæsluskólinn	11 320	
1 90	Ýmis framlög	10 000	
1 91	Kvartananefnd	420	
1 95	Kynsjúkdómar, alnæmi	9 390	
	Gjöld samtals		236 950
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 200	
52–58	Önnur gjöld	41 710	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	183 040	
5	Gjöld samtals		**236 950**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–500 Heilsugæslustöðvar, almennt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			88 110
1 10	Heilsugæslustöðvar, almennt	88 110	
Viðhaldsverkefni:			30 000
5 01	Viðhald, óskipt	30 000	
Stofnkostnaður:			12 000
6 01	Tæki og búnaður	6 000	
6 90	Tölvuvæðing	6 000	
	Gjöld samtals		130 110
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	43 620	
52–58	Önnur gjöld	62 290	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	24 200	
5	Gjöld samtals		**130 110**
08–581 Heilsugæslustöðin Keflavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			86 770
1 01	Heilsugæslustöðin Keflavík	86 770	
	Gjöld samtals		86 770
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	49 990	
52–58	Önnur gjöld	36 780	
5	Gjöld samtals	86 770	
4	Sértekjur	4 450	
	Mismunur		**82 320**
08–591 Héraðslæknir í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 110
1 01	Héraðslæknir í Reykjavík	14 110	
	Gjöld samtals		14 110
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 209	
52–58	Önnur gjöld	3 901	
5	Gjöld samtals		**14 110**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–602	**Þroskaþjálfaskóli Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 720
1 01	Þroskaþjálfaskóli Íslands	16 720	
	Gjöld samtals		16 720
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 250	
52–58	Önnur gjöld	5 470	
5	Gjöld samtals		**16 720**
08–610	**Gæsluvistarsjóður, framlag**		
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			12 200
6 10	Gæsluvistarsjóður	10 000	
6 40	Samhjálp	2 200	
	Gjöld samtals		12 200
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	10 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 200	
5	Gjöld samtals		**12 200**
08–621	**Bindindisstarfsemi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 720
1 10	Áfengisvarnir	8 020	
1 20	Stórstúka Íslands, ungliðastarf	1 700	
1 40	Átak í áfengisvörnum	10 000	
1 50	AA-samtökin	2 000	
	Gjöld samtals		21 720
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 600	
52–58	Önnur gjöld	12 760	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 360	
5	Gjöld samtals		**21 720**

10 Samgönguráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–331 Vita- og hafnamálaskrifstofan			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			76 400
1 01	Vita- og hafnamálaskrifstofan	76 400	
Stofnkostnaður:			27 900
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
6 10	Húsbygging	24 900	
	Gjöld samtals		104 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	54 910	
52–58	Önnur gjöld	49 390	
5	Gjöld samtals	104 300	
4	Sértekjur	75 480	
	Mismunur		**28 820**
10–332 Vitastofnun Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			94 450
1 10	Rekstur vita	91 340	
1 20	Sjómerki	3 110	
Stofnkostnaður:			16 200
6 01	Tæki og búnaður	1 200	
6 30	Vitabyggingar	15 000	
	Gjöld samtals		110 650
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	61 810	
52–58	Önnur gjöld	48 840	
5	Gjöld samtals	110 650	
4	Sértekjur	44 190	
	Mismunur		**66 460**

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–333 Hafnamál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 220
1 10	Hafnarannsóknir og mælingar	23 220	
Stofnkostnaður:			477 400
6 10	Tæki og búnaður	1 400	
6 20	Ferjubryggjur	8 000	
6 30	Hafnarmannvirki	315 000	
6 32	Lendingarbætur	3 000	
6 40	Sjóvarnargarðar	100 000	
6 70	Hafnabótasjóður, framlag	50 000	
	Gjöld samtals		500 620
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	24 620	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	50 000	
	5912 Til sveitarfélaga	426 000	
5	Gjöld samtals	500 620	
4	Sértekjur	496 120	
	Mismunur		**4 500**
10–341 Siglingamálastofnun ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			120 250
1 01	Siglingamálastofnun ríkisins	111 440	
1 02	Mengunarmælingar í sjó	6 210	
1 03	Sérstök verkefni	2 600	
Stofnkostnaður:			5 600
6 01	Mengunarvarnabúnaður	5 600	
	Gjöld samtals		125 850
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	71 670	
52–58	Önnur gjöld	54 180	
5	Gjöld samtals	125 850	
4	Sértekjur	26 460	
	Mismunur		**99 390**

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–471	**Flugmálastjórn**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			757 920
1 01	Yfirstjórn	57 050	
1 20	Loftferðaeftirlit	28 090	
1 30	Reykjavíkurflugvöllur	84 780	
1 40	Flugvalladeild	150 080	
1 50	Flugleiðsöguþjónusta	82 070	
1 60	Flugumferðarþjónusta	171 010	
1 70	Alþjóðaflugþjónusta	184 840	
Stofnkostnaður:			333 000
6 80	Flugvellir, framkvæmdir	333 000	
	Gjöld samtals		1 090 920
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	511 660	
52–58	Önnur gjöld	579 260	
5	Gjöld samtals	1 090 920	
4	Sértekjur	650 940	
	Mismunur		**439 980**
10–485	**Ýmis framlög**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			53 010
1 10	Flugbjörgunarsveitir	1 930	
1 20	Tilkynningarskylda íslenskra skipa	14 530	
1 22	Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	1 100	
1 26	Ýmislegt	4 000	
1 30	Rannsóknanefnd flugslysa	1 650	
1 33	Slysavarnaskóli sjómanna	23 830	
1 35	Skipulagsnefnd fólksflutninga	2 010	
1 41	Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	910	
1 42	Ýmis framlög til ferðamála	3 050	
	Gjöld samtals		53 010
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	3 050	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	49 960	
5	Gjöld samtals		**53 010**

11 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
11–240 Iðnaðarrannsóknir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 070
1 01	Iðnaðarrannsóknir	29 070	
	Gjöld samtals		29 070
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	29 070	
5	Gjöld samtals		**29 070**
11–299 Iðja og iðnaður, framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			80 520
1 14	Iðnþróun og tækninýjungar	8 800	
1 15	Alþjóðastaðlar CEN-CENELEC	9 080	
1 21	Byggingarþjónustan	1 000	
1 26	Iðnþróunarverkefni	2 420	
1 27	Iðnráðgjafar	12 550	
1 30	Evreka	14 490	
1 40	Smáiðnaður í dreifbýli	11 770	
1 42	Stuðningur við skipasmíðaiðnað	7 000	
1 50	Iðnþróun og markaðsmál	13 410	
	Gjöld samtals		80 520
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	18 690	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	12 550	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	48 280	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 000	
5	Gjöld samtals		**80 520**

14 Umhverfisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
14–101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			35 970
1 01	Yfirstjórn	35 970	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		37 470
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 370	
52–58	Önnur gjöld	17 100	
5	Gjöld samtals		**37 470**
14–410 Veðurstofa Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			242 920
1 01	Yfirstjórn	25 720	
1 02	Bóka- og skjalasafn	1 470	
1 03	Síma- og útvarpskostnaður	17 790	
1 10	Veðurspádeild	21 500	
1 11	Veðurfarsdeild	8 280	
1 12	Veðurstöðvar	45 670	
1 20	Jarðeðlisfræðideild	14 970	
1 40	Tölvudeild	7 510	
1 50	Tækni- og veðurathuganadeild	22 900	
1 60	Hálendisathuganir	5 170	
1 61	Hafísrannsóknir	3 890	
1 62	Snjóflóðavarnir	3 090	
1 63	Veðurfræðirannsóknir	2 200	
1 65	Alþjóðasamvinna	1 860	
1 70	Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	60 900	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			21 200
6 90	Veðurratsjá o.fl.	21 200	
	Gjöld samtals		264 120
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	162 770	
52–58	Önnur gjöld	101 350	
5	Gjöld samtals	264 120	
4	Sértekjur	65 140	
	Mismunur		**198 980**

SÉRSTÖK YFIRLIT

		Þús. kr.	Þús. kr.
1.	**Héraðsskólar (02-610 690).**		
1.	Reykholt	5.000	
2.	Núpur	4.000	
3.	Reykjanes	2.500	
4.	Reykir	2.000	
5.	Eiðar	10.000	
6.	Skógar	1.500	
7.	Laugarvatn	1.000	
			26.000
2.	**Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 690).**		
a.	Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:		
1.	Akranes, sjúkrahús	11.000	
2.	Akranes, H2	19.200	
3.	Borgarnes, H2	800	
4.	Ólafsvík, hjúkrunarheimili	1.000	
5.	Grundarfjörður, H1	4.000	
6.	Stykkishólmur, H2	6.000	
7.	Patreksfjörður, sjúkrahús	4.000	
8.	Ísafjörður, sjúkrahús	25.000	
9.	Hvammstangi, H2	1.000	
10.	Blönduós, H2	28.500	
11.	Sauðárkrókur, sjúkrahús og H2	6.000	
12.	Siglufjörður, sjúkrahús	4.500	
13.	Akureyri, H2	2.200	
14.	Raufarhöfn, H1	2.500	
15.	Húsavík, H2	31.500	
16.	Seyðisfjörður, sjúkrahús og H2	17.700	
17.	Djúpivogur, H2	6.300	
18.	Neskaupstaður, sjúkrahús	4.200	
19.	Eskifjörður, H1	2.000	
20.	Vestmannaeyjar, sjúkrahús	2.000	
21.	Stokkseyri, H1	2.000	
22.	Þorlákshöfn, H1	7.300	
23.	Hafnarfjörður, H2	12.200	
24.	Hafnarfjörður, St. Jósefsspítali	3.000	
25.	Garðabær, H2	4.000	
26.	Seltjarnarnes, H2	27.100	
			235.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
b. Húsaleiga:		
Akureyri	6.000	
		6.000
c. Læknisbústaðir:		
1. Hvolsvöllur	850	
2. Seyðisfjörður	2.000	
		2.850
d. Hjúkrunarheimili aldraðra:		
1. Patreksfjörður, forhönnun	1.000	
2. Sauðárkrókur	7.500	
3. Vopnafjörður	5.000	
4. Eskifjörður	5.000	
5. Kirkjubæjarklaustur	8.500	
6. Hella	9.000	
7. Grindavík	12.000	
		48.000
		291.850

Ed. 313. Nefndarálit [213. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 76/1989 og lög nr. 70/1990.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 14. des. 1990.

Margrét Frímannsdóttir, form., frsm.	Guðmundur H. Garðarsson, fundaskr.	Karl Steinar Guðnason.
Jón Helgason.	Salome Þorkelsdóttir.	Jóhann Einvarðsson.

Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Nd. 314. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um hlut Íslands í stofnfé Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.
Matthías Bjarnason, Guðmundur G. Þórarinsson og Jón Sæmundur Sigurjónsson voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. des. 1990.

Páll Pétursson, form., frsm.	Friðrik Sophusson.	Þórhildur Þorleifsdóttir.

Ragnar Arnalds.

Ed. 315. Frumvarp til laga [227. mál]

um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

12. gr. laganna orðast svo:
Hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra er:

1. Að styrkja byggingu þjónustumiðstöðva, dagvista, þjónustuhúsnæðis aldraðra og hjúkrunarrýmis fyrir aldraða, sbr. 17. og 18. gr.
2. Að veita styrki til breytinga, endurbóta og viðhalds á stofnunum aldraðra sem eru í rekstri við gildistöku þessara laga.

3. Að styðja sveitarfélög, einkum dreifbýlissveitarfélög, til þess að koma á fót heimaþjónustu fyrir aldraða.
4. Að veita tímabundið rekstrarfé til stofnana fyrir aldraða sem breyta eða hefja starfsemi eftir að fjárlagaár hefst.
5. Önnur verkefni sem sjóðstjórn ákveður og heilbrigðisráðherra samþykkir.

Heimilt er að veita allt að þriðjungi af árlegu ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs aldraðra til verkefna skv. 3. og 4. tölul.

2. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Mat á vistunarþörf skal að jafnaði vera í höndum þjónustuhóps aldraðra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Talið er nauðsynlegt að gera breytingar á hlutverki Framkvæmdasjóðs aldraðra sem báðar eru þess eðlis að þær rýmka hlutverk hans.

Fyrri breytingin lýtur að því að sjóðnum sé heimild að styrkja viðhald á þeim stofnunum aldraðra sem þegar eru starfandi. Viðhald þessara stofnana getur verið geysilega fjárfrekt og þungur baggi á rekstraraðilum. Því er talið eðlilegt að opna hlutverk sjóðsins þannig að einnig megi styrkja viðhald til viðbótar við styrki til nauðsynlegra breytinga og endurbóta sem breyttir tímar valda.

Síðari breytingin er viðbrögð við þeim vanda sem iðulega verður þegar öldrunarstofnun fær starfsleyfi eða breytingu á starfsleyfi eftir að fjárlagaár hefst og ekki var gert ráð fyrir nýrri stofnun eða breytingu við fjárlagagerð. Með breytingu á starfsleyfi er fyrst og fremst átt við það þegar heilbrigðisráðherra heimilar það að þjónustuhúsnæðisrýmum verði breytt í hjúkrunarrými vegna þungrar hjúkrunar dvalargesta á viðkomandi stofnun. Þetta hefur gert það að verkum að öldrunarstofnanir hafa ekki getað tekið til starfa eða breytt starfsemi sinni fyrr en allt að ári síðar. Vart þarf að fara um það mörgum orðum hvaða erfiðleikum þetta veldur á þeim stöðum sem þetta á við um, húsnæði stendur tilbúið en fjármuni til reksturs skortir.

Hér er því gerð tillaga um það annars vegar að 2. tölul. 12. gr. verði rýmkaður þannig að viðhald bætist við sem verkefni sem Framkvæmdasjóður getur styrkt. Hins vegar er bætt inn nýjum tölulið sem verður 4. tölul. og 4. tölul. í gildandi lögum verður þannig 5. tölul. Í þessum nýja tölulið er heimilað að verja fjármunum Framkvæmdasjóðsins um stuttan tíma til reksturs stofnana fyrir aldraða. Þetta yrði að sjálfsögðu eingöngu tímabundið því að við næstu fjárlagagerð yrði við ákvörðun útgjalda sjúkratrygginga tekið tillit til breytinga á rekstri viðkomandi stofnunar eða hinnar nýju stofnunar.

Eðlilegt þykir að setja þak á það hversu miklu af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins megi verja til verkefna skv. 3. og 4. tölul. Því er bætt nýrri málsgrein við 12. gr. um að ekki megi verja nema þriðjungi af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins til verkefna af þessu tagi.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að árlegt ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs aldraðra verði jafnhátt heildarálagningu sérstaka gjaldsins þannig að ríkissjóður beri hallann ef innheimtan verður lægri.

Þá er hér í þessu frumvarpi gerð leiðrétting á gildandi lögum. Við meðferð málsins á Alþingi vorið 1989 láðist að leiðrétta 19. gr. til samræmis við breytingar sem gerðar voru á frumvarpinu í meðförum Alþingis. Þetta er leiðrétt hér með.

Ed. 316. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur meiri hl. hennar til að það verði samþykkt.

Guðrún J. Halldórsdóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. des. 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm. | Jóhann Einvarðsson, fundaskr. | Skúli Alexandersson.

Eiður Guðnason.

Ed. 317. Nefndarálit [80. mál]

um frv. til l. um endurgreiðslu á gjaldi af erlendum lánum vegna skipasmíða hér á landi.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á síðasta þingi bárust umsagnir um frumvarpið frá Landssambandi iðnaðarmanna, Félagi dráttarbrauta og skipasmiðja og Félagi málmiðnaðarmanna á Akureyri, auk þess sem upplýsingar um málið bárust frá Sambandi málm- og skipasmiðja.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Guðrún J. Halldórsdóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. des. 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm. | Jóhann Einvarðsson, fundaskr. | Skúli Alexandersson.

Eiður Guðnason.

Sþ. 318. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1991.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen og Geir Gunnarssyni.

Við 6. gr. bætist nýr liður svohljóðandi:

Að fella niður aðflutningsgjöld, söluskatt og virðisaukaskatt af innflutningi árin 1989 og 1990 á verksmiðju með tilheyrandi búnaði, þar á meðal vinnubúðum, í eigu Íslenska stálfélagsins hf. í Hafnarfirði.

Ed. 319. Frumvarp til laga [82. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. des.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Baara, Rami Turki Abdallah, flugmaður, f. 13. janúar 1955 í Jórdaníu.
2. Barker, Guðmundur Ragnar Carter, sjúkraliði, f. 4. febrúar 1960 í Reykjavík.
3. Barker, Skúli Bruce, verkfræðingur, f. 16. febrúar 1964 í Reykjavík.
4. Blanco, Susana Nelly, iðnverkakona, f. 17. júlí 1958 í Argentínu.
5. Bolon, Jocelyn Consulta, verkakona, f. 10. mars 1954 á Filippseyjum.
6. Brandt, Davíð Hermann, nemi, f. 17. apríl 1972 í Bandaríkjunum.
7. Brattberg, Reine Nancy Margareta, húsmóðir, f. 23. ágúst 1941 í Svíþjóð.
8. Cabaluna, Thelma Mata, verkakona, f. 1. febrúar 1963 á Filippseyjum.
9. Couch, Kristín, húsmóðir, f. 22. júlí 1965 í Reykjavík.
10. Dahlke, Rose Dietlind, húsmóðir, f. 10. febrúar 1938 í Þýskalandi.
11. Datye, Surekka Shreekrishna, húsmóðir, f. 6. september 1956 á Indlandi.
12. Dentchev, Dian Vasilev, íþróttakennari, f. 4. mars 1957 í Búlgaríu.
13. Ege, Kari Ósk, barn, f. 16. janúar 1981 í Reykjavík.
14. Ehrat, Walter, nemi, f. 2. janúar 1966 í Sviss.
15. Ehrat, Walter Oskar, bóndi, f. 7. febrúar 1935 í Sviss.
16. Frewer, Martin Eliot, fiðluleikari, f. 10. desember 1960 í Englandi.
17. Harles, Elísabet, nemi, f. 10. júlí 1973 í Lúxemborg.
18. Hasan, Samir Amin Mohamad, framkvæmdastjóri, f. 26. september 1951 í Svíþjóð.
19. Heenen, Francois Jean Jacques Roger, nemi, f. 24. janúar 1957 í Belgíu.
20. Hounslow, Thomas John William, bifreiðasmiður, f. 10. nóvember 1943 í Englandi.
21. Ivosevic, Filip, sjómaður, f. 19. júní 1949 í Júgóslavíu.
22. Jaroz, Didier Stanisles, verkamaður, f. 4. maí 1952 í Frakklandi.
23. Jensen, Þorvaldur Flemming, skrifstofumaður, f. 6. janúar 1967 í Reykjavík.
24. Joensen, Amanda Sunneva, húsmóðir, f. 17. apríl 1966 í Vestmannaeyjum.
25. Joensen, Kristi Sóley, verkakona, f. 3. maí 1964 í Færeyjum.
26. Kelley, Donald Martin, skipasmiður, f. 21. febrúar 1942 í Bandaríkjunum.
27. Kojic, Helena Dóra, skrifstofumaður, f. 27. maí 1957 í Reykjavík.
28. Kuran, Szymon, tónlistarmaður, f. 16. desember 1955 í Póllandi.
29. Marshall, Chandis Þór, verkamaður, f. 3. desember 1969 í Kanada.
30. Marshall, George Chandice, rafeindavirki, f. 18. september 1940 í Kanada.
31. Marshall, George Stefán, nemi, f. 5. ágúst 1972 í Kanada.
32. Mateus, Mario José Delgado, verkamaður, f. 15. apríl 1954 í Kólumbíu.
33. Mellado Campos, José Antonio, veitingamaður, f. 26. febrúar 1954 á Spáni.
34. Munoz Mompel, Victor Manuel, iðnverkamaður, f. 20. október 1950 á Spáni.
35. Paraiso, Gloria, húsmóðir, f. 1. nóvember 1952 á Filippseyjum.
36. Paran, Emely Unabia, iðnverkakona, f. 11. september 1968 á Filippseyjum.
37. Patriarca, Wilfredo Septimo, verkamaður, f. 24. júlí 1964 á Filippseyjum.
38. Phumipraman, Nualjan, verkakona, f. 28. október 1963 í Tælandi.
39. Prigge, Rita, húsmóðir, f. 9. ágúst 1938 í Þýskalandi.
40. Reyes, Arlene Velos, verkakona, f. 28. nóvember 1963 á Filippseyjum.

41. Rissakorn, Rinda, húsmóðir, f. 15. mars 1955 í Tælandi.
42. Rzepnicka, Teresa, verkakona, f. 17. júlí 1958 í Póllandi.
43. Samper, Jökull Þorri, framreiðslumaður, f. 25. október 1971 í Reykjavík.
44. Secong, Eleanor Amate, verkakona, f. 7. maí 1950 á Filippseyjum.
45. Shimmyo, Daniel Yoshio, nemi, f. 18. september 1971 á Seyðisfirði.
46. Solbakken, Gunnar Ludvig, verkamaður, f. 22. júlí 1942 í Noregi.
47. Susan Ann Björnsdóttir, tækniteiknari, f. 21. mars 1955 í Englandi.
48. van der Valk, Theodora Josephine, leiðsögumaður, f. 30. október 1931 í Hollandi.
49. Vilhjálmur Árnason, nemi, f. 22. janúar 1969 í Vestmannaeyjum.
50. Weber, Barbara Piekut, húsmóðir, f. 27. október 1961 í Póllandi.
51. Witt, Sigurður Sverrir, skrifstofumaður, f. 24. apríl 1965 í Bandaríkjunum.
52. Yaghi, Hassan Hassan, starfsmannastjóri, f. 20. nóvember 1960 í Líbanon.
53. Överby, Bernharð, sjómaður, f. 4. júlí 1945 í Reykjavík.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 320. Frumvarp til laga [185. mál]

um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. des.)

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 24. gr. laganna bætist við ný málsgrein og breytist röð annarra málsgreina til samræmis. Málgreinin orðast svo:

Ráðherra skipar fimm manna samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík, Borgarspítala, St. Jósefsspítala og Ríkisspítala. Í ráðinu eiga sæti formenn stjórna Borgarspítala, St. Jósefsspítala og Ríkisspítala og tveir fulltrúar skipaðir af þeim ráðherra sem gegnir embætti heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hverju sinni og skal annar þeirra tilnefndur af stjórnarnefnd Ríkisspítala. Ráðið kýs sér formann úr hópi fulltrúa sjúkrahúsanna til tveggja ára í senn. Hlutverk ráðsins er að gera tillögur um mótun framtíðarstefnu áðurnefndra sjúkrahúsa, flokkun þeirra og starfssvið, þróunar- og fjárfestingaráætlanir og stuðla þannig að sem hagkvæmastri verkaskiptingu þessara sjúkrahúsa. Tillögur samstarfsráðsins skulu lagðar fyrir stjórnir fyrrgreindra sjúkrahúsa til umfjöllunar og skulu þær síðan senda ráðuneytinu tillögur sínar. Samstarfsráð skal fylgjast með að sjúkrahúsin starfi í samræmi við fjárveitingar til þeirra og þær áætlanir sem gerðar hafa verið og að gætt sé fyllstu hagkvæmni í rekstri þeirra. Samstarfsráðið skal að öðru leyti annast verkefni sem heilbrigðismálaráð Reykjavíkurlæknishéraðs hefur með höndum og snerta þessi sjúkrahús. Framkvæmdastjóri þess sjúkrahúss, þaðan sem formaður stjórnar kem-

ur hverju sinni, annast framkvæmd mála fyrir ráðið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 321. Lög [54. mál]

um breytingu á sektarmörkum nokkurra laga o.fl.

(Afgreidd frá Ed. 14. des.)

Samhljóða þskj. 269.

Ed. 322. Lög [72. mál]

um brottfall laga og lagaákvæða.

(Afgreidd frá Ed. 14. des.)

Samhljóða þskj. 270 (sbr. 74).

Ed. 323. Frumvarp til laga [55. mál]

um opinbera réttaraðstoð.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. des.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið opinberrar réttaraðstoðar er að veita almenningi ráðgjöf á sviði lögfræði og jafnframt leitast við að tryggja að réttindi einstaklinga glatist ekki sökum lítilla efna.

Dómsmálaráðherra hefur umsjón með opinberri réttaraðstoð sem skiptist í:

a. almenna ráðgjöf,
b. aðstoð í einstökum málum,
c. réttargæslu fyrir brotaþola í opinberum málum,
d. gjafsókn og gjafvörn fyrir dómstólum.

2. gr.

Menn, sem hafa fasta búsetu hér á landi, eiga rétt til opinberrar réttaraðstoðar.

II. KAFLI

Almenn ráðgjöf.

3. gr.

Almenn ráðgjöf er fólgin í munnlegum leiðbeiningum um réttarreglur og lagaúrræði varðandi tiltekið lögfræðilegt álitaefni hvort sem réttarágreiningur er orðinn eða ekki. Í ráðgjöfinni felst hvorki aðstoð við bréfaskriftir né gerð skjala eða skriflegra álitsgerða.

4. gr.

Einstakir lögmenn eða samtök lögmanna, sem ráðherra gerir samning við, láta almenna ráðgjöf í té gegn fastri þóknun sem greiðist úr ríkissjóði. Þar sem ekki er kostur á þjónustu starfandi lögmanna eða fulltrúa þeirra getur ráðherra samið við aðra lögfræðinga um að veita ráðgjöfina.

III. KAFLI
Aðstoð í einstökum málum.

5. gr.

Aðstoð í einstökum málum felst í venjubundinni lögfræðiráðgjöf, einfaldri skjalagerð, bréfaskiptum, umsóknum, kærum og mótum hjá opinberum stofnunum eða sýslunarmönnum vegna:

1. sifja-, erfða- og persónuréttarmálefna,
2. skaðabóta utan samninga,
3. vátryggingasamninga,
4. vinnusamninga,
5. kaup- eða leigusamninga um íbúðarhúsnæði,
6. lausafjárkaupa,
7. stjórnsýslukæru,
8. kvörtunar til umboðsmanns Alþingis,
9. umsóknar um gjafsókn eða gjafvörn.

6. gr.

Sýslumaður getur í einstökum tilvikum heimilað að aðstoð skv. 5. gr. skuli veitt umfram það sem þar segir, enda sé líklegt að hún leiði til lausnar ágreiningsefna án málshöfðunar eða sérstakar ástæður mæla með því.

Á sama hátt getur sýslumaður einnig í sérstökum tilvikum heimilað aðstoð samkvæmt þessari grein til manns sem á í verulegum fjárhagsörðugleikum, en vill freista þess að koma nýrri skipan á fjármál sín, sbr. 7. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6 5. maí 1978.

7. gr.

Ráðherra ákveður árlega í samráði við Lögmannafélag Íslands hvaða starfandi héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn láti í té aðstoð í einstökum málum sem lög þessi ná til. Skal birta opinberlega lista með nöfnum lögmannanna og er þeim skylt að veita aðstoðina. Þeir geta þó synjað um aðstoð í einstökum tilvikum ef þeir telja málefni þess eðlis að aðstoðin sé bersýnilega þarflaus eða hún brjóti í bága við siðareglur lögmanna.

8. gr.

Rétt til aðstoðar í einstökum málum eiga einstaklingar með 850.000 kr. tekjuskattsstofn eða lægri samkvæmt skattframtali ársins áður en aðstoðin er veitt. Aðstoðin skal ekki vera tengd atvinnurekstri viðkomandi. Tekjuskattsstofn í lögum þessum er sá sami og skilgreindur er í lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Mæðra- og feðralaun teljast þó ekki til tekjuskattsstofnsins.

Sé umsækjandi í hjúskap eða óvígðri sambúð á hann rétt á aðstoð ef samanlagður tekjuskattsstofn hjónanna eða sambúðaraðilanna er 1.275.000 kr. eða lægri.

Aðstoð verður ekki veitt oftar en einu sinni á hverju almanaksári. Sýslumaður getur þó heimilað undantekningu þar frá ef sérstaklega stendur á.

9. gr.

Fyrir veitta aðstoð skv. 5. gr. greiðist föst þóknun og skal upphæð hennar ákveðin í reglugerð. Ríkissjóður greiðir þrjá fjórðu hluta þóknunar en skjólstæðingur einn fjórða hluta.

Fyrir veitta aðstoð skv. 6. gr. greiðist þóknun og má hún nema allt að þrefaldri þóknun skv. 1 mgr. Greiðsla þóknunar skiptist að jöfnu milli ríkissjóðs og skjólstæðings. Sýslumaður í því umdæmi, sem aðstoð er veitt í, úrskurðar um fjárhæð þóknunar samkvæmt þessari málsgrein eftir málsatvikum hverju sinni. Kæra má slíkan úrskurð til ráðuneytisins.

10. gr.

Lögmaður, sem veitir aðstoð skv. 5. gr., skal fá greiddan kostnaðarhluta ríkissjóðs hjá embætti sýslumanns í því umdæmi sem aðstoð er veitt, sbr. 9. gr., enda leggi hann fram umsókn um að ríkissjóður taki þátt í kostnaði við lögfræðiaðstoð ásamt reikningi sínum. Umsókn skal undirrituð af þeim sem aðstoðar beiðist og þeim sem hana veitir.

Í reglugerð skal nánar ákveða hvaða upplýsingar og yfirlýsingar skuli fylgja umsókn skv. 1. mgr., þar á meðal upplýsingar um tekjur og eignir þess sem aðstoðar beiðist og yfirlýsing um að sýslumanni sé heimilt að afla staðfestingar skattyfirvalda um að rétt sé frá skýrt.

Nú synjar sýslumaður um kostnaðarþátttöku fyrir aðstoð og má þá skjóta synjuninni til úrskurðar ráðuneytisins.

IV. KAFLI
Réttargæsla fyrir brotaþola.

11. gr.

Í málum, sem varða brot á 190. og 194. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, skal þegar við upphaf lögreglurannsóknar kveðja til réttargæslumann fyrir þann sem ætla má að fyrir broti hafi orðið.

Í málum sem varða brot á 195.–203. gr. og 206. gr. almennra hegningarlaga er rannsóknaraðila eða dómara heimilt að kveðja til réttargæslumann fyrir þann sem ætla má að fyrir broti hafi orðið ef sá ber fram ósk um það. Skal brotaþoli inntur eftir því hvort hann óski eftir réttargæslumanni.

Einnig er heimilt, ef nauðsynlegt þykir að mati rannsóknaraðila eða dómara, að kveðja réttargæslumann til á sama hátt fyrir þann sem ætla má að fyrir broti hafi orðið er varðað getur við 218. eða 226. gr. almennra hegningarlaga.

12. gr.

Kostnað við réttargæslu brotaþola skv. 11. gr. skal greiða úr ríkissjóði, en endurkrefja skal kostnaðinn fyrir dómi ef til saksóknar kemur.

V. KAFLI
Um gjafsókn og gjafvörn.

13. gr.

Orðið gjafsókn nær bæði til gjafsóknar og gjafvarnar vegna reksturs einkamála fyrir dómi.

14. gr.

Ráðherra skal skipa nefnd þriggja löglærðra manna, gjafsóknarnefnd, til fjögurra ára í senn. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu Lögmannafélags Íslands. Nefndin skal veita umsögn um gjafsóknarbeiðnir og móta starfsreglur um veitingu gjafsóknarleyfa.

15. gr.

Ráðherra veitir gjafsóknarleyfi samkvæmt umsókn þar að lútandi og að fenginni umsögn gjafsóknarnefndar. Skilyrði gjafsóknarleyfis er að málstaður umsækjanda gefi nægilegt tilefni til málsóknar og að efnahag hans sé svo háttað að kostnaður málsins verði honum fyrirsjáanlega ofviða, hvort tveggja að mati gjafsóknarnefndar.

Viðmiðunarfjárhæðir vegna gjafsóknarleyfa skulu vera þær sömu og í 8. gr.

16. gr.

Ráðherra getur, ef sérstaklega stendur á, veitt gjafsókn, enda þótt skilyrðum 15. gr. sé ekki fullnægt. Til álita koma einkum mál, þar sem tekist er á um grundvallaratriði við lagatúlkun, fjallað er um mikilvæga hagsmuni almennings eða málið hefur verulega þýðingu fyrir atvinnu- og félagslega stöðu umsækjanda. Gjafsóknarleyfi verður ekki veitt á grundvelli þessarar greinar nema gjafsóknarnefnd hafi fjallað um umsókn og mælt með því að gjafsókn verði veitt.

17. gr.

Gjafsóknarleyfi skuldbindur ríkissjóð til greiðslu málskostnaðar skv. 18. gr. eftir því sem kveðið er á í dómi að svo miklu leyti sem fjárskuldbinding ríkissjóðs er ekki takmörkuð í leyfinu.

Nú vinnur gjafsóknarhafi mál sitt fyrir héraðsdómi að hluta eða að öllu leyti, en gagnaðili skýtur málinu til Hæstaréttar og nær leyfið þá einnig til málskostnaðar sem þar er dæmdur, þar á meðal í gagnsök fyrir Hæstarétti.

Í gjafsóknarleyfi skal skýrt koma fram til hvaða máls leyfi taki, hver sé lögmaður leyfishafa og fyrir hvaða dómstigi málið sé rekið.

18. gr.

Málskostnaður samkvæmt lögum þessum telst:

1. Réttargjöld við þær dómsathafnir sem leyfi nær til og kostnaður við afrit þeirra skjala er embættis- eða sýslunarmenn afgreiða til afnota við dómsathafnirnar.
2. Ferðakostnaður og annar útlagður kostnaður.

3. Kostnaður við birtingar og tilkynningar er málið útheimtir og dómsathafnir í sambandi við það, þóknun til þingvotta, vitna, mats- og skoðunarmanna og önnur slík gjöld.
4. Þóknun lögmanns fyrir málflutning samkvæmt dómi.

Takist dómsátt um málið skal dómari engu að síður ákveða málskostnað.

Gjafsóknarleyfi nær bæði til aðalmáls og aukamála í sambandi við það, svo sem vitnamála og matsmála auk lögbanns- og kyrrsetningargerða og fullnustugerða, nema takmarkanir séu gerðar í leyfisbréfi.

Gjafsóknarleyfi fellur ekki niður við andlát leyfishafa.

Afturkalla má gjafsóknarleyfi ef í ljós kemur að það hefur verið veitt að ófyrirsynju eða hagur leyfishafa breytist svo að þess er ekki lengur þörf. Við afturköllun fellur greiðsluskylda ríkissjóðs niður.

Gjafsóknarleyfi nær einungis til þess kostnaðar sem gjafsóknarhafi hefur af málarekstri sínum, en haggar í engu skyldu hans til greiðslu málskostnaðar til gagnaðila síns samkvæmt dómi eða dómsátt.

Sé gagnaðili dæmdur til greiðslu málskostnaðar skal ekki taka mið af því að gjafsóknarleyfi hefur verið veitt. Skal málskostnaður renna í ríkissjóð. Hafi gjafsóknarhafi sjálfur haft kostnað af málinu skal ákveðið í dómi hver hluti dæmds málskostnaðar skuli renna til gjafsóknarhafa og hver hluti skuli renna í ríkissjóð.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

19. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna. Fjárhæðir þær, sem um er getið í 8. og 15. gr. og í reglugerð skv. 9. gr., eru grunnfjárhæðir sem breytast skulu 1. desember ár hvert í samræmi við breytingar á lánskjaravísitölu frá 1. október á næstliðnu ári til jafnlengdar á næsta ári, í fyrsta sinn 1. desember 1991.

Dómsmálaráðherra skal með hæfilegum fyrirvara fyrir 1. desember ár hvert auglýsa opinberlega þær breytingar sem verða á viðmiðunarfjárhæðum skv. 1. mgr.

20. gr.

Lög þessi taka gildi 1. apríl 1991 og fellur þá jafnframt úr gildi XI. kafli laga nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði. III. kafli tekur þó ekki gildi fyrr en 1. júlí 1992.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fram til gildistöku laga nr. 92 1. júní 1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, fara sýslumenn, bæjarfógetar og borgarfógetaembættið í Reykjavík með þau verkefni sem falin eru sýslumönnum skv. 5., 6., 9. og 10. gr. laganna.

Nd. 324. Frumvarp til laga [228. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Næstsíðasta málsgrein 11. gr. hljóðar svo:

Hver, sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur, skal eiga rétt á töku ellilífeyris frá og með 60 ára aldri, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum þessarar greinar. Starfsár sjómanna skal í þessu sambandi miðast við að sjómaður hafi verið lögskráður á íslenskt skip eða skip gert út af íslenskum aðilum eigi færri en 180 daga að meðaltali í 25 ár. Nánari ákvæði um framkvæmd skulu sett með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1991.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt gildandi ákvæðum á hver sá sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár og náð hefur 60 ára aldri rétt á ellilífeyri enda hafi viðkomandi verið lögskráður á íslenskt skip eigi færri en 180 daga að meðaltali í 25 ár. Hér er gerð tillaga um rýmkun á skilyrðum fyrir sjómannaellilífeyri þannig að heimildin nái einnig til þeirra sjómanna sem sigla á skipum sem gerð eru út af íslenskum aðilum undir svokölluðum þægindafánum.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands hefur lagt ríka áherslu á að breyting þessi nái fram að ganga miðað við 1. janúar 1991.

Sþ. 325. Nefndarálit [9. mál]

um till. til þál. um átak gegn einelti.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og mælir með samþykkt hennar með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Tillagan var upphaflega flutt á síðasta þingi. Þá var hún send til umsagnar fjölmargra aðila. Tillagan hlaut víðtækan stuðning og lýstu allir þeir sem tjáðu sig í umsögnum til nefndarinnar um efni tillögunnar yfir stuðningi við hana. Þar var um að ræða Kennarasamband Íslands, skólamálanefnd Hins íslenska kennarafélags, Samtök foreldra og kennara í Reykjavík (SAMFOK), fræðslustjóra Vesturlandsumdæmis, fræðslustjóra Suðurlandsumdæmis, fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis eystra, fræðslustjóra Austurlandsumdæmis, sálfræðideild skóla í Reykjavík, Unglingaheimili ríkisins, Sálfræðingafélag Íslands, Ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu Reykjanesumdæmis, kennsluráðgjafa Fræðsluskrifstofu Austurlandsumdæmis og umhverfis- og friðarnefnd Fóstrufélags Íslands.

Nefndin telur brýnt að sem fyrst verði skipaður sá samstarfshópur sem tillagan gerir ráð fyrir þannig að fljótlega liggi fyrir fyrstu tillögur um aðgerðir gegn einelti.

Alþingi, 14. des. 1990.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir, fundaskr.	Birgir Ísl. Gunnarsson.
Kristinn Pétursson.	Alexander Stefánsson.	Ásgeir Hannes Eiríksson.
	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	

Sþ. 326. Breytingartillaga [9. mál]

við till. til þál. um átak gegn einelti.

Frá félagsmálanefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að gert verði átak gegn einelti meðal barna og unglinga og skipa í þessu skyni samstarfshóp kunnáttufólks til að gera tillögur um úrbætur.

Sþ. 327. Nefndarálit [38. mál]

um till. til þál. um athugun á lágmarksframfærslukostnaði í landinu.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk á sinn fund Hallgrím Snorrason hagstofustjóra. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Þjóðhagsstofnun, Hagstofu Íslands og kjararannsóknarnefnd. Í umsögn Þjóðhagsstofnunar og Hagstofunnar kemur fram að þessar stofnanir telja ýmsa vankanta á að framkvæma þá athugun sem kveðið er á um í tillögunni.

Nefndin flytur á sérstöku þingskjali tillögu um breytingu sem m.a. felur í sér að í stað þess að fela Hagstofunni að gera umrædda athugun verði skipuð nefnd til að vinna að málinu og leiti hún aðstoðar sérfróðra aðila, m.a. Hagstofu Íslands. Þá telur nefndin ekki ástæðu til að tiltaka í einstökum atriðum þá þætti sem athugunin skuli beinast að heldur hafi sú nefnd, sem ríkisstjórninni er ætlað að skipa, svigrúm til að setja þann ramma sem hún telur eðlilegan vegna athugunar á lágmarksframfærslukostnaði.

Alþingi, 14. des. 1990.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir, fundaskr.	Birgir Ísl. Gunnarsson.
Kristinn Pétursson.	Alexander Stefánsson.	Ásgeir Hannes Eiríksson.
	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	

Sþ. 328. Breytingartillögur [38. mál]

við till. til þál. um athugun á lágmarksframfærslukostnaði í landinu.

Frá félagsmálanefnd.

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að vinna að athugun á lágmarksframfærslukostnaði hér á landi. Nefndin kanni m.a. hvaða not megi hafa af framfærslu- og neyslukönnunum sem þegar hafa verið gerðar og leiti aðstoðar Hagstofu Íslands og annarra sérfróðra aðila.
   Nefndin skili greinargerð um störf sín fyrir árslok 1991.
2. Fyrirsögn till. orðist svo: Till. til þál. um athugun á lágmarksframfærslukostnaði.

Nd. 329. Frumvarp til laga [229. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990.

Flm.: Geir H. Haarde.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Þeir launamenn, sem verða atvinnulausir, eiga rétt á bótum úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

2. gr. laganna falli brott og breytist greinatala samkvæmt því.

3. gr.

3. gr. laganna, er verði 2. gr., orðist svo:

Með hugtakinu *launamaður* er í lögum þessum átt við hvern þann sem þegið hefur tíma-, viku- eða mánaðarlaun samkvæmt vinnusamningi við vinnuveitanda og gegnt hefur starfi sem veitir rétt til launa í uppsagnarfresti samkvæmt lögum þessum, kjarasamningi eða vinnusamningi. Ákvæði laga þessara taka ekki til þeirra sem tryggður er réttur til atvinnuleysisbóta með öðrum lögum.

4. gr.

4. gr. laganna, er verði 3. gr., orðist svo:

Launamaður, sem auk þess að vera í vinnu hjá gjaldskyldum atvinnurekanda, sbr. 9. gr., stundar sjósókn á eigin fari, á rétt til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði, enda óski hann þess í skattframtali sínu og geri örugga grein fyrir hve lengi sjósókn stóð.

5. gr.

9. gr. laganna, er verði 8. gr., orðist svo:

Hver launagreiðandi, sem hefur í þjónustu sinni launamann 16 ára eða eldri er tekur tíma-, viku- eða mánaðarlaun samkvæmt vinnusamningi við launagreiðandann, svo og iðnnema, skal greiða iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Þeir sem um ræðir í 4. gr. skulu greiða iðgjöld vegna sjósóknar sinnar. Aðrir sjálf-

stæðir atvinnurekendur og einyrkjar eru ekki gjaldskyldir til sjóðsins og eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum.

6. gr.

3. tölul. 1. mgr. 16. gr. laganna, er verði 15. gr., orðist svo:

3. eru launamenn og starfa samkvæmt kjarasamningi eða vinnusamningi í þágu vinnuveitenda.

7. gr.

Í stað 1. mgr. 25. gr. laganna, er verði 24. gr., komi tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:

Úthlutunarnefnd fyrir hvert félag eða félagasamband hefur á hendi úthlutun bótafjár til launamanna er aðild eiga að stéttarfélögum. Úthlutunarnefnd skal skipuð fimm mönnum, þremur frá því stéttarfélagi eða félagasambandi sem hlut á að málum, einum frá Vinnuveitendasambandi Íslands og einum frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Nefndin kýs sér sjálf formann og ritara.

Standi launamaður utan stéttarfélags skal hann beina umsókn sinni um atvinnuleysisbætur beint til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs eða nefndar sem stjórnin skipar til að afgreiða umsóknir slíkra aðila. Greiðsla bóta skal í þessum tilvikum fara fram á vegum stjórnar sjóðsins, sbr. 3. mgr. 30. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

I.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að sú breyting verði á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð að rétt til atvinnuleysisbóta eigi framvegis allir launþegar en ekki aðeins þeir sem félagsbundnir eru í stéttarfélögum.

Þótt þessi breyting sé einföld og snerti fáa einstaklinga varðar hún í eðli sínu grundvallarrétt manna til félagafrelsis og þvingunarlausra ákvarðana um aðild að stéttarfélögum. Það mun einsdæmi með lýðfrjálsum þjóðum að réttur til atvinnuleysisbóta sé háður því skilyrði að hinn atvinnulausi sé félagi í stéttarfélagi. Er enda vandséð að þörf manna fyrir bætur, missi þeir vinnu sína og þar með tekjuöflunarmöguleika, sé minni ef þeir eru ekki í stéttarfélögum!

Að auki er það svo hér á landi að Atvinnuleysistryggingasjóður er fjármagnaður með iðgjöldum af öllum launum (líka þeirra sem standa utan stéttarfélaga) og framlögum úr ríkissjóði. Hluta af skattgreiðslum allra launþega, þar á meðal þeirra sem standa utan stéttarfélaga, er því varið til að fjármagna sjóðinn. Bætur úr sjóðnum eru þar af leiðandi sama eðlis og aðrar tryggingabætur sem eru greiddar af almannafé. Því er fráleitt óréttlæti að mönnum skuli gert skylt að vera í vissum félögum til þess að öðlast rétt til þessara bóta. Það er að dómi flutningsmanns jafnfráleitt og ef menn þyrftu að vera í ákveðnum félögum til að mega njóta bóta almannatrygginga.

Þess munu dæmi að fólki, sem ekki er í stéttarfélagi stöðu sinnar vegna (t.d. starfsmannastjórar fyrirtækja eða starfsmenn samtaka vinnuveitenda og sambærilegra aðila), hafi verið neitað um atvinnuleysisbætur á þeirri forsendu að það væri ekki í stéttarfé-

lagi þó að atvinnurekandi hafi greitt iðgjöld til Atvinnuleysistryggingasjóðs af launum viðkomandi um árabil. Slíkt er grófleg mismunun.

Sú stefna er hvarvetna á undanhaldi að tengja opinber réttindi því að launamaður sé í stéttarfélagi og heyra slík ákvæði til undantekninga í íslenskum lögum. Þannig hefur ófélagsbundnum launþegum hérlendis verið tryggð sambærileg réttarstaða og félagsbundnum í margs konar löggjöf um félagsleg réttindi launafólks á undanförnum árum. Má í því sambandi vitna til laga um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla frá 1979, laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda frá 1980, laga um ríkisábyrgð á launum frá 1985 og laga um orlof og um fæðingarorlof frá 1987.

II.

Á síðasta þingi var samþykkt frumvarp um nokkrar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar. Það frumvarp var samið af nefnd á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og áttu sæti í henni fulltrúar Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna. Samkomulag var í nefndinni um öll atriði önnur en þau er vörðuðu það ákvæði í lögunum að atvinnuleysistrygginga njóti aðeins þeir sem eru félagar í stéttarfélögum en aðrir launþegar ekki.

Frumvarp það sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra lagði fram á Alþingi í kjölfar þessa nefndastarfs gerði ekki ráð fyrir breytingu á þessu atriði. Hins vegar voru í frumvarpinu ákvæði um að ýmsar starfsstéttir fengju rétt til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem ekki höfðu þann rétt áður. Náði þessi breyting einkum til ýmissa stétta háskólamenntaðra manna en eftir sem áður hélst það skilyrði fyrir greiðslum úr sjóðnum að hinn atvinnulausi væri félagi í stéttarfélagi.

Í því sambandi er þó rétt að geta þess að nokkrir hópar háskólamanna utan ríkisþjónustu eiga sér ekkert stéttarfélag. Eiga slíkir menn því ekki annað úrræði að gildandi lögum, vilji þeir njóta sama réttar til atvinnuleysisbóta og aðrir launþegar, en að stofna sérstakt stéttarfélag í þeim tilgangi ellegar freista inngöngu í stéttarfélag í annarri og jafnvel óskyldri starfsgrein.

III.

Frumvarp ráðherra varð að lögum nr. 64/1990 á sl. vori eins og áður sagði og hafa stofnlögin um atvinnuleysistryggingar frá 1981 nú verið endurútgefin með öllum síðari breytingum sem lög nr. 96/1990.

Sá sem þetta frumvarp flytur gerði tilraun til þess, þegar umrætt frumvarp var til meðferðar á síðasta þingi, að fá þeim ákvæðum þess breytt sem tengja rétt manna til atvinnuleysisbóta aðild að stéttarfélagi. Voru í því skyni fluttar breytingartillögur sem voru í meginatriðum samhljóða tillögum VSÍ og VMSS um þetta efni í nefnd þeirri er vann að endurskoðun laganna um atvinnuleysistryggingar á síðasta ári. Var og bent á að eðlilegt væri að sú rýmkun á lögunum, sem frumvarpið gerði þá ráð fyrir, næði einnig til þeirra tiltölulega fáu launþega sem ekki væru í stéttarfélagi. Þessar tillögur náðu hins vegar ekki fram að ganga en flutningsmaður vill freista þess að láta að nýju reyna á þau grundvallaratriði sem hér er um að tefla. Því er þetta frumvarp flutt.

Telja verður eðlilegt að Alþingi taki sjálft af skarið í þessu efni og bíði ekki eftir því að hinir svonefndu „aðilar vinnumarkaðarins“ komi sér saman um tillögur um breytingar á núgildandi skipan þessara mála. Það er ekki sanngjarnt að ætlast til þess af verka-

lýðshreyfingunni að hún standi sjálf að tillögum um að draga úr forréttindum sem félagsmenn í stéttarfélögum njóta umfram aðra. Löggjafinn sjálfur verður að hafa þar frumkvæði.

Hérlendis háttar svo til að yfirgnæfandi meiri hluti launþega á aðild að stéttarfélögum, mun stærri hluti en víða annars staðar. Gera verður ráð fyrir að flestir séu í stéttarfélögum sínum af fúsum og frjálsum vilja þótt lögvarin forréttindi, sem fylgja stéttarfélagsaðild, eins og réttur til atvinnuleysisbóta, hafi ugglaust þau áhrif að fleiri sækist eftir að vera félagar en ella væri. Launþegar í stéttarfélögum njóta hins vegar margvíslegrar þjónustu af hálfu félaganna auk öryggis og réttinda sem þau hafa samið um fyrir sína félagsmenn. Má í því sambandi nefna að hinn umdeildi forgangsréttur félagsmanna í stéttarfélögum til vinnu á félagssvæðinu er umsaminn í kjarasamningum milli launþega og vinnuveitenda. Engin ástæða er til að ætla að það hefði víðtæk áhrif á aðild launþega að stéttarfélögum þótt sú breyting verði gerð sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

IV.

Nauðsynlegt er að fram komi í tengslum við þetta mál að „nefnd óháðra sérfræðinga" á vegum Evrópuráðsins hefur gert alvarlegar athugasemdir við þau ákvæði gildandi laga hér á landi sem tengja rétt manna til atvinnuleysisbóta aðild að stéttarfélagi. Telur sérfræðinganefndin þau brjóta í bága við anda og bókstaf 5. gr. félagsmálasáttmála Evrópu (European Social Charter) en Ísland hefur undirgengist skuldbindingar gagnvart þeirri grein sáttmálans þótt svo hafi ekki verið gert gagnvart öllum greinum hans.

Í skýrslu félagsmálaráðherra til Alþingis í mars sl. um 76. alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1989 er fjallað í ítarlegu máli um framkvæmd félagsmálasáttmálans og greint frá athugasemdum sérfræðinganefndarinnar. Þar segir m.a. svo:

„Sérfræðinganefnd Evrópuráðsins er óvenjudómhörð þegar hún fjallar um ákvæði um bótarétt í lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð. Um þetta ákvæði segir að nefndin hafi enn fremur veitt því athygli að samkvæmt lögum nr. 64/1981 eigi eingöngu félagar í stéttarfélögum rétt á atvinnuleysisbótum. Það að svipta launamann rétti til fjárhagslegrar verndar ef hann er atvinnulaus sé óverjandi ráðstöfun sem hafi þann tilgang að neyða hann til að ganga í eða vera áfram félagi í stéttarfélagi. Með tilliti til þess hafi nefndin komist að þeirri niðurstöðu að lögin brjóti í bága við anda og bókstaf 5. gr. sáttmálans."

Nefndin gerir raunar athugasemdir við fleiri atriði hér á landi sem hún telur að brjóti gegn ákvæðum félagsmálasáttmálans, svo sem áðurnefndan forgangsrétt til vinnu, en þau atriði skipta ekki máli hér. Þó má benda á að þessi sérfræðinganefnd hafði gert ítrekaðar athugasemdir við 81. gr. sjómannalaga sem talin var brjóta í bága við 1. gr. sáttmálans. Ríkisstjórnin beitti sér hins vegar fyrir breytingu á sjómannalögum á síðasta þingi í samræmi við athugasemdir nefndarinnar (lög nr. 53/1990) þótt hún hafi ekki treyst sér til að fara eftir ábendingum hennar um það málefni er þetta frumvarp varðar. Er það athyglisvert ósamræmi.

Sams konar ósamræmi kemur fram í því að ríkisstjórnin hefur bæði á yfirstandandi þingi og hinu síðasta flutt frumvarp um breytingu á læknalögum þar sem komið er til móts við athugasemd sem borist hefur frá eftirlitsnefnd með framkvæmd norræns samnings um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar.

Í skýrslu forseta Alþýðusambands Íslands um störf sambandsins árið 1990 kemur fram

með hvaða hætti ASÍ hefur brugðist við athugasemdum sérfræðinganefndar Evrópuráðsins og hvaða andsvör ASÍ hefur við þeim. Í skýrslunni segir m.a. (bls. 148): „Þannig má öruggt telja að launtaki, sem vill tryggja sér rétt til atvinnuleysisbóta, geti sótt um aðild að stéttarfélagi sé hann ekki félagi í slíku félagi fyrir." Jafnframt segir að athugasemd sérfræðinganefndarinnar hljóti að teljast ankannaleg vegna þess að „hér á landi sé félagsaðild að stéttarfélögum almenn og ekki venja að líta á það sem kvöð heldur sem réttindi".

Flutningsmaður getur ekki fallist á röksemdir Alþýðusambandsins í máli þessu og telur raunar að þær renni stoðum undir fyrri fullyrðingu í þessari greinargerð um að ekki sé hægt að ætlast til þess að verkalýðshreyfingin hafi forgöngu um eða styðji breytingar á þessu grundvallaratriði. Það verk verður löggjafinn sjálfur að vinna og frumvarpið miðar að því að svo verði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein kemur fram sú grundvallarbreyting sem ætlað er að ná fram með frumvarpinu, þ.e. að allir launamenn njóti réttar til atvinnuleysisbóta en ekki aðeins félagar í stéttarfélögum. Í greininni er gert ráð fyrir að í stað orðanna „félagar í stéttarfélögum" komi: launamenn.

Um 2. gr.

Í 2. gr. gildandi laga er hugtakið „stéttarfélag" skilgreint með tilliti til hlutverks slíkra félaga í lögunum. Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að það hlutverk verði úr sögunni er þessi skilgreining óþörf og þar með greinin öll og er því lagt til að hún falli brott.

Um 3. gr.

Í greininni er hugtakið „launamaður", sem fram kemur í 1. gr., skilgreint og er stuðst við skilgreiningu laga um ríkisábyrgð á launum á því en þau voru á þessu ári endurútgefin sem lög nr. 88/1990.

Um 4. gr.

Hér er lögð til sú breyting ein að orðið launamaður komi í stað orðanna „félagi í stéttarfélagi". Þessi breyting er bein afleiðing ákvæða 1. gr.

Um 5. gr.

Fyrri málsgrein þessarar greinar leiðir af ákvæðum 1. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að í stað orðanna „er tekur laun samkvæmt kjarasamningi eða launataxta stéttarfélags" komi: er tekur tíma-, viku- eða mánaðarlaun samkvæmt vinnusamningi við launagreiðandann.

Fyrri málsliður 2. mgr. er óbreyttur frá gildandi lögum og varðar iðgjöld smábátaeigenda til sjóðsins en skv. 4. gr. laganna eiga þeir einir atvinnurekenda rétt til atvinnuleysisbóta.

Síðari málsliður 2. mgr. er hins vegar nýr. Hann er svohljóðandi: „Aðrir sjálfstæðir atvinnurekendur og einyrkjar eru ekki gjaldskyldir til sjóðsins og eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum." Hér er kveðið skýrt á um að sjálfstæðir atvinnurekendur og einyrkjar, aðrir en smábátaeigendur, eigi hvorki rétt né skyldur gagnvart Atvinnuleysistrygg-

ingasjóði. Í þessu sambandi er vert að vekja athygli á því að frá VSÍ og VMSS hafa komið hugmyndir um atvinnuleysistryggingu fyrir atvinnurekendur að norrænni fyrirmynd. Slík trygging yrði rekin óháð núgildandi atvinnuleysistryggingum fyrir þá atvinnurekendur sem þess kynnu að óska.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir að brott falli það skilyrði fyrir bótarétti að atvinnuleysingi sé fullgildur félagsmaður í stéttarfélagi. Í staðinn kemur það skilyrði að viðkomandi sé launamaður og starfi samkvæmt kjarasamningi eða vinnusamningi í þágu vinnuveitanda. Þessi breyting er í beinu framhaldi af ákvæðum 1. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Hér er kveðið á um það í fyrri málsgrein að sé launamaður í stéttarfélagi skuli úthlutunarnefnd á vegum þess félags eða félagasambands annast úthlutun bótafjár, svo sem verið hefur.

Í síðari málsgrein er ákvæði um greiðslu bóta til launamanna sem standa utan stéttarfélaga. Er gert ráð fyrir því að þeir beini umsóknum sínum beint til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs eða sérstakrar nefndar á hennar vegum og að stjórnin annist greiðslu bóta, svo sem þegar er heimilt samkvæmt ákvæðum 30. gr. laganna.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 330. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1991.

Frá Inga Birni Albertssyni og Skúla Alexanderssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-902 Þjóðminjasafn Íslands. Nýir liðir:	
a. 102 Búminjasafn á Hvanneyri, rekstur	1.500
b. 603 Búminjasafn á Hvanneyri, stofnkostnaður	1.000

Nd. 331. Frumvarp til laga [230. mál]

um samvinnufélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

I. KAFLI

Starfssvið samvinnufélaga.

1. gr.

Lög þessi gilda um félög er stofnuð eru á samvinnugrundvelli með því markmiði að efla hag félagsmanna eftir viðskiptalegri þátttöku þeirra í félagsstarfinu. Í samvinnufélögum er félagatala óbundin, stofnfé ekki fastákveðin fjárhæð, félagsmenn og aðrir félagsaðilar bera ekki persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins og skipulag

og starfsemi félagsins er sem í lögum þessum segir.
Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laganna.

2. gr.

Starfssvið samvinnufélags getur verið svo sem hér segir:
1. Að útvega félagsmönnum og öðrum vörur og hvers konar þjónustu til eigin þarfa.
2. Að vinna og selja afurðir sem félagsmenn framleiða í eigin atvinnurekstri.
3. Að annast starfsemi er miðar á annan hátt að því að efla hag félagsmanna.

3. gr.

Félögum, sem skrásett eru eftir lögum þessum, er einum rétt og skylt að hafa í nafni sínu orðin kaupfélag (skammstafað kf.), samvinnufélag (skammstafað svf.), pöntunarfélag (skammstafað pf.) eða framleiðslusamvinnufélag (skammstafað fsf.).
Um heiti samvinnufélags fer að öðru leyti eftir ákvæðum firmalaga.

II. KAFLI
Stofnun samvinnufélags.

4. gr.

Nú vilja menn stofna samvinnufélag og skulu þeir þá kveðja til stofnfundar á því starfssvæði eða starfssviði sem félaginu er ætlað að ná til. Stofnfund skal boða með opinberri auglýsingu og með þeim hætti að ætla megi, að berist til allra þeirra sem hag geti haft af þátttöku í starfsemi félagsins.
Auk einstaklinga geta stofnendur samvinnufélags verið félög eða stofnanir, sem stunda atvinnurekstur, sé það boðað í auglýsingu um stofnfund félagsins.
Bú stofnanda má eigi vera undir gjaldþrotaskiptum og ef hann er einstaklingur skal hann vera lögráða.
Sá sem undirritar samþykktir og önnur stofnskjöl fyrir hönd lögaðila skal fullnægja þeim skilyrðum er segir um einstaklinga. Hann ber auk umbjóðanda síns ábyrgð, svo sem sjálfur væri hann stofnandi, nema á greiðslu þess aðildargjalds sem umbjóðandi hans hefur skrifað sig fyrir.
Á fundinum, sem um ræðir í 1. mgr., skal bera stofnun samvinnufélags upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 aðilar eða fleiri koma sér saman um félagsstofnun og bindast samtökum og gerast félagsmenn setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi. Er þá félagið löglega stofnað, sbr. þó 6. og 9. gr. Ráðherra getur heimilað frávik frá lágmarksfjölda stofnenda samkvæmt þessari málsgrein.

5. gr.

Í samþykktum samvinnufélags skal m.a. fjallað um eftirfarandi atriði:
1. Heiti félagsins, heimilisfang og varnarþing.
2. Tilgang félagsins.
3. Starfssvæði eða starfssvið sem félaginu er aðallega ætlað að starfa á.
4. Fjölda stjórnarmanna, varastjórnarmanna og skoðunarmanna (endurskoðenda) svo og hvernig kjöri þeirra skuli háttað.
5. Deildaskipun félagsins, ef gert er ráð fyrir því fyrirkomulagi, og kosningu fulltrúa deilda á aðalfund.
6. Ráðningu framkvæmdastjóra (kaupfélagsstjóra) og starfssvið hans.

7. Boðun til félagsfundar (deildarfundar) og hvenær aðalfund skuli halda ár hvert.
8. Fjárhæð aðildargjalds, sem breyta má til samræmis við almennar verðlagsbreytingar, gjalddaga þess og greiðsluform.
9. Almenn skilyrði um aðild að félaginu og um brottfall aðildar.
10. Aðild lögaðila að félaginu ef um það er að ræða.
11. Atkvæðavægi á félagsfundum.
12. Ráðstöfun eigna félagsins ef því er slitið án gjaldþrotaskipta.
13. Ákvæði um aðild starfsmanna að stjórn félagsins ef um slíka heimild er að ræða.
14. Ákvæði um rétt til setu á félagsfundum.
15. Ákvæði um B-deild stofnsjóðs félagsins, ef um það er að ræða, um sölu hluta og útgáfu samvinnuhlutabréfa og um arðgreiðslur.
16. Ákvæði um ráðstöfun tekjuafgangs, sbr. VIII. kafla.

6. gr.

Jafnskjótt og samvinnufélag er stofnað og því settar samþykktir skal kjósa því stjórn og endurskoðendur.

7. gr.

Stjórn félagsins heldur skrá yfir félagsaðila. Skal geyma skrána á skrifstofu félagsins og er hún öllum opin.

8. gr.

Rita skal fundargerð um það sem gerist á stofnfundi félagsins. Skal hún skráð í fundargerðabók þess og undirrituð af öllum stofnendum.

III. KAFLI
Skráning samvinnufélags.

9. gr.

Samvinnufélag skal skrásett samkvæmt lögum þessum og getur það þá fyrst öðlast réttindi á hendur öðrum aðilum með samningi og aðrir á hendur því. Óskrásett samvinnufélag getur ekki verið aðili að dómsmálum.

Ef löggerningur er gerður fyrir hönd óskrásetts félags bera þeir sem átt hafa þátt í gerningnum eða ákvörðunum um hann óskipta persónulega ábyrgð á efndum. Við skráninguna tekur félag við þeim skyldum sem leiddi af stofnsamningi eða sem félag hefur tekið á sig eftir stofnfund.

10. gr.

Ráðherra annast skráningu samvinnufélaga og heldur sérstaka skrá yfir samvinnufélög í landinu. Setur ráðherra nánari reglur um skipulag samvinnufélagaskrár og innheimtir skráningargjöld samkvæmt reglum um gjöld til ríkissjóðs.

Aðgangur að samvinnufélagaskrá er öllum heimill.

11. gr.

Innan mánaðar frá því að félag er stofnað skal stjórn tilkynna það til skráningar. Í tilkynningu skal greina:

1. Heiti félagsins, heimili og varnarþing.

2. Tilgang félagsins, starfssvæði eða starfssvið.
3. Dagsetningu félagssamþykkta.
4. Nöfn, stöðu, heimilisfang og kennitölu stjórnenda, varastjórnenda, skoðunarmanna, endurskoðanda og framkvæmdastjóra.
5. Hver hafi heimild til þess að skuldbinda félagið með samningum og hvernig undirskrift sé háttað.
6. Hvernig boða skuli félagsmönnun fundi í félaginu.
7. Fjárhæð aðildargjalds, gjalddaga þess og greiðsluform.

Tilkynningu skulu fylgja samþykktir félagsins í tveimur eintökum, svo og endurrit fundargerðar stofnfundar. Tilkynning skal undirrituð af öllum stjórnarmönnum félagsins.

12. gr.

Ef samþykktum samvinnufélags er breytt eða breyting verður að öðru leyti á þegar tilkynntum atriðum skal tilkynna það til samvinnufélagaskrár innan mánaðar frá því að breyting er gerð.

13. gr.

Nú vantar í tilkynningu til samvinnufélagaskrár greinargerð eða einhver þau atriði, sem skylt er að geta, eða henni er áfátt að öðru leyti og skal samvinnufélagaskrá í umboði viðskiptaráðherra þá birta það tilkynnanda svo fljótt sem kostur er og gefa honum hæfilegan frest til að bæta úr því. Ef ekki er úr bætt innan frestsins skal synja skráningar.

14. gr.

Samvinnufélagaskrá í umboði ráðherra skal birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um skrásetningu samvinnufélags á kostnað tilkynnanda. Ráðherra setur nánari reglur um efni tilkynningar.

Það sem skráð hefur verið og birt í Lögbirtingablaði skal telja manni kunnugt, nema atvik séu svo vaxin að telja megi hann hvorki um það hafa vitað né mátt vita.

Nú hefur birting í Lögbirtingablaði eigi farið fram og hefur tilkynning þá ekki gildi gagnvart öðrum en þeim sem sannanlega höfðu vitneskju um hana.

IV. KAFLI
Um réttindi og skyldur félagsmanna.

15. gr.

Félagsaðild er heimil öllum þeim sem starfa vilja í félaginu og hlíta samþykktum þess. Gildir það einnig um lögaðila sé svo ákveðið í samþykktum félagsins.

Félagsaðild fellur brott þegar félagsaðili fullnægir ekki lengur ákvæðum félagssamþykkta um félagsaðild. Aðalfundur félagsins getur þó sett reglur um undanþágur frá þessu.

16. gr.

Sá sem vill gerast félagsaðili í samvinnufélagi skal snúa sér til stjórnar með beiðni um aðild, nema félagsfundur ákveði aðra tilhögun.

17. gr.

Félagsréttindi eru ekki framseljanleg og erfast ekki. Hlutdeild félagsaðila í óskiptum stofnsjóði eða A-deild stofnsjóðs samvinnufélags er ekki framseljanleg og hún stendur ekki til fullnustu fjárkröfum skuldheimtumanna hans.

18. gr.

Félagsaðilar bera ekki ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins umfram greiðslu aðildargjalds og með eignaraðild að sjóðum félagsins.

V. KAFLI
Félagsfundir.

19. gr.

Félagsfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins með þeim hætti sem lög og félagssamþykktir ákveða.

Aðalfund skal halda ár hvert og eigi síðar en innan sex mánaða frá lokum hvers reikningsárs. Auk þess getur félagsstjórn boðað aukafundi þegar henni þykir þess þörf. Enn fremur er stjórninni skylt að boða til aukafundar ef félagsaðilar, sem fara með a.m.k. 10% atkvæða, eða þriðjungur félagsdeilda krefst þess skriflega og greinir fundarefni. Nú hefur stjórn eigi boðað fund innan 14 daga eftir að henni var það skylt samkvæmt lögum, samþykktum félagsins eða eftir að krafa um fund er löglega fram borin og geta félagsaðilar þá snúið sér til ráðherra með ósk um að boðað sé til fundarins.

Telji ráðherra slíka ósk lögmæta skal hann láta boða til fundar í félaginu. Setur þá umboðsmaður ráðherra fundinn og er félagsstjórn skylt að afhenda honum félagaskrá, fundargerðabók og endurskoðunarbók félagsins. Ráðherra greiðir til bráðabirgða kostnað vegna fundarins, en félagið ber kostnaðinn endanlega.

20. gr.

Á fundum í samvinnufélagi, sem ekki er deildaskipt, hafa allir félagsmenn jafnan atkvæðisrétt ef ekki er á annan veg skipað í samþykktum þess, sbr. 2. mgr. Í félagi sem skiptist í deildir hafa fulltrúar kjörnir á deildarfundum einir atkvæðisrétt og er hann jafn fyrir alla fulltrúa. Tala fulltrúa, sem hver deild kýs á félagsfund, fer eftir samþykktum félagsins.

Heimilt er að ákveða í samþykktum félags, sem sinnir verkefnum fyrir framleiðendur vöru eða þjónustu, að félagsaðilar fái viðbótaratkvæði á félagsfundum í hlutfalli við viðskipti þeirra við félagið á næstliðnu almanaksári. Einnig er heimilt að veita lögaðilum, sem aðild eiga að félaginu, viðbótaratkvæði á félagsfundum í samræmi við nánari reglur í samþykktum félagsins.

Aðalfundur er lögmætur ef fulltrúar sem fara með a.m.k. þriðjung atkvæða í félaginu eða a.m.k. helmingur kjörinna fulltrúa í deildaskiptu félagi sækja fund. Framhaldsaðalfund má boða ef ekki reynist unnt að ljúka venjulegum aðalfundarstörfum. Aukafundur er lögmætur ef réttilega er til hans boðað.

Nú er boðaður aðalfundur ekki lögmætur vegna ónógrar fundarsóknar og skal þá boðað til aðalfundar á ný innan þriggja vikna Telst sá fundur lögmætur hvernig sem fundarsókn er háttað.

Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum mála á félagsfundum nema þar sem lög þessi eða félagssamþykktir mæla fyrir um aukinn meiri hluta. Tillaga telst fallin á jöfn-

um atkvæðum, en við kosningar manna í stjórn eða nefndir ræður hlutkesti ef atkvæði verða jöfn.

Félagsstjórn er heimilt að bjóða mönnum sem ekki eru félagsaðilar setu á félagsfundum með málfrelsi nema á annan veg sé skipað í samþykktum félagsins.

21. gr.

Á aðalfundi félagsins skal leggja fram ársreikning og skýrslu skoðunarmanna (og endurskoðanda) ásamt skýrslu stjórnar um hag félagsins.

Á fundinum skal taka ákvörðun um:

a. Staðfestingu ársreiknings.
b. Hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
c. Kosningu stjórnar og skoðunarmanna (endurskoðanda).
d. Þóknun stjórnar og skoðunarmanna fyrir liðið ár.
e. Önnur þau mál sem heyra undir aðalfund samkvæmt félagssamþykktum.

Hver félagsaðili á rétt á því að fá mál tekið til meðferðar á félagsfundi ef hann gerir skriflega kröfu um það til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

22. gr.

Í deildaskiptu félagi skal boðað til aðalfundar í hverri deild einu sinni á ári. Skal þar velja deildinni stjórn og félagsmönnum skal gerð grein fyrir hag félagsins og rekstri, fyrirhuguðum framkvæmdum og öðru því sem máli skiptir. Á fundi þessum skal fara fram kjör fulltrúa til að fara með umboð deildarinnar á félagsfundi (fulltrúafundi). Kjósa skal aðal- og varafulltrúa samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins. Framkvæmdastjóri (kaupfélagsstjóri) eða annar fulltrúi framkvæmdastjórnar og stjórnar félagsins skal jafnan sækja hinn árlega aðalfund deildarinnar með fullu málfrelsi.

Stjórn deildarinnar boðar til annarra deildarfunda eftir því þörf þykir.

23. gr.

Heimilt er félagsaðila að láta umboðsmann sækja félagsfundi fyrir sína hönd, en umboðsmaður getur þó ekki farið með nema atkvæði eins félaga auk atkvæðis þess er hann sjálfur hefur. Umboð til fundarsóknar skal vera skriflegt og ekki eldra en þriggja mánaða. Fulltrúar deilda geta ekki sent fulltrúa í sinn stað á fulltrúafund, en kjörnir varafulltrúar taka við í forföllum aðalfulltrúa.

24. gr.

Félagsfundi stýrir fundarstjóri. Fundurinn kýs fundarstjóra úr hópi félagsmanna eða annarra nema félagssamþykktir kveði á um annað.

Formaður félagsstjórnar eða annar, sem stjórnin nefnir til, setur félagsfund og stjórnar kjöri fundarstjóra.

Sé boðað til félagsfundar skv. 3. mgr. 19. gr. ákveður umboðsmaður ráðherra fundarstjóra.

Þegar fundur hefur verið settur skal gerð skrá yfir félagsmenn og umboðsmenn félagsmanna er fund sækja til þess að ljóst sé hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver þeirra ræður yfir. Skrá þessi skal notuð, nema fundarstjóri breyti henni með úrskurði sínum.

Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara sem heldur fundargerðabók. Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir félagsfundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda félagsmenn og umboðsmenn skal einnig færð í fundargerðabók eða fylgja henni. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok og skrá þar athugasemdir ef fram koma. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðabók.

Í síðasta lagi fjórtán dögum eftir félagsfund skulu félagsmenn eiga aðgang að fundargerðabók eða staðfestu endurriti fundargerða á skrifstofu félagsins. Fundargerðabók skal varðveitt með tryggilegum hætti.

25. gr.

Þegar félagsmaður krefst þess og slíkt má verða án tjóns fyrir félagið, að mati félagsstjórnar, skulu félagsstjórn og framkvæmdastjóri leggja fram á félagsfundi upplýsingar um þau málefni, sem skipta máli um mat á ársreikningi félagsins og stöðu þess að öðru leyti eða áhrif geta haft á afstöðu félagsmanna til mála er ákvörðun á að taka um á fundinum. Upplýsingaskyldan á einnig við um samband félagsins við félög sem það er eigandi að með þeim hætti sem greinir í 55. gr.

Ef upplýsingar eru ekki tiltækar á félagsfundi skulu félagsmenn innan fjórtán daga þar frá eiga aðgang að skriflegum upplýsingum hjá félaginu og einnig skulu þær sendar þeim félagsmönnum er þess hafa óskað.

26. gr.

Boða skal til félagsfundar með a.m.k. viku fyrirvara, enda sé ekki kveðið á um lengri frest í samþykktum félagsins. Boða skal fulltrúa skriflega til fundar í deildaskiptum félögum, en í félögum sem ekki eru deildaskipt má boða til fundar með almennri auglýsingu.

Í fundarboði skal greina málefni þau sem taka á fyrir á fundinum. Ef taka á til meðferðar á fundinum breytingar á samþykktum félags skal rekja efni breytingartillagna sérstaklega í fundarboði.

Mál, sem ekki hafa verið greind í dagskrá félagsfundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum, en gera má um það ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn.

VI. KAFLI
Stjórn félags og framkvæmdastjórn.

27. gr.

Stjórn félags skal kjörin á aðalfundi. Hún skal skipuð þremur mönnum hið fæsta og þremur til vara, samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins. Í samþykktum félagsins er heimilt að veita starfsmönnum, hagsmunasamtökum eða stjórnvöldum rétt til tilnefningar stjórnarmanns eða manna, en meiri hluti stjórnarmanna skal þó ætíð kjörinn af aðalfundi.

Stjórnarmenn skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga. Kjörgengir eru félagsmenn. Ef félag eða stofnun eru aðili að samvinnufélagi, eru stjórnarmenn og framkvæmdastjórar kjörgengir.

Sé eigi á annan veg ákveðið í samþykktum félags skiptir stjórnin sjálf með sér verkum að loknum hverjum aðalfundi.

28. gr.

Stjórn félags fer með málefni þess í samræmi við lög þessi og samþykktir félagsins. Hún skal gæta þess að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og gerir við hann ráðningarsamning. Ef eigi er öðru vísi fyrir mælt í samþykktum félagsins ræður framkvæmdastjóri annað starfslið eftir þörfum og segir því upp störfum, en hafa skal hann samráð við stjórn félagsins um ráðningar starfsmanna í stjórnunarstöður. Framkvæmdastjóri má eigi jafnframt sitja í stjórn félagsins.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins. Skal í þeim efnum fara eftir ákvæðum samþykkta félagsins, stefnumótun félagsfunda og stjórnar og fyrirmælum sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Félagsstjórn skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.

Einungis félagsstjórn getur veitt prókúruumboð.

29. gr.

Formaður stjórnar kveður stjórnarmenn til funda. Fund skal og jafnan halda ef einhver stjórnarmanna krefst þess. Framkvæmdastjóri á sæti á stjórnarfundi með umræðu- og tillögurétti nema félagsstjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.

Stjórnarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur stjórnarmanna er á fundi, séu ekki gerðar strangari kröfur í samþykktum félagsins. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið, sé þess kostur. Ef stjórnarmaður forfallast vegna veikinda, fjarveru o.þ.h. skal veita varamanni kost á þátttöku í stjórnarfundum meðan forföllin vara.

Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum nema samþykktir kveði á um annað. Í samþykktum félags má kveða svo á að atkvæði formanns ráði úrslitum þegar atkvæði eru jöfn.

Um það sem gerist á stjórnarfundum skal haldin gerðabók sem undirrituð skal af þeim er fund sitja. Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri, sem ekki er sammála ákvörðun stjórnar, á rétt á að fá sérálit sitt skráð í gerðabókina.

30. gr.

Stjórnarmaður og framkvæmdastjóri mega ekki taka þátt í meðferð máls um samningsgerð milli félagsins og þeirra, um málshöfðun gegn þeim eða um samningsgerð milli félagsins og þriðja manns eða málshöfðun gegn þriðja manni ef þeir hafa þar verulegra hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins. Sama gildir um tilvik sem snerta nána vandamenn þeirra. Skylt er stjórnarmanni og framkvæmdastjóra að upplýsa stjórn um slík tilvik.

Ef stjórnarmaður verður vanhæfur af framangreindum sökum skal varamaður taka sæti hans.

31. gr.

Félagsstjórn kemur fram út á við fyrir hönd félags og ritar firma þess.

Stjórnin getur veitt stjórnarmönnum, framkvæmdastjórum eða öðrum heimild til að rita firma félagsins svo framarlega sem öðruvísi er ekki ákveðið í samþykktum þess. Ákvæði 27. og 30. gr. eiga við um þá er heimild hafa til ritunar firma og ekki eru stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar.

Ritunarréttinn má takmarka á þann hátt að fleiri en einn fari með hann í sameiningu. Aðra takmörkun á ritunarrétti er ekki unnt að skrá.

Félagsstjórn getur hvenær sem er afturkallað heimild sem hún hefur veitt til að rita firma félagsins.

32. gr.

Framkvæmdastjóri getur ávallt komið fram fyrir hönd félagsins í málum sem eru innan verksviðs hans samkvæmt ákvæðum 28. gr. og í öðrum tilvikum þar sem hann hefur til þess umboð.

33. gr.

Félagsstjórn, framkvæmdastjóri og aðrir þeir er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum félagsmönnum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra félagsmanna eða félagsins.

Félagsstjórn og framkvæmdastjóri mega ekki framfylgja ákvörðunum félagsfundar eða annarra stjórnaraðila félagsins ef ákvarðanirnar eru ógildar vegna þess að þær brjóta í bága við lög eða félagssamþykktir.

34. gr.

Ef sá sem kemur fram fyrir hönd félags samkvæmt ákvæðum 31. og 32. gr. fer út fyrir heimild sína er löggerningurinn ekki bindandi fyrir félagið ef viðsemjandinn vissi eða mátti vita um heimildarskortinn.

35. gr.

Aðalfundur ákveður árlega þóknun stjórnarmanna og skoðunarmanna.

Félagsstjórn ákveður laun og starfskjör framkvæmdastjóra.

36. gr.

Í samþykktum félags má ákveða að auk félagsstjórnar skuli starfa í félaginu fulltrúanefnd og skal hún þá skipuð minnst þremur félagsmönnum. Aðalfundur kýs nefndina. Í samþykktunum má ákveða að einn eða fleiri fulltrúanefndarmenn skuli tilnefndir með öðrum hætti, en meiri hluti nefndarinnar skal þó ætíð kjörinn af hluthafafundi.

Framkvæmdastjóri og stjórnarmenn geta ekki átt sæti í fulltrúanefnd. Í samþykktum skulu vera nánari ákvæði um nefndina og starfstíma nefndarmanna.

Fulltrúanefndin skal hafa eftirlit með því hvernig félagsstjórn og framkvæmdastjóri ráða málum félagsins, svo og láta aðalfundi í té umsögn um hvort samþykkja beri ársreikninga félagsins, ársskýrslu stjórnar og tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar. Fulltrúanefnd skal gefa skýrslu um störf sín á aðalfundi.

Ákvæði um stjórn og stjórnarmenn í 27., 30. og 33. gr. eiga við um fulltrúanefnd og

nefndarmenn eftir því sem við á.

VII. KAFLI
Stofnsjóður og útgáfa samvinnuhlutabréfa.

37. gr.

Stofnsjóður samvinnufélags er myndaður af séreignarhlutum félagsaðila. Í hann skal leggja aðildargjald félagsaðila, sbr. 8. tölul. 5. gr. Í stofnsjóð skal enn fremur leggja þann hluta hagnaðar, sem aðalfundur ákveður, eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað, og fé lagt í sjóði félagsins samkvæmt lögum eða félagssamþykktum. Með ákvæðum í samþykktum samvinnufélags má nefna stofnsjóð samkvæmt framanskráðu A-deild stofnsjóðs og jafnframt mynda sérstaka B-deild með sölu hluta samkvæmt nánari ákvæðum í þessum kafla. Einungis félagsaðilar geta átt séreignarhluti í A-deild stofnsjóðs, en í B-deild þeir sem keypt hafa hlutina og fengið í hendur samvinnuhlutabréf í samræmi við það.

Með þeim fyrirvara, sem um getur í 40. og 41. gr., skal árlega vaxtareikna og verðbæta séreignarhluta félagsmanna í óskiptum stofnsjóði eða A-deild hans. Að jafnaði skal hafa til viðmiðunar almenna sparisjóðsvexti og verðbætur í samræmi við almennar verðbreytingar í þjóðfélaginu og bætast vextir og verðbætur við höfuðstól séreignarhlutans.

38. gr.

Stofnsjóð, A-deild stofnsjóðs, skal nota við rekstur félagsins. Séreignarhluti í stofnsjóði skal koma til útborgunar til félagsaðila við andlát félagsmanns og slit félags, sem aðild á að samvinnufélaginu, ef lögaðilum er heimiluð aðild að því.

Jafnframt skal greiða út séreignarhluta í stofnsjóði að ósk félagsaðila ef hann flyst af félagssvæði, sem afmarkað er í samþykktum félagsins, eða flyst af landi brott, enda gangi hann úr félaginu. Einnig skal að ósk félagsmanns greiða honum stofnsjóðseign ef hann hefur náð 70 ára aldri, enda þótt hann haldi áfram þátttöku í félaginu.

Stjórn samvinnufélags getur sett reglur, sem kveða á um allt að eins árs frest til greiðslu séreignarhluta í stofnsjóði samkvæmt ósk félagsaðila, og einnig er heimilt að setja í samþykktir samvinnufélags ákvæði sem heimilar útborgun séreignarhluta ef félagsaðili hættir þeirri starfsemi sem er grundvöllur þátttöku hans í félaginu.

39. gr.

Sé í samþykktum samvinnufélags gert ráð fyrir B-deild stofnsjóðs er heimilt að afla fjár til hans með sölu hluta í sjóðnum. B-deild stofnsjóðs skal nota við rekstur félagsins á sama hátt og A-deild, en B-deild stofnsjóðs skiptist í hluti með ákveðnu nafnverði. Öllum hlutum fylgja réttindi í félaginu samkvæmt nánari ákvæðum í lögum þessum.

Ákveða skal heildarfjárhæð B-deildar stofnsjóðs í samþykktum félagsins, en þó er heimilt að ákveða þar hámark og lágmark heildarfjárhæðar. Lágmarksfjárhæð skal þó aldrei vera lægri en fjórðungur hámarksfjárhæðar. Félagsfundur tekur þá nánari ákvörðun um sölu hluta innan þeirrar heimildar sem veitt er.

Hluti í B-deild stofnsjóðs skal greiða að fullu eigi síðar en sex mánuðum eftir að áskrift fór fram, en ákvæða 49. gr. skal hér gætt eftir því sem við á.

40. gr.

Greiða skal arð af B-deildar hlutum af hagnaði félagsins eftir því sem nánar er ákveð-

ið í samþykktum. Í þeim má ákveða að greiðsla arðs af B-deildar hlutum hafi forgang fyrir greiðslum í A-deild stofnsjóðs. Í samþykktunum má einnig ákveða að greiða ákveðið hlutfall af arði félagsins skv. 41. gr.

Við slit samvinnufélags á annan hátt en við samruna eða gjaldþrot skal greiða eigendum B-deildar stofnsjóðs út hluti sína áður en A-deild stofnsjóðs er greidd félagsaðilum ef ekki er annað ákveðið í samþykktum félagsins.

Í samþykktum samvinnufélags má ákveða að eigendur hluta í B-deild stofnsjóðs eigi rétt á innlausn hluta sinna ef til samruna félagsins við annað samvinnufélag kemur. Í samþykktunum skal koma fram hvernig innleystir hlutir skulu metnir til verðs í slíku tilviki, en sé ekkert tekið fram í samþykktunum um það atriði skal innlausn fara fram á því verði sem hlutirnir eru skráðir hjá félaginu.

41. gr.

Aðalfundur tekur ákvörðun um ráðstöfun arðs til stofnsjóðs félagsins. Þar sem um er að ræða B-deild stofnsjóðs skal skipta arði milli deilda stofnsjóðs samkvæmt ákvæðum samþykkta og ákvörðun aðalfundar. Einungis er heimilt að úthluta sem arði, hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap, sem ekki hefur verið jafnað, og það fé, sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa. Aðalfundur getur ekki ákveðið hærri greiðslur í stofnsjóð en stjórn félagsins hefur lagt til eða samþykkir, sbr. þó 2. mgr.

Eigendur B-deildar stofnsjóðs, sem samtals eiga minnst tíunda hluta sjóðsins, eiga á aðalfundi kröfu til þess að fundurinn taki ákvörðun um að úthluta sem arði til eigenda B-deildar stofnsjóðs fjárhæð, er nemur allt að helmingi þess sem eftir stendur af árshagnaði félagsins, þegar tap fyrri ára hefur verið jafnað og það dregið frá sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum, skal lagt í varasjóð eða til annara þarfa. Eigendur hluta í B-deild stofnsjóðs geta þó eigi krafist hærri greiðslu með þessu móti en sem nemur 10% af nafnverði hluta í B-deild, nema þeim sé veittur frekari forgangsréttur í samþykktum félagsins. Eigendur hluta í B-deild stofnsjóðs geta einnig með sama hætti krafist útgáfu jöfnunarhluta ef skilyrði til þess eru fyrir hendi samkvæmt ákvæðum 51. gr.

Gjalddagi arðs af hlutum í B-deild stofnsjóðs skal ekki vera síðar en sex mánuðum eftir að ákvörðun um úthlutun hans hefur verið tekin.

42. gr.

Eignarhluta í B-deild stofnsjóðs fylgir ekki atkvæðisréttur í félaginu.

Eigandi hluta í B-deild, sem ekki er félagsaðili, á rétt til þess að vera boðaður til félagsfunda og að mæta þar með fullu málfrelsi. Hann getur einnig sent umboðsmann á fundinn með skriflegu umboði sem gefið er út í hvert sinn.

Eigendur 10% hluta í B-deild stofnsjóðs, sem vilja notfæra sér ákvæði 2. mgr. 41. gr. geta óskað eftir því að tillaga þar að lútandi sé tekin á dagskrá félagsfundar, enda fullnægi hún formskilyrðum laga og samþykkta félagsins.

43. gr.

Stjórn samvinnufélags skal gefa út samvinnuhlutabréf til eigenda hluta í B-deild stofnsjóðs.

Samvinnuhlutabréf skulu gefin út eigi síðar en ári eftir að skráning hluta í B-deild

hefur farið fram og þau má ekki afhenda fyrr en skráning í samvinnufélagaskrá hefur farið fram og hluturinn er að fullu greiddur.

Í samvinnuhlutabréfi skal greina nafn, heimili og skráningarnúmer félags, númer og fjárhæð hlutar, útgáfudag hlutabréfsins og enn fremur greina frá helstu atriðum í samþykktum félagsins sem áhrif geta haft á verðgildi bréfsins.

44. gr.

Óheimilt er að ákveða hömlur á viðskiptum með hluti í B-deild stofnsjóðs eða með samvinnuhlutabréf.

Um framsal og veðsetningu samvinnuhlutabréfa gilda venjulegar reglur um viðskiptabréf nema annað sé tekið skýrt fram í bréfinu. Samvinnufélag má hvorki festa kaup á hlutum í B-deild stofnsjóðs né afla sér þeirra með öðrum hætti. Eignist samvinnufélag samvinnuhlutabréf í eigin stofnsjóði fyrir gjöf, við innheimtuaðgerðir eða með öðrum slíkum hætti, skal félagið endurselja bréfið innan sex mánaða, en að öðrum kosti skal bréfið áritað um innlausn og skal þá jafnframt tilkynna samvinnufélagaskrá um lækkun B-deildar stofnsjóðs.

Engin félagsréttindi fylgja eign félagsins í B-deild stofnsjóðs.

45. gr.

Halda skal sérstaka skrá yfir hluti í B-deild stofnsjóðs. Í skrá þessari skulu hlutir og útgefin samvinnuhlutabréf skráð og skal fyrir sérhvern hlut eða samvinnuhlutabréf tekið fram nafn, heimilisfang og kennitala eiganda ásamt skráningarnúmeri.

Verði eigendaskipti að hlut í B-deild stofnsjóðs skal nafn hins nýja eiganda fært í hlutaskrána þegar hann tilkynnir eigendaskiptin og sannar rétt sinn. Enn fremur skal geta eigendaskipta- og skráningardags.

Nú fær félagið tilkynningu um framsal hlutar frá framseljanda, verðbréfamiðlara eða öðrum aðila og skal þess þá getið í hlutaskrá ásamt upplýsingum um nafn og heimilisfang þess sem talinn er vera eigandi.

Réttur nýs eiganda til arðs og annarra réttinda er hlut hans fylgja miðast við tilkynningardag, enda hafi hann fært sönnur á eign sína að hlutnum.

Þegar nafn nýs eiganda á samvinnuhlutabréfi er fært í hlutaskrá skal bréfið einnig áritað um færsluna.

Hlutaskrá B-deildar skal ætíð vera geymd á skrifstofu samvinnufélags og eiga stjórnvöld og eigendur hluta í B-deild stofnsjóðs aðgang að skránni og mega kynna sér efni hennar.

46. gr.

Árita skal samvinnuhlutabréf um slit félags og niðurfærslu B-deildar stofnsjóðs.

47. gr.

Félagsfundur getur ákveðið að hækka fjárhæð hluta í B-deild hvort heldur með sölu nýrra hluta eða með afhendingu jöfnunarhluta án greiðslu. Sé ákveðið að bjóða aðeins nánar tilteknum aðilum til kaups nýja hluti í B-deild stofnsjóðs skal jafnframt kynna þeim nákvæmlega fjárhag félagsins á næstliðnu og yfirstandandi reikningsári ásamt umsögn stjórnar og löggilts endurskoðanda um stöðu félagsins.

Sé ákveðið að bjóða almenningi til kaups hluti í B-deild stofnsjóðs skal fara með það

skv. reglum um útgáfu markaðsverðbréfa, sbr. ákvæði laga nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

Sé um að ræða aukningu hluta í B-deild stofnsjóðs innan fyrir fram settra marka í samþykktum félagsins nægir einfaldur meiri hluti atkvæða á félagsfundi til ákvörðunar um aukningu, en sé um viðbótaraukningu að ræða skal með það fara sem breytingu á samþykktum félagsins.

Einfaldur meiri hluti atkvæða á félagsfundi er nægjalegur til þess að taka ákvörðun um útgáfu jöfnunarhluta í B-deild stofnsjóðs samkvæmt ákvæði 51. gr.

48. gr.

Ákveða má í samþykktum samvinnufélags að félagsaðilar hafi forgang til kaupa á nýjum hlutum í B-deild stofnsjóðs. Þeir hlutir, sem félagsmenn óska ekki eftir að kaupa, skulu boðnir öðrum.

49. gr.

Í ákvörðun um stofnun B-deildar stofnsjóðs eða um aukningu hluta í henni skal taka fram:

1. Heildarfjárhæð hluta í B-deild stofnsjóðs eða hvað mikið skuli auka við þá.
2. Ákvæði um forgang einstakra aðila til kaupa á nýjum hlutum, ef þau er að finna í samþykktum félagsins, og frest til að nýta sér slíkan forgangsrétt.
3. Frest til áskriftar og greiðslu nýrra hluta ef hlutir eru boðnir til kaups nánar tiltekn-um aðilum. Slíkur frestur má eigi vera lengri en tveir mánuðir til áskriftar og sex mánuðir til greiðslu frá því að áskriftarfrestur rennur út.
4. Nafnverð hluta og útboðsgengi.

Verð hluta má eigi vera lægra en nafnverð þeirra að frádregnum sannanlegum kostn-aði, sem ekki má þó vera hærri en 5%. Greiðsla skal fara fram í reiðufé eða með verð-bréfum sem hafa almennt markaðsverð og sem taka skal sem greiðslu á því verði. Yf-irverð hluta í B-deild stofnsjóðs skal renna í varasjóð félagsins.

Sé ákvörðun um að stofna B-deild stofnsjóðs eða auka hluti í honum eigi tilkynnt til samvinnufélagaskrár innan tveggja vikna frá því að hún er tekin fellur ákvörðunin úr gildi. Framlög vegna greiðslu hluta verða þá endurkræf og loforð óskuldbindandi.

50. gr.

Heildarfjárhæð greiddra hluta í B-deild stofnsjóðs skal tilkynna til skráningar í sam-vinnufélagaskrá um leið og fresti til greiðslu hluta lýkur. Tilkynningu skal fylgja yfir-lýsing stjórnarmanna félagsins um móttöku greiðslu þeirrar fjárhæðar sem tilkynnt er.

Nýir hlutir í B-deild stofnsjóðs veita eigendum réttindi samkvæmt lögum þessum og samþykktum félagsins frá skráningardegi í samvinnufélagaskrá.

51. gr.

Útgáfa jöfnunarhluta án greiðslu í B-deild stofnsjóðs skal byggð á yfirfærslu fjár-hæða, sem greiða má sem arð, sbr. 41. gr., eða á hlutfallslegum þætti B-deildar stofn-sjóðs á fjárhæðum sem koma fram vegna færslna á endurmatsreikningi. Fjárhæðum á endurmatsreikningi má þó ávallt ráðstafa fyrst að því marki sem heimilt er samkvæmt lögum þessum. Eigendur hluta í B-deild stofnsjóðs skulu einir eiga rétt til jöfnunarhluta og í réttum hlutföllum við hlutaeign sína í B-deild stofnsjóðs.

Í ákvörðun um útgáfu jöfnunarhluta skal koma fram hvað mikið B-deild stofnsjóðs skuli hækka og skal gefa út ný samvinnuhlutabréf í samræmi við það. Ákvörðunina skal tilkynna til samvinnufélagaskrár innan tveggja vikna frá því að hún er tekin, ella fellur hún úr gildi.

52. gr.

Aðalfundur getur ákveðið lækkun stofnsjóðs félagsins til jöfnunar taps sem ekki verður jafnað með frjálsum sjóðum félagsins og varasjóði. Eigi má þó lækka B-deild stofnsjóðs fyrr en A-deild stofnsjóðs er tæmd.

Tilkynna skal samvinnufélagaskrá lækkun stofnsjóðs eigi síðar en tveimur vikum frá því að ákvörðun um það er tekin.

VIII. KAFLI
Ráðstöfun tekjuafgangs.

53. gr.

Óheimilt er að úthluta af fjármunum félagsins til félagsmanna eða annarra á annan hátt en segir í lögum þessum.

Samvinnufélag skal ráðstafa hagnaði samkvæmt ársreikningi liðins árs eins og hann er skilgreindur í ákvæðum 41. gr. Í samþykktum félagsins má heimila úthlutun tekjuafgangs til félagsmanna í hlutfalli við viðskipti þeirra, að svo miklu leyti sem söluverð til félagsmanna hefur verið ofan við kostnaðarverð eða útborgað verð fyrir framleiðsluvörur eða þjónustu félagsmanna hefur reynst neðan við endanlegt fullnaðarverð. Þó skal ávallt tekið tillit til sanngjarnra greiðslna í stofnsjóð félagsins.

Með sömu skilyrðum og að framan greinir er framleiðslusamvinnufélagi heimilt að ráðstafa tekjuafgangi til félagsmanna í samræmi við vinnuframlag hvers og eins. Setja skal nánari ákvæði um slíka ráðstöfun í samþykktir félagsins.

54. gr.

Minnst tíu hundraðshluta þess hagnaðar, sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagður í aðra lögbundna sjóði samvinnufélags, skal leggja í varasjóð félagsins uns varasjóður nemur tíu hundraðshlutum af fjárhæð stofnsjóðs eða samanlagðri fjárhæð A- og B-deilda stofnsjóðs þar sem um slíka skiptingu er að ræða. Þegar því marki hefur verið náð skulu framlög vera minnst fimm hundraðshlutar þar til sjóðurinn nemur einum fjórða hluta af fjárhæð stofnsjóðs. Í samþykktum félags er heimilt að mæla fyrir um skyldu til hærri framlaga í varasjóð.

Heimilt er að nota varasjóð til að jafna tap sem ekki er unnt að jafna með öðrum hætti.

Heimilt er að leggja af hagnaði félagsins samkvæmt ákvæðum samþykkta þess eða ákvörðun félagsfunda til sjóða innan þess eða stofnana utan þess, sem ætlað er að styrkja málefni sem teljast til almenningsheilla, mannúðarmála eða ætlað er að starfa í hliðstæðum tilgangi, að svo miklu leyti sem slíkt telst hæfilegt með hliðsjón af tilganginum með stofnun slíkra sjóða, fjárhagsstöðu félagsins, svo og atvikum að öðru leyti.

Félagsstjórn er heimilt að verja smávægilegum fjárhæðum miðað við fjárhagsstöðu félagsins í sama skyni og um getur í 3. mgr.

IX. KAFLI
Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar.

55. gr.

Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár og jafnframt samstæðureikning ef samvinnufélag er eigandi að öðrum félögum með þeim hætti að það getur haft úrslitaáhrif á töku ákvarðana þar. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar.

Ársreikningur og samstæðureikningur skal undirritaður af stjórn félags og framkvæmdastjóra. Hafi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mótbárur fram að færa gegn ársreikningi eða samstæðureikningi skulu þeir undirritaðir með fyrirvara og skal gera grein fyrir því í ársskýrslu stjórnar, sbr. 65. gr., hvers eðlis fyrirvarinn er.

Ársreikningur, og ef við á samstæðureikningur, skal lagður fyrir skoðunarmenn eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

56. gr.

Reikningsár samvinnufélags skal vera tólf mánuðir. Við stofnun félags eða breytingu á reikningsári getur tímabilið verið skemmra eða lengra, þó ekki lengra en átján mánuðir.

Félög í sömu félagasamstæðu skulu hafa sama reikningsár nema sérstakar aðstæður gefi efni til annars.

57. gr.

Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum, uppsetningu, sundurliðun og heiti liða.

Í ársreikningi skulu vera skýringar á einstökum liðum í samræmi við ákvæði þessa kafla, sbr. 64. gr.

58. gr.

Eignir, sem ekki eru ætlaðar til varanlegrar eignar eða notkunar fyrir félagið, þ.e. veltufjármunir, má ekki færa á hærra verði en kostnaðarverði eða raunvirði ef það er lægra. Veltufjármuni má þó færa á hærra verði en kostnaðarverði í þeim tilvikum sem það samræmist góðri reikningsskilavenju.

59. gr.

Eignir, sem ætlaðar eru til varanlegrar eignar eða notkunar fyrir félagið, þ.e. fastafjármunir, má ekki færa á hærra verði en kostnaðarverði. Til kostnaðarverðs telst kostnaður við endurbætur sem færður hefur verið sérstaklega á reikningsárinu eða eignfærður hefur verið á fyrri reikningsárum. Fastafjármuni má annars ekki, að undanteknum ákvæðum 4. og 6. mgr. þessarar greinar, færa á hærra verði en bókfærðu verði þeirra í efnahagsreikningi síðasta reikningsárs.

Fastafjármunir, sem rýrna að verðgildi vegna aldurs, slits eða af hliðstæðum ástæðum, skulu árlega afskrifaðir a.m.k. um þá fjárhæð er nemur verðrýrnuninni nema viðkomandi eign hafi þegar verið afskrifuð nægilega. Afskrifa skal þótt tap sé eða verði á rekstrarreikningi síðasta reikningsárs.

Ef raunvirði fastafjármuna er lægra en bókfært verð þeirra samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. þessarar greinar og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar ber að lækka

verð viðkomandi eignar að því marki sem telja verður nauðsynlegt samkvæmt góðri reikningsskilavenju.

Ef raunvirði fastafjármuna er verulega hærra en bókfært verð þeirra í efnahagsreikningi síðasta reikningsárs má hækka bókfært verð þeirra þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar enda sé hækkunin talin varanleg. Þá fjárhæð, sem hækkuninni nemur, skal færa á endurmatsreikning. Í endurmatsreikningi skal og gerð mótbókun við gjaldfærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir. Endurmatsreikningi má aðeins ráðstafa til:

1. Nauðsynlegrar niðurfærslu á öðrum fastafjármunum.
2. Að mæta tekjufærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir.
3. Verðbóta og hækkunar á stofnsjóði.
4. Að verðbæta varasjóð, sbr. 54. gr., í samræmi við verðlagsbreytingar en þó aðeins að því marki sem svarar til verðbreytingafærslu á stofnsjóði.
5. Að verðbæta frjálst eigið fé í samræmi við verðlagsbreytingar.
6. Að verðbæta þau tillög í skattalega sjóði og aðrar hliðstæðar ráðstafanir, sbr. 6. tölul. 4. mgr. 63. gr., sem skylt er að verðbæta.

Þá lækkun fastafjármuna, sem ekki verður jöfnuð samkvæmt 1. tölul. hér að framan, má jafna með sérstakri afskrift.

Langtímakröfu má færa með áætluðu raunvirði enda þótt hún hafi verið færð með lægra verði í síðasta efnahagsreikningi sem vafasöm eða verðlaus.

60. gr.

Hafi samvinnufélag tekið við starfsemi eða fyrirtæki og kaupverðið er hærra en raunverð hinna fengnu eigna má færa það sem umfram er til eignar meðal fastafjármuna ef talið verður að um viðskiptavild sé að ræða. Viðskiptavild skal afskrifa árlega um hæfilega fjárhæð og ekki minna en nemur 10% á ári af kostnaðarverði.

Færa má sem fastafjármuni kostnað við tæknilega og viðskiptalega aðstoð, rannsóknar- og þróunarvinnu, tilraunavinnslu, markaðsrannsóknir o.þ.h. ef um er að ræða verulegt og varanlegt verðmæti fyrir félagið. Árleg afskrift skal nema hæfilegri fjárhæð og ekki lægri en 20% af eignfærðum kostnaði nema við þær sérstöku aðstæður að lægri afskrift verði talin eðlileg samkvæmt góðri reikningsskilavenju.

Þóknun og beinan kostnað við töku langtímalána, gengistap, svo og samsvarandi hækkun vegna verðtryggingar slíkra lána er óheimilt að eignfæra.

Kostnað við stofnun félags eða hækkun á B-deild stofnsjóðs má ekki eignfæra.

Verðbréf, sem opinber gengisskráning er til um, má ekki færa á hærra verði en síðasta skráðu kaupverði í lok reikningsársins.

Við mat á verkum, sem unnið er að fyrir aðra aðila, skal fara eftir góðri reikningsskilavenju varðandi áætlaðan hagnað eða tap af verkunum.

61. gr.

Efnahagsreikningur skal sýna eignir, skuldir og eigið fé félagsins í lok reikningsárs. Meðal skulda skal sérgreina óskattlagt fjármagn.

Eftirfarandi liðir skulu sérgreindir í efnahagsreikningi. Þó skal frekari greining gerð þar sem aðstæður gefa tilefni til þess. Víkja má frá uppsetningu þessari að því leyti sem það samræmist góðri reikningsskilavenju.

A. EIGNIR

1. Veltufjármunir.

1.1. Sjóður.
1.2. Innstæður í bönkum o.þ.h.
1.3. Viðskiptakröfur.
1.4. Viðskiptavíxlar.
1.5. Aðrar skammtímakröfur.
1.6. Fyrirframgreiðslur.
1.7. Vörubirgðir.
1.8. Verk í vinnu.

2. Fastafjármunir.

2.1. Eignarhlutar í öðrum félögum.
2.2. Skuldabréf og önnur verðbréf.
2.3. Aðrar langtímakröfur.
2.4. Fyrirframgreiðslur.
2.5. Vélar, áhöld og önnur varanleg rekstrartæki.
2.6. Skip og flugvélar.
2.7. Fasteignir.
2.8. Einkaleyfi og hliðstæð réttindi.
2.9. Viðskiptavild, sbr. 1. mgr. 60. gr.
2.10. Skipulagningarkostnaður og annar eignfærður stofnkostnaður, sbr. 4. og 5. mgr. 60. gr.

3. Aðrar eignir.

3.1. Ógreiddir en keyptir hlutir í B-deild stofnsjóðs.
3.2. Hlutir í B-deild stofnsjóðs sem félagið hefur eignast en enn eigi selt, sbr. 44. gr.

B. SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

1. Skammtímaskuldir.

1.1. Skuldir í bönkum.
1.2. Viðskiptaskuldir.
1.3. Viðskiptavíxlar.
1.4. Aðrar víxlaskuldir.
1.5. Aðrar skammtímaskuldir.
1.6. Fyrirframgreiðslur.
1.7. Ógreiddur arður af hlutum í B-deild stofnsjóðs.
1.8. Ógreiddur tekju- og eignarskattur.
1.9. Ógreiddir aðrir skattar.

2. Langtímaskuldir.

2.1. Veðskuldir.
2.2. Aðrar langtímaskuldir.

3. Bundið óskattlagt fjármagn og aðrar hliðstæðar ráðstafanir.

4. Eigið fé.

4.1. Bundið eigið fé.

4.1.1. Stofnsjóður (A og B-deildir ef við á).

4.1.2. Lögbundinn varasjóður.

4.1.3. Endurmatssjóður.

4.2. Óbundið eigið fé.

4.2.1. Bundnir sjóðir samkvæmt félagssamþykktum.

4.2.2. Sjóðir til frjálsrar ráðstöfunar. Ójafnað tap færist sem frádráttarliður.

Í efnahagsreikningi eða í skýringum með honum skal enn fremur veita upplýsingar um:

1. Veðsetningar.

1.1. Skrá yfir veð í fasteignum félagsins.

1.2. Skrá yfir aðrar veðsetningar með upplýsingum um bókfært verð veðsins.

2. Ábyrgðarskuldbindingar.

2.1. Víxlaábyrgðir.

2.2. Aðrar ábyrgðar- og tryggingaskuldbindingar.

62. gr.

Kröfur á eða skuldir við félög, sem 1. mgr. 55. gr. á við, skal tilgreina sérstaklega í efnahagsreikningi. Heimilt er þó að gefa upplýsingar um fjárhæðir slíkra krafna eða skulda í texta í efnahagsreikningi eða í skýringum með honum. Á sama hátt skal gefa upplýsingar um veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar fyrir félög í eigu samvinnufélags.

Hafi samvinnufélag lánað verðmæti til stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra þess (kaupfélagsstjóra) eða stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra félags í þess eigu, og ekki er um sambærileg viðskipti félagsins að ræða og það á við aðra félagsmenn í daglegum rekstri, skal samanlögð fjárhæð þessara krafna færð sem sérstakur liður í efnahagsreikningi. Hafi félag sett veðtryggingu eða tekið á sig aðrar ábyrgðarskuldbindingar fyrir þá aðila, sem nefndir eru í þessari málsgrein, skal þess einnig sérstaklega getið í efnahagsreikningi eða í skýringum með honum.

Hafi félag sett veð eða tekið á sig ábyrgðarskuldbindingar fyrir þriðja aðila án þess að það falli undir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar skal tilgreina heildarfjárhæð slíkra veðsetninga eða skuldbindinga á sama hátt.

63. gr.

Rekstrarreikningur skal gerður þannig að hann gefi, með hliðsjón af rekstri félagsins, skýra mynd af því hvernig hagnaður eða tap reikningsársins hefur myndast.

Í rekstrarreikningi skulu heildartekjur af rekstri félagsins á reikningsárinu koma fram og skulu tekjur og gjöld sundurliðuð eftir því sem rekstur félagsins gefur tilefni til.

Meðal tekna skal sérstaklega greina:

1. Tekjur af aðalstarfsemi.
2. Arð af eignarhlutum í öðrum félögum.
3. Vaxtatekjur.

4. Tekjufærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir.
5. Hagnað sem fram kemur við sölu, tjónsuppgjör, eignarnám eða aðra afhendingu fastafjármuna.
6. Óreglulegar tekjur.

Meðal gjalda skal sérstaklega greina:

1. Gjöld af aðalstarfsemi.
2. Vaxtagjöld, þó ekki reiknaða vexti af stofnsjóði.
3. Afskriftir og niðurfærslur á fastafjármunum.
4. Gjaldfærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir.
5. Tap sem verður við sölu, tjónsuppgjör, eignarnám eða aðra afhendingu fastafjármuna.
6. Óregluleg gjöld.
7. Tekjuskatt og eignarskatt reikningsársins.

Óreglulegar tekjur og gjöld skv. 6. lið 3. mgr. og 6. lið 4. mgr. skal sundurliða eftir tegundum.

Víkja má frá uppsetningu þessari að því leyti sem það samræmist góðri reikningsskilavenju.

64. gr.

Í skýringum í ársreikningi skal gefa upplýsingar um eftirfarandi atriði með vísun til viðeigandi liða í efnahagsreikningi og rekstrarreikningi komi þau ekki þar greinilega fram:

1. Eignarhluta í öðrum félögum og annað áhættufé skal sundurliða. Þar skal greina nafn hvers félags, nafnverð eignarhluta og bókfært verð í efnahagsreikningi.
2. Hafi við gerð ársreiknings verið tekið tillit til áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir skal gera grein fyrir þeirri aðferð sem beitt hefur verið.
3. Varanlega rekstrarfjármuni skal sundurliða. Þar komi fram kostnaðarverð hvers eignaflokks í ársbyrjun samkvæmt efnahagsreikningi fyrra árs ásamt eldri endurmatshækkunum. Þá skal greint heildarverð hækkunar og lækkunar þessara eigna á reikningsárinu ásamt afskriftum og niðurfærslum á reikningsárinu og samtölu þeirra til loka reikningsársins. Niðurstöður þessara skýringa skulu vera samanburðarhæfar við einstaka eignaliði í efnahagsreikningi og við afskriftir í rekstrarreikningi.
4. Gildandi fasteignamatsverð fasteigna og brunabótamatsverð þeirra.
5. Hafi einstakir veltufjármunir verið færðir á hærra verði en kostnaðarverði skal það upplýst ásamt fjárhæð mismunar.
6. Endurmatshækkun fastafjármuna, fjárhæð hennar og ráðstöfun. Gerð skal grein fyrir þeim reglum sem farið er eftir við endurmatið.
7. Eftirlauna- eða lífeyrisskuldbindingar félags skal færa í efnahagsreikning í samræmi við góða reikningsskilavenju.
8. Breytingar, sem orðið hafa á hinum ýmsu liðum eigin fjár frá efnahagsreikningi síðasta árs, skal sundurliða.
9. Ef gerðar hafa verið breytingar á mati veltufjármuna eða afskriftum fastafjármuna eða gerðar aðrar breytingar frá ársreikningi síðasta árs sem hafa veruleg áhrif á afkomu ársins eða hafa að öðru leyti verulega þýðingu, skal gera grein fyrir þeim.

10. Heildarfjárhæð eigna og skulda í erlendum gjaldeyri eða þeim liðum efnahagsreiknings sem háðir eru gengisáhættu eða verðtryggingu.
11. Ef gerðar eru verulegar breytingar á uppsetningu eða flokkun liða í rekstrarreikningi eða efnahagsreikningi sem haft geta veruleg áhrif á möguleika til samanburðar við ársreikning síðasta árs skal gera grein fyrir þeim breytingum.
12. Ef félagið hefur yfirtekið eignarhluti í B-deild stofnsjóðs skal geta þess í skýringum og hvernig þeim hlutum hafi verið ráðstafað. Ef félagið hefur keypt eða yfirtekið hluti í öðrum félögum skal upplýsa um kaupverð og önnur atriði sem máli skipta.
13. Hafi verið áætlaður hagnaður af verki í framkvæmd í samræmi við góða reikningsskilavenju skal það koma fram ásamt nánari upplýsingum um mat á hagnaðinum.
14. Þau atriði sem hafa eða geta haft veruleg áhrif á skattalega stöðu félagsins, svo sem ef um heimild til yfirfærslu á rekstrartapi frá fyrri árum er að ræða eða ef sala eða önnur afhending á eignum félagsins fyrir bókfært verð gæti leitt til skattlagningar.
15. Veðsetningar eða ábyrgðarskuldbindingar, sbr. 61. gr.
16. Kröfur á eða skuldir við önnur félög í eigu samvinnufélagsins skal sérgreina, sbr. 1. mgr. 62. gr.
17. Ábyrgðarskuldbindingar vegna hluthafa, stjórnarmanna o. fl. aðila, sbr. 2. og 3. mgr. 62. gr.

65. gr.

Í ársskýrslu stjórnar, sem lögð skal fram á aðalfundi, skal gefa, nema sérstakar ástæður séu til að ætla að slíkt gæti skaðað félagið, upplýsingar um atriði sem eru mikilvæg við mat á fjárhagslegri stöðu félagsins og afkomu þess á reikningsárinu og ekki koma fram í efnahags- eða rekstrarreikningi eða skýringum með þeim. Þetta á einnig við um mikilvæg atriði sem fram hafa komið eftir lok reikningsársins.

Ársskýrsla skal veita upplýsingar um fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsárinu, heildarfjárhæð launa, þóknana eða annarra greiðslna til starfsmanna, stjórnar, framkvæmdastjóra og annarra í þjónustu félagsins.

Í ársskýrslu skal einnig upplýst um fjölda félagsaðila í félaginu og fjölda eigenda að hlutum í B-deild stofnsjóðs ef stofnsjóður er þannig tvískiptur. Ef atkvæðagildi félagsaðila er ekki jafnt skal það skýrt í ársskýrslu.

Stjórnin skal í ársskýrslu gera tillögu um ráðstöfun á hagnaði félagsins eða jöfnun taps.

Ef félagið á eignarhluta í félagi með þeim hætti sem 1. mgr. 55. gr. fjallar um, skal veita upplýsingar í ársskýrslunni um afkomu félagasamstæðunnar á reikningsárinu ásamt upplýsingum um frjálst eigið fé hennar eða ójafnað tap.

66. gr.

Í samvinnufélagi, sem á eignarhluta í öðru félagi með þeim hætti sem 1. mgr. 55. gr. tekur til, skal gera samstæðureikning sem ná skal til sama tímabils og ársreikningur þess.

Samstæðureikningurinn skal hafa að geyma samantekt á ársreikningum í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og með hliðsjón af öðrum ákvæðum þessa kafla. Við gerð reikningsins skal fella brott innbyrðis tekjur og arðgreiðslur milli félaga í samstæðunni svo og innbyrðis eignir og skuldir.

Til innbyrðis tekna telst hluti samvinnufélags í tekjum af eignatilfærslum innan sam-

stæðunnar svo framarlega sem eignin hefur ekki þegar verið afskrifuð um samsvarandi fjárhæð í því félagi sem aflaði hennar.

67. gr.

Þau samvinnufélög, sem hafa B-deild stofnsjóðs, skulu senda endurrit ársreikninga sinna til samvinnufélagaskrár eigi síðar en sjö mánuðum eftir lok reikningsárs.

Samvinnufélagaskrá er heimilt að kalla eftir ársreikningum annarra samvinnufélaga. Með ársreikningi skal fylgja yfirlýsing um hvenær hann var samþykktur og hvaða ákvörðun aðalfundur tók um ráðstöfun á hagnaði eða jöfnun á tapi.

Ef skylt er að gera samstæðureikning fyrir samvinnufélag og tengd félög skal enn fremur senda hann til samvinnufélagaskrár eftir því sem við á skv. 1. og 2. mgr.

X. KAFLI
Endurskoðun reikninga.

68. gr.

Á aðalfundi skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara. Kosning þeirra gildir í tvö ár.

Í félögum, er hafa B-deild stofnsjóðs eða fleiri en 50 fasta starfsmenn, skal aðalfundur að auki kjósa árlega löggiltan endurskoðanda reikninga eða endurskoðunarfélag.

Skoðunarmaður eða löggiltur endurskoðandi getur hvenær sem er sagt af sér störfum. Hann verður einnig leystur frá störfum samkvæmt ákvörðun þeirra er kusu hann. Tilkynna skal ráðherra um slíka ákvörðun.

Ljúki starfi skoðunarmanns eða endurskoðanda áður en kjörtímabili er lokið eða uppfylli hann ekki lengur skilyrði til að vera endurskoðandi og enginn varamaður er til að koma í hans stað, þá skal stjórn félagsins annast um að kosinn verði nýr skoðunarmaður eða endurskoðandi í hans stað eins fljótt og unnt er.

69. gr.

Skoðunarmenn samvinnufélags skv. 1. mgr. 68. gr. skulu vera félagsmenn, lögráða og fjár síns ráðandi. Sé félag félagsaðili er heimilt að kjósa forráðamenn félagsaðila til þessara starfa. Skoðunarmenn skulu hafa þá reynslu í bókhaldi og viðskiptaháttum sem með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins er nauðsynleg til rækslu starfans. Ekki mega þeir sitja í stjórn eða fulltrúanefnd félags, gegna starfi framkvæmdastjóra eða öðru starfi á vegum félagsins eða forráðamanna þess. Þeir mega heldur ekki vera skuldugir félaginu eða öðru félagi í þess eign umfram það sem eðlilegt getur talist í viðskiptum milli félagsins og félagsmanna.

Kjósa skal annan af skoðunarmönnum samvinnufélags sem skoðunarmann í félagi sem samvinnufélag á eignarhluta í, á þann hátt sem um er fjallað í 1. mgr. 55. gr. ef þess er nokkur kostur.

70. gr.

Ef skoðunarmenn eru ekki kosnir á aðalfundi eða kosning þeirra brýtur í bága við ákvæði 68.–69. gr. er andstæð ákvæðum í samþykktum félagsins eða ef starf þeirra verður annars laust skal ráðherra tilnefna skoðunarmann eða nýjan skoðunarmann í stað þess sem ólöglega var kosinn ef tilmæli um það koma fram frá stjórnarmanni, framkvæmdastjóra eða a.m.k. 10 félagsmönnum. Sama gildir ef löggiltur endurskoðandi er ekki kos-

inn þótt skylt sé skv. 2. mgr. 68. gr. eða ef hann annars fullnægir ekki lögmæltum skilyrðum til þess að gegna því starfi.

Kosning skoðunarmanns eða löggilts endurskoðanda skv. 68. gr. gildir þar til nýr skoðunarmaður eða endurskoðandi hefur verið kosinn í samræmi við ákvæði laga þessara og samþykktir félagsins.

71. gr.

Skoðunarmenn skulu í samræmi við góða endurskoðunarvenju endurskoða ársreikning félagsins og í því sambandi kanna bókhaldsgögn þess og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu.

Ef samvinnufélag á eignarhlut í félagi á þann hátt sem um getur í 1. mgr. 55. gr. skulu skoðunarmenn og endurskoðandi einnig endurskoða samstæðureikning og reikningsleg tengsl félaganna.

Skoðunarmenn skulu fylgja þeim kröfum sem settar hafa verið á aðalfundi um endurskoðun reikninga ef þær brjóta ekki í bága við lög eða samþykktir félagsins eða góða endurskoðunarvenju.

Ef aðalfundur kýs löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag jafnframt skoðunarmönnum skal sú verkaskipting ríkja milli þeirra að löggiltur endurskoðandi annast endurskoðun reikninga félagsins í samræmi við lög þessi, góða reikningsskilavenju og lög nr. 67 31. maí 1976, um löggilta endurskoðendur, en skoðunarmenn skulu yfirfara rekstur félagsins og ársreikninga, fylgjast með því að innra eftirlit í rekstri félagsins sé í góðu lagi og fylgjast með framkvæmd samþykkta félagsfunda og stjórnar félagsins. Hinn löggilti endurskoðandi skal einnig athuga einstaka þætti í reikningshaldi félagsins að beiðni skoðunarmanna.

72. gr.

Félagsstjórn og framkvæmdastjóri (kaupfélagsstjóri) skulu veita skoðunarmönnum og endurskoðanda aðstöðu til að framkvæma þær athuganir sem þeir telja nauðsynlegar. Þá skulu sömu aðilar einnig sjá til þess að skoðunarmenn og endurskoðandi fái þau gögn, þær upplýsingar og þá aðstoð sem þeir álíta nauðsynleg til að framkvæma verk sitt.

Félagsstjórn og framkvæmdastjóri félags, sem samvinnufélag á eignarhlut í á þann hátt sem 1. mgr. 55. gr. nær til, hafa samsvarandi skyldur við skoðunarmenn og endurskoðanda samvinnufélagsins.

73. gr.

Skoðunarmenn og löggiltur endurskoðandi, ef hann er kosinn, skulu árita ársreikning sem leggja skal fyrir aðalfund. Áritaður ársreikningur skal vera kominn í hendur stjórnar í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund.

Í áritun skoðunarmanna og endurskoðanda skal felast yfirlýsing um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður. Þá skal koma fram skoðun skoðunarmanna og endurskoðanda á því hvort ársreikningur og samsvarandi samstæðureikningur séu samdir í samræmi við ákvæði laga og samþykkta félagsins, svo og greinargerð um niðurstöður endurskoðunarinnar að öðru leyti. Ef skoðunarmenn og endurskoðandi eru þeirrar skoðunar að ekki beri að samþykkja ársreikninginn skulu þeir taka það fram sérstaklega.

Séu ekki í ársreikningi þær upplýsingar, sem fram eiga að koma um rekstur félagsins og fjárhagslega stöðu þess að öðru leyti, eða ef skoðunarmenn eða endurskoðandi

samvinnufélags telja vanta nauðsynlegar upplýsingar um viðskipti annars félags í eigu samvinnufélagsins skulu þeir geta þess og gefa nauðsynlegar viðbótarupplýsingar í skýrslu sinni ef kostur er. Ef ársskýrsla stjórnar hefur ekki að geyma þær upplýsingar, sem ber að veita, eða er ekki í samræmi við ársreikning skulu skoðunarmenn og endurskoðandi vekja á því athygli í skýrslu sinni. Ef skoðunarmenn og endurskoðandi hafa komist að raun um við endurskoðun að atvik liggi fyrir, sem haft geti ábyrgð í för með sér fyrir stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra (kaupfélagsstjóra) skulu þeir geta þess í skýrslunni. Að öðru leyti geta skoðunarmenn og endurskoðandi skýrt frá þeim atriðum í skýrslu sinni sem þeir telja rétt að félagsmenn fái vitneskju um.

74. gr.

Ábendingar og athugasemdir, sem skoðunarmenn eða endurskoðandi vilja koma á framfæri við stjórn eða framkvæmdastjóra, skal skrá í sérstaka endurskoðunarbók eða færa fram skriflega á annan hátt. Stjórnin skal varðveita gögn þessi á öruggan hátt.

75. gr.

Skoðunarmenn og endurskoðandi hafa rétt til þess að sitja aðalfundi og aðra félagsfundi.

76. gr.

Skoðunarmönnum og endurskoðanda og samstarfsmönnum hans er ekki heimilt að gefa einstökum félagsaðilum eða óviðkomandi aðilum upplýsingar um hag félags. Skoðunarmanni og endurskoðanda, sem segir upp starfi, er þó heimilt að tilkynna þeim, sem kemur í hans stað, ástæðuna fyrir uppsögn sinni.

77. gr.

Félagsaðili getur á aðalfundi eða á öðrum félagsfundi, þar sem málið er á dagskrá, komið fram með tillögu um að fram fari rannsókn á stofnun félags, tilgreindum atriðum varðandi starfsemi þess eða ákveðnum þáttum bókhalds eða ársreiknings. Hljóti tillagan atkvæði minnst 25% atkvæðisbærra félagsmanna eða fulltrúa deilda getur félagsmaður í síðasta lagi einum mánuði frá lokum fundarins farið þess á leit við ráðherra að hann tilnefni rannsóknarmenn. Auk þess geta eigendur að a.m.k. 25% hluta í B-deild stofnsjóðs farið þess á leit við ráðherra að hann tilnefni slíka rannsóknarmenn. Tilmælin skal taka til greina svo framarlega sem ráðherra telur nægilegar ástæður til þeirra. Ráðherra skal gefa stjórn félagsins, skoðunarmönnum og endurskoðanda þess og, þegar við á, þeim sem málið varðar tækifæri til að láta í ljós álit sitt um kröfuna áður en hann tekur ákvörðun sína. Ráðherra ákveður fjölda rannsóknarmanna, en meðal þeirra skulu vera bæði löggiltur endurskoðandi og lögfræðingur.

Ákvæði 1. mgr. 69. gr., 72., 75. og 76. gr. gilda einnig um rannsóknarmenn eftir því sem við á.

Rannsóknarmennirnir skulu gefa skriflega skýrslu til félagsfunda. Þeir skulu fá greidda þóknun frá félaginu og skal hún ákveðin af ráðherra.

Skýrsla rannsóknarmanna skal liggja frammi til sýnis fyrir félagsmenn á skrifstofu félagsins í skemmsta lagi viku fyrir félagsfund.

XI. KAFLI
Samruni samvinnufélaga.

78. gr.

Samvinnufélag getur sameinast algerlega öðru samvinnufélagi með samningi um að hið síðarnefnda taki við eignum og skuldum hins fyrrnefnda án skuldaskila samkvæmt eftirfarandi ákvæðum. Telst þá fyrrnefnda félaginu slitið og félagsaðilar þess verða félagsaðilar í hinu síðarnefnda með fullum réttindum.

Samningur um sameiningu samvinnufélaga skal lagður fyrir félagsfundi (fulltrúafundi) félaganna og öðlast hann eigi gildi nema hann sé þar samþykktur með minnst $^2/_3$ hluta atkvæða, sbr. ákvæði 92. gr. Ákvörðunin skal að öðru leyti uppfylla frekari fyrirmæli er félagssamþykktir kunna að kveða á um.

Félagsaðilar og eigendur hluta í B-deild stofnsjóðs skulu eiga aðgang að eftirfarandi upplýsingum eigi síðar en viku fyrir fundi í báðum félögunum:

1. Endanlegum drögum að samningi milli félaganna.
2. Endurriti af ársreikningi beggja félaganna fyrir liðið ár og af reikningsyfirliti og rekstraráætlun fyrir yfirstandandi ár ef þess er kostur. Þá skulu félagsmenn einnig eiga aðgang að drögum að upphafsreikningi hins sameinaða félags.
3. Greinargerð um ástæður sem liggja að baki tillögu um sameiningu félaganna.
4. Tillögu að breytingu á samþykktum þess félags, sem eftir stendur, í samræmi við samningsuppkastið, sbr. 1. tölul.

Ákvörðun um samruna samvinnufélaga skal tilkynna til samvinnufélagaskrár innan viku frá því að hún er gerð. Hafi tilkynning ekki farið fram innan tveggja mánaða frá því að ákvörðunin er tekin fellur hún úr gildi.

79. gr.

Stjórn þess félags, sem sameinað er öðru með yfirtöku þess síðarnefnda á eignum og skuldum þess fyrrnefnda, skal láta birta tvisvar sinnum í Lögbirtingablaði áskorun til lánardrottna félagsins um að lýsa kröfum sínum innan þriggja mánaða frá fyrstu birtingu áskorunar talið. Eignum félagsins skal halda aðgreindum þar til fresturinn er útrunninn og lýstum kröfum fullnægt. Ekki þarf að halda eignunum aðgreindum ef allir lánardrottnar samþykkja eða þeim er sett fullnægjandi trygging. Ráðherra úrskurðar eftir kröfu aðila hvort trygging sú, sem fram er boðin, sé fullnægjandi. Sanni félag að það eigi fyrir skuldum er ráðherra heimilt að veita undanþágu frá innköllun samkvæmt framangreindu.

Ef það félag, sem við eignum og skuldum tekur, verður gjaldþrota meðan það hefur aðgreindar eignir þess félags, sem sameinað er, skulu kröfur á hendur síðarnefnda félaginu, svo og kröfur eigenda stofnsjóðs njóta forgangsréttar til greiðslu af eignum félagsins í þeirri röð sem kveðið er á um í 87. gr.

Þegar ekki er lengur skylt að halda eignum þess félags aðgreindum, sem sameinað er öðru, skal senda tilkynningu innan viku til samvinnufélagaskrár um sameiningu félaganna og slit þess félags sem sameinað var öðru. Félagsstjórnir beggja félaganna skulu undirrita tilkynninguna.

80. gr.

Eigendur hluta í B-deild stofnsjóða samvinnufélaga, sem sameinuð eru, skulu njóta

fullra réttinda hjá hinu sameinaða samvinnufélagi og skal eign þeirra skráð í hlutaskrá þess, sbr. þó 3. mgr. 40. gr.

81. gr.

Ef samvinnufélag á meira en $^{9}/_{10}$ hluta hlutabréfa í hlutafélagi og fer með samsvarandi hluta atkvæðanna geta stjórnir félaganna tekið ákvörðun um innlausn samvinnufélagsins á þeim hluta hlutabréfanna í hlutafélaginu, sem ekki eru í eigu samvinnufélagsins, og ákveðið að samvinnufélagið taki við öllum eignum og skuldum hlutafélagsins. Tilkynna skal samvinnufélaga- og hlutafélagaskrám um ákvörðun hér að lútandi innan viku frá því að hún er gerð og hafi tilkynningin ekki borist innan tveggja mánaða fellur hún úr gildi. Ákvæði 78. og 79. gr. eiga við um samruna félaganna eftir því sem við getur átt.

Hluthafar í því félagi, sem sameinað er samvinnufélaginu, eiga rétt á því að hlutabréf þeirra verði innleyst innan mánaðar frá því að ákvörðun um sameiningu er tekin. Skal samvinnufélagið kaupa hlutina á því verði sem svarar til verðmætis þeirra. Náist ekki samkomulag um verðið skal það ákveðið af matsmönnum sem dómkvaddir eru af héraðsdómara á heimilisvarnarþingi hlutafélagsins. Hvor aðili um sig getur borið ákvörðun matsmanna undir dómstóla. Verður þá að höfða mál innan þriggja mánaða frá því að mat hefur farið fram.

XII. KAFLI
Samvinnusambönd.

82. gr.

Ef þrjú eða fleiri samvinnufélög með líku verksviði koma sér saman um að mynda samband samvinnufélaga sem sérstakt félag má ákveða að félagið verði einnig í formi samvinnufélags. Um stofnun þess, skrásetningu og skipulag gilda þá ákvæði laga þessara eftir því sem við getur átt.

Hvert það félag, sem fullnægir ákvæðum laga þessara og samþykktum samvinnusambands, hefur rétt til inngöngu í starfandi samvinnusamband, enda starfi það á sambærilegu verksviði og þau samvinnufélög sem fyrir eru í sambandinu.

Nánari ákvæði um samvinnusamband skal setja í samþykktir þess.

XIII. KAFLI
Slit samvinnufélaga.

83. gr.

Samvinnufélagi skal slíta ef:

1. Ályktun þar að lútandi er samþykkt af tveimur lögmætum félagsfundum í röð og henni eru fylgjandi eigi færri en $^{2}/_{3}$ atkvæðisbærra fundarmanna. Í félagi, sem skiptist í deildir, skal bera ályktunina undir deildarfundi milli félagsfunda og þarf hún að hljóta þar samþykkt með einföldum meirihluta greiddra atkvæða.
2. Félagsaðilar verða færri en fimmtán eða færri en þrír ef um samvinnusamband er að ræða eða ef félagið fullnægir ekki ákvæðum laga þessara. Þetta gildir þó ekki ef ráðherra hefur veitt undanþágu frá lágmarkstölu félagsaðila, sbr. lokamálslið 5. mgr. 4. gr.
3. Félagsstjórn er skylt að afhenda bú félagsins til gjaldþrotaskipta samkvæmt ákvæðum gjaldþrotalaga.

4. Félagið vanrækir að senda samvinnufélagaskrá tilkynningar sem því er skylt samkvæmt ákvæðum laga þessara.
5. Félaginu skal slíta í samræmi við ákvæði samþykkta þess.

84. gr.

Þegar skilyrði 83. gr. eru fyrir hendi, en félagsstjórn vanrækir að óska eftir slitum félagsins skal héraðsdómari taka félagið til skipta að kröfu ráðherra, félagsaðila eða eigenda minnst 10% hluta í B-deild stofnsjóðs. Sá sem óskar eftir skiptum skal þó ávallt gefa félagi með sannanlegum hætti eins mánaðar frest til að bæta úr því sem ábótavant er ef slíkar úrbætur eru mögulegar. Um meðferð kröfu og bús skal fara eftir ákvæðum gjaldþrotalaga eftir því sem við á, sbr. þó 2. mgr.

Þegar félagsslit eru ákveðin skv. 1. og 5. tölul. 83. gr. getur félagsfundur annaðhvort afhent félagsbúið héraðsdómara til meðferðar eða kosið skilanefnd til þess að fara með mál félagsins meðan á félagsslitum stendur. Áður en skilanefnd er kosin skal félagsstjórn þó láta gera efnahags- og rekstrarreikning fyrir félagið og skal fylgja honum álitsgerð löggilts endurskoðanda um það hvort eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess. Komi fram að eignir félagsins hrökkvi ekki svo víst sé fyrir skuldum þess skal félagsstjórn óska eftir skiptum á búi félagsins með þeim hætti sem segir í 1. mgr.

Sé skilanefnd kosin skulu í hana kosnir hlutfallskosningu hið minnsta tveir en hið mesta fimm menn. Ef í félaginu er B-deild stofnsjóðs skal gefa eigendum hluta í henni kost á því að tilnefna einn skilanefndarmanna að auki.

Hið minnsta einn skilanefndarmaður skal vera héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður eða löggiltur endurskoðandi.

Þegar kosin hefur verið skilanefnd skal hún tilkynna samvinnufélagaskrá um ákvörðun um slit félagsins og kosningu sína og óska eftir löggildingu ráðherra á starfa sínum. Er löggilding hefur fengist tekur skilanefnd við réttindum og skyldum félagsstjórnar og framkvæmdastjóra (kaupfélagsstjóra).

Ráðherra er rétt að synja um löggildingu skilanefndar ef fyrirliggjandi gögn bera ekki með sér að réttilega hafi verið staðið að ákvörðun um félagsslit eða kjöri skilanefndar eða vafasamt þykir að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess.

Óski maður, sem hlotið hefur löggildingu til starfa í skilanefnd, lausnar frá starfi sínu eða andist skilanefndarmaður áður en skilanefnd hefur lokið störfum skal hún tafarlaust tilkynna það ráðherra og boða til félagsfundar innan eins mánaðar til þess að kjósa nýjan mann í hans stað. Sé ekki leitað löggildingar nýs skilanefndarmanns án ástæðulausrar tafar er ráðherra heimilt að fella löggildingu skilanefndar úr gildi.

Telji ráðherra að ástæðulaus dráttur hafi orðið á starfi skilanefndar eða hún hafi á annan hátt brugðist skyldum sínum skal hann veita henni áminningu og frest til úrbóta. Sé málum ekki komið í rétt horf innan slíks frests er ráðherra heimilt að fella löggildingu skilanefndar úr gildi.

Skilanefndarmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn félagsaðilum og lánardrottnum félagsins allt tjón er þeir kunna að baka þeim með störfum sínum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

85. gr.

Þegar skilanefnd hefur verið löggilt skal hún láta birta tvívegis í Lögbirtingablaði auglýsingu um félagsslitin ásamt áskorun til lánardrottna um að þeir lýsi kröfum sínum

á hendur félaginu til skilanefndar innan tveggja mánaða frá því að auglýsingin birtist fyrra sinni. Réttaráhrif slíkrar innköllunar skulu vera hin sömu og við gjaldþrotaskipti á búi samvinnufélags.

Í auglýsingu skv. 1. mgr. skal skilanefnd boða til fundar með lánardrottnum félags og félagsaðilum til þess að fjalla um kröfur á hendur félaginu og skal sá fundur haldinn innan mánaðar frá lokum kröfulýsingarfrests.

Löggilding skilanefndar og innköllun krafna breyta ekki rétti lánardrottna til að leita fullnustu krafna sinna samkvæmt almennum reglum.

Um kröfur á hendur félaginu og gagnkvæma samninga þess skulu gilda ákvæði gjaldþrotalaga eftir því sem við á.

86. gr.

Þegar kröfulýsingarfrestur er á enda skal skilanefnd gera skrá um þær kröfur sem henni hafa borist. Skal hún láta í ljós álit sitt á því hvort eða að hvað miklu leyti hún telji að viðurkenna skuli hverja kröfu. Telji skilanefnd ekki unnt að viðurkenna kröfu, að nokkru leyti eða öllu eins og henni hefur verið lýst, skal hún tilkynna hlutaðeigandi kröfuhafa um það á sannanlegan hátt og boða hann sérstaklega til þess fundar þar sem fjallað verður um lýstar kröfur.

Komi ekki fram andmæli gegn afstöðu skilanefndar til viðurkenningar á lýstum kröfum á fundi, sem haldinn er til umfjöllunar um þær, skal álit hennar teljast endanlega samþykkt af öllum hlutaðeigandi.

Andmæli lánardrottinn afstöðu skilanefndar til viðurkenningar kröfu sinnar eða sæti krafa andmælum af hendi annars lánardrottins eða félagsmanns og ekki er á fundinum leystur ágreiningur þeirra skal skilanefnd þegar í stað vísa honum til úrlausnar héraðsdómara á heimilisvarnarþingi félagsins sem kveður upp úrskurð um hann svo fljótt sem verða má. Um málskot gilda almennar reglur.

Berist skilanefnd krafa eftir lok kröfulýsingarfrests skulu um hana gilda ákvæði gjaldþrotalaga eftir því sem við á.

Telji skilanefnd orka tvímælis að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess að loknum kröfulýsingarfresti skal hún án tafar afhenda bú þess til gjaldþrotaskipta.

Sé bú samvinnufélags tekið til gjaldþrotaskipta með þeim hætti er segir í 5. mgr. skal við búsmeðferð telja frestdag þann dag sem félagsfundur hefur ákveðið félagsslit skv. 1. tölul. 83. gr. eða þann dag sem félaginu skyldi slíta samkvæmt ákvæðum félagssamþykkta skv. 5. tölul. 83. gr., en úrskurðardag eða upphafsdag skipta þann dag sem skilanefnd hefur hlotið löggildingu ráðherra.

87. gr.

Þegar að loknum fundi skv. 86. gr. og þegar nægilegum eignum félagsins hefur verið komið í verð skal skilanefnd greiða viðurkenndar kröfur á hendur félaginu. Skal hún taka frá fé til greiðslu umdeildra krafna.

Skilanefnd skal eftir þörfum boða til félagsfunda um tilhögun á slitum félagsins.

Þegar lokið er greiðslu krafna og fé hefur verið sérgreint til greiðslu umdeildra krafna skv. 1. mgr. og þegar fram er komin afstaða félagsaðila til þess að hverju leyti eignum félagsins skuli komið í verð skal skilanefndin gera frumvarp til úthlutunargerðar til eigenda stofnsjóðs og lokareikninga félagsins. Eigendur hluta í B-deild stofnsjóðs skulu hafa forgangsrétt til greiðslu fram yfir eigendur A-deildar þar til nafnverð hluta í B-deild

er að fullu greitt. Ákveða má í samþykktum félags að auka þennan forgangsrétt. Í samþykktunum má einnig ákveða að fé í óskiptum stofnsjóði eða í A-deild skuli renna til annarra en félagsaðila við félagsslit.

Skilanefnd skal boða til félagsfundar (fulltrúafundar) til umfjöllunar um lokareikninga og frumvarp til úthlutunargerðar. Sé frumvarpi ekki andmælt eða athugasemdir gerðar við reikninga skal skilanefnd greiða félagsaðilum eða öðrum og eigendum B-deildar stofnsjóðs eða afsala þeim eignum í samræmi við frumvarpið.

88. gr.

Hafi skilanefnd ekki lokið störfum innan eins árs frá löggildingu skal hún gera ráðherra skriflega grein fyrir ástæðum þess og síðan tvívegis á ári hverju þar til hún lýkur störfum.

Rísi ágreiningur við meðferð skilanefndar, sem við gjaldþrotameðferð ætti undir dómsvald héraðsdómara, skal skilanefnd tafarlaust vísa ágreiningsefninu til úrlausnar héraðsdómara á heimilisvarnarþingi félagsins er kveður upp úrskurð um ágreininginn. Um málskot slíkra úrskurða gilda almennar reglur.

89. gr.

Ef lánardrottinn, félagsaðili, eigandi hlutar í B-deild stofnsjóðs eða aðrir vitja ekki fjár, sem í hlut þeirra koma við félagsslitin, eða ef ágreiningur um réttmæti kröfu skv. 3. mgr. 86. gr. er óleystur við úthlutun skilanefndar skal skilanefnd leggja viðkomandi fjárhæð á geymslureikning við viðskiptabanka. Sé fjárins ekki vitjað innan tíu ára, eftir atvikum frá lyktum ágreinings um kröfu lánardrottins að telja, skal það renna til ríkissjóðs.

Þegar skilanefnd hefur lokið úthlutun eða lagt fé á geymslureikninga skv. 1. mgr. skal hún tilkynna samvinnufélagaskrá um lok starfa sinna og afhenda henni lokareikninga félagsins, úthlutunargerð sína, kvittanir þeirra er við greiðslum hafa tekið, skilríki fyrir geymslureikningum svo og öll skjöl og bækur félagsins.

Skilanefnd skal auglýsa í Lögbirtingablaði um lok starfa sinna og hver málalok hafi orðið.

90. gr.

Þegar lokið hefur verið greiðslu krafna á hendur félaginu eða fé til greiðslu umdeildra krafna hefur verið lagt á geymslureikning getur félagsfundur ákveðið að starfi skilanefndar skuli lokið og félagið taki upp starfsemi á ný. Skal sú ákvörðun tekin með sama hætti og ákvörðun um slit samvinnufélags, en eigendur hluta í B-deild stofnsjóðs eiga þá rétt á því að félagið innleysi hluti sína á því verði sem þeir mundu hafa við félagsslit. Tilkynna skal ákvörðunina til samvinnufélagaskrár, en ekki er heimilt að hefja á ný starfsemi fyrr en ákvörðunin hefur verið skráð og félagið fullnægir lögmæltum skilyrðum að öðru leyti.

91. gr.

Komi fram eignir félags eftir að skilanefnd hefur lokið störfum eða verði þau málalok á ágreiningi um réttmæti kröfu lánardrottins að fé, sem lagt hefur verið á geymslureikning vegna kröfunnar, notist ekki að öllu leyti til greiðslu hennar skal skilanefnd taka upp starf sitt á ný án innköllunar og úthluta eignum í samræmi við upphaflega úthlut-

unargerð sína. Um lok framhaldsskipta gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 89. gr.

Sé þess ekki kostur að skilanefnd annist um framhaldsskipti skv. 1. mgr. skal ráðherra beina því til skiptaráðanda á varnarþingi því, sem félagið hafði, að hann annist um framhaldsskiptin í stað skilanefndar.

XIV. KAFLI
Breytingar á samþykktum o.fl.

92. gr.

Ákvörðun um breytingu á félagssamþykktum skal tekin á félagsfundi og verður hún því aðeins gild að breytingartillögu hafi verið getið í fundarboði og dagskrá fundarins og að hún hljóti samþykki minnst $^2/_3$ hluta greiddra atkvæða á fundinum. Ákvörðun skal að öðru leyti uppfylla frekari fyrirmæli er félagssamþykktir kunna að kveða á um, auk hinna sérstöku ákvæða 93. gr.

Samþykkt um breytingu á samþykktum samvinnufélags skal tilkynnt til samvinnufélagaskár þegar í stað og breytingin öðlast eigi gildi fyrr en hún hefur verið skráð.

93. gr.

Breyting á félagssamþykktum þarf samþykki tveggja lögmætra félagsfunda í röð og stuðning eigi færri en $^2/_3$ atkvæðisbærra félagsaðila á fundinum ef í henni felst röskun á því réttarsambandi, sem er milli félagsaðila eða ef í henni felast auknar skuldbindingar félagsaðila gagnvart félaginu. Sé um deildaskipt félag að ræða skal bera breytinguna undir deildarfundi milli félagsfunda og hún hljóta þar samþykkt með meiri hluta atkvæða.

Breyting á félagssamþykktum, sem raskar réttarsambandinu milli eigenda í A og B-deild stofnsjóðs eða rýrir hag eigenda hluta í B-deild stofnsjóðs, er því aðeins gild að eigi færri en $^3/_4$ eigenda í A-deild stofnsjóðs og allir eigendur í B-deild stofnsjóðs gjaldi breytingunni jáyrði.

94. gr.

Félagsfundur má ekki taka ákvörðun sem bersýnilega er fallin til þess að afla ákveðnum félagsaðilum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra félagsaðila eða félagsins.

95. gr.

Félagsaðili, stjórnarmaður, framkvæmdastjóri eða eigendur minnst 10% hluta í B-deild stofnsjóðs geta höfðað mál vegna ákvörðunar félagsfundar sem hefur verið tekin með ólögmætum hætti eða brýtur í bága við lög þessi eða samþykktir félagsins.

Mál skal höfða innan þriggja mánaða frá því að ákvörðunin var tekin, ella telst hún gild.

Ákvæði 2. mgr. eiga ekki við:

a. Þegar ákvörðunin er ólögleg, jafnvel með samþykki þess meiri hluta félagsmanna sem krafist er.
b. Þegar krafist er samþykkis aukins meiri hluta félagsaðila eða eigenda hluta í B-deild stofnsjóðs til þess að ákvörðunin öðlist gildi og slíkt samþykki er ekki fengið.
c. Þegar boðun til félagsfundar hefur ekki farið fram eða reglna þeirra, sem um fundarboðun gilda, hefur í verulegum atriðum ekki verið gætt.

d. Þegar aðili, sem höfðað hefur mál eftir að sá frestur sem tiltekinn er í 2. mgr. er útrunninn, en þó innan tveggja ára eftir að ákvörðun var tekin, hefur haft frambærilega ástæðu til að draga málshöfðun og beiting ákvæða 2. mgr. yrði bersýnilega ósanngjörn.

Nú verða úrslit í dómsmáli þau að ákvörðun félagsfundar telst ógild og skal þá ómerkja ákvörðunina eða breyta henni. Breytingu á ákvörðun félagsfundar er þó einungis unnt að gera sé þess krafist og sé það á færi dómsins að ákveða hvers efnis ákvörðunin hefði réttilega átt að vera. Dómur í slíku máli bindur einnig þá aðila er ekki hafa staðið að málshöfðun. Endurrit dóma í slíkum málum skal senda til samvinnufélagaskrár og þar skráð niðurstaða þeirra ef ástæða þykir til.

XV. KAFLI
Skaðabóta- og refsiákvæði.

96. gr.

Stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar (kaupfélagsstjóri), skoðunarmenn og endurskoðandi samvinnufélags eru skyldir að bæta félaginu það tjón sem þeir hafa valdið því í störfum sínum hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Sama gildir þegar félagsaðili eða aðrir verða fyrir tjóni vegna brota á ákvæðum laga þessara eða samþykktum félags.

Bótafjárhæð má færa niður með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið, efnahags tjónvalds og annarra atvika.

97. gr.

Ákvörðun um að félag skuli hafa uppi skaðabótakröfu, sbr. 96. gr., skal tekin á félagsfundi.

Ákvörðun félagsfundar um ábyrgðarleysi eða um að beita ekki fébótaábyrgð er ekki bindandi fyrir þrotabú félagsins ef félagið telst hafa verið ógjaldfært þegar ákvörðunin var tekin eða gjaldþrotaskipti hefjast innan árs frá ákvörðuninni.

98. gr.

Skaðabótamál þau sem um ræðir í 97. gr. skal höfða nema krafan byggist á refsiverðum verknaði:

a. Gegn stofnendum innan þriggja ára frá því að ákvörðun um stofnun félags var tekin.
b. Gegn stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum (kaupfélagsstjóra) innan þriggja ára frá lokum þess reikningsárs þar sem ákvörðunin eða athöfnin, sem málið byggist á, var samþykkt eða gerð.
c. Gegn skoðunarmönnum og endurskoðanda innan tveggja ára frá því að endurskoðun lauk og endurskoðunarskýrsla eða yfirlýsing var lögð fram.

Mál skv. 2. mgr. 97. gr. skal höfða síðast þremur mánuðum eftir að félagið hefur verið úrskurðað gjaldþrota.

99. gr.

Nú vanrækja stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjóri (kaupfélagsstjóri), skoðunarmenn, endurskoðandi eða skilanefndarmenn skyldur sínar samkvæmt lögum þessum, félagssamþykktum eða ályktunum félagsfundar og getur þá ráðherra boðið þeim, að

viðlagðri ákveðinni dagsekt eða vikusekt, að inna skylduverk af hendi. Bera má lögmæti úrskurðar undir dómstóla innan mánaðar frá birtingu hans.

100. gr.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum:

1. Að skýra vísvitandi rangt eða villandi frá högum samvinnufélags eða öðru, er það varðar, í opinberri auglýsingu eða tilkynningu, í opinberu boði til þátttöku í stofnun félags eða í útboði hluta í B-deild stofnsjóðs, í skýrslum, ársreikningi eða yfirlýsingum til félagsfundar eða forráðamanna félags eða í tilkynningum til samvinnufélagaskrár.
2. Að brjóta vísvitandi ákvæði laga þessara um sölu hluta í B-deild stofnsjóðs og útgáfu samvinnuhlutabréfa, um hlutaskrá, tillög í varasjóð, úthlutun arðs og um greiðslu til félagsaðila og eigenda hluta í B-deild stofnsjóðs við slit félags og í öðrum tilvikum þegar slíkt er heimilt.

101. gr.

Hver sá, sem vísvitandi ber út rangar frásagnir eða með öðrum samsvarandi hætti skapar rangar hugmyndir um hag samvinnufélags eða annað er það varðar þannig að áhrif geti haft á sölu eða söluverð hluta í félaginu, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

Ef sá sem stjórnar samvinnufélagi eða kemur að öðru leyti fram fyrir hönd þess hermir vísvitandi rangt eða villandi um efnahag félags eða eignir í skjölum, bréfum til viðskiptamanna, umburðarbréfum eða tilkynningum eða skýrslum til opinberra aðila þá varðar það sektum eða varðhaldi, enda taki ákvæði 100. gr. eða 1. mgr. þessarar greinar eigi þar til.

102. gr.

Sá maður skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum sem gerist sekur um eftirgreindar athafnir að því er varðar atkvæðagreiðslu á félagsfundi:

1. Aflar sér eða öðrum ólöglegs færis á að taka þátt í atkvæðagreiðslu eða ruglar atkvæðagreiðslu með öðrum hætti.
2. Leitast við með ólögmætri nauðung, frelsisskerðingu eða misneytingu aðstöðu yfirboðara að fá félagsaðila eða umboðsmann hans til þess að greiða atkvæði á ákveðinn hátt eða til þess að greiða ekki atkvæði.
3. Kemur því til leiðar með sviksamlegu atferli að félagsaðili eða umboðsmaður hans greiði ekki atkvæði, þó að hann hafi ætlað sér það, eða að atkvæði hans ónýtist eða hafi önnur áhrif en til var ætlast.
4. Greiðir, lofar að greiða eða býður félagsaðila eða umboðsmanni hans fé eða annan hagnað til þess að neyta ekki atkvæðisréttar síns eða til að greiða atkvæði félaginu í óhag.

103. gr.

Sá sem vanrækir tilkynningar til samvinnufélagaskrár samkvæmt lögum þessum skal sæta sektum eða varðhaldi.

104. gr.

Nú hefur stjórnanda félags eða öðrum, sem komið hefur fram fyrir hönd þess, verið dæmd sekt vegna brots í starfi sínu fyrir félagið og ber félagið þá ábyrgð á greiðslu sektar ef innheimta hefur orðið árangurslaus hjá sökunaut sjálfum. Ef ekki eru ákvæði í refsidómi um ábyrgð félagsins verður sektin því aðeins innheimt með aðför hjá því að dæmt sé um skyldu þess í sérstöku opinberu máli.

XVI. KAFLI
Gildistaka o.fl.

105. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

106. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög, að undanskilinni 29. gr. þeirra laga sem fellur úr gildi 1. janúar 1996.

Ákvæði til bráðabirgða.

Samvinnufélög og samvinnusambönd, sem starfandi eru við gildistöku laga þessara, skulu hafa breytt samþykktum sínum í samræmi við ákvæði laganna í síðasta lagi 1. janúar 1993 og skulu þau um leið fullnægja tilkynningarskyldu til samvinnufélagaskrár.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Upphaf nútíma samvinnureksturs er rakið til bæjarins Rochdale í Bretlandi þar sem 27 vefarar stofnuðu kaupfélag og opnuðu verslun árið 1844. Áður höfðu verið gerðar tilraunir í svipaða átt, en þær orðið skammlífar. Kaupfélag vefaranna gekk hins vegar vel og þær grundvallarreglur, sem það byggði á, urðu viðfrægar og kveikjan að stofnun fleiri kaupfélaga á Bretlandseyjum og síðar í öðrum ríkjum. Reglurnar, sem síðar fengu nafnið Rochdale-reglurnar, voru sem hér segir:

1. Frjáls aðild að félaginu.
2. Lýðræðisleg stjórn.
3. Tekjuafgangur greiddur af vörukaupum.
4. Lágir vextir greiddir af stofnfé félagsmanna.
5. Hlutleysi í stjórnmálum og trúmálum.
6. Staðgreiðsluviðskipti.
7. Fræðslustarf.

Á þessum meginreglum hefur rekstur samvinnufélaga byggst, en þau eru nú starfandi í svo til öllum ríkjum og hafa mörg hundruð milljónir félagsmanna innan vébanda sinna. Árið 1966 voru reglurnar nánar útfærðar og orðalagi þeirra í sumu breytt í samþykkt sem 23. þing Alþjóðasamvinnusambandsins gerði í Vínarborg.

Straumar samvinnuhreyfingarinnar bárust hingað til lands og fyrsta kaupfélagið var stofnað að Þverá í Laxárdal 20. febrúar 1882. Að stofnun þess stóðu þingeyskir bændur og hlaut félagið nafnið Kaupfélag Þingeyinga. Félagið starfaði í fyrstu sem pöntunarfélag. Það annaðist útflutning á sauðfé félagsmanna og keypti í staðinn vörur sem skipt var upp á milli þeirra á kostnaðarverði. Ekki var um rekstur sölubúðar né sjóðamyndun

að ræða og reksturinn var gerður upp án tekjuafgangs.

Stofnun Kaupfélags Þingeyinga vakti mikla athygli meðal landsmanna og fram til aldmóta voru stofnuð níu kaupfélög til viðbótar. Á 20. afmælisdegi Kaupfélags Þingeyinga árið 1902, stofnuðu þrjú þingeysk kaupfélög Sambandskaupfélag Þingeyinga sem með aukinni þátttöku var skýrt Sambandskaupfélag Íslands. Árið 1910 var nafninu breytt í Samband íslenskra samvinnufélaga sem það hefur borið síðan.

Eins og áður sagði voru kaupfélögin í fyrstu rekin sem pöntunar- og afurðasölufélög, en árið 1895 var samþykkt í Kaupfélagi Þingeyinga að hver félagsmaður legði 3% af andvirði kaupa sinna á erlendum vörum í „varasjóð" og er það talið fyrsta skrefið til myndunar stofnsjóðs í samvinnufélögunum. Það kom svo í hlut Kaupfélags Eyfirðinga árið 1906 að verða fyrst til að taka upp 3. Rochdale-regluna hér á landi og skipta verslunarágóða milli félagsmanna jafnframt því sem stofnsjóður félagsmanna var myndaður í félaginu. Ári seinna var samþykktum Sambandskaupfélagsins breytt á sama veg. Með þessari breytingu var rekstri íslensku samvinnufélaganna breytt úr pöntunarfélagsrekstri yfir í verslunarrekstur með sama sniði og algengast var orðið hjá samvinnufélögum nágrannaríkjanna.

Deilur um skattlagningu samvinnufélaga hófust þegar haustið 1882 þegar hreppsnefnd Húsavíkurhrepps lagði 80 kr. aukaútsvar á Kaupfélag Þingeyinga. Var sú álagning tilefni margra ára málastapps og löngum síðan hefur verið um það deilt hvort kaupfélög bæru sambærilega skatta og skyldur og önnur fyrirtæki í landinu. Með skattabreytingum á síðustu áratugum og breytingum á rekstri samvinnufélaga hafa þær deilur hljóðnað.

Á síðustu árum hefur samvinnufélögum fækkað í landinu. Starfandi kaupfélög innan Sambands íslenskra samvinnufélaga eru nú 27 talsins með samtals 43178 félagsmenn, miðað við árslok 1989. Kaupfélögunum hefur fækkað um tíu á fáum árum. Af öðrum samvinnufélögum sem starfandi eru má nefna Sláturfélag Suðurlands, Mjólkurfélag Reykjavíkur, Mjólkurbú Flóamanna og Samvinnufélag útgerðarmanna á Neskaupstað.

Sérstök lög um samvinnufélög voru fyrst sett árið 1921 að frumkvæði þingmannanna Sigurjóns Friðjónssonar, Einars Árnasonar og Hjartar Snorrasonar. Eru þau lög nr. 36/1921. Lögunum var breytt með lögum nr. 22/1930 og með lögum 22/1937 og voru breytingarnar felldar inn í meginmál laganna og lögin gefin út sem lög um samvinnufélög, nr. 46 13. júní 1937. Gerðar voru breytingar á lögunum árin 1938, 1958 og 1977.

Alþingi ályktaði 29. maí 1980 að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning að nýrri löggjöf um samvinnufélög og samvinnusambönd í samráði við samvinnuhreyfinguna.

Haustið 1980 skipaði síðan þáverandi viðskiptaráðherra fimm manna nefnd til þess að vinna að verkefni þessu. Í nefndina voru skipaðir Baldur Óskarsson framkvæmdastjóri, Guðmundur Skaftason þáverandi hæstaréttarlögmaður, Halldór Ásgrímsson alþingismaður, Tómas Bergsson viðskiptafræðingur og Gaukur Jörundsson sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Nefndin skilaði drögum að frumvarpi til laga um samvinnufélög á árinu 1983.

Skömmu eftir að frumvarpsdrög þessi voru afhent urðu stjórnarskipti og í ársbyrjun1984 skipaði nýr viðskiptaráðherra nýja nefnd til að endurskoða lög og stofnanir í atvinnurekstri eða með önnur fjárhagsleg markmið. Formaður þeirrar nefndar var Árni Vilhjálmsson prófessor. Á fundum sínum, árið 1985, ræddi nefndin fyrirliggjandi frumvarpsdrög frá fyrri nefndinni og síðan samdi formaðurinn drög að nýju frumvarpi. Ekki

vannst hins vegar tími til að vinna greinargerð eða aðrar athugasemdir og ekki var lagt fram frumvarp að sinni.

Hinn 23. apríl 1990 skipaði viðskiptaráðherra nefnd til þess að endurskoða lögin um samvinnufélög og til að semja frumvarp til nýrra laga um það efni. Í nefndina voru skipaðir: Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri, formaður, Erlendur Einarsson, fyrrverandi forstjóri, Hörður Zóphaníasson skólastjóri, Ólafur Sverrisson, fyrrverandi kaupfélagsstjóri, og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Nefndin hafði framangreind frumvarpsdrög til hliðsjónar við starf sitt, en tók ákvörðun um það að aðlaga frumvarpið að lögum um hlutafélög eftir því sem við á. Þannig er t. d. gert ráð fyrir því í frumvarpinu að samvinnufélögum verði gert kleift að afla sér eigin fjár með sölu hluta í B-deild stofnsjóðs sem að mörgu svipar til sölu hluta í hlutafélögum. Eignarhaldi á hluta í B-deild stofnsjóðs fylgir þó ekki atkvæðisréttur á félagsfundum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er tekið upp yfirlit um helstu atriði, sem aðgreina samvinnufélög frá öðrum félagsformum, og einnig er þar ákvæði um að viðskiptaráðherra fari með framkvæmd laganna. Er það í samræmi við núverandi skipan.

Í samvinnufélögum er stofnfé ekki fastákveðin fjárhæð eins og er í hlutafélögum, en félagsmenn greiða aðildar- eða inntökugjald og öðlast við það hlutdeild í stofnsjóði félagsins. Félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins með þeirri stofnsjóðsinneign er þannig myndast, en ekki að öðru leyti nema því aðeins að félagsmaður hafi sérstaklega tekið á sig ábyrgð á einstökum skuldbindingum félagsins.

Með ákvæðinu um að félagatala sé óbundin er átt við það að skylt er að veita nýjum félögum inngöngu í samvinnufélag ef þeir fullnægja almennum skilyrðum um félagsaðild.

Um 2. gr.

Í þessari grein er fjallað um starfssvið samvinnufélaga, en þar er í fyrsta lagi um að ræða svokallaða pöntunarfélagsstarfsemi, það er að útvega félagsaðilum vörur og hvers konar þjónustu til eigin þarfa án þess að starfrækja sölubúð. Einnig getur verið um að ræða almennan verslunarrekstur fyrir neytendur. Í þriðja lagi má nefna vinnslu og sölu afurða sem félagsmenn framleiða í eigin atvinnurekstri. Dæmi um þetta eru t.d. samvinnufélag um rekstur mjólkurbús eða sláturhúss sem stofnað er til vinnslu landbúnaðarafurða bænda eða framleiðslusamvinnufélag sem myndað er um iðnrekstur. Í fjórða lagi geta samvinnufélög annast starfsemi er miðar á annan hátt að því að efla hag félagsmanna og getur þar verið um víðtækt svið að ræða svo sem hvers konar starf til eflingar atvinnulífi í heimabyggð félagsmanna.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Hér er að finna reglur, sem fylgja ber við stofnun samvinnufélags, og þau skilyrði sem gerð eru til stofnenda. Það er nýmæli í greininni að félög eða stofnanir, sem stunda at-

vinnurekstur, geta verið stofnendur samvinnufélags. Það er einnig nýmæli að gert er ráð fyrir að samvinnufélagi sé afmarkað sérstakt starfssvæði eða starfssvið. Af því leiðir m.a. að ekkert er því til fyrirstöðu að samvinnufélag taki til landsins alls.

Gerð er krafa til þess að stofnfundur samvinnufélags sé boðaður með opinberri auglýsingu, en með því á að tryggja að allir þeir, sem búa á starfssvæði fyrirhugaðs félags eða starfa á starfssviði þess og fullnægja að öðru leyti almennum skilyrðum, eigi þess kost að gerast stofnendur.

Vakin er athygli á ábyrgð þeirra er rita undir stofnskjöl samvinnufélags fyrir hönd lögaðila, en hér er um sambærileg ákvæði að ræða og gilda um þá sem undirrita stofnskjöl fyrir hönd lögaðila sem stofnanda hlutafélaga.

Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá lágmarksfjölda stofnenda samvinnufélags og er þá einkum höfð í huga stofnun framleiðslusamvinnufélaga, t.d. þegar menn stofna samvinnufélag um minni háttar rekstur sem þeir hyggjast vinna við.

Um 5. gr.

Í þessu ákvæði eru talin upp atriði sem nauðsynlegt er að taka afstöðu til við stofnun samvinnufélags. Upptalningin er ekki tæmandi auk þess sem taka má í samþykktir ákvæði um fleiri atriði en hér er getið.

Í 1. og 2. tölul. eru ákvæði um heiti, heimilisfang, varnarþing og tilgang samvinnufélags og er þar um hliðstæð ákvæði að ræða og gilda um hlutafélög.

Skv. 3. tölul. skal setja í samþykktir ákvæði um starfssvæði eða starfssvið og er í því sambandi vísað til athugasemda við 4. gr. hér að framan.

Gert er ráð fyrir að stofnendur samvinnufélags ákveði fyrirfram starfssvæði eða starfssvið félagsins. Þetta hefur m.a. þýðingu varðandi heimild einstaklinga og lögaðila til aðildar í samvinnufélagi.

Skv. 4. tölul. skal setja í samþykktir ákvæði um fjölda stjórnarmanna, varastjórnarmanna og endurskoðenda og hvernig kjöri þeirra sé háttað. Skv. 27. gr. frumvarpsins er lágmarkstala stjórnarmanna þrír en ákveða má að þeir séu fleiri. Í 28. gr. frumvarpsins er fjallað um val endurskoðenda. Í samþykktir skal setja ákvæði um hvernig að kjöri stjórnarmanna sé staðið og má þá m.a. ákveða að þeir gangi ekki samtímis úr stjórn, þannig að betur sé tryggt að innan stjórnar sé jafnan nægileg þekking á málefnum félagsins.

Skv. 5. tölul. skal fjalla um deildaskipan, en algengt er að samvinnufélögum sé skipt í deildir, t.d. eftir sveitarfélögum eða byggðahverfum, sem síðan kjósa fulltrúa á aðalfund. Um þetta er nánar fjallað í 22. gr. frumvarpsins, en í samþykktir þarf að setja ákvæði um fulltrúatölu hverrar deildar á aðalfundi, um verkefni deildarstjórna o.fl.

Skv. 6. tölul. skal setja í samþykktir ákvæði um ráðningu framkvæmdastjóra (kaupfélagsstjóra) sem veitir daglegum rekstri félagsins forstöðu. Unnt er að afmarka starfssvið hans nánar í samþykktum félagsins en um þetta efni er annars fjallað í 28. gr. frumvarpsins.

Skv. 7. tölul. skal setja í samþykktir félagsins ákvæði um boðun félagsfunda og deildafunda, ef um það er að ræða, en í 26. gr. er að finna almenn ákvæði um þetta efni. Sérstaklega skal í samþykktunum fjalla um hvenær aðalfund skuli halda og hvernig skuli til hans boðað, en gera má auknar kröfur um boðun aðalfundar í samþykktum félags umfram það sem í 26. gr. segir.

Skv. 8. tölul. skal í samþykktum ákveða aðildargjald að samvinnufélagi. Reynslan

sýnir að ákvörðun um fjárhæð aðildargjalds úreldist fljótt sökum almennra verðbreytinga í þjóðfélaginu. Þykir því rétt að hafa heimild til þess að ákveða í samþykktum félags að breyta megi fjárhæð gjaldsins í samræmi við verðlagsbreytingar án þess að til breytinga á samþykktum félagsins komi. Þarf þá að setja nánari ákvæði í samþykktirnar um viðmiðun breytinga, t.d. viðmiðun við ákveðna verðlagsvísitölu og einnig um það hvort breyting eigi sér stað einu sinni á ári eða oftar. Sé hins vegar ætlunin að breyta raunverulegu verðgildi aðildargjalds er nauðsynlegt að breyta samþykktum félagsins.

Þá er nauðsynlegt að setja í samþykktir félagsins ákvæði um gjalddaga aðildargjalds, t.d. hvort það sé gjaldkræft þegar við inngöngu í félagið og einnig þarf að setja ákvæði um greiðsluform, en ef aðildargjald er hátt er e.t.v. nauðsynlegt að gefa kost á greiðslu þess með afborgunum.

9. tölul. fjallar um almenn skilyrði aðildar að félaginu, en um það er fjallað í IV. kafla frumvarpsins. Meðal almennra skilyrða má nefna búsetu eða starfsvettvang.

10. tölul. fjallar um aðild lögaðila að samvinnufélagi, en sérstaklega þarf að kveða á um það í samþykktum samvinnufélags hvort lögaðilum sé veitt aðild að félaginu, sbr. 1. mgr. 15. gr. frumvarpsins. Þá skal einnig bent á 2. mgr. 4. gr. um heimild lögaðila til þess að standa að stofnun samvinnufélags. Hafi lögaðilar aðild að félaginu gilda ákvæði IV. kafla frumvarpsins jafnt um það sem einstaklinga.

11. tölul. fjallar um atkvæðavægi á félagsfundum, en um það er nánar ákveðið í 1. og 2. mgr. 20. gr. Fyrsta málsgrein fjallar um deildaskipt félög þar sem ákveða má í samþykktum misjafnt vægi á atkvæðastyrk fulltrúa deildanna á félagsfundum. Skv. 2. mgr. er heimilt að ákveða í samþykktum félags, sem sinnir verkefnum fyrir framleiðendur vöru eða þjónustu, að félagsaðilar fái viðbótaratkvæði á félagsfundum í hlutfalli við viðskipti þeirra við félagið á næstliðnu almanaksári. Einnig er heimilt að veita í samþykktum félagins lögaðilum, sem aðild eiga að samvinnufélagi, viðbótaratkvæði á félagsfundum. Í báðum tilvikum er nauðsynlegt að ákveða nánar í samþykktum félagsins hversu mörg slík viðbótaratkvæði skulu vera og hvernig fara skuli með útreikning þeirra og skiptingu.

Í 12. tölul. er fjallað um ráðstöfun eigna félagsins ef því er slitið án gjaldþrotaskipta, en í samþykktum þess má t.d. ákveða að eignir þess renni þá til annars félags, er starfi að hliðstæðu markmiði eða til viðkomandi sveitarfélags, sjá nánar XIII. kafla laganna.

Í 13. tölul. er fjallað um aðild starfsmanna að stjórn félagsins, en í samþykktum má veita starfsmönnum slíkan rétt. Í samþykktum má og kveða nánar á um hann, t.d. hvort um fullan ákvörðunarrétt er að ræða eða hvort um sé að ræða seturétt með málfrelsi og tillögurétti. Heimild þessi er sett til þess að unnt sé að auka atvinnulýðræði í samvinnufélögum. Minnt skal þó á að stjórnaraðildinni eru takmörk sett með ákvæði 1. mgr. 27. gr. sem segir að meiri hluti stjórnarmanna skuli ætíð kjörinn af aðalfundi.

Í 14. tölul. er fjallað um skylt atriði, en í samþykktum má veita utanaðkomandi aðilum rétt til setu á félagsfundum. Gæti þar t.d. verið um að ræða fulltrúa starfsmanna, stjórnvalda eða hagsmunaaðila, svo sem fulltrúa neytenda og framleiðenda.

Í 15. tölul. er fjallað um mikilvægt atriði, en það er hvort setja skuli á fót B-deild stofnsjóðs í félaginu, sbr. ákvæði 37., 39., 40. og 48. gr. frumvarpsins, en þau ákvæði þarf að útfæra nánar í samþykktum félagsins.

Um 6.–8. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Greinin er í samræmi við ákvæði núgildandi hlutafélagalaga. Felur hún í sér að óskrásett samvinnufélag getur ekki verið sjálfstæður réttaraðili.

Er það fyrirsvarsmönnum nýstofnaðs félags hvatning til þess að láta skrá félagið í samræmi við reglur þar að lútandi.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að sama fyrirkomulag gildi um skráningu samvinnufélaga og hlutafélaga, þ.e. að ein skrá sé haldin fyrir landið allt. Væntanlega myndi ráðherra fela skrifstofu hlutafélagaskrár að halda einnig skrána um samvinnufélög, en fyrirkomulag fyrirtækjaskráningar almennt er nú til endurskoðunar hjá viðskiptaráðuneytinu.

Í 2. mgr. er kveðið á um að öllum sé heimill aðgangur að samvinnufélagaskrá. Byggist þetta á því eðli samvinnufélaga að þau eru almenningsfélög og öllum opin sem uppfylla almenn skilyrði um aðild og einnig má benda á heimild samvinnufélaga til þess að afla sér eigin fjár með sölu hluta í B-deild stofnsjóðs.

Um 11. gr.

Í þessari grein er kveðið á um þann frest sem stjórn samvinnufélags hefur til þess að tilkynna það til skráningaraðila. Stjórnendur geta orðið persónulega ábyrgir fyrir skuldbindingum ef þeir fylgja ekki þessum fyrirmælum, sbr. 9. gr., og tjón hlýst af. Í greininni eru talin upp þau atriði sem tilkynna skal og fylgiskjöl tilkynningar.

Um 12. gr.

Gert er ráð fyrir að hjá samvinnufélagaskrá liggi fyrir upplýsingar um efni samþykkta samvinnufélaga á hverjum tíma.

Um 13. gr.

Í þessari grein er aðilum gefinn kostur á að bæta úr því sem ábótavant kann að vera í tilkynningu þeirra til samvinnufélagaskrá áður en skráningu er synjað af þeim sökum.

Um 14. gr.

Auk þess sem aðgangur að samvinnufélagaskrá er öllum heimill er nauðsynlegt að birta helstu atriði úr tilkynningum, er samvinnufélög varða, í Lögbirtingablaði, og er þar um sömu skipan að ræða og nú gildir um hlutafélög.

Um 15. gr.

Aðalreglan er sú að aðild að samvinnufélagi er opin öllum sem fullnægja þeim almennu inntökureglum sem settar eru í samþykktum félagsins. Slík almenn skilyrði geta t.d. varðað búsetu eða starfsgrein. Hér verður að gera ráð fyrir að efnisrök liggi að baki hinum almennu aðildarskilyrðum þannig að þau séu ekki í raun bundin við mjög þröngan hóp manna, en meginreglan er sú að félögin skuli vera sem flestum opin.

Félagsaðild fellur brott þegar félagsaðili fullnægir ekki ákvæðum félagssamþykkta um aðild, t.d. ef hann flytur brott af starfssvæði félags eða hættir störfum í þeirri starfsgrein sem er skilyrði aðildar, t.d. í framleiðslusamvinnufélagi. Gera má undanþágu frá þessu með samþykkt aðalfundar, t.d. þess efnis að félagsmenn sem láta af störfum vegna aldurs haldi áfram aðild að félaginu. Félagsfundur getur vikið félagsaðila úr félaginu ef hann

telur að félagsaðili hafi brotið gróflega gegn samþykktum félagsins og hagsmunum, en samkvæmt almennum reglum eiga dómstólar þá úrskurðarvald um hvort ástæður brottrekstrar séu nægar.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 17. gr.

Eðli samvinnufélaga er að aðild að þeim og réttindi eru bundin við félagsaðila sem fullnægir settum skilyrðum. Með öllu er óvíst að aðrir geti gengið þar í hlutverk hans. Við slíkar aðstæður er óeðlilegt að félagsréttindi séu framseljanleg eða gangi að erfðum.

Í 2. mgr. felst að skuldheimtumenn félagsaðila geta ekki gengið að inneign hans í óskipum stofnsjóði eða A-deild stofnsjóðs samvinnufélags til fullnustu kröfum sínum á félagsaðilann og hann getur ekki selt hlut sinn í þeim. Hins vegar kemur hlutdeild hans í stofnsjóði til útborgunar við tilteknar aðstæður, sbr. 38. gr., og ávallt er hægt við aðför að ganga að eignarhlutum í B-deild stofnsjóðs vegna krafna á eigendur þeirra.

Um 18. gr.

Ákvæði þetta er í samræmi við ákvæði 1. gr. og þarfnast ekki nánari skýringar.

Um 19. gr.

Félagsfundur hefur æðsta vald í málefnum samvinnufélags. Félagsfundir geta ýmist verið aðalfundir eða aukafundir og í greininni er minni hluta í samvinnufélaginu veitt færi á að koma fram félagsfundi með tilteknum skilyrðum. Er þetta er í samræmi við gildandi skoðanir um rétt minni hluta í félögum.

Þá er einnig í greininni að finna úrræði til þess að koma fram félagsfundi ef stjórn félagsins sinnir ekki skyldum sínum til þess að boða til slíks fundar þegar það er skylt.

Um 20. gr.

Meginreglan er sú að í samvinnufélögum eiga allir félagsaðilar jafnan atkvæðisrétt. Ef samvinnufélagi er skipt í deildir hafa þeir fulltrúar sem deildirnar kjósa til setu á félagsfundum jafnan atkvæðisrétt. Tala fulltrúa sem hver deild kýs fer hins vegar eftir samþykktum félagsins, en stundum er þar mælt fyrir um lágmark fulltrúafjölda fámennra félagsdeilda og skerðingu á fulltrúafjölda hinna fjölmennari miðað við fjölda félagsaðila. Í frumvarpinu er lagt til að möguleiki á því haldist.

Þá er skv. 2. mgr. heimilt að ákveða í samþykktum félags, sem sinnir verkefnum fyrir framleiðendur vöru eða þjónustu, að félagsaðilar fái viðbótaratkvæði á félagsfundum í hlutfalli við viðskipti þeirra við félagið á næstliðnu almanaksári og einnig er heimilt að veita lögaðilum, sem aðild eiga að félaginu, viðbótaratkvæði. Þetta ákvæði er sett í því skyni að tengja áhrif í félaginu við viðskipti framleiðenda og lögaðila, sem eftirsóknarvert og eðlilegt kann að vera að hafa í félaginu.

Skv. 3. mgr. eru gerðar vægari kröfur um fundarsókn en er í hlutafélögum og byggist það á því að samvinnufélög eru oft mjög fjölmenn og því erfitt að ná lögmætum fundi ef strangari kröfur eru gerðar til fundarsóknar félagsmanna.

Ákvæði 4. mgr. byggjast á því að aðalfund verður að halda og ljúka þar lögmæltum

verkefnum. Ákvæðið á því ekki við um aukafundi í félaginu.

Ákvæði 5. gr. er í samræmi við almennar reglur í félögum, en í frumvarpinu eru gerðar kröfur til aukins meiri hluta í ákvæðum XIII. og XIV. kafla sem fjalla um slit félags og breytingar á félagssamþykktum.

Ákvæði 6. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Um 21. gr.

Hér eru talin upp þau mál sem nauðsynlegt og eðlilegt er að taka fyrir og afgreiða á reglulegum aðalfundi. Ákvæðið er að mestu sniðið eftir samsvarandi ákvæði hlutafélaga. Þó er bætt inn í það að skylt sé að kjósa stjórn og skoðunarmenn (endurskoðanda) á aðalfundi og að ákveða um þóknun þeirra fyrir liðið ár.

Ákvæði 2. mgr. er nýmæli í lögum um samvinnufélög, en það miðast við rétt minni hluta í samvinnufélagi til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við aðra félagsaðila og setja þar fram tillögur til ályktunar.

Um 22. gr.

Þessi grein gildir eingöngu um fundi í deildaskiptum samvinnufélögum, en þar skal ávallt haldinn reglulegur aðalfundur deildar og þar tekin fyrir og afgreidd ýmis mikilvæg málefni er deildina varða. Aðra deildafundi skal halda eftir þörfum.

Um 23. gr.

Samvinnufélög eru í eðli sínu almenningsfélög og meginreglan er sú að þar ríkir jafn atkvæðisréttur allra félagsaðila. Þátttaka í félagsstarfinu er mjög persónubundin. Félagsréttindi eru t.d. ekki framseljanleg í samvinnufélagi. Ekki þykir rétt að gefa kost á því að félagsaðili mæti á fundi með umboð frá fjölda annarra félagsaðila. Þó er gerð sú undantekning að félagsaðili getur farið með atkvæði samkvæmt umboði frá einum félagsaðila auk síns atkvæðis og er sú regla einkum miðuð við að menn geti beðið vini og vandamenn að fara með umboð sitt ef þeir forfallast frá því að mæta á félagsfundi. Ekki sé hins vegar hægt að „smala“ umboðum frá félagsaðilum, t.d. í sambandi við valdabaráttu í félaginu.

Um 24. gr.

Hér er um almennar verklagsreglur um stjórn félagssfunda og um rétt félagsmanna til aðgangs að fundargerðum að ræða. Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 25. gr.

Nauðsynlegt er að félagsmenn hafi aðgang að nægilegum upplýsingum um málefni félagsins til þess að geta mótað afstöðu til tillagna er fram koma á félagsfundi. Sumar upplýsingar eru þó þess eðlis að eigi er hægt að gera þær opinberar án tjóns fyrir félagið. Félagsstjórn verður að meta í einstökum tilvikum hvort svo sé að viðlagðri ábyrgð skv. 96. gr.

Um 26. gr.

Hér er gert ráð fyrir viku fyrirvara hið skemmsta um fundarboð til félagsfunda. Í fjölmennum samvinnufélögum er rétt að boða til fundar með opinberri auglýsingu.

Nauðsynlegt er að vanda til fundarboðunar þar eð ætla verður að fundarsókn sé mjög

undir því komin hvaða málefni verða tekin fyrir á fundum félagsins. Mál sem ekki eru tilgreind í dagskrá félagsfundar verða ekki tekin til endanlegrar úrlausnar á fundinum.

Um 27. gr.

Um stjórn samvinnufélags er fjallað í 20. gr. núgildandi laga. Breytingin sem felst í þessari grein frumvarpsins er fyrst og fremst sú að heimilað er að veita starfsmönnum, hagsmunatökum eða stjórnvöldum rétt til tilnefningar í stjórnina, en meiri hluti stjórnarmanna skal þó ávallt kjörinn á aðalfundi. Dæmi um aðila sem hefðu slíkan tilnefningarrétt eru starfsmannafélag, verkalýðsfélag, samtök bænda og sveitarstjórn.

Í gildandi lögum er mælt fyrir um að stjórnarmenn gangi úr stjórn á víxl og þó aldrei meiri hluti á sama ári nema óviðráðanleg atvik valdi. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að slíkar reglur verði settar í samþykktum félagsins ef það er vilji félagsmanna. Það fer og eftir samþykktum félagsins hvernig kosningu stjórnarmanna skal háttað.

Í 2. mgr. er fjallað um almenn skilyrði fyrir kjörgengi stjórnarmanna. Vakin er athygli á því að ef félög eða stofnun er aðili að samvinnufélagi eru stjórnarmenn og framkvæmdastjórar slíkra félaga eða stofnunar kjörgengir í stjórn samvinnufélagsins. Í samþykktum skal ákveða kjörtímabil stjórnarmanna, sbr. 4. tölul. 5. gr.

Um 28. gr.

Í þessari grein er fjallað um meginverkefni stjórnar og framkvæmdastjóra og verkaskiptingu þeirra á milli. Verkefni stjórnar er fyrst og fremst að sjá um að starfsemi félagsins fari fram í samræmi við lög þessi og samþykktir félagsins. Félagsfundir eru æðsta stjórn félagsins og stjórninni ber að sjálfsögðu að gæta þess að ákvarðanir þeirra séu framkvæmdar. Í því að skipulag félagsins og starfsemi haldist í góðu og réttu formi felst m.a. að stjórnin hafi frumkvæði um að móta stefnu félagsins til lengri tíma og leggi tillögur um það fyrir félagsfundi.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og gerir við hann ráðningarsamning skv. 2. mgr., en framkvæmdastjórinn ræður annað starfslið ef eigi er á annan veg fyrir mælt í samþykktum félagsins. Eðlilegt þykir að meginreglan sé sú að framkvæmdastjórinn velji sér samstarfsmenn eftir þörfum til þess að ná settum rekstrarmarkmiðum. Framkvæmdastjórinn má ekki jafnframt sitja í stjórninni, enda á hún að hafa eftirlit með störfum hans.

Í 3. mgr. er lýst meginverkefnum framkvæmdastjóra (kaupfélagsstjóra). Hann skal sjá um daglegan rekstur og hefur því aðeins heimild til annarra ráðstafana að til slíks liggi sérstök heimild stjórnar eða félagsfunda.

Í 4. mgr. er sú skylda lögð á stjórn að sjá um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Í þessu felst að stjórnin tryggi að innra eftirlit sé í góðu lagi og verklagsreglur um meðferð fjármuna séu í samræmi við góðar rekstrarvenjur.

Í 5. gr. er fjallað um prókúruumboð, en um það eru nánari ákvæði í lögum nr. 42 13. nóvember 1903, um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð.

Um 29. gr.

Í þessari grein eru almenn ákvæði um starfshætti stjórnarfunda.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að formaður boði til stjórnarfunda en jafnframt skuli halda fund ef einhver stjórnarmanna krefst þess. Þetta ákvæði kemur ekki í veg fyrir að stjórnin ákveði fyrir fram fundardaga reglulegra stjórnarfunda.

Framkvæmdastjóri á sæti á stjórnarfundi með umræðu- og tillögurétti, enda býr hann yfir margvíslegum upplýsingum um hag félagsins. Stjórnin getur þó ákveðið annað í einstökum tilvikum, t.d. ef fjallað er um mál er snerta framkvæmdastjórann persónulega.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um þá meginreglu að mikilvæga ákvörðun megi ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi átt þess kost að fjalla um málið sé þess kostur. Forfallist stjórnarmaður skal ávallt veita varamanni kost á þátttöku í stjórnarfundum meðan forföllin vara.

Í 3. mgr. segir að einfaldur meiri hluti atkvæða ráði úrslitum á stjórnarfundum. Í samþykktum samvinnufélags má þó gera ríkari kröfur og þar má einnig ákveða að atkvæði formanns ráði úrslitum þegar atkvæði eru jöfn.

Í 4. mgr. er fjallað um gerðabók félagsstjórnar, en mikilvægt er að þess sé gætt að þar séu skráðar allar ákvarðanir stjórnarinnar og bókanir stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Gerðabókin skal undirrituð af fundarmönnum til staðfestingar því að hún sé réttilega færð.

Um 30. gr.

Í þessari grein er fjallað um vanhæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra til meðferðar einstaks máls. Hér er um að ræða sambærilegar reglur um vanhæfi og fjallað er um í 56. gr. laga um hlutafélög, en þó eru kröfur til stjórnarmanna auknar nokkuð.

Vanhæfi stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra til meðferðar einstaks máls hefur þær afleiðingar að hann má hvorki taka þátt í umfjöllun um málið né vera viðstaddur ákvörðun stjórnar um það.

Um 31. gr.

Hér er fjallað um umboð til þess að binda félagið gegn þriðja manni. Í heimild til þess að rita firma félagsins felst umboð til þess að undirrita hvers konar löggerninga sem falla innan tilgangs félagsins. Sé umboð til ritunar firma félagsins veitt öðrum en framkvæmdastjóra eða stjórnarmönnum, t.d. fjármálastjóra eða gjaldkera félagsins, ber honum að fullnægja almennum hæfisskilyrðum, sbr. 2. mgr. 27. gr., og einnig sérstökum hæfisskilyrðum, sbr. 1. mgr. 30. gr.

Um 32. gr.

Hér er fjallað um stöðuumboð framkvæmdastjóra til þess að koma fram fyrir hönd félagsins, þ.e. í málum er varða daglegan rekstur. Sé um að ræða aðrar ráðstafanir ber framkvæmdastjóra, ef eftir því er leitað, að sýna fram á heimildir þar að lútandi sem geta falist í ákvörðun félagsfundar, félagsstjórnar eða í samþykktum félagsins.

Um 33. gr.

Þær reglur, sem fram koma í þessari grein, eru samhljóða ákvæðum 60. gr. laga um hlutafélög. Í 1. mgr. er lögð sú skylda á forsvarsmenn félagsins að þeir mismuni ekki félagsmönnum með ráðstöfunum sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum aðilum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra félagsmanna eða félagsins.

Í 2. mgr. er lagt bann við því að félagsstjórn og framkvæmdastjóri framfylgi ólögmætum ákvörðunum félagsfundar eða annarra stjórnaraðila félagsins. Brot á fyrrgreindum reglum getur m.a. varðað viðkomandi ábyrgð.

Um 34. gr.

Greinin fjallar um gildi löggerninga þegar svo er ástatt að sá sem kemur fram fyrir hönd félagsins, hefur farið út fyrir heimild sína. Löggerningur, sem gerður er við slíkar aðstæður, er óskuldbindandi fyrir félagið ef viðsemjandinn vissi eða mátti vita um heimildarskortinn.

Um 35. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa, en rétt er þó að taka fram að í hinni árlegu ákvörðun aðalfundar um þóknun stjórnarmanna og endurskoðenda má setja reglur um mánaðarlegar greiðslur upp í stjórnarlaun fyrir yfirstandandi ár, t.d. greiðslur sem miðist við stjórnarlaun næstliðins árs.

Um 36. gr.

Í þessari grein, sem er nýmæli, er lagt til að heimilt sé að hafa fulltrúanefnd í samvinnufélögum. Kostir við slíka nefnd eru þeir helstir að félagsmenn geta oft verið margir og er þá heppilegt að hafa sérstaka fulltrúanefnd sem starfar sem fastanefnd félagsmanna og getur komið á framfæri óskum og hagsmunamálum þeirra. Heimilt er að starfsmenn eigi fulltrúa í fulltrúanefnd ef gert er ráð fyrir slíku fyrirkomulagi í samþykktum félagsins. Fyrirmynd að þessu ákvæði er í 57. gr. laga um hlutafélög.

Ákvörðun um stofnun fulltrúanefndar þarf að koma fram í samþykktum samvinnufélags og má þar setja nánari ákvæði um starf hennar, þar á meðal ákvæði til þess að forða því, að valda- og ábyrgðarskipting í félaginu verði óskýr og geti orðið tilefni til árekstra milli félagsstjórnar og fulltrúanefndarinnar.

Um VII. kafla.

Ákvæði þessa kafla hafa að geyma þýðingarmikið nýmæli, en þar er átt við heimild samvinnufélags til þess að setja í samþykktir sínar ákvæði um B-deild stofnsjóðs sem myndaður er með sölu hluta í sjóðnum. Þeir sem kaupa hluti í B-deild stofnsjóðs fá í hendur samvinnuhlutabréf og gilda um þau venjulegar reglur um viðskiptabréf. Geta samvinnufélög þá aflað sér eigin fjár með sölu B-deildar hluta og þannig staðið jafnfætis hlutafélögum varðandi fjármagnsöflun. Gengið er út frá því að um samvinnuhlutabréf muni gilda sömu reglur og um önnur hlutabréf að því er varðar tekjuskatt og eignarskatt og sérstakar heimildir til skattafrádráttar vegna hlutabréfakaupa.

Um 37. gr.

Hér er fjallað um stofnsjóð samvinnufélags. Stofnsjóður er myndaður af séreignarhlutum félagsaðila, en þeir verða til við greiðslu aðildargjalds og við það að hluti af hagnaði félagsins bætist við. Til viðmiðunar skal hafa almenna sparisjóðsvexti og verðbætur í samræmi við almennar verðbreytingar í þjóðfélaginu, en aðalfundur getur ákveðið hærri eða lægri framlög í stofnsjóðinn eftir því sem afkoma félagsins leyfir. Hér ber þó ávallt að hafa í huga þær takmarkanir sem leiða af ákvæðum 40.–41. gr.

Með ákvæðum í samþykktum félagsins er hægt að stofna B-deild í stofnsjóði félagsins og nefnist þá stofnsjóður samkvæmt framangreindu „A-deild stofnsjóðs“. B-deildin er mynduð með sölu hluta og fá þeir sem kaupa hlutina í hendur svokallað samvinnuhlutabréf og öðlast rétt til hlutdeildar í hagnaði félagsins eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum þess og í lögunum, sjá nánar 49. gr.

Um 38. gr.

Stofnsjóð skal nota við rekstur félagsins og falla þar undir allir þættir hans, þar með taldar fjárfestingar. Séreignarhluti í stofnsjóði kemur ekki til útborgunar nema við sérstök skilyrði, þ.e. andlát félagsmanns eða slit félags sem aðild á að samvinnufélaginu. Einnig ef félagsaðili flyst af félagssvæði sem afmarkað er í samþykktum samvinnufélagsins, eða flyst af landi brott ef ekki er um félag að ræða með innan lands landfræðilega afmörkuðu starfssvæði. Um útborgun vegna flutnings gildir þó að viðkomandi þarf að óska eftir henni og ganga úr félaginu. Þá skal greiða út séreignarhluta félagsmanns í stofnsjóði ef hann hefur náð 70 ára aldri og getur hann þó haldið áfram þátttöku í félaginu. Einnig er gert ráð fyrir að heimilt sé að setja í samþykktir félagsins ákvæði sem leyfir útborgun séreignarhluta ef félagsaðili hættir þeirri starfsemi sem er grundvöllur þátttöku hans í félaginu. Þetta getur t.d. átt við félagsaðila í framleiðslusamvinnufélagi. Loks getur komið til útborgunar stofnsjóðs samkvæmt ákvæðum 87. gr.

Um 39. gr.

Gert er ráð fyrir að hlutir í B-deild stofnsjóðs hafi ákveðið nafnverð á sama hátt og gildir um hlutabréf. Hlutir í B-deild þurfa ekki að vera jafnir.

Heildarfjárhæð hluta í B-deild stofnsjóðs skal ákveðin í samþykktum samvinnufélags, en heimilt er að hafa þann hátt á að veita í samþykktunum ákveðið svigrúm til sölu B-deildar hluta og tekur félagsfundur þá nánari ákvörðun um sölu hluta innan þeirrar heimildar sem veitt er.

Um 40. gr.

Hér er mælt fyrir um að samvinnufélög skuli greiða arð af B-deildar hlutum af hagnaði félagsins eftir því sem fyrir er mælt í samþykktum. Hægt er ákveða í samþykktunum að greiðsla arðs af B-deildar hlutum hafi forgang fyrir greiðslum í A-deild stofnsjóðsins, en slíkt ákvæði myndi væntanlega auðvelda sölu B-deildar hlutanna.

Eigendur B-deildar hluta hafa forgangsrétt á greiðslu hluta sinna úr búi samvinnufélags, sem slitið er á annan hátt en við samruna eða gjaldþrot, umfram eigendur séreignarhluta í A-deild stofnsjóðsins, nema annað sé ákveðið í samþykktum félagsins.

Í samþykktunum má ákveða að eigendur hluta í B-deild stofnsjóðs eigi rétt á innlausn hluta sinna ef til samruna félagsins við annað samvinnufélag kemur. Gefur ákvæðið eigendum B-deildar hluta tækifæri á því að hætta þátttöku í félaginu ef forsendur fyrir henni breytast vegna sameiningar þess við annað félag. Innlausnin skal vera á því verði sem hlutirnir eru skráðir á hjá félaginu, en frá þeirri reglu má þó víkja með ákvæðum í samþykktunum.

Um 41. gr.

Ákvörðun um ráðstöfun arðs til stofnsjóðs félagsins skal tekin á aðalfundi og ef um skiptingu stofnsjóðsins í A- og B-deildir er að ræða skal fundurinn einnig ákveða hvernig arðurinn skiptist milli deildanna. Um þetta atriði er þó hægt að setja nánari ákvæði í samþykktir félagsins. Í óskiptum stofnsjóði bætist arðurinn við séreignarhluta, en í félagi með skiptum stofnsjóði kemur arður af B-deildar hlutum til útborgunar. Ekki er hægt að ákveða á aðalfundi hærri greiðslur í stofnsjóð en stjórn félagsins hefur lagt til eða samþykkir og er það ákvæði í samræmi við 1. mgr. 109. gr. hlutafélagalaganna. Um skiptingu arðs milli A- og B-deilda stofnsjóðs fer hins vegar ýmist eftir ákvörðun aðal-

fundar eða ákvæðum samþykkta félagsins og laga þessara.

Þrátt fyrir framansagt eiga eigendur B-deildar stofnsjóðs, sem samtals eiga minnst tíunda hluta sjóðsins, þá kröfu á aðalfundi að fundurinn taki ákvörðun um að greiða eigendum B-deildar arð að teknu tilliti til þeirra atriða sem talin eru upp í greininni. Þeir geta þó ekki krafist hærri greiðslu með þessu móti en sem nemur 10% af nafnverði hluta í B-deild félagsins nema þeim sé veittur frekari forgangsréttur í félagssamþykktum. Tekið skal fram að umræddir eigendur B-deildar hluta geta komið fram með slíka kröfu hvort sem hún á sér stoð í samþykktum eða ekki. Arðurinn fer þó að sjálfsögðu eftir afkomu félagsins, sbr. ákvæði 1. mgr. Réttur eigenda hluta í B-deild stofnsjóðs getur eftir atvikum haggað þeirri skiptingu milli A- og B-deildar sem fram kemur í 1. mgr. Í lok 2. mgr. er einnig kveðið á um rétt eigenda hluta í B-deild til þess að krefjast útgáfu jöfnunarhluta ef fullnægt er skilyrðum 51. gr.

Í þriðju málsgrein er fjallað um gjalddaga arðs af B-deildar hlutum og er það ákvæði samhljóða ákvæði hlutafélagalaga um greiðslu arðs af hlutafé.

Um 42. gr.

Þótt eigandi B-deildar hluta stofnsjóðs sé með ákveðnum hætti þátttakandi í félaginu hefur hann ekki atkvæðisrétt á félagsfundum vegna eignarhaldsins. Hann getur hins vegar verið félagsaðili með venjulegum hætti og notið sem slíkur fullra félagsréttinda samkvæmt samþykktum félagsins. Eigandi B-deildar, sem ekki er félagsaðili, hefur þó rétt til þess að mæta á félagsfundi með fullu málfrelsi og að senda umboðsmann sinn á fundinn með skriflegu umboði sem gefið er út í hverju tilviki. Um boðun til félagsfunda gilda ákvæði 26. gr.

Vilji eigendur að 10% B-deildarhluta notfæra sér rétt sinn skv. 2. mgr. 41. gr. geta þeir óskað eftir að tillaga þeirra sé sett á dagskrá fundarins enda fullnægi hún öllum formskilyrðum í samþykktum félagsins og lögum þessum. Hér skal m.a. bent á 2. mgr. 21. gr.

Um 43. gr.

Hér er mælt fyrir um að stjórn samvinnufélags gefi út sérstök samvinnuhlutabréf til eigenda hluta í B-deild stofnsjóðs og skulu þau gefin út á nafn og hljóða á fjárhæð hluta. Samvinnuhlutabréf eru hliðstæð hlutabréfum í hlutafélögum með þeim frávikum sem af lögum þessum og samþykktum félagsins leiða, t.d. fylgir þeim ekki atkvæðisréttur. Gera verður ráð fyrir að slík bréf geti haft ákveðið gengi á verðbréfamarkaði sem endurspeglar hag samvinnufélagsins á hverjum tíma og stefnu félagsfunda eða samþykkta um skiptingu arðs milli A- og B-deilda stofnsjóðs. Ef hlutir í B-deild stofnsjóðs væru boðnir almenningi til kaups, sbr. 2. mgr., 47. gr. og farið væri að reglum laga nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði um útboð hluta væri hægt að hugsa sér að gengi samvinnuhlutabréfa yrði skráð á Verðbréfaþingi Íslands í samræmi við almennar reglur þar að lútandi sem stjórn þingsins myndi þá setja.

Í 2. mgr. er ákvæði um að samvinnuhlutabréf skuli gefin út eigi síðar en ári eftir að skráning hluta í B-deild hefur farið fram og má ekki afhenda þau fyrr en hluturinn er að fullu greiddur, sbr. ákvæði 3. mgr. 39. gr., og 3. tölul. 1. mgr. 49. gr.

Í 3. mgr. eru talin upp þau atriði, sem greina skal í samvinnuhlutabréfi, en þar á meðal skal greina helstu atriði í samþykktum félagsins sem áhrif geta haft á verðgildi bréfsins.

Um 44. gr.

Í greininni felst sú meginregla að óheimilt sé að takmarka viðskipti með hluti í B-deild stofnsjóðs samvinnufélags, t.d. með ákvæðum um forkaupsrétt. Forkaupsréttur að kaupum hluta í hlutafélögum er oftast ákveðinn til þess að viðhalda áhrifum fyrri eigenda á stjórn félagsins, en þar sem atkvæðisréttur fylgir ekki eignarhaldi hluta í B-deild stofnsjóðs eru sambærilegar heimildir óþarfar og einungis til þess fallnar að torvelda viðskipti með samvinnuhlutabréf.

Samvinnuhlutabréf eru viðskiptabréf og gilda um þau svipaðar viðskiptabréfareglur og almennt gilda um hlutabréf. Ef ætlunin er að víkja frá almennum viðskiptabréfsreglum verður að taka það skýrt fram á bréfinu.

Í greininni er einnig lagt bann við því að samvinnufélag afli sér hluta í B-deild stofnsjóðs. Ef félagið engu síður eignast slíka hluti t.d. með gjafagerningi eða vegna innheimtu á skuld er óeðlilegt að félag njóti félagsréttinda vegna hluta í B-deild stofnsjóðs sem það má ekki eiga til frambúðar. Eins og ákvæðið er orðað er ekki unnt að nota eignarhald að B-hluta til þess að fullnægja því lágmarki, sem til þarf t.d. í 3. mgr. 42. og 77. gr.

Bannið við því að samvinnufélög afli sér hluta í B-deild eigin stofnsjóðs er sett með hagsmuni skuldheimtumanna í huga. Með því er komið í veg fyrir að félagið geti tekið hagsmuni eigenda hluta í B-deild stofnsjóðs fram yfir hagsmuni skuldheimtumanna af því að fá kröfur sínar greiddar.

Félaginu er skylt að endurselja hlut í B-deild stofnsjóðs, sem það engu að síður kann að eignast innan þriggja mánaða, en að öðrum kosti skal bréfið áritað um innlausn og samsvarandi lækkun B-deildar stofnsjóðsins tilkynnt til samvinnufélagaskrár. Þetta ákvæði er sett til þess að koma í veg fyrir að heildarfjárhæð hluta í B-deildinni sé rangt skráð og gefi ranga mynd af stöðu félagsins.

Um 45. gr.

Ákvæði þessarar greinar samsvara 24. gr. hlutafélagalaganna, en halda verður skrá yfir hluti í B-deild stofnsjóðs til þess að hægt sé að fullnægja ákvæðum þessara laga um réttindi eigenda hlutanna o.fl. Tilkynning um eigendaskipti er forsenda þess að nýr eigandi hlutar í B-deild geti beitt réttindum sínum gagnvart félaginu, þar á meðal til móttöku arðs. Nýr eigandi á því rétt á því að nafn hans sé fært í skrána ef hann tilkynnir eigendaskipting og sannar rétt sinn. Þegar nafn nýs eiganda að samvinnuhlutabréfi er fært í hlutaskrá skal bréfið einnig áritað um færsluna.

Á samsvarandi hátt og gildir um hlutafélög geta eigendur B-deildar hluta og stjórnvöld haft aðgang að hlutaskrá og mega kynna sér efni hennar.

Um 46. gr.

Samvinnuhlutabréf er viðskiptabréf eins og áður segir og er því mjög áríðandi að það sé áritað um mikilvægar ákvarðanir sem haft geta veruleg áhrif á verðgildi bréfsins. Verður félagsstjórn þá að innkalla bréfin til áritunar án tafar. Ákvarðanir sem hér er átt við, eru ákvörðun um slit félags, sbr. XIII. kafla laganna, og ákvörðun um niðurfærslu B-deildar stofnsjóðs, sbr. 52. gr.

Um 47. gr.

Félagsfundur ákveður aukningu hluta í B-deild annaðhvort með sölu nýrra hluta eða

með afhendingu jöfnunarhluta án greiðslu. Er þar um hliðstæðu við útgáfu jöfnunarhlutabréfa í hlutafélögum að ræða.

Ef nýir hlutir eru einungis boðnir nánar tilteknum aðilum skal kynna þeim nákvæmlega fjárhag félagsins ásamt umsögn löggilts endurskoðanda um hann, en ef ákveðið er að bjóða hlutina almenningi skal fara með það samkvæmt ákvæðum laga nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, en þau mæla fyrir um milligöngu verðbréfafyrirtækja sem fylgja ákveðnum reglum um upplýsingagjöf við útboð markaðsverðbréfa. Slík meðferð á að tryggja að almenningur geti fengið allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að leggja mat á arðsemi og áhættu fjárfestingar sinnar.

Í 3. mgr. er fjallað um ákvörðun um aukningu hluta í B-deild, en séu fyrir fram sett mörk í samþykktum félagsins nægir einfaldur meiri hluti atkvæða á félagsfundi til þess að taka ákvörðun um aukningu innan þeirra marka, sbr. 2. mgr. 39. gr. Sé hins vegar um viðbótaraukningu að ræða umfram þá heimild sem greinir í samþykktum skal með það fara sem breytingu á samþykktum félagsins, sbr. 92. gr.

Einfaldur meiri hluti atkvæða á félagsfundi telst nægjanlegur til að taka ákvörðun um útgáfu jöfnunarhluta í B-deild stofnsjóðs.

Um 48. gr.

Ákvæði þessarar greinar mælir fyrir um að ákveða megi í samþykktum samvinnufélags að félagsaðilar hafi forgang til kaupa á nýjum hlutum í B-deild stofnsjóðs. Ekki má þó í samþykktunum útiloka aðra aðila frá kaupum slíkra hluta, þ.e. að vilji félagsaðilar ekki kaupa hlutinn skal hann boðinn öðrum.

Um 49. gr.

Í 1. mgr. eru talin upp atriði sem gæta skal við ákvörðun um stofnun B-deildar stofnsjóðs eða um aukningu hluta í henni.

Ákvæðið í 2. mgr. er til að koma í veg fyrir að heildarfjárhæð hluta í B-deild stofnsjóðs sé of hátt skráð. Er sérstaklega tekið fram í 2. mgr. að greiðslu verður að inna af höndum í reiðufé eða með verðbréfum sem hafa almennt gildi á verðbréfamarkaði. Greiðsla í öðrum fjármunum eða með skuldajöfnuði er því ekki heimil.

Í 3. mgr. er ákvæði til þess að tryggja að aukning hluta í B-deild stofnsjóðs verði tilkynnt til samvinnufélagaskrár, en sé það ekki gert innan tveggja vikna frá því að ákvörðun er tekin fellur ákvörðunin sjálfkrafa úr gildi. Af þessu leiðir að greiðslur skulu ganga til baka og að loforð um framlög verða óskuldbindandi. Sé áfram áhugi á aukningu hlutanna verður að taka nýja ákvörðun um hana.

Um 50. gr.

Mikilvægt er fyrir viðskiptatraust samvinnufélags að heildarfjárhæð greiddra hluta í B-deild stofnsjóðs sé jafnan skráð í samvinnufélagaskrá. Því er það gert að skilyrði fyrir réttindum eigenda nýrra hluta að hún hafi verið skráð. Á sama hátt er það mikilvægt að hækkun fjárhæðar sé í raun greidd til félagsins. Af þeim sökum er áskilið að stjórnarmenn gefi sérstaka yfirlýsingu um þetta til samvinnufélagskrár.

Um 51. gr.

Gert er ráð fyrir að gefa megi út jöfnunarhluti án greiðslu í B-deild stofnsjóðs á sama hátt og gefa má út jöfnunarhlutabréf skv. 37. gr. hlutafélagalaganna. Í greininni felst að

ávallt er unnt að ráðstafa fjármunum í endurmatsreikningi til hverra þeirra verkefna sem um er getið í 4. mgr. 59. gr. Eru eigendur hluta í B-deild stofnsjóð að því leyti svipað settir og eigendur hluta í hlutafélagi.

Í 2. mgr. kemur fram sú meginregla að einungis eigendur hluta í B-deild skulu eiga rétt á jöfnunarhlutum. Þessari reglu má ekki breyta með ákvæðum í samþykktum samvinnufélagsins.

Um 52. gr.

Ástæðan fyrir því að ákveðin er lækkun á stofnsjóði getur verið viðleitni til þess að gefa sem sannasta mynd af stöðu eigna og skulda í félaginu. Enn fremur er það forsenda fyrir greiðslu arðs að tap fyrri ára hafi verið jafnað. Sé ástæða til að ætla að rekstur félagsins muni ganga betur eftir tap á undanförnum árum getur verið hagkvæmt að hafa heimild sem þessa til að gera arðgreiðslur líklegri ef nýir hlutir í B-deild stofnsjóðs eru boðnir út.

Takist ekki að jafna tap samvinnufélags með öðru móti verður að ákveða lækkun stofnsjóðs hans. Ekki er heimilt að lækka B-deild stofnsjóðs fyrr en A-deild hans er tæmd og við lækkun B-deildarinnar kemur fram áhætta eigenda hluta í henni.

Tilkynning um lækkun stofnsjóðs skal send samvinnufélagaskrá innan tveggja vikna frá ákvörðun.

Um VIII. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um ráðstöfun tekjuafgangs, en um hana gilda sérstakar reglur í samvinnufélögum.

Um 53. gr.

Í 1. mgr. er lagt bann við því að úthlutað sé af fjármunum félagsins til félagsmanna eða annarra á annan hátt en í lögunum segir, en í öðrum ákvæðum kaflans og í 41. gr. eru ákvæði um ráðstöfun hagnaðar. Hagnaði eins og hann er skilgreindur í 41. gr. verður ýmist ráðstafað samkvæmt ákvæðum í lögunum, samkvæmt samþykktum félagsins eða samkvæmt ákvörðunum félagsfundar.

Setja má ákvæði í samþykktir félagsins sem heimila úthlutun tekjuafgangs til félagsmanna í hlutfalli við viðskipti þeirra að svo miklu leyti sem söluverð til félagsmanna hefur verið ofan við kostnaðarverð eða útborgað verð fyrir framleiðsluvörur eða þjónustu félagsmanna hefur reynst neðan við endanlegt fullnaðarverð til félagsins. Með hugtakinu kostnaðarverð er átt við innkaupsverð vöru auk alls kostnaðar, sem samvinnufélagið hefur haft, og með hugtakinu fullnaðarverð er átt við söluverð að frádregnum þeim kostnaði sem á félagið hefur fallið. Tekið skal tillit til sanngjarnra arðgreiðslna í stofnsjóð félagsins, en ætlast er til að úthlutun tekjuafgangs til félagsmanna rýri ekki óeðlilega þann rétt sem eigendur hluta í B-deild félagsins eiga skv. 40. og 41. gr.

Ákvæði 3. mgr. eiga við um framleiðslusamvinnufélög, en þar er heimilt að setja í samþykktir ákvæði um að tekjuafgangi skuli ráðstafað til félagsmanna í samræmi við vinnuframlag hvers og eins samkvæmt nánari reglum í samþykktunum.

Um 54. gr.

Ákvæðin um varasjóð samvinnufélags eru sniðin eftir 108. gr. hlutafélagalaganna að breyttu breytanda. Í stað hlutafjár verður stofnsjóður félagsins viðmiðun við varasjóðs-

færslur. Þá eru í 3. og 4. mgr. sambærileg ákvæði og er að finna í 111. gr. hlutafélagalaganna. Varasjóður er nauðsynlegur félögum sem stofnuð eru til atvinnurekstrar í því skyni að mæta áföllum sem reksturinn verður fyrir.

Um IX. kafla.

Ákvæði þessa kafla eru samin með hliðsjón af ákvæðum XII. kafla hlutafélagalaganna, en eðlilegt er að um ársreikninga samvinnufélaga og hlutafélaga gildi sömu eða hliðstæðar reglur. Þetta á ekki síst við þar sem í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að samvinnufélög geti aflað sér eigin fjár með útboði hluta í B-deild stofnsjóðs til almennings og að samvinnuhlutabréf geti gengið kaupum og sölum á almennum verðbréfamarkaði.

Um 55. gr.

Ákvæðið er byggt á 93. gr. hlutafélagalaga. Gert er ráð fyrir að samvinnufélög geti átt og haft meirihlutaaðstöðu í öðrum félögum, t.d. hlutafélögum og sameignarfélögum og skal þá gera svonefndan samstæðureikning. Ekki er gert ráð fyrir að samvinnufélag geti átt eignaraðild að öðru samvinnufélagi þannig að því fylgi meirihlutaaðstaða í stjórn. Greinin er byggð á sömu sjónarmiðum og eru til grundvallar gerð samstæðureiknings móður- og dótturfélaga þar sem hlutafélagaformið er eingöngu notað.

Um 56.–57. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 58. gr.

Ákvæði þetta er samhljóða 96. gr. hlutafélagalaganna.

Um 59. gr.

Ákvæði þetta svarar til 97. gr. hlutafélagalaganna að breyttu breytanda.

Um 60. gr.

Ákvæði þesarar greinar svara til 98. gr. hlutafélagalaganna að breyttu breytanda, en það frávik er þó gert að skv. 3. mgr. er óheimilt er að eignfæra þóknun og beinan kostnað við töku langtímalána, gengistap, svo og samsvarandi hækkun vegna verðtryggingar slíkra lána. Samkvæmt 98. gr. hlutafélagalaganna er það heimilt, en slíkt er nú talið andstætt góðri reikningsskilavenju og er heimildin því felld brott.

Ákvæði 4. mgr. vísa til kostnaðar við lögfræðiaðstoð, auglýsingar og því um líkt við stofnun samvinnufélags og til kostnaðar við skráningu samvinnufélags í samvinnufélagaskrá.

Í síðustu málsgrein er vísað til góðrar reikningsskilavenju í stað þess að nota orðalag hlutafélagalaganna, en regla, sem þar er gefin varðandi mat á verkum sem unnin eru fyrir aðrar aðila, þykir orka tvímælis.

Um 61. gr.

Ákvæði greinarinnar eru í samræmi við 99. gr. hlutafélagalaganna að breyttu breytanda. Sérstaklega er þó tekið fram í 1. mgr. að meðal skulda skuli sérgreina óskattlagt

fjármagn. Er það í samræmi við góða reikningsskilavenju og kemur fram í upptalningu B3.

Um 62. gr.

Ákvæði greinarinnar er í samræmi við 100. gr. hlutafélagalaganna.

Um 63. gr.

Ákvæði greinarinnar er í samræmi við 101. gr. hlutafélagalaganna að breyttu breytanda. Sérstaklega skal vakin athygli á því að ekki er heimilt að bókfæra vexti af séreignarhlutum stofnsjóðs ef reiknaðir eru sem vaxtaútgjöld, enda er hér fremur um arðgreiðslu að ræða. Vextir af stofnsjóði eru ekki kostnaður við öflun tekna fremur en arður hjá hlutafélögum eða af hlutum í B-deild stofnsjóðs. Vextir eru greiddir af skuldum en ekki eigin fé. Hér er um ráðstöfun hagnaðar að ræða sem ber að meðhöndla í samræmi við það.

Um 64. gr.

Ákvæði greinarinnar er í samræmi við 102. gr. hlutafélagalaganna að breyttu breytanda. Ákvæði 6. og 7. tölul. eru gerð ítarlegri og er vísað til góðrar reikningsskilavenju varðandi færslu eftirlauna- og annarra lífeyrisskuldbindinga.

Um 65. gr.

Ákvæði greinarinnar er í samræmi við 103. gr. hlutafélagalaganna að breyttu breytanda.

Um 66. gr.

Ákvæði greinarinnar er í samræmi við 104. gr. hlutafélagalaganna að breyttu breytanda, en síðasta málsgreinin er þó felld út þar eð telja verður nauðsynlegt að upplýsingar um samstæðu félaga komi fram og að ekki beri að gefa færi á fráviki frá þeirri reglu.

Um 67. gr.

Hér er lögð sú skylda á samvinnufélög, sem hafa B-deild stofnsjóðs, að senda samvinnufélagaskrá endurrit ársreikninga sinna eigi síðar en sjö mánuðum eftir lok reikningsárs. Önnur samvinnufélög þurfa ekki að senda inn ársreikninga, nema eftir því sé kallað af samvinnufélagaskrá. Ef skylt er að gera samstæðureikning skal einnig senda hann til samvinnufélagaskrár eftir því sem við á samkvæmt framansögðu.

Um X. kafla.

Þessi kafli er í aðalatriðum sniðinn eftir XI. kafla hlutafélagalaganna, en þó er er orðið endurskoðandi eingöngu notað um löggilta endurskoðendur. Heitið skoðunarmaður er notað um þá félagsmenn sem kjörnir eru til þess að endurskoða reikninga samvinnufélags. Þá eru settar fram almennar reglur um skiptingu starfa milli skoðunarmanna og löggilts endurskoðanda þar sem hann er jafnframt kjörinn.

Um 68. gr.

Samkvæmt lögum um löggilta endurskoðendur, nr. 67 31. maí 1976, er öðrum en löggiltum endurskoðendum óheimilt að nota orðið endurskoðandi í starfsheiti sínu eða

þar sem það er til þess fallið að valda misskilningi. Því hefur sú stefna verið tekin í frumvarpinu að nota orðið skoðunarmaður um félagsmenn, sem kjörnir eru til að endurskoða reikninga félagsins og ekki starfa sem löggiltir endurskoðendur, en það heiti er t.d. einnig notað í sveitarstjórnarlögum.

Skoðunarmenn skulu vera tveir og eru þeir kjörnir til tveggja ára. Auk þess skal kjósa löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til eins árs í senn ef samvinnufélag hefur B-deild stofnsjóðs eða fleiri en 50 fasta starfsmenn. Skylda til kjörs löggilts endurskoðanda við ákveðnar aðstæður útilokar ekki að ákveðið sé í samþykktum samvinnufélags að kjósa skuli löggiltan endurskoðanda þótt ekki sé mælt fyrir um það í lögum.

3. og 4. mgr. eru samhljóða 2. og 3. mgr. 84. gr. hlutafélagalaga.

Um 69. gr.

Í þessari grein er fjallað um hæfiskröfur til skoðunarmanna samvinnufélags, en þeir skulu vera félagsmenn og fullnægja þeim kröfum sem settar eru í greininni.

Í framangreindum lögum um löggilta endurskoðendur eru settar sambærilegar reglur um almennt og sérstakt hæfi þeirra til endurskoðunarstarfa sem gilda að sjálfsögðu í þeim tilvikum sem hér um ræðir.

Um 70. gr.

Greinin er samhljóða 85. gr. hlutafélagalaganna að mestu.

Um 71. gr.

Þessi grein er sniðin eftir 86. gr. hlutafélagalaganna að breyttu breytanda, en auk þess er bætt við 4. mgr. um verkaskiptingu milli skoðunarmanna og löggilts endurskoðanda ef hann er jafnframt kjörinn. Skort hefur reglur um slíka verkaskiptingu og getur það valdið vandræðum. Þessi verkaskipting breytir þó engu um skyldur hins löggilta endurskoðanda samkvæmt þessum lögum og öðrum lögum.

Um 72.–77. gr.

Greinarnar samsvara 87.–92. gr. hlutafélagalaganna.

Um XI. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um samruna samvinnufélaga, en um það skortir ákvæði í núgildandi löggjöf. Hér er einungis gert ráð fyrir samruna sem felst í því að samvinnufélag sameinast að öllu leyti öðru samvinnufélagi sem fyrir er. Því er m.a. ekki gert ráð fyrir að tvö samvinnufélög renni saman og myndi nýtt enda er slíkur samruni tæpast raunhæfur þegar um samvinnufélög er að ræða.

Um 78. gr.

Í þessari grein er lagt til að hægt sé að sameina samvinnufélög með samningi þar að lútandi enda sé sameiningin samþykkt í báðum félögum með minnst $^2/_3$ hluta atkvæða. Er það sama regla og gildir skv. 92. gr. um breytingu á samþykktum samvinnufélags. Um þetta má setja nánari reglur með samþykktum. Í greininni er gert ráð fyrir að samvinnufélag yfirtaki eignir og skuldir annars samvinnufélags og að síðarnefnda félaginu verði slitið. Eigendur óskipts stofnsjóðs eða A-deildar í skiptum stofnsjóði verða að sætta sig við löglega ákveðinn samruna félaganna þótt þeir sé honum andsnúnir.

Í 3. mgr. eru talin upp þau gögn sem verða að vera fyrir hendi í hvoru félagi um sig til þess að lögmæt ákvörðun verði tekin um samruna. Ákvæði þessi miða að því að tryggja að félagsmenn geti tekið rétta og yfirvegaða afstöðu. Í því efni er nauðsynlegt að fyrir liggi upplýsingar um eigna- og skuldastöðu hvors félags um sig og hvernig samningurinn um sameininguna hljóðar.

Um 79. gr.

Þessi grein samsvarar 130. gr. hlutafélagalaganna að breyttu breytanda. Sú nýskipan er þó tekin upp að ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá innköllun ef sýnt er fram á að félag það sem slitið er eigi fyrir skuldum.

Um 80. gr.

Greinin kveður á um að eigendur hluta í B-deild stofnsjóðs samvinnufélaga skuli njóta fullra réttinda hjá hinu sameinaða samvinnufélagi og að ekki þurfi að afla samþykkis félagsfundar sérstaklega á þeirri aukningu B-deildarhluta, sem óhjákvæmilega verður við sameininguna. Hér er einnig rétt að hafa í huga ákvæði 40. gr. sem heimilar að í samþykktum samvinnufélags sé ákveðið að eigendur hluta í B-deild stofnsjóðs eigi rétt á innlausn hluta sinna ef til samruna félagsins við annað samvinnufélag kemur. Ákvæði greinarinnar gera ráð fyrir því að eigendur hluta í A-deild stofnsjóðs verði að sætta sig við samruna án réttar til innlausnar á séreignarhluta sínum í stofnsjóðnum.

Um 81. gr.

Greinin samsvarar 131. gr. hlutafélagalaganna að breyttu breytanda. Athygli er vakin á því að greinin tekur aðeins til eignarhalds samvinnufélags á hlutafélagi. Hún á ekki við þegar samvinnufélag er jafnframt félagsaðili í öðru samvinnufélagi.

Um XII. kafla.

Í þessum kafla sem hefur að geyma aðeins eina grein, er fjallað um samvinnusambönd, en um þau eru ákvæði í VI. kafla gildandi laga. Eins og að framan greinir hefur slíkt samband verið starfandi hér á landi frá árinu 1902. Gert er ráð fyrir að í samþykktum samvinnusambands sé tekin afstaða til þeirra atriða sem greinir í 32.–34. gr. núgildandi laga.

Um 82. gr.

Fyrsta málsgrein er samhljóða núgildandi lögum um samvinnufélög, en í 2. mgr. er réttur samvinnufélags til inngöngu í starfandi samvinnusamband bundinn því skilyrði að það starfi á sambærilegu verksviði og þau samvinnufélög sem fyrir eru í sambandinu. Í 3. mgr. kemur fram að setja skuli nánari ákvæði um samvinnusamband í samþykktum þess. Í því efni ber sérstaklega að vísa til 5. gr. frumvarpsins.

Um XIII. kafla.

Um slit samvinnufélags eru ákvæði í VII. kafla núgildandi laga. Ákvæði frumvarpsins eru nokkuð fyllri. Höfð var hliðsjón af ákvæðum XIV. kafla hlutafélagalaga við samningu þessa kafla.

Um 83. gr.

Hér eru talin upp skilyrði félagsslita, sbr. til hliðsjónar 35. gr. núgildandi laga og 1.–5. tölul. 1. mgr. 115. gr. hlutafélagalaga. Séu skilyrði fyrir hendi geta þeir aðilar, sem nefndir eru í 84. gr., sett fram kröfu um skipti félags ef stjórn félagsins vanrækir þá skyldu sína að óska eftir skiptum.

Um 84. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að vanræki félagsstjórn að óska eftir félagsslitum í þeim tilvikum, sem henni er það skylt, skal skiptaráðandi taka það til skipta að kröfu ráðherra, félagsaðila eða eigenda minnst 10% hluta í B-deild stofnsjóðs.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um kosningu skilanefndar þegar félagi er slitið samkvæmt ákvörðun félagsfundar.

3.–9. mgr. samsvara 2.–7. mgr. 118. gr. hlutafélagalaganna.

Um 85.–86. gr.

Greinarnar samsvara 119.–120. gr. hlutafélagalaga.

Um 87. gr.

Greinin er byggð á 121. gr. hlutafélagalaga með fráviki sem leiðir af tilvist stofnsjóðs í samvinnufélagi í stað hlutafjár í hlutafélagi. Mælt er fyrir um forgang eigenda hluta í B-deild stofnsjóðs að því marki sem nafnverð hluta þeirra eru skráð hjá félaginu. Hér er enn fremur að finna það nýmæli að eigendur stofnsjóðs skuli ávallt fá greiðslu úr honum við félagsslit sé ekki á annan veg fyrir mælt í samþykktum félagsins.

Í samþykktum félagsins er því hægt að gera frávik frá þessu, t.d. með sambærilegu ákvæði og er í 9. tölul. 3. gr. gildandi laga, þar sem segir að innstæðufé í óskiptilegum sjóðum samvinnufélags skuli ekki útborgað við félagsslit heldur skuli það, að loknum öllum skuldbindingum sem á félagsheildinni hvíla, ávaxtað undir umsjón viðkomandi héraðsstjórnar uns samvinnufélag eða samvinnufélög með sama markmiði taka til starfa á félagssvæðinu. Skal þá afhenda þeim féð.

Um 88.–91. gr.

Greinarnar samsvara 122.–125. gr. hlutafélagalaga að breyttu breytanda. Í 90. gr. er þó að finna það nýmæli að eigendur hluta í B-deild stofnsjóðs eiga rétt á innlausn hluta sinna á skráðu verði þeirra ef félagsfundur ákveður að taka upp starfsemi á ný.

Um 92.–93. gr.

Í 92. gr. er gerð krafa til aukins meiri hluta atkvæða við breytingar á félagssamþykktum og samsvarar greinin 76. gr. hlutafélagalaga. Í 93. gr. eru gerðar enn strangari kröfur um aukinn meiri hluta í þeim tilvikum að breyting á félagssamþykktum hafi í för með sér röskun á réttarsambandi því sem ríkir milli aðila. Sem dæmi má nefna að ef breyta ætti atkvæðavægi í félaginu með viðbótaratkvæðum skv. 2. mgr. 20. gr. eða ef raska ætti þeim forkaupsrétti sem ákveðinn hefur verið skv. 48. gr. Ákvæðið á einnig við ef í samþykkt felast auknar skuldbindingar félagsaðila gagnvart félaginu. Þá eru gerðar sérstakar kröfur um aukinn meiri hluta ef raska á ákvæðum samþykkta, sem kveða á um réttarsamband milli eigenda í A- og B-deild stofnsjóðs, t. d. um skiptingu arðs á milli deildanna.

Um 94.–95. gr.

Greinarnar samsvara 78.–79. gr. hlutafélagalaga.

Um XV. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara XVII. og XIX. kafla hlutafélagalaganna að breyttu breytanda. Eru 96.–98. gr. sniðnar eftir 132.–134. gr. hlutafélagalaga og 99.–104. gr. sniðnar eftir 150.–155. gr. hlutafélagalaganna.

Um 105. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 106. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. janúar 1992 og að jafnframt falli þá úr gildi núgildandi lög um samvinnufélög, að undanskilinni 29. gr. sem fjallar um innlánsdeildir samvinnufélaga. Hún falli úr gildi 1. janúar 1996 og gefist þannig aðlögunartími fyrir samvinnufélög til þess að mæta þeirri röskun er verður við brottfall innlánsdeilda og stofna sparisjóð ef vilji er fyrir því. Í frumvarpi sem fylgir þessu frumvarpi er gert ráð fyrir þeirri breytingu á lögum um sparisjóði, nr. 87/1985, að samvinnufélögum verði heimilt að stofna sparisjóði.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Með þessu ákvæði er starfandi samvinnufélögum og samvinnusamböndum gefinn eins árs frestur frá gildistöku laganna til þess að breyta samþykktum sínum í samræmi við þau.

Nd. 332. Frumvarp til laga [231. mál]

um breytingu á lögum nr. 87/1985, um sparisjóði.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

2. mgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Stofnendur og sparisjóðsaðilar geta verið fjárráða ríkisborgarar búsettir hér á landi, sveitarfélög, héraðsnefndir, starfandi sparisjóðir og samvinnufélög.

2. gr.

Í ákvæði til bráðabirgða bætist við nýtt ákvæði IV sem hljóði svo:

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga þessara er samvinnufélögum, sem reka innlánsdeildir við gildistöku laga þessara, heimilt að leggja fram sem stofnfé í sparisjóði, varasjóði, ábyrgðir og aðrar eignir ásamt ábyrgð félagsmanna. Um endurmat þess stofnfjár sem þannig er lagt fram fer eftir ákvæði I til bráðabirgða í lögum þessum eftir því sem við getur átt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um samvinnufélög, en tilgangur þess er að gefa samvinnufélögum heimild til þess að stofna sparisjóði í stað þess að reka innlánsdeildir eins og nú er heimilt, en gert er ráð fyrir í fyrrgreindu frumvarpi að sú heimild falli brott.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að breytt verði núgildandi ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 87/1985 á þann veg að stofnaðilar að sparisjóðum geti einnig verið samvinnufélög. Jafnframt er tækifærið notað til þess að samræma orðalag greinarinnar núgildandi sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, en samkvæmt þeim hafa sýslunefndir nú verið lagðar niður, en héraðsnefndir komið í þeirra stað.

Um 2. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum nr. 46/1937, um samvinnufélög, sbr. lög nr. 47/1977, er samvinnufélögum heimilt að stofna og starfrækja innlánsdeildir sem taka við innlánum frá félagsmönnum og ávaxta þau í rekstri sínum. Til tryggingar fyrir því fé, sem lagt er í innlánsdeild, er varasjóður félagsins og aðrar eignir þess ásamt ábyrgð félagsmanna. Í þessu ákvæði er lagt til að heimilt verði að leggja sömu eignir fram sem stofnfé sparisjóðs sem stofnaður er á grundvelli laga þessara. Í ákvæði til bráðabirgða I í lögunum um sparisjóði, nr. 87/1985, er að finna reglur sem settar voru við gildistöku laganna varðandi endurmat á stofnfé sparisjóða. Lagt er til að stuðst verði við ákvæði greinarinnar eftir því sem við getur átt ef heimild til þess að leggja fram stofnfé innlánsdeilda verður notuð við stofnun sparisjóðs á vegum samvinnufélags sem við gildistöku laganna rekur innlánsdeild.

Um 3. gr.

Lagt er til að gildistaka laganna verði samtímis og gildistaka nýrra laga um samvinnufélög.

Ed. 333. Frumvarp til laga [232. mál]

um húsnæðislánastofnanir og húsbanka.

Flm.: Guðmundur Ágústsson.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið með lögum þessum er að tryggt verði nægilegt lánsfé til húsbygginga, einkum íbúðarhúsa, hjá sérstökum húsnæðislánastofnunum handa þeim sem ekki eiga rétt til húsnæðislána hjá Byggingarsjóði ríkisins. Húsnæðislánastofnanir eða húsbankar, sem verða starfræktir samkvæmt lögum þessum, þurfa leyfi félagsmálaráðherra til þess að veita veðlán til íbúðarhúsabygginga á grundvelli sölu á húsbréfum, sbr. 14. gr.

2. gr.

Nafn og samþykktir fyrir húsnæðislánastofnun eru háð samþykki félagsmálaráðherra.

Breytingar á samþykktum, nema þær stafi af laga- eða reglugerðarbreytingum, eru háðar samþykki félagsmálaráðherra.

Samruni eða skipting húsnæðislánastofnana getur átt sér stað með samþykki félagsmálaráðherra. Slík ákvörðun skal tekin á aðalfundi stofnunar og er háð sama meiri hluta atkvæða og þarf til að breyta samþykktum.

3. gr.

Húsnæðislánastofnanir, sem starfa samkvæmt leyfi félagsmálaráðherra, hafa einar rétt til þess að nota nöfnin *húsnæðislánastofnun* og *húsbanki*. Í lögum þessum er nafnið *stofnun* notað sem stytt heiti fyrir slíkar stofnanir.

Stofnanir þessar hafa einar rétt til að gefa út og selja húsbréf á frjálsum markaði til þess að geta veitt veðlán til íbúðarhúsa.

Stjórn og starfsemi.

4. gr.

Stjórn stofnunar skal kjörin á aðalfundi hennar eða vera að hluta tilnefnd til ákveðins tíma. Hún er ábyrg fyrir því að starfsemi stofnunar sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir, svo og samþykktir hennar. Í stjórninni skal vera fulltrúi fyrir skuldunauta stofnunar.

Félagsmálaráðherra er heimilt að skipa einn fulltrúa í stjórn stofnunar.

Enginn stjórnarmanna má vera ráðinn til starfa við stofnunina.

Ef stofnun er rekin sem hlutafélag skal einnig fylgt ákvæðum laga um hlutafélög.

Allt starfsfólk stofnunar er bundið þagnarskyldu um öll innri mál hennar, svo og um öll útlán.

5. gr.

Félagsmálaráðherra hefur eftirlit með starfsemi stofnunar og fylgist með því að farið sé eftir gildandi lögum og reglugerðum, svo og samþykktum hennar; enn fremur að ekki sé farið yfir mörk útlána og nægjanlegar tryggingar fyrir útgáfu húsbréfa séu fyrir hendi.

Stjórn stofnunar skal veita félagsmálaráðherra allar upplýsingar um starfsemi hennar sé þess óskað.

Kostnaður af eftirliti félagsmálaráðherra skal borinn af stofnuninni.

6. gr.

Félagsmálaráðherra getur heimilað stofnun að efna til samstarfs við hliðstæðar erlendar húsnæðislánastofnanir, m.a. með því að hinar erlendu stofnanir geti öðlast eignaraðild að innlendum húsnæðislánastofnunum.

Um lánveitingar.

7. gr.

Í samþykktum stofnunar skal nánar skilgreint hvernig útlánum skuli háttað og hvers konar húsbyggingar séu lánshæfar.

8. gr.

Stofnun ákveður sjálf matsverð fasteignar á grundvelli fasteigna- og brunabótamats, svo og ætlaðs söluverðs hennar. Matsverðið skal ákveðið áður en lánveiting fer fram.

Félagsmálaráðherra getur sett nánari reglur um ákvörðun matsverðs og lánveitingar.

Heimilt er að veita veðlán til byggingar áður en framkvæmdir hefjast og miðast þau þá við væntanlegt matsverð fasteignar. Slík veðlán skulu háð því að lögð sé fram bankaábyrgð fyrir veðinu eða önnur jafngóð trygging. Ef matsverð fasteignar er ekki nægjanlegt þegar frestur til að ljúka byggingarframkvæmdum er runninn út og veðlánið er ekki innan þeirra marka sem sett eru í 9. gr. er lánið allt fallið í gjalddaga.

9. gr.

Lánveitingar til húsbygginga skulu ekki nema hærra hlutfalli af matsverði fasteignar en hér segir:

1. Lán til byggingar íbúðarhúsnæðis mega nema allt að 75% af matsverði fasteignar.
2. Lán til kaupa á íbúðarhúsnæði mega nema allt að 75% af matsverði fasteignar.
3. Viðbótarlán til kaupa á íbúðarhúsnæði, sem er með áhvílandi lánum, mega nema allt að 35% af matsverði fasteignar. Samanlagt mega lánin ekki fara yfir 80% af matsverði.
4. Lán til byggingar eða kaupa á sumarbústað mega nema allt að 50% af matsverði fasteignar.
5. Lán til viðhalds, breytinga eða endurbóta á fasteignum skv. 1.–4. tölul. má veita innan þess ramma sem þar greinir. Lánið má þó ekki vera hærra en nemur hinum raunverulega kostnaði sem að mati stofnunar telst vera sanngjarn. Taka má tillit til eigin vinnu en slíkt skal háð samþykki stofnunar.
6. Lán til byggingar leiguíbúða mega nema allt að 85% af matsverði fasteignar. Ef leiguíbúð er seld til annarra nota fellur lánið allt í gjalddaga.
7. Lán til viðhalds, breytinga eða endurbóta á leiguíbúðum má ekki vera hærra en nemur 90% af hinum raunverulega kostnaði; taka má tillit til eigin vinnu samþykki stofnun það.
8. Lán skv. 5. tölul. má því aðeins veita að lánsupphæðin nemi minnst 5% af matsverði íbúðar eftir að endurbótum er lokið. Aðeins má taka tillit til vinnu sem er innt af hendi innan árs frá því að lánstilboð hefur verið gefið.
9. Ef sveitarstjórn veitir sérstaka ábyrgð á lántöku fyrir endurbótum á fasteignum og umhverfi þeirra þar sem um er að ræða endurnýjun bæjarhverfis eða útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis má veita lán umfram þau mörk sem sett eru í 5. og 7. tölul. Slík lán mega ekki vera hærri en nemur hinum raunverulega kostnaði af endurbótunum sem að mati stofnunar telst vera sanngjarn.
10. Lán skv. 1.–9. tölul. mega ekki vera lægri að raunupphæð en 100.000 kr. Þessi upphæð breytist samkvæmt byggingarvísitölu.
11. Ef eigandi íbúðar eða maki hans er ellilífeyrisþegi eða nýtur örorkubóta er heimilt að víkja frá ákvæðum í 10. tölul.

Um lánskjör og lánstíma.

10. gr.

Allar lánveitingar stofnunar byggjast á sölu húsbréfa, sbr. 14. gr. Við lánveitingar skal

því taka tillit til sölugengis þeirra á hverjum tíma.

Raunvextir veðlána skulu vera breytilegir í samræmi við mismunandi sölugengi húsbréfa. Öllum lánstilboðum skulu fylgja upplýsingar um áætlaða raunvexti lánsins.

Heimilt er að verðtryggja lán með því að stjórna vöxtum, afborgunum og höfuðstól lánsins á hverjum tíma miðað við verðlagsþróun. Félagsmálaráðherra getur með reglugerð ákveðið hvernig skuli haga verðtryggingu húsnæðislána.

Heimilt er að setja greiðslumark lána með afkomutryggingu þannig að samið sé fyrir fram um hámarksgreiðslubyrði (vexti, afborgun og framlag til varasjóðs og rekstrar) eftir gjaldþoli lántakanda. Greiðslumark fylgir verðlagsþróun. Ef lántakandi getur ekki staðið við greiðslumark vegna tímabundins atvinnuleysis, veikinda, örorku, slysa eða annars, sem skert hefur tekjur hans án þess að við hafi verið ráðið, greiðist mismunur á greiðslumarki og gjaldþoli lántakanda með afkomutryggingabótum.

11. gr.

Lánveitingar geta verið með eftirfarandi hætti:

1. Jafngreiðslulán (annuitet) þar sem afborganir og grunnvextir ásamt framlagi til varasjóðs og rekstrar eru jafnstórar upphæðir allan lánstímann.
2. Raðlán þar sem um er að ræða jafnar afborganir, en vextir og framlag til varasjóðs og rekstrar reiknast af höfuðstól lánsins á hverjum tíma.
3. Blönduð lán þar sem heildarlánveiting er að hluta til jafngreiðslulán og að hluta *til* raðlán.

Heimilt er að haga afborgunarröð þannig að lán verði afborgunarlaus fyrstu tvö árin.

12. gr.

Lánstími veðlána skv. 11. gr. skal vera sem hér segir:

1. 40 ár fyrir lán til byggingar leiguíbúða og til húsnæðissamvinnufélaga.
2. 30 ár fyrir lán til byggingar á einbýlishúsi eða eignaríbúð í fjölbýlishúsi sem byggjandi hyggst nota sjálfur eða selja.
3. 30 ár fyrir lán til viðhalds, breytinga og endurbóta á leiguhúsnæði.
4. 20 ár fyrir lán til kaupa á notaðri íbúð í einbýlis- eða fjölbýlishúsi.
5. 20 ár fyrir lán til viðhalds, breytinga og endurbóta á eignaríbúðum.
6. 15 ár fyrir lán til byggingar sumarbústaða sem byggjandi hyggst nota sjálfur eða selja.
7. 10 ár fyrir lán til annarra hluta, þar með talin lán til viðhalds og breytinga á sumarbústöðum.

13. gr.

Lán má ekki veita til bygginga sem brjóta í bága við byggingarreglugerð og skipulagsreglur viðkomandi sveitarfélags.

Ef notkun byggingar breytist innan tveggja ára frá því að lán til hennar var veitt samkvæmt skilmálum 12. gr., þannig að lánstími miðað við breytta notkun hefði átt að vera styttri, er allt lánið fallið í gjalddaga. Ákvæði hér um skulu vera í veðskuldabréfum lána ásamt kröfu um að lántakandi tilkynni stofnun ef notkun fasteignar breytist.

Ef notkun byggingar er ekki einhlít og um er að ræða bæði leigu- og eignaríbúðir er heimilt að ákvarða lánsmörk og lánstíma sérstaklega fyrir hvern hluta byggingar í samræmi við notkun hans.

Húsbréf.

14. gr.

Stofnun getur staðið að útgáfu húsbréfa sem eru skráð á nafn eða handhafa.

Félagsmálaráðherra getur heimilað að tvær stofnanir eða fleiri sameinist um útgáfu húsbréfa.

Húsbréf, sem eru í umferð, skulu vera tryggð með veðskuldabréfum sem lántakendur undirrita og þess gætt að heildarnafnverð húsbréfa sé ekki hærra en samanlagt nafnverð allra veðskuldabréfa.

Innlausn húsbréfa fer fram með útdrætti (happdrættisbréf) eða við lok gildistíma bréfanna.

Heimilt er að nota svokölluð rafeindabréf, þ.e. húsbréf sem eingöngu eru skráð, seld og keypt með tölvuboðum.

Varasjóður.

15. gr.

Fjárhagsskuldbindingar stofnunar, umfram þá tryggingu sem felst í 3. mgr. 14. gr., skulu tryggðar á eftirfarandi hátt:

1. Stofnanir, þar sem lántakendur eru gerðir samábyrgir fyrir öllum skuldbindingum hennar allt að $^2/_3$ hlutum matsverðs fasteignar, skulu hafa varasjóð sem er jafngildur 5% af nafnverði allra húsbréfa stofnunarinnar sem eru í umferð.
2. Stofnanir, þar sem lántakendur eru án samábyrgðar, skulu hafa varasjóð sem er jafngildur 10% af nafnverði allra húsbréfa sem eru í umferð.
3. Varasjóði stofnunar skal skipt niður í allsherjarvarasjóð og varasjóð fyrir hverja röð af húsbréfum sem stofnunin setur í umferð. Heimilt er að reikna með allsherjarvarasjóðnum við uppgjör á því hvort nægjanlegar tryggingar séu að baki hverri röð af húsbréfum.

Reikningshald og endurskoðun.

16. gr.

Reikningar stofnunar skulu sýna nákvæma fjárhagsstöðu og allar skuldbindingar. Endurskoðaðir ársreikningar skulu birtir opinberlega í einu eða fleiri dagblöðum á þann hátt er félagsmálaráðherra samþykkir.

Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda samkvæmt fyrirmælum sem félagsmálaráðherra setur.

Sérstök ákvæði.

17. gr.

Bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og útibússtjórar banka eða sparisjóða mega ekki taka sæti í stjórn stofnunar nema með sérstöku leyfi félagsmálaráðherra.

18. gr.

Ef stjórn stofnunar fer ekki að lögum eða samþykktum hennar eða rýrir verulega tryggingar húsbréfa stofnunar með aðgerðum sínum að mati félagsmálaráðherra getur

hann fyrirskipað að stofnunin verði leyst upp.

19. gr.

Ef stjórn, framkvæmdastjórn eða endurskoðendur stofnunar þverskallast við fyrirmælum félagsmálaráðherra um að leiðrétta það sem er í ósamræmi við ákvæði 8.–13. og 15.–17. gr. getur ráðherra beitt þá aðila dagsektum.

20. gr.

Þessi lög öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Inngangur.

Þetta frumvarp er nú endurflutt í þriðja sinn. Það var fyrst lagt fram á Alþingi veturinn 1987–1988 af þingmönnum Borgaraflokksins í efri deild, Júlíusi Sólnes og Guðmundi Ágústssyni. Frumvarpið fékk þá enga afgreiðslu og var ekki sent út til umsagnar fyrr en þingi lauk þá um vorið. Haustið 1988 var frumvarpið endurflutt án þess að fá þinglega meðferð. Í ljósi þess að enn á ný er hafin mikil umræða um húsnæðislánamál þjóðarinnar og vandamálin hafa aukist frekar en minnkað við tíðar breytingar, sem hafa verið gerðar á húsnæðislánakerfi landsmanna, virðist ekki vanþörf á að taka þetta frumvarp til rækilegrar meðferðar á Alþingi nú.

Það er skoðun flutningsmanns að húsnæðismálin séu komin í algert óefni. Hinar sífelldu breytingar, sem hafa verið gerðar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins á kjörtímabilinu, hafa ekki orðið til þess að bæta ástandið í húsnæðismálum þjóðarinnar. Einn megingalli kerfisins er sá að það er algerlega á vegum ríkisins þrátt fyrir að fjármagn til húsnæðislána komi að langmestu leyti frá lífeyrissjóðunum. Nær væri að láta þá sem leggja til fjármagnið, þ.e. lífeyrissjóðina, spreyta sig á því að tryggja sjóðfélögum sínum skynsamleg húsnæðislán. Það litla fjármagn, sem ríkissjóður leggur fram til húsnæðislána, réttlætir ekki að ríkisvaldið hafi allt frumkvæði við að móta húsnæðislánastefnu landsmanna.

Það hefur ætíð verið mikið áhættuspil að leggja út í fjárfestingu í íbúðarhúsnæði á Íslandi, einkum hjá launafólki. Það hefur aldrei verið hægt að treysta því að nægilegt fjármagn til útlána sé tryggt fyrir hvert ár í senn og að vaxtakjör séu ekki sífellt að breytast. Því hafa myndast langar biðraðir í öllum þeim húsnæðislánakerfum sem reynd hafa verið og húsbyggjendur og íbúðarkaupendur hafa ekki getað reitt sig á húsnæðislánin í fjármálalegum forsendum sínum fyrir íbúðarkaupum eða húsbyggingum. Þetta hefur verið áberandi síðustu árin, einkum eftir að sú breyting varð að lánum úr Byggingarsjóði ríkisins og lífeyrissjóðunum var slegið saman og hið nýja húsbréfakerfi hefur lítið bætt þar úr. Á árinu 1986 kom til samkomulag um skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna af Byggingarsjóði ríkisins sem jók fjárstreymi til hans svo um munaði. Samkvæmt því skyldu allir sjóðfélagar, sem hefðu 20 mánaða lífeyrissjóðsréttindi í þeim sjóðum sem samþykkt höfðu að kaupa skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins, fá lán hjá Húsnæðisstofnun. Aðrir, þ.e. þeir sem ekki hefðu slík réttindi, voru ekki taldir skipta máli. Þannig var ætlað að loksins hefði fundist leið til að tryggja rekstur húsnæðislánakerfisins með ríflegu fé til útlána og koma til móts við íbúðarkaupendur með hærri lánum en áður höfðu þekkst.

Þetta gekk ágætlega í fyrstu, en fljótlega fór að bera á löngum biðröðum í 1986-kerfinu sem ágerðust þegar fór að líða á kjörtímabilið. Þannig voru um 9.500 umsóknir óaf-

greiddar hjá Húsnæðisstofnun ríkisins í upphafi árs 1988 sem allar voru taldar réttmætar. Hins vegar var ekkert gert til þess að stytta þessar biðraðir. Þeir einir áttu rétt á fullu láni sem voru aðilar að lífeyrissjóðum sem höfðu fullnægt kaupskyldu sinni gagnvart Húsnæðisstofnun ríkisins. Hins vegar var ekki tekið tillit til þessa ákvæðis. Lán voru ekki skert til einstaklinga sem voru aðilar að lífeyrissjóðum sem ekki höfðu staðið við samninginn, þ.e. að kaupa skuldabréf fyrir allt að 55% af ráðstöfunarfé sjóðsins á ári hverju. Þá hefði verið auðvelt með einfaldri lagasetningu að láta allar óafgreiddar umsóknir falla úr gildi við hver áramót og krefjast nýrra umsókna. Þetta eitt hefði væntanlega losað stofnunina við flesta þá sem einungis sóttu um húsnæðislán til að tryggja rétt sinn án þess að hafa raunverulega þörf fyrir lán. Enn fremur var lítið aðhafst til að þrengja aðgang að kerfinu sem þó hefði verið auðvelt.

Á árinu 1989 fór að bera á mikilli fjárvöntun í 1986-kerfinu sem stafaði m.a. af þeim mikla vaxtamun sem var á innlánum og útlánum byggingarsjóðanna. Framlag ríkisins til sjóðanna fór sífellt minnkandi og gat því hvergi nærri staðið undir þessum mikla vaxtamun, en haustið 1989 nam hann um 3% á almennum byggingarsjóðslánum. Í desember 1989 fékk félagsmálaráðherra samþykkta vaxtahækkun á öllum nýjum útlánum úr 3,5% í 4,5%, þ.e. lánum sem afgreidd voru eftir 3. desember 1989. Borgaraflokkurinn hafði lagt til að vextir á öllum skuldabréfalánum Byggingarsjóðs ríksins frá 1984 yrðu hækkaðir í tæp 4% eins og heimild í skuldabréfunum var til sem hefði gefið meiri tekjur fyrir sjóðinn, en um það sýndist geta náðst samkomulag í húsnæðismálastjórn. Félagsmálaráðherra vildi ekki fara þessa leið, og olli vaxtahækkunin á nýjum lánum eingöngu miklum deilum í húsnæðismálastjórn, einkum við fulltrúa launþega, og varð til þess að rýra gildi 1986-kerfisins enn frekar. Nú síðla árs 1990 er orðið ljóst að gamla kerfið frá 1986 hefur runnið sitt skeið á enda án þess að það hafi verið fullreynt. Vegna vaxtamunarins og ónógra framlaga úr ríkissjóði stefnir það í gjaldþrot.

Tvöfalt húsnæðislánakerfi.

Þeirri skoðun hefur oft verið hreyft að bankakerfið eigi að taka að sér húsnæðislánin. Bankarnir geti algerlega séð um öll húsnæðislán og þurfi ríkið ekki að skipta sér frekar af þeim. Flutningsmaður telur að slíkt kerfi muni aldrei geta gengið í þessu fámenna þjóðfélagi. Bankarnir eiga fullt í fangi með að sinna lánum til atvinnurekstrar, veita lán til skamms tíma til að fjármagna kaup á alls kyns neysluvörum, bílum, heimilistækjum og Spánarferðum, svo eitthvað sé nefnt. Þeir veita einnig skammtímalán vegna húsbygginga og íbúðarkaupa og munu þurfa að halda því áfram hvaða húsnæðislánakerfi yrði svo sem fundið upp. Það að veita langtímaveðlán, allt að 40 ára lán, vegna fasteigna samræmist illa þeim bankarekstri sem landsmenn þekkja til. Þá hefur þessari spurningu heldur ekki verið svarað: Hvar eiga bankarnir að finna eða skapa það fjármagn sem óseðjandi húsnæðislánakerfið þarfnast? Má benda á það að bankarnir mundu aðallega getað sinnt þeim sem hafa góða afkomu og ættu auðveldara með að greiða hina háu markaðsvexti af húsnæðislánum bankanna. Eftir sem áður verður nauðsynlegt að ríkisvaldið sinni málefnum þeirra sem minna mega sín í þjóðfélaginu. Þannig verða félagslegar íbúðir áfram að vera undir verndarvæng ríkisins og eins verður að sinna ungu fólki sem er að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð og hefur hreinlega ekki bolmagn til þess að standa undir miklum lánum með markaðsvöxtum.

Flutningsmaður leggur því til að tekið verði upp tvöfalt húsnæðislánakerfi. Í fyrsta lagi sjái ríkið aðeins um lánveitingar til bygginga með félagsleg markmið og til þeirra sem

eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð. Í þessu skyni verði Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna sameinaðir. Hafa þingmenn Borgaraflokksins þegar lagt fram á Alþingi ítarlegar breytingartillögur á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og þar fjallað um hlutverk hins sameinaða byggingarsjóðs ríkisins eins og hér segir:

„Úr Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að veita lán til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði, til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu húsnæði, til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði og til orkusparandi breytinga á húsnæði sem hér segir:

1. Íbúðir fyrir lágtekjufólk (verkamannabústaðir).
2. Íbúðir fyrir þá sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð.
3. Verndaðar íbúðir fyrir öryrkja.
4. Verndaðar íbúðir fyrir aldraða.
5. Leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka.

Úr Byggingarsjóði ríkisins er enn fremur heimilt að veita lán til byggingar eða kaupa á húsnæði fyrir félagslegar stofnanir á vegum opinberra aðila og félagasamtaka, svo sem dagvistarstofnanir fyrir börn og aldraða, hjúkrunarheimili og dvalarheimili."

Þetta leiðir af sér að hlutverk Húsnæðisstofnunar ríkisins verður aðallega að annast lánveitingar, hugsanlega með niðurgreiddum vöxtum eða sérstökum skattaívilnunum til 1) íbúða fyrir lágtekjufólk (verkamannabústaða), 2) þeirra sem eru að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð, 3) byggingar leiguíbúða í samvinnu við sveitarfélög, félagasamtök og hagsmunasamtök launþega, 4) byggingar verndaðra íbúða fyrir aldraða og öryrkja, 5) að takast á við sérstök verkefni, félagsleg, tæknileg og fjárhagslegs eðlis.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem flutningsmaður hefur fengið, munu þeir sem þannig ættu rétt á húsnæðislánum hjá Húsnæðisstofnun ríkisins vera tæplega 40% af þeim sem sækjast eftir lánum til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði hverju sinni. Ljóst er að mun auðveldara verður fyrir Húsnæðisstofnun að sinna þörfum þessa takmarkaða hóps. Starfsemi hennar, og fjárþörf umfram það sem endurgreiðslur lána tryggja, verður eftir sem áður fjármögnuð með ríkisframlögum og skuldabréfaútgáfu. Ljóst er að aðeins er hægt að veita hagstæð lán til ofangreindra forgangshópa.

Í öðru lagi þarf að sinna þeim sem ekki koma til með að eiga aðgang að Húsnæðisstofnun ríkisins. Það er sá hópur sem þegar á íbúð og hefur væntanlega fengið lán á hagstæðum kjörum hjá Húsnæðisstofnun áður. Þetta munu vera rúmlega 60% þeirra sem eru á almennum fasteignamarkaði. Hér er um að ræða íbúðareigendur sem ætla að stækka við sig eða minnka við sig, breyta eða lagfæra íbúðir sínar, þurfa að flytja á milli staða og selja og kaupa íbúð þess vegna, svo að dæmi séu tekin. Til greina gæti þó komið að aðeins hluti þeirra sem eru að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð fái lán gegnum hinn sameinaða byggingarsjóð, þ.e. hinir tekjulágu. Hinir mundu þá eiga aðgang að hagstæðum húsnæðislánum gegnum húsbanka lífeyrissjóðanna sem yrði gert skylt að vera með sérstakar lánaraðir í þessum tilgangi.

Til þess að tryggja aðgang allra landsmanna að hagstæðum langtímaveðlánum vegna fjárfestingar í fasteignum telur flutningsmaður að nauðsynlegt sé að koma upp sérstökum húsnæðislánastofnunum, *húsbönkum*, sem hafi það hlutverk eingöngu að veita slík lán. Slíkir húsbankar verða að lúta lögmálum þess fjármagns- og viðskiptakerfis sem landsmenn búa við, en með heppilegri löggjöf má ætla að þeir geti haft jákvæð áhrif á þróun fjármála í landinu, einkum lánskjör og stefnumótun í verðtryggingar- og vaxtamálum. Flutningsmaður gerir ráð fyrir að bankarnir, tryggingafélög, hagsmunasamtök laun-

þega og lífeyrissjóðirnir muni koma upp slíkum sjálfstæðum húsnæðislánastofnunum eða húsbönkum. Er talið eðlilegast að lífeyrissjóðirnir og launþegasamtökin hafi frumkvæði að því. Mikilsvert er að vel til takist. Almenningur verður að geta borið fullt traust til slíkra lánastofnana ef á að vísa honum að hluta til frá húsnæðislánakerfi ríkisins yfir til sjálfstæðra stofnana.

Það lagafrumvarp, sem hér er lagt fram og skilgreinir starfsemi slíkra húsbanka, er byggt á erlendum fyrirmyndum. Slíkir húsbankar eru víða starfandi í nágrannalöndum okkar og hafa gefið góða raun. Húsnæðislánakerfi nágrannaþjóðanna virðist yfirleitt vera í góðum farvegi og hinar örvæntingafullu ráðstafanir, sem sífellt er verið að gera á Íslandi til þess að bjarga gjörónýtu húsnæðislánakerfi okkar, eru óþekktar með öllu. Stjórnmálamenn nágrannalandanna þurfa ekki að hafa mikil afskipti af húsnæðislánamálum, um þau hefur ríkt friður og ró um áratuga, jafnvel alda skeið. Þannig hefur danska húsnæðislánakerfið lítið breyst frá því að fyrstu húsnæðislánastofnanirnar komu til sögunnar um miðja síðustu öld. Það vekur nokkra furðu að Íslendingar skuli ekki hafa borið gæfu til að nýta sér danska húsnæðislánakerfið meðan þeir voru í ríkjasambandi við Danmörku.

Um húsbanka og húsbréf.

Það form sjálfstæðra húsnæðislánastofnana, sem þetta lagafrumvarp gerir ráð fyrir, er byggt á ævagömlum hugmyndum frá stjórnartíð Friðriks mikla Prússakonungs sem vildi auðvelda borgarastéttinni að eignast eigið húsnæði og reisa úr rústum atvinnulíf landsmanna eftir stríðið við pilsin þrjú. Fyrstu húsnæðislánastofnanirnar komu til sögunnar í Þýskalandi um miðbik átjándu aldar. Danir tóku þessar hugmyndir til sín og gerðu tilraun til að stofna húsnæðislánastofnun í Danmörku seint á átjándu öld. Það var þó ekki fyrr en um miðbik síðustu aldar að húsnæðislánastofnanir, þar sem lántakendur mynda með sér félagsskap til að fara með og ábyrgjast húsnæðislán þeirra, komu til sögunnar. Dönsku húsnæðisstofnanirnar hafa þróast og breyst gegnum árin, en grundvallarhugmyndin er hin sama, þ.e. lántakendur ábyrgjast sameiginlega öll útlán stofnunarinnar og eru jafnframt félagar í henni. Í seinni tíð hefur þó verið heimilt að húsbankar séu reknir í formi hlutafélags án þessarar samábyrgðar. Er gert ráð fyrir báðum þessum möguleikum í frumvarpinu.

Húsbankarnir fjármagna útlán sín með útgáfu sérstakra húsbréfa (danska: obligationer), sem þeir hafa einkarétt til að gefa út og selja á frjálsum peningamörkuðum. Í rauninni er um að ræða venjuleg skuldabréf eða spariskírteini sem húsbankinn býður til sölu í samkeppni á fjármagnsmarkaðnum. Ef húsbréfin eru fullkomlega traust og áreiðanleg í líkingu við verðtryggð spariskírteini ríkisins ættu ekki að vera vandkvæði á því að selja þau á hagstæðu verði fyrir stofnunina þannig að nægt fjármagn verði til útlána hverju sinni. Þar sem útlán húsbankans byggja algerlega á sölu húsbréfanna verður að vera jöfnuður milli útgáfu og sölu húsbréfa og útlána. Fyrir hvert nýtt útlán þarf að gefa út og selja húsbréf. Oftast er þetta gert á þann veg að röð húsbréfa er sett á markað með reglulegu millibili (blokemission) og lánsumsóknir afgreiddar í takt við útgáfu bréfanna. Þó er jafnalgengt hjá dönsku húsbönkunum að húsbréfin séu seld frá degi til dags og lánsumsóknir afgreiddar á sama hátt. Biðraðir eftir húsnæðislánum eru óþekkt fyrirbrigði í Danmörku. Lánsumsókn er venjulega afgreidd og lánið veitt inna viku frá því að hún barst.

Dönsku húsbréfin njóta mikils trausts meðal almennings. Algengt var að gefa börnum húsbréf í skírnar- og fermingargjafir. Nú eru það þó fyrst og fremst bankar og tryggingafélög, svo og stærri fyrirtæki og veðbréfamiðlanir sem geyma lausafé sitt í húsbréf-

um eftir að pappírslaus viðskipti urðu ofan á. Húsbréfin eru auglýst til sölu í öllum bönkum og peningastofnunum. Gengi þeirra, þ.e. söluverð og raunvextir, er skráð á viðskiptasíðum dagblaðanna á hverjum degi. Ef óheppileg þróun söluverðs húsbréfa er fyrirsjáanleg kemur danski seðlabankinn yfirleitt til aðstoðar og kaupir húsbréf í nægilegu magni. Í seinni tíð hefur bankakerfið í Evrópu í æ ríkara mæli farið inn á bein tölvuviðskipti. Þetta hefur gert nauðsynlegt að skilgreina og heimila svokölluð rafeindabréf (elektroniske obligationer). Rafeindahúsbréf eru aðeins til í tölvukerfi stórbankanna, tryggingafélaga og verðbréfasala, svo dæmi séu nefnd. Þau ganga kaupum og sölum á venjulegan hátt en eru aldrei skráð á pappír. Þannig er hægt að selja eða kaupa mikið magn af húsbréfum á svipstundu.

Svíar hafa farið aðeins öðruvísi að. Þeir hafa ekki lagt eins mikla áherslu á jafnvægislögmálið, þ.e. að ávallt sé sama magn húsbréfa í umferð og útistandandi lán gefa tilefni til. Þeir hafa farið þá leið að gefa út raðir húsbréfa í mjög miklu magni sem boðnar eru til sölu um allan heim, þ.e. sænsku húsbréfin eru skráð til sölu hjá öllum helstu kauphöllum heims. Sænsku húsbréfin hafa yfirleitt fremur stuttan gildistíma, oftast um fimm ár, og henta því sérlega vel sem markaðsverðbréf. Húsnæðislánin, sem sænsku húsnæðislánastofnanirnar veita, eru hins vegar til miklu lengri tíma, og þarf því stöðugt að gefa út nýjar raðir húsbréfa til að hafa tiltækt fjármagn til útlána. Aðalatriðið er þó að húsnæðislán eru fyrst veitt þegar búið er að selja húsbréfin, og hefur hvorki lántakandinn né seljandi íbúðar neitt með sjálf húsbréfin að gera. Þau eru aðeins málefni húsnæðislánastofnunarinnar. Sænsku húsnæðislánastofnanirnar veita öllum sem hafa vilja húsnæðislán, svo fremi að veðhæf fasteign sé til staðar. Þannig geta hús- og íbúðareigendur fengið 40 ára veðlán til að kaupa hlutabréf í atvinnufyrirtækjum og til ýmissa annarra þarfa.

Aðalatriði þess húsnæðislánakerfis, sem byggir á fjármögnun með útgáfu húsbréfa eins og það þekkist t.d. annars staðar á Norðurlöndunum, eru eftirfarandi: Lánsumsækjandi sendir inn umsókn um húsnæðislán til margra ára. Hann skrifar undir veðskuldabréf fyrir öllu láninu handa húsnæðislánastofnuninni. Þessi veðskuldabréf ásamt varasjóði stofnunarinnar er sú trygging sem liggur að baki húsbréfunum. Þess vegna er nauðsynlegt að veðskuldabréfin séu gefin út af stofnuninni og á ábyrgð hennar. Það er ekki hægt að treysta óviðkomandi aðilum fyrir því að gefa út slík veðskuldabréf og ætla stofnuninni að vera einhver skiptimiðstöð fyrir veðskuldabréf og húsbréf. Húsbréfin eru þannig hin eiginlegu verðmæti sem lántakandinn fær að láni, og þurfti hann áður að selja húsbréfin sjálfur, sem stofnunin afhenti honum við móttöku veðskuldabréfsins, til að fá peninga. Í seinni tíð hefur þróunin verið sú að stofnunin sér sjálf um sölu húsbréfanna fyrir lántakanda sem verður því ekkert var við húsbréfin. Hann fær beinharða peninga að láni. Eftir sem áður er stofnunin óháð utanaðkomandi fjármagni sem lagt er til hennar á beinan hátt.

Til að koma upp íslenskum húsbönkum er talið ráðlegt að nota hlutafélagaformið þótt það sé ekki einhlítt. Þá virðist sem sænska húsbréfakerfið henti aðstæðum á Íslandi að mörgu leyti betur en danska fyrirkomulagið. Þessi mál þarf þó að sjálfsögðu að kanna rækilega. Umfram allt verður að forðast við leit að heppilegum leiðum til úrbóta í húsnæðismálum þjóðarinnar að miklum kröftum sé eytt í að finna upp hjólið.

Íslenska húsbréfakerfið 1989.

Sumarið 1988 skipaði félagsmálaráðherra milliþinganefnd allra þingflokka á Alþingi

til að huga að nýjum lausnum í húsnæðislánamálum. Áður hafði sérstakur starfshópur á vegum félagsmálaráðherra undirbúið tillögur um breytt lánakerfi, þar sem m.a. hugmyndir Borgaraflokksins um fjármögnun húsnæðislána með útgáfu og sölu húsbréfa höfðu verið hafðar að fyrirmynd. Það er reyndar athyglisvert að í allri umræðunni um svokallað húsbréfakerfi hefur verið farið með það sem mannsmorð að það voru þingmenn Borgaraflokksins sem fyrstir kynntu hugmyndir um húsnæðislán á grundvelli húsbréfa.

Milliþinganefndin skilaði áliti sínu haustið 1988, en nefndin margklofnaði í afstöðu sinni. Fulltrúar Alþýðusambandsins og þingflokks Framsóknarflokks skiluðu séráliti þar sem þeir lögðu til ýmsar lagfæringar og endurbætur á 1986-kerfinu. Meiri hluti nefndarinnar lagði hins vegar til að tekið skyldi upp húsbréfakerfi sem byggði á innri fjármögnun vegna mikillar eignamyndunar í íbúðarhúsnæði og vaxtabótum í gegnum staðgreiðslukerfi skatta. Júlíus Sólnes, sem var fulltrúi Borgaraflokksins í nefndinni, gerði mjög ákveðinn fyrirvara við nefndarálit meiri hl., þar sem talið var að nær allar megingrundvallarreglur um fjármögnun húsnæðislána með útgáfu og sölu húsbréfa, eins og þær þekkjast í öllum nálægum löndum, væru þverbrotnar. Er fyrirvarinn svohljóðandi:

„Nefndin hefur farið ítarlega yfir ýmsar hugmyndir og tillögur til úrbóta á núgildandi húsnæðislánakerfi. Ekki hefur þó verið ráðist að höfuðmeinsemdinni í kerfinu, sem er fólgin í því að ríkið er með allt á sinni könnu, bæði þá, sem þurfa á félagslegri aðstoð að halda, og hina, sem geta staðið á eigin fótum. Þetta gerir núgildandi húsnæðiskerfi allt of þunglamalegt og fjárfrekt. Eðlilegra væri, að ríkið sjái aðeins um þá, sem þurfa á félagslegri aðstoð að halda, en sérstakar húsnæðislánastofnanir, t.d. á vegum lífeyrissjóðanna og bankakerfisins, sjái um alla aðra. Með því mundi skuldabréfakaupskylda lífeyrissjóðanna við byggingarsjóði ríkisins sjálfkrafa falla burt, enda hefur hún ekki reynst vel.

Á síðasta þingi fluttu þingmenn Borgaraflokksins frumvarp til laga um sérstakar húsnæðislánastofnanir sem fjármögnuðu útlán sín með markaðshæfum húsbréfum. Nefndin hefur að hluta til notfært sér þessa hugmynd í því formi að koma upp húsbréfadeild við Húsnæðisstofnun ríkisins. Sú útfærsla að Húsnæðisstofnun skipti á fasteignaveðbréfum, sem verða til við kaup og sölu fasteigna hjá einkaaðilum, og húsbréfum, er þó frekar vafasöm. Eðlilegra er að Húsnæðisstofnun gefi sjálf út þau fasteignaveðbréf sem liggja að baki húsbréfanna.

Vaxtabætur eru í sama anda og aðrar bætur sem eru greiddar í staðgreiðslukerfi skatta. Flóknar reglur eru settar um fjölskyldustærð og afkomu umsækjenda. Mun betra er að heimila beinan vaxtafrádrátt á skattframtali. Þá er og eðlilegra að viðhalda beinum vaxtaniðurgreiðslum á húsnæðislánum til þeirra sem þurfa á félagslegri aðstoð að halda."

Fulltrúar bæði Kvennalista og Alþýðubandalags gerðu einnig fyrirvara við meirihlutaálitið.

Hinu íslenska húsbréfakerfi má einna helst lýsa með eftirfarandi hætti. Fasteignasali útbýr veðskuldabréf í stöðluðu formi sem kaupandi skrifar undir. Seljandi íbúðarinnar hleypur svo með veðskuldabréfið upp í Húsnæðisstofnun þar sem hann skiptir á því og bunka af húsbréfum sem stofnunin hefur látið prenta og gefa út. Áður hefur þó farið fram athugun stofnunarinnar á því að kaupandi íbúðarinnar sé borgunarmaður, þ.e. geti staðið við skuldbindingar samkvæmt veðskuldabréfinu. Hugmyndin er nú sú að seljandinn, ef hann ætlar ekki að kaupa aðra íbúð, geri sig ánægðan með að stinga húsbréfabunkanum ofan í skúffu og geyma hann þar næstu 25 árin og fá inn afborganir og vexti af bréfunum. Með þessum hætti er talið að hægt sé að nýta svokallaða innri fjármögnun í

húsnæðiskerfinu, þ.e. nýta hina miklu skuldlausu eða skuldlitlu húsnæðiseign Íslendinga. Gallinn er hins vegar sá að seljandinn flýtir sér yfirleitt að reyna að selja húsbréfin með öllum tiltækum ráðum og því hefur skapast mikil ringulreið á húsbréfamarkaðnum.

Hið íslenska húsbréfakerfi er því að mörgu leyti meingallað. Markmiðið með innri fjármögnun gengur illa upp. Seljendur verða nú að sætta sig við veruleg afföll á húsbréfum og freistast því til að hækka söluverð húseigna sinna. Þá er slæmt að ríkisvaldið sé að vasast á verðbréfamarkaðnum með ríkistryggð verðbréf við hliðina spariskírteinum ríkissjóðs. Þá má benda á furðuleg atriði eins og það að sami aðilinn og gefur út húsbréfin hefur einnig nokkra kaupskyldu, þ.e. Byggingarsjóði ríkisins hefur verið gert skylt að kaupa húsbréf í einhverjum mæli. Hann væri þá nánast að kaupa pappíra af sjálfum sér. Miklu nær væri að láta lífeyrissjóðina um að gefa út húsbréfin sem þá yrðu án ríkisábyrgðar en nytu hugsanlega skattfrelsis eins og ríkistryggð skuldabréf. Lífeyrissjóðirnir hafa yfir það miklu fjármagni að ráða að þeir geta auðveldlega baktryggt húsbréfin jafnvel og ríkissjóður.

Grundvallarmismunur á hinu íslenska húsbréfakerfi og þeim sem eru við lýði víðast hvar annars staðar er hins vegar sá að í íslenska kerfinu er ekki höfðað til sparnaðarins í þjóðfélaginu, en það getur leitt til óvæntrar vaxtahækkunar vegna of mikils framboðs eins og þegar hefur komið í ljós. Í húsbréfakerfum erlendis er ætíð byggt á því grundvallaratriði að fyrst eru gefin út og seld húsbréf og síðan eru veitt húsnæðislán þegar peningarnir hafa á þann hátt verið útvegaðir. Þannig er höfðað til sparnaðarins í þjóðfélaginu þegar á að fjármagna húsnæðislán til langs tíma.

Lánskjör.

Ef hugað er að mismunandi aðstöðu fólks til afla sér íbúðarhúsnæðis er ljóst að mikil gjá er á milli þeirra sem höfðu komið sér upp þaki yfir höfuðið áður en almenn verðtrygging húsnæðislána var tekin upp um 1980 og hinna sem eru að festa kaup á íbúð nú. Áður var það ekki óalgengt að fólk gæti komið sér upp stórum einbýlishúsum á fáeinum árum sem næst skuldlausum. Verðbólgan sá um að eyða byggingarskuldunum. Þeir sem nú eru að byggja eða kaupa sér íbúð eiga aðeins kost á lánum með fullri verðtryggingu. Eignarhlutfall þeirra fer ekki hraðvaxandi eins og áður, heldur er jafnvel hætta á að það minnki með tímanum. Þannig eru þegar mörg dæmi þess að fólk hafi átt í erfiðleikum með sölu á íbúðum með miklum verðtryggðum lánum, t.d. í verkamannabústaðakerfinu, einfaldlega vegna þess að söluverð þeirra heldur ekki í við verðtryggðu lánin. Áhvílandi lán með uppfærðum verðbótum eru orðin mun hærri en markaðsverð íbúðarinnar. Þetta er einkum bagalegt úti á landsbyggðinni þar sem verðmæti fasteigna er mun minna en á höfuðborgarsvæðinu. Þess eru mörg dæmi, að fasteignir í dreifbýli seljast ekki með öðrum hætti en að kaupandi tekur að sér að halda áfram að greiða af áhvílandi lánum án nokkurrar greiðslu til fyrri eiganda.

Þessi hætta ágerist eftir því sem lánshlutfall verðtryggðra lána eykst. Það er fyrirsjáanlegt að mikil hætta er á því að allar minni íbúðir, sem verða byggðar og keyptar á næstu árum með fullum húsnæðislánum — þau geta nú numið allt að 9 millj. kr. — muni ekki halda verðgildi sínu í takt við lánskjaravísitölu. Þannig gæti skapast það ástand að stór hluti fólks sitji í íbúðum sem það getur ekki selt vegna þess að skuld við Byggingarsjóð ríkisins er meiri en söluverð íbúðarinnar. Það má því segja að Byggingarsjóður ríkisins eigi allar slíkar íbúðir. Fólkið er í raun orðið að leiguliðum hjá ríkinu. Það á

ekkert í íbúðinni, þótt hún sé þinglýst á nafn viðkomandi, en hefur samning um afnot af henni næstu 40 árin meðan það stendur í skilum. Sjálfseignarstefnan margrómaða er í reynd hrunin.

Það sem hefur gert lánveitingar til margra ára erfiðar á Íslandi er verðbólgan. Með þeirri almennu verðtryggingu útlána, sem hófst um 1980, hefur verið reynt að gera útlán almennt og sér í lagi langtímaveðlán óháð verðbólgunni. Lánskjaravísitalan var tekin upp 1. júní 1979 í samræmi við svokölluð Ólafslög frá sama ári. Um fátt hefur verið meira deilt í umræðu um efnahagsmál á Íslandi en lánskjaravísitöluna og áhrif hennar. Hún hefur að margra dómi reynst hinn mesti bölvaldur í íslensku efnahagslífi, en aðrir telja að hún sé forsenda fyrir heilbrigðu efnahagslífi. Þróun efnahagsmála, eftir að lánskjaravísitalan kom til sögunnar, hefur hins vegar ekki verið sérlega hagstæð ef litið er á breytingar á nokkrum þekktum efnahagsstærðum síðustu tíu árin.

Í töflu 1 er sýnd þróun gjaldeyrisvísitalna, þ.e. vesturþýsks marks (DM), Bandaríkjadals (USD), ensks punds (BPD) og danskrar krónu (DKK), og enn fremur þróun lánskjaravísitölu, byggingarvísitölu og launavísitölu fyrir tímabilið 1979 til 1990. Allar vísitölurnar eru hundraðastilltar miðað við júní 1979, en þá var lánskjaravístalan fyrst skráð. Gengisvísitölurnar eru reiknaðar miðað við meðalgengi hvers árs, en aðrar vísitölur eru júnítölur hvers árs.

Tafla 1. Þróun verðlags á Íslandi 1979–90.

	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990
DM	100	138	166	266	505	576	739	986	1116	1270	1578	1511
USD	100	136	206	356	710	899	1178	1166	1097	1224	1623	1621
GPD	100	150	195	291	507	564	723	808	849	1026	1251	1325
DKK	100	127	152	222	406	456	590	760	844	953	1168	1187
Lánskj.vísit.	100	180	245	359	656	885	1144	1448	1687	2051	2475	2887
Bygg.vísit.	100	157	240	370	674	788	1040	1298	1536	1863	2216	2638
Launavísit.	100	152	232	353	558	716	747	1215	1598	2060	2244	2510

Tölurnar í töflunni segja alla söguna. Fram til 1985 virðist allt með felldu og gengisskráning breytist í takt við verðlagsþróunina. Upp úr því fer allt úr böndum og verðlag innan lands geysist fram miðað við nágrannalöndin. Á þennan hátt virðist lánskjaravísitalan hafa haft óbærilegar afleiðingar fyrir allt efnahagslíf landsmanna, einkum útflutningsfyrirtæki sem römbuðu flest á barmi gjaldþrots við áramótin 1988/89. Einnig hefur gjaldþrotum einstaklinga vegna íbúðakaupa fjölgað mjög. Það sést vel að lánskjaravísitalan hefur hækkað mun meira en launavísitalan að einu ári undanskildu, þ.e. 1987–1988. Sú þróun er m.a. ástæðan fyrir þeim erfiðleikum sem margir einstaklingar hafa lent í vegna fjárfestinga í íbúðarhúsnæði. Einnig hefur fasteignaverð miðað við lánskjaravísitölu rokkað mikið upp og niður á tímabilinu. Hefðu einstaklingarnir og atvinnufyrirtækin fengið að taka erlend lán beint í þeim erlendu gjaldmiðlum, sem taflan sýnir, væri skuldastaðan allt önnur og betri en með innlendum lánum með lánskjaravísitölu.

Sú breyting á lánskjaravísitölunni, sem gerð var, þannig að launin vegi þyngra, eða allt að 70% í vísitölunni, virðist vera stórhættuleg. Miðað við núverandi stöðu, þar sem verðbólgan er þrátt fyrir allt komin niður fyrir 10% og það hillir undir að loksins sé að rofa til í íslensku efnahagslífi, veldur það vissulega áhyggjum hversu kaupmáttur dagvinnulauna er lágur. Verði einhver uppsveifla í efnahagslífinu munu laun hækka mun meira en

verðlag annars þar sem það er orðið mjög brýnt að auka kaupmátt launafólks í landinu. Lánskjaravísitalan mun þá hækka ört og þar með byrðar þeirra sem hafa stór og mikil húsnæðislán á bakinu. Sjálfvirk tenging vísitalna við mikilvæga þætti efnahagslífsins, svo sem fjárskuldbindingar og laun, er afar óheppileg og verðbólguhvetjandi. Þannig munu fjármagnseigendur augljóslega ekkert aðhafast til að halda verðbólgunni niðri þar sem það er þeirra hagur að verðbólga mæld með lánskjaravísitölu verði sem mest. Virðist stundum sem þessa hugsanaháttar gæti hjá bönkunum sjálfum. Á tímum þjóðarsáttar verða allir landsmenn að taka þátt í því að halda verðbólgunni niðri. Því verður að aftengja lánskjaravísitöluna til þess að forða verðbólgusprengingu. Augljóslega verður að leita annarra leiða til þess að tryggja kaupmátt og fjárskuldbindingar en með beinum vísitölutengingum.

Í frumvarpinu er því einungis gert ráð fyrir að heimilt verði að verðtryggja lán með einhverjum hætti og jafnframt bent á ýmsa valkosti. Nágrannaþjóðirnar hafa ekki nema að litlu leyti farið inn á þá braut að verðtryggja lán. Finnar voru einir Norðurlandaþjóðanna með almenna verðtryggingu fjárskuldbindinga fram til 1967 er þeir tóku sína lánskjaravísitölu úr sambandi. Efnahagsástand í Finnlandi er nú betra en það var áður og verðbólga mjög lítil. Í Danmörku er boðið upp á vísitölutengd lán í einhverjum mæli. Eru þau þá tengd við kaupgjaldsvísitölu. Yfirleitt er fólki ráðið frá því að taka slík lán og það fremur hvatt til að taka venjuleg skuldabréfalán með afföllum. Vísitölubundin lán eru helst talin koma til greina þar sem hægt er að tengja rekstur fasteignar við sömu vísitölu. Þannig má hugsa sér að nota vísitölubundin lán til byggingar leiguíbúða þar sem húsleigan fylgir sömu vísitölu.

Húsnæðislán í formi vaxtaaðlögunarlána (rentetilpasningslån) ryðja sér til rúms í nálægum löndum. Þau byggja á því að fyrir löng veðlán er samið um fasta vexti til ákveðins tíma, t.d. eins til fjögurra ára ára í senn. Gengi skuldabréfsins er háð vöxtunum sem samið er um í upphafi hvers vaxtatímabils og þar með er ljóst hver lánsupphæðin er. Við upphaf næsta vaxtatímabils er á ný samið um fasta vexti til næstu ára. Er þá gamla lánið endurgreitt með nýju láni og svo koll af kolli. Afborgunarrunan er hins vegar miðuð við heildarlánstímann (t.d. 30 ár) og lánið er í raun veitt til þess tíma þótt það sé endurreiknað með ákveðnu millibili. Þannig er tekið tillit til verðlagsþróunar á skynsamlegan hátt. Lántakandinn situr ekki uppi með lán þar sem lánsupphæðin, þ.e. skuldin, hækkar í sífellu þrátt fyrir stöðugar afborganir.

Í töflu 2 er yfirlit sem sýnir vexti af skuldabréfum fyrir vaxtaaðlögunarlán sem stærsta húsnæðislánastofnun Danmerkur, Kreditforeningen Danmark, býður þýskum húsbyggjendum og íbúðarkaupendum á lánamarkaði í Frankfurt.

Tafla 2. Vextir og kaupgengi vaxtaaðlögunarskuldabréfa. Lánamarkaður í Frankfurt 20. mars 1990.

Lánstími 30 ár			Vaxtaaðlögunartímabil			
Nafn-vextir	Upphafleg afborgun	Árleg greiðslub.	1 ár	2 ár	3 ár	4 ár
			Kaupgengi skuldabréfs			
9,65%	0,63%	10,58%	100		"afföll"	
9,91%	0,62%	10,53%		100		
9,83%	0,63%	10,46%			100	
9,74%	0,64%	10,38%		"afföll"		100
Virkir nafnvextir			10,00%	10,30%	10,25%	10,15%
Virkir raunvextir			6,10%	6,20%	6,15	6,05%

Samkvæmt þessari töflu eru raunvextir vaxtaaðlögunarlána rúmlega 6% á ári, en þá er miðað við að verðbólga í Þýskalandi sé um 3,9% sem er meðaltal síðustu 12 mánaða. Raunvaxtahugtakið er þó mjög villandi, a.m.k. eins og það hefur verið túlkað hér á landi og erfitt að bera það saman milli landa. Raunvextirnir í töflu 2 eru reiknaðir út miðað við nafnvexti og kaupgengi skuldabréfanna og 12 mánaða verðbólgustig dregið frá. Raunvextir á Íslandi eru hins vegar miðaðir við ávöxtun á lánskjaravísitölulánum. Samkvæmt töflu 1 er ljóst að slíkir raunvextir eru allt aðrir og hlutfallslega hærri en raunvextir samkvæmt hinni venjulegu skilgreiningu nágrannalandanna.

Það er forvitnilegt að dönsku húsnæðislánastofnanirnar hafa fengið heimild til að veita dönsk húsnæðislán í löndum sem eiga aðild að Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, OECD. Hafa þær hafið starfsemi í Portúgal, Frakklandi, Þýskalandi og Wales, og enn fremur er hafin tilraunastarfsemi í Louisiana í Bandaríkjunum. Danska húsnæðislánakerfið virðist þannig ráða auðveldlega við heimamarkaðinn og geta bætt á sig húsnæðislánum til annarra landa. Í viðræðum, sem formaður Borgaraflokksins átti við fulltrúa Kreditforening Danmark haustið 1987, kom fram að vel gæti komið til greina að stofnunin veitti húsnæðislán til Íslands, annaðhvort í samvinnu við hliðstæða íslenska stofnun eða með því að stofna útibú á Íslandi. Eftir verðlagsþróuninni að dæma hefði ekki verið ónýtt að geta tekið dönsk húsnæðislán í staðinn fyrir íslensk lán með lánskjaravísitölu.

Að lokum er rétt að minnast á lán með greiðslumarki og afkomutryggingu. Þau eru byggð á bandarískri fyrirmynd, en einnig er farið að tala um afborgunartryggingu í nálægari löndum, svo sem í Danmörku. Lántakandi, sem fær langt veðlán, semur um það við húsbankann að sett sé greiðslumark á lánið, þ.e. að mánaðarleg eða árleg greiðslubyrði af láninu, vextir, afborgun, hugsanleg verðtrygging o.fl., fari ekki upp fyrir greiðsluþol hans miðað við þær tekjur sem hann hefur við upphaf lánstímans. Samhliða greiðslumarkssláninu er keypt afkomutrygging, þannig að tryggingafélag tekur að sér að greiða mismun á greiðslumarki og greiðsluþoli lántakanda við atvinnumissi, veikindi, missi maka eða annað óvænt sem hefur áhrif á afkomu lántakandans. Oft er afkomutryggingin tekin á þann hátt að lánstíminn er lengdur, t.d. úr 25 árum í 30 ár, án þess að greiðslubyrði vegna lánsins sé minnkuð. Mismunurinn, þ.e. það sem greiðslubyrðin hefði átt að minnka um, er iðgjaldið sem lántakandinn greiðir fyrir afkomutrygginguna. Þannig er á einfaldan og hagkvæman hátt komið í veg fyrir að lántakandinn lendi í greiðsluerfiðleikum sem því miður er að verða regla fremur en undantekningn hjá stórum hópi íslenskra lántakenda.

Það er skoðun flutningsmanns að væru einhverjar af þeim hugmyndum, sem hér hefur verið lýst, notaðar til að bæta húsnæðislánakerfi landsmanna mundi stórt skref verða stigið í þá átt að koma okkur út úr þeim ógöngum sem við búum við í húsnæðislánamálum. Undir þetta sjónarmið hafa fleiri tekið eins og sjá má af meðfylgjandi umsögn ASÍ um húsnæðismál og tillögum Borgaraflokksins frá 1988.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að félagsmálaráðherra geti veitt heimild til starfsemi sérstakra húsbanka sem fást eingöngu við lánveitingar til húsbygginga, aðallega íbúðarhúsa. Slíkir húsbankar koma til með að sinna þeim sem ekki eiga rétt til lána úr Byggingarsjóði ríkisins sem eingöngu er ætlaður til lána fyrir félagslegar íbúðarbyggingar og stofnanir.

Um 2. gr.

Húsbankar, sem starfa samkvæmt þessum lögum, verða að haga starfsemi sinni í samræmi við þær reglugerðir sem félagsmálaráðherra setur um húsnæðislánastofnanir. Nauðsynlegt er að tryggja rækilega hagsmuni lántakenda og veita þeim þá vernd sem er nauðsynleg til að húsnæðislánakerfi landsmanna gangi snurðulaust. Á sama hátt verður að tryggja að húsnæðislánastofnanir fái traustan rekstrargrundvöll og bolmagn til þess að sinna hlutverki sínu.

Um 3. gr.

Miðað við að húsbankar verði háðir eftirliti félagsmálaráðherra er eðlilegt að þeir hafi einkarétt á því að nota heitið húsbanki eða húsnæðislánastofnun. Enn fremur er nauðsynlegt að einkaréttur húsbanka til útgáfu á húsbréfum sé ótvíræður. Húsbréfin verða að njóta sambærilegs trausts kaupenda og t.d. verðtryggð spariskírteini ríkissjóðs.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að stjórn stofnunarinnar starfi í líkingu við bankaráð og stjórnir hlutafélaga. Talið er eðlilegt að fulltrúi lántakenda eigi sæti í stjórninni og félagsmálaráð-

herra, með hliðsjón af eftirlitshlutverki hans, geti einnig skipað fulltrúa í stjórnina.

Um 5. gr.

Hér er kveðið nánar á um eftirlitshlutverk félagsmálaráðherra. Nauðsynlegt er talið að slíkir húsbankar starfi undir ströngu eftirliti félagsmálaráðherra þar sem um er að ræða langtímaveðlán til íbúðarbygginga fyrir allan almenning. Enn fremur er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra setji með reglugerð nánari fyrirmæli um hvernig rekstri húsbanka skuli háttað þannig að fullt samræmi sé milli slíkra stofnana.

Um 6. gr.

Erlendar húsnæðislánastofnanir hafa í vaxandi mæli tekið upp samstarf og hafið tilraunir með lánveitingar í öðrum löndum. Í breytingu, sem var gerð á dönsku húsbankalögunum 1986, er veitt heimild til þess að húsnæðislánastofnanir í Danmörku geti veitt húsnæðislán til landa sem eiga aðild að OECD, Efnahags- og framfarastofnun Evrópu. Aðild að samstarfi erlendra húsnæðislánastofnana getur bæði veitt aðgang að margþættum upplýsingum og gögnum varðandi húsnæðislánamál almennt og einnig leitt til þess að erlent fjármagn fengist til húsnæðislána á Íslandi á mjög hagstæðum kjörum.

Um 7. gr.

Í samþykktum húsnæðislánastofnunar er gert ráð fyrir að gæðakröfur til bygginga séu skilgreindar, enn fremur að þar verði ákvæði um að byggingar skuli vera í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Um 8. gr.

Matsverð fasteigna, sem húsnæðislánastofnun byggir veðhæfni þeirra á, er ákveðin af og á ábyrgð stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að félagsmálaráðherra geti sett nánari reglur um það hvernig mati á veðhæfni fasteigna skuli háttað. Nauðsynlegt er þó að húsnæðislánastofnanir hafi tiltölulega frjálsar hendur við ákvörðun matsverðs innan þess ramma sem félagsmálaráðherra setur. Þannig er hugsanlegt ef fleiri en einn húsbanki verður starfræktur samkvæmt þessum lögum að einhver samkeppni geti skapast á grundvelli matsverðsins. Umsækjendur um lán til fasteigna munu þá leita eftir lánstilboðum frá starfandi húsbönkum og hugsanlega taka því tilboði sem gerir ráð fyrir hæstu matsverði að öðrum þáttum undanskildum.

Huga þarf sérstaklega að vandamálum íbúðareigenda á landsbyggðinni vegna mjög mismunandi fasteignaverðs á landinu. Finna þarf leiðir til þess að fólk festist ekki í fjötrum vegna verðlítilla fasteigna á afskekktum stöðum og eins að tryggja að minni veðhæfni fasteigna úti á landi í sumum tilvikum skerði ekki möguleika á húsnæðislánum. Stundum verður þó að gera ráð fyrir að koma verði til lán frá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Í stað þess að veita framkvæmdalán, eins og tíðkast hefur af hálfu Húsnæðisstofnunar ríkisins, gerir jafnvægisskilyrðið, þ.e. að jafnvægi sé á milli útgáfu húsbréfa og útlána, það nauðsynlegt að veitt sé bráðabirgðaveðlán gegn bankatryggingu miðað við væntanlegt matsverð fasteignar.

Um 9. gr.

Í þessari grein er hámark lánshlutfalls miðað við matsverð fasteignar skilgreint fyrir hinar mismunandi tegundir fasteigna. Til þess að örva byggingu leiguíbúða, sem mik-

il þörf er fyrir, er gert ráð fyrir hæsta lánshlutfalli til þeirra. Þá eru skilyrði um lágmarksupphæð lána. Enn fremur er gert ráð fyrir lánum til fegrunar á umhverfi og til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði og jafnvel endurnýjunar heilla bæjarhverfa í þeim tilvikum að sveitarstjórn sér sér hag í því að slíkar framkvæmdir eigi sér stað.

Um 10. gr.

Hér er lýst uppruna þess fjármagns sem er notað til útlána. Það er fengið með sölu húsbréfa á frjálsum markaði. Húsbréfin eru skilgreind sem hver önnur verðbréf eða spariskírteini sem hafa ákveðið sölugengi á hverjum tíma. Kemur það til með að endurspeglast í þeim lánskjörum sem stofnunin getur boðið. Til greina getur komið að lántakendur annist sjálfir sölu á húsbréfunum, þ.e. að húsbankinn afhendi lántakanda jafnmikið magn húsbréfa og lánsupphæðin segir til um. Ef sölugengi húsbréfanna er 90% fær lántakandinn 90% af lánsupphæðinni til ráðstöfunar. Hér er því í raun um að ræða lán með afföllum. Það er hins vegar meginatriði þessarar lagagreinar að lánveitingar séu ekki endilega verðtryggðar, þótt það sé heimilt.

Nú er algengara að lántakandi fái hreint peningalán, þ.e. að húsbankinn sér um að selja húsbréfin. Með þeim hætti er hægt að setja upp fjölbreyttari lánskjör. Lánin og þar með húsbréfin geta verið vísitölutryggð. Þá er einnig hægt að nota vaxtaaðlögunarlán eins og lýst hefur verið í greinargerðinni hér að framan. Húsbréfin þurfa þá aðeins að hafa gildistíma til jafns við umsamið vaxtatímabil, þ.e. á bilinu 3–10 ár.

Afkomutrygging vegna húsnæðislána er nýmæli sem lauslega hefur verið athugað af nokkrum aðilum hérlendis. Svo virðist sem líftryggingafélög í Bandaríkjunum selji lántakendum húsnæðislána afkomutryggingar sem tryggja að þeir lendi ekki í greiðsluerfiðleikum vegna atvinnumissis, heilsuleysis, slysa o.s.frv. Í Danmörku er einnig í undirbúningi að bjóða afborgunartryggingar (terminsforsikring) sem verka á svipaðan hátt.

Um 11. gr.

Það þykir rétt að skilgreina sjálft lánsformið í lögunum. Yfirleitt hafa jafngreiðslulán tíðkast hérlendis. Þau hafa þann ókost í för með sér að endurgreiðsla lánsins er mjög hæg í fyrstu. Raðlán, þar sem afborgun lánsins er föst upphæð en vextirnir bætast síðan við þannig að heildargreiðslan er breytileg og lækkandi þegar líður á lánstímann, þekkist einnig. Með því að blanda þessum lánsformum saman er hægt að ná fram hagstæðari endurgreiðslu lánsins sem getur komið bæði lántakanda og stofnuninni til góða.

Um 12. gr.

Hér er lánstími veðlána skilgreindur eftir notkun bygginga sem lánað er til. Lánstíminn er lengstur fyrir leiguíbúðir til þess að húsaleiga geti verið sem lægst. Með því að taka upp skynsamlegri húsnæðislán en þau sem byggja á lánskjaravísitölu er hægt að hafa lánstímann skemmri en gerist í gildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins án þess að greiðslubyrði aukist að mun.

Um 13. gr.

Nauðsynlegt er að hafa ákveðnar reglur um notkun og gerð þeirra bygginga sem lánað er til. Hugsanlegt er að tæknideild húsnæðislánastofnunar verði að segja til um hvort bygging standist tæknilegar kröfur og skipulagsreglur áður en lán er veitt.

Um 14. gr.

Húsbréfunum hafa verið gerð allgóð skil í umsögn um 10. gr. Hér er nánar kveðið á um með hvaða hætti húsbréfin tengjast veðskuldabréfum lántakenda sem þeir undirrita og afhenda húsbankanum. Nafnverð allra slíkra veðskuldabréfa skal a.m.k. vera jafnhátt nafnverði allra húsbréfa sem eru í umferð. Þessi jafnaðarkrafa er undirstöðuatriði varðandi lánveitingar sem byggjast á húsbréfum.

Húsbréfin geta verið mismunandi. Happdrættisbréf eru seld með föstum vöxtum. Sölugengi þeirra fer eftir raunvaxtakröfu markaðarins hverju sinni. Vextir af húsbréfunum eru greiddir handhöfum um leið og vextir af veðlánum eru greiddir til húsbankans. Samanlögð afborgun þeirra lána sem byggjast á happdrættisbréfunum er hverju sinni notuð til þess að endurgreiða húsbréf sem eru dregin út. Þannig fær handhafi bréfs, sem hefur verið dregið út, nafnverð þess endurgreitt án tillits til þess söluverðs sem hann greiddi fyrir bréfið á sínum tíma. Ef um er að ræða pappírslaus bréf, þ.e. rafeindabréf, er upphæðin færð inn á reikning skráðs handhafa sjálfkrafa.

Vísitölutryggð bréf eru ekki dregin út til greiðslu, heldur hafa þau sama gildistíma og veðlánið sem byggist á þeim. Fær handhafi slíkra húsbréfa vexti og afborgun greidd í takt við greiðslur af veðlánunum. Skammtímabréf eru notuð vegna vaxtaaðlögunarlána og fylgja samningstíma vaxta. Þau eru ekki dregin út til greiðslu heldur innleyst við lok samningstíma vaxta.

Ef lántakandi vill greiða upp lán sitt hjá stofnun verður hann að afhenda henni jafnmikið magn húsbréfa úr þeirri röð bréfa sem seld var til að mynda lánið og svarar til þess er hann skuldar af höfuðstól lánsins.

Um 15. gr.

Húsnæðislánastofnunum, sem starfa samkvæmt lögum þessum, er gert skylt að hafa varasjóð til þess að tryggja fjárskuldbindingar sínar, einkum húsbréfin. Gerður er greinarmunur á mismunandi húsnæðislánastofnunum, þ.e. stofnunum sem eru félög lántakenda og húsbönkum sem eru reknir sem hlutafélög.

Varasjóðir húsnæðislánastofnana eða húsbanka verða að svara til 5% af skuld lántakenda við stofnunina hverju sinni ef um félag lántakenda er að ræða en 10% af skuld lántakenda ef um hlutafélag er að ræða. Varasjóðirnir myndast með lántökugjöldum, varasjóðsgreiðslum, sem eru hluti af föstum greiðslum lántakenda og refsivöxtum vegna vanskila. Allar eignir stofnunar teljast til varasjóðs hennar.

Um 16. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Talið er að ekki fari saman afskipti af stjórn húsnæðislánastofnana og venjulegra bankastofnana.

Um 18. gr.

Hér er enn hert á eftirlitshlutverki félagsmálaráðherra sem er talið nauðsynlegt vegna hagsmuna hinna fjölmörgu lántakenda sem eru í húfi.

Um 19. gr.

Sektarákvæði greinarinnar gerir félagsmálaráðherra kleift að tryggja það að farið sé eftir fyrirmælum hans.

Um 20. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Alþýðusamband Íslands:

Umsagnir miðstjórnar ASÍ um húsnæðismál.

(Fréttatilkynning til fjölmiðla, 14. apríl 1989.)

Á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands, sem haldinn var 13. apríl sl. voru meðal annarra samþykktar þrjár umsagnir um húsnæðismál.

Miðstjórn telur að hugmynd Júlíusar Sólnes og Guðmundar Ágústssonar, þingmanna Borgaraflokksins, um að afla fjár fyrir lánum til þeirra sem ekki eiga rétt á láni úr Byggingarsjóði ríkisins með skuldabréfaútboði, „húsbréfa", komi til álita. Það er þó með þeim fyrirvara að skuldabréfaútboðið verði í tiltölulega litlum mæli. Að mati miðstjórnar hefur það mjög afdrifaríkar afleiðingar ef mikið magn „ríkistryggðra" skuldabréfa verður í samkeppni við spariskírteini ríkissjóðs en einkum þó í samkeppni við atvinnuvegina um lánsfé.

Húsbréfafrumvarpið var einnig til umsagnar hjá miðstjórninni. En eins og kunnugt er byggir það ekki á skuldabréfaútboði heldur skuldabréfaskiptum. Miðstjórn ítrekar samþykkt Alþýðusambandsþingsins í haust. En þingið varaði alvarlega við hugmyndum um hin svokölluðu húsbréf við þær aðstæður er við búum við á fjármagnsmarkaðinum í dag. Miðstjórn vísaði einnig til sérálits fulltrúa ASÍ sem hann lagði fram í nefnd félagsmálaráðherra um breytingar á húsnæðislánakerfinu.

Þriðja umsögnin um húsnæðismál, sem miðstjórn ASÍ fjallaði um, var þingsályktunartillaga Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur, Guðmundar Ágústssonar, Óla Þ. Guðbjartssonar og Alberts Guðmundssonar. Miðstjórn tók undir tillögu fjórmenninganna um að ríkisstjórninni yrði falið að undirbúa breytingar á lögum til þess að húsaleiga lágtekjufólks yrði annað tveggja frádráttarbær frá tekjuskatti eða bætt með húsaleigustyrkjum.

Ed. 334. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur minni hl. hennar til að það verði fellt.

Alþingi, 12. des. 1990.

Ey. Kon. Jónsson, frsm. Halldór Blöndal.

Nd. 335. Frumvarp til laga [233. mál]

um tryggingagjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

Upphafsákvæði.

1. gr.

Launagreiðendur skulu inna af hendi sérstakt gjald, tryggingagjald, af greiddum vinnulaunum, þóknunum, reiknuðu endurgjaldi og öðrum tegundum greiðslna og launa eftir því sem nánar segir í lögum þessum.

Tryggingagjald skal innheimt samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, og lagt á með opinberum gjöldum samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

Hundraðshluti tryggingagjalds.

2. gr.

Tryggingagjald skal nema 4,25% af gjaldstofni, sbr. III. kafla.

Ráðstöfun tryggingagjalds.

3. gr.

Tekjum af tryggingagjaldi skal ráðstafað sem hér segir:

1. Atvinnuleysistryggingasjóður fái í sinn hlut sem nemi 0,15% af gjaldstofni skv. III. kafla.
2. Vinnueftirlit ríkisins fái í sinn hlut sem nemi allt að 0,08% af gjaldstofni skv. III. kafla. Þetta hlutfall skal ákveðið með reglugerð sem félagsmálaráðuneytið setur í samráði við stjórn stofnunarinnar fyrir eitt ár í senn.
3. Tekjur af tryggingagjaldi umfram það sem ákveðið er í 1. og 2. tölul. renni til Tryggingastofnunar ríkisins til að fjármagna lífeyris- og slysatryggingar almannatrygginga.

Um hlutdeild opinberra byggingarsjóða í tryggingagjaldi fer eftir ákvæðum laga um

Húsnæðisstofnun ríkisins, svo og ákvæðum lánsfjárlaga og fjárlaga hverju sinni.

II. KAFLI
Gjaldskyldir aðilar.

Almennt.

4. gr.

Gjaldskyldur samkvæmt lögum þessum telst hver sá aðili sem innir af hendi eða reiknar greiðslur sem teljast laun skv. III. kafla.

Gjaldskyldan tekur til allra launagreiðenda, svo sem einstaklinga, félaga, sjóða og stofnana, sveitarfélaga og stofnana þeirra, ríkissjóðs, ríkisstofnana, erlendra verktaka og annarra þeirra aðila sem greiða laun eða hvers konar þóknanir fyrir starf. Enn fremur til allra þeirra sem vinna við eigin atvinnurekstur eða stunda sjálfstæða starfsemi.

Ef milligöngumaður annast launagreiðslur skal hann gegna skyldum gjaldskylds aðila varðandi skil og greiðslur samkvæmt lögum þessum. Sama gildir um umboðsmann sem um ræðir í 2. mgr. 2. tölul. 71. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Aðilar undanþegnir gjaldskyldu.

5. gr.

Eftirtaldir aðilar eru undanþegnir tryggingagjaldi:

1. Forseti Íslands.
2. Erlendir þjóðhöfðingjar.
3. Sendiráð og sendiherrar erlendra ríkja, sendiræðismenn og erlendir starfsmenn við sendiráð.

Þeir sem taldir eru í 2. og 3. tölul. eru þó ekki undanþegnir gjaldskyldu af launum sem þeir kunna að greiða vegna atvika sem mundu skapa þeim skattskyldu hér á landi til tekjuskatts og eignarskatts.

III. KAFLI
Gjaldstofn.

Almennt.

6. gr.

Stofn til tryggingagjalds er allar tegundir launa eða þóknana fyrir starf, hverju nafni sem nefnist, sem skattskyld eru skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981. Ekki skiptir máli í hvaða gjaldmiðli goldið er, hvort sem það er í reiðufé, fríðu, hlunnindum, vöruúttekt eða vinnuskiptum.

Gjaldstofn manns sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal vera jafn fjárhæð reiknaðs endurgjalds sem hann telur sér til tekna eða bar að telja sér til tekna skv. 6. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Sama á við um reiknað endurgjald maka hans og barna innan 16 ára aldurs á tekjuárinu.

Laun o.þ.h.

7. gr.

Til gjaldstofns skv. 6. gr. teljast m.a.:

1. Hvers konar laun og þóknanir, þar með talið ákvæðislaun, biðlaun, nefndarlaun, stjórnarlaun, launauppbætur, staðaruppbætur, orlofsfé og greiðslur fyrir ónotað orlof.

2. Verkfærapeningar, flutningspeningar, fæðispeningar o.þ.h. greiðslur.
3. Ökutækjastyrkir og dagpeningar. Þó skal ekki telja til gjaldstofns greiðslur fyrir afnot bifreiðar launamanns eða greiðslur dagpeninga sem heimilt er að halda utan staðgreiðslu samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og reglugerðum og starfsreglum sem settar eru með stoð í þeim lögum.
4. Gjafir og risnufé sem teljast kaupuppbót og eftirgjöf lána sem telja má að komi í launa stað.
5. Laun eða þóknanir fyrir störf unnin erlendis, greidd af íslenskum aðilum til manna sem eru heimilisfastir hér á landi.

Hlunnindi.

8. gr.

Til tryggingagjaldsskyldra hlunninda telst m.a. fæði, húsnæði, fatnaður, bifreiðaafnot o.þ.h. Hlunnindi þessi skal reikna til gjaldstofns á sama verði og þau eru metin til tekna samkvæmt skattmati ríkisskattstjóra. Önnur hlunnindi skulu metin til peninga eftir gangverði á hverjum stað og tíma.

Undanþágur frá gjaldstofni.

9. gr.

Undanþegnar tryggingagjaldi eru eftirtaldar greiðslur:

1. Eftirlaun og lífeyrir sem Tryggingastofnun ríkisins eða lífeyrissjóður greiðir, enda starfi lífeyrissjóðurinn eftir reglum sem fjármálaráðherra samþykkir og sjóðurinn sé háður eftirliti fjármálaráðuneytisins.
2. Aðrar bætur greiddar af Tryggingastofnun ríkisins, þar með talið fæðingarorlof, svo og slysa- og sjúkradagpeningar úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga.
3. Bætur tryggingafélaga vegna atvinnutjóns af völdum slysa.
4. Atvinnuleysisbætur.
5. Greiðslur úr ríkissjóði vegna ríkisábyrgðar á launum.

IV. KAFLI
Staðgreiðsla tryggingagjalds.

Greiðslutímabil o.fl.

10. gr.

Greiðslutímabil tryggingagjalds er almanaksmánuður nema annað sé tekið fram í lögum þessum. Gjalddagi tryggingagjalds er 1. hvers mánaðar vegna launa næstliðins mánaðar og eindagi 14 dögum síðar. Hafi gjaldandi eigi greitt á eindaga skal hann greiða dráttarvexti frá og með gjalddaga. Álag skv. 1. tölul. 2. mgr. 28. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, reiknast ekki.

Gjaldskyldur aðili skal ótilkvaddur greiða tryggingagjald til innheimtumanns ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóra.

Ríkisskattstjóri ákveður hvað skuli koma fram í skilagreinum og greiðsluskjölum og ákveður gerð þeirra. Um skilagreinar, svo og um yfirferð, áætlun og tilkynningar skattstjóra á staðgreiðsluári, gilda að öðru leyti ákvæði laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Upplýsingar, eftirlit, viðurlög o.fl.

11. gr.

Ákvæði laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, skulu gilda um upplýsingar og eftirlit, viðurlög og málsmeðferð tryggingagjalds að því er varðar skil þess á staðgreiðsluári. Skulu ákvæði þeirra laga m.a. taka til dráttarvaxta, áætlunar gjaldstofns og innheimtu vanskilafjár, þar með talið lögtaksréttar, stöðvunar atvinnurekstrar, refsinga, opinberrar rannsóknar og fyrningar gjaldkröfu.

V. KAFLI
Álagning tryggingagjalds.

Árleg tryggingagjaldsframtöl, álagning, endurskoðun gjalds, kærur, innheimta o.fl.

12. gr.

Allir, sem skyldir eru til að greiða tryggingagjald samkvæmt lögum þessum, skulu, að staðgreiðsluári liðnu, senda skattstjóra árlega sérstakt launaframtal, í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður, innan þess frests sem settur er um skil launaskýrslna þeirra er greinir í 92. gr. laga nr. 75/1981.

Á launaframtal skal launagreiðandi færa launagreiðslur næstliðins árs og aðrar upplýsingar og sundurliðanir sem ríkisskattstjóra þykir við þurfa til ákvörðunar tryggingagjalds og form eyðublaðsins segir til um.

Við álagningu opinberra gjalda skal skattstjóri ákvarða tryggingagjald gjaldskylds aðila samkvæmt launaframtali hans að gerðum þeim breytingum og leiðréttingum sem gera þarf á því.

Tryggingagjald skal birt í álagningarskrá, sbr. 98. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Gjalddagi ógreidds tryggingagjalds, sem skattstjóri ákvarðar vegna hlunninda, og tryggingagjalds, sem undanþegið er staðgreiðslu, er 1. ágúst ár hvert og eindagi mánuði síðar.

Vangreitt tryggingagjald.

13. gr.

Skattstjórar skulu kanna skil þeirra sem greiða áttu tryggingagjald, m.a. með samanburði við laun í staðgreiðslu, launaframtöl, launamiða, skattframtöl, ársreikninga og önnur gögn sem fyrir hendi eru. Þeir skulu síðan leiðrétta það sem áfátt kann að reynast og ákvarða vangreitt tryggingagjald og senda tilkynningu þar um til gjaldanda og innheimtumanns.

Komi í ljós að aðili, sem greitt hefur laun sem greiða skal tryggingagjald af, hafi vanrækt greiðslu gjaldsins að hluta eða öllu leyti, eða ofgreitt tryggingagjaldið eða ekki skilað launaframtali, skal skattstjóri ákvarða tryggingagjald fyrir hvert einstakt greiðslutímabil. Skal ákvarða gjaldanda dráttarvexti af vangreiddu tryggingagjaldi frá og með gjalddaga þess í samræmi við vaxtalög, nr. 25/1987. Á ofgreiðslu reiknast vextir í samræmi við ákvæði 2. mgr. 112. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Endurákvörðun tryggingagjalds, kærur o.fl.

14. gr.

Séu skil gjaldanda í einstökum atriðum eða í heild ófullnægjandi, tortryggileg eða sýnilega gerð til málamynda skal við álagningu, sbr. 3. mgr. 12. gr., og við endurákvörðun beita ákvæðum laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við getur átt um slík tilvik. Ákvæði þeirra laga skulu og gilda, eftir því sem við á, um álagningu, rannsókn, kærur út af skattákvörðun, kærufresti, úrskurði, áfrýjun úrskurða og annað þar að lútandi. Sömu reglur skulu gilda, eftir því sem við á, ef gjaldandi, sem lagt skyldi á, hefur fallið af skrá eða honum ekki gert að greiða tryggingagjald af öllum gjaldstofninum.

Tryggingagjald ársmanna o.fl.

15. gr.

Nú reiknar maður sér endurgjald eða greiðir laun til annarra, þannig að reiknaða endurgjaldið og launin nema samtals lægri fjárhæð en 30.000 kr. að meðaltali á mánuði, og er honum þá heimilt, í stað þess að skila mánaðarlega í samræmi við 10. gr., að senda skilagrein ásamt greiðslu á gjalddaga þess mánaðar þegar samanlagt reiknað endurgjald og greidd laun til annarra ná 360.000 kr. en eftir það á hverjum gjalddaga vegna þess árs.

Ef reiknað endurgjald eða greidd vinnulaun til annarra ná eigi til samans 360.000 kr. á árinu er gjaldanda heimilt, í stað þess að skila mánaðarlega í samræmi við 10. gr., að senda skilagrein ásamt greiðslu einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir desember væri að ræða.

Fjárhæðir í 1. og 2. mgr. eru grunnfjárhæðir og breytast í samræmi við verðbreytingarstuðul ríkisskattstjóra skv. 26. gr. laga nr. 75/1981, í fyrsta sinn fyrir árið 1992. Reiknast þær í heilum þúsundum króna þannig að lægri fjárhæð en þúsund krónum er sleppt.

Dráttarvaxtaútreikningur.

16. gr.

Á tryggingagjald vegna launa og hlunninda, sem undanþegin eru staðgreiðslu, reiknast dráttarvextir eftir almennum reglum frá og með gjalddaga 1. ágúst ár hvert ef ekki er greitt fyrir eindaga.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

Frádráttarbærni tryggingagjalds.

17. gr.

Tryggingagjald telst rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, að því leyti sem það er ákvarðað af launum sem teljast rekstrarkostnaður samkvæmt sömu grein.

Setning reglugerðar.

18. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Brottfall lagaákvæða o.fl.

19. gr.

Ákvæði laga þessara koma í stað þeirra ákvæða laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, laga nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum, og laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, er fela í sér ákvörðun gjaldstofns og gjaldtöku af launagreiðendum sem miðast við launagreiðslur eða launatímabil.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda vegna launagreiðslna frá og með 1. janúar 1991. Frá sama tíma falla niður lög nr. 14/1965, um launaskatt, með síðari breytingum. Ákvæði laga nr. 14/1965 skulu gilda um launaskatt vegna vinnulauna greiddra á árinu 1990 eða fyrr. Ákvæði almannatryggingalaga, laga um Atvinnuleysistryggingasjóð og laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, eins og þau voru fyrir gildistöku laga þessara, skulu gilda um álagningu og innheimtu lífeyris- og slysatryggingagjalds almannatrygginga, atvinnuleysistryggingagjalds og vinnueftirlitsgjalds vegna vinnulauna greiddra á árinu 1989 og fyrr.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Á árunum 1991 og 1992 og við álagningu opinberra gjalda á árunum 1992 og 1993 skal innheimta og leggja á tryggingagjald í tveimur gjaldflokkum, sérstökum og almennum, eftir því sem nánar er kveðið á um í 2. og 3. mgr.

Í sérstökum gjaldflokki skulu vera atvinnugreinar sem flokkast undir fiskveiðar eða iðnað skv. 1., 2. eða 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands eða landbúnað, þar með talið skógrækt, jarðræktarframkvæmdir og byggingarframkvæmdir á bújörðum aðrar en þær sem tengjast fiskræktarstöðvum.

Í almennum gjaldflokki skulu vera allar aðrar gjaldskyldar atvinnugreinar.

Reki aðili fjölþættan atvinnurekstur eða starfsemi, sem ýmist fellur undir sérstakan gjaldflokk eða almennan gjaldflokk, skal hann aðgreina launagreiðslur í bókhaldi sínu þannig að séð verði hvað af þeim tilheyri hvorum þætti. Greiðslum fyrir yfirstjórn og öðrum slíkum greiðslum, sem ekki eru beint tengdar ákveðnum þáttum starfseminnar, skal skipt upp í gjaldflokka, þ.e. tryggingagjaldsskyld laun sem falla undir almennan flokk og sérstakan flokk, í sömu hlutföllum og eru á milli heildargreiðslu í hvorum gjaldflokki, áður en umræddar yfirstjórnargreiðslur eru meðtaldar, og reikna tryggingagjald af þeim í samræmi við það. Ef slík aðgreining er ekki fyrir hendi í bókhaldi eða ef hún er í verulegum atriðum röng eða ófullnægjandi að mati skattstjóra skal hann áætla skiptinguna.

II.

Við innheimtu á árinu 1991 og álagningu 1992 skal tryggingagjald í almennum gjaldflokki, sbr. 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I, vera 6% af gjaldstofni og í sérstökum gjaldflokki, sbr. 2. mgr. sama ákvæðis, skal gjaldið vera 2,5%.

III.

Við innheimtu á árinu 1992 og álagningu 1993 skal tryggingagjald í almennum gjaldflokki, sbr. 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I, vera 4,75% af gjaldstofni og í sérstökum

gjaldflokki, sbr. 2. mgr. sama ákvæðis, skal gjaldið vera 3,25%.

IV.

Iðgjöld af lögskráðum sjómönnum, sem lögð voru á og innheimt fyrir fram á árinu 1990 af lögskráningarstjórum, sbr. 3. mgr. 12. gr. laga nr. 64/1981, skulu dragast frá greiðslum tryggingagjalds ársins 1991 hjá viðkomandi launagreiðendum eftir nánari reglum sem settar skulu af fjármálaráðherra.

V.

Við álagningu opinberra gjalda á árinu 1991, vegna rekstrar á árinu 1990, er þeim aðilum, sem ekki hafa fært til frádráttar álögð og greidd tryggingaiðgjöld á árinu 1990, heimilt að draga frá rekstrartekjum fjárhæð er nemi 2,5% af gjaldfærðum frádráttarbærum launum samkvæmt rekstrarreikningi þess árs.

Þeim aðilum, sem hafa fært til frádráttar álögð og greidd tryggingaiðgjöld á árinu 1990, er einnig heimilt að draga frá rekstrartekjum fjárhæð er nemi 2,5% af gjaldfærðum frádráttarbærum launum samkvæmt rekstrarreikningi þess árs, að frádreginni þeirri fjárhæð sem þegar hefur verið færð til gjalda á árinu 1990.

Frádráttur þessi skal ekki reiknast af reiknuðu endurgjaldi sem fært er til gjalda. Hvorki má mynda rekstrartap vegna frádráttar samkvæmt þessu sérstaka frádráttarákvæði né nota það til að fresta yfirfærslu rekstrartaps frá fyrri árum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi dagsettu 11. júní 1990 skipaði fjármálaráðherra sérstaka nefnd til þess að endurskoða gildandi lög um skattlagningu fyrirtækja. Markmið þessarar endurskoðunar skyldi m.a. vera að jafna samkeppnisstöðu innlendra útflutnings- og samkeppnisgreina gagnvart erlendum keppinautum. Jafnframt skyldi stefnt að því að breikka skattstofninn með því að fækka undanþágum og skapa þannig forsendur fyrir lækkun skatthlutfalls. Loks var nefndinni falið að endurskoða lög um skattlagningu peningastofnana.

Í skýrslu sinni dags. 16. nóvember 1990 gerir nefndin tillögu um tvenns konar breytingar á skattlagningu fyrirtækja:

Í fyrsta lagi leggur nefndin til breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Um þessa tillögu verður ekki fjallað hér.

Í öðru lagi leggur nefndin til að í stað núverandi launaskatts, lífeyristryggingagjalds, slysatryggingagjalds, vinnueftirlitsgjalds og iðgjalds í Atvinnuleysistryggingasjóð komi eitt gjald, tryggingagjald. Hið nýja tryggingagjald verði 4,25% af öllum launum.

Í tillögu nefndarinnar er gert ráð fyrir að samræming launagjalda verði gerð í þremur áföngum á næstu þremur árum. Þannig fengju undanþágugreinarnar tíma til þess að laga sig að hinu nýja tryggingagjaldi. Lagt er til að fyrsti áfangi komi til framkvæmda í ársbyrjun 1991. Þar verði miðað við tvö þrep, 2,5% í undanþágugreinunum og 5,5% í öðrum greinum. Árið 1992 verði hlutföllin 3,25% í undanþágugreinunum og 4,75% í öðrum greinum. Lokaskrefið í átt til samræmingar verði stigið í ársbyrjun 1993, en þá verði tryggingagjaldið í einu þrepi, 4,25% í öllum atvinnugreinum.

Í þessu frumvarpi er miðað við að fara eftir tillögum nefndarinnar um samræmingu launatengdu gjaldanna í áföngum á næstu þremur árum. Þó er gert ráð fyrir að innheimta á árinu 1991 sérstakt 0,5% álag á hærra þrepið. Áætlað er að þetta álag skili um 475 m.kr. tekjum í ríkissjóð á næsta ári á verðlagi 1991.

Áður en gerð er grein fyrir einstökum þáttum er rétt að vekja athygli á tveimur lykilatriðum í þessari kerfisbreytingu.

Í fyrsta lagi má nefna, að auk þess að samræma launagjöldin fimm er gert ráð fyrir að innheimta þau í sérstakri staðgreiðslu. Til þessa hefur aðeins launaskattur verið innheimtur í staðgreiðslu, en hin gjöldin fjögur hafa verið innheimt eftir á. Þessi breyting kemur fram í lægra skatthlutfalli en ella.

Í öðru lagi er skattstofninn færður nær þeirri skilgreiningu sem gildir um álagningu tekjuskatts einstaklinga. Þannig mynda þær hlunnindagreiðslur, sem í dag eru skattskyldar í staðgreiðslu tekjuskatts, einnig stofn til álagningar tryggingagjalds. Enda þótt þetta séu ekki háar fjárhæðir, er þetta talið nauðsynlegt til þess að tryggja örugga innheimtu. Þessi breikkun á skattstofni kemur einnig fram í lægra skatthlutfalli en ella.

Bæði þessi atriði eiga því að tryggja öruggari innheimtu og bætt skattskil og koma þannig fram í lægra skatthlutfalli.

Hér á eftir er gerð grein fyrir meginrökum þess að samræma launatengdu gjöldin milli atvinnugreina og fjallað um fjárhagsleg áhrif þeirra breytinga sem í frumvarpinu felast.

Launaskattur var tekinn upp árið 1965 og fór alfarið til þess að fjármagna lán úr Byggingarsjóði ríkisins. Fyrstu árin sátu allar atvinnugreinar við sama borð nema landbúnaður sem hefur alltaf verið undanþeginn launaskatti. Árið 1973 voru fiskveiðar undanþegnar, en það var hluti af samkomulagi um fiskverð. Í ársbyrjun 1982 skilaði svokölluð starfsskilyrðanefnd skýrslu til forsætisráðherra, en nefndin átti að gera samanburð á starfsskilyrðum atvinnugreina með tilliti til samkeppnisstöðu í útflutningi og á heimamarkaði. Niðurstaða þessarar nefndar var sú að engin rök væru fyrir þeim undanþágum frá launaskatti sem þá voru í gildi, þ.e. til landbúnaðar og fiskveiða.

Segja má að framhaldið hafi í sjálfu sér verið rökrétt afleiðing þessarar niðurstöðu, þar sem ákveðið var að draga úr mismunun milli atvinnugreina. Þar var hins vegar farin sú leið að undanþiggja fleiri greinar í stað þess að fella undanþágurnar niður. Árið 1982 var ákveðið að taka upp tvö þrep og voru fiskvinnsla og almennur iðnaður sett í lægra þrepið. Árið 1986 var síðan ákveðið að undanþiggja fiskvinnslu og iðnað alfarið. Það var liður í gerð kjarasamninga á því ári, sem beindist að því að styrkja samkeppnisstöðu þessara greina. Eftir stendur að nú eru það fyrst og fremst fyrirtæki í verslunar- og þjónustugreinum, byggingariðnaði og opinberri þjónustu sem greiða launaskatt.

Vafalaust má færa rök fyrir tímabundinni mismunun í skattlagningu fyrirtækja, t.d. vegna sérstakra aðstæðna, sem kalla á stuðningsaðgerðir af einhverju tagi. Hins vegar verður að telja hana óheppilega til lengdar, þar sem hún getur dregið úr aðhaldi og stuðlað að óhagkvæmni í rekstri. Jafnframt felst í slíkri mismunun að sumar atvinnugreinar eru í reynd að niðurgreiða starfsemi annarra greina. Það eru aðeins tvær leiðir færar til þess að ná fram samræmingu. Önnur er að fella skattinn alfarið niður. Hin leiðin er að fella niður allar undanþágur. Það er sú leið sem hér er lögð til.

Í beinum tengslum við þetta er lögð til frekari breyting og samræming í álagningu launatengdra gjalda. Auk launaskatts eru nú lögð á fjögur mismunandi launatengd gjöld, sem fara um ríkissjóð. Þessi gjöld eru öll lögð á eftir á, þ.e. taka mið af launagreiðslum liðins árs. Skattstofninn er í flestum tilvikum svipaður. Launaskattur nemur 3,5% af greiddum launum líðandi árs. Lífeyristryggingaiðgjald nemur 2% af launum fyrra árs. Þó ríkir ákveðin mismunun á þessu sviði líka þar sem ekki er lagt gjald á reiknuð laun einstaklinga í atvinnurekstri. Slysatryggingagjald nemur 0,37% af launum fyrra árs. Vinnueftirlitsgjald nemur 0,1% af sama stofni og slysatryggingagjaldið. Atvinnuleysistrygg-

ingagjald er hins vegar reiknað sem föst krónutala á hverja vinnuviku launþega.

Segja má að tvenns konar mismunun ríki á þessu sviði, annars vegar milli einstakra atvinnugreina, þar sem sumar greinar eru undanþegnar launaskatti, hins vegar milli mismunandi félagaforma, þar sem einstaklingsrekstur ber í mörgum tilvikum lægra hlutfall launatengdra gjalda en lögaðilar vegna undanþágu reiknuðu launanna. Í töflu 1 kemur fram álagning launatengdra gjalda árið 1990 eftir atvinnugreinum og rekstrarformum og hlutfall þeirra af áætluðum launagreiðslum sama ár.

Í töflunni kemur fram að hjá félögum eru í reynd tvenns konar hlutföll í gangi, þ.e. um 2,5% af launagreiðslum í landbúnaði, sjávarútvegi og iðnaði en 6% í öðrum atvinnugreinum. Í einstaklingsrekstri eru hlutföllin hins vegar þrenns konar. Lægst í landbúnaði, um 0,7% af heildarlaunagreiðslum, tæplega 2% í sjávarútvegi og iðnaði og um 4,5% í öðrum greinum.

Auk þeirrar augljósu mismununar á þessu sviði sem ríkir á milli atvinnugreina er ljóst að þetta fyrirkomulag er óhentugt og þungt í vöfum, jafnt fyrir skattgreiðendur sem skattyfirvöld. Með því að fella launa- og tryggingaiðgjöldin saman í eitt gjald ásamt því að taka upp sérstaka staðgreiðsluinnheimtu má ná fram miklu hagræði fyrir alla aðila. Jafnframt má ætla að innheimtan batni með því að taka upp staðgreiðslu þessara gjalda.

Við útreikning á skatthlutfallinu er þannig gengið út frá því, hvað fyrirtæki hefðu greitt miðað við núgildandi launagjöld að teknu tilliti til þess að nú er gert ráð fyrir að innheimta allt í staðgreiðslu. Þessi áhrif koma þannig fram í lægra skatthlutfalli en ella hefði orðið.

Í þessu frumvarpi er vikið frá tillögu nefndarinnar þannig að á næsta ári verði innheimt sérstakt álag á skattstofninn sem nemur 0,5% í greinum sem nú bera launaskatt. Samkvæmt því verður lægra þrepið 2,5% og hærra þrepið 6% á árinu 1991.

Þá er jafnframt gerð tillaga um að innheimta tryggingagjaldið mánaðarlega í tengslum við gildandi staðgreiðslukerfi tekjuskatta einstaklinga. Loks er lagt til að tryggingagjaldinu verði ráðstafað til Atvinnuleysistryggingasjóðs og Vinnueftirlits ríkisins í svipuðum hlutföllum og gilt hefur til þessa, en afgangurinn renni alfarið til fjármögnunar almannatryggingakerfisins, þ.e. tryggingagjaldið verði markaður tekjustofn líkt og er í mörgum löndum.

Tafla 1.

Sundurliðuð, áætluð álagning launatengdra gjalda 1990.

	Launa-skattur	Lífeyris-trygginga-gjald	Slysa-trygginga-gjald	Atvinnu-leysistr.-gjald	Vinnu-eftirlits-gjald	Launa-gjöld alls	Hlutfall af launa-greiðslum 1990
I. Einstaklingar	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	%
Landbúnaður	–	11	14	–	4	29	0,7
Sjávarútvegur	–	44	13	3	–	60	1,6
Fiskveiðar	–	37	11	1	–	49	1,5
Fiskvinnsla	–	7	2	2	–	11	2,1
Iðnaður	–	19	6	4	2	31	1,8
Byggingarstarfsemi	167	39	18	8	5	237	4,5
Verslun, veitingastarfsemi	127	42	13	11	4	197	5,0
Samgöngur	7	5	1	1	2	16	4,5
Bankar og tryggingafélög	–	–	–	–	–	–	.
Starfsemi hins opinbera	7	1	–	–	–	8	4,5
Önnur starfsemi	229	31	26	7	5	298	4,0
Samtals	**537**	**192**	**91**	**34**	**22**	**876**	**3,3**
Hlutfallsleg skipting, %	61	22	10	4	3	100	
II. Félög							
Landbúnaður	–	3	1	1	2	7	2,3
Sjávarútvegur	–	403	70	31	20	524	2,4
Fiskveiðar	–	238	40	12	12	302	2,4
Fiskvinnsla	–	165	30	19	8	222	2,5
Iðnaður	–	301	55	46	15	417	2,5
Byggingarstarfsemi	233	122	22	15	6	398	6,0
Verslun, veitingastarfsemi	660	345	62	58	17	1.142	6,1
Samgöngur	218	115	21	11	6	371	5,9
Bankar og tryggingafélög	214	112	21	2	6	355	5,8
Starfsemi hins opinbera	1.489	781	144	21	40	2.475	5,8
Önnur starfsemi	454	316	61	34	1	866	5,0
Samtals	**3.263**	**2.498**	**457**	**219**	**113**	**6.555**	**4,8**
Hlutfallsleg skipting, %	50	38	7	3	2	100	
III. Einstaklingar og félög							
Landbúnaður	–	14	15	1	6	36	0,8
Sjávarútvegur	–	447	83	34	20	584	2,3
Fiskveiðar	–	275	51	13	12	351	2,2
Fiskvinnsla	–	172	32	21	8	233	2,5
Iðnaður	–	301	61	50	17	448	2,5
Byggingarstarfsemi	400	161	40	23	11	635	5,4
Verslun, veitingastarfsemi	787	387	75	69	21	1.339	5,9
Samgöngur	225	120	22	12	8	387	6,0
Bankar og tryggingafélög	214	112	21	2	6	355	5,7
Starfsemi hins opinbera	1.496	782	144	21	40	2.483	5,8
Önnur starfsemi	683	347	87	41	6	1.164	4,7
Samtals	**3.805**	**2.690**	**548**	**253**	**135**	**7.431**	**4,6**
Hlutfallsleg skipting, %	51	36	8	3	2	100	

Rétt er að vekja athygli á því, að við álagningu opinberra gjalda á árinu 1991, vegna rekstrar á árinu 1990, er gert ráð fyrir sérstökum frádrætti sem nemur 2,5% af gjaldfærðum, frádráttarbærum launum samkvæmt rekstrarreikningi ársins 1990. Þetta er gert til þess að koma í veg fyrir íþyngingu í tekjuskatti sem annars yrði vegna þess að við þessa breytingu falla tryggingagjöldin út úr rekstrarkostnaði ársins, þ.e. tekjuskattsstofninn yrði annars hærri. Þetta gildir aðeins í þetta eina ár, enda er hér aðeins um tímabundinn vanda að ræða sem tengist upptöku nýs skattkerfis. Reyndar kæmi einnig til greina að mæta þessu með tímabundinni lækkun á tekjuskattshlutfallinu.

Hér á eftir er gerð grein fyrir áætluðum heildaráhrifum af samræmingu launatengdu gjaldanna á afkomu einstakra atvinnugreina. Sýnd eru áhrif þess að taka upp eitt og sama tryggingagjaldið fyrir allar atvinnugreinar sem samkvæmt frumvarpinu kemur ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 1993. Jafnframt er gerð sérstök grein fyrir fjárhagslegum áhrifum af álagningu tryggingagjalds eftir atvinnugreinum á árinu 1991. Þá er vakin athygli á því, að fjárhæðir hafa ekki verið framreiknaðar til ársins 1991, heldur byggir allt talnalegt mat á raunverulegum eða áætluðum tölum fyrir árið 1990.

Samræming launatengdra gjalda. Á árinu 1990 er áætluð heildarálagning launatengdra gjalda tæplega 7,5 milljarðar króna, sem skiptist þannig:

Tafla 2.

Áætluð álagning launatengdra gjalda 1990.

	Milljónir króna *
Launaskattur	3.805
Lífeyristryggingagjald	2.690
Slysatryggingagjald	548
Atvinnuleysistryggingagjald	253
Vinnueftirlitsgjald	135
Samtals	**7.431**

* Launaskattur er lagður á áætlaðar launagreiðslur líðandi árs, þ.e ársins 1990, en tryggingagjöldin voru lögð á samkvæmt framtöldum launagreiðslum á árinu 1989.

Heildarlaunagreiðslur árið 1990 eru áætlaðar 163 milljarðar króna. Þá eru undanskildar greiðslur tryggingabóta og lífeyrisgreiðslur. Miðað við þann iðgjaldagrunn þyrfti samræmt tryggingagjald að vera rúmlega $4^1/_2$% til að skila ríkissjóði sömu tekjum og núverandi gjöld. Við það mundi afkoma ríkissjóðs batna um allt að hálfum milljarði króna, þar sem ríkissjóður greiðir nú 6% af launum í launatengd gjöld. Þar sem tillaga nefndarinnar miðast við að ríkissjóður verði jafnsettur fyrir og eftir breytingu lækkar meðalgjaldið um fjórðung úr prósentu, eða í 4,25% við endanlega samræmingu árið 1993.

Í grófum dráttum eru áhrif þessarar tillögu um samræmingu launatengdra gjalda tvíþætt. Í fyrsta lagi hækka skattgreiðslur þeirra atvinnugreina sem nú eru undanþegnar launaskatti, þ.e. landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar. Skattbyrði annarra greina léttist að sama skapi. Þetta kemur glöggt fram í töflunni hér á eftir. Þegar samræmingin er um garð gengin árið 1993 hefur gjaldhlutfall undanþágugreinanna hækkað um rúmlega 2% sam-

kvæmt tillögu nefndarinnar, eða um 1.100 m.kr. Skattgreiðslur annarra atvinnugreina lækka samsvarandi að ríkisfyrirtækjum þó undanskildum, en útgjöld þeirra lækka til jafns við heildartekjurnar, eða um rúmar 500 m.kr.

Tafla 3.

Áhrif samræmingar launatengdra gjalda á kostnað eftir atvinnugreinum 1993.

	Áætlaðar launa-greiðslur 1990	Launagjöld		Hlutfall af launa-greiðslum		Áhrif	
		F.br.	E.br.	F.br.	E.br.		
	m.kr.	m.kr.	m.kr.	%	%	m.kr.	%
Greinar undanþegnar launaskatti	54.000	1.195	2.295	2,2	4,3	1.100	2,1
Launaskattsskyldar greinar, án ríkisrekstrar	76.900	4.380	3.280	5,7	4,3	−1.100	−1,4
Allar atvinnugreinar, án ríkisrekstrar	130.900	5.575	5.575	4,3	4,3	–	-

Í öðru lagi kemur endanleg samræming launatengdra gjalda harðar niður á einstaklingsrekstri en lögaðilum. Ástæðan er sú að lífeyristryggingagjaldið, sem nú er 2%, hefur hingað til ekki verið lagt á reiknuð laun sjálfstæðra atvinnurekenda. Þetta þýðir að í atvinnugreinum þar sem einyrkjar eru í miklum meiri hluta, t.d. landbúnaði, eykst kostnaður talsvert samhliða samræmingunni, sbr. meðfylgjandi töflu.

Tafla 4.

Áhrif samræmingar launatengdra gjalda á kostnað eftir rekstrarformum 1993.

	Skipting launagreiðslna		Greiðslur tryggingagjalda		Áhrif	
	Einst. rekstur	Félög	F.br.	E.br.		
	%	%	m.kr.	m.kr.	m.kr.	%
Landbúnaður	96	4	36	183	147	3,5
Sjávarútvegur	15	85	584	1.094	510	2,0
Iðnaður	9	91	448	771	323	1,8
Byggingariðnaður	44	56	635	505	-130	-1,1
Verslun, veitingastarfsemi	17	83	1.339	968	-371	-1,6
Aðrar greinar	13	87	2.533	2.054	-479	-1,3
Allar atvinnugreinar, án ríkisrekstrar	20	80	5.575	5.575	–	-

Árið 1993 verður launakostnaður í landbúnaði um $3^1/_2$% hærri en fyrir breytinguna,

en þar er einstaklingsrekstur allsráðandi, samanborið við tæplega 2% hækkun að jafnaði í iðngreinum þar sem einstaklingsrekstur á innan við 10% af heildarlaunagreiðslum. Hér er þó rétt að ítreka að þetta eru áætluð heildaráhrif af samræmingunni, þ.e. árið 1993, þegar allar atvinnugreinar munu greiða sama tryggingagjald, þ.e. 4,25%. Í reynd dreifast þessi áhrif því á þrjú næstu ár.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skyldu þeirra sem greiða laun til að inna af hendi sérstakt gjald, tryggingagjald, af öllum tegundum vinnulauna, þóknana og öðrum tegundum greiðslna og launa. Greiðsluskylda tekur einnig til reiknaðs endurgjalds. Sérstaklega er tekið fram að tryggingagjaldið skuli innheimt samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og að það skuli að staðgreiðsluári liðnu lagt á með opinberum gjöldum, sbr. lög um tekjuskatt og eignarskatt.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Í fyrstu málsgrein er tekið fram að tryggingagjald greiðist í ríkissjóð.

Í annarri málsgrein eru rétthafar tryggingagjaldsins tilgreindir en þeir eru: Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóður og Vinnueftirlit ríkisins. Eiga þessar stofnanir tilkall til hlutdeildar í innheimtu tryggingagjaldi til að standa straum af þeim verkefnum sem þeim eru falin samkvæmt lögum og reglugerðum.

Það er rétt að taka sérstaklega fram, að í þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir breytingum á þeim fjárhæðum sem samkvæmt gildandi lögum renna til Atvinnuleysistryggingasjóðs og vinnueftirlits. Þær breytingar á hlutföllum sem fram koma í þessari grein má rekja til áhrifa staðgreiðslu tryggingagjaldsins sem hafa verið reiknuð inn í skatthlutfallið til lækkunar.

Gert er ráð fyrir að viðkomandi stofnanir fái í sinn hlut hluta af innheimtu tryggingagjaldi á staðgreiðsluárinu samkvæmt bráðabirgðauppgjöri. Gera verður ráð fyrir að endanlegt uppgjör eigi sér stað eftir álagningu opinberra gjalda árlega. Í reglugerð um hlutdeild viðkomandi stofnana í innheimtu gjaldi og álögðu ber að taka mið af því að ekki verði fyrir borð borinn réttur viðkomandi stofnana til tekna og jafnframt að ekki verði um tekjuaukningu að ræða miðað við þær forsendur sem um þessi atriði eiga samkvæmt gildandi lögum. Að því er varðar Atvinnuleysistryggingasjóð sérstaklega verður að gera ráð fyrir að aðilar vinnumarkaðarins, Þjóðhagsstofnun og fjármálaráðuneytið hlutist til um að fundinn verði réttur grundvöllur til útskiptingar atvinnuleysistryggingagjalds miðað við þær forsendur sem við það eiga samkvæmt gildandi lögum, t.d. varðandi vinnuvikufjölda félaga í stéttarfélögum og skiptingu viknanna á félagssvæði og sveitarfélög. Gert er ráð fyrir að jafnframt þeirri einföldun sem á sér stað við innheimtu launatengdra gjalda í einu lagi eigi sér stað veruleg einföldun á launagögnum þeim sem skila ber til skattyfirvalda. Einnig stendur til að einfalda úrvinnslu skattyfirvalda á launagögnum, þar með töldum launamiðum og launaframtölum. Verður að ætla að úrvinnsla á gjaldstofnum, t.d. að því er vinnuvikur, félagssvæði og sveitarfélagaskiptingu varðar, eigi sér stað að verulegu leyti utan skattkerfisins. Sú breyting, sem verður á gjaldtöku til Atvinnuleysistryggingasjóðs-

ins, breytir á engan hátt núverandi skipan á rétti til atvinnuleysisbóta að því er varðar hverjir eigi rétt til bótanna, hve háar og miðað við hvaða tímabil.

Um 4. gr.

Hér er fjallað um gjaldskyldu almennt. Er stuðst við þá uppsetningu og þá upptalningu sem er í núgildandi lögum um launaskatt. Gjaldskyldan er almenn og ekki um að ræða sérgreiningu gjaldskyldra aðila með þeim hætti er áður gilti í álagningu launatengdra gjalda, t.d. varðandi það atriði að sjálfstæðir atvinnurekendur greiddu ekki áður lífeyristryggingaiðgjald af eigin launum eða iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs af þeim launum. Svipar gjaldskyldunni nær öllu leyti til núverandi gjaldskyldu í launaskatti.

Um 5. gr.

Í þessari grein eru upp taldir þeir aðilar sem undanþegnir eru tryggingagjaldi. Er þetta í samræmi við þær reglur sem gilda almennt um skattskyldu viðkomandi aðila.

Um 6. gr.

Með þessari grein er slegið föstu í fyrstu málsgrein að allar tegundir launa eða þóknana fyrir starf, hverju nafni sem nefnist, séu gjaldskyldar og myndi stofn til tryggingagjalds.

Í annarri málsgrein er sérstaklega tekið fram að fjárhæð reiknaðs endurgjalds, sem maður telur sér til tekna, eða ber að telja sér til tekna, samkvæmt ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, skuli vera sá stofn sem tryggingagjald miðast við. Er hér um frávik að ræða frá því sem gildir við tengsl milli staðgreiðslu opinberra gjalda við álagningu skatta á reiknað endurgjald. Frávik þetta er þó óverulegt.

Um 7. gr.

Í þessari grein eru tilgreind nánar þau laun sem falla undir gjaldstofn skv. 6. gr.

Samkvæmt því er fram kemur í 3. tölul. skulu ökutækjastyrkir teljast með í tryggingagjaldsstofni. Undantekning frá þessu eru ökutækjastyrkir sem greiddir eru samkvæmt sundurliðuðum gögnum. Þannig koma ekki inn í tryggingagjaldsstofn greiðslur launagreiðanda til launamanns fyrir afnot af bifreið launamanns þegar sannanlega er um að ræða endurgreiðslu á kostnaði við rekstur hennar sem til er kominn vegna aksturs til tekinnar vegalengdar í þágu launagreiðanda, að svo miklu leyti sem slík greiðsla er undir þeim mörkum sem ríkisskattstjóri setur hverju sinni.

Skilyrði þessarar undantekningar eru þau sömu og við á varðandi staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars að færð sé akstursdagbók eða aksturssk ýrsla þar sem skráð er hver ferð, dagsetning, ekin vegalengd, aksturserindi og kílómetragjald greitt launamanni. Ætlast er til að gögn þessi séu færð reglulega og þau eiga að vera aðgengileg skattyfirvöldum þegar þau óska þess, hvort sem er í bókhaldi launagreiðanda eða hjá launamanni. Akstur launamanns á milli heimilis hans og venjulegs vinnustaðar fellur ekki undir skilgreiningu hér að framan.

Ökutækjastyrkur telst hins vegar tryggingagjaldsskyldur ef launamaður sem ekur eigin bifreið í þágu launagreiðanda fær greiddan fyrir fram fastákveðinn ökutækjastyrk á hverju launatímabili.

Dagpeningar koma ekki inn í tryggingagjaldsstofn ef greiðslur launagreiðanda á ferða-

kostnaði launamanns á vegum hans, þar með talin fargjöld, eru samkvæmt reikningi frá þriðja aðila.

Enn fremur koma ekki inn í tryggingagjaldsstofn dagpeningar og hliðstæðar endurgreiðslur á ferða- og dvalarkostnaði vegna launagreiðanda, enda sé fjárhæðin innan þeirra marka sem leyfist til frádráttar samkvæmt reglum ríkisskattstjóra, sbr. 1. tölul. 30. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Framangreindar reglur eiga að vera bundnar þeim skilyrðum að fyrir liggi í bókhaldi launagreiðanda, sem og hjá launamanni, gögn um tilefni ferðar og fjölda dvalardaga, fjárhæð ferðapeninga eða dagpeninga eða eftir atvikum reikningar frá þriðja aðila.

Aðrar greiðslur launagreiðanda vegna ferðalaga launamanns en þeim er að framan greinir koma inn í tryggingagjaldsstofn.

Önnur atriði greinarinnar þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Greinin fjallar um gjaldskyld hlunnindi og þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Samkvæmt þessari grein eru ýmsar tegundir greiðslna undanþegnar tryggingagjaldi og eru þær tæmandi taldar.

Helsta undanþágan er tilgreind í 1. tölul. Er þar um að ræða eftirlaun og lífeyri sem greiddur er af Tryggingastofnun ríkisins og eftirlaun og lífeyri sem greiddur er úr þeim lífeyrissjóðum sem starfa eftir reglum sem fjármálaráðherra hefur samþykkt og háðir eru eftirliti fjármálaráðuneytisins. Eftirlaun og lífeyrir sem greiddur er beint frá launagreiðanda til launamanns án milligöngu lífeyrissjóðs, eða úr sjóðum sem ekki eru viðurkenndir, fellur því undir gjaldstofninn. Utan gjaldstofns falla öll þau eftirlaun og allur sá lífeyrir sem kemur frá hinum hefðbundnu lífeyrissjóðum. Í 2.–5. tölul. er síðan fjallað um ýmsar aðrar tegundir greiðslna sem eðlilegt þykir að undanþiggja gjaldskyldu.

Um 10. gr.

Greinin kveður á um greiðslutímabil og gjalddaga tryggingagjalds. Hafi gjaldandi eigi greitt gjaldið á eindaga skal hann greiða dráttarvexti frá og með gjalddaga. Ekki er gert ráð fyrir sérstöku refsiálagi eins og greinir í ákvæðum laga um staðgreiðslu. Við hverja vangreidda fjárhæð bætast hins vegar dráttarvextir eftir þeim lögum sem við eiga.

Í annarri málsgrein er kveðið á um að greiða skuli tryggingagjaldið til innheimtumanna ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóra. Er þetta ákvæði með sama hætti og í núgildandi lögum um launaskatt.

Í þriðju málsgrein er síðan kveðið nánar á um rétt ríkisskattstjóra til að ákveða skilagreinar og að um yfirferð, áætlun og tilkynningar skattstjóra á staðgreiðsluárinu skuli gilda lög um staðgreiðslu opinberra gjalda eftir því sem við getur átt.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir að um upplýsingar og eftirlit fari eftir ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Sama á við um þau viðurlög sem liggja að baki innheimtu vanskilafjár, þar með talinn lögtaksréttur og stöðvun atvinnurekstrar.

Um 12. gr.

Að liðnu staðgreiðsluári er gert ráð fyrir að eigi sér stað endanleg álagning tryggingagjalds á þá gjaldstofna er undir það falla. Í greininni er kveðið á um þær aðferðir sem við skal hafa við slíka álagningu.

Um 13. gr.

Í fyrstu málsgrein er fjallað um meðferð tryggingagjaldsskýrslna hjá skattyfirvöldum og samanburð skýrslnanna við önnur skattgögn. Þarfnast hún ekki frekari skýringa.

Í annarri málsgrein er kveðið á um útreikning dráttarvaxta af vangreiddu tryggingagjaldi og inneignarvaxta af ofgreiddu. Er þessi háttur í samræmi við það sem almennt á við um skattgreiðslur.

Um 14. gr.

Hér er kveðið á um að ákvæði laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, skuli eiga við um endurákvörðun tryggingagjalds, kærur og fleira.

Um 15. gr.

Hér er greint frá rétti þeirra aðila er inna af hendi óverulegar launagreiðslur til að skila tryggingagjaldi einungis einu sinni á ári eða á því greiðslutímabili þegar samanlagður gjaldstofn nær ákveðnu lágmarki. Er hér um svipað fyrirkomulag að ræða og gildir í launaskatti í dag, svo og varðandi virðisaukaskattsskil smærri aðila.

Gert er ráð fyrir að þær fjárhæðir, sem hér greinir, breytist einu sinni á ári í samræmi við verðbreytingarstuðul ríkisskattstjóra. Sá stuðull er reiknaður einu sinni á ári.

Um 16. gr.

Greinin fjallar um dráttarvexti á tryggingagjald vegna launa og hlunninda sem undanþegin eru staðgreiðslu. Gert er ráð fyrir að þeir reiknist frá og með gjalddaga 1. ágúst ár hvert ef ekki er greitt fyrir eindaga.

Um 17. gr.

Greinin kveður á um að tryggingagjald teljist rekstrarkostnaður samkvæmt almennum reglum laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Með þessari grein er sérstaklega tekið fram að ákvæði frumvarpsins komi í stað þeirra ákvæða almannatryggingalaga, laga um Atvinnuleysistryggingasjóð og laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er fela í sér ákvörðun gjaldstofns og gjaldtöku af launagreiðendum sem miðast við launafjárhæðir eða launatímabil. Ekki er ætlunin að flytja sérstök frumvörp til breytinga á einstökum greinum þessara laga. Er þessi leið farin í stað þess að telja upp með tæmandi hætti í lagatexta hverja einstaka grein sem breytingum tekur. Gera verður ráð fyrir að við endurskoðun umræddra laga verði þau lög aðlöguð lögum um tryggingagjald. Til að mynda mun standa fyrir dyrum heildarendurskoðun almannatryggingalöggjafarinnar og verður að ætla að einfaldara og hagkvæmara

sé að koma við breytingum við þá endurskoðun en með setningu sérstakra laga nú.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Samkvæmt þessu ákvæði er gert ráð fyrir að samræming launatengdra gjalda verði gerð í áföngum. Á árunum 1991 og 1992 verður innheimt tryggingagjald í tveimur gjaldflokkum, sérstökum og almennum. Er þetta gert til að veita vissan aðlögunartíma að hinu nýja kerfi. Í sérstaka gjaldflokknum eru atvinnugreinarnar, fiskveiðar, fiskvinnsla, landbúnaður og hluti iðnaðarins. Hér eru sömu atvinnugreinar og nú eru undanþegnar launaskatti samkvæmt ákvæðum gildandi laga um launaskatt.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Samkvæmt þessu ákvæði verður gjaldhlutfall tryggingagjalds á árinu 1991 í almenna gjaldflokknum 6% en í sérstaka gjaldflokknum 2,5%.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Samkvæmt þessu ákvæði verður gjaldhlutfall tryggingagjaldsins á árinu 1992 í almenna gjaldflokknum 4,75% en í sérstaka gjaldflokknum 3,25%.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Þetta bráðabirgðaákvæði þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða V.

Sú aðferð hefur á undanförnum árum verið viðhöfð af þeim aðilum er fást við reikningsskil og skattskil að færa upp eða reikna opinber gjöld er tilheyra rekstrarárinu til gjalda með gjöldum þess árs og jafnframt til skuldar. Er þetta í samræmi við almennar reglur samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, þ.e. að draga gjöldin frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn gjaldanna myndast. Launatengd gjöld hafa þannig verið áætluð til gjalda og skuldar en á næsta framtali á eftir hafa þau verið leiðrétt, ef þurfa þykir, eftir því sem raunveruleg álagning segir til um.

Önnur aðferð, sem ekki virðist hafa verið notuð í jafnríkum mæli og hin aðferðin, er að færa opinberu gjöldin til gjalda á því ári sem þau eru álögð. Munu einkum smærri rekstraraðilar hafa þann háttinn á.

Álagning tryggingagjalda, þ.e. lífeyristryggingagjalda skv. 25. gr. almannatryggingalaga, slysatryggingagjalds skv. 20. gr. þeirra laga, vinnueftirlitsgjalds og atvinnuleysistryggingagjalds, verður engin á laun ársins 1990. Það ár verður í þessum skilningi „skattlaust ár“ á sama hátt og tekjuárið 1987 var á sínum tíma varðandi útsvar og tekjuskatt einstaklinga við upptöku staðgreiðslu á tekjuskatti og útsvari.

Á það hefur verið bent af hagsmunasamtökum atvinnuveganna að ríkissjóður muni hagnast á þessari breytingu sem með þessu frumvarpi er lagt til að gerð verði vegna samræmingar á launatengdum gjöldum. Tekjuskattur rekstraraðila muni hækka þar sem launagreiðendur geti ekki gjaldfært áætluð tryggingagjöld, svo sem þeir hafa almennt getað gert, sbr. fyrri aðferðina sem nefnd er hér að framan, einfaldlega af því að þessi

gjöld verða ekki lögð á 1991. Ákvæði þessu er ætlað að draga úr hinum ætlaða hagnaði ríkissjóðs.

Til þess að koma til móts við þá rekstraraðila er viðhaft hafa fyrri aðferðina, þ.e. að færa áætluð tryggingagjöld til gjalda, hefur verið ákveðið að heimila sérstakan tryggingagjaldafrádrátt frá rekstrartekjum ársins 1990 er nemi 2,5% af gjaldfærðum frádráttarbærum launum samkvæmt rekstrarreikningi þess árs. Jafnframt hefur verið ákveðið að frádráttur þessi skuli ekki reiknast af gjaldfærðu reiknuðu endurgjaldi. Hvorki má mynda rekstrartap vegna þessa sérstaka frádráttar né nota hann til að fresta yfirfærslu rekstrartaps frá fyrri árum. Hér er um að ræða skattalega leiðréttingarfærslu og myndar þessi gjaldaliður því ekki stofn til aðstöðugjalds.

Þeir rekstraraðilar sem viðhaft hafa síðari aðferðina og fært tryggingagjöld og önnur opinber gjöld eftir á, þ.e. það ár sem gjöldin eru álögð og eiga að vera greidd, hafa ekki heimild til að nota þennan sérstaka 2,5% tryggingagjaldafrádrátt. Þó þykir rétt að heimila þessum aðilum mismun á sérstaka tryggingagjaldafrádrættinum og raunverulegu álögðu tryggingagjöldunum í þeim tilfellum sem álögðu tryggingagjöldin 1990 hafa ekki náð 2,5% af gjaldfærðum frádráttarbærum launum ársins 1990. Er hér veitt heimild til að gjaldfæra mismuninn.

Tafla 5.

Skipting heildarlauna 1990 eftir atvinnugreinum.

	Áætlaðar launa-greiðslur 1990		Hlutfallsleg skipting	
			Einstaklingar	Félög
Landbúnaður	2,7	4.320	96	4
Sjávarútvegur	15,8	25.765	15	85
Fiskveiðar	10,0	16.260	20	80
Fiskvinnsla	5,8	9.505	5	95
Iðnaður	11,1	18.155	9	91
Byggingarstarfsemi	7,3	11.860	44	56
Verslun, veitingastarfsemi	14,0	22.775	17	83
Samgöngur	4,0	6.485	3	97
Bankar og tryggingafélög	3,8	6.200	–	100
Starfsemi hins opinbera	26,2	42.720	–	100
Önnur starfsemi	15,1	24.720	30	70
Samtals	**100,0**	**163.000**	**16**	**84**
Samtals án ríkisrekstrar	80,3	130.900	20	80

Tafla 6.

Áhrif samræmingar launatengdra gjalda á kostnað eftir atvinnugreinum árið 1993.*

Tryggingagjald í einu þrepi 1993	Fyrir breytingu	Eftir breytingu	Áhrif
	m.kr.	m.kr.	m.kr.
I. Einstaklingar			
Landbúnaður	29	175	146
Sjávarútvegur	60	162	102
Fiskveiðar	49	140	91
Fiskvinnsla	11	22	11
Iðnaður	31	73	42
Byggingarstarfsemi	237	222	-15
Verslun, veitingastarfsemi	197	168	-29
Samgöngur	16	9	-7
Bankar og tryggingafélög	–	–	–
Önnur starfsemi	306	331	25
Samtals	**876**	**1.140**	**264**
II. Félög			
Landbúnaður	7	8	1
Sjávarútvegur	524	932	408
Fiskveiðar	302	551	249
Fiskvinnsla	222	381	159
Iðnaður	417	698	281
Byggingarstarfsemi	398	283	-115
Verslun, veitingastarfsemi	1.142	800	-342
Samgöngur	371	267	-104
Bankar og tryggingafélög	355	260	-95
Önnur starfsemi	1.485	1.187	-298
Samtals án ríkisrekstrar	**4.699**	**4.435**	**-264**
III. Einstaklingar og félög			
Landbúnaður	36	183	147
Sjávarútvegur	584	1.094	510
Fiskveiðar	351	691	340
Fiskvinnsla	233	403	170
Iðnaður	448	771	323
Byggingarstarfsemi	635	505	-130
Verslun, veitingastarfsemi	1.339	968	-371
Samgöngur	387	276	-111
Bankar og tryggingafélög	355	260	-95
Önnur starfsemi	1.791	1.518	-273
Samtals án ríkisrekstrar	**5.575**	**5.575**	**-**

* Í staðinn fyrir launatengdu gjöldin fimm, þ.e. launaskatt, lífeyris-, slysa- og atvinnuleysistryggingagjald og vinnueftirlitsgjald, komi eitt tryggingagjald, 4,25% á allar atvinnugreinar. Miðað er við áætlaða álagningu ársins 1990.

Tafla 7.

Samræming launagjalda 1991.*
Áhrif á kostnað fyrirtækja.

Tryggingagjald í tveimur þrepum 1991	Fyrir breytingu	Eftir breytingu	Áhrif
	m.kr.	m.kr.	m.kr.
I. Einstaklingar			
Landbúnaður	29	103	74
Sjávarútvegur	60	95	35
Fiskveiðar	49	82	33
Fiskvinnsla	11	13	2
Iðnaður	31	43	12
Byggingarstarfsemi	237	313	76
Verslun, veitingastarfsemi	197	237	40
Samgöngur	16	19	3
Bankar og tryggingafélög	–	–	–
Önnur starfsemi	306	440	134
Samtals	**876**	**1.250**	**374**
II. Félög			
Landbúnaður	**7**	**7**	**0**
Sjávarútvegur	524	544	20
Fiskveiðar	302	320	18
Fiskvinnsla	222	224	2
Iðnaður	417	411	-6
Byggingarstarfsemi	398	398	–
Verslun, veitingastarfsemi	1.142	1.129	-13
Samgöngur	371	376	5
Bankar og tryggingafélög	355	367	12
Önnur starfsemi	1.485	1.518	33
Samtals án ríkisrekstrar	**4.699**	**4.750**	**51**
III. Einstaklingar og félög			
Landbúnaður	36	110	74
Sjávarútvegur	584	639	55
Fiskveiðar	351	402	51
Fiskvinnsla	233	237	4
Iðnaður	448	454	6
Byggingarstarfsemi	635	711	76
Verslun, veitingastarfsemi	1.339	1.366	27
Samgöngur	387	395	8
Bankar og tryggingafélög	355	367	12
Önnur starfsemi	1.791	1.958	167
Samtals án ríkisrekstrar	**5.575**	**6.000**	**425**

* Í staðinn fyrir launatengdu gjöldin fimm, þ.e. launaskatt, lífeyris-, slysa- og atvinnuleysistryggingagjald og vinnueftirlitsgjald, verði í fyrsta áfanga lagt á launagjald í tveimur þrepum, 2,5% á atvinnugreinar, sem nú eru undanþegnar launaskatti, en 6,0% á aðrar greinar. Miðað er við áætlaða álagningu ársins 1990.

Nd. 336. Frumvarp til laga [234. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Á eftir orðinu „tekjuári" í 1. gr. laganna komi: og tryggingagjalds launagreiðenda á því ári nema annað sé tekið fram.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist nýr stafliður er orðist svo:

C. Tryggingagjalds samkvæmt ákvæðum laga um tryggingagjald.

3. gr.

2. mgr. 9. gr. laganna orðist svo:

Að tekjuári loknu skal fara fram ákvörðun og álagning tekjuskatts samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt, útsvars samkvæmt ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga og tryggingagjalds samkvæmt ákvæðum laga um tryggingagjald.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1991 vegna launa sem greidd verða á því ári og síðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, er flutt í tengslum við frumvarp til laga um tryggingagjald. Í því frumvarpi er gert ráð fyrir að um upplýsingar og eftirlit fari eftir ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Jafnframt er gert ráð fyrir því að álagning tryggingagjalds fari fram samhliða álagningu tekjuskatts- og eignarskatts. Af þessum sökum er nauðsynlegt að breyta lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Um frekari skýringar á því hvernig álagningu og innheimtu tryggingagjalds verður háttað vísast til athugasemda við það frumvarp.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér segir að staðgreiðsla tryggingagjalds sé bráðabirgðagreiðsla með sama hætti og staðgreiðsla vegna tekjuskatts og útsvars.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um að lögin um staðgreiðslu taki einnig til tryggingagjalds eftir því sem við á eftir ákvæðum laga um tryggingagjald.

Um 3. gr.

Samkvæmt þessari grein skal endanleg álagning tryggingagjalds fara fram við álagningu opinberra gjalda að loknu tekjuári.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Nd. 337. Frumvarp til laga [235. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Í stað „100.000“ og „200.000“ í 4. tölul. B-liðar 30. gr. laganna kemur: 115.000 og 230.000.

2. gr.

Í stað „3.280.000“ og „4.920.000“ í 4. mgr. B-liðar 69. gr. laganna kemur: 3.350.000 og 5.025.000.

3. gr.

Í stað „2.500.000“ og „4.150.000“ í 2. mgr. C-liðar 69. gr. laganna kemur: 2.555.000 og 4.235.000.

4. gr.

Fyrirsögn 70. gr. laganna orðast svo:

Tekjuskattur manna sem heimilisfastir eru á Íslandi hluta úr ári, menn sem dveljast erlendis við nám eða vegna veikinda o.fl.

5. gr.

Við 70. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Þeir menn, sem dveljast erlendis við nám eða vegna veikinda, geta þrátt fyrir ákvæði 1. gr. haldið öllum réttindum sem heimilisfesti hér á landi veitir samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum um opinber gjöld. Fjármálaráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar með reglugerð, m.a. um hvaða nám falli hér undir, rétt maka, framtalsskil o.fl.

6. gr.

Á eftir orðinu „ríkisvíxla“ í 2. mgr. 78. gr. laganna kemur: ríkisbréf.

7. gr.

83. gr. laganna orðast svo:

Eignarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 2.940.000 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af eignarskattsstofni yfir 2.940.000 kr. greiðist 1,2%. Af eignarskattsstofni yfir 8.235.000 kr. greiðist að auki 0,75%, þó þannig að hjá þeim sem hafa tekjuskattsstofn undir 1.680.000 kr. skal lækka reiknaðan eignarskatt samkvæmt þessum málslið hlutfallslega þannig að hann falli að fullu niður ef tekjuskattsstofn er undir 840.000 kr.

8. gr.

Við 110. gr. laganna bætast svohljóðandi málsgreinar:

Tekjuskattur, sem lagður er á reiknað endurgjald þeirra manna sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur, skal þó vera gjaldfallinn 1. ágúst ef skattaðili hefur eigi staðið skil á fjárhæð þeirri sem um ræðir í staðgreiðslu viðkomandi tekjuárs í samræmi við 6. og 20. gr. staðgreiðslulaga.

Hafi innheimtumaður hafið aðför að skattaðila vegna skuldar sem myndast hefur í staðgreiðslu á reiknuðu endurgjaldi skulu þau aðfararúrræði, sem innheimtumaður hefur gripið til, halda lögformlegu gildi sínu við þann hluta kröfunnar sem rekja má til vangreiddrar staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1991 og gilda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1991 vegna tekna á árinu 1990 og eigna í lok þess árs. Fjárhæðir 1. gr., 2. gr. og 7. gr. skulu hækka í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum í fyrsta sinn fyrir árið 1991.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir gildistökuákvæði 2. mgr. 15. gr. laga nr. 117/1989 skulu reglur lokamálsliðar 3. mgr. C-liðar 69. gr. laganna um áfallnar uppsafnaðar verðbætur, sbr. lokamálslið 2. mgr. 9. gr. laga nr. 117/1989, hvorki taka til þeirra manna, sem seldu íbúðarhúsnæði á árinu 1989 og á því hvíldi lán sem kaupandi yfirtók með uppsöfnuðum áföllnum verðbótum, né til þeirra manna sem á árinu 1989 greiddu uppsafnaðar áfallnar verðbætur á lán á lánstíma umfram ákvæði viðkomandi skuldabréfs.

Þeir menn, sem ákvæði 1. mgr. taka til og telja sig eiga rétt til vaxtabóta eða til hærri vaxtabóta en þeirra sem voru ákvarðaðar þeim gjaldárið 1990, geta sótt til skattstjóra um slíkar bætur í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður eigi síðar en með skattframtali sínu á árinu 1991.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í þessu frumvarpi er kveðið á um nokkrar breytingar sem snerta skattlagningu einstaklinga í samræmi við það sem boðað var í fjárlagafrumvarpinu. Breytingarnar miðast við að tryggja óbreytta skattbyrði einstaklinga milli áranna 1990 og 1991.

Óbreytt skattbyrði einstaklinga 1991. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1991 kemur fram sú meginviðmiðun að álagning tekjuskatta á einstaklinga á næsta ári skuli vera óbreytt í hlutfalli við heildartekjur þeirra frá því sem gildir árið 1990, þ.e. skattbyrðin haldist óbreytt milli ára. Áætlað er að meðallaun á mann hækki um 8,5% á næsta ári og heildartekjur heimilanna um 10–11%. Í samræmi við það er áætlað að tekjuskattur hækki um svipað hlutfall. Í þessu felst að helstu frádráttar- og afsláttarliðir tekjuskattskerfisins, þ.e. persónuafsláttur, barnabætur og vaxtabætur, hækka í samræmi við laun á næsta ári, eða heldur meira en nemur hækkun lánskjaravísitölunnar milli ára.

Hækkun persónuafsláttar 1991. Árið 1990 er persónuafsláttur fyrir hvern einstakling 21.482 krónur að meðaltali á mánuði, en það jafngildir skattleysismörkum upp á 53.988 krónur á mánuði. Samkvæmt endurskoðaðri spá er reiknað með 8,5% meðalhækkun launa á næsta ári. Í samræmi við það hækkar persónuafsláttur nú um áramótin um 3,2%, úr 22.114 krónum í 22.831 krónu á mánuði fyrir fyrri hluta ársins og í rúm-

lega 23.800 á síðari hluta þess samkvæmt áætlaðri hækkun lánskjaravísitölu frá desember 1990 til júní 1991. Skattleysismörkin hækka um sama hlutfall og verða 58.600 krónur að meðaltali á næsta ári miðað við óbreytt útsvarshlutfall sveitarfélaga.

Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir breytingar á persónuafslætti frá upptöku staðgreiðslunnar í ársbyrjun 1988. Í árslok 1988 var lögum um tekjuskatt breytt þannig að ákvörðun persónuafsláttar fyrir fyrri hluta hvers árs var gerð að sjálfstæðri aðgerð en ekki tengd sjálfvirkt við lánskjaravísitöluna. Þetta á einungis við um ákvörðun persónuafsláttar fyrri hluta ársins. Eftir sem áður breytist persónuafsláttur í takt við lánskjaravísitölu um mitt ár.

Taflan sýnir því í reynd hvaða áhrif fyrrnefnd breyting hefur haft á fjárhæð persónuafsláttarins. Samkvæmt því hefði persónuafsláttur orðið 23.161 króna, eða um 330 krónum hærri á fyrri hluta næsta árs, ef hann hefði fylgt lánskjaravísitölu að fullu allt tímabilið.

	Persónuafsláttur í reynd		Lánskj.vís.	Persónuafsláttur m.v. lánskj.vís.
	kr.	% hækkun	% hækkun	kr.
Jan. - maí 1988	14.797	-	-	14.797
Júní - des. 1988	16.092	8,75	8,75	16.092
Jan. - júní 1989	17.842	10,87	10,87	17.842
Júlí - des. 1989	19.419	8,84	8,84	19.419
Jan. - júní 1990	20.850	7,37	9,98	21.357
Júlí - des. 1990	22.114	6,06	6,06	22.651
Jan. - júlí 1991	22.831	3,24	2,25	23.161
Júlí - des. 1991	23.818	4,32	4,32	24.161

Húsaleigubætur. Í fjárlagafrumvarpinu voru jafnframt boðaðar breytingar á tekjuskattslögunum sem lúta að frekaru jöfnun skattbyrði í gegnum tekjuskattskerfið, t.d. með frekari tekjutengingu barnabóta og upptöku sérstakra húsaleigubóta.

Undirbúningur þessa máls hefur staðið yfir frá því í haust, unnin á vegum félagsmálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis. Í þessari undirbúningsvinnu hefur komið í ljós að verulegur skortur er á áreiðanlegum upplýsingum um leigumarkaðinn hér á landi. Af þeirri ástæðu er erfitt að meta bæði áhrif á hag leigjenda og heildarkostnað við upptöku húsaleigubóta. Þess vegna hefur verið ákveðið að nota skattframtöl næsta árs til þess að afla sérstakra upplýsinga um húsaleigumarkaðinn til þess að treysta áætlunargrunninn.

Endurskoðun skattlagningar lögaðila. Með bréfi dagsettu 11. júní 1990 skipaði fjármálaráðherra sérstaka nefnd til þess að endurskoða gildandi lög um skattlagningu fyrirtækja. Markmið þessarar endurskoðunar er að jafna samkeppnisstöðu innlendra útflutn-

ings- og samkeppnisgreina gagnvart erlendum keppinautum. Um miðjan nóvember skilaði nefndin fyrstu tillögum sínum, sem voru kynntar í sérstakri skýrslu.

Megintillögur nefndarinnar í þessum áfanga voru tvíþættar. Annars vegar lagði nefndin til að í stað núverandi launaskatts, lífeyristryggingagjalds, slysatryggingagjalds, vinnueftirlitsgjalds og iðgjalds í Atvinnuleysistryggingasjóð kæmi eitt gjald, launa- eða tryggingagjald. Þessari hugmynd eru gerð nánari skil í öðru frumvarpi og því verður ekki frekar um hana fjallað hér.

Hins vegar lagði nefndin til að í fyrsta áfanga yrði tekjuskattshlutfall félaga lækkað úr 50% í 45%. Þessi lækkun á skatthlutfallinu er liður í því að laga skattlagningu fyrirtækja hér á landi að þeim breytingum sem eru að verða og hafa þegar orðið víða erlendis. Jafnframt verði skattstofninn breikkaður með því að fækka undanþágum og fella niður frádráttarheimildir.

Í áliti nefndarinnar kemur enn fremur fram að hún telji æskilegt að lækka skatthlutfallið enn frekar í áföngum á næstu árum þannig að það verði svipað og gengur og gerist í helstu viðskipta- og samkeppnislöndum okkar. Jafnframt eru boðaðar ýmsar frekari breytingar á skattlagningu fyrirtækja, svo sem leiðir til þess að jafna afkomusveiflur milli ára o.fl.

Í tengslum við breytingar á launagjöldum setti nefndin einnig fram hugmyndir um niðurfellingu aðstöðugjalds, þar sem sú skattlagning brenglaði samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja og gengi þvert á skynsamlega stefnu í skattamálum. Í framhaldi af þessu hafa stjórnvöld átt viðræður við fulltrúa sveitarfélaganna um þessar hugmyndir. Þeim viðræðum verður haldið áfram með það að leiðarljósi að hrinda þessum hugmyndum um afnám aðstöðugjaldsins í framkvæmd.

Í þessu frumvarpi eru ekki gerðar tillögur um breytingar á skattlagningu fyrirtækja. Það er hins vegar nauðsynlegt að vinna áfram að tillögugerð um þetta mál á næstu vikum, þar sem m.a. verður hugað að breytingum á ákvæðum um verðbreytingafærslu, þó þannig að fyrirtæki eigi jafnan kost á því að gera reikningana upp á grundvelli gildandi skattalaga. Frumvarp um þetta efni verður lagt fram eftir að þing kemur saman í janúar.

Skattvísitala 1991. Það er rétt að vekja athygli á því, að gert er ráð fyrir að skattvísitala verði ákveðin 109,5 stig í fjárlögum 1991 miðað við 100 stig 1990. Allar fjárhæðir sem tengdar eru skattvísitölu í lögum um tekju- og eignarskatt munu því hækka um 9,5% á næsta ári. Hækkun fasteignamats milli ára er hins vegar 12%. Þess vegna þykir rétt að hækka skattfrelsismörk eignarskatts sérstaklega í þessu frumvarpi, þannig að þau hækki um 12% á milli ára þegar þau hafa verið uppfærð með skattvísitölu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum, er hámark frádráttar vegna fjárfestingar í atvinnurekstri 115.000 kr. hjá hverjum manni eða 230.000 kr. hjá hjónum. Er því um að ræða ósamræmi við ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt. Hér er lagt til að þessar fjárhæðir verði samræmdar.

Um 2. gr.

Barnabótaauki er skertur með tilliti til eigna. Samkvæmt þessari grein er lagt til að þessi skerðingarmörk verði hækkuð. Þetta stafar af því að hækkun samkvæmt skattvísi-

tölu sem ákveðin verður í fjárlögum fyrir árið 1991 verður væntanlega minni en hækkun á fasteignamati á milli ára. Af þessum sökum er talið nauðsynlegt að hækka þessi mörk.

Um 3. gr.

Vaxtabætur eru skertar með tilliti til eigna. Þar sem reikna má með að skattvísitalan 1991 hækki minna en fasteignamatið milli ára er talið nauðsynlegt að hækka skerðingarmörk eigna sérstaklega.

Um 4. og 5. gr.

Á síðasta þingi voru samþykkt ný lögheimilislög, nr. 21/1990, og taka þau gildi 1. janúar 1991. Við gildistöku laganna skortir lagagrundvöll undir þá skattaframkvæmd sem ríkt hefur varðandi námsmenn sem tímabundið stofna til heimilis í öðru ríki en Íslandi. Til þess að tryggja að þessir skattþegnar haldi sínum skattalegu réttindum hér á landi meðan á námi stendur erlendis eru lagðar til breytingar á 70. gr. laga nr. 75/1981. Er því lagt til að þessir aðilar geti þrátt fyrir 1. gr. laga nr. 75/1981 haldið öllum réttindum, sem heimilisfesti hér á landi veitir samkvæmt þessum lögum og öðrum lögum um opinber gjöld.

Um 6. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum eru markaðsverðbréf sem gefin eru út af ríkissjóði, ríkisvíxlar, happdrættisskuldabréf ríkissjóðs og húsbréf gefin út af Byggingarsjóði ríkisins undanþegin eignarskatti að uppfylltum vissum skilyrðum. Fjármálaráðherra hefur ákveðið að setja á markað nýja tegund ríkisverðbréfa sem hafa hlotið nafnið ríkisbréf. Tilgangurinn með þessari útgáfu er m.a. að brúa bilið milli ríkisvíxla og spariskírteina, svo og að gefa kaupendum ríkisverðbréfa kost á meira úrvali af ríkisverðbréfum, bæði hvað varðar tímalengd og vaxtakjör. Jafnframt þykir rétt að freista þess á tímum lágrar verðbólgu og væntanlegs stöðuleika á því sviði að ríkissjóður hafi frumkvæði að því að gefa út verðbréf án verðtryggingar, en með viðmiðun við nafnvexti sem myndast á markaðinum hverju sinni. Hér er lagt til að umrædd ríkisbréf verði undanþegin eignarskatti með sama hætti og t.d. ríkisvíxlar.

Um 7. gr.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að skattfrelsismörk eignarskatts verði hækkuð. Þetta stafar af því að hækkun samkvæmt skattvísitölu sem ákveðin verður í fjárlögum fyrir árið 1991 verður væntanlega minni en hækkun á fasteignamati á milli ára. Af þessum sökum er nauðsynlegt að hækka þessi mörk þannig að ekki verið um að ræða þyngingu á álagningu eignarskatts á árinu 1991 frá því sem var á árinu 1990.

Um 8. gr.

Með þessari grein er verið að tryggja innheimtu á vanskilum eftir álagningu opinberra gjalda vegna reiknaðs endurgjalds þeirra manna sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur, þ.e. í þeim tilvikum sem skattaðili hefur ekki staðið skil á fjárhæð þeirri sem skila átti í staðgreiðslu. Hér er kveðið á um það að álagningin skuli vera gjaldfallin 1. ágúst á því ári sem álagning fer fram. Jafnframt fellst í þessari grein að í þeim tilvikum þar sem innheimtuaðgerðir vegna skulda á reiknuðu endurgjaldi sem skila á í stað-

greiðslu eru hafnar þá skuli slíkar innheimtuaðgerðir halda gildi sínu þrátt fyrir að fram fari álagning sem kemur í stað skuldar á staðgreiðslu, að því er varðar þann hluta kröfunnar sem má rekja til vangreiddrar staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi.

Um 9. gr.

Samkvæmt þessari grein koma ákvæði frumvarpsins til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1991 vegna tekna á árinu 1990 og eigna í lok þess árs. Jafnframt er kveðið á um það að fjárhæðir 1. gr., 2. gr. og 7. gr. hækki í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin verður í fjárlögum fyrir árið 1991 þar sem umræddar fjárhæðir eru á verðlagi desembermánaðar 1989.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að afturkölluð verði sú breyting á skilgreiningu vaxtagjalda, að því er varðar árið 1989, sem ákveðin var með lögum nr. 117/1989, en þar var ákveðið að breytingin öðlaðist gildi 1. janúar 1989. Hér er lagt til að þessi breyting gildi frá 1. janúar 1990.

Í þessu sambandi er óhjákvæmilegt að þeir, sem hér eiga hlut að máli, sæki um leiðréttingu til skattstjóra þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um hverjir þessir einstaklingar eru.

Ed. 338. Frumvarp til laga [236. mál]

um Héraðsskóga.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að ræktun nytjaskóga á Fljótsdalshéraði og umhirðu þess skóglendis sem þar er fyrir og treysta með því byggð og efla atvinnulíf á Héraði.

Héraðsskógar merkja í lögum þessum sjálfstætt skógræktarverkefni um ræktun nytjaskóga á jörðum á Fljótsdalshéraði samkvæmt sérstakri áætlun.

2. gr.

Kostnaður við starfsemi Héraðsskóga greiðist úr ríkissjóði með sérstakri fjárveitingu sem færð er undir landbúnaðarráðuneytið.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna stjórn Héraðsskóga til tveggja ára í senn. Skal einn stjórnarmanna tilnefndur af Félagi skógarbænda á Fljótsdalshéraði, annar af Skógrækt ríkisins og sá þriðji skipaður án tilnefningar. Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn Héraðsskóga og samþykkir starfs- og fjárhagsáætlanir verkefnisins. Hún ræður framkvæmdastjóra og setur honum erindisbréf.

3. gr.

Gera skal sérstaka áætlun, Héraðsskógaáætlun, um nýtingu þess lands á Fljótsdals-

héraði sem er vel fallið til skógræktar. Áætlunin skal ná yfir 40 ár, skipt í 10 ára tímabil, og taka til allt að 15.000 ha lands.

Gera skal samninga, sem landbúnaðarráðherra staðfestir, við alla þátttakendur í Héraðsskógum. Samningarnir skulu taka til afmörkunar lands sem tekið er undir ræktun í hverju tilviki, kveða á um kostnaðarþátttöku ríkisins, hlutdeild ríkissjóðs í væntanlegum afrakstri skógræktarinnar og annað sem þurfa þykir.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir kostnað við Héraðsskóga sem hér segir: Undirbúnings- og rekstrarkostnað verkefnisins, laun stjórnar og fastra starfsmanna. Enn fremur 90% samþykkts kostnaðar við skógrækt á jörðum í ábúð og 70% á eyðijörðum. Landbúnaðarráðuneytið samþykkir skógræktarkostnað að fengnum tillögum Skógræktar ríkisins.

5. gr.

Af heildarframleiðsluverðmæti trjáviðar úr skógunum skulu allt að 5% lögð á endurnýjunarreikning í vörslu Héraðsskóga. Þeim fjármunum skal innan fimm ára frá skógarhöggi varið til endurnýjunar skóglendis á viðkomandi jörð. Þetta gjald skal nánar ákveðið í reglugerð með hliðsjón af kostnaði við endurnýjun skóglendis á hverjum tíma. Af hreinum hagnaði skulu 15% greidd í ríkissjóð og skal því fé varið til ræktunar nýrra skóga.

Undanþegin ákvæðum 1. mgr. er fyrsta grisjun, enda sé hún skóginum nauðsynleg að mati Skógræktar ríkisins og verði hagnaður af fyrstu grisjun skal hann renna óskiptur á endurnýjunarreikning jarðarinnar.

6. gr.

Ábúendur jarða, sem teknar eru til skógræktar samkvæmt samningi við Héraðsskóga, skulu hafa forgang að vinnu á vegum verkefnisins á þeim jörðum er þeir sitja. Forgang að annarri vinnu á vegum Héraðsskóga skulu þeir bændur hafa sem láta af sauðfjárrækt samhliða aðild sinni að Héraðsskógum. Að þeim frágengnum hafa aðrir bændur, sem aðild eiga að Héraðsskógum, forgang að vinnu við verkefnið.

Þá skulu ábúendur jarða, sem aðild eiga að Héraðsskógum, eftir því sem við verður komið, hafa forgang að vinnu sem tengist skógræktinni, svo sem ýmiss konar þjónustustörfum eða úrvinnslu úr afurðum skóganna.

Þá skulu þær jarðir, þar sem sauðfjárbúskapur dregst verulega saman eða er lagður niður, hafa forgang að verkefninu umfram aðrar jarðir.

Ef gerðir eru samningar milli ríkisvaldsins og sauðfjárbænda, sem aðild eiga að verkefninu, um að láta af sauðfjárrækt eða draga hana verulega saman til lengri tíma skulu slíkir bændur og jarðir þeirra hafa forgang að vinnu og þátttöku í verkefninu.

7. gr.

Stjórn Héraðsskóga eða framkvæmdastjóri í umboði hennar annast daglegan rekstur. Skógrækt ríkisins veitir Héraðsskógum aðstoð og faglegar leiðbeiningar samkvæmt samstarfssamningi er aðilar gera þar um.

8. gr.

Ársskýrsla og ársreikningar Héraðsskóga skulu samþykkt af stjórn og staðfest af land-

búnaðarráðherra. Þar komi m.a. fram staða framkvæmda á hverjum tíma og yfirlit yfir ráðstöfun fjármuna.

Reikninga Héraðsskóga skal birta í *Stjórnartíðindum*, endurskoðaða af Ríkisendurskoðun.

9. gr.

Að öðru leyti en greinir í lögum þessum fer um ræktun og meðferð Héraðsskóga eftir ákvæðum skógræktarlaga, nr. 3/1955, eftir því sem við á.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði er nauðsynleg þykja um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alþingi samþykkti 11. maí 1988 ályktun þar sem landbúnaðarráðherra er falið að láta semja tíu ára áætlun um eflingu skógræktar á Fljótsdalshéraði og skyldi áætlunin m.a. taka til ræktunar nytjaskóga og viðhalds og hirðingar skóglendis sem fyrir er. Í ágúst sama ár skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til þess að vinna að framgangi ályktunarinnar og skilaði nefndin skýrslu í nóvember 1988. Hinn 7. mars 1989 skipaði ráðherra síðan verkefnisstjórn um eflingu skógræktar á Fljótsdalshéraði sem tók við af fyrrgreindri nefnd.

Fyrstu tillögur verkefnisstjórnar lágu fyrir í maí og 27. maí 1989 samþykkti ríkisstjórnin eftirfarandi:

„Ríkisstjórnin ákveður að hrinda í framkvæmd stórátaki í ræktun nytjaskóga á Fljótsdalshéraði sem miði að því að fullnýta skógræktarland þar á næstu 40 árum. Á þessu ári verður varið 12 milljónum króna til undirbúningsvinnu og byrjunarframkvæmda, svo sem kortlagningar, áætlanagerðar, undirbúnings plöntuframleiðslu, hirðingar skóglendis og undirbúnings að flutningi aðalstöðva Skógræktar ríkisins.

Stefnt skal að því að frumáætlun um ræktun og kostnað liggi fyrir 1. október nk."

Þegar fyrrgreind samþykkt lá fyrir var hafist handa við undirbúningsvinnu og nánari tillögugerð af hálfu verkefnisstjórnar, sjá fskj. I. Verkefnisstjóri var ráðinn í ágúst og í september voru tillögur um fyrirkomulag skógræktarátaksins Héraðsskóga kynntar ráðherra og sendar á alla bæi í hreppunum sex sem ætlað er að átakið nái að einhverju leyti til, sjá fskj. II. Frumáætlun um ræktun og kostnað næstu tíu árin var síðan lögð fyrir fjárveitinganefnd Alþingis í nóvember. Áætlunin var endurskoðuð í mars 1990, sjá fskj. III. Þá lágu einnig fyrir drög að samningum milli einstakra bænda og Héraðsskóga og byggja þau á því að frumvarp þetta verði að lögum, sjá fskj. IV. Frumvarpið er nær óbreytt frá því sem lagt var fram á síðasta þingi en við hefur bæst starfsskýrsla verkefnisins frá janúar til september 1990, sjá fskj. I B.

Markmiðið með ræktun Héraðsskóga er að rækta, þar sem skilyrði eru til á Fljótsdalshéraði, nytjaskóg, þ.e. skóg sem skilar afurðum í framtíðinni, jafnframt því að bæta aðstæður annarra atvinnugreina og ræktunar og þar með efla atvinnulíf og treysta byggð á Héraði.

Tilgangur sérstakrar lagasetningar um Héraðsskóga er að marka stefnu og heildaráætlun um þetta átaksverkefni í skógrækt. Um er að ræða verkefni sem yrði byggt á lang-

tímasamningum fjölmargra einstaklinga við ríkisvaldið og því nauðsynlegt að umboð þeirra, sem frá málum ganga fyrir hönd ríkisins, sé sem skýrast og einstakir bændur hafi sem öruggastan grunn að byggja á er þeir taka ákvarðanir sem binda nýtingu jarða þeirra í framtíðinni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin skýrir tilgang og markmið frumvarpsins og skilgreinir hvað Héraðsskógar eru.

Um 2. gr.

Greinin kveður á um fjármögnun Héraðsskóga og stjórn og hlutverk hennar.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að unnin verði 40 ára áætlun um ræktun nytjaskóga á Fljótsdalshéraði. Áætlunin skiptist í tíu ára tímabil en af hálfu sérfræðinga Skógræktar ríkisins er lögð áhersla á að heildaráætlun nái til a.m.k. 40 ára þar sem við ræktun nytjaskóga er nauðsynlegt að eðlileg hringrás náist í ræktuninni svo að nýting timburs úr skógunum verði hagkvæm. Gera verður sérstaka áætlun fyrir hverja jörð sem gerist aðili að Héraðsskógum.

Ræktun skóganna er ætlað að byggja á samningum sem hver einstakur eigandi eða ábúandi með samþykki eiganda gerir við Héraðsskóga og landbúnaðarráðherra staðfestir fyrir hönd ríkisins. Tekin eru fram helstu atriði sem nauðsynlegt er að fram komi í samningunum. Samningarnir mega í heild ná til ræktunar 15.000 ha lands á 40 ára tímabili og takmarkast heimild landbúnaðarráðherra til staðfestingar samninga við þá landstærð.

Um 4. gr.

Greinin kveður á um þann kostnað við Héraðsskóga sem greiðast skal úr ríkissjóði. Annars vegar er um að ræða almennan rekstrarkostnað, þ.e. undirbúning verkefnisins og síðan rekstur og laun stjórnar og fastra starfsmanna. Gera verður ráð fyrir að til að byrja með verði um nokkurn undirbúningskostnað að ræða meðan verkefnið er að komast á skrið, t.d. vegna gagnasöfnunar, þróunarvinnu og áætlanagerðar. Af föstum starfsmönnum er fyrst og fremst reiknað með framkvæmdastjóra, en þar sem gert er ráð fyrir að Héraðsskógar hafi ætíð í sinni þjónustu skógfræðimenntaðan mann gæti komið til þess að um tvo starfsmenn yrði að ræða. Ljóst er að þörf fyrir faglega aðstoð við bændur verður umtalsverð fyrst um sinn á meðan verkþekking í þessari nýju búgrein er að eflast. Erfiðara er að spá um framhaldið en það getur m.a. ráðist af þróun í úrvinnslu afurða skóganna.

Hins vegar er tekið fram að skógrækt á jörðum, sem eru í ábúð, verði greidd 90% úr ríkissjóði, en 70% kostnaðar við skógrækt á eyðijörðum. Ljóst er að bændur á þessu svæði hafa fæstir bolmagn til þess að leggja af takmörkuðum launum sínum í fjárfestingu sem ekki er að vænta að skili arði í búskapartíð þeirra. Margir hverjir hafa engan eða mjög lítinn fullvirðisrétt til sauðfjár- eða mjólkurframleiðslu og þurfa því á öðrum verkefnum að halda sem skila reglubundum tekjum.

Á eyðijörðum er aftur á móti ekki talin ástæða til meira en 70% fjármögnunar af hálfu ríkissjóðs þar sem eigendur þeirra hafa væntanlega sínar tekjur annars staðar og ekki er

um það að ræða að verið sé að gera mönnum kleift að halda jörðum í byggð. Engu að síður er mikilvægt að eyðijarðir, einkum þær sem falla innan samfelldra skógræktarsvæða, séu þátttakendur í ræktuninni til þess að jaðaráhrif verði í lágmarki auk þess sem ætla má að í mörgum tilfellum skapi ræktun þar atvinnu fyrir bændur.

Í öllum tilvikum er gert ráð fyrir að um sé að ræða samþykktan kostnað, þ.e. kostnað sem byggir á mati Héraðsskóga og Skógræktar ríkisins á eðlilegum útgjöldum við einstaka ræktunarþætti og samþykkt hefur verið af landbúnaðarráðuneytinu. Sem dæmi má nefna að gert er ráð fyrir að vinna við skógræktina verði greidd samkvæmt kjarasamningum ASÍ. Gert er ráð fyrir að ræktunarkostnaður verði greiddur af Héraðsskógum þar til fyrstu grisjun hvers ræktunaráfanga er lokið.

Um 5. gr.

Í greininni er sagt fyrir um hvernig fara skuli með tekjur af skógunum eftir að fyrstu grisjun er lokið. Gert er ráð fyrir að hver jörð hafi sérstakan sjóð eða endurnýjunarreikning í vörslu Héraðsskóga og þeim fjármunum, sem þangað koma, verði varið til endurnýjunar skóglendis á viðkomandi jörð. Eins og sakir standa er ekki reiknað með að fyrsta grisjun skóganna skili tekjum umfram gjöld, en fari svo er þeim hagnaði ætlað að renna óskiptum á endurnýjunarreikning jarðarinnar. Þegar að síðari grisjunum og skógarhöggi kemur skulu allt að 5% af heildarframleiðsluverðmæti lögð á endurnýjunarreikninginn. Þetta gjald skal nánar ákveðið í reglugerð með hliðsjón af kostnaði við endurnýjun skóglendis á hverjum tíma. Verði um að ræða tekjuafgang að öllum kostnaði greiddum skulu 15% af honum greidd til ríkissjóðs. Því fé, sem fellur til ríkissjóðs með þessum hætti, skal varið til ræktunar nýrra skóga á Íslandi.

Ógerlegt er að segja fyrir um framtíðararðsemi væntanlegra Héraðsskóga, þar verður einungis byggt á líkum. Nokkrar tilraunir hafa þó verið gerðar til þess að meta arðsemi íslenskrar nytjaskógræktar. Má þar nefna grein Baldurs Þorsteinssonar frá 1968, „Útreikningur á kapítalverðmæti lerkis“, sem gefur til kynna 4–6% arðsemi og einnig skýrslu Einars Gunnarssonar og Ragnars Árnasonar til landbúnaðarráðuneytisins í janúar 1987, en þar eru innri vextir fjárfestingar í greni- og asparskógi áætlaðir 2–3%. Sjá einnig töflu 7.5. í viðauka 1 um vaxtargetu skógræktarsvæðis á Fljótsdalshéraði.

Um 6. gr.

Þessi grein kveður á um forgang að vinnu við Héraðsskóga. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að ábúendur jarða eigi alltaf forgang að þeirri vinnu sem í boði er á jörðinni. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að vinna, sem ábúendur nýta sér ekki sjálfir, standi fyrst til boða þeim bændum sem hætta sauðfjárrækt samhliða því að þeir gerast þátttakendur í Héraðsskógum. Að þessum tveimur atriðum uppfylltum skulu aðrir bændur, sem gert hafa ræktunarsamninga við Héraðsskóga, hafa forgang að vinnu við verkefnið, sem og vinnu sem því tengist, verði því við komið. Þegar um forgang að vinnu er að ræða er gert ráð fyrir að allir þeir, sem lögheimili og búsetu hafa á jörðum sem hér er vísað til, falli undir forgangsákvæðin, en ekki bara skráður ábúandi.

Í þriðja lagi hafa jarðir þær, sem hætta eða draga verulega úr sauðfjárbúskap, möguleika á að njóta forgangs við sjálfa skógræktarframkvæmdina. Þarna gefst bændum og ríkisvaldi svigrúm til samninga um samdrátt í sauðfjárbúskap gegn forgangi við skógræktarframkvæmdir.

Um 7. gr.

Hér kemur fram að Héraðsskógar og Skógrækt ríkisins skulu gera með sér samstarfssamning þar sem aðstoð og faglegar leiðbeiningar og önnur afskipti Skógræktar ríkisins af Héraðsskógum verða ákvarðaðar nánar.

Um 8. gr.

Greinin kveður á um gerð ársskýrslu og ársreikninga og hvernig með skuli farið.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

A. Yfirlit um undirbúning verkefnisins.
(Mars 1989 – mars 1990.)

Kynning tillagna og könnun á áhuga bænda.

Í lok ágúst hélt verkefnisstjóri fjóra fundi sem boðaðir voru öllum bændum í Eiða-, Egilsstaða-, Valla-, Skriðdals-, Fljótsdals- og Fellahreppi og kynnti sér þar sjónarmið bænda í þessu máli.

Í lok september voru tillögur um fyrirkomulag Héraðsskóga, sem kynntar höfðu verið landbúnaðarráðherra, sendar á alla bæi í hreppunum sex.

Í nóvember og desember hafði verkefnisstjóri samband við alla bæina, annaðhvort með heimsóknum eða símleiðis, og kannaði áhuga ábúenda á þátttöku í verkefninu. Á um 50 jörðum var lýst áhuga á þátttöku og fyrstu hugmyndir gáfu til kynna að um 3.000 ha lands stæðu til boða.

Samkvæmt könnun verkefnisstjóra nú snemma í mars hafa umráðaaðilar um 80 jarða gefið sig fram til þátttöku í verkefninu og um 5.600 ha lands standa til boða í byrjun.

Gróðurkortagerð, landamerkjaskráning, birkikönnun.

Sumarið 1989 fór vinnuflokkur frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins um fyrirhugað skógræktarsvæði og safnaði gögnum til þess að gera gróðurkort upp að 300 m hæð yfir sjó. Samhliða þeirri vinnu var á vegum Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins á Mógilsá gerð könnun á ástandi birkilenda á svæðinu og Gylfi Már Guðbergsson prófessor tók að sér skráningu landamerkja og færði á kort.

Í febrúar 1990 gekk RALA frá gróðurkorti af hluta svæðisins, þar sem m.a. eru færð inn landamerki jarðanna, og kortinu fylgir skrá yfir stærðir lands, flokkaðar eftir jörðum og gróðurlendum. Þar sem örar breytingar hafa orðið á möguleikum RALA til tölvuvinnslu korta á síðustu mánuðum er ætlunin að kort af þeim hluta svæðisins sem eftir er verði tölvuunnin á næstu vikum.

Áætlana- og kortagerð.

Í desember 1989 gengu Héraðsskógar frá kaupum á tölvubúnaði til þess að nota við áætlanagerð fyrir verkefnið og færa jafnóðum á kort það land sem plantað er í. Verkefnisstjóri Héraðsskóga og áætlanafulltrúi Skógræktar ríkisins hafa síðan unnið að því að taka þennan búnað í notkun en hann er grundvöllurinn að áætlanagerð fyrir einstakar jarðir, ásamt gróðurkortunum.

Plöntuframleiðsla.

Grunnforsenda þess að Héraðsskógar vaxi upp er að til verði nógar plöntur. Sumarið 1989 kannaði og ræddi verkefnisstjórn ýmsa möguleika til þess að afla plantna. Fyrir lá að ef aðstaða til plöntuframleiðslu yrði ekki bætt fyrir vorið 1990 stæðu Héraðsskógum vart til boða sumarið 1991 aðrar plöntur en hægt er að framleiða við núverandi aðstæður á Hallormsstað, sem eru 400–500 þúsund stk. Niðurstaða verkefnisstjórnar varð sú að fljótvirkasta og ódýrasta leiðin til þess að auka plöntuframleiðsluna væri að lengja þau tvö gróðurhús sem nú eru notuð til framleiðslu á Hallormsstað. Í ljósi þess var ákveðið að Héraðsskógar greiddu 730.000 kr. sem fyrstu greiðslu fyrir væntanlegar plöntur frá Hallormsstað, svo hægt væri að ganga þar frá sökklum fyrir veturinn og húsin yrðu síðan lengd vorið 1990.

Frekari aukning plöntuframleiðslu á Héraði hefur ekki verið ákveðin en verið er að kanna eftirfarandi möguleika:

a. Byggja eina plöntustöð sem framleiði u.þ.b. 1 milljón fræplantna á ári.
b. Byggja gróðurhús á nokkrum bændabýlum og framleiða þar plöntur upp af fræi og/eða græðlingum (ösp).
c. Breyta loðdýrahúsum í gróðurhús og nota, sbr. b.

Af hálfu verkefnisstjórnar hefur verið lögð áhersla á að viðbótarframleiðsla plantna verði eftir því sem við verður komið í eigu og rekstri bænda.

Hirðing skóglendis.

Í október til desember 1989 vann 10 manna flokkur á vegum Héraðsskóga að grisjun skóga sem fyrir eru. Verkið hófst með námskeiði í grisjun á Hallormsstað og auk vinnuflokksins tóku þátt í því nokkrir skógarbændur úr Fljótsdal. Allir þátttakendur í grisjuninni eru búsettir á bæjum á fyrirhuguðu skógræktarsvæði.

Starf verkefnisstjórnar.

Verkefnisstjórn hefur haldið 13 bókaða fundi auk fjölmargra vinnufunda einstakra stjórnarmanna. Einnig hefur stjórnin öll eða einstakir meðlimir hennar fundað með ýmsum aðilum, svo sem sérfræðingum sem haft hefur verið samstarf við og stjórn Félags skógarbænda á Héraði.

„Ársreikningur“ 1989.

1.	GRISJUN	
	Sagir, hlífðarfatnaður, keðjur, þjalir o.fl.	1.161.456
	Stofnkostnaður samtals	1.161.456
	Rekstur véla	251.499
	Laun og launatengd gjöld	1.760.000
	Rekstrarkostnaður samtals	2.011.499
	Stofnkostnaður	1.161.456
	Rekstrarkostnaður	2.011.499
	Framhald grisjunar	1.347.045
	Samtals	4.520.000
2.	GRÓÐURKORT	
	Kostnaður vegna vinnu RALA	2.000.000
	Kostnaður vegna landamerkja	113.000
	Samtals	2.113.000
3.	STÆKKUN GRÓÐURHÚSS Á HALLORMSSTAÐ	
	Stofnkostnaður	730.000
	Samtals	730.000
4.	FLUTNINGUR AÐALSTÖÐVA	
	Framlag til flutnings	1.250.000
	Samtals	1.250.000
5.	STJÓRNUN	
	Tölva	879.256
	Stofnkostnaður samtals	879.256
	Laun og launatengd gjöld	718.859
	Rekstrarkostnaður annað	240.266
	Rekstrarkostnaður samtals	959.125
	Stofnkostnaður	879.256
	Rekstrarkostnaður	959.125
	Samtals stjórnun	1.838.381
	Samtals kr. af fjárlögum 1989	10.451.381

B. Starfsskýrsla Héraðsskóga.
(1. jan. til 1. okt. 1990.)

Frumvarp til laga um héraðsskóga.

Gerð var heildarskógræktaráætlun fyrir efri hluta Fljótsdalshéraðs.Til þess voru notuð gögn frá RALA. Í þeim gögnum voru gróðurkort með flatarmáli hverrar jarðar og landgerða innan þeirra. Þessi áætlun var notuð sem grunnur fyrir frumvarp til laga um Héraðsskóga.

Áætlanagerð.

Áætlanadeild Skógræktar ríkisins hóf undirbúning að gerð ræktunaráætlana á 13 jörðum er voru samliggjandi á þrem stöðum, og lýkur því verki í vetur. Hafin verður gerð fleiri ræktunaráætlana vorið 1991.

Starfar einn maður að jafnaði við áætlanagerð fyrir verkefnið.

Grisjanir.

Grisjun og umhirða fór fram á fjórum jörðum. Grisjaður var skógur á aldrinum 15–30 ára. Samsetning skóganna var lerki, greni og birki.

Störfuðu við það tveir menn. Á þrem jörðum voru bændum kennd vinnubrögð við vinnslu girðingarstaura úr afurðum skóganna.

Gróðursetningar.

Gróðursett var á um 20 jörðum í þeim sex hreppum sem verkefnið tekur til. Á hverri jörð voru gróðursettar tæpar 10.000 plöntur. Því miður fengust ekki fleiri en 180.000 plöntur og ekki þótti viturlegt að gróðursetja minna en þessar tæpar 10.000 plöntur á jörð. Jarðirnar sem gróðursett var á eru eingöngu jarðir í ábúð og var reynt að úthluta til þeirra sem áður höfðu lagt í eigin kostnað við skógræktarframkvæmdir.

Ábúendur sáu um gróðursetningu á jörðum sínum undir eftirliti og leiðsögn tveggja verkstjóra Héraðsskóga, sem sáu einnig um flutninga á plöntunum.

Girðingar.

Girt er á fjórum stöðum. Sameiginleg girðing með sauðfjárveikivörnum í Skriðdal. Sameiginleg girðing fjögurra bæja í Fljótsdal og sameiginleg girðing átta bæja í Fellahreppi.

Í ágúst var samþykkt af bændum í Eiðaþinghá að girt verði ein fjallgirðing sem mun loka af öllu undirlendi hreppsins. Þeir bændur sem hafa búpening munu síðan gæta hans sjálfir. Fyrsti áfangi þeirrar girðingar verður girtur nú í haust. Einnig hafa landeigendur Egilsstaðahrepps samþykkt áþekkar aðgerðir. Þetta gerir kleift að girða sameiginlega af báða hreppana í eina stóra girðingu.

Við girðingaframkvæmdir starfa að jafnaði fjórir menn.

Gróðrarstöð.

Þann 29. september 1990 var stofnað almenningshlutafélag um byggingu og rekstur 2000 fermetra gróðrarstöðvar er gæti framleitt helming af þeim plöntum sem verkefnið Héraðsskógar þarf. Fyrirtækið hlaut nafnið Barri hf.

Gróðrarstöðin var boðin út (nema sökkull) og bárust 14 tilboð, þar af 4 innlend og 10 frá 8 löndum. Tilboði Límtrés hf., sem hljóðaði upp á 23.200.000 kr., var tekið. Ef tíð verður góð lýkur uppsetningu hússins um miðjan desember næstkomandi.

Fjármögnun er þannig háttað, að 2.000.000 kr. koma af fjárhagsáætlun Héraðsskóga, 8.000.000 kr. af viðbótarfjárveitingu ríkisstjórnar, 5.500.000 kr. frá Félagi skógarbænda og um 8.000.000 kr. hafa safnast hjá 105 bændum og öðrum aðilum á Austurlandi. Samtals hafa safnast í hlutafé um 23.000.000 kr.

Áætlað er að fyrstu tekjur af plöntuframleiðslu komi haustið 1991. Það ár gera fjárlagatillögur Héraðsskóga ráð fyrir að kaupa 500.000 plöntur af Barra hf. og eftir það ætti hlutafélagið að geta borið sig. Til að koma gróðrarstöðinni upp og í gegnum fyrsta rekstrartímabilið þarf að koma til hlutafé um 15.000.000 kr.

Til að koma ræktun gróðrarstöðvarinnar í sem best lag, og einnig gróðrarstöðvum Skógræktar ríkisins, er verið að kanna möguleika á að mynda starfshóp sem í yrðu fulltrúar frá Barra hf., Skógrækt ríkisins, Hillershög (gróðrarstöð í Svíþjóð sem hefur sambærilega framleiðslulínu og við fyrirhugum, en mun lengri reynslu) og sérfræðinga á sviði plöntuuppeldis frá Sænska landbúnaðarháskólanum í Garpenberg.

Að undirbúningi starfaði verkefnisstjóri Héraðsskóga. Honum til aðstoðar var skipuð undirbúningsnefnd frá Félagi skógarbænda. Þessi nefnd starfaði af ósérhlífni og á þakkir skildar.

Samstarf við Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins að Mógilsá.

Hugmyndir um samstarf við Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá eru nú til athugunar.

Okkar fyrstu hugmyndir eru að á næsta vori verði skipulögð tilraun með aspir á nokkrum stöðum á Héraðsskógasvæðinu. Skipulag tilraunarinnar yrði í höndum Rannsóknastöðvarinnar að Mógilsá, en Héraðsskógar mundu síðan sjá um framkvæmdir. Á síðasta sumri var gerð tilraun með trjátegundina elri með svipuðu móti. Þórarinn Benedikz, sérfræðingur Rannsóknastöðvarinnar, sá um hönnun, umdæmisfulltrúi Skógræktar ríkisins stjórnaði framkvæmdum og bændur unnu verkin. Með þessu móti mætti halda áfram að taka inn fleiri þætti, stunda síðan rannsóknir samhliða framkvæmdum.

Fréttabréf.

Héraðsskógar hófu útgáfu fréttabréfs sem dreift er til bænda. Hafa þrjú tölublöð verið gefin út við góðar undirtektir. Ástæða þessarar útgáfu er fyrst og fremst hversu margir eru þátttakendur að verkefninu. Kostnaður við útgáfu og dreifingu hvers tölublaðs er um 1.500 kr.

Hreindýr.

Á síðastliðnum vetri olli ágangur hreindýra á nytjaskógarsvæðið vandamálum. Í framhaldi af því var skipaður starfshópur á vegum umhverfisráðuneytis. Starfshópurinn lauk störfum í lok júlí og skilaði þá skýrslu til umhverfisráðuneytis um fyrirbyggjandi aðgerðir. Hefur ráðuneytið fylgt þeim tillögum hingað til.

Í starfshópnum sátu veiðistjóri og fulltrúar frá Skógrækt ríkisins, Héraðsskógum, Skógræktarfélagi Austurlands, Búnaðarsambandi Austurlands og landbúnaðarráðuneyti.

Framleiðsla á ösp.

Verkefnið mun þurfa um 140.000 plöntur af ösp árlega. Kvæmið Kenai Lake hefur verið reynt á Héraði síðan 1944 og er af því góð reynsla. Góð klón verða hraðræktuð til að búa til asparakra hjá bændum. Þeir munu síðan sjá að öllu leyti um skógarplöntuframleiðslu á ösp til verkefnisins.

Skógræktarbraut.

Síðastliðinn vetur var skógrækt kennd á einni önn í öldungadeild Menntaskólans á Egilsstöðum. Markmið þeirrar kennslu var að mæta þeim mikla áhuga almennings sem er á því sviði hér á svæðinu. Þátttaka var það góð að yfirvöld skólans sáu ástæðu til að setja upp skógræktarbraut. Á vegum menntamálaráðuneytis er nú að störfum nefnd við að undirbúa skógræktarbraut við skólann er gæti tengst verklegri menntun. Bæði nemendur menntaskólans, bændur og einstaklingar gætu stundað það nám.

Í nefndinni sitja fulltrúar menntamálaráðuneytis, Skógræktar ríkisins og Héraðsskóga.

Helgi Gíslason,
verkefnisstjóri.

Fylgiskjal II.

HÉRAÐSSKÓGAR Á FLJÓTSDALSHÉRAÐI

Greinargerð send bændum 28. september 1989.

1. AF HVERJU FLJÓTSDALSHÉRAÐ?

Skógrækt á Fljótsdalshéraði á sér langa sögu, ekki aðeins á Hallormsstað, heldur hafa bændaskógar í Fljótsdalsáætlun verið að vaxa þar til nytja þennan og síðasta áratug. Enginn vafi leikur á að aðstæður á Fljótsdalshéraði, samfara nálægð við Hallormsstað, með þeirri ágætu reynslu af skógrækt sem þar er fengin, leiða styrk rök að því að Fljótsdalshérað sé flestum stöðum ákjósanlegra til að hefja skipulagða nytjaskógrækt bænda.

Með þessu er hafin framleiðsla á mikilvægu hráefni og stefnt að fjölbreyttara atvinnu- og mannlífi. En vegna þess ástands sem skapast hefur í atvinnumálum á Fljótsdalshéraði á síðustu árum, einkum í sauðfjárrækt, hefur þörfin fyrir nýjar atvinnugreinar orðið æ brýnni og athygli heimamanna því mjög beinst að nytjaskógrækt sem atvinnu- og tekjugjafa.

Héraðsskógar, en svo hefur verkefni þetta verið nefnt, er því tilboð stjórnvalda til bænda á Fljótsdalshéraði, til að gefa þeim kost á að hefja nytjaskógrækt á jörðum sínum, einkum þeim sem láta af eða draga úr hefðbundinni sauðfjárrækt.

2. HAGSMUNAFÉLAG SKÓGARBÆNDA

Þegar hefur verið stofnað Félag skógarbænda á Héraði er hyggst vinna að ræktun nytjaskóga. Samkvæmt könnun sem félagið hefur gengist fyrir hafa um 60 býli þegar lýst áhuga á skógrækt og hluti af þeim stefnir að búháttabreytingum, þ.e. að hverfa frá sauðfjárrækt yfir til skógræktar.

3. UNDIRBÚNINGUR HÉRAÐSSKÓGA ÁRIÐ 1989

3.1. Verkefnisstjórn og ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Ríkisstjórn Íslands ákvað á fundi í maí sl. að hrinda í framkvæmd átaki í ræktun nytjaskóga á Fljótsdalshéraði. Áætlunin miðar að því að fullnýta skógræktarland þar á næstu 40 árum. Allur undirbúningur hefur verið í höndum verkefnisstjórnar. Í henni eiga sæti eftirtaldir aðilar:

Tilnefnd af Félagi skógarbænda á Héraði, Edda Björnsdóttir, formaður verkefnisstjórnar, tilnefndur af Skógrækt ríkisins, Jón Loftsson skógarvörður, tilnefndur af Byggðastofnun, Kristófer Oliversson skipulagsfræðingur, tilnefndur af Búnaðarsambandi Austurlands, Páll Sigbjörnsson ráðunautur, frá landbúnaðarráðuneytinu, Álfhildur Ólafsdóttir, aðstoðarmaður ráðherra. Verkefnisstjóri hefur verið ráðinn Hermann Ottósson.

Verkefnisstjórnin hefur markað eftirfarandi meginlínur í viðræðum við bændur um framgang þessa verkefnis og fyrirkomulag skógræktarátaksins:

Tillaga verkefnisstjórnar.

„Verkefnisstjórn stefnir að því að þeim bændum sem afsala sér fullvirðisrétti í sauðfé verði tryggð atvinna við skógrækt eftir því sem umfang verkefnisins gefur tilefni til. Forgangur til vinnu verði veittur með hliðsjón af eftirfarandi:

1. Þeir bændur sem afsala sér öllum fullvirðisrétti í sauðfé.
2. Þeir bændur sem eru reiðubúnir til að fækka sauðfé verulega og girða af það fé sem þeir halda eftir.
3. Bændur sem hafa fasta búsetu á jörðum sínum.

Tilboðið felist í ofangreindum tillögum um forgang til vinnu, auk þess sem verkefnið greiði 80 – 100% kostnaðar við skógrækt á jörðum þeirra bænda sem taka þátt í verkefninu og stuðli þannig að verðmætaaukningu jarðanna."

Hér verður að hafa í huga að samkvæmt gildandi lögum um skógrækt, nr. 76/1984, er hámarksstyrkur ríkissjóðs við ræktun nytjaskóga á bújörðum 80% af kostnaði. Í frumvarpi til laga um skógvernd og skógrækt, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi, er aftur á móti gert ráð fyrir: „Þar sem eigendur samliggjandi landa koma sér saman um að girða land af og rækta á því skóg, eftir samþykktri áætlun, greiðir ríkissjóður allan stofnkostnað að frátöldum kostnaði við girðingar." Tillaga verkefnisstjórnar getur því ekki orðið raunin að óbreyttum lögum en er sett fram þar sem verkefnisstjórnin telur raunhæft að við skógræktarátak á borð við Héraðsskóga greiði ríkissjóður 80% samþykkts kostnaðar við ræktun á eyðijörðum og allt að 100% á jörðum sem eru í ábúð.

Einnig leggur verkefnisstjórn áherslu á að skógurinn verði **eign jarðarinnar og óaðskiljanlegur hluti hennar** en með kvöð um endurnýjun þegar að skógarhöggi kemur. Í því skyni skal taka 3% gjald af heildarsöluverðmæti afurða úr skógunum, sem renni í sérstakan sjóð til að tryggja endurnýjun skóglendisins. Verði hreinn hagnaður af skógræktinni, að greiddum öllum tilkostnaði við skógarhöggið, renni 20% hans til ríkissjóðs sem ráðstafi honum til endurnýjunar skóglendis og ræktunar nýrra skóga. Miða skal við að sá skógur, sem felldur er til nytja, sé endurnýjaður.

Það ber að undirstrika að í tillögunni felst, að búháttabreyting frá sauðfjárframleiðslu til skógræktar á viðkomandi jörð tryggir viðkomandi ábúanda rétt til vinnu við skógræktina eftir því sem umfang verkefnisins gefur tilefni til.

Mikil óvissa ríkir um framtíð fullvirðisréttarins. Hann er í raun aðeins hlutdeild hvers bónda í samningi um það magn af kindakjöti og mjólk sem ríkið hefur ábyrgst að greiða bændum í landinu fullt verð fyrir fram til 31. ágúst 1992. Engin trygging er fyrir að um slíkan samning verði að ræða til frambúðar, né þá hversu mikið magn yrði samið um, en því miður verður að segja að markaðsstaða kindakjöts gefur ekki tilefni til annars en búast við áframhaldandi samdrætti í sauðfjárrækt.

Í ljósi þessa er lagt til að:

Ekki verði um að ræða beinan umreikning fullvirðisréttar til sauðfjárframleiðslu yfir í einhvers konar skógræktarrétt, heldur forgang af því tagi sem að ofan greinir.

4. FUNDIR MEÐ BÆNDUM, AÐLÖGUN HÉRAÐSSKÓGA AÐ RÍKJANDI AÐSTÆÐUM

Á tímabilinu 29. ágúst til 1. september sl. hélt verkefnisstjóri fundi með bændum. Tilgangur fundanna var að ræða sem flestar hliðar nytjaskógræktarinnar og fá fram tillögur og áform bænda í þeim sex hreppum sem vænta má að muni hefja skógrækt í einhverjum mæli.

Í stuttu máli er hægt að segja að árangur fundanna var góður, þótt misjafnlega hafi verið mætt. Umræður voru fjörlegar og fjöldi góðra ábendinga kom fram.

Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri komu síðan saman til fundar 5. sept. sl. til að ræða og ganga frá tillögum og greinargerð til bænda um Héraðsskóga.

Landbúnaðarráðherra hefur þegar kynnt sér þessa greinargerð og tillögur og lýst sig samþykkan því að þær verði sendar til bænda á Fljótsdalshéraði.

5. FJÓRIR 10 ÁRA ÁFANGAR

Lagt er til að verkefninu verði skipt í fjóra samhangandi 10 ára áfanga og verði fyrir hönd Héraðsskóga gerðir sérstakir samningar við jarðeigendur og ábúendur við upphaf hverrar 10 ára áætlunar.

Jarðeigendum/ábúendum verði boðið að taka til nytjaskógræktar á næstu 40 árum allt það land sem til þess er fallið að mati sérfræðinga. Gerð verði skógræktaráætlun fyrir hverja jörð, m.a. á grundvelli þeirra gróðurkorta sem fljótlega munu liggja fyrir, og unnið samkvæmt henni undir eftirliti sérfróðra skógræktarmanna.

Þessi vinna mun hefjast strax og ljóst er hvaða og hve mikið land bændur vilja taka til skógræktar.

Fyrsti 10 ára samningur verði gerður milli jarðeiganda/ábúanda og Héraðsskóga um ræktun nytjaskóga í landi þeirra í byrjun árs 1990. Gildi samningurinn frá undirskriftardegi.

Þeim ábúendum sem afsala sér öllum fullvirðisrétti í sauðfé verður tryggð atvinna við Héraðsskóga eftir umfangi verkefnisins, svo sem við umhirðu, útplöntun, plöntuuppeldi og girðingavinnu, en munu óhjákvæmilega vinna talsverðan hluta vinnu sinnar við grisjun á vegum Héraðsskóga á landi í umsjón Skógræktar ríkisins.

Árið 2000 verði gerður annar samsvarandi samningur við bændur á Fljótsdalshéraði um áframhald nytjaskógræktar á landi þeirra, umhirðu og viðhald bændaskóga, grisjun og umhirðu skóglendis í umsjón Skógræktar ríkisins.

Árið 2010 verði gerður þriðji samningur við bændur á Fljótsdalshéraði um áframhald plöntunar og umhirðu, grisjun og viðhald bændaskóga og lands í umsjón Skógræktar ríkisins.

Árið 2020 verði gerður fjórði og síðasti samningur í þessari áætlun um nytjaskóga á Fljótsdalshéraði um umhirðu, plöntun, grisjun og skógarhögg fyrsta áfanga nytjaskóga.

5.1. Af hverju áfangaskipting?

Þessi áfangaskipting byggir á þeim staðreyndum að planta verður skógi í áföngum, vissu magni á ári hverju, þannig að samfelld atvinna haldist og að skógurinn verði ekki allur felldur í einu, heldur í áföngum. Þannig er tryggð hringrás sú við nytjaskógrækt á Fljótsdalshéraði, sem er til staðar alls staðar í heiminum þar sem skógrækt er stunduð sem alvöru atvinnugrein.

Því er **beint samhengi** milli stærðar þess lands sem tekið er til ræktunar, með öðrum orðum þess lands sem jarðeigendur/ábúendur ákveða að taka til skógræktar, og þeirrar vinnu sem unnin verður á vegum Héraðsskóga við nytjaskógana.

6. SKIPULAG OG STJÓRNUN

Lagt er til að Héraðsskógar verði algerlega sjálfstætt verkefni með sérstaka fjárveitingu á fjárlögum. Þannig standi verkefnið algerlega sjálfstætt fyrir utan Skógrækt ríkisins og hagsmunafélög bænda.

Lagt er til að landbúnaðarráðherra skipi þrjá menn í stjórn Héraðsskóga til tveggja ára í senn. Verði einn tilnefndur af Félagi skógarbænda á Héraði og annar af Skógrækt ríkisins en sá þriðji skipaður án tilnefningar.

Verkefnisstjóri skal í samráði við stjórn sjá um skipulagningu verkefnisins og framkvæmd áætlana um nytjaskógrækt á Héraði. Skal í skipunarbréfi stjórnarmanna kveða skýrt á um skyldu þeirra við að stuðla að sjálfstæði og hlutleysi verkefnisins.

Mikilvægi þess að Héraðsskógar verði ætíð sjálfstætt, hlutlaust verkefni felst m.a. í því að ágreiningur og óeining um markmið og leiðir getur hæglega komið upp ef þeir sem beinna hagsmuna eiga að gæta hafa óeðlileg áhrif á gang verkefnisins. Þar með yrði öllum áætlunum hætt komið og hallað gæti á þá aðila er síst skyldi.

7. GRUNDVÖLLUR NYTJASKÓGRÆKTAR OG MARKMIÐ

Grundvöllur þessa verkefnis er samvinna og samstaða heimamanna og velvilji stjórnvalda. Verkefnisstjórn hefur lagt sig fram við að taka tillit til mismunandi sjónarmiða þannig að samstaða skapist og verkefnið fái það brautargengi sem til þarf. Markmiðið hlýtur að vera

að Héraðsmenn taki sem mest land til skógræktar, þannig að í framtíðinni verði Fljótsdalshérað eins konar íslenskur Guðbrandsdalur. Með þetta í huga hafa eftirfarandi tillögur verið lagðar fram:

7.1. Jarðir í ábúð.

Lagt er til að plöntun nytjaskóga verði skipt milli jarða í ábúð á Fljótsdalshéraði og greiði þar Héraðsskógar 100% samþykkts kostnaðar. Plantað verði í það land sem talið er af skógfræðingum hæft til útplöntunar, eftir hlutfalli þess lands sem hæft verður talið á hverri jörð fyrir sig. Verði framkvæmdir á ári hverju, í fyrstu 10 ára áætluninni, skipulagðar af verkefnisstjórn miðað við heildarumfang þess lands sem talið er hæft til ræktunar og þá miðað við 40 ára áætlunina.

DÆMI:

Jörð x land til skógræktar	100 ha árleg ræktun 2,5 ha
Jörð z land til skógræktar	40 ha árleg ræktun 1,0 ha

7.2. Eyðijarðir.

Lagt er til að plöntun nytjaskóga verði með sama hætti og á jörðum í ábúð nema Héraðsskógar greiða 80% kostnaðar við skógrækt. Eigandi eyðijarðar geti greitt sín 20% með eigin vinnu við útplöntun o.fl. og fái hann þá þær plöntur afhentar frá Héraðsskógum sem hann treystir sér til að planta á ári hverju, þó aldrei fleiri en ræktunaráætlun jarðarinnar segir til um. Ef eigandi kýs að láta Héraðsskóga sjá alfarið um skógrækt á jörðinni skal hann greiða Héraðsskógum 20% kostnaðar við hana. Enginn vinnuréttur fylgi eyðijörðum.

8. VINNA VIÐ HÉRAÐSSKÓGA

Verkefnisstjórn hefur í vinnu sinni við að móta tilboð til nytjaskógræktar á Héraði komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé æskilegt að um verði að ræða beinan umreikning fullvirðisréttar til sauðfjárframleiðslu yfir í einhvers konar skógræktarrétt. Eins og fram kom hér að framan er fullvirðisréttur engin frambúðaratvinnutrygging og því væri vafasamt að framlengja hann inn í atvinnugrein sem vonandi á eftir að vara í áratugi eða aldir, ekki síst þar sem skipting hans manna á milli er ójöfn og byggð á umdeilanlegum grunni.

Engu að síður er það ljóst að sá bóndi sem leggur niður umtalsverða sauðfjárrækt er í meiri þörf fyrir nýja atvinnu en sá sem sinnt hefur öðrum verkefnum hingað til, og því leggur verkefnisstjórn til að fyrrverandi sauðfjárbændum verði tryggður fyrsti forgangur að þeirri vinnu sem skapast við ræktun Héraðsskóga.

Með þessar forsendur í huga hafa verkefnisstjórn og verkefnisstjóri mótað eftirfarandi tillögur:

8.1. Afsal alls fullvirðisréttar til framleiðslu sauðfjár.

Þeim ábúendum sem breyta búháttum frá framleiðslu sauðfjár til nytjaskógræktar verður tryggð vinna við Héraðsskóga eftir því sem umfang verkefnisins leyfir.

Miðað er við að fulla vinnu veiti **allur** núverandi fullvirðisréttur jarðarinnar í sauðfé, þó minnst 130 ærgildi. Afsal framleiðsluréttar í sauðfé yfir 130 ærgildi vegur til tryggrar atvinnu við verkefni Héraðsskóga, eftir því sem umfang verkefnisins leyfir. Þannig er full búháttabreyting miðuð við allan fullvirðisrétt jarðarinnar, eða minnst 130 ærgildi.

Vinnuréttur, og allar skuldbindingar til nytjaskógræktar, fylgir jörðinni og er háður búsetu, þannig að jarðeigandi/ábúandi getur ekki flutt hann með sér annað.

Þeir jarðeigendur/ábúendur sem ætla að notfæra sér þann vinnurétt sem þeim ber, verða að tilkynna verkefnisstjóra Héraðsskóga þar um fyrir 1. nóvember árið áður en hann skal nýta ella verður honum ráðstafað til annarra bænda til eins árs.

8.2. Réttur annarra jarða í ábúð til nytjaskógræktar.

Þeir ábúendur sem ekki hyggja á fullar búháttabreytingar en hugsa sér að taka land til skógræktar fái 100% kostnaðar greiddan við skógræktina. Þessir ábúendur hafi forgang að vinnu á eigin landi.

Einnig hafi þessir aðilar forgang til að nýta vinnurétt þeirra bænda sem breyta búháttum að fullu, en ekki nýta allan vinnurétt sinn. Fyrsta forgang að þeim rétti hafi þó þeir bændur sem hafa fækkað sauðfé verulega.

Stefnt er að því að skapa 15–20 ársverk við Héraðsskóga, en eins og allt annað í áætlanagerð og markmiðssetningu er þessi tala háð því hvert umfang verkefnisins verður.

9. FYRIRKOMULAG VINNU OG LAUN

9.1. Vinnufyrirkomulag.

Hvað varðar vinnutilhögun verður leitast við að koma til móts við bændur eins og kostur er. Ef það reynist mögulegt gætu t.d. einstaka verkþættir Héraðsskóga verið metnir sem ákveðin kostnaðarstærð og bændum gefinn kostur á að vinna þá verkþætti algerlega sjáfstætt innan vissra tímamarka, á svipaðan hátt og í ákvæðisvinnu. Ljóst er að reynslan verður að leiða í ljós besta fyrirkomulagið í þessum efnum.

En hvort sem verður um að ræða ákveðna greiðslu fyrir verkþætti eða tímavinnu, verður bændum þeim, sem breyta búháttum og uppfylla skilyrðin hér að framan, tryggð atvinna eftir umfangi verkefnisins, en það umfang ræðst m.a. af bændum sjálfum.

9.2. Laun.

Ýmsir möguleikar eru til að ákvarða laun vegna vinnu við Héraðsskóga. Ekki er óeðlilegt að tveir þeirra verði skoðaðir sérstaklega.

Möguleiki 1.

Notast má við launalið í verðlagsgrundvelli fyrir sauðfjárbú. Grundvöllurinn 1. sept. 1989 var 1.388.037 kr. Vinnustundafjöldi í þessum grundvelli var 3.680. Þessar forsendur samsvara tímalaunum 377,18 kr. á klst. Innifalið í þessum tímalaunum er 26,5% álag vegna helgidagavinnu, 4,3% vegna frídaga, 10,17% orlof og fast sjúkragjald, sem er 1.145,25 kr. Ef tekið er frá álag vegna helgidagavinnu og álag vegna frídaga verður tímakaup við framleiðslu sauðfjár samkvæmt uppgefnum grundvelli 1. sept. 1989 265,31 kr. á klst.

Flestum er ljóst að ef miðað er við þennan grundvöll verður vart hægt fyrir bændur að hafa framfæri sitt af þeim launum sem hér er miðað við. Þess vegna er rétt að stilla upp öðrum möguleika sem gefur aðra mynd.

Möguleiki 2.

Laun til bænda við nytjaskógræktina verði miðuð við launataxta Vegagerðar ríkisins og Skógræktar ríkisins, og ætíð miðað við 12 ára starfsreynslu sem er hæsti mögulegi flokkur fyrir sérþjálfaða verkamenn. Allar hækkanir á þessum taxta fylgi almennum umsömdum launahækkunum í þessum launaflokki.

Laun miðuð við þennan flokk voru 1. sept. 1989 302,46 kr. á klst. í dagvinnu eða 52.425 kr. mánaðarlaun. Yfirvinna var 544,43 kr. á klst.

Einnig mundu Héraðsskógar sjá um að greiða eitthvert akstursgjald til að jafna aðstöðu manna til vinnu. Sömuleiðis yrði séð fyrir aðstöðu þar sem starfsmenn gætu neytt nestis.

Héraðsskógar munu mæla með möguleika tvö, sérstaklega þar sem það mundi einfalda alla hluti fyrir báða aðila. Einnig er framtíðin óljós varðandi launalið verðlagsgrundvallar, ekki víst að hann verði til í núverandi mynd um langa framtíð.

10. TRYGGING BÆNDA FYRIR ÁFRAMHALDANDI FRAMKVÆMDUM

Á þeim fundum, sem vitnað hefur verið til hér að framan, hefur komið berlega í ljós að bændur vantreysta stjórnvöldum til að standa við áform sín varðandi nytjaskógræktina. Til að koma á móts við bændur og setja tryggingu fyrir framkvæmdum og áætlunum um nytjaskógrækt á Fljótsdalshéraði til framtíðar, er eftirfarandi sett fram:

10.1. Trygging frá ríkinu.

Héraðsskógar verði sjálfstætt verkefni með sjálfstætt framlag til framkvæmda á fjárlögum hvers árs. Þannig verði ekki ákveðið framlag bundið samkvæmt samningi landbúnaðarráðherra, heldur skuldbindi ríkið sig til að greiða ákveðna verkþætti samkvæmt 10 ára áætlunum fyrir hvert ár.

Þetta þýðir í raun að landbúnaðarráðherra geri samning við verkefnið Héraðsskóga sem feli í sér að Héraðsskógum verði tryggð fjárveiting á fjárlögum hvers árs til greiðslu á samþykktum kostnaði vegna eftirtalinna verkþátta við ræktun alls skógræktarsvæðis á Fljótsdalshéraði á næstu 40 árum og þá miðað við hvern tíu ára áfanga:

1. Greiðslu á launum til þeirra aðila sem vinna við verkefnið samkvæmt framkvæmdaáætlunum hvers árs og þeim búháttabreytingum sem orðið hafa.
2. Fullrar greiðslu á girðingum sem nauðsynlegar eru samkvæmt framkvæmdaáætlunum hvers árs, efni og vinnu, ásamt hliðum, efni, vinnu og vélavinnu.
3. Kaupa á þeim fjölda plantna sem á að planta út samkvæmt framkvæmdaáætlun hvers árs.
4. Kostnaðar við framræslu lands þar sem hún er talin nauðsynleg.
5. Kostnaðar við nauðsynlega vegagerð um skóglendi.
6. Kostnaðar við útplöntun samkvæmt framkvæmdaáætlun.
7. Kostnaðar við grisjun skóglendis sem Héraðsskógar taka að sér í skóglendi í umsjón Skógræktar ríkisins.
8. Stjórnunarkostnaðar og rekstrar stjórnstöðvar.

Hér yrði því um að ræða samning á milli Héraðsskóga og landbúnaðarráðherra um greiðslu á þessum verkþáttum og kvæði samningurinn á um að tryggð verði fyrsta 10 ára framkvæmdaáætlunin sem er fyrsti áfangi í því að taka allt fram boðið skógræktanlegt svæði á Fljótsdalshéraði til nytjaskóga á næstu 40 árum.

10.2. Trygging bænda frá Héraðsskógum.

Á móti samningi milli Héraðsskóga og landbúnaðarráðherra er lagt til að Héraðsskógar geri samning við hvern jarðeiganda/ábúanda. Samningurinn mundi byggja á skyldum Héraðsskóga við að tryggja framkvæmdir á viðkomandi jörð samkvæmt samningi Héraðsskóga við landbúnaðarráðherra og skyldum bænda við skóginn.

Lagt er til að Héraðsskógar annist og greiði samþykktan kostnað við eftirfarandi:

a. nýjar girðingar, efni og vélar,
b. framræslu lands þar sem það er talið nauðsynlegt,
c. kostnað við gróðursetningu,
d. allar plöntur til útplöntunar,
e. áburðargjöf við útplöntun,
f. kostnað við óhjákvæmilega vegagerð,
g. umhirðu og grisjun,
h. þinglýsingu samnings.

Verkefnið „Héraðsskógar" mun, í samráði við Skógrækt ríkisins, setja allar reglur um umhirðu og grisjun og ber landeiganda/ábúanda að fara eftir þeim. Væntanlegur samningur mun því að mestu leyti byggjast á gagnkvæmu trausti bænda og ríkisins, með Héraðsskóga sem millilið og framkvæmdaraðila.

11. PLÖNTUN NYTJASKÓGA

Hvað varðar plöntun nytjaskóga er lerki í fyrsta sæti sem nytjaviður. Ástæður þess eru löngu kunnar á Fljótsdalshéraði, góð reynsla við bændaskóga í Fljótsdalsáætlun og á Hallormsstað hefur leitt ágæti þess í ljós.

Hins vegar verður leitast við að hafa plöntunina sem fjölbreyttasta, t.d. er áætlað að planta verulegum fjölda af ösp í land þar sem það er talið hagstætt.

Við plöntun skógar verður tekið fullt tillit til náttúruminja og sögulegra minja.

12. PLÖNTUFRAMLEIÐSLA OG GRÓÐRARSTÖÐVAR

Ljóst er að úr þessu verður ekki byrjað á plöntuframleiðslu af krafti við verkefnið fyrr en á vorinu 1990. Hins vegar mun Skógrækt ríkisins á Hallormsstað geta útvegað á bilinu 300–400 þús. plöntur á næsta ári þannig að hægt verði að byrja útplöntun á árinu 1990.

Hafa verður í huga við plöntuframleiðslu að með nútímatækni er vinnuaflsþáttur plöntuframleiðslu, hvað varðar lerki, mjög lítill. Samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja fyrir er gert ráð fyrir að um 3–4 ársverk séu við framleiðslu einnar milljónar plantna.

Einnig er um að ræða mjög sveiflukennda vinnu.

12.1. Framleiðsla á lerkiplöntum.

Verkefnisstjórn hefur lagt til að Skógrækt ríkisins á Hallormsstað framleiði u.þ.b. helming þess plöntufjölda í lerki sem ráðgert er að nota við Héraðsskóga. Þannig lengi Skógræktin á Hallormsstað nýtingartíma þeirra húsa sem þegar eru til staðar og er slíkt mikill kostur, þar sem hægt er að samnýta allan útbúnað sem þegar er til staðar í húsunum, alla aðstöðu og þekkingu aðra á Hallormsstað.

Hvað varðar afganginn af þeim lerkiplöntum sem ráðgert er að nota, er það í alvarlegri athugun að Héraðsskógar gangist fyrir uppbyggingu og rekstri á plöntuuppeldisstöð. Stærð hennar mundi ráðast af umfangi verkefnisins og verður tekin ákvörðun um byggingu hennar strax og fyrir liggur kostnaðaráætlun og áætlun um hve mikið land verður tekið til ræktunar á ári hverju í komandi áföngum.

Hér er því aftur komið að þeim þætti að plöntuframleiðsla á vegum Héraðsskóga mun ráðast af umfangi verkefnisins.

Önnur rekstrarform koma að sjálfsögðu til greina, svo sem hlutafélag bænda að uppfylltum vissum kröfum um faglegt eftirlit.

12.2. Uppeldi á aspargræðlingum.

Ljóst er nú þegar að um talsverða framleiðslu á ösp verður að ræða. Öspinni verður væntanlega plantað í mýrlent eða blautt land þar sem ekki hentar að planta lerki eða öðrum tegundum.

Lagt er til að uppeldi á aspargræðlingum verði í höndum bænda og þegar hafa þrír bændur sýnt því áhuga að hefja framleiðslu á móðurplöntum til stiklingaræktunar. Hins vegar liggur ekki fyrir hve mikið land verður lagt undir asparræktun en það mun koma í ljós um leið og áhugi bænda liggur fyrir og hvar hentar að planta henni.

Einnig er ljóst að asparframleiðslan verður til að byrja með að meira eða minna leyti tilraunaframleiðsla, þar sem reynsla í asparframleiðslu er ekki til staðar á Fljótsdalshéraði nema að litlu leyti.

13. AFURÐIR NYTJASKÓGRÆKTAR

Heppilegasta fyrirkomulag við sölu afurða frá grisjun skóga verður tíminn að leiða í ljós. Óvíst er í dag hvort raunhæft er að ætla að hægt verði að nytja með ágóða annað en borðvið.

Hins vegar verður fylgst með og athugað gaumgæfilega hvaða markaður verður fyrir afurðir úr grisjun skóganna. Í því sambandi hefur verið bent á eftirfarandi:

1. Selja flís eða kurl til stóriðju frá grisjun skóga.

Um þetta er það að segja að kísiljárnsverksmiðjan á Grundartanga notar viðarkurl til framleiðslu á kísiljárni og er notkunin milli 20 og 30 þús. tonn árlega. Hagkvæmni notkunar á kurli fer algerlega eftir heimsmarkaðsverði á kísiljárni og er því í sjálfu sér fallvaltur markaður.

Núverandi verð fyrir sænskt eikarkurl er 5.000 kr. á tonn á hafnarbakkanum við verksmiðjuna. Svo virðist að flutningskostnaður frá Fljótsdalshéraði til Grundartanga, eftir hvaða leiðum sem er, sé of mikill til að kurl þaðan sé samkeppnishæft. Einnig hefur Reykjavíkurborg nýverið gert samning við verksmiðjuna um sölu á kurli úr afgangs- og iðnaðarviði sem fellur til eða um 10 þús. tonn á ári.

Þannig er niðurstaðan að mjög hæpið sé í fyrsta lagi að treysta á þennan markað og í öðru lagi er Héraðskurl, vegna fjarlægðar, of dýrt til að standast samkeppni, nema núverandi forsendur breytist.

2. Markaður gæti orðið á næstu árum fyrir staura til girðinga vegna friðunar lands.

Þessi markaður er óráðinn en gæti orðið talsverður. Einnig koma Héraðsskógar til með að þurfa að nota talsverðan fjölda staura vegna friðunar lands til nytjaskóga, og ef til vill koma fleiri nytjaskógaverkefni í kjölfar þessa.

3. Sú tækni er að ryðja sér til rúms erlendis að steypa eða líma viðarplötur úr kurli, jafnvel sprengja viðartrefjar og raða upp á nýtt sem borðviði.

Um þetta er að segja að þessi möguleiki hefur þegar verið athugaður, og mun slík verksmiðja kosta um 400 milljónir danskra króna og þarf óhemju magn til framleiðslu til að hún borgi sig. Hins vegar verður athugað og fylgst náið með þróun þessarar framleiðslu, hvort markaður er fyrir kurl þar sem þessar verksmiðjur eru og hvort ný tækni á komandi árum geri framleiðslu af þessu tagi á Fljótsdalshéraði hagkvæma.

4. Sala kurls til húshitunar.

Hér er mögulega um að ræða vænlegasta kostinn til að nýta afurðir grisjunar og verður hann vandlega athugaður á næstu mánuðum.

5. Sala borðviðar í framtíðinni.

Hér er að sjálfsögðu um að ræða mesta markaðinn og mestu verðmætin. Sem dæmi má nefna að einn hektari af 40 ára gömlum lerkiskógi stendur sem slíkur á 2,7 milljónir og þá miðað við varlegar forsendur í vexti trjáa sem Sigurður Blöndal gefur sér varðandi Fljótsdalsáætlun. Markaður er fyrir borðvið hér á landi og engin ástæða til að ætla að svo verði ekki eftir u.þ.b. 40 ár.

14. AÐRAR NYTJAR

Hér er rétt að staldra við um stund. Þótt sala afurða skógræktar sé ekki á næstu grösum, bendir flest til að verðmæti skógarjarða miðað við óbreyttar horfur í sauðfjárrækt verði meiri

en sauðfjárræktarjarða í framtíðinni. Ekki aðeins er verðmætur nytjaskógur í vexti á viðkomandi jörð, heldur stendur einnig til boða vinna við skógræktina. Þetta gerir jarðnæðið eftirsóknarvert og ætti því að laða að ungt fólk og halda sveitunum í byggð.

Einnig er mikilvægt að ábúendur sjái aðra möguleika sem opnast við klæðningu jarða með skógi, svo sem korn og grænmetisræktun. Einnig skapast þar eftirsóknarvert umhverfi fyrir ferðamenn til að dvelja við og gæti þá fyrir framsýnt fólk opnast ótaldir möguleikar við að nýta sér það umhverfi.

15. GRISJUN SKÓGLENDIS Á FLJÓTSDALSHÉRAÐI

Þegar eru á Fljótsdalshéraði um 5.000 hektarar lands sem nauðsynlega þurfa umhirðu við. Eins og sagt hefur verið hér að framan mun talsverð vinna framan af Héraðsskógaverkefninu fara í að hirða um þetta skóglendi með grisjun. Grisjun þessi er mjög aðkallandi, til að upp vaxi skógur sem nyt verða af.

15.1. Grisjun strax í haust.

Héraðsskógar hyggjast hefja grisjun skóglendis í umsjón Skógræktar ríkisins strax í haust ef áhugi er meðal bænda. Reiknað er með að þar verði boðin 10–13 þriggja mánaða störf. Hugmyndin að baki þessarar grisjunar er að bændur kynnist vinnubrögðum við grisjun, læri að umgangast tæki þau er notuð eru og lesa skóginn. Bændur sem hug hafa á þessari vinnu ættu að hafa samband við verkefnisstjóra í byrjun október.

15.2. Skógræktarnámskeið.

Héraðsskógar hafa ákveðið, ef næg þátttaka fæst, að fara þess á leit við Farskóla Austurlands að halda námskeið fyrir bændur og búalið í undirstöðuatriðum skógræktar. Þessi námskeið eru fyrirhuguð á vetri komandi.

16. FRAMTÍÐ FLJÓTSDALSÁÆTLUNAR

Vilji bænda sem eru í Fljótsdalsáætlun virðist ganga í þá átt að þeir gangi inn í Héraðsskóga. Þessi atriði voru lítillega rædd á fundi með bændum í Fljótsdalshreppi. Telja þeir eðlilegt að sá skógur sem þegar er vaxinn á landi þeirra verði þeirra forskot og verði metinn sem skógur með vinnurétt. Verkefnisstjórn hefur ekki tekið afstöðu til þessa máls, en það verður gert fljótlega.

17. NIÐURLAG

Það er eindregin ósk verkefnisstjórnar að verkefni þetta komist á laggirnar sem fyrst og hagur bænda verði tryggður eins og kostur er miðað við þær forsendur sem getið var um hér að framan. Enginn vafi er á, að fólk um allt land beinir nú sjónum sínum að Fljótsdalshéraði og flestir óska verkefninu brautargengis. Það er engum vafa undirorpið að nytjaskógrækt á Fljótsdalshéraði verður byggðarlaginu til framdráttar á komandi árum.

Raunhæf stefnumótun, ákveðin markmið og áætlanagerð í samvinnu við heimamenn um framkvæmdir á næstu árum er undirstaða góðs árangurs. Það ræður úrslitum að bændur sjái mikilvægi þessa; vel undirbúin áætlun og skýr markmið tryggja stöðu þeirra best og viðgang verkefnisins.

Fylgiskjal III.

Verkefnastjóri Héraðsskóga:

HÉRAÐSSKÓGAR
Fjárhags- og framkvæmdaáætlun 1990.
Fjárhags- og framkvæmdaáætlun 1991–2000.
40 ára fjárhags- og framkvæmdaáætlun.

KOSTNAÐARÁÆTLUN FYRIR RÆKTUN NYTJASKÓGA Á FLJÓTSDALSHÉRAÐI

1. INNGANGUR

Vegna breyttra forsendna landstærða á nytjaskógræktarsvæði Fljótsdalshéraðs, hefur fjárhagsáætlun Héraðsskóga breyst. Ástæður breytinganna eru mestmegnis nýjar upplýsingar frá gróðurnýtingadeild RALA um flatarmál landgerða á skógræktarsvæðinu og eru þær áreiðanlegar. Þar sem plöntuframleiðslan er hornsteinn allrar framkvæmdarinnar er leitast við að hún verði sem jöfnust yfir allt 40 ára tímabilið. Þetta þýðir tvennt, annars vegar stýrir plöntumagnið að miklu leyti öllum framkvæmdum og hins vegar er tryggt að hámarksnýting næst við plöntuframleiðsluna.

Til að fá fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir næstu 40 árin hlutlausa og sem vandaðasta, leitaði undirritaður til skógræktarstjóra um aðstoð. Hann taldi Arnór Snorrason, áætlanafulltrúa Skógræktar ríkisins, hæfastan í verkið. Arnór tók að sér verkið og fylgir sú áætlun með sem viðauki 2.

Allar forsendur kostnaðar eru miðaðar við áætlað verðlag 1. júní 1990. Það skal undirstrikað að hér er um fræðilega uppsetningu að ræða um hvernig kostnaður dreifist milli ára miðað við ákveðnar forsendur og markmið skóggræðslu.

2. FORSENDUR

Sundurliðaður kostnaður á hvern hektara.

Í viðauka 2, töflu 1, eru birtar kostnaðartölur á hvern hektara fyrir hinar ýmsu framkvæmdir skóggræðslunnar. Stofnkostnaður á hektara er reiknaður út fyrir fjóra flokka lands:

1. Mýrlendi: 145.735 kr./ha.

Það er land sem þarf að ræsa fram ef rækta skal á því nytjaskóg. Mýrlendi verður ekki tekið til ræktunar á þessum áratug.

2. Jaðar: 133.639 kr./ha.

Hér er oftast um að ræða mýrlendi sem búið er að ræsa en er ekki orðið fullþurrt.

3. Þurrlendi sem þarf að jarðvinna: 127.116 kr./ha.

Þetta eru flatlendir hrísmóar.

4. Annað þurrlendi: 123.366 kr./ha.

Landstærðir og skipting lands.

Upplýsingar um skiptingu lands í landgerðir eru fengnar frá gróðurnýtingardeild RALA sem er búin að mæla landstærðir á um helmingi svæðisins. Nú er unnið við að ljúka mælingum

á innri hluta svæðisins. Fyrir þann hluta eru notaðar eldri tölur um heildarflatarmál og áætluð skipting í landgerðir út frá fyrrgreindum upplýsingum RALA (viðauki 2, tafla 2).

Heildarstærð undirlendis á skógræktarsvæðinu er um 36.800 hektarar.

Hér á eftir er gert ráð fyrir að eftirtaldar landgerðir verði ekki teknar til nytjaskógræktar.

1. Lítt eða ógróið land: Of rýrt til nytjaskógræktar.
2. Hálfgróið land: Að meginhluta of rýrt til nytjaskógræktar.
3. Ræktað land: Nýtist við heðbundinn búrekstur og sem beitiland.
4. Birkiskóglendi: Viðhaldið af náttúruverndarsjónarmiðum.

Eftir eru þá 23.300 hektarar. Önnur úrtök af völdum t.d. áreyra, strandsvæða, minja, beitarhólfa, sumarbústaðalóða, vega og vegastæða er áætlað um 15% af öllum landgerðum nema votlendi. Á votlendi er aðeins gert ráð fyrir að 30% nýtist til nytjaskógræktar. Ástæðurnar fyrir þessu lága nýtingarhlutfalli eru náttúruverndarsjónarmið, hætta á frost- og flóðaskemmdum. Auk þess eru stór votlendissvæði óframræsanleg vegna berghafta.

Áætluð stærð skógræktarsvæðis er þá um 15.000 hektarar.

Plöntuframleiðsla.

Við gerð áætlunarinnar er lögð höfuð áhersla á að halda plöntuframleiðslunni sem jafnastri, sjá stólparit aftast í viðauka 2. Með því móti er framleiðslutækjum við plöntuframleiðslu haldið í fullum afköstum og hagkvæmni hennar í hámarki. Miðað er við að afköst við plöntuframleiðslu verði eftir 1991 1,5 milljónir plantna árlega en það er sú framleiðsla sem skilar 15.000 hekturum fullgróðursettum á 40 árum. Árið 1991 er áætlað að 1 milljón plantna verði tilbúin til afgreiðslu. Verði frumvarpi um fjárhagsáætlun 1990 (sjá lið 5, plöntuframleiðsla, í næstu töflu hér fyrir aftan) ekki fylgt, færist sá stofnkostnaður fram og þar af leiðandi öll framkvæmdin Héraðsskógar, þar til ráðist verður í byggingu gróðurhúsa. Allur undirbúningur með bændum, áætlanagerð og framkvæmdir hafa miðast við að staðið yrði við þennan lið framkvæmdarinnar.

Friðun.

Hingað til hafa landeigendur í fimm hreppum samþykkt að girt verði stofngirðing umhverfis stór svæði skógræktarlandsins og bera fulla ábyrgð á búpeningi innan þeirra girðinga, svo og kostnaði sem af því hlýst.

Lengd stofngirðingar umhverfis allt skógræktarsvæðið er áætluð 180 km. Girtir verða 20 km á þessu ári, en síðan 112 km á þessum áratug og síðast 48 km á næsta áratug.

Grisjun.

Gert er ráð fyrir að grisjaðir verði 56 ha á ári af birki- og barrskógi, einnig kjarrsögun á um 18 ha á ári.

Tölur um kostnað og tekjur í kr./ha fyrstu grisjunar, útdrátt viðar og viðarvinnslu eru fengnar frá Skógrækt ríkisins á Hallormsstað.

	Tekjur	Kostnaður	Mismunur
Birkiskógur:	182.000	193.000	-11.000
Barrskógur:	133.000	154.000	-21.000
Kjarrsögun:		18.700	-18.700

Áhersla skal lögð á að þetta eru meðaltalstölur og ef látið er vera að hirða og vinna afurðirnar er kostnaður 24.000 kr./ha. Vegna aukningar á gæðum og verðgildi skógarins við grisjun er brýn þörf á þessari framkvæmd.

Á það skal bent að vegna grisjunar Héraðsskóga 1989 og hráefnis sem þá féll til er verið að leita að nýjum mörkuðum fyrir afurðirnar.

Stjórnunarkostnaður.

Um er að ræða laun framkvæmdastjóra og aðstoðarmanna, sem m.a. verða bændum til ráðuneytis, einnig rekstur skrifstofu.

Ræktunaráætlanir fyrir skógræktarsvæðið verða að mestu unnar af áætlanadeild Skógræktar ríkisins, Héraðsskógum að kostnaðarlausu. Þetta er meginástæða fyrir lágum stjórnunarkostnaði Héraðsskóga. Sem afleiðing af þessu mun fjárveiting áætlanadeildar Skógræktar ríkisins þurfa að aukast.

Stofnkostnaður.

Um er að ræða kostnað við kaup á verkfærum og tækjum við skóggræðslu, svo sem gróðursetningaráhöld, kerrur, skógarhöggstæki og létt viðarvinnslutæki.

3. Niðurskurður á framkvæmdaáætlun Héraðsskóga 1990.

	Framkvæmda-áætlun 1990	Verður eftir niðurskurð	Með viðbót 15,000,000
1. Girðingar			
Efniskostnaður	2,153,000	878,800	764,170
Stofnkostnaður samtals	2,153,000	878,800	764,170
Frakt	159,000	65,000	56,520
Jarðýta	457,000	187,000	162,610
Bíll og traktor	685,000	280,000	243,480
Laun, launatengd gjöld og ófyrirséð	1,440,000	889,200	773,220
Rekstrarkostnaður samtals	2,741,000	1,421,200	1,235,830
Stofnkostnaður	2,153,000	878,800	764,170
Rekstrarkostnaður	2,741,000	1,421,200	1,235,830
Girðingar samtals	**4,894,000**	**2,300,000**	**2,000,000**
2. Skóggræðsla			
Lerki 500,000 st. 18 kr./pl.	9,000,000		
Lerki 200,000 st. 18 kr./pl.		3,600,000	3,600,000
Stofnkostnaður samtals	9,000,000	3,600,000	3,600,000
Kostnaður vegna gróðursetn. 4.34 kr./pl.	2,170,000	868,000	868,000
Rekstrarkostnaður samtals	2,170,000	868,000	868,000
Stofnkostnaður	9,000,000	3,600,000	3,600,000
Rekstrarkostnaður	2,170,000	868,000	868,000
Samtals	11,170,000	4,468,000	4,468,000
Eftirst. v/gróðurhúss á Hallormsstað	-730,000	-730,000	-730,000
Skóggræðsla samtals	**10,440,000**	**3,738,000**	**3,738,000**
3. Grisjun skóglendis			
Sagir, hlífðarfatnaður, keðjur	740,000		
Viðarvinnslutæki		600,000	300,000
Stofnkostnaður samtals	740,000	600,000	300,000
Laun, launatengd gjöld og ófyrirséð	12,174,000	1,530,000	780,000
Rekstrarkostnaður samtals	12,174,000	1,530,000	780,000
Stofnkostnaður	740,000	600,000	300,000
Rekstrarkostnaður	12,174,000	1,530,000	1,080,000
Grisjun skóglendis samtals	**12,914,000**	**2,130,000**	**1,380,000**

	Framkvæmda-áætlun 1990	Verður eftir niðurskurð	Með viðbót 15,000,000
4. Námskeið			
Undirbúningur	1,000,000	500,000	250,000
Meðferð tækja	150,000	150,000	0
Gróðursetning	150,000	150,000	150,000
Grisjun	150,000	0	0
Verkstjórnarnámskeið	150,000	0	0
Námskeið samtals	**1,600,000**	**800,000**	**400,000**
5. Plöntuframleiðsla			
Tvö gróðurhús			
Hús 2 2000 m^2 9,500 kr./m^2	19,000,000	3,000,000	19,000,000
Byrjað á asparrækt	0	0	1,000,000
Annar stofnkostnaður	6,650,000	0	0
Stofnkostnaður samtals	25,650,000	3,000,000	20,000,000
Plöntuframleiðsla samtals	**25,650,000**	**3,000,000**	**20,000,000**
6. Stjórnun			
Bifreið fyrir vinnuflokka	2,000,000		
Hnitaborð		250,000	0
Stofnkostnaður samtals	2,000,000	250,000	0
Húsnæði	480,000	70,000	70,000
Rekstur og viðhald bifreiðar	500,000	150,000	150,000
Laun, launatengd gjöld og ófyrirséð	3,456,000	2,562,000	2,562,000
Rekstrarkostnaður samtals	4,436,000	2,782,000	2,782,000
Stofnkostnaður	2,000,000	250,000	0
Rekstrarkostnaður	4,436,000	2,782,000	2,782,000
Stjórnun samtals	**6,436,000**	**3,032,000**	**2,782,000**
Samtals kr.	**61,934,000**	**15,000,000**	**30,000,000**

Egilsstöðum í mars 1990.

Helgi Gíslason,
verkefnastjóri

4. Árlegur kostnaður Héraðsskóga 1991–2000.

Framkvæmd	Ár 1991 þús. kr.	Ár 1992 þús. kr.	Ár 1993 þús. kr.	Ár 1994 þús. kr.	Ár 1995 þús. kr.	Ár 1996 þús. kr.	Ár 1997 þús. kr.	Ár 1998 þús. kr.	Ár 1999 þús. kr.	Ár 2000 þús. kr.
Jaðar/gróðursetning				1,500	2,700	11,636	10,136	9,491	555	555
Þurrlendi/gróðursetning						1,463	7,190	2,234		
Þurrlendi/gróðursetning	25,340	38,010	38,010	38,010	38,010	27,874	20,272	22,340	33,510	34,897
Friðun	1,456	1,456	1,456	1,456	1,456	1,456	1,456	1,456	1,456	1,456
Grisjun birkiskógar	440	440	440	440	440	440	440	440	440	440
Grisjun barrskógar	336	336	336	336	336	336	336	336	336	336
Kjarrsögun	337	337	337	337	337	337	337	337	337	337
Stjórnunarkostnaður	3,600	3,600	3,600	3,600	3,600	3,600	3,600	3,600	3,600	3,600
Stofnkostnaður	1,000	1,000	1,000	1,000	1,000	1,000	1,000	1,000	1,000	1,000
Samtals	**32,509**	**45,179**	**45,179**	**46,679**	**47,879**	**48,142**	**44,767**	**41,234**	**41,234**	**42,621**

5. Áætlaður kostnaður á landgerðir í þús. kr. 1991–2000. (Fjöldi plantna og ha.)

Framkvæmdir	Ár 1991	Ár 1992	Ár 1993	Ár 1994	Ár 1995	Ár 1996	Ár 1997	Ár 1998	Ár 1999	Ár 2000
2. Jaðar										
Plöntur: Ösp . . . . . St.						400.000	400.000	400.000		
Stærð svæða . . . . . Ha						200	200	200		
Jarðvinnsla				1500	1500	1500				
Vegagerð					1200	1200	1200			
Nýgróðursetning . .						8936	8936	8936		
Áburðargjöf								555	555	555
Jaðar samtals				1500	2700	11636	10136	9491	555	555
Þurrlendi sem þarf að jarðvinna										
Plöntur: Lerki . . . . St.							300.000	100.000		
Stærð svæða . . . . . Ha							150	50		
Jarðvinnsla						563	188			
Vegagerð						900	300			
Nýgróðursetning . .							6702	2234		
Þurrlendi samtals						1463	7190	2234		
4. Þurrlendi sem ekki þarf að jarðvinna										
Plöndur: Lerki . . . . St.	1000000	1500000	1500000	1500000	1500000	1100000	800000			
Plöntur: Fura . . . . . St.								1000000	1500000	1500000
Stærð svæða . . . . . Ha	500	750	750	750	750	550	400			
Vegagerð	3000	4500	4500	4500	4500	3300	2400			
Nýgróðursetning . .	22340	33510	33510	33510	33510	24574	17872			
Endurgróðursetning .								22340	33510	33510
1. Áburðargjöf										1387
Þurrlendi samtals	25340	38010	38010	38010	38010	27874	20272	22340	33510	34897

6. Plöntuþörf. Dreifing plantna milli ára og tegunda.


Plöntuþörf.
Dreifing plantna milli ára og tegunda.

Tegund	Ár 1991	Ár 1992	Ár 1993	Ár 1994	Ár 1995	Ár 1996	Ár 1997	Ár 1998	Ár 1999	Ár 2000
Lerki	1.000.000	1.500.000	1.500.000	1.500.000	1.500.000	1.100.000	1.100.000	100.000		
Fura	0	0	0	0	0	0	0	1.000.000	1.500.000	1.500.000
Ösp	0	0	0	0	0	400.000	400.000	400.000	0	0
Greni	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	1.000.000	1.500.000	1.500.000	1.500.000	1.500.000	1.500.000	1.500.000	1.500.000	1.500.000	1.500.000


Gróðursetning.
Dreifing fjölda hektara milli ára og landgerða.

Landgerð	Ár 1991	Ár 1992	Ár 1993	Ár 1994	Ár 1995	Ár 1996	Ár 1997	Ár 1998	Ár 1999	Ár 2000
Jaðar	0	0	0	0	0	200	200	200	**	
Þurrlendi	0	0	0	0	0	0	150	50		
Þurrlendi	500	750	750	750	750	550	400		0	0
Samtals	500	750	750	750	750	750	750	250	0	0


Viðauki 1.


Þús.kr.
7.1. Áætlaður kostnaður við Héraðsskóga 1991-2000
50,000
45,000
40,000
35,000
30,000
25,000
20,000
15,000
10,000
5,000
0
1991 1992 1993 1994 1995 1996 1997 1998 1999 2000 Ár
Stofnkostnaður
Stjórnunarkostnaður
Friðun
4. Þurrlendi
3. Þurrlendi
2. Jaðar
Grisjun og kjarrhreinsun

7.2. Áætlaður kostnaður við nýgróðursetningu 1991-2000




7.3. Áætlaður kostnaður við grisjunarstörf 1991-2000



Alþt. 1990. A. (113. löggjafarþing).

7.4. **Áætlaður kostnaður við rekstur og friðun 1991-2000**



7.5. Vaxtargeta skógræktarsvæðis á Fljótdalshéraði.

Landgerð	Ha	Tegund	Vöxtur m³/ha á ári	Samanlagður vöxtur m³/landgerð og ár
Deiglendi	3.651	Greni	5	18.255
Þurrlendi	11.349	Lerki	7	79.443
Samtals	15.000			97.698

Stærð landgerða er samkvæmt upplýsingum RALA. Vöxtur grenis er samkvæmt skýrslunni „Auðlindir um aldamót“, útg. 1987, en vöxtur lerkis samkvæmt grein Baldurs Þorsteinssonar „Útreikningur á kapítalverðmæti lerkis“, útg. 1968.

Miðað er við fullgróðursett svæði. Athuga ber að þetta dæmi er mjög einfaldað, hvorki fura né ösp er tekin með og landgerðum er slegið saman í tvo flokka.

Viðauki 2.

Tafla 1. Kostnaður vegna nytjaskógræktar á Fljótsdalshéraði.

Stofnkostnaður á hektara við nytjaskógrækt á Fljótsdalshéraði.
Áætlaður kostnaður miðað við júní 1990.

1. Mýri: samtals 2.717 ha

Framkvæmdir		Kostn. kr./ha	% af heild	Fram ár	Heildark. þús. kr.
Framr. 100.8 kr./m, 120 m/ha	100.8	12096	0.08	-4	32,865
Jarðv. á mýri, 15000 kr./dag 2 ha/dag	15000	7500	0.05	-2	20,378
Vegagerð 300 kr./m, 20 m/ha	300	6000	0.04	-1	16,302
Nýgr.setn.-plöntuk. 18 kr./pl, 2000 pl./ha	18	36000	0.25	0	97,812
Nýgr.setn.útpl.flutn. 4.34 kr./pl. 2000 pl./	4.34	8680	0.06	0	23,584
Endurgr.setn.-plöntuk. 18 kr./pl. 2000 pl./h	18	36000	0.25	7	97,812
Endurgr.setn.útpl.flutn. 4.34 kr./pl. 2000 pl.	4.34	8680	0.06	7	23,584
1. Áb.gjöf-kaup á áb. 22.39 /kg, 40 kg ha	22.39	896	0.01	2	2,433
1. Áb.gjöf-flutn. 32.4 kr./tonn/km, 60 km	1.94	78	0.00	2	211
1. Áb.gjöf-dreifing 0.9 kr./pl. 2000 pl./ha	0.9	1800	0.01	2	4,891
2. Áb.gjöf-kaup á áburði 22.39 /kg, 140 kg/ha	22.39	3135	0.02	9	8,517
2. Áb.gjöf-flutn. 32.4 kr./tonn/km, 60 km	1.94	272	0.00	9	738
2. Áb.gjöf-dreifing 0.9 kr./pl. 4000 pl./ha	0.9	3600	0.02	9	9,781
1. grisjun og viðarvinnsla 154000 kr./ha	154000	154000	1.06	24	418,418
Tekjur af 1. grisjun, 133000 kr./ha	133000	-133000	-0.91	24	-361,361
Kostnaður samtals á hektara		145735	1.00		395,963

2. Jaðar: samtals 933 ha

Framkvæmdir		Kostn. kr./ha	% af heild	Fram ár	Heildark. þús. kr.
Jarðvinnsla á mýri 15000 kr./dag, 2 ha/dag	15000	75000	0.06	-2	6,998
Vegagerð, 300 kr./m, 20 m/ha	300	6000	0.04	-1	5,598
Nýgr.setn-plöntuk, 18. kr./pl. 2000 pl./ha.	18	36000	0.27	0	33,588
Nýgr.setn-útpl.flutn. 4.34 kr./pl., 2000 pl./	4.34	8680	0.07	0	8,098
Endurgr.setn.-plöntuk. 18 kr./pl., 2000 pl./h	18	36000	0.27	7	33,588
Endurgr.setn.útpl.flutn. 4.34 kr./pl., 2000 pl.	4.34	8680	0.07	7	8,098
1. Áb.gj.-kaup á áb. 22.39/kg, 40 kg/ha	22.39	896	0.01	2	836
1. Áb.gj.-flutn. 32.4 kr./tonn/km, 60 km	1.94	78	0.00	2	72
1. Áb.gj.-dreifing 0.9 kr./pl. 2000 pl./ha	0.9	1800	0.01	2	1679
2. Áburðargj.-kaup á áb. 22.39/kg, 140 kg/ha	22.39	3135	0.02	14	2,925
2. Áb.gjöf-flutn. 32.4 kr./tonn/km, 60 km	1.94	272	0.00	14	253
2. Áb.gjöf-dreif. 0.9 kr./pl. 4000 pl./ha	0.9	3600	0.03	14	3,359
1. grisj. og viðarv. 154000 kr./ha	154000	154000	1.15	24	143,682
Tekjur af 1. grisjun, 133000 kr./ha	133000	-133000	-1.00	24	-124,089
Kostnaður samtals á hektara		133639	1.00		124,686

3. Þurrlendi sem þarf að jarðvinna 70% af hrísmóa: samtals 2.520 ha

Framkvæmdir		Kostn. kr./ha	% af heild	Fram ár	Heildark. þús. kr.
Jarðv. á þurrl. 15000 kr./dag, 4 ha/dag	15000	3750	0.03	-1	9,450
Vegagerð 300 kr./m, 20 m/ha	300	6000	0.05	-1	15,120
Nýgróðurs.-plöntuk. 18 kr./pl., 2000 pl./ha	18	36000	0.28	0	90,720
Nýgr.setn.útpl. flutn. 4.34 kr./pl., 2000 pl.	4.34	8680	0.07	0	21,874
Endurgr.setn.-plöntuk. 18 kr./pl. 2000 pl./	18	36000	0.28	7	90,720
Endurgr.setn útpl.flutn. 4.34 kr./pl 2000 pl./h	4.34	8680	0.07	7	21,874
1. áburðargj.-kaup á áb. 22.39/kg, 40 kg/	22.39	896	0.01	9	2,257
1. áburðargj-flutn. 32.4 kr./tonn/km, 60 km	1.94	78	0.00	9	196
1. áburðargj.dreif. 0.9 kr./pl., 2000 pl./ha	0.9	1800	1.42	9	4,536
2. áburðargj.-kaup á áb. 22.39/kg, 100 kg/h	22.39	2239	0.02	14	5,642
2. áburðargj.-flutn. 32.4 kr./tonn/km, 60 km	1.94	194	0.00	14	489
2. áburðargj.-dreif. 0.9 kr./pl., 2000 pl./ha	0.9	1800	0.01	14	4,536
1. Grisjun og viðarvinnsla 154000 kr./ha	154000	154000	1.21	24	388,080
Tekjur af 1. grisjun, 133000 kr./ha	133000	-133000	-1.05	24	-335,160
Kostnaður samtals á hektara		127116	1.00		320,333

4. Þurrlendi, annað: samtals 8.829 ha

Framkvæmdir		Kostn. kr./ha	% af heild	Fram ár	Heildark. þús. kr.
Vegagerð, 300 kr./m 20 m ha	300	6000	0.05	-1	52,974
Nýgróðurs.-plöntuk, 18 kr./pl. 2000 pl./ha	18	36000	0.29	0	317,844
Nýgr.s., útpl.flutn. 4.34 kr./pl. 2000 pl.	4.34	8680	0.07	0	76,636
Endurgr.setn.-plöntuk. 18 kr./pl 2000 pl./ha	18	36000	0.29	7	317,844
Endurgr.setn.-útpl., flutn. 4.34 kr./pl. 200	4.34	8680	0.07	7	76,636
1. áb.gjöf-kaup á áb. 22.39/kg, 40 kg/ha	22.39	896	0.01	9	7,907
1. áb.gjöf-flutn. 32.4 kr./tonn/km, 60 km	1.94	78	0.00	9	685
1. áb.gjöf-dreif. 0.9 kr./pl. 2000 pl./ha	0.9	1800	0.01	9	15,892
2. áb.gjöf-kaup á áburði 22.39/kg, 100 kg/h	22.39	2239	0.02	14	19,768
2. áb.gjöf-flutn. 32.4 kr./tonn/km, 60 km	1.94	194	0.00	14	1,713
2. áb.gjöf-dreif. 0.9 kr./pl. 2000 pl./ha	0.9	1800	0.01	14	15,892
1. Grisjun og viðarv. 154000 kr./ha	154000	154000	1.25	24	1,359,66
Tekjur af 1. grisjun, 133000 kr./ha	133000	-133000	-1.08	24	-1.174,257
Kostnaður samtals á hektara		123366	1.00		1.089,200
5. Grisjun birkiskóga	Samt:	960			
1. Grisjun og viðarvinnsla, 193000 kr./ha	193000	193000		0	185,280
Tekjur af birkigrisjun, 182000 kr./ha	182000	-182000		0	-174,720
Kostnaður samtals á hektara		11000			10,560
6. Grisjun barrskóga	Samt:	384			
1. Grisjun og viðarvinnsla, 193000 kr./ha	154000	154000		0	59,136
Tekjur af birkigrisjun, 182000 kr./ha.	133000	-130000		0	-51,072
Kostnaður samtals á hektara		21000			8,064
7. Kjarrsögun, 18.700 kr./ha	Samt:	432			8,078
8. Friðun 130.000 kr./km	Samt:	160			20,800
9. Stjórnunarkostn, 3.6 millj. kr./ár	Samt:	59			212,400
10.Stofnkostn. áh. og tækja 1 millj.kr.	Samt:	59			59,000
Heildarkostnaður framkvæmda					2,249,084

Tafla 2. Stærð svæðis til nytjaskógræktar.

Landgerðir:	Fullgr. ha	Hálfgr. ha	Fullgr. %	Hálfgr. %
Eiðahr. Kortblað 1. 0–200 m				
Frjósamt mólendi og graslendi	171.5	6.3	13	0
Hrísmói	219.9	62.3	16	5
Lítt eða ógróið land		39.1	0	3
Rýrt mólendi	248	4.3	18	0
Ræktað land	233.7		17	
Skóglendi			0	
Jaðar	27.5		2	
Votlendi	337.7		25	
	1238.3	112	91	8
Egilsst.bær. Kortbl. 1. 0–200 m				
Frjósamt mólendi og graslendi	214.3	21.3	8	1
Hrísmói	156	3.8	6	0
Lítt eða ógróið land		274.9	0	11
Rýrt mólendi	210	49.7	8	2
Ræktað land	283.4		11	
Skóglendi	807.6		32	
Jaðar	34.1		1	
Votlendi	489.8		19	
	2195.2	349.7	86	14
Fellahr. Kortblað 1. 0–200 m				
Frjósamt mólendi og graslendi	284.7	34	3	0
Hrísmói	1327.9	317.5	14	3
Lítt eða ógróið land		1480.5	0	16
Rýrt mólendi	1920.5	479.8	21	5
Ræktað land	642		7	
Skóglendi	18		0	
Jaðar	142.2		2	
Votlendi	2554.8		28	
	6890.1	2311.8	75	25
Vallahr. Kortblað 1. 0–200 m				
Frjósamt mólendi og graslendi	658.2	48.9	16	1
Hrísmói	260.8	11.1	6	0
Lítt eða ógróið land		305.3	0	8
Rýrt mólendi	521.5	238.7	13	6
Ræktað land	450		11	
Skóglendi	436.2		11	
Jaðar	305.6		8	
Votlendi	808.7		20	
	3441	604	85	15
Samt. Kortblað 1. 0–200 m				
Frjósamt mólendi og graslendi	1328.7	110.5	8	1
Hrísmói	1964.6	394.7	11	2
Lítt eða ógróið land	0	2099.8	0	12
Rýrt mólendi	2900	772.5	17	5
Ræktað land	1609.1	0	9	
Skóglendi	1261.8	0	7	
Jaðar	509.4		3	
Votlendi	4191		24	
	13764.6	3377.5	80	20

Landgerðir:	Fullgr. ha	Hálfgr. ha	Fullgr. %	Hálfgr. %
Fljótsdalshreppur				
Áætl. sömu hlutföll gróðurlenda				
Innanverður 0–300 m = 5520 ha				
Utanverður 0–250 m = 3095 ha				
Frjósamt mólendi og graslendi	734	61	9	1
Hrísmói	1085	218	13	3
Lítt eða ógróið land	0	1160	0	13
Rýrt mólendi	1602	427	19	5
Ræktað land	775			
Skóglendi	697		8	
Jaðar	281		3	
Votlendi	2315		27	
	7488	1865	80	20
Skriðdalshreppur				
Áætluð sömu hlutföll gróðurlendis				
0–200 m 5212 ha				
Frjósamt mólendi og graslendi	444	37	9	1
Hrísmói	656	132	13	3
Lítt eða ógróið land	0	702	0	13
Rýrt mólendi	969	258	19	5
Ræktað land	535			
Skóglendi	422		8	
Jaðar	170		3	
Votlendi	1400		27	
	4596	1128	80	20
Vallahreppur utan kortbl. 1.				
Áætluð sömu hlutf. gróðurl.				
Innanverður 0–250 m 1685 ha				
Utanverður 0–200 m 7390 ha				
Skógl. Skógr. ríkisins 1550 ha				
Úthagi kortl. á kortbl. 1 3595 ha				
Frjósamt mólendi og graslendi	335	28	9	1
Hrísmói	495	99	13	3
Lítt eða ógróið land	0	529	0	13
Rýrt mólendi	731	195	19	5
Ræktað land	531			
Skóglendi	318		8	
Jaðar	128		3	
Votlendi	1056		27	
	3593	851	80	20
Fellahreppur utan kortblaðs 1.				
Áætluð sömu hlutf. gróðurl.				
0–200 m 9280 ha				
Úthagi kortl. á kortbl. 1 9202 ha				
Frjósamt mólendi og graslendi	7	1	9	1
Hrísmói	10	2	13	3
Lítt eða ógróið land	0	10	0	13
Rýrt mólendi	15	4	19	5
Ræktað land	24			
Skóglendi	6		8	
Jaðar	3		3	
Votlendi	21		27	
	85	17	80	20

Landgerðir:	Fullgr. ha	Hálfgr. ha	Fullgr. %	Hálfgr. %
Samt. Áætlað utan kortbl. 1.				
Frjósamt mólendi og graslendi	1519	126	8	1
Hrísmói	2246	451	11	2
Lítt eða ógróið land	0	2401	0	12
Rýrt mólendi	3316	883	17	5
Ræktað land	1865	0	10	
Skóglendi	1443	0	7	
Jaðar	582		3	
Votlendi	4792		24	
	15763	3862	80	20
Samt. Áætlað utan kortbl. 1 og kortblað 1.				
Frjósamt mólendi og graslendi	2848	237		
Hrísmói	4211	846		
Lítt eða ógróið land	0	4501		
Rýrt mólendi	6216	1656		
Ræktað land	3474	0		
Skóglendi	2704	0		
Jaðar	1092			
Votlendi	8983			
	29527	7239		

Skógræktarland.
Áætlað utan kortblaðs 1 og kortblað 1.

		Áætl. úrtök	Áætl. úrt. ha.	
Frjósamt mólendi og graslendi	2848	15	413	2435
Hrísmói	4211	15	611	3600
Rýrt mólendi	6216	15	901	5314
Jaðar	1092	15	158	933
Votlendi	8983	70	6265	2717
	23349	36	8348	15000

Tafla 3. Kostnaður við ræktun nytjaskóga á 15.000 ha á héraði.
Markmið: Gróðursettar verða 1.500 þús. plöntur árlega. Kostnaður miðaður við júní 1990.

Framkvæmdir	Kr/ha	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Árlegur kostnaður:		32509	45179	46679	47879	48141	44766	41233	41233	42620	41927	42737	45846	
Plöntur: Samtals:		1000	1500	1500	1500	1500	1500	1500	1500	1500	1500	1500	1500	1500
Plöntur: Lerki:		1000	1500	1500	1500	1500	1100	1100	100	0	0	0	0	0
Plöntur: Fura:		0	0	0	0	0	0	0	1000	1500	1500	1500	1500	1100
Plöntur: Ösp:		0	0	0	0	0	400	400	400	0	0	0	0	0
Plöntur: Greni:		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	400
Friðun 130	130	1456	1456	1456	1456	1456	1456	1456	1456	1456	1456	624	624	624
Grisjunarkostnaður-birkiskógar.	193000	7720	7720	7720	7720	7720	7720	7720	7720	7720	7720	7720	7720	7720
Grisjunartekjur-birkiskógar.	182000	-7280	-7280	-7280	-7280	-7280	-7280	-7280	-7280	-7280	-7280	-7280	-7280	-7280
Grisjunarkostnaður-barrskógar.	154000	2464	2464	2464	2464	2464	2464	2464	2464	2464	2464	2464	2464	2464
Grisjunartekjur-barrskógar.	133000	-2128	-2128	-2128	-2128	-2128	-2128	-2128	-2128	-2128	-2128	-2128	-2128	-2128
Kjarrsögun	18700	337	337	337	337	337	337	337	337	337	337	337	337	337
Stjórnunarkostnaður:	3600	3600	3600	3600	3600	3600	3600	3600	3600	3600	3600	3600	3600	3600
Stofnkostnaður:	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000

1. Mýri, samtals 2.717 ha.

Plöntur: Ösp:
Plöntur: Greni:
Framræsla. 810 2419
Jarðvinnsla á mýri. 15000 kr/dag.
Vegagerð. 300 kr/m. 20 m/ha.
Nýgróðursetning - plöntukaup.
Nýgróðursetning, útplöntun,flutnin
Endurgróðursetning - plöntukaup.
Endurgróðursetning, útplöntun, flut
1. áburðargjöf - kaup á áburði 22,3 kr.
1. áburðargjöf - flutningur 32,4 kr.

Framkvæmdir	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
1. áburðargjöf - dreifing 0.9 kr/pl													
2. áburðargjöf - kaup á áburði 22,3 kr													
2. áburðargjöf - flutningur 32,4 kr													
2. áburðargjöf - dreifing 0.9 kr/pl													
Grisjunarkostnaður-barrskógur													
Grisjunartekjur-barrskógur													
2. Jaðar, samtals 933 ha						200	200	200					
Plöntur: Ösp:						400	400	400					
Plöntur: Greni													400
Jarðvinnsla á mýri. 15000 kr/dag.				1500	1500	1500							1500
Vegagerð. 300 kr/m. 20 m/ha.					1200	1200	1200						
Nýgróðursetning - plöntukaup.						7200	7200	7200					
Nýgróðursetning, útplöntun,flutnin						1736	1736	1736					
Endurgróðursetning - plöntukaup. 1													7200
Endurgróðursetning, útplöntun,flut													1736
1. áburðargjöf - kaup á áburði 22,3								179	179	179			
1.áburðargjöf - flutningur 32,4 kr								16	16	16			
1. áburðargjöf - dreifing 0.9 kr/pl								360	360	360			
2. áburðargjöf - kaup á áburði 22,3													
2. áburðargjöf - flutningur 32,4 kr													
2. áburðargjöf - dreifing 0.9 kr/pl													
Grisjunarkostnaður-barrskógur													
Grisjunartekjur-barrskógur													
3. Þurrlendi sem þarf að jarðvinna, samtals 2.520 ha							150	50					
Plöntur: Lerki:							300	100					
Plöntur: Fura:													
Jarðvinnsla á þurrlendi. 15000 kr/						563	188						
Vegagerð. 300 kr/m. 20 m/ha.						900	300						

Framkvæmdir	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Nýgróðursetning - plöntukaup							5400	1800					
Nýgróðursetning, útplöntun,flutnin							1302	434					
Endurgróðursetning - plöntukaup.													
Endurgróðursetning, útplöntun, flutn.													
1. áburðargjöf - kaup á áburði 22,3													
1. áburðargjöf - flutningur 32,4 kr													
1. áburðargjöf - dreifing 0.9 kr/pl													
2. áburðargjöf - kaup á áburði 22,3													
2. áburðargjöf - flutningur 32,4 kr													
2. áburðargjöf - dreifing 0.9 kr/pl													
Grisjunarkostnaður-barrskógur													
Grisjunartekjur-barrskógur													
4. Þurrlendi – annað, samtals 8.829 ha	500	750	750	750	750	550	400						
Plöntur: Lerki:	1000	1500	1500	1500	1500	1100	800						
Plöntur: Fura:								1000	1500	1500	1500	1500	1100
Vegagerð. 300 kr/m. 20 m/ha.	3000	4500	4500	4500	4500	3300	2400						
Nýgróðursetning - plöntukaup													
Nýgróðursetning, útplöntun,flutnin	18000	27000	27000	27000	27000	19800	14400						
Endurgróðursetning - plöntukaup	4340	6510	6510	6510	6510	4774	3472						
Endurgróðursetning, útplöntun, flut								18000	27000	27000	27000	27000	19800
1. áburðargjöf - kaup á áburði 22,3										448	672	672	672
1. áburðargjöf - flutningur 32,4 kr										39	58	58	58
1. áburðargjöf - dreifing 0.9 kr/pl										900	1350	1350	1350
2. áburðargjöf - kaup á áburði 22,3													
2. áburðargjöf - flutningur 32,4 kr													
2. áburðargjöf - dreifing 0.9 kr/pl													
Grisjunarkostnaður-barrskógur													
Grisjunartekjur-barrskógur													

Framkvæmdir	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Árlegur kostnaður	48021	52671	54930	54098	52558	50138	49292	46193	39989	39777	42010	53956	59206	60706	63368	66026
Plöntur: Samtals	1500	1500	1500	1500	1500	1500	1500	1500	1500	1500	1500	1500	1500	1500	1500	1500
Plöntur: Lerki	0	0	0	0	600	1100	1100	1100	1100	1100	100	0	0	0	0	600
Plöntur Fura	1100	100	0	0	0	0	0	0	600	1100	1100	1100	1100	1100	1100	100
Plöntur: Ösp	0	400	400	400	400	400	400	400	400	0	0	0	0	0	0	400
Plöntur greni	400	400	0	0	0	0	0	0	400	400	400	400	400	400	400	400
Friðun 130	624	624	624	624	624	624	624									
Grisjunarkostnaður	7720	7720	7720	7720	7720	7720	7720	7720	7720	7720	7720					
Grisjunartekjur	-7280	-7280	-7280	-7280	-7280	-7280	-7280	-7280	-7280	-7280	-7280					
Grisjunarkostnaður	2464	2464	2464	2464	2464	2464	2464	2464	2464	2464	2464					
Grisjunartekjur	-2128	-2128	-2128	-2128	-2128	-2128	-2128	-2128	-2128	-2128	-2128					
Kjarrsögun	337	337	337	337	337	337	337	337	337	337	337					
Stjórnunarkostnaður	3600	3600	3600	3600	3600	3600	3600	3600	3600	3600	3600					
Stofnkostnaður	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000					
1. Mýri			67	200	200	200	200	200	200							200
Plöntur: Ösp			134	400	400	400	400	400	400							400
Plöntur: Greni										134	400	400	400	400	400	400
Framræsla	2419	2419	2419	2419	2419							2419	2419	2419	2419	2419
Jarðvinnsla	503	1500	1500	1500	1500	1500	1500							1500	1500	1500
Vegagerð		402	1200	1200	1200	1200	1200	1200							1200	1200
Nýgróðursetning			2412	7200	7200	7200	7200	7200	7200							7200
Nýgróðursetning			582	1736	1736	1736	1736	1736	1736							1736
Endurgróðursetning										2412	7200	7200	7200	7200	7200	7200
Endurgróðursetning										582	1736	1736	1736	1736	1736	1736
1. áburðargjöf					60	179	179	179	179	179	179					
1. áburðargjöf					5	16	16	16	16	16	16					
1. áburðargjöf					121	360	360	360	360	360	360					
2. áburðargjöf												210	627	627	627	627
2. áburðargjöf												18	54	54	54	54
2. áburðargjöf												241	720	720	720	720
Grisjunarkostnaður																
Grisjunarkostnaður																
2. Jaðar		200	133													
Plöntur: Ösp		400	266													
Plöntur: Greni	400	400							400	266						
Jarðvinnsla	998															
Vegagerð	1200	798														

Framkvæmdir	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Nýgróðursetning	7200	4788														
Nýgróðursetning	1736	1154														
Endurgróðursetning	7200	7200							7200	4788						
Endurgróðursetning	1736	1736							1736	1154						
1. áburðargjöf				179	119											
1. áburðargjöf				16	10											
1. áburðargjöf				360	239											
2. áburðargjöf		627	627	627							627	417				
2. áburðargjöf		54	54	54							54	36				
2. áburðargjöf		720	720	720							720	479				
Grisjunarkostnaður																
Grisjunarkostnaður																
3. Þurrlendi		100	150	150	150	150	150	150	50							150
Plöntur: Lerki		200	300	300	300	300	300	300	100							300
Plöntur: Fura	300	100							200	300	300	300	300	300	300	100
Jarðvinnsla	375	563	563	563	563	563	563	188							563	750
Vegagerð	600	900	900	900	900	900	900	300							900	1200
Nýgróðursetning		3600	5400	5400	5400	5400	5400	5400	1800							5400
Nýgróðursetning		868	1302	1302	1302	1302	1302	1302	434							1302
Endurgróðursetning	5400	1800							3600	5400	5400	5400	5400	5400	5400	1800
Endurgróðursetning	1302	434							868	1302	1302	1302	1302	1302	1302	434
1. áburðargjöf			134	45							90	134	134	134	134	134
1. áburðargjöf			124								8	12	12	12	12	12
1. áburðargjöf			270	90							180	270	270	270	270	270
2. áburðargjöf								336	112							224
2. áburðargjöf								29	10							19
2. áburðargjöf								270	90							180
Grisjunarkostnaður																
Grisjunartekjur																
4. Þurrlendi	200	400	400	400	400	400	400									150
Plöntur: Lerki	400	800	800	800	800	800	800									300
Plöntur: Fura	800								400	800	800	800	800	800	800	
Vegagerð		1200	2400	2400	2400	2400	2400	2400								900
Nýgróðursetning		7200	14400	14400	14400	14400	14400	14400								5400
Nýgróðursetning		1736	3472	3472	3472	3472	3472									1302
Endurgróður	14400								7200	14400	14400	14400	14400	14400	14400	
Endurgróður	3472								1736	3472	3472	3472	3472	3472	3472	
1. áburðargjöf	672	493	358								179	358	358	358	358	358
1. áburðargjöf	58	43	31								16	31	31	31	31	31

Framkvæmdir	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
1. áburðargjöf	1350	990	720								360	720	720	720	720	720
2. áburðargjöf	1120	1679	1679	1679	1679	1231	896								448	
2. áburðargjöf	97	146	146	146	146	107	78								39	
2. áburðargjöf	900	1350	1350	1350	1350	990	720								360	
Grisjunarkostnaður												77000	115500	115500	115500	115500
Grisjunartekjur												-66500	-99750	-99750	-99750	-99750

Framkvæmdir	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032	2033	2034	2035
Árlegur kostnaður	68296	68045	53000	49286	43861	40993	38879	41041	41312	51537	53614	37529	24350	24067	22678	22678
Plöntur: Samtals	1500	1500	1500	1500	1500	1500	1500	1500	1500	1500	1358	638	0	0	0	0
Plöntur: Lerki	1100	1100	1100	1100	1098	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
Plöntur: Fura	0	0	0	0	0	600	970	1100	1100	1100	958	270	0	0	0	0
Plöntur: Ösp	400	400	400	400	402	498	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Plöntur: Greni	0	0	0	0	0	402	530	400	400	400	400	368	0	0	0	0
Friðun 130	7720	7720	7720	7720												
Grisjunarkostnaður	-7280	-7280	-7280	-7280												
Grisjunartekjur	2464	2464	2464	2464												
Grisjunarkostnaður	-2128	-2128	-2128	-2128												
Grisjunartekjur	337	337	337	337												
Kjarrsögun																
Stjórnunarkostnaður	3600	3600	3600	3600	3600	3600	3600	3600	3600	3600	3600	3600	3600	3600	3600	3600
Stofnkostnaður	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000
1. Mýri	200	200	200	200	201	249										
Plöntur: Ösp	400	400	400	400	402	498										
Plöntur: Greni						402	530	400	400	400	400	368				
Framræsla	2431	3012														
Jarðvinnsla	1500	1500	1508	1868												
Vegagerð	1200	1200	1200	1206	1494											
Nýgróðursetning	7200	7200	7200	7200	7236	8964										
Nýgróðursetning	1736	1736	1736	1736	1745	2161										
Endurgróðursetning						7236	9540	7200	7200	7200	7200	6624				
Endurgróðursetning						1745	2300	1736	1736	1736	1736	1597				
1. áburðargjöf		179	179	179	179	179	180	223								
1. áburðargjöf		16	16	16	16	16	16	19								
1. áburðargjöf		360	360	360	360	360	362	448								
2. áburðargjöf	627	627						630	831	627	627	627	627	577		
2. áburðargjöf	54	54						55	72	54	54	54	54	50		
2. áburðargjöf	720	720						724	954	720	720	720	720	662		
Grisjunarkostnaður											10318	30800	30800	30800	30800	30800
Grisjunartekjur											-8911	-26600	-26600	-26600	-26600	-26600

Framkvæmdir	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032	2033	2034	2035
2. Jaðar																
Plöntur: Ösp																
Plöntur: Greni																
Jarðvinnsla																
Vegagerð																
Nýgróðursetning																
Nýgróðursetning																
Endurgróðursetning																
Endurgróðursetning																
1. áburðargjöf																
1. áburðargjöf																
1. áburðargjöf																
2. áburðargjöf																
2. áburðargjöf																
2. áburðargjöf																
Grisjunarkostnaður	30800	30800	30800							30800	20482					
Grisjunartekjur	-26600	-26600	-26600							-26600	-17689					
3. Þurrlendi	200	200	200	200	320											
Plöntur: Lerki	400	400	400	400	640											
Plöntur: Fura						300	370	400	400	400	400	270				
Jarðvinnsla	750	750	750	1200												
Vegagerð	1200	1200	1200	1920												
Nýgróðursetning	7200	7200	7200	7200	11520											
Nýgróðursetning	1736	1736	1736	1736	2778											
Endurgróðursetning						5400	6660	7200	7200	7200	7200	4860				
Endurgróðursetning						1302	1606	1736	1736	1736	1736	1172				
1. áburðargjöf	134	45						134	166	179	179	179	179	121		
1. áburðargjöf	12	4						12	14	16	16	16	16	10		
1. áburðargjöf	270	90						270	333	360	360	360	360	243		
2. áburðargjöf	336	336	336	336	336	336	112						336	414	448	448
2. áburðargjöf	29	29	29	29	29	29	10						29	36	39	39
2. áburðargjöf	270	270	270	270	270	270	90						270	333	360	360
Grisjunarkostnaður		23100	7700							15400	23100	23100	23100	23100	23100	23100
Grisjunartekjur		-19950	-6650							-13300	-19950	-19950	-19950	-19950	-19950	-19950
4. Þurrlendi	350	350	350	350	229											
Plöntur: Lerki	700	700	700	700	458											
Plöntur: Fura						300	600	700	700	700	558					
Vegagerð	2100	2100	2100	2100	1374											


Framkvæmdir	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032	2033	2034	2035
Nýgróðursetning	12600	12600	12600	12600	8244											
Nýgróðursetning	3038	3038	3038	3038	1988											
Endurgróðursetning						5400	10800	12600	12600	12600	10044					
Endurgróðursetning						1302	2604	3038	3038	3038	2422					
1. áburðargjöf	358							134	269	313	313	313	250			
1. áburðargjöf	31							12	23	27	27	27	22			
1. áburðargjöf	720							270	540	630	630	630	502			
2. áburðargjöf	896	896	896	896	896	896							336	672	784	784
2. áburðargjöf	78	78	78	78	78	78							29	58	68	68
2. áburðargjöf	720	720	720	720	720	720							270	540	630	630
Grisjunarkostnaður	84700	61600								30800	61600	61600	61600	61600	61600	61600
Grisjunartekjur	-73150	-53200								-26600	-53200	-53200	-53200	-53200	-53200	-53200

Framkvæmdir	2036	2037	2038	2039	2040	2041	2042	2043	2044	2045	2046	2047	2048	2049
Árlegur kostnaður	12178	6628	5171	4600	4600	4600	4600	15100	20350	20350	20350	20350	20350	9829
Plöntur: Samtals	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Plöntur: Lerki	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Plöntur: Fura	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Plöntur: Ösp	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Plöntur: Greni	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Friðun 130														
Grisjunarkostnaður														
Grisjunartekjur														
Grisjunarkostnaður														
Grisjunartekjur														
Kjarrsögun														
Stjórnunarkostnaður	3600	3600	3600	3600	3600	3600	3600	3600	3600	3600	3600	3600	3600	3600
Stofnkostnaður	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000
1. Mýri														
Plöntur: Ösp														
Plöntur: Greni														
Framræsla														
Jarðvinnsla														
Vegagerð														
Nýgróðursetning														
Nýgróðursetning														
Endurgróðursetning														
Endurgróðursetning														
1. áburðargjöf														
1. áburðargjöf														


Framkvæmdir	2036	2037	2038	2(	)39	2040	2041	2042	2043	2044	2045	2046	2047	2048	2049
1. áburðargjöf															
2. áburðargjöf															
2. áburðargjöf															
2. áburðargjöf															
Grisjunarkostnaður	30800								30800	30800	30800	30800	30800	30954	38346
Grisjunartekjur	26600								-26600	-26600	-26600	-26600	-26600	-26733	-33117
2. Jaðar															
Plöntur: Ösp															
Plöntur: Greni															
Jarðvinnsla															
Vegagerð															
Nýgróðursetning															
Nýgróðursetning															
Endurgróðursetning															
Endurgróðursetning															
1. áburðargjöf															
1. áburðargjöf															
1. áburðagjöf															
2. áburðargjöf															
2. áburðargjöf															
2. áburðargjöf															
Grisjunarkostnaður															
Grisjunartekjur															
3. Þurrlendi															
Plöntur: Lerki															
Plöntur: Fura															
Jarðvinnsla															
Vegagerð															
Nýgróðursetning															
Nýgróðursetning															
Endurgróðursetning															
Endurgróðursetning															
1. áburðargjöf															
1. áburðargjöf															
1. áburðargjöf															
2. áburðargjöf	448	448	302												
2. áburðargjöf	39	39	26												
2. áburðargjöf	360	360	243												
Grisjunarkostnaður	7700									23100	30800	30800	30800	30800	49280
Grisjunartekjur	-6650									-19950	-26600	-26600	-26600	-26600	-42560

Framkvæmdir	2036	2037	2038	2039	2040	2041	2042	2043	2044	2045	2046	2047	2048	2049
4. Þurrlendi														
Plöntur: Lerki														
Plöntur: Fura														
Vegagerð														
Nýgróðursetning														
Nýgróðursetning														
Endurgróðursetning														
Endurgróðursetning														
1. áburðargjöf														
1. áburðargjöf														
1. áburðargjöf														
2. áburðargjöf	784	625												
2. áburðargjöf	68	54												
2. áburðargjöf	630	502												
Grisjunarkostnaður								23100	53900	53900	53900	53900	35266	
Grisjunartekjur								-19950	-46550	-46550	-46550	-46550	-30457	

Tafla 4. **Árlegur kostnaður í 60 ár.**



Tafla 5. **Fjöldi plantna.**



Fylgiskjal IV.

SAMNINGUR

um nytjaskógrækt.

Héraðsskógar, skv. l. nr. .../1990, kt., Egilsstöðum, Suður-Múlasýslu, í samningi þessum nefndir Héraðsskógar, og ábúandi og/eða eigandi jarðarinnar _____

í _____ hreppi, _____ sýslu,

_____

nafn

í samningi þessum nefndur skógarbóndi, gera með sér svofelldan samning um nytjaskógrækt á ofangreindri ábýlisjörð/eyðijörð með eftirfarandi skilmálum og takmörkunum:

1. gr.

Skógarbóndi skuldbindur sig til að taka til nytjaskógræktar samkv. fyrirliggjandi mati á skógræktarskilyrðum, samþykktu af skógræktarstjóra, _____ ha lands. Fer það eftir samkomulagi skógarbónda og Héraðsskóga hversu stórt land er tekið til skógræktar í hverjum áfanga. Samningi þessum fylgir lýsing á helstu kennileitum sem afmarka skógræktarlandið ásamt viðheftu korti er sýnir ytri mörk hins umsamda svæðis.

2. gr.

Héraðsskógar skuldbinda sig til að gerð verði skógræktaráætlun um nytjaskógasvæðin til 10 ára og standa við framkvæmdir samkvæmt henni. Henni skal fylgja verklýsing á hverjum verkþætti, svo sem vegagerð, gróðursetningu og áburðargjöf. Þar komi einnig fram hvað sé talinn fullnægjandi frágangur einstakra verkþátta. Að öðru leyti skal skógarbóndi hlíta fyrirmælum starfsmanns Héraðsskóga, sbr. 4. gr., varðandi tilhögun og frágang allra verka.

3. gr.

Héraðsskógar og umdæmisfulltrúi Skógræktar ríkisins skulu hafa eftirlit með að allar framkvæmdir á svæðinu séu unnar samkvæmt heildaráætlun. Að loknum framkvæmdum ár hvert skal fara fram úttekt á unnum verkum. Úttektina annast skógarbóndi og starfsmenn Héraðsskóga. Við úttektina skulu verkin yfirfarin og skráð lýsing á þeim og hvort frágangur þeirra er fullnægjandi. Verði framkvæmdum að einhverju leyti áfátt skuldbindur skógarbóndi sig að hlutast til um úrbætur.

4. gr.

Héraðsskógar skuldbinda sig til að hafa í sinni þjónustu starfsmann til þess hafa umsjón með áætlanagerð, stjórna framkvæmdum og vera skógarbændum til ráðuneytis um allt er að ræktuninni lýtur. Skal hann hafa lokið viðurkenndri skógræktarmenntun.

5. gr.

Framkvæmdastjóri Héraðsskóga annast skipulag vinnu við nytjaskógræktina.

Þeir sem lögheimili og aðsetur hafa á þeirri jörð sem samningur þessi tekur til hafa forgang að vinnu við nytjaskógrækt á jörðinni. Til þeirra verka sem heimamenn vinna ekki sjálfir skulu Héraðsskógar, ef þess er kostur, ráða starfsmenn af öðrum skógarjörðum, enda hafi þeir aflað sér undirstöðuþekkingar í skógrækt sem Héraðsskógar meta gilda.

Launakjör skulu vera samkvæmt kjarasamningum ASÍ.

6. gr.

Skylt er skógarbónda að upplýsa framkvæmdastjóra Héraðsskóga, í síðasta lagi 1. október ár hvert, hversu mikið hann ætlar að nota af vinnurétti sínum næsta ár. Sé það ekki gert fyrir þann tíma skulu Héraðsskógar ráða aðra til starfanna, sbr. 5. gr.

7. gr.

Héraðsskógar greiða 90% af samþykktum kostnaði við ræktun nytjaskóga á jörðum í ábúð og 70% af samþykktum kostnaði við ræktun nytjaskóga á eyðijörðum. Ef framkvæmdahraði verður takmarkaður, t.d. vegna áfalla í plöntuframleiðslu, skulu jarðir sem eru í ábúð ganga fyrir svo og eyðijarðir sem falla inn í samfelld skógræktarsvæði margra jarða.

Til kostnaðar skv. 1. mgr. teljast eftirfarandi framkvæmdir:

a. Viðhald og vélavinna.
b. Kostnaður við óhjákvæmilega vegagerð.
c. Framræsla lands þar sem hún er talin nauðsynleg.

d. Jarðvinnsla þar sem hún er talin nauðsynleg.
e. Allar plöntur til gróðursetningar.
f. Kostnaður af gróðursetningu.
g. Áburðargjöf við útplöntun.
h. Fyrsta umhirða og grisjun.

Héraðsskógar munu, í samráði við Skógrækt ríkisins, setja allar reglur um umhirðu og grisjun og ber skógarbónda að fara eftir þeim.

Andvirði seldra afurða úr fyrstu grisjun skógarins skal renna til Héraðsskóga til þess að greiða kostnað við grisjunina. Verði hagnaður af grisjuninni skal hann lagður óskiptur á endurnýjunarreikning jarðarinnar, sbr. 8. gr.

8. gr.

Af heildarframleiðsluverðmæti trjáviðar úr skógi sem ræktaður er samkvæmt samningi þessum skal skógarbóndi greiða 3–5% gjald á sérstakan endurnýjunarreikning í vörslu Héraðsskóga. Þeim fjármunum skal innan 5 ára frá skógarhöggi varið til endurnýjunar skóglendis á viðkomandi jörð. Gjald á endurnýjunarreikning skal nánar ákveðið í reglugerð með hliðsjón af kostnaði við endurnýjun skóglendis á hverjum tíma.

Allir skógarbændur skulu greiða í ríkissjóð 15% af hreinum hagnaði af afurðum skóganna þegar þær falla til og skal þeim tekjum varið til ræktunar nýrra skóga, sbr. ... gr. l. nr. .../1990.

Afurðir sem til falla við fyrstu grisjun eru undanskildar gjaldtöku skv. þessari grein.

9. gr.

Þar til kemur að framkvæmdum skv. ræktunaráætlun Héraðsskóga er skógarbónda heimilt að nýta í eigin þágu eða leigja öðrum land sem samningur þessi nær til, svo framarlega sem skógræktarframkvæmdum er engin hætta búin af slíkum afnotum að mati Héraðsskóga.

10. gr.

Þegar hafnar eru framkvæmdir á jörð samkvæmt samningi, er skógarbónda með öllu óheimilt að selja eða gefa lifandi plöntur, sem plantað hefur verið samkvæmt samningi, til annarra aðila.

11. gr.

Girðingar um nytjaskóga skulu vera löggirðingar, nema Héraðsskógar, í samráði við umdæmisfulltrúa Skógræktar ríkisins, og landeigandi ákveði að rafmagnsgirðingar henti betur. Um girðingar um skóglendi og hlið á þeim fer eftir ákvæðum girðingalaga nr. 10 25. mars 1965.

12. gr.

Stofngirðing verður lögð um nytjaskógasvæði samkvæmt áætlun þar að lútandi og verður hún óháð landamerkjum, nema óskað verði eftir öðru við undirritun þessa samnings. Ekki er hægt að breyta eða flytja til stofngirðingu á kostnað Héraðsskóga, svo vilji skógarbóndi síðar taka stærra land til skógræktar en ákvarðað er með þessum samningi verður hann að girða það á eigin kostnað.

13. gr.

Á land það sem Héraðsskógar og landeigendur eru sammála um samkvæmt samningi þessum að nytja til skógræktar má ekki beita búfé. Héraðsskógum er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstakar ástæður mæla með.

14. gr.

Bannað er að leggja eld í skóglendi og aldrei má brenna sinu á skógarjörðinni.

15. gr.

Í samræmi við samstarfssamning Skógræktar ríkisins og Héraðsskóga annast Skógrækt ríkisins eftirfarandi:

1. Aðstoð við skipulagningu og gerð ræktunaráætlana. Ræktunaráætlanir skulu gerðar í samráði við skógarbónda.
2. Hefur eftirlit með að skógræktarlögum og samningi þessum sé framfylgt.
3. Lætur skógarbændum og starfsmönnum Héraðsskóga í té faglega þekkingu.

16. gr.

Komi til vanefnda á samningi þessum af hálfu Héraðsskóga er skógarbónda heimilt að rifta samningnum. Slík riftun er háð samþykki landeiganda, sé skógarbóndi ekki jafnframt eigandi skógaræktarlandsins. Riftun skógarbónda skapar honum ekki rétt á skaðabótakröfu á hendur Héraðsskógum.

Vanefni skógarbóndi skyldur sínar samkvæmt samningi þessum er Héraðsskógum heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir á kostnað skógarbónda.

17. gr.

Ákvæði þessa samnings taka til þess svæðis sem byrjað verður á að girða árið _____ og lokið árið _____ og gróðursetning hefst árið _____. Gildistími samnings þessa er 10 ár af 40 ára áætlunartímabili.

18. gr.

Rísi ágreiningur um einhver ákvæði samnings þessa, sem aðilar finna ekki lausn á, skal þeim ágreiningi skotið til gerðardóms er hafi bindandi úrskurðarvald. Tilnefnir hvor aðili um sig einn mann í dóminn, en aðilar koma sér saman um oddamann. Náist ekki samkomulag mùnu aðilar fara þess á leit við viðkomandi sýslumann að hann tilnefni oddamann. Afl atkvæða ræður niðurstöðu gerðardómsins. Gerðardómur ákveður kostnað og hver skuli greiða. Þá ákveður hann hvort öðrum aðila skuli gert að greiða hinum málskostnað.

19. gr.

Samningi þessum skal þinglýst sem kvöð á jörðina _____ er skuldbindur landeiganda og þá sem síðar kunna að öðlast réttindi yfir jörðinni, þar með talinn leigurétt. Héraðsskógar annast þinglýsinguna og greiða kostnað sem af henni leiðir.

20. gr.

Að öðru leyti en greinir í samningi þessum fer ræktun og meðferð nytjaskógarins á landinu skv. ákvæðum laga nr. .../1990 og eftir því sem við á lögum um skógrækt, nr. 3/1955, með síðari breytingum.

21. gr.

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir varnarþingi viðkomandi jarðar.

Fullnaðargildi samnings þessa er háð staðfestingu landbúnaðarráðherra.

22. gr.

Af samningi þessum eru gerð fimm samhljóða frumrit. Heldur skógarbóndi einu, Héraðsskógar einu og eitt skal ritað á löggiltan skjalapappír til þinglýsingar. Eitt eintak skal sent landbúnaðarráðuneyti til vörslu og annað jarðanefnd.

Staður Dags.	Staður Dags.
F.h. Héraðsskóga	Ábúandi/eigandi jarðar
Vitundarvottar:	Vitundarvottar:
Staðfest í landbúnaðarráðuneyti	Staðfest af jarðeiganda sé hann ekki jafnframt ábúandi
Staður Dags.	Staður Dags.
F.h. landbúnaðarráðherra	Eigandi jarðar
	Vitundarvottar:

Sþ. 339. Þingsályktun [145. mál]

um samning um stofnun Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu.

(Afgreidd frá Sþ. 17. des.)

Samhljóða þskj. 151.

Sþ. 340. Þingsályktun [146. mál]

um fullgildingu Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Sþ. 17. des.)

Samhljóða þskj. 152.

Sþ. 341. Þingsályktun [147. mál]

um fullgildingu samnings um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga.

(Afgreidd frá Sþ. 17. des.)

Samhljóða þskj. 153.

Sþ. 342. Þingsályktun [150. mál]

um fullgildingu bókunar við alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

(Afgreidd frá Sþ. 17. des.)

Samhljóða þskj. 156.

Sþ. 343. Þingsályktun [160. mál]

um staðfestingu samnings um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum.

(Afgreidd frá Sþ. 17. des.)

Samhljóða þskj. 173.

Ed. 344. Frumvarp til laga [237. mál]

um sjóðshappdrætti til stuðnings flugbjörgunarmálum og skák.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita Landssambandi flugbjörgunarsveita og Skáksambandi Íslands leyfi til að starfrækja svonefnt sjóðshappdrætti í nafni félags sem þessi samtök stofna.

Heimild þessi gildir til ársloka 2005.

2. gr.

Happdrættið byggist á því að þátttakendur greiða tiltekna fjárhæð eða margfeldi hennar í sérstakan sjóð sem safnað er upp um tiltekinn tíma, en um vinninga skal síðan dregið með tilviljunarkenndum hætti undir eftirliti borgarfógetaembættisins í Reykjavík.

3. gr.

Stjórn félags þess, sem starfrækir happdrættið, skal skipuð fimm mönnum til eins árs í senn. Skipa Landssamband flugbjörgunarsveita og Skáksamband Íslands tvo stjórnarmenn hvort, en dómsmálaráðherra skipar formann. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Aðilar gera með sér samkomulag, sem dómsmálaráðherra staðfestir, um rekstur félagsins, þar á meðal um ábyrgð á rekstri þess.

4. gr.

Gjald fyrir þátttöku í happdrættinu (miðaverð) ákveður dómsmálaráðherra að fengnum tillögum frá stjórn félagsins.

5. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum frá stjórn félagsins, vinningshlutfall af heildarfjárhæð sjóðsins hverju sinni. Vinningar mega vera í formi ríkisskuldabréfa.

Vinningar eru undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári sem þeir falla.

6. gr.

Ágóða af happdrættinu skal skipta í tvo hluta. Skulu 40% ágóðans renna til Landssambands flugbjörgunarsveita og Skáksambands Íslands að jöfnu til að efla starfsemi þeirra. Hinn hlutann, 60%, skal leggja í sérstakan þyrlu- og björgunarsjóð sem verja skal til kaupa á björgunarþyrlu og/eða öðrum björgunartækjum fyrir Landhelgisgæslu Íslands. Dómsmálaráðherra fer með stjórn og ráðstöfun sjóðsins og sér um ávöxtun hans.

7. gr.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um happdrættisstarfsemina, að fengnum tillögum stjórnar félagsins, og hefur að öðru leyti eftirlit með starfsemi þess.

8. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er byggt á samkomulagi Landssambands flugbjörgunarsveita og Skáksambands Íslands um rekstur happdrættis sem fyrirhugað er að fari fram með þeim hætti að þátttakendur greiði tiltekna fjárhæð eða margfeldi þeirrar fjárhæðar í sérstakan sjóð sem safnað er upp um tiltekinn tíma, en um vinninga verði síðan dregið með tilviljunarkenndum hætti. Hafa samtök flugbjörgunarsveita og Skáksambandið gert með sér drög að samkomulagi um stofnun félags um slíkan rekstur ef lagaheimild fæst.

Lagt er til að fólki verði gefinn kostur á að taka þátt í svokölluðu sjóðshappdrætti þar sem það styddi annars vegar gott málefni, en ætti hins vegar kost á að detta í lukkupottinn og hreppa stóran vinning í formi ríkisskuldabréfa. Framkvæmdin er hugsuð þannig að viðkomandi greiði ákveðna fjárhæð, t.d. 500 kr., eða margfeldi þeirrar fjárhæðar, inn í sérstakan sjóð, sem verði safnað upp um tiltekinn tíma, t.d. í einn mánuð, og þá dregin út vinningsnúmer. Gert er ráð fyrir samstarfi við greiðslukortafyrirtæki í þessu sambandi. Fólki verði gefinn kostur á að gerast áskrifendur að happdrættinu og að láta draga ákveðna upphæð á mánuði út af greiðslukortareikningi sínum til greiðslu áskriftargjalds. Öðrum yrði enn fremur gefinn kostur á því að taka þátt með því að greiða þátttökugjald (miðaverð) inn á sérstakan reikning í bönkum og sparisjóðum.

Gert er ráð fyrir að ákveðið hlutfall, t.d. helmingur þess fjár, sem inn kæmi, færi í greiðslu vinninga. Vinningar yrðu í formi ríkisskuldabréfa og mundu stuðla að innlendum sparnaði á sama tíma. Rekstraraðilarnir mundu hljóta 40% af ágóðanum, en 60% hans mundu renna í sjóð sem yrði þáttakandi í fjármögnun nýrrar björgunarþyrlu.

Þátttakendur slá margar flugur í einu höggi. Þeir styðja við bakið á samböndunum tveimur, styðja og flýta fyrir kaupum á björgunarþyrlu og eiga möguleika á að fá góðan vinning í formi ríkisskuldabréfa.

Eins og rakið er hér að framan er gert ráð fyrir að vinningar í happdrætti þessu verði greiddir út í ríkisskuldabréfum. Samkvæmt lögum um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur), nr. 6/1926, er óheimilt án lagaheimildar að setja á stofn „peningahappdrætti eða önnur því lík happspil". Lagasetning í ofangreindu skyni er því nauðsynleg.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi felur í sér heimild til að veita Landssambandi flugbjörgunarsveita og Skáksambandi Íslands leyfi til að starfrækja sjóðshappdrætti. Með orðinu sjóðshappdrætti er átt við happdrætti þar sem vinningsfjárhæð er ekki ákveðin fyrir fram heldur ræðst hún af þeirri fjárhæð sem safnast hefur í sjóð fram að einhverju ákveðnu tímamarki þegar sölu er hætt. Leyfi til starfrækslu happdrættis af þessu tagi verður ekki veitt án lagaheimildar. Lagt er til að heimildin verði tímabundin.

Um 2. gr.

Happdrætti þetta er óvenjulegt að því leyti að fyrir fram er ekki vitað hversu háir

vinningar verða heldur ræðst það af þátttöku í happdrættinu. Ekki er skilgreint nákvæmlega með hvaða hætti dráttur skuli fara fram, en gert er ráð fyrir að það verði með svipuðum hætti og tíðkast um happdrætti. Dráttur fari fram undir eftirliti borgarfógetaembættisins í Reykjavík en eftir 1. júlí 1992 sýslumannsins í Reykjavík. Kveða þarf á um fyrirkomulag þessa í reglugerð.

Um 3. gr.

Samkomulag er milli Landssambands flugbjörgunarsveita og Skáksambands Íslands um fyrirkomulag í stjórn þess félags sem ætlað er að starfrækja happdrættið. Hvort landssamband skipar tvo stjórnarmenn en dómsmálaráðherra skipar formann. Um rekstur happdrættisins er gert ráð fyrir að aðilar geri samkomulag sem dómsmálaráðherra staðfesti. Þar verði kveðið á um ábyrgð á rekstri félagsins.

Um 4. gr.

Greinin er í samræmi við það sem gildir um happdrætti almennt.

Um 5. gr.

Lagt er til að ráðherra kveði á um vinningshlutfall, en fjárhæð vinninga ræðst af þátttöku. Sem meginregla er í upphafi miðað við það að a.m.k. 50% af heildarsöluverði miða hverju sinni verði varið til vinninga. Ekki þykir rétt að lögfesta ákvæði um vinningshlutfall, enda geta ýmsir þættir, svo sem rekstrarkostnaður og markaðsaðstæður á hverjum tíma, leitt til þess að heppilegt geti verið að breyta vinningshlutfallinu. Einstakir vinningar verða ákveðnir sem tiltekinn hundraðshluti af þeirri fjárhæð sem fellur til greiðslu vinninga. Að vinningar megi vera í formi ríkisskuldabréfa veitir þessu happdrætti sérstöðu umfram önnur. Í þessu felst ekki bann við að vinningar verði aðrir en ríkisskuldabréf en beinir peningavinningar eru ekki heimilir.

Síðari málsgreinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greinin kveður á um það í hvaða skyni ágóða af rekstri happdrættisins skuli varið, þ.e. annars vegar til eflingar á starfsemi Landssambands flugbjörgunarsveita og Skáksambands Íslands og hins vegar til kaupa á björgunarþyrlu. Það er mjög brýnt fyrir Landhelgisgæslu Íslands að eins fljótt og hægt er verði keypt önnur stór þyrla til að sinna því björgunarstarfi sem Landhelgisgæslan hefur sinnt og til þess að efla það og styrkja. Happdrættið gæti, ef vel tekst til, aflað verulegra fjármuna til þessa auk þess sem það mundi auka möguleika á að aðrar fjármögnunarleiðir yrðu farnar jafnframt.

Um 7. gr.

Um starfsemi happdrættisins verði kveðið nánar í reglugerð.

Um 8. og 9. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Nd. 345. Frumvarp til laga [238. mál]

um eftirlit með skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

I. KAFLI
Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.

Lög þessi gilda um öll íslensk skip, sem eru sex metrar á lengd eða lengri, mælt milli stafna, og notuð eru á sjó. Lögin gilda þó um öll farþegaskip án tillits til stærðar.

Ráðherra getur ákveðið í reglugerð að lög þessi gildi að hluta eða öllu leyti fyrir erlend skip þegar þau eru í íslenskum höfnum eða innan íslenskrar lögsögu.

Ráðherra getur ákveðið í reglugerð að eftirlit skuli haft með öryggi annarra atvinnutækja á sjó og vötnum og hvernig því eftirliti skuli haga.

2. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og orðasambönd þá merkingu sem hér greinir:

1. Skip er sérhvert fljótandi far nema annars sé getið.
2. Íslenskt skip er hvert það skip sem skráð er hér á landi og rétt hefur til að sigla undir íslenskum fána.
3. Flokkað skip er hvert það skip sem er flokkað af flokkunarfélagi sem viðurkennt er af ráðherra.
4. Fiskiskip er skip sem notað er til að veiða fisk, hval, sel, skelfisk eða aðrar lífverur úr sjó.
5. Farþegaskip er hvert það skip sem ætlað er að flytja farþega, sbr. þó ákvæði 6. tölul. þessarar greinar.
6. Kaupskip eru skip sem notuð eru til flutnings á farmi gegn endurgjaldi en geta jafnframt flutt 12 farþega eða færri í samræmi við alþjóðlegar reglur.

II. KAFLI
Gerð og búnaður.

Smíði, innflutningur og breytingar.

3. gr.

Hvert skip skal smíðað og búið út á þann hátt að öryggi mannslífa á hafinu sé tryggt eins og kostur er og með tilliti til þeirra verkefna sem því er ætlað á hverjum tíma.

Skip skal fullnægja skilyrðum reglna á hverjum tíma um siglingatæki, vélbúnað, fjarskiptabúnað, björgunarbúnað, lyf og læknisáhöld og eldvarna- og slökkvibúnað til að tryggja öryggi skipverja, skips og farms.

Vinnusvæði og vistarverur skipverja skal hanna og búa með hliðsjón af öryggi og velferð skipverja.

Skip skulu smíðuð og búin með tilliti til varna gegn mengun.

Ráðherra ákveður nánar í reglugerð um smíði, stöðugleika, hleðslumerki og búnað skipa.

Ráðherra ákveður í reglum hvaða lög, stjórnvaldsfyrirmæli, skírteini og skipsbækur skuli vera um borð í skipum.

4. gr.

Ráðherra setur reglur um aðbúnað og vinnuaðstöðu skipverja, svo sem hönnun og merkingar vinnusvæða, notkun og viðhald vinnutækja og öryggisbúnaðar og heilbrigðis- og hollustuhætti í skipum. Ráðherra getur enn fremur sett reglur um stjórn og skipulag sem tryggja á öryggi skips og mengunarvarnir.

5. gr.

Ráðherra getur ákveðið að nýjar reglugerðir nái ekki til skipa sem kjölur hefur verið lagður að eða eru á hliðstæðu byggingarstigi. Þó skal við slíka ákvörðun tekið tillit til varna gegn mengun, öryggis- og aðbúnaðar um borð og gerðar og fyrirhugaðrar notkunar skipanna.

6. gr.

Nýsmíði skipa er háð eftirliti Siglingamálastofnunar ríkisins í samræmi við reglur sem ráðherra setur. Þar sem þær ná ekki til skulu ekki gerðar vægari kröfur en gerðar eru af viðurkenndum flokkunarfélögum um smíði skipa. Eigandi skips skal tilkynna Siglingamálastofnun um smíðina. Sá sem tekið hefur að sér smíði skips skal senda Siglingamálastofnun ríkisins smíðalýsingu, teikningar og önnur þau gögn sem siglingamálastjóri telur nauðsynleg vegna eftirlitsins.

Ráðherra er heimilt að setja reglur um hæfniskröfur sem þeir sem hanna og smíða skip skulu fullnægja.

Eiganda skips er heimilt að fela einhverju hinna viðurkenndu flokkunarfélaga eftirlit með smíði skips, enda sé skipið smíðað eftir reglum þeirra sem gilda hér á landi.

7. gr.

Engar meiri háttar breytingar má gera á skipi, svo sem stækkun farmrýmis eða yfirbyggingar, aðalvélarskipti eða breytingar sem hafa áhrif á mælingu skips, sjóhæfni, öryggi eða aðbúnað áhafna, án þess að fyrir liggi samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins eða annars aðila sem stofnunin hefur veitt umboð. Breytingarnar skulu gerðar undir eftirliti Siglingamálastofnunar og gilda þar um sömu reglur um eftirlit og tilkynningarskyldu og um nýsmíði.

8. gr.

Skip, sem keypt eru eða leigð frá útlöndum til skráningar hér á landi, skulu fullnægja íslenskum lögum og reglum um styrkleika, búnað og haffæri. Skoðun skal fara fram áður en það er flutt inn. Að skoðun lokinni kveður siglingamálastjóri á um hvort hann mælir með innflutningi skips eða ekki.

Eigi má flytja inn skip sem er 15 ára eða eldra. Siglingamálastofnun ríkisins getur þó heimilað innflutning eldra skips ef um er að ræða vöruflutningaskip, stærri en 500 bt., dýpkunarskip og rannsóknaskip, enda séu þau ekki eldri en 20 ára.

Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar um aldur skips gildir ekki um skemmtiskip sem eingöngu eru ætluð til einkanota.

III. KAFLI
Skoðun skipa og framkvæmd eftirlits.
Haffæri skipa.

9. gr.

Eiganda skips, útgerðarmanni, skipstjóra og yfirvélstjóra er skylt að sjá um að lögskipaðar skoðunargerðir fari fram á skipi eftir því sem við á. Skipstjóra er skylt að sjá til þess að skip sé haffært þegar það leggur úr höfn og hafi gild lögboðin skírteini um borð.

10. gr.

Skoðunargerðir á skipum eru þrenns konar: aðalskoðun, aukaskoðun og skyndiskoðun.

Starfsmenn Siglingamálastofnunar annast alla skoðun samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim, eftir nánari ákvörðun siglingamálastjóra. Siglingamálastjóra er heimilt að fela öðrum hæfum aðilum að framkvæma einstaka þætti skoðunar.

11. gr.

Aðalskoðun skal fara fram við lokaúttekt nýsmíði og á hverju skipi árlega eða samkvæmt alþjóðareglum þegar það á við.

Siglingamálastofnun getur, þegar sérstakar ástæður mæla með því, veitt heimild til frestunar aðalskoðunar í allt að þrjá mánuði. Siglingamálastjóra er heimilt að fela slíka framlengingu öðrum opinberum aðila hverju sinni.

Við aðalskoðun skal athuga búnað skips og annað er lýtur að öryggi þess og áhafnar.

Sé skip í viðurkenndu flokkunarfélagi og gildu flokkunarskírteini er framvísað skal sú skoðun, sem fram fór á því til viðhalds á flokkuninni, talin fullnægjandi um styrkleika bols, eimkatla, vél- og rafbúnaðar, enda fullnægi skipið jafnframt þeim ákvæðum sem sérstaklega er mælt fyrir um í íslenskum lögum eða reglum varðandi þau atriði sem flokkunin tekur til.

12. gr.

Aukaskoðun skal fara fram á skipi sem hér segir:

1. Þegar skip hefur verið til viðgerðar vegna atriða, sem varða öryggi skips og/eða áhafnar.
2. Þegar eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, yfirvélstjóri eða meiri hluti skipverja krefjast skoðunar. Krafa skal vera skrifleg og rökstudd. Starfsmenn Siglingamálastofnunar ríkisins eru bundnir þagnarheiti um hver kært hefur nema kæran hafi reynst ástæðulaus. Þá skal Siglingamálastofnun gefa upp nafn kæranda ef útgerðarmaður krefst þess.
3. Þegar Siglingamálastofnun telur annars ástæðu til að rannsaka öryggi ákveðinna hluta skips eða búnaðar þess.

13. gr.

Skyndiskoðun er fyrirvaralaus skoðun á haffæri skips, einkum þegar skip kemur til hafnar eða fer úr höfn.

Siglingamálastofnun getur óskað aðstoðar Landhelgisgæslu Íslands við framkvæmd

skyndiskoðunar á skipum samkvæmt nánara samkomulagi þessara aðila sem staðfest er af ráðherra.

14. gr.

Synji siglingamálastjóri um skoðun þegar hennar er krafist í samræmi við 2. tölul. 13. gr., eða ef einhver þeirra aðila, sem þar um ræðir, getur ekki unað úrslitum skoðunargerðar, getur sá sem telur sig vanhaldinn stefnt ágreiningnum fyrir farbannsnefnd, sbr. 25. gr.

15. gr.

Hafi skoðun leitt í ljós að ákvæðum laga og reglna um smíði og búnað er fullnægt skal siglingamálastjóri, starfsmaður stofnunarinnar sem til þess hefur heimild frá siglingamálastjóra eða annar viðurkenndur aðili gefa út haffærisskírteini því til handa eða önnur jafngild skírteini samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykkta eftir því sem við á.

Á haffærisskírteini skal skráð nafn skips, skipaskrárnúmer, heimili, kallmerki, stærð skips samkvæmt gildandi reglum um mælingu skipa, smíðastaður og ár, nafn eiganda, umdæmisbókstafur fiskiskipa, að skip fullnægi þeim kröfum um öryggi skipa sem gerðar eru í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, gildissvið, gildistími og útgáfudagur.

Haffærisskírteini skal eigi gefið út til lengri tíma en eins árs. Siglingamálastofnun er þó heimilt að miða gildistíma skírteinis við almanaksmánuð að ári liðnu frá útgáfudegi skírteinis og gildir skírteinið þá til loka þess mánaðar.

Haffærisskírteini eða skoðunarvottorð skal fylgja skipsskjölum og skal sýnt við fyrstu árlegu lögskráningu eða við greiðslu slysatryggingargjalds skipverja þegar ekki er skylt að lögskrá á skipið, svo og þegar þess er krafist af starfsmönnum Siglingamálastofnunar, Landhelgisgæslu Íslands eða lögreglu.

Hafi skoðun leitt í ljós að kröfum um búnað og öryggi skipa er ekki fullnægt skal bætt úr því sem áfátt er. Ef ágallar eru þannig að eigi er unnt að bæta úr þeim þegar í stað en skipið getur þó siglt örugglega getur umdæmisstjóri veitt skipstjóra hæfilegan frest til úrbóta.

16. gr.

Skip skal telja óhaffært:

1. Hafi það ekki gilt haffærisskírteini eða önnur jafngild skírteini samkvæmt alþjóðasamþykktum.
2. Liggi það dýpra en hleðslumerki þess leyfa samkvæmt alþjóðasamþykktum eða reglum.
3. Sé bol þess, búnaði, vélum, tækjum eða skipshöfn svo áfátt eða skipið er af öðrum ástæðum svo á sig komið með tilliti til öryggis skipsins og þeirra manna sem skipinu fylgja að telja verður vegna sjóferðar þeirrar er skipið skal fara að hættulegra sé að vera í förum með það en venjulegt er.

17. gr.

Hafi skip lent í árekstri, tekið grunn eða annað að borið svo að ástæða sé til að ætla að skip sé óhaffært er skipstjóra skylt að láta skoða skipið á þeim stað er því verður fyrst

við komið. Starfsmenn Siglingamálastofnunar eða aðrir aðilar, sem stofnunin hefur viðurkennt, skulu framkvæma þá skoðun.

Þurfi að færa skip sem er óhaffært af slysstað eða úr höfn til viðgerðar eða nánari skoðunar skal Siglingamálastofnun ríkisins eða aðrir aðilar, sem stofnunin hefur viðurkennt, ákveða hvaða ráðstafanir skuli gerðar með tilliti til öryggis skipsins og þeirra manna sem skipinu fylgja.

18. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins annast eftirlit með því að fullnægt sé ákvæðum gildandi laga og reglna um öryggi skipa.

Þegar starfsmenn Siglingamálastofnunar eru að starfi hafa þeir rétt til þess að fara um borð í hvert skip sem statt er í íslenskri höfn eða innan íslenskrar landhelgi til þess að rannsaka það sem þeim ber samkvæmt stöðu sinni. Sama gildir um skip í smíðum.

Komi í ljós að ásigkomulag skips eða búnaður þess er ekki í samræmi við lög þessi, reglur eða önnur fyrirmæli getur Siglingamálastofnun fyrirskipað að úr því skuli bætt þegar í stað eða innan ákveðins frests.

Starfsmenn Siglingamálastofnunar skulu gæta þess að valda ekki óþarfa töfum á skipi né torvelda vinnu umfram nauðsyn.

Starfsmenn Siglingamálastofnunar skulu framvísa starfsskírteinum sé þess óskað.

Eigendur, útgerðarmenn, skipstjórar, vélstjórar og aðrir, sem starfa í umboði þeirra, skulu veita Siglingamálastofnun alla aðstoð og upplýsingar sem óskað er vegna eftirlits og öryggis skips, svo og upplýsingar um ástand skipsins sem varðar lög þessi og reglur settar samkvæmt þeim.

19. gr.

Löggæslumenn, hafnaryfirvöld, tollgæslumenn, trúnaðarmenn skipverja, starfsmenn tryggingafélaga eða lögskráningarstjórar, sem fá vitneskju um að lög þessi eða reglur settar samkvæmt þeim eru brotin eða telja sig hafa ástæðu til að ætla að skip sé ekki haffært, skulu tafarlaust gera næsta umdæmisstjóra Siglingamálastofnunar viðvart. Sama gildir um starfsmenn skipasmíðastöðva og verkstæða er þeir eru að starfi sínu, þó þannig að þeir skulu gera yfirmanni sínum viðvart.

IV. KAFLI
Farbann.

20. gr.

Hafi skip lagt úr höfn eða rökstuddur grunur leikur á því að leggja eigi skipi úr höfn án gilds haffærisskírteinis eða skip er annars óhaffært á ferð vegna ákvæða 2. og 3. tölul. 16. gr. skal leggja farbann á það.

Enn fremur skal leggja farbann á skip ef starfsmenn Siglingamálastofnunar eru hindraðir í störfum við framkvæmd eftirlits samkvæmt lögum þessum.

21. gr.

Siglingamálastjóri getur lagt farbann á skip. Einnig þeir starfsmenn Siglingamálastofnunar sem siglingamálstjóri hefur sérstaklega veitt til þess umboð. Skulu þeir tilkynna siglingamálastjóra þegar um farbann sem þeir leggja á.

22. gr.

Ákvörðun um farbann skal þegar í stað tilkynna skipstjóra og útgerðarmanni skriflega. Ástæður fyrir farbanni skulu tilgreindar, svo og skilyrði fyrir því að banni verði aflétt. Starfsmenn Siglingamálastofnunar geta óskað eftir því ef nauðsyn krefur að lögreglustjórar, hafnar- og tollyfirvöld á hverjum stað, svo og starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands, veiti þeim fulltingi við framkvæmd farbanns og ber þeim að verða við þeirri ósk.

23. gr.

Ef ástæður farbanns eru ekki lengur fyrir hendi skal farbanni aflétt þegar í stað.

Telji siglingamálastjóri að farbann, sem starfsmenn hans hafa lagt á, sé ekki á rökum reist, skal hann þegar í stað fella það úr gildi.

24. gr.

Útgerðarmaður skips og skipstjóri geta kært farbann til farbannsnefndar.

Samgönguráðherra skipar farbannsnefnd til þriggja ára í senn. Farbannsnefnd skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Formaður skal fullnægja almennum dómaraskilyrðum (hæstaréttardómara). Hinir fjórir nefndarmennirnir skulu búa yfir sérþekkingu á sviði siglinga eða skipatækni í samræmi við verksvið nefndarinnar. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur.

Úrskurði nefndarinnar verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

25. gr.

Verkefni farbannsnefndar eru:

1. Að úrskurða um gildi farbanns.
2. Að skera úr um hvort skoðun á skipi skuli fara fram, annast yfirskoðunargerðir og kveðja til yfirskoðunarmenn, sbr. 14. gr. laganna.

Kæra til siglingadóms frestar ekki réttaráhrifum úrskurðar nefndarinnar.

V. KAFLI
Siglingadómur.

26. gr.

Siglingadómur hefur aðsetur í Reykjavík og er skipaður þannig:

Dómsmálaráðherra skipar formann dómsins og varaformann til þriggja ára í senn. Þeir skulu fullnægja sömu skilyrðum og hæstaréttardómarar.

Dómsmálaráðherra skipar sex meðdómendur og þrjá varameðdómendur til þriggja ára í senn. Þeir skulu fullnægja skilyrðum sem hér segir:

1. Tveir skulu vera eða hafa verið á síðastliðnum fimm árum starfandi skipstjórar, annar þeirra á kaupskipi.
2. Tveir skulu vera eða hafa verið á síðastliðnum fimm árum starfandi yfirvélstjórar á skipi.
3. Tveir skulu vera sérfróðir um hönnun og smíði skipa.

Einn varamann skal skipa fyrir hvert starfssvið.

Starfsmenn Siglingamálastofnunar ríkisins geta ekki verið dómendur.

Dómendur siglingadóms skulu, auk framangreindra skilyrða, fullnægja kröfum sem gerðar eru um almenn og sérstök dómaraskilyrði samkvæmt lögum.

Í meðferð hvers máls taka þátt fimm dómendur, formaður dómsins ásamt fjórum öðr-

um dómendum, sem formaður dómsins kveður til hverju sinni eftir því hverrar sérþekkingar er þörf.

27. gr.

Verkefni siglingadóms eru að skera úr um kærur vegna úrskurða farbannsnefndar, sbr. 25. gr.

28. gr.

Um refsimál, sem höfðað er út af brotum á lögum þessum, fer að hætti opinberra mála. Tveir sérfróðir meðdómendur skulu skipa sakadóm, auk eins sakadómara.

Áður en saksóknari ákveður höfðun opinbers máls út af brotum á lögum þessum skal hann jafnan leita umsagnar siglingamálastjóra. Ber siglingamálastjóra að láta í té rökstudda umsögn svo fljótt sem verða má.

Dómstólar skulu láta samgönguráðuneyti og Siglingamálastofnun í té eftirrit dóma, dómsgerða og annarra gagna í málum út af brotum á lögum þessum.

29. gr.

Málum, sem höfðuð eru skv. 14. eða 20. gr. laga þessara, skal hraða svo sem kostur er. Úrskurðir siglingadóms, sem skulu vera rökstuddir, eru endanlegir og verður ekki áfrýjað.

Frestir reiknast sem aðilar væru búsettir innan sömu þinghár. Um málið fer að öðru leyti sem venjulegt einkamál.

30. gr.

Allur kostnaður við siglingadóm, þar með talin þóknun til dómenda, greiðist úr ríkissjóði eftir ákvörðun dómsmálaráðherra.

Formaður dómsins skal láta gefa út úrskurði siglingadóms í nafni dómsins.

VI. KAFLI
Gjöld.

31. gr.

Fyrir skoðun á skipum og búnaði þeirra, mælingu á skipum, útgáfu skírteina, samþykkt smíðalýsinga og teikninga og aðra skoðun, sem starfsmenn Sigligamálastofnunar ríkisins framkvæma, skal eigandi greiða gjöld til ríkissjóðs samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. Eigandi skips skal greiða árlega skipagjald sem taki mið af því hvort skip er flokkað hjá Siglingamálastofnun ríkisins eða viðurkenndu flokkunarfélagi.

Gjöldum skv. 1. mgr. fylgir lögveð í skipi, jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi í eitt ár frá því er gjald var kræft.

Siglingamálastofnun er heimilt að halda eftir haffærisskírteini eða öðrum jafngildum skírteinum samkvæmt alþjóðasamþykktum að lokinni skoðun ef gjöld skv. 1. mgr. eru ekki greidd.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um gjald fyrir skoðun og þjónustu sem aðrir þar til bærir aðilar framkvæma og veita.

VII. KAFLI
Um refsingar, sviptingu réttinda o.fl.

32. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum settum settum samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru.

33. gr.

Um brot skv. 32. gr. skal beitt reglum almennra hegningarlaga um hlutdeild.

Nú er brot framið með verknaði sem refsiverður er samkvæmt almennum hegningarlögum og skal þá einnig beita viðeigandi ákvæðum þeirra.

34. gr.

Þegar um brot er að ræða og sérstaklega miklar sakir eru má svipta sökunaut rétti til skipstjórnar, stýrimennsku, vélstjórnar eða fjarskiptastarfa um ákveðinn tíma en eigi skemur en þrjá mánuði.

Nú er brot að öðru leyti sérstaklega stórfellt eða ítrekað og skal þá beita réttindasviptingu eigi skemur en sex mánuði og allt að fimm árum eða ævilangt.

35. gr.

Svipting réttinda skv. 34. gr. skal gerð með dómi.

Dómari skal tilkynna öllum lögreglustjórum á landinu um réttindasviptingu, en réttindaskírteini skal afhent samgönguráðuneyti.

Þegar tvö ár hið minnsta eru liðin frá því að réttindasvipting var dæmd getur samgönguráðherra, ef sérstakar ástæður mæla með því, veitt dómfellda réttindin aftur enda þótt sá tími, sem tilgreindur er í dóminum, sé eigi liðinn.

36. gr.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Dómara er heimilt að ákveða að þeim fylgi lögveð í skipi og búnaði þess, jafnsett fyrir lestagjaldi.

Aðför skal reynd fyrir sekt áður en til afplánunar kemur.

37. gr.

Lög þessi raska í engu ákvæðum áfengislaga að því er snertir viðurlög ef menn eru undir áhrifum áfengis við störf sín.

VIII. KAFLI
Um gildistöku laganna o.fl.

38. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 51 30. mars 1987, 9. gr. laga nr. 20 30. apríl 1986, svo og önnur þau ákvæði sem eigi fá samrýmst lögum þessum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem samgönguráðherra skipaði til að endurskoða lög nr. 51/1987, um eftirlit með skipum. Í nefndinni áttu sæti Ragnhildur Hjaltadóttir skrifstofustjóri, formaður, Einar Hermannsson, fulltrúi Sambands íslenskra kaupskipa-

útgerða, Helgi Laxdal, varaforseti FFSÍ, Jónas Haraldsson, skrifstofustjóri LÍÚ, og Magnús Jóhannesson, siglingamálastjóri.

Með gildandi lögum um eftirlit með skipum var leitast við að færa lagaákvæði um þetta efni til samræmis við nútímaaðstæður um leið og þau voru einfölduð. Ýmis ákvæði laga um eftirlit með skipum hafa sætt gagnrýni og töldu ýmsir hagsmunaaðilar að fleiri breytinga væri þörf en þeirra sem gerðar voru með gildandi lögum. Samgönguráðherra tók því ákvörðun um endurskoðun laganna.

Við samningu þessa frumvarps hefur nefndin haft til athugunar löggjöf Danmerkur og Noregs um öryggi skipa og hefur ýmislegt úr þeirri löggjöf verið haft til hliðsjónar. Nefndin hefur kallað til sín og leitað álits annarra aðila, t.d. formann réttarfarsnefndar og formann siglingadóms vegna ákvæða um siglingadóm og ríkissaksóknara vegna refsiákvæða.

Veigamiklar breytingar eru gerðar á nokkrum aðalþáttum laganna, ákvæðum um haffæri skipa, hámarksaldur innfluttra skipa, farbann og siglingadóm, auk þess sem aukin áhersla er lögð á mengunarvarnir í skipum og aðbúnað og hollustuhætti. Uppsetning laganna er frábrugðin gildandi lögum, og er leitast við að raða saman efnislega skyldum ákvæðum og fylgja réttri tímaröð, allt frá því skip er smíðað.

Vísast nánar til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Stærðarmörk skipa eru óbreytt frá gildandi lögum og í samræmi við lög um skráningu skipa. Gildissviðið er hins vegar takmarkað við skip sem notuð eru á sjó. Er það gert til að undanskilja vatnabáta sem ekki eru notaðir í atvinnuskyni. Hins vegar er reiknað með að bátar á vötnum sem notaðir eru í atvinnuskyni, svo sem farþegaskip, vinnu- og dýpkunarskip á vötnum verði eftirlitsskyld og ráðherra setji reglur þar að lútandi. Það er einnig nýmæli að lögin gilda um öll farþegaskip án tillits til stærðar.

Hér er lagt til að felld verði niður 2. mgr. gildandi laga um að lögin gildi um erlend skip sem íslenskir ríkisborgarar hafa á leigu ef þau eru gerð út hér eða í förum hingað eða héðan með íslenskri áhöfn. Ákvæðið kom inn í lögin um eftirlit með skipum frá 68/1947. Í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga segir að ákvæðið takmarkist að sjálfsögðu af samningum sem gerðir hafi verið við önnur ríki og alþjóðasamningum, en ljóst sé að ákvæðið geti orðið erfitt í framkvæmd. Síðan segir: „Tilgangurinn er sá að sporna við því að skip, sem ekki fullnægja settum reglum, séu leigð í því skyni að fara í kringum lögin."

Það er álit nefndarinnar sem þetta frumvarp samdi að útilokað sé að gera efnislegar kröfur um haffæri erlendra skipa vegna þess eins að áhöfn þeirra sé íslensk. Hins vegar sé eðlilegt að ráðherra geti ákveðið að erlend skip sem leiti hafnar eða komi í íslenska lögsögu lúti sömu reglum og íslensk skip eftir því sem ástæða er talin til. Rétt er að benda á að samkvæmt öllum alþjóðasáttmálum um siglingar, sem Ísland hefur fullgilt (t.d. MARPOL og SOLAS) eru „hafnarríkjum" veitt umfangsmiklar heimildir til eftirlits með erlendum skipum sem taka höfn hjá viðkomandi „hafnarríki".

Um 2. gr.

Hér eru skýrð nokkur orð sem máli skipta í lögunum.

Orðskýringarnar eru að mestu leyti í samræmi við ákvæði 2. gr. gildandi laga en hér er bætt inn skýringu á kaupskipi.

Um II. kafla.

Í þessum kafla er skipað ákvæðum um gerð og búnað, smíði, innflutning og breytingar og hleðslu skipa, sem eru í V. og VI. kafla gildandi laga. Kaflinn er þó í nokkrum verulegum atriðum frábrugðinn gildandi lögum og vísast þar um til athugasemda við einstakar greinar hans.

Um 3. gr.

1. mgr. er nýmæli, en sambærilegt ákvæði er að finna í dönsku lögunum um öryggi skipa. Þetta er almenn efnisregla, yfirlýsing um að sérhvert skip skuli smíðað og búið á öruggan hátt með tilliti til þeirra verkefna sem því er ætlað á hverjum tíma.

2. mgr. kemur að nokkru í stað 17. gr. gildandi laga, en þar er talið nákvæmlega upp hvaða skilyrðum skip þurfa að fullnægja varðandi smíði og búnað. Hér er lagt til að einungis verði lögfest almenn skylda til að hafa þann búnað sem nauðsynlegur er til að tryggja öryggi skips og skipverja, en ráðherra setur frekari reglur um einstakar kröfur þar að lútandi. Gildir það jafnt um smíði og búnað skipa sem um stöðugleika þeirra, sbr. 5. mgr.

4. mgr., sem kveður á um að skip skuli smíðuð og búin með tilliti til varna gegn umhverfismengun, er nýmæli, en er í samræmi við aukna áherslu á mengunarvarnir um borð í skipum. Mengunarvarnir á sjó eru svo nátengdar öðrum öryggismálum skipa og sæfarenda að rétt þykir að skipa ákvæðinu í þessi lög. Með mengun umhverfis er fyrst og fremst átt við sjávarmengun og loftmengun.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði almenn heimild fyrir ráðherra til að setja reglur um aðbúnað og vinnuaðstöðu skipverja. Greinin er að nokkru leyti í samræmi við 1. tölul. E 17. gr. gildandi laga, en mun rýmri.

Almennu lögin um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda ekki um skip og skipverja. Þar af leiðandi er nauðsynlegt að hafa ákvæði í lögum um eftirlit með skipum um vinnuumhverfi skipverja. Markmiðið er að sjálfsögðu að vernda heilsufar og tryggja viðunandi vinnuaðstöðu skipverja og einnig að settar verði reglur um framkvæmd þessa markmiðs. Með síðasta málslið greinarinnar er lagt til að settar verði reglur um þetta efni samkvæmt alþjóðlegum stöðlum.

Um 5. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli í lögum. Það er þó í samræmi við framkvæmd þessara mála, enda er oft illframkvæmanlegt að láta nýjar kröfur gilda um skip sem búið er að smíða. Þessi heimild gildir þó því aðeins að öryggi skips og áhafnar sé tryggt.

Þess má geta í lögum nr. 78/1938 var atvinnumálaráðherra heimilað að „gera vægari kröfur en reglur þær, sem nú gilda, gera almennt um skip, sem eru íslenzk eign eða voru í smíðum fyrir íslenzkan reikning fyrir 1. júlí 1922, þó ekki um haffæri skipsins, ferðabúnað þess né lífsöryggi manna". Þarna er lögfest sama meginregla, þ.e. að heimilt sé að gera aðrar kröfur til eldri skipa en nýrra. Þessi meginregla er enn fremur í samræmi við hliðstæð ákvæði í nágrannalöndunum og víðar hjá siglingaþjóðum.

Um 6. gr.

Um nýsmíði skipa fjallar 19. gr. gildandi laga og er hér lagt til að hún verði áfram að mestu efnislega óbreytt, þ.e. nýsmíði er háð eftirliti Siglingamálastofnunar og stofnuninni skal tilkynnt um smíði. Hins vegar er nokkrum form- og ábyrgðarreglum breytt:

1. Eigandi skips er gerður ábyrgur fyrir tilkynningu til Siglingamálastofnunar um nýsmíði hvort sem skip er smíðað hér á landi eða erlendis. Sá sem tekið hefur að sér smíði skips þar með taldar erlendar skipasmíðastöðvar, er hins vegar áfram ábyrgur fyrir að senda stofnuninni teikningar og önnur nauðsynleg gögn.
2. Krafa um að uppdrættir skuli vera í þríriti er felld niður, en siglingamálastjóra falið að setja skilyrði um framlögð gögn.
3. Samkvæmt 2. mgr. er einungis eiganda heimilt að fela viðurkenndu flokkunarfélagi eftirlit með smíði skips, en samkvæmt gildandi lögum hafa skipasmiðir og Siglingamálastofnun einnig þessa heimild. Það er eðlilegt að eigandi skipsins einn ákveði hvar skip er flokkað.

Vísun til tréskipa er felld niður þar sem settar hafa verið samnorrænar reglur um smíði tréskipa.

Um 7. gr.

Greinin er í samræmi við 20. gr. gildandi laga með mikilvægri undantekningu. Meiri háttar breytingar eru nú tengdar sjóhæfni og öryggi skipsins, þ.e. samþykki Siglingamálastofnunar er krafist þegar breytingar á skipi hafa áhrif á mælingu, sjóhæfni og öryggi, en ekki eingöngu breytingar á stærð skipsins eins og áður. Auk meiri háttar breytinga, svo sem stækkunar, lengingar, yfirbyggingar, nýrrar brúar falla undir ákvæðið breytingar sem hafa áhrif á stöðugleika skips, svo sem veiðarfærabúnaður, toggálgar, togspil o.s.frv.

Greinin heimilar enn fremur Siglingamálastofnun að veita umboð til hæfs aðila til þess að annast samþykki og eftirlit með breytingum skipa. Slíkir aðilar eru t.d. flokkunarfélög, sem viðurkennd eru hérlendis.

Um 8. gr.

1. mgr. er efnislega samhljóða 1., 2. og 1. málsl. 3. mgr. 20. gr. gildandi laga, en nokkuð einfölduð.

Greinin gildir um skip sem flutt eru til landsins fullsmíðuð. Láti íslenskur aðili smíða skip erlendis eða kaupi slíkt skip í smíðum gilda ákvæði 6. gr. frumvarpsins.

Lagaákvæði um hámarksaldur innfluttra skipa var upphaflega sett af gefnu tilefni í lok kreppunnar. Í greinargerð með þessu ákvæði laga nr. 78/1938 segir svo:

„Að undanförnu hefir verið keypt nokkuð af gömlum skipum til landsins, og hefir það í flestum tilfellum orðið til efnalegs tjóns. Ekki þótti þó fært að fella niður þær undanþágur, sem fólust í eldri lögum, en hinsvegar bætt inn í greinina ákvæði um það, að banna að kaupa til landsins eldri skip en 12 ára. Samskonar ákvæði hafa aðrar þjóðir í sinni löggjöf."

Mikið hefur breyst síðan þessi grein var skrifuð. Á þessum tíma voru skrokkar skipa almennt „hnoðaðir", en eru nú rafsoðnir, skipastál var ákaflega lélegt í samanburði við skipastál síðustu áratuga og því endingarlítið. Hjúpun og endingargildi skipshluta hefur tekið stórfelldum framförum, enn fremur vélar og búnaður skipa Samkvæmt upplýsingum frá Lloyds Register of Shipping er núverandi meðalaldur kaupskipaflota heimsins

u.þ.b. 16 ár og er talið fyrirsjáanlegt að hann muni hækka nokkuð enn á næstu árum. Almennar viðmiðanir um líftíma kaupskipa hafa hækkað á sama tíma úr 20 í 25–30 ár. Sambærilegar tölur fyrir fiskiskip sýna svipaða þróun.

Í Noregi er hámarksaldur innfluttra skipa 20 ár, en engar reglur gilda um þetta í Danmörku og Svíþjóð. Í fyrirliggjandi tillögum Efnahagsbandalags Evrópu um sameiginlega skráningu kaupskipa allra bandalagsríkjanna er miðað við 20 ára hámarksaldur við innflutning skipa.

Í ljósi ofanritaðs leggur nefndin til að aldurshámark allra skipa verði hækkað úr 12 árum í 15 ár í samræmi við þróun í smíði, búnaði og endurbyggingu skipa. Ástæðan fyrir þessari breytingu er m.a. sú að 12 ára skip eru almennt í mun betra ástandi nú en slík skip þegar þetta ákvæði var upphaflega sett.

Þessu til viðbótar er heimildarákvæði fyrir Siglingamálastofnun um innflutning kaupskipa ákveðinnar stærðar dýpkunarskipa og rannsóknaskipa allt að 21 árs. Þótt aldursákvæðin séu nokkuð strangari en í nágrannalöndum okkar og víðar er samstaða í nefndinni um þetta. Kaupskip eru undantekningarlaust flokkuð hjá alþjóðlegum flokkunarfélögum, sem gera kröfur um viðhald og skoðun þeirra samkvæmt alþjóðlega samræmdum stöðlum. Einnig eru reglur um búnað og öryggi kaupskipa samræmdar alþjóðlega og í meginatriðum þær sömu hérlendis og erlendis. Ekki eru til slíkar alþjóðlega samræmdar reglur um búnað og öryggi fiskiskipa. Af þessum ástæðum er ekki sama trygging fyrir byggingu, búnaði og öryggi erlendra fiskiskipa og fyrir kaupskip.

Að lokum er lagt til að reglan um hámarksaldur innfluttra skipa gildi ekki um skemmtiskip sem eingöngu eru ætluð til einkanota. Þessi skip verða þó að fullnægja reglum um smíði og búnað skemmtibáta.

Um III. kafla.

Um efni þessa kafla er nú fjallað í II., III. og IV. kafla gildandi laga. Ákvæðum er þó skipað á annan hátt hér og leitast við að gera ákvæðin skýrari og raða þeim upp í eðlilega tímaröð.

Um 9. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. gr. gildandi laga, en hér er lagt til að yfirvélstjórum verði bætt í hóp þeirra sem ábyrgð bera á að lögskipaðar skoðunargerðir fari fram. Er það m.a. gert til samræmis við 53. gr. sjómannalaga þar sem segir að yfirvélstjóri beri ábyrgð á fyrirskipuðum skoðunum og eftirliti á vélbúnaði skipsins.

Um 10. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 8. og 9. gr. gildandi laga. Hér er þó bætt inn heimild siglingamálastjóra til að fela öðrum hæfum aðilum að framkvæma einstaka þætti skoðunar að fengnu samþykki ráðherra. Hér er m.a. átt við skoðun á einstaka búnaði skips, t.d. gúmmíbjörgunarbátum, sleppibúnaði björgunarbáta, slökkvitækja o.s.frv. Heimildin nær einnig til skoðunar alþjóðlegra flokkunarfélaga samkvæmt alþjóðasamþykktum.

Um 11. gr.

Greinin kveður á um hvenær aðalskoðun á að fara fram.

2. mgr. um heimild til frestunar aðalskoðunar á t.d. við þegar skoðun verður ekki við

komið af tæknilegum ástæðum og ekki er ástæða til að ætla að skip sé ekki haffært. Siglingamálastjóra er einnig heimilað að fela slíka framlengingu öðrum opinberum aðila hverju sinni. Hér er fyrst og fremst átt við sýslumenn og bæjarfógeta, sendiráð og ræðismenn.

3. mgr. er samhljóða 1. mgr. 11. gr. gildandi laga en bætt er inn „og áhafnar".

4. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 11. gr. gildandi laga en leiðrétt rangmæli þar sem segir að skoðun fari fram til endurnýjunar á flokkun. Flokkun er ótímabundin, en með skilyrðum um ákveðnar skoðanir til að halda þeim í gildi. Skoðunin fer því fram til viðhalds flokkuninni.

Um 12. gr.

Um aukaskoðun er fjallað í 14. gr. gildandi laga, en þessi grein er nokkuð frábrugðin.

Samkvæmt 1. tölul. skal aukaskoðun fara fram á skipi þegar það hefur verið til viðgerðar vegna atriða sem varða öryggi skips og/eða áhafnar, en í gildandi lögum er einungis rætt um viðgerð. Hér er t.d. átt við viðgerð á veiðarfærabúnaði togbúnaði, en hér mun mat skipstjóra ráða mestu um hvenær þörf er á aukaskoðun samkvæmt þessum tölulið.

2. tölul. Aðilar sem krafist geta aukaskoðunar eru þeir sömu og í gildandi lögum með tveimur frávikum: vélstjóri verður yfirvélstjóri og einstakir skipverjar eða stjórn stéttarfélags þeirra verður meiri hluti skipverja. Er þessi breyting gerð til samræmis við ákvæði 53. og 63. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985.

Sú breyting er gerð á 3. tölul. að mat á því hvort annars sé ástæða til aukaskoðunar er lagt í hendur Siglingamálastofnunar ríkisins.

Um 13. gr.

1. mgr. er nýmæli.

Hér er í fyrsta sinn gerð tilraun til skilgreiningar á skyndiskoðun og er hún í samræmi við framkvæmd Siglingamálastofnunar á skyndiskoðunum.

2. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 9. gr. gildandi laga um Sigligamálastofnun ríkisins og getur Siglingamálastofnun ríkisins óskað eftir aðstoð Landhelgisgæslu Íslands við framkvæmd skyndiskoðunar eins og gert hefur verið.

Um 14. gr.

Hér er um verulega breytingu að ræða frá 16. gr. gildandi laga, sem fjallar um sama efni. Samkvæmt þeirri grein má skjóta ágreiningi um skoðun til siglingadóms.

Hér er lagt til að skipuð verði sérstök farbannsnefnd sem úrskurðar í slíkum málum. Úrskurði hennar má síðan kæra til siglingadóms. Nánar verður fjallað um farbannsnefnd í athugasemdum með 26. og 27. gr.

Um 15. gr.

1. mgr. er í samræmi við 12. gr. gildandi laga, en þar er talað um að skoðun hafi leitt í ljós að skip sé haffært. Í haffæri skipa felst ýmislegt annað en skoðað er, t.d. hvort skipshöfn sé áfátt, og því hljóðar greinin á þá leið að skoðun hafi leitt í ljós að ákvæðum laga og reglna um smíði og búnað sé fullnægt. Í greininni er nýmæli um önnur jafngild skírteini samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykkta eftir því sem við á. Jafngild skír-

teini íslensks haffærisskírteinis á kaupskipum eru samkvæmt alþjóðasáttmálum: öryggisbúnaðarskírteini, smíðaöryggisskírteini, öryggisfjarskiptaskírteini, hleðslumerkjaskírteini, mengunarvarnaskírteini o.s.frv.

2. mgr. sem fjallar um haffærisskírteini er að mestu samhljóða 1. mgr. 13. gr. gildandi laga, en lagt er til að skipaskrárnúmers og gildissviðs verði einnig getið á skírteininu.

3. mgr. kveður á um gildistíma haffærisskírteinis. Meginreglan er sú að haffærisskírteini gildi í eitt ár. Heimilt er að gefa skírteini út til skemmri tíma en eins árs, t.d. ef eigandi skips fær frest til að lagfæra ágalla. Gildistími getur einnig farið í 13 mánuði þegar sérstakar ástæður mæla með því. Ef haffærisskírteini rennur út þegar skip er á ferð skal því heimilt að ljúka ferðinni áður en skip er fært til skoðunar til endurnýjunar haffærisskírteinis.

Í 4. mgr. er fækkað þeim tilvikum sem sýna ber haffærisskírteini sem kemur að sjálfsögðu ekki í veg fyrir að önnur lög kveði á um framvísun haffærisskírteinis. Hér er átt við tollafgreiðslur skips og greiðslu tryggingaiðgjalds skips. Enn fremur er einungis skylt að sýna haffærisskírteini við fyrstu árlegu skráningu á skip og er það í samræmi við ákvæði laga um lögskráningu. Bætt er inn heimild til handa Landhelgisgæslu Íslands til að krefjast haffærisskírteinis eða skoðunarvottorðs.

5. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. og 1. málsl. 3. mgr. 15. gr. gildandi laga.

Um 16. gr.

Í grein þessari er að finna heildarákvæði um það hvenær skip telst óhaffært.

Í fyrsta lagi telst skip óhaffært ef það hefur eigi gild skírteini þau sem greinin telur. Gildir þetta hvort sem skip er óhaffært (eigi öruggt til siglingar) í raun eða ekki.

Í öðru lagi telst skip óhaffært ef það liggur dýpra en hleðslumerki þess leyfa samkvæmt alþjóðasamþykktum.

Í þriðja lagi telst skip óhaffært ef svo er ástatt sem í 3. tölul. greinarinnar segir. Hér er tekinn af allur vafi um það að til þess að skip teljist óhaffært í merkingu 3. tölul. þarf skip að vera raunverulega óhaffært, þ.e. óhaffært í efnislegri merkingu. Hér yrði að athuga hvert tilvik fyrir sig, hvort skipi eða skipshöfn stafi hætta af því að fara í ferð þá sem það skal fara eða er í.

Sjóferð samkvæmt greininni er allur sá tími sem skipið er ekki bundið við bryggju eða legufæri.

Um 17. gr.

1. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 5. gr. gildandi laga, en orðalagsbreytingar eru nokkrar. Sama er að segja um 2. mgr., en hún er efnislega samhljóða 4. mgr. 5. gr.

Rétt þótti að hafa þessi ákvæði í sömu grein, enda svipuð efnislega.

Um 18. gr.

Þessi grein fjallar um hverjir annast eftirlitið og réttindi og skyldur starfsmanna Siglingamálastofnunar ríkisins við framkvæmd þessa eftirlits. Um skipulag Siglingamálastofnunar, hlutverk hennar, skipun starfsmanna og önnur atriði sem að henni lúta, vísast til laga um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20/1986. 1. mgr. greinarinnar er í samræmi við 2. tölul. 2. gr. laganna og 2., 3. og 6. mgr. greinarinnar eru samhljóða ákvæðum 9. gr. þeirra laga.

Hér er lagt til að hluta af 6. gr. gildandi laga um eftirlit með skipum sem fjallar um framkvæmd eftirlitisins verði skipað annars staðar í frumvarpinu (heimild til skyndiskoðunar og bráðabirgðasviptingar haffærisskírteinis).

Um efni síðustu málsgreinar er nú fjallað í 9. gr. laganna um Siglingamálastofnun, en hér er bætt inn almennri upplýsingaskyldu þargreindra aðila um ástand skipsins. Hér er fyrst og fremst átt við ef þessum aðilum er kunnugt um einhverja ágalla sem máli skipta, enda varði þeir atriði sem skoðun og eftirlit Siglingamálastofnunar beinist að.

Um 19. gr.

Upplýsingaskylda sú sem hér er um rætt er lögfest í 7. gr. gildandi laga. Þó eru hér gerðar auknar kröfur til áreiðanleika upplýsinganna því að þargreindir aðilar þurfa að hafa rökstuddan grun um brot gegn lögunum eða reglum, en samkvæmt gildandi lögum nægir að þeir verði varir við það eða telji sig hafa ástæðu til. Verður að telja þetta réttmæta og eðlilega breytingu þar sem afleiðingar slíkrar umkvörtunar sem hér um ræðir getur haft ýmist óhagræði í för með sér fyrir eigendur skips.

Um IV. kafla.

Þessi kafli fjallar um hvenær farbann verður lagt á skip, hverjir hafa heimild til þess og réttarúrræði þeirra sem telja farbann ekki á rökum reist. Ákvæði um farbann eru hér gerð skýrari og ótvíræðari en í gildandi lögum. Enn fremur er gerð sú veigamikla breyting að heimilt verður að kæra farbann til farbannsnefndar sem skipuð verður af ráðherra.

Kaflinn er efnislega í samræmi við ákvæði dönsku laganna um öryggi skipa þó ýmsu sé breytt til samræmis við íslenska staðhætti.

Um 20. gr.

Í greininni er það nýmæli að heimilt er að leggja farbann á skip ef starfsmenn Siglingamálastofnunar eru hindraðir í störfum við framkvæmd eftirlits samkvæmt lögunum og reglum settum samkvæmt þeim. Er það í samræmi við ákvæði dönsku laganna um öryggi skipa.

Um 21. gr.

Samkvæmt greininni geta einungis siglingamálastjóri og þar til bærir starfmenn Siglingamálastofnunar lagt farbann á skip. Ákvörðun um farbann hefur ávallt alvarlegar afleiðingar fyrir rekstur skips, og því er nauðsynlegt að hafa skýr ákvæði um hver hefur heimild til að leggja farbann á skip.

Um 22. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. mgr. 26. gr. gildandi laga. Nefndin taldi rétt að hafa áfram í lögum ákvæði um að tilkynna skuli skipstjóra og útgerðarmanni skriflega og rökstutt um farbann.

Um 23. gr.

1. mgr. er nýmæli sem skýrir sig sjálft.

2. mgr. mælir svo fyrir að farbann, sem þar til bærir starfsmenn Siglingamálastofnunar hafa lagt á, verður að bera undir siglingamálastjóra svo fljótt sem auðið er eins og fyrir er mælt í 21. gr.. Kveður hann endanlega á um það af hálfu stofnunarinnar.

Um 24. gr.

1. mgr. er nýmæli, sem segir að útgerðarmaður og skipstjóri geti kært farbann til farbannsnefndar. Samkvæmt gildandi lögum er eingöngu heimilt að kæra farbann til siglingadóms, og er dómur hans hér að lútandi endanlegur.

Skipun farbannsnefndar er nýmæli en samkvæmt dönskum lögum er heimilt að kæra ákvörðun Sigligamálastofnunar til „tilbageholdelsesnævn". Ákvæði frumvarpsins um skipan nefndarinnar og verkefni eru í samræmi við ákvæði þeirra laga.

Ákvörðun um farbann er ráðstöfun sem getur haft mikla fjárhagslega þýðingu og því er nauðsynlegt að skorið verði úr um gildi farbanns svo fljótt sem auðið er. Í dag er ákvörðun Siglingamálastofnunar kæranleg til siglingadóms eins og áður segir. Það leiðir af eðli dómstóla og lagaákvæðum, sem um þá gilda, að meðferð mála er ítarlegri og seinlegri en hjá stjórnskipuðum nefndum. Samsetning nefndarinnar ætti að tryggja bæði hlutlægni og fagleg vinnubrögð, en nánari reglur um starfsemi nefndarinnar verða settar af ráðherra.

Úrskurði nefndarinnar verður ekki skotið til æðra stjórnvalds. Þeir eru því aðeins kæranlegir til siglingadóms.

Um 25. gr.

Hér eru talin upp verkefni farbannsnefndar.

Í 2. mgr. er tekið fram að kæra til siglingadóms fresti ekki réttaráhrifum úrskurðar nefndarinnar.

Um V. kafla.

Siglingadómur var fyrst í lög leiddur með lögum nr. 68/1947. Ákvæði um dóminn voru sniðin eftir siglingadómi Hollendinga, en að því er innlendar fyrirmyndir snerti var Félagsdómur hafður í huga. Nefndin sem samdi frumvarpið til þeirra laga sagði í greinargerð með frumvarpinu að tilgangi siglingadóms yrði einnig náð með því að fela almennum sjódómum verkefni siglingadóms, eins og t.d. hjá Norðmönnum, en niðurstaðan var eins og áður er getið að settur var á fót siglingadómur. Siglingadómur var talsvert frábrugðinn því sem er í dag. Skipaeftirlitinu var t.d. fengið ákæruvald hins opinbera í hendur að því er til sjólsysa tók og brota á lögunum.

Verkefni dómsins var að annast yfirskoðunargerðir, að skera úr um gildi farbanns, að dæma og eftir atvikum rannsaka refsimál sem höfðuð voru að tilhlutan skipaskoðunarstjóra út af sjóslysum eða brotum á lögunum og enn fremur að skera úr um gjaldskyldu og gjaldupphæð þegar gjaldandi taldi gjald ranglega krafið.

Með lögunum um eftirlit með skipum, nr. 52/1970, voru gerðar eftirfarandi breytingar helstar á dóminum:

Rannsókn og dómsvald í opinberum málum út af sjóslysum og brotum á lögum um eftirlit skipa var fært til almennra sjódóma, en saksóknara var heimilað heimilað að ákveða þegar um sérstaklega mikilvæg mál var að ræða að þau yrðu dæmd af siglingadómi.

Fellt var niður úrskurðarvald siglingadóms í málum um gjaldskyldu og gjaldupphæð, enda yrðu slík mál væntanlega útkljáð fyrir almennum dómstólum.

Verkefni siglingadóms í dag eru því þrenns konar:

1. að skera úr um hvort skoðun skuli fara fram á skipi, annast yfirskoðunargerðir og kveðja yfirskoðunarmenn,

2. að skera úr um hvort farbann skuli lagt á skip og dæma um gildi farbanns,
3. að fara með dómstörf í opinberu málum út af sjóslysum eða brotum á lögunum ef saksóknari telur sérstaklega mikilvæg. Í því tilviki ber saksóknara jafnan að leita umsagnar siglingamálastjóra sem láta skal í té rökstudda umsögn og tillögur svo fljótt sem verða má.

Á undanförnum árum hefur verið talsverð umræða um sérdómstóla hlutverk þeirra og tilgang. Hafa margir verið þeirrar skoðunar að þá beri að leggja niður og fjalla um mál þau sem þeir fara með hjá almennum dómstólum með sérfróðum meðdómendum. Í grein sem Hrafn Bragason, núverandi hæstaréttardómari, skrifaði í Úlfljót 1. tbl. 1973, segir m.a.:

„Þeir sem eru fylgjandi því að leggja niður sjó- og verzlunardóm og siglingadóm telja að með þessu megi auðvelda og hraða meðferð mála og gera hana ódýrari án þess að meðferð þeirra verði óvandaðri. Miðað við núverandi ástand gæti þessi tilhögun aukið og auðveldað notkun lögreglu til upplýsingar þessara mála, en til dæmis hér í Reykjavík er á því nauðsyn."

Nefndin, sem frumvarp þetta samdi, leitaði álits réttarfarsnefndar á því hvort nefndin telji rétt að hafa ákvæði um siglingadóm áfram í lögum eða hvort leggja eigi dóminn niður og fjalla um þau mál, sem dómurinn fer nú með, af almennu dómstólunum. Í skriflegu svari nefndarinnar kom fram að það væri einróma álit nefndarmanna að rétt sé að leggja dómstólinn niður og dæma þau mál, sem undir hann heyra, við almennu dómstólana með sérfróðum meðdómendum.

Talsverðar umræður urðu í nefndinni um réttmæti siglingadóms og tengdist hún umfjöllun um gildi sérdómstóla almennt. Nefndin var öll sammála um þá niðurstöðu sem hér er lagt til að verði lögfest.

Það má færa fyrir því gild rök að svo miklir hagsmunir séu í húfi þegar úrskurða á um gildi farbanns og yfirskoðunargerðir að brýn nauðsyn sé á sérþekkingu á siglingum og skipum. Eins og að framan er getið er þetta eitt af veigamestu rökunum fyrir skipun farbannsnefndar. Reyndar má tryggja ákveðna sérþekkingu fyrir almennu dómstólunum með sérfróðum meðdómendum, en engu að síður telur nefndin að hagsmunir borgaranna séu betur tryggðir hjá siglingadómi sem er fastur dómstóll með sérfróðum mönnum bæði um siglingar og skipatækni. Þess má og geta að það er afar mikilvægt að samræmi sé í réttarframkvæmdinni og að einn og sami dómstóll fjalli um þessi mál. Mál þessarar tegundar eru ekki svo mörg að einn dómstóll geti ekki annast þau. Nefndin leggur því til að siglingadómur starfi áfram en fjalli einungis um farbann og skoðunargerðir.

Öðru máli gegnir um dómstörf í opinberum málum. Málum út af t.d. réttindasviptingu á að vera jafnvel borgið hjá almennum dómstólum og sérfróðum meðdómendum, enda ekki slíkur eðlismunur á slíkum málum og öðrum opinberum málum.

Um 26. gr.

Hér er lagt til að skipan dómsins verði breytt frá gildandi lögum. Skipan formanns og varaformanns er þó óbreytt. Meðdómendum er fækkað úr tólf í sex og skipunartími styttur úr sex árum í þrjú.

Fækkun dómenda er m.a. vegna breyttra starfshátta og aukinnar tæknivæðingar um borð í skipum. Kröfum um sérfræðiþekkingu á sviði siglinga og skipatækni á að vera fullnægt með þeirri skipan sem hér er lögð til, þ.e. fulltrúar skipstjórnar og vélstjórnar og sérfræðingar um hönnun og smíði skipa. Það er nýmæli að gerð er krafa um að menn séu

eða hafi verið á sl. fimm árum starfandi skip- eða vélstjórar.

Um 27. gr.

Hér er fjallað um verkefni siglingadóms og vísast til almennra athugasemda við kafla þennan.

Um 28. gr.

Eins og að framan greinir er hér lagt til að um refsimál verði fjallað hjá almennum dómstólum að hætti opinberra mála.

Það er nýmæli að samgönguráðuneyti skuli látið í té eftirrit dóma, dómsgerða og annarra gagna, en slíkt er eðlilegt með tilliti til þess að ráðuneytinu er afhent réttindaskírteini og samgönguráðherra er fengin heimild til endurveitingar réttinda að ákveðnum tíma liðnum.

Um 29. gr.

1. mgr. er efnislega samhljóða 1. og 2. mgr. 32. gr. gildandi laga.
2. mgr. um útgáfu úrskurða siglingadóms er nýmæli.

Um 30. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 33. gr. gildandi laga, en þó almennari.

Um 31. gr.

Um gjöld er fjallað í 34. gr. er grein þessi er talsvert frábrugðin.

Í fyrsta lagi er hér lagt til að lögfest verði ákvæði um árlegt skipagjald. Þetta gjald er lagt á öll skip sem skráð eru hér á landi án tillits til notkunar. Í gjaldinu er falin árleg skoðun, enda hefur gjald þetta verið nefnt skoðunargjald. Það hefur aftur á móti gefið tilefni til misskilnings og hafa þeir sem eiga skip sem ekki er í notkun ekki talið sér skylt að greiða gjaldið. Hér eru tekin af öll tvímæli um þetta atriði.

Í öðru lagi er ráðherra heimilað að setja reglugerð um gjald fyrir skoðun og þjónustu sem aðrir þar til bærir aðilar framkvæma.

Ákvæði 35. gr. gildandi laga fjallar um að gjaldandi geti kært til siglingamálastjóra telji hann gjald ranglega krafið. Nefndin telur að reikningur sem stofnunin gefur út sé með samþykki siglingamálastjóra og því sé kæruréttur til hans óeðlilegur. Gjaldandi getur hins vegar kært til ráðuneytisins og að sjálfsögðu til almennra dómstóla.

Um greiðslu lestagjalds er fjallað í hafnareglugerðum.

Um 32. gr.

Refsiákvæðin eru rúm og því mikið mat á hæð refsingar lagt á vald dómstólanna. Er slíkt óhjákvæmilegt þar sem um svo margvísleg og misjöfn brot er að ræða.

Lagt er til að felld verði niður upptalning á þeim sem taldir eru brjóta gegn lögunum, enda erfitt að hafa slíka upptalningu tæmandi.

Um 33. gr.

Samhljóða 37. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringar.

Um 34. gr.

Efnislega samhljóða 38. gr. gildandi laga.

Um 35. gr.

Hér eru þær breytingar helstar frá gildandi lögum að skýrt er kveðið á um að dómari skuli tilkynna öllum lögreglustjórum á landinu um réttindasviptingu og réttindaskírteini skal afhent samgönguráðuneytinu. Samkvæmt siglingalögum skal hlutaðeigandi dómstóll senda samgönguráðuneytinu skírteini og er þessi breyting til samræmi við það.

2. mgr. um endurveitingu réttinda í samræmi við 1. mgr. 40. gr. gildandi laga. Lagt er til að felld verði niður 2. mgr. 40. gr. sem kveður á um að endurveiting réttinda sé því aðeins heimil að siglingamálastjóri og siglingadómur mæli með því. Þetta skilyrði er ekki að finna í siglingalögum og er talið rétt að samræmi sé milli laganna um þetta atriði.

Um 36. gr.

Um þetta efni er fjallað í 41. gr. gildandi laga.

Hér er lagt til að dómari hafi um það vald til að ákveða hvort sektum fyrir brot gegn lögunum fylgi lögveð í skip, en í gildandi lögum er fortakslaust ákvæði um að svo skuli vera. Upphaflega hugsunin bak við ákvæðið var sú að brot sé venjulega drýgt eigendum skips til hagnaðar og oft með vitund þeirra án þess að sannað sé. Því þótti eðlilegt að tjón félli á hann. Nefndin telur slíka fortakslausa reglu ekki sanngjarna því brotamaður þarf ekki að vera eigandi né þarf eigandi að hagnast nokkuð af broti, t.d. þegar skipasmíðastöð brýtur gegn lögunum.

Lagt er til að 3. mgr. gildandi laga um að við ákvörðun sekta skuli hafa hliðsjón af efnahag skuldunautar verði fellt niður.

Um 37. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 38. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 346. Tillaga til þingsályktunar [239. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 21. desember 1990 eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 14. janúar 1991.

Ed. 347. Nefndarálit [214. mál]

um frv. til l. um breyt. á lánsfjárlögum fyrir árið 1990, nr. 116/1989.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Árna Þór Sigurðsson, formann stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna, Þórð G. Valdimarsson, framkvæmdastjóra LÍN, Hauk Hauksson aðstoðarflugmálastjóra og þá Halldór Árnason og Jón Ragnar Blöndal frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt án breytinga.

Alþingi, 18. des. 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm., með fyrirvara.
Jóhann Einvarðsson, fundaskr.
Skúli Alexandersson.

Eiður Guðnason.

Ed. 348. Nefndarálit [34. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fund hennar komu Bjarnveig Eiríksdóttir frá fjármálaráðuneytinu og Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri. Mælir meiri hl. nefndarinnar með samþykkt frumvarpsins án breytinga.

Alþingi, 18. des. 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.
Jóhann Einvarðsson, fundaskr.
Skúli Alexandersson.

Eiður Guðnason.
Guðrún J. Halldórsdóttir.

Ed. 349. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til l. um tímabundna lækkun tolls af bensíni.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í neðri deild.

Alþingi, 18. des. 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Eiður Guðnason.	Guðrún J. Halldórsdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.
	Halldór Blöndal.	

Sþ. 350. Beiðni um skýrslu [240. mál]

frá sjávarútvegsráðherra um úthlutun á fiskveiðiheimildum fyrir smábáta.

Með vísan til 30. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að sjávarútvegsráðherra flytji Alþingi skýrslu um úthlutun á fiskveiðiheimildum fyrir smábáta.

Í skýrslunni komi m.a. fram hvaða bátum, annars vegar milli 10 og 20 brúttólesta og hins vegar undir 10 brúttólestum, hafi verið haldið til veiða, hver hafi verið stærð þeirra og aflamark öll árin síðan 1984. Sérstaklega er beðið um, eftir að endanlegri úthlutun á aflaheimildum til smábáta er lokið, að gerð sé nákvæm grein fyrir tilraunaúthlutun þeirri til smábáta sem fram hefur farið, hverjar hafi verið aflaheimildir einstakra báta samkvæmt þeirri úthlutun og hvers eðlis þær leiðréttingar séu sem ráðuneytið hafi gert og hvers eðlis þær athugasemdir séu sem ekki hafa verið teknar til greina. Jafnframt er óskað upplýsinga um endanlega úthlutun til einstakra báta og að gerð sé grein fyrir þeim kaupum og sölum á bátum og fiskiskipum sem orðið hafa eða verða á árinu 1990.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs þings fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt á Alþingi.

Alþingi, 18. des. 1990.

Halldór Blöndal.	Skúli Alexandersson.	Danfríður Skarphéðinsdóttir.
Karvel Pálmason.	Geir Gunnarsson.	Matthías Bjarnason.
Hreggviður Jónsson.	Þórhildur Þorleifsdóttir.	Kristinn Pétursson.
	Guðmundur H. Garðarsson.	

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Nd. 351. Breytingartillögur [235. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Geir H. Haarde.

1. Á eftir 9. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Ákvæði til bráðabirgða II með lögum nr. 79/1989 fellur niður.
2. Á undan ákvæði til bráðabirgða komi nýtt ákvæði, I., svohljóðandi:
   Þeir sem fengu úrskurðaðar húsnæðisbætur á grundvelli umsóknar með skattframtali 1989 vegna tekjuársins 1988 skulu halda þeim rétti og fá greiddar húsnæðisbætur í samræmi við ákvörðun skattstjóra í allt að sex ár, þó aldrei lengur en til ársins 1994, enda séu uppfyllt önnur skilyrði um húsnæðisbætur.
   Þeir sem hefðu átt rétt til húsnæðisbóta vegna húsnæðisöflunar á tímabilinu frá 1. janúar 1989 til 14. júní 1989 á grundvelli þágildandi laga geta sótt um slíkar bætur í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður eigi síðar en með skattframtali sínu á árinu 1991. Fái maður slíkar bætur úrskurðaðar vegna þessa tímabils skal hann halda þeim rétti og fá greiddar húsnæðisbætur í samræmi við ákvörðun skattstjóra til loka þess tímabils er ákvörðun skattstjóra tók til, þó aldrei lengur en til ársins 1995.
   Skattstjóri skal gera rétthöfum samkvæmt ákvæði 1. mgr. viðvart um rétt þeirra til húsnæðisbóta og gefa þeim kost á að ákveða hvort þeir velja að fá slíkar bætur. Slík ósk skal hafa komið fram eigi síðar en við lok kærufrests skv. 99. gr. laga nr. 75/1981 vegna álagningar á árinu 1991. Rétthafi skal bundinn við val sitt þar til greiðslum húsnæðisbóta til hans lýkur.
   Þeir sem fá úrskurðaðar húsnæðisbætur á grundvelli 1. og 2. mgr. geta aldrei notið vaxtabóta samtímis.

Nd. 352. Frumvarp til laga [241. mál]

um Útflutningsráð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Útflutningsráð Íslands hefur það hlutverk að koma á auknu samstarfi fyrirtækja, samtaka og stjórnvalda í málum er lúta að eflingu útflutnings og veita útflytjendum alhliða þjónustu og ráðgjöf í því skyni að greiða fyrir og auka útflutning á vöru og þjónustu. Enn fremur skal Útflutningsráð vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum sem varða utanríkisviðskipti Íslendinga.

2. gr.

Heimili og varnarþing Útflutningsráðs skal vera í Reykjavík.

3. gr.

Tekjur Útflutningsráðs eru:

a. 0,05% af aðstöðugjaldsstofni fiskveiða, fiskvinnslu, iðnaðar og byggingarstarfsemi,
b. 0,01% af aðstöðugjaldsstofni veitinga- og hótelrekstrar, flutninga á sjó, þó ekki strandflutninga, og flugrekstrar,
c. framlag ríkissjóðs,
d. þóknun fyrir veitta þjónustu,
e. sérstök framlög og aðrar tekjur.

Um álagningu gjalds skv. a- og b-liðum skal fara eftir IV. kafla laga nr. 91/1989, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum. Innheimtuaðilar aðstöðugjalda skulu innheimta gjald þetta og ber þeim að skila því mánaðarlega til Útflutningsráðs Íslands. Gjaldið er lögtakskræft.

4. gr.

Útflutningsráð skal opið öllum aðilum sem flytja út vörur og þjónustu eða afla gjaldeyris á annan hátt, svo og samtökum atvinnugreina. Allir þeir aðilar, sem greiða til ráðsins skv. 3. gr. þessara laga, verða sjálfkrafa félagar. Af hálfu stjórnvalda eiga aðild að Útflutningsráði utanríkisráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, samgönguráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti og viðskiptaráðuneyti.

5. gr.

Stjórn Útflutningsráðs skipa tíu menn sem valdir eru til tveggja ára í senn. Samtök atvinnurekenda í sjávarútvegi tilnefna þrjá menn og Félag íslenskra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna tilnefna sameiginlega þrjá menn, Ferðamálaráð tilnefnir einn mann, Verslunarráð Íslands tilnefnir einn mann og utanríkisráðherra og samgönguráðherra tilnefna einn mann hvor. Sömu aðilar skulu einnig tilnefna varamenn, þó þannig að iðnaðarráðherra tilnefni varamann fyrir þann fulltrúa sem samgönguráðherra tilnefnir og sjávarútvegsráðherra fyrir þann fulltrúa sem utanríkisráðherra tilnefnir. Utanríkisráðherra skipar stjórnina samkvæmt tilnefningu ofangreindra aðila.

Stjórnin kýs sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórnin skipuleggur og ákveður verkefni Útflutningsráðs.

6. gr.

Útflutningsráð skal starfrækja skrifstofu sem annast öll dagleg störf og þau verkefni er stjórnin tekur ákvörðun um. Skrifstofan skal hafa sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Hún skal undanþegin opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs og sveitarfélaga. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og ákveður laun og önnur starfskjör hans. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk. Stjórnin ákveður gjaldskrá fyrir þjónustu skrifstofunnar. Þess skal gætt að útseld þjónusta standi að mestu leyti undir kostnaði við þau störf sem unnin eru samkvæmt beiðni einstakra útflytjenda.

7. gr.

Útflutningsráði skal heimilt að ráða viðskiptafulltrúa sem starfa á skrifstofum Útflutningsráðs erlendis eða í sendiráðum að höfðu samráði við utanríkisráðuneytið. Um aðstöðu þeirra við sendiráð Íslands skal semja við utanríkisráðuneytið. Um skipan þeirra, stöðu og starfskjör setur stjórn ráðsins sérstakar reglur. Útflutningsráði er einnig heim-

ilt að ráða eða styrkja menn til starfa erlendis í þágu þeirrar starfsemi sem ráðið sinnir.

8. gr.

Utanríkisráðherra getur samkvæmt tillögum stjórnar Útflutningsráðs sett nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Útflutningsráðs í reglugerð.

9. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 38/1986, um Útflutningsráð Íslands, og lög nr. 7/1988, um breytingu á þeim lögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1991.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum um Útflutningsráð Íslands, sem samþykkt voru á Alþingi á árinu 1986, var gert ráð fyrir því að framlag sjávarútvegs til Útflutningsráðs yrði tekjur af útflutningsgjaldi samkvæmt lögum nr. 52/1983 og að framlag iðnaðar yrði tekjur af iðnlánasjóðsgjaldi samkvæmt lögum nr. 55/1984. Um svipað leyti og Útflutningsráð tók til starfa var útflutningsgjald af sjávarafurðum lagt niður. Af þeim sökum var ákveðið að framlag sjávarútvegsins til Útflutningsráðs á árunum 1987–1989 yrði hluti af endurgreiddum uppsöfnuðum söluskatti í sjávarútvegi. Um áramótin 1989/90 var söluskattur lagður niður en virðisaukaskattur tekinn upp í hans stað. Þessi tekjustofn féll því niður og er enn óljóst hvernig sjávarútvegurinn greiðir framlag sitt til Útflutningsráðs á árinu 1990. Það ber því brýna nauðsyn til að ákveðinn verði nýr tekjustofn til að tryggja framlag sjávarútvegsins til Útflutningsráðs.

Frumvarp þetta byggir á tillögum nefndar sem utanríkisráðherra skipaði 11. maí sl. Í nefndina voru skipaðir: Ólafur Davíðsson framkvæmdastjóri, formaður, Benedikt Sveinsson framkvæmdastjóri, Bjarni Árnason framkvæmdastjóri, Friðrik Pálsson forstjóri og Þórleifur Jónsson framkvæmdastjóri. Ingjaldur Hannibalsson, framkvæmdastjóri Útflutningsráðs, hefur starfað með nefndinni.

Sú ein efnisbreyting er gerð frá tillögum nefndarinnar að gert er ráð fyrir 0,01% gjaldi af aðstöðugjaldsstofni veitinga- og hótelrekstrar, flutninga á sjó, þó ekki strandflutninga, og flugrekstrar.

Á árinu 1990 eru framlög iðnaðar og sjávarútvegs til Útflutningsráðs Íslands 60 millj. kr., en félagsgjöld 5,2 millj. kr. Framlög atvinnulífsins eru því samtals 65,2 millj. kr. á árinu 1990. Samkvæmt því fyrirkomulagi, sem gert er ráð fyrir í 3. gr. þessa frumvarps, hefðu tekjur Útflutningsráðs orðið 70,6 millj. kr. á árinu 1990, þ.e. 68 millj. kr. frá iðnaði og sjávarútvegi, en 2,6 millj. kr. frá ferða- og flutningaþjónustu.

Á árinu 1991 er gert ráð fyrir að tekjur Útflutningsráðs frá iðnaði og sjávarútvegi verði 75 millj. kr. og tekjur frá ferða- og flutningaþjónustu 2,9 millj. kr. verði frumvarp þetta að lögum. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs verði 16,3 millj. kr. Sértekjur eru áætlaðar u.þ.b. 60 millj. kr., en þar á móti koma útgjöld vegna sýninga, kynninga, markaðsrannsókna o.s.frv.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá gildandi lögum.

Um 2. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um fjármögnun ráðsins sem í gildandi lögum er fjallað um í 6. gr. laganna. Við breytinguna falla niður tekjur af iðnlánasjóðsgjaldi en Útflutningsráð hefur aldrei fengið neinar tekjur af útflutningsgjaldi. Þar sem tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir gjaldi á öll þau fyrirtæki sem starfi í útflutningsgreinum er lagt til að árgjöld verði felld niður og að öll þau fyrirtæki, sem borga til ráðsins, verði sjálfkrafa aðilar. Nýmæli er að ráðið fái tekjur af veitinga- og hótelrekstri, flutningum á sjó og flugrekstri í öðru formi en með árgjöldum.

Um 4. gr.

Greinin byggir á 3. gr. gildandi laga. Þar sem tillaga nefndarinnar gerir ráð fyrir sjálfkrafa aðild fyrirtækja í gjaldeyrisskapandi greinum fellur niður 2. mgr. 3. gr. í gildandi lögum. Jafnframt þykir nefndinni ekki rétt að setja í lög að utanríkisráðherra boði til funda ráðsins og stýri þeim.

Um 5. gr.

Með breyttri fjármögnun þykir rétt að breyta skipan ráðsins. Hér er lagt til að tíu menn skipi stjórnina en æskilegt er að sem flest sjónarmið komi fram í stjórninni, enda er henni fyrst og fremst ætlað að móta stefnu ráðsins.

Þar sem fé til almennrar starfsemi kemur fyrst og fremst frá sjávarútvegi og iðnaði, svipuð fjárhæð frá hvorri grein, er lagt til að þessar greinar tilnefni hvor um sig þrjá menn í stjórn ráðsins. Einnig er lagt til að Verslunarráð Íslands skipi einn mann í stjórn en innan Verslunarráðs eru mörg fyrirtæki sem tengjast útflutningsstarfsemi bæði beint og óbeint.

Til að tryggja samráð og samvinnu við Ferðamálaráð er hér lagt til að það tilnefni einn mann í stjórn Útflutningsráðs. Jafnframt væri æskilegt að Útflutningsráð ætti á sama hátt aðild að stjórn Ferðamálaráðs.

Af hálfu stjórnvalda er lagt til að utanríkisráðuneyti og samgönguráðuneyti eigi aðild að stjórninni en sjávarútvegsráðuneyti og iðnaðarráðuneyti tilnefni varamenn sem taki þátt í störfum ráðsins á svipaðan hátt og nú er.

Um 6. gr.

Greinin er samhljóða 5. gr. í gildandi lögum að öðru leyti en því að í þeim er gert ráð fyrir að stjórn ráði framkvæmdastjóra og helstu starfsmenn en í tillögu nefndarinnar er gert ráð fyrir að stjórn ráði framkvæmdastjóra en hann ráði annað starfsfólk.

Um 7. gr.

Greinin byggir á 7. gr. í gildandi lögum. Eina breytingin er sú að nefndin leggur til að 1. mgr. 7. gr. gildandi laga verði breytt og hún verði: „Útflutningsráði skal heimilt að

ráða viðskiptafulltrúa sem starfa á skrifstofum Útflutningsráðs erlendis eða í sendiráðum að höfðu samráði við utanríkisráðuneytið.“

Um 8. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 9. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Nefndin leggur til að lög þessi öðlist gildi 1. janúar 1991.

Nd. 353. Nefndarálit [228. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 18. des. 1990.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm. Anna Ólafsdóttir Björnsson, fundaskr. Geir H. Haarde.

Ragnhildur Helgadóttir. Geir Gunnarsson. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Guðmundur G. Þórarinsson.

Nd. 354. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sbr. l. nr. 72 30. maí 1984.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Jakob Jakobsson, forstjóri Hafrannsóknastofn-

unar, lýsti áliti sínu á frumvarpinu við nefndarmenn. Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt án breytinga.

Alþingi, 18. des. 1990.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm.	Hreggviður Jónsson, fundaskr.	Kristinn Pétursson.
Alexander Stefánsson.	Matthías Bjarnason.	Geir Gunnarsson.

Guðni Ágústsson.

Ed. 355. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1991.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar um nokkurt skeið og fékk til fundar við sig Steingrím J. Sigfússon samgönguráðherra, Tómas Árnason, Eirík Guðnason og Ingimund Friðriksson frá Seðlabanka Íslands, Leif Kr. Jóhannesson frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, Benedikt Jónsson frá Lífeyrissjóði bænda, Hermann Guðjónsson og Eyþór Elíasson frá Vita- og hafnamálastofnun, Harald Andrésson frá Hafnabótasjóði, Kristínu Halldórsdóttur og Magnús Oddsson frá Ferðamálaráði, Jóhönnu Leópoldsdóttur og Snorra Tómasson frá Ferðamálasjóði, Þorstein Jónsson frá Kvikmyndasjóði, Braga Hannesson frá Iðnlánasjóði, Þorvald Alfonsson frá Iðnþróunarsjóði, Guðmund Malmquist frá Byggðastofnun, Markús Örn Antonsson og Hörð Vilhjálmsson frá Ríkisútvarpinu, Pál Hersteinsson veiðistjóra, Jóhönnu Ottesen frá Útflutningslánasjóði, Hrafn Pálsson frá Framkvæmdasjóði aldraða, Hauk Halldórsson frá Stéttarsambandi bænda, Gísla Karlsson frá Framleiðnisjóði, Þórð Skúlason og Birgi Blöndal frá Bjargráðasjóði, Sveinbjörn Óskarsson frá fjármálaráðuneytinu, Magnús Jónasson og Tryggva Jónasson frá Herjólfi hf., Þórð Friðjónsson frá Þjóðhagsstofnun, Hilmar Þórisson, Hauk Sigurðsson og Hönnu Bj. Ragnarsdóttur frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Hauk Hafsteinsson frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, Margréti Margeirsdóttur og Grétu Aðalsteinsdóttur frá Framkvæmdasjóði fatlaðra, Stefán Thors frá Skipulagi ríkisins, Helga Hallgrímsson og Hannes Sigurðsson frá Vegagerð ríkisins, Hauk Hauksson frá Flugmálastjórn, Árna Þór Sigurðsson og Þórð G. Valdimarsson frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, Þórleif Jónsson frá Landssambandi iðnaðarmanna, séra Guðmund Þorsteinsson dómprófast, Helga K. Hjálmsson frá leikmannaráði Þjóðkirkjunnar og biskup Íslands, herra Ólaf Skúlason.

Halldór Árnason, skrifstofustjóri Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, og Jón Ragnar Blöndal frá fjármálaráðuneytinu hafa verið nefndinni til ráðuneytis og aðstoðar við yfirferð málsins.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim breytingartillögum sem meiri hl. nefndarinnar hefur orðið sammála um að flytja.

Samkvæmt tillögunum hækka lántökuheimildir frumvarpsins um 2.411 millj. kr. og eru meginástæður þess eftirtaldar:

Í fyrsta lagi er lagt til að lántökuheimild fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs hækki um 2.185 millj. kr. og verði 14.060 millj. kr. Aukin lánsfjárþörf stafar af eftirfarandi:

	Millj. kr.
a. Aukinn rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs	1.000
b. Aukin lántökuheimild Alþjóðaflugþjónustunnar	385
c. Auknar afborganir af lánum ríkissjóðs	800

Miðað við núverandi stöðu frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1991 má ætla að halli A-hluta ríkissjóðs aukist um allt að 1.000 millj. kr.

Lántökuheimild Alþjóðaflugþjónustunnar fyrir árið 1991 nemur samtals 500 millj. kr. Í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir heimild fyrir 115 millj. kr. lántöku, en hún hækkar um 385 millj. kr. Þetta fé fæst endurgreitt frá Alþjóðaflugmálastofnuninni á 10 ára tímabili með 10% ársvöxtum. Andvirði lánsins verður notað í áframhaldandi uppbyggingu flugstjórnarkerfisins fyrir norðanvert Atlantshaf ásamt byggingu nýrrar flugstjórnarmiðstöðvar í Reykjavík og til kaupa á nauðsynlegum tækjabúnaði í hana.

Ríkissjóður hefur yfirtekið skuldir Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, sbr. lög nr. 34/1990, og kemur fyrri hluti þeirra, 800 millj. kr., til greiðslu á árinu 1991.

Lagt er til að Flóabátnum Baldri hf. verði veitt 15 millj. kr. lántökuheimild á árinu til að ljúka frágangi skipsins til þess að það öðlist haffæriskírteini, en skipið hefur aðeins haffæriskírteini til bráðabirgða sem rennur út 28. febrúar 1991.

Einnig er lagt til að Skallagími hf., útgerðarfélagi Akraborgarinnar, verði veitt heimild til að taka 11 millj. kr. skuldbreytingalán sem notað verður til að greiða upp erlent lán sem félagið hefur hjá Landsbanka Íslands. Það lán er með lokagjalddaga á næsta ári, en fyrirsjáanlega mun Skallagrímur hf. ekki geta staðið undir þeirri greiðslu.

Að lokum er lagt til að Hitaveitu Suðurnesja verði veitt 200 millj. kr. lántökuheimild á næsta ári til að gera nýja 132 kV háspennilínu og tilheyrandi aðveitustöð auk ýmissa annarra framkvæmda.

Í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1990 var tekið fram að af 900 millj. kr. lántökuheimild Byggðastofnunar væru 150 millj. kr. ætlaðar til endurlána vegna viðgerða og endurbóta skipa innan lands. Í athugasemdum við 7. gr. frumvarpsins er ekkert tekið fram um þessi endurlán. Nefndinni barst bréf frá iðnaðarráðherra 17. des. sl. þar sem hann væntir þess að af 900 millj. kr. lántökuheimild Byggðastofnunar verði 150 millj. kr. ætlaðar til endurlána vegna viðgerða og endurbóta skipa innan lands eins og verið hefur. Meiri hl. nefndarinnar vill taka undir og ítreka þessa ósk iðnaðarráðherra.

Breytingar á II. kafla frumvarpsins eru í samræmi við fjárlagafrumvarp fyrir árið 1991 og breytingar á því í meðförum fjárveitinganefndar og Alþingis auk þess sem nokkrar lagfæringar eru gerðar á frumvarpinu. Lagt er til að tekjustofnar Menningarsjóðs verði óskertir. Einnig er gert ráð fyrir að engin skerðing verði á hlutdeild sókna, skráðra trúfélaga og Háskólasjóðs í óskiptum tekjuskatti (sóknargjöld). Í stað þess er lagt til að skerðing á hlutdeild kirkjugarða í óskiptum tekjuskatti (kirkjugarðsgjöld) hækki úr 15% í 20%.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 18. des. 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm., með fyrirvara. Jóhann Einvarðsson. Skúli Alexandersson.

Eiður Guðnason.

Sþ. 356. Tillaga til þingsályktunar [242. mál]

um björgunarþyrlu.

Flm.: Ingi Björn Albertsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að á árinu 1991 verði gerður samningur um kaup á fullkominni björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna.

Greinargerð.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um hversu nauðsynleg öryggistæki þyrlur eru fyrir sjómenn. Má segja að þær séu nokkurs konar sjúkrabifreiðar sjómannsins.

Stærri þyrla Landhelgisgæslunnar getur flogið um 150 sjómílur frá eldsneytisstað á haf út og bjargað sex mönnum. Hún hefur ekki afísingarbúnað frekar en aðrar sambærilegar þyrlur og ekki er hægt að setja slíkan búnað í hana. Þetta þýðir að þyrla, sem ekki er búin afísingarbúnaði, yrði að fljúga með ströndum fram um það bil 300 sjómílur á slysstað ef slys yrði á Hornströndum eða Húnaflóa að vetri til. Þyrla með afísingarbúnaði mundi hins vegar fara stystu leið frá Reykjavík sem er um það bil 90 sjómílur. Þyrlan, sem Landhelgisgæslan hefur núna, þyrfti að koma við á Ísafirði til eldsneytistöku og það tekur sinn tíma. Flugtími yrði því tvær klukkustundir og 40 mínútur. Væri vélin hins vegar búin afísingarbúnaði tæki flugið 42 mínútur.

Ef slys yrði á svæðinu við Langanes gæti þyrla, sem ekki er með afísingarbúnaði, þurft að fljúga 410 sjómílur á slysstað. Það tæki þrjár klukkustundir og 35 mínútur, en þyrla með slíkum útbúnaði gæti flogið beint en það eru um það bil 230 sjómílur og tæki flugið um eina klukkustund og 50 mínútur.

Íslenski skipaflotinn er þannig saman settur í stórum dráttum:

1. Frystitogarar eru með 20–26 manna áhöfn og veiðisvæði þeirra allt að 120 sjómílur frá landi.
2. Ísfisktogarar eru með 12–16 manna áhöfn og veiða allt að 120 sjómílur frá landi.
3. Vertíðarbátar eru með 10–12 manna áhöfn og fara allt að 70 sjómílur frá landi.
4. Loðnuskip eru með 13–15 manna áhöfn. Veiðisvæði þeirra er að sumarlagi allt að 300 sjómílur frá landi en að vetrarlagi allt að 120 sjómílur frá landi.
5. Kaupskip eru með 6–16 manna áhöfn.

Af þessari upptalningu sést að stærri þyrla Landhelgisgæslunnar ræður ekki við að bjarga heilum áhöfnum nema ef til vill af kaupskipi. Hún nýtist takmarkað til björgunaraðgerða vegna lítils flugþols og takmarkaðrar burðargetu.

Það er því brýnt að þjóðin eignist sem fyrst björgunarþyrlu er sinnt geti sem allra best öryggismálum sjómanna. Það er jafnframt grundvallaratriði að þyrlan sé með afísingarbúnaði. Hún þarf að geta flogið um eða yfir 300 sjómílur frá eldsneytisstað á haf út. Enn fremur þarf hún að geta flutt allt að 20 manns miðað við þá fjarlægð.

Það má ekkert spara þegar mannslíf eru í húfi. Í DV 19. október sl. er viðtal við tvo úr áhöfn björgunarþyrlu Landhelgisgæslunnar. Viðtalið hefst á eftirfarandi hátt:

„Við erum búnir að vera á uppleið frá 1984 eftir að reksturinn var endurskipulagður og TF-Sif komst í gagnið. En þyrlan er nú farin að stoppa lengur vegna bilana og viðhalds. Útköllin eru orðin nærri 500 og að áliti lækna höfum við bjargað 74 mannslífum — þar sem ekki var fræðilegur möguleiki á að önnur tæki hefðu getað komið til bjargar. Vegna aldurs þyrlunnar er kúrfan því farin að falla og nú þegar er brýnt að við fáum aðra þyrlu til viðbótar. Við óbreytt ástand getum við ekki haldið uppi sömu þjónustu og verið hefur. Við förum að standa á brauðfótum. Þyrlan hefur snúist um öryggi annarra — nú er komið að öryggi okkar."

Afgreiðslutími fullnægjandi björgunarþyrlu er trúlega ekki skemmri en 18 mánuðir. Samþykkt þessarar tillögu ætti því ekki að raska fjárlögum ársins 1991 að neinu verulegu leyti.

Sþ. 357. Tillaga til þingsályktunar [243. mál]

um áætlun um uppsetningu vegriða.

Flm.: Ingi Björn Albertsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að móta hið fyrsta áætlun um uppsetningu vegriða í vegakerfi landsins.

Áætlunina skal leggja fyrir Alþingi eigi síðar en 1. nóvember 1991.

Greinargerð.

Sá þáttur, sem orðið hefur útundan í uppbyggingu vegakerfis landsmanna, er uppsetning vegriða. Það er reyndar með ólíkindum að jafnmikilvægur þáttur sem þessi skuli ekki vera inni á sérstakri áætlun. Tillögu þessari er ætlað að bæta þar úr.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um mikilvægi vegriða á vegum, t.d. í bröttum fjallshlíðum. Á undanförnum árum hefur vegakerfið stórbatnað og ber að fagna því. Þó þykir flutningsmanni að forvarnastarf megi skipa æðri sess í vegaframkvæmdum landsmanna.

Sþ. 358. Tillaga til þingsályktunar [244. mál]

um afnám einkasölu ríkisins á tóbaksvörum.

Flm.: Ingi Björn Albertsson, Friðrik Sophusson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um afnám einkasölu ríkisins á tóbaksvörum og aðrar nauðsynlegar laga-

breytingar í því sambandi. Frumvarpið heimili frjálsan innflutning og dreifingu á tóbaksvörum án þess að dregið sé úr þeim tekjum sem ríkissjóður hefur nú af sölu tóbaksvara.

Greinargerð.

Með tillögu þessari er lagt til að innflutningur og heildsala á tóbaki verði gefin frjáls og jafnframt verði gjaldtaka ríkisins af tóbaksvörum einfölduð þannig að tekið verði upp eitt gjald, tóbaksgjald, er lagt sé á tóbaksvörur í stað þeirra gjalda og skatta sem leggjast núna á þessa vöru.

Eðlilegra er fyrir ríkið og mun einfaldara miðað við núverandi aðstæður að afla þeirra tekna af tóbakssölu, sem taldar eru æskilegar á hverjum tíma, með beinni skattlagningu á innflutning þess og framleiðslu í stað þess að ná þessum tekjum inn með einkasölu. Það er óviðeigandi í ljósi þess hve skaðsemi tóbaksneyslu er talin ótvíræð að ríkið skuli stunda verslun með tóbak.

Sþ. 359. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1991.

Frá Inga Birni Albertssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 06-214 Sýslumaður Stykkishólmi.	
a. Við 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „24.630“ kemur	24.958
b. Við 620. Liðurinn orðist svo:	
620 Bygging nýrrar lögreglustöðvar	11.900

Nd. 360. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Þorstein A. Jónsson, deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu, Harald Johannessen, forstöðumann Fangelsismálastofnunar, og Birgi Kjartansson, formann Verndar. Umsagir bárust frá Fangavarðafélagi Íslands, Fangelsismálastofnun og Landssambandi lögreglumanna.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um málið. Sérstaklega hefur verið kannað hvort setja eigi tímamörk á úrskurð dómsmálaráðuneytisins um kæru á ákvörðun um einangrun eða agaviðurlög. Einnig hvort rétt sé að fangi geti kært ákvörðun forstöðumanns um agaviðurlög til Fangelsismálastofnunar og síðan ákvörðun stofnunarinnar til dómsmálaráðuneytisins, en Fangelsismálastofnun hefur óskað eftir slíku fyrirkomulagi. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til frumvarpsins og skilar minni hl. nefndarinnar séráliti.

Hvað varðar tímamörk til þess að kveða upp úrskurð um kæru er meiri hl. nefndar-

innar sammála um að setja dómsmálaráðuneytinu tveggja sólarhringa frest til þess eftir að gögn málsins hafa borist. Gögnin skulu send ráðuneytinu þegar eftir að úrskurður um agaviðurlög eða einangrun er kveðinn upp. Þannig er reynt að tryggja að fangi sæti ekki óréttmætum agaviðurlögum nema í þann skamma tíma sem rannsókn málsins á að taka. Ef úrskurður um kæru er ekki kveðinn upp innan tímamarkanna falla ákvarðanir forstöðumanns um agaviðurlög eða einangrun niður. Meiri hl. nefndarinnar telur að þessi breyting á frumvarpinu tryggi rétt fanga eins vel og kostur er á og flytur því tillögu um hana.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem hann gerir tillögu um á sérstöku þingskjali.

Friðjón Þórðarson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. des. 1990.

Jón Kristjánsson, form., frsm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir. Guðni Ágústsson.

Rannveig Guðmundsdóttir. Ingi Björn Albertsson.

Nd. 361. Breytingartillögur [83. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar (JK, AðB, IBA, GuðnÁ, RG).

1. Við 1. gr. bætast tveir nýir málsliðir svohljóðandi: Þegar ákvörðun er kærð skulu gögn málsins þegar send ráðuneytinu. Ráðuneytið skal taka ákvörðun innan tveggja sólarhringa frá því að kæra barst, ella fellur ákvörðun úr gildi.
2. Við b-lið 2. gr. bætast tveir nýir málsliðir svohljóðandi: Þegar ákvörðun er kærð skulu gögn málsins þegar send ráðuneytinu. Ráðuneytið skal taka ákvörðun innan tveggja sólarhringa frá því að kæra barst, ella fellur ákvörðun úr gildi.

Nd. 362. Frumvarp til laga [245. mál]

um breytingu á lögum nr. 76 19. ágúst 1987, um Iðnlánasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Í 1. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna komi 0,18% gjald í stað 0,25% gjalds.

2. gr.

4. tölul. 9. gr. laganna falli brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1991.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um Útflutningsráð Íslands. Er í því frumvarpi gert ráð fyrir sérstakri skattlagningu á iðnaðinn í landinu sem renni til Útflutningsráðs Íslands. Jafnframt er lagt til að brott falli það ákvæði laganna um Iðnlánasjóð að $^{2}/_{7}$ af álagningu iðnlánasjóðsgjalds renni til Útflutningsráðs og að gjaldið lækki í samræmi við það. $^{5}/_{7}$ af 0,25% álagningarstuðli eru 0,18%.

Nd. 363. Frumvarp til laga [246. mál]

um ferðaþjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

I. KAFLI

Markmið.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að þróun ferðamála með það að markmiði:

— Að þróa og viðurkenna ferðaþjónustu sem mikilvægan og arðgæfan atvinnuveg.
— Að bæta lífskjör almennings með fjölbreyttu framboði ferða á hagstæðum kjörum bæði innan lands og til annarra landa.
— Að valda sem minnstri röskun á íslenskri náttúru og samfélagi með ferðamennsku.
— Að hafa jákvæð áhrif á viðskiptajöfnuð landsmanna.
— Að auka fjölbreytni atvinnulífs í landinu og nýta vaxtarmöguleika ferðaþjónustunnar.
— Að renna stoðum undir þróun byggðar sem víðast á landinu.
— Að stuðla að því að sem flestir geti notið ferðalaga og útivistar við góðar aðstæður.
— Að hvetja Íslendinga til ferðalaga um eigið land til að efla þekkingu sína á náttúru þess, sögu og menningu.

II. KAFLI

Stjórn ferðamála.

2. gr.

Samgönguráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála er lög þessi taka til. Ráðuneytið annast tengsl vegna ferðamála innan stjórnkerfisins og leitar eftir samstarfi við önnur ráðuneyti eftir því sem við á.

3. gr.

Halda skal ferðaþing árlega. Það er ráðgefandi samkoma um málefni ferðaþjónustunnar, gerir tillögur um breytingar á opinberri ferðamálastefnu og annað er lýtur að þróun ferðamála. Þingið kýs aðal- og varafulltrúa í Ferðamálaráð, sbr. 4. gr.

Ferðaþing sitja fulltrúar frá hagsmunasamtökum, fyrirtækjum, samtökum neytenda og samtökum launafólks í ferðaþjónustu. Einnig hafa seturétt fulltrúar opinberra aðila, sem tengjast ferðaþjónustu, umhverfisvernd, menntunarmálum og rannsóknum á sviði ferða-

mála. Heimilt er öðrum að fylgjast með störfum þingsins sem áheyrnarfulltrúar.

Nánar skal kveðið á um ferðaþing í reglugerð sem samgönguráðherra setur. Í henni skal m.a. kveðið á um rétt aðila til að tilnefna fulltrúa á þingið, réttindi þeirra á þinginu og um helstu verkefni þess.

4. gr.

Ferðamálaráð er tengiliður hins opinbera og ferðaþjónustu. Það vinnur að málefnum atvinnugreinarinnar undir yfirstjórn samgönguráðuneytis.

Ferðamálaráð er skipað níu mönnum og jafn mörgum til vara. Ráðherra skipar formann ráðsins til tveggja ára og varamann hans sem jafnframt er varaformaður. Varaformaður situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti og tekur sæti formanns í forföllum hans.

Á ferðaþingi eru valdir átta fulltrúar í Ferðamálaráð til tveggja ára í senn, þar af fjórir samkvæmt tilnefningu, en fjórir kosnir óhlutbundinni kosningu. Félag íslenskra ferðaskrifstofa, Flugleiðir hf., Náttúruverndarráð og Samband veitinga- og gistihúsa tilnefna einn mann hvert í ráðið, svo og varamenn þeirra. Tilkynna skal nöfn þessara fulltrúa til kjörnefndar á ferðaþingi.

Kjósa skal á ferðaþingi í óhlutbundinni kosningu fjóra fulltrúa í ráðið, tvo hvert ár, og skulu þeir vera í forsvari fyrir aðra en þá sem tilnefna í ráðið. Varamenn þeirra eru kosnir á sama hátt.

Samtök sem tilnefna fulltrúa í Ferðamálaráð standa straum af kostnaði við störf þeirra í ráðinu. Kostnaður vegna annarra fulltrúa greiðist af Ferðamálaráði.

5. gr.

Ferðamálaráð starfar að þróun ferðaþjónustu í samræmi við markaða ferðamálastefnu með aðstoð skrifstofu ferðamála og ferða- og upplýsingamiðstöðva í kjördæmum landsins, sbr. 7. og 9. gr.

Verkefni ráðsins eru einkum eftirtalin:

1. Að gera árlega tillögur til ráðherra um ráðstöfun fjár til helstu málaflokka og ákvarða síðan skiptingu þess til einstakra verkefna.
2. Að starfa að landkynningar- og markaðsmálum í þágu ferðaþjónustu í samvinnu við aðra.
3. Að vinna að umhverfis- og skipulagsmálum vegna ferðaþjónustu í samvinnu við hlutaðeigandi aðila, sbr. 11. gr.
4. Að örva rannsóknir og þróunarstarf í þágu ferðamála.
5. Að vera ráðgefandi um námsframboð og þjálfun fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu í samvinnu við hagsmunasamtök og fræðsluyfirvöld.
6. Að kanna réttmæti kvartana um misbresti á þjónustu við ferðamenn.
7. Að miðla upplýsingum um hagtölur, samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrði ferðaþjónustu.
8. Að annast tengsl við ferðamálasamtök, áhugafélög og björgunarsveitir.
9. Að undirbúa ferðaþing í samræmi við reglugerð.
10. Að halda ráðstefnur um afmörkuð málefni sem snerta atvinnugreinina.
11. Að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um ferðaþjónustu.

6. gr.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Ferðamálaráðs til fimm ára að fenginni umsögn ráðsins og ber hann starfsheitið ferðamálastjóri. Hann er jafnframt forstöðumaður skrifstofu ferðamála, sbr. 7. gr. Ferðamálastjóri situr fundi Ferðamálaráðs með málfrelsi og tillögurétti.

7. gr.

Skrifstofa ferðamála starfar á vegum Ferðamálaráðs og sinnir verkefnum í umboði þess.

Ferðamálastjóri veitir skrifstofu ferðamála forstöðu og ber ábyrgð á daglegum rekstri. Ferðamálastjóri ræður starfsmenn skrifstofu ferðamála að höfðu samráði við Ferðamálaráð.

Í reglugerð skal kveðið á um skipulag skrifstofunnar og gjöld sem ákveðin kunna að verða fyrir þjónustu hennar.

8. gr.

Ferðamálaráð skal leita samstarfs við utanríkisráðuneytið og Útflutningsráð Íslands um landkynningu og markaðsmál erlendis. Halda skal reglulega samráðsfundi Ferðamálaráðs og þessara aðila.

9. gr.

Í því skyni að treysta þróun og uppbyggingu ferðaþjónustu er Ferðamálaráði heimilt að gerast meðeigandi og taka þátt í rekstri ferða- og upplýsingamiðstöðva er komið verði á fót í kjördæmum landsins, enda liggi fyrir samkomulag um skipan slíkrar starfsemi í viðkomandi kjördæmi í heild. Frumkvæði að stofnun miðstöðvanna er í höndum ferðamálasamtaka landshlutans, samtaka sveitarfélaga og annarra aðila eftir atvikum. Heimilt er að láta starfsemi þessara miðstöðva ná yfir fleiri en eitt kjördæmi.

Hlutverk miðstöðvanna er m.a. að hafa með höndum ráðgjöf og þróunarstarfsemi í þágu ferðamála, miðlun upplýsinga og tengsl við sveitarstjórnir og samtök þeirra. Slíkar miðstöðvar skulu starfa samkvæmt stofnsamningi og hafa sjálfstæðan fjárhag.

10. gr.

Ákveði ferðamálasamtök landshluta að ráða ferðamálafulltrúa til starfa á sínum vegum er heimilt að greiða úr ríkissjóði framlag vegna starfa þeirra. Framlagið miðast við launakostnað vegna starfa eins manns í kjördæmi.

11. gr.

Ferðamálaráð hlutast til um að komið verði á samstarfi við opinberar stofnanir um verndun fjölsóttra ferðamannastaða, einkum við Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráð, Skipulag ríkisins, Skógrækt ríkisins og Vegagerð ríkisins. Þessir aðilar mynda með sér samstarfsnefnd og er hlutverk hennar að gera tillögur um skipulag og verndun fjölsóttra ferðamannastaða og fjárveitingar til nauðsynlegra framkvæmda. Nefndin skal hafa samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórn eftir því sem við á.

Ráðherra er heimilt að fenginni tillögu nefndarinnar að takmarka aðgang að fjölsóttum stöðum eða láta loka þeim fyrir nýtingu í atvinnuskyni, uns gerðar hafa verið nauðsynlegar úrbætur í þágu náttúruverndar.

III. KAFLI
Fjármögnun ferðamála.

12. gr.

Starfsemi Ferðamálaráðs skal m.a. fjármögnuð með sérstöku gjaldi er nemur eigi minna en 10% af árlegri vörusölu fríhafna í landinu. Fríhafnir skulu greiða gjald þetta beint til Ferðamálaráðs af sölu hvers mánaðar og fellur það í gjalddaga eigi síðar en 15 dögum eftir lok mánaðarins. Af þessum tekjum skal Ferðamálaráð fjármagna starfsemi sína, aðra en laun og almennan kostnað vegna aðalskrifstofu sem skal greitt úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum.

13. gr.

Ferðamálaráði er heimilt að setja það skilyrði fyrir fjárhagslegri þátttöku í einstökum verkefnum, m.a. á sviði landkynningar og markaðsmála, að framlög komi frá hagsmunaaðilum.

14. gr.

Starfrækja skal Ferðamálasjóð sem stofnlánasjóð ferðaþjónustunnar. Sjóðurinn er eign ríkisins og lýtur stjórn samgönguráðherra.

Ferðamálasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, svo og stimpilgjöldum af lánsskjölum varðandi eigin lántökur sjóðsins, en ekki af útlánsskjölum.

Sjóðstjórn tekur ákvarðanir um vistun sjóðsins og vörslu að höfðu samráði við ráðherra.

Reikningar Ferðamálasjóðs skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun.

15. gr.

Samgönguráðherra skipar þrjá menn í stjórn Ferðamálasjóðs til tveggja ára í senn. Þar af skal Ferðamálaráð tilnefna tvo menn, en samgönguráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn eru skipaðir á sama hátt.

16. gr.

Tekjur Ferðamálasjóðs eru:

a. Framlag úr ríkissjóði eins og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.
b. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

17. gr.

Ferðamálasjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka lán til starfsemi sinnar, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milligöngu annarra, þannig að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast slík lán fyrir hönd ríkissjóðs.

18. gr.

Fé Ferðamálasjóðs má ráðstafa á eftirgreindan hátt:

1. Lán til framkvæmda á vegum einkaaðila og opinberra aðila gegn fullnægjandi tryggingu.
2. Lán til annarra þátta ferðamála en greinir í 1. tölul., enda sé með þeim stuðlað að þróun íslenskra ferðamála.

3. Framlög í formi hlutafjár til uppbyggingar í ferðaþjónustu.

Samþykktir stjórnar Ferðamálasjóðs skulu reglubundið kynntar Ferðamálaráði.

Stjórn Ferðamálasjóðs skal hafa samráð við Ferðamálaráð um almenna útlánastefnu og tilkynna skal ráðinu um lánveitingar úr sjóðnum hverju sinni.

19. gr.

Lán úr Ferðamálasjóði skulu veitt til allt að 40 ára og mega vera afborgunarlaus fyrstu tvö árin.

Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána er sjóðurinn veitir.

20. gr.

Ferðamálasjóður skal starfrækja áhættulánadeild sem veitir lán til þróunarverkefna í ferðaþjónustu samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar að höfðu samráði við Ferðamálaráð.

21. gr.

Telji Ferðamálaráð að heimavist skóla, sem ríkissjóður kostar að einhverju leyti, henti til starfrækslu sumargistihúss, getur það farið fram á að byggingarteikningum sé hagað svo að húsnæðið fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til rekstrar gistihúss. Menntamálaráðuneytið skal í þessu skyni kynna skrifstofu ferðamála byggingaráform um heimavistir og leitað álits hennar á þeim á frumstigi hönnunar.

Ferðamálaráð skal leitast við að hafa áhrif á hönnun annarra mannvirkja þannig að tekið sé tillit til ferðaþjónustu eftir því sem við á.

IV. KAFLI
Ferðamiðlun.

22. gr.

Ferðamiðlun er í lögum þessum samheiti yfir ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur, ferðaumboðssala og upplýsinga- og bókunarþjónustu.

1. Ferðaskrifstofa er fyrirtæki, félag eða einstaklingur sem tekur að sér að veita í atvinnuskyni alla almenna þjónustu við miðlun ferða, gistingar og frístundaiðju og selur almenna farseðla.
2. Ferðaskipuleggjandi er fyrirtæki, félag eða einstaklingur sem skipuleggur ferðir hópa eða einstaklinga og býður ferðaskrifstofum til umboðssölu. Einnig fyrirtæki sem annast móttöku hópa eða einstaklinga og skipuleggur fyrir þá dvöl og frístundaiðju eða fundi og ráðstefnur og þjónustu tengda þeim, en annast að öðru leyti hvorki almenna farmiðasölu né umboðssölu.
3. Ferðaumboðssali er fyrirtæki, félag eða einstaklingur sem annast sölu farmiða og ferðaþjónustu í umboði löggiltrar ferðaskrifstofu eða samgöngufyrirtækis og á ábyrgð þess.
4. Upplýsinga- og bókunarkerfi merkir í lögum þessum fyrirtæki sem á eða rekur tölvukerfi er veitir milliliðum og kaupendum ferðaþjónustu upplýsingar um framboð seljenda og/eða tekur við bókunum.

Samgönguráðuneytið sker úr ef ágreiningur verður um hvort starfsemi telst falla undir ofangreindar skilgreiningar, svo og um það hvort um ferðamiðlunarstarfsemi er að ræða í skilningi laga þessara.

23. gr.

Engum er heimilt að stunda þau störf er greinir í 1. og 2. tölul. 22. gr. eða nota í nafni fyrirtækja eða auglýsingum orðin ferðaskrifstofa eða ferðaskipuleggjandi eða hliðstæð erlend heiti, nema hafa til þess leyfi ráðherra.

Hver sá, sem vill reka slíkt fyrirtæki, skal sækja um leyfi til ráðuneytisins. Leita skal umsagnar Ferðamálaráðs um allar slíkar umsóknir. Skal ráðið ganga úr skugga um að skilyrðum laga og reglugerða sé fullnægt. Leyfi til rekstrar skal gefið út til tiltekins tíma, eins árs hið minnsta, fimm ára hið mesta í senn.

24. gr.

Leyfi til starfsemi á sviði ferðamiðlunar eru eftirfarandi:

A. Leyfi fyrir ferðaskrifstofur.

B. Leyfi fyrir ferðaskipuleggjendur.

Skilyrði fyrir leyfi er að forstöðumaður ferðamiðlunar hafi fjárræði og forræði á búi sínu, sé íslenskur ríkisborgari eða búsettur á Íslandi og hafi verið það í að minnsta kosti þrjú ár og hafi víðtæka þekkingu á ferðaþjónustu.

Það skal einnig vera skilyrði fyrir leyfi A að a.m.k. einn starfsmaður ferðaskrifstofunnar hafi haldgóða þekkingu í útgáfu ferðaskjala og hafi starfsreynslu úr ferðamiðlun.

Leyfi má veita félagi eða fyrirtæki, enda sé það að meiri hluta í eigu Íslendinga og stjórnin innlend og hafi aðsetur hér á landi. Gilda um slíka ferðamiðlun sömu ákvæði og að ofan greinir.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um ferðamiðlun, m.a. um opnunartíma.

25. gr.

Ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjandi eða samtök slíkra aðila skulu leggja fram tryggingu fyrir rekstraröryggi og neytendavernd sem ráðherra metur nægjanlega.

26. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu skv. 24. gr. fellur niður:

a. Ef skilyrðum 24. gr. er ekki lengur fullnægt.
b. Ef leyfishafi verður gjaldþrota eða er sviptur fjárræði.
c. Ef reksturinn fullnægir ekki öðrum þeim kröfum sem ráðherra setur.
d. Ef forstöðumaður fyrirtækis flyst af landi brott, lætur af störfum eða andast, nema ráðinn sé nýr forstöðumaður sem uppfyllir skilyrði laga þessara innan þess frests sem ráðuneytið setur.

27. gr.

Ferðaumboðssali skal starfa á ábyrgð ferðaskrifstofu eða samgöngufyrirtækis. Ferðaumboðssala er ekki heimilt að skipuleggja ferðir fyrir hópa og einstaklinga né annast móttöku ferðamanna án slíkrar ábyrgðar.

28. gr.

Almenn tölvustýrð upplýsinga- og bókunarkerfi ætluð fyrir ferðaþjónustu skulu vera opin öllum seljendum sem þess óska. Kerfin skulu vera hlutlaus og ekki mismuna seljendum. Ráðherra er heimilt að setja reglur um slíka starfsemi.

29. gr.

Ráðuneytið setur reglur um á hvern hátt sérleyfishöfum er heimilt að skipuleggja og selja ferðir á eigin leiðum þannig að fæði og næturgisting fylgi. Binda má slíka heimild tilteknum skilyrðum um hreinlætisaðstöðu og annan aðbúnað, svo og tryggingarfé.

Ráðuneytið ákveður einnig að hve miklu leyti starfsemi íslenskra ferðafélaga fellur undir ákvæði laga þessara.

30. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða að þeir sem skipuleggja hópferðir um Ísland skuli samkvæmt nánari reglum, sem settar yrðu þar að lútandi, kaupa tryggingu hjá viðurkenndu tryggingafélagi vegna kostnaðar sem hljótast kynni af leit eða björgun farþega sem ferðast á þeirra vegum.

31. gr.

Þeir sem skipuleggja hópferðir um Ísland í atvinnuskyni skulu að jafnaði hafa í ferðum sínum menn með íslensk leiðsögumannaréttindi samkvæmt frekari ákvæðum í reglugerð. Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstakar ástæður bjóða.

V. KAFLI
Veitinga- og gististaðir og afþreyingarþjónusta.

32. gr.

Ákvæði þessa kafla taka til sölu á gistingu, sölu veitinga annarra en áfengis og leigu á samkomusölum í atvinnuskyni.

Enginn má stunda rekstur skv. 1. mgr. nema hafa til þess leyfi.

Þá er í kaflanum kveðið á um skráningarskyldu fyrirtækja er leigja út tæki eða hafa í boði afþreyingu, m.a. fyrir ferðamenn.

33. gr.

Til þess að öðlast leyfi skv. 32. gr. þarf umsækjandi að:

a. vera fjárráða,
b. hafa forræði á búi sínu,
c. vera búsettur á Íslandi og hafa verið það sl. þrjú ár.

Leyfi samkvæmt þessum kafla má veita félagi fullnægi ábyrgðarmaður þess ofangreindum skilyrðum.

34. gr.

Lögreglustjóri veitir leyfi skv. 1. gr., að fenginni umsögn sveitarstjórnar, eldvarnaeftirlits, heilbrigðisnefndar og vinnueftirlits.

Leyfið er veitt til allt fjögurra ára í senn og fellur þá úr gildi nema endurnýjað hafi verið í kjölfar umsóknar. Leyfið skal vera bundið við stað og nafn og er ekki framseljanlegt.

Synja má leyfisumsókn geri sérstakar aðstæður starfsemina óæskilega. Umsækjanda skal tilkynnt slík ákvörðun skriflega og ástæður tilgreindar.

Synjun eða veitingu leyfis má skjóta til samgönguráðuneytis.

35. gr.

Verði leyfishafi eða fyrirtæki sem hann er í ábyrgð fyrir gjaldþrota er þrotabúi heimilt að halda starfsemi áfram meðan á skiptum stendur. Andist leyfishafi er dánarbúi leyfishafa eða erfingjum heimilt að halda starfsemi áfram í allt að eitt ár eftir andlát leyfishafa án nýs leyfis. Taki nýr aðili við rekstri sem leyfi þarf til samkvæmt lögum þessum skal sótt um nýtt leyfi.

Meðan umsókn er til afgreiðslu gildir fyrra leyfi.

36. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að innkalla til lengri eða skemmri tíma leyfi er hann hefur veitt:

a. ef skilyrðum 2. gr. er ekki lengur fullnægt,
b. ef leyfishafi hefur verið dæmdur til refsingar fyrir brot gegn lögum þessum eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

Úrskurði lögreglustjóra um innköllun leyfis má skjóta til ráðuneytis innan 14 daga frá uppkvaðningu og heldur leyfishafi rétti sínum óskertum þar til úrskurður ráðuneytis er fenginn. Kærufrestur telst frá þeim degi er leyfissvipting var tilkynnt leyfishafa skriflega.

37. gr.

Samgönguráðherra setur með reglugerð ákvæði um flokkun veitinga- og gististaða þar sem m.a. skulu koma fram kröfur um þjónustu og neytendavernd. Nafngiftir gisti- og veitingastaða samkvæmt reglugerðinni skulu gefa vísbendingu um þá þjónustu sem í boði er.

38. gr.

Afþreyingarþjónusta sem rekin er í atvinnuskyni fyrir ferðamenn, svo sem hesta-, hjóla-, báta- og vélsleðaleigur og skemmtigarðar, skal sækja um skráningu til ráðuneytisins. Ráðherra setur reglugerð um starfsemi afþreyingarþjónustu þar sem m.a. eru ákvæði um hollustu, öryggis- og gæðakröfur, tryggingar, eftirlit og annað er lýtur að neytendavernd.

39. gr.

Lögreglustjóri heldur skrá yfir veitt leyfi og skráningaskyldan rekstur samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Á skránni skal vera nafn leyfishafa eða forstöðumanns fyrirtækis, hvar starfsemin er rekin, hvenær leyfi var afhent, hvenær það gekk í gildi og annað það er ráðuneytið kann að ákveða.

VI. KAFLI
Eftirlit og upplýsingaskylda.

40. gr.

Almennt eftirlit með framkvæmd laga þessara, þar með töldum leyfisveitingum, er á hendi samgönguráðuneytis í samvinnu við hlutaðeigandi embætti, stofnanir og samtök.

41. gr.

Um eftirlit með veitinga- og gististöðum fer samkvæmt lögum og reglugerðum um hollustuhætti og heilbrigðismál, lögum um eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og ör-

yggi á vinnustöðum og lögum um brunavarnir og brunamál.

42. gr.

Kvörtunarnefnd ferðaþjónustu tekur við rökstuddum aðfinnslum neytenda í garð fyrirtækja í ferðaþjónustu og úrskurðar í ágreiningsmálum. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum: Einum tilnefndum af Neytendasamtökunum, einum af hagsmunasamtökum viðkomandi fyrirtækis og oddamanni sem skipaður er af samgönguráðherra. Úrskurðir nefndarinnar eru bindandi. Fyrirmæli um starfssvið og starfshætti nefndarinnar skulu sett í reglugerð. Skrifstofa ferðamála skal veita nefndinni aðstoð í störfum hennar.

43. gr.

Allir þeir sem undir þessi lög falla, skulu veita stjórnvöldum upplýsingar samkvæmt nánari fyrirmælum Hagstofu Íslands eða ráðuneytis. Slíkar upplýsingar skulu einungis notaðar til könnunar og skipulagningar á ferðaþjónustunni sem atvinnugrein.

44. gr.

Fyrirtækjum sem starfa samkvæmt lögum þessum er skylt að láta ráðuneytinu í té endurskoðaða ársreikninga sína eftir því sem óskað kann að verða.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

45. gr.

Nafn á fyrirtæki og/eða atvinnustarfsemi samkvæmt lögum þessum skal falla að hljóðkerfi og beygingum í íslensku máli.

Ágreiningi sem rísa kann út af nafni má skjóta til örnefnanefndar.

46. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að fenginni umsögn Ferðamálaráðs, að greitt skuli sanngjarnt gjald fyrir þjónustu sem veitt er á stöðum í umsjá ríkisins, enda sé fé það, sem þannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði, notað til verndar, fegrunar og snyrtingar viðkomandi staðar og til að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna.

Ákvæði þessi taka þó ekki til þjóðgarða eða annarra svæða á vegum Náttúruverndarráðs nema samþykki þess komi til.

47. gr.

Ráðherra setur með reglugerðum nánari reglur um framkvæmd laga þessara. Við undirbúning þeirra skal haft samráð við hlutaðeigandi samtök og stofnanir eftir því sem við á.

48. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum með heimild í þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með brot gegn lögunum skal fara að hætti opinberra mála.

49. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1992. Þá falla úr gildi

lög um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, og lög um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Gistihúsa- og veitingaleyfi samkvæmt ákvæðum eldri laga um veitinga- og gististaði skulu halda gildi sínu þann tíma sem þau kveða á um.

II.

Endurnýja skal leyfi til reksturs ferðaskrifstofa, sem gefin eru út samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1985, með umsókn til ráðuneytis fyrir árslok 1991. Leyfi gefin út samkvæmt eldri lögum halda gildi sínu uns afstaða ráðuneytis til nýrra umsókna liggur fyrir.

III.

Þrátt fyrir ákvæði laganna skal Ferðamálaráð starfa samkvæmt eldri lögum þar til fyrsta ferðaþing, sbr. 3. gr., hefur verið haldið, og skal það gerast á fyrri hluta árs 1992.

Við upphaf fyrsta ferðaþings tilkynnir ráðherra um skipun formanns og varaformanns Ferðamálaráðs til tveggja ára.

IV.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. þess efnis að á ferðaþingi skuli kjósa í „óhlutbundinni kosningu fjóra fulltrúa í ráðið, tvo hvert ár, ...“ skal á fyrsta ferðaþingi kjósa fjóra fulltrúa, þar af tvo aðeins til eins árs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Undirbúningur frumvarpsins.

Frumvarp þetta er undirbúið af nefnd sem samgönguráðherra skipaði 1. júní 1990 og kölluð hefur verið ferðamálanefnd samgönguráðuneytisins. Verkefni nefndarinnar samkvæmt skipunarbréfi voru eftirtalin:

Að fjalla um ferðamál á breiðum grundvelli og stefnumörkun í þeim. Felur nefndarstarfið m.a. í sér eftirfarandi þætti:

1. Könnun á samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrðum ferðaþjónustu hér á landi í samanburði við nágrannalöndin.
2. Endurskoðun á opinberri stefnu í ferðamálum og tillögur um æskilega þróun þeirra mála.
3. Endurskoðun laga um ferðamál.

Í nefndina voru skipuð: Hjörleifur Guttormsson alþingismaður, formaður, Árni Þór Sigurðsson deildarstjóri, starfsmaður nefndarinnar, Áslaug Alfreðsdóttir hótelstjóri, Birgir Þorgilsson ferðamálastjóri, Bjarni Sigtryggsson ferðamálafræðingur, Friðjón Þórðarson alþingismaður, Kristín Einarsdóttir alþingismaður, Reynir Adolfsson framkvæmdastjóri og Unnur Stefánsdóttir verkefnisstjóri.

Nefndin hefur nú lokið þeim meginverkefnum sem henni var ætlað að sinna. Hún hefur haldið 73 bókaða fundi frá því hún var skipuð, átt marga fundi með hagmunaaðilum, kynnt hugmyndir sínar og fengið viðbrögð við þeim á opnum fundum víða um land. Á ráðstefnu Ferðamálaráðs í febrúar 1990 lágu fyrir drög að tillögum nefndarinnar, bæði varðandi opinbera ferðamálastefnu og endurskoðun laga um skipulag ferðamála. Þá hef-

ur verið safnað upplýsingum frá ýmsum löndum um stefnu í ferðamálum og kannaðar þær breytingar sem eru að verða í ferðaþjónustu í Evrópu.

Ferðamálastefna.

Ferðamálanefndin skilaði tillögu um opinbera ferðamálastefnu til samgönguráðherra í mars 1990 og var hún flutt á Alþingi skömmu síðar sem þingsályktunartillaga í nafni ríkisstjórnar. Í greinargerð með tillögunni er lýst hugmyndum nefndarinnar um skipulag ferðamála og um lagabreytingar. Þingsályktunartillögunni var að lokinni umræðu vísað til atvinnumálanefndar sameinaðs þings sem sendi hana mörgum aðilum til umsagnar.

Ferðamálanefnd samgönguráðuneytisins hefur nú endurskoðað þingsályktunartillöguna, m.a. með tilliti til þeirra mörgu umsagna sem atvinnumálanefnd bárust. Var tillagan endurflutt með nokkrum breytingum fyrr á þessu þingi og hefur verið vísað til nefndar. Með afgreiðslu hennar mun liggja fyrir almenn stefnumörkun um ferðamál af hálfu Alþingis.

Samkeppnisstaða og rekstrarskilyrði.

Ferðamálanefndin kallaði til sérstakan starfshóp sérfræðinga til að vinna að athugun á samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrðum ferðaþjónustu hérlendis og söfnun og úrvinnslu hagrænna upplýsinga þar að lútandi. Að þessu máli störfuðu með nefndinni starfsmenn frá Hagstofu Íslands, Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnun. Greinargerð þeirra fylgdi með þingsályktunartillögunni um ferðamálastefnu og var aukið nokkru efni við sl. sumar. Jafnframt eru gerðar tillögur um framhald slíkrar vinnu til nota fyrir atvinnugreinina á hverjum tíma, svo og til að varpa ljósi á þýðingu ferðaþjónustunnar fyrir efnahags- og atvinnulíf þjóðarinnar.

Endurskoðun laga um ferðamál.

Þau lög sem nefndin tók til endurskoðunar voru lög nr. 79/1985, um skipulag ferðamála og lög nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði. Fyrirliggjandi frumvarp tekur á efnisþáttum þessara laga og bætt er við ýmsum nýjum þáttum. Nefndin ákvað í upphafi að binda sig ekki við texta eða ramma gildandi laga og komst fljótlega að því að rétt væri að semja nýtt frumvarp til laga um ferðaþjónustu þótt margt væri nýtilegt í gildandi löggjöf. Farið var yfir efni viðkomandi laga lið fyrir lið og því haldið sem vel hefur gefist að mati nefndarinnar og viðmælenda hennar. Niðurstaðan er því sambland af nýmælum og ákvæðum sem haldið er úr gildandi löggjöf.

Nefndin kynnti sér þróun í löggjöf erlendis á sviði ferðamála og hugsanleg áhrif aðlögunar að samþykktum Evrópubandalagsins.

Mikil kynning hefur farið fram á starfi og hugmyndum nefndarinnar, einnig að því er varðar efni þessa frumvarps. Nefndin hefur fengið fjölda aðila á sinn fund og þingályktunartillaga um ferðamálastefnu ásamt greinargerð var send mörgum til umsagnar. Nefndin hafði þannig úr miklu safni hugmynda að moða og fékk viðbrögð við tillögum sínum á mótunarstigi. Í fylgiskjali með frumvarpinu er skrá yfir þá aðila sem komu á fundi nefndarinnar.

2. Meginbreytingar frá gildandi lögum samkvæmt frumvarpinu.

Hér verða nefnd helstu nýmæli í frumvarpinu í þeirri röð sem þau koma fyrir. Síðan er gerð nánari grein fyrir efnisþáttum einstakra kafla frumvarpsins.

1. Tilgangur laganna er skilgreindur í sérstökum markmiðskafla og eru markmið hin sömu og í tillögu nefndarinnar að ferðamálastefnu.

2. Kveðið er á um árlegt Ferðaþing sem ráðgefandi samkomu um málefni ferðaþjónustunnar.

3. Fækkað er í Ferðamálaráði úr 23 fulltrúum í níu og ekki gert ráð fyrir framkvæmdastjórn eins og nú er. Ráðherra tilnefnir einn fulltrúa (formann) í stað fimm. Fjórir eru tilnefndir af öðrum, en fjórir kosnir af ferðaþingi.

4. Verkefni Ferðamálaráðs verða meira á sviði stefnumótunar en nú er og taka mið af ferðamálastefnu á hverjum tíma.

5. Skrifstofa ferðamála fær meira sjálfstæði en nú er um daglegan rekstur undir forustu ferðamálastjóra.

6. Kveðið er á um samstarf Ferðamálaráðs við utanríkisráðuneyti og Útflutningsráð Íslands um landkynningu og markaðsmál.

7. Heimild er veitt fyrir aðild Ferðamálaráðs að ferða- og upplýsingamiðstöðvum í kjördæmum landsins í samvinnu við heimaaðila.

8. Ferðamálafulltrúar starfi á vegum ferðamálasamtaka landshlutanna með stuðningi ríkisins.

9. Mikil áhersla er á umhverfisvernd sem eitt af verkefnum Ferðamálaráðs og Náttúruverndarráði tryggð aðild að ráðinu.

10. Komið verði á formlegu samstarfi Ferðamálaráðs við opinbera aðila um málefni fjölsóttra ferðamannastaða til að tryggja umhverfisvernd og heimild veitt til að takmarka aðgang að slíkum stöðum.

11. Markaður tekjustofn vegna Ferðamálaráðs er óbreyttur, en skilyrði má setja um mótframlög frá hagsmunaaðilum til einstakra verkefna.

12. Lánstími lána úr Ferðamálasjóði er lengdur úr 15 árum í allt að 40 ár.

13. Sett skal á fót áhættulánadeild við Ferðamálasjóð vegna þróunarverkefna.

14. Nýstárleg ákvæði eru um ferðamiðlun, sem taka m.a. til ferðaskrifstofa, skipuleggjenda ferða, umboðssala og fyrirtækja sem reka tölvukerfi fyrir bókanir og upplýsingar.

15. Í stað lagaákvæða um flokkun veitinga- og gistihúsa er gert ráð fyrir að setja hliðstæð ákvæði í reglugerð.

16. Ýmiss konar þjónustu- og afþreyingarstarfsemi fyrir ferðamenn er gerð skráningarskyld.

17. Meiri áhersla er lögð á neytendavernd en í eldri löggjöf.

Ekki er kveðið sérstaklega á um fræðslumál í ferðaþjónustu í frumvarpinu, að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir samstarfi þar að lútandi við menntamálaráðuneyti. Í tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu er hins vegar fjallað allítarlega um fræðslumál vegna ferðaþjónustu og gert ráð fyrir að stofnað verði til fræðsluráðs ferðaþjónustu samkvæmt heimild í lögum um framhaldsskóla.

3. Um einstaka kafla frumvarpsins.


I. kafli. Markmið.

Sett eru fram átta markmið varðandi þróun ferðamála samkvæmt frumvarpinu. Þau eru hin sömu og sett eru fram í þingsályktunartillögu um ferðamálastefnu, enda sama hugsun að baki hennar og lagafrumvarpsins. Í þingsályktunartillögunni er fjallað ítarlega um

hvert einstakt markmið og leiðir til að ná þeim. Vísast um það efni til þingsályktunartillögunnar, 164. máls sameinaðs þings 1990–1991.

II. kafli. Stjórn ferðamála.

Uppbyggingin í stjórnkerfi ferðamála kemur fram í eftirfarandi skipuriti:



Samgönguráðuneytið fer sem hingað til með yfirstjórn ferðamála. Samstarfsnefnd nokkurra ráðuneyta auðveldar samhæfingu varðandi ferðaþjónustu innan Stjórnarráðsins. Opinber ferðamálastefna sem tillaga liggur fyrir um og væntanlega hlýtur afgreiðslu á Alþingi myndar rammann um samskipti ríkisins við ferðaþjónustuna sem atvinnugrein.

Árlegt ferðaþing verður umræðu- og tillöguvettvangur um málefni ferðaþjónustunnar og setur ráðherra reglugerð um þingið. Ferðamálaráð verður áfram tengiliður milli opinberra aðila ferðaþjónustunnar, en breyting er gerð á skipan ráðsins. Fulltrúum er fækkað í ráðinu úr 23 í níu; verða fimm þeirra tilnefndir til tveggja ára, en fjórir kosnir á ferðaþingi, tveir til skiptis hvert ár. Með þessu verður komist hjá að skipa sérstaka framkvæmdastjórn fyrir Ferðamálaráð og er stjórnkerfi ferðamála þannig einfaldað.

Verkefni Ferðamálaráðs, sem talin eru upp í ellefu töluliðum, eru einkum þríþætt:

— Þróunar- og skipulagsmál ferðaþjónustunnar.
— Fjárhagsmál, bæði áætlanagerð og skipting á einstök verkefni.
— Markaðs- og kynningarmál ferðaþjónustu, m.a. í samvinnu við utanríkisráðuneyti og Útflutningsráð.

Greint er með skýrari hætti en nú er milli Ferðamálaráðs sem stefnumarkandi aðila og skrifstofu ferðamála sem starfar í umboði ráðsins samkvæmt almennum fyrirmælum undir stjórn ferðamálastjóra. Hann er í senn framkvæmdastjóri Ferðamálaráðs og yfirmaður skrifstofu ferðamála, skipaður af ráðherra til fimm ára.

Heimild er veitt til að Ferðamálaráð gerist meðeigandi að ferða- og upplýsingamiðstöðvum í kjördæmum landsins ásamt heimamönnum, þ.e. ferðamálasamtökum, samtökum sveitarfélaga og fleiri eftir atvikum. Skulu þær starfa samkvæmt stofnsamningi og hafa sjálfstæðan fjárhag. Hlutverk þeirra er m.a. að hafa með höndum ráðgjöf, vinna að þróun í ferðaþjónustu og miðla upplýsingum. Í tengslum við þær munu starfa ferðamálafulltrúar, ráðnir af ferðamálasamtökum viðkomandi landsluta. Heimild er veitt til að ríkissjóður greiði framlag sem svarar til launa eins ferðamálafulltrúa í kjördæmi. Með framkvæmd þessara ákvæða yrði gjörbreyting á stöðu ferðamála um land allt og er hér um að ræða mikilvæga og róttæka breytingu.

Staða umhverfismála í tengslum við ferðaþjónustu er treyst til muna. Náttúruverndarráði er ætlað að eiga fastan fulltrúa í Ferðamálaráði og koma skal á fastri samstarfsnefnd á vegum Ferðamálaráðs til að gera tillögur um skipulag og verndun fjölsóttra ferðamannastaða. Í nefndinni er gert ráð fyrir fulltrúum frá nokkrum opinberum stofnunum, svo og frá viðkomandi sveitarstjórn. Í ferðamálastefnu er auk þess fjallað ítarlega um umhverfisvernd í tengslum við ferðaþjónustu, bæði varðandi markmið og leiðir.

III. kafli. Fjármögnun ferðamála.

Ákvæði frumvarpsins um tekjuöflun til að fjármagna starfsemi Ferðamálaráðs er óbreytt frá gildandi lögum, þ.e. eigi minna en 10% af árlegri vörusölu fríhafna í landinu. Hér er gert ráð fyrir að fríhöfnum fjölgi í náinni framtíð og gildi þetta ákvæði um þær allar. Eftir sem áður er reiknað með að kostnaður vegna aðalskrifstofu Ferðamálaráðs, laun og almennur skrifstofukostnaður, verði greiddur af ríkissjóði samkvæmt fjárlögum.

Fyrir liggur að fríhafnaviðskipti muni leggjast af innan Evrópubandalagsins með tilkomu innri markaðar þess. Hins vegar hefur verið gert ráð fyrir að slík viðskipti haldist í EFTA-ríkjum, einnig þótt samið yrði um svokallað Evrópskt efnahagssvæði.

Fleiri hugmyndir um tekjuöflun í þágu ferðamála hafa verið ræddar í nefndinni, m.a. að samhliða lækkun eða afnámi launakatts hjá fyrirtækjum í ferðaþjónustu, greiði þau ákveðið hlutfall af sama gjaldstofni til Ferðamálaráðs. Vissir erfiðleikar kunna að vera á framkvæmd slíkrar gjaldtöku, m.a. að skilgreina þátt ferðaþjónustu í fyrirtækjum með blandaðan rekstur.

Gert er ráð fyrir að fyrirtæki í ferðaþjónustu leggi fram aukið fé til einstakra verkefna á móti framlögum frá Ferðamálaráði. Í nágrannalöndum, m.a. í Noregi, er nú í vaxandi mæli farið út á þá braut. Ættu slík mótframlög að tengja fyrirtæki betur en nú er einstökum verkefnum og auka heildarfjármagn til þróunarstarfs í ferðaþjónustu.

Gert er áfram ráð fyrir starfrækslu Ferðamálsjóðs sem stofnlánasjóðs ferðaþjónustunnar með líku sniði og verið hefur. Stefnt verði að mun lengri lánstíma en nú er, þ.e. allt að 40 árum í stað 15 ára hámarks eins og nú er kveðið á um. Þá eru felld niður ákvæði um sérstakar tryggingar vegna lána í formi fasteignaveða, en sjóðstjórn ætlað að meta stöðu lántakenda hverju sinni.

Nýmæli er um sérstaka áhættulánadeild við Ferðamálasjóð er veitt geti lán til þróunarverkefna í ferðaþjónustu. Er gert ráð fyrir samráði sjóðstjórnarinnar og Ferðamálaráðs

um þau efni. Einnig mun ráðið sem hingað til tilnefna tvo menn af þremur í stjórn sjóðsins.

IV. kafli. Ferðamiðlun.

Þessi kafli laganna svarar til IV. kafla eldri laga um almennar ferðaskrifstofur. Ákvæði hans eru hins vegar mikið breytt og aukið við nýjum þáttum. Við undirbúning málsins var m.a. haft samráð við talsmenn Félags íslenskra ferðaskrifstofa.

Hugtakið ferðamiðlun er ekki aðeins látið ná yfir hefðbundna starfsemi ferðaskrifstofa heldur hvers konar atvinnustarfsemi á vegum fyrirtækja, félaga og einstaklinga sem miðar að ferðalögum og upplýsingum þar að lútandi. Þannig eru auk ferðaskrifstofa skilgreind hugtökin ferðaskipuleggjandi, ferðaumboðssali og upplýsinga- og bókunarkerfi sem mismunandi rekstrarform. Fæst með því betri yfirsýn fyrir viðskiptavini og unnt er að gera hnitmiðaðri kröfur en ella af opinberri hálfu til viðkomandi starfsemi og ná yfirsýn í þágu neytendaverndar.

Starfsemi ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda er háð leyfum, sem samgönguráðherra veitir, en ekki er krafist leyfa vegna ferðaumboðssölu og upplýsinga- og bókunarkerfa, þótt gerð séu skráningarskyld og heimild veitt til að gera tilteknar kröfur til slíkrar starfsemi. Um leyfisveitingar eru ítarleg ákvæði sem taka mið af gildandi lögum, en þó með ýmsum nýmælum. Leyfi verða tvenns konar, annars vegar fyrir ferðaskrifstofur og hins vegar fyrir ferðaskipuleggjendur og gefin út tímabundið til eins til fimm ára í senn.

Sett eru ýmis skilyrði fyrir leyfisveitingum, m.a. að forstöðumenn ferðamiðlunar hafi verið búsettir hér á landi í a.m.k. þrjú ár eða séu íslenskir ríkisborgarar. Þá þurfa þeir hinir sömu að geta sýnt fram á reynslu af störfum í ferðaþjónustu. Með þessu á að tryggja að þeir sem í ferðamiðlun starfa hér á landi séu hluti af íslensku samfélagi og hafi til að bera faglega þekkingu í ferðamiðlun. Einnig skulu ferðaskrifstofur hafa í sinni þjónustu einhverja starfsmenn með haldgóða þekkingu í útgáfu farseðla og reynslu af ferðamiðlun. Ef um félög er að ræða er auk þess gert að skilyrði að þau séu að meiri hluta í íslenskri eigu og stjórn þeirra sé innlend. Til að öðlast leyfi til ferðamiðlunar þurfa umsækjendur að leggja fram fullnægjandi tryggingar fyrir rekstraröryggi að mati samgönguráðherra. Gert er ráð fyrir að ferðamiðlarar geti byggt upp tryggingasjóði á eigin vegum. Aðild að tryggingarsjóði getur auðveldað fyrirtækjum í ferðamiðlun að uppfylla skilyrði um tryggingar.

Sérstakt ákvæði er um ferðamiðlun á vegum sérleyfishafa. Er þeim heimilt svipað og í núverandi löggjöf að skipuleggja og selja þjónustu vegna eigin starfsemi, þ.e. ferðir fyrir farþega á eigin leiðum með fæði og næturgistingu, enda sé lögboðnum skilyrðum til starfseminnar fullnægt. Ekki er öðrum heimilt að vera með ferðir nema þá lokuðum hópum.

Með ákvæðum frumvarpsins um ferðamiðlun og afþreyingarþjónustu er leitast við að setja í lög ákvæði sem tryggja neytendavernd á þessu sviði og auðvelda jafnframt yfirsýn og miðlun upplýsinga til hagsbóta fyrir atvinnugreinina. Þá er í kaflanum m.a. að finna ákvæði um að þeir sem skipuleggja hópferðir um landið þurfi að kaupa tryggingu vegna kostnaðar við leit eða björgun ferðamanna á þeirra vegum.

Gefin eru ákveðnari fyrirmæli en verið hefur um að leiðsögumenn með tilskilin réttindi skuli að jafnaði vera í hópferðum hér á landi. Er það m.a. æskilegt vegna umgengi við landið og öryggis og þjónustu við fólk í slíkum ferðum. Ráðherra er ætlað að kveða

nánar á um þessi efni í reglugerð. Fyrir liggur að í nokkrum Evrópulöndum eru sett hliðstæð skilyrði um leiðsögumenn í hópferðum og áskilin réttindi til leiðsagnar í viðkomandi landi. Nýlega hefur 7. náttúruverndarþing ályktað um þetta efni.

V. kafli. Veitinga- og gististaðir og afþreyingarþjónusta.

Sú leið var valin, m.a. að höfðu samráði við Samband veitinga og gistihúsa að fella ákvæði laga um veitinga- og gistihús inn í frumvarp um ferðamál, en frá 1926 hafa verið í gildi sérlög á þessu sviði. Með þessari breytingu er staðfest það viðhorf, að hótel- og veitingarekstur sé hluti af ferðaþjónustu. Rekstur veitinga- og gististaða nýtist vissulega staðbundnu umhverfi í ríkum mæli, en er jafnframt einn af grunnþáttum í ferðaþjónustu. Rekstur veitinga- og gististaða verður áfram leyfisbundinn eins og ferðamiðlun og ýmis ákvæði, m.a. um eftirlit og neytendavernd eru hin sömu um þessa starfsemi.

Engar róttækar breytingar eru gerðar á ákvæðum laga um veitinga- og gististaði. Nokkur atriði sem óljós eru í gildandi lögum eru gerð skýrari og um önnur er gert ráð fyrir reglugerðum í stað þess að binda þau í lögum. Á það m.a. við um flokkun veitinga- og gististaða.

Skilyrði um leyfisveitingu eru svipuð og verið hefur. Sett er sem skilyrði að til að öðlast leyfi þurfi umsækjandi að hafa verið búsettur hér á landi samfleytt undangengin þrjú ár. Sé skilyrðum um leyfisveitingu ekki lengur fullnægt, eða gegn þeim brotið, er lögreglustjóra heimilt að innkalla leyfi til lengri eða skemmri tíma í stað afturköllunar sem kveðið er á um í gildandi lögum.

Þá er í kaflanum ákvæði um skráningarskyldu afþreyingarþjónustu sem rekin er í atvinnuskyni fyrir ferðamenn, þar á meðal útleiga á tækjum af ýmsu tagi, hestaleigur og rekstur skemmtigarða. Er það nýmæli og gert ráð fyrir heimild til ráðherra að setja reglugerð um slíka starfsemi, er tilgreini nánar hvaða rekstur falli undir skráningarskyldu, svo og kröfur um hollustu og öryggi og annað er lýtur að neytendavernd.

VI. kafli. Eftirlit og upplýsingaskylda.

Efni þessa kafla er að mestu nýmæli, þar eð engin ákvæði hafa verið í lögum um ferðamál um almennt eftirlit með framkvæmd laga á þessu sviði. Hér er gert ráð fyrir að samgönguráðuneytið sinni slíku eftirliti í samvinnu við þau embætti, stofnanir og samtök sem veita leyfi eða hafa eftirlitsskyldu samkvæmt ákvæðum sérlaga.

Sett er á fót sérstök kvörtunarnefnd til að fjalla um og skera úr um ágreiningsmál sem neytendur koma á framfæri við nefndina vegna samskipta við fyrirtæki í ferðaþjónustu. Slíkt fyrirkomulag hefur um skeið verið reynt með samkomulagi ferðaskrifstofa og Neytendasamtakanna og þótt gefa góða raun. Hér er kvörtunarnefnd ferðaþjónustu veitt lagastoð sem úrskurðaraðila til að styrkja neytendavernd á þessu sviði.

Þá er í kaflanum kveðið á um upplýsingaskyldu fyrirtækja og rekstraraðila í ferðaþjónustu til að auðvelda gagnasöfnun og hagskýrslugerð, m.a. á vegum Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnunar.

VII. kafli. Ýmis ákvæði.

Haldið er óbreyttum ákvæðum um að ráðherra geti heimilað gjaldtöku fyrir þjónustu sem veitt er á stöðum í umsjá ríkisins og renni afraksturinn til að bæta aðstöðu á viðkomandi svæði. Ákvæðið gildir ekki um svæði í umsjá Náttúruverndarráðs nema samþykki þess komi til. Vaxandi umræða er um gjaldtöku á ferðamannastöðum, en nefnd-

in taldi ekki rétt að kveða fastar á um slíkt í lögum þar eð hugmyndir um þetta eru enn umdeildar og lítt mótaðar. Æskilegt er m.a. að afla fyllri upplýsinga en fyrir liggja um gjaldtöku á ferðamannstöðum erlendis, ekki síst annars staðar á Norðurlöndum.

Gert er ráð fyrir að lögin taki strax gildi og komi til framkvæmda frá ársbyrjun 1992 að telja. Tíminn fram að því yrði m.a. notaður til að kynna efni laganna og undirbúa reglugerðir. Kveðið er á um að fyrsta ferðaþing skuli haldið fyrri hluta árs 1992 og að því búni ætti nýtt Ferðamálaráð þá að taka til starfa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er kveðið á um almenn markmið opinberrar ferðamálastefnu og eru þau hin sömu og fram koma í sérstakri þingsályktunartillögu um ferðamálastefnu sem lögð var fram á síðasta þingi og endurflutt var í byrjun yfirstandandi þings.

Um 2. gr.

Greinin kveður á um yfirstjórn ferðamála. Gert er ráð fyrir að ferðaþjónusta verði vistuð í samgönguráðuneyti. Er það sama skipan og verið hefur og gert er ráð fyrir í drögum að frumvarpi til nýrra laga um Stjórnarráð Íslands.

Auk tengsla ráðuneytisins við ferðaþjónustuna sem atvinnugrein fyrir milligöngu Ferðamálaráðs er hér gert ráð fyrir samstarfi við önnur ráðuneyti, sem tengjast ferðamálum. Þar koma einkum við sögu forsætisráðuneyti, umhverfisráðuneyti, fjármálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Æskilegt er að komið verði á skipulegu samstarfi þessara ráðuneyta um ferðamál, t.d. með samstarfsnefnd undir forustu samgönguráðuneytis.

Um 3. gr.

Með árlegu ferðaþingi er skapaður vettvangur fyrir ferðaþjónustuna sem atvinnugrein með hliðstæðum hætti og fiskiþing á vettvangi sjávarútvegs og búnaðarþing fyrir landbúnað.

Vegna þess hve ferðaþjónusta er fjölþættur atvinnuvegur og í örri þróun er brýn þörf fyrir slíkan samráðsvettvang og til að koma á framfæri sjónarmiðum gagnvart stjórnvöldum. Hingað til hefur Ferðamálaráð staðið fyrir opnum ferðamálaráðstefnum á eins til tveggja ára fresti og hafa þær verið gagnlegar. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að Ferðamálaráð efni til ráðstefna um afmarkaða þætti ferðamála.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir að Ferðamálaráð sé skipað níu fulltrúum í stað 23 eins og verið hefur. Með þessari tilhögun er ekki þörf á sérstakri framkvæmdastjórn ráðsins. Þetta felur í sér einföldun á stjórnkerfi ferðamála. Með árlegu ferðaþingi og auknu starfi að ferðamálum í kjördæmum landsins á að tryggja betri tengsl hagsmunaaðila af öllu landinu en hingað til við stjórn ferðamála.

Þá kveður greinin á um að á ferðaþingi verði valdir átta fulltrúar af níu í Ferðamálaráð til tveggja ára í senn, þar af eru fjórir tilnefndir, en hinir fjórir kjörnir óhlutbundinni kosningu. Til að ekki komi til örra mannaskipta samtímis í ráðinu er í ákvæði til bráðabirgða gert ráð fyrir að á öðru ferðaþingi sem haldið verður gangi tveir út þannig að sú regla skapist að árlega verði kosnir tveir fulltrúar í ráðið. Ekki eru sett ákvæði um

hversu oft megi endurkjósa sömu menn. Kveðið er á um að sérstök kjörnefnd starfi á ferðaþingi og leggi hún fram tillögu um kjör manna í ráðið og tilkynni jafnframt um tilnefningar.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um helstu verkefni Ferðamálaráðs og eru þau einkum þríþætt:

1. Þróunar- og skipulagsmál ferðaþjónustu, þ.e. framkvæmd markaðrar ferðamálastefnu, samræming og tengsl við marga aðila vegna umhverfismála, menntunarmála, fræðslu og ráðgjafar, miðlunar upplýsinga og svæðisbundinnar þróunar, m.a. með aðstoð ferðamálafulltrúa.

2. Fjárhagsmál Ferðamálaráðs, þ.e. fjárhagsáætlanir og tillögur til ráðherra um meginskiptingu þess fjármagns sem ráðið hefur til umráða. Í framhaldi af því ákvarðar ráðið fjárveitingar, þar á meðal styrkveitingar og framlög til einstakra landkynningarverkefna, uppbyggingar og endurbóta á ferðamannastöðum, rannsókna og svæðisbundinnar starfsemi.

3. Markaðs- og kynningarmál ferðaþjónustu, þ.e. landkynning, markaðsfærsla, rannsóknir og þróun og alþjóðlegt samstarf.

Alþingi fjallar nú um þingsályktunartillögu um ferðamálastefnu, sem gert er ráð fyrir að verði afgreidd sem ályktun Alþingis. Nauðsynlegt er að ferðamálastefnan sé stöðugt til endurmats, m.a. á ferðaþingi, og þannig verður hún leiðbeinandi fyrir Ferðamálaráð á hverjum tíma. Því er ástæðulaust að kveða í lögum með ítarlegri hætti en hér er gert á um verkefni Ferðamálaráðs.

Um 6. gr.

Ráðning ferðamálastjóra er með sama hætti og í gildandi lögum, nema miðað er við fimm ára ráðningu hliðstætt því sem tekið hefur verið upp varðandi forstöðumenn margra stofnana á vegum hins opinbera. Endurráða má ferðamálastjóra að þeim tíma liðnum. Auk þess að vera framkvæmdastjóri Ferðamálaráðs er ferðamálastjóri forstöðumaður skrifstofu ferðamála sem kveðið er á um í 7. gr.

Um 7. gr.

Nauðsynlegt er að greina skýrt á milli Ferðamálaráðs sem stefnumarkandi nefndar annars vegar og skrifstofu ferðamála sem embættisskrifstofu og framkvæmdaraðila hins vegar. Skrifstofan starfar á vegum ráðsins og vinnur verkefni fyrir það samkvæmt almennri stefnumótun. Ferðamálaráði er þannig ekki ætlað að hafa afskipti af daglegum rekstri. Auk þess að starfa fyrir Ferðamálaráð er skrifstofa ferðamála tengiliður við svæðisbundnar stofnanir og fyrirtæki í ferðaþjónustu, svo og við almenning.

Kveðið verður á um skipulag skrifstofunnar og verkefni í reglugerð, svo og um gjöld fyrir þjónustu hennar. Þar getur verið um að ræða gjöld vegna vinnu við afgreiðslu leyfisveitinga, skráningu starfsemi í ferðaþjónustu, upplýsingar o.fl.

Um 8. gr.

Greinin kveður á um samstarf Ferðamálaráðs við utanríkisráðuneytið og Útflutningsráð um landkynningu og markaðsmál í þágu ferðaþjónustu erlendis.

Æskilegt er að nýta sem best fjármuni og mannafla þessara aðila við kynningarstarf,

þannig að það gagnist ferðaþjónustu, m.a. með samvinnu um skrifstofuhald erlendis og tengsl við sendiráð Íslands og ræðismenn.

Til að tryggja samráð í þessum efnum er gert ráð fyrir að reglubundið, t.d. ársfjórðungslega, verði haldnir fundir Ferðamálaráðs með fulltrúum utanríkisráðuneytis og Útflutningsráðs.

Um 9. gr.

Greinin kveður á um heimild til Ferðamálaráðs að gerast þáttakandi í ferða- og upplýsingamiðstöðvum í kjördæmum landsins, um samstarfsaðila, fjárhag og hlutverk. Skilyrði fyrir fjárhagsstuðningi frá Ferðamálaráði er að ferðaþjónustuaðilar innan kjördæmisins hafi komið sér saman um tilhögun slíkrar starfsemi. Með því á að tryggja árangursríkt samstarf og að sem flestir í ferðaþjónustu innan kjördæmisins taki þátt í því.

Gert er ráð fyrir að ferðamálasamtök, sem nú starfa í kjördæmunum sem vettvangur hagsmunaaðila í ferðaþjónustu, verði í hópi eigenda miðstöðvanna. Í stofnsamningi verði m.a. kveðið á um tilhögun starfseminnar, staðsetningu hennar, eignarhlut og stjórn.

Um 10. gr.

Í greininni er veitt heimild til að ríkið greiði framlag vegna starfa ferðamálafulltrúa, sem ráðnir eru af ferðamálasamtökum landshluta. Þeim er ætlað að vinna að ráðgjöf við fyrirtæki í ferðaþjónustu, aðstoða sveitarstjórnir vegna ferðamála og hafa tengsl við Ferðamálaráð, skrifstofu ferðamála og ferða- og upplýsingamiðstöðvar. Æskilegt er að ferðamálafulltrúi eigi samvinnu við aðra ráðgjafa, stofnanir og félög innan kjördæmisins, svo sem atvinnuþróunarfélög, iðnráðgjafa, skipulagsstofur og náttúrustofur.

Um 11. gr.

Greinin kveður á um að Ferðamálaráð hafi frumkvæði að samstarfi við aðra vegna fjölsóttra ferðamannastaða, m.a. til að koma aðstöðu til móttöku ferðamanna í viðunandi horf. Nefndin skal hafa samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórnir um tillögur eftir því sem við á.

Þá gerir greinin ráð fyrir að ráðherra verði heimilað, að fenginni tillögu nefndarinnar, að takmarka aðgang að fjölsóttum stöðum eða láta loka þeim fyrir nýtingu í atvinnuskyni, uns gerðar hafa verið nauðsynlegar úrbætur í þágu náttúruverndar.

Um 12. gr.

Greinin er hliðstæð gildandi ákvæði í lögum um ferðamál að öðru leyti en því að hér er gert ráð fyrir fjölgun fríhafna og gildi um þær hliðstæð ákvæði um greiðslur til Ferðamálaráðs.

Verði grundvallarbreytingar gerðar á vörusölu í fríhöfnum hér á landi vegna samninga innan Evrópu þannig að fríhafnaverslun dragist stórlega saman þarf að koma til annar tekjustofn fyrir Ferðamálaráð.

Um 13. gr.

Ákvæði greinarinnar er nýmæli og sett sem heimild fyrir Ferðamálaráð að binda fjárhagslega þátttöku í verkefnum því skilyrði að mótframlag fáist. Skal að því stefnt að slík mótframlög verði regla fremur en undantekning.

Sameiginleg verkefnabundin fjármögnun er tíðkuð í vaxandi mæli við úthlutun úr sjóð-

um hér á landi. Í Noregi hefur þessi háttur verið tekinn upp af NORTRA, norska ferðamálaráðinu, sérstaklega í tengslum við landkynningu og markaðsmál.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa

Um 15. gr.

Greinin er efnislega samhljóða ákvæði í gildandi lögum, nema gert er ráð fyrir tveggja ára skipunartíma í stað fjögurra ára og kveðið er á um varamenn. Um skeið hefur Ferðamálaráð valið annan stjórnarmanna úr röðum fulltrúa af landsbyggðinni og er æskilegt að sá háttur verði viðhafður framvegis.

Um 16. gr.

Ákvæði greinarinnar eru óbreytt frá gildandi lögum, nema fellt er niður ákvæði um að framlag úr ríkissjóði sé „eigi lægra en 12 Mkr.".

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Ákvæði greinarinnar eru svipuð og í gildandi lögum. Gert er ráð fyrir að veita megi óafturkræf framlög úr sjóðnum til uppbyggingar í ferðaþjónustu. Sé um gistirými að ræða, er eðlileg forsenda að um sé að ræða rekstur allt árið.

Með tilnefningu Ferðamálaráðs á tveimur fulltrúum í stjórn sjóðsins eiga að vera tryggð góð tengsl við ráðið. Þar að auki er hér gert ráð fyrir að stjórnin tilkynni Ferðamálaráði jafnóðum um samþykktir sínar og samráð sé við ráðið um útlánastefnu.

Um 19. gr.

Með ákvæðum greinarinnar er hámarkslánstími lána úr Ferðamálasjóði lengdur úr 15 árum í allt að 40 ár. Eðlilegt er að gert sé ráð fyrir breytilegum lánstíma og lánskjörum eftir aðstæðum.

Felld eru niður ákvæði varðandi tryggingar lána úr sjóðnum, m.a. fasteignaveð, og lagt í vald sjóðstjórnar að meta stöðu lántakenda.

Við ákvörðun á lánskjörum sjóðsins þarf m.a. að gæta að kostnaði vegna endurfjármögnunar.

Um 20. gr.

Ákvæði 1. málsl. greinarinnar um stofnun sérstakrar áhættulánadeildar er nýmæli, en í gildandi lögum er Ferðamálasjóði heimilt að leggja fram styrki og óafturkræf framlög til gistirýmis og annarrar starfsemi til þróunar ferðamála. Til að áhættulánadeild verði annað en nafnið tómt þarf að tryggja sjóðnum sérstakar tekjur í þessu skyni.

Um 21. gr.

Svipuð heimild hefur verið í lögum. Hér er ekki kveðið á um þátttöku Ferðamálaráðs eða Ferðamálasjóðs vegna hugsanlegs viðbótarkostnaðar við heimavistarhúsnæði

vegna ferðaþjónustu þar eð heimildir þar að lútandi falla undir almenn ákvæði um þessar stofnanir.

Með ákvæði greinarinnar á fyrst og fremst að tryggja ráðgjöf af hálfu skrifstofu ferðamála, þannig að unnt sé að taka tillit til hugsanlegra nota heimavistarrýmis fyrir ferðaþjónustu strax við upphaf hönnunar.

Einnig er lagt til að Ferðamálaráð leitist við að hafa víðtækari áhrif á hönnun annarra mannvirkja vegna hagsmuna ferðaþjónustu eftir því sem við getur átt. Höfð eru m.a. í huga íþróttamannvirki og aðstaða til funda og ráðstefnuhalds.

Um 22. gr.

Í þessari grein er leitast við að skilgreina ferðamiðlun og ólík rekstrarform á sviði ferðamiðlunar. Í gildandi lögum er ekki gerður greinarmunur á rekstrarformi mismunandi starfsemi í ferðamiðlun. Það er hins vegar talið eðlilegt til að neytandi geti betur áttað sig á við hvers konar fyrirtæki hann er að skipta hverju sinni og hvaða kröfur má gera til viðkomandi aðila.

Um 23. gr.

Greinin er efnislega að mestu samhljóða 15. og 16. gr. núgildandi laga en gert er ráð fyrir að leyfin verði gefin út til tiltekins tíma.

Með greininni eru tekin af tvímæli um að erlendum ferðamiðlurum sé óheimilt að stunda atvinnurekstur hér á landi nema hafa til þess tilskilin leyfi. Um nokkurt skeið hafa erlendir aðilar skipulagt hópferðir til Íslands og haft með sér atvinnutæki, starfsfólk og vistir og þannig komist undan því að greiða opinber gjöld eins og innlendum aðilum er gert að greiða. Koma þarf í veg fyrir þessa ólögmætu starfsemi þar eð samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja sem í hlut eiga er til muna lakari en hinna erlendu keppinauta á meðan hún viðgengst.

Um 24. gr.

Greinin er mikið breytt frá ákvæðum í gildandi lögum. Gert er ráð fyrir tvenns konar leyfum til starfsemi á sviði ferðamiðlunar, annars vegar vegna ferðaskrifstofa og hins vegar vegna ferðaskipuleggjenda. Starfssvið þessara tveggja tegunda ferðamiðlunar er um margt ólíkt. Ferðaskrifstofu ber að veita alhliða þjónustu á sviði ferðamiðlunar en ferðaskipuleggjandi (á ensku tour operator eða tour producer) getur verið með mjög afmarkaða starfsemi, t.d. einungis skipulagt ferðir íþróttahópa eða fjallaferðir. Þar eða ferðaskrifstofu ber að selja allar tegundir farseðla er mikilvægt að a.m.k. einn starfsmaður hafi haldgóða þekkingu í útgáfu farseðla en þessi krafa er ekki gerð til ferðaskipuleggjenda.

Eitt af skilyrðum þess að veitt sé leyfi til ferðamiðlunar er að forstöðumaður hafi verið búsettur hér á landi samfleytt í þrjú ár eða sé íslenskur ríkisborgari. Rétt þykir að hafa í lögum ákvæði um íslenskan ríkisborgararétt vegna manna sem starfa um skeið erlendis og eru búsettir þar en snúa síðan heim á ný.

Um 25. gr.

Ákvæði þessarar greinar koma í stað ákvæða 18. og 19. gr. gildandi laga um bankatryggingu. Áfram er gert ráð fyrir að ráðuneytið setji kröfur um tryggingar fyrir rekstraröryggi og neytendavernd, sem geti verið mismunandi eftir eðli og umfangi starfseminnar. Ekki þykir nauðsynlegt að binda form tryggingarinnar í lög. Hún getur t.d. verið

í formi bankatryggingar, greiðslumiðlunarkerfis (bank settlement plan), tryggingar hjá viðurkenndu tryggingafélagi eða í formi ábyrgðasjóðs fleiri aðila eftir því sem ráðuneytið metur hverju sinni.

Um 26. gr.

Hér er kveðið á um að starfsemi ferðaumboðssala sé háð ábyrgð leyfisskyldrar ferðaskrifstofu eða samgöngufyrirtækis.

Um 27. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 28. gr.

Upplýsinga- og bókunarkerfin sem hér um ræðir eru almenn tölvukerfi, en ekki er átt við bókunarkerfi sem einstök fyrirtæki nota vegna eigin reksturs. Í slíkum kerfum eru upplýsingar af margs konar toga, t.d. um flugsamgöngur, ferjusamgöngur, áætlanir sérleyfisbíla, hótel og skoðunarferðir. Markmið með lagagreininni er að tryggja að upplýsingar komi fram með þeim hætti sem þjónar hagsmunum neytandans. Vegna sívaxandi notkunar slíkra tölvukerfa í ferðaþjónustu er talið brýnt að kveðið sé á um þau í lögum.

Um 29. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 22. gr. í gildandi lögum. Hér er t.d. átt við að sérleyfishafar í flugi og á landi hafi heimild samkvæmt sérstökum reglum til að skipuleggja og selja í ferðir á eigin leiðum og enn fremur láta fæði og gistingu fylgja án þess að þurfa leyfi skv. 24. gr. þessara laga. Ekki er til þess ætlast að hér sé um umfangsmikla starfsemi að ræða.

Enn fremur er í greininni gert ráð fyrir að ráðuneytið ákveði um stöðu íslenskra ferðafélaga gagnvart lögum þessum. Starfsemi ferðafélaga hefur verið gildur þáttur í að ryðja íslenskri ferðaþjónustu braut, ekki síst í óbyggðum. Ferðafélög leggja mörg hver mikið af mörkum við byggingu og viðhald skála sem standa öllu ferðafólki opnir. Hins vegar er eðlilegt að þess sé gætt að félögin stundi ekki óeðlilega samkeppni við almennan rekstur í ferðaþjónustu.

Um 30. gr.

Ákvæði þessi eru hliðstæð ákvæðum í gildandi lögum. Samþykkt var á Alþingi 22. febrúar 1990 þingsályktun um öryggi í óbyggðaferðum og er unnið að því að móta tillögur þar að lútandi, m.a. um hugsanlegar lagabreytingar, reglur og fræðslu á þessu sviði.

Um 31. gr.

Með ákvæðum þessum er kveðið á um að þeir sem skipuleggja hópferðir um landið í atvinnuskyni skuli að jafnaði hafa í ferðunum leiðsögumenn sem hafi aflað sér réttinda til leiðsagnar hér á landi. Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skyldur og viðmiðanir samkvæmt greininni, m.a. um lágmarksfjölda í hópferðum og ferðir þar sem fyrirmæli greinarinnar eiga ekki við. Einnig er gert ráð fyrir að ráðherra veiti undanþágu frá meginreglunni við sérstakar aðstæður, m.a. ef ekki fást leiðsögumenn með tilskilin réttindi til leiðsagnar. Leiðsögn veitt af kunnáttufólki er liður í að tryggja fræðslu

og góða umgengni um landið og um leið er í henni fólgið ákveðið öryggi fyrir ferðamanninn.

Um 32. gr.

Ákvæði greinarinnar taka til hvers kyns sölu á gistingu á gististöðum og heimilum, þar með talin Ferðaþjónusta bænda; einnig til sölu veitinga til almennings, annarra en áfengis, þar á meðal á skyndibitastöðum, sjoppum og bensínafgreiðslum samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerð. Einnig til leigu á samkomusölum í atvinnuskyni, þar á meðal í félagsheimilum.

Ákvæðið um skráningarskyldu vegna útleigu tækja og rekstrar afþreyingarþjónustu eru nýmæli í lögum hér á landi.

Um 33. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 34. gr.

Ákvæði greinarinnar eru í aðalatriðum óbreytt frá gildandi lögum. Þó er kveðið á um að leyfi sé veitt í allt að fjögur ár. Þá eru gerðar nokkrar orðalagsbreytingar til að taka af tvímæli.

Um 35. gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega hliðstæð ákvæðum í gildandi lögum nr. 67/1985, 4.–6. gr. Með þeim eru veittar tímabundnar heimildir til rekstar við sérstakar aðstæður, svo sem gjaldþrot, andlát leyfishafa og þá nýr aðili tekur við rekstri.

Um 36. gr.

Efni greinarinnar er óbreytt frá gildandi lögum, nema í stað þess að afturkalla leyfi er heimild til tímabundinnar innköllunar þess við tilgreindar aðstæður.

Um 37. gr.

Með greininni er gert ráð fyrir að flokkun gisti- og veitingastaða verði ákveðin með reglugerð í stað þess að vera bundin í lögum eins og nú er. Áhersla er lögð á að í slíkri flokkun komi fram kröfur um þjónustu og annað er lýtur að neytendavernd og að þjónustustig endurspeglist í nafngiftum.

Um 38. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að öll afþreyingarstarfsemi sem rekin er í atvinnuskyni fyrir ferðamenn og staðbundinn markað verði skráningarskyld. Hér er ekki um eiginlegar leyfisveitingar að ræða, heldur að gerðar verði ákveðnar lágmarkskröfur til þessarar starfsemi, m.a. með tilliti til gæða þjónustunnar og til neytendaverndar. Gert er ráð fyrir að ráðuneytið, eða skrifstofa ferðamála eftir því sem ráðuneytið ákveður, annist skráningu á slíkri starfsemi og umfangi hennar. Margvísleg starfsemi í ferðaþjónustu er nú rekin án eftirlits eða leyfisskyldu sem falla mundi undir ákvæði þessarar greinar.

Um 39. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 40. gr.

Ákvæði greinarinnar er nýmæli þar eð ekki er kveðið á um almennt eftirlit með framkvæmd laga um ferðaþjónustu í gildandi lögum, m.a. með leyfisveitingum. Rétt þykir að kveða á um að samgönguráðuneytið hafi slíkt eftirlit með höndum og fylgist með framkvæmd laganna til viðbótar við sértækt eftirlit einstakra stofnana.

Um 41. gr.

Þörf er á sértæku eftirliti með gisti- og veitingastöðum í þágu öryggis og neytendaverndar. Slíkt eftirlit þarf þó að vera tengt almennu eftirliti með framkvæmd laganna á vegum samgönguráðuneytis.

Um 42. gr.

Um nokkurt skeið hefur verið starfrækt kvörtunarnefnd ferðaskrifstofa og Neytendasamtakanna með oddamann frá samgönguráðuneyti. Nefndin hefur enga stoð í lögum eða reglugerð og hefur þess verið óskað af hagsmunaaðilum að ákvæði um nefndina verði lögfest.

Þegar mál er tekið til úrskurðar í nefndinni skal hún skipuð þremur mönnum, þ.e. fulltrúa ráðuneytis og Neytendasamtaka og fulltrúa samtaka hlutaðeigandi fyrirtækis sem kvörtun hefur borist út af. Séu ekki starfandi samtök í viðkomandi grein skal fyrirtæki sem í hlut á benda á önnur hagsmunasamtök sem tilnefni fulltrúa í kvörtunarnefnd fyrir þess hönd.

Um 43. gr.

Svipað ákvæði er í lögum um veitinga- og gististaði. Hagstofan hefur um árabil safnað hagrænum upplýsingum vegna ferðaþjónustu, einkum yfirliti um gistingu. Þótt slík gagnasöfnun ætti að vera sjálfsögð og atvinnugreininni í hag er talið rétt að kveða á um hana í lögum. Áhersla er lögð á að við úrvinnslu úr slíkum upplýsingum sé gætt trúnaðar gagnvart einstökum fyrirtækjum.

Um 44. gr.

Ákvæði um skil ársreikninga og tölfræðilegar upplýsingar frá fyrirtækjum í ferðaþjónustu eru sett vegna gagnasöfnunar um atvinnugreinina og eftirlits. Skylt er að gæta fyllsta trúnaðar um meðferð slíkra upplýsinga eftir því sem við á.

Um 45. gr.

Óbreytt frá ákvæðum gildandi laga. Örnefnanefnd starfar samkvæmt lögum nr. 35/1953, um bæjanöfn o.fl. og er henni ætlað að skera úr um ágreining er rísa kann um ákvæði þessarar greinar.

Um 46. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá gildandi lögum. Þykir rétt að hafa slíka heimild til gjaldtöku þótt hún hafi lítið sem ekkert verið notuð hingað til.

Um 47. gr.

Ákvæði greinarinnar taka til laganna í heild. Styðjast má við ákvæði í reglugerðum,

sem settar hafa verið með stoð í eldri lögum og sem ekki brjóta gegn ákvæðum þessara laga uns nýjar reglugerðir koma í þeirra stað.

Um 48. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 49. gr.

Miðað er við að frumvarpið verði að lögum á Alþingi 1990–1991 og öðlist þegar gildi. Framkvæmd laganna verði undirbúin á árinu 1991, m.a. reglugerðir er setja þarf. Að því búnu koma lögin til framkvæmda í ársbyrjun 1992, sbr. einnig ákvæði til bráðabirgða.

Fylgiskjal I.

Endurskoðun laga á sviði ferðamála — yfirlit.

Á undanförnum árum hafa nokkrar nefndir verið settar á laggirnar til að endurskoða löggjöf á sviði ferðamála. Árið 1987 var skipuð nefnd á vegum samgönguráðuneytisins til að endurskoða lög um skipulag ferðamála. Sú nefnd lauk ekki störfum og skilaði ekki tillögum til ráðuneytisins. Árið 1983 var skipuð nefnd til að endurskoða lög um ferðamál og skilaði hún tillögum um breytingar á lögum um skipulag ferðamála. Þær tillögur voru lagðar fyrir Alþingi og samþykktar sem lög um skipulag ferðamála, nr. 79/1985. Árið 1975 starfaði nefnd á vegum ráðuneytisins til að endurskoða lög um ferðamál og samdi hún frumvarp sem lagt var fram á Alþingi. Það frumvarp var síðan samþykkt sem lög nr. 60/1976. Árið 1972 var skipuð nefnd til að endurskoða lög nr. 4/1969, um ferðamál. Nefndin lauk ekki störfum. Árið 1974 var skipuð nefnd til að gera tillögur um úrbætur á vanda veitinga- og gististaða. Nefndin skilaði tillögum en þær fjölluðu ekki um lagabreytingar.

Lög um skipulag ferðamála og reglugerðir tengdar þeim.

Lög um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, sbr. lög nr. 59/1988.

Tilgangur er að stuðla að þróun ferðamála sem atvinnugreinar og skipulagningu ferðaþjónustu fyrir íslenskt og erlent ferðafólk sem mikilvægs þáttar í íslensku atvinnu- og félagslífi, bæði með hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og umhverfisvernd.

Kveðið er á um skipan 23ja manna Ferðamálaráðs með fjölþættum verkefnum.

Ákvæði eru um Ferðaskrifstofu ríkisins og sagt að ríkisstjórnin skuli beita sér fyrir stofnun hlutafélags um Ferðaskrifstofu ríkisins sem skuli annast fyrirgreiðslu og skipulagningu ferða fyrir íslenska og erlenda ferðamenn.

Ákvæði eru um almennar ferðaskrifstofur, þ.e. skilyrði til leyfis, upphæð tryggingafjár og brottfall leyfis.

Ákvæði eru um Ferðamálasjóð og er hlutverk hans að stuðla að þróun íslenskra ferðamála með lánum og styrkveitingum.

Þá var kveðið á um heimild ráðherra að ákveða að þeir sem skipuleggja hópferðir kaupi tryggingu vegna kostnaðar sem hljótast kann af leit eða björgun farþega og að sömu aðilar skuli hafa leiðsögumenn, sem hlotið hafa til þess sérstaka þjálfun.

Með lögum 59/1988 er kveðið á um heimild fyrir ríkisstjórnina að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er taki við rekstri Ferðaskrifstofu ríkisins og hvað ríkisstjórninni er heimilt að gera í þessu skyni.

Auglýsing um tryggingarfé ferðaskrifstofa nr. 23/1990.

Bankatrygging er nú 6 milljónir króna. Áður gilti auglýsing 567/1987 (4 m.), 409/1985 (2,6 m.), 47/1984 (1,7 m.), 573/1982 (800.000), 613/1980 (400.000), 372/1978 (15 m.) og 153/1965 (350.000), en lagaheimildin um tryggingarfé kom fyrst í lög 29/1964 þegar einkaréttur Ferðaskrifstofu ríkisins var afnuminn.

Reglugerð um eftirlit með hópferðum erlendra aðila til Íslands í atvinnuskyni nr. 175/1983.

Þetta er fyrsta og eina reglugerðin sem sett hefur verið um þetta efni, en lagaheimildin kom fyrst í lög 60/1976.

Reglugerð um starfsmenntun leiðsögumanna ferðafólks nr. 130/1981.

Áður gilti reglugerð 80/1981 sem bar sama heiti og var hún fyrsta reglugerðin um þetta efni, en lagaheimildin kom fyrst í lög 60/1976.

Reglugerð um almennar ferðaskrifstofur nr. 266/1978.

Áður giltu reglur um tryggingarfé ferðaskrifstofa 153/1965, en það það var árið 1964 sem fyrst var kveðið á um almennar ferðaskrifstofur í lögum þegar einkaréttur Ferðaskrifstofu ríkisins var afnuminn.

Reglugerð um Ferðamálasjóð nr. 265/1978.

Áður gilti reglugerð 272/1964 sem var sú fyrsta um Ferðamálasjóð, en kveðið var á um stofnun Ferðamálasjóðs með lögum 29/1964.

Reglugerð um Ferðaskrifstofu ríkisins, eftirlit með gistihúsum og umboðsmenn erlendra ferðaskrifstofa nr. 30/1936.

Reglugerð þessi var sett samkvæmt lögum 33/1936 og er formlega í gildi, en flest ákvæði hennar samrýmast ekki gildandi lögum.

Lög sem áður hafa gilt.

Lög um skipulag ferðamála, nr. 60/1976, sbr. lög nr. 45/1980 og 15. gr. laga nr. 75/1982.

Heiti laganna er breytt og tilgangur þeirra að stuðla að þróun ferðamála og skipulagningu ferðaþjónustu fyrir íslenskt og erlent ferðafólk sem mikilvægs þáttar í íslensku atvinnu- og félagslífi, bæði með hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og umhverfisvernd.

Kveðið er á um skipan 13 manna Ferðamálaráðs með fjölþættum verkefnum.

Ákvæði eru um Ferðaskrifstofu ríkisins og sagt að ríkisstjórnin skuli láta starfrækja ferðaskrifstofu sem einkum skuli annast fyrirgreiðslu og skipulagningu ferða fyrir íslenska og erlenda ferðamenn.

Ákvæði eru um almennar ferðaskrifstofur, þ.e. skilyrði til leyfis, upphæð tryggingarfjár og brottfall leyfis.

Ákvæði eru um Ferðamálasjóð og er hann sagður vera stofnlánasjóður þeirra starfsgreina, sem ferðaþjónusta einkum byggist á. Hlutverk hans er að stuðla að þróun íslenskra ferðamála með lánveitingum.

Þá var kveðið á um heimild ráðherra að ákveða að þeir sem skipuleggja hópferðir kaupi tryggingu vegna kostnaðar sem hljótast kann af leit eða björgun farþega og að sömu aðilar skuli hafa leiðsögumenn sem hlotið hafa til þess sérstaka þjálfun.

Með lögum nr. 45/1980 er Stéttarsambandi bænda gert að tilnefna fulltrúa í Ferðamálaráð.

Lög um ferðamál, nr. 4/1969, sbr. lög nr. 62/1971, nr. 42/1972 og nr. 71/1972.

Engar efnisbreytingar áttu sér stað með þessum lögum heldur voru breytingar á lögum 29/1964 færðar inn í meginmál þeirra og þau síðan gefin út á nýjan leik.

Lög um ferðamál, nr. 29/1964, sbr. lög nr. 71/1964, nr. 36/1966, 12. gr. laga nr. 5/1968 og lög nr. 91/1968.

Afnuminn var einkaréttur Ferðaskrifstofu ríkisins til að reka ferðaskrifstofu og settar reglur um almennar ferðaskrifstofur, þ.e. um starfsemi þeirra, nauðsyn leyfis og skilyrða fyrir því, tryggingarfé og um brottfall leyfis.

Kveðið var á um skipan níu manna Ferðamálaráðs til að vera ráðgefandi fyrir ríkisstjórn og Alþingi, gera áætlanir og tillögur um skipan gistihúsamála og örva heilbrigða samkeppni o.fl. Ákvæði voru um starfssvið og hlutverk Ferðaskrifstofu ríkisins.

Kveðið á um stofnun sérstaks Ferðamálasjóðs til að stuðla að byggingu gisti- og veitingahúsa í landinu og bæta þannig skilyrði til að veita innlendu og erlendu ferðafólki sem bestar móttökur og aðbúð.

Með lögum nr. 91/1968 var breytt ákvæðum um almennar ferðaskrifstofur, þ.e. skilyrðum til leyfis, upphæð tryggingarfjár og brottfall leyfis.

Lög um Ferðaskrifstofu ríkisins, nr. 33/1936, sbr. lög nr. 20/1947.


Samkvæmt þeim er sett á stofn Ferðaskrifstofa ríkisins til að veita fræðslu um landið innan lands og utan með fræðsluritum, úvarpserindum auglýsingum o.fl. Hún hafði ein rétt til þess að starfrækja ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn. Henni var einnig ætlað það hlutverk að „veita ókeypis leiðbeiningar um ferðalög umhverfis landið og á landinu". Hún hafði heimild til að breyta gjaldskrám gistihúsa, veitingahúsa og fólksflutningabifreiða ef þær virtust ósanngjarnar að fengnum tillögum nefndar sem viðkomandi aðilar höfðu rétt til að tilnefna í. Þá átti hún að hafa eftirlit með hreinlæti á gistihúsum og veitingahúsum. Til að afla henni tekna var sett stimpilgjald af farseðlum með bifreiðum í áætlunarferðum.

Með lögum 20/1947 var stimpilgjaldið fellt niður og þess í stað heimilað að sérleyfisgjald samkvæmt lögum um skipulag á fólksflutningum með áætlunarbifreiðum skyldi notað til að greiða kostnað við rekstur Ferðaskrifstofu ríkisins. Þá var Ferðaskrifstofu ríkisins falið að skipuleggja ódýrar orlofsdvalir og orlofsferðir og semja um afslátt af þeim.

Fylgiskjal II.


Framlag hins opinbera til ferðamála, sem hlutfall af heildarútgjöldum ríkisins 1980-1990

%



Meðaltekjur af hverjum erlendum ferðamanni 1980-1990

Þús kr



Fylgiskjal III.

STOFNSAMNINGUR
Upplýsingamiðstöðvar ferðamála á Íslandi.

1. gr.

Við undirritaðir aðilar eigum og rekum í sameiningu sameignarfélag undir nafninu „Upplýsingamiðstöð ferðamála á Íslandi".

Heimili og varnarþing félagsins er í Reykjavík.

Stefnt skal að því að koma upp útibúum í einstökum landshlutum í samvinnu við ferðamálasamtök viðkomandi landshluta. Enn fremur skal stefnt að því að koma upp beinu sambandi á milli Upplýsingamiðstöðvarinnar og flughafnar Leifs Eiríkssonar, Keflavík.

2. gr.

Tilgangur og verksvið Upplýsingarmiðstöðvar ferðamála á Íslandi skal m.a. vera eftirfarandi:

a. Að vera miðstöð upplýsingamiðlunar ferðamála í landinu. Starfsemin miðast eingöngu við ferðalög um Ísland.

b. Að samræma og vera ráðgefandi um útgáfu kynningarefnis ferðaþjónustunnar í landinu.

c. Að vera, í samstarfi við Ferðamálaráð, dreifingarmiðstöð á bæklingum, myndböndum og ritum ferðaþjónustunnar.

d. Að gefa ferðaþjónustuaðilum kost á að kynna starfsemi sína í húsnæði Upplýsingamiðstöðvarinnar í sýningaraðstöðu sem þar skal gera ráð fyrir.

e. Að sinna almennum fyrirspurnum sem lúta að ferðamöguleikum á Íslandi og annast bókunarþjónustu á gistingu eftir nánari ákvörðun eignaraðila.

3. gr.

Eignarhluti hvers aðila um sig í félaginu er þannig: Ferðamálaráð Íslands 50%, Ferðamálanefnd Reykjavíkur, vegna Reykjavíkurborgar, 25%, og Ferðamálasamtök landshlutanna 25%.

Kostnaður af rekstrinum skiptist milli aðila í hlutfalli við eignarhlutföll hvers um sig, en gagnvart lánadrottnum ábyrgjast aðilar skuldir einn fyrir alla og allir fyrir einn.

4. gr.

Stjórn Upplýsingamiðstöðvarinnar skal skipuð sjö mönnum, þremur frá Ferðamálaráði Íslands, tveimur frá ferðamálanefnd Reykjavíkurborgar og tveimur frá ferðamálasamtökum landshlutanna. Aðilar skipa jafnframt varamenn í stjórnina. Formleg tilnefning stjórnarmanna fer, sbr. 7. gr., fram á aðalfundi Upplýsingamiðstöðvarinnar.

Stjórnarmenn skulu skipaðir til tveggja ára í senn og hafa fullt umboð eignaraðila til töku allra nauðsynlegra ákvarðana vegna reksturs Upplýsingarmiðstöðvarinnar. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Stjórnin skal koma saman a.m.k. fjórum sinnum á ári eða þegar að einhver stjórnarmanna krefst þess og tilgreinir fundarefni. Stjórnin er ákvörðunarbær þegar helmingur

stjórnarmanna sækir fund, þó því aðeins að fulltrúar allra eignaraðila séu á fundi. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið. Stjórnin skal halda gjörðabók yfir fundi sína. Ferðamálastjóri hefur rétt til að sitja stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt.

5. gr.

Stjórnin ræður forstöðumann Upplýsingarmiðstöðvarinnar og annað nauðsynlegt starfsfólk. Daglegur rekstur Upplýsingamiðstöðvarinnar er í höndum forstöðumanns. Í starfssamningi er stjórnin gerir við forstöðumann skal kveða nánar á um verksvið hans og ábyrgð gagnvart stjórn.

Forstöðumaður Upplýsingamiðstöðvarinnar hefur prókúruumboð. Einungis stjórn félagsins getur veitt öðrum aðilum prókúruumboð.

Stjórn Upplýsingarmiðstöðvarinnar ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar fyrir komandi starfsár. Fyrstu drög hennar skulu liggja frammi á samráðsfundum, sbr. 7. gr., og skulu þau jafnframt send eignaraðilum. Athugasemdir eignaraðila við fyrirliggjandi drög að fjárhagsáætlun skulu berast stjórn eigi síðar en 15. desember ár hvert. Stjórn Upplýsingamiðstöðvarinnar skal ganga frá og samþykkja endanlega fjárhagsáætlun starfsársins fyrir 15. janúar.

6. gr.

Halda ber aðalfund Upplýsingarmiðstöðvar ferðamála á Íslandi fyrir 1. apríl ár hvert. Hver eignaraðili á rétt á að senda á eigin kostnað allt að þrjá fulltrúa á aðafund. Atkvæðisréttur á aðafundi er í samræmi við eignarhlutdeild aðila. Aðalfund skal boða bréflega með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Dagskrá aðalfundar er svohljóðandi:

a. Skýrsla stjórnar.
b. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til samþykktar.
c. Lögð fram samþykkt fjárhagsáætlun.
d. Tilnefningar eignaraðila í stjórn skv. 4. gr.
e. Kosnir tveir fjármálalegir skoðunarmenn.
f. Önnur mál.

7. gr.

Í október ár hvert skal halda samráðsfund eignaraðila. Hver eignaraðili skal senda eigi færri en þrjá fulltrúa, sem ekki sitja í stjórn Upplýsingamiðstöðvarinnar, á samráðsfund þennan. Eignaraðilar greiða sjálfir kostnað við þátttöku fulltrúa sinna.

Tilgangur samráðsfunda er að vera leiðbeinandi fyrir stjórn Upplýsingamiðstöðvarinnar við mótun starfseminnar. Samráðsfundirnir eru vettvangur skoðanaskipta en ekki ákvörðunartöku. Á samráðsfundum skal, sbr. 3. mgr. 5. gr., leggja fram fyrstu drög að fjárhagsáætlun komandi árs. Stjórnin boðar til samráðsfundar bréflega með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Tillaga að dagskrá samráðsfundar skal koma fram í fundarboði.

8. gr.

Yfir viðskipti félagsins og hag skulu gerð nákvæm reikningsskil á ári hverju við áramót. Skal þeim lokið í síðasta lagi fyrir 15. febrúar næstan á eftir.

Á fyrsta stjórnarfundi eftir að nýskipuð stjórn kemur saman skal hún kjósa löggiltan endurskoðanda sem í samræmi við góða endurskoðunarvenju endurskoðar ársreikninga

Upplýsingamiðstöðvarinnar. Endurskoðaðir ársreikningar skulu sendir eignaraðilum fyrir 1. mars ár hvert.

9. gr.

Hver einstakur aðili getur sagt sig úr félagi þessu með sex mánaða fyrirvara, þó þannig að úrsögn tekur ekki gildi fyrr en um næstu áramót eftir að uppsagnarfresturinn er liðinn. Ef félagið á þá ekki fyrir skuldum skal sá aðili sem segir sig úr félaginu greiða í samræmi við eignaraðild sína sinn hluta þeirra skulda sem umfram er eignir. Öðrum aðilum Upplýsingamiðstöðvarinnar er heimilt að halda áfram rekstri félagsins með sama firmanafni, þrátt fyrir úrsögn einstakra aðila, svo lengi sem tilgangur félagsins er að reka sjálfstæða og óháða Upplýsingamiðstöð ferðamála á Íslandi.

Ef félaginu er slitið skal gera upp reikninga þess og skiptast þá eignir þess og skuldir milli eignaraðila í samræmi við eignarhlutföll þeirra.

10. gr.

Mál út af samningi þessum má reka fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í níu samhljóða eintökum, eitt handa hverjum undirritaðra og eitt til verðveislu hjá lögmanni Upplýsingarmiðstöðvarinnar.

Fylgiskjal IV.

Ferðamálasamtök landshlutanna.

Tilgangur ferðamálasamtakanna er að stuðla að þróun og uppbyggingu í ferðaþjónustu, standa sameinginlega að kynningu og veita þeim er starfa við ferðaþjónustu ýmiss konar upplýsingar og ráðgjöf.

Fyrstu ferðamálasamtökin voru stofnuð á Vesturlandi árið 1982 og síðan hefur þeim fjölgað smátt og smátt og eru nú ferðamálasamtök starfrækt í öllum kjördæmum landsins.

Þau eru ferðamálasamtök Vesturlands, Vestfjarða, Norðurlands, Austurlands, Suðurlands, Suðurnesja og ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins.

Með lögum um skiplag ferðamála 1985 öðluðust samtökin rétt til setu í Ferðamálaráði.

Ferðamálasamtökin eru samtök þeirra sem hagsmuna eiga að gæta í ferðaþjónustu á hverju svæði, sveitarfélög, einstaklingar og fyrirtæki. Í flestum þeirra eru sjö til níu manna stjórnir en ferðamálasamtökin eru misjafnlega uppbyggð í kjördæmunum.

Í sumum er lögð áhersla á að hafa sérstök svæðafélög innan kjördæmisins sem síðan mynda ferðamálasamtökin í kjördæminu öllu og er þá stjórn samtakanna yfirleitt skipuð einum manni frá hverju ferðamálafélagi. Í öðrum kjördæmum er miðað við að fulltrúar séu frá sem flestum svæðum innan kjördæmisins.

Í enn öðrum er reynt að gæta þess að í stjórn séu bæði sveitarstjórnarmenn og þeir sem starfa við ferðaþjónustu.

Ferðamálasamtökin hafa með sér laustengt samstarf og halda reglulega samráðsfundi, hafa þau m.a. komið sameiginlega fram gagnvart stjórnvöldum. Ferðamálasamtökin hafa

fjármagnað rekstur sinn með árgjöldum sem eru mjög breytilega en oftast er tekið mið af umfangi fyrirtækja og stærð sveitarfélaga þegar þau eru ákveðin.

Upplýsingamiðstöð ferðamála á Íslandi.

Upplýsingamiðstöð ferðamála á Íslandi var opnuð í Reykjavík í júlí 1987. Rekstur Upplýsingamiðstöðvarinnar er kostaður af stofnaðilum, þ.e. Ferðamálaráði 50%, ferðamálanefnd Reykjavíkurborgar 25% og ferðmálasamtökum landshlutanna 25%.

Starfsemi Upplýsingamiðstöðvarinnar er enn sem komið er eingöngu í Reykjavík en í stofnsamningi er gert ráð fyrir því að komið verði upp útibúum í einstökum landshlutum í samvinnu við ferðamálasamtök í viðkomandi landshluta. Upplýsingamiðstöðin í Reykjavík hefur náið samband við aðrar upplýsingamiðstöðvar sem reknar eru víða um land af einkaaðilum, svo sem á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði. Tilgangur og verksvið Upplýsingamiðstöðvar ferðamála er samkvæmt stofnsamningi m.a.:

— Að vera miðstöð upplýsingamiðlunar ferðamála í landinu.
— Að samræma og vera ráðgefandi um útgáfu kynningarefnis fyrir ferðaþjónustuna.
— Að sjá um dreifingu bæklinga.
— Að svara almennum fyrirspurnum um ferðalög um Ísland.

Fylgiskjal V.

Drög að reglugerð um ferðaþing.

1. gr.

Ferðaþing kemur saman árlega. Ferðamálaráð boðar til þingsins, undirbýr dagskrá þess og leggur fyrir það skýrslu um störf sín.

2. gr.

Ferðaþing er ráðgefandi samkoma um málefni ferðaþjónustunnar. Það fylgist með og metur þróun ferðamála og gerir tillögur um breytingar á opinberri ferðamálastefnu eftir því sem nauðsynlegt er talið. Þingið fjallar um aðsend erindi. Það kýs aðal- og varafulltrúa í Ferðamálaráð samkvæmt ákvæðum 5. gr. reglugerðarinnar.

3. gr.

Rétt til setu á ferðaþingi hafa:

a. Fulltrúar frá eftirtöldum samtökum: (upptalning).
b. Ferðamálaráð, aðalmenn og varamenn.
c. Einn fulltrúi fyrir hvern þingflokk á Alþingi.
d. Eftirtaldir embættismenn: (upptalning).

Áheyrnarfulltrúum er heimilt að fylgjast með störfum þingsins eftir því sem húsrúm leyfir.

4. gr.

Formaður Ferðamálaráðs setur þingið og stýrir því uns það hefur kosið forseta. Þingið setur sér þingsköp.

Seta á ferðaþingi er ólaunuð, en hlutaðeigandi greiða kostnað sinna fulltrúa. Annar nauðsynlegur kostnaður af þinghaldinu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði ráðherra.

5. gr.

Ferðamálaráð er skipað níu mönnum. Ráðherra skipar formann ráðsins til tveggja ára og varamann hans sem jafnframt er varaformaður. Tilkynna skal um skipun formanns við upphaf fyrsta ferðaþings. Á þinginu eru valdir átta fulltrúar til tveggja ára í senn, fjórir samkvæmt tilnefningu, en fjórir kosnir óhlutbundinni kosningu.

a. Eftirtaldir tilnefna einn fulltrúa hver í Ferðamálaráð og varamann: Félag íslenskra ferðaskrifstofa, Flugleiðir hf., Náttúruverndarráð, Samband veitinga- og gistihúsa. Tilkynna skal nöfn þessara fulltrúa til kjörnefndar á ferðaþingi.
b. Kjósa skal á Ferðaþingi í óhlutbundinni kosningu fjóra fulltrúa í Ferðamálaráð til tveggja ára í senn, tvo hvert ár, svo og varamenn þeirra. Ekki eru kjörgengir stjórnarmenn eða aðrir forsvarsmenn þeirra sem tilnefna í ráðið.
Atkvæðisrétt við kosningu í Ferðamálaráð hafa fulltrúar skv. a-, b- og c-liðum 3. gr.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. ..., um ferðaþjónustu.

Fylgiskjal VI.

Stj.tíð. A, nr. 79/1985.

Lög

um skipulag ferðamála.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Tilgangur og yfirstjórn.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að þróun ferðamála sem atvinnugreinar og skipulagningu ferðaþjónustu fyrir íslenskt og erlent ferðafólk sem mikilvægs þáttar í íslensku atvinnu- og félagslífi, bæði með hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og umhverfisvernd.

2. gr.

Samgönguráðuneytið fer með yfirstjórn mála þeirra sem lög þessi taka til.

II. KAFLI

Ferðamálaráð Íslands.

3. gr.

Ferðamálaráð Íslands fer með stjórn ferðamála undir yfirstjórn samgönguráðuneytisins.

Ferðamálaráð heldur fundi a. m. k. fjórum sinnum á ári.

4. gr.

Samgönguráðherra skipar menn í Ferðamálaráð til fjögurra ára í senn. Skulu fimm skipaðir án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður ráðsins og annar varaformaður.

Aðra fulltrúa í Ferðamálaráð skipar ráðherra eftir tilnefningu en eftirtaldir aðilar tilnefna einn mann hver:

1. Félag hópferðaleyfishafa.
2. Félag íslenskra ferðaskrifstofa.
3. Félag leiðsögumanna.
4. Félag sérleyfishafa.
5. Ferðafélag Íslands.
6. Flugleiðir hf.
7. Náttúruverndarráð.
8. Samband veitinga- og gistihúsa.
9. Önnur flugfélög en Flugleiðir hf.
10. Ferðaþjónusta bænda.
11. Reykjavíkurborg.

12. Ferðamálasamtök Vesturlands.
13. Ferðamálasamtök Vestfjarða.
14. Ferðamálasamtök Norðurlands vestra.
15. Ferðamálasamtök Norðurlands eystra.
16. Ferðamálasamtök Austurlands.
17. Ferðamálasamtök Suðurlands.
18. Ferðamálasamtök Suðurnesja.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Þóknun ráðsmanna greiðist af þeim aðilum sem hafa tilnefnt þá.

5. gr.

Samgönguráðherra skipar fimm manna framkvæmdastjórn til fjögurra ára.

Einn er formaður Ferðamálaráðs og skal hann vera formaður framkvæmdastjórnar.

Eftirtaldir aðilar skulu tilnefna einn mann hver: Félag íslenskra ferðaskrifstofa, Flugleiðir hf. og Samband veitinga- og gistihúsa. Einn skal skipaður til eins árs í senn, tilnefndur af Ferðamálaráði.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Ferðamálaráði er heimilt að skipa undirnefndir til þess að vinna að einstökum málaflokkum.

Ráðherra setur nánari ákvæði um starfsemi ráðsins í reglugerð.

6. gr.

Að fenginni umsögn Ferðamálaráðs ræður samgönguráðherra ferðamálastjóra sem annast daglega stjórn Ferðamálaráðs samkvæmt því sem ráðið ákveður. Ráðningartími ferðamálastjóra skal vera fjögur ár í senn.

Ferðamálastjóri situr fundi Ferðamálaráðs og framkvæmdastjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

7. gr.

Verkefni Ferðamálaráðs eru þessi:

1. Skipulagning og áætlanagerð um íslensk ferðamál.
2. Landkynning og markaðsmál.
3. Þátttaka í fjölþjóðlegu samstarfi um ferðamál.
4. Ráðgjöf og aðstoð við aðila ferðaþjónustunnar og samræming á starfsemi þeirra.
5. Skipulagning náms og þjálfunar fyrir leiðsögumenn skv. sérstakri reglugerð þar að lútandi.
6. Skipulagning námskeiða fyrir aðila ferðaþjónustunnar um samskipti og þjónustu við ferðamenn.
7. Forganga um hvers konar þjónustu- og upplýsingastarfsemi fyrir ferðamenn.
8. Starfræksla sameiginlegrar bókunarmiðstöðvar í samvinnu við aðila ferðaþjónustunnar.
9. Samstarf við Náttúruverndarráð og aðra hlutaðeigandi aðila um að umhverfi, náttúru- og menningarverðmæti spillist ekki af starfsemi þeirri sem lög þessi taka til.
10. Frumkvæði að fegrun umhverfis og góðri umgengni á viðkomu- og dvalarstöðum ferðafólks. Samstarf við einkaaðila og opinbera aðila um snyrtilega umgengni lands í byggðum sem óbyggðum.
11. Könnun á réttmæti kvartana um misbresti á þjónustu við ferðamenn.
12. Undirbúningur og stjórn almennra ráðstefna um ferðamál.
13. Önnur þau verkefni sem Ferðamálaráði eru falin með lögum þessum eða á annan hátt.

8. gr.

Fríhöfnin í Keflavík skal greiða til Ferðamálaráðs gjald er nemur 10% af árlegri vörusölu. Fríhöfnin skal greiða gjald þetta beint til Ferðamálaráðs af sölu hvers mánaðar og fellur það í gjalddaga eigi síðar en 15 dögum eftir lok mánaðarins. Skal þessu fjármagni varið á eftirfarandi hátt:

a. Til að veita einkaaðilum og opinberum aðilum styrki til að koma upp eða endurbæta aðstöðu fyrir ferðamenn.
b. Til landkynningarverkefna á vegum Ferðamálaráðs.
c. Til Ferðamálasjóðs til styrkveitinga, sbr. 25. gr.

Ferðamálaráð gerir fjárhagsáætlun fyrir eitt ár í senn sem skal lögð fyrir samgönguráðherra en hann tekur endanlega ákvörðun.

Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal að öðru leyti greiddur úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga.

III. KAFLI

Ferðaskrifstofa ríkisins.

9. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags um Ferðaskrifstofu ríkisins sem skal annast fyrirgreiðslu og skipulagningu ferða fyrir íslenska og erlenda ferðamenn. Heiti félagsins verði Ferðaskrifstofa ríkisins hf. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt:

a. að leggja Ferðaskrifstofu ríkisins, þ. e. allar eignir og fylgifé, til hins nýja félags,
b. að láta fara fram nákvæmt mat á eignum Ferðaskrifstofu ríkisins, þ. m. t. viðskiptavild, til viðmiðunar við ákvörðun um heildarhlutafjárhæð í hinu nýja hlutafélagi,
c. að ákveða fjárhæð hlutabréfa með það í huga að starfsfólk Ferðaskrifstofu ríkisins geti keypt bréf í hlutafélaginu,
d. að selja á næstu 5 árum allt að 30% af hlutafjáreign ríkissjóðs í Ferðaskrifstofu ríkisins til samtaka starfsmanna ferðaskrifstofunnar.

Verð hlutabréfa skal ákveðið skv. b- og c-lið hér að framan.

Þeir starfsmenn Ferðaskrifstofu ríkisins, sem notið hafa réttinda lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og hefja störf hjá hinu nýja hlutafélagi eftir gildistöku þessara laga, skulu áfram eiga rétt á aðild að lífeyrissjóði.

10. gr.

Samgönguráðherra skipar 3 fulltrúa af 5 til setu á aðalfundum og hluthafafundum félagsins. Fer hver þeirra með ⅓ af atkvæðum ríkissjóðs í félaginu eins og þau eru á hverjum tíma.

11. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978, gildir ekki um tölu stofnenda hlutafélagsins og 1. mgr. 17. gr. sömu laga gildir ekki um tölu hluthafa.

Lög þessi skulu koma í stað stofnsamnings skv. II. kafla hlutafélagalaga. Stofnfund hins nýja hlutafélags skal halda innan 3 mánaða frá gildistöku laganna og skal leggja drög að samþykktum fyrir félagið fram á fundinum.

Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga um hið nýja félag.

12. gr.

Við skipulagningu ferða skal Ferðaskrifstofa ríkisins hf. leitast við að nýta gisti- og veitingaþjónustu sem rekin er allt árið. Þar sem þörf krefur er henni þó heimilt að starfrækja sumarhótel í húsnæði heimavistarskóla eftir því sem um semst við forráðaaðila skólanna

enda sé lágmarkskröfum um húsnæði og búnað skv. lögum og reglugerðum um veitinga- og gististaði fullnægt.

Við starfrækslu sumarhótela skal þess ávallt gætt að ekki sé efnt til óæskilegrar samkeppni við nærliggjandi hótel. Jafnframt skal þess gætt að þjónusta sumarhótela sé að öðru jöfnu til ráðstöfunar fyrir aðrar ferðaskrifstofur.

13. gr.

Stjórnin ræður forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins hf. Forstjóri ræður annað starfsfólk skrifstofunnar og stjórnar allri starfsemi hennar og ber ábyrgð gagnvart stjórninni.

IV. KAFLI

Almennar ferðaskrifstofur.

14. gr.

Ferðaskrifstofa merkir í lögum þessum fyrirtæki sem tekur að sér að veita í atvinnuskyni, að einhverju eða öllu leyti, eftirgreinda þjónustu fyrir almenning:

a. Upplýsingar um ferðir innanlands eða erlendis.
b. Hvers konar umboðssölu farmiða með skipum, bifreiðum, flugvélum eða járnbrautum.
c. Útvegun gistihúsnæðis.
d. Skipulagningu og sölu hópferða, innanlands eða erlendis, starfrækslu sætaferða og móttöku erlendra ferðamanna.

Í reglugerð skulu sett nánari ákvæði um með hverjum hætti skuli hafa eftirlit með þjónustu ferðaskrifstofa.

Samgönguráðuneytið sker úr ef ágreiningur verður um hvort starfsemi telst falla undir a- til d-lið hér að framan, svo og um það hvort um ferðaskrifstofustarfsemi sé að ræða í skilningi laga þessara.

15. gr.

Óheimilt er að stunda störf þau er greind eru í 14. gr., svo og að nota í nafni eða auglýsingum einstaklinga, félaga eða fyrirtækja orðið ferðaskrifstofa eða hliðstæð erlend heiti nema hafa til þess leyfi samgönguráðuneytisins.

16. gr.

Hver sá, sem vill reka ferðaskrifstofu, skal sækja um leyfi til ráðuneytisins. Leita skal umsagnar Ferðamálaráðs Íslands um allar slíkar umsóknir.

Skal ráðið ganga úr skugga um að öllum skilyrðum sé fullnægt.

17. gr.

Skilyrði til að geta öðlast leyfi til reksturs ferðaskrifstofu er að forstöðumaður hennar uppfylli eftirtalin skilyrði:

a. Fjárræði og forræði á búi sínu.
b. Búseta á Íslandi.

Enn fremur skal einn eða fleiri af starfsmönnum ferðaskrifstofunnar á hverjum tíma hafa að baki staðgóða reynslu við almenn ferðaskrifstofustörf.

Leyfi má veita félagi eða fyrirtæki, enda sé stjórnin innlend og aðsetur hér á landi, og gilda um slíka ferðaskrifstofu sömu ákvæði og að ofan greinir.

Nú telur ráðuneytið, að málavöxtum athuguðum, að ekki sé unnt að reka starfsemi þá sem sótt er um leyfi fyrir samkvæmt lögum þessum á viðunandi hátt og skal þá umsókninni synjað.

18. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu má því aðeins veita að umsækjandi setji bankatryggingu sem eigi sé lægri en 1,7 millj. kr.

Fjárhæð tryggingar skal endurskoðuð árlega og breytt ef þurfa þykir í samræmi við almennar verðlagsbreytingar.

Ráðuneytið getur krafist ársreikninga og annarra upplýsinga frá ferðaskrifstofum.

19. gr.

Ekki má greiða af tryggingafé samkv. 18. gr. aðrar kröfur en þær sem aðfararhæfur dómur er fenginn fyrir eða viðurkenning skiptaréttar, enda séu kröfurnar sprottnar af ferðaskrifstofurekstri tryggingafjáreiganda.

Þó má víkja frá skilyrði 1. mgr. komi það í ljós að ferðaskrifstofa geti vegna fjárhagsörðugleika ekki annast heimflutning viðskiptavina sinna. Getur ráðuneytið þá annnast eða falið öðrum að annast þennan flutning og greiðist kostnaður við hann af tryggingarfénu og hefur kostnaður af slíkum flutningum forgang fram yfir aðrar kröfur.

20. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fellur niður:

a. Ef leyfishafi verður gjaldþrota eða sviptur fjárræði.
b. Ef trygging sú, sem sett er samkvæmt 18. gr., rýrnar, fellur niður eða fullnægir ekki þeim reglum sem ráðuneytið setur.
c. Ef leyfishafi hættir að hafa búsetu hér á landi.

Ef félag er leyfishafi eða annar en leyfishafi veitir daglegum rekstri ferðaskrifstofunnar forstöðu fellur leyfið niður ef einhverra þeirra skilyrða er misst sem uppfylla ber samkvæmt lögum þessum eða er forstöðumaður andast, enda sé ekki ráðinn nýr forstöðumaður sem uppfylli skilyrði laga þessara innan þess frests sem ráðuneytið setur.

21. gr.

Nú andast leyfishafi og er þá eftirlifandi maka hans, ef hann situr í óskiptu búi, heimilt að halda áfram rekstrinum í fimm ár enda sé fullnægt hinum almennu skilyrðum um ábyrgð og ekki ástæða til afturköllunar leyfis samkvæmt 20. gr.

22. gr.

Ákvæði þessa kafla taka ekki til Ferðaskrifstofu ríkisins. Ráðuneytið setur reglur um á hvern hátt eigendum og umráðamönnum samgöngutækja er heimilt að skipuleggja og selja farseðla í ferðir með slíkum samgöngutækjum þannig að fæði eða næturgisting fylgi. Binda má slíka heimild tilteknum skilyrðum um hreinlætisaðstöðu og annan aðbúnað, svo og tryggingarfé.

Ráðuneytið ákveður einnig hvaða íslensk ferðafélög eru undanþegin ákvæðum laga þessara, að því er lýtur að ferðum innanlands.

V. KAFLI

Ferðamálasjóður.

23. gr.

Ferðamálasjóður er eign ríkisins og lýtur stjórn samgönguráðherra.

Ferðamálasjóður er stofnlánasjóður þeirra starfsgreina sem ferðaþjónusta einkum byggist á. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að þróun íslenskra ferðamála með lánum og styrkveitingum.

24. gr.

Samgönguráðherra skipar þrjá menn í stjórn Ferðamálasjóðs til fjögurra ára í senn. Þar af er einn skipaður án tilnefningar og er hann jafnframt skipaður formaður sjóðsstjórnar, en tveir fulltrúar skulu tilnefndir af Ferðamálaráði.

25. gr.

Fé Ferðamálasjóðs má ráðstafa á eftirgreindan hátt:

1. Sjóðurinn veitir einkaaðilum og opinberum aðilum lán til framkvæmda við gisti- og veitingastaði gegn fullnægjandi tryggingu.
2. Sjóðnum er heimilt að veita einkaaðilum og opinberum aðilum, gegn fullnægjandi tryggingu, lán til annarra þátta ferðamála en í 1. lið greinir, svo framarlega sem með lánveitingunni er stuðlað að þróun íslenskra ferðamála.
3. Sjóðnum er heimilt að veita óafturkræf framlög til byggingar gistirýmis eða gerast eignaraðili að gistiaðstöðu þar sem rekstri er haldið uppi allt árið. Framlag þetta má aldrei nema meira en 30% af byggingarkostnaði.
4. Sjóðnum er heimilt að veita óafturkræf framlög til einkaaðila og opinberra aðila sem með starfsemi sinni stuðla að þróun íslenskra ferðamála.

Samþykktir stjórnar Ferðamálasjóðs um lán- og styrkveitingar skulu lagðar fyrir Ferðamálaráð til kynningar og umfjöllunar.

26. gr.

Tekjur Ferðamálasjóðs eru þessar:

1. Árlegt framlag úr ríkissjóði, eigi lægra en 12 millj. kr.
2. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

27. gr.

Ferðamálasjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 60 millj. kr. lán eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast slíkt lán fyrir hönd ríkissjóðs.

28. gr.

Fela skal bankastofnun að annast umsjón Ferðamálasjóðs, vörslu hans, bókhald, innheimtu og útborganir.

29. gr.

Til engrar einstakrar framkvæmdar má á sama ári veita hærra lán en sem nemur ⅓ hluta þess fjármagns sem Ferðamálasjóður getur haft til umráða til útlána á árinu að lánsfé meðtöldu, nema sérstakar ástæður komi til.

30. gr.

Telji Ferðamálaráð að heimavistarbygging í þágu skóla, sem ríkissjóður kostar að einhverju leyti, henti til starfrækslu sumargistihúss getur það farið fram á að byggingarteikningum sé hagað svo að húsnæðið fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til rekstrar gistihúss, enda sé Ferðamálaráð eða viðkomandi byggingaraðili reiðubúinn að bera ábyrgð á þeim viðbótarkostnaði sem af breytingunum leiðir. Jafnframt er heimilt í þessu skyni að veita Ferðamálaráði eða viðkomandi byggingaraðila lán úr ríkissjóði fyrir milligöngu Ferðamálasjóðs, allt að 4 millj. kr. árlega.

31. gr.

Lán úr Ferðamálasjóði skulu veitt til allt að 15 ára. Lán má veita afborgunarlaust fyrstu tvö árin.

Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána er sjóðurinn veitir.

Lánin skulu tryggð með veði í fasteign eða á annan jafntryggan hátt og heimilt er að binda greiðslur afborgana og vaxta vísitölu byggingarkostnaðar.

Nú tekur Ferðamálasjóður erlent lán og skal það þá endurlánað með gengistryggingu.

32. gr.

Við afgreiðslu lána skal þess gætt að lánveiting valdi ekki óeðlilegri samkeppni við fyrirtæki sem starfandi eru fyrir.

33. gr.

Ferðamálasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, svo og stimpilgjöldum af lánsskjölum varðandi eigin lántökur sjóðsins, en ekki útlánsskjölum.

34. gr.

Reikningar Ferðamálasjóðs skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

35. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða að þeir aðilar, sem skipuleggja hópferðir um Ísland, skuli, samkvæmt nánari reglum sem settar yrðu þar að lútandi, kaupa tryggingu hjá viðurkenndu tryggingarfélagi vegna kostnaðar sem hljótast kynni af leit eða björgun farþega sem ferðast á þeirra vegum.

Enn fremur er ráðherra heimilt að ákveða að sömu aðilar skuli hafa í nánar tilteknum ferðum leiðsögumenn sem hlotið hafa sérstaka þjálfun til þess starfa samkvæmt frekari ákvæðum í reglugerð.

36. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að fenginni umsögn Ferðamálaráðs, að greitt skuli sanngjarnt gjald fyrir þjónustu sem veitt er á stöðum í umsjá ríkisins, enda sé fé það, sem þannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði, eingöngu notað til verndar, fegrunar og snyrtingar viðkomandi staðar og til að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna.

Ákvæði þessi taka þó ekki til þjóðgarða eða annarra svæða á vegum Náttúruverndarráðs nema samþykki þess komi til.

37. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

Með brot gegn lögunum skal farið að hætti opinberra mála.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1985.

Jafnframt falla úr gildi lög um skipulag ferðamála, nr. 60 31. maí 1976. Þó skal III. kafli þeirra laga um Ferðaskrifstofu ríkisins halda gildi sínu uns stofnfundur Ferðaskrifstofu ríkisins hf. hefur verið haldinn í samræmi við 11. gr. laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 2. júlí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

Stj.tíð. A, nr. 67/1985.

Lög

um veitinga- og gististaði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Lög þessi taka til sölu á gistingu, sölu veitinga annarra en áfengis og leigu á samkomusölum í atvinnuskyni.

Enginn má stunda rekstur skv. 2. mgr. nema hafa til þess leyfi.

2. gr.

Til þess að öðlast leyfi samkvæmt lögum þessum þarf umsækjandi að:

a. vera fjárráða,
b. hafa forræði á búi sínu,
c. vera heimilisfastur á Íslandi og hafa verið það síðustu ár.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má veita félagi fullnægi ábyrgðarmaður þess ofangreindum skilyrðum.

Nafn á fyrirtæki og/eða atvinnustarfsemi skal falla að hljóðkerfi og beygingum í íslensku máli.

Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til nefndar þeirrar sem starfar samkvæmt lögum nr. 35/1953.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um menntun starfsfólks veitinga- og gististaða sem lög þessi taka til og binda leyfi skv. lögum þessum skilyrðum er að því lúta.

3. gr.

Lögreglustjóri veitir leyfi samkvæmt lögum þessum, að fenginni umsögn sveitarstjórnar, eldvarnaeftirlits, heilbrigðisnefndar og vinnueftirlits.

Leyfið er veitt til fjögurra ára í senn og skal þá endurnýjað. Leyfið skal vera bundið við stað og nafn og er ekki framseljanlegt.

Synja má leyfisumsókn geri sérstakar aðstæður starfsemina óæskilega. Umsækjanda skal tilkynnt slík ákvörðun skriflega og ástæður tilgreindar.

Synjun eða veitingu leyfis má skjóta til ráðuneytis.

4. gr.

Taki nýr aðili við rekstri sem leyfi þarf til skv. lögum þessum skal sótt um nýtt leyfi. Meðan umsókn er til afgreiðslu gildir fyrra leyfi.

5. gr.

Þrotabúi leyfishafa er heimilt að halda starfsemi áfram meðan á skiptum stendur.

6. gr.

Dánarbúi leyfishafa eða erfingjum er heimilt að halda starfsemi áfram í allt að eitt ár eftir andlát leyfishafa án nýs leyfis.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að afturkalla leyfi er hann hefur veitt:

a. ef skilyrðum 2. gr. er ekki lengur fullnægt,
b. ef leyfishafi hefur verið dæmdur til refsingar fyrir brot gegn lögum þessum eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

Úrskurði lögreglustjóra um afturköllun leyfis má skjóta til ráðuneytis innan 14 daga frá uppkvaðningu og heldur leyfishafi rétti sínum óskertum þar til úrskurður ráðuneytis er fenginn. Kærufrestur telst frá þeim degi er leyfissvipting var tilkynnt leyfishafa skriflega.

8. gr.

Flokkun gististaða er sem hér segir:

a. Hótel.
Gististaður þar sem gestamóttaka er opin allan sólarhringinn og morgunverður framreiddur. Fullbúin snyrting skal vera með hverju herbergi. Undanþágu má þó veita fyrir hluta herbergja. Þó skal alltaf vera handlaug í hverju herbergi og fullbúin snyrting nærliggjandi.
b. Gistiheimili.
Gististaður með takmarkaða þjónustu. Handlaug skal vera í hverju herbergi og salerni nærliggjandi. Jafnframt skulu gestir eiga aðgang að fullbúinni baðaðstöðu.
c. Gistiskáli.
Svefnpokagisting í herbergjum eða svefnskálum.
d. Gisting á einkaheimilum.
Gisting á heimili leigusala.
Gistileyfi veitir einnig rétt til veitingasölu samkvæmt ákvæðum þar um..

9. gr.

Flokkun veitingastaða er sem hér segir:

a. Veitingahús.
Veitingastaður með fjölbreyttar veitingar í mat og drykk og fullkomna þjónustu.
b. Skemmtistaður.
Veitingastaður með reglubundna skemmtistarfsemi, fjölbreyttar veitingar í mat og/eða drykk og fullkomna þjónustu.
c. Veitingastofa, greiðasala.
Veitingastaður með fábreyttar veitingar í mat og/eða drykk og takmarkaða þjónustu.
d. Veisluþjónusta, veitingaverslun.
Máltíðasala, ekki til neyslu á staðnum.
e. Einkasalir, félagsheimili og útisamkomur.
Tækifærisveitingar á opinberum samkomum eða einkasamkomum. Leyfi bundin við einstök tækifæri.

10. gr.

Rekstraraðilar, er undir þessi lög falla, skulu veita stjórnvöldum upplýsingar skv. nánari fyrirmælum Hagstofu Íslands. Slíkar upplýsingar skulu einungis notaðar til könnunar og skipulagningar á ferðaþjónustunni almennt og/eða rekstri veitinga- og gistihúsa sérstaklega sem atvinnugreinar.

11. gr.

Lögreglustjóri heldur skrá yfir veitt leyfi skv. lögum þessum. Á skránni skal vera nafn leyfishafa, hvar starfsemin er rekin, hvenær leyfið var afhent, hvenær það gekk í gildi og annað það er ráðuneytið kann að ákveða.

12. gr.

Um eftirlit fer skv. lögum og reglugerðum um hollustuhætti og heilbrigðismál, eftirlit og aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og brunamál.

13. gr.

Gististað er heimilt að halda farangri gesta til tryggingar ógreiddum og ófrágengnum skuldum.

Sé skuld ekki gerð upp er heimilt að selja viðkomandi eigur til skuldalúkningar.

14. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um framkvæmd laga þessara eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku þeirra. Um gerð reglugerðarinnar skal hafa samráð við Samband veitinga- og gistihúsa og Hollustuvernd ríkisins.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum með heimild í þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 53/1963 og 2. gr. laga nr. 57/1982.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gistihúsa- og veitingaleyfi samkvæmt ákvæðum laga nr. 53 20. apríl 1963 skulu halda gildi sínu þann tíma sem þau kveða á um.

Gjört í Reykjavík, 28. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

Fylgiskjal VII.

Gild ferðaskrifstofuleyfi í október 1990.

Leyfisnr.		Sími	Útgáfud.
1.	Ferðaskrifstofan Úrval/Útsýn		04.07.90
	Pósthússtræti 13, 101 Reykjavík	91 26900	
	Álfabakka16, 109 Reykjavík	91 603060	
3.	Ferðaskrifstofa Akureyrar		15.04.86
	Ráðhústorgi 3, 600 Akureyri	96 25000	
5.	Ferðaþjónusta Flugleiða	15.04.86	
	Reykjavíkurflugvelli, 101 Reykjavík	91 690100	
6.	Ferðamiðstöðin Veröld		20.07.90
	Austurstræti 17, 101 Reykjavík	91 622200	
7.	Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar		15.04.86
	Borgartúni 34, 105 Reykjavík	91 83222	
8.	Samvinnuferðir - Landsýn		15.04.86
	Austurstræti 12, 101 Reykjavík	91 691010	
9.	Ferðaskrifstofa BSÍ		15.04.86
	Vatnsmýrarvegi 10, 101 Reykjavík	91 22300	
10.	Ferðaskrifstofa Kjartans Helgasonar		15.04.86
	Gnoðarvogi 44, 104 Reykjavík	91 686255	
11.	Land og saga		15.04.86
	Bankastræti 2, 101 Reykjavík	91 627144	
12.	Ferðaskrifstofan Atlantik		15.04.86
	Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík	91 28388	
13.	Ferðamiðstöð Austurlands		15.04.86
	Kaupvangi 6, 700 Egilsstaðir	97 12000	
15.	Ferðaval		15.04.86
	Lindargötu 14, 101 Reykjavík	91 14480	
16.	Ferðaskrifstofa Harðar Erlingssonar		15.04.86
	Austurstræti 17 3.h., 101 Reykjavík	91 19700	
17.	Ferðaskrifstofa stúdenta		15.04.86
	Félagsstofnun stúdenta v/Hringbraut	91-625656	
19.	Evrópuferðir		15.04.86
	Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík	91 628181	
21.	Íslenskar fjallaferðir		01.02.89
	Lækjargötu 3, 101 Reykjavík	91 22225	
22.	Ferðaskrifstofa Farfugla		15.04.86
	Sundlaugavegi 34, 101 Reykjavík	91 38110	
23.	Ferðaskrifstofa FÍB		21.04.86
	Hótel Sögu v/Hagatorg, 107 Reykjavík	91 628070	
25.	Ferðaskrifstofa Vestfjarða		05.05.86
	Aðalstræti 11, 400 Ísafjörður	94 3557	
26.	Flugferðir - Sólarflug		03.07.90
	Vesturgötu 12, 101 Reykjavík	91 15331	
29.	Ferðaskrifstofan Saga		16.10.86
	Suðurgötu 7, 101 Reykjavík	91 624040	

Leyfisnr.	Sími	Útgáfud.
		04.07.90
30. Ferðabær		25.02.87
Hafnarstræti 2, 101 Reykjavík	91 623020	
31. Ferðaskrifstofa Húsavíkur		27.02.87
Stóragarði 7, 640 Húsavík	96 42100	
32. Ferðaskrifstofa Reykjavíkur hf.		04.09.90
Aðalstræti 16, 101 Reykjavík	91 621490	
33. Ratvís		09.06.87
Hamraborg 1–3, 200 Kópavogur	91 641522	
34. Ferðaskrifstofan Alís		18.09.87
Bæjarhrauni 10, 220 Hafnarfjörður	91 652266	
35. Norræna ferðaskrifstofan hf.		01.11.88
Laugavegi 3, 101 Reykjavík	91 626362	
36. Ráðstefnur og fundir hf.		17.01.89
Hamraborg 1-3, 200, Kópavogur	91 41400	
37. Ferðaskrifstofa Íslands		13.02.89
Skógarhlíð 18, 101 Reykjavík	91 25855	
38. Ferðaskrifstofan Nonni		23.06.89
Brekkugötu 3, 600 Akureyri	96 27922	
40. Transa		03.07.90
Tryggvagötu 16, 101 Reykjavík	91 22100	
41. ADDIS, ferðaþjónusta	91 676755	
Álfalandi 17, 108 Reykjavík		16.10.90

Fylgiskjal VIII.

Hér fer á eftir yfirlit yfir þá staði sem hafa veitinga- og/eða gististaðaleyfi skv. lögum nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði, skipt á kjördæmi. Yfirlitið er byggt á upplýsingum frá lögreglustjórum.

Austurland:

Essóskálinn, Seyðisfirði
Fell, Skeggjastaðahreppi
Ferðaþjón. bænda, Þórsmörk, Seyðisfirði
Félagsheimilið Fjarðarborg, Borgarf. eystra
Hótel Askja, Eskifirði
Hótel Bláfell, Breiðdalsvík
Hótel Höfn, Höfn
Hótel Skaftafell, Hofshreppi
Hótel Snæfell, Seyðisfirði
Hótel Tangi hf., Vopnafirði
Hótel Valaskjálf, Egilsstöðum
Stapi, Borgarfirði eystra
Hafnarbúðin, Höfn
Hornbitinn, Höfn
Samkvæmispáfinn hf., Fellabæ
Shell-skálinn, Höfn
Sindrabær, Höfn
Farfuglaheimilið, Höfn
Ferðaþjónusta bænda, Brunnhóli, Mýrahreppi
Ferðaþjónusta bænda, Hofi, Hofshreppi
Ferðaþjónusta bænda, Hrollaugsstöðum, Borgarhafnarhreppi
Ferðaþjónusta bænda, Smyrlabjörgum, Borgarhafnarhreppi
Ferðaþjónusta bænda, Hala, Borgarhafnarhreppi
Hof 3, Hofshreppi
Staðarskáli, Hrútafirði
Vertshúsið, Hvammstanga
Hótel Blönduós, Blönduósi
Hótel Dagsbrún, Skagaströnd
Hótel Edda, Reykjum, Hrútafirði
Hótel Edda, Laugabakka
Hótel Edda, Húnavöllum

Norðurland eystra:

Barnaskóli Svalbarðshrepps
Félagsheimilið, Skúlagarði, Kelduneshreppi
Hótel Húsavík
Hótel KEA, Akureyri
Hótel Norðurland, Akureyri
Hótel Reynihlíð, Mývatnssveit
Hótel Stefanía, Akureyri
Lundarskóli, Öxarfirði

Bakkinn, Húsavík
Bautinn-Smiðjan, Akureyri
Brekka, Hrísey
Esso Nesti við Tryggvabraut, Akureyri
Fiðlarinn á þakinu, Akureyri
Flugkaffi, Akureyrarflugvelli
Garðyrkjustöðin Vín, Hrafnagilshreppi
Golfskálinn Jaðri, Akureyri
Greifinn, Akureyri
Kaffistofan Sunnuhlíð 12, Akureyri
Laxdalshús, Akureyri
Lindin, Akureyri
Lúbarinn, Dalvík
Nesti, Akureyri
Sæluhúsið, Dalvík
Sjallinn, Akureyri
Snekkjan, Hrísey
Söluskálinn við Ægisgötu, Ólafsfirði
Steinhólaskáli
Uppinn, Akureyri
Veganesti, Akureyri
Videoskann sf., Ólafsfirði
Biti, Akureyri
Bergljót Hallgrímsdóttir, Haga, Aðaldal
Bernharð Steingrímsson, Akureyri
Birgitte Ágústsson, Akureyri
Gistiheimilið Dalakofinn, Akureyri
Gistiheimilið Lónsá, Glæsibæjarhreppi
Gistiheimilið Salka, Akureyri
Gistiheimilið Skólastíg 5, Akureyri
Gistiheimilið Stórholti 1, Akureyri
Gistiheimilið Ás, Akureyri
Gunnhildur J. Þórhallsdóttir, Akureyri
Helga S. Haraldsdóttir, Akureyri
Hótel Ólafsfjörður, Ólafsfirði
Stefán Þórhallsson, Mývatnssveit
Ármann Rögnvaldsson, Árskógshreppi
Félagsheimili, Ólafsfirði

Norðurland vestra:
Bakkaflöt, Lýtingsstaðahreppi
Heimavist Fjölbrautaskólans, Sauðárkróki
Hótel Höfn, Siglufirði
Hótel Mælifell, Sauðárkróki
Aðalgata 15, Sauðárkróki
Hlíðarendi, Sauðárkróki
Shellskálinn, Varmahlíð
Sólgarðar, Fljótahreppi
Suðurgata 3, Sauðárkróki

Veitingastofa Knattborðsstofunnar, Siglufirði
Veitingastofa Nýja Bíós hf., Siglufirði
Fagranes, Skarðshreppi
Fitjar, Lýtingsstaðahreppi
Lauftún, Seyluhreppi
Miðdalur, Lýtingsstaðahreppi
Vatn, Hofshreppi
Úlfsstaðir, Akrahreppi

Reykjanes:
Gistiheimilið Berg sf., Hafnafirði
Gistihúsið v/Bláa Lónið, Grindavík
Hótel Keflavík, Keflavík
Hótel Kristína, Njarðvík
A. Hansen, Hafnarfirði
Bleiki pardusinn, Hafnarfirði
Félagsheimilið Stapi, Njarðvík
Fjaran, Hafnarfirði
Gaflinn, Hafnarfirði
Gunnborg sf., Keflavík
Hafurbjörninn, Grindavík
Kínahofið, Kópavogi
Kjúklingastaðurinn, Hafnarfirði
Mamma Rósa, Kópavogi
Pítubær sf., Keflavík
Rauða Ljónið, Seltjarnarnesi
Singapore, Hafnarfirði
Sjómannastofan Vör, Grindavík
Skútan, Hafnarfirði
Smurbrauðsstofan, Keflavík
Veitingahúsið Garður, Garðabæ
Veitingahúsið Smiðjuvegi 14, Kópavogi
Veitingahúsið Vitinn, Grindavík
Veitingahúsið, Keflavík
Vestri hf., Mosfellsbær
Víkurblóm, Njarðvík

Reykjavík:
Hótel Borg
Hótel Lind
Hótel Loftleiðir
Hótel við Sigtún
Hótel Geysir
Hótel Jörð
Hótel Esja
Hótel Saga
Hótel Garður
Hótel Óðinsvé/Brauðbær
Viðeyjarskáli
Arnargrill c/o Svalur sf.

Haukanes hf.
Kaffi Hressó hf.
Sælkerinn
Kabarett
Fógetinn
Ingólfsbrunnur
Sveinn Bakari
Broadway
Árberg
Hjá Kim
Veitingahúsið Ármúa 5 hf.
Vöxtur hf.
Hótel Ísland
Þrír Frakkar hjá Úlfari
Prikið
Lækjarbrekka
Argentína steikhús
Borgartún hf.
Sportklúbburinn
Blót sf.
Eldsmiðjan hf.
Kiwanis-hreyfingin (Einkasalur)
Lögreglufélag Reykjav.
Þórscafé
Toppurinn
Sprengisandur
Árbæjarsafn
Kandís
Templarahöll
Veitingahúsið Faxafeni 11
Breiðfirðingabúð
Kjúklingastaðurinn Faxafeni 2
Veitingabúðin Kjarvalsstöðum
Eldsmiðjan hf.
Kaffistofa Listasafns Íslands
Kaffihúsið Gerðubergi 1
Bjórhöllin
Grandakaffi
Kaffivagninn
Pizzahúsið
Grensáskaffi
Mongólinn
Smáréttir hf.
Ásvallagötu 8
Svarta pannan
Veitingastofan Kökubankinn hf.
Tommahamborgarar
Bæjarins bestur samlokur.
Samlokur og fiskur hf

Veitingastofan Hafnarstræti 5
Veitingastofan Hafnarstræti 9
Haukur í horni
Pítubarinn
Berg-Grill
Blásteinn sf.
Veitingastofan að Hringrbraut 119
Ingólfsbilliard
Tommahamborgarar
Kaffistofan Rita
Indverska veitingahúsið hf.
Eika-píta
Risið
Stúdíóbraut
Hólmi
Klapparstíg 30
Gæði í gegn hf.
Sundakaffi
Kringlukráin
Veitingahöllin
Harð rokks kaffi
Myllan
Jari sf.
Eikargrill
Borgarís
Borgarís
Veitingastaður Sundlaug. Laugardal
Dalur hf.
Lóuhreiður
Hatturinn hf.
Asía hf.
Ítalía
Boga rúllur
Veitingahúsið Laugavegi 116
Veitingastofan Laugavegi 116
Winny's
Sveinn Bakari
Adlon
Veitingahúsið Hlemmur
Visnes hf.
Veitingahúsið Laugavegi 22
Tíu dropar
Marinós Pizza
Kínverska veitingahúsið Sjanghæ
Kópavogsbraut 99
Besti bitinn hf.
Baughóll 54
Trópís hf.
Brauðbitinn

Veitingahúsið Laugvegi 45
Eldvagninn
Veitingahús Leikfélags Reykjavíkur
Veitingahúsið
Lækjaveitingar hf.
Kína-húsið
Marinós Pizza sf.
Félagsheimilið Fellahellir
Gleym-mér-ei
Ölkjallarinn
Veitingastofan Rauðarárstíg 25
Flugbarinn sf.
Veitingastofan Seljabraut 54
Pizzameistarinn
Félagsmiðstöðin Tónabær
Veitingahúsið Skipholti 37
Kaffistofan Snævar sf.
Pítan
Starfsmannafélagið Sókn
Ameríkur stíll
Veitingahúsið Skólavörðustíg 22
Mokka-espresso-kaffi
Veitingahúsið Skúlagötu 30
Logi sf.
Jón Bakan
Askur
Félagsmiðstöðin Þróttheimar
Veitingahúsið
Kaffi Skeifan
Glaumbar
Gaukur á stöng
Mandaríninn
Jónatan Mávur
Félagsmiðstöðin Bústaðir
Bifreiðstöð Íslands hf.
Höfðakaffi
Ártún
Vesturgata hf.
Tónlistarmiðstöðin hf.
Viðeyjarstofa
Iðnó
Hestamannafélagið Fákur
Kron c/o Kaupstaður
Veitingar hf.
Menningarmiðstöð Gerðubergi
Kaffistofa Norræna hússins
Sjöan hf.
Félagsheimili, Templarahöll Reykjavíkur
Veitingahúsið að Þingholtsstræti

Þingrof hf.
Skyndibitast. Öldugötu 29
Hótel Holt
Félagsmiðst. Forstaskjól
Pizzaofninn
Gulleyjan sf.
Félagsmiðstöðin Ársel
Askur, Dalhús hf.
Stúdentakjallarinn
Ásvallagata 24
Barmahlíð 43
Birkihlíð 38
Bugðulækur 13
Bárugata 11
Efstasund 10
Fellsmúli
Flókagata 1
Frostaskjól 35
Fáfnisnes 4
Fálkagata 28
Grettisgata 3
Grettisgata 92
Hraunteigur 30
Hvammsgerði 3
Háaleitisbraut 141
Ingólfsstræti 21 c
Gesta- og sjómannaheimili Hjálpræðishersins
Kúrlandi 19
Nesvegur 76
Laugarnesvegur 85a
Gistihúsið Laugavegur 101
Gistiheimilið Svanurinn
Melhagi 13
Melhagi 5
Miðtún 90
Gistiskálinn Mjóuhlíð 2
Mávahlíð 23
Gistiheimili, Njálsgötu 74
Otrateigur 18
Otrateigur 26
Otrateigur 46
City Hótel
Safamýri 77
Samtún 26
Samtún 4
Samtún 40
Gistiheimili, Selbraut 14
Gistiheimili
Gistiheimili Hofteigur 54

Gistiheimilið Snorri
Sporðagrunn 14
Sóleyjargata 33
Urðarstekkur 12
Urðarstekkur 5
Urðarstekkur 9
Punktur og pasta hf.
Potturinn og pannan

Suðurland:
Hótel Edda, Kirkjubæjarklaustri
Veitingahúsið Víkurskáli, Vík Mýrdal
Farfuglaheimilið Reynisbrekka, Mýrdalshreppi
Ferðaþjónusta bænda Efri-Vík, Skaftárhreppi
Ferðaþjónusta bænda Geirlandi, Skaftárhreppi
Ferðaþjónusta bænda Hunkubökkum, Skaftárhreppi
Ferðaþjónusta bænda Nýjabæ, Skaftárhreppi
Gistiheimilið Höfðabrekku, Mýrdal
Gistiheimilið Sólheimahjáleigu, Mýrdal
Laufafell og Grillskáli, Hellu
Hótel Hvolsvöllur og þjónustumiðstöðin Hlíðarendi, Hvolsvelli
Gistiheimilið Mosfell sf., Hellu
Veitinga- og gistiskálinn Versalir, Sprengisandi
Ferðaþjónustan, Smáratúni í Fljótshlíð
Gistiheimilið að Austvaðsholti, Landmannahreppi
Farfuglaheimilið í Fljótsdal
Veitingastaðurinn Skútinn, Vestmannaeyjum
Veitingastaðurinn Bjössabar, Vestmannaeyjum
Veitingastaðurinn Hallarlundur, Vestmannaeyjum
Veitingastaðurinn Við félagar, Vestmannaeyjum
Veitingastaðurinn Muninn, Vestmannaeyjum
Veitingasalan Friðarhafnarskýli, Vestmannaeyjum
Veitingasalan Turninn, Vestmannaeyjum
Bensínstöðin Klettur, Vestmannaeyjum
Hótel Bræðraborg, Vestmannaeyjum
Hótel Þórshamar, Vestmannaeyjum
Gistiheimilið Frumskógum 3, Hveragerði
Farfuglaheimilið Reykholti, Biskupstungnahreppi
Hótel Selfoss, Selfossi
Ferðaþjónusta bænda, Hjarðarbóli, Ölfushreppi
Ferðaþjónusta bænda, Súluholti, Villingaholtshreppi
Ferðaþjónusta bænda, Brattholti, Biskupstungnahreppi
Ferðaþjónusta bænda, Eyvík, Grímsneshreppi
Veitingahúsið Básinn, Ölfushreppi
Veitingasalan Árgil, Biskupstungnahreppi
Duggan hf., Þorlákshöfn
Ingólfur sf., Selfossi
Garðyrkjustöðin Eden, Hveragerði

Vestfirðir:

Hótel Djúpavík, Árneshreppi
Hótel Matthildur, Hólmavík
Söluskáli KSH, Hólmavík
Veitingastofan Finnabær, Bolungarvík
Ferðaþjónusta bænda, Bæ III, Kaldrananeshreppi
Ferðaþjónusta bænda, Kollsá I, Bæjarhreppi
Gistiheimilið Borgarbraut, Hólmavík
Hótel Ísafjörður, Ísafirði
Skíðaheimar, Ísafirði
Vagninn, Flateyri
Uppsalir, Ísafirði
Krúsin, Ísafirði
Staupasteinn, Ísafirði
Við Pollinn, Ísafirði
Kaffistofa, Ísafirði
Flugbarinn, Ísafjarðarflugvelli
Frábær, Ísafirði
Áslaug Jóh. Jensd., Gistiheimili, Ísafirði
Ferðaþjónusta bænda, Alviðru, Dýrafirði
Sandakaffi, Patreksfjarðarflugvelli
Gisti- og veitingasalan, Bæ, Reykhólahreppi
Gisti- og veitingasalan, Stað I, Reykhólahreppi
Veitingastaðurinn Flakkarinn, Brjánslæk
Veitingastaðurinn Flóinn, Tálknafirði
Hótel Flókalundur, Vatnsfirði
Arnbjörg Guðlaugsdóttir, Patreksfirði

Vesturland:

Farfugla- og gistiheimilið, Varmalandi, Stafholtstungnahreppi
Ferðaþjónustan Borgarfirði, Kleppjárnsreykjum, Reykholtsdalshreppi
Gistiheimilið Gimli, Hellissandi
Hótel Akranes, Akranesi
Hótel Borgarnes, Borgarnesi
Hótel Búðir hf., Staðarsveit
Hótel Stykkishólmur, Stykkishólmi
Langaholt, Staðarsveit
Ásakaffi, Grundarfirði
Brekkubær hf., Ólafsvík
Ferstikla, Hvalfjarðarstrandarhreppi
Félagsheimilið Brúarás, Hálsahreppi
Félagsheimilið Klifi, Ólafsvík
Rauða Myllan, Akranesi
Sjólist, Hellissandi
Te- og kaffistofan Vesturgötu 52, Akranesi
Veitingahúsið Ströndin, Akranesi
Veitingastofan Barbró, Akranesi
Þjónustumiðstöð Haugum, Stafholtstungnahreppi
Anna S. Þórðardóttir, Miðhrauni, Miklaholtshreppi

Egilshús sf., Stykkishólmi
Ferðaþjónusta bænda, Breiðabólsstað, Reykholtsdalshreppi
Ferðaþjónusta bænda, Brennistöðum, Reykholtsdalshreppi
Ferðaþjónusta bænda, Fljótstungu, Hvítársíðuhreppi
Gistiheimilið Grund, Ólafsvík
Gistiskálinn Hlíð, Hvalfjarðarstrandahreppi
Helga Magnúsdóttir, Suður-Bár, Eyrarsveit
Magnús Kristjánsson, Stykkishólmi
Ferðaþjónusta bænda, Stóra-Vatnshorni, Haukadalshreppi
Ferðaþjónusta bænda, Efri-Brunná, Saurbæjarhreppi
Hótel Sjónarhóll, Búðardal
Veitingahúsið Dalabúð, Búðardal

Fylgiskjal IX.

Ýmis laga- og reglugerðaákvæði sem tengjast ferðamálum og umhverfisvernd.

LÖG UM NÁTTÚRUVERND.

13. gr.

Öllum er skylt að sýna varúð, svo að náttúru landsins sé ekki spillt að þarflausu. Spjöll á náttúru landsins, sem framin eru með ólögmætum hætti af ásetningi eða gáleysi, varða refsingu.

Náttúruverndarráð skal setja sérstakar reglur um akstur ökutækja og umgengni ferðamanna í óbyggðum, þ.á m. um merkingu bílaslóða. Er ráðinu skylt að banna allan óþarfa akstur utan vega og merktra slóða, þar sem náttúrspjöll geta af hlotizt. Það skal og gera tillögur til réttra aðila um gerð bílaslóða á öræfum landsins og merkingu þeirra eða setja bein fyrirmæli þar um.

Á víðavangi er bannað að fleygja frá sér eða skilja eftir rusl, sem er til hættu eða óprýði, svo og að bera rusl eða sorp í sjó, í fjörur eða á sjávarbakka, í ár eða á árbakka, í læki eða á lækjarbakka. Skylt skal að ganga frá áningarstað og tjaldstæði, er menn hafa tekið sér úti í náttúrunni, þannig að ekkert sé þar eftir skilið, sem lýti umhverfið.

Bannað er að safna rusli í hauga á almannafæri eða við alfaraleiðir. Skylt er að ganga svo frá sorphaugum, að hvorki fjúki úr þeim né fljóti. Hreinsa má rusl á kostnað þess, er sannur er að broti á þessu fyrirmæli.

Við samkomustaði úti í náttúrunni, skemmtisvæði, garðlönd almennings og aðra þvílíka staði, sem almenningi er ætlað að safnast á, skal jafnan komið fyrir nauðsynlegum hreinlætistækjum, áður en staðurinn er tekinn til afnota.

27. gr.

Til stuðnings við útivist almennings getur Náttúruverndarráð eða náttúruverndarnefndir gengizt fyrir að halda opnum göngurstígum, strandsvæðum til sjóbaða, vatnsbökkum og öðrum stígum og svæðum, sem ástæða er til að halda opnum til að greiða fyrir því, að almenningur fái notið náttúrunnar; enn fremur sett upp göngubrýr og girðingarstíga og afmarkað tjaldstæði og gert annað það, er þurfa þykir í þessu skyni.

Framkvæmdir samkvæmt þessari grein skulu einungis gerðar með samþykki landeigenda.

LÖG UM SKIPULAG FERÐAMÁLA.

7. gr.

9. Samstarf við Náttúruverndarráð og aðra hlutaðeigandi aðila um að umhverfi, náttúru- og menningarverðmæti spillist ekki af starfsemi þeirri sem lög þessi taka til.
10. Frumkvæði að fegrun umhverfis og góðri umgengni á viðkomu- og dvalarstöðum ferðafólks. Samstarf við einkaaðila og opinbera aðila um snyrtilega umgengni lans í byggðum sem óbyggðum.

SKIPULAGSLÖG.

II. KAFLI

Um skipulagsskyldu og eftirlit með framkvæmd hennar.

4. gr.

Öll sveitarfélög eru skipulagsskyld. Allar byggingar ofanjarðar og neðan og önnur mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins, aðrar en byggingar á lögbýlum, skulu byggð í samræmi við áður gerðan skipulagsuppdrátt, sem samþykktur hefur verið af hlutaðeigandi sveitarstjórn og skipulagsstjórn ríkisins.

SKIPULAGSREGLUGERÐ.

Svæðisskipulag.

2.3.4.2. Útivistarsvæði og önnur opin svæði.

Meta skal þörf á íþróttasvæðum, tjaldsvæðum og öðrum svæðum sem eru talin hafa útivistargildi á einn eða annan hátt, og þau auðkennd á uppdrætti.

BYGGINGARREGLUGERÐ.

6.10.8. Hjólhýsi og tjaldvagnar.

Ekki mega hjólhýsi eða tjaldvagnar standa lengur á sömu lóð en einn mánuð án sérstaks leyfis byggingarnefndar. Byggingarnefnd getur sett reglur um stöðuleyfi hjólhýsa, m.a. varðandi vatn, frárennsli og sorphirðingu, en að öðru leyti skal gætt ákvæða reglugerðar nr. 140/1974 um tjald- og hjólhýsasvæði.

6.10.10. Almenn tjaldstæði.

Sveitarstjórn getur heimilað, að komið sé á fót almennum tjalstæðum fyrir tjöld, tjaldvagna og hjólhýsi þar, sem ákveðið er í skipulagi, enda séu uppfylltar lágmarkskröfur um hreinlætisaðbúnað, brunavarnir og frárennsli, sbr. reglugerð nr. 140/1974. Sveitarstjórn getur sett nánari reglur um slík svæði og notkun þeirra. Þar, sem Náttúruverndarráð kemur á fót almennum tjaldstæðum fyrir tjöld og hjóhýsi, getur sveitarstjórn heimilað því að setja nánari reglur um notkun sævðisins, enda fari Náttúruverndarráð með stjórn slíkra sævðia í samráði við sveitarstjórn og heilbrigðiseftirlit.

LÖG UM HOLLUSTUHÆTTI OG HEILBRIGÐISEFTIRLIT.

2. gr.

2.1. Til þess að stuðla sem best að framkvæmd laga þessara setur ráðherra heilbrigðisreglugerð eða reglugerðir um atriði, þar með talið eftirlit, sem sérlög ná ekki yfir, og gilda þær fyrir allt landið, lofthelgi og landhelgi.

2.2. Í heilbrigðisreglugerð skulu vera almenn ákvæði um:

1. Hreinlæti og þrifnað utanhúss.
2. Neysluvatn, vatnsból, vatnsveitur og baðvatn.
3. Salerni og frárennsli.
4. Meðferð og eyðingu sorps og annars úrgangs.
5. Meindýr og eyðingu þeirra svo og ónytjadýr, vargfugla og aflífun þeirra.
6. Íbúðarhúsnæði.
7. Gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði.
8. Matvæli og aðrar neyslu- og nauðsynjavörur svo og húsakynni, tæki og allt er snertir matvælaframleiðslu og matvælaiðnað, þar með talin notkun aukefna í matvæli, matvörugeymslur og matvæladreifing, sbr. og reglugerð nr. 250/1976 ásamt síðari breytingum.

6.1.2. Forráðamenn verslana, bensín- og olíustöðva, söluturna, samkomustaða, orlofsbúða, tjaldstæða o.s.frv., skulu í samráði við heilbrigðisnefnd koma fyrir nægilegum fjölda ruslabiða og sjá um viðhald og tæmingu þeirra. Forráðamenn skulu einnig sjá um nauðsynlega hreinsun nálægs umhverfis.

6.1.3. Sveitarstjórn svo og yfirvöld fólkvanga og þjóðgarða skulu í samráði við heilbrigðisnefnd setja upp ruslabiður á ferðamannastöðum og öðrum stöðum, þar sem reikna má með mannsöfnuði og sjá um viðhald og tæmingu þeirra, svo fremi þetta sé ekki öðrum falið, sbr. 6.1.2.

6.1.4. Sveitarstjórn skal sjá um tæmingu sorpíláta og brottflutning sorpsins. Sveitarstjórn getur, að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd, ákveðið flokkun á sorpi jafnt á heimilum, vinnustöðum o.þ.l. og á losunarstað.

Fylgiskjal X.

Viðmælendur ferðamálanefndar samgönguráðuneytisins.

Nafn	Stofnun/Félag/Fyrirtæki
Albert Eiríksson	Neskaupstað
Alda Andrésdóttir	Form. ferðamálan. Hveragerði
Anna G. Edvardsdóttir	Bolungarvík
Arngeir Lúðvíksson	Arnarflug hf.
Arnþór Björnsson	Mývatnssveit
Arnþór Ingólfsson	Lögreglan í Reykjavík
Auður Lárusdóttir	Kelduneshreppi
Axel A. Beck	Seyðisfirði
Ágúst Guðmundsson	Landmælingar Íslands
Ágúst Hafberg	Ferðamálasjóður
Árni Stefánsson	Ferðamálasamt. Austurlands
Árni Steinar Jóhannsson	Akureyri
Ásdís Illugadóttir	Mývatnssveit
Ásgerður Ingimarsdóttir	Öryrkjabandalagið
Áskell Jónsson	BHMR
Áslaug J. Marinósdóttir	Félag leiðsögumanna
Beat Iseli	Sviss
Birgir B. Sigurjónsson	BHMR
Birna G. Bjarnleifsdóttir	Leiðsöguskólinn
Birna Sigurbjörnsdóttir	Akureyri
Bjarni Aðalgeirsson	Húsavík
Bjarni Einarsson	Byggðastofnun
Bjarni I. Árnason	Samband veitinga- og gistihúsa
Bjarni Þór Einarsson	Húsavík
Björn Guðmundsson	Kelduneshreppi
Björn Hermannsson	Hótel Ísafjörður
Björn Hólmgeirsson	Húsavík
Björn Pálsson	Ferðamálan. Hveragerðis
Björn S. Lárusson	Ferðamálasamt. Suðurlands
Björn Sigurðsson	Húsavík
Bragi Einarsson	Eden Hveragerði
Bryndís Brynjólfsdóttir	Form. ferðamálan. Selfoss
Bryndís Schram	Líf og Land
Clive Stacy	Bretland
Cristian Kneissl	Austurríki
Dagný Pálsdóttir	Egilsstöðum
Dagur Jóhannesson	Aðaldælahreppur
Dieter-Wendler Jóhannsson	Þýskaland
Edda Kr. Björnsdóttir	Miðhúsum
Einar Egilsson	Samband ísl. náttúruverndarfélaga
Einar Gunnarsson	Landssamband flugbjörgunarsveita
Einar Gústavsson	Flugleiðir hf.
Einar Hannesson	Landssamband veiðifélaga

Nafn	Stofnun/Félag/Fyrirtæki
Einar R. Haraldsson	Egilsstöðum
Einar Árnason	Felli, Breiðdal
Eiríkur Eyvindsson	Fél. eigenda sumardvalarsvæða
Elín Erlingsdóttir	Arnarflug innan lands hf.
Elín Fjóla Þórarinsdóttir	Náttúruverndarráði, Jökulsárgljúfrum
Erlendur Steinþórsson	Egilsstöðum
Erna Gunnarsdóttir	Leiðsögumaður
Erna Hauksdóttir	Samband veitinga- og gistihúsa
Erna Þórarinsdóttir	Hótelstjóri Laugarvatni
Fanney Gísladóttir	Ferðamálasamt. höfðuborgarsv.
Friðfinnur Hermannsson	Akureyri
Friðrik Dagur Arnarson	Mývatnssveit
Gerard Alant	Frakkland
Gerður G. Óskarsdóttir	Ráðgjafi menntamálaráðherra
Grétar Brynjólfsson	Skipalæk
Guðjón Petersen	Almannavarnir ríkisins
Guðmundur Axelsson	Hótel- og veitingaskólinn
Guðmundur Gunnarsson	Ferðafélag Akureyrar
Guðmundur Malmquist	Byggðastofnun
Guðmundur Þorsteinsson	Fáskrúðsfirði
Guðrún Sigurðardóttir	Mývatnssveit
Guðrún Þorleifsdóttir	Felli, Breiðdal
Gunnar H. Guðjónsson	Fél. ísl. atvinnuflugmanna
Gunnar Höskuldsson	Húsavík
Gunnar M. Guðmundsson	Sérleyfisbílar Akureyrar
Gunnar Oddur Sigurðsson	Flugleiðir hf.
Gunnar Sveinsson	Fél. sérleyfishafa
Hafsteinn Hafsteinsson	Verslunarmannafél. Reykjavíkur
Halldór Benediktsson	Bolungarvík
Halldór Bjarnason	Ferðaskr. Úlfars Jacobsen
Halldór Gunnarsson	Lundarskóla
Halldór Árnason	Fjármálaráðuneyti
Hallgrímur Hallgrímsson	BSRB
Hannes Þ. Hafstein	Slysavarnafélag Íslands
Hálfdán Henrýsson	Slysavarnafélag Íslands
Heimir Pálsson	Skólanefndir MK og H-V-skólans
Heimir Steinsson	Þjóðgarður Þingvöllum
Heiðar Guðbrandsson	Súðavík
Heiðar Ragnarsson	Hótelstjóri Selfossi
Helena Dejak	Ferðaskrifstofan Nonni
Helga K. Einarsdóttir	Náttúruverndarráði, Jökulsárgljúfrum
Helgi Arngrímsson	Borgarfirði eystri
Helgi Gunnarsson	Mývatnssveit
Helgi Jóhannesson	Samgönguráðuneyti
Helgi Jóhannsson	Félag ísl. ferðaskrifstofa
Herbert Guðmundsson	Verslunarráð Íslands
Herdís Þorvaldsdóttir	Líf og Land
Hilmar Baldursson	Bæjarstjóri Hveragerði

Nafn	Stofnun/Félag/Fyrirtæki
Hinrik Árni Bóasson	Mývatnssveit
Hjalti Zophaníasson	Dómsmálaráðuneyti
Hjörtur Eiríksson	Vinnumálasamband samvinnufélaga
Hlífar Þorsteinsson	Neskaupstað
Hólmfríður Árnadóttir	Flugleiðum hf.
Hólmfríður Gísladóttir	Hótelstjóri Laugarvatni
Hrafnhildur Stefánsdóttir	Vinnuveitendasamband Íslands
Hulda Eggertsdóttir	Akureyri
Hulda Jónsdóttir	Bandalag ísl. farfugla
Hörður Lárusson	Menntamálaráðuneyti
Iðunn Antonsdóttir	Presthólahreppi
Ingibjörg Þorleifsdóttir	Mývatnssveit
Ingjaldur Hannibalsson	Útflutningsráð
Ingólfur Hjartarson	Fél. ísl ferðaskrifstofa
Ingólfur Ingólfsson	Bandalag ísl. leigubifreiðastjóra
Ingólfur Á. Jóhannesson	Mývatnssveit
Ingvar Valdimarsson	Landssamband flugbjörgunarsveita
Ingvar Þórarinsson	Húsavík
Jakob Björnsson	Akureyri
Jana Sigfúsdóttir	Hótel Ólafsfjörður
Jens R. Ingólfsson	Flugskóli Helga Jónssonar
Jóhann Jóhannsson	Útlendingaeftirlitið
Jóhann T. Bjarnason	Fjórðungssambandi Vestfjarða
Jóhann Þórsson	Landvarðafélag Íslands
Jóhanna Leópoldsdóttir	Ferðamálasjóður
Jóhannes Sigmundsson	Ferðamálasamt. Suðurlands
Jón Birgir Jónsson	Vegagerð ríkisins
Jón Guðmundsson	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað
Jón Illugason	Mývatnssveit
Jón Leví Hilmarsson	Hafnamálastofnun
Jón Ragnarsson	Hótelstjóri Hveragerði
Jón Sigurðsson	Kelduneshreppi
Jón Sveinsson	Hótel- og veitingaskólinn
Jón Þór Gunnarsson	Akureyri
Jón Ásberg Salomonsson	Húsavík
Jóna Gróa Sigurðardóttir	Ferðamálasamt. höfðuborgarsv.
Jónas Hallgrímsson	Austfar hf.
Júlíus Snorrason	Sæluhúsið Dalvík
Jörundur Guðmundsson	Arnarflug innan lands hf.
Karl Rafnsson	Hótel Edda Hallormsstað
Karl Sigurhjartarson	Fél. ísl. ferðaskrifstofa
Kjartan Lárusson	Ferðaskrifstofa Íslands
Kolbrún Halldórsdóttir	Ísafirði
Kristinn H. Gunnarsson	Bolungarvík
Kristinn Jónsson	Ísafirði
Kristín Halldórsdóttir	Ferðamálaráð
Kristján Egilsson	Fél. ísl. atvinnuflugmanna
Lára Oddsdóttir	Náttúruverndarráði

Nafn	Stofnun/Félag/Fyrirtæki
Leifur Hallgrímsson	Mývatnssveit
Loftur Þorsteinsson	Oddviti Flúðum
Magnús B. Baldursson	Landmælingar Íslands
Magnús Einarsson	Lögreglan í Reykjavík
Magnús Oddsson	Ferðamálaráð Íslands
Magnús R. Guðmundsson	Ísafirði
Margrét Sveinbjörnsdóttir	Húsavík
Már Sigurðsson	Hótelstjóri Geysi
Norbert Schehle	Þýskaland
Óðinn Gunnar Óðinsson	Borgarfirði eystri
Ólafur Þór Benediktsson	Bolungarvík
Ólafur Helgi Kjartansson	Ísafirði
Ólafur Örn Ólafsson	Hótel Ísafjörður
Ólafur W. Stefánsson	Dómsmálaráðuneyti
Ólafur Tómasson	Póst- og símamálastofnun
Ólöf Ríkharðsdóttir	Öryrkjabandalagið
Ómar Benediktsson	Þýskaland
Páll Pálsson	Ferðamálasamt. höfuðborgarsv.
Páll Richardson	Ferðaþjónusta bænda
Pétur Bjarnason	Ferðamálasamtök Vestfjarða
Pétur Blöndal	Seyðisfirði
Pétur J. Eiríksson	Flugleiðir hf.
Pétur Elísson	Egilsstöðum
Pétur Hannesson	Fél. eigenda sumardvalarsvæða
Ragnheiður Kristjánsdóttir	Gistihúsið Salka
Ragnhildur Hjaltadóttir	Samgönguráðuneyti
Reynir Ingason	Djúpbáturinn hf.
Rolf Marona	Þýskaland
Runólfur Þórarinsson	Geysisnefnd
Rúnar Pálsson	Egilsstöðum
Sigfús Erlingsson	Bandaríkin
Signý Sen	Lögreglustjórinn í Reykjavík
Sigríður H. Elíasdóttir	Súðavík
Sigríður Pétursdóttir	Neytendasamtökin
Sigríður Stefánsdóttir	Akureyri
Sigríður K. Þorgrímsdóttir	Mývatnssveit
Sigrún Aspelund	BSRB
Sigurbjörg Stella Jóhannsdóttir	Náttúruverndarráði, Jökulsárgljúfrum
Sigurborg Kr. Hannesdóttir	Egilsstöðum
Sigurborg Ragnarsdóttir	Náttúruverndarráði, Jökulsárgljúfrum
Sigurður Aðalsteinsson	Flugfélag Norðurlands
Sigurður Blöndal	Skógrækt ríkisins
Sigurður Einarsson	Fél. starfsfólks í veitinga- og gistih.
Sigurður Guðmundsson	Fél. starfsfólks í veitinga- og gistih.
Sigurður Hjaltason	Höfn
Sigurður R. Símonarson	Egilsstöðum
Sigurður Ragnarsson	Mývatnssveit
Sigurður Thoroddsen	Skipulag ríkisins

Nafn	Stofnun/Félag/Fyrirtæki
Sigurður Þráinsson	Náttúruverndarráð
Sigurgeir Ísaksson	Ásbyrgi
Sigurjón Hannesson	Ferðafélag Fljótsdalshéraðs
Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir	Náttúruverndarráði, Jökulsárgljúfrum
Símon Pálsson	Noregur
Skarphéðinn Eyþórsson	Fél. hópferðaleyfishafa
Snorri Tómasson	Ferðamálasjóður
Soffía Helgadóttir	Húsavík
Sólveig Jónsdóttir	Landvarðafélag Íslands
Sólveig Jónsdóttir	Mývatnssveit
Stefán H. Sigfússon	Landgræðsla ríkisins
Stefán Thors	Skipulag ríkisins
Steindór Guðmundsson	Ferðafélag A-Skaftfellinga
Steingrímur Hermannsson	Forsætisráðherra
Steingrímur J. Sigfússon	Samgönguráðherra
Steinn Lárusson	Bretland
Steinn Logi Björnsson	Þýskaland
Sturla Þórðarson	Lögreglan í Reykjavík
Svavar B. Pálsson	Landmælingar Íslands
Sveinn Sigurbjarnarson	Eskifirði
Sverrir Hestnes	Ferðaskrifstofu Vestfjarða
Tryggvi Árnason	Höfn
Tryggvi Friðjónsson	Sjálfsbjörg
Tryggvi Friðriksson	Landssamband hjálparsveita skáta
Tryggvi Óskarsson	Reykjahverfi
Viðar Aðalsteinsson	Egilsstöðum
Vignir Már Þormóðsson	Bláhvammur hf.
Wilhelm Wessman	Samband veitinga- og gistihúsa
Þorgeir K. Þorgeirsson	Póst- og símamálastofnun
Þorgrímur Sigurðsson	Reykjahreppi
Þorleifur Þór Jónsson	Ferðamálasamt. Norðurlands
Þorvarður Árnason	Náttúruverndarráði, Jökulsárgljúfrum
Þór Þorfinnsson	Skógarvörður Hallormsstað
Þórdís Pálsdóttir	Húsavík
Þórður Haraldsson	Húsavík
Þórður Örn Sigurðsson	Flugmálastjórn
Þórir Þorgeirsson	Oddviti Laugarvatni
Þóroddur F. Þóroddsson	Náttúruverndarráð
Þórunn Lárusdóttir	Ferðafélag Íslands
Þórunn Lárusdóttir	Landvernd
Þráinn Jónsson	Fellabæ
Þuríður Backman	Egilsstöðum
Æsa Hrólfsdóttir	Mývatnssveit
Örn Þorleifsson	Húsey

Fylgiskjal XI.

20. nóvember 1990

Til: Ferðamálanefndar samgönguráðuneytisins
Frá: Fjármálaráðuneyti

Efni: Kostnaðarumsögn um drög að frumvarpi til laga um ferðaþjónustu.

Í frumvarpinu eru ákvæði þess efnis að starfsemi Ferðamálaráðs skuli m.a. fjármögnuð með sérstöku gjaldi er nemi eigi minna en 10% af árlegri vörusölu fríhafna í landinu. Af tekjum þessum skal Ferðamálaráð fjármagna starfsemi sína, aðra en laun og almennan kostnað vegna aðalskrifstofu sem greiðist úr ríkissjóði. Ákveði ferðamálasamtök landshluta að ráða ferðamálafulltrúa til starfa er heimilt að greiða úr ríkissjóði framlag vegna starfa þeirra. Ferðamálaráði er heimilt að setja það skilyrði fyrir fjárhagslegri þátttöku í einstökum verkefnum að mótframlög komi frá hagsmunaaðilum.

Hér að ofan eru talin upp helstu atriði frumvarpsins er lúta að fjármögnun Ferðamálaráðs. Ákvæði frumvarpsins um markaðan tekjustofn til ferðamála er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir fjölgun fríhafna. Kostnaður vegna aðalskrifstofu Ferðamálaráðs hefur undanfarin ár verið greiddur af ríkissjóði.

Tekjur Ferðamálasjóðs eru áætlaðar þær sömu í frumvarpinu og í gildandi lögum. Hámarks lánstími útlána sjóðsins er hins vegar lengdur úr 15 árum í allt að 40 ár.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum og renni markaður tekjustofn óskertur til Ferðamálaráðs má gera ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs til ráðsins verði um 200 m.kr. á ári og aukist, ef miðað er við frumvarp til fjárlaga 1991, um 90 m.kr. á ári (þ.e. 70 m.kr. verði tekjustofninn óskertur og allt að 20 m.kr. samþykki ríkissjóður að greiða laun ferðamálafulltrúa í hverju kjördæmi). Þátttaka hagsmunaaðila í einstökum verkefnum kemur væntanlega til með að auka ráðstöfunarfé ráðsins.

Ráðuneytið telur mörkun tekna óæskilegt fyrirkomulag. Stefna ráðuneytisins hefur jafnan verið að fækka mörkuðum tekjustofnum og í stað þess verði fjárþörf og forgangsröðun verkefna metin við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni. Verði hins vegar markaður tekjustofn valinn til að fjármagna starfsemi Ferðamálaráðs telur ráðuneytið að til viðbótar eigi ekki að gera ráð fyrir beinu ríkisframlagi af almennum skatttekjum.

Fjármálaráðuneytið telur einnig mögulegan lánstíma útlána Ferðamálasjóðs óeðlilega langan og gæti hann jafnvel dregið úr greiðslugetu sjóðsins enda er ljóst að sjóðurinn fær ekki lán á þvílíkum kjörum. Ferðamálasjóður verður eftir sem áður eign ríkisins og gera verður því ráð fyrir því að ríkissjóður beri ábyrgð á öllum skuldbindingum hans og greiði þær ef eignir og tekjur sjóðsins hrökkva ekki til.

Ed. 364. Breytingartillögur [161. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1991.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (GuðmÁ, EG, JE, SkA).

1. Í stað „11.875.000 þús. kr.“ í 1. gr. komi: 14.060.000 þús. kr.
2. Á eftir 6. gr. komi þrjár nýjar greinar sem orðist svo:
   a. (7. gr.)
      Flóabátnum Baldri hf., Stykkishólmi, er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 15.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til lúkningar á smíði nýrrar ferju.
   b. (8. gr.)
      Skallagrími hf., Akranesi, er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 11.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt vegna skuldbreytinga.
   c. (9. gr.)
      Hitaveitu Suðurnesja er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 200.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á orkuframkvæmdum fyrirtækisins.
3. Við 18. gr. Á eftir orðunum „Þrátt fyrir ákvæði“ í upphafi greinarinnar komi: 2. tölul. 5. gr. og.
4. Við 21. gr. Greinin falli brott.
5. Við 24. gr. Á eftir orðunum „um eyðingu refa og minka“ komi: með síðari breytingum.
6. Við 25. gr. Í stað „5. tölul. 9. gr. laga nr. 30/1966“ í upphafi greinarinnar komi: 5. mgr. 9. gr. laga nr. 30/1966.
7. Við 26. gr. Í stað „1. tölul. 1. gr. laga nr. 34/1982“ komi: 1. tölul. 3. gr. laga nr. 34/1982.
8. Við 27. gr. Í stað „1. tölul. 25. gr. laga nr. 19/1964, skipulagslaga“ komi: 1. tölul. 35. gr. laga nr. 19/1964, skipulagslaga, með síðari breytingum.
9. Við 29. gr. Í stað „IX. kafla laga nr. 41/1983, um Framkvæmdasjóð fatlaðra“ komi: 35. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra.
10. Við 31. gr. Greinin falli brott.
11. Við 32. gr. Greinin orðist svo:
    Þrátt fyrir ákvæði 26. gr. laga nr. 21/1963, um kirkjugarða, með síðari breytingum, skal hlutdeild kirkjugarða í óskiptum tekjuskatti lækka um 20% á árinu 1991.

Nd. 365. Nefndarálit [82. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í efri deild.

Kristín Einarsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk þessari afgreiðslu.

Alþingi, 18. des. 1990.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Ólafur G. Einarsson, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Guðni Ágústsson.	Ingi Björn Albertsson.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Ed. 366. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1991.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þegar þetta er skrifað hefur hvorki verið gengið frá tekju- né gjaldaáætlun fjárlagafrumvarps. Það er á hinn bóginn ljóst að lánsfjárþörf ríkisins á næsta ári hefur verið að vaxa dag frá degi. Þegar síðast fréttist var heildarlántökuþörf ríkisins á næsta ári um 35 milljarðar kr., en nettólánsfjárþörfin verður sem næst 22 milljörðum kr. Það nálgast 6% af landsframleiðslu, borið saman við 5,2% á þessu ári. Lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs er komin yfir 14 milljarða kr. Ætlunin er að afla þessa fjár á innlendum lánsfjármarkaði. Það er byggt á þeirri forsendu að eftirspurn atvinnulífsins eftir lánsfé verði áfram lítil, en á þessu ári hafa stofnlánasjóðir í vaxandi mæli lánað til skuldbreytinga eða fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja. Gengið er út frá því að ný fjárfesting í fyrirtækjum, sem beinist að vöruþróun og framleiðslu, vaxi ekki, en hún er talin undir þeim mörkum sem hún þarf að vera til þess að okkur takist að auka hagvöxt og bæta lífskjör til samræmis við það sem gerist í löndum OECD. Hér á landi hefur fjárfesting í atvinnulífi dottið niður í 18–19% af landsframleiðslu en er u.þ.b. 20–22% í löndum OECD. Fyrir því hafa verið færð rök að til þess að halda uppi hagvexti þurfi fjárfesting í atvinnulífinu að vera meiri eða a.m.k. jafnmikil hér á landi og í nálægum löndum vegna strjálbýlis og samsetningar atvinnulífsins. Raunvextir hafa hækkað verulega á þessu ári og eru nú mun hærri en í löndum OECD og fyrirsjáanlegt að þeir muni enn halda áfram að hækka. Þessi þróun er í ósamræmi við þau fyrirheit sem ríkisstjórnin gaf þegar aðilar vinnumarkaðarins náðu því samkomulagi 1. febrúar sl. sem kennt hefur verið við þjóðarsátt. Eins og nú er komið er ljóst að lausatök á ríkisbúskapnum stefna þjóðarsáttinni í verulega hættu þegar kemur fram á næsta ár. Til viðbótar við fyrirsjáanlegar vaxtahækkanir liggur nú

þegar fyrir að ýmis þjónustugjöld munu hækka verulega umfram það sem þjóðarsáttin gerir ráð fyrir.

Frumvarp til lánsfjárlaga ber með sér að engin heildarstjórn er á fjármálum ríkisins. Frumvarpið er í raun á vinnslustigi. Upplýsingar og breytingartillögur hafa verið að berast fram á síðustu stund, en í öðrum tilvikum er bókstafurinn látinn standa þótt fyrir því séu ekki efnisleg rök.

Lánsfjárlög eru veigamikill þáttur í efnahagsstefnu ríkisstjórna. Eins og frá frumvarpinu er gengið hljóta stuðningsflokkar ríkisstjórnarinnar að bera einir ábyrgð á afgreiðslu þess á Alþingi.

Alþingi, 19. des. 1990.

Halldór Blöndal, frsm. Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 367. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1991.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp það til lánsfjárlaga er hér um ræðir speglar þann samdrátt sem orðinn er í atvinnulífi og í hag almennings hér á landi. Og læðist að sú grunsemd að frumvarpið spegli fremur óskir og drauma háttvirtrar ríkisstjórnar um bætt ástand heldur en kaldan raunveruleikann eins og hann blasir við hinum almenna þjóðfélagsþegn og birtist í efnahagslegum staðreyndum. Þannig hefur fjármálaráðuneytið þegar orðið að hækka lántökuheimildir frumvarpsins um tæpa 2,2 milljarða króna á þeim fáu dögum sem það hefur verið til umfjöllunar í fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar.

Ríkisstjórnin hefur á árinu 1990 sótt lán sín að mestu inn á íslenskan lánamarkað og má það að hluta teljast jákvætt. Hins vegar hefur það hve stíft hefur verið sótt á þessi mið af hálfu ríkisvaldsins valdið því að raunvextir hafa hækkað en ekki lækkað eins og spá ríkisstjórnarinnar gekk út á. Þetta kemur illa niður á öllum lántakendum. En svo er komið hag heimilanna í landinu að þau eru orðin annar helsti lántakandinn innan lands. Fyrirtækin hafa haldið að sér hendi og reynt að þreyja þorrann, þau sem ekki hafa hreinlega orðið gjaldþrota. Gjaldþrot einstaklinga og heimila eru uggvænlega tíð, enda helst sú þróun í hendur við eftirsókn heimilanna eftir bankalánum.

Erlendar lántökur.

Sú þróun blasir við að fyrirtæki leiti lána erlendis þar sem raunvextir eru miklu lægri en á Íslandi og munu þá skuldir okkar sem greiða verður í erlendri mynt fara vaxandi en þjóðin öll að afla gjaldeyrisins til greiðslnanna.

Þessar hugsanlegu erlendu skuldbindingar koma til viðbótar þeim sex milljörðum króna sem lánsfjárlögin gera ráð fyrir að fyrirtæki og stofnanir taki með fulltingi og ábyrgð ríkissjóðs. Gera má ráð fyrir að þessar upphæðir hækki verulega þegar líður á fjárhagsárið.

Skerðingarákvæði.

Í þessu frumvarpi er í 21. lið áætlað að skerða fjárframlög til sjóða og stofnana sem lög kveða þó á um. Er þar afturgenginn ósiður fyrri ára og hlýtur að vera erfitt fyrir viðkomandi stofnanir að gera framtíðaráætlanir um starfsemi og hagræðingu þegar ekkert er vitað um fjárframlögin frá ári til árs annað en það að ekki verður staðið við lagaskuldbindingar.

Ekki verður annað séð en að mörg þessara skerðingarákvæða séu ill- eða óframkvæmanleg því svo mjög skaða þau hag landsmanna og skulu nokkur dæmi talin hér á eftir.

Ferðamálaráð.

Ferðamálaráði og Ferðamálasjóði er ætlað að efla eina þá starfsgrein sem helstar vonir eru bundnar við að vaxi á komandi árum. Samt er framlag til skipulags ferðamála skv. 19. gr. laganna skorið niður um 50%, þ.e. í 68 millj. kr. Þar af fara 60,2 millj. kr. í föst verkefni, en til að sinna óumflýjanlegum verkefnum öðrum þyrfti a.m.k. 15 millj. kr. til viðbótar, og er gerð tillaga um það á sérstöku þingskjali.

Kvikmyndasjóður.

Kvikmyndagerð er nýlegur vaxtarbroddur íslenskrar menningar. Það fé, sem ætlað er á fjárlögum, nægir aðeins til gerðar einnar kvikmyndar árið 1991. Gera þyrfti árlega tvær til þrjár kvikmyndir hér á landi til þess að þekking og tækni nýttist í landinu. Nú stendur Íslendingum til boða að gera aðra kvikmynd árið 1991 í samvinnu við önnur Norðurlönd sem leggja munu til 50 millj. kr. Nú mun 22 millj. kr. skorta til að af þátttöku Íslendinga geti orðið og er hart ef málið á að stranda á svo litlu. Á sérstöku þingskjali er gerð tillaga um slíkt framlag.

Ríkisútvarpið.

Eftir 60 ára dygga þjónustu er langbylgjustöðin á Vatnsendahæð orðin illa komin, lampar á sendibúnaði nánast forngripir og slík tæring í möstrum að þau geta fallið í næsta stormi. Langbylgjustöðin telst til helstu öryggistækja Íslendinga því að engin önnur stöð nær til allra annesja og eins langt á haf út. Ljóst er að brýna þjóðarnauðsyn ber til að endurnýja langbylgjustöðina og hefur svo verið í a.m.k. 12 ár. Kostnaður er ekki undir 500 millj. kr. En sú svipting tekjustofns sem 23. gr. kveður á um veldur því að Ríkisútvarpið hefur ekki bolmagn til að standa undir þessum kostnaði.

Framkvæmdasjóður aldraða.

Framkvæmdasjóður aldraða verður fyrir verulegri skerðingu. Heilbrigðismálaráðherra hefur reynt að klóra í bakkann með því að víkka út starfsemi sjóðsins en fá að halda fjárframlögum. Líkur eru á að svo verði, en eigi að síður veldur þessi víkkun á starfseminni aukinni sókn í sjóðinn og mun því fylgja álíka fjárskortur og verið hefði að óbreyttu hlutverki og með skertum framlögum.

Framkvæmdasjóður fatlaðra.

Framkvæmdasjóður fatlaðra hlýtur a.m.k. enn sem komið er enn verri útreið. Sagt er að verið sé að vinna að endurskoðun sjóðsins og að þá muni verða séð fyrir fjárhagslegum grunni hans. En mótmæla verður stöðunni eins og hún er í dag því að engin trygging er fyrir að endurskoðunin og bætt staða sjóðsins verði að veruleika.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna.

Endurgreiðsla ríkissjóðs til þessara tveggja sjóða ætti óskert að verða um 1.300 millj. kr. en er skorin niður í 700 millj. kr. Þar með skerðist það fé sem sjóðirnir hafa til að kaupa bréf af Byggingarsjóðum ríkisins og starfsemi þessa sjóða, sem eiga nægilega örðugt fyrir, verður enn torveldari. Nær væri að lífeyrissjóðirnir fengju óskert framlag og því fé, sem þannig bærist Byggingarsjóðum ríkisins, yrði varið til að efla byggingu almennra kaupleiguíbúða. En það fólk sem líklega mundi sækja inn á kaupleigumarkað á ákaflega erfitt í dag að fá þak yfir höfuðið.

Einnig verður að undirstrika það að ofangreindir lífeyrissjóðir munu um næstu aldamót eiga í miklum erfiðleikum með að standa við skuldbindingar sínar gagnvart lífeyrisþegum og ber nauðsyn til að styrkja sjóðina en ekki að draga úr þeim mátt.

Annar minni hl. lítur svo á að þau lánsfjárlög, sem hér um ræðir, byggist á óraunsæi um þróun á lánamarkaðinum og augum lokað fyrir yfirvofandi áföllum eins og hruni mastra á Vatnsendahæð, en skollaeyrum skellt við hógværum beiðnum og andmælum fulltrúa hinna mjúku mála. Annar minni hl. mun taka afstöðu til einstakra greina frumvarpsins en situr hjá við málið í heild.

Alþingi, 19. des. 1990.

Guðrún J. Halldórsdóttir.

Ed. 368. Nefndarálit [214. mál]

um frv. til l. um breyt. á lánsfjárlögum fyrir árið 1990, nr. 116/1989.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund fulltrúa Lánasjóðs íslenskra námsmanna, aðstoðarflugmálastjóra og fulltrúa Fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Fyrsti minni hl. furðar sig á því óraunsæi sem komið hefur fram í áætlun um fjölda námsmanna en þar skakkar 500 nemendum sem síðan olli að mestu þeim halla sem hlaut að verða á Lánasjóðnum ef hann átti að standa við þær skuldbindingar sem lög kveða á um.

Ekki gerir fyrsti minni hl. athugasemd við áætlun um að endurlána Alþjóðaflugþjónustunni það sem í lögum er áætlað.

Í annan stað skal undirstrikað að furðu gegnir að í ljós skuli koma nú á haustdögum 1990 að ekki var gert ráð fyrir greiðslu 2 millj. kr. skammtímaskuldar við Seðlabankann sem ríkisstjórnin hefur ekki komist hjá að vita að greiða þurfti á vordögum 1990. Það að halli á fjárlögum skuli hafa aukist um 1,4 milljarða kr. síðari hluta ársins 1990 kemur ekki á óvart þrátt fyrir gum ríkisstjórnarinnar af stöðugleika í efnahagslífinu. Þó að auknar innlendar lántökur og minni erlendar séu hagstæðar vísa þær til þess samdráttar

sem orðinn er í íslensku atvinnulífi og eru því að nokkru teikn um uggvænlega þróun.
Fyrsti minni hl. mun sitja hjá við atkvæðagreiðslu um frumvarpið.

Alþingi, 19. des. 1990.

Guðrún J. Halldórsdóttir.

Ed. 369. Breytingartillögur [161. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1991.

Frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur og Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Við 19. gr. Í stað „68.000“ komi: 83.000.
2. Við 20. gr. Í stað „81.000“ komi: 103.000.

Ed. 370. Nefndarálit [80. mál]

um frv. til l. um endurgreiðslu á gjaldi af erlendum lánum vegna skipasmíða hér á landi.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Eins og kunnugt er hafa skipasmíðar verið styrktar með opinberu fé hvarvetna annars staðar en hér á landi.

Lántökugjald það sem hér um ræðir hefur verið endurgreitt vegna þeirra lána sem tekin voru til viðhaldsverkefna og endurbóta sem unnin voru í íslenskum skipasmíðastöðvum. Hið sama á við um skipasmíðar hér á landi, að engin rök eru fyrir því að af þeim sé greitt sérstakt lántökugjald.

Fylgiskjöl með nefndaráliti þessu eru þær umsagnir sem nefndinni bárust á sl. vori.

Alþingi, 19. des. 1990.

Halldór Blöndal, frsm.

Ey. Kon. Jónsson.

Fylgiskjal I.

Félag málmiðnaðarmanna Akureyri:

Bréf til fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar Alþingis.
(6. desember 1989.)

Höfum móttekið bréf deildarinnar dags. 20. nóvember 1989 vegna frumvarps til laga um endurgreiðslu á gjaldi af erlendum lánum vegna skipasmíða hér á landi.

Hér með vil ég fyrir hönd Félags málmiðnaðarmanna Akureyri mæla með að umrætt frumvarp verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags málmiðnaðarmanna Akureyri,

Hákon Hákonarson.

Fylgiskjal II.

Landssamband iðnaðarmanna og Félag dráttarbrauta og skipasmiðja:

Bréf til fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar Alþingis.
(18. desember 1989.)

Landssamband iðnaðarmanna og Félag dráttarbrauta og skipasmiðja hafa fengið ofangreint frumvarp til umsagnar og hafa ákveðið að svara því sameiginlega. Samtökin mæla eindregið með frumvarpinu og færa fyrir því eftirtaldar ástæður:

Þegar lögin um ráðstafanir í ríkisfjármálum, nr. 10/1988, þar sem er að finna ákvæði um gjald af erlendum lántökum, voru sett höfðu þau að geyma undantekningarákvæði þar sem kveðið var á um að lántökur vegna hráefniskaupa til útflutnings og samkeppnisiðnaðar, svo og afurðalán, skyldu verða undanþegnar gjaldinu. Allan þann tíma, sem lögin voru í gildi var mjög erfitt, ef ekki ókleift, fyrir skipaiðnaðinn að nýta sér þessa heimild laganna. Þetta stafaði fyrst og fremst af því að lán til skipasmíða og viðgerða eru tekin til kaupa á hráefni og vinnu í einu lagi, þ.e. vegna verkefna en ekki til kaupa á hráefninu einu saman. Þegar svo háttaði að erlend lán væru fyrst og fremst tekin til kaupa á hráefnum, eins og tíðkast í mörgum greinum, var hins vegar tiltölulega auðvelt að nýta sér þessa undanþágureglu. Því má einnig bæta við að skilgreining auglýsingar þeirrar sem kvað á um hvaða vörur skyldu teljast hráefni í þessu sambandi var mjög þröng, þannig

að mjög margar vörutegundir (vélar og tæki), sem notaðar voru í skipaiðnaðinum, lentu utan undanþágunnar.

Af ofangreindum ástæðum kom lántökugjaldið verr niður á skipaiðnaðinum en ýmsum öðrum samkeppnisiðnaði, svo og öðrum atvinnugreinum, svo sem fiskvinnslu og landbúnaði. Eðlilegt hefði verið að meðhöndla þessi „verkefnabundnu lán“ eins og um afurðalán væri að ræða sem eru ekki eingöngu tekin út á hráefnakaup heldur fullunnar afurðir.

Með breytingum sem gerðar voru á gjaldinu (lög nr. 101/1988) var ákveðið að undanþiggja lántökur vegna kaupa og reksturs á kaupskipum og flugvélum. Líklega hafa samkeppnisástæður valdið þar mestu um. Á þeim tíma mæltu undirrituð samtök með því að sjálfsagt og eðlilegt væri að fella þetta gjald niður af fiskiskipasmíði með ofangreindum rökum, svo og með vísan til þess að skipaiðnaðurinn á við mjög óvægna og ósanngjarna samkeppni (niðurgreiðslur erlendis) að stríða.

Að undanförnu hafa verið að koma í ljós ýmsir erfiðleikar í skipaiðnaðinum hér á landi. Um ástæðurnar verður ekki fjölyrt hér en öllum má ljóst vera að hvert og eitt atriði, sem skekkir samkeppnisstöðu hans gagnvart erlendum keppinautum, getur valdið úrslitum um að hve miklu leyti tekst að snúa þróuninni við. Ofangreindar röksemdir ættu að sýna fram á að umrætt lántökugjald var íþyngjandi fyrir skipaiðnaðinn. Alþingi hefur nú tækifæri til að leiðrétta það óhagræði sem af þessu gjaldi stafaði fyrir hann.

Virðingarfyllst,
Landssamband iðnaðarmanna,
Haraldur Sumarliðason, forseti.

Félag dráttarbrauta og skipasmiðja,
Jósef H. Þorgeirsson, formaður.

Fylgiskjal III.

Samband málm- og skipasmiðja:

Bréf til fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar Alþingis.
(6. mars 1990.)

Samband málm- og skipasmiðja hefur móttekið bréf nefndarinnar, dags. 8. febrúar sl., þar sem óskað er upplýsinga um lántökugjald vegna erlendra lána til skipasmíða innan lands á tímabilinu 10. mars 1988 til 1. júní 1989.

Samkvæmt upplýsingum sem SMS hefur aflað sér frá skipasmíðastöðvunum nemur umrætt lántökugjald vegna nýsmíða á téðu tímabili samtals 8.097.396 kr. og skiptist þannig:

Slippstöðin hf., Akureyri	5.800.828 kr.
Skipasmíðastöð Marselíusar hf., Ísafirði	1.736.651 kr.
Vélsmiðja Seyðisfjarðar hf., Seyðisfirði	559.917 kr.
	Samtals 8.097.396 kr.

Athygli skal vakin á því að upphæð gjaldsins er skráð á verðlagi hvers tíma (sjá meðfylgjandi fylgiskjöl).

Með vinsemd og virðingu,
f.h. Sambands málm- og skipasmiðja,

Guðmundur Guðmundsson, framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal IV.

Slippstöðin:

Yfirlit vegna skatts af erlendum lánum til nýsmíða.
(Upphæð skatts er á verðlagi hvers tíma.)

Dags.	Mynt	Erl. upphæð láns		Skattur
08.03.88	DEM	640.000,00	Kr.	447.657,60
08.03.88	USD	380.000,00	-	445.170,00
20.05.88	CHF	500.000,00	-	612.280,00
27.05.88	CHF	500.000,00	-	305.150,00
30.06.88	NOK	2,201.109,65	-	891.978,00
24.08.88	DEM	405.000,00	-	200.300,40
24.08.88	USD	213.000,00	-	199.751,40
10.10.88	CHF	661.000,00	-	400.336,00
31.10.88	DEM	384.000,00	-	200.395,00
31.10.88	USD	214.000,00	-	197.564,80
13.01.89	CHF framl.	661.000,00	-	417.736,10
13.01.89	CHF "	500.000,00	-	313.034,00
23.02.89	CHF "	500.000,00	-	324.604,00
26.04.89	DEM	430.000,00	-	242.866,00
26.04.89	USD	150.000,00	-	157.860,00
02.05.89	DEM framl.	384.000,00	-	217.175,81
02.05.89	USD "	214.000,00	-	226.968,40
			Kr.	5.800.827,51

Vélsmiðja Seyðisfjarðar hf.:

Yfirlit vegna skatts af erlendum lánum til nýsmíða.
(Upphæð skatts er á verðlagi hvers tíma.)

Dags.	Mynt.	Erl. upphæð láns	Skattur
10.08.88	USD	64.590	kr. 182.570
10.08.88	DEM	121.360	kr. 178.128
25.04.89	USD	94.200	kr. 98.665
25.04.89	DEM	177.400	kr. 100.554
			Kr. 559.917

Skipasmíðastöð Marselíusar hf.:

Yfirlit vegna skatts af erlendum lánum til nýsmíða.
(Upphæð skatts er á verðlagi hvers tíma.)

Dags.	Mynt	Erl upphæð láns.	Skattur
06.10.88	USD	180.000	kr. 517.536
29.11.88	USD	120.000	kr. 108.936
21.12.88	USD	100.000	kr. 91.940
16.02.89	DEM	260.000	kr. 86.330
21.02.89	DEM	260.000	kr. 143.883
20.03.89	DEM	700.000	kr. 788.026
			Kr. 1.736.651

Nd. 371. Nefndarálit [148. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989 og nr. 70/1990.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins það var afgreitt frá efri deild.

Nefndin fékk til viðræðna um frumvarpið Sigurð Geirsson, forstöðumann húsbréfadeildar Húsnæðisstofnunar ríkisins, og Tryggva Pálsson, bankastjóra Íslandsbanka. Þá barst nefndarmönnum greinargerð Ríkisendurskoðunar um húsbréfakerfið.

Alexander Stefánsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. des. 1990.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir.	Geir H. Haarde, með fyrirvara.
Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Eggert Haukdal, með fyrirvara.	Jón Kristjánsson.

Nd. 372. Nefndarálit [235. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóra og Snorra Olsen, skrifstofustjóra í fjármálaráðuneytinu.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins, en tveir nefndarmanna, Matthías Bjarnason og Friðrik Sophusson, áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma.

Alþingi, 19. des. 1990.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur G. Þórarinsson, fundaskr.	Ragnar Arnalds.
Matthías Bjarnason.	Friðrik Sophusson.	Þórhildur Þorleifsdóttir, með fyrirvara.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Nd. 373. Nefndarálit [225. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir meiri hl. hennar með samþykkt þess.

Nefndin sem heild leggur til breytingu á 5. gr. frumvarpsins sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Meiri hl. nefndarinnar telur rétt að fram komi að í lögum um virðisaukaskatt eru heimildir sem gera mögulegt að veita undanþágu frá notkun sjóðsvéla í þeim tilvikum sem ekki eru aðstæður til að koma þeim fyrir.

Alþingi, 19. des. 1990.

Páll Pétursson, form., frsm. | Guðmundur G. Þórarinsson, fundaskr. | Ragnar Arnalds.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Nd. 374. Breytingartillaga [225. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Í stað tölunnar „20“ í síðari málslið 5. gr. komi: 45.

Ed. 375. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til l. um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um málið Guðrúnu Ágústsdóttur, aðstoðarmann menntamálaráðherra, Hauk Vilhjálmsson og Margréti Sigurðardóttur frá Félagi heyrnarlausra, Gunnar Salvarsson, skólastjóra Heyrnleysingjaskólans, Helga Seljan og Ásgerði Ingimarsdóttur frá Öryrkjabandalaginu, Bryndísi Víglundsdóttur, skólastjóra Þroskaþjálfaskólans, og Valgerði Stefánsdóttur, táknmálskennara við Þroskaþjálfaskólann.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Halldór Blöndal var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. des. 1990.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Guðrún J. Halldórsdóttir, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Valgerður Sverrisdóttir.	Skúli Alexandersson.	Jón Helgason.

Ed. 376. Breytingartillögur [99. mál]

við frv. til l. um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Upphaf fyrsta málsliðar 1. mgr. orðist svo:
      Hlutverk Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra er að annast.
   b. Í stað orðanna „Ráðgjafar- og greiningarstöð“ komi: Greiningar- og ráðgjafarstöð.
2. Við bætist ný grein svohljóðandi:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. Lögin skal endurskoða innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra.

Ed. 377. Nefndarálit [194. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 77/1979, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Halldór Blöndal var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. des. 1990.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Guðrún J. Halldórsdóttir, fundaskr.	Jón Helgason.
Valgerður Sverrisdóttir.	Salome Þorkelsdóttir.	Skúli Alexandersson.

Sþ. 378. Fyrirspurn [247. mál]

til dómsmálaráðherra um neitun á að fram fari opinber rannsókn á brottrekstri ríkisstarfsmanns.

Frá Stefáni Valgeirssyni, Skúla Alexanderssyni,
Matthíasi Bjarnasyni og Ólafi Þ. Þórðarsyni.

1. Hvað veldur að opinber starfsmaður, sem vikið hefur verið frá starfi eftir rúmlega aldarfjórðungsstörf, fær mál sitt ekki rannsakað að hætti opinberra mála í samræmi við ákvæði III. kafla laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þegar hann óskar eftir því?
2. Getur hvarf opinbers skjals, sem gert var í fjármálaráðuneytinu 9. apríl 1984, um launahækkun Inga B. Ársælssonar, en efni þess var loks, eftir mikla eftirgangssemi, staðfest af fjármálaráðuneytinu með bréfi, dags. 11. október 1990, ekki verið sjálfstætt tilefni til opinberrar rannsóknar? Er ekki enn frekari ástæða til opinberrar rannsóknar þegar tilurð skjalsins hefur ítrekað verið neitað af hálfu fjármálaráðuneytisins og Ríkisendurskoðunar fyrir bæjarþingi Reykjavíkur?
3. Er ákvörðun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 26. október 1990, um að neita Inga B. Ársælssyni um að fram fari opinber rannsókn á máli hans, gild stjórnvaldsákvörðun samkvæmt íslenskum rétti þegar annar þeirra manna, sem undirritar bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, er mjög tengdur málinu vegna fyrri starfa sinna?

Sþ. 379. Tillaga til þingsályktunar [248. mál]

um stuðning við sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna.

Frá utanríkismálanefnd.

Alþingi ályktar að ítreka stuðning sinn við sjálfstæðisbaráttu Litáens og minnir á að íslensk stjórnvöld hafa viðurkennt sjálfstæði Eistlands, Lettlands og Litáens óslitið frá 1922 eins og Alþingi og ríkisstjórn Íslands hafa staðfest.

Alþingi áréttar ályktun frá 12. mars 1990 þar sem lýst var yfir því að sjálfsákvörðunarréttur þjóða með lýðræðislega kjörin þing væri grundvöllur frjálsra samskipta þjóða í milli og stuðlaði að heimsfriði.

Alþingi leggur áherslu á að afar mikilvægt er að jákvæð niðurstaða fáist í sérstökum viðræðum Eystrasaltsríkjanna við stjórn Sovétríkjanna eins og fram kom í ræðu forsætisráðherra á leiðtogafundinum í París 19.–20. nóvember 1990. Alþingi telur að á meðan Eystrasaltsríkin hafa ekki fengið fulla viðurkenningu á sjálfstæði sínu vanti enn mikið á að settar hafi verið niður deilur í Evrópu.

Alþingi leggur áherslu á rétt Eystrasaltsríkjanna til sjálfsákvörðunar og lýsir yfir stuðningi við allar friðsamlegar aðgerðir til að leysa ágreining þeirra og Sovétríkjanna. Alþingi lýsir yfir stuðningi við boð íslenskra stjórnvalda um Reykjavík sem fundarstað til viðræðna milli aðila og beinir því til ríkisstjórnarinnar að hún beiti sér fyrir því á alþjóðavettvangi að finna farsæla lausn á sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna.

Greinargerð.

Þróun mála í sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna gefur tilefni til þess að Alþingi ályktí á ný um málefni Eistlands, Lettlands og Litáens. Samkomulag hefur tekist í utanríkismálanefnd um tillögu þá sem hér er flutt.

Ed. 380. Nefndarálit [34. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta felur í sér að virðisaukaskattur af bókum falli niður 1. sept. í stað 16. nóv. Sjálfstæðismenn fluttu breytingartillögu þessa efnis á síðasta þingi en hún var felld. Það orkar tvímælis að heimilt sé að gefa út bráðabirgðalög sama efnis þó svo að sömu menn standi að útgáfu bráðabirgðalaga og felldu tillöguna á síðasta þingi.

Önnur grein frumvarpsins felur í sér að virðisaukaskattur verði endurgreiddur af vinnu við viðhald og endurbætur íbúðarhúsa. Sú breyting er einnig í samræmi við tillögur Sjálfstæðisflokksins á síðasta þingi.

Minni hl. styður efnisatriði frumvarpsins eins og á síðasta þingi.

Alþingi, 18. des. 1990.

Halldór Blöndal, frsm. Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 381. Nefndarálit [227. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um málefni aldraðra, nr. 82/1989.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og tryggínganefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Hrafn Pálsson, deildarstjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, og séra Sigurð H. Guðmundsson sem sæti á í samstarfsnefnd um málefni aldraðra, sem jafnframt er stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra.

Nefndin er ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. hennar leggur til að gerð verði sú breyting á frumvarpinu að ráðstöfunarfé vegna annarra verkefna, sem sjóðstjórn ákveður og ráðherra samþykkir skv. 5. tölul. 1. efnismgr. 1. gr., komi einungis af þriðjungi árlegs ráðstöfunarfjár. Þannig er tryggt að tveir þriðju hlutar af árlegu ráðstöfunarfé fara til verkefna skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Meiri hl. nefndarinnar leggur áherslu á að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að árlegt ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs aldraðra verði jafnhátt heildarálagningu þess sérstaka gjalds sem lagt er á tekjuskattsskylda einstaklinga til sjóðsins, sbr. 10. gr. laga nr. 82/1989, um

málefni aldraðra. Með þessu er tryggt að ríkissjóður ber hallann ef innheimta verður lægri.

Auk þess leggur meiri hl. nefndarinnar til að lög þessi öðlist þegar gildi eftir samþykkt frumvarpsins en ekkert gildistökuákvæði er í frumvarpinu.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 19. des. 1990.

Valgerður Sverrisdóttir, form., frsm. Karl Steinar Guðnason. Margrét Frímannsdóttir.

Stefán Guðmundsson.

Ed. 382. Breytingartillögur [227. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um málefni aldraðra, nr. 82/1989.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og trygginganefndar (VS, KSG, StG, MF).

1. Síðari efnismálsgrein 1. gr. orðist svo:
   Heimilt er að veita allt að þriðjungi af árlegu ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs aldraðra til verkefna skv. 3., 4. og 5. tölul. 1. mgr.
2. Á eftir 2. gr. komi ný grein svohljóðandi:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 383. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi Íslands.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta sem felur í sér að færeysk og grænlensk fiskiskip verði undanþegin ákvæðum laga er banna erlendum fiskiskipum að landa afla sínum í íslenskum höfnum nema með sérstöku leyfi ráðherra.

Fyrir nefndinni lágu umsagnir um frumvarpið frá 110. löggjafarþingi frá Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandinu, Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Fiskifélagi Íslands.

Neðri deild afgreiddi þetta frumvarp til efri deildar á síðasta þingi en þar var samþykkt að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Minni hl. skilar séráliti.

Guðni Ágústsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. des. 1990.

Hreggviður Jónsson, fundaskr. | Kristinn Pétursson, frsm. | Matthías Bjarnason.

Alexander Stefánsson. | Geir Gunnarsson.

Nd. 384. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi Íslands.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið sem fjallar um undanþágur frá ákvæðum laga handa fiskiskipum frá Grænlandi og Færeyjum til að landa afla sínum hér á landi. Umsagna var ekki leitað og ekki var sóst eftir að fá umsagnaraðila á fund nefndarinnar. Hins vegar lágu fyrir nefndinni álit Landssambands íslenskra útvegsmanna, Sjómannasambands Íslands, Fiskifélags Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands frá því í janúar 1988, sem öll lögðust gegn samþykkt frumvarpsins, og frá Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda sem fagnaði framkomnu frumvarpi.

Samkvæmt samkomulagi hafa grænlensk skip, sem stunda veiðar við Austur-Grænland, heimild til löndunar og allrar skipaþjónustu í íslenskum höfnum. Þetta er frávik frá ákvæðum laganna, en þar segir að erlendum fiskiskipum sé ekki heimilt að leita hafnar á Íslandi nema í neyð. Grænlendingar hafa nýtt sér þessa aðstöðu við rækjuveiðar á Dohrnbanka. Færeyingar, sem veitt hafa botnfisk hér við land samkvæmt sérstöku samkomulagi, hafa aldrei leitað eftir að fá að landa afla hér á landi.

Í nýgerðum samningum milli Íslands, Grænlands og Noregs er skipum þessara þjóða, sem loðnuveiðar stunda, veittur löndunarréttur í hverju þessara landa. Var sérstaklega tiltekið að færeysk skip, sem veiddu loðnu í umboði Grænlendinga, fengju þennan rétt. Við gerð samnings um rétt Grænlendinga til löndunar hér á landi og um skiptingu loðnustofnsins milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen verður að telja að Færeyingum og Grænlendingum séu tryggðir þeir möguleikar til löndunar á Íslandi sem þeir þarfnast eins og staðan er nú. Það er því álit minni hl. að fram komið frumvarp sé tilefnislaust. Ef á að endurskoða þessi lög ætti að gera það í víðara samhengi og skiptir þá samningsstaða okkar við aðrar þjóðir verulegu máli.

Það er því rétt að áliti minni hl. að láta breytingar á ákvæðum um löndunarrétt þessara þjóða bíða uns náðst hafa frekari samningar um gagnkvæma nýtingu sameiginlegra fiskstofna því að telja verður að löndunarréttindi muni skipta verulegu máli í viðræðum um nýtingu þessara stofna. Gæti það veikt samningsaðstöðu okkar ef við hefðum í raun einhliða afsalað okkur ákvörðunarrétti í þessu efni.

Minni hl. leggur því til að frumvarpi þessu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 18. des. 1990.

Jón Sæmundur Sigurjónsson,
form.

Nd. 385. Frumvarp til laga [249. mál]

um sölu hlutabréfa í Þormóði ramma hf. í Siglufirði.

Flm.: Páll Pétursson, Pálmi Jónsson.

1. gr.

Fjármálaráðherra er óheimilt að selja hlutabréf ríkisins í Þormóði ramma hf. í Siglufirði nema að fengnu samþykki Alþingis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Uppi hafa verið hugmyndir í fjármálaráðuneyti um að selja einkaaðilum meiri hluta hlutabréfa í Þormóði ramma hf.

Hér er um miklar eignir að ræða og fyrirtæki sem er burðarás í atvinnulífi Siglufjarðar. Því er sjálfsagt að Alþingi gefist kostur á að fjalla um málið.

Nd. 386. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt að efni til eins og það var lagt fram, en flytur einnig tillögu um að úrskurða skuli í kærumáli innan tveggja sólarhringa. Minni hl., undirritaður nefndarmaður, getur fallist á þá tillögu. Hann telur hins vegar ekki rétt að ákvörðun um einangrun fanga eða agaviðurlög sæti kæru beint til dómsmálaráðuneytis, heldur verði að kæra fyrst til Fangelsismálastofnunar.

Í samræmi við ofanritað eru breytingartillögur fluttar á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 19. des. 1990.

Ólafur G. Einarsson.

Nd. 387. Breytingartillögur [83. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988.

Frá Ólafi G. Einarssyni, Kristínu Einarsdóttur og Friðjóni Þórðarsyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ákvörðun um einangrun sætir kæru til Fangelsismálastofnunar. Ákvörðun stofnunarinnar sætir kæru til dómsmálaráðuneytis. Um leið og fanga er birt ákvörðun um einangrun skal honum gerð grein fyrir þessari málskotsleið.
   Fangelsismálastofnun skal taka ákvörðun innan sólarhrings frá því kæra barst, ella fellur ákvörðunin úr gildi.
   Ef kært er áfram til dómsmálaráðuneytis skal það taka ákvörðun innan sólarhrings frá úrskurði Fangelsismálastofnunar.
2. Við 2. gr. B-liður orðist svo:
   Ákvörðun um agaviðurlög sætir kæru til Fangelsismálastofnunar. Ákvörðun stofnunarinnar sætir kæru til dómsmálaráðuneytis. Um leið og fanga er birt ákvörðun um agaviðurlög skal honum gerð grein fyrir þessari málskotsleið.
   Fangelsismálastofnun skal taka ákvörðun innan sólarhrings frá því kæra barst, ella fellur ákvörðunin úr gildi.
   Ef kært er áfram til dómsmálaráðuneytis skal það taka ákvörðun innan sólarhrings frá úrskurði Fangelsismálastofnunar.

Sþ. 388. Nefndarálit [1. mál]

um framlög til flóabáta, fólks- og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur að venju fjallað um erindi þau sem Alþingi hafa borist um framlög á fjárlögum til stuðnings við rekstur flóabáta vegna vöru- og fólksflutninga á einstökum svæðum. Farsvæði þessara báta er á Faxaflóa, á Breiðafirði, á Ísafjarðardjúpi og frá Þorlákshöfn til Vestmannaeyja. Enn fremur eru flutningar styrktir á Eyjafirði, til Grímseyjar og milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar.

Jafnframt hefur nefndin tekið fyrir og rætt erindi sem borist hafa vegna flutninga á landi, svo sem til reksturs snjóbifreiða eða vegna mikils snjómoksturs, þar sem erfitt reynist fyrir viðkomandi byggðarlög að standa straum af þeim kostnaði sem þau verða að bera samkvæmt snjómokstursreglum Vegagerðar ríkisins. Þótt snjómokstursreglurnar hafi verið rýmkaðar á síðustu árum verða íbúar í snjóþungum héruðum fyrir verulegum kostnaði umfram aðra þegna þjóðfélagsins við að halda uppi nauðsynlegum samgöngum. Til að minnka eitthvað þennan aðstöðumun hafa verið veitt á fjárlögum hvers árs framlög til þeirra aðila sem að dómi nefndarinnar eru verst settir að þessu leyti.

Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu, og Guðmundur Einarsson, forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, mættu sem fyrr á fundum nefndarinnar og veittu henni margvíslegar upplýsingar sem komu nefndinni að verulegu gagni. Færir

nefndin þeim sérstakar þakkir fyrir störf þeirra í hennar þágu.

Skal nú gerð grein fyrir einstökum þáttum tillagna nefndarinnar, sérstaklega varðandi hin stærri verkefni, þ.e. flutninga á sjó. Hvort tveggja er að til þeirra gengur mestur hluti þess fjármagns sem nefndin úthlutar og um allt það er lýtur að sjóflutningum hefur nefndin fyllri upplýsingar þó að þeir aðilar, sem styrks til landflutninga njóta, hafi einnig sent nefndinni greinargóðar upplýsingar um rekstur og annað er umsóknina snertir. Samt er í nokkrum tilvikum misbrestur á því að reikningar fylgi umsókn og voru nefndarmenn sammála um að styrkur yrði ekki greiddur á næsta ári fyrr en reikningar bærust samgönguráðuneytinu fyrir yfirstandandi ár. Við úthlutun stofnstyrkja hefur að jafnaði verið við það miðað að hann verði ekki hærri samtals en helmingur kostnaðar við kaup á vélum og tækjum.

Að þessu sinni veitti nefndin tvo nýja stofnstyrki. Annars vegar til Auðkúlu- og Þingeyrarhrepps, en þessir hreppar hafa verið sameinaðir í eitt sveitarfélag. Styrkurinn er veittur til kaupa á snjóbíl sem halda á uppi vikulegum ferðum yfir vetrarmánuðina milli Þingeyrar, Hrafnseyrar og Mjólkár. Hins vegar er veittur styrkur til Nauteyrarhrepps til kaupa á snjóblásara.

Akraborg.

Rekstraraðili Akraborgar, Skallagrímur hf., sækir um 41,4 millj. kr. styrk á næsta ári. Í ár er styrkurinn 19,8 millj. kr. og gekk hann að fullu til greiðslu á lánum hjá Ríkisábyrgðasjóði samkvæmt samkomulagi við hann.

Á árinu 1989 nam hallinn á rekstri Akraborgar 21,9 millj. kr. Á árinu 1986 var hallinn 12,2 millj. kr., 779 þús. kr. á árinu 1987 og 19,6 millj. kr. á árinu 1988. Samanlagður halli síðustu fjögurra ára er því 54,5 millj. kr.

Rekstrartekjur Akraborgar voru 117,8 millj. kr. á árinu 1989 en voru 108 millj. kr. 1988. Hækkun milli ára er rúm 9%. Rekstrargjöld voru 118,4 millj. kr. 1989 en 106,8 millj. kr. 1988. Gjöldin hækkuðu því um 10,9%.

Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok er eigið fé fyrirtækisins neikvætt um 100,8 millj. kr. Eiginfjárstaðan versnaði um 40,7 millj. kr. á árinu. Skýringin á þessu er m.a. sú að styrkurinn nægði ekki til greiðslu afborgana og vaxta fyrirtækisins hjá Ríkisábyrgðasjóði eins og stjórnendur fyrirtækisins fóru fram á í umsókn sinni.

Í lok ágúst sl. var hagnaður á rekstri Akraborgar 3,5 millj. kr. eftir að búið var að taka tillit til fjármunatekna og fjármagnsgjalda. Til samanburðar var halli fyrstu níu mánaða ársins 1989 7,5 millj. kr.

Samkvæmt yfirliti um greiðslubyrði afborgana og vaxta af langtímalánum Akraborgar falla til greiðslu hjá Ríkisábyrgðasjóði 41,4 millj. kr. á næsta ári (gengi 2. október 1990).

Hér fara á eftir upplýsingar um flutninga Akraborgar janúar til október síðustu fjögur árin:

	1987	**1988**	**1989**	**1990**
Bifreiðar:	67.755	64.342	59.634	59.386
Þar af flutningabílar:	6.910	6.865	6.189	6.093
„Gangandi farþegar“:	60.873	60.586	58.074	58.449

Samkvæmt þessu yfirliti heldur bílum áfram að fækka og nemur fækkunin frá 1987 8.369 bílum eða um 12,4%. Á árinu 1989 var í fyrsta skipti nokkur fækkun á „gangandi farþegum“ milli ára.

Akraborgin fór 12 færri ferðir í ár (janúar til október) en á sama tíma í fyrra og flutti að meðaltali álíka fjölda bíla í hverri ferð.

Baldur.

Flóabáturinn Baldur hf. sækir um 32,3 millj. kr. styrk á næsta ári. Í ár er styrkurinn 21,8 millj. kr.

Samkvæmt áætlun rekstraraðila bátsins um starfrækslu hans á þessu ári er gert ráð fyrir að heildargjöld Baldurs verði 61,1 millj. kr. og tekjur 35,8 millj. kr. Ríkisframlagið verður 21,8 millj. kr. þannig að samkvæmt þessu má reikna með um 3,5 millj. kr. halla á rekstri ferjunnar í ár og eru þá ekki taldar með afskriftir og fjármagnskostnaður vegna nýju ferjunnar sem afhent var í apríl sl.

Á árinu 1989 var hallinn á rekstri Baldurs 5,6 millj. kr. án afskrifta, en var á árinu 1988 1,7 millj. kr., einnig án afskrifta. Undanfarin þrjú ár, að yfirstandandi ári meðtöldu, má gera ráð fyrir að eigið fé fyrirtækisins rýrni um a.m.k. 10,8 millj. kr.

Hinn 4. apríl 1990 afhenti Skipasmíðastöð Þorgeirs & Ellerts hf. á Akranesi stjórn Baldurs hf. nýju Breiðafjarðarferjuna og hóf hún strax rekstur. Samkvæmt svari samgönguráðherra við fyrirspurn á Alþingi í nóvember sl. var heildarkostnaður við smíði ferjunnar orðinn 414 millj. kr. og tekið fram að smíði hennar væri ekki að fullu lokið. Viðbótarkostnaður er áætlaður 10–12 millj. kr. og er gert ráð fyrir að leita heimildar á lánsfjárlögum fyrir árið 1991 til að fjármagna hann.

Um rekstraráætlun ferjunnar fyrir næsta ár er það að segja að útgerðaraðili gefur sér þá forsendu að launakostnaður hækki um 4,2% frá árinu í ár. Hækkun heildargjalda er áætluð um 15,5%. Athygli vekur veruleg hækkun á olíu, en áætlað er að olíukostnaður verði á næsta ári um 17,6 millj. kr. Bæði er um magnaukningu að ræða, m.a. vegna þess að skipið er um 30% þyngra en reiknað var með, svo og vegna verulegrar hækkunar á olíu vegna ástandsins við Persaflóa. Gamli Baldur eyddi um 80 lítrum á klst. en áætlað er að nýja ferjan eyði um 200 lítrum á klst. Ef litið er á hlutfall olíukostnaðar af rekstrartekjum ferjunnar kemur eftirfarandi í ljós (árin 1988–1991):

1988	17,0%
1989	17,0%
1990	32,1% (áætlun)
1991	43,9% (áætlun)

Útgerðaraðili áætlar að tekjur aukist um 7% milli áranna 1990 og 1991. Forsendur hans fyrir yfirstandandi ár voru að flutningur bifreiða fari úr 1.200–1.500 bílum í 4.000 bíla, en útlit er fyrir að fluttir verði um 6.000 bílar. Í áætlun fyrirtækisins varðandi farþega stóð að fluttir yrðu um 6.000 farþegar yfir Breiðafjörðinn og 2.000 farþegar til Flateyjar eða alls 8.000 farþegar. Nú stefnir í að 13.900 farþegar verði fluttir yfir fjörðinn og 5.800 til Flateyjar, samtals 19.700 á þessu ári. Undanfarin ár hefur gamli Baldur flutt 5.000–6.000 farþega á ári.

Samkvæmt upplýsingum frá Endurlánum ríkissjóðs hafa verið tekin þrjú lán vegna smíðinnar, sem standa alls miðað við gengi 6. desember 1990 í 409,7 millj. kr. Af þeirri upphæð eru áfallnir vextir 71,2 millj. kr.

Fagranes.

Eins og mörg undanfarin ár fylgir umsókn rekstraraðila bátsins greinargott yfirlit um rekstur hans út þetta ár.

Í bréfi framkvæmdastjóra fyrirtækisins til samvinnunefndar samgöngumála, dags. 29. nóvember 1990, er tekið fram að við gerð rekstraráætlunar fyrir árið 1990 var gert ráð fyrir 22,6% hækkun gjaldaliða milli ára, en hækkunin varð 12,4%. Gert var ráð fyrir 23% hækkun tekjuliða, en hækkunin varð um 16%.

Reiknað er með lítils háttar tekjuafgangi í rekstri fyrirtækisins á yfirstandandi ári þegar búið er að taka tillit til 16,2 millj. kr. ríkisframlags.

Báturinn flutti fyrstu 10 mánuði þessa árs 808 tonn af vörum, 167 þús. lítra af mjólk, 2.228 farþega og 113 bíla í 139 ferðum.

Á sama tímabili 1989 flutti hann 1.003 tonn af vörum, 171 þús. lítra af mjólk, 2.693 farþega og 169 bíla í 139 ferðum.

Áætlun fyrirtækisins fyrir árið 1991 er í hefðbundnum stíl. Útgerðaraðili gefur sér þá forsendu að gjöld hækki að meðaltali um 9,6% frá árinu í ár og að þau verði 26,4 millj. kr. á næsta ári. Tekjur eru taldar aukast um 9% milli ára og að þær verði 8,8 millj. kr. Til að jöfnuður náist þarf ríkisframlagið að vera 17,6 millj. kr., samkvæmt umsókn útgerðar bátsins. Ef þetta ríkisframlag yrði samþykkt jafngildir það 66,7% af gjöldum bátsins. Til samanburðar nam ríkisstyrkur 65% af gjöldum 1989, 70% 1988, 68,8% af gjöldum 1987 og 73,0% 1986.

Með bréfi dags. 29. október 1990 skipaði samgönguráðherra nefnd til að undirbúa endurnýjun á m/s Fagranesi. Í bréfinu segir m.a. að hún skuli í störfum sínum hafa samráð við starfshóp sem skipaður var sama dag af samgönguráðherra til að endurskoða áform um framkvæmdir og fjárfestingar opinberra aðila og fyrirkomulag opinberrar þjónustu á því svæði sem jarðgangagerð hefur bein áhrif á.

Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar frá Djúpbátnum hf., einn frá fjárveitinganefnd Alþingis og einn frá samgönguráðuneyti og er hann formaður hennar. Ráðinn hefur verið skipatæknifræðingur nefndinni til ráðuneytis.

Nefndin hefur hafið störf og kannar nú möguleika á því að kaupa notað skip.

Hríseyjarferja og Eyjafjarðarferja.

Hríseyjarhreppur, sem er rekstraraðili Sævars, sækir um 9,0 millj. kr. rekstrarstyrk á næsta ári. Greiddur styrkur frá ríki í ár er 4,0 millj. kr. sem er 2,0 af geymdu fé og 2,0 styrkur á fjárlögum ársins.

Í greinargerð rekstraraðila kemur fram að tap á rekstri Hríseyjarferju í ár verður um 1,0 millj. kr. Á árinu 1989 var tap á rekstri ferjunnar 2,0 millj. kr. Þess er einnig getið að á árinu 1988 sýndu reikningar fyrirtækisins halla, en þá voru afskrifaðar tapaðar kröfur vegna Flóabátsins Drangs hf. og Fóðurstöðvarinnar á Dalvík, samtals 2,3 millj. kr.

Umsóknin er byggð á því að halli þessara ára verði greiddur, svo og þörf fyrir styrk samkvæmt rekstraráætlun 1991.

Rekstur Hríseyjarferjunnar Sævars til nóvemberloka 1990 sýndi halla að fjárhæð 1.037 þús. kr., og er þá búið að taka tillit til 4,0 millj. kr. styrks út ríkissjóði. Heildar-

gjöld fyrirtækisins þetta tímabil námu 13,3 millj. kr. Tekjur ferjunnar, þ.e. flutningstekjur, námu 8,2 millj. kr. eða 62% heildargjalda.

Eyjafarðarferjan, Sæfari, hóf rekstur á vordögum 1990, nánar tiltekið 21. apríl 1990. Um rekstur skipsins á þessu ári segir svo í greinargerð rekstraraðila, Hríseyjarhrepps:

„Rekstur Sæfara er lítt reyndur enn þá. Skipið var of seint tilbúið til farþegaflutninga til að hægt væri að virkja ferðamannatímann sl. sumar sem skyldi. Einnig var það of seint á ferðinni til að ná fiskflutningum á vertíðinni sl. vor og vöruflutningum meðan ófærð í landi var mest. Af þessum sökum er erfitt að gera rekstraráætlun, var þó reynt að vanda til hennar".

Sótt er um rekstrarstyrk að fjárhæð 19.000.000 kr. á næsta ári. Til rekstrarins á árinu er áætlað að fari 15.500.000 kr. og til að greiða halla þessa árs 3.500.000 kr. Rekstraraðili gerir ráð fyrir að gjöld ferjunnar verði um 35,9 millj. kr. á næsta ári.

Jafnframt er sótt um stofnstyrk að fjárhæð 6.000.000 kr. til að greiða áfallinn kostnað vegna breytinga á skipinu.

Mjóafjarðarbátur.

Sótt er um styrk vegna áætlunarferða milli Mjóafjarðar, Dalatanga og Neskaupstaðar. Fyrirkomulag ferða er með sama sniði og áður. Farnar eru tvær ferðir í viku frá Mjóafirði til Neskaupstaðar með viðdvöl þar og fara 10–12 klst. í hverja ferð. Þá er farið að Dalatanga jafnoft. Farið er á milli Dalatanga og Mjóafjarðar á landi á sumrin og þegar því verður við komið á veturna.

Vegna áætlunarferðanna til Dalatanga hefur reynst nauðsynlegt að hafa yfir að ráða snjósleða og Subaru-bifreið og einnig Zodiak-gúmmíbát því að þegar landleiðin er ófær er farið á bátnum næsta dag og tekið land í gúmmíbátnum. Eru þær ferðir tímafrekar og bindandi þar sem oft þarf að bíða færis vegna erfiðra lendingarskilyrða á Dalatanga. Hefur það í för með sér allmikinn aukakostnað og tímatap.

Þessi bátur, sem keyptur var á árinu 1978, er að sögn heimamanna eini möguleikinn til þess að hafa samband við Neskaupstað þar sem öll verslunarviðskipti fyrir þennan hrepp fara fram.

Rekstraraðili Mjóafjarðarbáts, Jóhann Egilsson, sækir um rekstrarstyrk á næsta ári að fjárhæð 3.600.000 kr.

Jafnframt sækir Jóhann áfram um stofnstyrk að fjárhæð 1,0 millj. kr. til að kaupa hlut fyrri rekstraraðila í bátnum.

Herjólfur.

Á árinu 1989 var tap á rekstri Herjólfs um 22,0 millj. kr., og er það án ríkisframlags (29,0 millj. kr.), verðbreytingafærslna, afskrifta og óreglulegra liða. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok er eigið fé fyrirtækisins jákvætt um 73,7 millj. kr. og hafði það þá aukist um 22,3 millj. kr. á árinu. Skammtímaskuldir námu 25,8 millj. kr. í lok síðasta árs og höfðu þær þá hækkað um 3,8 millj. kr. frá árinu áður. Veltufjárhlutfallið er 0,63 sem er sama hlutfall og var í lok ársins 1988.

Í lok september sl. var tap á rekstri Herjólfs 21,5 millj. kr. og er þá ekki tekið tillit til ríkisframlags og afskrifta. Í lok þessa árs er reiknað með að gjöld án afskrifta verði 167,1 millj. kr. og tekjur 123,0 millj. kr. Samkvæmt því áætlar rekstraraðili að tap á rekstri Herjólfs verði tæpar 44,1 millj. kr. í lok þessa árs án ríkisframlags, verðbreytingafærslna, afskrifta, verðbóta og óreglulegra rekstrarliða.

Hér er um mun verri útkomu að ræða en var á síðasta ári og eru skýringar rekstraraðila einkum þær að flutningar hafa dregist verulega saman og þá sér í lagi fólksflutningar, sbr. töflu (áætlun fyrir desember 1990):

	1988	1989	1990
Vörur:	12.020	14.246	12.770
Farþegar:	49.940	51.414	46.000
Bílar:	11.840	12.348	11.200

Þetta kemur fram í því að tekjur af rekstri Herjólfs dragast saman á milli áranna og heildartekjur fyrirtækisins minnka um 2,9 millj. kr. eða um 2,3% frá árinu 1989, þrátt fyrir 15% hækkun fargjalda 1. febrúar sl. og hækkun farmgjalda um rúm 7%.

Gjöld og tekjur fyrirtækisins á næsta ári eru settar fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 1991 með framreikningi á niðurstöðutölum ársins 1990, en auk þess er tekið tillit til „viðbótarkostnaðar vegna endurnýjunar og aukins viðhalds á skipinu aldursins vegna svo og á flutningatækjum félagsins“, segir í greinargerð forsvarsmanna fyrirtækisins.

Greint er frá því að byggt sé á forsendum fjárlaga varðandi gjöld.

Gjöld hækka samkvæmt framanrituðu um 8% og tekjur um sömu hundraðstölu. Hallinn á rekstrinum hækkar úr 44,1 millj. kr. 1990 í 47,6 millj. kr. 1991 (án afskrifta og ríkisframlags).

Eins og fram kom á fundum samvinnunefndar samgöngumála við úthlutun styrkja fyrir yfirstandandi ár skilaði sérstök nefnd um smíði nýrrar ferju til siglinga milli Vestmannaeyjar og lands skýrslu til samgönguráðherra í nóvember 1989.

Ástæða þessarar nefndarskipunar var sú að í maí 1989 ákváðu fjármálaráðherra og samgönguráðherra að heimila stjórn Herjólfs að leita eftir verðtilboðum í smíði ferju samkvæmt teikningu sem stjórnin hafði látið gera um 79 m langa ferju er gæti flutt allt að 460 farþega og milli 70–80 bíla. Verkefni nefndarinnar var að fylgjast með verðkönnuninni og hafa samráð við stjórn Herjólfs um framkvæmd hennar. Jafnframt fékk nefndin þau fyrirmæli að kanna markað fyrir notuð skip sem hentað gætu til siglinga á farsvæði Herjólfs.

Verðtilboð voru opnuð í byrjun október 1989. Tuttugu og eitt tilboð barst og voru sautján samkvæmt útboðslýsingu. Þrjú tilboðanna reyndust svokölluð frávikstilboð, þ.e. boðið var upp á að senda inn verðtilboð samkvæmt annarri teikningu.

Eitt frávikstilboðanna var frá Simek í Noregi. Það er 66 m ferja sem til stóð að smíða fyrir aðila í Norður-Noregi til siglinga fyrir opnu hafi milli Bodö og eyjarinnar Röst. Vegalengd er svipuð og milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja.

Nefndin mælti m.a. með því í greinargerð sinni til ráðherra að þessi kostur yrði skoðaður gaumgæfilega áður en til ákvörðunar kæmi um annað skip fyrir Herjólf hf.

Í byrjun þessa árs fjallaði ríkisstjórnin um þetta álit nefndarinnar og samþykkti eftirfarandi tillögu frá samgönguráðherra:

1. Að ríkisstjórnin taki nú þegar ákvörðun um að stefnt skuli að smíði ferju fyrir Vestmannaeyjar.
2. Að umrædd ferja verði 68–70 m að lengd.
3. Að ríkisstjórnin heimili að aflað verði verðhugmynda frá innlendum skipasmíðastöðvum í 68–70 m skip á grundvelli lauslegrar lýsingar á skipinu. Til álita komi að

nýta fyrirliggjandi hönnun og teikningar, sem Herjólfur hf. hefur þegar eignast, með þeirri breytingu að þær geti átt við 68–70 m skip.

4. Að fengnum þessum verðhugmyndum verði þær bornar saman við þau verð frá erlendu skipasmíðastöðvunum, sem aflað var fyrr á þessu ári (1989), eftir því sem hægt er, áður en endanleg ákvörðun verður tekin um smíðina.

Skipuð var samráðsnefnd um framkvæmd þessara tillagna og skilaði hún skýrslu til samgönguráðherra og ríkisstjórnar, ásamt tillögum með bréfi, dags. 18. september sl. Hún lagði til við ráðherra að teknar yrðu upp viðræður við þær skipasmíðastöðvar er skiluðu hagstæðustu tilboðum í skip af þessari stærð samkvæmt útboði, en tilboðin voru opnuð í júlí 1990. Að þeim viðræðum loknum yrði lögð fram tillaga um hvaða skip yrði smíðað og við hvaða skipasmíðastöð skuli semja um smíðina.

Samráðsnefndin lagði jafnframt til að skipuð yrði sérstök smíðanefnd til að annast samningagerð um smíði skipsins og var það gert með bréfi, dags. 4. október sl. Formaður hennar er Ragnar Óskarsson, bæjarfulltrúi, formaður stjórnar Herjólfs hf.

Flutningar til Grímseyjar.

Fyrir nokkrum árum hætti Drangur ferðum sínum um Eyjafjörð og til Grímseyjar. Til þess að sinna þeim flutningaverkefnum, sem flóabáturinn annaðist, var samið við Flugfélag Norðurlands hf. um að flytja vörur til Grímseyjar og jafnframt hefur Skipaútgerð ríkisins séð um flutning á þungavöru til eyjarinnar og fisk frá henni.

Eins og fram kemur hér að framan þar sem rætt er um Hríseyjarferju og Eyjafjarðarferju hóf ný ferja siglingar um Eyjafjörð frá landi til Hríseyjar og Grímseyjar fyrr á þessu ári. Frá miðju ári 1990 féllu niður styrkir til Flugfélags Norðurlands hf. og Skipaútgerðar ríkisins og eftirstöðvar fjárveitingar samkvæmt þessum lið runnu til Eyjafjarðarferju.

Nú hefur Flugfélag Norðurlands hf. sótt um styrk vegna flutninga til Grímseyjar og samþykkti nefndin að úthluta félaginu 950.000 kr. sem er svipuð fjárhæð, eftir að búið er að taka tillit til verðlagshækkana og flugfélagið fékk áður en Drangur hætti starfsemi á árinu 1985.

Málefni stærri ferja og flóabáta voru mikið rædd á fundum nefndarinnar, einkum í undirnefnd. Þar sem verulegar fjárfestingar hafa þegar verið ákveðnar í smíði og kaup á ferjum og flóabátum, sem skipta munu hundruðum milljóna króna, taldi nefndin brýnt að hún fjallaði mun meira um mál er snerta þessa báta og ferjur á breiðum grundvelli. Nefndin ákvað því að taka málefni þeirra til sérstakrar athugunar og umfjöllunar í byrjun næsta árs.

Málefni annarra báta verða ekki rakin hér, enda er þar um smáar upphæðir að ræða.

Ekki verða heldur tilgreindar sérstakar umsóknir um fjárveitingar til vetrarsamgangna á landi. Ítarlega var fjallað um hverja umsókn og var samstaða í nefndinni um hverja fjárveitingu.

Um lið nr. 58, óráðstafað, er það að segja að hann er fyrst og fremst hugsaður sem sjóður sem hægt yrði að grípa til þegar samgöngur teppast og notast þarf við dýrari flutningstæki. Slíkir flutningar yrðu síðan greiddir samkvæmt reikningi að höfðu samráði við formenn samgöngunefnda Alþingis.

Að þessu sinni var framlag samkvæmt þessum lið hækkað nokkuð umfram verðlagshækkanir og er skýringin sú að nefndin taldi brýnt, samkvæmt fyrirliggjandi staðreyndum, að styrkja loftflutninga til einangraðra staða á Vestfjörðum og Austfjörðum. Greiðsl-

ur fari fram í samráði við formenn samgöngunefndanna.

Samvinnunefnd samgöngumála leggur til að á fjárlögum 1991 verði veittar samtals 173.230.000 kr., sem lagt er til á sérstöku þingskjali, í staðinn fyrir 128.100.000 kr. á þessu ári samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum.

Alþingi, 19. des. 1990.

Karvel Pálmason, form. Ed.-nefndar, frsm.	Hjörleifur Guttormsson, form. Nd.-nefndar.	Skúli Alexandersson, fundaskr. Ed.-nefndar.
Guðni Ágústsson, fundaskr. Nd.-nefndar.	Stefán Guðmundsson.	Árni Gunnarsson.
Egill Jónsson.	Friðjón Þórðarson.	Halldór Blöndal.
Jón Helgason.	Kristín Einarsdóttir.	Matthías Á. Mathiesen.
Ólafur Þ. Þórðarson.		Þorv. Garðar Kristjánsson.

Sþ. 389. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1991.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Við 4. gr. 10-322 Flóabátar og vöruflutningar.

	Þús. kr.	Þús. kr.
a. Við 120 Stofn- og rekstrarstyrkir. Fyrir „134.190“ kemur		173.230
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
Flóabátar, vetrarsamgöngur og vöruflutningar (10-321 120).		
a. Flutningar á landi:		
1. Til vetrarflutninga í Breiðavíkurhreppi og Neshreppi utan Ennis	210	
2. Til vetrarflutninga í Dalahéraði	410	
3. Til vetrarsamgangna í Reykhólahreppi	500	
4. Til mjólkurflutninga í V-Barðastrandarsýslu	295	
5. Til vetrarsamgangna í Rauðasandshreppi	130	
6. Til vetrarsamgangna í Bíldudalshreppi	230	
7. Til vetrarsamgangna í Nauteyrarhreppi, stofnstyrkur	700	
8. Til vetrarsamgangna í Auðkúlu- og Þingeyrarhreppi í V-Ísafjarðarsýslu	150	
Stofnstyrkur	800	
9. Til snjóbifreiðar í Dýrafirði	410	
10. Til vetrarsamgangna við Ingjaldssand	220	

		Þús. kr.
11.	Snjóbifreið í Önundarfirði	195
12.	Snjóbifreið um Botnsheiði	200
	Stofnstyrkur	500
13.	Til mjólkurflutninga í Önundarfirði, Dýrafirði, Súgandafirði og Djúpi (Mjólkursamlag Ísfirðinga)	720
14.	Til vetrarflutninga í Álftafirði, N-Ísafjarðarsýslu	150
15.	Til vetrarflutninga í Ögurhreppi	100
16.	Til vetrarflutninga í Reykjarfjarðarhreppi	100
17.	Til vetrarflutninga í Nauteyrarhreppi	130
18.	Til vetrarsamgangna í Snæfjallahreppi	130
19.	Til vetrarflutninga í Árneshreppi	1.300
20.	Til vetrarsamgangna milli Djúpuvíkur og Gjögurs	160
21.	Til vetrarsamganga í Kaldrananeshreppi	110
22.	Til vetrarsamgangna í Kirkjubólshreppi	100
23.	Fellshreppur	100
24.	Óspakseyrarhreppur	100
25.	Skefilsstaðahreppur	150
26.	Snjóbifreið í Skagafirði	200
27.	Til vetrarflutninga í Fljótahreppi	150
28.	Til vetrarsamgangna í Ólafsfjarðarsveit	130
29.	Snjóbifreið í Dalvíkurlæknishéraði	70
30.	Til vetrarsamgangna í Svarfaðardal	130
31.	Snjóbifreið í Grýtubakkahreppi	100
32.	Til vetrarsamgangna, Akureyri–Grýtubakkahr.	150
33.	Snjóbifreið í Hálshreppi, S-Þingeyjarsýslu	100
34.	Til vetrarsamgangna í Mývatnssveit	220
35.	Til vetrarflutninga Mývatn–Húsavíkurflugvöllur	220
36.	Til vetrarsamgangna í Fjallahreppi	390
37.	Snjóbifreið, Öxarfjörður–Kópasker	150
38.	Snjóbifreið á Þórshöfn	130
39.	Til vetrarflutninga á Bakkafirði	220
40.	Til vetrarflutninga á Vopnafirði	220
41.	Til vetrarsamgangna í Borgarfirði eystri	260
42.	Til vetrarsamgangna í Hjaltastaðarhreppi	100
43.	Til póst- og vöruflutninga á Jökuldal	100
44.	Til vetrarsamgangna á Jökuldal	150
	Stofnstyrkur	670
45.	Til vetrarsamgangna í Eiðahreppi	200
46.	Til vetrarflutninga í Möðrudal	160
47.	Snjóbifreið á Fljótsdalshéraði	80
48.	Snjóbifreið á Fjarðarheiði	950
49.	Seyðisfjörður, vetrarsamgöngur	100
50.	Snjóbifreið í Oddsskarði og Fagradal	1.100
51.	Snjóbifreið Stöðvarfjörður–Egilsstaða-flugvöllur	150

	Þús. kr.	Þús. kr.
52. Til vetrarflutninga á Breiðdalsvík	220	
53. Til vetrarflutninga, Djúpivogur–Hornafjörður	510	
54. Svínafell í Nesjum	100	
55. Til vöruflutninga í V-Skaftafellssýslu	750	
56. Mýrdalshreppur	1.000	
57. Flugsamgöngur við Grímsey	950	
58. Óráðstafað	6.000	
		24.430
b. Flóabátar:		
1. Akraborg	25.000	
2. Baldur	24.400	
3. Mýrabátur	100	
4. Fagranes	17.600	
5. Hríseyjarferja	6.800	
6. Eyjafjarðarferja	14.300	
Stofnstyrkur	6.000	
7. Mjóafjarðarbátur	3.600	
Stofnstyrkur	1.000	
8. Herjólfur	50.000	
		148.800
Samtals a og b:		**173.230**

Nd. 390. Nefndarálit [185. mál]

um frv. til l. um breyt á l. nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Finn Ingólfsson, aðstoðarmann heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúa, Davíð Á. Gunnarsson, forstjóra Ríkisspítala, og Árna Björnsson yfirlækni.

Í meðförum efri deildar var gerð breyting á skipan samstarfsráðs sjúkrahúsanna, sbr. nefndarálit á þskj. 306. Nefndin telur nauðsynlegt að breyta enn frekar skipan ráðsins til þess að tryggt sé að þetta frumvarp nái markmiði sínu verði það að lögum. Nefndin leggur til að fjölgað verði um tvo fulltrúa í ráðinu þannig að þeir verði sjö. Fjölgunin felst í því að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipi fjóra menn í ráðið í stað tveggja. Lagt er til að tveir fulltrúar verði skipaðir án tilnefningar, einn tilnefndur af stjórnarnefnd Ríkisspítala og einn fulltrúi verði tilnefndur af borgarstjórn Reykjavíkur. Einnig er lagt til að allur vafi verði tekin af um skipunartíma fulltrúa ráðherra í samráðsnefndinni. Aðrar breytingar eru ekki efnislegar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir og Ragnhildur Helgadóttir voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. des. 1990.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm. Anna Ólafsdóttir Björnsson, fundaskr. Geir H. Haarde.

Geir Gunnarsson. Guðmundur G. Þórarinsson.

Nd. 391. Breytingartillaga [128. mál]

við frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Við 6. gr. Í stað „1,5%“ kemur: 0,5%.

Sþ. 392. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1991.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar (SighB, MF, AS, ÓÞÞ, ÁHE).

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Árið 1991 er áætlað að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
41	**Beinir skattar**		
411	**Eignarskattar**		**3 282 000**
4110	Eignarskattur, einstaklingar	1 245 000	
41101	Sérstakur eignarskattur, einstaklingar	140 000	
4111	Eignarskattur, félög	950 000	
41111	Sérstakur eignarskattur, félög	195 000	
4116-7	Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði	492 000	
4118	Erfðafjárskattur	260 000	
412	**Tekjuskattur, nettó**		**16 515 000**
4120-2	Tekjuskattur, einstaklingar, nettó	12 850 000	
4123	Tekjuskattur, félög	3 665 000	
413	**Persónuskattar**		**370 000**
4130	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	370 000	
42-43	**Óbeinir skattar**		
420	**Gjöld af innflutningi, aðflutningsgjöld, almenn**		**3 480 000**
4200	Aðflutningsgjöld alls	3 480 000	
421	**Gjöld af innflutningi**		**6 319 500**
4210	Gjald af bifreiðum og bifhjólum	1 500 000	
4211	Innflutningsgjald af bensíni	3 570 000	
42121	Jöfnunargjald	800 000	
42122	Sérstakt jöfnunargjald	200 000	
4213	Jöfnunarálag á hús og húshluti	9 500	
42153	Fóðurgjald, grunngjald, lög nr. 46/1985	100 000	
42154	Kartöflugjald	110 000	
4216	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	30 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
422	**Tekjur af sölu erlends gjaldeyris**		**464 000**
4220	Gjald af umboðsþóknun og gengismun innlánsstofnana	364 000	
4221	Leyfisgjald	100 000	
423	**Skattar af framleiðslu og innflutningi**		**2 489 000**
4235	Vörugjald	2 380 000	
4239	Framleiðslugjald af áli	109 000	
425	**Virðisaukaskattur**		**41 550 000**
4250	Virðisaukaskattur	41 550 000	
426	**Skattar af orku**		**80 000**
4261	Rafmagnseftirlitsgjald	80 000	
427	**Skattar af einkasöluvörum**		**6 705 400**
4271	Hluti af rekstrarhagnaði ÁTVR	6 700 000	
4273	Gjald af einkasöluvörum	5 400	
428	**Sérstakir skattar af þjónustu**		**77 000**
42801	Skemmtanaskattur	66 000	
42802	Miðagjald	11 000	
429	**Aðrir skattar af veittri þjónustu**		**438 500**
4290	Aukatekjur, almennar	430 000	
42942	Samúðarskeyti Landsímans	8 500	
430	**Skattar af launagreiðslum**		**8 380 000**
4300	Tryggingagjald	8 380 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
431	**Aðrir óbeinir skattar**		**5 244 600**
4310	Þinglýsingar	70 000	
4311	Stimpilgjald	2 305 000	
43121	Þungaskattur af dísilbifreiðum, skv. ökumælum	1 105 000	
43122	Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	345 000	
43123	Bifreiðagjald	1 010 000	
43132	Vitagjald	41 000	
43133	Skipaskoðunargjald	42 000	
4316	Áhættugjald ríkisábyrgða	280 000	
4317	Einkaleyfisgjald Happdrættis H.Í.	46 600	
48	**Fjármunatekjur**		
481	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**3 700 000**
4811	Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	1 900 000	
4812	Vaxtatekjur af langtímalánum	1 800 000	
482	**Arðgreiðslur**		**2 328 000**
4820	Frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta:		
48201	Afgjöld ríkisjarða	15 000	
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	345 000	
48203	Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	18 000	
48206	Póstur og sími	550 000	
4821	Sameignir ríkisins	600 000	
4822	Arður af hlutabréfum	50 000	
4823	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	750 000	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**275 000**
4990	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	250 000	
4999	Óvissar tekjur	25 000	
	Tekjur samtals		101 698 000

Sþ. **393. Breytingartillaga** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1991.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar (SighB, MF, AS, ÓÞÞ, ÁHE).

Við 5. gr. Greinin orðist svo:

B-HLUTI
Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign

5. gr.

Árið 1991 er ætlast til að rekstri og fjármunahreyfingum eftirtalinna ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign verði hagað samkvæmt áætlunum í þessari grein.

21 Forsætisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
21–172	**Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	17 000	
571	Fjármagnskostnaður	633 000	
5,8	Gjöld samtals	650 000	
48	Fjármunatekjur	314 000	
4,7	Tekjur samtals	314 000	
	Mismunur		−336 000
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	414 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	200 000	
26	Tekin lán	550 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−336 000	

22 Menntamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
22-201	**Happdrætti Háskóla Íslands**		
51	Laun	34 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	217 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	909 000	
5,8	Gjöld samtals	1 160 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 393 000	
48	Fjármunatekjur	9 000	
4,7	Tekjur samtals	1 402 000	
	Mismunur		242 000
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað, greitt í ríkissjóð	46 600	
32	Annað, greitt Háskóla Íslands og stofnunum hans	195 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	242 000	
22-202	**Lyfjabúð Háskóla Íslands**		
51	Laun	29 530	
52–57	Önnur rekstrargjöld	8 020	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	80 670	
571	Fjármagnskostnaður	7 840	
51–57	Viðhald	11 030	
593	Afskriftir	390	
5,8	Gjöld samtals	137 480	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	137 030	
48	Fjármunatekjur	7 620	
4,7	Tekjur samtals	144 650	
	Mismunur		7 170
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað	7 560	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	390	
39	Ráðstöfun eigin fjár	7 170	

		Þús. kr.	Þús. kr.
22–211	**Háskólabíó**		
51	Laun	30 760	
52–57	Önnur rekstrargjöld	37 030	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	75 650	
571	Fjármagnskostnaður	50 180	
51–57	Viðhald	12 050	
593	Afskriftir	15 000	
5,8	Gjöld samtals	220 670	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	181 440	
48	Fjármunatekjur	8 060	
49	Aðrar tekjur	26 000	
4,7	Tekjur samtals	215 500	
	Mismunur		−5 170
	Fjármunahreyfingar út:		
18	Fjárfestingar	6 160	
26	Afborgun lána	3 670	
	Fjármunahreyfingar inn:		
19	Afskriftir	15 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−5 170	
22–233	**Rannsóknasjóður**		
59	Yfirfærslur	110 000	
5,8	Gjöld samtals	110 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	110 000	
4,7	Tekjur samtals	110 000	
22–235	**Vísindasjóður**		
59	Yfirfærslur	134 000	
5,8	Gjöld samtals	134 000	
48	Fjármunatekjur	3 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	20 000	
49	Aðrar tekjur, Arðsjóður Seðlabanka Íslands	111 000	
4,7	Tekjur samtals	134 000	
22–276	**Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna**		
571	Fjármagnskostnaður	3 400	
59	Yfirfærslur	20 000	
5,8	Gjöld samtals	23 400	
4910	Framlög úr ríkissjóði	67 600	
4,7	Tekjur samtals	67 600	
	Mismunur		44 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	36 200	
26	Afborgun lána	8 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	44 200	
22–679	**Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni**		
51	Laun	1 890	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	4 980	
593	Afskriftir	560	
5,8	Gjöld samtals	7 430	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	8 170	
4,7	Tekjur samtals	8 170	
	Mismunur		740
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	1 200	
26	Afborgun lána	100	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	560	
39	Ráðstöfun eigin fjár	740	
22–872	**Lánasjóður íslenskra námsmanna**		
51	Laun	39 200	
52–57	Önnur rekstrargjöld	31 800	
571	Fjármagnskostnaður	606 250	
59	Yfirfærslur	80 000	
5,8	Gjöld samtals	757 250	
48	Fjármunatekjur	225 250	
4910	Framlög úr ríkissjóði	1 730 000	
4,7	Tekjur samtals	1 955 250	
	Mismunur		1 198 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	3 517 000	
26	Afborgun lána	1 050 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	369 000	
26	Tekin lán	3 000 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 198 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
22–970	**Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður**		
49	Aðrar tekjur	195 500	
4,7	Tekjur samtals	195 500	
	Mismunur		195 500
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	97 800	
26	Afborgun lána	97 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	195 500	
22–971	**Ríkisútvarpið, hljóðvarp**		
51	Laun	325 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	390 000	
571	Fjármagnskostnaður	26 000	
593	Afskriftir	21 000	
59	Yfirfærslur	75 500	
5,8	Gjöld samtals	837 500	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	754 300	
48	Fjármunatekjur	43 000	
4,7	Tekjur samtals	797 300	
	Mismunur		−40 200
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	21 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−40 200	
32	Annað	19 200	
22–972	**Ríkisútvarpið, sjónvarp**		
51	Laun	392 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	697 000	
571	Fjármagnskostnaður	26 000	
593	Afskriftir	47 500	
59	Yfirfærslur	120 000	
5,8	Gjöld samtals	1 282 500	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 200 000	
48	Fjármunatekjur	42 200	
49	Aðrar tekjur	12 000	
4,7	Tekjur samtals	1 254 200	
	Mismunur		−28 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað	19 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	47 500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−28 300	
22-973	**Þjóðleikhúsið**		
51	Laun	230 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	100 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	31 000	
571	Fjármagnskostnaður	5 000	
51–57	Viðhald	4 000	
5,8	Gjöld samtals	370 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	137 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	227 000	
49	Aðrar tekjur	6 000	
4,7	Tekjur samtals	370 000	
22-974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**		
51	Laun	129 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	50 000	
51–57	Viðhald	3 000	
5,8	Gjöld samtals	182 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	21 100	
4910	Framlög úr ríkissjóði	94 000	
49	Aðrar tekjur	68 900	
4,7	Tekjur samtals	184 000	
	Mismunur		2 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	2 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 000	

22–976	**Menningarsjóður**	Þús. kr.	Þús. kr.
51	Laun	11 100	
52–57	Önnur rekstrargjöld	4 650	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	13 660	
571	Fjármagnskostnaður	4 480	
51–57	Viðhald	330	
593	Afskriftir	330	
59	Yfirfærslur	2 000	
5,8	Gjöld samtals	36 550	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	33 800	
48	Fjármunatekjur	340	
4910	Framlög úr ríkissjóði	11 000	
49	Aðrar tekjur	380	
4,7	Tekjur samtals	45 520	
	Mismunur		8 970
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	9 300	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	330	
39	Ráðstöfun eigin fjár	8 970	

23 Utanríkisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
23–101	**Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	138 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	116 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	753 000	
571	Fjármagnskostnaður	22 000	
593	Afskriftir	16 000	
5,8	Gjöld samtals	1 045 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 375 000	
48	Fjármunatekjur	10 000	
49	Aðrar tekjur	1 000	
4,7	Tekjur samtals	1 386 000	
	Mismunur		341 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	12 000	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	345 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	16 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	341 000	
23–111	**Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	125 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	38 000	
51–57	Viðhald	8 000	
593	Afskriftir	2 000	
59	Yfirfærslur	21 500	
5,8	Gjöld samtals	194 500	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	194 900	
48	Fjármunatekjur	600	
49	Aðrar tekjur	19 000	
4,7	Tekjur samtals	214 500	
	Mismunur		20 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	5 000	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	18 000	
Fjármunahreyfingar inn:			1 000
19	Afskriftir	2 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	20 000	
23–114	**Flugstöð Leifs Eiríkssonar, rekstur**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	118 000	
571	Fjármagnskostnaður	276 000	
51–57	Viðhald	40 000	
593	Afskriftir	103 000	
5,8	Gjöld samtals	537 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	330 000	
49	Aðrar tekjur	104 000	
4,7	Tekjur samtals	434 000	
	Mismunur		−103 000
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	103 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−103 000	
23–118	**Ratsjárstöðvar, rekstur**		
51	Laun	233 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	384 000	
571	Fjármagnskostnaður	14 500	
593	Afskriftir	13 000	
5,8	Gjöld samtals	644 500	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	613 000	
48	Fjármunatekjur	23 000	
4,7	Tekjur samtals	636 000	
	Mismunur		−8 500
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	4 500	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	13 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−8 500	

23–121	**Sala varnarliðseigna**	Þús. kr.	Þús. kr.
51	Laun	20 220	
52–57	Önnur rekstrargjöld	9 260	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	42 010	
51–57	Viðhald	1 100	
593	Afskriftir	3 230	
5,8	Gjöld samtals	75 820	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	86 960	
48	Fjármunatekjur	11 200	
49	Aðrar tekjur	4 430	
4,7	Tekjur samtals	102 590	
	Mismunur		26 770
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað, greitt í ríkissjóð	30 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	3 230	
39	Ráðstöfun eigin fjár	26 770	

24 Landbúnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
24–171	**Jarðeignir ríkisins**		
4910	Framlög úr ríkissjóði	30 000	
4,7	Tekjur samtals	30 000	
	Mismunur		30 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	30 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	30 000	
24–172	**Jarðasjóður**		
4910	Framlög úr ríkissjóði	25 000	
4,7	Tekjur samtals	25 000	
	Mismunur		25 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	20 600	
26	Afborgun lána	4 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	25 000	
24–206	**Tilraunastöðin Hesti og Hvanneyri**		
51	Laun	4 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	5 000	
5,8	Gjöld samtals	9 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	8 500	
49	Aðrar tekjur	500	
4,7	Tekjur samtals	9 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
24–221	**Áburðarverksmiðja ríkisins**		
51	Laun	273 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	311 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	329 000	
571	Fjármagnskostnaður	74 500	
51–57	Viðhald	49 500	
593	Afskriftir	201 000	
5,8	Gjöld samtals	1 238 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 224 000	
48	Fjármunatekjur	14 000	
4,7	Tekjur samtals	1 238 000	
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	70 000	
26	Afborgun lána	131 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	201 000	
24–245	**Laxeldisstöðin Kollafirði**		
51	Laun	9 840	
52–57	Önnur rekstrargjöld	6 990	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 300	
571	Fjármagnskostnaður	4 370	
51–57	Viðhald	2 810	
593	Afskriftir	5 960	
5,8	Gjöld samtals	32 270	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	19 600	
48	Fjármunatekjur	700	
4910	Framlög úr ríkissjóði	10 400	
4,7	Tekjur samtals	30 700	
	Mismunur		−1 570
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	1 760	
26	Afborgun lána	2 630	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	5 960	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−1 570	

		Þús. kr.	Þús. kr.
24–272	**Einangrunarstöð í Hrísey**		
51	Laun	5 770	
52–57	Önnur rekstrargjöld	4 570	
51–57	Viðhald	1 110	
5,8	Gjöld samtals	11 450	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	6 460	
4910	Framlög úr ríkissjóði	4 990	
4,7	Tekjur samtals	11 450	

25 Sjávarútvegsráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
25–222	**Síldarverksmiðjur ríkisins**		
51	Laun	245 800	
52–57	Önnur rekstrargjöld	263 400	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	996 000	
571	Fjármagnskostnaður	104 000	
51–57	Viðhald	78 000	
593	Afskriftir	182 000	
5,8	Gjöld samtals	1 869 200	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 874 000	
48	Fjármunatekjur	2 200	
49	Aðrar tekjur	6 000	
4,7	Tekjur samtals	1 882 200	
	Mismunur		13 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	40 000	
26	Afborgun lána	115 000	
32	Annað	48 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	8 000	
19	Afskriftir	182 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	13 000	
25–272	**Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging**		
51	Laun	1 170	
52–57	Önnur rekstrargjöld	5 810	
51–57	Viðhald	4 600	
5,8	Gjöld samtals	11 580	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	21 580	
4910	Framlög úr ríkissjóði	20 000	
49	Aðrar tekjur	20 000	
4,7	Tekjur samtals	61 580	
	Mismunur		50 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	50 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	50 000	

26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
26–101	**Lögbirtingablað**		
51	Laun	4 500	
52–57	Önnur rekstrargjöld	31 000	
5,8	Gjöld samtals	35 500	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	35 500	
4,7	Tekjur samtals	35 500	
26–371	**Kirkjubyggingasjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	250	
59	Yfirfærslur	6 550	
5,8	Gjöld samtals	6 800	
48	Fjármunatekjur	2 760	
4910	Framlög úr ríkissjóði	6 550	
4,7	Tekjur samtals	9 310	
	Mismunur		2 510
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	4 110	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	1 600	
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 510	
26–372	**Kirkjugarðasjóður**		
51	Laun	120	
52–57	Önnur rekstrargjöld	2 330	
571	Fjármagnskostnaður	11 940	
59	Yfirfærslur	22 000	
5,8	Gjöld samtals	36 390	
48	Fjármunatekjur	15 680	
49	Aðrar tekjur	25 000	
4,7	Tekjur samtals	40 680	
	Mismunur		4 290

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	21 360	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	17 070	
39	Ráðstöfun eigin fjár	4 290	
26–373	**Kristnisjóður**		
51	Laun	2 920	
52–57	Önnur rekstrargjöld	490	
59	Yfirfærslur	17 000	
5,8	Gjöld samtals	20 410	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	990	
48	Fjármunatekjur	2 200	
4910	Framlög úr ríkissjóði	17 220	
4,7	Tekjur samtals	20 410	

27 Félagsmálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
27–271	**Byggingarsjóður ríkisins**		
51	Laun	130 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	170 000	
571	Fjármagnskostnaður	3 239 000	
5,8	Gjöld samtals	3 539 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	88 000	
48	Fjármunatekjur	2 825 000	
49	Aðrar tekjur	38 000	
4,7	Tekjur samtals	2 951 000	
	Mismunur		−588 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	5 108 600	
18	Fjárfestingar	20 000	
26	Afborgun lána	2 437 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	1 824 000	
26	Tekin lán	6 330 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−588 000	
27–272	**Byggingarsjóður verkamanna**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	110 000	
571	Fjármagnskostnaður	970 000	
5,8	Gjöld samtals	1 080 000	
48	Fjármunatekjur	159 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	900 000	
49	Aðrar tekjur	420 000	
4,7	Tekjur samtals	1 479 000	
	Mismunur		399 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	4 630 000	
26	Afborgun lána	606 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	457 000	
26	Tekin lán	4 380 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	399 000	
27–972	**Bjargráðasjóður Íslands**		
51	Laun	7 840	
52–57	Önnur rekstrargjöld	5 540	
59	Yfirfærslur	111 220	
5,8	Gjöld samtals	124 600	
48	Fjármunatekjur	10 080	
49	Aðrar tekjur	114 520	
4,7	Tekjur samtals	124 600	

28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
28–273	**Atvinnuleysistryggingasjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	50 000	
59	Yfirfærslur	1 430 000	
5,8	Gjöld samtals	1 480 000	
48	Fjármunatekjur	40 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	1 280 000	
49	Aðrar tekjur	2 000	
4,7	Tekjur samtals	1 322 000	
	Mismunur		−158 000
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	158 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−158 000	
28–311	**Ríkisspítalar, þvottahús**		
51	Laun	84 010	
52–57	Önnur rekstrargjöld	63 790	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	86 480	
593	Afskriftir	6 330	
5,8	Gjöld samtals	240 610	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	234 280	
4,7	Tekjur samtals	234 280	
	Mismunur		−6 330
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	6 330	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−6 330	
28–378	**Læknishéraðasjóður**		
59	Yfirfærslur	2 500	
5,8	Gjöld samtals	2 500	
4910	Framlög úr ríkissjóði	2 500	
4,7	Tekjur samtals	2 500	

		Þús. kr.	Þús. kr.
28–610	**Gæsluvistarsjóður**		
4910	Framlög úr ríkissjóði	10 000	
4,7	Tekjur samtals	10 000	
	Mismunur		10 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	10 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	10 000	

29 Fjármálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
29–101	**Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins**		
51	Laun	270 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	550 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 308 000	
571	Fjármagnskostnaður	3 000	
51–57	Viðhald	79 000	
593	Afskriftir	79 000	
5,8	Gjöld samtals	3 289 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	9 946 000	
48	Fjármunatekjur	11 000	
49	Aðrar tekjur	1 000	
4,7	Tekjur samtals	9 958 000	
	Mismunur		6 669 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	40 000	
26	Afborgun lána	8 000	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	6 700 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	79 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	6 669 000	
29–102	**Lyfjaverslun ríkisins**		
51	Laun	95 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	75 700	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	485 500	
571	Fjármagnskostnaður	45 300	
51–57	Viðhald	40 000	
593	Afskriftir	9 100	
5,8	Gjöld samtals	750 600	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	788 000	
48	Fjármunatekjur	40 000	
4,7	Tekjur samtals	828 000	
	Mismunur		77 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	32 000	
26	Afborgun lána	2 200	
26	Afborgun lána, greiðsla á skuldum við ríkissjóð	52 300	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	9 100	
39	Ráðstöfun eigin fjár	77 400	
29–103	**Innkaupastofnun ríkisins**		
51	Laun	46 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	24 700	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 745 000	
571	Fjármagnskostnaður	2 300	
51–57	Viðhald	3 000	
593	Afskriftir	2 500	
5,8	Gjöld samtals	1 823 500	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 811 500	
48	Fjármunatekjur	4 500	
49	Aðrar tekjur	5 000	
4,7	Tekjur samtals	1 821 000	
	Mismunur		−2 500
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	2 500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−2 500	
29–931	**Arnarhvoll**		
51	Laun	38 960	
52–57	Önnur rekstrargjöld	22 080	
51–57	Viðhald	27 580	
593	Afskriftir	6 000	
5,8	Gjöld samtals	94 620	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	94 620	
4,7	Tekjur samtals	94 620	
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	6 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	6 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
29–971	**Lánasýsla ríkisins**		
51	Laun	29 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	16 000	
571	Fjármagnskostnaður	56 000	
5,8	Gjöld samtals	101 000	
48	Fjármunatekjur	107 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	300 000	
49	Aðrar tekjur	33 000	
4,7	Tekjur samtals	440 000	
	Mismunur		339 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	507 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	168 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	339 000	
29–981	**Fasteignir ríkissjóðs**		
51	Laun	9 520	
52–57	Önnur rekstrargjöld	53 010	
51–57	Viðhald	113 550	
5,8	Gjöld samtals	176 080	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	176 080	
4,7	Tekjur samtals	176 080	

30 Samgönguráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–101	**Póst- og símamálastofnunin**		
51	Laun	3 293 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	2 073 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	221 000	
571	Fjármagnskostnaður	58 000	
51–57	Viðhald	150 000	
593	Afskriftir	1 443 000	
5,8	Gjöld samtals	7 238 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	7 007 000	
48	Fjármunatekjur	90 000	
49	Aðrar tekjur	100 000	
4,7	Tekjur samtals	7 197 000	
	Mismunur		−41 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	46 000	
18	Fjárfestingar	1 235 000	
26	Afborgun lána	52 000	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	550 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 443 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−41 000	
32	Annað	481 000	
30–211	**Vegagerð ríkisins, áhaldahús**		
51	Laun	413 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	697 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	420 000	
571	Fjármagnskostnaður	2 900	
51–57	Viðhald	463 000	
593	Afskriftir	82 000	
5,8	Gjöld samtals	2 077 900	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	2 137 200	
4,7	Tekjur samtals	2 137 200	
	Mismunur		59 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	130 000	
26	Afborgun lána	11 300	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	82 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	59 300	
30–321	**Skipaútgerð ríkisins**		
51	Laun	222 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	221 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	33 000	
571	Fjármagnskostnaður	25 000	
51–57	Viðhald	42 000	
593	Afskriftir	109 000	
5,8	Gjöld samtals	652 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	477 600	
48	Fjármunatekjur	14 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	134 400	
4,7	Tekjur samtals	626 000	
	Mismunur		−26 000
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	83 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	109 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−26 000	
30–331	**Vita- og hafnamálaskrifstofa, þjónustumiðstöð**		
51	Laun	19 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	13 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	4 000	
51–57	Viðhald	5 000	
5,8	Gjöld samtals	41 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	41 000	
4,7	Tekjur samtals	41 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–332	**Hafnabótasjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 660	
571	Fjármagnskostnaður	10 640	
59	Yfirfærslur	40 000	
5,8	Gjöld samtals	52 300	
48	Fjármunatekjur	33 600	
4910	Framlög úr ríkissjóði	50 000	
4,7	Tekjur samtals	83 600	
	Mismunur		31 300
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	271 300	
26	Afborgun lána	49 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	49 000	
26	Tekin lán	240 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	31 300	
30–470	**Alþjóðaflugþjónustan**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	406 000	
5,8	Gjöld samtals	406 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	406 000	
4,7	Tekjur samtals	406 000	
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	500 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
26	Tekin lán	500 000	

31 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
31–231	**Sementsverksmiðja ríkisins**		
51	Laun	300 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	225 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	123 000	
571	Fjármagnskostnaður	44 000	
51–57	Viðhald	61 000	
593	Afskriftir	99 000	
5,8	Gjöld samtals	852 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	842 000	
49	Aðrar tekjur	6 000	
4,7	Tekjur samtals	848 000	
	Mismunur		−4 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	4 000	
18	Fjárfestingar	40 000	
26	Afborgun lána	53 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	2 000	
19	Afskriftir	99 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−4 000	
31–321	**Rafmagnsveitur ríkisins**		
51	Laun	392 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	553 500	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 670 000	
593	Afskriftir	680 000	
5,8	Gjöld samtals	3 295 500	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	2 858 100	
48	Fjármunatekjur	40 000	
49	Aðrar tekjur	22 400	
4,7	Tekjur samtals	2 920 500	
	Mismunur		−375 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	375 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	70 000	
19	Afskriftir	680 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−375 000	
31–371	**Orkusjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 700	
571	Fjármagnskostnaður	25 000	
59	Yfirfærslur	10 000	
5,8	Gjöld samtals	36 700	
48	Fjármunatekjur	7 900	
4910	Framlög úr ríkissjóði	130 100	
4,7	Tekjur samtals	138 000	
	Mismunur		101 300
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán, jarðhitaleit	17 200	
26	Afborgun lána	92 100	
32	Annað, styrking dreifikerfa í sveitum	40 800	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	48 800	
39	Ráðstöfun eigin fjár	101 300	

Sþ. 394. Þingsályktun [248. mál]

um stuðning við sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna.

(Afgreidd frá Sþ. 19. des.)

Samhljóða þskj. 379.

Sþ. 395. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1991.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur, Önnu Ólafsdóttur Björnsson, Guðrúnu J. Halldórsdóttur, Kristínu Einarsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur og Þórhildi Þorleifsdóttur.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands. 105 Aðrar sérstofnanir og verkefni (rannsóknastofa í kvennafræðum).	
Fyrir „56.320“ kemur	56.720
2. Við 4. gr. 03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi. 121 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndunum, UNIFEM.	
Fyrir „1.100“ kemur	9.816
3. Við 4. gr. 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi. 140 Kvennaathvarf í Reykjavík.	
Fyrir „10.210“ kemur	14.100

Nd. 396. Breytingartillaga [185. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 2. mgr. 24. gr. laganna bætist við ný málsgrein og breytist röð annarra málsgreina til samræmis. Málsgreinin orðast svo:

Ráðherra skipar sjö manna samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík, Borgarspítala, St. Jósefsspítala og Ríkisspítala. Í ráðinu eiga sæti formenn stjórna Borgarspítala, St. Jósefsspítala og Ríkisspítala og fjórir fulltrúar skipaðir af þeim ráðherra sem gegnir embætti heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hverju sinni til jafnlengdar starfstíma ráðherra. Skal einn þeirra tilnefndur af stjórnarnefnd Ríkisspítala, einn af borgarstjórn Reykjavíkur, en tveir án tilnefningar. Ráðið kýs sér formann úr hópi fulltrúa sjúkrahúsanna til tveggja

ára í senn. Hlutverk ráðsins er að gera tillögur um mótun framtíðarstefnu áðurnefndra sjúkrahúsa, flokkun þeirra og starfssvið, þróunar- og fjárfestingaráætlanir, og stuðla þannig að sem hagkvæmastri verkaskiptingu þessara sjúkrahúsa. Tillögur samstarfsráðsins skulu lagðar fyrir stjórnir fyrrgreindra sjúkrahúsa til umfjöllunar og skulu þær síðan senda ráðuneytinu tillögur sínar. Samstarfsráð skal fylgjast með að sjúkrahúsin starfi í samræmi við fjárveitingar til þeirra og þær áætlanir sem gerðar hafa verið og að gætt sé fyllstu hagkvæmni í rekstri þeirra. Samstarfsráðið skal taka við þeim verkefnum sem heilbrigðismálaráð Reykjavíkurlæknishéraðs hefur haft með höndum og snerta þessi sjúkrahús, sbr. 7. gr. Framkvæmdastjóri þess sjúkrahúss, þaðan sem formaður stjórnar kemur hverju sinni, annast framkvæmd mála fyrir ráðið.

Sþ. 397. Fyrirspurn [250. mál]

til fjármálaráðherra um sérstakan eignarskatt.

Frá Hreggviði Jónssyni.

1. Hvernig skiptist álagður sérstakur eignarskattur árið 1990 samkvæmt ákvæðum laga nr. 49/1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, milli einstakra kjördæma?
2. Hvernig skiptist álagning þeirra í hverju kjördæmi fyrir sig milli:
   A. fyrirtækja,
   B. einstaklinga:
      a. hjóna,
      b. einhleypinga?

   Einnig er beðið um upplýsingar um fjölda í hverjum hópi fyrir sig.
3. Hve há upphæð var innheimt árið 1990 og hve stór hluti hennar rann til byggingar Þjóðarbókhlöðunnar?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 398. Frumvarp til laga [225. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. des.)

1. gr.

Við 8. tölul. 3. mgr. 2. gr. laganna bætist: Sama gildir um leigu tjaldstæða og bifreiðastæða. Útleiga veitinga- og samkomuhúsnæðis er þó skattskyld.

2. gr.

Í stað orðanna „fyrir færri en níu menn“ í 1. mgr. 10. gr. laganna komi: fyrir níu menn eða færri.

3. gr.

6. tölul. 3. mgr. 16. gr. laganna orðast svo: Öflun, rekstur og leigu fólksbifreiða fyrir níu menn eða færri.

4. gr.

3. málsl. 7. mgr. 27. gr. laganna orðast svo: Sama gildir ef bókhald og þau gögn, sem liggja fyrir um fjárhæðir á virðisaukaskattsskýrslu, verða ekki talin nægilega örugg eða ef tekjuskráning, þar með talið notkun sjóðvélar eða útbúnaður hennar eða notkun og form reikninga, er ekki í samræmi við ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim.

5. gr.

Við 28. gr. laganna bætist eftirfarandi málsgrein:

Vanræki skattskyldur aðili að færa tilskilið bókhald samkvæmt ákvæðum VIII. kafla laga þessara eða nota tilskilið söluskráningarkerfi samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim eða ef söluskráningarkerfi er verulega áfátt skal skattrannsóknarstjóri með ábyrgðarbréfi beina til hans fyrirmælum um úrbætur. Ef fyrirmælum þessum er ekki sinnt innan 45 daga getur skattrannsóknarstjóri látið lögreglu stöðva atvinnurekstur viðkomandi á sama hátt og greinir í 3. mgr. þessarar greinar og þar til fullnægjandi úrbætur hafa verið gerðar.

6. gr.

2. mgr. 40. gr. laganna orðast svo:

Ef aðili vanrækir tilkynningarskyldu sína skv. 5. gr., vanrækir skyldu sína til að halda tilskilið bókhald samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, þar með talið að hann vanrækir að skrá sölu sína í sjóðvél með fullnægjandi útbúnaði, vanrækir að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn, svo sem ákveðið er í lögum þessum eða ákvæðum reglna sem settar eru samkvæmt þeim, skýrir rangt eða villandi frá einhverju er varðar virðisaukaskattsskýrslur hans þótt upplýsingarnar hafi ekki áhrif á skattskyldu hans eða skattgreiðslur eða brýtur á annan hátt gegn lögum þessum eða ákvæðum reglna sem settar eru samkvæmt þeim skal hann sæta sektum enda liggi eigi við brotinu þyngri refsing eftir þessum eða öðrum lögum.

7. gr.

3. mgr. 43. gr. laganna, sbr. 13. gr. laga nr. 119/1989, orðast svo:

Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að setja reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts sem erlend fyrirtæki hafa greitt hérlendis vegna kaupa, aðvinnslu, geymslu eða flutnings á vörum sem flytja á úr landi eða þau hafa selt hingað til lands.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Endurgreiðsla skv. 7. gr. er þó heimil vegna viðskipta frá 1. janúar 1990.

Nd. 399. Breytingartillaga [225. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá Jóni Sæmundi Sigurjónssyni, Geir Gunnarssyni, Önnu Ólafsdóttur Björnsson, Geir H. Haarde og Guðmundi G. Þórarinssyni.

Við 1. gr. laganna bætist: svo og sala og útleiga veiðiréttar.

Ed. 400. Framhaldsnefndarálit [213. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 76/1989 og nr. 70/1990.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur komið saman eftir afgreiðslu frumvarpsins við 2. umr. til þess að ræða tillögur um breytingar á frumvarpinu. Á fund nefndarinnar kom Berglind Ásgeirsdóttir ráðuneytisstjóri. Félagsmálaráðuneytið hefur bent á að við setningu laga nr. 70/1990 hafi láðst að fella brott ákvæði í lögunum um Húsnæðisstofnun en þá fækkaði lánaflokkum Byggingarsjóðs ríkisins um tvo. Lán til almennra kaupleiguíbúða voru felld undir Byggingarsjóð verkamanna en lán til heilsuspillandi íbúða voru felld niður, sbr. 2. gr. laga nr. 70/1990 sem afnam 5. og 10. tölul. 11. gr. laga nr. 86/1988. Hins vegar voru viðeigandi ákvæði um fyrrgreind atriði í sjálfum efnisköflum laganna ekki felld brott og því gerð tillaga um nýja grein við frumvarpið sem ætlað er að bæta úr þessu. Er hér um lagahreinsun að ræða.

Seinni breytingartillaga nefndarinnar víkur að tilvísun í 100. gr. laganna í 102. gr. þeirra. Þegar lög nr. 70/1990 (52 nýjar greinar) voru sett hafði lögunum áður verið breytt með lögum nr. 76/1989 (húsbréf, 19 nýjar greinar). Úr lögunum voru þá felldar 66 greinar. Við þetta átti sér eðlilega stað mikil tilfærsla á greinum. 100. gr. laganna, sem fjallar um uppboð, kemur í stað 70. gr. laga nr. 86/1988. Ekki var ætlunin að breyta þar nokkru um söluverð íbúða, sbr. athugasemdir frumvarpsins við þá grein. Í 70. gr. laga nr. 86/1988, sem fjallar eins og fyrr segir um söluverð íbúða, er vísað til 68. gr. laga nr. 86/1988. Sú grein laganna nr. 86/1988, sbr. lög 76/1989 og nr. 70/1990, sem svarar til 68. gr. laga nr. 86/1988, er 101. gr. Því á tilvísun 100. gr. laganna um söluverð íbúða við

uppboð að vera í 101. gr. en ekki 2. mgr. 102. gr. eins og ranglega stendur í lögunum.
Karl Steinar Guðnason var fjarstaddur lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. des. 1990.

Margrét Frímannsdóttir, form.	Guðmundur H. Garðarsson, fundaskr.	Jóhann Einvarðsson, frsm.
Danfríður Skarphéðinsdóttir.	Jón Helgason.	Salome Þorkelsdóttir.

Ed. 401. Breytingartillögur [213. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 76/1989 og nr. 70/1990.

Frá félagsmálanefnd.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein er orðist svo:
   a. 5. mgr. 13. gr. laganna falli brott.
   b. 20.–22. gr. laganna falli brott.
   c. 7. mgr. 30. gr. laganna falli brott.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Í stað orðanna „skv. 2. mgr. 102. gr.“ í 100. gr. laganna komi: skv. 101. gr.

Sþ. 402. Fyrirspurn [251. mál]

til fjármálaráðherra um eignarskatta.

Frá Hreggviði Jónssyni.

1. Hvernig skiptust milli einstakra kjördæma álagðir eignarskattar 1990 á þá aðila sem lagður var á sérstakur eignarskattur?
2. Hvernig skiptist álagning þeirra í hverju kjördæmi fyrir sig milli:
   A. fyrirtækja,
   B. einstaklinga:
      a. hjóna,
      b. einhleypinga?

   Einnig er beðið um upplýsingar um fjölda í hverjum hópi fyrir sig.

Skriflegt svar óskast.

Ed. 403. Nefndarálit [227. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um málefni aldraðra, nr. 82/1989.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndinni barst þetta frumvarp með mjög óvæntum hætti rétt fyrir jólahlé. Lítið svigrúm var gefið af hálfu meiri hl. nefndarinnar til að leita eðlilegra umsagna um málið eða afla nauðsynlegra gagna. Að vísu voru kvaddir á einn fund með nefndinni tveir kunnáttumenn um málefni aldraðra, þeir Hrafn Pálsson deildarstjóri og séra Sigurður H. Guðmundsson, sem gáfu glöggar og góðar upplýsingar. Þrátt fyrir það hefðu verið eðlilegri vinnubrögð að frumvarpið væri sent til aðila er fjalla um málefni aldraðra og leitað skriflegra umsagna.

Fyrsti minni hl. nefndarinnar mótmælir þessum vinnubrögðum og telur þau óþingleg. En þrátt fyrir það telur hann sig knúinn til að reyna til hins ýtrasta að forða Framkvæmdasjóði aldraðra frá stóráföllum með því að leggja fram breytingartillögur við frumvarpið á sérstöku þingskjali.

Eins og fram kemur í breytingartillögunum er lögð áhersla á að Framkvæmdasjóður aldraðra fái að fullu þær tekjur sem sjóðnum ber samkvæmt lögum með því að skerðingarákvæði frumvarps til laga um lánsfjárlög verði niður felld.

Enn fremur er lagt til að sjóðurinn verði ekki samhliða framkvæmda- og rekstrarsjóður. Er sérstaklega varað við þeirri stefnu þar sem hún getur eyðilagt megintilgang Framkvæmdasjóðs aldraðra. Rekstrarfjárþörf stofnana aldraðra verður að mæta með öðrum hætti.

Sú leið, sem felst í frumvarpi því til laga um Framkvæmdasjóð aldraðra sem meiri hl. nefndarinnar stendur hér að, skerðir enn frekar fjárhagsstöðu stofnana aldraðra og mun auka vanda þeirra. Breytingartillaga 1. minni hl. miðar hins vegar að því að styrkja stöðu Framkvæmdasjóðs aldraðra.

Alþingi, 19. des. 1990.

Salome Þorkelsdóttir, fundaskr., frsm.

Guðmundur H. Garðarsson.

Ed. 404. Frumvarp til lánsfjárlaga [161. mál]

fyrir árið 1991.

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. des.)

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán innan lands að fjárhæð allt að 14.060.000 þús. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1991 og þessara laga.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 3.000.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri eða innlendri mynt til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum fyrirtækisins. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.

4. gr.

Heimilt er að taka lán vegna skuldbreytinga sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra sem hér segir:

1. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 50.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 10.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Eyra, lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 17.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Bæjarveitur Vestmannaeyja, lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 28.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
5. Aðrar skuldbreytingar, lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 50.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

5. gr.

Hríseyjarhreppi er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 23.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að búa ferjuna Sæfara farþegarými.

6. gr.

Herjólfi hf., Vestmannaeyjum, er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 500.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til smíði á nýrri ferju.

7. gr.

Flóabátnum Baldri hf., Stykkishólmi, er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 15.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til lúkningar á smíði nýrrar ferju.

8. gr.

Skallagrími hf., Akranesi, er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 11.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt vegna skuldbreytinga.

9. gr.

Hitaveitu Suðurnesja er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 200.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á orkuframkvæmdum fyrirtækisins.

10. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 900.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

11. gr.

Iðnþróunarsjóði er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 400.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Milliganga Iðnþróunarsjóðs um erlend lán fyrir aðila út á auglýsingu viðskiptaráðuneytis, nú nr. 314/1990, eða aðrar heimildir veittar einstökum fyrirtækjum, skal rúmast innan þessarar heimildar.

12. gr.

Iðnlánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 950.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Milliganga Iðnlánasjóðs um erlend lán fyrir aðila út á auglýsingu viðskiptaráðuneytis, nú nr. 314/1990, eða aðrar heimildir veittar einstökum fyrirtækjum, skal rúmast innan þessarar heimildar.

13. gr.

Útflutningslánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 50.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

14. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar og endurlána þeim aðilum sem nefndir eru í 3.–10. gr. með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

Þeir aðilar, sem nefndir eru í 3.–10. gr., svo og allir aðrir sem njóta ábyrgðar ríkissjóðs á erlendum skuldbindingum sínum og taka erlend lán út á heimildir laga þessara eða annarra laga, skulu gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990.

15. gr.

Lánasjóðum sem njóta ríkisábyrgðar á skuldbindingum sínum, öðrum en þeim sem tilgreindir eru í 8. og 9. gr., er óheimilt að hafa milligöngu um töku erlendra lána fyrir innlenda aðila á grundvelli auglýsingar viðskiptaráðuneytisins, nú nr. 314/1990, um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar, eða annarra heimilda veittum einstaka fyrirtækjum, nema að fengnu samþykki fjármálaráðuneytis. Ákvæði 2. mgr. 11. gr. gilda jafnframt um tilvik samkvæmt þessari grein.

II. KAFLI

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eigi nema hærri fjárhæð en 53.680 þús. kr. á árinu 1991 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bænda.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 25. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna rík-

isins, og 21. gr. laga nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, skal endurgreiðsla ríkissjóðs til sjóðanna vegna hækkunar á áður úrskurðuðum lífeyri eigi nema hærri fjárhæð en 700.000 þús. kr. á árinu 1991 og skiptast á milli sjóðanna í hlutfalli við óskertar endurgreiðslukröfur.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs falla niður á árinu 1991.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, hafnalaga, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 50.000 þús. kr. á árinu 1991.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1991.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tölul. 5. gr. og 3. tölul. 9. gr. laga nr. 76/1987, sbr. og 31. gr. sömu laga, um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs falla niður á árinu 1991.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum eigi nema hærri fjárhæð en 68.000 þús. kr. á árinu 1991.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 81.000 þús. kr. á árinu 1991.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 32/1979, um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, falla þær greiðslur niður á árinu 1991.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1991 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka, með síðari breytingum, skal framlag ríkissjóðs vegna bóta fyrir eyðingu refa og minka eigi vera hærra en 19.640 þús. kr. á árinu 1991.

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, og 7. gr. laga nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögunum leiðir.

28. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 3. gr. laga nr. 34/1982, um Listskreytingasjóð ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi vera hærra en 12.000 þús. kr.

29. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 35. gr. laga nr. 19/1964, skipulagslaga, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 42/1974, skal mótframlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1991.

30. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 10. gr. laga nr. 82/1989, um málefni aldraðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs aldraðra eigi vera hærra en 240.000 þús. kr. á árinu 1991.

31. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 35. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra eigi vera hærra en 225.000 þús. kr. á árinu 1991.

32. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. laga nr. 88/1989, þjóðminjalaga, skal framlag ríkissjóðs í Húsafriðunarsjóð eigi nema hærri fjárhæð en 10.500 þús. kr. á árinu 1991.

33. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 26. gr. laga nr. 21/1963, um kirkjugarða, með síðari breytingum, skal hlutdeild kirkjugarða í óskiptum tekjuskatti lækka um 20% á árinu 1991.

34. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 42. gr. laga nr. 49/1978, lyfjalaga, með síðari breytingum, skal framlag ríkissjóðs til lyfsölusjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 880 þús. kr. á árinu 1991.

35. gr.

Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, skal á árinu 1991 heimilt að ráðstafa 335.000 þús. kr. af sérstökum eignarskatti samkvæmt lögunum til framkvæmda við eftirtalin mannvirki: Þjóðleikhús, Þjóðminjasafn Íslands og Bessastaði.

III. KAFLI

36. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að samþykkja skulda- eða vaxtaskipti lána, sem tryggð eru með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs, enda séu að mati fjármálaráðherra nægar tryggingar fyrir ábyrgð ríkissjóðs þegar til slíkra samninga er stofnað.

37. gr.

Aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á erlendum skuldbindingum sínum er heimilt:

a. Að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.
b. Að stofna til skulda- eða vaxtaskipta þar sem mótaðili í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir eða vaxtaskilmála í lánum, sem aðili sem nýtur ríkisábyrgðar tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Slíkur aðili tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- eða vaxtaskiptum.
c. Séu lántökuheimildir laga þessara að hluta til nýttar til töku skammtímalána eða veltilána er aðila, sem nýtur ríkisábyrgðar, heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.
d. Að nýta möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja sig gegn verulegum vaxtabreytingum.

Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á erlendum skuldbindingum sínum, nýta sér heimildir þessarar greinar skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990.

38. gr.

Lántökuheimildir skv. I. kafla gilda á árinu 1991. Heimildir samkvæmt lögum þessum verða þó nýttar til 1. júlí 1992 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

39. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 405. Breytingartillaga [161. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1991.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 1. gr. Í stað „14.060.000“ komi: 14.140.000.

Ed. 406. Breytingartillögur [227. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um málefni aldraðra, nr. 82/1989.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar (SalÞ, GHG).

1. Síðari efnisgrein 1. gr. orðist svo:
   Heimilt er að veita allt að þriðjungi af árlegu ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs aldraðra til verkefna skv. 2., 3., 4. og 5. tölul. 1. mgr.

2. Við 1. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   4. tölul. 1. mgr. skal aðeins gilda árið 1991 en kemur því aðeins til framkvæmda að skerðingarákvæði lánsfjárlaga fyrir árið 1991 um sjóðinn falli brott.

Nd. 407. Lög [126. mál]

um breytingu á lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sbr. lög nr. 72 30. maí 1984.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 130.

Nd. 408. Lög [82. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 319.

Nd. 409. Lög [148. mál]

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989 og nr. 70/1990.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 286.

Ed. 410. Lög [91. mál]

um tímabundna lækkun tolls af bensíni.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 271.

Nd. 411. Frumvarp til lánsfjárlaga [161. mál]

fyrir árið 1991.

(Eftir 3. umr. í Ed., 19. des.)

Samhljóða þskj. 404 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán innan lands að fjárhæð allt að 14.140.000 þús. kr.

Ed. 412. Lög [34. mál]

um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.)

Samhljóða þskj. 34.

Ed. 413. Frumvarp til laga [99. mál]

um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

(Eftir 2. umr. í Ed., 20. des.)

I. KAFLI

Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið laga þessara er að stuðla að jafnrétti heyrnarlausra til þjónustu sem víðast í þjóðfélaginu á grundvelli táknmáls heyrnarlausra.

2. gr.

Hlutverk Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra er að annast:

a. rannsóknir á íslensku táknmáli,
b. kennslu táknmáls,
c. táknmálstúlkun,
d. aðra þjónustu.

Um skipan þjónustunnar skal kveðið á í reglugerð.

Stofnunin skal hafa samstarf við svæðisstjórnir um málefni fatlaðra, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Heyrnleysingjaskólann, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Námsgagnastofnun og aðra opinbera aðila varðandi málefni er snerta starfsemi þeirra. Sama gildir um samstarf við félög áhugamanna.

II. KAFLI
Stjórnun.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar stofnuninni fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara:

a. einn fulltrúa tilnefndan af Félagi heyrnarlausra,
b. einn fulltrúa tilnefndan af Foreldra- og styrktarfélagi heyrnardaufra,
c. einn fulltrúa tilnefndan af félagsmálaráðherra,
d. einn fulltrúa tilnefndan af heilbrigðisráðherra og
e. skipar menntamálaráðherra einn fulltrúa án tilnefningar. Skal hann vera formaður.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Hann á sæti á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti og sér um framkvæmd á ákvörðunum hennar. Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar.

5. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður annað starfsfólk að fengnum tillögum forstöðumanns í samræmi við starfsmannaheimildir.

6. gr.

Samskiptamiðstöð gerir fjárhags- og framkvæmdaáætlun til allt að fimm ára. Stjórn stofnunarinnar staðfestir áætlanir og fylgist með framkvæmd þeirra. Menntamálaráðherra getur, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar, sett gjaldskrá fyrir þá þjónustu sem samskiptamiðstöðin veitir.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lögin skal endurskoða innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra.

Sþ. 414. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1991.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar (SighB, MF, AS, ÓÞÞ, ÁHE).

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 0-201 Alþingi. Nýr liður:	
607 Íbúð fyrir fræðimann	6.000
2. Við 4. gr. Nýr liður:	
0-510 Bessastaðir	
601 Mannvirkjagerð	100.000

	Þús. kr.
3. Við 4. gr. 1-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „43.610“ kemur	43.870
4. Við 4. gr. 1-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. 601 Aðalskipulag.	
Fyrir „6.000“ kemur	10.000
5. Við 4. gr. 2-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „219.720“ kemur	219.970
6. Við 4. gr. 2-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum.	
a. Við 101 Tilraunastöð Háskólans að Keldum.	
Fyrir „65.750“ kemur	67.250
b. Við 110 Rannsóknadeild fisksjúkdóma.	
Fyrir „19.890“ kemur	18.390
7. Við 4. gr. 2-203 Raunvísindastofnun Háskólans. 103 Rannsóknastofur.	
Fyrir „116.740“ kemur	117.490
8. Við 4. gr. 2-233 601 Rannsóknasjóður.	
Fyrir „100.000“ kemur	110.000
9. Við 4. gr. 2-276 601 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.	
Fyrir „46.600“ kemur	67.600
10. Við 4. gr. 2-319 140 Framhaldsskólar, óskipt.	
Fyrir „33.910“ kemur	38.910
11. Við 4. gr. 2-422 Námsgagnastofnun. 160 Námsefnisgerð.	
Fyrir „53.820“ kemur	63.820
12. Við 4. gr. 2-872 101 Lánasjóður íslenskra námsmanna.	
Fyrir „1.930.000“ kemur	1.730.000
13. Við 4. gr. 2-884 Jöfnun á námskostnaði. 110 Skólaakstur.	
Fyrir „11.060“ kemur	11.860
14. Við 4. gr. 2-973 Þjóðleikhús.	
a. Við 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „192.000“ kemur	227.000
b. Við 650 Endurbætur.	
Fyrir „75.000“	140.000
15. Við 4. gr. 2-976 101 Menningarsjóður, framlag.	
Fyrir „10.500“ kemur	11.000
16. Við 4. gr. 2-977 601 Þjóðarbókhlaða.	
Fyrir „100.000“ kemur	145.000
17. Við 4. gr. 2-978 601 Endurbótasjóður menningarstofnana.	
Liðurinn fellur brott.	
18. Við 4. gr. 2-981 101 Kvikmyndasjóður.	
Fyrir „81.000“ kemur	87.000
19. Við 4. gr. 2-982 Listir, framlög.	
a. Við 121 Leikfélag Akureyrar.	
Fyrir „15.410“ kemur	18.010
b. Við 130 Íslenska óperan.	
Fyrir „14.430“ kemur	25.030
20. Við 4. gr. 2-989 Ýmis íþróttamál. Nýir liðir:	
125 Skákskóli Íslands	3.000

	Þús. kr.
613 Íþróttasamband fatlaðra, vegna endurhæfingar	2.000
21. Við 4. gr. 2-997 601 Uppgjör við sveitarfélög. Fyrir „300.000“ kemur	385.000
22. Við 4. gr. 3-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn. Fyrir „147.460“ kemur	149.360
23. Við 4. gr. 3-103 Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs. 101 Almennur rekstur. Fyrir „11.470“ kemur	11.550
24. Við 4. gr. 3-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi.	
a. Við 110 Háskóli Sameinuðu þjóðanna. Fyrir „18.120“ kemur	22.620
b. Við 113 Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF. Fyrir „2.060“ kemur	7.060
25. Við 4. gr. 4-101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn. Fyrir „58.210“ kemur	58.670
26. Við 4. gr. 4-245 Laxeldisstöðin í Kollafirði. Nýr liður: 120 Silfurgen, laxakynbætur	15.000
27. Við 4. gr. 4-270 Landgræðslu- og landverndaráætlun.	
a. Við 620 Landgræðsluáætlun, Rala. Fyrir „7.000“ kemur	6.930
b. Við 630 Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins. Fyrir „16.000“ kemur	14.190
c. Við 640 Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins. Fyrir „76.000“ kemur	62.150
d. Við 650 Landgræðsluáætlun, ýmis starfsemi. Fyrir „3.700“ kemur	3.630
e. Við 680 Landþurrkun. Liðurinn fellur brott.	
f. Við 690 Fyrirhleðslur. Fyrir „24.000“ kemur	23.100
28. Við 4. gr. 4-288 620 Jarðræktar- og búfjárræktarframlög. Fyrir „190.000“ kemur	225.100
29. Við 4. gr. 4-289 Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði.	
a. Við 110 Liðurinn orðist svo: 1.10 Endurgreiðsla gjalda	474.500
b. Nýr liður: 1.30 Niðurgreiðsla fóðurs í loðdýrarækt	32.500
30. Við 4. gr. 4-299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi. 119 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði. Fyrir „25.710“ kemur	35.710
31. Við 4. gr. 5-101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn. Fyrir „73.060“ kemur	74.440
32. Við 4. gr. 5-202 Hafrannsóknastofnun. 120 Útibú á Húsavík. Liðurinn orðist svo: 120 Útibú á Akureyri	3.180

Þús. kr.

33. Við 4. gr. 5-299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi. Nýr liður:
120 Eldi sjávardýra 20.000
34. Við 4. gr. 6-101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.
Fyrir „80.080“ kemur 80.450
35. Við 4. gr. 6-209 Lögregluskóli ríkisins. 101 Almennur rekstur.
Fyrir „20.110“ kemur 23.060
36. Við 4. gr. 6-255 Umferðarráð. 601 Tæki og búnaður.
Fyrir „1.000“ kemur 2.000
37. Við 4. gr. 6-283 Fangamál, ýmis kostnaður. 120 Vistun fanga.
Fyrir „22.410“ kemur 10.410
38. Við 4. gr. 6-302 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar. 101 Yfirstjórn.
Fyrir „7.260“ kemur 7.760
39. Við 4. gr. 6-304 Ýmis kirkjuleg málefni. Nýr liður:
691 Snorrastofa 7.500
40. Við 4. gr. 7-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.
Fyrir „68.150“ kemur 68.250
41. Við 4. gr. 7-272 601 Byggingarsjóður verkamanna.
Fyrir „700.000“ kemur 900.000
42. Við 4. gr. 7-700 Málefni fatlaðra. 110 Vistanir.
Fyrir „11.190“ kemur 13.190
43. Við 4. gr. 7-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík. Nýr liður:
195 Sambýli fyrir geðsjúka 5.700
44. Við 4. gr. 7-710 Meðferðarheimili og sambýli einhverfra barna. Nýr liður:
172 Atvinnumál einhverfra 2.300
45. Við 4. gr. 7-801 110 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.
Fyrir „1.348.800“ kemur 1.365.800
46. Við 4. gr. 7-951 Brunamálastofnun ríkisins. 101 Almennur rekstur.
Fyrir „56.220“ kemur 54.720
47. Við 4. gr. 7-953 Jafnréttisráð. 101 Almennur rekstur.
Fyrir „13.260“ kemur 13.860
48. Við 4. gr. 7-999 Félagsmál, ýmis starfsemi. 190 Ýmis framlög.
Fyrir „7.150“ kemur 8.150
49. Við 4. gr. 8-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.
Fyrir „99.380“ kemur 99.630
50. Við 4. gr. 8-271 Tryggingastofnun ríkisins.
a. Við 101 Yfirstjórn.
Fyrir „421.480“ kemur 439.480
b. Við 110 Lífeyristryggingar.
Fyrir „13.780.000“ kemur 13.895.000
51. Við 4. gr. 8-301 Landlæknir. 101 Yfirstjórn.
Fyrir „29.420“ kemur 37.420
52. Við 4. gr. 8-340 Málefni fatlaðra. 190 Önnur starfsemi.
Fyrir „4.300“ kemur 3.300

Þús. kr.

53. Við 4. gr. 8-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir. Nýr liður:
120 Sjúkrahús, almennt 11.000
54. Við 4. gr. 8-385 601 Framkvæmdasjóður aldraðra.
Fyrir „240.000“ kemur 370.000
55. Við 4. gr. 8-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Nýr liður:
196 Rannsóknir á astma- og ofnæmissjúklingum 2.000
56. Við 4. gr. Nýr liður:
8-430 Vistun geðsjúkra fanga
101 Almennur rekstur 12.000
57. Við 4. gr. 9-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa.
a. Við 101 Yfirstjórn.
Fyrir „153.000“ kemur 227.090
b. Við 601 Tæki og búnaður.
Fyrir „3.500“ kemur 8.000
58. Við 4. gr. 9-102 Launaskrifstofa ríkisins.
a. Við 101 Almennur rekstur.
Liðurinn fellur brott.
b. Við 601 Tæki og búnaður.
Liðurinn fellur brott.
59. Við 4. gr. 9-103 Ríkisbókhald. 101 Almennur rekstur.
Fyrir „83.350“ kemur 83.410
60. Við 4. gr. 9-481 601 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum.
Fyrir „200.000“ kemur 300.000
61. Við 4. gr. 9-901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins. 101 Almennur rekstur.
Fyrir „43.420“ kemur 44.720
62. Við 4. gr. 9-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs. 620 Stjórnsýsluhús á Ísafirði.
Fyrir „3.000“ kemur 8.000
63. Við 4. gr. 9-999 Ýmislegt.
a. Við 110 Símkostnaður.
Fyrir „52.580“ kemur 45.770
b. Við 160 Dómkröfur.
Fyrir „10.680“ kemur 24.680
64. Við 4. gr. 10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.
Fyrir „48.560“ kemur 48.660
65. Við 4. gr. 10-331 Vita- og hafnamálaskrifstofan. 4 Sértekjur.
Fyrir „75.480“ kemur 39.480
66. Við 4. gr. 10-332 Vitastofnun Íslands. 4 Sértekjur.
Fyrir „44.190“ kemur 16.190
67. Við 4. gr. 10-333 620 Ferjubryggjur.
Fyrir „8.000“ kemur 15.000

Þús. kr.

68. Við 4. gr. 10-333 630 Hafnarmannvirki.
    a. Stofnkostnaður.
    Fyrir „315.000“ kemur 508.000
    b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Hafnarmannvirki (10-333 630).

	Þús. kr.
1. Akranes	17.000
2. Arnarstapi	2.800
3. Ólafsvík	21.600
4. Stykkishólmur	13.500
5. Brjánslækur	2.600
6. Patreksfjörður	5.500
7. Tálknafjörður	4.100
8. Bíldudalur	400
9. Þingeyri	6.600
10. Bolungarvík	24.100
11. Ísafjörður	10.900
12. Súðavík	5.700
13. Norðurfjörður	3.300
14. Drangsnes	5.800
15. Hólmavík	3.900
16. Hvammstangi	11.500
17. Blönduós	1.800
18. Skagaströnd	40.000
19. Siglufjörður	17.100
20. Ólafsfjörður	10.500
21. Dalvík	20.000
22. Akureyri	18.000
23. Grenivík	20.000
24. Grímsey	11.600
25. Húsavík	11.300
26. Raufarhöfn	3.100
27. Þórshöfn	10.000
28. Bakkafjörður	23.500
29. Vopnafjörður	10.500
30. Borgarfjörður eystri	900
31. Seyðisfjörður	500
32. Neskaupstaður	4.500
33. Reyðarfjörður	17.200
34. Stöðvarfjörður	1.800
35. Breiðdalsvík	500
36. Djúpivogur	3.100
37. Höfn	47.700
38. Vestmannaeyjar	19.000
39. Þorlákshöfn	11.000
40. Grindavík	9.400

	Þús. kr.	Þús. kr.
41. Hafnir	7.400	
42. Sandgerði	12.400	
43. Keflavík/Njarðvík	19.900	
44. Hafnarfjörður	1.900	
45. Garðabær	2.100	
46. Kópavogur	2.300	
47. Óskipt vegna slysavarna	9.700	
		508.000

69. Við 4. gr. 10-333 632 Lendingarbætur.
Fyrir „3.000“ kemur 4.000

70. Við 4. gr. 10-333 640 Sjóvarnargarðar. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Sjóvarnargarðar (10-333 640).

	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Akranes	5.200	
2. Innri-Akraneshreppur	2.000	
3. Ólafsvík	2.000	
4. Patreksfjörður	2.600	
5. Flateyri	2.500	
6. Suðureyri	2.800	
7. Ísafjörður	2.800	
8. Sauðárkrókur	1.000	
9. Hrísey	400	
10. Þórshöfn	2.400	
11. Vestmannaeyjar	4.900	
12. Stokkseyri	37.300	
13. Eyrarbakki	29.200	
14. Selvogur	2.300	
15. Grindavík	500	
16. Miðneshreppur	1.000	
17. Garður	100	
18. Vatnsleysustrandarhreppur	100	
19. Bessastaðahreppur	400	
20. Óráðstafað	500	
		100.000

71. Við 4. gr. 10-333 Hafnamál. 4 Sértekjur.
Liðurinn fellur brott.

72. Við 4. gr. 10-471 Flugmálastjórn. 140 Flugvalladeild.
Fyrir „150.080“ kemur 154.080

73. Við 4. gr. 10-485 Ýmis framlög. Nýir liðir:
123 Sjálfvirkt tilkynningarkerfi fyrir fiskiskip 3.000
623 Sjálfvirkt tilkynningarkerfi fyrir fiskiskip 10.000

74. Við 4. gr. 11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.
Fyrir „44.460“ kemur 44.540

Þús. kr.

75. Við 4. gr. 11-301 Orkustofnun.
    a. Við 101 Almennur rekstur.
    Fyrir „321.240“ kemur 325.740
    b. Við 190 Rannsóknir í Öxarfirði.
    Fyrir „3.200“ kemur 8.500
    c. Nýr liður:
    191 Könnun á mangangrýti á Reykjaneshrygg 4.000
    d. Við 601 Tæki og búnaður.
    Fyrir „6.400“ kemur 7.700
    e. Við 4 Sértekjur.
    Fyrir „107.600“ kemur 112.100
76. Við 4. gr. 11-371 Orkusjóður.
    a. 615 Lán til jarðhitaleitar.
    Fyrir „12.200“ kemur 17.200
    b. Við 621 Styrking dreifikerfis í sveitum.
    Fyrir „20.800“ kemur 40.800
    c. Nýr liður:
    624 Lán til einkarafstöðva 2.500
77. Við 4. gr. 11-399 Ýmis orkumál. Nýr liður:
    118 Ýmis framlög 2.500
78. Við 4. gr. 12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.
    Fyrir „55.390“ kemur 56.070
79. Við 4. gr. 12-301 Löggildingarstofan.
    a. Við 101 Löggildingarstofan.
    Fyrir „22.410“ kemur 28.410
    b. Nýr liður:
    601 Tæki og búnaður 14.000
80. Við 4. gr. 13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.
    Fyrir „98.150“ kemur 98.320
81. Við 4. gr. 14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa.
    101 Yfirstjórn.
    Fyrir „35.970“ kemur 38.070
82. Við 4. gr. 14-310 Landmælingar Íslands. 110 Sérstök verkefni
    í kortagerð.
    Fyrir „10.360“ kemur 18.360
83. Við 4. gr. 14-998 101 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra.
    Fyrir „3.000“ kemur 3.700
84. Við 6. gr. 3.5. Liðurinn orðist svo:
    3.5 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af hlutabréfum sem gefin eru út á árunum 1989–1991 í sambandi við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja með aðild hlutafjársjóðs Byggðastofnunar.
85. Við 6. gr. Nýr liður:
    3.7 Að fella niður stimpilgjöld af leigu flugvélar af gerðinni Lockheed 1011 Tristar á vegum Flugfélagsins Atlanta hf.

86. Við 6. gr. 4.11.
    Liðurinn fellur brott.
87. Við 6. gr. 4.14. Liðurinn orðist svo:
    Að selja fasteignir í eigu Skógræktar ríkisins og kaupa aðrar sökum breytinga á aðstöðu vegna flutnings aðalstöðva Skógræktar ríkisins á Fljótsdalshérað, að höfðu samráði við fjárveitinganefnd.
88. Við 6. gr.
    a. Við 4.16.
       Liðurinn fellur brott.
    b. Við 4.17.
       Liðurinn fellur brott.
    c. Við 4.18.
       Liðurinn fellur brott.
89. Við 6. gr. 4.21. Liðurinn orðist svo:
    4.21 Að selja húseignir tilraunastöðva Rannsóknastofnunar landbúnaðarins sem ónauðsynlegar verða vegna breytinga á starfsemi stofnunarinnar og skipulagi tilraunastarfseminnar og verja andvirði þeirra til uppbyggingar á starfseminni annars staðar.
90. Við 6. gr.
    a. Við 4.26.
       Liðurinn fellur brott.
    b. Við 4.41.
       Liðurinn fellur brott.
91. Við 6. gr. Nýir liðir:
    4.51 Að selja húseignina Engjateig 1, Reykjavík.
    4.52 Að selja húseignina Fannborg 6, Kópavogi.
    4.53 Að selja flugskýli nr. 1 á Reykjavíkurflugvelli.
    4.54 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Gutenberg hf.
    4.55 Að selja húseignina Aratún 26, Garðabæ.
    4.56 Að selja húseignina Hæðargötu 15, Njarðvík.
    4.57 Að selja húseignina Akurbraut 15, Njarðvík.
    4.58 Að selja húseignina Leynisbraut 10, Grindavík.
    4.59 Að selja vélaverkstæðishús við Strandveg á Tálknafirði.
    4.60 Að selja húseignina Gunnlaugsgötu 6a, Borgarnesi.
    4.61 Að selja húseignina Kirkjubraut 10, Akranesi.
    4.62 Að selja gamla sýslumannsbústaðinn við Aðalstræti 55 á Patreksfirði og kaupa annað hentugra húsnæði í staðinn.
    4.63 Að selja húseignina Bæ III í Andakílshreppi, Borgarfjarðarsýslu.
    4.64 Að selja fasteignina Tunguháls 6, Reykjavík.
    4.65 Að afhenda Neshreppi utan Ennis til eignar jörðina Rif á Snæfellsnesi.
    4.66 Að selja hluta jarðarinnar Gufuskálar á Snæfellsnesi.
    4.67 Að selja húseignina Hjarðarslóð 30, Dalvík og kaupa annað hentugra íbúðarhúsnæði í staðinn.
    4.68 Að selja íbúðina að Garðarsbraut 39, Húsavík, og kaupa annað hentugra húsnæði í staðinn.
    4.69 Að selja eignina Strandgötu 13, Hvammstanga og kaupa aðra hentugri í staðinn.

4.70 Að selja eignarhluta ríkisins í skólahúsi á Hjalteyri í Arnarneshreppi.
4.71 Að selja fasteignina Valhöll við Hringbraut í Reykjavík og láta andvirðið renna til byggingar nýs barnaheimilis á vegum Félagsstofnunar stúdenta við Háskóla Íslands.
4.72 Að selja vöruskemmu Skipaútgerðar ríkisins og tilheyrandi aðstöðu við Grófarbryggju í Reykjavík og ráðstafa söluandvirðinu til að koma upp nýrri aðstöðu í Sundahöfn.

92. Við 6. gr.
a. Við 5.5.
Liðurinn fellur brott.
b. Við 5.7.
Liðurinn fellur brott.

93. Við 6. gr. 5.8. Liðurinn orðist svo:
5.8 Að kaupa húsnæði fyrir héraðsdómstóla, þar með talið í Reykjavík, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar, og taka til þess nauðsynleg lán.

94. Við 6. gr. 5.28.
Liðurinn fellur brott.

95. Við 6. gr. Liðurinn orðist svo:
5.33 Að kaupa húsnæði til uppbyggingar heilsugæslu í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.

96. Við 6. gr. Nýir liðir:
5.40 Að kaupa eignir Hitaveitu Hafnar fyrir Rafmagnsveitur ríkisins.
5.41 Að kaupa eignarhluta bæjarsjóðs Ísafjarðar í Pólgötu 8, Ísafirði.
5.42 Að kaupa húsnæði fyrir embætti borgarfógeta í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
5.43 Að ganga til samninga um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands og taka til þess nauðsynleg lán að því tilskildu að önnur fjármögnun komi til, m.a. af happdrættisfé.
5.44 Að kaupa 85% af húseigninni Eyjasel 2, Stokkseyri vegna heilsugæslu sem þar er rekin.
5.45 Að kaupa húsnæði til nota sem heimili fyrir geðsjúka afbrotamenn og taka til þess nauðsynleg lán.
5.46 Að kaupa eignarhluta sveitarfélaga á Austurlandi í húsnæði Fræðsluskrifstofu Austurlands, Búðareyri 4, Reyðarfirði.
5.47 Að kaupa húsnæði fyrir tollgæslu á Seyðisfirði og taka til þess nauðsynleg lán.
5.48 Að kaupa íbúðarhúsnæði fyrir starfsmann Hafrannsóknastofnunar í Ólafsvík.
5.49 Að kaupa fiskveiðisamlíki fyrir Stýrimannaskóla Íslands og taka til þess nauðsynleg lán.
5.50 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Iðnskólann í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.

97. Við 6. gr. 6.11. Liðurinn orðist svo:
6.11 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 1991 með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárveitinganefndar.

98. Við 6. gr. 6.12. Liðurinn orðist svo:
6.12 Að draga úr starfsemi ríkisstofnana og ráðuneyta, enn frekar en gert er ráð fyrir

í fjárlögum, með því m.a. að draga úr yfirvinnu og takmarka nýráðningar og endurráðningar.

99. Við 6. gr. Nýir liðir:

6.21 Að endurgreiða aðflutningsgjöld af aðföngum við byggingu nýrrar vatnsveitu hjá Vatnsveitu Suðurnesja hf.

6.22 Að ganga frá samningum við Rafveitu Siglufjarðar um yfirtöku skulda með hliðsjón af samkomulagi sem gert var við Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða við niðurfellingu verðjöfnunargjalds af raforku árið 1986. Yfirtakan verði hliðstæð yfirtöku ríkissjóðs á skuldum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða árið 1989, enda fengu fyrrgreind þrjú fyrirtæki hið umrædda verðjöfnunargjald. Leita skal umsagnar fjárveitinganefndar áður en frá yfirtöku skuldar er gengið.

6.23 Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af aðföngum við byggingu stálverksmiðju Íslenska stálfélagsins hf.

6.24 Að fella niður eða endurgreiða hluta af vörugjaldi af framleiðslu Steinullarverksmiðjunnar hf. og jafnframt að fella niður hluta vörugjaldsskuldar fyrirtækisins af framleiðslu þess á árunum 1985–1990.

6.25 Að yfirtaka hluta af skuldum Hitaveitu Eyra enda verði það liður í fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækisins.

6.26 Að semja um yfirtöku skulda Sjálfsbjargar á Akureyri í samræmi við úttekt gerða á vegum ráðuneyta heilbrigðis- og tryggingamála, menntamála og félagsmála og að uppfylltum skilyrðum téðrar úttektar.

6.27 Að semja um yfirtöku skulda Sjálfsbjargar í Reykjavík í samræmi við úttekt gerða á vegum félagsmálaráðuneytis og að uppfylltum skilyrðum téðrar úttektar.

6.28 Að semja við Vestmannaeyjakaupstað og Þorlákshöfn um kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs í byggingu ferjubryggju.

6.29 Að semja um þátttöku ríkissjóðs í hlutafélagi um rekstur laxakynbótastöðvar í samvinnu við laxeldisfyrirtæki og rannsóknastofnanir á því sviði að höfðu samráði við fjárveitinganefnd.

6.30 Að fella niður vörugjaldsskuldir kartöfluverksmiðja af framleiðslu á unnum kartöflum á árunum 1986 og 1987. Niðurfellingin skal bundin skilyrðum sem fjármálaráðherra ákveður.

6.31 Að veita Breiðdalshreppi sérstaka aðstoð til að ljúka framkvæmdum við skólabyggingu samhliða ákvörðun um nýtingu hússins til skólastarfs og annarra verkefna sem æskileg kunna að teljast.

6.32 Að semja við Reykjavíkurborg og aðra aðila um lausn á fjárhagsvanda Íslensku óperunnar að höfðu samráði við menntamálaráðherra og að tilskildu samþykki fjárveitinganefndar.

6.33 Að semja um yfirtöku á lánum Byggðastofnunar við Framkvæmdasjóð Íslands.

6.34 Að semja um smíði á nýjum lóðsbát fyrir Hornafjarðarhöfn í stað þess sem sökk og taka til þess nauðsynleg lán.

100. Við bætist ný grein, 7. gr., er orðist svo:

Skattvísitala árið 1991 skal vera 109,5 stig miðað við 100 stig árið 1990.

Ed. 415. Nefndarálit [227. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um málefni aldraðra, nr. 82/1989.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin var tekin að ræða frumvarpið jafnvel áður en fjallað var um það við 1. umr. í Ed. og verður að segjast að miklum þrýstingi var beitt við nefndarmenn til að koma því í höfn fyrir jólaleyfi. Því hefur gefist heldur naumur tími til að fjalla um málið. Telja verður varhugavert að veita fleiri verkefnum inn í sjóð sem aldrei hefur getað sinnt hlutverki sínu til fullnustu því að árum saman hefur hann verið skertur við afgreiðslu lánsfjárlaga. Óafgreidd mál munu hafa hlaðist upp hjá sjóðnum og er vandséð hvernig hann á að geta staðið undir víkkuðu starfssviði þó að skerðingunni verði af honum létt og nokkurt fé bætist í sjóðinn að auki, svo mikið mun ásókn í úthlutunarfé sjóðsins aukast. Eigi að síður eru þeir þættir frumvarpsins, sem varða víkkað verksvið sjóðsins, nauðsynlegir og óhjákvæmilegir en 2. minni hl. treystir sér ekki til að styðja þá nema sjóðnum sé séð fyrir miklu meira fjármagni en nú mun ætlað í hann og mun því sitja hjá við afgreiðslu frumvarpsins.

Alþingi, 20. des. 1990.

Guðrún J. Halldórsdóttir.

Nd. 416. Frumvarp til laga [185. mál]

um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. des.)

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 24. gr. laganna bætist við ný málsgrein og breytist röð annarra málsgreina til samræmis. Málsgreinin orðast svo:

Ráðherra skipar sjö manna samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík, Borgarspítala, St. Jósefsspítala og Ríkisspítala. Í ráðinu eiga sæti formenn stjórna Borgarspítala, St. Jósefsspítala og Ríkisspítala og fjórir fulltrúar skipaðir af þeim ráðherra sem gegnir embætti heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hverju sinni til jafnlengdar starfstíma ráðherra. Skal einn þeirra tilnefndur af stjórnarnefnd Ríkisspítala, einn af borgarstjórn Reykjavíkur, en tveir án tilnefningar. Ráðið kýs sér formann úr hópi fulltrúa sjúkrahúsanna til tveggja ára í senn. Hlutverk ráðsins er að gera tillögur um mótun framtíðarstefnu áðurnefndra sjúkrahúsa, flokkun þeirra og starfssvið, þróunar- og fjárfestingaráætlanir, og stuðla þannig að sem hagkvæmastri verkaskiptingu þessara sjúkrahúsa. Tillögur samstarfsráðsins skulu lagðar fyrir stjórnir fyrrgreindra sjúkrahúsa til umfjöllunar og skulu þær síðan senda ráðuneytinu tillögur sínar. Samstarfsráð skal fylgjast með að sjúkrahúsin starfi í samræmi við fjárveitingar til þeirra og þær áætlanir sem gerðar hafa verið og að gætt sé fyllstu hagkvæmni í rekstri þeirra. Samstarfsráðið skal taka við þeim verkefnum sem

heilbrigðismálaráð Reykjavíkurlæknishéraðs hefur haft með höndum og snerta þessi sjúkrahús, sbr. 7. gr. Framkvæmdastjóri þess sjúkrahúss, þaðan sem formaður stjórnar kemur hverju sinni, annast framkvæmd mála fyrir ráðið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 417. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1991.

Frá Ragnari Arnalds, Eiði Guðnasyni, Árna Gunnarssyni,
Birgi Ísl. Gunnarssyni, Guðmundi G. Þórarinssyni, Guðrúnu J. Halldórsdóttur,
Halldóri Blöndal, Jóni Helgasyni, Ólafi Þ. Þórðarsyni,
Ragnhildi Helgadóttur, Salome Þorkelsdóttur, Skúla Alexanderssyni,
Valgerði Sverrisdóttur og Þórhildi Þorleifsdóttur.

Við 4. gr. 02-982 170 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis:

	Þús. kr.	Þús. kr.
a. Fyrir „12.240“ kemur		14.400
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		

Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982 170).

1. Atli Heimir Sveinsson	800	
2. Árni Kristjánsson	800	
3. Finnur Jónsson	800	
4. Guðbjörg Þorbjarnardóttir	800	
5. Halldór Laxness	800	
6. Hannes Pétursson	800	
7. Indriði G. Þorsteinsson	800	
8. Jakobína Sigurðardóttir	800	
9. Jóhann Briem	800	
10. Jón Nordal	800	
11. Jón úr Vör	800	
12. Jórunn Viðar	800	
13. Kristján Davíðsson	800	
14. María Markan	800	
15. Matthías Johannessen	800	
16. Sigfús Halldórsson	800	
17. Stefán Íslandi	800	
18. Þorsteinn Ö. Stephensen	800	
		14.400

Sþ. 418. Tillaga til þingsályktunar [252. mál]

um könnun á óhlutdrægni Ríkisútvarpsins, hljóðvarps og sjónvarps, í fréttaflutningi og gerð þátta um verulega pólitísk málefni.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Margrét Frímannsdóttir, Karvel Pálmason, Eggert Haukdal, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta kanna af þekkingu og hlutleysi hvernig Ríkisútvarpinu hefur tekist að fylgja ákvæðum 15. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985, sérstaklega þeim sem kveða á um fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð.

Greinargerð.

Alkunnugt er hve fjölmiðlar eru ráðandi um upplýsingu og skoðanamyndun almennings og fjölmennra hópa opinberra starfsmanna. Eru margir þeirrar skoðunar að engin starfsemi í landinu sé eins mótandi fyrir þjóðlífið og ráðandi um velferð þjóðarinnar og upplýsing hennar.

Ríkisútvarpið er öflugasti fjölmiðill þjóðarinnar og útvarpslögin, nr. 68/1985, setja því ákveðin fyrirmæli við gerð og flutning frétta og annars dagskrárefnis. Af þess hálfu gætir fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð. Athugasemdir hafa komið fram um að ekki hafi ætíð tekist að fylgja þessum fyrirmælum. Svör forsvarsmanna Ríkisútvarpsins við þessum athugasemdum hafa verið mismunandi, en tæpast er unnt að gera ráð fyrir að þau hafi verið óhlutdræg í öllum greinum.

Veigamikill og vaxandi þáttur í öllu starfi þróaðra þjóða er athugun og prófun á því hvernig tekist hefur til með þegar unnin störf og rannsóknir á því hvernig betur má gera. Íslensk stjórnvöld leggja nokkuð til rannsókna og mikið til alls konar eftirlits, svo sem þess sem felst í starfi endurskoðenda og dómstóla. Mikilsverður þáttur fjölmiðlanna í þjóðlífinu hefur þó að mestu farið á mis við skipulagðar athuganir sjálfstæðra kunnáttumanna sem hafa miðað að því að kanna hversu vel hefur tekist að vinna þau verk sem fjölmiðlunum eru falin. Tillagan miðar að því að bæta úr þessu kæruleysi sem starfi Ríkisútvarpsins hefur verið sýnt.

Flutningsmenn leggja áherslu á að könnunin taki fyrst og fremst til frétta og annars efnis sem helst tengist stjórnmálum og að sá eða þeir sem fengnir verða til að vinna verkið hafi kunnáttu til og vinni verkið af óhlutdrægni. Fremur verði athugað það sem þegar hefur verið gert en það sem verið er að vinna að eða stendur fyrir dyrum og þessi athugun verði fremur takmörkuð en yfirgripsmikil. Nauðsynlegt er að könnuninni verði hraðað og helstu niðurstöður verði lagðar fyrir Alþingi fyrir lok ársins 1991.

Sþ. 419. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1991.

Frá Kristni Péturssyni.

Við 6. gr. 2.1.
Liðurinn fellur brott.

Sþ. 420. Þingsályktun [9. mál]

um átak gegn einelti.

(Afgreidd frá Sþ. 20. des.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að gert verði átak gegn einelti meðal barna og unglinga og skipa í þessu skyni samstarfshóp kunnáttufólks til að gera tillögur um úrbætur.

Sþ. 421. Þingsályktun [38. mál]

um athugun á lágmarksframfærslukostnaði.

(Afgreidd frá Sþ. 20. des.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að vinna að athugun á lágmarksframfærslukostnaði hérlendis. Nefndin kanni meðal annars hvaða not megi hafa af framfærslu- og neyslukönnunum sem þegar hafa verið gerðar og leiti aðstoðar Hagstofu Íslands og annarra sérfróðra aðila.

Nefndin skili greinargerð um störf sín fyrir árslok 1991.

Sþ. 422. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1991.

Frá fjármálaráðherra.

Við 6. gr. Nýr liður:

2.2 Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út fyrir hönd ríkissjóðs til sölu innan lands á árinu 1991 verðbréf, spariskírteini, ríkisbréf og ríkisvíxla að fjárhæð allt að 8.000.000 þús. kr.

Nd. 423. Breytingartillaga [241. mál]

um frv. til l. um Útflutningsráð Íslands.

Frá viðskiptaráðherra.

Við 3. gr. Í stað a- og b-liða fyrri málsgreinar komi þrír nýir stafliðir svohljóðandi:

a. 0,05% af aðstöðugjaldsstofni fiskvinnslu, iðnaðar og byggingarstarfsemi,
b. 0,03% af aðstöðugjaldsstofni fiskveiða,

c. 0,01% af aðstöðugjaldsstofni flutninga á sjó, þó ekki strandflutninga, og flugrekstrar og þeirra aðila í öðrum atvinnugreinum sem kjósa sjálfir að gerast aðilar að Útflutningsráði.

Sþ. 424. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1991.

Frá Ólafi G. Einarssyni, Páli Péturssyni, Eiði Guðnasyni, Margréti Frímannsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur og Guðmundi Ágústssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 0-201 Alþingi.	
a. Við 101 Alþingiskostnaður.	
Fyrir „260.040“ kemur	235.240
b. Nýr liður:	
110 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	24.800

Nd. 425. Frumvarp til laga [253. mál]

um breytingu á lyfjalögum, nr. 49/1978, með síðari breytingum.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Náttúruleg vítamín og önnur fæðubótaefni, sem fyrst og fremst eru ætluð sem uppbót á daglegt fæði, teljast ekki lyf og falla undir lög um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, nr. 24/1936.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Skilgreining lyfjahugtaksins í 2. gr. laganna má ekki breyta með reglugerð eða á annan hátt.

3. gr.

Síðari málsgrein 50. gr. laganna falli brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1978 voru ný lyfjalög samþykkt á Alþingi og þar voru náttúruleg fæðubótaefni felld undir lyfjalögin. Þann 28. október 1980 var gefin út reglugerð nr. 579 um hvaða

vörur lyfsalar og læknar mega selja og hafa á boðstólum, einnig um sölu vítamína og steinefna.

Ákvæði í lyfjalögum og reglugerð um vítamín og önnur fæðubótaefni hafa frá upphafi sætt mikilli gagnrýni hjá fólki sem notar þessi efni að staðaldri og selur þau eða hefur kynnst þeim á annan hátt.

Bent hefur verið á að með lyfjalögunum hafi mjög þrengt að almennri verslun með fæðubótaefni og eðlilegri notkun þeirra um leið. Fjöldi vörutegunda var með lögunum settur undir lyfsala en var áður seldur á frjálsum markaði hér á landi líkt og í nágrannalöndum okkar. Þetta gæti dregið úr notkun fæðubótaefna og því hugsanlega valdið skorti á þeim hjá landsmönnum og þannig stuðlað óbeint að auknu heilsuleysi.

Maðurinn er það sem hann borðar og ekkert annað. Þess vegna telur flutningsmaður að fæða og fæðubótaefni eigi að falla undir sömu ákvæði í lögum og sama eftirlit hjá hinu opinbera. Fæðubótaefni eru ekki lyf í þessum skilningi frekar en fæðan sjálf. Þess vegna er lagt til í frumvarpi þessu að fæðubótaefni heyri framvegis undir matvælaeftirlit en ekki lyfjaeftirlit.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 2. gr. lyfjalaga eru lyf og lyfjahugtakið skilgreind. Það mun vera verk Vilmundar heitins Jónssonar fyrrum landlæknis. Skilgreining Vilmundar er bæði skýr og skorinorð. Í 4. gr. lyfjalaga eru vítamín skilgreind nánar þannig að brýtur í bága við skilgreiningu lyfja í 2. gr. sömu laga. Þarna gætir ósamræmis í lögunum og því eru lagðar til breytingar á 4. gr. lyfjalaganna.

Um 2. gr.

Í 5. gr. lyfjalaga er enn dregið úr gildi 2. gr. sömu laga og verður 2. gr. nánast markleysa fyrir bragðið. Þess vegna leggur flutningsmaður líka til að 5. gr. lyfjalaganna verði breytt.

Um 3. gr.

Í síðari málsgrein 50. gr. lyfjalaganna eru ákvæði sem heimila Lyfjaeftirliti að hafa eftirlit með öðrum fyrirtækjum eða öðrum vörum en lyfjum ef sérstakar ástæður mæla með.

Hérna finnst flutningsmanni farið fullfrjálslega með heimildir til eftirlits og er þó nóg eftirlit fyrir í landinu. Því er lagt til í frumvarpinu að þessi liður sé felldur brott.

Nd. 426. Frumvarp til laga [254. mál]

um breytingu á lögum um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, nr. 24 frá 1. febrúar 1936.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist svohljóðandi málsgrein:

Náttúruleg vítamín og önnur fæðubótaefni, sem fyrst og fremst eru ætluð sem uppbót á daglegt fæði, teljast ekki lyf og falla undir ákvæði þessara laga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta til laga er flutt í samfloti með lagafrumvarpi um breytingar á lyfjalögum, nr. 49/1978. Um nánari rökstuðning er vísað í greinargerð með því frumvarpi.

Sþ. 427. Fyrirspurn [255. mál]

til forsætisráðherra um sérþjálfaðar leynisveitir hérlendis.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hafa starfað hérlendis frá árinu 1951 að telja sérþjálfaðir hópar eða leynisveitir með tengsl við íslensk stjórnvöld, NATO eða CIA til að bregðast við hugsanlegu hernámi landsins af hálfu Sovétríkjanna, sbr. nýlegar uppljóstranir í mörgum löndum Vestur-Evrópu?

Nd. 428. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 23. desember 1980, um jöfnunargjald, með áorðnum breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Mál þetta hefur hlotið ófullnægjandi umfjöllun í nefndinni.

Minni hl. flytur breytingartillögur á þskj. 429. Þær tillögur gera ráð fyrir að staðið verði við það loforð að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt vegna ársins 1989. Þar vantar 40 millj. kr. til að svo hafi verið gert að fullu. Einnig er lagt til að gjaldið verði fellt niður um næstu áramót.

Um rökstuðning fyrir þessum breytingartillögum vísast til greinargerðar frumvarps til laga um breytingu á sömu lögum á þskj. 163.

Verði tillögur minni hl. felldar er eðlilegt að frumvarpinu verði breytt eins og Landssamband iðnaðarmanna leggur til á meðfylgjandi fylgiskjali þannig að hluta af tekjum jöfnunargjaldsins verði varið til að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt til útflutnings- og samkeppnisiðnaðar eins og þar er lýst.

Verði frumvarpið samþykkt óbreytt gefur það ríkissjóði 800 milljónir kr. í tekjur sem er sama upphæð og á yfirstandandi ári að teknu tilliti til endurgreiðslunnar. Tekjur ríkissjóðs af jöfnunargjaldi 1981–1991 og endurgreiðslur því tengdar sjást á eftirfarandi töflu:

	Innheimta tekjur (m.kr.)	Þar af endurgreitt (m.kr.)
Árið 1981	37,8	20,9
Árið 1982	66,6	37,8
Árið 1983	110,4	57,1
Árið 1984	142,6	79,4
Árið 1985	217,9	113,1
Árið 1986	282,7	169,9
Árið 1987	403,9	263,2
Árið 1988	513,4	225,5
Árið 1989, brb.	833,5	337,2
Árið 1990, brb.	960,0	160,0
Árið 1991, áætl.	800,0	0

Komi stjórnarmeirihlutinn í veg fyrir að áðurgreind sjónarmið minni hl. nái fram að ganga við afgreiðslu málsins er ljóst að frumvarpið er eingöngu flutt til að afla ríkissjóði tekna með gjaldi sem ríkisstjórnin lofaði að leggja niður um síðustu áramót.

Minni hl. tekur ekki þátt í slíkri afgreiðslu.

Alþingi, 20. des. 1990.

Friðrik Sophusson, frsm.

Matthías Bjarnason.

Fylgiskjal.

Landssamband iðnaðarmanna:

Umsögn um stjórnarfrumvarp til laga um breytingu á lögum um jöfnunargjald.

Bréf til fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar Alþingis.
(11. desember 1990.)

Fyrir Alþingi liggur nú stjórnarfrumvarp um breytingu á lögum nr. 78/1980, um jöfnunargjald, þar sem lagt er til að gjaldið lækki í áföngum á næsta ári og falli alveg niður í árslok 1991. Eins og fram kemur í rökstuðningi með frumvarpinu hefur söluskattur safnast upp í framleiðslukostnaði og fjárfestingum innlends iðnaðar og því haft neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu hans. Til þess að iðnaðurinn búi við eðlileg skilyrði til fríverslunar hefur því verið nauðsynlegt að jafna út þessi neikvæðu áhrif og — eins og skýrt kemur fram í greinargerð frumvarpsins — þá er þessi uppsöfnun enn þá fyrir hendi að vissu marki, og verður því um sinn áfram þörf á að mæta henni.

Til þess að mæta hinum neikvæðu áhrifum söluskatts á samkeppnisstöðu iðnaðar hafa til þessa verið farnar tvær leiðir. Annars vegar hefur verið lagt jöfnunargjald á margar innfluttar vörur sem eru í samkeppni við íslenskar iðnaðarvörur, og hefur þessi gjaldtaka átt að samsvara uppsöfnuðum söluskatti í innlendri framleiðslu. Hins vegar hefur útflutningsiðnaði og þeim heimamarkaðsgreinum, sem framleiða vörur sem ekki bera jöfnunargjald við innflutning (einkanlega vörur til sjávarútvegs), verið endurgreiddur uppsafnaður söluskattur.

Í athugasemdum með frumvarpinu eru rækilega útskýrðar forsendur jöfnunargjaldsins og færð rök fyrir því að áhrifa uppsafnaðs söluskatts gæti í raun áfram í einhvern tíma eftir að söluskattskerfið var lagt af hér á landi. Það er ánægjulegt að sjá hve afdráttarlaust — og af meiri skilningi en iðnaðurinn á að venjast — er fjallað um þessi mál í athugasemdum með stjórnarfrumvarpinu. Landssamband iðnaðarmanna er sammála þessum rökstuðningi fyrir því að innheimtu jöfnunargjalds verði haldið áfram út næsta ár en bendir á að ætli stjórnvöld að vera sjálfum sér samkvæm þá eigi þau með sömu rökum að halda áfram um sinn að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt til þess hluta iðnaðarins sem ekki nýtur „verndar" af jöfnunargjaldi. Að öðrum kosti er iðngreinum mismunað. Sé það ekki vilji Alþingis að uppsafnaður söluskattur verði endurgreiddur iðnaðinum á meðan jöfnunargjald er til staðar verður Landssamband iðnaðarmanna að líta svo á að með umræddu frumvarpi sé eingöngu stefnt að því að afla fjár í ríkissjóð undir því yfirskini að um jöfnun á samkeppnisstöðu íslensks iðnaðar sé að ræða.

Í fylgiskjali með frumvarpinu er mat Þjóðhagsstofnunar á uppsöfnuðum söluskatti í rekstrarfjármunum í iðnaði og hlut hans í afskriftum. Þar kemur fram að söluskattur í afskriftum sem hlutfall af rekstrargjöldum er að meðaltali 0,22% og að ákveðnum forsendum gefnum þurfi jöfnunargjaldið að vera að meðaltali 3,2% á næsta ári til að jafna út áhrif uppsafnaðs söluskatts í rekstrarfjármunum. Þetta sýnir betur en margt annað að full ástæða er til að ljúka við að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt, ekkert síður en að halda jöfnunargjaldinu áfram. Það horfir því einkennilega við Landssambandi iðnaðarmanna að fjáraukalög fyrir árið 1990 skuli hafa verið lögð fram og samþykkt þannig að gert sé ráð fyrir að endurgreiða ekki uppsafnaðan söluskatt vegna ársins 1989 að fullu, heldur sleppa endurgreiðslu vegna desember. Þessi afgreiðsla í fjáraukalögum og rökstuðningur sem m.a. einstakir ráðherrar færðu fyrir henni og greinargerð með umræddu frumvarpi um breytingu á jöfnunargjaldslögum stangast með öðrum orðum augljóslega á. Getur Alþingi samþykkt að iðngreinum sé mismunað með svo augljósum hætti?

Auk þess sem að framan segir er nauðsynlegt að taka skýrt fram að jöfnunargjald hefur alls ekki að öllu leyti reynst íslenskum iðnaði hjálplegt. Stafar það af því að gjaldið hefur á undanförnum árum í vaxandi mæli fengið öll venjuleg einkenni fjáröflunarskatts að því leyti að það hefur m.a. verið lagt á ýmis mikilvæg aðföng til iðnaðar, og hefur reynst mjög torvelt fyrir iðnfyrirtæki — og í sumum tilvikum ómögulegt — að fá gjaldið fellt niður eða endurgreitt af aðföngum sínum, eins og þau eiga þó skýlausa kröfu til samkvæmt tollalögum. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að fjármálaráðherra hefur í gildandi lögum mjög víðtækar heimildir til að ákveða hvernig innheimta jöfnunargjalds er í framkvæmd. Enn fremur hefur endurgreiðsla uppsafnaðs söluskatts iðulega verið óeðlilega síðbúin og því ekki nýst sem skyldi. Loks má nefna að við setningu laga um jöfnunargjald var upphaflega gert ráð fyrir því að tekjur af jöfnunargjaldi yrðu að talsverðu leyti nýttar til iðnþróunar (umfram það sem varið yrði til endurgreiðslu söluskatts).

Landssamband iðnaðarmanna vekur athygli á að þessi ásetningur hefur alls ekki gengið eftir.

Í ljósi framanritaðs leggur Landssamband iðnaðarmanna til að *frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingum:*

1. Sett verði inn í lögin ný grein sem kveði á um að hluta af tekjum jöfnunargjaldsins skuli varið til að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt til útflutningsiðnaðar og þess samkeppnisiðnaðar sem framleiðir vörur og þjónustu sem ekki er jöfnunargjaldsskyld. Endurgreiðslur skulu reiknaðar út með hliðstæðum hætti og verið hefur, en hlutfall þeirra skuli þó lækkað í samræmi við lækkun jöfnunargjalds uns endurgreiðslur falli niður þegar jöfnunargjald verður fellt niður.
2. Bætt verði inn í lögin grein sem kveði á um að reglugerð um jöfnunargjald skuli endurskoðuð með það að markmiði að tryggja að jöfnunargjald nái þeim yfirlýsta tilgangi að jafna samkeppnisstöðu íslensks iðnaðar og koma í veg fyrir að það leggist á aðföng iðnaðarins og skerði með þeim hætti samkeppnisstöðu hans.

Að lokum skal vísað til meðfylgjandi afrits af nýlegu bréfi Landssambands iðnaðarmanna til fjárveitinganefndar þar sem harðlega er mótmælt þeim áformum, sem fram komu í frumvarpi til fjáraukalaga, að fella niður endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts til iðnaðar fyrir desember 1989. Þetta frumvarp hefur nú sem kunnugt er verið samþykkt án þess að tillit væri tekið til þessara mótmæla. Að mati Landssambands iðnaðarmanna felst alvarleg mótsögn í þessari afgreiðslu miðað við yfirlýstan tilgang og rökstuðning fyrir umræddu frumvarpi um jöfnunargjald.

Virðingarfyllst,
Landssamband iðnaðarmanna,
Þórleifur Jónsson framkvæmdastjóri.

Landssamband iðnaðarmanna:

Endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti samkvæmt frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1990.
Bréf til fjárveitinganefndar Alþingis.
(28. desember 1990.)

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1990 þar sem lagt er til að iðnaðinum verði endurgreiddar eftirstöðvar uppsafnaðs söluskatts 1989 að hluta. Samkvæmt frumvarpinu er miðað við að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt til loka nóvember 1989 og engar endurgreiðslur verði vegna desember. Gangi þetta eftir fer frumvarp þetta í bága við anda laganna um jöfnunargjald, en þar segir: „Tekjum af jöfnunargjaldi skal ráðstafað í fjárlögum ár hvert að hluta til eflingar iðnþróunar.“ Lagaákvæði þetta hefur verið uppfyllt með endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti til þeirrar iðnaðarstarfsemi sem ekki nýtur verndar af gjaldinu. Endurgreiðslu þessa á nú að skerða.

Landssamband iðnaðarmanna mótmælir þessari málsmeðferð harðlega, svo og því að ekki skuli eiga að standa við gefin loforð í þessum efnum. Eins og rakið er í bréfi Lands-

sambands iðnaðarmanna til fjármálaráðherra dags. 9. ágúst sl. (hjálagt fylgir ljósrit úr bréfinu) var gefið loforð við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1990, að eftirstöðvar uppsafnaðs söluskatts yrðu endurgreiddar að fullu til iðnaðarins. Jafnframt mætti vitna til fjölmargra síðari ummæla ráðamanna um þetta atriði.

Þau aðildarfyrirtæki Landssambandsins, sem bíða uppgjörs á endurgreiðslu vegna viðskipta 1989, eru aðallega í málm- og skipasmíðaiðnaði, en þessar greinar eiga nú í verulegum erfiðleikum. Sá mikli dráttur, sem orðið hefur á endurgreiðslunni, fyrst á fyrri hlutanum og síðan á eftirstöðvum ársins 1989, kemur mörgum fyrirtækjum afar illa þar sem þau reiknuðu með þessum greiðslum. Ekki bætir úr skák ef eftirstöðvarnar verða ekki endurgreiddar að fullu. Á sama tíma hafa sum þessara fyrirtækja greitt dráttarvexti af skuldum sínum við ríkissjóð án þess að geta skuldajafnað. Hefur þessi dráttur leitt til verulegrar fjárbindingar hjá fyrirtækjunum með tilheyrandi kostnaði.

Iðnaður tengdur sjávarútvegi, svo sem málm- og skipaiðnaður, svo og útflutningsiðnaður, nýtur þess ekki að jöfnunargjald sé lagt á erlendar samkeppnisvörur þeirra. Af þeirri ástæðu var nauðsynlegt að jafna út samkeppnisáhrif uppsafnaðs söluskatts á framleiðslu greinanna á annan hátt, þ.e. með endurgreiðslu hans. Endurgreiðslan er til komin vegna þess að innlendu fyrirtækin bjuggu við söluskattskerfi þar sem söluskattur safnast upp en þau erlendu við virðisaukaskatt þar sem hverfandi uppsöfnun á sér stað. Það var því einfaldlega verið að leiðrétta fyrir neikvæðum samkeppnisáhrifum þáverandi söluskattskerfis þegar ákveðið var að endurgreiða skattinn. Aðildarfyrirtæki Landssambandsins, sem hlotið hafa endurgreiðslu um árabil, hafa aldrei litið á hana öðruvísi en sem samkeppnisjöfnun og sjálfsagða afleiðingu fríverslunarsamninga við EFTA og EB. Ekki verður annað séð en að hingað til hafi stjórnvöld einnig litið svo á. Drátturinn á endurgreiðslu og nú síðast frumvarpið til fjáraukalaga fyrir 1990 benda hins vegar til þess að núverandi stjórnvöld hafi aðra afstöðu til þessa atriðis. Þessi kúvending er afskaplega einkennileg, sérstaklega þegar annað ríkisstjórnarfrumvarp (um breytingu á lögum nr. 78/1980, um jöfnunargjald) er haft í huga, en þar er höfuðröksemd þess að jöfnunargjaldi verði haldið áfram einmitt sú að nauðsyn beri til að verðveita samkeppnisskilyrði iðnaðarins.

Landssambandið telur það alvarlegt mál þegar breytt er afturvirkt af hálfu stjórnvalda þeim forsendum sem þegar orðin viðskipti grundvölluðust á. Fyrirtækin gerðu sín viðskipti 1989 í fullvissu þess að uppsafnaður söluskattur yrði endurgreiddur á sama hátt og áður. Því verður ekki trúað að Alþingi ákveði með fjáraukalögum ákvæði sem gengur svo augljóslega gegn meginmarkmiði annarra laga, sem það hefur sjálft sett. Landssamband iðnaðarmanna treystir því að á frumvarpinu verði gerðar þær breytingar sem tryggja að svo verði ekki.

Með vinsemd og virðingu,
Landssamband iðnaðarmanna,
Þórleifur Jónsson framkvæmdastjóri.

Landssamband iðnaðarmanna:

Endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti.
Bréf til Ólafs Ragnars Grímssonar.
(9. ágúst 1990.)

Við undirbúning fjárlagafrumvarps fyrir árið 1990 benti Landssamband iðnaðarmanna á að hvergi í frumvarpinu væri gert ráð fyrir að veita fé til endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti vegna ársins 1989. Var þessi ábending bæði kynnt fyrir ráðherrum og fjárveitinganefnd Alþingis. Bent var á að ekki þyrfti að hafa áhyggjur af þessu máli, vegna þess að gert hefði verið ráð fyrir þessu í fjáraukalögum ársins 1989. Þess vegna lægi fyrir formleg ákvörðun stjórnvalda og fjárveitingavaldsins um að hinn uppsafnaði söluskattur yrði að fullu endurgreiddur.

Eins og fram hefur komið í umræðum á Alþingi og á öðrum vettvangi liggur hins vegar fyrir að sú upphæð, sem ákveðin var með fjáraukalögum á síðasta ári til að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt í iðnaði vegna framleiðslu á árinu 1989, hrekkur ekki til og samkvæmt áætlunum gæti fjárvöntunin numið um það bil 200 millj. kr. Þótt upplýsingar þessar lægju fyrir snemma á þessu ári og Landssambandið ítrekaði ábendingu sína um þetta mál í apríl sl. var því í raun hafnað að taka það með við afgreiðslu aukafjárlaga á vorþinginu. Er afleiðingin sú að ekki hefur enn þá verið endurgreiddur söluskattur vegna síðari hluta ársins 1989 sem þýðir verulega fjárbindingu fyrir fyrirtækin. Stingur þessi málsmeðferð óneitanlega í stúf við anda laganna um jöfnunargjald og yfirlýsingar á þingi og í fjölmiðlum um verndun iðnaðar í tengslum við hækkun gjaldsins.

Landssamband iðnaðarmanna leggur þunga áherslu á að úr þessu verði bætt. Landssambandinu er ljóst að þér, hr. fjármálaráðherra, teljið ekki heimildir til að greiða slíkar upphæðir úr ríkissjóði án fjárlagaheimildar þótt lögin um jöfnunargjaldið kveði á um að það skuli gert. Nauðsynlegt virðist því að tryggja með ótvíræðum hætti eigi síðar en í frumvarpi því að fjáraukalögum, sem lagt verður fyrir Alþingi í haust, þá upphæð sem nauðsynleg er til þess að staðið verði við loforðin um endurgreiðslu skattsins. Hér er um að ræða verulegt hagsmunaatriði fyrir íslenskan iðnað og má í því sambandi einnig benda á að ýmsar iðngreinar, sem eiga að fá þessa endurgreiðslu, eiga í verulegum erfiðleikum um þessar mundir. Má þar m.a. nefna málm- og skipaiðnað.

Landssambandið beinir þeirri eindregnu áskorun til yðar, hr. fjármálaráðherra, að um þetta mál verði nú þegar tekin formleg ákvörðun þannig að ekki dragist enn úr hömlu að koma til móts við þá forsendu laganna um jöfnunargjaldið að með því sé verið að jafna þann aðstöðumun sem skapaðist vegna uppsöfnunar skattsins.

Virðingarfyllst,
Landssamband iðnaðarmanna,
Þórleifur Jónsson framkvæmdastjóri.

Nd. 429. Breytingartillögur [167. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 23. desember 1980, um jöfnunargjald, með áorðnum breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (FrS, MB).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Á árinu 1990 skal endurgreiða iðnfyrirtækjum uppsafnaðan söluskatt vegna ársins 1989.
2. Við 2. gr. Í stað „1992“ komi: 1991.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 430. Nefndarálit [241. mál]

um frv. til l. um Útflutningsráð Íslands.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 20. des. 1990.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur G. Þórarinsson, fundaskr.	Ragnar Arnalds.
Matthías Bjarnason, með fyrirvara.	Friðrik Sophusson, með fyrirvara.	Þórhildur Þorleifsdóttir.
	Jón Sæmundur Sigurjónsson.	

Nd. 431. Breytingartillaga [241. mál]

við frv. til l. um Útflutningsráð Íslands.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 3. gr.

a. B-liður fyrri málsgreinar falli brott.
b. Orðin „og b“ í 1. málsl. síðari málsgreinar falli brott.

Nd. 432. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur meiri hl. hennar til að það verði samþykkt.

Alþingi, 20. des. 1990.

Páll Pétursson, form., frsm. | Guðmundur G. Þórarinsson, fundaskr. | Ragnar Arnalds.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Nd. 433. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar og skrifstofuhúsnæði.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. nefndarinnar er andvígur frumvarpinu og leggur til að það verði fellt. Sá samdráttur, sem orðið hefur í verslun og byggingu verslunarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu, sem og á landsbyggðinni, sýnir ljóslega að ekki er grundvöllur fyrir því að viðhalda þessu gjaldi. Minni hl. minnir jafnframt á loforð ríkisstjórnarinnar um aðstoð við strjábýlisverslunina en ekkert þeirra loforða hefur verið efnt.

Alþingi, 20. des. 1990.

Matthías Bjarnason, frsm. | Friðrik Sophusson.

Nd. 434. Nefndarálit [194. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 77/1979, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Ragnhildur Helgadóttir og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. des. 1990.

Ragnar Arnalds, form., frsm. | Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr. | Þórhildur Þorleifsdóttir.

Guðmundur G. Þórarinsson. | Árni Gunnarsson.

Nd. 435. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til l. um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um málið Hauk Vilhjálmsson frá Félagi heyrnarlausra, Gunnar Salvarsson, skólastjóra Heyrnleysingjaskólans, Helga Seljan og Ásgerði Ingimarsdóttur frá Öryrkjabandalaginu, Bryndísi Víglundsdóttur, skólastjóra Þroskaþjálfaskólans, og Valgerði Stefánsdóttur, táknmálskennara við Þroskaþjálfaskólann.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Ragnhildur Helgadóttir og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. des. 1990.

Ragnar Arnalds, form., frsm. | Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr. | Þórhildur Þorleifsdóttir.

Árni Gunnarsson. | Guðmundur G. Þórarinsson.

Nd. 436. Nefndarálit [245. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 76 19. ágúst 1987, um Iðnlánasjóð.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta sem er fylgifrumvarp með frumvarpi um Útflutningsráð Íslands, 241. mál þingsins.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 20. des. 1990.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Kristín Einarsdóttir, fundaskr.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Friðrik Sophusson, með fyrirvara.	Birgir Ísl. Gunnarsson, með fyrirvara.	Páll Pétursson.
	Guðmundur G. Þórarinsson.	

Ed. 437. Nefndarálit [228. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 20. des. 1990.

Valgerður Sverrisdóttir, form., frsm.	Salome Þorkelsdóttir, fundaskr.	Margrét Frímannsdóttir.
Guðmundur H. Garðarsson.	Guðrún J. Halldórsdóttir.	Stefán Guðmundsson.
	Karl Steinar Guðnason.	

Nd. 438. Frumvarp til laga [213. mál]

um breyting á lögum nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 76/1989 og nr. 70/1990.

(Eftir 3. umr. í Ed., 20. des.)

1. gr.

a. 5. mgr. 13. gr. laganna falli brott.
b. 20.–22. gr. laganna falli brott.
c. 7. mgr. 30. gr. laganna falli brott.

2. gr.

Í stað 2. mgr. 94. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Eigi skal greiða stimpilgjald af lánssamningum sem Húsnæðisstofnun ríkisins gerir við framkvæmdaraðila vegna byggingar eða kaupa á félagslegum íbúðum. Skuldabréf, sem

framkvæmdaraðili gefur út í verklok til Húsnæðisstofnunar ríkisins, eru einnig stimpilfrjáls.

Eigi skal greiða stimpilgjald af skuldabréfum sem kaupendur félagslegra íbúða gefa út til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Þó skal greiða stimpilgjald við kaup á almennum kaupleiguíbúðum.

3. gr.

Í stað orðanna „skv. 2. mgr. 102. gr.“ í 100. gr. laganna komi: skv. 101. gr.

4. gr.

Lögin öðlast þegar gildi. Fjármálaráðherra er heimilt að endurgreiða stimpilgjald af skjölum þeim sem getur í 2. gr. og stimpluð voru eftir 1. júní 1990.

Ed. 439. Frumvarp til laga [227. mál]

um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989.

(Eftir 2. umr. í Ed., 20. des.)

1. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra er:

1. Að styrkja byggingu þjónustumiðstöðva, dagvista, þjónustuhúsnæðis aldraðra og hjúkrunarrýmis fyrir aldraða, sbr. 17. og 18. gr.
2. Að veita styrki til breytinga, endurbóta og viðhalds á stofnunum aldraðra sem eru í rekstri við gildistöku þessara laga.
3. Að styðja sveitarfélög, einkum dreifbýlissveitarfélög, til að koma á fót heimaþjónustu fyrir aldraða.
4. Að veita tímabundið rekstrarfé til stofnana fyrir aldraða sem breyta eða hefja starfsemi eftir að fjárlagaár hefst.
5. Önnur verkefni sem sjóðstjórn ákveður og heilbrigðisráðherra samþykkir.

Heimilt er að veita allt að þriðjungi af árlegu ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs aldraðra til verkefna skv. 3., 4., og 5. tölul. 1. mgr.

2. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Mat á vistunarþörf skal að jafnaði vera í höndum þjónustuhóps aldraðra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 440. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 23. desember 1980, um jöfnunargjald, með áorðnum breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur meiri hl. nefndarinnar til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 20. des. 1990.

Páll Pétursson, form., frsm. | Guðmundur G. Þórarinsson, fundaskr. | Ragnar Arnalds.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Nd. 441. Breytingartillaga [167. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 23. desember 1980, um jöfnunargjald, með áorðnum breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, GGÞ, RA, JSS).

Síðasti málsliður 1. gr. orðist svo: Gjaldið skal vera 4% frá 1. janúar til 1. september 1991 og 3% frá 1. september til 31. desember 1991.

Nd. 442. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til l. um tryggingagjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Ólaf Davíðsson, Víglund Þorsteinsson og Bjarna Þór Jónsson frá Félagi íslenskra iðnrekenda, Þórarin V. Þórarinsson og Hannes Sigurðsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Þórleif Jónsson og Guðlaug Stefánsson frá Landssambandi iðnaðarmanna, Hauk Halldórsson og Hákon Sigurgrímsson frá Stéttarsambandi bænda, Ágúst H. Elíasson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Árna Benediktsson frá Félagi Sambands fiskframleiðenda, Svein Hjört Hjartarson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Láru V. Júlíusdóttur frá Alþýðusambandi Íslands, Vilhjálm Egilsson frá Verslunarráði Íslands, Magnús Pétursson, Bolla Þór Bollason og Snorra Olsen frá fjármálaráðuneytinu og Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóra. Þá bárust nefndinni skriflegar umsagnir frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Landssambandi iðnaðarmanna.

Meiri hl. nefndarinnar fellst á nauðsyn þess að samræma launagjöld. Ljóst er að nú-

gildandi fyrirkomulag er óhentugt og þungt í vöfum, jafnt fyrir skattgreiðendur og skattyfirvöld. Jafnframt telur meiri hl. nefndarinnar ljóst að sú breyting, sem felst í frumvarpinu, að innheimta tryggingagjald mánaðarlega í tengslum við gildandi staðgreiðslukerfi tekjuskatta einstaklinga, muni bæta skattskil verulega og draga úr möguleikum á undandrætti á skattinum.

Ljóst er að í frumvarpinu felst nokkur íþynging á þeim greinum sem nú eru undanþegnar launagjöldum. Fyrir liggur að félagsmálaráðherra hefur ákveðið að skipa samstarfsnefnd ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga til þess að gera tillögur um með hvaða hætti afnám aðstöðugjalds geti átt sér stað og hvaða breytingar þurfi að gera á öðrum tekjustofnum sveitarfélaga. Ákveðið er að samstarfsnefndin hafi samráð við aðila atvinnulífsins um tillögugerðina.

Meiri hl. nefndarinnar telur nauðsynlegt að tekin verði til endurskoðunar ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar, m.a. að því er varðar bótaréttindi, enda fela ákvæði frumvarpsins um tryggingagjald í sér að fleiri aðilar munu greiða til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Greint hefur verið frá því að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra muni skipa starfshóp til að endurskoða m.a. réttindaákvæði laga um atvinnuleysistryggingar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur áherslu á nauðsyn þess að flýtt verði endurskoðun á lögum um aðstöðugjald.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Sú breyting felur í sér að tryggingagjald verði í tveimur þrepum, þ.e. 2,5% og 6%.

Alþingi, 20. des. 1990.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur G. Þórarinsson, fundaskr.	Ragnar Arnalds.
	Jón Sæmundur Sigurjónsson.	

Nd. 443. Breytingartillögur [233. mál]

við frv. til l. um tryggingagjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, RA, JSS, GGÞ).

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Tryggingagjald skal lagt á í tveimur gjaldflokkum, sérstökum og almennum. Tryggingagjald í sérstökum gjaldflokki, sbr. 2. mgr., skal vera 2,5% af gjaldstofni og í almennum gjaldflokki, sbr. 3. mgr., skal gjaldið vera 6%.

Í sérstökum gjaldflokki skulu vera atvinnugreinar sem flokkast undir fiskveiðar eða iðnað, skv. 1., 2., eða 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, eða landbúnað, þar með talið skógrækt, fiskeldi, fiskrækt, jarðræktarframkvæmdir og byggingarframkvæmdir á bújörðum.

Í almennum gjaldflokki skulu vera allar aðrar gjaldskyldar atvinnugreinar.

Reki aðili fjölþættan atvinnurekstur eða starfsemi sem ýmist fellur undir sérstakan gjaldflokk eða almennan gjaldflokk skal hann aðgreina launagreiðslur í bókhaldi

sínu þannig að séð verði hvað af þeim tilheyri hvorum þætti. Greiðslum fyrir yfirstjórn og öðrum slíkum greiðslum, sem ekki eru beint tengdar ákveðnum þáttum starfseminnar, skal skipt upp í gjaldflokka, þ.e. tryggingagjaldsskyld laun sem falla undir almennan flokk og sérstakan flokk, í sömu hlutföllum og eru á milli heildargreiðslu í hvorum gjaldflokki áður en umræddar yfirstjórnargreiðslur eru meðtaldar og reikna tryggingagjald af þeim í samræmi við það. Ef slík aðgreining er ekki fyrir hendi í bókhaldi eða ef hún er í verulegum atriðum röng eða ófullnægjandi að mati skattstjóra skal hann áætla skiptinguna.

2. Við ákvæði til bráðabirgða.
   Niður falli ákvæði I–III.

Nd. 444. Nefndarálit [234. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta sem flutt er í tengslum við frumvarp um tryggingagjald, 233. mál þingsins.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 20. des. 1990.

Páll Pétursson, form., frsm. | Guðmundur G. Þórarinsson, fundaskr. | Ragnar Arnalds.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Ed. 445. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um hlut Íslands í stofnfé Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Guðrún J. Halldórsdóttir og Halldór Blöndal voru fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. des. 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm. | Jóhann Einvarðsson, fundaskr. | Ey. Kon. Jónsson.

Skúli Alexandersson. | Eiður Guðnason.

Ed. 446. Nefndarálit [235. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.
Guðrún J. Halldórsdóttir og Halldór Blöndal voru fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. des. 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm. | Jóhann Einvarðsson, fundaskr. | Skúli Alexandersson.

Ey. Kon. Jónsson. | Eiður Guðnason.

Nd. 447. Breytingartillaga [233. mál]

við brtt. á þskj. 443 [Tryggingagjald].

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (FrS, MB).

Við 1. Í stað „6%“ í niðurlagi 1. efnismgr. komi: 5,5%.

Ed. 448. Lög [185. mál]

um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.)

Samhljóða þskj. 416.

Nd. 449. Breytingartillaga [241. mál]

um frv. til l. um Útflutningsráð Íslands.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 3. gr. Í stað a- og b-liða fyrri málsgreinar komi þrír nýir stafliðir svohljóðandi:

a. 0,05% af aðstöðugjaldsstofni fiskvinnslu, iðnaðar og byggingarstarfsemi,
b. 0,03% af aðstöðugjaldsstofni fiskveiða,

c. 0,01% af aðstöðugjaldsstofni flutninga á sjó og flugrekstrar, þó ekki strandflutninga eða innanlandsflugs, og þeirra aðila í öðrum atvinnugreinum sem kjósa sjálfir að gerast aðilar að Útflutningsráði.

Nd. 450. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til l. um tryggingagjald.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta kom fram allt of seint. Ágreiningur varð milli stjórnarflokkanna um nokkur ákvæði frumvarpsins eftir að það kom til afgreiðslu á Alþingi. Vegna tímaskorts fékk frumvarpið óverulega skoðun í nefndinni.

Eftir breytingar, sem meiri hl. vill gera á frumvarpinu, verður greinargerðin í ósamræmi við ákvæði frumvarpsins. Samkvæmt greinargerðinni er markmiðið að jafna gjaldið í áföngum. Með breytingartillögunni er horfið frá því.

Frumvarpið er einn þáttur skattkerfisbreytinga sem nefnd á vegum fjármálaráðuneytis vinnur að til „að jafna samkeppnisstöðu innlendra útflutnings- og samkeppnisgreina gagnvart erlendum keppinautum". Önnur frumvörp hafa ekki verið lögð fram, en ríkisstjórnin hefur boðað að lagt verði fram frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt strax eftir áramót. Meginsjónarmið í því frumvarpi er „að minnkandi verðbólga leiði ekki til hækkunar á raungildi eftirágreiddra tekjuskatta og eignarskatta fyrirtækja" eins og sagt er í meðfylgjandi umsögn Vinnuveitendasambands Íslands. Bæði þarf að lækka álagningarhlutfall og heimila aðra viðmiðun verðbólguleiðréttingar en þeirrar sem skattauppgjör miðast nú við.

Eina breytingin, sem verður við samþykkt þessa frumvarps, er að ýmsir sem njóta ekki réttinda úr Atvinnuleysistryggingasjóði verða að greiða til sjóðsins. Nauðsynlegt er að tryggja réttindi þeirra með lögum þannig að skyldur og réttindi fara saman. Í því sambandi má benda á frumvarp Geirs H. Haarde á þskj. 329 en það gæti leyst úr því máli.

Fyrsti minni hl. nefndarinnar telur ótækt að ekki skuli liggja fyrir þau frumvörp sem nauðsynlegt er að fylgi þessari kerfisbreytingu. Samþykkt þeirra frumvarpa er grundvöllur stuðnings stórra samtaka í atvinnulífinu við þetta frumvarpið.

Því miður virðist undirbúningur við gerð frumvarpsins ekki nægilega traustur eins og m.a. sést á 19. gr. sem er skólabókardæmi um það hvernig lagaákvæði á ekki að vera.

Fyrsti minni hl. nefndarinnar flytur breytingartillögu á þskj. 447. Sú breytingartillaga er í samræmi við upphaflegar tillögur þeirrar nefndar sem samdi frumvarpið. Þar er hugmyndin sú að nota tekjurnar, sem fást við breikkun skattstofnsins, til að lækka gjaldið á þeim sem hæst launaskattshlutfall hafa greitt hingað til.

Alþingi, 20. des. 1990.

Friðrik Sophusson, frsm. Matthías Bjarnason.

Fylgiskjal.

Landssamband iðnaðarmanna:

Umsögn um frumvarp til laga um tryggingagjald.
Bréf til fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar Alþingis.
(19. desember 1990.)

Að beiðni yðar hefur Landssamband iðnaðarmanna yfirfarið frumvarp til laga um tryggingagjald og gert um það hjálagða ályktun.

Ályktunin nær raunar einnig til frumvarps til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og frumvarps til laga um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, enda nauðsynlegt að skoða í samhengi heildaráhrif þessara frumvarpa á skattlagningu atvinnurekstrarins.

Eins og sjá má leggur Landssamband iðnaðarmanna til að frumvarpi um tryggingagjald verði vísað frá og annarra leiða leitað til þess að samræma launatengda skatta fyrirtækja.

Varðandi frumvarp um tekjuskatt og eignarskatt teldi Landssamband iðnaðarmanna mjög æskilegt, í ljósi samanburðar við skatthlutfall fyrirtækja í helstu samkeppnislöndum, að tekjuskattshlutfall félaga verði lækkað úr 50% í 40%. Með tilliti til fyrirsjáanlegs halla á fjárlögum næsta árs leggur Landssamband iðnaðarmanna þó til að tekjuskattshlutfall félaga verði lækkað úr 50% í 44%. Að mati Landssambands iðnaðarmanna fæli þessi breyting í sér, miðað við forsendur þjóðhagsáætlunar og fjárlagafrumvarps um verðlagsbreytingar á næsta ári, að skattbyrði fyrirtækja (virkt skatthlutfall) yrði óbreytt frá því sem var á þessu ári og því í samræmi við fyrirheit sem stjórnvöld hafa gefið atvinnulífinu varðandi skattlagningu þess.

Virðingarfyllst,
Landssamband iðnaðarmanna,
Þórleifur Jónsson framkvæmdastjóri.

Landssamband iðnaðarmanna:

Ályktun um fyrirhugaðar skattahækkanir.
(19. desember 1990.)

Stjórn Landssambands iðnaðarmanna mótmælir harðlega áformum um stórfellda skattahækkun sem fram koma í frumvörpum ríkisstjórnarinnar er lögð hafa verið fram á Alþingi, um tryggingagjald og um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Um tryggingagjald.

Samkvæmt frumvarpi um tryggingagjald er ráðgert að leggja á einn skatt, tryggingagjald, í stað núgildandi launaskatts og ýmissa smærri launatengdra skatta. Jafnframt er gert ráð fyrir að tryggingagjald verði lagt á allar atvinnugreinar, en landbúnaður, sjávarútvegur og iðnaður greiða nú ekki launaskatt. Enn fremur er ætlunin að tryggingagjald verði innheimt með staðgreiðslu skatta, en sumir þeirra skatta, sem því er ætlað að koma í stað, eru nú eftirágreiddir. Loks felur frumvarpið í sér að gjaldstofn hins nýja skatts er mun breiðari en þeirra skatta sem hann leysir af hólmi.

Samkvæmt frumvarpinu er ráð gert að tryggingagjald verði 4,25% af launum til frambúðar, eða frá og með árinu 1993. Þó er ekki ljóst hvort samstaða er í ríkisstjórninni um að stefna þannig að einu skatthlutfalli fyrir allar atvinnugreinar eða hvort niðurstaðan verði að leggja til tvö skatthlutföll um óákveðinn tíma, mishá eftir atvinnugreinum. Samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða er þannig lagt til að á næsta ári verði gjaldhlutfallið 6% á þeim atvinnugreinum sem nú eru launaskattsskyldar, en 2,5% á þeim atvinnugreinum sem eru undanþegnar launaskatti.

Markmið frumvarpsins er sagt það að samræma skattlagningu milli atvinnugreina innan lands og jafna samkeppnisstöðu útflutnings- og samkeppnisgreina gagnvart erlendum keppinautum.

Landssamband iðnaðarmanna vill af þessu tilefni koma eftirfarandi á framfæri:

1. Óviðunandi er að ætla Alþingi og samtökum atvinnulífsins aðeins fáeina daga eða jafnvel klukkustundir til þess að fjalla um svo margþætt mál sem frumvarpið er. Er því eðlilegast að afgreiðslu þess verði frestað eða því vísað frá.
2. Augljóst er að frumvarp um tryggingagjald miðar hvorki að samræmingu milli atvinnugreina innan lands né jöfnun samkeppnisstöðu útflutnings- og samkeppnisgreina, eins og þó er sagt vera markmið þess, heldur eingöngu að aukinni skatthеimtu.
3. Þar sem ekki er samstaða um eitt skatthlutfall til frambúðar liggur í augum uppi að frumvarpið felur ekki í sér samræmingu milli atvinnugreina.
4. Verði lögfest 4,25% tryggingagjald á útflutnings- og samkeppnisgreinar til frambúðar felur það í sér stóraukna skattbyrði á þessum atvinnugreinum. Þegar tillit er tekið til þess að tryggingagjald er staðgreiðsluskattur og skattstofn þess mun breiðari en núgildandi launaskattur felur 2,5% tryggingagjald einnig í sér aukna skattbyrði útflutnings- og samkeppnisgreina. Er því fráleitt að þessi nýi skattur stefni að jöfnun samkeppnisstöðu gagnvart erlendum keppinautum.
5. Vandséð er hvernig t.d. útflutnings- og samkeppnisiðnaður eiga að rísa undir þessari auknu skattbyrði. Verði frumvarpið að lögum mun það óhjákvæmilega leiða til verðhækkana á ýmsum sviðum, m.a. á útseldri vinnu í ýmsum iðngreinum.
6. Tekjuauki ríkissjóðs af breytingunni gróflega vanreiknaður. Í reynd felur frumvarpið í sér skattahækkun alls staðar í atvinnulífinu en aðeins mismikla eftir atvinnugreinum.
7. Skattahækkun verður langmest hjá sjálfstæðum atvinnurekendum. Er það mjög óeðlilegt, m.a. í ljósi þess að réttur þeirra í almannatryggingakerfinu er rýrari en almennra launþega.
8. Sérstök athygli er vakin á að laun eru mjög óheppilegur skattstofn hjá fyrirtækjum, m.a. þar sem hlutfall launa í veltu fyrirtækja er afar mishátt eftir atvinnugreinum. Þannig er launahlutfallið, samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar, allt frá 10–15%

í verslun og ýmsum öðrum atvinnugreinum upp í 50–75% í ýmsum greinum iðnaðar og byggingariðnaðar, sbr. meðfylgjandi súlurit. Af þessu leiðir að skattbyrði atvinnugreina verður mjög mismikil, jafnvel eftir að eitt skatthlutfall væri komið á, eða allt frá um 0,35% af veltu upp í um 2,9% af veltu. Skattbyrði vinnuaflsfrekustu greina yrði með öðrum orðum áttföld skattbyrði þeirra atvinnugreina sem þessi skattur er hagstæðastur. Það er því augljóst að með því að festa í sessi og hækka skatta fyrirtækja á launastofn er alls ekki stefnt að jöfnun skatta milli atvinnugreina. Þessi skattur er óhagstæðastur þeirri atvinnustarfsemi sem veitir hlutfallslega mesta atvinnu.


Um tekjuskatt fyrirtækja.

Samkvæmt frumvarpi um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt hefur ríkisstjórnin ákveðið að fara ekki að tillögum fyrirtækjaskattanefndar, sem starfar á vegum fjármálaráðherra, um að lækka tekjuskattshlutfall félaga úr 50% í 45%. Miðað við forsendur þjóðhagsáætlunar og fjárlagafrumvarps um verðlagsþróun á næsta ári þýðir óbreytt skatthlutfall, eins og í frumvarpinu felst, verulega aukningu á skattbyrði fyrirtækja. Landssamband iðnaðarmanna lýsir undrun sinni á þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Eins og fram kemur í áliti fyrirtækjaskattanefndar er skatthlutfall fyrirtækja talsvert hærra hér á landi en í helstu samkeppnislöndum. Auk þess er þar víða stefnt að lækkun. Í ljósi sífellt opnari viðskipta milli þjóða og aukinnar samkeppni erlendis frá við íslenskt atvinnulíf er því mjög brýnt að hér á landi verði þegar á næsta ári stigið skref til lækkunar og samræmingar við tekjuskatt fyrirtækja erlendis, þannig að skattlagning skerði ekki samkeppnisgetu íslenskra fyrirtækja. Væri því mjög æskilegt að skatthlutfall fyrirtækja lækkaði á næsta ári í 40%. Með tilliti til fyrirsjáanlegs halla ríkissjóðs á næsta ári leggur Landssamband iðnaðarmanna þó til að tekjuskattshlutfall fyrirtækja á næsta ári verði 44%. Í því fælist, miðað við fyrirliggjandi verðlagsspár, að skattbyrði fyrirtækja (virkt skatthlutfall) yrði óbreytt á næsta ári, og væri það í samræmi við fyrirheit sem stjórnvöld hafa gefið atvinnulífinu varðandi skattlagningu þess.

Fjármálaráðherra hefur kynnt opinberlega tillögur um að afnema heimild fyrirtækja til þess að leggja 15% af hreinum hagnaði sínum í fjárfestingarsjóð. Þótt þessa tillögu sé ekki að finna í fyrirliggjandi frumvarpi vill Landssamband iðnaðarmanna eindregið vara við þessari hugmynd. Með afnámi þessa frádráttar væri beinlínis unnið gegn því að fyrirtæki geti byggt upp sterkari eiginfjárstöðu. Mundi það bitna verst á þeim fyrirtækjum sem ekki hafa náð að byggja upp nægjanlega styrkan fjárhag til þess að taka þátt í ört vaxandi hlutabréfamarkaði og njóta þar með óbeint þess skattalega hagræðis sem það getur falið í sér.

Launahlutfall
eftir atvinnugreinum
(Laun og tengd gjöld sem % af tekjum)



Heimild: Þjóðhagsstofnun

Vinnuveitendasamband Íslands:

Umsögn VSÍ um frumvarp til laga um tryggingagjald.
Bréf til fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar Alþingis.
(19. desember 1990.)

Vinnuveitendasamband Íslands lítur á frumvarp um tryggingagjald sem annan af tveimur þáttum fyrsta áfanga endurskoðunar á reglum um skattlagningu fyrirtækja en ekki sjálfstætt og afmarkað mál.

Frumvarpið miðar að því að á árinu 1991 verði innheimta fimm launatengdra gjalda sameinuð í eitt gjald sem greiðist samhliða staðgreiðslu tekjuskatta einstaklinga. Þá er iðgjaldsstofn samræmdur. Í því felst að iðgjaldið reiknast af sama stofni og staðgreiðsla tekjuskatts og greiðist á sama tíma. Í þessu felst nokkur breikkun á iðgjaldsstofni en á móti kemur mikil einföldun sem telja verður til kosta.

Frumvarpið miðar að því að á árinu 1991 verði innheimt 2,5% tryggingagjald af þeim atvinnugreinum sem undanþegnar hafa verið 3,5% launaskatti en 6,0% iðgjald af öðrum greinum. Í heildina tekið er hér um óverulega breytingu að ræða á skattbyrði þótt aðeins sé það mismunandi eftir greinum. Þannig hefur útgerð ekki greitt vinnueftirlitsgjald sem er 0,1% af launum og atvinnuleysistryggingagjald er þar tiltölulega lægra hlutfall en í öðrum atvinnugreinum.

Meginbreytingin er hins vegar sú að samkvæmt gildandi lögum hafa ýmsir launagreiðendur, einkum sjálfstætt starfandi aðilar, verið lausir undan greiðslum til almannatrygginga. Launagreiðslur þessara aðila hafa þannig ekki verið stofn fyrir lífeyristryggingagjald. Einstaklingsrekstur hefur því ekki borið sömu byrðar vegna almannatrygginga og rekstur félaga, en í því hefur að mati VSÍ falist óeðlilegt misræmi. Lagabreytingin miðar að því að allur atvinnurekstur sitji við sama borð í þessu efni.

Þá verður einnig að vekja á því athygli að lagabreytingin miðar við að iðgjald til atvinnuleysistrygginga verði greitt af öllum launum. Vinnuveitendasambandið hefur vegna þessa bent á að þessari breytingu hljóti að fylgja breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar. Nú er réttur til atvinnuleysisbóta bundinn aðild að stéttarfélagi, og iðgjald er einungis skylt að greiða vegna þeirra starfsmanna sem réttar geta notið. VSÍ telur það algera forsendu fyrir iðgjaldsgreiðslum af launum allra starfsmanna að tryggilega verði frá réttindum þeirra gengið þannig að samhengi iðgjaldsgreiðslna og réttinda haldist.

Hið nýja tryggingagjald er svo sem áður er sagt aðeins annar þáttur fyrsta hluta endurskoðunar á reglum um skattgreiðslur fyrirtækja. Í athugasemdum með frumvarpi til laga um tekjuskatt og eignarskatt, sem dreift hefur verið, er boðað að í upphafi þinghalds eftir áramót verði lagðar fram tillögur sem miða að breytingum á skattlagningu fyrirtækja. Meginsjónarmiðið er að minnkandi verðbólga leiði ekki til hækkunar á raungildi eftirágreiddra tekju- og eignarskatta fyrirtækja. Til þess þarf bæði að lækka álagningarhlutfall og heimila aðra viðmiðun verðbólguleiðréttingar en þeirrar sem skattauppgjör er nú bundið við.

Ljóst er að ofangreindar breytingar á launagjöldum á árinu 1991 horfa misjafnlega við einstökum atvinnugreinum, en VSÍ telur hins vegar eðlilegt að meta málið í samhengi við

ofangreind fyrirheit um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt fyrirtækja í upphafi næsta árs og mæla því ekki gegn þessum fyrsta áfanga álagningar samræmds launagjalds.

Hvað síðari áfanga áformaðrar samræmingar varðar er ljóst að viðhorf einstakra aðildarfélaga VSÍ eru mismunandi. Stuðningur við þau áform hljóta að byggjast á enn víðtækari breytingum á skattlagningu opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga, á atvinnulífið. Frekari samræming skattkerfisins við það sem gerist í nálægum löndum er að mati VSÍ forsenda frekari samræmingar á launatengdum gjöldum en þeim áfanga sem gilda á árið 1991.

Með hliðsjón af ofanskráðu og meðan ekki er séð hvernig fer um efndir fyrirheita um endurbætur í skattamálum fyrirtækja eru ekki efni til að binda fyrirvaralaust í lög þá miklu hækkun launaskatta útflutnings- og samkeppnisgreina sem frumvarpið stefnir að á árunum 1992 og 1993. Í ljósi þessa telur VSÍ mikilvægt að frekari breytingar á launagjöldum séu látnar bíða næstu áfanga í endurskoðun á skattamálum fyrirtækja.

Virðingarfyllst,
Þórarinn V. Þórarinsson.

Nd. 451. Frumvarp til laga [241. mál]

um Útflutningsráð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 21. des.)

1. gr.

Útflutningsráð Íslands hefur það hlutverk að koma á auknu samstarfi fyrirtækja, samtaka og stjórnvalda í málum er lúta að eflingu útflutnings og veita útflytjendum alhliða þjónustu og ráðgjöf í því skyni að greiða fyrir og auka útflutning á vöru og þjónustu. Enn fremur skal Útflutningsráð vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum sem varða utanríkisviðskipti Íslendinga.

2. gr.

Heimili og varnarþing Útflutningsráðs skal vera í Reykjavík.

3. gr.

Tekjur Útflutningsráðs eru:

a. 0,05% af aðstöðugjaldsstofni fiskvinnslu, iðnaðar og byggingarstarfsemi,
b. 0,03% af aðstöðugjaldsstofni fiskveiða,
c. 0,01% af aðstöðugjaldsstofni flutninga á sjó og flugrekstrar, þó ekki strandflutninga eða innanlandsflugs, og þeirra aðila í öðrum atvinnugreinum sem kjósa sjálfir að gerast aðilar að Útflutningsráði,
d. framlag ríkissjóðs,
e. þóknun fyrir veitta þjónustu,
f. sérstök framlög og aðrar tekjur.

Um álagningu gjalds skv. a-, b- og c-liðum skal fara eftir IV. kafla laga nr. 91/1989,

um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum. Innheimtuaðilar aðstöðugjalda skulu innheimta gjald þetta og ber þeim að skila því mánaðarlega til Útflutningsráðs Íslands. Gjaldið er lögtakskræft.

4. gr.

Útflutningsráð skal opið öllum aðilum sem flytja út vörur og þjónustu eða afla gjaldeyris á annan hátt, svo og samtökum atvinnugreina. Allir þeir aðilar, sem greiða til ráðsins skv. 3. gr. þessara laga, verða sjálfkrafa félagar. Af hálfu stjórnvalda eiga aðild að Útflutningsráði utanríkisráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, samgönguráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti og viðskiptaráðuneyti.

5. gr.

Stjórn Útflutningsráðs skipa tíu menn sem valdir eru til tveggja ára í senn. Samtök atvinnurekenda í sjávarútvegi tilnefna þrjá menn og Félag íslenskra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna tilnefna sameiginlega þrjá menn, Ferðamálaráð tilnefnir einn mann, Verslunarráð Íslands tilnefnir einn mann og utanríkisráðherra og samgönguráðherra tilnefna einn mann hvor. Sömu aðilar skulu einnig tilnefna varamenn, þó þannig að iðnaðarráðherra tilnefni varamann fyrir þann fulltrúa sem samgönguráðherra tilnefnir og sjávarútvegsráðherra fyrir þann fulltrúa sem utanríkisráðherra tilnefnir. Utanríkisráðherra skipar stjórnina samkvæmt tilnefningu ofangreindra aðila.

Stjórnin kýs sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórnin skipuleggur og ákveður verkefni Útflutningsráðs.

6. gr.

Útflutningsráð skal starfrækja skrifstofu sem annast öll dagleg störf og þau verkefni er stjórnin tekur ákvörðun um. Skrifstofan skal hafa sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Hún skal undanþegin opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs og sveitarfélaga. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og ákveður laun og önnur starfskjör hans. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk. Stjórnin ákveður gjaldskrá fyrir þjónustu skrifstofunnar. Þess skal gætt að útseld þjónusta standi að mestu leyti undir kostnaði við þau störf sem unnin eru samkvæmt beiðni einstakra útflytjenda.

7. gr.

Útflutningsráði skal heimilt að ráða viðskiptafulltrúa sem starfa á skrifstofum Útflutningsráðs erlendis eða í sendiráðum að höfðu samráði við utanríkisráðuneytið. Um aðstöðu þeirra við sendiráð Íslands skal semja við utanríkisráðuneytið. Um skipan þeirra, stöðu og starfskjör setur stjórn ráðsins sérstakar reglur. Útflutningsráði er einnig heimilt að ráða eða styrkja menn til starfa erlendis í þágu þeirrar starfsemi sem ráðið sinnir.

8. gr.

Utanríkisráðherra getur samkvæmt tillögum stjórnar Útflutningsráðs sett nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Útflutningsráðs í reglugerð.

9. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 38/1986, um Útflutningsráð Íslands, og lög nr. 7/1988, um breytingu á þeim lögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1991.

Sþ. 452. Fyrirspurn [256. mál]

til forsætisráðherra um dagpeninga ráðherra.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að hið „ferðahvetjandi“ dagpeningakerfi ráðherra ríkisstjórnarinnar verði afnumið?

Sþ. 453. Fyrirspurn [257. mál]

til viðskipta- og iðnaðarráðherra um dagpeninga ráðherra.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að núverandi dagpeningakerfi ráðherra ríkisstjórnarinnar verði afnumið?

Sþ. 454. Fyrirspurn [258. mál]

til utanríkisráðherra um dagpeninga ráðherra.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að núverandi dagpeningakerfi ráðherra ríkisstjórnarinnar verði afnumið?

Sþ. 455. Fyrirspurn [259. mál]

til fjármálaráðherra um dagpeninga ráðherra.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að núverandi dagpeningakerfi ráðherra ríkisstjórnarinnar verði afnumið?

Sþ. 456. Fyrirspurn [260. mál]

til landbúnaðar- og samgönguráðherra um dagpeninga ráðherra.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að núverandi dagpeningakerfi ráðherra ríkisstjórnarinnar verði afnumið?

Sþ. 457. Fyrirspurn [261. mál]

til menntamálaráðherra um dagpeninga ráðherra.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að núverandi dagpeningakerfi ráðherra ríkisstjórnarinnar verði afnumið?

Sþ. 458. Fyrirspurn [262. mál]

til dómsmálaráðherra um dagpeninga ráðherra.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að núverandi dagpeningakerfi ráðherra ríkisstjórnarinnar verði afnumið?

Sþ. 459. Fyrirspurn [263. mál]

til umhverfisráðherra um dagpeninga ráðherra.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að núverandi dagpeningakerfi ráðherra ríkisstjórnarinnar verði afnumið?

Sþ. 460. Fyrirspurn [264. mál]

til sjávarútvegsráðherra um dagpeninga ráðherra.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að núverandi dagpeningakerfi ráðherra ríkisstjórnarinnar verði afnumið?

Sþ. 461. Fyrirspurn [265. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um dagpeninga ráðherra.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að núverandi dagpeningakerfi ráðherra ríkisstjórnarinnar verði afnumið?

Sþ. 462. Fyrirspurn [266. mál]

til félagsmálaráðherra um dagpeninga ráðherra.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að núverandi dagpeningakerfi ráðherra ríkisstjórnarinnar verði afnumið?

Sþ. 463. Fyrirspurn [267. mál]

til dómsmálaráðherra um sjálfsvíg.

Frá Inga Birni Albertssyni.

a. Hver er aldur þeirra er frömdu sjálfsvíg á árunum 1980–1990? Svar óskast sundurgreint þannig: að 10 ára aldri og síðan með fimm ára millibili.
b. Hverng skiptast sjálfsvíg milli kynja?
c. Hvernig skiptast sjálfsvíg milli árstíða?
d. Fer fram rannsókn á ástæðum sjálfsvíga og eru á döfinni einhver áform um fyrirbyggjandi aðgerðir? Hverjar eru helstu ástæður sjálfsvíga í þeim tilvikum þegar um það er vitað?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 464. Fyrirspurn [268. mál]

til menntamálaráðherra um störf frambjóðenda hjá ríkisfjölmiðlum.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvaða reglur gilda um störf frambjóðenda í alþingiskosningum hjá Ríkisútvarpinu?

Ed. 465. Lög [228. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.)

Samhljóða þskj. 324.

Nd. 466. Frumvarp til laga [167. mál]

um breyting á lögum nr. 78 23. desember 1980, um jöfnunargjald, með áorðnum breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 21. des.)

1. gr.

Í stað 1. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 51 29. maí 1989, um ráðstafanir vegna kjarasamninga, komi tveir nýir málsliðir er orðast svo:

Greiða skal í ríkissjóð jöfnunargjald af öllum innfluttum vörum sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og fríverslunarsamnings Íslands við Evrópubandalagið. Gjaldið skal vera 4% frá 1. janúar til 1. september 1991 og 3% frá 1. september til 31. desember 1991.

2. gr.

Frá og með 1. janúar 1992 falla lög nr. 78/1980, um jöfnunargjald, með áorðnum breytingum, úr gildi.

3. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1991.

Nd. 467. Lög [128. mál]

um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

(Afgreidd frá Nd. 21. des.)

Samhljóða þskj. 132.

Nd. 468. Lög [99. mál]

um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

(Afgreidd frá Nd. 21. des.)

Samhljóða þskj. 413.

Nd. 469. Lög [194. mál]

um breyting á lögum nr. 77/1979, um Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 21. des.)

Samhljóða þskj. 234.

Ed. 470. Lög [130. mál]

um hlut Íslands í stofnfé Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.)

Samhljóða þskj. 134.

Ed. 471. Lög [235. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.)

Samhljóða þskj. 337.

Ed. 472. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 23. des. 1980, um jöfnunargjald, með áorðnum breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir meiri hl. hennar með samþykkt þess.

Alþingi, 21. des. 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm. Jóhann Einvarðsson, fundaskr. Skúli Alexandersson.

Eiður Guðnason. Guðrún J. Halldórsdóttir.

Ed. 473. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 23. des. 1980, um jöfnunargjald, með áorðnum breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. nefndarinnar tekur ekki þátt í afgreiðslu þessa frumvarps og vísar um það til nefndarálits minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar á þskj. 428.

Alþingi, 21. des. 1990.

Ey. Kon. Jónsson, frsm. Halldór Blöndal.

Ed. 474. Nefndarálit [225. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir meiri hl. hennar með samþykkt þess.

Alþingi, 20. des. 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
	Eiður Guðnason.	

Ed. 475. Nefndarálit [241. mál]

um frv. til l. um Útflutningsráð Íslands.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.
Halldór Blöndal var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. des. 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Guðrún J. Halldórsdóttir.	Eiður Guðnason.	Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 476. Nefndarálit [245. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 76 19 ágúst 1987, um Iðnlánasjóð.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Halldór Blöndal var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. des. 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Guðrún J. Halldórsdóttir.	Eiður Guðnason.	Ey. Kon. Jónsson.

Nd. 477. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til l. um tryggingagjald.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta var, líkt og fleiri tekjuöflunarfrumvörp, lagt fram á síðustu starfsviku þingsins. Fjárhags- og viðskiptanefnd sýndi þá lipurð í samvinnu að taka málið fyrir áður en það var lagt fram í þinginu. Á þann fund mættu fulltrúar hinna ýmsu atvinnugreina sem málið varðar til viðtals og kom þá í ljós að þeir höfðu ekki haft nokkurn tíma til að kynna sér málið. Sitt sýndist hverjum og varð að samkomulagi að þeir mundu mæta aftur eftir að búið væri að mæla fyrir frumvarpinu.

Þá tók ekki betra við því þá kom í ljós að ósamkomulag var milli stjórnarflokkanna um málið. Þeir sem boðaðir voru til fundarins vissu því ekki hvort þeir voru að lýsa afstöðu til frumvarpsins eins og það lá fyrir eða einhvers allt annars. Enda kom á daginn að gerðar voru breytingar á frumvarpinu sem kipptu stoðum undan einu meginmarkmiði þess sem var að draga úr mismunun milli atvinnugreina annars vegar og milli mismunandi rekstrarforma hins vegar.

Í upphaflega frumvarpinu var gert ráð fyrir að tryggingagjald, þar sem fimm launatengd gjöld voru felld saman í eitt, skyldi nema 4,25% af tilteknum gjaldstofni. Þar sem sumar atvinnugreinar, sjávarútvegur, landbúnaður og iðnaður, höfðu verið undanskildar launaskatti, en áttu samkvæmt frumvarpinu að greiða hann framvegis, voru ákvæði til bráðabirgða þess efnis að nýjar álögur skyldu koma í þrepum til að gefa hæfilegan aðlögunartíma, þ.e. til ársins 1993.

Kvennalistinn telur eðlilegt að öllu jöfnu að allar atvinnugreinar sitji við sama borð og tekur því undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu þar sem segir:

„Vafalaust má færa rök fyrir tímabundinni mismunun í skattlagningu fyrirtækja, til dæmis vegna sérstakra aðstæðna, sem kalla á stuðningsaðgerðir af einhverju tagi. Hins vegar verður að telja hana óheppilega til lengdar, þar sem hún getur dregið úr aðhaldi og stuðlað að óhagkvæmni í rekstri. Jafnframt felst í slíkri mismunun að sumar atvinnugreinar eru í reynd að niðurgreiða starfsemi annarra greina."

En með þeirri breytingu sem orðið hefur á frumvarpinu er mismunun milli atvinnugreina fest í sessi. Gert er ráð fyrir að tryggingagjaldið verði lagt á í tveimur gjaldflokkum, sérstökum og almennum. Þær sömu atvinnugreinar og áður voru undanþegnar frá launaskatti, skulu vera í „sérstaka" flokknum.

Ýmislegt í frumvarpinu horfir þó til bóta. Einföldun er að tryggingagjaldinu, skattstofn breikkar og staðgreiðsla er tekin upp. Innheimta verður eflaust einfaldari og árangursríkari eftir en áður.

En böggull fylgir skammrifi. Til stóð að sögn að fella niður aðstöðugjald samhliða þeirri breytingu sem frumvarpið boðar og þyngja mun álögur á fyrirtæki og atvinnugreinar. Málið er þó ekki komið lengra en það að skipuð hefur verið samstarfsnefnd ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga til að gera tillögur þar að lútandi og um það hvort og hvernig þurfi að breyta öðrum tekjustofnum sveitarfélaga.

Auk þess leggur frumvarpið nýjum aðilum þær skyldur á herðar með tilkomu tryggingagjaldsins að greiða til Atvinnuleysistryggingasjóðs án þess að ljóst sé hvaða réttindi þeir fái samhliða. Breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar hefðu því þurft að koma fram samhliða þessu frumvarpi.

Þegar við fyrstu umfjöllun um frumvarpið benti fulltrúi Kvennalistans á þessa vankanta og taldi ráðlegra að flýta sér hægt, svo ekki þyrfti að taka til við breytingar á nýsettum lögum eins og allt of oft á sér stað ef ekki er nægilega vel séð fyrir endann á málinu í heild. Varlegt þykir kvennalistaþingkonum að byggja á loforðum um eitthvað sem „gera á seinna". Það hafa ekki alltaf reynst haldbær loforð.

Þegar við bætist svo það ósamkomulag sem varð í stjórnarliðinu um frumvarpið, sem leiddi til framangreindra breytinga er viðhalda mismunun milli atvinnugreina í landinu, er ljóst að þingkonur Kvennalistans sjá sér ekki fært að styðja frumvarpið en munu, vegna þess sem er fært til betri vegar með því, ekki leggjast gegn því heldur sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. des. 1990.

Þórhildur Þorleifsdóttir.

Sþ. 478. Fjárlög [1. mál]

fyrir árið 1991.

(Afgreidd frá Sþ. 21. des.)

Samhljóða þskj. 1 með þessum breytingum:

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr. hljóðar svo:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**101 698 000**
Beinir skattar	20 167 000	
Óbeinir skattar	75 228 000	
Vaxtatekjur	3 700 000	
Aðrar tekjur	2 603 000	
Gjöld		**105 767 372**
Samneysla	43 950 627	
Rekstrargjöld	41 416 627	
Viðhald	2 534 000	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	41 773 970	
Vaxtagreiðslur	9 400 000	
Fjárfesting	10 642 775	
Stofnkostnaður	6 065 600	
Fjármagnstilfærslur	4 577 175	
Gjöld umfram tekjur		**4 069 372**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		1 040 000
Veitt lán til B-hluta ríkissjóðs	4 390 000	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum	-3 350 000	
Hluta- og stofnfjárframlög		270 000
Viðskiptareikningar		500 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**5 879 372**
Afborganir af teknum lánum		7 700 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**13 579 372**
Lántökur		13 600 000
Innlend verðbréfaútgáfa	13 600 000	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**20 628**

2. gr. hljóðar svo:

Árið 1991 eru veittar til gjalda fjárhæðir sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

Rekstrar-

Gjöld:

		Þús. kr.	Þús. kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**		**1 026 170**
	Embætti forseta Íslands	42 650	
	Alþingi og stofnanir þess	774 840	
	Ríkisstjórn og Hæstiréttur	90 100	
	Annað	118 580	
01	**Forsætisráðuneyti**		**394 270**
	Ráðuneyti	77 920	
	Annað	316 350	
02	**Menntamálaráðuneyti**		**15 536 786**
	Ráðuneyti	221 470	
	Háskólar og rannsóknir	2 480 281	
	Framhaldsskólar	3 530 080	
	Héraðsskólar	163 690	
	Grunnskólar	4 558 860	
	Sérstofnanir fyrir börn og unglinga	577 940	
	Önnur fræðslumál	374 830	
	Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 730 000	
	Söfn, listastofnanir o.fl.	909 840	
	Ýmis framlög	989 795	
03	**Utanríkisráðuneyti**		**1 345 620**
	Ráðuneyti o.fl.	361 050	
	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	205 970	
	Sendiráð og fastanefndir	392 850	
	Þróunarmál, alþjóðastofnanir o.fl.	385 750	
04	**Landbúnaðarráðuneyti**		**4 301 020**
	Ráðuneyti	55 960	
	Landbúnaðarmál	3 738 460	
	Landgræðsla, skógrækt	323 410	
	Búnaðarskólar	183 190	
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**		**993 660**
	Ráðuneyti	76 940	
	Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	816 780	
	Annað	99 940	
	Flutt		23 597 526

3. gr. hljóðar svo:

Árið 1991 er áætlað að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

reikningur

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
41	**Beinir skattar**		
411	**Eignarskattar**		**3 282 000**
4110	Eignarskattur, einstaklingar	1 245 000	
41101	Sérstakur eignarskattur, einstaklingar	140 000	
4111	Eignarskattur, félög	950 000	
41111	Sérstakur eignarskattur, félög	195 000	
4116-7	Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði	492 000	
4118	Erfðafjárskattur	260 000	
412	**Tekjuskattur, nettó**		**16 515 000**
4120-2	Tekjuskattur, einstaklingar, nettó	12 850 000	
4123	Tekjuskattur, félög	3 665 000	
413	**Persónuskattar**		**370 000**
4130	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	370 000	
42-43	**Óbeinir skattar**		
420	**Gjöld af innflutningi, aðflutningsgjöld, almenn**		**3 480 000**
4200	Aðflutningsgjöld alls	3 480 000	
421	**Gjöld af innflutningi**		**6 319 500**
4210	Gjald af bifreiðum og bifhjólum	1 500 000	
4211	Innflutningsgjald af bensíni	3 570 000	
42121	Jöfnunargjald	800 000	
42122	Sérstakt jöfnunargjald	200 000	
4213	Jöfnunarálag á hús og húshluti	9 500	
42153	Fóðurgjald, grunngjald, lög nr. 46/1985	100 000	
42154	Kartöflugjald	110 000	
4216	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	30 000	
422	**Tekjur af sölu erlends gjaldeyris**		**464 000**
4220	Gjald af umboðsþóknun og gengismun innlánsstofnana	364 000	
4221	Leyfisgjald	100 000	
	Flutt		30 430 500

Gjöld:

		Þús. kr.	Rekstrar- Þús. kr.
	Flutt		23 597 526
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**		**4 734 644**
	Ráðuneyti o.fl.	112 560	
	Dómsmálastofnanir	413 670	
	Löggæslustofnanir	1 042 910	
	Sýslumenn og bæjarfógetar	1 725 340	
	Fangelsismál	286 730	
	Landhelgisgæsla o.fl.	719 584	
	Kirkjumál	433 850	
07	**Félagsmálaráðuneyti**		**4 583 850**
	Ráðuneyti	68 180	
	Húsnæðismál	900 000	
	Stjórnsýslustofnanir o.fl.	126 880	
	Málefni fatlaðra	1 640 380	
	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1 365 800	
	Annað	482 610	
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**		**43 119 272**
	Ráðuneyti	98 080	
	Tryggingamál	26 151 730	
	Sjúkrahús	14 662 852	
	Heilsugæsla	1 619 630	
	Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	223 630	
	Annað	363 350	
09	**Fjármálaráðuneyti**		**15 397 000**
	Ráðuneyti o.fl.	390 090	
	Skatta- og tollamál	1 230 200	
	Verðlagsmál og ríkisábyrgðir	3 031 000	
	Vextir	9 400 000	
	Annað	1 345 710	
10	**Samgönguráðuneyti**		**7 312 460**
	Ráðuneyti	50 720	
	Vegamál	5 370 000	
	Siglingamál	1 273 330	
	Flugmál	443 980	
	Annað	174 430	
	Flutt		98 744 752

reikningur

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		30 430 500
423	**Skattar af framleiðslu og innflutningi**		**2 489 000**
4235	Vörugjald	2 380 000	
4239	Framleiðslugjald af áli	109 000	
425	**Virðisaukaskattur**		**41 550 000**
4250	Virðisaukaskattur	41 550 000	
426	**Skattar af orku**		**80 000**
4261	Rafmagnseftirlitsgjald	80 000	
427	**Skattar af einkasöluvörum**		**6 705 400**
4271	Hluti af rekstrarhagnaði ÁTVR	6 700 000	
4273	Gjald af einkasöluvörum	5 400	
428	**Sérstakir skattar af þjónustu**		**77 000**
42801	Skemmtanaskattur	66 000	
42802	Miðagjald	11 000	
429	**Aðrir skattar af veittri þjónustu**		**438 500**
4290	Aukatekjur, almennar	430 000	
42942	Samúðarskeyti Landsímans	8 500	
430	**Skattar af launagreiðslum**		**8 380 000**
4300	Tryggingagjald	8 380 000	
	Flutt		90 150 400

Rekstrar-

Gjöld:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		98 744 752
11	**Iðnaðarráðuneyti**		**1 040 290**
	Ráðuneyti	45 540	
	Iðnaðarmál	269 500	
	Orkumál	725 250	
12	**Viðskiptaráðuneyti**		**5 404 830**
	Ráðuneyti	57 170	
	Niðurgreiðslur	5 250 000	
	Annað	97 660	
13	**Hagstofa Íslands**		**135 020**
14	**Umhverfisráðuneyti**		**442 480**
	Ráðuneyti o.fl.	74 090	
	Náttúruvernd	66 770	
	Skipulagsmál	72 900	
	Rannsóknir o.fl.	228 720	
	Gjöld samtals		105 767 372

r e i k n i n g u r

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		90 150 400
431	**Aðrir óbeinir skattar**		**5 244 600**
4310	Þinglýsingar	70 000	
4311	Stimpilgjald	2 305 000	
43121	Þungaskattur af dísilbifreiðum, skv. ökumælum	1 105 000	
43122	Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	345 000	
43123	Bifreiðagjald	1 010 000	
43132	Vitagjald	41 000	
43133	Skipaskoðunargjald	42 000	
4316	Áhættugjald ríkisábyrgða	280 000	
4317	Einkaleyfisgjald Happdrættis H.Í.	46 600	
48	**Fjármunatekjur**		
481	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**3 700 000**
4811	Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	1 900 000	
4812	Vaxtatekjur af langtímalánum	1 800 000	
482	**Arðgreiðslur**		**2 328 000**
4820	Frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta:		
48201	Afgjöld ríkisjarða	15 000	
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	345 000	
48203	Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	18 000	
48206	Póstur og sími	550 000	
4821	Sameignir ríkisins	600 000	
4822	Arður af hlutabréfum	50 000	
4823	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	750 000	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**275 000**
4990	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	250 000	
4999	Óvissar tekjur	25 000	
	Tekjur samtals		101 698 000
	Gjöld umfram tekjur		4 069 372
	Samtals		105 767 372

Eftirtaldir liðir 4. gr. breytast og hljóða svo:

00 Æðsta stjórn ríkisins

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–201 Alþingi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			589 880
1 01	Alþingiskostnaður	235 240	
1 02	Aðalskrifstofa	41 130	
1 03	Þingmálaskrifstofa	102 580	
1 04	Rekstrarskrifstofa	129 520	
1 05	Alþjóðasamstarf þingmanna	27 940	
1 06	Norðurlandaráð	23 920	
1 07	Hús Jóns Sigurðssonar	4 250	
1 08	Hið íslenska þjóðvinafélag	500	
1 10	Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	24 800	
Viðhaldsverkefni:			13 500
5 20	Fasteignir	13 500	
Stofnkostnaður:			21 000
6 01	Tæki og búnaður	15 000	
6 07	Íbúð fyrir fræðimann	6 000	
	Gjöld samtals		624 380
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	323 090	
52–58	Önnur gjöld	274 050	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	27 240	
5	Gjöld samtals	624 380	
4	Sértekjur	8 150	
	Mismunur		**616 230**
00–510 Bessastaðir			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			100 000
6 01	Mannvirkjagerð	100 000	
	Gjöld samtals		100 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	100 000	
5	Gjöld samtals		**100 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–620 Ríkisendurskoðun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			133 040
1 01	Yfirstjórn	133 040	
Stofnkostnaður:			9 000
6 01	Tæki og búnaður	9 000	
	Gjöld samtals		142 040
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	87 870	
52–58	Önnur gjöld	54 170	
5	Gjöld samtals	142 040	
4	Sértekjur	20	
	Mismunur		**142 020**

01 Forsætisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
01–101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			70 430
1 01	Yfirstjórn	43 870	
1 20	Stjórnarráðshús	6 880	
1 21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu	2 280	
1 22	Ráðherrabústaður Þingvöllum	870	
1 23	Hrafnseyri	810	
1 30	Öryggismálanefnd	8 220	
1 40	Gjöf Jóns Sigurðssonar	1 500	
1 90	Ýmis verkefni	6 000	
Viðhaldsverkefni:			7 600
5 20	Stjórnarráðshús	2 000	
5 21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu	5 000	
5 22	Ráðherrabústaður Þingvöllum	600	
	Gjöld samtals		78 030

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	28 320	
52–58	Önnur gjöld	42 400	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	5 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 310	
5	Gjöld samtals	78 030	
4	Sértekjur	110	
	Mismunur		**77 920**

01–902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 670
1 01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	14 670	
Viðhaldsverkefni:			3 600
5 01	Þingvallabær o.fl.	1 800	
5 02	Þingvallakirkja	1 800	
Stofnkostnaður:			12 000
6 01	Aðalskipulag	10 000	
6 40	Lífríkisrannsóknir í Þingvallavatni	2 000	
	Gjöld samtals		30 270
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 260	
52–58	Önnur gjöld	23 010	
5	Gjöld samtals	30 270	
4	Sértekjur	2 120	
	Mismunur		**28 150**

02 Menntamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			219 970
1 01	Yfirstjórn	219 970	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		221 470

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	114 110	
52–58	Önnur gjöld	107 360	
5	Gjöld samtals		**221 470**

02–201 Háskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 604 741
1 01	Yfirstjórn	91 190	
1 02	Sameiginleg útgjöld	241 210	
1 03	Rekstur fasteigna	167 220	
1 04	Háskólabókasafn	52 370	
1 05	Aðrar sérstofnanir og verkefni	56 320	
1 06	Kennslu- og vísindadeildir	996 431	
Viðhaldsverkefni:			60 000
5 50	Viðhald fasteigna	60 000	
Stofnkostnaður:			135 400
6 50	Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	135 400	
	Gjöld samtals		1 800 141
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 192 271	
52–58	Önnur gjöld	607 870	
5	Gjöld samtals	1 800 141	
4	Sértekjur	344 700	
	Mismunur		**1 455 441**

02–202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			85 640
1 01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	67 250	
1 10	Rannsóknadeild fisksjúkdóma	18 390	
Viðhaldsverkefni:			10 000
5 01	Viðhald húseigna	10 000	
Stofnkostnaður:			6 700
6 10	Fiskeldisrannsóknahús	6 700	
	Gjöld samtals		102 340

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	58 370	
52–58	Önnur gjöld	43 970	
5	Gjöld samtals	102 340	
4	Sértekjur	30 910	
	Mismunur		**71 430**

02–203 Raunvísindastofnun Háskólans

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			142 260
1 01	Yfirstjórn	13 760	
1 02	Rekstur fasteigna	11 010	
1 03	Rannsóknastofur	117 490	
	Gjöld samtals		142 260
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	98 140	
52–58	Önnur gjöld	44 120	
5	Gjöld samtals	142 260	
4	Sértekjur	31 850	
	Mismunur		**110 410**

02–204 Stofnun Sigurðar Nordals

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 270
1 01	Stofnun Sigurðar Nordals	6 270	
Viðhaldsverkefni:			1 200
5 01	Fasteign	1 200	
	Gjöld samtals		7 470
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 910	
52–58	Önnur gjöld	4 560	
5	Gjöld samtals		**7 470**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–233 Rannsóknasjóður			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			110 000
6 01	Rannsóknasjóður	110 000	
	Gjöld samtals		110 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	110 000	
5	Gjöld samtals		**110 000**
02–234 Vísindaráð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 880
1 01	Vísindaráð	10 880	
Viðhaldsverkefni:			1 000
5 01	Bárugata 3	1 000	
	Gjöld samtals		11 880
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 850	
52–58	Önnur gjöld	6 030	
5	Gjöld samtals	11 880	
4	Sértekjur	1 240	
	Mismunur		**10 640**
02–276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			67 600
6 01	Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	67 600	
	Gjöld samtals		67 600
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	67 600	
5	Gjöld samtals		**67 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–318	**Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður**		
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			52 000
5 90	Viðhald, óskipt	52 000	
Stofnkostnaður:			299 300
6 10	Menntaskólinn í Reykjavík, endurbætur KFUM og K húss	7 500	
6 11	Menntaskólinn á Laugarvatni	2 000	
6 12	Menntaskólinn við Hamrahlíð, endurbætur	15 000	
6 13	Menntaskólinn við Sund, endurbætur	10 000	
6 14	Menntaskólinn á Egilsstöðum, mötuneyti o.fl.	10 000	
6 15	Menntaskólinn í Kópavogi, stjórnsýsluálma	15 000	
6 16	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, íþróttahús	24 000	
6 17	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, kennsluhúsnæði	9 000	
6 18	Fjölbrautaskóli Suðurnesja, viðbygging	4 400	
6 19	Fjölbrautaskóli Vesturlands, mötuneyti	35 000	
6 20	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, viðbygging	10 000	
6 21	Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki, heimavist	7 000	
6 22	Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki, bóknámshús	28 000	
6 24	Verkmenntaskóli Austurlands, heimavist	30 900	
6 25	Verkmenntaskóli Austurlands, kennsluhúsnæði og frágangur lóðar	3 000	
6 26	Verkmenntaskólinn á Akureyri, nýbygging	15 000	
6 29	Fjölbrautaskólinn Ármúla, viðbygging	5 000	
6 30	Framhaldsskólinn Laugum, mötuneyti o.fl.	2 500	
6 31	Framhaldsskólinn á Húsavík, nýbygging	7 000	
6 32	Menntaskólinn Akureyri	2 000	
6 34	Menntaskólinn á Ísafirði, kennsluhúsnæði	4 000	
6 35	Menntaskólinn á Ísafirði, íþróttahús	8 000	
6 37	Fjölbrautaskólinn Garðabæ	3 000	
6 38	Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu	3 000	
6 39	Fjölbrautaskóli Suðurlands	2 000	
6 40	Tæki og búnaður	25 000	
6 50	Tölvubúnaður	12 000	
	Gjöld samtals		351 300
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	351 300	
5	Gjöld samtals		**351 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02-319 Framhaldsskólar, almennt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			186 590
1 11	Sameiginleg þjónusta	5 600	
1 12	Orlof kennara	23 710	
1 13	Forfallakennsla	11 860	
1 14	Sérkennsla	12 910	
1 15	Prófkostnaður	21 340	
1 16	Nýjungar í skólastarfi	3 860	
1 17	Námsskrárgerð	10 410	
1 18	Námsefnisgerð	4 750	
1 19	Kennslueftirlit	3 300	
1 20	Framhaldsdeildir	21 150	
1 21	Tannsmíðanám	6 740	
1 22	Námskeið skipstjórnarmanna	4 750	
1 30	Endurmenntun	17 300	
1 40	Framhaldsskólar, óskipt	38 910	
	Gjöld samtals		186 590
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	161 110	
52-58	Önnur gjöld	8 180	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	17 300	
5	Gjöld samtals		**186 590**
02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			50 040
1 01	Kennsla	27 660	
1 02	Annað en kennsla	15 490	
1 03	Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum, kennsla	5 140	
1 04	Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum, annað en kennsla	1 750	
	Gjöld samtals		50 040
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	41 120	
52-58	Önnur gjöld	8 920	
5	Gjöld samtals	50 040	
4	Sértekjur	1 640	
	Mismunur		**48 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–422 Námsgagnastofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			267 560
1 01	Skrifstofa	19 290	
1 10	Skólavörubúð	22 150	
1 11	Afgreiðsludeild	13 450	
1 20	Framleiðsludeild	115 760	
1 30	Fræðslumyndasafn	24 220	
1 40	Kennslumiðstöð	8 870	
1 60	Námsefnisgerð	63 820	
	Gjöld samtals		267 560
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	58 880	
52–58	Önnur gjöld	208 680	
5	Gjöld samtals	267 560	
4	Sértekjur	30 270	
	Mismunur		**237 290**
02–507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 720
1 01	Kennsla	25 460	
1 02	Annað en kennsla	5 260	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		32 720
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 010	
52–58	Önnur gjöld	5 710	
5	Gjöld samtals	32 720	
4	Sértekjur	830	
	Mismunur		**31 890**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–514 Iðnskólinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			357 340
1 01	Kennsla	281 960	
1 02	Annað en kennsla	75 380	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
	Gjöld samtals		367 340
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	312 290	
52–58	Önnur gjöld	55 050	
5	Gjöld samtals	367 340	
4	Sértekjur	18 840	
	Mismunur		**348 500**
02–517 Hótel- og veitingaskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 210
1 01	Kennsla	15 210	
1 02	Annað en kennsla	23 000	
Viðhaldsverkefni:			300
5 01	Fasteign	300	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		40 010
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 640	
52–58	Önnur gjöld	21 370	
5	Gjöld samtals	40 010	
4	Sértekjur	3 070	
	Mismunur		**36 940**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–531 Íþróttakennaraskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 860
1 01	Kennsla	15 280	
1 02	Annað en kennsla	10 580	
Viðhaldsverkefni:			2 000
5 01	Viðhald íþróttavalla o.fl.	1 000	
5 02	Endurbætur á húsum	1 000	
Stofnkostnaður:			23 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
6 10	Sundlaug	22 000	
	Gjöld samtals		50 860
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 670	
52–58	Önnur gjöld	31 190	
5	Gjöld samtals	50 860	
4	Sértekjur	1 480	
	Mismunur		**49 380**
02–571 Sjómannaskólahúsið			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 210
1 01	Sjómannaskólahúsið	20 210	
Viðhaldsverkefni:			3 000
5 01	Fasteign	3 000	
Stofnkostnaður:			8 000
6 10	Lóðaframkvæmdir	8 000	
	Gjöld samtals		31 210
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 890	
52–58	Önnur gjöld	19 320	
5	Gjöld samtals	31 210	
4	Sértekjur	1 060	
	Mismunur		**30 150**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–610	**Héraðsskólar, almennt**		
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			5 000
5 90	Viðhald, óskipt	5 000	
Stofnkostnaður:			26 000
6 90	Stofnkostnaður[1])	26 000	
	Gjöld samtals		31 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	31 000	
5	Gjöld samtals		**31 000**
02–621	**Skálholtsskóli**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 420
1 01	Kennsla	3 640	
1 02	Annað en kennsla	3 780	
	Gjöld samtals		7 420
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 130	
52–58	Önnur gjöld	3 290	
5	Gjöld samtals	7 420	
4	Sértekjur	1 260	
	Mismunur		**6 160**
02–720	**Grunnskólar, almennt**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			201 530
1 12	Umferðarfræðsla í skólum	3 350	
1 20	Kennsla á Landspítala og Landakotsspítala	3 580	
1 30	Safnakennsla	2 740	
1 31	Sérstök fræðsluverkefni	9 680	
1 33	Þróunarsjóður dagvistarheimila	3 740	
1 41	Landakotsskóli, rekstrarstyrkur	4 080	
1 42	Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur	5 170	
1 43	Suðurhlíðarskóli, rekstrarstyrkur	5 360	
1 50	Orlof kennara	5 870	
1 51	Rannsóknasjóður grunnskólakennara	39 100	

1) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 1.

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 60	Stjórnskipaðir prófdómarar	8 640	
1 70	Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi	11 240	
1 80	Sérkennsla í grunnskólum, óskipt	16 350	
1 82	Þróunarstörf í grunnskólum	9 640	
1 83	Starfsleikninám	14 340	
1 84	Námsstjórn og þróunarverkefni	10 010	
1 86	Endurmenntun sálfræðinga	2 650	
1 88	Réttindanám leiðbeinenda	6 540	
1 89	Leiðsögn nýliða	5 240	
1 90	Grunnskólar, óskipt	34 210	
	Stofnkostnaður:		8 000
6 90	Tölvuvæðing í grunnskólum	8 000	
	Gjöld samtals		209 530
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	143 190	
52–58	Önnur gjöld	33 650	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	32 690	
5	Gjöld samtals		**209 530**

02–872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		1 730 000
1 01	Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 730 000	
	Gjöld samtals		1 730 000
	Tegundasundurliðun:		
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	1 730 000	
5	Gjöld samtals		**1 730 000**

02–881 Náms- og fræðimenn, framlög

	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		23 070
1 10	Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum	9 880	
1 11	Styrkur til grænlenskra námsmanna	850	
1 14	Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna	1 210	
1 15	Styrkur til útgáfustarfa	3 840	
1 19	Safngripaviðgerðir, námsvistargjöld	1 600	
1 20	Félagsstofnun stúdenta	5 690	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			7 000
6 20	Stúdentagarðar	7 000	
	Gjöld samtals		30 070
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	850	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	29 220	
5	Gjöld samtals		**30 070**

02–884 Jöfnun á námskostnaði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			89 800
1 01	Jöfnun á námskostnaði	77 940	
1 10	Skólaakstur	11 860	
	Gjöld samtals		89 800
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	11 860	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	77 940	
5	Gjöld samtals		**89 800**

02–885 Fullorðinsfræðsla

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 020
1 10	Fjarkennsla	9 020	
1 20	Bréfaskólinn	3 300	
1 60	Heimilisiðnaðarskólinn	1 300	
1 80	Fullorðinsfræðsla, almenn	1 400	
	Gjöld samtals		15 020
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 550	
52–58	Önnur gjöld	7 470	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	4 600	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 400	
5	Gjöld samtals		**15 020**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–901 Landsbókasafn Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 760
1 01	Landsbókasafn Íslands	43 760	
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Bókakaup o.fl.	7 000	
	Gjöld samtals		50 760
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	32 150	
52–58	Önnur gjöld	18 610	
5	Gjöld samtals	50 760	
4	Sértekjur	1 320	
	Mismunur		**49 440**
02–902 Þjóðminjasafn Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 750
1 01	Þjóðminjasafn Íslands	49 750	
Viðhaldsverkefni:			18 100
5 01	Húseign við Suðurgötu	10 000	
5 90	Verndun gamalla húsa	8 100	
Stofnkostnaður:			15 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
6 02	Breyting sýningarsala	3 000	
6 90	Húseign við Suðurgötu, endurbætur	10 000	
	Gjöld samtals		82 850
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 970	
52–58	Önnur gjöld	44 880	
5	Gjöld samtals	82 850	
4	Sértekjur	590	
	Mismunur		**82 260**

	Þús. kr.	Þús. kr.
02–904 Safnahúsið við Hverfisgötu		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		5 130
1 01 Safnahúsið við Hverfisgötu	5 130	
Viðhaldsverkefni:		2 000
5 01 Viðhald fasteignar	2 000	
Gjöld samtals		7 130
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	5 090	
52–58 Önnur gjöld	2 040	
5 Gjöld samtals		**7 130**
02–908 Kvikmyndasafn Íslands		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		7 860
1 01 Kvikmyndasafn Íslands	7 860	
Gjöld samtals		7 860
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	2 010	
52–58 Önnur gjöld	5 850	
5 Gjöld samtals		**7 860**
02–909 Blindrabókasafn Íslands		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		23 330
1 01 Blindrabókasafn Íslands	23 330	
Stofnkostnaður:		3 700
6 01 Tæki og búnaður	3 700	
Gjöld samtals		27 030
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	11 130	
52–58 Önnur gjöld	15 900	
5 Gjöld samtals		**27 030**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02-973	**Þjóðleikhús**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		227 000
1 01	Þjóðleikhús	227 000	
	Stofnkostnaður:		140 000
6 50	Endurbætur	140 000	
	Gjöld samtals		367 000
	Tegundasundurliðun:		
52–58	Önnur gjöld	140 000	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	227 000	
5	Gjöld samtals		**367 000**
02-976	**Menningarsjóður, framlag**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		11 000
1 01	Menningarsjóður, framlag	11 000	
	Gjöld samtals		11 000
	Tegundasundurliðun:		
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	11 000	
5	Gjöld samtals		**11 000**
02-977	**Þjóðarbókhlaða**		
	Viðfangsefni:		
	Stofnkostnaður:		145 000
6 01	Þjóðarbókhlaða	145 000	
	Gjöld samtals		145 000
	Tegundasundurliðun:		
52–58	Önnur gjöld	145 000	
5	Gjöld samtals		**145 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–981 Kvikmyndasjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			87 000
1 01	Kvikmyndasjóður	87 000	
	Gjöld samtals		87 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	87 000	
5	Gjöld samtals		**87 000**
02–982 Listir, framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			250 280
1 10	Listamannalaun	8 490	
1 11	Launasjóður rithöfunda	24 230	
1 12	Starfslaun listamanna	21 810	
1 13	Höfundagreiðslur skv. 21. gr. höfundalaga	330	
1 14	Rithöfundasjóður Íslands	9 580	
1 15	Þýðingarsjóður	6 060	
1 16	Bókmenntakynningarsjóður	1 650	
1 20	Leikfélag Reykjavíkur	15 000	
1 21	Leikfélag Akureyrar	18 010	
1 22	Leiklistarstarfsemi	13 580	
1 23	Bandalag íslenskra leikfélaga	3 040	
1 24	Önnur leiklistarstarfsemi	4 000	
1 25	Leiklistarráð	300	
1 26	Alþýðuleikhúsið	8 000	
1 28	Kynning á íslenskri list erlendis	7 000	
1 30	Íslenska óperan	25 030	
1 33	Íslensk tónverkamiðstöð	4 550	
1 34	Sinfóníuhljómsveit æskunnar	2 800	
1 35	Íslenska hljómsveitin	2 000	
1 37	Tónlistarstarfsemi, styrkir	7 000	
1 41	Listasöfn, styrkir	3 000	
1 42	Myndlistaskólinn í Reykjavík	4 000	
1 43	Myndlistarskólinn á Akureyri	6 500	
1 44	Samband íslenskra myndlistarmanna	1 500	
1 45	Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	5 200	
1 46	Listasafn ASÍ	2 300	
1 47	Nýlistasafn	2 750	
1 48	Listamiðstöð í Straumi	1 100	
1 70	Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis[1])	14 400	
1 72	Starfslaunasjóður myndlistarmanna	1 220	

1) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 2.

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 73	Bandalag íslenskra listamanna	500	
1 74	Listkynning, styrkir	400	
1 75	Lista- og menningarmál, ýmis	10 000	
1 76	Menningarsjóður félagsheimila	6 100	
1 77	Samnorræn menningarkynning	1 000	
1 78	Ýmsir styrkir	2 000	
1 79	M-hátíð	1 100	
1 80	Listahátíð	2 050	
1 82	Ferðaleikhúsið	900	
1 83	Leikbrúðuland	1 800	
	Gjöld samtals		250 280
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	250 280	
5	Gjöld samtals		**250 280**

02–983 Vísindaleg starfsemi, styrkir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 650
1 10	Vísinda- og fræðistörf	1 710	
1 12	Samstarfsnefnd um upplýsingamál	400	
1 14	Rannsóknaleyfi sérfræðinga á vísindastofnunum	9 540	
1 16	Kvennasögusafn	1 500	
1 17	Samtök um upplýsinganet rannsóknaaðila	1 500	
	Gjöld samtals		14 650
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 540	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 110	
5	Gjöld samtals		**14 650**

02–988 Æskulýðsmál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 700
1 10	Æskulýðsráð ríkisins	1 750	
1 11	Æskulýðssamband Íslands	1 200	
1 12	Ungmennafélag Íslands	10 500	
1 13	Bandalag íslenskra skáta	5 500	
1 14	Bandalag íslenskra skáta, Úlfljótsvatn	2 000	
1 16	Íslenskir ungtemplarar	1 150	
1 17	Starfsemi KFUM og KFUK	2 200	
1 18	Iðnemasamband Íslands	2 550	
1 19	Æskulýðsmál, almennt	1 850	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			3 500
6 20	KFUM og KFUK, byggingarstyrkur	1 000	
6 21	Séra Friðrikskapella, byggingarstyrkur	2 500	
	Gjöld samtals		32 200
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	32 200	
5	Gjöld samtals		**32 200**

02–989 Ýmis íþróttamál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			74 920
1 10	Íþróttasamband Íslands	26 920	
1 11	Ólympíunefnd Íslands	5 500	
1 12	Ólympíunefnd fatlaðra	1 140	
1 13	Íþróttamál fatlaðra	4 000	
1 15	Íþróttastarfsemi, almenn	660	
1 16	Íþróttafélög, styrkir	16 000	
1 20	Glíman, íslenska þjóðaríþróttin, kynning í skólum	2 500	
1 21	Skáksamband Íslands	2 200	
1 22	Launasjóður stórmeistara í skák	5 540	
1 23	Skákmót, styrkir	660	
1 24	Skólaskákmót	400	
1 25	Skákskóli Íslands	3 000	
1 30	Bridgesamband Íslands	900	
1 40	Ýmis framlög til íþróttamála	5 500	
Stofnkostnaður:			3 000
6 13	Íþróttasamband fatlaðra, vegna endurhæfingar	2 000	
6 21	Ýmis íþróttamál	1 000	
	Gjöld samtals		77 920
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 540	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	72 380	
5	Gjöld samtals		**77 920**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–991 Húsafriðun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			380
1 50	Hið íslenska fornleifafélag	380	
Stofnkostnaður:			33 625
6 10	Húsafriðunarsjóður	10 500	
6 20	Nesstofa	4 000	
6 40	Byggða- og minjasöfn	12 125	
6 60	Sjóminjasafn Íslands	7 000	
	Gjöld samtals		34 005
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	34 005	
5	Gjöld samtals		**34 005**
02–997 Uppgjör við sveitarfélög			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			385 000
6 01	Uppgjör við sveitarfélög	385 000	
	Gjöld samtals		385 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	385 000	
5	Gjöld samtals		**385 000**
02–999 Ýmislegt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 790
1 21	Norræn umhverfisráðstefna	6 000	
1 29	Amtsbókasafn, vegna skilaskyldu	380	
1 42	Reykholtsstaður	690	
1 50	Landssamband hjálparsveita skáta	3 000	
1 75	Til Cornell- og Manitobaháskóla	520	
1 90	Söfn, styrkir	2 100	
1 91	Tónlistarsaga Íslands	2 000	
1 92	Ýmis framlög	15 000	
1 93	Kvenfélagasamband Íslands	1 200	
1 94	Iðnsaga Íslands	4 550	
1 97	Útvarpsréttarnefnd	920	
1 98	Félög, styrkir	570	
1 99	Sögusafn alþýðu	860	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			8 700
6 10	Náttúrufræðihús	2 500	
6 20	Gamli Stýrimannaskólinn við Öldugötu	1 000	
6 24	Safnastofnun Austurlands	5 200	
	Gjöld samtals		46 490
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	43 990	
5	Gjöld samtals		**46 490**

03 Utanríkisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			309 280
1 01	Yfirstjórn	149 360	
1 10	Kjörræðismenn	620	
1 21	Alþjóðaráðstefnur	21 870	
1 30	Upplýsinga- og kynningarstarfsemi	5 400	
1 31	Kvikmyndir og myndbönd, landkynning	630	
1 50	Viðskiptaskrifstofa	77 730	
1 51	Útflutningsráð Íslands	16 300	
1 53	Þýðingar laga og reglugerða Evrópubandalagsins	37 370	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		312 280
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	87 270	
52–58	Önnur gjöld	208 710	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	16 300	
5	Gjöld samtals		**312 280**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–103 Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 550
1 01	Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs	11 550	
	Gjöld samtals		11 550
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 970	
52–58	Önnur gjöld	6 580	
5	Gjöld samtals		**11 550**
03–201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			226 820
1 01	Yfirstjórn	17 000	
1 10	Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	88 070	
1 20	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	121 750	
Viðhaldsverkefni:			500
5 20	Viðhald lögreglustöðvar	500	
Stofnkostnaður:			1 300
6 01	Tæki og búnaður	1 300	
	Gjöld samtals		228 620
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	185 800	
52–58	Önnur gjöld	42 820	
5	Gjöld samtals	228 620	
4	Sértekjur	22 650	
	Mismunur		**205 970**
03–390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			95 000
1 01	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	95 000	
	Gjöld samtals		95 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	95 000	
5	Gjöld samtals		**95 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–391	**Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			59 490
1 10	Háskóli Sameinuðu þjóðanna	22 620	
1 11	Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	6 040	
1 12	Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	14 490	
1 13	Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	7 060	
1 14	Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna, WFP	860	
1 15	Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNHCR	2 170	
1 16	Aðstoð Sameinuðu þjóðanna við palestínska flóttamenn, UNRWA	1 500	
1 17	Sameinuðu þjóðirnar, ýmsir sérsjóðir	690	
1 18	Alþjóðaráð Rauða krossins	2 230	
1 19	Neyðarhjálparstofnun Sameinuðu þjóðanna, UNDRO	370	
1 20	Alþjóðamatvælabirgðasjóðurinn, IEFR	360	
1 21	Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM	1 100	
	Gjöld samtals		59 490
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	59 490	
5	Gjöld samtals		**59 490**

03–399	**Ýmis utanríkismál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 980
1 20	Kynningarátak um Leif Eiríksson	5 000	
1 30	Lögberg-Heimskringla	410	
1 40	Samskipti við Vestur-Íslendinga	970	
1 50	Móttaka flóttamanna	16 100	
1 70	Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	500	
	Gjöld samtals		22 980
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	5 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	17 980	
5	Gjöld samtals		**22 980**

04 Landbúnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			58 670
1 01	Yfirstjórn	58 670	
	Gjöld samtals		58 670
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 920	
52–58	Önnur gjöld	26 750	
5	Gjöld samtals	58 670	
4	Sértekjur	2 710	
	Mismunur		**55 960**
04–171 Jarðeignir ríkisins, framlög			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			30 000
6 01	Jarðeignir ríkisins	30 000	
	Gjöld samtals		30 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	30 000	
5	Gjöld samtals		**30 000**
04–172 Jarðasjóður			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			25 000
6 01	Jarðasjóður	25 000	
	Gjöld samtals		25 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	25 000	
5	Gjöld samtals		**25 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–201 Búnaðarfélag Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			86 000
1 01	Yfirstjórn	25 010	
1 20	Ráðunautar	33 650	
1 30	Sérfræðileg aðstoð við landbúnaðinn	27 340	
	Gjöld samtals		86 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	52 450	
52–58	Önnur gjöld	33 550	
5	Gjöld samtals	86 000	
4	Sértekjur	7 590	
	Mismunur		**78 410**
04–202 Hagþjónusta landbúnaðarins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 330
1 01	Hagþjónusta landbúnaðarins	10 330	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		11 830
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 870	
52–58	Önnur gjöld	5 960	
5	Gjöld samtals	11 830	
4	Sértekjur	270	
	Mismunur		**11 560**
04–206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			127 920
1 01	Aðalstöðvar	103 040	
1 82	Tilraunastöðin Stóra-Ármóti	3 780	
1 83	Tilraunastöðin Hesti og Hvanneyri	5 930	
1 85	Tilraunastöðin Möðruvöllum	6 970	
1 87	Tilraunastöðin Sámsstöðum og Gunnarsholti	7 700	
1 93	Sérstök verkefni	500	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			1 000
5 80	Tilraunastöðvar, viðhald	1 000	
Stofnkostnaður:			13 500
6 01	Tæki og búnaður	12 000	
6 82	Tilraunastöð Stóra-Ármóti	1 000	
6 92	Tilraunastöðin á Möðruvöllum, fjósbygging	500	
	Gjöld samtals		142 420
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	92 050	
52–58	Önnur gjöld	49 870	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	500	
5	Gjöld samtals	142 420	
4	Sértekjur	12 820	
	Mismunur		**129 600**

04–232 Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 370
1 01	Rannsóknastöðin á Mógilsá	18 250	
1 10	Tilraunir með rótarskóga	480	
1 20	Tilraunir með ræktun iðnviðar	7 960	
1 30	Sérstakt rannsóknaverkefni	4 680	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		32 370
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 630	
52–58	Önnur gjöld	5 620	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	4 680	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 440	
5	Gjöld samtals		**32 370**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–235 Landgræðsla ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			92 910
1 10	Almenn landgræðsla	80 650	
1 50	Landgræðsluframkvæmdir Mývatnssveit	1 100	
1 60	Búrekstur	11 160	
Viðhaldsverkefni:			4 000
5 20	Viðhald, óskipt	4 000	
Stofnkostnaður:			13 000
6 01	Tæki og búnaður	4 000	
6 10	Gunnarsholt, viðbygging	5 000	
6 20	Fræverkunarstöð	4 000	
	Gjöld samtals		109 910
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	33 190	
52–58	Önnur gjöld	75 620	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	1 100	
5	Gjöld samtals	109 910	
4	Sértekjur	11 900	
	Mismunur		**98 010**
04–243 Sauðfjárveikivarnir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			329 500
1 01	Sauðfjárveikivarnir	329 500	
Viðhaldsverkefni:			9 200
5 01	Varnargirðingar	9 200	
	Gjöld samtals		338 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 580	
52–58	Önnur gjöld	9 040	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	315 080	
5	Gjöld samtals		**338 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–245 Laxeldisstöðin í Kollafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 400
1 10	Laxeldisstöðin í Kollafirði	10 400	
1 20	Silfurgen, laxakynbætur	15 000	
	Gjöld samtals		25 400
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	10 400	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	15 000	
5	Gjöld samtals		**25 400**
04–246 Veiðimálastofnunin			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			57 960
1 01	Veiðimálastofnunin	57 960	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		59 460
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 320	
52–58	Önnur gjöld	25 140	
5	Gjöld samtals	59 460	
4	Sértekjur	25 740	
	Mismunur		**33 720**
04–247 Yfirdýralæknir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 380
1 01	Yfirstjórn	9 940	
1 20	Héraðsdýralæknar	42 330	
1 30	Dýralæknir fisksjúkdóma	2 530	
1 52	Eftirlit og eftirlitsferðir	580	
Viðhaldsverkefni:			4 000
5 90	Dýralæknisbústaðir, óskipt	4 000	
	Gjöld samtals		59 380

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	48 580	
52–58	Önnur gjöld	10 800	
5	Gjöld samtals	59 380	
4	Sértekjur	2 640	
	Mismunur		**56 740**

04–270 Landgræðslu- og landverndaráætlun

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			110 000
6 20	Landgræðsluáætlun, RALA	6 930	
6 30	Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins	14 190	
6 40	Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins	62 150	
6 50	Landgræðsluáætlun, ýmis starfsemi	3 630	
6 90	Fyrirhleðslur	23 100	
	Gjöld samtals		110 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	110 000	
5	Gjöld samtals		**110 000**

04–288 Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 120
1 01	Búfjárrækt	23 050	
1 10	Ráðunautar	32 070	
Stofnkostnaður:			225 100
6 20	Jarðræktar- og búfjárræktarframlög	225 100	
	Gjöld samtals		280 220
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	55 120	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	225 100	
5	Gjöld samtals		**280 220**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–289 Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			507 000
1 10	Endurgreiðsla gjalda	474 500	
1 30	Niðurgreiðsla fóðurs í loðdýrarækt	32 500	
	Gjöld samtals		507 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	507 000	
5	Gjöld samtals		**507 000**
04–290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 103 400
1 01	Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	1 427 000	
1 10	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	676 400	
	Gjöld samtals		2 103 400
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	2 103 400	
5	Gjöld samtals		**2 103 400**
04–299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 140
1 18	Skógræktarfélag Íslands	1 580	
1 19	Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	35 710	
1 22	Ýmis verkefni	11 850	
	Gjöld samtals		49 140
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	35 710	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	13 430	
5	Gjöld samtals		**49 140**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–501 Bændaskólinn á Hvanneyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			92 360
1 01	Yfirstjórn	13 980	
1 30	Rekstur skóla	49 600	
1 40	Rannsóknir og tilraunastarfsemi	5 680	
1 50	Búrekstur	23 100	
Viðhaldsverkefni:			3 700
5 01	Fasteignir	3 700	
Stofnkostnaður:			9 400
6 01	Fasteignir og lóðir	8 400	
6 02	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		105 460
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 780	
52–58	Önnur gjöld	53 680	
5	Gjöld samtals	105 460	
4	Sértekjur	31 360	
	Mismunur		**74 100**
04–502 Bændaskólinn á Hólum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			63 260
1 01	Bændaskólinn á Hólum	63 260	
Viðhaldsverkefni:			4 500
5 01	Fasteignir	4 500	
Stofnkostnaður:			6 900
6 01	Fasteignir og lóðir	4 400	
6 02	Tæki og búnaður	2 500	
	Gjöld samtals		74 660
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 290	
52–58	Önnur gjöld	40 370	
5	Gjöld samtals	74 660	
4	Sértekjur	13 020	
	Mismunur		**61 640**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–503 Garðyrkjuskóli ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 600
1 01	Garðyrkjuskóli ríkisins	39 590	
1 10	Tilraunir og rannsóknastörf	3 010	
Viðhaldsverkefni:			4 500
5 01	Viðhald fasteigna	4 500	
Stofnkostnaður:			6 600
6 10	Fasteignir og tæki	6 600	
	Gjöld samtals		53 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 590	
52–58	Önnur gjöld	24 110	
5	Gjöld samtals	53 700	
4	Sértekjur	6 250	
	Mismunur		**47 450**

05 Sjávarútvegsráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			74 440
1 01	Yfirstjórn	74 440	
Stofnkostnaður:			2 500
6 01	Tæki og búnaður	2 500	
	Gjöld samtals		76 940

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	41 530	
52–58	Önnur gjöld	35 410	
5	Gjöld samtals		**76 940**

05–202 Hafrannsóknastofnun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			444 500
1 01	Yfirstjórn	50 810	
1 10	Rannsóknasvið	92 000	
1 11	Raftæknideild	8 300	
1 12	Tölvudeild	10 650	
1 19	Tímabundin verkefni	18 600	
1 20	Útibú á Akureyri	3 180	
1 21	Útibú á Höfn í Hornafirði	2 610	
1 22	Útibú á Ísafirði	3 980	
1 23	Útibú í Ólafsvík	3 290	
1 24	Útibú í Vestmannaeyjum	3 100	
1 31	R/s Bjarni Sæmundsson	62 920	
1 32	R/s Árni Friðriksson	54 190	
1 33	R/s Dröfn	32 170	
1 36	Veiðarfærakostnaður	20 790	
1 39	Annar skiparekstur	36 130	
1 40	Hvalarannsóknir	20 000	
1 41	Lúðueldi á Reykjanesi	13 770	
1 42	Aflaskýrslur	1 520	
1 50	Alþjóðlegt samstarfsverkefni á hafsvæðinu milli Íslands og Austur-Grænlands	6 490	
Viðhaldsverkefni:			27 000
5 31	Viðhald, r/s Bjarni Sæmundsson	10 000	
5 32	Viðhald, r/s Árni Friðriksson	9 000	
5 33	Viðhald, r/s Dröfn	6 000	
5 90	Viðhald, óskipt	2 000	
Stofnkostnaður:			42 500
6 31	Tæki og búnaður í r/s Bjarna Sæmundsson	3 000	
6 32	Tæki og búnaður í r/s Árna Friðriksson	11 500	
6 33	Tæki og búnaður í r/s Dröfn	10 700	
6 90	Tæki og búnaður deilda og útibúa	17 300	
	Gjöld samtals		514 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	235 630	
52–58	Önnur gjöld	278 370	
5	Gjöld samtals	514 000	
4	Sértekjur	21 180	
	Mismunur		**492 820**

05–216 Ríkismat sjávarafurða

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			95 390
1 01	Ríkismat sjávarafurða	95 390	
Stofnkostnaður:			2 800
6 01	Tæki og búnaður	2 800	
	Gjöld samtals		98 190
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	50 530	
52–58	Önnur gjöld	47 660	
5	Gjöld samtals	98 190	
4	Sértekjur	28 210	
	Mismunur		**69 980**

05–290 Veiðieftirlit

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			65 330
1 01	Veiðieftirlit	65 330	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		67 330

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	43 960	
52–58	Önnur gjöld	23 370	
5	Gjöld samtals	67 330	
4	Sértekjur	32 690	
	Mismunur		**34 640**

05–299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			90 790
1 20	Eldi sjávardýra	20 000	
1 21	Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknabátur	11 040	
1 31	Stjórn fiskveiða	9 140	
1 32	Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi	50 610	
	Gjöld samtals		90 790
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 110	
52–58	Önnur gjöld	20 180	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	69 500	
5	Gjöld samtals		**90 790**

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			80 450
1 01	Yfirstjórn	80 450	
	Gjöld samtals		80 450
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 510	
52–58	Önnur gjöld	28 940	
5	Gjöld samtals		**80 450**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–201 Hæstiréttur			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 280
1 01	Yfirstjórn	14 800	
1 02	Útgáfa Hæstaréttardóma	12 480	
Viðhaldsverkefni:			4 500
5 01	Viðhald fasteigna	4 500	
	Gjöld samtals		31 780
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 790	
52–58	Önnur gjöld	20 990	
5	Gjöld samtals	31 780	
4	Sértekjur	2 350	
	Mismunur		**29 430**
06–208 Rannsóknarlögregla ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			148 630
1 01	Rannsóknarlögregla ríkisins	148 630	
Viðhaldsverkefni:			1 500
5 01	Viðhald húseignar	1 500	
Stofnkostnaður:			8 000
6 01	Tæki og búnaður	8 000	
	Gjöld samtals		158 130
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	115 950	
52–58	Önnur gjöld	42 180	
5	Gjöld samtals	158 130	
4	Sértekjur	1 380	
	Mismunur		**156 750**
06–209 Lögregluskóli ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 060
1 01	Lögregluskóli ríkisins	23 060	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
	Gjöld samtals		28 060
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 610	
52–58	Önnur gjöld	13 450	
5	Gjöld samtals		**28 060**

06–211 Sýslumenn og bæjarfógetar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			68 160
1 10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	11 370	
1 20	Forfallakostnaður og námskostnaður	46 790	
1 90	Skipulags- og hagræðingarverkefni	10 000	
Viðhaldsverkefni:			15 600
5 50	Fasteignir	15 600	
Stofnkostnaður:			6 000
6 01	Tæki og búnaður	6 000	
	Gjöld samtals		89 760
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 720	
52–58	Önnur gjöld	62 040	
5	Gjöld samtals		**89 760**

06–213 Sýslumaður Borgarnesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 630
1 01	Yfirstjórn	21 850	
1 20	Löggæsla	25 350	
1 30	Hreppstjórar	1 430	
	Gjöld samtals		48 630
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	38 080	
52–58	Önnur gjöld	10 550	
5	Gjöld samtals	48 630	
4	Sértekjur	1 970	
	Mismunur		**46 660**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–214 Sýslumaður Stykkishólmi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			60 040
1 01	Yfirstjórn	24 630	
1 20	Löggæsla Stykkishólmi	12 740	
1 21	Löggæsla Grundarfirði	8 090	
1 24	Löggæsla Ólafsvík og Hellissandi	13 500	
1 30	Hreppstjórar	1 080	
Stofnkostnaður:			11 900
6 20	Lögreglustöð	11 900	
	Gjöld samtals		71 940
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	45 930	
52–58	Önnur gjöld	26 010	
5	Gjöld samtals	71 940	
4	Sértekjur	1 640	
	Mismunur		**70 300**
06–216 Sýslumaður Patreksfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 550
1 01	Yfirstjórn	16 230	
1 20	Löggæsla	15 420	
1 30	Hreppstjórar	900	
Stofnkostnaður:			4 000
6 10	Viðbygging	4 000	
	Gjöld samtals		36 550
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	25 010	
52–58	Önnur gjöld	11 540	
5	Gjöld samtals	36 550	
4	Sértekjur	960	
	Mismunur		**35 590**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–221 Sýslumaður Blönduósi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 360
1 01	Yfirstjórn	20 660	
1 20	Löggæsla	21 240	
1 30	Hreppstjórar	1 460	
	Gjöld samtals		43 360
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 400	
52–58	Önnur gjöld	11 960	
5	Gjöld samtals	43 360	
4	Sértekjur	850	
	Mismunur		**42 510**
06–234 Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			108 390
1 01	Yfirstjórn	42 510	
1 20	Löggæsla	64 160	
1 30	Hreppstjórar	1 720	
Stofnkostnaður:			1 000
6 20	Lögreglustöð	1 000	
	Gjöld samtals		109 390
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	82 610	
52–58	Önnur gjöld	26 780	
5	Gjöld samtals	109 390	
4	Sértekjur	5 860	
	Mismunur		**103 530**
06–239 Fangelsismálastofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 740
1 01	Fangelsismálastofnun	23 740	
Stofnkostnaður:			1 400
6 01	Tæki og búnaður	1 400	
	Gjöld samtals		25 140

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 810	
52–58	Önnur gjöld	7 330	
5	Gjöld samtals		**25 140**

06–242 Vinnuhælið Litla-Hrauni

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			127 240
1 01	Yfirstjórn	110 150	
1 21	Númeradeild	3 520	
1 31	Ýmis framleiðsla og fangavinna	13 570	
	Gjöld samtals		127 240
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	77 520	
52–58	Önnur gjöld	49 720	
5	Gjöld samtals	127 240	
4	Sértekjur	23 980	
	Mismunur		**103 260**

06–253 Almannavarnir ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 184
1 01	Almannavarnir ríkisins	20 184	
Stofnkostnaður:			4 000
6 01	Tæki og búnaður	4 000	
	Gjöld samtals		24 184
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 340	
52–58	Önnur gjöld	14 844	
5	Gjöld samtals		**24 184**

06–255 Umferðarráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 160
1 01	Umferðarráð	29 160	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		31 160
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 160	
52–58	Önnur gjöld	23 000	
5	Gjöld samtals	31 160	
4	Sértekjur	7 170	
	Mismunur		**23 990**

06–283 Fangamál, ýmis kostnaður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 280
1 10	Fangahjálp	4 480	
1 11	Sjúkrakostnaður refsifanga	890	
1 12	Námskeið fangavarða	2 140	
1 13	Forföll fangavarða	3 360	
1 20	Vistun fanga	10 410	
Viðhaldsverkefni:			5 000
5 30	Viðhald og endurbætur fangelsa	5 000	
Stofnkostnaður:			10 000
6 30	Bygging ríkisfangelsa	10 000	
	Gjöld samtals		36 280
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 190	
52–58	Önnur gjöld	25 340	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 750	
5	Gjöld samtals		**36 280**

06–301 Biskup Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			39 140
1 01	Yfirstjórn	17 310	
1 02	Biskupsbústaður	640	
1 10	Fræðslu- og þjónustudeild	10 790	
1 11	Kirkjuráð	890	
1 12	Kirkjuþing	3 500	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 13	Alþjóðasamvinna	970	
1 14	Prestastefna	340	
1 15	Ýmis verkefni	4 700	
	Gjöld samtals		39 140
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 380	
52–58	Önnur gjöld	12 060	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 700	
5	Gjöld samtals	39 140	
4	Sértekjur	3 550	
	Mismunur		**35 590**

06–302 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 300
1 01	Yfirstjórn	7 760	
1 10	Tónskóli þjóðkirkjunnar	5 540	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		15 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 820	
52–58	Önnur gjöld	6 480	
5	Gjöld samtals	15 300	
4	Sértekjur	640	
	Mismunur		**14 660**

06–303 Prestaköll og prófastsdæmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			286 700
1 90	Prestar og prófastar	286 700	
Viðhaldsverkefni:			32 000
5 20	Prestsbústaðir	32 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			11 000
6 20	Prestsbústaðir	10 000	
6 21	Kaup á eignum	1 000	
	Gjöld samtals		329 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	232 180	
52–58	Önnur gjöld	97 520	
5	Gjöld samtals	329 700	
4	Sértekjur	110	
	Mismunur		**329 590**

06–304 Ýmis kirkjuleg málefni

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 240
1 42	Húsmæðraskólinn á Löngumýri	1 170	
1 58	Kirkjugarðaeftirlit	1 980	
1 60	Ráðgjöf í fjölskyldumálum	1 800	
1 90	Ýmislegt	5 290	
Viðhaldsverkefni:			500
5 42	Húsmæðraskólinn á Löngumýri	500	
Stofnkostnaður:			19 500
6 50	Skálholtsstaður	3 000	
6 51	Hallgrímskirkja	6 000	
6 52	Hóladómkirkja	3 000	
6 91	Snorrastofa	7 500	
	Gjöld samtals		30 240
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 440	
52–58	Önnur gjöld	3 420	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	22 380	
5	Gjöld samtals		**30 240**

07 Félagsmálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			68 250
1 01	Yfirstjórn	68 250	
	Gjöld samtals		68 250
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 950	
52–58	Önnur gjöld	30 110	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	190	
5	Gjöld samtals	68 250	
4	Sértekjur	70	
	Mismunur		**68 180**
07–272 Byggingarsjóður verkamanna			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			900 000
6 01	Byggingarsjóður verkamanna	900 000	
	Gjöld samtals		900 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	900 000	
5	Gjöld samtals		**900 000**
07–700 Málefni fatlaðra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			182 240
1 01	Stjórnarnefnd	2 240	
1 02	Samráðsnefnd	1 250	
1 03	Samráðsnefnd um ferlimál	1 720	
1 04	Kostnaður skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra	130 900	
1 05	Kostnaður skv. 19. gr. laga um málefni fatlaðra	6 860	
1 10	Vistanir	13 190	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	7 810	
1 60	Félagslegar íbúðir fyrir fatlaða	8 030	
1 80	Starfsþjálfun	8 220	
1 81	Tölvumiðstöð fatlaðra	2 020	
	Gjöld samtals		182 240
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 720	
52–58	Önnur gjöld	3 330	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	161 190	
5	Gjöld samtals		**182 240**

07–701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			154 810
1 01	Sveðisstjórn	9 780	
1 20	Sambýli Drekavogi 16	6 850	
1 21	Sambýli Akurgerði 20	8 620	
1 22	Sambýli Stuðlaseli 2	10 850	
1 29	Sambýli Vesturbrún 17	10 780	
1 31	Tæknivinnustofa Öryrkjabandalagsins	5 410	
1 32	Verndaður vinnustaður	2 690	
1 33	Vinnustofa Blindrafélagsins	4 080	
1 64	Skammtímavistun Álfalandi 6	16 920	
1 73	Vistheimili við Holtaveg	18 820	
1 74	Sambýli Njörvasundi 2	13 380	
1 75	Sambýli, óstaðsett	9 160	
1 80	Atvinnuleit	2 380	
1 91	Sambýli Grundarlandi 17	10 020	
1 93	Sambýli fyrir ungmenni	7 990	
1 94	Sambýli fyrir blinda	11 380	
1 95	Sambýli fyrir geðsjúka	5 700	
	Gjöld samtals		154 810
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	105 850	
52–58	Önnur gjöld	8 860	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	27 920	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	12 180	
5	Gjöld samtals		**154 810**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 800
1 01	Svæðisstjórn	6 480	
1 20	Sambýli Akranesi	13 520	
1 21	Sambýli Borgarnesi	3 200	
1 30	Verndaður vinnustaður Akranesi	7 450	
1 40	Leikfangasafn Borgarnesi	1 420	
1 41	Leikfangasafn Ólafsvík	1 210	
1 60	Dagvistun Akranesi	6 400	
1 70	Sumarbúðir	3 250	
1 80	Atvinnuleit	870	
	Gjöld samtals		43 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 460	
52-58	Önnur gjöld	9 340	
5	Gjöld samtals	43 800	
4	Sértekjur	1 970	
	Mismunur		**41 830**
07-704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 910
1 01	Svæðisstjórn	5 180	
1 40	Leikfangasafn Ísafirði	990	
1 50	Þjónustumiðstöð Bræðratungu	31 740	
Stofnkostnaður:			1 300
6 50	Tæki og búnaður	1 300	
	Gjöld samtals		39 210
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	28 580	
52-58	Önnur gjöld	10 630	
5	Gjöld samtals		**39 210**
07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 870
1 01	Svæðisstjórn	6 920	
1 20	Sambýli Siglufirði	9 080	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 21	Sambýli Sauðárkróki	6 210	
1 22	Sambýli að Gauksmýri	7 140	
1 40	Leikfangasafn Siglufirði	2 020	
1 41	Leikfangasafn Blönduósi	2 040	
1 42	Leikfangasafn Sauðárkróki	2 020	
1 70	Sumardvöl Egilsá	1 590	
1 80	Atvinnuleit	840	
1 90	Verkstjórn	1 010	
	Gjöld samtals		38 870
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	32 520	
52–58	Önnur gjöld	6 350	
5	Gjöld samtals		**38 870**

07–707 Málefni fatlaðra, Austurlandi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			56 100
1 01	Svæðisstjórn	5 560	
1 20	Sambýli Egilsstöðum	7 620	
1 30	Verndaður vinnustaður Egilsstöðum	7 000	
1 40	Leikfangasafn	1 930	
1 50	Þjónustumiðstöð Vonarlandi	31 170	
1 60	Þroskaþjálfun Höfn í Hornafirði	1 950	
1 80	Atvinnuleit	870	
	Gjöld samtals		56 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	43 860	
52–58	Önnur gjöld	12 240	
5	Gjöld samtals	56 100	
4	Sértekjur	2 590	
	Mismunur		**53 510**

07–708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			95 075
1 01	Svæðisstjórn	6 900	
1 20	Sambýli Árvegi 8, Selfossi	7 370	
1 21	Sambýli Vallholti 9	11 640	
1 22	Sambýli Vallholti 12-14	6 730	
1 24	Sambýli Bitru	6 060	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 25	Sambýli Hlíðartungu	6 060	
1 26	Sambýli Vestmannaeyjum	6 450	
1 30	Verndaður vinnustaður Selfossi	6 230	
1 31	Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum	10 120	
1 40	Leikfangasafn Vestmannaeyjum	1 830	
1 70	Lambhagi	11 720	
1 72	Skaftholt	6 060	
1 73	Meðferðarheimili Búhamri 17, Vestmannaeyjum	7 080	
1 80	Atvinnuleit	825	
	Gjöld samtals		95 075
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	61 280	
52–58	Önnur gjöld	15 615	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	18 180	
5	Gjöld samtals	95 075	
4	Sértekjur	5 530	
	Mismunur		**89 545**

07–710 Meðferðarheimili og sambýli einhverfra barna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			41 590
1 70	Meðferðarheimili fyrir einhverf börn, Sæbraut 2	23 620	
1 71	Sambýli einhverfra barna, Trönuhólum 1	15 670	
1 72	Atvinnumál einhverfra	2 300	
	Gjöld samtals		41 590
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	36 100	
52–58	Önnur gjöld	5 490	
5	Gjöld samtals		**41 590**

07–711 Styrktarfélag vangefinna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			185 885
1 20	Sambýli Háteigsvegi 6	5 700	
1 21	Sambýli Sigluvogi 5	7 220	
1 22	Sambýli Auðarstræti 15	6 990	
1 23	Sambýli Víðihlíð 11	7 570	
1 24	Sambýli Víðihlíð 7	5 620	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 25	Sambýli Víðihlíð 5	6 060	
1 30	Vinnustofan Ás	22 755	
1 60	Dagvistun Lækjarási	24 000	
1 61	Dagvistun Bjarkarási	29 070	
1 62	Dagvistun Lyngási	37 980	
1 63	Skammtímavistun Víðihlíð 9	12 700	
1 64	Skammtímavistun Blesugróf 31	10 220	
1 90	Sambýli Blesugróf 29	7 640	
1 91	Styrktarfélag vangefinna, sambýli	2 360	
	Gjöld samtals		185 885
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	136 355	
52–58	Önnur gjöld	49 530	
5	Gjöld samtals	185 885	
4	Sértekjur	11 640	
	Mismunur		**174 245**

07–719 Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 990
1 70	Vistheimilið Tjaldanesi	33 990	
	Gjöld samtals		33 990
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 260	
52–58	Önnur gjöld	9 730	
5	Gjöld samtals		**33 990**

07–720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			102 080
1 70	Vistheimilið Skálatúni	102 080	
	Gjöld samtals		102 080
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	74 870	
52–58	Önnur gjöld	27 210	
5	Gjöld samtals	102 080	
4	Sértekjur	1 670	
	Mismunur		**100 410**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–722 Sólheimar Grímsnesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			77 510
1 70	Vistheimilið að Sólheimum Grímsnesi	77 510	
	Gjöld samtals		77 510
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	46 650	
52–58	Önnur gjöld	30 860	
5	Gjöld samtals	77 510	
4	Sértekjur	2 970	
	Mismunur		**74 540**
07–801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 365 800
1 10	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1 365 800	
	Gjöld samtals		1 365 800
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 365 800	
5	Gjöld samtals		**1 365 800**
07–951 Brunamálastofnun ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			54 720
1 01	Brunamálastofnun ríkisins	54 720	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		55 720
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 500	
52–58	Önnur gjöld	36 220	
5	Gjöld samtals	55 720	
4	Sértekjur	62 410	
	Mismunur		**–6 690**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–953 Jafnréttisráð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 860
1 01	Jafnréttisráð	13 860	
	Gjöld samtals		13 860
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 220	
52–58	Önnur gjöld	6 640	
5	Gjöld samtals		**13 860**
07–981 Vinnumál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 740
1 10	Félagsdómur	2 060	
1 13	Sjómannasamtök, lögskráning	440	
1 51	Sjómannadagsráð	200	
1 60	Orlofsheimili launþegasamtakanna	5 000	
1 70	Atvinnumál kvenna á landsbyggðinni	15 000	
1 90	Ýmislegt	33 040	
	Gjöld samtals		55 740
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	890	
52–58	Önnur gjöld	1 170	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	200	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	53 480	
5	Gjöld samtals		**55 740**
07–999 Félagsmál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			142 130
1 10	Meðlög skv. 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga	10 560	
1 11	Meðlög skv. lögum nr. 9/1981	58 170	
1 27	Slysavarnafélag Íslands	9 000	
1 30	Sjómannastofur	1 050	
1 31	Félagasamtök, styrkir	18 400	
1 32	Starfsmenntun í atvinnulífinu	15 590	
1 40	Kvennaathvarf í Reykjavík	10 210	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 41	Stígamót	4 620	
1 80	Snjóflóða- og skriðufallavarnir	6 380	
1 90	Ýmis framlög	8 150	
	Gjöld samtals		142 130
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	6 380	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	135 750	
5	Gjöld samtals		**142 130**

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–101	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			99 630
1 01	Yfirstjórn	99 630	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		101 630
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	57 470	
52–58	Önnur gjöld	44 040	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	120	
5	Gjöld samtals	101 630	
4	Sértekjur	3 550	
	Mismunur		**98 080**

08–271	**Tryggingastofnun ríkisins**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 820 480
1 01	Yfirstjórn	439 480	
1 10	Lífeyristryggingar	13 895 000	
1 20	Sjúkratryggingar	10 060 000	
1 30	Slysatryggingar	426 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			2 200
5 01	Viðhald húseignar	2 200	
Stofnkostnaður:			18 000
6 01	Tæki og búnaður	18 000	
	Gjöld samtals		24 840 680
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	239 420	
52–58	Önnur gjöld	220 260	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	24 381 000	
5	Gjöld samtals	24 840 680	
4	Sértekjur	126 850	
	Mismunur		**24 713 830**

08–301 Landlæknir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			39 150
1 01	Yfirstjórn	37 420	
1 10	Læknaráð	1 040	
1 20	Sjúkraflutningaráð	690	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		40 150
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 180	
52–58	Önnur gjöld	13 970	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 000	
5	Gjöld samtals		**40 150**

08–340 Málefni fatlaðra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 980
1 10	Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	11 000	
1 20	Sjálfsbjörg Akureyri	9 750	
1 30	Sumardvalarheimili í Reykjadal	9 900	
1 40	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga	8 650	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 50	Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	1 980	
1 60	Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	4 400	
1 70	Hjarta- og æðaverndarfélag, Akureyri	1 000	
1 90	Önnur starfsemi	3 300	
	Gjöld samtals		49 980
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	49 980	
5	Gjöld samtals		**49 980**

08–358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 053 300
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	1 053 300	
Viðhaldsverkefni:			9 000
5 01	Viðhald húsnæðis	9 000	
Stofnkostnaður:			51 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
6 50	Nýbygging	41 000	
	Gjöld samtals		1 113 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	715 090	
52–58	Önnur gjöld	398 210	
5	Gjöld samtals	1 113 300	
4	Sértekjur	98 330	
	Mismunur		**1 014 970**

08–360 Sjúkrahúsið Seyðisfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			78 080
1 01	Sjúkrahúsið Seyðisfirði	78 080	
	Gjöld samtals		78 080

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	48 230	
52–58	Önnur gjöld	29 850	
5	Gjöld samtals	78 080	
4	Sértekjur	2 650	
	Mismunur		**75 430**

08–366 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			178 490
1 01	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	178 490	
	Gjöld samtals		178 490
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	118 290	
52–58	Önnur gjöld	60 200	
5	Gjöld samtals	178 490	
4	Sértekjur	15 840	
	Mismunur		**162 650**

08–370 Sjúkrahús í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			154 300
1 01	Sjúkrahús í Reykjavík	154 300	
Stofnkostnaður:			20 000
6 01	Stofnkostnaður, óskipt	20 000	
	Gjöld samtals		174 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	123 000	
52–58	Önnur gjöld	51 300	
5	Gjöld samtals		**174 300**

08–371 Ríkisspítalar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 902 821
1 01	Ríkisspítalar	5 902 821	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			73 000
5 60	Stjórnarnefnd, viðhald	73 000	
Stofnkostnaður:			264 000
6 60	Stjórnarnefnd, stofnkostnaður	100 000	
6 70	Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð	164 000	
	Gjöld samtals		6 239 821
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 849 712	
52–58	Önnur gjöld	2 390 109	
5	Gjöld samtals	6 239 821	
4	Sértekjur	397 848	
	Mismunur		**5 841 973**

08–372 Borgarspítalinn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 843 593
1 01	Borgarspítalinn	2 843 593	
Viðhaldsverkefni:			44 000
5 01	Viðhald	44 000	
Stofnkostnaður:			55 000
6 01	Tæki og búnaður	25 000	
6 50	Nýframkvæmdir	30 000	
	Gjöld samtals		2 942 593
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 892 852	
52–58	Önnur gjöld	1 049 741	
5	Gjöld samtals	2 942 593	
4	Sértekjur	398 462	
	Mismunur		**2 544 131**

08–373 St. Jósefsspítali, Landakoti

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 243 346
1 01	St. Jósefsspítali, Landakoti	1 243 346	
Viðhaldsverkefni:			6 500
5 01	Viðhald	6 500	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			20 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
6 02	Framlag til röntgentækjakaupa	10 000	
	Gjöld samtals		1 269 846
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	803 036	
52–58	Önnur gjöld	466 810	
5	Gjöld samtals	1 269 846	
4	Sértekjur	143 658	
	Mismunur		**1 126 188**

08–381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 000
1 20	Rekstur sjúkrahúsa, almennt	11 000	
Viðhaldsverkefni:			26 000
5 50	Viðhald sjúkrahúsa, óskipt	26 000	
Stofnkostnaður:			333 550
6 60	Tækjakaup, óskipt	20 000	
6 90	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða[1])	291 850	
6 91	St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	9 000	
6 92	Heilsugæsla í Garðabæ samkvæmt samningi	10 700	
6 96	Heimili mænuskaddaðra við Grensásdeild	2 000	
	Gjöld samtals		370 550
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 000	
52–58	Önnur gjöld	46 000	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	302 550	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	11 000	
5	Gjöld samtals		**370 550**

08–385 Framkvæmdasjóður aldraðra

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			370 000
6 01	Framkvæmdasjóður aldraðra	370 000	
	Gjöld samtals		370 000

1) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 3.

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	370 000	
5	Gjöld samtals		**370 000**

08–399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			238 950
1 22	Eiturefnanefnd	1 090	
1 23	Daggjaldanefnd	2 800	
1 25	Neyslu- og manneldismál, manneldisráð	10 440	
1 30	Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	2 000	
1 31	Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	116 800	
1 32	Minningarsjóður Landspítalans	8 500	
1 35	Hjartavernd, Monica-rannsóknir	3 500	
1 37	Hjartavernd	8 500	
1 40	Kostnaður vegna laga nr. 25/1975	1 000	
1 42	Kostnaður skv. lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	41 000	
1 53	Tóbaksvarnir	9 330	
1 60	Ljósmæðralaun	860	
1 71	Norræni heilsugæsluskólinn	11 320	
1 90	Ýmis framlög	10 000	
1 91	Kvartananefnd	420	
1 95	Kynsjúkdómar, alnæmi	9 390	
1 96	Rannsóknir á astma- og ofnæmissjúklingum	2 000	
	Gjöld samtals		238 950
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 200	
52–58	Önnur gjöld	41 710	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	185 040	
5	Gjöld samtals		**238 950**

08–430 Vistun geðsjúkra fanga

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 000
1 01	Vistun geðsjúkra fanga	12 000	
	Gjöld samtals		12 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 800	
52–58	Önnur gjöld	4 200	
5	Gjöld samtals		**12 000**

08–500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			88 110
1 10	Heilsugæslustöðvar, almennt	88 110	
Viðhaldsverkefni:			30 000
5 01	Viðhald, óskipt	30 000	
Stofnkostnaður:			12 000
6 01	Tæki og búnaður	6 000	
6 90	Tölvuvæðing	6 000	
	Gjöld samtals		130 110
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	43 620	
52–58	Önnur gjöld	62 290	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	24 200	
5	Gjöld samtals		**130 110**

08–581 Heilsugæslustöðin Keflavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			86 770
1 01	Heilsugæslustöðin Keflavík	86 770	
	Gjöld samtals		86 770
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	49 990	
52–58	Önnur gjöld	36 780	
5	Gjöld samtals	86 770	
4	Sértekjur	4 450	
	Mismunur		**82 320**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–591 Héraðslæknir í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 110
1 01	Héraðslæknir í Reykjavík	14 110	
	Gjöld samtals		14 110
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 209	
52–58	Önnur gjöld	3 901	
5	Gjöld samtals		**14 110**
08–602 Þroskaþjálfaskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 720
1 01	Þroskaþjálfaskóli Íslands	16 720	
	Gjöld samtals		16 720
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 250	
52–58	Önnur gjöld	5 470	
5	Gjöld samtals		**16 720**
08–610 Gæsluvistarsjóður, framlag			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			12 200
6 10	Gæsluvistarsjóður	10 000	
6 40	Samhjálp	2 200	
	Gjöld samtals		12 200
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	10 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 200	
5	Gjöld samtals		**12 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–621 Bindindisstarfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 720
1 10	Áfengisvarnir	8 020	
1 20	Stórstúka Íslands, ungliðastarf	1 700	
1 40	Átak í áfengisvörnum	10 000	
1 50	AA-samtökin	2 000	
	Gjöld samtals		21 720
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 600	
52–58	Önnur gjöld	12 760	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 360	
5	Gjöld samtals		**21 720**

09 Fjármálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			251 680
1 01	Yfirstjórn	227 090	
1 10	Hagræðingarverkefni	11 500	
1 20	Tölvumál	13 090	
Stofnkostnaður:			8 000
6 01	Tæki og búnaður	8 000	
	Gjöld samtals		259 680
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	169 760	
52–58	Önnur gjöld	89 670	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	250	
5	Gjöld samtals		**259 680**
09–103 Ríkisbókhald			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			83 410
1 01	Ríkisbókhald	83 410	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		85 410
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	62 930	
52–58	Önnur gjöld	22 480	
5	Gjöld samtals		**85 410**

09–481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			300 000
6 01	Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	300 000	
	Gjöld samtals		300 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	300 000	
5	Gjöld samtals		**300 000**

09–901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			44 720
1 01	Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	44 720	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		46 720
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 430	
52–58	Önnur gjöld	16 290	
5	Gjöld samtals	46 720	
4	Sértekjur	49 310	
	Mismunur		**–2 590**

09–981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			8 000
5 01	Arnarhvoll, viðhald	8 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			183 000
6 02	Arnarhvoll, mötuneyti	30 000	
6 10	Laugavegur 166	35 000	
6 20	Stjórnsýsluhús á Ísafirði	8 000	
6 23	Hafnarstræti Akureyri, innrétting skattstofu	25 000	
6 30	Seljavegur 32, innrétting	15 000	
6 40	Tollhúsið við Tryggvagötu	20 000	
6 41	Tollafgreiðsla, Reykjavík	15 000	
6 50	Sölvhólsgata 7	15 000	
6 60	Sölvhóll	20 000	
	Gjöld samtals		191 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	191 000	
5	Gjöld samtals		**191 000**

09–999 Ýmislegt

Viðfangsefni:

Almennur rekstur:			364 420
1 10	Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	45 770	
1 13	Kjarasamningar	12 540	
1 14	Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	5 000	
1 15	Kjararannsóknir	5 250	
1 16	Bókhaldskerfi ríkisins	4 000	
1 17	Ýmis sameiginlegur kostnaður	17 020	
1 18	Styrkur til blaðaútgáfu samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar	66 020	
1 19	Ýmsar endurgreiðslur	35 000	
1 30	Lífeyrissjóðir sjómanna	1 260	
1 31	Lífeyrissjóður bænda	89 500	
1 45	Ýmsar nefndir	4 830	
1 50	Sektarnefnd	1 170	
1 60	Dómkröfur	24 680	
1 70	Til útgáfumála samkvæmt ákvörðun þingflokka	27 380	
1 90	Óviss útgjöld	25 000	
Stofnkostnaður:			27 500
6 20	Ríkisbifreiðar, framlag	6 500	
6 30	Tölvumál Stjórnarráðs o.fl.	21 000	
	Gjöld samtals		391 920
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	25 480	
52–58	Önnur gjöld	213 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	153 140	
5	Gjöld samtals		**391 920**

10 Samgönguráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 720
1 01	Yfirstjórn	48 660	
1 10	Flugeftirlitsnefnd	1 060	
Stofnkostnaður:			1 200
6 01	Tæki og búnaður	1 200	
	Gjöld samtals		50 920
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 150	
52–58	Önnur gjöld	23 770	
5	Gjöld samtals	50 920	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**50 720**
10–322 Flóabátar og vöruflutningar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			173 230
1 20	Stofn- og rekstrarstyrkir[1])	173 230	
	Gjöld samtals		173 230
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	173 230	
5	Gjöld samtals		**173 230**
10–331 Vita- og hafnamálaskrifstofan			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			76 400
1 01	Vita- og hafnamálaskrifstofan	76 400	
Stofnkostnaður:			27 900
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
6 10	Húsbygging	24 900	
	Gjöld samtals		104 300

1) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 4.

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	54 910	
52–58	Önnur gjöld	49 390	
5	Gjöld samtals	104 300	
4	Sértekjur	39 480	
	Mismunur		**64 820**

10–332 Vitastofnun Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			94 450
1 10	Rekstur vita	91 340	
1 20	Sjómerki	3 110	
Stofnkostnaður:			16 200
6 01	Tæki og búnaður	1 200	
6 30	Vitabyggingar	15 000	
	Gjöld samtals		110 650
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	61 810	
52–58	Önnur gjöld	48 840	
5	Gjöld samtals	110 650	
4	Sértekjur	16 190	
	Mismunur		**94 460**

10–333 Hafnamál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 220
1 10	Hafnarannsóknir og mælingar	23 220	
Stofnkostnaður:			678 400
6 10	Tæki og búnaður	1 400	
6 20	Ferjubryggjur	15 000	
6 30	Hafnarmannvirki[1])	508 000	
6 32	Lendingarbætur	4 000	
6 40	Sjóvarnargarðar[2])	100 000	
6 70	Hafnabótasjóður, framlag	50 000	
	Gjöld samtals		701 620

1) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 5.
2) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 6.

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	24 620	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	50 000	
	5912 Til sveitarfélaga	627 000	
5	Gjöld samtals		**701 620**

10–341 Siglingamálastofnun ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			120 250
1 01	Siglingamálastofnun ríkisins	111 440	
1 02	Mengunarmælingar í sjó	6 210	
1 03	Sérstök verkefni	2 600	
Stofnkostnaður:			5 600
6 01	Mengunarvarnabúnaður	5 600	
	Gjöld samtals		125 850
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	71 670	
52–58	Önnur gjöld	54 180	
5	Gjöld samtals	125 850	
4	Sértekjur	26 460	
	Mismunur		**99 390**

10–471 Flugmálastjórn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			761 920
1 01	Yfirstjórn	57 050	
1 20	Loftferðaeftirlit	28 090	
1 30	Reykjavíkurflugvöllur	84 780	
1 40	Flugvalladeild	154 080	
1 50	Flugleiðsöguþjónusta	82 070	
1 60	Flugumferðarþjónusta	171 010	
1 70	Alþjóðaflugþjónusta	184 840	
Stofnkostnaður:			333 000
6 80	Flugvellir, framkvæmdir	333 000	
	Gjöld samtals		1 094 920

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	511 660	
52–58	Önnur gjöld	583 260	
5	Gjöld samtals	1 094 920	
4	Sértekjur	650 940	
	Mismunur		**443 980**

10–485 Ýmis framlög

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			56 010
1 10	Flugbjörgunarsveitir	1 930	
1 20	Tilkynningarskylda íslenskra skipa	14 530	
1 22	Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	1 100	
1 23	Sjálfvirkt tilkynningarkerfi fyrir fiskiskip	3 000	
1 26	Ýmislegt	4 000	
1 30	Rannsóknanefnd flugslysa	1 650	
1 33	Slysavarnaskóli sjómanna	23 830	
1 35	Skipulagsnefnd fólksflutninga	2 010	
1 41	Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	910	
1 42	Ýmis framlög til ferðamála	3 050	
Stofnkostnaður:			10 000
6 23	Sjálfvirkt tilkynningarkerfi fyrir fiskiskip	10 000	
	Gjöld samtals		66 010
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	16 050	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	49 960	
5	Gjöld samtals		**66 010**

11 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
11–101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			57 040
1 01	Yfirstjórn	44 540	
1 02	Vörumerkja- og einkaleyfaskrifstofa	12 500	
Stofnkostnaður:			1 000
6 02	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		58 040

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 200	
52–58	Önnur gjöld	23 840	
5	Gjöld samtals	58 040	
4	Sértekjur	12 500	
	Mismunur		**45 540**

11–240 Iðnaðarrannsóknir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 070
1 01	Iðnaðarrannsóknir	29 070	
	Gjöld samtals		29 070
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	29 070	
5	Gjöld samtals		29 070

11–299 Iðja og iðnaður, framlög

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			80 520
1 14	Iðnþróun og tækninýjungar	8 800	
1 15	Alþjóðastaðlar CEN-CENELEC	9 080	
1 21	Byggingarþjónustan	1 000	
1 26	Iðnþróunarverkefni	2 420	
1 27	Iðnráðgjafar	12 550	
1 30	Evreka	14 490	
1 40	Smáiðnaður í dreifbýli	11 770	
1 42	Stuðningur við skipasmíðaiðnað	7 000	
1 50	Iðnþróun og markaðsmál	13 410	
	Gjöld samtals		80 520
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	18 690	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	12 550	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	48 280	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 000	
5	Gjöld samtals		**80 520**

		Þús. kr.	Þús. kr.
11–301 Orkustofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			338 240
1 01	Orkustofnun	325 740	
1 90	Rannsóknir í Öxarfirði	8 500	
1 91	Könnun á mangangrýti á Reykjaneshrygg	4 000	
Stofnkostnaður:			7 700
6 01	Tæki og búnaður	7 700	
	Gjöld samtals		345 940
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	180 390	
52–58	Önnur gjöld	165 550	
5	Gjöld samtals	345 940	
4	Sértekjur	112 100	
	Mismunur		**233 840**
11–371 Orkusjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 340
1 01	Rekstur Orkusjóðs	1 700	
1 23	Notendur utan samveitna	2 640	
Stofnkostnaður:			130 900
6 14	Lánagreiðslur, framlög	60 400	
6 15	Lán til jarðhitaleitar	17 200	
6 20	Sveitarafvæðing	10 000	
6 21	Styrking dreifikerfis í sveitum	40 800	
6 24	Lán til einkarafstöðva	2 500	
	Gjöld samtals		135 240
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	130 100	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 140	
5	Gjöld samtals		**135 240**
11–399 Ýmis orkumál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			276 570
1 13	Setlagarannsóknir	2 120	
1 15	Niðurgreiðsla á rafhitun	262 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 17	Markaðs- og skipulagsmál	9 950	
1 18	Ýmis framlög	2 500	
	Gjöld samtals		276 570
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	274 070	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 500	
5	Gjöld samtals		**276 570**

12 Viðskiptaráðuneyti

12–101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			57 170
1 01	Yfirstjórn	56 070	
1 03	Icepro-nefnd	1 100	
	Gjöld samtals		57 170
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	25 170	
52–58	Önnur gjöld	25 900	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 100	
5	Gjöld samtals		**57 170**

12–301 Löggildingarstofan

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 410
1 01	Löggildingarstofan	28 410	
Stofnkostnaður:			14 000
6 01	Tæki og búnaður	14 000	
	Gjöld samtals		42 410
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 530	
52–58	Önnur gjöld	25 880	
5	Gjöld samtals	42 410	
4	Sértekjur	22 410	
	Mismunur		**20 000**

13 Hagstofa Íslands

		Þús. kr.	Þús. kr.
13–101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			105 370
1 01	Yfirstjórn	98 320	
1 02	Sérstakar kannanir	4 550	
1 03	Manntal 1991	2 500	
Stofnkostnaður:			5 500
6 01	Tæki og búnaður	5 500	
	Gjöld samtals		110 870
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	60 150	
52–58	Önnur gjöld	50 720	
5	Gjöld samtals	110 870	
4	Sértekjur	4 940	
	Mismunur		**105 930**

14 Umhverfisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
14–101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 070
1 01	Yfirstjórn	38 070	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		39 570
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 370	
52–58	Önnur gjöld	19 200	
5	Gjöld samtals		**39 570**

		Þús. kr.	Þús. kr.
14–310 Landmælingar Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			113 250
1 01	Landmælingar Íslands	94 890	
1 10	Sérstök verkefni í kortagerð	18 360	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
	Gjöld samtals		118 250
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	36 210	
52–58	Önnur gjöld	82 040	
5	Gjöld samtals	118 250	
4	Sértekjur	45 350	
	Mismunur		**72 900**
14–410 Veðurstofa Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			242 920
1 01	Yfirstjórn	25 720	
1 02	Bóka- og skjalasafn	1 470	
1 03	Síma- og útvarpskostnaður	17 790	
1 10	Veðurspádeild	21 500	
1 11	Veðurfarsdeild	8 280	
1 12	Veðurstöðvar	45 670	
1 20	Jarðeðlisfræðideild	14 970	
1 40	Tölvudeild	7 510	
1 50	Tækni- og veðurathuganadeild	22 900	
1 60	Hálendisathuganir	5 170	
1 61	Hafísrannsóknir	3 890	
1 62	Snjóflóðavarnir	3 090	
1 63	Veðurfræðirannsóknir	2 200	
1 65	Alþjóðasamvinna	1 860	
1 70	Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	60 900	
Stofnkostnaður:			21 200
6 90	Veðurratsjá o.fl.	21 200	
	Gjöld samtals		264 120

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	162 770	
52–58	Önnur gjöld	101 350	
5	Gjöld samtals	264 120	
4	Sértekjur	65 140	
	Mismunur		**198 980**

14–998 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 700
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3 700	
	Gjöld samtals		3 700
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 700	
5	Gjöld samtals		**3 700**

B-HLUTI
Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign

5. gr. — Samhljóða þskj. 393.

6. gr. hljóðar svo:

Ríkisstjórninni er heimilt:

1.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldamegin ef lög verða staðfest frá Alþingi 1991 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

1.2 Að ákveða að Póst- og símamálastofnunin innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld (fastagjöld) síma árið 1991 hjá allt að 50 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélagsins í Reykjavík. Menn þessir séu fyrirvinnur heimilis eða vinni einir á vinnustað.

1.3 Að ákveða að Póst- og símamálastofnunin innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld (fastagjöld) síma árið 1991 hjá allt að 50 fötluðum mönnum, eftir tilnefningu Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra.

Fjármálaráðherra er heimilt:

2.1 Að stofna til tímabundins yfirdráttar á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum á árinu 1991 vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins og semja ef með þarf um greiðslu yfirdráttarskuldar og um lánskjör.

2.2 Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út fyrir hönd ríkissjóðs til sölu innan lands á árinu 1991 verðbréf, spariskírteini, ríkisbréf og ríkisvíxla að fjárhæð allt að 8.000.000 þús. kr.

Eftirgjöf annarra gjalda en aðflutningsgjalda:

3.1 Að endurgreiða upphæð jafnháa skemmtanaskatti af fé sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land og til byggingar dvalar- og hjúkrunarheimila aldraðra.

3.2 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skuldabréfum sem skipasmíðastöðvar eða útgerðaraðilar gefa út til viðskiptabanka vegna endurlána bankanna á erlendum lánum sem tekin eru með samþykki Fiskveiðasjóðs til nýsmíði fiskiskipa, endurbóta hvers konar, þar með talin tækjakaup og vélaskipti.

3.3 Að fella niður stimpilgjöld af veðskuldabréfum sem út kunna að verða gefin vegna fiskiskipakaupa, enda veiti Fiskveiðasjóður ekki lán til kaupanna. Hámarksfjárhæð þeirra skuldabréfa, sem heimilt er að fella niður stimpilgjöld af, skal miðast við sama hlutfall af verði skips og Fiskveiðasjóður lánar út á við kaup á skipum er falla undir almennar útlánareglur hans.

3.4 Að fella niður stimpilgjöld vegna kaupa Flugleiða hf. á Boeing 737-400 og Boeing 757-200 þotum.

3.5 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af hlutabréfum sem gefin eru út á árunum 1989-1991 í sambandi við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja með aðild hlutafjársjóðs Byggðastofnunar.

3.6 Að fella niður stimpilgjöld vegna leigu Arnarflugs hf. á farþegaþotu á árinu 1990.

3.7 Að fella niður stimpilgjöld af leigu flugvélar af gerðinni Lockheed 1011 Tristar á vegum Flugfélagsins Atlanta hf.

Ráðstöfun eigna:

4.1 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húseigninni Hrísholt 8, Selfossi.
4.2 Að selja eignarlóð Rafmagnsveitna ríkisins sem liggur að Gránufélagsgötu og Grímseyjargötu á hafnarsvæði Akureyrar.
4.3 Að selja húseignina Hafnargötu 11, Seyðisfirði.
4.4 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í íbúðarhúsnæði að Sigtúni, Grímsey, Eyjafjarðarsýslu.
4.5 Að selja íbúðir í eigu ríkissjóðs við Grænás á Keflavíkurflugvelli.
4.6 Að selja Hlíðarveg 4, Siglufirði.
4.7 Að selja Hafnarlóð 7, Skagaströnd.
4.8 Að selja Einbúastíg 8, Skagaströnd.
4.9 Að selja Hafnarlóð 6, Skagaströnd.
4.10 Að selja Vetrarbraut 6, Siglufirði.
4.11 Að selja lögreglubifreiðaverkstæði og lóð að Síðumúla 24-26, Reykjavík, og verja hluta andvirðisins til húsnæðis fyrir þvotta- og þjónustumiðstöð fyrir lögreglubifreiðar.
4.12 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í Hússtjórnarskólanum að Varmalandi.
4.13 Að selja fasteignir í eigu Skógræktar ríkisins og kaupa aðrar sökum breytinga á aðstöðu vegna flutnings aðalstöðva Skógræktar ríkisins á Fljótsdalshérað, að höfðu samráði við fjárveitinganefnd.
4.14 Að selja íbúðarhús í eigu Einangrunarstöðvarinnar í Hrísey, að höfðu samráði við fjárveitinganefnd.
4.15 Að selja húseign Rafmagnsveitna ríkisins að Úthaga 6, Selfossi.
4.16 Að selja svonefnt Hekluhús á Akureyri.
4.17 Að selja húseignir tilraunastöðva Rannsóknastofnunar landbúnaðarins sem ónauðsynlegar verða vegna breytinga á starfsemi stofnunarinnar og skipulagi tilraunastarfseminnar og verja andvirði þeirra til uppbyggingar á starfseminni annars staðar.
4.18 Að selja hluta ríkisins í húseigninni Víkurbraut 42, Grindavík.
4.19 Að selja eignarhluta ríkisins í húseigninni Gránugötu 18, Siglufirði.
4.20 Að selja eignarhluta ríkisins í húseigninni Álfheimum 74, Reykjavík
4.21 Að selja húseignina Funahöfða 7, Reykjavík.
4.22 Að selja núverandi prestsbústað á Skagaströnd og verja andvirði hans til þess að kaupa annan hentugri í staðinn.
4.23 Að selja núverandi embættisbústað heilsugæslustöðvarinnar í Austur-Skaftafellssýslu og verja andvirðinu til þess að kaupa annan hentugri í staðinn.
4.24 Að selja gamla sýslumannsbústaðinn við Strandgötu 35, Eskifirði.
4.25 Að selja núverandi prestsbústað að Miðtúni 3, Höfn í Hornafirði, og kaupa annað hentugra húsnæði í staðinn.
4.26 Að selja prestsbústað í Þykkvabæ.
4.27 Að selja fyrrverandi prestsetur að Staðarfelli, Köldukinn.
4.28 Að selja húseignina Byggðaveg 91, Akureyri.
4.29 Að afhenda Borgarnesbæ húseignina Brákarbraut 13, Borgarnesi, að gjöf.
4.30 Að selja húseignina Vesturberg 11, Reykjavík.
4.31 Að selja húseignina Súðavog 6, Reykjavík.
4.32 Að selja húseignina Álfaskeið 50, Hafnarfirði.
4.33 Að selja húseignina Kaplahraun 11, Hafnarfirði
4.34 Að selja eignarhluta ríkisins í húseigninni Vestmannabraut 35, Vestmannaeyjum.
4.35 Að selja eignarhluta ríkisins í húseigninni Tjarnargötu 3, Keflavík.
4.36 Að selja jörðina Mel í Staðarsveit, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

4.37 Að selja jörðina Straum í Hafnarfjarðarkaupstað í eigu Skógræktar ríkisins.
4.38 Að selja dýralæknisbústaðinn Krossholt við Birkimel á Barðaströnd.
4.39 Að selja eignarhluta ríkisins í Torfastaðaskóla í Vopnafirði.
4.40 Að selja húseignina Sæbraut 1, Seltjarnarnesi, og ráðstafa söluandvirði til kaupa á öðru húsnæði í þágu Listasafns Íslands.
4.41 Að selja gamalt áhaldahús Vegagerðar ríkisins á Blönduósi.
4.42 Að selja núverandi sendiherrabústað og skrifstofuhúsnæði sendiráðsins í Bonn og kaupa sendiherrabústað og skrifstofuhúsnæði í Berlín.
4.43 Að selja húseignina Suðurgötu 7, Sauðárkróki.
4.44 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í skólastjórabústað að Laufási 8, Egilsstöðum.
4.45 Að selja húseignina Engjateig 1, Reykjavík.
4.46 Að selja húseignina Fannborg 6, Kópavogi.
4.47 Að selja flugskýli nr. 1 á Reykjavíkurflugvelli.
4.48 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Gutenberg hf.
4.49 Að selja húseignina Aratún 26, Garðabæ.
4.50 Að selja húseignina Hæðargötu 15, Njarðvík.
4.51 Að selja húseignina Akurbraut 15, Njarðvík.
4.52 Að selja húseignina Leynisbraut 10, Grindavík.
4.53 Að selja vélaverkstæðishús við Strandveg á Tálknafirði.
4.54 Að selja húseigninga Gunnlaugsgötu 6a, Borgarnesi.
4.55 Að selja húseignina Kirkjubraut 10, Akranesi.
4.56 Að selja gamla sýslumannsbústaðinn við Aðalstræti 55 á Patreksfirði og kaupa annað hentugra húsnæði í staðinn.
4.57 Að selja húseignina Bæ III í Andakílshreppi, Borgarfjarðarsýslu.
4.58 Að selja fasteignina Tunguháls 6, Reykjavík.
4.59 Að afhenda Neshreppi utan Ennis til eignar jörðina Rif á Snæfellsnesi.
4.60 Að selja hluta jarðarinnar Gufuskála á Snæfellsnesi.
4.61 Að selja húseignina Hjarðarslóð 30, Dalvík, og kaupa annað hentugra íbúðarhúsnæði í staðinn.
4.62 Að selja íbúðina að Garðarsbraut 39, Húsavík, og kaupa annað hentugra húsnæði í staðinn.
4.63 Að selja eignina Strandgötu 13, Hvammstanga, og kaupa aðra hentugri í staðinn.
4.64 Að selja eignarhluta ríkisins í skólahúsi á Hjalteyri í Arnarneshreppi.
4.65 Að selja fasteignina Valhöll við Hringbraut í Reykjavík og láta andvirðið renna til byggingar nýs barnaheimilis á vegum Félagsstofnunar stúdenta við Háskóla Íslands.
4.66 Að selja vöruskemmu Skipaútgerðar ríkisins og tilheyrandi aðstöðu við Grófarbryggju í Reykjavík og ráðstafa söluandvirðinu til að koma upp nýrri aðstöðu í Sundahöfn.

Fasteignakaup, lántökuheimildir o.fl.:

5.1 Að kaupa jörðina Gunnólfsvík I og II í Skeggjastaðahreppi í Norður-Múlasýslu og taka til þess nauðsynleg lán.
5.2 Að kaupa húsnæði fyrir lögreglustöð á Raufarhöfn og taka til þess nauðsynleg lán.
5.3 Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.
5.4 Að kaupa húsnæði eða semja um aðild að byggingu stjórnsýsluhúss á Akranesi til nota sem skrifstofuhúsnæði fyrir ýmsar stofnanir ríkisins og taka til þess nauðsynleg lán.
5.5 Að kaupa húseignir í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán, að höfðu samráði við fjárveitinganefnd.

5.6 Að kaupa húsnæði fyrir héraðsdómstóla, þar með talið í Reykjavík, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar, og taka til þess nauðsynleg lán.
5.7 Að kaupa húsnæði til nota fyrir embætti sýslumanns á Blönduósi og taka til þess nauðsynleg lán.
5.8 Að kaupa húsnæði fyrir lögreglustöð á Þórshöfn og taka til þess nauðsynleg lán.
5.9 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslulækni í Stykkishólmi og taka til þess nauðsynleg lán.
5.10 Að kaupa húsnæði fyrir tollafgreiðslu við Sundahöfn og taka til þess nauðsynleg lán.
5.11 Að kaupa húsnæði fyrir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Tryggingastofnun ríkisins og taka til þess nauðsynleg lán.
5.12 Að kaupa húsnæði fyrir starfsemi Námsgagnastofnunar og taka til þess nauðsynleg lán.
5.13 Að kaupa húseignir og lóðir í nágrenni Arnarhvols í Reykjavík fyrir Stjórnarráð Íslands og taka til þess nauðsynleg lán, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar.
5.14 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Heyrnar- og talmeinastöð Íslands og taka til þess nauðsynleg lán, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar.
5.15 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslulækni á Fáskrúðsfirði og taka til þess nauðsynleg lán.
5.16 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir starfsemi Myndlista- og handíðaskóla Íslands og taka til þess nauðsynleg lán, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar.
5.17 Að kaupa húsnæði fyrir lögreglustöð í Vestmannaeyjum og taka til þess nauðsynleg lán.
5.18 Að kaupa húsnæði fyrir sóknarprest á Hvammstanga og taka til þess nauðsynleg lán.
5.19 Að kaupa húsnæði fyrir sóknarprest á Tálknafirði og taka til þess nauðsynleg lán.
5.20 Að kaupa húsnæði fyrir sóknarprest í Þorlákshöfn og taka til þess nauðsynleg lán.
5.21 Að kaupa skrifstofuhúsnæði fyrir embætti sýslumanns á Höfn í Hornafirði og taka til þess nauðsynleg lán.
5.22 Að kaupa skrifstofuhúsnæði fyrir embætti sýslumanns á Seyðisfirði og taka til þess nauðsynleg lán.
5.23 Að kaupa húsnæði fyrir lögreglustöð á Vopnafirði og taka til þess nauðsynleg lán.
5.24 Að kaupa húsnæði fyrir embætti bæjarfógeta á Akureyri og taka til þess nauðsynleg lán.
5.25 Að kaupa íbúðarhúsnæði til nota fyrir héraðsdómara á Austurlandi og taka til þess nauðsynleg lán.
5.26 Að kaupa eignarhluta í húseigninni Hafnarstræti 1, Ísafirði, og taka til þess nauðsynleg lán.
5.27 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslulækni á Þórshöfn og taka til þess nauðsynleg lán.
5.28 Að kaupa húsnæði fyrir sjúkrahúslækni á Ísafirði og taka til þess nauðsynleg lán.
5.29 Að kaupa fasteignina Suðurgötu 40 í Hafnarfirði vegna lóðarskipulags við St. Jósefsspítala og taka til þess nauðsynleg lán.
5.30 Að kaupa eða taka á leigu húsnæði til uppbyggingar heilsugæslu í Reykjavík, ásamt kaupum á nauðsynlegum innréttingum, og taka til þess nauðsynleg lán.
5.31 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslustöð á Akureyri og taka til þess nauðsynleg lán.
5.32 Að kaupa jörðina Tungu í Fljótshlíð fyrir Skógrækt ríkisins.
5.33 Að kaupa húsnæði fyrir Fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis og taka til þess nauðsynleg lán.
5.34 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal.
5.35 Að kaupa hlut Kaupfélags Austur-Skaftfellinga í þjónustumiðstöðinni við þjóðgarðinn í Skaftafelli.

5.36 Að kaupa hreyfanlegar kennslustofur fyrir Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands.
5.37 Að kaupa eignir Hitaveitu Hafnar fyrir Rafmagnsveitur ríkisins.
5.38 Að kaupa eignarhluta bæjarsjóðs Ísafjarðar í Pólgötu 8, Ísafirði.
5.39 Að kaupa húsnæði fyrir embætti borgarfógeta í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
5.40 Að ganga til samninga um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands og taka til þess nauðsynleg lán að því tilskildu að önnur fjármögnun komi til, m.a. af happdrættisfé.
5.41 Að kaupa 85% af húseigninni Eyjasel 2, Stokkseyri, vegna heilsugæslu sem þar er rekin.
5.42 Að kaupa húsnæði til nota sem heimili fyrir geðsjúka afbrotamenn og taka til þess nauðsynleg lán.
5.43 Að kaupa eignarhluta sveitarfélaga á Austurlandi í húsnæði Fræðsluskrifstofu Austurlands, Búðareyri 4, Reyðarfirði.
5.44 Að kaupa húsnæði fyrir tollgæslu á Seyðisfirði og taka til þess nauðsynleg lán.
5.45 Að kaupa íbúðarhúsnæði fyrir starfsmann Hafrannsóknarstofnunar í Ólafsvík.
5.46 Að kaupa fiskveiðisamlíki fyrir Stýrimannaskóla Íslands og taka til þess nauðsynleg lán.
5.47 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Iðnskólann í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.

Ýmsar heimildir:

6.1 Að kaupa dagblöð fyrir stofnanir ríkisins, allt að 250 eintökum af hverju blaði umfram það sem veitt er til blaðanna í 4. gr.
6.2 Að kaupa dagblöð fyrir skóla, sjúkrahús og aðrar þjónustustofnanir ríkisins, allt að 500 eintökum af hverju blaði umfram það sem veitt er til blaðanna í 4. gr. og í lið 6.1.
6.3 Að fella niður allt að 10 m.kr. af vanskilaskuld Grindavíkurhafnar að lokinni athugun á fjármálum hennar og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar.
6.4 Að greiða bætur til þeirra sem sýkst hafa af alnæmi við blóðgjöf hér á landi fyrir 1986. Bætur ákveðast af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
6.5 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af sérbúnum bifreiðum fyrir fatlaða.
6.6 Af fella niður aðflutningsgjöld af öryggis- og hjálpartækjum fyrir fatlaða.
6.7 Að semja við sveitarfélög með yfir 10.000 íbúa um greiðslu á hluta ríkissjóðs í kaupum eða framkvæmdum til þess að ljúka brýnum sameiginlegum verkefnum að tilskildu samþykki fjárveitinganefndar.
6.8 Að afhenda Hinu íslenska kennarafélagi og Kennarasambandi Íslands að gjöf hús Kennaraskólans við Laufásveg.
6.9 Að fella niður allt að 3 m.kr. af vanskilaskuld Bakkafjarðarhafnar að lokinni frekari athugun á fjármálum hennar og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar.
6.10 Að fella niður allt að 3 m.kr. vanskilaskuld Norðurfjarðarhafnar að lokinni frekari athugun á fjármálum hennar og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar.
6.11 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 1991 með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárveitinganefndar.
6.12 Að draga úr starfsemi ríkisstofnana og ráðuneyta, enn frekar en gert er ráð fyrir í

fjárlögum, með því m.a. að draga úr yfirvinnu og takmarka nýráðningar og endurráðningar.

6.13 Að afhenda Landgræðslu ríkisins, Gunnarsholti, til nota við fræverkunarstöð fasteignir ásamt vélbúnaði og tækjum í eigu grænfóðurverksmiðjunnar Fóður og fræ í Rangárvallasýslu.

6.14 Að selja Andakílsárvirkjun u.þ.b. tveggja kílómetra langa 66 kV línu milli Vatnshamra og Andakílsárvirkjunar, sem nú er í eigu Rafmagnsveitna ríkisins, og hluta af byggðalínustöðinni að Vatnshömrum í Borgarfjarðarsýslu.

6.15 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af sjálfvirkum símstöðvum, fjölsímum, jarðsímum og radíótækjum sem flutt eru til landsins á vegum Póst- og símamálastofnunar. Fjármálaráðuneyti setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

6.16 Að ábyrgjast lán að fjárhæð allt að 15 m.kr. eða veita veðheimildir að sama marki í fasteignum ríkissjóðs á Bernhöftstorfu í Reykjavík til minjaverndar í því skyni að ljúka byggingarframkvæmdum þar.

6.17 Að fella niður aðflutningsgjöld og virðisaukaskatt af hreinsibúnaði fyrir Vatnsveitu Ísafjarðar.

6.18 Að leita samninga um kaup á steinbrjót til að mylja nýrnasteina og gallsteina til nota á ríkisspítölum að fenginni umsögn heilbrigðisráðherra og í samráði við fjárveitinganefnd.

6.19 Að semja við Ingimund hf. um sölu á rækjuverksmiðju í eigu ríkissjóðs á Siglufirði.

6.20 Að fella niður allt að 50 m.kr. af vanskilaskuld Útvers hf. á Ólafsvík hjá Ríkisábyrgðasjóði.

6.21 Að endurgreiða aðflutningsgjöld af aðföngum við byggingu nýrrar vatnsveitu hjá Vatnsveitu Suðurnesja hf.

6.22 Að ganga frá samningum við Rafveitu Siglufjarðar um yfirtöku skulda með hliðsjón af samkomulagi sem gert var við Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða við niðurfellingu verðjöfnunargjalds af raforku árið 1986. Yfirtakan verði hliðstæð yfirtöku ríkissjóðs á skuldum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða árið 1989, enda fengu fyrrgreind þrjú fyrirtæki hið umrædda verðjöfnunargjald. Leita skal umsagnar fjárveitinganefndar áður en frá yfirtöku skuldar er gengið.

6.23 Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af aðföngum við byggingu stálverksmiðju Íslenska stálfélagsins hf.

6.24 Að fella niður eða endurgreiða hluta af vörugjaldi af framleiðslu Steinullarverksmiðjunnar hf. og jafnframt að fella niður hluta vörugjaldsskuldar fyrirtækisins af framleiðslu þess á árunum 1985–1990.

6.25 Að yfirtaka hluta af skuldum Hitaveitu Eyra enda verði það liður í fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækisins.

6.26 Að semja um yfirtöku skulda Sjálfsbjargar á Akureyri í samræmi við úttekt gerða á vegum ráðuneyta heilbrigðis- og tryggingamála, menntamála og félagsmála og að uppfylltum skilyrðum téðrar úttektar.

6.27 Að semja um yfirtöku skulda Sjálfsbjargar í Reykjavík í samræmi við úttekt gerða á vegum félagsmálaráðuneytis og að uppfylltum skilyrðum téðrar úttektar.

6.28 Að semja við Vestmannaeyjakaupstað og Þorlákshöfn um kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs í byggingu ferjubryggju.

6.29 Að semja um þátttöku ríkissjóðs í hlutafélagi um rekstur laxakynbótastöðvar í samvinnu við laxeldisfyrirtæki og rannsóknastofnanir á því sviði að höfðu samráði við fjárveitinganefnd.

6.30 Að fella niður vörugjaldsskuldir kartöfluverksmiðja af framleiðslu á unnum kartöfl-

um á árunum 1986 og 1987. Niðurfellingin skal bundin skilyrðum sem fjármálaráðherra ákveður.

6.31 Að veita Breiðdalshreppi sérstaka aðstoð til að ljúka framkvæmdum við skólabyggingu samhliða ákvörðun um nýtingu hússins til skólastarfs og annarra verkefna sem æskileg kunna að teljast.

6.32 Að semja við Reykjavíkurborg og aðra aðila um lausn á fjárhagsvanda Íslensku óperunnar að höfðu samráði við menntamálaráðherra og að tilskildu samþykki fjárveitinganefndar.

6.33 Að semja um yfirtöku á lánum Byggðastofnunar við Framkvæmdasjóð Íslands.

6.34 Að semja um smíði á nýjum lóðsbát fyrir Hornafjarðarhöfn í stað þess sem sökk og taka til þess nauðsynleg lán.

7. gr. hljóðar svo:
Skattvísitala árið 1991 skal vera 109,5 stig miðað við 100 stig árið 1990.

SÉRSTÖK YFIRLIT

	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Héraðsskólar (02-610 690).		
1. Reykholt	5.000	
2. Núpur	4.000	
3. Reykjanes	2.500	
4. Reykir	2.000	
5. Eiðar	10.000	
6. Skógar	1.500	
7. Laugarvatn	1.000	
		26.000
2. Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis (02-982 170).		
1. Atli Heimir Sveinsson	800	
2. Árni Kristjánsson	800	
3. Finnur Jónsson	800	
4. Guðbjörg Þorbjarnardóttir	800	
5. Halldór Laxness	800	
6. Hannes Pétursson	800	
7. Indriði G. Þorsteinsson	800	
8. Jakobína Sigurðardóttir	800	
9. Jóhann Briem	800	
10. Jón Nordal	800	
11. Jón úr Vör	800	
12. Jórunn Viðar	800	
13. Kristján Davíðsson	800	
14. María Markan	800	
15. Matthías Johannessen	800	
16. Sigfús Halldórsson	800	
17. Stefán Íslandi	800	
18. Þorsteinn Ö. Stephensen	800	
		14.400
3. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 690).		
a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:		
1. Akranes, sjúkrahús	11.000	
2. Akranes, H2	19.200	
3. Borgarnes, H2	800	
4. Ólafsvík, hjúkrunarheimili	1.000	
5. Grundarfjörður, H1	4.000	
6. Stykkishólmur, H2	6.000	
7. Patreksfjörður, sjúkrahús	4.000	
8. Ísafjörður, sjúkrahús	25.000	

	Þús. kr.	Þús. kr.
9. Hvammstangi, H2	1.000	
10. Blönduós, H2	28.500	
11. Sauðárkrókur, sjúkrahús og H2	6.000	
12. Siglufjörður, sjúkrahús	4.500	
13. Akureyri, H2	2.200	
14. Raufarhöfn, H1	2.500	
15. Húsavík, H2	31.500	
16. Seyðisfjörður, sjúkrahús og H2	17.700	
17. Djúpivogur, H2	6.300	
18. Neskaupstaður, sjúkrahús	4.200	
19. Eskifjörður, H1	2.000	
20. Vestmannaeyjar, sjúkrahús	2.000	
21. Stokkseyri, H1	2.000	
22. Þorlákshöfn, H1	7.300	
23. Hafnarfjörður, H2	12.200	
24. Hafnarfjörður, St. Jósefsspítali	3.000	
25. Garðabær, H2	4.000	
26. Seltjarnarnes, H2	27.100	
		235.000
b. Húsaleiga:		
Akureyri	6.000	
		6.000
c. Læknisbústaðir:		
1. Hvolsvöllur	850	
2. Seyðisfjörður	2.000	
		2.850
d. Hjúkrunarheimili aldraða:		
1. Patreksfjörður, forhönnun	1.000	
2. Sauðárkrókur	7.500	
3. Vopnafjörður	5.000	
4. Eskifjörður	5.000	
5. Kirkjubæjarklaustur	8.500	
6. Hella	9.000	
7. Grindavík	12.000	
		48.000
		291.850

4. Flóabátar, vetrarsamgöngur og vöruflutningar (10-321 120).

a. Flutningar á landi:

1. Til vetrarflutninga í Breiðavíkurhreppi og Neshreppi utan Ennis	210
2. Til vetrarflutninga í Dalahéraði	410
3. Til vetrarsamgangna í Reykhólahreppi	500
4. Til mjólkurflutninga í V-Barðastrandarsýslu	295

	Þús. kr.	Þús. kr.
5. Til vetrarsamgangna í Rauðasandshreppi	130	
6. Til vetrarsamgangna í Bíldudalshreppi	230	
7. Til vetrarsamgangna í Nauteyrarhreppi, stofnstyrkur	700	
8. Til vetrarsamgangna í Auðkúlu- og Þingeyrarhreppi í V-Ísafjarðarsýslu	150	
Stofnstyrkur	800	
9. Til snjóbifreiðar í Dýrafirði	410	
10. Til vetrarsamgangna við Ingjaldssand	220	
11. Snjóbifreið í Önundarfirði	195	
12. Snjóbifreið um Botnsheiði	200	
Stofnstyrkur	500	
13. Til mjólkurflutninga í Önundafirði, Dýrafirði, Súgandafirði og Djúpi (Mjólkursamlag Ísfirðinga)	720	
14. Til vetrarflutninga í Álftafirði, N-Ísafjarðarsýslu	150	
15. Til vetrarflutninga í Ögurhreppi	100	
16. Til vetrarflutninga í Reykjarfjarðarhreppi	100	
17. Til vetrarflutninga í Nauteyrarhreppi	130	
18. Til vetrarsamgangna í Snæfjallahreppi	130	
19. Til vetrarflutninga í Árneshreppi	1.300	
20. Til vetrarsamgangna milli Djúpuvíkur og Gjögurs	160	
21. Til vetrarsamganga í Kaldrananeshreppi	110	
22. Til vetrarsamgangna í Kirkjubólshreppi	100	
23. Fellshreppur	100	
24. Óspakseyrarhreppur	100	
25. Skefilsstaðahreppur	150	
26. Snjóbifreið í Skagafirði	200	
27. Til vetrarflutninga í Fljótahreppi	150	
28. Til vetrarsamgangna í Ólafsfjarðarsveit	130	
29. Snjóbifreið í Dalvíkurlæknishéraði	70	
30. Til vetrarsamgangna í Svarfaðardal	130	
31. Snjóbifreið í Grýtubakkahreppi	100	
32. Til vetrarsamgangna, Akureyri—Grýtubakkahr.	150	
33. Snjóbifreið í Hálshreppi, S-Þingeyjarsýslu	100	
34. Til vetrarsamgangna í Mývatnssveit	220	
35. Til vetrarflutninga Mývatn—Húsavíkurflugvöllur	220	
36. Til vetrarsamgangna í Fjallahreppi	390	
37. Snjóbifreið, Öxarfjörður—Kópasker	150	
38. Snjóbifreið á Þórshöfn	130	
39. Til vetrarflutninga á Bakkafirði	220	
40. Til vetrarflutninga á Vopnafirði	220	
41. Til vetrarsamgangna í Borgarfirði eystra	260	
42. Til vetrarsamgangna í Hjaltastaðahreppi	100	
43. Til póst- og vöruflutninga á Jökuldal	100	
44. Til vetrarsamgangna á Jökuldal	150	
Stofnstyrkur	670	
45. Til vetrarsamgangna í Eiðahreppi	200	

		Þús. kr.	Þús. kr.
46.	Til vetrarflutninga í Möðrudal	160	
47.	Snjóbifreið á Fljótsdalshéraði	80	
48.	Snjóbifreið á Fjarðarheiði	950	
49.	Seyðisfjörður, vetrarsamgöngur	100	
50.	Snjóbifreið í Oddsskarði og Fagradal	1.100	
51.	Snjóbifreið Stöðvarfjörður—Egilsstaðaflugvöllur	150	
52.	Til vetrarflutninga á Breiðdalsvík	220	
53.	Til vetrarflutninga, Djúpivogur—Hornafjörður	510	
54.	Svínafell í Nesjum	100	
55.	Til vöruflutninga í V-Skaftafellssýslu	750	
56.	Mýrdalshreppur	1.000	
57.	Flugsamgöngur við Grímsey	950	
58.	Óráðstafað	6.000	
			24.430
b.	*Flóabátar:*		
59.	Akraborg	25.000	
60.	Baldur	24.400	
61.	Mýrabátur	100	
62.	Fagranes	17.600	
63.	Hríseyjarferja	6.800	
64.	Eyjafjarðarferja	14.300	
	Stofnstyrkur	6.000	
65.	Mjóafjarðarbátur	3.600	
	Stofnstyrkur	1.000	
66.	Herjólfur	50.000	
			148.800
			173.230

5. Hafnarmannvirki (10-333 630).

1.	Akranes	17.000
2.	Arnarstapi	2.800
3.	Ólafsvík	21.600
4.	Stykkishólmur	13.500
5.	Brjánslækur	2.600
6.	Patreksfjörður	5.500
7.	Tálknafjörður	4.100
8.	Bíldudalur	400
9.	Þingeyri	6.600
10.	Bolungarvík	24.100
11.	Ísafjörður	10.900
12.	Súðavík	5.700
13.	Norðurfjörður	3.300
14.	Drangsnes	5.800
15.	Hólmavík	3.900

	Þús. kr.	Þús. kr.
16. Hvammstangi	11.500	
17. Blönduós	1.800	
18. Skagaströnd	40.000	
19. Siglufjörður	17.100	
20. Ólafsfjörður	10.500	
21. Dalvík	20.000	
22. Akureyri	18.000	
23. Grenivík	20.000	
24. Grímsey	11.600	
25. Húsavík	11.300	
26. Raufarhöfn	3.100	
27. Þórshöfn	10.000	
28. Bakkafjörður	23.500	
29. Vopnafjörður	10.500	
30. Borgarfjörður eystri	900	
31. Seyðisfjörður	500	
32. Neskaupstaður	4.500	
33. Reyðarfjörður	17.200	
34. Stöðvarfjörður	1.800	
35. Breiðdalsvík	500	
36. Djúpivogur	3.100	
37. Höfn	47.700	
38. Vestmannaeyjar	19.000	
39. Þorlákshöfn	11.000	
40. Grindavík	9.400	
41. Hafnir	7.400	
42. Sandgerði	12.400	
43. Keflavík/Njarðvík	19.900	
44. Hafnarfjörður	1.900	
45. Garðabær	2.100	
46. Kópavogur	2.300	
47. Óskipt vegna slysavarna	9.700	
		508.000

6. Sjóvarnargarðar (10-333 640).

1. Akranes	5.200
2. Innri-Akraneshreppur	2.000
3. Ólafsvík	2.000
4. Patreksfjörður	2.600
5. Flateyri	2.500
6. Suðureyri	2.800
7. Ísafjörður	2.800
8. Sauðárkrókur	1.000
9. Hrísey	400
10. Þórshöfn	2.400
11. Vestmannaeyjar	4.900
12. Stokkseyri	37.300

	Þús. kr.	Þús. kr.
13. Eyrarbakki	29.200	
14. Selvogur	2.300	
15. Grindavík	500	
16. Miðneshreppur	1.000	
17. Garður	100	
18. Vatnsleysustrandarhreppur	100	
19. Bessastaðahreppur	400	
20. Óráðstafað	500	
		100.000

Sþ. 479. Fyrirspurn [269. mál]

til forsætisráðherra um fjármál embættis húsameistara ríkisins.

Frá Hreggviði Jónssyni.

1. Hvaða fjárgreiðslur hafa runnið til embættis húsameistara ríkisins árin 1985–1990:
   a. úr ríkissjóði,
   b. frá öðrum aðilum?
2. Hverjir hafa fengið fjárgreiðslur frá embætti húsameistara ríkisins árin 1985–1990:
   a. laun og aðrar launatengdar greiðslur,
   b. greiðslur til aðila utan embættisins og þá vegna hvaða verkefna?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 480. Nefndarálit [213. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 76/1989 og 70/1990.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og efri deild afgreiddi það.

Alexander Stefánsson og Geir H. Haarde voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. des. 1990.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm. Guðrún Helgadóttir, fundaskr. Eggert Haukdal.

Jón Kristjánsson. Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Nd. 481. Frumvarp til laga [270. mál]

um hönnun og viðhald opinberra bygginga.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

1. gr.

Ávallt skal höfð hliðsjón af viðhaldi opinberra bygginga þegar þær eru hannaðar. Að

uppfylltum öllum öryggisþáttum bygginganna skal þess gætt að viðhald eignanna verði bæði eins auðvelt og aðgengilegt og notagildi þeirra framast leyfir. Jafnframt verði þess gætt að halda megi öllum kostnaði við þennan þátt í lágmarki eftir því sem hönnuðir geta best séð á hverjum tíma.

2. gr.

Verktakar og byggingameistarar, eða aðrir sem hafa umsjón með eða verkstjórn á hendi við smíði opinberra bygginga, skulu jafnan hafa þetta markmið að leiðarljósi. Reynist verklýsingar og aðrar upplýsingar frá hönnuðum ekki hrökkva til í þessu sambandi, eða veiti ekki nægilegar upplýsingar, ber tilsjónarmönnum að vekja þegar í stað athygli á því við hönnuð og yfirmann í því ráðuneyti sem hlut á að máli.

3. gr.

Komi í ljós þegar ársreikningar opinbers fyrirtækis eða stofnunar liggja fyrir að viðhaldsfé samkvæmt fjárlögum hefur ekki verið nýtt til viðhaldsverkefna skal forstöðumaður stofnunar eða fyrirtækis sæta ábyrgð skv. 4. gr.

4. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum og varðhaldi allt að tveimur árum, svo og réttindamissi.

Greinargerð.

Gerð húsa og annarra mannvirkja er einhver umfangsmesti þáttur í rekstri íslenska ríkisins. Í fjárlögum ársins 1990 er gert ráð fyrir um 5 milljörðum króna í stofnkostnað og rennur hann að langmestu leyti til byggingar nýrra húsa fyrir ríkið og stofnanir þess. Það er því mikið í húfi að þetta fé sé vel nýtt og að mannvirkin endist bæði vel og lengi.

Hönnun húsa er einn mikilvægasti þátturinn í gerð þeirra eins og nærri má geta. Því er brýn nauðsyn að hús séu hönnuð með fyllstu hagkvæmni í huga, ekki bara varðandi notagildi húsanna, heldur líka með hliðsjón af öllu viðhaldi þeirra í framtíðinni.

Því miður höfum við mörg dæmi um hús í eigu ríkisins sem eru nú að niðurlotum komin. Hér er um að ræða hús af öllum gerðum en sárast tekur það þjóðina að horfa á menningarverðmæti sín og listaverk grotna niður. Hús á borð við Þjóðleikhúsið og Þjóðminjasafnið þurfa nú á þvílíkri viðgerð að halda að miklu nær er að tala um endurbyggingu þessara húsa. Og svo er komið fyrir fleiri verðmætum þjóðarinnar.

Þess vegna telur flutningsmaður að hanna verði opinberar byggingar með viðhald þeirra í huga jafnhliða kröfum um notagildi og öryggi. Þannig er hægt að halda opinberum byggingum betur við í framtíðinni og eignast þar með bæði betri og betur útlítandi hús og verja til þeirra minna fé en hingað til. Eins þarf að fylgjast betur með því að þessu viðhaldsfé ráðuneytanna og stofnana þeirra í fjárlögum sé rétt varið. Stundum eru brögð að því að féð sé notað í rekstur viðkomandi stofnana og viðhaldið sé því látið sitja á hakanum, stundum í áraraðir. Þetta gengur ekki og verður að setja undir þennan leka.

Flutningsmaður telur að með því að samþykkja frumvarp þetta sé stigið stórt skref í þá átt að vernda opinberar eignir og spara ríkissjóði ómældar fjárhæðir um ókomin ár.

Ed. 482. Lög [241. mál]

um Útflutningsráð Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.)

Samhljóða þskj. 451.

Ed. 483. Lög [245. mál]

um breytingu á lögum nr. 76 19. ágúst 1987, um Iðnlánasjóð.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.)

Samhljóða þskj. 362.

Ed. 484. Lög [167. mál]

um breyting á lögum nr. 78 23. desember 1980, um jöfnunargjald, með áorðnum breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.)

Samhljóða þskj. 466.

Nd. 485. Frumvarp til laga [233. mál]

um tryggingagjald.

(Eftir 2. umr. í Nd., 21. des.)

Samhljóða þskj. 335 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Tryggingagjald skal lagt á í tveimur gjaldflokkum, sérstökum og almennum. Tryggingagjald í sérstökum gjaldflokki, sbr. 2. mgr., skal vera 2,5% af gjaldstofni og í almennum gjaldflokki, sbr. 3. mgr., skal gjaldið vera 6%.

Í sérstökum gjaldflokki skulu vera atvinnugreinar sem flokkast undir fiskveiðar eða iðnað, skv. 1., 2., eða 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, eða landbúnað, þar með talið skógrækt, fiskeldi, fiskrækt, jarðræktarframkvæmdir og byggingarframkvæmdir á bújörðum.

Í almennum gjaldflokki skulu vera allar aðrar gjaldskyldar atvinnugreinar.

Reki aðili fjölþættan atvinnurekstur eða starfsemi, sem ýmist fellur undir sérstakan gjaldflokk eða almennan gjaldflokk, skal hann aðgreina launagreiðslur í bókhaldi sínu þannig að séð verði hvað af þeim tilheyri hvorum þætti. Greiðslum fyrir yfirstjórn og öðrum slíkum greiðslum, sem ekki eru beint tengdar ákveðnum þáttum starfseminnar, skal skipt upp í gjaldflokka, þ.e. tryggingagjaldsskyld laun sem falla undir almennan flokk og sérstakan flokk, í sömu hlutföllum og eru á milli heildargreiðslu í hvorum gjaldflokki áður en umræddar yfirstjórnargreiðslur eru meðtaldar og reikna tryggingagjald af þeim í samræmi við það. Ef slík aðgreining er ekki fyrir hendi í bókhaldi eða ef hún er í verulegum atriðum röng eða ófullnægjandi að mati skattstjóra skal hann áætla skiptinguna.

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

I.

Iðgjöld af lögskráðum sjómönnum, sem lögð voru á og innheimt fyrir fram á árinu 1990 af lögskráningarstjórum, sbr. 3. mgr. 12. gr. laga nr. 64/1981, skulu dragast frá greiðslum tryggingagjalds ársins 1991 hjá viðkomandi launagreiðendum eftir nánari reglum sem settar skulu af fjármálaráðherra.

II.

Við álagningu opinberra gjalda á árinu 1991, vegna rekstrar á árinu 1990, er þeim aðilum sem ekki hafa fært til frádráttar álögð og greidd tryggingaiðgjöld á árinu 1990 heimilt að draga frá rekstrartekjum fjárhæð er nemi 2,5% af gjaldfærðum frádráttarbærum launum samkvæmt rekstrarreikningi þess árs.

Þeim aðilum, sem hafa fært til frádráttar álögð og greidd tryggingaiðgjöld á árinu 1990, er einnig heimilt að draga frá rekstrartekjum fjárhæð er nemi 2,5% af gjaldfærðum frádráttarbærum launum samkvæmt rekstrarreikningi þess árs, að frádreginni þeirri fjárhæð sem þegar hefur verið færð til gjalda á árinu 1990.

Frádráttur þessi skal ekki reiknast af reiknuðu endurgjaldi sem fært er til gjalda. Hvorki má mynda rekstrartap vegna frádráttar samkvæmt þessu sérstaka frádráttarákvæði né nota það til að fresta yfirfærslu rekstrartaps frá fyrri árum.

Nd. 486. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um starfsmannamál o.fl. í kjölfar breyttra verkaskipta ríkis og sveitarfélaga.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og bárust nefndinni umsagnir um það frá Sam-

bandi íslenskra sveitarfélaga, Landssambandi sjúkrahúsa á Íslandi, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna.

Alþingi, 21. des. 1990.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur G. Þórarinsson, fundaskr.	Ragnar Arnalds.
Jón Sæmundur Sigurjónsson.	Friðrik Sophusson, með fyrirvara.	Matthías Bjarnason, með fyrirvara.
	Þórhildur Þorleifsdóttir, með fyrirvara.	

Nd. 487. Nefndarálit [214. mál]

um frv. til l. um breyt. á lánsfjárlögum fyrir árið 1990, nr. 116/1989.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur meiri hl. nefndarinnar til að það verði samþykkt.

Alþingi, 21. des. 1990.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur G. Þórarinsson, fundaskr.	Ragnar Arnalds.
	Jón Sæmundur Sigurjónsson.	

Ed. 488. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til l. um tryggingagjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir meiri hl. hennar með samþykkt þess.

Alþingi, 21. des. 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm., með fyrirvara.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
	Eiður Guðnason.	

Ed. 489. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til l. um tryggingagjald.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þar sem breytingartillögur sjálfstæðismanna við þetta frumvarp náðu ekki fram að ganga í neðri deild, sbr. þskj. 447 og nefndarálit á þskj. 450, tekur 1. minni hl. nefndarinnar ekki þátt í afgreiðslu frumvarpsins.

Alþingi, 21. des. 1990.

Ey. Kon. Jónsson, frsm.

Halldór Blöndal.

Ed. 490. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til l. um tryggingagjald.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þingkonur Kvennalistans sjá sér ekki fært að styðja frumvarpið en leggjast ekki gegn því heldur sitja hjá við afgreiðslu málsins, sbr. nefndarálit 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar á þskj. 477.

Alþingi, 21. des. 1990.

Guðrún J. Halldórsdóttir, frsm.

Ed. 491. Nefndarálit [234. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur meiri hl. hennar til að það verði samþykkt.

Alþingi, 21. des. 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.

Jóhann Einvarðsson, fundaskr.

Skúli Alexandersson.

Eiður Guðnason.

Ed. 492. Lög [225. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.)

Samhljóða þskj. 398.

Ed. 493. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um starfsmannamál o.fl. í kjölfar breyttra verkaskipta ríkis og sveitarfélaga.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Halldór Blöndal var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. des. 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Eiður Guðnason.	Guðrún J. Halldórsdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.

Nd. 494. Lög [214. mál]

um breyting á lánsfjárlögum fyrir árið 1990, nr. 116/1989.

(Afgreidd frá Nd. 21. des.)

Samhljóða þskj. 274.

Nd. 495. Lög [213. mál]

um breyting á lögum nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 76/1989 og 70/1990.

(Afgreidd frá Nd. 21. des.)

Samhljóða þskj. 438.

Ed. **496. Lög** [233. mál]

um tryggingagjald.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.)

Samhljóða þskj. 492 (sbr. 335).

Ed. **497. Lög** [234. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.)

Samhljóða þskj. 336.

Ed. **498. Lög** [159. mál]

um starfsmannamál o.fl. í kjölfar breyttra verkaskipta ríkis og sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.)

Samhljóða þskj. 172.

Sþ. **499. Þingsályktun** [239. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Sþ. 21. des.)

Samhljóða þskj. 346.

Sþ. 500. Tillaga til þingsályktunar [271. mál]

um íslenska heilbrigðisáætlun.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

Alþingi ályktar að stefna í heilbrigðismálum á Íslandi fram til ársins 2000 skuli verða í samræmi við heilbrigðisáætlun þessa sem hefur það að markmiði að bæta heilsufar þjóðarinnar.

Markmið 1.

Tilgangur heilbrigðisþjónustunnar er að skapa heilsufarslegt jafnrétti, að bæta árum við lífið, heilbrigði við lífið og lífi við árin.

Til þess að svo megi verða þarf að tryggja að tekið sé fullt tillit til heilbrigðissjónarmiða í þjóðfélaginu eftir því sem við á. Ákvarðanir stjórnvalda verði ekki síður byggðar á vitneskju um heilsufarslegar afleiðingar ákvarðana en um efnahagsleg og menningarleg áhrif. Gefa þarf sérstakan gaum að þörfum þeirra sem verst eru settir og þjóðfélagshópa sem ekki njóta fyllsta jafnréttis til að öðlast heilbrigði eða njóta heilbrigðisþjónustu. Í þessu sambandi er rétt að nefna sérstaklega aldraða, þá sem þjást af langvinnum sjúkdómum sem valda verulegri fötlun og þá sem fatlaðir eru frá fæðingu.

Markmið 2.

Stefnt skal að því að saman fari í heilbrigðisþjónustu ábyrgð á fjármögnun og rekstri.

Heimilt verði að gera samninga við félög og samtök um að annast afmarkaða rekstrarþætti í heilbrigðisþjónustu sé það hagkvæmt.

Markmið 3.

Heilsugæslustöðvar skulu vera hornsteinar heilsugæslunnar hver á sínu starfssvæði í samvinnu við göngudeildir sjúkrahúsa og sérhæfðar stofnanir.

Þjónusta heilsugæslustöðva skal ná til allra landsmanna árið 1995.

Leitast skal við að auka samstarf heilsugæslunnar við aðra aðila, svo sem fræðsluyfirvöld, félagsmálastofnanir og íþróttahreyfinguna í því skyni að auka heilsuvernd og heilsurækt.

Markmið 4.

Setja skal reglur um flokkun sjúkrastofnana, verkaskiptingu og starfssvið og gera þar skýran greinarmun á sérhæfðu sjúkrahúsi, almennu sjúkrahúsi og hjúkrunarheimili.

Setja má reglur um þjónustusvæði einstakra sjúkrastofnana og um mönnun þeirra.

Markmið 5.

Koma skal á fót stofnun forvarna- og heilbrigðisfræðslu. Þessi stofnun skal hafa yfirumsjón með öllu forvarnastarfi, annast ráðgjöf um heilbrigða lífshætti, gerð fræðsluefnis og endurmenntun starfsliðs í heilsugæslu á því sviði. Til stofnunarinnar færast m.a. áfengisvarnir, manneldismál, smitsjúkdómavarnir, tannvernd, tóbaksvarnir, CINDI-verkefnið og önnur forvarnastarfsemi eftir því sem við verður komið.

Til að stuðla að heilbrigðum lífsháttum skal lögð á það áhersla að starfslið heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa fái grundvallarmenntun og kennslu í heilbrigðisfræðslu og

kennslu í heilsufræði til þess að geta miðlað þeim sem þangað leita.

Leita skal samvinnu við skóla og félög um að þau taki þátt í átaki fyrir heilbrigðari lífsháttum fjölskyldna og einstaklinga.

Markmið 6.

Manneldis- og neyslustefna verði í samræmi við þingsályktun frá 19. maí 1989 og þær upplýsingar sem neyslukannanir leiða í ljós.

Enda þótt næringarástand þjóðarinnar sé talið gott þarf að tryggja að allir fái nægan mat og að í honum séu rétt hlutföll frá næringarfræðilegu sjónarmiði.

Leggja skal áherslu á framleiðslu og framboð hollrar innlendrar fæðu.

Ýta þarf undir neyslu kornmetis, fisks, fitulítils kjöts, kartaflna, ávaxta og grænmetis.

Með fræðslu og verðstýringu skal stuðla að neyslu mjólkurvara með lágu fituinnihaldi. Á sama hátt skal stuðla að minni neyslu sætinda og matar með miklu af sykri og salti.

Auðvelda þarf fæðuval með áberandi og vel skiljanlegum upplýsingum um vörur.

Markmið 7.

Draga skal úr og helst útrýma neyslu tóbaks með því að fá fólk til að byrja ekki að reykja og þá sem reykja til að hætta. Til þess að ná þessu takmarki verður að auka bæði upplýsingar og áróður og taka til sérstakrar íhugunar tengsl milli reykinga og annarra lífshátta.

Minnka verður verulega og helst útiloka að fólk sem ekki reykir þurfi að líða tóbaksreyk.

Verð á tóbaksvörum skal hækka umfram almennar verðhækkanir.

Útiloka skal áhrif innflytjenda á útsöluverð tóbaksvara.

Markmið 8.

Almenna neyslu áfengis skal minnka og útrýma ofneyslu. Leggja skal sérstaka áherslu á upplýsingastarfsemi og hefja markvisst áróðursstríð gegn slæmum drykkjusiðum með auglýsingum, stuttum sjónvarpsþáttum, slagorðum o.fl.

Minnka skal og eyða að lokum alveg óæskilegum heilsufarslegum áhrifum áfengisnotkunar. Auka skal rágjöf sem heilbrigðisþjónustan veitir og efla þarf starf að því að greina áfengisvanda á byrjunarstigi.

Stofna þarf til samvinnu milli heilbrigðisyfirvalda og félagasamtaka sem hafa bindindi á stefnuskrá sinni og reyna að efla starf þessara samtaka.

Verð áfengra drykkja hækki árlega á næstu fimm árum umfram almennar verðhækkanir og sterkt áfengi meira en létt vín, en bjór hlutfallslega minnst.

Gera skal áætlun til að ná þessum markmiðum og hún endurskoðuð á fimm ára fresti.

Markmið 9.

Efla þarf aðstöðu almennings til íþróttaiðkana innan dyra og byggja í því skyni almenningsíþróttahús eða samnýta betur en nú er tiltæk íþróttamannvirki. Einnig þarf að gefa gaum að því að fólk fái tækifæri til að hreyfa sig utan dyra og setja upp sérstakar gangbrautir og hjólreiðabrautir í þéttbýli.

Skipulagsmálum skal haga þannig að fólk, einkum hið eldra og þeir sem eru fatlað-

ir, geti notið umhverfisins með hreyfingu og þjálfun utan dyra.

Markmið 10.

Með heilbrigðis- og umhverfiseftirliti skal að stuðla að líkamlegri og andlegri velferð manna með því að fylgjast með andlegum, líffræðilegum, eðlisfræðilegum og efnafræðilegum áhættuþáttum í umhverfinu og draga úr áhrifum þeirra.

Stýring þessara mála með sérstökum lögum og reglugerðum kann að vera nauðsynleg en megináhersla skal lögð á fræðslu og samvinnu, fremur en valdboð.

Tryggja þarf fullnægjandi sérfræðiþekkingu starfsmanna við störf að heilbrigðis- og umhverfiseftirliti og verkefni þurfa að vera við hæfi. Þannig skal miðað við það að á hverju heilbrigðiseftirlitssvæði verði að jafnaði einn heilbrigðisfulltrúi á hverja 7.000 íbúa.

Markmið 11.

Leggja skal áherslu á eftirlit og grunnrannsóknir varðandi heilnæmi neysluvatns, matvæla og annarra neysluvara.

Þann árangur, sem náðst hefur í smitsjúkdómavörnum, skal bæta með því að auka almennar varnaðarráðstafanir með auknum ónæmisaðgerðum. Jafnóðum og ný og nothæf bóluefni verða til fyrir smitsjúkdóma skal skipuleggja ónæmisaðgerðir gegn þeim.

Efla skal rannsóknir og eftirlit til að upplýsa orsakir matarsýkinga og matareitrana. Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir þær.

Hefja skal markvissar þjónusturannsóknir og eftirlit með efnisþáttum, aukefnum, eiturefnum og aðskotaefnum í neysluvörum.

Markmið 12.

Til að bægja frá þeirri heilbrigðishættu sem stafar af eiturefnum og hættulegum efnum í nauðsynjavörum skal koma í veg fyrir að slíkum vörum verði dreift.

Með viðeigandi ráðstöfunum skal einnig stefnt að því að nauðsynjavörur verði óskaðlegar með tilliti til annarra áhættuþátta, svo sem af völdum hönnunar, sem gæti leitt til meiðsla eða kvilla.

Markmið 13.

Leggja skal áherslu á það að sú geislun, sem fólk verður fyrir, sé í lágmarki.

Notkun röntgentækja skal stillt í hóf og efla ber fræðslu um ekki jónandi geislun, t.d. við sólböð og notkun sólarlampa.

Auka skal eftirlit með geislavirkni í matvælum og umhverfi. Við innflutningseftirlit skal þess gætt að geislavirkar neysluvörur komist ekki á markað.

Áhersla skal lögð á að draga úr hávaða frá umferð og atvinnurekstri og áhrifum hans.

Að því skal stefnt að við skipulag byggðar verði þess gætt að hávaði af völdum umferðar og hvers konar starfsemi valdi hvergi heilsutjóni né verulegu ónæði eða óþægindum.

Markmið 14.

Koma skal í veg fyrir umhverfismengun eins og frekast er kostur.

Fylgjast skal með sem flestum mengunarþáttum um allt land. Enn fremur skal reynt að meta þá mengun sem berst til landsins með vindum og hafstraumum.

Áherslu skal leggja á að draga úr mengun af völdum brennslu eldsneytis í ökutækjum og í iðnaði og mengun vatna og sjávar af völdum fiskeldis.

Frágangur skolpútrása skal stórlega bættur og að því verði stefnt að allt skolp frá þéttbýli verði grófhreinsað ef það er leitt til sjávar. Fullkomnari hreinsun verði beitt við aðrar aðstæður.

Að því skal stefnt að við skipulag byggðar sé ávallt gert ráð fyrir fullnægjandi lausn frárennslismála.

Þær aðferðir, sem notaðar eru við losun úrgangs, verði bættar og stefnt skal að því að endurvinna úrgang þar sem það er framkvæmanlegt.

Loftmengun skal athuga sérstaklega og setja loftgæðastaðla. Loftræsting í almennum byggingum og á vinnustöðum skal athuguð sérstaklega. Þá skal herða eftirlit með og setja reglur um byggingarefni sem nota má til innréttinga á íbúðarhúsnæði og vinnuhúsnæði og þau efni sem notuð eru í húsgögn til þess að tryggja heilnæmi innilofts.

Markmið 15.

Stefnt skal að fullnægjandi aðbúnaði á vinnustöðum til að fækka alvarlegum vinnuslysum um a.m.k. fjórðung fram til ársins 2000.

Stefnt skal að því að gera áætlun um vinnuvernd og hrinda henni í framkvæmd þannig að brýnustu verkefni fái forgang.

Gæta þarf bæði að geðrænum og líkamlegum heilbrigðisvandamálum sem tengd eru vinnu. Gera þarf heilsugæslustöðvar virkari á þessu sviði og auka tengsl heilsugæslustöðva við vinnustaði á starfssvæði þeirra.

Leggja skal áherslu á að framfylgt sé reglum um hávaðavarnir á vinnustað og heyrnareftirlit starfsmanna.

Stefnt skal að því að minnka verulega áhrif skaðlegra efna við vinnu.

Markmið 16.

Stefnt skal að því að fækka vinnuslysum, umferðarslysum, slysum á sjó, á heimilum, í skóla, í íþróttum og öðrum frístundum. Stofna skal slysavarnaráð sem hefur yfirumsjón með og samræmir slysavarnir í landinu.

Stefnt skal að því að draga úr slysum vegna áfengis- og vímuefnanotkunar.

Markmið 17.

Í þróun heilbrigðisþjónustunnar skal sérstök áhersla lögð á heilsugæslu. Sérfræðiþjónustu skal haldið á því háa stigi sem hún er á nú.

Markvisst skal dregið úr þeim mismun sem enn er á möguleikum fólks til heilbrigðisþjónustu eftir búsetu.

Starfsliði í heilbrigðisþjónustu þarf að fjölga til að sinna nýjum og auknum verkefnum. Hér vega þungt aukin áhersla á forvarnir annars vegar og hins vegar sú staðreynd að Íslendingar sem þjóð eru að eldast.

Markmið 18.

Stefnt skal að því að gera heilbrigðisþjónustuna persónulegri og þjálli en hún er nú. Einnig skal reynt að hafa meðferð samfellda þannig að sjúklingar geti ávallt leitað sama læknis þegar um langvarandi meðferð er að ræða.

Markmið 19.

Ný áætlun skal gerð um nauðsynlega mönnun á hverri heilsugæslustöð. Áætlunin skal byggjast á skipulegri upplýsingaöflun um starfssvæði hverrar stöðvar (svæðisgreiningu) sem taki tillit til eftirtalinna þátta: íbúafjölda, aldursskiptingar, fjölda íbúa með langvinna sjúkdóma eða fötlun, fæðingafjölda, stærð skóla og stærð og eðli atvinnufyrirtækja. Aldrei skulu þó vera færri en einn heilsugæslulæknir og einn hjúkrunarfræðingur á hverja 1.000 íbúa eða brot úr þeirri tölu á heilsugæslustöðvum í dreifbýli. Í þéttbýli skulu vera a.m.k. einn læknir og einn hjúkrunarfræðingur á hverja 1.500 íbúa. Annað sérmenntað starfslið ákvarðist af aðstæðum á hverjum stað.

Ákvarðanir um forvarnaaðgerðir í hverju heilsugæsluumdæmi skal byggja á upplýsingum um lífshætti, viðhorf til heilbrigðis, slysatíðni og ýmsa áhættuþætti heilsutjóns hjá íbúum viðkomandi svæði.

Markmið 20.

Fyrir árið 1995 skal vera völ á sérfræðiþjónustu á öllum H2-heilsugæslustöðvum. Skal þetta gert með skipulögðum ferðum sérfræðinga og ráðningu sérfræðinga eftir þörfum.

Markmið 21.

Stefnt skal að því að endurhæfingarstarfsemi verði í hverju heilsugæsluumdæmi, annaðhvort við heilsugæslustöð eða sjúkrahús. Sérhæfð endurhæfingarstarfsemi skal vera í Reykjavík og nágrenni og á Akureyri.

Endurhæfingarstarfsemi þarf að fela í sér fræðslu og fyrirbyggjandi þjálfun fyrir einstaklinga, sérstaka hópa og almenning auk endurhæfingar vegna afleiðinga sjúkdóma og slysa. Endurhæfing í forvarnaskyni skal sniðin við hæfi fólks á öllum aldri og veitt í heimahúsum, skólum og á vinnustöðum auk heilbrigðisstofnana.

Markmið 22.

Sérstakt átak skal gera til þess að bæta tannheilsu þjóðarinnnar. Kannaðar skulu leiðir til þess að auka verulega varnir gegn tannskemmdum.

Skipuleggja þarf tannheilsugæslu með það fyrir augum að áherslur séu í samræmi við meginmarkmið um bætta tannheilsu almennings. Er þá bæði átt við greiðslur hins opinbera og samræmdar aðgerðir til þess að draga úr tannskemmdum. Sérstaklega þarf að kanna hvernig megi tryggja betur en nú er að tannheilsugæsla sé hluti af almennri heilsugæslu og starfsemi heilsugæslustöðva. Skólatannlækningar skulu skipulagðar í öllum grunnskólum landsins.

Markmið 23.

Gæðum sérfræðiþjónustu skal haldið og þau aukin eftir því sem kostur er.

Tengsl milli sérfræðiþjónustu sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva skulu aukin og bein tengsl tekin upp milli heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa að þessu leyti.

Beinum tengslum verði komi á milli sérfræðinga sem starfa á sjúkrahúsum í Reykjavík og á Akureyri og heilsugæsluumdæma þannig að ákveðið sjúkrahús hafi umsjón með sérfræðiþjónustu á ákveðnu heilsugæslusvæði.

Göngudeildaþjónusta sjúkrahúsa skal skipulögð og efld.

Sérstök áhersla skal lögð á að geðlæknisþjónusta komi á heilsugæslustöðvum og menntun heilsugæslulækna og hjúkrunarfræðinga miðist við að þeir geti sinnt geðsjúk-

lingum. Gera skal ráð fyrir að geðspítalar í Reykjavík og á Akureyri taki að sér þjónustuhlutverk fyrir ákveðin heilsugæslusvæði. Barna- og unglingageðdeild verði aðeins í Reykjavík.

Áhersla verði lögð á að sjúklingar með langvarandi geðsjúkdóma fái inni á langlegudeildum eða sambýlum með öðrum sjúklingum. Aldraðir geðsjúklingar verði vistaðir, svo sem unnt er, á almennum hjúkrunardeildum.

Markmið 24.

Uppbyggingu öldrunarlækninga, sem hafin er, skal haldið áfram. Öldrunarlækningadeildir skulu vera í Reykjavík og á Akureyri. Stefnt skal að því að aldraðir sjúkir verði vistaðir á hjúkrunarheimilum eða sjúkrahúsum í sinni heimabyggð.

Vinna skal áfram að auknum tengslum öldrunarþjónustunnar og heilbrigðisþjónustunnar annars vegar og og félagslegu þjónustunnar hins vegar eins og lög um málefni aldraðra gera ráð fyrir.

Leggja skal áherslu á endurhæfingu aldraðra og stuðla skal að því að þeir geti dvalið sem lengst í heimahúsum með aðstoð heimilishjálpar og heimahjúkrunar.

Markmið 25.

Öll málefni lyfjasölu og lyfjaneyslu skal taka til sérstakrar athugunar. Athuga skal sérstaklega möguleika heilsugæslustöðva til þess að annast lyfjasölu og ráða lyfjafræðinga til að sinna þeim verkefnum á sama hátt og annað heilbrigðisstarfslið er ráðið.

Upplýsingar til fólks um lyf og lyfjaneyslu skulu stórauknar og sérstakar ráðstafanir gerðar til þess að draga úr ónauðsynlegri og óhóflegri lyfjaneyslu hvort sem hún er á kostnað sjúkratrygginga eða ekki.

Stefnt skal sérstaklega að virku samstarfi heilsugæslustöðva og sjúkrastofnana annars vegar og apóteka hins vegar í sambandi við hagkvæmt lyfjaval og að læknar fái jafnan upplýsingar um lyfjaávísanir sínar og kostnað af þeim.

Apótekum verði falin forvarnaverkefni í samvinnu við heilsugæslustöðvar, skóla og áhugamannasamtök.

Markmið 26.

Setja skal sérstakar reglur um bætur til sjúklinga ef þeir verða fyrir heilsutjóni eða örorku vegna óhappatilviljunar við læknismeðferð eða sjúkrahúsdvöl.

Markmið 27.

Stefnt skal að því að útgjöld til heilbrigðismála haldist a.m.k. í sama hlutfalli af þjóðarframleiðslu og nú er til að unnt sé að mæta auknum þörfum vegna öldrunar íbúanna og vegna fjölgunar langvarandi sjúkdóma og ráðstafana til fyrirbyggjandi aðgerða og meðferða.

Gera skal áætlun um byggingu heilbrigðisstofnana þannig að stofnanir til þess að sinna heilsugæslu verði allar komnar upp fyrir árið 1995 og fyrir árið 2000 verði að fullu sinnt annarri stofnanaþjónustu eins og áætlunin gerir ráð fyrir.

Markmið 28.

Gera skal áætlun fyrir 1992 um heildarmannaflaþörf í heilbrigðisþjónustu og auk þess sérstaka áætlun um hvað þarf af löggiltum heilbrigðisstéttum fram til ársins 2000.

Markmið 29.

Í grunnskólum skal kenna undirstöðuatriði í líkams- og heilsufræði, svo og í næringarfræði og matargerð. Þar skal einnig veita fræðslu um kynlíf, um ábyrgð á eigin heilbrigði, um líkamsþjálfun og um vímuefni og fyrstu hjálp við slysfarir.

Í framhaldsskólum skal efla fræðslu um mataræði og matseld, um kynlíf, samlíf og foreldrahlutverkið, um vímuefni, um hvíld, streitu, geðvernd og fyrstu hjálp við slysfarir.

Námsskrár grunn- og framhaldsskóla og skóla heilbrigðisstétta sérstaklega skal endurskoða með tilliti til þeirrar áherslu sem leggja skal á heilsugæslu og heilbrigðisfræðslu.

Námsskrár skóla heilbrigðisstétta skulu samdar af aðilum sem tilnefndir eru bæði af menntamála- og heilbrigðisyfirvöldum. Sérstaklega skal kanna möguleika á sameiginlegri grunnmenntun þessara stétta þannig að fólk geti skipt um starf án mikillar viðbótarmenntunar.

Með aðstoð fjölmiðla, einkum sjónvarps, skal koma á framfæri fræðslu um heilbrigða lífshætti, um hollt mataræði, um heilsurækt, geðvernd, lyf, skottulækningar og slysahættur.

Markmið 30.

Fullnægjandi upplýsingakerfi til eftirlits og mats á heilbrigðisþjónustunni skal skipulagt fyrir árið 1994. Í slíku kerfi felist reglubundið mat á starfsemi heilsugæslustöðva, starfsemi sjúkrahúsa og störfum heilbrigðisstétta og einstakra starfsmanna.

Heilbrigðisrannsóknir skulu efldar og í því skyni gerð sérstök rannsóknaáætlun fyrir árið 1992 til að styðja framkvæmd þessarar heilbrigðisáætlunar. Í því skyni skal tryggð nauðsynleg aðstaða og fjölgun fólks sem stundar heilbrigðisrannsóknir. Sérstaklega skal gefa gaum að rannsóknum á sambandi lífshátta og umhverfis á heilsufar, svo og rannsóknum á heilbrigðiskerfinu sjálfu, hvernig það reynist, hvernig það starfar og hver árangur þess er. Vinna skal að því að gera allar upplýsingar aðgengilegar almenningi til fræðslu og upplýsinga.

Markmið 31.

Gera skal ráðstafanir til þess að fylgjast með nýjungum í læknisfræði og gera ráðstafanir til að nýta þær nýjungar hér á landi eða í samvinnu við önnur lönd í þágu forvarna, fyrirbyggjandi lækninga og meðferðar sjúkdóma.

Efla þarf vísindarannsóknir til þess að auka þekkingu og skilning á sjúkdómum sem hafa í för með sér alvarleg langvarandi sjúkdómseinkenni. Slíkar rannsóknir verði fyrst og fremst efldar til þess að reyna að koma í veg fyrir sjúkdóma eða til að greina þá á frumstigi. Einkum þarf að einbeita sér að rannsóknum á sjúkdómum sem eru hlutfallslega algengir á Íslandi.

Við aukningu á vísindastarfsemi verði aðstaða á rannsóknastofum nýtt vel til þess að mennta og þjálfa stúdenta, einkum þó þá, sem lokið hafa námi í læknisfræði, líffræði og öðrum starfsgreinum heilbrigðisþjónustunnar. Nota þarf rannsóknastofurnar og þá vísindamenn sem þar starfa til þess að vekja áhuga starfsmanna heilbrigðisþjónustunnar á rannsóknum, gildi þeirra og gagnsemi.

Markmið 32.

Gera skal áætlun um í hve miklum mæli og hvernig Ísland getur tekið þátt í alþjóðasamstarfi um heilbrigðismál.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 20. mars 1986 var samþykkt eftirfarandi tillaga frá þáverandi heilbrigðisráðherra, Ragnhildi Helgadóttur, um íslenska heilbrigðisáætlun:

„Ríkisstjórnin samþykkir að vinna að landsáætlun í heilbrigðismálum með hliðsjón af stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, sem nefnd er „Heilbrigði allra árið 2000", í þeim tilgangi að stórauka forvarnir gegn sjúkdómum og slysum ásamt örorku og ótímabærum dauðsföllum af þeirra völdum. Áætlunin skal m.a. taka mið af vörnum gegn langvinnum sjúkdómum og því að búa hinn vaxandi fjölda aldraðra undir gott heilsufar í ellinni. Forgangsverkefni í áætluninni skulu miðast við íslenskar aðstæður.

Áhersla verður lögð á að kynna og efla heilbrigða lífshætti eftir því sem unnt er með stjórnvaldsaðgerðum og er óskað samstarfs við önnur ráðuneyti um framkvæmd verkefnisins. Heilbrigðisráðherra mun leggja drög að áætluninni fram í ríkisstjórninni innan tíðar."

Í framhaldi af þessari samþykkt skipaði heilbrigðisráðherra 10. apríl 1986 sérstakan starfshóp til að gera rammadrög að íslenskri heilbrigðisáætlun þar sem í fyrsta áfanga væru m.a. tillögur um þær aðgerðir sem væru aðkallandi og svo kostnaðarlitlar að unnt væri að hrinda þeim í framkvæmd mjög fljótlega. Enn fremur skyldi í áætluninni mörkuð stefna í aðgerðum til að koma í veg fyrir sjúkdóma og slys svo sem verða má. Starfshópinn skipuðu Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, sem jafnframt var formaður, Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir og Hrafn V. Friðriksson yfirlæknir sem annaðist fundaritun.

Við gerð áætlunarinnar miðaði starfshópurinn við íslenskar aðstæður og stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar „Heilbrigði allra árið 2000" frá árinu 1977. Einnig var tekið mið af heilbrigðisstefnu og heilbrigðismarkmiðum Evrópuskrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar frá 1980 og 1984 og samsvarandi heilbrigðisáætlunum nágrannaþjóða okkar, einkum Finnlands.

Tillögur hópsins voru lagðar fyrir Alþingi Íslendinga til kynningar í aprílmánuði 1987.

Haustið 1987 ákvað heilbrigðisráðherra, Guðmundur Bjarnason, að heilbrigðisþing skv. 5. gr. laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, skyldi haldið 5. febrúar 1988 og þar skyldi fjallað um drög þau sem fyrir lágu að íslenskri heilbrigðisáætlun.

Til undirbúnings var ákveðið að skipa eftirfarandi sjö vinnuhópa, sem fengu það verkefni að endurskoða íslenska heilbrigðisáætlun:

Stefna í heilbrigðismálum.
Skúli Johnsen borgarlæknir, formaður,
Ásmundur Hilmarsson trésmiður,
Björn Friðfinnsson, aðstoðarmaður dómsmálaráðherra,
Jóhann Pétur Sveinsson lögfræðingur,
Sigríður Snæbjörnsdóttir hjúkrunarfræðingur,
Sigrún Magnúsdóttir borgarfulltrúi.

Heilbrigðir lífshættir.
Bjarni Þjóðleifsson læknir, formaður,
Alda Möller næringarfræðingur,
Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir fréttamaður,
Jónas Ragnarsson ritstjóri,
Magnús Einarsson læknir,
Margrét Þorvaldsdóttir húsmóðir,
Unnur Stefánsdóttir fóstra.

Heilbrigðiseftirlit.
Örn Bjarnason forstjóri, formaður,
Hannes Hafstein, framkvæmdastjóri SVFÍ,
Hermann Sveinbjörnsson, aðstoðarmaður sjávarútvegsráðherra,
Katrín Fjeldsted heilsugæslulæknir,
Oddur Rúnar Hjartarson forstjóri,
Ólöf Steingrímsdóttir sjúkraþjálfari.

Heilsugæsla, tannheilsa, sérfræðiþjónusta, geðlækningar.
Guðmundur Sigurðsson heilsugæslulæknir, formaður,
Guðrún Marteinsdóttir dósent,
Katrín Pálsdóttir hjúkrunarforstjóri,
Kristján Guðmundsson bæjarstjóri,
Sigfús Þór Elíasson prófessor,
Tómas Zoëga geðlæknir.

Öldrun, lyfjamál, tryggingamál.
Almar Grímsson lyfsali, formaður,
Adda Bára Sigfúsdóttir veðurfræðingur,
Gunnhildur Sigurðardóttir hjúkrunarforstjóri,
Halldór E. Sigurðsson, fyrrverandi ráðherra og alþingismaður,
Helga Jónsdóttir, formaður tryggingaráðs,
Jón Snædal læknir,
Margrét Thoroddsen deildarstjóri.

Fjármunir og mannafli.
Davíð Á. Gunnarsson forstjóri, formaður,
Edda Hermannsdóttir deildarstjóri,
Inga Jóna Jónsdóttir viðskiptafræðingur,
Guðmundur G. Þórarinsson alþingismaður,
Lára Scheving Thorsteinsson hjúkrunarfræðingur,
Sigurður Þórðarson aðstoðarríkisendurskoðandi,
Sveinn Magnússon heilsugæslulæknir.

Rannsóknir og kennsla.
Sigmundur Guðbjarnason rektor, formaður,
Guðrún Agnarsdóttir alþingismaður,

Jóhann Ágúst Sigurðsson héraðslæknir,
Jónas Hallgrímsson prófessor,
Marga Thome dósent,
Margrét Guðnadóttir prófessor,
Rúnar Vilhjálmsson lektor.

Hóparnir unnu starf sitt bæði fljótt og vel og skiluðu álitsgerðum sínum á heilbrigðisþinginu. Jafnframt var heilbrigðisáætlunin send til umsagnar fjölmargra aðila innan heilbrigðisþjónustunnar. Allar umsagnir sem bárust voru meðal þingskjala fyrir heilbrigðisþingið.

Til heilbrigðisþings var boðið um 200 manns. Þar áttu fulltrúa allar löggiltar heilbrigðisstéttir, H2 heilsugæslustöðvar, stærri sjúkrahús, aðrar heilbrigðisstofnanir, sveitarfélög, helstu líknarfélög, þingflokkar, formenn heilbrigðis- og tryggingaefnda Alþingis og fjölmiðlar. Auk þess sátu þingið þátttakendur í vinnuhópunum og starfsmenn heilbrigðisráðuneytis og embættis landlæknis.

Á heilbrigðisþingi skiluðu vinnuhópar áliti auk þess sem almennar umræður urðu um áætlunina og þær breytingartillögur sem vinnuhópar báru fram. Sérstakur gestur þingsins var dr. Mahler sem nýlega lét af störfum sem forstjóri Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Genf.

Í framhaldi af þessu hefur íslensk heilbrigðisáætlun verið endurskoðuð af starfsmönnum heilbrigðisráðuneytisins og er sú þingsályktunartillaga sem hér liggur fyrir afrakstur þeirrar vinnu.

Þingsályktunartillagan var lögð fram á 111. og 112. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga þar sem þingnefndin sem um hana fjallaði taldi á henni formgalla. Nú er áætlunin lögð fram með nýju formi með vísun til þessa.

SKÝRINGAR VIÐ ÍSLENSKA HEILBRIGÐISÁÆTLUN

1. INNGANGUR: markmið 1.

Heilbrigði er meðal þeirra lífsgæða sem mest eru metin nú á dögum. Heilbrigði er hvort tveggja í senn dýrmætasta eign hvers einstaklings og um leið ein verðmætasta auðlind hverrar þjóðar. Í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna segir m.a. að það sé grundvallarréttur hvers manns að fá að njóta bestu heilsu sem völ er á, án tillits til kynþáttar, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, efnahagslegra eða félagslegra aðstæðna. Í lögum um heilbrigðisþjónustu frá 1973, nú nr. 97/1990, segir að allir landsmenn skuli eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita, til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði. Aðaláherslan er því ekki lögð á lækningar heldur á heilsuvernd. Á undanförnum áratugum hefur heilbrigði Íslendinga gjörbreyst og er nú með því besta sem gerist meðal þjóða. Þrátt fyrir batnandi heilsufar hafa kröfur almennings um aukna heilbrigðisþjónustu stöðugt aukist m.a. vegna nýrra og bættra meðferðarmöguleika og breyttra samfélagsaðstæðna, svo sem fjölgunar aldraða.

Heilbrigðishugtakið hefur jafnframt breyst þannig að fólk leitar nú hjálpar heilbrigðisþjónustunnar af öðru og minna tilefni en áður.

Það hefur verið ljóst um nokkurt skeið að lífshættir einstaklinga og umhverfið ráða miklu um heilsufar og framvindu þess. Viðfangsefni heilbrigðisþjónustunnar eru því ekki

eingöngu að lækna og hjúkra heldur ekki síður að koma í veg fyrir sjúkdóma. Þetta gerir heilbrigðisþjónustan í samvinnu við fjölda aðila, bæði einstaklingana sjálfa, félög og stofnanir. Heilsufar Íslendinga nú kallar á breyttar aðferðir við skipulagningu og stjórnun heilbrigðisþjónustu en ekki síður á breyttar áherslur í heilbrigðisþjónustunni sem aftur gerir aðrar kröfur til heilbrigðisstarfsmanna en verið hefur. Í samræmi við þessar breyttu aðstæður þarf að setja heilbrigðisþjónustunni ný markmið. Í þeim markmiðum verði tekið tillit til þess að:

* Læknisþjónusta tekur við hinum sjúka og kostar kapps um að bjarga lífi, draga úr þjáningu og örkumlum.
* Heilsuvernd beinist að þekktri áhættu í umhverfi eða hjá einstaklingnum sjálfum (mengun, reykingar, offita, of há blóðfita, háþrýstingur o.fl.) og kostar kapps um að útrýma eða draga úr þeirri áhættu eins og frekast er kostur.
* Heilsurækt miðar að því að gera einstaklingnum kleift að auka hreysti og efla vitund hans og vilja til að viðhalda heilbrigði.

Heilbrigðismarkmiðið er sett fram til að stuðla að og bæta heilbrigði einstaklingsins. Þessu höfuðmarkmiði má skipta í þrjá þætti:

* Að bæta árum við lífið.
  Þetta þýðir að ótímabærum dauðsföllum fækki og lífslíkur aukist.
* Að bæta heilbrigði við lífið.
  Þetta þýðir að fólkið í framtíðinni eigi fleiri ár heilbrigði og starfsemi, fólk fái færri sjúkdóma og verði sjaldnar fyrir slysum en áður.
* Að bæta lífi við árin.
  Þetta þýðir að heilbrigði aukist og að fleira fólki en nú finnist það vera hraust og stjórni starfsdegi sínum þannig að því finnist lífið ríkt af reynslu og breytilegum verkefnum.

Heilbrigði er hluti af vellíðan einstaklingsins. Menning og fjárhagur getur haft mikil áhrif á heilsufar einstaklinganna. Sjúkdómar eru hluti af lífi hvers manns og fötlun er hluti af lífi margra en hinir sjúku og fötluðu geta einnig notið ánægju lífsins. Heilbrigði er að hluta til ákvörðunaratriði einstaklings og fjölskyldna og fullkomin heilbrigðisþjónusta næst aðeins með því móti að þjóðfélagsþegnarnir nýti hana og geri til hennar kröfur.

Í heilbrigðisþjónustunni á fólkið ekki að líta á sig eingöngu sem neytendur. Hugmyndin er að maðurinn verði þátttakandi og honum sé ljóst hvað hann getur gert fyrir sig og hvað heilbrigðisþjónustan getur gert fyrir hann.

Heilbrigðisþjónustan getur veitt mikla hjálp en án samvinnu við einstaklinginn er hún lítils virði og einstaklingurinn verður að gera sér ljóst að hann er samverkamaður og ekki aðeins neytandi.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur sett fram markmið um heilbrigði allra árið 2000.

Þau þrjú markmið, sem eru hornsteinar í þessu sambandi, eru:

* Að stuðla að heilbrigðu líferni.
* Að draga úr hættum sem valda heilsutjóni.
* Að reka heilbrigðiskerfi sem þjónar fólkinu.

Til þess að ná þessum markmiðum þarf, auk heilbrigðisstjórnar, samspil margra þátta, svo sem löggjafar, fjármála, stjórnunar, menntamála, upplýsinga og rannsókna og árangurinn þarf að meta.

2. STEFNA Í HEILBRIGÐISMÁLUM: markmið 2.

Á Íslandi hefur heilbrigðisþjónustan lengi verið á ábyrgð ríkisvalds og sveitarfélaga og svo er enn, enda þótt ríkissjóður greiði nú allan kostnað við þessa þjónustu. Verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga er nú þannig að heilbrigðisþjónusta er fjármögnuð af ríki en meiri hluti stjórna stofnana, sem ríki og sveitarfélög eiga saman, er kosinn af sveitarfélögum.

Yfirstjórn heilbrigðismála á Íslandi er í höndum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og það sér um framkvæmd laga um heilbrigðismál.

Landlæknisembættið fylgist með heilsufari landsmanna og hefur eftirlit með starfi og starfsaðstöðu heilbrigðisstarfsmanna.

Heilbrigðismálaráð læknishéraða hafa með höndum stjórn heilbrigðismála, áætlanir um uppbyggingu í heilbrigðismálum og skipulagningu og starfi heilbrigðisstofnana undir stjórn héraðslæknis.

Síðustu hundrað ár hefur verið reynt að fjölga læknismenntuðu fólki á öllum svæðum landsins og síðustu fimmtíu ár hafa einkennst af sérhæfðri uppbyggingu eftir því sem reynsla og menntun hefur gefið tilefni til.

Síðustu þrjátíu ár hafa einkennst af uppbyggingu stofnana, einkum sjúkrahúsa.

Lögin um heilsuverndarstöðvar, sem sett voru árið 1944, skiptu sköpum á sínum tíma með skipulagningu ungbarnaeftirlits og mæðraverndar.

Á tímabili var skortur á læknum í landinu til starfa í strjálbýli og þess gætti mjög í þeim tillögum sem settar voru fram um 1970, en nú er svo komið að læknafjöldi á Íslandi er meiri en þarf til þess að sinna heilbrigðisþjónustu í landinu. Læknum er hins vegar misskipt og of margir starfa nú í Reykjavík.

Lögin um heilbrigðisþjónustu 1973 skiptu verulegu máli í sambandi við að koma upp nútímalegri heilbrigðisþjónustu um land allt og má segja að þjónusta samkvæmt þeim lögum nái nú til alls landsins nema Reykjavíkur.

Heilbrigðisþjónusta á Íslandi hefur, síðan lög um almannatryggingar komust á, verið greidd af opinberum aðilum að mestu leyti. Enginn Íslendingur þarf að greiða beint fyrir dvöl á sjúkrahúsi og lítilræði þarf að greiða fyrir aðra heilbrigðisþjónustu.

3. STEFNA Í HEILSUGÆSLU- OG SJÚKRAHÚSMÁLUM: markmið 3–4.

3.1 Heilsugæslustöðvar: markmið 3.

Heilbrigðislöggjöfin frá árinu 1973 var stefnumarkandi um það að byggja upp heilsugæslu í landinu öllu. Uppbyggingin hefur náð til allra landshluta en þó verið minnst á Reykjavíkursvæðinu og er þar mörgum verkefnum ólokið á þessu sviði.

Nauðsynlegt er að gera sérstakt átak til þess að ljúka því verkefni að byggja upp heilsugæslustöðvar sem þjóni öllum íbúum höfuðborgarsvæðisins, og stefna þarf að því að allir landsmenn hafi aðgang að heilsugæslustöð árið 1995.

Helstu markmiðin með uppbyggingu heilsugæslustöðva hafa verið að auka heilsuvernd, heimilislækningar og heimahjúkrun. Sérstök áhersla hefur verið lögð á heilsuverndarstarf sem hafði staðnað í þeirri mynd sem það áður var. Í dreifbýli hefur þjónusta heilsugæslustöðvanna aukist og öryggið er orðið eins og aðstæður leyfa. Í þéttbýli eru heilsugæslustöðvarnar íbúum til mikils hagræðis. Þær veita þjónustu sem áður þurfti að sækja á margar stofnanir og oft langt frá heimili. Síðasti áratugur hefur einkennst af uppbyggingu heilsugæslustöðva og fjölgun heilbrigðisstarfsliðs um land allt. Erfitt er að

meta árangur þessa starfs en ljóst er að íbúar í dreifbýli landsins una betur við hlutskipti sitt nú en fyrir 15 árum.

Á síðustu árum hefur tölvuvæðing heilsugæslustöðvanna komist vel áleiðis. Vegna hennar mun brátt verða unnt að meta og sýna hvaða árangur hefur náðst fyrir unga og aldna og líklegt er að uppbygging heilsugæslunnar eigi eftir að skila miklum árangri í heilbrigðisþjónustu aldraðra í framtíðinni.

3.2 Sjúkrahús: markmið 4.

Dýrasti þáttur heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi er sjúkrahúsaþjónustan og er fjöldi sjúkrarúma vegna bráðaþjónustu meiri hér en víðast hvar annars staðar.

Ekki virðist þörf á fjölgun almennra sjúkrarúma á sjúkrahúsum á næstu árum en fjölga ber rúmum á hjúkrunarheimilum þannig að aldraðir sjúkir geti dvalist sem næst heimilum sínum. Til að tryggja besta nýtingu hjúkrunarrýmis fyrir aldraða þarf vistun á hjúkrunarheimilum til langframa að vera háð því mati sérfróðra aðila að vistun sé óhjákvæmileg.

Auka þarf göngudeilda- og dagdeildaþjónustu í þeim tilgangi að stytta legutíma og fækka innlögnum.

4. HEILBRIGÐIR LÍFSHÆTTIR: markmið 5–9.

Áróður fyrir heilbrigðum lífsháttum er nauðsyn í nútímaþjóðfélagi enda hefur verið sýnt fram á að venjur og lífshættir hafa veruleg og oft úrslitaáhrif á heilbrigði einstaklingsins.

Of lítið hefur verið gert að því af heilbrigðisyfirvöldum á Íslandi að taka jákvæða og hvetjandi afstöðu í þessum málum. Sérstök áhersla hefur þó verið lögð á þetta allra síðustu ár og þess vegna m.a. eru þessi heilbrigðismarkmið sett fram.

Allt starf að heilbrigðisfræðslu geldur þess hve lítið fjármagn fæst til þess að gera fræðsluefni og hvað því fjármagni er dreift til margra aðila. Fjöldi laga og reglugerða, sem heyra undir mismunandi ráðuneyti, fjalla um heilbrigðisfræðslu í einhverri mynd, en lítið verður úr framkvæmdum. Að undirbúa fræðsluefni er vandasamt verk þar sem saman þarf að fara þekking á viðfangsefninu, tæknikunnátta til skýrrar framsetningar og kunnátta í dreifingu og samskiptum við fjölmiðla.

Stofnanir og ráðuneyti sem með þessi mál fara nú hafa yfirleitt ekki yfir að ráða þeim mannafla sem þarf til heilbrigðisfræðslu, frá hugmynd til framkvæmdar. Starfið verður því oft handahófskennt og árangur minni en ella.

4.1 Manneldismarkmið og matvælaframleiðsla: markmið 6.

Fram á þessa öld veltu menn ekki fyrir sér manneldi á Íslandi að öðru leyti en því hvort allir hefðu mat til næsta máls. Nú er þessu öðru vísi háttað. Allir hafa til hnífs og skeiðar og það er ástæða til að gefa ráð um hvaða fæða er holl og hvaða fæða er óholl.

Almenningur neytir yfirleitt of mikillar fæðu og þess vegna er offita verulegt vandamál á Íslandi. Fæðan á að innihalda nauðsynleg efni til vaxtar, viðhalds, endurnýjunar og brennslu. Hún þarf einnig að vera hættulaus og eftirlit með aukefnum í fæðu er mikilvægt. Talið er að leiðbeina þurfi fólki um fæðuval, einkum af þeim ástæðum að minnka þurfi fitu, sykur og matarsalt í fæðunni. Til viðbótar við fræðslu um þessi efni má með verðstýringu hafa áhrif á neysluvenjur.

Samþykkt hefur verið þingsályktun um manneldismarkmið sem eiga að vera leiðbeinandi á þessu sviði.

4.2 Skaðsemi tóbaksnotkunar: markmið 7.

Á Íslandi er áætlað að 200–300 manns deyi á hverju ári af tóbaksreykingum, beinum og óbeinum. Þess vegna er talið eðlilegt að stuðla markvisst að útrýmingu tóbaksneyslu. Með verðstýringu má hafa áhrif á neyslu tóbaks en óeðlilegt er að hækkun tóbaksverðs hafi áhrif á framfærsluvísitölu.

4.3 Skaðleg áhrif áfengis: markmið 8.

Enda þótt heildarnotkun áfengis á Íslandi sé minni en í flestum löndum er það staðreynd að óæskileg áhrif áfengisneyslu á heilsu fólks eru mikil á Íslandi.

Þess vegna verður að vinna að því að minnka heildaráfengisneyslu og útrýma ofneyslu. Liður í því er verðlagning áfengis. Koma þarf í veg fyrir að hækkanir á verði áfengis hafi áhrif á framfærsluvísitölu.

4.4 Líkamsrækt og þjálfun: markmið 9.

Menn eru sammála um að líkamsrækt og líkamleg þjálfun stuðli að heilbrigði. Líkamleg þjálfun er nauðsynleg fyrir alla aldurshópa. Breyttar þjóðfélagsaðstæður, atvinnuhættir og færri tækifæri til áreynslu gera meiri kröfur um líkamsrækt og þjálfun fyrir alla aldurshópa en áður.

5. HEILBRIGÐISEFTIRLIT OG UMHVERFISVERND: markmið 10–16.

Tilvist mannkyns er háð því að eðlilegt jafnvægi haldist í sambýli manns og náttúru. Ómenguð náttúra er ein forsenda andlegrar, líkamlegrar og félagslegrar vellíðunar mannsins.

Heilbrigði manna er að hluta til háð þeirri fæðu, sem hann neytir og því umhverfi sem hann lifir og starfar í. Sífellt þarf að meta hvort heilbrigði manna er hætta búin af nánasta umhverfi, svo og neyslu og nauðsynjavörum.

Heilbrigðis- og umhverfiseftirlit á að stuðla að heilsusamlegu umhverfi innan húss og utan, ómenguðu lofti, láði og legi, heilnæmu neysluvatni, matvælum og öðrum neysluvörum, svo og óskaðlegum nauðsynjavörum.

Hlutverk umhverfis- og heilbrigðiseftirlits er fyrst og fremst fræðsla og upplýsingar um þessi mál og að sjá um að farið sé að lögum og reglum er varða almenna hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og aðbúnað og öryggi á vinnustöðum og að vinna að betri heilsuvernd og mengunarvörnum.

Stýring þessara mála með lögum og reglugerðum er nauðsynleg og fræðsla og samvinna eru mikilvægir þættir.

5.1 Neyslu- og nauðsynjavörur: markmið 10–12.

Með hinum öru þjóðfélagsbreytingum síðustu ára hefur framleiðsla og innflutningur tilbúinna matvæla og annarra tilbúinna neysluvara stóraukist og neysluvenjur fólks breyst verulega. Fjölbreytni neyslu- og nauðsynjavara er mun meiri en áður og hefur áhættuþáttum í sambandi við notkun þeirra fjölgað.

Þessir þættir varða fyrst og fremst skaðlegar örverur, aukefni, lyfjaleifar í neysluvörum, svo og eiturefni og hættuleg efni í nauðsynjavörum. Stjórnvöld þurfa að meta þessa

áhættuþætti, gera viðeigandi ráðstafanir og sjá til þess að almenningur fái sem bestar upplýsingar.

5.2 Hávaða- og geislavarnir: markmið 13.

Hávaði frá umferð og atvinnurekstri, jónandi geislun frá lækningatækjum og notkun kjarnorku og ekki jónandi geislun getur valdið heilsutjóni sem brýnt er að koma í veg fyrir.

5.3 Mengunarvarnir: markmið 14.

Vandamál vegna mengunar hér á landi eru enn ekki eins mikil og í ýmsum öðrum tæknivæddum ríkjum, en nú þegar má sjá blikur á lofti.

Tugir þúsunda efna og efnasambanda eru í notkun eða myndast við ýmiss konar starfsemi. Mengun af völdum margra þessara efna getur skapað heilbrigðishættu og leitt til röskunar lífríkis. Stöðugt bætist við ný vitneskja um heilbrigðisáhættu af völdum þessara efna og um áhrif þeirra á vistkerfi vatna, sjávar, lands og lofts. Með aukinni fólksfjölgun, þéttbýli, velmegun og tæknivæðingu eykst efnamengun umhverfisins bæði að magni og fjölbreytni.

Stjórnvöld þurfa ávallt að vera á verði til þess að geta metið hugsanleg áhrif mengunarinnar og gera viðeigandi ráðstafanir.

5.4 Vinnuvernd: markmið 15.

Breytingar í þjóðfélags- og framleiðsluháttum hafa gert það að verkum að atvinnuhættir hafa breyst verulega. Þessi þróun hefur verið svo hröð að ekki hefur verið tekið nægilegt tillit til einstaklingsins á vinnustað. Það endurspeglast m.a. í streitu, óheppilegu líkamsálagi, hávaðamengun, aukinni slysahættu og hættu á skaðlegum áhrifum efna.

5.5 Slysavarnir: markmið 16.

Slys eru vaxandi heilbrigðisvandamál á Íslandi og hafa veruleg áhrif á kostnað þjóðfélagsins og afkomu einstaklinganna. Slys á börnum og unglingum eru allt of tíð hér á landi.

Unnt er að koma í veg fyrir slys með fræðslu og ráðgjöf, enn fremur með löggjöf, svo sem vinnulöggjöf og umferðarlögum.

6. ÞRÓUN HEILBRIGÐISKERFISINS: markmið 17–26.

Heilbrigðisþjónustu þarf að byggja þannig upp að hún hvetji alla þegna þjóðfélagsins til heilsuverndar og heilsuræktar. Hún þarf enn fremur að veita þeim jafnan aðgang að forvörnum sjúkdóma, greiningu sjúkdóma á byrjunarstigi, markvissri meðferð og endurhæfingu vegna langvinnra sjúkdóma og fötlunar, jafnframt sem mestu frjálsræði til þess að velja sínar eigin leiðir til heilbrigðs lífs. Þjónustuna ber að skipuleggja á grundvelli ábyrgðar fólks á eigin heilbrigði en einnig á grundvelli jafnréttis og samábyrgðar.

Góð heilbrigðisþjónusta:

* er sveigjanleg til að mæta breytilegum þörfum fólks,
* eflir ábyrgð fólks á eigin heilbrigði,
* nýtir vel fjármuni og er ekki ofviða efnahag,
* þjónar öllum jafnt óháð aldri, kyni, tekjum, stöðu eða búsetu,
* er samfelld og slítur ekki einstaklinginn úr samhengi við fjölskyldu sína og umhverfi,

* byggir á bestu þekkingu á eðli heilbrigðis og sjúkdóma.

Þegar rætt er um heilbrigðiskerfið má greina mismunandi stig þess eftir sérhæfingu:

* Stig sjálfshjálpar og hjálpar sem veitt er af vandamönnum og vinum.
* Stig almennrar heilbrigðisþjónustu veittrar af þeim sem hafa hlotið til þess menntun og hafa af því atvinnu.
* Stig sérhæfðrar þjónustu sem oft er veitt samkvæmt tilvísun frá fyrri stigum.
* Stig mjög sérhæfðrar þjónustu sem einungis er unnt að veita á landsvísu og í sumum tilvikum þarf að sækja til annarra landa.

Í þróun og uppbyggingu heilbrigðiskerfisins á Íslandi hefur sérstök áhersla verið lögð á heilsugæslukerfið annars vegar og uppbyggingu sérhæfðrar sérfræðiþjónustu hins vegar. Þátt í þessu taka ríkisvald, sveitarstjórnir, félagasamtök (sjálfseignarstofnanir) og einstaklingar.

Heilsugæslukerfið hefur verið byggt upp um landið allt og er lengra komið á strjálbýlissvæðum. Hins vegar er sérfræðiþjónustan mun meiri á þéttbýlissvæðunum. Stefnt hefur verið að uppbyggingu sérfræðiþjónustu á Akureyri, auk Reykjavíkur. Sérfræðiþjónusta tannlækna, sérfræðinga sem vinna utan sjúkrahúsa, atvinnusjúkdómavarna, sjúkraþjálfunar og endurhæfingar eru mikilvægir þættir heilsugæsluþjónustunnar.

6.1 Mönnun og starfsemi heilsugæslustöðva: Markmið 19–21.

Aukin áhersla á forvarnir og heilbrigðisfræðslu og meiri hjúkrunarþjónusta hefur í för með sér þörf fyrir aukinn fjölda starfsmanna í heilsugæslu. Þörf er á auknum upplýsingum um heilsurækt, heilbrigðisviðhorf og lífshætti íbúa heilsugæsluumdæmanna.

6.2 Tannheilsa: markmið 22.

Á síðustu árum hefur orðið veruleg fjölgun tannlækna og er fjöldi þeirra nú svipaður hér á landi miðað við fjölda íbúa og annars staðar á Norðurlöndum. Jafnframt hefur þáttur hins opinbera í kostnaði við tannviðgerðir barna og unglinga aukist. Þrátt fyrir þetta er ljóst að árangur í baráttunni gegn tannskemmdum er mun lakari hér á landi en í nágrannalöndum. Hluti af skýringunni er að ekki hefur verið lögð næg áhersla á varnir gegn tannskemmdum samhliða aukinni og bættri viðgerðarþjónustu. Í lögum um heilbrigðisþjónustu frá 1973 var gert ráð fyrir tannheilsugæslu, forvörnum og tannviðgerðum á heilsugæslustöðvum. Af því hefur ekki orðið. Síðustu árin hafa veruleg skref verið stigin til aukinnar tannverndar á vegum heilbrigðisráðuneytisins og framlög Tannverndarsjóðs í þessu skyni aukin.

6.3 Sérfræðiþjónusta sjúkrahúsa: markmið 23.

Markmið sérfræðiþjónustu sjúkrahúsa er að sjá fyrir þeirri sérhæfðu þjónustu sem er nauðsynleg til þess að taka við þeim einstaklingum sem heilsugæslan getur ekki sinnt.

Geðlæknisþjónustan hefur á seinni árum tekið verulegum breytingum. Geðdeildir eru nú við þrjú af stærstu sjúkrahúsum landsins, Landspítala, Borgarspítala og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Barna- og unglingageðdeild starfar í Reykjavík. Aðbúnaður sjúklinga og starfsfólks hefur víðast hvar tekið stakkaskiptum. Aukið framboð er á sérhæfðri geðlæknisþjónustu utan stofnana. Mikil fjölgun hefur orðið á meðferðarrýmum á stofnunum fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga.

6.4 Öldrunarlækningar: markmið 24.

Ljóst er að á næstu árum fjölgar öldruðum hér á landi bæði hlutfallslega og tölulega. Heilbrigðisþjónustan verður að vera í stakk búin til þess að mæta þjónustukröfum vegna þessa aldurshóps þegar á þessum áratug og í vaxandi mæli eftir það. Það eru hinir elstu, sem mest þurfa á öldrunarþjónustu að halda, bæði sökum þess að heilsubrestur er þar algengur og félagsleg staða þeirra hefur gjarnan raskast. Þjónustuþörf þessa aldurshóps vex samfara fjölgun og heilbrigðisþjónustan verður að vera við því búin að mæta henni.

6.5 Lyfjamál: markmið 25.

Fyrirkomulag lyfsölu er þannig hér á landi að lyfjaheildsala er öllum frjáls sem hafa í þjónustu sinni lyfjafræðinga. Smásalan er hins vegar með þremur undantekningum bundin við að lyfjafræðingur fái leyfi forseta Íslands til að reka lyfjabúð í tilteknu umdæmi. Breyting á þessu til frjálsræðis og hagræðingar í lyfjasmásölu er sjálfsögð og er hægt að gera það án þess að slaka á kröfum um sérþekkingu.

Eftirliti með lyfjasölu er lagalega vel fyrir komið en upplýsingum um lyf og lyfjanotkun er í mörgu ábótavant. Samvinna lækna og lyfjafræðinga í þessum efnum þarf að bæta og efla þarf upplýsingar til almennings um notkun lyfja og verð þeirra.

Forvarnastarf er mjög óverulegt í apótekum þrátt fyrir góða aðstöðu þeirra til þess að ná til fólks með fræðslu og upplýsingum. Ástæða er því til að efla þennan þátt í starfsemi apóteka.

6.6 Skaðabætur til sjúklinga: markmið 26.

Reynslan sýnir að af og til verða við lækningar óvænt óhöpp sem engum verður um kennt. Sanngjarnt er að þeir sem fyrir slíkum óhöppum verða fái hæfilegar bætur án þess að stofna þurfi til málaferla.

7. FRAMLÖG TIL HEILBRIGÐISMÁLA OG MANNAFLI: markmið 27–28.

7.1 Fjármunir: markmið 27.

Síðustu 25 ár hafa fjárveitingar til heilbrigðisþjónustu aukist mjög verulega og er nú þannig komið að Ísland eyðir hlutfallslega af þjóðarframleiðslu jafnmiklu og aðrar Norðurlandaþjóðir, eða um 8%.

7.2 Mannafli: markmið 28.

Starfsliði í heilbrigðisþjónustu hefur fjölgað mjög síðustu tvo áratugi án þess að áætlun hafi verið gerð um samræmingu menntunartilboða og starfa. Því er svo komið nú að offjölgun er í sumum starfsstéttum en skortur í öðrum. Til að leiðrétta þetta þarf samræmingu og skipulag, og launamálastefnu sem hvetur til þeirra starfa þar sem nú skortir mannafla.

8. RANNSÓKNIR OG KENNSLA: markmið 29–31.

8.1 Kennsla: markmið 29.

Eigi einstaklingurinn að vera virkur þátttakandi í heilbrigðisþjónustunni verður hann að hafa nauðsynlega þekkingu á undirstöðuatriðum líkams- og heilsufræði. Slíka þekkingu þarf að byggja upp í áföngum í skólakerfinu og viðhalda með almenningsfræðslu eða símenntun.

Forvarnastarf ber því aðeins árangur að einstaklingurinn viti og skilji hvað ber að

forðast og hvers vegna. Til þess að forvarnastarf í heilbrigðimálum nái fullum tilgangi þarf fræðsla um mannslíkamann og heilbrigða lífshætti að verða ein af undirstöðugreinum námsins. Einstaklingurinn þarf að öðlast þessa þekkingu í áföngum eftir því sem hann hefur þroska til og þörf fyrir. Fræðslan má ekki vera takmörkuð við skólakerfið. Hún þarf að ná til fólks á öllum aldri. Börn og unglingar hafa aðrar þarfir í þessu efnum en ungt fólk sem hefur stofnað heimili og eignast barn. Þarfir aldraðra eru enn aðrar þannig að einstaklingurinn hefur stöðugt þörf fyrir nýja vitneskju og fræðslu á hinum ýmsu skeiðum ævinnar.

Tryggja þarf símenntun allra starfandi heilbrigðisstétta því framfarir í heilbrigðisvísindum eru mjög örar og auknar líkur á betri þjónustu. Einnig er nauðsynlegt að veita heilbrigðisstarfsfólki þjálfun í miðlun upplýsinga. Hollt fæði og hófsemi eru meðal hornsteina heilbrigðis og er mikilvægt að kennarar, læknar og hjúkrunarfræðingar hljóti markvissari menntun í næringarfræði ef þeir eiga að geta veitt æskilegar leiðbeiningar.

8.2 Rannsóknir vegna heilbrigðisstefnunnar: markmið 30.

Heilbrigðisþjónustan þarf að búa við virkt og öflugt upplýsingakerfi til eftirlits og mats á árangri og til ákvörðunartöku. Forsendur heilbrigðisáætlunarinnar eru þekking á heilsufari, dánarorsökum og þeim þáttum, sem áhrif hafa til góðs eða ills í því sambandi, eins og lífsmáti fólks, umhverfi þess, notkun og fyrirkomulag heilbrigðisþjónustunnar ásamt möguleikum á virkri ákvörðunartöku og stefnumörkun um heilbrigðismálefni. Núverandi upplýsingakerfi er ófullkomið og þungt í vöfum. Það byggir aðallega á dánarmeinaskrá en tölvuvæðing á útskriftaskrám sjúkrahúsa og samskiptaskrám heilsugæslustöðva er í örri þróun.

8.3 Lækninga- og vísindarannsóknir: markmið 31.

Á síðustu árum hafa orðið miklar framfarir á sviði þjónusturannsókna til þess að aðstoða við greiningu sjúkdóma og fylgjast með árangri sjúkdómsmeðferðar. Sérstaka áherslu þarf að leggja á eflingu þessarar starfsemi til þess að ná arangri við að greina sjúkdóma á frumstigi þeirra. Rannsóknastörf á aðalsjúkrahúsum landsins þarf að efla til þess að ná góðum árangri við að greina sjúkdóma á byrjunarstigi. Brýnt er að fylgjast með tækniþróun á sviði lækningarannsókna til þess að nýta til fulls þær framfarir sem orðið hafa nú þegar. Einnig þarf að fylgjast grannt með nýrri tækni sem stöðugt þróast á þessu sviði.

Síðustu tvo áratugi hefur þekking á heilbrigðu og sjúku líkamsástandi aukist gífurlega vegna nýrra rannsóknaraðferða, sem hafa verið notaðar til þess að auka skilning á sviði veirusjúkdóma, ónæmisfræði, lífefnafræði og erfðafræði. Þessar framfarir hafa gert læknum kleift að fyrirbyggja alvarlega sjúkdóma sem þeir áður stóðu ráðþrota gagnvart. Margir sjúkdómar, sem ekki eru sérlega algengir (t.d. erfðasjúkdómar), geta verið mjög kostnaðarsamir fyrir þjóðfélagið vegna þess að sjúkrahúsvist er jafnan löng og veita þarf þessum sjúklingum mikinn stuðning utan sjúkrahúsa. Til þess að lina þjáningar slíkra sjúklinga og spara kostnað við rekstur heilbrigðisþjónustunnar er mikilvægt að finna orsakir þessara sjúkdóma til að koma í veg fyrir þá.

9. ALÞJÓÐASAMSTARF: markmið 32.

Skipti á upplýsingum og reynslu um heilbrigðismál, einkum við önnur Norðurlönd og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina eru sérstaklega mikilvægar fyrir lítið land eins og Ís-

land. Ísland hefur tekið virkan þátt í þessu samstarfi og verið bæði þiggjandi og veitandi. Nauðsynlegt er að viðhalda og efla þetta samstarf einkum með hliðsjón af þeim möguleikum sem Ísland hefur að miðla af eigin reynslu og góðum árangri í heilbrigðismálum.

Fylgiskjal I.

Verkefni sem þarf að framkvæma til þess að markmið heilbrigðisáætlunar náist.

Markmið 1.
* Afla gagnagrunns um heilsufarslega, faraldsfræðilega og lýðfræðilega stöðu landsbúa.

Markmið 3.
* Tryggja að framkvæmd heilsugæslu sé sambærileg um allt land og að sköpuð séu tengsl við aðra þætti starfs og við stofnanir í og utan heilbrigðiskerfisins.

Markmið 4.
* Setja reglugerð um starfsemi sjúkrahúsa, flokkun þeirra, verksvið, starfssvæði og mönnun.

Markmið 5.
* Setja lög um heilbrigðisfræðslu og forvarnir.
* Auka menntun heilbrigðisstétta varðandi heilbrigðisfræðslu.

Markmið 6.
* Kynna skipulega manneldismarkmið sem samþykkt hafa verið.
* Stefna að reglum um verðstýringu í samræmi við manneldismarkmið.

Markmið 7.
* Gera áætlun um útrýmingu tóbaksnotkunar fyrir aldamót.

Markmið 8.
* Gera markvissa áætlun um minni notkun áfengis.
* Ríkið hætti að vera háð tekjum af áfengissölu og meiri hagnaður af áfengissölu renni til áfengisvarna.

Markmið 9.
* Skapa betri skilyrði til útivistar en nú er í þéttbýli og gera átak í skipulagsmálum til þess að koma upp sérstökum hlaupa-, göngu- og hjólreiðabrautum.
* Almennum íþróttahúsum fjölgi.
* Endurskoða reglur um ferlimál fatlaðra.

Markmið 10.
* Undirbúningur verði hafinn að því að koma á framhalds- og viðhaldsmenntun í heilbrigðis- og umhverfiseftirliti við Háskóla Íslands eða Tækniskóla Íslands. Námsefni skal miðast við þau verkefni sem heilbrigðisfulltrúum og vinnueftirlitsmönnum er ætlað að leysa af hendi.
* Vinna þarf landsáætlanir um þróun heilbrigðis- og umhverfiseftirlits.

Markmið 11.
* Skipulag ónæmisaðgerða skal vera með þeim hætti að það tryggi að minnska kosti 95% aðild og stöðugt eftirlit.
* Endurskoða skal lagaákvæði um sóttvarnir og í nýrri löggjöf skal m.a. ákveða fyrirkomulag meðferðar og einangrunar smitbera.
* Matvælalöggjöfin verði endurskoðuð sem fyrst. Settar verði m.a. reglur um samsetningu unninna kjötvara.
* Efla skal starfsemi rannsóknastofu Hollustuverndar ríkisins þannig að hún geti þjónað heilbrigðiseftirlitinu í landinu að því er varðar gerla-, efna-, og eðlisfræðirannsóknir á neyslu- og nauðsynjavörum.
* Efldar verði grunnrannsóknir á matvælum og öðrum neysluvörum til að auðvelda eftirlit með þeim.

Markmið 12.
* Komið verði á virku innflutningseftirliti og virkara framleiðslueftirliti með nauðsynjavörum og meðferð eiturefna og hættulegra efna.

Markmið 13.
* Teknar verði upp reglulegar mælingar á geislavirkum efnum sem kynnu að berast að landinu með vindum og hafstraumum.
* Útvegaður verði nauðsynlegur tækjabúnaður og tryggður verði mannafli til að hægt verði að hafa nauðsynlegt eftirlit með geislavirkni í neysluvörum og umhverfi.
* Settar verði sérstakar reglur um hávaða þar sem fram koma viðmiðunarmörk.
* Gerðar verði nauðsynlegar breytingar á skipulagslöggjöfinni þannig að sýnt verði fram á að hávaði verði alls staðar undir viðmiðunarmörkum áður en skipulagsuppdrættir eru samþykktir.

Markmið 14.
* Sett verði rammalöggjöf um umhverfismál.
* Settir verði hámarksstaðlar um loft-, sjávar- og vatnsmengun og þeir endurskoðaðir reglulega.
* Settar verði reglur um lágmarkskröfur er gerðar verða til þeirrar starfsemi sem valdið getur mengun ytra umhverfis og háð er eftirliti og starfsleyfi heilbrigðisnefnda.
* Komið verði á fót, svo fljótt sem kostur er, móttökustöðvum fyrir eiturefni og annan hættulegan úrgang. Jafnframt verði kannað hver grundvöllur er fyrir flokkun og endurnýtingu úrgangs hér á landi og hvaða efnum þarf að eyða erlendis.
* Gerðar verði nauðsynlegar breytingar á skipulagslöggjöfinni þannig að frárennslismál frá iðnaði og íbúðarbyggð verði leyst á viðunandi hátt áður en skipulagsuppdrættir hljóta staðfestingu.

* Könnuð verði útbreiðsla, notkun og afdrif ýmissa eiturefna um allt land, t.d fjölklórstvífenýls (PCB).
* Settar verði reglur um efni sem nota má í innréttingar og húsgögn.
* Komið verði á þjónusturannsóknum á sviði umhverfismengunar til að bæta eftirlit með henni og mengunarvörnum fyrirtækja.
* Settar verði reglur um eldsneyti og útblástur bifreiða og kannað verði rækilega hvort setja eigi reglur um hreinsitæki á bensíndrifna bíla.
* Gerð verði áætlun sem miði að því að draga úr notkun efna og efnasambanda sem eyða ósonlaginu í háloftunum. Áætlunin geri m.a. ráð fyrir að notkun klórflúor- og klórbrómkolefnissambanda hérlendis verði sem næst úr sögunni árið 2000.

Markmið 16.
* Slysavarnir verði samræmdar og stofnað verði slysavarnaráð sem hafi m.a. það verkefni að gera landsáætlun um slysavarnir.
* Sett verði í lög að umferðarslys og meiri háttar slys á heimilum verði rannsökuð á sama hátt og flug-, sjó- og vinnuslys.
* Stuðlað verði að frekari aðgerðum til þess að draga úr umferðarhraða í íbúðarhverfum og í nánd við skóla.

Markmið 23.
* Í reglugerð um sjúkrahús, sbr. markmið 4, verði hlutverk svæðissjúkrahúsanna í Reykjavík og á Akureyri skilgreint sérstaklega.
* Sérfræðingar og göngudeildir sjúkrahúsanna í Reykjavík og á Akureyri verði tengd ákveðnum heilsugæsluumdæmum og komið verði upp kerfi farandsérfræðinga í þeim sérgreinum þar sem það er álitlegt.
* Sérstakir læknar verði ráðnir á göngudeildir sjúkrahúsa til sérfræðistarfa og verksvið göngudeilda skýrt ákveðin.
* Geðlæknisþjónustan verði endurskipulögð með tilliti til þess að heilsugæslustöðvar taki að sér ákveðin verkefni á því sviði.
* Áfengis- og fíkniefnameðferð verði endurskoðuð sérstaklega með tilliti til samræmingar stofnanaþjónustu og göngudeildarþjónustan verði í svo miklum mæli sem unnt er flutt á heilsugæslustöðvarnar.
* Áfengis- og fíkniefnamál unglinga verði athuguð sérstaklega.

Markmið 24.
* Heimaþjónusta vegna aldraðra og langvarandi veikra verði skipulögð fyrir landið í heild með tilliti til þess að nýta sem best allt hjúkrunarrými og kappkostað sé að leysa allan hjúkrunarvanda aldraðra svæðisbundið.

Markmið 25.
* Lög um lyfjamál og lyfjadreifingu verði endurskoðuð með tilliti til þess annars vegar að færa lyfjaafgreiðslur til heilsugæslunnar þar sem það á við og hins vegar til aukins frjálsræðis án þess að slaka á kröfum um sérþekkingu.

Markmið 26.
* Löggjöf verði sett eða samningar gerðir við tryggingafélög um að koma á sérstökum

tryggingum vegna sjúklinga sem hljóta örorku eða miska vegna óhappatilviljunar við læknismeðferð.

Markmið 27.
* Gerð verði rammaáætlun vegna bygginga heilbrigðisstofnana til næstu tíu ára og ítarleg áætlun til næstu fimm ára.

Markmið 28.
* Gerð verði áætlun um mannaflaþörf í heilbrigðisþjónustunni á öllu sérhæfðu starfsliði næstu tíu ár miðað við breytingar í þjóðfélagi og aldursskiptingu.

Markmið 29.
* Endurskoða námsefni í skólum landsins með tilliti til markmiða þessarar heilbrigðisáætlunar.
* Endurskoða námsskrár skóla heilbrigðisstétta með tilliti til þeirrar áherslu sem leggja þarf á heilbrigðisfræðslu og heilsuvernd.

Markmið 30.
* Koma á fullnægjandi upplýsingakerfi til eftirlits og mats á heilbrigðisþjónustunni.
* Gera sérstaka rannsóknaáætlun vegna framkvæmdar þessarar heilbrigðisáætlunar og jafnframt tekið tillit til áætlana Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar vegna HFA 2000.

Markmið 31.
* Setja á laggirnar nefnd sérfræðinga sem fái það verkefni að fylgjast með nýjungum í læknisfræði, m.a. hátækni, og gera tillögur til heilbrigðisyfirvalda um nýtingu þeirra.

Markmið 32.
* Gera sérstaka athugun á alþjóðasamstarfi Íslands í heilbrigðismálum og semja áætlun um framtíð þess starfs.

Sþ. 501. Svar [60. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Guðrúnar J. Halldórsdóttur um hagnað af orkusölu til álversins í Straumsvík o.fl.

Spurt er hve miklum hagnaði orkusala til álversins í Straumsvík hafi skilað á hverju ári undanfarin 10 ár.

Ekki er hægt að greina frá hagnaði Landsvirkjunar af einstökum þáttum orkusölunnar enda mörg álitamál varðandi slíka skiptingu.

Framreiknuð rekstrarafkoma Landsvirkjunar árin 1980–1989 samkvæmt upplýsingum fyrirtækisins miðað við verðlag í desember 1990 er hins vegar sem hér segir, en at-

huga ber að reikningsskilareglum var breytt frá og með árinu 1982 (upphæðir í þús. kr., tölur innan sviga tákna rekstrartap).

Árið 1980	(250.909)
Árið 1981	(65.131)
Árið 1982	(1.096.009)
Árið 1983	(92.133)
Árið 1984	53.749
Árið 1985	662.469
Árið 1986	16.449
Árið 1987	454.930
Árið 1988	278.485
Árið 1989	874.077

Spurt er hve háum fjárhæðum þau gjöld og skattar nemi sem álverið í Straumsvík hefur greitt a. ríkissjóði, b. sveitarfélaginu á ári undanfarin 10 ár.

Eftirfarandi tafla sýnir greiðslu framleiðslugjalds af áli og skiptingu þess milli ríkissjóðs, Hafnarfjarðarbæjar og Iðnlánasjóðs ásamt kostnaði við álagningu gjaldsins og eftirlit.

Framleiðslugjald af áli 1980–1989, innborgað frá Ísal í krónum. Framreiknað miðað við lánskjaravísitölu 197 stig 1980 og 2.952 stig 1990 (upphæðir í þús. kr.).

Hlutdeild í kostnaði var skipt þannig: Ríkissjóður 77,9%, Hafnarfjörður 18,0%, Iðnlánasjóður 4,1%.

Ár	*Innborgað frá Ísal*	*Hluti ríkissjóðs*	*Hluti Hafnarfjarðar*	*Hluti Iðnlánasjóðs*	*Kostnaður v. eftirlits*
1980	99.883	59.825	35.963	4.095	0
1981	97.554	57.827	35.728	4.000	28.628
1982	113.497	68.713	40.129	4.655	26.937
1983	184.301	121.734	55.011	7.556	33.518
1984	163.989	102.384	54.881	6.724	64.899
1985	129.728	78.108	46.301	5.319	23.495
1986	121.263	74.921	41.371	4.972	4.069
1987	107.380	68.617	34.361	4.403	4.248
1988	93.110	58.209	31.084	3.818	4.674
1989	113.605	72.742	36.205	4.658	4.862
Samtals	1.224.311	763.080	411.032	50.199	195.330
Umfram framl.gj.'88 1989	161.710	125.972	29.108	6.630	0
Alls	1.386.021	889.052	440.140	56.829	195.330

Spurt er hve háar vaxtagreiðslur og afborganir á síðustu 10 árum hafi verið af þeim lánum sem Íslendingar hafa þurft að taka til Búrfellsvirkjunar og annarra framkvæmda vegna álversins í Straumsvík. Tölur framreiknaðar til núvirðis.

Sjá eftirfarandi töflu (upphæðir í þús. kr.):

Ár	*Vaxtagreiðslur m.kr.*	*Afborganir m.kr.*
1980	117.200	81.500
1981	166.100	219.600
1982	152.700	219.900
1983	155.200	250.500
1984	144.500	292.000
1985	125.800	294.100
1986	101.100	278.500
1987	74.900	288.900
1988	55.000	138.900
1989	49.500	150.000
Samtals	1.142.000	2.213.900

Sþ. 502. Svar [267. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Inga Björns Albertssonar um sjálfsvíg.

a. Hver er aldur þeirra er frömdu sjálfsvíg á árunum 1980–1990? Svar óskast sundurgreint þannig: að 10 ára aldri og síðan með fimm ára millibili.

Aldur:	*Fjöldi:*	*Aldur:*	*Fjöldi:*
0–9	0	50–54	32
10–14	4	55–59	27
15–19	23	60–64	16
20–24	37	65–69	19
25–29	26	70–74	21
30–34	25	75–79	7
35–39	28	80–84	5
40–44	16	85 og eldri	1
45–49	21		
		Alls	**308**

b. Hvernig skiptast sjálfsvíg milli kynja?

Karlar: 229
Konur: 79

c. Hvernig skiptast sjálfsvíg milli árstíða?

	Fjöldi:		*Fjöldi:*
Janúar	31	Júlí	26
Febrúar	33	Ágúst	28
Mars	28	September	21
Apríl	26	Október	25
Maí	22	Nóvember	29
Júní	19	Desember	20

d. Fer fram rannsókn á ástæðum sjálfsvíga og eru á döfinni einhver áform um fyrirbyggjandi aðgerðir? Hverjar eru helstu ástæður sjálfsvíga í þeim tilvikum þegar um það er vitað?

Af dánarorsakaskrá Hagstofu Íslands er ekki unnt að komast að ástæðum sjálfsvíga. Ráðuneytinu er kunnugt um að ákveðnir aðilar á Austurlandi óskuðu eftir að Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála gerði rannsókn á tilteknum sjálfsvígum og hvaða ástæður kynnu að liggja að baki. Þórólfur Þórlindsson prófessor hefur yfirumsjón með rannsókninni.

Ráðuneytið hefur ekki beitt sér fyrir fyrirbyggjandi aðgerðum. Því er ókunnugt um slíkar aðgerðir hjá öðrum og er enn fremur ókunnugt um fyrirhugaðar fyrirbyggjandi aðgerðir gegn sjálfsvígum.

Sjálfsvíg eru aðeins á verksviði dómsmálaráðuneytisins að því leyti sem lögreglan rannsakar dauðsföll með tilliti til þess hvernig dauðann hefur borið að höndum.

Sþ. 503. Fyrirspurn [272. mál]

til sjávarútvegsráðherra um framkvæmd vökulaga.

Frá Árna Gunnarssyni.

Hvernig er háttað eftirliti með framkvæmd vökulaga, nr. 53/1921, um borð í frystitogurum?

Sþ. 504. Tillaga til þingsályktunar [273. mál]

um rannsókn á virkjun sjávarfalla.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Alexander Stefánsson, Eiður Guðnason,
Skúli Alexandersson, Ingi Björn Albertsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka á hvern hátt hagnýta megi orku sjávarfalla til styrktar þjóðarbúinu í framtíðinni.

Greinargerð.

Í Dagblaðinu 5. nóvember sl. er sagt frá blaðamannafundi þar sem rætt var um lífskjör á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum. Þar eru þessar setningar hafðar eftir hagstofustjóra: „Lífskjör á Íslandi eru svipuð og á hinum Norðurlöndunum, en þau gerast vart betri í heiminum. Þetta er meginniðurstaða þeirrar lífskjarakönnunar sem gerð var hér á landi árið 1988 í tengslum við norræna rannsókn á þessu sviði.“ En hagstofustjóri bætti því jafnframt við að Íslendingar þyrftu að hafa meira fyrir því að ná þessum kjörum en aðrar þjóðir.

Á hinn bóginn hefur verið bent á að ekki megi mikið út af bera ef vel eigi að fara. Þar er margs að gæta. Við getum ekki endalaust leyft okkur að lifa um efni fram. Þjóðin er svo skuldug að fimmtungur af útflutningi landsmanna fer til greiðslu vaxta og afborgana af þeim skuldum. Því fé hefur ekki öllu verið varið í arðbæra fjárfestingu.

Nú er svo komið að fiskimiðin eru talin fullnýtt að mestu leyti. Gróðurlendið er einnig ásetið. Þar þarf víða að græða upp og bæta og fegra umhverfið.

En þá er oft nefnt að orka fallvatna, jarðvarmi og menntun landsmanna séu þó þær auðlindir sem enn megi telja vannýttar hér á landi. Nýting þeirra auðlinda muni í framtíðinni verða forsenda velmegunar í íslensku þjóðfélagi.

Um þessar mundir er mikið rætt hvernig koma megi þeirri orku í verð sem við getum af hendi látið. Þar er efst á baugi orkusala til hins fyrirhugaða álvers á Keilisnesi. Einnig er minnst á hugsanlega sölu á orku um sæstreng til Skotlands og vetnisframleiðslu.

Þó að við eigum enn þá langt í land með að fullvirkja orku fallvatna og jarðvarma er deginum ljósara að við verðum að hafa augun opin fyrir nýjum leiðum ef okkur á að takast að halda þeim lífskjörum sem við njótum nú.

Mennt er máttur. Það kom fram á þingi Bandalags háskólamanna um daginn að Íslendingar eru að verða ein menntaðasta þjóð veraldar. Til þess að nýta þær auðlindir, sem við eigum, á hagkvæman hátt, þarf marga vel hæfa og menntaða einstaklinga. En jafnframt kemur eðlisgreind, áhugi, staðarþekking og hyggjuvit alþýðu manna að góðum notum eins og dæmin sanna fyrr og síðar.

Ein er sú orkulind sem lítill gaumur hefur verið gefinn, en það er firnaorka sú er býr í straumum og sjávarföllum við strendur landsins. Hér við land er hæðamunur sjávarfalla mestur við vesturströndina við Breiðafjörð. Mesti hæðarmunur, sem mælst hefur þar fyrir mynni Hvammsfjarðar, er 6 m.

Þó er það svo að hugmyndin að hagnýtingu á orku sjávarfalla er ekkert nýmæli. Flutningsmenn vekja sérstaka athygli á ítarlegu erindi, sem Steingrímur Jónsson rafmagnsstjóri flutti í Reykjavík og Stykkishólmi árið 1955, um notkun sjávarfalla. Erindi þetta varð allfrægt og er oft til þess vitnað. Það birtist í *Ársskýrslu Sambands íslenskra rafveitna*, 13. ár 1955. Hluti af þessu erindi er birtur hér sem fylgiskjal með tillögunni til

nánari útlistunar og rökstuðnings. Vísast að öðru leyti til þessa fróðlega erindis í heild.

Um þessar mundir er nokkuð rætt og ritað um vetni sem orkumiðil framtíðarinnar. Sumir telja að þar með sé fundin lausn á þeim vanda sem við blasir þegar olíulindir jarðarinnar ganga til þurrðar. Þá geti vetnið tekið við sem eldsneyti. Því fylgi sá höfuðkostur að notkun þess hafi enga mengun í för með sér. Aðrir benda á að rannsóknir á þessu sviði eigi svo langt í land að hér sé aðeins um fjarlægan draum að ræða eða jafnvel „vetnisumræðu á villigötum". Er því haldið fram að orkusala um sæstreng og til vetnisframleiðslu séu framtíðarmöguleikar sem ekki skipti máli nú.

Hvað sem þessu líður er ljóst að hér er um stórmál að ræða. Rannsóknir munu halda áfram á þessu sviði af fullum krafti. Til þess að framleiða vetni í stórum stíl þarf mikla raforku. Þess vegna er eðlilegt að huga að þessu framtíðarverkefni um leið og menn velta fyrir sér á hvern hátt unnt sé að nýta hinar mestu orkulindir landsins með hagkvæmum hætti.

Í merku riti eftir dr. Ágúst Valfells, sem hann nefnir: *Aftur til framtíðar. Ísland 2000 endurskoðað,* segir höfundur m.a.:

„Ef hefðbundinn hagvöxtur á að geta haldið áfram samhliða þeirri fólksfjölgun sem spáð er til aldamóta, er óhjákvæmilegt að þjóðin snúi sér, í síauknum mæli, að virkjun og nýtingu orkulindanna. Verður hagkvæmast að gera það með orkufrekum iðnaði. Enn fremur verður að íhuga fljótlega hvort ekki muni hagkvæmt að framleiða eldsneyti með innlendum orkugjöfum, þegar væntanlegs jarðolíuskorts fer að gæta verulega. Það kemur að því að auðlindir landsins verða fullnýttar."

Og enn segir hann: „Íslendingar gætu orðið sjálfum sér nógir með eldsneyti í framtíðinni, ef metanól (og jafnvel bensín eða gasolía) væri framleitt úr vetni sem fengið væri með rafgreiningu vatns, og koldíoxíði sem unnið væri úr lofti."

Það má minna á að samkvæmt lögum hefur Orkustofnun það hlutverk að annast yfirlitsrannsóknir á orkulindum landsins, eðli þeirra og skilyrðum til hagnýtingar þeirra, yfirlitsrannsóknir á orkubúskap þjóðarinnar er miði að því að unnt sé að tryggja að orkuþörf þjóðarinnar sé fullnægt og orkulindir landsins hagnýttar á sem hagkvæmastan hátt á hverjum tíma o.s.frv. Sú stofnun hefur unnið mikið og gott starf miðað við þær aðstæður sem henni hafa verið búnar.

Í Þjóðhagsáætlun fyrir árið 1991 er fjallað um iðnað og orkumál. Þar segir svo á bls. 25: „Stefna ríkisstjórnarinnar á sviði orkumála fellur vel að þeim áföngum sem þegar hafa verið stignir í nýtingu innlendra orkugjafa. Í fyrstu var höfuðáhersla lögð á rafvæðingu landsins og lagningu hitaveitna á nokkrum þéttbýlisstöðum þar sem auðvelt og ódýrt var að virkja jarðvarmann. Síðan tók við tímabil þar sem farið var að nýta orkulindirnar til að treysta undirstöðu þjóðarbúskaparins með orkusölu til stóriðju. Þetta tímabil stendur enn. Á þriðja tímabilinu, í kjölfar olíukreppunnar á árunum 1973–1974, var markvisst dregið úr þýðingu innfluttrar olíu í orkubúskap þjóðarinnar. Á næsta tímabili — samhliða aukinni stóriðju — gæti hafist nýting raforku til framleiðslu á vetni sem gæti gagnast sem eldsneyti fyrir samgöngu- og atvinnutæki þjóðarinnar og þannig aukið enn frekar þátt innlendra orkugjafa í þjóðarbúskapnum á kostnað innfluttra orkugjafa."

Auk þeirra fylgiskjala, sem áður eru nefnd, er hér með birt grein eftir Steinólf Lárusson, bónda í Ytri-Fagradal í Dalasýslu, sem hann nefnir: Virkjum Hvammsfjörð. Sú grein kom á prenti í DV 26. júlí sl.

Hér að framan hefur aðeins verið vakin athygli á einum þætti, einu sviði orkumála, sem við blasir og vert er að gefa gaum. Þetta sýnir þó hvað möguleikarnir eru margir

sem koma til álita, ýmist nálægir eða fjarlægir í tíma og rúmi.

Fylgiskjal I.

Steingrímur Jónsson rafmagnsstjóri:


Um notkun sjávarfalla.

Inngangur.

Það kann að þykja úrelt, að ræða um notkun sjávarfalla um þessar mundir, þegar verið er að tala um beina hagnýtingu sólarorkunnar og daglega er rætt og ritað um kjarnorkustöðvar til raforkuvinnslu. Hagnýting á orku sjávarfalla er ekkert nýmæli. Margir hugvitsmenn fyrri alda hafa spreytt sig á því að hagnýta hreyfingu sjávarins til vinnu líkt og árstraum eða fallvatn. Það getur verið um tvenns konar afl að ræða. Annað er ölduganguur sjávarins, hitt sjávarföllin. Á 19. öldinni þegar einkaleyfislöggjöf var sett í ýmsum löndum komu fram einkaleyfisbeiðnir svo mörgum tugum skipti þar sem reynt var að lýsa vél, sem knúin væri af ölduhreyfingunni og átti að geta hagnýtt þá hreyfingu til að knýja fram bát. Voru það ýmist róðrarvélar, vatnshjól, skrúfur, spaðar, hreifar eða uggar. En mér vitanlega komst engin slík hugmynd í framkvæmd. Sagt er að íslenskir hugvitsmenn á 19. öldinni hafi einnig spreytt sig á að gera róðrarvélar, svo sem Björn Gunnlaugsson yfirkennari er hann var á unga aldri, og séra Magnús Grímsson að Mosfelli.

Notkun sjávarfallanna hefir hins vegar borið meiri árangur, þótt enn sé lítill, miðað við þá þróun sem virkjun fallvatna hefir tekið. Það er á síðari hluta 17. aldar að farið er að byggja tiltölulega stórar sjávarfallastöðvar miðað við það sem áður var, til að knýja vinnuvélar, til að dæla vatni og fleira þess háttar. Á 18. öldinni komst nokkur skriður á byggingu þessara stöðva. Þær voru með undirfallsvatnshjólum og störfuðu stundum á báðum föllum, en stundum aðeins á öðru fallinu. Á 1. mynd er sýnd tilhögun einnar slíkrar stöðvar frá öndverðri 18. öld sem franskur vatnsvirkjafræðingur, kunnur á þeirri tíð, lét byggja. Er þar sýnt hvernig stöðin starfar við útfall. Þá lokast flóðgáttirnar við A og C af sjávarstraumnum og þunganum, en gáttirnar við B og D opnast. Fellur þá sjórinn út um skurðinn E og knýr stórt undirfallshjól sem sett er upp í skurðinum, en ekki er sýnt á myndinni.

Mynd 1.



Sjávarfallastöð, mylna frá 1737 við Dunkerque eftir Belidor.

Þegar að fellur og hækkað hefir svo að vatnsþrýstingur kemur utan frá að flóðgáttinni við C, opnast hún, en við B lokast. Því næst opnast við A, en við D lokast. Fellur þá sjórinn um E á sama hátt og við útfall og undirfallshjólið starfar á sama hátt. Getur því stöð þessi starfað bæði á útfalli og aðfalli, en stendur kyrt á liggjöndunum á milli og raunar nokkru lengur því lokurnar í flóðgáttunum eru þungar og hreyfast ekki fyrr en nokkur hæðarmunur utan og innan er á kominn (bls. 184–186).

Sjávarfallastöðin í Brokey.

Það vill svo til að á þessum slóðum hefir starfað sjávarfallastöð fyrr á tímum. Hún var í Brokey sem liggur um 12 km innan við Stykkishólm í mynni Hvammsfjarðar. Stöðin var sett vestan til í sundið á milli Norðureyjar og aðaleyjarinnar Brokeyjar. Voru hlaðnir grjótkampar upp beggja vegna í sundið og það þrengt þannig, en í milli þeirra var vatnshjólið.

Stöðin var smíðuð af Vigfúsi J. Hjaltalín, er fæddur var 1862, d. 1952. Var hann fæddur og upp alinn í Brokey og bjó þar allan sinn búskap. Ber stöð þessi honum skýran vott hugvitssemi og hagleiks. Vilhjálmur Ögmundsson oddviti á Narfeyri, tengdasonur Vigfúsar, lýsir stöðinni þannig:


„Vigfús J. Hjaltalín bóndi í Brokey setti stöðina upp eftir aldamótin og mun hún hafa verið tekin í notkun 1902. Var hún meira og minna notuð til kornmölunar í 20 til 25 ár. Undirfallshjólið, sem að vísu er enn til, er um 5 fet eða 160 cm að þvermáli. Vinnutími þess á útfalli mun varla hafa farið fram úr þremur stundum. Hjólið vann einnig á aðfalli, en skemur, um tvær stundir. Snerist það þá öfugt. Vegna þess hve hjólið var lítið var vinnslutími þess minni en annars og um stórstraumsflæðar fór það alveg í kaf. Ekki var hjólið alltaf notað í þessu formi. Reynt var að hafa það lárétt með lóðréttum ási. Snúningurinn var þá eins á aðfalli og útfalli. Varð þá að hafa tvo hlera eða hurðir á hjörum sem opnuðust og lokuðust á víxl eftir sjávarföllunum. Vann annar hlerinn í senn sem hlíf fyrir hálfu hjólinu. Kom þá aðalstraumurinn á röndina á hjólinu, en hinum megin

myndaðist dálítið afturkast. Skiljanlega varð orkunýtingin harla ófullkomin með þessu móti og snúningshraðinn minni. Þó var þetta notað þannig í nokkur ár. Mylnuhúsið stendur enn, en hefir verið fært nokkuð úr stað."

Það er augljóst af þessari lýsingu að meðan hjólið var notað á láréttum ási var það mikils til of lítið til að hagnýta aflið að fullu, einkum í stórstraumi. Möndullinn hefði þurft að liggja það hátt, að eigi væri öllu meira en helmingur spalanna undir möndlinum í kafi í mestu flóðum og hjólið nógu stórt til að ná vel niður í strauminn við lágsjávað. Það eru til dæmi erlendis að notuð voru vatnshjól fyrr á tímum sem voru 100 fet (30 m) að þvermáli, en flest voru þó minni.

Það er fróðlegt að sjá af lýsingunni að Vigfúsi hefir tekist að láta hjólið starfa með lóðréttum ási án þess að þurfa að loka hjólinu alveg líkt og nú er ávallt gert þegar afturkastshverflar eru notaðir.

Mynd 2.



Myllusundið við Brokey.

Mynni Hvammsfjarðar.

Það mætti hugsa sér fleiri slíkar stöðvar, sem í Brokey, settar upp þarna í sundunum á milli eyjanna og þá ekki síst í aðalröstina sem er skipaleiðin inn í Hvammsfjörð. Þar getur straumurinn orðið 6–8 sjómílur (12–14 km) á klukkustund. Þessar miklu rastir á milli eyjanna í mynni Hvammsfjarðar stafa af því að eyjar, sker og grynningar þrengja svo að flóðöldunni utan frá inn í fjörðinn að hún eyðist þarna í mynninu að töluverðu leyti, en aðeins minni hlutinn kemst í gegn. Flóðaldan utan við hefir mælst í stórstraumi meiri þarna en annars staðar hér við land, en fyrir innan eyjaklasann nær flóðaldan ekki

fullum helmingi þeirrar hæðar. Þannig er talið í leiðsögubók fyrir sjómenn sem Vita- og hafnamálaskrifstofan gefur út, að við Staðarfell sé hæðarmunur flóðs og fjöru ekki nema 2,2 m við stórstraum og 0,9 m við smástraum.

Í leiðsögubókinni er sagt að í Hvammsfjarðarröst sé flóðhæðin um flóðliggjandann 2,4 m og um fjöruliggjandann 1,4 m. Út frá þessum upplýsingum er teiknað línurit í bókinni á 25. mynd. Þar er öldulínan A meðalflóðhæð utan við mynni Hvammsfjarðar og sett 3,4 m frá fjöru til flóðs. B er meðal öldulína innan við eyjaklasann 1,4 m á hæð. Gert er ráð fyrir að meðallínan sé sínuslaga og aðfall og útfall taki jafnlangan tíma, en hvorugt er alveg rétt. Smástrikalínan C sýnir hæðarmuninn á flóði utan og innan við sundið. Þessi hæðarlína sýnir meðalhæðarmun þann er hverflar þyrftu að vinna við. Hér verður ekki farið lengra í meðaltalsútreikning um fáanlegt afl eða orkuvinnslu þarna í sundunum. Til þess vantar enn vitneskju um mörg grundvallaratriði. Línuritið sýnir hins vegar hversu mikið eyðist af flóðöldunni í röstunum og við eyjaklasann í mynni Hvammsfjarðar. Ef tækist að opna mynni Hvammsfjarðar vel fyrir sjávarfallaöldunni, en hann er 360 km^2 að flatarmáli, mætti hugsa sér að þarna gæti opnast möguleiki fyrir stórvirkjun enda þótt hæðarmunur sé í lægsta lagi miðað við erlendar virkjunaráætlanir er áður voru taldar. Vegalengdin þvert yfir Hvammsfjörð er 12 km en af þeirri leið girða eyjarnar fyrir meira en helminginn.

Fylgiskjal II.

Steinólfur Lárusson,
Ytri-Fagradal, Dalasýslu:

Virkjum Hvammsfjörð.
(DV 26. júlí 1990.)

Ég vil koma eftirfarandi ábendingum til iðnaðarráðherra og annarra þeirra sem láta sig erindið varða.

Undanfarið hefur verið nokkur umræða um staðsetningu álvers hér á landi og nýverið fréttist að Þjóðverjar vildu eiga samstarf við Íslendinga um framleiðslu vetnis. Til þessara hluta þarf gífurlega orku. Hún er til staðar í Hvammsfirði.

Hvammsfjörður er um 160 ferkílómetrar að stærð. Mesti munur flóðs og fjöru er um 6 metrar og 18 mílna straumhraði er í Hvammsfjarðarröst sem er milli Steinakletta og Embruhöfða. Fleiri straumar eru þarna í mynni fjarðarins. Þarna er því um hrikalegt afl að ræða og ögurstund er engin. Það gerir að á útfalli hefur flóðhæðin ekki tíma til að streyma út öll áður en fellur að aftur (það kalla lærðir menn varíasjón). Einstaka sérvitringur veit hvað ögurstund er.

Þarna er fyrir hendi virkjanleg orka fyrir eitt álver, áburðarverksmiðju og vetnisframleiðslu — ef sú framleiðsla yrði hagkvæmari með rafgreiningu heldur en 200 stiga heitri gufu sem látin er flæða yfir kolefni, svo sem brúnkol (surtarbrand).

Frakkar hafa mikla reynslu með sjávarfallatúrbínur og smíði þeirra. Þær eru einfald-


lega staðsettar í straumnum þar sem hann er stríðastur. Þær snúast sjálfkrafa eftir því í hvaða átt straumurinn fellur. Stíflugerð er nánast óþörf en fer að vísu eftir aðstæðum.

Ég ræddi þessar virkjunarhugmyndir nokkrum sinnum við Guðmund heitinn Björnsson verkfræðiprófessor. Hann spáði því að sá tími kæmi að Hvammsfjörður yrði beislaður til orkuframleiðslu og sagði að stórfróðlegt væri að velta þessu fyrir sér og reiknaði lauslega út hve mikið afl væri þarna til staðar. Ekki man ég þær tölur en þær voru hrikalega háar.

Nú er tækifærið lagt upp í hendur okkar með þessa framkvæmd og óvíst að það verði í annan tíma heppilegra. Það eru líklega takmörk fyrir hvað bóndakurfur vestur í Döllum, ásauðarhyglari og þar með hagvaxtarhemill, má bera á borð fyrir höfðingja. Reyndar hef ég bent á þetta áður með virkjun Hvammsfjarðar, bæði í blaðagrein og sjónvarpsviðtali, fyrir nokkrum árum.

Það sannast á mér að oft ratast kjöftugum satt í munn. — Ég hef viljandi sleppt öllum upsilonum í þessu bréfi því einn góðvinur minn hefur bent mér á að safna þeim saman og nota í veg og brú yfir Gilsfjörð þveran. Þessu bréfi er hér með sleppt úr hendi til viðtakanda.

Mynd 3.



Sþ. 505. Tillaga til þingsályktunar [274. mál]

um fordæmingu á ofbeldisaðgerðum sovésks herliðs í Litáen.

Frá utanríkismálanefnd.

Alþingi ályktar að fordæma harðlega ofbeldisaðgerðir sovésks herliðs gegn litáísku þjóðinni og lýðræðislega kjörinni ríkisstjórn hennar. Alþingi skorar á stjórnvöld í Sovétríkjunum að hætta þegar í stað hvers konar beitingu hervalds í samskiptum við Eystra-

saltsríkin og flytja herlið sitt brott þegar í stað. Aðgerðir Sovéthersins undanfarna daga eru brot á þeim grundvallarreglum í samskiptum ríkja sem felast í gagnkvæmum skuldbindingum Helsinki-lokasamþykktar aðildarríkja Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu og í beinni andstöðu við Parísaryfirlýsingu aðildarríkjanna um nýja Evrópu frá nóvember 1990.

Alþingi lýsir þeirri skoðun sinni að engin lausn sé viðunandi á málefnum Eystrasaltsríkjanna önnur en fullt og óskorað sjálfstæði þeirra.

Alþingi skorar á þjóðir heims, og ríki Vesturlanda sérstaklega, að veita Eystrasaltsríkjunum þann stuðning sem þau þurfa til að endurheimta sjálfstæði sitt.

Alþingi vekur athygli á þeim miklu vonum sem bundnar eru við varanlegan frið í Evrópu í kjölfar þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað á undanförnum árum og varar við alvarlegum afleiðingum þess að sjálfsákvörðunarréttur þjóða sé fótum troðinn.

Greinargerð.

Ofbeldisaðgerðir sovésks herliðs í Litáen síðustu daga gefa tilefni til að Alþingi ályktí enn á ný um málefni Eystrasaltsríkjanna.

Á fundi utanríkismálanefndar í dag, 14. jan. 1990, var einróma samþykkt að flytja þingsályktunartillögu þessa.

Sþ. 506. Þingsályktun [274. mál]

um fordæmingu á ofbeldisaðgerðum sovésks herliðs í Litáen.

(Afgreidd frá Sþ. 14. jan.)

Samhljóða þskj. 505.

Sþ. 507. Fyrirspurn [275. mál]

til fjármálaráðherra um sölu hlutabréfa í Gutenberg hf.

Frá Geir H. Haarde.

Með hvaða hætti er ætlunin að nýta þá heimild sem fjármálaráðherra er fengin með lið 4.48 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1991 til „að selja hlutabréf ríkissjóðs í Gutenberg hf.“?

Sþ. 508. Fyrirspurn [276. mál]

til menntamálaráðherra um bætt hlustunarskilyrði útvarps á miðunum fyrir Austurlandi.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Má vænta þess að bætt verði úr lélegum hlustunarskilyrðum útvarps austur af landinu, m.a. með styrkingu langbylgjukerfisins?

Nd. 509. Frumvarp til laga [83. mál]

um breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. jan.)

1. gr.

Við 4. mgr. 25. gr. bætist: Ákvörðun um einangrun sætir kæru til dómsmálaráðuneytisins og skal skýra fanga frá því um leið og ákvörðun er birt. Þegar ákvörðun er kærð skulu gögn málsins þegar send ráðuneytinu. Ráðuneytið skal taka ákvörðun innan tveggja sólarhringa frá því að kæra barst, ella fellur ákvörðun úr gildi.

2. gr.

26. gr. breytist þannig:

a. 1. málsl. 3. mgr. falli brott.
b. Við 5. mgr. bætist: Ákvörðun um agaviðurlög sætir kæru til dómsmálaráðuneytisins og skal skýra fanga frá því um leið og ákvörðun er birt. Þegar ákvörðun er kærð skulu gögn málsins þegar send ráðuneytinu. Ráðuneytið skal taka ákvörðun innan tveggja sólarhringa frá því að kæra barst, ella fellur ákvörðun úr gildi.
c. 6. mgr. falli brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 510. Frumvarp til laga [277. mál]

um lánskjör og ávöxtun sparifjár.

Flm.: Eggert Haukdal.

1. gr.

Frá og með 1. júlí 1991 er óheimilt að verðtryggja fjárskuldbindingar með lánskjaravísitölu, þar með talin inn- og útlán í bankakerfinu, skuldabréf, verðbréf o.s.frv.

2. gr.

Heimilt skal þó vera að verðtryggja spariskírteini ríkissjóðs, enda sé þá miðað við vísitölu vöru og þjónustu.

3. gr.

Við gildistöku þessara laga falla úr gildi ákvæði VII. kafla, 34.–47. gr., laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., svo og önnur lagaákvæði er kunna að stríða gegn lögum þessum.

4. gr.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1991.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er hér flutt í fjórða sinn. Það er í sama anda og fyrri frumvörp en ögn breytt með tilliti til nýrra aðstæðna.

Verðtrygging fjárskuldbindinga samkvæmt lánskjaravísitölu hefur þegar gengið sér til húðar, enda komið á daginn að atvinnuvegirnir þola hana ekki. Greiðslustöðvanir og gjaldþrot fyrirtækja, raunar einnig heimila, hafa farið hraðvaxandi. Áframhaldandi hrun og atvinnuleysi er fram undan ef ekki er gripið í taumana.

Fyrirheit, sem gefin voru með verðtryggingu fjárskuldbindinga, um samdrátt útlána, minni erlendar lántökur og aukinn sparnað hafa öll brugðist eins og hagskýrslur bera með sér.

Lánskjaravísitala er meiri verðbólguhvati en aðrar vísitölur þar sem byggingarkostnaður er innifalinn, en hann er háður mestum sveiflum í hagkerfinu. Vinnulaun eru og reiknuð í vísitölunni en ein afleiðing þess er sú að sérhver kjarabót launþega er jafnharðan af þeim tekin með sjálfkrafa hækkun skulda af íbúðalánum. Kaupgjaldsvísitalan hefur þegar verið afnumin með lögum og því ekki siðferðilega stætt á því að halda lánskjaravísitölunni. Afnám hinnar síðarnefndu var þess utan loforð ríkisstjórnar sem ekki er lengur unnt að víkjast undan, enda öll sett skilyrði fyrir hendi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi er gert ráð fyrir að viðskiptabankar, sparisjóðir og aðrar innlánsstofnanir, sem veita viðtöku fé til ávöxtunar, taki upp þá reglu, sem viðgengst í öðrum vestrænum ríkjum, að greiða vaxtaauka á bundin spariinnlán til eins árs eða lengur ef gildandi vextir eru lægri en nemur verðbólgu. Útgjöld vegna vaxtaaukans eru þá fjármögnuð með fé sem inn kemur við vaxtalækkun á hlaupareikningum, ávísanareikningum og almennum sparisjóðsbókum er notast sem viðskiptareikningar. Talið er af sérfræðingum í banka- og peningamálum að 90–95% rekstrarkostnaðar í viðskiptabanka fari í að þjónusta þessa reikninga og fyrir þá þjónustu ber eigendum þeirra að greiða með lágum vöxtum af innlánum.

Um 2. gr.

Verðtryggð ríkisskuldabréf voru heimiluð á dögum viðreisnarstjórnarinnar og gáfust á ýmsan hátt vel. Bankar geta keypt þau og notað sem baktryggingu gegn innlánum með skilyrðum um vaxtaauka. Þau eru og önnur sparnaðarleið fyrir hinn almenna borgara en fjáröflunarleið fyrir ríkissjóð til þess að greiða niður erlendar skuldir sem nú þegar krefjast of þungrar árlegrar greiðslu afborgana og vaxta (20% útflutningstekna).

Í vestrænum ríkjum, sem verðtryggja fjárskuldbindingar að einhverju leyti (sum, t.d. aðeins eftirlaun), er notast við vísitölu neysluvöruverðs til viðmiðunar (Consumer Price Index). Hún samsvarar vísitölu vöru og þjónustu sem Hagstofa Íslands reiknar mánaðarlega. Lánskjaravísitalan er óhentug, varasöm og hættulegur verðbólguvaldur.

Sþ. 511. Fyrirspurn [278. mál]

til utanríkisráðherra um jöfnunargjald.

Frá Friðriki Sophussyni.

Telur utanríkisráðherra það samræmast fríverslunarsamningum Íslands við aðrar þjóðir að halda áfram álagningu og innheimtu jöfnunargjalds eftir að virðisaukaskattur var tekinn upp fyrir rúmu ári? Sé svo, hve lengi?

Hvaða bréfaskipti hafa farið á milli utanríkisráðuneytisins og samningsríkja okkar um þetta atriði? Hvaða viðhorf koma fram í þeim til jöfnunargjaldsins?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 512. Tillaga til þingsályktunar [279. mál]

um beinar sjónvarpssendingar um gervihnetti.

Flm.: Ingi Björn Albertsson.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að fella nú þegar brott síðasta málslið 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 70/1986, um útvarp samkvæmt tímabundnum leyfum, þannig að kynning og endursögn þular þurfi ekki að fylgja efni sem dreift er viðstöðulaust um gervihnött og sýnir atburði sem gerast í sömu andrá.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 110. og 111. löggjafarþingi, en hlaut ekki afgreiðslu og er því flutt í þriðja sinn. Henni fylgdi svohljóðandi greinargerð:

„Í 6. gr. reglugerðar nr. 70 11. febrúar 1986, um útvarp samkvæmt tímabundnum leyfum, segir svo:

„Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu.

Efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpi, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða neðanmálstexti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það skal þó ekki eiga við þegar í hlut eiga erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervihnött og móttökustöð fréttum eða dagskrárefni er sýnir atburði sem gerast í sömu andrá. Í síðastgreindu tilviki skal að jafnaði fylgja kynning eða endursögn þular.

Allt íslenskt tal og texti í útvarpi skal vera á lýtalausu máli.“

Í tillögu þessari er lagt til að niður falli síðasti málsliður 2. mgr.: „Í síðastgreindu tilviki skal að jafnaði fylgja kynning eða endursögn þular.“

Hér er aðeins farið fram á að það sé ekki skilyrði að endursögn þular eða kynning fari fram þegar um beinar útsendingar erlendis frá er að ræða. Engu síður verði það enn í höndum útsendingar- eða móttökuaðila hvort hann kýs að vera með kynningu eða endursögn á meðan á útsendingu stendur og þá í hve miklum mæli.

Það kannast flestir við hversu mikils útsending getur misst þegar þulir — misgóðir — eru að tala ofan í beina útsendingu. Nægir að minnast á Evrópusöngvakeppni sjónvarpsstöðva og ensku knattspyrnuna í þessu sambandi.

Einnig má minna á að fjöldi Íslendinga tekur við sjónvarpsefni með eigin móttökudiski beint í gegnum gervihnött þar sem allt efni er að sjálfsögðu ótextað og án endursagnar þular.

Nú hefur Stöð 2 hafið beinar útsendingar í gegnum gervihnött í samvinnu við fréttastöðina CNN. Þetta virðingarverða framtak þeirra Stöðvar 2 manna er í raun ólöglegt eins og málum er nú háttað og sýnir því enn betur hversu fáránlegar reglur eru í gildi um þessi mál. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að við getum ekki og megum ekki loka okkur af fyrir umheiminum.

Sþ. 513. Tillaga til þingsályktunar [280. mál]

um að setja upp lýsingu á Reykjanesbraut milli Hafnarfjarðar og Njarðvíkur.

Flm.: Jóhann Einvarðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera kostnaðar- og framkvæmdaáætlun við að setja upp lýsingu við Reykjanesbraut milli Hafnarfjarðar og Njarðvíkur og leggja hana fyrir Alþingi eigi síðar en við næstu endurskoðun vegáætlunar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður lögð fram á 111. löggjafarþingi. Þá hafði verið lögð fram tillaga til þingsályktunar um tvöföldun Reykjanesbrautar, tillaga sem er alls góðs makleg og flutningsmaður er hlynntur sem lokatakmarki.

Fyrir nokkrum árum stóð flutningsmaður að tillögu um að kanna hagnýtt gildi þeirra hugmynda sem uppi hafa verið um rafknúna járnbraut frá Reykjavík til Suðurnesja og austur fyrir fjall. Sú tillaga hlaut ekki afgreiðslu, en slík könnun þyrfti að fara fram.

Báðar þessar tillögur, þ.e. tvöföldun Reykjanesbrautar og rafknúin járnbraut frá Reykjavík, t.d. að Flugstöð Leifs Eiríkssonar, eiga því miður allt of langt í land, m.a. vegna mikils kostnaðar.

Talið er að umferð um Reykjanesbraut sé farin að nálgast 10.000 bifreiðar á sólarhring sem segir ekki alla söguna því að í raun eru aðeins tveir „toppar", þ.e. umferðin er langmest árla morguns og síðan síðdegis á brottfarar- og komutímum flugvéla á Keflavíkurflugvelli, svo og við upphaf og lok vinnutíma á Keflavíkurflugvelli, en þar starfar mikill fjöldi Íslendinga hjá innlendum og erlendum aðilum.

Slysatíðni á Reykjanesbraut er mikil og flest slys mjög alvarleg, enda hraði mikill og aðstæður ekki alltaf eins og best verður á kosið.

Það er skoðun flutningsmanns að fullkomin lýsing við veginn sé fjótvirkasta og ódýrasta lausnin í sjónmáli til þess að draga úr slysatíðninni. Það hefur sýnt sig að þar sem lýsing hefur verið bætt á hættulegum umferðarslóðum hefur slysum fækkað.

Unnt er að vinna þetta verk í áföngum. Samkvæmt upplýsingum, sem flutningsmaður hefur aflað sér, má áætla að kostnaðurinn við þetta verk, þ.e. frá Hafnarfirði að Innri-Njarðvík, sé 80–90 millj. kr. Þegar hafa gatnamótin við Grindavíkurveg og Voga verið lýst og er það til mikilla bóta.

Ed. 514. Frumvarp til laga [281. mál]

um breytingu á útvarpslögum, nr. 68/1985.

Flm.: Guðmundur Ágústsson.

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Fyrir útvarp um streng gilda eftirtaldar reglur sérstaklega, sbr. þó skilyrði í 3. gr.:

1. Leyfi til útvarps um streng er háð því að sveitarstjórnir heimili lagningu strengkerfa um lönd sín.
2. Lagning og rekstur strengkerfa, sbr. 1. tölul., er háð lögum um fjarskipti, nr. 73/1984. Samgönguráðuneytið skal setja reglur um gerð og notkun slíkra kerfa og hafa eftirlit með þeim.
3. Útvarpsstöð, sem dreifir dagskrárefni til notenda um streng, skal hlíta sömu lagaákvæðum og aðrar útvarpsstöðvar. Sé móttaka bundin við íbúðasamsteypu, 36 íbúðir eða færri, sem er innan samfellds svæðis, eða nær eingöngu til stofnunar, t.d. sjúkrahúss, skóla eða gistihúss, eða vinnustaðar er útvarpsstöð ekki háð skilyrðum í 3., 6., 7. og 8. tölul. 3. gr.
4. Loftnetskerfi fjölbýlishúsa, svo og loftnetskerfi fyrir bæi eða bæjarhluta þar sem dreift er viðstöðulaust útvarpsefni frá innlendum og erlendum útvarpsstöðvum, teljast ekki heyra til útvarpsrekstrar í skilningi þessara laga.

2. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Öllum er heimil móttaka dagskrárefnis sem sent er um gervitungl gagngert til dreifingar til almennings.

Dreifing á dagskrárefni, þráðlaust eða um streng, sem er komið til móttökustöðvar um gervitungl, er óheimil nema með samningi við þá útvarpsstöð sem sendir út dagskrárefnið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ný útvarpslög voru sett vorið 1985 og er því nokkur reynsla fengin af frjálsum útvarpsrekstri. Án þess að það sé tíundað hér frekar hefur orðið bylting í íslensku menningarlífi með tilkomu hinna frjálsu hljóðvarps- og sjónvarpsstöðva.

Þótt undarlegt megi teljast hafa nýju útvarpslögin orðið til þess að tefja tækniþróun á sviði fjarskiptatækni sem byggist á lagningu strengkerfa til þess að miðla boðum og upplýsingum til notenda. Þessi þróun hefur verið mjög ör í nálægum löndum.

Upplýsinga- og tölvuöld hefur hafið innreið sína á Vesturlöndum. Samfara henni eru auknar kröfur um meiri og betri fjarskipti. Þá hefur tölvutæknin orðið þess valdandi að grundvallarbreytingar eru að verða á símakerfum. Er þróunin í átt frá hliðrænum (analog) kerfum, sem byggjast á spennuferlum, til stafrænna (digital) kerfa sem byggjast á tölulegum boðum.

Um strengkerfi.

Samásastrengkerfi (coaxial) hafa verið í notkun lengi. Hefur fyrst og fremst verið um að ræða sameiginlegt loftnetskerfi til dreifingar á útvarpsefni til notenda í fjölbýlishúsum eða í íbúðahverfum. Þótt þessi kerfi séu mörg fremur ófullkomin hefur nýtt og betra lagnaefni til slíkra kerfa gert það kleift að víkka notkunarsvið þeirra.

Breiðbandskerfi er strengkerfi sem hefur þann eiginleika að geta flutt mikið magn upplýsinga samtímis á breiðu tíðnisviði fram og til baka. Breiðbandskerfin opna leiðir til nýrra fjarskipta þar sem hægt er að senda tölvuboð og alls kyns stafrænar upplýsingar fram og til baka ásamt símtölum og hljóðvarps- og sjónvarpsmerkjum frá einum stað til annars. Eiga þau eftir að valda byltingu í öllum mannlegum samskiptum á okkar tíð.

Ljósleiðarar hafa gert það kleift að senda mikið af upplýsingum eftir einum streng, en þar er átt við síma, hljóðvarps- og sjónvarpsmerki og tölvuboð. Á næstu árum er talið líklegt að þróunin verði í átt að samruna síma- og strengkerfa til flutnings á sjónvarps- og tölvuboðum ásamt símtölum. Póst- og símamálastofnun vinnur nú að því að tengja allar símstöðvar landsins með ljósleiðarastrengjum.

Sjónvarpsdreifikerfi.

Ef horft er til nágrannalandanna er lagning slíkra strengkerfa hafin af miklum krafti. Þar er litið svo á að dreifing á erlendum og innlendum sjónvarpsrásum sé undanfari upplýsinga- eða boðveitukerfa. Aðgangur að auknu og fjölbreyttara sjónvarpsefni er það sem ryður brautina fyrir upplýsingatæknina.

Danska þjóðþingið samþykkti árið 1985 lög um breiðbandskerfi (hybrid net). Fyrsta verkefnið, sem leysa á með danska breiðbandskerfinu, er einmitt að taka á móti erlendum sjónvarpsdagskrám og dreifa þeim um landið til notenda. Í lögunum er kveðið á um verkaskiptingu milli dönsku póst- og símamálastofnunarinnar, einstakra sjálfstæðra símafélaga og loftnetsfélaga sem hingað til hafa annast móttöku og dreifingu á erlendu sjónvarpsefni til notenda.

Það er athyglisvert að dönsku loftnetsfélögin hafa starfað um árabil við að taka á móti þýsku sjónvarpssendingunum og dreifa þeim til notenda. Í heilum bæjum í Danmörku eru nær allar íbúðir, jafnvel tugþúsundir, tengdar við slík loftnetskerfi sem í raun eru ekki

annað en ófullkomin strengkerfi. Þótt gert sé ráð fyrir að þessi strengkerfi renni saman við breiðbandsnetið hafa loftnetsfélögin þegar fengið heimild til þess að dreifa erlendum sjónvarpssendingum frá gervitunglum, enda hefur aldrei verið litið á slík kerfi sem útvarpsrekstur.

Í Svíþjóð eru þessi mál öll lausari í reipunum. Þar hefur „Televerket" tekið að sér sem verktaki að leggja sjónvarpsdreifikerfi fyrir loftnetsfélög í samkeppni við einkafyrirtæki. Loftnetskerfi, þar sem erlendum sjónvarpssendingum, m.a. frá gervitunglum, er dreift til notenda, hafa verið heimiluð um langt skeið í Svíþjóð. Þar hefur aldrei verið litið á slíka starfsemi sem útvarpsrekstur.

Gervitunglasjónvarp.

Mikill fjöldi erlendra sjónvarpsrása, sem sendar eru um gervitungl, er nú aðgengilegur fyrir Íslendinga. Nú þegar er t.d. hægt að dreifa efni norrænna sjónvarpsrása til notenda á Íslandi. Ekki þarf að fjölyrða um aukið norrænt samstarf og betri tengsl okkar við hið norræna menningarsvæði sem sköpuðust við þennan möguleika.

Samkvæmt útvarpslögunum frá 1985 er einstaklingum heimilt að setja upp búnað til móttöku á sjónvarpsefni frá gervitunglum, svo og stofnunum og allt að 36 íbúðum samtímis. Þessi búnaður er mjög dýr og aðeins á færi efnamanna. Til þess að setja upp móttökubúnað fyrir 36 íbúðir samtímis þarf dýran og flókinn aukabúnað, þannig að kostnaður verður lítið lægri á hverja íbúð en fyrir einstakling. Miklu hagkvæmara væri að sjálfsögðu að leysa þetta verkefni með sameiginlegu loftnetskerfi. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, svo og fjölmörg sveitarfélög úti á landi, hafa sýnt áhuga á að koma upp slíkum kerfum sem yrðu þá undanfari breiðbandskerfisins. Í rauninni er auðvelt að tengja staðbundin strengkerfi við ljósleiðarakerfi Póst- og símamálastofnunarinnar og hafa eina sjónvarpsmóttökustöð á vegum stofnunarinnar fyrir allt landið. Með þessu yrði kostnaður á hverja íbúð og þar með þjóðfélagsins í heild miklu lægri en ella. Þá óttast menn þá sjónmengun sem óneitanlega yrði ef stór sjónvarpsdiskur kæmi við hvert hús. Þótt gerð sjónvarpsmóttökuloftneta fleygi ört fram er ekki líklegt, vegna legu landsins, að hann verði minni og ódýrari í framtíðinni.

Tvær greinar útvarpslaganna frá 1985, 5. og 6. gr., hafa verið túlkaðar á þann hátt að þær banni lagningu loftnetskerfa til móttöku og dreifingar á erlendu sjónvarpsefni, nema útvarpsstöð, að fengnu leyfi til útvarpsrekstrar, sjái um kerfið. Með þessu er komið í veg fyrir eðlilega framþróun á sviði upplýsingatækni á Íslandi sem hins vegar er komin á hraðferð í öllum nágrannalöndum okkar. Það getur ekki hafa verið ætlunin með nýju útvarpslögunum að þrengja möguleika á móttöku útvarpsefnis frá því sem áður var.

Til þess að leiðrétta þennan misskilning er þetta lagafrumvarp flutt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Leitast er við að skilgreina hvað skuli teljast útvarpsrekstur og hvað ekki þegar talað er um dreifingu á útvarpsefni um streng til notenda.

Loftnetsfélög eru ekki talin heyra til útvarpsrekstrar, enda má benda á að loftnetskerfi fyrir fjölbýlishús með hundruð íbúða hafa tíðkast lengi áður en frjáls útvarpsrekstur var heimilaður með útvarpslögunum. Þá eru til loftnetskerfi, m.a. í Hafnarfirði, þar sem heilu íbúðahverfin eru tengd við sameiginlegt loftnet.

Um 2. gr.

Talið er óeðlilegt að leita þurfi samþykkis Póst- og símamálastofnunar fyrir móttöku á erlendu sjónvarpsefni frá gervitunglum. Sjónvarpsrásirnar gegnum Eutelsat-gervitunglin hafa flestar verið opnaðar almenningi til móttöku og dreifingar, að því tilskildu að samið sé við sjónvarpsstöðina sem stendur að sendingunum. Ekki þarf lengur að semja við Eutelsat-félagið um leyfi til þess að taka á móti slíkum sendingum.

Ed. 515. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til l. um launamál.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað rækilega um frumvarpið. Eftirtaldir komu á fund nefndarinnar: Forsætisráðherra, Steingrímur Hermannsson, Jón Sveinsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, Georg Ólafsson verðlagsstjóri, Páll Halldórsson, Eggert Lárusson og Birgir Björn Sigurjónsson frá BHMR, Svanfríður Jónasdóttir, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, Birgir Guðjónsson, skrifstofustjóri Launaskrifstofu ríkisins, Leifur Guðjónsson frá Verkamannafélaginu Dagsbrún, Ólafur Örn Haraldsson og Tómas B. Bjarnason frá Gallup á Íslandi.

Meiri hl. nefndarinnar vill benda á að í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og aðildarfélaga BHMR, sem undirritaður var 18. maí 1989, var m.a. samið um að endurskoðað yrði mat á námi, lagt yrði mat á faglega, fjármálalega og stjórnunarlega ábyrgð háskólamanna í þjónustu ríkisins og borin yrðu saman kjör háskólamenntaðra manna hjá ríkinu og á hinum almenna vinnumarkaði. Námsmatsnefnd og ábyrgðarnefnd skiluðu lokaniðurstöðum á tilsettum tíma. Vegna ýmissa ástæðna, þar á meðal þeirrar að ekki lá fyrir fullnægjandi samanburður á kjörum háskólamenntaðra starfsmanna í þjónustu ríkisins og þeirra sem störfuðu á hinum almenna vinnumarkaði, gat kjarasamanburðarnefnd ekki skilað lokaáliti fyrir 1. júlí 1990 eins og ráð var fyrir gert í kjarasamningnum. Kom þá til kasta 6. mgr. 5. gr. kjarasamningsins er kveður á um launahækkun til handa háskólamenntuðum starfmönnum í þjónustu ríkisins um sem svarar 4,5%.

Hefði 4,5% launahækkun félagsmanna í BHMR umfram aðra launþega komið til framkvæmda hefðu forsendur þjóðarsáttar verið brostnar þar sem fyrir lá að aðrir launþegar hefðu krafist sömu hækkunar. Óhjákvæmilegt var annað, ef verja átti þá samstöðu sem sköpuð var með febrúarsamningunum, en að ríkisvaldið gripi til ráðstafana sem kæmu í veg fyrir að ákvæði samningsins kæmu til framkvæmda. Eftir að ljóst var með úrskurði Félagsdóms að túlka bæri kjarasamninginn þannig að félagsmenn í BHMR ættu tilkall til launahækkunar skapaðist sú hætta að þjóðarsáttin væri brostin. Lá fyrir bréf frá VSÍ um að kæmi hækkunin til framkvæmda mundu samtökin ekki komast hjá því að launþegar innan ASÍ fengju sambærilega hækkun. Eftir árangurslausar viðræður við forsvarsmenn BHMR þar sem reynt var að ná samkomulagi um að refsiákvæði samningsins í 6. mgr. 5. gr. kæmi ekki til framkvæmda ákvað ríkisstjórnin að grípa til bráðabirgðalagasetningar sem næmi úr gildi þær forsendur sem dómur Félagsdóms var byggður á. Meiri hl.

nefndarinnar telur að ekki sé verið að setja lög á niðurstöðu dómstóls heldur sé með setningu laganna einungis verið að breyta þeirri réttarheimild sem dómurinn leggur til grundvallar í niðurstöðu sinni.

Eftir að hafa kynnt sér rækilega þau gögn sem lögð hafa verið fram í nefndinni, þar á meðal greinargerðir beggja aðila þess máls sem nú er rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, með tilliti til þeirrar réttarframkvæmdar sem viðgengist hefur við setningu bráðabirgðalaga og þeirrar brýnu nauðsynjar sem bar til setningar bráðabirgðalaganna um launamál, telur meiri hl. nefndarinnar að lögin stangist ekki á við ákvæði stjórnarskrárinnar.

Með vísan til þess sem að framan er rakið og þess ástands sem Þjóðhagsstofnun hefur sýnt fram á í áliti sínu, sbr. þskj. 233, að gæti skapast í efnahagsmálum þjóðarinnar ef lögin yrðu felld á Alþingi leggur meiri hl. nefndarinnar til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. jan. 1991.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Eiður Guðnason.
	Skúli Alexandersson.	

Sþ. 516. Tillaga til þingsályktunar [282. mál]

um hækkun skattleysismarka vegna álagningar tekjuskatts.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að hefja undirbúning að breytingu á lögum um tekjuskatt með þeim hætti að mánaðartekjur einstaklings, 100.000 kr. eða lægri, verði skattfrjálsar.

Greinargerð.

Tillaga þessi er lögð fram með tilliti til þeirrar neikvæðu þróunar sem hefur átt sér stað á undanförnum árum í skattamálum og með sérstöku tilliti til launatekna. Þegar staðgreiðslukerfið var tekið upp á sínum tíma var einn megintilgangur þess að létta skattbyrði lág- og millitekjufólks, jafnframt því sem innheimtukerfið var gert einfaldara.

Því miður hefur reynslan orðið önnur. Skattprósentan hefur verið hækkuð og skattleysismörk ekki tekið eðlilegum breytingum með tilliti til verðbólguþróunar sl. þrjú ár. Niðurstaðan er stóraukin skattbyrði millitekjufólks með þar af leiðandi tekjuskerðingu. Á sama tíma hefur átt sér stað kaupmáttarskerðing vegna erfiðrar stöðu atvinnuveganna til að mæta aukinni tekjuþörf launafólks, m.a. vegna hærri skatta og almennra verðhækkana á vörum og þjónustu.

Erfitt er að setja fram nákvæmar tölur um þróun þessara mála, en eftir því sem næst verður komist þyrftu skattleysismörk hjá einstaklingi að vera hið minnsta 100.000 kr. á

mánuði til þess að vega upp á móti neikvæðum áhrifum aukinnar skattbyrðar á síðustu árum jafnframt því sem kaupmáttur launatekna yrði bættur.

Ljóst er að undirbúa þarf vel hækkun skattleysismarka með þeim hætti sem þessi tillaga felur í sér. Þess vegna er rétt að eðlilegur aðdragandi sé að skattbreytingunum.

Með tilliti til fjárlagaársins mundu þessar skattbreytingar koma til framkvæmda frá og með 1. jan. 1992. Gefst þá svigrúm til að mæta viðeigandi tekjubreytingum hins opinbera með niðurskurði eða öðrum hætti vegna fjárlaga 1992.

Hækkun skattleysismarka mun hafa mikil áhrif á þróun launamála á næstu árum og skal minnt á það að haustið 1991 renna út samningar um svonefnda „þjóðarsátt". Mikilsvert framlag í launa- og kjaramálum væri ef skattar væru lækkaðir verulega á lág- og millitekjufólki. Þess vegna er þessi tillaga flutt nú.

Sþ. 517. Fyrirspurn [283. mál]

til félagsmálaráðherra um endurskoðun laga um málefni fatlaðra.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur.

Hvenær er þess að vænta að nefnd sú, er vinnur að endurskoðun laga um málefni fatlaðra, ljúki störfum og frumvarp verði lagt fram?

Sþ. 518. Fyrirspurn [284. mál]

til fjármálaráðherra um skattframtöl.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hve stór hópur skattgreiðenda fær áætlaðan skatt sökum þess að ekki er skilað skattframtali eða framtal er ófullnægjandi?
2. Að hvaða marki er gengið fast eftir því að skilað sé skattframtali?
3. Að hve miklu leyti er um sömu skattgreiðendur að ræða ár eftir ár sem ekki skila framtali?
4. Hvernig er hópurinn samsettur sem áætlað er á:
   a. launþegar,
   b. atvinnurekendur, skipt á helstu atvinnugreinar?
5. Með hvaða hætti áætla skattstjórar skattstofn þegar skattframtali er ekki skilað?

Greinargerð.

Svo virðist sem ástæða sé til að ætla að ákveðinn hópur skattgreiðenda skili ekki skattframtali og að það sé hugsanlega ábatasamt þrátt fyrir álag og sektargreiðslur. Sé þetta rétt má segja að skattframtal launþega sé orðið eins konar siðferðis- eða reiknings-próf samviskusamra einstaklinga, þar sem flest allar upplýsingar, sem kallað er eftir í framtali launþega, er að finna annars staðar í opinberum gögnun. Fyrirspurn þessi er lögð

fram til þess að fá heildstæðar upplýsingar um þetta mál.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 519. Fyrirspurn [285. mál]

til dómsmálaráðherra um hraðamælingar í íbúðahverfum.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hversu oft á síðasta ári mældi lögreglan ökuhraða um götur í íbúðahverfum þar sem 30 km hámarkshraði er í gildi:
   a. í Reykjavík,
   b. í nágrannabyggðum?
2. Hver var meðalhraðinn úr þeim mælingum?
3. Hversu margir voru sviptir ökuréttindum vegna slíkra brota?

Sþ. 520. Fyrirspurn [286. mál]

til menntamálaráðherra um málefni stundakennara.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

1. Hvers vegna hafa stundakennarar ekki samningsrétt?
2. Hvaða rök eru fyrir því að stundakennarar njóti ekki kjara samkvæmt kjarasamningum stéttarfélaga, sbr. lög nr. 55/1980, heldur samkvæmt einhliða ákvörðun ráðherra?
3. Hvers vegna njóta stundakennarar ekki hliðstæðra kjara fyrir stundakennslu og sérfræðingar við Háskóla Íslands?

Sþ. 521. Tillaga til þingsályktunar [287. mál]

um athugun atvinnumála vegna hruns loðnustofnsins.

Flm.: Jón Sæmundur Sigurjónsson, Valgerður Sverrisdóttir, Matthías Bjarnason, Árni Gunnarsson, Kristinn Pétursson, Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd til að gera úttekt á atvinnumálum byggðarlaga þar sem loðnuvinnsla hefur verið veruleg með hliðsjón af þeim breyttu viðhorf-

um sem fyrirsjáanlegt hrun loðnustofnsins kemur til með að valda. Niðurstöður nefndarinnar ásamt tillögum um aðgerðir skulu lagðar fyrir ríkisstjórnina svo fljótt sem verða má og kynntar alþingismönnum.

Kostnaður við störf nefndarinnar skal greiddur úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Flest bendir nú til þess að loðnustofninn sé hruninn rétt einu sinni. Stofnmælingar Hafrannsóknastofnunar benda nú til þess að loðnustofninn sé vart stærri en 350 þús. tonn. Fyrsti flutningsmaður þessarar tillögu vakti athygli á áhyggjum loðnubræðslustaða í utandagskrárumræðu í desember sl. og hvatti til aukinnar leitar hafrannsóknaskipa með aðstoð loðnuveiðiskipa. Eftir dræmar undirtektir yfirvalda var þó horfið að þessu ráði, en þessi aukna leit virtist einungis staðfesta bágborið ástand loðnunnar.

Á síðustu vertíð náðist ekki að veiða það magn sem fiskifræðingar töldu óhætt að tekið yrði úr stofninum. Ofveiði er því varla ástæðan fyrir þessari niðurstöðu. Ástand sjávar, þ.e. breytt hitastig og átuskilyrði, en einnig vaxandi ágengd hvalsins, hefur verið nefnt til sögunnar.

Flest þau byggðarlög, þar sem loðnubræðsla fer fram, byggja afkomu sína nær eingöngu á vinnslu sjávarafla. Atvinnuástand á sumum þessara staða hefur verið mjög ótryggt. Loðnubrestur bætir þar ekki um betur. Á öllum loðnubræðslustöðum skapast alvarlegt ástand sem fyllsta ástæða er til að mæta með markvissum aðgerðum til aðstoðar.

Er loðnan brást fyrir níu árum var brugðist við á svipaðan hátt með skipan nefndar sem gerði gagngerar tillögur til úrbóta á ástandinu. Þessi nefndarskipan byggðist á tillögu fjárveitinganefndar, en áður höfðu Halldór Blöndal o.fl. lagt fram svipaða tillögu.

Sþ. 522. Fyrirspurn [288. mál]

til sjávarútvegsráðherra um sölu á veiðiheimildum.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

Hvers vegna kemur framkvæmdarvaldið ekki í veg fyrir sölu á veiðiheimildum þar sem þær mynda „ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila“ yfir þeim eins og segir í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða?

Sþ. 523. Fyrirspurn [289. mál]

til sjávarútvegsráðherra um krókaveiðirétt smærri báta.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Hvers vegna er krókaveiði smábáta ekki frjáls að því marki sem sóknardagar heimila?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að breytt verði þeim hættulegu reglum sem nú

gilda um hvernig veiðiheimild báta undir sex tonnum, sem velja veiðar með línu og handfærum (krókaveiði), verður ákvörðuð á því veiðitímabili sem hefst 1. september 1994?

Sþ. 524. Fyrirspurn [290. mál]

til sjávarútvegsráðherra um aflaúthlutun til smábáta og minni skipa á Norðurlandi.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Verður tekið tillit til sjávarkuldans á viðmiðunarárunum fyrir Norðurlandi og aflaleysis, sem af honum leiddi, þegar endanleg aflaúthlutun fer fram fyrir smábáta og minni skip á Norðurlandi?
2. Verður orðið við kröfu smábátaeigenda á Norðurlandi eystra að þeir fái til baka að minnsta kosti tvo þriðju af aflaskerðingunni sem miðað var við í frumúthlutun?

Nd. 525. Breytingartillaga [161. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1991.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

Við frumvarpið bætist ný grein er verði 35. gr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði í 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, er fjármálaráðherra heimilt að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, svo og til mannúðar- og líknarstarfsemi.

Sþ. 526. Tillaga til þingsályktunar [291. mál]

um sektir vegna mengunarbrota á hafnarsvæðum.

Flm.: Elín S. Harðardóttir.

Alþingi ályktar að skora á samgönguráðherra að setja nú þegar reglugerð um framkvæmd sektargerða skv. 29. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32 frá 5. maí 1986, og um sjóð sem verja skal til mengunarvarna á sjó skv. 32. gr. sömu laga.

Greinargerð.

Samkvæmt 29. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32 frá 5. maí 1986, er hafnarstjóra og lögreglustjóra heimilt að beita sektum vegna losunar eða úrkasts á hafnarsvæði sínu. Samkvæmt 32. gr. sömu laga skulu sektir renna í sjóð sem verja skal til

mengunarvarna á sjó eftir því sem nánar segir í reglugerð er samgönguráðherra setur.

Sektarákvæðum þessum mun ekki hafa verið beitt, enda hefur samgönguráðherra ekki sett reglugerð um sjóðinn.

Talsverður vandi skapast þó enn vegna þess að olíumengun frá skipum á sér stað í höfnum og er brýnt að sektarákvæðum sé beitt í slíkum tilvikum og sektirnar notaðar til að efla mengunarvarnir á sjó eins og lögin gera ráð fyrir.

Sþ. 527. Tillaga til þingsályktunar [292. mál]

um endurskoðun fiskveiðistefnunnar.

Flm.: Þorvaldur Garðar Kristjánsson, Skúli Alexandersson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Karvel Pálmason, Kristinn Pétursson, Ólafur Þ. Þórðarson, Friðjón Þórðarson, Sighvatur Björgvinsson, Pálmi Jónsson, Ásgeir Hannes Eiríksson, Eggert Haukdal, Ingi Björn Albertsson, Árni Gunnarsson, Geir Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir.

Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu sjö alþingismenn í milliþinganefnd er hafi það hlutverk að endurskoða fiskveiðistefnuna. Skal endurskoðunin hafa að markmiði að komið verði á þeirri skipan sem tryggir verndun fiskstofnanna og miðast við að atgervi þeirra, sem sjóinn stunda, fái að njóta sín og sjávarútvegurinn geti lagað sig sem frjáls atvinnuvegur að landsháttum, fiskimiðum og hagsmunum byggðarlaga svo að gefi sem bestan rekstrargrundvöll til að ná hámarksafrakstri af auðlindum hafsins.

Í þessum tilgangi skal nefndin semja frumvarp um stjórn fiskveiða þar sem til komi stjórn á stærð fiskiskipastólsins, sóknarstýring á veiðitíma, veiðisvæðum, gerð skipa, útbúnaði veiðarfæra og meðferð afla eftir því sem heimilaður hámarksafli á hverja fisktegund leyfir.

Nefndin skal haga störfum svo að frumvarp um stjórn fiskveiða geti verið lagt fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Fiskveiðistefna hefur tvíþættan tilgang, annars vegar verndun fiskstofnanna og hins vegar hámarksafrakstur fiskstofnanna. Með tilliti til þess hefur kvótakerfið sem hefur verið við lýði síðan 1984 sýnt sig í fullkomnu haldleysi.

Það kemur í ljós að á kvótatímabilinu hefur stjórnunaraðferðin ekki dugað til að fylgt væri þeim veiðitakmörkunum sem stjórnvöld höfðu ákveðið. Í fskj. I er að finna upplýsingar frá Fiskifélagi Íslands um veiði helstu botnfisktegunda. Þar má sjá tillögu sem fiskifræðingar gerðu um veiði hvers árs, ákvörðun stjórnvalda um leyfilegan heildarafla og þá veiði sem raunverulega átti sér stað. Á árunum 1984–1988 fór t.d. þorskafli 437 þús. tonn fram úr tillögum fiskifræðinga. Hins vegar er aðra sögu að segja frá síðustu árunum áður en kvótakerfið var tekið upp. Á árunum 1980–1983 fór þorskafli aðeins 64 þús. tonn fram úr tillögum fiskifræðinga.

Þá hefur kvótakerfið ekki stuðlað að auknum afrakstri af fiskveiðum með samdrætti í fiskiskipaeign landsmanna. Í stað þess að minnka sóknargetu fiskiskipastólsins hefur hún stórum aukist þann tíma sem kvótakerfið hefur verið við lýði. Á fskj. II eru upplýsingar

Siglingamálastofnunar ríkisins sem greina flokkun skipastólsins eftir stærð, breytingum frá ári til árs og varða fjölda skipa, rúmlestafjölda, nýsmíði, stækkun, endursmíði og úreldingu. Á árunum 1984–1988 fjölgaði t.d. fiskiskipum um 121 skip og smálestatala jókst um 9.879, auk þess sem opnum vélbátum fjölgaði um 162 skip og smálestatala þeirra jókst um 1.725. Á árunum 1979–1983 fækkaði hins vegar skipum um 71 og smálestatala jókst um 5.357, auk þess sem opnum vélbátum fjölgaði um 517 og smálestatala þeirra jókst um 1.653.

Þannig hefur fiskiskipastóllinn aukist frá því kvótakerfið kom til og raunar afkastageta hans langt fram úr því sem aukning smálestatölu bendir til. Það hefur komið í ljós að í kvótakerfinu er innbyggður hvati til að halda á floti hverju fleyi þar sem hvert haffært skip á sinn útdeilda skammt af afla hversu óhagkvæmur sem rekstur þess kann að vera og ekki er svo hrörlegt skip að ekki gagnist til að hljóta úthlutun á veiðiheimild sem hagnýta má sem söluvöru ef ekki vill betur til. Þetta hefur leitt til þeirrar öfugþróunar að fiskiskipastóllinn hefur stöðugt orðið vannýttari. Augljóst er að þetta ástand er óþolandi fyrir rekstur útgerðarinnar. Og þjóðhagslega er ástandið óviðunandi þegar svo er komið að framleiðslutæki sem fjárfest hefur verið í má ekki nota þriðjung úr ári eins og nú er orðið.

Þessar staðreyndir eiga sér sínar orsakir. Öll stjórnun atvinnulífsins getur verið annaðhvort einstaklingsbundin eða almenns eðlis. Það skiptir sköpum hver stjórnunaraðferðin er viðhöfð. Með einstaklingsbundnum stjórnunaraðferðum er hverjum einstaklingi gefin bein fyrirmæli um athafnir sínar, um hvað hann megi gera og hvað mikið aðhafast. En stjórnun almenns eðlis er fólgin í reglum þar sem einstaklingnum er heimilað að athafna sig eins og hann hefur vilja og getu til innan ramma þeirra stjórnvaldsfyrirmæla sem sett eru á hverjum tíma. Hér skilur á milli frelsis og ófrelsis, valddreifingar og miðstýringar. Önnur leiðin er dragbítur á efnahagslegar framfarir, hin stuðlar að hagsæld og velmegun.

Með kvótakerfinu eru veiðiheimildir bundnar við einstök skip og því takmörk sett hvað hvert skip má veiða mikið. Þannig er kvótakerfið einstaklingsbundin stjórnun fiskveiða með þeim göllum og annmörkum sem slíkri skipan fylgir. Grundvallargalli kvótakerfisins er að aflatakmörk eru sett á hvert einstakt skip. Á þessari skipan byggist sú forsjá hafta og miðstýringar sem kvótakerfið er. Það er haldið þeirri eigind að því skilvirkari sem framkvæmd þess er þeim mun fráleitara er það. Ekki er þess vegna hægt að breyta kerfinu til batnaðar því að reynslan hefur sýnt að þó sníða megi einn vankantinn af koma tveir nýir í staðinn hálfu verri. Meiri miðstýring sem stjórnvöld hafa gripið til við hverja framlengingu kvótalaganna hefur verið að fara úr öskunni í eldinn.

Gallar kvótakerfisins eru augljósir. Arðsemissjónarmiðum er kastað fyrir borð. Hverju einstöku skipi er ekki frjálst að afla og flytja þá björg í bú sem það er fært um innan þeirra marka sem hámarksafli úr hverjum einstökum fiskstofni leyfir. Sókn og keppni sjómanna verður ekki komið við. Afburðamennirnir fá ekki að njóta sín. Fiskiklærnar eru settar á bekk með fiskifælunum. Meðalmennskan er færð til vegs og virðingar. Skriffinnskan, smámunasemin, hnýsnin, eftirlitið og gæslan er svo snuðrandi við hvert fótmál. En húsum ríður spillingin lipur og lævís, þessi sígildi fylgifiskur hafta og ofstjórnar í hvaða formi sem er. Og þá er ógetið kvótaviðskiptanna sem ríkisvaldið býður upp á og gerir óhjákvæmileg til að halda kvótakerfinu gangandi. Þessi viðskipti eiga sér ekki fordæmi meðal siðmenntaðra þjóða. Réttindi sem veitt eru endurgjaldslaust með stjórnvaldsráðstöfunum eru gerð að verslunarvöru. Hér er ekki einungis um að ræða beina

verslun með kvótann heldur og óbeina í formi uppsprengds skipaverðs. Réttarvitund Íslendinga þolir ekki slíka ráðstöfun á almannaeign sem fiskurinn í sjónum er. Ofan á allt bætast svo þau fjörráð við einstakar byggðir, sem jafnvel hafa bestu aðstöðuna til sjósóknar, að þeim er fyrirmunað að njóta hennar sem skyldi svo að sjávarútvegurinn megi skila sem mestum arði í þjóðarbúið. Afleiðingin blasir við í skelfilegri byggðarröskun. Dæmin eru mörg. Reynt er svo í nauðvörn hjá einstökum sveitarfélögum að bjarga málum með þátttöku í útgerðinni með einum eða öðrum hætti sem er að sjálfsögðu algjör tímaskekkja og unnið fyrir gýg þegar til lengdar lætur.

Það stefnir nú í fullkomið öngþveiti og ráðleysi. Það er ekki nema um eitt að gera. Það verður að stöðva vitleysuna áður en lengra er haldið. Það er ekki um annað að ræða en að hverfa frá miðstýringunni, hverfa frá haftakerfinu. Það verður að taka upp frjálsa samkeppni svo að markaðsöflin fái að njóta sín í aðalatvinnuvegi landsmanna.

Til þessa er um tvær leiðir að ræða. Annars vegar að taka upp sölu veiðileyfa. Hins vegar að afnema veiðileyfi og taka upp sóknarstýringu. En á þessum leiðum er sá munur sem skiptir sköpum í þróun sjávarútvegs á Íslandi.

Það er hægt að koma við frjálsri samkeppni svo að markaðsöflin fái að njóta sín með því að selja veiðileyfin. Í samkeppninni um veiðileyfin standa þeir best að vígi sem reka útgerðina með sem mestum arði og hafa þannig sterkasta fjárhagsstöðu. Það er lögmál markaðarins þar sem arðsemin ræður. En með þessu er ekki öll sagan sögð um sölu veiðileyfa. Þeir sem ráða yfir fjármagni sem ekki er runnið frá sjávarútveginum eiga þess líka kost að komast yfir veiðileyfi jafnvel umfram þá sem sjóseltu hafa í æðum og hæfastir eru til sjósóknar og útgerðar. Það er engin trygging fyrir því að slíkir handhafar veiðileyfa reki þá útgerð sem skilar mestum arði í þjóðarbúið. Auk þess sem með sölu veiðileyfa væru opnaðar gáttir fyrir erlent fjármagn til yfirráða yfir mestu auðlind þjóðarinnar.

Til þess að ná hámarksafrakstri af fiskveiðum verður hæfni til sjósóknar og aðstaða til fiskimiða að fá að njóta sín hindrunarlaust. Í stað þess að taka upp sölu veiðileyfa liggur þess vegna beint við að taka upp fiskveiðistjórnun með sóknarstýringu. Í stað þess að fiskveiðistjórnun sé einstaklingsbundin, þar sem veiðitakmarkanir eru bundnar við hvert einstakt skip, ber að taka upp fiskveiðistjórnun almenns eðlis. Fiskveiðistjórnun er þá fólgin í takmörkunum á heildarafla og sóknarstýringu með almennum fyrirmælum um veiðitíma, veiðisvæði, gerð skipa, útbúnað veiðarfæra og meðferð afla. Fiskveiðar eru þá frjálsar innan þeirra marka sem leyfilegt aflamagn á hverja fisktegund heimilar.

Slík skipan gerir mögulegt það úrval sem þarf að fara fram til að fækka fiskiskipum og minnka þannig sóknargetuna til samræmis við það sem nægir til að fullnýta fiskstofnana. Þetta úrval geta engar stjórnvaldsákvarðanir gert. Það verður einungis gert í frjálsri samkeppni þar sem hæfni og arðsemi fá að ráða. Þeir halda velli sem kunna best til verka. Hinir falla fyrir borð. Í frjálsum atvinnurekstri geta þeir einir verið þátttakendur sem standast samkeppnina. Þannig verður best tryggður hagkvæmur rekstur sjávarútvegsins. Þannig heltast úr lestinni þau skip sem eru óhagkvæm og úrelt til reksturs. Það borgar sig hreinlega ekki að gera þau út. Þannig gæti sóknargetunni miðað, þegar til lengdar lætur, í átt til jafnvægis við fiskstofnana svo að beita þurfi sem minnstum veiðitakmörkunum.

Til þess að flýta fyrir þessari þróun og að fiskiskipaflotinn verði ekki stærri að sóknargetu en hámarksnýting fiskstofnanna krefur og stuðla að því að svo geti jafnan verið þarf að gera sérstakar ráðstafanir. Þess vegna þarf úreldingarsjóð fiskiskipa til að styrkja

útgerðina til að taka af skipaskrá skip sem ekki eru hagkvæm til reksturs. En til frambúðar varðar mestu að ekki verði ótímabær aukning á sóknargetu fiskiskipastólsins. Verða því að vera fyrir hendi reglur um endurnýjun skipastólsins ef á þarf að halda. Koma verður á þeirri skipan að endurnýjun fiskiskipastólsins megi ekki leiða til stækkunar hans meðan sóknargetan er umfram það sem nægir til að tryggja hámarksnýtingu fiskstofnanna.

Samt sem áður verður ekki hjá því komist að beita áfram tímabundnum veiðibönnum. En það á að vera í stöðugt minnkandi mæli eftir því sem fiskiskipastóllinn minnkar og leitar jafnvægis við veiðiþol fiskstofnanna. Það er mælikvarði á góða fiskveiðistjórn að skipin þurfi ekki að vera bundin við landfestar langtímum saman og fjárfesting í þessum framleiðslutækjum megi verða sem arðbærust. Hins vegar verður að gæta hagsmuna fiskvinnslunnar eftir því sem þörf krefur með því að beita sóknarbanni eftir veiðitímabilum til að stuðla að sem jafnastri hráefnisöflun og vinnslu fyrirtækjanna. Þá er aldrei of mikil áhersla lögð á þann þátt fiskveiðistjórnar sem varðar beinar ráðstafanir til verndar og friðunar hrygningar- og uppeldisstöðva með svæðisbundnum og tímabundnum veiðibönnum.

Það heyrist ekki ósjaldan sagt að sóknarstýringin sem lögð er til í þessari tillögu til þingsályktunar sé óraunhæf og ónothæf aðferð til fiskveiðistjórnunar. En því fer víðs fjarri. Þessi frjálsa aðferð, sóknarstýring, er til í veruleikanum og ekki óraunhæfari en svo að hún var viðhöfð 1976–1984 við stjórn fiskveiða. Og þessi aðferð reyndist ekki ónothæfari en svo að vandamál fiskveiðistjórnunar voru þá barnaleikur einn borið saman við erfiðleikana sem nú fylgja kvótakerfinu. Ógæfan var sú að hverfa frá sóknarstýringunni 1984 og taka upp kvótakerfið í stað þess að bæta þá aðferð sem fyrir var.

Viðfangsefnið nú getur ekki verið annað en að hverfa aftur til sóknarstýringar með endurbættum aðferðum, svo sem þarf til að mæta þeim vanda sem blasir við. Um þessa leið á að geta tekist víðtæk samstaða. Hin leiðin að taka upp sölu veiðileyfa stefndi í öfuga átt. Sú leið hefur þá náttúru að efna til slíks ágreinings að með eindæmum er. Þessi ágreiningsmál kljúfa þjóðina niður í andstæðar fylkingar eftir mismunandi sjónarmiðum, hagsmunaárekstrum, siðferðisskoðunum, byggðamálum og stéttarágreiningi. Hér er um að ræða djúpstæð mál, sem höfða til réttlætiskenndar og tilfinninga sem valda sundurþykkju, úlfúð og illvígum deilum, og til þess eins fallin að sundra þjóðinni þegar mest ríður á samstilltu átaki til úrlausnar þeim vanda sem nú er á höndum til mótunar fiskveiðistefnu. Og vissulega er það kaldhæðnislegt ef svo miklu yrði fórnað til að koma á sölu veiðileyfa með óhugnanlegum afleiðingum og engar nauður rekur til.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu til þingsályktunar að reynslan hafi ótvírætt sýnt að kvótakerfið fái ekki staðist. Það er aðeins spurning hvenær það verður aflagt og hvað það hefur gert landi og lýð mikinn skaða þegar sú stund rennur upp. Þess er að vænta að tillaga þessi stuðli að því að kvótakerfinu verði hrundið fyrr en síðar.

Fylgiskjal I.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS

Yfirlit um veiði helstu botnfisktegunda.
(Afli í þús. tonna.)

1980

	Tillaga fiskifr.	Ákv. stjórnvalda	Veiði
Þorskur	300 þús.	þús.	428 þús.
Ýsa	60 -	-	48 -
Ufsi	60 -	-	52 -
Karfi	50 -	-	70 -
Steinbítur	13 -	-	9 -
Grálúða	15 -	-	28 -
Skarkoli	10 -	-	5 -

1981

	Tillaga fiskifr.	Ákv. stjórnvalda	Veiði
Þorskur	400 þús.	þús.	461 þús.
Ýsa	50 -	-	61 -
Ufsi	60 -	-	55 -
Karfi	65 -	-	93 -
Steinbítur	13 -	-	8 -
Grálúða	15 -	-	15 -
Skarkoli	10 -	-	4 -

1982

	Tillaga fiskifr.	Ákv. stjórnvalda	Veiði
Þorskur	450 þús.	þús.	382 þús.
Ýsa	65 -	-	67 -
Ufsi	65 -	-	65 -
Karfi	60 -	-	115 -
Steinbítur	13 -	-	8 -
Grálúða	17 -	-	28 -
Skarkoli	10 -	-	6 -

1983

	Tillaga fiskifr.	Ákv. stjórnvalda	Veiði
Þorskur	350 þús.	þús.	293 þús.
Ýsa	70 -	-	64 -
Ufsi	65 -	-	56 -
Karfi	80 -	-	123 -
Steinbítur	8 -	-	12 -
Grálúða	17 -	-	29 -
Skarkoli	10 -	-	9 -

1984

	Tillaga fiskifr.	Ákv. stjórnvalda	Veiði
Þorskur	200 þús.	220 þús. 1)	282 þús.
Ýsa	55 -	60 -	47 -
Ufsi	65 -	70 -	60 -
Karfi	90 -	110 -	108 -
Steinbítur	12 -	15 -	10 -
Grálúða	25 -	30 -	30 -
Skarkoli	10 -	17 -	11 -

1985

	Tillaga fiskifr.	Ákv. stjórnvalda	Veiði
Þorskur	200 þús.	250 þús. 2)	323 þús.
Ýsa	45 -	60 -	50 -
Ufsi	60 -	70 -	55 -
Karfi	90 -	110 -	95 -
Steinbítur	12 -	15 -	10 -
Grálúða	25 -	30 -	29 -
Skarkoli	10 -	17 -	14 -

1986

	Tillaga fiskifr.	Ákv. stjórnvalda	Veiði
Þorskur	300 þús.	300 þús.	366 þús.
Ýsa	50 -	60 -	47 -
Ufsi	60 -	70 -	64 -
Karfi	85 -	100 -	86 -
Steinbítur	12 -		12 -
Grálúða	25 -	30 -	31 -
Skarkoli	10 -		13 -

1987

	Tillaga fiskifr.	Ákv. stjórnvalda	Veiði
Þorskur	300 þús.	330 þús.	390 þús.
Ýsa	50 -	60 -	39 -
Ufsi	65 -	70 -	78 -
Karfi	75 -	95 -	88 -
Steinbítur	13 -		13 -
Grálúða	25 -	30 -	45 -
Skarkoli	10 -		11 -

1988

	Tillaga fiskifr.	Ákv. stjórnvalda	Veiði
Þorskur	300 þús.	315 þús.	376 þús.
Ýsa	60 -	65 -	53 -
Ufsi	75 -	80 -	74 -
Karfi	75 -	85 -	94 -
Steinbítur	12 -		15 -
Grálúða	30 -	30 -	49 -
Skarkoli	10 -		14 -

1989

	Tillaga fiskifr.	Ákv. stjórnvalda	Veiði
Þorskur	300 þús.	285 þús.	354 þús.
Ýsa	60 -	65 -	62 -
Ufsi	80 -	80 -	80 -
Karfi	75 -	77 -	92 -
Steinbítur	12 -		14 -
Grálúða	30 -	30 -	58 -
Skarkoli	10 -		11 -

1990

	Tillaga fiskifr.	Ákv. stjórnvalda	Veiði
Þorskur	250 þús.	260 þús.	322 þús. [3]
Ýsa	60 -	65 -	65 -
Ufsi	90 -	90 -	96 -
Karfi	80 -	80 -	97 -
Steinbítur	12 -		15 -
Grálúða	30 -	30 -	36 -
Skarkoli	10 -		12 -

1) Viðbót 10% í apríl 1984
2) Viðbót 5% í apríl 1985
3) Áætlað 31.12.1990

Fylgiskjal II.

Siglingamálastofnun ríkisins:

YFIRLIT UM FISKISKIPAFLOTA ÍSLENDINGA.

	1. jan. 1976		1. jan. 1977		1. jan. 1978		1. jan. 1979		1. jan. 1980	
	Fjöldi	Brl.	Fjöldi	Brl.	Fjöldi	Brl.	Fjöldi	Brl.	Fjöldi	Brl.
Fiskiskip alls	898	98.979	882	97.156	893	101.239	907	106.415	868	104.160
Þar af skuttogarar	59	29.906	61	30.910	73	35.445	78	37.708	82	39.613
Önnur fiskiskip 100 brl. og yfir	230	50.537	222	48.100	222	47.990	226	50.959	218	48.367
Fiskiskip 99 brl. og minni	609	18.536	600	18.146	598	17.804	603	17.748	568	16.180
Opnir vélbátar			792	2.248	851	2.668	944	3.182	1.026	3.388
Skipting í stærðarflokka										
Bátar 1-9 brl.	130		131		133		138		135	
Bátar 10-24 -	213		210		211		214		210	
Bátar 25-49 -	108		108		108		107		93	
Bátar 50-99 -	158		151		146		144		130	
Bátar 100 brl. og yfir	289		282		295		304		300	

	1. jan. 1981		1. jan. 1982		1. jan. 1983		1. jan. 1984		1. jan. 1985	
	Fjöldi	Brl.	Fjöldi	Brl.	Fjöldi	Brl.	Fjöldi	Brl.	Fjöldi	Brl.
Fiskiskip alls	866	106.487	841	108.571	841	111.848	836	111.772	834	112.847
Þar af skuttogarar	86	41.917	92	44.426	100	47.596	101	48.130	102	48.924
Önnur fiskiskip 100 brl. og yfir	220	49.065	222	49.968	226	50.672	227	50.570	228	51.002
Fiskiskip 99 brl. og minni	560	15.505	527	14.177	515	13.580	508	13.072	504	12.921
Opnir vélbátar	1.148	3.748	1.267	4.117	1.366	4.474	1.461	4.835	1.503	5.035
Skipting í stærðarflokka										
Bátar 1-9 brl.	145		140		144		150		152	
Bátar 10-24 -	201		187		179		173		170	
Bátar 25-49 -	90		91		90		88		85	
Bátar 55-99 -	124		109		102		97		97	
Skip 100 brl. og yfir	306		314		326		328		330	

	1. jan. 1986		1. jan. 1987		1. jan. 1988		1. jan. 1989		1. jan. 1990	
	Fjöldi	Brl.	Fjöldi	Brl.	Fjöldi	Brl.	Fjöldi	Brl.	Fjöldi	Brl.
Fiskiskip alls	832	112.594	822	112.391	899	117.452	957	121.651	967	123.211
Þar af skuttogarar	102	48.979	101	48.704	106	51.380	110	54.476	112	55.650
Önnur fiskiskip 100 brl. og yfir	227	50.719	230	51.507	233	53.378	233	53.564	232	54.714
Fiskiskip 99 brl. og minni	503	12.896	491	12.180	560	12.694	614	13.611	623	12.847
Opnir vélbátar	1.646	5.524	1.329	4.943	1.486	5.481	1.623	6.560	1.637	6.535
Skipting í stærðarflokka										
Bátar 1-9 brl.	154		154		200		232		241	
Bátar 10-24 -	168		168		193		214		223	
Bátar 25-49 -	79		69		67		69		67	
Bátar 55-99 -	102		100		100		99		92	
Skip 100 brl. og yfir	329		331		339		343		344	

Sþ. 528. Fyrirspurn [293. mál]

til menntamálaráðherra um aðgang ungmenna að skemmtistöðum.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

Gildir önnur regla um aðgang ungmenna að stöðum sem leyfi hafa til áfengisveitinga en sú sem almennt er boðuð í 43. gr. barnaverndarlaga, sbr. breytingu á þeim með lögum nr. 14/1983, þ.e. að miða skuli við fæðingarár en ekki fæðingardag?

Sþ. 529. Fyrirspurn [294. mál]

til menntamálaráðherra um bætt hlustunarskilyrði útvarps í Hveragerði og Ölfushreppi.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Má vænta þess að bætt verði úr lélegum hlustunarskilyrðum útvarps í Hveragerði og Ölfushreppi?

Sþ. 530. Fyrirspurn [295. mál]

til menntamálaráðherra um gildandi reglur um fréttaflutning.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hvaða reglur gilda hjá Ríkisútvarpi og sjónvarpi um fréttaflutning af menningar- og listviðburðum utan höfuðborgarsvæðis?

Sþ. 531. Fyrirspurn [296. mál]

til utanríkisráðherra um „skipulagsnefnd um öryggis- og varnarmál".

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvað veldur því að utanríkisráðherra hefur nýlega skipað nefnd sem samkvæmt skipunarbréfi er m.a. ætlað að samræma áætlanir sem varða:
   „a. varnar- og liðsdreifingaráætlanir varnarliðsins á Íslandi, varnir hernaðarlega mikilvægra staða,
   b. birgða- og stjórnstöðvaráætlanir til stuðnings lið a,
   c. varnar- og liðsaukaáætlanir Atlantshafsbandalagsins á Norður-Atlantshafi,
   d. stuðningsáætlanir viðtökulands (Host Nation Support Plans),

e. neyðaráætlanir Almannavarna ríkisins, fjarskipta- og stjórnkerfi"?
2. Hverjir hafa verið skipaðir í þessa nefnd?
3. Var haft samráð innan ríkisstjórnar áður en þessi nefndarskipan var ákveðin?

Sþ. 532. Fyrirspurn [297. mál]

til iðnaðarráðherra um undirbúning vegna álbræðslu.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver er orðinn heildarkostnaður við undirbúning Atlantal-álbræðslu frá því samningur um hagkvæmnikönnun var undirritaður 4. júlí 1988:
   a. á vegum iðnaðarráðuneytis,
   b. á vegum Landsvirkjunar,
   c. á vegum markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar?
2. Hversu miklu fjármagni hefur Landsvirkjun þegar varið til einstakra þátta eða ákveðið ráðstöfun á til undirbúnings virkjana og stofnlína á grundvelli heimilda í lögum nr. 74/1990?
3. Hvaða verksamningar hafa verið gerðir eða eru í undirbúningi á vegum Landsvirkjunar vegna virkjanaundirbúnings í þágu Atlantal-álbræðslu? Óskað er eftir yfirliti um hvern verksamning eða tilboð, umsamið verð eða kostnaðaráætlun eftir því á hvaða stigi útboð er.
4. Hvaða fyrirvarar eru í verksamningum með tilliti til þess að samningar verði ekki gerðir um álbræðslu eða upphaf framkvæmda frestist frá því sem iðnaðarráðuneyti og Landsvirkjun hafa lagt til grundvallar í áætlunum?

Beðið er um kostnaðartölur á verðlagi hvers tíma og færðar til verðlags í ársbyrjun 1991.

Skriflegt svar óskast.

Ed. 533. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til l. um launamál.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp það, sem hér um ræðir, er til staðfestingar bráðabirgðalögum sem sett voru 3. ágúst 1990 til að ógilda kjarasamning ríkisins og aðildarfélaga BHMR frá 18. maí 1989. Í þeim samningi var fallist á þá kröfu að BHMR-félagar ættu að þessu sinni að fá sérstakar hækkanir til að samræma laun þeirra launum fólks með sömu menntun og í

sambærilegum störfum á almennum vinnumarkaði. Virðist hafa verið sátt um það milli samningsaðila hvernig að þessu skyldi staðið.

Þann 1. febr. 1990 gerðu *aðrir aðilar* vinnumarkaðarins með sér kjarasamning þar sem launahækkunum var í hóf stillt en ríkisvaldið tók að sér að sjá til þess að verðlagsþróun yrði innan vissra marka og jafnframt virðast aðilar hafa gert samkomulag um að launaþróun annarra yrði sú sama og greint er í þessum samningi sem kenndur er við þjóðarsátt.

Ekki virðist ríkisstjórnin hafa verið í vafa um að hún gæti staðið við umrædd „þjóðarsáttarmörk" þó svo að ákvæði í samningi BHMR fælu í sér 4,5% kauphækkun 1. júlí 1990 en í „þjóðarsáttarsamningi" ASÍ og VSÍ var kveðið á um 1,5% hækkun. Þegar í ljós kom að ASÍ og VSÍ gátu ekki fallist á að BHMR-fólk fengi fyrrgreinda 4,5% launahækkun en aðrir ekki komst málið í sjálfheldu. BHMR-fólk taldi sig eiga rétt á hækkuninni 1. júlí en ríkisstjórnin vildi a.m.k. seinka greiðslum fram yfir gildistíma „þjóðarsáttar". Fór svo að málið kom fyrir Félagsdóm og virðist ríkisstjórnin, sem hafði ráðfært sig munnlega við ýmsa lögfræðinga, álíta að málinu væri borgið. Þegar Félagsdómur kvað upp dóm sinn reyndist hann falla BHMR í vil og kom þá til þess gjörnings sem til umfjöllunar er nú, þ.e. setningar bráðabirgðalaga sem felldu úr gildi ákvæði þau í samningi BHMR og ríkisins sem Félagsdómur byggði úrskurð sinn á. Enn virðist ríkisstjórnin hafa byggt ákvörðun sína á munnlegri ráðgjöf ýmissa lögfræðinga.

Telja verður það meira en vafasamt að „þjóðarsáttaraðilar" geti ákveðið að launasamningar annarra, þ.e. BHMR-fólks, verði að falla úr gildi án þess að um það sé samið við BHMR. Einnig telur 1. minni hl. að hæpið sé fyrir ábyrga aðila að byggja ákvarðanir sínar í svo viðkvæmu og vafasömu máli á munnlegri ráðgjöf manna, þótt lögfróðir séu. En mergurinn málsins er þó sá að 1. minni hl. telur að óhæfa sé að skjóta deilumáli til úrskurðar dómstóls og að honum fengnum séu undirstöður úrskurðarins afmáðar með bráðabirgðalögum til þess að þurfa ekki að standa við úrskurðinn. Allt annarra leiða hefði þurft að leita í þessu máli. Fyrsti minni hl. er því alfarið á móti staðfestingu þessara bráðabirgðalag. Að öðru leyti er vísað til nefndarálits 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar um mál þetta.

Alþingi, 22. jan. 1991.

Guðrún J. Halldórsdóttir.

Sþ. 534. Tillaga til þingsályktunar [298. mál]

um frelsi í útflutningsverslun.

Flm.: Björgvin Guðmundsson, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að breyta reglugerð nr. 27 11. jan. 1988 um útflutningsleyfi o.fl. á þann veg að útflutningsverslunin verði frjáls.

Greinargerð.

Þróun utanríkisviðskipta Íslands hefur verið í átt til aukins frjálsræðis undanfarin ár

og áratugi. Innflutningsverslunin hefur að mestu verið gefin frjáls. Útflutningsverslunin er enn háð leyfum en á sviði hennar hafa mikilvæg skref verið stigin á leið til útflutningsfrelsis. Þannig var útflutningur á freðfiski gefinn frjáls fyrir nokkrum árum. Stærstu vöruflokkar á sviði útflutnings, sem háðir eru útflutningshöftum, eru saltfiskur, saltsíld og ísfiskur. Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda, SÍF, hefur í raun haft einkaleyfi til útflutnings á saltfiski og síldarútvegsnefnd hefur haft lögbundið einkaleyfi til útflutnings á saltsíld. Hvort tveggja er tímaskekkja á tímum frjálsræðis í viðskiptum milli þjóða. Ber brýna nauðsyn til að afnema þegar í stað einokunaraðstöðu þessara tveggja aðila. Tillagan gerir ráð fyrir að útflutningur á saltfiski verði gefinn frjáls. Ekki er fjallað um lögin um síldarútvegsnefnd í tillögunni en telja má eðlilegt að breyta þeim samhliða afnámi á einokun SÍF þannig að einkasöluaðstaða síldarútvegsnefndar verði einnig afnumin.

Útflutningur á ísfiski er háður margvíslegum útflutningshömlum. Hefur verið sett á fót skömmtunarskrifstofa undir heitinu „Aflamiðlun“ sem úthlutar leyfum til útflutnings á ísfiski. Minnir skömmtunarskrifstofa þessi einna helst á Innflutningsskrifstofuna sem starfaði á haftaárunum í innflutningsmálum. Engin leið er að úthluta réttlátlega útflutningsleyfum á þann hátt sem „Aflamiðlun“ hefur tekið sér fyrir hendur að gera. Hafa störf hennar verið mjög umdeild og á stundum hefur ríkt stríðsástand í kringum starfsemi hennar. Það er sjálfsblekking að ætla að Íslendingar geti haldið uppi verði á ísfiski erlendis með því að takmarka framboð á slíkum fiski héðan. Ef hinir erlendu markaðir fá ekki nægan fisk héðan leita þeir eftir honum frá öðrum þjóðum.

Stóru sölusamtökin hér á landi hafa unnið gott starf á erlendum vettvangi, en þau hafa gott af samkeppni. Ætla á að samkeppni styrki þau fremur en hitt. Hætt er við að stór sölusamtök, sem hafa einokunaraðstöðu, staðni. Reynslan hefur leitt í ljós að ótti sá sem menn báru í brjósti varðandi Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Samband íslenskra samvinnufélaga, þegar freðfiskútflutningur var gefinn frjáls, reyndist ástæðulaus. Útflutningur annarra aðila á freðfiski hefur einungis orðið til þess að veita þessum stóru sölusamtökum aðhald en alls ekki brotið þau niður. Ætla má að hið sama verði uppi á teningnum ef útflutningur á saltfiski verður gefinn frjáls, svo framarlega sem SÍF stendur sig. Þess vegna má telja öruggt að samkeppni á þessu sviði sem öðrum verði til góðs.

Frjáls samkeppni í útflutningi færir þjóðarbúinu auknar tekjur. Hún leiðir til aukins sölustarfs á erlendum mörkuðum. Útflytjendur, sem sýna hugkvæmni og dugnað við sölu íslenskra afurða, ná hærri verðum, en hinir sem ekki standa sig munu heltast úr lestinni.

Ed. 535. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til l. um launamál.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Aðdragandi þess að bráðabirgðalög um launamál voru gefin út 3. ágúst 1990 var í stuttu máli þessi:

1. Hinn 18. maí 1989 var undirritaður nýr kjarasamningur milli aðildarfélaga BHMR og ríkissjóðs. Forsætisráðherra og fjármálaráðherra komu einkum að samningsgerðinni á lokastigi. Af því tilefni er viðtal við forsætisráðherra í Morgunblaðinu þar sem hann „sagðist mundu standa við þær yfirlýsingar sem hann hefði áður gefið, eins og í ríkis-

stjórninni 1985, að kjör háskólamenntaðra manna í þjónustu ríkisins ættu að vera sambærileg við það sem gerðist hjá háskólamenntuðum mönnum utan ríkisgeirans". Síðan er haft orðrétt eftir Steingrími Hermannssyni: „Raunar skil ég vel þá tortryggni sem er hjá þeim vegna þess hve erfiðlega hefur gengið að fá þetta fram."

Fréttamaður ríkisútvarpsins, Jón Guðni Kristjánsson, átti viðtal við fjármálaráðherra um það bil sem undirskriftum samningsins var að ljúka. Þá sagði Ólafur Ragnar Grímsson m.a. orðrétt: „ ... og ég vil láta hér í ljós þá ósk, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, að þessi samningur verði upphafið að nýrri sáttargjörð milli ríkisvaldsins og háskólamenntaðra manna og það er einlæg von okkar að þetta verk verði til þess að skapa tiltrú og traust milli aðila".

Davíð Oddsson sagði m.a. af sama tilefni: „Í annan stað er ljóst að þessir samningar eru í raun settir á frost, ef svo mætti segja. Þeir falla að verulegu leyti á næsta ári og árinu þar á eftir og ég er hræddur um að þegar kemur að þeim tíma að menn ætli að fara að yfirfæra þennan samning á veruleikann, þá lendi menn í óbrúanlegum þverstæðum."

Þorsteinn Pálsson sagði í Morgunblaðinu 20. maí: „Það er skrifuð út ávísun á framtíðina sem fjármálaráðherra hefur ekki og getur ekki sýnt fram á að innstæða sé fyrir."

2. Hinn 1. febr. 1990 náðust kjarasamningar milli ASÍ og VSÍ. Kjarni þeirra var sá að freista þess að koma í veg fyrir frekari rýrnun kaupmáttar með því að launahækkunum yrði stillt í hóf sem ætti að tryggja hjöðnun verðbólgu.

Einar Oddur Kristjánsson, formaður Vinnuveitendasambandsins, hefur skýrt svo frá að þá hafi forsætisráðherra handsalað að ekki kæmi til launahækkana samkvæmt samningi ríkisins við aðildarfélög BHMR. Á fundi fjárhags- og viðskiptanefndar hefur forsætisráðherra staðfest að þetta sé efnislega rétt.

Í viðtali við Morgunblaðið sunnudaginn 19. ágúst sl. víkur forsætisráðherra að þessum atburðum og segist þar gjarna hefði viljað standa við samningana við BHMR um að samanburður yrði gerður á kjörum háskólamanna í þjónustu ríkisins og á almennum vinnumarkaði. — „Ég hefði mjög gjarna viljað standa við þetta," segir hann, og bætir við síðar í viðtalinu að hann „hafi verið talsmaður þess að viðræður yrðu teknar upp við BHMR strax að loknum þjóðarsáttarsamningunum um breytt viðhorf, en það hafi ekki fengið hljómgrunn í ríkisstjórninni. Hann hafi þó einu sinni rætt við forsvarsmenn BHMR, þrátt fyrir að þessi málefni heyri ekki undir hann."

Þessi viðræða mun að vísu hafa átt sér stað í janúar 1990 í framhaldi af bréfi stjórnar BHMR til forsætisráðherra, dags. 3. jan. 1990, þar sem kvartað er undan því að „vinnubrögð í samstarfsnefnd BHMR og fjármálaráðherra" séu „með óviðunandi hætti". Bréfinu lýkur með þessum orðum Páls Halldórssonar: „Ég vil með þessu bréfi leggja áherslu á hlutverk þitt og ríkisstjórnarinnar við gerð þessa samnings og óska því eindregið eftir því að þú beitir þér innan ríkisstjórnarinnar fyrir því að lausn verði fundin á þessum málum. Hingað til hefur BHMR ekki talið rétt að opinbera þessar vanefndir í þeirri von að ríkið muni standa við gefin fyrirheit. En nú hefur fjármálaráðherra ekki aðeins með tómlæti vanrækt samninginn heldur með beinum hætti brotið gegn honum. Við það mun BHMR ekki una."

3. BHMR höfðaði mál fyrir Félagsdómi og féll dómur 23. júlí þar sem fallist var á kröfur BHMR um 4,5% launahækkun frá 1. júlí. Allir dómarar Félagsdóms voru sammála um dómsniðurstöðu. Þótt Halldór Ásgrímsson í fjarveru Steingríms Hermannssonar og Ólafur Ragnar Grímsson hefðu lýst yfir að ekki kæmi annað til greina en hlíta niðurstöðum dómsins voru bráðabirgðalög um launamál gefin út 3. ágúst 1990 þar sem

kjarasamningarnir voru í raun felldir úr gildi.

Skiptar skoðanir eru um hvort bráðabirgðalögin standist ákvæði stjórnarskrárinnar. Á fundi fjárhags- og viðskiptanefndar nefndi forsætisráðherra nöfn lögfræðinga og lögmanna sem ríkisstjórnin hefði haft til ráðuneytis um þau efni en sagði aðspurður að engin skrifleg álitsgerð hefði legið fyrir ríkisstjórninni.

Í 4. gr. bráðabirgðalaganna er kveðið á um að 5. og 15. gr. kjarasamninga milli aðildarfélaga BHMR og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs frá 18. og 19. maí 1989 skuli falla úr gildi. Forsætisráðherra upplýsti á fundi fjárhags- og viðskiptanefndar að hann hefði samþykkt orðalag I. kafla kjarasamninganna en kvaðst ekki hafa haft með 15. gr. að gera. Aðspurðir sögðu fulltrúar BHMR á fundi nefndarinnar að forsætisráðherra hefði samþykkt efnisatriði 15. gr.

Fulltrúar fjármálaráðherra komu á fund fjárhags- og viðskiptanefndar. Aðstoðarmaður fjármálaraherra sagði að samið hefði verið við Gallup á Íslandi um að afla upplýsinga um launakjör háskólamenntaðra manna á almennum vinnumarkaði og í opinberri þjónustu. Launamunur hefði ekki verið staðreyndur enn. Formaður BHMR hefur upplýst í símtali við undirritaðan að þær upplýsingar, sem fyrir liggja hjá Gallup á Íslandi, staðfesti hið gagnstæða, að um verulegan launamun sé að ræða. Ólafur Örn Haraldsson og Tómas B. Björnsson frá Gallup á Íslandi upplýstu á fundi fjárhags- og viðskiptanefndar að niðurstöðum hefði í grófum dráttum verið skilað fyrir 1. júlí sem hefðu gefið ótvíræðar vísbendingar um launakjör háskólamenntaðra manna. Verkið væri yfirgripsmikið og fyrirtækið hefði átt góða samvinnu við báða málsaðila. Þeir hefðu óskað eftir því að skýrsla Gallups yrði ekki birt. Gagnasöfnun hefði lokið í júní en úrvinnsla heldur enn áfram.

4. Hinn 13. júlí var undirritaður kjarasamningur milli fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Félags íslenskra flugumferðarstjóra. Hann er skýrður með því að í samræmi við reglugerð nr. 240/1989 skuli hámarksaldur flugumferðarstjóra vera 60 ár, og 3 árum betur ef viðkomandi er við góða heilsu, í stað 70 ára áður.

Í kjarasamningnum er gert ráð fyrir að svokölluð föst yfirvinna, sem ekki hefur verið unnin, skuli felld inn í mánaðarlaunin í tveimur áföngum. Hér er um 44 stundir að ræða sem var eytt með 6 launaflokka hækkun 1. ágúst sl. og 7 launaflokka hækkun 1. jan. sl. Það jafngildir 39% hækkun mánaðarlauna með samsvarandi hækkunum á yfirvinnu, gæsluvöktum og vaktaálagi auk eftirlauna.

Þá er samið um að laun flugumferðarstjóra hækki um 4,5% á tímabilinu 1. sept. 1991 til 31. des. 1991 og um 4,26% eigi síðar en 1. júní 1992. Orðalag samkomulagsins og bókunar um niðurstöður og lokafrágang, sem birt eru sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu, bendir ótvírætt til að þessar launahækkanir skuli vera umfram það sem um semst á almennum vinnumarkaði. Að öðrum kosti er ekki hægt að sjá að hin sérstaka bókun hafi neitt að segja.

Hinn 27. júlí áttu Páll Halldórsson, formaður BHMR, Birgir Björn Sigurjónsson, framkvæmdastjóri BHMR, og Eggert Lárusson, formaður HÍK, fund með Steingrími Hermannssyni, Jóni Sigurðssyni og Ólafi Ragnari Grímssyni. Samkvæmt fundargerð BHMR af þessum fundi spurði Birgir Björn hvort ráðherrarnir sæju nokkurs staðar á næstu árum tækifæri til að læða að leiðréttingum til BHMR. Þessu svaraði forsætisráðherra svo samkvæmt fundargerðinni:

„Göngum í gegnum úrskurð skv. 9. gr. um leiðréttingartilefnið og ríkið er skuldbundið af samningunum. Þótt þetta tækist í haust eru ákvæði í öðrum samningum sem leiða

til víxlverkana. Finnst líklegt að unnt sé að sannfæra þjóðina um leiðréttingu enda komi hún ekki til framkvæmda fyrr en eftir þjóðarsáttina. Ef þeir semja aftur þjóðarsátt — sem fæli í sér frystingu á kjörum BHMR — þá veltur ábyrgð þeirra á þessari ráðagerð. Ég efa að þeir geti það!

Ríkisstjórnin ætlar ekki að raska þjóðarsáttinni, um það er samkomulag."

Að öðru leyti vísar undirritaður til nefndarálits 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar, Friðriks Sophussonar.

Að lokum má rifja upp að á fundi fjárhags- og viðskiptanefndar kvaðst forsætisráðherra bera fulla ábyrgð á orðalagi 5. gr. kjarasamningsins. Hann og fjármálaráðherra segjast þó ekki bera pólitíska ábyrgð á samningsgerðinni. Hvarvetna í nálægum löndum hefði fjármálaráðherra verið gert að segja af sér eftir slíka frammistöðu. Af siðferðilegum og pólitískum ástæðum er sjálfgert að greiða atkvæði gegn frumvarpinu. Því má ekki rugla saman við þjóðarsátt sem gerð er af hreinskilni og fyrir opnum tjöldum þannig að staðið sé við allt það sem í sáttmálsörkinni stendur.

Framhald þjóðarsáttar er undir því komið að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar verði velt úr sessi.

Alþingi, 23. jan. 1991.

Halldór Blöndal.

Fylgiskjal.

NEFND
Til athugunar á breyttum starfslokaskilyrðum flugumferðarstjóra

NEFNDARÁLIT

Í bókun 5 með samkomulagi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags íslenskra flugumferðarstjóra um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila, frá 14. júní 1989 segir svo:

> "Vegna breytinga á starfslokaskilyrðum flugumferðarstjóra, sbr. reglugerð nr. 329/1986, sbr. nr. 240/1989, um skírteini útgefin af flugmálastjórn, eru aðilar sammála um að endurskoða þau atriði kjarasamningsins, sem þær hafa áhrif á. Niðurstaða endurskoðunarinnar liggi fyrir við lok samningstíma."

Vegna þessarar bókunar tilnefndi fjármálaráðuneytið þá Birgi Guðjónsson, skrifstofustjóra, Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóra og Guðmund Matthíasson, framkvæmdastjóra sem fulltrúa þess við umrædda athugun, sbr. bréf ráðuneytisins 18. október 1989. Þá lá fyrir tilnefning Félags íslenskra flugumferðarstjóra frá 18. október s.á., þar sem flugumferðarstjórar Árni Þ. Þorgrímsson, Jón Árni Þórisson, Helgi Björnsson og Valdimar Ólafsson voru kallaðir til verksins.

Reglugerð sú sem vitnað er til í bókuninni ákveður skilyrði þau sem sérhæfðar starfsstéttir innan flugsins þurfa að uppfylla til að fá útgefin og geta haldið starfsskírteinum sínum. Með reglugerð nr. 240/1989 var gr. 4.3.1.1 sem fjallar um aldur flugumferðarstjóra breytt þannig:

> "Hann [flugumferðarstjórinn] skal ekki vera yngri en 21 árs. Skírteinishafa er eigi rétt að starfa sem flugumferðarstjóri eftir að hann hefur náð 60 ára aldri. Heimilt er þó að framlengja þennan hámarksaldur um 5 ár til 31. desember 1990, en síðan aðeins um allt að 3 árum, enda gangist hlutaðeigandi flugumferðarstjóri undir skoðun trúnaðarlækna flugmálastjórnar ekki sjaldnar en á fjögurra mánaða fresti, eftir að hann hefur náð 60 ára aldri."

Nefndin hefur haldið alls ellefu fundi og fengið til sín þá Guðmund Árnason, starfsmann Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Jón Erling Þorláksson, tryggingafræðing.

Á fyrstu fundum var fjallað um nálgun verkefnisins og urðu nefndarmenn sammála um að afleiðingar reglugerðarbreytingarinnar fælust í skertum möguleikum til ávinnings lífeyris sem og lægri ævitekjum. Þetta byggist á að starfsævin styttist um allt að sjö ár þegar reglugerðin nær fullri virkni í ársbyrjun 1991. Þá sammæltust nefndarmenn um að stefna að einni úrlausnaraðferð frekar en einstaklingsbundnum útreikningum. Niðurstaðan var að miða við flugumferðarstjóra með 1. réttindi.

Lífeyrisspurningin var rædd við Guðmund Árnason frá LSR, sem upplýsti nefndarmenn um gildandi reglur sjóðsins. Þær verða ekki raktar hér. Honum voru síðan kynnt efnisatriði reglugerðarbreytingarinnar og aðrir málavextir. Hann sagði að gildandi lög og reglur um starfsemi LAR miðuðu við hin almennu starfslokaskilyrði opinberra starfsmanna og væru engir möguleikar til frávika. Breytingu þyrfti þar á svo bregðast mætti við t.d. því máli er hér ræðir.

Vegna lífeyrismálanna kom fram af hálfu fulltrúa flugumferðarstjóra að þeir teldu eftir atvikum unnt að leysa þann þátt með inntöku 44 fastra yfirvinnutíma inn í iðgjaldaskyldar launagreiðslur til þeirra. Sérstakur útreikningur fylgdi ekki þessari tillögu, en bent á að þetta leiddi ekki til aukningar heildarlaunagjalda ríkisins vegna flugumferðarstjórnar og að samninganefnd ríkisins hefði nýverið fært ýmsar aukagreiðslur til starfsmanna á skipum inn í mánaðarlaun.

Um þessa 44 yfirvinnutíma er það að segja að flugumferðarstjórar höfðu á löngum tíma náð samningum um 63 fastar stundir á mánuði vegna sölu á kaffi- og matartímum, samræmingu vegna svoneíndrar 50 mínútna reglu o.fl. Í síðustu samningum hefur fjöldi stundanna lækkað í og með að hluti þeirra hefur verið færður inn í almennar launagreiðslur til þeirra.

Fulltrúar ráðuneytisins lýstu yfir að tillaga þessi væri ef til vill einfaldasta lausnin á þessu atriði, en töldu ekki einsýnt að til þess þyrfti að kosta öllum þeim yfirvinnustundum sem hér um ræðir. Fulltrúar flugumferðarstjóra voru sammála um að 44 stundirnar væru ríflega reiknaðar lífeyrisréttindabætur vegna viðmiðunar-flugumferðarstjórans, sbr. ofar, en bentu á að aðferðin rétti hlut þeirra sem eldri væru, einkum þeirra er láta yrðu af störfum allra næstu árin.

Nefndarmenn urðu sammála um að umræddur tilflutningur yfir-vinnustundanna myndi eftir atvikum mæta þeirri lífeyris-réttindabreytingu sem hér ræðir ásamt lækkun ævitekna þeirra sem eldri eru.

Um skerðingu ævitekna var fenginn til starfs og upplýsingagjafar Jón Erlingur Þorlákssón, tryggingafræðingur. Málavextir og starfsaðstæður voru honum kynntar og lagði hann síðan fram og skýrði útreikninga þá er fram komu í sérstakri greinargerð, dags. 17. febrúar 1990. Þar setur Jón Erlingur fram ákveðna útreikninga miðað við teknar forsendur, en bendir á, að hann geri ekki ráð fyrir því að þeir verði notaðir bókstaflega við lausn málsins, heldur frekar hafðir til hliðsjónar.

Nefndarmenn urðu sammála um að miða bæri mat á skerðingu ævitekna við sjö ára tekjuskerðingu, þ.e. starfslok verði við 63 ára aldur í stað 70 ára. Aftur á móti varð allítarleg umræða um önnur viðmið í þessu efni. Niðurstaðan varð sú, eftir ráðfærslu við sérfræðinga, að nota bæri dánarlíkindi enda er slíkt ætíð gert við sambærilega útreikninga. Álitamál væri hins vegar hvort reikna bæri með vöxtum og þá hversu háa vaxtaprósentu ætti að nota. Lyktir málsins urðu þær að nefndarmenn sammæltust um að sleppa vaxtaþættinum úr umræddu mati.

Nefndarmenn urðu einnig sammála um að gera ekki ákveðnar tillögur um orðalagsbreytingar í einstökum kjarasamningsgreinum heldur láta nægja að setja framangreind viðmið fram til stuðnings og einföldunar þeirrar kjarasamningsviðræðu sem framundan er milli Félags íslenskra flugumferðarstjóra og samninganefndar ríkisins.

Reykjavík, 23. mars 1990

F.h. fjármálaráðuneytis

F.h. Félags ísl. flugumferðarstjóra

Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Félag íslenskra flugumferðarstjóra
gera með sér svofellt

SAMKOMULAG

um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila

1. grein

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist til 31. ágúst 1991 með þeim breytingum, sem í samkomulagi þessu felast, og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

2. grein

Á samningstímanum hækka mánaðarlaun skv. grein 1.1.1 sem hér segir:

1. júní 1990	1,5%
1. desember 1990	2,0%
1. mars 1991	2,5%
1. júní 1991	2,0%

3. grein

Grein 1.3 í kjarasamningi aðila orðist svo:

"Starfsaldur telst sá tími sem starfsmaður hefur unnið hjá ríki, sveitarfélögum og stofnunum sem styrktar eru af almannafé, svo og sá tími sem unninn hefur verið við flugumferðarstjórn erlendis. Gildir þessi starfsaldur til annarra þátta en launaflokkshækkana skv. kjarasamningi. Starfsaldur til launaflokkshækkana miðast við útgáfu skírteinis til fyrstu réttinda flugumferðarstjóra. Þeir sem við undirritun samnings þessa hafa hagstæðaðri viðmiðun skulu halda henni óbreyttri."

4. grein

Grein 7.1 í kjarasamningi aðila orðist svo:

"Ríkissjóður greiði sérstakt gjald í starfsmenntunarsjóð FÍF. Gjald þetta skal nema 0,22% af heildarlaunum félagsmanna."

5. grein

Hinn 1. júní skal starfsmaður sem er í starfi til 30. apríl fá greidda sérstaka orlofsuppbót að upphæð 7.000 kr. árið 1990 og 7.500 kr. árið 1991, er miðast við fullt starf næstliðið orlofsár. Greitt skal hlutfallslega fyrir hluta úr starfi.

Hafi starfsmaður látið af störfum og hafið töku eftirlauna á orlofsárinu skal hann fá greidda orlofsuppbót hlutfallslega miðað við unninn tíma.

Orlofsuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki launabreytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins.

Á orlofsuppbót reiknast ekki orlofsfé.

6. grein

Grein 14.3 um persónuuppbót í desember orðist svo:

"Starfsmaður í fullu starfi skal fá greidda persónuuppbót í desember ár hvert, sem nemi 30% af desemberlaunum í 6. þrepi 243. launaflokks. Með fullu starfi er átt við 100% starf næstliðna tólf mánuði. Hafi starfsmaðurinn gegnt hlutastarfi eða unnið hluta úr ári, skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall og/eða starfstíma. Greiðsla þessi er við það miðuð að viðkomandi starfsmaður hafi starfað samfellt frá 1. september það ár.

Starfsmaður, sem starfað hefur samfellt í a.m.k. 6 mánuði, skal fá greidda persónuuppbót, er hann lætur af störfum, miðað við starfstíma og starfshlutfall. Hlutfall reiknast á sama hátt og kveðið er á um í 1. mgr., en miðast við launatöflu síðasta starfsmánaðar. Málsgrein þessi gildir þó ekki um þá starfsmenn, sem hefja töku eftirlauna á tímabilinu 1. júlí-31. desember ár hvert.

Starfsmaður, sem hefur töku eftirlauna á tímabilinu 1. júlí-31. desember, skal fá greidda persónuuppbót 1. desember, sem miðast við 12 mánaða starf og meðalstarfshlutfall."

7. grein

Grein 14.7 í kjarasamningi aðila orðist svo:

"Flugmenn flugmálastjórnar, Sigurjón Einarsson og Snæbjörn Guðbjörnsson skulu njóta sömu kjara og flugumferðarstjórar III, samkvæmt samningi þessum."

8. grein

Um ákvæði um launanefnd, skipan hennar og verkefni sem og forsendur samningsins vísast til 7. og 8. greinar samkomulags við 12 aðildarfélög BSRB, dags. 2. febrúar 1990.

9. grein

Samningur þessi gildir frá og með 1. júní 1990.

Reykjavík, 13. júlí 1990

F.h. fjármálaráðherra

F.h. Félags íslenskra flugumferðarstjóra
með fyrirvara um samþykki félagsfundar

Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Félag íslenskra flugumferðarstjóra
gera með sér svofellt

SAMKOMULAG

um breytingu á kjarasamningi aðila til samræmis við nefndarálit frá 23. mars 1990 um starfslok flugumferðastjóra, sbr. reglugerð nr. 240/1989 um breytingu á reglugerð nr. 329/1986 um skírteini útgefnum af flugmálastjórn.

Reglugerð sú sem vitnað er til hér að ofan ákveður skilyrði þau sem sérhæfðar starfsstéttir innan flugsins þurfa að uppfylla til að fá útgefin og geta haldið starfsskírteinum sínum. Breytingin á reglugerðinni felur í sér að starfsaldur flugumferðarstjóra lækkar um 10 ár verður því hámarksaldur þeirra í starfi eftirleiðis 60 ár. Heimilt er þó að framlengja þennan hámarksaldur um 5 ár til 31. des. 1990 en síðan allt að 3 árum.

Með vísan til þessarar styttingar á starfsævi hefur náðst samkomulag milli aðila að sú fasta yfirvinna sem greidd hefur verið samkvæmt kjarasamningi aðila, 44 tímar á mánuði, falli niður í tveimur áföngum og í staðinn breytist launaflokkur flugumferðastjóra sem því nemur. Þetta verði gert með eftirfarandi hætti:

Dagsetning	Yfirv. tímar á mánuði	Launafl.	Breyting
1. júní 1990	44 klst	lfl. 255	+ 0 lfl.
1. ágúst 1990	22 klst	lfl. 261	+ 6 lfl.
1. janúar 1991	0 klst	lfl. 268	+ 7 lfl.

Aðilar eru sammála um að ofangreint leiði til breytingar á launagreiðslum um 5,09%, auk þess sem samkomulag er um að meta þá heilarlaunabreytingu sem leiðir af óbreyttri yfirvinnuprósentu til 3% Þessar hækkanir samanlagt, þ.e. 8,09%; gangi uppí hækkanir sem koma til með að verða vegna ofangreindrar reglugerðar um lækkun hámarksaldurs flugumferðarstjóra í starfi um 10 ár.

Þá er aðilar á sömu forsendum sammála um eftirfarandi breytingar á kjarasamningi:

1. Grein 2.7.2 hljóði svo:

"Fyrir störf samkvæmt vaktskrá, sbr. 2.7.1 ber að greiða flugumferðarstjórum, auk fastra mánaðarlauna, þann tíma sem hér greinir í hverjum mánuði:

32 klst. með 33,33% vaktaálagi
80 klst. með 45% vaktaálagi"

2. Grein 2.7.3 hljóði svo:

"Föst mánaðarlaun ásamt greiðslum samkvæmt 2.7.2. eru fyrir:

a) dagvinnu
b) vaktir utan daglegs vinnutímabils
c) samverutíma við vaktaskipti, sbr. gr. 1.9
d) skerðingu á matar- og kaffitíma á vöktum
e) vinnu umfram vinnuskyldu innan vaktakerfisins, þ.m.t. á frídögum

Reykjavík, 13. júlí 1990,

F.h. samninganefndar ríkisins

F.h. Félags íslenskra flugumferðastjóra

BÓKUN

um niðurstöður og lokafrágang endurskoðunar
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Félags íslenskra flugumferðarsjóra,
vegna breytinga á starfsaldri, sbr. reglugerð
nr. 240/1989, sem felur í sér að hámarksaldur
flugumferðarstjóra í starfi lækkar um 10 ár.

Með vísan til forsendna sem fram koma í sérstöku samkomulagi aðila frá 13. júlí 1990 er því hér með lýst yfir að við næstu endurskoðun á kjarasamningi Félags íslenskra flugumferðarstjóra verði eytt þeim mismun sem er á niðurstöðum nefndar frá 23. mars 1990 og tilvitnuðu samkomulagi, þ.e. 8,76%.

Þetta verði gert þannig að laun hækki um 4,5% á tímabilinu 1. september 1991 til 31. desember 1991 og um 4,26% eigi síðar en 1. júní 1992. Nánari útfærslu verði fundin staður við endurskoðun kjarasamnings haustið 1991.

Reykjavík, 13 júlí 1990

F.h. samninganefndar ríkisins

F.h. Félags íslenskra flugumferðarstjóra

Samningur milli
neðangreindra aðildarfélaga BHMR
og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
um breytingar og framlengingu á kjarasamningum þeirra.

Gildandi kjarasamningar neðangreindra aðildarfélaga framlengjast með þeim breytingum og viðaukum, sem í samningi þessum felast:

1. KAFLI

Um endurskoðun á launakerfi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna

1. grein

Endurskoða skal launakerfi háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins með tilliti til ábyrgðar, sérhæfni og menntunar, sem nýtist í starfi. Skal þessi endurskoðun hafa það að markmiði, að háskólamenntaðir ríkisstarfsmenn njóti sambærilegra kjara og menn, sem gegna hliðstæðum störfum eða hafa sömu eða svipaða menntun, sérhæfni og ábyrgð og ekki taka laun skv. launakerfi ríkisstarfsmanna, enda sé þá tekið tillit til hlunninda og annarra atriða, sem hafa áhrif á starfskjör. Standa skal að umræddum breytingum með þeim hætti, að ekki valdi röskun á hinu almenna launakerfi í landinu. Tímabundnar sveiflur og sérstakar aðstæður á vinnumarkaði skulu ekki hafa áhrif á þessa endurskoðun.

2. grein

Bera skal saman kjör háskólamenntaðra manna hjá ríkinu og annars staðar. Skulu þá metin laun fyrir dagvinnu, heildarlaun og hlunnindi fyrir þá, sem taka laun skv. launakerfi ríkisins annars vegar, og hins vegar hliðstæð kjör annarra háskólamenntaðra launamanna.

Þrír sérfróðir menn, sem ríkissáttasemjari skipar að höfðu samráði við aðila, skulu setja reglur um vinnubrögð, viðmiðanir og aðferðir við mat á starfskjörum. Samningsaðilar hafa komið sér saman um verkefnalýsingu í fylgiskjali 1. Lokið skal við að semja þessar reglur fyrir 1. júlí 1989.

Sérstakri nefnd, skipaðri þremur mönnum af BHMR og jafnmörgum af fjármálaráðherra, skal falinn sá kjarasamanburður, sem um er rætt í 1. mgr. skv. ofangreindum starfsreglum og skal hún meta tilefni til leiðréttingar á kjörum. Nefndin skal skila fyrstu áfangaskýrslu eigi síðar en 1. mars 1990, og skal taka mið af niðurstöðum hennar þegar við 1. áfanga í endurröðun í launaflokka skv. 5. gr. Nefndin skal skila lokaáliti eigi síðar en 1. júlí 1990.

3. grein

Setja skal á fót nefnd til að endurskoða námsmat í þeim tilgangi að taka upp kerfi, sem byggir á viðteknum reglum háskóla *um mat á námi, og setja nýjar reglur um mat á öðru námi í* samræmi við framangreint. Nefndin skal skipuð 1 fulltrúa frá fjármálaráðuneyti, 1 fulltrúa frá menntamálaráðuneyti og 2 fulltrúum frá BHMR. Nefndinni verði tryggð starfsaðstaða og starfsmaður.

Miðað skal við, að endurskoðuninni ljúki á tímabilinu frá 1. desember 1989 til 28. febrúar 1990.

4. grein

Mat á faglegri, fjármálalegri og stjórnunarlegri ábyrgð skal *fara fram með kerfisbundinni skilgreiningu á helstu störfum*, er háskólamenn gegna í þjónustu ríkisins, og þeim raðað samkvæmt matskerfi, sem aðilar koma sér saman um. Í því mati skal m.a. tekið mið af umfangi og eðli verkefna, fjárforráðum og stjórnunarlegum umsvifum. Verk þetta skal unnið af fjórum mönnum. Skal fjármálaráðherra tilnefna 2 menn og BHMR 2. Verkinu verði lokið fyrir 1. apríl 1990.

5. grein

Endurraða skal starfsheitum í launaflokka í samræmi við endurskoðun launakerfisins skv. 1. og 2. gr. Að því skal stefnt, að endurröðuninni verði lokið á ekki lengri tíma en þremur árum.

Tilfærsla milli launaflokka skal gerast í sem jöfnustum árlegum áföngum er taki gildi 1. júlí ár hvert, sá fyrsti árið 1990.

Í hverjum áfanga skal þá miða við að hækkun nemi einum launaflokki hið minnsta að meðaltali, en einstök starfsheiti og einstakir starfsmenn hækki þó ekki meira en nemur 3 launaflokkum. Er hér miðað við launaflokka skv. 10. gr. eða jafngildi þeirra, verði launatöflu breytt.

Sé tilefni til endurröðunar takmarkað, er heimilt að ljúka tilfærslu á skemmri tíma en þremur árum. Reynist á hinn bóginn ekki unnt að ná endurröðuninni *í 3 árlegum áföngum, er heimilt* að fjölga áföngum um 2 og falla þá niður ákvæði 3. mgr. varðandi þá áfanga.

Röðun í launaflokka skal taka mið af menntun svo og faglegri, fjármálalegri og stjórnunarlegri ábyrgð, sbr. ákvæði 1., 3. og 4. gr.

Hafi nefnd skv. 3. mgr. 2. gr. ekki skilað lokaáliti hinn 1. júlí 1990, skal greitt upp í væntanlega hækkun þannig að tilfærslur milli launaflokka skv. 3. mgr. verði að jafnaði 1/2 launaflokki meiri en lágmark skv. 3. mgr. heföi verið frá 1. júlí 1990. Við endanlega ákvörðun áfangans skal þó enginn lækka í launaflokki.

Í stað tilfærslu milli launaflokka skv. þessari grein er aðilum heimilt að semja um önnur kjaraatriði, er jafngildi þeirri launaflokkatilfærslu, sem tilefni gefst til eða hluta hennar.

6. grein

Samhliða endurskoðun launakerfisins verði kannaðar leiðir til aukinnar hagræðingar í rekstri ríkisstofnana, m.a. í því skyni að bæta kjör starfsmanna, stuðla að bættu rekstrarskipulagi, betri nýtingu rekstrarfjármagns og virkari þátttöku starfsmanna í stefnumótun og stjórnun. Sérstaklega verði unnið því að auka hlut kvenna í ábyrgðarstöðum til samræmis við jafnréttisáætlanir. Leitað verði samráðs við starfsfólk um framkvæmd þessarar greinar.

7. grein

Fyrir lok samningstímans skal nefnd, skv. 3. mgr. 2. gr. meta reynsluna af kerfisbreytingunni, sbr. 1. gr. og þann árangur, sem hún hefur skilað með tilliti til allra framangreindra þátta. Undirbúningur að árangursmati á hinu nýja kerfi verði hafinn ári áður en samningstíminn rennur út og niðurstaða skal liggja fyrir 9 mánuðum síðar. Skulu samningsaðilar móta vinnubrögð og aðferðir við matsgerðina og kynna niðurstöður hennar sameiginlega.

8. grein

Stofnaður verði nú þegar sérstakur sjóður til þess að stuðla að auknum rannsóknum, þróunarstarfi og endurmenntun háskólamanna. Úr sjóðnum verði úthlutað til félagsmanna, einstaklinga eða hópa, skv. reglum, sem aðilar setja í sameiningu.

Sjóðurinn greiði m.a. styrki til rannsókna- og þróunarverkefna, námskeiðsgjöld, ferða- og dvalarstyrki, styrki vegna námskeiða, sem félögin standa fyrir, aukaþóknun fyrir óvenju umfangsmikil verkefni og laun á námsleyfistíma. Ríkissjóður greiði mánaðarlega frá gildistöku samningsins framlag í sjóðinn, sem nemi 1,5% af föstum dagvinnulaunum. Starfsmaður, sem fer í námsleyfi skv. reglum sjóðsins, haldi ráðningu og ráðningartengdum réttindum. Stéttarfélög geta samið um aðra ráðstöfun þess fjármagns, sem hér um ræðir, enda leiði það ekki af sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð.

9. grein

Rísi ágreiningur milli aðila um framkvæmd kjarasamanburðar eða túlkun á niðurstöðum skv. 2. gr. eða fyrirkomulag breytinga skv. 5. gr., getur hvor aðili um sig óskað eftir, að ágreiningnum verði vísað til úrskurðar þriggja manna nefndar. Skal einn skipaður af fjármálaráðherra, annar af BHMR, en yfirborgardómarinn í Reykjavík skipi oddamann.

Skal fella úrskurð innan tveggja mánaða.

2. KAFLI

Um breytingar á kjarasamningum aðila sem taka skulu gildi á tímabilinu frá 1. maí 1989 til 30. september 1990.

10. grein

Frá 1. maí 1989 gildi eftirfarandi launatafla sbr. grein 1.1.1 í kjarasamningum aðila:

LFL.	1. þr.	2. þr.	3. þr.	4. þr.	5. þr.	6. þr.	7. þr.	8. þr.
137	47.199	49.559	52.037	54.639	56.824	59.097	61.461	63.919
138	48.615	51.046	53.598	56.278	58.529	60.870	63.305	65.837
139	50.073	52.577	55.206	57.968	60.285	62.696	65.204	67.812
140	51.576	54.154	56.862	59.705	62.093	64.577	67.160	69.847
141	53.123	55.779	58.568	61.496	63.956	66.514	69.175	71.942
142	54.716	57.452	60.325	63.341	65.875	68.510	71.250	74.100
143	56.358	59.176	62.135	65.241	67.851	70.565	73.388	76.323
144	58.049	60.951	63.999	67.199	69.887	72.682	75.589	78.613
145	59.790	62.780	65.919	69.215	71.983	74.863	77.857	80.971
146	61.584	64.663	67.896	71.291	74.143	77.108	80.193	83.400
147	63.431	66.603	69.933	73.430	76.367	79.422	82.598	85.902
148	65.334	68.601	72.031	75.633	78.658	81.804	85.076	88.480
149	67.294	70.659	74.192	77.902	81.018	84.258	87.629	91.134
150	69.313	72.779	76.418	80.239	83.448	86.786	90.258	93.868
151	71.393	74.962	78.710	82.646	85.952	89.390	92.965	96.684
152	73.534	77.211	81.072	85.125	88.530	92.071	95.754	99.584
153	75.740	79.527	83.504	87.679	91.186	94.834	98.627	102.572
154	78.013	81.913	86.009	90.309	93.922	97.679	101.586	105.649
155	80.353	84.371	88.589	93.019	96.739	100.609	104.633	108.819
156	82.764	86.902	91.247	95.809	99.642	103.627	107.772	112.083
157	85.246	89.509	93.984	98.683	102.631	106.736	111.005	115.446
158	87.804	92.194	96.804	101.644	105.710	109.938	114.336	118.909
159	90.438	94.960	99.708	104.693	108.881	113.236	117.766	122.476
160	93.151	97.809	102.699	107.834	112.147	116.633	121.299	126.151

11. grein

Prófaldursmörkum skv. grein 1.2.2 verði breytt þannig frá 1. júlí 1989, að tilfærsla milli þrepa verði við 1, 2, 4, 6, 10, 15 og 20 ár og við bætist ákvæði um lágmarkslaunaþrep eftir lífaldri, þannig:

1. þrep byrjunarlaun
2. þrep eftir 1 árs prófaldur
3. þrep eftir 2 ára prófaldur
4. þrep eftir 4 ára prófaldur
5. þrep eftir 6 ára prófaldur eða 30 ára aldur
6. þrep eftir 10 ára prófaldur eða 40 ára aldur
7. þrep eftir 15 ára prófaldur eða 50 ára aldur
8. þrep eftir 20 ára prófaldur

Aldur reiknast frá upphafi næsta mánaðar eftir afmælisdag.

12. grein

Laun samkvæmt 10. gr. hækki um 1,5% hvert sinn þann 1. september 1989, 1. nóvember 1989, 1. janúar 1990 og 1. maí 1990.

13. grein

Hinn 1. júní 1989 skal starfsmaður fá greidda sérstaka orlofsuppbót að fjárhæð 6.500 kr., er miðist við fullt starf næstliðið orlofsár. Greitt skal hlutfallslega fyrir hluta úr starfi á því orlofsári.

14. grein

Grein 1.7.1 orðist svo:

Starfsmaður í fullu starfi skal fá greidda persónuuppbót 1. desember ár hvert, sem nemi 30% af desemberlaunum í 143. launaflokki 6. þrepi skv. launatöflu í 10. grein. Með fullu starfi er átt við 100% starf tímabilið 1. janúar til 30. nóvember sama ár. Hafi starfsmaðurinn gegnt hlutastarfi eða unnið hluta úr ári, skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall á framangreindu tímabili, enda hafi hann starfað a.m.k. frá 1. september það ár.

Starfsmaður, sem fór á eftirlaun á árinu, en hefði ella fengið greidda persónuuppbót í desember, skal fá hana greidda eigi að síður, enda hafi hann skilað starfi, er svari til a.m.k. hálfs starfsárs það ár.

3. KAFLI

Um endurskoðun og gildistíma samnings þessa.

15. grein

Verði almennar breytingar á launakjörum annarra launþega eftir 30. nóvember 1989, þannig að þau hækki umfram launabreytingar skv. 12. gr., geta aðilar krafist breytingar á launaliðnum sem því nemur. Náist ekki samkomulag um slíka breytingu innan eins mánaðar frá því að krafa kemur fram, getur hvor aðili um sig óskað eftir, að ágreiningurinn verði úrskurðaður af nefnd skv. 9. gr og skal hún þá skila niðurstöðu innan þriggja vikna.

16. grein

Breytingar á kjarasamningi HÍK:

Frá upphafi skólaársins 1989/1990 lækki kennsluskylda byrjenda 1. árið í starfi um 1 kennslustund á viku.

Frá 1. mars 1989 raðist framhaldsskólakennari, sem jafnframt er meistari iðnnema, 1 launaflokki hærra en ella.

Frá 1. mars 1989 hækki kennari, sem bætir við sig eða hefur bætt við sig stigum með viðbótarnámi kennara eða námskeiðum fyrir þá, sem hér segir:

5-24 stig	um 1 launaflokk
25-49 stig	um 2 launaflokka
50 stig og fleiri	um 3 launaflokka

Frá gildistöku samningsins bætist við nýr launaflokkur fyrir grunnskóla- og framhaldsskólakennara og leiðbeinendur með 260 námsmatsstig og þar yfir.

17. grein

Samningur þessi gildir til 31. desember 1994, en skal vera uppsegjanlegur eftir 30. september 1990 með eins mánaðar fyrirvara.

18. maí 1989

Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs — Formaður BHMR

Bókanir með samningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og aðildarfélaga BHMR undirrituðum 18. maí 1989

Bókun 1

Samningsaðilar eru sammála um að reglugerð nr. 633/1987 um barnsburðarleyfi verði endurskoðuð að því er eftirtalin efnisatriði varðar:

Viðmiðunartímabil vegna yfirvinnu og vaktaálags verði 12 mánuðir í stað 6 mánaða nú.

Vegna starfsloka við lok barnsburðarleyfis verði miðað við venjulegan uppsagnarfrest.

Heimilt verði að lengja barnsburðarleyfi í allt að 12 mánuði í stað 9 mánaða nú.

Óheimilt er að segja barnshafandi konu upp starfi nema gildar ástæður séu fyrir hendi.

Skylt er, þar sem því verður við komið, að færa barnshafandi konu til í starfi, ef það er þess eðlis, að heilsu hennar eða fósturs er af því hætta búin, enda verði ekki við komið breytingum á starfsháttum. Slík tilfærsla skal ekki hafa áhrif á launakjör viðkomandi til lækkunar.

Heimilað verði að skipta barnsburðarleyfi vegna heilsufars barns, þegar sérstaklega stendur á.

Bókun 2

Samningsaðilar eru sammála um, að reglugerð nr. 135/1988, um veikindaforföll starfsmanna ríkisins, verði breytt þannig, að viðmiðunartímabil vegna meðaltals yfirvinnu verði 12 mánuðir í stað 6 mánaða nú. Endurgreiðsla vinnuveitanda á læknisvottorði skv. 7. mgr. 1. greinar reglugerðarinnar taki einnig til greiðslu til læknis fyrir viðtal vegna öflunar vottorðsins.

Bókun 3

Aðilar eru sammála um, að þegar um ráðningu í starf er að ræða, verði ráðning með uppsagnarfresti ríkjandi ráðningarform. Séu verkefnislok fyrirfram ákveðin eða um afleysingu að ræða, verði slík ráðning þó tímabundin. Þegar tímabundin ráðning hefur varað í 2 ár, verði henni breytt í ráðningu með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Réttur lausráðinna til launa í veikindum, barnsburðarleyfi o.fl. verði ákveðinn sérstaklega að undangengnum viðræðum við heildarsamtök ríkisstarfsmanna.

Viðkomandi stéttarfélag fer með forsvar fyrir laus- og fastráðna félagsmenn sína í þjónustu ríkisins, sem gegna störfum á samningssviði félagsins, sbr. ákvæði laga nr. 94/1986 og í samræmi við 2. lið yfirlýsingar fjármálaráðherra frá 3. september 1982.

Unnið verði að fullnaðarfrágangi ákvæða sbr. ofanritað á samningstímanum. Verði þeirri vinnu lokið fyrir 15. september 1989.

Bókun 4

Tekin verði til skoðunar hækkun á örorkubótum vegna slysa í starfi. Örorkubætur verði greiddar sem næst verðlagi greiðslumánaðar í stað slysdags.

Bókun 5

Undirbúin verður breyting á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, er miðist við, að iðgjöld verði greidd af öllum launum. Iðgjöld af öðrum launum en dagvinnulaunum myndi sérdeild í sjóðnum, þar sem réttindi ráðist af greiddum iðgjöldum og ávöxtun þeirra. Miðað verði við, að upptöku iðgjalda verði skipt í tvo jafnstóra áfanga, og taki annar gildi 1. janúar 1990 og hinn 1. janúar 1991.

Jafnframt verði undirbúnar hliðstæðar breytingar á lífeyrismálum þeirra, sem samningur þessi tekur til, en ekki eiga aðild að LSR.

Bókun 6

Samningsréttarlögin verði endurskoðuð í samvinnu við öll samtök opinberra starfsmanna. Stefnt verði að því, að breytingar, sem aðilar verða sammála um, verði lagðar fram á haustþingi 1989.

Bókun 7

Á samningstímanum fari fram athugun á því með hvaða hætti sé unnt að bregðast við launaskriði á almennum markaði.

Bókun 8

Nefnd, skipuð fulltrúum Dýralæknafélags Íslands, fjármála- og landbúnaðarráðuneytis, mun taka embættis- og vaktskyldu héraðsdýralækna til umfjöllunar. Nefndin hefji störf án tafar og skili niðurstöðum innan þriggja mánaða. Miðað skal við, að héraðsdýralæknum verði kleift að njóta vikulegra frídaga eins og sambærilegar starfsstéttir.

Fylgiskjal 1
með samningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og aðildarfélaga BHMR undirrituðum 18. maí 1989

Um verkefni við setningu reglna um mat á starfskjörum sbr. 2. gr. í 1. kafla samningsins.

Meðal þeirra atriða sem um skal fjalla í reglum um vinnubrögð, viðmiðanir og aðferðir við mat á starfskjörum eru þessi:

1. Laun fyrir dagvinnu og vaktavinnu og skilgreining þeirra launa.
2. Yfirborganir og ómæld yfirvinna.
3. Heildarlaun og vinnuframlag sem á móti þeim stendur.
4. Úrtak starfsmanna og fyrirtækja svo og úrtaksaðferðir.
5. Mat á lífeyrisréttindum og öðrum hlunnindum.
6. Aðferðir við samanburð milli starfshópa hjá ríkinu og annars staðar.

Yfirlýsing 1
með kjarasamningi fjármálaráðherra og aðildarfélaga BHMR undirrituðum 18. maí 1989

Aðilar eru sammála um, að ekkert hafi komið upp í verkfalli aðildarfélaga BHMR frá 6. apríl til 18. maí 1989 milli aðila, sem gefi tilefni til eftirmála af neinu tagi.

Sþ. 536. Tillaga til þingsályktunar [299. mál]

um löggjöf um og eftirlit með vopnasölu.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér með málflutningi og tillögugerð á alþjóðavettvangi fyrir:

a. Að gerður verði alþjóðasáttmáli á vegum Sameinuðu þjóðanna um skipan vopnasölu í heiminum, ekki síst til þriðja heimsins. Sáttmálinn feli m.a. í sér:
   1. ákvæði um upplýsingaskyldu varðandi vopnaframleiðslu og vopnasölu,
   2. ákvæði um skilyrði fyrir sölu vopnategunda er kaupandi og seljandi verða að uppfylla,
   3. ákvæði um refsingu ef sáttmálinn er brotinn og hversu refsing skuli framkvæmd ef til brots kemur,
   4. ákvæði um að hvert aðildarland skuli lögfesta á þjóðþingi sínu að alþjóðasáttmálinn hafi lagagildi.
b. Að sett verði á fót á vegum Sameinuðu þjóðanna stofnun eða ráð er hafi það hlutverk að fylgjast með vopnaframleiðslu í heiminum og vopnasölu og birta upplýsingar reglulega þannig að þær séu aðgengilegar allri heimsbyggðinni. Stofnunin hafi jafnframt það hlutverk að vekja athygli hinna Sameinuðu þjóða á brotum á sáttmála sem nefndur er í a-lið.
c. Að haldin verði alþjóðaráðstefna um vopnasölu í heiminum með þátttöku helstu vopnaframleiðslulanda.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa iðnríkin selt gríðarlegar vopnabirgðir til þriðja heimsins. Svo er komið að heimsfriðnum stafar vaxandi hætta af átökum í þriðja heiminum. Eftir að afvopnunarviðræður tóku að skila verulegum árangri hafa vopnaframleiðendur með vaxandi þunga leitað markaða fyrir framleiðslu sína meðal þróunarlanda. Lönd þessi verja mörg stórum hluta af takmörkuðum fjármunum sínum til vopnakaupa. Í löndum sem búa íbúum sínum slök lífskjör verður vart þverfótað fyrir eldflaugum og orrustuþotum. Í heimi þar sem talið er að 40.000 börn deyi á degi hverjum úr hungri verja hinar fátækustu þjóðir verulegum hluta tekna sinna til kaupa á stríðsvélum. Illa klæddir og vannærðir þegnar þessara þjóða vegast á með nýtískuvopnum, tortímingartækjum, fullkomnustu tækni, sem iðnríkin hafa af góðsemi sinni og velvild selt þeim og arðurinn rennur í vasa stórfyrirtækja sem ekki vita aura sinna tal og nýta hóflausan gróða sinn til þess að fullkomna tæknina við framleiðslu tortímingartækja.

Nýjasta og augljósasta dæmi afleiðinga þess að iðnríkin hafa selt þróunarlöndum gríðarlegar vopnabirgðir er staða mála við Persaflóa. Hinn 2. ágúst sl. réðust Írakar á Kúvæt og gjörsigruðu landið í skyndiárás. Í þessum heimshluta er Írak stórveldi hernaðarlega séð þótt mörg landanna búi yfir rándýrum nýtískuvopnum. Búnað og vopn til þess að ráðast á Kúvæt hafa Írakar keypt frá nær öllum iðnríkjum sem framleiða þessi tæki.

Nú er svo komið að fjölþjóðalið á í styrjöld við Írak, styrjöld sem hinar Sameinuðu þjóðir hafa heimilað. Fjölþjóðaliðið, grátt fyrir járnum, á í bardaga við Íraka sem eru ótrúlega vel útbúnir efna-, sýkla- og hátæknivopnum sem þessi sömu iðnríki hafa selt þeim. Frakkar hafa t.d. selt Írökum öll nýtískuvopn er þeir ráða yfir og afleiðingin er sú

að þeir geta ekki tekið þátt í loftárásunum á Írak vegna þess að Írakar fljúga bestu orrustuþotum Frakka og fjölþjóðaliðið mundi ekki þekkja flugvélar Frakka frá flugvélum Íraka. Bankar iðnríkjanna hafa lánað Írökum stórar fjárhæðir til þess að þróa Scud-flugskeytin sem nú er beitt gegn Saudi-Arabíu og Ísrael, sem og önnur vopn.

Stofnun Simons Wiesentals hefur gefið út skýrslu um vopnasölu til Írak. Mér vitanlega hefur þessi skýrsla ekki verið vefengd. Skýrslan greinir frá því að 207 fyrirtæki frá hinum ýmsu iðnríkjum hafi hjálpað Írak til þess að framleiða efnavopn og sýklavopn. Hluti þessara fyrirtækja hélt slíkri sölu og aðstoð áfram jafnvel eftir að Írak reyndist uppvíst að beitingu eiturgass í stríðinu gegn Íran og gegn eigin þegnum, Kúrdum. Því er haldið fram að með þessari miklu aðstoð geti Írak nú framleitt 1.500 til 2.400 tonn á ári hverju af eiturvopnum. Upplýst er að 86 fyrirtækjanna eru frá Þýskalandi, 18 frá Bandaríkjunum, 18 frá Bretlandi, 17 frá Austurríki, 16 frá Frakklandi, 12 frá Ítalíu og 11 frá Sviss.

Er nú svo komið að ekki er talið nóg að hrekja Íraka frá Kúvæt. Brjóta verði hernaðarmátt þeirra á bak aftur, eyða vopnum sem fjölþjóðirnar hafa útbúið þá með.

Fullkomnasta tækni við framleiðslu kafbáta er seld til Suður-Afríku. Pakistan og Brasilía eru aðstoðuð við að koma sér upp kjarnavopnum. Jórdanir kaupa flugvélar sem geta skotið eldflaugum og Íran kaupir hráefni í efna- og eiturvopn.

Gróðavonin rekur auðug stórfyrirtæki iðnríkjanna til útflutnings á tortímingarvélum og tækni. Síðan fyllast þeir hinir sömu heilagri vandlætingu yfir því að vopnin skuli notuð. Sundraður heimur andstæðnanna eykur sundurþykkju sína.

Vopnasalan á sér bæði stjórnmálalegar og efnahagslegar rætur. Vopnakaup fjölmargra landa, m.a. þróunarlanda, eru hins vegar langt umfram nauðsyn vegna varna og öryggis. Víða hamla vopnakaup þjóðfélagsumbótum og þróun atvinnulífs í þriðja heiminum. Iðulega eru vopnin notuð af óvönduðum stjórnvöldum til alvarlegra brota á mannréttindum. Vopnasalan nær síður en svo einungis til svokallaðra hefðbundinna vopna, heldur einnig hátæknivopna og flauga til að flytja kjarnavopn, efnavopn og sýklavopn. Svo er því komið að heimsfriðnum er í reynd ógnað af vígbúnaði þriðja heimsins, vígbúnaði sem iðnríkin hafa fengið honum í hendur.

Alþjóðasamningar hafa verið gerðir til að hindra útbreiðslu kjarnavopna og sáttmáli hefur verið í gildi um sölu hátæknibúnaðar til austurblokkarinnar. Allt frá árinu 1949 hafa vestræn iðnríki ásamt Japan reynt að hindra útflutning háþróaðrar framleiðslu til austurblokkarinnar, framleiðslu er nota mætti í hernaði. Árið 1949 var sett á laggirnar sérstök nefnd, COCOM (Co-ordinating Committee on Multilateral Export Controls), til þess að samræma aðgerðir í þessu skyni. Sautján gerðust aðilar að þessari samþykkt og bannlistinn náði fljótlega yfir um 100.000 vörur og vöruflokka.

Á síðastliðnum missirum hefur fremur verið dregið úr hömlum á útflutningi hátæknivara til austurblokkarinnar og frá því í sumar hefur veruleg áhersla verið á því að losa um útflutningsbann. Sérstaklega hefur það verið gert gagnvart Ungverjalandi, Póllandi og ríki Tékka og Slóvaka. Hér er um að ræða tilraunir til að hjálpa ríkjum Austur- og Mið-Evrópu til að endurreisa efnahag sinn í kjölfar hruns hins kommúnistíska kerfis og aukinnar viðleitni þessara landa til þess að láta öfl markaðarins ráða meiru. En á sama tíma og hömlur hafa verið lagðar á hátækniviðskipti við Austur-Evrópu hefur útflutningur hergagna og vopna verið gríðarlegur til landa þriðja heimsins. Afleiðingar þessa verða æ skýrari.

Hér er ekki tilefni til að rekja í ítarlegu máli upplýsingar um vopnasölu í heiminum.

Þau fáu dæmi sem hér hafa verið nefnd eru aðeins örlítið brot þessara viðskipta.

Nauðsynlegt er að bregðast við með lagasetningu á alþjóðavettvangi. Við svo búið má í raun ekki standa lengur. Því er þessi tillaga flutt. Íslendingar eiga að leggja sín lóð á vogarskálina.

Staðan við Persaflóa, sem og víðar í heiminum, sýnir að harðra aðgerða er þörf. COCOM-nefndin starfaði aðeins gegn austurblokkinni. Nauðsynlegt er að koma á fót alþjóðlegri stofnun eða ráði, t.d. á vegum Sameinuðu þjóðanna, sem fylgist náið með allri vopnasölu í veröldinni. Komið verði á tilkynningarskyldu um vopnasölu. Allar upplýsingar um slíka sölu verður að birta og gera heyrin kunnar, gera þessi viðskipti gagnsæ. Strangar reglur verða að gilda og alvarleg refsing verður að liggja við brotum.

Til setunnar verður ekki boðið í þessum efnum. Velferð mannkyns er í veði, þúsundir almennra borgara víða um heim falla og börn hljóta örkuml, fjármunum er varið til vopna í stað fæðu. Það er í raun ótrúlegt hve gróðavonin er sterkt afl. Aðilar innan iðnríkjanna, aðilar sem hafa allt til alls í óhófs mæli, eru tilbúnir til að fórna öllu á altari Mammons og gjörvöllu mannkyni verður æ ljósari uppskeran.

Íslendingar eiga jafnframt með málflutningi sínum á alþjóðavettvangi að hvetja til alþjóðlegrar ráðstefnu um þessi mál með þátttöku allra helstu vopnaframleiðslulanda.

Ed. 537. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til l. um launamál.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Um mál þetta hefur mikið verið fjallað innan þings og utan undanfarna mánuði. Mætti því ætla að allt það væri fram komið sem máli skiptir. Allur málatilbúnaður af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur þó verið með þeim endemum að til umfangsmikilla málaferla hlaut að leiða og langt er frá að hilli undir lok þeirra átaka sem ríkisstjórnin hefur stofnað til í þjóðfélaginu. Þessar deilur eru ekki einungis stjórnmálalegar í þröngum skilningi heldur er einnig um það deilt hvort löggjöfin standist ákvæði stjórnarskrárinnar.

Um öll þessi atriði verður áfram deilt hvort sem Alþingi samþykkir lögin nú eða ekki. Þess vegna var hin viðamikla umræða, sem fram fór í neðri deild, þýðingarmikil og er hér sérstaklega vitnað til álits 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar, Friðriks Sophussonar, ásamt fylgiskjölum, svo og nefndarálits 2. minni hl. efrideildarnefndarinnar.

Ríkisstjórninni tókst með harðfylgi að þröngva málinu í gegnum neðri deild en enginn þingmaður stjórnarandstöðunnar léði máls á stuðningi við það. Við þessar aðstæður eru mál nú rekin af mikilli hörku fyrir dómstólum þegar óðum líður að kosningum og algjör óvissa er um framvinduna. Eðlilegt er að ríkisstjórnin ein beri ábyrgð á gjörðum sínum, en síðan kemur það í hlut nýrrar stjórnar að ráða fram úr þeim margháttaða vanda sem hrannast hefur upp á ofstjórnar- og óstjórnarárum ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar.

Þriðji minni hl. tekur því ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. jan. 1991.

Ey. Kon. Jónsson.

Sþ. 538. Tillaga til þingsályktunar [300. mál]

um ráðningu sjúkraþjálfara í öll fræðsluumdæmi.

Flm.: Anna Ólafsdóttir Björnsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Kristín Einarsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra og menntamálaráðherra að beita sér fyrir því að ráðnir verði sjúkraþjálfarar í öllum fræðsluumdæmum landsins.

Greinargerð.

Grunnskólarnir eru fjölmennustu vinnustaðir landsins og stærsti hópurinn, sem þar er við nám og störf, er börn og unglingar. Á skólaárunum er lagður grunnur að líkamlegri og andlegri velferð barna. Þau eyða mörgum klukkustundum á degi hverjum innan veggja skólans og því er mikilvægt að vel sé búið að þeim á vinnustað.

Brýnt er að tryggja skólabörnum þá sjálfsögðu þjónustu að fylgst sé með velferð þeirra á viðkvæmum uppvaxtarárum. Í upphafi skólagöngu eru bein barna ekki fullhörðnuð og samhæfing hreyfinga er einnig á viðkvæmu þroskastigi. Við rangt álag geta bein barna bognað og þroski samhæfinga og hreyfanleika líkamans er háður því að örvun sé við hæfi.

Börn þurfa, ekki síður en fullorðnir, að búa við góða vinnuaðstöðu og viðeigandi ráðgjöf og kennslu til að tryggja eðlilega líkamsbeitingu, samhæfingu og hreyfanleika. Í því skyni er hér lagt til að komið verði á fót stöðu sjúkraþjálfara í öllum fræðsluumdæmum landsins. Þar sem ekki væri kostur á sjúkraþjálfara í fast starf yrði fenginn sjúkraþjálfari af öðru svæði er veitti þá þjónustu sem hægt væri í hlutastarfi. Hlutverk sjúkraþjálfara væri fjórþætt:

1. Að fylgjast með vinnuaðstöðu skólabarna og veita ráðgjöf við innkaup á húsgögnum.
2. Að leiðbeina kennurum og nemendum um rétta líkamsbeitingu.
3. Að tengjast heilsugæslu skólabarna, t.d. með því að taka þátt í skólaskoðun ásamt lækni og hjúkrunarfræðingi eða skoða einstaka hópa skólabarna.
4. Að eiga samstarf við íþróttakennara vegna barna sem ekki eru í almennri leikfimi.

Þýðing forvarna og vinnuverndar hefur komið æ betur í ljós á síðari árum. Góðar forvarnir og fræðsla fækka ekki einungis veikindadögum heldur bæta einnig líðan fjölda fólks á vinnustöðum. Einfaldar úrbætur á vinnustað geta þar skipt sköpum. Góð fræðsla um líkamsbeitingu er fjárfesting sem kemur öllum til góða og minnkar líkur á að leita þurfi dýrra úrræða á sjúkrahúsum síðar meir vegna álagssjúkdóma.

Skólinn er vinnustaður barna og það fordæmi, sem þar er gefið, er veganesti út í lífið. Forvarnastarf í skólum er því ekki einungis mikilvægt til að hlífa börnum á við-

kvæmu þroskaskeiði heldur jafnframt sá grunnur sem vinnuvernd framtíðarinnar byggir á.

Ed. 539. Lög [40. mál]

um launamál.

(Afgreidd frá Ed. 23. jan.)

Samhljóða þskj. 40.

Sþ. 540. Fyrirspurn [301. mál]

til utanríkisráðherra um rétt útlendinga til að fjárfesta í landareignum.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

Með hvaða hætti er ráðgert að koma í veg fyrir að útlendingar festi kaup á íslensku landi, bújörðum og hlunnindum ef Ísland yrði hluti af Evrópsku efnahagssvæði?

Sþ. 541. Fyrirspurn [302. mál]

til fjármálaráðherra og sjávarútvegsráðherra um raðsmíðaskip.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Hvaða fiskveiðikvóta fengu raðsmíðaskipin Nökkvi HU, Gissur ÁR, Oddeyri EA og Jöfur KE sem Ríkisábyrgðasjóður seldi á árinu 1987?
2. Var ekki það fyrirheit gefið, þegar skipin voru boðin út í febrúar 1986, að þau mundu fá þann fiskveiðikvóta sem þarf til að reka slík skip?
3. Á hvaða verði seldi Ríkisábyrgðasjóður skipin?
4. Hvert væri söluverðið á núvirði?
5. Hvert er áætlað söluverð skipanna í dag ef ekki er meðtalinn sá fiskveiðikvóti sem fluttur hefur verið á skipin?
6. Hve miklar skuldir hvíla á skipunum hjá Ríkisábyrgðasjóði?
7. Hvernig og hvenær hyggst ríkisstjórnin koma þessu máli á hreint þannig að skipin fái viðunandi rekstrargrundvöll og unnt verði að gefa út afsöl?

Nd. 542. Frumvarp til laga [303. mál]

um bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimilda.

Flm.: Páll Pétursson.

1. gr.

Fjármálaráðherra er óheimilt að selja eftirtaldar eignir ríkissjóðs, ríkisstofnana eða sjóða í ríkiseign nema samkvæmt heimild í almennum lögum eða fjárlögum:

a. fasteignir,
b. hlutabréf eða eignarhluti í félögum,
c. skip eða flugvélar,
d. listaverk, listmuni og söfn sem geyma menningarverðmæti,
e. aðrar eignir sem hafa verulegt verðgildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fjármálaráðherra er óheimilt að selja fasteignir ríkissjóðs skv. 40. gr. stjórnarskrárinnar. Því er mjög óeðlilegt að ekki gildi sama regla um hlutabréf, eignarhluta í félögum, skip, flugvélar, listaverk, listmuni, menningarverðmæti eða aðrar eignir sem hafa verulegt verðgildi.

Sþ. 543. Nefndarálit [129. mál]

um till. til þál. um virðisaukaskattssvik og „svarta atvinnustarfsemi".

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna. Í umsögn um hana, sem nefndinni barst frá ríkisskattstjóra, lýsir hann sig eindregið hlynntan því að könnun af því tagi, sem gert er ráð fyrir í tillögunni, verði framkvæmd. Leggur ríkisskattstjóri áherslu á að staðið verði að könnuninni með sama hætti og gert var í vinnu skattsvikanefndar 1984–1986 til þess að unnt verði að mæla með sambærilegum hætti ávinninginn af skattkerfisbreytingum.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Ólafur Þ. Þórðarson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. jan. 1991.

Árni Gunnarsson, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Matthías Á. Mathiesen.
Geir H. Haarde.	Hreggviður Jónsson.	Geir Gunnarsson.

Ed. 544. Nefndarálit [28. mál]

um frv. til l. um mannanöfn.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það Hallgrím Snorrason hagstofustjóra, Skúla Guðmundsson, skrifstofustjóra Þjóðskrár, Guðrúnu Kvaran orðabókarritstjóra og Árna Böðvarsson, málfarsráðunaut Ríkisútvarpsins. Þá bárust nefndinni umsagnir um frumvarpið frá Prestafélagi Íslands, Íslenskri málnefnd, heimspekideild Háskóla Íslands, biskupi Íslands, Jafnréttisráði og Hagstofu Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Breytingin við 2. gr. er vegna mistaka í prentun. Fjórði málsliður 2. gr. á að vera sérstök málsgrein.
2. Breytingin við 3. gr. er til að kveða skýrar á um mannanafnaskrár. Samkvæmt breytingartillögunni eru tekin af öll tvímæli um það að skráin sé viðmiðunarskrá en ekki tæmandi heimild um þau nöfn sem leyfa mætti. Jafnframt er kveðið á um að hún skuli gefin út á þriggja ára fresti (í stað fimm ára) og gerð aðgengileg almenningi.
3. Breytingin við 5. gr. er til að taka af öll tvímæli um að skírn og nafngift sé tvennt ólíkt og því geti skírn farið fram þó að ágreiningur um nafn barns hafi verið lagður til úrskurðar mannanafnanefndar.
4. Breytingin við 6. gr. tryggir að ekki dragist á langinn að mannanafnanefnd kveði upp úrskurð í máli sem henni hefur borist. Er miðað við að ekki líði lengra en tvær vikur frá því að málið barst henni og þar til að úrskurður liggur fyrir.
5. Breytingin við 8. gr. felur í sér að gefa má barni, sem á erlendan ríkisborgara fyrir annað foreldri, erlent nafn sem annað tveggja eiginnafna. Frumvarpið gerði ráð fyrir að erlenda nafnið yrði hið síðara af tveimur eiginnöfnum. Nefndin telur hins vegar að það eigi að vera á valdi foreldranna að ákveða hvort hið íslenska eða hið erlenda sé fyrra eiginnafnið.
6. Breytingar á 12. gr. eru orðalagsbreytingar.
7. Breytingin við 23. gr. varðar málsmeðferð þegar barni er ekki gefið nafn innan þess tíma sem lögin tiltaka. Frumvarpið gerði ráð fyrir að Þjóðskrá mundi tilkynna um slíkt til dómsmálaráðherra er gæti beitt viðhlítandi þvingunarúrræðum. Niðurstaða nefndarinnar varð hins vegar sú að heppilegra væri að Þjóðskrá vekti fyrst athygli forsjármanns eða forsjármanna barnsins á þessu ákvæði laganna og skoraði á hann eða þá að gefa barninu nafn án tafar og að ekki kæmi því til kasta dómsmálaráðuneytisins að beita þvingunarúrræðum nema áskoruninni væri ekki sinnt. Talið var rétt að úrskurður um þvingunaraðgerðir (dagsektir) væri á hendi dómsmálaráðuneytisins þar sem ráðuneytið fer með yfirstjórn þessa málaflokks. Í ljósi reynslunnar annars staðar á Norðurlöndum er þó líklegt að málið leysist oftast í framhaldi af áminningarbréfi Hagstofunnar og því komi sjaldan til þess að dómsmálaráðuneytið þurfi að beita þvingunarúrræðum.
8. Breytingin við 24. gr. er til þess að taka af öll tvímæli um að frumvarpið gerir ráð fyrir að það sé dómsmálaráðherra er fari með mál er varða mannanöfn en ekki menntamálaráðherra eins og verið hefur samkvæmt auglýsingu um Stjórnarráð Íslands nr. 96/1969.
9. Breytingin við ákvæði til bráðabirgða I er til þess að hraða því að skipuð verði

mannanafnanefnd. Gert er ráð fyrir að dómsmálaráðherra leiti strax eftir tilnefningum í nefndina og skipi hana innan mánaðar frá birtingu laganna.

Halldór Blöndal var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. jan. 1991.

Eiður Guðnason, form.	Jón Helgason, frsm.	Guðrún J. Halldórsdóttir, fundaskr.
Salome Þorkelsdóttir.	Skúli Alexandersson.	Valgerður Sverrisdóttir.

Ed. 545. Breytingartillögur [28. mál]

við frv. til laga um mannanöfn.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Eiginnafn skal vera íslenskt eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Það má ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi. Eiginnafn má ekki heldur vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama.
   Hvorki má gefa stúlku karlmannsnafn né dreng kvenmannsnafn.
   Óheimilt er að gefa barni ættarnafn sem eiginnafn nema hefð sé fyrir því nafni.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Mannanafnanefnd, skv. 17. gr., skal til viðmiðunar við nafngjafir semja skrá um þau eiginnöfn sem heimil teljast skv. 2. gr. og er hún nefnd mannanafnaskrá í lögum þessum. Hagstofa Íslands gefur skrána út, kynnir hana og gerir aðgengilega almenningi og sendir hana öllum sóknarprestum og forstöðumönnum skráðra trúfélaga. Skrána skal endurskoða eftir því sem þörf er á en hún skal gefin út í heild eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.
3. Við 5. gr. Síðari málsliður 1. mgr. orðist svo: Sé nafn, sem barn á að hljóta, ekki á mannanafnaskrá skal prestur eða forstöðumaður trúfélags ekki samþykkja það að svo stöddu né gefa það við skírn heldur skal málið borið undir mannanafnanefnd.
4. Við 6. gr. Eftir 1. málsl. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Úrskurðir skulu kveðnir upp svo fljótt sem við verður komið og ekki síðar en innan tveggja vikna frá því mál barst nefndinni.
5. Við 8. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Sé annað foreldri barns erlendur ríkisborgari eða hafi verið það er heimilt að barninu sé gefið erlent nafn sem annað tveggja eiginnafna. Heimild þessi er háð þeim skilyrðum að hið íslenska eiginnafn barnsins fullnægi ákvæðum 2. gr. og að unnt sé að sýna fram á að hið erlenda nafn sé gjaldgengt í heimalandi hins erlenda foreldris þess.

6. Við 12. gr. Í stað orðanna „móðurafa síns“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: föður hennar. Í stað orðanna „stjúpföður síns“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: stjúpforeldris. Í stað orðsins „kynföður“ í síðari málslið 2. mgr. komi: kynforeldris. Í stað orðsins „stjúpföður“ í 4. mgr. komi: stjúpforeldris.
7. Við 23. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:
   Sé barni ekki gefið nafn innan þess tíma sem um getur í 2. mgr. 4. gr. skal Þjóðskrá vekja athygli forsjármanna barnsins á þessu ákvæði laganna og skora á þá að gefa barninu nafn án tafar. Sinni forsjármenn ekki þessari áskorun innan eins mánaðar og tilgreini ekki gildar ástæður fyrir drætti á nafngjöf skal Þjóðskrá tilkynna það dómsmálaráðherra. Heimilt er ráðherra, að undangenginni skriflegri áskorun, að leggja dagsektir á forsjármenn barns og falla þær á þar til barni er gefið nafn. Dagsektir renna í ríkissjóð og má gera aðför til fullnustu þeirra.
8. Við 24. gr. Greinin orðist svo:
   Dómsmálaráðherra fer með mál er varða mannanöfn og er honum heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd þessara laga.
9. Við ákvæði til bráðabirgða I. Ákvæðið orðist svo:
   Dómsmálaráðherra skal þegar eftir birtingu laga þessara leita eftir tilnefningum í mannanafnanefnd og skipa hana innan eins mánaðar. Nefndin skal þá þegar hefjast handa við að undirbúa starfsemi sína og framkvæmd laganna.

Nd. 546. Frumvarp til laga [304. mál]

um réttindi alþjóðastofnana o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

1. gr.

Alþjóðastofnun og alþjóðasamtök, starfslið þeirra og þeir sem koma fram fyrir hönd stofnunarinnar eða samtakanna, fulltrúar, sendimenn og erindrekar aðila að stofnuninni eða samtökunum og þeir sem taka þátt í rekstri mála fyrir alþjóðlegri stofnun skulu hafa þá réttarstöðu og njóta þeirrar friðhelgi, forréttinda og undanþágna hér á landi sem kveðið er á um í alþjóðasamningi sem öðlast hefur gildi að því er Ísland varðar.

Utanríkisráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1991. Jafnframt falla úr gildi eftirtalin lagaákvæði:

1. Lög um heimild til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um réttindi Sameinuðu þjóðanna, nr. 13 1. mars 1948.
2. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðasiglingamálastofnun (IMCO), nr. 52 11. júní 1960.
3. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun Norræna fjárfestingarbankans, nr. 26 12. maí 1976.
4. Lög um Þróunarsjóð fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland, nr. 14 19. febrúar 1987.

5. Lög um norrænan þróunarsjóð, nr. 14 7. mars 1989.
6. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta samninga um réttarstöðu skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og um réttarstöðu samnorrænna stofnana, nr. 55 22. maí 1989.
7. 5. gr. laga vegna aðildar Íslands að Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, nr. 15 27. mars 1990.
8. Lög um norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar, nr. 102 12. desember 1990.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ísland er aðili að ýmsum alþjóðastofnunum. Í alþjóðasamningum þeim er liggja til grundvallar þessum stofnunum er iðulega að finna ýmis ákvæði er leggja aðildarríkjum á herðar skyldur til að tryggja stofnunum þessum réttarstöðu í aðildarríkjum, svo og friðhelgi, forréttindi og undanþágur til handa þeim, starfsliði þeirra og erindrekum. Til dæmis getur þurft að tryggja að stofnun geti verið aðili að dómsmáli. Eignir stofnana og skjalasöfn eru friðheilög og ekki má leggja ýmsar takmarkanir á eignir þeirra. Samskiptafrelsi þarf að tryggja og veita starfsmönnum og erindrekum ýmis réttindi til þess að þeir geti sinnt störfum sínum í þágu þessara stofnana. Viss fríðindi á sviði skatta og tolla þarf einnig að tryggja.

Hér á landi hafa verið sett nokkur sérstök lög sem snerta þetta efni:

1. Lög um heimild til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um réttindi Sameinuðu þjóðanna, nr. 13/1948, og hefur samningurinn lagagildi hér á landi. Lögin ná aðeins til Sameinuðu þjóðanna sem slíkra en ekki sérstofnana þeirra.
2. Lög um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, nr. 110/1951.
3. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðasiglingamálastofnun (IMCO), nr. 52/1960. Samþykktin hefur lagagildi hér á landi samkvæmt lögunum. Í 50. og 51. gr. og II. viðbæti samþykktarinnar er að finna ákvæði um friðhelgi.
4. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að gerast aðili að alþjóðasamningi um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja, nr. 74/1966. Samkvæmt lögunum hefur samningurinn lagagildi hér á landi. Í 18.–24. gr. samningsins er kveðið á um friðhelgi og undanþágur.
5. Lög um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband, nr. 16/1971. Samningurinn hefur lagagildi hér á landi.
6. Lög um norrænan tækni- og iðnþróunarsjóð, nr. 54/1973, en samkvæmt lögunum hefur Norðurlandasamningur um norrænan tækni- og iðnþróunarsjóð lagagildi hér á landi. Í samningnum er ekki kveðið á um friðhelgi en í 2. gr. laganna eru sjóðnum veittar undanþágur.
7. Lög um aðild Íslands að alþjóðasamningi um ræðissamband, nr. 4/1978. Samningurinn hefur lagagildi hér á landi.
8. 6. gr. laga um Iðnþróunarsjóð, nr. 9/1970, en samkvæmt lögunum hefur samningur um Norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland lagagildi hér á landi. Í 5. gr. samningsins er kveðið á um friðhelgi og undanþágur.
9. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun Norræna fjárfest-

ingarbankans, nr. 26/1976. Samningurinn hefur lagagildi hér á landi.

10. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta þrjá alþjóðasamninga gegn mengun sjávar af völdum olíu, nr. 14/1979. Samkvæmt lögunum hafa samningarnir lagagildi hér á landi en 34. gr. eins þeirra, samnings frá 18. desember 1971 um stofnun Alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar, kveður á um forréttindi og undanþágur.
11. Lög um Þróunarsjóð fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland, nr. 4/1987.
12. Lög um norrænan þróunarsjóð, nr. 14/1989.
13. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta samninga um réttarstöðu skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og um réttarstöðu samnorrænna stofnana, nr. 55/1989. Samningarnir hafa lagagildi hér á landi.
14. Lög vegna aðildar Íslands að Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, nr. 15/1990, sbr. 5. gr.
15. Lög um norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar, nr. 102 12. desember 1990.

Einfalt þykir og heppilegt að fara t.d. að dæmi Norðmanna og skapa grundvöll í almennum lögum þannig að ekki þurfi að setja sérlög um þessi skyldubundnu réttindi í hvert sinn sem Ísland gerist aðili að alþjóðastofnun. Þess má geta að ákvæði samninganna hafa fyrst og fremst gildi gagnvart þeim ríkjum þar sem stofnanirnar eru. Lítt eða ekki reynir í reynd á ákvæði þeirra á Íslandi, enda eru stofnanirnar yfirleitt ekki hér né heldur útibú þeirra. Öruggara þykir þó að hafa lagagrundvöllinn hér á landi í lagi, enda er það skylt samkvæmt viðkomandi samningum.

Í fskj. I eru skráð ákvæði um friðhelgi og forréttindi í samningum sem Ísland er aðili að.

Verði frumvarp þetta að lögum verður einnig unnt að gerast aðili að samningi frá 21. nóvember 1947 um forréttindi og friðhelgi sérstofnana Sameinuðu þjóðanna. Enn fremur er ætlunin að Ísland fullgildi fjórðu og fimmtu bókanir við samning frá 2. september 1949 um réttindi og griðhelgi Evrópuráðsins. Þær fjalla um réttarstöðu dómara Mannréttindadómstóls Evrópu og nefndarmanna mannréttindanefndar Evrópu. Einnig verður unnt að fullgilda Evrópusamning frá 6. maí 1969 um aðila sem taka þátt í málflutningi fyrir mannréttindanefnd og Mannréttindadómstól Evrópu.

Frumvarp þetta á einkum rætur sínar að rekja til skuldbindinga Íslands í 54. gr. stofnsamnings Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu frá 29. maí 1990. Eru ákvæði VII. kafla hans um réttarstöðu, friðhelgi, forréttindi og undanþágur birt hér á eftir sem fskj. II sem eins konar sýnishorn slíkra ákvæða alþjóðasamninga.

Taka skal fram að í 30. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, sbr. 3. gr. laga nr. 49/1987, eru ákvæði um skattfrelsi launatekna starfsliðs alþjóðastofnana. Í 4. tölul. 3. gr. tollalaga, nr. 55/1987, eru ákvæði um að aðilar sem undanþegnir eru skattskyldu með sérstökum lögum skuli ekki greiða toll af innfluttum vörum.

Fylgiskjal I.

Ákvæði um friðhelgi og forréttindi í samningum sem Ísland er aðili að.[1)]

Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO). 47. og 60. gr. samþykktar um Alþjóðaflugmálastofnunina frá 7. desember 1944 (SÍ 49).

Sameinuðu þjóðirnar.

i) 104. og 105. gr. Sáttmála hinna Sameinuðu þjóða frá 26. júní 1945 (SÍ 52).

ii) Samningur frá 13. febrúar 1946 um réttindi og griðhelgi Sameinuðu þjóðanna (SÍ 56), sbr. lög nr. 13/1948.

iii) 5. gr. samnings frá 21. nóvember 1956 um tæknilega aðstoð milli Íslands og Sameinuðu þjóðanna og stofnana þeirra (SÍ 112).

Matvæla- og landbúnaðarstofnun hinna Sameinuðu þjóða (FAO). 4. tölul. 8. gr. og 16. gr. stofnskrárinnar frá 16. október 1945 (SÍ 53).

Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO). XII. kafli stofnskrárinnar frá 16. nóvember 1945 (C 5/1964).

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF). IX. kafli samkomulags frá 27. desember 1945 um samþykktir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SÍ 54, sbr. C 18/1978).

Alþjóðabanki til endurbyggingar og nýbyggingar (IBRD). 7. gr. samkomulags frá 27. desember 1945 um samþykktir bankans (SÍ 55).

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO). 66.–68. gr. stofnskrárinnar frá 22. júlí 1946 (SÍ 59).

Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO). 40. gr. gerðar frá 9. október 1946 um breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (SÍ 60).

Alþjóðaveðurfræðistofnunin (WMO). 27. gr. samnings frá 11. október 1947 um Alþjóðaveðurfræðistofnunina (SÍ 66).

Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO). 50. og 51. gr. og II. viðbætir samþykktar frá 6. mars 1948 um Alþjóðasiglingamálastofnunina (SÍ 67), sbr. lög nr. 52/1960.

Evrópuráðið.

i) 40. gr. stofnskrár Evrópuráðsins frá 5. maí 1949 (SÍ 79).

ii) Samningur frá 2. september 1949 um réttindi og griðhelgi Evrópuráðsins (SÍ 83), ásamt bókunum frá 6. nóvember 1952 (SÍ 84), 15. desember 1956 (SÍ 85) og 6. mars 1959 (C 8/1971).

Tollasamvinnuráðið (Customs Co-operation Council). 13. gr. samnings frá 15. desember 1950 um tollasamvinnuráð og viðaukinn við samninginn (C 2/1971).

Norður-Atlantshafsbandalagið.

i) Samkomulag frá 20. september 1951 varðandi réttarstöðu Norður-Atlantshafsbandalagsins, fulltrúa og starfslið þess (SÍ 78).

ii) Bókun frá 28. júlí 1952 varðandi aðstöðu alþjóðlegra hernaðarbækistöðva sem stofnað hefur verið til samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum (SÍ 97).

Alþjóðalánastofnunin (IFC). 6. gr. samkomulags frá 25. maí 1955 um Alþjóðalánastofnun (SÍ 104).

Alþjóðakjarnorkumálastofnunin (IAEA). 15. gr. stofnskrár stofnunarinnar frá 26. október 1956 (SÍ 111).

Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA). 35. gr. samnings frá 4. janúar 1960 um stofn-

un Fríverslunarsamtaka Evrópu og bókun frá 28. janúar 1960 við samninginn um löghæfi, sérréttindi og friðhelgi Fríverslunarsamtaka Evrópu (C 7/1970).

Hin alþjóðlega framfarastofnun (IDA). 8. gr. samnings frá 26. janúar 1960 um hina alþjóðlegu framfarastofnun (SÍ 121).

Efnahagssamvinnu- og framfarastofnunin (OECD). 19. gr. samnings frá 14. desember 1960 um Efnahagssamvinnu- og framfarastofnunina og viðbótarsamkomulag II við samninginn (SÍ 124).

Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES). 15. gr. samnings frá 12. september 1964 um alþjóðahafrannsóknaráðið (C 2/1965).

Alþjóðleg stofnun til lausnar fjárfestingardeilum. 18.–24. gr. samnings frá 18. mars 1965 um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja (C 13/1966), sbr. lög nr. 74/1966.

Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna. 43. gr. alþjóðasamnings frá 19. desember 1966 um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi (C 10/1979).

Alþjóðasjómælingastofnunin (IHO). 13. gr. samnings frá 3. maí 1967 um Alþjóðasjómælingastofnunina (C 6/1968).

Alþjóðahugverkastofnunin (WIPO). 12. gr. samnings frá 14. júlí 1967 um stofnun Alþjóðahugverkastofnunarinnar (C 11/1986).

Norrænn iðnþróunarsjóður fyrir Ísland. Engin ákvæði um friðhelgi eru í samningi frá 12. desember 1969 um sjóðinn (C 8/1970) en í 6. gr. laga nr. 9/1970 er gert ráð fyrir undanþágum.

Alþjóðastofnun fjarskipta um gervihnetti (INTELSAT). XV. gr. samnings frá 20. ágúst 1971 um alþjóðastofnun fjarskipta um gervihnetti (C 3/1975).

Alþjóðasjóður til að bæta tjón af völdum olíumengunar. 34. gr. alþjóðasamnings um stofnun sjóðsins (C 10/1980), sbr. lög nr. 14/1979.

Norrænn tækni- og iðnþróunarsjóður. Engin ákvæði um friðhelgi eru í samningi frá 20. febrúar 1973 um sjóðinn (C 18/1973) en í 2. gr. laga nr. 54/1973 er gert ráð fyrir undanþágum.

Norræni fjárfestingarbankinn. 5. gr. samnings frá 4. desember 1975 um stofnun bankans(C 12/1976), sbr. lög nr. 26/1976.

Evrópustofnun fjarskipta um gervitungl (EUTELSAT). XVII. gr. stofnsamnings frá 15. júlí 1982 (C 7/1986).

Alþjóðahafsbotnsstofnunin. 176.–183. gr. hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 (C 7/1985).

Norrænn þróunarsjóður fyrir hin vestlægu Norðurlönd. 6. gr. samnings frá 19. ágúst 1986 (C 2/1987), sbr. lög nr. 4/1987.

Skrifstofur Norðurlandaráðs. Samningur frá 13. maí 1987 um réttarstöðu skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs (C 12/1989), sbr. lög nr. 55/1989.

Norrænn þróunarsjóður. 6. gr. samnings um sjóðinn frá 3. nóvember 1988 (C 15/1988), sbr. lög nr. 14/1989.

Samnorrænar stofnanir. Samningur frá 9. desember 1988 um réttarstöðu samnorrænna stofnana og starfsfólks þeirra (C 7/1989), sbr. lög nr. 55/1989.

Norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar. 6. gr. samnings frá 2. mars 1990 um stofnun Norræns fjármögnunarfélags á sviði umhverfisverndar (C 26/1990), sbr. lög nr. 102/1990.

[1)]Tilvísanir innan sviga eru til samninga sem eru birtir í ritinu Samningar Íslands við erlend ríki (SÍ) eða auglýsingum í C-deild Stjórnartíðinda (C).

Fylgiskjal II.

ÚR STOFNSAMNINGI ENDURREISNAR- OG PRÓUNARBANKA EVRÓPU

VIII. KAFLI
Réttarstaða, friðhelgi, forréttindi og undanþágur.

44. gr.
Tilgangur kaflans.

Réttarstöðu þá, friðhelgi, forréttindi og undanþágur, sem lýst er í kafla þessum, skal veita bankanum á landsvæðum allra aðildarríkja svo að hann geti til fullnustu gegnt hlutverki sínu og þeim störfum sem honum eru falin.

45. gr.
Réttarstaða bankans.

Bankinn skal hafa fullt rétthæfi og m.a. gerhæfi að því er varðar það að:

i) gera samninga,
ii) eignast og afsala lausafé og fasteignum og
iii) höfða mál.

46. gr.
Staða bankans gagnvart málsókn.

Aðeins má höfða mál gegn bankanum fyrir þar til bærum dómi með lögsögu á landsvæði þar sem bankinn hefur skrifstofu, hefur tilnefnt umboðsmann til að taka við kvaðningu eða stefnu fyrir rétt eða hefur gefið út eða ábyrgst verðbréf. Eigi verður þó höfðað mál á hendur bankanum af hálfu eignaraðila eða einstaklinga sem eru fulltrúar fyrir eignaraðila eða hafa fengið kröfur framseldar frá þeim. Fé og eignir bankans skulu án tillits til staðsetningar og handhafa vera undanþegnar hvers konar töku, löghaldi eða aðför áður en lokaúrskurður hefur verið kveðinn upp í máli gegn bankanum.

47. gr.
Friðhelgi fyrir eignasviptingu.

Fé og eignir bankans skulu án tillits til staðsetningar og handhafa vera undanþegnar leit, afhendingarkröfu, upptöku, eignarnámi eða hvers konar annarri töku eða sviptingu með stjórnvaldsráðstöfun eða löggjöf.

48. gr.

Friðhelgi skjalasafns.

Skjalasafn bankans skal vera friðheilagt, svo og almennt öll skjöl sem tilheyra því eða eru varðveitt þar.

49. gr.

Undanþága eigna frá takmörkunum.

Að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að bankinn geti gegnt hlutverki sínu og störfum og í samræmi við ákvæði samnings þessa skal allt fé og eignir bankans njóta undanþágu frá hvers konar takmörkunum, reglugerðum, hömlum og greiðslufrestunum.

50. gr.

Forréttindi varðandi orðsendingar.

Eignaraðilar skulu fara með opinberar orðsendingar bankans á sama hátt og opinberar orðsendingar annarra eignaraðila.

51. gr.

Friðhelgi yfirmanna og annarra starfsmanna.

Allir bankaráðsmenn, fulltrúar í bankastjórn, varamenn, yfirmenn og aðrir starfsmenn bankans, svo og sérfræðingar sem starfa að verkefnum á vegum bankans, skulu njóta undanþágu frá málsókn vegna embættisverka nema bankinn afsali þessari undanþágu. Einnig skulu öll opinber gögn og skjöl þeirra njóta friðhelgi. Friðhelgi þessi nær þó ekki til almennrar ábyrgðar vegna tjóns er hlýst af umferðaróhappi sem bankaráðsmaður, fulltrúi í bankastjórn, varamaður, yfirmaður, annar starfsmaður eða sérfræðingur er valdur að.

52. gr.

Forréttindi yfirmanna og annarra starfsmanna.

1. Allir bankaráðsmenn, fulltrúar í bankastjórn, varamenn, yfirmenn og aðrir starfsmenn bankans, svo og sérfræðingar sem starfa að verkefnum á vegum bankans,
   i) sem ekki eru heimamenn, skulu njóta sömu undanþágu frá innflytjendatakmörkunum, kröfum um skráningu útlendinga og herskyldu og sömu aðstöðu varðandi gjaldeyrisreglur og eignaraðilar veita fulltrúum, embættismönnum og öðrum starfsmönnum á sama stigi frá öðrum eignaraðilum og
   ii) skulu njóta sömu kjara viðvíkjandi ferðaaðstöðu og eignaraðilar veita fulltrúum, embættismönnum og öðrum starfsmönnum á sama stigi frá öðrum eignaraðilum.

2. Makar og fjölskyldur þeirra fulltrúa í bankastjórn, varamanna þeirra, yfirmanna, annarra starfsmanna og sérfræðinga bankans, sem eru búsettir í því landi er hýsir höfuðstöðvar bankans, skulu fá tækifæri til að starfa í því landi. Makar og fjölskyldur þeirra fulltrúa í bankastjórn, varamanna þeirra, yfirmanna, annarra starfsmanna og sérfræðinga bankans, sem eru búsettir í því landi er hýsir útibú eða umboðsskrifstofu bankans, skulu, eftir því sem unnt er, fá sams konar tækifæri til að starfa þar enda sé það í samræmi við lög þess lands. Bankinn skal gera sérstaka samninga um framkvæmd þessa ákvæðis við landið, er hýsir höfuðstöðvar bankans, og, eftir því sem við á, hin löndin sem hlut eiga að máli.

53. gr.

Skattfrelsi.

1. Á sviði opinberrar starfsemi sinnar skulu bankinn, eignir, fé og tekjur hans njóta undanþágu frá öllum beinum sköttum.

2. Ef bankinn þarf vegna opinberrar starfsemi sinnar nauðsynlega að kaupa vörur eða þjónustu fyrir verulega upphæð og skattar eða gjöld eru innifalin í verði þessara vara eða þjónustu skal sá eignaraðili, sem leggur skattana eða gjöldin á, gera viðeigandi ráðstafanir til að veita undanþágu frá þeim eða sjá um endurgreiðslu þeirra enda sé sundurliðun möguleg.

3. Vörur, sem bankinn flytur inn og eru nauðsynlegar til þess að hann geti haldið uppi opinberri starfsemi sinni, skulu undanþegnar öllum innflutningstollum og -sköttum, svo og hvers konar innflutningshömlum og takmörkunum. Á sama hátt skulu vörur, sem bankinn flytur út og eru nauðsynlegar til að hann geti haldið uppi opinberri starfsemi sinni, undanþegnar hvers konar útflutningstollum og -sköttum, svo og hvers konar banni við og takmörkunum á útflutningi.

4. Vörur, sem bankinn hefur aflað eða flutt inn og fengið undanþágur fyrir samkvæmt þessari grein, má ekki selja, leigja, lána eða gefa gegn greiðslu eða án endurgjalds nema í samræmi við skilyrði sem eignaraðilar þeir er veittu undanþágurnar eða inntu endurgreiðslurnar af hendi hafa sett.

5. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki ná til skatta eða gjalda sem eru ekki annað en greiðsla fyrir opinbera þjónustu.

6. Fulltrúar í bankastjórn, varamenn þeirra, yfirmenn og aðrir starfsmenn bankans skulu greiða raunverulega skatta til bankans af launum og þóknun sem bankinn greiðir þeim. Þetta er háð skilyrðum sem skulu sett og reglum sem skulu samþykktar af bankaráði innan eins árs frá gildistöku samnings þessa. Laun þessi og þóknun skal njóta undanþágu frá almennum tekjuskatti til ríkisins frá álagningardegi skattsins. Þó geta eignaraðilar tekið tillit til launa og þóknunar, sem undanþága gildir um, við mat á upphæð skatta sem leggja ber á aðrar tekjur.

7. Þrátt fyrir ákvæði 6. tölul. þessarar greinar getur eignaraðili lagt fram yfirlýsingu með fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjali sínu um að hann áskilji sér rétt til að skattleggja fyrir sína hönd, stjórnsýslusvæða eða sveitarstjórna sinna laun og þóknun sem bankinn greiðir ríkisborgurum eða þegnum þess eignaraðila. Bankinn er undanþeginn hvers konar skyldu til að greiða, halda eftir eða innheimta þessa skatta. Bankinn endurgreiðir ekki þessa skatta.

8. Sjötti töluliður þessarar greinar nær ekki til eftirlauna og lífeyris sem bankinn greiðir

9. Enga skatta, hverju nafni sem nefnast, skal leggja á skuldbindingar eða verðbréf, útgefin af bankanum, þar með talið á arðsúthlutun og vexti þar af, án tillits til handhafa:

i) sem fela í sér mismunun gagnvart slíkum skuldbindingum eða verðbréfum af þeirri ástæðu einni að bankinn gaf þau út eða

ii) ef lögsögugrundvöllur slíkrar skattheimtu er eingöngu staðurinn eða myntin, sem þau voru gefin út í, má greiða í eða eru greidd í, ellegar staðsetning einhverrar skrifstofu eða starfsstöðvar sem bankinn rekur.

10. Enga skatta, hverju nafni sem nefnast, skal leggja á skuldbindingar eða verðbréf sem bankinn ábyrgist, þar með talið á arðsúthlutun og vexti þar af, án tillits til handhafa:

i) sem fela í sér mismunun gagnvart slíkum skuldbindingum eða verðbréfum af þeirri ástæðu einni að bankinn ábyrgist þau eða
ii) ef lögsögugrundvöllur slíkrar skattheimtu er eingöngu staðsetning einhverrar skrifstofu eða starfsstöðvar sem bankinn rekur.

54. gr.

Framkvæmd ákvæða kaflans.

Sérhver eignaraðili skal hið fyrsta gera nauðsynlegar ráðstafanir til að framkvæma ákvæði þessa kafla og skal gera bankanum glögga grein fyrir því í hverju ráðstafanir þessar voru fólgnar.

55. gr.

Afsal friðhelgi, forréttinda og undanþágna.

Friðhelgi, forréttindi og undanþágur samkvæmt ákvæðum þessa kafla eru veittar í þágu bankans. Bankastjórnin getur afsalað hvers konar friðhelgi, forréttindum og undanþágum, sem veittar eru samkvæmt þessum kafla, að því marki og með þeim skilyrðum er hún kann að ákveða, þegar slíkar ráðstafanir eru hagsmunum bankans í hag að mati stjórnarinnar. Bankastjóranum er rétt og skylt að afsala hvers konar friðhelgi, forréttindum eða undanþágum yfirmanna, annarra starfsmanna eða sérfræðinga bankans að undanteknum bankastjóra og aðstoðarbankastjórum ef hann telur að slík friðhelgi, forréttindi eða undanþágur geti hindrað framgang réttvísinnar og hagsmunir bankans séu ekki skertir með afsalinu. Við svipaðar aðstæður og með sömu skilyrðum skal bankastjórn rétt og skylt að afsala friðhelgi, forréttindum eða undanþágum bankastjóra og hvers aðstoðarbankastjóra.

Sþ. 547. Svar [94. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Einarsdóttur um vaxtabætur og húsnæðisbætur.

1. Hver er heildarfjárhæð vaxtabóta árið 1990?

Samkvæmt frumálagningu opinberra gjalda, sem lá fyrir í lok júlí 1990, námu úrskurðaðar vaxtabætur 1.420 m.kr. Þessi tala hækkar alla jafna við kærumeðferð og endurúrskurði. Samkvæmt bráðabirgðatölum frá ríkisbókhaldi fyrir árið 1990 verður hún kringum 1.600 m.kr.

2. Hve stór hluti fjárhæðarinnar fór til fólks með tekjur að meðaltali á mánuði:
a. undir 70 þús. kr.,
b. 70–100 þús. kr.,
c. 100–150 þús. kr.,
d. 150–200 þús. kr.,
e. yfir 200 þús. kr.?
Hve margir 1) einhleypir, 2) einstæðir foreldrar og 3) hjón eru í hverjum hópi?

Í meðfylgjandi töflu eru birtar upplýsingar um fjölda þeirra sem nutu vaxtabóta á árinu 1990 og greiðslur vaxtabóta eftir fjölskyldugerð. Miðað er við frumálagningartölur, þ.e. 1.420 m.kr.

Eins og fram kemur í töflunni njóta tæplega 16 þús. aðilar vaxtabóta á árinu 1990 og standa þær greiðslur að jafnaði undir tæplega þriðjungi af frádráttarbærum vaxtagjöldum, eins og þau eru skilgreind í tekjuskattslögunum. Samkvæmt tölunum fá einhleypir um 32% vaxtagjalda endurgreidd, einstæðir foreldrar um 40% og hjónafólk um 30%. Einnig sýna tölurnar að greiðslur vaxtabóta eru hlutfallslega meiri hjá lágtekjuhópunum en þeim sem hærri hafa tekjurnar. Þannig fá aðilar með skattskyldar tekjur undir 100 þús. kr. á mánuði árið 1989 um og yfir 40% af frádráttarbærum vaxtagjöldum endurgreidd, en séu tekjurnar hærri en 200 þús. kr. á mánuði nemur þetta hlutfall nálægt 25%.

Greiðslur vaxtabóta á árinu 1990.

Mánaðarlaun 1989	Einhleypir		Einstæðir foreldrar		Hjón		Allir		Vaxtabætur sem hlutfall af vaxtagreiðslum
	Fjöldi	m.kr.	Fjöldi	m.kr.	Fjöldi	m.kr.	Fjöldi	m.kr.	%
Undir 70 þús. kr.	1.409	73	548	43	320	28	2.277	144	41½
70 - 100 þús. kr.	1.092	67	562	45	719	68	2.373	180	37½
100 - 150 þús. kr.	920	61	371	31	2.686	256	3.977	348	34
150 - 200 þús. kr.	264	18	57	6	3.131	317	3.452	341	30
Yfir 200 þús. kr.	117	9	13	1	3.551	397	3.681	407	25
SAMTALS	**3.802**	**228**	**1.551**	**126**	**10.407**	**1.066**	**15.760**	**1.420**	**31½**
Vaxtabætur sem hlutfall af vaxtagreiðslum, %		**32,0**		**40,0**		**30,0**		**31½**	

3. Hver er heildarfjárhæð húsnæðisbóta fyrir árið 1989 og hve margir fengu þær?

Hér er gengið út frá því að átt sé við húsnæðisbætur sem greiddar voru út á árinu 1990. Þessar bætur voru um 650 m.kr. og þeirra njóta rúmlega 11 þús. einstaklingar. Í þeirri tölu eru hjón talin sem tveir einstaklingar.

4. Hvað fá a) einhleypir, b) einstæðir foreldrar og c) hjón miklar vaxtabætur árið 1990 vegna hámarksláns hjá Húsnæðisstofnun ríkisins frá árinu 1984 með 3,5% vöxtum miðað við mismunandi tekjur og eignir?
Hve háar vaxtabætur fengju þeir hinir sömu ef vextir á lánum þeirra hefðu verið 5%?

Svar við þessari spurningu er ekki einhlítt, heldur ræðst það af skuldsetningu og vaxtabyrði þeirrar fjölskyldu sem í hlut á. Ákvörðun vaxtabóta ræðst af þremur þáttum, þ.e. vaxtagreiðslum, tekjum og eignum. Þannig er fjölskyldu ætlað að bera að lágmarki 6% af frádráttarbærum vaxtagreiðslum sínum, en eigi hún eignir umfram ákveðin mörk

(2,5 m.kr. hjá einstaklingum og einstæðum foreldrum, 4,2 m.kr. hjá hjónum) hækkar þetta hlutfall.

Nýbyggingarlán, sem tekið var hjá Húsnæðisstofnun ríkisins árið 1984, var tæpar 1.900 þús. kr. að núvirði í ágúst 1990. Afborgun af því láni að meðtöldum verðbótum og vöxtum nam rúmlega 115 þús. kr., þar af voru vextir og verðbætur rúmar 100 þús. kr. Í eftirfarandi dæmi er gengið út frá því til einföldunar að þetta lán samsvari heildarskuldum viðkomandi fjölskyldna þó svo að upplýsingar úr skattframtölum sýni að vaxtabyrði vegna íbúðarkaupa sé umtalsvert hærri.

ÁRSTÖLUR

Í þúsundum króna	Mánaðar-laun	Vaxtagjöld 3,5%	Vaxtagjöld 5,0%	Vaxtabætur 3,5%	Vaxtabætur 5,0%	Viðbót
A *	100	100	125	28	53	25
B *	150	100	125	0	17	17
C *	200	100	125	0	0	0
D *	250	100	125	0	0	0

* *Niðurstöður þessa dæmis eru þær sömu hvort heldur um er að ræða einstaklinga, einstæða foreldra eða hjón.*

Samkvæmt framangreindu dæmi er það aðeins fjölskylda A sem kemur til með að njóta vaxtabóta á þessu ári miðað við óbreytt vaxtastig á umræddu láni. Hækki vextir hins vegar úr 3,5% í 5% munu frádráttarbærar vaxtagreiðslur þessara fjölskyldna hækka um 25 þús. kr. á ári. Hækkunin yrði bætt upp að fullu í tilviki A með greiðslu vaxtabóta, en auk þess fengi fjölskylda B 17 þús. kr. af 25 þús. kr. vaxtahækkun endurgreidd í formi vaxtabóta.

Rétt er að árétta það sem áður var sagt að skuldsetning/vaxtabyrði fjölskyldna ræður því alfarið hvort umrædd hækkun er bætt með hærri vaxtabótum. Væru vaxtagreiðslur fjölskyldna C og D í ofangreindu dæmi t.d. helmingi hærri, þ.e. 200 þús. kr. í stað 100 þús. kr., fengju þær einnig þessa vaxtahækkun bætta.

Sþ. 548. Svar [197. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Friðriks Sophussonar um kostnað við flutning ónotaðs persónuafsláttar milli foreldra og barns.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hefur gagngert mat farið fram á því hvaða áhrif það hefur á ríkissjóð ef foreldrar

gætu nýtt sér ónotaðan persónuafslátt barna sinna?
Hver er niðurstaða matsins?

Í greinargerð með fyrirspurninni er vísað til frumvarps (238. mál) fjögurra þingmanna Kvennalistans, sem vísað var til ríkisstjórnar, en í því var gert ráð fyrir að hægt væri að færa ónotaðan persónuafslátt á milli einstæðs foreldris og barns.

Í fjármálaráðuneytinu hefur farið fram mat á áhrifum þessarar breytingar á tekjur ríkissjóðs. Það mat er hins vegar afar mikilli óvissu háð, enda fjölmörgum spurningum enn ósvarað um nánari útfærslu breytingarinnar. Óljóst er t.d. við hvaða aldursmörk skuli miða mat á áætlaðri nýtingu persónuafsláttar hjá börnum. Neðri mörkin eru skýr, eða 16 ár, en þau efri eru óviss. Valin var sú leið að skoða nýtingu persónuafsláttar hjá einstaklingum á aldrinum 16–20 ára, þó ekki einstæðum foreldrum.

Niðurstaðan var sú að framteljendur á aldrinum 16–20 ára nýta aðeins 62% af persónuafslætti sínum að meðaltali. Ónýttur persónuafsláttur þessa hóps er þannig talinn nema um 2 milljörðum króna á árinu 1991. 70% af þeirri fjárhæð, eða um $1^1/_2$ milljarður króna, tilheyra aldurshópnum 16–18 ára. Til samanburðar ná nefna að samkvæmt fjárlögum ársins eru heildartekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga taldar verða tæpir 13 milljarðar króna.

Leggja ber á það áherslu að þær tölur, sem hér eru nefndar, ná til allra ógiftra framteljenda á áðurnefndu aldursbili. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hversu stór hluti þeirra tilheyrir einstæðum foreldrum, enda er hér um sjálfstæða skattþegna að ræða sem ekki eru tengdir foreldrum sínum í gögnum skattyfirvalda. Þá er heldur ekki ljóst hversu stór hluti fyrrgreindrar fjárhæðar mundi nýtast foreldrum til skattfrádráttar. Á hinn bóginn er jafnljóst að svo víðtæk millifærsla á persónuafslætti eins og hér um ræðir er nær útilokuð í framkvæmd í gildandi staðgreiðslukerfi og yrði að gerast við endanlega álagningu.

Nd. 549. Frumvarp til laga [305. mál]

um stöðlun.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

1. gr.
Íslenskur staðall.

Íslenskur staðall er staðall sem hefur verið staðfestur af Staðlaráði Íslands.

Í lögum þessum hafa hugtökin *staðall*, *stöðlun* og *sammæli* alþjóðlega viðurkennda merkingu og skal hún sett fram í íslenskum staðli um íðorð í stöðlun og skyldri starfsemi.

2. gr.
Markmið stöðlunar.

Markmið stöðlunar er að auka vöxt og nýsköpun íslensks atvinnulífs og bæta starfsskilyrði þess, auk þess að bæta vernd og öryggi neytenda.

3. gr.

Staðlaráð Íslands.

Staðlaráð Íslands er sjálfseignarstofnun sem starfar á grundvelli stofnskrár sem ráðið setur en iðnaðarráðherra staðfestir. Hlutverk Staðlaráðs er að vera vettvangur stöðlunar fyrir íslenskt atvinnulíf og neytendur.

Staðlaráð Íslands hefur einkarétt til að gefa út íslenska staðla. Stöðlun skal lúta þeim reglum sem settar eru samkvæmt lögum þessum. Í stofnskrá skal kveðið nánar á um markmið og verkefni ráðsins, stjórn, starfshætti, staðlagerð og aðild að ráðinu sem skal vera opin þeim sem hagsmuna hafa að gæta.

4. gr.

Alþjóðlegt staðlasamstarf.

Staðlaráð skal eiga aðild að alþjóðlegu samstarfi staðlaráða fyrir Íslands hönd og fara með atkvæði landsins á þeim vettvangi. Heimilt er þó ráðinu að fela stofnun, fyrirtæki eða samtökum að annast í umboði þess þátttöku í alþjóðastaðlasamstarfi að því tilskildu að þátttakan sé í samræmi við ákvæði þessara laga.

5. gr.

Stjórn.

Í stjórn Staðlaráðs skulu sitja sjö menn tvö ár í senn, sex kosnir á aðalfundi ráðsins og einn skipaður af iðnaðarráðherra. Á sama hátt skulu valdir sjö varamenn.

6. gr.

Fjármál.

Staðlaráð hefur sjálfstæðan fjárhag.

Stofnframlög til Staðlaráðs skulu ákveðin í stofnskrá. Ríkissjóður leggur fram sem stofnfjárframlag Iðntæknistofnunar Íslands þær eignir hennar sem nú eru einvörðungu nýttar til stöðlunarvinnu eða stöðlunarþjónustu, svo sem búnað og tæki á staðladeild stofnunarinnar og skjalasafn deildarinnar.

Heimilt er með samþykki allra aðila að Staðlaráðinu að auka stofnfé ráðsins. Aðilar Staðlaráðs bera ekki ábyrgð á skuldbindingum ráðsins umfram stofnframlög.

Tekjur Staðlaráðs eru m.a.:

1. Árleg framlög af fjárlögum til starfsemi Staðlaráðs.
2. Árleg aðildargjöld.
3. Tekjur af sölu staðla og stöðlunarþjónustu.

Staðlaráð skal undanþegið tekjuskatti og eignarskatti til ríkissjóðs og gjöldum til sveitarfélaga.

7. gr.

Notkun staðla.

Staðall er til frjálsra afnota. Stjórnvöld geta þó gert notkun tilgreinds staðals skyldubundna með vísun til hans í opinberum stjórnvaldsfyrirmælum.

8. gr.

Birting.

Eigi sjaldnar en ársfjórðungslega skal á vegum Staðlaráðs gefa út Staðlatíðindi þar sem m.a. skal:

a. tilkynna um ný stöðlunarverkefni,
b. auglýsa frumvörp að íslenskum stöðlum og kalla eftir athugasemdum innan tiltekins tímafrests og
c. tilkynna staðfestingu stjórnar Staðlaráðs á nýjum íslenskum stöðlum.

Geta skal útgáfu Staðlatíðinda í *Lögbirtingablaðinu.*

Við útgáfu auglýsinga og ákvörðun tímafrests samkvæmt þessari grein skal miðað við að aðilar, er hagsmuna eiga að gæta, geti haft áhrif á gerð staðalsins, svo sem nánar er kveðið á um í stofnskrá Staðlaráðs.

Heimilt er að gefa út íslenskan staðal á erlendu tungumáli ef sýnt er að það hindri ekki eðlileg not staðalsins.

Staðlaráð skal halda skrá yfir alla gilda íslenska staðla. Skráin skal birt eigi sjaldnar en einu sinni ári.

9. gr.

Gildistökuákvæði.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1991. Jafnframt breytast eftirtalin lagaákvæði:

1. *Lög um Landmælingar Íslands, nr. 31 7. júní 1985.*

1. tölul. 5. gr. hljóði svo: Frumkvæði í samráði við Staðlaráð Íslands um gerð staðla fyrir landmælingar og kortagerð og gerð landfræðilegra og staðfræðilegra grundvallarmælinga til kortalagningar á Íslandi og umsjón með þeim.

2. *Lög um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur, nr. 53 16. maí 1978.*

a. 2. málsl. 7. gr. hljóði svo: ED gefur út kröfur sem eftirlitsskyldar vörutegundir skulu fullnægja, í samráði við sérfræðinga Rala og Búnaðarfélags Íslands, þar sem því verður við komið, og getur landbúnaðarráðuneytið bannað framleiðslu og verslun með vörutegundir sem ekki fullnægja settum kröfum.
b. 15. gr. hljóði svo:
FR gefur út kröfur sem einstakar fóðurblöndur ætlaðar einstökum búfjártegundum skulu fullnægja og getur bannað framleiðslu og sölu á fóðurblöndum sem ekki fullnægja settum kröfum.
c. 1. mgr. 17. gr. hljóði svo:
ÁR hefur eftirlit með því að tilbúinn áburður innihaldi þau efni og það magn sem framleiðandi gefur til kynna og ábyrgist í samræmi við settar kröfur um hverja áburðartegund.
d. 1. mgr. 20. gr. hljóði svo:
SR hefur eftirlit með spírunarhæfni, hreinleika og öðrum eiginleikum sáðvöru sem ástæða þykir til, gefur út kröfur um samsetningu fræblandna og hefur eftirlit með að blöndunarhlutföll séu í samræmi við þær.

3. *Byggingarlög, nr. 54 16. maí 1978.*

1. mgr. 4. gr. hljóði svo:

Umhverfisráðuneytið setur almenna byggingarreglugerð, svo og sérreglugerðir með ákvæðum um notkun staðla á ýmsum sviðum byggingariðnaðarins.

4. *Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81 3. ágúst 1988.*

26. tölul. 2. mgr. 2. gr. hljóði svo: Viðmiðunarreglur og kröfur um efna- og gerlainnihald matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.

5. *Lyfjalög, nr. 108 14. nóvember 1984.*

a. 2. mgr. 3. gr. hljóði svo:
Ráðherra skal, að fengnum tillögum landlæknis, kveðja til nefnd sérfróðra manna til þess að skilgreina nánar og gera tillögur um staðallýsingar þess varnings er greinir í 1. mgr.

b. 2. mgr. 6. gr. hljóði svo:
Lyfjanefnd gerir tillögur til ráðherra um staðallýsingar fyrir lyfjaform, gæði og hreinleika lyfjaefna og hjálparefna við lyfjagerð, svo og fyrir aðgerðir til greiningar og ákvörðunar á þessum efnum.

c. 3. mgr. 6. gr. hljóði svo:
Ráðherra hefur á hendi auglýsingar og útgáfustarfsemi er að staðallýsingum lýtur.

d. 7. mgr. 14. gr. hljóði svo:
Framleiðandi lyfja skal í hvívetna hlíta ákvæðum gildandi lyfjaskrár og staðallýsinga, svo og reglugerða þar að lútandi og góðum framleiðsluháttum í lyfjagerð.

e. 3. málsl. 2. mgr. 18. gr. hljóði svo: Skulu framangreindar upplýsingar ætíð vera í samræmi við það sem greinir í lyfjaskrá, staðallýsingum, sérlyfjaskrá eða skrá um stöðluð lyf, sbr. 13. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Fyrir 1. maí 1991 boðar núverandi Staðlaráð stofnfund hins nýja Staðlaráðs. Á fundinum skulu lögð fram til samþykktar drög að stofnskrá fyrir Staðlaráð. Stofnfundur kýs stjórn Staðlaráðs til næsta reglulegs aðalfundar.

II.

Fastráðnum starfsmönnum staðladeildar Iðntæknistofnunar skal boðin sambærileg staða hjá hinni nýju sjálfseignarstofnun og þeir áður gegndu hjá staðladeild Iðntæknistofnunar. 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því eigi við um þá starfsmenn.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til þess að styrkja lagagrundvöll reglna um staðla hér á landi. Frumvarpið var fyrst flutt á 112. löggjafarþingi. Það var sent sl. sumar til kynningar hjá öllum helstu hagsmunaaðilum. Unnið hefur verið úr athugasemdum sem fram komu og er nú frumvarpið endurflutt að teknu tilliti til fjölmargra þessara athugasemda.

Staðlaráð Íslands starfar nú á grundvelli starfsreglna sem stjórn Iðntæknistofnunar setti með heimild í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 41/1978, um Iðntæknistofnun Íslands, þar sem segir að stofnunin gegni hlutverki sínu m.a. með stöðlun. Lagalegur grundvöllur starfseminnar er hins vegar ófullnægjandi miðað við þá auknu áherslu sem lögð er á stöðlun og tengda starfsemi í Evrópu, þar á meðal hér á landi.

Á alþjóðavettvangi hefur einkum verið fjallað um staðla í viðræðum um hindrunarlaus viðskipti á milli landa. Gerður hefur verið samningur á vettvangi GATT um viðskiptahindranir á tæknisviðum. Í samningnum eru hugtökin staðall og stöðlun skilgreind, auk þess sem kveðið er á um að vísa skuli til alþjóðlegra staðla í opinberum stjórnvaldsfyrirmælum fremur en að tilgreina í einstökum atriðum hverjar tæknilegar kröfur skuli gera til vöru eða þjónustu.

Samkvæmt reglum Alþjóðastaðlasambandsins ISO (International Organization for Standardization) og Alþjóðaraftækninefndarinnar IEC (International Electrotechnical Committee) er eitt megineinkenni staðla og stöðlunar að þeir eru samdir í samvinnu helstu hagsmunaaðila og í þeim endurspeglast góður framkvæmdamáti að bestu manna yfirsýn. Af þessu leiðir að enginn einstaklingur eða stofnun getur samið staðal án samráðs við hagsmunaaðila. Þetta samráð greinir staðla frá öðrum reglum og vöruforskriftum.

Annað atriði sem greinir staðla frá öðrum fyrirmælum er að staðlar eru frávíkjanlegir.

Vegna þessara eiginleika staðla ákvað framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins (EB) að þeir skyldu gegna veigamiklu hlutverki í áformum þess að gera bandalagið að einum markaði fyrir árslok 1992. Hinn 7. maí 1985 ákvað ráðherraráð EB að beita svokallaðri nýju aðferð (New Approach) við að samræma tæknilegar reglur og staðla í aðildarríkjunum. Samkvæmt nýju aðferðinni á að takmarka lögbundna samræmingu, þ.e. samræmingu í tilskipunum EB, á tæknisviðum við grunnkröfur um öryggi og heilsu manna og dýra og verndun umhverfisins. Síðan var þeim stofnunum (félögum) sem höfðu unnið að stöðlun í iðnaði fengið það hlutverk að semja tæknilegar forskriftir í einstökum atriðum. Þessar forskriftir eru síðan gefnar út sem samræmdir staðlar í aðildarlöndum bandalagsins. Framleiðendum er í sjálfsvald sett hvort þeir nota staðlana en svo er litið á að sá sem fylgir stöðlunum hafi fullnægt grunnkröfunum í tilskipunum.

Á sama tíma var gerður rammasamningur við evrópsku staðlasamböndin, CEN (European Committee for Standardization) á almennu sviði og CENELEC (European Committee for Electrotechnical Standardization) á raftæknisviði, um að stýra gerð þeirra staðla sem gert væri ráð fyrir í tilskipunum EB. Í rammasamningunum er það gert að skilyrði að samþykktir staðlar á vettvangi staðlasambandanna (Evrópustaðlar) verði gerðir að landsstöðlum í hverju aðildarlandi CEN og CENELEC innan missiris frá samþykkt þeirra og þeir landsstaðlar numdir úr gildi sem brjóta í bága við Evrópustaðla. Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA, fylgdu á eftir og gerðu samsvarandi samning við staðlasamböndin. Í yfirstandandi samningaviðræðum um Evrópskt efnahagssvæði er gert ráð fyrir að vísað verði til samræmdu staðlanna í stjórnvaldsfyrirmælum á tæknisviðum og við opinber innkaup.

Staðlaráð Íslands gerðist aðili að staðlasamböndunum CEN og CENELEC um miðbik ársins 1988.

Með þeirri nýju stefnu sem hér hefur verið lýst breytist hlutverk þeirra sem semja staðla í smærri Evrópuríkjum mikið. Áður voru nánast einvörðungu samdir staðlar sem iðnaðurinn í viðkomandi ríki taldi sig þurfa á að halda á þeim hraða sem aðstæður leyfðu hverju sinni. Engar kvaðir lágu á stjórnvöldum að vísa til staðlanna. Á þrjátíu ára tímabili höfðu þannig alls verið staðfestir um fimmtíu staðlar á Íslandi en síðan Staðlaráð gerðist aðili að CEN og CENELEC 1988 hafa um 500 staðlar verið staðfestir.

Í ljósi þess mikilvæga hlutverks sem stöðlum er ætlað í framtíðinni innan Evrópu er

einstökum ríkjum nauðsynlegt að fylgjast vel með samningu þeirra og taka fullan þátt í þeirri vinnu á þeim sviðum sem varða hagsmuni þeirra.

Með bréfi dags. 2. ágúst 1989 skipaði iðnaðarráðherra eftirtalda menn í nefnd til að gera tillögu um frumvarp til laga um staðla: Halldór Jón Kristjánsson, tilnefndan af iðnaðarráðuneyti, Halldór Árnason, tilnefndan af sjávarútvegsráðuneyti, Sturlaug Daðason, tilnefndan af Útflutningsráði Íslands, Sigurð Arnalds, tilnefndan af Verkfræðingafélagi Íslands, og Davíð Lúðvíksson, tilnefndan af Staðlaráði Íslands.

Nefndinni var falið að hafa samráð við þá hagsmunaaðila sem málið varðaði. Framkvæmdastjóri Staðlaráðs, Jóhannes Þorsteinsson, starfaði með nefndinni.

Til undirbúnings vinnu nefndarinnar var aflað gagna um tilhögun staðlamála í Evrópu. Þáverandi framkvæmdastjóri CEN, Evangelos Vardakas, lagði fram tillögur um löggjöf um staðla á Íslandi og einnig var safnað athugasemdum við tillögur hans víðs vegar að. Tillögurnar og athugasemdir við þær voru grundvöllur starfsins í nefndinni.

Í frumvarpinu er eftirfarandi lagt til:

1. Staðlaráð Íslands verði sjálfseignarstofnun sem starfi á grundvelli ákvæða þessa frumvarps og verði veitt einkaréttur til stöðlunarstarfs. Frumvarpið byggir á þeirri meginhugsun að einkaaðilar, fyrirtæki og samtök þeirra beri aðalábyrgðina á staðlavinnunni. Gert er ráð fyrir að Staðlaráð starfi samkvæmt stofnskrá þar sem settar verði reglur um opna aðild að Staðlaráði Íslands. Gert er ráð fyrir að kveðið sé á um skipulag og starfshætti Staðlaráðs í stofnskrá.
2. Þar sem gera má ráð fyrir verulegri fjölgun aðila að ráðinu frá þeim átta, sem nú eru, er lagt til að lögfest verði sjö manna stjórn Staðlaráðs sem kosin verði samkvæmt nánari ákvæðum í stofnskrá. Í 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir fjárveitingum til ráðsins af fjárlögum. Jafnframt er miðað við að aðilar að Staðlaráði greiði bæði stofnframlög og árleg aðildargjöld. Aðrar tekjur Staðlaráðs yrðu af sölu staðla og stöðlunarþjónustu.
3. Með tilliti til aðstæðna hér á landi er lagt til að Staðlaráð verði miðstöð stöðlunarstarfs hér á landi og komi fram fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi staðlaráða. Það stefnumið er í samræmi við stefnu EFTA-ríkjanna að einn aðili staðfesti staðla og komi fram fyrir hönd hvers ríkis í stöðlunarmálum. Þó er gert ráð fyrir að Staðlaráð geti falið einstökum stofnunum eða aðilum framkvæmd einstakra þátta þar með talda þátttöku í alþjóðastaðlastarfsemi.
4. Reglur um birtingu staðla og réttur til athugasemda verði skýrar og tryggi víðtækt samráð um efni þeirra. Með þessu er lagður grunnur að því að við samningu reglugerða verði í ríkara mæli stuðst við staðla. Er það í samræmi við hina nýju aðferð við afnám tæknilegra viðskiptahindrana sem nú er notuð innan Evrópu.
5. Auk stöðlunar verði Staðlaráði heimilað að starfa að skyldum verkefnum og er með því einkum átt við upplýsingaþjónustu og vottunarþjónustu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er það lagt til að skýrt verði kveðið á um hvað geti talist íslenskur staðall. Þessu ákvæði er einnig ætlað að taka til samsetninga þar sem einkunnum eða öðrum ákvæðisliðum kann að vera bætt við orðalagið íslenskur staðall.

Merking hugtakanna í greininni skal vera í samræmi við GATT-samninginn um viðskiptahindranir á tæknisviðum, samkomulag EFTA-ríkjanna um gagnkvæma viðurkenn-

ingu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi (Tampere-samkomulagsins) og leiðbeiningarrit ISO og IEC nr. 2. Leiðbeiningarritið skal gefa út sem íslenskan staðal.

Í leiðbeiningarritinu hafa eftirfarandi hugtök þessa merkingu:

Staðall (e. standard): sérstök gerð opinbers skjals sem er byggt á sammæli hagsmunaaðila og staðfest af þar til bærum aðila. Í því eru settar fram reglur, leiðbeiningar fyrir eða lýsing á einkennum algengrar og endurtekinnar starfsemi eða afrakstur hennar. Markmið með gerð slíks skjals er að ná sem mestri samskipan á gefnu sviði með sem víðtækastri notkun þess.

Stöðlun (e. standardization): það að ná sammæli um skjal til víðtækrar notkunar sem inniheldur lýsingu á reglum, leiðbeiningum fyrir eða lýsingu á einkennum algengrar og endurtekinnar starfsemi eða afrakstrar hennar. Skjalið skal samið í þeim tilgangi að ná fram sem mestri samskipan mála á gefnu sviði og að það staðfest af þar til bærum aðila.

Alþjóðlegur staðall (e. international standard): opinber staðall sem hefur verið staðfestur af alþjóðastaðlasambandi.

Reglugerð á tæknisviði (e. technical regulation): skjal þar sem kveðið er á um lagalega bindandi kröfur á tæknisviði, staðfestar af stjórnvaldi. Kröfurnar eru ýmist tilgreindar í einstökum atriðum, með vísun til staðals, tæknilegrar forskriftar eða framkvæmdastaðals, eða með því að taka staðalinn upp í heild sinni. Undir þetta falla m.a. lög, reglugerðir, tilkynningar og orðsendingar.

Tæknileg forskrift (e. technical specification): skjal þar sem mælt er fyrir um þær kröfur sem vara, ferli eða þjónusta á að fullnægja og þær tilgreindar í einstökum atriðum.

Vottun (e. certification): starfsemi óháðs aðila þar sem sýnt er fram á að nægjanlegt traust megi bera til þess að réttilega auðkennd og tiltekin vara, ferli eða þjónusta samræmist kröfum í tilgreindum staðli eða öðrum reglum.

Sammæli (e. consensus): almennt samkomulag um að mikilvægir hagsmunaaðilar í málinu haldi ekki uppi andstöðu við veigamikil atriði. Sammæli næst með því að leitast er við að taka tillit til sjónarmiða allra aðila sem málinu tengjast og vinna að lausn sem sameinar andstæðar röksemdir.

Með frumvarpinu er það lagt til að þessi hugtök og viðteknar skilgreiningar á þeim verði settar ásamt öðrum helstu hugtökum á sviðinu í íslenskan staðal.

Tekið skal fram í þessu sambandi að *Evrópustaðall* er opinber staðall sem hefur verið staðfestur af öðru hvoru evrópsku staðlasambandanna, CEN eða CENELEC.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Með greininni er lagt til að Staðlaráð starfi sem sjálfstæð einkastofnun er verði opinn vettvangur hagsmunaaðila um stöðlun. Staðlaráð skal starfa á grundvelli stofnskrár er ráðið setur og ráðherra staðfestir. Lagt er til að meginverkefni og skipulag Staðlaráðs verði skilgreint í stofnskrá. Frumdrög að stofnskrá fylgdu frumvarpi þessu þegar það var lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi þess. Horfið var frá því nú þar sem stofnskráin liggur enn ekki fyrir í endanlegri mynd og eðlilegt þykir að stofnaðilar Staðlaráðs taki þátt í endanlegri mótun hennar. Í frumdrögunum er byggt á þeirri stefnu að ráðið greiði

fyrir því að stöðlun verði beitt í opinberri stjórnsýslu og hjá einkaaðilum og er þá m.a. átt við opinber innkaup og stærri útboð. Enn fremur að staðið verði þannig að gerð og kynningu staðla að vísa megi til þeirra í auknum mæli í opinberum stjórnvaldsfyrirmælum, sbr. einnig athugasemdir við 7. gr. frumvarpsins. Þetta er í samræmi við þá meginstefnu Evrópuríkja og þeirra ríkja, sem hafa undirritað GATT-samninginn um viðskiptahindranir á tæknisviðum, að samræmdir staðlar komi í stað mismunandi reglugerða í einstökum ríkjum. Slík samræming stuðlar að afnámi tæknilegra viðskiptahindrana.

Um 4. gr.

Í samræmi við stefnumótun í Evrópu um að staðlamál verði samræmd er í greininni lagt til að Staðlaráði verði veittur einkaréttur til að gefa út íslenska staðla. Með þessu móti er leitast við að tryggja að enginn vafi leiki á því hvað getur talist íslenskur staðall.

Enn fremur er lagt til að Staðlaráð eigi aðild að alþjóðasamstarfi staðlaráða fyrir Íslands hönd. Rétt þykir þó að ráðinu sé heimilt að fela öðrum þátttöku í slíku samstarfi.

Þessi grein frumvarpsins tekur til aðildar að Alþjóðastaðlasambandinu (ISO), Alþjóðaraftækninefndinni (IEC), auk evrópsku staðlasambandanna, CEN og CENELEC. Hún tekur hins vegar ekki til margvíslegrar þátttöku íslenskra stjórnvalda og stofnana í samræmingarvinnu á alþjóðavettvangi að því marki sem þessi vinna miðast ekki við setningu landsstaðla. Greinin tekur þannig ekki til þess starfs sem fer fram hjá Codex Alimentarius, en þátttaka Íslendinga í þeim samtökum er á vegum heilbrigðisráðuneytis. Ekki er þó útilokað að síðar verði sú aðild á vegum Staðlaráðs Íslands.

Í ljósi þess að lagt er til að Staðlaráði verði veittur einkaréttur til útgáfu staðla hér á landi er nauðsynlegt að í stofnskrá ráðsins verði skýrar reglur um aðild að ráðinu og um að aðild standi hagsmunaaðilum opin.

Um 5. gr.

Gera má ráð fyrir að mun fleiri aðilar verði að Staðlaráði en nú er og því er í greininni lagt til að ráðið kjósi sér sjö manna stjórn. Með hliðsjón af því að gert er ráð fyrir að ríkisvaldið veiti verulegu fjármagni til starfsemi ráðsins þykir eðlilegt að leggja til að iðnaðarráðherra skipi einn mann í stjórn ráðsins og að í stofnskrá verði kveðið á um að hann sé jafnframt formaður stjórnarinnar. Aðilar að ráðinu kjósi stjórnarmenn að öðru leyti á aðalfundi eftir nánari ákvæðum í stofnskrá.

Um 6. gr.

Í greininni er fjallað um fjárhagsgrundvöll Staðlaráðs. Ráðið mun hafa sjálfstæðan fjárhag. Gert er ráð fyrir að Staðlaráð njóti framlaga á fjárlögum. Aukin verkefni staðlaráða í Evrópu hafa valdið því að framlög ríkisins til þessa málaflokks hafa aukist í þessum löndum. Reiknað er með að svo verði einnig hér á landi. Aukningin er einkum vegna þess að með aðildinni að CEN og CENELEC hafa Íslendingar játast undir þá skyldu að gera staðla sambandanna að sínum. Aðildin er liður í aðlögun að samræmdum Evrópumarkaði og það verður því að teljast eðlilegt að ríkisvaldið tryggi grunnfjármögnun vinnu vegna þessarar skyldu.

Þá hefur þótt eðlilegt að gera ráð fyrir að fyrirtæki og stofnanir, sem aðild eiga að ráðinu, greiði stofnframlag og árgjald. Gert er ráð fyrir að ráðið sjálft ákveði árgjöld í

stofnskrá. Þá er einnig reiknað með því að ráðið hafi allnokkrar tekjur af sölu staðla og staðlaþjónustu.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði sú meginregla að staðlar séu til frjálsra afnota í skiptum manna á meðal. Í samræmi við alþjóðlega þróun er hins vegar gert ráð fyrir að stjórnvöld hér á landi muni í auknum mæli vísa til staðla í reglugerðum og öðrum stjórnarvaldsfyrirmælum þannig að sá sem fylgir tilgreindum stöðlum teljist hafa fullnægt ákvæðum stjórnvaldsfyrirmælanna. Einnig er sá möguleiki fyrir hendi að stjórnvöld geti gert notkun staðals skyldubundna.

Um 8. gr.

Hér er fjallað um birtingu staðla og tilkynninga um ný stöðlunarverkefni. Greininni er ætlað að tryggja að allir þeir sem hagsmuna eiga að gæta geti haft áhrif á gerð staðals. Trygg birting staðla auðveldar enn fremur tilvísun í staðla í opinberum reglugerðum.

Þá er lagt til að heimilt verði að staðfesta staðal sem íslenskan staðal þó hann sé á erlendu máli ef ljóst er að not hans eru bundin við aðila er kunna þá tungu, t.d. flóknir staðlar á flugmálasviði. Þetta er í samræmi við breytingar sem gerðar hafa verið á stefnu einstakra Norðurlanda í þessum efnum. Nefna má að Finnar hafa nýverið breytt stjórnarskrárákvæði er kveður á um lögbirtingu á finnsku og sænsku á þann veg sem hér er lagt til. Heppilegt þykir að lögfesta ekki að staðlar skuli ávallt gefnir út á íslensku. Þess í stað verði metið í hverju tilviki, m.a. með tilliti til notkunar staðalsins hvort staðall skuli þýddur.

Um 9. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. september 1991. Jafnframt er lagt til að samtímis breytist orðalag um staðla og stöðlun í þeim lagagreinum sem eru taldar upp í greininni. Þessar breytingar eru taldar nauðsynlegar þar sem í þeim eru orðin *staðall* og *stöðlun* notuð í merkingu sem er ekki í samræmi við alþjóða skilgreiningar, sbr. athugasemdir við 1. gr. lagafrumvarpsins. Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Sþ. 550. Fyrirspurn [306. mál]

til forsætisráðherra um vandamál atvinnulífs á Seyðisfirði.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til að auðvelda lausn á vandamálum atvinnulífs á Seyðisfirði?

Sþ. 551. Fyrirspurn [307. mál]

til menntamálaráðherra um fræðslu fyrir útlendinga.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Hvernig er staðið að kennslu í íslensku fyrir útlendinga og fræðslu um réttindi og skyldur þeirra útlendinga sem taka sér búsetu hér á landi, en 5. maí 1990 var tillögu þess efnis vísað til ríkisstjórnarinnar?
2. Með hvaða hætti er tryggt að útlendingar, sem hafa hér fasta búsetu, fái upplýsingar um þá fræðslu sem til boða stendur?

Sþ. 552. Fyrirspurn [308. mál]

til fjármálaráðherra um ávöxtun spariskírteina ríkissjóðs.

Frá Friðriki Sophussyni.

Hvaða ávöxtun bauð ríkissjóður og Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa fyrir hans hönd í viðskiptum með spariskírteini í einstökum mánuðum ársins 1990 og í janúar 1991?

Hver er þessi ávöxtun nú?

Greinargerð.

Óskað er eftir að sundurliðað verði hver hafa verið almenn kjör, kjör áskrifenda, kjör allra stærstu kaupenda og vegið meðaltal ávöxtunar allra seldra bréfa í hverjum mánuði. Enn fremur er þess sérstaklega óskað að sú ávöxtunaruppbót, sem stærstu kaupendum var greidd við lokauppgjör viðskipta alls ársins, vegna kaupa umfram tiltekin fjárhæðarmörk, verði innifalin í hinum mánaðarlegu tölum.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 553. Tillaga til þingsályktunar [309. mál]

um heildarúttekt á stöðu fangelsismála og æskilega framtíðarskipan þeirra.

Flm.: Danfríður Skarphéðinsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún J. Halldórsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Sigrún Helgadóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa sjö manna nefnd sérfróðra aðila er

hafi það verkefni að gera heildarúttekt á fangelsismálum og leggja fram tillögur um æskilega framtíðarskipan þeirra.

Greinargerð.

Hin síðari ár hafa fangelsismál oft verið í brennidepli og hefur umræðan einkum beinst að því sem aflaga hefur farið, aðbúnaði og húsakosti fangelsanna. Ýmsar mikilvægar umbætur hafa orðið á seinni árum. Má sem dæmi nefna þá þjónustu sem Fangelsismálastofnun ríkisins veitir og skólastarf í tengslum við fangelsið á Litla-Hrauni. Það hlýtur alltaf að vera neyðarúrræði að svipta fólk frelsi sínu og dæma það til fangelsisvistar. Markmiðið með fangelsisvist á að vera að gefa fólki tækifæri til að bæta sig. Mikilvægt er að móta heildarstefnu í fangelsismálum þjóðarinnar sem hafi það að markmiði að góður aðbúnaður sé í fangelsunum og umhverfið uppbyggilegt þannig að föngum sé gefið raunverulegt tækifæri til að bæta sig.

Í framhaldi af þingsályktunartillögu, sem samþykkt var á Alþingi 20. apríl 1982, skipaði Alþingi sjö manna nefnd sem hafði eftirfarandi verkefni:

1. Að kanna stöðu fangelsismála.
2. Að leggja fram tillögur um brýnar úrbætur.
3. Að gera áætlun um æskilega framtíðarskipan fangelsismála.

Nefndin lauk störfum í upphafi árs 1987 með því að senda frá sér frumvarp til laga um fangelsi og fangavist og frumvarp til laga um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971. Má segja að afraksturinn af starfi nefndarinnar sé núgildandi lög um fangelsi og fangavist sem öðluðust gildi 1. janúar 1989.

Enginn vafi leikur á að með stofnun Fangelsismálastofnunar í kjölfar laganna var stigið mikilvægt skref til að auka og bæta þjónustu við þá einstaklinga sem dæmdir hafa verið, fanga, fyrrverandi fanga og fjölskyldur þeirra. Nærri lætur að skjólstæðingar Fangelsismálastofnunar séu milli sjö og átta hundruð á hverjum tíma. Starfsemin hefur aukist jafnt og þétt, en þar eð stofnunin hefur frá upphafi verið undirmönnuð hefur hún átt erfitt með að sinna lögboðnum verkefnum sínum sem skyldi. Mjög mikilvægt er að úr því verði bætt.

Þrátt fyrir tilvist Fangelsismálastofnunar er enn mikið verk óunnið á sviði fangelsismála og nægir í því tilliti að benda á orð forstjóra Fangelsismálastofnunar í ársskýrslu fyrir árið 1989 þar sem segir:

„Í umræðu um fangelsismál á opinberum vettvangi hefur þeirri alhæfingu verið haldið á lofti að þau séu alfarið í ólestri. Undir það verður ekki tekið hér, en hins vegar er ástand ýmissa þátta húsnæðismála fangelsanna, aðbúnaður fanga og meðferð geðsjúkra afbrotamanna með þeim hætti að óviðunandi er. Öll tök eru á að leysa vandann. Til þess þarf vilja og fjármagn. Ljúka verður verki nefndar Alþingis frá árinu 1982 um heildarúttekt á stöðu fangelsismála, tillögur um brýnar úrbætur í þeim efnum og áætlun um æskilega framtíðarskipan fangelsismála á Íslandi. Það er löngu tímabært að móta heildstæða fangelsismálastefnu þar sem markmið og leiðir eru sett fram. Það er ekki verjandi að ýta þessum málaflokki ætíð aftast í röðina."

Í ljósi þess ástands sem hér er lýst telja flutningsmenn brýnt að sérfróðir menn með starfsreynslu og þekkingu á þessu sviði verði skipaðir til þess að gera tillögur í samræmi við yfirlýstan vilja Alþingis frá 20. apríl 1982 og ljúki þar með ætlunarverki þingsins. Flutningsmenn taka undir þau orð forstjóra Fangelsismálastofnunar ríkisins um að löngu sé tímabært að móta heildstæða stefnu í fangelsismálum hér á landi. Stjórnvöld hafa

vanrækt þennan málaflokk allt of lengi en nú er ekki lengur verjandi að láta hann bíða.

Flutningsmenn telja mikilvægt að nefndin hraði störfum sínum og leggja til að auk forstjóra Fangelsismálastofnunar verði fulltrúi dómsmálaráðuneytis, afbrotafræðingur frá Fangelsismálastofnun, forstöðumaður fangelsis, fangelsislæknir, fulltrúi Dómarafélags Íslands og fulltrúi Fangavarðafélags Íslands skipaðir í nefndina.

Sþ. 554. Fyrirspurn [310. mál]

til dómsmálaráðherra um eftirlit með síbrotamönnum.

Frá Málmfríði Sigurðardóttur.

1. Eru síbrotamenn og þeir sem gerst hafa sekir um sérlega alvarleg afbrot undir sérstöku eftirliti stjórnvalda þegar þeir hafa afplánað dóm?
2. Ef svo er, hvernig er slíku eftirliti háttað og er þörfin á eftirliti byggð á mati sérfræðinga á því hverjar líkur séu til þess að afbrotamaður brjóti ekki af sér á ný?
3. Ef svo er ekki, eru þá einhver áform um að taka upp slíkt eftirlit byggt á sérfræðilegu mati?

Sþ. 555. Fyrirspurn [311. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um aukningu áfengisneyslu.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. Hvaða breyting varð á almennri áfengisneyslu milli áranna 1988 og 1989?
2. Hvaða breyting varð á áfengisneyslu unglinga 13–19 ára milli áranna 1988 og 1989 (sundurgreint eftir kynjum)?
3. Hvernig skýra heilbrigðisyfirvöld þær breytingar sem um er spurt?

Nd. 556. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [312. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Ólafur G. Einarsson, Páll Pétursson,
Málmfríður Sigurðardóttir, Stefán Valgeirsson.

1. gr.

Í 1. og 2. málsl. 8. gr. falli brott orðið „sameinaðs“.

2. gr.

Í 3. mgr. 11. gr. falli brott orðin „í sameinuðu þingi“.

3. gr.

22. gr. orðist svo:

Forseti lýðveldisins stefnir saman Alþingi að loknum almennum kosningum. Forsetinn setur reglulegt Alþingi ár hvert.

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 24. gr.:

a. Í stað orðanna „áður en 2 mánuðir séu liðnir, frá því er það var rofið“ komi: áður en 45 dagar eru liðnir frá því er gert var kunnugt um þingrofið.
b. Í stað orðanna „8 mánuðum“ komi: tíu vikum.
c. Við bætist nýr málsliður: Alþingismenn skulu halda umboði sínu til kjördags.

5. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 28. gr.:

a. Í stað orðanna „milli þinga“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: er Alþingi er ekki að störfum.
b. Í stað orðanna „fyrir næsta Alþingi á eftir“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: fyrir Alþingi þegar er það er saman komið á ný.
c. 2. mgr. greinarinnar orðist svo:

Nú samþykkir Alþingi ekki bráðabirgðalög, eða lýkur ekki afgreiðslu þeirra innan mánaðar frá því að þau eru lögð fyrir þingið, og falla þau þá úr gildi.

6. gr.

32. gr. orðist svo:

Alþingi starfar í einni málstofu.

7. gr.

35. gr. orðist svo:

Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert hinn fyrsta dag októbermánaðar eða næsta virkan dag ef helgidagur er og stendur til jafnlengdar næsta árs hafi kjörtímabil alþingismanna ekki áður runnið út eða þing verið rofið.

Samkomudegi reglulegs Alþingis má breyta með lögum.

8. gr.

38. gr. orðist svo:

Rétt til að flytja frumvörp til laga og tillögur til ályktana hafa alþingismenn og ráðherrar.

9. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 39. gr.:

a. Í stað orðanna „Hvor þingdeild“ í upphafi greinarinnar komi: Alþingi.
b. Í stað orðsins „innandeildarþingmönnum“ í fyrri málslið komi: alþingismanna.
c. Í stað orðsins „Þingdeildin“ í upphafi síðari málsliðar komi: Alþingi.

10. gr.

2. mgr. 42. gr. falli brott.

11. gr.

Í upphafi fyrri málsgreinar 43. gr. falli brott orðið „Sameinað“.

12. gr.

44. gr. orðist svo:

Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi.

13. gr.

45. gr. falli brott.

14. gr.

Orðin „eið eða“ í 47. gr. falli brott.

15. gr.

2. mgr. 48. gr. falli brott.

16. gr.

49. gr. orðist svo:

Meðan Alþingi er að störfum má ekki setja neinn alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða mál á móti honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi.

17. gr.

52. gr. orðist svo:

Alþingi kýs sér forseta og stýrir hann störfum þess.

18. gr.

53. gr. orðist svo:

Eigi getur Alþingi gert samþykkt um mál nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu.

19. gr.

54. gr. orðist svo:

Heimilt er alþingismönnum, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast um það skýrslu.

20. gr.

55. gr. orðist svo:

Eigi má Alþingi taka við neinu málefni nema einhver þingmanna eða ráðherra flytji það.

21. gr.

56. gr. orðist svo:

Þyki Alþingi ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert mál getur það vísað því til ráðherra.

22. gr.

Í upphafi 57. gr. falli brott orðin „beggja þingdeilda og sameinaðs“.

23. gr.

58. gr. orðist svo:

Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum.

24. gr.

a. Í 2. málsl. 1. mgr. 79. gr. falli brott orðin „beggja þingdeilda“.
b. Í stað orðanna „báðar deildir“ í 3. málsl. 1. mgr. 79. gr. komi: Alþingi.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem var skipuð formönnum þingflokka, að beiðni forseta Alþingis. Frumvarpið er þó vegna deildaskiptingarinnar aðeins flutt af þeim þingflokksformönnum sem sæti eiga í neðri deild en með fullu samþykki þeirra þingflokksformanna sem sæti eiga í efri deild. Í nefndinni sátu: Ólafur G. Einarsson, Sjálfstæðisflokki, Páll Pétursson, Framsóknarflokki, Eiður Guðnason, Alþýðuflokki, Margrét Frímannsdóttir, Alþýðubandalagi, Málmfríður Sigurðardóttir, Samtökum um kvennalista, Guðmundur Ágústsson, Borgaraflokki, og Stefán Valgeirsson, þingmaður Samtaka jafnréttis og félagshyggju.

Um efni frumvarpsins hefur orðið samkomulag í nefndinni. Nefndin ræddi ýmis fleiri atriði í stjórnarskránni sem varða Alþingi og störf þess en um þau varð ekki samkomulag eða þau þess eðlis að ekki þótti ástæða til að breyta þeim að sinni.

Þær meginbreytingar, er felast í frumvarpinu, eru fjórar:

1. Deildaskipting Alþingis er afnumin. Með þeirri breytingu er stefnt að því að gera alla málsmeðferð á Alþingi skilvirkari og nútímalegri.

2. Samkomudegi Alþingis er breytt þannig að reglulegt þing komi saman 1. október.

3. Starfstíma Alþingis er breytt og er gert ráð fyrir að þingið standi allt árið. Jafnframt er í frumvarpinu ákvæði sem tryggir að landið verði aldrei þingmannslaust.

4. Tveimur ákvæðum, er varða fresti, er breytt. Í fyrsta lagi er breyting á meðferð bráðabirgðalagafrumvarpa á Alþingi og er gert ráð fyrir að bráðabirgðalög falli úr gildi hafi Alþingi ekki samþykkt þau eða lokið afgreiðslu þeirra innan mánaðar frá því að þau voru lögð fram. Í öðru lagi eru styttir frestir er varða þingrof. Ekki má líða nema einn og hálfur mánuður frá því er gert var kunnugt um þingrof og þar til kosningar til Alþingis fara fram. Jafnframt mega ekki líða meira en tveir og hálfur mánuður frá því að þing er rofið og þar til nýtt þing kemur saman.

Auk þessara meginbreytinga er um að ræða nokkrar minni breytingar á stjórnarskránni er varða Alþingi og alþingismenn. Þær breytingar eru eftirfarandi:

1. Fellt er niður ákvæði um að ekki megi taka alþingismann fastan fyrir skuldir án leyfis þingsins. Slík frelsissvipting hefur almennt verið óheimil hér á landi í rúma öld.
2. Fellt er brott úrelt ákvæði um eiðvinningu þingmanna.
3. Fellt er brott úrelt ákvæði um að embættismenn, sem á þing eru kosnir, þurfi ekki leyfi stjórnarinnar til að þiggja kosninguna. Slíkt liggur í hlutarins eðli. Jafnframt á ekki lengur við það ákvæði að embættismenn launi staðgengla sína meðan þeir sitja á þingi.
4. Kveðið er skýrara á um meðferð fyrirspurna og skýrslna á Alþingi.

Það er ljóst af því sem hér hefur verið nefnt að veigamesta breytingin á stjórnarskránni felst í afnámi deildaskiptingar þingsins. Þykir því rétt að nefna stuttlega helstu rök fyrir slíkri breytingu.

1. Alþingi hefur síðan 1934 (er hið eldra landskjör var lagt niður) verið kosið sem ein heild, þ.e. allir þingmenn hafa verið kjörnir á sama hátt og á sama tíma. Eðlilegast verður að telja að þing, sem kosið er sem ein heild, starfi í einni málstofu. Sameinað Alþingi skipar nú þingmönnum til starfa í tveimur þingdeildum og er það einungis arfur frá þeim tíma er skipting þingsins helgaðist af því að valið var til deildanna á mismunandi hátt, fyrst með konungkjöri 1874–1915 og síðan landskjöri 1915–1934. Þar sem hinar sögulegu forsendur deildaskiptingarinnar eru nú horfnar og enginn munur hefur verið í langan tíma á kjöri til deildanna er að mörgu leyti eðlilegt að stigið verði það skref er margir vildu taka 1934 og gera Alþingi að einni málstofu.
2. Núverandi deildaskipting hefur oft leitt til þess að ríkisstjórnir, sem notið hafa stuðnings meiri hluta þingmanna, hafa átt erfitt með að koma málum sínum í gegnum þingið vegna þess að þær hafa ekki haft tilskilinn meiri hluta í báðum deildum. Það má færa að því rök að deildaskiptingin sé í andstöðu við þá viðurkenndu grundvallarreglu í lýðræðislegum stjórnkerfum að meiri hlutinn ráði úrslitum mála.

Tvískiptingin hefur nokkrum sinnum orðið til að veikja ríkisstjórnir og gera þær óstarfhæfar þótt meiri hluti þingmanna hafi stutt þær. Svo var 1931–32 (ríkisstjórn Tryggva Þórhallssonar), 1958–59 (ríkisstjórn Emils Jónssonar), 1973–74 (ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar), 1982–83 (ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens) og 1988–89 (ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar).

3. Með einni málstofu er hægt að endurbæta starf nefnda Alþingis. Fastanefndum (kjörbréfanefnd ekki meðtalin) mætti þá fækka úr 23 í 12. Slíkt þýddi jafnframt að hver þingmaður þyrfti ekki að vera í nema u.þ.b. tveimur nefndum og gæti þar af leiðandi rækt mun betur nefndaskyldur sínar en nú er mögulegt. Dæmi eru um að sumir þingmenn hafi þurft að sitja í allt að sjö fastanefndum.
4. Þá má telja fullvíst að ein málstofa muni einfalda alla málsmeðferð á Alþingi líkt og gerðist í Danmörku 1953 og Svíþjóð 1971 þegar deildaskipting var afnumin í þjóðþingum þessara ríkja. Afgreiðsla mála verður þó ekki bara einfaldari heldur mun hún ganga öllu hraðar en áður, en jafnframt ætti að vera tryggt að málsmeðferðin verði vandaðri, sbr. það sem áður er sagt um störf nefndanna.
5. Í einni málstofu mun tími ráðherra nýtast betur en áður þar sem þeir þurfa þá ekki lengur að taka þátt í umræðum um sín mál í tveimur deildum.
6. Núverandi skipting þingsins í þrjár málstofur (efri deild, neðri deild og sameinað þing) veldur því að öll málsmeðferð á Alþingi virðist óþarflega flókin í augum almenn-

ings. Ein málstofa mun því stuðla að bættum skilningi landsmanna á störfum þingsins en slíkt er mikils virði.

7. Kostnaður við þinghaldið mun minnka.

Rök þeirra, er vilja viðhalda óbreyttri deildaskiptingu, hafa einkum verið þau að núverandi kerfi tryggi betri umfjöllun um löggjöf en væri möguleg í einni málstofu. Frumvarp þurfi nú að fara í gegnum þrjár umræður og nefndaumfjöllun í tveimur deildum og fyrirbyggi það frekar en einnardeildarkerfi vanhugsaðar ákvarðanir og auðveldi þingmönnum að íhuga breytingartillögur við frumvarp vandlega. Athuganir, sem gerðar hafa verið á störfum Alþingis, benda þó ekki til þess að þessi rök séu mjög sterk. Það er að vísu hægt að benda á einstök dæmi þess að síðari deild hafi lagfært frumvarp þegar fyrri deild hefur yfirsést eitthvað sem betur mátti fara. Slík dæmi eru þó frekar undantekningar og varða oftast smávægileg atriði. Í þessu sambandi má enn fremur benda á að í þeim drögum að þingskapalögum, sem fylgja frumvarpi þessu, er gert ráð fyrir að frumvörp, sem breytast við 2. umr., skuli sæta athugun í nefnd á ný fyrir 3. umr. og jafnframt verði heimilt að fresta lokaafgreiðslu frumvarps við 3. umr., ef hætta er á að meinbugir séu á samþykktum breytingartillögum við þá umræðu, og gera leiðréttingu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.–2. gr.

Breytingarnar stafa af afnámi deildaskiptingarinnar. Greinarnar fjalla um handhafa forsetavalds og um brottvikningu forseta.

Um 3. gr.

Nýtt orðalag þessarar greinar leiðir af þeirri meginbreytingu á störfum Alþingis að það stendur allt árið. Forseti lýðveldisins stefnir Alþingi saman, svo sem verið hefur, að loknum almennum kosningum og mun jafnframt setja reglulegt þing ár hvert 1. október. Þessi breyting þýðir að hefðbundnar þinglausnir, þar sem forseti Íslands slítur þinginu, falla niður.

Um 4. gr.

Styttir eru frestir er varða þingrof þannig að nú má ekki líða nema einn og hálfur mánuður frá því að forseti Íslands gerir kunnugt um þingrof og þar til kosningar til Alþingis fara fram. Þessi frestur er nú tveir mánuðir frá þingrofi. Jafnframt mega ekki líða meira en fjórir mánuðir frá því að þingrof er birt og þar til nýtt þing kemur saman. Þessi frestur er nú átta mánuðir frá þingrofi.

Við greinina er bætt nýjum málslið, að alþingismenn haldi umboði sínu til kjördags. Með þessu ákvæði er tryggt að landið verður aldrei þingmannslaust.

Um 5. gr.

Í fyrsta lagi eru lagðar til smávægilegar breytingar á orðalagi 1. mgr. vegna breytinga á starfstíma Alþingis. Orðin „milli þinga“ falla brott og í staðinn koma orðin „þegar Alþingi er ekki að störfum“. Með því er átt við þann tíma þegar þingi er frestað eða frá því að umboð þess fellur niður og þar til nýtt þing kemur saman. Hér er því ekki um að ræða breytingu á þeim skilyrðum sem verið hafa fyrir útgáfu bráðabirgðalaga.

Í öðru lagi er Alþingi settur frestur í einn mánuð til að afgreiða frumvarp til staðfestingar á bráðabirgðalögum. Jafnframt hvílir sú skylda á ráðherra að leggja staðfest-

ingarfrumvarp fram á fyrsta fundi Alþingis þegar það kemur saman að nýju eftir útgáfu laganna. Samþykki Alþingi ekki staðfestingarfrumvarpið falla lögin úr gildi og svo er einnig hafi þingið ekki lokið afgreiðslu frumvarpsins innan mánaðar frá því að það var lagt fram og því útbýtt á þingfundi. Ef starf þingsins félli niður af einhverjum ástæðum, svo sem vegna frestunar, áður en mánuður væri liðinn frá framlagningu staðfestingarfrumvarps héldu lögin gildi sínu engu síður þann mánuð sem áskilinn er í greininni.

Mánaðarfresturinn er settur í því skyni að Alþingi taki, svo fljótt sem auðið er, afstöðu til bráðabirgðalaga sem gefin hafa verið út meðan það sat ekki að störfum svo að það réttarástand, sem bráðabirgðalög hafa skapað, standi sem styst eftir að löggjafarvaldið hefur tekið til starfa á ný.

Þess má geta að í drögum að þingskapalögum eru ákvæði sem koma eiga í veg fyrir að staðfestingarfrumvarp falli vegna óeðlilega langra umræðna.

Um 6. gr.

Í greininni felst ein meginbreyting frumvarpsins, þ.e. að Alþingi starfi í einni málstofu.

Um mikilvægi þeirrar breytingar og frekari rökstuðning fyrir henni vísast til almennu athugasemdanna og til fyrri frumvarpa um þetta efni og umræðna á Alþingi á undanförnum árum.

Rétt er að vekja athygli á því að útfærsla þessarar breytingar á störfum Alþingis kemur fram í drögum að frumvarpi um þingsköp Alþingis sem fylgir með þessu frumvarpi.

Um 7. gr.

Lagt er til að samkomudagur Alþingis verði nú 1. október í stað 10. þess mánaðar. Samkvæmt gildandi stjórnarskrárákvæði er samkomudagurinn 15. febrúar en því var breytt með lögum nr. 3/1967 í 10. október, enda hafði sú venja skapast löngu áður (samfellt frá 1956 og að mestu frá 1945) að reglulegt Alþingi hæfi störf þann dag. Með þessari breytingu gefst Alþingi m.a. lengri tími til að fjalla um frumvarp til fjárlaga sem taka þurfa gildi fyrir áramót.

Í greininni er jafnframt kveðið á um að Alþingi standi allt árið, þ.e. frá 1. október til jafnlengdar næsta ár, hafi umboð þess ekki áður fallið úr gildi, þ.e. hafi kjörtímabil alþingismanna ekki áður runnið út eða þing verið rofið. Hér er um veigamikla breytingu að ræða á störfum Alþingis þar sem það mun nú standa að formi til allt árið. Ekki eru uppi áform um að lengja verulega starfstíma Alþingis frá því sem nú er og venja hefur skapast um á síðari árum, en þessi breyting þýðir þó að Alþingi getur komið saman til framhaldsfunda eftir að því hefur verið frestað að vori án þess að til þurfi að koma formleg þingsetning, kjör forseta, fastanefnda o.fl. Reglulegu þingi lýkur samkvæmt greininni sjálfkrafa 30. september en ekki með þingslitum eins og verið hefur. Jafnframt falla þá niður öll óafgreidd mál þingsins eins og nú er við þinglok.

Rétt er að geta þess að áfram er mögulegt að kalla Alþingi til aukafunda, t.d. að loknum alþingiskosningum, áður en reglulegt Alþingi skal koma saman 1. október. Stæði slíkt þing þá (með hugsanlegri frestun) fram til 1. október er nýtt reglulegt Alþingi hæfist.

Loks er því ákvæði greinarinnar haldið að breyta megi samkomudegi reglulegs Alþingis með lögum. Verður að telja eðlilegt vegna ýmissa aðstæðna að heimilt verði að víkja frá stjórnarskrárákvæðinu með lögum.

Um 8. gr.

Breytinguna leiðir af afnámi deildaskiptingarinnar.

Um 9. gr.

Breytinguna leiðir af afnámi deildaskiptingarinnar. Greinin fjallar um rannsóknarnefndir Alþingis.

Um 10.–13. gr.

Breytingarnar eru nauðsynlegar vegna afnáms deildaskiptingarinnar. Greinarnar fjalla um framlagningu fjárlagafrumvarps í sameinuðu þingi, kosningu yfirskoðunarmanna, samþykkt mála í deildum og ágreining deildanna.

Um 14. gr.

Lagt er til að fella brott úrelt ákvæði um eiðvinningu þingmanna.

Um 15. gr.

Óeðlilegt þykir að halda því ákvæði í stjórnarskránni að embættismenn, sem á þing eru kosnir, þurfi ekki leyfi stjórnarinnar til að þiggja kosninguna. Slíkt liggur í hlutarins eðli. Jafnframt á ekki lengur við það ákvæði að embættismenn launi staðgengla sína meðan þeir sitja á þingi.

Um 16. gr.

Fellt er niður ákvæði um að ekki megi taka alþingismann fastan fyrir skuldir án leyfis þingsins. Slík frelsissvipting hefur almennt verið óheimil hér á landi í rúma öld.

Í gildandi ákvæði segir einnig að ekki megi setja neinn alþingismanna „í varðhald“ meðan Alþingi stendur yfir. Er þá átt við gæsluvarðhald sem er þáttur í rannsókn sakamáls. Rétt þykir að kveða nú skýrara að orði um þetta atriði og breyta orðalagi ákvæðisins í samræmi við viðtekinn skilning á því.

Þá er enn fremur breytt orðalagi fyrri málsgreinar þannig að í stað orðanna „meðan Alþingi stendur yfir“ kemur: meðan Alþingi er að störfum. Er þetta annars vegar gert til að festa það orðalag að Alþingi *er að störfum* nema því hafi verið frestað, eða það ekki komið saman að loknum alþingiskosningum, og hins vegar til að tryggja að ekki verði nú efnisleg breyting á ákvæði fyrri málsgreinar þegar Alþingi situr allt árið. Hefur jafnan verið litið svo á að þessi sérréttindi þingmanna féllu niður við þingfrestun.

Um 17.–18. gr.

Breytingarnar stafa af afnámi deildaskiptingarinnar. Orðalagi 53. gr. stjórnarskrárinnar er þó breytt lítillega til samræmis við langa þingskapahefð.

Um 19. gr.

Með greininni er verið að staðfesta framkvæmd á meðferð fyrirspurna og skýrslna á Alþingi.

Um 20.–24. gr.

Breytingarnar leiðir af afnámi deildaskiptingarinnar.

Um 25. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

DRÖG AÐ FRUMVARPI TIL LAGA
um þingsköp Alþingis.

(Í drögum þessum er texti núgildandi þingskapa prentaður í heild en breytingar auðkenndar með skáletri. Sömuleiðis eru nýmæli í breytingartillögum sýnd með leturbreytingu. Sjá enn fremur **Yfirlit um helstu breytingar á þingsköpum** aftast í þessu fylgiskjali.)

I. ÞINGSKIPUN

1. gr.

Þegar Alþingi kemur saman við þingsetningu skal *elsti þingmaðurinn* stjórna umræðunum, þangað til forseti *sameinaðs þings* er kosinn, og standa fyrir kosningu hans.

Til þess að prófa kjörbréf og kosningu nýkjörinna þingmanna og varaþingmanna eftir hverjar almennar kosningar til Alþingis *ganga þingmenn eftir hlutkesti í þrjár jafnar deildir meðan til vinnst. Fyrsta deild fær annarri deild, önnur deild þriðju deild og þriðja deild fyrstu deild kjörbréf þeirra þingmanna sem eru í hverri þeirra fyrir sig. Hver deild rannsakar kjörbréf þau, er hún tekur við, og kosningu þingmanna og kjörgengi, kýs sér framsögumann* og gerir tillögu til þingsins um hvort kosning og kjörgengi þingmanns skuli talin gild. Tillögurnar má bera upp munnlega, án nokkurs fyrirvara, og ræður afl atkvæða um gildi kosninga og kjörgengi, svo og hvort fresta skuli úrskurði þar um, sbr. 46. gr. stjskr.

Umræður á þingsetningarfundum fara fram eftir fyrirmælum 36. og 38. gr.

Breytingartillaga:

Greinin orðist svo:

Þegar Alþingi kemur saman við þingsetningu skal *sá þingmaður, sem hefur lengsta þingsetu að baki*, stjórna umræðunum þangað til forseti *þingsins* er kosinn og standa fyrir kosningu hans. *Hafi tveir þingmenn eða fleiri setið jafnlengi á þingi skal sá teljast aldursforseti sem eldri er.*

Á fyrsta fundi þingsins eftir hverjar almennar kosningar til Alþingis skal kjósa sjö þingmenn í nefnd eftir reglum 49. gr. til þess að prófa kjörbréf og kosningu nýkjörinna þingmanna og varaþingmanna. *Nefndin kýs sér formann og framsögumann* og gerir tillögu til þingsins um hvort kosning og kjörgengi þingmanns skuli talin gild. Tillögurnar má bera upp munnlega, án nokkurs fyrirvara, og ræður afl atkvæða um gildi kosninga og kjörgengi, svo og hvort fresta skuli úrskurði þar um, sbr. 46. gr. stjskr.

Umræður á þingsetningarfundum fara fram eftir fyrirmælum 36. og 38. gr.

2. gr.

Sérhver nýr þingmaður skal vinna *eið eða* drengskaparheit að stjórnarskránni undir eins og búið er að viðurkenna að kosning hans sé gild skv. 47. gr. stjskr.

Breytingartillaga:

Skáletruðu orðin falli brott.

3. gr.

Þá skal kjósa forseta *sameinaðs þings* og gengst hann fyrir kosningu *tveggja* varaforseta, *fyrsta og annars, og tveggja skrifara.*

Rétt kjörinn forseti er sá er hefur meira en helming greiddra atkvæða *þeirra er á fundi eru.* Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð við fyrstu kosningu skal kosið að nýju óbundnum kosningum. Fái þá heldur enginn nógu mörg atkvæði skal kjósa um þá tvo þingmenn er flest fengu atkvæði við síðari óbundnu kosninguna; hafi við þá kosningu fleiri fengið jafnmörg atkvæði ræður hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Ef þeir fá báðir jafnmörg atkvæði við bundnu kosninguna ræður hlutkesti hvor þeirra verði forseti.

Sömu reglu skal fylgt við kosningu varaforseta.

Skrifarar skulu kosnir hlutbundinni kosningu, sbr. 49. gr.

Breytingartillaga:

Greinin orðist svo:

Þá skal kjósa forseta *Alþingis* og gengst hann fyrir kosningu *fjögurra* varaforseta.

Rétt kjörinn forseti er sá er hefur meira en helming greiddra atkvæða. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð við fyrstu kosningu skal kosið að nýju óbundnum kosningum. Fái þá heldur enginn nógu mörg atkvæði skal kjósa um þá tvo þingmenn er flest fengu atkvæði við síðari óbundnu kosninguna; hafi við þá kosningu fleiri fengið jafnmörg atkvæði ræður hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Ef þeir fá báðir jafnmörg atkvæði við bundnu kosninguna ræður hlutkesti hvor þeirra verður forseti.

Sömu reglu skal fylgt við kosningu varaforseta.

Þegar þessum kosningum er lokið skal hluta um sæti þingmanna. [Áður síðari málsgrein 7. gr.]

4. gr.

Þá skal kjósa nefnd til þess að prófa kjörbréf er síðar koma fram *en svo að þau verði prófuð eftir 1. gr.* svo og til þess að rannsaka kosningar og kjörgengi, er þingið hefur frestað að taka gild, og kærur yfir kosningum eða kjörgengi er þegar eru tekin gild. *Í þessa nefnd kýs þingið sjö menn eftir reglum um nefndakosningar skv. 16. og 49. gr.*

Ef nefnd þessi lætur uppi skriflega tillögu eða ef hún leggur til að kosning skuli teljast ógild skulu tillögur hennar ræddar eftir reglunum um 2. umr. lagafrumvarpa skv. *21. gr.* Ella fer um tillögur hennar eftir því sem ákveðið er um tillögur *kjördeildanna* í 1. gr.

Kosning nefndarinnar er fyrir allt kjörtímabilið.

Breytingartillaga:

Greinin orðist svo:

Kjörbréfanefnd skv. 1. gr. skal einnig prófa kjörbréf er síðar koma fram, svo og til þess að rannsaka kosningar og kjörgengi, er þingið hefur frestað að taka gild, og kærur yfir kosningum eða kjörgengi er þegar eru tekin gild.

Ef nefnd þessi lætur uppi skriflega tillögu eða ef hún leggur til að kosning skuli teljast ógild skulu tillögur hennar ræddar eftir reglunum um 2. umr. lagafrumvarpa skv. 21. gr. Ella fer um tillögur *nefndarinnar* eftir því sem ákveðið er um tillögur *hennar* í 1. gr.

Kosning nefndarinnar er fyrir allt kjörtímabilið.

5. gr.

Þingið getur við rannsókn þá, er ræðir um í 1. gr., úrskurðað kosningu ógilda þótt eigi hafi hún kærð verið og einnig frestað að taka kosningu gilda til þess að fá skýrslur. Svo er og um kosningu þingmanns er eigi er kominn, eða kjörbréf hans, þá er þing er sett.

Sama er um kjörgengi.

Að öðru leyti tekur þingið eigi upp hjá sjálfu sér að rannsaka kosningar eða kjörgengi en gerir það því aðeins að kært sé yfir þeim.

Kæru yfir kosningu þingmanns eða kjörgengi skal því aðeins taka til greina að hún sé komin til Alþingis í byrjun þings næst á eftir kosningu eða áður en kosning þingmanns er tekin gild á Alþingi.

Við prófun kosninga og kjörgengis hefur sérhver þingmaður fullan þingmannsrétt. En fresti þingið úrskurði um það þá tekur hann engan þátt í störfum þingsins uns það mál er útkljáð og kosning hans og kjörgengi viðurkennd.

Athugasemd:

Greinin haldist óbreytt.

6. gr.

Eftir kosningar þær, sem um ræðir í 3. og 4. gr., skal velja til efri deildar þá tölu þingmanna er þar skulu eiga sæti. Skal hverjum þingflokki skylt að tilnefna á lista þá tölu þingmanna sinna er honum ber í hlutfalli við atkvæðamagn hans í sameinuðu þingi. Ef tveir eða fleiri þingflokkar hafa með sér bandalag um kjör til efri deildar, eða þingflokkur (eða flokkar) og menn utan flokka, skal tala á listanum miðuð við samanlagt atkvæðamagn bandalagsins.

Ef atkvæðamagn tveggja eða fleiri kjöraðila er jafnt við kosningu síðasta manns til efri deildar skal hvor (hver) þeirra tilnefna mann í vafasætið en hlutkesti ráða úrslitum.

Nú skýtur einhver kjöraðili sér undan skyldu um tilnefningu til efri deildar og tilnefnir forseti þá þingmann eða þingmenn úr þeim flokki eða bandalagi í réttu hlutfalli við atkvæðamagn. Ef þá er vafi um eitt sæti skal hlutkesti ráða. Forseti tilkynnir síðan hverjir þingmenn hafa þannig verið tilnefndir og teljast þeir rétt kjörnir eða skipaðir til efri deildar, sbr. 32. gr. stjskr.

Breytingartillaga:

Greinin falli brott.

7. gr.

Síðan setjast þingdeildirnar niður, efri og neðri. Í hvorri deild gengst elsti þingmaðurinn fyrir kosningu forseta deildarinnar en forseti síðan fyrir kosningu tveggja varaforseta, fyrsta og annars, og tveggja skrifara. Um þessar kosningar fer eftir ákvæðum 3. gr. um sams konar kosningu í sameinuðu þingi.

Þegar þessum kosningum er lokið skal hluta um sæti þingmanna, annarra en forseta, skrifara og ráðherra, nema þingflokkar hafi komið sér saman um að skipa sér í sæti eftir flokkum.

Breytingartillaga:

Greinin falli brott.

8. gr.

Kosning forseta, varaforseta *og skrifara, í sameinuðu þingi og báðum deildum, er fyrir allt það þing.* Kosning *til efri deildar* er fyrir allt kjörtímabilið. *Svo er og um kosningu kjörbréfanefndar skv. 4. gr.*

Þó er *hverjum embættismanni þingsins* heimilt að leggja niður starf sitt, ef meiri hluti leyfir, *í þingdeild eða sameinuðu þingi*; svo getur og *þingdeild eða sameinað Alþingi* vikið *hverjum embættismanni sínum* frá en þó þarf til þess samatkvæði $^2/_3$ þingmanna *eða deildarmanna.*

Breytingartillaga:

Greinin orðist svo:

Kosning forseta *og* varaforseta *gildir þangað til nýtt þing er sett.* Kosning kjörbréfanefndar er fyrir allt kjörtímabilið.

Þó er hverjum *forseta* þingsins heimilt að leggja niður starf sitt ef meiri hluti leyfir; svo getur Alþingi vikið *forseta* frá en þó þarf til þess samatkvæði $^2/_3$ þingmanna. *Skal þá þegar kjósa nýjan forseta í sæti það er losnaði.*

9. gr.

Nú losnar sæti þingmanns og skal þá varamaður, er í hans stað kemur, taka sæti í þeirri deild er hann var í.

Breytingartillaga:

Greinin falli brott.

10. gr.

Aldursforseti, *bæði í sameinuðu þingi*, sbr. 1. gr., *og í þingdeild, sbr. 7. gr.*, hefur, meðan hann skipar forsetasæti, allan sama rétt og skyldur sem forseti.

Breytingartillaga:

Skáletruðu orðin falli brott.

11. gr.

Forsetar stjórna umræðum og *sjá* um að allt fari fram með góðri reglu. *Forsetar sameinaðs þings og hvorrar deildar fyrir sig taka* við öllum erindum til *sameinaðs þings*

og deilda og annast um afgreiðslu þeirra mála er frá *sameinuðu þingi og deildum* eiga að fara. *Forsetar skýra* á fundi frá erindum sem send eru *sameinuðu þingi og þingdeildum* og því sem útbýtt er *í þeim*. Nú vill forseti, *hvort heldur sameinaðs þings eða deildar*, taka þátt í umræðum frekar en forsetastaða hans krefur og víki þá á þingmannabekk en varaforseti tekur forsetasæti á meðan.

Forsetar hafa sameiginlega umsjón með starfi þingnefnda. Þeir skipa fyrir um fasta fundatíma nefndanna þannig að fundir rekist ekki á. Þeir halda skrá um þingmál, sem til nefndanna hefur verið vísað, og fylgjast með gangi mála svo sem nauðsynlegt kann að vera til þess að geta skipað málum niður á dagskrá þingfunda í hagkvæmri tímaröð.

Forsetar fara sameiginlega með framkvæmdastjórn Alþingis. Þeir hafa umsjón með eignum þess og fjárreiðum.

Forsetar skipa í sameiningu skrifstofustjóra þingsins. Skrifstofustjóri hefur á hendi daglegan rekstur þingsins og er *forsetum* til aðstoðar í öllu er varðar *framkvæmdastjórn* þingsins. *Forsetar skulu setja skrifstofustjóra erindisbréf.*

Forsetar skipa eða ráða aðra starfsmenn þingsins.

Breytingartillögur:

(11. gr. A.)

Forseti stjórnar umræðum og *sér* um að allt fari fram með góðri reglu. *Forseti tekur* við öllum erindum til *Alþingis* og annast um afgreiðslu þeirra mála er frá *þinginu* eiga að fara. *Forseti skýrir* á fundi frá erindum sem send eru þinginu og því sem útbýtt er *á þingfundi.*

Nú vill forseti taka þátt í umræðum frekar en forsetastaða hans krefur og víkur hann þá á þingmannabekk en varaforseti tekur forsetasæti á meðan.

Forseti hefur umsjón með starfi þingnefnda, *sbr. 15. gr.*

Í forföllum forseta ganga varaforsetar að öllu leyti í *hans* stað.

(11. gr. B.)

Forseti og varaforsetar mynda forsætisnefnd. Hún hefur umsjón með helstu framkvæmdum Alþingis, fjárreiðum þess og eignum. Forseti stjórnar fundum hennar.

Forsætisnefnd skal gera starfsáætlun fyrir hvert þing og leitast við að skipuleggja nánar störf þess í samráði við formenn þingflokka.

(11. gr. C.)

Forsætisnefnd ræður skrifstofustjóra til sex ára í senn. Hann stjórnar skrifstofu Alþingis og hefur á hendi daglegan rekstur þingsins.

Skrifstofustjóri situr fundi forsætisnefndar og er forseta og nefndinni til aðstoðar í öllu er varðar stjórn þingsins.

Skrifstofustjóri gerir tillögur til forseta um ráðningu annarra starfsmanna þingsins.

12. gr.

Í forföllum forseta ganga varaforsetar að öllu leyti í þeirra stað.

Athugasemd:

Þessi ákvæði hafa verið felld inn í breytta 11. gr.

13. gr.

Skrifarar halda gjörðabók, undir umsjón forsetans, og *geta* í henni mála þeirra, er rædd eru á fundum, og úrslita þeirra.

Í byrjun fundar skal gjörðabók frá síðasta fundi samþykkt og undirskrifuð af forseta og *öðrum skrifaranum.* Þingmenn skulu eiga kost á að kynna sér gjörðabók í skrifstofunni að minnsta kosti tveim tímum áður en næsti fundur byrjar.

Skrifararnir telja saman atkvæði við atkvæðagreiðslur og kosningar. *Sömuleiðis sjá þeir með forseta* um að *ályktanir* séu skrásettar og ritar forsetinn og *annar skrifarinn* undir þær. *Störfum skipta skrifarar milli sín eftir samkomulagi við forseta.*

Breytingartillaga:

Greinin orðist svo:

Skrifstofustjóri, eða fulltrúi hans, skal vera forseta til aðstoðar við fundarstjórn. Hann heldur gjörðabók, undir umsjón forsetans, og *getur* í henni mála þeirra, er rædd eru á fundum, og úrslita þeirra.

Í byrjun fundar skal gjörðabók frá síðasta fundi samþykkt og undirskrifuð af forseta. Þingmenn skulu eiga kost á að kynna sér gjörðabók í skrifstofunni að minnsta kosti tveim tímum áður en næsti fundur byrjar.

Forseta er heimilt að kveðja til tvo þingmenn á fundi til að telja saman atkvæði við atkvæðagreiðslur og kosningar.

Skrifstofustjóri skal ásamt forseta sjá um að *samþykktir þingsins* séu skrásettar og rita forsetinn og *skrifstofustjórinn* undir þær.

Ný grein á eftir 13. gr.

Skipi þingmenn sér í þingflokka skulu þeir velja sér formann er komi fram fyrir þeirra hönd gagnvart forseta og öðrum þingflokkum og þingmönnum.

Í þingflokki skulu vera a.m.k. tveir þingmenn.

14. gr.

Ákvæði 12. og 13. gr. eiga jafnt við um forseta, varaforseta og skrifara í sameinuðu þingi sem í deildum.

Breytingartillaga:

Greinin falli brott.

II. NEFNDIR

15. gr.

Á 2. fundi *sameinaðs* Alþingis skulu kosnar þessar fastanefndir:

1. fjárveitinganefnd, skipuð níu mönnum,
2. utanríkismálanefnd, *skipuð sjö mönnum og sjö til vara,*
3. *atvinnumálanefnd, skipuð sjö mönnum,*
4. *allsherjarnefnd, skipuð sjö mönnum,*
5. *félagsmálanefnd, skipuð sjö mönnum.*

Fjárveitinganefnd fjallar um frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga og þingsályktunartillögur sem til hennar kann að vera vísað og fara fram á útgjöld úr ríkissjóði. Til utanríkismálanefndar skal vísa utanríkismálum. *Utanríkismálanefnd starfar einnig milli*

þinga og er ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt milli þinga sem á þingtíma. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju sem þeir fá í nefndinni ef formaður eða ráðherra kveður svo á. *Til atvinnumálanefndar skal vísa þeim málum sem landbúnaðar-, sjávarútvegs- og iðnaðarnefndir í deildum mundu fjalla um ef borin væru fram í frumvarpsformi. Til félagsmálanefndar skal vísa þeim málum sem félagsmála-, heilbrigðis- og trygginga- og menntamálanefndir í deildum mundu fjalla um ef borin væru fram í frumvarpsformi. Til allsherjarnefndar skal vísa þeim málum sem þingið ákveður.*

Fjárveitinganefnd getur ákveðið að skipa úr sínum hópi undirnefnd til að starfa milli þinga að sérstökum verkefnum.

Hvor þingdeild skal og kjósa fastanefndir til að fjalla um ákveðnar tegundir mála og skal það gert á öðrum þingfundi hvorrar deildar. Fastanefndir skulu í hvorri deild vera sem hér segir, skipaðar allt að sjö mönnum hver nefnd:

1. *fjárhags- og viðskiptanefnd,*
2. *samgöngunefnd,*
3. *landbúnaðarnefnd,*
4. *sjávarútvegsnefnd,*
5. *iðnaðarnefnd,*
6. *félagsmálanefnd,*
7. *heilbrigðis- og tryggínganefnd,*
8. *menntamálanefnd,*
9. *allsherjarnefnd.*

Hver fastanefnd þingsins kýs sér formann, varaformann *og fundaskrifara.*

Fastanefndir þingsins skulu leitast við að skipa afgreiðslu þingmála í tímaröð svo að verkefni þingfunda *í sameinuðu þingi og þingdeildum* megi, eftir því sem við verður komið, dreifast sem jafnast á þingtímann.

Nú þykir nauðsyn til bera vegna vinnubragða að hafa mannaskipti í nefndum, *lengur eða skemur,* og *skulu forsetar* þá hlutast til um að mannaskiptin komist á, þó svo að viðkomandi fastanefndir samþykki. Náist ekki samkomulag *mega forsetar* skjóta ágreiningnum undir úrskurð *sameinaðs þings eða þingdeildar.*

Til fastanefndanna getur sameinað þing og hvor þingdeild vísað þeim þingmálum sem lögð eru fram og þörf þykir að nefnd íhugi. Að jafnaði skal vísa hverju máli til sömu fastanefndar í báðum deildum. Það er samvinnunefnd ef samkynja fastanefndir beggja deilda vinna saman að athugun mála sem vísað hefur verið til annarrar nefndarinnar.

Heimilt er *þó sameinuðu þingi eða hvorri deild* að kjósa sérnefndir til að íhuga einstök mál. Hver slík nefnd kýs sér formann, varaformann *og fundaskrifara. Einnig er sameinuðu þingi eða hvorri deild heimilt að ákveða að fastanefnd vinni að athugun máls milli þinga.*

Nefndir kjósa sér framsögumann fyrir hvert mál sem þær fjalla um.

Vísa má máli til nefndar á hverju stigi þess. Sé það gert áður en umræðu er lokið þá skal henni frestað.

Breytingartillaga:

Greinin orðist svo:

Á 2. fundi Alþingis skulu kosnar þessar fastanefndir:

1. fjárveitinganefnd,

2. utanríkismálanefnd,
3. fjárhags- og viðskiptanefnd,
4. samgöngunefnd,
5. landbúnaðarnefnd,
6. sjávarútvegsnefnd,
7. iðnaðarnefnd,
8. félagsmálanefnd,
9. heilbrigðis- og tryggingnefnd,
10. menntamálanefnd,
11. allsherjarnefnd,
12. *umhverfisnefnd.*

Til hverrar fastanefndar skulu kosnir níu þingmenn. Fastanefndir kjósa sér formann og varaformann.

Fjárveitinganefnd fjallar um frumvörp til fjárlaga, fjáraukalaga *og samþykkt á ríkisreikningi* og þingsályktunartillögur sem til hennar kann að vera vísað og fara fram á útgjöld úr ríkissjóði.

Fjárveitinganefnd getur falið öðrum fastanefndum eða sérnefndum að fjalla um einstaka þætti frumvarps til fjárlaga eða fjáraukalaga.

Til utanríkismálanefndar skal vísa utanríkismálum. *Nefndin* er ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt *á þingtíma sem í þinghléum.* Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju sem þeir fá í nefndinni ef formaður eða ráðherra kveður svo á.

Til annarra nefnda skal vísa frumvörpum og þingsályktunartillögum eftir efni þeirra og hafa hliðsjón af skiptingu málefna í Stjórnarráðinu. Til allsherjarnefndar skal, auk dóms- og kirkjumála, vísa þeim málum sem þingið ákveður.

Forseti skal kveðja saman til funda formenn þingnefnda og leggja fyrir þá tillögu um fasta fundatíma nefndanna þannig að fundir rekist ekki á. Forseti og nefndaformenn skulu semja áætlun um afgreiðslu mála úr nefndum þannig að unnt sé að skipa þeim niður á dagskrá þingfunda í hagkvæmri tímaröð og dreifa þeim sem jafnast á þingtímann. *Skrifstofa þingsins heldur skrá um þingmál, sem til nefndanna hefur verið vísað, og veitir þingnefndum nauðsynlega aðstoð við athugun þeirra.*

Nú þykir nauðsyn til bera vegna vinnubragða að hafa mannaskipti í nefndum, og *skal forseti* þá hlutast til um að mannaskiptin komist á. Náist ekki samkomulag *má forseti* skjóta ágreiningnum undir úrskurð *þingfundar. Varaþingmenn taka sæti aðalmanna í nefndum meðan þeir sitja á þingi. Forfallist þingmaður um stundarsakir getur hann kvatt í sinn stað annan þingmann til þess að sinna nefndarstörfum, þó að tilskildu samþykki nefndarinnar.*

Heimilt er að kjósa sérnefndir til að íhuga einstök mál. Hver slík nefnd kýs sér formann *og* varaformann.

Nefndir kjósa sér framsögumann fyrir hvert mál sem þær *skila áliti um eða flytja.*

Nefnd getur, með einróma samþykki nefndarmanna, skilað áliti á sama skjali um tvö eða fleiri mál sem til hennar hefur verið vísað ef þau fjalla um skyld efni eða það þykir hagkvæmt af öðrum ástæðum.

Vísa má máli til nefndar á hverju stigi þess. Sé það gert áður en umræðu er lokið þá skal henni frestað.

16. gr.

Nefndir skulu kosnar hlutbundnum kosningum, sbr. 49. gr. Kosning fastanefnda gildir til upphafs næsta þings.

Athugasemd:

Greinin haldist óbreytt.

17. gr.

Sá kveður þingnefnd saman í fyrsta sinn er fyrst var kosinn og lætur kjósa formann, varaformann *og skrifara nefndarinnar*.

Nefndin lætur uppi álit sitt og skal prenta það og útbýta því meðal þingmanna á fundi. Eigi má taka málið að nýju til umræðu fyrr en að minnsta kosti einni nóttu síðar en nefndarálitinu var útbýtt.

Breytingartillaga:

Greinin orðist svo:

Sá kveður þingnefnd saman í fyrsta sinn er fyrst var kosinn og lætur kjósa formann *og* varaformann.

Nefndin lætur uppi álit sitt og skal prenta það og útbýta því meðal þingmanna á fundi. Eigi má taka málið að nýju til umræðu fyrr en að minnsta kosti einni nóttu síðar en nefndarálitinu var útbýtt.

Ný grein á eftir 17. gr.

Kjósa skal nefndir alþingismanna til að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi sem Alþingi er aðili að. Þó er þingflokkum heimilt að tilnefna þingmenn í alþjóðanefndir ef samkomulag er um slíkt milli þeirra. Tilnefningu skal þá lýst á þingfundi.

Forsætisnefnd setur nánari reglur um störf alþjóðanefnda þingmanna.

Nýr kafli: STEFNURÆÐA FORSÆTISRÁÐHERRA

Á 3. fundi Alþingis skal forsætisráðherra flytja stefnuræðu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, en eftirrit af ræðunni skal afhent þingmönnum sem trúnaðarmál eigi síðar en viku áður en hún er flutt. Umræður fara fram skv. 53. gr.

III. ÞINGMÁL

18. gr.

Lagafrumvörp skulu vera samin með lagasniði og skal prenta þau og útbýta þeim meðal þingmanna á fundi. Hverju frumvarpi skal fylgja stutt greinargerð fyrir tilgangi þess yfirleitt og skýring á höfuðákvæðum. Eigi má taka frumvarp til umræðu fyrr en liðin er að minnsta kosti ein nótt frá því er því var útbýtt.

Lagafrumvörp, sem útbýtt er sex mánuðum eftir þingsetningu, verða því aðeins tekin til meðferðar að meiri hluti þingmanna *í þeirri deild, sem frumvarpið er borið upp í,* samþykki það.

Breytingartillaga:

Greinin orðist svo:

Lagafrumvörp skulu vera samin með lagasniði og skal prenta þau og útbýta þeim

meðal þingmanna á fundi. Hverju frumvarpi skal fylgja stutt greinargerð fyrir tilgangi þess yfirleitt og skýring á höfuðákvæðum. Eigi má *nema með samþykki þingsins* taka frumvarp til umræðu fyrr en liðin er að minnsta kosti ein nótt frá því er því var útbýtt.

Lagafrumvörp, sem útbýtt er sex mánuðum eftir þingsetningu, verða því aðeins tekin til meðferðar að meiri hluti þingmanna samþykki það.

19. gr.

Ekki er lagafrumvarp samþykkt til fullnaðar fyrr en það hefur verið rætt þrisvar sinnum *í hvorri þingdeild eða þrisvar sinnum í sameinuðu þingi þegar um er að ræða frumvarp til fjárlaga og fjáraukalaga, sbr. 44. og 45. gr. stjskr.*

Breytingartillaga:

Greinin orðist svo:

Ekki er lagafrumvarp samþykkt til fullnaðar fyrr það hefur verið rætt *við þrjár umræður.*

20. gr.

Við fyrstu umræðu skal ræða frumvarpið í heild sinni. Þá er þeirri umræðu er lokið er leitað atkvæða um hvort það eigi að ganga til annarrar umræðu og nefndar.

Athugasemd:

Greinin haldist óbreytt.

21. gr.

Önnur umræða fer eigi fram fyrr en einni nóttu eftir fyrstu umræðu og skal þá ræða greinar frumvarpsins *hverja fyrir sig* og breytingartillögur við þær. Síðan skal greiða atkvæði um hverja grein og breytingartillögur við hana, ef fram hafa komið, og loks um það hvort frumvarpið eigi að ganga til þriðju umræðu.

Breytingartillaga:

Greinin orðist svo:

Önnur umræða fer eigi fram fyrr en einni nóttu eftir fyrstu umræðu eða *útbýtingu nefndarálits* og skal þá ræða greinar frumvarpsins og breytingartillögur við þær. Síðan skal greiða atkvæði um hverja grein og breytingartillögur við hana, ef fram hafa komið, og loks um það hvort frumvarpið eigi að ganga til þriðju umræðu.

Breytist frumvarp við aðra umræðu skal nefnd fjalla um það áður en þriðja umræða hefst ef einhver þingmaður eða ráðherra krefst þess.

22. gr.

Þriðja umræða má eigi fara fram fyrr en einni nóttu eftir aðra umræðu. Þá skal ræða breytingartillögur og greinar er þær eiga við svo og frumvarpið allt í heild. Þá er umræðum er lokið skal leita atkvæða um breytingartillögur*nar* og síðan um frumvarpið í heild sinni eins og það þá er orðið.

Breytingartillaga:

Greinin orðist svo:

Þriðja umræða má eigi fara fram fyrr en einni nóttu eftir aðra umræðu. Þá skal ræða breytingartillögur og greinar er þær eiga við svo og frumvarpið allt í heild. Þá er umræðum er lokið skal leita atkvæða um breytingartillögur og síðan um frumvarpið í heild sinni eins og það þá er orðið.

Sé þriðju umræðu frestað eftir atkvæðagreiðslu um breytingartillögur við frumvarpið og því vísað á ný til nefndar er ráðherra, þingnefnd, sem haft hefur málið til athugunar, eða einstökum nefndarmönnum heimilt að leggja fram nýjar breytingartillögur við frumvarpið. Við framhald umræðunnar skal fyrst greiða atkvæði um breytingartillögur, ef fram hafa komið, og síðan um frumvarpið í heild eins og það þá er orðið.

23. gr.

Þá er frumvarp hefur þannig verið samþykkt við þrjár umræður *í deild* sendir forseti *hennar* það *forseta hinnar deildarinnar með tilmælum um að hann leggi það fyrir þá deild, sbr. 45. gr. stjskr., og sætir það síðan sömu meðferð þar sem í deild þeirri er það kom frá.*

Ef frumvarpið er samþykkt óbreytt í þessari deild sendir forseti hennar ríkisstjórninni það.

Breytingartillaga:

Greinin orðist svo:

Þá er frumvarp hefur þannig verið samþykkt við þrjár umræður sendir forseti það ríkisstjórninni sem lög frá Alþingi.

24. gr.

Ef deildin breytir aftur á móti frumvarpinu í smáu eða stóru sendir forseti hennar það til baka forseta hinnar deildarinnar, sbr. 45. gr. stjskr. Hafi nefnd fjallað um það þar sendir forseti henni það þegar. Hún lætur uppi álit sitt um það. Þá er liðin er að minnsta kosti ein nótt frá því er frumvarpinu, eins og það kom frá hinni deildinni, var útbýtt meðal þingmanna á fundi, eða, ef um nefndarálit um það er að ræða, þá frá því er því var útbýtt, skal frumvarpið tekið til umræðu í deildinni á sama hátt og áður við þriðju umræðu skv. 22. gr.

Ef deildin samþykkir frumvarpið óbreytt eins og það kom frá hinni deildinni sendir forseti ríkisstjórn það. En sé því breytt sendir forseti það, eins og það þá er orðið, hinni deildinni, sbr. 45. gr. stjskr., og skal þar enn fara með það eftir ákvæðum 22. gr. Fallist deildin á frumvarpið óbreytt sendir forseti ríkisstjórn það. Nú breytir deildin því og sendir þá forseti það forseta sameinaðs þings og mælist til að það verði lagt fyrir sameinað þing.

Breytingartillaga:

Greinin falli brott.

25. gr.

Frumvarpinu, í þeirri mynd sem það hafði síðast fengið, er nú útbýtt meðal allra þingmanna og skal lagt fyrir sameinað Alþingi til einnar umræðu minnst einni nóttu síðar.

Við umræðurnar skal fara eftir því sem fyrir er mælt í 22. gr. og er þeim lýkur skal greiða atkvæði um breytingartillögurnar og síðan um frumvarpið í heild sinni.

Þá er Alþingi, sem nú segir, skipar eina málstofu þarf, til þess að gerð verði fullnaðarályktun um mál, meira en helmingur þingmanna úr hvorri deild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu, sbr. 45. gr. Ræður þá afl atkvæða um einstök málsatriði. En til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykkt í heild sinni verða aftur á móti að minnsta kosti tveir þriðjungar atkvæða, sem greidd eru, að vera með frumvarpinu, sbr. 45. gr. stjskr.

Ef frumvarp er samþykkt í sameinuðu þingi sendir forseti það ríkisstjórninni. Ella fellur það niður.

Breytingartillaga:
Greinin falli brott.

26. gr.

Lagafrumvarp, er felur í sér tillögu um breytingu á stjórnarskránni eða viðauka við hana, skal í fyrirsögninni nefnt frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Hafi það eigi þá fyrirsögn vísar forseti því frá.

Breytingartillögu, sem felur í sér tillögu um breytingu á stjórnarskránni eða viðauka við hana, má aðeins gera við frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Sé hún gerð við annað frumvarp vísar forseti henni frá.

Athugasemd:
Greinin haldist óbreytt.

27. gr.

Lagafrumvarp, er *önnur deildin hefur* fellt, má eigi bera upp aftur á sama þingi.

Breytingartillaga:
Í stað skáletruðu orðanna komi: hefur verið.

28. gr.

Tillögur til þingsályktunar *skal bera upp í sameinuðu þingi og* skulu *þær* vera í ályktunarformi. Skal prenta þær og útbýta þeim meðal þingmanna á þingfundi. Umræða má eigi fara fram fyrr en í fyrsta lagi daginn eftir.

Ekki er þingsályktunartillaga samþykkt til fullnaðar fyrr en hún hefur verið rædd tvisvar.

Við fyrri umræðu hefur flutningsmaður allt að fimmtán mínútum til framsögu fyrir tillögunni og aðrir þingmenn og ráðherrar allt að átta mínútum. Hver ræðumaður má tala tvisvar. Þá er þessari umræðu er lokið er leitað atkvæða um hvort tillagan eigi að ganga til *annarrar* umræðu og nefndar. Forseti getur ákveðið frávik frá þessari málsmeðferð ef fyrir liggur rökstudd beiðni þingflokks þar að lútandi. Hver þingflokkur hefur rétt til að bera slíka beiðni fram við forseta einu sinni á hverju þingi.

Síðari umræða fer eigi fram fyrr en einni nóttu eftir fyrri umræðu eða útbýtingu nefndarálits. Skal þá ræða tillögugreinar og breytingartillögur við þær. Þá er umræðu er lokið skal greiða atkvæði um hverja tillögugrein og breytingartillögur við þær og loks til-

löguna í heild sinni. Við umræðuna gilda ákvæði 36. gr.

Um þingsályktunartillögur, er fjalla um stjórnskipun, utanríkis- eða varnarmál, staðfestingu framkvæmdaáætlana, alþjóðasáttmála eða milliríkjasamninga gilda ákvæði 36. gr. við báðar umræður.

Þingsályktunartillögur, sem útbýtt er sex mánuðum eftir þingsetningu, verða því aðeins teknar til meðferðar að meiri hluti *sameinaðs* þings samþykki það.

Ályktunartillögur, sem bornar eru upp í þingdeild, lúta í öllu sömu reglum um málsmeðferð sem þingsályktunartillögur.

Breytingartillaga:

Greinin orðist svo:

Tillögur til þingsályktunar skulu vera í ályktunarformi. Skal prenta þær og útbýta þeim meðal þingmanna á þingfundi. *Stutt greinargerð má fylgja tillögu til þingsályktunar.* Umræða má eigi fara fram fyrr en í fyrsta lagi *einni nóttu eftir að tillögunni var útbýtt.*

Ekki er þingsályktunartillaga samþykkt til fullnaðar fyrr en hún hefur verið rædd *við tvær umræður. Tillögur um vantraust og um frestun á fundum Alþingis skulu þó afgreiddar við eina umræðu.*

Við fyrri umræðu *má hver ræðumaður tala tvisvar, flutningsmaður í allt að fimmtán mínútum og aðrir þingmenn og ráðherrar allt að átta mínútum í senn.* Þá er þessari umræðu er lokið er leitað atkvæða um hvort tillagan eigi að ganga til síðari umræðu og nefndar. Forseti getur ákveðið frávik frá þessari málsmeðferð ef fyrir liggur rökstudd beiðni þingflokks þar að lútandi. Hver þingflokkur hefur rétt til að bera slíka beiðni fram við forseta einu sinni á hverju þingi.

Síðari umræða fer eigi fram fyrr en einni nóttu eftir fyrri umræðu eða útbýtingu nefndarálits. Skal þá ræða tillögugreinar og breytingartillögur við þær. Þá er umræðu er lokið skal greiða atkvæði um hverja tillögugrein og breytingartillögur við þær og loks tillöguna í heild sinni. Við umræðuna gilda ákvæði 36. gr.

Forseta er heimilt að láta ákvæði 36. gr. gilda við fyrri umræðu um þingsályktunartillögur, er fjalla um stjórnskipun, utanríkis- eða varnarmál, staðfestingu framkvæmdaáætlana, alþjóðasáttmála eða milliríkjasamninga *liggi fyrir ósk um það frá flutningsmanni.*

Þingsályktunartillögur, sem útbýtt er sex mánuðum eftir þingsetningu, verða því aðeins teknar til meðferðar að meiri hluti þings samþykki það.

29. gr.

Ef ráðherra óskar að gera grein fyrir opinberu málefni gerir hann það með skýrslu til Alþingis er skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

Ef ráðherra óskar skal skýrslan tekin til umræðu. Sama gildir ef níu þingmenn óska þess. Ráðherrann gerir grein fyrir skýrslunni og er þingmönnum þá rétt að taka þátt í umræðunni. Þingmenn, aðrir en ráðherrar, mega þó ekki tala oftar en tvisvar.

Ef ekki verður komið við að prenta og útbýta skýrslu skv. 1. mgr. eða ekki þykir ástæða til getur ráðherra gert grein fyrir opinberu málefni með munnlegri skýrslu til Alþingis. Fer þá um umræðu sem um skriflega skýrslu.

Við umræðu um skýrslu má engar ályktanir gera.

Breytingartillaga:
Síðasta málsgreinin falli brott.

30. gr.

Níu þingmenn geta óskað skýrslu ráðherra um opinbert málefni. Skal beiðnin vera skrifleg og beint til forseta og má fylgja henni stutt greinargerð. Skal beiðnin prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Á næsta *fundi í sameinuðu þingi* ber forseti það undir atkvæði umræðulaust hvort beiðnin skuli leyfð eða ekki. Forseti tilkynnir hlutaðeigandi ráðherra um beiðni um skýrslu sem leyfð hefur verið.

Er ráðherra hefur lokið skýrslugerðinni skal skýrslan prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

Ef ráðherra eða skýrslubeiðendur, einn eða fleiri, óska þess skal skýrslan tekin til umræðu. Ráðherra gerir grein fyrir henni. Þingmenn mega taka þátt í umræðunni en aðrir en ráðherra mega þó ekki tala oftar en tvisvar.

Við umræðu um skýrslu má engar ályktanir gera.

Rétt er alþingismönnum einnig að nota sér heimild 54. gr. stjskr. um að beiðast skýrslu ráðherra í þingdeildum.

Breytingartillaga:
1. Í stað skáletruðu orðanna í 1. mgr. komi: þingfundi.
2. Síðustu tvær málsgreinarnar falli brott.

Ný grein.

Á eftir 30. gr. komi ný grein er orðist svo:

Þegar alþjóðanefnd leggur skýrslu fyrir þingið til umræðu skal framsögumaður nefndarinnar gera grein fyrir henni. Þingmenn mega taka þátt í umræðunni en mega ekki tala oftar en tvisvar. Framsögumaður má tala þrisvar.

31. gr.

Vilji alþingismaður óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess gerir hann það með fyrirspurn *í sameinuðu þingi* er afhent sé forseta. Fyrirspurn skal vera skýr, um afmörkuð atriði eða mál sem ráðherra ber ábyrgð á og sé við það miðað að hægt sé að svara henni í stuttu máli. *Alþingismaður segir til um það hvort hann óskar skriflegs eða munnlegs svars. Stutt greinargerð má fylgja fyrirspurn ef óskað er skriflegs svars.*

Forseti ákveður *samdægurs* hvort fyrirspurn skuli leyfð eða ekki. Ef vafi er getur forseti þó borið málið umræðulaust undir atkvæði á *næsta fundi í sameinuðu þingi*. Skal það einnig gert ef fyrirspyrjandi óskar þess er forseti synjar fyrirspurn.

Fyrirspurn skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Fyrirspurn, sem leyfð hefur verið, skal send hlutaðeigandi ráðherra eða ráðherrum.

Á sérstökum *fundi í sameinuðu þingi* skal forseti taka á dagskrá *munnlegar* fyrirspurnir er *leyfðar hafa* verið í síðasta lagi fjórum virkum dögum fyrir fundinn. Fyrirspurn skal þó að jafnaði ekki tekin á dagskrá síðar en átta virkum dögum eftir að hún var leyfð.

Fyrirspyrjandi eða framsögumaður fyrirspyrjenda mælir fyrir fyrirspurn. Ráðherra, er hlut á að máli, svarar síðan fyrirspurn. Hvor um sig, fyrirspyrjandi og ráðherra, má ekki

tala oftar en tvisvar, fyrirspyrjandi eigi lengur en tvær mínútur og ráðherra eigi lengur en fimm mínútur í senn. Öðrum þingmönnum er heimilt að gera stutta athugasemd.

Ef óskað er skriflegs svars sendir ráðherra forseta það að jafnaði eigi síðar en sex virkum dögum eftir að fyrirspurn var leyfð. Forseti sendir fyrirspyrjanda svarið. Skal prenta fyrirspurn og svar í Alþingistíðindum.

Við umræður um fyrirspurnir má engar ályktanir gera.

Breytingartillaga:

Greinin orðist svo:

Vilji alþingismaður óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess gerir hann það með fyrirspurn er afhent sé forseta. Fyrirspurn skal vera skýr, um afmörkuð atriði eða mál sem ráðherra ber ábyrgð á og sé við það miðað að hægt sé að svara henni í stuttu máli.

Forseti ákveður hvort fyrirspurn skuli leyfð eða ekki. Ef vafi er getur forseti þó borið málið umræðulaust undir atkvæði á þingfundi. Skal það einnig gert ef fyrirspyrjandi óskar þess er forseti synjar fyrirspurn.

Fyrirspurn skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Fyrirspurn, sem leyfð hefur verið, skal send hlutaðeigandi ráðherra eða ráðherrum.

Á sérstökum þingfundi skal forseti taka á dagskrá fyrirspurnir er útbýtt hefur verið í síðasta lagi fjórum virkum dögum fyrir fundinn. Fyrirspurn skal þó að jafnaði ekki tekin á dagskrá síðar en átta virkum dögum eftir að henni var útbýtt.

Fyrirspyrjandi eða framsögumaður fyrirspyrjenda mælir fyrir fyrirspurn. Ráðherra, er hlut á að máli, svarar síðan fyrirspurn. Hvor um sig, fyrirspyrjandi og ráðherra, má ekki tala oftar en tvisvar, fyrirspyrjandi eigi lengur en tvær mínútur og ráðherra eigi lengur en fimm mínútur í senn. Öðrum þingmönnum er heimilt að gera *einu sinni* stutta athugasemd, *eina mínútu hverjum.*

Við umræður um fyrirspurnir má engar ályktanir gera.

32. gr.

Í allt að hálftíma á venjulegum fundartíma *í sameinuðu þingi* geta þingmenn fengið tekið fyrir mál utan dagskrár hvort heldur er í formi yfirlýsingar eða fyrirspurnar. Skal þá þingmaður bera fram við forseta ósk sína hér um eigi síðar en tveim klukkustundum áður en þingfundur hefst. Í upphafi þingfundar skal forseti tilkynna hvaða mál fyrirhugað er að taka til umræðu utan dagskrár. Málshefjandi hvers máls má eigi tala lengur en þrjár mínútur og aðrir eigi lengur en tvær mínútur í senn. Enginn má tala oftar en tvisvar.

Forseti getur leyft að tekið sé fyrir mál utan dagskrár sem í senn er svo mikilvægt að ekki rúmast innan ramma 1. mgr. og svo aðkallandi að ekki geti beðið meðferðar *skv. 31. gr. eða annarra* formlegra þingmála. Fer þá um umræðu málsins skv. *36. gr.* eftir því sem við á.

Breytingartillaga:

Greinin orðist svo:

Í allt að hálftíma á venjulegum fundartíma geta þingmenn fengið tekið fyrir mál utan dagskrár hvort heldur er í formi yfirlýsingar eða fyrirspurnar *til ráðherra*. Skal þá þingmaður bera fram við forseta ósk sína hér um eigi síðar en tveim klukkustundum áður en þingfundur hefst. Í upphafi þingfundar skal forseti tilkynna hvaða mál fyrirhugað er að

taka til umræðu utan dagskrár. Málshefjandi hvers máls má eigi tala lengur en þrjár mínútur og aðrir eigi lengur en tvær mínútur í senn. Enginn má tala oftar en tvisvar.

Forseti getur leyft að tekið sé fyrir mál utan dagskrár sem í senn er svo mikilvægt að ekki rúmast innan ramma 1. mgr. og svo aðkallandi að ekki geti beðið meðferðar formlegra þingmála. *Málshefjandi og ráðherrar mega eigi tala lengur en tíu mínútur og aðrir þingmenn eigi lengur en fimm mínútur í senn.* Enginn má tala oftar en tvisvar.

33. gr.

Breytingartillögur við lagafrumvörp og þingsályktunartillögur skulu vera prentaðar og þeim útbýtt ekki síðar en *daginn* áður en þær koma til umræðu. Ráðherra og hver þingmaður má koma fram með breytingartillögur við hverja umræðu sem er.

Breytingartillögu við breytingartillögu má þingmaður bera upp við *byrjun* þess fundar er hún skal tekin til umræðu. Þó skal þá vera búið að útbýta henni. Nefnd getur einnig borið upp breytingartillögu með jafnstuttum fresti *en aðrir því aðeins að deildin samþykki það.*

Breytingartillögu um atriði, sem búið er að fella *í deild*, má eigi bera upp aftur *í sömu deild* á sama þingi, *en heimilt er að bera hana upp í hinni deildinni og sameinuðu þingi ef tækifæri er til þess eftir þingsköpum.* Forseti úrskurðar hvort það er sama atriði, sem liggur fyrir, og atriði er áður hefur verið fellt *í sömu þingdeild* og er þing*deildar*mönnum skylt að hlíta þeim úrskurði. *Þegar lagafrumvörp koma í sameinað þing frá annarri hvorri þingdeildinni má þó eigi gera breytingartillögur um önnur atriði en þau er sú deildin, er síðast hafði frumvarpið til meðferðar, breytti við þá umræðu. Forseti sameinaðs þings sker til fullnustu úr ágreiningi í þessu efni.*

Breytingartilllaga:

Greinin orðist svo:

Breytingartillögur við lagafrumvörp og þingsályktunartillögur skulu vera prentaðar og þeim útbýtt ekki síðar en *einni nóttu* áður en þær koma til umræðu. *Breytingartillögu má fylgja stutt greinargerð.* Ráðherra og hver þingmaður má koma fram með breytingartillögur við hverja umræðu sem er.

Breytingartillögu við breytingartillögu má þingmaður bera upp við *upphaf* þess fundar er hún skal tekin til umræðu. Þó skal þá vera búið að útbýta henni. Nefnd getur einnig borið upp breytingartillögu við *frumvarp eða þingsályktunartillögu* með jafnstuttum fresti.

Breytingartillögu um atriði, sem búið er að fella, má eigi bera upp aftur á sama þingi. Forseti úrskurðar hvort það er sama atriði, sem liggur fyrir, og atriði er áður hefur verið fellt og er þingmönnum skylt að hlíta þeim úrskurði.

Ný grein.

Þingmál, sem ekki hafa hlotið lokaafgreiðslu við þinglok, falla niður.

IV. FUNDARSKÖP

34. gr.

Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundi nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta svo fljótt sem unnt er og metur hann nauðsynina.

Ef þingmaður forfallast svo að nauðsyn krefji að varamaður hans taki sæti hans á meðan skal hann tilkynna forseta það bréflega og jafnframt gera grein fyrir í hverju for-

föllin eru fólgin og hversu lengi þau muni vara. Forseti kynnir bréfið *viðkomandi þingdeild eða sameinuðu þingi*. Þingmaður nýtur ekki þingfararkaups meðan varamaður hans situr á þingi nema fjarvist sé vegna veikinda eða þingmaður sé fjarverandi í opinberum erindum.

Þegar fundur er settur skal samþykkja gjörðabók frá síðasta fundi, sbr. *13. gr.* Þar næst skýrir forseti frá erindum þeim sem honum hafa borist eða útbýtt hefur verið. Þá er gengið til dagskrár.

Breytingartillaga:

Greinin orðist svo:

Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundi nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta svo fljótt sem unnt er og metur hann nauðsynina. *Ákvæði þessarar málsgreinar gilda þó ekki um fyrirspurnafundi.*

Ef þingmaður forfallast svo að nauðsyn krefji að varamaður hans taki sæti hans á meðan skal hann tilkynna forseta það bréflega og jafnframt gera grein fyrir í hverju forföllin eru fólgin og hversu lengi þau muni vara. Forseti kynnir *þinginu* bréfið. *Þegar varamaður tekur sæti í forföllum þingmanns skal hann ekki sitja skemur en tvær vikur nema þingið hafi áður verið rofið eða því frestað.* Þingmaður nýtur ekki þingfararkaups meðan varamaður hans situr á þingi nema fjarvist sé vegna veikinda eða þingmaður sé fjarverandi í opinberum erindum.

Þegar fundur er settur skal samþykkja gjörðabók frá síðasta fundi, sbr. ... *gr.* Þar næst skýrir forseti frá erindum þeim sem honum hafa borist eða *þingskjölum sem* útbýtt hefur verið. Þá er gengið til dagskrár.

35. gr.

Þingmaður, sem hefur óskað að taka til máls og fengið leyfi til þess, skal ávallt mæla úr ræðustól. Sama gildir um ráðherra. Ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins. Eigi má hann annars ávarpa nokkurn einstakan þingmann og kenna skal þingmann við kjördæmi hans eða kosningu. Við útvarpsumræður skulu þó þingmenn jafnan nefndir fullu nafni.

Athugasemd:

Greinin haldist óbreytt.

36. gr.

Framsögumaður meiri og minni hluta nefndar, svo og flutningsmaður máls, en eigi nema einn þótt fleiri flytji, mega við hverja umræðu um mál tala þrisvar. Ef tveir eða fleiri eru flutningsmenn skal sá, er fyrstur stendur á skjalinu, teljast framsögumaður nema annar sé tilnefndur. Aðrir mega ekki tala oftar en tvisvar. Þó er jafnan heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, um gæslu þingskapa og til þess að bera af sér sakir.

Ráðherrar mega tala svo oft sem þeim þykir þurfa, sbr. þó *næstu málsgr. hér á eftir* og niðurlagsákvæði *38. gr.*

Þegar útvarpað er umræðum um þingmál skal farið eftir reglum V. kafla.

Breytingartillaga:

Greinin orðist svo:

Framsögumaður meiri og minni hluta nefndar, svo og flutningsmaður máls, en eigi nema einn þótt fleiri flytji, mega við hverja umræðu um mál tala þrisvar. Ef tveir eða fleiri eru flutningsmenn skal sá, er fyrstur stendur á skjalinu, teljast framsögumaður nema annar sé tilnefndur. Aðrir mega ekki tala oftar en tvisvar. Ráðherrar mega tala svo oft sem þeim þykir þurfa, sbr. þó *síðari málsgreinar þessarar greinar* og *3. mgr. 28. gr.*

Jafnan er heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, um gæslu þingskapa og til þess að bera af sér sakir. *Enginn má þó tala lengur en tvær mínútur í senn og hver þingskapaumræða má ekki taka lengri tíma en tíu mínútur.*

Ráðherrar mega tala svo oft sem þeim þykir þurfa, sbr. þó *síðari málsgreinar þessarar greinar* og *3. mgr. 28. gr.*

Þegar brýna nauðsyn ber til getur forsætisráðherra gert tillögu um að ræðutími þingmanna og annarra ráðherra en þess, sem mælir fyrir stjórnarfrumvarpi, sé takmarkaður við átta mínútur og ræðutími framsögumanna meiri og minni hluta nefnda við fimmtán mínútur. Hverjum þingmanni skal þá einungis heimilt að tala einu sinni við hverja umræðu og framsögumanni tvisvar, en eigi fleiri en tveimur þingmönnum, að framsögumanni meðtöldum, frá hverjum þingflokki. Slík tillaga forsætisráðherra skal borin undir atkvæði umræðulaust.

Þegar útvarpað er umræðum um þingmál skal farið eftir reglum V. kafla.

37. gr.

Forseti gefur þingmönnum venjulega færi á að taka til máls í þeirri röð er þeir beiðast þess. Þó getur hann vikið frá þeirri reglu við ráðherra og framsögumann svo og til þess að ræður með og móti málefni skiptist á eða til þess að þingmaður geti gert stutta leiðréttingu eða athugasemd er snertir sjálfan hann.

Breytingartillaga:

Greinin orðist svo:

Forseti gefur þingmönnum venjulega færi á að taka til máls í þeirri röð er þeir beiðast þess *þá er dagskrármálið er tekið fyrir*. Þó getur hann vikið frá þeirri reglu við ráðherra og framsögumann, svo og til þess að ræður með og móti málefni skiptist á, eða til þess að þingmaður geti gert stutta leiðréttingu eða athugasemd er snertir sjálfan hann.

Forseti getur leyft þingmönnum að gera stuttar athugasemdir við einstakar ræður strax og þær hafa verið fluttar. Skal þá sá er vill gera athugasemd bera fram ósk um það við forseta. Athugasemd má einungis gera við ræðu en ekki við athugasemd. Hver athugasemd má ekki taka lengri tíma en tvær mínútur og skal ræðumanni heimilt að svara henni á tveimur mínútum. Heimilt er forseta að stytta ræðutíma hvers ræðumanns. Enginn má gera athugasemdir oftar en tvisvar sinnum hverju sinni. Orðaskipti í athugasemdum mega ekki standa lengur en í fimmtán mínútur í einu.

38. gr.

Ef umræður dragast úr hófi fram getur forseti úrskurðað að ræðutími hvers þingmanns skuli ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd.

Forseti getur stungið upp á að umræðum sé hætt og einnig getur forseti lagt til, hvort heldur í byrjun umræðu eða síðar, að umræðum um mál skuli lokið að liðnum ákveðn-

um tíma. Eigi má þó, meðan nokkur þingmaður kveður sér hljóðs, takmarka ræðutíma við nokkra umræðu svo að hún standi skemur en þrjár klukkustundir alls, *sbr. þó 4. mgr. 36. gr.* Tillögur forseta skulu umræðulaust bornar undir atkvæði *í þingdeild þeirri sem hlut á að máli, eða sameinuðu þingi,* og ræður afl atkvæða úrslitum.

Sömuleiðis geta *þrír þingmenn í efri deild, sex í neðri deild og níu í sameinuðu þingi* krafist þess að greidd séu atkvæði um það umræðulaust hvort umræðu skuli lokið, umræðutími eða ræðutími hvers þingmanns takmarkaður. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin upp og rituð í gjörðabókina.

Nú hefur verið samþykktur takmarkaður umræðutími eða ákveðinn ræðutími hvers þingmanns og skal þá forseti skipta umræðutímanum í heild sem jafnast á milli fylgismanna og andstæðinga máls þess, sem er til umræðu, án þess að hann sé bundinn við í hvaða röð þingmenn hafa kvatt sér hljóðs, eða milli flokka ef hentara þykir.

Ákvæði þessarar greinar ná einnig til ræðutíma ráðherra.

Breytingartillaga:

1. Skáletruðu orðin í 2. málsl. 2. mgr. eru tilvísun í sérstaka takmörkun umræðna.
2. Skáletruðu orðin í lokamálslið 2. mgr. falli brott.
3. Í stað skáletruðu orðanna í 3. mgr. komi: níu þingmenn.

39. gr.

Eigi má, nema með leyfi forseta, lesa upp prentað mál.

Athugasemd:

Greinin haldist óbreytt.

40. gr.

Skylt er þingmanni að lúta valdi forseta í hvívetna er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu. Skyldi almenn óregla koma upp er það skylda forseta að gera hlé á fundinum um stundarsakir eða, ef nauðsyn er til, slíta fundinum.

Athugasemd:

Greinin haldist óbreytt.

41. gr.

Frumvörp, hvort heldur eru frá ríkisstjórn eða þingmönnum, svo og tillögur til þingsályktunar og breytingartillögur, má kalla aftur á hverju stigi umræðu sem vill. En heimilt er hverjum þingmanni að taka það jafnskjótt upp aftur á sama fundi. Fyrirspurn má og afturkalla.

Breytingartillaga:

Greinin orðist svo:

Frumvörp, hvort heldur eru frá ríkisstjórn eða þingmönnum, svo og tillögur til þingsályktunar og breytingartillögur, má kalla aftur á hverju stigi umræðu sem vill. En heimilt er hverjum þingmanni að taka það jafnskjótt upp aftur á sama fundi, *sbr. þó 2. mgr.* Fyrirspurn má og afturkalla.

Breytingartillögu, sem er á dagskrá við 2. umræðu um lagafrumvarp, má flutnings-

maður kalla aftur, að hluta eða í heild, til 3. umræðu og kemur hún þá til afgreiðslu við þá umræðu.

42. gr.

Þyki eigi ástæða til að gera ályktun um eitthvert málefni sem á dagskrá er getur *sameinað þing eða viðkomandi deild* vísað því til ríkisstjórnarinnar *eða einstakra ráðherra, sbr. 56. gr. stjskr.*

Breytingartillaga:

Greinin orðist svo:

Þyki eigi ástæða til að gera ályktun um eitthvert málefni sem á dagskrá er getur *þingið* vísað því til ríkisstjórnarinnar.

43. gr.

Heimilt er þingmanni að krefjast þess að gengið sé til atkvæða um eitthvert þingmál umræðulaust, en það skal því aðeins gert að $^{2}/_{3}$ fundarmanna séu því samþykkir.

Meðan á umræðum stendur má gera rökstudda tillögu um að taka skuli fyrir næsta mál á dagskránni og skal þá afhenda forseta tillöguna um það skrifaða. Slíka tillögu má og gera í prentuðu þingskjali.

Athugasemd:

Greinin haldist óbreytt.

44. gr.

Forseti ákveður dagskrá hvers fundar. Þó má ákveða dagskrá næsta fundar eftir ályktun *sameinaðs þings og þingdeildar eftir því sem við á.*

Forseti getur breytt röðinni á þeim málum sem eru á dagskrá og einnig tekið mál út af dagskrá. *Mál, sem eigi er á dagskrá, verður því aðeins tekið fyrir að til þess fáist samþykki $^{3}/_{4}$ þeirra sem á fundi eru, sbr. 69. gr.*

Breytingartillaga:

Greinin orðist svo:

Forseti ákveður dagskrá hvers fundar. Þó má ákveða dagskrá næsta fundar eftir ályktun *þingsins.*

Forseti getur breytt röðinni á þeim málum sem eru á dagskrá og einnig tekið mál út af dagskrá.

Forseti getur heimilað, ef ósk berst um það frá flutningsmanni eða flutningsmönnum og enginn þingmaður andmælir því, að umræður fari fram um tvö eða fleiri dagskrármál í einu ef þau fjalla um skyld efni eða það þykir hagkvæmt af öðrum ástæðum.

45. gr.

Eigi má gera neina ályktun nema meira en helmingur þingmanna *í sameinuðu þingi eða viðkomandi deild* sé á fundi og *greiði þar atkvæði*, sbr. *53. gr.* stjskr. Þingmaður, sem er á fundi en greiðir ekki atkvæði við nafnakall, *án lögmætra ástæðna*, telst taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

Engin ályktun er lögmæt nema meira en helmingur fundarmanna, þeirra sem *atkvæðisbærir eru*, greiði atkvæði með henni.

Skylt er þingmanni, *hvort heldur í deild eða sameinuðu þingi*, að vera viðstaddur og *greiða atkvæði* nema hann hafi lögmæt forföll eða fararleyfi.

Enginn þingmaður má greiða atkvæði með fjárveitingu til sjálfs sín.

Breytingartillaga:

Greinin orðist svo:

Eigi má gera neina ályktun nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og *taki þátt í atkvæðagreiðslunni*, sbr. 53. gr. stjskr. Þingmaður, sem er á fundi en greiðir ekki atkvæði við nafnakall, telst taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

Engin ályktun er lögmæt nema meira en helmingur fundarmanna, þeirra sem *atkvæði greiða*, greiði atkvæði með henni.

Skylt er þingmanni að vera viðstaddur og *taka þátt í atkvæðagreiðslu* nema hann hafi lögmæt forföll eða fararleyfi.

Enginn þingmaður má greiða atkvæði með fjárveitingu til sjálfs sín.

46. gr.

Forseti ræður því hvernig atkvæðagreiðslu er skipt og hvernig hún fer fram. Þó getur *þingdeild eða sameinað þing, ef þrír í efri deild, sex í neðri deild og níu í sameinuðu þingi* krefjast þess, breytt ákvörðun forseta.

Breytingartillaga:

Í stað skáletruðu orðanna komi: þingið, ef níu þingmenn.

47. gr.

Þá er forseti hefur ástæðu til að ætla að allir séu á einu máli má hann lýsa því yfir að gert sé út um atriði án atkvæðagreiðslu ef enginn krefst þess að hún fari fram og skal þá sú yfirlýsing forseta koma í stað atkvæðagreiðslu. Um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur verður hann þó jafnan að hafa atkvæðagreiðslu við allar umræður, sbr. 20.–25. og 28. gr.

Atkvæðagreiðslan fer fram á þann hátt að hver þingmaður réttir upp hægri hönd sína hvort sem hann greiðir atkvæði með eða móti máli. *Skrifarar* telja atkvæðin en forseti skýrir frá úrslitum *atkvæðagreiðslunnar* eftir að atkvæða hefur verið leitað með og móti. Hafi atkvæðagreiðslan fallið þannig að málið sé hvorki samþykkt né fellt lætur forseti nafnakall fara fram. Sömuleiðis er forseta heimilt að láta atkvæðagreiðslu fara fram með nafnakalli annaðhvort þegar í stað eða ef atkvæðagreiðsla hefur áður farið fram en verið óglögg. Komi fram ósk um nafnakall skal við henni orðið.

Þegar komið hefur verið upp rafeindabúnaði fyrir atkvæðagreiðslur skal hverfa frá þeim reglum sem settar eru um atkvæðagreiðslur í 2. mgr.

Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá í stafrófsröð og hluta um í hvert sinn á hverri raðtölunni skuli byrja nafnakallið.

Forseti skal jafnan greiða atkvæði síðastur.

Breytingartillaga:

Greinin orðist svo:

Þá er forseti hefur ástæðu til að ætla að allir séu á einu máli *og hefur gengið úr skugga um að meiri hluti þingmanna sé á fundi* má hann lýsa yfir því að gert sé út um atriði án atkvæðagreiðslu ef enginn *þingmaður* krefst þess að hún fari fram og skal þá sú yfirlýsing forseta koma í stað atkvæðagreiðslu. Um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur verður forseti þó jafnan að hafa atkvæðagreiðslu við allar umræður, sbr. 20.–25. og 28. gr.

Atkvæðagreiðslan fer fram á þann hátt að hver þingmaður réttir upp hægri hönd sína hvort sem hann greiðir atkvæði með eða móti máli. *Teljarar* telja atkvæðin en forseti skýrir frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar eftir að atkvæða hefur verið leitað með og móti. Hafi atkvæðagreiðslan fallið þannig að málið sé hvorki samþykkt né fellt lætur forseti nafnakall fara fram. Sömuleiðis er forseta heimilt að láta atkvæðagreiðslu fara fram með nafnakalli annaðhvort þegar í stað eða ef atkvæðagreiðsla hefur áður farið fram en verið óglögg. Komi fram ósk um nafnakall skal við henni orðið.

Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá í stafrófsröð og hluta um í hvert sinn á hverri raðtölunni skuli byrja nafnakallið.

Forseti skal jafnan greiða atkvæði síðastur.

Atkvæðagreiðsla með rafeindabúnaði, þar sem skráð er hvernig hver þingmaður, sem þátt tekur í atkvæðagreiðslunni, greiðir atkvæði, jafngildir nafnakalli. Þó skal því aðeins birta atkvæði hvers þingmanns í þingtíðindunum að einhver þingmaður óski þess.

48. gr.

Afl atkvæða ræður um úrslit mála og málsatriða nema öðruvísi sé ákveðið í stjórnarskránni eða þingsköpum, *sbr. 25. gr.*

Breytingartillaga:

Skáletruðu orðin falli brott.

49. gr.

Um kosningar fer eftir því sem fyrir er mælt í 3. gr. að því viðbættu að þegar kjósa á um tvo menn eða fleiri *í sameinuðu þingi eða þingdeild,* hvort heldur er til starfa innan þings eða utan, skal forseti beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri er kennd er við de Hondt (listakosning). Aðferðin er þessi:

Þeir þingmenn, er komið hafa sér saman um að kjósa allir sömu menn í sömu röð, afhenda forseta, þegar til kosninga kemur, lista yfir þá í þeirri röð. Þegar hann hefur tekið við listunum merkir hann hvern þeirra bókstaf, A, B, C o.s.frv., eftir því sem sjálfur hann ákveður eða ákveðið hefur verið með samkomulagi eitt skipti fyrir öll þann þingtíma. Síðan les forseti upphátt stafnafn hvers lista og nöfn þau er á honum standa. Þá kjósa þingmenn þannig að hver ritar á kjörmiða aðeins stafnafn (A, B o.s.frv.) þess lista er hann vill kjósa eftir. Kjörmiðarnir eru afhentir forseta og nefnir hann upphátt bókstaf hvers miða en *skrifararnir* rita jafnóðum og telja saman hve mörg atkvæði hafa fallið á hvern lista, hve mörg á A, hve mörg á B o.s.frv. Tölu þeirri, sem hver listi fær þannig, er svo skipt, fyrst með 1, síðan 2, síðan með 3 o.s.frv. eftir því sem með þarf. Hlutatölur hvers lista eru ritaðar í röð hver niður undan annarri og yfir dálkinum er ritaður bókstafur þess lista.

Kosning fer eftir hlutatölunum þannig að sá listi fær fyrsta mann er hæsta á hlutatöluna, sá listi næsta mann er á næsthæsta hlutatölu o.s.frv. þar til fullskipað er. Ef jafnháar hlutatölur koma á tvo eða fleiri lista skal varpa hlutkesti um hvor eða hver listanna skuli koma að manni.

Af hverjum lista skulu menn hljóta kosningu í þeirri röð sem þeir standa á listanum.

Ef kjósa skal einnig varamenn skal listi, sem hlotið hefur mann eða menn, eiga rétt til jafnmargra varamanna í þeirri röð sem þeir standa á listanum.

Breytingartillaga:

1. Skáletruðu orðin í 1. mgr. falli brott.
2. Í stað undirstrikaða orðsins í 2. mgr. komi: teljarar.

50. gr.

Fundir, bæði sameinaðs þings og þingdeilda, skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti lagt til eða þingmaður óskað þess að öllum utanþingsmönnum sé vísað á braut og sker þá þingið úr því hvort svo skuli gert og umræður fara fram í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum, sbr. 57. gr. stjskr.

Breytingartillaga:

Í stað skáletruðu upphafsorðanna komi: Þingfundir.

51. gr.

Forseti skipar fyrir um hvernig mönnum skuli gefinn kostur á að vera við fundi þá er haldnir eru í heyranda hljóði. Áheyrendur eru skyldir til að vera kyrrir og hljóðir. Brjóti nokkur móti því getur forseti látið vísa honum á braut og, ef þörf er á, öllum áheyrendum.

Athugasemd:

Greinin haldist óbreytt.

V. ÚTVARP UMRÆÐU

52. gr.

Útvarpa skal þingsetningu *og þinglausnum*.

Breytingartillaga:

Greinin orðist svo:

Útvarpa skal frá þingsetningu.

53. gr.

Útvarpa skal *innan tveggja vikna frá þingsetningu* stefnuræðu forsætisráðherra og umræðu um hana *en eftirrit af ræðunni skal afhent þingmönnum sem trúnaðarmál eigi síðar en viku áður en hún er flutt*. Umferðir skulu vera tvær. Í fyrri umferð hefur forsætisráðherra til umráða allt að hálfri klukkustund og fulltrúar annarra þingflokka en forsætisráðherrans 20 mínútur hver. Í annarri umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umráða.

Breytingartillaga:
Skáletruðu orðin falla brott (en efni þeirra fært í nýja grein á undan 18. gr.).

54. gr.

Á síðari hluta þings skal útvarpa almennri stjórnmálaumræðu. Fer um þessa umræðu eins og þegar útvarpað er umræðu um þingmál, sbr. 59. gr.

Athugasemd:
Greinin haldist óbreytt.

55. gr.

Útvarpa skal umræðu um vantraust ef níu þingmenn krefjast þess.

Athugasemd:
Greinin haldist óbreytt.

56. gr.

Nú óskar þingflokkur að umræðu um þingmál verði útvarpað og snýr þá formaður þingflokksins tilmælum sínum til forseta. Skal forseti þegar tilkynna það formönnum annarra þingflokka en þeir leita samþykkis flokks síns svo fljótt sem auðið er. Útvarpa skal umræðu þegar samþykki allra flokka kemur til. Sama gildir ef þingflokkur óskar að útvarpað verði umræðum á þingfundi eða hluta af þingfundi.

Athugasemd:
Greinin haldist óbreytt.

57. gr.

Nú næst ekki samkomulag milli þingflokka um útvarp umræðu og skal forseti þá tilkynna það þeim sem kröfuna átti. Ef þingflokkur ítrekar kröfu sína skal umræðunni útvarpað. Réttur til útvarps án samþykkis annarra þingflokka gildir þó aðeins um tvær umræður umfram þann flokk sem sjaldnast hefur neytt þess réttar.

Athugasemd:
Greinin haldist óbreytt.

58. gr.

Þegar útvarpað er umræðu um þingmál skulu þingflokkar hafa rétt til jafnlangs ræðutíma og forsetar gefa þingmönnum færi á að taka til máls þannig að flokkarnir skiptist á. Við útvarpsumræðu gilda ekki ákvæði 36. gr. um málfrelsi ráðherra. Rétt skal þingmönnum utan flokka að eiga þátt í útvarpsumræðum, þó þannig að enginn þeirra fái lengri tíma en helming þess er hver þingflokkur hefur til umráða og ekki skulu þingmenn utan flokka, ef fleiri eru en tveir, fá lengri tíma samanlagt við útvarpsumræðu en hver einstakur þingflokkur.

Athugasemd:
Greinin haldist óbreytt.

59. gr.

Þegar útvarpað er umræðu um þingmál fær hver þingflokkur til umráða þrjátíu mínútur. Forseti getur, með samþykki allra þingflokka, ákveðið að ræðutími skuli vera annar.

Þegar útvarpi umræðu um þingmál er lokið getur umræða haldið áfram eftir venjulegum reglum.

Forseti ákveður í samráði við þingflokka tölu umferða og ræðutíma í einstökum umferðum. Það er umferð þegar fulltrúar allra þingflokka hafa tekið til máls og þeir þingmenn utan flokka sem þátt taka í umræðum.

Athugasemd:

Greinin haldist óbreytt.

60. gr.

Nú óskar *Ríkisútvarpið* að útvarpa umræðu um þingmál, þá beinir *það* tilmælum sínum til *hlutaðeigandi* forseta. Ef um er að ræða umræðu skv. 59. gr. ákveður forseti í samráði við þingflokkana hvort orðið skuli við tilmælunum.

Ef *Ríkisútvarpið* óskar hins vegar að útvarpa venjubundinni umræðu eða hluta af umræðu tekur forseti þau tilmæli á dagskrá og ákveður þingið *eða þingdeild* án umræðu hvort leyfð skuli. Þegar útvarpað er umræðu á þennan hátt skal þess gætt að ræðutími skiptist sem jafnast milli flokka eða mismunandi sjónarmiða.

Breytingartillaga:

1. Í stað orðsins „Ríkisútvarpið“ komi: útvarps- eða sjónvarpsstöð.
2. Orðið „hlutaðeigandi“ falli brott.
3. Orðin „eða þingdeild“ falli brott.

61. gr.

Dag og stund útvarpsumræðu skal tilkynna í útvarpi og á þingfundi svo fljótt sem unnt er.

Athugasemd:

Greinin haldist óbreytt.

62. gr.

Umræðum skal útvarpa í sömu röð og kröfur um útvarp bárust forseta enda sé að öðru leyti fullnægt ákvæðum þingskapa. Forseti getur þó vikið frá þessari röð ef sérstakar ástæður liggja til.

Athugasemd:

Greinin haldist óbreytt.

63. gr.

Formenn þingflokka eru réttir aðilar gagnvart forseta og þingmönnum flokksins um allt það er að útvarpi umræðu lýtur.

Athugasemd:
Greinin haldist óbreytt.

64. gr.

Forseti sker úr ágreiningi sem verður um skilning á reglum þessum eða framkvæmd þeirra.

Breytingartillaga:
Á eftir orðunum „reglum þessum“ komi: um útvarp umræðu.

65. gr.

Í þessum kafla er orðið útvarp notað um hljóðvarp og enn fremur um sjónvarp eftir því sem við á.

Þar sem segir að útvarpa skuli, sbr. 52. gr., 53. gr., 54. gr. og 55. gr., er skyldan bundin við hljóðvarp.

Athugasemd:
Greinin haldist óbreytt nema hvað tilvísanir til greina munu breytast.

VI. ÝMISLEG ÁKVÆÐI

66. gr.

Hvorki sameinað þing né þingdeild má taka við nokkru málefni nema einhver þingmanna eða ráðherra taki það að sér til flutnings, sbr. 55. gr. stjskr.

Breytingartillaga:
Í stað undirstrikuðu orðanna komi: *Alþingi má ekki taka við neinu málefni.*

67. gr.

Umræður *sameinaðs Alþingis og þingdeildanna*, ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum, skal prenta í Alþingistíðindum.

Í Alþingistíðindunum má ekkert undan fella, það er þar á að standa og fram hefur komið í þinginu og gjörðabækur þingsins og handrit af umræðum í þinginu bera með sér. Engar breytingar má gera á hvorugu þessu nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur. Engu má bæta inn í Alþingistíðindin, hvort sem það varðar menn eða málefni, nema þess sé óhjákvæmilega þörf eða í því felist sjálfsögð leiðrétting.

Athugasemd:
1. Í stað skáletruðu orðanna komi: á Alþingi.
2. Við greinina bætist: *Forsætisnefnd getur sett nánari reglur um útgáfu Alþingistíðinda, frágang þingskjala o.fl.*

68. gr.

Ef þingmaður talar óvirðulega um forseta Íslands eða ber þingið eða ráðherra eða einhvern þingmann brigslyrðum eða víkur með öllu frá umtalsefninu þá skal forseti kalla

til hans: „Þetta er vítavert“, og nefna þau ummæli sem hann vítir. Nú er þingmaður víttur tvisvar á sama fundi og má þá forseti, með samþykki fundarins, svipta þingmanninn málfrelsi á þeim fundi.

Athugasemd:
Greinin haldist óbreytt.

69. gr.

Eftir uppástungu forseta eða *skriflegri uppástungu frá þrem þingmönnum í efri deild, sex þingmönnum í neðri deild og níu í sameinuðu þingi* má bregða út af þingsköpum þessum ef $^3/_4$ þeirra þingmanna, er um það greiða atkvæði, samþykkja. Um stjórnarfrumvörp eða frumvörp, sem flutt eru fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, ræður þó einfaldur meiri hluti.

Breytingartillaga:
Í stað skáletruðu orðanna komi: formanns þingflokks.

Ný grein:
Lög þessi öðlast gildi 1. október 1991.

YFIRLIT
UM HELSTU BREYTINGAR Á ÞINGSKAPALÖGUM

Inngangur.

Samkvæmt stjórnarskrárfrumvarpinu verða (auk afnáms deildaskiptingar) tvær meginbreytingar á störfum Alþingis:

a. Samkomudagur reglulegs Alþingis verður 1. október.
b. Þingið situr að formi til allt árið. Samkvæmt því mun umboð forseta og nefnda standa til upphafs næsta þings.

Stjórn þingsins.

a. Varaforsetar verða fjórir og mynda ásamt aðalforseta forsætisnefnd þingsins.
b. Kveðið er á um samráð forseta og þingflokksformanna um skipulag þingstarfa.
c. Skýrara orðalag er um verkefni skrifstofustjóra og skrifstofunnar.
d. Tekin er upp ákvæði um þingflokka og skilgreiningu þeirra (að í þeim séu a.m.k. tveir þingmenn).

Nefndir.

a. Í öllum nefndum þingsins munu sitja níu menn.
b. Verkefnaskipting nefndanna er í megindráttum hin sama og í Stjórnarráði (stofnuð verður sérstök umhverfisnefnd).
c. Fjárveitinganefnd. (1) Ekki er gert ráð fyrir breytingum á meðferð fjárlagafrumvarps að svo stöddu en fjárveitinganefnd veitt heimild til að vísa einstökum þátt-

um fjárlagafrumvarpsins til fagnefnda líkt og er í mörgum nágrannalöndum (og er nú hér um heiðurslaun listamanna og flóabáta). (2) Ekki er gert ráð fyrir að nefndin fjalli um skattamál eða lánsfjárlög heldur munu þau mál áfram vera hjá fjárhags- og viðskiptanefnd.
d. Skýrari reglur eru settar um mannaskipti í nefndum.
e. Sérstakt ákvæði er um alþjóðanefndir þingmanna.

Umræður.
a. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á meginreglum um umræður.
b. Heimilt verður að gera stuttar athugasemdir við ræður (replikkur). Heildarræðutími verður þá 15 mínútur, athugasemd hvers þingmanns allt að tveimur mínútum.
c. Þingskapaumræður verða takmarkaðar við 10 mínútur í senn. Hver ræðumaður má tala í allt að tveimur mínútum.
d. Umræður utan dagskrár án tímamarka verða nú takmarkaðar við 10 mínútna ræðu málshefjanda, 10 mínútur fyrir ráðherra og 5 mínútur fyrir aðra þingmenn.
e. Þátttaka annarra en fyrirspyrjanda og ráðherra í umræðum á fyrirspurnafundum verður nú leyfð formlega, ein mínúta einu sinni fyrir hvern þingmann.
f. Sérstök takmörkun umræðna (eftir tillögu forsætisráðherra) er leyfð þegar brýna nauðsyn ber til að hraða afgreiðslu þingmáls. Þetta er einkum hugsað í tengslum við afgreiðslu frumvarpa til staðfestingar bráðabirgðalaga.
g. Stefnuræðu forsætisráðherra verður flýtt þannig að hún verði þegar í upphafi þings.
h. Skýrari reglur eru um skráningu á mælendaskrá.
i. Heimild verður til þess að ræða tvö skyld þingmál í einu.

Meðferð þingmála.
a. Skylt verður að vísa máli til nefndar ef það hefur breyst við 2. umræðu.
b. Sérstakt ákvæði er um breytingartillögur á síðasta stigi við 3. umræðu lagafrumvarpa.
c. Skýrari ákvæði eru um afturköllun breytingartillagna.
d. Atkvæðagreiðslur: (1) Orðalagi er breytt til að unnt sé að láta yfirlýsingu koma oftar í stað atkvæðagreiðslu en nú er. (2) Settar eru reglur um atkvæðagreiðslur með rafeindabúnaði sem munu að mestu koma í staðinn fyrir nafnaköll.
e. Skýrari reglur eru um ályktunarbæran fund.
f. Heimild er sett handa nefndum til að afgreiða í senn tvö eða fleiri skyld mál á sama skjali.
g. Sérstakt ákvæði um að óafgreidd mál falli niður við þinglok.

Fyrirspurnir og skýrslur.
a. Skriflegar fyrirspurnir felldar niður (verða framvegis sem beiðni um skýrslu ráðherra).
b. Tekin eru inn ákvæði um skýrslur alþjóðanefnda.
c. Heimilt verður að álykta um skýrslur.

Fundarsókn og varaþingmenn.

a. Skylda til fundarsóknar á fyrirspurnatímum afnumin.
b. Regla um lágmarkssetu varamanna (tvær vikur) tekin í þingskapalög (er nú einvörðungu í kosningalögum).

Þingsetning, skrifarar og gerðabók.

a. Aldursforseti telst sá þingmaður sem lengsta þingsetu hefur að baki.
b. Rannsókn kjörbréfa á þingsetningarfundi verður einfölduð.
c. Eiðvinning fellur brott.
d. Embætti skrifara fellur niður. Í þeirra stað koma starfsmenn þingsins.

Sþ. 557. Svar [278. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Friðriks Sophussonar um jöfnunargjald.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Telur utanríkisráðherra það samræmast fríverslunarsamningum Íslands við aðrar þjóðir að halda áfram álagningu og innheimtu jöfnunargjalds eftir að virðisaukaskattur var tekinn upp fyrir rúmu ári? Sé svo, hve lengi?

Hvaða bréfaskipti hafa farið á milli utanríkisráðuneytisins og samningsríkja okkar um þetta atriði? Hvaða viðhorf koma fram í þeim til jöfnunargjaldsins?

Lög um jöfnunargjald voru fyrst sett á Alþingi árið 1978. Samkvæmt þeim var lagt 3% jöfnunargjald á innfluttar iðnaðarvörur sem voru í samkeppni við innlendar iðnaðarvörur. Voru lög þessi sett til að jafna samkeppnisstöðu íslensks iðnaðar gagnvart iðnaði landa EFTA og EB vegna ólíkra söluskattskerfa. Samkvæmt útreikningum, sem þá voru gerðir, voru uppsöfnunaráhrif söluskatts hér á landi talin 3% sem innfluttar iðnaðarvörur sluppu við vegna þess að þær bjuggu við virðisaukaskattskerfi. Í tengslum við kjarasamninga 1989 var svo samið um það við ríkisstjórnina að hækka jöfnunargjaldið úr 3% í 5% tímabundið. Gjald þetta var á sínum tíma tilkynnt til EFTA og EB sem tímabundið gjald, en á þessum árum var í bígerð að breyta söluskattskerfinu í virðisaukaskattskerfi. Þá fóru fram sérfræðingaviðræður milli Íslands og EFTA-ríkjanna og Íslands og EB um jöfnunargjaldið þar sem farið var yfir útreikninga á því og aðra tæknilega þætti þess. Eins og allir vita varð dráttur á því að virðisaukaskattur yrði tekinn upp hér á landi og héldust því uppsöfnunaráhrif söluskattskerfisins til óhagræðis fyrir íslenskar iðnaðarvörur allt þar til virðisaukaskattur var tekinn upp 1. janúar 1990. Ávallt hefur verið gert ráð fyrir því að jöfnunargjald félli niður þegar virðisaukaskatti yrði komið á.

Hins vegar gætir enn uppsöfnunaráhrifa söluskatts í rekstrarkostnaði iðnaðar af þremur ástæðum, í fyrsta lagi vegna fasteigna sem komu til fyrir upptöku virðisaukaskatts, í öðru lagi vegna viðhalds og endurbóta véla og í þriðja lagi vegna flutningatækja. Þjóðhagsstofnun og fjármálaráðuneyti hafa lagt mat á hversu mikil þessi áhrif eru. Samkvæmt því mati er áætlað að uppsafnaður söluskattur hafi numið 5,6% á framreiknuðu stofnverði rekstrarfjármuna í iðnaði í árslok 1989. Þá má geta þess að aðstöðugjald skekkir einnig samkeppnisstöðu iðnaðar þar sem m.a. er um að ræða gjald á rekstrarkostnað, en

slíkt þekkist ekki í samkeppnislöndunum.

Niðurfelling 5% jöfnunargjalds mun hafa töluverð áhrif á samkeppnisstöðu iðnaðar og var því talið eðlilegt að iðnaðurinn fengi nokkurn aðlögunartíma þannig að gjaldið félli niður í áföngum. Með lögum er ákveðið að gjaldið verði 4% frá 1. janúar 1991 og 3% frá 1. september 1991 og falli síðan niður í árslok 1991. Þá er þess að geta að gert er ráð fyrir að endurgreiddar verði 150 millj. kr. til iðnaðarins samkvæmt fjáraukalagafrumvarpi árið 1990.

Nú hefur verið ákveðið með lögum að afnema gjaldið í áföngum á árinu 1991 og mun iðnaðurinn því fá eðlilega aðlögun að breyttum aðstæðum og skuldbindingum okkar gagnvart EFTA-ríkjum og EB verða fullnægt.

Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins skrifaði sendiráði Íslands í Brussel 25. apríl 1990. Þá höfðu hagsmunaaðilar innan EB vakið athygli hennar á sérstakri 5% gjaldtöku af reipainnflutningi. Í bréfinu er beðið um nánari upplýsingar varðandi þetta gjald og spurt hvort íslensk stjórnvöld teldu það samræmast skuldbindingum fríverslunarsamninganna. Utanríkisráðuneyti var sent erindið til umsagnar.

Um miðjan júní var framkvæmdastjórn EB tekin að athuga mögulegar mótaðgerðir gegn íslenskum útflutningsafurðum. Fékk sendiráðið í Brussel þá fyrirmæli um að skýra út á hverju innheimta jöfnunargjalds hefði byggst, svo og að fyrirhugað væri að afnema það um næstu áramót. Var það gert með bréfi dags. 19. júní 1990. Í kjölfar breytingar þeirrar, sem gerð var 4. júlí 1990 á reglugerð fjármálaráðuneytisins nr. 344/10. júlí 1989, var framkvæmdastjórn síðan skrifað 6. júlí og henni tilkynnt að jöfnunargjald á reipum hefði verið fellt niður.

Fyrir síðustu áramót var framkvæmdastjórn EB tilkynnt óformlega að í bígerð væri að framlengja lögin. Þá var framkvæmdastjórninni nýlega skrifað bréf þar sem skýrt er frá því að nauðsynlegt hafi verið, með vísan til viðvarandi uppsöfnunaráhrifa fastra fjármuna, að framlengja gildistíma laganna um eitt ár, sbr. greinargerð og útreikninga Þjóðhagsstofnunar. Jafnframt voru nýsamþykkt lög kynnt og sú skuldbinding, sem í þeim felst, að afnema jöfnunargjaldið við lok þessa árs. Engin viðbrögð hafa enn borist frá framkvæmdastjórn EB.

Sþ. 558. Fyrirspurn [313. mál]

til heilbrigðisráðherra um lækna utan samninga við Tryggingastofnun ríkisins.

Frá Málmfríði Sigurðardóttur.

1. Hve margir læknar, sem reka eigin læknastofur, eru ekki á samningi við Tryggingastofnun ríkisins?
2. Hverjar eru sérgreinar þessara lækna og hve margir þeirra eru í hverri sérgrein?
3. Er einhver sérgrein innan læknisfræðinnar algerlega afskipt, þ.e. að ekki finnist læknir innan hennar sem er á samningi við Tryggingastofnun ríkisins?
4. Hve langur biðtími er hjá þeim læknum sem starfa á samningi við Tryggingastofnun ríkisins og sinna sömu sérgreinum og þeir sem ekki hafa samning við stofnunina?

Sþ. 559. Fyrirspurn [314. mál]

til samgönguráðherra um öryggi fjarskiptaþjónustu í Húnavatnssýslum.

Frá Jóni Sæmundi Sigurjónssyni.

Hvenær og með hvaða hætti er gert ráð fyrir að bæta úr því öryggisleysi í síma-, útvarps-, sjónvarps- og tölvuþjónustu sem greinilegt er að óveður geta valdið í Húnavatnssýslum?

Sþ. 560. Tillaga til þingsályktunar [315. mál]

um styttingu vinnutíma.

Flm.: Björgvin Guðmundsson, Árni Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að semja áætlun um almenna styttingu vinnutíma í landinu án skerðingar tekna. Skal ráðherra hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins um málið.

Greinargerð.

Stjórnvöld hafa nokkrum sinnum á undanförnum árum og áratugum fjallað um vinnutíma og leiðir til þess að stytta hann. Félagsmálaráðherra skipaði 22. sept. 1987 nefnd til þess að fjalla um málið. Sú nefnd skilaði áliti 20. júlí 1988. Þann 13. okt. 1987 skipaði þáverandi forsætisráðherra, Þorsteinn Pálsson, nefnd til þess að annast samanburðarkönnun á launum karla og kvenna. Verksvið þeirrar nefndar var síðar víkkað út þannig að nefndin skyldi gera fjölþætta lífskjarakönnun. Var á vegum nefndarinnar framkvæmd víðtæk könnun á launum og lífskjörum að norrænni fyrirmynd. Niðurstöður þeirrar könnunar voru birtar í bók sem út kom á vegum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands og Hagstofu Íslands í júní 1990. Nafn bókarinnar er „Lífskjör og lífshættir á Íslandi“. Í bókinni er fjallað ítarlega um atvinnu og vinnutíma, vinnuaðstæður og starfsferil, laun og launatengd fríðindi, húsnæðisaðstæður, frístundalíf og félagslíf, heilsufar, menntun, afstöðu til lífskjara o.fl.

Í lífskjarakönnuninni kemur fram að vinnutími hér á landi er mjög langur og grunnkaup frekar lágt en tekjur aukast mikið með yfirborgunum, yfirvinnu og aukavinnu.

Fullvinnandi fólk vinnur að jafnaði um 55 stundir á viku í launuðum störfum, þegar allt er talið með. Fullvinnandi karlar eru með hátt í 60 stundir á viku. Fullvinnandi konur vinna um 49 stundir á viku.

Vinnutíminn er mjög mismunandi langur eftir starfsstéttum. Lengstur er vinnutíminn hjá bændum og sjómönnum, eða 78,2 stundir á viku. Hjá sjálfstætt starfandi mönnum er hann 59,7 stundir á viku, hjá faglærðu verkafólki 53,5 stundir á viku og hjá ófaglærðu verkafólki 52,7 stundir á viku, svo nokkrar helstu stéttir séu nefndar.

Ljóst er að vinnutími hér á landi er of langur. Ef unnt er að stytta vinnutímann án tekjuskerðingar yrði það mjög mikilvæg lífskjarabót sem auk þess mundi áreiðanlega stórlega bæta heilsufar launafólks og hafa góð áhrif á fjölskyldulíf í landinu. Í dag er

ástandið hjá fjölskyldunum í landinu mjög slæmt vegna hins langa vinnutíma og vegna þess að báðir foreldrar vinna yfirleitt utan heimilisins og hafa ekki nægan tíma með börnum sínum. Stytting vinnutímans mundi væntanlega stórbæta þetta ástand.

Tillagan gerir ráð fyrir að félagsmálaráðherra semji áætlun um styttingu vinnutíma. Hugsunin er sú að stytting vinnutíma verði í áföngum, t.d. á 2–3 árum. Framkvæmd málsins fer að sjálfsögðu eftir aðstæðum í þjóðarbúskapnum og mati aðila vinnumarkaðarins á mikilvægi málsins. Ef til vill gæti ný þjóðarsátt orðið um styttingu vinnutímans.

Sþ. 561. Fyrirspurn [316. mál]

til heilbrigðisráðherra um heilbrigðiseftirlitsgjald.

Frá Jóni Sæmundi Sigurjónssyni.

1. Hvað veldur því að iðnfyrirtækjum á landsbyggðinni er gert að greiða heilbrigðiseftirlitsgjald, en iðnfyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu ekki?
2. Hver er greiðsla samkvæmt gjaldskrá fyrir árlegt eftirlit í iðnfyrirtækjum?

Sþ. 562. Fyrirspurn [317. mál]

til félagsmálaráðherra og menntamálaráðherra um brunavarnir í skólum.

Frá Inga Birni Albertssyni og Skúla Alexanderssyni.

1. Hvernig er háttað brunavörnum og eldvarnareftirliti í skólum?
2. Fylgjast ráðuneyti félagsmála og menntamála með framkvæmd sveitarfélaga á 4. gr. laga nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál, að því er skóla varðar?
3. Eru brögð að því að ákvæðum brunavarnarreglugerðar nr. 269/1978, um viðvörunarkerfi í skólum, (13.6) sé ekki framfylgt?

Nd. 563. Frumvarp til laga [318. mál]

um breytingu á lögum nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, með síðari breytingum.

Flm.: Anna Ólafsdóttir Björnsson, Kristín Einarsdóttir,
Málmfríður Sigurðardóttir, Sigrún Helgadóttir.

1. gr.

5. mgr. 40. gr. laganna orðast svo:

Nú skal spyrja barn yngra en 16 ára og skal þá tilkynna það barnaverndarnefnd. Get-

ur nefndin sent fulltrúa sinn til að vera við yfirheyrslurnar. Einnig skal tilkynna foreldri eða forráðamönnum barnsins um yfirheyrslurnar svo fremi að grunur leiki ekki á að þau tengist málinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Börn geta verið mikilvæg vitni í opinberum málum og nauðsynlegt málsins vegna að færa þau til yfirheyrslu. Lögreglunni er skylt, ef svo er, að leita til barnaverndarnefndar og láta vita af því að barnið verði tekið til yfirheyrslu. Nefndin þarf að veita samþykki sitt og getur sent fulltrúa til að fylgjast með yfirheyrslunni. Það er hins vegar engin trygging fyrir því í núgildandi lögum að foreldrar eða forráðamenn séu látnir vita ef barn þeirra er fært til yfirheyrslu. Það er vissulega alvarlegt mál ef barn tengist brotamáli á einhvern hátt en yfirheyrsla hjá lögreglu er ekki síður alvarlegt mál. Það getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir barnið að vera óstutt á meðal einkennisklæddra lögreglumanna. Návist foreldra eða forráðamanna getur veitt barninu ómetanlegan stuðning þó að ekki sé mælt með að foreldrar eða forráðamenn séu viðstaddir sjálfa yfirheyrsluna.

Í gildandi lögum stendur að tilkynna skuli barnaverndarnefnd um yfirheyrslu barna „ef þess er kostur“. Lagt er til í frumvarpi þessu að það sé *skylda* að tilkynna barnaverndarnefnd ef barn er kallað til yfirheyrslu.

Einnig er lagt til að skylt sé að tilkynna *foreldri* eða *forráðamanni* ef barn er tekið til yfirheyrslu hjá lögreglunni, en ekki einungis barnaverndarnefnd eins og núgildandi lög kveða á um. Ef grunur leikur á að foreldrar eða forráðamenn barnsins tengist málinu sem yfirheyrslan snertir gildir þetta ákvæði ekki.

Nd. 564. Frumvarp til laga [319. mál]

um viðauka við almenn hegningarlög, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

1. gr.

Hafi maður verið dæmdur í allt að 10 mánaða óskilorðsbundna refsivist er heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að breyta refsvistinni þannig við fullnustu að í stað hennar komi ólaunuð samfélagsþjónusta, minnst 40 klst. og mest 200 klst. Þegar refsivist er breytt í samfélagsþjónustu verður fyrri refsing vararefsing.

Þegar um refsivist er að ræða samkvæmt fleiri en einum dómi má samanlögð refsing eigi vera lengri en 10 mánuðir.

2. gr.

Skilyrði þess að refsivist verði breytt í samfélagsþjónustu eru:

1. Að dómþoli hafi óskað eftir því skriflega við Fangelsismálastofnun ríkisins eigi síðar en þremur mánuðum eftir að hann var upphaflega boðaður til að hefja afplánun refsivistar.

2. Að afplánun refsivistar sé ekki hafin.
3. Að ekki sé ódæmt í máli þar sem dómþoli er kærður fyrir refsiverðan verknað.
4. Að dómþoli teljist hæfur til samfélagsþjónustu.

Áður en ákvörðun um samfélagsþjónustu er tekin skal fara fram athugun á persónulegum högum dómþola þar sem m.a. skal koma fram rökstutt álit á því hvort dómþoli sé líklegur til að geta innt samfélagsþjónustu af hendi og hvaða samfélagsþjónusta komi til greina.

3. gr.

Þegar refsivist er breytt í samfélagsþjónustu skal ákveða hversu margar klukkustundir dómþoli skal vinna við samfélagsþjónustu í stað refsivistarinnar. Hafi gæsluvarðhald komið til frádráttar refsivist er heimilt að taka tillit til þess við ákvörðun um fjölda klukkustunda. Að jafnaði skal miða við að 20 klst. samfélagsþjónusta jafngildi eins mánaðar refsivist.

Jafnframt skal ákveða á hve löngum tíma samfélagsþjónustan skuli innt af hendi, en sá tími skal þó aldrei vera skemmri en þrír mánuðir.

Þegar refsivist er breytt í samfélagsþjónustu skal yfirlýsing dómþola fengin um það að hann vilji hlíta skilyrðum þeim sem sett eru fyrir samfélagsþjónustu. Jafnframt skal afhenda honum skírteini er greini skilyrði fyrir samfélagsþjónustu og hverju skilorðsrof varði.

4. gr.

Samfélagsþjónusta skal háð þessum skilyrðum:

1. Að dómþoli gerist ekki sekur um nýtt brot á reynslutímanum.
2. Að dómþoli sæti á reynslutímanum umsjón og eftirliti einstakra manna, félags eða stofnunar.

Enn fremur má binda samfélagsþjónustu þeim skilyrðum, nokkrum eða öllum, sem greinir í 2.–6. tölul. 3. mgr. 57. gr.

Reynslutími skv. 1. tölul. 1. mgr. skal vera jafnlangur og sá tími sem það tekur að inna samfélagsþjónustu af hendi.

5. gr.

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd til að taka ákvörðun um hvort refsivist skuli breytt í samfélagsþjónustu.

Þegar ákveðið er að breyta refsivist í samfélagsþjónustu skal nefndin einnig ákveða:

1. Lengd reynslutíma.
2. Klukkustundafjölda samfélagsþjónustu.
3. Hvar og hvernig samfélagsþjónusta verði innt af hendi.

Ákvarðanir nefndarinnar samkvæmt grein þessari eru endanlegar.

6. gr.

Fangelsismálastofnun ríkisins tekur á móti beiðnum um að refsivist verði breytt í samfélagsþjónustu.

Í samráði við formann nefndar skv. 5. gr. sér stofnunin einnig um:

1. Að afla skýrslu um persónulega hagi dómþola sé beiðni ekki þegar hafnað.
2. Að undirbúa mál til meðferðar hjá nefndinni.

3. Að annast ritun fundargerða og sjá um annað skrifstofuhald fyrir nefndina.

Þegar refsivist dóms er breytt í samfélagsþjónustu sér Fangelsismálastofnun ríkisins um framkvæmd hennar.

7. gr.

Beiðni um að breyta refsivist í samfélagsþjónustu skal þegar hafnað ef umsækjandi uppfyllir ekki skilyrði skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 2. gr. Ef sérstakar ástæður mæla með er þó heimilt að víkja frá tímafresti í 1. tölul. 2. gr.

Þegar beiðni er tekin til efnislegrar meðferðar skal fresta fullnustu refsivistar þar til ákvörðun um afgreiðslu hennar liggur fyrir, enda fremji dómþoli ekki refsiverðan verknað á þeim tíma.

8. gr.

Fremji dómþoli nýtt brot eftir að refsivist er breytt í samfélagsþjónustu og rannsókn út af því hefst fyrir lok reynslutíma og ákveður þá dómstóll, sem fjallar um mál þetta, refsingu í einu lagi fyrir brot það sem nú er dæmt um og með hliðsjón af þeim tímafjölda samfélagsþjónustu sem eigi hefur verið innt af hendi samkvæmt reglum 60. gr. þannig að eftirstöðvar samfélagsþjónustu verði virtar með sama hætti og skilorðsdómur.

Ef dómþoli með alvarlegum hætti eða ítrekað rýfur önnur skilyrði samfélagsþjónustu, svo og ef hann fremur ótvírætt brot á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni, getur Fangelsismálastofnun ríkisins ákveðið hvort breytt skuli skilyrðum og reynslutími lengdur allt að 18 mánuðum eða að dómþoli verði látinn hefja afplánun refsivistarinnar. Sé það gert skal meta tímalengd refsivistar með hliðsjón af þeirri samfélagsþjónustu sem þegar hefur verið innt af hendi.

Ákvörðun um viðbrögð við skilorðsrofum skal vera skrifleg og rökstudd og hún skal birt dómþola með sannanlegum hætti.

Ákvörðun um viðbrögð við skilorðsrofum sætir kæru til nefndar skv. 5. gr. Kæruheimild skal kynnt hlutaðeigandi dómþola um leið og ákvörðun er birt.

9. gr.

Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um samfélagsþjónustu, framkvæmd hennar og starfshætti nefndar skv. 5. gr.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1992 og gilda til 31. desember 1995.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Staða refsivistar í viðurlagakerfinu hefur mikið verið til umræðu á Norðurlöndum og í Vestur-Evrópu síðustu tvo áratugi. Hefur sú stefna verið ríkjandi að draga beri úr notkun óskilorðsbundinnar refsivistar eins og mögulegt er. Til að unnt sé að draga úr notkun hennar þarf að finna önnur úrræði í staðinn. Í þessu sambandi hefur einkum verið bent á þrjár leiðir: Í fyrsta lagi að beita í ríkari mæli þeim úrræðum sem við höfum nú þeg-

ar og ekki hafa frjálsræðissviptingu í för með sér (sektir, ákærufrestun, skilorðsdómar), þ.e. að nota þessi úrræði meira og á sumum sviðum þar sem hingað til hefur verið beitt óskilorðsbundinni refsivist. Í öðru lagi að draga úr lengd refsivistar, t.d. með því að nota reynslulausn í ríkari mæli en nú er og stytta refsivistardóma. Loks hefur í þriðja lagi athyglin beinst að ýmsum nýjum viðurlagategundum sem gætu komið í stað óskilorðsbundinnar refsivistar. Má þar til nefna helgarfangelsi, næturfangelsi, eftirlits- og tilkynningarskyldu og síðast en ekki síst samfélagsþjónustu. Samfélagsþjónusta er eina nýja viðurlagategundin sem náð hefur almennri útbreiðslu.

Árið 1976 samþykkti Evrópuráðið ályktun nr. (76) 10 „on certain alternative penal measures to imprisonment". Jafnframt var á vegum Evrópuráðsins gefin út skýrsla nefndar sem undirbjó ályktunina um „Alternative Penal Measures to Imprisonment". Í ályktuninni eru aðildarríki Evrópuráðsins beðin um að hugleiða kosti samfélagsþjónustu og sérstaklega það tækifæri sem þetta viðurlagaform gæti verið fyrir brotamann til bæta fyrir brot sitt með vinnu í þágu samfélagsins og fyrir þjóðfélagið að aðstoða við endurhæfingu hins brotlega með því að samþykkja þátttöku hans í frjálsri atvinnustarfsemi.

Framangreind ályktun og skýrslan sem fylgdi henni hefur verið grundvöllur þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað í nágrannalöndunum um það að draga úr notkun óskilorðsbundinnar refsivistar. Í skýrslunni eru eftirgreind fjögur atriði sérstaklega nefnd sem röksemdir fyrir því að draga úr fangelsun:

Í fyrsta lagi mannúðarsjónarmið. Einangrun frá þjóðfélaginu hefur í för með sér verulegt álag á þann sem fyrir því verður og bent hefur verið á að vegna breyttra þjóðfélagshátta og meiri almennrar velsældar sé óskilorðsbundin refsivist þyngri refsing nú en áður var. Munurinn á fangelsissamfélaginu og hinu frjálsa samfélagi utan þess hefur aukist.

Í öðru lagi er það sjónarmið sem hefur haft verulega þýðingu í umræðunni um notkun fangelsisrefsingar þ.e. tilgangurinn með frjálsræðissviptingu sem viðurlögum við afbrotum. Það hefur lengi verið talin mikilvæg forsenda fyrir notkun refsinga að með refsingunni megi hafa þau áhrif á brotamann að hann lagi sig að reglum þjóðfélagsins og haldi sig í framtíðinni frá afbrotum — sérstök varnaðaráhrif. Í þessu sambandi hefur aftur á móti verið bent á rannsóknir sem sýna að refsivist hefur ekki þau áhrif á persónuleika fanga að ætla megi að refsivist sé árangursríkt úrræði til endurhæfingar á föngum. Þvert á móti virðist refsivist styrkja neikvæða þróun hjá brotamönnum, t.d. ósjálfstæði, deyfð og sinnuleysi, auk neikvæðrar afstöðu til þjóðfélagsins og minni sjálfsvirðingar.

Það ber þó að taka fram að niðurstöður framangreindra rannsókna ber að taka með miklum fyrirvara vegna vandamála í sambandi við aðferðafræði. Þrátt fyrir margar rannsóknir hefur samt ekki verið unnt að sýna fram á að frjálsræðissvipting hafi meiri fyrirbyggjandi áhrif varðandi endurtekningu brota en ýmsar aðrar ráðstafanir gagnvart brotamönnum.

Í þriðja lagi hefur verið bent á að meiri hluti fanga afplánar dóma fyrir auðgunarbrot. Í þessu samhengi er það athugunarefni hvort ekki megi meta refsiverðleika þessara verknaða á annan hátt en fyrr þar sem þjófnaður t.d. veldur brotaþola sjaldnast nú á dögum sömu búsifjum og áður m.a. vegna meiri velmegunar og tryggingakerfisins.

Í fjórða lagi hefur verið bent á að refsivist er dýr kostur fyrir þjóðfélagið.

Enda þótt framangreind sjónarmið hafi verið dregin fram sem helstu ókostir frjálsræðissviptingar eru þetta ekki einu sjónarmiðin sem koma til skoðunar þegar staða frjálsræðissviptingar sem viðurlaga við afbrotum er metin. Sem varnaðaráhrif hefur frjálsræðissvipting meiri almenn varnaðaráhrif en önnur viðurlög og frjálsræðissviptingin kemur

í veg fyrir afbrot viðkomandi meðan hann afplánar refsivist. Þrátt fyrir vandamálin við að meta almenn varnaðaráhrif frjálsræðissviptingar er ekki hægt að horfa framhjá því að tilvist hennar sem slík getur haft verulega þýðingu fyrir stöðu réttarkerfisins og þar með almenna löghlýðni. Í þessu samhengi má einnig nefna að notkun frjálsræðissviptingar getur í nokkrum tilfellum verið nauðsynleg til að sýna á virkan hátt fordæmingu á viðkomandi háttsemi brotamanns, t.d. vegna nauðgunar eða ráns.

II. Hvað er samfélagsþjónusta?

Skilgreina má samfélagsþjónustu með þeim hætti að hún sé ein tegund viðurlaga við afbrotum sem felst í því að á brotamann er lögð sú skylda að vinna ákveðinn tímafjölda, launalaust og í frítíma sínum, að verkefnum sem koma þjóðfélaginu að gagni.

Samfélagsþjónusta leggur þá skyldu á brotamann að inna af hendi, launalaust og í frítíma sínum, vinnu í ákveðinn tímafjölda í þágu samfélagsins. Vinnan skal innt af hendi á nánar tilgreindu tímabili. Með þessum hætti hafa viðurlögin einkenni afplánunar. Vinnuskyldan er á sinn hátt frjálsræðisskerðing. Kostir samfélagsþjónustu eru að brotamaður getur haldið virku sambandi við fjölskyldu og vini og þar sem vinnuskyldan er innt af hendi í frístundum getur viðkomandi einnig stundað atvinnu sína eða nám, meðan hann „afplánar" refsinguna. Með samfélagsþjónustu tekur dómþoli út refsingu sína á jákvæðan hátt og má líta á hana sem bætur hans til samfélagsins fyrir misgjörðir hans. Auk þess hafa störfin, sem oftast eru einhvers konar aðstoðar- eða hjálparstörf, gildi fyrir þjóðfélagið og stuðla að uppeldisgildi þessa úrræðis. Meðan á fullnustu stendur er dómþoli í tengslum við aðra þjóðfélagsþegna sem jafnsettur einstaklingur, að hluta til fólk sem vinnur á viðkomandi sviði en á öðrum grundvelli. Hugsanlega má stuðla að víðtækari skilningi hjá fólki almennt á brotamönnum og aðstæðum þeirra með því að draga aðra þjóðfélagshópa á þennan hátt inn í sjálfa refsifullnustuna.

Samfélagsþjónustu sem slíkri er hægt að beita með ýmsum hætti. Henni má beita sem skilyrði fyrir ákærufrestun, sem sjálfstæðri viðurlagategund, í tengslum við skilorðsdóma, sem vararefsingu fésektardóma, í tengslum við beitingu reynslulausnar eða náðunar og fleira mætti tína til.

III. Samfélagsþjónusta í öðrum löndum.

A. Almennt.

Á áttunda áratugnum varð fyrsti alvarlegi samdráttur í efnahagslífi Vestur-Evrópu frá stríðslokum. Yfirfull fangelsi í mörgum löndum ýttu undir leit að nýjum leiðum í viðurlögum við afbrotum. Stjórnvöld leituðu ódýrari lausna. Mannúðarsjónarmið og sparnaður urðu tvær hliðar á sama máli. Leitað var leiða þar sem brotamaður var undir eftirliti samfélagsins, en gæti jafnframt bætt fyrir misgjörðir sínar. Samfélagsþjónusta var úrræði sem talið var fullnægja þessum forsendum.

Samfélagsþjónusta, sem viðurlög við afbrotum, hefur víða verið tekin í notkun, en með tilvísun til mismunandi forsendna og að hluta til gagnstæðra viðurlagapólitískra sjónarmiða.

Í Bretlandi var samfélagsþjónusta tekin upp sem viðurlög við afbrotum 1. janúar 1973. Eftir það hafa stöðugt fleiri lönd í Vestur-Evrópu tekið þetta viðurlagaform í notkun. Í upphafi tíunda áratugarins eru einungis fjögur lönd í Vestur-Evrópu, auk Íslands, sem ekki hafa tekið samfélagsþjónustu upp í einhverju formi, þ.e. Finnland, Grikkland, Spánn og Malta. England og Wales, Vestur-Þýskaland, Portúgal, Frakkland, Lúxemborg og Sví-

þjóð tóku upp samfélagsþjónustu á grundvelli sérstakrar löggjafar, en í öðrum löndum var það gert án sérstakrar lagasetningar. Fyrirhugað er að setja sérstök lög um samfélagsþjónustu í Danmörku, Hollandi og Noregi.

Í Englandi og Wales, Frakklandi og Portúgal er samfélagsþjónusta sjálfstæð refsitegund, en í eftirtöldum löndum er hægt að gera samfélagsþjónustu að sérstöku skilyrði í tengslum við skilorðsbundin dóm: Vestur-Þýskalandi, Frakklandi, Lúxemborg, Hollandi, Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Í norska frumvarpinu um lögfestingu á samfélagsþjónustu er þó gert ráð fyrir að hún verði sjálfstæð refsitegund.

Í öllum löndum þar sem samfélagsþjónusta hefur verið tekin upp hefur fyrst verið gerð tilraun með samfélagsþjónustu um skemmri eða lengri tíma áður en ákveðið hefur verið að festa hana í sessi.

Annað sameiginlegt atriði í þessum löndum snýr að tilganginum með samfélagsþjónustu. Í einföldu máli má segja að tilgangurinn hafi verið sá að finna viðurlög er komi í staðinn fyrir styttri óskilorðsbundna refsivistardóma. Þetta er þó svolítið mismunandi eftir löndum. Í Bretlandi er samfélagsþjónustu ætlað að koma í stað refsivistar sem bæði getur verið skilorðsbundin og óskilorðsbundin og samfélagsþjónusta kemur þar einnig í stað fésektar. Í Vestur-Þýskalandi virðist samfélagsþjónusta helst hafa verið notuð sem vararefsing vegna fésekta.

Í öllum löndunum er krafist samþykkis frá brotamanni til að unnt sé að beita samfélagsþjónustu. Ástæðan er m.a. sú að í 4. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu er nauðungarvinna bönnuð.

Í öllum löndunum hafa þær stofnanir sem sjá um skilorðseftirlit séð um framkvæmd samfélagsþjónustunnar og jafnframt hafa verið settar ákveðnar reglur um hvernig skuli bregðast við ef vinnuskyldan er ekki innt af hendi. Viðbrögð eru mismunandi allt frá því sem gert er í Frakklandi og Portúgal þar sem það er refsivert í sjálfu sér að brjóta gegn reglum um samfélagsþjónustu og til mildari viðbragða eins og t.d. í Bretlandi þar sem brot á reglum um samfélagsþjónustu geta leitt til sektar eða þess að reynslutími er lengdur.

Í öllum löndunum er gert ráð fyrir að samfélagsþjónusta sé innt af hendi sem ólaunuð vinna.

B. Samfélagsþjónusta á Norðurlöndum.

Hinn 25. maí 1982 samþykkti danska þjóðþingið þingsályktun um að koma á fót samfélagsþjónustu í tilraunaskyni í Kaupmannahöfn og á Norður-Jótlandi. Í desember 1983 var tilraunatímabilið framlengt um eitt ár í viðbót þar sem lítil reynsla hafði fengist af þessu úrræði. Í maí 1984 var síðan ákveðið að tilraunaskipanin með samfélagsþjónustu skyldi taka til landsins alls frá ársbyrjun 1985. Nú liggur fyrir frumvarp í Danmörku þar sem lagt er til að ákvæði um samfélagsþjónustu verði lögfest sem varanlegt úrræði.

Í Noregi var á grundvelli þingsályktunartillögu hafin tilraun með samfélagsþjónustu í einu fylki árið 1984. Tilraunasvæðið var smá saman stækkað og var látið ná til alls landsins frá og með árinu 1988. Í Noregi liggur nú fyrir frumvarp um að samfélagsþjónusta verði lögfest sem sjálfstæð refsitegund.

Á árinu 1989 voru samþykkt sérstök lög í Svíþjóð um tilraun með samfélagsþjónustu og tóku þau gildi 1. janúar 1990. Samkvæmt þeim er heimilt að dæma brotamann til samfélagsþjónustu við fimm tilgreinda dómstóla.

Samfélagsþjónusta hefur ekki verið tekin upp í Finnlandi.

Eins og áður er fram komið hafa þau ríki sem gert hafa samfélagsþjónustu að hluta viðurlagakerfisins fyrst gert tilraun með fyrirkomulag hennar. Í Danmörku og Noregi hafa nú verið samin frumvörp um að gera þetta úrræði að varanlegum hluta af viðurlagakerfinu. Í Noregi og Svíþjóð hefur í öllum meginatriðum verið byggt á fyrirkomulagi og reynslu Dana í þessum efnum.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir forsendum, fyrirkomulagi og inntaki samfélagsþjónustu eins og hún er í reynd á Norðurlöndunum, þar sem í frumvarpi þessu er að mörgu leyti stuðst við reynslu þaðan. Jafnframt verður gerð grein fyrir framkvæmdaratriðum sem ekki er ástæða til að lögfesta, en sem varpa skýrara ljósi á en lagatexti, hvert sé raunverulegt inntak samfélagsþjónustu. Ekki verða rakin minni háttar frávik milli landanna.

1. Ákvörðunarvald, forsendur.

Á Norðurlöndum er það sá dómstóll sem fjallar um mál viðkomandi manns sem getur dæmt hann til samfélagsþjónustu. Sá háttur er á þessu hafður að refsing viðkomandi er skilorðsbundin og til viðbótar lögbundnu skilyrði um að hann fremji ekki refsiverðan verknað á skilorðstímanum er sett sérstakt skilyrði um samfélagsþjónustu.

Það er forsenda samfélagsþjónustu að hún komi einungis til greina þar sem ella yrði dæmd óskilorðsbundin refsivist.

Þau atriði, sem fram eiga að koma í dómi um samfélagsþjónustu, eru sá klukkustundafjöldi sem dómþoli á að vinna í ólaunaðri vinnu í þágu samfélagsins, lengd skilorðs- og eftirlitstíma, að dómþoli sé háður eftirlit skilorðseftirlits, á hvað löngu tímabili vinnan skal innt af hendi og lengd þeirrar refsivistar sem frestað er. Í Danmörku og Noregi, en ekki í Svíþjóð, er á reynslutímabilinu einnig heimilt að dæma skilorðsdóm þar sem ákvörðun refsingar er frestað, ásamt samfélagsþjónustu.

Svo sem nánar verður greint frá síðar á skilorðseftirlit að taka ákvörðun um önnur atriði varðandi samfélagsþjónustu.

2. Samþykki.

Það er skilyrði samfélagsþjónustu að dómþoli samþykki að þessu úrræði verði beitt. Með því er átt við að hann hafi lýst því yfir fyrir dómi að komi skilorðsdómur til greina sé hann samþykkur því að sett væri skilyrði um samfélagsþjónustu. Samþykki þýðir ekki að dómþoli þurfi að samþykkja neitt nánar varðandi þetta úrræði, t.d. tímafjölda, lengd þess tíma sem vinnan er innt af hendi, tegund starfs eða hvar eða hvenær hún skuli innt af hendi.

3. Nánar um innihald samfélagsþjónustu.

Miðað er við að vinnuskylda samkvæmt dómi um samfélagsþjónustu sé frá 40 klst. (í Noregi 50 klst.) og allt að 200 klst. Að jafnaði er gert ráð fyrir að 20 klst. vinna komi í stað eins mánaðar refsivistar. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að dómur um samfélagsþjónustu komi í stað óskilorðsbundinna refsivistardóma í allt að 10 mánuði. Í framkvæmd hefur komið fyrir í undantekningartilfellum að dómur um samfélagsþjónustu hefur komið í stað lengri refsivistar.

Þá er gert ráð fyrir að ákveðið samhengi sé á milli vinnustundafjölda og þess tíma sem dómþoli hefur til að inna skylduna af hendi. Gert er ráð fyrir að sá tími sé frá þremur eða fjórum mánuðum og allt að 12 mánuðum. Heppilegt er talið að hlutföllin séu þessi: Ef

um er að ræða allt að 80 klst. vinnuskyldu sé hún innt af hendi á fjórum mánuðum, fyrir 80–120 klst. sex mánuðir, fyrir 120–150 klst. átta mánuðir og fyrir 150 klst. og meira allt að 12 mánuðir. Ef dómþoli heldur sig ekki við þau tímamörk sem ákveðin eru í dómi og lýkur ekki vinnuskyldu sinni innan tilskilins tíma hefur hann rofið skilorð.

4. Persónuskýrslur.

Þegar samfélagsþjónusta er talin koma greina er almennt fyrst tekin persónuskýrsla af viðkomandi þar sem fram á að koma auk almennra atriða, mat á því hvort hann telst hæfur til samfélagsþjónustu, þar með talið hvort hann er samþykkur því að undirgangast skilyrði um samfélagsþjónustu. Þá er viðkomandi gerð grein fyrir hvað dómur um samfélagsþjónustu felur í sér. Einnig er lagt mat á það hvers konar vinna muni henta í hverju tilviki og hvort heppilega vinnu sé að hafa í nágrenni heimilis brotamanns.

Persónuskýrsla er gerð af starfsmönnum skilorðseftirlits.

5. Notkunarsvið.

Eins og áður er nefnt er við það miðað að dómur um samfélagsþjónustu komi í stað óskilorðsbundins refsivistardóms.

Þegar ákveðið er að dæma í samfélagsþjónustu fer fram heildarmat á grófleika brota og persónulegum aðstæðum brotamanns þar sem m.a. er tekið tillit til vilja og möguleika hans á því að inna samfélagsþjónustu af hendi og hvaða uppeldisleg áhrif það geti haft á hann. Tekið er fram að ekki er ætlast til að samfélagsþjónusta verði dæmd þar sem brot eru svo alvarleg eða umfangsmikil að samkvæmt gildandi venjum væri dæmd löng refsivist.

Samfélagsþjónusta er einkum talið heppilegt úrræði þegar um er að ræða viðurlög gegn (ungum) brotamönnum sem framið hafa auðgunarbrot, skjalafals eða nytjastuld. Brotamenn sem fremja þessi brot fá almennt fyrst ákærufrestun og/eða venjulegan skilorðsdóm, einn eða fleiri. Þegar ekki er (lengur) talið unnt að dæma venjulega skilorðsbundna refsingu og þyngri viðurlög eru nauðsynleg er samfélagsþjónusta í sumum tilfellum heppilegt úrræði.

Ekki er talið útilokað að dæma í samfélagsþjónustu fyrir ofbeldi, skemmdarverk eða fíkniefnabrot, en í slíkum tilfellum er ráðið til mikillar varfærni. Þá er ekki talið útilokað að beita samfélagsþjónustu þótt viðkomandi hafi áður verið dæmdur í óskilorðsbundna refsivist.

6. Skilorðstími, eftirlitstími.

Þegar dæmd er skilorðsbundin refsing ákveður dómstóll hversu lengi dómþoli skuli háður þeim skilyrðum er dómur kveður á um. Haldi dómþoli skilyrðin verður refsing ekki dæmd eða hún fellur niður að skilorðstíma loknum.

Meðal þeirra skilyrða sem heimilt er að setja í skilorðsbundinn dóm er skilyrði um að dómþoli verði tilgreindan hluta skilorðstímans eða allan skilorðstímann háður umsjón og eftirliti skilorðseftirlits (eftirlitstími).

Þegar dæmdur er skilorðsdómur með sérstöku skilyrði um samfélagsþjónustu á alltaf að setja sérstakt skilyrði um að dómþoli verði háður eftirliti skilorðseftirlits. Miðað er við að eftirlitstíminn sé jafnlangur og sá tími sem það tekur að inna vinnuna af hendi. Skilorðstíminn er yfirleitt einnig jafnlangur og sá tími sem það má taka að inna vinnuna af hendi. Í undantekningartilvikum er hann þó lengri.

7. Vinnustaðir, vinna.

Við það er miðað að þau störf sem komi til greina séu fyrst og fremst aðstoðarmannsstörf hjá opinberum stofnunum eða stofnunum sem njóta opinberra styrkja og að vinnan sé þess eðlis að henni verði ekki sinnt nema samfélagsþjónusta komi til. Samfélagsþjónusta má ekki verða til þess að auka atvinnuleysi. Ekki er talið ráðlegt að nema einn dómþoli sé á hverjum vinnustað í einu. Við val á vinnustöðum er miðað við staði sem geta lagt til tilgreind verkefni, sem ófaglærður starfsmaður getur auðveldlega sinnt. Þá er lögð áhersla á að dómþoli sinni starfi sínu ásamt fastráðnum starfsmanni stofnunarinnar.

Það er hlutverk skilorðseftirlits að finna vinnustaði og heppileg verkefni. Gerður er skriflegur samningur milli skilorðseftirlitsins og hlutaðeigandi vinnuveitanda. Í slíkum samningi eru m.a. ákvæði um að vinnuveitandinn haldi nákvæmt bókhald um hvenær dómþoli er þar við vinnu þannig að unnt sé að fylgjast með því hversu mikill hluti af dóminum er fullnustaður á hverjum tíma. Þar eru einnig ákvæði um eftirlit vinnuveitanda með dómþola og tilkynningarskyldu ef fyrirmælum um framkvæmd fullnustu er ekki sinnt o.fl.

Á reynslutímabilinu í Danmörku og Noregi hafa flest störf verið hjá íþróttafélögum, stofnunum reknum af trúfélögum eða aðstoðarstörf við félagslega þjónustu. Vinnan hefur verið fólgin í hreingerningum, ýmislegu viðhaldi, vinnu í görðum og ýmsum öðrum tilfallandi störfum.

8. Fyrirkomulag „fullnustu“.

Það er hlutverk skilorðseftirlits að ákveða nánar um inntak dóms um samfélagsþjónustu, þar á meðal að ákveða vinnustað og á hvaða vikudögum vinnan skuli innt af hendi og á hvaða tíma sólarhrings. Vinnan skal innt af hendi í frítíma dómþola og er því almennt miðað við að hún sé innt af hendi um helgar. Lögð er áhersla á að fullnusta byrji sem fyrst eftir að endanlegur dómur er kveðinn upp. Þá á skilorðseftirlitið að dreifa vinnustundunum sem jafnast á það tímabil sem inna á vinnuskylduna af hendi.

Viðkomandi vinnuveitandi verður að sjálfsögðu að samþykkja að taka dómþola í samfélagsþjónustu og við ákvörðun vinnustaðar er tekið tillit til persónulegra aðstæðna dómþola. Allar aðrar ákvarðanir um framkvæmd eru í reynd teknar að höfðu samráði við dómþola og viðkomandi vinnuveitanda.

Skilorðseftirlit hefur eftirlit með dómþola og á að fylgjast með því að skilyrði samfélagsþjónustu séu haldin. Þó er heimilt að semja við viðkomandi vinnuveitanda um að annast daglegt eftirlit, enda sé tryggt að skilorðseftirlitið fái strax upplýsingar ef viðkomandi mætir ekki til vinnu þegar hann á að gera það, sem og upplýsingar um ef vinnan er ekki innt af hendi svo sem ráð er fyrir gert.

Auk eftirlits vinnuveitanda er gert ráð fyrir að fulltrúi skilorðseftirlitsins komi á vinnustaði til eftirlits án þess að gera boð á undan sér eða hringi þangað þegar dómþoli á að vera þar við vinnu. Fjöldi slíkra heimsókna eða símtala fer eftir aðstæðum, en í framkvæmd hefur að meðaltali verið talið nauðsynlegt að sinna þessu eftirliti í annað hvert sinn sem dómþoli á að vera við vinnu. Í framkvæmd hefur eftirlit vinnustaðanna ekki reynst fullnægjandi.

9. Skilorðsrof.

Lögð er áhersla á að nákvæm áætlun liggi fyrir um hvernig inna á vinnuskyldu af

hendi og að skjótt sé brugðist við öllum frávikum (skilorðsrofum). Þar sem samfélagsþjónustu er ætlað að koma í stað óskilorðsbundinnar refsivistar er talið nauðsynlegt að framkvæmd sé í föstum skorðum og á skilorðsrofum sé tekið fljótt og af festu. Ekki er þó litið á öll frávik sem skilorðsrof. Vegna minni háttar frávika er beitt áminningu en ef um ítrekun er að ræða er farið með slíkt sem skilorðsrof. Ef vafi leikur á vilja eða mögu-leika dómþola að inna vinnu af hendi er málið tekið upp að nýju.

Með rof á skilyrðum dóms um samfélagsþjónustu er farið eins og með aðra skilorðs-dóma. Skilorðseftirlit tilkynnir ákæruvaldi um skilorðsrofin og ákæruvaldið leggur mál-ið á ný fyrir dómstól. Oftar en ekki leiðir það til þess að skilorðsdómurinn er tekinn upp og dæmd óskilorðsbundin refsivist. Þó eru önnur úrræði einnig notuð t.d. lenging skil-orðstíma, eftirlit o.fl. Þegar skilorðsrof er fólgið í nýju afbroti er dómurinn um samfé-lagsþjónustu dæmdur upp ásamt nýja brotinu. Þegar vinnuskyldan er ekki að fullu innt af hendi er metið að hve miklu hinn nýi dómur á að vera þyngri en ef einungis væri dæmt fyrir hið nýja brot.

IV. Um frumvarpið.

A. Almennt.

Í frumvarpi þessu er lagt til að gerð verði tilraun með samfélagsþjónustu hér á landi. Að um tilraun sé að ræða kemur ekki beint fram í frumvarpinu sjálfu með öðrum hætti en þeim að lagt er til að ákvæðin um samfélagsþjónustu komi sem viðauki við almenn hegningarlög, en séu ekki felld inn í lögin sjálf svo og að lögunum er ætlað að gilda í ákveðinn tíma.

Varðandi efni og framkvæmd er gengið út frá því að það verði með svipuðum hætti og annars staðar á Norðurlöndum. Aftur á móti er í frumvarpinu gert ráð fyrir að á til-raunatímabilinu verði ákvörðunartaka um samfélagsþjónustu stjórnsýsluákvörðun, en ekki dómstólaákvörðun svo sem algengast er.

Miðað er við að við fullnustu dóms verði heimilt að breyta refsivist þannig að í stað hennar komi ólaunuð samfélagsþjónusta.

Með þessu fyrirkomulagi næst best það markmið að samfélagsþjónusta komi í stað óskilorðsbundinnar refsivistar og kostnaður við framkvæmd verður í lágmarki.

Ef vel á að takast til er mikilvægt að hægt verði að hafa fullkomna stjórn á tilraun-inni og að unnt verði að byggja upp, þróa og laga samfélagsþjónustu að aðstæðum hér á landi. Gert er ráð fyrir að í lok tilraunatímabilsins verði með hliðsjón af reynslu tek-in afstaða til þess hvort og með hvaða hætti samfélagsþjónusta verði hluti af viðurlaga-kerfinu.

B. Kostnaður.

Í nágrannalöndunum er talið að samfélagsþjónusta geti komið í stað 5–7% óskilorðs-bundinna refsivistardóma vegna hegningarlagabrota. Ef þetta hlutfall á við hér á landi þýðir það að samfélagsþjónusta geti, þegar reynsla er fengin, komið í stað 15–20 refsi-vistardóma. Ef gert er ráð fyrir að um 80% þeirra sem fá samfélagsþjónustu haldi skil-yrði hennar og með hliðsjón af gildandi framkvæmd varðandi reynslulausn má gera ráð fyrir að þessir dómþolar tækju fjögur til sex fangarými á ári. Með hliðsjón af því að fangarými hér á landi eru næstum fullnýtt er ekki raunhæft að gera ráð fyrir að samfé-lagsþjónusta lækki kostnað við rekstur fangelsa svo að neinu nemi.

Gera má ráð fyrir að kostnaður við það að taka upp samfélagsþjónustu verði um 3–4 milljónir króna á ári á tilraunatímabilinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er lagt til að heimilt verði við fullnustu dóms að breyta refsingu allt að 10 mánaða óskilorðsbundins refsivistardóms þannig að í stað refsivistarinnar komi ólaunuð samfélagsþjónusta frá 40 klst. og allt að 200 klst. Ef dómi er breytt í samfélagsþjónustu verði fyrri refsing vararefsing.

Forsenda þess að heimilt verði að breyta refsivist dóms í samfélagsþjónustu er að almannahagsmunir mæli ekki gegn því. Ein af grundvallarforsendum viðurlagakerfisins er að refsingar hafi almenn og einstaklingsbundin varnaðaráhrif í för með sér. Þegar dæmd er óskilorðsbundin refsivist eru ekki alltaf skýr mörk á milli þess hvort við val á viðurlögum er byggt á því að þau hafi almenn eða einstaklingsbundin varnaðaráhrif. Meiri hluti fanga afplánar dóma vegna auðgunarbrota og skjalafals. Fyrir þessi brot er yfirleitt fyrst beitt skilorðsbundnum refsingum, en ef þau úrræði duga ekki kemur til óskilorðsbundinnar refsivistar. Í þessum tilvikum má telja að forsendur viðurlaga byggist m.a. á einstaklingsbundnum varnaðaráhrifum. Þar sem samfélagsþjónusta hefur verið tekin upp hefur verið lögð áhersla á einstaklingsbundin varnaðaráhrif þessa úrræðis og að beiting þess verði ekki til þess að almenn varnaðaráhrif refsinga minnki. Í frumvarpi þessu er reynt að ná þessum markmiðum með ákvæði um að samfélagsþjónustu verði því aðeins beitt að almannahagsmunir mæli ekki gegn því.

Það kemur alloft fyrir að sami dómþoli sé dæmdur til óskilorðsbundinnar refsivistar samkvæmt fleiri en einum dómi og að þeir séu samtímis til fullnustu. Oft er þar um hegningarauka að ræða. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að heimilt verði að breyta slíkum dómum í samfélagsþjónustu ef samanlögð refsivist fer ekki fram úr 10 mánuðum.

Um 2. gr.

Í þessari grein er fjallað um skilyrði þess að refsivist verði breytt í samfélagsþjónustu.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að dómþoli sæki um það skriflega til Fangelsismálastofnunar ríkisins að refsivist verði breytt í samfélagsþjónustu og að það verði gert eigi síðar en þremur mánuðum eftir að hann var upphaflega boðaður til að hefja afplánun refsivistar. Þessi tímamörk eru valin með hliðsjón af því að almennt er heimilt að veita allt að átta mánaða frest á því að hefja afplánun refsivistar. Til að unnt verði að taka afstöðu til umsóknar dómþola innan þeirra tímamarka þarf beiðni að liggja tímalega fyrir. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins er þó heimilt að víkja frá þessum tímamörkum ef sérstakar ástæður mæla með því. Eru hér höfð í huga þau tilvik þegar líklegt er að fallist verði á beiðni dómþola, en af óviðráðanlegum ástæðum hefur beiðni ekki borist innan almenna frestsins.

Í öðru lagi er það skilyrði sett að afplánun refsivistar sé ekki hafin.

Í þriðja lagi er það skilyrði sett að dómþoli eigi ekki ódæmt í máli þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað. Með samfélagsþjónustu er verið að reyna úrræði gagnvart dómþola er hafi þau áhrif að hann víki af afbrotabraut. Ef fyrir liggur að hann eigi ódæmt í máli verður að telja að samfélagsþjónusta þjóni ekki tilgangi sínum.

Í fjórða lagi er það skilyrði sett að dómþoli teljist hæfur til samfélagsþjónustu. Með þessu er átt við að á grundvelli persónuskýrslu, sem skv. 2. mgr. greinarinnar á að taka af dómþola, verði talið líklegt að hann geti staðið við skilyrði samfélagsþjónustu og að þetta úrræði teljist líklegt til að beina viðkomandi inn á aðrar brautir en áframhaldandi afbrot.

Eins og áður er fram komið er með samfélagsþjónustu átt við ólaunaða vinnu í frítíma dómþola og almennt er gert ráð fyrir að hann sinni jafnframt vinnu eða námi. Það eitt að dómþoli sé á þeim tíma, þegar fjallað er um beiðni hans, atvinnulaus á ekki að koma í veg fyrir að hann teljist hæfur til samfélagsþjónustu, enda sé líklegt að hann fái vinnu í náinni framtíð eða séu tryggð önnur kjör er nægi honum til lífsuppeldis.

Margir dómþolar eiga við áfengis- eða fíkniefnavandamál að stríða. Í slíkum tilfellum verður að meta hvort þessi vandamál dómþola séu þess eðlis að hann geti ekki innt samfélagsþjónustu af hendi.

Um 3. gr.

Samkvæmt 1. mgr. ber að ákveða í hverju tilfelli, þegar refsivist er breytt í samfélagsþjónustu, hversu margar klukkustundir dómþoli á að vinna. Að jafnaði ber að miða við að fyrir hvern dæmdan refsivistarmánuð kom 20 klst. vinna við samfélagsþjónustu. Samkvæmt greininni er heimilt að taka tillit til gæsluvarðhalds við slíka ákvörðun. Ekki er þó gert ráð fyrir að stutt gæsluvarðhaldsvist hafi þau áhrif að vinnuskylda verði stytt.

Samkvæmt 2. mgr. á jafnframt að ákveða á hve löngum tíma samfélagsþjónustan skuli innt af hendi. Gert er ráð fyrir að sá tími verði aldrei skemmri en 3 mánuðir. Ekki er talið að uppeldisleg markmið með samfélagsþjónustu náist ef vinnuskyldan er innt af hendi á skemmri tíma. Þótt ekki séu um það sérstök ákvæði í greininni er almennt gert ráð fyrir að vinnuskyldunni sé dreift jafnt á það tímabil sem inna skal vinnuskylduna af hendi. Jafnframt er miðað við að vinnuskylda í hverjum mánuði fari ekki fram úr 20 klst.

Samkvæmt 3. mgr. er það skilyrði sett að dómþoli samþykki að hlíta skilyrðum um samfélagsþjónustu. Eins og áður er fram komið er það nauðsynlegt vegna ákvæða í 4. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu um nauðungarvinnu og veitir auk þess meiri líkur fyrir því en ella að dómþoli haldi skilyrðin. Þá er í greininni gert ráð fyrir að dómþola sé afhent skírteini er greini skilyrði fyrir samfélagsþjónustu og í því skírteini komi fram hverju það varði ef skilyrðin eru ekki haldin.

Um 4. gr.

Í grein þessari eru ákvæði um hvaða skilyrði skuli setja fyrir því að refsivist verði breytt í samfélagsþjónustu. Samkvæmt 1. og 2. tölul. 1. mgr. eru það lögbundin skilyrði að dómþoli gerist ekki sekur um nýtt brot á reynslutímanum og að hann sæti á reynslutímanum umsjón og eftirliti einstakra manna, félags eða stofnunar.

Samkvæmt 2. mgr. er heimilt að setja til viðbótar þau skilyrði, nokkur eða öll, sem greinir í 2.–6. tölul. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt 3. mgr. verður reynslutími jafnlangur þeim tíma er það tekur í hverju tilviki að inna samfélagsþjónustu af hendi.

Um 5. gr.

Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir að þriggja manna nefnd, er dómsmálaráðherra

skipar, taki ákvörðun um í hvaða tilvikum refsivist verði breytt í samfélagsþjónustu og að ákvarðanir nefndarinnar verði endanlegar. Þá er í greininni gert ráð fyrir að nefndin ákveði lengd reynslutíma, þ.e. á hversu löngum tíma vinnuskyldan skuli innt af hendi, klukkustundafjölda samfélagsþjónustu, hvar og hvernig samfélagsþjónustan verði innt af hendi. Með þessu er átt við að nefndin ákveði vinnustað í hverju tilviki, hvernig vinnuskyldunni verði dreift á reynslutímann og á hvaða dögum og tíma dags vinnan skuli innt af hendi.

Um 6. gr.

Samkvæmt þessari grein er Fangelsismálastofnun ríkisins, að höfðu samráði við formann nefndar skv. 5. gr., falið að undirbúa málsmeðferð hjá nefndinni, þar með talið að afla persónuskýrslu af dómþola og annast skrifstofuhald fyrir nefndina. Þá er Fangelsismálastofnun í 2. mgr. falið að annast framkvæmd samfélagsþjónustu þegar ákveðið hefur verið að breyta refsivist í samfélagsþjónustu.

Um 7. gr.

Samkvæmt 1. mgr. á þegar að hafna umsókn um að refsivist verði breytt í samfélagsþjónustu ef dómþoli uppfyllir ekki skilyrði 1.–3. tölul. 1. mgr. 2. gr. Ekki er gert ráð fyrir að slíkar beiðnir komi til umfjöllunar nefndar skv. 5. gr. nema í undantekningartilvikum.

Samkvæmt 2. mgr. ber að fresta fullnustu refsivistar ef beiðni um að henni verði breytt í samfélagsþjónustu er tekin til efnislegrar meðferðar. Þennan frest má upphefja ef dómþoli fremur á þeim tíma refsiverðan verknað.

Um 8. gr.

Í þessari grein er fjallað um það hvernig með eigi að fara er dómþoli rýfur skilorð samfélagsþjónustu. Ákvæði greinarinnar eru sambærileg við ákvæði 42. gr. almennra hegningarlaga um það þegar skilorð reynslulausnar eru rofin.

Í 1. mgr. er fjallað um þau tilvik er dómþoli fremur nýtt brot á reynslutímanum. Gert er ráð fyrir að dómstóll dæmi þá upp eftirstöðvar samfélagsþjónustu, ásamt viðurlögum við hinu nýja broti, samkvæmt almennum reglum um rof skilyrða í skilorðsdómi. Í slíkum tilvikum verður að afla upplýsinga um hve mikinn hluta samfélagsþjónustunnar dómþoli hefur ekki innt af hendi og eftirstöðvarnar verða síðan virtar með sama hætti og skilorðsdómur.

Samkvæmt 2. mgr. fjallar Fangelsismálastofnun ríkisins um önnur skilorðsrof en þau er dómþoli fremur nýtt afbrot, og stofnuninni er einnig heimilt að fjalla um þau tilvik þegar dómþoli fremur ótvíræð brot á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni. Samkvæmt greininni er ekki gert ráð fyrir að öll frávik frá áætlun um framkvæmd samfélagsþjónustu verði talin til skilorðsrofa. Vegna minni háttar frávika getur Fangelsismálastofnun fyrst beitt áminningu. Þau úrræði sem stofnunin getur beitt vegna skilorðsrofa eru að breyta skilyrðum og lengja reynslutíma í allt að 18 mánuði. Ef ekki er talið að dómþoli vilji eða geti innt samfélagsþjónustuna af hendi verði hann látinn hefja afplánun vararefsingarinnar. Þegar það er gert ber að taka tillit til þess við ákvörðun eftirstöðva hversu mikinn hluta samfélagsþjónustunnar hann hefur innt af hendi.

Brýnt er talið að tekið verði á öllum frávikum frá áætlun um framkvæmd samfélagsþjónustu bæði fljótt og af festu. Þar sem samfélagsþjónusta hefur verið reynd hefur ver-

ið lögð áhersla á þetta, þar sem uppeldisleg markmið með henni náist ekki með öðrum hætti.

Þegar Fangelsismálastofnun tekur ákvörðun um viðbrögð við skilorðsrofum skal slík ákvörðun skv. 3. mgr. vera skrifleg og birt dómþola með sannanlegum hætti og skv. 4. mgr. skal honum bent á, við birtingu ákvörðunar, að hana megi kæra til nefndar skv. 5. gr.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. maí 1992 og gildi til 31. desember 1995. Af þessu leiðir að tilraunin með samfélagsþjónustu á grundvelli ákvæða frumvarpsins vari í rúm þrjú og hálft ár. Miðað við reynslu erlendis er óvarlegt að ætla að marktæk reynsla fáist á skemmri tíma.

Við það er miðað að lögin öðlist gildi 1. maí 1992. Verði frumvarpið samþykkt þarf að undirbúa framkvæmd laganna og er óvarlegt að ætla að það taki skemmri tíma en eitt ár. Auk þess er ekki gert ráð fyrir neinum útgjöldum á þessu ári vegna framkvæmdar samfélagsþjónustu og það ræðst ekki fyrr en um næstu áramót hvort nauðsynlegt fjármagn fæst til að koma samfélagsþjónustu á fót.

Nd. 565. Frumvarp til laga [320. mál]

um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

1. gr.

Lög þessi gilda um hvers kyns fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi nema annað leiði af ákvæðum annarra laga eða reglum settum samkvæmt þeim.

2. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Erlendur aðili: Einstaklingur, búsettur erlendis, án tillits til ríkisfangs, félag, stofnun, sjóður eða annar lögaðili, sem á heimili erlendis, erlent ríki og ríkisfyrirtæki, svo og atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum. Einstaklingur telst búsettur erlendis ef hann á lögheimili erlendis eða á þar heimili samkvæmt skilgreiningu lögheimilislaga. Lögaðili telst eiga heimili erlendis ef hann er skráður til heimilis erlendis eða telur heimili sitt erlendis samkvæmt samþykktum sínum.

Íslenskt atvinnufyrirtæki: Atvinnufyrirtæki sem er með atvinnurekstur hér á landi og á heimili hér á landi, án tillits til þess hvernig rekstrarformi og eignarhaldi viðkomandi atvinnufyrirtækis er háttað. Atvinnufyrirtæki telst eiga heimili hér á landi ef það er skráð hér á landi, ef það telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn þess er hér á landi.

Atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum: Íslenskt atvinnufyrirtæki þar sem erlend-

ur aðili eða aðilar eiga meiri hluta fyrirtækisins, svo sem meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár, eða fara með meiri hluta atkvæðisréttar eða hafa með öðrum hætti raunveruleg yfirráð yfir viðkomandi atvinnufyrirtæki.

Fjárfesting: Fjárframlag eða annað framlag til eigin fjár atvinnufyrirtækis eða kaup á eignarhlut sem fyrir er í atvinnufyrirtæki.

Erlend fjárfesting: Fjárfesting erlends aðila í atvinnurekstri hér á landi, án tillits til þess hvort um er að ræða nýtt framlag eða endurfjárfestingu á úthlutuðum arði eða hlut eða söluandvirði vegna fyrri fjárfestingar hér á landi.

3. gr.

Erlendum aðilum er heimilt að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi með þeim takmörkunum sem í þessum lögum eða sérlögum greinir og að uppfylltum öðrum skilyrðum og að fengnum tilskildum leyfum lögum samkvæmt enda njóti íslenskir aðilar ekki lakari réttar til fjárfestingar í heimaríki hlutaðeigandi aðila.

4. gr.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi er háð eftirfarandi takmörkunum:

1. Íslenskir ríkisborgarar sem eiga lögheimili hérlendis og lögaðilar sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eign íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hérlendis mega einir stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt lögum nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.
2. Íslenskir ríkisborgarar sem eiga lögheimili hérlendis og lögaðilar sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hérlendis mega einir eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi, en með vinnslu sjávarafurða er hér átt við frystingu, söltun, herslu, reykingu, súrsun, niðursuðu, niðurlagningu og hverja aðra þá verkun sem ver fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum, þar með taldar bræðsla og mjölvinnsla. Til vinnslu í þessu sambandi telst hins vegar ekki umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu.
3. Íslenska ríkið, sveitarfélög, íslenskir ríkisborgarar sem eiga lögheimili hérlendis og lögaðilar sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hérlendis mega einir eiga virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita önnur en til heimilisnota. Sama á við um fyrirtæki sem stunda orkuvinnslu og orkudreifingu.
4. Samanlagður eignarhluti erlendra aðila í íslensku atvinnufyrirtæki, sem stundar flugrekstur hér á landi, má á hverjum tíma ekki vera meiri en 49%.
5. Erlendir aðilar mega eiga 25% hlutafjár í íslenskum viðskiptabanka sem rekinn er af hlutafélagi.

   Frá 1. janúar 1992 er erlendum hlutafélagsbönkum, sem eru skráðir erlendis og eiga þar varnarþing, heimilt að starfrækja rekstur útibúa hér á landi að fengnu leyfi viðskiptaráðherra.
6. Fjárfesting erlends ríkis eða fyrirtækis í eigu erlends ríkis í atvinnurekstri hér á landi er óheimil nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra.
7. Fari heildarfjárfesting erlends aðila eða samanlögð fjárfesting fjárhagslega tengdra erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi fram úr 250 milljónum króna á einu alm-

anaksári skal fjárfesting umfram fyrrgreind viðmiðunarmörk háð sérstöku leyfi viðskiptaráðherra. Viðmiðunarmörkin miðast við lánskjaravísitölu í júní 1990, 2887 stig, og breytist í samræmi við breytingar sem verða á henni til hækkunar eða lækkunar. Fjárfesting erlends aðila telst eiga sér stað í skilningi þessa töluliðar þegar tilkynningarskylda stofnast, sbr. 5. gr. Heildarfjárfesting erlendra aðila í hverri atvinnugrein fyrir sig má ekki fara yfir 25% nema til komi leyfi viðskiptaráðherra. Með heildarfjárfestingu í atvinnugrein er átt við áætlaða fjárfestingu í iðnaði, öðrum en orkufrekum iðnaði, verslun og þjónustu, samgöngurekstri og fiskeldi samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar.

8. Nú vill erlendur aðili reka atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni og skal þá svo með fara:
   a. Sé um að ræða einstakling sem búsettur er erlendis skal honum óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja eigið atvinnufyrirtæki eða taka þátt í fyrirtæki með ótakmarkaðri ábyrgð hér á landi, nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra, enda sé lögheimili hér á landi ekki óundanþægt skilyrði samkvæmt lögum um viðkomandi atvinnugrein eða veiting undanþágu frá lögheimilisskilyrði falin öðrum.
   b. Um rétt hlutafélags, sem á heimili erlendis, til að starfa hér á landi fer samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög.
   c. Viðskiptaráðherra getur veitt öðrum lögaðilum sem heimili eiga erlendis leyfi til að starfa hér á landi, enda sé þá að því er varðar slíka lögaðila og starfsemi þeirra hér á landi fullnægt sömu skilyrðum og fylgt sömu meginreglum og að því er varðar erlend hlutafélög, sbr. b-lið hér að framan. Útibú slíks lögaðila skal skráð í firmaskrá á heimilisvarnarþingi útibúsins.
9. Erlendum aðila er heimilt að öðlast eignarrétt og afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni samkvæmt ákvæðum laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Ef erlendur aðili sem veðhafi eignast fasteign hér á landi við útgáfu uppboðsafsals eða með samningum til lúkningar veðskuldar og veðhafinn hefur eigi eignarhaldsrétt samkvæmt lögum nr. 19/1966 skal hann selja eignina svo fljótt sem verða má og eigi síðar en tólf mánuðum eftir að eignin komst í hans eigu. Sama gildir um erlendan veðhafa sem eignast á sama hátt eignarréttindi sem honum er óheimilt að eiga skv. 4. gr.

5. gr.

Tilkynna ber Seðlabanka Íslands, gjaldeyriseftirliti, alla erlenda fjárfestingu jafnskjótt og samningur eða ákvarðanir þar að lútandi liggja fyrir. Tilkynningarskyldan tekur bæði til fjárfestingar erlends aðila í atvinnufyrirtæki sem hann hefur ekki átt í áður og viðbótarfjárfestingar í slíku fyrirtæki. Tilkynningu skulu fylgja afrit eða ljósrit af skjölum eða gögnum sem málið varða og nauðsynleg teljast að mati Seðlabanka Íslands. Seðlabanki Íslands gerir viðskiptaráðherra jafnharðan grein fyrir þeim tilkynningum um erlenda fjárfestingu sem gjaldeyriseftirlitinu berast. Sé um að ræða erlenda fjárfestingu í íslensku atvinnufyrirtæki hvílir tilkynningarskyldan á viðkomandi atvinnufyrirtæki, en sé um að ræða fyrirhugaða atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni erlends aðila hvílir tilkynningarskyldan á honum.

Seðlabanki Íslands skal fyrri hluta hvers árs birta opinberlega upplýsingar um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hérlendis næsta ár á undan ásamt upplýsingum um heildarfjárfestingu erlendra aðila eftir atvinnugreinum.

Gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands hefur rétt til upplýsingaöflunar og athugana vegna fjárfestingar erlendra aðila.

6. gr.

Erlendum aðila, sem fjárfestir í atvinnurekstri hér á landi, skal frjálst að flytja í því skyni til landsins erlendan gjaldmiðil, enda sé slíkur fjármagnsflutningur tilkynntur gjaldeyriseftirliti Seðlabanka Íslands. Um skilaskyldu slíks gjaldmiðils skal fara samkvæmt almennum reglum. Sé um að ræða erlendan gjaldmiðil sem Seðlabanki Íslands annast reglubundna gengisskráningu á skal hinn erlendi aðili eiga rétt á að fá hinum erlenda gjaldmiðli skipt í íslenskar krónur.

7. gr.

Erlendur aðili, sem fjárfestir í atvinnurekstri hér á landi, skal eiga rétt á að fá yfirfært í hvern þann erlenda gjaldmiðil, sem Seðlabanki Íslands annast reglubundna skráningu á, móttekinn arð eða annan hagnaðarhlut og söluandvirði fjárfestingar.

8. gr.

Í íslenskum atvinnufyrirtækjum skulu framkvæmdastjórar og meiri hluti stjórnarmanna eiga lögheimili hér á landi óháð eignarhlut, atkvæðisrétti eða öðrum yfirráðum erlendra aðila. Viðskiptaráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

9. gr.

Viðskiptaráðherra fer með leyfisveitingar samkvæmt lögum þessum og annast eftirlit með framkvæmd þeirra að svo miklu leyti sem tiltekið eftirlit eða leyfisveitingar eru ekki samkvæmt ákvæðum laganna faldar öðrum.

Viðskiptaráðherra getur bannað erlendum aðila fjárfestingu í atvinnurekstri hér á landi ef hann hefur verið sviptur réttindum til atvinnurekstrar með dómi í öðru ríki.

10. gr.

Sérstök fimm manna nefnd, nefnd um erlenda fjárfestingu, skal vera viðskiptaráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar samkvæmt lögum þessum og umsagnaraðili um einstök mál. Nefndin skal skipuð fimm mönnum kosnum hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi að afstöðnum almennum þingkosningum. Kosnir skulu jafnmargir varamenn. Viðskiptaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna þingkjörnu nefndarmanna. Formaður nefndarinnar boðar hana til funda. Viðskiptaráðherra ákveður þóknun nefndarinnar.

Nú telur nefndin að tiltekin erlend fjárfesting ógni öryggi landsins, skerði verulega samkeppni fyrirtækja í viðkomandi atvinnugrein eða sé á annan hátt til þess fallin að hafa óæskileg áhrif á atvinnulíf í landinu og getur viðskiptaráðherra þá stöðvað viðkomandi fjárfestingu enda kunngjöri hann þá slíka ákvörðun innan átta vikna frá því að Seðlabanka Íslands, gjaldeyriseftirliti, berst tilkynning um hlutaðeigandi fjárfestingu, sbr. 5. gr.

11. gr.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Takmarkanir þær, sem lög þessi setja fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi, skulu ekki ná til fjárfestingar erlends aðila sem átt hefur sér stað fyrir gildistöku laga þessara samkvæmt heimildum í eldri lögum. Tilkynna ber slíka fjárfestingu til Seðlabanka Íslands, gjaldeyriseftirlits, sbr. 5. gr., innan þriggja mánaða frá gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. GERÐ FRUMVARPSINS

Í málefnasamningi núverandi ríkisstjórnar segir m.a. að athafnafrelsi einstaklinga og félaga verði meginregla í atvinnumálum og frjálsræði í milliríkjaviðskiptum. Jafnframt segir: „Unnið verður að því að endurskoða lög og reglur til þess að búa íslenskum fyrirtækjum starfsskilyrði sem eru sambærileg við það sem samkeppnisaðilar þeirra erlendis njóta."

Forsætisráðherra skipaði 7. desember 1989 nefnd til þess að yfirfara og endurskoða frumvarp til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi sem lagt var fram á 110. löggjafarþingi 1987–1988. Í nefndina voru skipaðir Jón Sveinsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, formaður, Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri, Friðrik Sigurðsson framkvæmdastjóri, Heimir Hannesson lögmaður og Ragnar Arnalds alþingismaður.

Í starfi sínu hefur nefndin byggt á fyrra frumvarpi og upplýsingum í fram komnum skýrslum á Alþingi um fjárveitingu erlendra aðila. Fjallað hefur verið ítarlega um 4. gr. frumvarpsins sem tekur til takmarkana á fjárfestingum erlendra aðila en sú grein og 3. gr. frumvarpsins eru grundvallargreinar þess.

Við endurskoðun og samræmingu lagaákvæða á þessu sviði koma tvær aðferðir til greina. Annars vegar sú aðferð að leitast við að samræma efnisákvæði hinna einstöku laga, en láta þá skipan haldast eftir sem áður að ákvæði um erlenda fjárfestingu sé að finna á víð og dreif í einstökum lögum. Hin aðferðin felur í sér að sett verði almenn löggjöf um erlenda fjárfestingu þar sem verði að finna meginreglur á þessu sviði og breyta einstökum sérlögum í samræmi við þær meginreglur. Nefndin valdi síðari kostinn. Réð þar úrslitum að með því næst betri samræming á efnisreglum, betri yfirsýn yfir gildandi rétt á þessu sviði og betri möguleikar til að fylgjast með erlendri fjárfestingu hér á landi. Lögin gilda sjálfkrafa um núverandi og nýjar atvinnugreinar þótt sérstök lög hafi ekki verið um þær sett. Má í því sambandi nefna að nokkur óvissa og skoðanamunur hefur ríkt varðandi það hverjar séu heimildir erlendra aðila til að fjárfesta í ýmsum atvinnugreinum hér á landi sem sérstök lög hafa ekki verið sett um. Samkvæmt frumvarpinu koma sem fyrr segir ein lög að mestu í stað margra og margvíslegra lagaákvæða sem nú gilda um heimildir erlendra aðila til að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi.

Samhliða frumvarpi þessu gerir nefndin ráð fyrir að flutt verði fylgifrumvarp sem samið hefur verið og tekur til breytinga á einstökum lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og ekki eru í samræmi við þær grundvallarreglur sem frumvarp þetta byggir á. Nefndin er þeirrar skoðunar að betur fari á því að skipta málinu á þennan hátt í tvennt. Nauðsynlegt er hins vegar að frumvörpin fylgist að í meðferð Alþingis.

Síðastliðið sumar sendi nefndin mörgum áhuga- og hagsmunaaðilum drög að frumvörpunum tveimur til umsagnar. Þessir aðiliar eru: Samband íslenskra verðbréfafyrirtækja, Samband íslenskra viðskiptabanka, Lögmannafélag Íslands, Samband íslenskra sparisjóða, Félag fasteignasala, Samband veitinga- og gistihúsa, Ferðamálaráð, Samband íslenskra tryggingafélaga, Verslunarráð Íslands, Landssamband iðnaðarmanna, Seðlabanki Íslands, Félag íslenskra iðnrekenda, útvarpsráð, Félag íslenskra bókaútgefenda, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Samband íslenskra fiskframleiðenda, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Þjóðhagsstofnun, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Landsbanki Íslands, allir þingflokkar á Alþingi, margir lögmenn og hagfræðingar. Bárust ýmsar þarfar athugasemdir sem nefndin hefur tekið tillit til.

2. AÐDRAGANDI FRUMVARPSINS

Alþingi samþykkti 9. maí 1985 þingsályktun þar sem skorað er á ríkisstjórnina að láta fara fram endurskoðun á gildandi lagaákvæðum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

Þingsályktunin var send forsætisráðherra og viðskiptaráðherra til meðferðar. Ákveðið var að fela lögfræðingunum Birni Líndal og Hreini Loftssyni að taka saman skýrslu er hefði að geyma skilgreiningu hugtaksins og greinargerð um hvern þeirra þriggja meginþátta sem efnislega skiptu mestu máli við mörkun heildarstefnu varðandi erlenda fjárfestingu í atvinnurekstri á Íslandi. Í skýrslunni var því í fyrsta lagi fjallað um yfirlit um gildandi lagaákvæði er lúta að erlendri fjárfestingu. Í öðru lagi um stöðu þessara mála erlendis og athyglinni beint að aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD) en á vegum þeirrar stofnunar hefur á undanförnum árum verið unnið mikið starf til að auka frelsi í alþjóðlegum fjármagnsflutningum. Í þriðja lagi um gildi erlendrar fjárfestingar einkum í samanburði við erlendar lántökur. Skýrslan var lögð fram á 109. löggjafarþingi 1986–1987. Í framhaldi af þeirri skýrslu skipaði þáverandi forsætisráðherra, Steingrímur Hermannsson, starfshóp 19. febrúar 1986 „til þess að samræma lög og reglur sem hér á landi gilda um fjárfestingu erlendra aðila". Á 110. löggjafarþingi 1987–1988 lagði þáverandi forsætisráðherra síðan fram frumvarp til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi sem samið var af nefnd undir formennsku Baldurs Guðlaugssonar hæstaréttarlögmanns.

Í frumvarpinu var tvennt haft að leiðarljósi. Í fyrsta lagi nauðsyn á að samræma lagareglur um heimildir erlendra aðila til að fjárfesta í íslenskum atvinnurekstri en gildandi ákvæði þar að lútandi eru bæði sundurleit og ósamstæð. Í öðru lagi sú pólitíska stefnumörkun sem fram kom í starfsáætlun þáverandi ríkisstjórnar um markmið endurskoðunar og samræmingar á reglum um erlent fjármagn í íslensku atvinnulífi.

Tóku tillögurnar mið af því að tryggja full yfirráð Íslendinga yfir náttúruauðlindum lands og sjávar, en auk þess komu fram í frumvarpinu nokkrar aðrar takmarkanir á erlendum fjárfestingum hér á landi, einkum vegna öryggishagsmuna og af menningarlegum ástæðum. Helstu takmarkanir voru á sviði fiskveiða og fiskvinnslu. Þá voru skorð-

ur reistar við aðild erlendra aðila að viðskiptabönkum, blaðaútgáfu og rekstri útvarpsstöðva hér á landi, auk þess sem erlend fjárfesting var í vissum tilvikum háð leyfi. Með frumvarpinu var samt sem áður almennt lögð til veruleg rýmkun varðandi rétt erlendra aðila til fjárfestinga í atvinnurekstri hér á landi. Jafnframt var lögð áhersla á eftirlit með erlendri fjárfestingu og að þeir erlendir aðilar sem hér fjárfesta lúti í einu og öllu íslenskum lögum, þar á meðal skattalögum og lögsögu íslenskra dómstóla. Fyrir frumvarpinu var hins vegar ekki mælt á Alþingi. Lítil umræða hefur því farið fram um efni þess.

Að beiðni nokkurra þingmanna lagði Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra fyrir Alþingi skýrslu um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi á 112. löggjafarþingi sem tekin var saman af aðstoðarmanni hans, Jóni Sveinssyni. Tími vannst hins vegar ekki til að ræða efni hennar.

3. GILDANDI REGLUR

Gildandi lagaákvæði um heimildir erlendra aðila til fjárfestingar í atvinnurekstri hér á landi eru mjög ósamstæð að efni til. Auk þess eru þau á víð og dreif í lögum. Mjög erfitt er því að fylgjast með og hafa yfirsýn yfir fjárfestingar erlendra aðila hér á landi. Af þessum sökum hefur nokkur óvissa og skoðanamunur ríkt varðandi það hverjar séu heimildir erlendra aðila til fjárfestinga í atvinnugreinum sem sérstök lög hafa ekki verið sett um. Heppilegast virðist því að setja ein lög sem að mestu komi í stað margra og margvíslegra lagaákvæða sem nú gilda um heimildir erlendra aðila til að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi. Er með frumvarpi þessu að því stefnt.

Íslensk lagaákvæði fjalla með mismunandi hætti um möguleika erlendra aðila til að fjárfesta í atvinnurekstri hérlendis. Til einföldunar má greina á milli fjögurra meginatriða. Í fyrsta lagi er um að ræða reglur um stofnun eða kaup erlendra aðila í fyrirtækjum á Íslandi, svo og reglur um setu erlendra ríkisborgara í stjórn fyrirtækja sem eru skráð og starfrækt hér. Ákvæði þessa efnis er fyrst og fremst að finna í hlutafélagalögum og í lögum um einstakar atvinnugreinar. Í öðru lagi skipta máli reglur um kaup eða leigu rekstraraðila, einstaklinga og fyrirtækja á fasteignum. Í þriðja lagi hafa reglur um fjármagnsgreiðslur til og frá landinu sérstaka þýðingu fyrir þessi fyrirtæki. Í fjórða lagi geta ákvæði skattalaga breytt starfskjörum þessara fyrirtækja.

Enginn einn aðili hér á landi hefur hins vegar yfirlit yfir fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi. Upplýsingaöflun á þessu sviði er því um margt afar erfið.

3.1. Hlutafélagalög og sérlög um atvinnugreinar.

Í lögum nr. 32/1978, um hlutafélög, er að finna tvenns konar ákvæði sem varða erlenda fjárfestingu í hlutafélögum. Fyrra atriðið lýtur að stofnendum hlutafélags og mæla lögin svo fyrir að meiri hluti þeirra skuli hafa haft heimilisfesti á Íslandi í tvö ár hið minnsta. Þykir þetta skilyrði nauðsynlegt vegna hinnar ríku ábyrgðar er hvílir á stofnendum hlutafélags. Síðara atriðið lýtur að starfsemi erlendra hlutafélaga á Íslandi. Segir þar að vilji erlent hlutafélag taka til starfa hér á landi án þess að opna sjálfstætt fyrirtæki, hugsanlega í samvinnu við innlenda eða aðra erlenda aðila, geti það fengið slíkt starfsleyfi viðskiptaráðherra. Leyfisveitingin er hins vegar háð ákveðnum skilyrðum. Félagið verður að opna sérstakt útibú á Íslandi og ráða því útibússtjóra með íslenskt ríkisfang og heimilisfesti en viðskiptaráðherra getur veitt undanþágu frá ríkisfangsskilyrðinu. Það verður að vera löglegt í heimalandi sínu og fullnægja meginskilyrðum hlutafé-

lagalaga fyrir því að teljast hlutafélag. Síðast en ekki síst kveða lögin á um að starfsemi útibúsins verði að fullnægja ákvæðum þeirra atvinnulaga sem hún fellur undir.

Í hlutafélagalögum er enn fremur að finna almennt ákvæði um setu erlendra ríkisborgara í stjórn hlutafélags sem er starfrækt og skráð á Íslandi. Þar er sú krafa gerð að meiri hluti stjórnarmanna og framkvæmdastjóri hafi heimilisfesti á Íslandi. Þó er viðskiptaráðherra heimilt að veita undanþágu frá þessari kröfu. Þetta ákvæði víkur hins vegar fyrir ákvæðum einstakra atvinnulaga sem kveða á um ríkisfang og heimilisfesti stjórnarmanna og framkvæmdastjóra.

Lög um einstakar atvinnugreinar hafa mörg hver þann megintilgang að binda rekstur fyrirtækja í þeirri atvinnugrein sem þau taka til við þá aðila er fullnægja tilteknum hæfisskilyrðum, svo sem um menntun eða starfsreynslu innan viðkomandi greinar. Mörg þessara laga reisa einnig skorður við eignaraðild útlendinga að atvinnurekstri þótt þær takmarkanir séu með mismunandi hætti eftir lögum. Til að gæta þess að skilyrði laganna séu virt kveða lögin oftast nær svo á að rekstur fyrirtækis á því sviði sem þau taka til sé háður sérstöku leyfi stjórnvalda. Veitingarvaldið getur þá verið í höndum hlutaðeigandi ráðherra en einnig hjá sýslumanni, bæjarfógeta eða lögreglustjóra í því umdæmi sem fyrirtækið hyggst hafa aðsetur í.

Til að varpa skýrara ljósi á stöðu þessara mála er nauðsynlegt að fjalla um hverja atvinnugrein fyrir sig og þau sérlög sem um greinina gilda.

3.1.1. *Fiskveiðar og fiskvinnsla.*

Fiskveiðar.

Í lögum nr. 33/1922, um fiskveiðar í landhelgi, sbr. og lög nr. 81/1976, segir að einungis íslenskum ríkisborgurum sé heimilt að stunda „fiskveiðar í landhelgi við Ísland". Virðist þessi regla ekki einungis ná til einstaklingsfyrirtækja heldur og til sameignarfélaga og annarra félaga sem rekin eru með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna. Um hlutafélög gegnir nokkuð öðru máli og kveða lögin svo á að meira en helmingur hlutafjár í hlutafélögum, sem reka útgerð, skuli vera í eigu íslenskra ríkisborgara, félagið skuli eiga lögheimili á Íslandi og stjórn þess skipuð íslenskum ríkisborgurum og sé a.m.k. helmingur þeirra búsettur þar. Í lögum nr. 115/1985, um skráningu skipa, eru enn fremur settar strangar reglur um íslenskt eignarhald á skipum, þar á meðal þeim skipum sem notuð eru til fiskveiða.

Fiskvinnsla.

Ákvæði laga nr. 33/1922, um fiskvinnslu, eru ekki eins skýr að þessu leyti og ákvæðin sem gilda um útgerð. Samkvæmt athugasemdum er fylgdu frumvarpi að lögum þessum var megintilgangur þeirra sá að koma í veg fyrir að útlendingar gætu stundað fiskveiðar innan landhelgi og verkað aflann þar eða á landi. Ef útlendingur fjárfestir í fyrirtæki, sem einvörðungu stundar fiskvinnslu en ekki útgerð, eru ekki skýr lagaákvæði.

Af hálfu yfirvalda hefur verið litið svo á að um fulla eignaraðild íslenskra aðila verði að vera að ræða til þess að heimild fáist til fiskvinnslu. Sökum óskýrra lagaákvæða um þetta efni hefur oftar en einu sinni risið ágreiningur um lagatúlkun á þessu sviði.

Uppboðsmarkaður.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 123/1989, um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla, er einungis heimilt að veita þeim leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar sem hafa íslenskan ríkis-

borgararétt og hafa haft búsetu á Íslandi sl. tvö ár. Enn fremur má veita hlutafélögum leyfi til reksturs, enda sé hlutafélagið í eigu íslenskra ríkisborgara.

Hvalveiðar.

Samkvæmt lögunum nr. 26/1949, um hvalveiðar, er einungis heimilt að veita íslenskum ríkisborgurum leyfi til slíkra veiða og verkunar aflans. Sé um félag að ræða skal meira en helmingur stofnfjár vera í eigu íslenskra ríkisborgara og stjórn félagsins skipuð íslenskum ríkisborgurum er eiga heimili og varnarþing á Íslandi.

3.1.2. *Landbúnaður.*

Jarðalög.

Á sviði landbúnaðar gilda margvíslegar lagareglur sem fela í sér að þeir einir geti haft slíkan rekstur með höndum er hafa til þess leyfi stjórnvalda. Lagaákvæðin takmarka hvorki né banna berum orðum erlenda fjárfestingu á þessu sviði en engu að síður er það fyrirkomulag, sem kveðið er á um í lögum varðandi þessa atvinnugrein og tengda starfsemi, með þeim hætti að telja verður ólíklegt að erlend fjárfesting geti þar átt sér stað nema í litlum mæli. Má í þessu sambandi benda á ákvæði jarðalaga, nr. 65/1976, en þar er gert ráð fyrir að jarðanefnd sitji í hverri sýslu landsins, skipuð heimamönnum sem áskilið er að veiti samþykki sitt til ráðstöfunar jarða og eignarréttinda á jörðum sem falla undir lögin. Í upphafsgrein laganna segir að tilgangur þeirra sé m.a. að tryggja „að eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra sem landbúnað stunda". Einnig kveða lögin svo á að land sem við gildistöku laganna sé nýtt til landbúnaðar megi ekki taka til annarra nota nema heimild sé til slíks í lögum. Þá er erlent eignarhald eða afnotaréttur af jörðum einnig háður þeim takmörkunum sem sett eru með lögum nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt af fasteignum.

Framleiðsla og verðlagning.

Í lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvöru, er einnig að finna ákvæði sem veita hlutaðeigandi stjórnvöldum og Framleiðsluráði landbúnaðarins vald til að ákveða hvort og að hve miklu leyti erlendum aðilum skuli heimilað að fjárfesta í greinum tengdum landbúnaði. Svipuð ákvæði er og að finna í öðrum lögum, svo sem lögum nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Loðdýrarækt.

Samkvæmt lögum nr. 53/1981, um loðdýrarækt, er slíkur atvinnurekstur óheimill nema á loðdýrabúum sem öðlast hafa leyfi landbúnaðarráðuneytisins til rekstrarins. Lögin krefjast þess ekki að rekstraraðili hafi íslenskt ríkisfang eða heimilisfesti og ræðst leyfisveiting af frjálsu mati landbúnaðarráðuneytisins. Ráðuneytinu er því heimilt lögum samkvæmt að ákveða að hve miklu leyti erlendum aðilum skuli heimilt að stofna til þessa rekstrar á Íslandi.

Áburðarverksmiðja ríkisins.

Samkvæmt lögum nr. 43/1971 hefur Áburðarverksmiðja ríkisins, sem er ríkisstofnun, einkarétt til sölu á tilbúnum áburði og er engum öðrum en henni heimilt að framleiða eða flytja hingað til landsins tilbúinn áburð.

3.1.3. *Virkjanir og rekstur orkuvera og vatnsvera.*

Orkuver.

Samkvæmt orkulögum, nr. 58/1967, þarf leyfi Alþingis til að reisa og reka raforkuver stærri en 2.000 kw. Slíka heimild er m.a. að finna í lögum nr. 60/1981, um raforkuver. Til að reisa og reka raforkuver 200–2.000 kw. þarf hins vegar leyfi iðnaðarráðherra. Í orkulögum er ekki fjallað um það sérstaklega hvernig með skuli fara ef erlendir aðilar hafa hug á að starfrækja fyrirtæki á sviði raforkuframleiðslu heldur er gert ráð fyrir að Alþingi og eftir atvikum iðnaðarráðherra taki um það sérstaka ákvörðun. Í orkulögum er einnig fjallað um dreifingu raforku. Sveitarstjórnir og Rafmagnsveitur ríkisins hafa samkvæmt lögunum forgangsrétt til að sinna þessu verkefni og getur iðnaðarráðherra veitt þeim einkarétt í því skyni. Að auki gera lög nr. 42/1983, um Landsvirkjun, ráð fyrir því að það fyrirtæki geti flutt og selt í heildsölu raforku til almenningsrafveitna og iðjufyrirtækja samkvæmt sérstökum samningum. Nýti sveitarstjórnir og Rafmagnsveitur ríkisins sér ekki þann forgangsrétt, sem þessir aðilar hafa samkvæmt lögunum, getur ráðherra veitt einstaklingum og lögaðilum einkarétt til raforkudreifingar á viðkomandi orkuveitusvæði. Lögin hafa ekki að geyma skilyrði um íslenskt ríkisfang eða heimilisfesti þessara aðila. Lög um eignarrétt og afnotarétt fasteignar, nr. 19/1966, takmarka hins vegar rétt erlendra aðila í þessu efni.

Hitaveitur.

Um hitaveitur segir í orkulögum að iðnaðarráðherra sé heimilt að veita sveitarfélögum eða samtökum þeirra einkaleyfi til þess að starfrækja hitaveitur sem annist sölu eða dreifingu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa á tilteknu veitusvæði frá jarðhitastöðvum eða hitunarstöðvum með öðrum orkugjafa. Samkvæmt lögunum virðist ráðherra óheimilt að veita öðrum aðilum, innlendum jafnt sem erlendum, heimild til þess rekstrar.

Vatnsveitur.

Í III. kafla vatnalaga, nr. 15/1923, er fjallað um vatnsnotkun til heimilis- og búsþarfa, iðnaðar og iðju án orkunýtingar. Þar segir að bæjarstjórn sé heimilt að koma upp vatnsveitu til að fullnægja þörf almennings í kaupstöðum á vatni. Þegar slík vatnsveita hefur verið sett á stofn hefur hún einkasölu á vatni til hverra þarfa sem er í kaupstaðnum. Hliðstæðar reglur gilda í hreppum. Ekki verður séð að ákvæði laganna standi gegn því að sveitarfélag stofni sjálfstætt félag með einkaaðilum um rekstur vatnsveitunnar. Sé slíkt heimilt eru fáar takmarkanir sem mæla gegn þátttöku erlendra aðila í slíku félagi. Lögin um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19/1966, takmarka þetta helst.

3.1.4. *Iðnaður.*

Iðnrekstur.

Samkvæmt iðnaðarlögum, nr. 42/1978, má enginn reka iðnað hér á landi nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Sé um einstakling að ræða skal hann vera íslenskur ríkisborgari og búsettur hér á landi. Sama á við um félag með ótakmarkaðri ábyrgð. Allir félagsmenn skulu þar vera íslenskir ríkisborgarar og búsettir hér á landi. Í hlutafélagi er þess hins vegar krafist að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar uppfylli skilyrði um íslenskt ríkisfang og búsetu. Iðnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá þeim skilyrðum sem

hér hafa verið talin, en þó skal meiri hluti hlutafjár alltaf vera eign manna búsettra hér á landi.

Stóriðja.

Sett hafa verið lög um hvert þeirra þriggja stóriðjuvera sem byggja á erlendri eignaraðild. Lögin veita lagagildi samningum íslenskra stjórnvalda við hina erlendu eignaraðila og víkja þessir samningar til hliðar almennum lögum sem að öðrum kosti mundu gilda um starfsemina, svo sem hvað varðar fjármagnsflutninga, skattgreiðslur og eignarrétt að fasteignum.

3.1.5. *Leit og vinnsla jarðefna.*

Í námulögum, nr. 24/1973, er fjallað um rétt einstaklinga og lögaðila til leitar og vinnslu hvers konar jarðefna hér á landi. Áskilið er að hlutaðeigandi hafi öðlast leyfi iðnaðarráðherra áður en leit og vinnsla jarðefna er hafin og er ráðherra einungis heimilt að veita íslenskum aðilum slíkt leyfi. Nákvæm grein er gerð fyrir því í 10. gr. laganna hvaða aðilar skuli teljast íslenskir í skilningi laganna. Hér er um að ræða stofnanir sem hlíta stjórn íslenska ríkisins, íslensk sveitarfélög og íslenska ríkisborgara. Jafnframt teljast til íslenskra aðila félög þar sem íslenskir ríkisborgarar, íslenska ríkið eða íslensk sveitarfélög ráða yfir a.m.k. $^{3}/_{5}$ hlutum stofnfjár (hlutafjár). Einnig er áskilið að í stjórn þessara félaga eigi einungis sæti íslenskir ríkisborgarar með heimilisfesti hér á landi. Að auki getur iðnaðarráðherra samkvæmt lögunum veitt erlendum aðila sérleyfi til leitar og vinnslu jarðefna að fengnu samþykki Alþingis. Þá segir í lögunum að iðnaðarráðherra sé rétt að setja það skilyrði að leyfishafi undirgangist að hlíta varnarþingi á Íslandi og setji tryggingu sem ráðherra meti gilda fyrir fjárskuldbindingum sínum við íslenska aðila.

3.1.6. *Verslun.*

Verslunarleyfi.

Sá sem vill öðlast leyfi til verslunar hér á landi, sbr. lög nr. 41/1868, um verslunaratvinnu, verður að fullnægja skilyrðum um íslenskt ríkisfang og búsetu. Einstaklingur verður þannig að hafa íslenskt ríkisfang og vera heimilisfastur á Íslandi. Í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð verða allir stjórnarmenn og prókúruhafi að fullnægja þessum skilyrðum. Í hlutafélagi er áskilið að einn stjórnarmanna, endurskoðendur og framkvæmdastjórar hafi íslenskt ríkisfang og heimilisfesti hér á landi. Viðskiptaráðherra getur veitt undanþágu frá öllum þessum skilyrðum „standi sérstaklega á“ eins og það er orðað í lögunum. Auk hefðbundinnar verslunar ná lögin einnig til rekstrar myndbandaleigu.

Fasteigna- og skipasala.

Engum er heimilt að annast kaup, sölu eða skipti á fasteignum eða skráningarskyldum skipum fyrir aðra nema hann hafi fengið til þess löggildingu dómsmálaráðneytisins samkvæmt ákvæðum laga um fasteigna- og skipasölu, nr. 34/1986, eða leyfi samkvæmt lögum er áður giltu um fasteignasölu, þ.e. lögum nr. 47/1938. Þó þurfa hæstaréttar- og héraðsdómslögmenn ekki leyfi til slíkrar starfsemi ef hún tengist lögmannsstörfum þeirra. Í 2. gr. laganna er m.a. gert að skilyrði fyrir löggildingu að maður hafi íslenskan ríkisborgararétt og hafi heimilisfesti hér á landi. Samkvæmt 6. gr. laganna er fasteigna- og skipasala bundin við nafn og í 7. gr. kemur fram að þeir sem hafa löggildingu til slíkra

starfa hafi réttindi og beri skyldur sem opinberir sýslunarmenn.

Áfengis- og tóbaksverslun.

Samkvæmt áfengislögum, nr. 82/1969, svo og lögum um verslun ríkisins með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, hefur Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins einkarétt til að flytja til landsins áfenga drykki eða áfengisvökva, hverju nafni sem nefnast. Þetta einkaleyfi nær einnig til framleiðslu og sölu áfengis, svo og til innflutnings og framleiðslu tóbaks.

3.1.7. *Fjármálaþjónusta.*

Viðskiptabankar.

Samkvæmt lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka, er einungis íslenska ríkinu og hlutafélögum heimilt að starfrækja viðskiptabanka á Íslandi. Til slíkrar starfsemi þarf ríkið sérstaka lagaheimild en þegar um hlutafélag er að ræða þarf leyfi viðskiptaráðherra til starfseminnar. Eitt þeirra skilyrða sem hlutafélag verður að fullnægja til að öðlast leyfi til viðskiptabankastarfsemi er að allt hlutaféð sé „í íslenskri eigu". Ekki er með fullu ljóst hvernig beri að skýra hin tilvitnuðu orð laganna en nærri liggur að líta svo á að átt sé við íslenska ríkisborgara þegar einstaklingar eru hluthafar og fyrirtæki sem eru að meiri hluta til í eigu Íslendinga þegar lögaðilar eru hluthafar. Þá kveða viðskiptabankalögin svo á að erlendum hlutfélagsbönkum sé heimilt að starfrækja á Íslandi „umboðsskrifstofur" sem hafi það meginhlutverk að annast milligöngu um viðskipti erlenda bankans við íslenska aðila. Starfræksla slíkra skrifstofa er þó háð leyfi viðskiptaráðherra og jafnframt er skrifstofunum óheimilt að hafa með höndum innláns- eða útlánsviðskipti við almenning, svo og gjaldeyrisverslun og verðbréfaviðskipti.

Með lögum nr. 7/1987, um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands, var þrátt fyrir ákvæði laga 86/1985, um viðskiptabanka, bönkum sem eiga lögheimili og varnarþing erlendis, heimilað að eiga á hverjum tíma samtals allt að 25% hlutafjár.

Sparisjóðir.

Lög nr. 87/1985, um sparisjóði, geyma að mörgu leyti svipuð ákvæði og lög um viðskiptabanka. Þannig er t.d. starfræksla sparisjóðs háð leyfi viðskiptaráðherra. Aftur á móti er þátttaka erlendra aðila í sparisjóði algerlega bönnuð samkvæmt lögunum og er þar kveðið svo á að stofnendur sparisjóðs og sparisjóðsaðilar verði að vera íslenskir ríkisborgarar, búsettir á Íslandi, sýslufélög, sveitarfélög eða starfandi sparisjóðir.

Verðbréfamiðlun.

Í lögunum nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði er rekstur verðbréfafyrirtækis háð löggildingu og leyfi viðskiptaráðherra. Leyfi til verðbréfamiðlunar er einungis veitt einstaklingum sem eru búsettir hér á landi og hafa íslenskan ríkisborgararétt eða ríkisborgararétt annars staðar á Norðurlöndum. Stjórnarmenn í verðbréfafyrirtæki sem rekið er í hlutafélagsformi verða að uppfylla sömu skilyrði. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá skilyrði um búsetu og ríkisfang í einstökum tilvikum.

Eignarleigustarfsemi.

Lög nr. 19/1989, um eignarleigustarfsemi, gera ráð fyrir að eignarleigufyrirtæki séu rekin sem hlutafélög.

Meiri hluti stjórnar félagsins skal vera búsettur hér á landi. Þá skal framkvæmdastjóri

félagsins vera búsettur hér á landi og vera ríkisborgari Norðurlandaríkis.

Vátryggingarstarfsemi.

Í lögum nr. 50/1978, um vátryggingarstarfsemi, segir að einungis félög og stofnanir megi reka vátryggingarstarfsemi á Íslandi. Er heimildin bundin við þrenns konar félög. Í fyrsta lagi „innlend félög og stofnanir sem starfa samkvæmt sérlögum". Í öðru lagi „innlend hlutafélög og gagnkvæm vátryggingafélög" og í þriðja lagi „erlend vátryggingafélög". Þegar um er að ræða félag eða stofnun, sem ekki starfar á grundvelli sérlaga, er nauðsynlegt að félagið eða stofnunin öðlist leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til starfans. Erlend fjárfesting í þessari atvinnugrein er ekki takmörkuð í lögunum að öðru leyti en því að ráðherra virðist geta metið sjálfstætt hvort rétt sé að veita fyrirtæki leyfi til þessarar starfsemi.

3.1.8. *Samgöngur.*

Loftferðir.

Samkvæmt lögum nr. 34/1964, um loftferðir, þarf leyfi samgönguráðherra til rekstrar reglubundinna loftferða í fjáraflaskyni yfir íslensku yfirráðasvæði. Einnig þarf leyfi ráðherra til rekstrar annarra loftferða til fjáröflunar yfir nefndu yfirráðasvæði „enda mæli ráðherra eigi öðruvísi", eins og segir í lögunum. Jafnframt getur ráðherra sett reglur um flugferðir „innlendra" flugfélaga og, ef nauðsyn krefur, veitt einu eða fleiri félögum sérleyfi til fastra áætlunarferða á ákveðnum leiðum innan lands og utan. Sé um að ræða loftferðir milli staða á íslensku yfirráðasvæði getur ráðherra einungis veitt þeim leyfi sem teljast íslenskir aðilar í skilningi laganna. Til þeirra teljast íslenska ríkið og ríkisstofnanir, íslensk sveitarfélög, íslenskir ríkisborgarar, mannúðarstofnanir, sem hlíta fyrirsvari íslenskra ríkisborgara með búsetu á Íslandi, og samtök sem fullnægja þessu síðasttalda skilyrði, enda séu a.m.k. $^{2}/_{3}$ félaga í samtökunum íslenskir ríkisborgarar. Þegar um er að ræða hlutafélög skulu allir stjórnarmenn vera íslenskir ríkisborgarar, heimilisfastir á Íslandi og a.m.k. $^{2}/_{3}$ hlutar í eigu íslenskra aðila og fylgi hlutafénu a.m.k. $^{2}/_{3}$ allra atkvæða í félaginu. Félag með ótakmarkaðri ábyrgð telst íslenskur aðili ef félagsmenn eru allir íslenskir ríkisborgarar eða tilheyra þeim hópi sem að framan greinir. Þrátt fyrir þau skilyrði, sem hér hafa verið greind, er samgönguráðherra rétt, „þegar mjög mikilvægar ástæður eru til", að leyfa að loftfar, sem heimastöð hefur á Íslandi og er í stöðugri notkun, megi skrásetja hér á landi þótt eigandi þess teljist ekki íslenskur aðili.

Flugvellir.

Til að gera og starfrækja flugvöll þarf sérleyfi og sérstaka viðurkenningu samgönguráðherra. Lögin takmarka ekki berum orðum aðild útlendinga að slíkri atvinnustarfsemi, heldur er hún háð mati ráðherra.

Kaupskipaútgerð.

Um útgerð kaupskipa er að finna ákvæði í lögum nr. 115/1985, um skráningu skipa. Til þess að skip fáist skráð hér á landi og öðlist rétt til að sigla undir íslenskum fána þarf eigandi að fullnægja ströngum skilyrðum um íslenskt ríkisfang og heimilisfesti. Sé um einstakling að ræða skal hann vera íslenskur ríkisborgari og eiga hér heimilisfesti. Sé félag með ótakmarkaðri ábyrgð eigandi skips verða allir félagsmenn að fullnægja þessum skilyrðum. Í hlutafélagi skulu a.m.k. $^{3}/_{5}$ hlutafjár vera í eigu íslenskra ríkisborgara og

allir stjórnendur hafa íslenskt ríkisfang og heimilisfesti. Enn fremur getur íslenska ríkið, ríkisstofnanir og sveitarfélög verið eigendur skips sem er skráð hér á landi. Frá þessum skilyrðum getur samgönguráðherra veitt takmarkaða undanþágu þegar sérstakar aðstæður mæla með því.

Fólksflutningar.

Í lögum nr. 53/1987, um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, segir að leyfi samgönguráðuneytisins þurfi til að hafa með höndum í atvinnuskyni fólksflutninga með bifreiðum sem taka níu farþega eða fleiri. Einnig þarf leyfi til að hafa með höndum reglubundna fólksflutninga með bifreiðum sem rúma þrjá til átta farþega. Bæjarstjórn í kaupstöðum getur fengið einkaleyfi til rekstrar strætisvagna. Að fráskildum þeim forgangsrétti sem felst í útgáfu sérleyfa hafa lögin engin ákvæði að geyma sem beinlínis takmarka erlenda fjárfestingu í fyrirtækjum á þessu sviði. Slík fjárfesting er því háð mati samgönguráðuneytisins.

Samkvæmt lögum nr. 77/1989, um leigubifreiðar, sem tekur til fólksbifreiða, vörubifreiða og sendibifreiða getur bæjarstjórn ákveðið, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags bifreiðastjóra, að allar leigubifreiðar til fólksflutninga í viðkomandi kaupstað skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöðvum sem fengið hafa viðurkenningu bæjarstjórnar. Hafi slík viðurkenning verið veitt er öðrum óheimilt að stunda leiguakstur á bifreiðum utan stöðvar eða frá stöð sem ekki hefur hlotið viðurkenningu. Samgönguráðherra gefur út sérstök atvinnuleyfi á þeim félagssvæðum sem veitt hefur verið heimild til takmörkunar. Lögin hafa hvorki ákvæði er binda leyfisveitingar við innlenda aðila né takmörkun á erlendri aðild að fyrirtækjum innan þessarar greinar.

3.1.9. *Fjarskipti og póstþjónusta.*

Fjarskipti.

Íslenska ríkið hefur samkvæmt ákvæðum laga um fjarskipti, nr. 73/1984, einkarétt á að stofna til og reka á Íslandi og í íslenskri landhelgi og lofthelgi hvers konar fjarskipti, svo og að gefa út nafnaskrá um fjarskiptastöðvar og notendur fjarskiptavirkja. Fjarskipti, sem fara ekki um hið opinbera fjarskiptakerfi, þegar eingöngu er um að ræða boðmiðlun eða upplýsingar innan húsakynna heimilis, fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsum, gistihúsum, skólum eða verksmiðjum, falla sem slík ekki undir ákvæði laganna. Þá hefur íslenska ríkið einkarétt á að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa á annan hátt, gera við, breyta eða setja upp hvers konar fjarskiptavirki eða hluta þeirra. Þessi einkaréttur nær þó ekki til notendabúnaðar. Í 7. gr. laganna segir að Póst- og símamálastofnunin annist framkvæmd á einkarétti ríkisins samkvæmt lögunum, nema önnur lög kveði á um annað á tilteknum sviðum fjarskipta.

Póstþjónusta.

Samkvæmt póstlögum, nr. 33/1986, hefur Póst- og símamálastofnunin einkarétt á að safna saman, flytja og bera út allar lokaðar bréfapóstsendingar og aðrar lokaðar póstsendingar, sem uppfylla skilyrði þess að vera veitt viðtaka í póst, „að svo miklu leyti, sem innihald þeirra er ritaðar orðsendingar eða prentaðar tilkynningar, útfylltar með skrift, að undanskildum vörureikningum, fylgiseðlum, farmskrám og svipuðum fylgiskjölum með sendingum sem heimilt er að flytja án atbeina póstþjónustunnar", eins og segir í 4. gr. laganna.

3.1.10. *Fjölmiðlun.*

Útvarp.

Samkvæmt útvarpslögum, nr. 68/1985, er útvarpsréttarnefnd óheimilt að veita erlendum aðila leyfi til útvarpsrekstrar, né félagi eða stofnun þar sem eignarhlutdeild erlendra aðila er meiri en 10%. Þetta bann nær hvort heldur er til rekstrar hljóðvarps- eða sjónvarpsstöðva samkvæmt orðskýringu 1. gr. laganna.

Blaðaútgáfa.

Í lögum nr. 57/1956, um prentrétt, skal útgefandi blaðs eða tímarits vera íslenskur ríkisborgari, lögráða og heimilisfastur hér á landi eða „íslenskur ópersónulegur aðili", eins og segir í lögunum. Jafnframt skal ritstjóri blaðs eða tímarits vera íslenskur ríkisborgari, heimilisfastur hér á landi og lögráða. Ekki er að fullu ljóst hvað við er átt með orðalaginu „íslenskur ópersónulegur aðili", en ætla má að átt sé við fyrirtæki sem eru að meiri hluta til í eigu íslenskra ríkisborgara, heimilisfastra hér á landi, eða önnur fyrirtæki sem fullnægja þessu skilyrði.

3.1.11. *Þjónusta við ferðamenn.*

Veitinga- og gististaðir.

Samkvæmt lögum nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði, er slíkur rekstur háður leyfi, sem lögreglustjóri veitir, að fenginni umsögn sveitarstjórnar, eldvarnaeftirlits, heilbrigðisnefndar og vinnueftirlits. Til þess að öðlast leyfi þarf umsækjandi, einstaklingur eða ábyrgðarmaður félags, að uppfylla tiltekin skilyrði, m.a. að hafa verið heimilisfastur á Íslandi „síðustu ár". Leyfið er veitt til fjögurra ára í senn og er bundið við stað og nafn og er ekki framseljanlegt. Orðalagið „ábyrgðarmaður félags" er ekki skýrt en ætla má að átt sé við formann stjórnar eða framkvæmdastjóra. Ekkert virðist því til fyrirstöðu samkvæmt þessum lögum að erlendir aðilar eigi hlut í slíku félagi.

Ferðaskrifstofur.

Einungis er heimilt að starfrækja ferðaskrifstofu að fengnu leyfi samgönguráðuneytisins samkvæmt lögum nr. 79/1985, um skipulag ferðamála. Til að einstaklingur geti öðlast slíkt leyfi þarf hann að hafa búsetu á Íslandi. Eigi félag hlut að máli er þess á hinn bóginn krafist að stjórn þess sé „innlend", eins og það er orðað í lögunum, og félagið hafi „aðsetur" á Íslandi. Jafnframt er áskilið að forstöðumaður slíkrar ferðaskrifstofu hafi búsetu á Íslandi. Erlend fjárfesting á þessu sviði er því möguleg samkvæmt lögum þessum. Nokkur vafi leikur á því hvað átt er við með orðalaginu um „innlenda" stjórn og virðist eðlilegast að skýra það með hliðsjón af ákvæðum hlutafélagalaga um ríkisfang og heimilisfesti stjórnarmanna, en nánar verður vikið að því hér á eftir.

3.1.12. *Önnur sérlög.*

Tekið skal fram að yfirlit um sérlög atvinnugreina hér að framan er alls ekki tæmandi. Í því er ekki gerð grein fyrir löggjöf á sviði mennta- og skólamála, heilbrigðis- og almannatryggingamála og tengdrar starfsemi, svo sem lyfsölu og lyfjagerðar. Þá er heldur ekki gerð grein fyrir lögum um atvinnustarfsemi sem er bundin íslensku ríkisfangi og svo tengd persónulegum hæfisskilyrðum að tæplega má ætla að erlendur aðili fjárfesti í fyrirtæki í viðkomandi atvinnugrein. Sem dæmi í þessu sambandi má nefna lög nr. 61/1942, um málflytjendur, lög nr. 74/1938, um löggildingu niðurjöfnunarmanna sjó-

tjóna, lög nr. 75/1977, um starfsleyfi iðjuþjálfa, lög nr. 35/1978, um starfsleyfi lyfjafræðinga, lög nr. 48/1933, um löggildingu leiðsögumanna skipa, og lög nr. 17/1984, um starfsleyfi sjóntækjafræðinga.

3.1.13. *Atvinnugreinar án sérlaga.*

Um nokkrar atvinnugreinar á Íslandi hafa ekki verið sett sérstök atvinnulög, svo sem fiskeldi. Þessi „eyða" í atvinnulöggjöfinni vekur þá spurningu hverjar séu þær reglur sem gildi um stofnun eða kaup fyrirtækja af hálfu eða með þátttöku erlendra aðila á þessum sviðum atvinnulífsins. Við úrlausn þessa álitaefnis virðist eðlilegast að leggja til grundvallar atvinnufrelsisákvæði 69. gr. stjórnarskrárinnar sem felur í sér meginreglu íslenskra laga um atvinnuréttindi einstaklinga. Þar segir berum orðum að engin bönd megi leggja á atvinnufrelsi manna nema almenningsheill krefji, enda þurfi lagaboð til. Þetta orðalag virðist útiloka að beitt sé rýmkandi lögskýringu eða lögjöfnun frá ákvæðum einstakra atvinnulaga til að fá þá niðurstöðu að til sé almenn regla í íslenskum rétti er hindri í öllum tilvikum meirihlutaaðild erlendra aðila að fyrirtækjum nema að fengnu leyfi stjórnvalda.

Andspænis framangreindri skýringu á atvinnufrelsissákvæðinu hefur því verið haldið fram að almenn regla hafi verið lögfest í þessu efni með lögum nr. 26/1982, um atvinnuréttindi útlendinga. Er þar áskilið að útlendingur, einstaklingur eða félag, sem hyggst starfrækja atvinnufyrirtæki hér á landi, þurfi leyfi félagsmálaráðherra til starfseminnar (atvinnuréttarleyfi) ef hún er ekki háð leyfi annarra stjórnvalda lögum samkvæmt. Þessi regla er tvímælalaust í fullu gildi þegar erlendir einstaklingar eiga í hlut. Öðru máli gegnir um lögaðila. Tilgangur laganna, eins og sést vel á einstökum ákvæðum þeirra, er að vernda vinnumarkaðinn gegn ásókn erlendra einstaklinga en ekki að takmarka með almennum hætti erlenda fjárfestingu í atvinnulífinu. Er tekið fram berum orðum í 1. gr. laganna að samkvæmt þeim teljist hver maður útlendingur sem ekki hefur íslenskt ríkisfang. Jafnframt væri mjög óeðlilegt, samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands, að félagsmálaráðherra væri falið að hafa með höndum verkefni sem varða erlenda fjárfestingu. Samkvæmt nefndri reglugerð fer félagsmálaráðherra hins vegar með vinnumarkaðsmál. Af þessu leiðir (og einnig með vísan til meginreglu atvinnufrelsisákvæðisins) að erlendir lögaðilar falla ekki undir ákvæði laganna um atvinnuréttindi einstaklinga.

Í riti sínu *Stjórnskipun Íslands* (Reykjavík 1979) segir Ólafur Jóhannesson um þetta atriði að sú stefnuyfirlýsing stjórnarskrárgjafans, sem felist í atvinnufrelsisákvæðinu, leiði „til þeirrar túlkunarreglu að í vafaatriðum beri að telja líkur fyrir atvinnufrelsinu". Samkvæmt þessari túlkun stjórnarskrárinnar má því aðeins skerða atvinnufrelsið að skerðingin eigi sér ótvíræða stoð í ákvæðum laga sem Alþingi hefur sett. Slík sérákvæði geta ekki orðið að almennri reglu nema með breytingu á stjórnarskrárákvæðinu, enda þarf venja að vera orðin afar ótvíræð og skýr eigi hún að víkja stjórnarskrárákvæði. Ekki verður talið að nein venja hafi myndast í þessu efni er sé andstæð framangreindri meginreglu, enda hefur löggjafinn ávallt talið sér skylt í framkvæmd að setja um það sérstök lagaákvæði þegar atvinnufrelsið hefur verið skert.

Af þessu má ætla að innan þeirra atvinnugreina, sem ekki lúta sérstökum atvinnulögum, sé erlendum aðilum öðrum en erlendum einstaklingum frjálst að hefja rekstur fyrirtækja að fullnægðum skilyrðum annarra laga. Dæmi þessa er erlend þátttaka í fiskeldisfyrirtækjum hér á landi. Þó gildir sú takmörkun samkvæmt hlutafélagalögum að ef um

er að ræða erlent hlutafélag, sem ætlar að hefja rekstur á Íslandi með opnun útibús, þarf viðkomandi félag leyfi viðskiptaráðherra.

3.2. Lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Fjárfestingar erlendra aðila í einstökum atvinnugreinum geta komið til greina á ýmsum sviðum þótt fátítt sé að lög heimili berum orðum meirihlutaeign útlendinga í fyrirtækjum. Lög nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt af fasteignum, geta á hinn bóginn komið í veg fyrir að erlendir aðilar geti nýtt sér þær heimildir sem felast í einstökum atvinnulögum og túlkun á löggjöfinni í heild sinni. Samkvæmt lögunum frá 1966 er það meginreglan að einstaklingur, sem vill öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign á Íslandi, skuli vera íslenskur ríkisborgari. Sé um að ræða félag með ótakmarkaðri ábyrgð skulu allir félagsmenn vera íslenskir ríkisborgarar. Í hlutafélagi skulu $^{4}/_{5}$ hlutar hlutafjár vera eign íslenskra ríkisborgara og íslenskir ríkisborgarar fara með meiri hluta hlutafjár á hluthafafundum. Slík félög skulu og eiga hér heimili og varnarþing og stjórnendur allir vera íslenskir ríkisborgarar. Þessi skilyrði eiga hins vegar ekki við ef leiga eða eignarhald á fasteign varir skemur en þrjú ár eða ef uppsögn leigusamnings vegna fasteignar er áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara. Lögin heimila hins vegar dómsmálaráðherra að veita erlendum aðilum undanþágu frá skilyrðum um íslenskt ríkisfang „ef ástæða þykir til", eins og segir í lögunum.

3.3. Reglur um fjármagnsflutninga.

Um fjármagnsflutninga til og frá landinu fer eftir ákvæðum laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála, og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Núgildandi reglugerð um þetta efni er nr. 312/1990 og tók hún gildi 1. september 1990.

Þar segir í 19. gr. að erlendum aðilum sé heimilt innan þeirra marka, sem lög, reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um, að stofna til beinna fjárfestinga í atvinnurekstri hér á landi. Skylt er að tilkynna gjaldeyriseftirliti Seðlabanka Íslands um alla erlenda fjárfestingu í atvinnurekstri jafnskjótt og samningar eða ákvarðanir þar að lútandi liggja fyrir. að lútandi liggja fyrir. Jafnframt skal tilkynna hlutafélagaskrá um kaup og sölu erlendra aðila á hlutafé í íslensku félagi.

Erlendum aðilum, sem stofna til beinna fjárfestinga í atvinnurekstri hér á landi, heimilt að flytja í því skyni fé til landsins og að flytja úr landi móttekinn arð eða annan hagnaðarhlut af fjárfestingunni og skv. 20. gr. reglugerðarinnar er erlendum aðilum, sem stofnað hafa til beinna fjárfestinga í atvinnurekstri hér á landi, heimilt við sölu á eignarhlut sínum eða slit atvinnufyrirtækisins að endurfjárfesta fé í atvinnurekstri hér á landi í samræmi við gildandi ákvæði laga, reglugerða eða annarra stjórnvaldsfyrirmæla eða flytja fé til útlanda enda hafi fé verið flutt til landsins og því ráðstafað í samræmi við ákvæði 19. gr. reglugerðarinnar.

Samkvæmt 25. gr. reglugerðarinnar er erlendum aðilum heimilt á nánar tilteknum skilyrðum að kaupa hér á landi íslensk markaðsverðbréf, þar á meðal hlutabréf, enda brjóti eignarhaldið ekki í bága við takmarkanir á eignarhlut erlendra aðila í lögum, reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum. Arð af slíkum hlutabréfum og söluandvirði þeirra geta erlendir aðilar svo flutt úr landi, enda hafi kaupverðið verið flutt til landsins í samræmi við settar reglur.

Hér hefur verið vitnað í ákvæði reglugerðar, sem sett er í samræmi við lögin um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála, en talið er rétt að í lögum um fjárfestingu erlendra

aðila í atvinnurekstri hér á landi sé það lykilatriði skýrt tekið fram að heimilt sé að flytja fjármagn til landsins í því skyni og að flytja arð af fjárfestingunni og höfuðstól hennar til annarra landa ef hinir erlendu aðilar síðar kjósa það.

3.4. Skattalög.

Ákvæði um íslenskra laga um skattlagningu fyrirtækja er ekki ætlað að búa fyrirtækjum, sem eru að nokkru eða öllu leyti í eigu erlendra aðila, verri starfskjör en öðrum fyrirtækjum sem eru starfrækt á Íslandi. Engu að síður geta ákvæðin valdið tvísköttun og skattyfirvöldum erfiðleikum við framkvæmd skattalaga. Til að komast hjá þessu og jafna starfsskilyrði fyrirtækja hafa íslensk stjórnvöld gert tvísköttunarsamninga við sjö erlend ríki, þ.e. önnur Norðurlönd, Bandaríkin, V-Þýskaland og Sviss. Einnig eru undirritaðir samningar við Bretland og Frakkland en þeir eru enn óstaðfestir.

Að mati nefndarinnar er óþarfi að taka fram í frumvarpi þessu að um skattskyldu erlends aðila, sem fjárfestir í atvinnurekstri hér á landi, fari samkvæmt ákvæðum almennra íslenskra skattalaga. Slíkir aðilar verða að sjálfsögðu að fara að íslenskum lögum.

4. SÖFNUN UPPLÝSINGA

Afar erfitt er að safna upplýsingum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi þar sem enginn einn aðili sinnir gagnasöfnun á þessu sviði. Engin lög eða reglur skylda opinbera aðila til þess að hafa heildaryfirlit yfir slíkar fjárfestingar. Útilokað er t.d. að fá glöggar upplýsingar um hvort fyrirtæki hérlendis í eigu erlendra aðila að einhverju leyti hafi greitt út arð. Hlutafélagaskrá hefur til þessa ekki sinnt gagnaöflunarhlutverki af þessu tagi. Hjá hlutafélagaskrá hefur áherslan verið lögð á nýskráningu félaga en breytingar og eignaraðild ekki verið skráðar sérstaklega. Þannig geta erlendir aðilar keypt hluti í starfandi fyrirtækjum eða aukið þann hlut sem fyrir er án þess að slíkt sé skráð í hlutafélagaskrá. Seðlabanki Íslands hefur nú nýlega hafið söfnun upplýsinga um erlenda aðila sem eiga hlut í íslenskum fyrirtækjum. Þessi skýrslugerð bankans er nú í mótun. Dómsmálaráðuneytið heldur aðeins yfirlit yfir eignaraðild erlendra aðila að fasteignum í samræmi við lög nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Þjóðhagsstofnun hefur ekki talið hlutverk sitt að sinna skýrslusöfnun um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi. Eina undantekningin er sú að sumarið 1989 kom fyrirspurn frá OECD um þátttöku erlendra fyrirtækja í íslenskum iðnaði.

Í apríl 1990 tók Seðlabanki Íslands að beiðni forsætisráðherra saman yfirlit yfir erlenda aðila sem eiga hlut í íslenskum fyrirtækjum. Þær upplýsingar ásamt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar voru kynntar í skýrslu forsætisráðherra um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi sem lögð var fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.

Í gögnum, sem fyrir liggja, má sjá að umsvif erlendra aðila í íslensku atvinnulífi eru ekki umtalsverð enn sem komið er og það jafnvel þó reiknað sé með verulegu vanmati. Hins vegar má fullvíst telja að þessi umsvif muni fara vaxandi.

Afar brýnt er að koma upplýsingaöflun í fast form þannig að unnt verði að fá góða heildarmynd af umsvifum erlendra aðila í íslensku atvinnulífi hverju sinni og þróun þeirra mála. Í þessu skyni virðist eðlilegt að fyrirtækjum verði gert skylt að tilkynna til einhvers opinbers aðila allar breytingar á eignaraðild útlendinga í viðkomandi fyrirtæki, hvort heldur um er að ræða hlutafélag eða annað rekstrarform. Nærtækast virðist að fela Seðlabanka Íslands þessa skýrslugerð með hliðsjón af því að þetta verk er hafið þar. Í töflum 1–5 sem getið er í lok athugasemda eru dregnar saman helstu upplýsingar Seðla-

banka Íslands sem fyrir liggja. Í töflu 6 er yfirlit dómsmálaráðuneytis yfir eignaraðild erlendra fyrirtækja að fasteignum 1970–1990.

5. ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

5.1. Viðhorf innan OECD.

Áður en nánar er vikið að einstökum greinum frumvarpsins þykir rétt að gera nokkra grein fyrir þeim almennu viðhorfum innan lands sem utan er til hliðsjónar voru höfð við gerð þessa frumvarps. Sérstaklega skal þó bent á áðurnefnda skýrslu viðskiptaráðherra og forsætisráðherra um erlenda fjárfestingu og íslenskt atvinnulíf, en þar er bæði að finna yfirlit um gildandi lagaákvæði er lúta að erlendri fjárfestingu hér á landi og um stöðu þessara mála erlendis, einkum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sem Ísland á aðild að, auk þess sem fjallað er um gildi erlendrar fjárfestingar, aðallega í samanburði við erlendar lántökur.

Frá því árið 1960, eða frá stofnun OECD, hafa aðildarríki stofnunarinnar verið sammála um að stefna beri að sem mestu frelsi í viðskiptum með fjármagn, vöru og þjónustu. Stefna þessi byggir á því að með auknu frjálsræði í fjármagnsviðskiptum milli landa verði tryggð hámarksnýting þeirra framleiðslugæða sem hagsæld hvílir á. Samþykktir OECD um að stefnt skuli að frjálsum fjármagnshreyfingum taka bæði til beinnar fjárfestingar, svo sem með hlutafjárkaupum, sem og til óbeinnar fjárfestingar, svo sem með lánveitingum. Meginmarkmiðið er að svipað frelsi gildi um fjármagn og almennt þykir sjálfsagt í dag að gildi um viðskipti með vörur og þjónustu.

Milliríkjaviðskipti með fjármagn og sú efnahagsuppbygging, sem af þessu hlýst, leiða yfirleitt til virkari og víðtækari samskipta ríkja á milli og eru þá líkleg til að leiða til bættrar hagstjórnunar aðildarríkjanna. Jafnframt er stefnt að því að atvinnufyrirtækjum í aðildarríkjum OECD, sem við slíkt frjálsræði búa, séu tryggð jöfn starfsskilyrði samkvæmt lögum og reglugerðum, svo og í stjórnarframkvæmd allri, þótt fyrirtækin séu í eigu eða undir stjórn erlendra aðila.

Þrátt fyrir frjálslynda stefnu í þessum efnum hafa aðildarríki OECD lagt á það áherslu í samþykktum sínum að ekki séu fyrir borð bornir almennir öryggishagsmunir þeirra né réttur til að standa við gerða samninga á alþjóðavettvangi.

Í kjölfar stefnuyfirlýsinga OECD og markvissra rannsókna á löggjöf í aðildarríkjum OECD hafa aðildarríkin á undanförnum árum breytt löggjöf sinni og dregið úr takmörkunum á erlendum fjárfestingum. Að sama skapi hefur traust í alþjóðlegum fjárfestingum farið vaxandi. Samhliða þeirri þróun hefur verðmæti erlendrar fjárfestingar OECD-ríkja vaxið verulega.

5.2. Viðhorf innan EFTA og EB.

Síðan á fyrri hluta ársins 1989 hafa farið fram viðræður milli fulltrúa EFTA-ríkjanna og smáríkisins Lichtenstein annars vegar og fulltrúa Evrópubandalagsins hins vegar um myndun sameiginlegs markaðssvæðis ríkjanna, sem nú hafa samtals 370 milljónir íbúa. Tengist hugmyndin fyrirhuguðum „innri markaði“ Evrópubandalagsins, þar sem allar hömlur á viðskiptum milli bandalagsríkjanna með vörur, þjónustu og fjármagn skulu úr gildi felldar frá árslokum 1992 að telja. Nú fara fram formlegar samningaviðræður í Brüssel milli aðila.

Slíkt markaðssvæði eða Evrópska efnahagssvæðið (skammstafað EEA eftir enska heitinu „European Economic Area“) mundi byggjast á fríverslun með vörur og þjónustu

og frjálsum flutningum fólks og fjármagns milli ríkjanna.

Frjálsum flutningum fólks innan EEA mundi fylgja réttur til þess að festa kaup á fyrirtækjum og húsnæði sem þeim fylgir, ásamt íbúðarhúsnæði og frjálsum flutningi fjármagns fylgir réttur til hvers kyns fjárfestinga yfir landamæri ef fylgt verður þeim reglum sem nú gilda innan Evrópubandalagsins.

EFTA-ríkin hafa gert ýmsa fyrirvara gagnvart fullu frelsi í fjárfestingum yfir landamæri og lúta þeir flestir að fjárfestingu í fasteignum og mikilvægum atvinnugreinum eða fyrirtækjum.

Íslendingar hafa m.a. lagt sérstaka áherslu á bann við fjárfestingum erlendra aðila á sviði fiskveiða, orkuvinnslu og varðandi fasteignakaup erlendra aðila. Hugtakið fiskveiðisvið hefur enn ekki verið skilgreint nánar af hálfu Íslendinga, en í viðræðunum hefur því verið lýst yfir að það taki bæði til veiða og vinnslu. Þá hafa Íslendingar lýst því yfir að ef úr samningum verði þurfi þeir þriggja til fimm ára (medium term) aðlögunartíma frá árslokum 1992 til þess að aðlaga löggjöf um innlánsstofnanir og vátryggingarstarfsemi að væntanlegri EEA-löggjöf, en í henni felst m.a. að fullt frelsi skal ríkja í slíkum rekstri milli Íslands og annarra EEA-ríkja, þar á meðal gagnkvæmur rekstur til eignarhalds á bönkum.

Varðandi fjárfestingu erlendra aðila í fasteignum hefur athyglin beinst að reglum Evrópubandalagsins á því sviði, en samkvæmt þeim er heimilt að setja ýmsar hömlur á eignar- og afnotarétt að landareignum að því tilskildu að þær mismuni ekki eftir þjóðerni. Þannig er hægt að setja ýmis almenn skilyrði um nýtingu jarða eins og gert er í íslensku jarðalögunum, sbr. kafla 3.1.2., og þannig koma í veg fyrir óæskileg áhrif sem fylgt gætu eignarhaldi aðila búsettra erlendis á íslenskum bújörðum.

Þá er gert ráð fyrir því að allar hömlur á gjaldeyrisyfirfærslum milli ríkjanna verði felldar úr gildi, en það er hin almenna regla innan Evrópubandalagsins frá 1. júlí sl., þótt Írland, Spánn, Portúgal og Grikkland hafi undanþágur á ákveðnum sviðum til 1. júlí 1992. Öll EFTA-ríkin hafa nú ýmist afnumið slíkar hömlur eða tekið mikilvæg skref í þá átt. Eru nýjar gjaldeyrisreglur sem gildi tóku 1. september sl. hér á landi þáttur í þessari breytingu, en samkvæmt þeim munu Íslendingar standa jafnfætis öðrum EFTA-ríkjum 1. janúar 1993 að því er varðar fjármagnshreyfingar til og frá landinu að undanskildum skammtíma hreyfingum. Gjaldeyrisreglurnar breyta að sjálfsögðu ekki þeim hindrunum sem nú eru á fjárfestingu erlendra aðila hér á landi samkvæmt ýmsum sérlögum.

Nefndin hefur ekki tekið afstöðu til þess hvaða fyrirvara Ísland verði að gera um erlenda fjárfestingu í viðræðum við Evrópubandalagið. Samningaviðræðurnar um hið Evrópska efnahagssvæði hafa ekki heldur verið til sérstakrar umfjöllunar í nefndinni sem samdi frumvarp þetta, en reikna má með því að ef úr stofnun EEA verði þurfi að taka til endurskoðunar þau ákvæði sem hér er lagt til að gildi um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, þ.e. að því er varðar borgara annarra EEA-ríkja. Nefndin telur samt sem áður brýnt að lögfesta frumvarpið nú sem fyrst enda núgildandi reglur sundurlausar og ósamstæðar.

6. HELSTU ÁKVÆÐI FRUMVARPSINS

Í frumvarpinu er lagt til að aukið samræmi verði tryggt í þeim reglum er um fjárfestingar erlendra aðila gilda og hefur nefndin í því skyni kannað ítarlega þær reglur sem í gildi eru í hinum margvíslegustu atvinnugreinum. Þá er í frumvarpinu gerð tilraun til að skilgreina nokkur hugtök sem þýðingu hafa á sviði erlendrar fjárfestingar. Verður þannig

að finna á einum stað lagaumgjörð um réttarstöðu erlendra fjárfestingaraðila.

Frumvarpið byggir á þeirri stefnu að full yfirráð Íslendinga verði tryggð yfir náttúruauðlindum lands og sjávar. Auk þess geymir frumvarpið nokkrar aðrar takmarkanir á erlendum fjárfestingum hér á landi. Helstu takmarkanir eru á sviði fiskveiða, fiskvinnslu og vegna virkjunarréttinda vatnsfalla og jarðhita. Þá eru skorður reistar við aðild erlendra aðila að viðskiptabönkum, flugrekstri og til kaupa á fasteignum hér á landi. Auk þess er erlend fjárfesting í vissum tilvikum háð leyfi. Með frumvarpi þessu er þó almennt lagt til að um verulega rýmkun verði að ræða varðandi rétt erlendra aðila til fjárfestingar í atvinnurekstri hér á landi. Jafnframt er lögð áhersla á eftirlit með erlendri fjárfestingu og að þeir erlendir aðilar, sem hér fjárfesta, lúti í einu og öllu íslenskum lögum, þar á meðal skattalögum og lögsögu íslenskra dómstóla.

Nefndin telur að með því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, sé stigið mikilvægt skref í þá átt að erlent áhættufé geti í ríkara mæli komið í staðinn fyrir erlent lánsfé við fjármögnun atvinnurekstrar hér á landi. Frumvarp þetta mun því, ef að lögum verður, hafa mikilvæg áhrif á vaxtar- og þróunarskilyrði atvinnufyrirtækja innan fjölmargra atvinnugreina. Auknir möguleikar innlendra fyrirtækja til samvinnu við erlenda aðila, einkum í framleiðslu- og útflutningsgreinum, geta skapað ný tækifæri sem leitt geta til aukinnar verðmætasköpunar innan lands og þar af leiðandi til aukinnar hagsældar þjóðarbúsins í heild, svo sem vegna aukinna skatttekna, hærri vinnulauna, aukinnar þekkingar og lækkaðs verðlags svo að eitthvað sé nefnt. Er og vert að hafa hugfast í þessu sambandi að fáar þjóðir eru svo háðar utanríkisviðskiptum sem Íslendingar. Fer og í vöxt að íslenskir aðilar reki og taki þátt í atvinnufyrirtækjum í öðrum löndum. Á hitt ber þó jafnframt að líta að þótt heimildir erlendra aðila til að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi verði rýmkaðar er ekki þar með sagt að vænta megi mikils áhuga erlendra aðila. Hér eru ekki í boði neinir sérstakir fjárfestingarhvatar eins og víða annars staðar, heimamarkaðurinn er lítill, fjarlægðir frá öðrum mörkuðum verulegar og náttúruauðæfi ekki fjölbreytt. Verði frumvarp þetta að lögum ættu þó a.m.k. ekki lagalegir óvissuþættir og hindranir að þurfa að standa í vegi fyrir fjárfestingu erlendra aðila í sama mæli og til þessa sé áhugi erlendra aðila á annað borð fyrir hendi.

Helstu ákvæði frumvarpsins eru í stuttu máli þessi:

6.1. Erlendum aðila er veitt almenn heimild til fjárfestingar í atvinnurekstri hér á landi, enda ríki gagnkvæmni erlendra og innlendra aðila til fjárfestinga í heimaríkjum aðila, sbr. 3. gr.

6.2. Helstu takmarkanir á fjárfestingum erlendra aðila eru raktar ítarlega í 4. gr.

6.3. Skylt er að tilkynna til Seðlabanka Íslands fjárfestingar erlendra aðila, sbr. 1. mgr. 5. gr.

6.4. Seðlabanka Íslands er gert skylt að veita opinberlega upplýsingar um erlenda fjárfestingu hérlendis, sbr. 2. mgr. 5. gr.

6.5. Erlendum aðila er veitt heimild til fjármagnsflutninga til landsins vegna fjárfestinga, sbr. 6. gr.

6.6. Erlendum aðila er veittur yfirfærsluréttur í erlendan gjaldmiðil vegna arðs, hagnaðar og söluandvirðis fjárfestingar, sbr. 7. gr.

6.7. Í íslensku atvinnufyrirtæki eins og það er skilgreint í frumvarpinu skulu framkvæmdastjóri og meiri hluti stjórnar eiga lögheimili hér á landi, en erlendur aðili getur átt slíkt fyrirtæki að verulegu leyti eða að öllu leyti, sbr. 8. gr.

6.8. Viðskiptaráðherra fer með leyfisveitingar samkvæmt lögunum og getur stöðvað eða

bannað fjárfestingar erlendra aðila í ákveðnum tilvikum, sbr. 9. og 10. gr.

6.9. Fimm manna nefnd um erlenda fjárfestingu er ráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar, sbr. 10. gr.

6.10. Í fylgifrumvarpi eru gerðar ýmsar breytingar á sérlögum í samræmi við meginreglur aðalfrumvarpsins. Miða margar þeirra að því að jafna lögheimili erlends aðila hér á landi í tiltekinn tíma við ríkisborgararétt þegar um atvinnustarfsemi er að ræða.

Um helstu takmarkanir á erlendri fjárfestingu vísast til 4. gr. frumvarpsins og athugasemda við þá grein.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er gildissvið frumvarpsins afmarkað. Samkvæmt þessari grein eiga lögin að gilda um fjárfestingu erlendra aðila, sbr. nánari skilgreiningu á fjárfestingu og erlendum aðilum í 2. gr., en ekki um venjulegar lánveitingar eða aðra fjármagnsflutninga erlendra aðila til landsins sem ekki tengjast eignar- eða rekstraraðild þeirra að atvinnurekstri hér á landi. Þá tekur frumvarpið einungis til fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri, en ekki til annarrar hugsanlegrar fjárfestingar erlendra aðila hér á landi, svo sem fjárfestingar í skuldabréfum, frímerkjum, málverkum eða öðrum verðmætum. Tekið er fram að frumvarpið gildi um hvers kyns fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi, nema annað leiði af sérákvæðum annarra laga eða reglum settum samkvæmt þeim. Í því sambandi skal minnt á að í gildi eru sérstök lög um heimildir erlendra aðila til þátttöku í tilteknum stóriðjuverum, svo sem lög nr. 76/1966, um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík, ásamt síðari lögum um lagagildi viðaukasamninga milli sömu aðila, lög nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, ásamt síðari breytingum og viðaukum, lög nr. 18/1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, ásamt síðari breytingum og lög nr. 70/1982, um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Frumvarpið gildir um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi hvort sem hinn erlendi aðili hyggst stunda hér atvinnurekstur beint í eigin nafni eða með eignaraðild að íslensku atvinnufyrirtæki. Með orðunum hér á landi er átt við í íslenskri lögsögu.

Um 2. gr.

Hér eru helstu hugtök skilgreind. Búseta einstaklings og heimili lögaðila eru lögð til grundvallar varðandi skilgreiningu á því hver teljist vera erlendur aðili í skilningi frumvarpsins. Þannig telst t.d. íslenskur ríkisborgari sem á lögheimili erlendis vera erlendur aðili. Er þetta í samræmi við þá stefnu sem fylgt er t.d. hjá OECD þar sem áherslan liggur á búsetunni en ekki þjóðerninu. Til erlends aðila telst og íslenskt atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum, en þá er átt við að erlendur aðili eða aðilar eigi meiri hluta fyrirtækisins eða fari með meiri hluta atkvæðisréttar í því þótt minnihlutaeigandi sé eða hafi með öðrum hætti, svo sem með stjórnunarsamningi, raunveruleg yfirráð yfir viðkomandi atvinnufyrirtæki. Ástæðan fyrir því að íslenskt atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum er í frumvarpinu skilgreint sem erlendur aðili er sú að þannig á að reyna að girða fyrir að erlendur aðili geti farið bakdyramegin inn á svið þar sem fjárfestingu erlendra aðila eru skorður settar. Ella gæti erlendur aðili fyrst stofnað eða fjárfest í atvinnufyrirtæki hér á landi sem þar með teldist íslenskur aðili og það fyrirtæki síðan fjárfest á um-

ræddu sviði. Sé hins vegar um að ræða íslenskt atvinnufyrirtæki sem íslenskir aðilar hafa yfirráð yfir þótt erlendir aðilar eigi jafnframt hlut í því eru ákvæði frumvarpsins ekki því til fyrirstöðu að slíkt fyrirtæki fjárfesti í öðru atvinnufyrirtæki hér á landi. Við mat á því hvort um fjárfestingu er að ræða getur það ráðið úrslitum hvort um er að ræða framlag til eigin fjár viðkomandi atvinnufyrirtækis. Lánveiting telst því ekki fjárfesting nema um sé að ræða lán í einhverju því formi sem skattyfirvöld viðurkenna eða úrskurða að flokka beri sem eigið fé viðkomandi fyrirtækis. Hér mundu einkum geta komið til álita svonefnd víkjandi lán. Auk þess sem nú er nefnt teljast kaup á eignarhlut sem fyrir er í atvinnufyrirtæki að sjálfsögðu vera fjárfesting þótt endurgjaldið renni þá ekki alltaf til fyrirtækisins sjálfs, heldur til þeirra sem áttu eignarhlut fyrir.

Um 3. gr.

Í 3. gr. kemur fram sú meginstefna frumvarpsins að erlendum aðilum sé heimilt að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi með þeim takmörkunum einum sem af öðrum ákvæðum frumvarpsins og ákvæðum sérlaga leiðir og að uppfylltum öðrum skilyrðum og að fengnum tilskildum leyfum lögum samkvæmt. Fjórða grein frumvarpsins hefur að geyma ákvæði um ýmis frávik frá þessari meginreglu. Einnig leiðir af ákvæðum ýmissa annarra laga að á sumum sviðum er í reynd útilokað fyrir erlenda aðila að fjárfesta. Sem dæmi má nefna að samkvæmt áfengislögum, póstlögum og lögum um Áburðarverksmiðju ríkisins hafa tiltekin ríkisfyrirtæki einkarétt til starfrækslu á ákveðnum sviðum. Enn fremur takmarka lög um viðskiptabanka rétt erlendra banka til að stunda bankastarfsemi hér á landi. En eftir sem áður felst í 3. gr. frumvarpsins sú grundvallarstefna að erlendum aðilum sé heimilt að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi að því marki sem slíkri fjárfestingu eru ekki bein takmörk sett. Fjárfesting erlendra aðila er þó með sama hætti og fjárfesting íslenskra aðila háð því að almennum lagaskilyrðum sé fullnægt, enda verða erlendir aðilar sem reka atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni sem og íslensk atvinnufyrirtæki með erlendri eignaraðild í einu og öllu háð íslenskum lögum og reglum og lúta lögsögu íslenskra dómstóla að því er varðar starfsemina hér á landi.

Samkvæmt gildandi lögum er ýmis atvinnustarfsemi háð sérstöku leyfi stjórnvalda, oft ráðherra. Má nefna sem dæmi um slík leyfi iðnaðarleyfi, verslunarleyfi, leyfi til reksturs ferðaskrifstofu og leyfi til vátryggingarstarfsemi. Hin ýmsu sérlög geyma ákvæði um hæfisskilyrði, svo sem um menntun og starfsreynslu, sem uppfylla þarf til að leyfi eða löggildingu megi veita til starfa á viðkomandi sviði. Fjárfesting erlendra aðila verður að sjálfsögðu því háð að hinir erlendu aðilar eða íslensk atvinnufyrirtæki, sem þeir hyggjast taka þátt í að stofna eða kaupa sig inn í, uppfylli sett skilyrði og hafi tilskilin leyfi. Það er síðan mismunandi eftir atvinnugreinum hvar leyfisveitingarvaldið liggur.

Í niðurlagi greinarinnar er settur sá almenni fyrirvari að íslenskir aðilar njóti ekki lakari réttar til fjárfestingar í heimaríki þess aðila sem hér óskar að fjárfesta.

Um 4. gr.

Fjórða grein frumvarpsins hefur að geyma ýmsar undantekningar frá meginreglu 3. gr. Þær takmarkanir, sem þar er kveðið á um, eru af tvennum toga. Í fyrsta lagi eru lagðar fyrirfram hömlur við fjárfestingu erlendra aðila á tilteknum sviðum, þ.e. í útgerð, fiskvinnslu, virkjun vatnsfalla og jarðhita, í viðskiptabönkum, í flugrekstri og til kaupa og afnota á fasteignum sbr. 1.–5. tölul. og 9. tölul. 4. gr. Í öðru lagi verður tiltekin fjárfesting háð leyfi ráðherra, sbr. 6.–8. tölul. 4. gr. Í þriðja lagi getur ráðherra í sérstökum til-

vikum stöðvað tiltekna erlenda fjárfestingu, sbr. 2. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 10. gr.

Verður nú vikið nánar að hverjum tölulið 4. gr. fyrir sig.

Um 1. tölul.

Í 1. tölul. er vísað til laga nr. 33/1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi, að því er varðar efnisregluna um það hverjir stunda megi fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Að þessu leyti er hér annar háttur á hafður en víðast er fylgt í frumvarpinu því að við gerð frumvarpsins var leitast við flytja efnisákvæði um heimildir erlendra aðila til að fjárfesta í íslenskum atvinnurekstri úr hinum ýmsu sérlögum í þau heildarlög sem hér er gerð tillaga um. Ástæða þess að þessi leið var valin hvað varðar rétt til fiskveiða er sú að ýmis önnur ákvæði laga nr. 33/1922, sem og ákvæði í öðrum lögum, byggja á ákvæðum 1. og 2. gr. laga nr. 33/1922, þar sem kveðið er á um hverjir stunda megi veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þótti því ekki fært að flytja þessi ákvæði úr lögunum. Þar sem frumvarpi þessu er ætlað að draga upp sem heillegasta mynd af þeim reglum, sem um erlenda fjárfestingu eiga að gilda, þykir rétt engu að síður að 4. gr. geymi tilvísun til laga nr. 33/1922. Jafnframt er svipuð aðferð notuð hvað 9. tölul. 4. gr. snertir, þar sem vísað er til laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Samkvæmt núgildandi ákvæðum laga nr. 33/1922 mega íslenskir ríkisborgarar einir reka fiskveiðar í landhelgi við Ísland og má aðeins hafa íslenska báta eða skip til veiðanna. Tekið er fram að íslenskir kallist þeir bátar eða skip sem íslenskir ríkisborgarar eiga einir. Þrátt fyrir þessa meginreglu mega erlendir ríkisborgarar skv. 11. gr. laga nr. 33/1922 eiga í hlutafélögum sem fiskveiðar stunda í landhelgi, svo lengi sem meira en helmingur hlutafjárins er eign íslenskra ríkisborgara, félagið á heimili á Íslandi og stjórn þess er skipuð íslenskum ríkisborgurum, enda sé a.m.k. helmingur þeirra búsettur hér á landi.

Í a-lið 1. gr. fylgifrumvarps þessa frumvarps er gerð tillaga um nokkra breytingu á lögum nr. 33/1922. Eru þessar breytingar þríþættar. Í fyrsta lagi er lagt til að úr gildi verði numin heimild erlendra aðila til að eiga allt að helmingi hlutafjár í útgerðarhlutafélögum. Er og með því leitast við að laga löggjöfina að þeirri stefnumörkun að þrátt fyrir rýmkun á heimildum erlendra aðila til að fjárfesta í íslenskum atvinnurekstri skuli tryggt að ekki aðrir en íslenskir aðilar nái tökum á náttúruauðlindum lands og sjávar. Samkvæmt 1. tölul. er skýrt tekið fram að heimild til fiskveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands er bundin við íslenska ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi og lögaðila sem eiga heimili hér og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi. Í öðru lagi er með b-lið 1. gr. fylgifrumvarpsins gerð tillaga um þá breytingu á lögum nr. 33/1922 að í stað þess að miða við að þeir bátar og þau skip teljist íslensk í skilningi laganna sem íslenskir ríkisborgarar einir eiga sé við það miðað að þeir bátar og þau skip teljist íslensk sem skráð eru hér á landi. Ræðst það þá af skilyrðum laga um skráningu skipa á hverjum tíma, sbr. 24. gr. fylgifrumvarps. Í þriðja lagi er lagt til að niður falli 8. og 11. gr. úr lögum nr. 33/1922, bæði vegna þess að tillaga er gerð um að niður verði felld heimild erlendra aðila til eignaraðildar að útgerðarfélögum vegna þess að ákvæðin eru að nokkru leyti úrelt og vegna þess að þau hafa gefið tilefni til lagaóvissu um það hvort erlendir aðilar mættu reka eða eiga hlut í fiskvinnslu hér á landi. Um það er fjallað í 2. tölul. 4. gr.

Um 2. tölul.

Hér er lagt til að öðrum en íslenskum ríkisborgurum sem eiga lögheimili hér á landi og lögaðilum sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hérlendis skuli óheimilt að eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða. Í greininni er ítarlega lýst hvað felst í orðunum vinnsla sjávarafurða.

Fiskiðnaður Íslendinga er viðkvæm atvinnugrein í harðri erlendri samkeppni og hún byggist á fullnýttum auðlindum sjávar. Því þykir rétt að setja fjárfestingarheimildum erlendra aðila í vinnslu sjávarafurða nokkrar skorður þótt ágreiningslaust sé að rétturinn til sjálfra veiðanna skipti mestu varðandi yfirráð yfir þessari mikilvægustu náttúruauðlind þjóðarinnar.

Samkvæmt skilgreiningu greinarinnar á „vinnslu sjávarafurða“ er erlendum aðilum hins vegar heimilt að taka þátt í atvinnurekstri á sviði útflutnings á ferskum fiski og vinnslu í neytendaumbúðir svo nokkuð sé nefnt.

Um 3. tölul.

Hér er lagt til að virkjunarréttur vatnsfalla og jarðhita annarra en til heimilisnota verði eingöngu bundinn við íslenska ríkið, sveitarfélög, íslenska ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi og íslenska lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að fullu í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér. Tekið er skýrt fram að sama eigi við um fyrirtæki sem stunda orkuvinnslu og orkudreifingu. Erlendir aðilar eiga þess því ekki kost að fjárfesta í atvinnufyrirtækjum á þessu sviði.

Um 4. tölul.

Samkvæmt þessum tölulið er eignaraðild erlendra aðila í íslensku atvinnufyrirtæki sem stundar flugrekstur hér á landi bundin við 49% að hámarki. Nauðsynlegt þykir a.m.k. fyrst um sinn að tryggja full yfirráð íslenskra aðila í flugrekstri hérlendis og milli landa, enda sá þáttur þýðingarmikill í eðlilegum og nauðsynlegum flutningum bæði innan lands og til og frá landinu. Sveiflur í flugrekstri geta verið miklar og því nauðsynlegt að stjórnvöld geti ráðið því hverslu mikil þátttaka erlendra aðila verður í einstökum fyrirtækjum á þessu sviði. Sömu sjónarmið eiga hins vegar ekki að öllu leyti við hvað farmflutninga á sjó varða enda sá rekstur yfirleitt stöðugri og ekki háður eins miklum sveiflum. Takmarkanir á því sviði eru því ekki lagðar til í frumvarpi þessu.

Um 5. tölul.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 86/1985 skal hlutafé í hlutafélagsbanka allt vera í íslenskri eigu. Með 15. gr. laga nr. 7/1987, um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands, var gerð undantekning að því er varðar Útvegsbanka Íslands hf. og kveðið svo á að bönkum sem eiga lögheimili og varnarþing erlendis skuli heimilt að eiga á hverjum tíma samtals allt að 25% hlutafjár í bankanum. Hér er lagt til að aflétt sé hinu algjöra banni viðskiptabankalaganna við erlendri eignaraðild, en samanlögð hlutafjáreign erlendra aðila í hlutafélagsbanka megi þó á hverjum tíma ekki vera meiri en 25% hlutafjár hlutafélagsbankans. Samkvæmt viðskiptabankalögum getur einungis verið um að ræða tvenns konar viðskiptabanka hér á landi, ríkisviðskiptabanka í eigu ríkisins og hlutafélagsbanka. Eignaraðild erlendra aðila takmarkast því eðli málsins samkvæmt við hlutafélagsbanka. Heimild erlendra aðila til takmarkaðrar eignaraðildar að hlutafélagsbönkum einskorðast samkvæmt frumvarpinu ekki við erlenda banka heldur verður að full-

nægðum öðrum skilyrðum frumvarpsins hvaða erlendum aðila sem er heimilt að gerast hluthafi í hlutafélagsbanka.

Sú takmörkun, sem í töluliðnum felst, tekur einvörðungu til hlutafélagsbanka. Hún nær hins vegar ekki til annarra fyrirtækja á íslenskum fjármagnsmarkaði, svo sem verðbréfafyrirtækja, fjárfestingarfyrirtækja, fjármögnunarleigna og greiðslukortafyrirtækja. Samkvæmt frumvarpinu gæti aðild erlendra aðila að slíkum fyrirtækjum á hinn bóginn takmarkast af ákvæðum annarra töluliða 4. gr.

Til viðbótar framangreindu er gert ráð fyrir því að erlendum hlutafélagsbönkum verði heimilt eftir 1. janúar 1992 að setja upp útibú hér á landi. Rétt þykir að miða slíka heimild við 1. janúar 1992 svo að hæfilegur tími gefist til aðlögunar. Einnig þarf fyrir þann tíma að breyta viðskiptabankalögum í þessa átt. Í fylgifrumvarpi er ekki gert ráð fyrir slíkri breytingu.

Um 6. tölul.

Hér er lagt til að til þurfi að koma sérstakt leyfi viðskiptaráðherra til þess að erlent ríki eða fyrirtæki í eigu erlends ríkis geti og megi fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi. Fyrir þessari skipan eru þau rök að áhugi erlends ríkis til að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi getur stafað af öðru en voninni um fjárhagslegan ávinning af slíkri fjárfestingu. Þykir því rétt að tækifæri gefist til að skoða hvert tilvik sérstaklega.

Um 7. tölul.

Með þessum tölulið er sleginn ákveðinn varnagli að því er varðar umfang fjárfestinga einstakra erlendra aðila hér á landi.

Samkvæmt þessum tölulið þarf sérstakt leyfi viðskiptaráðherra til að koma til þess að heildarfjárfesting erlends aðila eða samanlögð fjárfesting fjárhagslega tengdra aðila geti farið fram úr ákveðinni fjárhæð á ári hverju. Gildir þá einu hvort fyrirhuguð fjárfesting felur í sér meirihlutaeign eða minnihlutaeign í viðkomandi atvinnufyrirtæki. Ekki er ástæða til að ætla að oft muni að vænta erlendrar fjárfestingar af þeirri stærð sem í töluliðnum greinir eða að slík fjárfesting, ef af yrði, orki þá að einhverju leyti tvímælis. Ákvæði töluliðarins er eingöngu á því byggt að eðlilegt sé að gæta vissrar varfærni þegar stærri fjárfesting er annars vegar.

Þá er jafnframt eðlilegt a.m.k. fyrst í stað að binda fjárfestingu erlendra aðila við 25% að hámarki í tilteknum atvinnugreinum, þ.e. í iðnaði, öðrum en orkufrekum iðnaði, verslun og þjónustu, samgöngurekstri og fiskeldi. Ástæðulaust er að óttast um hlut erlendra aðila í sjávarútvegi, m.a. vegna þeirra takmarkana sem fram koma í 1. og 2. tölul. 4. gr. og landbúnaði vegna þeirra takmarkana sem fram koma í lögum um landbúnaðarmál. Með heildarfjárfestingu er átt við áætlaða fjárfestingu í viðkomandi atvinnugrein samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar hverju sinni.

Um 8. tölul.

Í þessum tölulið er kveðið á um það hvernig með skuli fara ef erlendur aðili vill reka atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni, en ekki með aðild að íslensku atvinnufyrirtæki. Greint er á milli þess hvort um er að ræða erlendan einstakling, erlent hlutafélag eða annan erlendan lögaðila. Í hlutafélagalögum eru ákvæði um heimildir erlendra hlutafélaga til að starfa hér á landi, sbr. XVII. kafla laga nr. 32/1978, um hlutafélög, og er tekið fram í b-lið að um rétt hlutafélags, sem á heimili erlendis til að starfa hér á landi, fari

samkvæmt þeim ákvæðum. Viðskiptaráðherra getur veitt öðrum erlendum lögaðilum leyfi til að starfa hér á landi, enda sé þá að því er varðar slíka lögaðila og starfsemi þeirra hér á landi fullnægt sömu skilyrðum og fylgt sömu meginreglum og að því er varðar erlend hlutafélög sem starfa hér á landi. Þá segir að einstaklingi, sem búsettur er erlendis, sé óheimilt að vinna sjálfstætt, starfrækja eigið atvinnufyrirtæki eða taka þátt í fyrirtæki með ótakmarkaðri ábyrgð hér á landi, nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra. Sé búseta hins vegar óundanþægt skilyrði samkvæmt lögum um viðkomandi atvinnugrein eins og oftast er eða veiting undanþágu frá búsetuskilyrðinu falin öðrum getur viðskiptaráðherra ekki veitt viðkomandi einstaklingi leyfi. Til kasta viðskiptaráðherra kemur því fyrst og fremst ef um er að ræða áhuga erlendra einstaklinga á að stunda hér atvinnustarfsemi sem ekki hafa verið sett nein sérstök lög um. Í þeim tilvikum gæti ráðherra t.d. bundið leyfi því skilyrði að viðkomandi einstaklingur hafi fyrirsvarsmann með heimilisfesti hér á landi og helgast það m.a. af réttarfarsástæðum.

Um 9. tölul.

Í 1. mgr. er tekið fram að erlendur aðili megi öðlast eignarréttindi og afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni enda sé farið að lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19/1966. Með beinni notkun er hér átt við notkun í þarfir atvinnurekstrar.

Gera verður ráð fyrir því að erlendir aðilar geti eignast fasteignir og önnur eignarréttindi á uppboði eða við nauðasamninga sem veðhafi. Eignarréttindi, sem erlendum aðila er óheimilt að eiga, geta þannig komist í hans eigu. Í 2. mgr. er því tekið fram að við slíkar aðstæður skuli hinn erlendi aðili selja eignina svo fljótt sem verða má og eigi síðar en tólf mánuðum eftir að eignin komst í hans eigu. Með öðrum eignarréttindum er átt við eignir og réttindi sem upp eru talin í 4. gr. frumvarpsins og takmarkanir eru bundnar við.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að öll erlend fjárfesting verði tilkynningarskyld til gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands jafnskjótt og samningur eða ákvarðanir þar að lútandi liggja fyrir. Tilkynningarskyldan tekur jafnt til viðbótarfjárfestingar erlends aðila í atvinnufyrirtæki, sem hann á þegar í, sem og fjárfestingar í nýju fyrirtæki eða starfandi fyrirtæki sem hann hefur ekki átt í áður. Tímabilið, sem stöðvunarheimild skv. 2. mgr. 10. gr. stendur, hefst þegar gjaldeyriseftirlitinu berst tilkynning um hlutaðeigandi fjárfestingu.

Í 2. mgr. 5. gr. er lögð sú skylda á Seðlabanka Íslands að birta opinberlega fyrri hluta hvers árs upplýsingar um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi næsta ár á undan, svo og upplýsingar um heildarfjárfestingu erlendra aðila hérlendis eftir atvinnugreinum.

Í 3. mgr. er tekið fram að gjaldeyriseftirlitið hafi sams konar rétt til upplýsingaöflunar og athugana vegna fjárfestingar erlendra aðila og það hefur samkvæmt lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

Um 6.–7. gr.

Í 6. gr. og 7. gr. frumvarpsins er lagt til að tekin verði af öll tvímæli í lögum um rétt erlends fjárfestingaraðila til innflutnings á erlendu fjármagni vegna fjárfestingar og yfirfærslu þess í íslenskar krónur, um tilkynningarskyldu slíks fjármagnsflutnings og um

rétt aðila til að flytja arð og söluandvirði eða annað endurgreiðsluverð úr landinu að nýju. Samkvæmt lögum nr. 63 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, og reglum settum samkvæmt þeim, er greiðsla arðs til erlendra aðila, sem hér hafa fjárfest, svo og endurgreiðsla á verðmæti fjárfestingar, svo sem vegna sölu á eignarhlut eða slita á atvinnufyrirtæki, háð leyfi og frjálsu mati gjaldeyrisyfirvalda. Sú skipan er til þess fallin að vekja tortryggni og efasemdir hjá hugsanlegum fjárfestingaraðilum. Með 7. gr. er þeirri óvissu eytt. Um framkvæmd gjaldeyrisyfirfærslna vegna fjármagnsflutninga til og frá landinu í tengslum við erlenda fjárfestingu skal fara samkvæmt gildandi lögum og reglum um framkvæmd gjaldeyrismála á hverjum tíma. Aðrar fjármagnsgreiðslur til og frá landinu munu áfram háðar óbreyttum lögum og reglum.

Um 8. gr.

Í 8. gr. frumvarpsins er sett fram sú meginregla að framkvæmdastjórar og meiri hluti stjórnarmanna í íslenskum atvinnufyrirtækjum skuli eiga lögheimili hér á landi óháð eignarhlut, atkvæðisrétti eða öðrum yfirráðum erlendra aðila. Viðskiptaráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði. Hér er um að ræða svipað ákvæði og gildir varðandi búsetu framkvæmdastjóra og meiri hluta stjórnarmanna í hlutafélögum, sbr. 2. mgr. 50. gr. hlutafélagalaga, en þetta verður nú almenn regla óháð félagsformi.

Um 9. gr.

Samkvæmt 9. gr. mun viðskiptaráðherra fara með leyfisveitingar og annast eftirlit með framkvæmd laganna ef frumvarpið verður að lögum, að svo miklu leyti sem tiltekið eftirlit eða leyfisveiting er ekki samkvæmt ákvæðum frumvarpsins beinlínis falið öðrum. Öll rök hníga að því að eftirlit með hvers kyns erlendri fjárfestingu, leyfisveitingar og vald til að stöðva tiltekna erlenda fjárfestingu heyri undir einn ráðherra þegar ein fjárfestingarlög koma í stað ákvæða í mörgum og mismunandi lögum. Með því að gjaldeyris- og viðskiptamál falla undir viðskiptaráðherra er lagt til að hann fari með yfirstjórn mála sem varða erlenda fjárfestingu. Í þessu sambandi er þó rétt að endurtaka það sem áður greinir að veiting leyfa til að stunda ákveðna atvinnustarfsemi verður, þar sem slíkra leyfa er krafist, áfram í höndum sömu stjórnvalda og áður.

Samkvæmt 2. mgr. er lagt til að viðskiptaráðherra geti gripið inn í og bannað erlendum aðila að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi ef viðkomandi aðili hefur verið sviptur réttindum til að stunda atvinnurekstur með dómi í öðru ríki. Sömu heimild hefur viðskiptaráðherra ef íslenskir aðilar njóta ekki sambærilegra réttinda til fjárfestinga í heimaeða upprunaríki hins erlenda aðila.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að sérstök nefnd, nefnd um erlenda fjárfestingu, verði viðskiptaráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar samkvæmt frumvarpinu og umsagnaraðili um einstök mál. Lagt er til að nefndin verði skipuð fimm mönnum kosnum hlutfallskosningu í sameinuðu þingi eftir hverjar almennar þingkosningar. Á sama hátt skulu kosnir jafnmargir varamenn. Viðskiptaráðherra skipar síðan formann og varaformann úr hópi hinna þingkjörnu nefndarmanna. Formaður nefndarinnar boðar hana til funda en viðskiptaráðherra ákveður þóknun hennar.

Samkvæmt 2. mgr. þarf nefndin að hafa komist að þeirri niðurstöðu að nánar tilgreind skilyrði séu fyrir hendi til þess að viðskiptaráðherra geti stöðvað tiltekna erlenda fjár-

festingu. Stöðva má tiltekna fjárfestingu ef hún er talin ógna öryggi landsins, skerða verulega samkeppni fyrirtækja í viðkomandi atvinnugrein eða ef hún er á annan hátt til þess fallin að hafa óæskileg áhrif á atvinnulíf í landinu. Þessu ákvæði er ætlað að vera ákveðinn öryggisventill vegna fjárfestingar erlendra aðila sem hættuleg þykir eða óæskileg, en er hvorki bönnuð né háð leyfi ráðherra samkvæmt öðrum töluliðum 4. gr. eða samkvæmt ákvæðum annarra laga. Ógnun við öryggi landsins getur bæði falið í sér ógnun við innra og ytra öryggi landsins. Með verulegri skerðingu á samkeppni fyrirtækja í viðkomandi atvinnugrein er fyrst og fremst átt við tilvik sem ætla má að gangi þvert á löggjöf um auðhringa og hringamyndanir, ef sett hefðu verið, með hliðsjón af ákvæðum slíkrar löggjafar í nágrannalöndum. Ekki er fyrir fram unnt að sjá fyrir á tæmandi hátt þau dæmi sem upp gætu komið um fjárfestingu erlendra aðila sem þættu til þess fallin að hafa óæskileg áhrif á atvinnulíf í landinu. Þar verður reynslan að skera úr. Þótt það leiði þannig af eðli máls að útilokað sé að skilgreina nákvæmlega í lögum skilyrði fyrir því að stöðvunarheimild þessari sé beitt og þar hljóti ávallt að verða að vera visst svigrúm fyrir frjálst mat er ljóst að ákvæðinu er eingöngu ætlað að vera nokkurs konar varnagli sem ekki sé gripið til nema nauðsyn beri til. Því er lagt til að viðskiptaráðherra geti því aðeins stöðvað erlenda fjárfestingu á grundvelli þessa töluliðar að fyrir liggi álit nefndar um erlenda fjárfestingu, um að skilyrði fyrir beitingu stöðvunarheimildar séu fyrir hendi. Til þess að erlendir aðilar þurfi ekki að vera lengi í óvissu um það hvort tiltekin fjárfesting nær fram að ganga, en það eitt og sér er til þess fallið að draga úr áhuga erlendra aðila á að fjárfesta í tilteknu landi ef lengi þarf að bíða niðurstöðu um það hvort fjárfesting verður heimiluð eða stöðvuð, er tekið fram að það sé skilyrði fyrir stöðvun fjárfestingar að ákvörðun þar að lútandi sé kunngerð innan átta vikna frá því að réttum stjórnvöldum berst tilkynning um hlutaðeigandi fjárfestingu.

Um 11. gr.

Samkvæmt þessari grein er viðskiptaráðherra heimilað að setja nánari ákvæði um framkvæmd laganna í reglugerð.

Um 12. gr.

Hér er lagt til að brot gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Meðal brota gegn lögunum má nefna að ekki sé tilkynnt um erlenda fjárfestingu eða fjármagnsflutninga vegna hennar, að ekki séu virtar fjárfestingartakmarkanir 4. gr. og að leyfis viðskiptaráðherra sé ekki leitað til erlendrar fjárfestingar þegar skylt er. Refsiábyrgðin getur eftir atvikum og almennum reglum ýmist legið hjá erlendum og/eða innlendum aðilum.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Tafla 1.

Erlendir aðilar sem eiga hlut í íslenskum fyrirtækjum.

Fyrirtæki	Heildarhlutafé (í þús. kr.)	Erlend eignaraðild	Hlutafé (í þús. kr.)	Í %	Annað eigið fé	Eigið fé samtals	Heildareign (í þús. kr.)
Alpan h/f. Framl. á steikarapönnum	25.296	Amlen Ltd. Ermasundseyjar Frakkl.	2.108	8.33			2.108
Ábyrgð h.f. Tryggingaþjónusta	60.000	Ansvar Omsesidigt Stokkhólmur. Svíþjóð	54.124	90.21	254.707	314.707	283.887
Baader þjónustan Innfl/þjónusta á vélum	24.300	Nordisch Machinenbau V-Þýskaland	11.846	48.75			11.846
Bröste umboðið h/f	20	P. Bröste a/s	9.5	47.50			10
Bröste umboðið h/f. Heildverslun	20	Scandibutor a/s Lyngby. Danmörk	0.5	2.50			1
David Pitt & Co. h/f. Heildverslun	20	Peter F. Pitt London. England	1.2	6.00	3.000	3.001	180
DHL hraðflutn. hf.	20	Mike G. Moulder	4.5	22.50			5
DHL hraðflutn. hf. Hraðsendingarþjónusta	20	Peter Heereman	4.5	22.50			5
Doppelmayr-skíðalyftur Heildverslun	20	Doppelmayr & sons Austurríki	9.8	49.00			10
Eldberg hf. Útfl/vinnsla á Hekluvirki	7.232	UBG Iffezheim GmbH & c Iffezheim. V-Þýskal.	3.538	48.92			3.538
Ewos hf. Framl. á fiskafóðri	118.605	Ewos AB. Sweden Södertalje. Svíþjóð	58.116	49.00	9.928	128.533	62.981
Flutningsmiðlunin Flutningaþjónusta	19.150	Frans M. Beheer Holland	9.575	50.00			9.575
Gluggahús h.f. Innfl/þjónusta á gluggum	1.000	Erstad Trevarefabrik Noregi	490	49.00			490
Göltur h.f. Útflutn. á sjávarafurðum	1.300	Gíslason & Marr Hull. England	200	15.38			200
AVS-Hagtæki h.f. Heildverslun	5.040	AVS. Danmark Danmörk	3.640	72.22			3.640
Heimilistæki hf. Heildsala/Smásala	27.167	Helga Johnson Hersey Long Island. New York	1.779	6.55			1.779
Héðinn Schindler h.f. Innfl. & þjónusta á lyftum	25.000	Schindler Hissar AB Stokkhólmi. Svíþjóð	12.500	50.00			12.500
Hlaðbær-Colas. malb.stöð Framl. og lagning malbiks	70.000	Colas Vejmateriale Danmörk	34.300	49.00			34.300
Hús fyrir Epal h.f. Fasteignarekstur	38.557	Magnus Olesen A/S Durup. Danmörk	15.423	40.00	11.457	50.014	20.006

Fyrirtæki	Heildarhlutafé erlend eignaraðild (í þús. kr.)		Hlutafé (í þús. kr.)	Í %	Annað eigið fé	Eigið fé samtals	Heildareign (í þús. kr.)
I.B.M. á Íslandi		I.B.M. Corp.		100.00		464.000	464.000
Ísl. Járnbl.fél. h.f.	2.000.000	Elkem a/s, Noregi	600.000	30.00	1.234.600	3.234.600	970.380
Ísl. Járnbl.fél. h.f.	2.000.000	Sumitomo corp., Japan	300.000	15.00	1.234.600	3.234.600	485.190
Íslenskt Bergvatn h.f. Framl. og átöppun á vatni	230.000	Great Icel. Water Hold Kanada	104.650	45.50			104.650
Íslenskur Gæðafiskur hf.	5.000	N.V. Visbedrijf P.J.	2.350	47.00			2.350
Íslenskur Gæðafiskur hf.	5.000	N.V. Pandalus	50	1.00			50
Íslenskur Gæðafiskur hf. Framl. og útflutn. á fiski	5.000	V. Pieters Breskens Holland, Belgía	50	1.00			50
Ísnó h.f. Fiskeldi	53.228	A/S Mowi, Noregi	22.888	43.00	−134.647	−81.419	
Ístess h.f. Fóðurframleiðsla	80.000	T. Skretting a.s. Stavanger, Noregi	38.400	48.00	−77.969	2.031	975
ÍSAL Álframleiðsla	100.000	Swiss Aluminum Ltd.	100.000	100.00	3.929.000	4.029.000	4.029.000
Ísmar h.f. Rafeindaþjón.	14.000	Scanmar AS, Noregi	840	6.00			840
Ístak h.f. Verktaki	40.000	E. Pihl & sön A/S Lyngby, Danmörk	37.000	92.50	111.889	151.889	140.497
Kaffibrennsla Ó.J.& K. hf. Framl. á kaffi	12.190	Helga Johnson Hersey Long Island, New York	777	6.37			777
Kísiliðjan h.f. Framl. á kísilgúr	122.651	Manville Corp. Denver, Colorado	59.564	48.56	509.062	631.713	306.784
Kornax h.f. Framleiðsla á korni	40.000	Valsemöllen A/S Danmörk	20.000	50.00	−23.189	16.811	8.406
Kværner Eurika Ísland Heildverslun		Kværner Kulde A/S Noregur		100.00	−2.181		
Lind h.f. Fjármögnunarleiga	10.000	Banque Indosuez Norge Osló, Noregi	4.000	40.000	44.739	54.739	21.896
Luna h.f. Útflutn. á sjávarafurðum	250	Niclas Rasmussen Færeyjum	13	5.00			13
Manville h.f. Sala á kísilgúr	10	Manville Int'l. Corp. Denver, Colorado	10	100.00			10
Ó. Johnson & Kaaber hf. Umboðs- og heildverslun	38.071	Helga Johnson Hersey Long Island, New York	2.326	6.11			2.326
Olíufélagið Skeljungur	241.920	Shell Asiatic Petrol.	9.936	4.11	1.563.259	1.805.179	74.141
Olíufélagið Skeljungur	241.920	Shell Petrol. Company	48.384	20.00	1.563.259	1.805.179	361.036
Olíuverslun Íslands	510.300	Texaco A/S Danmörk	153.090	30.00	489.700	1.000.000	300.000

Fyrirtæki	Heildarhlutafé erlend eignaraðild (í þús. kr.)		Hlutafé (í þús. kr.)	Í %	Annað eigið fé	Eigið fé samtals	Heildareign (í þús. kr.)
Reki h.f. Innfl/þjón. á bátum	1.800	Selfa Bat as, Noregi	300	16.67			300
Silfurberg h.f. Laxeldi	48.260	Peter Wallenberg, Swe.	28.218	58.47	-12.157	36.103	21.110
Silfurberg h.f. Laxeldi	48.260	Thorbjörn Ek, Sweden	7.300	15.13	-12.157	36.103	5.461
Silfurberg h.f. Laxeldi	48.260	Curt Nicolin, Sweden	1.147	2.38	-12.157	36.103	858
Silfurgen h.f. Laxeldi	1.000	Curt Nicolin, Sweden	10	1.00	-55.813	-54.813	
Silfurgen h.f. Laxeldi	1.000	Aquateng AB, Sweden	10	1.00	-55.813	-54.813	
Silfurlax h.f. Laxeldi	138.012	Curt Nicolin, Sweden	40.783	29.55	-3.757	134.255	39.673
Silfurlax h.f. Laxeldi	138.012	Aquateng AB, Sweden	24.083	17.45	-3.757	44.503	7.766
Sjóvík h.f.	100	Tony D. Stevens	25	25.00			25
Skjóvík h.f.	100	Tom S. Omley	20	20.00			20
Útflutn. á sjávarafurðum		Bretlandi					
Sproti h.f. Framl. og út-	175	Ian Lockwood, England	50	28.57			50
Sproti h.f. flutn. á vodka	175	Export Ltd. London	75	42.86			75
Steinullarverksmiðjan	213.952	Oy Partek A/B	58.752	27.46	139		58.752
Framleiðsla á steinull		Finnlandi					
Sævörur h.f. Heildverslun	1.000	Seaproduct Int'l., UK	490	49.00			490
Veitingahúsið v/Tjörnina	1.500	Jane Neufeld	450	30.00			450
Veitingahúsið v/Tjörnina	1.500	Ray Neufeld	60	4.00			60
Veitingarekstur		Evanston, Il. USA					
Samtals	6.815.413		1.873.770	27.49			7.855.518

Þ.a. ÍSAL	4.029.000
Heildareign án ÍSAL	3.826.518
Heildareign alls	7.855.518

Athugasemdir:

- ÍSAL, Ísl. járnblendið og Kísiliðjan eru með 73.5% af heildareignum erlendra aðila, eða um 5.8 milljarða kr.
- Af þessum 26.5% sem eftir standa, eru 7 aðilar með 1735 m.kr. eða um 23%.
- 9 fyrirtæki eru með 96% af allri erlendri eignaraðild að íslenskum fyrirtækjum.
- Afgangurinn, ca. 4% eru um 50 fyrirtæki/einstaklingar með skráða erlenda eignaraðild.
- Um 20 fyrirtæki eru með yfir 10 m.kr. erlenda eignaraðild.
- Fjöldi smærri fyrirtækja með skráða erlenda eignaraðild eru ekki starfandi eða eru aðeins nafnið eitt, gjaldþrota eða hjá skiptaráðanda. Þau fyrirtæki eru ekki á þessum lista.
- Yfirlitið er miðað við stöðu 31. desember 1989. Yfirlit fyrir árið 1990 liggur ekki fyrir.
- Heildareign erlends aðila er fundin með því að margfalda heildar eigið fé með % hlut hins erlenda aðila af heildarhlutafé hins íslenska fyrirtækis.

Tafla 2.

Flokkun fyrirtækja eftir atvinnugrein.

Iðnaðarframleiðsla.

Fyrirtæki	Heildarhlutafé	Erlend eignaraðild	Hlutafé	Í %	Annað eigið fé	Eigið fé samtals	Heildareign
ÍSAL Álframleiðsla	100,000	Swiss Aluminum Ltd.	100,000	100.00	3,929,000	4,029,000	4,029,000
Ísl. járnbl. fél. h.f.	2,000,000	Elkem a/s, Noregi	600,000	30.00	1,234,600	3,234,600	970,380
Ísl. járnbl. fél. h.f.	2,000,000	Sumitomo corp., Japan	300,000	15.00	1,234,600	3,234,600	485,190
Kísiliðjan h.f.	122,651	Manville Corp.	59,564	48.56	509,062	631,713	306,784
Íslenskt Bergvatn h.f.	230,000	Great Icel. Water Hold	104,650	45.50			104,650
Ewos hf.	118,605	Ewos AB, Sweden	58,116	49.00	9,928	128,533	62,981
Steinullarverksmiðjan	213,952	Oy Partek A/B	58,752	27.46	139		58,752
Hlaðbær–Colas, malb.stöð	70,000	Colas Wejmateriale	34,300	49.00			34,300
Ístess h.f.	80,000	T. Skretting a.s.	38,400	48.00	–77,969	2,031	975
Kornax h.f.	40,000	Valsemöllen A/S	20,000	50.00	–23,189	16,811	8,406
Eldberg hf.	7,232	UBG Iffezheim Gmb H& C	3,538	48.92			3,538
Alpan h/f.	25,296	Amlen Ltd.	2,108	8.33			2,108
Kaffibrennsla Ó.J.& K. hf.	12,190	Helga Johnson Hersey	777	6.37			777
Sproti h.f. framl. og út.	175	Exort Ltd. London	75	42.86			75
Sproti h.f. flutn. á vodka	175	Ian Lockwood, England	50	28.57			50
			Samtals				6,067,965
			þ.a. stóriðja (Ísal, Ísl. járnbl.)				5,484,570
			Samtals án stóriðju				583,395

Verslun og þjónusta.

I.B.M. Íslandi		I.B.M. Corp.		100.00		464,000	464,000
Olíufélagið Skeljungur	241,920	Shell Petrol. Company	48,384	20.00	1,563,259	1,805,179	361,036
Olíuverslun Íslands	510,300	Texaco A/S Danmörk	153,090	30.00	489,700	1,000,000	300,000
Ábyrgð h.f.	60,000	Ansvar Omsesidigt	54,124	90.21	254,707	314,707	283,887
Olíufélagið Skeljungur	241,920	Shell Asiatic Petrol.	9,936	4.11	1,563,259	1,805,179	74,141
Lind h.f.	10,000	Banque Indosuez Norge	4,000	40.00	44,779	54,739	21,896
Hús fyrir Epal h.f.	38,557	Magnus Olesen A/S	15,423	40.00	11,457	50,014	20,006
Héðinn Schindler h.f.	25,000	Schindler Hissar AB	12,500	50.00			12,500
Baader þjónustan	24,300	Nordisch Machinenbau	11,846	48.75			11,846
Flutningamiðlunin	19,150	Frans M. Beheer	9,575	50.00			9,575
AVS–Hagtæki h.f.	5,040	AVS, Danmark	3,640	72.22			3,640
Ó. Johnson & Kaaber hf.	38,071	Helga Johnson Hersey	2,326	6.11			2,326
Heimilistæki h.f.	27,167	Helga Johnson Hersey	1,779	6.55			1,779
Ístak h.f.	40,000	E. Phil & sön A/S	37,000	92.50	111,889	151,889	140,497
Ísmar h.f. Rafeindaþjónusta	14,000	Scanmar AS, Noregi	840	6.00			840
Glugghús h.f.	1,000	Erstad Trevarefabrik	490	49.00			490
Sævörur h.f. Heildverslun	1,000	Seaproduct Int'l., UK	490	49.00			490
Veitingahúsið v/Tjörnina	1,500	Jane Neufeld	450	30.00			450
Reki h.f. Innfl/þjón. á bátum	1,800	Self Bat as, Noregi	300	16.67			300
David Pitt & Co. h/f.	20	Peter F. Pitt	1.2	6.00	3,000	3,001	180
Veitingahúsið v/Tjörnina	1,500	Ray Neufeld	60	4.00			60
Doppelmayr-skíðalyftur	20	Doppelmayr & sons	9.8	49.00			10
Bröste umboðið h/f.	20	P. Bröste a/s	9.5	47.50			10
Manville h.f.	10	Manville Int'l. Corp.	10	100.00			10
DHL hraðflutn. hf.	20	Peter Heereman	4.5	22.50			5
DHL hraðflutn. hf.	20	Mike G. Moulder	4.5	22.50			5
Bröste umboðið h/f.	20	Scandibutor a/s	0.5	2.50			1
			Samtals				1,709,977

Sjávarútvegur og fiskeldi.

Silfurlax h.f. Laxeldi	138,012	Curt Nicolin, Sweden	40,783	29.55	-3,757	134,255	39,673
Silfurberg h.f. Laxeldi	48,260	Peter Wallenberg, Swe.	28,218	58.47	-12,157	36,103	21,110
Silfurlax h.f. Laxeldi	138,012	Aquateng AB, Sweden	24,083	17.45	-3,757	44,503	7,766
Ísnó h.f. Fiskeldi	53,228	A/S MOWI, NOREGI	22,888	43.00	-134,647	-81,419	
Silfurberg h.f. Laxeldi	48,260	Thorbjörn Ek, Sweden	7,300	15.13	-12,157	36,103	5,461
Íslenskur gæðafiskur hf.	5,000	N.V. Visbedrijf P.J.	2,350	47.00			2,350
Silfurberg h.f. Laxeldi	48,260	Curt Nicolin, Sweden	1,147	2.38	-12,157	36,103	858
Göltur h.f.	1,300	Gíslason & Marr	200	15.38			200
Íslenskur gæðafiskur hf.	5,000	N.V. Pandalus	50	1.00			50
Íslenskur gæðafiskur hf.	5,000	V. Pieters Breskens	50	1.00			50
Sjóvík h.f.	100	Tony D. Stevens	25	25.00			25
Sjóvík hf.	100	Tom S. Omley	20	20.00			20
Luna h.f.	250	Niclas Rasmussen	13	5.00			13
Silfurgen h.f. Laxeldi	1,000	Curt Nicolin, Sweden	10	1.00	-55,813	-54,813	
Silfurgen h.f. Laxeldi	1,000	Aquateng AB, Sweden	10	1.00	-55,813	-54,813	
			Samtals				77,575
			þ.a. fiskeldi				74,867
Samtals							7,855,518

Athugasemd:

- Staða fiskeldis eins og hún var í árslok 1988. Engar tölur hafa borist varðandi afkomu árið 1989, en ljóst er að það ár var mörgum fiskeldisfyrirtækjum erfitt.

Tafla 3.

Flokkun fyrirtækja eftir stærð eignaraðildar.

Fyrirtæki	Heildarhlutafé	Erlend eignaraðild	Hlutafé	Í %	Annað eigið fé	Eigið fé samtals	Heildareign
Íslenskur gæðafiskur hf.	5,000	V. Pieters Breskens	50	1.00			50
Íslenskur gæðafiskur hf.	5,000	N.V. Pandalus, Belgía	50	1.00			50
Silfurgen h.f.	1,000	Aquateng AB, Sweden	10	1.00	-55,813	-54,813	
Silfurgen h.f.	1,000	Curt Nicolin, Sweden	10	1.00	-55,813	-54,813	
Silfurberg h.f.	48,260	Curt Nicolin, Sweden	1,147	2,38	-12,157	36,103	858
Bröste umboðið h/f.	20	Scandibutor a/s	0.5	2.50			1
Veitingahúsið v/Tjörnina	1,500	Ray Neufeld, Il. USA	60	4.00			60
Olíufélagið Skeljungur	241,920	Shell Asiatic Petrol.	9,936	4.11	1,563,259	1,805,179	74,141
Luna h.f.	250	Niclas Rasmussen, Fær	13	5.00			13
Ísmar h.f.	14,000	Scanmar AS, Noregi	840	6.00			840
David Pitt & Co. h/f.	20	Peter F. Pitt	1.2	6.00	3,000	3,001	180
Ó. Johnson & Kaaber hf.	38,071	Helga Johnson Hersey	2,326	6.11			2,326
Kaffibrennsla Ó.J. & K. hf.	12,190	Helga Johnson Hersey	777	6.37			777
Heimilistæki hf.	27,167	Helga Johnson Hersey	1,779	6.55			1,779
Alpan h/f.	25,296	Amlen Ltd.	2,108	8.33			2,108
Ísl. járnbl. fél. h.f.	2,000,000	Sumitomo corp., Japan	300,000	15.00	1,234,600	3,234,600	485,190
Silfurberg h.f.	48,260	Thorbjörn Ek, Sweden	7,300	15.13	-12,157	36,103	5,461
Göltur h.f.	1,300	Gíslason & Marr, Hull	200	15.38			200
Reki h.f.	1,800	Selfa Bet as, Noregi	300	16.67			300
Silfurlax h.f.	138,012	Aquateng AB, Sweden	24,083	17.45	-3,757	44,503	7,766

Fyrirtæki	Heildarhlutafé	Erlend eignaraðild	Hlutafé	Í %	Annað eigið fé	Eigið fé samtals	Heildareign
Olíufélagið Skeljungur	241,920	Shell Petrol. Company	48,384	20.00	1,563,259	1,805,179	361,036
Sjóvík h.f.	100	Tom S. Omley	20	20.00			20
DHL hraðflutn. hf.	20	Peter Heereman	4.5	22.50			5
DHL hraðflutn. hf.	20	Mike G. Moulder	4.5	22.50			5
				Samtals eignaraðild fyrirtækja með 0 – 24.99			943,164
Sjóvík h.f.	100	Tony D. Stevens	25	25.00			25
Steinullarverksmiðjan	213,952	Oy Partek A/B, Finl.	58,752	27.46	139		58,752
Sproti h.f.	175	Ian Lockwood, England	50	28.57			50
Silfurlax h.f.	138,012	Curt Nicolin, Sweden	40,783	29.55	-3,757	134,255	39,673
Ísl. járnbl.fél. h.f.	2,000,000	Elkem a/s, Noregi	600,000	30.00	1,234,600	3,234,600	970,380
Olíuverslun Íslands	510,300	Texaco A/S Danmörk	153,090	30.00	489,700	1,000,000	300,000
Veitingahúsið v/Tjörnina	1,500	Jane Neufeld, Il. USA	450	30.00			450
Lind h.f.	10,000	Banque Indosuez Norege	4,000	40.00	44,739	54,739	21,896
Hús fyrir Epal h.f.	38,557	Magnus Olesen A/S	15,423	40.00	11,457	50,014	20,006
Sproti h.f.	175	Exort Ltd.	75	42,86			75
Ísnó h.f.	53,228	A/S MOWI, NOREGI	22,888	43.00	-134,647	-81,419	
Íslenskt bergvatn h.f.	230,000	Great Icel. Water Hold	104,650	45.50			104,650
Íslenskur gæðafiskur hf.	5,000	N.V. Visbedrijf P.J.	2,350	47.00			2,350
Bröste umboðið h/f.	20	P. Bröste a/s	9.5	47.50			10
Ístess h.f.	80,000	T. Skretting a.s.	38,400	48.00	-77,969	2,031	975
Kísiliðjan h.f.	122,651	Manville Corp.	59,564	48,56	509,062	631,713	306,784
Baader þjónustan	24,300	Nordisch Machinenbau	11,846	48.75			11,846
Eldberg hf.	7,232	UBG Iffezheim GmbH & C	3,538	48.92			3,538
Sævörur h.f.	1,000	Seaproduct Int'l., UK	490	49.00			490
Hlaðbær-Colas, malb.stöð	70,000	Colas Vejmateriale	34,300	49.00			34,300
Ewos hf.	118,605	Ewos AB, Sweden	58,116	49.00	9,928	128,533	62,981
Glugghús h.f.	1,000	Erstad Trevarefabrik	490	49.00			490
Doppelmayr-skíðalyftur	20	Doppelmayr & son, Austr	9.8	49.00			10
				Samtals eignaraðild fyrirtæka með 25.0 – 49			1,939,730
Flutningsmiðlunin	19,150	Frans M. Beheer, Ned	9,575	50.00			9,575
Kornax h.f.	40,000	Valsemöllen A/S, Danm.	20,000	50.00	-23,189	16,811	8,406
Héðinn Schindler h.f.	25,000	Schindler Hissar ab	12,500	50.00			12,500
Silfurberg h.f.	48,260	Peter Wallenberg, Swe.	28,218	58,47	-12,157	36,103	21,110
AVS-Hagtæki h.f.	5,040	AVS, Danmark	3,640	72.22			3,640
Ábyrgð h.f.	60,000	Ansvar Omsesidigt	54,124	90.21	254,707	314,707	283,887
Ístak h.f.	40,000	E. Phil & sön A/S	37,000	92.50	111,889	151,889	140,497
				Samtals eignaraðild fyrirtækja mneð 50.0 – 99			479,614
Kværner Eurika Ísland		Kværner Kulde A/S		100.00	-2,181		
ÍSAL	100,000	Swiss Aluminum Ltd.	100,000	100.00	3,929,000	4,029,000	4,029,000
I.B.M. Íslandi		I.B.M. Corp.		100.00		464,000	464,000
Manville h.f.	10	Manville Int'l. Corp.	10	100.00			10
				Samtals eignaraðild fyrirtækja með 100.0 %			4,493,010
						Heildareign alls	7,855,519

Tafla 4.

Yfirlit um íslenska og erlenda eignaraðild skv. atvinnugreinum 31. desember 1989.
(Í m.kr.)

	Ísl. aðild	Í %	Erl. aðild	Í %	Mismunur
Iðnaður	79.4	4.6	6,068.0	77.2	-5,988.6
Þjónusta	35.4	2.0	1,710.0	21.8	-1,674.6
Fiskvinnsla og sjávarútvegur	1,615.0	93.4	77.6	1.0	1,537.4
Samtals	1,729.8		7,855.6		-6,125.8

Tafla 5.

Yfirlit yfir arðgreiðslur erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

	Gjaldeyrissala
1985	4.376
1986	2.346
1987	8.312
1988	19.971
1989	80.676
1990	16.507
Samtals	132.188

Tafla 6.

Eignaraðild erlendra fyrirtækja að fasteignum.
Leyfi til fyrirtækja í atvinnurekstri skv. lögum nr. 19/1966.
Tímabilið 1970–1990.

Dags. leyfis	Leyfishafi	Staðsetning fasteigna	Atv. grein	Erl. eign í hlutafél.
6. júlí 1978	Ansvar International, Svíþjóð	Reykjavík	skrifst. húsnæði	meiri hluti
11. mars 1981	Tungulax hf./Norís hf.	Árnessýsla V.-Skaft. N.-Þing.	fiskeldi	45%
13. okt. 1982	Ábyrgð hf.	Reykjavík	skrifst. húsnæði	meiri hluti
28. apríl 1983	Ábyrgð hf.	Reykjavík	geymsluhúsnæði	meiri hluti
20. maí 1983	IBM á Íslandi, útibú	Reykjavík	skrifst. húsnæði	erl. útibú
30. ágúst 1983	Blárefur hf.	Hafnarfjörður	fiskeldi	49%
6. maí 1985	Sjávargull hf.	Grindavík	fiskeldi	45%

Dags. leyfis	Leyfishafi	Staðsetning fasteigna	Atv. grein	Erl. eign í hlutafél.
3. okt. 1985	Vogalax hf.	Gullbringusýsla	fiskeldi	49%
26. nóv. 1985	Silfurlax hf.	Árnessýsla	fiskeldi	49%
25. febr. 1986	Innkaup hf.	Reykjavík	vöruskemma skrifst. húsnæði	40%
11. júlí 1986	Hveitimyllan hf.	Reykajvík	iðjurekstur	50%
22. júlí 1986	Silfurgen hf.	Gullbringusýsla	fiskeldi	49%
23. júlí 1986	Íslandslax hf.	Grindavík	fiskeldi	49%
29. júlí 1986	Ewos hf.	Reykjavík	fóðurblöndun o.fl.	49%
10. sept. 1986	Epal hf.	Reykjavík	versl. húsnæði	40%
12. des. 1986	Fjallalax hf.	Árnessýsla	fiskeldi	49%
21. maí 1987	Silfurlax hf.	Snæf.sýsla	fiskeldi	49%
19. nóv. 1987	Lindalax hf.	Gullbringusýsla	fiskeldi	49%
11. apríl 1988	Würth á Íslandi, útibú	Reykjavík	versl. húsnæði (leiga)	erl. útibú
22. júlí 1988	Bakhús hf. Ísrokk hf.	Reykjavík	versl. húsnæði	49%
28. des. 1988 (Í stað leyfis 10. sept. 1986)	Hús fyrir Epal hf.	Reykjavík	versl. húsnæði	98%
31. júlí 1989 (Tímabundið, sjá leyfi 19. nóv. 1987)	Lindalax hf.	Gullbringusýsla	fiskeldi	meiri hluti
1. sept. 1989	Olíuverslun Íslands hf.	Reykjavík	nauðsynl. fasteignir	30%
4. des. 1989	Steinullarverksm. hf.	Sauðárkrókur	verksm. húsnæði	28%

Nd. 566. Frumvarp til laga [321. mál]

um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

1. gr.

Lög um rétt til fiskveiða í landhelgi, nr. 33 19. júní 1922.

a. 1. gr. laganna orðist svo:
Fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands mega einir stunda íslenskir ríkisborgarar sem eiga lögheimili hérlendis og lögaðilar sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara.

b. 2. gr. laganna orðist svo:
Til fiskveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands má aðeins hafa íslenska báta eða skip, en íslenskir nefnast í lögum þessum þeir bátar eða skip sem skráð eru hér á landi.

c. 8. gr. og 11. gr. laganna falla niður.

2. gr.

Lög um leiðsögu skipa, nr. 48 19. júní 1933.

Við 1. tölul. 3. gr. laganna bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það samfellt í að minnsta kosti eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

3. gr.

Lög um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns, nr. 74 11. júní 1938.

Við 1. tölul. 2. gr. laganna bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það samfellt í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

4. gr.

Lög um málflytjendur, nr. 61 4. júlí 1942.

Við 4. tölul. 9. gr. og 4. tölul. 14. gr. laganna bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það samfellt í að minnsta kosti eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

5. gr.

Lög um hvalveiðar, nr. 26 3. maí 1949.

a. 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo: Slík leyfi má aðeins veita aðilum er fullnægja skilyrðum til að mega stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

b. 2. mgr. 1. gr. laganna falli niður.

6. gr.

Lög um prentrétt, nr. 57 10. apríl 1956.

1. mgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Útgefandi blaðs eða tímarits, sem gefið er út hér á landi, skal vera íslenskur ríkisborgari, fjárráða og með forræði á búi sínu og með lögheimili hér á landi, félag eða annar lögaðili sem á heimili hér á landi. Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi

og hefur átt það samfellt í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

7. gr.

Lög um loftferðir, nr. 34 21. maí 1964.

1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Rétt er að skrásetja loftfar hér á landi í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi eða íslenskra lögaðila sem eiga heimili hér á landi. Réttur til skrásetningar loftfars er þó háður því að fullnægt sé skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

8. gr.

Lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19. 6. apríl 1966.

1. gr. laganna orðist svo:

Enginn má öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteignum á landi hér, þar á meðal veiðirétt, vatnsréttindi eða önnur fasteignaréttindi, hvort sem er fyrir frjálsa afhendingu eða nauðungarráðstöfun, hjúskap, erfðir eða afsal, nema þeim skilyrðum sé fullnægt sem nú skal greina:

1. Ef einstakur maður er þá skal hann vera íslenskur ríkisborgari eða með lögheimili á Íslandi samfellt í a.m.k. fimm ár.
2. Ef fleiri menn eru með í félagi og ber hver fulla ábyrgð á skuldum félagsins þá skulu þeir allir vera íslenskir ríkisborgarar eða með lögheimili á Íslandi samfellt í a.m.k. fimm ár.
3. Ef félag er og bera sumir fulla en sumir takmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins þá skulu þeir er fulla ábyrgð bera allir vera íslenskir ríkisborgarar eða með lögheimili á Íslandi samfellt í a.m.k. kosti fimm ár.
4. Ef félag er, þar sem enginn félaga ber fulla ábyrgð á skuldum félagsins, eða stofnun þá skal félagið eða stofnunin eiga hér heimilisfang og varnarþing og stjórnendur allir vera íslenskir ríkisborgarar eða með lögheimili á Íslandi samfellt í a.m.k. fimm ár. Í hlutafélögum skulu $^{4}/_{5}$ hlutar hlutafjár vera eign íslenskra ríkisborgara og íslenskir ríkisborgarar fara með meiri hluta atkvæða á hluthafafundum.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–4. tölul. 1. mgr. er ráðherra heimilt að veita leyfi ef lögð eru fram gögn er sýna:

1. Að um er að ræða leigu á fasteign eða réttindi yfir henni og leigutími eða annar réttindatími er þrjú ár eða skemmri eða uppsögn áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara.
2. Að um er að ræða aðila sem ekki fullnægir skilyrðum 1.–4. tölul. 1. mgr. en hefur rétt til þess að stunda atvinnurekstur hér á landi og vill öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign til eigin nota og/eða til notkunar í atvinnustarfsemi sinni, enda fylgi henni einungis venjuleg lóðarréttindi, en ekki önnur réttindi, svo sem veiðiréttur eða vatnsréttindi.

Leggja skal fyrir dómsmálaráðuneytið samninga, afsöl eða önnur heimildarskjöl vegna eignar- og afnotaréttinda erlendra aðila hér á landi og öðlast gerningurinn ekki gildi fyrr en ráðuneytið hefur staðfest hann með áritun sinni.

9. gr.

Lög um verslunaratvinnu, nr. 41 2. maí 1968.

a. Við 1. tölul. 4. gr. laganna bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það samfellt í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

b. 5. gr. laganna orðist svo:

Félag eða annar lögaðili á rétt á verslunarleyfi eða endurnýjun verslunarleyfis, enda uppfylli framkvæmdastjórar og stjórnarmenn lögaðila og, sé um að ræða félag þar sem allir eða sumir félagsmanna bera fulla ábyrgð á skuldbindingum félagsins, þeir félagsmanna, sem fulla ábyrgð bera á skuldbindingum félagsins, skilyrði 2. og 4. tölul. 4. gr. Þá skal einn stjórnarmanna og framkvæmdastjóri jafnframt fullnægja skilyrðum 3. tölul. 4. gr. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í skal enn fremur fullnægt skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Heimilt er ráðherra að veita undanþágu frá ríkisfangsskilyrði 1. tölul. 4. gr.

10. gr.

Námulög, nr. 24 17. apríl 1973.

10. gr. laganna orðist svo:

Rétt er ráðherra að veita sérleyfi til leitar og vinnslu jarðefna hér á landi, enda sé fullnægt ákvæðum 7., 8. og 9. gr. laga þessara ef um einkaeign er að ræða. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í skal enn fremur fullnægt skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

11. gr.

Lög um sjúkraþjálfun, nr. 58 31. maí 1976.

Við 2. gr. laganna bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það samfellt í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

12. gr.

Lög um iðjuþjálfun, nr. 75 31. desember 1977.

Við 2. gr. laganna bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það samfellt í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

13. gr.

Lög um hlutafélög, nr. 32 12. maí 1978.

2. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Stofnendur hlutafélags skulu vera tveir hið fæsta. Meiri hluti stofnenda skal hafa haft heimilisfesti hér á landi í minnst eitt ár.

14. gr.

Lög um lyfjafræðinga, nr. 35 11. maí 1978.

Við 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér

á landi og hefur átt það samfellt í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

15. gr.

Iðnaðarlög, nr. 42 18. maí 1978.

a. Við 1. tölul. 3. gr. laganna bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það samfellt í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.
b. Síðari málsliður 6. tölul. 3. gr. laganna orðist þannig: Iðnaðarráðherra getur veitt undanþágur frá ríkisfangsskilyrði 1. tölul. og ákvæðum 4. og 5. tölul.
c. 4. gr. laganna orðist svo:

Nú vill félag eða annar lögaðili reka iðnað og getur þá slíkur lögaðili fengið til þess leyfi, enda uppfylli framkvæmdastjórar og stjórnarmenn lögaðila og, sé um að ræða félag þar sem allir eða sumir félagsmanna bera fulla ábyrgð á skuldbindingum félagsins, þeir félagsmanna, sem fulla ábyrgð bera á skuldbindingum félagsins, skilyrði 2.–6. tölul. 3. gr. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila, sem erlendur aðili á hlut í, skal enn fremur fullnægt skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

16. gr.

Lög um vátryggingarstarfsemi, nr. 50 16. maí 1978.

a. Við 2. mgr. 14. gr. laganna bætist: Enn fremur skal fullnægt skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.
b. Við 2. mgr. 34. gr. laganna bætist: Sé um að ræða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í er leyfisveiting háð því að fullnægt sé þeim skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

17. gr.

Lög um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 26 14. apríl 1982.

a. Upphaf 1. mgr. 9. gr. laganna orðist svo:

Útlendingi, sem átt hefur lögheimili hér á landi skemur en eitt ár, er óheimilt o.s.frv.

b. 1. tölul. 2. mgr. 9. gr. laganna orðist svo: Umsækjandi eigi lögheimili á Íslandi.

18. gr.

Lög um sjóntækjafræðinga, nr. 17 24. apríl 1984.

Aftan við 1. málsl. 2. gr. laganna bætist nýr málsliður er verði 2. málsl. 2. gr., svohljóðandi: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það samfellt í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

19. gr.

Lög um veitinga- og gististaði, nr. 67 28. júní 1985.

1. og 2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Til þess að öðlast leyfi samkvæmt lögum þessum þarf umsækjandi að:

a. Eiga lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. eitt ár.

b. Vera fjárráða og hafa forræði á búi sínu.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má veita félagi eða öðrum lögaðila sem á heimili hér á landi, enda sé framkvæmdastjóri slíks lögaðila fjárráða og hafi forræði á búi sínu. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í er leyfisveiting þó háð því að fullnægt sé þeim skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

20. gr.

Útvarpslög, nr. 68 27. júní 1985.

2. tölul. 2. mgr. 3. gr. laganna orðist svo: Um heimildir erlends aðila eða íslensks lögaðila, sem erlendur aðili á hlut í til að reka útvarpsstöð, fer samkvæmt lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

21. gr.

Lög um skipulag ferðamála, nr. 79 2. júlí 1985, sbr. lög nr. 59/1988.

a. 1. mgr. 15. gr. laganna orðist svo:

Skilyrði til að geta öðlast leyfi til reksturs ferðaskrifstofu er að leyfishafi uppfylli eftirtalin skilyrði:

a. Eigi lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. eitt ár.
b. Sé fjárráða og hafi forræði á búi sínu.

b. 3. mgr. 15. gr. laganna orðist svo:

Leyfi má veita félagi eða öðrum lögaðila sem á heimili hér á landi, enda sé framkvæmdastjóri slíks lögaðila fjárráða og hafi forræði á búi sínu. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í er leyfisveiting þó háð því að fullnægt sé skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

22. gr.

Lög um viðskiptabanka, nr. 86 4. júlí 1985.

Í stað 1. málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna komi tveir málsliðir, svohljóðandi:

Hlutafé í hlutafélagsbanka skal skiptast í a.m.k. 50 hluti og nema minnst 100.000.000 kr. Um heimildir erlends aðila til að eiga hlut í hlutafélagsbanka fer samkvæmt lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

23. gr.

Lög um sparisjóði, nr. 87 4. júlí 1985.

Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það samfellt í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

24. gr.

Lög um skráningu skipa, nr. 115 31. desember 1985.

1. gr. laganna orðist svo:

Skráningarskylt eftir lögum þessum er sérhvert skip sem er 6 metrar á lengd eða stærra, mælt milli stafna. Rétt er að skrá skip hér á landi þegar íslenskir ríkisborgarar, sem eiga lögheimili hér á landi eða íslenskir lögaðilar, sem eiga heimili hér á landi, eiga það. Til fiskveiða hér á landi má aðeins skrá skip og báta sem eru í eigu íslenskra rík-

isborgara sem eiga lögheimili hérlendis og lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti eign íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi.

25. gr.

Lög um fasteigna- og skipasölu, nr. 34 5. maí 1986.

Við 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það samfellt í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

26. gr.

Lög um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, nr. 20 4. apríl 1989.

Við 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna bætist: Ríkisborgari frá ríki utan Norðurlanda, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um norrænt ríkisfang.

27. gr.

Lög um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla, nr. 123 28. desember 1989.

2. gr. laganna orðist svo:

Leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar má einungis veita aðilum sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

a. hafa íslenskan ríkisborgararétt og eiga lögheimili hér á landi; erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það samfellt í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang,
b. eru fjárráða,
c. hafa forræði á búi sínu.

Enn fremur má veita hlutafélögum eða öðrum lögaðilum, sem eiga heimili hér á landi, leyfi til reksturs, enda uppfylli stjórnarmenn og framkvæmdastjórar lögaðila skilyrði b- og c-liða 1. mgr. hér að framan. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í skal auk þess fullnægt skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt sem fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Breytingar þessa frumvarps miða allar að því að rýmka ákvæði gildandi laga hvað snertir fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri í samræmi við meginreglur í fyrrnefndu frumvarpi. Er í mörgum tilvikum vísað til aðalfrumvarpsins. Þá taka sumar breytingar til rýmkunar á starfsréttindum erlendra aðila hér á landi.

Breytingum á einstökum lagaákvæðum er í frumvarpi þessu raðað upp í aldursröð laga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Vísað er til athugasemda við 1. og 2. tölul. 4. gr. frumvarps til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Um 2.–4. gr.

Erlendur ríkisborgari, sem er búsettur hér á landi, er ekki erlendur aðili í skilningi frumvarpsins um erlenda fjárfestingu. Því má segja að það falli í raun utan viðfangsefnisins að huga yfirleitt að því hvaða reglur gildi um heimildir erlendra ríkisborgara, sem hér eru búsettir, til þess að stunda atvinnustarfsemi hér á landi. Á móti kemur að þar sem búseta, en ekki ríkisfang, er samkvæmt frumvarpinu lögð til grundvallar varðandi skilgreiningu á því hvort einstaklingur telst erlendur aðili eða ekki væri rökrétt að einstaklingar, sem búsettir eru hér á landi, sætu að því er varðar rétt til að stunda atvinnustarfsemi hér á landi við sama borð óháð ríkisfangi. Þessu er þó í reynd mjög misjafnlega háttað. Stundum er íslenskur ríkisborgararéttur einstaklings óundanþægt skilyrði fyrir því að hann megi stunda tiltekna atvinnustarfsemi þótt hún sé ekki háð leyfi eða skilyrði fyrir því að hann geti fengið löggildingu eða leyfi til að stunda viðkomandi starfsemi. Í öðrum tilvikum er krafist íslensks ríkisfangs, en það skilyrði samt undanþægt, sbr. t.d. skilyrði fyrir iðnaðarleyfi og verslunarleyfi. Loks er um að ræða ýmis svið þar sem það er ekki skilyrði fyrir rétti til sjálfstæðra starfa eða starfrækslu að viðkomandi einstaklingur eða leyfishafi sé íslenskur ríkisborgari. Nefna má leyfi til reksturs ferðaskrifstofu, leyfi til reksturs veitinga- eða gististaðar og skilyrði til að starfa sem læknir, tannlæknir, verkfræðingur, tæknifræðingur, löggiltur endurskoðandi og sálfræðingur.

Í þessu frumvarpi er hvorki lagt til að ríkisfangsskilyrði verði afnumin í þeim fjölmörgu lögum þar sem þau er nú að finna né lagt til að þau verði tekin upp þar sem þau eru ekki gerð, enda má vera að misræmi það sem nú ríkir styðjist stundum við gild sjónarmið. En í 2.–4., 6., 9., 11., 12., 13., 14., 15., 17., 18., 19., 21., 23., 25., 26. og 27. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um að við þau lög, sem þar eru greind, bætist ákvæði þess efnis að erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi samkvæmt skilgreiningu laga um lögheimili, nr. 21 5. maí 1990, og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skuli vera undanþeginn skilyrði því um íslenskt ríkisfang sem viðkomandi lög geyma ákvæði um. Þótt erlendur ríkisborgari, sem hér er búsettur, verði þannig í sumum tilvikum undanþeginn ríkisfangsskilyrði þarf hann að sjálfsögðu eftir sem áður að fullnægja öðrum lagaskilyrðum.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að samræmi verði komið á varðandi það hverjir stunda mega fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands annars vegar og hverjum veita megi leyfi samkvæmt lögum um hvalveiðar hins vegar.

Um 6. gr.

Sú breyting, sem hér er lagt til að gerð verði á lögum um prentrétt, lýtur að því að undanþiggja erlendan ríkisborgara, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skilyrði fyrir íslensku ríkisfangi til að mega gefa út blað eða tímarit.

Um 7. gr.

Lögð er til sú breyting að rétt til að skrásetja eigið loftfar hér á landi, sem íslenskt loftfar, hafa íslenskir ríkisborgarar með lögheimili hér á landi eða íslenskir lögaðilar sem eiga heimili hér á landi. Með heimili lögaðila er hér átt við að fyrirtæki sé skráð hérlendis og eigi hér varnarþing. Íslenskur lögaðili getur hins vegar verið í eigu erlendra aðila.

Tekið er fram að réttur til skrásetningar loftfars hér á landi sé þó háður ákvörðun í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Samkvæmt 4. tölul. 4. gr. aðalfrumvarpsins er eignaraðild erlendra aðila í íslensku atvinnufyrirtæki sem stunda flugrekstur hér á landi bundin við 49% að hámarki. Loftfar í eigu erlends aðila, sem ætti meira en 49%, fengist því ekki skráð hérlendis.

Um 8. gr.

Samkvæmt lögum nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, þarf sérstakt leyfi dómsmálaráðherra til þess að erlendir aðilar eða íslenskir lögaðilar með erlendri félagsaðild eða eignaraðild umfram tiltekið eignarhlutfall geti eignast eða fengið afnotarétt að fasteign. Þetta er afar óþjál og að mörgu leyti óeðlileg skipan þegar í hlut eiga aðilar sem rétt hafa til að stunda atvinnustarfsemi hér á landi og um er að ræða eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í viðkomandi atvinnustarfsemi.

Hér er því lögð til sú breyting í fyrsta lagi að lögheimili á Íslandi samfellt í a.m.k. fimm ár nægi til þess að geta öðlast eignarrétt eða afnotarétt á fasteignum hér á landi. Er lögheimili hér á landi í samfelld fimm ár lagt að jöfnu við ríkisborgararétt í þessu efni. Í öðru lagi þarf ekki leyfi ráðherra þótt um sé að ræða aðila sem ekki fullnægir almennum skilyrðum 1. mgr. 1. gr. ef viðkomandi aðili hefur rétt til að stunda atvinnurekstur hér á landi og um er að ræða eignarrétt eða afnotarétt á fasteign til eigin nota og eða til notkunar í atvinnustarfsemi sinni, enda fylgi fasteigninni einungis venjuleg lóðarréttindi. Eftir sem áður þarf leyfi dómsmálaráðherra til þess að framangreindur aðili geti eignast eða nýtt önnur fasteignaréttindi, svo sem vatns- og veiðiréttindi. Með venjulegum lóðarréttindum er átt við leigu- eða eignarlóðir sem opinberir aðilar (sveitarfélög) eða einkaaðilar láta af hendi undir húseignir til einkanota eða atvinnurekstrar.

Þar sem rísa kunna álitamál um það hvenær fasteignaréttindi eru undanþegin leyfi á grundvelli þessa ákvæðis er kveðið svo á um að öll heimildarskjöl vegna eignar- og afnotaréttinda erlendra aðila hér á landi skuli lögð fyrir dómsmálaráðuneytið. Öðlast gerningur ekki gildi fyrr en ráðuneytið hefur staðfest hann með áritun sinni. Er þessi aðferð jafnframt nauðsynleg til þess að halda gott yfirlit um fjárfestingar erlendra aðila hér á landi hvað fasteignir og réttindi þeim tengd varðar.

Vísað er jafnframt til athugasemda við 9. tölul. 4. gr. aðalfrumvarpsins.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að á lögum um verslunaratvinnu verði gerðar breytingar sama efnis og lagt er til í 14. gr. að gerðar verði á iðnaðarlögum. Vísast til athugasemda við þá grein.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að heimild ráðherra til að veita erlendum aðila eða íslenskum lögaðila, sem erlendur aðili á hlut í, sérleyfi til leitar eða vinnslu jarðefna takmarkist einungis af ákvæðum laga um fjárfestingu erlendra aðila.

Um 11.–12. gr.

Vísað er til athugasemda með 2.–4. gr.

Um 13. gr.

Ákvæðið er samhljóða gildandi ákvæði að öðru leyti en því að eitt ár kemur í stað tveggja. Stytting lágmarkstíma er til samræmis við meginstefnu frumvarps þessa.

Um 14. gr.

Vísað er til athugasemda með 2.–4. gr.

Um 15. gr.

Lagt er til að á 3. gr. iðnaðarlaga verði annars vegar sú breyting að erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skuli undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang sem einstaklingur þarf að fullnægja til að geta fengið iðnaðarleyfi. Hins vegar að iðnaðarráðherra geti ekki lengur veitt einstaklingi, sem sækir um iðnaðarleyfi, undanþágu frá búsetuskilyrði. Síðari breytingin byggist á þeirri almennu stefnu frumvarpsins að erlendur einstaklingur, sem hér vill reka sjálfstæða einstaklingsatvinnustarfsemi, þurfi að eiga lögheimili hér á landi.

Þá er lagt til að niður falli úr iðnaðarlögum ákvæði sem takmarka heimildir erlendra aðila eða íslenskra lögaðila með erlendri eignaraðild til fjárfestinga í iðnaði, en þess í stað verði í iðnaðarlögum vísað til ákvæða laga um fjárfestingu erlendra aðila. Af því leiðir að ekki verða settar neinar takmarkanir fyrir fram við erlendri fjárfestingu í iðnaði þótt slík fjárfesting kunni að sæta takmörkunum skv. 4. gr. aðalfrumvarpsins.

Um 16. gr.

Hér er lagt til að í lög um vátryggingarstarfsemi bætist vísan til þeirra skilyrða í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Um 17. gr.

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 26/1982, um atvinnuréttindi útlendinga, er útlendingi óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja atvinnufyrirtæki án leyfis félagsmálaráðherra (atvinnurekstrarleyfi), nema þar sem starfinn er framkvæmdur samkvæmt sérstakri löggildingu eða leyfi annarra stjórnvalda lögum samkvæmt. Í a-lið 8. tölul. 4. gr. meginfrumvarpsins segir að leyfi viðskiptaráðherra þurfi til þess að einstaklingur, sem búsettur er erlendis, megi vinna hér sjálfstætt eða starfrækja eigið atvinnufyrirtæki. Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að áskilnaður 9. gr. laga nr. 26/1982 um leyfi frá félagsmálaráðherra takmarkist við þá útlendinga, þ.e. erlenda ríkisborgara sem átt hafa lögheimili hér á landi í minna en eitt ár. Viðskiptaráðherra fer þá með slík mál einstaklinga sem búsettir eru erlendis, nema veiting undanþágu frá lögheimilisskilyrði sé falin öðrum, enda eiga þau mál fremur skylt við erlenda fjárfestingu.

Um 18. gr.

Vísað er til athugasemda með 2.–4. gr.

Um 19. gr.

Hér er lagt til að á lögum nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði, verði gerðar sams

konar breytingar og á lögum um skipulag ferðamála, sbr. 21. gr. Vísast til athugasemda með þeirri grein.

Um 20. gr.

Hér er lagt til að niður falli úr útvarpslögum efnisregla varðandi það að heimila erlenda fjárfestingu í útvarpsrekstri hér á landi, en þess í stað sé í útvarpslögum vísað til ákvæða laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

Um 21. gr.

Samkvæmt lögum nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, má veita íslensku félagi eða fyrirtæki leyfi til reksturs ferðaskrifstofu, enda sé stjórnin innlend. Ekkert virðist því til fyrirstöðu að veita megi íslensku atvinnufyrirtæki leyfi þótt erlendir aðilar eigi þar meiri hluta. Hins vegar leyfa lögin ekki að erlendum aðila sé veitt leyfi til reksturs ferðaskrifstofu í eigin nafni.

Í 21. gr. frumvarpsins er lagt til að 15. gr. laga nr. 79/1985, sbr. 4. gr. laga nr. 59/1988, um skipulag ferðamála, breytist á þá lund að heimilt verði að veita hvort heldur erlendum aðila eða íslenskum lögaðila með erlendri eignaraðild leyfi til reksturs ferðaskrifstofu, sé auk almennra skilyrða laganna um skipulag ferðamála fullnægt skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila.

Samkvæmt lögum nr. 79/1985 er það ekki skilyrði fyrir því að veita megi einstaklingi leyfi til reksturs ferðaskrifstofu að hann sé íslenskur ríkisborgari og er ekki gerð tillaga um breytingu þar á.

Um 22. gr.

Hér er lagt til að úr viðskiptabankalögum falli ákvæði til takmörkunar á erlendri eignaraðild en þess í stað verði í lögunum vísað til ákvæða laga um fjárfestingu erlendra aðila. Vísast í því sambandi sérstaklega til athugasemda við 5. tölul. 4.gr. aðalfrumvarpsins.

Um 23. gr.

Vísað er til athugasemda með 2.–4.gr.

Um 24. gr.

Sama breyting er hér lögð til í 1. mgr. hvað varðar skráningu skipa og fram kemur í 7. gr. um skráingu loftfara.

Tekið er skýrt fram í 2.mgr. að óheimilt er þó að skrá fiskiskip hér á landi, nema þau séu í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi og lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti eign íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi. Eru þessi sjónarmið í samræmi við þær meginhugmyndir sem fram koma í 1. tölul. 4. gr. aðalfrumvarps og 1. gr. þessa frumvarps.

Um 25.–26. gr.

Vísað er til athugasemda með 2.–4. gr.

Um 27. gr.

Hér er lagt til að á 2. gr. laga nr. 123/1989, um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla, verði nokkrar breytingar. Til þess að geta fengið leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar nægi að íslenskur ríkisborgari eigi lögheimili hér á landi. Í öðru lagi verður erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang og í þriðja og síðasta lagi má veita erlendum aðila eða íslenskum lögaðila með erlendri eignaraðild, en heimili hér á landi, leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar sé fullnægt skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila.

Um 28. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. 567. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til l. um skipti á dánarbúum o.fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Markús Sigurbjörnsson prófessor kom á fund nefndarinnar, en umsagnir bárust frá Sýslumannafélagi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Dómarafélagi Íslands, gjaldheimtustjóranum í Reykjavík, Verslunarráði Íslands og Lögmannafélagi Íslands.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, enda geta núgildandi lög um skipti á dánarbúum ekki fallið að nýskipan þessara mála. Um leið hefur löggjöfin verði endurskoðuð og miðuð við þá framkvæmd sem skapast hefur. Einnig hafa ákvæði um skuldaröð krafna við skipti verið felld brott úr skiptalögum en þess í stað tekin upp í frumvarp til laga um gjaldþrotaskipti, 97. mál þessa þings.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt án breytinga.

Guðmundur Ágústsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. jan. 1991.

Skúli Alexandersson, varaform., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Valgerður Sverrisdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.	Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Sþ. 568. Tillaga til þingsályktunar [322. mál]

um heilsufarsbók.

Flm.: Danfríður Skarphéðinsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson,
Guðrún J. Halldórsdóttir, Kristín Einarsdóttir,
Málmfríður Sigurðardóttir, Sigrún Helgadóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra í samráði við landlækni að láta hanna heilsufarsbók sem fylgi hverjum einstaklingi frá vöggu til grafar.

Í heilsufarsbókina skulu skráðar jafnóðum allar þær upplýsingar um heilsufar einstaklingsins sem máli skipta, svo sem sjúkdómar, læknismeðferð og lyfjanotkun.

Greinargerð.

Skráning og varðveisla ýmissa upplýsinga um heilsufar einstaklinga hefur farið vaxandi á undanförnum árum og áratugum. Þessar upplýsingar er langoftast að finna hjá heimilis- eða heilsugæslulækni hvers einstaklings en einnig hjá sjúkrahúsum eða öðrum rannsókna- eða meðferðarstofnunum. Þrátt fyrir aukna tækni á tölvuöld er þó skipulag á þessum upplýsingum með ýmsum hætti og oft þarf víða að leita fanga til þess að fá heildarupplýsingar um heilsufar fólks. Allt of sjaldan hefur sjúklingurinn sjálfur yfirsýn yfir eigið heilsufar, tímasetningu og niðurstöður rannsókna og læknismeðferðar sem hann hefur fengið (t.d. bólusetningar, lyfjagjöf, skurðaðgerðir o.fl.). Þetta viðheldur vankunnáttu almennings og er ekki í samræmi við stefnu heilbrigðisyfirvalda sem hvetur til aukinna forvarna og frumkvæðis einstaklinga til að taka ábyrgð á eigin heilsugæslu. Til þess að svo geti orðið þarf aukna og skipulega heilbrigðisfræðslu, bæði í skólum og meðal almennings. Fræðslan ein sér nægir þó ekki til að tryggja það að einstaklingar taki ábyrgð á eigin heilsuvernd. Þeim verður jafnframt að vera það kleift efnahagslega og félagslega að velja sér lifnaðarhætti í samræmi við þá heilbrigðisfræðslu sem stunduð er. Stjórnvöld hafa mikilvægu hlutverki að gegna í þessum efnum. Þeim ber t.d. að samstilla ýmsa þætti stjórnsýslunnar þannig að þeir verði samvirkir til að ná markmiðum heilbrigðisfræðslu. Einn þáttur þess að auka hlutdeild almennings í eigin heilsuvernd er að gefa fólki kost á því að skrá í eina bók allt það sem við kemur heilsufari þess. Upplýsingarnar eru þannig í fórum einstaklingsins eða umsjáraðila hans allt frá vöggu til grafar auk þess sem þær er að finna hjá viðkomandi aðilum heilbrigðisþjónustunnar.

Heilsufarsbækur hafa verið notaðar meðal ýmissa annarra þjóða um nokkurt skeið með góðum árangri. Slíkt skipulag eykur vitneskju einstaklingsins um eigið heilbrigði og heilsufar og skírskotar jafnframt til ábyrgðar og hvetur til þátttöku. Heilsufarsbók er því í fyllsta samræmi við yfirlýst markmið og stefnu heilbrigðisyfirvalda.

Sþ. 569. Svar [251. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Hreggviðs Jónssonar um eignarskatta.

Í fyrirspurninni er óskað eftir upplýsingum um eftirfarandi atriði:

1. *Hvernig skiptust milli einstakra kjördæma álagðir eignarskattar 1990 á þá aðila sem lagður var á sérstakur eignarskattur?*

2. *Hvernig skiptist álagning þeirra í hverju kjördæmi fyrir sig milli:*
   A. fyrirtækja,
   B. einstaklinga:
      a. hjóna,
      b. einhleypinga?
   Einnig er beðið um upplýsingar um fjölda í hverjum hópi fyrir sig.

Til svars við fyrirspurninni hafa verið teknar saman eftirfarandi upplýsingar.

1.	Eignarskattur 1990 Kr.
Reykjavík	1.245.805.657
Reykjanes	408.132.725
Vesturland	184.141.403
Vestfirðir	39.283.098
Norðurland vestra	44.031.366
Norðurland eystra	102.005.683
Austurland	34.568.328
Suðurland	110.596.782
Samtals	2.269.565.042

2.	Eignarskattur 1990 Kr.	Fjöldi
Reykjavík		
A. Lögaðilar	647.543.207	2.642
B. Einstaklingar		
a. Hjón	429.619.400	8.037
b. Einhleypingar	168.643.050	2.709
Reykjanes		
A. Lögaðilar	72.526.340	465
B. Einstaklingar		
a. Hjón	271.175.809	5.720
b. Einhleypingar	64.430.576	965
Vesturland		
A. Lögaðilar	116.728.436	400
B. Einstaklingar		
a. Hjón	52.382.150	998
b. Einhleypingar	15.030.817	320
Vestfirðir		
A. Lögaðilar	24.818.619	238
B. Einstaklingar		
a. Hjón	10.986.464	294
b. Einhleypingar	3.478.015	100

2. frh.	Eignarskattur 1990 Kr.	Fjöldi
Norðurland vestra		
A. Lögaðilar	18.421.484	173
B. Einstaklingar		
a. Hjón	19.118.850	425
b. Einhleypingar	6.491.032	146
Norðurland eystra		
A. Lögaðilar	55.733.153	363
B. Einstaklingar		
a. Hjón	33.749.414	915
b. Einhleypingar	12.523.116	283
Austurland		
A. Lögaðilar	14.912.344	202
B. Einstaklingar		
a. Hjón	12.437.337	318
b. Einhleypingar	7.218.647	166
Suðurland		
A. Lögaðilar	46.220.343	316
B. Einstaklingar		
a. Hjón	48.973.125	1.087
b. Einhleypingar	15.403.314	309

Það skal tekið fram að lögaðilar samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eru bæði félög sem stunda atvinnurekstur og dánarbú. Í framangreindri sundurliðun eru 191 dánarbú talin til lögaðila og nam álagning eignarskatts og sérstaks eignarskatts á þau 10.047.258 kr. í öllum skattumdæmum.

Sþ. 570. Fyrirspurn [323. mál]

til utanríkisráðherra um sölu á landbúnaðarafurðum til varnarliðsins í Keflavík.

Frá Guðna Ágústssyni.

1. Hversu mikið af landbúnaðarafurðum seldu Íslendingar varnarliðinu í Keflavík, sundurgreint eftir tegundum, á árunum 1988, 1989 og 1990?
2. Hversu mikið af kjötvörum fékk varnarliðið að flytja til Íslands á árunum 1988, 1989 og 1990, sundurgreint eftir tegundum? Hversu mikið var flutt inn af öðrum landbúnaðarafurðum, sundurgreint eftir tegundum, á sama árabili?

Skriflegt svar óskast.

Ed. 571. Frumvarp til laga [28. mál]

um mannanöfn.

(Eftir 2. umr. í Ed., 1. febr.)

I. KAFLI
Eiginnöfn.

1. gr.

Hverju barni skal gefa eiginnafn, eitt eða tvö.

Þeir sem fara með forsjá barns hafa bæði rétt og skyldu til að gefa því eiginnafn, eftir því sem greinir í lögum þessum.

2. gr.

Eiginnafn skal vera íslenskt eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Það má ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi. Eiginnafn má ekki heldur vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama.

Hvorki má gefa stúlku karlmannsnafn né dreng kvenmannsnafn.

Óheimilt er að gefa barni ættarnafn sem eiginnafn nema hefð sé fyrir því nafni.

3. gr.

Mannanafnanefnd, skv. 17. gr., skal til viðmiðunar við nafngjafir semja skrá um þau eiginnöfn sem heimil teljast skv. 2. gr. og er hún nefnd mannanafnaskrá í lögum þessum. Hagstofa Íslands gefur skrána út, kynnir hana og gerir aðgengilega almenningi og sendir hana öllum sóknarprestum og forstöðumönnum skráðra trúfélaga. Skrána skal endurskoða eftir því sem þörf er á en hún skal gefin út í heild eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

4. gr.

Barn getur öðlast nafn við skírn í þjóðkirkjunni eða í skráðu trúfélagi eða með tilkynningu um nafngjöf til Hagstofu Íslands, Þjóðskrár, prests eða forstöðumanns skráðs trúfélags.

Skylt er að gefa barni nafn innan sex mánaða frá fæðingu þess.

5. gr.

Eigi að gefa barni nafn við skírn sem prestur þjóðkirkjunnar, forstöðumaður eða prestur skráðs trúfélags á að annast skal forsjármaður þess skýra þeim, um leið og skírnar er óskað, frá nafni því eða nöfnum sem barnið á að hljóta. Sé nafn, sem barn á að hljóta, ekki á mannanafnaskrá skal prestur eða forstöðumaður trúfélags ekki samþykkja það að svo stöddu né gefa það við skírn heldur skal málið borið undir mannanafnanefnd.

Hafi barn verið skírt skemmri skírn má, þegar skírn er lýst eða hún tilkynnt skv. 1. mgr. 4. gr., gefa barni nýtt nafn í stað þess sem því var áður gefið eða annað nafn til viðbótar áður gefnu nafni.

Berist Þjóðskrá tilkynning um eiginnafn, sem er ekki á mannanafnaskrá, skal það ekki skráð að svo stöddu heldur skal málinu skotið til mannanafnanefndar.

6. gr.

Mannanafnanefnd kveður upp úrskurði í þeim málum sem til hennar er vísað skv. 5. gr. Úrskurðir skulu kveðnir upp svo fljótt sem við verður komið og ekki síðar en innan tveggja vikna frá því mál barst nefndinni. Ef felldur er synjunarúrskurður skal forsjármaður barns velja því annað eiginnafn. Skal nafn þá ekki fært á þjóðskrá fyrr en barninu hefur verið gefið eiginnafn sem er á mannanafnaskrá eða mannanafnanefnd samþykkir, sbr. enn fremur ákvæði til bráðabirgða II.

7. gr.

Hafi barni verið gefið eitt nafn við skírn eða með tilkynningu skv. 1. mgr. 4. gr. er forsjármönnum þess heimilt að gefa því annað eiginnafn til viðbótar áður gefnu nafni. Þetta skal gert með tilkynningu til Þjóðskrár eigi síðar en sex mánuðum eftir að frestur til nafngjafar rann út, sbr. 2. mgr. 4. gr.

Hafi barni verið gefið eitt nafn eða tvö við skírn eða með tilkynningu skv. 1. mgr. 4. gr. er dómsmálaráðuneyti heimilt að leyfa að eiginnafni/nöfnum barnsins sé breytt, enda sé ósk borin fram um það af forsjármönnum barnsins eigi síðar en sex mánuðum eftir að frestur til nafngjafar rann út, sbr. 2. mgr. 4. gr.

Dómsmálaráðuneyti er heimilt að leyfa manni nafnbreytingu ef telja verður að nafn hans sé honum til ama eða aðrar gildar ástæður mæli með því.

Sé barn ættleitt eftir að því var gefið nafn má í ættleiðingarbréfi gefa því nýtt eiginnafn í stað hins fyrra eða til viðbótar einu nafni sem það hefur áður hlotið. Sú ákvörðun skal jafnan háð samþykki barnsins sjálfs sé það orðið tólf ára.

Það er skilyrði viðbótarnafngjafar og nafnbreytingar skv. 1.–4. mgr. að hin nýju nöfn séu á mannanafnaskrá eða samþykkt af mannanafnanefnd. Nafnbreyting barns samkvæmt þessari grein er enn fremur háð því skilyrði að séu forsjármenn þess tveir undirriti þeir báðir beiðni um nafnbreytinguna.

8. gr.

Ákvæði 1. og 2. gr. taka ekki til barns, sem fætt er hér á landi, ef bæði faðir og móðir skilgetins barns, eða móðir óskilgetins barns, hafa erlent ríkisfang.

Sé annað foreldri barns erlendur ríkisborgari eða hafi verið það er heimilt að barninu sé gefið erlent nafn sem annað tveggja eiginnafna. Heimild þessi er háð þeim skilyrðum að hið íslenska eiginnafn barnsins fullnægi ákvæðum 2. gr. og að unnt sé að sýna fram á að hið erlenda nafn sé gjaldgengt í heimalandi hins erlenda foreldris þess.

II. KAFLI
Kenninöfn.

9. gr.

Hver maður, sem hefur ekki ættarnafn, sbr. 2. mgr., skal kenna sig til föður eða móður þannig að á eftir eiginnafni eða eiginnöfnum komi nafn föður eða móður í eignarfalli, að viðbættu orðinu son ef karlmaður er, en dóttir ef kvenmaður er.

Íslenskir ríkisborgarar, sem samkvæmt þjóðskrá bera ættarnöfn við gildistöku þessara laga, mega bera þau áfram. Sama gildir um niðja þeirra hvort heldur er í karllegg eða kvenlegg.

Ekki er manni heimilt að bera fleiri en eitt kenninafn, sbr. þó 2. mgr.

Óheimilt er að taka upp nýtt ættarnafn hér á landi.

10. gr.

Erlend kona, sem giftist Íslendingi er ekki hefur ættarnafn, má kenna sig til föður eða móður eiginmanns síns á sama hátt og hann og hún má halda því áfram eftir að hún öðlast íslenskt ríkisfang. Ekki tekur þetta til niðja slíkra hjóna.

Hafi íslensk kona gift Íslendingi tekið upp föðurnafn hans sem kenninafn við búsetu erlendis er henni skylt að leggja það niður við flutning til landsins, sbr. 1. mgr. 9. gr. Sama gildir um börn slíkra hjóna.

Gift kona, sem við gildistöku þessara laga er kennd til föður eða móður eiginmanns síns á þjóðskrá, má gera það áfram.

11. gr.

Barn erlends manns og íslenskrar konu má bera ættarnafn föður síns, kenna sig til móður sinnar eða hafa ættarnafn hennar ef til er. Þá er og heimilt, að fengnu samþykki mannanafnanefndar, að barnið beri íslenskt kenninafn sem lagað er að hinu erlenda eiginnafni föðurins.

12. gr.

Ófeðrað barn skal kennt til móður sinnar, föður hennar eða fá ættarnafn móður sinnar ef til er. Gangi móðir barnsins í hjónaband má kenna barnið til stjúpföður síns.

Heimilt er með leyfi dómsmálaráðuneytis að feðrað barn sé kennt til stjúpforeldris. Leitað skal umsagnar kynforeldris barnsins ef unnt er áður en ákvörðun er tekin um slíkt leyfi.

Þegar barn er ættleitt skal það kennt til kjörforeldris nema kjörforeldri óski eftir því að barnið haldi fyrra kenninafni sínu.

Ákvörðun samkvæmt þessari grein skal jafnan háð samþykki stjúpforeldris, svo og barnsins sjálfs sé það orðið tólf ára.

13. gr.

Eiginkonu eða eiginmanni er heimilt að bera ættarnafn maka síns meðan hjúskapur stendur og eftir að honum lýkur. Þó getur maður krafist þess að dómsmálaráðuneyti úrskurði að fyrri maka sé óheimilt að bera ættarnafn hans eftir að hann eða hún gengur í annan hjúskap. Sé viðkomandi maður látinn hefur eftirlifandi maki hans sama rétt til að gera þess háttar kröfu. Krafa skal gerð innan sex mánaða frá því að hlutaðeigandi gekk í hjúskap. Dómsmálaráðuneyti reisir úrskurð sinn á því hvort þyngra sé á metum, hagsmunir fyrri maka af því að halda nafni eða þau rök sem fram eru flutt fyrir því að hann hætti að bera fyrra nafn.

14. gr.

Ekki er manni skylt að bera ættarnafn þótt hann hafi rétt til þess. Maður getur fellt niður ættarnafn sem hann hefur borið og kennt sig svo sem segir í 9., 11. og 12. gr., sbr. og 21. gr. Eins getur maður, sem hefur ekki borið ættarnafn en hefur rétt til þess, tekið það upp. Þó er manni óheimilt að gera slíkar breytingar oftar en einu sinni eftir að hann nær sextán ára aldri nema með leyfi dómsmálaráðuneytis, enda mæli sérstakar ástæður með henni. Þessi takmörkun tekur ekki til réttar maka til breytingar kenninafns skv. 2. og 3. mgr.

Þegar maður gengur í hjúskap er honum frjálst að bera áfram það kenninafn sem hann

hafði þá, sbr. þó 13. gr., eða taka upp ættarnafn maka síns en óheimilt að bera bæði kenninöfnin.

Hafi maður tekið ættarnafn maka síns er honum frjálst að taka upp að nýju upprunalegt kenninafn sitt þegar hjúskap er lokið. Í öðrum tilvikum er manni, sem hefur eitt sinn hætt að bera ættarnafn, ekki heimilt að taka það upp aftur.

15. gr.

Nú fær maður, er heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans fimmtán ára og yngri, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 100/1952, taka upp íslenskt eiginnafn, sbr. þó 2. mgr. 8. gr., og kenninafn sem samþykkt er af mannanafnanefnd. Börnum hans sextán ára og eldri er þetta einnig heimilt. Maðurinn skal sjálfur taka sér íslenskt eiginnafn ásamt nafni sem hann ber fyrir er börn hans taka sem kenninafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta eiginnafni sínu og/eða ættarnafni eftir ákvæðum þessara laga. Slík nafnbreyting skal ákveðin samtímis því að dómsmálaráðuneyti gefur út bréf um að hlutaðeigendur öðlist íslenskt ríkisfang. Barni, sem fæðist eftir að foreldri þess hefur fengið íslenskt ríkisfang með lögum, skal gefið íslenskt eiginnafn, sbr. þó 2. mgr. 8. gr., og það skal fá íslenskt kenninafn.

Ákvæði 1. mgr. taka á hliðstæðan hátt til útlendinga sem fá íslenskt ríkisfang skv. 2.–4. gr. laga nr. 100/1952.

16. gr.

Dómsmálaráðuneyti er heimilt að leyfa manni breytingu á kenninafni aðra en þá sem um getur í lögum þessum ef telja verður að kenninafn hans sé honum til ama eða aðrar gildar ástæður mæli með því.

III. KAFLI
Mannanafnanefnd.

17. gr.

Dómsmálaráðherra skipar mannanafnanefnd til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Skulu tveir nefndarmenn skipaðir eftir tilnefningu heimspekideildar Háskóla Íslands en einn eftir tilnefningu lagadeildar Háskóla Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

18. gr.

Mannanafnanefnd hefur eftirtalin verkefni samkvæmt lögum þessum:

1. Að semja skrá um eiginnöfn sem heimil teljast, sbr. 3. gr.
2. Að vera prestum, forstöðumönnum skráðra trúfélaga, Hagstofunni, dómsmálaráðuneyti og forsjármönnum barna til ráðuneytis um nafngjafir og skera úr álita- og ágreiningsefnum um nöfn, sbr. 2., 5., 6., 7. og 15. gr.
3. Að skera úr öðrum álita- eða ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um nafngjafir, nafnritun og fleira þess háttar.

Úrskurðir mannanafnanefndar eru fullnaðarúrskurðir. Nefndin skal árlega birta niðurstöður úrskurða sinna.

IV. KAFLI
Skráning og notkun nafna.

19. gr.

Breyting á eiginnafni eða kenninafni samkvæmt lögum þessum tekur ekki gildi fyrr en hún hefur verið færð á þjóðskrá.

Við skráningu kenninafns barns á þjóðskrá skal fara eftir ákvæðum 1. mgr. 9. gr. þessara laga nema fram sé tekið í tilkynningu til Þjóðskrár að barnið skuli bera ættarnafn, sbr. 2. mgr. 9. gr.

Maður, sem við giftingu óskar að taka upp ættarnafn maka síns eða annað kenninafn sem hann á rétt á, skal tilkynna það vígslumanni og færir hann þau tilmæli á hjónavígsluskýrslu til Þjóðskrár.

20. gr.

Fullt nafn manns er eiginnafn hans eða eiginnöfn að viðbættu kenninafni.

Á öllum opinberum skrám og öðrum opinberum gögnum skulu nöfn manna rituð eins og þau eru skráð á þjóðskrá á hverjum tíma.

Í skiptum við opinbera aðila, við samningsgerð, skriflega og munnlega, svo og í öllum lögskiptum skulu menn tjá nafn sitt eins og það er ritað á þjóðskrá á hverjum tíma.

21. gr.

Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, getur heimilað að ritun nafns á þjóðskrá sé breytt án þess að um sé að ræða eiginlega nafnbreytingu. Slík breyting á nafnritun skal fara eftir reglum sem Hagstofan setur að höfðu samráði við mannanafnanefnd. Hver maður getur aðeins fengið slíka breytingu gerða einu sinni nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

22. gr.

Geti maður fært sönnur að því að annar maður noti nafn hans eða nafn sem líkist því svo mjög að villu geti valdið getur hann krafist þess í dómsmáli að hinn sé skyldaður til að láta af notkun nafnsins.

23. gr.

Sé barni ekki gefið nafn innan þess tíma sem um getur í 2. mgr. 4. gr. skal Þjóðskrá vekja athygli forsjármanna barnsins á þessu ákvæði laganna og skora á þá að gefa barninu nafn án tafar. Sinni forsjármenn ekki þessari áskorun innan eins mánaðar og tilgreini ekki gildar ástæður fyrir drætti á nafngjöf skal Þjóðskrá tilkynna það dómsmálaráðherra. Heimilt er ráðherra, að undangenginni skriflegri áskorun, að leggja dagsektir á forsjármenn barns og falla þær á þar til barni er gefið nafn. Dagsektir renna í ríkissjóð og má gera aðför til fullnustu þeirra.

Að öðru leyti varða brot gegn lögum þessum sektum nema þyngri viðurlög liggi við eftir öðrum lögum.

24. gr.

Dómsmálaráðherra fer með mál er varða mannanöfn og er honum heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd þessara laga.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru sex mánuðir frá birtingu þeirra.

Jafnframt falla þá úr gildi lög um mannanöfn, nr. 54 27. júní 1925, svo og 67. gr. laga nr. 10/1983.

Dómsmálaráðherra skal þegar eftir birtingu laga þessara gera ráðstafanir til að kynna almenningi efni þeirra.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Dómsmálaráðherra skal þegar eftir birtingu laga þessara leita eftir tilnefningum í mannanafnanefnd og skipa hana innan eins mánaðar. Nefndin skal þá þegar hefjast handa við að undirbúa starfsemi sína og framkvæmd laganna.

II.

Þar til mannanafnaskrá skv. 3. gr. hefur verið gefin út skulu prestar, forstöðumenn skráðra trúfélaga og Hagstofa Íslands skjóta öllum nafngjöfum, sem vafi er á að samrýmist ákvæðum 2. gr., til úrskurðar mannanafnanefndar, sbr. 6. gr.

Sþ. 572. Tillaga til þingsályktunar [324. mál]

um formlegt samstarf Landsvirkjunar, Orkustofnunar og Vegagerðar ríkisins um vegalagningu í óbyggðum.

Flm.: Jónas Hallgrímsson, Jón Kristjánsson, Kristinn Pétursson, Valgerður Sverrisdóttir, Jón Helgason, Málmfríður Sigurðardóttir, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Eggert Haukdal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að sett verði á laggirnar formleg samstarfsnefnd Vegagerðar ríkisins, Orkustofnunar og Landsvirkjunar vegna fyrirhugaðra framkvæmda við vegi samhliða línulögnum á hálendi Íslands á næstu árum.

Greinargerð.

Sem kunnugt er eru uppi áform um að ráðast í verklegar framkvæmdir vegna virkjunar Jökulsár í Fljótsdal og fyrirliggjandi eru áætlanir um virkjanir annarra fallvatna á hálendi landsins.

Orkusala frá fyrirhugaðri Fljótsdalsvirkjun er grundvölluð á starfsemi orkufreks iðnaðar. Þessum áformum mun óhjákvæmilega fylgja vegalagning vegna vinnu við raflínulagnir um óbyggðir.

Samkvæmt landslögum hefur Landsvirkjun einkarétt til framkvæmda við virkjun fallvatna landsins og þar með byggingar flutningslína. Ljóst er að leggja verður vegi og slóða um óbyggð svæði bæði til að sinna rannsóknum og aðdráttum vegna framkvæmda þegar þær hefjast.

Ekki verður séð að Vegagerð ríkisins hafi möguleika til formlegra afskipta eða þátttöku í ákvörðunum vegna þessara vegalagna og hamlar þar hvort tveggja, lagaheimild-

ir og fjárskortur. Ekkert formlegt samstarfsverkefni eða mynsturáætlun liggur heldur fyrir frá Landsvirkjun, Orkustofnun eða Vegagerð ríkisins um hvaða landsvæði skuli lögð undir slíka vegi. Æskilegt og nauðsynlegt væri að samstarfs- og framkvæmdaraðilar hefðu einnig náið og gott samstarf við náttúruverndarsamtök og heimaaðila um hvaða landsvæði skuli vernduð og hver ekki.

Þó vitað sé að samband hafi komist á milli Vegagerðar ríkisins og Landsvirkjunar er ljóst að Vegagerð ríkisins er ekki aðili að þessum framkvæmdum og því hvorki eigandi eða ráðstöfunarrétthafi þeirra í framtíðinni nema öðruvísi verði ákveðið. Augljóst hagræði og einföldun auk fjárhagslegs sparnaðar yrði því af formlegu samstarfi þessara aðila ekki síst þegar fram líða stundir.

Sþ. 573. Tillaga til þingsályktunar [325. mál]

um friðlýsingu Hvítár/Ölfusár og Jökulsár á Fjöllum.

Flm.: Sigrún Helgadóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að undirbúa lagasetningu um friðlýsingu Hvítár/Ölfusár frá upptökum í Langjökli til Ölfusárósa og Jökulsár á Fjöllum frá upptökum í Vatnajökli til ósa í Öxarfirði.

Greinargerð.

„Því er nú mjög á lofti haldið, og vissulega með veigamiklum rökum, að í fossum landsins búi nokkuð af framtíð okkar þjóðar, er byggist á þeim verðmætum, sem mæld eru í kílówattstundum. En þar við liggur einnig brot af framtíðarhamingju þjóðarinnar, að hún gleymi því ekki, að í fossum landsins búa einnig verðmæti, sem ekki verða metin til fjár, en mælast í unaðsstundum.“ (Sigurður Þórarinsson, *Fossar á Íslandi*, Fjölrit Náttúruverndarráðs, 1978.)

Að undanförnu hefur oft heyrst að Íslendingar ættu að gerast forustuþjóð á sviði umhverfismála. Nægir að nefna nýútkomna skýrslu markaðs- og útbreiðslunefndar Steingríms Hermannssonar forsætisráðherra. Þeirri nefnd var sett það meginmarkmið „að kanna hvort Ísland geti orðið ímynd gæða, hreinleika og heilbrigðs umhverfis og mannlífs“. Því miður sýnist sú stefnumörkun ekki tekin af hugsjónaástæðum, heldur til þess að auðvelda „markaðssetningu Íslands“, að selja fólki unaðsstundir.

Allir sem til umhverfismála þekkja á Íslandi vita að þau mál eru í miklum ólestri. Vinnuhópur um umhverfismál sagði í áliti sínu, sem birtist í ofannefndri skýrslu, að ástandið sé óviðunandi hvað varðar: ferskvatn, loft, jarðveg og gróðurþekju; meðferð á landi, hafsbotni og strandlengju; og ráðstafanir með sorp, skolp, ýmiss konar efnamengun, hávaða- og sjónmengun, og þannig mætti lengi telja. Athugulir útlendingar, sem til Íslands kæmu til að njóta þess lands sem sagt væri fyrirmynd annarra landa í umhverfisvernd, sæju fljótt að þeir hefðu verið blekktir með auglýsingaskrumi.

Erlendir aðilar, sem unnu að títtnefndri skýrslu forsætisráðherra, lögðu áherslu á að sérstaða Íslands væri kynnt. Sérstaða Íslands felst fyrst og fremst í sérstæðri náttúru og

því hve strjálbýlt landið er og stórir hlutar þess enn óbyggðir og lausir við mannvirki og rask. Í þeim svæðum felast möguleikar sem aðrar þjóðir hafa alls ekki, geta aldrei öðlast. Íslendingar hafa enn tækifæri sem engin önnur þjóð í Evrópu hefur og þótt víðar væri leitað. Á Íslandi er enn hægt að taka frá stórar víðáttur, náttúrulegar heildir, og varðveita þær þannig að komandi kynslóðir fái notið þeirra, geti leitað sér þangað lífsfyllingar og þekkingar.

Nú er starfandi á vegum umhverfisráðuneytis nefnd um skipulagsmál hálendis Íslands sem í eiga sæti fulltrúar allra þingflokka. Vonandi verður niðurstaða þeirrar nefndar í samræmi við ályktun síðasta náttúruverndarþings að miðhálendið verði friðlýst sem óbyggt víðerni. Hér er hins vegar gert ráð fyrir að tvær ár fái að renna í friði, um byggð og óbyggð, frá upptökum til ósa.

Sú kynslóð, sem nú lifir í þessu landi, hefur verið virkjanaglöð. Hver stóráin á fætur annarri hefur verið fjötruð í viðjar steinsteypu og sérstæð og einstök landsvæði eyðilögð um aldur og ævi eða stórskemmd. Á teikniborðum verkfræðinga hafa báðar þær ár sem hér um ræðir fengið sömu örlög. Í kílóvattstundum talið býr að öllum líkindum í þeim um $^1/_6$ þeirrar vatnsorku sem sumir menn telja nú að hagkvæmt geti orðið að virkja.

Þann 24. apríl 1989 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktunartillögu:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa á vegum Náttúruverndarráðs í samráði við yfirvöld orkumála áætlun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera. Drög að slíkri áætlun verði lögð fyrir Alþingi til kynningar fyrir árslok 1990 og áætlunin fullbúin til staðfestingar síðar."

Í greinargerð með upphaflegu tillögunni, sem flutt var af Hjörleifi Guttormssyni, segir:

„Eðlilegt er að stefnt sé að því að áætlun þessi verði fullmótuð af hálfu Náttúruverndarráðs fyrir næsta náttúruverndarþing sem lögum samkvæmt á að halda á árinu 1990. Þar yrði leitað viðbragða, en málið síðan lagt fyrir Alþingi haustið 1990."

Slík drög voru ekki lögð fyrir náttúruverndarþing sem haldið var í október sl. né hafa þau verið lögð fyrir Alþingi. Voldugir virkjanamenn, sem nóg sýnast hafa fjármagnið, gætu orðið fljótari að framkvæma en fjársveltir verðir náttúrunnar að gera áætlanir og Alþingi að yfirfara og staðfesta. Því miður er umræða um undirbúning stórframkvæmda sem þessara lokuð inni á stofnunum en þjóðin fær lítið um þær að heyra fyrr en hún stendur frammi fyrir orðnum hlut.

Í heiminum hefur á undanförnum áratugum mjög litlu fé verið varið í rannsóknir á annars konar orkugjöfum en olíu og kjarnorku. Á þessu verður breyting og hver veit nema finnist leiðir til að virkja bæði föll sjávar og vinda himinsins. Vafasamt er að afkomendur okkar yrðu okkur þakklátir fyrir virkjanagleðina ef á landinu væri ekki eftir eitt einasta eintak af óraskaðri á eða allar þær dýrmætustu, í unaðsstundum talið, eyðilagðar.

Hvítá/Ölfusá og Jökulsá á Fjöllum eru án efa merkilegustu stórár sem enn fá að renna ótruflaðar um land okkar. Í báðum ánum eru miklir fossar sem laða að fjölda ferðamanna, Gullfoss í Hvítá og Dettifoss ásamt þremur öðrum fossum í Jökulsá á Fjöllum, en um þá fossa sagði Sigurður Þórarinsson í fossaskrá sinni: „Fossarnir 3–5 eru samstæða, sem ekki á víða sinn líka á jarðarkringlunni." Umhverfi ánna er mjög fjölbreytt og sérstætt, bæði hvað varðar náttúrufar og þá sögu þjóðarinnar sem lesa má úr umhverfi þeirra. Hvítá/Ölfusá rennur að miklu leyti um blómlegar byggðir sem löngum hafa hýst biskupa og höfðingja og meðfram henni eru mikilvæg votlendissvæði. Jökulsá rennur um

óbyggðir þar sem hírðust útlagar fyrr á öldum en eru nú ýmist friðlýstar eða á náttúruminjaskrá og á láglendi rennur áin um einhvern fegursta stað landsins, Jökulsárgljúfur sem eru að hálfu leyti friðlýst sem þjóðgarður. Óbætanlegt tjón yrði á náttúru Íslands ef ár þessar fengju ekki að njóta friðar um ókomin ár, enda nóg til af annarri orku til að virkja, bæði í vatnsföllum og á jarðhitasvæðum.

Í friðlýsingum ánna þarf að felast:

1. Vatnsmagni ánna verði ekki breytt af mannavöldum, t.d. með því að veita vatni, sem til þeirra fellur, inn á vatnasvið annarra áa.
2. Vatnsyfirborði eða farvegum ánna verði ekki breytt af mannavöldum með uppistöðulónum, stíflum eða öðrum framkvæmdum eða mannvirkjum.
3. Mannvirkjagerð og jarðraski meðfram ánum verði haldið í lágmarki og í óbyggðum verði ekki komið fyrir mannvirkjum sem áberandi eru frá árbökkunum.
4. Losun mengandi úrgangsefna í árnar eða í ár, sem til þeirra falla, verði ekki leyfð.
5. Náttúrulegt lífríki í og við árnar njóti verndar.
6. Umferðarréttur almennings meðfram ánum verði tryggður.
7. Aðstöðu til handa ferðamönnum verði komið upp meðfram ánum, en þess jafnframt gætt við skipulag og stjórnun ferðamennsku að svæðunum sé ekki spillt.

Nd. 574. Frumvarp til laga [326. mál]

um félagsþjónustu sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

I. KAFLI
Markmið laganna.

1. gr.

Markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar. Skal það gert með því

a. að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti,
b. að tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði,
c. að veita aðstoð til þess að íbúar geti búið sem lengst í heimahúsum, stundað atvinnu og lifað sem eðlilegustu lífi,
d. að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál.

Við framkvæmd félagsþjónustunnar skal þess gætt að hvetja einstaklinginn til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum, virða sjálfsákvörðunarrétt hans og styrkja hann til sjálfshjálpar.

2. gr.

Með félagsþjónustu er í lögum þessum átt við þjónustu, aðstoð o.fl. í tengslum við eftirtalda málaflokka:

1. Félagslega ráðgjöf.
2. Fjárhagsaðstoð.
3. Félagslega heimaþjónustu.
4. Málefni barna og ungmenna.

5. Þjónustu við unglinga.
6. Málefni leikskóla.
7. Þjónustu við aldraða.
8. Þjónustu við fatlaða.
9. Húsnæðismál.
10. Aðstoð við áfengissjúka og vímugjafavarnir.
11. Atvinnuleysisskráningu og vinnumiðlun.

II. KAFLI
Stjórn og skipulag.

Yfirstjórn.

3. gr.

Félagsþjónusta sveitarfélaga heyrir undir félagsmálaráðuneyti sem hefur eftirlit með því að sveitarfélögin veiti lögboðna þjónustu.

Málefni leikskóla heyra undir menntamálaráðuneytið að því er varðar faglega yfirstjórn og uppeldisáætlanir.

Sveitarstjórnir og félagsmálanefndir.

4. gr.

Sveitarfélag ber ábyrgð á félagsþjónustu innan sinna marka og skal með skipulagðri félagsþjónustu tryggja framgang markmiða skv. 1. gr. þessara laga.

5. gr.

Sveitarstjórn skal kjósa félagsmálanefnd eða félagsmálaráð, hér eftir í lögum þessum nefnd félagsmálanefnd, sem fer með stjórn og framkvæmd félagsþjónustu í sveitarfélaginu í umboði sveitarstjórnar.

Félagsmálanefnd skal skipuð þremur fulltrúum hið fæsta. Að öðru leyti ákveður sveitarstjórn fjölda nefndarmanna og setur um starfsemi nefndarinnar reglur sem sendar skulu félagsmálaráðuneyti.

Undirnefndir félagsmálanefnda.

6. gr.

Sveitarstjórn getur í sérstökum tilvikum skipað undirnefndir félagsmálanefndar að tilskildu samþykki hennar. Hver undirnefnd skal skipuð a.m.k. þremur fulltrúum og skal a.m.k. einn þeirra eiga sæti í félagsmálanefnd. Sveitarstjórn skal setja reglur um verksvið og starfshætti slíkra undirnefnda að fengnum tillögum félagsmálanefndar.

Undirnefnd fer með sérstök verkefni sem afmarkast við málaflokk eða ákveðinn hluta sveitarfélags. Heimilt er að fela undirnefnd ákvörðunarvald og ábyrgð sem félagsmálanefnd fer með samkvæmt lögum þessum og öðrum lagaákvæðum. Þó skal undirbúningur fjárhagsáætlunar og tillögugerð í sambandi við hana ætíð vera á ábyrgð félagsmálanefndar, svo og eftirlit með framkvæmd fjárhagsáætlunar.

Samvinna sveitarfélaga.

7. gr.

Sveitarstjórnir geta falið héraðsnefndum verkefni skv. 2. gr.

Sveitarstjórnir geta ákveðið að vinna saman að einstökum verkefnum á sviði félags-

þjónustu á vettvangi byggðasamlaga eftir því sem henta þykir á hverjum stað. Enn fremur geta einstök sveitarfélög gert með sér sérstakt samkomulag um sameiginlega félagsþjónustu eða einstaka þætti hennar.

Hafi sveitarfélög falið héraðsnefnd öll verkefni félagsmálanefndar, sbr. 1. mgr., eða ákveðið að vinna saman að öllum verkefnum nefndarinnar samkvæmt sérstöku samkomulagi, sbr. 2. mgr., er viðkomandi sveitarfélögum heimilt að skipa sameiginlega félagsmálanefnd. Tekur sú nefnd þá við hlutverki félagsmálanefnda einstakra sveitarfélaga.

Félagsmálastofnanir og starfsmenn félagsmálanefnda.

8. gr.

Heimilt er að fela sérstakri félagsmálastofnun að sjá um framkvæmd félagsþjónustu undir stjórn félagsmálanefndar.

Félagsmálastofnun skal hafa hæfu starfsfólki á að skipa til að sinna þeim verkefnum sem lög þessi kveða á um.

9. gr.

Í þeim sveitarfélögum, þar sem ekki er sérstök félagsmálastofnun, er heimilt að fela starfsmönnum að sjá um framkvæmd félagsþjónustu undir stjórn félagsmálanefndar.

10. gr.

Félagsmálanefnd er heimilt að fela starfsmönnum afgreiðslu ákveðinna mála og skulu um það settar reglur sem sveitarstjórn staðfestir. Ákvörðunum starfsmanna skal þó ætíð unnt að skjóta til félagsmálanefndar.

III. KAFLI
Hlutverk félagsmálanefnda.

11. gr.

Hlutverk félagsmálanefnda er

1. að fara með stjórn og framkvæmd félagsþjónustu í sveitarfélaginu í samræmi við reglur sem sveitarstjórn setur,
2. að hafa yfirsýn yfir félagslega hagi fólks í sveitarfélaginu til þess að tryggja það að félagsleg þjónusta verði sem mest í samræmi við þarfir íbúa,
3. að gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnumörkun á sviði félagsþjónustu í sveitarfélaginu,
4. að gera tillögur að fjárhagsáætlun til sveitarstjórnar um útgjaldaliði félagsmála,
5. að vinna með öðrum opinberum aðilum svo og félögum, félagasamtökum og einstaklingum að því að bæta félagslegar aðstæður og umhverfi í sveitarfélaginu,
6. að veita upplýsingar um félagsþjónustu í sveitarfélaginu,
7. að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð með ráðgjöf, umönnun, fjárhagslegri fyrirgreiðslu og annarri þjónustu,
8. að hafa yfirumsjón með starfsemi og rekstri stofnana á sviði félagsþjónustu í umboði sveitarstjórnar,
9. að beita sér fyrir forvörnum sem eru til þess fallnar að tryggja stöðu einstaklinga og fjölskyldna,
10. að stuðla að þjálfun og menntun starfsliðs, m.a. með námskeiðum.

IV. KAFLI
Almenn ákvæði um rétt til félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga.

12. gr.

Sveitarfélag skal sjá um að veita íbúum þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum þessum og jafnframt tryggja að þeir geti séð fyrir sér og sínum.

Aðstoð og þjónusta skal jöfnum höndum vera til þess fallin að bæta úr vanda og koma í veg fyrir að einstaklingar og fjölskyldur komist í þá aðstöðu að geta ekki ráðið fram úr málum sínum sjálf.

Hafðir skulu í huga jafnt almannahagsmunir sem og velferð þess sem þjónustuna fær.

13. gr.

Með íbúa sveitarfélags er í lögum þessum átt við hvern þann sem lögheimili á í viðkomandi sveitarfélagi.

Verði eigi upplýst um lögheimili manns er leitar aðstoðar skal honum veitt aðstoð þar sem hann dvelur.

Flytjist maður milli sveitarfélaga skal hann eiga rétt til þjónustu í því sveitarfélagi er hann flyst til þegar hann hefur tekið sér þar lögheimili. Enginn öðlast þó rétt til þjónustu eða aðstoðar í öðru sveitarfélagi með dvöl sem ekki er ígildi fastrar búsetu, sbr. lög um lögheimili.

14. gr.

Þurfi fólk á aðstoð að halda utan heimilissveitar sinnar sökum slysa, veikinda eða af öðrum brýnum orsökum er dvalarsveit skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við heimilissveit sem endurgreiðir kostnað að fullu.

15. gr.

Aðstoð til erlendra ríkisborgara skal veitt í því sveitarfélagi þar sem þeir eiga lögheimili. Verði ekki upplýst um lögheimili skal aðstoð veitt í dvalarsveit.

Ríkissjóður skal endurgreiða sveitarfélagi veitta aðstoð til erlendra ríkisborgara ef þeir eiga ekki lögheimili hér á landi eða hafa dvalið hér skemur en tvö ár.

Veitt aðstoð til íslenskra ríkisborgara hjá umboðsmönnum ríkisins erlendis og kostnaður við heimflutning greiðist úr ríkissjóði.

Félagsmálaráðuneyti er heimilt að setja reglur um aðstoð til erlendra ríkisborgara.

V. KAFLI
Félagsleg ráðgjöf.

16. gr.

Félagsmálanefndir skulu leitast við að bjóða upp á félagslega ráðgjöf. Markmið hennar er að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar.

17. gr.

Félagsleg ráðgjöf tekur m.a. til ráðgjafar á sviði fjármála, húsnæðismála, uppeldismála, skilnaðarmála, þar með talinna forsjár- og umgengnismála, ættleiðingarmála o.fl. Henni skal ætíð beitt í eðlilegu samhengi við aðra aðstoð samkvæmt lögum þessum og

í samvinnu við aðra þá aðila sem bjóða upp á slíka þjónustu, svo sem skóla og heilsugæslustöðvar eftir því sem við á.

18. gr.

Félagsmálanefndir skulu leitast við að hafa á að skipa menntuðu starfsfólki í félagsráðgjöf eða á hliðstæðu sviði til þess að annast félagslega ráðgjöf.

VI. KAFLI
Fjárhagsaðstoð.

19. gr.

Skylt er hverjum manni að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára.

20. gr.

Um skyldur sveitarfélags til að veita fjárhagsaðstoð gilda almenn ákvæði um félagsþjónustu skv. IV. kafla.

21. gr.

Fjárhagsaðstoð á vegum sveitarfélags skal vera svo mikil sem nauðsyn krefur.

Sveitarstjórn setur reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar að fengnum tillögum félagsmálanefndar.

22. gr.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélags getur hvort heldur sem er verið lán eða styrkur. Fjárhagsaðstoð skal veitt sem lán ef umsækjandi óskar þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt er að gera kröfur um endurgreiðslu með tilliti til eigna og framtíðartekna.

Aðstoð er aldrei endurkræf nema það sé ákveðið þegar hún er veitt.

23. gr.

Fjárhagsaðstoð, veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær, er ætíð endurkræf.

24. gr.

Skylt er að veita félagsmálanefndum hverjar þær upplýsingar úr skattskýrslum þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar eða hafa fengið hana. Sama gildir um upplýsingar úr skattskýrslum lögskylds framfæranda.

Atvinnurekendum er skylt að láta félagsmálanefndum í té upplýsingar um laun þess sem fjárhagsaðstoðar leitar og framfærenda hans.

25. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um samskipti sveitarfélaga sín á milli og um uppgjör milli ríkisins og sveitarfélaga vegna veittrar fjárhagsaðstoðar skv. IV. kafla laga þessara.

VII. KAFLI
Félagsleg heimaþjónusta.

26. gr.

Sveitarfélag skal sjá um félagslega heimaþjónustu til handa þeim sem búa í heimahúsum og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar eða fötlunar.

27. gr.

Með félagslegri heimaþjónustu skal stefnt að því að efla viðkomandi til sjálfsbjargar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsum við sem eðlilegastar aðstæður.

28. gr.

Með félagslegri heimaþjónustu er átt við hvers konar aðstoð við heimilishald, persónulega umhirðu, félagslegan stuðning, gæslu og umönnun barna og unglinga.

29. gr.

Áður en aðstoð er veitt skal sá aðili, sem fer með heimaþjónustu, meta þörf í hverju einstöku tilviki. Læknisvottorð skal liggja fyrir þegar um heilsufarsástæður er að ræða.

30. gr.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um framkvæmd félagslegrar heimaþjónustu.

VIII. KAFLI
Málefni barna og ungmenna.

31. gr.

Félagsmálanefnd er skylt, í samvinnu við foreldra, forráðamenn og aðra þá aðila sem hafa með höndum uppeldi, fræðslu og heilsugæslu barna og ungmenna, að gæta velferðar og hagsmuna þeirra í hvívetna.

Félagsmálanefnd skal sjá til þess að börn fái notið hollra og þroskavænlegra uppvaxtarskilyrða, t.d. leikskóla og tómstundaiðju. Einnig skal félagsmálanefnd gæta þess að aðbúnaði barna sé ekki áfátt og ekki séu þær aðstæður í umhverfi barna sem þeim stafar hætta af.

32. gr.

Félagsmálanefnd, eða önnur nefnd samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar, skal veita leyfi til daggæslu barna í heimahúsum og annast rekstur gæsluvalla fyrir börn. Félagsmálaráðherra setur reglugerð um starfsemi og rekstur gæsluvalla og daggæslu í heimahúsum.

33. gr.

Sveitarstjórn getur falið félagsmálanefnd verkefni barnaverndarnefndar og fer þá um framkvæmd og meðferð þeirra mála eftir lögum um vernd barna og ungmenna.

IX. KAFLI
Þjónusta við unglinga.

34. gr.

Að tilhlutan sveitarfélaga skal vera skipulagt forvarnastarf í unglingamálum sem miðar að því að beina athafnaþörf æskufólks á heillavænlegar brautir.

35. gr.

Félagsmálanefnd skal sjá um þá þætti unglingaþjónustunnar sem varða málefni einstaklinga, t.d. ráðgjöf, útideildarstarfsemi (leitarstarf) og rekstur unglingaathvarfa eftir því sem þörf er á.

Heimilt er að fela félagsmálanefndum umsjón með æskulýðs- og íþróttamálum í umboði sveitarstjórna, þar á meðal rekstur félagsmiðstöðva, tómstundastarf í skólum og rekstur mannvirkja og aðstöðu fyrir íþróttastarfsemi.

36. gr.

Um önnur atriði, er lúta að þjónustu við unglinga, er vísað í lög um æskulýðsmál, íþróttalög, lög um grunnskóla og lög um vernd barna og ungmenna.

X. KAFLI
Málefni leikskóla.

37. gr.

Sveitarfélög skulu eftir föngum bjóða upp á leikskóla barna þar sem þeirra er þörf. Til þess að sú þjónusta verði í sem bestu samræmi við þarfir barna í sveitarfélagi skal það láta fara fram mat á þörfinni eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

38. gr.

Félagsmálanefnd, skólanefnd grunnskóla eða sérstök leikskólanefnd fara með stjórn leikskóla.

Ákvörðun um stjórn leikskóla tekur sveitarstjórn.

39. gr.

Samþykki menntamálaráðuneytis og hlutaðeigandi sveitarstjórnar þarf til að setja á stofn leikskóla fyrir börn.

40. gr.

Markmið leikskóla skal vera að stuðla að og örva alhliða þroska barna með því að skapa þeim góð uppeldisskilyrði undir handleiðslu fóstra og annars starfsliðs sem sérstaklega er til þess menntað.

Leikskólar skulu reknir samkvæmt sérstökum lögum.

XI. KAFLI
Þjónusta við aldraða.

41. gr.

Sveitarstjórn skal stuðla að því að aldraðir geti búið við eðlilegt heimilislíf í umgengni við aðra svo lengi sem verða má. Jafnframt verði tryggð nauðsynleg stofnanaþjónusta þegar hennar er þörf.

42. gr.

Félagsmálanefnd skal leitast við að tryggja öldruðum hentugt húsnæði og jafnframt skipuleggja félagslega heimaþjónustu.

43. gr.

Sveitarstjórn skal sjá um að félagsþjónusta aldraðra sé fyrir hendi í sveitarfélaginu eftir þörfum. Hér er átt við heimaþjónustu, félagsráðgjöf, heimsendingu matar og aðra eðlilega þjónustu. Jafnframt skal tryggja öldruðum aðgang að félags- og tómstundastarfi við þeirra hæfi. Í því sambandi skal lögð sérstök áhersla á fræðslu og námskeiðahald um réttindi aldraðra og aðlögun að breyttum aðstæðum sem fylgja því að hætta þátttöku á vinnumarkaði.

44. gr.

Leitast skal við að tryggja að aldraðir taki sjálfir þátt í ákvörðunum um málefni sín.

45. gr.

Aldraðir eiga rétt á almennri þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum þessum en að öðru leyti fer um málefni þeirra eftir sérlögum um málefni aldraðra.

XII. KAFLI
Þjónusta við fatlaða.

46. gr.

Félagsmálanefnd skal vinna að því að fötluðum, hvort sem heldur er af líkamlegum eða andlegum ástæðum, séu tryggð sambærileg lífskjör og jafnrétti á við aðra þjóðfélagsþegna. Jafnframt skulu fötluðum sköpuð skilyrði til að lifa sem eðlilegustu lífi miðað við getu hvers og eins.

47. gr.

Félagsmálanefnd skal skipuleggja félagslega heimaþjónustu fyrir fatlaða og leitast við að tryggja þeim hentugt íbúðarhúsnæði.

48. gr.

Fatlaðir eiga rétt á almennri þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum þessum og skal þeim veitt þjónusta á almennum stofnunum eftir því sem unnt er og við á.

Að öðru leyti fer um málefni þeirra eftir sérlögum um málefni fatlaðra.

Samstarf skal vera sem víðtækast milli svæðisstjórna fatlaðra og einstakra sveitarfélaga um þjónustu við fatlaða.

XIII. KAFLI
Húsnæðismál.

49. gr.

Sveitarstjórnir skulu, eftir því sem kostur er og þörf er á, hafa framboð af leiguhúsnæði, félagslegu kaupleiguhúsnæði og/eða félagslegum eignaríbúðum handa þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna.

50. gr.

Félagsmálanefndir skulu sjá til þess að veita þeim fjölskyldum og einstaklingum, sem ekki eru færir um það sjálfir, úrlausn í húsnæðismálum til að leysa úr bráðum vanda á meðan unnið er að varanlegri lausn.

51. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að fela félagsmálanefnd umsjón með leiguíbúðum í eigu sveitarfélagsins og útleigu þeirra.

Þegar aðrar félagslegar íbúðir en leiguíbúðir eiga í hlut getur félagsmálanefnd gert tillögur til húsnæðisnefndar um úthlutun á íbúðum.

52. gr.

Sveitarstjórnum er heimilt að fela félagsmálanefndum verkefni húsaleigunefndar, sbr. lög um húsaleigusamninga.

XIV. KAFLI
Aðstoð við áfengissjúka og vímugjafavarnir.

53. gr.

Heimilt er sveitarstjórnum að fela félagsmálanefndum lögbundin verkefni áfengisvarnanefndar, sbr. áfengislög, nr. 82/1969, að hluta til eða að öllu leyti.

54. gr.

Félagsmálanefndir skulu stuðla að forvörnum í áfengis- og vímugjafamálum í samstarfi við viðeigandi aðila, svo sem lögreglu, heilbrigðisþjónustu og skóla.

55. gr.

Félagsmálanefndir skulu hlutast til um að áfengissjúkir og þeir sem misnota áfengi eða aðra vímugjafa fái viðeigandi meðferð og aðstoð. Þá skal veita aðstandendum og fjölskyldum áfengissjúkra ráðgjöf og aðstoð eftir því sem við á.

56. gr.

Félagsmálanefndir skulu stuðla að því að áfengissjúkir og misnotendur vímugjafa, sem fengið hafa meðferð og læknishjálp, fái nauðsynlegan stuðning og aðstoð til að lifa eðlilegu lífi að meðferð lokinni.

XV. KAFLI
Atvinnuleysisskráning og vinnumiðlun.

57. gr.

Sveitarstjórnum er skylt að annast atvinnuleysisskráningu og vinnumiðlun, sbr. lög um vinnumiðlun, nr. 18/1985.

Stjórn vinnumiðlunar og félagsmálanefnd skulu hafa náið samstarf um atvinnuleysisskráningu og vinnumiðlun.

58. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að fela félagsmálanefnd skráningu atvinnulausra og fram

kvæmd vinnumiðlunar að hluta til, einkum þjónustu við atvinnuleitendur, þar á meðal unglinga og aldraða.

59. gr.

Að fengnu samþykki sveitarstjórnar er svæðisstjórn um málefni fatlaðra heimilt að fela félagsmálanefndum starfrækslu atvinnuleitar fyrir fatlaða þar sem það á við, sbr. lög um málefni fatlaðra, nr. 41/1983.

XVI. KAFLI
Starfshættir félagsmálanefnda.

60. gr.

Um félagsmálanefndir og starfslið sveitarfélaga gilda ákvæði VI. og VII. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, og ákvæði IV. og V. kafla sömu laga eftir því sem við á. Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara og reglna sem sveitarstjórnir setja um félagsmálanefndir, starfssvið þeirra og meðferð mála.

XVII. KAFLI
Almennar reglur um meðferð einstakra mála.

61. gr.

Berist félagsmálanefnd umsókn um aðstoð samkvæmt lögum þessum skal nefndin kanna aðstæður umsækjanda eins fljótt og unnt er.

Fái félagsmálanefnd með öðrum hætti upplýsingar um nauðsyn á aðstoð eða aðgerðum skal mál kannað með sama hætti.

62. gr.

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við skjólstæðing og leitað eftir samþykki hans þar sem því verður við komið.

63. gr.

Við meðferð mála og ákvörðunartöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við skjólstæðing eftir því sem unnt er, að öðrum kosti við talsmann ef hann er fyrir hendi.

Sé talið nauðsynlegt vegna almannahagsmuna eða velferðar viðkomandi einstaklings að hafa uppi þvingunaraðgerðir skal með þau mál farið eftir ákvæðum laga um lögræði, laga um vernd barna og ungmenna og annarra þeirra laga er slíkar heimildir veita.

Kynna skal niðurstöðu mála eins fljótt og unnt er. Ef niðurstaða er umsækjanda óhagstæð skal hún skýrð og rökstudd og tilkynnt honum tryggilega. Í slíku tilfelli getur umsækjandi eða talsmaður hans krafist skriflegs rökstuðnings. Sé um skerðingu á réttindum skjólstæðings að ræða skal niðurstaða ávallt rökstudd skriflega og tilkynnt með sérstökum tryggilegum hætti.

64. gr.

Skjólstæðingur á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

65. gr.

Fulltrúar í félagsmálanefndum og starfsmenn skulu varðveita málsgögn, er varða per-

sónulega hagi einstaklinga, með tryggilegum hætti þannig að óviðkomandi fái þar ekki aðgang. Hafi þeir kynnst einkamálum skjólstæðinga í starfi er þeim óheimilt að ræða þau mál við óviðkomandi aðila nema að fengnu samþykki skjólstæðings eða forráðamanna hans.

66. gr.

Kynna skal aðila sérstaklega rétt hans til málskots.

67. gr.

Opinberir aðilar, sem fást við verkefni eða reka stofnanir á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga eða fara með verkefni sem tengjast henni, skulu hafa sem nánasta samvinnu bæði hvað varðar skipulag þjónustu og málefni einstakra skjólstæðinga.

Þegar málefni skjólstæðings er til meðferðar hjá fleiri en einni stofnun skal um það höfð samvinna milli þeirra og veittar gagnkvæmar upplýsingar eftir því sem nauðsynlegt er, þó þannig að gætt sé trúnaðar gagnvart skjólstæðingi.

XVIII. KAFLI
Málskot.

68. gr.

Málsaðili getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til úrskurðarnefndar félagsþjónustu, sbr. 69. gr. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því viðkomanda barst vitneskja um ákvörðun.

Málskot til nefndarinnar frestar ekki framkvæmd hinnar kærðu ákvörðunar nema nefndin ákveði annað.

69. gr.

Úrskurðarnefnd félagsþjónustu fjallar um eftirtalin atriði:

1. Málsmeðferð, sbr. XVII. kafla.
2. Rétt til aðstoðar, sbr. IV. kafla.
3. Hvort samþykkt þjónusta og upphæð fjárhagsaðstoðar er í samræmi við reglur viðkomandi sveitarstjórnar.

70. gr.

Þrír menn eiga sæti í úrskurðarnefnd félagsþjónustu, tilnefndir til fjögurra ára í senn. Hæstiréttur skipar oddamann nefndarinnar og varamann hans og skulu þeir hafa lokið embættisprófi í lögfræði. Félagsmálaráðherra skipar einn mann í nefndina og einn til vara. Sama gildir um Samband íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin skal taka mál til meðferðar án tafar og kveða upp úrskurð sinn innan þriggja mánaða frá því nefndinni barst mál til úrskurðar. Ef ástæða þykir til getur nefndin mælt fyrir um munnlegan eða skriflegan málflutning.

Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir á sviði stjórnsýslunnar.

Kostnaður af störfum úrskurðarnefndar félagsþjónustu greiðist úr ríkissjóði.

Gildistaka.

71. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku laga þessara eru úr gildi fallin fram-

færslulög, nr. 80/1947, með síðari breytingum, og lög um heimilishjálp í viðlögum, nr. 10/1952, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Lagafrumvarp þetta er samið af nefnd sem þáverandi félagsmálaráðherra, Alexander Stefánsson, skipaði 23. júlí 1986. Í þá nefnd voru skipuð: Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, formaður Starfsmannafélagsins Sóknar, skipuð af ráðherra, Kristján Benediktsson, fyrrverandi borgarfulltrúi, tilnefndur af þingflokki Framsóknarflokksins, Gunnar Jóhann Birgisson lögfræðingur, tilnefndur af þingflokki Sjálfstæðisflokkksins, Ingibjörg Rafnar lögfræðingur, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Rannveig Guðmundsdóttir, forseti bæjarstjórnar Kópavogs, skipuð af ráðherra, Sveinn Ragnarsson félagsmálastjóri, skipaður af ráðherra og Þorgerður Benediktsdóttir deildarlögfræðingur, skipuð af ráðherra, sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Gylfi Kristinsson deildarstjóri var ritari nefndarinnar til ársloka 1987.

Með bréfi félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, dags. 12. janúar 1988 var nefndinni skipt í tvær nefndir, vinnunefnd og ráðgjafarnefnd. Jafnframt skipaði félagsmálaráðherra tvo nýja fulltrúa í nefndina, þá Braga Guðbrandsson félagsmálastjóra og Ólöfu Thorarensen félagsmálastjóra. Jafnframt var ákveðið að formaður nefndarinnar skyldi einnig vera ritari hennar.

Verkefni vinnunefndar var að afla upplýsinga og heimilda og semja tillögur sem ráðgjafarnefnd legði mat sitt á.

Í vinnunefnd áttu sæti: Bragi Guðbrandsson, Ólöf Thorarensen, Sveinn Ragnarsson og Þorgerður Benediktsdóttir.

Í ráðgjafarnefnd áttu sæti: Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Gunnar Jóhann Birgisson fram til 15. apríl 1988, Ingibjörg Rafnar fram til 3. nóvember 1988, Kristján Benediktsson og Sjöfn Sigurbjörnsdóttir kennari frá og með 21. desember 1987 (í stað Rannveigar Guðmundsdóttur).

Við vinnu sína hafði vinnunefnd m.a. til hliðsjónar:

1. Gögn nefndar, er skipuð var af félagsmálaráðherra 29. desember 1978, er vann að undirbúningi að frumvarpi að lögum um félagslega þjónustu sveitarfélaga.
2. Tillögur og gögn starfshóps, er skipaður var af félagsmálaráðherra 2. desember 1980, er vann að tillögum um stefnumótun um skipan félagslegrar þjónustu sveitarfélaga.
3. Félagsmálalöggjöf í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

Nefndin hafði samráð við fulltrúa frá menntamálaráðuneyti varðandi dagvist barna, fulltrúa frá heilbrigðisráðuneyti um heimaþjónustu og samráð við nefnd, sem vann að endurskoðun barnaverndarlaga á sama tíma og frumvarpið var í undirbúningi, varðandi málefni barna og þjónustu við unglinga.

Nefndin afhenti ráðherra áfangaskýrslu um tillögur sínar í byrjun júní 1988. Í þeirri skýrslu fólust, auk tillagna nefndarinnar, drög að fyrri hluta frumvarps, þ.e. að köflum um markmið laganna, stjórnun og skipulag, fjárhagsaðstoð, félagslega heimaþjónustu, barnavernd og dagvist barna. Skýrslan var kynnt ríkisstjórn og send til umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga. Umsagnir bárust frá stjórn

Sambands íslenskra sveitarfélaga og öllum landshlutasamtökum, utan tveggja sem skiluðu ekki áliti. Sumarið 1989 lágu fyrir frumvarpsdrög í heild sinni. Drögin voru send til umsagnar heilbrigðisráðuneytis, menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Haft var samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga við frágang frumvarpsdraga, sjá fskj. II. Frumvarpsdrögin voru þá lögð fram í ríkisstjórn. Í kjölfarið var skipuð sérstök nefnd með fulltrúum stjórnarflokkanna til þess að fara yfir frumvarpsdrögin. Niðurstaða þeirrar nefndar var sú að mælt var samhljóða með frumvarpsdrögunum, sjá fskj. III. Í meðförum ríkisstjórnarinnar var hins vegar ákveðið að gera á frumvarpsdrögum breytingar viðvíkjandi dagvist barna. Frumvarpið var síðan lagt fram á Alþingi vorið 1990, en hlaut ekki umfjöllun. Sumarið 1990 var frumvarpið sent til umsagnar allra sveitarfélaga og fjölmargara félagasamtaka. Tekið var tillit til nokkurra ábendinga sem þar komu fram og ekki fólu í sér meiri háttar breytingu.

Aðdragandi og forsendur frumvarpsins.

Nefndinni var í upphafi falið að endurskoða framfærslulög, nr. 80/1947. Eins og gefur að skilja eru þau lög orðin úrelt enda hafa aðstæður í þjóðfélaginu breyst gífurlega frá setningu þeirra. Nægir í þeim efnum að benda á eflingu almannatrygginga og lífeyrissjóða ásamt bættum efnahag almennings. Hins vegar komst nefndin fljótlega að þeirri niðurstöðu að ekki væri rétt að einskorða verkið við framfærslumál þar sem lög, sem byggjast á framfærslusjónarmiðum einum saman, heyri nú sögunni til. Félagsmálaráðherra lýsti sig samþykkan því að rýmka umboð nefndarinnar í samræmi við þá hugmynd.

Þegar á sjöunda áratugnum komu fram hugmyndir þess efnis að setja bæri heildstæða löggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þau rök lágu að baki að félagsleg aðstoð nútímans feli í sér margþættan stuðning þar sem fjárhagsaðstoð er aðeins eitt atriði í víðtækri aðstoð og þjónustu. Því væri æskilegt að leitast við að tryggja heildarsýn og samræmingu þjónustunnar með því að færa félagsmál sveitarfélaganna undir sameiginlega stjórn félagsmálanefndar. Slík stjórn kæmi í stað hinna mörgu nefnda sem hver um sig fer með einn málaflokk. Þróun á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga hafi leitt í ljós ókosti og óhagræði þeirrar sérhæfingar. Því hafi komið fram kröfur um aukna sameiningu og samræmingu starfa á sviði félagsþjónustunnar og jafnframt óskir um sterkari heildarstjórn þessa málaflokks.

Bent var á nauðsyn þess að yfirstjórn félagsþjónustu sveitarfélaganna væri á einni hendi, þ.e. sama ráðuneyti færi með yfirstjórn málaflokksins í stað þess að hann dreifðist á fleiri en eitt ráðuneyti.

Á árunum 1979–1983 störfuðu tvær ráðherraskipaðar nefndir að því að semja frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga eða tillögur um það efni. Því verki lauk ekki og lá því niðri þar til undirbúningur þessa frumvarps hófst síðla árs 1986.

Auk starfa áðurgreindra nefnda við undirbúning að heildstæðri félagsmálalöggjöf sveitarfélaga bárust félagsmálaráðneyti á áttunda áratugnum ábendingar frá ýmsum aðilum um nauðsyn þess að semja almenn lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, svo sem frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar og Stéttarfélagi félagsráðgjafa.

Með hliðsjón af framangreindu taldi nefndin ljóst að vinna bæri að frumvarpi að heildstæðri löggfjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga. Hér komu tvær leiðir til álita. Önnur sú að leggja til að öll lög um félagsþjónustu sveitarfélaga yrðu felld saman í einn lagabálk, heildarlög. Hin leiðin var sú að vinna að frumvarpi til rammalaga þar sem kveðið yrði

stuttlega á um meginreglur en við hlið þeirra laga gildi sérlög, auk þess sem sveitarfélög setji sér sjálf reglur.

Við þetta úrlausnarefni vó þungt sú staðreynd að undanfarin ár hefur lagaþróunin verið sú að sett hafa verið sérlög innan félagsmálalöggjafarinnar, svo sem lög um málefni aldraðra og lög um málefni fatlaðra. Þróunin hefur þannig ekki stefnt að heildarlöggjöf heldur fremur hið gagnstæða. Hin nýju sveitarstjórnarlög, sem fela í sér áherslur á sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaganna, höfðu ekki síður áhrif á niðurstöðu nefndarinnar. Hún varð því sú að unnið yrði að frumvarpi til rammalaga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Í því frumvarpi til rammalaga um félagsþjónustu sveitarfélaga, sem hér er lagt fram, er kveðið á um nýtt skipulag félagsþjónustunnar og jafnframt um efnisatriði þeirrar þjónustu, hvern málaflokk fyrir sig. Nokkrar þýðingarmiklar forsendur voru lagðar því til grundvallar. Í fyrsta lagi að ekki sé í frumvarpinu hróflað við þeim sérlögum sem í gildi eru. Undantekning er þó sú að lagt er til að elstu lögin, framfærslulögin frá 1947 og lög um heimilishjálp í viðlögum, nr. 10/1952, verði leyst af hólmi með köflum frumvarpsins um fjárhagsaðstoð og félagslega heimaþjónustu. Í öðru lagi hefur við ákvörðun á því hvaða málaflokkar teldust til félagsþjónustu sveitarfélaga verið höfð hliðsjón af 6. gr. sveitarstjórnarlaga annars vegar og þeim venjum sem skapast hafa við framkvæmd félagsþjónustunnar hins vegar. Í þriðja lagi er gengið út frá því að frumvarpið veiti svigrúm til mats miðað við staðbundnar aðstæður á hverjum stað og samrýmist þannig sjónarmiðinu um sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga. Loks gerir frumvarpið ekki ráð fyrir neinum breytingum á fjármögnun þjónustunnar frá því sem lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og lög um tekjustofna sveitarfélaga kveða á um.

Annmarkar á skipan félagsþjónustunnar.

Hér á eftir mun verða gerð grein fyrir helstu annmörkum á núverandi skipan félagsþjónustu sveitarfélaga sem frumvarpinu er ætlað að bæta úr.

1. Eins og fram hefur komið er framkvæmd félagsþjónustu sveitarfélaganna grundvölluð á mörgum sérlögum sem sett hafa verið á mjög löngum tíma. Mörg þessara laga eru fyrir löngu orðin úrelt en önnur skarast með óeðlilegum hætti. Þá er tæplega unnt að sjá innbyrðis tengingu eða skírskotun þessara laga þannig að samræmingar við framkvæmd þjónustunnar sé gætt. Þessi sérhæfingarsjónarmið í löggjöf og framkvæmd orka tvímælis.
2. Sérhæfingarsjónarmiðið felur í sér mikla verkaskiptingu eftir eðli vandamála. Þannig hefur það haft í för með sér mikinn fjölda nefnda sem hver um sig fer með einn málaflokk félagsþjónustunnar. Þetta hefur torveldað heildarsýn og samræmingu við uppbyggingu og rekstur félagsþjónustunnar og getur gert hana óhagkvæma og ómarkvissa. Þjónusta við einstaklinga hefur oft verið sundurlaus og almenningi gert erfiðara fyrir í skiptum sínum við félagsþjónustuna en ella þyrfti.
3. Sérhæfingarsjónarmiðið hefur enn fremur orðið til þess að yfirstjórn félagsþjónustu hefur dreifst á fleiri en eitt ráðuneyti. Slíkt fyrirkomulag birgir fyrir möguleika á yfirsýn yfir málaflokkinn og getur staðið í vegi fyrir lagasamræmi og samræmdri framkvæmd. Eftirliti með og aðstoð við framkvæmd laga hefur jafnframt verið ábótavant sem rekja má til dreifðrar yfirstjórnar.
4. Hin dreifða yfirstjórn hefur átt verulegan þátt í því að stefnumótun í félagsþjónustunni hefur átt erfitt uppdráttar. Einstakir málaflokkar félagsþjónustunnar hafa orðið að jaðarmálum margra ráðuneyta sem jafnvel hafa ekki haft á að skipa sérstök-

um starfsmönnum til að sinna þeim. Hin dreifða stjórn félagsþjónustunnar innan sveitarfélaganna hefur enn aukið á erfiðleika við stefnumörkun. Reyndin hefur því orðið sú að ekki er til stefna í félagsmálum sambærileg við stefnu stjórnvalda, t.d. í heilbrigðis- og menntamálum. Í sérlögum má þó finna markmiðslýsingu í einstökum málaflokkum þótt um framkvæmd þeirra markmiða fari með mjög ólíkum hætti.

5. Ekki gætir samræmis varðandi grundvallaratriði í framkvæmd félagsþjónustunnar. Almennt hefur verið gengið út frá því að sveitarfélögin séu grunneining félagsþjónustunnar. Hins vegar eru í veigamiklum málaflokkum lögbundin starfssvæði þar sem sveitarfélögum er skylt að sameinast um þjónustu eða hafa með sér samvinnu um hana. Þessi starfssvæði eru hins vegar ekki þau sömu heldur breytileg eftir því hver málaflokkurinn er. Þannig eiga sveitarfélög að sinna öldrunarþjónustu á grundvelli heilsugæsluumdæma, hafa samstarf í málefnum fatlaðra á vettvangi svæðisstjórna og starfa saman að vinnumiðlun á vettvangi atvinnusvæða. Þrátt fyrir þá annmarka, sem þessu fylgja, eru kostirnir þeir að reynt er að komast hjá þeim takmörkunum sem mannfæð margra sveitarfélaga setur félagsþjónustunni.
6. Flest sveitarfélög í landinu eru of fámenn til þess að geta ein og sér risið undir því að veita félagsþjónustu sem heitið getur. Segja má að þá félagsþjónustu, sem frumvarpið nær til, sé nú nær eingöngu að finna í stærstu sveitarfélögunum. Þetta leiðir óhjákvæmilega til ójafnaðar eftir því hvar fólk býr á landinu.

Breytt skipan félagsþjónustunnar og hlutverk ríkisins.

Ákvæði frumvarpsins um breytta skipan félagsþjónustunnar miða fyrst og fremst að því að sjónarmið heildarsýnar er tekið fram yfir sjónarmið sérhæfingar í stjórnun og skipan félagsþjónustunnar. Í þessu felst að stigin eru skref í átt til þess að á vettvangi ríkisins verði yfirstjórn og eftirlit með framkvæmd félagsþjónustunnar sameinuð í einu ráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, í stað fleiri ráðuneyta eins og nú er. Jafnframt verði stjórn og framkvæmd félagsþjónustunnar sameinuð á vettvangi sveitarstjórna í einni nefnd, félagsmálanefnd. Loks er áhersla lögð á að hvetja sveitarfélög til að sameinast um framkvæmd félagsþjónustu með það fyrir augum að félagsþjónusta standi öllum landsmönnum til boða.

Rammalög veita sveitarfélögum mikið svigrúm til ákvarðana miðað við aðstæður. Þegar af þeirri ástæðu er nauðsynlegt að eftirlit af hálfu framkvæmdarvaldsins sé virkt. Þar hvíli þannig endanleg ábyrgð á því að landsmenn fái sómasamlega félagsþjónustu innan ramma laganna. Gert er ráð fyrir því að hlutverk og ábyrgð viðkomandi ráðuneytis komi fyrst og fremst fram með leiðbeiningarstarfsemi við sveitarfélögin, öflun og miðlun upplýsinga ásamt því að hafa frumkvæði að stefnumótun. Vakin er sérstök athygli á því að hér er setning reglugerða ekki tilgreind sem hluti af ábyrgð ráðuneytis. Skýring þess er sú að í frumvarpinu er ekki að finna almenna reglugerðarheimild. Bæði kemur hér til að sérlög gilda um marga málaflokka frumvarpsins, en um önnur atriði þykir rétt að sveitarstjórnir setji sínar eigin reglur. Heimild ráðherra til setningu reglugerða samkvæmt frumvarpinu er bundin við tvö afmörkuð atriði, sjá 25. og 32. gr. frumvarps.

Þar sem hér er um frumvarp að rammalögum að ræða, sem veitir svigrúm til að taka mið af staðbundnum aðstæðum, ber það svipmót málamiðlunar á milli þess að um aðstoð gildi nákvæmar reglur annars vegar og sveigjanleika fyrir staðbundnar ákvarðanir hins vegar. Þessi ríka áhersla, sem lögð er á sveigjanleika, felur í sér að af hálfu hlutaðeigandi ráðuneytis sé látið við það sitja að veita sveitarfélögum leiðbeiningar, aðstoð

við skýringar á lögum og stefnumótun ásamt því að fylgjast með framkvæmd laganna. Þessi staðreynd getur leitt til þess, verði frumvarpið að lögum, að þau verði að einhverju leyti framkvæmd mismunandi í einstökum sveitarfélögum og málaflokkum eftir því sem heimilt er innan ramma laganna. Einmitt með þetta í huga er mikilvægt að eftirlit ráðuneytisins verði virkt. Meginhlutverk ráðuneytis hlýtur því að vera að leggja mat á hvort lögunum sé framfylgt, skapa um það traust að lög og reglur séu framkvæmdar með þeim hætti að málefni einstaklinga fái réttmæta meðferð. Til að svo geti orðið verður ráðuneytið að eiga rétt á upplýsingum um framkvæmd félagsþjónustunnar frá sveitarfélögunum, bæði almennar og í einsökum atriðum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að félagsþjónusta sveitarfélaga heyri undir félagsmálaráðuneyti og eftirlit með framkvæmd laganna verði á vegum þess. Þannig er lagt til að nýir málaflokkar færist til þess ráðuneytis ýmist að hluta til eða að öllu leyti. Fyrst og fremst er um að ræða barnaverndarmál sem alfarið flytjast frá menntamálaráðuneyti til félagsmálaráðuneytis. Þá er gert ráð fyrir því að ný viðfangsefni félagsmálaráðuneytis verði dagvistarmál, málefni aldraðra, málefni áfengissjúkra og vímugjafavarnir án þess þó að þessir málaflokkar færist í heild sinni til félagsmálaráðuneytis. Málefni aldraðra og þjónusta við áfengissjúka heyra undir heilbrigðisráðuneyti. Ástæða þess að ekki er lagt til að þessir málaflokkar heyri undir félagsmálaráðuneyti er fólgin í því að þeir eru ekki einvörðungu sveitarstjórnarmál heldur jafnframt ríkis. Auk þess þyrfti að breyta sérlögum í þá veru að aðskilja félagslega og heilsufarslega þætti. Slíkt kæmi niður á heildarsýn innan þeirra málaflokka þannig að ávinningur væri takmarkaður.

Nefndin sem samdi frumvarpsdrögin lagði til að dagvistarmál færðust alfarið frá menntamálaráðuneyti til félagsmálaráðuneytis og jafnframt sú nefnd sem skipuð var af ríkisstjórn til að yfirfara þau frumvarpsdrög. Hins vegar hefur komið fram verulega andstaða gegn þeirri tilhögun frá menntamálaráðuneyti og Fóstrufélagi Íslands. Sú andstaða byggist á því sjónarmiði að með því að dagvistarmál færðust til félagsmálaráðuneytis sé samfellt uppeldisstarf leikskóla og grunnskóla rofið, jafnframt því sem slíkt fyrirkomulag gæti komið niður á samræmdu þróunarstarfi í uppeldismálum. Í því skyni að koma til móts við þessi sjónarmið hefur verið fallist á að fagleg umsjón með uppeldisstarfi leikskóla heyri undir menntamálaráðuneyti.

Dagvistarmál og barnaverndarmál teljast hvort tveggja til félagsmála sveitarstjórna samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Í flestum sveitarfélögum falla þessir málaflokkar undir hina skipulögðu félagsþjónustu þar sem hún er fyrir hendi. Samkvæmt lögum um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87/1989, er numið úr gildi framlag ríkis til uppbyggingar dagvistarheimila og er málaflokkurinn því nú að öllu leyti á ábyrgð sveitarfélaga. Ástæða er til að vekja athygli á því að í frumvarpi til nýrra barnaverndarlaga er jafnframt lagt til að málaflokkurinn færist til félagsmálaráðuneytis.

Samstarf ríkis og sveitarfélaga við framkvæmd félagsþjónustu hefur verið lítið sem ekkert. Með því að færa yfirstjórn félagsþjónustunnar í eitt ráðuneyti má ætla að skipulag félagsþjónustunnar verði fastmótaðra, stefnumótun skýrari og verkaskipting ríkis og sveitarfélaga ljósari. Ætla má að með tilkomu sérstakrar deildar í félagsmálaráðuneyti, sem fer með félagsþjónustu sveitarfélaga, geti samstarf ríkis og sveitarfélaga við framkvæmd félagsþjónustunnar færst í mun betra horf en verið hefur. Ekki síst mun það vera til hagsbóta fyrir sveitarfélögin sem þannig fá aðstoð og leiðbeiningar um meðferð þessara mála.

Heildstæð löggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga.

a. Rammalöggjöf.

Að vel athuguðu máli varð niðurstaðan sú að rammalöggjöf henti vel þegar um er að ræða löggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga. Það sem mælir frekast með rammalöggjöf er að hún veitir sveitarfélögum ákveðið frelsi og sjálfræði um val á leiðum og til að ná settum markmiðum. Jafnframt verður félagsþjónustan ekki rígbundin í venjum og vinnuaðferðum. Skapast þá meiri möguleikar til að taka mið af staðbundnum sjónarmiðum og sveigjanleiki verður meiri í félagsþjónustunni. Hins vegar gerir sjálfræði sveitarfélaga, sem fylgir rammalöggjöf, auknar kröfur til löggjafans, sveitarstjórnarmanna og starfsmanna um að tryggja réttaröryggi og jafnan rétt landsmanna hvað varðar félagsþjónustu.

Eftirtalin atriði verða að teljast forsenda fyrir rammalöggjöf:

1. Markmið laga séu vel skilgreind.
2. Eftirlitshlutverk ráðuneytis sé tryggt, vandað verði til leiðbeininga af þess hálfu og málskotsréttur tryggður.
3. Staðgóð þekking sveitarstjórnarmanna og starfsmanna á aðstæðum í sveitarfélaginu og almennri félagsþjónustu.
4. Vönduð vinnubrögð af hálfu sveitarstjórnarmanna og starfsmanna.
5. Stöðugt mat á árangri félagsþjónustu í viðkomandi sveitarfélagi til þess að tryggja að hún komi að sem mestu gagni fyrir sveitarfélagið og íbúa þess.

b. Markmiðslýsing.

Telja verður að það sé grundvallaratriðið við framkvæmd félagsþjónustu að í lögum sé skýr markmiðslýsing. Sú markmiðslýsing getur hins vegar einungis verið almenns eðlis.

Nauðsyn á markmiðslýsingu er einkar brýn þegar um er að ræða löggjöf sem veitir sveitarfélögum frelsi til að velja um úrræði. Ef þau úrræði væru skilgreind nákvæmlega í frumvarpinu væri síður þörf á almennri markmiðssetningu. En af ýmsum ástæðum er ekki mögulegt að tilgreina með tæmandi hætti í lögum öll þau fjölbreytilegu tilvik sem til álita geta komið, síst í rammalögum. Þetta tengist og því að félagslegar þarfir og þær leiðir sem réttar þykja til að mæta þeim er hvort tveggja breytingum háð í tímans rás.

Stór hluti þeirra félagslegu þarfa, sem glímt er við af hálfu sveitarfélaga, er með þeim hætti að þeim verður ekki fullnægt eftir nákvæmlega tilgreindum aðferðum. Hér kemur því til faglegt mat ef úrræðin eiga að henta hverjum einstaklingi fyrir sig. Skýrt markmið getur því verkað sem aðhald og leiðbeining við hið faglega mat.

Enda þótt telja verði að um það sé nú pólitísk samstaða að varðveita sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga við framkvæmd félagsþjónustu er jafnframt höfuðatriði að öllum íbúum landsins sé tryggð sambærileg félagsþjónusta. Vega og meta verður þessi tvö markmið sem geta rekist á. Með framangreindu er leitast við að samræma þau.

Markmiðsákvæði geta einnig haft mikilvæga þýðingu við skýringu á lögunum. Þetta á einkum við þegar beitt er ákvæðum sem bjóða upp á matskenndar ákvarðanir. Einnig er markmiðsákvæði í lögum nauðsynlegt ef fært á að vera að meta árangur af þeim aðgerðum sem þar er gert ráð fyrir. Þessi almenna markmiðslýsing er svo betur undirstrikuð með nákvæmari lýsingu á markmiðum í III. kafla þessa frumvarps þar sem fjallað er um hlutverk félagsmálanefnda og vísast þar um til 11. gr. frumvarpsins.

Að öðru leyti vísast um efni markmiðsgreinar til 1. gr. frumvarpsins.

Ný sýn í félagsþjónustu.

Þau viðhorf finnast enn að félagsþjónusta sveitarfélaga sé neyðarúrræði, ætluð afmörkuðum hópi sem orðið hefur undir í lífsbaráttunni. Í frumvarpinu er þessari sýn algjörlega hafnað. Í hennar stað er litið á félagsþjónustuna sem margháttaða þjónustu sem ætlað er að koma til móts við ólíkar þarfir íbúanna.

Mikilvægt er því að skipan félagsþjónustunnar sé með þeim hætti að ekki sé stuðlað að aðskilnaði á almennri þjónustu og aðstoð við fólk sem á í félagslegum vanda. Slíkt getur leitt til þess að skapa sérstakar „vandamálastofnanir“ og er afar niðurlægjandi fyrir þá sem þangað þurfa að leita.

Í frumvarpinu er stuðlað að samskipan almennrar þjónustu og sértækrar aðstoðar eftir því sem kostur er. Þannig er gengið út frá því í þessu frumvarpi að félagsmálanefndum sé ætlað að hafa með höndum rekstur leikskóla fyrir öll börn ásamt því að sinna almennri hagsmunagæslu og velferð barna í hvívetna. Á sviði unglingamála er nefndunum ætlað að sinna forvörnum jafnframt aðstoð við þá sem eiga í vanda. Þá taka ákvæði um þjónustu við aldraða og fatlaða til almennra aðgerða sem miða að því að aldraðir og fatlaðir geti lifað eðlilegu lífi og notið samvista við aðra. Loks er sú áhersla, sem lögð er á forvarnir í frumvarpinu, til þess fallin að félagsþjónustan verði almenn velferðarþjónusta sveitarfélaga og með því leitast við að tryggja lífsgæði einstaklinga og fjölskyldna.

Sú samskipan, sem að ofan greinir, gengur gegn hugmyndum um að aðskilja þjónustu tiltekinna þjóðfélagshópa, svo sem barna, aldraðra og fatlaðra.

Sveitarfélagið og ábyrgð þess.

a. Samspil milli ábyrgðar sveitarfélags og einstaklinga.

Enda þótt frumvarp þetta mæli fyrir um margvíslegar skyldur sveitarfélaga til að tryggja félagslega velferð einstaklinga verður að leggja áherslu á það grundvallaratriði að einstaklingum er engu að síður ætlað að bera ábyrgð á sjálfum sér og sínum. Þetta kemur skýrt fram í markmiðslýsingu frumvarpsins svo og einstökum köflum þess þar sem kveðið er á um tiltekna aðstoð, t.d. fjárhagsaðstoð. Enn fremur er mikilvægt að hið opinbera velferðarkerfi dragi ekki úr almennri félagslegri samhjálp sem birtist í umhyggju fyrir öðrum. Þannig er kveðið á um „að hvetja einstaklinginn til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum“ í markmiðslýsingu frumvarpsins, jafnframt því sem markmið félagsþjónustunnar er að „virða sjálfsákvörðunarrétt hans og styrkja hann til sjálfshjálpar.“ Því ber ekki að líta svo á að einstök ákvæði í frumvarpi þessu feli í sér opinbera forsjá á málum einstaklinga eða hópa heldur hið gagnstæða. Í því felst að stuðlað skuli að því að einstaklingnum verði skapað það öryggi og þau skilyrði sem nauðsynleg eru til þess að hann fái lifað og dafnað með eðlilegum hætti í samfélagi við aðra.

Ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt frumvarpinu er einkum þríþætt. Í fyrsta lagi hefur sveitarfélagið sérstakar skyldur gagnvart þeim sem búa við hömlun í einni mynd eða annarri og þarfnast því tiltekinnar aðstoðar svo þeir megi lifa eðlilegu lífi. Í öðru lagi er sveitarfélögum falin sú ábyrgð að stuðla að forvörnum í félagslegu tilliti þannig að dregið sé úr líkum á því að samfélagsleg vandamál skapist. Loks er mælt fyrir um ábyrgð sveitarfélaga er lýtur að því að koma til móts við ýmsar almennar félagslegar þarfir einstaklinga sem eðlilegt er að gert sé í velferðarsamfélagi.

Þrátt fyrir ofangreinda ábyrgð sveitarfélaga eru skyldur þeirra þó ekki svo afdráttarlausar að einstaklingur eigi skilyrðislausan og tafarlausan rétt til tiltekinnar þjónustu eða

aðstoðar. Bæði er að félagsþjónusta á Íslandi á langt í land með að rísa undir slíkum kröfum auk þess sem umdeilanlegt er hvort jafn afdráttarlaus réttur sé eðlilegur eða verði nokkurn tíma skilgreindur með lagasetningu svo vit sé í.

b. Samvinna sveitarfélaga.

Í frumvarpi að sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, var reiknað með lögbundnu samstarfi á héraðsgrundvelli á vegum 18 héraðsnefnda. Í upphaflegum tillögum hafði verið reiknað með 11 héraðsþingum. Hvorug tillagan náði fram að ganga.

Í núgildandi sveitarstjórnarlögum er kveðið á um að héraðsnefndir leysi sýslunefndir af hólmi og yfirtaki verkefni þeirra. Verkefni sýslunefnda, sem héraðsnefndir yfirtóku, voru mjög takmörkuð en auk þess er hægt að fela héraðsnefndum önnur verkefni.

Í 97. gr. sveitastjórnarlaga segir að sveitarstjórnir geti haft samvinnu um framkvæmd einstakra verkefna á vettvangi héraðsnefnda, byggðasamlaga og landshlutasamtaka. Samstarf á sviði landshlutasamtaka er frjálst og reyndar einnig á sviði byggðasamlaga, nema skv. 99. gr. sveitarstjórnarlaga. Auk þessara samstarfsaðila á vegum sveitarstjórnar er rétt að geta Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Við vinnu að gerð frumvarpsins kom til álita hvort gera ætti tillögur um svæðabundna félagsþjónustu í formi héraðsþinga eða héraðsnefnda. Með hliðsjón af afgreiðslu Alþingis á nýjum sveitarstjórnarlögum var hins vegar ákveðið að halda sig við þann ramma sem þar var settur. Ákvæði um samstarf sveitarfélaga í frumvarpinu eru því aðeins til þess að minna sveitarfélög á samstarfsmöguleika samkvæmt sveitarstjórnarlögum og hvetja sveitarfélög til þess að nýta þá möguleika. Niðurstaðan varð þessi þó héraðsþing eða héraðsnefndir með lögbundin verkefni og alla burði til að annast þá félagsþjónustu á svæðinu sem einstök sveitarfélög eiga erfitt með hefði verið góður kostur að mati nefndarmanna.

c. Sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaga um skipulag félagsmála og skipan nefnda.

Í frumvarpinu er lagt til að í hverju sveitarfélagi skuli vera félagsmálanefnd. Auk þess eru í gildandi lögum ákvæði um nefndir sem fara með sérstök verkefni á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga, t.d. barnaverndarnefnd og áfengisvarnanefnd. Í báðum þeim lögum eru heimildarákvæði um að fela félagsmálaráði, (félagsmálanefnd samkvæmt frumvarpinu), verkefni þeirra að öllu eða nokkru leyti.

Samkvæmt VI. kafla sveitarstjórnarlaga er réttur sveitarfélags í sambandi við skipan nefnda rúmur.

Auk félagsmálanefndar, áfengisvarnanefndar og barnaverndarnefndar eru allmargar aðrar nefndir á sviði félagsmála, sem mælt er fyrir í lögum, t.d. á sviði vinnumiðlunar, málefna aldraðra og málefna fatlaðra. Er sveitarfélögum oft á tíðum aðeins ætlað að tilnefna hluta nefndarmanna.

Ákvæði sérlaga falla oft ekki vel að hugmyndafræði um samræmda félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga og þrengja oft sjálfsákvörðunarrétt þeirra um skipulag félagsmála og skipan nefnda.

Heimildarákvæði frumvarpsins um skipan undirnefnda er mjög í samræmi við frjálsræði sveitarstjórna um skipan félagsmála.

Félagsmálanefndir. Heildarsýn innan sveitarfélagsins.

Lagt er til að stjórn og framkvæmd félagsþjónustu í hverju sveitarfélagi hvíli á einni nefnd en dreifist ekki á margar nefndir eins og víða er enn. Sveitarfélögum verði skylt

að koma þessu svo fyrir með því að kjósa til þess sérstaka félagsmálanefnd. Litið er svo á að slíkt fyrirkomulag sé forsenda þess að markmið frumvarpsins nái fram að ganga. Rökin fyrir nauðsyn þessa eru fyrst og fremst þau að talið er að heildarsýn yfir félagslega hagi sé skilyrði þess að félagsþjónusta komi fólki að notum. Mörg sveitarfélög hafa þegar tekið þetta skref og fellt mikinn hluta af félagsþjónustu sinni undir eina nefnd, félagsmálaráð, og hefur það gefist vel. Því er lagt til að það fyrirkomulag verði lögfest.

Félagsmálanefnd skal því í umboði sveitarstjórnar vera samnefnari fyrir félagsþjónustu í sveitarfélaginu og sjá til þess að fjármunir sveitarfélagsins nýtist sem best í þess þágu. Þetta er einungis mögulegt með því að yfirlitið yfir félagsþjónustuna sé á einni hendi í sveitarfélaginu. Lagt er til að félagsmálanefndir geti falið starfsmönnum afgreiðslu ákveðinna mála og einnig geti félagsmálanefndir falið undirnefnd ákveðin verkefni. Þetta gerir félagsmálanefnd fært að einbeita sér að almennum atriðum og leggja línur varðandi forvarnastarf. Félagsmálanefnd hefur einnig mikilvægu hlutverki að gegna við að tryggja réttaröryggi íbúa sveitarfélaga þar sem félagsmálanefnd, sem hinn ábyrgi aðili á framkvæmd félagsþjónustu í sveitarfélaginu, geti tekið allar ákvarðanir starfsmanna til endurskoðunar og með því móti beitt þá aðhaldi.

Með heildarsýn við úrlausn mála á vettvangi félagsþjónustu sveitarfélaga er átt við það að við meðferð mála einstaklinga eða fjölskyldna sé litið á félagslegar þarfir fólks í tengslum við umhverfi þess. Nauðsynin á heildarsýn í þjónustu við einstaklinga er ein af röksemdum fyrir því að talið var nauðsynlegt að samin yrði heildstæð löggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Með því að hafa heildarsýn í ofangreindri merkingu sem rauðan þráð í frumvarpinu, er þar með tekin viss afstaða til þess hvers eðlis félagslegar þarfir eru og á hvern hátt sé best komið til móts við þær. Þannig verði félagslegar þarfir einstaklinga ekki greindar nema fyrir liggi yfirsýn yfir aðstæður í umhverfi þeirra. Með umhverfi er hér ekki eingöngu átt við fjölskyldu heldur umhverfið í víðara skilningi, svo sem nágranna, skóla, vinnustað o.fl.

Heildarsýnin setur einnig svipmót sitt á það hvernig rétt sé að skipuleggja félagsþjónustuna, ekki sem einangraða þjónustu, heldur sem þjónustu þar sem lögð verði rík áhersla á samvinnu við aðra aðila, svo sem skóla, heilsugæslu og vinnustaði svo örfá dæmi séu tekin.

Segja má að nú ríki um það samdóma álit flestra þeirra, sem fást við félagsþjónustu sveitarfélaga, að leggja beri áherslu á heildarsýn á félagslega hagi fólks enda verði að telja kosti hennar auðsæja.

Réttur til félagsþjónustu.

Við athugun á því hvort íbúum sveitarfélaga sé tryggður réttur til félagsþjónustu þarf að liggja ljóst fyrir hvaða skilningur er lagður í það hugtak. Ef réttur fólks er skilgreindur svo að við vissar aðstæður geti fólk krafist ákveðinnar aðstoðar eða þjónustu, sem eigi sér stað án tafar, er réttur í þeim skilningi ekki tryggður með ákvæðum frumvarpsins.

Sá réttur, sem íbúum sveitarfélaga er tryggður samkvæmt frumvarpinu, er almenns eðlis í samræmi við skyldur þær sem lagt er til í frumvarpinu að sveitarfélögin beri. Útfærsla réttarins í einstökum tilfellum hvílir á herðum hvers sveitarfélags miðað við aðstæður hvers umsækjanda fyrir sig. Þannig er t.d. ekki lagt til að tilgreint sé hver sú fjárhæð (eða lágmarksfjárhæð) skuli vera sem umsækjandi um fjárhagsaðstoð eigi rétt á. Ástæðan er sú að slík afmörkuð skylda mundi stríða gegn þeim skilningi sem nú er lagð-

ur í sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga og slíkum rétti yrði varla fullnægt án sérstaks ríkisframlags sem eingöngu væri ætlað þessum málaflokki.

Þótt ekki sé mögulegt, miðað við núverandi aðstæður, að skilgreina rétt fólks til félagsþjónustu með nákvæmum hætti, er ljóst að frumvarpinu er ætlað að tryggja rétt fólks til þjónustu og aðstoðar, tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi fólks, þ.e. rétt þess til ráðgjafar, fjárhagsaðstoðar, félagslegrar heimaþjónustu, dagvistar barna, úrræða í húsnæðismálum o.fl., enda þótt telja verði að það sé verkefni hvers sveitarfélags að útfæra nákvæmlega hver réttur hvers einstaklings er.

Nokkrar meginreglur og hugtök varðandi félagsþjónustu einstaklinga og fjölskyldna.

a. Sjálfsákvörðunarréttur. Samvinna við skjólstæðing.

Í frumvarpinu er lögð höfuðáhersla á samstarf við íbúa og þjónustu við þá sem byggist á sjálfsákvörðunarrétti þeirra sem þjónustunnar njóta. Í því sambandi er lögð áhersla á að þjónustan verði sem aðgengilegust og án þvingunaraðgerða að svo miklu leyti sem unnt þykir.

Í þessu frumvarpi er því hvergi að finna sjálfstæð ákvæði um valdbeitingu.

b. Forvarnastarf.

Í frumvarpinu er lögð áhersla á skyldur félagsmálanefndar til að halda uppi markvissu forvarnarstarfi. Annars vegar með aðgerðum sem hafa almennt varnaðargildi og hins vegar aðgerðum sem eru til þess fallnar að koma í veg fyrir einstaklingsbundin vandamál og grípa á þeim vanda eins fljótt og unnt er.

Skilgreining á forvörnum í félagslegum efnum hefur verið mjög á reiki. Hér er fylgt þeim skilningi sem lagður er í félagslegar forvarnir, m.a. af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. Greina má forvarnaaðgerðir í þrennt eftir eðli þeirra enda þótt mörkin milli einstakra stiga kunni að vera óljós.

Fyrsta stigs forvörn hefur að markmiði að draga úr líkum á því að vandamál af félagslegum toga verði til. Þannig er fyrsta stigs forvörn fólgin í því að bæta lífsskilyrði fólks almennt og einstakra hópa, t.d. barna og ungmenna sérstaklega. Oftast eru aðgerðir til að styrkja fjölskylduna áhrifaríkastar í þessum efnum þar sem fjölskyldan verður að teljast hornsteinn félagslífs. Dæmi um slíkan félagslegan stuðning eru úrræði á sviði dagvistarmála, húsnæðismála og atvinnumála. Önnur viðleitni í þessa veru gæti haft að markmiði að hlúa að félagslegum þörfum á sviði tómstundamála, íþrótta og annarra þroskandi athafna.

Annars stigs forvörn hefur að markmiði að greina og bregðast við félagslegum vanda svo fljótt sem kostur er, með það fyrir augum að hindra áframhaldandi þróun. Gengið er út frá því að því fyrr sem tekið er á erfiðleikum, þeim mun meiri líkur séu á árangri. Gjarnan er á þessu stigi unnið að lausn vandamálsins í því umhverfi sem það varð til. Þannig er reynt að forðast vistun á sólarhringsstofnunum sem líta verður á sem neyðarráðstöfun. Dæmi um annars stigs forvarnir má nefna heimaþjónustu fyrir aldraða, leitarstarf meðal unglinga (sjá síðar), stuðningsúrræði í barnavernd og ráðgjöf.

Þriðja stigs forvörn stefnir að því að draga úr líkum á hliðarverkunum félagslegs vanda og að stuðla að endurhæfingu. Þegar hér er komið hefur oft verið gripið til róttækra ráðstafana, t.d. innlagna á stofnanir. Forvarnir á þessu stigi miða oft að því að styðja aðstandendur þess sem í vandanum á eða að undirbúa endurkomu hans í sitt fyrra umhverfi

þannig að aðlögun verði án áfalla.

c. Leitarstarf.

Leitarstarf er þýðingarmikill þáttur í forvörnum. Í hugtakinu felst skipulögð upplýsingaleit og/eða starfsemi sem lýtur að aðstæðum tiltekinna hópa og miðar að því að varpa ljósi á félagslegan vanda þannig að unnt verði að ráða á honum bót. Einkum hefur hugtakið verið notað í unglingastarfi og vísar þá til starfsemi sem felst í því að hafa uppi á svokölluðum „áhættuhópum“. Í áhættuhópi unglinga eru þá þeir sem búa við þannig aðstæður og/eða sýna slíka hegðun að ætla megi að þeir lendi í verulegum erfiðleikum. Með sama hætti má skilgreina aðra áhættuhópa, t.d. aldraða sem búa við félagslegt og/eða heilsufarslegt óöryggi eða börn foreldra sem lítt eru færir um að sinna þeim með fullnægjandi hætti.

Leitarstarf gerir kröfu til þess að félagsmálanefnd eigi samstarf við ýmsa aðila um öflun upplýsinga og meðferð einstakra mála. Má þar nefna skóla, heilsugæslustöðvar og þá sérstaklega mæðraeftirlit, ungbarnaeftirlit og heilsugæslu aldraðra. Einnig getur samstarf við fræðsluyfirvöld og lögreglu verið nauðsynlegt í þessu skyni. Loks getur leitarstarfið gefið tilefni til samstarfs við frjáls félagasamtök og hagsmunasamtök, t.d. félag einstæðra foreldra, samtök fatlaðra og stéttarfélög.

d. Samskipan. — Blöndun.

Eitt þeirra sjónarmiða sem lagt er til grundvallar lagafrumvarpi þessu er samskipan eða blöndun. Samskipan felur í sér að menn virði og viðurkenni hvern annan þótt þeir séu ólíkir. Samkvæmt þessu lítur hinn ófatlaði á hinn fatlaða eða hinn ungi á hinn aldraða sem manneskju með sína tilteknu eiginleika og því fullverðuga hvar og hvenær sem er. Í þessu sjónarmiði felst að forðast ber aðskilnað ólíkra þjóðfélagshópa með því að skipa þeim á ákveðinn bás í félagslegu tilliti. Þannig er stuðlað að því t.d. að koma í veg fyrir ótímabæra stofnanavist með því að gera öldruðum kleift að búa sem lengst á eigin heimili og taka þátt í daglegu lífi. Jafnframt felst í samskipan að þjónusta við fatlað fólk sé veitt á þeim stöðum sem þjóna almennum borgurum eftir því sem unnt er og við á.

Loks skal á það bent að þjónusta á grundvelli samskipunar er oft mun hagkvæmari en sértæk stofnanaþjónusta.

e. Hjálp til sjálfshjálpar.

Í frumvarpinu er lögð áhersla á hjálp til sjálfshjálpar þannig að veitt aðstoð og þjónusta hafi það að markmiði að einstaklingurinn verði sjálfbjarga og fær um að lifa sem eðlilegustu lífi.

Þessi endurhæfingar- eða hæfingarsjónarmið skulu því höfð í hávegum í sambandi við veitta aðstoð hvort sem hún er fólgin í ráðgjöf, fjárhagsaðstoð eða útvegun atvinnu.

f. Samstarf félagsmálanefndar við aðra opinbera aðila.

Samvinna opinberra aðila er nauðsynleg bæði varðandi heildarstefnumótun og um einstök mál. Félagsþjónustan hefur þörf fyrir upplýsingar og úrræði sem aðrir hafa yfir að ráða. Eflaust eru sömu rök fyrir hendi af hálfu annarra opinberra aðila um samstarf við þá sem fara með félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga. Því þykir rétt í frumvarpi að lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga að leggja áherslu á ýmis þau atriði í starfsemi á vegum félagsmálanefnda sem krefjast náinnar samvinnu og samstarfs við aðrar opinberar

stofnanir. Hér er því lögð áhersla á samstarf við opinberar nefndir og stofnanir. Í frumvarpinu er því lagt til að lögbinda ábyrgð félagsmálanefndar á samvinnu við ýmsa opinbera aðila án þess að beinlínis sé verið að tilgreina nánar hvernig skuli staðið að samvinnu.

Samvinna getur annars vegar beinst að áætlanagerð og stefnumótun og hins vegar meðferð mála einstakra skjólstæðinga. Í því sambandi gæti verið æskilegt að koma á samstarfsnefndum og skal þess þó ætíð gætt að slík nefnd sé aðeins viðbótarúrræði en er ekki ætlað að taka lögbundna ábyrgð frá einstökum samstarfsaðilum.

Markmið slíkrar samvinnu, frá sjónarmiði félagsmálanefnda, er annars vegar að koma í veg fyrir félagsleg vandamál og hins vegar að standa betur að endurhæfingu og meðferð í málum einstakra skjólstæðinga.

Auk almennra ákvæða í frumvarpinu um samstarf opinberra aðila er í ýmsum lögum sérákvæði um samstarf og upplýsingaskyldu opinberra aðila sín á milli.

Helstu opinberir samstarfsaðilar félagsmálanefnda eru ráð, nefndir og stofnanir sem fara með eftirtalda málaflokka: Almannatryggingar, húsnæðismál, fræðslu- og skólamál, heilsugæslu og sjúkrahús, málefni fatlaðra, æskulýðs- og tómstundamál, skipulagsmál, löggæslu, fangavernd og vinnumiðlun.

g. Samvinna félagsmálanefndar við félög og félagasamtök.

Félög og félagasamtök hafa lengi gegnt umfangsmiklu hlutverki á sviði félagsþjónustu innan sveitarfélaga.

Allt mælir með því að svo verði áfram þar sem starfsemi félaga og félagasamtaka eykur samkennd og styrkir samábyrgð borgaranna og eflir þá jafnframt til sjálfshjálpar. Auk þess hafa félög og félagasamtök oft frumkvæði að og beita sér fyrir nýjungum sem styrkja mjög félagsþjónustu í sveitarfélaginu.

Félögin hafa einnig yfir að ráða vinnuframlagi, fjárframlögum og mikilvægum úrræðum sem létta fjárhagslega á sveitarfélögum.

Því er í lagafrumvarpi þessu lögð áhersla á samstarf og samvinnu við félög og félagasamtök sem hafa haslað sér völl á sviði félagsþjónustu.

Helstu dæmi um slík frjáls félög og samtök eru: Launþegasamtök, æskulýðs- og íþróttafélög, bindindissamtök, félög fatlaðra, félög aldraðra, safnaðarfélög, hverfasamtök og ýmiss konar líknar- og styrktarfélög.

h. Réttaröryggi.

Hugtakið réttaröryggi er margþætt og alloft notað í óljósri merkingu. Meginefni þess felst þó í því að jafnræði gildi við meðferð mála, komið sé í veg fyrir að fólk þoli yfirgang og mismunun af hálfu hins opinbera, hafi möguleika á að vita fyrir fram um réttarstöðu sína og að verja hagsmuni sína.

Ljóst er að reglur um réttaröryggi eru mikilvægastar í þeim lögum sem heimila þvingunaraðgerðir gagnvart fólki, svo sem barnaverndarlögum og lögum um lögræði svo dæmi séu tekin um lög er snerta skjólstæðinga félagsþjónustunnar. Enda þótt ekki sé gert ráð fyrir því í frumvarpinu að heimilt sé að grípa til þvingunaraðgerða er engu að síður þörf á því að fólki sé tryggt réttaröryggi og gilda að sínu leyti um það sömu sjónarmið og þegar um þvingunarákvæði er að ræða, enda þótt ekki séu jafn afdrifaríkir hagsmunir í húfi.

Til þess að fólk njóti réttaröryggis við framkvæmd félagsþjónustu á ákvörðunum um

aðstoð eða þjónustu þarf að tryggja vandaða málsmeðferð frá upphafi, fært starfsfólk fari með málefni einstaklinga, ekki sé um vanhæfi að ræða, skjólstæðingar hafi aðstöðu til að kynna sér gögn og koma sjónarmiðum sínum á framfæri, framgangsmáti yfirvalds sé með þeim hætti að hann veki öryggiskennd hjá fólki og að möguleiki sé til málskots til óháðs aðila.

i. Málskotsréttur.

Einn þáttur í ábyrgð ríkisins á félagsþjónustu sveitarfélaga felst í því að fólki sé veittur réttur til að skjóta málum sínum til aðila á vegum ríkisins.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að gangur mála verði með þeim hætti að meðferð máls hefjist hjá starfsmanni eða félagsmálanefnd. Ákvörðunum starfsmanna megi ávallt vísa til félagsmálanefndar sem ber ábyrgð á framkvæmd félagsþjónustunnar í sveitarfélaginu. Sá sem ekki vill una ákvörðun félagsmálanefndar geti síðan skotið ákvörðun hennar til sérstaks úrskurðaraðila, úrskurðarnefndar félagsþjónustu, og er þar um hið eiginlega málskot að ræða.

Hafi undirnefnd félagsmálanefndar verið falið ákvörðunarvald verður ákvörðun hennar skotið beint til úrskurðarnefndar félagsþjónustu, enda vinnur undirnefnd í umboði félagsmálanefndar.

Málskots til óháðs aðila á vegum ríkisins er ein forsenda þess að rammalög um félagsþjónustu sveitarfélaga veiti nægjanlega réttarvernd og vísast um þetta atriði til umfjöllunar um rammalög hér að framan.

Um nánari rök fyrir því að komið verði á fót sérstökum úrskurðaraðila vísast til athugasemda við 68. gr.

Um þvingunarvald í félagsþjónustunni.

Rétt er að vekja athygli á því að enda þótt frumvarp þetta feli ekki í sér heimild til að beita skjólstæðinga þvingunaraðgerðum eru önnur lög sem heimila eða jafnvel skylda félagsmálayfirvöld til að sinna slíkum málum í neyðartilvikum. Annars vegar er um að ræða skyldu til þess að grípa til nauðsynlegra aðgerða til þess að vernda velferð barna, náist ekki samvinna við foreldra, sbr. lög um vernd barna og ungmenna. Hins vegar er að finna þá heimild í lögræðislögum að félagsmálastofnun, eða samsvarandi fulltrúi sveitarstjórna, geti verið aðili að þvingunarmáli þegar fullorðnir eiga í hlut. Slíkum úrræðum er aðeins beitt sé einstaklingur talinn hættulegur sjálfum sér eða öðrum.

Fjármögnun.

Frumvarpið felur ekki í sér breytingu á fjármögnun félagsþjónustu miðað við nýsett lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87/1989. Félagsþjónustan greiðist af sveitarfélögum eins og verið hefur. Til þess að sveitarfélög geti fullnægt skyldum sínum og haldið uppi því þjónustustigi, sem lög þessi kveða á um, verða þeim veitt jöfnunarframlög í samræmi við b-lið 14. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 91/1989.

Við undirbúning reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 542/1989 var höfð hliðsjón af frumvarpi þessu og sér þess stað í 14. gr. reglugerðarinnar þar sem kveðið er á um þjónustuframlög. Þar kemur fram í 3. mgr. að við flokkun sveitarfélaga í þjónustustig skuli höfð hliðsjón af félagslegri þjónustu, svo sem við börn, aldraða og fatlaða, heimaþjónustu og fjárhagsaðstoð. Bent skal á að upptalning þessi er ekki tæmandi.

Hvað varðar bein útgjöld ríkissjóðs í kjölfar frumvarps þessa skal tekið fram að þau eru mjög takmörkuð. Einungis er um að ræða kostnað vegna starfa úrskurðarnefndar félagsþjónustu, svo og nýrrar deildar í félagsmálaráðuneyti. Á móti kemur að kostnaður ríkissjóðs vegna erlendra ríkisborgara lækkar, sbr. 15. gr. frumvarpsins

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í íslenskri félagsmálalöggjöf örlar víða á markmiðslýsingu, t.d. í lögum um vernd barna og ungmenna, framfærslulögum, áfengislögum og lögum um málefni aldraðra og málefni fatlaðra. Því nýrri sem löggjöfin er, þeim mun greinilegri og fastmótaðri er markmiðslýsingin. Segja má að markmiðslýsing sé nú nánast viðtekin venja í nútíma félagsmálalöggjöf.

Með því lagafrumvarpi, sem hér er lagt fram, er stefnt að rammalöggjöf sem fyrst og fremst er stefnumótandi fyrir sveitarfélög er hafi mikið valfrelsi og rúman ákvörðunarrétt um það hvernig markmiðum verður náð. Því er brýnt að stefnumótun verði sem skýrust og heildarmarkmiðslýsing laganna nái sem best til hinna ýmsu þátta félagsþjónustu einstakra sveitarfélaga.

Lykilatriði í markmiðsgreininni eru:

— Fjárhagslegt öryggi.
— Félagslegt öryggi.
— Velferð.
— Samhjálp.
— Ábyrgð einstaklings á sjálfum sér.
— Ábyrgð einstaklings á öðrum.
— Sjálfshjálp.
— Sjálfsákvörðunarréttur.

Aðalmarkmið allrar félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi íbúa á grundvelli samhjálpar. Hér er viðurkennt að samfélagið hafi skyldur við einstaklinginn og þurfi að grípa til ráðstafana til að tryggja afkomu hans þannig að grundvallarþörfum í efnahagslegu og félagslegu tilliti sé fullnægt. Aðgerðir samfélagsins í þessa veru geta verið á ýmsa lund en áhersla er á það lögð að velferðarsjónarmið sitji í fyrirrúmi. Hér er átt við að komið sé til móts við ólíkar þarfir einstaklinga og hópa þannig að leitast sé við að stuðla að jöfnuði og bættum lífsgæðum svo þeir megi lifa eðlilegu lífi.

Greinin gerir ráð fyrir því að ofangreindum markmiðum megi ná með tilteknum hætti. Í fyrsta lagi er bent á aðgerðir sem miða að því að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti. Vísast í þeim efnum einkum til kafla frumvarpsins um fjárhagsaðstoð og húsnæðismál. Í öðru lagi með því að leitast við að tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði. Hér vísast einkum til kafla um málefni barna, málefni leikskóla og þjónustu við unglinga. Í þriðja lagi að veita aðstoð til þess að íbúar geti búið sem lengst í heimahúsum, stundað atvinnu og lifað sem eðlilegustu lífi. Kaflarnir um aðstoð við aldraða, aðstoð við fatlaða, aðstoð við áfengissjúka og vinnumiðlun falla sérstaklega undir þetta atriði. Loks er kveðið á um aðgerðir sem eru til þess fallnar að koma í veg fyrir félagslegan vanda. Hér er um almennt atriði að ræða sem hefur mikla þýðingu við framkvæmd félagsþjónustunnar á öllum sviðum hennar. Í því viðfangi er þó ástæða til að vekja athygli á kafla

um félagslega ráðgjöf en forvarnargildi ráðgjafar, sem veitt er einstaklingum, hefur oft mikla þýðingu.

Í greininni er kveðið á um að áhersla skuli lögð á að einstaklingurinn beri ekki aðeins ábyrgð á sjálfum sér heldur einnig meðborgaranum. Opinber félagsþjónusta má ekki verða til þess að deyfa tilfinninguna fyrir ábyrgð einstaklingsins á sjálfum sér og öðrum.

Lögð er áhersla á að félagsþjónustan sé veitt í samráði við skjólstæðinginn og sjálfsákvörðunarréttur hans sé virtur eins og unnt er. Aðeins alvarlegustu mál geta réttlætt þvingunaraðgerðir af hálfu félagsþjónustu sveitarfélaga.

Jafnframt er lögð áhersla á aðstoð sem fólgin er í hjálp til sjálfshjálpar, þ.e. að einstaklingurinn verði fær um að stjórna málum sínum sjálfur en verði ekki háður aðstoðinni.

Um 2. gr.

Við ákvörðun á því hvað teljist til félagsþjónustu sveitarfélaga er annars vegar höfð hliðsjón af 6. gr. sveitarstjórnarlaga og hins vegar af framkvæmd félagsþjónustu eins og hún er nú.

Samkvæmt 6. gr. sveitarstjórnarlaga teljast eftirtaldir málaflokkar til félagsmála:

— Framfærslumál.
— Aðstoð við aldraða og fatlaða.
— Barnaverndarmál.
— Varnir gegn notkun vímugjafa.
— Rekstur dagvista fyrir börn.
— Rekstur dvalarheimila aldraðra.
— Rekstur heimilishjálpar.

Með hliðsjón af ofangreindu ákvæði sveitarstjórnarlaga er rétt að vekja athygli á eftirfarandi:

1. Samkvæmt sérstökum lögum, sem eru í gildi um málefni aldraðra annars vegar og málefni fatlaðra hins vegar, er gert ráð fyrir að stjórn þeirra málaflokka, ýmist í heild eða í einstökum atriðum, sé með öðrum hætti en ætla mætti samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Þannig er stjórn málefna fatlaðra falin sérstökum svæðisstjórnum sem eru að mestu leyti óháðar þeim sveitarfélögum sem eru innan þeirra vébanda. Þá er gert ráð fyrir því í lögum um málefni aldraðra að þjónusta við aldraða teljist til heilbrigðismála en ekki félagsmála og heyri því undir heilbrigðisráðuneytið. Þannig eru heilsugæslumdæmi grunneiningar í skipulagi öldrunarþjónustunnar. En eins og kunnugt er eru oftast mörg sveitarfélög um hvert heilsugæsluumdæmi sem oft falla ekki fyllilega að svæðisskiptingu sveitarstjórnarlaga, t.d. héraðsnefnda.

   Af þessu má ljóst vera að talsverðir annmarkar eru á því að rammalöggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga taki til málefna aldraðra og fatlaðra. Hins vegar verður ekki horft framhjá því að vissir þjónustuþættir í þessum málaflokkum, t.d. heimaþjónusta aldraðra og fatlaðra og félagsstarf aldraðra eru mjög veigamiklir í framkvæmd félagsþjónustu sveitarfélaganna og því óhjákvæmilegt að frumvarpið taki til þeirra.
2. Félagsleg ráðgjöf, vinnumiðlun, húsnæðismál og þjónusta við unglinga eru ekki tilgreind sem sérstök verkefni á sviði félagsmála samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Hins vegar er talið eðlilegt að svo verði gert í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Félagsleg ráðgjöf er mjög veigamikill þáttur við framkvæmd félagsþjónustunnar nú þar sem hún er skipulögð. Segja má að tæplega sé unnt að framkvæma ákvæði þessa frumvarps um félagsþjónustu án þess að félagsleg ráðgjöf sé þar snar þáttur. Um forvarnagildi hennar í málefnum einstaklinga er óþarft að fjölyrða.

Þar sem vinnumiðlunarskrifstofa eða atvinnumiðlun er rekin af sveitarfélögum hefur henni verið markaður bás innan hinnar skipulögðu félagsþjónustu ef Reykjavíkurborg er undanskilin. Þá hníga að því mörg rök, ekki síst er lúta að forvörnum í félagsmálum, að atvinnuleysisskráning og vinnumiðlun séu hluti af félagsþjónustu.

Húsnæðismál eru jafnframt snar þáttur í félagsþjónustu sveitarfélaga og er þá átt við félagslegt íbúðarhúsnæði, þ.e. leiguíbúðir sveitarfélaga, félagslegar eignaríbúðir og félagslegar kaupleiguíbúðir. Þá má benda á að 1. gr. núgildandi framfærslulaga hefur verið túlkuð þannig að hún taki einnig til húsnæðis.

Loks þykir rétt að sett verði í lög sérstök ákvæði um þjónustu við unglinga enda hafa mörg sveitarfélög rekið mjög umfangsmikla þjónustu á þessu sviði. Nægir í þeim efnum að nefna félagsmiðstöðvar fyrir unglinga, útideildarstarf, unglingaathvörf, svo og ýmsa tómstundastarfsemi sem boðið hefur verið upp á.

Um 3. gr.

Lagt er til að málaflokkurinn heyri undir félagsmálaráðuneyti. Til samræmingar við frumvarp til laga um leikskóla er þó gert ráð fyrir því að fagleg yfirumsjón þess málaflokks, t.d. uppeldisáætlanir, heyri undir menntamálaráðuneyti.

Gert er ráð fyrir því að yfirstjórn ráðuneytis sé fyrst og fremst fólgin í heildarstefnumótun á sviði félagsmála, ráðgjafar- og leiðbeiningarstarfsemi fyrir sveitarfélög, frumkvæði að ýmiss konar könnunum, svo og eftirliti með því að sveitarfélög fullnægi lagaskyldum er varða félagsþjónustuna.

Með því að félagsþjónusta sveitarfélaga heyri sem mest undir eitt ráðuneyti, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, má ætla að skipulag félagsþjónustu verði fastmótaðra, stefnumótun skýrari og verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga ljósari.

Til að sinna þessu viðamikla verkefni er gert ráð fyrir að í félagsmálaráðuneyti verði stofnuð ný deild sem sjái um félagsþjónustuna í heild sinni.

Þar sem lagt er til að félagsþjónusta sveitarfélaga sem heild falli undir félagsmálaráðuneyti leiðir það til þess að þangað verði færð ný verkefni, barnavernd og að hluta málefni leikskóla, þjónusta við aldraða og áfengissjúka. Eins og áður hefur komið fram er lagt til að faglegi hluti leikskólamála heyri undir menntamálaráðuneyti. Í því felst fagleg umsjón menntamálaráðuneytis með starfi leikskóla í því skyni að koma til móts við það sjónarmið að heildarsýn í uppeldis- og kennslumálum rofni ekki og heyri undir sama ráðuneyti.

Mörg rök hníga að því að yfirstjórn félagsþjónustu sveitarfélaga verði sem mest í einu ráðuneyti. Í fyrsta lagi má benda á að við það að málaflokkurinn dreifist á fleiri en eitt ráðuneyti, reynist torvelt að öðlast heildarsýn og gæta samræmingar hvað upplýsingar og rekstur félagsþjónustunnar áhrærir. Þannig hefur stefnumörkun á þessum vettvangi verið í lágmarki utan þeirrar sem einstök sveitarfélög hafa staðið að. Í öðru lagi hefur ekki verið haft virkt eftirlit með því að lögbundin félagsþjónusta komist í framkvæmd. Í þriðja lagi má benda á að eðlilegt er að dagvistarmál og barnaverndarmál, sem eru lögbundin verkefni sveitarfélaga, heyri undir ráðuneyti sveitarstjórnarmála. Loks er vert að vekja athygli á því að þar sem skipulagða félagsþjónustu sveitarfélaga er að finna hefur dagvist-

ar- og barnaverndarmálum verið markaður vettvangur innan hennar í langflestum tilvikum. Eina umtalsverða undantekningin frá þeirri meginreglu er sú að rekstur Dagvistar barna í Reykjavík er óháður Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar sem einkum má rekja til þess hve rekstur dagvistar barna í höfuðborginni er umfangsmikill.

Um 4. gr.

Í samræmi við sveitarstjórnarlög eru sveitarfélög enn sem fyrr grunneining félagsþjónustu og ber sveitarstjórn ábyrgð á því að lögbundin félagsþjónusta sé fyrir hendi í sveitarfélaginu. Jafnframt ber sveitarfélagið fjárhagslega ábyrgð á framkvæmd félagsþjónustu.

Sveitarfélag beri þannig ábyrgð á því að íbúar þess fái þá félagsþjónustu sem þeir hafa þörf fyrir og eiga rétt til. Ein aðalhindrunin, sem staðið hefur í vegi fyrir því að sveitarfélög veiti íbúum sínum eðlilega félagsþjónustu, er sú að mörg þeirra eru fámenn og vanmegnug. Úr þeim vanda verður ekki leyst með þessu frumvarpi. Hins vegar er í frumvarpinu lögð áhersla á samvinnu sveitarfélaga til að auðvelda þeim að fullnægja lagaskyldum.

Um 5. gr.

Með grein þessari er lagt til að öllum sveitarstjórnum verði skylt að kjósa félagsmálanefnd til þess að sjá um framkvæmd félagsþjónustu í sveitarfélaginu.

Með þessu er verið að leggja áherslu á þýðingu þess að í hverju sveitarfélagi sé starfandi nefnd sem hafi á hendi stjórn félagsþjónustu innan sveitarfélagsins bæði í stefnumarkandi málum og einstaklingsbundinni aðstoð.

Auk þess eru í gildandi lögum ákvæði um nefndir sem fara með sérstök verkefni á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga, t.d. barnaverndarnefnd og áfengisvarnarnefnd. Í báðum þeim lögum eru heimildarákvæði um að fela félagsmálaráði (félagsmálanefnd samkvæmt frumvarpinu) verkefni þeirra að öllu eða nokkru leyti.

Samkvæmt VI. kafla sveitarstjórnarlaga er réttur sveitarfélags til að ákveða fyrirkomulag nefndarskipana verulegur og heimildarákvæði mörg.

Um 6. gr.

Samkvæmt 5. gr. frumvarps skal sveitarstjórn kjósa félagsmálanefnd eða ráð sem fer með framkvæmd þeirra mála sem flokkast undir félagsþjónustu. Með þessu er lögð áhersla á samræmda stjórn félagsþjónustunnar. Í þessari grein er hins vegar heimilað að skipa undirnefnd(ir) félagsmálanefndar sem í sérstökum tilvikum kann að reynast heppilegt vegna stærðar og umfangs þeirra verkefna sem undir félagsmálanefndir heyra. Hér væri um að ræða nefndir sem gætu farið með sérstök verkefni miðað við málaflokka, tiltekið svið innan málaflokks eða hverfis-/svæðisbundna þjónustu. Sveitarstjórn setji reglur um verksvið og starfshætti undirnefnda að fengnum tillögum félagsmálanefndar.

Gert er ráð fyrir því að a.m.k. einn fulltrúi úr félagsmálanefnd eigi sæti í undirnefnd og undirnefnd komi á framfæri upplýsingum til félagsmálanefndar eftir því sem félagsmálanefnd telur þurfa og nauðsynlegar eru til þess að hún geti sinnt hlutverki sínu sem yfirstjórnandi. Þá er gert ráð fyrir því að gerð og eftirlit með framkvæmd fjárhagsáætlunar sé ætíð á ábyrgð félagsmálanefndar. Loks skal athygli vakin á því að undirnefnd verður ekki skipuð nema með samþykki félagsmálanefndar, nema lög kveði á um annað (hér má benda á ákvæði laga nr. 82/1989, um málefni aldraðra, þar sem fram kemur

að öldrunarnefnd skuli vera undirnefnd félagsmálanefndar annars vegar og stjórna heilsugæslustöðva hins vegar). Öll þessi ákvæði miða að því að draga fram á hvern hátt undirnefnd lýtur forsjá félagsmálanefndar.

Hins vegar er talið eðlilegt að þessar undirnefndir geti farið með sjálfstæða ábyrgð í vissum tilvikum. Samkvæmt greininni er því heimilt að fela þeim ákvörðunarvald og ábyrgð sem félagsmálanefnd fer með samkvæmt þessum lögum eða öðrum lagaákvæðum. Dæmi um slíka ráðstöfun mætti nefna þegar félagsmálanefnd væri falið verkefni barnaverndarnefndar samkvæmt barnaverndarlögum. Gæti þá félagsmálanefnd falið sérstakri undirnefnd þau verkefni ásamt öðrum þeim verkefnum félagsmálanefndar sem lúta að einstaklingsmálum, t.d. afgreiðslu fjárhagsaðstoðar og úthlutun húsnæðis. Með slíkri ráðstöfun væri þannig skilið á milli uppbyggingar og reksturs almennrar þjónustu annars vegar, sem félagsmálanefnd færi með, og hins vegar meðferðar og afgreiðslu einstaklingsmála sem undirnefnd annaðist og bæri óskipta ábyrgð á. Félagsmálanefndin bæri eftir sem áður ábyrgð á fjárhagsáætlun og hefði almenna eftirlitsskyldu með störfum undirnefndarinnar, þó með þeim takmörkunum sem barnaverndarlög kveða á um.

Auk ofangreindra undirnefnda, sem skipaðar eru af sveitarstjórn, getur félagsmálanefnd skipað undirnefndir sem starfa algerlega á ábyrgð félagsmálanefndar sem setur þeim reglur um verksvið og starfshætti. Ekki þótti ástæða til að kveða sérstaklega á um slíkar undirnefndir í frumvarpinu.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. er vakin athygli á héraðsnefndum og hlutverki þeirra, sbr. 6. gr. sveitarstjórnarlaga. Mörg verkefni, sem heyra undir félagsþjónustu sveitarfélaga, eru þess eðlis að þau eru fallin til samstarfs sveitarfélaga í héraðsnefndum og því rétt að gera ráð fyrir að samvinna sveitarfélaga á þeim vettvangi verði vaxandi. Telja verður að efling samvinnu sveitarfélaga á héraðsgrundvelli sé æskileg til þess þess að lög þau, sem hér er unnið að, verði virk um land allt. Hér er því bent á samstarf sveitarfélaga í héraðsnefndum þar sem sveitarfélög geta ekki ein og sér fullnægt lögboðnum skyldum eða samvinna sveitarfélaga er til þess fallin að styrkja eðlilega félagsþjónustu í viðkomandi sveitarfélagi. Jafnframt hefur verið bent á að héraðsnefndir henti vel þegar um barnaverndarmál er að ræða þar sem fámenni í sveitarfélögum torveldar eðlilegt barnaverndarstarf.

2. mgr. er mjög í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga og er til þess fallin að hvetja til samvinnu sveitarfélaga umfram almenna samvinnu á sviði héraðsnefnda. Í héraðsnefndum verður væntanlega aðeins fjallað um lögbundin verkefni eða þau verkefni sem sveitarfélög, sem eiga aðild að héraðsnefnd, sameinast um að fela héraðsnefnd. Aftur á móti geta tvö eða fleiri sveitarfélög á grundvelli ákvæða í sveitarstjórnarlögum myndað byggðasamlög um einstök verkefni. Einnig geta einstök sveitarfélög gert með sér sérstakt samkomulag um sameiginlega félagsþjónustu eða einstaka þætti hennar. Þetta breytir þó engu um lögbundin verkefni héraðsnefnda og hugsanlega þátttöku í byggðasamlögum um einstök verkefni.

Í 3. mgr. er lagt til að sveitarfélögum sé heimilt að skipa sameiginlega félagsmálanefnd, enda hafi þau falið félagsþjónustuna héraðsnefnd, sbr. 1. mgr., eða ákveðið sameiginlega félagsþjónustu, sbr. 2. mgr.

Gert er ráð fyrir að það verði samningsatriði milli sveitarfélaga hverju sinni hvert verði vinnulag sameiginlegrar félagsmálanefndar og því ekki talið rétt að lögfesta það nánar.

Um 8. gr.

Umfang félagsþjónustu sveitarfélaga er það mikið að í öllum stærri sveitarfélögum er nauðsynlegt að ráða starfsmenn til að annast framkvæmd félagsþjónustu og skipuleggja starf hennar undir stjórn félagsmálanefndar innan félagsmálastofnunar eða á annan hátt.

Í greininni er heimilað að fela sérstakri félagsmálastofnun framkvæmd félagsþjónustu undir stjórn félagsmálanefndar.

Nú þegar er að finna skipulagða félagsþjónustu í a.m.k. 18 sveitarfélögum og er þá átt við starfsemi innan félagsmálastofnunar eða skrifstofu félagsmálastjóra.

Auk daglegrar afgreiðslu mála, í samræmi við reglur félagsmálanefndar, fara starfsmenn með eftirtalin verkefni:

— Ráðgjöf og leiðbeiningar til íbúa sveitarfélagsins.
— Undirbúning að ákvarðanatöku og gerð tillagna sem lagðar eru fyrir félagsmálanefnd.
— Ákvarðanatöku í einstökum málum í samræmi við heimildir félagsmálanefndar og settar reglur.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um að þar sem ekki er sérstök félagsmálastofnun er heimilt að fela starfsmönnum að sjá um framkvæmd félagsþjónustu undir stjórn félagsmálanefndar.

Um 10. gr.

Með þessari grein er félagsmálanefnd heimilað að fela starfsmönnum afgreiðslu ákveðinna mála, þó með því skilyrði að um það hafi verið settar reglur sem sveitarstjórn hefur staðfest. Jafnframt er tekið fram að ákvörðunum starfsmanna verði ætíð hægt að skjóta til félagsmálanefnda.

Væntanlega verður starfsmönnum fyrst og fremst veitt heimild til að afgreiða mál einstakra skjólstæðinga.

Um 11. gr.

Þegar rætt er um hlutverk félagsmálanefndar í frumvarpi þessu er átt við alla starfsemi á vegum félagsmálanefnda sem beint eða óbeint veitir borgurunum þjónustu og miðar að því að ná þeim markmiðum sem starfsemi félagsmálanefnda eru sett með 1. gr. þessa frumvarps.

Verkefnum á vegum félagsmálanefnda sveitarfélaga má skipta í þrjá meginflokka:

— Verkefni sem eru til þess fallin að hafa áhrif á skipulag þjóðfélagsins í þeim tilgangi að bæta lífskjör og umhverfi. Grundvöllur fyrir slíkum aðgerðum er þekking á staðháttum í sveitarfélaginu sem byggist á rannsóknum og könnunum.
— Verkefni sem hafa almennt varnaðargildi og eru til þess fallin að jafna kjör íbúa og gera hópum fólks, sem stendur höllum fæti í lífsbaráttunni, kleift að lifa eðlilegu lífi. Þessar almennu aðgerðir geta verið mjög mismunandi, t.d. upplýsingar um réttindi og skyldur, rekstur þjónustu og stofnana í þágu barna og unglinga, þar með talin dagvistarheimili, orlofsbúðir, æskulýðsstarfsemi, svo og ráðgjafarstarfsemi, vinnumiðlun, heimaþjónusta og ýmiss konar almenn þjónusta fyrir aldraða og öryrkja.
— Aðgerðir sem miða að því að veita einstaklingsmetna aðstoð, t.d. fjárhagsaðstoð og ráðgjöf. Þau úrræði, sem nefnd hafa verið hér að framan, eru til þess fallin að draga

úr þörf fyrir þessa einstaklingsmetnu aðstoð.

Hér á eftir verður fjallað um einstaka töluliði varðandi hlutverk félagsmálanefnda:

1. Stjórn og framkvæmd félagsþjónustu í sveitarfélaginu með hliðsjón af reglum sem sveitarstjórn setur. Hér er vísað til athugasemda við 5. gr. hér að framan. Að öðru leyti skýrir efni töluliðarins sig sjálft.
2. Hér er lögð áhersla á það að félagsmálanefnd hafi þekkingu á félagslegum högum íbúa sveitarfélagsins. Kannanir, rannsóknir og upplýsingasöfnun eru oft grundvöllur fyrir slíkri þekkingu á högum íbúa viðkomandi sveitarfélags og eru líklegar til að tryggja að félagsþjónusta verði í sem bestu samræmi við þarfir íbúa.
3. Hér er lagt ríkt á um frumkvæði félagsmálanefndar að því að koma til sveitarstjórnar hugmyndum um alla stefnumörkun á sviði félagsmála.
4. Samkvæmt þessum tölulið ber félagsmálanefnd að gera tillögur til sveitarstjórnar um fjárhagsáætlun á sviði félagsmála.
5. Hér er lögð áhersla á samvinnu við aðra opinbera aðila, félög og félagasamtök í þeim tilgangi að bæta umhverfi og félagslegar aðstæður.
6. Hér er verið að draga fram mikilvægi þess að sveitarfélög veiti upplýsingar um félagsþjónustu í sveitarfélaginu. Upplýsingar ganga jöfnum höndum til kjörinna fulltrúa, stjórnvalda, samstarfsaðila og ekki síst til þeirra sem þjónustunnar eiga að njóta.
7. Hér er lögð áhersla á aðstoð við einstaklinga og fjölskyldur sem í augum flestra telst vera höfuðverkefni félagsmálanefndar. Aðstoð getur verið fólgin í ráðgjöf, umönnun, fjárhagslegri fyrirgreiðslu og annarri þjónustu. Um slíka aðstoð gilda meginreglur fjölskylduverndar um að með mál hvers einstaklings skuli farið með tilliti til nánasta umhverfis og þá sérstaklega þeirrar heildar sem hann er nánast tengdur, þ.e. fjölskyldu hans.
8. Hér er félagsmálanefnd falin yfirumsjón með allri starfsemi og rekstri stofnana á sviði félagsþjónustu í umboði sveitarstjórnar. Með þessu er lögð áhersla á samræmda félagsþjónustu undir einni stjórn. Félagsmálanefnd stjórnar í umboði sveitarstjórnar og þarf því beinlínis ákvörðunar sveitarstjórnar við ef út af er brugðið með yfirumsjón félagsmálanefndar.
9. Með þessum lið er verið að kveða skýrt á um forvarnir sem lykilatriði í félagsþjónustu. Það hlýtur að vera hagstæðara fyrir einstaklinginn, sveitarfélagið og þjóðfélagið að aðstoð og þjónusta sé til þess fallin að koma í veg fyrir félagsleg vandamál.
10. Hér er lögð áhersla á þjálfun og menntun starfsliðs. Vel menntað starfsfólk með reynslu er forsenda fyrir því að félagsþjónusta á vegum sveitarfélaga geti náð þeim markmiðum sem sett eru með frumvarpi þessu. Góð fagmenntun og síðan stöðug þjálfun og símenntun starfsmanna er því brýnt verkefni félagsmálanefndar.

Um IV. kafla.

Kaflinn fjallar um rétt einstaklings til félagsþjónustu. Tekið skal fram að gerð hefur verið sú breyting á frumvarpinu frá því það var lagt fram á Alþingi sl. vor að ein grein (sem áður var 15. gr.) hefur verið felld brott. Sú grein kvað á um að þegar félagsmálanefnd vistar einstakling í annað sveitarfélag öðlast hann eigi rétt til aðstoðar í hinu nýja sveitarfélagi á meðan vistun varir. Nokkrar athugasemdir bárust vegna þessarar greinar frá umsagnaraðilum (Akureyri, Sjálfsbjörg og Sálfræðingafélagi Íslands) þar sem bent var á að greinin væri torskilin og orðalag hennar forneskjulegt. Við athugun málsins þótti

óhætt að fella umrædda grein brott. Veldur þar mestu ákvæði nýrra laga um lögheimili sem taka gildi um næstu áramót. Samkvæmt þeim lögum skal sá staður, þar sem maður hefur fasta búsetu og svefnstaður hans er (bækistöð hans), ávallt vera lögheimili hans. Því þykir eðlilegt að sú regla gildi að réttur til aðstoðar sé ætíð þar sem einstaklingur á lögheimili enda fylgja skatttekjur þeim sem flytjast til einhvers sveitarfélags, ólíkt því sem áður var, eftir að staðgreiðsla skatta var tekin upp og allar tekjur, þar á meðal lífeyrir almannatrygginga, urðu útsvarsskyldar. — Á hinn bóginn mælir ekkert gegn því að félagsmálanefnd, sem visti einstakling í annað sveitarfélag, geri sérstakan samning um greiðslu vistunarkostnaðar.

Um 12. gr.

Greinin fjallar með almennum hætti um skyldu sveitarfélags til þess að veita íbúum þjónustu og aðstoð á vettvangi félagsþjónustunnar.

Skyldur sveitarfélaga miðast annars vegar við að veita þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum þessum og hins vegar að tryggja að íbúar geti séð fyrir sér og fjölskyldum sínum.

Lögð er áhersla á það að aðstoð skuli annars vegar vera til þess að bæta úr vanda og hins vegar sem liður í almennum eða einstaklingsbundnum varnaðaraðgerðum.

Í 3. mgr. er lögð áhersla á að jöfnum höndum séu hafðir í huga almannahagsmunir og velferð þess sem þjónustuna fær. Oftast fara þessir hagsmunir saman þegar til lengri tíma er litið.

Um 13. gr.

Með greininni er ætlunin að gæta samræmis við lög um lögheimili en slíkt samræmi skortir samkvæmt núgildandi lögum.

Samkvæmt grein þessari fylgir réttur til aðstoðar lögheimili. Samkvæmt nýsamþykktum lögum um lögheimili, nr. 21/1990, sem taka gildi 1. janúar 1991, er lögheimili manns sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu. Maður telst hafa fasta búsetu á þeim stað þar sem hann hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómstundum sínum, hefur heimilismuni sína og svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika.

Óbreytt er frá gildandi lögum að aðstoð skal veitt þar sem maður dvelur ef óljóst er um lögheimili hans.

Í síðari hluta 3. mgr. er tekið fram að enginn öðlist rétt til aðstoðar í sveitarfélagi með dvöl sem ekki er ígildi fastrar búsetu. Hér er fyrst og fremst um að ræða dvöl í skóla, sjúkrahúsi, vinnuhæli eða fangelsi.

Það sama gildir ef viðkomandi dvelur í athvarfi, áfangastað eða öðru skammtímahúsnæði sem rekið er af sveitarfélögum, félögum eða stofnunum og er hugsað sem bráðabirgðadvalarstaður þar til úr rætist með varanlegt húsnæði eða er þáttur í meðferð eftir dvöl á sjúkrahúsum, fangelsum eða meðferðarstofnunum.

Um 14. gr.

Greinin tekur til þeirra tilvika er fólk þarf á skyndihjálp að halda þegar það er statt utan heimilissveitar sinnar. Skyndihjálp getur verið fólgin í fjárhagsaðstoð, t.d. aðstoð til að komast heim eða annarri fyrirgreiðslu samkvæmt samkomulagi við heimilissveit sem ætíð greiðir kostnað að fullu.

Lögð er áhersla á að aðstoð samkvæmt grein þessari skuli vera tímabundin og eingöngu af brýnum ástæðum.

Um 15. gr.

Í grein þessari er um verulega breytingu að ræða frá því sem er í gildandi lögum. Samkvæmt framfærslulögum ber ríkissjóði að endurgreiða sveitarfélögum vegna veittrar aðstoðar til erlendra ríkisborgara og er sú endurgreiðsluskylda ríkissjóðs óháð því hversu lengi hinn erlendi ríkisborgari hefur búið á Íslandi. Í frumvarpinu er hins vegar lagt til að skylda ríkissjóðs til endurgreiðslu takmarkist við fyrstu tvö árin sem erlendur ríkisborgari býr hér á landi. Eftir tveggja ára búsetu erlends ríkisborgara á Íslandi þykir eðlilegt að sama regla gildi um hann og aðra íbúa sveitarfélagsins.

Samkvæmt grein þessari er félagsmálaráðuneyti heimilt að setja reglur um aðstoð samkvæmt lögum þessum til handa útlendingum.

Með hliðsjón af skyldu ríkisins til endurgreiðslu þykir rétt að slíkt heimildarákvæði sé í höndum ráðuneytis.

Um 16. gr.

Hér er um nýmæli í lögum að ræða. Um er að ræða hvatningu til sveitarfélaga að bjóða upp á félagslega ráðgjöf. Tvennt liggur einkum til grundvallar ákvæði þessu. Annars vegar er sú aðstoð og þjónusta, sem lagafrumvarp þetta fjallar um, þess eðlis að hún verður tæplega veitt öðru vísi en á grundvelli félagslegrar ráðgjafar í einni mynd eða annarri. Í sumum tilvikum getur ráðgjöfin jafnvel vegið þyngra, þegar til lengri tíma er litið, en hin eiginlega aðstoð sem mælt er fyrir um, t.d. fjárhagsaðstoð. Því er kveðið á um ráðgjafarhlutverk félagsmálanefnda, sbr. 7. tölul. 11. gr. frumvarps. Hins vegar er ljóst að hið flókna nútímaþjóðfélag kallar á aðgang fólks að ráðgjöf um almenn félagsleg réttindi og leiðbeiningar og ráðgjöf í einkamálum. Ekki síst á þetta við um samskipti fólks við opinbera aðila og aðstoð til þess að leita réttar síns. Þannig getur þörf fyrir félagsráðgjöf verið algjörlega óháð öðrum þáttum félagsþjónustu sveitarfélaga.

Um 17. gr.

Greinin kveður nánar á um inntak félagslegrar ráðgjafar, jafnframt því sem kveðið er á um að hún skuli veitt ein sér eða henni beitt í eðlilegu samhengi við aðra aðstoð samkvæmt frumvarpinu. Þau atriði, sem tiltekin eru um svið félagslegrar ráðgjafar, eru á engan hátt tæmandi heldur er hér aðeins getið þeirra sem algengust eru eða önnur lög fjalla um, sbr. barnalög, lög um stofnun og slit hjúskapar og ættleiðingarlög.

Lögð er áhersla á að félagslegri ráðgjöf sé beitt í eðlilegu samhengi við aðra aðstoð og þjónustu samkvæmt frumvarpinu og að hún sé unnin í samvinnu við aðra þá aðila sem bjóða upp á slíka ráðgjöf, svo sem skóla og heilsugæslustöðvar.

Um 18. gr.

Greinin felur í sér hvatningu til sveitarstjórna um að hafa menntuðu starfsliði á að skipa til að annast félagslega ráðgjöf. Augljóst ert að ráðgjöf verður ekki fagleg nema fagfólk annist hana. Eðlilegast er að leitað sé eftir félagsráðgjöfum til þessara starfa þótt önnur menntun á uppeldis- og félagssviði geti reynst notadrjúg.

Um VI. kafla.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum frumvarpsins er lagt til að framfærslulög, nr. 80 /1947, verði felld úr gildi. Í fyrsta lagi eru mörg ákvæði þeirra laga orðin úrelt. Í öðru lagi er kveðið á um ýmis mikilvæg atriði framfærslulaga í öðrum lögum, t.d. lögum um almannatryggingar, sifjalögum og lögum um vernd barna og ungmenna.

Í stað framfærslulaga komi því annars vegar almenn ákvæði þessa frumvarps, sbr. I.–IV. kafla, og skal þar sérstaklega bent á IV. kafla frumvarpsins, og hins vegar sérstakur kafli um fjárhagsaðstoð sem feli í sér ákvæði um framfærsluskyldu fólks annars vegar og skyldur sveitarfélaga til að veita fjárhagsaðstoð hins vegar.

Ein þýðingarmesta breytingin frá núgildandi framfærslulögum er fólgin í því að ákvæði um sveitfesti eru afnumin. Í því felst að sveitarfélög geta ekki lengur krafið hvort annað um endurgreiðslu veittrar fjárhagsaðstoðar á grundvelli sveitfestis.

Þetta endurspeglar breytt viðhorf þannig að fjárhagsaðstoð er ekki lengur ölmusa heldur réttur séu gildar ástæður fyrir því að veita einstaklingi fjárhagsaðstoð.

Um 19. gr.

Í greininni er fjallað um hugtakið framfærsluskyldu. Samkvæmt því er hverjum manni skylt að framfæra sig og maka sinn og börn sín undir 18 ára, en lengra nær lögbundin framfærsluskylda einstaklinga ekki.

Hér er því lagt til að felld verði niður framfærsluskylda barna við foreldra sína svo og framfærsluskylda foreldra við börn eldri en 18 ára. Í stað þeirrar lögbundnu framfærsluskyldu er í frumvarpinu lögð áhersla á ábyrgð einstaklinga á sjálfum sér og samborgurum almennt.

Um 20. gr.

Vísað er til athugasemda við ákvæði IV. kafla frumvarpsins.

Um 21. gr.

Samkvæmt grein þessari skal fjárhagsaðstoð vera svo mikil sem nauðsyn krefur. Mat á þeirri nauðsyn er á vegum sveitarstjórnar eða félagsmálanefndar. Hér er ekki um nýmæli að ræða heldur er ákvæði þetta í samræmi við núgildandi framfærslulög, sbr. 1. gr. laga nr. 80/1947.

Í því skyni að tryggja ákveðna festu við framkvæmd fjárhagsaðstoðar í sveitarfélaginu er lagt til það nýmæli að öllum sveitarfélögum verði skylt að setja ákveðnar reglur um fjárhagsaðstoð til einstaklinga. Með því móti verði tryggt að íbúar sveitarfélagsins eigi í raun rétt á ákveðinni lágmarksaðstoð enda þótt viðmiðunin um lágmark verði ekki tilgreind í lögum.

Um 22. gr.

Núverandi fjárhagsaðstoð er ýmist veitt í formi lána eða styrkja og er lagt til að sú tilhögun gildi óbreytt.

Hér er lagt til að meginreglan verði sú að fjárhagsaðstoð verði aðeins endurkræf við sérstakar aðstæður enda er sú skipan mála í samræmi við núverandi framkvæmd.

Mikilvægt er að ákvörðun um aðstoð í formi lánveitingar verði tekin í upphafi um leið og fjárhagsaðstoð er ákveðin og þá í samvinnu við skjólstæðing. Sú ákvörðun verði hins vegar ekki tekin á síðari stigum.

Um 23. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 24. gr.

Ákvæði þetta er að mestu óbreytt frá framfærslulögum. Þó er fellt niður ákvæðið sem skyldar banka til þess að veita sveitarfélögum upplýsingar.

Bent skal á að gert er ráð fyrir því að meginreglan verði sú að upplýsinganna verði ekki leitað án vitneskju umsækjanda, sbr. 62. gr.

Um 25. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að félagsmálaráðherra sé heimilt að setja reglugerð um samskipti sveitarfélaga, svo og uppgjör milli ríkis og sveitarfélaga vegna veittrar fjárhagsaðstoðar.

Um VII. kafla.

Eins og vikið er að í almennum athugasemdum frumvarpsins er lagt til að lög um heimilishjálp í viðlögum, nr. 10/1952, verði felld úr gildi. Tvær ástæður liggja þar einkum að baki. Í fyrsta lagi er nú lagt til að sveitarfélögum verði skylt að sjá um heimaþjónustu til handa þeim sem á þurfa að halda en svo er ekki samkvæmt gildandi lögum. Í öðru lagi felur hugtakið félagsleg heimaþjónusta í sér mun fjölbreyttari þjónustu en gert er ráð fyrir í gildandi lögum um heimilishjálp og vísast um það atriði til athugasemda við einstakar greinar þessa kafla.

Um 26. gr.

Hugtakið heimaþjónusta er notað sem samheiti yfir heimahjúkrun, heimilishjálp og aðra þjónustu frá hinu opinbera sem fer fram á heimili þess sem þjónustuna fær.

Heimaþjónusta getur bæði verið heilsufarsleg og félagsleg. Í frumvarpi þessu er aðeins fjallað um hina félagslegu hlið heimaþjónustunnar.

Samkvæmt 6. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, er heimilishjálp tilgreind meðal verkefna sem sveitarfélögum er ætlað að sinna. Í frumvarpinu er lagt til að kveðið verði beinlínis á um að sveitarfélög skulu sjá um hinn félagslega þátt heimaþjónustu. Samkvæmt lögum um málefni aldraða, nr. 82/1989, sem gengu í gildi 1. janúar 1990, er sveitarfélögum skylt að koma á fót heimaþjónustu fyrir aldraða. Um skyldu sveitarfélaga til að sjá um heimaþjónustu ríkir því fullt samræmi milli þessa frumvarps og nýsamþykktra laga um málefni aldraða. Í því skyni að samræma önnur atriði heimaþjónustunnar milli þeirra tveggja lagabálka, verði frumvarp þetta að lögum, er lagt til í athugasemdum með frumvarpi til laga um málefni aldraða að ákvæði þeirra laga um heimaþjónustu verði endurskoðuð þegar frumvarp þetta verður að lögum.

Um 27. gr.

Markmið félagslegrar heimaþjónustu er að gera fólki, sem þjónustunnar nýtur, kleift að búa sem lengst í heimahúsum við sem eðlilegastar aðstæður.

Með þessu er annars vegar komið til móts við hagsmuni þeirra sem þjónustunnar njóta og óska eftir því að dveljast sem lengst heima og hins vegar gætt almannahagsmuna til þess að koma í veg fyrir ótímabærar innlagnir á stofnanir sem í flestum tilfellum er mun dýrari kostur og þar af leiðandi þjóðhagslega óhagkvæmari.

Þess skal ætíð gætt að aðstoð sé til þess fallin að efla viðkomandi til sjálfsbjargar þannig að endurhæfingarsjónarmið sé haft í huga þegar þjónustan er veitt.

Um 28. gr.

Félagsleg heimaþjónusta getur verið margvísleg. Má þar nefna aðstoð við heimilishald, daglega umönnun, heimsendingu matar, endurhæfingu og félagslegan stuðning, þar með talin hjálp til að rjúfa einangrun. Einnig getur heimaþjónusta verið fólgin í því að gæta barna í veikindum og aðstoða við umönnun og uppeldi barna og er í því tilviki einn liður í barnavernd.

Um 29. gr.

Greinin gerir ráð fyrir því að þörf fyrir heimaþjónustu sé metin í hverju tilviki fyrir sig enda skuli liggja fyrir læknisvottorð þegar um heilsufarsástæður er að ræða. Um framkvæmd mats vísast til athugasemda við 30. gr.

Athygli skal vakin á því að ekki er kveðið á um hvaða aðili skuli annast mat á þörf fyrir heimaþjónustu. Getur það verið félagsmálanefnd, heilsugæslustöð eða þjónustuhópur aldraðra (samkvæmt lögum um málefni aldraðra) og fer um það eftir aðstæðum. Hins vegar er áhersla lögð á samstarf og samráð félagsþjónustunnar annars vegar og heilsugæslu hins vegar þannig að þjónustan verði samræmd og hnitmiðuð miðað við þarfir hvers og eins.

Um 30. gr.

Nauðsynlegt er að sveitarfélögin setji sér reglur um framkvæmd félagslegrar heimaþjónustu. Þar er m.a. höfð í huga nauðsyn þess að settar séu reglur um það hvernig mat á þörf á þjónustunni skuli fara fram. Slíkt mat er forsenda þess að þjónustan komi einstaklingnum að gagni og að fjármunum sveitarfélagsins til málaflokksins sé vel varið.

Um 31. gr.

Greinin kveður á um að félagsmálanefndir skuli vinna að forvörnum í þágu barna og ungmenna eða stuðla að því að aðrir aðilar sinni því. Þannig er félagsmálanefnd falið að hafa eftirlit með því að forvarnastarf eigi sér stað í sveitarfélaginu og lögð skylda á nefndina til að sjá um það ef aðrir sinna því ekki.

Forvarnastarf í málefnum barna og ungmenna miðar að því að bæta þroskaskilyrði og aðstæður barna almennt í samfélaginu en beinist ekki að einstöku barni.

Sem dæmi um forvarnir í þessum málaflokki má nefna rekstur leikskóla fyrir börn, sem miða að góðum uppeldisskilyrðum, og gæslu sem veitir börnum öryggi. Í því sambandi má nefna góð leiksvæði þar sem börn geta leikið sér óhult, aðstöðu til íþrótta- og tómstundaiðju og framboð á tómstundum við hæfi barna sem allt eins geta verið á hendi frjálsra félagasamtaka. Gætt skal að því að umferðarmálum sé þannig háttað að börn geti farið sinna ferða án slysahættu. Einnig má nefna að skipulag í sveitarfélögum, svo og öll umhverfismál hafa mikil áhrif á að börn og ungmenni fái notið öryggis í uppvexti.

Gengið er út frá því að samvinna sé höfð við foreldra, fræðslu- og heilbrigðisyfir-

völd og aðra þá aðila er láta sig hagsmuni barna og ungmenna varða um málefni þeirra og forvarnir í þeirra þágu.

Um 32. gr.

Greinin kveður á um að félagsmálanefnd, eða önnur nefnd samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar, annist leyfisveitingar vegna starfsemi dagmæðra, svo og rekstur gæsluvalla. Engin lagaákvæði eru til um daggæslu í heimahúsum eða rekstur gæsluvalla en fram til þessa hafa leyfisveitingar og eftirlit með starfsemi dagmæðra verið í höndum barnaverndarnefnda samkvæmt heimild í reglugerð settri á grundvelli laga um vernd barna og ungmenna. Í frumvarpi að nýjum lögum um vernd barna og ungmenna, sem nú er í meðförum Alþingis, er ekki sérstaklega gert ráð fyrir að barnaverndarnefndir sinni þessu verkefni. Því verður að teljast eðlilegt að kveðið sé á um daggæslu í heimahúsum í þessu frumvarpi.

Í greininni er kveðið á um að ráðherra setji reglugerð um starfsemi gæsluvalla og dagmæðra. Óhjákvæmilegt er að þessi starfsemi lúti ákveðnum starfsreglum og eftirliti verði við komið, enda skipta þau börn þúsundum sem þessi úrræði nota.

Um 33. gr.

Á sama tíma og undirbúningur þessa frumvarps fór fram vann nefnd á vegum menntamálaráðuneytis að því að endurskoða lög um vernd barna og ungmenna. Samráð var haft við þá nefnd. Þar kom fram að sú nefnd mun leggja til að barnaverndarnefndir verði áfram lögskipaðar nefndir en þó verði heimilt að fela félagsmálanefndum verkefni barnaverndarnefnda þar sem það þykir henta, enda hafi félagsmálanefnd sömu umdæmismörk og barnaverndarnefnd.

Í frumvarpi, sem fyrrgreind nefnd hefur samið, eru ítarleg ákvæði um skyldur barnaverndarnefnda gagnvart einstökum börnum og fjölskyldum þeirra. Einnig eru þar ítarleg ákvæði um hvaða úrræðum verði beitt til bættrar aðbúðar barna og um meðferð mála.

Gert er ráð fyrir að öll meðferð og framkvæmd barnaverndarmála fari eftir lögum um vernd barna og ungmenna hvort sem sveitarstjórn velur að hafa sérstaka barnaverndarnefnd eða fela félagsmálanefnd verkefni barnaverndarnefndar.

Um 34. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skyldur sveitarfélaga til þess að annast forvarnastarf í unglingamálum. Með forvarnastarfi er hér einkum átt við starfsemi sem er til þess fallin að draga úr líkum á því að félagsleg vandamál skapist. Forvarnastarf getur einnig vísað til þess að uppgötva og greina félagslegan vanda eins fljótt og auðið er í því augnamiði að koma í veg fyrir að hann þróist áfram.

Á vegum margra sveitarfélaga í landinu, einkum þeirra stærstu, er boðið upp á margvíslega þjónustu fyrir unglinga. Þessi þjónusta er einkum tvíþætt. Annars vegar er um að ræða tómstunda- og íþróttastarfsemi og hins vegar einstaklingsbundna þjónustu, t.d. ráðgöf. Segja má að þessi þjónusta feli í sér þau markmið forvarnastarfs sem að ofan greinir.

Samkvæmt barnaverndarlögum hafa sveitarfélög lengi haft skyldur við æskufólk þótt ekki hafi þeim verið skylt að standa að skipulögðu forvarnastarfi. Því verður að telja þetta ákvæði frumvarpsins nýmæli í lagasetningu. Á hinn bóginn hafa sveitarfélögin í reynd ýmist stutt eða staðið að forvarnastarfi, svo sem fyrr er getið, t.d. með stuðningi við

íþróttafélög, tómstundastarfi í skólum eða rekstri félagsmiðstöðva fyrir unglinga. Þá skal athygli vakin á því að samkvæmt greininni er sveitarfélögum ekki skylt að annast sjálf þjónustu við unglinga heldur takmarkast skylda þeirra við að hlutast til um að boðið sé upp á æskulýðsstarf sem hafi forvarnagildi.

Um 35. gr.

Eins og fram kemur í athugasemdum við 34. gr. hefur þjónusta við unglinga á vegum sveitarfélaga verið fólgin í almennu æskulýðs- og íþróttastarfi annars vegar og þjónustu við einstaklinga eða tiltekna hópa ungmenna hins vegar. Gert er ráð fyrir því í þessari grein að félagsmálanefnd sjái um síðarnefnda þáttinn eftir því sem þörf er á. Hér er átt við ráðgjöf til unglinga, einkum til þeirra sem eiga í vanda, svo og starfsemi með eða fyrir einstaka hópa unglinga sem eiga í erfiðleikum. Dæmi um hið síðarnefnda er starfræksla unglingaathvarfa eða leitarstarf (útideild) sem miðar að því að hafa uppi á „áhættuhópum“, þ.e. unglingum sem með hegðun sinni gefa til kynna að þeir eigi við félagslegan vanda að stríða. Í þeim sveitarfélögum þar sem forvarnastarf af þessu tagi er skipulagt, heyrir það yfirleitt undir félagsmálaráð.

Í greininni er kveðið á um að heimilt sé að fela félagsmálanefndum umsjón með þjónustu fyrir unglinga að öllu leyti, þar með talin æskulýðs- og íþróttamál. Tilgangurinn er að hvetja til heildarsýnar í þjónustu við unglinga þannig að þjónusta við þennan aldurshóp lúti einni stjórn. Víðast hvar heyra íþrótta- og tómstundamál undir sérstakar nefndir, íþrótta- og/eða tómstundaráð en sjaldnast félagsmálaráð. Vissulega er slíkt eðlilegt, einkum í stórum sveitarfélögum, en rétt er að vekja athygli á þeim kosti að sameina unglingaþjónustuna í undirnefnd félagsmálanefndar samkvæmt frumvarpi þessu þegar það getur átt við.

Um 36. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 37. gr.

Í greininni er kveðið á um að sveitarfélög skuli eftir föngum reka leikskóla fyrir börn þar sem þeirra er þörf. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum eru dagvistarmál eitt af lögbundnum verkefnum sveitarstjórna. Því telst eðlilegt að skylda sveitarfélög til að bjóða upp á leikskóla fyrir börn. Í greininni er kveðið svo á um að reglulega skuli kannað hverjar þarfir barna í sveitarfélaginu séu fyrir leikskóla þannig að þjónusta sveitarfélagsins geti verið í sem bestu samræmi við þarfir. Ljóst er að verulega skortir á að þörf barna sé fullnægt með tilliti til fjölda rýma og sveigjanlegs vistunartíma. Greinin kveður á um skyldur sveitarfélaga til að koma til móts við þarfir í þessum efnum eftir því sem fjárhagslegt bolmagn leyfir og mat á þörfinni segir til um. Athygli skal vakin á því að biðlistar eftir leikskóla geta tæplega sagt fyrir um þörf, nema í þeim tilvikum að engar hömlur séu á rétti til leikskóla fyrir börnin.

Um 38. gr.

Gert er ráð fyrir að meginreglan verði sú að sveitarfélög kjósi að fela félagsmálanefndum stjórn leikskóla, enda er það í samræmi við þann hátt sem flest sveitarfélög hafa

haft á fram til þessa. Til samræmis við frumvarp til laga um leikskóla er þó gert ráð fyrir því að sveitarfélögum sé heimilt að fela málaflokkinn skólanefnd grunnskóla eða sérstakri leikskólanefnd.

Um 39. gr.

Efnislega er greinin samhljóða 2. mgr. 2. gr. gildandi laga um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, nr. 112/1976, eins og sú grein hljóðar nú, sbr. 59. gr. laga um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87/1989.

Um 40. gr.

Gert er ráð fyrir því að leikskólar verði áfram starfræktir samkvæmt sérstökum lögum. Að öðru leyti er tiltekið markmið uppeldisstarfs í leikskólum í samræmi við gildandi lög, svo og uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili útgefna af menntamálaráðuneytinu 1985, jafnframt því sem áhersla er lögð á að uppeldisstarf í leikskóla sé undir handleiðslu sérmenntaðs starfsliðs. Hér eru fyrst og fremst fóstrur hafðar í huga en einnig aðrir faghópar með uppeldismenntun, svo og þroskaþjálfar o.fl.

Um 41. gr.

Hér er lögð sú skylda á sveitarstjórn að stuðla að því að aldraðir geti svo lengi sem verða má búið við eðlilegt heimilislíf í umgengni við aðra. Þetta er í fullu samræmi við markmiðsgrein frumvarpsins og þá hugmyndafræði sem viðurkennd hefur verið á undanförnum árum í málefnum aldraðs fólks. Sú hugsun kemur glöggt fram í nýsamþykktum lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989, sem gengu í gildi 1. janúar 1990, þ.e. að aldraðir skuli búa á heimili sínu eins lengi og þeir geta og kjósa.

Einnig segir greinin til um að komi til þess að hinn aldraði geti ekki lengur búið heima hjá sér, þrátt fyrir margvíslegan stuðning, skuli sveitarfélag tryggja möguleika á nauðsynlegri stofnanavist.

Um 42. gr.

Greinin kveður á um að félagsmálanefnd skuli leitast við að tryggja öldruðum hentugt húsnæði. Nauðsynlegt er að húsnæði fyrir aldraða sé vel hannað, m.a. hvað viðvíkur aðgengi innan dyra sem utan.

Einnig segir greinin til um að heimaþjónusta skuli skipulögð, bæði heilsufarsleg og félagsleg. Forsenda þess að aldraðir geti búið á heimilum sínum er að þeir búi við öryggi bæði hvað varðar húsnæði, svo og félags- og heilbrigðisþjónustu.

Um 43. gr.

Hér er ítrekað að þjónusta, er gerir öldruðum kleift að búa heima hjá sér, sé til staðar og einnig er kveðið á um að sveitarfélög bjóði upp á úrræði sem eru til þess fallin að rjúfa einangrun og skapa möguleika fyrir aldraða að umgangast aðra í félagslegu starfi.

Sú breyting, sem á sér stað í lífi aldraðra er þeir hætta þátttöku í atvinnulífi, hefur reynst mörgum erfið. Sumir hætta vinnu þegar vissum aldursmörkum er náð þrátt fyrir að þeir hafi enn mikla starfsorku. Aðrir verða að hætta vegna heilsubrests. Af hvaða orsökum sem starfslok verða er mikilvægt að aldraðir fái aðstoð til þess að aðlagast þeim. Í þessari grein er því einnig kveðið á um fræðslu og námskeiðshald hvað þetta varðar, svo og um réttindamál aldraðra almennt.

Um 44. gr.

Hér er lögð áhersla á það að virkja aldraða til þátttöku í ákvörðunum sem varða þá sjálfa, hvort heldur um er að ræða einstaklinga eða samtök aldraðra.

Um 45. gr.

Hér er lögð áhersla á það að aldraðir eigi rétt á allri almennri aðstoð, er frumvarpið kveður á um, með sama hætti og aðrir landsmenn, en hvað varðar ýmis sérmál þeirra fari um þau eftir lögum um málefni aldraðra.

Um 46. gr.

Greinin kveður á um skyldur félagsmálanefndar til að vinna að því að fötluðum séu tryggð sambærileg lífskjör og jafnrétti á við aðra þjóðfélagshópa jafnframt því sem þeim skulu sköpuð skilyrði til að lifa eðlilegu lífi. Um er að ræða almenna markmiðslýsingu í málefnum fatlaðra sem félagsmálanefndum ber að hafa að leiðarljósi og lögfest hefur verið í lögum um málefni fatlaðra.

Um 47. gr.

Í gildandi lögum um málefni fatlaðra er ekki kveðið skýrt á um rétt fatlaðra til félagslegrar heimaþjónustu. Því er rétt að taka af tvímæli í þeim efnum enda hafa flest sveitarfélög boðið fötluðum heimaþjónustu til jafns við aldraða. Þá kveður greinin á um að leitast skuli við að tryggja fötluðum hentugt íbúðarhúsnæði. Í lögum um málefni fatlaðra er fjallað um stofnanaþjónustu fyrir fatlaða, t.d. sambýli, en ekki kveðið sérstaklega á um húsnæðismál þeirra. Samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins er heimilt að veita sveitarfélögum lán með hagstæðum kjörum til að byggja eða kaupa leiguíbúðir og félagslegar kaupleiguíbúðir sem hvort tveggja getur hentað fötluðum. Þessi ákvæði leystu af hólmi ákvæði eldri laga um sérstök lán til byggingar leiguhúsnæðis fyrir örykja. Hafa nú mörg sveitarfélög komið til móts við þarfir fatlaðra með leiguíbúðum. Í greininni er hvatt til þess að sveitarfélögin leitist með þessum hætti við að styrkja fatlaða til þátttöku í eðlilegu lífi.

Um 48. gr.

Greinin felur félagsmálanefndum að sjá til þess að fatlaðir njóti almennrar þjónustu á vegum sveitarfélaga til jafns við ófatlaða eftir því sem framast er unnt. Þannig er gert ráð fyrir rétti fatlaðra til almennrar þjónustu í anda samskipunar og að ekki eigi að grípa til sérúrræða nema nauðsyn krefji.

Um 49. gr.

Greinin er hugsuð sem hvatning til sveitarfélaga um að hafa framboð af félagslegu húsnæði.

Um 50. gr.

Greinin felur í sér skyldu félagsmálanefnda til að útvega þeim íbúum sveitarfélagsins húsnæði sem ekki eru færir um það sjálfir. Ákvæðið er í samræmi við hið almenna ákvæði 11. gr. frumvarpsins um verkefni félagsmálanefndar, en húsnæðismál eru mikilvægur þáttur í þeirri aðstoð sem félagsmálanefndir eiga að veita skv. 7. tölul. 11. gr.

Að baki skyldu félagsmálanefndar hvílir að sjálfsögðu sú forsenda að sveitarfélagið

hafi tiltækt húsnæði. Hér er ekki nýmæli á ferðinni þar sem 1. gr. framfærslulaga hefur verið túlkuð og framkvæmd svo að sveitarfélögum beri skylda til að veita fólki úrlausn í húsnæðismálum til að leysa úr bráðum vanda. Sú skylda er í samræmi við ákvæði 12. gr. frumvarpsins þar sem segir að sveitarfélag skuli veita aðstoð hverjum þeim íbúa sem ekki er fær um að sjá fyrir þörfum sínum og fjölskyldu sinnar. Með aðstoð er m.a. átt við hjálp til að útvega húsnæði.

Um 51. gr.

Grein þessi er samin með hliðsjón af k-lið (61. gr.) laga nr. 70/1990, um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Í þeirri grein felst sú meginregla að umsjón og úthlutun á félagslegum íbúðum er á vegum húsnæðisnefndar, en jafnframt heimild til að víkja frá þeirri reglu þegar leiguíbúðir sveitarfélaga eiga í hlut og fela umsjón og útleigu þeirra félagsmálanefnd.

Í athugasemdum frumvarps með fyrrgreindum k-lið laga nr. 70/1990 kemur jafnframt fram að gert er ráð fyrir því að húsnæðisnefnd hafi samráð og samvinnu við félagsmálanefnd um ráðstöfun félagslegra íbúða. Auk leiguíbúða sveitarfélaga, tilheyra félagslegum íbúðum, félagslegar eignaríbúðir (áður verkamannabústaðir) og félagslegar og almennar kaupleiguíbúðir.

Í samræmi við það sem hér rakið er 1. mgr. þessarar greinar í beinu samhengi við síðari málsgrein í k-lið (61. gr.) laga nr. 70/1990, þ.e. um heimild sveitarstjórnar til að fela félagsmálanefnd umsjón og útleigu félagslegra leiguíbúða. Í félagsmálanefndinni er að finna þekkingu og yfirsýn yfir félagslega hagi fólks og þar af leiðandi hefur sú nefnd góðar faglegar forsendur til þess að sjá til þess að úthlutun leiguíbúða komi þeim að notum sem mest þurfa á þeim að halda. Við þetta bætist að aðstoð við öflun húsnæðis er einn þáttur í félagsþjónustu við einstaklinga og fjölskyldur og aðrir þættir hennar nýtast síður ef húsnæðismál eru þar undanskilin, sbr. það sem áður er fram komið í frumvarpi þessu um nauðsyn á því að við framkvæmd félagsþjónustunnar sé beitt heildarsýn yfir alla þætti hennar.

Önnur málsgrein þessarar greinar er í samræmi og framhaldi af því sem fram kemur í athugasemdum frumvarps til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins með 5. tölul. k-liðar (61. gr.) lög nr. 70/1990 þar sem segir að telja verði líklegt að húsnæðisnefnd hafi við úthlutun félagslegra íbúða samráð og samvinnu við félagsmálanefnd. Sé slíks samráðs leitað er talið eðlilegt að tryggja félagsmálanefnd tillögurétt um ráðstöfun íbúða.

Um 52. gr.

Samkvæmt lögum um húsaleigusamninga er skylt að kjósa húsaleigunefnd í hverjum kaupstað. Hlutverk hennar skal vera að fylgjast með framkvæmd húsaleigumála og afla upplýsinga um þau, hlutast til um að úttektarmenn séu dómkvaddir, gefa aðilum leigumála, sem þess óska, leiðbeiningar um ágreiningsefni og leitast við að sætta slíkan ágreining.

Reynslan hefur orðið sú að húsaleigunefndir hafa ekki verið jafn virkar og reiknað var með við setningu laganna og dæmi eru þess að þær hafa jafnvel ekki verið kosnar. Eðlilegt er að verkefni af því tagi, sem lögin kveða á um, séu falin félagsmálanefndum. Bæði er að þekking á leigumarkaði og högum þess hóps, sem háður er framboði á leiguhúsnæði, ætti að vera til staðar hjá félagsmálanefnd eða starfsmönnum hennar. Enda sýnir

reynslan að sá hópur er stór sem lendir í erfiðleikum með húsaleigumál sín og leitar með þau mál til félagsmálastofnana.

Um 53. gr.

Greinin gerir ráð fyrir því að heimilt sé að fela félagsmálanefndum lögbundin verkefni áfengisvarnanefnda, að hluta til eða að öllu leyti. Samkvæmt áfengislögum skulu áfengisvarnanefndir vera starfandi í öllum hreppum og kaupstöðum landsins. Fer um verksvið þeirra eftir sérstakri reglugerð nr. 595/1982 og nær það m.a. yfir ráðgjöf, forvarnir og aðstoð við drykkjusjúka. Í áfengislögum og reglugerð um áfengisvarnanefndir er hins vegar sérstakt heimildarákvæði til handa sveitarstjórn um að fela félagsmálaráðum hlutverk áfengisvarnanefndar, að fengnu samþykki ráðherra. Allmörg sveitarfélög hafa fært sér þessa heimild í nyt, t.d. Reykjavík. Í greininni er fólgin hvatning til sveitarstjórna um að fella aðstoð við drykkjusjúka og forvarnastarf í áfengismálum inn í almenna ráðgjöf og þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur á vegum félagsmálanefnda.

Um 54. gr.

Greinin kveður á um skyldur félagsmálanefndar til að stuðla að forvörnum í áfengis- og vímugjafamálum. Jafnframt er lögð áhersla á samstarf við aðra þá aðila sem koma að þessum málaflokki, t.d. lögreglu, skóla og heilbrigðisyfirvöld. Félagsmálanefndir eru einkar mikilvægur vettvangur í forvarnastarfi, ekki síst vegna náinna tengsla þeirra við börn og unglinga, auk þeirra sem þjást vegna misnotkunar áfengis.

Um 55. gr.

Greinin kveður á um skyldur félagsmálanefnda til að hlutast til um að misnotendur áfengis eða annarra vímugjafa leiti sér viðeigandi meðferðar, auk þess sem fjölskyldum þeirra sé veitt ráðgjöf og hjálp eftir því sem við á. Vitað er að margir misnotendur vímugjafa leita eftir félagslegri aðstoð og því verður að telja félagsmálanefndir eðlilegan vettvang þess íhlutunarstarfs. Jafnframt fylgja fjölskylduráðgjöf og barnaverndarstarfi félagsmálanefnda vissar skyldur um aðstoð við aðstandendur áfengissjúklinga og misnotendur vímugjafa. Í þessum efnum á ákvæði 54. gr. um samstarf við lögreglu og aðra aðila einnig við, sbr. lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Um 56. gr.

Í greininni er hvatt til þess að félagsmálanefndir veiti þeim áfengissjúklingum og misnotendum vímugjafa, sem fengið hafa meðferð og læknishjálp, stuðning til að lifa eðlilegu lífi. Í því skyni að stuðla að félagslegri endurhæfingu er félagsmálanefndum eða öðrum aðilum heimilt að reka áfangastaði eða sambýli fyrir misnotendur.

Um 57. gr.

Samkvæmt lögum um vinnumiðlun er öllum sveitarfélögum skylt að annast atvinnuleysisskráningu en hverju sveitarfélagi með 500 íbúa eða fleiri er skylt að annast vinnumiðlun. Jafnframt er kveðið svo á um að þar sem skylt er að reka vinnumiðlun skuli hún lúta sérstakri stjórn. Stjórn vinnumiðlunar skal skipuð a.m.k. þremur fulltrúum sveitarstjórnar ásamt fulltrúum frá samtökum verkafólks og atvinnurekenda. Eru henni ætluð mjög víðtæk verkefni í vinnumarkaðsmálum.

Greinin gerir ráð fyrir því að stjórnum vinnumiðlunar og félagsmálanefndum sé skylt

að hafa samstarf og samráð. Þetta er gert með hliðsjón af því, annars vegar að framkvæmd atvinnuleysisskráningar og vinnumiðlunar hefur mikið forvarnagildi fyrir starfsemi félagsþjónustunnar, hins vegar að víðast hvar, utan Reykjavíkur, hefur starfsmönnum félagsþjónustunnar verið falin skráning atvinnulausra og vinnumiðlun.

Um 58. gr.

Greinin heimilar sveitarstjórnum að fela félagsmálanefnd skráningu atvinnulausra og framkvæmd vinnumiðlunar að hluta. Hér er einkum um að ræða þjónustu við atvinnuleitendur og sérstaka þjónustu við unglinga, fatlaða og aldraða, sbr. lög um vinnumiðlun. Svo virðist sem óvíða hafi verið komið á fót stjórnum vinnumiðlunar í landinu, svo sem vinnumiðlunarlögin gera ráð fyrir. Að svo miklu leyti sem vinnumiðlun er starfrækt hafa sveitarfélögin kosið henni vettvang í tengslum við félagsþjónustuna. Því verður að telja eðlilegt að heimila í löggjöf þá tilhögun sem sveitarfélögin hafa flest hver í reynd kosið. Margt mælir með slíkri tilhögun. Hluti þeirra sem eru á atvinnuleysisskrá (jaðarhópar á vinnumarkaði) eru gjarnan skjólstæðingar félagsþjónustunnar, auk þess sem vinnumiðlun er oft mjög mikilvægt úrræði í félagsþjónustunni. Atvinnumissi fylgir oft mikil fjárhagsleg og félagsleg röskun sem getur falið í sér þörf fyrir félagsráðgjöf, tímabundna fjárhagsaðstoð eða að félagsleg einangrun sé rofin með þátttöku í skipulögðu félagsstarfi. Þannig getur þjónusta við atvinnuleitendur verið samofin almennri félagsþjónustu svo hagkvæmt er að þjónustan sé ekki aðskilin.

Um 59. gr.

Samkvæmt 22. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 41/1983, er kveðið á um að svæðisstjórnir í málefnum fatlaðra skuli fela sveitarfélögum, þar sem starfrækt er vinnumiðlun m.a. fyrir fatlaða, starfrækslu atvinnuleitar fyrir fatlaða. Greinin heimilar svæðisstjórnum, að fengnu samþykki sveitarstjórnar, að fela félagsmálanefnd umrædda atvinnuleit fyrir fatlaða. Á þetta að sjálfsögðu einungis við, hafi sveitarstjórn fært sér í nyt ákvæði 58. gr. frumvarpsins. Þess má geta að víða hafa svæðisstjórnir falið félagsmálastofnunum sveitarfélaganna starfrækslu atvinnuleitar fatlaðra, t.d. í Kópavogi, Hafnarfirði og á Akureyri.

Um 60. gr.

Í greininni felst að um starfshætti og starfslið félagsmálanefnda gildi almenn ákvæði sveitarstjórnarlaga. Einnig gildi ákvæði þeirra laga eftir því sem við á um skyldur og réttindi fulltrúa í félagsmálanefndum.

Að öðru leyti gildi um þessi atriði ákvæði frumvarpsins.

Um starfshætti félagsmálanefnda skal bent á að skv. 5. gr., er sveitarstjórn skylt að setja reglur um starfsemi nefndarinnar.

Um 61. gr.

Gert er ráð fyrir því að mál geti borið að félagsmálanefnd með tvenns konar hætti. Í fyrsta lagi að fyrir liggi umsókn frá einstaklingi eða fjölskyldu. Í öðru lagi fái félagsmálanefnd vitneskju á annan hátt um nauðsyn þess að veita fólki aðstoð. Slíkar upplýsingar geta borist með ýmsu móti, einkum frá öðrum opinberum aðilum, t.d. öðrum sveitarfélögum, skólum og aðilum heilbrigðisþjónustunnar en einnig frá öðrum aðilum, svo sem vinnustöðum, einstaklingum o.fl.

Í báðum tilvikum skal félagsmálanefnd beita sömu málsmeðferð, þ.e. taka mál til könnunar og athugunar eins fljótt og unnt er.

Um 62. gr.

Áhersla er lögð á það að við öflun gagna og upplýsinga í málinu sé fyrst og fremst leitað til viðkomandi skjólstæðings. Teljist nauðsynlegt að félagsmálanefnd afli sjálf upplýsinga frá öðrum skal skjólstæðingur að jafnaði hafður með í ráðum og samþykkja það.

Hugsanlegt er að hvika þurfi frá ofangreindri meginreglu ef aðstæður skjólstæðings eru með þeim hætti að ekki geti orðið af samvinnu við hann. Er það lagt í vald félagsmálanefnda og starfsliðs þeirra að meta hvenær svo sé.

Um 63. gr.

Með sama hætti og lögð er áhersla á samvinnu við skjólstæðing í upphafi málsmeðferðar (62. gr.) á það einnig við um meðferð málsins að öðru leyti. Sama gildir um ákvarðanatöku og er reiknað með því að gert verði samkomulag við skjólstæðing um það hvernig aðstoð til hans skuli háttað, t.d. þegar fjárhagsaðstoð á í hlut. Einnig hér þarf að gera þann fyrirvara að við vissar aðstæður getur e.t.v. ekki orðið af samvinnu við skjólstæðing við málsmeðferð. Sá fyrirvari getur falið það í sér að nauðsynlegt reynist í einstaka tilvikum að hefjast handa í máli einstaklings án vitneskju hans. Hér er haft í huga að félagsmálanefnd eða starfsmenn hennar hafi heimild til að kanna mál og undirbúa þjónustu, svo sem stofnanavist, án samþykkis skjólstæðings, ef þess gerist þörf í neyðartilvikum.

Í 2. mgr. felst að verði talið nauðsynlegt að grípa til þvingunaraðgerða, svo sem innlagnar á sjúkrahús án samþykkis eða ráðstafana í barnaverndarmálum, skal með þau mál farið eftir sérlögum sem veita slíkar heimildir þar sem engin slík heimild er fyrir hendi samkvæmt frumvarpinu.

Í 3. mgr. er lögð áhersla á það að skjólstæðingi sé kynnt niðurstaða máls eins fljótt og unnt er. Ef niðurstaða er umsækjanda óhagstæð skal hún skýrð og rökstudd og tilkynnt honum tryggilega. Ekki er lagt til að framgangsmátinn verði lögfestur umfram þetta, heldur lagt undir mat félagsmálanefndar eða starfsmanna að sjá um hvernig rökstuðningur og skýringar komist sem best til skila í hverju máli fyrir sig. Það er þannig ekki talið nauðsynlegt að niðurstaðan sé tilkynnt skriflega nema umsækjandi fari fram á það, enda sé niðurstaða máls honum óhagstæð. Ef um er að ræða skerðingu réttinda skal niðurstaðan hins vegar ávallt vera skrifleg og tilkynnt með sérstökum tryggilegum hætti, t.d. með ábyrgðarbréfi.

Um 64. gr.

Mikilvægt er að lögfesta að skjólstæðingur eigi rétt á upplýsingum úr skráðum gögnum sem varða hans mál. Þó verður að setja þann fyrirvara á að slíkar upplýsingar stangist ekki á við trúnað gagnvart öðrum. Hér er fyrst og fremst um að ræða trúnað við þá sem veitt hafa upplýsingar, m.a. þegar sérfræðingar gefa trúnaðarupplýsingar, t.d. læknar, eða sérstakar ástæður eru til að vernda upplýsingagjafa og stöðu hans gagnvart þeim sem fjallað er um, t.d. börn gagnvart foreldrum.

Um 65. gr.

Í greininni felast tvær mikilvægar reglur til að treysta réttaröryggi skjólstæðinga. Í

fyrsta lagi sú að málsgögn, er varða persónulega hagi, séu geymd með þeim hætti að óviðkomandi fái þar ekki aðgang. Í öðru lagi er hér kveðið sérstaklega á um þagnarskyldu fulltrúa félagsmálanefndar og starfsmanna hennar. Enda þótt ljóst sé að fulltrúar félagsmálanefndar eru bundnir þagnarskyldu samkvæmt sveitarstjórnarlögum og lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og starfsmenn félagsmálanefnda þagnarskyldir samkvæmt síðargreindum lögum þótti engu að síður rétt að tilgreina sérstaklega í frumvarpinu þagnarskyldu á vettvangi félagsþjónustu til að leggja áherslu á mikilvægi hennar þar.

Um 66. gr.

Mikilvægt er að starfsmenn félagsmálanefnda upplýsi aðila um rétt hans til málskots. Er þetta sérlega brýnt ekki síst með það í huga að í frumvarpinu er lagt til að skjóta megi ákveðnum málum til sérstakrar úrskurðarnefndar. Er þar um nýmæli að ræða sem kynna þarf sérstaklega í hverju einstöku máli.

Um 67. gr.

Í greininni er kveðið á um nauðsyn samvinnu innbyrðis milli þeirra sem fara með félagsþjónustu sveitarfélaga eða verkefni sem henni tengjast, bæði hvað varðar almenn atriði og mál einstakra skjólstæðinga, til þess að tryggja að sem bestur árangur náist, sbr. einnig 5. tölul. 11. gr. frumvarpsins.

Jafnframt er lögð áhersla á trúnað gagnvart skjólstæðingi.

Um 68. gr.

Hér er lagt til að komið verði á fót sérstökum óháðum úrskurðaraðila, úrskurðarnefnd félagsþjónustu, til þess að treysta réttaröryggi skjólstæðinga félagsþjónustunnar.

Eins og vikið er að í almennum athugasemdum frumvarpsins er ein forsenda rammalöggjafar, sem veitir sveitarfélögum svigrúm til mats, sú að veita skjólstæðingum félagsþjónustunnar öruggan málskotsrétt. Með það í huga hve félagsmálaráðuneyti er ætlað veigamikið hlutverk við framkvæmd laganna þykir ekki rétt að ráðuneytið sé einnig úrskurðaraðili við málskot. Er hér einkum höfð í huga sú áhersla sem í frumvarpinu er lögð á leiðbeiningarhlutverk ráðuneytis og virkt eftirlit með framkvæmd félagsþjónustunnar sem ekki er fyrir hendi nú. Ráðuneytið kemur því til með, verði frumvarp þetta að lögum, að hafa það mikil afskipti af málaflokknum að það samræmist ekki grundvallarreglum um réttaröryggi að sá aðili fari einnig með úrskurðarvald við málskot. Því er lagt til að sérstakri nefnd, úrskurðarnefnd félagsþjónustu, verði falið úrskurðarvald í ákveðnum málum. Hér er ekki lagt til að komið verði á fót kostnaðarsamri stofnun heldur einungis nefnd sem hafi starfsaðstöðu í félagsmálaráðuneyti. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði, enda litið svo á að það sé skylda ríkisins að treysta réttaröryggi íbúa sveitarfélaga með málskotsrétti til aðila á vegum ríkisins.

Í þessu sambandi skal bent á að Evrópuráðið hefur gert alvarlegar athugasemdir við framkvæmd Íslands á ákvæðum 13. gr. félagsmálasáttmála Evrópu sem var fullgiltur 15. janúar 1976. Í greininni er fjallað um rétt til félagslegrar aðstoðar og læknishjálpar. Í athugasemdum Evrópuráðsins er vakin á því athygli að í íslenskum lögum skorti ákvæði sem heimili áfrýjun á ákvörðun um félagslega aðstoð til æðra stjórnvalds. Framkvæmd Íslands á þessu ákvæði sé ekki í samræmi við sáttmálann fyrr en slík heimild hafi verið lögfest.

Um 69. gr.

Eðli máls samkvæmt verður ekki öllum atriðum, er varða þjónustu og aðstoð, skotið til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að eftirfarandi atriðum verði skotið til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

1. Öllum atriðum er lúta að málsmeðferð, sbr. XVII. kafla frumvarps. Mikilvægt er að sá sem á hlut að máli geti ávallt fengið endurmetið hvort rétt hafi verið staðið að ákvörðun og ætti þar einnig að vera um aðhald að ræða fyrir þá sem vinna að félagsþjónustunni og ýta undir vönduð vinnubrögð.
2. Öllum atriðum er varða rétt til þjónustu og aðstoðar skv. IV. kafla. Hér er annars vegar átt við að úrskurðarnefnd félagsþjónustu geti skorið úr um það hvort viðkomandi eigi rétt á aðstoð og/eða þjónustu og hins vegar í hvaða sveitarfélagi sá réttur sé.

   Í þessu felst hins vegar ekki að ráðið geti skorið úr um að málsaðili skuli fá tiltekna aðstoð eða þjónustu, sbr. það sem hér fer á eftir.
3. Hvort samþykkt þjónusta og upphæð fjárhagsaðstoðar er í samræmi við staðbundnar reglur í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að sveitarfélög setji reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar og heimaþjónustu. Snúist umsókn um þá aðstoð eða þjónustu skal úrskurðarnefnd því skera úr um hvort reglum sveitarfélagsins hafi verið framfylgt. Sama á við hafi sveitarfélag sett reglur um aðra málaflokka frumvarpsins enda þótt það sé ekki skylt.

Eins og áður er að vikið er þjónustu oft þannig farið að ekki hefði raunhæfa þýðingu að fela úrskurðaraðila að kveða á um að málsaðili skuli fá tiltekna aðstoð eða þjónustu. Þar verður því að láta við það sitja að ráðið taki til meðferðar hvort um rétt skv. IV. kafla sé að ræða og hvort rétt hafi verið staðið að við meðferð mála skv. XVII. kafla. Þegar um er að ræða úthlutun á leiguíbúðum, dagvistarrýmum eða öðrum úrræðum, sem skortur er á, verður vali félagsmálanefndar ekki áfrýjað til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

Um 70. gr.

Lagt er til að þrír menn eigi sæti í úrskurðarnefnd félagsþjónustu, einn skipaður af Hæstarétti, sem sé lögfræðingur og oddamaður nefndarinnar, einn skipaður af félagsmálaráðherra og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Til að tryggja að málsmeðferð taki ekki óhóflega langan tíma er lagt til að nefndin kveði upp úrskurð sinn í síðasta lagi innan þriggja mánaða frá því að því barst mál til úrskurðar.

Þar sem gert er ráð fyrir að úrskurðir nefndarinnar séu fullnaðarúrskurðir á sviði stjórnsýslunnar verður þeim ekki skotið til ráðuneytis. Hins vegar verður þeim í öllum tilfellum skotið til almennra dómstóla.

Um 71. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er um nýja löggjöf að ræða og þykir því rétt að hún verði endurskoðuð að fimm árum liðnum frá gildistöku til þess að unnt verði að sníða af henni þá agnúa sem í ljós koma. Einnig er hér haft í huga að löggjöf á sviði félagsþjónustu þarf að vera í stöðugri

endurskoðun vegna nýrra sjónarmiða sem skjóta ört upp kollinum á þessum vettvangi.

Fylgiskjal I.

Umsagnir um frumvarpið frá sveitarfélögum og launþega- og félagamtökum.

SVEITARFÉLÖG

Akranes.

Bæjaryfirvöld á Akranesi lýsa sig fylgjandi framlögðu frumvarpi til laga um félagslega þjónustu sveitarfélaga. Frumvarpið var kynnt félagsmálaráði og bæjarstjórn og er álit beggja samhljóða.

Frumvarpið um félagslega þjónustu sveitarfélaga virðist vönduð smíð sem gerir ráð fyrir forræði sveitarfélaga á þeirri félagslegu þjónustu sem kveðið er á um og fjárhagslegri ábyrgð. Mikilvægt er að saman fari forræði þess aðila, sem ber fjárhagslega ábyrgð, og uppfyllir frumvarpið þessi tvö skilyrði.

Rétt þykir þó að taka fram eftirfarandi:

1. Lög eða lagafrumvörp um einstaka málaflokka, sem getið er um í lagafrumvarpinu, uppfylla ekki kröfur sveitarfélaga um forræði samhliða fjárhagslegri ábyrgð. Nefna má þar af leiðandi frumvarp til laga um leikskóla, svo og lög um málefni fatlaðra. Brýnt er að taka lögin um málefni fatlaðra til endurskoðunar til þess að skerpa á yfirstjórn þeirra mála, félagslegum úrræðum fatlaðra og fjárhagslegri ábyrgð þeirra sem sjá skulu fötluðum fyrir þjónustu. Núgildandi lög standast ekki verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga um sjálfsforræði sveitarfélaga.
2. Nauðsynlegt er að kveða á um almenna meðferð einstakra mála eins og gert er í XVII. kafla frumvarpsins, enda hefur réttur manna verið háður tilviljunum á stundum, m.a. hvað varðar aðgang að upplýsingum. Stofnun úrskurðarnefndar félagsþjónustu er vafalaust þörf réttarbót.

Akureyrarbær.

1. Það hefur lengi verið aðkallandi að endurskoða og samræma lög um félagslega þjónustu á vegum sveitarfélaga og það er fagnaðarefni að fram skuli komið frumvarp þess efnis. Þó deildar meiningar kunni að vera um einstök atriði frumvarpsins, þá er með því settur heildarrammi um málefnið og opnaðar leiðir til þess að draga úr hinum mikla mun sem verið hefur á framboði félagslegrar þjónustu milli sveitarfélaga.
2. Í meginatriðum myndar frumvarp þetta ramma utanum lög sem í gildi eru um þjónustu við einstaka hópa fólks sem öðrum fremur þarfnast þjónustu sveitarfélaga; svo sem fatlaða, aldraða, börn, unglinga o.s.frv. Það staðfestir því þá hefð, sem orðin er í löggjöf um félagsþjónustu, að lög séu sett um sérhópa neytenda í stað þess að setja lög um félagsþjónustu almennt. Æskilegra væri að losna við slíkan dilkadrátt á fólki og ekki væru sérstök lög og sérstök þjónusta smíðuð fyrir hvern einstakan hóp; t.d. fyrir unglinga, börn, aldraða, einstæða foreldra o.s.frv. Með öðrum orðum kæmi ein löggjöf um þjónustu og fyrirkomulag hennar í stað margra lagabálka um einstaka sérhópa þjónustuþega.

3. Varðandi 3. gr. virðist eðlilegra að félagsþjónusta á vegum sveitarfélaga heyri sem mest undir eitt ráðuneyti. Sú tvískipting dagvistarmála milli ráðuneyta sem lögð er til í frumvarpinu yrði á margan veg óhentug í framkvæmd. Lagt er til að málefni dagvista verði á verksviði félagsmálaráðuneytisins að því leyti sem þau snerta ríkisvaldið. Því eru lagðar til breytingar á 3., 38. og 39. gr. frumvarpsins í samræmi við þetta.
4. Með 5. gr. frumvarpsins eru sveitarstjórnir almennt skyldaðar til að kjósa félagsmálanefndir sem fari með stjórn og framkvæmd félagsþjónustu í sveitarfélaginu í umboði sveitarstjórnar. Með 6. gr. er getið heimilda félagsmálanefndar til þess að skipa undirnefndir til þess að sinna einstökum málaþáttum. Að öðru leyti en þessu ætti löggjafinn sem minnst að hlutast til um það hvernig einstök sveitarfélög kjósa að standa að stjórnun þessara mála. Löggjafans er að skilgreina skylduna sem sveitarstjórn hefur, en síður að mæla í smáatriðum fyrir um hvernig staðið skuli að framkvæmd. Aðstæður og staðhættir í hinum ýmsu sveitarfélögum eru of mismunandi til þess að eitt megi yfir alla ganga í því efni.
5. Í 15. gr. frumvarpsins er þörf á að skilgreina nánar hugtakið vistun til þess að fyrirbyggja að hinar gömlu deilur sveitarfélaga um sveitfesti verði endurvaktar (athugasemd: Grein þessi var felld brott).
6. Í 38. og 41. gr. (nú 32. gr.) frumvarpsins eru daggæsla í heimahúsum og rekstur gæsluvalla tekin úr samhengi við dagvistarúrræði á sérstökum dagvistarstofnunum og óljóst er af frumvarpinu hvernig stjórnun þessarar starfsemi verði háttað, utan hvað vísað er til reglugerðar sem félagsmálaráðherra setur um það efni. Lagt er til að þessi starfsemi verði skoðuð sem hluti dagvistarkerfisins og stjórnun þessa sé öll á sömu hendi, bæði hjá sveitarfélagi og ráðuneyti.
7. Í 44. gr. (nú 43. gr.) er sveitarfélagið fortakslaust gert að skyldu að veita öldruðum tiltekna þjónustu, án þess að gerður sé fyrirvari um þörf fyrir þjónustuna eða burði sveitarfélagsins til að veita hana eins og endranær er þó gert í frumvarpinu. Lagt er til að sams konar fyrirvari verði settur í þessa grein og er um aðra þjónustu sem frumvarpið fjallar um (athugasemd: Tekið var tillit til þessarar ábendingar).

Borgarnesbær.

Félagsmálaráð Borgarness lýsir yfir stuðningi sínum við framkomið frumvarp um félagslega þjónustu sveitarfélaga. Félagsmálaráð Borgarness styður eindregið meginmarkmið frumvarpsins að sameina eftir föngum þá málaflokka sem til félagsþjónustu heyra undir eitt ráðuneyti, félagsmálaráðuneyti. Félagsmálaráð Borgarness telur mikilvægt að dagvistun heyri alfarið undir félagsmálaráðuneyti, sem og önnur félagsleg þjónusta.

Félagsmálaráð Borgarness telur mikilvægt að sveitarfélög fái einnig til umsagnar reglugerðir varðandi lög um félagslega þjónustu þegar þar að kemur.

Garðabær.

Vegna starfa félagsmálaráðs Garðabæjar telur ráðið rétt að skv. II. kafla frumvarpsins 3. gr. standi:

„Dagvist barna heyri undir félagsmálaráðuneytið . . .“

Þá telur ráðið að í IV. og V. kafla frumvarpsins sé ekki nægilega ákveðin skylda sveitarfélags til framfærslu, með tilliti til bóta sem aðili hlýtur frá Tryggingastofnun ríkisins.

Þá telur ráðið ekki nægilega skýrt kveðið á um að núgildandi lög um sveitfesti séu úr gildi felld, svo sem eins og réttur til að sækja bætur í allt að tvö ár úr hendi fyrrverandi lögheimilis.

Hafnarfjarðarbær.

Frumvarpið er að okkar áliti ítarlegt og vandað og mjög til bóta allri félagsþjónustu ef af lögum verður.

Framkvæmd félagsþjónustu sveitarfélaganna á sér nú stað í mörgum sérlögum sem sett hafa verið á löngum tíma, en með þessu frumvarpi yrði lögfest heildstæð löggjöf um félagsþjónustu, sem veitti sveitarfélögum jafnframt ákveðið frelsi og sjálfstæði um val á leiðum til að ná settum markmiðum. Stjórn og framkvæmd félagsþjónustu yrði sameinuð á vettvangi sveitarstjórna í einni nefnd, félagsmálanefnd. Yfirstjórn og eftirlit félagsþjónustunnar yrði aftur sameinuð í einu ráðuneyti, félagsmálaráðuneytinu.

Boðuð er ný sýn í félagsþjónustunni. Hafnað er að hún sé ætluð afmörkuðum hópi sem orðið hefur undir í lífsbaráttunni, heldur litið á félagsþjónustuna sem margháttaða þjónustu sem ætluð er til þess að koma til móts við ólíkar þarfir íbúanna. Ítarlega er gerð grein fyrir þeim miklu breytingum sem fyrir dyrum standa á félagsþjónustunni í athugasemdum með frumvarpinu og vísast til þess.

Eftir yfirlestur og athugun sjáum við ekki tilefni til breytinga á frumvarpinu.

Hveragerðisbær.

Bæjarstjórn Hveragerðis fagnar framkomnu frumvarpi um félagsþjónustu sveitarfélaga og telur það mikilvægan áfanga í samræmdri félagsmálaþjónustu í landinu.

Bæjarstjórn tekur jafnframt undir þá samþykkt félagsmálaráðs Hveragerðis að hún telji óeðlilegt að gert sé ráð fyrir að dagvistun barna heyri undir tvö ráðuneyti og telur að þessi málaflokkur eigi alfarið að heyra undir menntamálaráðuneyti.

Ísafjörður.

Félagsmálaráð Ísafjarðar hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um félagslega þjónustu sveitarfélaga.

Í frumvarpinu er lagt til að þeir þættir félagslegrar þjónustu, sem sveitarfélögin eiga að bera ábyrgð á og kosta, séu sameinaðir undir einu og sama ráðuneytinu, félagsmálaráðuneyti. Þetta er að mati félagsmálaráðs Ísafjarðar mikilvægt vegna heildarsýnar, stefnumörkunar, eftirlits og ráðgjafar gagnvart sveitarfélögum við framkvæmd hinnar félagslegu þjónustu.

Það er grundvallaratriði að mati félagsmálaráðs Ísafjarðar að skipan félagslegrar þjónustu sveitarfélaganna sé með þeim hætti að ekki verði aðskilnaður á almennri þjónustu og þjónustu við fólk sem á í félagslegum vanda. Hætta er á að slíkt muni leiða til þess að sérstakar „vandamálastofnanir" verði til þangað sem skjólstæðingum muni þykja afar niðurlægjandi að leita. Hið nýja frumvarp gefur fyrirheit um að slík heildarsýn fáist og að framkvæmd félagslegrar þjónustu sveitarfélaga verði skilvirkari, t.d. með einfaldari og greiðari skipan ýmissa atriða og málaflokka. Þessu ber að fagna og félagsmálaráð Ísafjarðar væntir þess að frumvarp þetta fái í meginatriðum skjóta afgreiðslu hins háa Alþingi og verði að lögum á komandi löggjafarþingi.

Kópavogur.

Bæjarstjórn Kópavogs lýsir ánægju sinni með að fram er komið frumvarp til laga um félagslega þjónustu sveitarfélaga. Tímabært er að sett verði rammalöggjöf um þennan þátt velferðarkerfisins eins og aðra.

Bæjarstjórn Kópavogs lýsir stuðningi við meginmarkmið frumvarpsins að sameina eftir föngum þá málaflokka sem til félagsþjónustunnar heyra undir eitt ráðuneyti, félagsmálaráðuneyti á vettvangi ríkisins, og eina nefnd, félagsmálanefnd (ráð) á vettvangi sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn Kópavogs tekur undir þá sýn sem í frumvarpinu er boðuð um að félagsþjónustan sé margháttuð þjónusta sem ætlað er að koma til móts við ólíkar þarfir íbúanna en ekki eingöngu ætluð afmörkuðum hópi sem hefur orðið undir í lífsbaráttunni.

Bæjarstjórn Kópavogs fær ekki séð að tilefni sé til neinnar meiri háttar breytingar á frumvarpinu, en bendir á að breyta þarf ákvæði 32. gr. frumvarpsins varðandi dagvistir barna svo ljóst sé að þar verði ekki lagðar skyldur á sveitarfélög umfram fjárhagslega getu þeirra.

Mosfellsbær.

Vegna starfa félagsmálaráðs telur ráðið eðlilegt að dagvistunarmál heyri undir félagsmálaráðuneytið.

Neskaupstaður.

Félagsmálaráð fagnar því að rammalöggjöf er loks í vændum.

Njarðvík.

Félagsmálaráð Njarðvíkur fagnar því að þetta frumvarp er komið fyrir Alþingi og lýsir yfir því að það sé til stórbatnaðar fyrir vinnu félagsmálaráða.

Sauðárkrókskaupstaður.

„Félagsmálaráð samþykkir eftirfarandi ályktun um frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga:

Félagsmálaráð Sauðárkróks fagnar því að lagt hafi verið fram frumvarp til laga um rammalöggjöf félagsmálaþjónustu sveitarfélaga. Framkvæmdir félagsþjónustu sveitarfélaga hafa verið grundvallaðar á mörgum sérlögum sem sett hafa verið á löngum tíma og mörg þeirra orðin úrelt. Það sem mælir frekast með rammalöggjöf er að hún veitir sveitarfélögunum ákveðið frelsi og sjálfræði um val á leiðum til að ná settum markmiðum. Einnig er í frumvarpinu litið á félagsþjónustu sem margháttaða þjónustu sem er ætlað að koma til móts við ólíkar þarfir íbúanna, ekki einungis þeirra sem hafa orðið undir í lífsbaráttunni."

Selfoss.

Bæjarráð Selfoss:

„Bæjarstjórn tekur undir umsögn félagsmálaráðs um frumvarp um félagsþjónustu sveitarfélaga, en varar þó við lagasetningum sem auka útgjöld sveitarfélaga án þess að tekjur komi á móti."

Félagsmálaráð Selfoss:

Félagsmálaráð á Selfossi lýsir yfir ánægju með að fram skuli komið heildstætt frum-

varp um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Athugasemdir:

8. gr. „Félagsmálastofnun skal hafa hæfu starfsfólki á að skipa . . .“

Ráðið telur að eigi þessi málsgrein að hafa þá þýðingu sem að er stefnt þá þurfi að skilgreina betur hvað felst í tilvitnuðum orðum.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að dagvistun barna heyri undir tvö ráðuneyti þ.e. félagsmála- og menntamálaráðuneyti.

Félagsmálaráð telur það spor aftur á bak að dreifa þessu á fleiri aðila og finnst eðlilegt að dagvistarmál heyri áfram undir menntamálaráðuneyti eins og verið hefur.

Aftur á móti leggur félagsmálaráð áherslu á mikilvægi dagvistarheimila í fyrirbyggjandi barnaverndarstarfi og finnst því eðlilegt að félagsmálanefndir fari áfram með yfirstjórn þeirra mála í sveitarfélögum þannig að tengslin við barnaverndarnefndir og félagsmálastofnanir séu tryggð.

Bent skal á í þessu sambandi að grunnskólinn gegnir sífellt stærra uppeldis- og félagslegu hlutverki í samfélaginu og mætti samband hans við barnaverndaryfirvöld vera mun meira en nú er. Engu að síður þykir það eðlilegt að grunnskólinn heyri undir menntamálaráðuneyti.

Haft var samband við fóstrur á staðnum og vilja þær ítreka þau sjónarmið sem fram koma í álitsgerð sem Fóstrufélag Íslands sendi stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 19. júní 1990 og ályktun 2. vorfundar Fóstrufélags Íslands 1990.

Félagsmálaráði þykir það miður að umræður um þetta frumvarp skuli hafa einskorðast við deilur um einn málaflokk af ellefu en helgast það trúlega af því að nokkuð góð samstaða er um aðra málaflokka sem fram koma í því.

Félagsmálaráð Selfoss getur fyrir sitt leyti fallist á að frumvarp þetta hljóti afgreiðslu að undanskildum þeim athugasemdum sem að framan greinir.

LAUNÞEGA- OG FÉLAGASAMTÖK

Alþýðusamband Íslands.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, sem lagt var fyrir Alþingi síðastliðið vor, og í hyggju er að endurflytja nú á haustþingi.

Frumvarpið er afrakstur mikils undirbúningsstarfs, en a.m.k. þrjár nefndir hafa verið skipaðar vegna málsins allt frá árinu 1978. Er hér gerð tilraun til að steypa saman í eina löggjöf reglum um félagsþjónustu á vegum sveitarfélaganna. Frumvarpið er yfirgripsmikið, og er ætlað að ná til allra þátta þeirrar félagslegu þjónustu sem sveitarfélög hafa með höndum. Þar sem um rammalög er að ræða er sums staðar vísað í sérlög vegna afmarkaðra þátta þjónustunnar, t.d. þjónustu við aldraða, þjónustu við fatlaða og atvinnuleysisskráningu og vinnumiðlun.

Frumvarpið skiptist niður í 18 kafla, um markmið, stjórn og skipulag, hlutverk félagsmálanefnda, almenn ákvæði um rétt til félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga, félagslega ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, félagslega heimaþjónustu, málefni barna og ungmenna, þjónustu við unglinga, dagvistarmál barna, þjónustu við aldraða, þjónustu við fatlaða, húsnæðismál, aðstoð við áfengissjúka og vímugjafavarnir, atvinnuleysisskráningu og vinnumiðlun, starfshætti félagsmálanefnda, almennar reglur um meðferð einstakra mála og málskot.

Miðstjórn ASÍ telur feng í því að sett verði heildarlöggjöf um félagsþjónustu sveit-

arfélaga. Á einum stað í löggjöf verður að finna hvers konar þjónustu sveitarfélögum er skylt að veita, og hvernig hún skuli vera. Segja má að engar byltingarkenndar breytingar sé að finna í frumvarpinu um þá þjónustu sem sveitarfélög veita í dag, að minnsta kosti ef litið er til stærri sveitarfélaganna. Þó eru reglur um málsmeðferð nýmæli sem verður að teljast mjög þarft.

Við einstakar greinar eru gerðar eftirfarandi athugasemdir:

Varðandi 5. tölul. 11. gr. frumvarpsins og athugasemdir með frumvarpinu þar sem talað er um samstarfsaðila vekur það athygli að ekki er minnst á kerfi almannatrygginga (athugasemd: Tekið var tillit til þessarar ábendingar, sbr. almennar athugasemdir við frumvarpið).

18. og 19. gr. (nú 17. og 18. gr.) fjalla um félagslega ráðgjöf, svo sem á sviði fjármála, húsnæðismála, uppeldismála, skilnaðarmála, þar með talin forsjár- og umgengnismála, ættleiðingarmála o.fl. Það vekur athygli að ekki er sérstaklega gert ráð fyrir aðstoð sérmenntaðs fólks í þessum málum, svo sem sálfræðingum eða lögfræðingum en skilnaðarmál og forsjár- og umgengnismál eru einhver erfiðustu og viðkvæmustu mál sem félagsþjónusta sveitarfélaga nær til, svo sem nýleg dæmi sanna.

VI. kafli frumvarpsins er um fjárhagsaðstoð. Í 23. gr. (nú 22. gr.) segir að fjárhagsaðstoð sveitarfélags geti hvort heldur sem er verið lán eða styrkur. Í 24. gr. (nú 22. gr.) segir síðan að fjárhagsaðstoð sé ekki endurkræf nema það sé ákveðið þegar aðstoðin er veitt. Í hugum flestra er munurinn á láni og styrk einmitt sá að styrkur er ekki endurkræfur, en lán ber að greiða til baka. Því er ekki ljós þörf þeirrar tvítekningar sem þarna á sér stað. (Athugasemd: Tekið var tillit til þessarar ábendingar).

Í VII. kafla frumvarpsins er fjallað um félagslega heimaþjónustu. Í skýringum við frumvarpið er þess getið að hugtakið heimaþjónusta sé notað sem samheiti yfir heimahjúkrun, heimilishjálp og aðra þjónustu frá hinu opinbera sem fer fram á heimili þess sem þjónustuna fær. Það er jákvætt að reynt skuli að samræma þjónustuna undir eitt, en hingað til hafa margir aðilar sinnt þessu hlutverki.

IX. kaflinn er um þjónustu við unglinga. Misskilja má 34. gr. þar sem talað er um forvarnastarf í unglingamálum því að varla eru öll unglingamál þannig að þau þarfnist sérstakra forvarna. Hér er nauðsynlegt að umorða. Efni kaflans er til bóta.

Vakin er athygli á að í frumvarpinu er hvergi að finna neina vísbendingu um það hverjir teljist börn, unglingar eða ungmenni. Hér má spyrja hvort 19 ára unglingur, lögráða einstaklingur, geti leitað í unglingaathvarf, eða hvort 11 ára barn eigi þann rétt.

Í frumvarpinu er kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að bjóða upp á dagvist barna þar sem hennar er þörf. Á sl. vori var lagt fram á Alþingi frumvarp um leikskóla, og er ekki fullt samræmi milli ákvæða þessa frumvarps og þess, m.a. að því er varðar hugtakanotkun. Nauðsynlegt er að gæta hér samræmis. Ákvæði um daggæslu í heimahúsum og rekstur gæsluvalla er til bóta.

Ekki eru gerðar athugasemdir við ákvæði XV. kafla laganna um atvinnuleysisskráningu og vinnumiðlun, enda staðfesta ákvæði kaflans að hluta til þá framkvæmd sem verið hefur víða.

Almennar reglur um meðferð einstakra mála eru mjög til bóta, og hefur skort í íslensk lög. Reglur um málskot eiga að tryggja réttlátari afgreiðslu mála frá því sem nú er og draga úr hættu á hentistefnu.

Í frumvarpinu er hvergi að finna neinar leiðbeinandi reglur um gjaldtöku sveitarfélaga af félagsþjónustu. Því má spyrja hvort sveitarfélög hafi algerlega frjálsar hendur með

gjaldtöku sem kann að leiða til þess að hún verði þeim sem á þurfa að halda ofviða. Alþýðusambandið leggur áherslu á að gjaldtaka, sé hún til staðar, sé í algeru lágmarki. Nauðsynlegt er þó að búa þannig um hnúta varðandi lagasetningu sem þessa að sveitarfélög hafi fjárhagslegt bolmagn til að standa undir þeim skyldum sem á þau eru lagðar.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.

BSRB fagnar framkomnu frumvarpi um félagsþjónustu sveitarfélaga og lýsir sig í stórum dráttum sammála meginmarkmiðum þess. Með samþykkt frumvarpsins yrði til rammalöggjöf um ýmsa málaflokka á sviði félagslegrar þjónustu þar sem slíka löggjöf hefur skort.

Eftirfarandi athugasemdir gera samtökin við frumvarpið:

BSRB telur rangt að yfirstjórn dagvistarmála sé í félagsmálaráðuneyti og er það andstætt núverandi fyrirkomulagi og framkomnu frumvarpi til laga um leikskóla. BSRB telur rangt að skipta þessum málaflokki milli tveggja ráðuneyta og yrði ekki áframhaldandi þróun dagvistarmála til góðs. BSRB telur þessum málaflokki best borgið innan menntamálaráðuneytis til samræmis við grunnskólann.

Í 58. gr. (nú 57. gr.) frumvarpsins þar sem fjallað er um atvinnuleysisskráningu og vinnumiðlun verði tryggt í lagatextanum að BSRB eigi fulltrúa í þeim nefndum sem hafa þau mál með höndum, svo sem verið hefur.

Í umfjöllun um frumvarpið innan BSRB kom fram það sjónarmið að athugandi væri hvort samtök launafólks ættu að eiga þess kost að tilnefna fulltrúa í félagsmálanefndir eða félagsmálaráð.

Kennarasamband Íslands.

Almennar athugasemdir.

Með frumvarpinu er stefnt að því að móta heildstæða stefnumarkandi löggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga. Frumvarpið gerir ráð fyrir rammalöggjöf þar sem flest sérlög sem í gildi eru eru látin halda sér. Það gerir því ráð fyrir að sveitarfélögin fái nokkurt svigrúm til mismunandi aðferða við að ná þeim markmiðum sem sett eru.

Engu að síður er lögunum ætlað að koma allri félagsþjónustu innan hvers sveitarfélags undir sameiginlega yfirstjórn félagsmálanefndar. Með því er, samkvæmt almennum athugasemdum við frumvarpið, ætlunin að draga úr því að stjórnun þessa málaflokks dreifist á margar sérhæfðar nefndir sem hver um sig hefur afmarkað verkefni, og gera þar með auðveldara að marka heildarstefnu og samræma framkvæmd. Ýmis fleiri rök eru færð fyrir þessari skipan mála.

Vel má sjá ýmsa kosti þess að samræma betur stjórn félagsþjónustunnar en ekki er hægt að líta fram hjá því að með þessu er stefnt að mikilli miðstýringu og það má vera fjölhæf félagsmálanefnd sem hefur yfirsýn yfir alla þá ólíku málaflokka sem slíkum nefndum er ætlað að stjórna.

Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir aukinni miðstýringu á öðru sviði. Þar er gert ráð fyrir að færa yfirstjórn allrar félagsþjónustu, hverju nafni sem nefnist, og eftirlit með henni undir stjórn félagsmálaráðuneytisins. Þar eru meðtaldir málaflokkar, svo sem barnaverndarmál og dagvistarmál sem nú heyra undir menntamálaráðuneytið. Þetta er samkvæmt frumvarpinu gert til að auðvelda eftirlit með framkvæmd þeirrar samræmdu félagsþjónustu sem fyrr var nefnd.

Í hinum almennu athugasemdum með frumvarpinu er einmitt lögð mikil áhersla á virkt

eftirlit félagsmálaráðuneytisins með því að lögunum sé framfylgt. Hins vegar er jafnframt tekið fram að frumvarpið feli ekki í sér breytingu á fjármögnun félagsþjónustunnar frá því sem nýsett lög um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga kveða á um. Þarna er afhjúpuð grundvallarmótsögn í frumvarpinu, sem KÍ hefur reyndar margsinnis bent á, þar sem ríkisvaldið setur löggjöf og setur sig í dómarasæti yfir framkvæmd hennar, en sveitarfélögin eiga að borga brúsann. Þetta er beinlínis dæmt til að valda árekstrum og hefur þegar gert það á vettvangi skólamála, sbr. einnig athugasemdir KÍ við frumvarp til laga um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Að lokum vill KÍ taka sérstaklega undir þá sýn á félagsþjónustu sem fram kemur í almennum athugasemdum. Þar er lögð áhersla á að líta beri á félagsþjónustu sem sjálfsagðan og eðlilegan þátt í þeirri margvíslegu þjónustu sem sveitarfélag veitir íbúunum en ekki neyðarúrræði fyrir þá sem af einhverjum ástæðum hafa orðið undir í tilverunni. Enn fremur að aðskilnaður milli almennrar þjónustu og sértækrar aðstoðar við slíka aðila verði sem minnstur. Einnig er ástæða til að taka undir þau sjónarmið sem fram koma um samskipan og blöndun ólíkra hópa með mismunandi þarfir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

3. gr. Kennarasamband Íslands er andvígt því að yfirstjórn dagvistarmála verði færð frá menntamálaráðuneyti til félagsmálaráðuneytis. KÍ telur óheppilegt að kljúfa á þann hátt sem frumvarpið gerir ráð fyrir yfirstjórn þessa málaflokks og telur skorta tryggingu fyrir því að ekki rofni sú samfella og heildarsýn í uppeldisstarfi dagvistarstofnana og grunnskóla sem nauðsynleg er öllu uppeldisstarfi í landinu. KÍ telur flutning á rekstri dagvistarstofnana frá ríki til sveitarfélaga, sem það er reyndar andvígt, ekki rök fyrir þessari breytingu. Spyrja má hvort vænta megi hliðstæðs klofnings við yfirstjórn grunnskóla þar sem allur kostnaður við rekstur hans, nema laun kennara, hefur verið fluttur yfir á sveitarfélögin.

4. gr. Í greininni segir: „Sveitarfélag ber ábyrgð á félagsþjónustu innan sinna marka og skal . . . tryggja framgang markmiða . . . þessara laga.“ Í athugasemd með greininni segir: „Ein aðalhindrunin, sem staðið hefur í vegi fyrir því að sveitarfélög veiti íbúum sínum eðlilega félagsþjónustu, er sú að mörg þeirra eru fámenn og vanmegnug. Úr þeim vanda verður ekki leyst með þessu frumvarpi.“

Kennarasamband Íslands vill í þessu sambandi enn ítreka að það telur að frumvarpið feli að þessu leyti í sér grundvallarmótsögn, sbr. almennar athugasemdir, og óttast að með því sé verið að auka enn vanda þeirra sveitarfélaga sem til þessa hafa vegna fámennis og fátæktar ekki getað sinnt brýnustu verkefnum á sviði félagsþjónustu. KÍ telur afar nauðsynlegt að sveitarfélögum verði tryggt fjármagn til að standa undir þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar með frumvarpinu.

32. gr. (nú 31. gr.). KÍ tekur af einlægni undir þau fallegu orð sem í greininni standa og vonar sannarlega að félagsmálanefndum sveitarfélaga auðnist að ná þeim markmiðum sem þar eru fram sett.

35. gr. Úr grunnskólalögum hafa nú verið felld öll ákvæði um tímamagn vegna félagsstarfa í skólum og framkvæmd þeirra. Þar með er það algerlega á valdi sveitarstjórna hvernig að þeim er staðið. Í frumvarpinu er gefin heimild til að gefa félagsmálanefndum umsjón með félagsstarfi í skólum og virðist því gefið undir fótinn með að færa stjórn þeirra mála út úr skólunum til nefndar á vegum sveitarfélagsins og þar með undir yfirstjórn félagsmálaráðuneytisins. KÍ telur þetta algjörlega fráleitt og bendir á nauðsyn þess

að reglugerð um félagsstörf í skólum verði endurskoðuð og að skólarnir fari sjálfir með forræði þeirra félagsstarfa sem fram fara á þeirra vegum. KÍ telur vissulega jákvætt að sveitarfélög standi fyrir tómstundastarfi fyrir börn og unglinga, en leggur hins vegar mikla áherslu á að félagsstörf barna og unglinga í skólum eru liður í skólastarfinu og mikilvægt að sá þáttur þess sé undir stjórn hvers skóla.

36. gr. (nú 37. gr.). KÍ telur mjög jákvætt að þegnar landsins skuli njóta þjónustu dagvistarstofnana þó svo að mörgum sveitarfélögum sé með því bundinn erfiður baggi. Hins vegar bendir KÍ á að orðin „eftir föngum“ í fyrstu málsgrein gera greinina nánast að markleysu og leggur til að þeim verði sleppt.

41. gr. (nú 32. gr.). KÍ telur rétt að lögbinda rekstur gæsluvalla á sama hátt og dagvistarstofnana.

42.–49. gr. (nú 41.–48. gr.). Inn í þessa kafla frumvarpsins þarf að bæta ákvæðum, t.d. nýrri grein þar sem fjallað er um mikilvægi þess að gæta hagsmuna þeirra sem annast sjúka og/eða fatlaða inni á heimilum sínum, sbr. kjarastefnu KÍ.

50. gr. (nú 49. gr.). Í almennum athugasemdum við frumvarpið segir: „Þau viðhorf finnast enn að félagsþjónusta sveitarfélaga sé ætluð afmörkuðum hópi sem orðið hefur undir í lífsbaráttunni. Í frumvarpinu er þessari sýn algerlega hafnað.“ Undir þetta tekur KÍ, sbr. almennar athugasemdir hér að framan.

Hins vegar verður ekki annað séð en andi 50. gr. (nú 49. gr.) gangi þvert á þessa stefnu. Þar virðist gert ráð fyrir að húsnæði á félagslegum grundvelli sé sérstakt neyðarúrræði fyrir þá sem „ . . . ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna.“ KÍ leggur áherslu á að öflun húsnæðis á félagslegum grundvelli á ekki að vera neyðarúrræði þeirra sem verst eru staddir fjárhagslega heldur aðgengilegur valkostur fyrir alla sem ekki vilja láta goðsögn einkaframtaksins um gildi þess að eiga sjálfur sitt þak yfir höfuðið reka sig til að eyða bestu árum ævinnar í botnlaust strit til að „eignast“ húsnæði.

58.–60. gr. (nú 57.–59. gr.). Til umhugsunar hvort ekki ætti að bæta inn grein þar sem fjallað væri um verndaða vinnustaði fyrir fatlaða og aldraða.

Fóstrufélag Íslands.

Stjórn Fóstrufélags Íslands gerir grein fyrir afstöðu félagsins til frumvarps til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga samkvæmt bréfi félagsmálaráðuneytisins dags. 7. júní sl.

Stjórn Fóstrufélags Íslands gerir athugasemdir við þann hluta frumvarpsins er varðar leikskóla/dagvistarheimili þ.e. 2. gr. I. kafla, og X. kafla frumvarpsins.

Í ofangreindu frumvarpi eru það einkum tvær greinar sem munu fela í sér grundvallarbreytingu á stefnu stjórnvalda varðandi málefni íslenskra leikskólabarna ef frumvarp um félagsþjónustu sveitarfélaga verður að lögum.

Umsögn.

1. Ný skilgreining á hlutverki leikskóla/dagvistarheimila.

Í frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er gert ráð fyrir að starfsemi leikskóla/skóladagheimila (6. liður 2. gr. I. kafla) verði fyrst og fremst skilgreind sem félagsþjónusta.

Stjórn Fóstrufélags Íslands vill vekja athygli yðar á að frá því fyrstu lög um starfsemi leikskóla/dagvistarheimila voru sett 1973 hafa stjórnvöld haldið fast við þá stefnu að leikskólinn sé fyrst og fremst byggður upp barnsins vegna. Því hefur verið lögð áhersla

á að það starf sem þar fer fram skuli grundvallast á uppeldis- og kennslufræðilegum forsendum. Málaflokkurinn hefur því verið í menntamálaráðuneytinu og leggur Fóstrufélag Íslands ríka áherslu á að svo verði áfram.

Helstu rök Fóstrufélags Íslands fyrir því að leikskólar verði áfram skilgreindir sem uppeldis- og menntastofnanir eru:

Allir einstaklingar skulu eiga rétt á menntun við hæfi óháð þjóðerni, kyni, trúarbrögðum, félagslegum aðstæðum og ekki síst aldri og þroska.

Nú eru fáir sem efast um gildi leikskólamenntunar fyrir einstaklinginn og þjóðfélagið. Færni og hæfni til að afla sér þekkingar byrjar að þróast strax við fæðingu og þessa færni þurfa börn nútímans að þróa m.a. við fjölbreytt verkefni, og samspili við önnur börn undir handleiðslu sérmenntaðs fólks.

Menntakerfi þjóðarinnar allt frá leikskóla til háskóla gegnir mikilvægara hlutverki í samfélagi nútímans en nokkru sinni fyrr. Leikskólinn er fyrsti skóli barnsins og hefur Ísland verið í fararbroddi norrænna þjóða hvað varðar að skilgreina leikskólann sem menntastofnun. Menntunarlegar forsendur liggja því að baki innra starfi leikskóla. Börn eiga rétt á að samfella sé í uppeldi þeirra og menntun.

Það verður best tryggt með því að eitt ráðuneyti fari með yfirstjórn menntamála á öllum skólastigum. Þannig er mögulegt að hafa yfirsýn og marka framtíðarstefnu í menntunarmálum þjóðarinnar.

Á síðustu árum hefur samstarf aukist á milli leikskóla og grunnskóla. Þannig hafa fóstrur og kennarar í auknum mæli sameinast um að draga úr þeim skilum sem verða þegar barn yfirgefur eitt skólastig (leikskóla) og byrjar í öðru (grunnskóla). Náið og markvisst samstarf leikskóla og grunnskóla krefst sömu yfirstjórnar.

2. Yfirstjórn leikskóla/dagvistarheimila.

Í frumvarpi til laga um félagsþjónustu er lagt til að málefni leikskóla heyri undir tvö ráðuneyti en ekki eitt eins og verið hefur. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að félagsmálaráðuneytið fari með yfirstjórn málaflokksins, þ.e. hafi með höndum „heildarstefnumótun á sviði félagsmála, ráðgjafar- og leiðbeiningarstarfsemi fyrir sveitarfélög, setningu reglugerða, frumkvæði að ýmiss konar könnunum . . .“

Hins vegar er gert ráð fyrir að „dagvist barna“ (benda skal á að hér er um nýyrði að ræða í lagalegu tilliti) heyri undir menntamálaráðuneytið „að því er varðar faglega yfirstjórn og uppeldisáætlanir“, sbr. 3. gr. II. kafla í frumvarpinu.

Hér er gert ráð fyrir að félagsmálaráðuneytið fari með yfirstjórn málefna leikskóla í landinu ef undan er skilið óskilgreint hlutverk menntamálaráðuneytisins hvað varðar innra starf leikskólans.

Fóstrufélag Íslands telur að það sé hlutverk ríkisvaldsins að móta heildarstefnu í málefnum leikskóla, veita ráðgjöf og hafa með höndum eftirlit svo og rannsóknar- og þróunarstarf. Eigi slíkt að skila árangri og gera rekstraraðilum kleift að byggja upp góða leikskóla má ekki skilja á milli rekstarlegra þátta og innra starfs sem mynda óaðskiljanlega heild.

Það er því í hæsta máta varhugavert að leggja hér til að tvö ráðuneyti fari með málaflokkinn og samræmist ekki þeim hugmyndum sem nú er nokkur samstaða um en það er að einungis eitt ráðuneyti skuli fara með sérhvern málaflokk.

Fóstrufélag Íslands telur að hin nýja skilgreining á leikskólastarfsemi, sem fram kemur í frumvarpi til laga um félagsþjónustu, feli í sér óljósa stöðu menntamálaráðuneytisins gagnvart leikskólastarfinu í landinu. Þessi tilhögun hefði einnig ófyrirsjáanlegar af-

leiðingar fyrir það þróunar- og nýbreytnistarf sem sveitarfélög og starfsfólk leikskóla vinna nú að víða um land.

Stjórn FÍ bendir á að málefni skóladagheimila heyra í dag undir lög um byggingu og rekstur dagvistarheimila, nr. 112/1976. Með því að færa málefni dagvistarheimila til félagsmálaráðuneytisins væri verið að staðsetja málefni barna á grunnskólaaldri (barna á skóladagheimilum) í tveimur ráðuneytum og og er það óviðunandi að mati stjórnar FÍ.

Tillögur.

Stjórn Fóstrufélags Íslands mótmælir harðlega öllum fyrirhuguðum afskiptum félagsmálaráðuneytisins af málefnum leikskóla/dagvistarheimila. Fóstrufélag Íslands mun beita sér fyrir því að felld verði á brott úr frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga öll ákvæði er varða leikskóla/dagvistarheimili.

Með þessu ítrekar stjórn félagsins enn og aftur þá skoðun félagsmanna að málaflokkurinn skuli heyra heill og óskiptur undir menntamálaráðuneytið.

Þessu til stuðnings vísar stjórn F.Í. til samþykktar 2. vorfundar fulltrúaráðs Fóstrufélags Íslands sem haldinn var 3.–5. maí sl. og afhentar voru þingmönnum, sjá fskj. I.

Jafnframt vísar stjórn FÍ til bréfs fulltrúaráðs FÍ til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sjá fskj. II.

Í þessum samþykktum var skorað á viðkomandi aðila að beita sér fyrir því að felld yrðu á brott öll ákvæði úr frumvarpinu er varða leikskóla/dagvistarheimili.

Meðfylgjandi er jafnframt bréf er Steingrími Hermannssyni, forsætisráðherra, var afhent 30. október 1989 með undirskriftum 1782 starfsmanna leikskóla þar sem mótmælt er hvers konar hugmyndum um að flytja málefni leikskóla/dagvistarheimila í félagsmálaráðuneytið, sjá fskj. III.

Félag þroskaþjálfa.

Félag þroskaþjálfa fagnar nýju frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Sérstaklega ánægju okkar lýsum við yfir með „Ný sýn í félagsþjónustu“ þar sem lögð er áhersla á samskipan sem gengur gegn hugmyndum um að aðskilja þjónustu tiltekinna þjóðfélagshópa, svo sem aldraðra, barna og fatlaðra.

Við lýsum þó áhyggjum okkar yfir mótsögn milli þess að félagsmálanefndum sé ætlað að hafa með höndum rekstur dagvista fyrir öll börn annars vegar, eins og fram kemur í kaflanum „Ný sýn í félagsþjónustu“ og hins vegar 37 gr. (nú 36. gr.) í frumvarpinu og greinargerð sem henni fylgir, þar sem fram kemur að „skyldur sveitarfélaga til að koma til móts við þarfir í þessum efnum, eftir því sem fjárhagslegt bolmagn leyfir og mat á þörfum segir til um“.

Við viljum vekja athygli á og undirstrika að dagvistarheimili eru aðalþjálfunarstaðir fatlaðra barna.

Félag framkvæmdastjóra svæðisstjórna málefna fatlaðra.

Félag framkvæmdastjóra lýsir ánægju sinni yfir því að hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, en um frumvarpið var fjallað á fundi félagsins dagana 16. og 17. júlí.

Í athugasemd með frumvarpinu taka höfundar þess fram að tvær leiðir hafi komið til álita við gerð þess:

a. Heildstæð löggjöf, þar sem öll lög um félagsþjónustu sveitarfélaga væri felld saman.
b. Rammalög til hliðar við þau sérlög sem nú eru í gildi.

Höfundar hafa síðan valið seinni kostinn og rökstyðja val sitt með því að vísa til þess að þannig sé sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaga best tryggður. Einnig er höfðað til þess að sérlög t.d. lög um málefni aldraðra og fatlaðra tryggi rétt þessara hópa.

Félag framkvæmdastjóra hefur valið að byggja álit sitt á eftirtöldum þáttum:

1. Hvernig grundvallarréttindi einstaklinga til félagsþjónustu eru tryggð í frumvarpinu.
2. Hvernig jafnrétti einstaklinga til félagsþjónustu er tryggt.
3. Skörun frumvarpsins og sérlaga.

1. Grundvallarréttindi einstaklingsins til félagsþjónustu.

Í fyrstu grein frumvarpsins segir:

„Markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar."

Við lestur frumvarpsins og athugasemda kemur í ljós að réttur neytandans er engan veginn tryggður þar sem útfærsla og framkvæmd þjónustunnar er í höndum hvers einstaks sveitarfélags. Þrátt fyrir augljósan vilja höfunda frumvarpsins til að skapa sem víðtækastan ramma um rétt einstaklingsins er ljóst að það tryggir ekki grundvallarrétt hans til félagslegrar þjónustu. En samkvæmt frumvarpinu eru lykilatriði í markmiðsgrein þess fjárhagslegt og félagslegt öryggi.

Eins og áður segir kemur fram í frumvarpinu, að hverju sveitarfélagi er í sjálfsvald sett hvernig það útfærir rétt til fjárhagslegrar aðstoðar í hverju einstöku tilfelli miðað við aðstæður hvers umsækjanda. Huglægt mat sveitarstjórnarmanna getur því ráðið mestu um hvaða þjónusta er veitt eða stendur til boða.

Í kaflanum um sveitarfélagið og ábyrgð þess í athugasemdum um frumvarpið segir svo í næstsíðustu málsgrein:

„Í fyrsta lagi hefur sveitarfélagið sérstakar skyldur gagnvart þeim sem búa við hömlun í einni mynd eða annarri og þarfnast því tiltekinnar aðstoðar svo þeir megi lifa eðlilegu lífi. Í öðru lagi er sveitarfélögum falin sú ábyrgð að stuðla að forvörnum í félagslegu tillti þannig að dregið sé úr líkum á því að samfélagsleg vandamál skapist." Loks er mælt fyrir um ábyrgð sveitarfélaga er lýtur að því að koma til móts við ýmsar almennar félagslegar þarfir einstaklinga sem eðlilegt er að gert sé í velferðarsamfélagi. Þrátt fyrir ofangreinda ábyrgð sveitarfélaga eru skyldur þeirra þó ekki svo afdráttarlausar að einstaklingur eigi skilyrðislausan og tafarlausan rétt til tiltekinnar þjónustu eða aðstoðar. Bæði er að félagsþjónusta á Íslandi á langt í land með að rísa undir slíkum kröfum auk þess sem umdeilanlegt er hvort jafn afdráttarlaus réttur sé eðlilegur eða verði nokkurn tíma skilgreindur með lagasetningu svo vit sé í."

Þótt hér komi fram að ábyrgð sveitarfélagsins sé fyrst og fremst gagnvart þeim sem búa við hömlun í einni eða annarri mynd eru engin skýr ákvæði í frumvarpinu sem undirstrika eða árétta skyldur sveitarfélaganna við þessa einstaklinga. Þess í stað er vísað til sérlaga sem ein duga þó engan veginn til þess að tryggja þessum hópum víðtæk félagsleg réttindi.

2. Jafnrétti einstaklinga til félagsþjónustu.

„Flest sveitarfélög í landinu eru of fámenn til þess að geta ein og sér risið undir því að veita félagsþjónustu sem heitið getur. Segja má að þá félagsþjónustu, sem frumvarp-

ið nær til, sé nú nær eingöngu að finna í stærstu sveitarfélögunum. Þetta leiðir óhjákvæmilega til ójafnaðar eftir því hvar fólk býr í landinu" (6. tölul. í kaflanum um annmarka á skipan félagsþjónustunnar í athugasemdum).

Frumvarpið breytir í engu þessari staðreynd þar sem fjárhagsleg geta flestra sveitarfélaga er það lítil að hún tryggir íbúum þeirra ekki lágmarks félagslega þjónustu. Þótt lagt sé til að sveitarfélög njóti framlaga úr Jöfnunarsjóði í því skyni að jafna aðstöðumun þeirra og til að halda uppi „því þjónustustigi sem lögin kveða á um" er skilgreiningu á þjónustustigi hvergi að finna í lagafrumvarpinu. Því hlýtur það að vera háð pólitískum ákvörðunum hverju sinni hvernig þjónustu er háttað. Auk þess eru ákvæði í b-lið 14. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga það almenn að þau tryggja ekki sveitarfélögunum það fjármagn sem nauðsynlegt kynni að reynast til þessa málaflokks. Einnig er sveitarfélögum gefið mikið valfrelsi og rúmur ákvörðunarréttur um það hvort þjónusta er veitt eða ekki.

„Stór hluti þeirra félagslegu þarfa sem glímt er við af hálfu sveitarfélaga er með þeim hætti að þeim verður ekki fullnægt eftir nákvæmlega tilgreindum aðferðum. Hér kemur því til faglegt mat ef úrræðin eiga að henta hverjum einstaklingi fyrir sig. Skýrt markmið er því ein leið til að koma á pólitísku aðhaldi sem haft geti áhrif á hið faglega mat. Enda þótt telja verði að um það sé nú pólitísk samstaða að varðveita sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga við framkvæmd félagsþjónustu er jafnframt höfuðatriðið að öllum íbúum landsins sé tryggð sambærileg félagsþjónusta. Vega og meta verður þessi tvö markmið sem geta rekist á" (b. Markmiðslýsing, í kaflanum um heildstæða löggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga í athugasemdum).

Í frumvarpinu er þó hvergi tekið á þessum ójöfnuði og verður því meginvandi félagsþjónustu á Íslandi óleystur þrátt fyrir mögulega samþykkt þess.

3. Skörun frumvarpsins og sérlaga (lög um málefni fatlaðra).

Þjónusta við fatlaða byggir að stærstum hluta á lögum nr. 41/1983 um málefni fatlaðra. Þar er að finna hliðstæð ákvæði um rétt þeirra til almennrar þjónustu og fram koma í frumvarpinu. Í því er hins vegar ekki gerð tilraun til að skýra mörkin á milli almennrar og sértækrar þjónustu. Skortur á slíkum skilgreiningum hefur gert það að verkum að erfitt hefur reynst að framkvæma ýmsa þætti laga um málefni fatlaðra þegar um er að ræða aðgang þeirra að almennri þjónustu. Samþykkt frumvarps til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga viðheldur óvissu á þessu sviði og þeirri tilhneigingu sveitarfélaga að vísa fötluðum á sérþjónustu ríkisins.

Félag framkvæmdastjóra svæðisstjórna telur þau atriði sem hér hafa veri nefnd megingalla frumvarpsins og að vafasamt geti talist að rammalöggjöf tryggi nauðsynleg félagsleg réttindi.

Sálfræðingafélag Íslands.

Sálfræðingafélag Íslands var með bréfi dags. 7. júní 1990 beðið að veita umsögn sína um frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga sem lagt var fram nýverið á Alþingi.

SÍ vill fyrst alls láta í ljós ánægju sína með að frumvarp þetta hefur verið lagt fram. Til þessa hafa lög um þennan mikilvæga málaþátt verið næsta ófullburðug, sum úrelt, sum í mótsögn við önnur og sum illframkvæmanleg, í mörgum efnum hefur lagasetningu skort með öllu. Þá hefur og verið til vansa hve sérgreind löggjöf á þessu sviði hefur verið. Þar er gjarnan sérstök löggjöf um tiltekinn hóp og mælt fyrir um sérstakt kerfi til þess að

veita honum nauðsynlega þjónustu. Hér hefur hins vegar verið sett fram frumvarp að rammalöggjöf um almennt þjónustufyrirkomulag sem duga á hinum ýmsu hópum. Þá eru og lagðar til leiðir til að komast hjá þeim þráláta vanda sem smæð sveitarfélaga hingað til hefur skapað, og í raun orðið til þess að íbúar landsins búa við ákaflega misjöfn kjör hvað félagsþjónustu varðar.

Hér fara á eftir nokkrar ábendingar og athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins, bæði hvað orðalag og efnisþætti varðar.

Ad. 1. gr. d. Fella má að skaðlausu úr greininni orðin „sem eru“ og „þess fallnar“. Þá verður greinin svona: ... að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir ... o.s.frv. (athugasemd: Ábending þessi hefur verið tekin til greina).

Ad. 3. gr. Um efnisatriði þessarar greinar eru skiptar skoðanir innan SÍ, enda er í grein þessari það atriði sem helst hefur valdið ágreiningi um frumvarpið til þessa, þ.e. hvort dagvistarmál skuli vera um kyrrt í vörslu menntamálaráðuneytis eða fylgja öðrum félagsmálum til félagsmálaráðuneytis.

Sjónarmið A.

Hluti félagsmanna SÍ telur eðlilegt að félagsþjónusta á vegum sveitarfélaga heyri undir eitt ráðuneyti aðeins, félagsmálaráðuneytið, þar á meðal dagvistarmál. Annað fyrirkomulag er líklegt til þess að skapa togstreitu og óvissu og bitnar á málefninu, og ýmis dæmi eru nærtæk því til stuðnings.

Bent er á, að eðlilegt sé, að félagsmálaráðuneytið og menntamálaráðuneytið geri með sér samstarfssamning um það hvernig tengd verði saman sálfræðiþjónusta við dagvistir annars vegar og skóla hins vegar.

Sjónarmið B.

Hluti félagsmanna SÍ telur að grein þessari eigi ekki að breyta.

Óháð þessum ágreiningi telur SÍ nauðsynlegt að lögbinda í þessari grein að stofnuð verði sérstök deild í félagsmálaráðuneytinu til þess að hafa yfirumsjón með starfsemi samkvæmt lögum þessum, en láta ekki við það sitja að geta þess í greinargerðinni, að „gert sé ráð fyrir að í félagsmálaráðuneytinu verði stofnuð ný deild“.

Ad. 5. gr. einnig 38. gr. og 52. gr. (nú 51. gr.). Með 5. gr. er sveitarstjórn gert skylt að kjósa félagsmálanefnd eða -ráð til að framkvæma lög þessi. Í 6. gr. er þess getið að sveitarstjórn geti skipað undirnefndir félagsmálanefndar, og það getur félagsmálanefnd væntanlega einnig gert sjálf með samþykki sveitarstjórnar. Að öðru leyti en þessu er það álit SÍ að löggjafinn ætti sem minnst að hlutast til um það hvernig einstök sveitarfélög standa að stjórnun þessara mála. Löggjafinn ætti að skilgreina skylduna sem sveitarstjórn hefur gagnvart borgurunum, og hefur gert það með þessum lögum, en ekki að mæla í smáatriðum fyrir um það hvernig framkvæmdin skuli vera. Aðstæður og staðhættir í hinum einstöku sveitarfélögum eru of mismunandi til þess að slíkt sé farsælt. Þar af leiðir að SÍ álítur að félagsmálanefnd skuli fara með dagvistarmál (en getur sett til þess undirnefnd ef vill) og því megi fella a.m.k. 2. og 3. mgr. 38. gr. (nú 1. og 2. mgr.) burt. Þá leggur SÍ til að félagsmálanefnd fjalli um félagsleg húsnæðismálefni í umboði sveitarstjórnar, en krefjist önnur lög þess að fulltrúar hagsmunaaðila hafi íhlutunarrétt um þau mál innan sveitarfélags þá sé þar um að ræða sérstaka undirnefnd félagsmálanefndar. SÍ leggur því til að breytingar í þessa átt verði gerðar á 52. gr. (nú 51. gr.).

Ad. 15. gr. Hugtakið vistun þarfnast nánari skilgreiningar í lögunum ef ekki eru árekstrar og deilur fyrirsjáanleg (athugasemd: Grein þessi var felld brott).

Ad. V. kafla. 17.–19. gr. (nú 16.–18. gr.). Í kafla þessum er fjallað um ráðgjöf sem

félagsmálanefnd skuli bjóða fólki vegna „félagslegs og persónulegs vanda". Í 19. gr. (nú 18.) er síðan tiltekið að félagsmálanefndir skuli hafa á að skipa starfsfólki menntuðu í félagsráðgjöf eða á hliðstæðu sviði. Ráðgjöf er víðtækt hugtak og hún er veitt af fólki með ýmislega menntun og alls ekki eingöngu af félagsráðgjöfum sem með orðalagi frumvarpsins er nánast afhent þetta verkefni. Hér er lagt til að kaflinn heiti „Ráðgjöf" og að 1. mgr. 17. gr (nú 16. gr.) verði: „Félagsmálanefnd skal bjóða upp á ráðgjöf, í því markmiði að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hinsvegar." Lagt er til að fyrsta orð 18. gr. (nú 17. gr.) „Félagsleg" falli brott, og 19. gr. (nú 18. gr.) verði eftirfarandi: „Félagsmálanefndir skulu leitast við að hafa á að skipa menntuðu starfsfólki til að annast ráðgjöf."

Ad. VI. kafla. SÍ bendir á að þar eð einkum þessi kafli tekur við af framfærslulögunum frá 1947 hverfur burt úr íslenskum lögum síðasta lagaákvæðið um skyldur skyldmenna hvert við annað, aðrar en skyldur hjóna hvort við annað og skyldur foreldra við ósjálfráða börn. Þetta gerist samtímis og aðrar þjóðir eru sem óðast að uppgötva mikilvægi svonefnds „social network" og velta fyrir sé hvernig þær geti með einhverjum ráðum styrkt það.

Ad. 38. gr. Sjá aths. við 5. gr. Enn fremur skal bent á það að eðlilegt er að telja hér upp gæsluvelli og dagvistun barna í heimahúsum ásamt með dagvistarheimilum, þar eð þetta eru liðir í dagvistunarkerfinu, hafa verið það og munu væntanlega verða.

Ad. 39. gr. Þeim sem aðhyllast flutning dagvistarmála til félagsmálaráðuneytis finnst þessi grein óþörf og megi falla brott, enda þurfi þá ekki samþykki menntamálaráðuneytis fyrir dagvistum en sjálfgefið sé að samþykki sveitarstjórnar þurfi að koma til.

Öðrum finnst að grein þessi skuli standa óbreytt.

Ad. 40. gr. Síðasta málsgrein falli brott eða sams konar „selvfölgeligheder" verði sett hvarvetna þar sem önnur lög fjalla um einhverja starfsemi sem fella á inn í ramma þessara laga.

Ad. 44. gr. (nú 43. gr.). Meðan fyrirvarar eru gerðir um skyldu sveitarfélagsins til að veita ýmsa þjónustu annars staðar í frumvarpinu (trúlega til að veita sveitarfélögum svigrúm til að meta og bregðast við raunverulegum aðstæðum) er sveitarstjórn í þessari grein skylduð, að því er virðist undantekningarlaust og óháð raunverulegri þörf, til að veita heimaþjónustu, félagsráðgjöf og hafa í frammi heimsendingu matar o.fl. Hér er um ósamræmi að ræða. Einkum yrðu matarsendingar sem sveitarstjórn sendi en enginn æti, hvimleiðar og til óþrifa er til lengdar léti. (Athugasemd: Tekið hefur verið tillit til þessarar ábendingar).

Ad. 52. gr. (nú 51. gr.). Sjá aths. við 5. gr.

Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa.

Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa, SÍF, hefur fengið frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga til umsagnar.

SÍF fagnar þeirri stefnu að reynt er að líta á félagsmálaþjónustu sem eina heild og litið verði á aðstoðina sem samfellu. Sú meginstefna að félagsþjónusta skuli vera látin í té í öllum sveitarfélögum er stórt skref í framfaraátt. Einnig telur SÍF það jákvætt að félagsþjónustunni verði komið undir yfirstjórn eins ráðuneytis.

Mikið framfaraspor er stigið með þessu frumvarpi frá því sem var þegar fólk átti engan rétt á almennri félagsþjónustu.

Hins vegar telur SÍF að lengra hefði mátt ganga í að tryggja þennan rétt og að sá kost-

ur hefði verið valinn að setja eina heildarlöggjöf um félagsþjónustu og hverfa þannig frá sérlöggjöfum. SÍF telur að með því að sveitarstjórnir meti og setji reglur um ýmsa félagsþjónustu verði enn sem fyrr talsverður munur á þeirri félagsþjónustu sem veitt verður, eftir því hvar fólk býr.

Athugasemdir við einstakar lagagreinar.

1. gr. SÍF lýsir yfir stuðningi sínum við markmiðsgrein laganna, sérstaklega því að gert er ráð fyrir samhjálp og fyrirbyggjandi starfi. Einnig að lögð er áhersla á sjálfsákvörðunarrétt einstaklingsins. SÍF leggur áherslu á mikilvægi þess að haft sé samráð við einstaklinga og hópa sem þurfa á félagslegri þjónustu að halda og að það gildi ekki eingöngu um aldraða, sbr. 45. gr., (nú 44. gr.) heldur alla aldurshópa.

2. gr. SÍF fagnar því að kveðið er á um að félagsleg aðstoð skuli vera fyrir hendi en viljum jafnframt benda á þau mörgu sérlög sem gert er ráð fyrir að haldi sér.

5. gr. Hér er gert ráð fyrir vissri tengingu milli sveitarfélaga og ráðuneytis en eðlilegra hefði verið að ráðuneytið setti þær reglur sem eiga að gilda um félagsþjónustu til að tryggja samræmi.

7. gr. SÍF telur eðlilegt og nauðsynlegt að minni sveitarfélög hafi náið samstarf í þessum málaflokki og þá sérstaklega þegar verið er að fjalla um málefni einstaklinga, svo sem í barnaverndarmálum.

8. gr. Hér vill SÍF benda á nauðsyn þess að sérhæft starfsfólk sinni þessum málaflokki.

11. gr. SÍF lýsir yfir ánægju sinni yfir því að sérstaklega skuli vera fjallað um hlutverk félagsmálanefnda á breiðum grundvelli eins og hér er gert.

16. gr. (nú 15. gr.). Gæta þarf þess við setningu þessara laga að á undanförnum árum hafa flust hingað til lands konur með erlent ríkisfang og hluti þeirra staðið uppi heimilis- og aðstöðulausar eftir nokkurn tíma, og þá oft með börn. Réttindi þessara kvenna til félagsþjónustu þarf að tryggja. (Athugasemd: Greinin hefur verið lagfærð).

17. gr. (nú 16. gr.). SÍF telur að hér sé ekki nógu sterkt til orða tekið heldur skulu félagsmálanefndir bjóða upp á félagslega ráðgjöf.

18. gr. (nú 17. gr.). SÍF telur að félagsleg ráðgjöf skuli taka til allra þeirra þátta sem tilgreindir eru í 2. gr. frumvarpsins.

22. gr. (nú 21. gr.). Til að tryggja félagslegt öryggi telur SÍF nauðsynlegt að tilgreina hér eitthvert lágmark, t.d. miða við greiðslur almannatrygginga.

27. gr. (nú 26. gr.). Sérstök ástæða er til að fagna þeirri stefnumótun að tryggja skuli heimaþjónustu á félagslegum grundvelli.

30. gr. (nú 29. gr.). Þegar meta á félagslega heimaþjónustu er rétt að það fagfólk sem mest fjallar um mál einstaklingsins hafi um það náið samstarf.

32. gr. (nú 31. gr.). SÍF undirstrikar enn á ný að réttara hefði verið að fá heildarlöggjöf þar sem einn þáttur væri vernd barna og ungmenna.

37. gr. SÍF vill leggja á það áherslu að stór hluti dagvistarmála er fyrst og fremst félagslegt úrræði þó svo að ekki megi vanmeta það menntastarf sem þar fer fram.

Jafnframt telur SÍF það vera rétt allra barna að hafa aðgang að dagvistardvöl.

47.–49. gr. (nú 46.–48. gr.). Hér er ástæða til að fagna þeirri stefnu að fatlaðir eigi rétt á almennri félagsþjónustu í því sveitarfélagi sem þeir búa þó svo að hér, eins og annars í frumvarpi þessu, hefði verið eðlilegra að fella lögin saman.

50.–53. gr. (nú 49.–52. gr.). SÍF vill benda á hversu óheppilegt það er, þegar félags-

legu húsnæði einstakra sveitarfélaga er öllu safnað saman á einn stað. Einnig telur félagið mikilvægt að úthlutun á félagslegu leiguhúsnæði verði í höndum fagfólks.

58. gr. (nú 57. gr.). SÍF styður þá stefnu að samstarf skuli vera milli vinnumiðlunar og félagsmálanefnda og að samstarf verði um atvinnuleysisskráningu og vinnumiðlun.

60. gr. (nú 59. gr.). Hér er undirstrikaður réttur fatlaðra á félagslegri þjónustu í sínu sveitarfélagi og því ber að fagna.

64. gr. (nú 63. gr.). SÍF telur jákvætt að ákveðin málsmeðferð skuli tryggð en bendir á að það skuli gilda almennt í meðferð þessara mála.

66. gr. (nú 65. gr.). SÍF telur eðlilegt að ákveðið verði hversu lengi málsskjöl skuli geymd og hvenær beri að eyðileggja þau.

69. gr. (nú 68. gr.). SÍF styður tillögu um sérstaka úrskurðarnefnd.

Áður en lög þessi verða endurskoðuð er eðlilegt að gerð verði könnun um framkvæmd þeirra og metið verði hvernig þau hafa reynst.

Starfsmannafélagið Sókn.

Starfsmannafélagið Sókn telur mikilvægum áfanga vera náð með framkomnu frumvarpi um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Við viljum þó sérstaklega nefna kafla um félagslega heimaþjónustu og þjónustu við aldraða sem eru eitt af baráttumálum Sóknar að verði með þessum áherslum.

Að öðru leyti tökum við mjög jákvætt undir aðra kafla frumvarpsins en það vakti athygli okkar að dagvistarmál heyri bæði undir félags- og menntamálaráðuneyti.

Samtök félagsmálastjóra á Íslandi.

Framkvæmd félagsþjónustu sveitarfélaganna á sér nú stað samkvæmt mörgum sérlögum sem sett hafa verið á löngum tíma. Með þessu frumvarpi, ef samþykkt verður, yrði lögfest heildstæð löggjöf um félagsþjónustu sem veitti sveitarfélögunum jafnframt ákveðið frelsi og sjálfstæði um val á leiðum til að ná settum markmiðum. Stjórn og framkvæmd félagsþjónustu yrði sameinuð á vettvangi sveitarstjórna í einni nefnd, félagsmálanefnd. Yfirstjórn og eftirlit félagsþjónustunnar yrði aftur sameinuð í einu ráðuneyti, félagsmálaráðuneytinu.

Í frumvarpinu er boðuð ný sýn í félagsþjónustunni, því er hafnað að hún sé ætluð afmörkuðum hópi sem orðið hefur undir í lífsbaráttunni, heldur er litið á félagsþjónustuna sem margháttaða þjónustu sem ætlað er að koma til móts við ólíkar þarfir íbúanna.

Ítarlega er gerð grein fyrir þeim miklu breytingum sem fyrir dyrum standa á félagsþjónustunni í athugasemdum með frumvarpinu og vísast til þess.

Samtökum félagsmálastjóra á Íslandi er kunnugt um að þrír aðilar samtakanna, þau Sveinn Ragnarsson, félagsmálastjóri í Reykjavík, Ólöf Thorarensen, félagsmálastjóri á Selfossi, og Bragi Guðbrandsson, félagsmálastjóri í Kópavogi, hafa átt þátt í gerð frumvarpsins á hinum ýmsu vinnslustigum þess. Það er mat samtakanna að þátttaka þessara þriggja aðila, án þess að dregið sé úr hlut annarra, hafi stuðlað að hinni félagslegu heildarsýn sem einkennir frumvarpið.

Frumvarpið er að mati samtakanna ítarlegt og vandað og mjög til bóta allri félagsþjónustu ef að lögum verður. Þó er því ekki að leyna að svo virðist sem nokkurrar málamiðlunar gæti við hagsmunaaðila í frumvarpinu á kostnað þeirrar félagslegu heildarsýnar sem áður er getið. Þarna er einkum átt við dagvist barna og húsnæðisþáttinn. Hvað dagvistarstofnanirnar varðar er þeim enn ætlað að vera undir tveim ráðuneytum og sú

breyting fyrirhuguð að þær geti hugsanlega verið undir þrenns konar nefndarfyrirkomulagi innan sveitarfélaganna.

Sé vikið að húsnæðisþættinum þá virðist félagsmálanefndum einkum vera falinn sá þáttur er snýr að þeim er eiga við bráðan vanda að stríða í húsnæðismálum en ekki félagslegt húsnæði almennt.

Þá hafa nokkrir félagsmálastjórar minni sveitarfélaganna gert athugasemdir við 12. gr. í IV. kafla frumvarpsins, sem fjallar um fjárhagsaðstoð. Það er mat þessara aðila að oft og tíðum skorti á félagslegt innsæi í viðhorfum sveitarstjórnarmanna til fjárhagsaðstoðar til einstaklinga. Óskir þessara aðila beinast að því að kveðið sé skýrar á um rétt og lágmarksþarfir einstaklinganna og skyldur sveitarfélaganna. Er það mat þessara aðila að oft og tíðum megi koma í veg fyrir fólksflótta úr minni sveitarfélögum yfir til hinna stærri ef lágmarks þarfir væru betur tryggðar.

Að lokum vilja samtök félagsmálastjóra á Íslandi fagna framkomu frumvarps þessa.

Félag einstæðra foreldra.

Félag einstæðra foreldra lýsir hér með yfir eindregnum stuðningi sínum við frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og óskar eftir því að það verði samþykkt á Alþingi.

Geðhjálp.

Geðhjálp fagnar því að nú líti dagsins ljós heildstætt lagafrumvarp um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Lögum þessum er ætlað það hlutverk að samræma félagsþjónustu sveitarfélaga. Líta ber á að þeim er ætlað að vera rammalöggjöf svo að miklu máli skiptir hvernig til tekst með setningu reglugerða um einstök atriði í lögunum.

Kostur við lög sem þessi er að heildarsýn yfir alla þætti félagslegrar þjónustu ætti að nást. Hefur það ekki hvað síst bitnað á fólki með geðræn vandamál hve margir aðilar hafa haft með mál þess að gera.

Markviss vinnubrögð, yfirstjórn og heildarsýn á einni hendi, betra skipulag og samvinna milli fagaðila. Allt þetta ætti að skila ágóða til sveitarfélaganna í formi:

Betri nýtingu fjármuna.

Ánægðari og virkari íbúa sveitarfélagsins.

Meiri festu og öryggi í búsetu, atvinnu, umönnunar- og uppeldismálum.

Markmið laganna getur Geðhjálp tekið einróma undir. Sérstaklega þar sem kveðið er á um að virða beri sjálfsákvörðunarrétt fólks og styrkja það til sjálfshjálpar.

Geðhjálp vonar að frumvarp þetta verði lagt fram og samþykkt á Alþingi, ásamt endurskoðuðum lögum um málefni fatlaðra nú á vetri komanda.

Enn fremur væntir Geðhjálp þess að leitað verði eftir áliti félagsins við setningu reglugerða við lög þessi.

Samtök um kvennaathvarf.

Samtökin lýsa yfir stuðningi sínum við frumvarpið en vilja jafnframt benda á nokkur atriði til umhugsunar.

1. II. kafli. Stjórn og skipulag, 8. gr.

Því miður gerist það oft að vaktkonur í Kvennaathvarfinu telja sig þurfa að vekja athygli barnaverndarnefnda á bágum aðbúnaði barna, eða vegna gruns um slíkt. Þegar leit-

að er til minni sveitarfélaga kemur það oftsinnis fram að um mjög náin tengsl er að ræða milli íbúanna þar á meðal fulltrúa barnaverndarnefndar og oft skyldleika. Þegar um slíkt er að ræða hlýtur að vera erfitt að taka hlutlausa afstöðu til mjög viðkvæmra mála. Kvennaathvarfið teldi mjög æskilegt ef í þessum tilfellum væri hægt að leita til hlutlausra fagaðila.

2. VI. kafli. Fjárhagsaðstoð, 20. gr. (nú 19. gr.).

Hvernig er hægt að tryggja framkvæmd þessa atriðis? Það hefur komið fram í Kvennaathvarfinu að heimavinnandi konur hafa oft engin fjárráð og þær og börn þeirra hafa jafnvel verið matarlaus dögum saman.

3. VI. kafli. Fjárhagsaðstoð, 23. og 25. gr. (nú 22. og 24. gr.).

Það er reynsla okkar í Kvennaathvarfinu að margar dvalarkvennanna hafa ekkert fjárhagslegt sjálfstæði, heldur eru þær háðar mönnum sínum um hverja krónu. Eiginmaður, sem hefur misboðið konu sinni og börnum svo gróflega að þau hafa orðið að flýja heimili sitt, er ólíklegur til að vilja greiða uppihald þeirra í Kvennaathvarfinu eða annan þann kostnað sem fylgir því ef konan vill byggja sjálfa sig upp, t.d. með sálfræðiviðtölum. Samkvæmt lögunum er konum ekki gefin kostur á fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögunum ef tekjur hjónanna eru yfir mörkum á skattskýrslu þeirra.

Landssamband aldraðra.

Landssamband aldraðra þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Landssambandið telur að með frumvarpi þessu sé mótuð jákvæð stefna og að frumvarpið sé skref í átt að heildstæðri félagsþjónustu.

Þó að með lögum um málefni aldraðra hafi öldruðum verið tryggð heimaþjónusta, auk ýmsrar annarrar þjónustu, hefur raunin orðið sú að mörg sveitarfélög hafa ekki framkvæmt þá þjónustu sem felst í lögunum. Telur Landssambandið að nánar þurfi að kveða á um skyldur sveitarfélaganna í félagsþjónustu.

Landssambandið er hlynnt því að minni sveitarfélög vinni saman að þjónustunni, þar sem sú tilhögun ætti að veita þeim meira svigrúm.

Landssamband aldraðra telur að verði frumvarp þetta að lögum, komi góð heildarsýn yfir þjónustuþörfina í landinu og þjónustan verði jafnframt fjölbreyttari en nú er.

Sjálfsbjörg.

Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, fagnar því að fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og lýsir yfir ánægju sinni með að nú skuli eiga að tryggja fötluðum heimaþjónustu.

Sjálfsbjörg telur að með frumvarpi þessu sé mótuð jákvæð grundvallarstefna og mörkuð skynsamleg stjórnskipan í félagsþjónustu. Við teljum að með frumvarpinu sé stigið mikilvægt skref í átt að heildstæðri félagsmálalöggjöf og fækkun sérlaga um félagsþjónustu.

Sjálfsbjörg telur að hin dreifða yfirstjórn félagsþjónustunnar hafi átt þátt í því að heildarstefnumótun hafi reynst erfið. Ein yfirstjórn félagsþjónustunnar gæti gefið betri heildarsýn yfir þjónustuþörfina í landinu. Við teljum raunhæft að lög um félagsþjónustu séu endurskoðuð að fimm árum liðnum, þar sem dýrmæt reynsla safnast saman á þeim tíma. Sjálfsbjörg leggur því áherslu á að eftirlit með þjónustunni verði sérstaklega náið fyrstu 5 árin, frá fyrirhugaðri gildistöku 1. janúar 1991.

Sjálfsbjörg er hlynnt því að minni sveitarfélög vinni saman að félagsþjónustu þar sem sú tilhögun veitir þeim meira svigrúm, en óttast jafnframt að það reynist sveitarfélögum með takmarkaðan fjárhag um megn að veita lagabundna þjónustu og því þurfi stuðningur ríkis að koma til vegna einstakra verkefna.

Að lokum. Sjálfsbjörg væntir þess að þar sem notast er við orðalag framfærslulaga úr framfærslulögum frá 1947 verði því breytt til nútímalegri vegar. Er hér átt við, svo dæmi sé tekið úr 15. gr.: „Hafi félagsmálanefnd vistað ...“ (athugasemd: 15. gr. var felld brott).

Styrktarfélag vangefinna.

Styrktarfélag vangefinna í Reykjavík fagnar framkomnu frumvarpi um félagslega þjónustu sveitarfélaga og lýsir í öllum meginatriðum ánægju með innihald þess. Ef frumvarp þetta verður að lögum er það, að mati félagsins, mikilvægt og jafnframt skynsamlegt skref í átt að heildstæðri félagsmálalöggjöf.

Þeir kaflar frumvarpsins, sem sérstaklega varða skjólstæðinga Styrktarfélagsins, þ.e. vangefna og aðstandendur þeirra, eru VII. kafli um félagslega heimaþjónustu og XII. kafli um þjónustu við fatlaða. Brýnt er að taka af öll tvímæli um rétt fatlaðra til félagslegrar heimaþjónustu. Hún er mikilvægur hlekkur varðandi búsetu þroskaheftra, t.d. í svokölluðum vernduðum íbúðum sem er nýjasti þátturinn í því þjónustuneti sem Styrktarfélag vangefinna rekur. Varðandi félags- og tómstundastarf vill félagið benda á að full þörf er á sérstöku ákvæði þar að lútandi gagnvart fötluðum eins og gert er ráð fyrir hjá öldruðum. Í 44. gr. frumvarpsins segir: „Jafnframt skal tryggja öldruðum aðgang að félags- og tómstundastarfi við þeirra hæfi.“ Lagt er til að samhljóða ákvæði verði bætt inn í XII. kafla um þjónustu við fatlaða.

Í trausti þess að tekið verið tilliti til áðurgreindra athugasemda þá hvetur Styrktarfélag vangefinna í Reykjavík til þess að frumvarpið hljóti afgreiðslu og samþykki á nýbyrjuðu löggjafarþingi, enda er það í fullu samræmi við tilgang og markmið félagsins, sem er m.a. að vinna að því að sem flest almenn tilboð standi vangefnum til boða.

Vernd.

Félagasamtökin Vernd lýsa yfir stuðningi við frumvarp til laga um félagslega þjónustu sveitarfélaga, og þá sérstaklega hvað varðar málefni barna og ungmenna, sem og aðstoð við áfengissjúka og vímuefnavarnir.

Þroskahjálp.

Landssamtökunum Þroskahjálp hefur borist ofangreint frumvarp til kynningar og umsagnar frá félagsmálaráðuneytinu. Um leið og það er þakkað er beðist velvirðingar á hversu umsögn þessi berst seint.

Framkvæmdaráð Landssamtakanna Þroskahjálpar hefur tvívegis á fundum sínum fjallað um efni frumvarpsins og gert eftirfarandi samþykkt.

„Landssamtökin Þroskahjálp lýsa yfir ánægju sinni og stuðningi við öll meginatriði frumvarpsins.

Landssamtökin telja að sameining allra meginþátta félagslegrar þjónustu sveitarfélaga undir einu ráðuneyti sé mikið framfaraspor og verði virkri og heildrænni félagsþjónustu við alla þjóðfélagshópa til framdráttar.“

Öryrkjabandalag Íslands.

Öryrkjabandalag Íslands fagnar framkomnu frumvarpi um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Ef að lögum verður er þar kominn myndarlegur vísir að væntanlegri alhliða félagsmálalöggjöf sem tryggt getur hinn félagslega rétt hvers og eins sem allra best.

Öryrkjabandalagið fagnar bæði almennum ákvæðum frumvarpsins um hina fjölmörgu þætti félagsþjónustu sem og hinum sértæku greinum 27–31 (nú 26.–30. gr.) í frumvarpi um heimaþjónustu og 47.–49. gr. (nú 46.–48. gr.) í frumvarpi um þjónustu við fatlaða. Samhliða nýjum lögum um málefni fatlaðra getur samþykkt þessa frumvarps haft verulega áhrif á almenna þróun þessa málaflokks í heild í jafnréttisátt. Frumvarpið gerir ráð fyrir rammalöggjöf þannig að ýmis nánari ákvæði, svo sem um heimaþjónustu hljóta að verða sett í reglugerð til nákvæmari útfærslu um framkvæmd alla.

Öryrkjabandalagið hlýtur að frumvarpinu samþykktu að óska eftir því að mega koma að áliti sínu um reglugerðarsmíð sem varðar málefni fatlaðra sérstaklega og raunar hin almennu ákvæði einnig sem auðvitað eiga öll við um fatlaða. Öryrkjabandalagið telur að löggjöf sem þessi geti skipt sköpum um veigamikla og viðkvæma þætti félagslegrar þjónustu og leggur því áherslu á að frumvarp þetta nái fram að ganga á næsta Alþingi.

Væri þá samhliða unnt að ganga frá nýjum endurskoðuðum lögum um málefni fatlaðra, sem tryggja ætti meiri samræmingu þessara mála í meðferð Alþingis og endanlegri gerð beggja laganna.

Keflavíkurvíkurbær.

Félagsmálaráð Keflavíkur hefur haft frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga til umsagnar.

Ráðið gerði engar athugasemdir. Bæjarráð og Bæjarstjórn Keflavíkur hafa einnig fjallað um frumvarpið og hafa engar athugasemdir.

Vestmannaeyjar.

Félagsmálaráð Vestmannaeyja hefur fjallað um hið nýja frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og lýsir yfir ánægju sinni með samræmda löggjöf. Hins vegar óskar ráðið að gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. Varðandi 3. gr. laganna.
   Leggjum til að dagvist barna heyri alfarið undir menntamálaráðuneytið eins og verið hefur, sjá meðfylgjandi bréf frá 9. deild Fóstrufélags Íslands. Félagsmálaráð styður þau rök sem þar eru sett fram.
2. Varðandi 4. gr.
   Félagsmálaráð telur að í stærri sveitarfélögum (>3 þús. íbúa) þurfi fimm manna félagsmálanefndir. Nauðsynlegt er að sem flest sjónarmið komi fram.
3. Varðandi 2. mgr. 8. gr. laganna.
   Vegna starfsmanna félagsmálanefnda: Teljum að skýrar þurfi að koma fram að félagsmálanefndir hafi á að skipa fagmenntuðum starfsmanni, eða hafi greiðan aðgang að faglegri ráðgjöf (t.d. minni sveitarfélög sameinist um ráðningu á fagmenntuðum starfsmanni).

Leigjendasamtökin.

Stjórn Leigjendasamtakannna fagnar framkomnu frumvarpi til laga um félagsþjón-

ustu sveitarfélaga og telur frumvarpið bæta úr brýnni þörf þegar það hefur verið samþykkt sem lög frá Alþingi.

Stjórnin tekur ekki efnislega afstöðu til sérákvæða frumvarpsins, utan XIII. kafla, er fjallar um húsnæðismál. Þar tekur stjórnin eindregið undir umsögn Kennarafélags Íslands þar sem segir: „K.Í. leggur áherslu á að öflun húsnæðis á félagslegum grundvelli á ekki að vera neyðarúrræði . . .“ o.s.frv. og leggur til að XIII. kafla verði breytt í samræmi við þá ábendingu.

Þá leggur stjórnin til að við 52. gr. frumvarpsins bætist eftirfarandi: „Aðilar húsaleigusamnings geta vísað ágreiningsefnum sín á milli til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.“ Ákvæði um þetta verði bætt inn í XVIII. kafla er fjallar um málskot.

Fylgiskjal II.

Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

(12. október 1989.)

Frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Í umfjöllun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sl. vetur um fyrstu drög að framangreindu frumvarpi kom skýrt fram að stjórnin var algerlega sammála þeim meginmarkmiðum frumvarpsins að lögin væru rammalög, að yfirstjórn allra félagsmála verði í félagsmálaráðuneytinu sem jafnframt er ráðuneyti sveitarstjórnarmála og að ein nefnd í hverju sveitarfélagi (félagsmálanefnd/félagsmálaráð) fjallaði um öll félagsmál. Var þetta sjónarmið staðfest í bréfi til félagsmálaráðuneytisins sem umsögn um drög að frumvarpi til laga um félagsmál. Í bréfi til ráðuneytisins dags. 19. f.m. ásamt umsögn um frumvarpið í heild voru áðurnefnd sjónarmið ekki endurtekin, enda er í þeirri umsögn aðeins vikið að þeim atriðum frumvarpsins sem stjórnin gerði athugasemdir við.

Það hefur alla tíð verið stefna Sambands íslenskra sveitarfélaga að félagsmálaráðuneytið ætti að hafa af ríkisins hálfu yfirstjórn félagsmála á vegum sveitarfélaga þar með talin barnaverndarmál og mál er varða yngstu borgarana, leikvelli og dagheimili.

Virðingarfyllst,
Magnús E. Guðjónsson
framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal III.

Eftir að nefndin, sem samdi frumvarpið, hafði afhent félagsmálaráðherra frumvarpsdrög haustið 1989 var skipuð nefnd með fulltrúum stjórnarflokkanna til að fara yfir frumvarpsdrögin.

Niðurstaða þeirrar nefndar fylgir hér á eftir. Athygli skal vakin á því að frá þessum tíma (haustið 1989) hefur ein veigamikil breyting verið gerð á frumvarpinu, þ.e. um yfirstjórn dagvistar barna.

Félagsmálaráðherra,
Jóhanna Sigurðardóttir
félagsmálaráðuneyti
Reykjavík.

Vísað er til bréfs félagsmálaráðherra dags. 8. september 1989 þar sem undirrituðum fulltrúum stjórnarflokkanna var falið að fara yfir drög að frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, drög dags. 27. júlí 1989. Samkvæmt bréfi yðar skyldi farið yfir frumvarpið í samvinnu við Braga Guðbrandsson, félagsmálastjóra í Kópavogi, sem hafi umsjón með verkinu, og Þorgerði Benediktsdóttur deildarstjóra.

Við undirritaðir höfum yfirfarið frumvarpið í heild og einstakar greinar þess á fimm fundum á tímabilinu 21. september til 19. október 1989. Í þeirri vinnu höfum við kynnt okkur umsagnir um frumvarpið frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 19. september 1989, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, dags. 28. september 1989 og menntamálaráðuneyti, dags. 2. október 1989.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu, m.a. til samræmis við framangreindar umsagnir, einkum með hliðsjón af umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Miðað við núverandi aðstæður lýsum við undirritaðir okkur samþykka drögum að frumvarpi til félagsþjónustu sveitarfélaga í þeirri mynd sem þau eru nú, drög dags. 18. október 1989.

Jafnframt vill nefndin vekja sérstaka athygli á starfi nefndar um rammalöggjöf um forskólastig og nefndar sem vinnur að endurskoðun laga og reglna um Stjórnarráð Íslands. Nauðsynlegt kann að vera að taka mið af því starfi.

Reykjavík, 19. október 1989.

Eiður Guðnason *Gunnar Hilmarsson*
Guðmundur Ágústsson *Jón Sveinsson*

Athugasemd: Guðbjartur Hannesson tekur ekki afstöðu til frumvarpsdraganna.

Sþ. 575. Tillaga til þingsályktunar [327. mál]

um undirbúning að breikkun á Suðurlandsvegi í tvær akreinar hvora leið frá Selfossi til Reykjavíkur og aðgerðir til að draga úr slysahættu.

Flm.: Guðni Ágústsson, Jón Helgason, Árni Johnsen, Eggert Haukdal.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að hefja undirbúning að breikkun á Suðurlandsvegi í tvær akreinar hvora leið frá Selfossi til Reykjavíkur. Kannað verði sérstaklega hvort hægt er að vinna verkið í áföngum með það að markmiði að tvöfalda akbrautina fyrst þar sem slysahætta er mest. Enn fremur verði mörkuð sérstök fjármögnunarleið til að vinna þetta mikilvæga verkefni.

Greinargerð.

Þessi tillaga er ekki síst flutt til að minna á Suðurlandsveg og að um hann verði fjallað í þeirri langtímaáætlun í vegagerð sem nú er unnið að. Þótt mikið hafi verið gert í vega- og samgöngumálum hér á landi á síðustu árum sitja mörg stór og brýn verkefni á hakanum, verkefni sem af öryggisástæðum þola enga bið og verður að fjármagna eftir sérstökum leiðum. Bifreiðum fjölgar og á ákveðnum leiðum er umferðarþungi það mikill að ekki er hægt að kalla slíka vegi hraðbrautir. Einstefnuakstur verður að koma til eða aðrar þær úrbætur sem að gagni mættu koma. Brýnustu verkefnin, sem við blasa á þessu sviði, eru tvöföldun Reykjanesbrautar og svo Suðurlandsvegar frá Reykjavík austur á Selfoss.

Það sem vekur athygli er að umferðarþungi austur yfir Hellisheiði er þyngri en á Reykjanesbraut á álagspunktum. Árdagsumferð eða meðalumferð á dag yfir árið hefur samkvæmt meðfylgjandi töflu tvöfaldast á fimmtán ára tímabili. Sama er að segja um sumardagsumferðina og mesta sólarhringsumferð hefur þrefaldast, úr um þrjú þúsund bifreiðum 1975 í að vera á bilinu níu til tíu þúsund bifreiðar.

Tvöföldun beggja þessara akbrauta, sem hér hafa verið nefndar, þ.e. Reykjanesbrautar og Suðurlandsvegar um Hellisheiði, er slíkt stórverkefni að leita verður leiða til að fjármagna þau sérstaklega, annaðhvort úr stórverkasjóði eða með sérstakri fjáröflun. Ekkert er þjóðinni jafndýrt og manntjónið og eignatjónið, svo og langvarandi sjúkrahúsvist og atvinnumissir, vegna umferðarslysa. Þótt sökinni verði ekki eingöngu komið á vegakerfið hvað þetta áhrærir er ljóst að ákveðnar endurbætur minnka hættuna og draga úr slysunum. Á Suðurlandsvegi eru nokkrir staðir sem sýnilega eru öðrum varasamari á þessari leið eins og sést á mynd.

Suðurlandsvegur um Hellisheiði er mjög fjölfarinn bæði sumar og vetur. Flestir munu kannast við þann gífurlega umferðarþunga sem er á þessari leið, ekki síst á sumrin og um helgar. Enn fremur eru miklir þungaflutningar um Suðurlandsveg, vöruflutningabifreiðar sem mega ekki aka á hámarkshraða. Slíkt kallar á framúrakstur. Þessi leið er fjölfarin allt árið um kring í hvernig veðri sem er. Hellisheiði er fjallvegur og leiðin öll veðrasöm að vetrinum úr Svínahrauni á Kambabrún.

Í þessari tillögu til þingsályktunar er lögð áhersla á að leita leiða til að draga úr slysahættu á þessari fjölförnu leið með því t.d. að byrjað verði á að leggja tvöfaldar akreinar í báðar áttir á þeim stöðum þar sem reynslan hefur sýnt að hættan er mest. Eins og sést eru mestu slysastaðirnir á fimm stöðum, sjá mynd. Myndin sýnir t.d. þrjá mikla slysastaði þar sem virðist liggja beinast við að breyta legu vegarins úr Hveradalabrekku um

Svínahraun að norðan vestur að Litlu-kaffistofu. Hins vegar er nauðsynlegt, áður en slíkar framkvæmdir hefjast, að búið verði að ákveða legu slíkra akbrauta alla leiðina svo að þær verði hluti af þeim framtíðarvegi sem sívaxandi umferð gerir tilkall til fyrr eða síðar.

Umferð um Hellisheiði.
Slys á Suðurlandsvegi frá Hafravatnsvegi að Þorlákshafnarvegi.

Tekið skal fram að ekki hefur verið fastur ársteljari á Hellisheiði. Umferð á vegarkafla nr. 301–08 (Suðurlandsvegur frá Þorlákshafnarvegi að Þrengslavegi) hefur því verið áætluð út frá skynditalningu á fjögurra ára fresti, en niðurstöður skynditalningar eru bornar saman við umferð á föstum ársteljara á Suðurlandsvegi vestan Biskupstungnabrautar (301–06–01).

Mesta sólarhringsumferð, MDU, var einnig ákvörðuð með samanburði við fasta teljarann vestan Biskupstungnabrautar á þann hátt að MDU á 301–06–01 var margfölduð með hlutfalli ÁDU á 301–08 og 301–06–01.

Vegna breytingar á skráningu umferðarslysa 1. mars 1988 eru tölur yfir heildarfjölda slysa 1988 og 1989 ekki sambærilegar við fyrri ár.


Ár	MDU Hellish. 301-08 áætlun	ÁDU Hellish. 301-08	SDU Hellish. 301-08	Fjöldi slysa á Suðurlandsv. (frá Þorlákshv. að Hafravatnsv.)	Dauðaslys frá 1980
1975	3256	1643	2266	51	
1976	3449	1675	2419	33	
1977	4681	1964	2758	29	
1978	4518	2079	2916	43	
1979	3956	1791	2617	22	
1980	4946	1959	2930	20	1
1981	5084	1982	2867	21	1
1982	4091	2072	2970	34	0
1983	3328	1936	2710	46	0
1984	3804	2056	3057	40	2
1985	7260	2677	3713	22	0
1986	7460	2848	4094	30	1
1987	9428	3493	4850	50	2
1988	9992	3634	4864	33	0
1989	8896	2870	4458	41	0

Skýringar á skammstöfunum í töflu:

SDU: sumardagsumferð, meðalumferð á dag mánuðina júní til september.

ÁDU: árdagsumferð, meðalumferð á dag yfir árið.

MDU: mesta sólarhringsumferð á árinu.



Suðurlandsvegur
Hafravatnsvegur - Hveragerði

Sþ. 576. Nefndarálit [113. mál]

um till. til þál. um reiðvegaáætlun.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna. Umsagnir bárust frá Skipulagi ríkisins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Náttúruverndarráði, Vegagerð ríkisins, Fjárlaga- og hagsýslustofnun og Ferðaþjónustu bænda.

Í greinargerð með tillögu þessari kemur fram að hún er flutt samhliða tveimur frumvörpum til laga sem nú eru til meðferðar í nefndum þingsins, 114. og 115. máli. Fjalla þau um breytingu á vegalögum og fjáröflun til vegagerðar. Allsherjarnefnd telur ekki ástæðu til þess að tengja tillögu þessa við þau frumvörp, enda þótt þau fjalli um náskyld atriði. Nefndin telur vert að kanna ástand reiðvega hér á landi og að gerð verði áætlun um uppbyggingu reiðvega. Það verður síðan samgönguráðherra, eða þingmanna, að meta hvort rétt sé að flytja lagafrumvörp sem kveða á um framkvæmd slíkrar áætlunar. Því er tillögugreininni breytt í þá veru að felld eru úr henni þau atriði sem nefndinni ber að fara eftir þar sem ekki er ætlast til þess að reiðvegaáætlun greini frá framkvæmdum í smáatriðum, og eins er fellt úr tillögugreininni að áætlunin skuli gerð til fjögurra ára í senn. Hins vegar leggur nefndin ríka áherslu á að í nefndinni, sem samgönguráðherra skipar, sitji fulltrúar hestamanna og sveitarstjórnarmanna og fullt samráð verði haft við samtök þeirra.

Nefndin leggur til að þingsályktunartillagan verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Kristinn Pétursson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 1. febr. 1991.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Jón Kristjánsson, fundaskr.	Karl Steinar Guðnason.
Guðrún Helgadóttir.	Ingi Björn Albertsson, með fyrirvara.	Eggert Haukdal.

Sþ. 577. Breytingartillaga [113. mál]

við till. til þál. um reiðvegaáætlun.

Frá allsherjarnefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd með þátttöku samtaka hestamanna og sveitarfélaga til þess að kanna ástand reiðvega og gera reiðvegaáætlun.

Nd. 578. Frumvarp til laga [328. mál]

um breyting á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Flm.: Jón Sæmundur Sigurjónsson, Ragnar Arnalds.

1. gr.

4., 6. og 7. mgr. 14. gr. laganna falla brott.

2. gr.

15. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

3. mgr. 18. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Orðin „og göngusilungur“ í 1. mgr. 19. gr. laganna falla brott.

5. gr.

Orðin „og göngusilungs“ í fyrirsögn IV. kafla falla brott.

6. gr.

Á eftir V. kafla kemur nýr kafli, **Um veiði göngusilungs í sjó**, með átta nýjum greinum er orðast svo:

a. (27. gr.)

1. Öllum landeigendum er heimil veiði göngusilungs í sjó í netlögum landareignar sinnar.

2. Þá er íbúum þéttbýlis einnig heimil veiði í netlögum viðkomandi þéttbýlis en hafa skulu þeir leyfi viðkomandi veiðifélags eða sveitarstjórnar til veiðanna.

3. Eigi má skilja veiðirétt að nokkru eða öllu leyti við landareign, hvorki fyrir fullt og allt né um tiltekinn tíma.

b. (28. gr.)

1. Veiða má silung í sjó á færi og stöng, í ádráttarnet og í lagnet.

2. Eigi má veiða silung utan netlaga.

3. Silunganet má eigi leggja eða hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns en 500 metra, enda gangi fiskur í það vatn. Þetta gildir þó ekki ef meiri hluti eigenda veiði í vatninu verða sammála um aðra tilhögun, þ.e. um styttri fjarlægð.

c. (29. gr.)

Göngusilung má einungis veiða frá 1. apríl til 20. september ár hvert.

d. (30. gr.)

Á veiðitíma þeim, sem getur í 29. gr., skal göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði 60 stundir í viku hverri, frá laugardagskvöldi kl. 22 til þriðjudagsmorguns kl. 10.

e. (31. gr.)

1. Lagnet, sem ætlað er til silungsveiði, skal vera landfast, liggja þvert á fjöru og eigi vera lengra en nemur breidd netlaga sem er 115 metrar frá stórstraumsfjöruborði mælt beint út.

2. Netið skal eigi vera smáriðnara en svo að 3,5 sm séu milli hnúta og hins vegar eigi stórriðnara en svo að 5 sm séu milli hnúta og girnisþykkt mest 0,5 mm.

3. Bil milli lagneta í sjó skal vera minnst 100 metrar, þó aldrei minni en tvöföld lengd netsins.

4. Ef maður veiðir fyrir landi annars manns er honum skylt að merkja netið með nafni og heimilisfangi. Sama gildir um íbúa þéttbýlis sem stunda veiði fyrir landi hrepps eða bæjar.

f. (32. gr.)

1. Ráðherra hefur yfirstjórn silungsveiða í sjó, sbr. 86. gr., og skulu löggæslumenn ríkisins hafa með höndum eftirlit með þeirri veiði.

2. Þó getur ráðherra skipað eftirlitsmenn með sjávarveiði einungis á afmörkuðum svæðum með sjó samkvæmt tillögu veiðimálastjóra en hafa skal hann um það samráð við notendur veiði á svæðinu.

3. Eftirlitsmenn skulu hafa gætur á því að veiði í umdæmi þeirra sé stunduð með löglegum hætti. Þeir skulu hafa frjálsa för með sjó á svæðinu eftir því sem þörf krefur og þeir hafa vald til að taka úr sjó veiðitæki sem notuð eru á ólöglegum stað eða tíma.

4. Við framkvæmd starfa sinna skulu veiðieftirlitsmenn gæta þess að valda ekki ónæði í æðarvarpi og í selalögnum.

5. Við veiðigæslu við sjó er óheimilt að nota þyrlur, aðrar lágfleygar flugvélar og vélbáta þar sem æðarvörp og arðgæf selalátur og selalagnir eru.

g. (33. gr.)

Nú leikur grunur á að fiskur sé ólöglega veiddur og getur þá eftirlitsmaður krafist þess að sá er hefur hann undir höndum geri eftirlitsmanni grein fyrir hvar hann hafi fengið fiskinn. Ekki telst fiskurinn þó ólöglegt veiðifang nema sannað verði að hann sé ólöglega veiddur.

h. (34. gr.)

Nú leikur grunur á að ólöglegt veiðifang sé geymt í verslun, reykhúsi eða frystihúsi og er þá eftirlitsmanni heimilt að gera leit að slíku veiðifangi en hafa skal hann áður fengið heimild eða úrskurð dómara til leitarinnar.

7. gr.

5. og 6. mgr. 89. gr. laganna orðast svo:

5. Nú leikur grunur á að fiskur sé ólöglega veiddur og getur þá eftirlitsmaður krafist þess að sá er hefur hann undir höndum geri eftirlitsmanni grein fyrir hvar hann hafi fengið fiskinn. Ekki telst fiskurinn þó ólöglegt veiðifang nema sannað verði að hann sé ólöglega veiddur.

6. Nú leikur grunur á að ólöglegt veiðifang sé geymt í verslun, reykhúsi eða frystihúsi og er þá eftirlitsmanni heimilt að gera leit að slíku veiðifangi en hafa skal hann áður fengið heimild eða úrskurð dómara til leitarinnar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allt frá fyrstu öldum byggðar á Íslandi hafa það verið lög hér á landi að landeigendur við sjó eigi einkarétt til veiða fyrir sínu landi. Í lögum frá þjóðveldistímanum segir að almenningur megi aðeins veiða fyrir utan netlög. „En það eru netlög yst er 20 möskva djúp selanót nær til botns á fjöru og komi þá flár upp.“ Þetta er óbreytt í Jónsbókarlögum og var þetta lagaákvæði Jónsbókar í gildi allt fram um miðja 19. öld. Það mun svo hafa verið með tilskipun konungs um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849 að stærð netlaga var ákveðin tiltekin fjarlægð út frá stórstraumsfjöruborði, án tillits til aðdýpis, 60 faðmar, sbr. 3. gr. tilskipunarinnar. Þessu lagaákvæði, um að hverri jörð fylgi réttur til veiða 60 faðma út frá stórstraumsfjöruborði, hefur löggjafinn ekki enn þá séð sér fært að breyta. Hins vegar hafa á seinni árum verið hafðir í frammi ýmsir tilburðir til þess að skerða þennan veiðirétt landeigenda í netlögunum. Þær aðgerðir hafa oft verið réttlættar með því að hagsmunir almennings krefðust þess að svo væri gjört. Þessar skerðingar hefjast fyrst árið 1933. Þá ganga í gildi lög sem banna laxveiði í sjó. Þó fengu nokkrir bændur, er þessar veiðar höfðu stundað, að halda þeim áfram en aðrir fengu einhverjar bætur fyrir að hætta þessum veiðiskap. Þar sem laxveiði hafði ekki verið talin til tekna misstu landeigendur laxveiðiréttinn um alla framtíð. Er þetta upphaf þess sjónarmiðs margra þeirra er ráðið hafa veiðimálum að veiðiréttur falli niður ef veiði er ekki stunduð á jörðinni. Varla getur það staðist að réttindi, sem fylgt hafa jörð um margar aldir, falli niður þó þau hafi ekki verið notuð um tíma. Flestum bændum er það mikið áhugamál að réttindi jarða þeirra séu í engu skert og á það ekki síst við um hlunnindi sem fylgt hafa jörðunum frá ómunatíð. Lögunum um bann við laxveiði í sjó var á sínum tíma ekki svo mjög mótmælt þar sem fáir stunduðu þá veiði. Suma mun þó hafa grunað að þetta væri aðeins upphaf frekari skerðingar. Það kom líka á daginn því að árið 1970 var bannað með lögum að veiða silung í sjó hálfa vikuna, þ.e. frá föstudagskvöldi til þriðjudagsmorguns. Þeir sem stóðu að þessari lagasetningu og þar með skerðingu veiðiréttar sögðu þetta gert til þess að hindra ofveiði silungsstofnsins og einnig til að minnka líkur á ólöglegri laxveiði í sjó. Landeigendur við sjóinn álíta á hinn bóginn þetta helgarbann gróflega eignaupptöku og að það geti varla staðist vegna ákvæðis 67. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar.

Í lögunum frá 1970 var landbúnaðarráðherra heimilað að setja reglur um silungsveiði í sjó. Þessa heimild nýtti ráðherra sér þó ekki fyrr en 2. ágúst 1989. Þá voru settar reglur sem veiðiréttareigendur við sjóinn töldu mjög óhagstæðar sínum hagsmunum. Var reglunum harðlega mótmælt og mótmælalistar með nöfnum 347 manna, sem flestir eru búsettir á Norðurlandi og eiga veiðirétt í sjó, afhentir landbúnaðarráðherra. Þessar reglur voru að margra áliti nokkuð fljótfærnislega gerðar og sum ákvæði þeirra óskýr. Það ásamt mótmælum landeigenda við sjóinn mun hafa orðið til þess að ráðherra sá sér ekki annað fært en nema reglurnar úr gildi 4. maí 1990. Sama dag voru settar aðrar reglur um sama efni. Þær voru að vísu heldur skárri en þær fyrri en þrengja þó svo mjög veiðimöguleika í netlögunum að mönnum, sem þessa veiði stunda, finnst hart við þær að búa. Einkum er megn óánægja með það að mega ekki stunda veiði í öllum netlögunum. Þá er og gerð netanna, sem nota má, og útbúnaður þeirra þyrnir í augum margra.

Hver skyldi nú vera ástæðan fyrir því að löggjafinn hefur lagt svo mikið kapp á að rýra möguleika til silungsveiði í sjó?

Fyrst er þess að geta að löngum hafa þeir sem átt hafa veiðirétt í ánum verið hræddir um að strandbúar veiddu fisk sem annars mundi ganga í árnar. Áreigendur hafa, einkum á síðari árum, haft vel skipulögð samtök og mikið fjármagn er þeim hefur hlotnast með sölu á veiðileyfum sem stöðugt hafa hækkað í verði. Þessir menn hafa ekki heldur þurft að greiða virðisaukaskatt af seldum veiðileyfum og búmark þeirra bænda, sem hafa miklar tekjur af laxveiðihlunnindum, hefur ekki verið skert. Á hinn bóginn hafa þeir sem veiðirétt eiga með ströndum landsins verið sundraðir og forustulitlir og skort fé.

Frá sjónarmiði margra veiðiréttareigenda við sjóinn er nú mælirinn fullur og ekki um annað að ræða en reyna að endurheimta töpuð réttindi.

Svo er nú komið mjög víða við strendur landsins að silungurinn er það eina sem hægt er að veiða í netlögunum. Hrognkelsin eru mjög víða hætt að ganga upp að ströndinni þar sem áður var góð veiði. Selveiði er tilgangslaust að stunda vegna aðgerða ofstækissamtaka úti í löndum sem gert hafa selskinnin verðlaus.

Eins og öllum er kunnugt hafa miklir erfiðleikar gengið yfir íslenskan landbúnað síðari árin, aðallega vegna sölutregðu og verðfalls á afurðum hans erlendis. Vegna þess hefur orðið að skerða mikið framleiðslurétt bænda. Reynt hefur verið að koma á fót nýjum búgreinum, svo sem loðdýrarækt og fiskeldi, og voru nokkrar vonir bundnar við að sú starfsemi gæti að einhverju leyti komið í stað hinna hefðbundnu greina. Skemmst er frá því að segja að þessi starfsemi hefur algerlega brugðist vonum manna.

Betur hefur tekist til með þjónustu við ferðamenn og aukna nýtingu hlunninda. Þetta hvort tveggja lofar góðu þó enn sé í smáum stíl.

Þetta frumvarp, ef að lögum verðum, gæti orðið þessum tveim síðarnefndu greinum til nokkurs framdráttar. Má í því sambandi benda á þann möguleika að bændur við sjóinn kæmu sér upp sumarhúsum sem þeir síðan leigðu ferðamönnum og fylgdi veiði í netlögunum, t.d. í eitt net. Með hliðsjón af þessum möguleika er í þessu frumvarpi lagt til að veiðitími í netlögunum verði lengdur frá því sem nú er.

Varðandi f-lið 6. gr. frumvarpsins (nýja 32. gr.), sem er um löggæslu, skal vísað til skýringa á einstökum greinum er því fylgja. Eins og þar kemur fram hefur það tíðkast nokkuð á síðustu árum að veiðifélög við ár ráði til sín veiðieftirlitsmenn og fái landbúnaðarráðuneytið til að gefa út fyrir þá starfsleyfi sem ná langt út fyrir vatnasvæði ánna. Ekki verður annað séð en þessi starfsleyfi séu háð því skilyrði að veiðifélagið greiði kaup eftirlitsmanna að fullu. Það samrýmist illa réttlætiskennd flestra Íslendinga að fjársterkir aðilar geti þannig í skjóli fjármagns keypt sér það sem þeir sjálfir kalla löggæslu. Ekki þarf að útskýra frekar að hér þarf að stemma á að ósi.

Ragnar Arnalds er meðflutningsmaður að þessu frumvarpi þar sem hann hefur lagt áherslu á að réttarstaða þeirra, sem eiga land að sjó, þurfi að vera skýrari en hefur þó fyrirvara um viss atriði í frumvarpinu og greinargerð þess, enda gafst skammur tími til að samræma sjónarmið áður en frumvarpið var lagt fram.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.–5. gr.

Gert er ráð fyrir að sérstakur kafli um veiði göngusilungs í sjó komi í lögin. Það verður að teljast hentugra að hafa ákvæðin um sjávarveiði silungs á einum stað en að þau séu dreifð um allan lagabálkinn. IV. kafli fjallar því einvörðungu um friðun lax.

Í 4. mgr. 14. gr. laganna er tekið svo til orða að veiði göngusilungs í sjó skuli hlíta sömu reglum sem veiði í ósöltu vatni. Þetta er ekki hentugt þar sem aðstæður til veiða eru mjög ólíkar því sem gerist í sjónum. Þetta sjónarmið er viðurkennt að nokkru þar sem orðunum „eftir því sem unnt er“ er bætt við málsliðinn. Lagt er til að 4., 6. og 7. mgr. 14. gr. falli brott.

15. gr. laganna fellur brott, en gert er ráð fyrir sömu ákvæðum um veiðivélar og fjarlægð veiða við árósa nokkuð breyttum í nýjum kafla um veiði göngusilungs í sjó.

Ákvæði 3. mgr. 18. gr. laganna er nú fært í nýja 29. gr. og því lagt til í 3. gr. frumvarpsins að það falli brott.

Um 6. gr.

a-liður (ný 27. gr.).

1. mgr. Þetta er sams konar ákvæði og 1. mgr. 2. gr. laganna en þar er ekki getið um veiði í sjó. Sjálfsagt er því að taka þetta fram í kafla um veiði í sjó. Einnig mun það í samræmi við ríkjandi skoðun að landeiganda sé einum heimil veiði í netlögum landareignar sinnar.

2. mgr. Rétt þykir að taka fram að íbúar þéttbýlis hafi rétt til veiða í netlögum heimabyggðar sinnar hafi þeir til þess leyfi, sbr. 9. gr. laganna. Þetta er ekki síst nauðsyn vegna þess að sumir áreigendur hafa vefengt þennan rétt þeirra.

3. mgr. Þetta ákvæði er samhljóða 4. mgr. 2. gr. laganna nema þar er stangaveiðiréttur undanskilinn. Óþarfi er að þetta sé þannig um veiði í sjó, m.a. vegna þess að stangaveiði er þar óveruleg.

b-liður (ný 28. gr.).

1. mgr. Þetta er lítillega breytt 1. mgr. 15. gr. laganna og þarfnast ekki skýringar.

2. mgr. Hér er það nýmæli að ekki megi veiða silung í sjó utan netlaga. Þetta er að nokkru gert í friðunarskyni og að nokkru til þess að koma til móts við áreigendur sem stöðugt eru hræddir um að missa spón úr aski sínum vegna silungsveiði í sjó.

3. mgr. Hér er í fyrsta lagi lagt til að friðunarsvæði við árósa verði aftur ákveðið 500 metrar út frá ósi eins og gilti allt fram til 1970. Ekkert hefur komið fram um að nauðsyn hafi verið á þeirri útfærslu sem þá var gerð og hún ekki studd neinum fræðilegum rökum. Þá er lagt til að aftur komi inn orðið „silunganet“ í stað orðsins „net“ sem virðist hafa komið til vegna misgánings þar sem breytingarinnar er ekki getið í greinargerð með frumvarpinu að lögum nr. 53/1957.

Enn er lagt til að taka aftur inn orðalagið „enda gangi fiskur í það vatn“. Óþarfi, og raunar fráleitt, er að banna að leggja silunganet við smáár og læki sem enginn fiskur gengur í.

Þá er gert ráð fyrir að lýðræðislegur meiri hluti veiðieigenda geti ákveðið styttri fjarlægð veiði frá ósi straumvatns en kveðið er á um í frumvarpinu.

d-liður (ný 30. gr.).

Hér er gert ráð fyrir að friðunartími silungs styttist um 24 klukkustundir á viku og er það hugsað sem nokkur úrbót fyrir þá sem silungsveiði stunda í sjó. Í því sambandi verður að hafa í huga að slæmt sjólag við ströndina hindrar oft netalagnir dögum og vikum saman. Er jafnvel vafasamt að nokkrar tímatakmarkanir þurfi að vera á silungsveiði í netlögum í sjó þar sem náttúruöflin sjá líklega um nægilega friðun.

e-liður (ný 31. gr.).

Við gerð þessarar greinar var höfð nokkur hliðsjón af reglum nr. 205 sem landbúnaðaráðuneytið birti 4. maí 1990. Samkvæmt þessu frumvarpi er heimilt að leggja silunganet í öllum netlögunum enda vafasamt að bann við því samrýmist 67. gr. stjórnarskrárinnar. Þá er möskvi lítillega stækkaður og heimilað að hafa nokkru gildara og þá um leið sterkara girni í netunum. Þetta er nauðsynlegt þar sem aðstæður til veiða í sjó eru allar erfiðari en í stöðuvötnum. Bil milli neta er þrengt því að sums staðar hagar svo til við strendur að aðeins mætti leggja eitt net í landareign ef farið væri eftir fyrrgreindum reglum.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að þeim sem stunda veiði fyrir landi annarra sé skylt að merkja net sín með nafni og heimilisfangi. Hins vegar virðist óþarfi að krefjast þess sama af landeigendum þar sem auðvelt ætti að vera að leita til þeirra ef vafi leikur á um eiganda ólöglegs nets.

f-liður (ný 32. gr.).

1. mgr. Hér er tekið fram að löggæslumenn ríkisins skuli hafa eftirlit með silungsveiði í sjó. Þetta er gert hér vegna þess að nokkur undanfarin ár hefur það tíðkast að veiðieftirlitsmönnum við ár hefur einnig verið falið veiðieftirlit með ströndum heilla byggðarlaga. Hafa þessir eftirlitsmenn sums staðar farið fram með nokkru offorsi og hefur landeigendum við sjó þótt hart undir því að búa. Hæpið er að slíkir eftirlitsmenn geti talist hlutlausir löggæslumenn einkum þegar svo ber undir að þeir þiggja öll sín laun af áreigendum.

2. mgr. Hér er gert ráð fyrir að haft sé samráð við notendur veiði á viðkomandi svæði ef talin er þörf á að skipa sérstaka eftirlitsmenn með silungsveiði í sjó.

3. mgr. Í þessum lið eru nefnd helstu verkefni og valdsvið þeirra eftirlitsmanna, sem um getur hér að framan, sbr. 2. og 4. mgr. 89. gr.

4. mgr. Komið hefur fyrir að veiðieftirlitsmenn hafa valdið tjóni með því að styggja æðarfugl í varpi og sel í lögnum og er ákvæðinu ætlað að sporna við slíku.

5. mgr. Í þessari málsgrein eru nefndar nokkrar vélar og tæki sem líkleg eru til að valda verulegu ónæði en reynsla er fyrir því að slíkt hafi gerst með þessum tækjum með bagalegum afleiðingum.

g-liður (ný 33. gr.).

Í 5. mgr. 89. gr. laganna segir að fiskur sé ólöglegt veiðifang ef sá maður, er hefur hann undir höndum, getur ekki gert eftirlitsmanni grein fyrir hvar hann hefur fengið fiskinn. Hér er þessu snúið við og sönnunarskyldan falin viðkomandi eftirlitsaðila eins og yfirleitt tíðkast í íslenskum lögum. Enda annað varla sæmandi í nútíma réttarríki.

h-liður (ný 34. gr.).

Samkvæmt 6. mgr. 89. gr. laganna er eftirlitsmanni heimilt að gera leit í verslun, frystihúsi og reykhúsi án undangengins úrskurðar dómara ef hann hefur grun um að þar sé geymt ólöglegt veiðifang. Hér er lagt til að eftirlitsmanni sé leitin því aðeins heimil að hann hafi í höndum úrskurð dómara til leitarinnar sem er eðlileg réttarregla.

Um 7. gr.

Ákvæði þessarar greinar frumvarpsins eru í samræmi við efni nýrra 33. og 34. gr.

laganna um sönnunarskyldu og leitarheimild þegar grunur leikur á um ólöglega veiði.

Sþ. 579. Þingsályktun [129. mál]

um virðisaukaskattssvik og „svarta atvinnustarfsemi".

(Afgreidd frá Sþ. 4. febr.)

Samhljóða þskj. 133.

Sþ. 580. Fyrirspurn [329. mál]

til dómsmálaráðherra um „skipulagsnefnd um öryggis- og varnarmál".

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvaða ástæður lágu til þess að dómsmálaráðuneytið hafði með bréfi til utanríkisráðuneytisins 6. sept. 1990 frumkvæði að því að óska eftir að sett yrði á fót svonefnd „skipulagsnefnd um öryggis- og varnarmál" með aðild bandaríska herliðsins á Keflavíkurflugvelli, sbr. svar utanríkisráðherra í sameinuðu þingi 31. janúar 1991?
2. Hvert á að mati dómsmálaráðherra að vera verkefni þessarar nefndar?
3. Telur dómsmálaráðherra eðlilegt að tengja starfsemi erlends herliðs við störf íslenskra stofnana, eins og stefnt virðist að með starfi þessarar nefndar?

Sþ. 581. Svar [269. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Hreggviðs Jónssonar um fjármál embættis húsameistara ríkisins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða fjárgreiðslur hafa runnið til embættis húsameistara ríkisins árin 1985–1990:*
   a. úr ríkissjóði,
   b. frá öðrum aðilum?
2. *Hverjir hafa fengið fjárgreiðslur frá embætti húsameistara ríkisins árin 1985–1990:*
   a. laun og aðrar launatengdar greiðslur,
   b. greiðslur til aðila utan embættisins og þá vegna hvaða verkefna?

Leitað var upplýsinga embættis húsameistara ríkisins og fer svar þess hér á eftir:

1.a. Fram til ársins 1987 er greiddur óverulegur og minnkandi mismunur (heildargjöld — eigin tekjur) úr ríkissjóði vegna reksturs embættisins, m.a. vegna þeirrar þjón-

ustu embættisins sem ekki var innheimt fyrir.

Frá og með árinu 1988 er síðan hagnaður af rekstrinum, þ.e. embættið stendur sjálft undir öllum sínum rekstri en greiðir tekjuafgang í ríkissjóð, sbr. töflu A3.

	Tafla A1	Tafla A2	Tafla A3
	Heildarútgjöld	**Tekjur**	**Mismunur**
1985	19.550.337	17.886.070	– 1.664.267
1986	26.059.174	24.583.487	– 1.475.687
1987	36.314.173	35.211.945	– 1.102.228
1988	49.573.727	51.996.869	+ 2.423.142
1989	53.591.128	60.748.445	+ 7.157.317
1990	í vinnslu	í vinnslu	(áætl. + 5.300.000)

1.b. Sértekjur embættisins koma frá ýmsum ráðuneytum og ríkisstofnunum vegna hönnunarstarfa sem unnin eru fyrir viðkomandi. Þessar tekjur eru skráðar undir töflu A2 hér að ofan. Aðrar greiðslur renna ekki til embættisins.

2.a. Laun til starfsmanna greidd af ríkisféhirði.

	Tafla B2
	Laun
1985	15.891.058
1986	20.493.954
1987	29.999.338
1988	35.457.643
1989	41.793.055
1990	47.473.421 áætl.

2.b. Greiðslur til aðila utan embættisins eru engar aðrar en fyrir innkaup á vörum, þjónustu, húsaleigu o.þ.h. Öll laun vegna verkefna eru samkvæmt töflu B2 hér að ofan.

Sþ. 582. Fyrirspurn [330. mál]

til samgönguráðherra um farþegaflutninga með ferjum.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hver tók ákvörðun um farþegaflutning með Akraborginni 3. febrúar sl. þegar allar samgöngur lágu niðri vegna illviðris og skipið varð að flýja heimahöfn?
2. Hafa almennar reglur um farþegaflutning með ferjum verið settar? Ef ekki, hyggst ráðherra þá beita sér fyrir setningu slíkra reglna?

Sþ. 583. Fyrirspurn [331. mál]

til sjávarútvegsráðherra um hlutafjárkaup Síldarverksmiðja ríkisins.

Frá Friðriki Sophussyni.

Hafa Síldarverksmiðjur ríkisins fjárfest í öðrum fyrirtækjum á undanförnum árum? Sé svo: Í hvaða fyrirtækjum? Hver er ástæða fjárfestingarinnar?

Ed. 584. Frumvarp til laga [332. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Valgerður Sverrisdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðmundur Ágústsson, Eiður Guðnason, Margrét Frímannsdóttir, Salome Þorkelsdóttir.

1. gr.

Við 2. mgr. 2. tölul. C-liðar 7. gr. laganna bætist: Leigi skattaðili eigið íbúðarhúsnæði út og taki á leigu íbúðarhúsnæði í öðru byggðarlagi til eigin nota telst aðeins mismunur leigutekna og leigugjalda til tekna. Óheimilt er að flytja tap, sem þannig myndast, milli ára.

2. gr.

Við 1. mgr. 106. gr. bætist: Komi í ljós við framtalsskil að skattaðili hefur greitt staðgreiðslu af tekjum sínum er skattstjóra þó óheimilt að beita álagi á þann hluta tekjuskattsstofns sem greitt hefur verið af.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta fjallar um tvö óskyld atriði tekjuskattslaga. Hið fyrra er flutt til að auðvelda fólki, sem áhuga hefur á, að flytjast í annan landshluta um óákveðinn tíma án þess að hafa tekið ákvörðun um að flytja aðsetur sitt endanlega og selja íbúðarhúsnæði sitt. Samkvæmt lögunum eru leigutekjur skattskyldar án tillits til þess hvort viðkomandi greiðir leigugjöld. Ótal dæmi eru um að ungt fólk af Reykjavíkursvæðinu, sem hefur viljað reyna fyrir sér á landsbyggðinni, hefur hætt við þegar það hefur áttað sig á þessum einkennilegu reglum skattalaga.

Þá er í 2. gr. lagt til að breyta ákvæðum 1. mgr. 106. gr. vegna þess óréttlætis sem viðgengst samkvæmt núgildandi skattalögum í þeim tilfellum þegar hjón telja fram sameiginlega og annar aðilinn er með einhvers konar rekstur á sínum vegum en makinn starfar hjá opinberum aðilum. Telji hjónin ekki fram til skatts innan tilskilins frests má skattstjóri bæta 25% álagi við þá skattstofna sem hann áætlar þrátt fyrir það að annar aðilinn sé í skilum samkvæmt staðgreiðsluskatti. Eðlilegt hlýtur að vera að álagi í slíkum tilfellum sé einungis beitt gagnvart þeim aðila sem ekki er í skilum.

Ed. 585. Nefndarálit [236. mál]

um frv. til l. um Héraðsskóga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Helga Gíslason, verkefnisstjóra Héraðsskóga, Hauk Halldórsson og Hákon Sigurgrímsson frá Stéttarsambandi bænda. Nefndin studdist við umsagnir frá 112. þingi, en þá var frumvarpið fyrst lagt fram, að mestu leyti í sömu mynd og það er nú. Umsagnir bárust þá frá Skipulagi ríkisins, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Náttúruverndarráði, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Stéttarsambandi bænda, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Búnaðarsambandi Austurlands, Félagi skógarbænda á Héraði og Búnaðarfélagi Íslands. Á þessu þingi hafa umsagnir borist frá Félagi skógarbænda á Héraði, Skógræktarfélagi Austurlands og Helga Gíslasyni verkefnisstjóra.

Er frumvarpið var lagt fram á síðasta þingi gerði 4. gr. þess ráð fyrir að ríkið greiddi 100% samþykkts kostnaðar við skógrækt á jörðum í ábúð og 80% á eyðijörðum. Í 4. gr. þess frumvarps sem nú liggur fyrir eru þessi hlutföll lækkuð niður í 90% fyrir jarðir í ábúð en 70% fyrir eyðijarðir. Þessari skerðingu hafa skógarbændur á Héraði mótmælt og telja hana verða til þess að einungis 20% þeirra bænda sem upphaflega ætluðu að taka þátt í verkefninu Héraðsskógar muni halda áfram vinnu við það. Nefndin tekur undir sjónarmið skógarbænda, en til að fara bil beggja er lagt til að skipting kostnaðar verði í hlutföllunum 97% fyrir jarðir í ábúð og 75% fyrir eyðijarðir.

Þá leggur nefndin til þá breytingu á 5. gr. frumvarpsins að í stað þess að 15% af tekjuafgangi skóganna fari til ríkissjóðs verði miðað við 30%.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með áðurgreindum breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 5. febr. 1991.

Skúli Alexandersson, form., frsm.	Egill Jónsson, fundaskr.	Jón Helgason.
Valgerður Sverrisdóttir.	Karvel Pálmason.	Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 586. Breytingartillögur [236. mál]

við frv. til l. um Héraðsskóga.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. 3. málsl. 4. gr. orðist svo: Enn fremur 97% samþykkts kostnaðar við skógrækt á jörðum í ábúð og 75% á eyðijörðum.
2. Í stað tölunnar „15%“ í síðasta málslið fyrri málsgreinar 5. gr. komi: 30%.

Sþ. 587. Nefndarálit [22. mál]

um till. til þál. um skrifstofur heilbrigðismála í kjördæmum landsins.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna sem felur í sér að ríkisstjórninni verði falið að undirbúa að komið verði á fót í kjördæmum landsins á næstu fjórum árum skrifstofum heilbrigðismála sem sinni m.a. verkefnum fyrir héraðslækna, heilbrigðismálaráð og Tryggingastofnun, svo og fjárhagslegri og faglegri áætlanagerð og eftirliti með heilbrigðisþjónustu á svæðinu.

Nefndin fékk umsagnir um tillöguna frá eftirtöldum aðilum: Félagi íslenskra sjúkraþjálfa, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, landlæknisembættinu, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Vestfjarðadeild Hjúkrunarfélags Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, héraðslækni Norðurlands eystra, Heilbrigðisfulltrúafélagi Íslands, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Læknafélagi Íslands, Félagi forstöðumanna sjúkrahúsa á Íslandi, Ljósmæðrafélagi Íslands, héraðslækni Vesturlands, Hjúkrunarfélagi Íslands, Félagi háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga, Matvæla- og næringarfræðingafélagi Íslands, Félagi þroskaþjálfa, héraðslækni Austurlands, stjórn Austurlandsdeildar Hjúkrunarfélags Íslands, Lyfjafræðingafélagi Íslands, Meinatæknafélagi Íslands, Iðjuþjálfafélagi Íslands, Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Sjúkraliðafélagi Íslands, héraðslækni Norðurlands vestra, Röntgentæknafélagi Íslands, Fjórðungssambandi Norðurlands, héraðslækni Reykjaneshéraðs og borgarlækni.

Í umsögnunum kemur fram yfirgnæfandi stuðningur við tillöguna. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Birgir Ísl. Gunnarsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 31. jan. 1991.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir, fundaskr.	Alexander Stefánsson.
Kristinn Pétursson.	Ásgeir Hannes Eiríksson.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Ed. 588. Frumvarp til laga [236. mál]

um Héraðsskóga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 6. febr.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að ræktun nytjaskóga á Fljótsdalshéraði og umhirðu þess skóglendis sem þar er fyrir og treysta með því byggð og efla atvinnulíf á Héraði.

Héraðsskógar merkja í lögum þessum sjálfstætt skógræktarverkefni um ræktun nytjaskóga á jörðum á Fljótsdalshéraði samkvæmt sérstakri áætlun.

2. gr.

Kostnaður við starfsemi Héraðsskóga greiðist úr ríkissjóði með sérstakri fjárveitingu sem færð er undir landbúnaðarráðuneytið.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna stjórn Héraðsskóga til tveggja ára í senn. Skal einn stjórnarmanna tilnefndur af Félagi skógarbænda á Fljótsdalshéraði, annar af Skógrækt ríkisins og sá þriðji skipaður án tilnefningar. Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn Héraðsskóga og samþykkir starfs- og fjárhagsáætlanir verkefnisins. Hún ræður framkvæmdastjóra og setur honum erindisbréf.

3. gr.

Gera skal sérstaka áætlun, Héraðsskógaáætlun, um nýtingu þess lands á Fljótsdalshéraði sem er vel fallið til skógræktar. Áætlunin skal ná yfir 40 ár, skipt í 10 ára tímabil, og taka til allt að 15.000 ha lands.

Gera skal samninga, sem landbúnaðarráðherra staðfestir, við alla þátttakendur í Héraðsskógum. Samningarnir skulu taka til afmörkunar lands sem tekið er undir ræktun í hverju tilviki, kveða á um kostnaðarþátttöku ríkisins, hlutdeild ríkissjóðs í væntanlegum afrakstri skógræktarinnar og annað sem þurfa þykir.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir kostnað við Héraðsskóga sem hér segir: Undirbúnings- og rekstrarkostnað verkefnisins, laun stjórnar og fastra starfsmanna. Enn fremur 97% samþykkts kostnaðar við skógrækt á jörðum í ábúð og 75% á eyðijörðum. Landbúnaðarráðuneytið samþykkir skógræktarkostnað að fengnum tillögum Skógræktar ríkisins.

5. gr.

Af heildarframleiðsluverðmæti trjáviðar úr skógunum skulu allt að 5% lögð á endurnýjunarreikning í vörslu Héraðsskóga. Þeim fjármunum skal innan fimm ára frá skógarhöggi varið til endurnýjunar skóglendis á viðkomandi jörð. Þetta gjald skal nánar ákveðið í reglugerð með hliðsjón af kostnaði við endurnýjun skóglendis á hverjum tíma. Af hreinum hagnaði skulu 30% greidd í ríkissjóð og skal því fé varið til ræktunar nýrra skóga.

Undanþegin ákvæðum 1. mgr. er fyrsta grisjun, enda sé hún skóginum nauðsynleg að mati Skógræktar ríkisins og verði hagnaður af fyrstu grisjun skal hann renna óskiptur á endurnýjunarreikning jarðarinnar.

6. gr.

Ábúendur jarða, sem teknar eru til skógræktar samkvæmt samningi við Héraðsskóga, skulu hafa forgang að vinnu á vegum verkefnisins á þeim jörðum er þeir sitja. Forgang að annarri vinnu á vegum Héraðsskóga skulu þeir bændur hafa sem láta af sauðfjárrækt samhliða aðild sinni að Héraðsskógum. Að þeim frágengnum hafa aðrir bændur, sem aðild eiga að Héraðsskógum, forgang að vinnu við verkefnið.

Þá skulu ábúendur jarða, sem aðild eiga að Héraðsskógum, eftir því sem við verður komið, hafa forgang að vinnu sem tengist skógræktinni, svo sem ýmiss konar þjónustustörfum eða úrvinnslu úr afurðum skóganna.

Þá skulu þær jarðir, þar sem sauðfjárbúskapur dregst verulega saman eða er lagður niður, hafa forgang að verkefninu umfram aðrar jarðir.

Ef gerðir eru samningar milli ríkisvaldsins og sauðfjárbænda, sem aðild eiga að verkefninu, um að láta af sauðfjárrækt eða draga hana verulega saman til lengri tíma skulu slíkir bændur og jarðir þeirra hafa forgang að vinnu og þátttöku í verkefninu.

7. gr.

Stjórn Héraðsskóga eða framkvæmdastjóri í umboði hennar annast daglegan rekstur. Skógrækt ríkisins veitir Héraðsskógum aðstoð og faglegar leiðbeiningar samkvæmt samstarfssamningi er aðilar gera þar um.

8. gr.

Ársskýrsla og ársreikningar Héraðsskóga skulu samþykkt af stjórn og staðfest af landbúnaðarráðherra. Þar komi m.a. fram staða framkvæmda á hverjum tíma og yfirlit yfir ráðstöfun fjármuna.

Reikninga Héraðsskóga skal birta í *Stjórnartíðindum*, endurskoðaða af Ríkisendurskoðun.

9. gr.

Að öðru leyti en greinir í lögum þessum fer um ræktun og meðferð Héraðsskóga eftir ákvæðum skógræktarlaga, nr. 3/1955, eftir því sem við á.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði er nauðsynleg þykja um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 589. Fyrirspurn [333. mál]

til félagsmálaráðherra um úrbætur í félagslegum réttindum heimavinnandi fólks.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hvað líður framkvæmd tillagna um úrbætur í málefnum heimavinnandi fólks sem starfshópur á vegum félagsmálaráðuneytisins skilaði 31. október 1989?

Greinargerð.

Meginþættir þeirra tillagna, sem hér er spurt um og kynntir voru í fréttatilkynningu félagsmálaráðuneytisins 17. nóvember 1989, vörðuðu lífeyrismál, tryggingamál, skattamál og mat á heimilisstörfum til starfsreynslu og voru helstu tillögur eftirfarandi:

1. Sá hluti draga að frumvarpi til laga um lífeyrissjóði, sem fjallar um skiptingu lífeyrisréttinda milli hjóna, yrði þegar lagður fyrir Alþingi og lögfestur og að lífeyris-

réttindum hjóna væri skipt upp þegar í lok hvers árs.
2. Hjón njóti sama réttar og tveir einstaklingar gagnvart grunnlífeyri og tekjutryggingu.
3. Réttur heimavinnandi fólks til slysatrygginga og sjúkratrygginga verði bættur og réttur til bóta vegna slysa við heimilisstörf verði gerður almennur réttur, án tillits til iðgjaldsgreiðslu.
4. Millifærsla ónýtts persónuafsláttar milli hjóna með börn undir 2–3 ára eða að 7 ára aldri verði 100% og einnig að færa megi að öllu leyti ónýttan persónuafslátt til maka ef heimavinnandi annast sjúka eða aldraða á heimili sínu.
5. Ríkisvaldið beiti sér fyrir því að samtök á vinnumarkaði gefi lífaldri aukið vægi við starfsaldursmat.

Skriflegt svar óskast.

Nd. 590. Nefndarálit [208. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur einróma til að það verði samþykkt.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. febr. 1991.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Ólafur G. Einarsson, fundaskr.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Friðjón Þórðarson.	Ingi Björn Albertsson.	Guðni Ágústsson.

Sþ. 591. Skýrsla [334. mál]

menntamálaráðherra um vísinda- og tæknistefnu.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

Inngangur.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 15. ágúst 1989 var að tillögu menntamálaráðherra gerð svofelld samþykkt:

„Ríkisstjórnin samþykkir að fela menntamálaráðherra að hefja undirbúning að tillög-

um um vísinda- og tæknistefnu á Íslandi. Verði samstarfsnefnd Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins falið að gera tillögur um stefnumótunina."

Í framhaldi af þessari samþykkt fól menntamálaráðuneytið samstarfsnefnd Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins að hlutast til um undirbúning tillagna um vísinda- og tæknistefnu. Samstarfsnefndin lagði með bréfi 20. september 1990 fram tillögur sínar í formi draga að yfirlýsingu ríkisstjórnar um vísinda- og tæknistefnu, ásamt greinargerð. Um undirbúning tillagnanna höfðu á vinnslustigi verið höfð samráð við stjórn Vísindaráðs og við Rannsóknaráð ríkisins. Eftir nánari umfjöllun í deildum Vísindaráðs óskaði samstarfsnefndin eftir að gera fáeinar breytingar, aðallega á greinargerðinni, og var álitsgerð nefndarinnar, þannig breytt, lögð fram 2. nóvember 1990.

Álitsgerð samstarfsnefndar var lögð fyrir ríkisstjórnina á fundi hennar 6. nóvember 1990. Ríkisstjórnin féllst á tillöguna að stefnuyfirlýsingu í meginatriðum. Var ákveðið að kynna yfirlýsinguna og greinargerðina er henni fylgir á ársfundi Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins 30. nóvember 1990 og undirbúa síðan skýrslu til Alþingis um stefnumörkunina.

YFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNAR UM VÍSINDA- OG TÆKNISTEFNU

Ríkisstjórnin markar svofellda stefnu um hlutverk vísinda og tækni í íslensku þjóðlífi og meðferð vísinda- og tæknimálefna á vettvangi ríkisstjórnarinnar:

Forsendur.

Framfarir í vísindum og tækni eru nú örari en nokkru sinni og stöðugt bætist við þekking á innri og ytri gerð efnisheims og lífheims, svo og þekking á manninum sjálfum, menningu hans og þjóðfélagi.

Vísindi og tækni eru meðal helstu hornsteina nútíma þjóðfélags og ný þekking er einn aðalaflvaki framfara. Vísindaleg og tæknileg þekking er forsenda farsælla ákvarðana og skilnings á æ fleiri sviðum þjóðlífsins, í hagrænum, félagslegum og menningarlegum efnum. Iðkun vísinda á sem flestum fræðasviðum er skilyrði þess að sjálfstætt menningarsamfélag fái staðist og eflst á Íslandi.

Stór hluti hverrar upprennandi kynslóðar á Íslandi nýtur nú háskólamenntunar og þeim Íslendingum fjölgar ört sem fengið hafa vísindalega sérþjálfun á ýmsum sviðum. Í þessu felst auðlind sem þarf að virkja í þágu þjóðarhags og menningar. Tryggja verður að þetta fólk fái verkefni við hæfi og þurfi ekki að hverfa til annarra landa.

Vísindi og tækni dafna þá best og nýtast til framfara að unnið sé að þeim í nánum tengslum við líf og starf þjóðarinnar. Einnig þurfa þau bæði frelsi og aðhlynningu til að vera frjó og skapandi, en jafnframt aðhald og gagnrýni. Þannig geta þau bæði leyst vandamál líðandi stundar og veitt leiðsögn til framtíðar.

Íslendingar hafa löngum varið hlutfallslega minna fé og mannafla til vísindalegra og tæknilegra rannsókna en aðrar þjóðir sem búa við svipuð lífskjör. Flest bendir til að nú sé brýnt að efla vísinda- og tæknirannsóknir og auka þróunarstarf til að tryggja áfram góð lífskjör hér á landi í vaxandi samkeppni milli þjóða og heimshluta á sviði viðskipta, tækni og menningar.

Stefna.

Ríkisstjórnin vill stuðla að því að þjóðfélagsþróun á Íslandi byggist á vísindalegri þekkingu og tækni í stað of einhliða sóknar í auðlindir lands og sjávar. Því vill hún stefna að því að auka veg vísinda og tækni í þjóðarbúskapnum með því að stærri hlut þjóðartekna verði varið til þeirra en áður. Ríkisstjórnin vill efna til samvinnu við atvinnulífið í landinu um að auka raungildi fjárframlaga til rannsóknastarfsemi um 10% á ári næsta áratuginn. Þannig er stefnt að því að hlutfall þjóðartekna, sem varið er til rannsóknastarfsemi hér á landi, nálgist það sem nú er annars staðar á Norðurlöndum. Þetta verði gert annars vegar með því að auka opinber framlög til verkefnabundinna rannsókna á sviði grundvallarvísinda og hagnýtra rannsókna, og hins vegar með því að bæta almenn skilyrði fyrirtækja og einstaklinga til að stunda rannsóknir og nýsköpun.

Með auknum hlut vísinda- og tæknirannsókna í þjóðarbúskapnum verði leitað leiða til að tengja þessa starfsemi enn betur við breytilegar þarfir þjóðlífsins. Starfsemi á einstökum sviðum vísinda taki mið af aðsteðjandi vandamálum sem og framtíðarhorfum á þeim þjóðlífssviðum sem best geta nýtt sér þá vísindalegu þekkingu sem leitað er að. Jafnframt verði ávallt svigrúm til óheftrar leitar að þekkingu þar sem aðeins er spurt um fræðilegt gildi verkefnis og hæfni vísindamanns.

Opinberar vísinda- og tæknistofnanir heyra undir mismunandi ráðuneyti og hlutverk þeirra endurspegla verkaskiptingu þjóðfélagsins. Vísindaleg þekking verður hins vegar til og nýtist þvert á þá skiptingu. Lögð verður áhersla á samstarf milli stofnana, einstaklinga og fyrirtækja til að nýta sem best þekkingu sem til er í landinu og dreifa ekki kröftunum um of. Einstökum ráðuneytum og stofnunum þeirra er ætlað að taka mið af þeirri stefnu.

Unnið verði markvisst að því að auka skilning þjóðarinnar á mikilvægi vísinda og tækni. Efld verði kennsla á þeim sviðum í grunnskólum og framhaldsskólum og tengsl skólanna við vísindastarf í landinu aukin. Menntun til vísindastarfa verði efld m.a. með skipulegri uppbyggingu framhaldsnáms við Háskóla Íslands og aðrar æðri menntastofnanir landsins. Endurskoðuð verði tilhögun opinberrar fjárhagsaðstoðar við námsmenn á síðari stigum framhaldsnáms og við unga vísindamenn að framhaldsnámi loknu.

Búið verði í haginn fyrir virka þátttöku Íslendinga í fjölþjóðlegu vísinda- og tæknisamstarfi, reista á skipulegu mati á forgangsverkefnum.

Vísindaráði og Rannsóknaráði ríkisins er falið

— að gera nýja úttekt á stöðu rannsóknamála í landinu og að fylgjast af árvekni með þörfinni fyrir rannsóknir og vísindalega eða tæknilega sérþjálfun Íslendinga á nýjum sviðum og miðlun niðurstaðna úr innlendum og erlendum rannsóknum,
— að gera tillögur um ráðstöfun á auknum framlögum til vísindalegra og tæknilegra rannsókna, m.a. með langtímaáætlun fyrir einstök svið, svo og árleg framlög, þar á meðal um forgangsröðun viðfangsefna,
— að gera tillögur um leiðir til að auka hlut atvinnulífsins og annarra aðila utan ríkiskerfisins í fjármögnun og framkvæmd rannsókna og hvetja til nýsköpunar í atvinnulífi landsmanna,
— að fylgjast með nýtingu fjármagns og starfskrafta til rannsókna og gera tillögur um endurbætur á aðstöðu, skipulagi eða framkvæmd rannsóknastarfa eftir þörfum.

Í því skyni að samræma framkvæmd vísinda- og tæknistefnu við aðra þætti þjóðmála er gert ráð fyrir að forsætisráðherra efni tvisvar á ári til fundar fulltrúa Rannsóknaráðs ríkisins og Vísindaráðs með ráðherrum menntamála, iðnaðar, sjávarútvegs, landbúnað-

ar, heilbrigðismála, umhverfismála, samgöngumála og fjármála. Gert verði ráð fyrir því að fulltrúum allra þingflokka verði boðið að sitja þessa fundi. Á öðrum fundinum skulu fulltrúar ráðanna gera grein fyrir framvindu og meginviðhorfum í vísinda- og tæknirannsóknum og á hinum fundinum leggja fram tillögur um fjárveitingar til rannsókna á næstu árum. Fulltrúum atvinnulífs, Háskóla Íslands og annarra vísindastofnana skal boðið á þessa fundi eftir því sem málefni segja til um. Dagskrá og tilhögun hvers fundar skal undirbúin af samstarfsnefnd Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins í samvinnu við forsætisráðuneytið og menntamálaráðuneytið.

Greinargerð.

1. FORSENDUR OG TILGANGUR VÍSINDA- OG TÆKNISTEFNU

1.1 Þörfin á stefnumörkun um vísinda- og tæknimál.

Flest iðnríki hafa á seinni árum farið að líta á vísindi og tækni sem mikilvægt svið þjóðmálaumræðu og stefnumörkunar. Ástæður þess eru einkum eftirfarandi:

1. Vísindi og tækni eru meðal hornsteina vestrænnar menningar og eiga verulegan þátt í að móta hugarheim og starfsaðferðir fólks á flestum sviðum hins iðnvædda þjóðfélags. Góð almenn þekking byggð á vísindum og tækni samtímans er forsenda þess að unnt sé að starfrækja öflugt, sjálfstætt menningarsamfélag við núverandi skilyrði, og sá grundvöllur, sem hagrænar og félagslegar framfarir byggjast á.
2. Iðnvæddar þjóðir nota nú orðið vísinda- og tækniþekkingu meðvitað til að skapa sér betri stöðu í samkeppni um markaði í viðleitni sinni til að tryggja þegnum sínum batnandi lífskjör. Öflugar eigin rannsóknir eru forsenda þess að þjóðir geti tekið við nýrri þekkingu og aðhæft hana sínum eigin raunveruleika og viðfangsefnum.
3. Gæta þarf að afleiðingum þeirra breytinga, sem ný tækni hrindir af stað, fyrir umhverfi og félagslega aðstöðu fólks og beina afli þeirra á farsælar brautir. Skilningur á náttúrunni og þeim breytingum, sem í henni verða, svo og skilningur á manninum sjálfum og þjóðfélagsþróuninni er viðfangsefni vísinda í víðustu merkingu þess orðs. Vísindaleg og gagnrýnin viðhorf til tækninnar auka líkur á að henni sé beitt farsællega til að efla þjóðarhag. Án slíkrar gagnrýni gæti altæk tæknileg hugsun leitt til draumhyggju um tæknilega lausn allra vandamála. Stöðug gagnrýni á heimsmynd mannsins er eitt af mikilvægustu hlutverkum vísinda.
4. Öflun vísinda- og tækniþekkingar er dýr og á sér langan aðdraganda í heimi þar sem tækniframfarir eru jafnframt örar. Engin þjóð er sjálfri sér nóg lengur í þeim efnum. Miklu varðar því hvernig varið er takmörkuðu fé og mannafla þannig að sem mestur árangur náist. Kostnaður við þessa starfsemi fer jafnframt vaxandi eftir því sem tækni fleygir fram. Af því leiðir að taka þarf mikilvægar ákvarðanir um markmið, skipulag, fjármögnun, verkefnaval og um samræmingu starfa og samvinnu heima fyrir og erlendis.

Augljóst er að þeir sem að vísindum og tækni starfa hljóta að leggja mest af mörkum til mótunar stefnu á því sviði. Án starfs þeirra yrði stefnan án innihalds. Á hinn bóginn verður stefnan þó aldrei mörkuð nema með virkri þátttöku stjórnvalda og á grundvelli almennrar þjóðfélagsumræðu. Með sívaxandi sérhæfingu, sem fylgir framþróun þekkingarinnar, eykst hættan á einangrun fræðigreina og vísindamanna innbyrðis á kostnað heildarsýnar og frjóvgandi skoðanaskipta. Það hlýtur að vera fyrsta forsenda íslenskrar vísinda- og tæknistefnu að menn líti á starfsemi vísinda- og tæknimanna, hversu ólík

sem viðfangsefni þeirra eru, sem hluta af sameiginlegri sókn þjóðarinnar til menningarlegra og efnahagslegra framfara. Þannig yrkja allir vísindamenn sömu jörð og lúta sömu kröfum um grundvallaraðferðir í þekkingarleit sinni.

Margt getur verið fólgið í hugtakinu vísinda- og tæknistefna. Það getur átt við markmið og aðgerðir stjórnvalda varðandi skipulag vísinda- og tæknistarfsemi í landinu, uppbyggingu stofnana, fjárframlög til rannsókna og skiptingu fjármuna, samskipti rannsóknastofnana og atvinnulífs og almenn efnahagsleg skilyrði til nýsköpunar, miðlun tækniþekkingar, þjálfun og menntun vísindamanna og svo mætti lengi telja.

Að hve miklu leyti á að marka vísinda- og tæknistarfseminni ákveðinn farveg með því t.d. að gefa tilteknum rannsóknum forgang að fjármagni eða setja heildarmarkmið um rannsóknarverkefni er hins vegar umdeilanlegt. Í þessu efni ríkja nokkuð mismunandi viðhorf í hagnýtum rannsóknum annars vegar og grunnrannsóknum hins vegar.

Á sviði hagnýtra rannsókna, þar sem tilgangurinn er öðru fremur að stuðla að atvinnuuppbyggingu í landinu, leita nýrra tækifæra til að nýta auðlindir landsins og fylgjast með í tækniþróun nútímans á þeim sviðum, sem miklu máli skipta fyrir samkeppnisaðstöðu Íslendinga, er eðlilegt að menn reyni að setja rannsóknastarfseminni vel skilgreind markmið. Þannig hefur Rannsóknaráð ríkisins leitast við að verja fjármagni Rannsóknasjóðs í samræmi við almenna stefnumörkun um forgangsröð rannsóknarverkefna á hverjum tíma. Í því efni veldur miklu hvaða möguleikar eru á að hagnýta niðurstöður rannsóknanna í íslenskum atvinnuvegum.

Slík forgangsröðun má þó ekki ganga svo langt að ekki verði nauðsynlegt svigrúm fyrir frumkvæði og frumleika þeirra sem að rannsóknum starfa. Þetta á við um alla vísindastarfsemi og er meginatriði í hvers konar grunnrannsóknum. Í þeim er mikilvægt að virða frjálsræði vísindamannsins til að velja þau rannsóknarverkefni, sem hann telur áhugaverðust og líklegust til að skila markverðum árangri. Gæði vísindastarfseminnar sjálfrar á alþjóðlegan mælikvarða hljóta ætíð að vera eitt af því sem taka verður mest tillit til varðandi opinberan stuðning og starfsaðstöðu. Engu að síður er varla hægt að ganga fram hjá því að sum rannsóknasvið liggja ýmist betur fyrir Íslendingum en önnur vegna staðsetningar þeirra í heiminum eða varða menningu þeirra og efnahag meira en önnur. Augljóst dæmi um þetta eru rannsóknir á íslenskri jarðfræði sem bæði hafa margvíslegt gildi, t.d. í orkumálum og mannvirkjagerð, en gefa Íslendingum um leið tækifæri til mikilvægs framlags til alþjóðlegrar vísindastarfsemi á þessu sviði. Svipuðu máli gegnir um rannsóknir á hafinu og lífríki þess þar sem íslenskir vísindamenn eiga mikið samstarf við aðrar þjóðir. Sama á einnig við um íslenskt samfélag og hagkerfi, sem er sérstætt og á sér ekki nákvæma hliðstæðu annars staðar, og hins vegar íslenska miðaldamenningu og bókmenntir til forna, ásamt rannsóknum málvísinda á íslenskri tungu. Þetta eru dæmi um rannsóknir á sviði mannlegra fræða og félagsvísinda sem Íslendingum ber sérstök skylda til að stunda, bæði vegna sjálfra sín og vegna þess skerfs sem þeir vilja leggja til heimsmenningarinnar. En auk þess að beina sjónum að rannsóknasviðum, sem eru áhugaverð fyrir Íslendinga vegna stöðu þeirra í heiminum, getur einnig verið mikilvægt að tryggja að ekki verði útundan hér á landi rannsóknasvið, sem miklu skipta til að Íslendingar geti fylgst nægilega vel með heildarþróun vísinda, bæði vegna almenns menningargildis og vegna hugsanlegra tengsla við rannsóknir í öðrum greinum.

Mikilvægt svið er varðar Íslendinga sérstaklega og hefur um langan aldur verið stundað hér eru rannsóknir á heilbrigði þjóðarinnar og heilsufari. Frumkvæði Íslendinga sjálfra er skilyrði og forsenda þess að lögð sé rækt við þessa þætti. Rannsóknir í læknavísind-

um og líffræði hafa ótvírætt gildi fyrir heilbrigði landsmanna í þröngri sem víðtækri merkingu. Áhrifa vísindarannsókna á þessum sviðum gætir að auki í manneldis-, félags- og náttúrufræði. Rannsóknir í líf- og læknisfræði hérlendis hafa af gamalli hefð tengsl við erlenda vísindastarfsemi og þessar greinar hafa lagt til nýja þekkingu bæði á sviði hagnýtra og grundvallarrannsókna. Farsæl tilvera þjóðarinnar byggir að sjálfsögðu á framhaldi slíkrar vísinda- og rannsóknastarfsemi.

Menning okkar, saga og þjóðfélag hafa sjálfstætt gildi fyrir okkur Íslendinga, jafnvel óháð því, hvort aðrar þjóðir láta sig þessa hluti nokkru skipta. En þótt það sé þannig sjálfgefið að rannsóknir á íslenskri tungu, bókmenntum og þjóðfélagsþróun séu viðfangsefni, sem eigi skilið tiltekinn forgang í íslenskri rannsóknastarfsemi, verður um leið að gæta tengsla þeirra við hliðstæðar rannsóknir meðal annarra þjóða. Sem betur fer hafa tengsl vísindastofnana í þessum greinum hér á landi og erlendis farið vaxandi á undanförnum árum og er nauðsynlegt að sú þróun geti haldið áfram.

1.2 Menningarlegt gildi vísinda.

Vísindi eru gagnrýnar rannsóknir, byggðar á víðtækri þekkingu og djúptækum skilningi á fyrirbærinu sem rannsakað er. Aðferðafræði vísinda mótast af röklegri og gagnrýninni hugsun. Þau leitast við að öðlast skilning á eðli mannsins, þjóðfélagsins og náttúrunnar, sem er umhverfi mannsins og hann er jafnframt hluti af. Tæknin er tæki til þess að ná valdi á náttúruöflunum og til þess að leysa vandamál og þróa afurðir, vörur og þjónustu sem uppfylla mannlegar þarfir. Vísindaleg aðferð og þekking er undirstaða tækninnar.

En framsækni þjóðfélaga á sviði iðnaðar og efnahagslífs er ekki eingöngu komin undir vísinda- og tækniþekkingu. Byltingarkenndar framfarir á efnahagssviðinu hjá þjóðum, sem þurftu að reisa atvinnulíf sitt úr rústum eftir síðari heimsstyrjöldina, eiga rætur í huglægum menningarviðhorfum með áherslu á vinnusemi og hagsýni, menntun einstaklinganna og vilja þjóðar til þess að keppa sameiginlega að settu marki. Enda er mannauður helsta auðlind hvers iðnaðarþjóðfélags. Þess vegna er efling siðrænna þátta þjóðmenningar frumskilyrði þess að þjóð geti keppt að því marki sem verkmenning hennar setur henni.

Á það ber að minna að sjálfstæðisbarátta Íslendinga var háð á sviði fræða og þjóðmenningar. Jón Sigurðsson tók sagnfræðina og menningarsöguna í þjónustu sjálfstæðisbaráttunnar. Og allt frá því á 18. öld börðust þjóðarleiðtogar og andans menn, skáld, náttúrufræðingar og embættismenn jafnt sem bændur við að vekja þjóðina til dáða með samþættingu verkmenningar og þjóðmenningar. Þannig eru og vísindi í öllum greinum sínum enn sem fyrr frumskilyrði þess að íslenska þjóðin geti haslað sér völl meðal þjóða heims sjálfri sér til farsældar.

Örlög tungumála og sérkenna þjóðmenningar eru áhyggjuefni í sumum löndum meginlands Evrópu sem eru margfalt mannfleiri en Ísland og ætti okkur því að vera umhugsunarefni hvernig íslenskri sjálfsvitund kann að reiða af í nýrri Evrópu. Án eflingar íslenskra náttúrufræða jafnt sem þjóðlegra og alþjóðlegra mannvísinda um samfélag, bókmenntir, sögu og tungu landsmanna gæti illa farið fyrir Íslendingum í straumiðu þjóðahafsins. En jafnframt höfum við skyldur að rækja um iðkun þeirra fræða sem varpa ljósi á íslenska menningu sem einn þáttinn í vef evrópskrar og alþjóðlegrar menningar.

1.3 Vísinda- og tæknistefna á Íslandi.

Hér á landi hefur heilleg vísinda- og tæknistefna ekki verið mótuð. Þó hafa ýmsar niðurstöður vísindarannsókna, t.d. í hafrannsóknum og í orkurannsóknum, haft djúpstæð áhrif á þróun íslensks samfélags og stjórnvaldsákvarðanir síðustu áratugina og óþarft er að minna á að rannsóknir á tungu og menningarverðmætum Íslendinga hafa lengi skipað háan sess í hug þjóðarinnar.

Ástæður þess að almenn stefnumótun varðandi vísindi og tækni hefur setið á hakanum eru sjálfsagt margar. Ein er sú að hagvöxtur hefur byggst á því að nýta nærtækustu kosti náttúruauðlinda í sjó og á landi, og hægt hefur verið að ganga tiltölulega beint að því og styðja það sértækum rannsóknum. Jafnframt hefur efnahagskerfi landsmanna verið mjög einhæft og háð sveiflum og örri verðbólgu sem dregið hefur úr vilja og getu atvinnulífs og stjórnvalda til að hafa langtímamarkmið í fyrirrúmi. Það er hins vegar forsenda þess að rannsóknir og þróunarstarf verði markvisst og skili árangri. Þá er þess ekki síst að gæta að vegna smæðar sinnar og lítils bolmagns hafa atvinnufyrirtæki á Íslandi almennt ekki haft getu til að stunda eigin rannsóknir. Þau hafa því haft lítil skilyrði til að taka á móti nýrri þekkingu nema hún hafi komið tilbúin og innbyggð í tæki og búnað þegar fjárfest var.

Af þessu öllu leiðir að forsvarsmenn atvinnulífs, launþegar og stjórnmálamenn hafa naumast litið á almenna þróun vísinda- og tæknirannsókna sem forsendu framfara í landinu og þar með mikilvægt viðfangsefni í þjóðfélagsumræðu þrátt fyrir ótvírætt framlag rannsóknastarfseminnar til atvinnulífsins. Rannsóknakerfið og stofnanir þess hafa því að miklu leyti fengið að þróast og starfa eftir eigin forsendum, eftir því sem takmarkaðar fjárveitingar leyfðu. Ástæða er því til að velta fyrir sér hvað knýi á um sérstaka stefnumótun nú.

Því er fyrst til að dreifa að skilyrði til framþróunar hér á landi eru óðum að breytast. Ísland hefur dregist inn í hringiðu alþjóðlegra viðskipta og verkaskiptingar. Ný tækni á sviði fjarskipta, fjölmiðlunar og samgangna hefur í reynd dregið úr annmörkum landfræðilegrar einangrunar. Samhliða þessu hafa viðhorf fólks breyst þannig að sóst er eftir auknum samskiptum milli þjóða í viðskiptum, svo og menningu og félagslegum efnum. Aukinni samkeppni milli fyrirtækja og þjóða fylgir einnig aukin samvinna, m.a. um rannsóknir og þróunarstarfsemi.

Í ört vaxandi mæli byggist mat manna á gæðum og gagnsemi vöru á vísindalega og tæknilega grundvölluðum yfirburðum hennar. Fyrirtæki um allan heim keppast nú um að ná slíkum yfirburðum á markaði og halda þeim, m.a. í gegnum samstarf við önnur fyrirtæki með samstæða þekkingu, er samanlagt skapi báðum forskot á markaði. Þannig eru að verða til net samvinnu milli fyrirtækja um allan heim. Það gefur auga leið að enginn verður marktækur í slíku samstarfi sem ekkert hefur að leggja fram sem öðrum þykir eftirsóknarvert.

Í tíð núlifandi kynslóða hafa landsmenn notið lífskjara á borð við þau bestu sem gerast meðal þjóða og þeir telja sig standa öðrum þjóðum fyllilega á sporði í menningarlegum efnum. Ólíklegt er að Íslendingar vilji slaka á í þessum efnum og samanburður við aðrar þjóðir er nærtækur á öld ferðamennsku og fjölmiðlunar. Velmegun Íslendinga er, þegar grannt er skoðað, að verulegu leyti byggð á vísindalega og tæknilega grundvallaðri nýtingu auðlinda, sjávar, gróðurlendis, fallvatna og jarðhita. Á Íslandi er tæknisamfélag á töluvert háu stigi þótt landsmenn hafi ekki sjálfir fundið þá tækni upp, heldur að

mestu tileinkað sér hana frá öðrum. Rannsóknir hafa þó verið mjög mikilvægur þáttur í aðlögun tækninnar að hérlendum aðstæðum.

Sjávarauðlindir hafa um skeið verið fullnýttar og sumar jafnvel ofnýttar að því er aflamagn varðar og sama gildir um gróðurlendið, miðað við núverandi nýtingarhætti. Enn er mikið rannsóknastarf óunnið á þessum sviðum til að treysta grundvöll stjórnunar á nýtingu þessara auðlinda, ekki síst á hagrænum og félagslegum forsendum hennar.

Hagstæðustu kostir jarðhitans hafa einnig verið nýttir miðað við núverandi innlendan markað. Vatnsaflið er nú helsta vannýtta auðlind landsins, en frekari nýting umfram almennar þarfir er að miklu leyti háð samvinnu við erlenda aðila um uppbyggingu orkufreks iðnaðar. Margt bendir því til að framvegis þurfi að leggja meiri rækt við þekkingu, tækni og hugvit til að tryggja áframhaldandi hagvöxt. Núverandi nýting auðlindanna er auðvitað mjög góður grunnur að standa á og þaðan geta Íslendingar fetað sig inn á nýja en tengda starfsemi, t.d. framleiðslu á tækjum, hugbúnaði, þekkingarkerfum og þjónustu á sviði fiskveiða, fiskvinnslu og jarðhitavinnslu. Framfarir í upplýsinga- og tölvutækni hafa opnað nýjar leiðir á þessum sviðum. Fiskeldi er svo nýtt vaxtarsvið sem líka tengist þekkingar- og reynsluheimi sjávarútvegs og orkuiðnaðar, en skortur á líffræðilegri grunnþekkingu og reynslu hefur, enn sem komið er, háð eðlilegum framförum á því sviði auk þeirra markaðserfiðleika sem við er að etja.

Uppgötvanir á sviði lífefnafræði, sameindalíffræði og erfðafræði hafa á síðari árum orðið grunnur að nýju tæknisviði, líftækni, sem fjallar um eiginleika og nýtingu lífvera eða efna sem framleidd eru af lífverum til margvíslegra nota. Hér á landi hafa möguleikar á að vinna ensím úr hverabakteríum eða úr sjávarfangi vakið athygli. Hagnýting þessara efna m.a. í vinnslu sjávarafla skapar ýmsa áður óþekkta möguleika.

Með auknum orkufrekum iðnaði hér á landi hefur vaknað áhugi á grundvallaratriðum efnistækni. Með efnistækni er átt við þau fræði sem snúast um eiginleika og nytsemi fastra efna og framleiðslu þeirra og þróun vörutegunda úr þeim. Ný þekking á aðferðum til að búa til ný efni og sníða eiginleika þeirra að þörfum notenda hefur lagt grunninn að nýjum tækifærum til framleiðslu. Hópur áhugasamra vísindamanna starfar á því sviði og gæti þar orðið nýr vaxtarbroddur þegar til framtíðar er litið.

Samhliða breyttum þróunarskilyrðum á Íslandi eru miklar sviptingar á alþjóðavettvangi, bæði í stjórnmálum og markaðsþróun. Sameiginlegt markaðssvæði í Vestur-Evrópu, umbyltingin í Austur-Evrópu og vaxandi viðskipta- og tæknimáttur ríkja Asíumegin við Kyrrahaf bendir allt til mikilla breytinga í alþjóðaviðskiptum á komandi árum. Líklegt er að íslensk þekking og vissar sérhæfðar vörur, sem Íslendingar framleiða, auk hinna hefðbundnu útflutningsafurða, geti fundið nýja markaði víða um heim. Það mun þó ekki gerast nema Íslendingar geti tryggt sér framúrskarandi orðspor, t.d. vegna vörugæða og kunnáttu á þeim sérsviðum þar sem þeir hasla sér völl. Án öflugra eigin rannsókna verður slíkt orðspor ekki til.

Um allan heim hafa menn nú vaxandi áhyggjur af umhverfi sínu, varðveislu þess og verndun gegn hvers konar spillingu. Í samkeppni um nýtingu náttúruauðlinda í heimi þar sem fólki fjölgar hratt hefur oft verið litið framhjá þeim áhrifum sem ræktun, byggingar, verksmiðjurekstur og aðrar framkvæmdir hafa á nánasta umhverfi. Umhverfisrannsóknir er málaflokkur sem of lítið hefur verið sinnt á Íslandi, en þarf að stórefla ef við Íslendingar viljum áfram njóta þeirra forréttinda að búa í landi lítt spilltrar náttúru til lands og sjávar.

1.4 Grundvallarvísindi á Íslandi.

Flestum mun þykja ærin rök til þess að hér séu stundaðar fjölbreytilegar hagnýtar rannsóknir sem tengjast atvinnuvegum þjóðarinnar og fást við viðfangsefni sem eru meira og minna mótuð af íslenskum aðstæðum. En mörgum verður á að spyrja hvort Íslendingum sé nauðsyn að leggja einnig stund á grunnrannsóknir.

Nærtækasta og almennasta svarið er að vísindastörf eru hluti af þeirri siðmenningu sem við viljum tileinka okkur. Vísindi eru stunduð með öllum öðrum þjóðum sem við viljum bera okkur saman við.

Smæð þjóðarinnar mun að vísu hafa áhrif á það hversu fjölbreytt vísindastarfsemin er og hversu mikilvirk hún er, en það dregur ekki úr nauðsyn þess að leggja rækt við grundvallarvísindi, heldur þvert á móti viljum við telja okkur til sjálfstæðrar menningarþjóðar.

Við stundum ekki grunnrannsóknir einungis heimsmenningarinnar vegna, heldur viljum við beinlínis fá eitthvað fyrir snúð okkar. En hvað er það einkum sem réttlætir að við freistum þess að leggja af mörkum sjálfstætt starf á þessu sviði?

Ef grundvallarrannsóknir fara fram á Íslandi kemur menningarframlag starfsins betur til skila en ef einungis er reynt að hagnýta niðurstöður erlendra rannsókna. Þannig verða rannsóknirnar hluti af þjóðlífinu. Vísindastarfsemin hefur m.a. án efa víðtæk áhrif á almenna menntun á öllum skólastigum — frá háskóla og niður á grunnskólastig. Hún hækkar almennt þekkingarstig þjóðarinnar og er undirstaða þekkingarþjóðfélags nútímans.

Viðfangsefni grunnvísinda hljóta að byggja fyrst og fremst á þekkingu og frumkvæði þeirra vísindamanna er þau stunda og varast ber að leggja á þau mælikvarða þröngra hagkvæmnissjónarmiða. Það er hins vegar ljóst að oft eru mörk hagnýtra og grundvallarrannsókna óljós. Ekki leikur á því vafi að margir þættir úr náttúru og þjóðlífi eru óplægður akur á sviði hug- og raunvísinda.

Það er reyndar á ýmsum sviðum auðveldara fyrir litla þjóð að skipa sér framarlega í vísindum en í tækniþróun. Á síðarnefnda sviðinu er samkeppnin hörð og fjármagnsþörf mikil ef vel á að ganga. Þar eru samkeppnisaðilar oft öflug fjölþjóðafyrirtæki með margfalt meira fjármagn og mannafla en smáþjóð ein og sér getur teflt fram í samkeppni. Vísindin eiga það sammerkt með bókmenntum og listum að vera meira einstaklingsbundin þó að samvinna sé þar nauðsynleg eins og á öðrum sviðum. Auðvitað er nauðsynlegt að koma upp aðstöðu, vinnustofum og tækjabúnaði, en kostnaður við það þarf ekki að vera óviðráðanlegur fyrir litla þjóð.

Þó að smáþjóð hafi möguleika á að skipa sér framarlega í flokk í vísindum, er samt nauðsynlegt að taka tillit til aðstæðna, náttúrulegra, þjóðfélagslegra og fjárhagslegra. Það er t.d. ekki grundvöllur fyrir því að stunda hér á landi rannsóknir í tilraunalegri öreindafræði, en öðru máli gegnir um kennilega öreindafræði.

Sérstakar aðstæður eru hér til að stunda rannsóknir í jarðvísindum, þ.e. jarðfræði, jarðeðlisfræði, haffræði og veðurfræði. Þetta á einnig við lífríki lands og sjávar og tengsl þess við haffræðilegar aðstæður kringum landið. Á þessum sviðum hafa Íslendingar möguleika til að láta að sér kveða eins og þeir hafa reyndar gert. Það ætti að vera metnaðarmál að efla slíkar rannsóknir. Sama máli gegnir auðvitað ekki síður um þær greinar hugvísinda, sem venja er að telja til íslenskra fræða, þ.e. rannsóknir á íslenskri tungu, sögu Íslands og menningu.

Á sviði líf- og læknisfræði takmarkar ekkert viðfangsefnin annað en fjöldi, þekking-

arsvið og aðbúnaður þeirra vísindamanna sem fást við grunnrannsóknir á því sviði. Samskipti og samvinna vísindamanna við starfsbræður erlendis er orðin til muna meiri vegna bættra samgangna og fjarskipta sem auðveldar mjög skipti á upplýsingum og efnivið. Smæð þjóðarinnar ásamt góðum lýðskrám og læknisfræðilegum gögnum veldur því að rannsóknir á ýmsum sviðum læknisfræði geta verið auðveldari hérlendis en meðal stórþjóða.

Góðar aðstæður eru til rannsókna í félagsvísindum hér á landi af sömu ástæðum og gilda um læknavísindi, þ.e. afmarkað þjóðfélag með góðum lýðskrám.

2. HVAR STÖNDUM VIÐ?

2.1 Núverandi þjóðfélagsstaða.

Íslendingum hefur tekist í stórum dráttum að ná svipuðum lífskjörum og byggja upp hliðstætt velferðarkerfi og nágrannaþjóðirnar. Allur samanburður byggður á hagrænum og félagslegum mælikvörðum sýnir að hér á landi eru kjör með því allra besta sem gerist meðal iðnvæddra þjóða.

Að miklu leyti er þetta afrakstur verðmætaöflunar úr skauti náttúrunnar, auðlindum sjávar, orkulindum og margföldunaráhrifa hennar eins og sjá má í grófum dráttum af samhengi milli vísitölu þjóðarframleiðslu (1980=100) og heildarafla á Íslandsmiðum, svo og orkunotkunar skipt á tegundir orku sem sýnt er á mynd 1.

Framundan er tímabil mikilla breytinga. Annars vegar vegna þess að ólíklegt er að sjávarafli aukist úr þessu þótt aflanýting geti batnað og verðmæti aflans aukist. Innlendar orkulindir hafa þegar verið nýttar til allra almennra þarfa svo sem kostur er. Frekari nýting þeirra er háð sérstökum ákvörðunum um fjárfestingu í orkufrekum stóriðjufyrirtækjum hér á landi. Þær eru háðar mikilli óvissu á hverjum tíma. Einnig eiga sér nú stað mikilvægar breytingar á efnahagskerfi landsmanna er miða að því að koma á meiri stöðugleika í efnahagsmálum og opna hagkerfið út á við. Þetta er nauðsynlegur þáttur í aðlögun að því alþjóðlega efnahagsumhverfi sem Ísland býr nú við. Þessi aðlögun mun óhjákvæmilega reyna á þolrif landsmanna bæði efnahagslega og félagslega. Hvernig stöndum við að vígi til að bregðast við þessu og hefja nýja framfarasókn?

2.2 Fjármagn til rannsókna.

Íslendingar nota mun minni hluta þjóðarframleiðslu sinnar til rannsókna og þróunar en grannþjóðirnar. Ef borið er saman við önnur lönd OECD hefur þetta hlutfall staðið í stað á liðnum áratug eins og fram kemur á mynd 2. Þar sést að flest iðnríki hafa aukið verulega framlög til rannsókna frá 1980, ekki síst Norðurlöndin, að frátöldu Íslandi sem dregist hefur verulega aftur úr. Á mynd 3 sést hvernig hlutfall heildarvinnuafls og hlutfall landsframleiðslu sem varið er til rannsókna hefur þróast á liðnum árum. Eðlilegast er að bera Íslendinga saman við nágrannaþjóðirnar á Norðurlöndum og önnur smærri iðnríki sem ekki eyða miklu fé til hernaðarrannsókna, eins og Kanada, Austurríki, Belgíu og Írland. Á síðustu 10 árum hefur hlutfallslega sáralítil aukning orðið, bæði á ráðstöfunarfé til rannsókna og rannsóknafólki við rannsóknir. Við höfum reyndar dregist mjög mikið aftur úr öðrum þjóðum á sl. áratug því að árið 1981 var þessi samanburður okkur mun hagstæðari en nú, miðað við nágrannalöndin, sérstaklega að því er fjármagn varðar.

Ef litið er á hvaðan fé til rannsókna er komið og hverjir framkvæma rannsóknir (sjá mynd 4) sést að hlutur opinberra aðila er mun stærri hérlendis en hlutur atvinnufyrir-

tækja. Skera Íslendingar sig algerlega úr að þessu leyti (sjá mynd 5 og 6) þegar þeir eru bornir saman við aðrar þjóðir innan OECD. Hlutur fyrirtækja hefur þó farið ört stækkandi (sjá mynd 7) að undanförnu, sérstaklega miðað við hlutfall af mannafla. Þannig fjölgaði starfsliði við rannsóknir hjá fyrirtækjum úr um 100 ársverkum árið 1985 í 147 árið 1987 og hlutfallið af heildarmannafla óx úr 11,9% í 16,9%. Þetta er einn mikilvægasti þáttur framvindunnar í íslenskum rannsóknamálum um þessar mundir, og þarf að ýta undir framhald á henni.

Ef litið er á skiptingu fjármagns eftir viðfangsefnum (sjá mynd 8) sést að einna stærstur hluti fjárins fer til rannsókna í þágu frumframleiðslugreinanna, landbúnaðar og fiskveiða ásamt orkuframleiðslu, en mun minna til úrvinnslugreinanna, iðnaðar, fiskvinnslu og byggingariðnaðar. Hlutfall úrvinnslugreinanna virðist, ef eitthvað er, hafa farið lækkandi að undanförnu. Til vísindalegra grunnrannsókna fer rúmlega fjórðungur heildarfjármagnsins. Heildarhlutfallið til grunnrannsókna er svipað og gerist í öðrum OECD-löndum.

Ef skoðuð er skipting rannsóknafjármagnsins á hina ýmsu atvinnuvegi og það reiknað sem hlutfall af vinnsluvirði sem er framlag atvinnuvegarins til landsframleiðslunnar, sést á mynd 9 að frumgreinarnar fiskveiðar, landbúnaður og orkuvinnsla eru með hæst hlutfall rannsókna og þróunar af vinnsluvirði. Þetta er skiljanlegt miðað við mikilvægi þessara greina í þjóðarbúskapnum á undanförnum árum og sérstöðu auðlindanna sem þær byggja á. Í fiskiðnaði, byggingariðnaði og almennum iðnaði er hins vegar mun lægra hlutfalli af vinnsluvirði þessara greina varið til rannsókna og þróunar en gert er í þágu frumgreinanna. Er það mjög óeðlilegt miðað við mikilvægi þessara úrvinnslugreina í atvinnuuppbyggingu á síðustu árum og með hliðsjón af þeirri aðlögun sem þær greinar standa frammi fyrir. Hér virðist þörf fyrir breyttar áherslur.

2.3 Nýting rannsóknakrafta til nýsköpunar.

Mikilvægur þáttur stefnumótunar í vísinda- og tæknimálum er að tryggja að árangur rannsókna skili sér sem skjótast út í þjóðlífið og leiði til sem mestra framfara. Þetta er sérstaklega brýnt í hagnýtum rannsóknum, en á einnig við með óbeinum hætti í grunnrannsóknum. Miðlun þekkingar og hagnýting hennar er því allt eins mikilvæg og framkvæmd rannsóknanna, þ.e. öflun þekkingarinnar.

Í þessu efni hafa Íslendingar að vissu leyti notið kosta þess að þjóðin er fámenn og býr við einhæft efnahagskerfi sem sækir í sameiginlegar auðlindir. Þannig hefur meginþungi rannsóknanna í þágu sjávarútvegs, landbúnaðar og orkuvinnslu skilað niðurstöðum sem nýst hafa tiltölulega skjótt, enda stutt boðleiðin milli vísindamannanna og þeirra sem nýta niðurstöður þeirra.

Öðru máli gegnir um rannsóknir sem gerðar eru í þágu úrvinnslugreina ekki síst þegar um tæknivörur eða háþróaðar vörur og tæki er að ræða sem selja þarf á alþjóðlegum markaði. Leiðin til nýsköpunar á grundvelli rannsókna er þá mun flóknari, torsóttari og áhættumeiri.

Með nýsköpun er hér átt við það ferli þegar ný þekking getur af sér hugmynd, sem verður hvati að nýrri framleiðslu á markaði. Þetta ferli getur hafist með grundvallarrannsóknum, síðan leitt af sér hagnýtar rannsóknir og þróunarstarf og þar næst aðlögun að framleiðslu og markaði, fjárfestingu og endar loks þegar framleiðsla og sala er hafin. Þetta einfaldaða ferli, sem er sýnt á grunnlínu myndar 10, er þó í reynd engan veginn eins rökrænt og þarna er gefið til kynna. Oftast er lítið beint samhengi milli annars vegar

grundvallarrannsókna sem geta af sér nýja þekkingu og hins vegar þeirra hagnýtu rannsókna eða þróunarstarfs sem framkvæmt er eftir að hugmynd um nýja framleiðslu, vinnsluaðferð eða þjónustu er fædd. Oft eiga hugmyndir sér uppruna í vitund um markaðsþörf frekar en vísinda- og tækniþekkingunni sjálfri og sú vitneskja getur þá kallað eftir frekari rannsóknum áður en til framleiðslu kemur. Þá geta rannsóknirnar einnig leitt til niðurstöðu eða beinst að viðfangsefnum sem ekki reynast síðan hæfa markaði. Getur þá þurft að breyta rannsókna- og þróunarstarfi með hliðsjón af því. Þannig er uppspretta hugmyndarinnar stundum aftast í því ferli sem myndin sýnir og farið fram og til baka í því, áður en sú niðurstaða fæst sem leiðir til nýrrar, arðbærrar framleiðslu.

Vegna smæðar og lítils bolmagns fyrirtækja hér á landi fara rannsóknir og þróunarstarf sjaldnast fram í þeim, en eru að mestu í höndum stofnana. Framkvæmd rannsókna er þannig skipulagslega skilin frá viðskiptum og markaðsstarfi. Þetta felur í sér verulega hættu á því að rannsóknir séu slitnar úr samhengi við markaðslegan raunveruleika og nýtist ekki fyrirtækjunum sem skyldi því mjög örlagaríkar ákvarðanir þarf oft að taka á þróunarferlinu eftir því sem verkinu miðar og kostnaður vex, eins og sýnt er á mynd 10. Þetta getur verið meiri háttar hindrun í vegi nýsköpunar í atvinnulífi landsmanna. Þar sem fá fyrirtæki geta komið upp og rekið raunhæfa aðstöðu til rannsókna á nútíma vísu verða Íslendingar að finna sínar eigin leiðir til að tengja saman rannsóknir, framleiðslu og markaðsstarf með þeim hætti sem gerist í stærri fyrirtækjum erlendis. Þetta kallar á stóraukna samvinnu atvinnufyrirtækja og opinberra stofnana hér á landi. Í þessu efni hjálpar að boðleiðir milli manna eru stuttar og fljótt myndast kunningsskapur og beint upplýsingastreymi milli aðila sem starfa innan sama athafnasviðs. Góð almenn menntun og framtaksvilji meðal landsmanna eru kostir sem einnig má virkja í þágu nýsköpunar.

Aðstæður hérlendra fyrirtækja til að stunda nýskapandi starf hafa lengst af verið erfiðar bæði vegna veikrar fjárhagsstöðu og smæðar fyrirtækjanna sjálfra, en ekki síst vegna órólegs efnahagsumhverfis og verðbólgu. Enn fremur njóta fyrirtæki á Íslandi mun minni almennrar opinberrar aðstoðar í þróunarmálum en gerist í nágrannalöndunum, sérstaklega þegar borið er saman við smá og meðalstór fyrirtæki í þessum löndum. Sem dæmi má nefna að skattaívilnanir og styrkir til þróunarverkefna og markaðsstarfsemi eru algeng tæki til að stuðla að nýsköpun í smáfyrirtækjum hjá grannþjóðunum, en ekki hér á landi nema þá sem björgunaraðgerðir eftir að í óefni er komið hjá fyrirtækjum. Á síðari árum hefur Evrópubandalagið hafið skipulegan stuðning við rannsóknir á vegum fyrirtækja í samstarfi við stofnanir eða önnur fyrirtæki í tveim eða fleiri aðildarríkjum. Bandaríkin hafa sérstaka stofnun, Small and Medium Size Business Bureau, til að styðja smáfyrirtæki ríkulega til að koma nýmælum í framleiðslu og á markað. Sá stuðningur er bæði fjárhagslegur og verklegur, í formi ráðgjafar- og tækniaðstoðar.

Nærtækt er að álykta að einn mesti veikleikinn í íslenskum vísinda- og tæknimálum hafi verið hin dræma þátttaka fyrirtækja í rannsóknum og þróunarstarfi. Annars vegar kemur það niður á heildarfjármagni og umsvifum í rannsóknum og hins vegar á verkefnavali og nýtingu fjármagns. Auk þess dregur það úr almennum pólitískum vilja til að styðja við rannsóknir að fyrirtæki sýna þeim takmarkaðan áhuga.

Þetta takmarkar að sjálfsögðu bæði það fé sem fer til beinna rannsókna í þágu atvinnuveganna og rannsókna í raunvísindum og tækni, en einnig óbeint það sem fer til læknisfræðilegra og félagslegra rannsókna og annarra hugvísindarannsókna. Það er því mikilvægt fyrir allar rannsóknagreinar að atvinnulífið komi í meira mæli inn í rannsókna-

starfið, eins og reyndar hefur gerst að undanförnu. Þarf hið opinbera að leita samstarfs við atvinnulífið í þessu efni og skapa hvetjandi skilyrði til þess að fyrirtækin leggi fé í rannsóknir.

Í mannvísindum, félagsvísindum og læknisfræði hamlar ekki aðeins fjárskortur því sem hér er nefnt „nýting rannsóknakrafta“, heldur einnig of lítil áhersla rannsóknamanna á að miðla til almennings þekkingu og skilningi á viðfangsefnum sínum í aðgengilegu formi. Væri æskilegt að örva sérfræðinga til að semja bækur fyrir kennara og nemendur í grunn- og framhaldsskólum landsins til þess að tryggja það að ný þekking lokist ekki inni í sérfræðitímaritum. Væri þetta einn liðurinn í því að efla tengsl vísinda og tækni við skólakerfið og almenning.

2.4 Háskólamenntun — hækkað menntastig á Íslandi.

Eftir að kennsla hófst í mörgum nýjum kennslugreinum við Háskóla Íslands á seinni hluta sjöunda áratugarins hefur þeim stórfjölgað sem leita sérmenntunar í háskóla, bæði hérlendis og erlendis. Starfsemi Lánasjóðs íslenskra námsmanna hefur einnig gjörbreytt aðstæðum til langskólanáms frá því sem áður var.

Gerð hefur verið spá (Jón Torfi Jónasson: *Menntun og skólastarf á Íslandi í 25 ár 1985–2010)* um fjölda Íslendinga við nám á háskólastigi fram yfir aldamót. Samkvæmt henni mun stórlega fjölga þeim, sem stunda langskólanám og hlutfall 20–24 ára aldurshóps hækkar úr 40% nú í um 80% árið 2010 (sjá mynd 11).

Við Háskóla Íslands eru nú skráðir um 4560 nemendur og þaðan brautskrást um 570 manns á ári hverju. Við aðra innlenda skóla á háskólastigi eru nú um 800–900 nemendur og brautskrást um 200 á ári. Erlendis eru um 2100 manns við nám með stuðningi frá LÍN og má reikna með að a.m.k. 20% fleiri séu við nám með styrkjum eða á launum erlendis frá eða á annan hátt án stuðnings frá sjóðnum. Af námsmönnum erlendis er talið að a.m.k. 80% séu við háskólanám. Ætla má að um 20% þeirra ljúki námi árlega og lætur þá nærri að alls ljúki um 1100–1200 manns prófi á háskólastigi árlega eða sem svarar um fjórðungi af hverjum árgangi á aldrinum 24–30 ára um þessar mundir. Þetta hlutfall fer hækkandi. Þessar tölur eru ekki nákvæmar, en gefa hugmynd um hlut háskólamenntunar í þjálfun vinnuafls þjóðarinnar og vekur spurninguna hvort skilyrði séu til þess að nýta þessa starfskrafta sem skyldi.

Ýmislegt bendir nú til þess að fólk með mikla sérmenntun setjist í vaxandi mæli að erlendis vegna þess að það fær ekki störf við sitt hæfi á Íslandi við núverandi aðstæður. Á þessu hefur ekki verið gerð sérstök könnun síðan 1978, en þá virtist þetta ekki vandamál. Þeim sem fylgjast með nemendum frá Háskóla Íslands sem fara utan til framhaldsnáms virðist þetta hafa verið að breytast allra síðustu árin og er ástæða til að hafa af því áhyggjur.

3. LEIÐIR TIL AÐ EFLA VÍSINDI OG TÆKNI Á ÍSLANDI

3.1 Aukin hlutdeild í þjóðarbúskapnum.

Margt bendir til þess að umsvif rannsókna hér á landi séu verulega undir því marki, sem nauðsynlegt er til að tryggja Íslendingum áframhaldandi efnahagsvöxt. Má þar nefna eftirfarandi rök:

1. Íslendingar verja mun lægra hlutfalli þjóðartekna til rannsókna en aðrar þjóðir á svipuðu þróunarstigi.
2. Fjármagn til rannsókna er mun lægra hlutfall af þjóðartekjum en svarar til þess hlut-

falls vinnuafls sem starfar við rannsóknir þegar borið er saman við aðrar þjóðir. Fjármagnið sem varið er á hvert ársverk hefur farið lækkandi á hverju ári að raungildi.

3. Atvinnulíf landsmanna hefur að undanförnu átt í miklum erfiðleikum með að aðlagast breyttum aðstæðum og skapa ný atvinnutækifæri í stað þeirra sem glatast við samdrátt í landbúnaði og minnkandi vinnslu fiskafla í landi. Í mörgum greinum hafa menn lent í erfiðleikum og áföllum sem m.a. má rekja til ónógrar þekkingar og óvandaðs undirbúnings.
4. Fjárskortur háir mörgum verkefnum sem hafa lengi verið á tilrauna- og þróunarstigi án þess að vera leidd til lykta með þeim krafti sem til þarf. Góðar hugmyndir hefur dagað uppi eða þær hafa verið fluttar úr landi vegna þess að fé og stjórnunarumhverfi vantar til að koma þeim í framkvæmd.
5. Vöxtur þjóðarframleiðslu undanfarin 10 ár hefur að miklu leyti byggst á auknum mannafla, þ.e. aukinni atvinnuþátttöku kvenna. Hins vegar hefur framleiðni vinnuafls í heild nánast ekkert aukist eftir 1980 þótt framleiðniaukning frá árinu 1970 og fram að þeim tíma hefði verið mjög góð. Ástandið síðasta áratuginn er mjög óeðlilegt miðað við tæknilega möguleika og gæti bent til þess að ekki hafi verið hugað nógu vandlega að tæknilegum, markaðslegum og hagrænum forsendum nýfjárfestinga síðustu árin. Á ráðstefnu á vegum sænsku verkfræðiakademíunnar og OECD í janúar 1990 var það samdóma álit efnahagssérfræðinga og fulltrúa atvinnulífs að leggja þurfi a.m.k. jafnmikið fé í rannsóknir, menntun starfsfólks, bætt skipulag, stjórnun og markaðsmál og fjárfest er í tækjum og aðstöðu til framleiðslu.

Ef reiknað er það sem vantar á hlut atvinnulífsins til rannsókna hér á landi miðað við nágrannalöndin og gert ráð fyrir að hann yrði jafnhár framlagi þess opinbera svaraði það til hækkunar sem nemur um 30% og yrði fjármagnið þannig 1% af þjóðartekjum. Ekki mundi þetta gerast nema með samsvarandi fjölgun starfsliðs við rannsóknir og þróunarstörf. Yrði starfslið þá álíka margt hlutfallslega miðað við heildarmannafla og var í öðrum smærri iðnríkjum í byrjun 9. áratugarins. Líklegt er einnig að með hækkaðri hlutdeild fyrirtækja í verkefnum, sem þau sjálf ákveða, mundu kröfur um hraða framvindu og um gæði rannsóknaraðstöðu aukast. Kostnaður við rannsóknarverkefni, þ.e. fjármagn á hvert ársverk, mundi þannig hækka meira til samræmis við það sem gerist í nágrannalöndunum. Þetta má áætla um 30–40% hækkun. Þetta svarar til þess að eðlilegt hlutfall þjóðartekna til rannsókna væri um 1,3–1,4% þegar þessu jafnvægi í samspili atvinnulífs og þess opinbera væri náð. Þetta er álíka hlutfall þjóðarframleiðslu og mörg smærri iðnríki notuðu við byrjun þessa áratugar, en hafa verið að auka síðan.

Vegna þeirra miklu breytinga, sem nú eru að verða á stöðu atvinnulífsins hér á landi, er full ástæða til að stefna hratt að þeirri aukningu rannsókna sem að ofan greinir. Í þessu skyni er lagt til að efnt verði til samvinnu við atvinnulífið í landinu um að auka raungildi heildarfjárframlaga til rannsókna og þróunar um 10% á ári að meðaltali næstu 10 árin — þó þannig að hlutur atvinnulífsins aukist hlutfallslega meira en þess opinbera og að það framkvæmi því sem næst 30% af öllum rannsóknum í landinu um aldamót. Þetta verði annars vegar gert með því að auka opinber framlög til verkefnabundinna rannsókna á sviði grunnvísinda og hagnýtra rannsókna og þróunar og hins vegar með því að bæta almenn skilyrði fyrirtækja og einstaklinga til að stunda rannsóknir og nýsköpun.

3.2 Starfshættir og áhersluatriði. — Hlutverk Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins.

Samstarf við atvinnulífið.

Jafnframt því sem framlög til verkefnabundinna rannsókna verða aukin í gegnum Vísindasjóð og Rannsóknasjóð er gert ráð fyrir að Vísindaráði og Rannsóknaráði ríkisins verði falið að beita fjármunum sjóðanna þannig að sem mestur árangur fáist bæði í þekkingaröflun og ávinningi fyrir félagslegar og hagrænar framfarir í landinu. Sérstaklega er ráðunum falið að leita, eftir því sem við á, samstarfs við atvinnulífið í landinu um fjármögnun rannsóknarverkefna um ákvarðanir um val verkefna og hagnýtingu niðurstaðna, svo og um leiðir til að koma sérmenntuðu fólki til starfa í þágu atvinnuveganna í víðasta skilningi þannig að kraftar þess nýtist sem best. Samstarf ráðanna við Háskóla Íslands og aðra skóla á háskólastigi er ekki síst nauðsynlegt að því er síðasttalda atriðið varðar.

Langtímaáætlanir.

Í þessu efni þurfa Vísindaráð og Rannsóknaráð að leggja fram tillögur um áhersluatriði á hverjum tíma er taki mið annars vegar af alþjóðlegri þróun vísinda og tækni og hins vegar af breytilegum innlendum þörfum, jafnt aðsteðjandi vandamálum sem framtíðarhorfum og tækifærum sem blasa við, bæði í félagslegum, efnahagslegum og atvinnulegum efnum. Í þessu skyni er eðlilegt að ráðin geri langtímaáætlanir hvort á sínum sviðum, en þó með samræmdum hætti, um fjárþörf til fimm ára í senn. Langtímaáætlanirnar gætu skipst í rammaáætlanir um einstök vísinda- og tæknisvið eða einstakar greinar atvinnulífs (þjóðlífs) þar sem talin er þörf á aðgerðum til að ná tilteknum markmiðum.

Þess skal þó gætt að jafnan sé til staðar svigrúm til að taka upp ný verkefni utan áætlana og til óheftrar leitar að þekkingu þar sem aðeins er spurt um áhuga og færni vísindamanns og fræðilegt gildi verkefnis.

Kröfur um vísindaleg gæði og tæknilega færni þurfa jafnan að vera í fyrirrúmi þegar stuðningur er veittur, auk krafna um árangurslíkur og skilvirkni. Í þessu sambandi þurfa ráðin að taka upp reglubundið mat á árangri rannsókna.

Gagnaöflun.

Í tengslum við þetta starf þurfa ráðin að safna og hafa á reiðum höndum upplýsingar um öll þau vísinda- og tæknisvið sem lögð er stund á hér á landi innan hugvísinda, félagsvísinda, læknavísinda og náttúruvísinda, svo og tæknirannsókna í þágu atvinnuveganna. Á hverju þessara sviða þarf að safna upplýsingum um viðfangsefni, fjármagn, mannafla, tækjakost og aðstöðu o.s.frv. Þennan þátt þarf að efla, ekki síst á vettvangi Vísindaráðs þar sem mikið starf er óunnið.

Húsnæði og tækjakostur.

Að undanförnu hefur allmikið verið byggt af húsnæði fyrir rannsóknastarfsemina í landinu og hefur það um tíma notið aukinna tekna af Háskólahappdrættinu bæði hjá Byggingarsjóði Háskólans og Byggingarsjóði rannsókna í þágu atvinnuveganna. Þó eru mikil verkefni framundan eins og byggingar fyrir jarðvísindin og lífvísindin, svo og bygging fiskeldisrannsóknahúss og endurnýjun húsakosts við Tilraunastöðina á Keldum.

Hins vegar er ekki síður nauðsyn á að bæta tækjakost til rannsókna og fjárfesta í nútímalegum búnaði sem oft er alldýr. Oft má samnýta tæki og aðstöðu af fleiri stofnun-

um og hefur Rannsóknaráð farið inn á þá braut að bjóða fram styrki til samfjármögnunar á byggingarframkvæmdum og til tækjakaupa. Þannig var komið upp húsi yfir líftækni á Keldnaholti sem fjármagnað var að hluta með gjöf Reykjavíkurborgar á 75 ára afmæli Háskólans. Þannig er fyrirhuguð fjármögnun og samnýting fiskeldisrannsóknahúss á Keldum. Einnig hafa rafeindasmásjár bæði fyrir fastefni (endurskinssmásjá) og lífefni (gegnumskinssmásjá) og tæki til tölvustýrðrar hönnunar og framleiðslustýringar, svo og kjarnarófstæki (NMR-tæki) verið keypt fyrir samskot stofnana og sjóða. Slík tæki kosta tugi milljóna og kaup á þeim geta verið ofviða einni stofnun eða sjóði, en geta orðið viðráðanleg þegar fleiri aðilar skjóta saman.

Í lögum um Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins eru ákvæði um að ráðin skuli gera skrá um tækjaeign rannsóknastofnana og stuðla að samnýtingu tækja í landinu. Drög að slíkri heildarskrá eru til hjá Rannsóknaráði frá árinu 1982–1983, en brýn þörf að endurskoða hana. Þá hefur Rannsóknaráð nýlega látið gera yfirlit um alla þá aðila sem framkvæmt geta efnagreiningar, hverju nafni sem þær nefnast, í von um að það komi í veg fyrir óþarfa tvítekningu í kaupum á tækjum og bindingu mannafla. Með betri nýtingu á þeim tækjum, sem til eru, skapast möguleikar á að afla nýrra tækja og þannig auka og endurnýja tækjakost í landinu. Sömuleiðis nýtast sérhæfðir starfskraftar betur.

Bókakostur.

Þá þarf að huga að skipulagi fræðilegra bókasafna og bókakosti þeirra. Í hugvísindum og félagsvísindum er góður bókakostur jafn mikilvægur og góður tækjakostur í raunvísindum. Skilvirk upplýsingaþjónusta um vísindagögn er eitt frumskilyrða alls vísindastarfs og tæknirannsókna í landinu. Ber því að stefna að því að hin nýja Þjóðarbókhlaða verði tekin í notkun sem fyrst og að hún geti orðið miðstöð samskráningar fyrir öll bókasöfn í landinu og að unnt verði að samræma bóka- og tímaritakaup sem mest og um leið tryggja sem besta nýtingu þess bókakosts sem keyptur er.

Hlutverk sjóðanna.

Vísindasjóður og Rannsóknasjóður auk Byggingarsjóðs Háskólans og Byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna, sem báðir hafa tekjur af Háskólahappdrættinu, eru þeir sjóðir sem mest áhrif geta haft til að fylgja eftir stefnumörkun á sviði vísinda og tækni. Stefna verður að því að aukið fé til rannsókna af opinberri hálfu fari sem mest í gegnum þessa sjóði til verkefna sem valin eru og vegin á faglegum forsendum. Fyrst og fremst er mikilvægt að slíkt faglegt mat fari fram á þörf fyrir nýjar byggingar og meiri háttar tæki, gæðum nýrra rannsóknarverkefna sem lagt er út í og þátttöku í alþjóðlegum rannsóknaáætlunum og dýrum rannsóknarverkefnum.

Ekki eru á þessu stigi forsendur til að láta allt fé af opinberri hálfu renna í gegnum þessa sjóði. Því er gert ráð fyrir að fjárveitingar til stofnana beint af fjárlögum sjái fyrir grunnkostnaði þeirra, svo og almennri þjónustu sem ekki eru sérstakir greiðendur að. Heildareftirlit á faglegum grundvelli með fjárnotkun rannsóknastofnana á vegum Vísindaráðs eða Rannsóknaráðs er vinnufrekt starf og svarar varla kostnaði. Hins vegar skapa verkefnabundnir styrkir úr sjóðunum bæði sveigjanleika til að taka upp ný álitleg verkefni, sem eru metin í samkeppni við önnur samkvæmt umsóknum og opna möguleika á að efna til samstarfs fleiri aðila bæði um fjármögnun og um framkvæmd verkefna. Þetta er lykillinn að margvíslegum endurbótum á rannsóknakerfinu í landinu.

3.3 Samstarf greina atvinnulífsins. — Hlutverk ráðuneyta.

Atvinnulíf á Íslandi hefur einkennst af fastmótaðri skiptingu milli megingreina, landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar, svo og verslunar og þjónustu. Þessi skipting atvinnulífsins endurspeglast í skipulagi ríkisvaldsins, svo sem skiptingu í ráðuneyti, og starfssviðum stofnana. Þannig heyra opinberar vísinda- og tæknistofnanir undir mismunandi ráðuneyti og hlutverk þeirra endurspegla þannig verkaskiptingu þjóðfélagsins. Vísinda- og tækniþekking er hins vegar yfirleitt ekki bundin einstökum atvinnugreinum, heldur er almennari í eðli sínu og getur góð þekking nýst þvert á þessa hefðbundnu skiptingu. Reyndar er það eðli nýtæknigreinanna, eða hátæknigreinanna, að framfarir síðustu ára í skilningi á innri gerð líf- og efnisheims hafa áhrif þvert á allar tæknigreinar og hefðbundna atvinnuvegaskiptingu. Hagnýting þessarar nýju þekkingar er hins vegar háð samvinnu milli þekkingarsviða.

Margt bendir til þess að breyta þurfi skipulagi og starfsháttum vegna þessarar þróunar, færa stofnanir saman og koma á þverfaglegri samvinnu. Hefðbundin atvinnuvegaskipting má ekki verða til þess að hindra að þekking nýtist sem best fyrir þjóðfélagið í heild. Reyndar geta atvinnuvegirnir notið margvíslegs styrks hver af öðrum. Þróun tækniiðnaðar er t.d. háð markaði í sjávarútvegi og tækniframfarir í sjávarútvegi geta byggst á þróunarstarfi sem unnið er af fyrirtækjum í iðnaði. Fiskeldi byggist jafnt á líffræðiþekkingu úr landbúnaði og markaðsreynslu úr sjávarútvegi. Gert er ráð fyrir að ráðuneytum og stofnunum verði falið að taka mið af því og auka samvinnu milli greinanna. Jafnframt er ráðuneytunum ætlað að hafa samráð við Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins, eftir atvikum, um leit að sem hagkvæmustu skipulagi á framkvæmd rannsókna á vegum hins opinbera í þeim tilgangi að nýta þekkingu, aðstöðu og fjármagn sem best.

3.4 Vísindaleg menntun — menntun rannsóknamanna.

Á Íslandi hefur engin stefna verið mörkuð sérstaklega um menntun fólks til vísindalegra rannsóknastarfa eftir að það hefur lokið fyrsta háskólaprófi. Háskóli Íslands hefur til skamms tíma ekki boðið upp á skipulegt nám til meistaraprófs nema í örfáum greinum og ekki til doktorsprófs. Þeir sem stefnt hafa að slíku námi hafa því að mestu orðið að sækja það til annarra landa. Þetta hefur þann kost að íslenskir vísinda- og tæknimenn flytja til landsins þekkingu frá mörgum löndum, en þann ókost að þeir nýtast ekki íslenskri rannsóknastarfsemi meðan á náminu stendur. M.a. af þeim sökum er nú verið að byggja upp framhaldsnám á nokkrum sviðum. Einnig er rætt um að taka upp lengra nám í samvinnu við erlenda háskóla, einkum á Norðurlöndum.

Opinber fjárhagsaðstoð við fólk sem lokið hefur háskólaprófi en sækist eftir doktorsprófi eða sambærilegri háskólagráðu til undirbúnings rannsóknastörfum er nú í engu frábrugðin því sem gerist um annað framhaldsnám á háskólastigi. Fyrr á árum veitti Vísindasjóður styrki til framhaldsnáms, en hætti því, m.a. vegna fjárskorts og einbeitti fjármagni sínu að stuðningi við rannsóknarverkefni á sviði grunnvísinda. Á tímabili veitti Lánasjóður íslenskra námsmanna kandídatsstyrki án eiginlegs faglegs mats á umsóknum, en þeir styrkir voru síðan felldir niður fyrir allmörgum árum.

Gera þarf greinarmun á almennri framhaldsmenntun og rannsóknamenntun. Eðlilegt er að almennt framhaldsnám sé frjálst og njóti stuðnings frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, LÍN. Á hinn bóginn er einnig eðlilegt að veita styrki til sérstaks framhaldsnáms eða rannsóknanáms samkvæmt umsóknum og á grundvelli mats þar sem tekið er tillit til sviðs og hæfni umsækjenda.

Ísland sker sig nokkuð úr hópi annarra landa að þessu leyti því flest lönd hafa gert sérstakar ráðstafanir til að tryggja sér sem hæfast vísindalega menntað fólk til rannsóknastarfa. Alþjóðleg vísindasamskipti snúast m.a. í mikilvægum efnum um samstarf á þessu sviði. Á vegum ráðherranefndar Norðurlanda var nýlega lögð fram skýrsla um þetta efni, (Nordiskt forskarutbildningssamarbete — utbyggnadsstrategi (NU 1990:1)), þar sem m.a. er lagt til að samstarf Norðurlandaþjóðanna verði stóraukið á þessu sviði og mörkuð stefna um sameiginlegt kerfi til vísindalegrar þjálfunar. Í skýrslunni kemur fram að Íslendingar eru langt á eftir öðrum Norðurlandaþjóðum á þessu sviði.

Í Danmörku hefur verið sett á fót sérstök stofnun, Forskerakademiet, með fjárveitingu að upphæð 100 millj. danskra króna á ári til að stuðla að aukinni rannsóknamenntun, m.a. með styrkjum til framhaldsnáms innan lands og utan og til rannsóknasamskipta, t.d. með styrkjum til erlendra námsmanna til framhaldsnáms í Danmörku og erlendra gistiprófessora. Í Svíþjóð hefur verið gerð áætlun fram til ársins 2000 um að auka árlegan fjölda þeirra sem ljúka doktorsprófi um 70% í félagsvísindum, um 50% í hugvísindum, um 10–20% í náttúruvísindum og tækni, en í læknavísindum er ekki talin þörf á aukningu frá því sem nú er. Bæði Finnar og Norðmenn hafa sérstakar áætlanir í þessum efnum. Á vegum Evrópubandalagsins hefur verið komið á fót samstarfsáætlunum bæði um menntun á háskólastigi, ERASMUS-áætluninni, og um skipti á vísindamönnum til að auðvelda uppbyggingu þekkingar og þjálfun vísindamanna á nýjum sviðum í aðildarlöndunum, hinni svokölluðu SCIENCE-áætlun.

Engin slík áætlun er til hér á landi, né heldur er nein leið til að hafa áhrif á það hverjir fara til framhaldsnáms eða á hvaða sviðum. Ísland á þó aðild að norrænum áætlunum á þessu sviði og fær væntanlega á árinu 1991 aðild að SCIENCE-áætlun Evrópubandalagsins.

Dreifing íslenskra námsmanna eftir löndum og heimssvæðum samkvæmt upplýsingum frá LÍN fyrir árið 1987–1988 er sýnd á mynd 12. Ætla má að um 20 til 30 Íslendingar ljúki doktorsprófi erlendis árlega, en um þetta vantar áreiðanlegar tölur.

Í lögum um Vísindasjóð segir m.a. að sjóðurinn skuli styrkja einstaklinga til „vísindalegrar sérþjálfunar". Töluvert er um umsóknir um styrki til rannsóknanáms sem ekki hefur verið hægt að sinna vegna fjárskorts.

Það er mikilvægt að vísindamaður, sem hefur lokið rannsóknanámi, hafi möguleika á að fá a.m.k. tímabundna rannsóknastöðu hér á landi til að komast inn í eða setja af stað íslensk rannsóknarverkefni og hasla sér þannig völl í íslensku rannsóknaumhverfi. Slíkar stöður hafa verið á Raunvísindastofnun Háskólans frá stofnun hennar og gefist vel. Æskilegt væri að fleiri rannsóknastofnanir hefðu slíkar tímabundnar stöður svo að þær gætu gefið ungum rannsóknamönnum tækifæri og jafnframt reynt hæfni þeirra og getu. Einnig kæmi mjög til álita að tengja slíkar tímabundnar stöður Vísindaráði og Rannsóknaráði ríkisins, hliðstætt því sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum. Yrðu þær veittar eftir umsóknum á grundvelli mats á hæfni umsækjenda og mikilvægi rannsóknasviða.

Full ástæða er til að ræða hvort hér þurfi ekki að marka heildstæðari stefnu um vísindamenntun því svo kann að fara að Íslendingar eigi ekki í framtíðinni eins greiðan aðgang að erlendum háskólum og verið hefur, nema þá í samningsbundnum skiptum við önnur lönd er byggjast að einhverju leyti á gagnkvæmni.

3.5 Skipulag rannsókna á Íslandi.

Skipan rannsókna á Íslandi er mótuð af lögum sem sett hafa verið um einstakar stofnanir á ýmsum tímum. Fyrstu heildarlögin um rannsóknir voru lögin um Atvinnudeild Háskólans frá 1935 ásamt ákvæðum í lögum um Háskóla Íslands frá 1936. Fyrstu lögin um Rannsóknaráð ríksins voru sett árið 1940 og ráðinu þá fengin yfirstjórn Atvinnudeildarinnar. Heildarlög voru síðan sett um rannsóknir í þágu atvinnuveganna árið 1965 og Atvinnudeildin lögð niður en fimm sjálfstæðar stofnanir settar á laggirnar auk Rannsóknaráðs ríkisins.

Vísindasjóður var stofnaður með lögum árið 1957. Árið 1987 var svo samþykkt núgildandi löggjöf um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð. Með þeim lögum er komið á tvígreindu kerfi til umfjöllunar um almennar grunnrannsóknir annars vegar og hagnýtar rannsóknir og rannsóknir í þágu atvinnulífsins hins vegar. Þessi skipting er að mörgu leyti eðlileg til að fjalla um mál út frá langtímasýn vísindanna annars vegar og nytjasjónarmiði atvinnulífsins hins vegar. Leitast er við að tryggja náið samstarf milli ráðanna með ákvæði um samstarfsnefnd og um ýmis sameiginleg verkefni ráðanna. Í megindráttum er núverandi skipulag íslenska rannsóknakerfisins sýnt á mynd 13. Þar kemur fram skipting á framkvæmd rannsókna milli háskóla annars vegar og rannsóknastofnana atvinnuveganna, sem heyra undir ýmis fagráðuneyti, hins vegar.

Á fyrstu áratugum sjálfstæðra náttúrurannsókna beindist atorka íslenskra vísindamanna fyrst og fremst að rannsóknum á auðlindum landsins: jarðfræði þess, hafi og sjávardýrum, gróðurlendi og búfé, og síðar orkulindunum. Grundvallarrannsóknir á náttúru landsins voru lengst af staðsettar á Náttúrugripasafni Íslands, síðar Náttúrufræðistofnun Íslands, bæði á sviði jarðvísinda og líffræði. Árið 1957 var Eðlisfræðistofnun Háskólans stofnuð og Reiknistofnun árið 1964. Raunvísindastofnun Háskólans var svo stofnuð árið 1966 og tók við hlutverki Eðlisfræðistofnunar með mjög víkkað starfssvið. Með tilkomu kennslu til háskólaprófs í flestum undirstöðugreinum raunvísinda og verkfræði eftir 1968 hafa rannsóknir í raunvísindum og tækni eflst mjög verulega.

Þessi þróun hefur valdið því að allmargar sérhæfðar rannsóknastofnanir hafa orðið til sem ýmist þjóna einstökum atvinnugreinum eða sinna grundvallarrannsóknum innan Háskóla Íslands. Margar þeirra byggja á sömu grundvallarfræðum þótt markmið rannsóknanna séu mismunandi. Í mörgum tilvikum eru aðferðir og tækjabúnaður að miklu leyti hinn sami. Að undanförnu hefur þróun vísindagreina verið mjög ör bæði að því er fræðilegan grundvöll varðar og þróun tækjabúnaðar. Einnig hefur þörfin fyrir nána samvinnu mismunandi fræðigreina aukist verulega þannig að nú starfa hópar sérfræðinga saman að viðfangsefnum sem einstakir vísindamenn sinntu áður. Þannig næst oft skjótari og víðtækari árangur af rannsóknastarfinu en áður. Eðlilegt er að spyrja hvort ekki sé nú ástæða til að athuga heildarskipulag á framkvæmd rannsókna á Íslandi. Þetta á m.a. við um líffræðilegar rannsóknir í þágu landbúnaðar, þar á meðal fiskeldis, landgræðslu og skógræktar og landnýtingar, í samhengi við grundvallarrannsóknir á sviði lífvísinda, svo og jarðvísindalegar rannsóknir á sviði orkumála, mannvirkjagerðar, hamfaraáhættu og skipulagsmála í samhengi við grundvallarrannsóknir í jarðvísindum.

Einnig er nú að verða brýnt að taka afstöðu til hlutverks skóla á háskólastigi, verkaskiptingar þeirra í milli og hlutdeildar þeirra í rannsóknum.

Þá skal einnig minnt á að Íslendingar hafa byggt upp styrki til vísindaiðkana á ýmsum sviðum sem gera þeim kleift að leggja nokkuð af mörkum til alþjóðlegra rannsókna

sem nú eru ofarlega á baugi og veita aðstoð í löndum sem skemmra eru á veg komin á viðkomandi sviðum. Þetta á t.d. við á sviði jarðvísinda og haffræði og fiskifræði. Rétt er að hafa þetta í huga við athuganir á skipulagi rannsókna á næstu árum með það fyrir augum að efla alþjóðaframlag Íslendinga.

3.6 Rannsóknir og byggðarþróun.

Byggðastefna á Íslandi hefur að miklu leyti miðast við að viðhalda hefðbundnum landbúnaði og sjávarútvegi á landsbyggðinni. Sú stefna hefur verið varnarstefna og ekki skilað miklum árangri. Nú er á vegum forsætisráðuneytis unnið að stefnumótun í atvinnumálum á landsbyggðinni sem grundvölluð verði á svæðisbundinni þróun með stuðningi við almennan framtaksvilja, m.a. starfi rannsóknastofnana og Háskóla Íslands. Eins og vísinda- og tæknirannsóknir eru nauðsynlegur grundvöllur farsællar þróunar í hagkerfi þjóðar verður þróun byggðar eða landshluta einnig að byggjast á markvissri hagnýtingu þekkingar. Mikilvægt er að greiður aðgangur sé að vísindalega grundvallaðri ráðgjöf og að rannsóknir geti beinst að þeim atriðum sem skipta mestu máli fyrir þróun á viðkomandi svæði. Þótt rannsóknastarfsemin hafi að mestu verið byggð upp í Reykjavík af hagkvæmnisástæðum hefur að nokkru verið komið til móts við sjónarmið byggðarþróunar með stofnun útibúa frá einstökum stofnunum (Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins) og tilraunastöðva frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Þetta hefur verið gert án meðvitaðrar heildarstefnu, stundum í andstöðu við forráðamenn stofnana, og ekki alltaf tekist sérstaklega vel vegna þess að slík útibú hafa sjaldnast fengið þann kjarna menntaðs starfsliðs og aðstöðu sem nauðsynleg er til árangursríks starfs. Sérfræðingar hafa starfað einangraðir án faglegs umhverfis sem nauðsynlegt er í rannsóknum. Hefur reynst erfitt að halda mönnum í starfi við slík skilyrði.

Þörf einstakra byggða fyrir sérfræðimenntað fólk og nánari tengsl milli atvinnuþróunar og rannsóknastarfsemi þarf hins vegar að mæta. Skynsamlegast væri að stofna sameiginlegar miðstöðvar á vegum fleiri rannsóknastofnana á sama stað innan skilgreindra atvinnuþróunarsvæða, helst í tengslum við æðri skóla þar sem nokkrir sérfræðingar, helst ekki færri en 5–6 á hverjum stað, gætu starfað saman þó á ólíkum sviðum væri. Þar væri þá hægt að leggja í nokkra fjárfestingu vegna aðstöðu og veita fjölbreyttari þjónustu með rannsóknum og ráðgjöf við atvinnuþróun á svæðinu. Jafnframt því gæti aðstaða og sérfræðiþekking nýst til kennslu í einhverjum mæli. Samstarf rannsóknastofnana sjávarútvegsins og Háskólans á Akureyri í tengslum við nýstofnaða sjávarútvegsdeild skólans er athyglisverð tilraun til sameiginlegs átaks af þessu tagi. Eðlilegt er að Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins eigi samstarf við Byggðastofnun og aðila á viðkomandi atvinnuþróunarsvæðum um stefnumótun og aðgerðir á þessu sviði.

Umtalsverðu fé er varið til byggðamála á Íslandi, ekki síst til að styðja við atvinnustarfsemi. Því miður er slíkur stuðningur oftar við fyrirtæki og atvinnustarfsemi sem illa gengur en við undirbúning nýrra tækifæra. Reynslan sýnir að oft þyrfti að leggja meira fé en gert er í undirbúningsrannsóknir og þróunarstarf áður en ráðist er í fjárfestingar. Í þessu efni gæti komið til aukin samvinna aðila sem að byggðamálum vinna og rannsóknaraðila, ekki síst Rannsóknaráðs ríkisins, um stuðning við nýsköpun.

3.7 Erlend samskipti. — Alþjóðasamstarf.

Á síðari árum hefur þróun vísinda og tækni byggst æ meir á alþjóðasamstarfi. Samstarfið getur verið margvíslegt eftir tilgangi þess og eðli samstarfsaðila.

* Algengast hefur verið einstaklingsbundið samstarf, sem stofnað er til af einstaklingum um ákveðið verkefni, sem viðkomandi einstaklingar hafa áhuga eða þekkingu á, oft sprottið af námsverkefni eða nánum faglegum tengslum. Verkefnavalið getur því verið tilviljunarkennt, en þarf ekki að vera verra fyrir það. Þessi verkefni eru yfirleitt ekki stór í sniðum og sjaldnast til skrár um þau.
* Samstarfsverkefni sem stofnað er til af vísindamönnum í tveimur eða fleiri löndum venjulega með styrk frá sjóðum í hlutaðeigandi löndum.
* Samstarf sem stofnað er til fyrir atbeina alþjóðastofnana eða samtaka þar sem reynt er að samræma og samhæfa krafta til að ná sem bestum árangri við lausn á ákveðnu, oftast stóru og umfangsmiklu verkefni. Vandað er til vals á slíkum verkefnum, enda þau oft fjárfrek. Stefnumótunin er í höndum samtakanna, en framkvæmdin oftast í höndum þeirra manna sem áttu hugmyndina að verkefninu.

Í vaxandi mæli er þessu samstarfi nú stýrt og það stutt með samkomulagi milli ríkja eða ríkjaheilda. Sem dæmi má nefna samráð og samstarf um stefnumörkun (t.d. innan OECD, Norðurlandaráðs og Evrópubandalagsins) og samráð um gerð, stýringu og fjármögnun rannsóknaáætlana (Norðurlandaráð, Alþjóðahafrannsóknaráðið, Evrópubandalagið, Eureka og European Science Foundation), sem og framkvæmd einstakra rannsóknar- og þróunarverkefna. Í framkvæmd er þetta samstarf bæði milli opinberra aðila og einkaaðila, stofnana, fyrirtækja og einstaklinga.

Ástæðurnar fyrir þessum mikla áhuga á alþjóðasamstarfi eru margvíslegar, t.d.:

Alþjóðlegt samstarf treystir tengslin við hinn alþjóðlega vísinda- og tækniheim langt út fyrir þau verkefni sem samstarfið snýst um. Það kemur í veg fyrir einangrun og að menn lokist inni í eigin verkefnum og hugarheimi. Með alþjóðlegu samstarfi og þar af leiðandi alþjóðlegum samanburði er settur mælikvarði á vísindastarfsemi sem leiðir til strangara gæðamats. Smáþjóðum er þetta að sjálfsögðu sérstaklega mikilvægt.

Kostnaður við rannsóknir hefur farið ört vaxandi en er í mörgum tilvikum ofviða einu landi, eða jafnvel litlum hópi landa, t.d. Norðurlöndum. Því er hagkvæmt að taka upp verkaskiptingu milli ríkja, samfjármögnun og skipti á niðurstöðum. Þannig geta þjóðir tryggt sér aðgang að víðtækari niðurstöðum og árangri fyrir mun lægri tilkostnað en ef þær gerðu allt sjálfar og fá margfalt það til baka sem þær sjálfar leggja fram.

Mörg viðfangsefni vísinda og tækni nú á dögum varða heila heimshluta eða allan heiminn og verða ekki unnin með árangri nema í samstarfi milli landa.

Íslendingar hafa um árabil tekið þátt í rannsóknasamstarfi á vegum ýmissa stofnana Norðurlandaráðs og á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Norræna samstarfið, bæði á vegum ráðherranefndar menntamála og á vegum annarra ráðherranefnda, t.d. á sviði orku og iðnaðar, landbúnaðar og sjávarútvegs, hefur orðið mikil lyftistöng fyrir íslenskar stofnanir og vísindamenn. Sérstaklega hefur NORDFORSK og síðar Norræni iðnaðarsjóðurinn haft mikil áhrif með fjárhagslegum stuðningi sínum og með aðstoð við undirbúning samvinnuverkefna sem Íslendingar hafa getað tekið þátt í. Á sl. ári var þátttaka Íslendinga í fullgildum rannsóknarverkefnum orðin það umfangsmikil að þeir fengu 7% af ráðstöfunarfé Norræna iðnaðarsjóðsins í sinn hlut, en greiða 1% af heildarframlagi til hans á norrænu samstarfsfjárlögunum. Ísland á því mikilla hagsmuna að gæta í öflugu norrænu samstarfi á sviði tækni og vísinda. Reynslan er reyndar sú að smáríki hafa oft meiri möguleika á að njóta góðs af alþjóðasamstarfi en stærri ríki og fá hlutfallslega meira út úr samstarfinu ef þau vita hvað þau vilja og hafa á að skipa hæfum vísindamönnum.

Fjölbreytt framboð tækifæra til alþjóðasamvinnu skapar smáþjóð þann vanda að þurfa að velja og hafna því útilokað er að hafa menn til að fylgjast með, að ekki sé talað um að taka þátt í öllu því samstarfi sem býðst. Æskilegast væri að taka þátt í þeim samstarfsáætlunum sem bjóða upp á mesta þjónustu í tengslastarfi og forvinnu, eða minnsta skriffinnsku, því þar eru okkar takmarkanir hvað mestar vegna ferðakostnaðar og mannfæðar. Norræni vettvangurinn er okkur hagstæðastur að þessu leyti. Hins vegar er hætta á að samstarfið við Evrópubandalagið geti orðið þyngra í vöfum vegna mikillar miðstýringar og lítillar þjónustu við lönd utan bandalagsins. Eureka-samstarfið er að þessu leyti léttara þar sem framkvæmd samstarfsins er að jafnaði aðeins háð gagnkvæmum áhuga á samstarfi en formsatriði varðandi samþykkt Eureka-verkefna í lágmarki.

Evrópubandalagið hefur í vaxandi mæli tekið að samræma rannsókna- og þróunarstarf í aðildarríkjum bandalagsins með gerð áætlana um stuðning við einstök svið til afmarkaðs tíma. Þær áætlanir eru síðan felldar í eina rammaáætlun (sjá yfirlit í töflu 3). EB hefur gefið einstökum löndum utan bandalagsins kost á að taka þátt í einstökum verkefnum eða gerast aðilar að einstökum áætlunum í gegnum tvíhliða rammasamning um samstarf. Ísland hefur nú gert slíkan rammasamning og sækir jafnframt um aðild að SCIENCE-áætluninni sem fjallar um skipti á vísindamönnum og yfirfærslu þekkingar á milli landa.

Á Íslandi er unnið að margvíslegum rannsóknum sem falla að einstökum áætlunum innan rammaáætlunar EB (sjá töflu 3). Ef Ísland gerðist aðili að rammaáætluninni í heild mundu Íslendingar þurfa að greiða framlag miðað við þjóðarframleiðsluhlutfall sem nemur 0,12% af heildarupphæð áætlunarinnar og yrði um 140–150 millj. kr. á ári. Aðild að hverri undiráætlun kostaði framlag í sama mæli, t.d. um 2 m.kr. fyrir aðild að SCIENCE-áætluninni sem þegar hefur verið samþykkt af Íslands hálfu. Líklegt er að hagkvæmt væri fyrir Íslendinga að gerast aðilar að fleiri undiráætlunum EB, t.d. á sviði umhverfismála og náttúruhamfara (STEP og EPOCH) og hugsanlega á sviði sjávartækni og hafrannsókna (MAST), en á þessu sviði er rétt að láta reyna á samstarfið í gegnum einstök verkefni og sjá hvernig tekst til. Af einstökum öðrum áætlunum má benda á iðnaðar- og efnistækniáætlunina (BRITE/EURAM), fiskveiða- og matvæla- og landbúnaðartækni (FAR, FLAIR) og áætlun um rannsóknir á sviði læknis- og heilbrigðisfræði, svo og hagfræði (SPES).

Vísindaráð hefur nýlega fyrir hönd Íslands fengið aðild að European Science Foundation (ESF) sem er einhver mikilvægasti samstarfsvettvangur innan Evrópu á sviði frjálsra grunnrannsókna. ESF hefur lagt nokkra áherslu á samstarf um rannsóknir sem krefjast dýrrar rannsóknaraðstöðu og Ísland hefur ekki haft aðstöðu eða mannafla til að nýta. Á síðari árum hefur athyglin beinst meira að samstarfsverkefnum, t.d. á sviði jarðvísinda, sem Íslendingar geta lagt nokkuð af mörkum til og notið góðs af í samstarfi.

Þátttaka í alþjóðasamstarfi getur verið kostnaðarsöm og í mörgum tilvikum þarf sérstakar ákvarðanir um fjárveitingar fyrir hugsanlegu framlagi Íslands. Augljóslega hefur Ísland ekki bolmagn til að taka þátt í öllu sem býðst í því efni. Nauðsynlegt er að Rannsóknaráð ríkisins og Vísindaráð, hvort á sínu sviði, meti vandlega forsendur til þátttöku af hálfu Íslands og geri tillögur um fjárþörf í því skyni. Hins vegar þurfa ráðin að hafa sjálf handbært fé til að taka þátt í fundahöldum og undirbúningsstarfi áður en til formlegrar þátttöku kemur.

3.8 Mat á rannsókna- og þróunarstarfsemi.

Með auknum framlögum til rannsókna og þróunar verður ríkari ástæða til þess að stjórnvöld geti með sem gleggstum hætti fylgst með því hvaða árangur næst í því starfi og hvernig það skilar sér til þjóðlífsins, svo sem til menntunar, betri skilnings á landinu og þjóðinni, til menningarinnar, atvinnulífsins, heilbrigðisþjónustunnar o.s.frv. Því verður að leggja áherslu á að jafnan séu tiltækar sem bestar upplýsingar um þessa starfsemi, svo að stjórnvöld geti tekið ákvarðanir sínar í ljósi þeirra. Aðeins með þessum hætti er unnt að stuðla að efnislegri meðferð fjárlagabeiðna vegna rannsókna- og þróunarstarfsemi. Mat á árangri hennar þarf að verða reglubundinn liður í starfsemi þeirra stofnana sem með þau mál fara. Upplýsingar af þessum toga eru lykilatriði í stefnumótun stjórnvalda. Stjórnvöldum er enn fremur nauðsyn á að vita hvernig staðið er að því að koma þekkingunni á framfæri við þá sem hennar þurfa með.

Í ljósi þess þurfa Vísindaráð og/eða Rannsóknaráð, eftir atvikum í samvinnu við þá aðila sem málið varðar hverju sinni,

— að gangast fyrir eða taka þátt í úttektum og mati á starfsemi, starfsháttum og skipulagi einstakra rannsóknastofnana sem kostaðar eru af hinu opinbera,
— að gangast fyrir eða taka þátt í úttektum á rannsókna- og þróunarstarfsemi á einstökum sviðum vísinda og tækni,
— að gangast fyrir eða taka þátt í úttektum og kortlagningu á nýjum sviðum vísinda og tækni sem telja verður mikilvæg fyrir rannsóknastarfsemina í landinu og atvinnuvegi þjóðarinnar,
— að gangast fyrir eða taka þátt í úttektum og mati á því hvernig hið opinbera, stofnanir þess og fyrirtæki, sem það á aðild að, standa að því að nýta þá þekkingu sem aflað er með rannsókna- og þróunarstarfsemi.

Meðal þess sem þarf að athuga er:

— staða íslenskra rannsókna í alþjóðlegu samhengi vísinda,
— samband íslenskra rannsókna við skólakerfið og við stofnanir er vinna að þróun á sviði atvinnumála, félagsmála, heilbrigðismála og menningar,
— áherslur í verkefnavali í ljósi hlutverks rannsóknastofnana, þarfa þjóðarinnar og atvinnuvega, og í ljósi þeirrar stefnu sem stjórnvöld marka,
— hvernig fjármagn, mannafli og aðstaða nýtist.

Mikilvægt er að náið samráð verði haft milli allra aðila sem þessi mál varða. Tilgangur úttektar og mats er fyrst og fremst sá að fá fram staðreyndir um stöðu og árangur íslenskrar rannsókna- og þróunarstarfsemi þannig að stjórnvöld geti byggt á þeim stefnumótun sína um áherslur og fjárveitingar.

3.9 Framkvæmd vísinda- og tæknistefnu.


Mótun og framkvæmd samræmdrar vísinda- og tæknistefnu varðar ábyrgðarsvið margra ráðuneyta og nauðsyn ber til að tengja hana sem best stefnumörkun á öðrum sviðum þjóðlífsins. Með hliðsjón af þessu er lagt til að tvisvar á ári verði haldinn fundur undir forystu forsætisráðherra með fulltrúum Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins og ráðherrum menntamála, iðnaðar, sjávarútvegs, landbúnaðar, heilbrigðismála, umhverfismála, samgöngumála og fjármála. Gert verði ráð fyrir því að fulltrúum allra þingflokka verði boðið að sitja þessa fundi. Á öðrum fundinum er ætlast til að fulltrúar ráðanna geri grein fyrir framvindu og meginviðhorfum í vísindum og tækni með hliðsjón af aðstæðum á hverjum tíma, en á hinum fundinum leggi þeir fram tillögur um fjárveitingar til vís-

inda- og tæknimála á næstu árum. Eðlilegt er að rektor Háskóla Íslands og formaður vísindanefndar Háskólans sitji einnig fundina. Sérstökum fulltrúum atvinnulífsins mætti bjóða á þessa fundi eftir því sem málefni segja til um. Dagskrá hvers fundar yrði undirbúin af samstarfsnefnd Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins í samvinnu við forsætisráðuneytið og menntamálaráðuneytið.

MYND 1


Hagþróun á Íslandi 1900-1989

Þjóðarframleiðsla (magnvísitala) borin saman við heildarfiskafla og orkunotkun



Heimildir: Þjóðhagstofnun, Hafrannsóknarstofnun og Orkustofnun


MYND 2




FRAMLÖG TIL R&Þ
Í RÍKJUM OECD
1975 - 1989


(SEM HLUTFALL AF
ÞJÓÐARFRAMLEIÐSLU)

Heimild: OECD






MYND 3 HLUTFALL KOSTNAÐAR VIÐ R&Þ AF VÞF OG HLUTFALL MANNAFLA VIÐ R&Þ AF HEILDAR MANNAFLA




Heimild: Rannsóknaráð ríkisins




Heimild: Rannsóknaráð ríkisins


MYND 5




Heimild: Rannsóknarráð ríkisins
OECD



Heimild: Rannsóknaráð ríkisins
OECD




Heimild: Rannsóknaráð ríkisins




Heimild: Rannsóknaráð ríkisins

MYND 9 HLUTFALL RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARSTARFSEMI AF VINNSLUVIRÐI VALINNA ATVINNUGREINA. Árin 1977 til 1987.



Heimild: Rannsóknaráð ríkisins
Þjóðhagsstofnun

MYND 10




Áhætta vex
"Þolinmæði" vex
Krafa um vísindaleg gæði vex

Krafa um tryggingu vex
"Skammsýni" vex
Fjárþörf vex
Stjórnunarvandi vex

Heimild: Rannsóknaráð ríkisins


MYND 11



Heimild: Jón Torfi Jónasson, Menntun og skólastarf í 25 ár, 1985-2010


MYND 12

Fjöldi lánþega Lánasjóðs íslenskra námsmanna eftir landsvæðum skólaárið 1987/1988



Heimild: Jón Torfi Jónasson, Menntun og skólastarf í 25 ár, 1985-2010

MYND 13. SKIPURIT RANNSÓKNASTARFSEMINNAR Á ÍSLANDI



Ed. 592. Frumvarp til laga [335. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Berger, Jiri, sálfræðingur, f. 1. júlí 1950 í Tékkóslóvakíu.
2. Namwijit, Sophaporn, verkamaður, f. 15. september 1950 á Thailandi.
3. Ólöf Halla Hjartardóttir, verslunarmaður, f. 20. október 1953 í Reykjavík.
4. Roberts, Kristrún Ingibjörg, bréfberi, f. 22. júní 1950 í Reykjavík.
5. Rossen, Magnús Ólafur, bifvélavirki, f. 15. júlí 1967 í Stykkishólmi.
6. Toohey, John Patrick, kerfisfræðingur, f. 17. janúar 1963 á Írlandi.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenninafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum sem sett hafa verið af allsherjarnefndum beggja þingdeilda.

Frumvarp þetta er annað frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar sem borið er fram á yfirstandandi 113. löggjafarþingi.

Á þremur síðustu þingum hefur verið afgreitt fyrir miðsvetrarhlé frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar og síðan í lok þingsins um vorið hefur einnig verið afgreitt frumvarp um veitingu ríkisborgararéttar. Þessi háttur á afgreiðslu umsókna um ríkisborgararétt hefur reynst til mikilla þæginda, bæði styttir það biðtíma umsækjenda og dreifir afgreiðsluálagi hjá ráðuneytinu.

Sþ. 593. Þingsályktun [22. mál]

um skrifstofur heilbrigðismála í kjördæmum landsins.

(Afgreidd frá Sþ. 7. febr.)

Samhljóða þskj. 22.

Sþ. 594. Þingsályktun [113. mál]

um reiðvegaáætlun.

(Afgreidd frá Sþ. 7. febr.)

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd með þátttöku samtaka hestamanna og sveitarfélaga til þess að kanna ástand reiðvega og gera reiðvegaáætlun.

Sþ. 595. Fyrirspurn [336. mál]

til dómsmálaráðherra um meðferð Rannsóknarlögreglu ríkisins á málum er varða kynferðisafbrot gagnvart börnum.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

1. Hversu margar kærur bárust til Rannsóknarlögreglu ríkisins (RLR) um kynferðisafbrot gagnvart börnum yngri en 16 ára árin 1980–1990? Svar óskast sundurliðað eftir árum.
2. Hvers eðlis voru þau brot sem kærð voru árin 1989 og 1990? Í svari óskast tilgreindir helstu brotaflokkar og einnig hvort hinn grunaði var barninu ókunnur eða var í fjölskyldu barnsins eða vinahópi fjölskyldu þess.
3. Hve margar kærur um slík brot, sem bárust RLR árin 1989 og 1990, voru sendar til ríkissaksóknara og hve margar voru ekki sendar þangað:
   a. í heild,
   b. í þeim tilvikum þegar grunur féll á ákveðinn mann?
4. Hvaða ástæður voru tilgreindar í þeim tilvikum sem RLR ákvað að senda kærur ekki áfram til ríkissaksóknara sömu ár?
5. Hve lengi voru mál, er varða kynferðisafbrot gagnvart börnum yngri en 16 ára, að jafnaði í meðferð hjá RLR árin 1989 og 1990?

Greinargerð.

Kynferðisafbrot gagnvart börnum eru ein alvarlegustu brot sem Rannsóknarlögregla ríkisins (RLR) fær til umfjöllunar. Í þessari fyrirspurn er leitað upplýsinga um fjölda þessara brota og hvers eðlis þau eru. Fyrirspyrjandi þekkir dæmi um að RLR sendi ekki kæru áfram til ríkissaksóknara þótt grunur um brotið félli á ákveðinn mann og hann væri jafnvel í fjölskyldu fórnarlambsins eða vinahópi hennar. Því er ástæða til að fá upplýsingar um hvort slíkt gerist oft og hvaða ástæður liggja fyrir því að svo alvarlegum brotum er ekki fylgt eftir til ríkissaksóknara.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 596. Fyrirspurn [337. mál]

til dómsmálaráðherra um meðferð ríkissaksóknara á málum er varða kynferðisafbrot gagnvart börnum.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

1. Hve mörg mál, er varða kynferðisafbrot gagnvart börnum yngri en 16 ára, bárust ríkissaksóknara á árunum 1980–1990? Svar óskast sundurliðað eftir árum.
2. Hve mörgum þessara mála lauk með dómi og hve mörg þeirra voru felld niður?
3. Hvaða ástæður voru tilgreindar ef ríkissaksóknari felldi slík mál niður? Svar óskast sundurliðað eftir helstu ástæðum fyrir niðurfellingu og kæruefnum og nái til áranna 1989 og 1990.
4. Hverjar voru dómsniðurstöður í þeim málum er lauk með dómi, sbr. 2. lið? Svar óskast sundurliðað eftir helstu kæruefnum og niðurstöðum dóma og taki til áranna 1989 og 1990.
5. Hve lengi voru mál, er varða kynferðisafbrot gagnvart börnum yngri en 16 ára, að jafnaði til umfjöllunar hjá ríkissaksóknara árin 1989 og 1990?

Greinargerð.

Kynferðisafbrot gagnvart börnum koma til kasta ríkissaksóknara ef Rannsóknarlögregla ríkisins (RLR) sendir kærur um slík brot þangað. Í framhaldi af fyrirspurn um meðferð RLR á málum af þessu tagi er hér beðið um upplýsingar um meðferð mála hjá ríkissaksóknara, úrslit þeirra, dóma og þau tilvik þegar kæra er felld niður.

Skriflegt svar óskast.

Nd. 597. Frumvarp til laga [338. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

1. gr.

1. gr., sbr. lög nr. 66/1989, orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis á hver íslenskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning fer fram og lögheimili á hér á landi.

Íslenskur ríkisborgari, sem náð hefur 18 ára aldri og átt hefur lögheimili hér á landi, á og kosningarrétt í átta ár frá því hann flutti lögheimili af landinu, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag. Slíkur ríkisborgari á og kosningarrétt eftir þann tíma, enda hafi hann sótt um það samkvæmt nánari reglum í lögum þessum.

2. gr.

a-liður 1. mgr. 13. gr. orðist svo:

a. sýslumenn og bæjarfógetar, yfirborgarfógetinn í Reykjavík og lögreglustjórar utan Reykjavíkur, svo og starfsmenn þeirra embætta samkvæmt ákvörðun forstöðumanns. Forstöðumaður getur enn fremur, með samþykki dómsmálaráðuneytisins, falið öðrum að annast atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

3. gr.

14. gr. orðist svo:

Sveitarstjórnir gera kjörskrár til alþingiskosninga á grundvelli kjörskrárstofna sem Hagstofa Íslands (þjóðskrá) lætur þeim í té.

4. gr.

15. gr., sbr. lög nr. 66/1989, orðist svo:

Á kjörskrá skal taka:

1. Þá sem uppfylla skilyrði 1. mgr. 1. gr. og skráðir voru með lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár sjö vikum fyrir kjördag.
2. Þá sem uppfylla skilyrði 2. mgr. 1. gr. og síðast áttu skráð lögheimili hér á landi í sveitarfélaginu.

Sá sem fellur undir 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. verður því aðeins tekinn á kjörskrá að hann hafi sótt um það til Hagstofu Íslands. Umsókn skal rituð á sérstakt eyðublað þar sem fram komi fullt nafn og kennitala umsækjanda, hvenær hann flutti af landi brott, síðasta lögheimili á landinu og heimilisfang erlendis. Umsókn skal jafnframt bera með sér yfirlýsingu umsækjanda um að hann sé enn íslenskur ríkisborgari. Hagstofa Íslands lætur eyðublöð þessi í té og skulu þau liggja frammi á Hagstofunni, í skrifstofum sendiráða og fastanefnda, í sendiræðisskrifstofum og í skrifstofum kjörræðismanna. Sé umsókn fullnægjandi tilkynnir Hagstofan umsækjanda það og hlutaðeigandi sveitarstjórn. Ákvörðun um að einhver sé þannig á kjörskrá tekinn gildir í fjögur ár frá 1. desember næstum á eftir að umsókn var lögð fram.

5. gr.

2. mgr. 16. gr. orðist svo:

Þegar kjörskrá hefur verið samin skal hún undirrituð af oddvita sveitarstjórnar eða framkvæmdastjóra hennar.

6. gr.

Í stað orðanna „oddvita hreppsnefndar eða í skrifstofu borgar- eða bæjarstjóra“ í 18. gr. komi: oddvita sveitarstjórnar eða á skrifstofu hennar.

7. gr.

19. gr. orðist svo:

Kjörskrá skal leggja fram almenningi til sýnis á skrifstofu sveitarstjórnar eða öðrum hentugum stað eigi síðar en 24 dögum fyrir kjördag. Kjörskrá skal liggja frammi á að minnsta kosti einum stað og í hverri kjördeild utan kaupstaða og kauptúna.

Áður en kjörskrá er lögð fram skal auglýsa hvar það verður gert og á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar.

Eftir að kjörskrá hefur verið lögð fram skal hún liggja frammi á almennum skrifstofutíma til kjördags. Staðfest eftirrit af kjörskrá má hafa til að leggja fram.

8. gr.

20. gr. orðist svo:

Eigi síðar en kl. 12 á hádegi þann dag þegar tvær vikur eru til kjördags skal hver sá sem kæra vill að einhvern vanti á kjörskrá eða sé þar ofaukið hafa afhent oddvita sveitarstjórnar eða framkvæmdastjóra hennar kæru sína með þeim rökum og gögnum sem hann vill fram færa til stuðnings máli sínu.

Sé kæra um það að einhver sé á skrá tekinn sem ekki hafi rétt til að standa þar skal oddviti eða framkvæmdastjóri innan þriggja daga gagngert senda þeim sem yfir er kært eftirrit af kærunni. Enn fremur skal tilkynna aðilum hvenær mál út af kærum, sem fram hafa komið, verða tekin til meðferðar svo að þeir geti komið að athugasemdum.

9. gr.

21. gr. orðist svo:

Sveitarstjórn skal skera úr aðfinnslum við kjörskrána, sem þannig eru fram komnar, eigi síðar en einni viku fyrir kjördag. Úrskurð sveitarstjórnar skal þegar tilkynna hlutaðeigandi, svo og sveitarstjórn er mál getur varðað.

Þegar búið er að leiðrétta og bæta við kjörskrána samkvæmt þessu skal hún undirrituð af oddvita sveitarstjórnar eða framkvæmdastjóra hennar. Eftir það verður engin breyting gerð á kjörskránni, nema dómur sé á undan genginn.

10. gr.

22. gr. orðist svo:

Þegar kjörskrá hefur endanlega verið undirrituð skal oddvita yfirkjörstjórnar sent eintak af henni.

11. gr.

2. mgr. 25. gr. falli brott.

12. gr.

26. gr. breytist þannig:

a. 1. mgr. orðist svo:

Þegar alþingiskosningar eiga að fara fram skulu öll framboð tilkynnt skriflega yfirkjörstjórn þeirri, sem í hlut á, eigi síðar en kl. 12 á hádegi þann dag þegar tvær vikur eru til kjördags.

b. Á eftir orðinu „frambjóðanda“ í 2. mgr. komi: kennitölu hans.

13. gr.

1. mgr. 27. gr. orðist svo:

Framboðslista í kjördæmi skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann. Framboðslista skal og fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá kjósendum í hlutaðeigandi kjördæmi. Fjöldi meðmælenda skal vera margfeldi af þingsætatölu kjördæmisins og talnanna 10 að lágmarki og 15 að hámarki.

14. gr.

36. gr. falli brott.

15. gr.

37. gr. falli brott.

16. gr.

1. málsl. 38. gr. orðist svo: Sama dag og framboðsfrestur rennur út heldur yfirkjörstjórn fund og skal umboðsmönnum framboðslista gefinn kostur á að vera viðstaddir.

17. gr.

Í stað orðanna „fjórum vikum fyrir kjördag“ í 1. málsl. 2. mgr. 40. gr. komi: eigi síðar en þremur sólarhringum áður en framboðsfrestur rennur út.

18. gr.

Í stað orðanna „þrem vikum“ í 2. mgr. 42. gr. komi: 10 dögum.

19. gr.

44. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðuneytið lætur í té kjörgögn við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Kjörgögn þessi skulu jafnan vera fyrir hendi hjá þeim er annast atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

Kjörstjórar skulu varðveita kjörgögnin á öruggum stað.

20. gr.

45. gr. orðist svo:

Kjörgögn til atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eru: kjörseðill, kjörseðilsumslag, fylgibréf og sendiumslag.

Á kjörseðli og kjörseðilsumslagi skal prentað að um sé að ræða kjörseðil og kjörseðilsumslag við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar við alþingiskosningar. Fylgibréf og sendiumslag skulu þannig gerð að á þau megi auðveldlega rita þær upplýsingar sem mælt er fyrir um í lögunum.

Dómsmálaráðuneytið kveður nánar á um gerð kjörgagna þessara.

21. gr.

46. gr. falli brott.

22. gr.

63. gr. breytist þannig:

a. Í stað orðanna „kjörblöð og umslög“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: kjörgögn.
b. Í stað 2.–3. mgr. komi fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Kjörstjóra innan lands er heimilt að láta kosningu fara fram á sjúkrahúsi, dvalarheimili aldraðra og stofnun fyrir fatlaða, enda sé kjósandi til meðferðar á hlutaðeigandi stofnun eða vistmaður þar. Með sama hætti fer um fangelsi og vistmenn þar.

Kjörstjóri innan lands getur enn fremur heimilað kjósanda, sem ekki getur sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, að greiða atkvæði í heima-

húsi. Slík ósk skal vera skrifleg og studd læknisvottorði og skal hafa borist hlutaðeigandi kjörstjóra eigi síðar en kl. 12 á hádegi þann dag þegar ein vika er til kjördags.

Kjörstjóri innan lands auglýsir hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram og á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar. Atkvæðagreiðsla skv. 2. mgr. skal fara fram á þeim tíma sem kjörstjóri ákveður, að höfðu samráði við stjórn stofnunar. Utanríkisráðuneytið auglýsir hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram hjá kjörræðismönnum sem eru kjörstjórar skv. 13. gr.

Dómsmálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd atkvæðagreiðslu skv. 2. og 3. mgr. Slík atkvæðagreiðsla má þó ekki fara fram fyrr en þremur vikum fyrir kjördag. Tilkynna skal umboðsmönnum lista, sbr. 33. gr., um það hvenær atkvæðagreiðsla skv. 2. mgr. fer fram.

23. gr.

2. mgr. 64. gr. falli brott.

24. gr.

66. gr. orðist svo:

Kjósandi, sem greiða vill atkvæði utan kjörfundar, skal gera kjörstjóra grein fyrir sér með því að framvísa nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt. Kjörstjóri skal færa á sérstaka skrá nafn kjósanda, heimilisfang og kennitölu og hvern dag kosningaathöfnin fór fram.

Að þessu loknu fær kjósandi afhent kjörgögn. Skal hann síðan aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður sjái, rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt er að framan greinir og setja atkvæðið í kjörseðilsumslagið. Því næst áritar og undirritar kjósandi fylgibréfið í viðurvist kjörstjóra sem vottar atkvæðagreiðsluna. Að því loknu leggur kjósandi kjörseðilsumslagið ásamt fylgibréfinu í sendiumslagið og lokar því vandlega. Umslagið skal síðan áritað til hreppstjórans í þeim hreppi eða bæjarfógetans í þeim kaupstað (í Reykjavík borgarfógeta) eða kjörstjórnarinnar í þeirri kjördeild þar sem kjósandinn telur sig standa á kjörskrá. Á sendiumslagið skal og rita nafn kjósanda, kennitölu og lögheimili.

Ef kjósandi skýrir kjörstjóra svo frá að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé höndin ónothæf skal starfsmaður kjörstjóra, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í einrúmi, enda er sá sem aðstoðina veitir bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Heimilt er þeim sem aðstoð veitti að undirrita fylgibréfið fyrir hönd kjósanda í viðurvist kjörstjóra. Um aðstoðina skal bóka í gerðabók kjörstjóra og á fylgibréfið að tilgreindum ástæðum. Óheimilt er með öllu að bjóða þeim aðstoð sína er þannig þarfnast hjálpar.

Nú vill skipstjóri sjálfur greiða atkvæði utan kjörfundar og getur ekki náð til annars kjörstjóra og skal þá atkvæðagreiðsla hans vottuð af þeim er í hans stað gengur á skipinu er hans missir við.

25. gr.

68. gr. falli brott.

26. gr.

2. og 3. mgr. 69. gr. falli brott.

27. gr.

2. mgr. 73. gr. orðist svo:

Sé kjörfundur settur fyrr en kl. 12 á hádegi skal það auglýst með þeim fyrirvara og á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar.

28. gr.

81. gr. orðist svo:

Er kjósandi kemur inn í kjörfundarstofuna gerir hann kjörstjórn grein fyrir sér með því að framvísa nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt. Ef hann þannig á rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni afhendir oddviti honum einn kjörseðil.

29. gr.

Í stað orðanna „kl. 23 á kjördag“ í 2. mgr. 93. gr. komi: kl. 21 á kjördag.

30. gr.

94. gr. falli brott.

31. gr.

95. gr. breytist þannig:

a. Orðin „bera saman tölusetningu þeirra og umslaganna“ í 2. mgr. falli brott.
b. 3. mgr. falli brott.

32. gr.

96. gr. orðist þannig:

Komi það í ljós að sá er sent hefur utankjörfundaratkvæði standi ekki á kjörskrá, hafi samkvæmt henni ekki rétt til að greiða atkvæði, sé búinn að greiða atkvæði, hafi afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild, sbr. 82. gr., eða hafi dáið á undan kjördegi leggur kjörstjórnin kjörseðilsumslagið ásamt fylgibréfinu aftur í sendiumslagið og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að ef í sendiumslaginu er eitthvað annað en eitt fylgibréf ásamt kjörseðilsumslagi eða ef sjáanlegt er að ekki hafi verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn er dómsmálaráðuneytið hefur látið gera eða ekki hefur verið farið eftir reglum þeim við atkvæðagreiðsluna sem settar eru í þessum lögum.

Nú berast fleiri en eitt atkvæði greidd utan kjörfundar frá hinum sama kjósanda og skal þá aðeins hið síðastgreidda atkvæði koma til greina.

33. gr.

Í stað orðanna „leggja atkvæðið, þ.e. fylgibréfið með áföstum kjörseðlinum, aftur í umslagið“ í 97. gr. komi: leggja kjörseðilsumslagið óopnað ásamt fylgibréfi aftur í sendiumslagið.

34. gr.

98. gr. orðist svo:

Þau kjörseðilsumslög, sem enginn ágreiningur er um að gild séu, lætur kjörstjórn óopnuð í atkvæðakassann.

35. gr.

Í stað orðanna „utankjörfundaratkvæðaseðlar þeir, er gildir hafa verið teknir, hafa verið látnir“ í 1. málsl. 1. mgr. 100. gr. komi: kjörseðilsumslög þau, er gild hafa verið tekin, hafa verið látin.

36. gr.

Orðin „eða ef eitthvað er innan í utankjörfundarseðli, sem ætla má að hafi verið sett þar í því skyni“ í 4. tölul. 105. gr. falli brott.

37. gr.

123. gr. falli brott.

38. gr.

124. gr. falli brott.

39. gr.

Orðin „eða fyrr en manni ber samkvæmt kjörskránni“ í fyrri málsgrein 6. tölul. 125. gr. falli brott.

40. gr.

9. tölul. 133. gr. falli brott.

41. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af stjórnarskrárnefnd og fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

Haustið 1987 var stjórnarskrárnefnd falið, með bréfi Þorsteins Pálssonar forsætisráðherra, að vinna að endurskoðun á lögum um kosningar til Alþingis. Nefndin hóf fljótlega umfjöllun um endurskoðun kosningalaganna og hefur unnið það starf með nokkrum hléum. Sú endurskoðun sem nefndin hefur haft með höndum hefur í reynd verið tvíþætt. Annars vegar hefur verið um að ræða almenna endurskoðun á kosningalögunum og hins vegar endurskoðun á ákvæðum laganna um úthlutun þingsæta. Það frumvarp er hér liggur fyrir byggir á umfjöllun nefndarinnar um fyrrnefnda þáttinn.

Baldur Möller, fyrrverandi ráðuneytisstjóri í dómsmálaráðuneytinu, starfaði með nefndinni í byrjun en við verkefnum hans tók fyrri hluta ársins 1988 Þorsteinn Magnússon, núverandi deildarstjóri nefnda- og þingmáladeildar Alþingis. Við hina almennu endurskoðun á kosningalögunum naut nefndin á síðari stigum jafnframt aðstoðar Ólafs W. Stefánssonar, skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneytinu, og Skúla Guðmundssonar, skrifstofustjóra þjóðskrár Hagstofu Íslands.

Þær meginbreytingar, er felast í þessu frumvarpi, eru eftirfarandi:

1. Viðmiðunardagur kjörskrár er færður frá 1. desember og nær kjördegi. Kveðið er á um að kjörskrá skuli gerð á grundvelli íbúaskrár og er þá miðað við að kjörskrá sé eins og íbúaskrá er hverju sinni sjö vikum fyrir kjördag. Frágangur kjörskráa af hálfu sveitarstjórna verður því eðlilega mun auðveldari.
2. Kjörskrá þarf ekki að leggja fram með eins löngum fyrirvara og nú er. Er um að ræða 24 daga í stað tveggja mánaða áður. Þessi breyting leiðir af breyttum ákvæðum um samningu kjörskrár sem gera nauðsynlegt að stytta þann tíma sem kjörskrá liggur frammi.
3. Framboðsfrestur rennur út tveimur vikum fyrir kjördag í stað fjögurra. Þetta gerir mögulegt að boða til alþingiskosninga með nokkuð styttri fyrirvara en nú er hægt. Þannig mætti boða til kosninga með fimm vikna fyrirvara ef aðstæður í stjórnmálum gera slíkt óhjákvæmilegt. Miðað við óbreytt ákvæði um framboðsfrest er vart hægt að boða til kosninga með minna en sjö vikna fyrirvara. Þá mun breytingin skv. 1. lið einnig létta undir vinnu við gerð kjörskrár ef boðað er til kosninga með stuttum fyrirvara.
4. Miðað er við margfeldi af þingsætatölu kjördæmis og föstum lágmarks- og hámarkstölum þegar tilgreint er hversu stór hluti kjósenda þurfi að lýsa stuðningi við framboð til að það sé löglegt. Tilskilinn fjöldi meðmælenda endurspeglar þannig að nokkru mismunandi stærðir kjördæmanna. Í gildandi lögum er tilgreindur lágmarks- og hámarksfjöldi kjósenda í hverju kjördæmi og að undanskildu Reykjavíkurkjördæmi er hann sá sami fyrir öll kjördæmin.
5. Kjörgögnum við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar er breytt í því skyni að gera þau einfaldari og um leið á að tryggja að sjálf kosningaathöfnin gangi greiðar fyrir sig.
6. Kjörgögn við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar verða ætíð fyrir hendi hjá kjörstjórum þeim er annast atkvæðagreiðsluna. Þannig er m.a. greitt fyrir því að hægt sé að boða til kosninga með styttri fyrirvara en nú er mögulegt.
7. Sett er ákvæði er tryggir að þeir sem dveljast á stofnunum fyrir fatlaða njóti sömu réttinda til að kjósa á dvalarstaðnum og þeir sem dveljast á sjúkrahúsi og dvalarheimili fyrir aldraða.
8. Heimilað verður að láta kosningu fara fram í heimahúsi í þeim tilvikum sem kjósandi mun ekki geta mætt á kjörstað vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar.
9. Kjósanda verður gert að gera grein fyrir sér við atkvæðagreiðslu með því að framvísa nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt. Þetta gildir bæði á almennum kjörfundi og við kosningu utan kjörfundar.
10. Kjörfundi lýkur kl. 21 sem er aðeins fyrr en samkvæmt gildandi lögum. Úrslit ættu því að liggja fyrr fyrir en nú er.
11. Kveðið er nánar á um ýmsa fresti og fyrirvara í lögunum og er miðað við að frestir renni út kl. 12 á hádegi.
12. Afnumin eru ákvæði er banna mönnum að greiða atkvæði tvívegis við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Sú breyting, sem lögð er til á 1. gr. laganna, felur ekki í sér efnislega breytingu. Greinin er umorðuð auk þess sem ákvæði, sem nú er að finna í 2. tölul. 15. gr. laganna,

eru flutt í þessa grein, því rétt þykir að í 1. gr. laganna séu öll ákvæði er lúta að kosningarrétti. Vísað er hér til greinanna eins og þeim var breytt með lögum nr. 66/1989. Ákvæði um það hvar kjósendur skulu vera á kjörskrá eru hins vegar áfram í 15. gr.

Um 2. gr.

Þær breytingar, sem lagðar eru til á 13. gr. laganna, eru tvenns konar. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að forstöðumenn embætta geti, í krafti síns embættis, falið starfsmönnum (löglærðum sem öðrum) að annast framkvæmd atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að þeir geti, með samþykki dómsmálaráðuneytisins, falið öðrum að annast framkvæmd atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Er þá haft í huga að þeir geti, ef það er talið henta, falið starfsmanni í þeim stofnunum sem tilgreindar eru í 2. mgr. 63. gr. (sjúkrahús, dvalarheimili aldraðra og stofnanir fyrir fatlaða) að annast framkvæmd kosningarinnar. Í þessum stofnunum kunna að vera starfsmenn sem þekkingu hafa á kosningalögum og getu til að annast framkvæmd kosninga. Mun þessi breyting því geta létt nokkuð undir með störfum kjörstjóra.

Um 3. gr.

Rétt þykir að fram komi í kosningalögunum að kjörskrár þær, sem sveitarstjórnir gera, eru unnar á grundvelli kjörskrárstofna sem Hagstofa Íslands (þjóðskrá) lætur þeim í té. Um skyldu Hagstofunnar í þessum efnum er kveðið á í 3. gr. laga um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962.

Um 4. gr.

Þær breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á 15. gr. laganna, eru eftirfarandi:

1. Meginbreytingin er í 1. tölul. 1. mgr. Viðmiðunardagur kjörskrár er færður frá 1. desember og færist nær kjördegi. Á kjörskrá verða nú færðir þeir sem skráðir eru í íbúaskrá þjóðskrár með lögheimili í sveitarfélaginu sjö vikum fyrir kjördag. Kjörskrá verður því eins og íbúaskrá þjóðskrár er hverju sinni sjö vikum fyrir kjördag. Þessa breytingu er unnt að gera vegna þess að allar breytingar á lögheimili eru nú skráðar jafnóðum en ekki uppfærðar einu sinni á ári eins og áður tíðkaðist.

Breytingin felur í sér að þeir sem flytjast milli kjördæma eða kjördeilda eftir áðurgreindan tíma eru teknir á kjörskrá þar sem þeir voru skráðir með lögheimili sjö vikum fyrir kjördag. Kjósandi getur því ekki kært sig á kjörskrá vegna flutnings eftir þann tíma né heldur ef flutningur hefur ekki verið tilkynntur fyrir þann tíma. Gildandi ákvæði hefur leitt til þess að fólk sem ekki hafði tilkynnt breytingu á lögheimili fyrir 1. desember hefur átt rétt á að vera tekið á kjörskrá á nýja staðnum þar sem það átti lögheimili. Hefur það skapað mikla vinnu hjá sveitarstjórnum og óvissu við frágang kjörskrár.

Breyting sú sem felst í 1. tölul. þýðir að sveitarstjórnir þurfa að gera tiltölulega fáar breytingar á þeim kjörskrárstofni sem Hagstofan lætur þeim í té. Kjörskrárgerð mun því ganga greiðar fyrir sig. Breytingin léttir þannig vinnu við kjörskrárgerð ef boðað er til kosninga með stuttum fyrirvara.

2. Lagt er til að ákvæði úr núverandi 2. tölul. verði að hluta flutt í 1. gr. laganna.

3. Lagt er til að núverandi 3. og 4. tölul. verði felldir brott þar sem kjörskrá verður nú miðuð við kjördag á tilteknum degi.

Um 5. gr.

Breyting á 16. gr. laganna varðar hvernig staðið skuli að undirritun kjörskrár. Þessi breyting er samhljóða breytingu í 10. gr. frumvarpsins. Í báðum tilvikum er notað samheitið sveitarstjórn í stað orðanna hreppur og kaupstaður í samræmi við sveitarstjórnarlög, nr. 8/1986.

Um 6. gr.

Breytingin er í samræmi við ýmsar aðrar breytingar í frumvarpinu þar sem stuðst er við hugtakanotkun sveitarstjórnarlaga.

Um 7. gr.

Þær breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á 19. gr. laganna, eru eftirfarandi:

1. Sá tími sem kjörskrá á að liggja frammi fyrir kjördag er styttur. Er tíminn styttur úr tveimur mánuðum í 24 daga. Þessi breyting tengist breyttum ákvæðum um gerð kjörskrár, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Þar sem viðmiðunardagur kjörskrár færist nær kjördegi er jafnframt nauðsynlegt að stytta þann tíma sem kjörskrá liggur frammi.

2. Fellt er brott ákvæði í 2. mgr. um að auglýsa þurfi með tilteknum fyrirvara (14 dagar í hreppum og 3 dagar í kaupstöðum) hvar kjörskrá verði lögð fram. Telja verður að nægilegt sé að kveða á um að auglýsa skuli hvar kjörskrá liggi frammi áður en það er gert, án nánari tímasetningar, enda má öruggt telja að slík tilkynning nái til kjósenda strax í ljósi almennrar útbreiðslu fjölmiðla.

3. Fellt er brott ákvæði 3. mgr. sem segir að kjörskrá skuli liggja frammi frá dagmálum til miðaftans dag hvern næstu fjórar vikur eftir að hún var lögð fram. Í staðinn er miðað við almennan skrifstofutíma sem telja verður eðlilegra. Þá er tímasetningin (fjórar vikur) einnig felld brott, enda eðlilegast að kjósendur hafi aðgang að kjörskránni fram að kjördegi.

Um 8. gr.

Þær breytingar, sem lagðar eru til á 20. gr. laganna, eru tvenns konar:

1. Kveðið er nánar á um hvenær kærufrestur rennur út. Miðað er við kl. 12 á hádegi.

2. Flutt er úr 21. gr. laganna ákvæði þess efnis að tilkynna skuli hlutaðeigandi aðilum hvenær mál vegna kæra sem fram hafa komið við kjörskrá verði tekin til meðferðar svo þeir geti komið að athugasemdum.

Rétt er að taka hér fram að vegna breyttra ákvæða um gerð kjörskrár, sbr. 4. gr. frumvarpsins, er þess að vænta að kærutilefnum muni fækka. Kærumál, sem upp geta komið, munu einkum varða öflun eða glötun ríkisfangs, lát manns, mistök við kjörskrársamningu (einstaklingur verið ranglega tekinn af henni eða bætt við) eða að íslenskur ríkisborgari er dvelur erlendis, og telur sig uppfylla skilyrði laganna um kosningarrétt, hefur af einhverjum ástæðum ekki verið færður á kjörskrá.

Um 9. gr.

Lagt er til að ákvæði 21. gr. laganna verði einfölduð. Mikilvægustu efnisákvæðum greinarinnar er þó haldið.

Um 10. gr.

Í 22. gr. laganna er lagt til að felld verði brott skylda sveitarstjórna til að tilkynna

oddvita yfirkjörstjórnar um bráðabirgðatölu kjósenda á kjörskrá áður en kjörskrá er endanlega undirrituð. Gert er ráð fyrir að Hagstofan láti yfirkjörstjórnum í té yfirlit um fjölda á kjörskrárstofni og þurfi ekki að ákvarða slíkt í lögum.

Um 11. gr.

Lagt er til að 2. mgr. 25. gr. falli brott í samræmi við breytingar á 15. gr. laganna.

Um 12. gr.

Þær breytingar, sem lagt er til að verði gerðar á 26. gr. laganna, eru þrenns konar.

1. Af hentugleikaástæðum er miðað við að framboð skuli hafa borist fyrir kl. 12 á hádegi en ekki miðnætti.

2. Kveðið er á um að meðal þeirra upplýsinga sem tilgreina þarf með hverju framboði sé kennitala frambjóðenda.

3. Lagt er til að framboðsfrestur renni út tveimur vikum fyrir kjördag í stað fjögurra. Með þessu (sem og með breyttu fyrirkomulagi við gerð kjörskrár) er skapaður möguleiki á því að boða til alþingiskosninga með nokkuð styttri fyrirvara en nú er fyrir hendi. Þannig ætti að vera hægt að boða til kosninga með fimm vikna fyrirvara ef aðstæður í stjórnmálum gera slíkt nauðsynlegt. Miðað við óbreytt ákvæði um framboðsfrest er vart hægt að boða til kosninga með minna en sjö vikna fyrirvara.

Þegar um reglulegar kosningar er að ræða hafa stjórnmálasamtökin vitaskuld nægan tíma til að skipuleggja kosningastarfið og skila framboðum fyrr ef þau æskja.

Um 13. gr.

Eðlilegt verður að telja að sá fjöldi kjósenda, sem þarf til að lýsa stuðningi við framboð til að það sé löglegt, endurspegli að nokkru mismunandi stærðir kjördæmanna. Lagt er til að í 27. gr. laganna sé því miðað við margfeldi af þingsætatölu kjördæmisins og tölunnar 10 að lágmarki og tölunnar 15 að hámarki. Þingsætatala er skilgreind í 2. mgr. 5. gr. laganna. Samkvæmt gildandi lögum er miðað við eigi færri en 100 og eigi fleiri en 200 kjósendur í Reykjavík og eigi færri en 50 og eigi fleiri en 100 í öllum öðrum kjördæmum. Miðað við þingsætatölu kjördæma í komandi alþingiskosningum samkvæmt auglýsingu nr. 292/1987 felur frumvarpið í sér að þörf er á undirskrift minnst 180 og mest 270 kjósenda í Reykjavík, minnst 110 og mest 165 í Reykjaneskjördæmi, minnst 70 og mest 105 í Norðurlandskjördæmi eystra, minnst 60 og mest 90 í Suðurlandskjördæmi, og minnst 50 og mest 75 í Vesturlandskjördæmi, Vestfjarðakjördæmi, Norðurlandskjördæmi vestra og Austurlandskjördæmi.

Um 14. gr.

Lagt er til að 36. gr. falli brott í samræmi við breytt fyrirkomulag við utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Um 15. gr.

Lagt er til að 37. gr. falli brott. Dómsmálaráðuneytið getur hæglega fengið þær upplýsingar, sem þar eru tilgreindar, frá Hagstofu Íslands.

Um 16. gr.

Breyting á 1. málsl. 38. gr. felur í sér að yfirkjörstjórn komi saman sama dag og

framboðsfrestur rennur út. Nauðsynlegt er að yfirkjörstjórn komi sem fyrst saman vegna þeirrar breytingar sem gerð hefur verið á tímasetningu í lok 2. mgr. 42. gr.

Um 17. gr.

Breyting sú, sem lögð er til á 40. gr. laganna, felur í sér að breytt er tímasetningum um hvenær stjórnmálasamtök, sem ekki hafa skráðan listabókstaf, skuli tilkynna dómsmálaráðuneytinu um væntanlegt framboð og óska eftir listabókstaf. Miðað er við þrjá sólarhringa áður en framboðsfrestur rennur út (sem rennur út á hádegi, sbr. 12. gr. frv.). Með þessu gefst tími til að yfirfara umsóknir áður en framboðsfrestur rennur út.

Um 18. gr.

Þar sem framboðsfrestur er nú styttur úr fjórum vikum í tvær vikur fyrir kjördag þá er nauðsynlegt að breyta ákvæði 42. gr. laganna um það hvenær landskjörstjórn skuli birta auglýsingu sína um framboðslista. Samkvæmt gildandi lögum hefur landskjörstjórn sjö daga til að ganga frá auglýsingu sinni um framboðslista en með breytingunni á 42. gr. er lagt til að þessi tími verði styttur í $4^1/_2$ sólarhring.

Um 19. gr.

Ákvæði 44. gr. laganna er breytt þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að kjörgögn verði alltaf til staðar hjá kjörstjórum sem annast utankjörfundaratkvæðagreiðslu (í stað þess að kjörgögn séu send til þeirra fyrir hverjar kosningar eins og nú er gert) enda er það forsenda þess að hægt sé að efna til kosninga með stuttum fyrirvara. Í þessari frumvarpsgrein er einnig höfð hliðsjón af ákvæði 46. gr. laganna en sú grein er að öðru leyti felld brott.

Um 20. gr.

Þær breytingar, sem um er að ræða á 45. gr. laganna, fela í sér einföldun á gerð kjörgagna sem notuð eru við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Lagt er til að kjörgögn við utankjörfundaratkvæðagreiðslu verði kjörseðill, kjörseðilsumslag, fylgibréf og sendiumslag. Gert er ráð fyrir að dómsmálaráðuneytið kveði nánar á um gerð kjörgagna þessara. Við þessa breytingu verða blindraspjöld þau sem notuð hafa verið við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar óþörf, sbr. 1. mgr. 44. gr. og 2. mgr. 67. gr. laganna.

Um 21. gr.

46. grein er felld brott, sbr. athugasemd við 19. gr. frumvarpsins.

Um 22. gr.

Þær breytingar, sem lagðar eru til á 63. gr. laganna, eru einkum eftirfarandi:

1. Í 1. mgr. er um að ræða breytingu er leiðir af breyttum ákvæðum um gerð kjörgagna.

2. Til viðbótar því að heimilað er að atkvæðagreiðsla utan kjörfundar geti farið fram á sjúkrahúsum og dvalarheimilum aldraðra þá er bætt við stofnunum fyrir fatlaða. Eðlilegt er að vistmönnum á slíkum stofnunum verði gert kleift að greiða atkvæði á dvalarstað á sama hátt og þeim er dveljast á sjúkrahúsi eða dvalarheimili aldraðra. Í stað þess að vísað er til þess að kjósandi sé sjúklingur er nú sagt að kjósandi sé til meðferðar og er þá ljóst að ákvæðið tekur einnig til sængurkvenna, svo sem verið hefur í framkvæmd.

3. Lagt er til að heimiluð verði atkvæðagreiðsla í fangelsi. Er það eðlilegra en að flytja vistmenn sérstaklega á kjörstað eins og tíðkast hefur.

4. Lagt er til að heimiluð verði kosning í heimahúsum þegar kjósandi getur ekki sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar. Gert er ráð fyrir að fyrir liggi vottorð læknis. Telja verður að hér sé um sanngirnismál að ræða í ljósi þess að einstaklingar sem svipað er ástatt um og dveljast t.d. á sjúkrahúsum njóta þegar þessara réttinda. Gert er ráð fyrir að kjörstjóri fari á heimili kjósanda og að kosning fari að öðru leyti fram eins og við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

Um 23. gr.

2. mgr. 64. gr. laganna bannar að senda frá sér fleiri kjörseðla en einn. Lagt er til að þessi málsgrein falli brott vegna þess að atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hefst áður en framboðsfrestur rennur út. Nýtt og óvænt framboð getur m.a. leitt til þess að kjósandi, sem þegar hefur kosið, vilji kjósa að nýju.

Um 24. gr.

Þær breytingar, sem lagt er til að verði gerðar á 66. gr. laganna, eru tvenns konar:

1. Gert er ráð fyrir að kjósandi geri grein fyrir sér með því að framvísa nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt. Sams konar breyting er lögð til á 81. gr. laganna (29. gr. frumvarpsins) varðandi atkvæðagreiðslu á kjörfundi. Til að draga úr líkum á því að einhver kjósi í nafni annars manns er eðlilegast að kjósendum í fjölmennum kjördeildum verði ætlað að gera grein fyrir sér með því að leggja fram skilríki, t.d. nafnskírteini. Frumvarpið gerir þó ekki ráð fyrir að það verði algjör skylda að kjósandi framvísi skilríki, sbr. ákvæðið „eða á annan fullnægjandi hátt“, sem getur falist í því að kjörstjórn telji fullnægjandi að kjósandi segi til nafns.

2. Aðrar breytingar á þessari grein leiða af þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru á utankjörfundaratkvæðagreiðslunni samkvæmt frumvarpinu. Fellt er niður ákvæði um að undirritun kjörstjóra á fylgibréfi skuli vottuð.

Um 25. gr.

Gert er ráð fyrir að meginefni 68. gr. laganna verði flutt í 66. gr. (24. gr. frumvarpsins). Fellt er niður ákvæði um að kjörseðilsumslag skuli innsiglað.

Um 26. gr.

Lagt er til að 2. og 3. mgr. 69. gr. falli brott þar sem þau ákvæði eiga ekki lengur við eftir breytingar á fyrirkomulagi atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

Um 27. gr.

Þessi breyting á 73. gr. leiðir af breytingu sem gerð hefur verið á 19. gr. laganna.

Um 28. gr.

Hér er lögð til sams konar breyting og gerð er á 66. gr. laganna og varðar framvísun nafnskírteinis við atkvæðagreiðslu á kjörfundi og vísast til athugasemda við 24. gr. frumvarpsins.

Um 29. gr.

Gert er ráð fyrir að í stað þess að kjörfundi ljúki í síðasta lagi kl. 23 þá standi kjörfundur ekki lengur en til kl. 21. Æskilegt er að kosning standi ekki eins lengi fram eftir kvöldi og nú er. Verður að telja að kjósendum sé eftir sem áður ætlaður nægur tími til að neyta kosningarréttar síns.

Um 30. gr.

Telja verður að 94. gr. laganna sé úrelt en þar segir: „Þegar allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiðir kjörstjórn atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur.“

Um 31.–38. gr.

Þær breytingar, sem felast í þessum greinum, leiða af breytingum sem gerðar hafa verið á fyrirkomulagi atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

Um 39. gr.

Á kjörskrá verða nú ekki teknir aðrir en þeir sem náð hafa 18 ára aldri á kjördegi. Þeir sem verða 18 ára síðar á því ári er kosning fer fram verða því ekki teknir á kjörskrá og eiga þau orð sem lagt er til að felld verði brott því ekki lengur við.

Um 40. gr.

Þessi breyting er í samræmi við að 2. mgr. 64. gr. hefur verið felld brott.

Um 41. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Ed. 598. Frumvarp til laga [339. mál]

um breytingu á lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Skúli Alexandersson.

1. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Umboðsaðilar og fyrirtæki, er annast dreifingu og sölu á olíu, skulu koma upp fullnægjandi búnaði og þjálfa lið til hreinsunar á olíu úr sjó. Hafa skal samráð við viðkomandi sveitarstjórn, hafnaryfirvöld og Siglingamálastofnun ríkisins. Siglingamálastofnun ríkisins skal setja reglur um samræmdan búnað með hagkvæm samnot í huga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt til þess að létta af sveitarfélögum þeirri skyldu sem á þau er lögð skv. 18. gr. laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, að þau annist og kosti

búnað til að hreinsa olíu úr sjó. Þrátt fyrir ákvæði þetta hefur hreinsibúnaði ekki verið komið upp í höfnum landsins utan Reykjavíkur. Sveitarfélög eða hafnarsjóðir þeirra hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að standa undir þeim kostnaði sem þessu fylgir, þótt ríkissjóði beri að greiða hluta af þessum kostnaði.

Í 16. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar segir að ef hætta er á mengun sjávar, sem brýtur gegn ákvæðum laganna, skuli sá sem ber ábyrgð á menguninni gera allt sem í hans valdi stendur til þess að koma í veg fyrir eða draga úr henni. Hann beri einnig ábyrgð á því tjóni sem aðgerðir hans valda öðrum. Í þeim tilvikum, sem hætta er á olíumengun á sjó í eða utan hafnarsvæðis, er sjaldnast hægt að benda á sveitarfélagið sem mengunarvald eða ábyrgðaraðila á þeim búnaði sem menguninni veldur. Það er því að dómi flutningsmanna eðlilegt að þau fyrirtæki og umboðsaðilar, sem annast sölu og dreifingu á olíu, beri sjálf kostnað af mengunarvarnabúnaði í höfnum landsins og þjálfi lið til að hreinsa olíu sem fer í sjó. Siglingamálastofnun skal samkvæmt frumvarpinu setja reglur um samræmdan búnað með hagkvæm samnot í huga og kemur þá að sjálfsögðu til greina að sami búnaður nýtist fleiri en einni höfn. Fullt samráð skal einnig haft við sveitarstjórn og hafnaryfirvöld á hverjum stað.

Nd. 599. Frumvarp til laga [340. mál]

um leikskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi taka til starfsemi leikskóla. Leikskólinn annast að ósk foreldra uppeldi barna fram að skólaskyldualdri undir handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldismálum. Leikskóli er samkvæmt lögum þessum fyrir börn frá hálfs árs aldri — eða frá þeim tíma að fæðingarorlofi lýkur — til sex ára aldurs.

II. KAFLI
Markmið.

2. gr.

Tilgangur laganna er að veita börnum góða umönnun og örugg uppeldisskilyrði.

Leikskólinn skal í samráði við foreldra eða aðra forráðamenn veita börnum á leikskólaaldri uppeldi og menntun.

Samkvæmt lögum þessum skal meginmarkmið með uppeldisstarfi í leikskóla vera:

— að búa börnum örugg leikskilyrði og hollt uppeldisumhverfi,
— að gefa börnum kost á að taka þátt í leik og starfi og njóta fjölbreyttra uppeldiskosta barnahópsins undir leiðsögn fóstra,
— að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barna í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega svo að þau fái notið bernsku sinnar,

— að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna og jafna uppeldisaðstöðu þeirra í hvívetna,
— að efla kristilegt siðgæði barna og leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
— að rækta tjáningar- og sköpunarmátt barna í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og getu til að leysa mál sín á friðsamlegan hátt.

III. KAFLI
Hlutverk sveitarfélaga. Stofnun og rekstur leikskóla.

3. gr.

Til að stuðla að framkvæmd þess markmiðs sem getið er um í 1. mgr. 2. gr. skal stofna leikskóla. Stofnun leikskóla og rekstur er á ábyrgð sveitarfélaga en fagleg yfirstjórn málaflokksins samkvæmt lögum þessum er á hendi menntamálaráðuneytis.

Sveitarfélag gerir árlega könnun á því hversu margir foreldrar óska eftir leikskólavistun. Á grundvelli þeirrar könnunar verði gerð áætlun um uppbyggingu leikskóla í viðkomandi sveitarfélagi til a.m.k. tveggja ára í senn. Sveitarfélögum er samkvæmt lögum þessum skylt að hafa forustu um að tryggja börnum þann lögvarða lágmarksrétt til þjónustu sem lög þessi gera ráð fyrir. Til þess að setja á stofn leikskóla þarf starfsleyfi frá menntamálaráðuneytinu. Heimilt er að veita leikskóla starfsleyfi þótt börnin dvelji þar ekki daglega eða einungis hluta úr ári.

4. gr.

Í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélag er öðrum aðilum heimilt að reka leikskóla. Skilyrði þessa er að viðkomandi hafi fengið starfsleyfi og meðmæli sveitarfélags og reki leikskólann samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Bygging og rekstur leikskóla skal vera í umsjón sveitarstjórna og skulu þær sjá um framkvæmd þessara laga hver í sínu sveitarfélagi. Skólanefnd eða sérstök leikskólanefnd fer með stjórn leikskóla, nema þar sem sveitarstjórn felur félagsmálanefnd að fara með málið.

Sé skólanefnd eða sérstakri leikskólanefnd falin stjórn leikskóla skal starfsfólk leikskóla kjósa einn fulltrúa til setu í nefndinni og skal hann hafa málfrelsi og tillögurétt. Enn fremur kjósa samtök foreldra einn fulltrúa til setu í nefndinni með málfrelsi og tillögurétt.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja í reglugerð almenn ákvæði um húsnæði leikskóla: heildarrými, aðstöðu til einstaklingsþjálfunar, leikrými barna, búnað, vinnuaðstöðu starfsfólks, svo og útileiksvæði.

Í reglugerðinni skulu einnig vera viðmiðunarákvæði um barnafjölda og starfslið leikskóla.

Enn fremur skal kveða á um það í reglugerð hverjir skulu vera umsagnaraðilar um hönnun og byggingu leikskóla.

IV. KAFLI
Yfirstjórn.

7. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með mál þau er lög þessi taka til. Það veitir leyfi til leikskólareksturs. Það hefur með höndum eftirlit með því að fullnægt sé ákvæðum sem lög þessi og reglugerð mæla fyrir um. Það mótar uppeldisstefnu leikskóla, sér um útgáfu uppeldisáætlunar, sbr. 13. gr., sinnir þróunar- og rannsóknarstarfi og er stjórnendum leikskóla til ráðuneytis um starfsemina.

8. gr.

Landinu skal skipt í leikskólaumdæmi. Leikskólaumdæmi skulu vera þau sömu og fræðsluumdæmi samkvæmt grunnskólalögum. Tengja skal starfsemi fræðsluskrifstofa grunnskóla og störf umdæmisfóstra leikskóla, þar með talin starfsemi kennslugagnamiðstöðva fyrir bæði skólastigin.

Leikskólinn skal stuðla að því í samráði við grunnskóla að eðlileg tengsl skapist á milli þessara skólastiga. Menntamálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um samstarf leikskóla og grunnskóla.

9. gr.

Í hverju leikskólaumdæmi skal starfa umdæmisfóstra. Umdæmisfóstra leikskóla skal í samvinnu við rekstraraðila og hlutaðeigandi nefndir sinna ráðgjöf og faglegu eftirliti með uppeldi og menntun í þeim leikskólum umdæmisins þar sem ekki eru aðrir leikskólafulltrúar eða umsjónarfóstrur á vegum sveitarfélaga. Umdæmisfóstra stuðlar að samstarfi leikskóla umdæmisins og samvinnu leikskóla og grunnskóla.

Umdæmisfóstra er starfsmaður ríkisins. Við ráðningu í starf umdæmisfóstru skal taka tillit til starfsreynslu í leikskóla og framhaldsmenntunar. Umsjónarfóstra getur verið starfsmaður fræðsluskrifstofu. Nánar skal kveðið á um störf umdæmisfóstra í erindisbréfi. Ráðning umdæmisfóstra er ákveðin í fjárlögum hverju sinni.

V. KAFLI
Starfsfólk og foreldrar.

10. gr.

Við hvern leikskóla skal vera leikskólastjóri. Leikskólastjóri og starfslið er annast fóstrustörf skal hafa fóstrumenntun, svo og þeir sem annast faglega umsjón og eftirlit með leikskólum á vegum rekstraraðila.

Leikskólastjóri stjórnar starfi leikskólans í umboði rekstraraðila eftir því sem nánar segir í lögum þessum og reglugerðum er settar verða samkvæmt þeim. Í samráði við rekstraraðila ber leikskólastjóri ásamt starfsfólki ábyrgð á að móta heildarstefnu í uppeldis- og menntamálum leikskólans og að áætlanir þar um séu gerðar í samræmi við 13. gr.

Ársskýrsla um starfsemi leikskóla skal send sveitarstjórn og umdæmisfóstru viðkomandi umdæmis. Sveitarstjórn skal setja starfsfólki erindisbréf í samræmi við lög þessi og reglugerð er sett verði samkvæmt þeim.

11. gr.

Leikskólastjóri skal halda reglulega fundi með starfsfólki um stjórn heimilisins og velferð hvers einstaks barns.

12. gr.

Skylt er rekstraraðila leikskóla að skipuleggja tengsl milli foreldra barnanna og leikskólans í því skyni að efla samstarf þessara aðila um velferð barnsins.

VI. KAFLI
Uppeldisáætlun.

13. gr.

Menntamálaráðuneytið setur leikskólum uppeldisáætlun þar sem m.a. skal kveðið á um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólans og meginstefnu varðandi starfshætti.

Í uppeldisáætlun verði gildi leiksins sem uppeldis- og kennslutækis leiðandi hugtak.

Menntamálaráðuneytið hefur uppeldisáætlun leikskóla stöðugt til endurskoðunar og gerir tillögur um breytingar þegar þörf er talin á.

VII. KAFLI
Réttur leikskólabarna til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar.

14. gr.

Börn á leikskólaaldri, sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika, þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun eiga rétt á henni innan leikskólans, undir handleiðslu fóstra, þroskaþjálfa og annarra sérfræðinga. Þjálfunin getur verið einstaklingsbundin og í hópi innan almennrar leikskóladeildar eða á sérhæfðum deildum.

Markmið þjálfunarinnar er m.a. að auka færni barnsins miðað við þroskastig þess. Ákvörðun um þjálfun og tilhögun hennar skal tekin í samráði við foreldra barnsins og ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu leikskólans, að undangenginni greiningu og mati sálfræðiþjónustunnar eða annarra lögboðinna greiningaraðila.

Stefnt skal að því að barnið sæki leikskóla í sínu skólahverfi. Þó skal gefinn kostur á að leita annarra úrræða sem henta barninu betur með tilliti til þjónustu. Fatlað barn, sem sækir skóla utan síns skólahverfis, á rétt á flutningsþjónustu sem greiðist af ríkinu, sbr. lög nr. 41/1983, um málefni fatlaðra.

15. gr.

Leikskólar skulu þannig byggðir og reknir að þeir geti sinnt fötluðum börnum á leikskólaaldri.

Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um starfsemi, húsnæði og starfsmannahald almennra leikskóladeilda vegna veru fatlaðra barna, svo og sérhæfðra deilda.

VIII. KAFLI
Leikskólarannsóknir og þróunarstarf.

16. gr.

Menntamálaráðuneytið stuðlar að þróunar-, tilrauna- og rannsóknarstarfi innan leikskólanna. Í því skyni skal árlega varið fé í þróunarsjóð samkvæmt ákvörðun Alþingis með fjárlögum. Menntamálaráðuneytið afgreiðir umsóknir og ákveður skiptingu fjárins.

17. gr.

Til þess að sinna tímabundnum rannsóknar- og þróunarverkefnum á vegum menntamálaráðuneytisins má ráða sérstaka starfsmenn.

18. gr.

Í rannsókna-, þróunar- og tilraunaskyni er ráðuneytinu heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum laga og reglugerða.

IX. KAFLI
Ráðgjafarþjónusta.

19. gr.

Allir leikskólar eiga rétt á sérhæfðri ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og skal hún að jafnaði skipulögð í tengslum við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fræðsluumdæmisins, sbr. lög um grunnskóla.

Menntamálaráðuneytið gerir í samráði við umdæmisfóstrur heildaráætlun um framkvæmd þessarar þjónustu.

20. gr.

Hlutverk ráðgjafar- og sálfræðiþjónustunnar er:

— að annast sérfræðilega ráðgjöf og fræðslu fyrir starfsfólk leikskóla og foreldra leikskólabarna um uppeldi og umönnun barnanna,
— að annast frumgreiningu og/eða vísa í sérhæfðari greiningaraðila ef þess gerist þörf að mati ráðgjafarþjónustunnar; enn fremur að hafa umsjón og eftirlit með aðstoð og þjálfun barnanna,
— að annast ýmis rannsóknastörf og athuganir í sambandi við ráðgjafarþjónustuna.

21. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og starfssvið ráðgjafar- og sálfræðiþjónustunnar.

X. KAFLI
Heilsuvernd og hollustuhættir.

22. gr.

Um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit á leikskólum fer eftir lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi lög nr. 112/1976 að öðru leyti en því er lýtur að skóladagheimilum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili — markmið og leiðir, gefin út af menntamálaráðuneytinu 1985, tekur með lögum þessum gildi sem fyrsta uppeldisáætlun leikskóla.

II.

Stefnt skal að því að sveitarfélög nái markmiðum 3. gr. innan 10 ára.

III.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að fela fræðsluskrifstofum að annast þau svæðisbundnu stjórnunarverkefni sem gert er ráð fyrir í IV. kafla laganna þar til skipulag það sem þar er gert ráð fyrir er að fullu komið til framkvæmda.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Menntamálaráðherra, Svavar Gestsson, skipaði 25. janúar 1989 nefnd til að endurskoða lög nr. 112/1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, í þeim tilgangi að skapa ramma um nýtt skólastig, forskólastig, fyrir börn undir skólaskyldualdri. Nefndinni var einnig falið að gera áætlun um uppbyggingu og rekstur dagheimila og leikskóla næstu 10 ár og um æskilegt fyrirkomulag á stofn- og rekstrarkostnaði.

Í nefndina voru skipaðir: Ásmundur Stefánsson hagfræðingur, Bergur Felixson framkvæmdastjóri, Gerður G. Óskarsdóttir, ráðunautur menntamálaráðherra, Guðrún Alda Harðardóttir fóstra, Gunnhildur Gísladóttir efnafræðingur, Hallgrímur Guðmundsson bæjarstjóri, Sigríður L. Baldursdóttir eðlisfræðingur, Kristín Á. Ólafsdóttir borgarfulltrúi, Lára V. Júlíusdóttir lögfræðingur, Selma Dóra Þorsteinsdóttir, formaður Fóstrufélags Íslands, Svandís Skúladóttir deildarstjóri og Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Sóknar. Ólafur Guðmundsson deildarstjóri var starfsmaður nefndarinnar.

Nefndin samdi tvö frumvörp, þ.e. frumvarp til laga um leikskóla og frumvarp til laga um ríkisframlag til sveitarfélaga vegna leikskóla.

Allir nefndarmenn tóku þátt í gerð frumvarpanna en Ásmundur Stefánsson tók þó ekki þátt í samningu frumvarps til laga um leikskóla vegna anna við kjarasamninga fyrr á árinu. Bergur Felixson skilaði séráliti.

Nokkrar breytingar voru gerðar á frumvarpinu um leikskóla í meðförum málsins í ríkisstjórn. Frumvarp um leikskóla eins og nefndin skilaði því fylgir með merkt fskj. III.

Frumvarpið sem nefndin samdi um ríkisframlag til sveitarfélaga vegna leikskóla fylgir hér með merkt fskj. I. Umsagnir um frumvarpið sem menntamálaráðuneytinu hafa borist fylgja hér með sem fskj. IV.

Skýringar við frumvarp til laga um leikskóla.

1. Uppeldisstefna.

Frumvarpið byggir á uppeldisstefnu sem menntamálaráðuneytið markaði 1985 varðandi börn undir skólaskyldualdri þegar ráðuneytið gaf út *Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili — markmið og leiðir*. Áætlunin byggir á viðurkenndu markvissu uppeldisstarfi þar sem leikur og sköpun í máli, myndum, tónum og hreyfingu skipar öndvegi og þar sem mið er tekið af þroska og þörfum hvers barns og aðstæðum á heimili þess.

2. Leikskólaheitið.

Nefndin sem samdi leikskólafrumvarpið leitaði til Valborgar Sigurðardóttur, fyrrverandi skólastjóra Fósturskóla Íslands, sem sérfræðings um uppeldi og þroska barna á forskólaaldri. Í greinargerð Valborgar til nefndarinnar segir hún m.a. um gildi leiksins og leikskólaheitið:

„**Gildi leiksins** fyrir þroska barnsins á þessum ungu árum er löngu viðurkennt og stað-

fest á fræðilegum grundvelli. Leikurinn er lífstjáning barnsins — hið eðlilega tjáningarform þess. Leikurinn er ekki aðeins gleðigjafi, hann er þeim **nám og starf.** Við þurfum að líta á leiki barna sem mikilvægar **náms- og þroskaleiðir** og nýta þá sem slíka.

Oft er þó sagt að börn á dagheimilum og leikskólum læri ekki neitt, „þau bara leiki sér". En í bernsku er það að leika sér sama og að læra og leita sér þekkingar og reynslu.

Uppeldisstofnanir/skólar þessir skulu bera nafnið **leikskólar** í samræmi við meginkjarna þess uppeldisstarfs sem þar fer fram.

Leikskólaheitið skírskotar þannig til þess uppeldisstarfs og inntaks þess. Skiptir hér ekki máli hversu margar stundir á dag börnin dvelja þar. Höfuðatriðið er að þar fari fram leikskólastarfsemi í þess orðs bestu merkingu: markvisst uppeldisstarf byggt á leik og hvers konar sköpun eins og fyrr segir.

Leikskólaheitið lýsir uppeldisstarfinu og minnir á að það sé skóli þar sem lítil börn læra og þroskast gegnum leik. Minna má á hér að latnesk/gríska orðið „schola" þýðir í eiginlegri eða upprunalegri merkingu „tómstundir sem notaðar eru til náms". Í orðinu leikskóli felst því heilbrigður metnaður og holl áminning."

Nefndin var sammála um að þetta skólastig skuli kallast leikskólastig og dagvistarheimili verði nefnd leikskólar, burtséð frá lengd dvalartíma barnanna þar.

3. Uppeldisáætlun er starfsrammi.

Rétt þykir að gera hér grein fyrir þeirri uppeldisáætlun sem vísað er til í lagafrumvarpi þessu. Í bréfi sem Ragnhildur Helgadóttir, fyrrverandi menntamálaráðherra, sendi öllum dagvistarheimilum á landinu í maí 1985 er gerð grein fyrir uppeldisáætlun sem þá var nýkomin út. Í bréfi Ragnhildar segir m.a.:

„Í uppeldisáætlun þessari eru sett fram markmið sem nefndin telur að stefna beri að í uppeldisstarfi á dagvistarheimilum og síðan er fjallað um **helstu uppeldissvið, grundvallarviðhorf og meginleiðir** í uppeldi ungra barna.

Uppeldisáætlunin felur ekki í sér neinar grundvallarbreytingar á því starfi sem nú fer fram á dagvistarheimilum í landinu. Miklu fremur er uppeldisáætluninni ætlað það hlutverk að hlúa að því besta í því starfi sem fyrir er, auðga það og styrkja.

Uppeldisáætlunin byggir á „hefðbundnum" vestrænum grundvallarhugmyndum um uppeldi ungra barna, en styðst jafnframt við nýja þekkingu og reynslu á sviði uppeldisfræði og þróunarsálarfræði. Markmið uppeldisstarfsins mótast fyrst og fremst af lýðræðislegu lífsviðhorfi og kristilegu siðgæði. Aðaláhersla er lögð á að örva alhliða þroska barnanna, þ.e. líkams-, tilfinninga-, vitsmuna-, félags-, fagur- og siðgæðisþroska — efla jákvæða sjálfsmynd þeirra og búa þeim vel skipulagt uppeldisumhverfi og örugg leikskilyrði sem jafnframt eru hlýleg og lærdómsrík.

Menntamálaráðuneytið væntir þess að uppeldisáætlun þessi geti orðið forstöðumönnum og fóstrum haldgóður leiðarvísir í uppeldisstarfi í samvinnu við starfsfólk og foreldra. Skoða ber uppeldisáætlunina sem nokkurs konar umgjörð um uppeldisstarfið og sveigjanlegan starfsramma.

Á grundvelli þessa leiðarvísis og með markmiðin í huga **geta forstöðumenn og fóstrur sérhvers dagvistarheimilis gert sínar eigin áætlanir og mótað uppeldisstarfið í samræmi við þroska og þarfir barnanna og þær aðstæður sem fyrir hendi eru.**"

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Leikskólar eru skv. 1. gr. uppeldisstaðir fyrir yngstu börnin. Þeir eiga að þjóna börnum frá því að fæðingarorlofi foreldra lýkur, það er nú 6 mánuðir, þar til þau verða 6 ára og grunnskólaganga hefst.

Þær stofnanir eða heimili, sem ekki starfa samkvæmt lögum þessum, geta ekki borið heitið leikskóli.

Um 2. gr.

Í greininni er lögð áhersla á samráð og samstarf foreldra og leikskóla um uppeldi og menntun barna. Hér er lögð til grundvallar sú meginforsenda fyrir tilvist leikskóla að þeir tryggi börnum umönnun og örugg uppeldisskilyrði og séu fjölskyldum til stuðnings og sjálfsögð viðbót við uppeldi og menntun sem veitt er á einkaheimilum barnanna.

Menntunarhugtakið er túlkað vítt og gengið út frá þeim skilningi að það nái m.a. til uppeldis, umönnunar, þjálfunar og kennslu, sem fyrst og fremst fer fram í leik og starfi, svo sem hæfir best börnum á leikskólaaldri.

Meginmarkmið leikskólans eru byggð á „Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili — markmið og leiðir" sem gefin var út af menntamálaráðuneytinu árið 1985. Leikskólar eiga að stuðla að og örva alhliða þroska barna. Ákveðin og nægjanlega skýr markmið, svo og fullnægjandi aðbúnaður á leikskólum ættu að tryggja að uppeldisstarfið sé fjölbreytt og traust.

Um 3. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er stofnun og rekstur leikskóla á ábyrgð sveitarfélaga en menntamálaráðuneytið fer með faglega yfirstjórn málaflokksins.

Með gerð tveggja ára áætlunar á grundvelli árlegrar könnunar er sveitarfélögum ætlað að ná því markmiði að eftirspurn eftir leikskóladvöl verði fullnægt.

Eins og í núgildandi lögum um dagvistarheimili þarf samþykki menntamálaráðuneytisins til þess að setja á stofn leikskóla (dagvistarheimili). Samþykki er gefið í formi starfsleyfis. Starfsleyfið á að tryggja að börn njóti viðhlítandi aðbúnaðar í öllum leikskólum.

Ráðuneytinu er samkvæmt frumvarpinu heimilað að veita starfsleyfi þótt leikskólinn geti ekki boðið börnum daglega skóladvöl allt árið. Reikna má með að leikskólar í dreifbýli þyrftu helst á þessari heimild að halda.

Í upphaflegum drögum að frumvarpi hljóðaði þessi grein svo: „Sveitarfélögum er skylt samkvæmt lögum þess að reka eða eiga aðild að rekstri leikskóla fyrir börn á leikskólaaldri. Óski foreldrar eða aðrir forráðamenn eftir leikskóladvöl fyrir barn sitt skal hún veitt í 4–9 stundir daglega eftir því sem best hentar barni og fjölskylduaðstæðum þess."

Við meðferð málsins í ríkisstjórn var sú breyting gerð sem nú kemur fram í 3. gr. frumvarpsins.

Menntamálaráðuneytið er aftur á móti sammála orðalagi 3. gr. eins og hún kom frá leikskólanefndinni því hún tryggir börnum lögvarinn rétt til umönnunar og öruggari uppeldisskilyrða en kostur er ella. Núverandi dagvistarkerfi getur aðeins þjónað 46% barna á aldrinum $^1/_2$ árs til 6 ára, annaðhvort á leikskóla eða dagheimili. Í upphaflega frumvarpinu var gert ráð fyrir því að sveitarfélög fengju 10 ára aðlögunartíma til þess að fjölga leikskólum og starfsfólki með viðhlítandi menntun og uppfylltu þar með skyldur

til þess að fullnægja eftirspurn. Greinin átti að taka gildi að fullu eftir 10 ára aðlögunartímabil.

Núverandi skipting dagvistarstofnana í leikskóla og dagheimili er afnumin í frumvarpinu eins og það liggur nú fyrir, en sú skipting hefur byggst á mismunandi lengd daglegrar dvalar barnanna. Samheitið fyrir þessar mennta- og uppeldisstofnanir verður leikskóli sem gefur til kynna menntunarleið yngstu barnanna, þ.e. leikinn. Aðgreining í leikskóla og dagheimili er villandi og gefur í skyn að markmið þessara stofnana séu ólík. Með því að afnema skiptinguna er lögð áhersla á að hlutverk leikskóla (dagvistarstofnana) er það sama hvort sem barn dvelur þar 4 eða 9 stundir daglega, þ.e. að búa börnum örugg leikskilyrði undir leiðsögn sérmenntaðs starfsfólks.

Lengd daglegrar dvalar barns á að fara eftir aðstæðum hjá fjölskyldu þess og skulu hagsmunir barnsins lagðir til grundvallar. Vinni foreldrar t.d. utan heimilis allan daginn á að tryggja að barnið geti verið á einum og sama staðnum þann tíma, en þurfi ekki að þeytast á milli margra staða daglega.

Um 4. gr.

Eins og í núgildandi lögum um dagvistarstofnanir er öðrum aðilum en sveitarfélögum heimilt að stofnsetja og reka leikskóla (dagvistarheimili) liggi samþykki menntamálaráðuneytis og viðkomandi sveitarfélags fyrir.

Um 5. gr.

Með 5. gr. er gert ráð fyrir því að sveitastjórnir ákveði hvort þær fela félagsmálanefnd, leikskólanefnd eða skólanefnd grunnskóla sem fyrir eru að sinna málefnum leikskólans í umboði sínu.

Sé skólanefnd eða sérstakri leikskólanefnd falin stjórn leikskóla skal starfsfólk leikskóla kjósa einn fulltrúa til setu í nefndinni og skal hann hafa málfrelsi og tillögurétt. Enn fremur kjósa samtök foreldra einn fulltrúa til setu í nefndinni með málfrelsi og tillögurétt. Fulltrúar starfsmanna leikskóla og foreldrar leikskólabarna kjósa þó ekki fulltrúa í félagsmálanefnd.

Um 6. gr.

Greinin kveður á um þau atriði varðandi húsnæði, búnað, fjölda barna og starfsfólks sem setja skal í reglugerð til þess að tryggja viðhlítandi aðbúnað í öllum leikskólum.

Í greininni er getið sérstaklega um aðstöðu til einstaklingsþjálfunar er nýtast má fötluðum börnum og þeim sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Slík aðstaða þarf að vera rúmgóð og með góðu geymslurými þar sem jafnframt getur verið boðið upp á fjölbreyttari möguleika í leik og starfi leikskólabarna almennt.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. 3. gr. felst að menntamálaráðuneytið fer með faglega umsjá málaflokksins og veitir leyfi til leikskólarekstrar samkvæmt þessari grein. Enn fremur er hér lagt til að ríkið marki heildarstefnu í uppeldismálum leikskólans og hafi yfirsýn yfir innra starf leikskólanna í landinu til að tryggja sem jöfnust uppeldis- og menntunarskilyrði leikskólabarna, burtséð frá búsetu þeirra og heildaraðstæðum. Með eftirlitshlutverki menntamálaráðuneytisins ætti að safnast á einar hendur sú vitneskja um málefni leikskólans sem nauðsynleg er til að móta heildstæða uppeldisstefnu leikskólans og tryggja markvisst þró-

unar- og rannsóknarstarf svo að ráðuneytið sé tilbúið til þess að vera stjórnendum leikskólanna til ráðuneytis um starfsemina eins og segir í greininni.

Um 8. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að landinu verði skipt í sérstök leikskólaumdæmi samkvæmt skiptingu í fræðsluumdæmi eins og ákveðið er í grunnskólalögum hverju sinni. Enda er ráð fyrir því gert í greininni að tengja starfsemi fræðsluskrifstofa grunnskóla og störf umdæmisfóstra leikskóla eins og kostur er til að mynda sem mesta samfellu í uppeldi og menntun barna allt frá upphafi leikskólastigs til loka skólagöngu. Með þessum samtengingaráætlunum má enn fremur ætla að verulegir fjármunir sparist nái þær fram að ganga. Áhersla er lögð á tengsl og samskipti leikskóla og grunnskóla og ráð fyrir því gert að ráðuneytið setji sérstaka reglugerð um samskipti þessara skólastiga.

Um 9. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að í hverju umdæmi sé starfandi umdæmisfóstra á vegum menntamálaráðuneytisins sem sinni umsjónar-, ráðgjafar- og eftirlitsstarfi er lýtur að uppeldi og menntun leikskólabarna.

Grein þessi gerir því ráð fyrir að þjónusta ráðuneytisins verði færð út á landsbyggðina.

Þessi tilhögun er ekki síst mikilvæg fyrir minni sveitarfélög sem ekki hafa í þjónustu sinni umsjónarfóstrur og/eða leikskólafulltrúa.

Leikskólum, sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum, hefur fjölgað ár frá ári og er að finna víða um land. Til að ráðuneytið geti sinnt hlutverki sínu gagnvart börnum í þessum leikskólum er nauðsynlegt að flytja þjónustu ráðuneytisins út í umdæmin.

Eðlilegt er að ráðið verði í stöður umdæmisfóstra í áföngum. Þannig verði þessu ákvæði í greininni fullnægt á nokkrum árum.

Um 10. gr.

Leikskólastjóri gegnir veigamiklu forustuhlutverki í uppeldisstarfi leikskólans jafnframt því sem hann hefur á hendi margþætt stjórnunarstarf.

Greinin tekur einnig til menntunar þeirra er sinna fóstrustörfum og ráðgjafarstörfum á vegum rekstraraðila.

Til að sveitarstjórnir og menntamálaráðuneytið hafi yfirsýn yfir starfsemi leikskólanna í landinu er lagt til að leikskólastjóri ásamt starfsfólki sínu geri ársskýrslu um starfsemi leikskólans og sendi viðkomandi sveitarstjórn og umdæmisfóstru.

Um 11. gr.

Hér er um að ræða sömu ákvæði og í 18. gr. laga nr. 112/1976 og þarfnast því ekki skýringar.

Um 12. gr.

Eitt af markmiðum leikskólans, sbr. 2. gr. í frumvarpi þessu, er „að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla aðhliða þroska barnanna í samræmi við þarfir þeirra . . .“

Grein þessi kveður nánar á um þá skyldu leikskóla að sinna þessu mikilvæga samstarfi við foreldra.

Um 13. gr.

Grein þessi fjallar um gerð nokkurs konar námskrár leikskóla sem myndi eins konar umgjörð um starfið eða sveigjanlegan starfsramma.

Allt frá 1985 hafa leikskólar haft „Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili — markmið og leiðir“ sem leiðarvísi í sínu leikskólastarfi.

Á grundvelli þessa leiðarvísis og með markmiðin að leiðarljósi getur sérhver leikskóli gert sínar eigin áætlanir í samræmi við þær þarfir og aðstæður sem fyrir hendi eru.

Um 14. gr.

Hér er lagt til að leikskólinn verði vettvangur þjálfunar og meðferðar fatlaðra barna og þeirra barna sem þurfa einhvers konar aðstoð og þjálfun vegna tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika. Þetta er í anda laga um málefni fatlaðra, nr. 41/1983, en þar segir að dagvistarstofnanir séu einnig stofnanir fyrir fatlaða og að uppbyggingu þeirra og starfsemi skuli vera þannig háttað að þjónusta þeirra nýtist fötluðum til jafns við aðra þjóðfélagsþegna. Þetta er einnig í samræmi við 2. gr. þessa frumvarps en þar segir m.a. að leikskólinn skuli kappkosta að efla alhliða þroska barnanna. Það er ljóst að til þess að fullnægja þessu markmiði hvað þennan sérstaka hóp barna varðar þurfa þau meiri og sérhæfðari þjónustu en önnur börn og mikilvægt er að sú þjónusta sé veitt innan leikskólans. Sem dæmi má nefna þroskaþjálfun, sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talkennslu sem fram fer í samræmi við niðurstöður greiningar á eðli fötlunar og í beinu framhaldi af greiningu.

Þjálfunin skal fara fram inni á almennum leikskóladeildum eða á sérhæfðum deildum og framkvæmd ýmist með einu barni í einu eða í misstórum hópum barna í samræmi við einstaklingsbundnar þarfir þeirra og möguleika. Jafnframt skal auðvelda fötluðum börnum þátttöku í almennu leikskólastarfi, svo sem kostur er, m.a. með því að skipuleggja almennt leikskólastarf einnig á þeirra forsendum. Þetta er þeim mun mikilvægara þar sem í leikskóla gefst tækifæri til að leggja grundvöll að eðlilegum samskiptum fatlaðra og ófatlaðra í framtíðinni.

Sérhæfðar deildir eru hugsaðar fyrir börn sem fötlunar sinnar vegna geta tímabundið eða varanlega illa nýtt sér starf á almennri leikskóladeild. Starfsemi þessara deilda skal falla sem eðlilegast að heildarstarfi leikskólans. Aðgangur barna af sérhæfðu deildinni að öðrum deildum leikskólans þarf að vera greiður, svo og aðgangur að sameiginlegri leikaðstöðu barnanna. Lagt er til að foreldrar og ráðgjafar- og sálfræðiþjónustan taki með hliðsjón af greiningu sameiginlega ákvörðun um hvaða tegund þjálfunar barnið skuli fá og hvers konar leikskóli verði fyrir valinu, þ.e. almenn leikskóladeild eða sérhæfð deild.

Um 15. gr.

Lagt er til að leikskólar verði þannig byggðir og skipulagðir að þeir geti sinnt fötluðum börnum á leikskólaaldri. Hér er m.a. átt við að almennt leikskólastarf taki mið af mismunandi færni barnanna og að það sé þannig skipulagt að fatlaða barnið samlagist hópnum sem best en einangrist ekki. Auk þess þarf að vera til staðar fagþekking, sbr. 14. gr. þessa frumvarps, aðstaða til einstaklingsþjálfunar og aðgengi fyrir fatlaða um lóð og útileiksvæði.

Menntamálaráðuneytinu er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði ef sveitarfélag hefur þegar á að skipa leikskólum sem fullnægja þessu ákvæði og þörfinni er fullnægt.

Um 16. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir stofnun sérstaks þróunarsjóðs til að standa straum af þeim kostnaði sem óhjákvæmilega hlýst af þróunar-, tilrauna- og rannsóknastarfi innan leikskólanna, sbr. Þróunarsjóð grunnskóla. Fé er veitt í sjóðinn af fjárlögum hverju sinni, en menntamálaráðuneytið afgreiðir umsóknir og ákveður skiptingu fjárins.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 19. gr.

Ekki verður um það deilt að öflug ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta er nauðsynleg til að styrkja það faglega starf sem lögin gera ráð fyrir að fari fram í leikskólum. Einnig er það augljóst hagkvæmnisatriði að þessi þjónusta sé skipulögð í tengslum við þá ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu sem fyrir er innan grunnskólans. Þó er rétt að benda á sérstöðu Reykjavíkurborgar sem hefur skipulagt sérstaka þjónustu eingöngu fyrir dagvistarstofnanir. Vegna umfangs þeirrar þjónustu má ætla að það fyrirkomulag sem þróast hefur henti áfram.

Ekki er í frumvarpinu rætt um menntunarkröfur sem gerðar skulu til þeirra sem sinna ráðgjafarstarfi innan leikskólans né heldur hvaða menntun forstöðumaður leikskóladeildar ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu hafi til að bera. Varðandi þessi atriði vísast til þess fyrirkomulags sem gildir um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskólans, en þó með sérþarfir leikskólans í huga. Einnig er í frumvarpinu gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið setji sérstaka reglugerð, sbr. 21. gr., um framkvæmd og starfssvið ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og verða þessi atriði væntanlega skilgreind á þeim vettvangi.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 22. gr.

Með vísan til síðari málsgreinar greinarinnar skal á það bent að Manneldisráð hefur látið útbúa matseðla fyrir dagvistarstofnanir þar sem gefnar eru ábendingar um hollan morgunverð, hádegisverð og síðdegishressingu fyrir forskólabörn. Verða þeir tilbúnir til notkunar innan skamms. Rétt er að benda á að ekki er nauðsynlegt út frá næringarfræðilegu sjónarmiði að börnin borði heita máltíð í hádeginu, köld máltíð getur verið jafn holl. Hins vegar er æskilegt að börn borði a.m.k. eina heita máltíð á dag. Fái þau hana ekki heima er mikilvægt að hún standi þeim til boða á leikskólanum.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 23. gr.

Gert er ráð fyrir því að lögin öðlist þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi eldri lög

nr. 112/1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, en sá hluti þeirra er tekur til skóladagheimila heldur áfram gildi sínu.

Um ákvæði til bráðabirgða.

I.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

II.

Sjá athugasemdir við 3. gr.

III.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

Frumvarp til laga um ríkisframlag til sveitarfélaga vegna leikskóla.

1. gr.

Ríkissjóður greiðir sveitarfélögum styrk til leikskóla fyrir 6 mánaða til 6 ára börn. Styrkurinn miðast við daglegan vistunartíma og greiðist með fastri krónutölu á hverja stund miðað við fjóra til átta tíma á dag. Sé daglegur vistunartími fjórar stundir greiðist x kr. á mánuði. Sé vistunartími lengri greiðist hlutfallslega hærri fjárhæð allt að 2 x kr. vegna átta stunda eða fleiri á dag.

Fjárhæðir skulu endurskoðaðar á þriggja mánaða fresti miðað við hækkun framfærsluvísitölu frá 1. október 1989, í fyrsta sinn ...

2. gr.

Greiðsla skv. 1. gr. skal háð því að leikskólinn uppfylli þær kröfur sem menntamálaráðuneytið gerir til útbúnaðar og reksturs leikskóla.

Greiðsla skv. 1. gr. skal einnig háð því að viðkomandi sveitarfélag verji á árinu að minnsta kosti sömu fjárhæð að raunvirði og árið 1988 til dagvistunar forskólabarna. Í þeim útreikningi skulu lögð saman framlög sveitarfélagsins til reksturs og byggingar dagvistarheimila.

3. gr.

Ríkisframlag til dagvistarþjónustu vegna forskólabarna skal að lágmarki nema x m. kr. samanlagt á ári. Geri sveitarfélögin ekki tilkall til allrar þeirrar fjárhæðar samkvæmt reglum 1. og 2. gr. þessara laga skulu eftirstöðvar eftir því sem óskir berast um ganga til greiðslu stofnkostnaðar við leikskóla samkvæmt forgangsröð sem menntamálaráðuneyti ákveður. Greiðslur stofnkostnaðar má hefja um mitt ár miðað við greiðsluáætlun um rekstrarframlag ársins. Nýtist fjárhæðin ekki öll á árinu skulu eftirstöðvar flytjast til ráðstöfunar á næsta ári.

4. gr.

Þau sveitarfélög, sem veita fullnægjandi þjónustu þannig að ekki sé þörf á að auka hana að mati menntamálaráðuneytisins, skulu njóta óskertra framlaga skv. 1. gr. þótt þau verji lægri fjárhæð til dagvistarmála árlega en árið 1988.

5. gr.

Lög þessi taki gildi ...

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem menntamálaráðherra Svavar Gestsson skipaði 25. janúar 1989 til að endurskoða lög nr. 112/1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn.

Í nefndina voru skipaðir: Ásmundur Stefánsson hagfræðingur, Bergur Felixson framkvæmdastjóri, Gerður G. Óskarsdóttir, ráðunautur menntamálaráðherra, Guðrún Alda Harðardóttir fóstra, Gunnhildur Gísladóttir efnafræðingur, Hallgrímur Guðmundsson bæjarstjóri, Sigríður L. Baldursdóttir eðlisfræðingur, Kristín Á. Ólafsdóttir borgarfulltrúi, Lára V. Júlíusdóttir lögfræðingur, Selma Dóra Þorsteinsdóttir, formaður Fóstrufélags Íslands, Svandís Skúladóttir deildarstjóri og Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Sóknar. Ólafur Guðmundsson deildarstjóri var starfsmaður nefndarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lýst megintilgangi laganna. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður leggi til leikskóla sveitarfélaganna ákveðna fasta krónutölu á hvert barn og vistunarstund, allt að 8 stundum á dag.

Gert er ráð fyrir að framlag þetta taki breytingum miðað við breytingar á framfærsluvísitölu og sé endurskoðað á þriggja mánaða fresti.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um skilyrði þess að sveitarfélag fái styrk skv. 1. gr. Leikskóli þarf að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til útbúnaðar og reksturs leikskóla af hálfu stjórnvalda.

Í 2. mgr. er það skilyrði sett að greiðsla hins opinbera sé háð því að viðkomandi sveitarfélag verji til dagvistunar forskólabarna á árinu að minnsta kosti sömu fjárhæð að raunvirði og árið 1988. Hér er tekið mið af kostnaði sveitarfélagsins af dagvistarmálum á árinu 1988 bæði rekstrarkostnaði og stofnkostnaði.

Um 3. gr.

Þessi grein fjallar um það hversu hárri fjárhæð ríkið skuli verja árlega til dagvistarþjónustu forskólabarna og með hvaða hætti skuli ráðstafa því fé sem sveitarfélögin gera ekki tilkall til.

Um 4. gr.

Greinin kveður á um það að ríkisframlag skuli einnig greiða þeim sveitarfélögum sem þegar hafa fullnægjandi dagvistarþjónustu.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Athugasemdir með frumvarpi til laga um ríkisframlag til sveitarfélaga vegna leikskóla.

Fjármögnun dagvistunar forskólabarna — ríkisframlag til dagvistunar barna.

Sveitarfélögin standa í dag nánast ein að rekstri dagvistarheimila fyrir forskólabörn. Þjónustan hefur verið aukin töluvert á undanförnum árum, en allt of hægt til að mæta vaxandi þörf. Aukið fjármagn til uppbyggingar og rekstrar er nauðsynlegt ef takast á á stuttum tíma að tryggja fullnægjandi dagvistarþjónustu fyrir forskólabörn. Hér er gerð tillaga um ríkisframlag til sveitarfélaga vegna reksturs leikskóla fyrir börn frá 6 mánaða aldri eða frá því að fæðingarorlofi lýkur til 6 ára aldurs.

Tillaga er gerð um að ríkisframlag sé greitt sem föst krónutala á barn og vistunarstund, allt að 8 stundum á dag. Miðað er við að krónutalan sé reiknuð út frá heildarkostnaði við fjárfestingu og rekstur og nægi til þess að ríkið axli alla aukningu á hlut hins opinbera vegna aukinnar þjónustu. Sveitarfélögin bæru þannig sama heildarkostnað og nú. Miðað er við óbreyttar greiðslur foreldra (aðstandenda) barnanna frá því sem nú er, þ.e. óbreytta hlutdeild þeirra í kostnaði.

Tillaga er jafnframt gerð um það að ríkisframlagið sé skilyrt af því að sveitarfélagið dragi ekki úr framlögum sínum til dagvistarmála. Þannig losnar fé til framkvæmda sem ríkisframlaginu nemur. Þannig vinnst hvort tveggja í senn, hröð uppbygging samhliða því sem rekstur verður á traustum grunni. Tillaga er gerð um framlag hins opinbera til sveitarfélaga sem geri sveitarfélögum kleift að fullnægja eftirspurn á dagvistarrými án þess að leggja í viðbótarkostnað við málaflokkinn frá því sem nú er.

Hér á eftir er reynt að meta hver þörfin verður fyrir dagvistarþjónustu að áratug liðnum og hve hátt ríkisframlagið þarf að vera til þess að ná settu marki þó að tillagan geri ekki ráð fyrir 10 ára átaki í uppbyggingu dagvistarheimila eins og hún er fram sett.

Kostnaður er eingöngu metinn samkvæmt upplýsingum um kostnað við dagvistun hjá Reykjavíkurborg. Kostnaðarhlutföll vegna mismunandi vistunartíma á dag og mismunandi aldurs ættu hins vegar að vera svipuð um allt land.

Nefndin hefur ekki sett kostnaðartölur inn í texta frumvarpsins, en bendir á meðfylgjandi valkosti í tillögunni eftir því hve hátt ríkisframlagið er ákveðið. Það er ákvörðun ráðherra hvaða tölur hann setur í lagatexta.

Fjöldi forskólabarna árið 2000.

Til að meta þörfina fyrir dagvistun á næstu árum verður að áætla fjölda barna nokkur ár fram í tímann. Ef stefnt er að því að ná settu þjónustumarki á áratug er eðlilegt að miða við árið 2000. Byggðastofnun hefur áætlað að árið 2000 verði 0 til 6 ára börn samtals 25.907 eins og fram kemur í eftirfarandi töflu:

Tafla 1.

Áætlun Byggðastofnunar um fjölda barna árið 2000.

Aldurshópur	Öll börn	6 mán.– 6 ára	2–6 ára
0–1	4.327	2.163	–
1–2	4.306	4.306	–
2–3	4.309	4.309	4.309
3–4	4.317	4.317	4.317
4–5	4.322	4.322	4.322
5–6	4.326	4.326	4.326
Alls	25.907	23.743	17.274

Þörf fyrir vistun forskólabarna.

Mjög erfitt er að áætla þörf fyrir dagvistun. Í skýrslu Félagsvísindastofnunar haustið 1989 kemur fram að 90% foreldra 4 til 5 ára barna í Reykjavík óska opinberrar dagvistunar, 75,3% leikskóla og 13,6% dagheimila. Því miður fylgja ekki í skýrslunni tölur um aðra aldurshópa eða aðra landshluta. Þó má gera ráð fyrir því að hlutfallið sé lægra fyrir yngri börnin og þá sérstaklega fyrir börn undir tveggja ára aldri. Einnig má vænta þess að árið 2000 verði fæðingarorlof lengra en nú er. Hlutfallið er væntanlega einnig lægra utan höfuðborgarsvæðisins.

Ályktа mætti að leitað yrði eftir dagvistun fyrir 80% 2 til 6 ára barna og 40% $^1/_2$ árs til 2 ára barna.

Enn erfiðara er að áætla hvernig skipting yrði á stundafjölda dag hvern. Það getur tæplega verið um annað að ræða en slá fram tölum. Það er gert í eftirfarandi töflu og er fjöldi í hverjum hópi síðan umreiknaður til heilsdagsvistunar samkvæmt stöðlum Reykjavíkurborgar til þess að fá viðmiðun fyrir mat á húsnæðisþörf. Þær dagvistir, sem fyrir eru, umreiknast á sama hátt til heilsdagsvista til að fá fram hver aukning yrði.

Börn á aldrinum 2 til 6 ára verða samkvæmt áætlun Byggðastofnunar 17.274 árið 2000. Ef 80% þeirra óska dagvistunar yrði um að ræða 13.820 börn á þeim aldri í dagvistun, sem svarar til 10.350 heilsdagsrýma. Til að ná þeim fjölda þarf að bæta við 4.235 nýjum heilsdagsrýmum miðað við þær forsendur sem stuðst er við. Samkvæmt upplýsingum úr menntamálaráðuneyti eru 6.535 heilsdagsrými til í landinu, þar af um 420 rými fyrir börn yngri en tveggja ára. Því eru til 6.115 heilsdagsrými fyrir 2 til 6 ára börn í dag.

Tafla 2.

Fjöldi 2 til 6 ára barna í dagvistun árið 2000 m.v. að 80% barna séu í leikskóla.
Í töflunni er reynt að áætla mislangan vistunartíma barna.

Stundafjöldi	Hlutfall	Fjöldi barna
4 stundir	30%	4.146
5 stundir	15%	2.073
6 stundir	15%	2.073
8 stundir	40%	5.528
Samtals	100%	13.820
Samsvarar í heilsdagsvistun		10.350
Í notkun 1988		6.115
Áætluð viðbót		4.235

Börn á aldrinum $^1/_2$ árs til 2 ára verða samkvæmt áætlun Byggðastofnunar 6.469 árið 2000. Ef 40% þeirra óska eftir dagvistun yrði um að ræða 2.588 börn í dagvistun. Við mat á vistunarþörf er gert ráð fyrir lengri vistun á dag fyrir yngri aldurshópinn en börn 2 til 6 ára, sbr. töflu 3. Þetta svarar til 2.200 heilsdagsvista ef notuð eru svipuð hlutföll í umreikningi til mats á húsnæðisþörf og notuð eru fyrir 2 til 6 ára börn.

Dagvistir fyrir þennan aldursflokk eru sárafáar (420 heilsdagsrými) og því er um mikla viðbót við núverandi þjónustu að ræða.

Tafla 3.

Fjöldi $^1/_2$ árs til 2 ára barna í dagvistun árið 2000 m.v. að 40% barnanna séu í leikskóla.

Stundafjöldi	Hlutfall	Fjöldi barna
5 stundir	20%	518
6 stundir	20%	518
8 stundir	60%	1.553
Samtals	100%	2.588
Samsvarar í heilsdagsvistun		2.200
Í notkun 1988		420
Áætluð viðbót		1.780

Kostnaður við rekstur dagvistarþjónustu.

Í töflum 4 og 5 er áætlaður kostnaður við rekstur dagvistarheimila hjá Reykjavíkurborg eftir lengd vistunar. Jafnframt því er skráð framlag foreldra samkvæmt gildandi gjaldskrá Reykjavíkurborgar og sýnt hvert framlag ríkisins yrði miðað við ársgreiðslu sem næmi 12.500 kr. á daglega vistunarstund. Þar sem stutt vistun er hlutfallslega ódýrari en löng vistun leiðir fast framlag á hverja stund til þess að ríkisframlagið vegur hlutfallslega þyngra þegar um stutta vistun er að ræða. Hlutur sveitarfélagsins er það sem eftir stendur þegar foreldrar og ríki hafa greitt sinn hluta rekstrarkostnaðarins. Hlutur sveitarfélagsins lækkar frá því sem nú er sem nemur framlagi ríkisins.

Tafla 4.

Árskostnaður við rekstur dagvistunar forskólabarna í Reykjavík, áætlun 1989.

Stundafj.	Heildarkostn. á barn kr.	Hlutur foreldra kr.	%	Hlutur ríkis kr.	%	Hlutur sveitarf. kr.	%
4 stundir	108.790	47.900	44	50.000	46	10.890	10
5 stundir	136.200	60.275	44	62.500	46	13.425	10
6 stundir	230.000	92.850	40	75.000	33	62.150	27
8 st. einst.	369.150	69.980	19	100.000	27	199.170	54
8 st. giftir	369.150	114.800	31	100.000	27	154.350	42

Rétt er að taka fram að í ofangreindum tölum um kostnað vegna 2 til 6 ára barna er stuðst við tölur um meðalkostnað við vistun allra forskólabarna í Reykjavík. Börn undir tveggja ára aldri í dagvistun í dag eru hins vegar það fá að það gefur óverulega skekkju að nota tölurnar um 2 til 6 ára börn.

Það má samkvæmt gögnum Reykjavíkurborgar reikna með því að kostnaður við vistun $^1/_2$ árs til 2 ára barna sé um 30% hærri en kostnaður við vistun 2 til 6 ára barna.

Stofnkostnaður húsnæðis.

Áætlað er að dagvistarheimili fyrir 60 heilsdagsrými kosti 46–50 m.kr. í Reykjavík. Hér er reiknað með 48 m.kr.

Til þess að þjóna 13.820 börnum 2 til 6 ára sem nota sem svarar 10.350 heilsdagsrýmum þyrfti 173 dagvistarheimili. Þá er reiknað með að þau nýttust öll til fulls.

2.588 börn, $^1/_2$ árs til 2 ára, sem nota sem svarar 2.200 heilsdagsrýmum þyrftu á sama hátt 37 dagvistarheimili.

Samanlagt þarf því 210 dagvistarheimili. Í dag eru dagvistarheimilin talin 109 umreiknuð til 60 barna heilsdagsheimila. Það þýðir að bæta þyrfti við 210–109 = 101 nýju heimili. Kostnaður við hvert þeirra er áætlaður 48 m.kr. og heildarkostnaður því 4.848 m.kr. Þar af eru um 70 heimili eða tæplega 3,4 milljarðar króna vegna 2 til 6 ára barna og um 30 heimili eða 1,4 milljarðar króna vegna hálfs árs til tveggja ára barna. **Til þess að koma upp þeim heimilum sem þörf er á miðað við gefnar forsendur þarf að fjárfesta tæplega 500 m.kr. á ári næstu 10 árin í nýju dagvistarhúsnæði.**

Árlegur kostnaður vegna húsnæðis.

Nýbyggingarverð 210 dagvistarheimila yrði 10,1 milljarður króna.

Ef reiknað er með 10% raunvöxtum á hálfa fjárhæðina, þ.e. meðalfjárhæð á endingartíma heimilisins og 50 ára afskriftatíma, þ.e. að 2% afskrifist á ári, verður fjármagnskostnaður og afskriftir samanlagt 7% eða rúmlega 700 m.kr. á ári. Þar af væru tæplega 600 m.kr. vegna 173 dagheimila 2 til 6 ára barna og rúmlega 100 m.kr. vegna 37 dagheimila $^1/_2$ árs til 2 ára barna.

Tafla 5.

Heildarkostnaður árið 2000.
Kostnaður við vistun 2 til 6 ára barna m.v. gefnar forsendur (80%).

Stundir á dag	Fjöldi barna	Heildar-kostn. m.kr.	Hlutur foreldra m.kr.	%	Hlutur ríkis m.kr.	%	Hlutur sveitarf. m.kr.	%
4	4146	451	199	44	207	46	45	10
5	2073	282	125	44	130	46	27	10
6	2073	477	192	40	155	32	130	27
8	5528	2041	552	27	553	27	936	46
Samt.	13820	3251	1068	33	1045	32	1138	35
Fjármagn og afskr.		600	0	0	192	32	408	68
Samt./ári		3851	1060	28	1237	32	1546	40

Kostnaður við vistun ½–2 ára barna m.v. gefnar forsendur (40%).

Stundir á dag	Fjöldi barna	Heildar-kostn. m.kr.	Hlutur foreldra m.kr.	%	Hlutur ríkis m.kr.	%	Hlutur sveitarf. m.kr.	%
5	518	92	31	34	33	36	28	30
6	518	155	48	31	39	25	68	44
8	1.553	745	155	21	155	21	435	58
Samt.	2.588	992	234	24	227	23	531	53
Fjármagn og afskr.		100	0	0	23	23	77	77
Samt./ári		1.092	234	21	250	23	608	56
Samt. ½–6 ára börn		**4.943**	**1.302**	**26**	**1.487**	**30**	**2.154**	**44**

Gert er ráð fyrir því að börn einstæðra foreldra séu einn þriðji hluti barna í fullri dagvistun og börn fólks í sambúð tveir þriðju. Fjármagnskostnaði er skipt þannig að ríkið beri sama hlutfall hans og af heildarkostnaði hvers hóps um sig.

Ríkisframlag vegna fjármagnskostnaðar og afskrifta þyrfti að vera sem svarar 18%

álagi á framlagið vegna 2 til 6 ára barna og 10% álagi á framlag vegna $^1/_2$ árs til 2 ára barna.

Auðvitað mætti til einföldunar fella rekstur vegna allra forskólabarna undir eitt, en þá reynist hlutur ríkisins af rekstrarkostnaði vera 30%. Til að bera það hlutfall heildarfjármagns- og afskriftakostnaðar þarf 17% álag á ríkisframlagið. Framlag á hverja stund umreiknað með þeim hætti yrði 14.600 kr.

Til þess að gefa hugmynd um það hve miklu skiptir hvernig börnin skiptast eftir stundafjölda á dag er rétt að nefna að miðað við að 80% 2 til 6 ára barna njóti dagvistar og skiptingin sé 4 stundir 30%, 5 stundir 20%, 6 stundir 20% og 8 stundir 30% yrði heildarkostnaður við rekstur 2.993 m.kr. í stað 3.251 m.kr. eins og er í töflunni sem miðaðist við skiptinguna 30%, 15%, 15% og 40%.

Miðað við að 85% 2 til 6 ára barna njóti dagvistar og skiptingin sé: 30%, 20%, 20%, 30% yrði heildarrekstrarkostnaður 3.181 m.kr.

Kostnaður sveitarfélaganna.

Dagvistunarþjónustan í dag er talin svara til 6.535 heilsdagsrýma. Það skortir hins vegar upplýsingar til að meta nákvæmlega hver heildarútgjöld sveitarfélaganna eru til þessa málaflokks. Hér er gert ráð fyrir því að heildarútgjöld sveitarfélaganna séu í dag um 1.800 m.kr.

Í töflunni hér að framan kemur fram að hlutur sveitarfélaganna yrði miðað við þá þjónustu sem þar er gert ráð fyrir árið 2000 rúmlega 2.150 m.kr. Útgjöld sveitarfélaganna hefðu þá vaxið um 350 m.kr. frá því sem nú er.

Verður ríkið að axla útgjaldaaukningu sveitarfélagsins?

Það er pólitískt mat hvort raunhæft sé að ætla sveitarfélögunum að auka útgjöld sín til þessa málaflokks. Ef talið er óhjákvæmilegt að ríkið axli alla aukningu á hlut hins opinbera er nauðsynlegt að hækka ríkisframlagið um 350 m.kr. miðað við forsendurnar hér að framan. Það samsvarar tæplega 24% hækkun framlagsins að fjármagnskostnaði meðtöldum eða 44% álagi á framlag á hverja stund án fjármagnskostnaðar og afskrifta.

Ef taflan að framan er umreiknuð þannig að ríkisframlagið taki tillit bæði til fjármagnskostnaðar, afskrifta og kostnaðarauka sveitarfélaganna vegna aukinnar þjónustu hækkar framlag ríkisins í 1.831 m.kr. eða 37% heildarkostnaðar.

Rétt er að benda á að þar sem fjármagnskostnaður og afskriftir eru taldar sér í heildarkostnaði, þó gert sé ráð fyrir hlut ríkisins í framlagi til rekstrar, verður hlutur sveitarfélaganna neikvæður hjá 2 til 6 ára börnum í 4 og 5 stunda vistun. Sveitarfélögin fá þannig framlag til fjármagnskostnaðar og afskrifta. Dagvistun þeirra barna væri þó ekki arðbær rekstur fyrir sveitarfélögin því sá kostnaður yrði langt umfram ríkisframlagið. Þannig er líklegt að vegna 4.146 barna í 4 tíma vistun sé árlegur kostnaður vegna fjármagns og afskrifta um 120 m.kr. en af því greiddi ríkið 46 m.kr. samkvæmt töflunni.

Tafla 6.

Kostnaður við vistun 2 til 6 ára barna m.v. að ríkið taki á sig allan viðbótarkostnað (80%).

Stundir á dag	Fjöldi barna	Heildar-kostn. m.kr.	Hlutur foreldra m.kr.	Hlutur ríkis m.kr.	Hlutur sveitarf. m.kr.
4	4146	451	199	298	-46
5	2073	282	125	187	-30
6	2073	477	192	223	62
8	5528	2041	552	796	693
Samt.	13820	3251	1068	1504	679
Fjármagn og afskr.		600	0	0	600
Samt. /ári		3851	1068	1504	1279

Skýring á mínustölum er m.a. sú að í þessum tölum er ekki tekið tillit til fjármagnskostnaðar eða afskrifta.

Kostnaður við vistun $^1/_2$ árs til 2 ára barna m.v. gefnar forsendur (40%).

Stundir á dag	Fjöldi barna	Heildar-kostn. m.kr.	Hlutur foreldra m.kr.	Hlutur ríkis m.kr.	Hlutur sveitarf. m.kr.
5	518	92	31	48	13
6	518	155	48	56	51
r8	1553	745	155	223	367
Samt.	2588	992	234	327	431
Fjármagn og afskr.		100	0	0	100
Samt./ári		1092	234	327	531
1/2 - 6 ára börn					
Samt.		4943	1302	1831	1810

Uppbygging.

Ef ríkisframlag er tekið upp og skilyrt því að sveitarfélögin dragi ekki úr framlögum sínum til dagvistarmála yrði uppbygging mjög hröð.

Miðað við núverandi þjónustu má reikna með að ríkisframlagið yrði rúmlega 700 m.kr.

fyrsta árið og það fé gengi óhjákvæmilega til bygginga eða húsakaupa þar sem heildarframlag sveitarfélaganna héldist óbreytt. Fyrir það fé yrðu byggðir 15 leikskólar fyrir 60 heilsdagsvistir eða samanlagt vistrými fyrir 900 börn.

Ef ríkisframlagið yrði strax sett í væntanlega heildartölu, þ.e. 1.831 m.kr. tæki uppbyggingin örfá ár. Það yrði skortur á lóðum og fólki en ekki fjárskortur sem mundi hamla uppbyggingunni við þær aðstæður því fjárfestingarþörf var metin 4,7 milljarðar króna.

Takmörkun á framlagi ríkisins.

Ef ekki er pólitískur vilji til þess að leggja þessum málaflokki 1.831 m.kr. á fjárlögum er auðvitað hugsanlegt að sett yrði lægra mark um þjónustustig.

Hér að framan er reiknað með að tæplega 70% $^1/_2$ árs til 6 ára barna njóti dagvistarþjónustu.

Tafla 7.

Kostnaður m.v. mismunandi hlutfall $^1/_2$ árs til 6 ára barna í leikskóla.

Hlutfall barna	Foreldrar m.kr.	Ríki m.kr.	Sveitarf. m.kr.	Samtals m.kr.
69%	1302	1831	1810	4943
60%	1131	1354	1810	4295
50%	943	826	1810	3579

Á sama hátt er hugsanlegt að takmarka greiðslur til ákveðinna aldurshópa. Þannig lækkar framlag ríkisins um 327 m.kr. ef ekki er greitt vegna $^1/_2$ árs til 2 ára barna og verður 1.504 m.kr.

Hækkun á gjöldum foreldranna hefði einnig þau áhrif að framlag ríkisins gæti orðið minna án þess að hlutur sveitarfélaganna ykist.

Fylgiskjal II.

Tillaga frá forskólanefnd um átak í menntun fóstra.

Nefndin leggur til stórfellda aukningu á leikskólarými hér á landi á næstu 10 árum. Talið er að í landinu þurfi að vera um 12.550 leikskólarými um næstu aldamót. Miðað við tillögur nefndarinnar um hlutfall barna á fóstru þurfa þá að vera um 1.500 fóstrur í starfi og 740 fóstruliðar.

Ljóst er að til þess að ná þessum markmiðum þarf að stórauka þann fjölda einstaklinga sem lýkur fóstrunámi. Nú útskrifast um 40–70 fóstrur á ári frá Fósturskóla Íslands. Um 34% starfsmanna á dagvistunarstofnunum í landinu eru með fóstrumenntun. Á næstu

10 árum þyrftu því að útskrifast um 140 fóstrur á ári til þess að fullnægja þörfinni.

Nefndin leggur því til að á næstu 10 árum verði gert sérstakt átak til þess að fjölga fullmenntuðum fóstrum.

Það verði gert með eftirfarandi hætti:

Auk hefðbundins náms fóstra verði komið á dreifðri og sveigjanlegri fóstrumenntun á vegum Fósturskóla Íslands (eða Kennaraháskóla Íslands, flytjist fóstrumenntunin þangað á þessu tímabili), sbr. þá dreifðu og sveigjanlegu kennaramenntun sem nú er í undirbúningi á vegum KHÍ, uppeldis- og kennslufræðinám í HÍ, stærðfræðinám fyrir framhaldsskólakennara við HÍ o.fl.

Skipulag.

Námið verði sambærilegt að innihaldi við hefðbundið fóstrunám á hverjum tíma. Námið verði skipulagt í námskeið/áfanga (kúrsa).

Námið verði í formi staðbundinnar kennslu og fjarkennslu. Einnig verði möguleiki á námssamningum:

a. Staðbundin kennsla fari fram í eina eða fleiri vikur í einu utan Reykjavíkur (þar sem flestir þátttakendur eru, getur verið á einum eða fleiri stöðum í einu) og í Reykjavík ef henta þykir.

b. Fjarkennsla fari fram í formi símasambands, bréfaskipta, tölvutengsla og e.t.v. með hljóð- og myndböndum.

c. Námssamningur: nemendur geti lokið ákveðnum verkefnum samkvæmt samningi við skólann. Um getur verið að ræða minni eða stærri verkefni sem nemandi vinnur sjálfstætt eða í samvinnu við annan nemanda.

Inntökuskilyrði.

Námið verði bæði opið þeim sem eru starfandi á dagvistarstofnunum og öðrum sem áhuga hafa á að afla sér fóstrumenntunar. Gert verði ráð fyrir sveigjanlegum inntökuskilyrðum og verði umsóknir metnar fyrir hvern einstakling. Um verði að ræða mat skólans. Metið verði fyrra nám og reynsla af starfi á dagvistarstofnunum. Metið verði eftir umsóknum nemenda og persónulegum viðtölum við þá.

Gert verði átak í því að „leita að" fólki í þetta nám á þeim stöðum þar sem skortur er á fóstrum.

Námslengd.

Námslengd verður mismunandi eftir einstaklingum. Sumir nemendur þurfa e.t.v. að stunda aðfaranám í einhverjum framhaldsskóla, t.d. í erlendum tungumálum, aðrir þurfa aðeins að taka hluta námsins, t.d. fólk sem lokið hefur hluta af kennaranámi eða námi í uppeldisfræðum.

Nú tekur fóstrunám þrjú ár. Nefndin gerir ekki tillögur um lengd þessa náms. Mjög líklegt er að það þurfi í mörgum tilfellum að taka lengri tíma en þrjú ár, einkum hjá þeim sem byrja þurfa á aðfaranámi.

Leyfi frá störfum/námslán/styrkir.

Nefndin leggur áherslu á að starfsmenn dagvistarstofnana sem taka vilja þátt í þessu námi fái leyfi á launum, a.m.k. á þeim tíma sem staðbundið nám fer fram og einnig er mikilvægt að dagleg vinnuskylda verði eitthvað styttri en hjá fólki í fullu starfi (án skerð-

ingar á launum). Þetta atriði þarf að athuga við sveitarfélög.

Í þessu sambandi þarf einnig að athuga möguleika námslánakerfisins og starfsmenntunarsjóða.

Fyrstu skref.

Nefndin leggur til að svo fljótt sem unnt er verði ráðinn aðili til að undirbúa nám með þessu formi. Í því starfi verði haft náið samstarf við KHÍ. Þar hafa menn t.d. viðað að sér upplýsingum frá öðrum löndum um nám með þessum hætti og um næstu áramót má búast við að mótaður hafi verið rammi að dreifðri og sveigjanlegri kennaramenntun á vegum skólans.

Fylgiskjal III.

Frumvarp til laga um leikskóla eins og það kom frá forskólanefndinni.

I. KAFLI
Gildissvið.
1. gr.

Lög þessi taka til starfsemi leikskóla. Með leikskóla er átt við skóla sem annast uppeldi barna fram að skólaskyldualdri undir handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldismálum. Leikskóli er samkvæmt lögum þessum fyrir börn frá hálfs árs aldri eða frá þeim tíma að fæðingarorlofi lýkur til sex ára aldurs.

II. KAFLI
Markmið.
2. gr.

Leikskólinn skal í samráði við foreldra veita börnum á leikskólaaldri uppeldi og menntun.

Samkvæmt lögum þessum skal meginmarkmið með uppeldisstarfi í leikskóla vera:

— að búa börnunum örugg leikskilyrði og hollt uppeldisumhverfi,
— að gefa börnunum kost á að taka þátt í leik og starfi og njóta fjölbreyttra uppeldiskosta barnahópsins undir leiðsögn fóstra,
— að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barnanna í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega svo að þau fái notið bernsku sinnar,
— að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barnanna og jafna uppeldisaðstöðu þeirra í hvívetna,
— að efla kristilegt siðgæði barnanna og leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
— að rækta tjáningar- og sköpunarmátt barnanna í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og getu til að leysa mál sín á friðsamlegan hátt.

III. KAFLI
Hlutverk sveitarfélaga.
Stofnun og rekstur leikskóla.

3. gr.

Sveitarfélögum er skylt samkvæmt lögum þessum að reka eða eiga aðild að rekstri leikskóla fyrir börn á leikskólaaldri. Óski foreldrar eða aðrir forráðamenn eftir leikskóladvöl fyrir barn sitt skal hún veitt í 4–9 stundir daglega eftir því sem best hentar barni og fjölskylduaðstæðum þess.

Til þess að setja á stofn leikskóla þarf starfsleyfi frá menntamálaráðuneytinu. Heimilt er að veita leikskóla starfsleyfi þótt börnin dvelji þar ekki daglega eða einungis hluta úr ári.

4. gr.

Í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélag er öðrum aðilum heimilt að reka leikskóla. Skilyrði þessa er að viðkomandi hafi fengið starfsleyfi og meðmæli sveitarfélags og reki leikskólann samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Bygging og rekstur leikskóla skal vera í umsjón sveitarstjórna og skulu þær sjá um framkvæmd þessara laga hver í sínu sveitarfélagi.

Í sveitarfélögum skal sérstök leikskólanefnd eða skólanefnd grunnskóla fara með málefni leikskóla eftir því sem lög þessi og reglugerðir kveða á um. Kjósi sveitarfélag að fela öðrum nefndum eða ráðum málefni leikskóla getur menntamálaráðuneytið heimilað þá skipan tímabundið.

Viðkomandi nefnd skal gera áætlun um uppbyggingu leikskóla í sínu sveitarfélagi/skólahverfi til þriggja ára í senn.

Starfsfólk leikskóla í viðkomandi leikskóla- eða skólahverfi skal kjósa einn fulltrúa úr sínum hópi til setu í nefndinni og skal hann hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum. Enn fremur kjósa samtök foreldra einn fulltrúa til setu í nefndinni með málfrelsi og tillögurétt.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja í reglugerð almenn ákvæði um húsnæði leikskóla: heildarrými, aðstöðu til einstaklingsþjálfunar, leikrými barna, búnað, vinnuaðstöðu starfsfólks, svo og útileiksvæði.

Í reglugerðinni skulu einnig vera viðmiðunarákvæði um barnafjölda og starfslið leikskóla.

Enn fremur skal kveða á um það í reglugerð hverjir skulu vera umsagnaraðilar um hönnun og byggingu leikskóla.

IV. KAFLI
Yfirstjórn.

7. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála er lög þessi taka til. Það veitir leyfi til leikskólareksturs. Það hefur með höndum eftirlit með því að fullnægt sé ákvæðum sem lög þessi og reglugerð mæla fyrir um. Það mótar uppeldisstefnu leikskóla, sér um

útgáfu uppeldisáætlunar, sbr. 13. gr., sinnir þróunar- og rannsóknarstarfi og er stjórnendum leikskóla til ráðuneytis um starfsemina.

8. gr.

Landinu skal skipt í leikskólaumdæmi. Leikskólaumdæmi skulu vera þau sömu og fræðsluumdæmi samkvæmt grunnskólalögum.

Tengja skal starfsemi fræðsluskrifstofa grunnskóla og störf umdæmisfóstra leikskóla, þar með talin starfsemi kennslugagnamiðstöðva fyrir bæði skólastigin.

Leikskólinn skal stuðla að því í samráði við grunnskóla að eðlileg tengsl skapist á milli þessara skólastiga.

Menntamálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um samstarf leikskóla og grunnskóla.

9. gr.

Í hverju leikskólaumdæmi skal starfa umdæmisfóstra. Umdæmisfóstra leikskóla skal í samvinnu við rekstraraðila og hlutaðeigandi nefndir sinna ráðgjöf og faglegu eftirliti með uppeldi og menntun í þeim leikskólum umdæmisins þar sem ekki eru aðrir leikskólafulltrúar eða umsjónarfóstrur á vegum sveitarfélaga. Umdæmisfóstra stuðlar að samstarfi leikskóla umdæmisins og samvinnu leikskóla og grunnskóla.

Umdæmisfóstra er starfsmaður ríkisins. Við ráðningu í starf umdæmisfóstru skal taka tillit til starfsreynslu í leikskóla og framhaldsmenntunar.

Nánar skal kveðið á um störf umdæmisfóstra í erindisbréfi. Ráðning umdæmisfóstra er ákveðin í fjárlögum hverju sinni.

V. KAFLI
Starfsfólk og foreldrar.

10. gr.

Við hvern leikskóla skal vera leikskólastjóri. Leikskólastjóri og starfslið er annast fóstrustörf skal hafa fóstrumenntun, svo og þeir sem annast faglega umsjón og eftirlit með leikskólum á vegum rekstraraðila. Leikskólastjóri stjórnar starfi leikskólans í umboði rekstraraðila eftir því sem nánar segir í lögum þessum og reglugerðum er settar verða samkvæmt þeim. Í samráði við rekstraraðila ber leikskólastjóri ásamt starfsfólki ábyrgð á að móta heildarstefnu í uppeldis- og menntamálum leikskólans og að áætlanir þar um séu gerðar í samræmi við 13. gr.

Ársskýrsla um starfsemi leikskólans skal send sveitarstjórn og umdæmisfóstru viðkomandi umdæmis.

Sveitarstjórn skal setja starfsfólki erindisbréf í samræmi við lög þessi og reglugerð er sett verði samkvæmt þeim.

11. gr.

Leikskólastjóri skal halda reglulega fundi með starfsfólki um stjórn heimilisins og velferð hvers einstaks barns.

12. gr.

Skylt er rekstraraðila leikskóla að skipuleggja tengsl milli foreldra barnanna og leikskólans í því skyni að efla samstarf þessara aðila um velferð barnsins.

VI. KAFLI
Uppeldisáætlun.

13. gr.

Menntamálaráðuneytið setur leikskólum uppeldisáætlun þar sem m.a. skal kveðið á um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólans og meginstefnu varðandi starfshætti.

Í uppeldisáætlun verði gildi leiksins sem uppeldis- og kennslutækis leiðandi hugtak.

Menntamálaráðuneytið hefur uppeldisáætlun leikskóla stöðugt til endurskoðunar og gerir tillögur um breytingar þegar þörf er talin á.

VII. KAFLI
Réttur leikskólabarna til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar.

14. gr.

Börn á leikskólaaldri sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun eiga rétt á henni innan leikskólans, undir handleiðslu fóstra, þroskaþjálfa og annarra sérfræðinga. Þjálfunin getur verið einstaklingsbundin og í hópi innan almennrar leikskóladeildar eða á sérhæfðum deildum.

Markmið þjálfunarinnar er m.a. að auka færni barnsins miðað við þroskastig þess. Ákvörðun um þjálfun og tilhögun hennar skal tekin í samráði við foreldra barnsins og ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu leikskólans, að undangenginni greiningu og mati sálfræðiþjónustunnar eða annarra lögboðinna greiningaraðila.

Stefnt skal að því að barnið sæki leikskóla í sínu skólahverfi. Þó skal gefinn kostur á að leita annarra úrræða sem henta barninu betur með tilliti til þjónustu. Fatlað barn, sem sækir skóla utan síns skólahverfis, á rétt á flutningsþjónustu sem greiðist af ríkinu, sbr. lög nr. 41 1983, um málefni fatlaðra.

15. gr.

Leikskólar skulu þannig byggðir og reknir að þeir geti sinnt fötluðum börnum á leikskólaaldri.

Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði. Í reglugerð skal kveðið nánar á um starfsemi, húsnæði og starfsmannahald almennra leikskóladeilda vegna veru fatlaðra barna, svo og sérhæfðra deilda.

VIII. KAFLI
Leikskólarannsóknir og þróunarstarf.

16. gr.

Menntamálaráðuneytið stuðlar að þróunar-, tilrauna- og rannsóknarstarfi innan leikskólanna. Í því skyni skal árlega varið fé í þróunarsjóð samkvæmt ákvörðun Alþingis með fjárlögum. Menntamálaráðuneytið afgreiðir umsóknir og ákveður skiptingu fjárins.

17. gr.

Til þess að sinna tímabundnum rannsóknar- og þróunarverkefnum á vegum menntamálaráðuneytisins má ráða sérstaka starfsmenn.

18. gr.

Í rannsókna-, þróunar- og tilraunaskyni er ráðuneytinu heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum laga og reglugerða.

IX. KAFLI
Ráðgjafarþjónusta.

19. gr.

Allir leikskólar eiga rétt á sérhæfðri ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og skal hún að jafnaði skipulögð í tengslum við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fræðsluumdæmisins, sbr. lög um grunnskóla.

Menntamálaráðuneytið gerir í samráði við umdæmisfóstrur heildaráætlun um framkvæmd þessarar þjónustu.

20. gr.

Hlutverk ráðgjafar- og sálfræðiþjónustunnar er:

— að annast sérfræðilega ráðgjöf og fræðslu starfsfólks leikskóla og foreldra leikskólabarna um uppeldi og umönnun barnanna,
— að annast frumgreiningu og/eða vísa í sérhæfðari greiningaraðila ef þess gerist þörf að mati ráðgjafarþjónustunnar; enn fremur að hafa umsjón og eftirlit með aðstoð og þjálfun barnanna,
— að annast ýmis rannsóknastörf og athuganir í sambandi við ráðgjafarþjónustuna.

21. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og starfssvið ráðgjafar- og sálfræðiþjónustunnar.

X. KAFLI
Heilsuvernd og hollustuhættir.

22. gr.

Um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit á leikskólum fer eftir lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi lög nr. 112/1976 að öðru leyti en því er lýtur að skóladagheimilum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili — markmið og leiðir, gefin út af menntamálaráðuneytinu 1985, tekur með lögum þessum gildi sem fyrsta uppeldisáætlun leikskóla.

II.

Markmiði 3. gr. þessara laga skulu sveitarfélög ná innan 10 ára frá setningu laganna. Heimilt er að skilgreina áfanga nánar í reglugerð með hliðsjón af stærð sveitarfélaga og þjónustustigi.

III.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að fela fræðsluskrifstofum að annast þau svæðisbundnu stjórnunarverkefni sem gert er ráð fyrir í IV. kafla laganna þar til skipulag það, sem þar er gert ráð fyrir, er að fullu komið til framkvæmda.

Greinargerð.

Menntamálaráðherra, Svavar Gestsson, skipaði 25. janúar 1989 nefnd til að endurskoða lög nr. 112/1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, í þeim tilgangi að skapa ramma um nýtt skólastig, forskólastig, fyrir börn á aldrinum hálfs árs til sex ára. Nefndinni var einnig falið að gera áætlun um uppbyggingu og rekstur dagvistarheimila næstu 10 ár og um æskilegt fyrirkomulag á stofn- og rekstrarkostnaði. Skóladagheimili eru utan verksviðs nefndarinnar.

Í nefndina voru skipaðir: Ásmundur Stefánsson hagfræðingur, Bergur Felixson framkvæmdastjóri, Gerður Óskarsdóttir, ráðunautur menntamálaráðherra, Guðrún Alda Harðardóttir fóstra, Gunnhildur Gísladóttir efnafræðingur, Hallgrímur Guðmundsson bæjarstjóri, Sigríður L. Baldursdóttir eðlisfræðingur, Kristín Á. Ólafsdóttir borgarfulltrúi, Lára V. Júlíusdóttir lögfræðingur, Selma Dóra Þorsteinsdóttir, formaður Fóstrufélags Íslands, Svandís Skúladóttir deildarstjóri og Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Sóknar. Ólafur Guðmundsson deildarstjóri var starfsmaður nefndarinnar.

Nefndin hefur samið tvö frumvörp, þ.e. frumvarp til laga um leikskóla og frumvarp til laga um ríkisframlag til sveitarfélaga vegna leikskóla.

Allir nefndarmenn tóku þátt í gerð fyrirliggjandi frumvarpa en Ásmundur Stefánsson tók þó ekki þátt í samningu frumvarps til laga um leikskóla vegna anna við kjarasamninga fyrr á árinu. Bergur Felixson skilaði séráliti sem fylgir hér með á fylgiskjali I.

Athugasemdir við frumvarp til laga um leikskóla.

1. Uppeldisstefna.

Frumvarpið byggir á uppeldisstefnu sem menntamálaráðuneytið markaði 1985 varðandi börn undir skólaskyldualdri þegar ráðuneytið gaf út Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili — markmið og leiðir. Áætlunin byggir á viðurkenndu markvissu uppeldisstarfi þar sem leikur og sköpun í máli, myndum, tónum og hreyfingu skipar öndvegi og þar sem mið er tekið af þroska og þörfum hvers barns og aðstæðum á heimili þess.

2. Leikskólaheitið.

Nefndin leitaði til Valborgar Sigurðardóttur, fyrrverandi skólastjóra Fósturskóla Íslands, sem sérfræðings um uppeldi og þroska barna á forskólaaldri. Í greinargerð Valborgar til nefndarinnar segir hún m.a. um gildi leiksins og leikskólaheitið:

„**Gildi leiksins** fyrir þroska barnsins á þessum ungu árum er löngu viðurkennt og staðfest á fræðilegum grundvelli. Leikurinn er lífstjáning barnsins — hið eðlilega tjáningarform þess. Leikurinn er ekki aðeins gleðigjafi, hann er þeim **nám og starf.** Við þurfum að líta á leiki barna sem mikilvægar **náms- og þroskaleiðir** og nýta þá sem slíka.

Oft er þó sagt að börn á dagheimilum og leikskólum læri ekki neitt, „þau bara leiki sér". En í bernsku er það að leika sér sama og að læra og leita sér þekkingar og reynslu.

Uppeldisstofnanir/skólar þessir skulu bera nafnið **leikskólar** í samræmi við meginkjarna þess uppeldisstarfs sem þar fer fram.

Leikskólaheitið skírskotar þannig til þess uppeldisstarfs og inntaks þess. Skiptir hér ekki máli hversu margar stundir á dag börnin dvelja þar. Höfuðatriðið er að þar fari fram leikskólastarfsemi í þess orðs bestu merkingu: markvisst uppeldisstarf byggt á leik og hvers konar sköpun eins og fyrr segir.

Leikskólaheitið lýsir uppeldisstarfinu og minnir á að það sé skóli þar sem lítil börn læra og þroskast gegnum leik. Minna má á hér að latnesk/gríska orðið „schola" þýðir í

eiginlegri eða upprunalegri merkingu „tómstundir sem notaðar eru til náms“. Í orðinu **leikskóli** felst því heilbrigður metnaður og holl áminning.“

Nefndin er sammála um að þetta nýja skólastig skuli kallast leikskólastig og dagvistarheimili verði nefnd leikskólar, burtséð frá lengd dvalartíma barnanna þar.

3. Hlutverk sveitarfélaga.

Í skipunarbréfi nefndarinnar er tekið fram að nefndin skuli ganga út frá því markmiði „að öll börn öðlist rétt á góðri dagvistun með uppeldi og menntun við hæfi þar til grunnskóli hefst“.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sveitarfélögum sé gert skylt innan tíu ára að byggja og reka leikskóla fyrir þau börn sem óskað er eftir leikskólavist fyrir. Engu barni er skylt að sækja leikskóla. Minni sveitarfélög sem ekki koma til með að reka leikskóla vegna þess hve fá börn búa þar skulu, þar sem því verður við komið, eiga aðild að rekstri leikskóla. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að í sveitarfélögum fari sérstök leikskólanefnd eða skólanefnd grunnskóla með málefni leikskóla. Þó getur menntamálaráðuneytið heimilað sveitarstjórnum að fela öðrum nefndum eða ráðum að fara með málefni leikskólans tímabundið.

4. Hlutverk ríkisins.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið fari með yfirstjórn leikskóla eins og verið hefur. Það skal móta uppeldisstefnu, sinna þróunar- og rannsóknarstarfi, stuðla að samfellu í starfsháttum leikskóla og grunnskóla, annast leyfisveitingar og sjá um að fullnægt sé ákvæðum laga og setja leikskólanum uppeldisáætlun.

5. Uppeldisáætlun er starfsrammi.

Rétt þykir að gera hér grein fyrir þeirri uppeldisáætlun sem vísað er til í lagafrumvarpi þessu. Í bréfi sem Ragnhildur Helgadóttir, fyrrverandi menntamálaráðherra, sendi öllum dagvistarheimilum á landinu í maí 1985 er gerð grein fyrir uppeldisáætlun sem þá var nýkomin út. Í bréfi Ragnhildar segir m.a.:

„Í uppeldisáætlun þessari eru sett fram **markmið** sem nefndin telur að stefna beri að í uppeldisstarfi á dagvistarheimilum, og síðan er fjallað um helstu **uppeldissvið, grundvallarviðhorf** og **meginleiðir** í uppeldi ungra barna.

Uppeldisáætlunin felur ekki í sér neinar grundvallarbreytingar á því starfi sem nú fer fram á dagvistarheimilum í landinu. Miklu fremur er uppeldisáætluninni ætlað það hlutverk að hlúa að því besta í því starfi sem fyrir er, auðga það og styrkja.

Uppeldisáætlunin byggir á „hefðbundnum“ vestrænum grundvallarhugmyndum um uppeldi ungra barna, en styðst jafnframt við nýja þekkingu og reynslu á sviði uppeldisfræði og þróunarsálarfræði. Markmið uppeldisstarfsins mótast fyrst og fremst af lýðræðislegu lífsviðhorfi og kristilegu siðgæði. Aðaláhersla er lögð á að örva alhliða þroska barnanna, þ.e. líkams-, tilfinninga-, vitsmuna-, félags-, fagur- og siðgæðisþroska, efla jákvæða sjálfsmynd þeirra og búa þeim vel skipulagt uppeldisumhverfi og örugg leikskilyrði sem jafnframt eru hlýleg og lærdómsrík.

Menntamálaráðuneytið væntir þess að uppeldisáætlun þessi geti orðið forstöðumönnum og fóstrum haldgóður leiðarvísir í uppeldisstarfi í samvinnu við starfsfólk og foreldra. Skoða ber uppeldisáætlunina sem nokkurs konar umgjörð um uppeldisstarfið og sveigjanlegan starfsramma.

Á grundvelli þessa leiðarvísis og með markmiðin í huga **geta forstöðumenn og fóstrur sérhvers dagvistarheimilis gert sínar eigin áætlanir og mótað uppeldisstarfið í samræmi við þroska og þarfir barnanna og þær aðstæður sem fyrir hendi eru.“**

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Leikskólar eru skv. 1. gr. uppeldisstaðir fyrir yngstu börnin. Þeir eiga að þjóna börnum frá því að fæðingarorlofi foreldra lýkur, en það verður sex mánuðir frá næstu áramótum, þar til þau verða 6 ára og grunnskólaganga hefst.

Þær stofnanir eða heimili sem ekki starfa samkvæmt lögum þessum geta ekki borið heitið leikskóli.

Um 2. gr.

Í greininni er lögð áhersla á samráð og samstarf foreldra og leikskóla um uppeldi og menntun barna. Hér er lögð til grundvallar sú meginforsenda fyrir tilvist leikskóla að þeir eigi að vera fjölskyldum til stuðnings og sjálfsögð viðbót við uppeldi og menntun sem veitt er á einkaheimilum barnanna.

Menntunarhugtakið er túlkað vítt og gengið út frá þeim skilningi að það nái m.a. til uppeldis, umönnunar, þjálfunar og kennslu, sem fyrst og fremst fer fram í leik og starfi, svo sem hæfir best börnum á leikskólaaldri.

Meginmarkmið leikskólans eru byggð á Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili — markmið og leiðir, sem gefin var út af menntamálaráðuneytinu árið 1985. Leikskólar eiga að stuðla að og örva alhliða þroska barna. Ákveðin og nægjanlega skýr markmið svo og fullnægjandi aðbúnaður á leikskólum ættu að tryggja að uppeldisstarfið sé fjölbreytt og traust.

Um 3. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er sveitarfélögum gert skylt að veita öllum börnum á leikskólaaldri leikskólavist óski foreldrar eða aðrir forráðamenn barns eftir því. Hins vegar er börnum ekki skylt að vera á leikskóla.

Núverandi dagvistarkerfi getur aðeins þjónað 46% barna á aldrinum $^1/_2$ árs til 6 ára, annaðhvort á leikskóla eða dagheimili og því er aðlögunartími nauðsynlegur þar til sveitarfélögin geta farið að því ákvæði þessarar greinar sem skyldar þau til þess að fullnægja eftirspurn. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir 10 ára aðlögunartíma til þess að fjölga leikskólum og starfsfólki með viðhlítandi menntun. Að tímabilinu loknu tekur þessi grein að fullu gildi, sjá einnig bráðabirgðagrein nr. II.

Í þessari grein kemur fram að núverandi skipting dagvistarstofnana í leikskóla og dagheimili er afnumin, en sú skipting hefur byggst á mismunandi lengd daglegrar dvalar barnanna. Samheitið fyrir þessar mennta- og uppeldisstofnanir verður leikskóli sem gefur til kynna menntunarleið yngstu barnanna, þ.e. leikinn. Aðgreining í leikskóla og dagheimili er villandi og gefur í skyn að markmið þessara stofnana séu ólík. Með því að afnema skiptinguna er lögð áhersla á að hlutverk leikskóla (dagvistarstofnana) er það sama hvort sem barn dvelur þar 4 eða 9 stundir daglega, þ.e. að búa börnum örugg leikskilyrði undir leiðsögn sérmenntaðs starfsfólks.

Lengd daglegrar dvalar barns á að fara eftir aðstæðum hjá fjölskyldu þess og skulu hagsmunir barnsins lagðir til grundvallar. Vinni foreldrar t.d. utan heimilis allan daginn

á að tryggja að barnið geti verið á einum og sama staðnum þann tíma, en þurfi ekki að þeytast á milli margra staða daglega.

Eins og í núgildandi lögum um dagvistarheimili þarf samþykki menntamálaráðuneytisins til þess að setja á stofn leikskóla (dagvistarheimili). Samþykki þetta er gefið í formi starfsleyfis. Starfsleyfið á að tryggja að börn njóti viðhlítandi aðbúnaðar á öllum leikskólum.

Ráðuneytinu er samkvæmt frumvarpinu heimilað að veita starfsleyfi þótt leikskólinn geti ekki boðið börnum daglega skóladvöl allt árið. Reikna má með að leikskólar í dreifbýli þyrftu helst á þessari heimild að halda.

Um 4. gr.

Eins og í núgildandi lögum um dagvistarstofnanir er öðrum aðilum en sveitarfélögum heimilt að stofnsetja og reka leikskóla (dagvistarheimili) liggi samþykki menntamálaráðuneytisins og viðkomandi sveitarfélags fyrir.

Um 5. gr.

Núverandi stjórnun sveitarfélaga á málefnum dagvistarheimila er með misjöfnu móti. Í Reykjavík fer t.d. stjórn Dagvistar barna með málaflokkinn en áður var hann vistaður hjá félagsmálaráði. Félagsmálaráð margra sveitarfélaga eru fagnefndir dagvistarheimilanna. Það fyrirkomulag hefur verið gagnrýnt af ýmsum starfsmönnum heimilanna sem bent hafa á að þannig væri stjórnin of veik og þyrfti oft að víkja fyrir öðrum verkefnum ráðanna. Gagnrýnin hefur einnig falist í því að áhersla á dagvistarheimili sem félagslegt úrræði væri óæskileg og tefði fyrir viðhorfum og þróun í þá veru að hér sé um mennta- og uppeldisstofnanir að ræða engu síður en grunnskólann.

Með 5. gr. er gert ráð fyrir því að sérstakar leikskólanefndir eða þær skólanefndir grunnskóla sem fyrir eru sinni málefnum leikskólans í umboði sveitarstjórna. Fulltrúar starfsmanna leikskóla og foreldra leikskólabarna sitji sem áheyrnarfulltrúar í nefndunum. Kosturinn við að hafa eina og sömu nefndina yfir leikskólum og grunnskólum er sá að tengsl og samfella milli þessara tveggja skólastiga verða betur tryggð. Greinin gerir ráð fyrir því að þær sveitarstjórnir, sem kjósa að halda óbreyttu fyrirkomulagi enn um sinn, t.d. að félagsmálaráð fari með málefni leikskólans, geti fengið til þess heimild. Með gerð þriggja ára áætlana um uppbyggingu er skólanefndum ætlað að fylgja eftir því markmiði frumvarpsins að eftirspurn eftir leikskóladvöl verði fullnægt árið 2000.

Um 6. gr.

Greinin kveður á um þau atriði varðandi húsnæði, búnað, fjölda barna og starfsfólks sem setja skal í reglugerð til þess að tryggja viðhlítandi aðbúnað í öllum leikskólum. Í greininni er getið sérstaklega um aðstöðu til einstaklingsþjálfunar er nýtast má fötluðum börnum og þeim sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Slík aðstaða þarf að vera rúmgóð og með góðu geymslurými þar sem jafnframt getur verið boðið upp á fjölbreyttari möguleika í leik og starfi leikskólabarna almennt.

Um 7. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn leikskólamálefna og veitir leyfi til leikskólarekstrar samkvæmt þessari grein. Enn fremur er hér lagt til að ríkið marki heildarstefnu í uppeldismálum leikskólans og hafi yfirsýn yfir innra starf leikskólanna í land-

inu til að tryggja sem jöfnust uppeldis- og menntunarskilyrði leikskólabarna, burtséð frá búsetu þeirra og heildaraðstæðum. Með eftirlitshlutverki menntamálaráðuneytisins ætti að safnast á sömu hendur sú vitneskja um málefni leikskólans sem nauðsynleg er til að móta heildstæða uppeldisstefnu leikskólans og tryggja markvisst þróunar- og rannsóknarstarf svo að ráðuneytið sé í stakk búið að vera stjórnendum leikskólanna til ráðuneytis um starfsemina eins og segir í greininni.

Um 8. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að landinu verði skipt í sérstök leikskólaumdæmi samkvæmt skiptingu í fræðsluumdæmi eins og ákveðið er í grunnskólalögum hverju sinni. Enda er ráð fyrir því gert í greininni að tengja starfsemi fræðsluskrifstofa grunnskóla og störf umdæmisfóstra leikskóla eins og kostur er til að mynda sem mesta samfellu í uppeldi og menntun barna allt frá upphafi leikskólastigs til loka skólagöngu. Með þessum samtengingaráætlunum má enn fremur ætla að verulegir fjármunir sparist nái þær fram að ganga.

Áhersla er lögð á tengsl og samskipti leikskóla og grunnskóla og ráð fyrir því gert að ráðuneytið setji sérstaka reglugerð um samskipti þessara skólastiga.

Um 9. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að í hverju umdæmi sé starfandi umdæmisfóstra á vegum menntamálaráðuneytisins, sem sinni umsjónar-, ráðgjafar- og eftirlitsstarfi er lýtur að uppeldi og menntun leikskólabarna.

Grein þessi gerir því ráð fyrir að þjónusta ráðuneytisins verði færð út á landsbyggðina. Þessi tilhögun er ekki síst mikilvæg fyrir minni sveitarfélög sem ekki hafa í þjónustu sinni umsjónarfóstrur og/eða leikskólafulltrúa.

Leikskólum sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum hefur fjölgað ár frá ári og er að finna víða um land. Til að ráðuneytið geti sinnt hlutverki sínu gagnvart börnum í þessum leikskólum er nauðsynlegt að flytja þjónustu ráðuneytisins út í umdæmin. Eðlilegt er að ráðið verði í stöður umdæmisfóstra í áföngum. Þannig verði þessu ákvæði í greininni fullnægt á nokkrum árum.

Um 10. gr.

Leikskólastjóri gegnir veigamiklu forustuhlutverki í uppeldisstarfi leikskólans jafnframt því sem hann hefur á hendi margþætt stjórnunarstarf. Greinin tekur einnig til menntunar þeirra er sinna fóstrustörfum og ráðgjafarstörfum á vegum rekstraraðila.

Til að sveitarstjórnir og menntamálaráðuneytið hafi yfirsýn yfir starfsemi leikskólanna í landinu er lagt til að leikskólastjóri ásamt starfsfólki sínu geri ársskýrslu um starfsemi leikskólans og sendi viðkomandi sveitarstjórn og umdæmisfóstru.

Um 11. gr.

Hér er um að ræða sömu ákvæði og í lögum nr. 112/1976, 18. gr., og þarfnast því ekki skýringar.

Um 12. gr.

Eitt af markmiðum leikskólans, sbr. 2. gr. í frumvarpi þessu, er „að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla aðhliða þroska barnanna í samræmi við þarfir þeirra ...“ Grein

þessi kveður nánar á um þá skyldu leikskóla að sinna þessu mikilvæga samstarfi við foreldra.

Um 13. gr.

Grein þessi fjallar um gerð nokkurs konar námskrár leikskóla sem myndi eins konar umgjörð um starfið eða sveigjanlegan starfsramma.

Allt frá 1985 hafa leikskólar haft Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili — markmið og leiðir sem leiðarvísi í sínu leikskólastarfi.

Á grundvelli þessa leiðarvísis og með markmiðin að leiðarljósi getur sérhver leikskóli gert sínar eigin áætlanir í samræmi við þær þarfir og aðstæður sem fyrir hendi eru.

Um 14. gr.

Hér er lagt til að leikskólinn verði vettvangur þjálfunar og meðferðar fatlaðra barna og þeirra barna sem þurfa einhvers konar aðstoð og þjálfun vegna tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika. Þetta er í anda laga um málefni fatlaðra, nr. 41/1983, en þar segir að dagvistarstofnanir séu einnig stofnanir fyrir fatlaða og að uppbyggingu þeirra og starfsemi skuli vera þannig háttað að þjónusta þeirra nýtist fötluðum til jafns við aðra þjóðfélagsþegna. Þetta er einnig í samræmi við 2. gr. þessa frumvarps en þar segir meðal annars að leikskólinn skuli kappkosta að efla alhliða þroska barnanna. Það er ljóst að til þess að fullnægja þessu markmiði hvað þennan sérstaka hóp barna varðar þurfa þau meiri og sérhæfðari þjónustu en önnur börn og mikilvægt er að sú þjónusta sé veitt innan leikskólans. Sem dæmi má nefna þroskaþjálfun, sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talkennslu sem fram fer í samræmi við niðurstöður greiningar á eðli fötlunar og í beinu framhaldi af greiningu.

Þjálfunin skal fara fram inni á almennum leikskóladeildum eða á sérhæfðum deildum og framkvæmd ýmist með einu barni í einu eða í misstórum hópum barna í samræmi við einstaklingsbundnar þarfir þeirra og möguleika. Jafnframt skal auðvelda fötluðum börnum þátttöku í almennu leikskólastarfi, svo sem kostur er, m.a. með því að skipuleggja almennt leikskólastarf einnig á þeirra forsendum. Þetta er þeim mun mikilvægara þar sem í leikskóla gefst tækifæri til að leggja grundvöll að eðlilegum samskiptum fatlaðra og ófatlaðra í framtíðinni.

Sérhæfðar deildir eru hugsaðar fyrir börn sem fötlunar sinnar vegna geta tímabundið eða varanlega illa nýtt sér starf á almennri leikskóladeild. Starfsemi þessara deilda skal falla sem eðlilegast að heildarstarfi leikskólans. Aðgangur barna af sérhæfðu deildinni að öðrum deildum leikskólans þarf að vera greiður svo og aðgangur að sameiginlegri leikaðstöðu barnanna.

Lagt er til að foreldrar og ráðgjafar- og sálfræðiþjónustan taki með hliðsjón af greiningu sameiginlega ákvörðun um hvaða tegund þjálfunar barnið skuli fá og hvers konar leikskóli verði fyrir valinu, þ.e. almenn leikskóladeild eða sérhæfð deild.

Um 15. gr.

Lagt er til að leikskólar verði þannig byggðir og skipulagðir að þeir geti sinnt fötluðum börnum á leikskólaaldri. Hér er m.a. átt við að almennt leikskólastarf taki mið af mismunandi færni barnanna og að það sé þannig skipulagt að fatlaða barnið samlagist

hópnum sem best en einangrist ekki. Auk þess þarf að vera til staðar fagþekking, sbr. 14. gr. þessa frumvarps, aðstaða til einstaklingsþjálfunar og aðgengi fyrir fatlaða um lóð og útileiksvæði.

Menntamálaráðuneytinu er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði ef sveitarfélag hefur þegar á að skipa leikskólum sem fullnægja þessu ákvæði og þörfinni er fullnægt.

Um 16. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir stofnun sérstaks þróunarsjóðs til að standa straum af þeim kostnaði sem óhjákvæmilega hlýst af þróunar-, tilrauna- og rannsóknastarfi innan leikskólanna, sbr. Þróunarsjóð grunnskóla. Fé er veitt í sjóðinn af fjárlögum hverju sinni, en menntamálaráðuneytið afgreiðir umsóknir og ákveður skiptingu fjárins.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 19. gr.

Ekki verður um það deilt að öflug ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta er nauðsynleg til að styrkja það faglega starf sem lögin gera ráð fyrir að fari fram í leikskólum. Einnig er það augljóst hagkvæmnisatriði að þessi þjónusta sé skipulögð í tengslum við þá ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu sem fyrir er innan grunnskólans. Þó er rétt að benda á sérstöðu Reykjavíkurborgar sem hefur skipulagt sérstaka þjónustu eingöngu fyrir dagvistarstofnanir. Vegna umfangs þeirrar þjónustu má ætla að það fyrirkomulag sem þróast hefur henti áfram.

Ekki er í frumvarpinu rætt um menntunarkröfur sem gerðar skulu til þeirra sem sinna ráðgjafarstarfi innan leikskólans né heldur hvaða menntun forstöðumaður leikskóladeildar ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu hafi til að bera. Varðandi þessi atriði vísast til þess fyrirkomulags sem gildir um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskólans, en þó með sérþarfir leikskólans í huga. Einnig er í frumvarpinu gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið setji sérstaka reglugerð (21. gr.) um framkvæmd og starfssvið ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og verða þessi atriði væntanlega skilgreind á þeim vettvangi.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 22. gr.

Með vísan til síðari málsgreinar greinarinnar skal á það bent að manneldisráð hefur látið útbúa matseðla fyrir dagvistarstofnanir, þar sem gefnar eru ábendingar um hollan morgunverð, hádegisverð og síðdegishressingu fyrir forskólabörn. Verða þeir tilbúnir til notkunar innan skamms. Rétt er að benda á að ekki er nauðsynlegt út frá næringarfræði-

legu sjónarmiði að börnin borði heita máltíð í hádeginu, köld máltíð getur verið jafn holl. Hins vegar er æskilegt að börn borði a.m.k. eina heita máltíð á dag. Fái þau hana ekki heima er mikilvægt að hún standi þeim til boða á leikskólanum.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 23. gr.

Gert er ráð fyrir því að lögin öðlist þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi eldri lög nr. 112/1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, en sá hluti þeirra er tekur til skóladagheimila heldur áfram gildi sínu.

Um ákvæði til bráðabirgða.

I.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

II.

Sjá athugasemdir við 3. gr.

III.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal IV.

Akureyri.

Félagsmálaráð Akureyrar og dagvistarfulltrúi lýsa yfir ánægju með frumvarp til laga um leikskóla og telja að verði frumvarp þetta að lögum, sé stigið heilladrjúgt skref í þá átt að tryggja rétt barna til viðunandi uppeldisskilyrða frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til grunnskólaganga hefst.

Sameiginleg yfirstjórn allra skólastiga (menntamálaráðuneytið) ætti að tryggja betri heildarsýn og samfellu og sameiginleg ráðgjafarþjónusta af hálfu fræðsluskrifstofu umdæmanna sömuleiðis.

Varðandi einstakar greinar vilja undirrituð gera eftirfarandi athugasemdir:

1. gr. Sleppa „... frá hálfs árs aldri eða ...“ í síðustu setningu greinarinnar.

Skýring: Ekki teljum við rétt að tilgreina ½ árs aldur sem neðri aldursmörk í lögum. Nægir að taka fram að leikskóli skuli vera fyrir börn frá því að fæðingarorlofi lýkur, þar eð við hljótum að stefna að lengingu fæðingarorlofs um a.m.k. ½ ár.

5. gr. Trúlega væri skynsamlegt að skólanefnd tæki að sér stjórn leikskóla. Í stærri skólaumdæmum (Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Akureyri) mætti hugsa sér hverfaskiptingu. Skólanefnd hvers hverfis hefði þá með stjórn leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla hverfisins að gera.

8. gr. Eðlilegt er að bæði leikskólastig og framhaldsskólastig falli undir starfsemi núverandi fræðsluskrifstofa, sem þá fengi aukið og breytt hlutverk frá því sem nú er. Ef takast á að mynda samfellu milli skólastiga teljum við þessa ráðstöfun nauðsynlega. Það mætti hugsa sér að deildarskipta fræðsluskrifstofu, þ.e. leikskóladeild, grunnskóladeild, framhaldsskóladeild ellegar mætti hugsa sér hverfisskiptingu, þvert á skólastigin. Starfsemi leikfangasafna tengdust kennslugagnamiðstöðvum.

9. gr. Rágjafar- og sálfræðiþjónusta fræðsluskrifstofu fengju til viðbótar grunnskólastiginu bæði leikskólastigið og framhaldsskólastigið. Á þann hátt er betur hægt að fylgja sérþarfanemendum alla leið í skólakerfinu. Slík ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta yrði að vera þverfagleg og er sérmenntuð fóstra nauðsynlegur starfsmaður vegna leikskólastigisins. Ráðgjafarþjónustunni mætti hugsa sér að deildarskipta (leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskóladeild) eða þá hverfisskipta. Mundi þetta fyrirkomulag leysa af hólmi mjög ófullkomið og tilviljanakennda ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, sem leikskólar og framhaldsskólar landsins búa nú við. Jafnframt yrði byggt á þeirri áratuga reynslu og þekkingu sem ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta grunnskóla (fræðsluskrifstofu) býr yfir.

15. gr. Sleppa annarri setningu greinarinnar og síðustu málsgrein síðustu setningar.

Greinin hljóði svo:

Leikskólar skulu þannig byggðir og reknir að þeir geti sinnt fötluðum börnum á leikskólaaldri. Í reglugerð skal kveðið nánar á um starfsemi, húsnæði og starfsmannahald almennra leikskóladeilda vegna veru fatlaðra barna.

19. gr. Sleppa „... að jafnaði ...“ úr fyrstu setningunni.

Varðandi 19., 20. og 21. gr. bendum við á athugasemdir okkar varðandi 8. og 9. gr.

Samkvæmt þeim gerum við ráð fyrir ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu leikskóla við núverandi fræðsluskrifstofur. Ef tryggja á samfellu milli skólastiga er eðlilegt að með tilkomu leikskólalaga verði viss ákvæði grunn- og framhaldsskólalaga endurskoðuð.

Spurningar og vangaveltur í kjölfar lesningar frumvarpsins.

— Hvernig má gera átak í að fá fagfólk til starfa við leikskóla, sérstaklega í dreifðum byggðum?
— Framfylgd laganna. Hvenær eiga öll börn rétt á leikskóla – árið 2000?
— Má hugsa sér dagvistarfulltrúa, sbr. skólafulltrúa í stærstu sveitarfélögunum, á vegum sveitarfélaganna, en að öll fagleg starfsemi á þeirra vegum fari undir fræðsluskrifstofur?
— Hvar á innritun barna að fara fram?
— Verður önnur þjónusta fyrir börn, svo sem dagmæður (hverfa þær alveg?), leikvellir, skóladagheimili, félagsleg þjónusta sveitarfélaga, sem fellur undir félagsmálaráð (nefnd) þótt leikskólar fari undir skólanefndir?

Alþýðusamband Íslands.

Hjálagt er send umsögn miðstjórnar ASÍ um frv. til laga um leikskóla, sbr. bréf ráðuneytisins frá 21. júní 1990.

Vegna sumarleyfa og stopulla miðstjórnarfunda yfir sumarið hefur dregist að fjalla um frumvarpið. Beðist er velvirðingar á því.

Með kveðju,
fyrir hönd ASÍ,
Guðmundur Gylfi Guðmundsson.

Umsögn um frv. til laga um leikskóla samþykkt á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 3. október 1990.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um leikskóla.

Í byrjun árs 1989 skipaði menntamálaráðherra nefnd til að endurskoða lög nr. 112/1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila í þeim tilgangi að skapa ramma um nýtt skólastig, „forskólastig", fyrir börn undir skólaskyldualdri. Nefndinni var einnig falið að gera áætlun um uppbyggingu og rekstur dagheimila og leikskóla næstu 10 ár og um æskilegt fyrirkomulag á stofn- og rekstrarkostnaði.

Í umræddri nefnd sátu fulltrúar frá Alþýðusambandinu svo segja má að helstu sjónarmið Alþýðusambandsins hafi komið til skila í áliti nefndarinnar. Í því áliti voru lagðar fram tillögur að tveim lagafrumvörpum. Í fyrsta lagi var frumvarp um leikskóla og í öðru lagi var frumvarp um ríkisframlag til sveitarfélaga vegna leikskóla.

Það er álit miðstjórnar Alþýðusambands Íslands að ný lög um leikskóla nái ekki fyllilega tilgangi sínum nema þeim fylgi ný lög um ríkisframlag til sveitarfélaga vegna leikskóla. Fjármögnun og leiðir til fjármögnunar leikskóla er hinn stóri vandi sem við er að glíma og því beri að leggja fram bæði frumvörpin samhliða.

Við lestur og skoðun á frumvarpi til laga um leikskóla koma fram mikilvæg atriði sem vekja athygli eða mættu fara betur.

Almennt skal segja að mikil áhersla er lögð á umgjörð og yfirstjórn leikskólanna en minni áhersla lögð á umönnun og aðbúnað og er þá gjarnan vísað í reglugerðir. Því ber að skýra í frumvarpinu ýmis atriði í stað þess að hafa þau í reglugerð.

Það vekur athygli að atriði sem breytt hefur verið í meðförum málsins í ríkisstjórn hafa í för með sér miklar breytingar á frumvarpinu. Hér er um að ræða atriði sem draga verulega úr rétti barna til vistunar og skyldum stjórnvalda til þess að koma á og halda leikskóla. Þá eru nokkur atriði sem ættu að verða skýrari í lögunum.

Í 2. mgr. 2. gr. færi betur að segja: „Leikskólinn skal í samráði við foreldra eða aðra forráðamenn veita börnum á leikskólaaldri uppeldi og menntun".

Þriðja kafla frumvarpsins hefur verið breytt verulega. Dregið er úr skyldum sveitarfélaga til að reka og eiga leikskóla auk þess sem réttur barna varðandi tímalengd vistunar er numinn brott. Með þessum breytingum er dregið verulega úr áhrifamætti frumvarpsins og er því rétt að setja aftur inn í frumvarpið 2. og 5. gr. eins og hún var í áliti nefndarinnar.

Í ákvæðum til bráðabirgða, öðru atriði, er frumvarpinu breytt frá áliti nefndarinnar og skyldur sveitarfélaga felldar út en sett inn almenn ákvæði um stefnumörkun. Með þessum hætti er dregið úr áhrifamætti frumvarpsins og því ber að breyta þessu atriði aftur til samræmis við álit nefndarinnar.

Á það skal bent að hvergi í frumvarpinu er það tryggt að öll börn á aldrinum sex mánaða til sex ára aldurs skuli fá leikskólavist þegar aðlögunartími frumvarpsins er liðinn.

Athygli vekur að vistun málaflokksins verður í menntamálaráðuneyti en aftur á móti er gert ráð fyrir því í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga skuli atriði sem varða leikskóla vera vistuð bæði í menntamálaráðuneytinu og í félagsmálaráðuneytinu.

Miðstjórn Alþýðusambandsins álítur að markmiðum þeim sem nefnd til endurskoðunar á byggingu og rekstri dagvistarheimila setti sér í sínu starfi verði ekki náð nema bæði frumvörp nefndarinnar verði samþykkt sem lög. Jafnframt vill miðstjórnin leggja áherslu á að frumvörpunum verði ekki breytt á þann hátt að skertur verði réttur barna til vistunar og skyldur sveitarfélaga til uppbyggingar og rekstrar leikskóla.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.

Reykjavík, 22. ágúst 1990.

Umsögn um frumvarp til laga um leikskóla.

Stjórn BSRB fagnar framkomnu lagafrumvarpi um leikskóla og styður þau markmið þess að leikskólinn verði fyrir öll börn, óski foreldrar eftir því, og að honum sé ætlað að tryggja börnum rétt til umönnunar og öruggra uppeldisskilyrða undir handleiðslu sérmenntaðs starfsfólks. Þá horfir til framfara sú áhersla sem í frumvarpinu er lögð á tengingu leikskóla og grunnskóla, í því skyni að sem best samfella skapist í lífi barnsins.

Það er sjálfsagt réttlætismál að fötluð börn eigi til jafns við önnur rétt á leikskóladvöl, og að þeim sé sinnt sérstaklega miðað við þarfir einstaklingsins. Í leikskólafrumvarpinu segir orðrétt: „Börn á leikskólaaldri sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika, þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun eiga rétt á henni innan leikskólans undir handleiðslu fóstra, þroskaþjálfa og annarra sérfræðinga.“ Undir þetta tekur stjórn BSRB heilshugar, og vill í þessu sambandi vísa til anda laganna um málefni fatlaðra frá 1983, en þar segir að dagvistarstofnanir séu einnig stofnanir fyrir fatlaða, og að uppbyggingu þeirra og starfsemi skuli vera þannig háttað að þjónusta þeirra nýtist fötluðum til jafns við aðra þjóðfélagsþegna.

Stjórn BSRB fagnar því að leikskólafrumvarpið kveði á um að ákveðnar skyldur verði lagðar á sveitarfélög um að setja á stofn og reka leikskóla, og að meta þörf fyrir leikskóla hverju sinni. Þá er stjórn BSRB því meðmælt að menntamálaráðuneytið fari með yfirstjórn leikskólamála.

Stjórn BSRB vill að sú ábyrgð hvíli áfram á menntamálaráðuneytinu að tryggja sífellda endurskoðun uppeldisáætlunarinnar frá 1985, en sú áætlun byggir á markvissu uppeldisstarfi sem skipar leiknum og gildi hans fyrir þroska barnsins í öndvegi. Áhersla verði lögð á rannsóknar- og þróunarstarf.

Stjórn BSRB styður eindregið það átak til eflingar og uppbyggingar leikskólans sem boðað er á næstu árum.

Um leið og stjórn BSRB lýsir yfir stuðningi við framkomið lagafrumvarp um leikskóla vekur hún athygli á bágum launakjörum starfsfólks á leikskólum. Að hluta til er skýringarinnar að leita í öfugsnúnu verðmætamati þjóðfélagsins sem metur uppeldis- og umönnunarstörf minna en meðferð og gæslu fjármuna. Hér þarf að verða breyting á; það er ekki aðeins hagsmunamál starfsfólks á leikskólum að kjör þess verði bætt heldur einnig foreldra og barna, og þar með samfélagsins alls. Það sama á við um starfsfólk þeirra stofnana sem hér um ræðir og BSRB-félaga almennt að kaupmáttur dagvinnulauna verður að hækka verulega til að þau dugi til framfærslu.

Með kveðju,
Ögmundur Jónasson,
formaður BSRB.

Félag þroskaþjálfa.

24. sept. 1990.

Athugasemdir við „frumvarp til laga um leikskóla".

II. kafli.
Markmið.
Um 2. gr.
Önnur málsgrein undir „samkvæmt lögum þessum skal ..."
Með breytingum hljóði málsgreinin þannig:

— að gefa börnum kost á að taka þátt í leik og starfi og njóta fjölbreyttra uppeldiskosta barnahópsins undir leiðsögn fóstra og sérmenntaðs fólks í uppeldismálum.

IV. kafli.
Yfirstjórn.
Um 9. gr.
Varðandi 2. mgr. sem hljóðar á eftirfarandi hátt:

„Umdæmisfóstra leikskóla skal í samvinnu við rekstraraðila og hlutaðeigandi nefndir sinna ráðgjöf og faglegu eftirliti með uppeldi og menntun í þeim leikskólum þar sem ekki eru aðrir leikskólafulltrúar eða umsjónarfóstrur á vegum sveitarfélaga."

Samkvæmt túlkun okkar á þessari málsgrein ætti umdæmisfóstra og þá einnig leikskólafulltrúi eða umsjónarfóstra að bera ábyrgð á að börn með sérþarfir fái þá þjónustu sem þeim ber, frá réttum aðilum, svo sem þroskaþjálfum, sjúkraþjálfurum, talmeinafræðingum o.s.frv. Einnig ber hún ábyrgð á að tilkynna og leita eftir aðstoð ef grunur leikur á þroskafrávikum hjá þeim börnum sem tilheyra leikskóla þeirra.

Nánari skýringu á starfssviði umdæmisfóstru vantar.

V. kafli.
Starfsfólk og foreldrar.
Um 10. gr.

Eins og áður hefur komið fram vantar hér inn í annað sérmenntað starfsfólk í uppeldismálum.

Um 12. gr.

Kveða þarf nánar á um hver bera skuli ábyrgð á foreldrastarfi og þeirri auknu þjónustu sem foreldrar fatlaðra barna þurfa á að halda.

VII. kafli.
Réttur leikskólabarna til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar.
Um 15. gr.

Ekki er ráðlegt að veita undanþágu frá ákvæði þessu. Við viljum benda á rétt barnsins til að fá þjónustu sem næst heimili sínu. Einnig er mismunandi þörfin fyrir dagheimilisplássi fyrir fatlaða eftir tíma.

Virðingarfyllst,
f.h.
Félags þroskaþjálfa,
Jóhanna Hauksdóttir.

Foreldrasamtökin.
Félag áhugafólks um málefni barna.

Reykjavík, 27. september 1990.

Stjórn Foreldrasamtakanna er mjög ánægð með þann heiður er þeim var sýndur, er þeim var sent frumvarp til laga um leikskóla til umsagnar.

Foreldrasamtökin álíta að hér sé um tímamótafrumvarp að ræða, þar sem koma fram sómasamleg markmið fyrir tilveru leikskóla. Það er einnig mikilsvert að skýrt er kveðið á um það (skóla-) uppeldishlutverk sem þessum stofnunum er ætlað að sinna. Foreldrasamtökin vilja þó nefna nokkur atriði sem mætti endurbæta.

1. Í frumvarpinu er sagt að „fagleg yfirstjórn" skuli vera á verksviði menntamálaráðuneytisins. Það er skoðun foreldra að ekki beri að nota orðið „fagleg" þar sem leikskólanum beri í einu og öllu að heyra undir menntamálaráðuneytið, enda er það í anda þessara tillagna sem eiga að skipa menntunarhlutverki leikskólans sess í lögum.
2. Í 3. gr. er ekki nægilega skýrt hvers skylda það sé að sinna dagvistarþjónustu. Þar stendur: „Sveitarfélögum er skv. lögum þessum skylt að hafa forystu um að tryggja börnum ..." Nauðsynlegt er að orðið „forysta" sé numið brott, þ.e. enginn vafi leiki á að það séu sveitarfélögin sem beri að tryggja tilskilda þjónustu.
3. Nauðsynlegt er að „Félagsmálanefnd" í 5. gr. verði felld út, því óeðlilegt er að félagsmálanefnd fari með stjórn leikskóla.
4. Í 10. gr. stendur: „Við hvern leikskóla skal vera leikskólastjóri." Það væri við hæfi að nota orðið skólastjóri í stað „leikskólastjóri" eins og er hefð fyrir á öðrum skólastigum.
5. Í fylgiriti með frumvarpsdrögunum eru miklir útreikningar á hugsanlegu ríkisframlagi til reksturs leikskóla, þó ekki sé kveðið á um framlag ríkis í frumvarpinu sjálfu. Ef ríkið ætlar að leggja fjármagn í þennan rekstur er nauðsynlegt að kveða nákvæmlega á um það í lagabókstafnum.
6. Ekki er nauðsynlegt að tiltaka aldursskeiðið hálfs árs til sex ára, eins og er gert í 1. gr. frumvarpsins. Rannsóknir Foreldrasamtakanna hafa leitt í ljós að 55% foreldra (barna, í Reykjavík, sem fædd eru árið 1988) vilja fyrst nýta sér þjónustu dagvistarheimila er barnið hefur náð um það bil tveggja ára aldri. Heillavænlegra er því að skylda ríki/sveitarfélög til að sinna þörf leikskóla fyrir börn á aldrinum tveggja til sex ára, og mæta þörfum fólks með yngri börn á annan hátt.

F.h. stjórnar Foreldrasamtakanna,
Margrét L. Pétursdóttir,
skrifstofustj. Foreldrasamtakanna.

Fóstrufélag Íslands.

Umsögn Fóstrufélags Íslands um frumvarp til laga um leikskóla.

Fóstrufélag Íslands fagnar þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd til að endurskoða lög nr. 112/1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, í þeim tilgangi að skapa ramma um nýtt skólastig fyrir börn undir skólaskyldualdri. Í frumvarpi til laga um leikskóla eins og það kom frá forskólanefndinni, svo og í frumvarpi ríkisstjórnarinnar sem nú er sent til umsagnar er byggt á þeirri uppeldisstefnu sem fram kemur í „Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili – markmiðum og leiðum“ (menntamálaráðuneytið 1985) þar sem leikur, sem er nám og starf barnsins, er sett í öndvegi.

Hið nýja skólastig er nefnt leikskólastig og dagvistarheimili leikskólar burtséð frá lengd dvalartíma barnanna þar.

Leikskólaheitið lýsir uppeldisstarfinu og minnir á að leikskóli er skóli þar sem lítil börn læra og þroskast gegnum leik (sbr. skýringar frumvarps til laga um leikskóla bls. 5–7). Það er því ljóst að starf leikskóla byggir á uppeldis- og kennslufræðilegum forsendum og er sjálfsögð viðbót við það uppeldi og menntun sem veitt er á einkaheimilum barnanna.

Fóstrufélag Íslands fagnar sérstaklega þessari hugmyndafræði frumvarps til laga um leikskóla og því að lögfesta eigi þau meginmarkmið er byggjast á Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili – markmiðum og leiðum, sbr. 2. gr. II. kafla.

Jafnframt lýsir Fóstrufélag Íslands yfir ánægju með tilkomu og hlutverk umdæmisfóstra, sbr. 9. gr. IV. kafla svo og að efla eigi samstarf milli leikskólastigs og grunnskólastigs, sbr. 8. og 9. gr. IV. kafla. Sambærileg ákvæði þyrfti einnig að setja í lög um grunnskóla.

Fóstrufélag Íslands fagnar VIII. kafla „Leikskólarannsóknir og þróunarstarf“ þar sem fram kemur að menntamálaráðuneytið stuðli að þróunar-, tilrauna- og rannsóknastarfi innan leikskólanna með árlegu fjárframlagi í þróunarsjóð.

Fóstrufélag Íslands gerir eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarps til laga um leikskóla:

1. gr.

Fóstrufélag Íslands leggur til að 1. gr. verði svohljóðandi:

„Lög þessi taka til starfsemi leikskóla. Með leikskóla er átt við skóla sem annast uppeldi og menntun barna fram að skólaskyldualdri undir handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldismálum.

Leikskóli er samkvæmt lögum þessum fyrir börn frá hálfs árs aldri – eða frá því að fæðingarorlofi lýkur – til sex ára aldurs.“

Rökstuðningur.

Greinin yrði þar með samhljóða greininni eins og hún er í frumvarpi til laga um leikskóla eins og það kom frá forskólanefndinni (fskj. III með frumvarpinu, bls. 22), nema að á eftir orðinu uppeldi kemur „og menntun“.

Fóstrufélag Íslands vísar til athugasemda við 2. gr. frumvarps til laga um leikskóla hvað varðar skilgreiningu á hugtakinu menntun og telur eðlilegt miðað við hugmyndafræði frumvarpsins að hugtakið komi strax í 1. gr. til áréttingar hlutverki leikskólans.

2. gr.

Fóstrufélag Íslands leggur til að 2. gr. verði eins og hún er í frumvarpi til laga um leikskóla eins og hún kom frá forskólanefndinni (fskj. III, bls. 22).

3. gr.

Fóstrufélag Íslands leggur til að 3. gr. verði eins og hún er í frumvarpi til laga um leikskóla, eins og það kom frá forskólanefndinni (fskj. III, bls. 23).

5. gr.

Fóstrufélag Íslands leggur til að 5. gr. verði samhljóða 5. gr. frumvarps til laga um leikskóla eins og það kom frá nefndinni (fskj. III, bls. 23) að öðru leyti en því að 2. mgr. hljóði svo:

„Í sveitarfélögum skal sérstök leikskólanefnd fara með málefni leikskóla eftir því sem lög þessi og reglugerðir kveða á um. Kjósi sveitarfélag að fela skólanefnd grunnskóla málefni leikskóla getur menntamálaráðuneytið heimilað þá skipan tímabundið."

Rökstuðningur.

Meginreglan yrði sú að leikskólanefndir sæju um málefni leikskóla en heimilt yrði að fela það skólanefndum grunnskóla tímabundið. Félagsmálanefndir mundu þar með ekki sjá um málefni leikskóla enda samræmist það ekki þeirri hugmyndafræði sem fram kemur í þessu frumvarpi. Þessi tillaga Fóstrufélags Íslands er í fullu samræmi við þá hugmyndafræði, svo og þá áherslu félagsins að leikskólinn sé fyrst og fremst uppeldis- og menntastofnun. Því telur Fóstrufélag Íslands málefnum leikskólabarna best borgið í sérstökum leikskólanefndum, þar sem málefni fá sértæka umfjöllun hverju sinni.

6. gr.

Fóstrufélag Íslands leggur til að 1. mgr. 6. gr. verði svohljóðandi:

„Menntamálaráðuneytið skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og Fóstrufélag Íslands setja í reglugerð almenn ákvæði um húsnæði leikskóla: heildarrými, aðstoð til einstaklingsþjálfunar, leikrými barna, búnað, vinnuaðstæður starfsfólks, svo og leiksvæði."

Rökstuðningur.

Fóstrufélag Íslands telur óhjákvæmilegt að félagið eigi aðild að setningu reglugerðar til að tryggja fagleg sjónarmið í þeirri vinnu.

Fóstrufélag Íslands leggur til að í III. kafla komi ný grein, sem verði 6. gr. og núverandi 6. gr. verði þar með 7. gr.

Ný 6. gr. verði svohljóðandi:

„Leikskólafulltrúar og umsjónarfóstrur sjá um ráðgjöf og faglegt eftirlit með uppeldi og menntun á leikskólum á vegum rekstraraðila. Nánar skal kveðið á um starfssvið þeirra í reglugerð."

Rökstuðningur.

Nú þegar hafa mörg sveitarfélög dagvistarfulltrúa, dagvistarstjóra eða umsjónarfóstrur í þjónustu sinni. Fóstrufélag Íslands telur eðlilegt að kveðið verði nánar á um starfssvið þeirra í reglugerð, samhliða því að umdæmisfóstrur hefja störf í hinum ýmsu leikskólaumdæmum landsins.

7. gr.

Fóstrufélag Íslands leggur til að 7. gr. verði samhljóða 7. gr. eins og hún er í frumvarpi til laga um leikskóla eins og hún kom frá forskólanefndinni (fskj. III, bls. 23).

10. gr.

Fóstrufélag Íslands leggur til að síðasta málsgrein 10. gr. verði svohljóðandi:

„Ársskýrsla um starfsemi leikskóla skal send rekstraraðilum og umdæmisfóstru viðkomandi umdæmis. Menntamálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um innihald ársskýrslu.

Sveitarstjórn skal setja starfsfólki erindisbréf í samræmi við lög þessi og reglugerð er sett verði samkvæmt þeim.“

Rökstuðningur.

Þar sem fleiri reka leikskóla en sveitarstjórnir er eðlilegra að kveðið sé á um rekstraraðila í þessari grein. Jafnframt er mikilvægt að samræmi verði í þeim upplýsingum sem koma fram í ársskýrslum leikskólanna. Því er lagt til að nánar verði kveðið á um það í reglugerð.

19. gr.

Fóstrufélag Íslands leggur til að 1. mgr. 19. gr. verði svohljóðandi:

„Allir leikskólar eiga rétt á sérhæfðri ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og skal hún skipulögð sem sérstök þjónusta eða í tengslum við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fræðsluumdæmisins, sbr. lög um grunnskóla, enda hafi hún á að skipa sérmenntuðu starfsfólki fyrir börn á forskólaaldri.“

Rökstuðningur.

Fóstrufélag Íslands telur rétt að sveitarfélög hafi val um það hvort ráðgjafar- og sálfræðiþjónustan verði skipulögð sem sérstök þjónusta fyrir leikskólana, sem gæti hentað stærri sveitarfélögum betur (sbr. Reykjavík) eða í tengslum við þá þjónustu sem fyrir er innan grunnskólans. Enn fremur telur Fóstrufélag Íslands að tryggja beri skilyrðislaust að það starfsfólk sem sinnir ráðgjafaþjónustu við leikskólana hafi hlotið sérmenntun hvað það varðar.

Að lokum leggur Fóstrufélag Íslands til að röð kafla breytist þannig að núverandi VIII. kafli „Leikskólarannsóknir og þróunarstarf“ verði VII. kafli, og núverandi VII. kafli „Réttur leikskólabarna til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar“ verði VIII. kafli.

Lokaorð.

Eins og fram kemur í ofangreindum athugasemdum er það skoðun Fóstrufélags Íslands að frumvarpið eins og það kom frá forskólanefndinni sé í grundvallaratriðum það frumvarp sem Fóstrufélagið styður. Aðrar athugasemdir en þær sem vísa til þess frumvarps fela ekki í sér neinar grundvallarbreytingar, heldur er fremur um að ræða sértækar áherslur, m.a. hvað varðar leikskólanefndir, sérmenntað starfsfólk og hlutverk Fóstrufélags Íslands.

Fóstrufélag Íslands telur algert skilyrði fyrir því að hægt sé að samþykkja heildstæð lög um leikskólastarfsemina í landinu að yfirstjórn málaflokksins sé óskipt í menntamálaráðuneytinu. Það álítur Fóstrufélag Íslands óhjákvæmilegt ef fulls samræmis á að gæta milli faglegra og rekstrarlegra þátta.

Lög þessa efnis myndu hafa mjög hvetjandi áhrif á allt leikskólastarf í landinu og eru í raun viðurkenning á því uppeldis- og kennslustarfi sem fer fram á grundvelli „Uppeldisáætlunar fyrir dagvistarheimili – markmið og leiðir“ (menntamálaráðuneytið 1985).

Á hinn bóginn hræðist Fóstrufélag Íslands þau viðbrögð og þær afleiðingar sem það hefði ef félagsmálaráðuneytinu væri falin yfirstjórn leikskólanna að einhverju leyti.

Fóstrufélag Íslands hefur lengi beðið eftir þeirri endurskoðun sem hér hefur farið fram á lögum nr. 112/1987. Félagið bindur miklar vonir við að á komandi vetri muni lög um leikskóla verða samþykkt á Alþingi og að þar með verði staðfest nýtt skólastig, leikskólastig.

Fóstrufélag Íslands treystir því að í umfjöllun um þessa nýju lagasetningu muni verða tekið fullt tillit til ofangreindra athugasemda félagsins.

Virðingarfyllst,
Selma Dóra Þorsteinsdóttir,
formaður FÍ.

Sveitarstjórinn Hólmavík.

Varðar: Frumvarp til laga um leikskóla.

Á fundi hreppsnefndar Hólmavíkurhrepps 19. sept. sl. var fjallað um frumvarp til laga um leikskóla, sbr. bréf ráðuneytisins dags. 18. júlí 1990.

Hreppsnefndin telur ákvæði frumvarpsins um umsjónarfóstru (sbr. 9. gr.) geta leitt til óhóflegrar yfirbyggingar, og bendir á þann möguleika að fræðsluskrifstofum verði falið þetta hlutverk, sbr. einnig 8. gr. og 19. gr.

20. september 1990.
Virðingarfyllst,
sveitarstjóri Hólmavíkurhrepps,
Stefán Gíslason.

Hveragerðisbær.

Hveragerði, 18. september 1990.

Varðar: *Umsögn Hveragerðisbæjar um leikskólafrumvarp.*

Á fundi bæjarstjórnar Hveragerðis 13. september sl. var tekið til umræðu frumvarp til laga um leikskóla. Við lok umræðna gerði bæjarstjórn eftirfarandi samþykkt:

Bæjarstjórn Hveragerðis fagnar framkomnu frumvarpi til laga um leikskóla og telur það tryggja börnum góð uppeldisleg skilyrði undir handleiðslu sérmenntaðs fólks.

Eins og bæjarstjórn hefur áður ályktað, telur hún rétt, að menntamálaráðuneytið hafi yfirumsjón með leikskólum og tengsl við fræðsluumdæmin um ráðgjafar- og sérfræðiþjónustu því eðlileg. Starf umdæmisfóstru er einnig spor í rétta átt.

Sýnt er, að menntamálaráðuneytið þarf að efla fræðsluskrifstofurnar og auka menntun fóstrustéttarinnar til að tryggja framgang frumvarpsins. Eins eru sveitarfélög mismunandi stæð fjárhagslega til að standa undir þeirri uppbyggingu leikskóla, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Kveðja,
Hallgrímur Guðmundsson.

Kennarasamband Íslands.

Reykjavík, 3. október 1990.

Stjórn Kennarasambands Íslands hefur fjallað um frumvarp til laga um leikskóla og fer umsögn hennar hér á eftir:

Almennar athugasemdir.

Í skólastefnu sinni leggur Kennarasamband Íslands m.a. áherslu á jafnrétti allra þegna þjóðfélagsins til náms og þroska.

Fyrstu árin skipta miklu fyrir þroska hvers einstaklings um alla framtíð. Kennarasamband Íslands leggur mikla áherslu á að í dagvistarstofnunum, leikskólum og grunnskólum sé hlúð eins vel að hinum ungu einstaklingum og nokkur kostur er og þeim skapaðar bestu aðstæður sem mögulegar eru til aukins þroska.

Glöggt hefur komið í ljós að sveitarfélög eru mjög misjafnlega í stakk búin til þess að sinna þeim skyldum sem þau hafa við skólana. Til þess að tryggja jafnrétti allra nemenda til náms kemur skýrt fram í skólastefnu KÍ það sjónarmið, að ríkissjóður ætti að standa undir kostnaði við allt skólastarf grunn- og framhaldsskóla. Kennarasamband Íslands telur einnig að svo þurfi að vera með rekstur leikskóla.

Lágir launataxtar í íslensku þjóðfélagi hafa haft í för með sér allt of langan vinnudag, aukna yfirvinnu, fáar samverustundir fjölskyldna og fátækt, sérstaklega í fjölskyldum einnar fyrirvinnu. Kennarasamband Íslands hefur margoft bent á að til þess að sjá fjölskyldum farborða hefur verið nauðsynlegt að báðir foreldrar vinni utan heimilis. Kennarasamband Íslands telur mikilvægt að tryggja öllum foreldrum tækifæri til að koma börnum sínum í leikskóla þar sem uppeldismenntað fólk er að starfi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

3. gr.

Erfitt er að skilgreina þann „lögvarða lágmarksrétt til þjónustu“ sem getið er um í greininni.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarp þetta telur KÍ eðlilegra að ríkissjóður standi undir kostnaði við leikskóla. Njóti það sjónarmið ekki fylgis er lögð áhersla á að setningunni verði breytt þannig að hún verði: „Sveitarfélögum er skylt skv. lögum þessum að reka eða eiga aðild að rekstri leikskóla fyrir börn á leikskólaaldri.“

Skýrt þarf að vera við stofnun og rekstur leikskóla að menntaðar fóstrur verði ráðnar þar til starfa.

5. gr.

Lagt er til að í fyrstu málsgrein greinarinnar falli orðið „félagsmálanefnd“ niður.

8. gr.

Í greininni er talað um að tengja starfsemi fræðsluskrifstofa grunnskóla og störf umdæmisfóstra leikskóla ásamt starfsemi kennslugagnamiðstöðva beggja skólastiga. Samvinna þessara aðila er mjög æskileg. Kennarasamband Íslands leggur þó áherslu á að til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að tryggja auknar fjárveitingar og að ekki verði reynt að bæta þessu verkefni við þá starfsemi sem nú er rekin á fræðsluskrifstofum.

10. gr.

Eðlilegra er að erindisbréf verði sett af því ráðuneyti sem er ábyrgt fyrir faglegum þætti starfsins.

15. gr.

Lagt er til að málsgreinin „Heimilt er þó ... ákvæði“ falli brott.

Með kveðju,
f.h. Kennarasambands Íslands,
Svanhildur Kaaber
formaður.

Umsögn stjórna leikskóla KFUM og KFUK.

Stjórn leikskóla KFUM og KFUK hefur borist bréf frá yður þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um leikskóla, dagsett 18. júlí 1990. Þakkar stjórnin bréfið og vill hún koma hér á framfæri umsögn sinni. Vegna sumarleyfa hefur dregist að taka frumvarpið til skoðunar og mynda sameiginlega umsögn.

1. Stjórn leikskóla KFUM og KFUK fagnar tilkomu frumvarpsins. Teljum við meginefni þess vera til bóta frá fyrri lögum (lögum nr. 112/1976) og tryggi betur rétt barna til hagstæðs leikskólaumhverfis, svo sem með ákvæðum um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og leikskólarannsóknir og þróunarstarf umfram núverandi lög. Ljóst er einnig að frumvarpið leggur aukna ábyrgð á ríkisvaldið til að styðja við leikskólastarf. Væntum við að efndir ríkisins verði í samræmi við aukna ábyrgð, samhliða aukinni ábyrgð leikskólanna á sinni faglegu vinnu.

   Það er mat okkar að einkaleikskólar verði að hafa sömu möguleika og leikskólar sveitarfélaganna til að veita börnum og foreldrum þeirra ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu. Fögnum við því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að allir leikskólar eigi rétt á slíkri þjónustu (18. gr.).
2. Ef núverandi frumvarp er borið saman við lög nr. 112/1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, kemur í ljós að sumt úr lögunum kemur fyrir í frumvarpinu og annað er nýtt, sbr. það sem ofar er talið. Eitt atriði er í lögunum sem ekki er nefnt í frumvarpinu. Það eru ákvæði um stofnkostnað og rekstrarframkvæmd leikskóla. Í lögunum frá 1976 eru ákvæði sem tryggja einkareknum leikskólum rekstrarstyrki, allt að 40% rekstrarkostnaðar og dagheimilum 60% (5. og 8. gr.). Í frumvarpinu eru engin slík ákvæði sem tryggja rekstrargrundvöll einkarekinna leikskóla. Ekki er nefnt að reglugerð verði gerð í tengslum við það. Teljum við það algjöra forsendu fyrir frumvarpinu að í því verði ákvæði sem tryggi einkareknum leikskólum rekstrarstyrki og stofnkostnaðarstyrki sem geri þeim kleift að bjóða leikskólapláss fyrir börn á svipuðu verði og leikskólar sveitarfélaganna. Teljum við þetta sanngirnisatriði sem leggja verður til grundvallar við endanlega samningsgerð frumvarpsins. Þrátt fyrir að einkaleikskólar fái stofnkostnaðar- og rekstrarstyrki eru þeir ódýrari kostur fyrir sveitarfélög þar sem einkaaðilar þurfa einnig að leggja til fjármagn sem sveitarfélög þyrftu að gera ella. Teljum við eðlilegt að allir einkareknir leikskólar sem fá/hafa starfsleyfi njóti stofnkostnaðar- og rekstrarstyrkja.

3. Við fögnum sérstaklega ákvæði í markmiðsgrein frumvarpsins þar sem segir að markmiðið sé „að efla kristilegt siðgæði barnanna og leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur ...". Ljóst er að kristið siðgæði er ein af undirstöðum vestrænnar menningararfleifðar og lýðræðis. Án kristins lífsskilnings og siðgæðis glatast mikilvæg grundvallaratriði sem vestræn þjóðfélög hafa grundvallast á frá miðöldum þar sem náungakærleikur, frelsi og jafnrétti hafa verið grunnstoðirnar.

   Ákvæði sem þetta eru einnig í „leikskólalögum" hjá nágrannaþjóðum okkar og sums staðar með sterkari áherslu á „kristið" uppeldi, t.d. í Noregi. Áherslu frumvarpsins á kristilegt siðgæði teljum við vera almennan grundvöll í íslensku nútímaþjóðfélagi sem eðlilegt og sjálfsagt sé að hafa í frumvarpinu. Hvernig svo slíkt ákvæði verður í framkvæmd verður trúlega mismunandi eftir leikskólum.

   Eftirtalda möguleika sjáum við:

   - Kristileg lífsgildi skulu vera höfð að leiðarljósi í leikskólanum. Eru það gildi eins og náungakærleikur, fyrirgefning og jöfn félagsstaða óháð eigin getu, kyni, stétt eða trúarskoðunum.
   - Miðlun lífsskilnings kristindómsins sem hefur mótað vestræna menningu og þjóðfélög um aldir. Eru það gildi eins og frelsi og jafnrétti.
   - Miðlun hefða og gilda sem mótað hafa daglegt líf á Íslandi, svo sem jól, páskar, hvítasunna, skírn, ferming, gifting, greftrun, bænir o.s.frv.
   - Kristið siðgæði er grundvallað á kenningum Jesú Krists eins og Biblían tjáir þær. Einfaldar biblíusögur af Jesú í samskiptum við fólk og dæmisögur hans eru efni til miðlunar, sérstaklega þær sem tengjast hefðum eins og jólum og páskum.

   Miðlun „kristilegs siðgæðis" er þannig hluti af almennri menningarmiðlun leikskóla sem vilja vera trúir því hlutverki sínu að búa börn undir að verða sjálfstæðir og ábyrgir þegnar í íslensku lýðræðisþjóðfélagi nútímans. Hvað leikskóla KFUM og KFUK snertir sem leggur sérstaka áherslu á miðlun hins kristna boðskapar, hlýtur sú miðlun að gerast í nánu samstarfi við foreldra viðkomandi barna, óskir þeirra og væntingar. Gerum við þá ráð fyrir að foreldrar sem senda börn sín á leikskóla KFUM og KFUK vilji að börnin sín fái uppfræðslu í kristindómi.
4. Stjórnunar- og fjárhagsleg hagkvæmni hlýst sjálfsagt af því að tengja leikskólastigið við grunnskólastigið með því að hafa sameiginlegar svæðaskrifstofur. Eftir sem áður verður að varðveita sérkenni leikskólastigsins. Er það þá sérstaklega áhersla á leikskólann sem umönnunarþjónustu og leikjavettvang undir leiðsögn faglærðs fólks. Sjálfstæði leikskólastigsins ber að varðveita hvernig svo sem hinum stjórnunarlega þætti leikskólastigsins er háttað.

   Þetta er álit leikskólastjórnar KFUM og KFUK. Væntum við nýrra laga í samræmi við skipan frumvarpsins með þeim breytingum sem við höfum sérstaklega getið hér að framan.

Reykjavík, 5. október 1990.
F.h. KFUM og KFUK í Reykjavík,
leikskólastjórn,

Herdís Ástráðsdóttir formaður
Gunnar E. Finnbogason ritari
Steinunn Gunnarsdóttir, forstöðumaður leikskóla KFUM og KFUK
Vigfús Hallgrímsson, æskulýðsfulltrúi KFUM og KFUK

Neskaupstað, 11. okt. 1990.

Á fundi sínum 12. september 1990 fjallaði félagsmálaráð Neskaupstaðar að beiðni bæjarráðs um frumvarp til laga um leikskóla.

Eftirfarandi umsögn var bókuð:

„Félagsmálaráð er sammála markmiðum leikskólafrumvarpsins og að fagleg yfirstjórn leikskólanna verði áfram í menntamálaráðuneytinu. Frumvarpið gerir ráð fyrir að öll börn á aldrinum 6 mánaða til 6 ára eigi kost á leikskóladvöl og dvalartími barna verði sniðinn að þörfum barna og foreldra.

Ráðið telur heppilegra að hraðað verði lengingu fæðingarorlofs í eitt ár, fremur en að leggja áherslu á uppbyggingu leikskóla frá 6 mánaða aldri.

Félagsmálaráð bendir enn fremur á að miðað við núverandi tekjustofna sveitarfélaga er ógjörningur að ná fram þeim markmiðum sem felast í frumvarpinu, þar sem fjármögnun virðist með öllu óljós. Þarf því að skapa traustari fjárhagsgrundvöll og nýir tekjustofnar verða að koma til.“

Umsögn þessi hlaut staðfestingu á fundi bæjarstjórnar Neskaupstaðar 2. október sl. með öllum atkvæðum bæjarfulltrúa.

Virðingarfyllst,
félagsmálastjórinn í Neskaupstað,
Sveinborg Sveinsdóttir.

Njarðvík, 28. september 1990.

Efni: **Umsögn um frumvarp til laga um leikskóla.**

Á fundi í félagsmálaráði Njarðvíkur 27. september sl. var tekið fyrir erindi frá bæjarstjórn Njarðvíkur þar sem umsagnar félagsmálaráðs um frumvarp til laga um leikskóla var óskað.

Eftirfarandi bókun var gerð í því sambandi:

„Félagsmálaráð Njarðvíkur fagnar því fyrir sitt leyti að frumvarp til laga um leikskóla skuli vera á döfinni og telur þar margt góðra hluta, svo sem ákvæðið um þróunar-, tilrauna- og rannsóknarstarf innan leikskólanna o.fl. Hins vegar telur ráðið að ýmislegt sé þar sem reynast muni óframkvæmanlegt og eða erfitt í framkvæmd fyrir sveitarfélögin og til þess að frumvarpið í heild sinni eins og það lítur út nú nái fram að ganga þurfi að koma til framlag frá ríkinu.

Það getur t.d. reynst sveitarfélögum víða um land ofraun að breyta þeim heimilum sem fyrir eru eða byggja ný þar sem því skilyrði yrði fylgt að heimilin þjóni börnum frá 6 mánaða aldri. Í því sambandi telur ráðið að eðlilegra og ódýrara væri að leggja áherslu á lengingu fæðingarorlofs í eitt ár því það hljóti að vera ákjósanlegra en að lengja stofnanavist barnanna allt frá vöggualdri.

Þá telur ráðið að 3. gr. frumvarpsins stangist á hvað varðar hagsmuni barna þegar annars vegar er talað um að skylda skuli sett á sveitarfélög um lögvarðan lágmarksrétt til þjónustu barna í leikskólum en þó er ekki skylda að skaffa öllum börnum leikskólapláss.

Varðandi 5. gr. frumvarpsins telur ráðið ekki æskilegt að val skuli vera á milli þriggja nefnda um hver fari með málefni leikskóla og lítur á það sem skref afturábak, ráðið telur að málefni leikskóla eigi alfarið að vera undir félagsmálanefndum sveitarfélaganna.

Varðandi 19. gr. um ráðgjafaþjónustu telur ráðið ekki á þá þjónustu sem fyrir er á vegum fræðsluumdæmanna bætandi en eins og henni er nú háttað í Njarðvík er þar allt í molum. Eins og áður sagði fagnar félagsmálaráð Njarðvíkur umræddu frumvarpi og vonar að það nái sem fyrst fram að ganga, þó ekki óbreytt, svo sem að ofan greinir.“

Þetta tilkynnist yður hér með.

F.h. félagsmálaráðs Njarðvíkur,
félagsmálastjórinn í Njarðvík,
Hjördís Árnadóttir.

Sþ. 600. Skýrsla [341. mál]

um norrænt samstarf frá desember 1989 til janúar 1991.

Frá Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

1. Inngangur.

Sá háttur hefur nú verið tekinn upp að ársskýrslur frá þeim fjölþjóðlegu samtökum, sem Alþingi á aðild að, eru samtímis til umfjöllunar í sameinuðu þingi. Þeirra á meðal er skýrsla Íslandsdeildar Norðurlandaráðs. Jafnframt leggur samstarfsráðherra Norðurlanda fram skýrslu um störf norrænu ráðherranefndarinnar frá 1989 til 1990 og verður fjallað um hana með skýrslu Íslandsdeildar.

2. Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

2.1. Kjör fulltrúa í Íslandsdeild og í fastanefndir Norðurlandaráðs.

Kjör fulltrúa í Íslandsdeild Norðurlandaráðs fer fram í sameinuðu Alþingi og gildir frá kjördegi og þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulega Alþingi. Þann 22. desember 1989 voru eftirtaldir þingmenn kosnir til setu í Norðurlandaráði: Páll Pétursson, Ólafur G. Einarsson, Sighvatur Björgvinsson, Þorsteinn Pálsson, Hjörleifur Guttormsson, Valgerður Sverrisdóttir, Hreggviður Jónsson. Varamenn voru þá kosnir Guðni Ágústsson, Friðrik Sophusson, Rannveig Guðmundsdóttir, Birgir Ísl. Gunnarsson, Guðrún Helgadóttir, Jón Kristjánsson, Ingi Björn Albertsson.

Á fundi 23. janúar 1990 skipti Íslandsdeild þannig með sér verkum að Ólafur G. Einarsson var endurkjörinn formaður deildarinnar og fulltrúi í fjárlaga- og eftirlitsnefnd ráðsins. Hann var auk þess tilnefndur í forsætisnefnd. Páll Pétursson var endurkjörinn varaformaður Íslandsdeildar og í félags- og umhverfismálanefnd. Hann var tilnefndur í forsætisnefnd ráðsins og í embætti forseta Norðurlandaráðs. Þorsteinn Pálsson og Hjörleifur Guttormsson voru kjörnir í efnahagsmálanefnd, Hreggviður Jónsson í samgöngumálanefnd, Valgerður Sverrisdóttir í menningarmálanefnd og Sighvatur Björgvinsson í laganefnd. Hjörleifur Guttormsson og Valgerður Sverrisdóttir voru tilnefnd í ritstjórnarnefnd tímaritsins *Nordisk Kontakt* og Valgerður Sverrisdóttir í stjórn Norræna menningarsjóðsins fyrir árin 1991 og 1992.

Að tillögu Íslandsdeildar kaus 38. þing Norðurlandaráðs Pál Pétursson og Ólaf G. Einarsson í forsætisnefnd og Pál Pétursson í embætti forseta Norðurlandaráðs, Valgerði Sverrisdóttur og Hjörleif Guttormsson í ritstjórnarnefnd tímaritsins *Nordisk Kontakt* og Valgerði Sverrisdóttur í stjórn Norræna menningarsjóðsins.

Kosið var á ný í Íslandsdeild Norðurlandaráðs 28. nóvember 1990 og hlutu eftirtaldir kosningu: Páll Pétursson, Ólafur G. Einarsson, Sighvatur Björgvinsson, Þorsteinn Pálsson, Hjörleifur Guttormsson, Jón Kristjánsson og Hreggviður Jónsson. Varamenn voru kosnir Valgerður Sverrisdóttir, Friðrik Sophusson, Rannveig Guðmundsdóttir, Birgir Ísl. Gunnarsson, Guðrún Helgadóttir, Guðni Ágústsson, Ingi Björn Albertsson.

Á fundi 4. janúar 1991 skipti nýkjörin stjórn með sér verkum. Ekki voru þá gerðar aðrar breytingar frá verkaskiptingu síðasta árs en þær að Jón Kristjánsson, sem kosinn hafði verið aðalfulltrúi í Íslandsdeild í stað Valgerðar Sverrisdóttur, tók sæti hennar í menningarmálanefnd og ritstjórnarnefnd *Nordisk Kontakt*. Páll Pétursson og Ólafur G. Einarsson voru á ný tilnefndir í forsætisnefnd og Ólafur G. Einarsson í eftirlitsnefnd Norræna fjárfestingarbankans fyrir tímabilið frá maí 1991 til maí 1993.

2.2. Fundir Íslandsdeildar og störf.

Á tímabilinu frá lokum 38. þings Norðurlandaráðs og til janúar 1991 hélt Íslandsdeild níu fundi og var einn þeirra með Júlíusi Sólnes, samstarfsráðherra Norðurlanda.

2.2.1.

Störf Íslandsdeildar og skrifstofu hennar mótuðust fyrstu mánuði ársins af undirbúningi fyrir *Norðurlandaráðsþing* sem haldið var í Háskólabíói 27. febrúar til 2. mars 1990. Þinghaldið sjálft fór fram í stóra sal Háskólabíós, en fundir í minni sölum Háskólabíós og fundarsölum Hótels Sögu. Skrifstofur voru að mestu í þeim hluta nýbyggingar Háskólabíós sem Landsbanki Íslands leigir. Af starfsfólki Alþingis aðstoðuðu 26 manns við framkvæmd þingsins. Í allt tengdust þinghaldinu um 800 manns, 87 þingmenn, 65 ráðherrar, um 135 norrænir starfsmenn, um 200 embættismenn, auk tæknifólks og fréttamanna.

Afhending *bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs* fór fram í Borgarleikhúsinu. Að henni lokinni hélt forsætisráðherra þingfulltrúum hóf á Hótel Sögu. Þinghaldið sjálft var degi styttra en venja hefur verið og var talið takast vel. Kostnaður var nokkuð undir áætlun, en hún hafði verið gerð með tilliti til kostnaðar síðasta þings, sem haldið var hér á landi fyrir fimm árum í Þjóðleikhúsinu. Skýrt er frá almennu umræðum þingsins í kafla 5.

2.2.2.

Á fundi í Íslandsdeild var lögð fram skýrsla um *starfsemi NORDJOBB* á Íslandi. Sighvatur Björgvinsson skýrði frá starfseminni hér á landi. 163 íslenskir unglingar fóru til annarra norrænna landa á síðasta ári og 87 unglingar komu hingað til starfa. Starfsemin gengur vel og er framkvæmdin á hendi Norræna félagsins, en norræna ráðherranefndin styrkir starfsemina með árlegum fjárframlögum auk þess sem mishátt mótframlag er veitt á fjárlögum allra norrænu ríkjanna.

2.2.3.

Íslandsdeild fjallaði um framkvæmd og undirbúning *norræna umhverfisársins* hér á landi og samnorræna yfirstjórn þess í Ósló. Íslandsdeild á fulltrúa í framkvæmdastjórn þess hér á landi.

2.2.4.

Íslandsdeild hafði borist *erindi frá umboðsmanni Alþingis* í október 1989 en ekki lokið meðferð þess á síðasta starfsári. Tilefni þess var að dönskum stúdent, búsettum á Íslandi, hafði verið synjað um námslán frá Lánasjóði íslenskra námsmanna vegna náms í Skotlandi. Það var álit umboðsmanns Alþingis að synjun þessi væri ekki í samræmi við 2. gr. Helsinki-sáttmálans, en í henni er kveðið á um að samningsaðilar (þ.e. ríkisstjórnir norrænu ríkjanna) skuli vinna að því að norrænir ríkisborgarar, sem dvelja á Norðurlöndum utan heimalands síns, njóti svo sem framast er unnt sömu réttarstöðu og ríkisborgarar dvalarlandsins. Íslandsdeild féllst á það með umboðsmanni að réttarstaða danskra ríkisborgara búsettra á Íslandi og íslenskra ríkisborgara búsettra hér væri, hvað varðaði námslán og styrki vegna náms í þriðja landi, ekki alfarið sú sama. Íslandsdeild beindi því í bréfi dagsettu 9. október 1990 þeim tilmælum til Júlíusar Sólnes samstarfsráðherra að

hann léti kanna hvort unnt væri að samræma reglur norrænu námsmannalánasjóðanna innbyrðis.

2.2.5.

Utanríkismálanefnd sendi á síðasta starfsári til Íslandsdeildar til umsagnar *þingsályktunartillögur um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins* sem samþykktar höfðu verið 1989. Íslandsdeild samþykkti á fundi sínum í janúar 1990 að leggja til að samþykkt yrði tillaga Vestnorræna þingmannaráðsins um að Alþingi veitti fjárstuðning næstu þrjú ár til að auka ferðamannastraum til vestnorrænu landanna. Íslandsdeild studdi og tillöguna um að koma á nemenda- og kennaraskiptum milli vestnorrænu landanna þriggja. Hún benti þó á, í svari sínu, að þegar væri búið að koma á nemenda- og kennaraskiptum milli vestnorrænu landanna annars vegar og annarra norrænna landa hins vegar. Sú starfsemi er kostuð af norrænu ráðherranefndinni, en Norrænu félögin sjá um framkvæmdina. Vestnorræna þingmannaráðið hafði og lagt til að skrifstofa Íslandsdeildar Norðurlandaráðs yrði aðalskrifstofa Vestnorræna þingmannaráðsins. Íslandsdeild taldi eðlilegt að Alþingi stæði straum af kostnaði við þau stjórnunarverkefni sem framkvæma þyrfti sameiginlega á vegum ráðsins. Einnig taldi Íslandsdeild eðlilegt að skrifstofa hennar aðstoðaði við slíkt eftir föngum og að hún tæki við þeim bréfum sem bærust til Vestnorræna þingmannaráðsins og sæi um skjalavörslu fyrir ráðið. Vestnorræna þingmannaráðið hafði einnig lagt til að árið 1992 yrði vestnorrænt ár. Íslandsdeild var ekki andvíg tillögunni en benti þó á, með tilliti til að lagt hafði verið til að sérstök áhersla yrði lögð á umhverfismál og jafnréttismál á vestnorræna árinu, m.a. með kvennaráðstefnu, að norræna umhverfisárinu lyki ekki fyrr en í júní 1991 og að norræn kvennaráðstefna „Nordisk Forum" yrði líklega haldin á ný árið 1992.

2.2.6.

Til umræðu voru í Íslandsdeild *tillögur frá vinnuhópi á vegum norrænu ráðherranefndarinnar um að leggja niður fjórar norrænar stofnanir,* NORDPLAN, Asíustofnunina, Sjóréttarstofnunina og Norrænu þjóðkvæðastofnunina. Sterk mótmæli höfðu borist til Íslandsdeildar frá íslenskum aðilum sem tengdust þessum stofnunum eða höfðu verið þar við nám. Fulltrúar í Íslandsdeild lýstu áhyggjum sínum vegna þessara áforma og óánægju með það hvernig staðið hefði verið að málinu. Hins vegar var það álit deildarinnar að eðlilegt væri að norræna ráðherranefndin gerði reglulega úttekt á starfsemi þeirra stofnana sem hún starfrækti og benti á að ekki væri hægt að ætlast til að allar norrænar stofnanir störfuðu um alla framtíð. Þessar tillögur hafa ekki komið til framkvæmda, en þær hafa ekki verið formlega felldar.

2.2.7.

Samstarf skrifstofu Íslandsdeildar við Námsgagnastofnun, kennarasamtök og einstaka kennara eykst ár frá ári, og því fylgir aukin eftirspurn eftir því norræna náms- og kynningarefni sem gefið er út. Íslandsdeild telur þennan þátt starfseminnar afar mikilvægan og mun leitast við að styrkja þetta samstarf og hafa áhrif í þá veru að útgáfa námsefnis um norrænt samstarf, norræn mál og um Norðurlönd verði aukin.

2.2.8.

Norrænir fréttamannastyrkir voru á starfsárinu veittir að venju. Úthlutað var til frétta-

manna hér á landi jafnvirði 57.500 sænskra króna. Styrkirnir voru auglýstir í fréttabréfi Blaðamannafélagsins, *Blaðamanninum*. Eftirtaldir fréttamenn fengu styrki: Keneva Kunz, Arnar Páll Hauksson, Stefán Ásgrímsson, Árni Gunnarsson, Kristinn Briem og Guðrún Eyjólfsdóttir.

2.2.9.

Á starfsárinu var stofnuð nefnd til að koma með *tillögur um bætta skipulagshætti í starfsemi Norðurlandaráðs*. Upphaflega var ætlunin að bæði norræna ráðherranefndin og forsætisnefnd Norðurlandaráðs skipuðu fulltrúa í nefndina. Ráðherranefndin taldi ekki rétt að skipa fulltrúa frá sér og var því nefndin einungis skipuð fulltrúum frá Norðurlandaráði. Formaður nefndarinnar var Bjarne Mørk Eidem, sem þá var fulltrúi í Norðurlandaráði, en Páll Pétursson fulltrúi Íslands. Hún skilaði áliti í október 1990. Tillögur hennar eru til umfjöllunar í laganefnd og koma til afgreiðslu á Norðurlandaráðsþingi í Kaupmannahöfn um mánaðamót febrúar/mars 1991. Íslandsdeild fylgdist grannt með starfi nefndarinnar. Páll Pétursson gaf með reglulegu millibili upplýsingar um framgang mála og fékk álit Íslandsdeildar. Skýrslan kom síðan formlega til umsagnar Íslandsdeildar í byrjun árs 1991. Íslandsdeild styður í aðalatriðum tillögurnar. Nefndin leggur m.a. til að bætt verði í Helsinki-sáttmálann ákvæði um samráð um alþjóðamál. En eitt helsta markmið starfs nefndarinnar var annars vegar að leggja fram tillögu um formlega heimild fyrir Norðurlandaráð til að fjalla um alþjóðamál, og hins vegar tillögu um breytingar á starfsháttum ráðsins þannig að þeir falli betur að þeim öru breytingum sem nú kunna að verða á samstarfi þjóða í Evrópu.

Lagt er og til að staða forsætisnefndar verði styrkt og að hún fari með þau alþjóðamál sem upp koma, að svo miklu leyti sem þau eigi ekki beint undir einhverja fastanefnd ráðsins.

Lagt er og til að forsætisnefnd verði heimilað að bjóða fulltrúum þjóðþinga utan Norðurlanda að sækja þing Norðurlandaráðs og veita þeim heimild til að taka þar til máls. Ekki er lagt til að þeir fái þar stöðu áheyrnarfulltrúa með heimild til að taka fullan þátt í umræðum og nefndafundum. Sú skoðun hefur verið uppi hjá sumum fulltrúum í Íslandsdeild að stíga bæri þetta skref til fulls og veita forsætisnefnd heimild til að bjóða þjóðþingum áheyrnarfulltrúarétt hjá Norðurlandaráði.

Þá er lagt til að fjármálaráðherrar Norðurlanda fái ákvörðunarvald um norrænu fjárlögin í stað samstarfsráðherra. Einnig er lagt til að utanríkisráðherrar verði samstarfsráðherrar Norðurlanda. Íslandsdeild er mótfallin báðum þessum tillögum. Íslandsdeild styður hins vegar tillögu nefndarinnar um að utanríkisráðherrar og utanríkisviðskiptaráðherrar Norðurlanda myndi ráðherranefnd. Utanríkisráðherrar Norðurlanda halda sameiginlega fundi, eins og kunnugt er, en ekki sem ráðherranefnd. Tillagan um ráðherranefndir utanríkisráðherra og utanríkisviðskiptaráðherra er til orðin vegna þess að Norðurlandaráð mun á komandi árum, eins og fram hefur komið, sinna alþjóðamálum í auknum mæli og þá er til bóta að Norðurlandaráð geti snúið sér til ráðherranefndar sem fari með þau mál.

Skipulagsnefnd leggur til að Norðurlandaráði verði veitt heimild til að taka lokaákvörðun um skiptingu norrænu fjárlaganna milli verkefna, en að ráðherranefndin ákveði eins og hingað til upphæð fjárlaganna. Íslandsdeild styður þessa tillögu, en hún mætir mótspyrnu frá ráðherranefndinni.

Varðandi innra skipulag Norðurlandaráðs leggur skipulagsnefnd til að völd og áhrif

flokkahópanna á störf ráðsins verði aukin á kostnað landsdeildanna. Íslandsdeild er ekki sátt við þessar tillögur og heldur fast við þá skoðun að fimm jafnrétthá þjóðþing eigi aðild að Norðurlandaráði. Landsdeildirnar, kosnar af þjóðþingunum, eigi því að ráða því í raun hverjir taki sæti í forsætisnefnd ráðsins og skipi trúnaðarstöður. Þó sé skapaður sveigjanleiki þannig að unnt sé að taka tillit til minni flokkahópa sem ekki hafa bolmagn til að hljóta tilnefningar í trúnaðarstöður frá landsdeildunum. Flokkspólitísk sjónarmið ráði síðan að sjálfsögðu miklu um afstöðu manna til þeirra málefna sem til umræðu eru.

Skipulagsnefnd leggur til fjölda minni háttar breytinga á þingsköpum ráðsins sem Íslandsdeild telur allar til bóta.

Tillögunni um norrænan umboðsmann hafði verið vísað til skipulagsnefndar sem vildi kanna það mál nánar. Ekki tók skipulagsnefnd heldur beina afstöðu til tillögu um að sameina skrifstofu forsætisnefndar Norðurlandaráðs í Stokkhólmi og skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn.

3. Forsætisnefnd Norðurlandaráðs.

3.1. Kjör í forsætisnefnd og fundir.

Á 38. þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík 27. febrúar 1990 var Páll Pétursson kjörinn forseti Norðurlandaráðs til eins árs og tók hann við af sænska þingmanninum Karin Söder. Aðrir fulltrúar í forsætisnefnd voru kjörnir dönsku þingmennirnir Ivar Hansen og Anker Jørgensen, finnsku þingmennirnir Elsi Hetemäki-Olander og Mats Nyby, Ólafur G. Einarsson alþingismaður, norsku þingmennirnir Bjarne Mørk Eidem og Thea Knutzen og sænsku þingmennirnir Grethe Lundblad og Karin Söder. Danski þingmaðurinn Lilli Gyldenkilde var kosinn áheyrnarfulltrúi þar. Við kosningu í Noregsdeild Norðurlandaráðs 8. nóvember 1990 tóku þingmennirnir Kirsti Kolle Grøndahl og Jan P. Syse við af Bjarne Mørk Eidem og Thea Knutzen.

Forsætisnefnd hélt tíu fundi á starfsárinu og tvær ákvarðanir voru teknar bréflega (per capsulam). Nefndin hélt einn fund með forsætisráðherrum Norðurlanda og einn fund með formönnum fastanefnda ráðsins. Forseti Norðurlandaráðs hélt einn óformlegan fund með formanni norrænu ráðherranefndarinnar, Thor Pedersen, samstarfsráðherra í dönsku ríkisstjórninni.

Á fundi forsætisnefndar með forsætisráðherrum Norðurlanda var m.a. rætt um samningana um Evrópskt efnahagssvæði og samskipti Norðurlanda og Norðurlandaráðs við Austur-Evrópu.

Á fundi forsætisnefndar með samstarfsráðherrum landanna voru til umræðu alþjóðamál, skipulagsmál Norðurlandaráðs, undirbúningur næsta Norðurlandaráðsþings og framkvæmd ákvarðana síðasta þings.

3.2. Alþjóðleg samskipti.

Alþjóðleg samskipti Norðurlandaráðs jukust á starfsárinu bæði á vegum forsætisnefndar og fastanefndanna. Samþykkt var starfsáætlun um alþjóðleg samskipti.

3.2.1.

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs hélt í september fund í Strassborg með forsætisnefnd *Evrópuráðsins*. Var þar gerður samningur um samstarf og reglubundin samskipti, þátttöku í nefndafundum og námsstefnum og um upplýsingaskipti. Norðurlandaráð tekur þátt í skipulagningu fimmtu þingmannaráðstefnu Evrópuráðsins sem haldin verður í

Rovaniemi í sumar. Þar verður fjallað um svæðisbundið samstarf.

3.2.2.

Aukin samskipti við *Evrópuþingið* standa fyrir dyrum og verið er að undirbúa fund milli forsætisnefndar Norðurlandaráðs og þeirrar nefndar Evrópuþingsins sem hefur með höndum samskiptin við Finnland, Ísland, Svíþjóð og Norðurlandaráð. Formaður laganefndar, Sighvatur Björgvinsson, og sænski fulltrúinn, Hans Nyhage, heimsóttu Evrópuþingið í byrjun árs 1991 ásamt ritara nefndarinnar (sjá 4.1.).

3.2.3.

Norðurlandaráð fékk á starfsárinu stöðu áheyrnarfulltrúa hjá *Alþjóðaþingmannasambandinu* (IPU). Ekki hafa fundir eða ráðstefnur IPU verið sóttar af hálfu Norðurlandaráðs.

3.2.4.

Dagana 14.–16. júní tóku Ólafur G. Einarsson alþingismaður, sænski þingmaðurinn Grethe Lundblad og norski þingmaðurinn Thea Knutzen þátt í þingi *Benelux-ráðsins* í Lúxemborg. Þar var aðallega rætt um framtíð Benelux-samstarfsins í ljósi Evrópuþróunarinnar.

3.2.5.

Áætlað er að sameiginlegur fundur forsætisnefndar Norðurlandaráðs og *þingmannanefndar EFTA* verði haldinn að loknum samningsviðræðunum um Evrópskt efnahagssvæði.

3.2.6.

Í febrúar 1990 skipaði forsætisnefnd *sendinefnd sjö þingmanna til að heimsækja æðsta ráð Sovétríkjanna í Moskvu og höfuðborgir Eystrasaltsríkjanna þriggja.* Páll Pétursson forseti Norðurlandaráðs var fulltrúi Íslands þar. Förin var upphaflega áætluð í maí, en þá fékkst ekki vegabréfsáritun til Litáen. Páll Pétursson, forseti Norðurlandaráðs, fékk síðan, er hann var viðstaddur opnun sýningarinnar „Modernismens genombrott" í Moskvu, vilyrði fyrir vegabréfsáritun til ríkjanna allra. Það gekk eftir og förin var farin í október 1990. Tilgangur fararinnar var að koma á sambandi við lýðræðislega kjörin þing í Eystrasaltsríkjunum og komast að raun um á hvern hátt samstarf á sviði umhverfismála, menningarmála og viðskipta gæti best orðið. Sendinefndin átti m.a. fundi með forsetunum Landsbergis, Gorbunovs og Rüütel. Einnig var haldinn fundur með Eystrasaltsráðinu og þar voru og forsetarnir vidstaddir. Áhugi var á að koma á formlega sambandi milli Norðurlandaráðs og Eystrasaltsráðsins, en sendinefndinni var tjáð að til greina kæmi að gera það að þingmannaráði. Fulltrúar Eystrasaltsríkjanna sýndu mikinn áhuga á að þing ríkjanna fengju að senda áheyrnarfulltrúa á þing Norðurlandaráðs. Sendinefndin tjáði þeim að forsætisnefnd Norðurlandaráðs mundi bjóða þingum Eystrasaltsríkjanna að senda fulltrúa þinganna sem gesti á næsta þing Norðurlandaráðs. Í lok ferðarinnar voru skráð niður þau verkefni sem sendinefndin taldi að Norðurlandaráð, norrænu ríkisstjórnirnar eða þjóðþingin gætu framkvæmt í samvinnu við Eystrasaltsríkin til hagsbóta fyrir þau. Brýnustu verkefnin voru á sviði umhverfismála, heilbrigðismála, menntunarmála og samgöngumála. Einnig var nánast á öllum fundum óskað sérstaklega eftir því að fá að kynn-

ast nánar störfum þingmanna og þjóðþinganna. Á fundum þeim, sem forsætisnefnd hefur haldið um ferðina, var ákveðið að fara þess á leit við þjóðþingin á Norðurlöndum að þau bjóði þingmönnum frá Eystrasaltsríkjunum að senda þingmenn þangað til að kynnast störfum þeirra og starfsháttum.

Lagðar hafa verið fram þrettán þingmannatillögur varðandi samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna og annarra Austur-Evrópuríkja. Þær verða allar til afgreiðslu á næsta þingi Norðurlandaráðs. Ákveðið hefur verið að meðferð þessara tillagna verði samræmd og að þær komi allar til umræðu síðasta dag þingsins. Hefst sú umræða væntanlega með almennum umræðum um málefni Eystrasaltsríkjanna. Þeim tilmælum hefur verið beint til samstarfsráðherra Norðurlanda að sem flestir þeir ráðherrar, sem sækja þingið, og þá sérstaklega forsætisráðherrarnir, sitji það til loka.

Hver framtíð samstarfsins við þing Eystrasaltsríkjanna verður ræðst væntanlega af því hvert framhald verður á þeirri lýðræðisþróun sem þar á sér nú stað.

3.2.7.

Í tilefni þróunarinnar í Evrópu og með sérstöku tilliti til Eystrasaltsríkjanna hélt Norðurlandaráð eins dags ráðstefnu í tengslum við haustfundi ráðsins í nóvember. Yfirskrift hennar var *Parlamentarikernas roll i regionernas Europa*. Auk fulltrúa í Norðurlandaráði sóttu hana um tuttugu þingmenn frá Eystrasaltsríkjunum og nokkrum öðrum ríkjum við Eystrasalt. Allir fulltrúar í Íslandsdeild sóttu ráðstefnuna.

3.2.8.

Forsætisnefndin og samstarfsráðherrar létu gera á starfsárinu úttekt á áhrifum þeirra samninga um Evrópskt efnahagssvæði, sem í undirbúningi eru, fyrir framtíð norræns samstarfs. Þegar niðurstöður úttektarinnar lágu fyrir ákvað forsætisnefnd Norðurlandaráðs að fara þess bréflega á leit við forsætisráðherra norrænu ríkjanna að rætt verði um það á næsta sameiginlega fundi þeirra hvernig tryggja megi framtíð norræns samstarfs í ljósi samningsviðræðnanna.

4. Fastanefndir Norðurlandaráðs.

4.1. Laganefnd.

Formaður laganefndar var Sighvatur Björgvinsson og varaformaður danski þingmaðurinn Helge Adam Møller.

Árið 1990 hélt laganefnd sex nefndarfundi og tvo fundi með norrænu ráðherranefndinni, annan með þeim ráðherrum sem fara með neytendamál og hinn með dómsmálaráðherrunum. Auk þess hélt nefndin fund með sérfræðingum um barnarétt. Í þeim fundi tók Anna Guðrún Björnsdóttir, deildarstjóri í dómsmálaráðuneytinu, þátt.

Störf nefndarinnar á starfsárinu mótuðust aðallega af auknu alþjóðastarfi Norðurlandaráðs. Nefndin hefur m.a. fjallað um starfsáætlanir ráðherranefndarinnar um „Norden i Europa til 1991“ og um Eystrasaltsríkin og Austur-Evrópu. Eins og áður var vikið að fékk nefndin í lok starfsársins til meðferðar tillögur skipulagsnefndar Norðurlandaráðs og er það tímafrekt og vandasamt starf að undirbúa málið fyrir þing ráðsins í lok febrúar 1991.

Á starfsárinu hefur ellefu tillögum verið vísað til laganefndar til afgreiðslu fyrir næsta þing.

Af þingmannatillögum þeim, sem nefndin hefur haft til meðferðar á árinu, má nefna

tillögu um sameiginlegar norrænar reglur um meðferð skotvopna sem nefndin leggur til að þing ráðsins samþykki, tvær tillögur um gentækni, aðra um bann við notkun erfðafræðilegra prófana á umsækjendum um stöður o.fl. og hina um norrænan milliríkjasamning um líftækni og gentækni, tvær tillögur um neytendamál og tvær tillögur um samstarf og aðstoð við ríki í Austur-Evrópu til að styrkja þingræði og lýðræði þar. Þá eru til umfjöllunar tillögur á sviði jafnréttismála og barnaverndar.

Á fundi nefndarinnar með ráðherrum þeim, sem fara með neytendamál, voru m.a. til umræðu mál er varða staðla, möguleika neytenda til að hafa áhrif á markaðinn og afstaðan til Evrópubandalagsins og sjónvarpsauglýsingar.

Á fundi nefndarinnar með ráðherrum þeim, sem fara með málefni flóttamanna, var rætt um Norðurlönd sem sameiginlegt vegabréfasvæði í ljósi fyrirhugaðrar tilhögunar landamæragæslu milli ríkja Evrópubandalagsins, um niðurfellingu vegabréfsáritunar með tilliti til þróunarinnar í Austur-Evrópu og um möguleikana á norrænni samstarfsáætlun um málefni flóttamanna.

Á áðurnefndum fundi nefndarinnar með sérfræðingum á sviði barnaréttar var m.a. fjallað um fjárhagstöðu barna, barnavernd og alþjóðasamning Sameinuðu þjóðanna um málefni barna.

Formaður laganefndar ásamt einum fulltrúa öðrum frá nefndinni og ritari hennar héldu í byrjun janúar 1991 fund með fulltrúum nefnda Evrópuþingsins sem fara með lagaleg málefni og neytendamál. Tilgangurinn var annars vegar að kynna sér tilhögun nefndastarfa hjá Evrópuþinginu og hins vegar að ræða málefni sem varða Norðurlandaráð og Evrópuþingið.

4.2. Menningarmálanefnd.

Formaður menningarmálanefndar var danski þingmaðurinn J.K. Hansen og varaformaður Valgerður Sverrisdóttir.

Nefndin hélt átta nefndarfundi á árinu og einn fund með menningar- og menntamálaráðherrum Norðurlanda.

Þau mál, sem nefndin taldi mikilvægust á starfsárinu, varða þróunina í Eystrasaltsríkjunum og samstarf Norðurlandaþjóða og Norðurlandaráðs við þjóðir þeirra og mál varðandi þróunina í Evrópu að öðru leyti. Tillögur skipulagsnefndar Norðurlandaráðs um bætta starfshætti hafa og verið til umsagnar í nefndinni.

Í upphafi starfsársins voru tillögur starfshóps norrænu ráðherranefndarinnar um að fjórar norrænar stofnanir yrðu lagðar niður til umfjöllunar í nefndinni. Mál þetta er enn til umfjöllunar og nú í tengslum við ráðherranefndartillögu um breytingar á fjármögnum og skipulagi norrænu stofnananna.

Menningarmálanefnd hefur lýst óánægju yfir að ekki skuli verða nein aukning á norrænu fjárlögunum fyrir árið 1991 og að ekki sé veitt nægum fjármunum til menningarsamstarfsins til að þau verkefni, sem ákvörðun var tekin um í norrænu samstarfsáætluninni um menningarmál, verði framkvæmd.

Á dagskrá nefndarinnar voru m.a. þingmannatillögur um aðgerðir til að varðveita kunnáttu á sviði heimilisiðnaðar og handverks á Norðurlöndum, um norræna útvarpsstöð, um menningarsamstarf við þjóðir Austur-Evrópu og Sovétríkjanna og aðgang nemenda frá Austur-Evrópu að norrænum lýðháskólum, um starfsemi NORDPLAN og um aukið upplýsingastarf utan Norðurlanda um norrænt samstarf.

Norræna ráðherranefndin samþykkti á árinu ráðherranefndartillögu um breytingar á

gildandi reglum um Norræna menningarsjóðinn sem fela í sér að Færeyingar, Grænlendingar og Álendingar fá þar meiri áhrif.

Einnig samþykkti ráðherranefndin á starfsárinu tillögu um norræna samstarfsáætlun, um samstarf á sviði tungumála á Norðurlöndum. Tillögur þessar höfðu verið lagðar fyrir síðasta Norðurlandaráðsþing sem lagt hafði til að ráðherranefndin samþykkti tillögurnar.

Á fundi nefndarinnar í nóvember ræddi menningarmálanefnd við formann norrænu ráðherranefndarinnar um norrænu starfsáætlunina um Eystrasalt og Austur-Evrópu. Með jöfnu millibili hafa starfsmenn skrifstofu ráðherranefndarinnar tekið þátt í fundum menningarmálanefndar til að gefa upplýsingar um starfið innan ramma menningarmálasamningsins.

Á fundi nefndarinnar með norrænu ráðherranefndinni, menningar- og menntamálaráðherrunum, voru eftirgreind mál til umræðu: framtíð norrænu samstarfsáætlunarinnar um menningarmál, norrænt menningarsamstarf í ljósi þróunarinnar í Evrópu og áhrif ákvörðunarinnar um enga aukningu á norrænu fjárlögunum.

Fulltrúar frá nefndinni héldu á starfsárinu fundi með fulltrúum menningarmálanefndar Evrópuráðsins um samstarfsverkefni sem til greina gætu komið. Ákveðið hefur verið að framhald verði á samstarfi nefndanna. Hér eftir mun menningarmálanefnd Norðurlandaráðs verða boðin þátttaka í þeim ráðstefnum sem menningarmálanefnd Evrópuráðsins heldur.

4.3. Félags- og umhverfismálanefnd.

Formaður félags- og umhverfismálanefndar var finnski þingmaðurinn Marjatta Väänänen og varaformaður norski þingmaðurinn Svein Alsaker.

Nefndin hélt sjö nefndarfundi á árinu og einn fund með heilbrigðis- og félagsmálaráðherrum Norðurlanda.

Umfjöllun um umhverfismál var í brennidepli hjá nefndinni á starfsárinu. Þrjár ráðherranefndartillögur á því sviði voru lagðar fyrir nefndina, um samstarfsáætlun gegn mengun sjávar, um samstarfsáætlun gegn mengun andrúmsloftsins og umhverfisvæna tækni, úrgang og endurvinnslu. Þingið samþykkti tilmæli til ráðherranefndarinnar um að samþykkja þessar samstarfsáætlanir. Auk þess voru 18 tilmæli samþykkt á síðasta Norðurlandaráðsþingi á sviði félags- og umhverfismálanefndar. Helmingur þeirra var um umhverfismál. Þar á meðal voru tilmæli um alþjóðlegar aðgerðir gegn olíumengun sjávar vegna sjóslysa og um aðgerðir gegn mengun andrúmsloftsins á Norðurheimskautssvæðinu. Þá voru samþykkt tilmæli til ríkisstjórna norrænu ríkjanna um að vinna að því á vettvangi Sameinuðu þjóðanna að því verði beint til iðnríkjanna að ákveðnum hluta þjóðartekna verði varið til alþjóðlegs umhverfissamstarfs og til varðveislu skógarsvæða heimsins.

Í samræmi við tilmæli frá nefndinni samþykkti 38. þingið að beina því til ráðherranefndarinnar að gera *samstarfsáætlun gegn atvinnuleysi ungs fólks*.

Fimm tillögur voru til meðferðar á félagsmálasviði. Þær voru m.a. um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, um þjónustu við fatlaða og um félagslegar aðstæður samkynhneigðra.

Í áliti sínu um ársskýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar benti nefndin sérstaklega á mikilvægi þess að ekki yrði hvikað frá þeim *markmiðum* sem Norðurlönd hafa sett sér

um *almannatryggingar* þó að unnið verði að samræmingu norrænna reglna við Evrópubandalagsreglur á þessu sviði.

Nefndin tók og fram að fylgja ætti þeirri meginreglu, sem orðuð er í skýrslu Brundtland-nefndarinnar, að í *alþjóðasamstarfi um umhverfismál* skuli beita reglum þess lands sem gerir mestar kröfur um umhverfisvernd.

Fyrir nefndinni liggja nú m.a. tillögur um alþjóðlegt samstarf um málefni fatlaðra og um samstarf við ríki Austur-Evrópu á sviði umhverfisverndar.

Í október stóð nefndin fyrir ráðstefnu um aðstöðu fatlaðra á Norðurlöndum. Ráðstefnan var haldin í tilefni þess að Sameinuðu Þjóðirnar hafa lýst áratuginn 1983–1992 áratug fatlaðra. Ráðstefnugestir voru um 80 talsins og meðal þeirra voru 20 fulltrúar ýmissa samtaka fatlaðra á Norðurlöndum. Engin íslensk samtök sáu sér þó fært að senda fulltrúa þangað.

Í nóvember átti nefndin fund með félagsmála- og heilbrigðisráðherrum Norðurlanda. Var þar m.a. rætt um tilmæli sem samþykkt hafa verið af Norðurlandaráði, um barnarétt, starfsréttindi kírópraktora og aðgerðir gegn áfengisneyslu.

Í júní sóttu fulltrúi frá nefndinni og ritari hennar þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf og lýstu þar sjónarmiðum Norðurlanda um jafnréttismál og aðbúnað á vinnustöðum.

Í október tóku formaður nefndarinnar og ritari hennar þátt í ráðstefnu á vegum Evrópuráðsins um umhverfismál í Austur- og Vestur-Evrópu.

Í nóvember fóru fimm fulltrúar frá nefndinni ásamt ritara í kynnisför til Leningrad og Eystrasaltsríkjanna. Hópurinn hélt fundi með borgarstjórn Leningrad og þingmönnum og embættismönnum í Eystrasaltsríkjunum. Hópurinn heimsótti einnig orkuverið í Narva, námurnar í Sirgala og efnaverksmiðjur í Kohtla-Jarve.

4.4. Samgöngumálanefnd.

Formaður nefndarinnar var sænski þingmaðurinn Elver Jonsson og varaformaður finnski þingmaðurinn Sakari Knuuttila. Á starfsárinu hélt nefndin sjö nefndarfundi og einn fund með samgöngumálaráðherrum og ráðherrum þeim sem fara með umferðaröryggismál.

Fyrir 38. þing ráðsins voru lagðar tvær tillögur á sviði samgöngumálanefndar. Önnur þeirra var um *afslátt af flugfargjöldum innan Norðurlanda* fyrir eftirlaunaþega, fatlaða og ungt fólk og hin um flugsamgöngur á svæði því sem nefnt er Mittnorden, en það er svæði það í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi sem er á sömu breiddargráðu og Reykjavík. Að tillögu nefndarinnar samþykkti þingið seinni tillöguna, en ekki þá fyrri.

Fyrir nefndinni liggja nú átta þingmannatillögur, sem koma til afgreiðslu á næsta þingi ráðsins. Fjórar þeirra eru um *stefnu í flutningamálum, rannsóknir* á því sviði og járnbrautarsamgöngur. Ein tillaga er um *samstarf við Eystrasaltsríkin á sviði flutninga,* ein er um *mengun frá bifreiðaumferð* og ein um *tölvumál.*

Í maí hélt nefndin fund í Ósló með norræna umferðaröryggisráðinu. Voru þar veittar upplýsingar um norrænu samstarfsáætlunina um umferðaröryggi. Í nóvember hélt nefndin fund með samgöngumálaráðherrunum og þeim ráðherrum sem fara með umferðaröryggismál. Þar var m.a. rætt um samgöngumál á Norðurlöndum í ljósi samningsviðræðna um Evrópskt efnahagssvæði, um endurskoðun samstarfsáætlunarinnar um umferðaröryggi og um samræmingu reglna á Norðurlöndum um leyfilegt áfengismagn í blóði ökumanna. Þá var og rætt um möguleika á endurskoðun norræna sáttmálans um sam-

starf á sviði flutninga og samgangna í því skyni að fella samstarf um samgöngur á sjó og í lofti inn í sáttmálann.

Nefndin hafði á starfsárinu samband við fjölda norrænna stofnana og fyrirtækja til að kynna sér starfsemi þeirra og ganga úr skugga um hvort þörf væri á norrænu samstarfi um málefni þeirra. Einnig bauð nefndin á fundi sína ýmsum sérfræðingum sem skýrðu frá norrænum verkefnum sem unnið var að. Sumarfundur nefndarinnar var haldinn á Íslandi og þá kynnti nefndin sér starfsemi *Flugmálastjórnar, Bifreiðaskoðunar Íslands* og gerð *ganganna gegnum Ólafsfjarðarmúla*. Á árinu kynnti nefndin sér *starfsemi Flugfélagsins SAS*.

Í október hélt nefndin ráðstefnu í Lillehammer um framtíðarskipulag samgangna og flutninga.

4.5. Efnahagsmálanefnd.

Formaður nefndarinnar var norski þingmaðurinn Anders Talleraas og varaformaður sænski þingmaðurinn Hans Gustavsson.

Nefndin hélt fimm nefndarfundi og ein fund með fjármálaráðherrum Norðurlanda.

Fyrir 38. þing Norðurlandaráðs afgreiddi nefndin frá sér tvær þingmannatillögur og fjórar ráðherranefndartillögur. Á dagskrá nefndarinnar hafa á starfsárinu verið tólf þingmannatillögur og ein ráðherranefndartillaga. Einnig hefur nefndin fjallað um fjárlög ársins 1991.

Lögð var fyrir nefndina ráðherranefndartillaga um starfsáætlun um *byggðamál*. Nefndin hafði samtímis til meðferðar þingmannatillögu um byggðamál og samræmingu við Evróðubandalagið. Ráðherrar þeir, sem fara með byggðamál, komu til fundar við nefndina og þá var þess óskað að þeir legðu fram mat á áhrifum samrunaferlisins í Evrópu á byggðaþróun á Norðurlöndum og að skýrsla um það yrði lögð fram fyrir Norðurlandaráðsþingið í Kaupmannahöfn. Skýrslan hafur enn ekki verið lögð fram og hefur þess nú verið óskað að hún berist hið fyrsta.

Nefndin studdi ráðherranefndartillögu um *viðbót við norrænu samstarfsáætlunina á sviði landbúnaðar og skógræktar* og lýsti ánægju yfir að sérstakt tillit skyldi þar vera tekið til umhverfisverndarsjónarmiða. Samtímis hafði nefndin til meðferðar tvær þingmannatillögur um skógrækt.

Ráðherranefndin lagði fram tillögu sem vísað var til efnahagsmálanefndar um stofnun norræns *umhverfisfjárfestingafélags* (NEFCO) sem á að hafa það að markmiði að fjármagna samstarf milli norrænna og evrópskra fyrirtækja um þjónustu og framleiðslu vara sem eru umhverfisvænar eða ætlaðar til umhverfisverndar. NEFCO hefur eigin stjórn en starfar í tengslum við Norræna fjárfestingarbankann. Ráðherranefndin lagði og fram tillögu, sem vísað var til efnahagsnefndar, um *hækkun fjárfestingarlána Norræna fjárfestingarbankans*. Nefndin studdi báðar þessar ráðherranefndartillögur.

Þremur þingmannatillögum á sviði *orkumála* var vísað til nefndarinnar. Voru þær um aðgerðir til orkusparnaðar heimilanna, norrænt háspennunet og sameiginlega stefnu norrænu ríkjanna á sviði orkumála. Nefndin studdi fyrri þingmannatillögurnar tvær en ekki þá síðustu.

Fjórum þingmannatillögum um norrænt samstarf við ríki Austur-Evrópu var vísað til nefndarinnar sem styður þær allar í stórum dráttum. Tillögurnar eru um stuðning við aðgerðir til umhverfisverndar í Eystrasaltsríkjunum og Póllandi, um aukið efnahags- og

menningarsamstarf við ríkin sem land eiga að Eystrasalti og um samstarf milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna á sviði landbúnaðar.

Á fundi nefndarinnar með fjármálaráðherrunum í nóvember lögðu ráðherrarnir fram yfirlit um stöðu efnahagsmála á Norðurlöndum og efnahagsástand og horfur voru ræddd. Einnig var rætt um norrænu fjárlögin og framtíð norræns efnahagssamstarfs.

Á sumarfundi nefndarinnar í Austur-Finnlandi ræddi nefndin við sveitarstjórnarmenn þar og fulltrúa atvinnulífsins.

Í maí tók fulltrúi frá nefndinni ásamt ritara þátt í ráðstefnu Evrópuráðsins í Búdapest um úrbætur í efnahagslífi ríkja Mið- og Austur-Evrópu.

Nefndin ræddi á starfsárinu um framkvæmd áætlunar norrænu ráðherranefndarinnar, Norden i Europa 1989–1992, og lýsti í stórum dráttum ánægju með hana. Nefndin óskaði samtímis eindregið eftir því að gerð yrði ný áætlun um samstarfið eftir 1992. Af því tilefni gáfu fjármálaráðherrarnir skýrslu um mikilvæg samstarfsverkefni sem yrðu á dagskrá eftir 1992 og kváðust síðar mundu leggja fram áætlun.

Það féll og í góðan jarðveg hjá nefndinni að ráðherranefndin lagði fram í október áætlun um samstarf Norðurlanda við Austur-Evrópu, með sérstöku tilliti til samstarfs við Eystrasaltsríkin. Nefndin gerði þó athugasemdir við það að hafa ekki fengið drögin að áætluninni og getað komið með athugasemdir áður en hún var endanlega samþykkt.

4.6. Fjárlaga- og eftirlitsnefnd.

Formaður nefndarinnar var sænski þingmaðurinn Wiggo Komstedt og varaformaður var Per Olof Håkansson.

Nefndin hélt ellefu nefndarfundi á árinu, einn fund með fulltrúum hinna fastanefnda ráðsins og tvo fundi með fulltúum samstarfsráðherra landanna, þann fyrra með sænska samstarfsráðherranum Mats Hellström og þann síðari með danska samstarfsráðherranum Thor Pedersen.

Nefndin lagði í nefndaráliti sínu um ársskýrslu ráðherranefndarinnar áherslu á að þar ættu að koma fram upplýsingar um áætlaðan kostnað þeirra verkefna og starfsáætlana sem fyrirhuguð væru og á hve löngum tíma þau yrðu framkvæmd. Einnig lagði nefndin áherslu á að þar kæmi fram sú forgangsröðun verkefna sem ráðherranefndin hygðist viðhafa.

Nefndin lagði til að *verkefni á sviði menningarmála, þróunar og rannsókna, umhverfisverndar, umferðaröryggis og verkefni varðandi þróunina í Evrópu og Evrópskt efnahagssvæði hefðu forgang næstu ár.*

Á árinu lét nefndin gera úttekt á *norrænu samstarfi um byggingarmál.* Verkfræðingur sá, sem tók verkið að sér, átti viðtöl við 50 aðila og sat fundi um staðla- og byggingarmál. Úttektin hefur verið send efnahgasmálanefnd, en skýrslan birtist með nefndaráliti fjárlaga- og eftirlitsnefndarinnar um ráðherranefndarskýrsluna 1991. Í tilefni úttektarinnar bauð nefndin sérfræðingi frá danska húsnæðismálaráðuneytinu á fund í ágúst til að skýra frá samstarfi á sviði byggingarmála í Evrópubandalaginu.

Stofnanir Norðurlandaráðs koma nú fyrr við sögu við undirbúning norrænu fjárlaganna en áður var. Því fékk nefndin þegar í maí 1990 tillögur aðalframkvæmdastjóra skrifstofu ráðherranefndarinnar um fjárlög ársins 1991 til umfjöllunar. Tillögum samstarfsráðherra um fjárlög ársins 1991, sem að mestu voru byggðar á tillögum aðalframkvæmdastjórans, voru sendar ráðinu í september. Í þeim hafði nokkuð tillit verið tekið til ábendinga nefndarinnar. Allar nefndir ráðsins fjölluðu síðan um tillögurnar um haustið og í

nóvember lauk fjárlaga- og eftirlitsnefnd meðferð um þær. Að fengnu áliti fjárlaga- og eftirlitsnefndar tóku síðan samstarfsráðherrar endanlega ákvörðun um fjárlögin í desember.

Á 38. þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík var ákveðið að fækka fulltrúum í fjárlaga- og eftirlitsnefnd í níu og voru þá formenn hinna fastanefnda ráðsins ekki lengur fulltrúar þar. Var þetta gert að tillögu fjárlaga- og eftirlitsnefndar. Hún hafði talið samsetningu nefndarinnar standa henni fyrir þrifum við samræmingu á fjárlagatillögum hinna nefndanna.

5. 38. þing Norðurlandaráðs í Reykjavík.

Norðurlandaráð hélt 38. aðalþing sitt í Reykjavík dagana 26. febrúar til 2. mars 1990. Það hófst að venju með almennum umræðum sem að þessu sinni stóðu í níu klukkustundir. Fráfarandi forseti, *Karin Söder*, setti þingið. Því næst var kosið í forsætisnefnd og *Páll Pétursson* kosinn forseti ráðsins næsta starfsár. Hann þakkaði í upphafi þann trúnað sem sér hefði verið sýndur með kjörinu, þakkaði Karin Söder fyrir afburðagóð störf og bauð þingfulltrúa og aðra tengda þingstarfinu velkomna. Hann skýrði frá skipun skipulagsnefndarinnar og lagði í því sambandi áherslu á að Norðurlandaráð væri skipað fulltrúum kjörnum af þjóðþingunum og að sjálfstæði landsdeildanna mætti því ekki skerða. Hann kvað aukið samstarf flokkahópanna í Norðurlandaráði til bóta en sagði mikilvægt að sú aukning yrði ekki til þess að áhrif landsdeildanna minnkuðu. Hann kvaðst ekki sjá ástæðu til að breyta Helsinki-samningnum þannig að hann næði til samstarfs um bein utanríkis- og varnarmál. Hins vegar gæti Norðurlandaráð ekki horft fram hjá þeim breytingum sem ættu sér stað í nágrannalöndunum og samstarf um mengunarmál og þróun Evrópumálanna væri í eðli sínu alþjóðlegt og Norðurlandaráð væri þegar farið að sinna þeim málaflokkum. Hann fjallaði í ræðunni um breytingarnar í Austur-Evrópu og ákvörðun forsætisnefndar að senda nefnd til Moskvu og Eystrasaltsríkjanna. Hann minnti á aukið vægi umhverfismála í alþjóðasamstarfi bæði á norrænum vettvangi og í samstarfi ríkja í austri og vestri.

Næstur tók til máls *Júlíus Sólnes*, formaður norrænu ráðherranefndarinnar, og talaði fyrir ársskýrslu hennar. Hann tók upp þróun mála í Vestur- og Austur-Evrópu og norrænt samstarf á þeim vettvangi. Hann kvað fyrirhugaðan samning um Evrópskt efnahagssvæði milli Evrópubandalagsins og EFTA-ríkjanna aldrei mundu taka gildi fyrr en 1. janúar 1993. Því þyrftu Norðurlandaríkin ekki að bíða eftir niðurstöðum samningsviðræðanna ef unnt væri að ná betri árangri á norrænum vettvangi, svo lengi sem niðurstöðurnar stríddu ekki gegn því sem unnið væri að á evrópskum vettvangi. Hann kvað sérstaklega mikilvægt að vinna áfram að auknum réttindum þeirra sem flytja milli norrænna landa og nefndi sérstaklega ráðherranefndartillöguna *um norrænan vinnumarkað fyrir fólk sem hlotið hefur æðri menntun* sem veitir starfsréttindi. Næst á dagskrá ráðherranefndar kvað hann vera norrænan vinnumarkað fyrir fólk með skemmri menntun sem veitir starfsréttindi.

Hann kvað *samstarf að umhverfismálum* vera forgangsverkefni og minnti á að átta af þeim tólf ráðherranefndartillögum, sem fyrir þinginu lægju, snertu að einu eða öðru leyti umhverfismál. Hann skýrði frá efni ráðherranefndartillagnanna og upplýsti síðan að ráðherranefndin hefði ákveðið með hliðsjón af ráðstefnu Norðurlandaráðs um mengun sjávar að kanna í samstarfi við ýmsar alþjóðlegar stofnanir hvort rétt sé að kalla saman alþjóðlega ráðstefnu um hlutverk þeirra alþjóðasamninga sem í gildi eru á þessu sviði.

Hann skýrði frá ákvörðuninni um *norrænt umhverfisár* og þakkaði forseta Íslands, frú Vigdísi Finnbogadóttur, fyrir að hafa tekið að sér formennsku hinnar norrænu stjórnarnefndar ársins.

Hann kvað *NORDJOB- og NORDPLUS*-verkefnin mikilvæg vegna þess að þau stuðluðu að kynnum ungs fólks af norrænu samstarfi. Hann skýrði frá samþykkt norrænu ráðherranefndarinnar um að NORDJOB-verkefnið væri rekið á vegum Norrænu félaganna með 2,5 milljóna danskra króna árlegum fjárstuðningi frá ráðherranefndinni.

Hann kvað NORDPLUS hafa fengið afar góðar viðtökur bæði háskólanema og kennara og minnti á að Norðurlandaráð hefði lengi óskað slíks samstarfs. Á árinu 1989 hefði svo NORDPLUS-Junior farið af stað, nemendaskiptasamstarf fyrir kennara og nemendur á framhaldsskólastigi.

Hann skýrði frá því að norrænu fjárlögin fyrir 1990 væru að upphæð 678 milljónir danskra króna og að það þýddi 3% raunhækkun frá fyrra ári, en frá og með 1991 væri ekki hægt að reikna með sjálfvirkri raunhækkun fjárlaganna.

Hann kvað það skoðun sína að ætíð yrði þörf fyrir starfsemi eins og þá sem rekin er af Norðurlandaráði, hver sem þróunin yrði í Evrópu. Máli sínu til stuðnings benti hann á Benelux-samstarfið.

Að ræðu Júlíusar lokinni tók til máls *Karin Söder* sem skýrði frá starfsemi forsætisnefndar. Að ræðu hennar lokinni tóku til máls fulltrúar flokkahópanna, *Bjarne Mørk Eidem* fyrir flokkahóp sósíaldemókrata, *Gustav Björkstrand* fyrir flokkahóp miðflokkamanna, *Anders Talleraas* fyrir flokkahóp hægri manna og *Hjörleifur Guttormsson* fyrir flokkahóp vinstri sósíalista. Hjörleifur kvað Norðurlandaráð standa á krossgötum og aðstæður á meginlandi Evrópu vera að gjörbreytast. Hann kvað eðlilegt að verja þeim fjármunum, sem spöruðust við minnkaða vopnaframleiðsla, til umhverfismála, aðallega í Austur-Evrópu, og til efnahagsaðstoðar við þjóðir þriðja heimsins. Í ljósi breyttra aðstæðna í heiminum kvað hann nú auðveldara að koma á norrænu samstarfi um utanríkis- og öryggismál og því ætti að breyta reglum Norðurlandaráðs til að unnt væri að taka slík mál á dagskrá þar.

Hann kvað samninga um Evrópskt efnahagssvæði mundu geta veikt norrænt samstarf. Norrænu þjóðirnar vissu líka of lítið um þessar samningaviðræður, en slíkir samningar mundu hafa í för með sér víðtækan flutning valds frá þjóðþingunum til yfirþjóðlegra stofnana. Hann kvað þetta valda flokkahópi vinstri sósíalista áhyggjum. Hann lagði til að aukaþing yrði haldið haustið 1990 um Norðurlönd og Austur-Evrópu.

Hann kvað menn nú fyrst vera farna að sýna umhverfismálunum þann áhuga sem þau ættu skilið og lýsti samstarfinu um þau. Einnig kvað hann slys sovéskra kjarorkukafbáta á liðnu ári hafa vakið athygli manna á hættunni á kjarnorkumengun hafanna sem sífellt vofði yfir. Ætíð væri og hætta á mengun frá endurvinnslustöðvunum í Sellafield og Dounreay í Skotlandi.

Þá tók til máls *Jan P. Syse*, forsætisráðherra Noregs. Hann fjallaði um samskipti Norðurlandaráðs við ríki Austur-Evrópu og kvað ráðið hafa tekið skynsamlega á tillögum Gorbatsjovs. Ekki mætti gleyma að hlutverk ráðsins væri fyrst og fremst að auka og styrkja samstarf norrænu ríkjanna innbyrðis. Utanríkismálum ríkjanna væri ekki á sama veg farið, og varðandi umfjöllun í Norðurlandaráði um utanríkis- og varnarmál ætti að fylgja ákvæðum Helsinki-samningsins. Þó væri rétt að auka samskiptin við lýðræðisöflin í ríkjum Austur-Evrópu.

Steingrímur Hermannsson, forsætisráðherra Íslands, nefndi í upphafi ræðu sinnar þær

breytingar sem orðið hefðu á alþjóðavettvangi við afvopnunarviðræðurnar, aukið lýðræði í Austur-Evrópu og fall Berlínarmúrsins. Hann kvað aðild að Evrópubandalaginu ekki koma til greina fyrir Íslendinga, þeir væru ákveðnir í að ráða sjálfir auðlindum sínum.

Hann kvað Norðurlönd hafa hlutverki að gegna til aðstoðar þjóðum Austur-Evrópu, t.d. þyrftu þær mikla aðstoð á sviði mengunarvarna. Íslendingar sem hefðu næga vatnsorku gætu í auknum mæli tekið að sér framleiðslu orkufrekra iðnaðarvara og stuðlað þannig að minnkun brúnkola- og olíunotkunar. Hann skýrði frá áformum um stofnun umhverfisráðuneytis á Íslandi og minnti á að umhverfismál kæmu öllum þjóðum við. Í lok ræðu sinnar kvað hann Íslendinga vona að samstarf Norðurlanda mundi ekki dragast saman þrátt fyrir þær breytingar sem fyrir dyrum stæðu. Norrænt samstarf bæri að styrkja.

Poul Schlüter, forsætisráðherra Danmerkur, kvað Norðurlandaráð hafa verið stofnað við allt aðrar aðstæður en nú réðu í Evrópu þar sem breytingarnar hefðu verið gífurlegar. Því sagði hann að þjóðir Norðurlanda ættu að þekkja sinn vitjunartíma og sú stund væri runnin upp er Norðurlönd ættu að taka fullan þátt í þróuninni í Evrópu. Evrópa hefði þörf fyrir Norðurlönd og Norðurlönd þörf fyrir bæði Austur- og Vestur-Evrópu. Verðugt verkefni næstu ár væri að vinna að auknum samskiptum allra þjóða við Eystrasalt.

Hann kvað því ekki vera að leyna að norrænt samstarf næstu ár yrði ekki eins kraftmikið og áður. Það hefði undanfarið ekki verið nógu kraftmikið, enda hefði hinn pólitíski vilji verið of veikur. Enn hefði t.d. ekki tekist að ryðja úr vegi viðskiptahindrunum milli landanna. Löngu hefði átt að vera búið að skapa raunverulegan norrænan heimamarkað fyrir vinnuafl, vörur og þjónustu, en menn hefðu ekki verið tilbúnir og væru það víst ekki enn þá. Nú væri það pólitískur vilji utan Norðurlanda sem stjórnaði ferðinni. Hann taldi það vafalaust að ríki Austur-Evrópu gerðust aðilar að Evrópubandalaginu og þá gætu Norðurlönd ekki staðið fyrir utan.

Harri Holkeri, forsætisráðherra Finnlands, minnti á að öryggismál hefðu ekki verið á dagskrá Norðurlandaráðs og kvað það ekki mundi breytast, en Evrópuumræður færu þar auðvitað fram. Um þróunina í Evrópu kvað hann ríkja óvissu og því væri ástæðulaust fyrir Finnland að breyta afstöðu sinni. Hlutleysi væri til hagsbóta fyrir þjóðina nú, en hlutleysið væri þó ekki óumbreytanlegt ástand. Hann kvaðst þess fullviss að rúm væri fyrir norrænt samstarf í Evrópu framtíðarinnar.

Ólafur G. Einarsson kvað Norðurlandaráðsþing ætíð blása lífi í umræðuna um norrænt samstarf í því ríki sem þingið væri haldið í. Þetta ætti e.t.v. helst við um Ísland þar sem 1.000 manna þinghald færi ekki framhjá neinum. Sú umræða þyrfti og endurnýjunar við í ljósi breyttra aðstæðna í Evrópu, falls kommúnismans í Austur-Evrópu og samningaviðræðnanna um Evrópskt efnahagssvæði. Þær raddir heyrðust meðal norrænna stjórnmálamanna að norrænt samstarf yrði þýðingarminna í ljósi þessara breyttu aðstæðna, en það væri ekki rétt. Jafnmikilvægt yrði í framtíðinni að standa vörð um sameiginlega menningararfleifð norrænu þjóðanna og ekki mætti slaka á kröfunum. Hann kvað því ómögulegt að samþykkja niðurskurð fjárveitinga til norrænna stofnanna um 10 hundraðshluta.

Hann kvað það ekki fara fram hjá Íslendingum að æ erfiðara væri fyrir íslenska námsmenn að fá inngöngu í norræna háskóla utan heimalandsins og að samningurinn um Norðurlönd sem sameiginlegt vegabréfasvæði væri í hættu. Þetta vekti ugg um að ríkisstjórnir landanna mætu norrænt samstarf í raun minna en opinberlega væri viðurkennt.

Hann kvað samstarf í flokkahópum í Norðurlandaráði mikilvægt, en ekki mætti breyta

reglum Norðurlandaráðs þannig að allar ákvarðanir yrðu teknar þar. Það gæti t.d. leitt til þess að ekki þætti í framtíðinni nauðsynlegt að öll ríkin ættu fulltrúa í forsætisnefnd eða fastanefndum ráðsins.

Páll Pétursson kvað menn nú spyrja sig hver þróun norræns samstarfs yrði næsta áratug og hvort Norðurlandaráð yrði til árið 2010. Ekki kvað hann unnt að svara þessum spurningum örugglega játandi. Margir Norðurlandabúar væru svo uppteknir af Evrópuþróuninni að þeir vildu ekki leggja næga áherslu á norrænt samstarf. Í fyrirsjáanlegri framtíð væri það alveg vafalaust að aðild að Evrópubandalaginu væri Íslandi ekki hagstæð. Ekki væri hægt að ganga lengra en að eiga aðild að samningum EFTA við Evrópubandalagið. Hann kvað Íslendinga óska fríverslunar einnig með fisk og fiskafurðir en ekki geta samþykkt án fyrirvara frjálsa flutninga fjármagns, vinnuafls og þjónustu.

Hann kvað Dani ganga of langt í að leggja sífellt til að norrænu ríkin fjögur, sem standa utan Evrópubandalagsins, sæktu um aðild. Slíkt væri hverju ríki í sjálfsvald sett.

Hann kvað nauðsynlegt að styrkja Norðurlandaráð, aukið starf flokkahópanna væri jákvætt en rétt landsdeildanna mætti ekki skerða.

Í lok ræðu sinnar átaldi hann Færeyinga og Grænlendinga fyrir að heimila laxveiðar í hafi og kvað Íslendinga árangurslaust hafa reynt að semja við þá og nú væri vitað að lax væri veiddur ólöglega utan fiskveiðilögsögu Íslands og Færeyja.

Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra kvað nú nauðsyn að marka norrænu samstarfi stefnu. Spurt væri hvort norrænt samstarf hefði hlutverki að gegna næsta áratug í ljósi aukins samstarfs EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins. Hann kvað norrænt samstarf einnig hafa mikilvægu hlutverki að gegna í framtíðinni og minnti á að Danmörk hefði verið aðili að Evrópubandalaginu í 18 ár. Sérstaklega benti hann á mikilvægi norræns samstarfs á sviði rannsókna og þróunar. Það þyrfti að gefa Norðurlöndum þá ímynd að þau væru framleiðendur gæðavara, það þyrfti að styrkja samkeppnisaðstöðu norræns atvinnulífs og því hefðu iðnaðarráðherrar landanna samþykkt tvær samstarfsáætlanir á þessu sviði.

Hann kvað Norðurlönd standa framarlega varðandi tækniþróun á sviði mengunarvarna og á því sviði væru bæði góðir heimamarkaðir og útflutningsmöguleikar. Því bæri sérstaklega að fagna ráðherranefndartillögu um stofnun norræns fjárfestingarfélags fyrir umhverfisfjárfestingar í Austur-Evrópu.

Norrænt samstarf á sviði orkumála kvað hann í vaxandi mæli beinast að umhverfisþáttum orkuframleiðslunnar. Hann kvað á dagskrá að tengja norrænt samstarf á sviði orkumála nánar starfi Evrópubandalagsins á því sviði. Hann kvað norrænt samstarf nú standa frammi fyrir mikilvægum verkefnum og þar bæri hæst aðlögun að breytingum á fjármagnsmarkaðnum. Norræn fyrirtæki þyrftu aðgang að fjármagni og fjármagnsþjónustu á sömu kjörum og samkeppnisaðilar þeirra. Því væri mikil áhersla lögð á þessi atriði í norrænu samstarfsáætluninni um efnahagsmál.

Óli Þ. Guðbjartsson dóms- og kirkjumálaráðherra hóf ræðu sína með frásögn af heimsókn Havels til Íslands og minnti í því sambandi á þá þróun í átt að lýðræði sem orðið hefði í Austur-Evrópu. Hann kvað það ætíð hafa verið eitt aðalverkefni Norðurlandaráðs að styrkja grundvöll þjóðfélagsuppbyggingarinnar á Norðurlöndum og lýðræðið væri ein aðalundirstaða þess og þannig mundi það ætíð vera. Hann kvað umhverfismál og þróunina í Evrópu hafa verið aðalverkefni Norðurlandaráðs undanfarin ár og Norðurlandaráð hentaði vel fyrir þá mikilvæga umfjöllun.

Svavar Gestsson menntamálaráðherra sagðist hafa sagt fyrir ári síðan, þegar hann hefði tekið við formennsku í norrænu ráðherranefndinni, að hann mundi leggja höfuð-

áherslu á fjögur atriði, stofnun norræns kvikmyndasjóðs, gerð samstarfsáætlunar um tungumálasamstarf á Norðurlöndum, samþykkt nýrra reglna fyrir norræna vísindaráðið og NORDPLUS-áætlunina. Á öllum þessum sviðum kvað hann góðan árangur hafa náðst. Hann sagði þá hröðu þróun, sem átt hefði sér stað í Evrópu, vekja nýjar vonir um bættan heim og möguleika, en jafnframt þyrfti að gæta þess að skerpa ekki andstæður milli norðurs og suðurs og milli iðnríkjanna og þriðja heimsins. Hann lagði til að þessu fordæmi yrði fylgt og markmið sett í upphafi hvers tímabils. Hann kvað afar mikilvægt að taka ákvörðun um stofnun norrænnar menningar- og menntamiðstöðvar í Nuuk. Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands gæti hann stutt slíka stofnun og lagði eindregið til að hinar ríkisstjórnirnar gerðu slíkt hið sama, enda væri sterkur vilji fyrir því á Grænlandi.

6. Tillögur lagðar fram af fulltrúum í Íslandsdeild á tímabilinu frá lokum 38. þings Norðurlandaráðs til loka ársins 1990.

Hjörleifur Guttormsson var fyrsti flutningsmaður þingmannatillögu um mat á þjóðarframleiðslu með tilliti til umhverfisþátta og náttúruauðlinda og aukið norrænt samstarf um tölfræði um umhverfismál.

Hjörleifur Guttormsson var meðflutningsmaður þingmannatillögu um menningarsamstarf milli Norðurlandaþjóða og þjóða Austur-Evrópu og Sovétríkjanna.

Hjörleifur Guttormsson var meðflutningsmaður þingmannatillögu um stuðning við alþjóðasamstarf og lýðræðisþróunina í Austur-Evrópu.

Hjörleifur Guttormsson var meðflutningsmaður þingmannatillögu um aukið samstarf um umhverfismál milli Norðurlanda og Austur-Evrópu og Sovétríkjanna.

Hjörleifur Guttormsson var meðflutningsmaður þingmannatillögu um þjóðfélagsformið á Norðurlöndum sem framtíðarmarkmið.

Hjörleifur Guttormsson var meðflutningsmaður þingmannatillögu um framtíð Eystrasaltssvæðisins.

Sighvatur Björgvinsson var meðflutningsmaður þingmannatillögu um samræmda stefnu á Norðurlöndum um samgöngu- og flutningamál.

Sighvatur Björgvinsson var meðflutningsmaður þingmannatillögu um samræmingu rannsókna um samgöngu- og flutningamál.

Hreggviður Jónsson var meðflutningsmaður þingmannatillögu um að gæði tölvukerfa í stjórnsýslunni séu tryggð og eftirlit haft með lögmæti þeirra.

Valgerður Sverrisdóttir var meðflutningsmaður þingmannatillögu um samstarf um landbúnaðarmál milli þjóða Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna.

Ólafur G. Einarsson og *Páll Pétursson* voru meðflutningsmenn þingmannatillögu um bætt skipulag norræns samstarfs.

Ólafur G. Einarsson og *Páll Pétursson* voru meðflutningsmenn þingmannatillögu um áætlun um samstarf Norðurlanda eftir 1992.

Sighvatur Björgvinsson var meðflutningsmaður þingmannatillögu um samstarf stéttarfélaga í fjölþjóðafyrirtækjum á Norðurlöndum.

Hjörleifur Guttormsson var meðflutningsmaður þingmannatillögu um samstarf náttúragripasafna á Norðurlöndum.

Hjörleifur Guttormsson var meðflutningsmaður þingmannatillögu um bindandi samstarf um umhverfismál á Eystrasaltssvæðinu.

Páll Pétursson og *Hjörleifur Guttormsson* voru meðflutningsmenn þingsmannatillögu um samstarf við Eystrasaltsríkin um samgöngu- og flutningamál.

Jón Kristjánsson var meðflutningsmaður þingmannatillögu um að komið verði á kerfi sem geri stjórnmálamönnum í Eystrasaltsríkjunum kleift að kynna sér störf þjóðþinganna á Norðurlöndum.

Ólafur G. Einarsson var meðflutningsmaður þingmannatillögu um bætta umferðarkennslu í grunnskólum og um símenntun á því sviði.

Ólafur G. Einarsson var meðflutningsmaður þingmannatillögu um fjármögnun rannsókna á Norðurlöndum á ósonlaginu.

7. Fyrirspurnir bornar fram af fulltrúum í Íslandsdeild á starfsárinu.

Á 37. þingi Norðurlandaráðs bar *Hjörleifur Guttormsson* fram fyrirspurn til norrænu ráðherranefndarinnar um fyrirhugaða endurvinnslu kjarnorkuúrgangs í Dounreay í Skotlandi.

Þann 19. desember sl. bar *Hjörleifur Guttormsson* fram fyrirspurn til ríkisstjórnar Svíþjóðar um það hvort sænska ríkisstjórnin mundi leyfa að kjarnorkuúrgangur frá kjarnorkuverinu í Studsvik verði sendur til endurvinnslu í endurvinnslustöðinni í Dounreay í Skotlandi.

Ed. 601. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til l. um gjaldþrotaskipti o.fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið. Á fund nefndarinnar kom Markús Sigurbjörnsson prófessor og umsagnir um frumvarpið bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Gjaldheimtunni í Reykjavík, Sýslumannafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, G-samtökunum, Neytendasamtökunum og Verslunarráði Íslands.

Frumvarp þetta er flutt vegna breytinga sem verða við aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds 1. júlí 1992. Jafnframt hefur átt sér stað endurskoðun á núverandi löggjöf. Í frumvarpinu er m.a. fjallað um nauðasamninga, auk greiðslustöðvunar og gjaldþrotaskipta, en með því eru öll ákvæði, sem varða gjaldþrotameðferð, á einum stað. Ákvæði um skuldaröð eru flutt úr skiptalögum og hlutverk skiptastjóra er aukið.

Nefndin leggur til eina breytingu á frumvarpinu og varðar hún breytingu á lögum um ríkisábyrgð á launum. Með henni er félagsmálaráðherra heimilt að greiða ríkisábyrgð á launum til einhvers sem er nákominn þrotamanni þótt krafa hafi ekki verið viðurkennd forgangskrafa sakir ákvæða 112. gr. frumvarpsins ef það er augljóslega sanngjarnt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 7. febr. 1991.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Valgerður Sverrisdóttir.
Salome Þorkelsdóttir.	Danfríður Skarphéðinsdóttir.	Skúli Alexandersson.

Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 602. Breytingartillaga [97. mál]

við frv. til l. um gjaldþrotaskipti o.fl.

Frá allsherjarnefnd.

Við 11. tölul. 182. gr. bætist ný málsgrein er verði 3. mgr., svohljóðandi:

Við d-lið 5. gr. sömu laga bætist nýr málsliður svohljóðandi: Með sama hætti má ráðherra heimila greiðslu þótt krafa einhvers þess sem hér um ræðir verði ekki viðurkennd forgangskrafa við skipti vegna þess að hlutaðeigandi sé talinn nákominn þrotamanni.

Ed. 603. Nefndarálit [199. mál]

um frv. til l. um búfjárhald.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Ólaf R. Dýrmundsson ráðunaut, Sigurð Sigurðsson dýralækni og Jón Höskuldsson, deildarstjóra í landbúnaðarráðuneytinu. Umsagnir bárust frá Búnaðarfélagi Íslands, Brynjólfi Sandholt yfirdýralækni, Páli A. Pálssyni dýralækni, Landgræðslu ríkisins, Stéttarsambandi bænda, Sambandi dýraverndunarfélaga Íslands og Búnaðarfélagi Íslands.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Gerðar verði orðalagsbreytingar á fyrri málsgrein 1. gr. þannig að búfjárhaldi verði hagað eins og kostur er í samræmi við þarfir dýranna, en ekki er hægt að miða allt búfjárhald við eðli dýra þótt vitaskuld sé nauðsynlegt að vel sé búið að búfénaði. Í því sambandi er lagt til að orðin „góð aðbúð“ verði notuð í stað orðsins „vellíðan“ þar sem þau orð eiga betur við. Einnig að notað verði orðið „drykkur“ í stað orðsins „drykkjarvatn“ þar sem nauðsynlegt er stundum að búfénaður hafi ekki bara vatn að drekka heldur líka annað, t.d. mjólk.
2. Gerð verði orðalagsbreyting í 1. mgr. 2. gr. Þau dýr, sem talin eru upp í 1. málsl. 1. mgr. samkvæmt breytingartillögunni, teljast búfé, sama í hvaða tilgangi menn halda þau, þ.e. til nytja eða til ánægju. Einnig er lagt til að öll önnur dýr en talin eru upp í 1. málsl. og haldin eru til nytja falli einnig undir skilgreiningu laganna á bú-

fénaði. Nokkuð var rætt um skilgreiningu lokamálsgreinar 2. gr. á lausagöngu búfjár. Skilgreiningin kom fram á búnaðarþingi og sér nefndin ekki ástæðu til að breyta henni.

3. Samþykktir, sem sveitarfélög gera um búfjárhald, sbr. 3. gr., verði sendar til umsagnar Búnaðarfélags Íslands áður en landbúnaðarráðherra staðfestir þær. Félagið hefur á að skipa sérfræðingum um málefni sem frumvarp þetta varðar og hafa þeir faglega yfirsýn og staðþekkingu. Þá telur nefndin óþarft að taka fram að samþykktir sveitarfélaga skuli birtar í *Stjórnartíðindum*.
4. Kveðið verði á um bótarétt þeirra sem verða fyrir atvinnutjóni vegna banns eða takmarkana á búfjárhaldi í samræmi við 4. gr. frumvarpsins. Greinin er að mestu leyti byggð á lögum um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, nr. 44/1964, og tengist búfjárhaldi við svipaðar aðstæður. Í þeim lögum er mælt fyrir um slíkan bótarétt úr hendi sveitarsjóðs ef unnt er að sýna fram á tjón. Eðlilegt er að ákvæðið haldist í lögum. Þá er einnig lagt til að 3. málsl. 2. mgr. falli brott vegna breytinga sem lagðar eru til á 7. gr.
5. Graðhestar séu í öruggri vörslu allt árið frá 16 mánaða aldri í stað 18 mánaða.
6. 1.–4. mgr. 7. gr. verði umorðaðar og felldar í eina málsgrein og ákvæðin þannig gerð hnitmiðaðari. Ákvæði 5. og 6. mgr. eru hins vegar felld brott en í þeim er gert ráð fyrir að landbúnaðarráðherra geti með reglugerð ákveðið að leyfi sé veitt til búfjárhalds í einstökum búfjárgreinum og að hægt sé að takmarka búfjárhald í samræmi við leyfi búfjáreiganda til framleiðslu á hinum einstöku búfjárafurðum. Nefndin telur ekki rétt að setja reglur um slíkar leyfisveitingar og takmarkanir í lög um búfjárhald. Þessi málaflokkur á frekar heima í löggjöf um framleiðslustjórnun á búfjárafurðum. Sumir nefndarmenn töldu þó greinina eiga rétt á sér.
7. Í stað þess að héraðsdýralæknar skv. 4. mgr. 9. gr. séu skyldugir til að hafa eftirlit með þeim þáttum er varða heilbrigði búfjár þá er kveðið á um í breytingartillögunni að leitað skuli til héraðdýralækna um eftirlit með þessum þáttum.
8. Eftirlitsferð búfjáreftirlitsmanns verði lokið 1. des. á hverju ári í stað 15. nóv., sbr. 10. gr. Þá er víkkað ákvæði í 4. málsl. 1. mgr. með því að talað er um „einstakar tegundir“ búfjár í stað „viðkomandi tegund“. Einnig er lagt til að allar fóðurbirgðir hvers búfjáreiganda verði kannaðar og skráðar, en ekki einungis gróffóðurbirgðir, og að búfjáreftirlitsmaður fylgist með beitilandi í byggð á starfssvæði sínu, m.a. til að tryggja að hólf, sem dýr eru geymd í, séu ekki nauðbitin. Í 3. mgr. 10. gr. er landbúnaðarráðuneytinu veitt heimild til þess að veita opinberum aðilum aðgang að skýrslum Búnaðarfélags Íslands um búfjárfjölda og forðagæslu. Lagt er til að í stað heimildar til aðgangs að skýrslum þessum verði kveðið á um aðgang að upplýsingum úr skýrslunum. Að lokum er lagt til að þrengja heimild landbúnaðarráðherra til þess að ákveða sérstaka talningu búfjár þannig að rökstuddur grunur liggi fyrir um að talningu hafi verið ábótavant.
9. 11. gr. verði talsvert aukin frá því sem nú er í frumvarpinu. Í fyrsta lagi er búfjáreftirlitsmanni heimilað að grípa til aðgerða ef búfénað skortir beit. Þá er lagt til að mun skýrar verði kveðið á um aðhaldsaðgerðir gagnvart þeim búfjáreiganda sem sinnir ekki aðfinnslum sveitarstjórnar eða búfjáreftirlitsmanns um aðbúnað. Er hlutverk dýralæknis og lögreglustjóra mun betur skilgreint en gert er í frumvarpinu. Eru úrræði svipuð þessum í gildandi lögum en höfðu fallið niður við gerð frumvarpsins.

10. Nefndin telur nauðsynlegt að kveða skýrar á um gjaldtöku skv. 12. gr. frumvarpsins. Í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að sveitarfélag geti bannað búfjárhald án leyfis. Lagt er til að sveitarfélögum, sem nýta þessa heimild, sé leyft að innheimta leyfisgjald til að standa undir kostnaði við búfjáreftirlit skv. 9. gr. Gjaldið skiptist í grunngjald fyrir leyfi til búfjárhalds og síðan gjald af hverjum grip sem haldinn er. Ekki er þó heimilt að leggja slíkt gjald á þá sem eiga og halda búfé á lögbýli þar sem þeir eru búsettir. Ráðherra skal ákveða í gjaldskrá hver upphæð leyfisgjalds skuli vera. Eru þessi ákvæði í samræmi við ákvæði um gjaldskrá fyrir hundahaldsleyfi, sbr. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
11. Í 14. gr. er bætt við upptalningu þeirra laga er falla úr gildi við gildistöku þessa lagafrumvarps.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með fyrrgreindum breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 5. febr. 1991.

Skúli Alexandersson, form., frsm.	Egill Jónsson, fundaskr.	Þorv. Garðar Kristjánsson.
Karvel Pálmason.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jón Helgason.
	Danfríður Skarphéðinsdóttir, með fyrirvara.	

Ed. 604. Breytingartillögur [199. mál]

við frv. til l. um búfjárhald.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:
   Tilgangur laga þessara er að tryggja svo sem föng eru á góða meðferð og aðbúnað búfjár í samræmi við þarfir og að það hafi ætíð nægilegt fóður og drykk.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „æðstu stjórn“ í 1. mgr. komi: yfirstjórn.
   b. Í stað fyrri málsliðar 2. mgr. komi tveir nýir málsliðir sem orðist svo: Með búfé er í lögum þessum átt við alifugla, geitur, hross, kanínur, loðdýr, nautgripi, sauðfé og svín. Auk þess önnur dýr sem haldin verða til nytja.
3. Við 3. gr. Seinni málsliður orðist svo: Landbúnaðarráðherra staðfestir slíka samþykkt að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands.
4. Við 4. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist við nýr málsliður svohljóðandi: Ef búfjáreigandi verður fyrir atvinnutjóni vegna banns eða takmarkana á búfjárhaldi þannig að bótum varði skal greiða bætur úr sveitarsjóði.
   b. 3. málsl. 2. mgr. falli brott.

c. Við 3. mgr. bætist: sem og meðferð alls úrgangs sem fellur til.

5. Við 6. gr. Í stað „18 mánaða“ í 3. tölul. 1. mgr. komi: 16 mánaða.

6. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Landbúnaðarráðherra er rétt að gefa út reglugerðir fyrir einstakar búfjártegundir þar sem nánar er kveðið á um atriði er lúta að aðbúnaði og meðferð gripa, gripahúsa þ.m.t. ákvæði um innréttingar, rýmisþörf gripa, loftræstingu, birtu í húsi, fóðurgeymslur og fóðurútbúnað, svo og ákvæði um umhirðu gripa og eftirlit, skráningu á vanhöldum og heilbrigði búfjár og eftirlit með gripum sem ganga úti hluta ársins. Jafnframt er í reglugerð heimilt að kveða á um kröfur til reynslu og þekkingar þeirra sem búfé halda eða hirða.

Eftirlit með framkvæmd reglugerða samkvæmt fyrri málsgrein skal falið búfjáreftirliti, sbr. 9. gr.

7. Við 9. gr. Í stað orðanna „Héraðsdýralæknar skulu hafa“ í upphafi síðustu málsgreinar komi: Leita skal til héraðsdýralækna um.

8. Við 10. gr.

a. Í stað „15. nóvember“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: 1. desember.

b. Í stað orðanna „viðkomandi tegund“ í lok 4. málsl. 1. mgr. komi: einstökum tegundum.

c. Í stað lokamálsliðar 1. mgr. komi þrír nýir málsliðir svohljóðandi: Búfjáreftirlitsmaður skal skrá magn, tegundir, gæði og geymsluaðstöðu alls fóðurs hjá hverjum búfjáreiganda og einnig áform hans um fóðuröflun. Jafnframt skulu gróffóðurbirgðir mældar og skráðar. Búfjáreftirlitsmaður skal einnig fylgjast með beitilandi í byggð á starfssvæði sínu.

d. Í stað orðanna „Skýrslur þessar“ í upphafi 4. málsl. 3. mgr. komi: Upplýsingar úr skýrslum þessum.

e. 4. mgr. orðist svo:

Leiki rökstuddur grunur á að talningu búfjár hafi verið ábótavant er landbúnaðarráðherra heimilt að ákveða sérstaka talningu búfjár.

9. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

Þegar að lokinni skoðun skal búfjáreftirlitsmaður bera niðurstöður sínar undir eftirlitsmann búnaðarsambands. Komi í ljós að búfjáreiganda skorti hús, fóður eða beit fyrir fénað sinn, vanfóðri hann eða vanhirði skal búfjáreftirlitsmaður tilkynna það sveitarstjórn þegar í stað. Er þá sveitarstjórn skylt að vara þann er hlut á að máli þegar við og gefa honum einnar viku frest til úrbóta. Hafi honum að þeim tíma liðnum ekki tekist að gera þær ráðstafanir sem sveitarstjórn og eftirlitsmaður búnaðarsambands telja fullnægjandi ber sveitarstjórn að útvega honum fóður, hlutast til um fóðrun og umhirðu eða ráðstafa fénaði hans til fóðrunar.

Sveitarstjórn eða búfjáreftirlitsmaður í umboði hennar eða aðrir, sem telja meðferð á skepnum brjóta í bága við gildandi lög eða reglur, skulu leita til héraðsdýralæknis. Héraðsdýralæknir skal þá í samráði við yfirdýralækni og innan tveggja sólarhringa meta ástand skepnanna og aðstæður á staðnum í samráði við eða ásamt trúnaðarmanni búnaðarsambands og gefa búfjáreiganda fyrirmæli um ráðstafanir telji þeir það nauðsynlegt. Þar skal veita mest einnar viku frest til úrbóta.

Vilji búfjáreigandi eigi hlíta ráðstöfunum búfjáreftirlitsmanns, sveitarstjórnar, trúnaðarmanns búnaðarsambands eða héraðsdýralæknis, eða hefur þær að engu, og fénaður hans líður sakir fóðurskorts, hirðuleysis eða harðýðgi að áliti tveggja eða

fleiri þessara aðila er skylt að tilkynna lögreglustjóra það skriflega innan tveggja daga ásamt öllum málavöxtum. Skal hann þá innan viku sjá um að úrbætur fáist í samræmi við dýraverndarlög en búfénu lógað að höfðu samráði við yfirdýralækni ef ekki er annarra kosta völ.

Búfjáreigandi, er hlut á að máli, ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum.

10. Við 12. gr. Greinin orðist svo:

Búfjáreftirlitsmaður skal launaður af sveitarsjóði.

Sveitarfélögum, þar sem búfjárhald er óheimilt án leyfis, sbr. 2. mgr. 4. gr., er heimilt að innheimta leyfisgjald til að standa undir kostnaði við framkvæmd forðagæslu og búfjáreftirlits, sbr. 9. gr. Skiptist það í grunngjald og gjald fyrir fjölda búfjár hvers eiganda. Gjald þetta skal þó ekki lagt á búfjáreigendur sem halda búfé á lögbýli og eiga þar lögheimili.

Landbúnaðarráðherra skal gefa út gjaldskrá fyrir leyfisgjöld skv. 2. mgr. og birta í *Stjórnartíðindum*.

11. Við 14. gr. Við greinina bætist: og lög nr. 53 29. maí 1981, um loðdýrarækt.

Sþ. 605. Fyrirspurn [342. mál]

til forsætisráðherra um atvinnumál á Suðurnesjum með minnkandi umsvifum Bandaríkjahers.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

1. Hvaða áætlanir hefur ríkisstjórnin gert í atvinnumálum á Suðurnesjum til að mæta þeim samdrætti í umsvifum Bandaríkjahers sem fyrirsjáanlegur er?
2. Hafa stjórnvöld látið gera áætlanir um atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum sem yrðu notaðar við brottför Bandaríkjahers frá herstöðvum þar?

Sþ. 606. Fyrirspurn [343. mál]

til menntamálaráðherra um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Frá Pálma Jónssyni.

Hvernig hyggst ríkisstjórnin mæta 200 m.kr. niðurskurði á fé Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem ákveðinn var við afgreiðslu fjárlaga:

a. með beinni skerðingu námslána,
b. með breytingum á verksviði sjóðsins?

Sþ. 607. Fyrirspurn [344. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um lífeyristryggingar.

Frá Pálma Jónssyni.

Hvernig hyggst ríkisstjórnin skerða tryggingagreiðslur til ellilífeyrisþega til samræmis við afgreiðslu fjárlaga þar sem talið var að 500 m.kr. vantaði til að halda þeim hlutfallslega óbreyttum:

a. með því að skerða mánaðarlegar greiðslur,
b. með því að greiða ellilífeyri einungis í 11 mánuði á þessu ári?

Sþ. 608. Fyrirspurn [345. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um sjúkratryggingar.

Frá Pálma Jónssyni.

Hvernig hyggst ríkisstjórnin ná 500 m.kr. sparnaði í sjúkratryggingum til samræmis við afgreiðslu fjárlaga?

Sþ. 609. Fyrirspurn [346. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um Viðlagatryggingu Íslands.

Frá Pálma Jónssyni.

1. Hvað voru tekjur Viðlagatryggingar Íslands miklar á síðasta ári?
2. Hversu háum fjárhæðum námu tryggingabætur fyrirtækisins á síðasta ári?
3. Hver var eignastaða fyrirtækisins 31. desember sl.?

Sþ. 610. Fyrirspurn [347. mál]

til fjármálaráðherra um ríkisreikning 1989.

Frá Kristni Péturssyni.

Hvað veldur því að ríkisreikningur fyrir árið 1989 hefur ekki verið lagður fram á Alþingi?

Nd. 611. Nefndarálit [120. mál]

um frv. til l. um brottnám líffæra og krufningar.

Frá heilbrigðis- og tryggingganefnd.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið. Á fund nefndarinnar komu Björn Björnsson prófessor, Páll Ásmundsson yfirlæknir og Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri. Umsagnir bárust frá biskupi Íslands, Prestafélagi Íslands, Læknafélagi Íslands, læknaráði Landakotsspítala, læknaráði Borgarspítala, landlækni, læknaráði Landspítala, Árna Kristinssyni yfirlækni, guðfræðideild Háskóla Íslands, læknadeild Háskóla Íslands, Rannsóknastofnun Háskóla Íslands í siðfræði, Hjúkrunarfélagi Íslands og Félagi háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga.

Nefndin er sammála um að flytja nokkrar breytingartillögur við frumvarpið en engin þeirra breytir efni þess verulega.

Í fyrsta lagi er lagt til að líffæragjafa sé tryggður réttur til að ráðfæra sig við annan lækni en lækni þess sem þiggur líffærið.

Í öðru lagi er lagt til að sömu læknar og staðfesta andlát skuli meta hvort brottnám líffæra geti haft áhrif á niðurstöður réttarkrufingar ef framkvæma þarf.

Í þriðja lagi leggur nefndin til að skýrt verði kveðið á um að réttarkrufningar falli ekki undir ákvæði þessara laga um krufningu, enda af öðrum toga spunnin. Ákvæði um réttarkrufningu eru í 7. gr. laga nr. 42/1913, um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum, sbr. reglugerð nr. 24/1936 og 106. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, þótt hugtakið réttarkrufning sé ekki notað í lögunum. Hins vegar er hugtakið notað í reglugerð nr. 24/1936 þar sem er að finna leiðbeiningar um réttarlæknisskoðun á líkum.

Að lokum leggur nefndin til að læknir hins látna, sbr. orðalag í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins, verði látinn meta hvort líkur séu til að réttarkrufningar verði krafist.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 8. febr. 1991.

Guðmundur G. Þórarinsson, varaform., frsm.	Anna Ólafsdóttir Björnsson, fundaskr.	Geir Gunnarsson.
Helga Hannesdóttir.	Ragnhildur Helgadóttir.	Geir H. Haarde.
	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.	

Nd. 612. Breytingartillögur [120. mál]

við frv. til l. um brottnám líffæra og krufningar.

Frá heilbrigðis- og tryggingganefnd.

1. Við 1. gr. Á eftir fyrri málslið 2. mgr. komi nýr málsliður svohljóðandi: Líffæragjafi skal eiga kost á annarri ráðgjöf en læknis væntanlegs líffæraþega.

2. Við 3. gr. Við greinina bætist: að mati sömu lækna og staðfesta andlát, sbr. 1. mgr. 4. gr.
3. Við 5. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Réttarkrufning er undanþegin lögum þessum.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Krufningu skv. 5. gr. má ekki framkvæma ef læknir hins látna hefur ástæðu til að ætla að réttarkrufningar verði krafist.

Nd. 613. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um ákvörðun dauða.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið. Á fund nefndarinnar komu Björn Björnsson prófessor, Páll Ásmundsson yfirlæknir og Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri. Umsagnir bárust frá biskupi Íslands, Prestafélagi Íslands, Læknafélagi Íslands, læknaráði Landakotsspítala, læknaráði Borgarspítala, landlækni, læknaráði Landspítala, guðfræðideild Háskóla Íslands, læknadeild Háskóla Íslands, Rannsóknastofnun Háskóla Íslands í siðfræði, Hjúkrunarfélagi Íslands og Félagi háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga.

Í umsögnum komu fram nokkrar athugasemdir við hvernig staðið yrði að setningu reglna, sbr. 4. gr. frumvarpsins, en ekki voru gerðar efnislegar athugasemdir við sjálfa greinina. Nefndin telur öryggi felast í því að skipuð yrði fastanefnd fagfólks sem málið varðar. Fastanefndin mundi fylgjast með nýjustu framþróun mála á því sviði sem hér um ræðir og gerði jafnframt tillögur til breytinga á reglugerð ef þurfa þætti. Einnig ítrekar nefndin nauðsyn þess að öllum bestu rannsóknum, sem völ er á í landinu, verði beitt til þess að ákvarða heiladauða.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. febr. 1991.

Guðmundur G. Þórarinsson, varaform., frsm.	Anna Ólafsdóttir Björnsson, fundaskr.	Geir Gunnarsson.
Helga Hannesdóttir.	Ragnhildur Helgadóttir.	Geir H. Haarde.
	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.	

Sþ. 614. Fyrirspurn [348. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og menntamálaráðherra um fræðslu um húðsjúkdóma.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hafa ráðherrarnir beitt sér fyrir skipulegri fræðslu í skólum landsins um húðsjúk-

dóma? Ef svo er, með hvaða hætti hefur það verið gert? Ef svo er ekki, munu þá ráðherrar heilbrigðis- og menntamála beita sér fyrir því að slík fræðsla verði tekin upp?

Sþ. 615. Tillaga til þingsályktunar [349. mál]

um yfirtökutilboð og önnur almenn tilboð í hlutafélög.

Flm.: Matthías Bjarnason, Eyjólfur Konráð Jónsson.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að undirbúa nú þegar löggjöf um yfirtökutilboð og önnur almenn tilboð í hlutafélög til þess að vernda félagsmenn og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Leggja skal fram frumvarp um þetta efni fyrir 114. löggjafarþing svo að ný lög um þetta efni geti tekið gildi eigi síðar en 1. janúar 1993.

Greinargerð.

Á Íslandi er ekki að finna almenn lög og reglur um yfirtökutilboð (takeover bids) og almenn tilboð (general bids) í hlutafélög. Reglur af þessu tagi hafa í aðalatriðum tvíþættan tilgang. Annars vegar að vernda hagsmuni hluthafa, ekki síst minni hlutans, þeirra hlutafélaga sem yfirtökutilboð er gert í. Hins vegar að hafa eftirlit með því að einokunaraðstaða og samþjöppun valds á fárra hendur verði ekki til skaða á kostnað einstaklinga og hagsmuna þjóðfélagsins í heild.

Hlutafélög á Íslandi byggja í æ ríkari mæli á þátttöku almennings. Á síðustu örfáum árum hefur áhugi almennings á því að leggja fé sitt í hlutafélög til ávöxtunar og uppbyggingar atvinnulífsins farið vaxandi. Það er mjög óheppilegt að einstakir aðilar geti stjórnað slíkum fyrirtækjum, nánast eins og einkafyrirtækjum, án þess að eiga nema tiltölulega takmarkaðan hluta þeirra. Af þessum sökum er orðið tímabært að setja reglur sem tryggja að einstaklingar eða lögaðilar geti ekki náð virkum yfirráðum slíkra hlutafélaga með því að kaupa tiltekinn hluta hlutafjárins sem tryggir þeim slík yfirráð án þess að þeim sé um leið gert skylt að bjóða öðrum hluthöfum að kaupa þeirra hluti. Verði þetta ekki gert er hætt við því að sú staða kunni að koma upp að stór hluti hluthafanna sitji uppi með verðlaus eða verðminni hlutabréf en þeir áttu fyrir yfirtökuna.

Um hlutafélög fer samkvæmt lögum nr. 32/1978, ásamt síðari breytingum. Í hlutafélagalögunum er að finna ákvæði sem er ætlað að vernda hagsmuni minni hlutans gegn tilteknum ráðstöfunum meiri hlutans. Minni hlutanum eru tryggð ýmis réttindi er varða: Boðun funda, 68. gr., ótilhlýðilegar ályktanir, 78. gr., um arðgreiðslur, 109. gr., félagsslit, 115. gr., samruni, 126. og 128. gr., innlausn við samruna, 128. gr., og loks um skaðabótakröfur, 133. gr.

Þessum reglum hlutafélagalaganna er ekki ætlað að þjóna sama tilgangi og reglum um yfirtökutilboð og geta á engan hátt komið í stað þeirra. Í hlutafélagalögunum eru engin ákvæði um yfirtökutilboð. Þau hafa einungis að geyma reglur um innbyrðis samskipti hluthafa í hlutafélagi. Engin ákvæði taka til aðila sem standa utan hlutafélagsins. Ekki er rétt að breyta þessari uppbyggingu hlutafélagalaganna. Þess vegna verður að setja sérstök lög um yfirtökutilboð.

Með yfirtökutilboði er átt við tilboð sem eigendum hluta, sem atkvæðisréttur fylgir, í hlutafélagi er gert í þeim tilgangi að eignast hlutina gegn gjaldi (peningum eða öðrum

verðmætum). Tilboðið er venjulega gert í þeim tilgangi að ná virkum yfirráðum yfir hlutafélaginu eða styrkja fyrri völd tilboðsgjafans og tilboðið er skilyrt þannig að það gildir einungis ef nægilega margir tilboðshafa samþykkja tilboðið svo að tilboðsgjafinn nái markmiðum sínum.

Yfirtaka hlutafélags með þessum hætti felur ekki í sér samruna hlutafélaga vegna þess að hvorugt félagið er leyst upp. Félagið, sem er yfirtekið, heldur áfram að vera til.

Enda þótt yfirtaka hlutafélaga sé ekki algeng hér á landi enn sem komið er er engin ástæða til að ætla annað en þróunin verði svipuð hér og erlendis. Þar hefur yfirtaka hlutafélaga færst mjög í vöxt á undanförnum árum, ekki síst vegna sífellt opnari fjármagnsmarkaða og auknu frelsi til flutnings á fjármagni. Af þessum sökum hafa mörg ríki, m.a. í Evrópubandalaginu sett lagareglur um þessi efni. Evrópubandalagið sjálft er að undirbúa löggjöf um þetta efni sem á að taka til allra aðildarríkjanna.

Nauðsynlegt er að sambærilegar reglur gildi hér og í öðrum löndum. Þess vegna er rétt að hafa hliðsjón af þeim reglum við smíði frumvarpsins, en þó verður að taka fullt tillit til séríslenskra aðstæðna.

Til þess að tryggja að allir hluthafar njóti jafnréttis verður að ákveða tiltekin mörk sem skylda tilboðsgjafa til þess að gera yfirtökutilboð. Hér er átt við tiltekið hlutfall hlutafjárins, t.d. 33,3%, eins og gert er ráð fyrir hjá EB. Þar að auki verður, til þess að tryggja hagsmuni minni hlutans og hindra spákaupmennsku, að setja reglur sem skylda tilboðsgjafann að bjóða í alla hluti í félaginu. Til þess að tryggja að hluthafar, sem fá tilboð með þessum hætti, geti gert upp huga sinn til tilboðsins á eðlilegum grundvelli verður að setja reglur sem skylda tilboðsgjafann til þess að gefa út tilboðslýsingu þar sem allir skilmálar tilboðsins eru raktir.

Enn fremur verður að setja reglur sem tryggja að virkt óháð opinbert eftirlit sé til staðar sem tryggi hagsmuni þeirra sem hlut eiga að máli þegar yfirtökutilboð eru annars vegar.

Sþ. 616. Tillaga til þingsályktunar [350. mál]

um málefni Litáens.

Frá utanríkismálanefnd.

Alþingi ályktar að staðfesta að viðurkenning ríkisstjórnarinnar frá 1922 á sjálfstæði lýðveldisins Litáens er í fullu gildi.

Alþingi styður ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 23. janúar 1991 að verða við ósk lýðræðislega kjörinna stjórnvalda í Litáen um viðræður um stjórnmálasamband.

Alþingi felur ríkisstjórninni að leiða málið til lykta með því að taka upp stjórnmálasamband við Litáen svo fljótt sem verða má.

Greinargerð.

Utanríkismálanefnd hefur á nokkrum undanförnum fundum sínum rætt málefni Litáens og er sammála um að flytja tillögu þessa.

Ed. 617. Frumvarp til laga [351. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

Flm.: Valgerður Sverrisdóttir, Eiður Guðnason, Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur Ágústsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

Við 4. mgr. 20. gr. laganna bætist svohljóðandi málsliður: Aldur ungmenna samkvæmt þessari málsgrein miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 43. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966, segir að þegar barni eða ungmenni sé bannaður aðgangur að tilteknum skemmtunum, þ.e. kvikmyndasýningum, öðrum opinberum skemmtunum og hvers konar öðrum skemmtunum, þá skuli miðað við fæðingarár þeirra en ekki fæðingardag.

Skömmu eftir að þessari lagagrein var breytt árið 1983, sbr. lög nr. 14/1983, þá gaf dóms- og kirkjumálaráðuneytið út bréf, dags. 13. janúar 1984, til allra lögreglustjóra á landinu. Í því bréfi áréttaði dóms- og kirkjumálaráðuneytið að aldursmark í áfengislögum, nr. 82/1969, er varða 18 ára aldur sem skilyrði fyrir dvöl á veitingastað að kvöldi til þar sem veitingar áfengis eru leyfðar, miðist við fæðingardag en ekki fæðingarár. Því komi ákvæði 43. gr. laga um vernd barna og ungmenna, svo sem þeim var breytt með lögum nr. 14/1983, ekki til álita í því sambandi. Litið var svo á að ákvæði þeirra laga breytti ekki ákvæðum áfengislaga.

Ástand þessara mála hefur breyst mjög á síðustu missirum, einkum eftir að sala á áfengu öli hófst 1989. Áfengisveitingastaðir í Reykjavík eru nú milli 90 og 100. Þeir eru ýmiss konar, jafnvel skyndibitastaðir svokallaðir þar sem börn og unglingar fara inn og kaupa sér mat. Samkvæmt lögunum er slíkt í raun og veru bannað, ungmenni mega ekki fara inn á staðina nema í fylgd með fullorðnum af því að þar er áfengi selt.

Ljóst er að hér er um úreltar reglur að ræða. Nauðsynlegt er því að breyta 20. gr. áfengislaganna.

Á það verður að leggja mikla áherslu að með frumvarpi þessu er ekki verið að auðvelda ungmennum að verða sér úti um áfengi. Samkvæmt þessu frumvarpi er ekki gerð tillaga um það. Reglan í 3. mgr. 16. gr. um að ekki megi afhenda eða selja yngri mönnum en 20 ára áfengi stendur óbreytt og þar er eðlilegt að miða við fæðingardag. Hins vegar snýst þetta mál um aðgang að þeim fjölmörgu skemmtistöðum þar sem áfengisveitingar eru. Það hlýtur að teljast réttlætismál að sama gildi um allan árganginn í þeim efnum, að t.d. 18 ára skólafélagar geti farið saman á skemmtistað þótt þar sé áfengi á boðstólum. Sem betur fer er það svo að stór hluti ungmenna fer á skemmtistaði til að eiga þar ánægjulega stund með félögum sínum en ekki til þess að verða sér úti um áfengi.

Hér gildir enn sami rökstuðningur og fylgdi frumvarpi Níelsar Árna Lund og Páls Pétursson á þinginu 1982–83 fyrir þeim breytingum á lögunum um vernd barna og ungmenna sem áður getur:

a. Löggjafinn gerir ráð fyrir því, m.a. í lögum nr. 63/1974, grunnskólalögum, að þess-

ir unglingar eigi sama rétt og sömu skyldur, og er skólanum skylt að leggja fyrir þá sama námsefni hvort sem viðkomandi er fæddur fyrst í janúar eða síðast í desember. Þar af leiðir að lögin hljóta að gera ráð fyrir að þeir hafi líkan þroska, bæði andlegan og líkamlegan.

b. Af þessu leiðir m.a. að unglingarnir hafa í flestum tilvikum valið sér félaga innan síns bekkjar eða hóps án tillits til þess hvenær ársins þeir eru fæddir og með því að miða við fæðingardag þegar um skemmtanir ræðir er verið að sundra félagshóp sem ekki er æskilegt.

c. Þessi aðskilnaður er mjög óæskilegur og geta afleiðingar hans verið ófyrirsjáanlegar, og dæmi eru um að þeir unglingar, sem fyrir utan eru og hafa verið skildir frá hópnum, leiðist til óreglu og séu verr á sig komnir en þeir sem komast inn. Þessi sundrun félagshópa er því mjög varhugaverð og hlýtur að skapa fleiri vandamál en hún leysir.

d. Mjög erfitt er fyrir forráðamenn skemmtana að framfylgja núgildandi reglum þar sem ásókn jafnaldra er mikil í að sækja skemmtanir saman, og hefur þetta misræmi á aldursgreiningu orðið þess valdandi að unglingar hafa reynt að komast inn á skemmtanir á ólöglegan hátt, m.a. með fölsun á nafnskírteinum. Af þessu hefur það svo leitt að á mörgum stöðum hefur í reynd verið farið eftir fæðingarári en ekki fæðingardegi þegar aldur er metinn.

Sþ. 618. Þingsályktun [350. mál]

um málefni Litáens.

(Afgreidd frá Sþ. 11. febr.)

Samhljóða þskj. 616.

Nd. 619. Breytingartillaga [320. mál]

við frv. til l. um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

Við fyrri málsgrein 9. gr. bætist svohljóðandi málsliður: Engar leyfisveitingar getur þó viðskiptaráðherra látið í té fyrr en ríkisstjórn hefur samþykkt þær.

Sþ. 620. Fyrirspurn [352. mál]

til iðnaðarráðherra um heildarkostnað Blönduvirkjunar.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Hver er heildarkostnaður nú orðinn við byggingu Blönduvirkjunar?
2. Hver er áætlaður kostnaður við að ljúka virkjuninni?
3. Hver var kostnaðaráætlun Blönduvirkjunar þegar ákvörðun um hana var tekin?

Sþ. 621. Fyrirspurn [353. mál]

til iðnaðarráðherra um kostnaðaráætlun Fljótsdalsvirkjunar og háspennulínu til Keilisness.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Hver er áætlaður byggingarkostnaður á Fljótsdalsvirkjun miðað við að bygging hefjist á þessu ári?
2. Hver er áætlaður kostnaður á byggingu háspennulínu ásamt spennuvirkjum og öðrum tilkostnaði frá Fljótsdalsvirkjun til Keilisness á Reykjanesi?

Sþ. 622. Fyrirspurn [354. mál]

til iðnaðarráðherra um athugun á vetnisframleiðslu í samstarfi við Þjóðverja.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Hefur iðnaðarráðherra falið Háskóla Íslands að halda áfram athugun á hagkvæmni vetnisframleiðslu hér á landi í samstarfi við Þjóðverja?
2. Hafi það ekki verið gert, hefur öðrum þá verið falin athugunin? Og þá hverjum?

Sþ. 623. Skýrsla [355. mál]

samstarfsráðherra Norðurlanda um störf norrænu ráðherranefndarinnar 1990–1991.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

1. Skrifstofa Norðurlandamála

Í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, sem tók við völdum 10. september 1989, var Júlíus Sólnes umhverfisráðherra jafnframt útnefndur samstarfsráðherra Norðurlanda, en í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, sem tók við völdum 28. september 1988, fór Jón Sigurðsson iðnaðar- og viðskiptaráðherra með málaflokk norræns samstarfs. Báðir ráðherrarnir, Jón Sigurðsson og Júlíus Sólnes, voru þannig formenn ráðherranefndar samstarfsráðherranna síðastliðið starfsár, sitt tímabilið hvor, þ.e. frá næstsíðasta þingi Norðurlandaráðs og fram yfir 38. þing ráðsins sem haldið var í Reykjavík um mánaðamót febrúar og mars 1990. Á sama tíma gegndi Jón Júlíusson, skrifstofustjóri skrifstofu Norðurlandamála í utanríkisráðuneytinu, formannsstarfi staðgenglanefndar samstarfsráðherra Norðurlanda. Á núverandi starfsári, sem lýkur með 39. þingi Norðurlandaráðs og haldið verður í Kaupmannahöfn 25. febrúar til 1. mars 1991, hefur innanríkisráðherra Danmerkur, Thor Pedersen, haft formennsku ráðherranefndarinnar með höndum, en eftir 1. mars kemur formennskan í hlut Finnlands.

Samkvæmt fjárlögum ársins 1990 var framlag Íslands til norrænu fjárlaganna 58.010 þús. kr. Á fjárlögum ársins 1991 nemur framlagið 70.370 þús. kr., en 11.550 þús. kr. eru ætlaðar til rekstrar skrifstofu Norðurlandamála. Framlag Íslands til Norðurlandasamstarfsins fellur undir greiðslur utanríkisráðuneytisins til alþjóðastofnana.

Á þessu starfsári héldu norrænu samstarfsráðherrarnir sex fundi sem hér segir:

26. febrúar 1990 í Reykjavík,
22. maí 1990 í Vasa,
29. ágúst 1990 í Malmö,
9. október 1990 (símafundur),
13. nóvember 1990 í Kaupmannahöfn og
11. janúar 1991 í Kaupmannahöfn.

2. Norrænu fjárlögin

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi ráðherranefndarinnar (samstarfsráðherranna) fyrir árið 1991 er heildarniðurstaða norrænu fjárlaganna 697.836.000 danskar krónur, þar af eru 70.565.000 danskar krónur vegna norrænu efnahagsáætlunarinnar „Öflugri Norðurlönd". Forsendur fjárlagagerðar samstarfsráðherranna hafa verið þessar:

— Málefni sem tengjast Evrópuáætluninni, umhverfismálum og menningargeiranum hafa fengið forgang.
— Áfram er haldið aðhaldsstefnu, sem kemur fram í því að fjárlögin nema að raungildi jafnhárri upphæð og árið 1990, að undanskildum framlögum til norrænnar efnahagsáætlunar sem lækka milli ára. Allan níunda áratuginn hækkuðu norrænu fjárlögin að jafnaði um 7% á ári, og var sú hækkun verulega umfram fjárlagaþróun í norrænu ríkjunum á sama tímabili.
— Úttekt hefur verið gerð innan allra verksviða norrænu ráðherranefndarinnar til þess að auðvelda áherslubreytingar innan og á milli verksviða. Nýjum framlögum til vissra verkefna er mætt með minnkun á varasjóði ráðherranefndarinnar 1991 og með niðurskurði á nokkrum sviðum.

— Norrænu efnhagsáætluninni verður framfylgt eins og áður hefur verið ákveðið. Samanlögð fjárhagsáætlun fyrir tímabilið, 1989–1992, nemur því sem næst 250.000.000 danskra króna.

Rúmlega 60% fjárlaganna er varið til forgangssviðanna þriggja; 75 milljónir danskra króna til hvoru tveggja, „Norðurlanda í Evrópu“ og umhverfismála, og um það bil 215 milljónum til menningargeirans. Þá er 30 milljónum danskra króna varið til stöðlunarverkefna vegna aðlögunar Norðurlanda að vaxandi efnahagssamstarfi í Evrópu.

Norræna fjárlagafrumvarpið er nú gert í samræmi við reglur þar um frá því í maí 1989, en þeim var ætlað að gera fjárlagakerfið skilvirkara, skapa meiri sveigjanleika í útgjöldum og betri heildarsýn yfir það hvernig fjármunum er varið.

Fjárlögunum fyrir árið 1991 má skipta upp í fjóra meginhluta:

1. Stofnanir 40%
2. Framlög til verkefna og styrkjakerfa 40%
3. Norræna efnahagsáætlunin 10%
4. Norræna ráðherranefndin 10%

Þegar til skamms tíma er litið, eins til þriggja ára, er sveigjanleikinn til breytinga á útgjöldum mestur í framlögum til verkefna og styrkja. Þegar þar við bætist að flestir starfsmenn norrænna stofnana eru á tímabundnum ráðningarsamningum þá er sveigjanleikinn í norrænu fjárlögunum mun meiri en í fjárlagagerð þjóðríkjanna sem að þeim standa, að minnsta kosti að forminu til.

Víða á Norðurlöndum er nú verið að endurskoða og umskapa fjárlagakerfi opinberra aðila. Í þeim anda er nú verið að íhuga hvort gera eigi tilraunir með markmiðs- og rammastýringu á fjárhagsáætlun og starfsemi nokkurra norrænna stofnana.

Skipting framlaga landanna fer eftir „norræna lyklinum“ sem hefur verið ákveðinn svo:

	1988	1989	1990	1991
Danmörk	20,5%	20,9%	21,8%	21,3%
Finnland	20,3%	20,4%	20,7%	21,2%
Ísland	0,9%	1,0%	1,0%	1,1%
Noregur	21,5%	20,5%	19,4%	18,3%

Yfirlit yfir fjárhagsáætlun fyrir árin 1989, 1990 og 1991.
(Í þúsundum danskra króna.)

Samstarfssvið	Fjárlög 1991	Fjárlög 1990	Fjárlög 1989
1. Menningarmálasjóðurinn	13.283	12.650	12.048
2. Fjárveitingasjóður	10.724	12.113	8.128
3. Almenn menningarmál	69.481	62.336	58.201
4. Fræðslumál	50.429	40.689	25.801
5. Rannsóknir	82.388	76.312	69.100
6. Líftækni	25.988	24.750	15.000
7. Orkumál	8.766	9.368	10.827
8. Umhverfismál	30.354	26.909	18.485

Samstarfssvið	Fjárlög 1991	Fjárlög 1990	Fjárlög 1989
9. Vinnumarkaðsmál	7.964	5.432	5.104
10. Vinnuumhverfismál	9.948	9.212	8.027
11. Félags- og heilbrigðismál	40.529	37.449	32.067
12. Jafnréttismál	3.110	2.813	2.289
13. Iðnaðarmál	80.152	84.121	71.611
14. Efnahags- og fjármál	3.652	3.736	3.578
15. Norræna hagstofan	2.628	2.548	2.413
16. Húsnæðis- og byggingamál	7.159	6.970	6.133
17. Viðskiptamál	15.013	15.708	13.617
18. Byggðamál	27.510	25.538	24.285
19. Samgöngumál	3.885	3.755	3.539
20. Umferðaröryggismál	4.200	3.937	3.700
21. Ferðamál	2.100	1.955	1.784
22. Landbúnaðar- og skógræktarmál	23.413	21.553	19.955
23. Sjávarútvegsmál	6.624	5.389	3.625
24. Neytendamál	5.250	5.123	4.905
25. Matvælamál	3.465	3.324	2.293
26. Löggjöf	516	500	–
27. Styrkir til félagsstarfsemi	2.788	2.707	2.007
28. Embættismannaskipti	1.916	1.859	1.770
29. Varasjóður ráðherranefndar	1.050	9.861	2.035
30. Varasjóður framkvæmdastjóra	480	806	585
31. Launavarasjóður stofnana	10.500	12.119	11.542
32. Rekstrarkostnaður skrifstofu NMR	70.011	67.258	61.819
33. Upplýsingastarfsemi vegna Evrópuáætlunar	1.995	–	–
34. Tölvuvæðing	–	2.500	4.800
Samtals	627.271	601.300	550.426
35. Efnahagsáætlunin	75.565	76.652	60.442
Heildarniðurstaða	697.836	677.952	610.868

3. Norðurlönd í Evrópu

3.1. Almenn viðhorf og baksvið.

Norræn samvinna byggir á sameiginlegri menningararfleifð. Skyldleiki tungumálanna og samtvinnuð saga Norðurlandabúa gerir það að verkum að þeir finna til frændsemi, og norræn fyrirtæki, sér í lagi hin minni, líta á Norðurlönd sem sinn heimavöll. Á mörgum sviðum hefur norrænt samstarf náð lengra en raunin er á innan EFTA og Evrópubandalagsins. Þetta á til að mynda við um samskipti einstaklinga, menningarsamvinnu og efnahagsstarfsemi á Norðurlöndum.

Á síðustu fjórum áratugum hefur stoðum verið rennt undir norrænt samstarf með milliríkjasamningum sem miðað hafa að því að nálgast framtíðarsýnina um Norðurlönd án innri landamæra fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Mikilvægur árangur hefur náðst með afnámi vegabréfaskyldu, sameiginlegum vinnumarkaði og rétti til félagslegrar þjónustu án tillits til aðseturs á Norðurlöndum. Víðtæk samræming á lögum norrænu ríkjanna hefur einnig átt sér stað. Samvinna ríkisstjórnanna fer fram innan vébanda norrænu ráðherranefndarinnar í nánu samráði við Norðurlandaráð sem skipað er fulltrúum allra þjóðþinganna.

Á Norðurlöndum er afkoma fólks góð, en sé litið til mannfjölda og hagstærða eru Norðurlönd lítið svæði á heimsvísu og einnig á evrópskan mælikvarða. Norrænu ríkin taka þess vegna virkan þátt í víðtæku alþjóðasamstarfi, og samræma oft afstöðu sína og tillögur á þeim vettvangi. Fjögur landanna: Finnland ásamt Álandseyjum, Ísland, Noregur og Svíþjóð eru aðilar að Fríverslunarsamtökum Evrópu, EFTA, en hið fimmta, Danmörk, á aðild að Evrópubandalaginu, EB. Sjálfsstjórnarsvæðin tvö sem tilheyra Danmörku, Færeyjar og Grænland, standa utan bæði EFTA og Evrópubandalagsins.

Norrænu ríkin leggja mikla áherslu á að viðhalda og efla samstarfið sín á milli, enda hefur það mikið gildi í sjálfu sér.

Ríkisstjórnirnar eru enn fremur þeirrar skoðunar að hin kröftuga þróun þessi missirin í átt til evrópskrar efnahagsheildar — innan Evrópubandalagsins, milli EB og EFTA og í samskiptum við löndin utan þessara bandalaga — geri auknar kröfur til norræns samstarfs.

Gagnvart Evrópubandalaginu hefur EB/EFTA-samstarfið forgang. Norræna framkvæmdaáætlunin er til vitnis um þá sannfæringu ríkisstjórnanna að norrænt samstarf, ásamt tvíhliða samskiptum, hafi upp á möguleika að bjóða í þessu sambandi.

Á nokkrum árum hefur samstarfið breyst úr því að snúast í megindráttum um Norðurlöndin sjálf í það að nú er á það litið í auknum mæli sem þátt í hinu sameiginlega evrópska samstarfsmynstri. Tilgangur ráðherranefndarinnar með því að fylgja þessari þróun eftir er tvíþættur:

Í fyrsta lagi að efla Norðurlönd innan frá, þannig að norræn fyrirtæki og einstaklingar öðlist sem besta stöðu til þess að geta fært sér hina evrópsku samrunaþróun í nyt. Í þessu verkefni beinist athyglin að fjórum sviðum:

— Norðurlöndum sem heimamarkaði,
— norrænum samgöngumarkaði,
— norrænu menningar- og menntunarsamfélagi,
— réttindum Norðurlandabúa, þar með talinni vinnumarkaðsstefnu.

Í öðru lagi er að því stefnt að efla ítök og áhrif Norðurlanda gagnvart Evrópu, sérstaklega í tengslum við Evrópubandalagið, á sviðum þar sem norrænu ríkin standa vel að vígi. Í þessu sambandi mun verða barist fyrir því norræna sjónarmiði að gera verði ítrustu kröfur um öryggi og vernd almennings í

— umhverfismálum,
— vinnuverndarmálum,
— neytendamálum.

Markmiðið er að styrkja hinn norræna grundvöll inn á við og efla áhrif Norðurlanda út á við í Evrópu.

Ráðherranefndin (samstarfsráðherrarnir) lagði fram framkvæmdaáætlunina „Norðurlönd í Evrópu 1989–1992“ í júní 1989 og fylgdi henni eftir með framvinduskýrslu í desember sama ár. Aukin og endurbætt áætlun var síðan samþykkt 1. júní 1990. Framkvæmdaáætlunin byggir á þeim samstarfsverkefnum, sem þegar er unnið að, og öðrum umsvifum ráðherranefndarinnar. Þar má minna sérstaklega á efnahagsmálaáætlunina 1989–1992, „Öflugri Norðurlönd“.

Í áætluninni „Norðurlönd í Evrópu“ eru eftir föngum sett upp markmið í formi

ákvarðana á 100 sviðum. Framkvæmd markmiðanna er síðan bundin tímamörkum og kveðið á um hvaða samstarfsstofnun beri ábyrgð á henni. Með þessu vinnulagi vill ráðherranefndin geta stjórnað framvindu áætlunarinnar og haft eftirlit með henni. Tímamörkin eru miðuð við árslok 1992, enda þótt sumar samstarfsáætlanir spanni lengri tíma. Viðfangsefnin, sem hér um ræðir, munu því í vissum tilfellum verða á dagskrá eftir árið 1992.

Þeir liðir framkvæmdaáætlunarinnar, sem kostaðir eru með framlögum af almennri fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar, eiga að hafa algjöran forgang í efnahagsáætlum viðkomandi málaflokks.

Áætlunin tekur til þeirra viðfangsefna í norrænni samvinnu sem eru sérstaklega þýðingarmikil í ljósi vaxandi efnahagssamstarfs í Evrópu. Önnur viðfangsefni, sem ráðherranefndin leggur einnig mikla áherslu á en sem teljast ekki hafa beinlínis evrópska vídd, t.d. vissir þættir menningar-, laga- og umhverfismála, eru ekki í áætluninni. Enn fremur er vert að minna á að mörgum mikilvægum verkefnum, sem unnið er að á norrænum vettvangi, t.d. samgöngu- og orkumál, er sinnt utan ramma ráðherranefndarinnar.

Framkvæmdaáætlunin „Norðurlönd í Evrópu til 1992" er árangur náins samráðs milli ráðherranefndarinnar og þingmanna í Norðurlandaráði. Hér má m.a. vísa til ályktana nefndar ráðsins um alþjóðasamstarf frá því í desember 1988 og í september 1989 og til umfjöllunar um Evrópumál á þingum ráðsins í nóvember 1989 og febrúar/mars 1990. Norðurlandaráð hefur ítrekað beint þeim tilmælum til ráðherrranefndarinnar að hún einbeiti sér enn frekar að viðfangsefninu „Norðurlönd í Evrópu", og við þeim tilmælum hefur ráðherranefndin orðið.

Ráðherranefndin hefur kappkostað að gera áætlunina þannig úr garði að hún sé í senn metnaðarfull og raunsæ. Þess var stranglega gætt, þegar markmiðin voru ákveðin, að unnt væri að framkvæma verkefnin á tilsettum tíma, bæði með tilliti til hugsanlegra pólitískra álitamála og hversu tímafrek þau væru.

Eftir eins árs reynslu má segja að mikilvægasti árangur framkvæmdaáætlunarinnar nú þegar sé ef til vill sá að evrópska víddin hefur á raunhæfan hátt náð inn á flest samstarfssvið ráðherranefndarinnar. Bæði stjórnmálamenn og embættismenn hafa orðið þess áskynja að nýta má starfsemi ráðherranefndarinnar sem vettvang fyrir hugmyndir og samráð í málefnum Evrópu.

Á liðnu ári hafa verið teknar ýmsar ákvarðanir sem hafa munu í för með sér nánara samstarf norrænu ríkjanna innbyrðis og gagnvart umheiminum. Þannig ákvað ráðherranefndin að ryðja úr vegi síðustu hindrunum fyrir fjármagnshreyfingum innan Norðurlanda frá og með 1. júlí 1990 en Íslendingar höfðu þó fyrirvara sökum sérstöðu íslensks efnahagslífs. Síðan hafa verið settar reglur á Íslandi sem afnema allar hömlur á fjármagnshreyfingum í áföngum fram til 1. janúar 1993. Þá voru gerðir samningar um að gefa þjóðvegaumferð með vörur og fólk frjálsa í áföngum á Norðurlöndum. Nýr samningur um gagnkvæma viðurkenningu þriggja ára æðri menntunar hefur hlotið samþykki. Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn tók til starfa á árinu og er honum ætlað að styrkja framleiðslu og dreifingu norrænna kvikmynda og sjónvarpsmynda. Ákvörðun um norrænt umhverfismerki á að efla vitund neytenda um umhverfisvænar vörur.

Í umhverfismálum hefur ráðherranefndin hafið framkvæmd áætlunar um loft- og sjávarmengun og sorphirðu. Þar sem mengun virðir ekki landamæri beinast þessar áætlanir ekki einugis að því að bæta umhverfisvernd á Norðurlöndum, heldur einnig og ekki síður að því að hafa áhrif á ákvarðanir á alþjóðlegum vettvangi. Markmiðið er að herða kröfur um umhverfisvernd á heilbrigðum vísindalegum grunni. Ráðherranefndin hefur einnig komið á fót fjármögnunarfélagi á sviði umhverfismála sem sérstaklega er ætlað að sinna áhættuverkefnum í Austur-Evrópu. Félagið tók formlega til starfa í tengslum við fund umhverfisráðherra Norðurlanda og ríkja Austur-Evrópu í lok október sl.

Starfið í evrópskum stöðlunarstofnunum mun á næstu árum skera úr um það hvaða kröfur gera eigi til verndar mönnum og dýrum til þess að hægt sé að selja og kaupa vörur, sem uppfylla slíkar kröfur, hvar sem er. Ráðherranefndin er komin vel á veg með að skipuleggja kerfi sem á að stuðla að sem bestri nýtingu fjármagns og sérþekkingar á Norðurlöndum í því skyni að efla norræn áhrif á niðurstöður þessarar vinnu. Þau svið viðskiptalífsins sem þetta snertir ná m.a. yfir byggingarefni, neytendavernd, vinnuumhverfi og tæki til heilbrigðisþjónustu.

3.2. Áhrif EES-samninga á „Norðurlönd í Evrópu".

Samningar standa nú yfir milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Evrópubandalagsins um Evrópskt efnahagssvæði, og er að því stefnt að það verði að veruleika um leið og innri markaður EB, 1. janúar 1993. Samhliða EES-samningunum heldur hið svokallaða Lúxemborgarferli áfram, en þar fjalla EFTA-löndin og framkvæmdanefnd EB um tillögur og einstök ákvörðunarefni.

Niðurstaða viðræðnanna um EES mun hafa verulega þýðingu fyrir starfið að áætluninni „Norðurlönd í Evrópu". Fari svo að sameiginlegt efnhagssvæði allra EFTA- og EB-ríkja verði komið á laggirnar fyrir árslok 1992 munu mörg þeirra markmiða, sem fram eru sett í framkvæmdaáætluninni, verða að veruleika innan EES og þar með á Norðurlöndum (það á þó ekki við um Færeyjar og Grænland).

Þetta hefur þó ekki það í för með sér að norrænni samvinnu á þessu sviði verði framvegis ofaukið. Það verður að meta í hverju máli fyrir sig. Í mörgum tilfellum er nauðsynlegt að vinna áfram að því að ná árangri á norrænum vettvangi fyrir 1993. Frjálsari fjármagnshreyfingar, samgöngumálin og gagnkvæm viðurkenning á menntun og prófum eru nokkur dæmi þar um. Ýmis atriði sem falla undir innri markað Evrópubandalagsins munu heldur ekki verða tekin með í EES-samning, ef að líkum lætur.

Í mörgum þeim greinum, sem um er fjallað í framkvæmdaáætluninni, munu norrænu ríkin að sjálfsögðu til langframa verða bundin nánari böndum innbyrðis en við önnur EES-ríki. Það á ekki síst við um menningar- og kennslumál og um réttindamál Norðurlandabúa. Í öðrum efnum, þar sem um er að ræða eflingu Norðurlanda inn á við, kann það frá EES-sjónarmiði séð að þjóna mestum tilgangi að þau samræmi afstöðu sína í því skyni að koma til leiðar góðum evrópskum lausnum.

Það er skoðun ráðherranefndarinnar að sú hlið áætlunarinnar, sem snýr að því að hafa áhrif á framvinduna, muni fá aukið vægi í þeirri stöðu þar sem öll norrænu ríkin væru innan sama EES-ramma og þyrftu að taka afstöðu til sömu vandamála og tillagna. Það mun verða mikilvægt verkefni að þróa norræna samráðskerfið í því augnamiði að hafa áhrif á þau verndunarmörk fyrir náttúru og fólk sem eiga að felast í samevrópskum umhverfis-, vinnuumhverfis- og neytendaverndarákvæðum í framtíðinni. Ráðherranefndin hefur þegar góða reynslu af því að efla norrænt samstarf í sambandi við hið evrópska stöðlunarverkefni.

Ráðherranefndin bendir á að formlegt samstarf Norðurlanda geti einnig komið að gagni í samskiptum norrænu ríkjanna við evrópsk ríki utan hins væntanlega EES-svæðis. Á sama hátt og gagnvart EB og EES geti samstarfsvettvangur ráðherranefndarinnar þjónað sem smiðja hugmynda, sjónarmiða og tillagna fyrir Norðurlönd í samskiptum þeirra við ríki í Austur-Evrópu.

3.3. Norðurlönd sem heimamarkaður.

Mörg norræn fyrirtæki líta á Norðurlönd sem sinn heimamarkað vegna nálægðar, áþekkrar lagasetningar og tungumálaskyldleika. Efnahagssamvinna er víðtæk á Norðurlöndum og ráðherranefndin vill efla norrænan heimamarkað og festa hann í sessi með því að ryðja úr vegi hindrunum fyrir frjálsum samskiptum yfir landamærin á öllum sviðum.

Meginmarkmið framkvæmdaáætlunarinnar í efnahagsmálum — Öflugri Norðurlönd — er að bæta skilyrðin til jafnrar hagþróunar á Norðurlöndum. Með hliðsjón af þessu hefur áætlunin að geyma ýmis mikilvæg ákvörðunaratriði sem ætlað er að styrkja Norðurlönd sem heimamarkað. Hugtakinu heimamarkaði hefur að ýmsu leyti verið líkt við innri markað Evrópubandalagsins.

Verði Evrópskt efnahagssvæði að veruleika stendur atvinnulífið á Norðurlöndum frammi fyrir mikilli ögrun, sem felst m.a. í aukinni samkeppni og áframhaldandi aðlögun að nýjum og breyttum aðstæðum. Ráðherranefndin vill efla norræna samvinnu um mótun stefnu í málefnum atvinnulífsins sem styrkir samkeppnisstöðu fyrirtækjanna. Í byggðastefnunni verður að taka tillit til sérstakra aðstæðna sem snerta legu og loftslag í norrænu ríkjunum. Ráðherranefndin hefur á árinu 1990 tekið ákvörðun um nýja samstarfsáætlun á þessu sviði.

Ráðherranefndin leggur áherslu á að losa um þær hömlur sem standa í vegi fyrir frjálsu vöruflæði. Samstarfskerfi sem komið hefur verið á fót hvað tæknilegar viðskiptahindranir varðar hefur skilað góðum árangri. Framkvæmd heimamarkaðsáætlunarinnar verður nú metin eftir þriggja ára reynslu, og í því sambandi mun ráðherranefndin leggja áherslu á gagnkvæma viðurkenningu á vöruprófunum. Í athugun er hvort nota megi hina svokölluðu Cassis de Dijon-reglu á viðlíka hátt á Norðurlöndum og gera á innan Evrópubandalagsins til þess að ryðja úr vegi beinum viðskiptahindrunum. Regla þessi kveður á um að vöru, sem lögum samkvæmt er framleidd eða markaðssett í einu aðildarlandi, megi sömuleiðis dreifa á löglegan hátt í öllum hinum aðildarlöndunum, nema hægt sé að færa sönnur á að með því sé verulegum heilbrigðis- og öryggishagsmunum stefnt í voða.

Ráðherranefndin fæst nú við tillögugerð um einföldun á tollareglum og landamæraeftirliti á Norðurlöndum.

Einnig hvað varðar landbúnaðar- og sjávarafurðir er unnið að því að greina og uppræta sannanlega viðskiptatálma.

Á bygginga- og verktakasviðinu lítur ráðherranefndin á það sem mikilvægasta hlutverk sitt að láta í té vinnu og fjármuni til þess að efla svo sem verða má norræn áhrif á þá fullnaðargerð staðla sem unnið er að á evrópskum vettvangi og tekur sérstaklega mið af reglum Evrópubandalagsins. Þar er um að ræða þær kröfur sem almennt séð eru gerðar til stöðlunar og tæknilegra atriða sem skilyrði fyrir viðurkenningu. Sérstaklega er um þetta rætt í tengslum við opinbera útboðssamninga og vöruöryggi.

Á fjármálasviðinu er þess vænst að hægt verði að koma á frelsi til þess að setja á stofn fyrirtæki og til ótakmarkaðra þjónustuviðskipta gagnvart öllum aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, í París á næstu tveimur árum.

Ráðherranefndin hefur í hyggju að endurbæta reglur um skýrslugerð frá atvinnulífinu um viðskiptatálma. Ætlunin er einnig að endurskoða reglur um meðferð klögumála út af viðskiptahindrunum.

3.4. Norrænn samgöngumarkaður.

Góður og öflugur norrænn samgöngumarkaður er mikilvæg forsenda fyrir samkeppnishæfni norrænna fyrirtækja, en á þróun hans verður einnig að líta í evrópsku samhengi. Norðurlönd vinna saman að því verkefni að hafa áhrif á mótun samevrópskra reglna um þjóðvegaflutninga. Samningar um þetta eiga sér aðallega stað í alþjóðlegum stofnunum eins og ráði evrópskra samgönguráðherra (CEMT), OECD og í Evrópunefnd Sameinuðu þjóðanna um efnahagsmál (ECE). Ísland er ekki formlegur aðili að CEMT.

Samstarfið á vegum ráðherranefndarinnar um umferðaröryggi miðar að samnorrænum lausnum sem geta vísað veginn í umferðaröryggismálum landanna hvers um sig. Fjögur málefni hafa forgang: Of hraður akstur, ölvun undir stýri, ungir vegfarendur og vegfarendur með veika stöðu (hjólreiðamenn, gangandi fólk).

Evrópubandalagið er komið vel á veg með að gefa vöruflutninga um þjóðvegi frjálsa, en ekki hefur miðað verulega í þá átt þegar um er að tefla alþjóðlega fólksflutninga. Tillögur framkvæmdanefndar EB um annað stig í afnámi á samkeppnishömlum í flugsamgöngum eru nú til umfjöllunar. Þær ná yfir taxta, aðgang að mörkuðum, flutningsgetu og samkeppnisreglur. Ekkert hefur enn áunnist í sambandi við flutningakvóta á sjó (cabotage), en á hinn bóginn hafa hömlur á þjónustugreiðslum á þessu sviði að mestu leyti verið afnumdar. Frjáls skipti á þjónustugreiðslum á flutningasviðinu í samræmi við reglur Evrópubandalagsins eru meðal þess sem er á borði samningamanna í viðræðum EFTA og EB um Evrópskt efnahagssvæði. Í flutningamálum er jafnan mikið um tvíhliða samninga. Framkvæmdanefnd Evrópubandalagsins mun nú stefna að því að gera sams konar loftflutningasamninga við öll EFTA-ríkin, en hún útilokar þó ekki að tekið sé tillit til vissra landahópa (SAS) í þeim samningum.

Á árinu 1990 tók gildi samningur um rýmkun á reglum um „þriðjalandsvöruflutninga“ og leiguferðir með áætlunarbifreiðum milli landa. Þá hefur verið tekin stefnumarkandi ákvörðun um að setja kvóta á innanríkisumferð vörubifreiða frá öðru norrænu ríki (cabotage).

3.5. Norrænt menningar- og menntunarsamfélag.

Framkvæmdaáætlun ráðherranefndarinnar um menningarsamstarf setur norræna menningarsamkennd ofarlega á blað sem styrkleikamerki norræns samstarfs á alþjóðavettvangi. Það einkennir almennt menningarsamstarf á Norðurlöndum og gerir það einstætt í sinni röð að það byggir ekki nema að litlu leyti á frumkvæði og atbeina stjórnvalda. Aflvaka menningarsamstarfsins er fyrst og fremst að finna meðal almennings, frjálsra félagasamtaka, listamanna og menningarfrömuða.

Ráðherranefndin lítur á það sem mikilvægt verkefni að búa þessum aðilum það frelsi að þeir megi þróa samstarf sitt, svo að Norðurlönd geti orðið menningarlegur heimamarkaður.

Á árinu 1990 samþykkti ráðherranefndin fimm ára framkvæmdaáætlun um tungumálasamstarf með það að augnamiði að auka gagnkvæma málþekkingu og bæta forsendur Norðurlandabúa til tjáskipta.

Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn hóf starfsemi sína 1990 og er tilgangur hans að styrkja gæðaframleiðslu á sjónvarpsdagskrám og kvikmyndum og efla þannig samkeppnishæfni Norðurlandabúa á þessu sviði bæði inn á við og utan Norðurlanda. Kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn er norrænt mótvægi eða samsvörun við ýmsar nýjungar í fjölmiðlun í Evrópu eins og til að mynda „EUREKA“ á sviði sjónvarps og útvarps og „Media 92“. Ráðherranefndin styrkir samnorræna þátttöku í hinu fyrrnefnda.

Í framkvæmdaáætlun um menningarsamstarf er frjáls aðgangur að framhaldsmenntun og viðurkenning á prófum alls staðar á Norðurlöndum mikilvægt markmið og liður í því að skapa norrænt menntunarbandalag. Ráðherranefndin hefur samþykkt samning um gagnkvæma viðurkenningu Norðurlandanna á starfsmenntun eftir þriggja ára æðra nám, en tilsvarandi samningur er í gildi innan Evrópubandalagsins. Ætlunin er, eins og gert er innan EB, að vinna áfram að gagnkvæmri viðurkenningu á styttri menntabrautum.

Ráðherranefndin vill sömuleiðis auka samstarf um menntun vísindamanna með því að koma á fót samnorrænu styrkjakerfi innan ramma norræns menntunarráðs fyrir vísindamenn.

Tilmæli EB um gagnkvæma viðurkenningu minnst þriggja ára menntunar taka gildi 1991, og framkvæmdanefndin hefur gert tillögur um samsvarandi kerfi fyrir æðri menntun sem aflað er á skemmri tíma en þremur árum. EB eflir fjölmiðlunarsamstarf m.a. með því að undirbúa tilmæli um „sjónvarp án landamæra“ og áðurnefndar „EUREKA“- og „Media“-áætlanir. Í menntamálum eru nemenda-, kennara- og starfsmannaskipti stunduð innan ramma „COMETT II“ (háskólar og fyrirtæki), „ERASMUS“ (nemendur) og „LINGUA“ (málakennsla). Menntamál eru flokkuð undir „tengd“ verkefni í viðræðum EFTA og EB um Evrópskt efnahagssvæði, og EFTA-ríkin hafa lýst áhuga sínum á þátttöku í menntunaráætlun-

um EB. „COMETT“ og „ERASMUS“ hafa þegar verið opnaðar fyrir styrkþegum frá EFTA-ríkjunum. Þau taka auk þess þátt í ýmsum vísindaáætlunum Evrópubandalagsins á grundvelli tvíhliða samninga.

3.6. Réttindi Norðurlandabúa. — Vinnumarkaðsmál.

Eitt helsta markmið norrænnar samvinnu er að hvetja til norrænna samninga og samræmingar á lögum og reglum, þannig að þeir Norðurlandabúar, sem búa, starfa, nema eða eru á annan hátt virkir í öðru norrænu ríki, geti bæði gert það á sömu kjörum og íbúar dvalarlandsins og við aðstæður sem líkjast að verulegu leyti því sem tíðkast í heimalandinu. Lagasamræming á Norðurlöndum byggir á 100 ára gamalli hefð og hefur í tímans rás stuðlað að réttarheild á sviðum sem skipta daglegt líf einstaklinga á Norðurlöndum verulegu máli. Lagasamræmingin snertir meðal annars sifjarétt, viðskiptarétt, framleiðsluábyrgð og sjórétt.

Norræna vegabréfasvæðið tók gildi 1956 með afnámi kröfunnar um landvistarleyfi og vegabréfaskyldu milli norrænu ríkjanna. Samkomulagið um sameiginlegan norrænan vinnumarkað gerir það að verkum að ekki þarf að sækja um atvinnuleyfi þó að höfð séu vistaskipti milli norrænu ríkjanna. Norrænir ríkisborgarar, sem búsettir eru í öðru norrænu ríki en sínu eigin, hafa atkvæðisrétt og eru kjörgengir í sveitarstjórnarkosningum. Á Norðurlöndum eru einnig í gildi reglur sem gera það auðvelt að öðlast ríkisborgararétt í öðru norrænu ríki.

Norræni félagsmálasamningurinn, sem gerður var 1955 og hefur síðan verið endurskoðaður og endurbættur margsinnis, veitir Norðurlandabúum sem dveljast í öðru norrænu ríki sama aðgang að félagsmála- og tryggingakerfinu og íbúum viðkomandi ríkis. Gæðaeftirlit og stöðlun á lyfjum og tækjum til heilbrigðisgeirans eru mikilvæg norræn samstarfsverkefni. Jafnrétti milli kynja er vel á veg komið á Norðurlöndum, en þar má enn bæta um betur, m.a. með tilliti til launajafnréttis og mennta- og starfsmöguleika kvenna.

Norræna félagsmálastefnan (norræna módelið) er víðfeðmt hugtak sem nær til allra íbúa á mismunandi lífsskeiðum og í ólíkum hlutverkum þeirra í þjóðfélaginu. Ráðherranefndin vill halda áfram að efla möguleika og réttindi einstaklinga á öllum sviðum hvar sem þeir dvelja á Norðurlöndum.

Í Evrópubandalaginu er viðurkennt að hin félagslega vídd eigi að fá sama vægi og hin efnahagslega við mótun sameiginlegs evrópsks markaðar. Öfugt við Norðurlönd hefur Evrópubandalagið byrjað á að samræma löggjöf um efnahagsmál en síðan smám saman bætt við félagslegri vídd sem þó hefur hingað til nær eingöngu verið bundin við vinnumarkað og vinnumhverfi. Þó var í árslok 1989 gert stefnumótandi samkomulag um að láta frjálsan búseturétt á Evrópubandalagssvæðinu einnig ná til þeirra sem ekki eru virkir í atvinnulífinu.

Félagsmálayfirlýsingin, sem samþykkt var af 11 EB-löndum í desember 1989, kveður á um réttindi starfsmanna og hefur að geyma ákvarðanir um heilbrigði og öryggi á vinnustöðum. Framkvæmdanefndin hefur látið gera áætlun þar sem hin stefnumarkandi ákvæði yfirlýsingarinnar eru mótuð í formi tillagna um tilteknar aðgerðir.

Einn þáttur, sem er til umfjöllunar í EFTA/EB-samningunum, er ferða- og athafnafrelsi einstaklinga. Hér er fyrst og fremst um að ræða að koma á fót opnum vinnumarkaði sem byggir á því að fólki sé ekki mismunað eftir þjóðerni og gagnkvæm viðurkenning á menntun og hæfni sé við lýði. Hins vegar er ekki búist við fullri samræmingu á félagsmálalöggjöf og menntunarbrautum. Forsendur fyrir afnámi landamæraeftirlits með einstaklingum eru enn ekki fyrir hendi innan EB.

Hér er við hæfi að minna á að á ýmsum sviðum hafa Norðurlöndin nú þegar náð lengra en EB og fyrirhugað samstarf innan EES tekur til. Í því sambandi má nefna afnám vegabréfaskyldu, frjálsan vinnumarkað, gagnkvæm félagsleg réttindi o.fl.

3.7. Umhverfismálastefna.

Stefnan í umhverfismálum er svið sem fá mun forgang í samstarfi á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar á komandi árum. Norrænu ríkin hafa skuldbundið sig til þess með samningum að samræma aðgerðir sínar í umhverfismálum og hafa um margra ára skeið unnið saman að því á alþjóðavettvangi að hvetja til umhverfisverndar á háu stigi.

Í umhverfisáætluninni frá 1989 tekur ráðherranefndin meðal annars mið af skýrslu Brundtland-nefndar Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál og haldbæra efnahagslega þróun, „Sameiginleg framtíð vor", og hefur í samræmi við það viðhaft vinnubrögð sem kalla á samstarf yfir stjórnkerfis- og landamörk.

Á árinu 1990 var samstarfið eflt með samþykkt þriggja nýrra framkvæmdaáætlana sem lagðar voru fram sem ráðherranefndartillögur á síðasta Norðurlandaráðsþingi.

Í framkvæmdaáætlun gegn loftmengun er um að ræða nýmæli sem hafa það að markmiði að styðja við bakið á norrænum fulltrúum í alþjóðasamtökum í samningaviðræðum. Þar er m.a. um að ræða mælingar og mæliaðferðir, líkanaþróun og staðreyndasöfnun ásamt mörkunum á þolgæði náttúrunnar.

Norræna framkvæmdaáætlunin um sorphirðu snýst meðal annars um rannsóknir og þróun á hreinni og umhverfisvænni tæknibúnaði, betri meðferð á sorpi en tíðkast hefur og vaxandi endurvinnslu.

Í áætlun um aðgerðir til þess að stemma stigu við mengun sjávar gerir ráðherranefndin ráð fyrir því að norrænu ríkin hafi um það forgöngu að takmarkanir á mengun sjávar verði hertar enn frekar en gert hefur verið í alþjóðlegum sáttmálum um hafið. Hér er sérstaklega átt við frárennsli frá iðnaði og efnaskol frá landbúnaði og skógrækt til aðliggjandi hafsvæða, einkum Eystrasalts, Norðursjávar, Kattegats og Skageraks.

Norrænu ríkin leggja mikla áherslu á alþjóðleg eftirlitskerfi og gagnasöfnun á sviði umhverfismála. Ráðherranefndin mun láta gera norræna framkvæmdaáætlun um eftirlit með umhverfisgæðum og hefur í hyggju að efla og bæta framlag Norðurlanda á þessu sviði innan vébanda Evrópsku umhverfisstofnunarinnar.

Umhverfissjónarmið móta það starf sem unnið er innan EB við að koma á sameiginlegum innri markaði í ríkum mæli þar sem kveðið er á um að tæknileg samræming og stöðlun eigi að vera háð ströngum umhverfisverndarkröfum. Ákvarðanir Evrópubandalagsins um verndarkröfur leyfa aðildarríkjunum að viðhalda strangari reglum, eða setja nýjar sem ganga lengra, svo fremi þær samræmast EB-réttinum að öðru leyti. Umhverfisstefna EB byggir einnig á uppbótarhugsuninni, þ.e. að bandalagið hefur sig aðeins í frammi í umhverfismálum, þar sem hægt er að ná fram sameiginlegum markmiðum betur á vegum höfuðstöðvanna en heima fyrir í viðkomandi aðildarlöndum.

Í EFTA/EB-samningunum er verulegur áhugi á því að auka samstarfið í umhverfismálum. Öll EFTA-ríkin hafa lýst áhuga á aðild að Evrópsku umhverfisstofnuninni. Í fjölmörgum tilmælum EB sem ætlað er að tryggja frjálst flæði vöru yfir landamærin eru umhverfissjónarmið veigamikil, t.d. hvað varðar merkingu á hættulegum efnum, kröfur um útblástur bíla og löggjöf um tilbúinn áburð og efnanotkun.

3.8. Vinnuverndarstefna.

Löng pólitísk hefð er fyrir því í norrænu ríkjunum að gott og öruggt vinnuumhverfi sé talið mikilvægt málefni. Opinbert eftirlit með vinnustöðum hefur verið við lýði í meira en 100 ár. Starfsemi af þessu tagi er rekin í nánu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins.

Með undirskrift sáttmála um vinnuvernd 24. mars 1990 var samstarf norrænna ríkisstjórna í vinnumarkaðsmálum staðfest enn frekar en verið hefur. Í sáttmálanum er því slegið

föstu að ríkin vilji halda áfram samvinnu um að þróa betra vinnuumhverfi á Norðurlöndum og samræma kröfur og reglur á háu gæðastigi.

Tilgangur samkomulagsins er einnig að stuðla að sameiginlegri norrænni afstöðu til málefna á sviði vinnuverndar sem til umfjöllunar eru í öðrum alþjóðlegum stofnunum, þar á meðal Evrópubandalaginu. Ný samstarfsáætlun hefur verið gerð fyrir árin 1990 til 1993 og eru þar settar fram beinar tillögur í anda samkomulagsins.

Í EB er vinnuvernd snar þáttur í hinni svokölluðu félagslegu vídd. Rammatilmælin, sem samþykkt hafa verið um verndun vinnuumhverfis, eru í góðu samræmi við lagasetningu á Norðurlöndum. Í EB hafa einnig verið samþykkt tilmæli um tilhögun á vinnustað, notkun véla og öryggisbúnaðar fyrir einstaklinga og um vinnu við tölvuskjái. Ýmsar tillögur um tilmæli, t.d. um meðferð þungra hluta, eru enn til umfjöllunar.

Í EB/EFTA-samningunum eru vinnuverndarmál til umræðu í sambandi við kröfur um öryggi sem vörur verða að uppfylla á frjálsum innri markaði. Þau eru einnig hluti af svokölluðum aðliggjandi sviðum, þar sem samkomulag er um að auka og efla samstarfið.

3.9. Neytendamál — matvæli.

Samstarfið í neytendamálum hefur átt hlut að því að í löggjöf norrænu ríkjanna eru sams konar ákvæði um réttindi og hagsmuni neytanda. Það gildir um efnahagslegt öryggi, vörugæði og réttarvernd neytenda. Ráðherranefndin mun af fremsta megni reyna að komast hjá því að þátttakan í evrópska samræmingarferlinu hafi í för með sér lægra verndunarstig á þessu sviði.

Þessum markmiðum er meðal annars reynt að ná með samnorrænu átaki í stöðlunarstarfinu, en þar er m.a. fjallað um leikföng, hættulegar vörueftirlíkingar og flotvesti. Þá hefur verið veitt fé til norrænnar þátttöku í því stefnumótandi starfi sem unnið er á vegum neytendanefndar ISO. Í stöðlunarmálunum hefur verið efnt til samstarfs við evrópsku neytendasamtökin.

Árið 1989 ákvað norræna ráðherranefndin að innleiða norræna umhverfismerkingu á vörum með frjálsri þátttöku, en það hefur í för með sér sameiginlegt norrænt merki, samræmdar reglur um merkingu og norræna stjórnarnefnd.

Óskin um að viðhalda háu verndunarstigi er einnig ráðandi viðhorf í starfinu á matvælasviðinu. Hér um að ræða heilsufarslega þætti, eftirlitskerfi og reglur um merkingar. Ýmsar tillögur liggja fyrir um samræmingu á matvælalöggjöf norrænu ríkjanna og í því sambandi mun ráðherranefndin freista þess að nálgast markmiðið um gagnkvæma viðurkenningur á matvælaeftirliti landanna. Með því mætti einfalda enn frekar eða afnema landamæraeftirlit með matvælum milli norrænu ríkjanna.

Neytendavernd hefur á síðari árum fengið aukið vægi í löggjöf Evrópubandalagsins og er nú höfð sem viðmiðun í öllum nýjum réttarskjölum sem lögð eru fram til samþykktar. Ný tilmæli um almenna vöruvöndun munu treysta verulega grundvöll til aukinnar vöruverndar, þegar þau verða samþykkt. Þeim er ætlað að koma til viðbótar fyrri tilmælum um ábyrgð framleiðenda á vöru sinni.

EB-ráðið hefur þegar samþykkt meginhluta lagatilmæla vegna innri markaðarins á matvælasviðinu. Þess vegna má gera ráð fyrir að ekki verði um frekari sameiginlega lagasetningu að ræða, heldur verði frjálst vöruflæði á þessu sviði aðallega tryggt með því að beita Cassis de Dijon-reglunni í auknum mæli. Hindrunarlaus verslun með matvæli, þar með talin beiting Cassis de Dijon-reglunnar, er liður í þeim samþykktagrundvelli — acquis communautaire — sem EFTA/EB-viðræðurnar byggja á. Neytendavernd er eitt af þeim 12 aðliggjandi sviðum sem afmörkuð hafa verið sem framtíðarverkefni í vaxandi samstarfi.

3.10. Upplýsingar til Evrópu.

Ráðherranefndin mun auka kynningu sína á norrænu samstarfi í Evrópu. Lögð verður áhersla á að kynna þá þætti norræns samstarfs, þar sem Norðurlandabúar hafa verið hvað

metnaðarfyllstir og skarað fram úr öðrum, svo sem vernd ytra umhverfis og vinnuumhverfis, vinnumarkaðs- og félagsmálastefna (norræna módelið) og samstarf á menningar- og menntamálasviði. Fleiri þættir norræns samstarfs verða að sjálfsögðu kynntir, svo og hið sérstaka eðli og uppbygging norræns samstarfs sem gerir því kleift að þróast áfram samhliða samstarfi á öðrum vettvangi, t.d. innan EFTA og EB.

Markhóparnir eru afmarkaðir við blaðamenn og ráðamenn í stjórnarstofnunum, samtökum og í atvinnulífi sem boðið verður að heimsækja Norðurlönd og norrænu ráðherranefndina. Þá er ætlunin að halda námsstefnur og ráðstefnur á Norðurlöndum með þátttöku fólks frá evrópskum mennta-, fjölmiðla- og stjórnarstofnunum. Einnig er það haft í huga að senda norræna embættis- og stjórnmálamenn á ráðstefnur og aðrar samkomur í Evrópu, þar sem tækifæri gefst til þess að kynna norrænt samstarf.

3.11. Norðurlönd og Austur-Evrópa.

Eins og fram kemur í skýrslu Jóns Baldvins Hannibalssonar utanríkisráðherra til Alþingis haustið 1990 áttu sér stað afgerandi umskipti í Evrópu og umbylting í alþjóðamálum á árinu 1989 og framan af ári 1990. Hrun kommúnismans bar að með skjótari hætti í ríkjum Mið- og Austur- Evrópu en nokkur átti von á. Þýsku ríkin tvö sameinuðust og vonir glæddust um nýja skipan friðar og stöðugleika í álfunni. Þessi nýju viðhorf glæddu vonir Eystrasaltsþjóðanna, Eistlendinga, Letta og Litáa, um að fullveldi og efnahagslegt sjálfsforræði væru í augsýn.

Umræddar breytingar mörkuðu djúp spor og kölluðu á skjót viðbrögð í Norðurlandasamstarfinu. Á vegum ráðherranefndarinnar var lögð mikil vinna í það á árinu 1990 að móta stefnu varðandi Austur-Evrópu og ákveða aðgerðir til stuðnings jákvæðri lýðræðis-, stjórnmála- og efnahagsþróun. Aðstoð við Eystrasaltsþjóðirnar var því talið nærtækasta og brýnasta viðfangsefni Norðurlanda í þessu uppbyggingarstarfi.

Nú hefur Rauði herinn beitt hervaldi og orðið valdur að blóðsúthellingum í Litáen og Lettlandi. Svo virðist sem ætlunin sé að loka þeirri sjálfstæðisbraut sem Eystrasaltsþjóðirnar hafa fetað síðustu missiri. Viðbrögð Vesturlanda geta haft úrslitaáhrif á það hvort tekst að tryggja Eistlendingum, Lettum og Litáum greiða leið til sjálfstæðis.

Á vegum norrænu ráðherranefndarinnar verður sú framkvæmdaáætlun vegna Eystrasaltslandanna og Austur-Evrópu, sem samþykkt var af samstarfsráðherrunum 9. október 1990, vafalítið tekin til endurmats á næstunni vegna hinna hryggilegu atburða sem hafa átt sér stað í Eystrasaltsríkjunum á síðustu vikum. Ekki er heldur að efa að vandi Eystrasaltsþjóðanna verður eitt helst umræðuefni 39. þings Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn.

Þau verkefni, sem ákveðið var að ráðast í af hálfu ráðherranefndarinnar, spönnuðu yfir vítt svið. Ætlunin var að opna upplýsingaskrifstofur í Tallin, Rigu og Vilnius og hafa þegar verið ráðnir forstöðumenn upplýsingaskrifstofanna. Fyrsta upplýsingaskrifstofan var opnuð í Tallin 30. f.m. Ráðherranefndin ákvað einnig að verja u.þ.b. 5 milljónum danskra króna í framlög til nýrra samstarfsverkefna handan Eystrasalts, á Kolaskaga, í Kirjálabotnum og annars staðar í Austur-Evrópu. Þá var sett á stofn nýtt styrkjakerfi sem á að gera fjölda námsmanna, vísindamanna og starfsmanna fyrirtækja kleift að koma til námsdvalar og starfsþjálfunar á Norðurlöndum. Verið er að undirbúa norræna vísindaáætlun um umhverfisrannsóknir í Eystrasaltslöndunum og samstarf við þarlenda vísindamenn og stofnanir. Einnig var ráðgert að gera ítarlega könnun á möguleikum Norðurlanda til þess að aðstoða Eystrasaltslöndin við að fjármagna fjárfestingar í samgöngukerfum, þróun markaðsbúskapar, utanríkisverslun og umhverfisvernd.

Öll þessi framkvæmdaáætlun vegna Eystrasaltslandanna kann nú að lenda í uppnámi vegna íhlutunar sovéskra hernaðaryfirvalda í Vilnius og Rigu. Þótt líklegt sé að áætlunin kunni því miður að raskast eða tefjast er hún fróðlegur vitnisburður um þá miklu möguleika sem felast í samstarfi Eystrasaltsríkjanna þriggja og Norðurlanda.

3.12. Framkvæmdaáætlun vegna Eystrasaltslandanna og Austur-Evrópu.

I. KAFLI
Aðdragandi.

1. Almenn sjónarmið.

Viðfangsefnið Norðurlönd í Evrópu er eitt þeirra verkefna á vegum norrænu ráðherranefndarinnar sem hafa mun hvað mestan forgang næstu árin. Í upphafi snerist það í höfuðdráttum um að hagnýta það atgervi sem bundið er í norrænu samstarfi til stuðnings ríkjunum við þátttöku í þeirri samrunaþróun sem á sér stað í Vestur-Evrópu og hefur Evrópubandalagið og EFTA/EB-samstarfið að þungamiðju.

Umskiptin í Austur-Evrópu hafa víkkað út samvinnu- og samskiptamöguleika í álfunni allri — í pólitískum skilningi er um að ræða víkkun á sjálfu Evrópuhugtakinu — og við þessum umskiptum verður einnig norræn samvinna að bregðast.

Norræna ráðherranefndin hafði frumkvæði að því í janúar 1990 að koma hinni austur-evrópsku vídd með kerfisbundnum hætti inn í störf á vegum hennar. Samstarfsráðherrarnir hvöttu allar embættismannanefndir til þess að bera saman bækur sínar um samstarfið við Austur-Evrópu og gera auk þess grein fyrir verkefnum sem þegar væru hafin eða gætu komið til greina í náinni framtíð og mundu geta rennt stoðum undir þróunina í Austur-Evrópu, sérstaklega í næsta nágrenni Norðurlanda.

Með þessu var bæði verið að koma á reglulegu samráði á vettvangi ráðherranefndarinnar og söfnun á tillögum sem gætu lagt drög að norrænni framkvæmdaáætlun hvað Austur-Evrópu áhrærði.

Ráðherranefndin lét enn fremur í janúarmánuði 1990 hefja könnun á forsendum fyrir því að koma á fót norrænum menningar- og upplýsingaskrifstofum í höfuðborgum Eistlands, Lettlands og Litáens. Skýrsla um niðurstöður könnunarinnar lá fyrir í ágúst 1990 („Norden og Baltikum" eftir Mary Dau lektor).

Á Eystrasaltsráðstefnuninni, sem haldin var í Ronneby í Svíþjóð 2.–3. september 1990, var samþykkt framkvæmdaáætlun með það að leiðarljósi að koma á heilbrigðu jafnvægi í Eystrasalti. Hópi háttsettra embættismanna, „task force", var falið að leggja fram fyrir árslok 1991 tillögur að sameiginlegri áætlun um að draga verulega úr mengun Eystrasalts.

Fyrirliggjandi eru enn fremur áætlanir um að auka samstarf milli norrænu landanna annars vegar og Eystrasaltslandanna og annarra Austur-Evrópulanda hins vegar á sviði eftirlits með umhverfisgæðum og skiptast á gögnum um umhverfismál. Spurningin um nánari samvinnu í þessum greinum var til nánari umfjöllunar á alþjóðlegri ráðstefnu umhverfisráðherra sem haldin var í Helsingfors 29.–30. október 1990.

Í þessu sambandi er þess að vænta að tillögur verði gerðar um stórfelldar fjárfestingar í verkefnum sem miða að því að hreinsa Eystrasalt. Með víðtæku átaki í umhverfisrannsóknum á svæðinu mætti stuðla að því að magna áhrif slíkra fjárfestinga.

Í Norðurlandaráði hafa verið lagðar fram ýmsar þingmannatillögur um aukna samvinnu við Austur-Evrópuríki á samnorrænum grunni, einkum á sviðum sem snerta umhverfi, menningu, menntun og lýðræðislega þjóðfélagsgerð. Í erindi frá forsætisnefnd Norðurlandaráðs 28. ágúst 1990 er þeirri hvatningu frá efnahagsnefnd ráðsins komið á framfæri að gerð verði skyndikönnun á því hvort kleift sé að Norðurlönd leggi hönd á plóginn við fjárfestingar í Eystrasaltslöndunum.

Bæði Norræna verkalýðssambandið (NFS) og Samband sænskra iðnrekenda hafa snúið sér til ráðherranefndarinnar með hvatningu um norræna aðstoð við að koma á efnahagssamvinnu við Eystrasaltslöndin þrjú.

Í tengslum við fjölmarga fundi og heimsóknir á árinu 1990 hafa þátttakendur frá Austur-Evrópu látið í ljósi áhuga á samstarfi við Norðurlönd. Skýrslan „Norðurlönd og Eystrasaltslöndin" og fjöldi erinda, sem ráðherranefndinni hefur borist frá fulltrúum Eystrasaltslandanna, draga upp skýra mynd af því hve þunga áherslu einmitt þessar þjóðir leggja á Norðurlönd sem samstarfsaðila.

2. *Alþjóðlegur aðdragandi. Stuðningur Vesturlanda við umbótaþróunina í Austur-Evrópu.*

Þau pólitísku umskipti, sem orðið hafa í Austur-Evrópu, hafa gefið tilefni til víðtækra stuðningsaðgerða af hálfu OECD-ríkjanna. Þar hefur að nokkru verið um það að ræða að ýta undir pólitíska lýðræðisþróun og að hluta til að auðvelda umbætur, sem miða að markaðsbúskap, og loks að sjá svo um að nauðsynlegar efnahagslegur grundvöllur sé fyrir hendi til þess að unnt reynist að viðhalda þjóðfélagslegum stöðugleika meðan umbreytingin gengur yfir.

Viðleitni OECD-ríkjanna er samhæfð innan ramma hins svokallaða G-24-samstarfs sem er stjórnað af framkvæmdanefnd Evrópubandalagsins. Fyrir utan umfangsmiklar áætlanir einstakra landa er hér um að tefla áætlun Evrópubandalagsins sjálfs og ýmis tilvik, þar sem gangskör hefur verið gerð að alþjóðlegum fjármagnsyfirfærslum. Hið síðastnefnda snýst fyrst og fremst um veruleg lán til Póllands og Ungverjalands, þar sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Evrópski endurreisnar- og þróunarbankinn (EBRD) hafa komið til skjalanna. Lánunum er einkum ætlað að standa undir fjárfestingu einkaaðila og ýmsum áætlunum um samgöngu-, samskipta- og veitukerfi. Aðgerðir þessar hafa frá byrjun verið einskorðaðar við tvö áðurnefnd lönd, en það ríkir í grundvallaratriðum einhugur um að láta þær einnig ná til Tékkóslóvakíu, Búlgaríu og Júgóslavíu.

Enn um sinn er litið á Sovétríkin sem sérstakt tilfelli, „sui generis", en bæði Evrópska ráðið (leiðtogaráð EB-ríkjanna) og fundur æðstu manna um efnahagsmál heimsins áttu frumkvæði að athugunum á því sumarið 1990 hvort unnt mundi reynast að ná breiðri samstöðu um aðstoð Vesturlanda við umbætur í Sovétríkjunum.

Fjárhagslegur stuðningur við allmörg afmörkuð verkefni, fyrst um sinn sérstaklega í Póllandi og Ungverjalandi, er meðal þess sem felst í eigin áætlunum Evrópubandalagsins sem einnig ná til matvælaaðstoðar, námsmanna- og vísindamannaskipta („Tempus"- áætlunin) og gera ráð fyrir nýrri starfsmenntunarstofnun í þágu Austur-Evrópu. EB hefur enn fremur gert nýja svokallaða „fyrstu-kynslóðar" viðskipta- og samvinnusamninga við Austur- Evrópulöndin (fyrir utan Rúmeníu) og hefur uppi áform um víðtækari aukaaðildarsamninga („Evrópusamninga").

EFTA er sömuleiðis að renna styrkari stoðum undir samstarfið við Austur-Evrópu. Í fyrstu lotu gerist það í formi sameiginlegra yfirlýsinga um aukin samskipti á sviði m.a. verslunar, tæknifræði, flutninga og umhverfismála (þrjár fyrstu yfirlýsingarnar með Pólverjum, Ungverjum og Tékkóslóvökum voru undirritaðar í júní 1990). Þær hafa að geyma þróunarákvæði sem síðar geta leitt til umfangsmeiri fríverslunarsamninga. Samningar um þetta efni hefjast haustið 1990.

Önnur alþjóðleg samtök hafa einnig með vaxandi þrótti aukið samstarfsumsvif sín við lönd Austur-Evrópu, hver á sínum vettvangi, þar á meðal OECD, Evrópuráðið og ECE. Það er svo til skoðunar á vettvangi RÖSE-framvindunnar hvort stofnanabinda eigi efnahagssamvinnuna innan þeirra vébanda. Meðal annars hefur verið lagt til að samevrópsk umhverfismálastofnun verði undir þeim hatti.

Norrænu ríkin hafa hvert um sig varið talsverðum fjármunum til samstarfs- og þróunarverkefna í Austur-Evrópu, m.a. til verkefna- og fjárfestingaaðstoðar og til kennsluáætlana. Þau norrænu nývirki, sem gerð er tillaga um í þessari framkvæmdaáætlun, eiga ekki að koma ofan í áætlanir og verkefni einstakra ríkja, heldur vera viðbót við þau á afmörkuðum sviðum.

3. Sérstök viðhorf vegna samnorræns átaks.

Það er sameiginlegt norrænt hagsmunamál að styðja og þróa sérstaklega næsta landfræðilega nágrenni Norðurlanda við Eystrasalt og á vissum svæðum í Sovétríkjunum. Þetta eru svæði sem draga kannski ekki til sín teljandi athygli séð út frá evrópskri heildarsýn. Það er sjálfsagt ekki tilviljun að Eystrasaltslöndin snúa sér einmitt til Norðurlanda þar sem þau finna bæði til sögulegrar og menningarlegrar samkenndar og vænta sér skilnings og atfylgis.

Fyrir utan það að efla lýðræðisþróun hið næsta sér, þá eru það hagsmunir Norðurlanda að auka samstarf við grannsvæðin vegna þess að í húfi eru mengunarvarnir og önnur náttúru- og auðlindavernd, til að mynda viðgangur sjávarútvegs. Það er einnig samnorrænt hagsmunamál að leggja eitthvað af mörkum til þess að viðskipta- og efnahagslíf megi blómgast á grannsvæðunum. Aukin menningarsamvinna er sömuleiðis norrænt áhugamál.

Að slepptum beinum fjárstuðningi hafa Austur-Evrópuríkin það efst á óskalistanum yfir samstarfið við Vestur-Evrópu að ýmiss konar þekkingu, í víðum skilningi þess orðs, verði miðlað til þeirra. Þessum óskum er hægt að mæta með skipti-, styrkja- og starfsþjálfunaráætlunum, námsstefnum og samskiptanetum, gistikennurum/leiðbeinendum, upplýsingaefni o.s.frv. Norrænu ríkin hafa hvert um sig bryddað upp á ýmsum nýjungum í þessum efnum.

Samnorrænar áætlanir, sem koma til viðbótar framlögum einstakra ríkja, sérstaklega á sviðum þar sem norrænt samstarf hefur áunnið sér sterka stöðu, geta á hinn bóginn aukið framboð á menntunartækifærum og haft í för með sér sparnað við stjórnun, með því að hagnýta norræn samskiptanet og stofnanir sem fyrir hendi eru.

Norðurlönd samanstanda af smáum ríkjum sem einkennast af sterkri lýðræðishefð og háþróuðu félagslegu kerfi. Efnahagsgeta þeirra er umtalsverð, og í augum Austur-Evrópuríkja, þar sem Eystrsaltsríkin og ýmis önnur eru tiltölulega smá, eru norrænu ríkin jafngildir samstarfsaðilar sem þar að auki búa að þjóðfélagsgerð er á margan máta þykir eftirbreytniverð.

Norrænt samstarf kallar á sérstaka athygli í tengslum við þá viðleitni í samtímanum að þróa víðs vegar svæðisbundna samstarfsskipan vegna þess að það tekur til fjölmargra þátta um leið og það er á ýmsan hátt óformlegt. Þar skilur á milli þess og flestra annarra alþjóðlegra samtaka.

Áhugann á norræna þjóðfélags- og samstarfsmódelinu má í sjálfu sér telja til kosta sem hægt er að byggja á í samnorrænu samstarfsátaki gagnvart Austur-Evrópu. Í þessu sambandi er rétt að taka eftir þeirri áherslu sem nú er lögð á að efla Eystrasaltsráðið sem svæðisbundna samstarfsstofnun og huga að möguleikum Norðurlanda til að leggja eitthvað af mörkum.

Utanríkisráðherrar Norðurlanda staðfestu á fundi sínum í Molde 11.–12. september 1990 ósk norrænu ríkjanna um að auka samstarfið umhverfis Eystrasaltið, bæði á vettvangi svæðisins sem heildar og með tvíhliða aðgerðum. Þeir ræddu tilgreinda möguleika á að efla samskiptin við Eystrasaltslöndin og fögnuðu ákvörðun Norrænu ráðherranefndarinnar um að leggja fram framkvæmdaáætlun um norrænt samstarf við Eystrasaltslöndin.

4. Norræn aðstoðarform.

Norræna ráðherranefndin hefur á árinu 1990 tekið ákvarðanir um norræn aðstoðarform á sviði umhverfis- og fjárfestingarlána til hagsbóta fyrir Austur-Evrópu.

Hið norræna fjárfestingarfélag fyrir umhverfisverndarverkefni, NEFCO, sem stjórnað er í samvinnu við Norræna fjárfestingarbankann (NIB), hóf starfsemi sína í október 1990. Félagið, sem hefur 36 milljónir SDR sem stofnfjármagn, á að fjármagna sameiginleg áhættufyrirtæki, „joint ventures“, og áþekk norræn verkefni á sviði umhverfisverndar í Mið- og Austur-Evrópu.

Frá og með 1. janúar 1990 verða lánamörk PIL-lánaflokks NIB (fjárfestingarlán til norrænna verkefna) hækkuð úr 700 í 1.000 milljónir SDR. Innan ramma þessa lánaflokks

getur NIB veitt lán til verkefna, þar sem um er að tefla norræna hagsmuni í þróunar- og ríkisverslunarlöndum. Norræna ráðherranefndin hefur veitt 27,5 milljónir DKK til Norræna verkefnisútflutningssjóðsins (NoPEF) fyrir árin 1990–1992 og skal þeim fjármunum varið til umhverfisverkefna, sérstaklega í Austur-Evrópu.

II. KAFLI

Afmörkuð verkefni.

1. Norrænt styrkjakerfi vegna menntunarsamstarfs milli Norðurlanda og Eystrasaltslandanna.

Norræna ráðherranefndin setur á stofn styrkjakerfi til þess að efla samskipti milli Norðurlanda og Eystrsaltslandanna. Með tilkomu þess verður hægt að veita umsækjendum frá Eystrasaltslöndunum styrki til náms- og starfsþjálfunardvalar á Norðurlöndum.

Stefnt verður að því að hefja styrkveitingar svo fljótt sem auðið er og miðað við 5 milljóna danskra króna fjárhagsramma fyrir 1990–1991.

Hægt verður að veita styrkina til námsdvalar á ýmsum stigum menntakerfisins, en nám á háskólastigi og starfsþjálfun hefur þó forgang.

Styrkirnir eru að öðru jöfnu veittir til sex mánaða dvalar. Í sérstökum tilfellum er hægt að láta styrkveitinguna ná til heils skólaárs.

Þeir sem sótt geta um styrkina eru:

i. námsmenn, kennarar, vísindamenn og starfsmenn fyrirtækja og samtaka í Eystrasaltslöndunum,
ii. menntastofnanir, samtök og fyrirtæki í Eystrasaltslöndunum sem eru þess fýsandi að senda námsfólk, kennara, vísindamenn eða starfsmenn til námsdvalar einhvers staðar á Norðurlöndum,
iii. menntastofnanir, samtök og fyrirtæki á Norðurlöndum sem hafa hug á að taka á móti námsfólki, kennurum, vísindamönnum eða starfsmönnum frá Eystrasaltslöndunum.

Norrænu upplýsingaskrifstofurnar í Eystrasaltslöndunum geta aðstoðað við að koma umsóknum og skilaboðum um áhuga á móttöku styrkþega á framfæri, sbr. 1. lið II. kafla.

Það er mikilvægt að styrkþegar frá Eystrasaltslöndunum séu vel í stakk búnir til þess að nýta sér dvölina á Norðurlöndum. Þess vegna er gert ráð fyrir að hægt sé að veita fé til nauðsynlegrar málaþjálfunar og námsefnis þar að lútandi, einnig til þess að koma á námskeiðum, námskynningum og öðru þess háttar. Málakennslan getur átt sér stað á Norðurlöndum eða með því að efnt verði til kennslu í Eystrasaltsríkjunum.

Styrkjakerfinu verður stýrt af Norrænu ráðherranefndinni (menningar- og kennsludeild), embættismannanefnd hennar (EK- KULTUR), ásamt tilheyrandi stofnunum menningarsáttmálans sem munu fá það verkefni að marka stefnuna varðandi nánari áætlunargerð og framkvæmd styrkveitinganna, þar með talin fjárhæð styrkjanna.

Við veitingu styrkja og annarrar aðstoðar verður leitast við að gæta sanngjarnrar skiptingar milli Eystrasaltslandanna og milli stofnana og annarra aðila sem taka á móti styrkþegum á Norðurlöndum.

Vinna ber að því að gagnkvæmni ríki í þessu kerfi, þannig að Norðurlandabúum gefist einnig kostur á námsdvöl í Eystrasaltslöndunum.

Úttekt verður gerð á styrkveitingunum eftir tveggja ára starfsemi og er þá hugsanlegt að styrkjakerfið verði endurskoðað.

2. Norrænar upplýsingaskrifstofur í Tallin, Riga og Vilnius.

Norræna ráðherranefndin kemur á fót norrænum upplýsingaskrifstofum í höfuðborgum Eystrasaltslandanna þriggja.

Upplýsingaskrifstofurnar skulu hefja starfsemi svo fljótt sem hægt er að koma því við.

Ráðherranefndin ver 4,5 milljónum d.kr. 1990 og 1991 til þess að stofnsetja og reka skrifstofurnar.

Hlutverk skrifstofanna er að vera miðstöðvar fyrir streymi upplýsinga milli Eystrasaltslanda og Norðurlanda og sjá um heimilda- og miðlunarstarfsemi af ýmsu tagi, auk þess að veita aðstoð við lausn daglegra samskiptamála.

Upplýsingaskrifstofurnar þurfa að hafa yfir að ráða starfsaðstöðu sem gerir eftirsóknarvert að heimsækja þær. Það gerir kröfu til:

skrifstofuaðstöðu þar sem hraðvirkt og hagkvæmt samband er við Norðurlönd,

starfsfólks sem vegna málakunnáttu og málefnaþekkingar ræður við það að koma á umræðu milli Norðurlandabúa og íbúa viðkomandi Eystrasaltslands,

umfangsmikils nýs upplýsingaefnis, um Norðurlönd, norræna samvinnu og norrænu ríkin, prentað og á myndböndum, varðandi þjóðfélagsaðstæður, menntabrautir, menningu, ferðamál o.s.frv.

safns af fagur- og fagbókmenntum (á norrænum málum og í þýðingu),

vitneskju, samskiptanets og upplýsinga- og umsóknarefniviðar og annars þess sem getur gert skrifstofunni kleift að vera skilvirk miðlunarstofnun fyrir námsdvöl, styrki, skipti á sviði menningar og alþýðufræðslu, og fyrir samskipti milli almannahreyfinga af ýmsu tagi,

möguleika til að tengjast, í samvinnu við yfirvöld á staðnum og norræn yfirvöld, inn á svið efnahags- og atvinnulífsmála.

Upplýsingaskrifstofurnar eiga að gæta þess sérstaklega í störfum sínum að koma á samskiptum milli norrænna stofnana/samstarfsnefnda og samsvarandi stofnana í dvalarlandinu, auk þess sem þeim ber að vera ráðherranefndinni innan handar við daglega framkvæmd styrkjakerfisins vegna Eystrasaltsríkjanna, sbr. 1. lið II. kafla.

Upplýsingaskrifstofunum er þröngur stakkur sniðinn í upphafi starfseminnar. Með tilliti til þarfarinnar á því að þær nái sem fyrst að starfa í sem víðtækustum tengslum er nauðsynlegt að þær hafi náið samstarf við þær stofnanir sem norrænu ríkin hafa þegar sett á laggirnar í Eystrasaltslöndunum eða hyggjast gera á næstunni.

Þær stofnanir, sem þegar eru fyrir hendi, eru sem hér segir:

Í **Tallin** eru finnskt og sænskt útibú frá viðkomandi aðalræðismannsskrifstofum í Leningrad, eistneskur fulltrúi útflutningsráðs Svíþjóðar, sænskur upplýsingafulltrúi, sem verið er að ráða, og áform eru uppi um finnska menningarmiðstöð. Við háskólann í Tartu eru auk þess starfandi finnskur og sænskur lektor.

Í **Riga** er sænskt útibú frá aðalræðismannsskrifstofunni í Leningrad, sænskur lektor og dönsk menningarstofnun. Útflutningsráð Danmerkur hefur ákveðið að senda þangað verslunarráðgjafa. Finnland ráðgerir að koma á fót útibúi frá aðalræðismannsskrifstofunni í Leningrad og senda þangað lektor.

Í **Vilnius** hafa Svíar í huga að koma á fót upplýsingamiðstöð og sænskur lektor hefur þegar verið útnefndur.

Ráðherranefndin felur framkvæmdastjóranum það verkefni að stýra frekari áætlunargerð og að koma upplýsingaskrifstofunum á laggirnar. Framkvæmdastjórinn hefur samráð um þetta við stjórnarnefnd menningarupplýsinga erlendis.

Upplýsingaskrifstofurnar verða teknar til endurmats eftir tveggja ára starfsemi.

3. Samstarfsverkefni með Eystrasaltslöndunum og Austur-Evrópu innan ramma norrænnar samvinnu.

Ráðherranefndin ráðstafar 4,8 milljónum d.kr. á árunum 1990 og 1991 til nýrra samstarfsverkefna í Eystrasaltslöndunum, á öðrum grannsvæðum Norðurlanda í Sovétríkjunum og annars staðar í Austur-Evrópu. Ákvarðanir um skiptingu þessa fjár verða teknar með þeim sömu skilmálum og gilda um varasjóð ráðherranefndarinnar.

Norrænar stofnanir og embættismannanefndir hafa þegar raðað í forgangsröð ýmsum verkefnum innan gildandi fjárhagsramma áranna 1990, 1991 og 1992, svo sem samstarfsverkefnum, námsstefnum og skólaskiptum o.fl. Ráðherranefndin leggur áherslu á að reynt verði að standa við þessi áform eins og framast eru föng á innan fjárhagsmarkanna.

Frá stofnunum og embættismannanefndum eru einnig fyrirliggjandi óskalistar um frekari umsvif, en ekki er hægt að verða við þeim óskum nema til komi aukafjárveitingar.

III. KAFLI

Áform sem eru til umfjöllunar.

1. Samstarf um umhverfisrannsóknir á Eystrasaltssvæðinu.

Norræna ráðherranefndin vill hvetja til samstarfs um umhverfisrannsóknir á Eystrasaltssvæðinu. Í því sambandi er ætlunin að kanna möguleika á og þörf fyrir að koma á samstarfi í mynd m.a. námskeiða fyrir vísindamenn, vinnufunda, vísindaverkefna, og gisti- og skiptikerfa fyrir vísindamenn.

Þess er vænst að tillaga um norræna vísindaáætlun á sviði umhverfisrannsókna verði lögð fyrir ráðherranefndina í árslok 1990. Tillagan mun m.a. ná til samstarfs við vísindastofnanir á grannsvæðum Norðurlanda umhverfis Eystrasalt.

Gert er ráð fyrir að þetta samstarf verði skipulagt í samvinnu áætlunarnefndar umhverfisrannsókna, sem heyrir undir ráðherranefndina, og þeirra aðila sem málið snertir í Eystrasaltslöndunum.

Samstarfið mun hefjast á árinu 1991 og miðast við fimm ára tímabil.

2. Fjárútvegun til fjárfestinga í Eystrasaltslöndunum.

Eystrasaltslöndin hafa á árinu 1990 fengið aukið efnahagslegt sjálfstæði sem meðal annars hefur fært þeim vissan rétt til þess að ráðstafa eigin gjaldeyristekjum. Uppstokkun efnahagslífsins og þróun svæðisins í átt til markaðsbúskapar kallar á komandi árum á verulegar fjárfestingar og tækniinnflutning.

Samtímis hafa möguleikar Eystrasaltslandannna til fjárfestinga með vestrænum gjaldeyri verið skertir stórlega, þar eð sú heimild sem þau höfðu áður til þess að taka gjaldeyrislán hjá Utanríkisverslunarbanka Sovétríkjanna hefur í reynd verið afnumin. Það eru ekki fyrirliggjandi afmörkuð áform um meiri háttar stuðningsaðgerðir við Eystrsaltsríkin af hálfu Vesturlanda. Lán, sem Evrópski endurreisnar- og þróunarbankinn (EBRD) kann að veita Sovétríkjunum í náinni framtíð, munu varla verða látin koma Eystrasaltslöndunum til góða.

PIL-flokkur Norræna fjárfestingarbankans mun enn um sinn ekki geta komið að notum í Eystrasaltslöndunum vegna þess að þau uppfylla ekki skilyrði um lánshæfni. Af þeim samnorrænu fjármögnunarflokkum, sem þegar eru fyrir hendi, er það aðeins NEFCO sem að vissu marki getur lagt fram áhættufjármagn í samstarfsfyrirtæki, „joint ventures", á sviði umhverfisverndar í Eystrasaltslöndunum. Í tvíhliða samningum hafa Danir með IÖ-sjóðnum og Svíar með BITS skapað vissa, en þó takmarkaða, möguleika á að fjármagna „joint ventures", aðallega hvað menntunarsamstarf áhrærir.

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs hefur í bréfi frá 28. ágúst 1990 hvatt norrænu ráðherranefndina til þess að gera skyndikönnun á því hvort unnt sé fyrir Norðurlöndin að veita stuðning til þess að fjármagna fjárfestingar í samgöngukerfum, þróun markaðsbúskapar, utanríkisverslun og umhverfisvernd í Eystrasaltslöndunum, sbr. einnig erindi frá NFS og Sambandi sænskra iðnrekenda.

Könnun af þessu tagi gæti lagt grundvöll að umfjöllun á vegum ráðherranefndarinnar um aðstoð við þróun Eystrasaltslandanna í átt til markaðsbúskapar. Hún gæti spannað yfir skráningu á fjárfestingaráætlunum landanna og möguleikum þeirra til þess að standa undir

þeim, svo og til mats á þörfinni fyrir viðbótaryfirfærslu á þekkingu og tæknikunnáttu í tenglsum við fjárfestingar- og samstarfsmöguleika við norrænu ríkin. Hún gæti einnig falið í sér mat á möguleikum til þess að auka forgang Eystrasaltsverkefna við úthlutun samkvæmt þeim fjármögnunarflokkum sem fyrir eru á norrænum vettvangi.

Spurningin um slíka könnun var til umfjöllunar á sameiginlegum fundi samstarfsráðherra og fjármálaráðherra Norðurlanda sem haldinn var um miðjan nóvember 1990.

IV. KAFLI

Fjármögnun.

Norræna ráðherranefndin hrindir hinum afmörkuðu áformum framkvæmdaáætlunarinnar af stað svo fljótt sem verða má.

Fjárlög ráðherranefndarinnar fyrir árið 1990 og fjárlagatillögur ársins 1991 gera ekki ráð fyrir sérstökum framlögum til samstarfsumsvifa gagnvart Eystrasaltslöndunum og Austur-Evrópu. Ráðherranefndin mun hins vegar nýta sér afgang þann, sem varð í reikningum ársins 1989, í heildina tekið 14,3 milljónir DKK, í þessu skyni. 5 milljónum DKK verður varið til styrkjakerfisins, 4,5 milljónum DKK til upplýsingaskrifstofanna í Tallin, Riga og Vilnu og svo 4,8 milljónum DKK til nýrra samstarfsverkefna í Eystrasaltslöndunum og Austur-Evrópu.

Frá og með árinu 1992 mun straumur verða staðinn af framkvæmdaáætluninni á fjárlögum norrænu ráðherranefndarinnar.

4. Ráðherranefndartillögur 1991

Á 39. þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn 1991 er gert ráð fyrir að eftirfarandi ráðherranefndartillögur verði lagðar fram:

4.1. Nýtt norrænt kvennaþing, Nordiskt Forum.

Ráðherranefndin er reiðubúin til þess að veita 13,5 milljónum danskra króna á árunum 1992–1995 í undirbúning og framkvæmd nýs norræns kvennaþings. Lagt er til að yfirskrift ráðstefnunnar verði LÍF OG STARF KVENNA.

Markmiðin með því að efna að nýju til norræns kvennaþings má draga saman í eftirfarandi punkta:

— að fylgja eftir því sem gerst hefur í jafnréttismálum frá því Nordiskt Forum var haldið 1988,
— að vera þeim sem að jafnréttismálum vinna ný hvatning,
— að leiða í ljós framtíðarsýn manna og kvenna um jafnréttisþjóðfélagið árið 2000 með því að setja ákveðin þemu í brennidepil,
— að gera konum og kvennasamtökum á Norðurlöndum og á grannsvæðum í Austur-Evrópu kleift að bera saman bækur sínar,
— að virkja nýja hópa til jafnréttisstarfs bæði heima og á norrænum vettvangi,
— að vekja áhuga æskufólks á virku starfi að jafnréttismálum,
— að efla almennan áhuga á jafnréttismálum,
— að vera liður í norrænum undirbúningi að kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna 1995.

Innan ramma aðalþema ráðstefnunnar, LÍF OG STARF KVENNA, rúmast sú fjölbreytni sem að er stefnt á Nordiskt Forum og hægt er að varpa ljósi á margvísleg brýn þjóðfélagsmál sem snerta til dæmis tengsl fjölskyldu- og atvinnulífs, nýja karlmannshlutverkið, barnaumönnun og launajafnrétti. Þemað býður upp á svo mörg sjónarhorn að unnt ætti að vera að vekja áhuga karlmanna jafnt sem kvenna á þátttöku í ráðstefnunni.

Samkvæmt skilgreiningu er Nordiskt Forum samkoma sem stendur öllum opin. Það er einnig vilji kvennasamtakanna að ný kvennaráðstefna verði skipulögð sem víðtæk grasrótarráðstefna. Ætla má að fleiri en tíu þúsund þátttakendur sæki ráðstefnu af þessu tagi.

4.2. Samstarfsáætlun um umhverfisrannsóknir.

Ráðherranefndin (samstarfs-, menntamála- og menningarráðherrarnir) skipaði vorið 1990 nefnd sem skilað hefur tillögum um samstarfsverkefni á sviði umhverfisrannsókna til 39. þings Norðurlandaráðs. Af hálfu Íslands hefur Júlíus Sólnes samstarfsráðherra sett fram sérstök sjónarmið sem ráðherranefndin telur að rúmist innan ramma áætlunarinnar.

Samstarfsáætlun um umhverfisrannsóknir er takmörkuð við þrjú meginsvið:

a. Loftslagsbreytingar,
b. samvinnu um umhverfisrannsóknir á Eystrasaltssvæðinu og
c. rannsóknir á þjóðfélagsforsendum stefnumótunar í umhverfismálum.

Ástæðan til þess að ákveðið hefur verið að einbeita sér að svo fáum rannsóknarsviðum í samnorrænu átaki er sú að ráðherranefndin telur hvorki gerlegt né æskilegt að koma upp rannsóknaáætlun í umhverfismálum sem nær yfir allar tegundir rannsókna. Hvert norrænt ríki um sig ástundar víðtækar umhverfisrannsóknir og þess vegna er horfið að því ráði að velja svið þar sem norræn samvinna getur komið í veg fyrir tvíverknað og fært sér í nyt hakvæmni stærðarinnar.

Í ráðherranefndartillögunni er meðal annars gert ráð fyrir eftirfarandi samstarfsverkefnum:

— Sérmenntun og samvinnu vísindamanna.
— Norrænum vísindaáætlunum.
— Norrænni þátttöku í alþjóðlegu samstarfi um umhverfisrannsóknir.

Loftslagsrannsóknir spanna yfir margar vísindagreinar og munu krefjast mikilla fjármuna um langa framtíð. Norrænu ríkin eru hvert um sig þátttakendur í mörgum alþjóðlegum vísindaáætlunum á þessu sviði, og norræn samræming gæti skilað löndunum sameiginlegum ávinningi. Þar með gætu Norðurlönd gert sig gildandi og haldið fram norrænum rannsóknarhagsmunum innan vébanda slíkra áætlana sem margar eru stórar í sniðum. Norðurlönd hafa til að mynda sameiginlegan áhuga á þróun líkana sem geta reiknað út loftslagsbreytingar fram í tímann, á rannsóknum varðandi áhrif loftlagsbreytinga og afleiðingar þeirra á fyrri tímabilum jarðsögunnar.

Eystrasaltssvæðið nær yfir bæði austur-evrópsk og vestur-evrópsk ríki þar sem búa rúmlega 100 milljónir manna. Jafnt á láði sem legi og í lofti á þessu svæði er mikil áníðsla á umhverfinu. Þrátt fyrir umfangsmiklar rannsóknir vantar enn heildarmynd af stöðu mála. Eiturefnasýking lífríkja er eitt helsta rannsóknarverkefnið. Meðal þeirra tveggja samstarfssviða, sem ætlunin er að sinna sérstaklega, eru áhrif stóriðju við Eystrasalt á umhverfið og efling auðlindabúskapar á strandsvæðunum. Það er talið mikilvægt að vísindamenn og stofnanir í Eystrasaltsríkjunum og öðrum Austur-Evrópuríkjum eigi þess kost að taka virkan þátt í þessum verkefnum.

Þjóðfélagsforsendur stefnumótunar í umhverfismálum hafa orðið að mikilvægum þætti í umhverfisrannsóknum hin síðari ár og eru nú orðnar viðurkennt rannsóknarefni á Norðurlöndum. Þessar rannsóknir snúast um hagfræði, stjórnmálafræði, aðferðafræði og önnur félagsvísindi út frá sjónarhóli umhverfismálefna. Hér er tilefni til samanburðarrannsókna í norrænu ríkjunum og til mats á því hvort samræma beri rannsóknaraðferðir og jafnvel lagasetningu. Meðal rannsóknarsviða sem koma til álita í þessu sambandi eru notkun stjórntækja af efnahagslegum og stjórnunarlegum toga, notkun umhverfisvísa, t.d. með því að færa umhverfisspjöll sem kostnað í þjóðhagsreikninga, ásamt rannsóknum á því hvernig ákvörðunum í umhverfismálum sé fylgt eftir í þjóðlífinu.

Ekki hefur enn verið tekin afstaða til þess hvernig framkvæmd þessarar samstarfsáætlunar um umhverfisrannsóknir verður stjórnað. Ekki er gert ráð fyrir að til verði ný norræn stofnun í þessu skyni. Byggt verður á þeim grunni sem fyrir er í rannsóknarstörfum hvers ríkis og á samstarfi þeirra fastanefnda á vegum ráðherranefndarinnar sem fjallað hafa um hin þrjú meginsvið norrænnar rannsóknaráætlunar í umhverfismálum.

Ráðherranefndin hefur hins vegar ákveðið að leggja til við gerð norrænu fjárlaganna að ráðstafað verði í mesta lagi 25 milljónum danskra króna á ári til þessa verkefnis á fimm ára tímabili áætlunarinnar, 1993–1997.

Í heild er áætlað að kostnaður við framkvæmd áætlunarinnar á umræddu fimm ára tímabili verði 145–245 milljónir danskra króna.

Af Íslands hálfu hafa verið sett fram eftirfarandi sjónarmið um tillögu þessa:

„Víðtækar haf- og loftlagsrannsóknir hafa sýnt fram á að Norður-Atlantshaf hefur mikla þýðingu fyrir þróun veðurfars og loftlagsaðstæðna, sérstaklega í norðurhlutum Evrópu og Ameríku. Bætt þekking og aukinn skilningur á eðlis- og líffræðilegum ferlum þessa svæðis, sér í lagi á hinu flókna samspili hafs, hafstrauma og loftmassa, eru þess vegna afar þýðingarmikil fyrir Norðurlöndin.

Í samnorrænni áætlun um umhverfisrannsóknir hlýtur af þeirri ástæðu að verða lögð áhersla á haf- og loftlagsrannsóknir á Norður-Atlantshafssvæðinu."

Ráðherranefndin hefur lýst yfir því að hægt sé að koma til móts við íslensku sjónarmiðin innan ramma fyrirliggjandi áætlunar.

Ráðherranefndin hefur óskað eftir því að þing Norðurlandaráðs láti í ljós álit sitt á samstarfsáætluninni sem hún hyggst síðan samþykkja.

4.3. Samstarfsáætlun á háskólastigi.

Í fyrirliggjandi ráðherranefndartillögu um samstarfsáætlun á sviði æðri menntunar, sem unnin hefur verið af vinnuhópi á vegum stjórnarnefndar æðri menntunar, er meðal annars gert ráð fyrir eftirfarandi:

— Að NORDPLUS-áætluninni verði að minnsta kosti haldið áfram til ársloka 1996.
— Að verksvið NORDPLUS-áætlunarinnar verði einnig látið ná til tilrauna með ný samskiptanet (hér er átt við verkaskiptingu, þróun og nýtingu á sérþekkingu o.fl.). Gert er ráð fyrir að hægt verði að veita allt að 50% styrki til slíkrar tilraunastarfsemi.
— Að taka beri mið af hugmyndum tillögusmiða um kostnaðaraukningu vegna stærra hlutverks NORDPLUS, en gert er ráð fyrir að kostnaður vaxi úr 18 milljónum d.kr. í fjárlagatillögum ársins 1991 í 46 milljónir d.kr. 1966.
— Að tekin verði stefnumarkandi ákvörðun um að leggja fram á þingi Norðurlandaráðs 1992 tillögu til samkomulags um aðgengi að æðri menntun. Markmiðið er að ekki verði settir neinir kvótar á námsmenn norrænna ríkja, heldur verði frjáls samkeppni milli þeirra um námsvist. Ekki er þó lokað fyrir þann möguleika að semja um kvóta, pláss, greiðslur og annað þess háttar í þeim tilfellum sem sérstakir þjóðlegir hagsmunir eru í húfi.
— Að hafin verði undirbúningsvinna sem miði að því að leggja fram sérstaklega áætlun um norræna verkaskiptingu að því leyti sem hún getur náð til heilla námsbrauta.
— Að hafin verði kerfisbundin vinna til þess að kanna möguleika á réttindayfirfærslu á norrænum sem alþjóðlegum grunni.

Samstarfsáætluninni er ætlað að ýta undir gæði og hagkvæmni á háskólastigi, og verður til hennar varið 26 milljónum danskra króna 1992, 31 milljón 1993, 36 árið 1994, 41 árið 1995 og 46 milljónum króna árið 1996 samkvæmt fyrirliggjandi ráðherranefndartillögu.

4.4. Menntunarsamfélag á framhaldsskólastigi.

Tillaga að samkomulagi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um norrænt menntunarsamfélag á framhaldsskólastigi (hinn almenni menntaskóli og starfsmenntunarskólar) verður lögð fram á þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn 1991. Það á að auðvelda Norðurlandabúum að stunda framhaldsskólamenntun hvar sem þeir kjósa á Norðurlöndum. Stúdentspróf á samkvæmt tillögunni að vera jafngilt alls staðar á Norðurlöndum.

Í framkvæmdaáætlun um norrænt menningarsamstarf frá 1988 er því markmiði meðal annars lýst að komið skuli á norrænu menntunarsamfélagi þar sem Norðurlandabúar mundu hafa fullkominn aðgang að réttindanámi hvar sem er á Norðurlöndum. Í tillögunni er þessu grundvallaratriði slegið föstu hvað snertir framhaldsmenntunina, það er að segja þær námsbrautir sem í boði eru að aflokinni grunnskólagöngu. Einnig er kveðið á um að samningsaðilar krefji ekki hverjir aðra um greiðslur fyrir kennslu, kennsluefni og þess háttar sem nemendur frá norrænum ríkjum verða aðnjótandi. Samningsaðilar munu og tryggja að nemendur sem lokið hafa hluta framhaldsmenntunar í einhverju norrænu ríkjanna geti fengið þennan hluta metinn þegar þeir halda áfram námi annars staðar á Norðurlöndum. Nemendur sem flytja úr einu norrænu ríki til annars áður en þeir eru orðnir 20 ára geta sótt þegar í stað um námsaðstoð, aðrir eftir tveggja ára dvöl. Upplýsingar um þessi nýju réttindi eiga að verða fastur liður í hefðbundinni námsráðgjöf á Norðurlöndum.

Framkvæmd þessa samkomulags hefur ekki í för með sér útgjaldaauka á norrænu fjárlögunum. Norrænu ríkin ákveða sjálf með löggjöf hjá sér hvernig staðið verður undir útgjöldum vegna kennslu nemenda annars staðar frá á Norðurlöndum.

4.5. Breyttur fjárhagsgrundvöllur og breytt skipulag á stofnunum menningarmálasviðsins, samstarfsnefndum og annarri fastri starfsemi.

Norræna ráðherranefndin mun framvegis leggja minni áherslu en gert hefur verið á norrænar fastastofnanir en meiri þunga á almenn styrkjakerfi, samskiptanet og tímabundin verkefni. Þetta þýðir að fjármögnun núverandi norrænna stofnana verður breytt. Héðan í frá verður stærri hluti fjárframlaga til þeirra að koma af ríkisfjárlögum, frá notendum og frá atvinnulífinu. Það getur einnig komið til álita að leggja niður stofnanir. Ef að því verður horfið verða tillögur um að hætta rekstri stofnana lagðar fram á næstu tveimur árum. Ráðherranefndin hefur sett sér það markmið að breytingarnar losi um 30 milljónir danskra króna á ári frá og með árinu 1994.

Baksvið þessarar ráðherranefndartillögu er tilkoma nýrra samstarfssviða ásamt stöðnun í vexti norrænu fjárlaganna. Alþjóðlega víddin hefur orðið æ meira áberandi í norrænu samstarfi, og komið hafa fram tillögur um ný verkefni í samstarfinu. Í framkvæmdaáætlun um menningarmál, sem samþykkt var árið 1988, koma fram þau markmið sem norræna ráðherranefndin hefur sett sér í þróun samstarfsins varðandi almenn menningarsamskipti, skóla, fjölmiðla, æðri menntun og rannsóknir. Þegar hefur verið veitt fé til nýbreytni í þessum efnum og það mun krefjast verulegra fjármuna á næstu árum að ná markmiðum áætlunarinnar. Á komandi árum mun einnig verða þörf á verulegu viðbótarfé til nokkurra brýnna verkefnasviða sem ekki eru meðtalin í framkvæmdaáætlun um menningarmál.

Af þeim verkefnum sem ljóst er að kalla munu á aukin fjárframlög á næstu árum má nefna framkvæmdaáætlun um tungumálasamvinnu á Norðurlöndum, Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðinn, Norræna menningarmálasjóðinn, styrkjakerfið NORDPLUS, Norrænu kennsluakademíuna fyrir vísindamenn og samstarfsáætlanir um umhverfisrannsóknir og heimskautakannanir.

4.6. Framkvæmdaáætlun vegna árs giktveikra.

Norræna ráðherranefndin hefur ákveðið að helga giktveikum á Norðurlöndum árið 1992. Aðdragandinn er samþykktir Norðurlandaráðs á árinu 1989 um norrænt giktarár og um framkvæmdaáætlun í þágu giktveikra. Tilgangurinn með árinu er annars vegar að grípa sameiginlega til ráðstafana sem létt geta giktveikum daglegt líf og hins vegar að móta áætlun um átak gegn giktarsjúkdómum á Norðurlöndum. Ætlunin er að ár giktveikra snúist einkum um fyrirbyggjandi aðgerðir, rannsóknir, úrvinnslu á tölfræðilegu efni, upplýsingar til hjúkrunarfólks, ráðstefnur og almennt upplýsingaefni.

Ráðherranefndin mun fyrst og fremst láta vinna þekkingargrunn um stöðu giktveikra á Norðurlöndum sem kynntur verður á sérstakri ráðstefnu um stöðu giktveikra sem haldin verður í samstarfi við Norræna heilsuverndarháskólann, en henni er einnig ætlað að ýta undir rannsóknir á þessu sviði.

Hinn fjárhagslegi rammi giktarársins er u.þ.b. 3,4 milljónir danskra króna, þar af er framlag norrænu ráðherranefndarinnar 500 þúsund danskar krónur. Norræna giktráðið (NRR), sem er samstarfsnefnd giktarfélaga á Norðurlöndum, mun á ýmsan hátt koma til samstarfs um framkvæmd giktarársins.

4.7. Framkvæmdaáætlun um umferðaröryggi: „Öruggari umferð á Norðurlöndum".

„Öruggari umferð á Norðurlöndum, framkvæmdaáætlun 1992–1994" er yfirskrift fyrirliggjandi ráðherranefndartillögu í umferðaröryggismálum. Þar er því slegið föstu að hægt sé að halda markmiðslýsingu núverandi áætlunar á þessu sviði óbreyttri. Í umfjöllun um þau forgangsverkefni sem nú eru í gangi er lagt til að ekki verði breytt um áherslur í sambandi við nýja bílstjóra, allsgáða umferð og óvarða vegfarendur. Hins vegar er lagt til að viðnámi gegn of hröðum akstri verði nú fyrst og fremst sinnt með lögreglueftirliti.

Ný forgangsverkefni eiga að verða staðbundið umferðaröryggisstarf, þungaumferð og samstarfið í alþjóðastofnunum og á milli norrænna umferðaröryggisstofnana. Upplýsingamiðlunin á einnig að verða skilvirkari en verið hefur. Meðal beinna aðgerða, sem ætlunin er að grípa til á næstu árum, má nefna norræna umferðareftirlitsviku 1992, samnorrænar reglur um staðbundnar hraðatakmarkanir, samræmdar kröfur um hæfni ökukennara og áframhaldandi rannsóknir á búnaði til þess að tryggja stjórn og öryggi hjólreiðamanna á gatnamótum.

Í framkvæmdaáætluninni er gert ráð fyrir að varið verði 4–4,5 milljónum danskra króna af norrænum fjárlögum á ári til „Öruggari umferðar á Norðurlöndum".

4.8. Breyting á Helsingforssamningnum.

Tilefni áforma um breytingar á norræna samstarfssáttmálanum (Helsingforssamningnum) er tillögur skipulagsnefndar sem forsætisnefnd ráðsins skipaði 12. desember 1989 til þess að endurskoða starfshætti ráðsins. Af hálfu ráðherranefndarinnar var því lýst yfir að hún mundi fyrir sitt leyti vinna að þeim breytingum á Helsingforssamningnum sem taldar væru nauðsynlegar forsendur endurbóta á skipulagi og þingsköpum Norðurlandaráðs.

Hins vegar telur ráðherranefndin að of skammt sé liðið frá því að skipulagsnefndin skilaði áliti (30. október 1990) og frá því að afstaða forsætisnefndar Norðurlandaráðs var kunn til þess að hægt sé nú, fyrir 39. þingið í Kaupmannahöfn, að gera tillögur sem hafa áhrif á starfshætti norrænu ráðherranefndarinnar.

Í samræmi við tillögur meiri hluta skipulagsnefndar ráðsins gerir ráðherranefndin tillögu um breytingar á sex greinum Helsingforssamningsins sem m.a. hafa eftirfarandi breytingar í för með sér:

— Grein 51: Þing Norðurlandaráðs kemur saman til fundar einu sinni á ári hið minnsta. Eins og Helsingforssamningurinn er orðaður nú er einungis hægt að halda aðalþing Norðurlandaráðs einu sinni á ári.
— Grein 52: Samkvæmt nýja orðalaginu getur aðalþing ráðsins skorið úr um hversu margir fulltrúar skuli skipa forsætisnefnd Norðurlandaráðs, þó þannig að í forsætisnefndinni séu tíu meðlimir hið minnsta og að hver landsnefnd eigi að minnsta kosti tvo fulltrúa í henni.
— Grein 55: Forsætisnefndinni og fastanefndum ráðsins verður framvegis heimilað að leggja fram tillögur til samþykktar í Norðurlandaráði. Það er nýjung því að nú eru það *ríkisstjórnir, stjórnir sjálfsstjórnarsvæðanna, ráðherranefndin og einstakir þingmenn í* Norðurlandaráði sem hafa tillögurétt.
— Grein 56: Forsætisnefndin fær auknar heimildir til þess að samþykkja tilmæli.
— Grein 57: Tilraunin með heimild til þess að bera fram skriflegar spurningar milli þinga verður gerð að föstum rétti til frambúðar.
— Grein 58: Rétturinn til þess að ákvarða skiptingu eigin fjárlaga milli landsdeilda verður fluttur frá þingi Norðurlandaráðs yfir til forsætisnefndarinnar.

Gengið er út frá því að ráðherranefndartillagan um breytingar á Helsingforssamningnum íþyngi ekki norrænu fjárlögunum.

Hugmyndir um aukin áhrif Norðurlandaráðs á gerð fjárhagsáætlunar norrænu ráðherranefndarinnar og tillögur um að utanríkismál falli undir formlegt norrænt samstarf verða til áframhaldandi umfjöllunar, en koma ekki fram í formi ráðherranefndartillögu á þingi ráðsins í Kaupmannahöfn. Hins vegar mun ráðherranefndin, samhliða umfjöllun um tillögurnar varðandi breytingar á Helsingforssamningnum vegna skipulags Norðurlandaráðs í stofnunum ráðsins, undirbúa endanlega tillögutexta, þannig að hægt sé að undirrita þá af hálfu ríkisstjórnanna strax að loknu 39. þingi Norðurlandaráðs. Þetta er gert til þess að flýta framgangi málsins svo mikið sem verða má.

4.9. Stofnun rannsóknarráðs í EB-rétti.

Norræna embættismannanefndin í löggjafarmálefnum (NAL) hefur lagt til að stofnað verði hið bráðasta norrænt rannsóknarráð í Evrópubandalagsrétti (EB-rétti). Hér er um að ræða 10 manna ráð, skipað tveimur fulltrúum frá norrænu ríkjunum fimm. Gert er ráð fyrir tveimur starfsmönnum í hlutastarfi og árlegum rekstrarkostnaði upp á 1,3 milljónir danskra króna árið 1991. Ekki hefur verið ákveðið hvar skrifstofu ráðsins verður fundinn staður. Áætlað er að framlög af norrænu fjárlögunum tryggi reksturinn til að byrja með en ætla má að atvinnulífið sjái sér hag af að styrkja þetta starf þegar fram í sækir.

Verkefni rannsóknarráðsins yrðu til að byrja með að skipuleggja námsstefnur vísindamanna og tengslastefnur vísindamanna og stjórnmálamanna og atvinnulífsfólks um EB-rétt og gangast fyrir rannsóknarnýmælum og upplýsingasöfnun um rannsóknarverkefni, auk þess sem ráðinu yrði ætlað að koma á fót bókasafni og gagnabanka. Gert er ráð fyrir að starfsemin snúist ekki eingöngu um EB-rétt, heldur einnig rannsóknir á allri norrænni lögskipan í ljósi evrópska samrunaréttarins.

Ákvörðun um rannsóknarráð í EB-rétti verður ekki tekin endanlega fyrr en eftir umfjöllun á 39. þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn. Með tillögunni er hafnað hugmyndum um sérstaka norræna stofnun í EB-rétti sem fram voru settar í tilmælum sem Norðurlandaráð samþykkti í Maríuhöfn á Álandseyjum 1989. Þó er gert ráð fyrir að hægt sé í ljósi reynslunnar af rannsóknarráðinu að taka ákvörðun um sérstaka norræna stofnun fyrir EB-rétt á síðari stigum.

5. Önnur starfsemi ráðherranefndarinnar

5.1. Umhverfismál.

1. Skipan mála eftir stofnun umhverfisráðuneytis.

Í síðustu skýrslu samstarfsráðherra kom fram hvernig hagað var þátttöku Íslendinga í samstarfi Norðurlanda á sviði umhverfismála. Hún var nokkuð ósamstæð sem leiddi af því að ekki var um að ræða neina lögformlega heildarstjórn á sviði umhverfismála.

Með stofnun umhverfisráðuneytis 23. febrúar 1990 varð sú breyting á að þessu ráðuneyti var m.a. falið að fara með mál sem varða „alþjóðasamskipti á sviði umhverfismála", sbr. 5. tölul. reglugerðar forseta Íslands nr. 5/1990.

Í lögum nr. 47/1990, sem tóku gildi 1. júní þ.á., er mælt fyrir um flutning ýmissa lögboðinna verkefna til ráðuneytisins og í reglugerð forseta Íslands nr. 77/1990 kveðið nánar á um viðfangsefni ráðuneytisins.

Þegar í byrjun apríl 1990 kom starfsmaður ráðherranefndar Norðurlanda á fund í umhverfisráðuneytinu í þeim erindum að ræða samskipti ráðuneytisins og skrifstofu nefndarinnar með það fyrir augum að koma þeim í skipulegra form. Hér var að sjálfsögðu fyrst og fremst átt við störf að umhverfismálum á vegum ráðherranefndarinnar annars vegar og embættismannanefndarinnar hins vegar (EK-Miljø).

Samkvæmt yfirliti, sem ráðherranefndin gaf út 1989, voru Íslendingar þátttakendur með einu eða öðru móti í 15 nefndum og starfshópum á sviði umhverfismála. Þátttaka í störfum virtist mjög mismunandi. Í sumum tilfellum var um reglulega þátttöku að ræða en í öðrum takmarkaða eða þá enga. Staða hlutaðeigandi fulltrúa virtist nokkuð óljós. Þeir voru tilnefndir af ýmsum ráðuneytum og stofnunum án þess að heildaryfirsýn virtist vera.

Ráðuneytið ákvað því í framhaldi af viðræðum við fulltrúa ráðherranefndarinnar, sem áður getur, að ganga formlega frá málum og með bréfi, dags. 9. maí 1990, var tilkynnt formlega skipun í nefndir og vinnuhópa. Voru að miklu leyti tilnefndir hinir sömu fulltrúar og verið höfðu. Alls eru nú 26 aðilar tengdir þessum nefndum og vinnuhópum, en alls eru nefndir á vegum ráðherranefndarinnar á sviði umhverfismála 56 að tölu, þar af 13 fastanefndir (Arbetsgrupper).

Þótt fulltrúar Íslands séu 26 að tölu hafa fæstir þeirra tök á því að sinna nefndarstörfum eins og æskilegt er, bæði vegna kostnaðar og þess hve flókin sérhæfð verkefni er um að ræða, svo og tímafrek fundarstörf, þannig að þátttaka í fundum ytra tekur varla minna en 3–4 daga. Í embættismannanefnd norrænu ráðherranefndarinnar hafa verið haldnir fjórir fundir árið 1990, en hún afgreiðir tillögur fastanefndanna með umsögn til ráðherranefndarinnar. Formaður embættismannanefndarinnar er fulltrúi í norrænu embættismannanefndinni og ritari staðgengill hans.

Í embættismannanefnd ráðuneytisins eiga sæti af hálfu umhverfisráðuneytis: Páll Líndal ráðuneytisstjóri, formaður, Kristinn Sv. Helgason skrifstofustjóri, ritari, Eyþór Einarsson grasafræðingur og Ólafur Pétursson, forstöðumaður mengunarvarna HVR.

Hin endurskipulagða embættismannanefnd ráðuneytisins hefur lagt áherslu á að halda sambandi við fulltrúana, t.d. var haldinn með þeim sameiginlegur fundur 2. nóv. 1990, og nú er svo gengið frá að þessir fulltrúar eigi aðgang að öllum gögnum sem ráðuneytinu berast og lögð eru fram á fundum norrænu embættismannanefndarinnar. Stefnt er að því að slíkir sameiginlegir fundir verði haldnir a.m.k. tvisvar á ári.

Það gagn, sem Íslendingar geta haft af þátttöku í þessu samstarfi, byggist ekki síst á því að fulltrúarnir fylgist með því sem fram kemur í áðurnefndum gögnum því að bein þátttaka í nefndarstörfum hlýtur að verða nokkuð slitrótt.

Á því leikur enginn vafi að Íslendingar hafa mikinn hag af samstarfi Norðurlanda á sviði umhverfismála og ber að leggja mikla áherslu á að við hagnýtum okkur sem best mikla reynslu þeirra og fylgjumst vel með því sem þar er að gerast. Það er viðurkennt á alþjóðavettvangi að þar standa Norðurlöndin í fremstu röð, en kostnaður og mannfæð setja þátttöku Íslendinga skorður eins og áður er fram komið.

2. Norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar.

Hinn 2. mars 1990 undirrituðu umhverfisráðherrar Norðurlanda í Reykjavík samning um stofnun Norræns fjármögnunarfélags á sviði umhverfismála (NEFCO), og hafa löndin öll staðfest samninginn.

Hlutverk félagsins er að leggja fram fjármagn til umhverfisbóta í Mið- og Austur-Evrópu, sem geti jafnframt orðið Norðurlöndum til nytsemdar með því að dregið verði úr mengun, einkum frá Póllandi, Eystrasaltsríkjunum, Sovétríkjunum, Tékkóslóvakíu og Ungverjalandi. Þá var og miðað við Austur-Þýskaland.

Hlutverk félagsins verður að leggja fram hlutafé, ábyrgðir eða lán til samstarfsfyrirtækja norrænna aðila og heimamanna í landi því sem í hlut á. Þessi fyrirtæki gætu unnið að framleiðslu á hreinsibúnaði, verklegum framkvæmdum sem horfðu til umhverfisbóta, t.d. hitaveituframkvæmdum og ýmiss konar ráðgjöf. Forsenda er að um sé að ræða verkefni er í senn séu örugglega framkvæmanleg og arðbær.

Stofnfé sjóðsins er 36 milljónir sérstakra dráttarréttinda (SDR), og er hlutur Íslands 0,4 millj. SDR.

Í samningnum er gert ráð fyrir að félagið starfi til ársins 1996. Fyrir þann tíma á ráðherranefndin að taka afstöðu til þess hvort félagið haldi áfram starfsemi sinni.

Norræni fjárfestingarbankinn (NIB) í Helsingfors annast daglegan rekstur fyrir félagið, en rekstur þess hófst í október 1990.

Dagana 29.–30. október 1990 var haldinn fundur umhverfisráðherra Norðurlanda með umhverfisráðherrum frá Mið- og Austur-Evrópu í Helsingfors til að fjalla um starfsemi félagsins. Þar voru fulltrúar ýmissa samtaka, félaga og stofnana. Þar flutti Júlíus Sólnes umhverfisráðherra ræðu fyrir hönd norrænu ráðherranna.

Dagana áður var haldið sérstakt kynningarnámskeið með blaðamönnum og öðrum fjölmiðlamönnum frá Póllandi, Sovétríkjunum, Eystrasaltsríkjunum, Tékkóslóvakíu, Ungverjalandi og Þýskalandi í sambandi við ráðherrafundinn og til kynningar á málefnum Norðurlanda. Þar flutti Júlíus Sólnes erindi um samstarfið í norrænu ráðherranefndinni og tók einnig þátt í pallborðsumræðum fyrir hönd samstarfsráðherranna.

Íslenskum aðilum var bent á það tækifæri sem þarna gæfist til að kynna vörur og þjónustu, en lítið varð úr þátttöku. Þarf sjálfsagt að kynna þessa starfsemi betur hér á landi.

3. Umhverfisáætlun Norðurlanda.

Árið 1976 tók gildi umhverfissáttmáli sem Norðurlöndin höfðu gert með sér. Var það í samræmi við þá breytingu sem gerð hafði verið árið 1974 á svonefndum Helsingforssáttmála frá 1962 þar sem kveðið er á um samstarfsvettvang ríkisstjórna Norðurlanda (ráðherranefndirnar).

Með breytingunni, sem gerð var 1974, var samstarfi á sviði umhverfismála formlega bætt við samstarfsverkefnin.

Þar er tekið fram að leggja beri áherslu á samræmingu á norrænum lagareglum sem lúta að umhverfismálum og bent á ýmsa þætti þeirra mála í því sambandi.

Í framhaldi af því var síðan áðurnefndur sáttmáli gerður.

Hann var síðar endurskoðaður. Við þá endurskoðun var mjög byggt á þeim sjónarmiðum og ábendingum sem fram koma í Brundtlandskýrslunni frá 1987. Þar er undirstöðuatriðið það

sem kallað er sjálfbær þróun (sustainable development), en í því felst fyrst og fremst að núlifandi kynslóð gæti þess að við nýtingu á auðlindum jarðar sé ekki gengið lengra en svo að komandi kynslóðir hafi ekki lakari möguleika til að nýta þær en sú sem nú lifir. Með öðrum orðum: Ekki sé gengið á höfuðstólinn.

Þessi endurskoðun leiddi til þess að gerð var ný umhverfisáætlun sem umhverfisráðherrar Norðurlanda undirrituðu 10. janúar 1989.

Nú hefur farið fram endurskoðun á þessari áætlun og er að því stefnt að tillaga að nýrri áætlun verði lögð fyrir 39. þing Norðurlandaráðs. Þar verður gerð grein fyrir stöðu mála á Norðurlöndum, alþjóðasamstarfi og hvernig staðið hefur verið að málum.

3.1. Starfsáætlanir.

Árið 1990 hafa komið út þrjár starfsáætlanir á sviði umhverfisverndar. Hér er um að ræða rit, um 100 blaðsíður hvert. Þar er gerð grein fyrir forsendum, eðli þeirra vandamála sem um er rætt, eftirlit og aðgerðir.

Þessar áætlanir eru:

3.1.1. *Áætlun um varnir gegn sjávarmengun* sem samþykkt var af ráðherranefndinni 10. janúar 1989. Henni fylgir lokayfirlýsing frá alþjóðlegri ráðstefnu um mengun sjávar sem haldin var á vegum Norðurlandaráðs 16.–18. okt. 1989.

3.1.2. *Áætlun um varnir gegn loftmengun* sem samþykkt var á fundi ráðherranefndarinnar 2. mars 1990.

3.1.3. *Áætlun um umhverfisþjálli tækni, meðferð úrgangs og endurvinnslu.* Þessi áætlun var samþykkt á sama fundi ráðherranefndarinnar og um ræðir í 3.1.2.

3.2. Um efni þessara áætlana er vísað í skýrslu 1989–1990, 4.8., 4.9. og 4.10. og þó fyrst og fremst í áætlanirnar sjálfar.

4. Norrænt umhverfisár.

Norðurlandaráð og ráðherranefndin samþykktu að haldið skyldi norrænt umhverfisár 1990–1991 og skyldi miðað við 5. júní sem er sérstakur umhverfisdagur Sameinuðu þjóðanna. Ákveðið var að Norrænu félögin skyldu hafa framkvæmdir með höndum, og var starfsáætlun samþykkt á fundi ráðherranefndarinnar í Maríuhöfn í nóvember 1989.

Yfirstjórn þessa var falin nefnd fulltrúa frá Norðurlöndum, og er forseti Íslands þar formaður.

Sérstök nefnd var skipuð á vegum Norræna félagsins hér á landi til að annast undirbúning og framkvæmdir hér. Formaður hennar var skipaður Sigurður Blöndal, fyrrum skógræktarstjóri, en verkefnisstjóri var ráðinn Björn Guðbrandur Jónsson.

Verkefnisstjórinn hefur í 14. hefti tímaritsins Nordisk Kontakt 1990 gert grein fyrir gangi mála á Íslandi.

5. Yfirlit um viðfangsefni fastanefndanna árið 1990.

5.1. Loftmengun.

Frá árinu 1986 hefur fulltrúi Íslands átt sæti í fastanefnd á vegum norrænu ráðherranefndarinnar um áhrif loftmengunar. Þar hefur m.a. verið unnið að verkefnum og samantektum á því sviði. Gerðar hafa verið tillögur um takmörkun á magni brennisteins- og köfnunarefnisilda sem fara má út í andrúmsloftið. Af Íslands hálfu hafa verið gerðir fyrirvarar hvað varðar takmörkun á losun brennisteinstvíildis út í andrúmsloftið. Hefur verið bent á af hálfu Íslands, að losun brennisteinstvíildis er mjög lítil hér á landi í samanburði við önnur lönd. Orkuvinnsla á Íslandi er t.d. án uppsprettu brennisteinstvíildis gagnstætt því, sem gerist á hinum Norðurlöndunum. Íslendingar hafa hins vegar fallist á að fara mjög gætilega í öllum

aðgerðum, sem kunna að valda aukningu á losun brennisteinstvíildis út í andrúmsloftið. Nýtt álver mun valda verulegri aukningu á losun SO_2 út í andrúmsloftið, en unnið er að því af hálfu umhverfisráðuneytisins að takmarka losunina eins og framast er unnt.

Önnur verkefni voru fyrst og fremst um áhrif af súru regni, og rannsóknirnar beindust að þeim svæðum þar sem súrt regn veldur alvarlegum umhverfisáhrifum.

Verkefni á vegum nefndarinnar verða æ fjölbreyttari og nokkur þeirra geta talist grunnrannsóknir, en áður var aðallega um söfnun upplýsinga að ræða.

Sem dæmi um verkefni, sem Íslendingar hafa sýnt áhuga, er könnun á áhrifum loftslagsbreytinga á vistkerfi norðurslóða. Önnur verkefni, sem Íslendingar ættu að láta sig varða en taka ekki þátt í, eru kerfisbundnar loftmengunarmælingar, kortlagning á þolmörkum fyrir loftmengun og áhrif loftmengunar á heilsu manna, svo að nokkuð sé nefnt.

Það er fastanefnd um loftmengun sem ákveður endanlega hvaða verkefni verða styrkt og heildarupphæð styrkja til þessa málaflokks. Svonefndur „Effekt-hópur" er faglegur ráðgjafarhópur fyrir lofthópinn. Verkefni hans er fyrst og fremst almenn áhrif loftmengunar á umhverfið.

5.2. Vatnsmengun.

Frá árinu 1989 hefur fulltrúi Íslands átt sæti í fastanefndinni um vatnsmengun (Nordisk Vandgruppe). Vinnuhópurinn veitir árlega fjárhæð til verkefna á sviði vatnsmengunar. Nokkur hluti verkefnanna er þannig að ekki skiptir máli fyrir Íslendinga. Full ástæða er hins vegar til að taka þátt í öðrum verkefnum. Sem dæmi má nefna verkefnið „organiske halogenforbindelser i det marine miljø" og verkefnið um „marine monitoringsprogram" sem tengjast 5.3. Íslendingar geta einnig og eiga í framtíðinni að hafa frumkvæði að rannsóknarverkefnum á þessu sviði og nýta möguleikann á að afla fjármagns til þeirra úr norrænum sjóðum.

Íslendingar hafa lítið notfært sér slíka sjóði á ofangreindum sviðum til að kosta rannsóknarverkefni eða tekið þátt í samnorrænum verkefnum á þessu sviði. Ástæðan kann að vera sú að áhugaverð verkefni tengd mengun hafa ekki verið á verkefnaskrá. Rannsóknaaðstaða mengunarsviðs Hollustuverndar ríkisins og mengunardeildar Siglingamálastofnunar er í dag ekki nógu öflug til að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði á jafnréttisgrundvelli.

Frá árinu 1988 hefur fulltrúi Íslands verið í verkefnahóp sem undirbjó og hélt ráðstefnu um umhverfisáhrif frá fiskeldi. Ráðstefnan var haldin í Færeyjum dagana 12.–14. september 1990. Unnið er að því að gefa út bók með fyrirlestrunum, sem þar voru fluttir.

5.3 Sjávarmengun.

Áður er vikið að starfsáætlun um þetta efni (3.1.3.).

Í júnímánuði 1990 voru haldnir í Reykjavík ársfundir framkvæmdanefnda Óslóarsamningsins og Parísarsamningsins. Voru þar samþykktar tvær tillögur fastanefndar um sjávarmengun, sem starfar á vegum embættismannanefndarinnar, sem höfðu áður hlotið samþykki ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs.

Óslóarsamningurinn fjallar svo sem kunnugt er um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum. Parísarsamningurinn fjallar hins vegar um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum. Aðild eiga lönd í Vestur-Evrópu, en Norðurlöndin eiga náið samstarf á þessum vettvangi.

Áðurnefndar tillögur frá Norðurlandaráði voru:

1. Um bann við förgun í sjó á setefnum frá hreinsun á skolpi. Hætt skal hið fyrsta slíkri förgun og eigi síðar en í árslok 1998.

2. Um það að allri brennslu úrgangsefna á hafinu á samskiptasvæðum skuli hætt 31. desember 1991.

Á síðasta ársfundi framkvæmdanefndar Lundúnasamningsins var í meginatriðum samþykkt tillaga Norðurlandaráðs um að hætta skyldi eigi síðar en 31. desember 1995 förgun iðnaðarúrgangs í sjó.

Lundúnasamningurinn er alheimssamningur (Global Convention), og hefur samþykkt þessarar tillögu verið talin stærsti áfanginn sem Norðurlönd hafa náð á alþjóðavettvangi til varna gegn mengun hafsins.

Áður er vikið að starfsáætlun um þetta efni (3.1.3.).

5.4. Hættuleg efni.

Á þessu sviði starfar sérstök fastanefnd (NKG). Þar hafa eftirfarandi málefni verið til umræðu:

Spilliefni, efni sem eru skaðleg umhverfinu. Drög að vísindalegum forsendum slíkrar hættuflokkunar fyrir efni hafa verið unnin í norrænni samvinnu frá 1984. Út hefur komið skýrsla (Kemi Rapport 9/89) þar sem lýst er almennum forsendum flokkunar út frá hegðun efnanna og áhrifum og einnig sértökum forsendum, eðlisfræðilegum, efnafræðilegum og líffræðilegum. Þannig má meta hugsanlegan umhverfisskaða mikils fjölda efna. Samhliða þessu hefur verið unnið að því að semja reglur sem mundi fylgt eftir.

Efni er valda ofnæmi. Fyrir liggja gögn varðandi um það bil 20 efni sem valdið geta ofnæmi. Tillögur um flokkun á efnunum hafa verið samdar og sendar til umsagnar sérfræðinga.

Vanskapaefni. Unnar hafa verið rannsóknaskýrslur um nokkur slík efni og verið er að vinna sams konar upplýsingar um fleiri efni. Í lokaskýrslu verður m.a. lýst ólíkum rannsóknaaðferðum til að meta skaðsemi efna á fóstur og frjósemi, vísindalegar forsendur og tillögur að flokkun þeirra efna sem athuguð hafa verið. NKG mun kanna möguleika á því að semja reglur um flokkun og merkingu þessara efna með hliðsjón af sambærilegri vinnu innan EB.

Ósoneyðandi efni. Norræn áætlun um minnkun ósoneyðandi efna var samþykkt af umhverfisráðherrum 1987. Áætlunin gerir m.a. ráð fyrir að takmarka notkun ClFC (chlorfluorcarbon-sambanda) við framleiðslu á frauðplasti. Einnig var samin skýrsla (NORD 1989:65) til að auðvelda Norðurlandaþjóðum aðgerðir á sviði halonefna. Árið 1989 var reynt að kortleggja tæknilegar og efnahagslegar forsendur fyrir eyðingu halonefna án umhverfisskaða. Útbúnir hafa verið kælistaðlar fyrir hreyfanlegar kælistöðvar með ClFC-efnum í tengslum við vinnu Svía við fagstaðal sem gefinn er út af sænska kælitæknisambandinu ásamt kælimiðlareglum sem gefnar eru út af Náttúruverndarstofnun Svíþjóðar.

Rafhlöður sem eru skaðlegar umhverfinu. Samin hefur verið tillaga að staðlaðri greiningaraðferð til að ákvarða þungmálmainnihald í rafhlöðum. Vonir standa til að unnt verði að kynna aðferðina sem norræna staðlaða aðferð.

Varnarefni. Út hefur komið skýrsla sem byggir á samvinnuverkefni um hvernig meta skuli hugsanlegan skaða á fólki og umhverfi af notkun varnarefna, jafnframt því að samræmdar eru líffræðiprófanir á virkni nýrra efna og komið í veg fyrir tvíverknað.

Afnám tæknilegra viðskiptahindrana. Markmiðið hjá NKG er að skapa jafngildar varnir innan Norðurlanda til að tryggja heilbrigði fólks og umhverfis gagnvart efnum og efnavörum. Vinna, sem hefur verið lögð í að byggja upp þekkingu og samræma ákvarðanir á sviði spilliefna, getur nýst þjóðunum á ýmsum sviðum, m.a. með flokkun og merkingu á heilsuspillandi og umhverfisskaðlegum efnum.

Innan NKG hefur verið rætt um forsendur þess að samin verði skrá um jafngildar reglur Norðurlandanna á sviði eitur- og spilliefna. Að beiðni EK-M hefur verið gerður samanburður á reglum landanna á nokkrum sviðum.

Fúavarnarefni. Í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð er krafist skráningar á fúa- og slímvarnarefnum. Í Noregi eru á döfinni reglur um skráningu efna sem borin er á tré til varnar slímmyndunum. Sérstökum vinnuhóp verður falið að vinna áfram að þessu starfi.

5.5. Úrgangur og endurvinnsla.

Hér að framan (3.1.3.) var minnst á áætlun um umhverfisþjálli tækni, meðferð úrgangs og endurvinnslu.

Þar er gerð grein fyrir ráðstöfunum sem gætu stuðlað að því að iðnaðar- og framleiðsluferli yrði hagað á þann veg að sem minnst fari til spillis, úrgangur verði sem minnstur og hann unninn eftir því sem framast er unnt.

Þar er og gerð grein fyrir ráðstöfun úrgangs er valdið getur skaða á umhverfi, hvernig farga megi hættulegum efnum, tækni við söfnun á úrgangi og meðferð hans, endurvinnslu og hvernig afla megi markaða fyrir vörur úr endurunnum efnum.

Áætluninni fylgir tillaga að stefnuskrá og greinargerð um fjármagnsþörf.

Í framhaldi af útgáfu þessarar áætlunar var haldin fjölmenn ráðsstefna í Stokkhólmi. Meðal ræðumanna var umhverfisráðherra Íslands og gerði hann grein fyrir stöðu umhverfismála hér á landi og varpaði fram þeirri hugmynd að tekið yrði upp skipulegt samstarf Norðurlanda um förgun spilliefna. Var þeirri hugmynd vel tekið.

Unnið er m.a. að eftirtöldum verkefnum varðandi mengun úrgangs og endurvinnslu:

1. Rannsókn á möguleika á endurnýtingu byggingarúrgangs.
2. Athugun á hvort unnt sé að koma á samstarfi um endurnýtingu og/eða meðferð á spilliefnum.
3. Meðferð sorps hjá stærri eyjasamfélögum.

5.6. Náttúruvernd og útivistarmál.

Á þessum sviðum er náin samvinna Norðurlanda. Stefnt er að því að sjónarmið náttúruverndar og útivistarmála verði með markvissum hætti samþætt skipulagsgerð og meðferð auðlinda.

Öll löndin nema Ísland eru nú aðilar að Bernarsáttmála Evrópuráðsins um verndun villtra dýra, plantna og útsvæða. Sama gildir um svokallaðan Washingtonsáttmála, sem er alþjóðasáttmáli, sem fjallar um alþjóðlega verslun með dýra- og plöntutegundir, sem eru í útrýmingarhættu. Lögð er áhersla á að samræmd verði löggjöf um þessi efni, svo og afstaða Norðurlanda á alþjóðavettvangi. Á árinu hófst á vegum umhverfisráðuneytis endurskoðun á lögum um stjórn á stofnstærð villtra dýra. Var nefndinni, sem að því vinnur, falið að hafa ákvæði Bernarsáttmálans til hliðsjónar í starfi sínu. Af hálfu ráðuneytisins er stefnt að því að Íslendingar staðfesti Bernarsáttmálann og hefur ríkisstjórnin samþykkt að utanríkisráðherra undirriti samninginn með fyrirvara um samþykki Alþingis.

Sérstakar athuganir fara fram á möguleikum á því að setja reglur um markvissa varðveislu erfðaeiginleika villtra dýra og plantna, þannig að fjölbreytni þessa lífríkis verði varðveitt sem best. Stefnt er að því að tillögur liggi fyrir 1992.

5.7. Umhverfisrannsóknir.

Helsta verkefni á þessum vettvangi, sem hér þykir rétt að gera stutt skil, er undirbúningur að gerð tillögu að norrænni rannsóknaáætlun.

Sú tillaga á að taka til rannsókna á loftslagsbreytingum, umhverfisrannsókna í Eystrasalti og framkvæmdar á alþjóðasamþykkt um verndun Eystrasalts o.fl.

Af hálfu fulltrúa Íslands hefur verið bent á að full ástæða sé til að fella umhverfisrannsóknir í Norður-Atlantshafi inn í tillöguna. Er bent á að hafsvæðið milli Grænlands, Íslands, Færeyja og Noregs sé ekki síður málefni Norðurlanda en Eystrasaltið. Var þeim sjónarmiðum skýrt komið á framfæri við afgreiðslu málsins eftir áramótin.

Tillaga hefur komið fram um rannsókn á þjóðfélagslegum forsendum að stefnumörkun í umhverfismálum.

Nefndin hefur ákveðið að leita samstarfs Norðurlanda um efnið „Umhverfisvandamál framtíðar. — Þörf rannsókna á þessu stigi."

Hér er átt við að stofnað verði til eins konar hugmyndabanka um slíkar rannsóknir. Undirbúningsfundur aðila var haldinn í nóvember og var ætlast til að Íslendingar ættu þar fulltrúa, en af því gat ekki orðið vegna kostnaðar.

Á þessu sviði sem fleirum skarast mjög viðfangsefni ráðuneyta, bæði hér sem á öðrum Norðurlöndum.

Sérstakur vinnuhópur starfar að því sem kalla mætti á íslensku afleiðingakönnun og áhrifamat á sviði umhverfismála, sjá 5.8.

5.8. Afleiðingakönnun og áhrifamat á sviði umhverfismála.

Á Norðurlöndum hefur um alllangt skeið verið vaxandi áhugi á því sem kalla mætti á íslensku afleiðingakönnun og áhrifamat á sviði umhverfismála, sem lið í undirbúningi aðgerða og framkvæmda.

Þetta þýðir það að áður en ráðist er í slíkt, verði jafnframt kannaður hinn fjárhagslegi og tæknilegi þáttur, þ.e.a.s. hvaða afleiðingar aðgerðir og framkvæmdir, sem um er að ræða, geti haft á umhverfið. Hér er bæði átt við framleiðslu og framkvæmd. Síðan réðust aðgerðir og framkvæmdir af mati á þessum þáttum og vægi þeirra innbyrðis. Þar með yrði umhverfisþátturinn tekinn formlega inn í undirbúningsstarfið.

Þetta hefur iðulega verið gert í einstökum tilfellum, bæði hér og annars staðar, en á takmörkuðum sviðum og mjög háð tilviljunum.

Nauðsynlegt þykir að fastri skipan sé komið á þessi mál og er m.a. á þetta bent í skýrslu Sameinuðu þjóðanna, Sameiginleg framtíð vor, Brundtlandskýrslunni svokölluðu.

Í framhaldi af samþykkt á ráðherrafundinum í Kaupmannahöfn í nóvember 1989 var hafinn undirbúningur að samstarfi Norðurlanda að því að útfæra hugmynd um slíka könnun og mat, bæði til hvaða efnisþátta væntanlegar reglur ættu að taka, svo og form þeirra, þ.e. hvernig lagareglum yrði hagað, t.d. um stjórnsýslu.

Sérstakur vinnuhópur var stofnaður til að vinna að þessu máli og var fulltrúi af Íslands hálfu tilnefndur þegar verkið var nokkuð á veg komið. Í árslok kom út skýrsla hópsins, og er hún til meðferðar hjá embættismannanefndinni.

Í skýrslunni er að finna greinargerðir um lagareglur á Norðurlöndum. Þar kemur og fram að alþjóðastofnanir EEC (fjárhagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu), Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP), Evrópubandalagið, OECD, Alþjóðabankinn og Norræna fjármögnunarfélagið á sviði umhverfisverndar (NEFCO), sem tók til starfa í október 1990, leggja áherslu á að afleiðingakönnun og áhrifamat, sem áður var minnst á, fari fram og lúti áðurnefndum sjónarmiðum.

Nú þegar hefur verið unnið nokkuð að því hér á landi að kanna þessi mál og huga fyrst og fremst að reglum um afleiðingakönnun og áhrifamat á sviði umhverfismála, og er ekki vafi á því að mjög verður byggt á þeim upplýsingum og ábendingum sem fram koma í áðurnefndri skýrslu og því starfi sem fram fer á árinu 1991.

Árið 1990 voru veittar 90 þús. d.kr. til undirbúningsstarfa og gert er ráð fyrir að til þess fáist 450 þús. d.kr. árið 1991.

5.9. Tengsl umhverfis- og efnahagsmála.

Fastanefnd um tengsl umhverfis- og efnahagsmála (miljøekonomi) hefur á árinu 1990 lagt sérstaka áherslu á tvö meginsvið. Forgangsröðun verkefna og þróun aðferða til að ná markmiðum á sviði umhverfismála hafa verið meginverkefni samstarfshópsins.

Í janúar 1990 efndi nefndin til ráðstefnu í samvinnu við eina af fastanefndum norrænu ráðherranefndarinnar (nefnd um vinnuumhverfi, heilsu og hagfræði) þar sem fjallað var um forgangsröðun verkefna á þessu sviði. Skýrsla ráðstefnunnar var síðan gefin út í nóvember 1990.

Í Ivalo í Finnlandi var í júnímánuði sl. haldin önnur ráðstefna á vegum nefndarinnar um þróun aðferða til að ná markmiðum í umhverfismálum. Í framhaldi af ráðstefnunni ráðgerir nefndin að hefja starf að sérstöku verkefni á þessu sviði á árinu 1991.

Samstarfshópurinn gefur einu sinni á ári út skýrslu um starf sitt sem nefnd er „Miljø-økonomi i Norden". Í tilefni af Bergenráðstefnunni, sem haldin var vorið 1990, gaf hópurinn út á ensku sérstaka skýrslu „Instruments in Environmental Policies".

5.10. Norðurlönd og Evrópubandalagið.

Sérstakri fastanefnd hefur verið falið það verkefni að kanna áhrif vaxandi samskipta Norðurlanda og Evrópu á sviði umhverfisverndar á Norðurlöndum. Hún vinnur m.a. að sérstöku verkefni um samanburð á beitingu umhverfisgjalda á Norðurlöndunum og í Evrópubandalaginu.

5.11. Upplýsingastarfsemi.

Fastanefndin á þessu sviði hefur eins og nafnið bendir til það verkefni að halda uppi víðtækri upplýsingastarfsemi um umhverfismál, bæði gagnvart almenningi og stjórnvöldum og ekki síst milli fastanefndanna. Hún gengst fyrir námskeiðum, ráðstefnum o.s.frv.

Í júnímánuði 1990 fór fram í Norræna húsinu sýning á ýmsum upplýsingaritum sem nefndin hefur annast útgáfu á.

Af verkefnum, sem unnið hefur verið að, má sérstaklega nefna undirbúning að riti þar sem fram eiga að koma sameiginleg sjónarmið Norðurlanda um rétt almennings að upplýsingum um umhverfismál.

Þetta verk er unnið í framhaldi af Bergenráðstefnunni um umhverfismál og var fallist á framlagðar tillögur í sérfræðinganefnd ríkja þeirra, sem að ráðstefnunni stóðu, á fundi 29.–31. okt. 1990, en fundur hennar var haldinn í Ósló. Er ætlunin að þessi ríki (EEC-ríkin) leggi fram sameiginlega greinargerð og tillögur á Brasilíuráðstefnunni 1992. Íslendingar hafa ekki tekið sérstaklega þátt í undirbúningi þessa máls.

6. Niðurlag.

Í skýrslu samstarfsráðherra 1989–1990 var í kafla 5.17. gerð stuttlega grein fyrir öllum þeim þáttum sem telja mátti til umhverfismála, án tillits til þess hvar þau voru þá vistuð í Stjórnarráðinu, enda hafði stofnun umhverfisráðuneytis ekki verið lögfest þegar hún var samin.

Í þessari greinargerð er frásögn hins vegar takmörkuð við þau viðfangsefni sem falla undir verksvið ráðherranefndarinnar á sviði umhverfismála.

Af því leiðir að nokkrir þættir, sem teljast mega til umhverfismála, eru hér ekki nefndir þar sem þeir eru utan þessa verksviðs.

5.2. Öflugri Norðurlönd.

Öflugri Norðurlönd — framkvæmdaáætlun í efnahagsmálum fyrir árin 1989–1992 — var staðfest af ráðherranefndinni árið 1989 eftir að fjallað hafði verið um hana á þingi Norðurlandaráðs sama ár. Í áætluninni er lýst um 50 verkefnum á 16 samstarfssviðum. Í áfangaskýrslu sem ráðherranefndin fjallaði um í júní 1990 kemur fram að framkvæmd efnahagsáætlunarinnar gengur að flestu leyti samkvæmt áætlun. Meðal þess sem þegar hefur

náðst fram er það markmið ráðherranefndarinnar að ryðja úr vegi öllum hindrunum fyrir frjálsu fjármagnsflæði í síðasta lagi 1. júlí 1990. Íslendingar hafa þó ákveðið að aflétta hömlum á fjárskuldbindingum til lengri tíma (lengri en eins árs) í áföngum fram til 1. janúar 1993. Mikilvægur árangur hefur einnig náðst í sambandi við stöðlunarverkefnið, Norræna iðnþróunarsjóðinn, ferðamálaherferð í Bandaríkjunum og Norræna fjárfestingarbankann.

Í vinnumarkaðsmálum hefur þremur víðtækum verkefnum verið ýtt úr vör. Hið fyrsta snýst um að gera vinnumiðlun á Norðurlöndum skilvirkari en nú er. Í öðru lagi er um að ræða samskiptanet sem ætlað er að undirbúa menntunarátak á sviðum sem snerta svokölluð flöskuhálsavandamál í atvinnulífinu. Tilraunastarfsemi í þessa veru er hafin í öllum norrænu ríkjunum. Þriðja og síðasta verkefnið er hið svokallaða „regnhlífarverkefni" sem miðar að því að greina þau vandamál sem stefnumótun í vinnumarkaðsmálum fram að aldamótum verður að hafa til hliðsjónar. Öllum þessum þremur verkefnum á sviði vinnumarkaðsmála verður framhaldið á árinu 1993 fáist til þess fé þegar núverandi áætlun lýkur.

5.3. Menningar- og menntamál.

Samvinnan á sviði menningar- og menntamála tekur mið af framkvæmdaáætlun þeirri um norrænt menningarmálasamstarf sem samþykkt var árið 1988. Þótt fjárveitingar hafi ekki aukist í þeim mæli sem þar var gert ráð fyrir hefur menningarmálasviðið notið nokkurs forgangs við afgreiðslu norrænu samstarfsfjárlaganna. Fyrirsjáanlegt er hins vegar að á næstu árum munu ýmis samstarfsverkefni sem þegar hafa verið ákveðin krefjast verulegra framlaga umfram það fé sem nú er til ráðstöfunar í menningarmálahluta fjárlaganna. Á sl. ári lagði vinnuhópur á vegum ráðherranefndar menntamála fram greinargerð með hugmyndum um breytta tilhögun fjárveitinga til fastra samstarfsverkefna á sviði menningar, fræðslumála og vísindarannsókna í því skyni að auka svigrúm til að bregðast við nýjum verkefnum og áherslum í samstarfinu. M.a. var þar gert ráð fyrir að nokkrar samstarfsstofnanir yrðu lagðar niður í núverandi mynd. Eftir umfjöllun á þingi Norðurlandaráðs þótti ljóst að þessar hugmyndir þyrftu frekari athugunar við áður en til ákvörðunar kæmi. Síðan hefur verið unnið áfram að almennri könnun málsins og er stefnt að því að fyrir næsta þing Norðurlandaráðs verði lögð fram greinargerð um hvernig standa mætti að endurskoðun á fjármögnun stofnana og annarra fastra samstarfsverkefna á menningarmálasviðinu á næstu árum.

Hér á eftir verður vikið að nokkrum áhersluverkefnum sem unnið hefur verið að á árinu.

1. Menningarmál.

Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn tók til starfa á fyrri hluta árs 1990 og úthlutað var styrkjum úr sjóðnum í fyrsta skipti sl. sumar. Af 16 styrkjum sem þá var úthlutað runnu fjórir til verkefna sem íslenskir kvikmyndagerðarmenn standa fyrir. Norræn lista- og listiðnaðarnefnd var sett á stofn 1. apríl 1990. Nefndinni er ætlað að vinna að eflingu norræns samstarfs á sviði myndlista og listiðnaðar og henni er m.a. falin stjórn Norrænu listmiðstöðvarinnar á Sveaborg við Helsingfors. Hliðstæðar samstarfsnefndir höfðu áður verið stofnaðar á sviði bókmennta, leiklistar og tónlistar.

Í maí 1990 staðfesti ráðherranefnd menningar- og menntamála framlög til norrænnar vinnumiðstöðvar fyrir myndlistarmenn, sem reist verður á Fjölum í Noregi. Stofnkostnaður fimm vinnustofa verður greiddur af hálfu Norðmanna en rekstur þeirra kostaður af norrænu fé.

Árið 1989 voru af hálfu grænlensku heimastjórnarinnar reifuð áform um lista- og menningarmiðstöð í Nuuk og leitað eftir því við ráðherranefnd Norðurlanda að veitt yrði af norrænu fé framlag sem næmi þriðjungi áætlaðs stofnkostnaðar eða sem svaraði 20 millj. dönskum krónum. Fram kom sú hugmynd að í þessu skyni yrði varið m.a. hluta af greiðsluafgangi á norrænu samstarfsfjárlögunum 1989. Málið hefur verið stutt eindregið af

íslenskri hálfu á vettvangi ráðherranefndarinnar, en að svo komnu hefur það ekki náð fram að ganga.

2. Menntamál.

Framkvæmdaáætlun um málsamvinnu á Norðurlöndum næsta hálfan áratuginn var staðfest af ráðherranefnd menningar- og menntamála vorið 1990 eftir að um hana hafði verið fjallað á 38. þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík. Í áætluninni (NORDMAL) eru reifaðar margháttaðar aðgerðir sem miða að því að efla gagnkvæman málskilning norrænna þjóða, styrkja stöðu finnsku og íslensku í norrænu samstarfi og stuðla að fræðslu um allar þjóðtungur á Norðurlöndum. Í tillögum frá skrifstofu ráðherranefndarinnar um ráðstafanir á grundvelli áætlunarinnar á árinu 1991 er gert ráð fyrir framlagi til stöðu málráðunautar á Íslandi, en rætt hefur verið um að slíkt starf tengdist Norræna húsinu í Reykjavík.

Unnið er áfram að framkvæmd þeirrar stefnu að Norðurlönd verði öll eitt „menntunarsvæði" þar sem fræðslustofnanir og önnur menntunaraðstaða geti nýst Norðurlandabúum sameiginlega eftir því sem henta þykir. Undirbúinn hefur verið norrænn samningur um framhaldsskólamenntun. Markmið hans er að tryggja að þeir sem ríkisfang eiga í einhverju Norðurlandaríkjanna eigi aðgang að framhaldsskólum, bæði almennu námi og starfsmenntun, í hverju landanna sem er, með sömu skilyrðum og ríkisborgarar hlutaðeigandi lands. Stefnt er að því að ráðherranefndartillaga um slíkan samning verði lögð fyrir þing Norðurlandaráðs 1991. Einnig er langt komin vinna að gerð norrænnar samstarfsáætlunar um háskólamenntun þar sem stefnt er að hliðstæðu markmiði. Haldið er áfram uppbyggingu styrkjakerfisins NORDPLUS, sem á að greiða fyrir nemenda- og kennaraskiptum, einkum á háskólastigi en að hluta einnig á framhaldsskólastigi. Styrkir eru veittir á grundvelli samstarfssamninga milli menntastofnana og hafa allmargir slíkir samningar komist á með aðild skóla á Íslandi.

3. Vísindamál.

Á sameiginlegum fundi ráðherranefndar samstarfsráðherra og menntamálaráðherra 1. mars 1990 í Reykjavík, í tengslum við þing Norðurlandaráðs, voru staðfest stefnumið fyrir starfsemi norræna vísindaráðsins tímabilið 1990–1992. Þar er m.a. gert ráð fyrir að undirbúnar verði sérstakar rannsóknaáætlanir á sviði umhverfisrannsókna annars vegar og heimskautarannsókna hins vegar.

Á grundvelli tillagna frá norrænum starfshópi sem settur var á laggirnar að frumkvæði norræna vísindaráðsins samþykkti ráðherranefnd menningar- og menntamála á fundi sínum 8.–9. maí 1990 reglur um norrænan vísindaháskóla (Nordisk Forskeruddannelsesakademi). „Vísindaháskólinn" er ekki eiginleg stofnun, heldur heiti á stuðningskerfi sem ætlað er að efla rannsóknamenntun á Norðurlöndum og norrænt samstarf á því sviði, svo og stuðla að samskiptum og samvinnu norrænna vísindamanna. Það leysir af hólmi ýmis einstök styrkjakerfi á þessu sviði, einkum norræn vísindanámskeið, dvalarstyrki vísindamanna og styrki til vísindaráðstefna. Hin nýja skipan kemur til framkvæmda í ársbyrjun 1991.

4. Samningur um gagnkvæm starfsréttindi.

Eitt helsta markmið norrænnar samvinnu er að hvetja til norrænna samninga um gagnkvæm réttindi. Lagasamræming á mörgum sviðum, samkomulagið um sameiginlegan vinnumarkað og norræni félagsmálasamningurinn eru mikilvægir áfangar að því marki að gera alla að jafnréttháum norrænum borgurum hvar sem þeir búa á Norðurlöndum.

Að undanförnu hefur markvisst verið unnið að því að þróa enn betur hinn sameiginlega norræna vinnumarkað. Á liðnum áratug var gengið frá samningum um norrænan vinnumark-

að starfsfólks við heilbrigðisþjónustu og dýralækningar (1981), bekkjarkennara í grunnskólum (1982), kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara og sérkennara í grunnskólum og framhaldsskólum (1986).

Áfram er haldið á þessari braut og á fundi ríkisstjórnarinnar þann 27. ágúst sl. var samþykkt að fela Júlíusi Sólnes samstarfsráðherra að undirrita norrænan samning um gagnkvæm starfsréttindi þeirra sem hlotið hafa minnst þriggja ára háskólamenntun. Jafnframt var menntamálaráðuneytinu falið að hafa eftirlit með framkvæmd samningsins. Samningurinn var undirritaður í Kaupmannahöfn 24. október 1990 og fylgir þessari skýrslu. Í sérstakri bókun er því lýst yfir að samningsaðilar muni vinna að því að þeim breytingum á landslögum sem samningurinn gerir ráð fyrir verði komið á eigi síðar en 1. júlí 1991.

Norræni starfsréttindasamningurinn kveður á um að norrænn ríkisborgari sem hlotið hefur í einhverju aðildarlandanna löggildingu eða önnur sambærileg atvinnuréttindi á grundvelli náms á háskólastigi, eigi skemmri en þriggja ára, skuli, með þeim skilyrðum sem í samningnum greinir, eiga rétt á viðurkenningu til starfa í sérhverju öðru aðildarlandi þar sem slíkrar löggildingar er krafist.

Helstu atriði samningsins eru þessi:

1. Samningurinn tekur til norrænna ríkisborgara, sem hlotið hafa a.m.k. þriggja ára æðri menntun sem gerir þá hæfa til að gegna tilteknu starfi eða verða ráðnir til tiltekins starfs.
2. Samningurinn tekur ekki til starfsgreina sem aðrir samningar fjalla um.
3. Með æðri menntun er átt við menntun þar sem forsendan er að lokið hafi verið menntaskólanámi eða öðru framhaldsskólanámi sem veitir starfsréttindi.
4. Samningurinn er hliðstæður EB-tilskipun um sama efni frá 21. desember 1988 (89/48/EEC).
5. Löggilding eða önnur viðurkenning til starfs í einu samningsríki veitir rétt til löggildingar/viðurkenningar í öðru. Viðurkenning í einu ríki á menntun utan Norðurlanda fellur einnig undir samninginn. Starf og menntun í ríki, þar sem ekki er krafist löggildingar/viðurkenningar til starfs, veitir rétt til viðurkenningar í öðru ríki.
6. Ef ráðning í stöðu er bundin innlendri menntun skulu þeir sem hlotið hafa menntun í öðru samningsríki, sem í meginatriðum svarar til þeirrar menntunar sem áskilin er, eiga rétt á að vera metnir til jafns við aðra umsækjendur enda uppfylli þeir kröfu um málkunnáttu.
7. Áskilja má nægilega þekkingu á löggjöf og stjórnvaldsreglum sem máli skipta fyrir starf.
8. Heimilt er að gera kröfu um nægilega íslenskukunnáttu.
9. Gera má kröfu um starfsþjálfunartíma. Varðandi lögmenn og endurskoðendur má og áskilja hæfnispróf.
10. Ekki má setja ríkisfang sem skilyrði fyrir viðurkenningu/löggildingu til starfa sjálfstætt. Sama skal vera meginregla að því er varðar ráðningu í stöðu. Það nær þó ekki til yfirmannastaða í opinberri stjórnsýslu, starfa við réttarfarsstofnanir eða innan lögreglu og hers eða annarra starfa sem varða þjóðaröryggi.
11. Ákvæði eru um viðurkenningu á starfstíma í öðru ríki, svo og um laun og eftirlaun og önnur starfsréttindi án tillits til þess hvar menntun fór fram.
12. Ríkin skuldbinda sig til að breyta löggjöf sinni þannig að erlend menntun njóti jafnréttis og að ákvæðin um ríkisfang, starfstíma, laun o.fl. nái til starfa hjá ríkinu. Hafa má sérákvæði um reynslutíma að því er varðar dómara og saksóknara.
13. Varðandi ráðningu til starfa er vísað til norræna vinnumarkaðssamningsins frá 1982 og bókunar með honum (fyrirvari vegna íslensks vinnumarkaðar).

Hér er um að ræða samning um gagnkvæm starfsréttindi þeirra sem notið hafa þriggja ára háskólamenntunar hið minnsta, en þegar er í undirbúningi samningsgerð varðandi þá sem hafa styttra réttindanám að baki.

5.4. Norðurlandasamstarf um heilbrigðis- og almannatryggingamál.

Í áratugi hefur norræn samvinna á sviði heilbrigðis- og almannatryggingamála verið ríkur þáttur í norrænu samstarfi. Síðan 1977 hefur samstarfið byggt á sérstakri samstarfsáætlun, sem hefur verið endurskoðuð tvívegis, 1982 og 1988, og samstarfið nú byggir á áætluninni frá því ári.

Í gildandi samningi er lögð til grundvallar áætlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem samþykkt var 1984 fyrir Evrópusvæðið um „Heilbrigði allra árið 2000". Sérstök umsjónarnefnd, norræna félagsmálanefndin, hefur yfirumsjón með þeim verkefnum sem hér um ræðir og hittist nefndin að jafnaði þrisvar á ári. Verulegur tími nefndarinnar fer í afgreiðslu fjárlagatillagna, en að öðru leyti fjallar nefndin bæði um stofnanir og um starf sérstakra nefnda.

Nú eru reknar sex norrænar stofnanir samkvæmt sérstöku samkomulagi og þær eru þessar:

1. **Norræni heilsuverndarskólinn í Gautaborg (NHV).** Skólinn hefur það verkefni að veita viðbótarmenntun starfsfólki í heilbrigðisþjónustu, en einnig að sinna rannsóknum, aðallega í faraldsfræði og félagslækningum.
2. **Norræna stofnunin til prófunar efna til tannlækninga (NIOM).** Stofnunin annast stöðlun, rannsóknir og upplýsingastarfsemi um efni til tannviðgerða.
3. **Norræna lyfjanefndin (NLN).** Nefndin vinnur að því að samræma löggjöf og stjórnun í sambandi við lyfjamál á Norðurlöndum. Á árinu hefur nefndin sinnt mjög verkefnum sem varða samvinnu við Evrópubandalagið.
4. **Norræna nefndin um rannsóknir á áfengi og lyfjum (NAD).** Þessi nefnd annast samvinnu í sambandi við fíkniefni, einkum áfengi, á Norðurlöndum og beinast rannsóknirnar aðallega að þverfaglegum rannsóknum á sviði félagslæknisfræði og félagsgeðlæknisfræði. Á sama sviði og þessi nefnd starfar norræni tengslahópurinn um fíkniefnamál og hefur heilbrigðisráðuneytið tekið þátt í því starfi ásamt dómsmálaráðuneyti á þessu sviði.
5. **Norræna nefndin um málefni fatlaðra (NNH).** Þetta starf skiptist í tvo meginþætti, annars vegar að bæta gæði hjálpartækja með prófunum og upplýsingastarfi og hins vegar að reyna að nýta sér möguleika tölvutækni og upplýsingatækni í sambandi við ný hjálpartæki, einkum þau sem ekki hafa nægilega markaðssetningu í einu af Norðurlöndum.
6. **Norræna menntasetrið fyrir starfsfólk sem annast blinda og heyrnarlausa (NUD).** Þetta starf er í nánum tengslum við norrænu nefndina um málefni fatlaðra og þar fer fram menntun og endurmenntun starfsfólks á þessu sviði og grunnrannsóknir á þessum fötlunum.

Auk þeirra stofnana, sem hér hafa verið taldar, starfa tvær fastanefndir:

1. **Norræna hagsýslunefndin (NOSOSKO).** Nefndin hefur það hlutverk að afla sambærilegra upplýsinga á hagsýslusviði félagsmála um Norðurlöndin öll. Nefndin sér um útgáfu bókarinnar Social Tryghed i de Nordiske Lande og annast ráðuneytið ásamt Hagstofu Íslands upplýsingasöfnun vegna þessarar bókar.
2. **Norræna nefndin um heilbrigðisskýrslur (NOMESKO).** Nefndin hefur það hlutverk að útbúa sambærilegar heilbrigðisskýrslur fyrir Norðurlönd. Þar starfa margar undirnefndir á vegum þessarar nefndar sem sinna sérstökum skráningarþáttum og nefndin er samvinnuaðili við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina um alþjóðaskráningu á sjúkdómum og dánarmeinum.

Auk þeirra stofnana og nefnda, sem hér hafa verið taldar, verður að geta um samvinnu á nokkrum fleiri sviðum og eru þessi helst:

1. Samvinna um málefni er varða alnæmi. Á þessu sviði starfa samstarfsnefndir sem sinna ýmsum sérþáttum, svo sem upplýsingasöfnun um dreifingu sjúkdómsins, upplýsingamiðlun til almennings og upplýsingum um lyf og lyfjatilraunir.

2. Framkvæmdaáætlun gegn krabbameini, sem hófst á fyrra ári og á að standa í fimm ár, er að komast á rekspöl, en ekki er enn unnt að segja um árangur af því starfi.
3. Sameiginlegur vinnumarkaður starfsliðs í heilbrigðisþjónustu. Þessi samningur gerir ráð fyrir að norrænir ríkisborgarar, sem hafa fengið starfsréttindi í einu landi, geti fengið réttindi í öðru landi. Ísland var ekki aðili að samningnum frá upphafi, en nú hefur það tengst samningnum vegna nokkurra starfshópa í heilbrigðisþjónustu.
4. Norræni samningurinn um félagslegt öryggi. Aðalmarkmið samningsins er að tryggja norrænum ríkisborgurum, sem setjast að eða starfa í öðru norrænu landi en heimalandi sínu, félagsleg réttindi eins og borgarar þess lands hafa. Núverandi samningur gekk í gildi 1. janúar 1982 en enn stendur yfir sú endurskoðun sem hófst á fyrra ári vegna samanburðar við sambærilega samninga aðildarríkja Evrópubandalagsins.
5. Norræna fastanefndin um matvæli (PNUN) og norræna embættismannanefndin um matvælamálefni (EK-LIVS). Nefndirnar annast norrænt samstarf á sviði matvælaframleiðslu og næringarfræði og starfa þrjár undirnefndir í tengslum við nefndirnar, ein um næringarfræði, önnur um eiturefnafræði og þriðja um matvælaeftirlit.

Sú samvinna á sviði umhverfismála, sem áður heyrði undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, hefur nú flust til umhverfisráðuneytis.

5.5. Norrænt samstarf á sviði sjávarútvegsmála.

Formlegt samstarf á vegum Norðurlandaráðs á sviði sjávarútvegsmála hófst með stofnun embættismannanefndar um sjávarútvegsmál (NEF) árið 1986. Norrænt samstarf á þessu sviði á sér þó mun lengri sögu þar sem embættismenn og fulltrúar ýmissa hagsmunasamtaka hafa átt árlega fundi þar sem skipst hefur verið á upplýsingum um þróun sjávarútvegsmála. Annað hvert ár hefur jafnframt verið haldin norræn fiskimálaráðstefna og var sú 22. í röðinni haldin á Bornholm í Danmörku síðastliðið sumar. Höfuðviðfangsefni ráðstefnunnar var stjórn fiskveiða og skynsamleg nýting fiskstofna.

Allt frá árinu 1987 hefur sjárvarútvegurinn fengið sérstök fjárframlög frá Norðurlandaráði. Í fyrstu var þessum fjármunum nær einvörðungu veitt til sameiginlegra rannsóknarverkefna á sviði fiskeldismála en samstarf á því sviði er eldra en formlegt samstarf á sjávarútvegssviðinu.

Í fyrstu voru styrkir veittir til einstakra verkefna á grundvelli einstakra umsókna. Jafnframt var unnið að kerfisbundinni mótun samstarfsins og hvaða svið áhersla skyldi lögð á. Árangur þeirrar vinnu var samstarfsáætlun sem lögð var fyrir 37. þing Norðurlandaráðs og var hún síðar samþykkt af sjárvarútvegsráðherrunum.

Norræna embættismannanefndin um sjávarútvegsmál (NEF) er ábyrg fyrir framkvæmd samstarfsáætlunarinnar. Nefndin hefur sérstakan vinnuhóp vísindamanna (NAF) sér til ráðuneytis varðandi val og forgangsröð verkefna.

Á árinu 1990 var starfandi vinnuhópur er fjallaði sérstaklega um viðskiptahindranir og málefni er varða samninga EFTA og Evrópubandalagsins. Vinnuhópurinn vann að nokkrum verkefnum en hann hefur nú verið lagður niður þar sem svipuð verkefni hafa nú verið tekin upp á öðrum vettvangi.

Á árinu 1990 voru styrkir fyrst og fremst veittir til verkefna sem hrint var í framkvæmd áður en samstarfsáætlunin kom til framkvæmda. Mörgum þessara verkefna lýkur hins vegar á þessu ári og því má búast við að meiri fjármunum verði hægt að verja til verkefna á sviði samstarfsáætlunarinnar. Sama á við um verkefni sem lögð er áhersla á af hálfu Norðurlandaráðs að unnin verði. Er hér fyrst og fremst átt við verkefni er lúta að auknu samstarfi í Evrópu.

Sjávarútvegsráðherrarnir hafa á fundum sínum rætt um þau vandamál sem hafa skapast vegna mismunandi afstöðu landanna til nýtingar sjávarspendýra. Þrátt fyrir að lögð hafi verið áhersla á að samræma sjónarmið Norðurlandanna í þessu máli hefur það engum árangri skilað

í störfum Alþjóðahvalveiðiráðsins. Hafa ráðherrarnir ákveðið að beita sér fyrir því að haldinn verði sameiginlegur fundur allra þeirra ráðherra Norðurlandanna sem ábyrgð bera á málinu sem fyrst á næsta ári.

Á árinu 1990 verður varið 6.554.000 d.kr. til ýmissa samstarfsverkefna á sviði sjávarútvegsmála. Sem dæmi um verkefni á sjávarútvegssviðinu sem unnið hefur verið að með styrk frá Norðurlandaráði má nefna eftirfarandi:

Unnið er að tveimur verkefnum á sviði vinnuáætlunarinnar „Norðurlönd í Evrópu". Er annars vegar um að ræða athugun á þróun markaðar fyrir sjávarafurðir í Evrópu á næsta áratug og hins vegar athugun og samanburð á styrkjum til sjávarútvegs á Norðurlöndum og í Evrópubandalaginu.

Á árinu var veittur styrkur til alþjóðlegs hafrannsóknaverkefnis (SKAGEX 90) með þátttöku 17 hafrannsóknaskipa frá Danmörku, Noregi, Svíþjóð, V-Þýskalandi, A-Þýskalandi, Póllandi og Sovétríkjunum.

Styrkur var veittur til verkefnis þar sem lagt er mat á framtíðarþróun á helstu mörkuðum Norðurlanda fyrir sjávarafurðir.

Allt frá árinu 1987 hefur verið veittur styrkur til hvalatalninga á Norður-Atlantshafi. Á árinu 1990 var veittur styrkur til að vinna úr gögnum vegna þessa verkefnis en gert er ráð fyrir að talningu hvala verði framhaldið á næsta ári.

Sett hefur verið á fót samstarfsverkefni um fjöltegundarannsóknir. Markmið þessa verkefnis er að koma á samstarfi milli vísindamanna Norðurlandanna og efla þannig rannsóknir á þessu sviði. Búast má við að niðurstöður þeirra geti komið einstökum löndum að gagni varðandi stjórn á nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar í framtíðinni.

Áfram verða veittir styrkir til ýmissa verkefna á sviði fiskeldis. Þó verður lögð meiri áhersla á eldi sjávarfiska og verður haldin ráðstefna um þorskeldi á þessu hausti. Að henni lokinni verður kannað hvort hægt verði að koma á sérstökum samstarfsverkefnum milli landanna á þessu sviði.

Á árinu var veittur styrkur til undirbúnings verkefnis til að minnka meðafla í rækjutrolli fiskiskipa. Þetta verkefni hefur nú verið undirbúið og hefur verið ákveðið að styrkja það þegar á næsta ári.

Íslenskir vísindamenn og stofnanir eru aðilar að ýmsum þessara verkefna. Má í því sambandi nefna verkefni um talningu hvala, rannsóknir á sviði fiskeldis og líkanagerð um stjórn fiskveiða.

5.6. Norræna líftækniáætlunin.

Áætluninni var hrundið af stað eftir samþykkt 36. þings Norðurlandaráðs sem haldið var í Ósló 1986. Í stjórn áætlunarinnar situr einn fulltrúi hvers lands og er Eiríkur Baldursson, deildarstjóri Rannsóknaráðs, fulltrúi Íslands. Varamaður hans er Jakob K. Kristjánsson, deildarstjóri hjá Iðntæknistofnun Íslands. Frá því í mars f.á. hefur Ísland gegnt formennsku í stjórninni. Nokkrir aðilar í Norðurlandasamstarfinu vinna að málefnum tengdum líftækni. Norræni iðnaðarsjóðurinn (NI) og norræna landbúnaðar- og skógnytjanefndin („Nordiska ämbetsmannakommittéen för jord- och skogsbruksfrågor"), NÄJS, eru stærstir. Hlutverk stjórnar líftækniáætlunarinnar (NPB) er að samræma líftæknisamstarf, bera ábyrgð á þeim sviðum sem falla ekki með eðlilegum hætti undir verksvið annarra og sjá til þess að tengsl séu milli þess sem unnið er í löndunum sjálfum og þess sem kostað er af norrænu fé o.fl. Þannig er rík áhersla lögð á það sem gert er í löndunum í stað þess að byggja upp starfsemi sem bara er til í Norðurlandasamstarfi. NPB leitast jafnan við að fela framkvæmd verkefna þeim aðilum sem til þeirra eru best fallnir. Til þess að tryggja samráð sitja fulltrúar NI og NÄJS fundi NPB og starfsmaður NPB situr jafnframt fundi ráðgjafahópa NI og NÄJS. Fyrir Íslands hönd situr

Sigurgeir Ólafsson, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, í ráðgjafahópi NÄJS og Eiríkur Baldursson í hópi NI.

Fjármögnun Norrænu líftækniáætlunarinnar:

Minna fé fékkst til líftækniáætlunarinnar 1990 en menn höfðu gert sér vonir um og bitnaði það svo til eingöngu á framlaginu til Norræna iðnaðarsjóðsins.

Framkvæmd áætlunarinnar:

1. NPB

Verkefni eru nú komin af stað á öllum sviðum sem veittur er forgangur í samþykkt Norðurlandaráðs um áætlunina. Erfitt hefur reynst að koma af stað verkefnum sem teljast uppfylla vísindalegar kröfur á tveimur sviðum, en áfram er unnið að því að verkefni komist í gang.

Erfðatækni. Á vegum NPB starfar hópur sem sér um að erfðatækni sé sinnt sem skyldi og hefur hópurinn lagt áherslu á námskeið og fyrirlestrahald. Á árinu 1990 voru haldin námskeið og fyrirlestrar og styrkir veittir til þátttöku í þeim, auk þess sem útgáfa fréttaritsins NOMBA BULLETIN var styrkt. Hópurinn hafði til ráðstöfunar u.þ.b. 1 millj. d.kr. á árinu. NPB hefur ákveðið að hópurinn fái 1 millj. d.kr. til ráðstöfunar árið 1991. Fyrir Íslands hönd situr í hópnum Valgerður Andrésdóttir, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði.

2. Umhverfismál.

Á fundi í nóvembermánuði 1989 ákvað NPB að styrkja tvö verkefni sem lúta að líftækni í umhverfismálum. Fyrra verkefnið lýtur að hættum fylgjandi því að erfðabreyttum örverum er sleppt út í umhverfið. Ísland tekur ekki þátt í verkefninu að öðru leyti en því að Hollustuvernd ríkisins fylgist með því. Hitt verkefnið lýtur að athugun á notkun líftæknilegra aðferða til að fylgjast með efnainnihaldi skolps og hreinsun hættulegra efna úr því. Tekist hefur samstarf milli Háskóla Íslands og Iðntæknistofnunar Íslands um þátttöku Íslendinga í þessu verkefni. Íslenska verkefnið miðar að því að byggja upp þekkingu hér á landi og fjallar um þær sérstöku aðstæður sem hér ríkja. Verkefnisstjórar eru Guðjón Jónsson og Jakob K. Kristjánsson.

3. Norræni iðnaðarsjóðurinn.

Aðaláherslan í þátttöku NI í líftækniáætluninni er lögð á stórverkefni þar sem verkefni eru skilgreind í samvinnu vísindamanna og fyrirtækja:

Verkfræði eggjahvítuefna. Jón Bragi Bjarnason, RHÍ, er verkefnisstjóri í einu verkefnanna. Ágústa Guðmundsdóttir situr í stjórn verkefnisins. Ársfundur í verkefninu var haldinn í október og dró til sín norræna og aðra sérfræðinga. Verkefnið hefur vakið mikla athygli.

Hita- og kuldakærar örverur og ensím úr þeim. Jakob K. Kristjánsson, ITÍ, er verkefnisstjóri í einu verkefnanna, en með honum vinna Helen Brown, Marta Konráðsdóttir, Sigríður Hjörleifsdóttir, Sigurður Baldursson, Tore Skjenstad og Viggó Marteinsson. Þátttakendur í öðrum verkefnum eru Ástríður Pálsdóttir, Líffræðistofnun; Jón Bragi Bjarnason, Bjarni Ásgeirsson og Einar Mäntylä, Raunvísindastofnun háskólans; Unnur Steingrímsdóttir og Ólöf Hafsteinsdóttir, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins; Guðni Alfreðsson, Hafliði M. Guðmundsson og Youyl Xíang, Líffræðistofnun. Auk þess taka þátt íslensku fyrirtækin Genís hf. og Undirbúningsfélag Lífefnavinnslunnar hf. Ottó B. Ólafsson, Pharmaco/Delta, átti sæti í stjórn verkefnisins, en við hefur tekið Fjalar Kristjánsson, Delta hf., og Hörður Jónsson, Rannsóknaráði, annast samræmingu og framkvæmd.

Líftækni í matvælaiðnaði. Einar Matthíasson, ITÍ, stýrir einu verkefni, Hjörleifur Einarsson, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, og Ágústa Guðmundsdóttir, Raunvísindastofnun, öðru. Einar Matthíasson, ITÍ, situr í stjórn þess. Leitað er þátttöku fyrirtækja.

Líftækni plöntufrumu. Hér er um að ræða samvinnuverkefni milli NI og NÄJS. Íslendingar taka ekki þátt í verkefninu. Sigurgeir Ólafsson, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, situr í stjórn þess.

Framleiðslutækni. Hér er um að ræða verkefni sem Íslendingar eiga ekki aðild að, en Grímur Valdimarsson, forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, situr fundi stjórnar verkefnisins.

Líftækni í umhverfismálum er hluti af umhverfistækniáætlun Norræna iðnaðarsjóðsins 1989–1992. Gert er ráð fyrir íslenskri þátttöku í því og Hallgrímur Jónasson, ITÍ, situr í stjórn verkefnisins.

Við val verkefna hefur verið leitað álits hæfustu vísindamanna í Austurríki, Bandaríkjunum, Englandi, Frakklandi, Hollandi, Noregi, Skotlandi og Vestur-Þýskalandi. Með því móti hefur fengist óvilhallt mat á vísindalegum gæðum þeirra verkefna sem stórverkefnin byggjast á. Matsmennirnir fylgjast jafnframt með gangi verkefnanna og gefa ráð þar sem þurfa þykir. Almenn ánægja ríkir með þetta fyrirkomulag.

Undirverkefni stórverkefnanna sem hlotið hafa náð fyrir augum matsmanna hafa beint athygli umheimsins í ríkum mæli að líftæknirannsóknum á Norðurlöndum og þykir þátttaka í verkefnunum merki þess að um áhugaverðar rannsóknir sé að ræða hjá þeim aðilum sem þátt taka í verkefnunum.

Mikil þátttaka fyrirtækja, bæði í fjármögnun og framkvæmd, bendir til þess að vel hafi tekist að velja verkefni sem þykja gagnleg í augum atvinnulífsins, án þess að í nokkru sé slakað á kröfum um vísindaleg gæði þeirra.

Norræni iðnaðarsjóðurinn hefur enn fremur varið 14–15 milljónum n.kr. til iðnaðarverkefna í líftækni.

4. NÄJS

Í líftækniáformum NÄJS er lögð áhersla á að miðla þekkingu og skapa möguleika til samstarfs auk þess sem verkefni eru styrkt. Áhersla er lögð á líftækni sem varðar plöntur og plöntufrumur. Árið 1990 hafði NÄJS til ráðstöfunar 6 milljónir d.kr., sem framlag frá NMR. Ástæða lítillar þátttöku Íslendinga í þessum þætti áætlunarinnar er einfaldlega sú að lítið hefur verið unnið að rannsóknum á þessu sviði líftækninnar hér á landi. Í þeim efnum horfir þó til bóta. Enn er þó lítil þátttaka í rannsóknar- og þróunarverkefnum, en því meiri ástæða til þess að notfæra sér þá áherslu sem lögð er á miðlun þekkingar með því að sækja málþing, málstofur og starfsþjálfun í tengslum við verkefni. NÄJS annaðist undirbúning og stjórnar stórverkefni í samvinnu við NI og mun verja miklum fjármunum til þess, sjá ofar.

5. Starfshópur um siðfræðilegar hliðar líftækni.

Við gerð sameiginlegrar norrænnar líftækniáætlunar var, af hálfu stjórnmálamanna, mikil áhersla lögð á að siðfræðilegum atriðum yrðu gerð góð skil og umræða um þau vakin, samtímis sem unnið yrði að rannsóknum að líftæknilegum aðferðum. Starfshópurinn var settur á laggirnar og er ætlað að vekja umræðu um siðferðilegar spurningar sem koma upp við notkun líftæknilegra aðferða í rannsóknum, greiningu, landbúnaði og iðnaði, en ekki að skrifa reglur þar um.

Hópurinn byggir umfjöllun sína á áþreifanlegum dæmum um notkun líftæknilegra aðferða:

Manneskjan	Athuganir á erfðavísum vegna arfgengra sjúkdóma.
Dýr	Framleiðsla storkuþáttar mannablóðs í gyltum.
Dýr	Aukning framleiðslu með erfðabreyttum dýrum.
Jurtir	Erfðabreyttar jurtir sem innihalda toxín-erfðavísi úr Bacillus thuringlensis.
Örverur	Notkun erfðabreyttra Bacillus thuringlensis gegn skordýrum.

Hópurinn setti saman hefti þar sem fjallað er um siðfræðilegar spurningar sem vakna í tengslum við notkun líftækninnar í þessum efnum. Heftið var sent öllum þingmönnum á Norðurlöndunum með ósk um viðbrögð. Enn sem komið er hafa þau orðið mun minni en ætla mátti.

Fulltrúar Íslands í hópnum eru Arnór Hannibalsson, Háskóla Íslands, og Jórunn Erla Eyfjörð, Krabbameinsfélagi Íslands.

5.7. Norrænt samstarf um húsnæðis- og byggingarmál.

Embættismannanefndin um húsnæðis- og byggingarmál (EK-bygg) hefur starfað frá árinu 1972. Nefndin hefur á sínum vegum samræmingu samstarfs Norðurlandanna um byggingarrannsóknir, samræmingu byggingarlaga og reglugerða, byggingarstaðla og gæðaeftirlits auk rannsóknarsamstarfs á sviði stefnumótandi þátta húsnæðismálanna

Norrænt samstarf á vegum embættismannanefndarinnar fer fram á vegum sérstakra samstarfsnefnda. Samstarf um byggingarrannsóknir er á vegum samstarfsnefndar norrænna byggingarrannsóknastofnana (NBS). Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins er aðili að þessari nefnd og mun annast umsjón með skrifstofu samstarfsnefndarinnar tímabilið 1990–1993. Norræna nefndin um byggingarlög og reglur (NKB) er stofnun sem annast um samræmingu á lögum og reglum um byggingar og umhverfi þeirra. Skipulag ríkisins er aðili að þessari nefnd. Undirnefnd stofnunarinnar vinnur að samræmingu á reglum um gæðaeftirlit og byggingarstaðla. Ísland ásamt Finnlandi hafa hlotið sérstaka fjárveitingu embættismannanefndarinnar til að geta tekið þátt í þessu samstarfi um staðla og gæðaeftirlit. Norrænu húsnæðisráðuneytin og stjórnsýslustofnanir húsnæðismála vinna saman að rannsóknarverkefnum er lúta að stefnumótandi þáttum húsnæðismálanna. Sérstök stjórnarnefnd hefur umsjón með framvindu rannsóknarverkefnanna. Unnið er að verkefnum sem fjalla m.a. um húsnæðislánakerfin á Norðurlöndum, samanburð á aðild hins opinbera, húsnæðismál aldraðra o.fl.

Starf embættismannanefndarinnar á árinu 1990 hefur mjög tengst þeim breytingum sem eru í vændum vegna sameiginlegs innri markaðar Evrópubandalagsins. Unnið hefur verið að samræmingu reglna og staðla á sviði byggingarmála vegna undirbúnings fyrir þessar breytingar. Í febrúar var fundur norrænna húsnæðisráðherra haldinn í fyrsta sinn á Íslandi. Aðalumræðuefni fundarins var tvíþætt. Í fyrsta lagi var fjallað um þær breytingar á húsnæðislánakerfum landanna sem gerðar hafa verið eða eru í undirbúningi. Í öðru lagi var umræðuefnið samstarf Norðurlandanna vegna undirbúnings sameiginlegs markaðar Evrópubandalagsins. Ráðherrarnir fólu embættismannanefndinni að gera sérstaka vinnuáætlun í þessu sambandi og í samvinnu við norrænu nefndina um byggingarákvæði og staðla. Höfuðviðfangsefni á þessu sviði eru:

1. Staðlar, gæðaeftirlit, viðurkenningar og möguleikar Norðurlandanna til að hafa áhrif á þróun mála í EB.
2. Reglur um opinber útboð í byggingariðnaði.
3. Ábyrgðir og gæðatrygging framleiðslunnar.
4. Upplýsingamiðlun milli hins opinbera og byggingariðnaðar á Norðurlöndunum um aðlögun Norðurlanda að evrópska byggingariðnaðinum.

5.8. Norrænn vinnumarkaður.

Norræna samstarfinu á vinnumarkaðssviðinu var fram haldið á yfirstandandi ári eftir sömu meginreglum og hefðum sem fyrr. Samstarfið tekur til umsjónar með framkvæmd samninga sem snerta vinnumarkaðinn, svo og að fylgja eftir ákvörðunum ráðherranefndarinnar. Burðarás samstarfsins er samningurinn um sameiginlegan norrænan vinnumarkað sem upphaflega var gerður árið 1954, en þá án aðildar Íslands. Nýr samningur var síðan gerður 6.

mars 1982 og tók hann gildi 1. ágúst árið 1983. Gerðist Ísland aðili að þessum samningi samkvæmt ályktun Alþingis. Meginviðfangsefni samstarfsins árið 1990 hafa verið að ljúka ýmsum verkefnum sem kveðið var á um í samstarfsáætluninni frá 1985; hefja aðgerðir samkvæmt efnahagsáætlun fyrir tímabilið 1989–1992 og afmarka viðfangsefni innan jafnréttisáætlunarinnar 1989–1993. Auk þess er haldið áfram með víðtæk verkefni um fólksflutninga, annars vegar til að fylgja eftir skýrslunni um norrænt samstarf um fólksflutninga frá 1984 og hins vegar til þess að fylgja eftir vissum þáttum í ályktun Norðurlandaráðs nr. 30/1986/j, um aukið og nánara norrænt samstarf í málum flóttamanna og innflytjenda.

Norræna vinnumarkaðsnefndin (NAUT), sem skipuð er tveimur embættismönnum frá hverju landi, hefur umsjón með framkvæmd samstarfsins og samhæfir störf undirnefnda og starfshópa sem annast einstök verkefni eða málaflokka. Vegna manneklu og til að halda niðri kostnaði hefur þátttaka Íslands að mestu takmarkast við störf norrænu vinnumarkaðsnefndarinnar en þátttaka verið lítil sem engin í störfum undirnefnda nema þegar sérstök tilefni hafa gert það óhjákvæmilegt.

Norræna vinnumarkaðsnefndin er vettvangur upplýsingamiðlunar milli samningslandanna um þróun á vinnumarkaði í hverju landi um sig og er skipst á slíkum upplýsingum á reglulegum fundum nefndarinnar vor og haust.

Árið 1990 hefur norræna vinnumarkaðsnefndin lagt áherslu á að ljúka úttekt og samanburði á reglum um framkvæmd vinnumiðlunar, annars vegar á hinum sameiginlega norræna vinnumarkaði og hins vegar í löndum Evrópubandalagsins. Í framhaldi af þessari úttekt er nú í undirbúningi endurskoðun á þeim reglum sem gilt hafa um vinnumiðlun milli Norðurlandanna, m.a. í þeim tilgangi að gera hana skilvirkari og auka og bæta þjónustu við þá sem kjósa að leita starfa í öðru norrænu landi. Í þessu sambandi hefur verið rætt um nauðsyn þess að auka og samræma fjárhagslega aðstoð við þá sem leita starfa utan heimalands síns, en í þessum efnum ríkir mikið misræmi milli einstakra samningslanda. T.d. á íslenskur ríkisborgari, sem vill kanna atvinnumöguleika í öðru norrænu landi, ekki kost á fjárhagslegri aðstoð þótt ferðakostnaður hans sé margfaldur miðað við þá sem ferðast innan Skandinavíu en eiga þó í flestum tilfellum kost á fjárhagslegri aðstoð þó hún sé misjöfn eftir löndum. Íslendingar hafa í auknum mæli hagnýtt sér hinn sameiginlega vinnumarkað og sækja til starfa í öðrum norrænum löndum. Þetta verður að telja eðlilega þróun því tilgangur samningsins um sameiginlegan norrænan vinnumarkað er einmitt sá að jafna sveiflur sem verða í atvinnustarfsemi samningslandanna. Af öðrum viðfangsefnum má nefna eflingu þeirrar starfsemi sem fæst við nemendaskipti og sumarstörf æskufólks (Nordjobb, Nordpraktik) og aukið samstarf um starfsþjálfun í atvinnulífi. Loks má nefna að uppi eru tillögur um að sameina þær embættismannanefndir sem nú starfa að vinnumarkaðsmálum annars vegar og vinnuumhverfismálum hins vegar.

5.9. Norræni fjárfestingarbankinn (NIB).

Frá sjónarhóli Íslendinga er stofnun og starfsemi Norræna fjárfestingarbankans tvímælalaust einn þýðingarmesti og árangursríkasti þáttur í norrænu samstarfi. Í þau 14 ár sem bankinn hefur starfað hafa íslensk fyrirtæki og sjóðir notið góðs af lánum bankans sem hafa yfirleitt verið með hagstæðari kjörum en önnur erlend lán.

Á árinu 1990 hefur vöxtur og velgengni bankans haldið áfram, en þegar þetta er skifað liggja ekki fyrir reikningar bankans fyrir þetta ár nema til ágústloka. Á þessum átta mánuðum veitti bankinn 41 lán innan Norðurlanda að upphæð 352,8 milljónir SDR en lán veitt utan Norðurlanda voru að upphæð 51 milljón SDR. Lánin eru veitt til 5–15 ára og þurfa að uppfylla skilyrði um að þau þjóni norrænum hagsmunum, en með því er átt að fleiri en eitt Norðurlandanna njóti góðs af þeim. Þó eru lán til umhverfisverndar undanþegin þessari reglu, en talið er að slíkar framkvæmdir séu yfirleitt einnig hagsmunamál nágrannaríkjanna.

Lánveitingar bankans eru til margs konar verkefna. Í ár hafa lán til iðnaðar, einkum pappírsiðnaðar, verið langstærsti flokkurinn eða um ¾ hlutar heildarútlána. Á undanförnum árum hefur bankinn samkvæmt ákvörðun Norðurlandaráðs veitt svokölluð byggðalán. Hafa þau í ár numið 12,2 milljónum SDR og hefur megnið af því, eða 11,2 milljónir SDR, runnið til Byggðastofnunar.

1. Lán til Íslands.

Á fyrstu átta mánuðum þessa árs hefur bankinn veitt Íslandi lán að upphæð 16,9 milljónir SDR sem er jafnvirði 1.330 milljóna króna og þær skiptast á milli lántakanda sem hér segir:

Byggðastofnun	11,2 milljónir SDR
Iðnlánastjóður	3,8 milljónir SDR
Sáttmálasjóður Háskólans	1,9 milljónir SDR

Útistandandi lán Íslendinga hjá bankanum voru í ágústlok 236,8 milljónir SDR, sem samsvarar 8,6% af heildarútlánum bankans innan Norðurlanda, en hlutafjáreign Íslands í bankanum er 1%. Afkoma bankans hefur farið batnandi á þessu ári. Fyrstu átta mánuðina nam hagnaður hans 25,2 milljónum SDR, en 15,4 miljónum á sama tíma í fyrra. Bankinn hefur ekki orðið fyrir neinu tapi í ár og hefur hann ákveðið að hætta þeim fjármagnsviðskiptum sem tap var á í fyrra. Horfur eru á að með hagnaði þessa árs og síðustu hlutafjárgreiðslum aðildarríkjanna verði varasjóður bankans í árslok orðinn 160 milljónir SDR og hafi þá náð því tilskilda marki að vera ekki minni en 10% af stofnfé bankans. Getur þá bankinn aftur farið að greiða aðildarríkjunum arð eins og hann gerði vegna áranna 1985 og 1986. Þær greiðslur hættu þegar ákveðið var að hækka stofnfé bankans úr 800 milljónum SDR í 1.600 milljónir SDR, sem gerði bankanum kleift að hækka útlán sín upp í 4.000 milljónir SDR. Í ágústlok 1990 námu heildarútlán bankans 3.126 milljónum SDR og voru þar af lánveitingar innan Norðurlanda 2.739 milljónir SDR en 387 milljónir SDR vegna alþjóðalána.

2. Verkefnalán.

Lán utan Norðurlanda eru einkum svokölluð verkefnalán (projektexportlån), en sá lánaflokkur var ákveðinn af Norðurlandaráði árið 1982 til að greiða fyrir viðskiptum við þróunarlönd og Austur-Evrópu. Í ár var hámark þessara lána með samþykkt norrænu ráðherranefndarinnar hækkað um 300 milljónir SDR í 1.000 milljónir SDR. Aðildarríkin bera 90% ábyrgð á þessum lánum en bankinn 10%. Fyrirsjáanlegt er að eftirspurn eftir þeim fer ört vaxandi sérstaklega vegna umhverfisverndaraðgerða í Austur-Evrópu. Stærsta fyrirliggjandi verkefni á því sviði er á Kolaskaga sem nærliggjandi Norðurlönd hafa mikinn áhuga á. Fylgist bankinn náið með þeim viðræðum sem nú fara fram um þetta mál og er búist við að hann komi til með að aðstoða við fjármögnun á fyrirhuguðum framkvæmdum og þá veitingu verkefnalána.

3. Stjórn og starfslið.

Síðastliðin fimm ár hefur Norðmaðurinn Jannik Lindbæk verið bankastjóri og reynst mjög farsæll í starfi. Hans starfstími hefur nú verið framlengdur til 31. maí 1996. Þrátt fyrir vaxandi starfsemi hefur starfsmönnum bankans ekki fjölgað og eru þeir nú 86. Guðmundur K. Tómasson, sem verið hefur aðstoðarframkvæmdastjóri Iðnþróunarsjóðs, hefur verið ráðinn sviðsstjóri fyrir Ísland í stað Þorsteins Þorsteinssonar sem hefur verið falið ábyrgðarmikið starf í fjármáladeild bankans. Enn fremur hefur Theodór A. Bjarnason hagfræðingur verið ráðinn fulltrúi við skrifstofu bankans í Kaupmannahöfn.

Fulltrúar Íslands í bankaráðinu eru Þórhallur Ásgeirsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri, og Guðmundur Magnússon prófessor. Varamenn þeirra eru Tómas Árnason seðlabankastjóri

og Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri. Bankaráðið heldur 11 fundi á ári, flesta í Helsingfors en einn fund í hverju hinna aðildarríkjanna, nema á Íslandi annað hvert ár.

Fulltrúar Íslands í eftirlitsnefnd bankans eru Ólafur G. Einarsson alþingismaður og Björn Björnsson bankastjóri. Nefndin kemur saman tvisar á ári og var seinni fundur hennar haldinn í september 1990 á Akureyri.

5.10. Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (NoPEF).

Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nordiska Projektexportfonden, NoPEF) var stofnaður árið 1982. Sjóðurinn hefur það verkefni með höndum að hvetja til verkefnaútflutnings, fyrst og fremst til þróunarlandanna og Austur-Evrópu. Sjóðurinn styrkir norræn fyrirtæki og stofnanir til að gera forathuganir og arðsemisathuganir vegna verkefna sem talin eru geta leitt til verk- og sölusamninga. Norðurlöndin skulu hafa hagsmuna að gæta í þessum verkefnum. Í þessu skyni getur sjóðurinn styrkt gerð forathugana um að jafnaði allt að 50% af kostnaði við gerð þeirra. Styrkurinn er veittur í formi áhættuláns sem að öllu jöfnu þarf að endurgreiða ef verkefnið leiðir til sölusamnings. Leiði þær ekki til árangurs getur sjóðurinn fellt niður höfuðstól lánsins. Auk þessarar starfsemi beitir sjóðurinn sér fyrir athugunum sem hafa almenna þýðingu fyrir norrænan verkútflutning, t.d. á nýjum markaðssviðum, og gefur sjóðurinn slíkar athuganir út.

Sjóðurinn framkvæmir sérstakar kannanir til að leita nýrra tækifæra í verkútflutningi fyrir norræn fyrirtæki, svo sem á nýjum mörkuðum eða á nýjum sviðum verkútflutnings. Þá getur NoPEF haft frumkvæði að verkútflutningi með því að koma á samstarfi fyrirtækja. Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn hefur einnig gengist fyrir alþjóðlegum fundum og ráðstefnum um svið eða á mörkuðum fyrir norrænt atvinnulíf, sem teljast áhugaverð fyrir norrænan verkútflutning.

Frá árinu 1982 hefur sjóðurinn fjallað um u.þ.b. 450 verkefni og þar af samþykkt lán og styrki til 269 verkefna (nóvember 1990) að fjárhæð um 720 m.kr.

Á árunum 1990–1992 hefur sjóðurinn fengið sérstaka fjárveitingu í gegnum norrænu efnahagsáætlunina að fjárhæð um 300 milljónir króna til að stuðla að sérstöku átaki í verkútflutningi á sviði umhverfismála.

Í því skyni hefur sjóðurinn meðal annars gengist fyrir skýrslugerð um stöðu umhverfismála í Eistlandi, Póllandi og Leningrad jafnframt því sem brýnustu fjárfestingar og framkvæmdir í umhverfismálum í þessum löndum og svæðum hafa verið kortlagðar.

Íslensk fyrirtæki hafa notið stuðnings frá NoPEF til nokkurra verkefna, þar á meðal nú síðast Virkir-Orkint vegna könnunar á stofnun hitaveitna í Ungverjalandi og Tékkóslóvakíu, og Icecon hf. hefur einnig notið stuðnings úr sjóðnum. Það er einmitt ekki síst á sviði sjávarútvegs og jarðvarma sem Íslendingar framar öðrum hafa til að bjóða þekkingu sem ætti að vera alþjóðlega samkeppnishæf og átt þátt í að auka útflutningstekjur þjóðarinnar ef vel er á haldið.

NoPEF er systurstofnun Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Norræna þróunarsjóðsins (NDF) og Norræna umhverfissjóðsins (NEFCO). Þessar stofnanir eru allar staðsettar í Helsingfors. Af Íslands hálfu sitja í stjórn sjóðsins Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, og Stefán Friðfinnsson, aðstoðarmaður utanríkisráðherra. Á árinu 1990 var Þorsteinn Ólafsson viðskiptafræðingur ráðinn forstjóri NoPEF.

5.11. Norræni þróunarsjóðurinn.

Norræni þróunarsjóðurinn tók formlega til starfa 1. febrúar 1989. Hann hefur aðsetur hjá Norræna fjárfestingarbankanum í Helsinki og nýtur samrekstrar með honum að mörgu leyti. Stofnfé sjóðsins er 100 milljónir SDR og greiðist á fimm árum af Norðurlöndunum í samræmi við „norræna deililykilinn“.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í þróunarríkjunum í samvinnu við aðrar lánastofnanir. Fyrst og fremst er lánað til fátækustu ríkja heims. Lánskjörin eru með því lægsta sem þekkist. Lánin eru til 40 ára, afborganalaus fyrstu 10 árin, vaxtalaus en með 0,75% þjónustugjaldi á ári. Á fyrstu 20 starfsmánuðum sjóðsins hefur stjórn sjóðsins veitt vilyrði fyrir lánum til 10 verkefna í 9 þróunarlöndum að upphæð 34,4 milljónir SDR (um 2,7 milljarðar ísl.kr.). Þar af hafa verið undirritaðir samningar vegna fjögurra lána að upphæð 12,2 milljónir SDR (um 960 milljónir ísl.kr.). Verkefnum má skipta í eftirtalda hópa: byggðaþróun (Úganda og Zimbabwe), drykkjarvatnsöflun (Botswana og Kamerún), fiskveiðar (Malawi), orkumál (Mosambique og Úganda), skógrækt (Indónesía), umhverfisvernd (Mauritius) og vegamál (Laos). Veitt hefur verið vilyrði fyrir láni til eins verkefnis þar sem íslensk fyrirtæki eiga beinna hagsmuna að gæta. Það er fiskveiðiverkefni í Malawi og lánsupphæðin er 3 milljónir SDR (um 236 milljónir ísl.kr.). Verkefni þetta er enn á undirbúningsstigi. Í stjórn sjóðsins situr einn fulltrúi frá hverju Norðurlandanna. Stjórnarformaður nú er fulltrúi Danmerkur, Ole Lönsman Poulsen. Fulltrúi Íslands í stjórninni er dr. Ingvar Birgir Friðleifsson, forstöðumaður Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu Þjóðanna, en varamaður dr. Björn Dagbjartsson, framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.

5.12. Norrænt samstarf á sviði neytendamála.

Norræna embættismannanefndin um neytendamál sinnti ýmsum verkefnum á árinu 1990. Í neytendamálum á norrænt samstarf sér aðallega stað á eftirfarandi sviðum:

— öryggi neytenda,
— fjárhagslegir og lagalegir hagsmunir neytenda,
— neytendafræðsla og neytendaupplýsingar,
— áhrif neytenda.

Á árinu hefur verið lögð sérstök áhersla á staðlamálin. Í hinu aukna samstarfi Evrópuþjóða á þessu sviði hafa Norðurlöndin lagt kapp á að viðhalda þeim miklu kröfum sem gerðar eru þannig að öryggi vara verði jafnmikið og áður. Sjónvarpsauglýsingar hafa einnig verið mikið til umfjöllunar og hvernig bregðast eigi við auglýsingum sem koma frá erlendum sjónvarpsstöðvum í gegnum gervihnetti. Vinna við að koma á fót norrænu umhverfismerki hefur gengið greiðlega í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi en hér á Íslandi er í undirbúningi nefnd til að sinna þessu máli. Verðandi sameining Evrópu hefur haft mikil áhrif á norræna samvinnu á sviði neytendamála og hefur verið lögð áhersla á að varðveita þann mikla árangur sem náðst hefur í neytendavernd á Norðurlöndum. Ísland hefur tekið virkan þátt í starfi norrænu embættismannanefndarinnar um neytendamál á þessu ári og hefur okkur tekist að minnka nokkuð það forskot sem aðrar Norðurlandaþjóðir hafa haft fram yfir okkur á þessu sviði.

5.13. Afnám tæknilegra viðskiptahafta.

Stjórnarnefnd um afnám tæknilegra viðskiptahafta á Norðurlöndum (Styringsgruppen for afvikling af handelshindringer i Norden-STH) hefur áfram unnið að framkvæmd samstarfsáætlunar frá 1987 um afnám viðskiptahafta á Norðurlöndum og sérstakra leiðbeiningarreglna um sama efni. Hefur m.a. verið unnið á grundvelli starfsáætlunarinnar „Norden i Europa". Nefndin hefur haft samband við ýmsar aðrar norrænar nefndir og stofnanir sem skulu einnig stuðla að afnámi tæknilegra viðskiptahafta, hver á sínu sviði. Þá hefur verið unnið að endurskoðun bæklings um svokallaðar „líkar reglur". Bæklingurinn, sem dreift var í annarri útgáfu veturinn 1989–1990, af hálfu viðskiptaráðuneytisins hér á landi, er hjálpartæki fyrir framleiðendur og útflytjendur á Norðurlöndum varðandi þær vörur sem í honum eru tilgreindar. Ef staðfest hefur verið að líkar reglur gildi um einstakar vörutegundir, m.a. með tilliti til prófana eða viðurkenningar, á a.m.k. tveimur Norðurlandanna er gert ráð fyrir að slíkar vörur megi flytja hindrunarlaust til hinna Norðurlandanna án þess að gerðar séu kröfur

um frekari prófun eða viðurkenningu í innflutningslandinu. Ella kemur til svokallaðrar öfugrar sönnunarbyrði, þ.e. viðkomandi yfirvöld í innflutningslandinu þurfa að sýna fram á það með rökum að slík viðbótarprófun eða viðbótarviðurkenning sé nauðsynleg, t.d. af öryggisástæðum. Takist útflutnings- og innflutningslandinu ekki að leysa málið sín á milli er unnt að kvarta til stjórnarnefndarinnar sem leitast við að stuðla að lausn. Ekki hefur hingað til þurft að fjalla um viðskiptahöft vegna vara sem teknar hafa verið upp í listann um líkar reglur. Stjórnarnefndin hefur hins vegar fjallað um kvartanir um ýmis önnur ætluð viðskiptahöft og hefur tekist að leysa sum þessara mála á árinu. Kvörtunum skal komið á framfæri við fulltrúa viðskiptaráðuneytisins í nefndinni.

Stjórnarnefndin hefur gefið norrænu ráðherranefndinni skýrslu um störf sín og leggur árlega fram starfsáætlun. Þróun mála varðandi Evrópska efnahagssvæðið hefur haft áhrif á störf nefndarinnar og að sumu leyti dregið úr þeim í bili. Þá hefur verið unnið að endurmati á samstarfsáætluninni og hefur slíkt einnig haft áhrif á störf nefndarinnar á árinu.

5.14. Vestnorræna samstarfið, Færeyjar-Grænland-Ísland.

1. Inngangur.

Eins og kunnugt er er þetta norræna samstarf (Vestnordensamarbejdet) hluti af norrænu svæðasamstarfi sem heyrir undir norrænu embættismannanefndina um byggðastefnu (NERP). Á sl. ári, sem reyndar var hið íslenska formannsár, vann embættismannanefndin að nýrri starfsáætlun sem samþykkt var á þingi Norðurlandaráðs. Í þessu sambandi var og er til umræðu að taka svæðasamstarfið til endurskoðunar. Því mun NERP á næstu mánuðum halda fundi með svæðanefndunum, þ.m.t. vestnorrænu nefndinni. Engar líkur eru á að grundvallarbreytingar verði gerðar á starfsemi þessarar nefndar né á stuðningi NERP við hana því vestnorræna svæðið er, ásamt Norðurkollssvæðinu, það svæði sem mests forgangs nýtur innan NERP.

2. Fulltrúar Íslands.

Fulltrúar Íslands í vestnorrænu nefndinni eru Jónas Hallgrímsson, framkvæmdastjóri á Seyðisfirði, og Bjarni Einarsson, aðstoðarforstjóri Byggðastofnunar.

3. Starfsemi á árinu 1990.

Fjárframlag til starfseminnar af fjárveitingu norrænu ráðherranefndarinnar til NERP nam 3.3 milljónum danskra króna. Uppgjör fyrir árið 1990 var lagt fyrir síðasta fund nefndarinnar sem haldinn var í Þórshöfn þann 14 desember sl. Nefndin heldur ekki marga fundi vegna mikilla vegalengda og kostnaðar. Reyndar hefur stefnan verið sú að halda þrjá fundi á ári, helst einu sinni í hverju landi. Þetta hefur gengið misjafnlega. Ákveðið hagræði hefur komið fram í að halda einn fund á ári í Kaupmannahöfn í tengslum við önnur erindi þangað. Á árinu 1990 hefur einn fundur verið haldinn í Kaupmannahöfn (10. maí) og óformlegur fundur var haldinn með nýjum fulltrúum Grænlendinga, fulltrúum Íslands og framkvæmdastjóra nefndarinnar í tengslum við vestnorrænu ferðakaupstefnuna í Nuuk í september. Að síðustu var svo haldinn fundur í Þórshöfn þann 14. desember sl. eins og fram hefur komið.

Meginhluta þess fjár sem nefndin hefur til ráðstöfunar er varið til verkefna af ýmsu tagi í löndunum þremur og er áhersla lögð á verkefni sem koma fleirum en einu þeirra til góða. Einnig eru hátt metin verkefni þar sem þekking eða kunnátta er flutt frá einu landanna til annars eða hinna. Mikil áhersla hefur verið lögð á verkefni sem koma Grænlendingum til góða. Í sumum tilvikum er um rannsókna- eða tilraunaverkefni að ræða. Verkaskipting nefndarinnar og lánasjóðsins er m.a. hugsuð þannig að nefndin veiti fé til könnunar og

undirbúnings verkefna sem sjóðurinn fjármagni síðan þegar þau eru komin á framkvæmdastig.

Verkefnin eru af ýmsu tagi. Í fiskveiðum má nefna verkefnið „tvífrystingu", sem unnið hefur verið að í Færeyjum, að frysta fisk á miðunum, þýða hann upp, vinna og frysta aftur í landi. Tvö fiskeldisverkefni snerta Ísland, verkefnið „Spraka" sem er samstarf Fiskeldis Eyjafjarðar og aðila í Færeyjum um þróun lúðueldis og tilraunir með bleikjueldi í smáum stíl á Austurlandi. Í ferðamálum er langstærsta verkefnið ferðakaupstefnan sem haldin hefur verið á hverju ári í löndunum til skiptis, nú síðast í Nuuk í september sl. Þessi kaupstefna hefur nú öðlast ákveðinn sess og viðurkenningu á ferðamarkaðnum. Höfuðkostur hennar er að með því að fá fjölda erlendra kaupenda til hinna vestlægu Norðurlanda fá hinir fjölmörgu smáu seljendur landanna einstakt tækifæri til að ná beinum viðskiptasamböndum. Ekki er vafi á að þessi kaupstefna hefur gert íslenskum ferðaaðilum mikið gagn. Má þar til nefna Ferðaþjónustu bænda sem hefur nýtt þennan möguleika til markaðssetningar mjög vel. Auk þessa höfuðviðfangsefnis hefur nefndin stutt ýmis smærri verkefni á sviði ferðamála, þ.m.t. undirbúningur hótela, ferðaverkefna o.s.frv. á Grænlandi. Í þessu sambandi er rétt að benda á að Ísland á mikilla hagsmuna að gæta við uppbyggingu ferðaþjónustu á Grænlandi. Mikill hluti þeirra sem hennar munu njóta ferðast um Ísland og með íslenskum flugvélum á leið til og frá Grænlandi og Grænlandsferðir eru oft framlengingar Íslandsferða. Sem dæmi um verkefni í iðnaði má nefna framleiðslu steinsteyptra húseininga á Grænlandi, útflutning á vatni frá því landi, kaldreykingu á síld á Íslandi, samstarf grænlenskra, færeyskra og íslenskra kvenna um þróun smáiðnaðar í ull og skinnum, töku kvikmynda af íslenskum smáiðnfyrirtækjum fyrir Grænlendinga, ákveðna þróun í fiskimjölsvinnslu o.s.frv. Í landbúnaði má nefna tilraunir með kartöflurækt á Suður-Grænlandi, svo og rannsóknir tengdar grænlenskri sauðfjárrækt og ull. Mjög skemmtilegt verkefni er uppbygging heimilisvatnsaflsstöðva í Grænlandi sem smíðaðar eru norður í Köldukinn og væntanlegan flutning þeirrar kunnáttu til Grænlands.

Nefndin hefur komið víða við. Nefna má samstarf Reiknistofu bankanna við hliðstæðan aðila í Færeyjum og svo fjölda smáverkefna sem felast í að styrkja menn til ferðalaga til að afla sér sérþekkingar eða til að koma á fundum.

Árið 1984 var gefin út skýrsla um stefnu vestnorrænu nefndarinnar undir nafninu „Vestnorden fremtid". Líklegt er að samstarfið við NERP leiði til þess að þessi skýrsla verði endurskoðuð á næsta ári. Skrifstofa nefndarinnar er í Þórshöfn.

5.15. Norræna eldfjallastöðin.

Norræna eldfjallastöðin er samnorræn stofnun sem heyrir undir norrænu menningarmálaskrifstofuna. Stjórn hennar er skipuð fulltrúum Norðurlandanna auk þriggja fulltrúa íslenskra stofnana á sviði jarðvísinda. Starfsemin er kostuð af skrifstofu norrænu menningarmálanefndarinnar. Stjórnarformaður er Asger Ken Pedersen, Danmörku, en dr. Guðmundur E. Sigvaldason veitir stöðinni forstöðu.

1. Hlutverk.

Í reglugerð fyrir stöðina frá 1973 er hlutverk hennar skilgreint: „Norræna eldfjallastöðin á að stunda rannsóknir í eldfjallafræði með áherslu á veigamestu rannsóknasvið þeirrar fræðigreinar: bergfræði, jarðefnafræði, jarðeðlisfræði og eldfjallasögu. Stofnunin á að veita vísindamönnum og námsmönnum frá Norðurlöndum og, eftir nánari ákvörðun stjórnar stofnunarinnar, einnig frá öðrum löndum aðstöðu til rannsókna í eldfjallafræði og tengdum greinum."

2. Verkefni.

Á stofnuninni er aðallega unnið að mælingum á jarðskorpuhreyfingum, efnarannsóknum á bergi og gasi, kortlagningu virkra eldstöðvakerfa, gjóskulagarannsóknum, gerð hættukorta vegna hugsanlegra eldgosa, mælingum á sprungu- og gangaþyrpingum, líkanreikningum fyrir kvikuhólf og smíði tækja til eldfjallavöktunar. Hér skal nú gerð nánari grein fyrir nokkrum verkefnum.

Eftir eldgosið 1984 streymdi kvika inn í kvikuhólfið undir Kröflu uns landhæð þar var meiri en fyrir gosið. Á síðustu tveimur árum hefur mælst mjög hægfara landsig sem kann að benda til þess að svæðið sé að komast í jafnvægi eftir umbrotin. Sjálfvirk mælitæki skrá breytingar á landhæð og senda daglega gögn til Reykjavíkur en að auki eru gerðar umfangsmiklar landmælingar á svæðinu á nokkurra mánaða fresti. Sams konar mælibúnaður hefur verið settur upp í Vestmanneyjum. Mælingar í Öskju í Dyngjufjöllum benda til þess að botn öskjunnar sígi nokkra sentimetra á ári. Í mörgum eldstöðvakerfum, svo sem Dyngjufjöllum, Veiðivötnum og á Reykjanesskaga, virðist hraunaframleiðsla á nútíma hafa verið mest skömmu eftir að jökla síðasta ísaskeiðs leysti. Ísaldarjökull kann að hefta eldgos að einhverju marki en ris lands og aðrar breytingar samfara jökulhörfun að auðvelda eldgos. Á Síðu og í Fljótshverfi virðast hafa orðið um 14 stórgos (móbergsflóð) í lok næstsíðasta ísaskeiðs, samanlagt um 200 km^3, en það stærsta um 30 km^3.

Basaltkvika hér á landi virðist yfirleitt blandast aðskotaefnum úr skorpu á leið sinni til yfirborðs. Þessi niðurstaða rennir styrkari stoðum undir þá skoðun að vafasamt sé að nota blágrýtishraun til að draga víðtækar ályktanir um samsetningu og þróun upptakasvæðis kvikunnar, möttulsins. Líkanreikningar benda til þess að á plötuskilum ráði lögun kvikuhólfs og dýpi niður á það miklu um tíðni gosa úr þeirri eldstöð sem hólfið veitir kviku til.

3. Alþjóðlegt samstarf.

Stofnunin er í Alþjóðasamtökum eldfjallastöðva og forstöðumaður er formaður samtakanna. UNESCO leitar til samtakanna til að fá ráðgjöf um viðbrögð við eldvirkni eða hættu á eldvirkni um allan heim. Stofnunin hafði afskipti af aðgerðum í kjölfar eldgossins í Nevado del Ruiz í Kolombíu og fjórir þarlendir jarðfræðingar komu til þjálfunar við stofnunina, að hluta til með styrk frá Alþingi Íslendinga.

Árin 1987–88 átti stofnunin þátt í að skipuleggja námskeið í vöktun eldfjalla í Ekvador og Kolombíu í samvinnu við Jarðfræðistofnun Bandaríkjanna. Í kjölfar slyss sem varð vegna útstreymis lofttegunda frá stöðuvatninu Nyos í Kamerún var stofnunin kvödd til að gefa umsögn um atburðinn og draga saman helstu niðurstöður á ráðstefnu sem haldin var í Yaounde, Kamerún, í mars 1987. Stofnunin tekur þátt í alþjóðlegu verkefni (GPS-mælingum) þar sem notast er við merki frá gervitunglum til fjarlægðarmælinga á jörðu niðri en slíkar mælingar gefa upplýsingar um jarðskorpuhreyfingar í gosbeltunum.

Stofnunin smíðaði og setti upp þrjá hallamæla og gagnasöfnunarkerfi á Azoreyjum í samvinnu við eldfjallastöð Portúgala. Að auki hefur hún sett upp hallamæla við Napolí á Ítalíu.

5.16. Norrænt samstarf um jarðskjálftarannsóknir á Suðurlandi.

Um framvindu SIL-verkefnisins:

Rekstur hófst á öllum mælistöðvum SIL-mælanetsins um og upp úr síðustu áramótum. Mæliniðurstöður frá átta stöðvum koma eftir gagnaneti Pósts og síma til SIL-miðstöðvarinnar á Veðurstofu Íslands. Þessar mælingar eru nú þegar mjög mikilsverðar bæði fyrir áframhaldandi þróun kerfisins og almennt fyrir rannsóknir á svæðinu.

Unnið hefur verið að því að gera rekstur SIL-kerfisins traustan og einnig að þróun hugbúnaðar til sjálfvirkrar úrvinnslu í kerfinu. Markmiðið er að frá kerfinu megi fá ítarlegar og fullkomnar upplýsingar um jarðskjálfta aðeins nokkrum mínútum eftir að hann hefur átt sér stað, upplýsingar um upptök og útlausnareðli, stefnu og stærð brotflatar, sem og spennuna sem leysti skjálftann úr læðingi. Kerfið er mjög næmt þannig að mjög litlir skjálftar mælast. Eftir því sem skjálftar eru minni eru þeir tíðari og geta þannig gefið nokkuð samfellda mynd af þróun spennuástands á svæðinu. Nú er skammt í að sjálfvirknibúnaður kerfisins verði tekinn í stöðuga notkun, en hann hefur verið keyrður í tilraunaskyni og lofar góðu.

Frá því sl. vor hafa norrænir jarðskjálftafræðingar o.fl. getað sótt sér gögn símleiðis í gagnabanka kerfisins.

Tveir fundir hafa verið haldnir í stjórnarnefnd SIL-kerfisins á árinu, í maí í Reykjavík og annar í október í Kaupmannahöfn, í tengslum við árlegan fund norrænna jarðskjálftafræðinga, sem þar var haldinn að þessu sinni.

Það fjármagn, sem kemur frá hinum Norðurlöndunum, fer annars vegar í uppbyggingu kerfisins, stofnkostnað, og hins vegar í rannsóknir, og þá með þeirri hugsun að það nýtist vel til að tengja rannsóknir á öðrum Norðurlöndum við miðstöð SIL-kerfisins á Íslandi. Eitt rannsóknarverkefni fór af stað á árinu, sem Ragnar Slunga frá Svíþjóð hefur forgöngu um. Það varðar þróun sjálfvirknibúnaðar kerfisins og felst m.a. í að skrifa hugbúnað og aðlaga tiltækan hugbúnað að SIL-kerfinu.

Fleiri rannsóknarverkefni eru nú í undirbúningi. Einnig er í undirbúningi að kynna verkefnið og þá aðstöðu til rannsókna, sem er fyrir hendi, meðal vísindamanna á Norðurlöndum.

SIL-verkefnið hefur tengst öðrum rannsóknarverkefnum, einkum í samvinnu um gagnasöfnun. Þannig tengdist verkefnið rannsóknum Japana, Bandaríkjamanna og Sovétmanna á Suðurlandi og úti fyrir Reykjanesi sl. sumar. University of Tennessee hefur látið í té þyngdarkraftsmæli sem verið er að tengja við skráningarkerfi einnar SIL-stöðvarinnar og kerfi þenslumæla, sem starfrækt hefur verið á Suðurlandi, verður tengt við miðstöð kerfisins innan skamms. SIL-kerfið er m.a. hannað með það í huga að auðvelt sé að tengja ýmiss konar mæla við það og þá einkum hugsað til mælinga sem talið er að geti haft viðvörunargildi.

5.17. Norræn samráðsnefnd um stefnumótun á sviði upplýsingavinnslu.

Nefndin var stofnuð samkvæmt ákvörðun samstarfsráðherranna, sbr. skjal ráðherranefndarinnar ÄK-STF 216/89, dagsett 4. desember 1989. Hún var fullskipuð 10. apríl, einum fulltrúa frá hverju landi, en hélt sinn fyrsta fund 28. maí í Kaupmannahöfn. Nefndinni er ætlað að starfa til 30. júní 1991. Henni er ætlað að fylgja eftir vissum þáttum, sem ýmsir voru þegar starfi RU-datanefndar lauk. Á verkefnalista er þetta:

— að leggja fram tillögur um skipulag og fjármögnun verkefna sem snerta fleiri en eitt svið,
— að styðja einstök svið til að fylgja eftir verkefnum á upplýsingasviði sem í vinnslu kunna að vera,
— að gera tillögur um umræðuefni fyrir fund upplýsingamálaráðherra sem haldinn kann að verða 1991,
— að ræða málefni tengd stefnumótun á sviði upplýsingavinnslu.

Nefndinni var enn fremur falið að afla álitsgerða og athugasemda við þann hluta skýrslu RU-datanefndar er fjallar um aðgerðir á öðrum forgangssviðum, enda mundu svörin hugsanlega gefa vísbendingu um hvar sé mest þörf fyrir sameiginlegar aðgerðir. Til þessa hafa verið haldnir tveir fundir. Er enn verið að móta vinnuaðferð og meta hvar sameiginlegt átak muni bera mestan ávöxt. Athugasemdir við skýrslu RU-datanefndar, sem send var 20–30 norrænum stofnunum og opinberum stofnunum í hverju landi, gáfu ekki einhlíta vísbendingu,

enda mismikil vinna lögð í svörin. Á síðari fundinum voru borin saman ráð við forstöðumann Norræna iðnaðarsjóðsins, meðal annars til að tryggja að verkaskipting verði skýr. Ráðgert er að halda einn fund enn á þessu ári.

Um samskiptin við Ísland er það að segja að íslenski fulltrúinn hefur ekki orðið var við mikinn áhuga opinberra stofnana hér á landi á samstarfi á sviði upplýsingamála. Þátttaka íslenskra fyrirtækja í iðnþróunarverkefnum hefur verið talsverð á undanförnum árum. Samkvæmt skýrslum og viðtölum við aðstandendur sumra verkefna er árangur af því samstarfi jákvæður og styrkur iðnaðarsjóðsins hefur skipt verulegu máli fyrir framgang verkefnanna. Opinberar stofnanir og almannasamtök virðast hugsa öðruvísi. RU-dataskýrslan var send þremur íslenskum stofnunum og samtökum auk fjármálaráðuneytisins. Þrátt fyrir nokkra eftirgangsmuni bárust engin svör.

Áhugaverð samstarfsverkefni:

Af samstarfsverkefnum, sem íslenski fulltrúinn hefur lagt áherslu á og tekið undir í nefndinni, má nefna:

— Á sviði endurskipulagningar og nýsköpunar atvinnuhátta er sú spurning áleitin hvort hið opinbera nýtir sér í nægilega ríkum mæli þá möguleika sem sjálfvirk upplýsingavinnsla veitir til að bæta þjónustu við borgarana og spara þeim sporin. Nefna má skjalalaus viðskipti (EDI), sem viðskiptalífið hefur tekið með miklum áhuga, og aðgang almennings að opinberum gagnasöfnum. Margt fleira kemur til greina, en til athugunar er hvort sameiginlegt norrænt átak mundi gera gagn.

— Varðandi öryggismál, þar sem bæði er átt við öryggi kerfa gegn óheimilum afnotum og aðgangi að upplýsingum og öryggi í þeim skilningi að úrvinnsla sé rétt og kerfi uppfylli settar kröfur um endurskoðun og heilleika, skiptir miklu að fylgst sé með því sem Evrópulönd eru að gera sameiginlega. Hafa ber í huga að vægi Norðurlanda á þeim vettvangi er allmikið ef þau leggjast öll á sömu vogarstöngina.

— Svipað gildir um stöðlun. Einkum þarf að vera á verði gagnvart þeim sviðum þar sem sérstök menningareinkenni þjóðanna koma við sögu, til dæmis varðandi möguleika vélbúnaðar til að tjá tungur þeirra. Reynsla hefur sýnt að norræn samvinna getur borið ávöxt á þessu sviði.

Fulltrúi Íslands í nefndinni er Jóhann Gunnarsson, deildarstjóri í fjármálaráðuneyti, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal I.

Samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um norrænan vinnumarkað fólks með minnst þriggja ára æðri menntun sem veitir starfsréttindi.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem 6. mars 1982 gerðu með sér samning um sameiginlegan norrænan vinnumarkað

sem samkvæmt 14. gr. samstarfssamningsins milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar frá 23. mars 1962 skulu leitast við að varðveita og þróa enn betur hinn sameiginlega norræna vinnumarkað

sem telja að það verði til heilla fyrir þróun efnahags- og þjóðfélagsmála á Norðurlöndum að fólk, sem hlotið hefur með fullu námi í minnst þrjú ár æðri menntun sem veitir starfsréttindi, njóti fulls frelsis til að flytjast milli landa þessara

sem telja að sú menntun þessa fólks, sem opinberar reglur gilda um af hálfu aðilanna, sé í meginatriðum jafngild, og

sem vilja vinna að því að koma á fullnægjandi skilyrðum til menntunar þessa fólks hjá sérhverjum aðilanna, svo og að menntun og löggjöf er varðar þetta fólk verði sem líkust

sem telja að til þess að fólk njóti fulls frelsis til að flytjast milli Norðurlanda verði viðurkenning á hvers konar menntun sem veitir starfsréttindi að vera gagnkvæm,

hafa orðið sammála um eftirfarandi:

Gildissvið.

1. gr.

Samningur þessi gildir um fólk sem er ríkisborgarar eins aðilanna og hlotið hefur með fullu námi í minnst þrjú ár æðri menntun sem veitir því réttindi til starfa eða hæfi til ráðningar. Samningurinn nær einnig til þeirra sem hafa hlotið menntun sem samningurinn nær til með jafnlöngu námi í hlutanámi.

Með æðri menntun er í samningi þessum átt við menntun þar sem venjuleg inngönguskilyrði eru að áður hafi verið lokið í framhaldsskóla annaðhvort almennu námi eða starfsréttindanámi.

Með námstíma er í samningi þessum átt við þá lengd sem ákveðin er í reglum fyrir viðkomandi nám.

Samningurinn nær ekki til fólks sem þegar fellur undir

— samning frá 25. ágúst 1981 um norrænan vinnumarkað starfsfólks við heilbrigðisþjónustu og dýralækningar
— amning frá 3. mars 1982 um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir almenna kennara (bekkjarkennara) í grunnskólum
— samning frá 29. september 1986 um sameiginlegan norrænan vinnumarkað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta og íþróttakennara og sérkennara í grunnskólum eða
— samning frá 29. september 1986 um sameiginlegan norrænan vinnumarkað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara í framhaldsskólum.

2. gr.

Sá, sem hjá einum aðilanna hefur fengið löggildingu, leyfi eða aðra jafnsetta viðurkenningu að lögum til starfa vegna einhverrar þeirrar menntunar sem samningurinn nær til, skal eiga rétt á að fá, með þeim skilyrðum sem sett eru í samningi þessum, viðurkenningu hjá sérhverjum hinna aðilanna þar sem eru ákvæði um slíka viðurkenningu.

Viðurkenningunni fylgir réttur til að bera viðkomandi starfsheiti.

Í samningi þessum teljast einnig viðurkenningarvald starfsgreinasamtök sem samkvæmt landslögum hafa rétt til að taka inn félagsmenn með þeim afleiðingum að félagsmaðurinn fær rétt til að stunda þá starfsemi og bera það starfsheiti, sem ætlað er félagsmönnum samtakanna einum, og verður háður agavaldi samtakanna.

Starfsmenn, sem hafa hlotið menntun sína hjá aðila þar sem ekki eru ákvæði um viðurkenningu starfsmanna í viðkomandi starfsgrein, skulu eiga rétt á að fá viðurkenningu hjá þeim aðilum þar sem slíkrar viðurkenningar er krafist, með þeim skilyrðum sem tekin eru fram í 5. gr.

Hafi aðili ákveðið með lögum eða öðrum reglum, að ráðning í ákveðnar stöður sé háð því að viðkomandi hafi lokið þar í landi námi sem samningur þessi nær til, eru einnig gildar um þær stöður umsóknir frá þeim sem hafa hlotið menntun sem er í meginatriðum sambærileg þeirri menntun sem krafist er og hefur að mestu verið aflað hjá öðrum aðila. Slíkir umsækjendur eiga kröfu til að verða metnir til jafns við umsækjendur sem hafa hlotið þá menntun sem viðkomandi aðili hefur staðið fyrir, að því tilskildu að þeir fullnægi tungumálakröfum 4. gr.

Almenn skilyrði.

3. gr.

Aðili getur sett það skilyrði fyrir viðurkenningu að umsækjandi þekki nægilega vel löggjöf og stjórnarfarsreglur sem hafa sérstaka þýðingu fyrir starf viðkomandi hjá aðilanum. Þessi skilyrði skulu vera að því marki sem nauðsynlegt er og nægilegt til að sinna því tiltekna starfi á viðhlítandi hátt.

4. gr.

Danmörk, Noregur og Svíþjóð geta sett það skilyrði fyrir viðurkenningu að umsækjandi kunni nægileg skil á danskri, norskri eða sænskri tungu.

Finnland og Ísland geta sett það skilyrði fyrir viðurkenningu að umsækjandi kunni, eftir því sem við á, nægileg skil á finnskri eða íslenskri tungu.

Finnland getur í stað kunnáttu í finnskri tungu krafist þess að umsækjandi kunni nægileg skil á sænskri tungu, þar sem slíks er krafist í finnskum lögum. Við sömu kringumstæður getur Finnland krafist þess að umsækjandi kunni nægileg skil á bæði finnskri og sænskri tungu.

Sérstök skilyrði.

5. gr.

Aðili getur, þegar ekki er krafist sérstakrar viðurkenningar til starfa af þeim aðila þar sem umsækjandi hefur hlotið menntun sína, sett það skilyrði fyrir viðurkenningu að umsækjandi hafi stundað starfið í allt að þrjú ár á síðastliðnum tíu árum hjá síðarnefnda aðilanum.

Ef starfsreynslu sem greinir í 1. mgr. er ekki til að dreifa má krefjast þess að umsækjandi hafi stundað starfið í allt að þrjú ár á ábyrgð starfsmanns sem viðurkenndur er af viðkomandi aðila, áður en viðurkenning verður veitt.

Ef umsækjandi hefur fengið viðurkenningu hjá þriðja aðila, skal fara með umsóknina eins og umsækjandinn hefði fengið viðurkenningu hjá þeim aðila þar sem hann hlaut menntun sína.

6. gr.

Aðili getur krafist þess, þegar viðurkenning til starfa er háð því að við menntun sem veitir starfsréttindi sé bætt starfsreynslu í tiltekinn tíma á ábyrgð viðurkennds starfsmanns, að umsækjandi hafi hlotið jafnlanga starfsreynslu hjá hinum aðilanum.

Ef umsækjandi hefur ekki hlotið starfsreynslu sem greinir í 1. mgr. eða sú starfsreynsla sem umsækjandi hefur hlotið er styttri en krafist er af þeim aðila þar sem sótt er um viðurkenningu, getur sá aðili krafist þess að úr því verði bætt með starfstíma á ábyrgð starfsmanns sem viðurkenndur er af viðkomandi aðila.

Aðili getur þó, hvað sem öðru líður, þegar sótt er um viðurkenningu til málflutnings- eða endurskoðunarstarfa, krafist þess að umsækjandi hafi áður stundað starfið í allt að þrjú ár á ábyrgð lögmanns eða endurskoðanda sem viðurkenndur er af viðkomandi aðila eða hafi staðist hæfnispróf sem aðilinn stendur fyrir. Danmörk getur enn fremur gert samsvarandi kröfu til þess sem sækir um skipun sem landskiptamaður. Aðilinn velur á milli reynslutíma og hæfnisprófs.

7. gr.

Aðili getur, þegar starfsréttindamenntun umsækjanda er meira en ári skemmri en sú sem krafist er að aðilanum, gert viðurkenninguna háða því

að umsækjandi hafi umfram hugsanlegan starfsreynslutíma, sbr. 6. gr., annaðhvort stundað starfið hjá öðrum aðila um tíma sem má í mesta lagi vera helmingi lengri en munurinn á námstímanum hjá þeim aðila þar sem sótt er um viðurkenningu og námstíma þeim sem umsækjandi á að baki, ellegar hann starfi á ábyrgð starfsmanns sem viðurkenndur er af viðkomandi aðila í jafnlangan tíma

eða

að umsækjandi ljúki viðbótarnámi sem aðilinn stendur fyrir og sem eftir atvikum má ljúka með þekkingarprófi.

Umsókn um viðurkenningu og aðferðir við ákvörðun.

8. gr.

Sá, sem sækir um viðurkenningu samkvæmt samningi þessum, skal sanna fyrir stjórnvaldi því sem veitir viðurkenningu að hann fullnægi skilyrðum samningsins.

Veita skal umsækjendum sem fullnægja framangreindum skilyrðum viðurkenningu, nema fyrir hendi séu aðstæður sem leitt geti til afturköllunar á viðurkenningunni, sbr. 9. gr.

Viðurkenningarvaldið skal taka rökstudda afstöðu til umsóknar eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að nauðsynleg skjöl og upplýsingar til meðferðar á henni hafa borist. Synjun getur umsækjandi skotið til æðra stjórnvalds samkvæmt almennum reglum aðilans um málskot.

Viðurkenningarvöld aðilanna skulu miðla sín á milli þeim upplýsingum sem þörf er á til að viðurkenna umsóknir. Þau skulu enn fremur skýra hvert öðru frá ákvörðunum sem teknar eru samkvæmt samningi þessum.

Afturköllun viðurkenningar o.fl.

9. gr.

Afturkalli sá aðili viðurkenningu sem upphaflega veitti hana, má einnig afturkalla viðurkenningu sem annar aðili veitti síðar. Annars má einungis afturkalla síðari viðurkenninguna samkvæmt gildandi reglum hjá þeim aðila sem hefur veitt hana. Þó skal taka tillit til þess hvort hjá öðrum samningsaðila hafi verið brotin lög eða stórkostleg vanræksla viðhöfð eða bersýnilegur hæfnisskortur við framkvæmd starfsins.

Nú hafa starfsmenn, sem fengið hafa viðurkenningu hjá fleiri en einum aðilanna, sætt ráðstöfunum af hálfu einhvers þeirra samkvæmt lögum eða reglum um agavald vegna starfsins þar, eða viðurkenning veitt starfsmanni er afturkölluð, og skal þá viðurkenningarvaldi hjá hinum aðilanum eða aðilunum tilkynnt um ráðstöfunina eða afturköllunina, svo og um ástæðuna. Á sama hátt skal og tilkynna ef réttur starfsmanns í greininni hefur verið takmarkaður.

Ríkisfang og ráðning í vinnu o.fl.

10. gr.

Það má ekki gera að skilyrði fyrir viðurkenningu sem sjálfstæður starfsmaður samkvæmt samningi þessum að umsækjandi hafi eða hljóti ríkisfang í því landi þar sem sótt er um viðurkenninguna.

Ráðning í stöðu, sem er háð því að lokið hafi verið einhverju því námi sem samningurinn nær til, verður yfirleitt ekki gerð háð því að umsækjandi hafi eða hljóti ríkisfang í því landi þar sem sótt er um stöðuna.

Æðri stöður í opinberri stjórnsýslu, stöður við réttarkerfið, ákæruvald og fullnustuvald, hjá lögreglu og við landvarnir, svo og aðrar stöður sem skipta máli fyrir þjóðaröryggi, má þó ætla eigin ríkisborgurum einum.

11. gr.

Fyrri ráðningu í starf á sviði sem fellur undir samning þennan skal, þegar gegnt er stöðu hjá öðrum aðila, setja að jöfnu samsvarandi starfi sem innt var af hendi hjá þeim aðila.

12. gr.

Sá, sem ráðinn hefur verið í starf hjá öðrum aðila en þeim sem hann hlaut menntun sína hjá, skal vera jafnt settur eigin þegnum aðilans að því er varðar rétt til launa og eftirlauna og annarra réttinda sem tengjast stöðunni.

13. gr.

Sérhver aðilanna skal, eftir því sem frekast er unnt, koma á breytingum á löggjöf sinni í samræmi við meginreglurnar í 5. mgr. 2. gr. og 10.–12. gr. að því er varðar stöður hjá ríkinu, og stuðla að því að meginreglum þessum verði einnig beitt á samsvarandi hátt um stöður sem ekki eru hjá ríkinu.

Aðili má þó setja eða halda við lagaákvæðum og öðrum réttarreglum þar sem ráðning sem dómari og ákærandi, svo og ráðning í viðlíka stöður við réttarkerfið, ákæruvald og fullnustuvald, er gerð háð nægilegum reynslutíma, þó ekki lengri en þriggja ára, eða því að staðist sé hæfnispróf. Finnland getur gert samsvarandi kröfu við ráðningu sem „allmänt rättsbiträde“. Aðilinn velur á milli reynslutíma og hæfnisprófs.

Önnur ákvæði.

14. gr.

Við ráðningu fólks sem samningur þessi nær til skal fara eftir ákvæðunum í samningi og bókun frá 6. mars 1982 um sameiginlegan norrænan vinnumarkað og þeirri stefnumörkun fyrir norræna vinnumiðlun sem ákveðin var í sambandi við framkvæmdina.

Viðurkenningarvöldin skulu að staðaldri senda hvert öðru og norrænu vinnumarkaðsnefndinni tilkynningar og upplýsingar sem þýðingu hafa við mat á þróun vinnumarkaðar aðilanna.

15. gr.

Aðilarnir skulu sameiginlega fylgjast með framkvæmd samningsins og breyta honum og bæta við hann eftir því sem þróun mála gefur tilefni til. Með tilliti til þess skipar norræna ráðherranefndin ráðgjafarnefnd sem getur lagt til breytingar á og viðbætur við samninginn. Viðurkenningarvöld aðilanna geta enn fremur leitað ráða hennar um túlkun samningsins.

Samninginn skal taka til endurskoðunar eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku hans.

Gildistaka.

16. gr.

Samningurinn gengur í gildi 30 dögum eftir þann dag þegar allir aðilar hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu að þeir hafi staðfest hann.

Hvað varðar Álandseyjar, Færeyjar og Grænland gengur samningurinn þó fyrst í gildi 30 dögum eftir að ríkisstjórn Danmerkur eða eftir atvikum Finnlands hefur tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu að, allt eftir því sem við á, landstjórn Álandseyja, landstjórn Færeyja eða heimastjórn Grænlands hefur tilkynnt að samningurinn skuli gilda á Álandseyjum, í Færeyjum eða á Grænlandi.

Færeyjar og Grænland geta sett það skilyrði fyrir viðurkenningu að umsækjandi kunni, eftir því sem við á, nægileg skil á færeyskri eða grænlenskri tungu.

Danska utanríkisráðuneytið skýrir hinum aðilunum frá móttöku þessara tilkynninga og því hvenær samningurinn gengur í gildi.

17. gr.

Aðili getur sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu um það til danska utanríkisráðuneytisins, sem skýrir hinum aðilunum frá móttöku tilkynningarinnar og efni hennar.

Uppsögn tekur aðeins til þess aðila sem að henni stendur. Hún tekur gildi sex mánuðum eftir þann dag þegar danska utanríkisráðuneytinu berst tilkynnig um uppsögnina.

18. gr.

Frumrit þessa samnings skal varðveita í danska utanríkisráðuneytinu sem lætur hinum aðilunum í té staðfest afrit þess.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Kaupmannahöfn 24. október 1990 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru allir textarnir jafngildir.

Bókun.

Samtímis undirritun samnings um norrænan vinnumarkað fólks með minnst þriggja ára æðri menntun sem veitir starfsréttindi höfum við undirritaðir fulltrúar, sem til þess höfum fullt umboð, orðið sammála um eftirfarandi bókun, og skal telja hana hluta samningsins:

1. Aðilarnir leggja áherslu á að halda áfram að styrkja hinn sameiginlega norræna vinnumarkað, svo að þeir tímar komi að enginn norrænn ríkisborgari verði útilokaður frá starfstækifæri í öðru norrænu landi á sviði sem hann hefur menntun til.

   Aðilarnir vilja því vinna að því að samningurinn verði staðfestur og að þeim breytingum á landslögum þeirra sem samningurinn gerir ráð fyrir verði komið á eigi síðar en 1. júlí 1991.

2. Með samningnum er ekki tekin afstaða til gagnkvæmrar viðurkenningar háskóla á æðri menntun, en þá er átt við rétt norrænna ríkisborgara til að fá fyrri æðri menntun þeirra viðurkennda sem hluta af grunnmenntun eða sem grundvöll menntunar eftir háskólapróf við æðri menntastofnun eða rannsóknastofnun í öðru norrænu landi.
3. Aðilarnir gera sér grein fyrir því að Danmörk túlkar skilgreininguna á æðri menntun í 2. mgr. 1. gr. samningsins með tilliti til reglna Evrópubandalagsins á samsvarandi sviði.
4. Aðilarnir eru sammmála um að ákvæðið í 1. mgr. 2. gr. gildir einnig um þann sem hjá einum aðilanna hefur fengið löggildingu, leyfi eða aðra jafnsetta viðurkenningu til starfa vegna menntunar utan Norðurlanda.
5. Danmörk ætlar að fara með ákvæðið í 3. gr. af sanngirni, svo að ekki verði hallað á hina aðilana.
6. Samningurinn frá 28. desember 1973 með viðbótarbókun frá 28. júní 1990 milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um samræmingu lífeyrisréttinda samkvæmt lífeyrisreglum hjá ríkinu gildir við ákvörðun lífeyrisréttinda samkvæmt 12. gr. um ríkisborgara einhvers þessara fjögurra landa sem ráðinn er í stöðu hjá ríkinu í einu hinna landanna.
7. Aðilarnir eru sammála um að leggja fyrir ráðgjafarnefndina sem getið er í 15. gr. að fylgjast með því hvernig samningurinn er hagnýttur og túlkaður í ríkjunum og gæta þess þá jafnframt hvort hver aðili ætti að ætla sérstöku miðstjórnarvaldi að fylgjast með þessari þróun.

Frumrit bókunarinnar skal varðveita í danska utanríkisráðuneytinu sem lætur hinum aðilunum í té staðfest afrit þess. Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í Kaupmannahöfn 24. október 1990 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru allir textarnir jafngildir.

Fylgiskjal II.

Lög

um norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar.

1. gr.

Stofna skal norrænt fjármögnunarfélag samkvæmt samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns fjármögnunarfélags á sviði umhverfismála sem undirritaður var í Reykjavík 2. mars 1990.

2. gr.

Félagið skal undanþegið ákvæðum laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, svo og annarra laga er setja kunna hömlur á greiðslur í erlendum gjaldeyri eða gjaldeyrisviðskipti, að svo miklu leyti sem slík ákvæði hindra eða torvelda starfsemi félagsins eða efndir skuldbindinga þess.

3. gr.

Félagið skal undanþegið aðstöðugjaldi, landsútsvari, tekjuskatti og eignarskatti, svo og öðrum gjöldum sem lögð kunna að vera á tekjur, eignir eða veltu til ríkis eða sveitarfélaga.

4. gr.

Lánssamningar, sem félagið er aðili að, skulu vera undanþegnir stimpilgjöldum og öðrum gjöldum hins opinbera.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt á Alþingi 5. desember 1990.

Fylgiskjal III.

Lög

um ábyrgð gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum.

1. gr.

Ríkisstjórninni er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast hluta Íslands, allt að fjárhæð 8 050 000 SDR, gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna fjárfestingarlána og fjárfestingarábyrgða til verkefna utan Norðurlanda.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ganga frá samningi við Norræna fjárfestingarbankann um ábyrgð skv. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 11. desember 1990.

Fylgiskjal IV.

YFIRLIT UM RÁÐHERRANEFNDARTILLÖGUR SEM SAMÞYKKTAR VORU Á 38. ÞINGI NORÐURLANDARÁÐS Í REYKJAVÍK 27. FEBRÚAR – 2. MARS 1990

1. Norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfismála.
(Nordiskt miljöfinansieringsbolag.)

Á aukaþingi Norðurlandaráðs á Álandseyjum 14. nóvember 1989 var fjallað um stofnun norræns fjárfestingarfélags sem taki þátt í því að fjármagna aðgerðir til umhverfisbóta í Austur-Evrópu. Umhverfisráðherrar Norðurlandanna lýstu yfir stuðningi við þau áform og undirrituðu umhverfisráðherrarnir stofnsamning á 38. þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík.

Tillagan felur m.a. í sér að félagið (NEFCO) leggi til hlutafé og/eða áhættulán í sameignarfyrirtæki eða annars konar samstarf til framleiðslu á búnaði til umhverfisverndar í Austur-Evrópu, og þá fyrst og fremst Sovétríkjunum, Austur-Þýzkalandi, Tékkóslóvakíu og Ungverjalandi.

Ætlunin er að reka félagið á viðskiptagrundvelli og er því ekki sjóður sem veitt verður úr samkvæmt umsóknum. Stofnfé fjárfestingarfélagsins er 36 milljónir SDR, eða um 3 milljarðar íslenskra króna og greiðist á sex árum.

Ástæður fyrir sjóðsstofnuninni eru fyrst og fremst þær að umhverfi Skandinavíu stafar mikil og síaukin hætta af menguðu lofti og menguðu afrennsli Austur-Evrópulanda, sem ríkin megna ekki af eigin rammleik að sporna við. Norðurlönd eru hins vegar búin þeirri tækniþekkingu að bæta hér úr báðum til gagns. Það eru einkum Svíar, Finnar og Norðmenn sem hafa hér hagsmuna að gæta vegna nálægðar við Sovétríkin og ýmsir óttast að neyðarástand kunni að skapast á norðlægum svæðum í náinni framtíð vegna hins bágborna ástands í umhverfismálum Austur-Evrópuríkja.

Ákveðið hefur verið að Norræni fjárfestingarbankinn (NIB), sem hefur bækistöðvar sínar í Helsingfors, annist rekstur félagsins.

Í þingumræðunni gerði forsætisráðherra Íslands m.a. mengunarvanda Austur-Evrópuríkjanna að sérstöku umtalsefni og lagði áherslu á það að Íslendingar réðu yfir miklu magni hreinnar orku og hefðu á að skipa færustu vísindamönnum til beislunar hennar. Hann benti á að hér gætu Íslendingar miðlað verkþekkingu þeim Austur-Evrópuþjóðum, þar sem jarðvarmi fyndist, og þannig lagt ýmislegt af mörkum við nýtingu jarðvarma, sem kæmi í stað brennslu brúnkola og olíu, og dregið úr mengun sem af brennslu þessara orkugjafa leiðir.

Í umfjöllun þingsins lagði íslenski umhverfismálaráðherrann þunga áherslu á að Norðurlöndin gengju hratt til verks og gengju fljótlega frá nauðsynlegum formsatriðum varðandi stofnun félagsins. Hann kvað mörg norræn fyrirtæki vera langt komin í að undirbúa þátttöku sína í samstarfsfyrirtækjum á sviði mengunarmála í Austur-Evrópu og lægju nú þegar fyrir á annan tug umsókna um þátttöku í verklegum framkvæmdum hér að lútandi.

2. Hækkun lánsheimilda verkefnalána (PIL) við Norræna fjárfestingarbankann.
(Förhöjd PIL-ram för NIB.)

Árið 1982 var stofnaður í Norræna fjárfestingarbankanum sérstakur lánaflokkur fyrir svokölluð verkefnalán (projektexportlån) sem bankinn gæti veitt til þróunarlanda og ríkisviðskiptalanda Austur-Evrópu. Heildarlánsheimildin var í fyrstu 350 milljónir SDR en var síðan 1986 hækkuð í 700 milljónir SDR. Fyrirsjáanlegt var að þessi lánsheimild yrði fullnýtt á árinu 1990. Bankaráðið samþykkti því á fundi sínum haustið 1989 tillögu til

ráðherranefndarinnar um að lánsheimildin skyldi enn tvöfölduð og verða 1.400 milljónir SDR.

Fyrirsjáanlegt var að bankinn yrði að hætta frekari lánveitingum af þessu tagi þegar á árinu 1990 ef ekki fengist hækkun á lánsheimild vegna verkefnalána. Hins vegar er áætlað að ef umbeðin hækkun verður samþykkt þurfi bankinn ekki að sækja um frekari hækkun fyrr en haustið 1993. Á sama hátt hefur verið áætlað að hækkun um 350 milljónir SDR endist til haustsins 1991 og 500 milljónir SDR til haustsins 1992.

Tillaga bankaráðsins náði ekki að ganga fram að fullu, en ríkisstjórnirnar féllust á að hækka lánarammann um 300 milljónir SDR, þ.e. í 1 milljarð SDR.

Til skamms tíma hafa íslenskir aðilar ekki haft mikið gagn af þessari lánastarfsemi bankans, en nú í haust samþykkti bankaráðið að veita ungverska þjóðbankanum eða fyrirtæki með ábyrgð hans 8 milljóna SDR lán til hitaveituframkvæmda og hótelbyggingar í Ungverjalandi sem íslenska fyrirtækið Virkir-Orkint vinnur að í samstarfi við ungverska aðila. Er þess vænst að þetta samstarf geti leitt til frekari verkefna í Austur-Evrópulöndum á komandi árum og gætu íslenskir aðilar þá notið góðs af lánveitingum bankans.

3. Stefnumörkun norræna vísindaráðsins (FPR).

(Retningslinjer for Nordisk Forskningspolitisk Råd.)

Í samræmi við samþykktir ráðsins gefur norræna vísindaráðið ráðherranefndinni skýrslu um starfsemina á þriggja ára fresti. Á fundi 31. október sl. gekk ráðið frá tillögu um stefnu fyrir árin 1990–1992. Í tillögunni eru eftirfarandi meginatriði:

— norræn verkaskipting,
— fjármögnun og skipulagning norrænna rannsókna og þróunar,
— upplýsingamiðlun um rannsóknir og samskipti á sviði vísinda,
— Norðurlöndin í alþjóðasamstarfi um rannsóknir og þróun, þar á meðal norrænt samstarf á sviði rannsóknarbúnaðar.

Auk þess er lagt til að ráðherranefndin marki stefnu varðandi norræna rannsóknaráætlun á sviði umhverfismála og samstarfsáætlun um rannsóknir norðurheimskautsins.

Þá mun vísindaráðið á næstu þremur árum halda áfram úttektarstarfi á norrænum vísindastofnunum og vísindaáætlunum og athuga sérstaklega hvort áhugi sé til staðar á Norðurlöndunum á að koma á fót svonefndum „Centres of Excellence". Einnig mun ráðið kanna sérstaklega þörf á aðgerðum til að tengja vísindastarfsemi á Norðurlöndum vísindaverkefnum Evrópubandalagsins og gangast fyrir samvinnu um útgáfu vísindarita.

Í umræðum á Norðurlandaráðsþinginu í sambandi við ráðherranefndartillöguna var athygli manna vakin á síauknum kröfum sem hið tæknivædda nútímasamfélag gerir til vísindamanna sinna og samfara því stóraukinni fjármagnsþörf.

4. Framkvæmdaáætlun um samstarf á sviði Norðurlandatungumála 1991–1995.

(Handlingsplan for språklig samarbeide i Norden.)

Framkvæmdaáætlunin skilgreinir höfuðatriðin í tungumálastefnu Norðurlanda á grundvelli jafnræðis málanna og virðingu Norðurlandabúa fyrir þjóðtungu og þjóðmenningu hverrar þjóðar um sig. Áætlunin felur í sér aðgerðir til að efla gagnkvæman málskilning á Norðurlöndum og annað samstarf á tungumálasviðinu. Í henni er m.a. lögð áhersla á að styrkja stöðu íslensku og finnsku í norrænu samstarfi, þar á meðal með aukinni túlkun og þýðingum skjala og útgáfu orðabóka jafnframt því að fræðsla um tungumálin verði efld. Í áætluninni er gert ráð fyrir að til athugunar komi að stofna stöðu ráðunautar við Norræna húsið í Reykjavík til að styrkja kennslu í norrænum málum í íslenskum skólum og miðla

fræðslu um íslenska tungu og menningu til skóla annars staðar á Norðurlöndunum. — Þá er gert ráð fyrir útgáfu sérstaks námsefnis í þessu sambandi og gagnkvæmum skólaferðum nema í grunnskólum og menntaskólum.

Í umræðum á Norðurlandaráðsþinginu um ráðherranefndartillögurnar sagði formaður ráðherranefndar menntamála m.a. að „gagnkvæmur málskilningur á Norðurlöndum væri undirstaða menningarsamstarfs milli Norðurlandaþjóðanna og norrænnar samvinnu yfirleitt og þannig frumskilyrði norrænnar samkenndar".

5. Breyting á samþykktum Norræna menningarmálasjóðsins.

Norræni menningarmálasjóðurinn var stofnaður 1966. Sjóðurinn úthlutar árlega upphæð sem svarar til ríflega 100 milljóna króna til norrænnar menningarstarfsemi af ýmsum toga.

Breyting sú, sem nú er stungið upp á að verði gerð, felur í sér að sjálfsstjórnarsvæðin þrjú, Færeyjar, Grænland og Álandseyjar, fái til skiptis einn fulltrúa í stjórn sjóðsins.

6. Samstarfsáætlun um bætt vinnuumhverfi.

(Ett bedre arbeidsmiljö i Norden.)

Í áætluninni „Betra vinnuumhverfi á Norðurlöndunum", sem styðst við Norðurlandasamning um vinnuumhverfi og undirritaður var í júní 1989, er stefnt að því að koma samstarfi í þessum málum í fastari skorður á árunum 1990–1993. Í áætluninni er lögð áhersla á nauðsyn þess að einstaklingum í atvinnulífinu sé betur sinnt og þá frá mörgum hliðum. Því sé mikilvægt að samstarf sé milli þeirra aðila sem hlut eiga að máli. Einnig er lögð áhersla á nauðsyn þess að kanna áhrif þeirrar þróunar sem orðið hefur innan EFTA og EB. Þetta á ekki hvað síst við um gerð alþjóðlegra staðla. Kynnt er hugmynd um hvernig Norðurlönd geti komið sameiginlega fram á þessu sviði. Í áætluninni er einnig lagt til að vinnueftirlit verði hert og norrænt samstarf eflt á siði vinnuumhverfisrannsókna.

7. Framkvæmdaáætlun um úrgang og endurvinnslu.

(Nordisk handlingsplan for renere teknologi, avfall og gjenbruk.)

Tillaga ráðherranefndarinnar er tvíþætt, annars vegar um tækni sem stuðlar að bættu hreinlæti og meiri tillitssemi við umhverfið, en hins vegar um betri frágang á úrgangi og aukna endurvinnslu. Hér er um að ræða tillögur um norrænt samstarf um eyðingu efna og úrgangs sem mengar umhverfið, efnageymslur, tækni við söfnun og meðferð úrgangs, svo og öflun markaða fyrir endurunnin efni.

Fjárþörfin til samnorrænna framkvæmda samkvæmt þessu nemur 15 milljónum danskra króna á fimm ára tímabili.

8. Framkvæmdaáætlun um varnir gegn loftmengun.

(Nordisk handlingsplan mot luftforurensninger.)

Tillaga ráðherranefndarinnar um framkvæmdaáætlun um varnir gegn loftmengun er rammaáætlun sem m.a. felur í sér markmið, leiðir og ráðstafanir til að sporna við loftmengun. Í áætluninni koma fram sjónarmið Norðurlanda sem kynnt verða á alþjóðavettvangi, þar sem ræddar verða ráðstafanir til að draga úr loftmengun.

Samkvæmt áætluninni á að skipuleggja aðgerðir til að draga úr útblæstri gastegunda sem áhrif hafa á andrúmsloftið.

Langtímamarkmið er að útblástur verði ekki meiri en svo að andrúmsloftið verði vel viðunandi. Varðandi svæðisbundna loftmengun felur áætlunin einnig í sér aðgerðir sem stuðla að því að náttúrunni verði ekki ofboðið.

Í tillögunni kemur fram að Norðurlönd hafa náð langt í viðleitni sinni við að draga úr notkun efna sem eyða ósonlaginu og þeim beri að vinna að því á alþjóðavettvangi að önnur lönd feti í slóð Norðurlanda í þessum efnum.

Þá beri að efla rannsóknir og þróun, enda sé það deginum ljósara að beint samband sé milli staðbundinna, svæðisbundinna og alþjóðlegra vandamála á sviði mengunar andrúmsloftsins og aðgerðir verði að verða sniðnar að þeirri staðreynd. Því sé mikilla og róttækra breytinga þörf einkum á sviði samgangna og orkuvinnslu.

Fjárþörfin til norrænna framkvæmda á þessu sviði nemur um 7 milljónum danskra króna á árinu 1990, 8,6 milljónum 1991 og 8,9 milljónum 1992. Árið 1989 voru veittar um 5,9 milljónir danskra króna.

9. Framkvæmdaáætlun um varnir gegn mengun sjávar.

(Handlingsplan mot havsforurensninger.)

Ráðherranefndartillaga um framkvæmdaáætlun gegn mengun sjávar var tekin til umræðu á aukaþingi Norðurlandaráðs á Helsingjaeyri í nóvember 1988. Umhverfisráðherrarnir samþykktu síðan áætlunina í janúar 1989.

Sérstök alþjóðleg ráðstefna um mengun sjávar var haldin á vegum forsætisnefndar Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn 16.–18. október 1989, en hana sóttu fulltrúar 15 þjóðþinga.

Sú áætlun sem hér er um að ræða er endurskoðuð áætlun frá árinu áður og er í henni tillit tekið til lokaskjals áðurnefndrar ráðstefnu Norðurlandaráðs.

Framkvæmdaáætlunin verður framvegis endurskoðuð þriðja hvert ár.

Framkvæmdaáætlun sú, sem nú var lögð fyrir ráðið, beinist að mengunarvandanum á þeim hafsvæðum sem verst hafa orðið úti; hún beinist jafnframt að nýrri tækni og mengunaráætlunum hvers lands um sig. Þá eru settar fram hertar kröfur um útrennsli frá landstöðvum.

Þeir mengunarvaldar, sem hér er um að tefla, eru fyrst og fremst næringarsölt (fosfór og nítrógen), málmar og óuppleysanleg lífræn efni.

Nota skal fullkomnustu tækni til að hamla gegn mengun hafsins.

Vegna landfræðilegrar legu Norðurlanda verður nauðsynlegt að beita mismunandi aðgerðum við að draga úr eitruðu útrennsli frá landstöðvum, og skulu löndin hvert fyrir sig leggja aðgerðarskýrslur sínar fyrir Norðurlandaráð.

Í sambandi við þessa tillögu er hollt að minnast orða viðskiptaráðherra og fyrrv. samstarfsráðherra Norðurlanda á Alþingi 24. apríl 1989 sem hann mælti í ræðu sinni um norrænt samstarf: „Fyrir Íslendinga er baráttan gegn mengun sjávar hin nýja landhelgisbarátta.“ Þessi orð segja meira en margar ræður.

10. Samstarfsáætlun um byggðamál 1990–1994.

(Samarbetsprogram för regionalpolitik 1990–1994.)

Tillagan felur í sér að samvinna Norðurlanda um byggðamál verði á næstu árum fyrst og fremst fólgin í eftirfarandi:

— að koma á nýjum samskiptaleiðum milli landshluta (svæða) á Norðurlöndunum,
— að leggja vaxandi áherslu á aukna þekkingu, svo og miðlun upplýsinga og reynslu,
— að auka samstarf milli þeirra samfélagsþátta sem hafa mikil áhrif á þróun landshluta (svæða),
— að auka norræna þátttöku á alþjóðavettvangi,
— að auka sameiginlegar stuðningsaðgerðir í byggðamálum, enda verði þær í stórum dráttum í samræmi við sjónarmið sem fólust í stofnun Norræna þróunarsjóðsins fyrir hin vestlægu Norðurlönd og í samræmi við stefnu byggðalánadeildar Norræna fjárfestingarbankans.

Hér er um að ræða rammaáætlun, en við bætast framkvæmdaáætlanir um aðgerðir á vissum sviðum, þ.e. um málefni landamærasvæða.

Forsenda fyrir framkvæmd áætlunarinnar í heild er sú að aukið fjármagn verði veitt í þessu skyni, bæði í viðkomandi löndum og á norrænu fjárlögunum. Nánari grein fyrir fjármagnsþörf verður gerð þegar ákveðnar aðgerðir verða kynntar.

11. Endurskoðuð framkvæmdaáætlun um landbúnaðarmál og skógnytjar.

Núgildandi framkvæmdaáætlun á sviði landbúnaðarmála og skógnytja var gerð 1985 og á að gilda í tíu ár, þ.e. til ársins 1995.

Sú ráðherranefndartillaga, sem hér er lögð fram, er viðbót við aðaláætlunina fyrst og fremst í krafti breyttra aðstæðna og breyttra áherslna í alþjóðlegu samstarfi.

Í tillögunni er gengið út frá því að meiri áherslu verði að leggja á mál sem snerta marga málaflokka, bæði innan einstakra landa og Norðurlanda í heild. Þetta á sérstaklega við um samstarfið í umhverfismálum og aðlögun að aðstæðum á alþjóðavettvangi. Í tillögunni um endurskoðun framkvæmdaáætlunarinnar eru talin upp 11 samstarfssvið umhverfismála og landbúnaðar- og skógnytjamála sem skipta miklu máli. Þá er lögð áhersla á aukið samstarf á sviði stjórnsýslu um afnám viðskiptahindrana á þessu sviði. Einnig skal tekið tillit til samræmingar innan EFTA og á alþjóðavettvangi, svo og væntanlegra reglna um innri markað Evrópubandalagsins.

Samstarfi á sviði erfðafræði á að sinna í auknum mæli. Gera skal áætlun um afstöðu Norðurlanda til alþjóðlegra aðgerða til að vernda erfðastofna húsdýra og plantna. Norræna samstarfinu um genbanka á að koma á fastan grundvöll.

Sþ. 624. Skýrsla [356. mál]

fulltrúa Íslands í þingmannanefnd Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA.

I. ALMENN STARFSEMI ÞINGMANNANEFNDAR EFTA

Þingmannanefndin hefur á sl. ári einkum unnið að tveimur verkefnum:

a. að fylgjast með samningagerð EFTA og Efnahagsbandalags Evrópu, EB, um myndun Evrópska efnahagssvæðisins, EES, og í því sambandi sérstaklega huga að hlutverki þingmanna EFTA-ríkjanna,

b. að koma á samstarfi við þær þjóðir í Austur-Evrópu sem tekið hafa upp lýðræðislega stjórnarhætti, en EFTA vinnur nú að aðstoð þeim til handa varðandi efnahagslega uppbyggingu.

Í þingmannanefnd EFTA eiga sæti af Íslands hálfu þeir Matthías Á. Mathiesen og Jón Sæmundur Sigurjónsson, en ritari er Þórður Bogason lögfræðingur, starfsmaður nefndadeildar skrifstofu Alþingis.

1. Aukið samstarf við EFTA-ráðið.

Á fundi sínum í desember 1989 ákvað ráðherraráð EFTA að haldnir skyldu sameiginlegir fundir með þingmannanefndinni og staða þingmanna þannig styrkt innan samtakanna þar sem ráðið taldi nauðsynlegt að leitað væri álits þingmannanefndarinnar í öllum meiri háttar málum sem vörðuðu samtökin. Ráðherraráðið hvatti til áframhaldandi funda þingmannanefndarinnar og þingmanna Evrópuþingsins og lagði áherslu á að þingmannanefndin kæmi sjónarmiðum EFTA-ríkjanna á framfæri við þingmenn EB. Á þessu ári hafa verið haldnir þrír sameiginlegir fundir EFTA-ráðherra og nefndarinnar og einn

fundur með formanni EFTA-ráðsins og þingmannanefndinni. Fundarefnið hefur í fyrsta lagi verið væntanlegur samningur um EES og í öðru lagi samskipti EFTA og ríkja í Austur-Evrópu.

2. Janúarfundur.

Í janúar hélt nefndin undirbúningsfund fyrir fund sinn með EFTA-ráðherrum í byrjun apríl. Á þeim fundi var rætt hvernig samstarfi þingmanna EFTA og EB innan EES gæti verið háttað í framtíðinni og gerð voru drög að bréfi þingmannanefndarinnar til formanns EFTA-ráðsins. Í bréfinu var gert ráð fyrir sérstöku þingmannaráði EES þar sem þingmenn gætu komið sjónarmiðum sínum á framfæri áður en ákvarðanir yrðu teknar.

3. Aprílfundur.

Á fundi nefndarinnar í byrjun apríl var rætt um málefni Austur-Evrópu, auk þess sem ákveðið var að áheyrnarfulltrúar gætu setið fundi nefndarinnar væri þess óskað. Á sama tíma var haldinn fundur með EFTA-ráðherrum. Umræður á þeim fundi snerust að mestu leyti um hugsanlegt þingmannaráð innan EES. Ekki var nein samþykkt gerð um fyrirkomulag þessa málaflokks.

4. Aðalfundur þingmannanefndarinnar.

Aðalfundur þingmannanefndarinnar fór fram í Vínarborg í maí og tók Austurríkismaðurinn dr. Peter Jankowitsch, fyrrverandi utanríkisráðherra, við formennsku í nefndinni af Ingvari Melin frá Finnlandi, en annar fulltrúi Íslands, Matthías Á. Mathiesen, tók við varaformennsku. Fundur nefndarinnar fór að mestu í umræður og undirbúning fyrir fundi nefndarinnar með fulltrúum Evrópuþingsins og þingmönnum frá Austur-Evrópu sem fram fóru næstu tvo daga á eftir.

a. Fundur með fulltrúum frá Evrópuþinginu.

Umræður um EES-samningagerðina voru helsta dagskrárefnið og einkenndust þær nokkuð af skoðanamun sem er milli Evrópuþingsins og framkvæmdastjórnar EB um áhrif Evrópuþingsins innan EB.

b. Sameiginlegur fundur með þingmönnum EB og þingmönnum frá Tékkóslóvakíu, Júgóslavíu, Ungverjalandi, Póllandi og Austur-Þýskalandi.

Meira en fimmtíu þingmenn frá EFTA-ríkjum, EB og Austur-Evrópu komu saman til þess að ræða þau mál sem helst voru á döfinni í Evrópu. Var þetta söguleg stund því að eins og fram kom í upphafsræðu formanns þingmannanefndarinnar var þetta í fyrsta skipti sem lýðræðislega kjörnir þingfulltrúar þessara landa komu saman. Umræður spunnust aðallega um ástand mála í hinum nýfrjálsu ríkjum Austur-Evrópu og hvaða aðgerðir væru nauðsynlegar til þess að rétta efnahag þeirra við. Greint var frá þeim áætlunum sem bæði EFTA og EB hafa til þess að veita þessum ríkjum efnahags- og þróunaraðstoð.

c. Fundur með þingmönnum frá Tékkóslóvakíu, Júgóslavíu, Ungverjalandi, Póllandi og Austur-Þýskalandi.

Á fundinum flutti Birgir Árnason frá EFTA fyrirlestur um fríverslun í Austur-Evrópu. Kom fram sú skoðun að enn væri langt í land með að Austur-Evrópuþjóðir gætu tekið upp fríverslun að fullu. Ákveðið var að halda samstarfi við þingmenn frá þessum ríkjum áfram og var næsti fundur þingmannanefndarinnar með þeim ákveðinn 4.–5. febrúar í Genf. Þangað var einnig boðið fulltrúum EB.

5. Heimsókn í boði ungverska þingsins til Búdapest.

Í beinu framhaldi af aðalfundi nefndarinnar bauð ungverska þingið fulltrúum úr þingmannanefndinni til Búdapest til þess að kynnast þeim umbótum sem hafa átt sér stað í landinu. Var ferðin vel heppnuð, en þetta er í fyrsta sinn sem þingmenn frá aðildarríkjum EFTA heimsækja land utan samtakanna í nafni EFTA ef frá eru taldir fundir með þingmönnum EB.

6. Gautaborgarfundurinn, 30 ára afmæli EFTA.

Í tilefni 30 ára afmælis EFTA var haldinn sérstakur hátíðarfundur samtakanna. Á sameiginlegum fundi ráðherraráðs EFTA og þingmannanefndarinnar snerust umræðurnar um EES og hlutverk þjóðþinganna. Vegna fjarveru formanns var Matthías Á. Mathiesen varaformaður í forsvari fyrir þingmannanefndinni. Gerði hann grein fyrir störfum þingmannanefndarinnar og vék sérstaklega að þýðingu þjóðþinga EFTA-ríkjanna varðandi afgreiðslu á væntanlegum samningi EFTA og EB um EES.

Á fundi þingmannanefndarinnar var rætt sérstaklega um ályktanir sem Evrópuþingið hafði nýverið samþykkt um samskipti við EFTA, svokallaða Rossetti-skýrslu frá REX-nefnd Evrópuþingsins (the European Parliament's Committee on External Economic Relations) og Jepsen-skýrslu stjórnmálanefndar þingsins (European Parliament's Political Affairs Committee). Willy de Clercq, formaður REX-nefndarinnar, kom á fund nefndarinnar og útskýrði afstöðu þingmanna EB.

7. Fundur formanna þingmannanefndarinnar með formönnum stjórnmálaflokka á Evrópuþinginu.

Formaður, varaformaður og fráfarandi formaður þingmannanefndarinnar fóru til Strassborgar 11. júlí til fundar við formenn stjórnmálaflokka á Evrópuþinginu. Voru sjónarmið EFTA-þingmanna kynnt en einungis var um kynningar- og könnunarviðræður að ræða.

8. Októberfundur.

Nefndin hitti ráðherra EFTA-ríkjanna í þriðja skipti á árinu og hélt samhliða sinn eiginn fund. Sérstaklega var farið yfir hugmyndir varðandi hlutverk þingmanna innan EES sem fjallað hafði verið um hjá samninganefnd EFTA.

9. Nóvemberfundur.

Fundað var í Lúxemborg og var einnig haldinn fundur með þingmönnum EB þar sem enn var rætt um samninga um EES og skipst á skoðunum við þá. Jón Sæmundur Sigurjónsson sat fundinn af hálfu íslensku sendinefndarinnar og tók þátt í umræðum. Hann lagði m.a. ríka áherslu á sérstöðu Íslands, en fram kom skilningur nokkurra þingmanna EB á því sjónarmiði.

10. Desemberfundur.

Fundur var í nefndinni og jafnframt með formanni EFTA-ráðsins, J.P. Delamuraz. Rætt var um GATT-viðræður og EES-samningana. Greint var frá stöðu samninganna sem síðan var staðfest á fundi ráðherra EFTA og EB 19. desember 1990.

II. VINNUHÓPUR UM ENDURSKOÐUN Á HLUTVERKI NEFNDARINNAR (DAGSKRÁRNEFND)

Í hópnum eiga sæti tveir fulltrúar frá hverju landi. Verkefni hópsins eru nátengd störfum nefndarinnar, en á aðalfundi nefndarinnar var ákveðið að breyta vinnuhópnum í fasta undirnefnd sem hefur það meginhlutverk að undirbúa fundi þingmannanefndarinnar og vinna nánar að verkefnum milli funda. Nefndin kallast dagskrárnefnd (agenda committee). Nefndin hefur haldið fundi samhliða fundum þingmannanefndarinnar, auk þess sem aukafundur var haldinn í september til undirbúnings haustfundum aðalnefndarinnar.

III. VINNUHÓPUR UM FISK OG UNNIN MATVÆLI

Að undanförnu hefur hópurinn einkum beint sjónum að landbúnaðarvörum og umhverfisvernd. Fundur vinnuhópsins í janúar 1990 fjallaði um þau málefni.

Íslandsdeild þingmannanefndarinnar bauð til fundar í vinnuhópnum í apríl og var sá fundur haldinn í Reykjavík. Var hann að mestu nýttur til þess að kynna fyrir þingmönnum fiskvinnslu á Íslandi og þá sérstöðu sem hún skipar í efnahagslífi þjóðarinnar. Einnig var landbúnaður á Íslandi kynntur og þau umhverfisáhrif sem hann hefur. Fyrirlesarar voru Sverri Haukur Gunnlaugsson sendiherra, Magnús Gunnarsson frá SÍF, Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri og Ingvi Þorsteinsson frá Rala.

Í byrjun nóvember var haldinn þriðji fundur vinnuhópsins. Fór hann fram í aðalstöðvum OECD í París þar sem sérfræðingar stofnunarinnar héldu fyrirlestra um störf hennar tengd sjávarútvegi, landbúnaði og umhverfisvernd.

IV. ÖNNUR STARFSEMI

Þann 13. nóv. 1990 bauð Norðurlandaráð til ráðstefnu sem bar heitið „The role of Parliamentarians in the new European architecture". Þar var rætt um framtíðarhlutverk þingmanna í Evrópu með tilliti til hinna miklu og öru breytinga sem átt hafa sér stað. Jón Sæmundur Sigurjónsson var einn fulltrúa þingmannanefndar EFTA á ráðstefnunni.

V. STARFIÐ Á ÁRINU 1991

Finnska þingið bauð til ráðstefnu þingmanna um samvinnu á Eystrasaltssvæðinu (Parliamentary Conference on Co-operation in the Baltic Sea Area) dagana 7.–9. janúar sl. Var Matthías Á. Mathiesen á ráðstefnunni fyrir þingmannanefnd EFTA og flutti þar ræðu. Þar kom m.a. fram að stofnun Eystrasaltsráðs, sem í ættu sæti þingmenn ríkja á svæðinu, mundi ekki einungis styrkja samvinnu í þessum hluta Evrópu, heldur verða til þess að styrkja lýðræði og áhrif þjóðkjörinna fulltrúa í álfunni allri nú þegar vonast væri til að tímar samvinnu og sameiningar færu í hönd.

Dagana 4.–5. febrúar 1991 hélt þingmannanefnd EFTA ráðstefnu þingmanna frá EFTA-ríkjunum, EB og lýðræðisríkjum Austur-Evrópu þar sem fjallað var um þróun samstarfs ríkja í Evrópu. Bar ráðstefnan heitið: Europe in Transition from Co-operation to Intergration. Til ráðstefnunnar var einnig boðið fulltrúum tíu alþjóðastofnana sem starfa í Evrópu. Fulltrúar Austur-Evrópuríkjanna fjögurra lýstu ástandi efnahagsmála í sínum ríkjum. Öll þessi ríki eiga við verulegan efnahagsvanda að etja og kom fram ósk þeirra eftir aðstoð Vestur-Evrópuríkja, bæði fjárhagslegri sem og tæknilegri.

Á fundi þingmannanefndarinnar, sem haldinn var 4. febrúar sl., var Herbert Schmidtmeier frá Austurríki kosinn formaður nefndarinnar í stað dr. Peter Jankowitsch en hann tók sæti í ríkisstjórn Austurríkis í desember 1990.

Þingmannanefnd EFTA og REX-nefnd hafa ákveðið að stofna vinnuhóp til að kanna hvernig samstarfi þingmanna EFTA og EB innan EES gæti verið háttað og er einnig búist við þátttöku fulltrúa frá stjórnmálanefnd Evrópuþingsins í vinnuhópnum.

Á sumri komanda 18.–20. júní verður aðalfundur þingmannanefndar EFTA haldinn hér landi og mun Ísland þá taka við formennsku í nefndinni. Auk EFTA-þingmanna koma á fundinn þingmenn frá Evrópuþinginu og er von á að hugmyndir um samstarf þingmanna innan EES verði orðnar mótaðar þá þar sem ráðgert er að samningaviðræður verði á lokastigi næsta sumar.

Alþingi, 11. febr. 1991.

Matthías Á. Mathiesen. Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Sþ. 625. Fyrirspurn [357. mál]

til sjávarútvegsráðherra um hringormanefnd og árangur starfa hennar.

Frá Sigrúnu Helgadóttur.

1. Er hringormanefnd sem sjávarútvegsráðherra skipaði 16. ágúst 1979 enn starfandi?
2. Hvaða aðilar eða stofnanir eiga eða áttu fulltrúa í hringormanefnd?
3. Hver hefur verið eða var árlegur kostnaður við störf hringormanefndar, fært til núvirðis og sundurliðað í launakostnað, þóknun til nefndarmanna, greiðslur fyrir selakjálka og selkjöt?
4. Hve margir selir hafa verið drepnir árlega undanfarin 11 ár fyrir tilstuðlan hringormanefndar? Fyrir hvert ár og landshluta er óskað upplýsinga um hvernig fjöldi deyddra sela skiptist eftir tegundum og aldri.
5. Hve mikill hluti selkjötsins hefur verið nýttur og hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að selskrokkar liggi ekki og rotni í fjörum?
6. Hve oft hafa stofnstærðir sela verið áætlaðar eða selir taldir þessi ár og hvaða breytingar hafa orðið á stærð selastofnanna og dreifingu þeirra?
7. Hefur sá vandi, sem hringormar í fiski valda íslenskum fiskiðnaði, minnkað á síðustu 11 árum og þá hversu mikið og hvernig er það mælt?

Skrifegt svar óskast.

Ed. 626. Frumvarp til laga [97. mál]

um gjaldþrotaskipti o.fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 12. febr.)

Samhljóða þskj. 100 með þessari breytingu:

182. gr. hljóðar svo:

Við gildistöku laga þessara breytast eftirtalin ákvæði laga sem hér segir:

1. Í 2. tölul. 2. mgr. 43. gr. víxillaga, nr. 93 19. júní 1933, falla niður orðin „skiptaréttur hefir tekið til greina beiðni hans um aðstoð við tilraun til nauðasamnings“, en í stað þeirra kemur: honum hefur verið veitt heimild til að leita nauðasamnings.

   Í 3. tölul. 2. mgr. 43. gr. sömu laga falla niður orðin „skiptaréttur hefir tekið til greina beiðni hans um aðstoð við tilraun til nauðasamninga“, en í stað þeirra kemur: honum hefur verið veitt heimild til að leita nauðasamnings.

   Í 1. málsl. 6. mgr. 44. gr. sömu laga falla niður orðin „taki skiptaréttur til greina beiðni hans um aðstoð við tilraun til nauðasamnings“, en í stað þeirra kemur: honum veitt heimild til að leita nauðasamnings. Síðar í sama ákvæði fellur niður orðið „nauðasamningstilraunirnar“, en í stað þess kemur: heimildina til að leita nauðasamnings.

   Í 2. málsl. 6. mgr. 44. gr. sömu laga falla niður orðin „aðstoð til tilrauna um nauðasamning verður tekin til greina af skiptarétti“, en í stað þeirra kemur: heimild til að leita nauðasamnings verður tekin til greina.

   Í 1. málsl. 1. mgr. 71. gr. sömu laga falla niður orðin „fyrir skiptarétti“.
2. Í 3. tölul. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, falla niður orðin „eftir að tilraunir til nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar á búi hans eru byrjaðar“, en í stað þeirra kemur: meðan hann hefur heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings án undanfarandi gjaldþrotaskipta.
3. Í 1. málsl. 28. gr. laga um vátryggingasamninga, nr. 20 8. mars 1954, falla niður orðin „boði hann til nauðasamninga“, en í stað þeirra kemur: fái hann heimild til að leita nauðasamnings.
4. Í 9. gr. laga um skylduskil til safna, nr. 43 16. maí 1977, falla niður orðin „Verði prentsmiðja eða fjölföldunarfyrirtæki gjaldþrota eða hætti störfum“, en í stað þeirra kemur: Hætti prenstmiðja eða fjölföldunarfyrirtæki störfum. Í sama ákvæði falla síðan niður orðin „þrotabúinu eða“.
5. Í 15. gr. laga um hlutafélög, nr. 32 12. maí 1978, falla niður orðin „tilkynna það skiptarétti, sem ákveður að félagi skuli slitið og búi þess skipt eða tekið til gjaldþrotaskipta, ef það telst vera gjaldþrota“, en í stað þeirra kemur: krefjast fyrir héraðsdómi að félagi verði slitið.

   Í 1. mgr. 113. gr. sömu laga falla niður orðin „samkvæmt ákvæðum 14. gr. gjaldþrotalaga“, en í stað þeirra kemur: eftir því sem mælt er fyrir í ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti.

   Í 2. mgr. 113. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“.

Í 1. mgr. 115. gr. sömu laga falla niður orðin „Skiptaráðandi skal taka bú hlutafélags“, en í stað þeirra kemur: Bú hlutafélags skal tekið.

Í 2. mgr. 115. gr. sömu laga falla niður orðin „Skiptaráðandi skal taka bú hlutafélags“, en í stað þeirra kemur: Bú hlutafélags skal tekið.

Í 3. mgr. 115. gr. sömu laga falla niður orðin „Skiptaráðandi skal taka bú hlutafélags“, en í stað þeirra kemur: Bú hlutafélags skal tekið.

1. mgr. 116. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Þegar héraðsdómara hefur borist krafa um skipti skv. 1. eða 2. mgr. 115. gr. skal hann fara með hana eftir fyrirmælum laga um gjaldþrotaskipti um meðferð kröfu lánardrottins um að bú skuldara verði tekið til gjaldþrotaskipta.

2. mgr. 116. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Héraðsdómari skal kveða upp úrskurð um hvort orðið verði við kröfu um að bú hlutafélags verði tekið til skipta. Sé krafan tekin til greina skal farið með búið eftir fyrirmælum laga um skipti á dánarbúum o.fl. um meðferð dánarbús þar sem erfingjar taka ekki á sig ábyrgð á skuldbindingum þess látna, að öðru leyti en því að hluthafar njóta ekki þeirrar stöðu sem erfingjar njóta við slík skipti fyrr en leitt er í ljós eftir lok kröfulýsingarfrests að eignir búsins muni hrökkva fyrir skuldum.

3. og 4. mgr. 116. gr. sömu laga falla niður.

Í 4. mgr. 119. gr. sömu laga falla niður orðin „VI. og VII. kafla gjaldþrotalaga“, en í stað þeirra kemur: XV. og XVI. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Í 3. mgr. 120. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: héraðsdómara.

Í 2. málsl. 5. mgr. 120. gr. sömu laga falla niður orðin „Skiptaráðandi skal auglýsa“, en í stað þeirra kemur: Skal þá auglýst.

Í 3. málsl. 5. mgr. 120. gr. sömu laga fellur niður orðið „gjaldþrotalaga“, en í stað þess kemur: laga um gjaldþrotaskipti o.fl..

2. mgr. 122. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Rísi ágreiningur við meðferð skilanefndar sem farið yrði með við gjaldþrotaskipti eftir sérreglum laga um gjaldþrotaskipti o.fl. skal skilanefnd tafarlaust beina ágreiningsefninu til héraðsdómara sem kveður upp úrskurð um ágreininginn. Um málskot slíkra úrskurða gilda almennar reglur.

Í 2. mgr. 125. gr. sömu laga falla niður orðin „beina því til skiptaráðanda á varnarþingi því sem félagið hafði að hann annist um framhaldsskiptin í stað skilanefndar“, en í stað þeirra kemur: löggilda án tilnefningar einn eða fleiri menn í sérstaka skilanefnd til að annast framhaldsskiptin.

Í 141. gr. sömu laga falla niður orðin „svo og skiptarétti, þar sem útibúið á varnarþing, sem tekur bú útibúsins til meðferðar og annast þær skiptagerðir, sem hér fara fram“, en í stað þeirra kemur: og krefjast fyrir héraðsdómi á varnarþingi útibúsins að bú þess verði tekið til gjaldþrotaskipta, nema gjaldþrotaskiptin á búi erlenda félagsins nái einnig til útibúsins.

2. málsl. 1. mgr. 143. gr. sömu laga fellur niður.

6. Í lokamálslið 5. mgr. 7. gr. laga um lífeyrissjóð bænda, nr. 50 1. júní 1984, falla niður orðin „sama forgangsréttar og launakröfur, enda hafi fénu ekki verið haldið aðskildu frá öðrum fjármunum þrotabúsins“, en í stað þeirra kemur: sömu stöðu í skuldaröð og kröfur á hendur vinnuveitanda um iðgjöld til lífeyrissjóðs.

7. Í 1. mgr. 46. gr. laga um viðskiptabanka, nr. 86 4. júlí 1985, falla niður orðin: „að hætti III. kafla gjaldþrotalaga“, en í stað þeirra kemur: eftir almennum reglum.

Í 1. málsl. 1. mgr. 47. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: héraðsdómara.

Í 2. málsl. 1. mgr. 47. gr. sömu laga falla niður orðin „Eru ákvæði 2. tölul. 13. gr. gjaldþrotalaga“, en í stað þeirra kemur: Bann í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. við því að bú opinberrar stofnunar verði tekið til gjaldþrotaskipta er.

Í 2. mgr. 47. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: héraðsdómara.

Í 3. mgr. 47. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“, en í stað þess kemur: héraðsdómari.

4. mgr. 47. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Í innköllun í bú viðskiptabanka skal tekið fram hvort það hafi verið tekið til skipta að hætti 1. eða 2. mgr.

Í 1. mgr. 48. gr. sömu laga falla niður orðin „ákvæði IV.–XIX. kafla gjaldþrotalaga eftir því sem við á að því undanteknu að ákvæði VIII. kafla þeirra“, en í stað þeirra kemur: almennar reglur laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem átt getur við að því undanteknu að ákvæði þeirra um riftun ráðstafana.

Í 2. mgr. 48. gr. sömu laga falla niður orðin „ákvæði gjaldþrotalaga, sem vísað er til í 1. mgr.“, en í stað þeirra kemur: ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Í sama ákvæði fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: héraðsdómara.

8. Í 1. mgr. 62. gr. laga um sparisjóði, nr. 87 4. júlí 1985, falla niður orðin „að hætti III. kafla gjaldþrotalaga“, en í stað þeirra kemur: eftir almennum reglum.

Í 1. mgr. 63. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: héraðsdómara.

Í 2. mgr. 63. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: héraðsdómara.

Í 3. mgr. 63. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“, en í stað þess kemur: héraðsdómari.

4. mgr. 63. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Í innköllun í bú sparisjóðs skal tekið fram hvort það hafi verið tekið til skipta að hætti 1. eða 2. mgr.

Í 1. mgr. 64. gr. sömu laga falla niður orðin „ákvæði IV.–XIX. kafla gjaldþrotalaga eftir því sem við á að því undanteknu að ákvæði VIII. kafla þeirra“, en í stað þeirra kemur: almennar reglur laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem átt getur við að því undanteknu að ákvæði þeirra um riftun ráðstafana.

Í 2. mgr. 64. gr. sömu laga falla niður orðin „ákvæði gjaldþrotalaga, sem vísað er til í 1. mgr.“, en í stað þeirra kemur: „ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Í sama ákvæði fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: héraðsdómara.

9. Í 2. málsl. 2. mgr. 91. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8 18. apríl 1986, falla niður orðin „snúið sér til skiptaráðanda og óskað eftir greiðslustöðvun sveitarsjóðs í allt að þrjá mánuði í samræmi við II. kafla gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, eftir því sem við á“, en í stað þeirra kemur: óskað eftir að sveitarfélaginu verði veitt heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings eftir almennum reglum.

10. Í 1. málsl. 3. mgr. 104. gr. tollalaga, nr. 55 30. mars 1987, falla niður orðin „til meðferðar vegna nauðasamninga“.

Í 2. málsl. 3. mgr. 104. gr. sömu laga fellur niður orðið „greiðslustöðvun“, en í stað þess kemur: heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings.

11. Í 1. gr. laga um ríkisábyrgð á launum, nr. 88 19. júlí 1990, falla niður orðin „með dánarbú hans er farið sem skuldafrágöngubú“, en í stað þeirra kemur: dánarbú hans er til opinberra skipta og erfingjar hans ábyrgjast ekki skuldbindingar þess.

Í 1. mgr. 4. gr. sömu laga falla niður orðin „skv. 84. gr. laga nr. 3/1878 (sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979)“.

Við d-lið 5. gr. sömu laga bætist við nýr málsliður svohljóðandi: Með sama hætti má ráðherra heimila greiðslu þótt krafa einhvers þess sem hér um ræðir verði ekki viðurkennd forgangskrafa við skipti vegna þess að hlutaðeigandi sé talinn nákominn þrotamanni.

Í 1. málsl. 4. mgr. 7. gr. sömu laga fellur niður orðið „þrotabúi“, en í stað þess kemur: búi.

Í 2. málsl. 4. mgr. 7. gr. sömu laga fellur niður orðið „gjaldþrotaskipti“, en í stað þess kemur: skipti.

Í 1. mgr. 8. gr. sömu laga falla niður orðin „Sá sem fer með skipti á þrotabúi“, en í stað þeirra kemur: Skiptastjóri í þrotabúi eða dánarbúi.

Í 1. málsl. 2. mgr. 8. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðandi“, en í stað þess kemur: skiptastjóri.

Í 2. málsl. 2. mgr. 8. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: skiptastjóra.

1. mgr. 9. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Nú hefur skiptum á dánarbúi vinnuveitandans verið lokið vegna eignaleysis án þess að það hafi verið tekið til opinberra skipta, og verður greiðslukrafa á hendur ríkissjóði þá að berast félagsmálaráðherra innan 6 mánaða frá þeim málalokum.

Í 3. mgr. 9. gr. sömu laga falla niður orðin „skiptaráðanda, er með bú vinnuveitandans fór“, en í stað þeirra kemur: sýslumanns, sem skiptin áttu undir.

Í 1. málsl. 1. mgr. 11. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: skiptastjóra. Sama breyting verður á 3. málsl. sama ákvæðis.

Í 2. málsl. 2. mgr. 11. gr. sömu laga falla niður orðin „skilyrðum 172. gr. laga nr. 85 frá 1936“, en í stað þeirra kemur: almennum skilyrðum.

Í 1. mgr. 13. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: skiptastjóra.

Í 2. mgr. 13. gr. sömu laga fellur niður orðið „skiptaráðanda“, en í stað þess kemur: skiptastjóra.

Ed. 627. Frumvarp til laga [199. mál]

um búfjárhald.

(Eftir 2. umr. í Ed., 12. febr.)

I. KAFLI
Markmið og yfirstjórn.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja svo sem föng eru á góða meðferð og aðbúnað búfjár í samræmi við þarfir og að það hafi ætíð nægilegt fóður og drykk.

Tilgangur laganna er einnig að tryggja að við framleiðslu búfjárafurða sé eingöngu notað hraust og heilbrigt búfé.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn þeirra mála er lúta að meðferð búfjár og eftirliti með búfjárhaldi sem kveðið er á um í lögum þessum.

Með búfé er í lögum þessum átt við alifugla, geitur, hross, kanínur, loðdýr, nautgripi, sauðfé og svín. Auk þess önnur dýr sem haldin verða til nytja. Rísi ágreiningur um hvað falla skuli undir hugtakið búfé sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

Með vörslu búfjár er í lögum þessum átt við að búfjáreigandi haldi því búfé sem varslan tekur til innan ákveðins afmarkaðs svæðis, en með lausagöngu búfjár að búfé geti gengið á annars manns land í óleyfi.

II. KAFLI
Takmörkun búfjárhalds.

3. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja samþykkt um búfjárhald. Landbúnaðarráðherra staðfestir slíka samþykkt að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands.

4. gr.

Í samþykktum sveitarstjórna um búfjárhald má ákveða að tiltekið búfjárhald sé með öllu bannað í viðkomandi sveitarfélagi eða takmarkað við tiltekin svæði innan sveitarfélagsins. Í samþykktunum geta einnig verið ákvæði sem takmarka fjölda búfjár af hverri búfjártegund og fjölda búfjár einstakra búfjáreigenda. Ef búfjáreigandi verður fyrir atvinnutjóni vegna banns eða takmarkana á búfjárhaldi þannig að bótum varði skal greiða bætur úr sveitarsjóði.

Í samþykktunum má kveða á um að búfjárhald sé óheimilt án leyfis þar sem takmarka má fjölda búfjár hvers aðila. Slík leyfi skulu vera tímabundin og afturkallanleg með tilteknum fyrirvara.

Samþykktir skulu kveða á um að búfjáreigandi uppfylli skilyrði um aðstöðu fyrir bústofn sinn, fóðrun hans, vörslu og meðferð, sem og meðferð alls úrgangs sem fellur til.

III. KAFLI
Varsla búfjár.

5. gr.

Sveitarstjórnum, einni eða fleiri, samliggjandi sveitarfélaga, er heimilt, til að koma í

veg fyrir ágang búfjár, að ákveða að eigendum búfjár sé skylt að hafa það í vörslu allt árið eða tiltekinn hluta ársins.

Heimild þessi getur jafnt tekið til alls umdæmis viðkomandi sveitarstjórna eða afmarkaðs hluta þess, svo sem umhverfis þéttbýli eða fjölfarna vegi.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð almenn ákvæði um vörslu búfjár af hverri tegund þar sem einnig skal kveðið á um almennar reglur um framkvæmd þeirrar vörslu.

6. gr.

Graðpeningi skal haldið í öruggri vörslu sem hér segir:

1. Naut, 6 mánaða og eldri, allt árið.
2. Hrútar og hafrar á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. maí ár hvert.
3. Graðhestar eða laungraðir hestar, 16 mánaða og eldri, allt árið. Óski hrossaræktarsamband og/eða sveitarstjórn eftir því getur ráðherra heimilað að færa aldursmörk að 12 mánaða aldri á viðkomandi svæði.
4. Aðrar búfjártegundir en að framan greinir, allt árið.

Sveitarstjórn skal hlutast til um að graðpeningur, sem ekki er í öruggri vörslu, sé handsamaður og afhentur hreppstjóra. Eigandi getur leyst til sín viðkomandi grip með greiðslu á áföllnum kostnaði. Við ítrekað brot skal graðhestur seldur á opinberu uppboði, en öðrum gripum slátrað og uppboðs- eða frálagsverð látið mæta áföllnum kostnaði.

IV. KAFLI
Aðbúnaður og meðferð búfjár.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra er rétt að gefa út reglugerðir fyrir einstakar búfjártegundir þar sem nánar er kveðið á um atriði er lúta að aðbúnaði og meðferð gripa, gripahúsa, þar með talin ákvæði um innréttingar, rýmisþörf gripa, loftræstingu, birtu í húsi, fóðurgeymslur og fóðurútbúnað, svo og ákvæði um umhirðu gripa og eftirlit, skráningu á vanhöldum og heilbrigði búfjár og eftirlit með gripum sem ganga úti hluta ársins. Jafnframt er í reglugerð heimilt að kveða á um kröfur til reynslu og þekkingar þeirra sem búfé halda eða hirða.

Eftirlit með framkvæmd reglugerða samkvæmt fyrri málsgrein skal falið búfjáreftirliti, sbr. 9. gr.

8. gr.

Landbúnaðarráðuneytið skal beita sér fyrir því í samvinnu við Búnaðarfélag Íslands, viðkomandi búgreinafélag, yfirdýralækni og dýraverndarnefnd að fyrir hverja búfjártegund verði gefnar út leiðbeinandi reglur um sem flesta þætti er lúta að fóðrun, aðbúnaði, meðferð og heilbrigði búfjár af viðkomandi tegund. Tryggt skal að slíkar reglur séu endurskoðaðar reglulega í samræmi við bestu þekkingu á hverjum tíma.

V. KAFLI
Um forðagæslu, eftirlit og talningu búfjár.

9. gr.

Í hverju sveitarfélagi skal vera búfjáreftirlitsmaður, einn eða fleiri, sem hafi eftirlit með ásetningi búfjár, fóðrun og hirðingu. Sveitarstjórn ræður þá til starfa til fjögurra ára

að loknum sveitarstjórnarkosningum hverju sinni. Til starfsins skal velja menn sem hafa haldgóða reynslu og þekkingu í fóðrun og meðferð búfjár. Heimilt er fyrir fleiri en eitt sveitarfélag að ráða sameiginlega búfjáreftirlitsmann (menn).

Búnaðarsambönd hafa á hendi umsjón með búfjáreftirliti hvert á sínu svæði. Ráðunautur viðkomandi búnaðarsambands annast slíkt eftirlit eða aðili sem það tilnefnir. Skulu búfjáreftirlitsmenn á svæðinu leita úrskurðar hans í vafaatriðum um framkvæmd eftirlits.

Eftirlit vegna ákvæða reglugerða skv. 7. gr. skal framkvæmd af búfjáreftirliti samkvæmt þessari grein.

Leita skal til héraðsdýralækna um eftirlit með þeim þáttum er snerta heilbrigði búfjár og tryggja hollustu afurða þess.

10. gr.

Búfjáreftirlitsmanni er skylt að fara minnst tvær ferðir um umdæmi sitt á hverjum vetri til eftirlits með fóðrun og ásetningi búfjár. Skal fyrri ferðinni lokið fyrir 1. desember og hinni síðari fyrir lok aprílmánaðar. Skal hann sannreyna tölur um fjölda ásetts búfjár og líta eftir húsakosti þess, fóðrun og hirðingu. Ákvæði reglugerða skv. 7. gr. geta samt mælt fyrir um aðrar dagsetningar fyrir skráningu á fjölda búfjár af einstökum tegundum. Búfjáreftirlitsmaður skal skrá magn, tegundir, gæði og geymsluaðstöðu alls fóðurs hjá hverjum búfjáreiganda og einnig áform hans um fóðuröflun. Jafnframt skulu gróffóðurbirgðir mældar og skráðar. Búfjáreftirlitsmaður skal einnig fylgjast með beitilandi í byggð á starfssvæði sínu.

Þar sem gripir eru í hagagöngu skal eigandi ætíð tilgreina aðila innan viðkomandi sveitarfélags, samþykktan af sveitarstjórn, sem er ábyrgur fyrir eftirliti og umsjá með þeim gripum.

Niðurstöður hausteftirlits um fjölda búfjár, fóðurforða, fyrningar og fóðurþörf skrái búfjáreftirlitsmaður á eyðublað sem Búnaðarfélag Íslands lætur í té ásamt reglum um framkvæmd forðagæslu. Skýrslu þessa skal senda Búnaðarfélagi Íslands strax að lokinni haustskoðun. Búnaðarfélag Íslands annast úrvinnslu á niðurstöðum um búfjárfjölda og fóðurforða og hefur yfirstjórn með framkvæmd forðagæslu. Upplýsingar úr skýrslum þessum skulu vera heimilar til afnota Framleiðsluráði landbúnaðarins, Hagstofu Íslands, Hagþjónustu landbúnaðarins og öðrum opinberum aðilum að fengnu leyfi landbúnaðarráðuneytisins.

Leiki rökstuddur grunur á að talningu búfjár hafi verið ábótavant er landbúnaðarráðherra heimilt að ákveða sérstaka talningu búfjár.

11. gr.

Þegar að lokinni skoðun skal búfjáreftirlitsmaður bera niðurstöður sínar undir eftirlitsmann búnaðarsambands. Komi í ljós að búfjáreiganda skorti hús, fóður eða beit fyrir fénað sinn, vanfóðri hann eða vanhirði skal búfjáreftirlitsmaður tilkynna það sveitarstjórn þegar í stað. Er þá sveitarstjórn skylt að vara þann er hlut á að máli þegar við og gefa honum einnar viku frest til úrbóta. Hafi honum að þeim tíma liðnum ekki tekist að gera þær ráðstafanir sem sveitarstjórn og eftirlitsmaður búnaðarsambands telja fullnægjandi ber sveitarstjórn að útvega honum fóður, hlutast til um fóðrun og umhirðu eða ráðstafa fénaði hans til fóðrunar.

Sveitarstjórn eða búfjáreftirlitsmaður í umboði hennar eða aðrir, sem telja meðferð á

skepnum brjóta í bága við gildandi lög eða reglur, skulu leita til héraðsdýralæknis. Héraðsdýralæknir skal þá í samráði við yfirdýralækni og innan tveggja sólarhringa meta ástand skepnanna og aðstæður á staðnum í samráði við eða ásamt trúnaðarmanni búnaðarsambands og gefa búfjáreiganda fyrirmæli um ráðstafanir telji þeir það nauðsynlegt. Þar skal veita mest einnar viku frest til úrbóta.

Vilji búfjáreigandi eigi hlíta ráðstöfunum búfjáreftirlitsmanns, sveitarstjórnar, trúnaðarmanns búnaðarsambands eða héraðsdýralæknis, eða hefur þær að engu, og fénaður hans líður sakir fóðurskorts, hirðuleysis eða harðýðgi að áliti tveggja eða fleiri þessara aðila er skylt að tilkynna lögreglustjóra það skriflega innan tveggja daga ásamt öllum málavöxtum. Skal hann þá innan viku sjá um að úrbætur fáist í samræmi við dýraverndarlög en búfénu lógað að höfðu samráði við yfirdýralækni ef ekki er annarra kosta völ.

Búfjáreigandi, er hlut á að máli, ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum.

12. gr.

Búfjáreftirlitsmaður skal launaður af sveitarsjóði.

Sveitarfélögum, þar sem búfjárhald er óheimilt án leyfis, sbr. 2. mgr. 4. gr., er heimilt að innheimta leyfisgjald til að standa undir kostnaði við framkvæmd forðagæslu og búfjáreftirlits, sbr. 9. gr. Skiptist það í grunngjald og gjald fyrir fjölda búfjár hvers eiganda. Gjald þetta skal þó ekki lagt á búfjáreigendur sem halda búfé á lögbýli og eiga þar lögheimili.

Landbúnaðarráðherra skal gefa út gjaldskrá fyrir leyfisgjöld skv. 2. mgr. og birta í *Stjórnartíðindum.*

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum og samþykktum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum eða fangelsi ef miklar sakir eru. Hafi búfjáreigandi gerst sekur um illa meðferð á skepnum skal hann sviptur leyfi til að eiga eða halda búfé. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi 13., 19., 31.–33., og 38. gr., svo og IX. X. og XI. kafli búfjárræktarlaga, nr. 31 24. apríl 1973, og lög nr. 57 25. maí 1989, um breytingu á þeim lögum, lög nr. 44 23. maí 1964, um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, og lög nr. 38 23. maí 1980, um breyting á þeim lögum, og lög nr. 53 29. maí 1981, um loðdýrarækt.

Nd. 628. Frumvarp til laga [358. mál]

um viðauka við lög um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

1. gr.

Almennar kosningar til Alþingis 1991 skulu fara fram laugardaginn 20. apríl 1991.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að í kjördeildum, sem eru að öllu leyti utan takmarka kaupstaðar eða kauptúns, skuli kosning enn fremur fara fram sunnudaginn 21. apríl 1991. Ákvörðun þessa efnis skal ráðherra birta í Ríkisútvarpi (hljóðvarpi og sjónvarpi) í síðasta lagi fimmtudaginn 18. apríl 1991.

2. gr.

Nú hefur verið ákveðið að kosning skuli einnig fara fram 21. apríl 1991. Getur kjörstjórn þá ákveðið, þegar kosningu er lokið hinn fyrri kjördag, að eigi skuli vera fleiri kjördagar í kjördeildinni, enda sé öll kjörstjórnin sammála og allir umboðsmenn lista, sem mættir eru, samþykkja þá ákvörðun með undirritun sinni í kjörbókina. Hafi 80% eða fleiri kjósenda í kjördeildinni kosið eða fengið vottorð skv. 82. gr. laganna nægir einróma samþykki kjörstjórnar til slíkrar ákvörðunar.

Er kosningu er lokið hinn fyrri kjördag skal um meðferð kjörgagna fara eftir ákvæðum 4. mgr. 120. gr. laganna.

3. gr.

Kjörfund 20. apríl 1991 skal hvarvetna setja eigi síðar en kl. 10 árdegis og hinn síðari kjördag eigi síðar en kl. 12 á hádegi.

4. gr.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla við alþingiskosningar þessar skal ekki hefjast fyrr en laugardaginn 23. mars 1991.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ákveðið verði að kosningar til Alþingis fari fram laugardaginn 20. apríl nk. Jafnframt er lagt til að dómsmálaráðherra geti ákveðið að kosning skuli einnig fara fram sunnudaginn 21. apríl í kjördeildum sem að öllu leyti eru utan takmarka kaupstaða eða kauptúna. Þykir rétt að hafa heimild til að ákveða slíkt með hliðsjón af því að á þessum árstíma kunna samgöngur að bregðast og tíðarfar að spillast. Ekki þykir þó ástæða til að lögbjóða tvo kjördaga heldur er gert ráð fyrir því að ákvörðun um það efni verði tekin og birt í Ríkisútvarpi í síðasta lagi fimmtudaginn 18. apríl.

Ef ráðherra ákveður að kosning skuli fara fram í tvo daga er lagt til að fylgt verði þeim reglum sem að jafnaði hafa tíðkast þegar kjördagar hafa verið ákveðnir fleiri en einn, þannig að kjörstjórn geti ákveðið að kjördagur verði einungis einn í kjördeild enda sé öll kjörstjórnin því sammála og allir umboðsmenn sem mættir eru, svo og ef 80% kjósenda í kjördeild hefur greitt atkvæði.

Með frumvarpinu er enn fremur lagt til að utankjörfundaratkvæðagreiðsla við kosningar þessar hefjist ekki fyrr en laugardaginn 23. mars nk., þegar fjórar vikur eru til kjördags og frestur til að skila framboðum er runninn út, en ekki allt að átta vikum fyrir kjördag og þá áður en framboðsfrestur rennur út, svo sem segir í 64. gr. kosningalaganna.

Að öðru leyti er við það miðað að við alþingiskosningar þessar verði farið eftir ákvæðum laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, eins og þeim hefur verið breytt með lögum nr. 66 29. maí 1989.

Sþ. 629. Beiðni um skýrslu [359. mál]

frá viðskiptaráðherra um vaxtamál.

Frá Þorsteini Pálssyni, Ólafi G. Einarssyni, Halldóri Blöndal, Eyjólfi Konráð Jónssyni, Geir H. Haarde, Kristni Péturssyni, Pálma Jónssyni, Eggert Haukdal, Inga Birni Albertssyni og Matthíasi Á. Mathiesen.

Með tilvísun til 30. gr. þingskapa óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að viðskiptaráðherra leggi fram á Alþingi skýrslu Seðlabanka Íslands um vaxtamál sem nýlega hefur verið gerð að beiðni ráðherra.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu svo fljótt sem verða má eftir að henni hefur verið útbýtt.

Alþingi, 12. febr. 1991.

Þorsteinn Pálsson.	Ólafur G. Einarsson.	Halldór Blöndal.
Ey. Kon. Jónsson.	Geir H. Haarde.	Kristinn Pétursson.
Pálmi Jónsson.	Eggert Haukdal.	Ingi Björn Albertsson.
	Matthías Á Mathiesen.	

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Sþ. 630. Beiðni um skýrslu [360. mál]

frá utanríkisráðherra varðandi stöðu samningaviðræðna Fríverslunarsamtakanna (EFTA) og Evrópubandalagsins (EB) og væntanlega aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Frá Þorsteini Pálssyni, Ólafi G. Einarssyni, Halldóri Blöndal, Eyjólfi Konráð Jónssyni, Geir H. Haarde, Kristni Péturssyni, Pálma Jónssyni, Eggert Haukdal, Inga Birni Albertssyni, Ragnhildi Helgadóttur og Matthíasi Á. Mathiesen.

Með tilvísun til 30. gr. þingskapa óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að utanríkisráðherra gefi Alþingi skýrslu um stöðu samningaviðræðna EFTA og EB og væntanlega aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu og löggjöfinni um innri markað EB.

Þess er óskað að skýrslan skýri stöðu samninganna í heild, mikilvægustu efnisatriði og breytingar er þau hafa í för með sér.

Sérstaklega er farið fram á að í skýrslunni verði gerð grein fyrir eftirfarandi atriðum:

1. Verkefnum og valdsviði sjálfstæðrar EFTA-stofnunar, til að beita samkeppnisreglum, sem á að hafa samsvarandi umboð og hlutverk og framvæmdastjórn EB.
2. Úrskurðaraðilum og dómsvaldi að því er varðar ágreiningsefni.
3. Hvernig atriði í 1. og 2. lið samrýmast yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar um að hafna alfarið hvers kyns yfirþjóðlegu valdi, sbr. yfirlýsingu forsætisráðherra á leiðtogafundi EFTA 14. og 15. mars 1989 og bókun Alþýðubandalagsins, dags. 29. nóvember 1989.
4. Hvernig ákvarðanir um nýjar lagareglur er gilda eiga fyrir Evrópska efnahagssvæðið verða teknar og hver verði atbeini Alþingis þar að lútandi.
5. Stöðu mála að því er varðar hindrunarlausan útflutning á íslenskum sjávarafurðum til EB-landa.
6. Reglum um fjárfestingu í sjávarútvegi og fasteignum, svo sem landareignum, þar með talin yfirráð yfir fersku vatni.
7. Reglum um rétt útlendinga til að stofna og reka banka á Íslandi.
8. Áformum um samningslok og með hvaða hætti málið í heild eða einstakir þættir þess verða lagðir fyrir Alþingi.

Að því er varðar 6. og 7. lið er óskað eftir að afstaða einstakra ríkisstjórnarflokka komi fram.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á Alþingi svo fljótt sem verða má.

Alþingi, 12. febr. 1991.

Þorsteinn Pálsson.	Ólafur G. Einarsson.	Halldór Blöndal.
Ey. Kon. Jónsson.	Geir H. Haarde.	Kristinn Pétursson.
Pálmi Jónsson.	Eggert Haukdal.	Ingi Björn Albertsson.
Ragnhildur Helgadóttir.		Matthías Á. Mathiesen.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Nd. 631. Nefndarálit [133. mál]

um frv. til l. um einkaleyfi.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á mörgum fundum og fékk á sinn fund til viðræðna um það Gunnar Guttormsson, Ómar Grétar Ingvarsson og Rán Tryggvadóttur frá iðnaðarráðuneytinu, Gunnar Örn Harðarson tæknifræðing, Jón Arnalds borgardómara, Hrafn Bragason, formann réttarfarsnefndar, Árna Vilhjálmsson, formann Samtaka áhugamanna um vernd eignarréttar á sviði iðnaðar, Árna Reynisson og Gunnlaug B. Daníelsson frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Sindra Sindrason frá Pharmaco, Kristján Sverrisson frá Glaxó, Davíð Lúðvíksson og Bjarna Þór Jónsson frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Friðrik Kristjánsson og Birki Árnason frá Omega Farma og Ottó B. Ólafsson og Guðbjörgu Eddu Eggertsdóttir frá Delta hf. Þá bárust nefndinni umsagnir um frumvarpið frá Félagi íslenskra stórkaupmanna og Glaxó.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með fáeinum breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Í breytingartillögunum er annars vegar um að ræða breytingu á gildistökuákvæði og hins vegar brottfall og breytingu á tilvísun til annarra laga.

Alþingi, 12. febr. 1991.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Kristín Einarsdóttir, fundaskr.	Friðrik Sophusson.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Páll Pétursson.	Sólveig Pétursdóttir.
	Guðmundur G. Þórarinsson.	

Nd. 632. Breytingartillögur [133. mál]

við frv. til l. um einkaleyfi.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 7. gr. Þriðji málsliður síðari málsgreinar falli brott.
2. Við 63. gr. Síðasti málsliður 4. mgr. falli brott.
3. Við 66. gr. Fyrsti málsliður 2. mgr. orðist svo: Hafi einkaleyfishafi ekki umboðsmann fer um birtingu stefnu eftir ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði.
4. Við 75. gr. Í stað fyrsta málsliðar 1. mgr. komi: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992.

Sþ. 633. Nefndarálit [70. mál]

um till. til þál. um kynningu á vörum frá vernduðum vinnustöðum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og bárust umsagnir um hana frá Verslunarráði Íslands, Neytendasamtökunum og Öryrkjabandalagi Íslands. Á fund nefndarinnar komu til viðræðna um málið Helgi Seljan og Ásgerður Ingimarsdóttir frá Öryrkjabandalagi Íslands, Gréta Aðalsteinsdóttir, formaður stjórnarnefndar um málefni fatlaðra, og Aðalsteinn Steinþórsson, formaður Sambands verndaðra vinnustaða.

Forráðamenn verndaðra vinnustaða hafa myndað með sér samband sem ráðið hefur starfsmann til að vinna að hagsmunamálum verndaðra vinnustaða. Að mati nefndarinnar er Samband verndaðra vinnustaða kjörinn vettvangur til að beita sér fyrir því kynningarátaki sem tillagan gerir ráð fyrir á vörum frá þessum vinnustöðum og stuðla um leið að æskilegri samræmingu og samstarfi milli þeirra, svo og um nýbreytni í framleiðslu. Eðlilegt er að þetta samband fjalli um ráðstöfun á því fjármagni sem veitt yrði frá ríkinu í þessu skyni og leiti stuðnings opinberra stofnana eins og Iðntæknistofnunar við kynningarátakið.

Með þetta í huga mælir nefndin með samþykkt tillögunnar með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Kristinn Pétursson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. febr. 1991.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir, fundaskr.	Sólveig Pétursdóttir.
Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Guttormur Einarsson.	Alexander Stefánsson.

Sþ. 634. Breytingartillaga [70. mál]

við till. til þál. um kynningu á vörum frá vernduðum vinnustöðum.

Frá félagsmálanefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita samvinnu við Samband verndaðra vinnustaða um átak til kynningar og þróunar á framleiðslu verndaðra vinnustaða og að veitt verði fé og önnur aðstoð í þessu skyni.

Sþ. 635. Fyrirspurn [361. mál]

til umhverfisráðherra um drauganet.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Má vænta þess að ráðherra beiti sér fyrir því að drauganet séu slædd upp eða verður allt við það sama í þeim efnum?

Sþ. 636. Fyrirspurn [362. mál]

til iðnaðarráðherra um lagningu háspennulínu frá Fljótsdal til Norðurlands.

Frá Jóni Kristjánssyni.

1. Hvernig var háttað undirbúningi ákvarðanatöku um hönnun háspennulínu frá væntanlegri Fljótsdalsvirkjun til Eyjafjarðar og samráði við Náttúruverndarráð og náttúruverndarsamtök þeirra landshluta, sem línan liggur um, vegna þessarar framkvæmdar?
2. Eru áform hjá Landsvirkjun um að endurskoða ákvörðun um línustæði sunnan Herðubreiðar?
3. Hver er kostnaðarmunur á lagningu háspennulínu sunnan Herðubreiðar eða á línustæði norðar sem næst núverandi byggðalínu?
4. Hvað er lagning vega áætlaður stór hluti af kostnaði við línulögnina?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 637. Fyrirspurn [363. mál]

til menntamálaráðherra um dreifða og sveigjanlega kennaramenntun.

Frá Jóni Kristjánssyni.

Hvað líður undirbúningi dreifðrar og sveigjanlegrar kennaramenntunar á vegum Kennaraháskóla Íslands fyrir grunnskólakennara sem áform eru um að hefja árið 1991?

Nd. 638. Nefndarálit [312. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum. Á fund hennar komu lagaprófessorarnir dr. Gunnar G. Schram og Sigurður Líndal. Nefndin er einhuga um afgreiðslu frumvarpsins og stendur öll að fjórum breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Fyrsta breytingartillagan felur í sér að Alþingi komi saman eigi síðar en tíu vikum eftir almennar alþingiskosningar. Er það sami frestur og gildir að loknum kosningum sem til er stofnað með þingrofi. Meginhugmyndin að baki þessarar tillögu er að ekki líði óhæfilega langur tími frá kosningum og stjórnarmyndun og þar til Alþingi kemur saman. Nefndin vill þó árétta að það er skilningur hennar að fundir þingsins samkvæmt þessu ákvæði standi um skamman tíma, sérstaklega ef þennan samkomutíma ber upp á sumarmánuði, þ.e. aðeins til að fjalla um stefnu nýrrar ríkisstjórnar og að afgreiða brýn mál, en almenn þingstörf bíði reglulegs þings að hausti.

Önnur breytingartillagan fjallar um frestun þingsins og hvernig má rjúfa hana ef brýna nauðsyn bæri til. Alþingi verður ekki frestað, t.d. frá vori og fram á haust, nema með samþykki þess sjálfs. Hugsanlegt væri að þingið setti skilyrði með samþykki sínu til þingfrestunar, t.d. þau sem tilgreind eru í breytingartillögunni, en nefndarmenn telja þó eðlilegast að festa í stjórnarskrá þennan rétt forsætisráðherra og meiri hluta alþingismanna til að kalla Alþingi saman ef nauðsyn ber til að þeirra mati.

Með þriðju breytingartillögunni er frestur til afgreiðslu bráðabirgðalaga lengdur úr einum mánuði í sex vikur. Jafnframt er orðalagi breytt þannig að fresturinn miðast nú við þann dag þegar þingið kemur saman, en ekki við framlagningu staðfestingarfrumvarps. Samkvæmt þessu mundi dráttur á framlagningu staðfestingarfrumvarps, sem er þó almennt óheimill, geta stefnt afgreiðslu málsins í nokkra hættu.

Samkvæmt fjórðu breytingartillögunni er sú regla fest í stjórnarskrá að reglulegar kosningar til Alþingis megi ekki dragast fram yfir lok kjörtímabils. Jafnframt eru lok kjörtímabils skilgreind nánar í greininni, m.a. annars til þess að forðast framvegis deilur um það atriði. Umboð alþingismanna stendur til kjördags, jafnvel þótt hann sé einhverjum dögum (allt að viku) innan fjögurra ára markanna, enda er þá kjörtímabilið á

enda samkvæmt greininni. Kjördagur verður þá framvegis annaðhvort við lok kjörtímabils eða hann ákveðinn með þingrofi.

Nefndin telur mjög mikilvægt að við þá breytingu, sem verður á skipulagi þingsins við afnám deildaskiptingarinnar, sé réttur minni hluta tryggður með einhverju móti. Eðlilegast er að það sé gert í þingskapalögum, t.d. með því að áskilja aukinn meiri hluta fyrir afbrigðum frá þingsköpum, einkum varðandi fresti frá framlagningu mála til þess að þau eru tekin á dagskrá og sömuleiðis milli umræðna. Nefndin bendir jafnframt á að ekki er í þeim drögum að nýjum þingskapalögum, sem fylgja frumvarpinu, gerðar frekari takmarkanir en nú eru á málfrelsi þingmanna eða ræðutíma við afgreiðslu formlegra þingmála.

Nefndin ræddi einnig ítarlega um hugsanleg störf þingsins eftir að þingrofsúrskurður hefur verið birtur. Nefndin gerir ekki breytingartillögu um það atriði og telur ekki ástæðu til að óttast vandræðaástand þótt þingið þurfi að taka sjálft ákvörðun um hvenær þingstörfum lýkur eftir þingrofsákvörðun, þ.e. samþykkja heimild til að fresta þinginu fram að kjördegi. Benda má á að forsætisráðherra getur lagt fyrir forseta lýðveldisins að fresta þingi án samþykkis þess sjálfs í tvær vikur í kjölfar þingrofs ef hann telur það nauðsynlegt. Reynsla annarra þjóða, sem búa við svipað fyrirkomulag, sýnir að þingið tekur sér aðeins tíma til að afgreiða brýnustu mál, sem alger samstaða er um, en lýkur síðan störfum til þess að kosningaundirbúningur geti hafist.

Það er skilningur nefndarinnar að ekki skuli líða meira en fjórir mánuðir frá því gert er kunnugt um þingrof og þar til nýkjörið Alþingi kemur saman til funda. Bent hefur verið á að skv. 24. gr. stjórnarskrárinnar, eins og hún breytist samkvæmt frumvarpinu, skuli „stofnað til nýrra kosninga áður en 45 dagar eru liðnir frá því er gert var kunnugt um þingrofið“ og sá skilningur sé venjuhelgaður að einungis þurfi að taka ákvörðun um kosningar innan þess frests, en ekki að kosningar skuli fara fram á þeim tíma. Nefndin taldi ekki ástæðu til að gera hér breytingu á til að taka af tvímæli um þetta því að sá skilningur er nú miklu eðlilegri að kosið skuli innan þessa frests, þ.e. 45 daga, og jafnframt hefur sú framkvæmd verið á höfð á síðustu áratugum.

Alþingi, 12. febr. 1991.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Ólafur G. Einarsson, fundaskr.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Guðni Ágústsson.	Friðjón Þórðarson, með fyrirvara.	Ingi Björn Albertsson, með fyrirvara.
	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.	

Nd. 639. Breytingartillögur [312. mál]

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Fyrri efnismálsliður 3. gr. orðist svo: Forseti lýðveldisins stefnir saman Alþingi eigi síðar en tíu vikum eftir almennar alþingiskosningar.
2. Á eftir 3. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Við 23. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Hafi Alþingi verið frestað getur forseti lýðveldisins eigi að síður kvatt Alþingi saman til funda ef nauðsyn ber til. Forseta er það og skylt ef ósk berst um það frá meiri hluta alþingismanna.
3. Efnismálsliður c-liðar 5. gr., er verði 6. gr., orðist svo: Samþykki Alþingi ekki bráðabirgðalög, eða ljúki ekki afgreiðslu þeirra innan sex vikna frá því að þingið kom saman, falla þau úr gildi.
4. 13. gr., er verði 14. gr., orðist svo:
   45. gr. orðist svo: Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils. Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum.

Nd. 640. Breytingartillaga [312. mál]

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Frá Friðjóni Þórðarsyni og Inga Birni Albertssyni.

14. gr. falli brott.

Sþ. 641. Fyrirspurn [364. mál]

til forsætisráðherra um opinbera aðstoð til skreiðarframleiðenda vegna Nígeríuviðskipta.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

1. Hafa skreiðarframleiðendur fengið beinar greiðslur úr ríkissjóði? Ef svo er, hvað eru upphæðir háar og hvenær voru þær greiddar?
2. Hafa lán skreiðarframleiðenda verið felld niður? Ef svo er, hvað er um háar upphæðir að ræða og hvenær voru þau lán felld niður?
3. Hafa vextir skreiðarframleiðenda verið felldir niður? Hvaða upphæðir er um að ræða og á hvaða tímabili?

4. Hver hefur „opinber aðstoð“ verið við þá framleiðendur sem ekki skulduðu afurðalán vegna skreiðarframleiðslu árin 1983–1984 eða hafa fyrir löngu greitt þau lán sjálfir?
5. Hvenær var hætt að taka sérstakan „gengismun“ af skreið samkvæmt lögum um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, nr. 71 30. maí 1984?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 642. Fyrirspurn [365. mál]

til félagsmálaráðherra um málefni geðsjúkra.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

1. Að hve miklu leyti hefur fólk með geðræn vandamál notið þeirra réttinda og þjónustu sem lög um fatlaða kveða á um?
2. Hve mörgum sambýlum hefur verið komið á fót fyrir geðsjúka?
3. Hvaða áform eru um að leysa þann húsnæðisvanda sem fólk með geðræn vandamál býr við?

Sþ. 643. Fyrirspurn [366. mál]

til dóms- og kirkjumálaráðherra um kirkjugarðsgjöld og útfararþjónustu.

Frá Geir H. Haarde.

1. Telur ráðherra heimilt samkvæmt ákvæðum laga nr. 21/1963, um kirkjugarða, að verja hluta kirkjugarðsgjalda til greiðslu kostnaðar við útfararþjónustu?
2. Ef slík ráðstöfun tekna kirkjugarða telst heimil hyggst ráðherra þá beita sér fyrir því að allir greiðendur útfararkostnaðar eigi jafnan kost á hlutdeild í þessum tekjum?
3. Hefur ráðherra hug á að beita sér fyrir því að allir aðilar, sem veita útfararþjónustu, búi að öðru leyti við sambærilega samkeppnisstöðu?

Sþ. 644. Tillaga til þingsályktunar [367. mál]

um sérstakan áhættulánasjóð og tæknigarða.

Flm.: Guttormur Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á fót sérstakri sjálfseignarstofnun,

Áhættulánasjóði Íslands, til þess að kosta undirbúning og koma af stað framleiðslu samkvæmt arðvænlegum hugmyndum einstaklinga. Sjóðurinn starfræki almenna tæknigarða þar sem veitt er aðstoð við smíði á frumeintökum og þróun þeirra.

Greinargerð.

Mál þetta var flutt á 110. löggjafarþingi af sjö þingmönnum Borgaraflokksins en hlaut ekki afgreiðslu. Síðan þá hefur þörfin fyrir áhættulánasjóð og almenna tæknigarða aukist svo að í óefni er komið og því er málið endurflutt. Öll meginatriði upphaflegrar greinargerðar eru í fullu gildi og verður því stuðst við þau.

Á síðustu árum hefur stórfelld vakning orðið í öllum nágrannalöndum okkar hvað snertir nýsköpun á framleiðsluvörum, vélum og tækjum sem bæta samkeppnisaðstöðu á öllum sviðum iðnaðar- og útflutningsframleiðslu.

Með því að beina athyglinni að hugmyndum einstaklinga hafa komið fram fjölmargar tillögur sem fela í sér arðvænlegar nýjungar. Gott dæmi þess er árangursríkt samstarf félaga hugvitsmanna í Danmörku, DAFFO, og Sviþjóð, SUF, við hið opinbera um áhættufjármagn og tæknigarða. Hér nægir að benda á „Opfinderkontoret" í Danmörku, en Danir telja nú að starfsemi þessa tæknigarðs hafi gefið danska ríkinu að jafnvirði 74 kr. fyrir hverja eina sem það lagði fram við stofnun hans. „Opfinderkontoret" er bæði rannsóknastofnun sem leggur mat á nýjar hugmyndir, og alhliða tæknigarður þar sem álitlegar hugmyndir eru teknar til frumsmíði. Fyrir tilstuðlan þessarar stofnunar er útvegað áhættufjármagn og góðum hugmyndum komið í framleiðslu.

Þar sem íslenskur fjármagnsmarkaður er með allt öðrum hætti en tíðkast erlendis er talið óhjákvæmilegt að íslensk stjórnvöld stofni sérstakan áhættulánasjóð fyrir nýsköpun í atvinnulífinu og annist rekstur hans fyrstu árin. Er gert ráð fyrir að í lögum um sjóð þennan verði kveðið sérstaklega á um matsnefnd til að fjalla um hugmyndir og ákveða framkvæmdir með hliðsjón af nýnæmisprófun og einkaleyfishæfni.

Sjóðnum er ekki ætlað að krefjast fasteignaveðs til tryggingar fyrir veitt framkvæmdalán en tryggja þess í stað endurgreiðslu með raunsæju mati stjórnar og matsnefndar á verðmæti viðkomandi hugmyndar. Eftir að framkvæmdir hafa verið ákveðnar greiðir sjóðurinn höfundi laun geti hann fylgt verkefninu úr hlaði og starfað að framgangi þess. Þegar arður fer að berast af þeirri framleiðslu, sem hugmyndin leiðir til, skal sjóðnum greiddur til baka útlagður kostnaður að viðbættri hæfilegri þóknun. Sjóðurinn er áhættulánasjóður og leggur því engar fjárskuldbindingar á höfund hugmyndarinnar.

Til frekara öryggis tryggir sjóðurinn einkarétt á þeim hugmyndum og framleiðsluvörum sem hann kostar til, svo sem með einkaleyfum. Skal sjóðurinn hafa eignarhald á þessum réttindum þar til búið er að greiða honum útlagðan kostnað og þóknun. Eftir það losnar framleiðsluréttur og einkaleyfi undan eignarhaldi sjóðsins og verða séreign höfundar eða þess sem hann vísar til.

Þótt hér starfi Iðntæknistofnun og Háskóli Íslands hafi reist tæknigarð eru þau vandkvæði á að Iðntæknistofnun, sem og aðrar rannsóknastofnanir, innheimtir nær fullt gjald fyrir veitta aðstoð og hefur þetta ágerst frá því að tillaga þessi var fyrst flutt. Tæknigarður Háskólans gegnir mjög sérhæfðum verkefnum þannig að hér skortir eftir sem áður tæknigarða til þjónustu við almennt atvinnulíf og einstaklinga.

Augljóst er að einstaklingar geta í fæstum tilfellum staðið undir greiðslum fyrir útselda aðstoð og rannsóknastörf hjá opinberum stofnunum. Margar hugmyndir, sem hefðu

gefið þjóðarbúinu drjúgar tekjur, fara því forgörðum og komast aldrei í framkvæmd.

Iðnfyrirtæki hafa tiltölulega greiðan aðgang að fjármagni til vöruþróunar, bæði vegna eigin aukagetu eða fullnægjandi veða fyrir hefðbundnum lánum, langt umfram einstaklinga. Því er þessum fyrirtækjum ekkert að vanbúnaði að kaupa þjónustu hjá Iðntæknistofnun og tæknigarði Háskólans. Hins vegar er markviss aðstoð við smáfyrirtæki og einstaklinga í molum og fjáhagsleg fyrirgreiðsla ófullnægjandi. Þess vegna er nú áréttað að ríkisstjórnin komi á fót sérstökum áhættulánasjóði og tæknigörðum til að virkja almennt hugvit landsmanna.

Sþ. 645. Tillaga til þingsályktunar [368. mál]

um aðstoð við að reisa rækjumjölsverksmiðju á Ísafirði.

Flm.: Guttormur Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að útvega rækjuvinnslustöðvum á Ísafirði og í nærliggjandi byggðum fjármagn til að reisa rækjumjölsverksmiðju á Ísafirði.

Greinargerð.

Um nokkurt skeið hafa rækjuvinnslustöðvar við Ísafjarðardjúp undirbúið byggingu rækjumjölsverksmiðju á Ísafirði sem vinnur úrgang frá vinnslustöðvunum, svokallaða rækjuskel. Upp komin mun hún kosta á bilinu 35–55 millj. kr., allt eftir því hvernig semst við erlenda tækjaframleiðendur. Verksmiðjan verður búin fullkomnustu mengunarvörnum og veitir allt að sex mönnum atvinnu.

Arðsemislíkan leiðir í ljós að verksmiðjan er arðbær með 33% hlutafé, að gefnum forsendum um nokkurt verðmat á þeim mengunarvörnum sem verksmiðjan sinnir með því að safna saman og vinna úrgang rækjuvinnslustöðva. Hingað til hefur þessi úrgangur farið forgörðum og valdið verulegri mengun þar sem honum er fleygt. Er talið víst að á vinnslusvæðinu falli til um 4.000 tonn af hráefni árlega, og jafnvel meira, sem gætu komið til vinnslu í fyrirhugaðri verksmiðju. Með hliðsjón af skýrslu frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins (í ágúst 1987) gæfi vinnslan af sér u.þ.b. 1.200 tonn af rækjumjöli sem t.d. nýtist í fiskeldi, fóðurbæti og gæludýrafóður en að stærstum hluta til útflutnings. Varlega áætlað má gera ráð fyrir að á kg fáist nú um 25–28 kr. fyrir mjölið, eða á bilinu 30–34 millj. kr. á ári. Með samstilltri aðstoð og átaki stjórnvalda og sveitarfélaga er auðvelt að safna saman og flytja að verksmiðjunni úrgang sem fellur til annars staðar. Vinnsla þessa hráefnis mundi greiða niður fastakostnað í rekstri verksmiðjunnar. Með frekari úrvinnslu er mögulegt að framleiða mjög verðmætt litarefni, svokallað astaxanthin, að viðbættu eggjahvítumjöli, kítíni (N-acetyl-glucosamin) og soðkjarna. Ný vinnsluaðferð í rækjuvinnslustöðvum er sem óðast að ryðja sér til rúms og má búast við að ekki líði á löngu þar til hún verður tekin upp hér á landi. Hún byggist á því að hausa rækjuna á fyrstu stigum áður en hún er soðin og pilluð. Með þessu sparast stórlega vatnsnotkun í vinnslurás, útskolun hráefnis í frárennslisvatni minnkar verulega og úrgangur til mjölvinnslu verður ferskari. Við það er talið að verðmesti hluti rækjumjölsins, litarefnið, aukist verulega og þar með gæði og verð mjölsins.

Samkvæmt ofansögðu fara nú þegar mikil verðmæti forgörðum hjá rækjuvinnslu-

stöðvum, auk þess sem mengun af þeirra völdum er umtalsverð. Það er því aðkallandi að hefjast handa við að nýta úrgang rækjuvinnslustöðva.

Eins og nú er ástatt í rekstri rækjuvinnslustöðva er ljóst að þær hafa ekki bolmagn til að ryðja þessu framfaramáli braut. Því er lagt til að ríkisstjórnin taki frumkvæði í málinu og útvegi rækjuvinnslustöðvum á Ísafirði og í nærliggjandi byggðum fjármagn til þessara framkvæmda.

Sþ. 646. Fyrirspurn [369. mál]

til félagsmálaráðherra um íbúðir sem Húsnæðisstofnun eignast á nauðungaruppboði.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. Hvernig hagar Húsnæðisstofnun ríkisins eða veðdeild Landsbanka Íslands eftirliti og viðhaldi á íbúðarhúsum og lóðum sem veðdeildin kaupir og eignast á nauðungaruppboðum?
2. Hvernig er ráðstafað því íbúðarhúsnæði sem þessar stofnanir eignast á nauðungaruppboði?
3. Ef um sölu er að ræða, hver annast hana? Greiða stofnanirnar sölulaun í slíkum tilfellum?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 647. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [312. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 13. febr.)

1. gr.

Í 1. og 2. málsl. 8. gr. falli brott orðið „sameinaðs".

2. gr.

Í 3. mgr. 11. gr. falli brott orðin „í sameinuðu þingi".

3. gr.

22. gr. orðist svo:

Forseti lýðveldisins stefnir saman Alþingi eigi síðar en tíu vikum eftir almennar alþingiskosningar. Forsetinn setur reglulegt Alþingi ár hvert.

4. gr.

Við 23. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Hafi Alþingi verið frestað getur forseti lýðveldisins eigi að síður kvatt Alþingi saman til funda ef nauðsyn ber til. Forseta er það og skylt ef ósk berst um það frá meiri hluta alþingismanna.

5. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 24. gr.:

a. Í stað orðanna „áður en 2 mánuðir séu liðnir, frá því er það var rofið“ komi: áður en 45 dagar eru liðnir frá því er gert var kunnugt um þingrofið.
b. Í stað orðanna „8 mánuðum“ komi: tíu vikum.
c. Við bætist nýr málsliður: Alþingismenn skulu halda umboði sínu til kjördags.

6. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 28. gr.:

a. Í stað orðanna „milli þinga“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: er Alþingi er ekki að störfum.
b. Í stað orðanna „fyrir næsta Alþingi á eftir“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: fyrir Alþingi þegar er það er saman komið á ný.
c. 2. mgr. greinarinnar orðist svo:

Samþykki Alþingi ekki bráðabirgðalög, eða ljúki ekki afgreiðslu þeirra innan sex vikna frá því að þingið kom saman, falla þau úr gildi.

7. gr.

32. gr. orðist svo:

Alþingi starfar í einni málstofu.

8. gr.

35. gr. orðist svo:

Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert hinn fyrsta dag októbermánaðar eða næsta virkan dag ef helgidagur er og stendur til jafnlengdar næsta árs hafi kjörtímabil alþingismanna ekki áður runnið út eða þing verið rofið.

Samkomudegi reglulegs Alþingis má breyta með lögum.

9. gr.

38. gr. orðist svo:

Rétt til að flytja frumvörp til laga og tillögur til ályktana hafa alþingismenn og ráðherrar.

10. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 39. gr.:

a. Í stað orðanna „Hvor þingdeild“ í upphafi greinarinnar komi: Alþingi.
b. Í stað orðsins „innandeildarþingmönnum“ í fyrri málslið komi: alþingismanna.
c. Í stað orðsins „Þingdeildin“ í upphafi síðari málsliðar komi: Alþingi.

11. gr.

2. mgr. 42. gr. falli brott.

12. gr.

Í upphafi fyrri málsgreinar 43. gr. falli brott orðið „Sameinað“.

13. gr.

44. gr. orðist svo:

Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi.

14. gr.

45. gr. orðist svo:

Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils. Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum.

15. gr.

Orðin „eið eða“ í 47. gr. falli brott.

16. gr.

2. mgr. 48. gr. falli brott.

17. gr.

49. gr. orðist svo:

Meðan Alþingi er að störfum má ekki setja neinn alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða mál á móti honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi.

18. gr.

52. gr. orðist svo:

Alþingi kýs sér forseta og stýrir hann störfum þess.

19. gr.

53. gr. orðist svo:

Eigi getur Alþingi gert samþykkt um mál nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu.

20. gr.

54. gr. orðist svo:

Heimilt er alþingismönnum, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast um það skýrslu.

21. gr.

55. gr. orðist svo:

Eigi má Alþingi taka við neinu málefni nema einhver þingmanna eða ráðherra flytji það.

22. gr.

56. gr. orðist svo:

Þyki Alþingi ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert mál getur það vísað því til ráðherra.

23. gr.

Í upphafi 57. gr. falli brott orðin „beggja þingdeilda og sameinaðs".

24. gr.

58. gr. orðist svo:

Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum.

25. gr.

a. Í 2. málsl. 1. mgr. 79. gr. falli brott orðin „beggja þingdeilda".
b. Í stað orðanna „báðar deildir" í 3. málsl. 1. mgr. 79. gr. komi: Alþingi.

26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 648. Frumvarp til laga [120. mál]

um brottnám líffæra og krufningar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 13. febr.)

I. KAFLI
Brottnám líffæra.

1. gr.

Hver, sem orðinn er 18 ára, getur gefið samþykki til brottnáms líffæris eða lífrænna efna úr eigin líkama til nota við læknismeðferð annars einstaklings. Lífi og heilsu líffæragjafa má þó aldrei stofna í augljósa hættu með slíkri aðgerð.

Áður en væntanlegur líffæragjafi veitir samþykki sitt skal læknir veita honum upplýsingar um eðli aðgerðar og hugsanlegar afleiðingar hennar. Líffæragjafi skal eiga kost á annarri ráðgjöf en læknis væntanlegs líffæraþega. Læknir skal ganga úr skugga um að væntanlegur líffæragjafi skilji þessar upplýsingar.

Blóðgjöf og notkun blóðs er undanþegin lögum þessum.

2. gr.

Nú liggur fyrir samþykki einstaklings og má þá, að honum látnum, nema brott líffæri eða lífræn efni úr líkama hans til nota við læknismeðferð annars einstaklings.

Liggi slíkt samþykki ekki fyrir er heimilt að fjarlægja líffæri eða lífræn efni úr líkama látins einstaklings ef fyrir liggur samþykki nánasta vandamanns hans og slíkt er ekki talið brjóta í bága við vilja hins látna.

Með nánasta vandamanni er átt við maka (sambýlismann eða sambýliskonu), börn, ef hinn látni átti ekki maka, foreldra, ef hinn látni var barnlaus, eða systkini, ef foreldrar hins látna eru einnig látnir.

Eftir því sem kostur er skal tilkynna vandamönnum hins látna um andlát hans áður en líffæri eða lífræn efni eru numin brott úr líkama hans til nota við læknismeðferð annars einstaklings.

3. gr.

Brottnám líffæra skv. 2. gr. er óheimilt ef kryfja þarf hinn látna réttarkrufningu og brottnámið gæti haft áhrif á niðurstöður krufningarinnar að mati sömu lækna og staðfesta andlát, sbr. 1. mgr. 4. gr.

4. gr.

Áður en líffæri eða lífræn efni eru numin brott, sbr. 2. gr., skal andlát staðfest af tveimur læknum. Skulu það ekki vera sömu læknar og annast brottnám líffæranna.

Á sjúkrahúsum skal halda sérstaka skrá um brottnám líffæra. Í skrána skal rita andlátsstund, dánarorsök, nöfn þeirra lækna sem staðfestu andlát og hvaða viðmiðun var beitt til að staðfesta andlátið.

Læknir, sem annaðist hinn látna síðast fyrir andlátið, má ekki annast brottnám líffæra eða lífrænna efna.

II. KAFLI
Krufningar.

5. gr.

Nú liggur dánarorsök ekki fyrir svo fullnægjandi sé talið og er þá heimilt að kryfja líkið, enda hafi hinn látni eða nánasti vandamaður, sbr. 3. mgr. 2. gr., samþykkt krufninguna.

Þurfi að afla samþykkis nánasta vandamanns fyrir krufningu skal læknir veita upplýsingar um tilgang og markmið krufningarinnar.

Vandamönnum er heimilt að krefjast krufningar ef í ljós kemur að ekki er af hálfu læknis hins látna fyrirhugað að óska eftir krufningu.

Réttarkrufning er undanþegin lögum þessum.

6. gr.

Krufningu skv. 5. gr. má ekki framkvæma ef læknir hins látna hefur ástæðu til að ætla að réttarkrufningar verði krafist.

III. KAFLI
Almenn ákvæði.

7. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglur um framkvæmd laga þessara, m.a. um frágang líka að lokinni krufningu.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **649. Frumvarp til laga** [133. mál]

um einkaleyfi.

(Eftir 2. umr. í Nd., 13. febr.)

Samhljóða þskj. 137 með þessum breytingum:

7. gr. hljóðar svo:

Lög þessi falla undir iðnaðarráðuneytið. Á vegum ráðuneytisins er starfrækt einkaleyfaskrifstofa sem fer með framkvæmd laganna. Með einkaleyfayfirvöldum í lögum þessum er átt við þá skrifstofu nema annað sé tekið fram.

Iðnaðarráðherra skipar áfrýjunarnefnd í einkaleyfamálum. Nefndin úrskurðar í málum sem til hennar verður skotið og varða ákvarðanir einkaleyfayfirvalda, sbr. 25. gr. og 67. gr. þessara laga. Í reglugerð verður nánar kveðið á um nefndina.

63. gr. hljóðar svo:

Sá sem höfðar mál til ógildingar einkaleyfi eða um yfirfærslu á rétti til einkaleyfis eða til að öðlast nauðungarleyfi skal tilkynna það einkaleyfayfirvöldum. Samtímis skal hann með ábyrgðarbréfi tilkynna málshöfðunina öllum skráðum nytjaleyfishöfum sé heimilisfangs þeirra getið í einkaleyfaskránni. Nytjaleyfishafi, sem höfða vill mál vegna skerðingar á einkaleyfi, skal með sama hætti tilkynna það einkaleyfishafa, enda sé heimilisfangs hans getið í skránni.

Sanni stefnandi ekki á þingfestingardegi að tilkynningar skv. 1. mgr. hafi verið sendar getur dómstóllinn veitt honum frest svo skilyrðum 1. mgr. verði fullnægt. Nýti stefnandi ekki frestinn í þessu skyni skal vísa máli hans frá dómi.

Nú höfðar einkaleyfishafi mál vegna einkaleyfisskerðingar og vilji stefndi gera kröfu um að einkaleyfið verði dæmt ógilt skal hann samkvæmt ákvæðum 1. mgr. tilkynna það einkaleyfayfirvöldum og skráðum nytjaleyfishöfum. Ákvæði 2. mgr. eiga hér einnig við og verður kröfunni um ógildingu einkaleyfis vísað frá dómi ef stefndi nýtir ekki frestinn.

Í málum um einkaleyfisskerðingu, sem nytjaleyfishafi höfðar, getur stefndi stefnt einkaleyfishafanum án tillits til varnarþings hans til að beina að honum kröfu um ógildingu einkaleyfisins.

66. gr. hljóðar svo:

Einkaleyfishafi, sem ekki hefur heimilisfesti hér á landi, skal hafa umboðsmann sem búsettur er hérlendis. Í einkaleyfaskrá skal skrá hver umboðsmaður er. Umboðsmaður hefur, fyrir hönd einkaleyfishafa, heimild til að taka við stefnu og öðrum tilkynningum er einkaleyfið varða.

Hafi einkaleyfishafi ekki umboðsmann fer um birtingu stefnu eftir ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði. Einnig skal í ábyrgðarbréfi senda skráðum einkaleyfishafa afrit stefnu. Sama gildir um aðrar tilkynningar er einkaleyfið varða.

Iðnaðarráðherra getur ákveðið að reglur 1. mgr. gildi ekki gagnvart einkaleyfishafa sem heimilisfesti á í öðru landi ef einkaleyfishafar, sem heimilisfesti eiga hér á landi, njóta sama

réttar að þessu leyti í hinu erlenda ríki. Hið sama gildir einnig ef einkaleyfishafi hefur umboðsmann sem búsettur er í viðkomandi ríki og sá hinn sami er skráður í einkaleyfaskrá hér á landi sem umboðsmaður með heimild til að taka við stefnu og öðrum tilkynningum.

75. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi, með þeim takmörkunum sem leiðir af öðrum ákvæðum þessa kafla. Þá falla úr gildi lög nr. 15 2. apríl 1946, um breytingu á lögum nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi.

Ekki er hægt að veita einkaleyfi fyrir læknislyfjum fyrr en fimm árum eftir gildistöku laga þessara. Einkaleyfi má þó veita fyrir sérstakri aðferð við tilreiðslu slíkra efna.

Ákvæði III. kafla laganna taka ekki gildi fyrr en auglýsing hefur verið birt um að Ísland hafi gerst aðili að samstarfssáttmálanum.

Ákvæði 8., 22. og 56. gr. laganna um varðveislu ræktar af örverustofni taka ekki gildi fyrr en slíkt verður ákveðið með reglugerð og verður einungis beitt varðandi umsóknir sem lagðar eru inn eftir að ákvæðin taka gildi.

Ed. 650. Frumvarp til laga [370. mál]

um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum.

Frá sjávarútvegsráðherra.

1. gr.

Á fiskveiðitímabilinu 1. janúar til 31. ágúst 1991 er sjávarútvegsráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að aflaheimildum samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 40 15. maí 1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, skuli ráðstafað að hluta eða öllu leyti til þeirra skipa, sem aflahlutdeild hafa af loðnu, til að mæta tímabundnum tekjumissi vegna aflabrests. Ráðherra skal skipta þessum heimildum milli einstakra loðnuskipa og er við þá skiptingu m.a. heimilt að miða við aflahlutdeild skipanna af loðnu og hver afli þeirra af loðnu var á haustvertíðinni 1990.

2. gr.

Á fiskveiðitímabilinu 1. janúar til 31. ágúst 1991 er sjávarútvegsráðherra heimilt að auka leyfðan heildarafla af úthafsrækju umfram það sem ákveðið hefur verið með rg. nr. 465 27. nóvember 1990 um fiskveiðar í atvinnuskyni. Er ráðherra þrátt fyrir ákvæði laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, heimilt með reglugerð að ákveða að þessi viðbót skiptist eingöngu milli þeirra skipa sem aflahlutdeild hafa af loðnu. Getur hann við þá skiptingu m.a. miðað við þau atriði er um er rætt í lokamálslið 1. gr. Ráðstöfun aflaheimilda samkvæmt þessari grein breytir ekki varanlegri aflahlutdeild einstakra skipa skv. 7. gr. laga nr. 39/1990.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um miðjan janúar lauk fyrsta áfanga loðnurannsókna á þessu ári. Markmiðið var að ná nýrri mælingu á hrygningarstofni loðnunnar eftir að hún kæmi austur fyrir land. Í rannsóknunum tóku þátt tvö hafrannsóknaskip og sex veiðiskip og varð niðurstaða mælingarinnar hliðstæð niðurstöðu mælinganna í nóvember og desember. Samkvæmt því var loðnustofninn undir þeim mörkum sem við hefur verið miðað að skilin verði eftir til hrygningar árlega. Hafrannsóknastofnun hefur nú lokið öðrum þætti loðnurannsókna á þessu ári. Var loðnustofninn nú mældur um 525 þúsund lestir fyrir suðausturlandi og sunnanverðum Austfjörðum. Á grundvelli þessara upplýsinga hefur Sjávarútvegsráðuneytið ákveðið að heimila veiðar á 175 þúsund lestum af hrygningarstofninum. Hefur ráðuneytið nú þegar gefið út veiðileyfi fyrir þessu magni.

Þrátt fyrir þessa ákvörðun er ljóst að heildarveiðiheimildir loðnuflotans á þessari vertíð eru verulega skertar frá því sem verið hefur á undanförnum árum. Samkvæmt 9. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, er ráðherra heimilt að bregðast við verulegum aflabresti í sérveiðum með því að skerða tímabundið botnfiskveiðiheimildir fiskiskipaflotans og flytja þær til þeirra sérveiðiskipa sem í hlut eiga. Forsenda þess að heimilt sé að beita ákvæðum greinarinnar er að breyting á aflatekjum af sérveiði sé svo mikil að hún valdi því að heildaraflaverðmæti þeirra skipa sem viðkomandi sérveiði stunda víki að meðaltali meira en 20% frá meðalaflaverðmæti síðustu fimm ára. Sé þessum mörkum náð

er það lagt í mat ráðherra að hvaða marki hann beitir heimildinni. Þótt hér sé um heimildarákvæði að ræða eru settar skyldur á ráðherra að bregðast við vandanum þegar skilyrði heimildarinnar eru fyrir hendi.

Enda þótt til þessarar úthlutunar af loðnu komi nú er ljóst að ráðherra hefur skyldu samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða sem heimila honum að skerða tímabundið botnfiskveiðiheimildir fiskiskipaflotans og ráðstafa þeirri skerðingu tímabundið til loðnuflotans. Gegn beitingu þeirrar heimildar mælir hins vegar að á undanförnum árum hefur reynst nauðsynlegt að skerða verulega botnfiskveiðiheimildir fiskiskipaflotans. Má í því sambandi nefna að aflamark af þorski hefur verið skert um tæp 24% frá árinu 1987. Þykir því flestum sem hafa byggt afkomu sína á botnfiskveiðum hlutur sinn rýr. Eru víða uppi innan þess hóps kröfur um aukinn hlut einstakra skipa eða einstakra flokka skipa. Nægir í því efni að minna á óánægju margra smábátaútvegsmanna og þeirra sem hafa stundað veiðar með sóknarmarki. Með hliðsjón af rýrum aflaheimildum margra skipa er mikilvægt að leita annarra leiða en að skerða botnfiskveiðiheimildir þeirra til að bæta hlut þeirra sem byggja afkomu sýna á loðnuveiðum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að við því mikla tekjutapi sem loðnuflotinn verður fyrir verði brugðist með tvíþættum aðgerðum. Í fyrsta lagi er lagt til að ráðherra verði veitt tímabundin heimild til að ráðstafa aflaheimildum Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins til aðstoðar loðnuflotanum. Í öðru lagi er lagt til að sjávarútvegsráðherra verði heimilt að auka tímabundið heildarafla af úthafsrækju og að þeirri aukningu verði einungis skipt á milli loðnuskipa.

Verði loðnuaflinn 175.000 lestir á öllu þessu ári þyrfti að auka veiðiheimildir skipanna um 24.000 þorskígildislestir til að skipin haldi um 80% af meðalveiðiheimildum síðustu fimm ára. Þar sem veiðiheimildum af botnfiski og úthafsrækju er nú einungis úthlutað til átta mánaða vegna breytts fiskveiðiárs er nauðsynlegt að miða tímabundna hækkun á veiðiheimildum til loðnuskipa við sama tímabil. Til að skilyrði greinarinnar falli niður þyrfti afli á næstu haustvertíð að vera um 340 þúsund lestir en það aflamagn svarar til 24.000 þorskígildislesta. Ef litið væri á stöðu loðnuskipanna miðað við að fiskveiðiár þeirra væri frá 1. sept. 1990 til 1. sept. 1991 væri myndin mun verri.

Það frumvarp sem hér er flutt skapar nokkurt svigrúm til að hækka veiðiheimildir skipanna eða allt að 13.000 þorskígildislestir. Sú viðbót leysir ekki vanda skipanna en ætti að gera þeim flestum kleift ásamt öðrum aðgerðum að komast í gegnum þennan vanda sem blasir við. Er með frumvarpinu annars vegar lagt til að veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs, sem verði 8.000 þorskígildislestir, verði ráðstafað tímabundið til loðnuflotans og hins vegar 5.000 lesta viðbótarafla af úthafsrækju.

Auk þeirra ráðstafana sem lagðar eru til með lagafrumvarpi þessu er hafinn undirbúningur að margþættum aðgerðum til að bregðast við loðnubrestinum. M.a. hefur samstarfsnefnd nokkurra ráðuneyta fjallað um málið og skilað skýrslu um málið. Er hún birt sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 40/1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, er gert ráð fyrir því að sjóðnum verði, vegna fiskveiðitímabilsins frá 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991, úthlutað þeim aflaheimildum sem ekki nýttust vegna álags á aflamark eða aflahámark við útflutning á óunnum fiski á árinu 1990. Aflaheimildir þessar eru þó að há-

marki 8.000 þorskígildistonn. Er nú ljóst að skerðing vegna útflutnings á óunnum fiski á síðasta ári er það mikil að hámarkinu verður náð. Með þessari grein er lagt til að sjávarútvegsráðherra verði heimilað að ráðstafa þessum tilgreindu aflaheimildum til loðnuflotans til þess að mæta tímabundnum tekjumissi vegna aflabrests. Er hér einungis um tímabundna ráðstöfun að ræða og er engin tillaga gerð um að hrófla til frambúðar við hlutverki Hagræðingarsjóðs eða þeim aflaheimildum sem sjóðnum lögum samkvæmt eru fengnar til að rækja það hlutverk. Ráðherra er ætlað að skipta þessum heimildum milli einstakra loðnuskipa. Úthlutun aflaheimildanna þarf að sjálfsögðu að byggjast á almennum efnislegum mælikvarða en tilvikin geta orðið svo margvísleg að ekki þykir fært að lögfesta aðeins einn mögulegan mælikvarða í þessu efni. Þess í stað er í dæmaskyni nefnt að miða megi við aflahlutdeild einstakra skipa af loðnu og hversu mikið einstök skip höfðu veitt þegar loðnuveiðar voru stöðvaðar.

Um 2. gr.

Ástand úthafsrækjustofnsins er óvenju gott um þessar mundir. Í tillögum Hafrannsóknastofnunar var á síðasta hausti lagt til að leyfður heildarafli yrði aukinn úr 22.000 lestum á árinu 1990 í 28.000 lestir á árinu 1991, en það samsvarar 25.000 lestum á yfirstandandi átta mánaða fiskveiðitímabili. Í framhaldi af þessum tillögum ákvað sjávarútvegsráðherra að úthafsrækjuaflinn skyldi miðast við 25.000 lestir á yfirstandandi fiskveiðitímabili. Með þessari grein er lagt til að ráðherra verði veitt sérstök heimild til að auka það magn og skipta aukningunni milli skipa í loðnuflotanum. Er ráðgert að auka heimildir til veiða á úthafsrækju um 5.000 lestir á tímabilinu. Vissulega er með þeirri veiði farið allnokkuð fram úr tillögum fiskifræðinga. Í ljósi þess að ástand stofnsins hefur batnað verulega á undanförnum missirum verður þó varla talið að óhæfileg áhætta sé tekin með þessari ákvörðun. Í greininni felst það frávik frá almennum reglum laga nr. 38/1990 að viðbótin skiptist ekki milli skipa í flotanum í hlutfalli við fasta aflahlutdeild einstakra skipa í úthafsrækju. Er þess í stað lagt til að henni sé sérstaklega skipt milli loðnuskipanna og eru sambærilegar leiðbeiningarreglur settar fram um þá skiptingu og varðandi skiptingu Hagræðingarsjóðsbótanna í 1. gr. Á það skal lögð áhersla að hér er um tímabundna röskun að ræða og að hin fasta aflahlutdeild hvers skips í leyfðum heildarafla af úthafsrækju kemur aftur í fullt gildi frá og með upphafi næsta fiskveiðiárs 1. september nk.

Um 3. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

MINNISATRIÐI

Til ríkisstjórnarinnar frá samstarfshópi ráðuneyta.
(7. febrúar 1991.)

Um aðgerðir vegna aflabrests í loðnuveiðum.

Á fundi ríkisstjórnarinnar föstudaginn 1. febrúar var ákveðið að fela fulltrúum frá félagsmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti, utanríkisráðuneyti og Byggðastofnun fyrir hönd forsætisráðuneytis að fjalla um viðbrögð við þeim vanda sem við blasir vegna yfirvofandi aflabrests í loðnuveiðum. Hópurinn hefur hraðað störfum enda er ljóst að fyrir þarf að liggja til hvaða úrræða verður gripið fyrir miðjan þennan mánuð, en þá munu ljósar forsendur til endanlegrar ákvörðunar á loðnuafla á yfirstandandi vertíð. Hópurinn hefur skipt viðfangsefninu upp í fjóra þætti og verður fjallað sérstaklega um hvern þeirra hér á eftir.

A. Vandi loðnuflotans og sjómanna.

1. Veiðiheimildir. Í loðnuflotanum eru nú 44 skip og hefur þeim fækkað úr 52 skipum á undanförnum árum. Sjómenn á þessum flota eru yfir 600 þegar flotanum er haldið til loðnuveiða. Meðalársafli af loðnu síðustu fimm árin eru rétt tæpar 800 þúsund lestir sem samsvarar að verðmæti tæpum 56.000 þorskígildistonnum og hefur loðnan verið um 80% af aflaheimildum þessa flota í verðmætum talið. Hvert loðnuskip hefur að meðaltali haft ríflega 1.400 þorskígildistonn í aflaheimildum. Ef loðna bregst að mestu eða öllu leyti er það svo mikið áfall að hæpið sýnist að unnt sé að bæta loðnuflotanum það upp með veiðiheimildum í þeim mæli sem þarf til að halda öllum loðnuflotanum til veiða á öðrum tegundum með arðbærum hætti. Eru þjóðhagsleg rök fyrir slíku einnig vandfundin. Markmiðið hlýtur fyrst og fremst að vera að gera sem flestum útgerðum kleift að lifa áfallið af og skapa jafnframt forsendur fyrir því að hluti loðnuflotans geti með tilflutningi aflaheimilda og hagræðingu stundað veiðar.

Í 9. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, er sjávarútvegsráðherra heimilað að bregðast við verulegum tekjubresti í sérveiðum með því að skerða botnfiskveiðiheimildir flotans í heild og verja þeirri skerðingu til að bæta upp tekjutap sérveiðiflokksins. Skilyrði til þess að beita 9. gr. er að tekjur sérveiðiflotans falli um meira en 20% frá meðaltekjum síðustu fimm ára. Því miður virðast allar horfur á að loðnuveiðar verði með þeim hætti í ár að skilyrðum 9. gr. sé ótvírætt fullnægt. Séu skilyrði greinarinnar uppfyllt er það hins vegar lagt í mat ráðherra hvort og að hvaða marki hann beitir ákvæðinu. Sé gert ráð fyrir því að engin loðnuveiði verði í ár og að það áfall verði bætt að 80% með beitingu 9. gr. þarf á heilu ári að skerða botnfiskveiðiheimildir annarra skipa um ríflega 36.000 lestir eða um tæp 10%. Sé hins vegar miðað við að loðnuveiðin á árinu verði 250.000 lestir þyrfti að flytja um 18.000 lestir af botnfiski til loðnuskipanna miðað við sömu forsendur en það táknar um 5% skerðingu á aflaheimildum annarra. Þegar haft er í huga að veiðiheimildir af flestum botnfisktegundum hafa farið minnkandi undanfarin ár er það sýnilega ekki fýsilegur kostur að grípa til svo róttækra skerðinga á botnfiskheimildum. Veiðiheimildir af þorski hafa þannig rýrnað um 24% undanfarin þrjú ár og frekari skerðing á þeim mundi koma sérstaklega hart niður á þeim svæðum sem fyrst og fremst byggja á þorskveiðum, t.d. á vestan- og norðanverðu landinu.

Af þessum sökum hlýtur að verða að skoða rækilega alla aðra möguleika til að flytja aflaheimildir til loðnuskipanna þannig að skerðingar á botnfiskheimildum annarra verði sem allra minnstar. Í drögum að frumvarpi, sem sjávarútvegsráðherra hefur kynnt í ríkisstjórn og nú er til umfjöllunar í þingflokkum stjórnarflokkanna, er gert ráð fyrir að allt að 14.000 þorskígildislestir renni á næstu átta mánuðum til loðnuflotans með ráðstöfun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs og sérstakri ráðstöfun á viðbótarúthafsrækjuafla. Í þeim umræðum, sem fram hafa farið, hefur sjávarútvegsráðherra fallist á að frumvarpinu verði breytt frá því að það var lagt fyrir ríkisstjórnina þannig að ráðstöfun á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs verði tímabundin. Verði þær lagaheimildir veittar dregur úr þörf á almennum skerðingum sem því nemur.

2. Nýjar veiðar. Í loðnuflotanum eru stór og öflug skip sem henta vel til togveiða. Í því verkefnaleysi, sem við blasir, sýnist full ástæða til að kanna ónýtta veiðimöguleika sem bæði geta skapað skipunum tímabundin verkefni og varanlega tekjuaukningu ef vel tekst til. Á nálægum miðum eru það einkum kolmunnaveiðar sem til greina koma en ef til kemur þyrfti að ganga til samninga við Færeyinga um veiðiheimildir í þeirra lögsögu. Á árunum 1981–1983 áttu sér stað nokkrar tilraunir til kolmunnaveiða. Gengu þær illa og urðu þær útgerðir sem fyrir þeim stóðu fyrir töluverðum áföllum. Ef endurtaka á þá tilraun þarf án efa verulegan opinberan styrk. Miðað við að útbúin verði tvö kolmunnatroll og tvö skip verði styrkt til veiðitilrauna í allt að þrjá mánuði má ætla að opinber kostnaður verði 40–45 m.kr. Þá sýnist einnig rétt að hvetja loðnuskip til veiða á fjarlægðum miðum t.d. til rækjuveiða við Svalbarða. Slíkt mætti t.d. gera með því að skip sem slíkt reyndu fengju endurgreiddan hluta af eldsneytiskostnaði. Má varlega áætla að til slíkra styrkveitinga þurfi 10 m.kr. Heildarkostnaður ríkissjóðs vegna slíkra veiðitilrauna yrði því á bilinu 50–55 m.kr.

3. Lánamál. Sjávarútvegsráðuneytið hefur átt í viðræðum við Fiskveiðasjóð Íslands um það með hvaða hætti sjóðurinn geti í samvinnu við viðskiptabankana létt greiðslubyrði útgerða loðnuskipa á árinu 1991. Eru þessi mál nú til umfjöllunar í stjórn Fiskveiðasjóðs og er þess að vænta að viðunandi lausn fáist á þessum þætti málsins.

4. Fækkun skipa. Þrátt fyrir að loðnuskipum hafi fækkað umtalsvert á síðustu árum er það mat margra að þeim mætti fækka enn frekar.

Samkvæmt lögum nr. 40/1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, er sjóðnum heimilt að kaupa fiskiskip með veiðiheimildum. Heimildir sem sjóðurinn fær ráðstöfunarrétt á með þessum hætti skal hann framselja árlega gegn endurgjaldi til þeirra skipa sem eftir verða í flotanum í réttu hlutfalli við aflahlutdeild hvers fiskiskips af þeim tegundum sem sjóðurinn ræður yfir. Kaupi sjóðurinn loðnuskip munu veiðiheimildir, sem fylgja skipinu, því boðnar árlega til þeirra loðnuskipa sem eftir verða í flotanum. Hagræðingarsjóður gæti keypt tvö til þrjú loðnuskip án þess að fara yfir þá hámarkshlutdeild sem sjóðurinn getur fengið ráðstöfunarrétt á samkvæmt lögunum. Það hlýtur þó að byggja á mati stjórnar sjóðsins á hverjum tíma að hvaða marki slíkum heimildum er beitt.

Þá er rétt að benda á að Hagræðingarsjóður veitir úreldingarstyrki fyrir allt að 10% af húftryggingarmati fiskiskipa 10 brl. og stærri. Styrkurinn er bundinn því skilyrði að viðkomandi fiskiskip hverfi varanlega úr flotanum og veiðiheimildir þess verði varanlega sameinaðar veiðiheimildum annarra fiskiskipa. Eigendur skipanna geta því selt skip sín úr landi eða fargað þeim og fengið úr sjóðnum allt að 10% af húftryggingarverðmæti þeirra.

B. Vandi loðnuverksmiðjanna.

Verði lítil sem engin loðna veidd á næstu vikum og mánuðum verður ekki hægt að útvega loðnuverksmiðjunum önnur verkefni á þessari vertíð. Að þessu leyti er vandi verksmiðjanna torleystari en vandi loðnuskipanna. Fjárhagsleg úrræði virðast því ein koma til greina.

Loðnuverksmiðjur í landinu eru 21 og eru þær reknar af 16 fyrirtækjum á 18 stöðum á landinu. Um helmingur verksmiðjanna er rekinn í tengslum við aðra framleiðslu sjávarafurða. Alls munu 18 verksmiðjur vera í viðskiptum við Landsbanka Íslands en tvær eru í viðskiptum við Íslandsbanka. Samkvæmt upplýsingum bankanna voru áhvílandi veðskuldir verksmiðjanna um 2.500 millj. kr. um síðustu áramót og eru áætlaðar greiðslur afborgana á yfirstandandi ári á bilinu 700–750 millj. kr. en 550–600 millj. kr. á því næsta. Auk þess fengu nokkrar verksmiðjur lán samtals að fjárhæð 130–150 millj.kr. í viðskiptabönkum fyrr í vetur út á væntanlega vertíð. Ekki liggja fyrir upplýsingar um lausaskuldir verksmiðjanna en gera má ráð fyrir að nokkrar þeirra eigi við lausafjárvanda að stríða þar sem rekstrarafkoma síðustu vertíðar var slæm.

Þar sem veðstaða margra verksmiðjanna er slæm er ólíklegt að viðskiptabankar og sjóðir séu tilbúnir til að veita aukin lán með veði í verksmiðjunum. Hins vegar virðist koma til greina að þeim lánum, sem nú þegar hvíla á verksmiðjunum, verði breytt í lán til lengri tíma. Slíkar aðgerðir hlytu þá að miða að því að skuldbreyta sérstaklega afborgunum þessa árs. Komi til slíkra aðgerða þarf jafnframt samþykki þeirra veðhafa sem aftar eru í röðinni. Félag íslenskra fiskmjölsframleiðenda hefur með bréfi til sjávarútvegsráðherra dags. 31. janúar sl. óskað eftir að ráðuneytið afli heimildar til ríkisábyrgðar fyrir lántöku að fjárhæð 750 millj. kr. til að loðnuverksmiðjurnar geti staðið við greiðsluskuldbindingar vegna yfirstandandi loðnubrests. Er jafnframt farið fram á að slíku láni yrði skipt milli verksmiðjanna í réttu hlutfalli við móttekinn loðnuafla þeirra síðustu þrjú ár. Ljóst er að slík lántaka og þær úthlutunarreglur, sem lagðar eru til í bréfinu, eru aðeins frestun á þeim vanda sem verksmiðjurnar standa frammi fyrir.

Það er samdóma álit þeirra sem til þekkja að framleiðslugeta verksmiðjanna sé of mikil og er talið æskilegt að þeim fækki á næstu árum. Því er nauðsynlegt að við lausn á vanda loðnuverksmiðjanna verði tekið tillit til þessara staðreyndar þannig að þær aðgerðir, sem gripið verður til, muni leiða til bættrar afkomu iðnaðarins þegar til lengri tíma er litið. Hafa í því sambandi verið ræddar hugmyndir hvernig hægt sé að fækka verksmiðjunum. Hafa nefndinni m.a. borist upplýsingar frá Noregi um hvernig staðið var að fækkun um 50 bræðsluverksmiðja þar í landi á árunum 1976 til dagsins í dag. Var þetta gert með þeim hætti að ríkið lagði fram styrk í þessu skyni en auk þess var tekið lán sem þau fyrirtæki, sem eftir voru í greininni og nutu hagræðis af fækkuninni, endurgreiddu. Virðist koma til greina að beita svipuðum aðgerðum til að auka hagræði í íslenskum loðnuiðnaði. Fyrsta skrefið yrði að gera tæknilega úttekt á loðnuverksmiðjunum. Út frá slíkum tæknilegum upplýsingum ásamt staðsetningu og fjárhagslegri stöðu verksmiðjanna þyrfti síðan að meta hvaða verksmiðjur skuli úrelda. Eigendum þessara verksmiðja yrði síðan gefinn kostur á því að fá greiddan úreldingarstyrk sem miðaðist við móttekið magn verksmiðjanna síðustu þrjú árin. Styrkurinn yrði notaður til að semja við lánardrottna um greiðslur áhvílandi veðskulda. Ekki liggur fyrir hvaða fjármuni þyrfti til að framkvæma slíka aðgerð. Sé miðað við að fimm til sex verksmiðjur verði úreltar má ætla að til þess þurfi u.þ.b. 500 millj.kr. Þá fjárhæð, sem eðlilegt þykir að iðnaðurinn beri, þyrfti hann að endurgreiða á 15 til 20 árum, t.d. sem hlutfall af framleiðsluverðmæti. Að þessu verkefni þyrfti að vinna í nánu samstarfi við iðnaðinn en undir handleiðslu opinberra aðila.

Tryggja þarf að slíkar aðgerðir leiði til varanlegrar fækkunar loðnuverksmiðja án þess að leyfisbinda þurfi starfsemi í þessari grein. Sýnist koma til álita að þinglýsa þeirri kvöð á þær verksmiðjur sem úreltar kunna að verða að ekki verði framvegis brædd loðna eða síld í þeim. Með þessu móti væri ekki verið að koma í veg fyrir að verksmiðjurnar gætu nýst til að bræða hefðbundinn fiskúrgang. Það yrði síðan fyrst og fremst hlutverk banka og sjóða að koma í veg fyrir að nýjar verksmiðjur verði byggðar enda hljóta hagsmunir iðnaðarins og lánadrottna að fara saman í þessum efnum. Kæmi til álita að fela Fiskveiðasjóði Íslands að annast verkið af hálfu stjórnvalda.

Ein leið væri vissulega að gera ekkert fyrir verst settu verksmiðjurnar en það leiddi til þess að þær yrðu gjaldþrota. Reynslan sýnir hins vegar að líklegt er að þeir lánadrottnar, sem koma til með að eignast verksmiðjurnar, munu reyna að selja þær til áframhaldandi starfsemi. Sú leið virðist því ekki tryggja betri rekstrarskilyrði fyrir þær verksmiðjur sem standast kunna áfallið.

Mikilvægt er jafnframt að kanna allar mögulegar leiðir til að lækka rekstrarkostnað verksmiðjanna til frambúðar. Í því sambandi má benda á að orkunotkun er mikil í þessari grein og því þarf að kanna hvort mögulegt sé að koma við lækkun á þessum kostnaði og stuðla að frekari notkun innlendra orkugjafa.

Hópurinn vill jafnframt vekja athygli á tillögum sjávarútvegsráðherra að frumvarpi til laga um Síldarverksmiðjur ríkisins. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að breyta rekstrarfyrirkomulagi verksmiðjanna og gera þær að hlutafélagi. Með því móti skapast m.a. möguleiki á að fá nýtt fjármagn inn í rekstur fyrirtækisins og draga úr þörf á frekari lántökum.

C. Sveitarfélög.

Samkvæmt mati Byggðastofnunar má ætla að beinn tekjumissir sveitarsjóða vegna loðnubrests nemi allt að 160–200 millj.kr. á heilu ári. Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er samkvæmt lögum ætlað að bæta að hluta tekjumissi sem sveitarfélög verða fyrir. Er það gert með þeim hætti að reiknaðar eru út meðaltekjur á íbúa af útsvari, fasteignagjöldum og aðstöðugjöldum. Þau sveitarfélög, sem ekki ná slíkum meðaltekjum, eiga rétt á tekjujöfnunarframlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Á árinu 1990 voru þessi framlög 90% af mismuninum. Skilyrði fyrir þessum framlögum er að viðkomandi sveitarfélag uppfylli kröfur um lágmarksnýtingu tekjustofna sinna. Vandinn er hins vegar sá að tekjumissir, sem sveitarfélög kunna að vera fyrir á yfirstandandi ári vegna minnkandi launatekna í sveitarfélaginu, er ekki bættur fyrr en á síðari hluta næsta árs. Hins vegar mundi vera hægt með breytingu á reglugerð að greiða úr sjóðnum þegar á þessu ári einhvern hluta af fyrirsjáanlegum tekjumissi einstakra sveitarfélaga. Um slíka breytingu þarf að hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga.

D. Atvinnumál.

Loðnubresturinn mun valda samdrætti í atvinnu á þeim stöðum sem byggt hafa í verulegum mæli á vinnslu loðnuafurða. Bæði munu ýmsir þeir, sem unnið hafa í loðnubræðslunum, missa atvinnuna, en áhrifin verða einnig óbein þar sem umsvif hljóta að dragast verulega saman hjá þeim aðilum sem hafa veitt verksmiðjunum og flotanum þjónustu. Þeir sem missa vinnuna eiga að sjálfsögðu rétt á bótum úr Atvinnuleysistryggingasjóði en til skoðunar hlýtur að koma hvort ríkisvaldið geti gripið til aðgerða til að efla aðra atvinnustarfsemi á þessum stöðum. Þessir staðir eru mjög misvel settir í atvinnumálum.

Þeir staðir þar sem stunduð hefur verið umfangsmikil loðnuvinnsla án þess að gerðir séu út bátar verða verst úti vegna loðnubrestsins. Eftirtaldir staðir eru háðastir loðnuvinnslunni að þessu leyti: Siglufjörður, Raufarhöfn, Þórshöfn, Seyðisfjörður, Neskaupstaður, Eskifjörður og Reyðarfjörður. Taflan hér á eftir sýnir nokkrar upplýsingar um þessa staði:

Staður	Íbúafjöldi 1990	Breyting íbúafjölda 1980–1990	Vinnuafl í sjávarútvegi 1988	Atvinnuleysi meðaltal 1990	Frávik frá landsmeðaltekjum
Siglufjörður	1.826	-9,1%	33,9%	37	3%
Raufarhöfn	387	-21,5%	60,0%	3	7%
Þórshöfn	402	-8,4%	44,8%	3	0%
Seyðisfjörður	977	-6,1%	40,1%	49	5%
Neskaupstaður	1.721	2,3%	39,6%	4	17%
Eskifjörður	1.060	-1,9%	50,0%	12	12%
Reyðarfjörður	726	0,0%	32,0%	16	-2%

Eins og sjá má af töflunni er hlutur sjávarútvegs af atvinnulífinu mjög stór í öllum þessum stöðum enda þótt Raufarhöfn skeri sig úr. Stöðunum er öllum sameiginlegt að þar hefur verið stöðnun í íbúafjölda eða jafnvel fækkun og sums staðar mjög mikil. Afleiðingar loðnubrests hljóta að ýta undir framhald þeirrar þróunar. Atvinnuástand hefur verið mjög mismunandi á þessum stöðum. Ástandið er langverst að þessu leyti í Seyðisfirði en þar hefur ekki verið fiskvinnsla undanfarin missiri. Atvinnuleysi er einnig á Reyðarfirði, Siglufirði og Eskifirði. Tekjur á stöðunum hafa verið sæmilegar og sums staðar verulega háar, m.a. vegna loðnunnar. Sú staða mun fyrirsjáanlega breytast. Þessir staðir hafa það sameiginlegt að þeir eru ekki þjónustustaðir við sveitahéruð nema í afar takmörkuðum mæli. Neskaupstaður hefur þó sérstöðu að því leyti að þar er að finna þjónustustarfsemi fyrir Austfirði alla.

Sé talin ástæða til að veita verst settu byggðarlögunum aðstoð verður það að gerast með almennum hætti. Þær hugmyndir, sem fram hafa komið um að skylda loðnuflotann til að landa þeim afla sem hann kann að fá í loðnubætur á þeim stöðum sem loðnubræðslur eru, sýnast ekki raunhæfar. Kemur þar tvennt til. Í fyrsta lagi verða bæturnar af svo skornum skammti að ófært sýnist að binda þær sérstökum skilyrðum sem draga úr hagkvæmni veiðanna. Í öðru lagi á mestur hluti loðnuflotans heimahöfn á Suður- og Vesturlandi og mun að líkindum kjósa að stunda botnfiskveiðar fyrst og fremst á þeim slóðum og landa í heimahöfn en vandi byggðarlaganna á Norður- og Norðausturlandi er hvað mestur. Aukning á úthafsrækjuveiðum mun hins vegar koma sumum þessara byggðarlaga, eins og t.d. Siglufirði, sérstaklega vel.

Flest þau byggðarlög sem harðast verða úti í loðnuleysinu byggja nær alfarið á veiðum og vinnslu sjávarafla. Mikilvægt er að efla það starf sem stöðugt er unnið að til að auka á fjölbreytileika í atvinnulífi á landsbyggðinni og beina því sérstaklega að þeim stöðum sem harðast verða úti vegna loðnubrests enda þótt ekki sé hægt að reikna með skjótum árangri. Á afskekkari stöðunum er ekki raunhæft að reikna með því að hægt sé að koma upp annarri atvinnustarfsemi sem ekki byggir á nýtingu náttúruauðlinda. Í þessari viku samþykkti stjórn Byggðastofnunar 25 millj.kr. fjárveitingu til að styrkja undirbúningsrannsóknir vegna einstakra atvinnukosta á vegum aðila í héraði. Til skemmri tíma virðist þar að auki koma til greina að auka atvinnu með því að flýta opinberum framkvæmdum á þessum stöðum en fresta þeim að sama skapi annars staðar. Þessi möguleiki hefur þó ekki verið kannaður nánar af nefndinni.

Hægt er að hamla gegn samdrætti vegna loðnubrests með því að auka vinnslu sjávarafla á þeim stöðum sem harðast verða úti. Það verður þó ekki gert nema að draga úr vinnslu sjávarafla á öðrum stöðum eða að draga úr útflutningi á óunnum afla. Samkvæmt upplýsingum frá Aflamiðlun hefur dregið verulega úr ásókn í að flytja óunninn afla til sölu á uppboðsmörkuðum erlendis. Stafar það bæði af háu og stöðugu verði á fiskmarkaði innan lands og hækkuðu álagi á kvóta vegna útflutnings á óunnum þorski og ýsu. Viðhorf stjórnarmanna Aflamiðlunar til frekari útflutningstakmarkana eru misjöfn. Telja sumir að draga beri úr útflutningsheimildum í takt við minnkandi eftirspurn en aðrir telja ekki ástæðu til að skerða útflutning frekar.

Verulegur útflutningur á óunnum fiski hefur verið frá ýmsum þeim stöðum sem harðast verða úti í loðnubrestinum. Heimamenn geta því haft mikil áhrif til eflingar fiskvinnslu með því að beina afla í ríkara mæli til vinnslu á staðnum. Í þeim efnum hlýtur aðstoð hins opinbera til eflingar fullvinnslu og vinnslu á vannýttum tegundum á þessum stöðum að koma til skoðunar. Hópurinn vill jafnframt benda á að frekar ódýrt er að flytja afla með Ríkisskipum á milli landshluta. Í því sambandi má minna á það hlutverk Aflamiðlunar að stuðla að upplýsingagjöf til innlendrar fiskvinnslu um það aflamagn sem fyrirhugað er að flytja úr landi á hverjum tíma. Jafnframt kæmi til greina að stuðla að útbreiðslu fjarskiptamarkaðs þannig að landsbyggðin gæti í ríkara mæli tekið þátt í þeirri þróun sem á sér stað varðandi uppbyggingu fiskmarkaða hér á landi.

Sþ. 651. Tillaga til þingsályktunar [371. mál]

um afnám margsköttunar á iðgjaldi sjóðfélaga til lífeyrissjóða.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að hefja þegar undirbúning nauðsynlegra lagabreytinga sem hefðu það að markmiði að afnema margsköttun iðgjalda sjóðfélaga lífeyrissjóðanna.

Greinargerð.

Afar brýnt er að afnema það ranglæti sem viðgengst í skattalegri meðferð iðgjalda til lífeyrissjóðanna ásamt því hvernig lífeyrisgreiðslur frá sjóðunum valda lækkun greiðslu tekjutryggingar frá Tryggingastofnun. Þannig má í raun segja að iðgjald sjóðfélaganna til lífeyrissjóðanna sé skattlagt í þrígang, fyrst iðgjaldið, síðan greiðslur frá sjóðunum og hvernig þær valda skerðingu tekjutryggingar frá Tryggingastofnun sem auðvitað er líka skattlagning.

Í flestum löndum Evrópubandalagsins eru iðgjöld, bæði launþega og atvinnurekenda, skattfrjáls, en lífeyrir frá lífeyrissjóðum í þessum löndum er aftur á móti skattskyldur eins og hér á landi. Nú kann einhver að halda því fram að 4% iðgjald sjóðfélagans sé innifalið í persónuafslættinum í staðgreiðslunni. Um það má deila. En nauðsynlegt er að taka af öll tvímæli þannig að launþeginn sjái greinilega að iðgjald hans til lífeyrissjóðs sé ekki skattstofn.

Margoft hefur komið fram hversu mikið ranglæti felst í því að þeim einstaklingum, sem innt hafa af hendi greiðslur til lífeyrissjóðanna, skuli refsað þegar að töku ellilífeyris kemur með því að greiðslur frá sjóðunum valdi lækkun á greiðslum Tryggingastofnunar. Í kjarasamningunum í febrúar 1990 var samið um að greiðslur frá lífeyrissjóðum valdi minni lækkun á tekjutryggingu en aðrar tekjur. Frá því þetta var ákveðið hefur aftur sigið á ógæfuhliðina svo að ekki verður lengur við unað.

Í eftirfarandi greinargerð Jónasar Bjarnasonar verkfræðings um ofangreint efni, sem hann tók saman fyrir Landssamband lífeyrissjóða, má sjá að jaðarskattur einstaklings, sem býr einn, getur orðið 76% á tilteknu tekjubili, þ.e. af hverjum 1.000 kr. sem ellilífeyrir hans frá lífeyrissjóði hækkar heldur hann einungis eftir 239 kr.

Ofangreint ástand þessara mála er Alþingi og ríkisstjórn til hreinnar skammar. Því er mikilvægt að þessi þingsályktunartillaga verði afgreidd þegar á þessu þingi þannig að fjármálaráðherra fari ekki í grafgötur um vilja Alþingis og leggi þegar fram lagafrumvörp til lausnar málinu.

Fylgiskjal.

Jónas Bjarnason, verkfræðingur:

SKATTALEG MEÐHÖNDLUN LÍFEYRIS

Hjálögð greinargerð er nokkurnveginn samhljóða erindi, sem höfundur flutti á ráðstefnu Sambands almennra lífeyrissjóða og Landssambands lífeyrissjóða þ. 12. mars 1990.

GERT Í APRÍL 1990

SKATTALEG MEÐHÖNDLUN LÍFEYRIS

0. INNGANGUR

Undanfarin misseri hefur töluvert verið talað um, að skattakerfið eigi að vera einfalt og hlutlaust. Hér á eftir verður kannað, hvernig skattaleg meðhöndlun lífeyris er. Borin verður saman skattaleg meðferð greiðslna vinnuveitanda beint til launþega annars vegar og hins vegar skattaleg meðferð greiðslna vinnuveitanda til launþega gegnum lífeyrissjóði.

Með greiðslum gegnum lífeyrissjóði er átt við samanlagt framlag vinnuveitanda og launþega til lífeyrissjóðs, en það er síðar greitt launþega í formi lífeyris. Þessi samanburður getur komið til álita þegar ákveða á hvort greiða á til lífeyrssjóðs af yfirvinnu eða hvort sú greiðsla ætti að renna beint til launþega. Þetta mun í mörgum tilfellum vera samningsatriði t. d. milli stéttarfélaga og vinnuveitenda.

Hér verður litið á skerðingu tekjutryggingar með hækkuðum tekjum sem skatt, enda eru áhrifin þau sömu fyrir launþegann.

Tekjutrygging breytist 1. júlí ár hvert, og miðast þá við tekjur næsta almanaksárs á undan. Ekki verður hér reiknað með verðlagsbreytingum frá því tekna er aflað þar til tekjutrygging er greidd út miðað við þær tekjur, enda er verðbólga nú mjög lág. Það breytir heldur ekki heildarmyndinni að reikna með slíkum hækkunum.

Upphæðir þær sem fram koma giltu í febrúar s. l. Byrjað verður á að skoða skattlagningu greiðslna beint til launþega og síðan verður skoðuð skattlagning greiðslna til launþega gegnun lífeyrissjóði. Gerð verður grein fyrir hvoru tveggja og heildaráhrif athuguð.

1. BEINAR GREIÐSLUR TIL LAUNÞEGA.

Greiðslur vinnuveitanda beint til launþega eru skattlausar upp að skattleysismörkum, þar fyrir ofan er 39,79% tekjuskattur. Þetta má sjá í töflu T1.

T1, SKATTLAGNING ALMENNRA TEKNA

Mánaðartekjur:		Skattur:
0 - 52.400	kr.	0,0 %
52.400 -	kr.	39,79%

2. GREIÐSLUR VINNUVEITANDA TIL LÍFEYRISSJÓÐS

Greiðslur vinnuveitanda eru oftast í tvennu lagi. Launþegi greiðir yfirleitt 4% af launum sínum til lífeyrissjóðsins og vinnuveitandinn 6% á móti. Af framlagi vinnuveitandans er ekki greiddur tekjuskattur, en af framlagi launþegans er greiddur tekjuskattur svo fremi að tekjur séu yfir skattleysismörkum.

Af 100 kr. framlagi til lífeyrissjóðs vegna launþega er þannig greiddur 39,79% tekjuskattur af 40 kr. framlagi launþegans sjálfs, en það jafngilda kr. 15,92 sem eru um það bil 16% af heildargreiðslunni.

Af þessum 100 kr. sem berast lífeyrissjóðnum greiðir lífeyrissjóðurinn síðan 2% eða 2 kr. til Umsjónarnefndar eftirlauna. Gjald þetta er notað til að standa straum af lífeyrisgreiðslum til annarra en viðkomandi launþega, og er því frá sjónarhóli launþegans enginn munur á þessu gjaldi og skatti.

Skattlagningin yfir skattleysismörkum er þannig 16% + 2% = 18%, annars 2%. Þetta má sjá í töflu T2.

T2, SKATTLAGNING GREIÐSLNA TIL LÍFEYRISSJÓÐA

Mánaðartekjur:		Skattur:
0 - 52.400	kr.	2%
52.400 -	kr.	18%

Rétt er að taka það fram, að ekki fara allar greiðslur í lífeyrissjóði til að standa straum af ellilífeyrisgreiðslum, hluti þeirra er greiddur út sem örorkubætur, makabætur og barnabætur. Í því sem kemur hér á eftir verður þó litið fram hjá því.

3. REGLUR TRYGGINGASTOFNUNAR RÍKISINS.

Í fylgiskjali 1 á bls. 7 má sjá reglur Tryggingastofnunar ríkisins um greiðslur til ellilífeyrisþega og hvernig þær eru háðar tekjum. Tekjur þessar geta verið launatekjur eða lífeyrir frá lífeyrissjóðum.

Sjá má, að hjón hafa hvort um sig kr. 9.915 í ellilífeyri og mest kr. 20.268 í tekjutryggingu hvort. Ellilífeyrir er óháður tekjum, en tekjutryggingin byrjar að skerðast þegar tekjur hvors um sig (meðaltekjur þeirra) ná kr. 8.958 og fellur niður, ef tekjur hvors um sig eru kr. 53.998. Skerðingarhlutfallið á því bili er 45%, þ. e. fyrir hverjar 1000 kr. sem tekjur aukast lækkar tekjutrygging um 450 kr.

Einstaklingur hefur í ellilífeyri kr. 11.016 og mest kr. 20.268 í tekjutryggingu. Búi einstaklingurinn einn hefur hann að auki í mesta lagi kr. 6.890 í heimilisuppbót og kr. 4.739 í sérstaka heimilisuppbót. Hin sérstaka heimilisuppbót þjónar þeim tilgangi að tryggja ellilífeyrisþeganum tekjur á við lágmarkslaun. Hún skerðis til jafns við hækkandi tekjur uns hún er fallin niður við kr. 4739 í tekjur. Skerðingarhlutfallið er þar 100%.

Tekjutryggingin og heimilisuppbótin byrja að skerðast þegar tekjur einstaklingsins hafa náð kr. 12.800 og fellur niður ef tekjurnar ná kr. 57.840 á mánuði. Skerðingarhlutfall tekjutryggingar er 45% og heimilisuppbótar 15% að auki eða samtals 60%., þ. e. fyrir hverjar 1000 kr. sem tekjurnar aukast lækkar tekjutryggingin um kr. 603.

Að auki getur einstaklingur, sem nýtur óskertrar tekjutryggingar, fengið felld niður ársfjórðungsgjöld af síma og heimilt er sveitarstjórnum að fella niður fasteignaskatt, sem efnalitlum einstaklingum er gert að greiða. Einnig má nefna, að uppihald tekjulítilla einstaklinga á elliheimilum er greitt af tryggingastofnun, á meðan þeir sem hafa tekjur greiða fyrir sitt uppihald.

Í töflu Tryggingastofnunar má sjá það sem þar er kallað ráðstöfunartekjur, en þar er átt við tekjur fyrir skatt.

Vaxtatekjur skerða ekki tekjutrygingu.

Því má bæta hér við, að á síðasta ári fengu ellilífeyrisþegar greiddar orlofsuppbætur líkt og launþegar höfðu samið um í sínum kjarasamningum. Bætur þessar voru greiddar með því að hækka tekjutrygginguna og við það hækkaði skerðingarhlutfall frá því sem segir hér að ofan.

4 GREIÐSLUR ÚR LÍFEYRISSJÓÐI

4.1. GREIÐSLUR TIL HJÓNA

Ellilífeyrir, tekjutrygging og heimilisuppbót mynda ásamt lífeyri og launatekjum tekjuskattstofn.

Í töflu T7 í fylgiskjali 2 á bls. 8 sést samband tekna, tekjutryggingar og tekna fyrir skatt hjá öðru hjóna. Þegar tekjur hafa náð skattleysismörkum (kr. 52.400) er greiddur tekjuskattur. Í töflunni má sjá tekjuskatt og tekjur eftir skatt.

Einnig má sjá í töflunni jaðartekjur og jaðarskatt. Með jaðartekjum er átt við hversu miklum hluta af 1.000 kr. í auknar tekjur haldið er eftir, og með jaðarskatti er átt við hve háu hlutfalli séð er af í lækkaðri tekjutryggingu og hækkuðum skatti.
Síðasti dálkurinn í töflu T7 sýnir meðalskatt. Þar er átt við hve miklum hluta af heildartekjum einstaklingur hefur þurft að sjá af í lækkaða tekjutryggingu og hækkaðan tekjuskatt.

Þegar tekjur hvors hjóna hafa náð kr. 33.065 hafa tekjurnar auk bóta frá Tryggingarstofnun náð skattleysismörkum. Því er það, að á tekjubilinu 33.065 - 53.998 kr. eru bæði tekjutrygging að skerðast og tekjuskattur að hækka.

Hækki tekjur um 1.000 kr. á ofangreindu bili lækkar tekjutryggingin um kr. 450 og tekjur fyrir skatt hækka því um kr. 550. Af þeirri hækkun er greitt í tekjuskatt 39,79 % eða kr. 219. Lífeyrisþeginn heldur þá eftir af hækkuninni:


kr. 550 - 219 = kr. 331.

Jaðarskatturinn á ofangreindu bili jafngildir því 67 %. Ef tekjur eru t. d. auknar úr kr. 33.000 í kr. 54.000 eða um kr. 21.000, þá aukast tekjur eftir skatt úr kr. 52.364 í kr. 59.333 eða um kr. 6.969.

Þegar tekjutrygging er fallin niður tekur við 39,79 % tekjuskattur.

Samband tekna og ráðstöfunartekna eftir skatt sést einnig á línuriti L1.

L1.




Tafla T3 sýnir samantekið jaðarskatt (annars) hjóna t. d. vegna ellilífeyris frá lífeyrissjóði. Upphæðir eru í heilum þúsundum, og skattahlutfall í heilum prósentum.

T3, SKATTLAGNING GREIÐSLNA ÚR LÍFEYRISSJÓÐUM

Mánaðartekjur:			Skattur:
0 -	9.000	kr.	0%
9.000 -	33.000	kr.	45%
33.000 -	54.000	kr.	67%
54.000 -		kr.	40%

Niðurstöður þessar má einnig sjá á línuriti L2 hér til hliðar.



4.2 GREIÐSLUR TIL EINSTAKLINGS.

Tafla T8 á bls. 9 sýnir fyrir einstakling sem býr einn það sama og tafla T7 sýnir fyrir hjón. Til viðbótar kemur þó, að taflan sýnir heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót, sem einstaklingur á rétt á.

Þegar tekjur einstaklings hafa náð kr. 16.400 hafa tekjur hans auk bóta frá Tryggingastofnun náð skattleysismörkum.

Á tekjubilinu frá kr. 16.400 upp í kr. 57.840 þegar tekjutrygging er fallin niður er bæði tekjutrygging að lækka og tekjuskattur að hækka.

Hækki tekjur á ofangreindu bili um kr. 1.000 lækkar tekjutrygging og heimilisuppbót samtals um kr. 603 og einstaklingurinn heldur því eftir kr. 397. Af þeirri upphæð greiðir hann 39,79 % í tekjuskatt eða kr. 158 og heldur eftir kr. 239. Frá sjónarhóli einstaklingsins er á þessu bili um að ræða 76 % jaðarskatt.

Þegar tekjutrygging er að fullu fallin niður tekur við 39,79 % jaðarskattur.

T4, SKATTLAGNING GREIÐSLNA ÚR LÍFEYRISSJÓÐUM


Mánaðartekjur:			Skattur:
0 -	5.000	kr.	100%
5.000 -	13.000	kr.	0%
13.000 -	16.000	kr.	60%
16.000 -	58.000	kr.	76%
58.000		kr.	40%


Samband tekna og ráðstöfunartekna eftir skatt sést einnig á línuriti L4 á næstu síðu.

Samantekið má setja niðurstöðurnar upp í töflu T4. Upphæðir eru í heilum þúsundum og skattahlutfall í heilum prósentum.

Ástæða er til að undirstrika hið langa tekjubil þar sem um er að ræða 76 % jaðarskatt, en það er frá u. þ. b. kr. 16.000 upp í u. þ. b. kr. 58.000. Ef t. d. tekjur eru auknar úr kr. 16.000 í kr. 58.000 eða um kr. 42.000, þá aukast tekjur eftir skatt úr kr. 52.244 í kr. 62.405 eða um kr. 10.161.

Niðurstöður þessar eru sýndar með línuriti L3





5. HEILDARSKATTLAGNING.

Heildarskattlagning er fundin skv. skattlagningu greiðslna til lífeyrissjóðs og skattlagningu greiðslna úr lífeyrissjóðum. Reiknað er með, að greiðslur til lífeyrissjóða séu yfir skattleysismörkum, en þar er eins og áður sagði 18 % skattur (sjá töflu T2).

Heildarskattlagning fyrir hjón verður þá eins og sést í töflu T5.

T5, HEILDARSKATTLAGNING GEGNUM LÍFEYRISSJÓÐI - HJÓN.

Mánaðartekjur:			Skattur:
0	- 9.000	kr.	18%
9.000	- 33.000	kr.	55%
33.000	- 54.000	kr.	73%
54.000	-	kr.	51%

Á sama hátt verður heildarskattlagning fyrir einstakling eins og sést í töflu T6.

T6, HEILDARSKATTLAGNING GEGNUM LÍFEYRISSJÓÐI - EINSTAKLINGUR

Mánaðartekjur:			Skattur:
0	- 5.000	kr.	100%
5.000	- 13.000	kr.	18%
13.000	- 16.000	kr.	67%
16.000	- 58.000	kr.	80%
58.000	-	kr.	51%

Undir skattleysismörkum er skatthlutfall 0% á greiðslum beint til launþega þar sem hún er 2 % á greiðslum til lífeyrissjóða. Til að meta heildarskattlagningu á greiðslum

gegnum lífeyrissjóði í því tilfelli má skoða töflur T3 eða T4 eftir atvikum, að auki þarf reyndar að taka tillit til 2% greiðslu til Umsjónarnefndar eftirlauna á inngreiðslu.

Samanburður verður ekki hagstæður fyrir lífeyrissjóði í því tilfelli, eða 0% á greiðslum til launþega annars vegar samanborið við það sem fram kemur í töflum T3 og T4 auk þess að taka þarf tillit til 2% gjalds til Umsjónarnefndar eftirlauna.

6. NIÐURSTÖÐUR.

Nú má samantekið bera saman skattlagningu á greiðslum vinnuveitanda beint til launþega annars vegar og skattlagningu á greiðslum til launþega í gegnum lífeyrissjóði hins vegar.

Þegar greitt er beint til launþega er jaðarskattur 40% (39,79%) svo fremi að hann sé yfir skattleysismörkum.

Algengt er, að lífeyrisgreiðslur til (annars) hjóna sé annað hvort á bilinu 9 - 33 þús. kr. eða 33 - 54 þús. kr. Á fyrrnefnda bilinu er heildarskattur gegnum lífeyrissjóði í jaðartilfellum 55%, og á því síðarnefnda 73%, að því gefnu að greiddur hafi verið skattur af inngreiðslu.

Greiðsla til einstaklings er líklega á bilinu 13 - 16 þús. eða 16 þús. - 58 þús. kr. Á fyrrnefnda bilinu er heildarskattlagning með sömu forsendum og fyrr 67%, og á því síðarnefnda 80%.

Niðurstaðan er hér sú, að greiðslur gegnum lífeyrissjóði sæta mun óhagstæðari skattalegri meðhöndlun, en greiðslur beint til launþega. Þetta ætti t. d. að hvetja launþega til að óska eftir að ekki verði greitt af yfirvinnu þeirra í lífeyrissjóð, heldur gangi greiðslan beint til þeirra. Þannig geti þeir "búið til sinn eigin lífeyrissjóð", eins og segir í nýlegri auglýsingu Ríkissjóðs Íslands, þar sem spariskírteini ríkissjóðs eru boðin til sölu.

Athygli vekur, að jaðarskattur á lágar tekjur og meðaltekjur er hér mjög hár. Það er stundum kennt við jafnaðarmennsku, að hafa háan jaðarskatt á háum tekjum. Ef maður gefur sér að svo sé, þá hlýtur hér að vera um "ójafnaðarmennsku" að ræða.

Af núverandi kerfi leiðir, að lítill munur er á ráðstöfunartekjum þeirra, sem greitt hafa í lífeyrissjóði og hinna, sem ekki hafa greitt. Þetta hefur reyndar komið þægilega á óvart þeim, sem haft hafa áhyggjur af að heimavinnandi húsmæður hafi lítinn lífeyrisrétt vegna þess að þær hafi ekki greitt í lífeyrissjóð.

Rétt er að nefna, að í sambandi við nýlega kjarasamninga var ákveðið að hækka þau mörk þar sem tekjutrygging byrjar að skerðast. Mörkin verða hækkuð gagnvart lífeyri frá lífeyrissjóðum í tveimur áföngum, þ. 1. júlí n. k. og þ. 1. jan. 1991. Þetta kemur ekki til með að breyta miklu um heildarniðurstöðuna.

7. LOKAORÐ.

Samantekið er skattlagning á lífeyri umfram skattlagningu almennra launatekna þannig:

a) Hluti lífeyris er tvískattlagður með tekjuskatti.

b) Tekjutrygging virkar eins og aukinn skattur.

c) Greiddur er 2% skattur til Umsjónarnefndar eftirlauna.

Þetta letur launþega til að greiða í lífeyrissjóð og verðlaunar þá, sem hafa komið sér undan lagaskyldu sinni að greiða í lífeyrissjóð. Ekki skiptir miklu máli, hvort greitt hefur verið í lífeyrissjóð eða ekki.

Sú spurning hlýtur að vakna hverjar séu ástæður þess, að málum er svo komið, sem að framan er lýst. Tvær skýringar koma einkum til álita:

a) Þeir sem tekið hafa ákvarðanir um tekjuskatt annars vegar og tekjutryggingu hins vegar hafa ekki áttað sig á hver heildarniðurstaðan yrði. Þegar þeir gera sér grein fyrir ástandinu munu þeir beita sér fyrir breytingum á því.

b) Stjórnvöld líta á iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóða sem skatt, enda ráðstafa þau meirihluta af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða. Því eigi það ekki að skipta máli hvort greitt hafi verið í lífeyrissjóði eða ekki.

Það er í öllu falli ljóst, að ríkisvaldið grefur undan starfsemi þeirra lífeyrissjóða, sem það hefur skyldað menn með lögum til aðildar að.

Fylgiskjal 1

Tryggingastofnun ríkisins

Reykjavík, febrúar 1990.

TRYGGINGABÆTUR EINSTAKLINGS.

Búa einir

Tekjur á mánuði	Grunn-lífeyrir	Tekju-trygging	Heimilis-uppbót	Sérstök h.uppbót	Rástöfunar tekjur.
0	11.016	20.268	6.890	4.739	42.913
2.000	11.016	20.268	6.890	2.739	42.913
4.739	11.016	20.268	6.890	0	42.913
12.800	11.016	20.268	6.890	0	50.974
20.000	11.016	17.028	5.789	0	53.833
25.000	11.016	14.778	5.024	0	55.818
30.000	11.016	12.528	4.259	0	57.803
40.000	11.016	8.028	2.729	0	61.773
50.000	11.016	3.528	1.199	0	65.743
57.840	11.016	0	0	0	68.856

TRYGGINGABÆTUR HVORS HJÓNA (BÆÐI MEÐ LÍFEYRI)

Tekjur á mánuði	Grunn-lífeyrir	Tekju-trygging	Ráðstöfunar tekjur.
0	9.915	20.268	30.183
17.917:2= 8.958	9.915	20.268	39.141
25.600:2=12.800	9.915	18.539	41.254
40.000:2=20.000	9.915	15.299	45.214
50.000:2=25.000	9.915	13.049	47.964
60.000:2=30.000	9.915	10.799	50.714
70.000:2=35.000	9.915	8.549	53.464
80.000:2=40.000	9.915	6.299	56.214
90.000:2=45.000	9.915	4.049	58.964
100.000:2=50.000	9.915	1.799	61.714
107.997:2=53.998	9.915	0	63.913

Tekjur, sem hafa áhrif á tekjutryggingu til lækkunar, eru laun, lífeyrissjóðstekjur og leigutekjur, ekki tryggingabætur né almennar vaxtatekjur.

Tekjur af síðasta skattframtali eru lagðar til grundvallar við útreikning á tekjutryggingu. Tekjur breytast skv. síðasta skattframtali 1. júlí ár hvert, um leið og tekjumörkin breytast.

Tekjutrygging byrjar að skerðast, ef einstaklingur hefur hærri árstekjur en kr. 153.600.

Tekjutrygging fellur niður hjá einstaklingi, sem hefur kr. 694.080 á ári í tekjur eða meir.

Tekjutrygging byrjar að skerðast hjá hjónum, ef þau hafa samanlagt meira en kr. 215.000 í árstekjur. Tekjutrygging fellur niður hjá hjónum, sem bæði njóta lífeyris, ef samanlagðar árstekjur eru kr. 1.295.960.

Það verður að sækja um allar tryggingabætur.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS,
Félagsmála- og upplýsingadeild.

Margrét H. Sigurðardóttir

Fylgiskjal 2

T 7

ANNAÐ HJÓNA
febrúar 1990

TEKJUR	GRUNN-LÍFEYR.	TEKJU-TRYGG.	HEIM-UPPB.	SÉRST. HUPPB.	TEKJ.F. SKATT	TEKJU-SKATTUR	TEKJ.E. SKATT	JAÐAR-TEKJUR	JAÐAR-SKATT.	MEÐAL SKATT.
0	9915	20268	0	0	30183	0	30183			
1000	9915	20268	0	0	31183	0	31183	1000	0%	0%
2000	9915	20268	0	0	32183	0	32183	1000	0%	0%
3000	9915	20268	0	0	33183	0	33183	1000	0%	0%
4000	9915	20268	0	0	34183	0	34183	1000	0%	0%
5000	9915	20268	0	0	35183	0	35183	1000	0%	0%
6000	9915	20268	0	0	36183	0	36183	1000	0%	0%
7000	9915	20268	0	0	37183	0	37183	1000	0%	0%
8000	9915	20268	0	0	38183	0	38183	1000	0%	0%
9000	9915	20249	0	0	39164	0	39164	981	2%	0%
10000	9915	19799	0	0	39714	0	39714	550	45%	5%
11000	9915	19349	0	0	40264	0	40264	550	45%	8%
12000	9915	18899	0	0	40814	0	40814	550	45%	11%
13000	9915	18449	0	0	41364	0	41364	550	45%	14%
14000	9915	17999	0	0	41914	0	41914	550	45%	16%
15000	9915	17549	0	0	42464	0	42464	550	45%	18%
16000	9915	17099	0	0	43014	0	43014	550	45%	20%
17000	9915	16649	0	0	43564	0	43564	550	45%	21%
18000	9915	16199	0	0	44114	0	44114	550	45%	23%
19000	9915	15749	0	0	44664	0	44664	550	45%	24%
20000	9915	15299	0	0	45214	0	45214	550	45%	25%
21000	9915	14849	0	0	45764	0	45764	550	45%	26%
22000	9915	14399	0	0	46314	0	46314	550	45%	27%
23000	9915	13949	0	0	46864	0	46864	550	45%	27%
24000	9915	13499	0	0	47414	0	47414	550	45%	28%
25000	9915	13049	0	0	47964	0	47964	550	45%	29%
26000	9915	12599	0	0	48514	0	48514	550	45%	29%
27000	9915	12149	0	0	49064	0	49064	550	45%	30%
28000	9915	11699	0	0	49614	0	49614	550	45%	31%
29000	9915	11249	0	0	50164	0	50164	550	45%	31%
30000	9915	10799	0	0	50714	0	50714	550	45%	32%
31000	9915	10349	0	0	51264	0	51264	550	45%	32%
32000	9915	9899	0	0	51814	0	51814	550	45%	32%
33000	9915	9449	0	0	52364	0	52364	550	45%	33%
34000	9915	8999	0	0	52914	205	52710	345	65%	34%
35000	9915	8549	0	0	53464	423	53041	331	67%	35%
36000	9915	8099	0	0	54014	642	53372	331	67%	36%
37000	9915	7649	0	0	54564	861	53703	331	67%	36%
38000	9915	7199	0	0	55114	1080	54034	331	67%	37%
39000	9915	6749	0	0	55664	1299	54365	331	67%	38%
40000	9915	6299	0	0	56214	1518	54697	331	67%	39%
41000	9915	5849	0	0	56764	1736	55028	331	67%	39%
42000	9915	5399	0	0	57314	1955	55359	331	67%	40%
43000	9915	4949	0	0	57864	2174	55690	331	67%	41%
44000	9915	4499	0	0	58414	2393	56021	331	67%	41%
45000	9915	4049	0	0	58964	2612	56352	331	67%	42%
46000	9915	3599	0	0	59514	2831	56683	331	67%	42%
47000	9915	3149	0	0	60064	3050	57015	331	67%	43%
48000	9915	2699	0	0	60614	3268	57346	331	67%	43%
49000	9915	2249	0	0	61164	3487	57677	331	67%	44%
50000	9915	1799	0	0	61714	3706	58008	331	67%	44%
51000	9915	1349	0	0	62264	3925	58339	331	67%	45%
52000	9915	899	0	0	62814	4144	58670	331	67%	45%
53000	9915	449	0	0	63364	4363	59002	331	67%	46%
54000	9915	0	0	0	63915	4582	59333	332	67%	46%
55000	9915	0	0	0	64915	4980	59935	602	40%	46%
56000	9915	0	0	0	65915	5378	60537	602	40%	46%
57000	9915	0	0	0	66915	5775	61140	602	40%	46%
58000	9915	0	0	0	67915	6173	61742	602	40%	46%
59000	9915	0	0	0	68915	6571	62344	602	40%	45%
60000	9915	0	0	0	69915	6969	62946	602	40%	45%

Fylgiskjal 3

T 8

EINSTAKLINGUR - BÝR EINN
febrúar 1990

TEKJUR	GRUNN-LÍFEYR.	TEKJU-TYGGING	HEIM-UPPB	SÉRST. HUPPB.	TEKJ.F. SKATT	TEKJU-SKATTUR	TEKJ.E. SKATT	JAÐAR-TEKJUR	JAÐAR-SKATT.	MEÐAL-SKATT.
0	11016	20268	6890	4739	42913	0	42913			
1000	11016	20268	6890	3739	42913	0	42913	0	100%	100%
2000	11016	20268	6890	2739	42913	0	42913	0	100%	100%
3000	11016	20268	6890	1739	42913	0	42913	0	100%	100%
4000	11016	20268	6890	739	42913	0	42913	0	100%	100%
5000	11016	20268	6890	0	43174	0	43174	261	74%	95%
6000	11016	20268	6890	0	44174	0	44174	1000	0%	79%
7000	11016	20268	6890	0	45174	0	45174	1000	0%	68%
8000	11016	20268	6890	0	46174	0	46174	1000	0%	59%
9000	11016	20268	6890	0	47174	0	47174	1000	0%	53%
10000	11016	20268	6890	0	48174	0	48174	1000	0%	47%
11000	11016	20268	6890	0	49174	0	49174	1000	0%	43%
12000	11016	20268	6890	0	50174	0	50174	1000	0%	39%
13000	11016	20178	6859	0	51053	0	51053	879	12%	37%
14000	11016	19728	6706	0	51450	0	51450	397	60%	39%
15000	11016	19278	6553	0	51847	0	51847	397	60%	40%
16000	11016	18828	6400	0	52244	0	52244	397	60%	42%
17000	11016	18378	6247	0	52641	96	52545	301	70%	43%
18000	11016	17928	6095	0	53039	254	52784	239	76%	45%
19000	11016	17478	5942	0	53436	412	53024	239	76%	47%
20000	11016	17028	5789	0	53833	570	53263	239	76%	48%
21000	11016	16578	5636	0	54230	728	53502	239	76%	50%
22000	11016	16128	5483	0	54627	886	53741	239	76%	51%
23000	11016	15678	5330	0	55024	1044	53980	239	76%	52%
24000	11016	15228	5177	0	55421	1202	54219	239	76%	53%
25000	11016	14778	5024	0	55818	1360	54458	239	76%	54%
26000	11016	14328	4871	0	56215	1518	54697	239	76%	55%
27000	11016	13878	4718	0	56612	1676	54936	239	76%	55%
28000	11016	13428	4565	0	57009	1834	55175	239	76%	56%
29000	11016	12978	4412	0	57406	1992	55414	239	76%	57%
30000	11016	12528	4259	0	57803	2150	55653	239	76%	58%
31000	11016	12078	4106	0	58200	2308	55892	239	76%	58%
32000	11016	11628	3953	0	58597	2466	56131	239	76%	59%
33000	11016	11178	3800	0	58994	2624	56370	239	76%	59%
34000	11016	10728	3647	0	59391	2782	56609	239	76%	60%
35000	11016	10278	3494	0	59788	2940	56848	239	76%	60%
36000	11016	9828	3341	0	60185	3098	57087	239	76%	61%
37000	11016	9378	3188	0	60582	3256	57326	239	76%	61%
38000	11016	8928	3035	0	60979	3414	57565	239	76%	61%
39000	11016	8478	2882	0	61376	3571	57804	239	76%	62%
40000	11016	8028	2729	0	61773	3729	58043	239	76%	62%
41000	11016	7578	2576	0	62170	3887	58283	239	76%	63%
42000	11016	7128	2423	0	62567	4045	58522	239	76%	63%
43000	11016	6678	2270	0	62964	4203	58761	239	76%	63%
44000	11016	6228	2117	0	63361	4361	59000	239	76%	63%
45000	11016	5778	1964	0	63758	4519	59239	239	76%	64%
46000	11016	5328	1811	0	64155	4677	59478	239	76%	64%
47000	11016	4878	1658	0	64552	4835	59717	239	76%	64%
48000	11016	4428	1505	0	64949	4993	59956	239	76%	64%
49000	11016	3978	1352	0	65346	5151	60195	239	76%	65%
50000	11016	3528	1199	0	65743	5309	60434	239	76%	65%
51000	11016	3078	1046	0	66140	5467	60673	239	76%	65%
52000	11016	2628	893	0	66537	5625	60912	239	76%	65%
53000	11016	2178	740	0	66934	5783	61151	239	76%	66%
54000	11016	1728	587	0	67331	5941	61390	239	76%	66%
55000	11016	1278	434	0	67728	6099	61629	239	76%	66%
56000	11016	828	281	0	68125	6257	61868	239	76%	66%
57000	11016	378	128	0	68522	6415	62107	239	76%	66%
58000	11016	0	0	0	69016	6611	62405	297	70%	66%
59000	11016	0	0	0	70016	7009	63007	602	40%	66%
60000	11016	0	0	0	71016	7407	63609	602	40%	66%

Sþ. 652. Tillaga til þingsályktunar [372. mál]

um viðbrögð Íslendinga gegn styrjöldinni við Persaflóa.

Flm.: Anna Ólafsdóttir Björnsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir,
Guðrún J. Halldórsdóttir, Kristín Einarsdóttir,
Málmfríður Sigurðardóttir, Sigrún Helgadóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því á vettvangi Sameinuðu þjóðanna að samið verði um vopnahlé í styrjöldinni við Persaflóa og efnt til ráðstefnu um málefni þjóðanna í Miðausturlöndum hið bráðasta.

Greinargerð.

Í 1. gr. stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna segir:

„Markmið hinna Sameinuðu þjóða er:

1. að varðveita heimsfrið og öryggi og gera í því skyni virkar, sameiginlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir og eyða hættu á friðrofi og til að bæla niður árásaraðgerðir eða friðrof og til að á friðsamlegan hátt og í samræmi við grundvallarreglur réttvísi og þjóðarréttar koma á sættum eða lausn milliríkjadeilumála eða ástands sem leiða kann til friðrofs."

Sífellt fleirum verður það ljóst að vandinn í Miðausturlöndum verður ekki leystur með vopnavaldi heldur með því að setjast að samningaborði. Styrjöldin hefur þegar leitt dauða og hörmungar yfir fjölda óbreyttra borgara, saklaust fólk sem á enga sök á styrjöldinni og vill lifa í friði.

Krafan um frið í Miðausturlöndum hefur fundið vaxandi hljómgrunn meðal Íslendinga eins og annarra þjóða. Það yrði öllum til heilla að látið yrði af styrjaldarrekstri og sest við samningaborðið til að leysa hin viðkvæmu deilumál í Miðausturlöndum. Í hópi beggja styrjaldaraðila má heyra kröfur um að nauðsynlegt sé að setjast að samningaborðinu í stað þess að halda áfram stríði sem kostar miklar fórnir og ekki sér fyrir endann á.

Hlutverk smáþjóða á alþjóðavettvangi er ekki síst að eiga frumkvæði að og fylgja eftir hugmyndum sem horfa til friðar, réttlætis og samkomulags. Íslendingar hafa talið sig eiga skyldum að gegna í þessum efnum og tekið skýrt frumkvæði á alþjóðavettvangi í málefnum Litáens.

Öryggi og friði í heiminum verður best borgið með því að hætta stríðsrekstri við Persaflóa nú þegar og hefja raunhæfar samningaviðræður milli hinna stríðandi þjóða. Íslendingum ber að vinna að því að svo verði á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og því hlutverki verða stjórnvöld að sinna tafarlaust.

Nd. 653. Frumvarp til laga [373. mál]

um breyting á lögum um fæðingarorlof, nr. 57 31. mars 1987.

Flm.: Kristín Einarsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson,
Málmfríður Sigurðardóttir, Sigrún Helgadóttir.

1. gr.

Fyrri málsgrein 7. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að segja barnshafandi konu upp starfi eða flytja hana til í því nema gildar ástæður séu fyrir hendi. Einnig er óheimilt að segja foreldri í fæðingarorlofi upp starfi eða flytja það til í því að orlofinu loknu nema gildar ástæður séu fyrir hendi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lenging fæðingarorlofs úr þremur mánuðum í sex var mikilvægt skref í þá átt að koma til móts við breyttar þjóðfélagsaðstæður hér á landi og tryggja velferð barna og foreldra þeirra á tímabilinu eftir fæðingu barns.

Nauðsynlegt er að skipan fæðingarorlofsmála sé þannig að tekið sé mið af móður- og fjölskylduhlutverki kvenna sem og þátttöku þeirra í atvinnulífi. Samkvæmt lögum um fæðingarorlof er ekki heimilt að segja barnshafandi konu eða foreldrum í fæðingarorlofi upp starfi nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Í 6. gr. laganna er kveðið á um að skylt sé, þar sem því verður við komið, að færa barnshafandi konu til í starfi ef það er þess eðlis að heilsu hennar eða fósturs er af því hætta búin. Hins vegar er ekki skýrt kveðið á um það í lögunum að foreldrar geti gengið að sínum störfum að fæðingarorlofi loknu.

Frumvarp þetta er flutt til að tryggja með óyggjandi hætti að foreldrar hafi rétt til að hverfa að sínu starfi að loknu fæðingarorlofi, en á því hefur verið nokkur misbrestur. Komið hefur fyrir að konum hefur verið ætlað að taka að sér önnur störf en þær voru ráðnar til upphaflega. Þess eru dæmi að konur hafa hafnað slíkum tilflutningi og í kjölfar þess verið sagt upp eða að þær hafa kosið að segja upp fremur en að þurfa að sætta sig við að vera fluttar til í starfi.

Réttur til að segja upp starfsmanni er mjög rúmur hér á landi. Hins vegar hefur atvinnurekandi mjög takmarkaðar heimildir til þess að flytja starfsmann til nema nýja starfið megi teljast sambærilegt.

Verði þetta frumvarp að lögum verður skýrt að bannað er að færa foreldri til í starfi án samþykkis þess þegar fæðingarorlofi er lokið. Þetta ákvæði breytir þó ekki meginreglu íslensks vinnuréttar um uppsagnir starfsfólks.

Sþ. 654. Nefndarálit [23. mál]

um till. til þál. um læknisþjónustu á landsbyggðinni.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna á nokkrum fundum og fengið um hana umsagnir frá eftirtöldum: Borgarlækni, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, héraðslækni Vesturlands, sveitarstjóra Þingeyrarhrepps, Læknafélagi Íslands, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, héraðslækni Norðurlandshéraðs eystra, héraðslækni Austurlands, Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Læknafélagi Austurlands, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, landlækni, héraðslækni Reykjaneshéraðs, Fjórðungssambandi Norðlendinga og sveitarstjóra Búðahrepps. Þá fékk nefndin á sinn fund Pál Sigurðsson, ráðuneytisstjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Ólaf Ólafsson landlækni og Matthías Halldórsson aðstoðarlandlækni.

Frá því tillagan var lögð fram hefur verið gripið til ýmissa aðgerða af hálfu stjórnvalda til að bæta úr brýnasta vanda varðandi læknishéruð sem erfitt hefur verið að manna.

Á fjárlögum fyrir árið 1991 er 19 millj. kr. framlag til að leysa vanda lítilla heilsugæslustöðva og á fjáraukalögum fyrir 1990 var 5 millj. kr. framlag í sama tilgangi. Þessu fjármagni hefur í aðalatriðum verið varið með eftirfarandi hætti:

a. Ríkið hefur keypt eða átt hlut að kaupum á torfærubifreiðum til fimm heilsugæslustöðva.

b. Sex heilsugæslustöðvum hefur verið heimilað að gera svokallaða staðarsamninga til að bæta starfskjör heilbrigðisstarfsfólks eftir nánari ákvörðun stjórnar viðkomandi heilsugæslustöðvar í samráði við starfsfólk á stöðinni og heilbrigðisráðuneytið. Á árinu 1991 eru til ráðstöfunar 15 millj. kr. í þessu skyni.

Viðræður fóru fram á árinu milli fulltrúa Læknafélags Íslands og heilbrigðisráðuneytis um málefni H1-stöðva, m.a. um breytt starfskjör lækna á þessum stöðvum.

Af hálfu talsmanna heilbrigðisráðuneytis og landlæknis komu fram í viðræðum í nefndinni ýmsar hugmyndir um aðgerðir til að bæta heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Einnig komu umsagnaraðilar um tillöguna fram með margar gagnlegar ábendingar sem nefndin hefur komið á framfæri við heilbrigðisráðuneytið.

Með vísan til þess sem að framan greinir leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 15. febr. 1991.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir, fundaskr.	Sólveig Pétursdóttir.
Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Guttormur Einarsson.	Kristinn Pétursson.
	Alexander Stefánsson.	

Nd. 655. Nefndarálit [227. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um málefni aldraðra, nr. 82/1989.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Lagabreyting sú, sem lögð er til með þessu frumvarpi, leggur auknar skyldur á Framkvæmdasjóð aldraðra án þess að fé sé veitt til sjóðsins sem dugar til að hann geti sinnt þeim skyldum. Sjóðurinn hefur árum saman verið skertur við afgreiðslu lánsfjárlaga og af þeim sökum hefur hann ekki getað annað því sem honum er ætlað. Nú þegar ákveðið er að skerða ekki framlög til sjóðsins, heldur auka þau, er bætt á hann verkefnum sem eru það viðamikil að ekki sér fyrir endann á hvernig það dæmi lítur út þegar það verður gert upp. Þó má telja fullvíst að fé til nýframkvæmda muni skerðast, jafnvel verulega, með þeirri skipan mála sem felst í þessu frumvarpi. Því getur 1. minni hl. ekki stutt frumvarpið nema framlög til sjóðsins verði aukin verulega til að mæta þeim nýju verkefnum sem sjóðnum er ætlað að sinna og mun sitja hjá við afgreiðslu þess.

Alþingi, 15. febr. 1991.

Anna Ólafsdóttir Björnsson,
fundaskr.

Sþ. 656. Svar [17. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Danfríðar Skarphéðinsdóttur um kennara og leiðbeinendur í grunn- og framhaldsskólum.

1. *Hvert er hlutfallið milli grunnskólakennara og leiðbeinenda í fræðsluumdæmum landsins miðað við fullt stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar?*

Svar:

	Fjöldi	Stöðugildi	
Reykjavík.			
Grunnskólakennarar	912	790,25	97,24%
Leiðbeinendur	34	22,45	2,76%
Reykjanesumdæmi.			
Grunnskólakennarar	668	579,89	88,04%
Leiðbeinendur	100	78,77	11,96%
Vesturlandsumdæmi.			
Grunnskólakennarar	187	163,05	77,11%
Leiðbeinendur	73	48,39	22,89%
Vestfjarðaumdæmi.			
Grunnskólakennarar	80	70,24	52,18%
Leiðbeinendur	83	64,38	47,82%
Norðurlandsumdæmi vestra.			
Grunnskólakennarar	114	93,06	60,80%
Leiðbeinendur	86	59,97	39,20%

Norðurlandsumdæmi eystra.			
Grunnskólakennarar	305	228,39	73,14%
Leiðbeinendur	136	84,88	26,86%
Austurlandsumdæmi.			
Grunnskólakennarar	152	126,25	67,15%
Leiðbeinendur	73	61,78	32,85%
Suðurlandsumdæmi.			
Grunnskólakennarar	270	214,93	79,70%
Leiðbeinendur	96	54,76	20,30%
Landið allt.			
Grunnskólakennarar	2688	2266,47	82,66%
Leiðbeinendur	681	475,38	17,34%

Grunnskólakennarar og leiðbeinendur við héraðsskóla eru ekki taldir með í þessu yfirliti.

Stöðugildi eru fundin þannig að deilt er í samanlagðar kennslustundir með 29 sem er kennsluskylda grunnskólakennara og leiðbeinenda í fullu starfi.

2. *Hvert er hlutfallið milli framhaldsskólakennara og leiðbeinenda í fræðsluumdæmum landsins miðað við fullt stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar?*

Svar:

	Fjöldi	Stöðugildi	
Reykjavík.			
Framhaldsskólakennarar	430	512,21	70,06%
Leiðbeinendur	254	218,82	29,94%

Reykjanesumdæmi.			
Framhaldskólakennarar	105	122,19	64,06%
Leiðbeinendur	73	68,55	35,94%
Vesturlandsumdæmi.			
Framhaldsskólakennarar	22	26,14	51,50%
Leiðbeinendur	20	24,62	48,50%
Vestfjarðaumdæmi.			
Framhaldsskólakennarar	4	5,97	29,35%
Leiðbeinendur	19	14,37	70,65%
Norðurlandsumdæmi vestra.			
Framhaldsskólakennarar	7	8,95	36,57%
Leiðbeinendur	15	15,52	63,43%
Norðurlandsumdæmi eystra.			
Framhaldsskólakennarar	71	77,97	56,48%
Leiðbeinendur	66	60,06	43,52%
Austurlandsumdæmi.			
Framhaldsskólakennarar	10	7,92	26,48%
Leiðbeinendur	21	21,99	73,52%
Suðurlandsumdæmi.			
Framhaldsskólakennarar	54	60,66	56,53%
Leiðbeinendur	51	46,64	43,47%
Landið allt.			
Framhaldsskólakennarar	703	822;01	63,59%
Leiðbeinendur	519	470,57	36,41%

Athugasemdir:

Í töflu þessari eru tónlistarskólarnir ekki teknir með vegna sérstöðu þeirra innan skólakerfisins. Enn fremur er bændaskólum sleppt og skólum sem heyra undir heilbrigðisráðuneytið.

3. *Hve margir leiðbeinendur á hvoru skólastigi fyrir sig starfa við stundakennslu?*

Svar:

Samtals starfa 681 leiðbeinandi við grunnskóla landsins þar af eru nálægt 75 settir til eins árs en aðrir ráðnir af viðkomandi skólastjórum með heimild frá undanþágunefnd eða ráðherra. Af þessum 681 leiðbeinanda eru 156 í minna en 30% starfi.

Samtals starfa 519 leiðbeinendur við framhaldsskóla landsins og af þeim eru 127 í minna en 30% starfi.

4. *Hve hátt hlutfall af sérkennslu á grunnskólastigi er í höndum sérkennara, sundurliðað eftir fræðsluumdæmum?*

Svar:

Reykjavíkurumdæmi	35,68%
Reykjanesumdæmi	39,03%
Vesturlandsumdæmi	43,32%
Vestfjarðaumdæmi	8,97%
Norðurlandsumdæmi vestra	18,20%
Norðurlandsumdæmi eystra	31,50%
Austurlandssumdæmi	33,21%
Suðurlandsumdæmi	27,09%

5. *Er í einhverjum tilvikum um það að ræða að leiðbeinendur stundi sérkennslu? Ef svo er, hve hátt hlutfall sérkennslunnar í hverju fræðsluumdæmi hafa leiðbeinendur með höndum?*

Svar:

Reykjavíkurumdæmi	0,002%
Reykjanesumdæmi	6,42 %
Vesturlandsumdæmi	21,73 %
Vestfjarðaumdæmi	43,38 %
Norðurlandsumdæmi vestra	32,40 %
Norðurlandsumdæmi eystra	26,80 %
Austurlandskjördæmi	Enginn leiðb. í sérk.
Suðurlandsumdæmi	19,93 %.

Nd. 657. Breytingartillaga [338. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, með síðari breytingum.

Frá Geir H. Haarde.

Síðasti málsliður 13. gr. orðist svo: Fjöldi meðmælenda skal vera tuttuguföld þingsætatala kjördæmisins að lágmarki.

Sþ. 658. Skýrsla [374. mál]

um 6. fund Vestnorræna þingmannaráðsins árið 1990.

Frá Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins.

Árlegur fundur Vestnorræna þingmannaráðsins var á síðasta ári haldinn í Þórshöfn í Færeyjum 3.–5. september. Fundinn sóttu alls sextán þingmenn frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi. Karin Kjölbro, þingmaður í Færeyjum, tók við formennsku í ráðinu til eins árs af Árna Gunnarssyni. Af Íslands hálfu sátu fundinn Árni Gunnarsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Hreggviður Jónsson, Málmfríður Sigurðardóttir og Ásgeir Hannes Eiríksson.

Þetta er í annað sinn sem ráðið heldur fund sinn í Færeyjum og var þess minnst í setningarræðu fráfarandi formanns að einmitt í Færeyjum hefði hugmyndin að vestnorrænu þingmannaráði fæðst hjá Erlendi Paturssyni. Ráðið var formlega stofnað í Nuuk á Grænlandi árið 1985 og hefur haldið fundi árlega síðan.

Aðalefni fundarins að þessu sinni var: Hvar stöndum við; hvert ætlum við? Fram kom talsverð óánægja með hversu seint og illa samþykktir ráðsins næðu fram að ganga. Ræðumenn voru þó allir sammála um nauðsyn þess að halda störfum ráðsins áfram, en einhverjar ráðstafanir þyrfti að gera til að þau yrðu markvissari og farið væri að samþykktum ráðsins. Fram kom tillaga um að bjóða ráðherrum setu á fundum ráðsins sem áheyrnarfulltrúum í því skyni að þeir yrðu betur upplýstir um það sem þar færi fram, en sú tillaga var ekki samþykkt. Hins vegar var samþykkt að formenn landsnefnda ásamt riturum hittust einu sinni milli aðalfunda og yrði samstarfsráðherrum boðið til þeirra funda. Enn hefur þó ekki verið ákveðið hvar eða hvenær fundur verður haldinn.

Í almennu umræðunum bar umhverfisvernd einna hæst og þá sérstaklega nauðsyn þess að halda hafinu umhverfis okkur hreinu og ómenguðu. Löndunum þremur bæri að keppa að því að vinna ötullega að ræktun og verndun náttúru á landsvæðum sínum. Þá varð einnig talsverð umræða um þær breytingar sem nú eiga sér stað á meginlandi Evrópu og hvernig Færeyjar, Grænland og Ísland geti best unnið að sameiginlegum hagsmunamálum sínum, sér í lagi eftir 1992.

Árni Gunnarsson setti þingið og sagði í ræðu sinni að nú væri unnið að því að hrinda samþykktum ráðsins í framkvæmd af ráðherrum landanna og sagði að Vestnorræna þingmannaráðið væri orðið stofnun sem hefði mikla möguleika á að hafa áhrif á gang mála, en það tæki tíma. Hann nefndi að samþykkt ráðsins frá 1988, sem ítrekuð var á fundin-

um í Stykkishólmi 1989, um að löndin þrjú komi sameiginlega á fót skrifstofu er samræmi það starf sem þegar er verið að vinna að við mælingar á mengun á vestnorrænum hafsvæðum, hefði vakið mikla athygli og m.a. hefði sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi kynnt tillöguna í heimalandi sínu og íslenski utanríkisráðherrann hefði lagt fram tillögu innan NATO-ráðsins um afvopnun á höfunum. Sagði hann alvarlegar umræður í gangi og vonaðist til að sjá mætti árangur þeirra innan fárra mánaða.

Málmfríður Sigurðardóttir lagði í ræðu sinni út af orðum skáldsins „föðurland vort hálft er hafið“ og minnti á að íbúar vestnorrænu landanna gerðu sér betur grein fyrir því en flestir aðrir hversu lífsnauðsynlegt það væri að halda náttúru landsins hreinni. Verndun hafsins væri stórmál fyrir þessar þjóðir og vísaði hún til samþykkta ráðsins frá 1988 og 1989 þar sem skorað er á landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands að þær geri allt sem í þeirra valdi stendur til að beita stórveldin þrýstingi í því skyni að flýta afvopnun á Norður-Atlantshafi. Þá mælti Málmfríður fyrir tillögu sem Íslandsdeild flutti þar sem ráðið fer þess á leit við ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands að þær hafi frumkvæði að samningu námsefnis um samfélagsaðstæður, menningu og lífsskilyrði í Færeyjum, á Grænlandi og Íslandi til notkunar í skólum landanna í því skyni að auka upplýsingar og gagnkvæma kynningu þeirra þjóða sem byggja þessi lönd.

Birgir Ísl. Gunnarsson sagði í ræðu sinni að allra mikilvægasta verkefni Vestnorræna þingmannaráðsins væri hvernig löndin, hvert í sínu lagi og þau saman, gætu varðveitt dýrmæt fiskimið sín. Nefndi hann í þessu sambandi fjögur atriði sem ráðið ætti að ræða sérstaklega: 1) verndun fiskstofna, 2) nýtingu þessara náttúruauðlinda, 3) mengunarvarnir og 4) hvernig löndin gætu sameiginlega mætt þeim miklu breytingum sem nú eiga sér stað í Evrópu. Hann minnti á baráttu Íslendinga og Færeyinga fyrir nýtingu hvalastofna og Grænlendinga fyrir nýtingu sels og sagði þessar þrjár þjóðir hafa sýnt að þær væru ábyrgar og ættu sjálfar að ákveða hvernig þær nýttu auðlindir sínar innan ramma alþjóðlegra laga. Birgir sagði einnig æ mikilvægara að vera á verði gegn mengun hafsins. Nefndi hann sérstaklega í því sambandi kjarnorkuendurvinnslustöðina í Dounreay í Skotlandi og sagði nauðsynlegt að stjórnvöld gerðu allt sem í þeirra valdi stæði til að vinna gegn fyrirhuguðum áætlunum um flutning kjarnorkuúrgangs þangað.

Hreggviður Jónsson sagði að efnahagsleg samvinna landanna þriggja þyrfti að aukast. Í því sambandi þyrfti t.d. að fækka takmörkunum á tollum og minnti á tillögu sem liggur fyrir Alþingi um landanir færeyskra og grænlenskra fiskiskipa á Íslandi. Sagði hann að fiskiðnaður væri stærsta og mikilvægasta málefnið sem löndin þrjú ættu að vinna að. Hvatti hann þjóðirnar til að vinna sameiginlega að markaðsmálum fyrir fiskafurðir sínar og það sama gilti raunar um landbúnaðarafurðir. Sagði hann að ráðið ætti að leggja höfuðáherslu á aukna samvinnu á sviði sjávarútvegs og nýtingar auðlinda hafsins, sér í lagi með tilliti til þess sem nú væri að gerast í Evrópu. Hreggviður talaði einnig um nauðsyn þess að auka samvinnu á sviði ferðamála og kvaðst fylgjandi meira samstarfi á sviði íþróttamála. Vildi hann að athugað yrði hvort ekki væri möguleiki á stofnun sjóðs til styrktar íþróttamálum sem m.a. veitti fé til ferðalaga ungmenna milli landanna.

Vestnorræna þingmannaráðið samþykkti á fundi sínum þrjár tillögur forsætisnefndarinnar, þ.e. 1) að skrifstofa Norðurlandaráðs í Reykjavík yrði skrifstofa Vestnorræna þingmannaráðsins, 2) að hvert ár yrðu haldnir aukafundir í forsætisnefndinni með þátttöku samstarfsráðherranna og 3) að formenn sendinefndanna beri ábyrgð á að árlegum ályktunum sé komið á framfæri.

Þá var lögð fram til umræðu tillaga um að kallað verði til vestnorrænnar ráðstefnu til þess að fjalla um fiskvinnslu og samvinnu á sviði útflutnings. Í máli framsögumanns nefndarinnar, sem flutti tillöguna, kom fram að hugmyndin á bak við flutning hennar væri að sjávarútvegsráðherrar landanna ræddu málið á fundum sínum og tækju afstöðu til hvort af þess háttar ráðstefnu gæti orðið.

Loks ber að nefna að stefnt er að því að árið 1992 verði sérstakt vestnorrænt ár samkvæmt tillögu sem samþykkt var á fundi Vestnorræna þingmannaráðsins í Stykkishólmi 1989. Ráðgert er að halda þrjár ráðstefnur, eina í hverju landi, um umhverfismál á Grænlandi, æskulýðsmál í Færeyjum og jafnréttismál á Íslandi.

Ályktanir 6. fundar Vestnorræna þingmannaráðsins og yfirlýsingar verða fluttar í formi þingsályktunartillögu á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 15. febr. 1991.

Árni Gunnarsson. Málmfríður Sigurðardóttir. Hreggviður Jónsson.
Margrét Frímannsdóttir. Alexander Stefánsson.

Nd. 659. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um flutning Lyfjatæknaskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands til menntamálaráðuneytisins.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið og fengið til viðræðna Bryndísi Víglundsdóttur, skólastjóra Þroskaþjálfaskólans, Margréti Ríkharðsdóttur, formann Félags þroskaþjálfa, Sigrúnu Valdimarsdóttur, skólastjóra Lyfjatæknaskólans, Einar Magnússon, formann skólastjórnar Lyfjatæknaskólans, Önnu Sveinsdóttur, formann Lyfjatæknafélags Íslands, og Elínu Þrúði Theódórsdóttur, varaformann félagsins. Umsagnir bárust frá Lyfjatæknafélagi Íslands, en auk þess var stuðst við umsagnir sem nefndinni bárust á 112. þingi, en þá var málið ekki afgreitt.

Nefndin telur að einungis sé tímabært að flytja Þroskaþjálfaskóla Íslands til menntamálaráðuneytisins, en skoða þurfi nánar hvernig verði staðið að flutningi Lyfjatæknaskólans og Ljósmæðraskólans. Nefndin telur ekki ástæðu til að breyta á þessu stigi lagaákvæðum um Sjúkraliðaskólann. Einnig þarf að breyta 6. gr. frumvarpsins og heiti þess.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Geir H. Haarde var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. febr. 1991.

Guðmundur G. Þórarinsson, varaform., frsm. Anna Ólafsdóttir Björnsson, fundaskr. Helga Hannesdóttir.
Ragnhildur Helgadóttir. Geir Gunnarsson. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Nd. 660. Breytingartillögur [152. mál]

við frv. til l. um flutning Lyfjatæknaskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands til menntamálaráðuneytisins.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. 1., 2., 4. og 5. gr. og seinni málsliður 6. gr. falli brott.
2. Fyrirsögn frv. orðist svo: Frv. til l. um breyting á l. um Þroskaþjálfaskóla Íslands, nr. 40/1985.

Nd. 661. Nefndarálit [227. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um málefni aldraðra, nr. 82/1989.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá efri deild.

Alþingi, 14. febr. 1991.

Guðmundur G. Þórarinsson, varaform., frsm. Helga Hannesdóttir. Geir Gunnarsson.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Nd. 662. Frumvarp til laga [375. mál]

um breyting á lögum um ábyrgðadeild fiskeldislána, nr. 17 3. apríl 1990.

Flm.: Matthías Bjarnason, Friðrik Sophusson, Ólafur Þ. Þórðarson, Sighvatur Björgvinsson, Málmfríður Sigurðardóttir, Stefán Valgeirsson, Eggert Haukdal, Helga Hannesdóttir, Matthías Á. Mathiesen.

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Hlutverk ábyrgðadeildar fiskeldislána er að veita innlendum fiskeldisfyrirtækjum bústofnslán. Heimilt er auk þess að veita bústofnslán til hafbeitarfyrirtækja. Stjórnarnefnd deildarinnar mótar sérstakar reglur um bústofn og veitingu bústofnslána sem birtar eru í reglugerð, sbr. 7. gr.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Hvert fiskeldisfyrirtæki getur fengið bústofnslán fyrir allt að 75% af meðalverðmæti

þess bústofns sem nauðsynlegur er á hverjum tíma til að fullnýta eigin framleiðslugetu.

Bústofnslán skulu vera til allt að 12 ára. Vextir bústofnslána skulu vera þeir sömu og af fjárfestingarlánum sem Byggðastofnun veitir. Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, nr. 18 4 nóv. 1887, með síðari breytingum, skal tryggja bústofnslán með sjálfsvörsluveði í eldisstofni til jafnlengdar láninu og skal lánið tryggt með 1. eða 2. veðrétti.

Andvirði bústofnslána gengur til uppgreiðslu á afurðalánum banka og á afurðalánum sem tryggð eru með sjálfskuldarábyrgð ábyrgðadeildarinnar.

Fyrstu tvö ár lánstímans eru hvorki greiddar afborganir né vextir af bústofnslánum en lánin endurgreiðast síðan á allt að tíu árum.

3. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Skilyrði fyrir veitingu bústofnslána er að viðkomandi fiskeldisfyrirtæki fái samningsbundin afurðalán umfram bústofnslán frá banka eða öðrum lánastofnunum.

4. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra skal skipa fimm menn í stjórnarnefnd, einn samkvæmt tilnefningu viðskiptaráðherra, einn samkvæmt tilnefningu landbúnaðarráðherra og þrjá án tilnefningar og skal formaður skipaður úr þeirra hópi. Jafnframt skulu skipaðir fimm varamenn með sama hætti. Stjórnarnefndin fjallar um allar umsóknir um bústofnslán samkvæmt lögum þessum og afgreiðir þær á grundvelli ítarlegs mats á stöðu og rekstraröryggi viðkomandi fyrirtækis.

5. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra ákveður að fengnum tillögum stjórnarnefndar lántökugjöld sem greidd skulu fyrir veitingu bústofnslána. Lántökugjöldin skulu ekki vera hærri en sem nemur 1,5% af höfuðstóli hvers láns.

6. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um starfsreglur stjórnarnefndar, bústofn og veitingu bústofnslána samkvæmt tillögum stjórnarnefndar, sbr. 2. gr., meðferð og innheimtu krafna og bústofnslán til hafbeitarfyrirtækja.

7. gr.

2. og 3. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna falla brott.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frumvarp er flutt til þess að vekja athygli á og bæta úr þeim gífurlegu vandamálum sem fiskeldisfyrirtæki eiga við að stríða. Stjórnvöld hafa ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart fiskeldisfyrirtækjum og flutningsmenn frumvarpsins sjá enga

aðra leið færa en að flytja þetta frumvarp til þess að knýja á um að þau standi við gefin fyrirheit. Á fundi ríkisstjórnarinnar 9. júní 1989 var samþykkt að láta fara fram þegar í stað athugun á því að veita öllum starfandi fiskeldisstöðvum bústofnskaupalán. Ekkert hefur enn gerst í þessu máli og nú er atvinnugreinin að komast í þrot. Mikilvægt er að einhver fiskeldisfyrirtæki lifi af þessa erfiðu tíma til þess að halda verkkunnáttu við fiskeldi í landinu þótt ljóst sé að ekki er rekstrargrundvöllur hjá öllum fyrirtækjunum.

Miklar vonir voru bundnar við það, þegar ábyrgðadeild fiskeldislána loks komst á laggirnar 1. júlí 1990, að mörg vandamál fiskeldisfyrirtækja varðandi rekstrarfjáröflun mundu leysast. Raunin varð önnur því starfsemi ábyrgðadeildarinnar er ekkert nema vonbrigði. Starfsemi deildarinnar er ekkert nema viðbótarfjármagnskostnaður, ábyrgðagjaldið er um 7% og nægir eitt sér til þess að sliga fyrirtækin endanlega. Fiskeldisfyrirtæki búa við svo dýrt afurðalánakerfi að útilokað er að reka fyrirtækin, jafnvel þó rekstur þeirra gangi áfallalaust. Fyrirtækin greiða afurðalánavexti sem eru breytilegir eftir því í hvaða mynt lánin eru tekin. SDR-afurðalánin bera 10,5% vexti, lán í íslenskum krónum 12,25%, í dollurum 9,5% og í sterlingspundum 15,25% vexti. Til að komast í afurðalán þurfa fyrirtækin að tryggja fiskinn og er iðgjaldið 5–7% á ári. Iðgjald er reiknað af meðalverðmæti fisks á árinu samkvæmt eldisáætlun. Almenna reglan er sú að sjálfsáhætta er 25%. Þannig fá fyrirtækin ekkert greitt ef einstakt tjón er undir 25% af heildarverðmætum í viðkomandi fiskeldisstöð. Ef mörg smátjón verða fæst ekkert greitt nema samanlögð upphæð tjóna nemi hærri upphæð en 50% af áætluðu hæsta verðmæti fisks í stöðinni. Auk framangreindra afarkosta eru ýmis ákvæði í tryggingaskilmálum sem gera tryggingafélögunum mögulegt að neita greiðslu bóta eins og þegar liggur fyrir í veigamiklum atriðum.

Bankar veita lán til fiskeldisfyrirtækja sem geta numið 30–37,5% af verðmæti fisksins samkvæmt verðmætaskrá tryggingafélaganna. Lán bankanna eru tryggð með 1. veðrétti í fiskinum. Hins vegar neita bankarnir sumum fiskeldisfyrirtækjum alfarið um rekstrarlán.

Rétt er að gera sér nokkra grein fyrir hve mikinn kostnað fyrirtækin bera vegna vaxta af afurðalánum, tryggingaiðgjöldum og ábyrgðagjöldum. Það er gert ráð fyrir að það taki um 44 mánuði að ala lax frá hrognastigi í þriggja kílóa þyngd. Auk þess er reiknað með að bankinn láni 32,5% af tryggingamati og ríkisábyrgð sé 37,5% og tryggingargjald sé 6%. Eftir að búið er að slægja fiskinn vegur hann 2,7 kg. Skilaverðið að frádregnum flutnings-, pökkunar- og sláturkostnaði er í dag um 260 kr. á kg. Kostnaður vegna vaxta, tryggingar- og ábyrgðagjalda er 54 kr. á kg eða 21% af skilaverði, þ.e. söluverði fisksins. Trygging og ábyrgðagjald er um helmingur af þessum kostnaði. Lögin um ábyrgðasjóð fiskeldislána eru með öllu gagnslaus og betra að nema þau úr gildi en að hafa þau eins og þau eru núna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að breyta hlutverki ábyrgðadeildar fiskeldislána. Er þetta gert að fenginni reynslu. Starfsemi deildarinnar er einungis viðbótar fjármagnskostnaður því ábyrgðagjaldið er 7%. Í stað þess að veita ábyrgðir ofan á hefðbundin afurðalán skal deildin veita bústofnslán. Stjórnarnefnd er falið að skilgreina bústofn og gæti hann miðast við lífþunga smáfisks sem þarf að vera til staðar í stöð hverju sinni. Smáfiskur gæti miðast við lax undir 1 kg að þyngd eða sambærilegt þroskastig annarra fisktegunda.

Um 2. gr.

Lagt er til að bústofnslán geti numið allt að 75% að meðalverðmæti bústofns yfir árið. Í fyrirtækjum með blandaðan rekstur er árssveiflan í verðmæti bústofns lítil, áætluð um 10%. Í einhæfum rekstri, svo sem seiðaeldi, er árssveiflan stærri, eða allt að 50%. Þess vegna þykir eðlilegt að miða við meðalverðmæti ársins þannig að tryggja megi nægilega fjármögnun í gegnum bústofnslánakerfið.

Í greininni er kveðið á um hvernig bústofnslán skuli veitt og á hvaða kjörum. Bústofnslán gætu miðast við tvöfalt meðalskilaverð, kr. á kg (fob.), undangengis árs, en Hagstofan birtir upplýsingar um meðalskilaverð í skýrslum sínum.

Bústofnslán skulu notuð til að greiða upp þau afurðalán sem bankastofnanir hafa veitt og einnig þau afurðalán sem ábyrgðadeild fiskeldislána hefur veitt sjálfskuldarábyrgð fyrir.

Afborgun af bústofnslánum hefst ekki fyrr en tveimur árum eftir að lánið er fengið. Er við það miðað að fiskeldisfyrirtæki sé tvö ár að koma sér upp lífstofni og ekki sé um neinar afborganir að ræða á þeim tíma.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á um að fyrirtæki skuli vera í viðskiptum við banka vegna afurðalána til þess að fá bústofnslán. Þetta er gert til þess að tryggja að hægt sé að greiða upp núverandi afurðalán, en kostnaður vegna þeirra er að sliga öll fyrirtæki. Þetta er einnig gert að skilyrði til þess að tryggja eðlilega rekstrarlánafyrirgreiðslu til fyrirtækja eftir að fjármögnun gegnum bústofnslán lýkur. Ekki er gerð krafa til þess að eldisstofn sé vátryggður.

Um 4. gr.

Ekki er gerð breyting á skipan stjórnarnefndar ábyrgðadeildarinnar frá því sem nú er og eru breytingar á greininni tilkomnar vegna nýs hlutverks deildarinnar.

Um 5. gr.

Ábyrgðagjald sem fiskeldisfyrirtæki hafa þurft að greiða er 7%. Lagt er til að lántökugjald bústofnslána verði aldrei hærra en 1,5% af höfuðstól sem er sambærilegt gjald og aðrar atvinnugreinar greiða fyrir sín lán.

Um 6. gr.

Greininni er breytt í samræmi við þær breytingar sem verða á hlutverki ábyrgðadeildarinnar.

Um 7. gr.

Í lögunum um ábyrgðadeild fiskeldislána er mælt svo fyrir að lögin falli úr gildi í árslok 1999. Lagt er til að „sólarlagsákvæðið“ falli brott.

Um 8. gr.

Lagt er til að lög þessi öðlist þegar gildi.

Sþ. 663. Tillaga til þingsályktunar [376. mál]

um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1990.

Flm.: Árni Gunnarsson, Alexander Stefánsson, Margrét Frímannsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Hreggviður Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hrinda í framkvæmd eftirfarandi ályktunum Vestnorræna þingmannaráðsins sem samþykktar voru á fundi ráðsins í Þórshöfn í Færeyjum 4. september 1990:

1. að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands kanni hvort grundvöllur er fyrir sameiginlegum samningaviðræðum um útflutning á fiskafurðum til landa Evrópubandalagsins,
2. að landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands vinni að því að komið verði á árlegum, skipulegum kennara- og nemendaskiptum á milli grunn- og framhaldsskóla í öllum aðildarlöndunum,
3. að ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands hafi frumkvæði að samningu námsefnis um samfélagsaðstæður, menningu og lífsskilyrði í Færeyjum og á Grænlandi og Íslandi; námsefnið verði samið til notkunar í skólum landanna í því skyni að auka upplýsingar og gagnkvæma kynningu þeirra þjóða sem byggja þessi lönd,
4. að vestnorrænu löndin meti möguleika á samningum sín á milli um gjaldalausar landanir svo að fiskiskip geti óheft selt afla sinn í löndunum þremur,
5. að vestnorrænu löndin hefji þegar viðræður um hvernig unnt sé með sameiginlegum aðgerðum að takmarka selastofninn svo að aftur náist vistfræðilegt jafnvægi í sjónum,
6. að ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Grænlands og Færeyja hugleiði möguleika á samræmingu á reglum um æskulýðsferðir á Vestur-Norðurlöndum, hugsanlega með „Nordrejsekortet“ að fyrirmynd, og kanni einnig möguleika á að samræma þessar reglur reglunum um „Nordrejsekortet“; vísað er til ályktana nr. 2/86 og 3/87,
7. að ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Grænlands og Færeyja hefji viðræður um að fjarskiptahljóðvarp og sjónvarpsnet landanna verði bætt svo að allir búi við sömu aðstæður í fjarskiptum.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt til að koma á framfæri við Alþingi þeim tillögum sem samþykktar voru á fundi Vestnorræna þingmannaráðsins í Þórshöfn 4. september 1990. Jafnframt fylgja með tillögunni sem fylgiskjöl þrjár yfirlýsingar ráðsins frá sama fundi.

Fylgiskjal I.

Yfirlýsing.

(1/1990.)

Umhverfisnefndin leggur áherslu á á fundi sínum að haf, land og loft séu mjög lítið

menguð miðað við aðstæður á mörgum öðrum stöðum í heiminum. Nefndin leggur áherslu á að við, sem byggjum þessi þrjú lönd, verðum að standa vörð um þetta umhverfi, en í löndum okkar er náttúra mjög viðkvæm og henni má ekki spilla.

Við erum fulltrúar þriggja smáþjóða sem eru stöðugt ásakaðar og veist að fyrir lífsnauðsynlegar aðferðir við nýtingu á auðlindum hafsvæðanna. Við styðjum við og vinnum ötullega að ræktun og verndun náttúru á landsvæðum okkar, hvort sem það er verndun hafs, landa eða andrúmslofts.

Þessi þrjú svæði eru nú í hættu af völdum úrgangs iðnríkja.

Að mati nefndarinnar er og verður umhverfisvernd mikilvægt pólitískt mál. Ekki er þó að mati nefndarinnar ástæða til að álykta að nýju um málið, en nefndin vísar til fyrri ályktana sem enn eru í fullu gildi og hvetur eindregið landsstjórn Færeyja, ríkisstjórn Íslands og landsstjórn Grænlands til að taka þessar ályktanir alvarlega og nota þær sem grundvöll í samningum við aðrar þjóðir.

Nefndin, en í henni eiga sæti Málmfríður Sigurðardóttir, Kvennalista, Íslandi, Poul Michelsen, Fólkaflokkinum, og Niels Pauli Danielsen, Kristiliga þjóðarflokkinum, Færeyjum, og Preben Lange, Siumut, Grænlandi, leggur hér með fram yfirlýsingu þessa.

Þórshöfn, 4. september 1990.

Fylgiskjal II.

Yfirlýsing.
(2/1990.)

Vestnorræna þingmannaráðið fer þess enn einu sinni á leit við landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands að þær stofni vestnorrænan menningarsjóð. Vísað er til meðfylgjandi skrár um ályktanir menningarnefndarinnar frá árunum 1985–1989. Tekjur sjóðsins skulu vera fé sem veitt er árlega á fjárlögum landanna þriggja, auk fjárveitinga frá einkaaðilum.

Fé sjóðsins skal nota til að styrkja sameiginlega menningarviðburði, ferðir listamanna á milli landanna, styrkja ferðir íþróttafólks, auk styrkja til listamanna. Sérstaka áherslu verður að leggja á að styrkja barna- og unglingabókmenntir, m.a. einnig með því að veita árlega bókmenntaverðlaun á þessu sviði.

Landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands skulu setja sjóðnum stofnskrá að höfðu samráði við samtök listamanna í löndunum þremur.

Forsenda alls þessa er að fjárveiting verði tryggð fyrir upphaf næsta fjárhagsárs.

Þórshöfn, 4. september 1990.

Fylgiskjal III.

Yfirlýsing.
(3/1990.)

Vestnorræna þingmannaráðið hvetur öll vestnorræn lönd til að styðja það sjónarmið að leyfilegt skuli vera að nýta skynsamlega allar auðlindir hafsins, þar með talin sjávarspendýr. Einnig ættu Norðurlönd að styðja vísindarannsóknir sem mynda grundvöll að skynsamlegri nýtingu auðlindanna.

Vestnorrænu löndin ættu að vinna saman á þessu sviði og vera í þessu efni fyrirmynd annarra landa.

Greinargerð.

Þrátt fyrir tilraunir, sem gerðar hafa verið á fundum norrænu sjávarútvegsráðherranna, til að koma á samvinnu milli Norðurlandaþjóðanna fer hvert land sína leið þegar teknar eru ákvarðanir um nýtingu sjávarspendýra. Ísland, Grænland, Færeyjar og Noregur hafa komið á samvinnu á þessu sviði á þremur fundum nefndarinnar og hafa sett á fót vinnunefnd um vísindarannsóknir á sjávarspendýrunum og mikilvægi þeirra fyrir sjávarfang.

Nd. 664. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til l. um listamannalaun.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Kvennalistinn styður heils hugar að átak sé gert í launamálum listamanna og fagnar framkomnu frumvarpi um listamannalaun.

Frumvarpið gerir ráð fyrir þremur sérgreindum sjóðum listamanna, rithöfunda, myndlistarmanna og tónskálda. Í fjórða sjóðinn, Listasjóð, eiga allir listamenn að geta sótt og sá sjóður á einnig að veita framlög til listamanna sem notið hafa listamannalauna undanfarin ár og náð 60 ára aldri.

Umsagnir um frumvarpið eru flestar mjög jákvæðar nema leikhúslistafólk vill ekki una því að þeim er ekki ætlaður sérgreindur launasjóður. Í breytingartillögu meiri hl. er gert ráð fyrir að a.m.k. helmingur starfslauna úr Listasjóði skuli veittur leikhúslistafólki. Sýnist eðlilegt að stíga skrefið til fulls og stofna sérstakan launasjóð leikhúslistafólks.

Í Félagi íslenskra leikara eru hátt á þriðja hundrað manns, leikarar, söngvarar, dansarar og leikmynda- og búningahönnuðir. Aðeins um fjórðungur þessa fólks er fastráðinn við leiklistarstofnanir og aðeins tveir af 68 í Félagi leikstjóra. Atvinnu- og öryggisleysi er síst minna innan þessa hóps listamanna en þeirra sem frumvarpið ætlar sérgreinda launasjóði, en margt það fólk vinnur t.d. við kennslu í listaskólum.

Flestir eru sammála um að menningin, og þá ekki síst tungumálið, geri Íslendinga að þjóð. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ritlistarmenn fái sem svarar 360 mánaðarlaunum en listamenn hins talaða orðs eiga samkvæmt frumvarpinu og breytingartillögum meiri hl. nefndarinnar að sætta sig við að skipta 240 mánaðarlaunum Listasjóðs með öllum öðrum listamönnum. Breytingartillaga Kvennalistans gerir ráð fyrir að helmingur Listasjóðs, 120 mánaðarlaun, verði notaður til að stofna launasjóð leikhúslistafólks. Breytingartil-

lagan gerir því ekki ráð fyrir meiri fjárútlátum en tillaga meiri hl. heldur miðar að því að mæta þeirri ósk leikhúslistafólks að listgrein þeirra sé ekki sett skör lægra en aðrar listgreinar sem fá sína sérgreindu sjóði.

Fyrsti minni hl. styður breytingartillögur meiri hl. við 2., 6., 7., 8., 9. og 13. gr. frumvarpsins en gerir eftirfarandi breytingartillögur við frumvarpið.

1. Við 3. gr. Lagt er til að launasjóður leikhúslistafólks bætist við þá fjóra sjóði sem tilgreindir eru í greininni þannig að sérgreindir sjóðir verði fjórir og nái til allra stærstu listgreinanna.

2. Ný grein, sem verður 10. gr., er samhljóða 7.–9. gr. frumvarpsins með breytingartillögum meiri hl. Þar er kveðið á um stærð og úthlutunarnefnd launasjóðs leikhúslistafólks. Félag íslenskra leikara, Félag leikstjóra á Íslandi og Leiklistarsamband Íslands tilnefna hvert sinn fulltrúa sem menntamálaráðherra skipar í úthlutunarnefnd sjóðsins.

3. Við 10. gr. sem verður 11. gr. Lagt er til að Listasjóður lækki og fari niður í 120 mánaðarlaun vegna þess að hluta hans hefur verið breytt í launasjóð leikhúslistafólks.

4. Við 13. gr. sem verður 14. gr. Breytingartillagan er samhljóða breytingartillögu meiri hl. nema Leiklistarsambandi Íslands er bætt við þá aðila sem menntamálaráðherra skal hafa samráð við þegar settar verða reglur um framkvæmd laganna.

Alþingi, 18. febr. 1991.

Sigrún Helgadóttir.

Nd. 665. Breytingartillögur [139. mál]

við frv. til l. um listamannalaun.

Frá minni hl. menntamálanefndar (SigH).

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Almenn listamannalaun skulu veitt úr fjórum sjóðum:
   a. Launasjóði rithöfunda,
   b. Launasjóði myndlistarmanna,
   c. Tónskáldasjóði,
   d. Launasjóði leikhúslistafólks,
   e. Listasjóði.
   Fjórir hinna fyrstnefndu sjóða eru sérgreindir sjóðir en Listasjóður er almennur sjóður í þágu allra listgreina. Allir sjóðirnir veita starfslaun, svo og náms- og ferðastyrki.
2. Á eftir 9. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Launasjóður leikhúslistafólks veitir árlega starfslaun sem svara til 120 mánaðarlauna og bætast við sex mánaðarlaun á ári næstu fimm ár. Þriggja manna nefnd, sem menntamálaráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Félags íslenskra leikara, Félags leikstjóra á Íslandi og Leiklistarsambands Íslands, úthlutar fé úr launasjóði leikhúslistafólks. Ákvörðun úthlutunarnefndar er endanleg og verður ekki áfrýjað.
3. Við 10. gr. sem verður 11. gr. Greinin orðist svo:

Listasjóður veitir starfslaun og styrki er svara til 120 mánaðarlauna og bætast við sex mánaðarlaun á ári næstu fimm ár. Listasjóður veitir einnig sérstök framlög til listamanna, m.a. til þeirra sem notið hafa listamannalauna undanfarin ár og náð hafa 60 ára aldri.

4. Við 13. gr. sem verður 14. gr. Greinin orðist svo:
   Menntamálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara að höfðu samráði við Rithöfundasamband Íslands, Samband íslenskra myndlistarmanna, Tónskáldafélag Íslands og Leiklistarsamband Íslands.

Sþ. 666. Þingsályktun [70. mál]

um kynningu á vörum frá vernduðum vinnustöðum.

(Afgreidd frá Sþ. 18. febr.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita samvinnu við Samband verndaðra vinnustaða um átak til kynningar og þróunar á framleiðslu verndaðra vinnustaða og að veitt verði fé og önnur aðstoð í þessu skyni.

Sþ. 667. Fyrirspurn [377. mál]

til viðskiptaráðherra um lækkun raunvaxta.

Frá Eggert Haukdal.

1. Hvers vegna hefur Seðlabankinn ekki framfylgt lagaákvæðum um að raunvextir séu svipaðir og í helstu viðskiptalöndum okkar?
2. Hvernig hyggst bankinn tryggja að raunvextir verði lækkaðir?
3. Þegar verðtrygging var tekin upp var talað um 2% raunvexti sem eðlilega vexti. Hverjir eru þeir í dag?

Sþ. 668. Tillaga til þingsályktunar [378. mál]

um auknar varnir gegn vímuefnum.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Árni Gunnarsson, Karl Steinar Guðnason, Eiður Guðnason, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Karvel Pálmason, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér þegar í stað fyrir auknum samræmdum aðgerðum til að draga úr notkun vímuefna. Aðgerðirnar skulu m.a. hafa það að markmiði,

— að sami aðili fari með rannsókn fíkniefnamála á öllu landinu og heyri beint undir dómsmálaráðuneytið,
— að námsefni um vímuefnavarnir verði hluti skyldunáms í grunnskólum,
— að komið verði á fót forvarnasjóði er tryggi að samræmi sé milli þeirra verkefna sem verið er að vinna að,
— að gera með reglulegum hætti úttekt á fíkniefnavandanum með söfnun gagna og upplýsinga svo að auðveldara sé að gera sér grein fyrir umfangi vandans,
— að tryggja samræmi að því er varðar sérfræðilega aðhlynningu og umönnun fíkniefnaneytenda.

Greinargerð.

Þegar kynnt var skýrslan „Ungir fíkniefnaneytendur, hvaðan koma þeir og hvert fara þeir?“ kom sú staðreynd illa við landsmenn að allt að 500 unglingar, 13 til 19 ára, væru djúpt sokknir í fíkniefnaneyslu og að ástand hefði versnað mjög hin síðari ár. Áhugahópur sá, sem skýrsluna vann og landlæknir hafði forustu fyrir, benti á ýmsar leiðir til úrbóta. Má þar nefna aðstoð við heimili og fjölskyldur, stuðning við skólann og að nemendum verði auðveldað að hljóta starfsréttindi, eflingu rannsókna, kennslu í uppeldisfræðum, breytta skipan vímuvarnamála, sérstakan forvarnasjóð, stuðning við forvarnir og meðferð og að undirrita samning Sameinuðu þjóðanna gegn verslun með fíkniefni.

Hér er á ferðinni mikill og bráður vandi og rík ástæða til að taka undir þessi sjónarmið.

Framboð á fíkniefnum hér á landi er mismunandi mikið en afar mikilivægt er að halda því í skefjum. Það hefur margoft komið í ljós að þegar það tekst fækkar neytendum fíkniefna og færri nýir ungir neytendur bætast í hópinn. Því hefur verið haldið fram að mjög hafi þrengt að löggæslunni fjárhagslega undanfarin ár og að þurft hafi að setja verkefni í forgangsröð í fíkniefnarannsóknum, sem og annarri starfsemi lögreglunnar. Eftir að fíkniefnaviðskipti hafa orðið skipulagðari hin síðari ár hafa virkar aðhaldsaðgerðir lög- og tollgæslu haft mikil áhrif. Hér er lagt til að löggæsla í fíkniefnamálum heyri beint undir dómsmálaráðuneytið, að hún hafi sjálfstæðan fjárhag og fari með rannsókn fíkniefnamála á landinu öllu. Þannig fái hún sömu stöðu og tollgæslan. Samkvæmt reglugerð nr. 165, sem dómsmálaráðherra setti í apríl 1990, er hvert lögregluembætti ábyrgt fyrir málum á sínu svæði, en embætti lögreglustjórans í Reykjavík er gert að sinna beiðni um aðstoð frá öðrum embættum. Fjármagn til að framfylgja reglugerðinni hefur hins vegar verið af skornum skammti.

Varðandi fræðslu í skólum er hverjum skólastjóra í sjálfsvald sett hvort það námsefni, sem er á boðstólum, er notað. Í aðalnámsskrá grunnskóla 1989 er í fyrsta sinn fjallað um vímuefnavarnir og fá kennaranemar nokkurra klukkustunda umfjöllun um þær. Einnig er boðið upp á 25 stunda námskeið kennara, sbr. endurmenntunarnámskeið, til að kenna sérstakt námsefni sem heitir „Að ná tökum á tilverunni“ (Lions quest-verkefni) og er það samstarfsverkefni Lions-hreyfingarinnar og menntamálaráðuneytisins. Lions-hreyfingin hefur lagt í mikinn kostnað við að þýða og staðfæra þetta verkefni sem er bandarískt að uppruna. Norðurlöndin munu öll vera að taka þetta verkefni inn í skólana sem námsefni og eru Svíar lengst komnir með það. Samstarfsverkefni nokkurra áhugahópa er að ná bæði til skóla þannig að þeir taki upp kennslu og til foreldra um að vímuvarnir hefjist heima. Margir óskyldir aðilar eru að fást við þessi mál, mismunandi námsefni

er í boði og þar með er kröftunum dreift. Hér er gerð tillaga um að námsefni um vímuefnavarnir verði hluti af skyldunámi í grunnskólum.

Í þeirri þingsályktun, sem hér er sett fram, er gerð tillaga um að koma á fót sérstökum forvarnasjóði þar sem samræming verkefna fari fram. Mikil ástæða er til að virkja það afl til forvarnastarfsemi sem felst í starfi frjálsra félaga. Hins vegar er ljóst að margir eru að vinna að sömu eða áþekkum verkefnum án þess að samráð eða samstarf eigi sér stað. Hugmyndin er að þeir sem að hinum ýmsu forvarnamálum vinna og sækja eftir stuðningi stjórnvalda sæki um fjárframlag til þessa sjóðs og er þá hægt að taka afstöðu til gildis verkefna eða jafnvel leggja til samvinnu á ákveðnum sviðum.

Með reglulegri úttekt á stöðu fíkniefnamála, sem falin væri ákveðnum aðila, t.d. félagsvísindastofnun, á að vera unnt að fá yfirsýn yfir umfang vandamálsins á hverjum tíma og mæta því með viðhlítandi aðgerðum.

Meðferð fíkniefnaneytenda fer nú fram bæði á vegum ríkisins og frjálsra félagasamtaka og er því mikil ástæða til að samræma aðgerðir.

Við fyrirspurn á Alþingi kom fram í svari dómsmálaráðherra að það væri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að staðfesta samning Sameinuðu þjóðanna um fíkniefni og skynvilluefni sem 26 ríki eru orðin aðilar að, en það sé lagatæknilega flókið vegna lagabreytinga og nýmæla. Í aðild að samningnum felst skuldbinding um lagasetningu og aðrar framkvæmdir sem allar miða að auknum vörnum.

Fylgiskjal.

ÁVANA- OG FÍKNIEFNADEILD LÖGREGLUNNAR Í REYKJAVÍK.

YFIRLIT FYRIR ÁRIÐ 1988.

FJÖLDI GRUNAÐRA	473
VITNI	31
KARLAR	419
KONUR	85
ÁÐUR AFSKIPTI	333
FYRSTA SKIPTI	171
YFIRHEYRSLUR	791

ALDUR	
15 ÁRA	4
16 ÁRA	10
17 ÁRA	17
18-21 ÁRS	80
22-25 ÁRA	150
26-29 ÁRA	96
30-33 ÁRA	60
34-37 ÁRA	40
YFIR 37 ÁRA	43

ATVINNA	
ATVINNULAUS	178
VERKAMAÐUR	120
SJÓMAÐUR	60
IÐNAÐARMAÐUR	28
VERSLUNARMAÐUR	21
OPINBER STARFSMAÐUR	13
EIGIN REKSTUR	29
NEMI	19
HÚSMÓÐIR	9
ANNAÐ	25

NEYSLA	388
DREIFING	80
INNFLUTN.	53
SPRAUTUNOTKUN	30

HALDLAGÐAR BYSSUR	4
HALDLAGÐIR HNÍFAR	28
HALDLAGÐIR BOGAR	1
HALDLÖGÐ SKOT	665
HALDLAGÐAR PÍPUR	260

RÖNTGENRANNSÓKN SKV. ÚRSKURÐI	2
RÖNTGENRANNSÓKN ÁN ÚRSKURÐAR	12
GÆSLUVARÐHALDSDAGAR ALLS	319
ERLENDIR RÍKISBORGARAR KÆRÐIR	9

MÁLAFJÖLDI	221
HALDLAGT EFNI	147
EKKERT HALDLAGT	74
HALDLAGT VIÐ INNFLUTNING	35
KOMIÐ Í DREIFINGU	115

Á KÆRÐA VIÐ HANDTÖKU	166
Í HÚSNÆÐI KÆRÐA	86
HÚSRANNSÓKN SKV. ÚRSKURÐI	78
HÚSRANNSÓKN ÁN ÚRSKURÐAR	100
FLUGFARÞEGAR	42
VÖRUSENDING	4
MEÐ FISKISKIPI	3
MEÐ KAUPSKIPI	2
TOLLPÓSTSTOFA	5
INNVORTIS	6

SAKADOMUR Í ÁVANA OG FÍKNIEFNAMÁLUM.

	1986	1987	1988
dómsafgreiðslur:	261	330	317
húsleitarúrskurðir:	65	120	73
gæsluvarðhaldsurskurðir:	16	30	20
upptökuúrskurðir:	20	26	24

LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK
Hverfisgötu 115 - Sími 699000

ÁVANA- OG FÍKNIEFNADEILD LOGREGLUNNAR Í REYKJAVÍK

YFIRLIT YFIR ÁRIÐ 1990

Fjöldi grunaðra.....418
Vitni.....13
Karlar.....358
Konur.....61
Áður afskipti.....282
Fyrsta skipti.....137
Yfirheyrslur.....631

ALDUR

15 ára.....2
16 ára.....5
17 ára.....24
18-21 árs.....108
22-25 ára.....96
26-29.....71
30-33.....50
34-37.....38
Yfir 38 ára.....25

ATVINNA

Atvinnulaus.....168
Verkamaður.....116
Sjómaður.....35
Iðnaðarmaður.....18
Verslunarmaður.....26
Opinber starfsmaður...6
Eigin rekstur.....13
Nemi.....24
Húsmóðir.....7
Annað.....5

Neysla.....344
Dreifing.....53
Innflutningur...47
Sprautunotkun...19

Haldlagðar byssur....13
Haldlagðir hnífur....29
Haldlögð skot.....985
Haldlagt fé.(þús)...492

Röntgenrannsóknir án úrskurðar.....22
Gæsluvarðhaldsdagar.....81
Fjöldi aðila í gæsluvarðhaldi.....13
Erlendir ríkisborgarar.....11

LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK
Hverfisgötu 115 - Sími 699000

Málafjöldi.....225
Haldlögð efni.....163
Ekkert haldlagt.....62
Haldlagt við innflutning.....27
Komið í dreifingu.....134

Á kærða við handtöku.....191
Í húsnæði kærða.....69
Húsrannsókn skv. úrskurði.....59
Húsrannsókn á úrskurðar.....65
Flugfarþegar.....31

Með fiskiskipi.....1
Vörusendingar.....0
Á tollpóststofu.....8
Flutt innvortis.....6

Haldlögð fíkniefni 1990

Hass.....6759,5 gr
Marijuana.....73,8 gr
Hassolía.....0 gr
Kannabisfræ.....43 gr
Kannabisplöntur.....15 stk
Amfetamín.....199,7 gr
Kókaín.....205,7 gr
L.S.D.....58 skammtar
Heróin.....0 gr

LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK
Hverfisgötu 115 - Sími 699000

FORVARNADEILD

FIKNIEFNAMÁL

ALDUR	1987	1988	1989	1990
15 ára	2	4	2	2
16 ára	8	10	8	5
17 ára	2	17	17	24
18-21	84	80	79	108
22-25	117	150	100	96
26-29	85	96	88	71
30-33	91	60	79	50
34-37	32	40	24	38
Yfir 37	26	43	42	25

STAÐA	1987	1988	1989	1990
Atvinnul.	145	178	159	168
Verkam.	106	120	126	116
Sjómaður	68	60	19	35
Iðnaðarm.	26	28	26	18
Verslunarm.	27	21	25	26
Opinb.st.	15	13	10	6
Eigin rekstur	16	29	25	13
Nemi	26	19	29	24
Húsmóðir	13	9	7	7
Annað	8	25	13	5

SKIPTING	1987	1988	1989	1990
Fjöldi mála	228	221	205	225
Haldlagt efni	167	147	146	163
Ekkert haldlagt	61	74	56	62
Innfl.	31	35	29	27
Dreifing	138	115	121	134




LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK
Hverfisgötu 115 - Sími 699000

FÓLK	1987	1988	1989	1990
Fjöldi grunaðra	447	473	439	418
Vitni	17	31	47	13
Karlar	166	419	348	358
Konur	81	85	91	61
Yfirheyrslur	790	791	733	631
Varðhaldsdagar	392	319	361	81
Áður afskipti	323	333	242	282
Fyrsta skipti	124	171	197	137
Útlendir	6	9	8	11

AÐILD	1987	1988	1989	1990
Neysla	366	318	306	344
Dreifing	85	80	71	53
Innflutn.	39	53	30	47
Sprautun	35	30	19	19

Haldlögð fíkniefni	1987	1988	1989	1990
Á fólki	132	166	153	191
Í húsi kærða	70	86	73	69
Húsr. m/úrsk.	83	78	53	59
Húsr. án úrsk.	88	100	88	65
Flugfarþegar	15	42	45	31
Vörusending	7	4	3	1
Fiskiskip	4	3	1	0
Kaupskip	0	2	0	0
Tollpóstur	12	5	7	8
Innvortis	1	6	2	6


Haldlögð fíkniefni 1990
7000
6000
5000
4000
3000
2000
1000
0
MAGN
6759,5
73,8
43
15
199,3
205,7
58
0
0
HASS
MARI-
JUANA
KANNA-
BISFRA
KANNA-
BIS-
PLÖNTUR
AMFETA-
MÍN
KÓKAÍN
L.S.D.
HASS-
OLÍA
HERÓIN
FÍKNIEFNI

Sþ. 669. Nefndarálit [88. mál]

um till. til þál. um heimilisiðnaðarráðgjafa.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna. Á þessu stigi telur nefndin vera fullviðamikið að stofna embætti heimilisiðnaðarráðgjafa. Var ákveðið að breyta efni tillögunnar þannig að gerð yrði könnun á því hvernig mætti efla heimilisiðnað í landinu, að tilhlutan forsætisráðherra í samráði við fræðsluyfirvöld, samtök listamanna og Heimilisiðnaðarfélag Íslands.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Matthías Á. Mathiesen og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. febr. 1991.

Árni Gunnarsson, form., frsm. Jón Kristjánsson. Geir H. Haarde.

Geir Gunnarsson. Hreggviður Jónsson.

Sþ. 670. Breytingartillögur [88. mál]

við till. til þál. um heimilisiðnaðarráðgjafa.

Frá atvinnumálanefnd.

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að kanna, í samráði við fræðsluyfirvöld, samtök listamanna og Heimilisiðnaðarfélag Íslands, hvernig efla megi heimilisiðnað hér á landi. Helstu markmið verði eftirfarandi:
   a. Að kanna stöðu heimilisiðnaðar og minjagripagerðar á landsbyggðinni.
   b. Að leita uppi gamlan fróðleik um gerð ýmissa þjóðlegra muna með það að markmiði að þjóðleg handíð varðveitist og þróist áfram.
   c. Að kanna hvernig veita megi faglega ráðgjöf með því að efna til námskeiða þar sem kunnáttufólk leiðbeini um rétt vinnubrögð og handtök við gamla heimilisiðnaðinn og mikilvægi þess að nota hráefni sem er sérstakt fyrir Ísland.
   d. Að leggja sérstaka áherslu á vinnslu íslensku ullarinnar, t.d. með því að standa fyrir tóvinnunámskeiðum.
   e. Að sækja aðstoð til hönnuða og hugmyndasmiða í leit að nýsköpun í heimilisiðnaði.
   f. Að aðstoða fólk við fjármögnun og markaðssetningu.
   g. Að hafa samstarf við atvinnumálaráðgjafa þar sem þeir eru starfandi.
2. Fyrirsögn till. orðist svo: Till. til þál. um eflingu heimilisiðnaðar.

Ed. 671. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund um málið Hrafnhildi Stefánsdóttur frá VSÍ, Sigmund Stefánsson frá BHM, Birgi Björn Sigurjónsson og Pál Halldórsson frá BHMR, Hansínu Stefánsdóttur frá ASÍ og Margréti Ríkharðsdóttur frá BSRB.

Meiri hl. mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Helstu breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Við 13. og 16. gr. Breytingarnar við þessar greinar eru til þess að undirstrika að þær aðgerðir, sem Jafnréttisráð og jafnréttisnefndir hafa frumkvæði að til þess að bæta stöðu kvenna, hljóti að vera sérstakar tímabundnar aðgerðir.
2. Við 14. gr. Lagt er til að í stað þess að sagt sé í greininni að félagsmálaráðherra fari með jafnréttismál kvenna og karla fari hann með framkvæmd laganna. Þykir það heppilegra orðalag.
3. Við 18. gr. Nefndin telur rétt að heimild til að skipa jafnréttisráðgjafa sé bundin við einn slíkan ráðgjafa.
4. Við 19. gr. Gerð er breyting á skipan kærunefndar jafnréttismála og jafnframt er nefndarmönnum er fjölgað úr þremur í fimm. Sem áður er gert ráð fyrir að Hæstiréttur skipi formann nefndarinnar. Í stað fulltrúa Kvenréttindafélags Íslands telur nefndin rétt að komi fulltrúi skipaður af félagsmálaráðherra og skipar félagsmálaráðherra þá tvo nefndarmanna. Þá telur nefndin eðlilegt að fulltrúar stærstu heildarsamtaka launþega og atvinnurekenda, þ.e. ASÍ og VSÍ, eigi aðild að nefndinni. Jafnframt er kveðið á um að þegar kæruefni varðar aðra aðila vinnumarkaðarins en sæti eiga í nefndinni skuli leitað umsagnar þeirra samtaka sem hlutaðeigandi eiga aðild að.
5. Við 22. gr. Í greininni er kveðið á um skaðabótaskyldur þeirra er brjóta gegn lögunum. Nefndin leggur til að í stað orðsins „gáleysi“ komi „vanrækslu“ sem telja verður eðlilegra orðalag.

Alþingi, 14. febr. 1991.

Margrét Frímannsdóttir, form., frsm.	Guðmundur H. Garðarsson, fundaskr.	Karl Steinar Guðnason.
Salome Þorkelsdóttir.	Jón Helgason.	Jóhann Einvarðsson.

Ed. 672. Breytingartillögur [69. mál]

við frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar (MF, GHG, KSG, SalÞ, JHelg, JE).

1. Við 13. gr. Á eftir orðinu „frumkvæði að“ í 2. málsl. bætist: sérstökum tímabundnum.

2. Við 14. gr. Í stað orðanna „jafnréttismál kvenna og karla“ í lok greinarinnar komi: framkvæmd laga þessara.
3. Við 16. gr. Á eftir orðinu „frumkvæði að“ í 2. tölul. bætist: sérstökum tímabundnum.
4. Við 18. gr. Greinin orðist svo:
   Félagsmálaráðherra er heimilt að ráða jafnréttisráðgjafa. Hann skal vinna í samvinnu við Jafnréttisráð að leiðréttingu á stöðu kvenna, m.a. í stofnunum og fyrirtækjum um land allt í samvinnu við starfsmenn og stjórnendur.
5. Við 19. gr. Fyrsta málsgrein orðist svo:
   Félagsmálaráðherra skipar kærunefnd jafnréttismála til þriggja ára í senn. Hæstiréttur tilnefnir formann nefndarinnar, sem skal vera lögfræðingur, félagsmálaráðherra skipar tvo án tilnefningar og Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands tilnefna einn nefndarmann hvor. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Þegar kæruefni varðar aðra aðila vinnumarkaðar en sæti eiga í nefndinni skal leitað umsagnar þeirra samtaka sem hlutaðeigandi eiga aðild að.
6. Við 22. gr. Í stað orðsins „gáleysi“ í fyrri málslið komi: vanrækslu.

Nd. 673. Frumvarp til laga [379. mál]

um breytingu á lögum nr. 59/1987, um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Sólveig Pétursdóttir, Geir H. Haarde, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún Helgadóttir, Ingi Björn Albertsson, Jón Sæmundur Sigurjónsson.

1. gr.

Við 2. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Það skerðir ekki rétt foreldris til greiðslu fæðingarstyrks frá Tryggingastofnun ríkisins skv. 1. mgr. þessarar greinar þótt samið sé við launagreiðanda um greiðslu mismunar á fullum launum og fæðingarstyrk að hluta til eða að fullu.

2. gr.

Við a-lið 2. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þeir sem ekki njóta slíks réttar geta samt sem áður samið við launagreiðendur um greiðslu mismunar á fullum launum og fæðingardagpeningum, að hluta til eða að fullu, án þess að skerða rétt sinn til greiðslu fæðingardagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði þeirra taka til þeirra foreldra sem eru í fæðingarorlofi 1. febrúar 1991 eða síðar og fá greiðslur skv. 16. og 26. gr. almannatryggingalaga, sbr. lög nr. 59/1987.

Greinargerð.

Hinn 21. desember 1990 féll í bæjarþingi Reykjavíkur dómur í máli konu gegn Tryggingastofnun ríkisins. Konan höfðaði málið til þess að fá greitt fæðingarorlof (fæðingar-

styrk og fæðingardagpeninga) frá stofnuninni. Dómurinn féllst á kröfur konunnar í einu og öllu. Samkvæmt dómnum er því ljóst að framkvæmd þessara mála ætti að vera á þann veg sem mælt er fyrir um í þessu frumvarpi. Tryggingastofnun hefur hins vegar ekki enn séð ástæðu til þess að breyta framkvæmd fæðingarorlofslaganna þannig að konur, sem eins er ástatt fyrir og stefnanda málsins, fá ekki fæðingarorlofsgreiðslur frá stofnuninni ef þær fá einhverjar viðbótargreiðslur frá vinnuveitanda.

Hér er því um brýnt mál að ræða fyrir íslenskar konur þótt dómur sé fallinn þeim í vil í undirrétti. Flutningsmenn þessa frumvarps á síðasta þingi (allir nema Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir sem nú er utan þings vegna veikinda) telja því eðlilegt að endurflytja það til þess að knýja sem fyrst fram nýja framkvæmd þessara laga.

Svohljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu í fyrra:

Lög nr. 59/1987 tóku gildi 1. janúar 1988 og fjalla um tilhögun fæðingarorlofsgreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins. 1. gr. laga nr. 59/1987, sem nú er 16. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, kveður á um greiðslu fæðingarstyrks til allra mæðra hvort sem þær eru heimavinnandi eða við störf á almennum vinnumarkaði. Þó segir í 2. mgr. 1. gr.:

„Ákvæði greinar þessarar taka ekki til félagsmanna í samtökum opinberra starfsmanna, bankamanna eða annarra stéttarfélaga, er njóta óskertra launa í fæðingarorlofi samkvæmt kjarasamningum, þann tíma er óskert laun eru greidd."

2. gr. laga nr. 59/1987, sem nú er 26. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, kveður á um greiðslu fæðingardagpeninga til foreldra í fæðingarorlofi sem verið hafa á vinnumarkaði. A-liður 2. gr. hljóðar svo:

„Foreldrar í fæðingarorlofi, sem lögheimili eiga á Íslandi, eiga rétt á greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt grein þessari, enda leggi þeir niður launuð störf þann tíma. Þeir sem eiga rétt samkvæmt kjarasamningum til óskertra launa í fæðingarorlofi eiga þó ekki rétt til greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt ákvæði þessu."

Þegar foreldri hefur töku fæðingarorlofs greiðir Tryggingastofnun fæðingarstyrk ásamt fæðingardagpeningum, það síðarnefnda í samræmi við ákveðinn vinnustundafjölda. Þeir sem eiga rétt samkvæmt kjarasamningum til óskertra launa í fæðingarorlofi, sbr. t.d. opinberir starfsmenn, eiga þó ekki rétt á þessum greiðslum frá Tryggingastofnun. Upphæð fæðingarstyrks er ákveðin fjárhæð og hækkar með sama hætti og aðrar bætur lífeyristrygginga. Fæðingardagpeningar eru tvöfaldir sjúkradagpeningar einstaklings eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma. Þessar greiðslur nema nú samtals um það bil 50 þús. kr. á mánuði, en þá er um hámarksgreiðslu að ræða. Full laun foreldris á hinum almenna vinnumarkaði geta því numið mun hærri fjárhæð. Í slíkum tilvikum er ekki óeðlilegt að einstaklingur semji við launagreiðanda um greiðslu mismunar á fullum launum og greiðslum frá Tryggingastofnun, enda hluti af því samningsfrelsi er hér ríkir lögum samkvæmt.

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar hefur hins vegar synjað öllum fæðingarorlofsgreiðslum ef viðkomandi umsækjandi hefur hlotið einhverjar viðbótargreiðslur frá atvinnurekanda. Stofnunin virðist byggja álit sitt á túlkun ákvæða 2. mgr. 1. gr. og a-lið 2. gr. laga nr. 59/1987 um „óskert laun" og „að leggja niður launuð störf", í samræmi við túlkun tryggingaráðs á eldri fæðingarorlofslögum og álit lögfræðinga hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Enn fremur að ætti að breyta þessari túlkun hefði þurft að taka það skýrt fram í fæðingarorlofslögunum og athugasemdum með frumvarpinu þar sem hér sé um mjög mikilvæga breytingu að ræða.

Það virðist vafasamt að telja aldur lagatúlkunar alfarið mælikvarða á réttmæti henn-

ar í tilfellum sem þessum. Engin bókun tryggingaráðs þar til nú nýverið var til um þetta efni og ekkert skriflegt til að styðjast við, hvorki frá tryggingaráði né ráðuneytinu. Enginn stafur er heldur til um það hvað teljast „óskert laun“, en laun þurfa að vera óskert til að útiloka greiðslur frá Tryggingastofnun. Það hefur enn fremur komið í ljós samkvæmt upplýsingum nefndarmanna er sömdu fæðingarorlofsfrumvörpin á sínum tíma að menn voru sammála um að hlutagreiðslur frá vinnuveitanda, til að launþegi héldi óskertum launum, gætu á engan hátt útilokað bótarétt eða greiðslur frá Tryggingastofnun. Þessi skilningur var enn fremur staðfestur í umræðum á Alþingi 9. nóv. sl. með ummælum Ragnhildar Helgadóttur, en hún var í ráðherratíð sinni flutningsmaður þeirra frumvarpa sem áður er getið. Auk þess hefur það fordæmi skapast að Tryggingastofnun greiðir bankamönnum athugasemdalaust fæðingarorlof þrátt fyrir viðbótargreiðslur frá atvinnurekanda.

Samt sem áður hefur Tryggingastofnun haldið þessari lagatúlkun til streitu og nýlega, eða 26. jan. sl., hafnaði meiri hluti tryggingaráðs umsókn um fæðingarorlofsgreiðslur þar sem móðir hafði fengið greiddan mismun á fullum launum og fæðingarorlofsgreiðslum, m.a. á þeirri forsendu að ný túlkun laganna yrði ekki síður vafamál en núgildandi túlkun. Slík afgreiðsla, þar sem einum er gert að hlíta slíkri túlkun en öðrum ekki, hlýtur að skapa verulega réttaróvissu og mismunun gagnvart foreldrum.

Jafnframt má benda á að iðgjöld lífeyristrygginga eru greidd af atvinnurekendum; þeir greiða 2% af reiknuðum launum til lífeyristrygginga og kaupa sér þar með tryggingu. Einnig hlýtur það að teljast óeðlilegt að Tryggingastofnun eða tryggingaráð séu að hafa afskipti af því hvað um er samið á almennum vinnumarkaði.

Réttur til fæðingarorlofs er slík grundvallarmannréttindi að ekki verður unað við neina réttaróvissu í þeim efnum. Til þess að taka af allan vafa um réttmæti umræddrar lagatúlkunar er lagabreyting samkvæmt frumvarpi þessu lögð hér til. Lagaákvæði munu þannig taka af öll tvímæli í þessum efnum.

Ef frumvarp þetta verður samþykkt þykir rétt og sanngjarnt að gera ráð fyrir því að þeir foreldrar, sem eru í sex mánaða fæðingarorlofi þegar frumvarpið er lagt fram, njóti þess réttar sem það mælir fyrir um.“

Nd. 674. Nefndarálit [227. mál]

um frv. til l. um málefni aldraðra, nr. 82/1989.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Annar minni hl. nefndarinnar er andvígur breytingunni sem felst í frumvarpinu því að hún felur í sér, ef samþykkt verður, verulega skerðingu á byggingarfé Framkvæmdasjóðs aldraðra. Þau nýju verkefni, sem samkvæmt frumvarpinu er bætt á sjóðinn, voru áður greidd með framlögum á fjárlögum fyrst og fremst. Með því að fella þessi verkefni á sjóðinn án þess að auka framlög til hans að sama skapi hlýtur þeim mun minna fé að verða til ráðstöfunar til byggingar húsnæðis fyrir aldraða. Kemur því í einn stað niður hvort fé sjóðsins er skert með þessum hætti eða hefðbundnum hætti í fjárlögum eða lánsfjárlögum.

Á þeim tímum, sem þörf á slíku húsnæði fer vaxandi og hundruð aldraðra bíða hjúkrunarrýma, teljum við frumvarp eins og þetta til óþurftar.

Alþingi, 18. febr. 1991.

Ragnhildur Helgadóttir, frsm.

Geir H. Haarde.

Sþ. 675. Svar [250. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Hreggviðs Jónssonar um sérstakan eignarskatt.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig skiptist álagður sérstakur eignarskattur árið 1990 samkvæmt ákvæðum laga nr. 49/1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, milli einstakra kjördæma?*
2. *Hvernig skiptist álagning þeirra í hverju kjördæmi fyrir sig milli:*
   A. fyrirtækja,
   B. einstaklinga:
      a. hjóna,
      b. einhleypinga?
   Einnig er beðið um upplýsingar um fjölda í hverjum hópi fyrir sig.
3. *Hve há upphæð var innheimt árið 1990 og hve stór hluti hennar rann til byggingar Þjóðarbókhlöðunnar?*

Til svars við fyrirspurninni hafa verið teknar saman eftirfarandi upplýsingar:

1.	Sérstakur eignarskattur 1990 Kr.
Reykjavík	214.079.737
Reykjanes	58.251.488
Vesturland	32.993.245
Vestfirðir	6.790.308
Norðurland vestra	7.067.201
Norðurland eystra	16.929.300
Austurland	5.434.694
Suðurland	17.880.980
Samtals	359.426.953

2.	Sérstakur eignarskattur 1990	
	Kr.	Fjöldi
Reykjavík		
A. Lögaðilar	134.904.981	2.642
B. Einstaklingar		
a. Hjón	56.269.756	8.037
b. Einhleypingar	22.905.000	2.709
Reykjanes		
A. Lögaðilar	15.109.669	465
B. Einstaklingar		
a. Hjón	34.121.329	5.720
b. Einhleypingar	9.020.490	965
Vesturland		
A. Lögaðilar	24.318.439	400
B. Einstaklingar		
a. Hjón	6.757.348	998
b. Einhleypingar	1.917.458	320
Vestfirðir		
A. Lögaðilar	5.170.565	238
B. Einstaklingar		
a. Hjón	1.233.248	294
b. Einhleypingar	386.495	100
Norðurland vestra		
A. Lögaðilar	3.837.816	173
B. Einstaklingar		
a. Hjón	2.420.799	425
b. Einhleypingar	808.586	146
Norðurland eystra		
A. Lögaðilar	11.611.083	363
B. Einstaklingar		
a. Hjón	3.766.279	915
b. Einhleypingar	1.551.938	283
Austurland		
A. Lögaðilar	3.106.751	202
B. Einstaklingar		
a. Hjón	1.432.293	318
b. Einhleypingar	895.650	166
Suðurland		
A. Lögaðilar	9.629.231	316
B. Einstaklingar		
a. Hjón	6.243.557	1.087
b. Einhleypingar	2.008.192	309

Það skal tekið fram að lögaðilar samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eru bæði félög sem stunda atvinnurekstur og dánarbú. Í framangreindri sundurliðun eru 191 dánarbú talin til lögaðila og nam álagning eignarskatts og sérstaks eignarskatts á þau 10.047.258 kr. í öllum skattumdæmum.

3	Innheimta sérstaks eignarskatts á árinu 1990
	Kr.
Einstaklingar	80.363.918
Lögaðilar	131.458.889
Samtals	211.822.807

Af þessari fjárhæð hafa alls 45.000.000 kr. runnið til byggingar Þjóðarbókhlöðunnar.

Sþ. 676. Fyrirspurn [380. mál]

til forsætisráðherra um afdrif skýrslu Byggðastofnunar um Vestfirði.

Frá Ólafi Kristjánssyni.

Hefur ríkisstjórnin afgreitt áætlun Byggðastofnunar, „Vestfirðir, byggðaáætlun“, sem gefin var út í júlí 1989? Ef svo er, hver eru framkvæmdaáform í landshlutanum og á hvaða stigi er undirbúningsvinna eða tillögugerð?

Nd. 677. Nefndarálit [338. mál]

um frv. til um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með tveimur breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Fyrri breytingin varðar þann fjölda kjósanda sem þarf til að lýsa stuðningi við framboð til þess að það sé löglegt. Lagt er til að hámarks- og lágmarkstölur séu nokkuð hækkaðar. Seinni breytingin varðar lok kjörfundar. Lagt er til að kjörfundi ljúki í síðasta lagi kl. 22, en frumvarpið miðar við kl. 21.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. febr. 1991.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Ólafur G. Einarsson, fundaskr., með fyrirvara.	Friðjón Þórðarson.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Guðni Ágústsson.	Ingi Björn Albertsson.

Nd. 678. Breytingartillögur [338. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 13. gr. Í stað orðanna „10 að lágmarki og 15 að hámarki“ í lok síðasta málsliðar komi: 20 að lágmarki og 30 að hámarki.
2. Við 29. gr. Í stað tölunnar „21“ komi: 22.

Nd. 679. Frumvarp til laga [381. mál]

um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum rafhlaðna og rafgeyma.

Flm.: Sigrún Helgadóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir.

1. gr.

Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins skulu í samráði við sveitarfélög skipuleggja söfnun notaðra rafhlaðna og rafgeyma til endurvinnslu og eyðingar. Jafnframt skulu þær annast kynningu og fræðslu fyrir almenning um skaðleg áhrif rafhlaðna og rafgeyma á umhverfið.

2. gr.

Til að kosta verkefni skv. 1. gr. skal leggja gjald, umhverfisgjald, á innfluttar rafhlöður og rafgeyma, sbr. tollskrárnúmer 8506 og 8507, sem innheimt skal við tollafgreiðslu og skal það nema 10% af tollverði þeirra, sbr. tollalög. Sama gjald skal lagt á rafhlöður og rafgeyma sem framleiddir eru hérlendis og skal það vera 10% af heildsöluverði.

Að svo miklu leyti sem ekki er kveðið á um í lögum þessum skulu ákvæði laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, eiga við um álagningu, innheimtu, viðurlög, kærur, eftirlit og aðra framkvæmd gjaldtöku skv. 1. mgr.

3. gr.

Umhverfisráðherra setur reglugerð um framkvæmd laganna.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á flestum heimilum landsins eru notaðar rafhlöður í útvarpstæki, klukkur, vasaljós, leikföng o.fl. Um nokkurt skeið hefur Hollustuvernd ríkisins hvatt fólk til að henda ekki rafhlöðum heldur koma þeim á móttökustaði. Sorphirða höfuðborgarsvæðisins pakkar síðan rafhlöðunum og sendir þær úr landi til að þeim sé eytt. Samt henda enn allt of margir ónýtum rafhlöðum í ruslið. Þá hafna þær á haugum eða eru brenndar í sorpbrennslu. Hætt er við að rafhlöður, sérstaklega þær smæstu, liggi oft á glámbekk þar sem börn ná til þeirra og þau geta jafnvel gleypt þær.

Í rafhlöðum eru eitraðir þungmálmar sem berast auðveldlega út í umhverfið og fæðukeðjuna. Berist t.d. kvikasilfur og kadmíum í fólk geta þessir málmar valdið miklum skaða, ekki síst fósturskaða, jafnvel þótt þeir séu í mjög litlu magni. Ástæða er til að ætla að flestir meðhöndli rafhlöður ógætilega af hugsunarleysi vegna þess að þeir vita ekki hve hættulegar þær eru né hvað hepplegast er að gera við þær. Mikil þörf er á að skipuleggja söfnun á notuðum rafhlöðum um allt land, stórauka fræðslu og áróður, bæði til barna og fullorðinna, um hættuna sem því fylgir og hvetja fólk til að skila rafhlöðum á móttökustaði. Eðlilegt er að þeir sem kaupa rafhlöður kosti þau útgjöld sem af þessu verða.

Hvað varðar rafgeyma þarf áróður um þá fyrst og fremst að ná til viðgerðarmanna bíla og véla. Allt of algengt er að sjá ónýta rafgeyma liggja í rusli við húsveggi og í skurðum. Í rafgeymum er m.a. blý, en blýmengun getur valdið heilaskaða.

Nd. 680. Frumvarp til laga [382. mál]

um breytingu á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með síðari breytingum.

Flm.: Sigrún Helgadóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir.

1. gr.

Við 4. mgr. 17. gr. laganna bætist nýr töluliður svohljóðandi:

3. Skipulagningu á söfnun notaðra rafhlaðna og rafgeyma til endurvinnslu og eyðingar samkvæmt lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum rafhlaðna og rafgeyma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á þskj. 679 er frumvarp til laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum

rafhlaðna og rafgeyma þar sem mengunarvörnum Hollustuverndar ríkisins er falin skipulagning á söfnun notaðra rafhlaðna og rafgeyma til endurvinnslu og eyðingar. Jafnframt er nauðsynlegt að gera þær breytingar á lögunum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit sem þetta frumvarp kveður á um. Að öðru leyti vísast til greinargerðar með frumvarpi á þskj. 679.

Nd. 681. Frumvarp til laga [152. mál]

um breyting á lögum um Þroskaþjálfaskóla Íslands, nr. 40/1985.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. febr.)

1. gr.

Í 2. gr. laga nr. 40/1985, um Þroskaþjálfaskóla Íslands, komi: menntamálaráðherra í stað „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1991.

Nd. 682. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til l. um listamannalaun.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk um það umsagnir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Leikfélagi Akureyrar, Arkitektafélagi Íslands, Sambandi íslenskra myndlistarmanna, Tónskáldafélagi Íslands, Félagi leikstjóra á Íslandi, Leiklistarsambandi Íslands, Bandalagi íslenskra leikfélaga, Félagi íslenskra rithöfunda, Rithöfundasambandi Íslands og Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Þá fékk nefndin á sinn fund til viðræðna um frumvarpið Brynju Benediktsdóttur, forseta Bandalags íslenskra listamanna, og Hjálmar H. Ragnarsson, varaforseta Bandalagsins.

Tilgangur þess að ríkið launi íslenska listamenn er sá að til verði í landinu listaverk gerð af metnaði og óvíst er að ella yrðu sköpuð á hinum almenna markaði framboðs og eftirspurnar. Markmið þessa frumvarps er því að skapa íslenskum listamönnum grundvöll til þess að geta helgað sig óskiptir listsköpun sinni án þess að þurfa um leið að afla tekna með öðrum tímafrekum störfum.

Aðstaða listamanna í fastlaunuðum störfum til að stunda list sína er mismunandi; nokkur hópur er fastráðinn við Þjóðleikhúsið, Borgarleikhúsið, Leikfélag Akureyrar og Sinfóníuhljómsveitina en allur þorri listamanna nýtur þess ekki.

Samkvæmt frumvarpinu munu þrír sérgreindir sjóðir veita rithöfundum, myndlistarmönnum og tónskáldum starfslaun, en þetta eru þeir hópar sem síst eiga þess kost að vinna að list sinni í fastlaunuðu starfi. Listasjóður er hins vegar almennur sjóður, sem fyrst og fremst mun nýtast öðrum listgreinum. Miðað við víðtækt verkefni listasjóðs fannst nefndinni óhjákvæmilegt að rýmka fjárhag þess sjóðs, en hann á einnig að veita

sérstök framlög til listamanna sem notið hafa listamannalauna undanfarin ár og náð hafa 60 ára aldri, sbr. 10. gr.

Meiri hl. nefndarinnar hefur orðið sammála um að flytja breytingartillögur við frumvarpið. Þær eru eftirfarandi:

1. Við 2. gr. Lagt er til að greinin falli brott, en hún fjallar um heiðurslaun listamanna sem Alþingi veitir. Ekki þykir ástæða til að hafa ákvæði um slíkt í þessu frumvarpi.
2. Við 4. gr. Telja verður eðlilegt að ákvæði séu um lengd skipunartíma stjórnar. Lagt er til að hann verði þrjú ár.
3. Við 6. gr. Heildarupphæð starfslauna er hækkuð um fimm árslaun.
4. Við 7.–9. gr. eru gerðar sams konar breytingar. Við hverja grein er bætt nýrri málsgrein þar sem kveðið er á um úthlutunarnefnd fyrir Launsjóð rithöfunda, Launasjóð myndlistarmanna og Tónskáldasjóð sem menntamálaráðherra skipar samkvæmt tillögum hlutaðeigandi samtaka.
5. Við 10. gr. Lagt er til að starfslaun og styrkir Listasjóðs hækki í heild úr 180 mánaðarlaunum í 240 mánaðarlaun. Jafnframt er fellt brott ákvæði um að sjóðurinn veiti einnig verkefnastyrki og náms- og ferðastyrki. Gert er ráð fyrir að a.m.k. helmingur starfslauna úr listasjóði sé veittur leikhúslistamönnum og er þá átt við alla þá sem semja, stjórna eða flytja leikhúsverk og vinna hvers konar önnur listræn störf við uppfærslu danssýninga, leik- og söngverka.
6. Til samræmis við breytingarnar, sem nefndar eru í 4. tölul. hér að framan, er gerð breyting á 13. gr., en sú grein gerir ráð fyrir að kveðið verði á um skipan úthlutunarnefnda í reglugerð sem ráðherra setji. Þau ákvæði eru felld brott.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með áðurgreindum breytingum og flytur um það tillögu á sérstöku þingskjali.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma.

Alþingi, 19. febr. 1991.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Sólveig Pétursdóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Árni Gunnarsson.
Guðmundur G. Þórarinsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Ragnhildur Helgadóttir, með fyrirvara.

Nd. 683. Breytingartillögur [139. mál]

við frv. til l. um listamannalaun.

Frá meiri hl. menntamálanefndar (RA, SP, ÁrnG, GGÞ, ÓÞÞ, RH).

1. Við 2. gr. Greinin falli brott.
2. Við 3. gr. 2. mgr. orðist svo:

   Þrír hinna fyrstnefndu sjóða eru sérgreindir sjóðir en Listasjóður er almennur sjóður í þágu allra listgreina. Allir sjóðirnir veita starfslaun, svo og náms- og ferðastyrki.

3. Við 4. gr. Á eftir orðinu „menntamálaráðherra“ í 2. málsl. fyrri málsgreinar bætist: til þriggja ára í senn.
4. Við 6. gr. Í stað orðanna „840 mánaðarlaun, eða 70 árslaun“ komi: 900 mánaðarlaun, eða 75 árslaun.
5. Við 7. gr. Við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Þriggja manna nefnd, sem menntamálaráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Rithöfundasambands Íslands, úthlutar fé úr Launasjóði rithöfunda. Ákvörðun úthlutunarnefndar er endanleg og verður ekki áfrýjað.
6. Við 8. gr. Við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Þriggja manna nefnd, sem menntamálaráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Sambands íslenskra myndlistarmanna, úthlutar fé úr Launasjóði myndlistarmanna. Ákvörðun úthlutunarnefndar er endanleg og verður ekki áfrýjað.
7. Við 9. gr. Við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Þriggja manna nefnd, sem menntamálaráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Tónskáldafélags Íslands, úthlutar fé úr Tónskáldasjóði. Ákvörðun úthlutunarnefndar er endanleg og verður ekki áfrýjað.
8. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Listasjóður veitir starfslaun og styrki er svara til 240 mánaðarlauna og bætast við 12 mánaðarlaun á ári næstu fimm ár. Listasjóður veitir einnig sérstök framlög til listamanna, m.a. til þeirra sem notið hafa listamannalauna undanfarin ár og náð hafa 60 ára aldri. Að minnsta kosti helmingur starfslauna úr Listasjóði skal veittur leikhúslistamönnum.
9. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Menntamálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara að höfðu samráði við Rithöfundasamband Íslands, Samband íslenskra myndlistarmanna og Tónskáldafélag Íslands.

Ed. 684. Nefndarálit [120. mál]

um frv. til l. um brottnám líffæra og krufningar.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið Pál Sigurðsson ráðuneytisstjóra til fundar um efni þess. Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í meðförum neðri deildar.

Alþingi, 19. febr. 1991.

Valgerður Sverrisdóttir, form., frsm.	Salome Þorkelsdóttir, fundaskr.	Margrét Frímannsdóttir.
Guðrún J. Halldórsdóttir.	Stefán Guðmundsson.	Guðmundur H. Garðarsson.
	Karl Steinar Guðnason.	

Ed. 685. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um ákvörðun dauða.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin fékk Pál Sigurðsson ráðuneytisstjóra til viðræðna um efni frumvarpsins. Leggur hún til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. febr. 1991.

Valgerður Sverrisdóttir, form., frsm.	Salome Þorkelsdóttir, fundaskr.	Margrét Frímannsdóttir.
Guðrún J. Halldórsdóttir.	Stefán Guðmundsson.	Guðmundur H. Garðarsson.
	Karl Steinar Guðnason.	

Ed. 686. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til l. um meðferð opinberra mála.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fund nefndarinnar komu Halldór Þorbjörnsson, fyrrverandi hæstaréttardómari, Markús Sigurbjörnsson prófessor, Bogi Nilsson, rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari, Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari, Gunnlaugur Briem yfirsakadómari, Pétur Guðgeirsson sakadómari og Helgi I. Jónsson sakadómari. Umsagnir bárust frá sakadómi Reykjavíkur, Dómarafélagi Íslands, Rannsóknarlögreglu ríkisins, Lögmannafélagi Íslands, Sýslumannafélagi Íslands, ríkissaksóknara og dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Frumvarpið er flutt vegna breytingar á réttarfarskerfi landsins, en hún tekur gildi 1. júlí 1992. Því er ætlað að leysa af hólmi lög nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, en þau eru að stofni til frá 1951. Frumvarpið gerir ráð fyrir að skilið verði til fulls milli ákværuvalds og lögreglu annars vegar og dómsvalds hins vegar, auk þess að reglum um ákæruvaldið, flutning opinbers máls og réttarstöðu sakbornings er breytt. Þá er reglum um málskot til Hæstaréttar breytt ásamt fleiru.

Nokkrar umræður urðu meðal nefndarmanna um heimild lögreglustjóra til að höfða opinbert mál með útgáfu ákæru. 28. gr. frumvarpsins, sem fjallar um þá málaflokka sem lögreglustjórar geta ákært í, verður að skýra með hliðsjón af 1. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. frumvarpsins. Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvalds og skiptir verkum með öðrum ákærendum. Það er því á hans valdi að ákveða hvort og í hvaða málum lögreglustjórar ákæra, innan þess ramma sem 28. gr. setur.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu sem hún telur til bóta þótt flestar breyti efni þess ekki að ráði. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Dómara verði heimilt að vísa þeim sem haga sér ósæmilega í réttarsal út án sérstakrar viðvörunar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að slík viðvörun skuli ávallt gerð, sama hver hegðun þess, sem truflar, er.

2. Skýrt sé kveðið á um að bókað skuli í þingbók ef framburður er tekinn upp á myndband.
3. Lagt er til að ákærur, fyrirköll, dóma eða úrskurði megi einungis birta þeim sem í hlut á eða lögmanni hans eða öðrum lögráðamanni sem fengið hefur umboð hans í þessu skyni, en ekki á heimili eða dvalarstað. Allt önnur sjónarmið gilda um birtingu stefnu heldur en gilda um birtingu ákæru og mjög varhugavert er að ákæra sé birt með sama hætti og stefna í einkamáli. Þannig gæti langur tími liðið þar til ákærði vissi af birtingu ákærunnar og eins kynni ákæran að vera birt fyrir börnum og öðrum sem ástæða kann að vera til að hlífa við slíku.
4. Til að taka af allan vafa um að dómsmálaráðherra getur ekki gefið sérstökum saksóknara fyrirmæli um hvernig hann starfi er lagt til að niðurlag 26. gr. falli brott.
5. Ef hæstaréttarlögmanni er falið að sækja mál fyrir Hæstarétti í umboði ríkissaksóknara er lagt til að hann verði nefndur saksóknari og beri skyldur sem slíkur. Hins vegar er ekki ætlast til þess að slíkur saksóknari gefi út ákæru þótt ríkissaksóknari geti falið þeim sem gegna embætti saksóknara að gera það.
6. Breytingartillaga við 59. gr. er einungis orðalagsbreyting.
7. Nefndin leggur til að tekin verði af öll tvímæli um að sá sem gefi leyfi til hlerunar síma eða fjarskiptatækis sé sá sem hefur umráð og eiginleg not tækisins en ekki sá sem er skráður fyrir símtæki, enda fer slíkt ekki alltaf saman.
8. Fresti ríkissaksóknara til að fella sektargerð lögreglu úr gildi, ef annmarkar eru á, verði breytt þannig að fella verði gerðina úr gildi innan mánaðar frá því að ríkissaksóknara barst vitneskja um hana, enda sé ekki liðið ár frá málalokum. Telur nefndin að síður sé hætta á réttarspjöllum með þessum móti heldur en ef fresturinn væri einungis tveir mánuðir.
9. Dómara verði falið að meta hve mörg eintök af gögnum máls þurfi að fylgja ákæru.
10. Fjögurra vikna frestur verði fyrir dómara til að birta ákæru og fyrirkall eftir að ákæra hefur verið gefin út. Er þetta gert til að stuðla að hraðari málsmeðferð opinberra mála, en stundum hefur dregist úr hömlu að birta ákæru sem gefin hefur verið út. Einnig er lagt til að ákærða verði gefinn frestur til að taka ákvörðun um verjanda máls fram að þingfestingu þess.
11. Skýrt sé kveðið á um hver geti boðið ákærðum að ljúka máli með því að gangast undir sekt sé málið þannig vaxið.
12. Lagt er til að ákærði og ákærandi tjái sig einungis um þau atriði sem geta verið því til fyrirstöðu að dómur sé lagður á mál ef frávísunarkrafa kemur fram, en ekki verði aðalregla að ákærði tjái sig um þessi atriði án tilefnis áður en dómur er lagður á málið.
13. Ákærandi hafi heimild til að reka mál, sem höfðað er eftir kröfu þess sem misgert var við, þrátt fyrir að kærandi hafi fallið frá kröfu um málsókn ef ákærandi telur að rétt sé vegna almannahags að halda málinu áfram.
14. Lagt er til að héraðsdómara verði alltaf stefnt ef gerð er krafa um að hann verði dæmdur í sekt vegna dráttar eða afglapa í máli. Eðlilegt er að dómarinn geti tekið til varna.
15. Að lokum er lagt til að ákvæði 1. og 3. mgr. 29. gr. frumvarpsins um heimildir ríkissaksóknara til að fela öðrum að flytja opinber mál fyrir héraðsdómi og Hæstarétti verði látnar öðlast gildi nú þegar. Stöðugt eykst sá málafjöldi sem ríkissaksóknari þarf að flytja og því ástæðulaust að bíða í rúmt ár með gildistöku þessarar heimild-

ar. Nú gilda ákvæði 1. mgr. 79. gr. og 181. gr. laga nr. 74/1974 um þetta efni, en þau ákvæði heimila ríkissaksóknara einungis að skipa lögmenn til að flytja mál fyrir héraðsdómi en ekki Hæstarétti. Þá er ríkissaksóknara ekki heimilt að fela lögreglustjórum flutning máls fyrir héraðsdómi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 19. febr. 1991.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Danfríður Skarphéðinsdóttir.	Salome Þorkelsdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.
	Valgerður Sverrisdóttir.	

Ed. 687. Breytingartillögur [98. mál]

við frv. til l. um meðferð opinberra mála.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 9. gr. Orðin „ef hann lætur ekki skipast við aðvörun“ í 2. málsl. falli brott.
2. Við 15. gr. Við niðurlag 1. mgr. bætist: eða tekin upp á myndband.
3. Við 20. gr. Í stað 2. málsl. fyrri málsgreinar komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: Birting á ákæru, fyrirkalli, dómi eða úrskurði skal fara fram fyrir þeim manni sjálfum, sem í hlut á, ef þess er kostur, en ella lögmanni hans samkvæmt umboði eða öðum lögráða manni sem hefur fengið skriflegt umboð frá honum til að taka við birtingu. Kvaðningar og aðrar tilkynningar má birta á heimili eða dvalarstað þess sem þeim er beint að ef hann hittist ekki sjálfur fyrir.
4. Við 26. gr. Orðin „og gefur honum fyrirmæli um framkvæmdir í því efni“ í niðurlagi 2. mgr. falli brott.
5. Við 29. gr. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Sé hæstaréttarlögmanni falið að sækja mál fyrir Hæstarétti nefnist hann saksóknari og hefur skyldur sem slíkur.
6. Við 59. gr. Síðari málsliður 4. mgr. orðist svo: Dómari getur þó ákveðið að samprófa vitni við sakborning og aðra ef á greinir.
7. Við 87. gr. Á eftir orðinu „umráðamaður“ í 1. málsl. 1. mgr. bætist við: og eiginlegur notandi.
8. Við 115. gr. Í stað orðanna „innan 2 mánaða frá málalokum fellt gerðina úr gildi“ í niðurlagi 6. mgr. komi: innan mánaðar frá því að honum barst vitneskja um þau fellt gerðina úr gildi, enda sé þá ekki liðið ár frá málalokum.
9. Við 119. gr. Við 1. málsl. 2. mgr. bætist: að mati dómara.
10. Við 120. gr. 3. mgr. orðist svo:

    Birting ákæru og fyrirkalls skal hafa farið fram innan fjögurra vikna frá útgáfudegi ákæru, nema sérstakar ástæður hamli birtingu. Ákærði skal spurður hvort hann

óski eftir verjanda og þá hverjum ef því er að skipta. Skal afstöðu ákærða getið í vottorði um birtinguna. Ákærði getur þó frestað að taka ákvörðun um verjanda þar til málið er þingfest.

11. Við 124. gr. Í stað orðanna „má gefa honum“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: má ákærandi gefa honum.
12. Við 128. gr. 1. mgr. orðist svo:
    Komi fram frávísunarkrafa við þingfestingu máls eða í þinghaldi skv. 127. gr. gefur dómari ákæranda og ákærða kost á að tjá sig um málið. Dómari tekur afstöðu til kröfu um frávísun málsins með úrskurði.
13. Við 132. gr. Við c-lið bætist: nema ákærandi telji rétt vegna almannahags að halda málinu áfram.
14. Við 160. gr. 1. mgr. orðist svo:
    Í dómi í opinberu máli getur Hæstiréttur dæmt héraðsdómara í sekt, sem renni í ríkissjóð, fyrir drátt á máli og önnur glöp í meðferð þess, enda hafi honum verið stefnt í því skyni.
15. Við 193. gr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Þó skulu 1. og 3. mgr. 29. gr. öðlast þegar gildi við birtingu laga þessara og falla þá um leið úr gildi ákvæði 1. mgr. 79. gr. og 181. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974.

Sþ. 688. Skýrsla [383. mál]

um 42. þing Evrópuráðsins.

Frá íslensku þingmannanefndinni í Evrópuráðinu.

Líkt og á 41. þingi Evrópuráðsins einkenndust störf þess á 42. þingi af breyttum þjóðfélagsháttum í Mið- og Austur-Evrópu.

Þing Evrópuráðsins samþykkti sl. haust fulla aðild Ungverjalands að Evrópuráðinu. Þá samþykkti þingið einnig fulla aðild Póllands að því skilyrði uppfylltu að fram hefðu farið frjálsar almennar kosningar til þingsins þar í landi. Þegar þær hafa farið fram með lýðræðislegum hætti, að mati eftirlitsnefndar Evrópuráðsins, nægir samkvæmt ályktuninni samþykki stjórnarnefndar ráðsins og viðurkenning ráðherranefndar, þ.e. sendiherranna sem eru fastafulltrúar ríkja sinna hjá ráðinu.

Með sameiningu Þýskalands er fyrrum Austur-Þýskaland með fulla aðild í þýsku sendinefndinni. Nú í janúar var svo full aðild Tékkóslóvakíu samþykkt.

Nú á janúarþinginu tóku Ungverjar þátt í störfum þingsins sem fullgildir aðilar.

Sameiningu Þýskalands fagnað í Evrópuráði.

Það var áhrifamikil stund á þingi Evrópuráðs þegar forseti þess, Anders Björck, flutti ávarp vegna sameiningar Þýskalands áður en sendinefnd Vestur-Þýskalands, svo og gestasendinefnd Austur-Þýskalands fóru heim til að taka þar þátt í sameiningarathöfninni.

Forsvarsmenn beggja þessara sendinefnda fluttu ávörp. Reddemann, formaður sendinefndar Vestur-Þjóðverja, fagnaði komu landa sinna í austri í fjölskyldu lýðræðisins og formaður sendinefndar Austur-Þjóðverja, Heltzig, sagðist tala í síðasta sinn sem slíkur, næst yrði ein þýsk nefnd og ný Evrópa. Hann lauk máli sínu á því að segja:

„Við kveðjum Evrópu. Við bjóðum Evrópu velkomna.“

Á sameiningardaginn sjálfan var sérstök dagskrá í þýska sjónvarpinu þar sem m.a. nokkrir þingmenn Evrópuráðsins komu fram, þar á meðal formaður íslensku sendinefndarinnar, en hún hafði átt sæti í eftirlitsnefnd Evrópuráðsins með þingkosningunum í Austur-Þýskalandi í mars 1990.

Íslenska nefndin á þingi Evrópuráðsins.

Í samræmi við stofnskrá Evrópuráðsins eru þrír fulltrúar af hálfu Íslands á þingi þess og þrír til vara. Þeir eru: Ragnhildur Helgadóttir, formaður og einn af varaforsetum ráðsins, Guðmundur G. Þórarinsson varaformaður og Eiður Guðnason. Til vara eru: Ragnar Arnalds, Þórhildur Þorleifsdóttir og Guðmundur Ágústsson. Ritari nefndarinnar er Ólafur Ólafsson varaskrifstofustjóri, en aðstoðarmaður er Þóra Guðnadóttir, umsjónarmaður skjalavörslu.

Líkt og áður fer meginvinna ráðsins fram í nefndum og eiga Íslendingar sæti í eftirtöldum nefndum:

1. Stjórnmálanefnd	Ragnhildur Helgadóttir.
2. Efnahagsnefnd	Guðmundur G. Þórarinsson,
til vara	Ragnar Arnalds.
3. Laganefnd	Eiður Guðnason,
til vara	Ragnhildur Helgadóttir.
4. Mennta- og menningarmálanefnd	Ragnar Arnalds,
til vara	Guðmundur G. Þórarinsson.
5. Félags- og heilbrigðismálanefnd	Ragnhildur Helgadóttir.
6. Landbúnaðarnefnd	Eiður Guðnason.
7. Nefnd um samskipti við lönd utan Evrópuráðsins	Þórhildur Þorleifsdóttir.
8. Nefnd um almannatengsl þingsins	Guðmundur Ágústsson.
9. Þingskapanefnd	Ragnar Arnalds.
10. Vísinda- og tæknínefnd	Eiður Guðnason,
til vara	Guðmundur G. Þórarinsson.
11. Fjárlaganefnd	Ragnar Arnalds.
12. Skipulags- og sveitarstjórnarmálanefnd	Guðmundur Ágústsson.
13. Flóttamannanefnd	Guðmundur G. Þórarinsson.

Yfirlit yfir tíðni funda í nefndum á sl. starfsári, en íslensku fulltrúarnir tóku aðeins þátt í þeim fundum sem aðstæður leyfðu.

Stjórnmálanefnd	9 fundir	7 í undirnefndum
Efnahagsnefnd	8 —	6 —
Laganefnd	9 —	4 —
Mennta- og menningarmálanefnd	5 —	8 —
Félags- og heilbrigðismálanefnd	7 —	6 —
Landbúnaðarnefnd	4 —	4 —
Nefnd um samskipti við lönd utan Evrópuráðsins	7 —	2 —

Nefnd um almannatengsl þingsins	6	—	4	—
Vísinda- og tækninefnd	7	—	2	—
Fjárlaganefnd	4	—	4	—
Skipulags- og sveitarstjórnanefnd	8	—	11	—
Flóttamannanefnd	10	—	6	—

Við þetta bætast fundir í stjórnarnefnd (bureau), fastanefnd (standing committee) og sameiginlegu nefndinni (þ.e. stjórnarnefnd og ráðherranefnd).

Störf 42. þings Evrópuráðsins í Strassborg.

42. þingið var haldið í Strassborg. Það skiptist í þrjá hluta og stóð hver hluti yfir í 5–8 daga.

Allir aðalfulltrúar og varafulltrúar sóttu fyrsta hluta þingsins, svo og ritari sendinefndarinnar, Ólafur Ólafsson varaskrifstofustjóri. Þessi þinglota stóð frá 7.–11. maí, en 4. og 5. maí hafði þingfulltrúunum verið boðið til Berlínar til kynningarfundar um málefni Austur- og Vestur-Þýskalands.

Fundir hófust að morgni mánudagsins 7. maí. Í fyrstu voru kjörbréf rannsökuð, þar sem þess þurfti, og síðan kjörnir varaforsetar o.fl. Formaður þýsku nefndarinnar, Reddemann, flutti skýrslu stjórnarnefndar. Umræður einkenndust af væntingum vegna sameiningar þýsku ríkjanna. Síðdegis fóru fram umræður um mennta- og menningarmál og samvinnu við ríki Mið- og Austur-Evrópu. Samþykkt var tillaga um hagnýta menntunaraðstoð við Austur-Evrópuríkin.

Þriðjudaginn 8. maí hófst fundur kl. 10 árdegis að loknum nefndafundum og fundum pólitísku hópanna (þingflokka). Þar var tekin til umræðu stefna Evrópuráðsins um tengsl við Mið- og Austur-Evrópuríki. Framsögumaður var Soares Costa, fulltrúi Portúgals. Um hádegisbilið ávarpaði Janez Drnovsek, forseti Júgóslavíu, þingið og svaraði fyrirspurnum.

Umræðum um tengslin við Mið- og Austur-Evrópuríki var síðan fram haldið síðdegis. Margir tóku til máls og þar á meðal Guðmundur G. Þórarinsson. Lét hann m.a. í ljós furðu sína á að málefni baltnesku landanna voru ekki rædd við þessa umræðu. Í lok umræðunnar var samþykkt ályktun (þskj. 6216 og 6220) þar sem m.a. var hvatt til samkomulags um endurreisn sjálfstæðis Eystrasaltsríkja í anda lokasamþykktar Helsinki-ráðstefnunnar.

Miðvikudaginn 9. maí hófst fundur að venju kl. 10 fyrir hádegi en nefndafundir hófust kl. 8 árdegis. Til umræðu voru málefni flóttamanna. Að loknum umræðum var samþykkt ályktun, þar sem varað var við hræðslu við útlendinga og þjóðernisfordómum.

Um hádegi ávarpaði Mauno Koivisto, forseti Finnlands, þingið og svaraði fyrirspurnum. Síðan fór fram umræða um málefni Austur-Þýskalands.

Síðdegis flutti utanríkisráðherra Portúgals skýrslu ráðherranefndarinnar. Þá var fram haldið umræðum um málefni Evrópuríkja sem standa utan Evrópuráðsins með tilliti til málefna Austur-Þýskalands og samþykkt var ályktun þar sem lýst var stuðningi við sjónarmið fjórveldanna í Þýskalandsmálum. Enn fremur var ákveðið að halda sérstakan umræðufund um RÖSE á haustþingi.

Fimmtudaginn 10. maí hófst fundur þingsins kl. 10 árdegis að loknum nefnda- og „þingflokkafundum“. Umræðuefni var mengun Norðursjávar og Eystrasalts og fór umræðan fram samkvæmt reglu sem eins konar utandagskrárumræða án ályktunar. Ragn-

hildur Helgadóttir tók til máls og lét m.a. í ljós áhyggjur vegna mengunar sem kynni að berast til nyrsta hluta Atlantshafsins frá þessum hafsvæðum og á hvern hátt mætti koma í veg fyrir slíkt. Um hádegisbil ávarpaði Havel, forseti Tékkóslóvakíu, þingið og svaraði síðan fyrirspurnum. Síðdegis fór fram umræða um tengsl Evrópu við Bandaríki Norður-Ameríku og Kanada. Í lok umræðu fór fram atkvæðagreiðsla og samþykkt nauðsyn þess að styrkja þessi tengsl, einkanlega á grundvelli RÖSE.

Föstudaginn 11. maí hófust fundir kl. 10 að loknum nefndafundum. Samþykkt var ályktun um fjármögnun æðri menntunar og rannsókna.

Sumarþing Evrópuráðsins (framhald 1. hluta þingsins) fór fram í Innsbruck í Austurríki dagana 29. júní til 3. júlí. Þingnefndafundi sóttu allir aðalfulltrúar íslensku sendinefndarinnar, þ.e. Ragnhildur Helgadóttir, Guðmundur G. Þórarinsson og Eiður Guðnason, svo og Ragnar Arnalds. Ragnar Arnalds var framsögumaður menntamálanefndar um þýðingamál og samþykkti menntamálanefndin drög hans að ályktun.

Störf þings Evrópuráðsins, 2. hluti.

(26. september til 4. október 1990.)

Annar hluti 42. þings Evrópuráðsins fór fram í Strassborg dagana 26. september til 4. október. Af hálfu Íslands sóttu þingið Ragnhildur Helgadóttir, Guðmundur G. Þórarinsson, Eiður Guðnason, Ragnar Arnalds og Þórhildur Þorleifsdóttir auk ritara, Ólafs Ólafssonar.

Fundir hófust 26. september kl. 11.30 að loknum fundi stjórnmálahópa. Soares Costa flutti skýslu um uppbyggingu stjórnmálasamstarfs í Evrópu og Sir Geoffrey Finsberg flutti skýrslu um öryggi og samstarf í Evrópu, framtíð CSCE-ferilsins. Þeirri umræðu var fram haldið daginn eftir, 27. september, en um þessa umræðu hefur íslenska sendinefndin lagt fram skýrslu á yfirstandandi þingi, á þskj. 135. Að henni lokinni ávarpaði forseti spænsku ríkisstjórnarinnar þingið og svaraði fyrirspurnum. Svaraði hann m.a. fyrirspurn Guðmundar G. Þórarinssonar um fríverslun með fisk innan Evrópubandalagsins og tengingu fríverslunar við aðgang að auðlindum.

Fundir hófust að nýju kl. 9.30 28. september að afloknum fundum stjórnmálahópa. Fram var haldið umræðu um öryggi og samstarf í Evrópu og tók Guðmundur G. Þórarinsson þátt í umræðunum.

Forsætisráðherra Möltu, Edward Fenech-Adami, ávarpaði þingið. Utanríkisráðherra San Marínó, Gabriele Gatti, lagði fram skýrslu ráðherranefndar Evrópuráðsins. Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins flutti skýrslu. Sir Geoffrey Finsberg flutti skýrslu *Bureau of Standing Committee*. — Umræður um umhverfismál urðu miklar þennan dag.

Verndun Norðursjávar og nálægra hafsvæða var tekin til umræðu 29. september, en í upphafi fundar bauð forseti, sem í þessu tilviki var Ragnhildur Helgadóttir, forsætisnefnd Norðurlandaráðs velkomna í heimsókn til Evrópuráðsins en þar voru þeir Páll Pétursson og Ólafur G. Einarsson. Eiður Guðnason tók þátt í umræðunni en að henni lokinni var samþykkt ályktun á þskj. 6282. Síðdegis var rætt um ferðamannaár Evrópu og ályktun á þskj. 6230 samþykkt að loknum umræðum.

Mánudaginn 1. október hófust fundir kl. 10 árdegis. Meginumræðuefni dagsins var ástand mála við Persaflóa. Fundi var fram haldið kl. 15.

Í upphafi minntist forseti sameiningar Þýskalands sem átti sér stað sama dag. Flutti hann þýsku þjóðinni árnaðaróskir. Umræður urðu um ástandið í Rúmeníu og réttindi minnihlutahópa.

Þriðjudaginn 2. október hófust þingfundir kl. 10 árdegis að loknum nefndafundum. Aðild Ungverjalands að Evrópuráðinu var samþykkt. Forsætisráðherra Ungverjalands, József Antall, flutti ávarp og svaraði síðan fyrirspurnum. Síðdegis var umræðum fram haldið og tekin til umræðu þýðingamál en þar var Ragnar Arnalds framsögumaður. Nokkrar umræður urðu en tillagan var síðan samþykkt, þskj. 6277.

Rætt var um aðild Póllands og hún samþykkt með þeim skilyrðum að fyrst færu fram lýðræðislegar fjölflokkakosningar.

Þann 3. október fóru fram umræður um starfsemi OECD — efnahags- og samvinnustofnunar Evrópu, og einkavæðingu.

Þingfundir hófust kl. 10 árdegis 4. október að loknum fundi forsætisnefndar og annarra nefnda. Samþykkt var tillaga um stefnu í áfengismálum. Eftir það fóru fram umræður um eiturlyfjaneyslu og ólöglega sölu eiturlyfja, en afgreiðslu var frestað. Síðan þessum þinghluta slitið.

Störf þings Evrópuráðsins í Strassborg, 3. hluti.

(28. janúar til 1. febrúar 1991.)

Að loknum hefðbundnum störfum í upphafi fundar mánudaginn 28. janúar hófust umræður um almenna stefnu Evrópuráðsins, nýja Evrópu (RÖSE, EB og Evrópuráðið) og Persaflóastríð.

Fyrir lágu tvær ályktunartillögur, annars vegar um hlutverk Evrópuráðs í álfu þar sem leitast er við að skapa aukna einingu og hins vegar um ástandið fyrir botni Persaflóa og í Miðausturlöndum.

Í fyrrnefndu tillögunni er sérstaklega fagnað yfirlýsingu leiðtogafundarins í París í nóvember 1990 sem talinn er marka upphaf nýrra tíma lýðræðis, friðar og einingar í álfunni. Fagnað er sameiningu Þýskalands og undirritun samkomulags um hefðbundið herlið (CFE) í Evrópu. Lögð er áhersla á að ekki verði settar á fót nýjar pólitískar stofnanir þegar fyrir hendi eru stofnanir sem sinnt geta þeim hlutverkum sem nýir tímar hafa skapað. Ráðherranefndin er hvött til þess í samvinnu við þing Evrópuráðsins að tryggja að Evrópuráðið geti til hlítar gegnt skyldum sínum í þeirri nýskipan mála sem nú er að skapast í stjórnmálasamvinnu í Evrópu.

Framsögumaður þessarar tillögu, Soares Costa frá Portúgal, flutti í umræðunum viðbótartillögu þar sem vikið er að stöðu mála í Eystrasaltslýðveldunum, en nýlegir hörmungaratburðir þar voru vissulega ofarlega í hugum þingfulltrúa. Tillaga hans var svohljóðandi:

„[Þingmannafundurinn] telur að núverandi staða mannréttindamála í sovésku Eystrasaltslýðveldunum feli í sér alvarleg mannréttindabrot gagnvart RÖSE-samkomulaginu og sé alvarlegt íhugunarefni í tengslum við undirbúning þriðju ráðstefnunnar um mannlega þáttinn (human dimension) sem halda á í Moskvu í september 1991."

Eiður Guðnason flutti breytingartillögu við þessa tillögu um að bætt væri við orðunum: „Enn fremur ber að líta á þetta sem gróft brot á sjöundu meginreglu Helsinki-samkomulagsins og Kaupmannahafnaryfirlýsingunni um mannlega þáttinn."

Báðar tillögurnar voru samþykktar.

Í ályktuninni um Persaflóastríð og ástandið í Miðausturlöndum er vísað til samþykkta öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, sérstaklega ályktunarinnar frá 29. nóvember (nr. 278). Því er fagnað að þess sjáist nú merki að Bandaríkin í fyrsta skipti sýni stuðning við að haldin verði alþjóðleg ráðstefna um frið og öryggi í Miðausturlöndum, en Sameinuðu

þjóðirnar og Evrópustofnanir ýmsar, ekki síst Evrópuráðið, hafa lengi hvatt til þess að boðað yrði til slíkrar ráðstefnu.

Miklar umræður urðu um þessi mál. Guðmundur G. Þórarinsson og Eiður Guðnason tóku þátt í umræðunum og fjölluðu báðir um Persaflóastríðið, svo og ástandið í Eystrasaltslöndunum.

Utanríkisráðherra Spánar, Fransisco Fernandez Ordónez, flutti þinginu skýrslu ráðherranefndarinnar og svaraði spurningum þingmanna.

Eystrasaltslýðveldin.

Dagskrárnefnd þingsins hafði ákveðið að staða mála í Eystrasaltslýðveldunum yrði rædd undir þeim lið þingskapa sem heitir umræður um mál ofarlega á baugi (current affairs debate) og er þá ekki heimilt að álykta. Tilraunir, m.a. af hálfu fulltrúa Íslands, til að fá þessu breytt þannig að umræðan færi fram undir öðrum lið (urgent procedure) og lyki með ályktun báru ekki árangur.

Umræðunni var ætluð ein og hálf klukkustund og ræðutími var takmarkaður við fimm mínútur. 56 þingmenn voru á mælendaskrá en aðeins 16 komust að. Ragnhildur Helgadóttir flutti þar ræðu fyrir Íslands hönd og ræddi m.a. sérstaklega þá áleitnu spurningu hvort Sovétríkin hefðu ekki með valdbeitingu í Eystrasaltsríkjunum fyrirgert rétti sínum til gestaaðildar að Evrópuráðinu, en ákvæðin um gestaaðild gera það að skilyrði að viðkomandi ríki virði gerða mannréttindasáttmála í hvívetna. Þeir þingmenn sem ekki komust í ræðustól vegna tímamarka gátu lagt fram skrifaðar ræður. Það gerði einn íslensku fulltrúanna, Eiður Guðnason.

Ekki verða umræður raktar hér en afstaða manna til aðgerða Sovétríkjanna var mjög á eina lund, almenn fordæming, þótt vissulega væri misfast að orði kveðið.

Þar sem ljóst var að ekki var unnt að fá gerða ályktun um málið lagði Eiður Guðnason fram skriflega yfirlýsingu um ástandið í Eystrasaltslýðveldunum. Slíkt er leyfilegt samkvæmt þingsköpum og verður slík yfirlýsing þá þingskjal sem dreift er til allra þingmanna. Til þess að skrifleg yfirlýsing verði þingskjal þarf undirskriftir þingmanna af þrennu þjóðerni.

Yfirlýsingin er svohljóðandi:

Skrifleg yfirlýsing Evrópuráðsins nr. 203
um Eystrasaltslýðveldin.

Við, undirritaðir þingmenn á þingmannafundi Evrópuráðsins,

1. lýsum eindregnum stuðningi við þá ákvörðun þingmannafundar Evrópuráðsins að senda könnunarnefnd til Eystrasaltslýðveldanna;

2. minnumst með hryggð í huga hörmulegra atburða og dauða saklausra borgara í Eystrasaltslýðveldunum á nýliðnum vikum;

3. styðjum þjóðir Eystrasaltslýðveldanna heils hugar í baráttu þeirra fyrir frelsi og lýðræði;

4. hvetjum leiðtoga Sovétríkjanna til að fækka í herliðinu í Eystrasaltslýðveldunum og hefja þegar í stað í fullri alvöru samningaviðræður við lýðræðislega kjörin stjórnvöld í Eystrasaltslýðveldunum í anda „perestrojku“ til þess að draga úr spennu og efla lýðræði;

5. hvetjum öll aðildarríki Evrópuráðsins til að senda þingmannasendinefndir til höfuðborga Eystrasaltslýðveldanna til þess að sýna samstöðu í baráttu þeirra fyrir frelsi og lýðræði.

Undirritað: Guðnason (Ísland), Björklund (Finnland), Helgadóttir (Ísland), Tarschys (Svíþjóð), Håvik (Svíþjóð), Þórarinsson, (Ísland), Atkinson (Bretland), Fenner (Bretland), Bjerregaard (Danmörk), Anttila (Finnland), Svensson (Svíþjóð), Elo (Finnland), Haglund (Svíþjóð), Espersen (Danmörk), Severinsen (Danmörk), Gustafsson (Svíþjóð), Newall (Bretland), Hardy (Bretland).

Skylt er að geta þess að nöfn norskra þingmanna eru ekki á yfirlýsingunni þar sem þeir voru ekki á fundinum vegna útfarar Ólafs Noregskonungs.

Meðal þeirra tillagna sem fjallað var um á fundunum og samþykktar voru skulu hér nokkrar nefndar:

Aðild Tékkóslóvakíu að Evrópuráðinu.

Umsókn Tékkóslóvakíu um aðild að Evrópuráðinu hefur verið til umfjöllunar um skeið og var samþykkt 30. janúar. Laganefnd Evrópuráðsins hélt tveggja daga fund í Prag í annarri viku janúar þar sem ítarlega var fjallað um ýmsar hliðar mannréttindamála í Tékkóslóvakíu og þróun þeirra að undanförnu.

Tæpri viku eftir fall Berlínarmúrsins hófust viðamiklar breytingar í frelsisátt í Tékkóslóvakíu sem fóru fram með svo friðsömum hætti að þær hafa verið kallaðar „flauelsbyltingin". Frjálsar þingkosningar fóru fram í lok júní 1990 og Václav Havel var kjörinn forseti sambandsríkisins.

Tillagan um aðild Tékkóslóvakíu að Evrópuráðinu var samþykkt samhljóða. Tékkóslóvakía fær átta fulltrúa í Evrópuráðinu. Utanríkisráðherra Tékkóslóvakíu Jirí Dienstbier flutti þinginu ávarp við þetta tækifæri og Alexander Dubsjek sendi þingfulltrúum ávarpsorð bréflega.

Efnahagslegar umbætur og tækniaðstoð.

Tvær tillögur, sem annars vegar fjalla um efnahagslegar umbætur í Mið- og Austur-Evrópu og hins vegar um tækniaðstoð við löndin í Mið- og Austur-Evrópu, voru ræddar og samþykktar síðdegis þriðjudaginn 29. janúar. Við það tækifæri fluttu Leszek Balcerowicz, varaforsætisráðherra og fjármálaráðherra Póllands, og Petre Roman, forsætisráðherra Búlgaríu, ávörp og svöruðu spurningum þingmanna.

Í tillögunni um efnahagslegar umbætur er lögð áhersla á að markaðshagkerfi verði ekki komið á í þessum löndum, nema söðlað sé algjörlega um og leifar hins miðstýrða kommúnístíska hagkerfis upprættar. Tryggja verði eignarrétt einstaklinga, gæta þess að verðmyndunarkerfi vöru og þjónustu endurspegli markaðsástand og að raunveruleg samkeppni ríki milli framleiðenda. Spyrna verði fast við verðbólguþróun og koma á fót starfhæfu bankakerfi þar með töldum seðlabönkum. Brýnt sé að endurskoða mennta- og verkmenntakerfi og hafa samstarf við iðnvæddu ríkin um aðlögun að markaðskerfi heimsins.

Aðildarríki Evrópuráðsins eru hvött til að kanna með jákvæðum huga leiðir til að draga úr skuldabyrði landa á þessu svæði og auka við þau fjárhagsaðstoð. Sérstaklega er tekið fram að jafnframt þessu skuli Evrópuráðslöndin halda áfram aðstoð við þróunarlönd og styrkja norður-suður tengslin enn frekar.

Í tillögunni um tækniaðstoð kemur fram að á leið sinni til hagsældar og framfara þurfa

Austur-Evrópulöndin á verulegri tækniaðstoð að halda því að framleiðsluaðferðir og framleiðslutæki séu víðast úrelt. Þótt nokkuð hafi þegar verið slakað á reglum um tækniaðstoð við þessi lönd þurfi þar enn frekari slökun til að koma, einkum að því er varðar svonefndar COCOM-reglur.

Lagt er til að iðnvæddu ríkin taki höndum saman og aflétti smám saman ýmsum útflutningshömlum sem verið hafa í gildi gagnvart Austur-Evrópulöndunum, einkum þeirra sem nú sigla hraðbyri í átt til fjölflokkalýðræðis og markaðskerfis.

Breytingar í umhverfismálum og hlutverk vísinda og lýðræðis.

Þessi tillaga kom fram í framhaldi af 7. þingmanna- og vísindaráðstefnunni sem haldin var í Ottawa í Kanada í júní 1990. Ráðstefnan var ekki sótt af Íslands hálfu. Þar var fjallað um þau vandamál sem byrjað var að ræða fyrir um tveimur áratugum og nú ógna jörðinni. Þar kom helst við sögu:

— Þynning ósonlagsins.
— Loftslagsbreytingar vegna hækkandi meðalhita.
— Eyðing regnskóga.
— Útbreiðsla eyðimarka.
— Aukin útbreiðsla efnamengunar í jarðvegi, sjó og vötnum.
— Aukin fábreytni lífkerfisins sem m.a. má rekja til ofangreindra orsaka.

Í tillögunni er fjölmörgum tilmælum beint til aðildarríkjanna á sviði vísinda og tæknimála, efnahagsmála og að því er varðar alþjóðlega samvinnu og pólitískar stofnanir. Lagt er til að ráðherranefndin íhugi gaumgæfilega að ákvæði um réttinn til heilbrigðs umhverfis verði felld inn í Mannréttindasáttmála Evrópu. Því er beint til ráðherranna að þeir beiti sér fyrir undirritun alþjóðasáttmála um loftslagsbreytingar á ráðstefnunni um umhverfi og þróun, sem haldin verður í Brasilíu 1992, og að starfsáætlun Evrópuráðsins verði endurskoðuð með það að markmiði að leggja aukinn skerf af mörkum á þessu sviði með hagnýtum tillögum, m.a. á sviði skipulagsmála og að því er varðar ábyrgð sveitarstjórna.

Staðbundið útvarp.

Í tillögu um staðbundið útvarp, sem samþykkt var fimmtudaginn 31. janúar, kemur m.a. fram að staðbundið útvarp geti verið mikilvæg stoð á sviði menningarframfara og frjálsrar skoðanamyndunar auk þess að vera tjáningar- og upplýsingamiðill. Samt sé það svo að sum lönd leyfi ekki staðbundið útvarp og annars staðar sé staðbundið útvarp starfrækt án þess að um það gildi nokkrar reglur.

Lagt er til að ríkisstjórnir leyfi starfrækslu staðbundins útvarps og setji meginreglur um gæði, fjölbreytni, sjálfstæði og fagmennsku. Samráð skuli haft á landamærasvæðum til að koma í veg fyrir óhefta samkeppni. Lagt er til að ríkisstjórnir komi sérstökum stofnunum á fót til að tryggja að slíkum reglum sé fylgt.

Vímuefnanotkun og ólögleg verslun með vímuefni. Á að lögleyfa vímuefni?

Varpað er fram þeirri spurningu hvort svarið við vaxandi vímuefnavanda, ólöglegum viðskiptum með vímuefni og fjölgun glæpa eigi að hluta til að vera að lögleyfa þessi efni.

Svarið við spurningunni, sem fram kemur í tillögunni, er afdráttarlaust nei. Röksemdafærslan að baki hugsuninni um lögleyfingu sé sprottin úr jarðvegi örvæntingar-

innar og svarti markaðurinn sé til vegna þess að eftirspurnin sé til staðar — hún muni áfram verða til staðar hvað sem löggjöf líði. Leiðin til lausnar sé að draga úr eftirspurninni.

Í tillögunni er lögð áhersla á að leiðin til lausnar liggi einnig í aukinni fræðslu og áherslu á gildi heilbrigðra lífshátta. Ráðherranefndin er m.a. hvött til að leggja þegar í stað fram ítarleg mótrök gegn óskum um að lögleyfa vímuefni, auka aðgerðir aðildarríkjanna á alþjóðavettvangi til að vinna gegn framleiðslu hvers kyns ólöglegra vímuefna, gera upptækan hagnað þeirra sem slík viðskipti stunda og auka og bæta meðferðarúrræði vímuefnaneytenda. Þá er hvatt til þess að Sameinuðu þjóðirnar taki í auknum mæli þátt í viðleitninni til að uppræta framleiðslu vímuefna og alþjóðalega verslun með vímuefni.

Tengsl kvikfjárræktar og umhverfisgæða.

Mykjumengun er vandamál á vissum svæðum í Evrópu þar sem landrými er knappt og kvikfjárrækt stunduð í stórum stíl. Mykja getur valdið loft- jarðvegs- og vatnsmengun og gerir vatn sums staðar óhæft til drykkjar.

Í tillögunni er bent á eftirfarandi leiðir til lausnar þessum vanda:

— Breyta fóðrun þannig að magn og steinefnainnihald mykjunnar minnki. Hluti þurrefnis í fóðrinu verði aukinn.
— Þróaðar verði aðferðir til breyta umframmykju í auðflytjanlegan áburð.
— Beita ítölu þar sem landrými er af skornum skammti.

Gæðamerking matvöru.

Áhugi neytenda á tengslum mataræðis og góðrar heilsu fer ört vaxandi. Eftirspurn fer vaxandi eftir gæðavöru frá ákveðnum svæðum. Neytendur gera í auknum mæli kröfur um upplýsingar og leiðsögn varðandi val á hollum neysluvörum.

Í tillögunni er hvatt til þess að ráðherranefndin kanni í náinni samvinnu við Evrópubandalagið möguleika á að koma á fót samræmdu gæðamerkingarkerfi á matvöru í Evrópu í samvinnu við framleiðendur, dreifingaraðila, neytendur og sveitarstjórnir.

Annað.

Á fundinum fór fram kjör nýs dómara í Mannréttindadómstól Evrópu. Kjörinn var Bigi frá San Marino.

Í landbúnaðarnefnd Evrópuráðsins er til meðferðar tillaga um framtíð fiskveiða þar sem m.a. er fjallað um framtíð fiskveiða og nýtingu auðlinda sjávar. Grannt er fylgst með framgangi þess máls af hálfu Íslands. Í september sl. hélt nefndin opinn fund með fjölmörgum vísindamönnum á sviði hafrannsókna og fiskveiða í Aberdeen í Skotlandi. Þar flutti dr. Jakob Jakobsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, erindi og tók þátt í pallborðsumræðum.

Í laganefnd ráðsins sem fjallar einnig um jafnréttis- og mannréttindamál er í undirbúningi tillaga og skýrslugerð um jafna þátttöku karla og kvenna í stjórnmálum og opinberum lífi. Þess hefur verið farið á leit við íslenska fulltrúann í nefndinni að hann verði framsögumaður og skýrsluhöfundur í því máli.

Ráðstefnur sem íslensku þingmennirnir sóttu.

Auk vinnu á þinginu sjálfu og í nefndum er í verkahring þingmanna að taka þátt í

ýmsum Evrópuráðstefnum um afmörkuð efni. Standa jafnan að þessum ráðstefnum sérfræðingar, embættismenn og þingmenn sameiginlega. Þingmennirnir eru yfirleitt sérstaklega kosnir til þessara verkefna af þeim nefndum sem þeir starfa í.

Ráðstefna um landbúnað í Evrópu
haldin í Igls í Austurríki 2.–4. maí 1990.

Ráðstefnan var haldin á vegum þings Evrópuráðsins, búnaðarsambands Evrópu og austurríska landbúnaðarráðuneytisins og er sú fyrsta sinnar tegundar. Í tengslum við ráðstefnuna var haldinn óformlegur fundur landbúnaðarráðherra Evrópuráðsríkja. Ráðstefnuna sátu þingmenn og ráðherrar, en einnig voru þar fulltrúar bændasamtaka, svo og vísinda- og fræðimenn. Fulltrúar frá Sovétríkjunum, Póllandi, Júgóslavíu og Austur-Þýskalandi voru einnig mættir. Meðal fyrirlesara var landbúnaðarráðherra Póllands.

Landbúnaðarnefnd Evrópuráðsins, sem Eiður Guðnason á sæti í, hélt fund í tengslum við ráðstefnuna. Auk þess sat annar íslenskur fulltrúi hluta ráðstefnunnar, Guðbjörn Árnason, sem er í þann veginn að ljúka doktorsprófi í landbúnaðarhagfræði í Stuttgart. Hann var þar sem fulltrúi Stéttarsambands bænda.

Landbúnaðarmál eru nú meira rædd á alþjóðavettvangi en nokkru sinni fyrr. Á ráðstefnunni, sem var í senn fróðleg og gagnleg, var fjallað um hlutverk landbúnaðar í nýrri (stærri) Evrópu framtíðarinnar og þann vanda sem blasir við í landbúnaðarmálum í hinum nýju lýðræðisríkjum álfunnar. Ekki síður var þó fjallað um afstöðuna til þess sem nú er að gerast á vettvangi GATT (Úrúgvæ-viðræðurnar) þar sem landbúnaðarmál eru nú í brennidepli. Ekki skal í þessari stuttu frásögn farið út í smáatriði heldur reynt að draga fram nokkur meginatriði.

GATT-viðræðurnar, sem nú standa yfir, beinast einkum að því að auka frelsi í viðskiptum með landbúnaðarvörur, afnema hömlur og hindranir, svo sem útflutningsbætur og ýmiss konar styrki og jafna framboð og eftirspurn neytendum og bændum til hagsbóta. Ljóst er að ef samkomulag næst mun þetta gerast á alllöngum tíma. Svíar kynntu fimm ára áætlun í þessum málum 23. apríl sl. Þeir munu leggja af útflutningsbætur í áföngum en gera jafnframt ýmsar ráðstafanir til að viðhalda byggð og landbúnaði á harðbýlum svæðum, t.d. í Norður-Svíþjóð.

Fram kom að bændasamtök hafa nokkrar áhyggjur af því sem gerast kann á vettvangi GATT takist þar allsherjarsamkomulag, en eins og formaður landbúnaðarsambands Evrópu sagði: „Bændur verða að horfast í augu við frjálsari viðskipti með landbúnaðarvörur í heiminum.“

Breytingarnar í Austur-Evrópu, GATT-viðræðurnar og nauðsyn þess að ástunda landvernd og draga úr mengun voru rauði þráðurinn í ræðum á ráðstefnunni. Hvatt var til þess að í GATT-viðræðunum hefðu menn í huga að hlutverk landbúnaðar er langtum fjölþættara og mikilvægara en það eitt að framleiða mat eða leggja til hráefni til annarrar framleiðslu. Landbúnaður á að geta falið í sér landvernd, hann varðar og öryggismál (að eiga birgðir matvæla) og ekki má gleyma félagslega og menningarlega þættinum.

Í stærstu matvælaframleiðslulöndunum er landbúnaður víða stóriðja. Í Bandaríkjunum eru t.d. tvær milljónir bænda og meðalstærð jarða er 187 hektarar. Í Evrópu er landbúnaður yfirleitt fjölskyldurekstur. Þar eru bændur 11 milljónir og meðalstærð jarða 13 hektarar. Til samanburðar er meðalstærð jarða í Japan 1,5–2 hektarar.

Meginniðurstöður ráðstefnunnar eru í örfáum orðum þessar:

Í GATT-viðræðunum, sem snúast um frelsi í viðskiptum með landbúnaðarafurðir,

mega menn ekki einblína á viðskiptahliðina heldur líka horfa á hina félagslegu og menningarlegu eða mannlegu þætti sem eru ekki síður mikilvægir og alls ekki horfa fram hjá því að landbúnaður og bændur geta og munu gegna mikilvægum hlutverkum að því er varðar landvernd og náttúruvernd í framtíðinni.

Efnahagslegar umbætur í Mið- og Austur-Evrópu, verðugt verkefni fyrir öll Evrópulönd.

Ráðstefnan er sú fyrsta sem Evrópuráðið gengst fyrir til að fjalla um þann vanda, sem nú blasir við nýju lýðræðisríkjunum, er þau hverfa frá hagkerfi kommúnismans til markaðsbúskapar. Ráðstefnan er einnig sú fyrsta á vegum Evrópuráðsins sem fram fer í fyrrverandi kommúnistaríki. Við þetta bætist að hún er haldin á sögulegum tíma:

1. Þegar Evrópubandalagið stefnir að stofnun innri markaðar í janúar 1993.
2. Þegar formlegir samningar EFTA og EB um Evrópskt efnahagssvæði eru á næsta leiti.
3. Þegar sameining Þýskalands er að verða að veruleika.
4. Þegar fyrir hendi er mikill vilji til að styrkja starfið sem fram fer á ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu (CSCE).

Ráðstefnan var haldin að frumkvæði Efnahagsnefndar Evrópuráðsins, en að auki sóttu hana fulltrúar ýmissa annarra nefnda, fulltrúar þjóðþinga aðildarríkjanna, fulltrúar alþjóðastofnana og sérfræðingar. Ráðstefnan fór fram í þinghúsinu í Búdapest.

Meðal þeirra sem ávörpuðu ráðstefnuna eða fluttu þar erindi voru Józef Antall, forsætisráðherra Ungverjalands, György Szabad, forseti ungverska þingsins, M. Swiecicki, efnahagssamvinnuráðherra Póllands, T. Necker, forseti samtaka iðnrekenda í Vestur-Þýskalandi, G. Bounitch, varaformaður efnahagsumbótanefndar æðsta ráðsins í Sovétríkjunum, P. Defraigne, yfirmaður utanríkisdeildar EB, H. Maier, forstjóri Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, Camdessus, yfirmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og S. Zecchini, aðstoðarforstjóri OECD.

Ráðstefnan var haldin í framhaldi af samþykkt Evrópuráðsins frá 26. júní 1989 þar sem aðildarríkin voru hvött til „að leita leiða til að miðla efnahagslegri reynslu sinni og auka samvinnu við umbótaríkin í Austur-Evrópu til að aðstoða við umbætur á efnahagskerfi þessara þjóða og eflingu lýðræðis".

Það verk, sem nú blasir við í þessum löndum, hefur ekki verið unnið áður, þ.e. að stökkva frá miðstýrðu hagkerfi kommúnismans yfir í markaðsbúskap. Því hafa menn enga reynslu eða fordæmi til að styðjast við. Það kom afar skýrt fram að lýðræði er forsenda markaðsbúskapar og að þar eru órjúfanleg tengsl á milli. Markaðsbúskapur er óhugsandi án fjölflokkakerfis og lýðræðis.

Hér verður ekki farið út í þá sálma að rekja efnislega úr umræðum á ráðstefnunni, en ljóst er að hagfræðinga greinir á, bæði um aðferðir og aðgerðaröð. „Það er ekki hægt að stökkva yfir gjá í tveimur skrefum" segja Pólverjar sem gripið hafa til mjög harkalegra efnahagsaðgerða sem haft hafa miklar verðhækkanir og atvinnuleysi í för með sér, en virðast ætla að skila árangri. Menn greindi á um það hvort fara ætti hægt eða hratt í sakirnar og mikil áhersla var lögð á hið félagslega öryggisnet, svo sem atvinnuleysisbætur og fleiri aðgerðir af félagslegum toga handa þeim sem harðast verða úti.

Ýmsir héldu því fram að atvinnuleysi og gjaldþrot fyrirtækja væru óhjákvæmilegir fylgifiskar þessara breytinga.

Í lok ráðstefnunnar var gerð samþykkt þar sem segir:

„Ráðstefnan hvetur ríkisstjórnir og þjóðþing allra þeirra landa sem í hlut eiga til að nýta vettvang Evrópuráðsins til hins ýtrasta, þar sem þátttökuríkjunum hefur fjölgað og samstarfskerfið er sveigjanlegt og skapa þannig eðlileg skilyrði fyrir framtíðarsamtök sem ná til allra Evrópuríkja.“

Þessi ráðstefna er enn ein staðfesting hins nýja mikilvægis sem Evrópuráðið nú hefur öðlast sem samstarfsvettvangur allra Evrópuþjóða.

Formlega eru aðildarríkin 23, en sex ríki hafa auka- eða gestaaðild og njóta allra réttinda nema atkvæðisréttar. Þessi ríki eru: Pólland, Sovétríkin, Júgóslavía, Ungverjaland, Austur-Þýskaland og Tékkóslóvakía. Hin tvö síðastnefndu bættust í hópinn í þessum mánuði. Nær öll hafa þessi ríki lýst því yfir að þau stefni að fullri aðild.

Það var afar fróðlegt að eiga þess kost að sækja þessa ráðstefnu og komast þannig í návígi við þær grundvallarbreytingar sem eru að verða í Evrópu og óhjákvæmilega munu snerta okkur með ýmsum hætti.

Sjöunda alþjóðlega ráðstefnan um Mannréttindasáttmála Evrópuráðsins.
(30. maí til 2. júní 1990.)

Mannréttindamál eru veigamikill þáttur í starfsemi Evrópuráðsins. Sérstök deild í skrifstofu þess fjallar um þetta svið, þar á meðal hugsanlegar breytingar á Mannréttindasáttmála Evrópu og fræðslu og fræðaiðkanir á því sviði. Mannréttindadómstóll Evrópu og mannréttindanefnd Evrópu halda áfram að sinna málum sem til þeirra er skotið. Er nú svo komið að þessar tvær stofnanir fá til muna fleiri erindi en þær geta með góðu móti sinnt. Hjá þeim er að vísu allfjölmennt starfslið en nefndarmenn og dómarar eru aðeins í hlutastarfi í Strassborg. Nýlega var reglum um mannréttindanefndina breytt og starfar hún nú í deildum. Flýtir þetta meðferð mála um sinn en lítil von er að svo verði til langframa.

Ráðstefnur um mikilvæga þætti mannréttindamála hafa verið á starfsáætlunum Evrópuráðsins alllengi. Dagana 30. maí til 2. júní efndi ráðið til slíkrar ráðstefnu í samvinnu við mannréttindastofnanir á Norðurlöndum. Hafa slíkar stofnanir verið settar á fót á síðustu árum í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Þessi ráðstefna var hin sjöunda í röðinni og sérstök að því leyti að fundirnir voru í þremur löndum.

Danadrottning setti ráðstefnuna í Kaupmannahöfn. Var henni síðan fram haldið í Ósló og loks í Lundi. Aðalumræðuefnin voru tvö: mannréttindi fólks, sem svipt hefur verið frelsi, og jafnrétti og jafnræðisvernd. Framsöguerindi voru flutt af sérfræðingum úr hópi lögfræðinga, lækna og heimspekinga.

Meðal atriða, sem um var fjallað og varða fyrra umræðuefnið, voru réttindi minnihlutahópa. Aðalframsögumaður um það efni var íslenskur, dr. Guðmundur Alfreðsson, starfsmaður á mannréttindaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Genf.

Þá var rætt um jafnræðisvernd eyðnisjúklinga, félagslegt jafnrétti, fátækt og jafnrétti og stöðu utangarðsmanna. Frelsissvipting og mannréttindi hafa verið mikið til umfjöllunar á síðari árum, þar á meðal staða fanga og sjúklinga. Um bæði aðalefnin, sem komu til umræðu, var skýrt frá alþjóðlegum viðhorfum, þar á meðal því sem gert er á þessum sviðum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Jón Helgason, forseti efri deildar Alþingis, og Ragnhildur Helgadóttir, formaður sendinefndar Íslands á þingi Evrópuráðsins, sóttu ráðstefnu þessa. Margir töldu það auka á mikilvægi ráðstefnunnar að hún var haldin rétt áður en RÖSE-ráðstefnan um „hinn mann-

lega þátt“ var haldin í Kaupmannahöfn (skjöl ráðstefnunnar og erindi eru fáanleg í skjalasafni Evrópuráðsins í Alþingi).

Evrópuráðstefna um heilbrigðisfræðslu.
(20.–22. september 1990.)

Ráðstefnan var haldin í Strassborg í samvinnu Evrópuráðsins, Evrópubandalagsins og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Gerð var grein fyrir og reynt að meta árangur heilbrigðisfræðslu og aðferða í ellefu staðbundnum tilraunaverkefnum í Evrópu sem nutu stuðnings Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Tilgangurinn með verkefnunum, sem staðið hafa í fimm ár, var fyrst og fremst að byggja ungt fólk upp til að verjast fíkn og fíkniefnum.

Flestir verkefnastjórarnir komust að þeirri niðurstöðu að fræðsla og hvatning til almennra heilbrigðra lífshátta væru mun áhrifaríkari í baráttunni gegn fíkniefnum en fræðsla um áhrif og skaðsemi fíkniefna einvörðungu. Einnig komust flestir að þeirri niðurstöðu að fræðsla gegn fíkniefnum ætti ekki að vera skólafræðsla í venjulegum skilningi heldur bæri að ná samstarfi skólans og þess samfélags sem væri umhverfi hans. Íslenski fulltrúinn í félags- og heilbrigðisnefnd þingsins sótti ráðstefnu þessa.

Ráðherrafundur um mannafla í heilbrigðisþjónustu.
(18.–19. október 1990.)

Fjórða ráðstefna heilbrigðisráðherra ríkja Evrópuráðsins var haldin í Nikósíu á Kípur dagana 18. og 19. október sl.

Á opnunarfundinum töluðu þau Adinolfi, varaframkvæmdastjóri Evrópuráðsins, Jo Asvall, forstjóri Evrópuskrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, og Ragnhildur Helgadóttir, varaforseti þings Evrópuráðsins.

Á framhaldsfundunum voru fluttar skýrslur ráðherra allra þátttökuríkjanna. Í öllum skýrslunum, nema þeirri pólsku, kom fram að skortur á hjúkrunarfólki væri geigvænlegur, einkum við hjúkrun aldraðra og langlegusjúklinga. Komu fram ýmsar kenningar um orsakir og úrbætur. Ragnhildur lét þá skoðun í ljós að vanmetinn væri einn orsakaþáttur sem væri fólginn í gömlu karlaviðhorfi til þessarar hefðbundnu kvennastéttar. Meiri hluti þeirra, sem tækju ákvarðanir um störf hennar og skipulegðu þau, væru karlmenn. Viðhorf karla gagnvart kvennastéttum þyrfti að breytast. Einnig væri hugsanlegt að minnkuð virðing fyrir hefðbundnu starfi kvenna væri bakhliðin á hinni nýju kvenfrelsishreyfingu. Afla þyrfti hjúkrunarstéttinni nýrrar virðingar til að fjölga í hjúkrunar- og umönnunarstörfum.

Að öðru leyti fjallaði ræða hennar um ýmsar ályktanir og verkefni Evrópuráðsins á sviði heilbrigðismála auk sérstakrar umfjöllunar um hinar nýju skyldur ráðsins vegna pólitískrar þróunar í álfunni.

Ræður ráðherranna frá nýfrjálsu ríkjunum í Mið-Evrópu fólu í sér ákall um hjálp vegna hins bága heilbrigðisástands, ekki síst hjálp sem fólgin væri í þjálfun, tækjum og tækni.

Erindi sérfræðinganna fjölluðu um væntanlegar úrbætur í heilbrigðisþjónustu, þróun vísinda, tækni og umhverfis. Einnig var fjallað um menntun heilbrigðisstétta.

Tengsl þings Evrópuráðsins og annarra fjölþjóðastofnana.

Evrópuráðið og CSCE (RÖSE).

Athygli þings Evrópuráðsins beinist um þessar mundir mjög að samstarfi við CSCE eða RÖSE (ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu). Ástæður þessa eru einkum fjórar:

1. Á sl. sumri komu fram sterkar raddir um þörf á þingmannasamkundu RÖSE-ríkjanna og raunar að fella starfsemi RÖSE í fastar stofnanir. Hvorugt hafði áður verið, heldur fór starfsemin fram á reglulegum fundum embættismanna eða ráðherra. Meðal RÖSE-leiðtoga komu fram hugmyndir um að RÖSE-þing yrði að stofni og starfi byggt á þingi Evrópuráðsins í Strassborg.
2. Eins og mannréttindaráðstefna RÖSE í Kaupmannahöfn sl. sumar sýndi beinist athyglin nú æ meir að þeim kafla Helsinki-samþykktarinnar sem fjallar um mannréttindi og félagsleg réttindi, en þetta hefur verið meginþátturinn í starfi Evrópuráðsins frá stofnun þess 1949.
3. Fyrir nokkrum árum var stór hluti RÖSE-ríkjanna utan Evrópuráðsins, þ.e. Sovétríkin og þau Mið-Evrópuríki sem voru undir áhrifavaldi þeirra. Núna eru þessi ríki flest með gestaaðild að Evrópuráðinu sem breytist í fulla aðild ef ríkið æskir þess og fullnægir skilyrðum ráðsins um lýðræðislegt stjórnarfar og mannréttindi. Að vísu eru Bandaríki Norður-Ameríku og Kanada aðilar að RÖSE auk Evrópuríkjanna, en gert yrði ráð fyrir því í sérstökum starfsreglum, enda yrði RÖSE-þing ekki hið sama og Evrópuráðsþing þótt hagnýtar ástæður mæli með nánum tengslum.
4. Af þremur ofangreindum ástæðum má sjá að um tvíverknað væri að ræða ef nýjar Evrópustofnanir með nýju skrifstofubákni með sömu verkefni og Evrópuráðið væru settar á fót. Einkanlega væri það óhagræði fyrir smærri ríkin vegna kostnaðar. Loks má nefna að hætta er á að slakað yrði á þeim mannréttindakröfum sem unnið er eftir í Evrópuráðinu ef til kæmu aðrar Evrópustofnanir með sams konar verkefni, en ramma sem félli að mannréttindaviðhorfum allra RÖSE-ríkja eins og þau birtast í dag.

Með allt þetta í huga var í tengslum við haustlotu Evrópuráðsþingsins efnt til fyrstu þingmannasamkundu RÖSE-ríkjanna þar sem yfirgnæfandi meiri hluti ríkja samþykkti hugmynd að starfsreglum og fyrirkomulagi RÖSE-þings. Yfir þessum tímamótum hvíldi þó sá skuggi að Bandaríkjamenn sendu ekki fulltrúa á fundinn og var það þó forseti þeirra sem borið hafði fram hvað ákveðnasta tillögu um að hið nýja RÖSE-þing yrði byggt á grunni þings Evrópuráðsins. Kapp er því lagt á að fá Bandaríkjamenn til þátttöku í undirbúningi þessa máls.

Næsti fundur um mál þetta verður í apríl í Madrid. Af hálfu íslensku sendinefndarinnar tók Ragnhildur Helgadóttir þátt í umræðunum um þetta á haustþingi Evrópuráðsins.

Evrópuráðið og Evrópubandalagið.

Í skýrslum tveggja síðustu ára hefur verið vikið að samstarfi við EB. Menn hafa einnig í því efni lagt áherslu á að forðast tvíverknað og stefnt að skýrri verkaskiptingu. Óhjákvæmilegt er þó að verk skarist nokkuð, en þá hefur reynt á samstarf þessara stofnana, svo sem er, einkanlega á sviði félagsmálasáttmálans.

Evrópuráðið og OECD.

OECD (Efnahags- og framfarastofnunin) hefur þá sérstöðu gagnvart Evrópuráðinu að þing þess í Strassborg er eini vettvangurinn þar sem þingmannanefndir allra þessara ríkja koma saman til umræðna. Á hverju þingi Evrópuráðsins flytur framkvæmdastjóri OECD, Paye, skýrslu og svarar síðan munnlegum fyrirspurnum þingmanna.

Evrópuráðið og Norðurlandaráð.

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs heimsótti í haust Evrópuráðið í Strassborg þar sem stjórnarnefndin tók á móti henni og bauð til sameiginlegs fundar. Höfuðumræðuefni var hin mikla pólitíska breyting sem nú á sér stað á Evrópu og aukið samstarf beggja þessara þingmannasamkunda.

Íslendingar, sem tóku þátt í fundinum, voru af hálfu Norðurlandaráðs þeir Páll Pétursson, forseti ráðsins, og Ólafur G. Einarsson, auk Snjólaugar Ólafsdóttur og Elínar Flygenring. Af hálfu Evrópuráðs var einn Íslendingur, Ragnhildur Helgadóttir, varaforseti þess.

Aðrar fjölþjóðastofnanir.

Evrópuráðið, sem sjálft fjallar ekki um varnar- og öryggismál, er í nánum tengslum við Vestur-Evrópubandalagið á þann veg að samkvæmt reglum þess eru þingmenn á þingi Vestur-Evrópubandalagsins einnig á þingi Evrópuráðsins.

Formaður ráðherranefndar EFTA eða framkvæmdastjóri þess hefur stundum ávarpað þing Evrópuráðsins.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin og Evrópuráðið munu taka upp nánara samstarf en um það fjallar m.a. skýrsla um samræmda evrópska heilbrigðisstefnu og tillaga félags- og heilbrigðisnefndar ráðsins. Ragnhildur er höfundur skýrslunnar og framsögumaður tillögunnar sem bíður lokaafgreiðslu.

Eftirlitsnefndir með kosningum í nýfrjálsum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu.

Ráðið hefur sinnt tímabundnum verkefnum vegna umsókna Austur- og Mið-Evrópuríkja um aðild að störfum þess. Vegna þessa var fyrir tveimur árum gerð breyting á reglum þingsins sem opnaði þessum ríkjum þátttöku í þingi lýðræðisþjóða, enda teldust þau fullnægja mannréttindaskilyrðum lokasamþykktar Helsinki-sáttmálans. Full aðild kemur hins vegar ekki til álita nema fram hafi farið lýðræðislegar fjölflokka þingkosningar. Ráðið ákvað því að stofna sérstakar þingmannanefndir til að fylgjast með framkvæmd kosninganna. Þannig kom það til að fyrsta eftirlitsnefndin af þessu tagi fór til Austur-Þýskalands fyrir ári síðan. Meðal þingmanna í þeirri nefnd var Ragnhildur Helgadóttir. Störfum var hagað þannig að þrjá daga fyrir kosningar hélt nefndin fundi með forsvarsmönnum framboðslista og fóru fram afar opnar viðræður við þá hvern um sig um aðstæður við undirbúning kosninganna að því er varðaði möguleika til kynningar, fundahalda og fjármögnunar. Á kjördaginn sjálfan fóru nefndarmenn tveir og tveir allan daginn milli kjörstaða og fylgdust með frágangi kjörklefa, kjörkassa og framkvæmd utankjörstaðakosningar. Í lok kjörfundar var fylgst með byrjun talningar og hvort fulltrúar lista væru viðstaddir. Heimamönnum var ekki kunnugt fyrir fram hvaða kjörstaðir yrðu

heimsóttir. Sams konar verkefni voru svo unnin í öðrum þeim löndum sem lokið hafa kosningum.

Alþingi, 19. febr. 1991.

Ragnhildur Helgadóttir. Guðmundur G. Þórarinsson. Eiður Guðnason.

Sþ. 689. Skýrsla [384. mál]

félagsmálaráðherra um 77. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1990.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

1. INNGANGUR

Umhverfismál eru að verða sífellt umfangsmeiri málaflokkur. Ekki aðeins innan einstakra landa heldur einnig í alþjóðasamskiptum. Þetta er eðlilegt vegna þess að mengun er ekki einkamál einstakra ríkja. Vandamálið er í eðli sínu alþjóðlegt og snertir okkur öll, einkum og sér í lagi afkomendur okkar.

Mengun umhverfisins hefur stóraukist. Ósonlag jarðarinnar þynnist, andrúmsloftið í mörgum stórborgum er mettað útblæstri bifreiða og verksmiðjureyk, jarðvegur spillist af eiturefnanotkun og er sums staðar orðinn óhæfur til ræktunar, gjöful fiskimið hverfa vegna mengunar hafsins og ofveiði.

Við fyrstu sýn virðist þessi þróun lítið snerta Alþjóðavinnumálastofnunina. En eins og sýnt hefur verið fram á í skýrslunni Sameiginleg framtíð okkar (Our Common Future), sem kennd er við forsætisráðherra Noregs, Gro Harlem Brundtland, skipta umhverfismálin, sérstaklega sá þáttur sem snýr að nýtingu auðlinda, höfuðmáli fyrir efnahagsþróunina í heiminum og þar með fyrir vinnumál.

Á sviði umhverfismála er víða að finna brýn vandamál sem krefjast alþjóðlegra úrlausna. Má þar nefna mengun hafsins, loftmengun sem eyðileggur skóga og spillingu náttúrufegurðar, mengun grunnvatna og stöðuvatna, dreifingu eiturefna og hættulegs úrgangs og eyðingu ósonlagsins. Allt eru þetta verkefni á sviði umhverfisverndar sem krefjast sameiginlegs átaks þjóða heims. Samstaða þjóða um markvissar úrlausnir og framkvæmd í þessum mikilvægu þáttum umhverfismála geta haft gífurlega þýðingu um framvindu mála í heiminum á komandi árum. Ljóst er að þjóðir heims eiga við mismunandi vanda að etja í umhverfismálum þó vissulega séu stórir þættir á sviði umhverfismála sameiginleg úrlausnarefni þjóðanna.

Með tilliti til alls þessa var það mjög tímabært af forstjóra alþjóðvinnumálaskrifstofunnar að taka umhverfismál til umfjöllunar í skýrslu sinni til 77. Alþjóðavinnumálaþingsins. Í henni setur forstjórinn fram hugmyndir um það hvernig stofnunin og aðildarríki hennar geti lagt sitt af mörkum til að bæta umhverfið með aðgerðum á vettvangi vinnumálanna. Meðal þess sem lögð er rík áhersla á í skýrslunni er afgreiðsla og fullgildingar á alþjóðasamþykktum á sviði öryggis- og hollustuhátta í atvinnulífinu. Á þann hátt verði best tryggð nauðsynleg samræming á sameiginlegum aðgerðum aðildarríkja Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem skili árangri við að bæta umhverfi starfandi fólks á vinnumarkaði. Framlag 77. Alþjóðavinnumálaþingsins til umhverfismála var mikilvægt. Þingið afgreiddi einróma nýja alþjóðasamþykkt um meðferð efna á vinnustöðum.

Nýja alþjóðasamþykktin markar tímamót á sviði vinnuumhverfismála. Markmiðið með afgreiðslu hennar er að draga úr slysum og atvinnusjúkdómum vegna vinnu með efni. Einnig að stuðla að því að efni séu metin í þeim tilgangi að ákvarða hættuna af þeirra völdum, tryggja að atvinnurekendur fái upplýsingar um rétta meðferð frá framleiðanda og að starfsmenn fái fræðslu um efni á vinnustað og um varnaraðgerðir til að draga úr hugsanlegri skaðsemi þeirra.

Ríki sem fullgilda samþykktina skuldbinda sig til að móta heildarstefnu í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins um örugga meðferð efna á vinnustöðum. Þessa heildarstefnu skal endurskoða reglulega.

Af yfirlýsingum fulltrúa á vinnumálaþinginu er ljóst að nýja alþjóðasamþykktin mun hafa víðtæk áhrif á lög og reglugerðir víðs vegar um heim, m.a. á reglur Evrópubandalagsins á þessu sviði.

Þingið afgreiddi aðra alþjóðasamþykkt um næturvinnu en um hana ríkti nokkur ágreiningur. Einnig var afgreidd bókun sem felur í sér endurskoðun á samþykkt nr. 89 frá árinu 1948, um næturvinnu kvenna í iðnaði.

Samkvæmt nýju alþjóðasamþykktinni er næturvinna skilgreind sem „öll vinna framkvæmd á samfelldu sjö klukkustunda tímabili þar sem tíminn frá miðnætti til kl. fimm að morgni er innifalinn". Í henni felast þær skuldbindingar að gerðar séu ráðstafanir til að vernda heilsu næturvinnufólks, bæta aðstöðu þess til samvista með fjölskyldu sinni og fjölgun tækifæra til þátttöku í félagsmálum.

Sérstök ákvæði eru í samþykktinni um reglubundna læknisskoðun næturvinnufólks og vernd vanfærra kvenna og mæðra, einnig um að þeir sem vinna að næturlagi skuli eiga aðgang að fullnægjandi þjónustu á vinnutíma.

Á þinginu lauk fyrri umræðu um drög að alþjóðasamþykkt um vinnuaðstæður á hótelum, veitingastöðum og hliðstæðum fyrirtækjum. Markmiðið með afgreiðslu þessarar samþykktar verður að setja lágmarksreglur um vinnu- og hvíldartíma, orlof og ýmiss konar tryggingar. Samkvæmt drögunum skulu starfsmenn fá ákveðin laun án tillits til greiðslu þjórfjár.

Á þinginu starfaði nefnd sem fjallaði um stöðu einyrkja í atvinnulífinu. Nefndin afgreiddi tillögu sem samþykkt var af vinnumálaþinginu. Einnig voru samþykktar tvær ályktunartillögur um umhverfis- og atvinnumál og stuðning ILO við Namibíu.

Alþjóðavinnumálaþingið kaus 46 fulltrúa og jafnmarga til vara í stjórnanefnd ILO til næstu þriggja ára. Fulltrúi Dana tók sæti ríkisstjórna Norðurlandanna í stjórnarnefndinni.

Meðan þingið starfaði voru afhent skjöl þar sem fram kemur að Ísland hefur fullgilt alþjóðasamþykktir nr. 122, um stefnu í atvinnumálum, og nr. 159, um atvinnumál fatlaðra. Þetta voru fyrstu fullgildingar Íslands á alþjóðasamþykktum ILO í 10 ár.

Með vísan til 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er hér með lögð fyrir Alþingi skýrsla um 77. Alþjóðavinnumálaþingið og birtar alþjóðasamþykktir sem þingið afgreiddi.

2. 77. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 1990

2.1. SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA

Dagana 6.–27. júní 1990 var haldið þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) og var það hið 77. í röðinni. Að venju var þingið haldið í Þjóðabandalagshöllinni í Genf í Sviss. Samtals sóttu þingið rúmlega 2.000 fulltrúar ríkisstjórna og samtaka aðila vinnumarkaðarins frá 139 af 150 aðildarríkjum stofnunarinnar. Konur voru 15% þingfulltrúa en voru 13% á 76. vinnumálaþinginu 1989.

Vinnu- og tryggingamálaráðherra Argentínu, Alberto Jorge Triaca, var kosinn forseti þingsins. Kosnir voru þrír varaþingforsetar. Úr hópi ríkisstjórnarfulltrúa var kosinn Ion Pacuraru frá Rúmeníu. Einnig voru kosnir atvinnurekendafulltrúinn James Williams frá Barbados og fulltrúi launafólks V.G. Gopal frá Indlandi.

Sérlegir gestir forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Michel Hansenne, voru Tadeusz Mazowiecki, forsætisráðherra Póllands, og Nelson Mandela, varaforseti Afríska þjóðarráðsins. Þeir fluttu ræður á allsherjarþingi vinnumálaþingsins.

Sendinefnd Íslands á þinginu skipuðu eftirtaldir:

Frá félagsmálaráðuneyti: Gylfi Kristinsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, og Eyjófur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins. Frá utanríkisráðuneyti: Kjartan Jóhannsson sendiherra. Varamenn voru Kristinn F. Árnason og Stefán Jóhannesson, báðir sendifulltrúar hjá fastanefnd Íslands í Genf. Fulltrúi atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur Vinnuveitendasambands Íslands. Varamaður hennar var Jón Magnússon, lögfræðingur VSÍ. Fulltrúi launafólks: Þráinn Hallgrímsson, skrifstofustjóri Alþýðusambands Íslands. Varamaður hans var Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambands Íslands.

Fulltrúar aðila vinnumarkaðarins skiptu með sér þátttöku í Alþjóðavinnumálaþinginu. Aðalfulltrúar tóku þátt í fyrri hluta þingsins en varamenn í seinni hlutanum.

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin málefni:

1. Skýrsla forstjóra og stjórnarnefndar.
2. Fjármál.
3. Upplýsingar og skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna.
4. Næturvinna (síðari umræða).
5. Hættulaus meðferð efna á vinnustöðum (síðari umræða)
6. Vinnuskilyrði á hótelum og veitingastöðum (fyrri umræða).
7. Vinnuskilyrði einyrkja (almenn umræða).
8. Kynþáttaaðskilnaðarstefnan í Suður-Afríku.
9. Tillögur til þingsályktunar.
10. Þingsköp Alþjóðavinnumálaþingsins.

Fjallað var um dagskrárliði 2–10 í þingnefndum. Einnig var fjallað um kjörbréf og málefni sem snertu framvindu þingsins í sérstökum þingnefndum. Fulltrúar Íslands tóku þátt í fjárhagsnefnd, nefnd sem fjallar um framkvæmd alþjóðasamþykkta, nefnd um hættulausa meðferð efna á vinnustöðum, nefnd um drög að alþjóðasamþykkt um næturvinnu og ályktunarnefnd.

2.2. SKÝRSLA FORSTJÓRA

Almennar umræður á allsherjarþingi Alþjóðavinnumálaþingsins fjalla að verulegu leyti um skýrslu forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf og skýrslu stjórnarnefndarinnar um starfsemi stofnunarinnar í Sviss og öðrum löndum. Umræður á allsherjarþinginu fara fram samhliða störfum í þingnefndum.

Skýrsla forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skiptist í tvö hluta. Í fyrri hluta skýrslunnar er brotið til mergjar afmarkað viðfangsefni sem er ofarlega á baugi á sviði vinnumála. Í seinni hlutanum er að finna skýrslu um starfsemi stofnunarinnar.

Fyrri hluti skýrslu forstjóra ILO til 77. Alþjóðavinnumálaþingsins bar yfirskriftina Umhverfi og heimur vinnunnar. Markmiðið var að hluta til að undirbúa þátttöku Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í alheimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem fyrirhugað er að halda árið 1992. Líta má á ráðstefnuna sem framhald á skýrslu nefndar á vegum Sameinuðu þjóðanna sem kennd er við forsætisráðherra Noregs Grc Harlem Brundtland.

Markmið þessa hluta skýrslunnar var einnig það að vekja athygli á viðfangsefnum sem Alþjóðavinnumálastofnunin og aðildarríki hennar geta beitt sér fyrir í því skyni að vernda umhverfið með bættu vinnuumhverfi og breyttri stefnu í atvinnumálum. Í skýrslunni er minnt á að stofnunin hafi þegar árið 1972 samþykkt ályktun um framlag ILO til verndar umhverfisins með aðgerðum á sviði vinnuumhverfismála. Í henni eru aðildarríkin hvött til að fullgilda alþjóðasamþykktir sem hafa að markmiði að bæta umhverfið, einkum á vinnustöðum. Sérstök áhersla er lögð á fullgildingu alþjóðasamþykkta nr. 81, um vinnueftirlit í iðnaði og verslun, og nr. 129, um vinnueftirlit í landbúnaði.

Samtals tóku 273 ræðumenn þátt í umræðum um skýrslu forstjórans, þar af 105 ráðherrar. Helstu atriðin sem komu fram hjá ræðumönnum voru:

- Fulltrúar þeirra þriggja hópa sem eiga sæti á þinginu og tjáðu sig um skýrslu forstjóra voru almennt fylgjandi því að Alþjóðavinnumálastofnunin láti umhverfismálin meira til sín taka í framtíðinni.
- Hjá ræðumönnum kom fram skilningur á því að umhverfi á vinnustöðum og utan þeirra er sín hvor hlið sama málefnis.
- Þjálfun og menntun eru lykilatriði við að vernda og bæta umhverfið.

Margir ræðumenn frá þróunarlöndunum kröfðust þess að iðnríkin í norðri horfist í augu við umhverfisspjöll heima fyrir. Þessir ræðumenn vöktu á því athygli að iðnríkin noti þróunarlöndin í suðri sem geymslustaði fyrir úrgang sem erfitt sé að koma fyrir á heimaslóðum.

Ýmsir frá iðnríkjunum tóku undir sjónarmið fulltrúa þróunarlandanna og bentu á nauðsyn þess að veitt verði aðstoð við að leysa umhverfisvandamál sem komið hafa upp í þessum löndum. Ræðumenn frá Austur-Evrópu gerðu þinginu grein fyrir vandamálum sínum á þessu sviði.

Fulltrúar þróunarlandanna sögðu að mengun og umhverfisspjöll ættu rót að rekja til örrar fólksfjölgunar, fátæktar, og skuldabyrði. Iðnríkin yrðu einnig að sýna samstöðu sína með öðrum ríkjum heimsins við lausn þessara vandamála. Umfang þeirra krefðist víðtækrar samstöðu. Án hennar verða þau ekki leyst og afleiðingarnar snerta öll ríki heimsins fyrr en seinna.

Að venju hélt forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar ræðu næstsíðasta þingdaginn þar sem hann dró saman helstu tillögur úr umræðum á allsherjarþinginu um aðgerðir sem Alþjóðavinnumálastofnunin getur gripið til í því skyni að bæta umhverfið. Meðal þeirra voru:

- aukin áhersla á samningu námsefnis fyrir samtök launafólks um umhverfismál,
- endurskoðun á námsefni fyrir samtök atvinnurekenda á þessu sviði,
- úttekt á hlutverki sem stofnanir sem annast vinnueftirlit geta gegnt við verndun umhverfisins,
- tilraunaverkefni um aðgerðir á sviði umhverfismála sem geta aukið atvinnu,
- aukin áhersla á samstarf ILO við aðrar sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál og virka þátttöku í alþjóðlegu umhverfismálaráðstefnunni í Brasilíu árið 1992.

2.3. UMRÆÐUR UM KJÖRBRÉF

Kjörbréfanefnd er fámennasta nefnd Alþjóðavinnumálaþingsins. Samkvæmt stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er hún skipuð þremur fulltrúum. Að þessu sinni voru eftirtaldir kosnir til setu í nefndinni: Formaður var kjörinn ríkisstjórnarfulltrúi frá Japan, K.

Sato. Fulltrúar aðila vinnumarkaðarins voru þeir sömu og mörg undanfarin ár. Fulltrúi atvinnurekenda var Erik Hoff frá Noregi og fulltrúi launafólks John Svenningsen frá Danmörku.

Yfirleitt berast nefndinni tvenns konar kærur. Í fyrsta lagi er um að ræða kærur vegna þess að aðildarríki greiða ekki ferðakostnað og dagpeninga fyrir fulltrúa aðila vinnumarkaðarins í sendinefndum á Alþjóðavinnumálaþinginu. Einnig er oft kært vegna þess að skipun fulltrúa aðila vinnumarkaðarins í sendinefndir er ekki í samræmi við reglur ILO, þ.e. ekki er haft samráð við helstu samtök á vinnumarkaði eða fulltrúa annaðhvort atvinnurekenda eða launafólks í sendinefndirnar vantar og þær eru þar með ekki fullskipaðar.

Nefndinni bárust kærur vegna skipunar fulltrúa launafólks í sendinefndir Bangladess, Benin, Ekvador, Haítí, Madagaskar, Marokkó og Nikaragva.

Að þessu sinni snerust kærurnar fyrst og fremst um deilur um það hvaða samtök launafólks í hlutaðeigandi ríki teldust vera stærst. Einnig var kært vegna brota á samkomulagi á milli samtaka launafólks um að skiptast á að tilnefna fulltrúa í sendinefnd.

Nefndin var sammála um að taka öll kjörbréf gild. Hún minnti hlutaeigandi á nauðsyn þess að leggja fram eins áreiðanlegar upplýsingar um fjölda félagsmanna og hægt er þannig að hún geti lagt á það mat hvaða samtök teljist stærstu samtök aðila vinnumarkaðarins. Nefndin var einnig sammála um að vekja á því athygli að ríkisstjórnum beri að virða rétt aðila vinnumarkaðarins til að velja fulltrúa sína í sendinefndir á Alþjóðavinnumálaþingið. Önnur skipan sem víkur frá almennt viðteknum reglum sem gilda um það val verða að byggjast á frjálsu samkomulagi stéttarfélaganna innbyrðis.

Þess skal getið að þegar kjörbréfanefnd er sammála um að viðurkenna kjörbréf getur allsherjarþingið ekki breytt þeirri niðurstöðu.

2.4. FJÁRMÁL

Fjármál Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eru rædd í sérstakri þingnefnd sem eingöngu er skipuð fulltrúum ríkisstjórna. Formaður nefndarinnar var Heinz-Michael Melas frá Austurríki. Fulltrúi Íslands í nefndinni var Gylfi Kristinsson. Á 76. Alþjóðavinnumálaþinginu var afgreidd fjárhagsáætlun fyrir árin 1990 og 1991. Samkvæmt henni var gert ráð fyrir því að útgjöldin yrðu 578.270 þús. svissneskir frankar. Ísland greiðir 0,03% af þessari upphæð eða 86.741 svissneskan franka á árinu 1991. Nefndin fjallaði um skýrslu stjórnarnefndarinnar um það hvernig hafi gengið að fylgja fjárhagsáætluninni. Helsta viðfangsefni nefndarinnar að þessu sinni var beiðni ríkisstjórnar Rúmeníu um að fá að halda atkvæðisrétti á þinginu. Rúmenía skuldar árgjald síðustu sex ára. Í 4. tölul. 13. gr. stofnskrár ILO er kveðið á um það að aðildarríki sem ekki greiðir árgjald í tvö ár missi atkvæðisrétt á vinnumálaþinginu. Í beiðninni vísaði ríkisstjórn Rúmeníu til þess að landið er að greiða upp í skuldina samkvæmt áætlun sem samin hefur verið í samráði við alþjóðavinnumálaskrifstofuna.

Við atkvæðagreiðslu með nafnakalli á allsherjarþinginu samþykktu 375 þingfulltrúar að Rúmenía héldi atkvæðisréttinum. Ekkert mótatkvæði kom fram.

2.5. FRAMKVÆMD SAMÞYKKTA OG TILLAGNA

Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta er fjölmennasta nefnd Alþjóðavinnumálaþingsins. Á 77. þinginu áttu sæti í nefndinni 177 fullgildir fulltrúar (104 ríkisstjórnarfulltrúar, 25 fulltrúar atvinnurekenda og 48 fulltrúa launafólks). Einnig sátu fundi nefndarinnar 16 áheyrnarfulltrúar úr hópi ríkisstjórnarfulltrúa, 32 úr hópi atvinnurekenda og 92 úr hópi launafólks. Loks voru 27 fulltrúar ýmissa samtaka sem eiga áheyrnarfulltrúa á þinginu. Yfirleitt sátu 344 fundi nefndarinnar. Hún hélt samtals 18 fundi. Nefndarformaður var kosinn M. Rood ríkisstjórnarfulltrúi frá Hollandi. Hann gegndi þessu erfiða starfi með slíkum ágætum að það verður vafalaust lengi í minnum haft. Þetta er annað árið í röð sem nefndin er þeirrar gæfu aðnjótandi að hafa góðan nefndarformann. Slíkt hefur mjög mikið að segja vegna

þess að verkefni nefndarinnar er með þeim hætti að starfið verður að geta gengið tiltölulega snurðulaust. Að öðrum kosti verður að halda kvöld- og næturfundi þannig að hún geti lokið verkefni sínu.

Mörg undanfarin ár hafa varaformenn nefndarinnar verið Wisskirchen, atvinnurekendafulltrúi frá Sambandslýðveldinu Þýskalandi, og Houthuys, fulltrúi launafólks frá Belgíu. Þeir hafa jafnframt verið aðaltalsmenn umbjóðenda sinna og sem slíkir sett svip á nefndarstarfið. Houthuys lét af þessu starfi með síðasta þingi. Að þessu sinni var hann gestur nefndarinnar og voru honum þökkuð ánægjuleg samskipti á sérstökum fundi nefndarinnar. Við hlutverki hans tók W. Peirens einnig frá Belgíu.

Af hálfu Íslands sátu í nefndinni Gylfi Kristinsson og Þráinn Hallgrímsson.

Starf þingnefndarinnar er undirbúið af alþjóðavinnumálaskrifstofunni og sérstakri nefnd sérfræðinga sem rannsakar skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd alþjóðasamþykkta sem að jafnaði eru gefnar á tveggja ára fresti, þ.e. aðildarríkin gefa árlega skýrslu um framkvæmd u.þ.b. helmings fullgiltra alþjóðasamþykkta. Sérfræðinganefndin gefur út niðurstöður sínar í skýrslu sem er eitt af undirstöðuskjölunum í starfi þingnefndarinnar.

Starf nefndarinnar hefst með almennum umræðum sem standa í tvo til þrjá daga. Þar næst er fjallað um framkvæmd tiltekinna samþykkta eða tillagna sem stjórnarnefndin hefur samþykkt að taka til sérstakrar athugunar. Mestum hluta starfstíma nefndarinnar er varið í að ræða framkvæmd einstakra aðildarríkja á alþjóðasamþykktum. Sú vinnuregla hefur skapast að fulltrúar aðila vinnumarkaðarins koma sér saman um 40 mál sem tekin eru til umfjöllunar í nefndinni á sérhverju vinnumálaþingi. Nefndin telst ekki hafa lokið störfum fyrr en sú málaskrá er tæmd og oft þarf að leggja nótt við dag til þess að það takmark náist.

Almennar umræður.

Í almennum umræðum var einkum fjallað um eftirlitskerfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Samtals tóku 50 fulltrúar þátt í umræðum eða fleiri en nokkru sinni áður. Fram kom að heildartala fullgildinga á alþjóðasamþykktum ILO 31. desember 1989 var 5.463. Á árinu 1989 voru skráðar 63 fullgildingar 19 aðildarríkja. Frá 1. janúar til 21. mars 1990 höfðu verið skráðar 15 fullgildingar fimm aðildarríkja.

Eins og við mátti búast fjölluðu fulltrúar í nefndinni um breytingar í efnahags- og stjórnmálum sem áttu sér stað á árunum 1989 og 1990 í Austur- og Mið-Evrópu. Þær hafa endurspeglast í löggjöf og framkvæmd laga í þessum löndum. Margir ræðumanna lögðu áherslu á jákvæða þróun að því er varðar aukna virðingu fyrir grundvallarmannréttindum í Austur-Evrópu. Stofnanir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hafa um árabil gert athugasemdir við framkvæmd ríkja í þessum heimshluta á ákvæðum fjölmargra alþjóðasamþykkta sem snerta mannréttindi. Margir ríkisstjórnarfulltrúar frá Austur-Evrópu tóku til máls og gáfu nánari upplýsingar um framvindu mála í löndum sínum.

Frá almennum umræðum í nefndinni er eftirminnilegust umfjöllun um 7. tölul. í skýrslu sérfræðinganefndar ILO. Aðdragandi þessarar umræðu var ummæli fulltrúa atvinnurekenda í ræðu við almennar umræður í nefndinni árið 1989, þ.e. um hlutverk sérfræðinganefndarinnar í sambandi við túlkun á ákvæðum í alþjóðasamþykktum ILO. Fulltrúi sænskra atvinnurekenda kvartaði undan því að nefndin túlkaði of rúmt ákvæði í sumum alþjóðasamþykktum. Sérfræðinganefndin tók þessum athugasemdum illa því í skýrslu hennar segir m.a.:

„... Nefndin hefur nokkrum sinni haft tækifæri til að vekja á því athygli að túlkun hennar á ákvæðum í alþjóðasamþykktum sé ekki endanleg. Það vald sé falið Alþjóðadómstólnum í Haag skv. 37. gr. stofnskrár ILO. Nefndin telur hins vegar nauðsynlegt, til þess að hún geti metið hvort ákvæðum alþjóðasamþykkta er framfylgt eða ekki, að láta í ljós álit sitt á inntaki og umfangi ákvæða alþjóðasamþykkta ILO og ákvarða lagalegt gildissvið þeirra. Nefndin lítur því svo á að geri aðildarríki ekki ráðstafanir til að hnekkja túlkun hennar með málskoti til Alþjóðadómstólsins í Haag sé túlkunin samþykkt og almennt viðurkennd ...“

Það var einkum síðasta atriðið sem olli nokkru uppnámi. Fulltrúi atvinnurekenda vakti á því athygli að það sem sérfræðinganefndin væri í raun að segja væri það að annaðhvort hún eða Alþjóðadómstóllinn í Haag hafi réttinn til að túlka alþjóðasamþykktir ILO. Ef aðildarríki áfrýi ekki til Alþjóðadómstólsins í Haag standi túlkun sérfræðinganefndarinnar óhögguð. Þetta geti ekki verið rétt vegna þess að þá hafi þingnefndin og Alþjóðavinnumálaþingið engu hlutverki að gegna í þessu sambandi. Hann benti á máli sínu til stuðnings að skilningur sinn hafi stoð í þingsköpum og stofnskrá ILO þar sem þingnefndinni er falið það hlutverk að fara yfir skýrslu sérfræðinganefndarinnar.

Talsmaður launafólks tók þátt í umræðum um hlutverk sérfræðinganefndar ILO og lagði áherslu á að umboð hennar til að túlka alþjóðasamþykktir væri hafið yfir allan vafa. Verkefni nefndarinnar væri mjög mikilvægt og fælist fyrst og fremst í því að meta hvort aðildarríkin uppfylli þær kröfur sem felast í samþykktum ILO án tillits til þjóðskipulags eða efnahags hlutaðeigandi lands. Þetta sé grundvöllur þess að samþykktunum sé framfylgt með sama hætti alls staðar í heiminum.

Fulltrúi Finnlands, sem að þessu sinni var talsmaður ríkisstjórnafulltrúa Norðurlanda í nefndinni, lagði áherslu á þingnefndina sem vettvang skoðanaskipta á milli sérfræðinganefndarinnar annars vegar og hins vegar ríkisstjórna og aðila vinnumarkaðarins.

Sú ósk kom fram frá fulltrúum launafólks í Finnlandi, Noregi og Stóra-Bretlandi að alþjóðavinnumálaskrifstofan taki saman rit þar sem gerð er grein fyrir reglum sem felast í 37. gr. stofnskrár ILO.

Umræðunni um þetta málefni lauk með ræðu fulltrúa forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar. Í henni kom m.a. fram að sérfræðinganefndin muni kynna sér ýtarlega þau sjónarmið sem komu fram í þingnefndinni. Hann lagði áherslu á að þetta væri viðkvæmt efni sem snerti framtíð eftirlitskerfis Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Hins vegar væri mikilvægt að gera sér grein fyrir því að hvorki sérfræðinganefndin né þingnefndin væru dómstólar. Hlutverk sérfræðinganefndarinnar sé að fara yfir skýrslur aðildarríkjanna og leggja lögfræðilegt mat á það hvort framkvæmd þeirra sé í samræmi við hlutaðeigandi alþjóðasamþykkt. Reynslan hafi sýnt að álit sérfræðinganefndarinnar veki athygli og í allflestum tilvikum fari aðildarríkin eftir því í raun. Þó beri að leggja á það áherslu að álit sérfræðinganefndarinnar er ekki skuldbindandi túlkun á alþjóðasamþykktunum sem slíkum. Það vald er falið Alþjóðadómstólnum í Haag samkvæmt stofnskrá ILO. Fulltrúi forstjóra gerði að umtalsefni tengsl sérfræðinganefndarinnar og þingnefndarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Hann sagði mikilvægt að gera sér grein fyrir því að þingnefndin sé lýðræðislegur vettvangur skoðanaskipta um það á hvern hátt aðildarríkin hrinda í framkvæmd markmiðum sem sett eru í alþjóðasamþykktum. Þingnefndin eigi ekki að gegna hlutverki áfrýjunardómstóls sem rannsaki álit sérfræðinganefndarinnar í því skyni að kveða upp dómsorð. Hugmyndin sé sú að skapa aðildarríkjunum vettvang til skoðanaskipta sem byggist á lögfræðilegum athugunum og mati sérfræðinganefndarinnar. Markmiðið sé að bæta framkvæmd aðildarríkjanna á alþjóðasamþykktum ILO. Komi upp ágreiningur um túlkun er hægt að leysa hann með vísan til ákvæða í 37. gr. stofnskrár ILO. Þetta ættu allir hlutaðeigandi aðilar að hafa í huga komi upp alvarlegur ágreiningur um túlkun alþjóðasamþykktanna. Fulltrúi forstjóra sagði að lokum að alþjóðavinnumálaskrifstofan muni taka til athugunar óskir um að gefa út leiðbeiningarrit um málarekstur fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag.

Á það skal lögð áhersla að hér er um að ræða mjög athyglisverða umræðu um grundvallaratriði sem mun vafalaust halda áfram á næstu þingum. Þess má geta að áliti sérfræðinganefndar ILO hefur einu sinni verið skotið til úrskurðar Alþjóðadómstólsins í Haag. Það mun hafa verið í kringum 1930. Einnig má vekja athygli á þeirri staðreynd að þrír fulltrúar í sérfræðinganefndinni sitja einnig í Alþjóðadómstólnum í Haag. Því hefur þeirri spurningu verið hreyft hvort hægt sé að búast við annarri niðurstöðu í Haag en í Genf.

Þess skal enn fremur getið að rótin að framangreindum umræðum er spurningin um túlkun sérfræðinganefndarinnar á alþjóðasamþykkt nr. 87 og rétturinn til að gera verkfall. Má ríkisstjórn undir engum kringumstæðum takmarka verkfallsréttinn? Sérfræðinganefndin svarar yfirleitt með neii.

Fulltrúar vestrænna iðnríkja (IMEC-ríkja) sem sitja í nefndinni eiga með sér samráð. Þeir hittast reglulega á samráðsfundum yfir þingtímann þar sem tækifæri gefast til skoðanaskipta. Þeir koma einnig saman til funda í tengslum við fundi stjórnarnefndar ILO sem heldur þrjá fundi á ári. Á þinginu í júní var framangreint mál um túlkun á samþykktum ILO mjög til umfjöllunar og var fastmælum bundið að halda þeirri umræðu áfram. Einnig var rætt um virkari þátttöku fulltrúa ríkisstjórna í umræðum í þingnefndinni um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Það málefni verður einnig til áframhaldandi umfjöllunar.

Annar hluti almennra umræðna í þingnefndinni fjallaði um framkvæmd alþjóðasamþykktar nr. 147 og tillögu nr. 155, um lágmarkskröfur á kaupskipum. Alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman skýrslu um þetta efni (Labour standards on merchant ships) sem var byggð á efni frá 95 aðildarríkjum ILO, m.a. frá Íslandi. Fram kom í ræðum margra fulltrúa að athugun alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hafi verið gagnleg fyrir ríkisstjórnir, útgerðarmenn og sjómenn að því er varðaði að gera sér grein fyrir innihaldi samþykktarinnar. Þetta kunni að leiða til þess að fleiri ríki fullgildi hana. Fulltrúar atvinnurekenda kváðust vera þeirrar skoðunar að alþjóðasamþykkt nr. 147 hafi haft mikil áhrif í heiminum, einkum þau ákvæði hennar sem snerta skyldu til að hafa eftirlit með skipum sem leita hafnar í aðildarríki samþykktarinnar. Þótt einungis 20 ríki hafi fullgilt samþykktina séu áhrif hennar mun meiri en tala fullgildinga gefur til kynna. Í nefndinni var rætt um ýmis ákvæði samþykktarinnar, m.a. í 2. gr. Þar er kveðið á um skuldbindingu aðildarríkis til að hafa lög eða reglur sem fjalla um öryggi um borð í skipum og varða m.a. hæfniskröfur, vinnutíma o.fl.

Í nefndinni kom fram gagnrýni á nokkur ríki sem hafa fullgilt alþjóðasamþykkt nr. 147, t.d. Noreg, Danmörku og Sambandslýðveldið Þýskaland. Þessi lönd hafa tekið upp svonefnda alþjóðlega skipaskrá sem gerir kleift að ráða erlenda skipverja á öðrum kjörum en þegna hlutaðeigandi aðildarríkis. Á það var lögð áhersla að ákvæði samþykktar nr. 147 taki einnig til vinnuskilyrða á skipum á þessari skrá.

Umfjöllun um framkvæmd einstakra aðildarríkja á alþjóðasamþykktum.

Stórum hluta þingtímans ver nefndin í umræður um framkvæmd aðildarríkjanna á alþjóðasamþykktum. Eins og áður sagði vinnur nefndin eftir skrá yfir u.þ.b. 40 mál sem aðilar vinnumarkaðarins koma sér saman um að tekin séu til umfjöllunar í nefndinni. Auk þess eru nokkrar ríkisstjórnir beðnar um frekari skýringar á einstökum atriðum. Að þessu sinni sendu allar ríkisstjórnir, sem hlut áttu að framangreindum málum, fulltrúa sína á fund nefndarinnar til að taka þátt í skoðanaskiptum um athugasemdir sérfræðinganefndarinnar.

Margar athugasemdir sérfræðinganna snerta skyldu aðildarríkjanna að kynna réttum aðilum, þ.e. löggjafarsamkomu, samþykktir Alþjóðavinnumálaþingsins. Samkvæmt stofnskrá skal þetta gert innan árs frá lokum vinnumálaþingsins, í undantekningartilvikum ekki síðar en innan 18 mánaða. Flest ríki standa við skuldbindingar sínar að þessu leyti. Frá þeirri reglu eru slæmar undantekningar. Í skýrslu þingnefndarinnar er bent á Grenada, Haítí, Kongó, Máritaníu, Papúu Nýju-Gíneu, Paragvæ, Sankti-Lúsíu, Seychelles-eyjar og Sierra Leone.

Meðal þeirra atriða sem sérfræðinganefndin leggur mikla áherslu á er að aðildarríkin sendi skýrslur um framkvæmd þeirra alþjóðasamþykkta sem þau hafa fullgilt. Í sumum tilvikum ber að taka saman skýrslur á tveggja ára fresti, í öðrum tilvikum á fjögurra ára fresti. Þingnefndin sá ástæðu til að nefna nokkur ríki sem ekki hafa undanfarin tvö ár sent alþjóðavinnumálaskrifstofunni skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Þau eru Máritanía, Holland (vegna Aruba), Nýja-Sjáland (vegna Cook-eyja og Niue) og Sierra Leone.

Sérstakar ábendingar.

Þau ríki sem talin eru alvarlega brotleg gagnvart alþjóðasamþykktum ILO hljóta þann dóm að þeirra er getið í svonefndum sérstaka hluta í skýrslu þingnefndarinnar til allsherjarþingsins. Á 77. Alþjóðavinnumálaþinginu voru það tvö aðildarríki sem hlutu þennan vafasama heiður, Kólumbía og Dóminíska lýðveldið.

Athugasemdir sérfræðinganefndar ILO varða fyrst og fremst framkvæmd Kólumbíu á alþjóðasamþykkt nr. 87, um félagafrelsi. Nefndin hefur um margra ára skeið gagnrýnt lög og reglugerðir sem hafa þótt skerða réttinn til að boða verkfall það mikið að það brjóti í bága við samþykktina. Sérfræðinganefndin hefur árangurslaust beint þeirri ósk til stjórnvalda í Kólumbíu að þau beiti sér fyrir breytingum þannig að réttarstaða launafólks verði í samræmi við ákvæði samþykktar nr. 87. Þingnefndin tók undir athugasemdir sérfræðinganefndarinnar og lagði auk þess til að Kólumbía leiti eftir aðstoð ILO við að leysa þann vanda sem við er að glíma.

Enn á ný komu málefni Dóminíska lýðveldisins til umfjöllunar í nefndinni. Eins og undanfarin ár var einkum rætt um framkvæmd á samþykkt nr. 95, um verndun vinnulauna, og samþykkt nr. 105, um afnám nauðungarvinnu. Sérstök eftirlitsnefnd ILO heimsótti landið árið 1988. Í framhaldi af skýrslu hennar lýsti sérfræðinganefndin yfir miklum áhyggjum vegna stöðu launafólks frá Haítí í lýðveldinu. Þingnefndin lýsti áhyggjum sínum vegna þess að ekki hafði orðið vart við neinar framfarir, hvorki varðandi lagasetningu né framkvæmd, þrátt fyrir þær ábendingar sem settar höfðu verið fram árum saman af eftirlitsnefndinni, sérfræðinganefndinni og þingnefndinni. Ráðherra vinnumála í Dóminíska lýðveldinu mætti á fund þingnefndarinnar. Í ræðu sem hann flutti í nefndinni kom fram að staða farandverkafólks frá Haítí hefur batnað á undanförnum árum. Stjórnvöld hafa skipulega fylgst með því að farið sé eftir reglum um lágmarkslaun. Enn fremur hefur verið reynt að tryggja ferðafrelsi þessara verkamanna. Fulltrúi launafólks í Dóminíska lýðveldinu í nefndinni upplýsti að umbætur hafi átt sér stað undanfarin missiri. Dregið hafi úr skipulögðum brotum á ákvæðum samþykkta nr. 95 og 105. Þó skortir enn töluvert á að ástandið í landinu sé viðunandi eða í samræmi við áðurnefndar samþykktir. Vinnumálaráðherra Haítí kvaðst hafa heimsótt Dóminíska lýðveldið og geta tekið undir þetta álit.

Athugasemdir við framkvæmd Íslands á fullgiltum alþjóðasamþykktum.

Í skýrslu sérfræðinganefndarinnar til Alþjóðavinnumálaþingsins er á tveimur stöðum fjallað um framkvæmd Íslands á fullgiltum alþjóðasamþykktum, í kafla um framkvæmd á alþjóðasamþykkt nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess, og um samþykkt nr. 105, um afnám nauðungarvinnu.

Í skýrslunni segir að sérfræðinganefndin hafi kynnt sér efni í skýrslu ríkisstjórnarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykktar nr. 87. Hún hafi einnig kynnt sér málavexti í kærumáli nr. 1458 sem hafi verið rannsakað af nefnd um félagafrelsi og gerð sé grein fyrir í 262. skýrslu hennar sem samþykkt hafi verið af stjórnarnefnd ILO á fundi í febrúar til mars 1989. Enn fremur kemur fram í skýrslunni að nefndin hafi kynnt sér athugasemdir Alþýðusambands Íslands (ASÍ) sem ríkisstjórnin hafi komið á framfæri 26. maí 1989. Nefndin tekur eftirfarandi fram:

> „Athugasemdir ASÍ frá 26. maí 1989 og kærumál nr. 1458 varða lög frá 20. maí 1988 sem ákvarða hækkanir á launum launafólks og banna verkföll um ákveðinn tíma og eru því í ósamræmi við samþykktir 87 og 98.
>
> Í skýrslunni er athugasemdum ASÍ ekki svarað en ríkisstjórnin áskilur sér rétt til að gera það síðar.
>
> Nefndin vill vekja athygli bæði ríkisstjórnarinnar og ASÍ á þeirri staðreynd að þau álitaefni í kærumáli nr. 1458 sem vísað er til í athugasemdum ASÍ, þ.e. bann við

kjarasamningum um tiltekið tímabil og engar samningaviðræður á milli ríkisstjórnarinnar og samtaka launafólks um nauðsynlegar aðgerðir til að bregðast við aðstæðum í efnahagsmálum, snerta í raun alþjóðasamþykkt nr. 98. Af þeirri ástæðu vísar nefndin til athugasemda sem beint var til ríkisstjórnarinnar á árinu 1989 þar sem hún meðal annars óskar eftir áframhaldandi upplýsingum um þróun mála.

Nefndin yrði þar af leiðandi þakklát ríkisstjórninni ef hún gæti í næstu skýrslu sinni um framkvæmd alþjóðasamþykktar nr. 98 svarað athugasemdum ASÍ þannig að nefndin geti kynnt sér það við reglulega athugun á framkvæmd samþykktarinnar.

Að því er varðar framkvæmd samþykktar nr. 87 tekur nefndin eftir því að meðal aðgerða, sem gripið var til með stoð í lögum frá 20. maí 1988, var bann við verkföllum um ákveðið tímabil.

Nefndin beinir því til ríkisstjórnarinnar að upplýsa hvort þetta bann hafi fallið úr gildi þar sem tímabilið, sem tilgreint var í lögunum frá 20. maí 1989, rann út 15. febrúar 1989 samkvæmt upplýsingum ríkisstjórnarinnar í kærumáli 1458."

Þess skal getið að alþjóðavinnumálaskrifstofunni var sent bréf, dags. 26. apríl 1990, þar sem staðfest var að þær takmarkanir á verkfallsrétti sem fólust í lögum nr. 14/1988, um aðgerðir í kjaramálum, hafi fallið niður 15. febrúar 1989.

Hin athugasemd sérfræðinganefndarinnar sem birt er í skýrslunni snertir framkvæmd Íslands á alþjóðasamþykkt nr. 105, um afnám nauðungarvinnu. Sérfræðinganefndin hefur um árabil gert athugasemdir við framkvæmd þessarar samþykktar sem efnislega varðar ákvæði 81. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, um agavald skipstjóra, sem hún telur að sé ekki í samræmi við samþykktina. Í skýrslum Íslands um framkvæmd samþykktarinnar, sem félagsmálaráðuneytið tók saman í samráði við samgönguráðuneytið, hefur verið bent á að ákvæðið sé fyrst og fremst byggt á því ríkjandi sjónarmiði í íslensku þjóðfélagi að tryggja beri öryggi sjómanna og annarra sjófarenda eins og kostur er. Markmið þess væri að tryggja að skipstjóri (eða sá sem er í hans stað) geti komið skipi í örugga höfn eða var þegar hættu ber að höndum eða bjargað skipi og mönnum að öðru leyti úr háska. Í skýrslu sérfræðinganefndar ILO kemur fram að hún hefur kynnt sér skýringar íslensku ríkisstjórnarinnar. Nefndin tekur fram að tilvik eins og þau sem lýst er í skýrslu Íslands falli utan ramma samþykktar nr. 105 og leggur til að ákvæði 81. gr. sjómannalaganna verði afmarkaðra eða greinin felld úr lögunum eins og gert hafi verið í nokkrum löndum þar sem hliðstæð ákvæði hafi verið í gildi.

Ákvæði 81. gr. laga nr. 35/1985 var fellt úr gildi með lögum nr. 53/1990 sem samþykkt voru á Alþingi 4. maí 1990.

2.6. NÆTURVINNA

Á þinginu fór fram önnur og síðari umræða um drög að alþjóðasamþykkt um næturvinnu. Fjallað var um drögin í sérstakri þingnefnd. Þegar flest var sátu fundi nefndarinnar 158 fulltrúar, 65 ríkisstjórnarfulltrúar, 40 fulltrúar atvinnurekenda og 53 fulltrúar launafólks. Nefndin endurkaus Sum'mur, ríkisstjórnarfulltrúa frá Indónesíu, sem formann. Varaformenn voru einnig endurkosnir, þ.e. Noakes, atvinnurekendafulltrúi frá Ástralíu, og Dreifuss, fulltrúi launafólks í Sviss. Hrafnhildur Stefánsdóttir og Jón Magnússon áttu sæti í nefndinni.

Fyrir nefndinni lágu drög að þrenns konar gjörningum; drög að nýrri alþjóðasamþykkt og tillögu um næturvinnu og drög að bókun við alþjóðasamþykkt nr. 89 frá árinu 1948, um næturvinnu kvenna í iðnaði. Drögin byggðust á niðurstöðu fyrri umræðu um þetta málefni á 76. Alþjóðavinnumálaþinginu 1989.

Starf nefndarinnar hófst á almennum umræðum um drögin að gjörningunum sem lágu fyrir nefndinni. Með sama hætti og við fyrri umræðu lögðu fulltrúar launafólks ríka áherslu á mikilvægi þess að settar verði almennar reglur um næturvinnu. Atvinnurekendur töldu hins vegar að slíkar reglur væru óþarfar og voru þeirrar skoðunar að drögin sem lágu fyrir nefndinni væru óaðgengileg. Þau væru óraunhæf og ósveigjanleg. Í ræðum fulltrúa norrænna

atvinnurekenda kom fram óánægja með drögin. Á það var bent að í þeim væru notuð hugtök sem ekki þekktust í samskiptum aðila vinnumarkaðarins á Norðurlöndum og jafnvel víðar.

Flestir fulltrúar ríkisstjórna sem tóku til máls studdu þær tillögur sem lágu fyrir nefndinni en gáfu til kynna að þeir hefðu ekki á móti því að reglurnar yrðu gerðar sveigjanlegri.

Við fyrstu umræðu kom fram djúpstæður ágreiningur á milli fulltrúa atvinnurekenda og launafólks. Á 77. vinnumálaþinginu setti viljinn til að ná samstöðu svip sinn á starf nefndarinnar. Fulltrúar aðila vinnumarkaðarins héldu fjölmarga óformlega fundi þar sem rædd voru ágreiningsefni. Raunar var samvinnan það mikil á milli fulltrúa atvinnurekenda og launafólks að ríkisstjórnarfulltrúum fannst þeir settir til hliðar.

Eins og áður sagði var mikill ágreiningur með fulltrúum atvinnurekenda og launafólks eftir fyrri umræðuna. Hann var m.a. um fjórar málsgreinar í inngangi að drögum að alþjóðasamþykkt. Efnisinnihald í inngangi felur ekki í sér lagalegar skuldbindingar en hefur þýðingu við túlkun á öðrum greinum samþykktarinnar. Samkomulag tókst um að fella greinarnar úr textanum.

Á vinnumálaþinginu 1989 var ágreiningur um orðalag 1. gr. sem fjallar um skilgreiningar á hugtökum sem notuð eru í alþjóðasamþykktinni. Í drögunum sem voru lögð fyrir þingnefndina við aðra umræðu hafði orðlagi greinarinnar verið breytt. Í samþykktinni er fyrst og fremst fjallað um tvö hugtök, *næturvinna* og *næturvinnumaður*. *Næturvinna* er skilgreind sem öll vinna sem framkvæmd er á nánar tilgreindu tímabili að næturlagi. *Næturvinnumaður* er launamaður sem vinnur næturvinnu umfram nánar tilgreind mörk. Nýjungin felst í því að það eru ekki eingöngu hlutaðeigandi stjórnvöld sem skulu setja þessi mörk heldur geta þau verið samningsatriði í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins.

Í upphaflegum drögum var gert ráð fyrir því að samþykktin taki til allra launamanna. Fjölmargar breytingartillögur komu fram við þetta atriði. Niðurstaðan varð sú að heimila aðildarríkjum að undanskilja starfsmenn í landbúnaði og við nautgripaeldi og fiski- og farmenn frá gildissviði samþykktarinnar.

Fjórða grein alþjóðasamþykktarinnar fjallar um rétt næturvinnumanna til ókeypis læknisskoðunar. Greinin ætti ekki að valda þeim ríkjum vandkvæðum sem búa við þróað heilsugæslukerfi.

Umdeilt atriði við fyrri umræðu var ákvæði í 7. gr. um vernd kvenna í sambandi við barnsburð. Við þá umræðu setti starfsfólk alþjóðavinnumálaskrifstofunnar fram málamiðlunarlausn sem fólst í því að gefa skuli konum sem vinna næturvinnu tækifæri til að velja einn af þremur kostum: að fá annað starf að degi til sé slíkt gerlegt, lengra barnsburðarleyfi eða tryggingabætur. Enn fremur var samþykkt að bæta inn í drögin ákvæði um að óheimilt væri að segja vanfærri konu upp starfi. Málamiðlunartillaga alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hlaut góðar undirtektir og var samþykkt í nefndinni. Í stórum dráttum stóð málamiðlunartillagan óbreytt. Þó var vernd vanfærra kvenna aukin. Lagt er bann við vinnu þeirra í 16 vikur og skal bannið gilda a.m.k. í átta vikur fyrir þann tíma sem búist er við fæðingu.

Nokkrar breytingar voru gerðar á drögum að tillögu um næturvinnu. Flestar eru í samræmi við breytingar sem gerðar voru á samþykktinni.

Eins og að framan greinir afgreiddi þingið bókun við alþjóðasamþykkt nr. 89, um næturvinnu kvenna í iðnaði. Í bókuninni felst að aðildarríki þeirrar samþykktar geta með lögum, reglugerðum eða samningum vikið frá banninu við næturvinnu kvenna í iðnaði. Þess skal getið að nokkur ríki hafa á undanförnum árum sagt upp fullgildingum sínum á alþjóðasamþykkt nr. 89 með vísan til þess að hún brjóti í bága við grundvallarregluna um jafnrétti kynjanna. Önnur ríki hafa gefið til kynna að þau mundu gera slíkt hið sama. Með viðaukanum við samþykktina er komið til móts við jafnréttissjónarmið.

Við atkvæðagreiðslu á allsherjarþinginu féllu atkvæði þannig að 348 greiddu atkvæði með alþjóðasamþykkt um næturvinnu, 24 voru á móti og 15 sátu hjá. Allir norrænu atvinnurek-

endafulltrúarnir, þar með talinn fulltrúi Íslands, greiddu atkvæði gegn nýrri alþjóðasamþykkt um næturvinnu.

Samþykktin og tillagan eru birtar hér með sem fylgiskjöl II og IV. Bókunin við alþjóðasamþykkt nr. 89 er birt sem fylgiskjal V.

2.7. MEÐFERÐ EFNA Á VINNUSTÖÐUM

Telja má afgreiðslu Alþjóðavinnumálaþingsins á alþjóðasamþykkt um meðferð efna á vinnustöðum mikilvægt skref í átt að bættu vinnuumhverfi. Þetta málefni hefur lengi verið til umfjöllunar hjá Alþjóðavinnumálastofnuninni og fleiri alþjóðasamtökum, þar á meðal Evrópubandalaginu sem hefur beðið eftir frumkvæði stofnunarinnar á þessu sviði. Af yfirlýsingum ræðumanna á vinnumálaþinginu má ráða að nýja samþykktin hafi mikil áhrif á lög og reglur í heiminum um meðhöndlun efna á vinnustöðum.

Fjallað var um drögin í sérstakri þingnefnd. Formaður hennar var kosinn R.O. Adewoye, ríkisstjórnarfulltrúi frá Nígeríu. Varaformenn voru B.de Arbeloa, fulltrúi atvinnurekenda frá Venesúela, og M.J. Wright frá Bandaríkjunum. Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins, tók þátt í fundum þingnefndar sem samtals urðu 13. Samtals sátu í nefndinni 145 fulltrúar (59 ríkisstjórnarfulltrúar, 38 fulltrúar atvinnurekenda og 48 fulltrúar launafólks). Rétt er að taka fram að nefndin naut ómetanlegrar aðstoðar G. Kliesh, deildarstjóra í vinnuumhverfisdeild alþjóðavinnumálaskrifstofunnar.

Við lok fyrri umræðu á 76. Alþjóðavinnumálaþinginu voru fjölmörg ágreiningsefni í drögum að alþjóðasamþykkt og tillögu óleyst. Eitt þeirra var ákvæði um merkingar efna. Samkvæmt upphaflegum tillögum var lagt til að innihald allra efna komi fram á umbúðum. Í tillögunni felst umtalsverð breyting frá gildandi reglum í fjölmörgum löndum en samkvæmt þeim er einungis skylt að merkja efni sem hafa skaðleg áhrif á heilsu manna. Fulltrúar atvinnurekenda héldu því fram að tillagan væri óraunhæf. Ef hún næði fram að ganga hefði það í för með sér stórfellt skrifræði og fölsun á vörulýsingum. Um þetta var lengi deilt í þingnefndinni. Niðurstaðan var samþykkt á tillögu frá fulltrúum Evrópubandalagsins um að öll efni skuli merkt með þeim hætti að innihaldið sé gefið til kynna. Þetta er túlkað þannig að ekki er nauðsynlegt að tilgreina ítarlega samsetningu óskaðlegra efna. Það er hins vegar nauðsynlegt ef um hættuleg efni er að ræða. Í slíkum tilvikum skal greina frá hættustigi efnisins, lýsingu á hugsanlegum skaðlegum áhrifum á heilsu manna og hvernig skuli meðhöndla efnið.

Annað atriði sem olli ágreiningi var flutningur efna. Fulltrúar launafólks lögðu fram tillögu um að í meðhöndlun á efnum á vinnustöðum fælist öll vinna þar sem starfsmenn eiga á hættu að komast í snertingu við efnið. Markmiðið með tillögunni var að tryggja að gildissvið samþykktarinnar taki einnig til flutnings á efnum. Í þingnefndinni varð ekki minni ágreiningur um þessa tillögu en um merkingarnar og varð hún tilefni til langra ræðuhalda, m.a. vegna þess að hún snerti aðrar sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna, t.d. Alþjóðasiglingamálastofnunina (IMO) og Efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu. Fulltrúar þessara stofnana óskuðu eftir því að gildissvið alþjóðasamþykktar ILO yrði takmarkað við flutning efna innan fyrirtækja eins og gerð var tillaga um í upphaflegum drögum.

Þetta vandamál var leyst af vinnuhópi sem í voru fulltrúar ríkisstjórna, aðila vinnumarkaðarins og Alþjóðasamtaka flutningaverkamanna. Lausnin felst í því að í 2. gr. er tekið fram að gildissvið samþykktarinnar taki til flutninga á efnum en í 6. gr. er bætt inn nýjum staflið þar sem tekið er fram að við flutning skuli tekið tillit til tilmæla í samþykktum annarra sérstofnana Sameinuðu þjóðanna.

Þriðja meiri háttar deiluefnið var útflutningur efna. Ástæðan var tillaga frá stjórnvöldum í Angóla og Brasilíu um að taka upp í texta alþjóðasamþykktarinnar ákvæði um skyldu upprunalands efnis til að tilkynna innflutningslandi um það ef notkun hlutaðeigandi efnis er

bönnuð eða háð ströngum reglum. Hugmyndin með tillögunni var að koma í veg fyrir að þróunarlönd yrðu geymslustaðir fyrir hættuleg efni sem iðnvæddi hluti heimsins hefði ekki not fyrir. Þessi tillaga hlaut stuðning fulltrúa launafólks í nefndinni en atvinnurekendur voru andvígir henni þótt þeir viðurkenndu nauðsyn á upplýsingum af þessu tagi.

Fulltrúar ríkisstjórna Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar lögðu fram málamiðlunartillögu um að fella brott út textanum kröfuna um að upplýsingaskyldan taki til efna sem háð eru ströngum reglum vegna þess að skilgreiningin á *ströngum reglum* er mismunandi eftir löndum. Þessi tillaga hlaut ekki undirtektir hjá fulltrúum launafólks sem bentu á að einungis fá efni væru bönnuð. Ef tillagan næði fram að ganga væri einungis um að ræða stutta skrá yfir fá efni. Eftir nokkrar atkvæðagreiðslur um breytingartillögur féllst nefndin á eftirfarandi texta sem er 19. gr. samþykktarinnar:

„Ef bannað er í útflutningsríki, sem á aðild að þessari samþykkt, að hafa tiltekin efni til ákveðinna eða hvers konar nota, vegna öryggis og heilsu starfsmanna við vinnu, skal það tilkynnt innflutningsríki og ástæður fyrir því."

Við lokaafgreiðslu í þingnefndinni komu ákvæði 19. gr. enn til umræðu. Í þetta skipti var rætt um það hverning túlka beri þá skyldu aðildarríkis að tilkynna öðrum ríkjum bann við notkun tiltekinna efna. Í nefndinni var skipst á skoðunum um það hvernig bæri að framkvæma ákvæðið. Fulltrúi Frakka hafði fyrirvara um þetta ákvæði og varpaði fram þeirri spurningu hvort ILO gæti með einhverjum hætti annast þessa upplýsingamiðlun. Fulltrúi Sviss hafði einnig fyrirvara um sama ákvæði. Fulltrúi launafólks vakti athygli á því að samþykktin feldi í sér skuldbindingar fyrir aðildarríki sem ekki væri hægt að varpa til ILO. Fulltrúi Sovétríkjanna benti á að Umhverfismálastofnun Sameinuðu þjóðanna hafi þegar mótað reglur um slíka upplýsingamiðlun. Fulltrúi forstjóra ILO vísaði til fyrri umræðna þar sem fram kom að tilkynning til sendiráða væri ein leið til að uppfylla skilyrði 19. gr. Nefndin tók undir þetta sjónarmið.

2.8. VINNUSKILYRÐI Á HÓTELUM OG VEITINGAHÚSUM

Vinnuskilyrði á hótelum, veitingahúsum og hliðstæðum stofnunum var til fyrri umræðu á þinginu. Um þetta málefni var fjallað í þingnefnd. Formaður var kosinn, Lazzam, ríkisstjórnarfulltrúi frá Túnis. Varaformenn voru kosnir Pierides, atvinnurekendafulltrúi frá Kýpur, og Graf, fulltrúi launafólks í Sambandslýðveldinu Þýskalandi. Hrafnhildur Stefánsdóttir og Jón Magnússon, lögfræðingar VSÍ, tóku þátt í starfi nefndarinnar. Um 121 þingfulltrúi tók þátt í starfi nefndarinnar, þar af voru 48 fulltrúar ríkisstjórna, 31 fulltrúi atvinnurekenda og 42 fulltrúar launafólks.

Nefndarstarfið fór frekar illa af stað. Harðar deilur á milli fulltrúa atvinnurekenda og launafólks settu svip á fundina. Oft þurfti að kalla til lögfræðilegan ráðgjafa alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til að setja niður þessar deilur, þ.e. þær sem snertu fundarsköp. Deilurnar náðu hámarki 15. júní þegar fulltrúar atvinnurekenda gengu af fundi í mótmælaskyni við úrskurð formanns nefndarinnar um forgangsröðun breytingartillagna. Eftir að lausn hafði fundist á því ágreiningsefni varð smávægileg breyting til batnaðar á nefndarstarfinu.

Í almennum umræðum í þingnefndinni kom fram ákveðin andstaða hjá talsmanni atvinnurekenda gegn alþjóðasamþykkt á þessu sviði. Hann benti á að Alþjóðavinnumálaþingin hafi afgreitt mjög fáar alþjóðasamþykktir sem taki eingöngu til afmarkaðra starfsgreina. Talsmaðurinn lagði áherslu á að forsenda þess að aðildarríki fullgildi alþjóðasamþykkt sé sú að hún sé almenn og taki til atvinnulífsins í heild en ekki einstakra atvinnugreina. Fram kom hjá fulltrúa atvinnurekenda að vilji væri fyrir því að taka þátt í afgreiðslu tillögu um þetta málefni.

Talsmaður launafólks var á öndverðum meiði. Hann sagði að fjölmargar skýrslur sýndu að vinnuskilyrði starfsmanna á hótelum og veitingahúsum í mörgum löndum séu mjög slæm. Af þeirri ástæðu sé brýn þörf fyrir alþjóðlegar reglur á þessu sviði atvinnulífsins.

Fulltrúar ríkisstjórna sem tjáðu sig í nefndinni töldu að alþjóðasamþykkt um þetta efni yrði að vera almennt orðuð og sveigjanleg. Einnig var á það bent að miklar breytingar eigi sér stað í þessari starfsgrein og aðstæður séu mjög mismunandi frá einu landi til annars. Það sé enn fremur mikilvægt að aðilum vinnumarkaðarins sé skapað svigrúm til að útkljá í kjarasamningum nokkra þætti þess máls. Hins vegar lýstu nokkrir ríkisstjórnarfulltrúar yfir jákvæðri afstöðu til þess að tryggja stöðu starfsfólks í þessari grein þannig að hún verði ekki lakari en launafólks í öðrum atvinnugreinum.

Eftir langar umræður náðist samkomulag um að drög að alþjóðasamþykkt og tillögu sem taki eingöngu til vinnuskilyrða á hótelum, veitingastöðum og öðrum hliðstæðum stofnunum. Þessi drög ganga skemur en upphaflega tillagan sem lá fyrir nefndinni. Samkvæmt henni var gert ráð fyrir að gildissvið alþjóðasamþykktarinnar taki einnig til ferðaskrifstofa, leiðsögumanna og annarrar starfsemi á sviði ferðaþjónustu. Sem málamiðlun var tekið upp ákvæði í 3. tölul. 5. gr. um að aðildarríki sem fullgildir samþykktina geti ákveðið að framkvæmd hennar taki til annarrar starfsemi á sviði ferðaþjónustu.

Í upphaflegum drögum, sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði samið, voru talin upp fjölmörg svið sem gætu verið liður í þeirri stefnu stjórnvalda að bæta vinnuskilyrði starfsfólks í þessari starfsgrein. Niðurstaða þingnefndarinnar var að einfalda tillöguna með almennum texta þar sem vísað er til aðstæðna og venju í hlutaðeigandi landi. Í þess stað var samþykkt að taka upp í 8. gr. ákvæði um að markmiðið með slíkri stefnumótun sé að tryggja þessum hópi launafólks sömu lágmarkskjör og aðrir búa við.

Í drögum vinnumálaskrifstofunnar voru einnig lagðar til nokkuð ýtarlegar reglur um vinnu- og hvíldartíma og orlof. Í þingnefndinni kom fram að þetta skapaði vandamál fyrir nokkur lönd sem ekki búa við löggjöf á þessum sviðum. Einnig í þessu tilviki samþykkti nefndin að einfalda textann. Í stuttu máli er lagt til að ákveðinn sé venjulegur vinnutími og settar verði reglur um yfirvinnu. Einnig skuli tryggður daglegur og vikulegur hvíldartími. Vísað verði til löggjafar eða venju í því sambandi.

Kveðið er á um launakjör starfsfólks á hótelum og veitingastöðum í þeim drögum að alþjóðasamþykkt sem nefndin afgreiddi. Í þeim texta sem bíður endanlegrar afgreiðslu næsta vinnumálaþings er því slegið föstu að starfsfólk í þessari atvinnugrein skuli hafa reglulegar og tryggar tekjur án tillits til drykkjupeninga.

2.9. ÞINGSÁLYKTANIR

Í álykunarnefnd er fjallað um málefni sem ekki eru á dagskrá þingsins. Í nefndinni hafa á undanförnum árum verið samþykktar mjög þarfar ályktunartillögur sem beint er til aðildarríkjanna og stjórnarnefndar ILO. Óformlega er viðurkennt að nefndinni sé ætlað að losa aðrar þingnefndir við pólitískan þrýsting þannig að þær geti unnið að markvisst að verkefnum sínum. Andrúmsloftið í ályktunarnefndinni hefur versnað sl. ár og keyrði um þverbak árið 1988 þegar nefndinni misheppnaðist að ná samstöðu um afgreiðslu ályktunartillögu til allsherjarþingsins. Sama sagan endurtók sig árið 1989. Nefndinni tókst ekki að ná samstöðu um að afgreiða ályktunartillögu. Það sem hefur valdið ágreiningi er tillaga frá fulltrúum arabaríkja um ástandið á svæðum sem Ísrael hefur hernumið. Þetta olli því að þrátt fyrir að tillaga Norðurlandanna um umhverfi og vinnu hafi fengið flest atkvæði í kosningu um forgangsröðun þeirra tillagna sem borist höfðu á 76. Alþjóðavinnumálaþinginu tókst nefndinni ekki að afgreiða hana til allsherjarþingsins.

Í ár var komið annað hljóð í strokkinn. Það sem skipti sköpum var samkomulag sem tókst á fundi stjórnarnefndar ILO sem haldinn var í febrúar 1990 við fulltrúa Araba. Samkvæmt því var ákveðið að verja einum degi allsherjarþingsins í að ræða ástandið á hernumdu svæðunum á vesturbakka Jórdan. Í þetta skipti ríkti því sannkallaður friðarandi yfir vötnunum í nefndinni.

Formaður nefndarinnar var kosinn Kassab, ríkisstjórnarfulltrúi frá Sýrlandi. Varaformenn voru kosnir Castle, fulltrúi atvinnurekenda, og Morton, fulltrúi launafólks, báðir frá Bretlandi. Í nefndinni sátu 78 ríkisstjórnarfulltrúar, 43 fulltrúar atvinnurekenda og 73 fulltrúar launafólks. Af hálfu Íslands sátu í nefndinni Kristinn F. Árnason, Gylfi Kristinsson og Guðmundur J. Guðmundsson.

Að þessu sinni voru lagðar fram samtals 13 tillögur til þingsályktunar. Fulltrúar ríkisstjórna Norðurlanda lögðu fram þriðja árið í röð sameiginlega tillögu í því skyni að fylgja eftir tilmælum heimsnefndarinnar um umhverfi og þróun. Eftir athugun á tillögunum voru nokkrar sameinaðar. Samkvæmt verklagsreglum nefndarinnar voru greidd atkvæði um það í hvaða forgangsröð tillögurnar yrðu afgreiddar. Niðurstöður atkvæðagreiðslunnar voru:

1. Aðstoð við Namibíu (tillagan hlaut 322.000 vegin atkvæði)[1]).
2. Umhverfi, þróun, atvinna og hlutverk ILO (tillagan hlaut 259.000 vegin atkvæði).
3. Hlutverk fyrirtækja í aukningu atvinnu (tillagan hlaut 238.000 vegin atkvæði).
4. Þróun, erlendar skuldir og hlutverk ILO (235.000 atkvæði).
5. Hlutverk Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í breytingum í Mið- og Austur-Evrópu (227.000 atkvæði).

Næstu tillögur voru: Upplýsingar og samráð í fjölþjóðafyrirtækjum og virk þátttaka sendinefnda í Alþjóðavinnumálaþinginu.

Þegar þessi niðurstaða lá fyrir var gengið til dagskrár. Fjölmargir ræðumenn lýstu yfir ánægju sinni með ályktunartillöguna um stuðning við Namibíu og einungis fáar breytingartillögur komu fram. Afgreiðsla tillögunnar til allsherjarþingsins gekk því mjög greiðlega fyrir sig en þar var hún samþykkt einróma. Efnislega felst tvennt í tillögunni. Í fyrsta lagi eru aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hvött til að efla hvers konar stuðning við hið nýfrjálsa land, Namibíu, á sviði efnahags-, félags- og menningarmála. Í öðru lagi er stjórnarnefnd ILO falið að hrinda í framkvæmd ýmsum aðgerðum til að styðja Namibíu sem falla innan verksviðs stofnunarinnar. Um er að ræða eflingu iðn-, verk- og starfsmenntunar, aðstoð við samningu löggjafar á sviði vinnumála, skipulagningu á stjórnsýslu vinnumarkaðsmála og við stofnun sjálfstæðra samtaka atvinnurekenda og launafólks.

Seinni tillagan sem hlaut afgreiðslu ályktunarnefndarinnar var upphaflega flutt af fulltrúum ríkisstjórna Norðurlanda og er um umhverfi, þróun og vinnu. Þetta var í þriðja skiptið sem tillagan var flutt. Það ríkti því ánægja í norrænu herbúðunum þegar hún loksins náði fram að ganga eftir þriggja ára baráttu.

Um 60 breytingartillögur komu fram við norrænu umhverfismálatillöguna. Flestar voru til bóta og sköpuðu þar af leiðandi ekki teljandi vandamál. Hins vegar fluttu fulltrúar þróunarlandanna nokkrar tillögur til breytinga sem voru umdeildar. Nefna má breytingartillögu þar sem fjallað er um flutning iðnríkja á geislavirkum úrgangi til Afríku. Þessi tillaga olli nokkru uppnámi í þingnefndinni og um tíma voru taldar litlar líkur á því að aðaltillagan næði fram að ganga. Það má þakka málafylgju og lagni talsmanns Norðurlanda sem var Björnar Utheim, sendiherra Noregs í umhverfismálum, að samstaða tókst um tillöguna sem afgreidd var til allsherjarþingsins þar sem hún var samþykkt mótatkvæðalaust.

Ályktun Alþjóðavinnumálaþingsins um umhverfi, þróun og vinnu byggir á niðurstöðum í skýrslu heimsnefndar Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem oft er kennd við þann sem veitti henni formennsku, þ.e forsætisráðherra Noregs, Gro Harlem Brundtland. Í ályktuninni felast tilmæli til aðildarríkja ILO og fyrirmæli til forstjóra alþjóðavinnumálaskrif-

1) Setu- og atkvæðisrétt á Alþjóðavinnumálaþinginu eiga fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Í því skyni að jafna áhrif þessara þriggja hópa eru greidd atkvæði margfölduð með ákveðnum stuðli sem tekur mið af fjölda fulltrúa hvers hóps um sig á þinginu eða í hlutaðeigandi þingnefnd. Af þessari ástæðu virðast atkvæðatölur vera í litlu samræmi við fjölda fulltrúa.

stofunnar um aðgerðir á þremur sviðum sem snerta umhverfi og atvinnu, tengslin á milli vinnuumhverfis og umhverfisins í heild og þjálfun og kennslu í umhverfismálum. Því er enn fremur slegið föstu að umhverfismál verði á meðal fimm forgangsverkefna Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á næsta fjárhagstímabili, þ.e. sem tekur til áranna 1992 og 1993. Einnig er lagt fyrir forstjórann og stjórnarnefnd að undirbúa framlag Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til umhverfismálaþings Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem haldið verður árið 1992.

2.10. MÁLEFNI EINYRKJA

Málefni einyrkja í atvinnulífinu voru til almennrar umræðu í einni af þingnefndum vinnumálaþingsins. Þetta er eitt af þeim viðfangsefnum á sviði vinnumála sem hefur á undanförnum árum dregið að sér athygli. Ýmsir telja að bætt aðstaða einyrkja gæti dregið úr atvinnuleysi og stuðlað að efnahagslegum framförum.

Í þingnefndinni sem fjallaði um þetta málefni sátu 140 fulltrúar þar af voru 67 fulltrúar ríkisstjórna, 39 fulltrúar atvinnurekenda og 34 voru fulltrúar launafólks. Formaður var kosinn Chotard, ríkisstjórnarfulltrúi frá Frakklandi. Varaformenn voru Okogwu, atvinnurekendafulltrúi frá Nígeríu, og Chiluba, fulltrúi launafólks í Sambíu.

Alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði undirbúið starf nefndarinnar með samningu skýrslu sem ber heitið *The Promotion of Self Employment.* Í umræðum í nefndinni var lýst yfir ánægju með skýrsluna sem þótti vel unnin og aðgengileg.

Mikil hluti umræðnanna í nefndinni fjallaði um skilgreiningu á hugtakinu *einyrki* eða *The Self Employed.* Í skýrslu alþjóðavinnumálaskrifstofunnar er stuðst við eftirfarandi skilgreiningu: „Einyrki er skilgreindur sem starfsmaður eða atvinnurekandi sem vinnur á eigin reikning (eigandi sem rekur viðskipti í eigin nafni) og skapar sjálfum sér og öðrum með þeim hætti atvinnu og hefur í þjónustu sinni fasta eða lausráðna starfsmenn, fjölskyldumeðlimi og lærlinga."

Ágreiningur var um þessa skilgreiningu sem nokkrir fulltrúar töldu of þrönga. Þeir lögðu til að skilgreiningin tæki til fleiri hópa, t.d. starfsmanna í fjölskyldufyrirtækjum, þeirra sem vinna launalaust heimilsstörf, þátttakenda í framleiðslusamvinnufélögum o.fl.

Niðurstaða þingnefndarinnar var að samþykkja ályktun um þetta málefni sem felur í sér fremur rúma skilgreiningu á hugtakinu *einyrki* sem tekur m.a. til félaga í framleiðslusamvinnufélögum. Í ályktuninni er lögð áhersla á nauðsyn þess að aðildarríkin gefi þessum hópi á vinnumarkaði meiri gaum með bættum starfsskilyrðum. Vakin er athygli á nauðsyn þess að einyrkjar búi við félagslegt öryggi með sama hætti og aðrir hópar á vinnumarkaði. Loks er áhersla lögð á tækifæri einyrkja til að skipuleggja sig í félögum til að berjast fyrir bættri stöðu í atvinnulífinu.

2.11. ÞINGSKÖP

Árið 1986 samþykkti Alþjóðavinnumálaþingið róttækar breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Umræðurnar um þetta efni höfðu staðið í tvo áratugi. Helstu breytingarnar fólust í því að fulltrúum í stjórnarnefnd ILO var fjölgað úr 56 í 112. Jafnframt var aflagður greinarmunur á aðal- og varafulltrúum í nefndinni og fastasæti 10 stærstu iðnríkjanna afnumin. Einnig voru gerðar breytingar á reglum um atkvæðagreiðslur á allsherjarþingi Alþjóðavinnumálaþingsins. Þess skal getið að breytingarnar hafa enn ekki gengið í gildi þar sem þær hafa ekki verið fullgiltar að tilskildum fjölda aðildarríkja.

Eftir nokkurt hlé á umræðum um skipulagsmál var þráðurinn tekinn upp að nýju á 77. Alþjóðavinnumálaþinginu. Að þessu sinni voru til umfjöllunar tillögur um breytingar á þingsköpum Alþjóðavinnumálaþingsins. Fjallað var um tillögurnar í þingnefnd. Í henni áttu sæti 52 fulltrúar, þ.e. 36 ríkisstjórnarfulltrúar, 6 fulltrúar atvinnurekenda og 10 fulltrúar

launafólks. Formaður var kosinn ríkisstjórnarfulltrúi Ukraínu, Ozadovski. Varaformenn voru Hak, atvinnurekendafulltrúi frá Hollandi, og Vanni, fulltrúi launafólks á Ítalíu. Nefndin hélt fjóra fundi.

Fyrir nefndinni lágu fjórar tillögur um breytingar og viðauka við þingsköp vinnumálaþings. Fyrsta tillagan var um fyrirkomulag atkvæðagreiðslu með nafnakalli, önnur fjallaði um ósk þingfulltrúa að gera grein fyrir atkvæði sínu og þriðja um heimild til að víkja frá þingsköpum í sérstökum tilvikum. Fjórða og síðasta tillagan, sem var nokkuð annars eðlis en hinar þrjár, var um heimild alþjóðasamtaka til að senda áheyrnarfulltrúa til Alþjóðavinnumálaþingsins. Hér á eftir fer stutt lýsing á tillögunum og afdrifum þeirra.

Atkvæðagreiðsla með nafnakalli. Sá siður hefur tíðkast á Alþjóðavinnumálaþinginu að fulltrúum sem ekki eru í fundarsal við atkvæðagreiðslu með nafnakalli fá tækifæri til að greiða atkvæði við aðra umferð sem haldin er þegar eftir lok fyrstu umferðar. Nefndin var sammála um að nauðsynlegt væri að festa þessa reglu í sessi í þingsköpunum. Því var samþykkt að leggja til viðauka um þetta efni við 7. tölul. 19. gr.

Grein gerð fyrir atkvæði. Í þingsköpunum er ekki að finna skýr ákvæði um rétt þingfulltrúa til að gera grein fyrir atkvæði sínu við atkvæðagreiðslur. Samkvæmt venju hefur forseti þingsins orðið við slíkri beiðni og ekki komið upp teljandi vandamál í því sambandi fyrr en á Alþjóðavinnumálaþinginu 1989. Á því þingi var deilt um það hversu rúma heimild þingforseti hefði til að gefa þingfulltrúum orðið til að gera grein fyrir atkvæði sínu. Stjórnarnefnd ILO fjallaði um þetta ágreiningsefni og lagði til að réttur þingfulltrúa til að gera grein fyrir atkvæði sínu verði tryggður nema í þeim tilvikum þegar um leynilega atkvæðagreiðslu er að ræða. Nefndarmenn voru ekki á eitt sáttir en meiri hlutinn var fylgjandi tillögu stjórnarnefndarinnar.

Frávik frá fundarsköpum. Í fundarsköpum Alþjóðavinnumálaþingsins er ekki að finna heimild til að víkja frá þeim reglum sem þar eru settar í undantekningartilvikum. Tillögur um þetta efni hafa mætt andstöðu vegna ótta um misbeitingu. Röksemdin fyrir að taka upp heimild af þessu tagi í þingsköpin er að greiða fyrir afgreiðslu mála sem full samstaða er um. Þingnefndin var sammála um að mæla með þessari tillögu.

Þátttaka alþjóðasamtaka í Alþjóðavinnumálaþinginu. Stjórnarnefnd fjallar um umsóknir um að senda áheyrnarfulltrúa til vinnumálaþingsins sem berast innan tilskilins frests. Umsóknir sem berast það seint að stjórnarnefnd hefur ekki tækifæri til að taka afstöðu til þeirra eru framsendar stjórnarnefnd Alþjóðavinnumálaþingsins til afgreiðslu. Vegna álags eru ákvarðanir teknar á grundvelli ófullnægjandi upplýsinga um hlutaðeigandi samtök. Þetta hefur valdið ágreiningi á Alþjóðavinnumálaþinginu og fram hafa komið athugasemdir við þátttöku fulltrúa ýmissa samtaka sem ýmsir hafa talið eiga lítið erindi á þingið. Í því skyni að finna lausn á þessu vandamáli fjallaði þingnefndin um eftirfarandi breytingartillögur stjórnarnefndar á 4. mgr. 2. gr.:

1. Umsókn frá alþjóðasamtökum um þátttöku í Alþjóðavinnumálaþinginu skal vera skrifleg og hafa borist forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í síðasta lagi mánuði fyrir þingsetningu. Leggja skal umsóknirnar fyrir stjórnarnefnd ILO til afgreiðslu í samræmi við reglur sem hún setur.
2. Forseti getur, með samþykki hinna þriggja varaforseta þingsins, ákveðið að leggja fyrir þingið til ákvörðunar án umræðu umsókn um þátttöku sem borist hefur seinna en mánuði fyrir þingsetningu. Þingforsetar verða að vera sammála um að gildar ástæður séu fyrir því að umsókn barst of seint og að mikilvægt sé að hlutaðeigandi samtök taki þátt umræðum um eitthvað tiltekið málefni á vinnumálaþinginu.

Framangreindar breytingartillögur voru samþykktar einróma á þinginu.

2.12. ÖNNUR MÁLEFNI

77. Alþjóðavinnumálaþingið fjallaði um nokkur önnur málefni en þau sem lýst hefur verið hér að framan. Þau helstu voru:

Kynþáttaaðskilnaðarstefnan.

Kynþáttastefna stjórnvalda Suður-Afríku hefur árlega verið til umfjöllunar í sérstakri nefnd á Alþjóðavinnumálaþinginu frá árinu 1981. Viðfangsefni nefndarinnar er skilgreint í yfirlýsingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um kynþáttaaðskilnaðarstefnuna sem síðast var endurskoðuð árið 1988. Þátttaka í nefndinni er takmörkuð við ákveðinn fjölda fulltrúa. Á 77. þinginu áttu samtals 55 fulltrúar sæti í nefndinni: 20 ríkisstjórnarfulltrúar, 20 fulltrúar launafólks og 15 fulltrúar atvinnurekenda. Ríkisstjórnir Norðurlanda hafa átt einn fulltrúa í nefndinni og skipaði fulltrúi Danmerkur það sæti. Formaður var kosinn vinnumálaráðherra Sambíu, Mulimba. Varaformenn voru kosnir úr röðum fulltrúa aðila vinnumarkaðarins. Þeir voru: B. Hernandez, sem var fulltrúi atvinnurekenda á Filippseyjum, og R. Mercier, fulltrúi launafólks í Kanada. Nefndin hélt sex fundi.

Verkefni nefndarinnar felst fyrst og fremst í því að ræða árlega skýrslu forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar um aðgerðir aðildarríkjanna og ILO gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnu stjórnvalda í Suður-Afríku. Hún lýkur starfi sínu með afgreiðslu tillögu sem felur í sér niðurstöðu um þróun mála í suðurhluta Afríku og mæla með frekari aðgerðum gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnunni. Að þessu sinni lýsti nefndin yfir ánægju með ýmislegt sem gerst hafði í þessum heimshluta. Í þessu sambandi var bent á það að ýmsir pólitískir fangar hafa verið leystir úr fangelsi, m.a. Nelson Mandela og Mothopeng. Í tillögunni er því fagnað að Namibía öðlaðist sjálfstæði 21. mars 1990.

Samstarf við fulltrúa annarra ríkja.

Íslenska sendinefndin átti gott samstarf við fulltrúa annarra vestrænna ríkja á þinginu, einkum Norðurlandanna. Slíkt samstarf er fámennri sendinefnd mikilvægt og raunar forsenda þess að hægt sé að hafa yfirlit yfir það sem gerist á jafnumfangsmiklu þingi og Alþjóðavinnumálaþinginu. Norrænu ríkisstjórnarfulltrúarnir fluttu þriðja árið í röð sameiginlega tillögu um atvinnu og þróun sem byggir á helstu niðurstöðum í svonefndri Brundtland-skýrslu. Það var þessum fulltrúum sérstakt ánægjuefni að tillagan náði fram að ganga á þinginu. Einnig skiptust fulltrúarnir á að gera grein fyrir afstöðu landanna til einstakra málefna sem voru til umfjöllunar. Samtals voru haldnir fjórir samráðsfundir fulltrúa ríkisstjórna Norðurlanda á þingtímanum.

Fulltrúar ríkisstjórna vestrænna iðnríkja, svonefndur IMEC-hópur, átti einnig með sér náið samstarf á þinginu. Þessi hópur hittist daglega, stundum tvisvar á dag, á samráðsfundum þar sem farið var yfir þau málefni sem voru efst á baugi. Einnig voru haldnir samráðsfundir með fulltrúum sem áttu sæti í nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Á þeim fundum var farið yfir kærumál á hendur ríkisstjórnum vestrænna ríkja sem voru á dagskrá þingnefndarinnar.

Fulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins í sendinefnd Íslands á Alþjóðavinnumálaþinginu tóku þátt í daglegum fundum atvinnurekenda og launafólks.

Fylgiskjal I.

Samþykkt nr. 170, um öryggi við notkun efna við vinnu.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 77. þingsetu sinnar í Genf 6. júní 1990 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

gefur gaum að alþjóðlegum samþykktum og tillögum um vinnumál og einkum Samþykkt og Tillögu um varnir gegn eitrunarhættu frá benseni frá 1971, Samþykkt og Tillögu um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna sem valda krabbameini frá 1974, Samþykkt og Tillögu um verndun verkamanna gegn hættu frá loftmengun, hávaða og titringi á vinnustað frá 1977, Samþykkt og Tillögu um öryggi og heilbrigði og starfsumhverfi frá 1981, Samþykkt og Tillögu um heilsugæslu á vinnustöðum frá 1985, Samþykkt og Tillögu um öryggi við notkun asbests frá 1986 og lista yfir atvinnusjúkdóma eins og hann var eftir breytingar 1980, en hann var gerður að fylgiskjali með Samþykkt um bætur vegna slysa við vinnu frá 1964,

og gefur gaum að því að vernd starfsmanna fyrir hættulegum áhrifum efna eykur um leið vernd almennings og umhverfisins og

gefur gaum að því að starfsmenn þarfnast og hafa rétt til þess að fá upplýsingar um þau efni sem þeir nota við vinnu og

telur að nauðsynlegt sé að koma í veg fyrir eða draga úr tíðni sjúkdóma og slysa við vinnu af völdum efna með því að:

a. tryggja að öll efni séu metin í því skyni að ákvarða hve hættuleg þau séu,
b. gera atvinnurekendum kleift að fá frá seljendum upplýsingar um efni sem notuð eru við vinnu svo að þeir geti gert árangursríkar ráðstafanir sem duga til að vernda starfsmenn fyrir hættu af völdum efna,
c. gefa starfsmönnum upplýsingar um þau efni sem notuð eru á vinnustað þeirra og viðeigandi varnarráðstafanir svo að þeir geti tekið virkan þátt í þeim,
d. setja reglur um slíkar ráðstafanir til að tryggja að efni séu notuð með öruggum hætti og

tekur tillit þess að þörf er fyrir samvinnu um Alþjóðaáætlunina um öryggi fyrir efnum milli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, Umhverfisáætlunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, svo og við Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna og Iðnþróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna, og gefur gaum að viðeigandi gögnum, reglum og leiðbeiningum sem þessar stofnanir gefa út og

þar eð þingið hefur samþykkt tilteknar ábendingar um öryggi við notkun efna við vinnu, sem er fimmta mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar,

gerir þingið í dag, 25. júní 1990, eftirfarandi samþykkt sem nefna má Samþykkt um efni, 1990:

I. Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

1. Þessi samþykkt á við um öll svið atvinnustarfsemi þar sem efni eru notuð.
2. Hlutaðeigandi stjórnvald í aðildarríki sem hefur fullgilt þessa samþykkt að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila vinnumarkaðarins og með tilliti til mats á þeirri hættu sem um er að ræða og þeim ráðstöfunum sem gerðar hafa verið:
   a. getur undanþegið tiltekna flokka atvinnustarfsemi, framkvæmda eða vara frá ákvæðum samþykktarinnar almennt eða einstökum ákvæðum hennar:
      i. ef upp koma sérstök og veruleg vandamál og
      ii. ef alhliða vernd, sem veitt er samkvæmt ákvæðum laga og venja í hlutaðeigandi landi, er engu minni en hún væri ef ákvæðum samþykktarinnar yrði beitt til fulls,

b. skal gera sérstakar ráðstafanir til að láta leynilegar upplýsingar liggja í þagnargildi ef vitneskja samkeppnisaðila um þær gæti valdið atvinnurekanda tjóni, svo fremi það stofni ekki öryggi og heilsu starfsmanna í voða.

3. Þessi samþykkt á ekki við um hluti sem stofna starfsmönnum ekki í hættu vegna hættulegra efna við venjulegar aðstæður eða aðstæður sem eðlilegt má teljast að fyrirsjáanlegar séu við notkun.
4. Þessi samþykkt á ekki við um lífverur heldur aðeins efni sem koma frá lífverum.

2. gr.

Í þessari samþykkt:

a. táknar hugtakið „efni“ frumefni, efnasambönd og efnablöndur, jafnt náttúruleg sem efnasmíð;
b. nær hugtakið „hættulegt efni“ yfir hvers konar efni sem skilgreint hefur verið sem hættulegt efni skv. 6. gr. eða ef viðeigandi upplýsingar eru fyrir hendi sem benda til þess að efnið sé hættulegt;
c. táknar hugtakið „notkun efna við vinnu“ hvers konar atvinnustarfsemi sem getur valdið því að starfsmaður verði fyrir mengun frá efnum, m.a. við:

i. framleiðslu efna;
ii. meðhöndlun efna;
iii. geymslu efna;
iv. flutning efna;
v. losun eða meðferð efnaúrgangs;
vi. dreifingu efna af völdum atvinnustarfsemi;
vii. viðhald, viðgerðir og hreinsun tækja og íláta sem notuð eru í tengslum við efni;

d. táknar hugtakið „greinar atvinnustarfsemi“ allar starfsgreinar þar sem starfsmenn eru ráðnir til starfa, m.a. til þjónustu hjá hinu opinbera;
e. táknar hugtakið „hlutur“ hlut sem er formaður eða mótaður með sérstökum hætti við framleiðslu eða hefur upprunalegt form og notkun hans í því formi er að nokkru eða öllu leyti háð formi hans eða mótun;
f. táknar hugtakið „trúnaðarmenn starfsmanna“ menn sem hlotið hafa viðurkenningu sem slíkir samkvæmt lögum eða venjum landsins í samræmi við Samþykkt um vernd og aðstöðu trúnaðarmanna verkamanna frá 1971.

II. Almenn ákvæði.

3. gr.

Haft skal samráð við samtök hlutaðeigandi aðila vinnumarkaðarins um þær ráðstafanir sem áformað er að gera í því skyni að framfylgja ákvæðum samþykktarinnar.

4. gr.

Sérhverju aðildarríki ber að móta, framkvæma og endurskoða reglulega samræmda stefnu um öryggi við notkun efna við vinnu með hliðsjón af aðstæðum og starfsvenjum í landinu og í samráði við samtök hlutaðeigandi aðila vinnumarkaðarins.

5. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvald skal hafa vald til að banna eða takmarka notkun tiltekinna hættulegra efna ef slíkt verður réttlætt af heilsufars- eða öryggisástæðum, eða að krefjast þess að tilkynnt sé um væntanlega notkun slíkra efna og leitað verði heimildar til þess.

III. Flokkun og viðlíka aðgerðir.

6. gr.

FLOKKUNARKERFI

1. Hlutaðeigandi stjórnvald eða stofnun, sem hlutaðeigandi stjórnvald hefur samþykkt eða viðurkennt samkvæmt þeim stöðlum sem í gildi eru í landinu eða á alþjóðavettvangi, skal setja reglur um kerfi eða tiltekna mælikvarða vegna flokkunar á öllum efnum með tilliti til gerðar þeirra og að hve miklu leyti þau valda hættu fyrir heilsu manna og umhverfi, svo og í því skyni að kanna gildi upplýsinga sem krafist er til að unnt sé að meta hvort tiltekið efni er hættulegt.
2. Ákvarða má hættulega eiginleika blandna úr tveimur eða fleiri efnum með því að meta þá hættu sem stafar af hverju þeirra.
3. Ef um er að ræða flutninga skal í slíkum reglum um kerfi eða mælikvarða tekið tillit til tillagna Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum vörum.
4. Gildissvið slíkra flokkunarkerfa og beiting skal smám saman færð út.

7. gr.

ÁLETRANIR OG MERKINGAR

1. Á öllum efnum skulu vera merkingar sem gefa til kynna hver þau eru.
2. Hættuleg efni skulu auk þess auðkennd á auðskiljanlegan hátt fyrir starfsmenn þannig að veittar séu nauðsynlegar upplýsingar um notkun þeirra, hvaða hætta stafar af þeim og hverjar öryggisráðstafanir beri að gera.
3. (1) Hlutaðeigandi stjórnvald eða stofnun, sem hlutaðeigandi stjórnvald hefur samþykkt eða viðurkennt samkvæmt þeim stöðlum sem í gildi eru í landinu eða á alþjóðavettvangi, skal setja reglur um þær kröfur um merkingar eða áletranir sem gerðar eru í samræmi við ákvæði 1. og 2. tölul. þessarar greinar.
   (2) Ef um er að ræða flutninga skal tekið tillit til Tillagna Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum vörum varðandi slíkar kröfur.

8. gr.

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR UM NOTKUN EFNASAMBANDA

1. Atvinnurekendur skulu fá afhentar öryggisleiðbeiningar með nákvæmum upplýsingum um heiti hættulegra efna, seljanda, flokkun, þá hættu sem af þeim stafar, öryggisráðstafanir og hvað beri að gera í neyðartilvikum.
2. Hlutaðeigandi stjórnvald eða stofnun, sem hlutaðeigandi stjórnvald hefur samþykkt eða viðurkennt samkvæmt þeim stöðlum sem í gildi eru í landinu eða á alþjóðavettvangi, skal setja reglur um hvernig gengið skuli frá öryggisleiðbeiningum um notkun efna.
3. Hið efnafræðilega eða almenna heiti sem notað er til að auðkenna efni í öryggisleiðbeiningum um notkun efna skal vera hið sama og það sem notað er á merkimiða.

9. gr.

ÁBYRGÐ SELJENDA

1. Seljendur efna, hvort sem það eru framleiðendur, innflytjendur eða dreifiaðilar, skulu tryggja:
   a. að slík efni hafi verið flokkuð samkvæmt ákvæðum 6. gr. um vitneskju um eiginleika þeirra og könnun fyrirliggjandi upplýsinga eða metin samkvæmt ákvæðum í 3. tölul. þessarar greinar;
   b. að slík efni séu merkt þannig að unnt sé að greina hver þau eru samkvæmt ákvæðum 1. tölul. 7. gr.;

c. að hættuleg efni, sem þeir selja, séu merkt samkvæmt ákvæðum 2. tölul. 7. gr.;
d. að öryggisleiðbeiningar um notkun efna séu samin um slík hættuleg efni samkvæmt ákvæðum 1. tölul. 8. gr. og að atvinnurekendur fái þau afhent.

2. Seljendur hættulegra efna skulu tryggja að nýjar merkingar og nýjar öryggisleiðbeiningar um notkun efna séu samdar og afhentar atvinnurekendum, með þeim hætti sem lög og venjur í landinu mæla fyrir um, ef nýjar viðeigandi upplýsingar um öryggi og heilbrigði koma fram.
3. Seljendur efna sem hafa ekki enn verið flokkuð samkvæmt ákvæðum 6. gr., skulu auðkenna þau efni sem þeir selja og hafa metið eftir að hafa kannað þær upplýsingar sem fyrirliggjandi eru í því skyni að ákvarða hvort um er að ræða hættuleg efni.

IV. Ábyrgð atvinnurekenda.

10. gr.
AUÐKENNING

1. Atvinnurekendur skulu tryggja að öll efni, sem notuð eru við vinnu, séu merkt eða auðkennd samkvæmt ákvæðum 7. gr. og að fyrir hendi séu öryggisleiðbeiningar um notkun efna samkvæmt ákvæðum 8. gr. og þau séu tiltæk starfsmönnum og trúnaðarmönnum þeirra.
2. Atvinnurekendum, sem fá í hendur efni sem hafa ekki verið merkt eða auðkennd samkvæmt ákvæðum 7. gr. eða ekki hafa verið samdar öryggisleiðbeiningar fyrir samkvæmt ákvæðum 8. gr., er skylt að afla viðeigandi upplýsinga frá seljanda eða öðrum aðila sem er þeim tiltækur og er þeim ekki heimilt að nota slík efni fyrr en slíkra upplýsinga hefur verið aflað.
3. Atvinnurekendum er skylt að tryggja að aðeins þau efni, sem flokkuð hafa verið samkvæmt ákvæðum 6. gr. og borin hafa verið kennsl á eða þau metin samkvæmt ákvæðum 3. tölul. 9. gr., og merkt hafa verið eða auðkennd samkvæmt ákvæðum 7. gr., séu notuð og allar nauðsynlegar öryggisráðstafanir hafi verið gerðar við notkun þeirra.
4. Atvinnurekendum er skylt að halda skrá yfir þau hættulegu efni sem notuð eru á vinnustað og skal í henni vitnað til viðeigandi öryggisleiðbeininga um notkun efna. Slík skrá skal vera aðgengileg fyrir alla starfsmenn og trúnaðarmenn þeirra.

11. gr.
TILFLUTNINGUR EFNA

Atvinnurekendum er skylt að tryggja, þegar efni eru flutt milli íláta eða tækja, að innihald þeirra sé auðkennt með þeim hætti að starfsmönnum sé ljóst hver þau eru, hvaða hætta er samfara notkun þeirra og hverjar varúðarráðstafanir beri að gera.

12. gr.
MENGUN SEM STARFSMENN VERÐA FYRIR

Atvinnurekendum er skylt:

a. að tryggja að starfsmenn verði ekki fyrir mengun yfir mengunarmörkum eða öðrum mengunarviðmiðunum sem hlutaðeigandi yfirvöld, eða aðilar sem hlutaðeigandi yfirvöld hafa viðurkennt, hafa sett í því skyni að meta og hafa eftirlit með aðstæðum á vinnustað, í samræmi við innlenda eða alþjóðlega staðla;
b. að meta þá mengun sem starfsmenn verða fyrir frá hættulegum efnum,
c. að mæla og skrá þá mengun sem starfsmenn verða fyrir frá hættulegum efnum þegar slíkt er nauðsynlegt í því skyni að tryggja öryggi þeirra og heilsu eða hlutaðeigandi stjórnvald kann að mæla fyrir um;

d. að tryggja að skrár um eftirlit með vinnuumhverfi og mælingar á þeirri mengun sem starfsmenn verða fyrir frá hættulegum efnum séu varðveittar í þann tíma sem hlutaðeigandi stjórnvald mælir fyrir um og séu aðgengilegar fyrir starfsmenn og trúnaðarmenn þeirra.

13. gr.
EFTIRLIT MEÐ NOTKUN

1. Atvinnurekendum er skylt að meta þá hættu sem stafar af notkun efna við vinnu og vernda starfsmenn fyrir slíkri hættu með því að gera viðeigandi ráðstafanir, m.a. með því að:
   a. nota þau efni sem koma í veg fyrir eða draga úr hættu;
   b. beita þeirri tækni sem kemur í veg fyrir eða dregur úr hættu;
   c. beita viðeigandi verkfræðilegum stjórnunaraðferðum;
   d. beita þeim vinnukerfum eða vinnuvenjum sem koma í veg fyrir eða draga úr hættu;
   e. gera viðeigandi ráðstafanir varðandi mengun;
   f. þegar framangreindar ráðstafanir eru ófullnægjandi skal hafa til reiðu persónulegan hlífðarbúnað og fatnað, starfsmanni að kostnaðarlausu, sjá til þess að slíkum búnaði og fatnaði sé haldið við með eðlilegum hætti og gera ráðstafanir til að tryggja að slíkur búnaðar og fatnaður sé notaður.
2. Atvinnurekendum er skylt að:
   a. takmarka áhrif hættulegra efna á starfsmenn í því skyni að vernda öryggi þeirra og heilsu;
   b. veita skyndihjálp;
   c. gera ráðstafanir til að fást við neyðartilvik.

14. gr.
FÖRGUN

Með hættuleg efni, sem ekki er lengur þörf fyrir, og ílát, sem hafa verið losuð en í kunna að leynast leifar af hættulegum efnum, skal farið eða þeim komið fyrir með þeim hætti að komið sé í veg fyrir eða dregið úr hættu fyrir öryggi og heilsu manna og fyrir öryggi umhverfisins samkvæmt ákvæðum landslaga og venja.

15. gr.
UPPLÝSINGAR OG ÞJÁLFUN

Atvinnurekendum er skylt að:

a. upplýsa starfsmenn um hvaða hætta þeim stafar af því að verða fyrir áhrifum af þeim efnum sem notuð eru á vinnustað;
b. leiðbeina starfsmönnum um hvernig þeir geti nálgast og notað þær upplýsingar sem er að finna á merkimiðum og í öryggisleiðbeiningum um notkun efna;
c. nota öryggisleiðbeiningar um notkun efna, svo og upplýsingar sem eiga við á vinnustað, sem forsendu leiðbeininga handa starfsmönnum og skulu þær vera skriflegar ef það á við;
d. veita starfsmönnum stöðuga þjálfun í starfsaðferðum og venjum sem hlíta ber í öryggisskyni við notkun efna við vinnu.

16. gr.
SAMVINNA

Atvinnurekendum er skylt að rækja skyldur sínar með þeim hætti að hafa sem nánast samstarf við starfsmenn eða trúnaðarmenn þeirra um öryggi við notkun efna við vinnu.

V. Skyldur starfsmanna.

17. gr.

1. Starfsmönnum er skylt að hafa sem nánast samstarf við atvinnurekendur sína þegar þeir eru að rækja skyldur sínar og hlíta öllum ráðstöfunum og venjum varðandi öryggi við notkun efna við vinnu.
2. Starfsmönnum er skylt að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir og draga úr hættu fyrir sig sjálfa og aðra við notkun efna við vinnu.

VI. Réttur starfsmanna og trúnaðarmanna þeirra.

18. gr.

1. Starfsmenn eiga rétt á að hverfa af vettvangi ef þeir hafa rökstuddan grun um að öryggi þeirra eða heilsa sé í bráðri og alvarlegri hættu vegna notkunar efna. Í slíkum tilvikum er þeim skylt að tilkynna verkstjóra sínum um það án tafar.
2. Starfsmenn, sem hverfa af vettvangi þar sem hætta er á ferðum samkvæmt ákvæðum í 1. tölul. þessarar greinar eða gera þær ráðstafanir sem þeir eiga rétt á samkvæmt þessari samþykkt, skulu njóta verndar fyrir óeðlilegum afleiðingum gerða sinna.
3. Hlutaðeigandi starfsmenn og trúnaðarmenn þeirra eiga rétt á:
   a. að fá upplýsingar um hvaða efni eru notuð við vinnu, hverjir eru hinir hættulegu eiginleikar slíkra efna, varúðarráðstafanir, fræðslu og þjálfun;
   b. að fá upplýsingar sem tilgreindar eru á merkmiðum og auðkennum;
   c. að fá í hendur öryggisleiðbeiningar um notkun efna;
   d. öllum öðrum upplýsingum sem skylt er að halda til haga samkvæmt þessari samþykkt.
4. Ef upplýsingar um tiltekið efni í efnablöndu gæti valdið atvinnurekanda tjóni, ef þær komast í hendur samkeppnisaðila hans, er atvinnurekanda heimilt, þegar hann veitir upplýsingar samkvæmt ákvæðum 3. tölul. hér að ofan, að halda því leyndu hvert hið tiltekna efni er með þeim hætti sem hlutaðeigandi stjórnvald, sem tilgreint er í 2. tölul. b 1. gr., hefur samþykkt.

VII. Ábyrgð útflutningsríkja.

19. gr.

Ef bannað er í útflutningsríki, sem á aðild að þessari samþykkt, að hafa tiltekin hættuleg efni til ákveðinna eða hvers konar nota, vegna öryggis og heilsu starfsmanna við vinnu, skal það tilkynnt innflutningsríki og ástæður fyrir því.

20. gr.

Formlegar fullgildingar þessarar samþykktar skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

21. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis vera bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið forstjórann skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

22. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnu-

málaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Sérhvert aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, en síðan getur það sagt henni upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

23. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

24. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar, skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

25. gr.

Þegar stjórn alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

26. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að öllu eða nokkru leyti, og sú samþykkt mælir ekki fyrir um á annan veg, þá skal:
   a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, þrátt fyrir ákvæði 22. gr. hér að framan, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma þegar það gerist;
   b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt hefur öðlast gildi.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað snertir form og efni í þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

27. gr.

Enskur og franskur texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal II.

Samþykkt nr. 171, um næturvinnu.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 77. þingsetu sinnar í Genf 6. júní 1990 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

gefur gaum að ákvæðum í alþjóðlegum samþykktum og tillögum um vinnumál um næturvinnu barna og ungmenna, einkum ákvæðum Samþykktar og Tillögu um takmörkun á næturvinnu barna og unglinga við störf sem ekki teljast til iðnaðar frá 1946, endurskoðaðrar Samþykktar um næturvinnu ungmenna í iðnaði frá 1948 og Tillögu um takmörkun næturvinnu barna og ungmenna við landbúnaðarstörf frá 1921, og

gefur gaum að ákvæðum í alþjóðlegum samþykktum og tillögum um vinnumál um næturvinnu kvenna, einkum ákvæðum endurskoðaðrar Samþykktar um næturvinnu kvenna í iðnaði frá 1948, Bókunar með henni frá 1990, Tillögu um takmörkun næturvinnu kvenna við landbúnaðarstörf frá 1921 og 5. mgr. Tillögu um mæðravernd frá 1952 og

gefur gaum að ákvæðum Samþykktar um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs frá 1958 og

gefur gaum að ákvæðum endurskoðaðrar Samþykktar um mæðravernd frá 1952 og þar eð þingið hefur samþykkt tilteknar ábendingar um næturvinnu, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar

gerir þingið í dag, 26. júní 1990, eftirfarandi samþykkt sem nefna má Samþykkt um næturvinnu, 1990:

1. gr.

Í þessari samþykkt:

a. táknar hugtakið „næturvinna“ alla vinnu sem unnin er í a.m.k. 7 klukkustundir samfleytt, þ.m.t. á tímabilinu frá miðnætti til kl. 5 að morgni, samkvæmt niðurstöðu hlutaðeigandi stjórnvalds að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila vinnumarkaðarins eða með kjarasamningum;
b. táknar hugtakið „næturvinnumaður“ mann sem ráðinn hefur verið til vinnu og vinnur verulegan hluta vinnutímans í næturvinnu þannig að það sé umfram tiltekin mörk. Slík mörk skal hlutaðeigandi stjórnvald setja að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila vinnumarkaðarins eða með kjarasamningum.

2. gr.

1. Þessi samþykkt á við um alla þá sem ráðnir eru til vinnu, að undanteknum þeim sem ráðnir eru til starfa í landbúnaði, við kvikfjárrækt, fiskveiðar, flutninga á sjó og siglingar á skipaskurðum.
2. Aðildarríki, sem fullgilt hefur þessa samþykkt, er heimilt, að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila vinnumarkaðarins, að undanskilja frá ákvæðum hennar takmarkaða hópa starfsmanna ef það mundi valda sérstökum og verulegum vandkvæðum ef ákvæði hennar næðu til þeirra.
3. Sérhvert aðildarríki sem nýtir sér þann möguleika sem gefinn er í 2. tölul. þessarar greinar skal í skýrslum sínum um framkvæmd samþykktarinnar, skv. 22. gr. Stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, tilgreina þá flokka starfsmanna sem þannig eru undanþegnir og ástæður til þess. Það skal einnig skýra frá öllum ráðstöfunum sem gerðar hafa verið í því skyni að láta ákvæði samþykktarinnar ná til slíkra starfsmanna.

3. gr.

1. Sérstakar ráðstafanir, sem gera verður vegna eðlis næturvinnu og skulu a.m.k. vera fólgnar í þeim sem tilgreindar eru í 4.–10. gr., skulu gerðar í þágu næturstarfsmanna í því

skyni að vernda heilsu þeirra, hjálpa þeim til að fullnægja skyldum sínum við fjölskyldur sínar og félagslegum skyldum, veita þeim tækifæri til að fá stöðuhækkun og veita þeim hæfilega umbun. Slíkar ráðstafanir skulu einnig gerðar varðandi öryggi og vernd barnshafandi kvenna hvað snertir alla starfsmenn sem vinna næturvinnu.

2. Þær ráðstafanir sem tilgreindar eru í 1. tölul. hér að ofan má gera smám saman.

4. gr.

1. Starfsmenn skulu hafa rétt til að óska eftir að undirgangast læknisskoðun sér að kostnaðarlausu og fá ráðleggingar um hvernig unnt sé að draga úr eða koma í veg fyrir heilsufarsleg vandamál í tengslum við vinnu sína:
   a. áður en þeir taka að sér næturvinnustörf;
   b. með reglulegu millibili á meðan þeir gegna slíkum störfum;
   c. ef þeir verða fyrir heilsufarslegum vandamálum á meðan þeir gegna slíkum störfum og þau stafa ekki af öðrum orsökum en næturvinnunni.
2. Svo fremi starfsmaður sé ekki talinn óhæfur til að vinna næturvinnu skal vitneskja um niðurstöður slíks mats ekki veitt öðrum án samþykkis hans og skulu þær ekki látnar bitna á honum.

5. gr.

Viðeigandi aðstaða til skyndihjálpar skal vera fyrir hendi fyrir starfsmenn sem vinna næturvinnu, þ.m.t. ráðstafanir til þess að unnt sé að flytja starfsmenn, ef þörf krefur, án tafar til staðar þar sem unnt er að veita þeim viðeigandi meðferð.

6. gr.

1. Ef næturvinnumaður telst óhæfur til að vinna næturvinnu af heilsufarsástæðum skal hann fluttur í svipað starf sem hann er fær um að vinna ef því verður við komið.
2. Ef ekki reynist unnt að flytja hann í slíkt starf skal hann njóta sömu bóta og aðrir starfsmenn sem eru ekki vinnufærir eða hefur ekki tekist að fá vinnu.
3. Næturvinnumaður, sem telst óhæfur til að vinna næturvinnu um tíma, skal njóta sömu verndar fyrir uppsögn eða tilkynningu um uppsögn og aðrir starfsmenn sem eru ekki vinnufærir af heilsufarsástæðum.

7. gr.

1. Ráðstafanir skulu gerðar til að tryggja að konur eigi kost á annarri vinnu en næturvinnu ef þær að öðrum kosti yrðu settar til slíkra starfa:
   a. fyrir og eftir barnsburð í a.m.k. sextán vikur, þar af a.m.k. átta vikur fyrir væntanlegan barnsburð;
   b. í viðbótartíma sem læknisvottorði hefur verið framvísað um þar sem fram kemur að slíkt er nauðsynlegt vegna heilsu móður og barns:
      i. á meðan á þungun stendur;
      ii. í tiltekinn tíma eftir barnsburð sem ákveðinn er samkvæmt staflið b hér að ofan; hlutaðeigandi yfirvald skal ákveða lengd slíks tíma að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila vinnumarkaðarins.
2. Þær ráðstafanir sem vikið er að í 1. tölul. þessarar greinar eru m.a. flutningur starfsmanns til dagvinnustarfa, greiðsla almannatryggingabóta eða framlenging barnsburðarleyfis.
3. Á meðan á þeim tíma stendur sem tilgreindur eru í 1. tölul. þessarar greinar:
   a. er ekki heimilt að víkja konu úr starfi eða segja henni upp starfi nema af fullgildum ástæðum sem tengjast hvorki meðgöngu hennar né barnsburði;
   b. skulu tekjur konu nægja til að framfleyta henni og barninu miðað við eðlileg lífskjör. Slíkar tekjur má tryggja með hverjum þeim ráðstöfunum sem nefnar eru í 2. tölul. þessarar greinar, með öðrum ráðstöfunum eða með samblandi slíkra ráðstafana;

c. skal kona ekki verða af bótum varðandi stöðu sína, starfstíma og stöðuhækkun sem tengdar kunna að vera venjulegri stöðu hennar við næturvinnu.

4. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hafa þau áhrif að draga úr vernd og bótum tengdum barnsburðarleyfi.

8. gr.

Við ákvörðun umbunar fyrir næturvinnumenn í formi vinnutíma, launa eða þess háttar kjara skal tekið tillit til eðlis vinnunnar.

9. gr.

Veita skal næturvinnumönnum viðeigandi félagslega þjónustu, svo og starfsmönnum sem vinna næturvinnu, ef þörf krefur.

10. gr.

1. Áður en kynntar eru vinnuáætlanir þar sem næturvinnumenn eiga hlut að máli skal vinnuveitandi hafa samráð við trúnaðarmann starfsmanna um nánari tilhögun slíkra áætlana og form skipulagningar næturvinnu sem hentar best fyrirtækinu og starfsmönnum þess og um heilbrigðisráðstafanir við vinnu og félagslega þjónustu sem þörf er fyrir. Í fyrirtækjum sem hafa næturvinnumenn í þjónustu sinni skal reglulega haft slíkt samráð.
2. Í þessari grein táknar hugtakið „trúnaðarmenn starfsmanna“ menn sem hlotið hafa viðurkenningu sem slíkir samkvæmt landslögum eða venjum, samkvæmt Samþykkt um vernd og aðstöðu trúnaðarmanna verkamanna á vinnustöðum frá 1971.

11. gr.

1. Ákvæðum þessarar samþykktar má framfylgja með lögum eða reglugerðum, kjarasamningum, gerðardómi eða dómsúrskurði, samblandi slíkra aðgerða eða með öðrum hætti sem henta þykir aðstæðum eða samkvæmt venjum í viðkomandi landi. Svo framarlega að þeim hafi ekki verið veitt gildi á annan hátt skal þeim vera framfylgt með lögum eða reglugerðum.
2. Þar sem ákvæðum þessarar samþykktar er framfylgt með lögum eða reglugerðum er skylt að hafa fyrst samráð við hlutaðeigandi aðila vinnumarkaðarins.

12. gr.

Formlegar fullgildingar þessarar samþykktar skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

13. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið forstjórann skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

14. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.
2. Sérhvert aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, en síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

15. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

16. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar, skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

17. gr.

Þegar stjórn alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

18. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að öllu eða nokkru leyti, og sú samþykkt mælir ekki fyrir um á annan veg, þá skal:
   a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, þrátt fyrir ákvæði 14. gr. hér að framan, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma þegar það gerist;
   b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt hefur öðlast gildi.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað snertir form og efni í þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

19. gr.

Enskur og franskur texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal III.

Tillaga nr. 177, um öryggi við notkun efna við vinnu.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 77. þingsetu sinnar í Genf 6. júní 1990 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, og

þar eð þingið hefur samþykkt tilteknar ábendingar varðandi öryggi við notkun efna við vinnu, sem er fimmta mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi Tillögu, sem er viðbótarskjal við Samþykkt um öryggi við notkun efna við vinnu frá 1990,

gerir í dag, 25. júní 1990, eftirfarandi tillögu sem nefna má Tillögu um öryggi við notkun efna 1990.

I. Almenn ákvæði.

1. Ákvæðum þessarar tillögu skyldi beitt ásamt ákvæðum Samþykktar um öryggi við notkun efna við vinnu, 1990 (sem hér eftir er nefnd „samþykktin").
2. Haft skyldi samráð við samtök hlutaðeigandi aðila vinnumarkaðarins um þær ráðstafanir sem áformað er að gera í því skyni að framfylgja ákvæðum tillögunnar.
3. Hlutaðeigandi stjórnvald skyldi tilgreina hvaða flokkum starfsmanna er ekki heimilt vegna öryggis síns og heilsu að nota tiltekin efni eða er aðeins heimilt að nota þau við þær aðstæður sem mælt er fyrir um í landslögum eða reglugerðum.
4. Ákvæði þessarar tillögu skyldu einnig eiga við um þá sjálfstætt starfandi menn sem ákvæði kunna að vera um í landslögum eða reglugerðum.
5. Sérákvæði, sem hlutaðeigandi stjórnvald setur í því skyni að vernda trúnaðarmál, skv. 2. tölul. b 1. gr. og 4. tölul. 18. gr. samþykktarinnar, skyldu:
   a. takmarka upplýsingar um trúnaðarmál við þá sem þarfnast þeirra vegna öryggis og heilsu starfsmanna;
   b. tryggja að þeir sem fá upplýsingar um trúnaðarmál samþykki að nýta þær aðeins í tengslum við öryggi og heilsu starfsmanna en virði trúnaðinn að öðru leyti;
   c. fela í sér að upplýsingar um trúnaðarmál séu gefnar án tafar í neyðartilvikum;
   d. tilgreina ráðstafanir til að fjalla án tafar um réttmæti kröfu um trúnað og þörf fyrir að halda upplýsingum leyndum ef ágreiningur rís um hvort upplýsa megi slík trúnaðarmál.

II. Flokkun og hliðstæðar ráðstafanir.

FLOKKUN

6. Reglur um flokkun efna, sem settar eru samkvæmt ákvæðum 1. tölul. 6. gr. samþykktarinnar, skyldu byggjast á eiginleikum efnanna, svo sem:
   a. eituráhrifum, þ.m.t. bæði heilsufarsleg bráðaáhrif og áhrif til langs tíma á alla hluta mannslíkamans;
   b. efnafræðilegum og eðlisfræðilegum eiginleikum, þ.m.t. hvort efnin eru eldfim, sprengifim, oxandi (eldnærandi) eða valdi hættulegum efnahvörfum;
   c. ætandi og ertandi eiginleikum þeirra;
   d. áhrifum þeirra til að valda ofnæmi eða næmingu;
   e. áhrifum þeirra til að valda krabbameini;
   f. áhrifum þeirra til að valda vansköpun eða stökkbreytingum;
   g. áhrifum þeirra á æxlunarkerfi.
7. (1) Að svo miklu leyti sem því verður við komið skyldi hlutaðeigandi stjórnvald taka saman og endurnýja reglulega heildarlista yfir frumefni og efnablöndur, sem notaðar eru við vinnu, og viðeigandi upplýsingar um þá hættu sem af þeim kann að stafa.

(2) Framleiðendur eða innflytjendur — svo fremi þeir séu ekki undanþegnir þessu ákvæði — skyldu senda hlutaðeigandi stjórnvaldi þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til viðhalds slíkum lista varðandi þau frumefni og efnablöndur sem hafa ekki verið sett á slíkan heildarlista. Slíkar upplýsingar skyldi senda áður en slík efni eru notuð við vinnu og með þeim hætti að það samræmist ákvæðum 2. tölul. b 1. gr. í samþykktinni.

ÁLETRANIR OG MERKINGAR

8. (1) Þær kröfur sem gerðar eru um áletranir og merkingar á efnum skv. 7. gr. samþykktarinnar skyldu vera með þeim hætti að gera þeim mönnum kleift sem handleika þau eða nota að þekkja þau og greina á milli þeirra bæði við móttöku þeirra og notkun þannig að unnt sé að nota þau án áhættu.
(2) Kröfur um merkingar hættulegra efna skyldu, samkvæmt ákvæðum núgildandi reglna í viðkomandi landi eða á alþjóðavettvangi, ná til:
   a. þeirra upplýsinga sem gefa skal á merkimiða eftir því sem við á, m.a.:
      i. vöruheitis;
      ii. heitis efnis;
      iii. nafns, heimilisfangs og símanúmers seljanda;
      iv. varúðarmerkja;
      v. eðlis þeirrar sérstöku áhættu sem er samfara notkun efnisins;
      vi. varúðarráðstafana;
      vii. efnasamsetningar vörunnar;
      viii. yfirlýsingar þess efnis að gagnablað um öryggi efnis með frekari upplýsingum sé fyrir hendi hjá atvinnurekanda;
      ix. flokkunar samkvæmt kerfi hlutaðeigandi yfirvalds;
   b. læsileika, varanleika og stærðar merkimiða;
   c. samræmis merkimiða og tákna, þ.m.t. litar.
   (3) Merkimiðar skulu vera starfsmönnum auðskiljanlegir.
   (4) Ef um er að ræða efni, sem 2. tölul. nær ekki til, er heimilt að miða merkingu aðeins við heiti efnis.
9. Ef óhentugt þykir að merkja eða setja merkimiða á efni vegna stærðar umbúða eða eðlis pakkningar skal gera ráð fyrir annars konar auðkennum, svo sem viðfestum merkingum eða meðfylgjandi gögnum. Hins vegar skal koma fram á öllum umbúðum um hættuleg efni — með viðeigandi orðalagi eða táknum — hvaða hætta stafar af innihaldinu.

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR UM NOTKUN EFNA

10. (1) Forsendur við samningu öryggisleiðbeininga um notkun hættulegra efna skulu tryggja að þau hafi að geyma nauðsynlegar upplýsingar, eftir því sem við á, m.a.um:
   a. heiti efna og heiti framleiðanda (þ.m.t. vöruheiti eða almennt heiti efnis og upplýsingar um seljanda eða framleiðanda);
   b. samsetningu/upplýsingar um innihald (með þeim hætti að auðvelt sé að framkvæma hættumat);
   c. skilgreiningu á hættu;
   d. ráðstafanir við skyndihjálp;
   e. ráðstafanir við slökkvistörf;
   f. ráðstafanir vegna losunar í ógáti;
   g. meðferð og geymslu;
   h. stjórnun á því að hve miklu leyti starfsmenn verða fyrir mengun viðkomandi efna/persónulegan varnarbúnað (þ.m.t. hugsanlegar aðferðir til að fylgjast með því að hve miklu leyti starfsmenn verða fyrir slíkum áhrifum);

i. eðlisfræðilega og efnafræðilega eiginleika;
j. stöðugleika og hvarfgirni;
k. eiturefnafræðilegar upplýsingar (þ.m.t. hugsanlegar aðgengisleiðir inn í manns-líkamann og möguleikar á samvirkni með öðrum efnum eða hættum á vinnustað);
l. vistfræði;
m. losun;
n. flutninga;
o. reglugerðir;
p. aðrar upplýsingar (þ.m.t. dagsetning öryggisleiðbeininga um notkun efnis).

(2) Ef heiti eða styrkleiki þeirra þátta sem tilgreindir eru í 1. tölul. b hér að ofan teljast vera trúnaðarmál er heimilt að sleppa því að geta þeirra í öryggisleiðbeiningum um notkun efnis, samkvæmt ákvæðum 2. tölul. b 1. gr., í samþykktinni. Samkvæmt ákvæðum 5. tölul. þessarar tillögu skal gefa hlutaðeigandi yfirvaldi slíkar upplýsingar skriflega samkvæmt beiðni, svo og viðkomandi vinnuveitanda, starfsmönnum og trúnaðarmönnum þeirra, svo fremi þeir heiti því að nota slíkar upplýsingar aðeins í því skyni að vernda öryggi og heilsu starfsmanna en ljóstra þeim ekki upp að öðru leyti.

III. Skyldur atvinnurekenda.

MÆLINGAR Á MENGUN SEM STARFSMENN VERÐA FYRIR

11. (1) Þar sem starfsmenn verða fyrir mengun af hættulegum efnum ætti að skylda atvinnurekanda til að:
a. takmarka mengun sem starfsmenn verða fyrir frá slíkum efnum í því skyni að vernda heilsu þeirra;
b. meta, mæla og skrá eftir þörfum styrk mengunar í andrúmsloftinu á vinnustað.

(2) Starfsmenn, trúnaðarmenn þeirra og hlutaðeigandi stjórnvald ættu að hafa aðgang að slíkum skrám.

(3) Atvinnurekendur ættu að varðveita þær skrár sem tilgreindar eru í þessari grein í þann tíma sem hlutaðeigandi stjórnvald hefur ákveðið.

STJÓRN Á FRAMKVÆMDUM Á VINNUSTAÐ

12. (1) Atvinnurekendur skyldu gera ráðstafanir til að vernda starfsmenn fyrir hættum sem stafa af notkun efna við vinnu, samkvæmt þeim forsendum sem ákveðnar eru samkvæmt 13.–16. gr. hér að neðan.

(2) Samkvæmt þríhliða yfirlýsingu um meginreglur um fjölþjóðafyrirtæki og stefnu í félagsmálum, sem stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hefur samþykkt, skyldi fyrirtæki sem rekur meira en einn vinnustað, innan marka eins lands eða í fleiri en einu landi, gera öryggisráðstafanir til að koma í veg fyrir og hafa stjórn á því hvort starfsmenn á öllum vinnustöðum þeirra verða fyrir hugsanlegum áhrifum hættulegra efna þannig að heilsu þeirra sé hætta búin af þeim sökum og veita þeim vernd gegn slíkum áhrifum, án þess að gert sé upp á milli þeirra, á hvaða stað eða í hvaða landi sem slíka vinnustaði er að finna.

13. Hlutaðeigandi stjórnvald skyldi tryggja að hafðar séu tilteknar forsendur hvað varðar öryggi við notkun hættulegra efna, þ.m.t. ákvæði, eftir því sem við á, um:
a. hættu á bráðum eða langvinnum sjúkdómum sökum innöndunar, ísogs gegnum húð eða neyslu;
b. hættu á áverka eða sjúkdómi sökum snertingar við húð eða augu;
c. hættu á áverka af völdum elds, sprengingar eða annarra atvika sem stafa af eðlisfræðilegum eiginleikum eða hvarfgirni;

d. varúðarráðstafanir sem gerðar eru með:
   i. vali á efnum sem koma í veg fyrir eða draga úr slíkri áhættu;
   ii. vali á vinnsluferlum, tækni og búnaði sem kemur í veg fyrir eða dregur úr slíkri áhættu;
   iii. beitingu og eðlilegu viðhaldi á verkfræðilegum ráðstöfunum til stjórnunar;
   iv. notkun vinnslukerfa og venja sem koma í veg fyrir eða draga úr slíkri áhættu;
   v. beitingu fullnægjandi ráðstafana við persónulegt hreinlæti og því að sjá fyrir fullnægjandi hreinlætisaðstöðu;
   vi. því að sjá fyrir, viðhalda og sjá um að notaður sé viðeigandi hlífðarbúnaður og fatnaður, starfsmönnum að kostnaðarlausu, þar sem ofangreindar ráfstafanir hafa ekki reynst nægar til að koma í veg fyrir slíka hættu;
   vii. notkun merkja og tilkynninga;
   viii. viðeigandi viðbúnaði vegna neyðartilvika.

14. Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að tryggja að ákveðnar reglur séu settar í öryggisskyni vegna varðveislu hættulegra efna, þ.m.t. ákvæði, eftir því sem við á, sem ná til:
   a. þess hvort óhætt sé að geyma tiltekin efni á sama stað og með hvaða hætti beri að aðskilja þau ef nauðsyn krefur;
   b. eiginleika og magns efna sem varðveitt eru;
   c. öryggis, staðsetningar og aðgengis að slíkum geymslum;
   d. smíði, eðlis og styrkleika geymslutanka;
   e. hleðslu og losunar geymslutanka;
   f. krafna um merkingar og endurmerkingar;
   g. varúðarráðstafana gegn því að efni losni fyrir slysni, að eldsvoði verði, sprengingar eða efnahvörf;
   h. hita, raka og loftræstingar;
   i. varúðarráðstafana og hvernig brugðist skuli við ef efnum er dreift í ógáti;
   j. ráðstafana í neyðartilvikum;
   k. hugsanlegra eðlisfræðilegra og efnafræðilegra breytinga í efnum við geymslu.

15. Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að tryggja að reglur í samræmi við reglugerðir, sem gilda í viðkomandi landi, eða alþjóðlegar reglugerðir séu settar í því skyni að tryggja öryggi starfsmanna sem vinna við flutning hættulegra efna, þ.m.t. ákvæði, eftir því sem við á, sem taka til:
   a. eiginleika og magns þeirra efna sem flytja skal;
   b. eðlis, styrkleika og verndunar pakkninga og umbúða sem notaðar eru við flutninga á efnum, þ.m.t. pípur;
   c. tæknilýsingar farartækis sem notað er við slíka flutninga;
   d. þess hvaða leiðir skulu farnar;
   e. þjálfunar og kunnáttu starfsmanna við flutninga;
   f. krafna um merkingar;
   g. hleðslu og losunar;
   h. hvaða ráðstafana skuli gripið til ef slíkum efnum er dreift í ógáti.

16. (1) Hlutaðeigandi stjórnvald skyldi tryggja að reglur, sem eru í samræmi við reglugerðir sem gilda í viðkomandi landi, eða alþjóðlegar reglugerðir, séu settar um losun og meðferð á hættulegum efnum og hættulegum úrgangsefnum í því skyni að tryggja öryggi starfsmanna.
   (2) Í slíkum reglum skyldu vera ákvæði, eftir því sem við á, um:
   a. aðferð til að auðkenna úrgangsefni;
   b. meðferð mengaðra íláta;
   c. auðkenni á, hönnun, eðli, styrkleika og verndun sorpíláta;

d. áhrif á vinnuumhverfi;
e. afmörkun losunarsvæða;
f. að leggja til, viðhalda og sjá um að notaður sé persónulegur varnarbúnaður og hlífðarfatnaður;
g. aðferð við losun og meðferð.

17. Þær reglur sem settar eru um notkun efna við vinnu, í samræmi við ákvæði samþykktarinnar og þessarar tilllögu, skyldu eftir því sem við verður komið miðast við verndun almennings og umhverfisins og þær reglur sem settar hafa verið í því skyni.

• HEILBRIGÐISEFTIRLIT

18. (1) Vinnuveitanda eða hlutaðeigandi stofnun samkvæmt landslögum eða venjum skyldi falið að skipuleggja — með þeirri aðferð sem samrýmist landslögum eða venjum — heilbrigðiseftirlit starfsmanna eftir þörfum í því skyni:
a. að fylgjast með heilsu starfsmanna hvað varðar hættu sem stafar af áhrifum frá efnum;
b. að greina vinnutengda sjúkdóma og áverka af völdum áhrifa frá hættulegum efnum.
(2) Ef niðurstöður læknisfræðilegra prófana eða rannsókna leiða í ljós klínísk eða forklínísk áhrif skal gripið til ráðstafana í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum hættulegra efna á viðkomandi starfsmenn og koma í veg fyrir frekara heilsutjón.
(3) Niðurstöður læknisskoðana skyldu notaðar til að ákvarða heilsu starfsmanna hvað varðar áhrif af efnum, en þær skyldu ekki notaðar þeim í óhag.
(4) Skrár um læknisskoðun starfsmanna skyldu varðveittar um tiltekinn tíma hjá þeim sem hlutaðeigandi stjórnvald tilnefnir í því skyni.
(5) Starfsmenn skyldu hafa aðgang að eigin sjúkraskrám, annaðhvort sjálfir eða gegnum heimilislækni sinn.
(6) Taka skyldi tillit til þess að sjúkraskrár einstakra starfsmanna eru trúnaðarmál samkvæmt almennt viðurkenndum siðareglum heilbrigðisstétta.
(7) Niðurstöður læknisrannsókna skyldu greinilega útskýrðar fyrir viðkomandi starfsmönnum.
(8) Starfsmenn og trúnaðarmenn þeirra skyldu hafa aðgang að skýrslum, sem gerðar eru eftir sjúkraskrám, þar sem einstakir starfsmenn eru ekki tilgreindir.
(9) Niðurstöður sjúkraskráa skyldu vera til reiðu í því skyni að gera viðeigandi heilbrigðisskýrslur og faraldsfræðirannsóknir, svo fremi einstakir starfsmenn séu ekki nafngreindir, ef slíkt getur leitt til þess að unnt sé að greina og ráða bót á atvinnusjúkdómum.

SKYNDIHJÁLP OG NEYÐARTILVIK

19. Í samræmi við hvers konar kröfur sem hlutaðeigandi yfirvald gerir ætti að skylda atvinnurekendur til að gera ráðstafanir, m.a. hvað varðar skyndihjálp, í því skyni að takast á við neyðartilvik og slys af völdum notkunar hættulegra efna við vinnu og tryggja að starfsmenn fái þjálfun í slíkum ráðstöfunum.

IV. Samvinna.

20. Atvinnurekendur, starfsmenn og trúnaðarmenn þeirra skyldu hafa sem besta samvinnu um beitingu ráðstafana sem fyrir er mælt í þessari tillögu.
21. Skylda ætti starfsmenn til að:
a. bera — eftir því sem við verður komið — ábyrgð á eigin öryggi og heilsu, svo og annarra sem athafnir þeirra eða athafnaleysi gætu haft áhrif á, samkvæmt þjálfun þeirra og fyrirmælum atvinnurekenda;
b. nota rétt allan búnað sem þeim er fenginn í hendur, þeim sjálfum eða öðrum til varnar;

c. tilkynna verkstjóra án tafar um hverjar þær aðstæður sem þeir telja að valdið geti hættu og þeir geta ekki tekist á við sjálfir með fullnægjandi hætti.

22. Í kynningarefni um hættuleg efni, sem ætluð eru til notkunar við vinnu, skyldi koma fram hvers konar hættu þau valda og að nauðsynlegt sé að gera varúðarrástafanir.

23. Seljendur skyldu — samkvæmt beiðni — veita atvinnurekendum þær upplýsingar sem fyrir hendi eru og nauðsynlegar eru til að unnt sé að meta óvenjulega hættu sem kynni að stafa af tiltekinni notkun efna við vinnu.

V. Réttur starfsmanna.

24. (1) Starfsmenn og trúnaðarmenn þeirra skyldu hafa rétt til að:
   a. fá í hendur öryggisleiðbeiningar um notkun efna og aðrar upplýsingar frá atvinnurekanda svo að þeim sé kleift að gera viðeigandi ráðstafanir í samvinnu við atvinnurekanda í því skyni að vernda starfsmenn fyrir hættu sem stafar af notkun hættulegra efna;
   b. óska eftir og taka þátt í rannsókn atvinnurekanda eða hlutaðeigandi stjórnvalds á mögulegri hættu af völdum notkunar efna við vinnu.

   (2) Ef umbeðnar upplýsingar eru trúnaðarmál, samkvæmt ákvæðum 2. tölul. b 1. gr. og 4. tölul. 18. gr. samþykktarinnar, geta atvinnurekendur krafist þess að starfsmenn eða trúnaðarmenn starfsmanna takmarki notkun þeirra við mat og stjórnun á hugsanlegri hættu af notkun efna við vinnu og geri viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að slíkar upplýsingar berist ekki í hendur hugsanlegra keppinauta.

   (3) Með tilliti til þríhliða yfirlýsingar um meginreglur sem snerta fjölþjóðafyrirtæki og stefnu í félagsmálum skyldu fjölþjóðafyrirtæki — samkvæmt ósk viðkomandi starfsmanna, trúnaðarmanna þeirra, hlutaðeigandi yfirvalds og aðila vinnumarkaðarins í öllum löndum þar sem þau reka starfsemi sína — hafa til reiðu upplýsingar um staðla og vinnuferli sem tengjast notkun hættulegra efna í rekstri sínum í viðkomandi landi, sem þau beita í öðrum löndum.

25. (1) Starfsmenn skyldu hafa rétt til:
   a. að vekja athygli trúnaðarmanna sinna, atvinnurekanda eða hlutaðeigandi stjórnvalds á hugsanlegri hættu af völdum notkunar efna við vinnu;
   b. að forða sér undan hættu af völdum notkunar efna við vinnu ef þeir hafa rökstuddan grun um að öryggi þeirra eða heilsa sé í bráðri og alvarlegri hættu vegna notkunar efna. Í slíkum tilvikum skyldu þeir tilkynna verkstjóra sínum um það án tafar;
   c. af heilsufarsástæðum, svo sem ofnæmi fyrir efnum, sem veldur þeim aukinni hættu á tjóni af völdum hættulegs efnis, að fá annað starf þar sem umrætt efni er ekki notað, ef völ er á slíku starfi og ef hlutaðeigandi starfsmenn eru hæfir til þess eða teljast má eðlilegt að unnt sé að þjálfa þá til slíkra starfa;
   d. bóta ef þeir missa vinnuna af þeim orsökum sem tilgreindar eru í tölulið (1) c;
   e. fullnægjandi læknishjálpar og bóta vegna áverka og sjúkdóma af völdum notkunar efna við vinnu.

   (2) Starfsmenn, sem hverfa af vettvangi þar sem hætta er á ferðum, samkvæmt ákvæðum í tölulið (1) b, eða gera þær ráðstafanir sem þeir eiga rétt á samkvæmt þessari tillögu, skyldu njóta verndar fyrir óeðlilegum afleiðingum gerða sinna.

   (3) Ef starfsmenn hafa horfið af vettvangi, þar sem hætta er á ferðum, samkvæmt tölulið (1) b, skyldi atvinnurekandi, í samvinnu við starfsmenn og trúnaðarmenn þeirra, kanna án tafar hver hættan hefur verið og gera þær ráðstafanir til úrbóta sem nauðsynlegar eru.

   (4) Konur skyldu hafa rétt til þess, þegar þær eru barnshafandi eða hafa barn á brjósti, að fá annað starf þar sem ekki eru notuð efni eða þær verða ekki fyrir hugsanlegum áhrifum efnis sem eru hættuleg heilsu ófædds barns eða barns á brjósti, ef völ er á slíkum störfum, og rétt til að snúa aftur til fyrra starfs á viðeigandi tíma.

26. Starfsmenn skyldu fá:
    a. upplýsingar um flokkun og merkingar efna og þær upplýsingar sem er að finna í öryggisleiðbeiningum um notkun efna í því formi og á því tungumáli sem þeir skilja auðveldlega;
    b. upplýsingar um þá hættu sem þeim kann að vera búin vegna notkunar hættulegra efna við störf sín;
    c. leiðbeiningar, skriflegar eða munnlegar, sem byggðar eru á upplýsingum í öryggisleiðbeiningum um notkun efna og miðaðar eru við vinnustað þeirra ef það á við;
    d. þjálfun og, ef nauðsynlegt er, endurþjálfun í þeim aðferðum sem tiltækar eru í því skyni að koma í veg fyrir og hafa stjórn á slíkri áhættu og til varnar gegn henni, þ.m.t. réttar aðferðir við geymslu, flutning og losun úrgangsefna, svo og í því til hvaða ráðstafana skuli gripið í neyðartilvikum og við skyndihjálp.

Fylgiskjal IV.

Tillaga nr. 178, um næturvinnu.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 77. þingsetu sinnar í Genf 6. júní 1990 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, og

þar eð þingið hefur samþykkt tilteknar ábendingar um næturvinnu, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi Tillögu, sem er viðbótarskjal við Samþykkt um næturvinnu frá 1990;

gerir í dag, 25. júní 1990, eftirfarandi tillögu sem nefna má Tillögu um næturvinnu, 1990:

I. Almenn ákvæði.

1. Í þessari tillögu:
   a. táknar hugtakið „næturvinna“ alla vinnu sem unnin er í a.m.k. 7 klukkustundir samfleytt, þ.m.t. á tímabilinu frá miðnætti til kl. 5 að morgni, samkvæmt niðurstöðu hlutaðeigandi stjórnvalds að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins eða með kjarasamningum;
   b. táknar hugtakið „næturvinnumaður“ mann sem ráðinn hefur verið til vinnu og vinnur verulegan hluta vinnutímans í næturvinnu þannig að það sé umfram tiltekin mörk. Slík mörk skal hlutaðeigandi stjórnvald setja að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila vinnumarkaðarins eða með kjarasamningum.
2. Þessi samþykkt á við um alla þá sem ráðnir eru til vinnu, að undanteknum þeim sem ráðnir eru til starfa í landbúnaði, við kvikfjárrækt, fiskveiðar, flutninga á sjó og siglingar á skipaskurðum.
3. (1) Ákvæðum þessarar tillögu má framfylgja með lögum eða reglugerðum, kjarasamningum, gerðardómi eða dómsúrskurði, samblandi slíkra aðgerða eða með öðrum hætti sem henta þykir aðstæðum eða samkvæmt venjum í viðkomandi landi. Svo framarlega sem þeim hefur ekki verið veitt gildi á annan hátt skal þeim vera framfylgt með lögum eða reglugerðum.

   (2) Þar sem ákvæðum þessarar tillögu er framfylgt með lögum eða reglugerðum er skylt að hafa fyrst samráð við hlutaðeigandi aðila vinnumarkaðarins.

II. Vinnutími og hvíldartími.

4. (1) Eðlilegur vinnutími ætti ekki að vera lengri en átta klukkustundir á hverju 24 stunda tímabili þegar stunduð er næturvinna, nema þegar aðeins er um að ræða viðveru eða bakvakt; í slíkum tilvikum skulu aðrar vinnuáætlanir veita starfsmönnum a.m.k. jafnmikla vernd á mismunandi tímabilum eða í undantekningartilvikum sem viðurkennd eru í kjarasamningum eða af hlutaðeigandi stjórnvaldi.

   (2) Eðlilegur vinnutími næturvinnumanna skyldi að jafnaði vera styttri og a.m.k. ekki vera lengri en þeirra starfsmanna sem vinna sömu vinnu með sömu skyldum að degi til við sams konar störf eða starfsemi.

   (3) Næturvinnumenn skyldu njóta a.m.k. sömu kjara og aðrir starfsmenn varðandi almennar ráðstafanir í því skyni að fækka unnum vikustundum og fjölga greiddum leyfisdögum.
5. (1) Vinnan skyldi skipulögð með þeim hætti að forðast sé eftir mætti að láta næturvinnumenn vinna yfirvinnu á undan eða eftir daglegum vinnutíma þeirra sem m.a. er fólginn í næturvinnu.

   (2) Í þeim starfsgreinum þar sem um er að ræða sérstaka hættu eða mikið líkamlegt eða andlegt álag ætti ekki að láta næturvinnumenn vinna neina yfirvinnu á undan eða eftir

daglegum vinnutíma, sem m.a. er fólginn í næturvinnu, nema um sé að ræða force majeure eða slys hafi orðið eða sé yfirvofandi.

6. Þegar vaktavinna er m.a. fólgin í næturvinnu:
   a. skyldi ekki í neinum tilvikum láta næturstarfsmenn vinna tvær samfelldar heilar vaktir, nema um sé að ræða force majeure eða slys hafi orðið eða sé yfirvofandi;
   b. skyldi tryggja starfsmönnum hvíldartíma í a.m.k. 11 klukkustundir milli vakta ef því verður við komið.
7. Í daglegum vinnutíma, sem er m.a. fólginn í næturvinnu, ættu að vera hlé, eitt eða fleiri, til að gera starfsmönnum kleift að hvílast og neyta matar. Við skipulag og ákvörðun heildarlengdar slíkra hléa skyldi tekið tillit til hvaða kröfur eru gerðar til starfsmanna eftir eðli næturvinnunnar.

III. Fjárhagsleg umbun.

8. (1) Yfirleitt skyldi veitt viðeigandi fjárhagsleg umbun fyrir næturvinnu. Slík umbun skyldi vera til viðbótar þeirri umbun sem greidd er fyrir sömu vinnu sem unnin er samkvæmt sömu kröfum að degi til og:
   a. tekið skal tillit til reglunnar um sömu laun fyrir sömu vinnu til handa körlum og konum, eða fyrir jafngilda vinnu; og
   b. semja má um að hún sé greidd í formi styttri vinnutíma.

   (2) Við ákvörðun slíkrar umbunar er heimilt að taka tillit til hve mikið vinnutíminn styttist.
9. Þar sem fjárhagsleg umbun fyrir næturvinnu er eðlilegur hluti af tekjum næturvinnumanns skyldi taka hana með við útreikning á greiðslu í árlegu greiddu leyfi, greiddum almennum frídögum og öðrum fjarvistum sem að jafnaði eru greiddar, svo og við útreikning framlaga og bóta úr almannatryggingasjóðum.

IV. Öryggi og heilsa.

10. Hlutaðeigandi atvinnurekendur og trúnaðarmenn starfsmanna skyldu hafa möguleika á að hafa samráð við heilbrigðisþjónustu sem tengist vinnunni, þar sem hún er fyrir hendi, um afleiðingar af ýmiss konar skipulagi næturvinnu, einkum þegar vinnutími vaktavinnumanna breytist reglulega.
11. Þegar tekin er ákvörðun um hvaða störf skulu falin næturvinnumönnum ætti að taka tillit til eðlis næturvinnunnar, áhrifa umhverfisþátta og hvernig vinnan er skipulögð. Sérstakt tillit skal tekið til slíkra þátta sem eiturefna, hávaða, titrings og ljósmagns, og vinnuskipulags þar sem gert er ráð fyrir miklu líkamlegu eða andlegu álagi. Varast skyldi eða dregið skyldi úr uppsöfnuðum áhrifum af slíkum þáttum og vinnuskipulagi.
12. Atvinnurekandi skyldi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að viðhafa fyrir starfsmenn í næturvinnu sams konar vernd fyrir hættu við vinnu eins og að degi til, einkum að forðast einangrun starfsmanna, ef því verður við komið.

V. Félagsleg þjónusta.

13. Ráðstafanir skyldu gerðar til að takmarka eða draga úr þeim tíma sem næturvinnumenn verða að verja til ferðalaga milli heimilis síns og vinnustaðar, að koma í veg fyrir eða draga úr viðbótarferðakostnaði og til að auka öryggi þeirra við ferðalög að næturlagi. Slíkar ráðstafanir eru m.a.:
   a. að hafa samræmi milli byrjunar og loka dagslegs vinnutíma, sem er m.a. fólginn í næturvinnu, og áætlana almenningsfarartækja í byggðarlaginu,
   b. að atvinnurekandi sjái næturvinnumönnum fyrir sameiginlegum flutningum þar sem þjónusta almenningsfarartækja er ekki fyrir hendi;
   c. aðstoð við næturvinnumenn í því skyni að fá viðeigandi flutning;
   d. greiðsla viðeigandi bóta fyrir viðbótarferðakostnað;
   e. bygging íbúðarhúsnæðis innan hæfilegrar fjarlægðar frá vinnustað.

14. Ráðstafanir skulu gerðar til að bæta hvíldartíma næturvinnumanna. Slíkar ráðstafanir eru m.a.:
    a. ráðleggingar og, þar sem það á við, aðstoð við næturvinnumenn varðandi hljóðeinangrun íbúðarhúsnæðis;
    b. hönnun og búnaður íbúðarhúsnæðis þar sem tillit er tekið til þarfar til að draga úr hávaða.
15. Hæfilega búnir hvíldarstaðir skyldu vera til reiðu á viðeigandi stöðum í fyrirtækinu fyrir næturvinnumenn.
16. Atvinnurekandi skyldi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera starfsmönnum, sem vinna næturvinnu, kleift að fá máltíðir og drykki. Slíkar ráðstafanir skyldu vera með þeim hætti að þær fullnægi þörfum næturvinnumanna og eru m.a.:
    a. að hafa fyrir hendi á viðeigandi stöðum í fyrirtækinu mat og drykki sem henta til neyslu að næturlagi;
    b. aðgangur að aðstöðu þar sem starfsmenn mega að næturlagi útbúa eða hita og neyta matar sem þeir hafa haft meðferðis.
17. Umfang næturvinnu sem unnin er á staðnum skyldi vera einn af þeim þáttum sem tekið er tillit til þegar ákveðið er að stofna dagheimili eða stofna til annarrar þjónustu vegna umönnunar ungra barna, staðsetning þeirra er valin og starfstími ákveðinn.
18. Stjórnvöld, aðrar stofnanir og atvinnurekendur skyldu taka tillit til hinna sérstöku hamla á næturvinnumönnum varðandi ráðstafanir í því skyni að hvetja þá til þjálfunar og endurþjálfunar, svo og að hvetja til menningaviðburða, íþrótta og skemmtana fyrir starfsmenn.

VI. Aðrar ráðstafanir.

19. Hvenær sem er á meðgöngu, þegar hún hefur verið staðfest, skyldi konum, sem eru næturvinnumenn og þess óska, vera fengin dagvinnustörf, ef því verður við komið.
20. Ef um vaktavinnu er að ræða skyldi tekið sérstakt tillit til aðstæðna starfsmanna, sem hafa skyldum að gegna við fjölskyldu sína, starfsmanna, sem eru í þjálfun, og eldri starfsmanna þegar ákvarðanir eru teknar um hverjir skuli vinna næturvinnu.
21. Starfsmenn skyldu fá hæfilegan fyrirvara um að þeim sé ætlað að vinna næturvinnu, nema þegar um er að ræða force majeure eða slys sem þegar er orðið eða er yfirvofandi.
22. Ráðstafanir skyldu gerðar, þar sem það á við, til að gera næturvinnumönnum eins og öðrum starfsmönnum kleift að hagnýta sér tækifæri til starfsþjálfunar, þ.m.t. greidd leyfi til menntunar.
23. (1) Tekið skyldi sérstakt tillit til næturvinnumanna, sem starfað hafa í næturvinnu í tiltekinn árafjölda, þegar í dagvinnu losna störf sem þeir eru hæfir til að vinna.
    (2) Gera skyldi ráðstafanir vegna slíks tilflutnings milli starfa með því að auðvelda næturvinnumönnum aðgengi að þjálfun, ef þörf krefur, fyrir störf sem að jafnaði eru unnin að degi til.
24. Tekið skyldi sérstakt tillit til næturvinnumanna, sem starfað hafa í næturvinnu um árabil, hvað varðar tækifæri til að fara snemma á eftirlaun að eigin ósk eða stytta vinnutímann þar sem slíkt er mögulegt.
25. Næturvinnumenn, sem eru trúnaðarmenn verkalýðsfélags eða starfsmanna, skyldu, eins og aðrir starfsmenn sem gegna slíkum störfum, fá tækifæri til að gegna þeim við viðeigandi aðstæður. Tekið skyldi tillit til þarfar trúnaðarmanna starfsmanna til að sinna slíkum skyldum þegar ákvarðanir eru teknar um að láta trúnaðarmenn starfsmanna vinna næturvinnu.
26. Bæta skyldi öflun hagtalna um næturvinnu og auka skyldi rannsóknir á áhrif af hinum ýmsu tegundum skipulags næturvinnu, einkum þegar um vaktavinnu er að ræða.
27. Þar sem því verður við komið skyldu menn færa sér í nyt vísindalegar og tæknilegar framfarir varðandi vinnuskipulag í því skyni að draga úr nauðsyn þess að grípa til næturvinnu.

Fylgiskjal V.

Bókun frá 1990 með endurskoðaðri Samþykkt um næturvinnu kvenna í iðnaði frá 1948.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 77. þingsetu sinnar í Genf 6. júní 1990 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, og

þar eð þingið hefur samþykkt tilteknar ábendingar um næturvinnu, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi bókunar frá 1990 með endurskoðaðri Samþykkt um næturvinnu kvenna í iðnaði frá 1948 (sem hér eftir er nefnd „samþykktin"),

samþykkir í dag, 25. júní 1990, eftirfarandi bókun sem nefna má bókun frá 1990 með endurskoðaðri Samþykkt um næturvinnu kvenna í iðnaði frá 1948.

1. gr.

1. (1) Í landslögum eða reglugerðum, sem settar hafa verið að höfðu samráði við viðkomandi aðila vinnumarkaðarins, má hafa ákvæði þess efnis að hlutaðeigandi stjórnvald geti ákveðið að gera megi breytingar á tímalengd næturvinnutíma, sem skilgreindur er í 2. gr. samþykktarinnar og undantekningum á banni við næturvinnu í 3. gr. hennar:
   a. í sérstökum atvinnugreinum eða starfsgreinum, svo fremi viðkomandi aðilar vinnumarkaðarins hafi gert um það samning eða veitt samþykki sitt;
   b. í einu eða fleiri tilteknu fyrirtæki sem ákvarðanir teknar samkvæmt staflið a hér að framan ná ekki til, svo fremi:
      i. gerður hafi verði samningur innan viðkomandi stofnunar eða fyrirtækis milli atvinnurekanda og trúnaðarmanna starfsmanna; og
      ii. haft hafi verið samráð við þær stofnanir sem eru fulltrúar atvinnurekanda og starfsmanna í viðkomandi atvinnugrein eða starfsgrein eða hlutaðeigandi aðila vinnumarkaðarins;
   c. í tilteknu fyrirtæki þar sem ákvörðun, sem tekin er samkvæmt staflið a hér að ofan, er tekin og þar sem ekki hefur verið gerður neinn samningur samkvæmt ákvæðum í staflið b i hér að ofan, svo fremi:
      i. haft hafi verið samráð við trúnaðarmenn starfsmanna í stofnun eða fyrirtæki, þær stofnanir sem eru fulltrúar atvinnurekenda og starfsmanna í viðkomandi atvinnugrein eða starfsgrein eða hlutaðeigandi aðila vinnumarkaðarins;
      ii. hlutaðeigandi stjórnvald hafi gengið úr skugga um að viðeigandi öryggisráðstafanir hafi verið gerðar í fyrirtækinu hvað varðar öryggi og heilbrigði við vinnu, félagslega þjónustu og jafnrétti hvað varðar tækifæri til starfa og umgengni við kvenstarfsmenn; og
      iii. ákvörðun hlutaðeigandi yfirvalds gildi í tilgreindan tíma og unnt sé að endurnýja hana með ráðstöfunum samkvæmt stafliðum i og ii hér að ofan.

   (2) Í þessari grein táknar hugtakið „trúnaðarmenn starfsmanna" menn sem hafa hlotið viðurkenningu sem slíkir samkvæmt landlögum eða venjum, samkvæmt. Samþykkt um vernd og aðstöðu trúnaðarmanna verkamanna á vinnustöðum frá 1971.
2. Í lögum og reglugerðum, sem tilgreindar eru í 1. tölul., skal ákveðið við hvaða aðstæður heimila má slík frávik og undanþágur og hvaða skilyrðum þær skulu háðar.

2. gr.

1. Óheimilt er að beita frávikum og undanþágum, sem heimilaðar eru skv. 1. gr., varðandi konur í allt að 16 vikur fyrir og eftir barnsburð, þar af a.m.k. átta vikur fyrir væntanlegan barnsburð. Í landslögum eða reglugerðum má vera heimild til að aflétta slíku banni ef

viðkomandi kona óskar þess eindregið með því skilyrði að hvorki heilsu hennar né barnsins sé hætta búin af þeim sökum.

2. Bannið, sem tilgreint er í 1. tölul. þessarar greinar, á einnig við um viðbótartíma sem læknisvottorð er gefið út um þess efnis að hann sé nauðsynlegur fyrir heilsu móður og barns:
   a. á meðan á þungun stendur; eða
   b. í tiltekinn tíma sem er framlenging á þeim tíma sem tilgreindur er að loknum barnsburði, skv. 1. mgr. hér að ofan.
3. Á þeim tíma sem getið er í 1. og 2. tölul. þessarar greinar hér að ofan:
   a. er ekki heimilt að víkja konu úr starfi eða tilkynna henni um uppsögn, nema af rökstuddri ástæðu sem tengist ekki þungun eða barnsburði;
   b. skulu tekjur viðkomandi konu nægja til framfærslu hennar og barns hennar miðað við eðlileg lífskjör. Slíkar tekjur má tryggja með því að flytja hana í starf, sem unnið er að degi til, með framlengingu barnsburðarleyfis, almannatryggingabótum eða með öðrum viðeigandi ráðstöfunum eða með samblandi slíkra ráðstafana.
4. Ákvæði 1., 2. og 3. tölul. þessarar greinar skulu ekki hafa þau áhrif að draga úr vernd og bótum tengdum barnsburðarleyfi.

3. gr.

Upplýsingar um frávik og undanþágur, sem gerðar eru samkvæmt þessari bókun, skulu fylgja með í skýrslum um framkvæmd samþykktarinnar sem gerðar eru samkvæmt ákvæðum 22. gr. Stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

4. gr.

1. Aðildarríki er heimilt að fullgilda þessa bókun samtímis eða hvenær sem er eftir fullgildingu samþykktarinnar með því að tilkynna forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar um formlega fullgildingu þess til skrásetningar. Slík fullgilding skal ganga í gildi 12 mánuðum eftir að hún hefur verið skráð hjá forstjóranum. Eftir það verður samþykktin bindandi fyrir viðkomandi aðildarríki að viðbættum 1.–3. gr. þessa fylgiskjals.
2. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga þessarar bókunar sem þau ríki sem eiga aðild að samþykktinni hafa sent honum.
3. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar, skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði 1. tölul. þessarar greinar.

5. gr.

Enskur og franskur texti þessarar bókunar eru jafngildir.

Fylgiskjal VI.

Skipan stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kjörtímabilið 1990–1993.

Fulltrúar ríkisstjórna.

Fastafulltrúar sem eru tilnefndir af eftirtöldum 10 aðaliðnaðarríkjum:

Bandaríkin,
Brasilía,
Frakkland,
Indland,
Ítalía,
Japan,
Kína,
Sambandslýðveldið Þýskaland,
Sovétríkin,
Stóra-Bretland.

Aðildarríki sem eru kjörin til að tilnefna aðalfulltrúa:	**Aðildarríki sem eru kjörin til að tilnefna varafulltrúa:**
Ástralía	Argentína
Bangladess	Bólivía
Belgía	Danmörk
Búlgaría	Hondúras
Filippseyjar	Indónesía
Hvíta-Rússland	Írland
Kamerún	Kenýa
Kanada	Kongó
Kostaríka	Malaví
Lesótó	Malta
Madagaskar	Mið-Afríkulýðveldið
Marokkó	Níger
Mexíkó	Nýja-Sjáland
Nígería	Pakistan
Sameinuðu arabísku furstadæmin	Perú
Tógó	Rúmenía
Úrúgvæ	Sambandslýðveldi Tékka og Slóvaka
Venesúela	Túnis

Fulltrúar atvinnurekenda.

Aðalfulltrúar:	**Varafulltrúar:**
Murat Eurnekian (Argentína)	Aqil Ahmad Al-Jasem (Kuvæt)
Adel Gazarin (Egyptaland)	Chanaiwa (Simbabve)
Johan von Holten (Svíþjóð)	Cornélie Hak (Holland)
Abraham Katz (Bandaríkin)	Lacasa Aso (Spánn)
Wolf-Dieter Lindner (Sambands-	Lounis-Khodja (Alsír)
lýðveldið Þýskaland	McVeigh (Kanada)
Anne M. Mackie (Stóra-Bretland)	Muyumbu (Búrúndí)
Moukoko Kingue (Kamerún)	Noakes (Ástralía)

Marwan Nasr (Líbanon)
Jean-Jacques Oechslin (Frakkland)
Tom Diju Owuor (Kenýa)
Aurélio Periquet (Filippseyjar)
Jorge de Regil Gomez (Mexíkó)
Tabani (Pakistan)
Hiroshi Tsujino (Japan)
Okogwu (Nígería)
Jones Santos Neves Filho (Brasilía)
Gabriel Okogwu (Nígería)
Lucia Sasso-Mazzufferi (Ítalía)
Seck (Senegal)
Villalobos (Venesúela)
James Williams (Barbados)

Fulltrúar launafólks.

Aðalfulltrúar:	**Varafulltrúar:**
James Baker (Bandaríki N-Ameríku)	Khurshid Ahmed (Pakistan)
El-Ammawy (Egyptaland)	Marc Blondel (Frakkland)
Ferguson (Ástralía)	Bonmati (Spánn)
Gopal (Indland)	Bustos (Síle)
Kebe (Gínea)	Kaczynski (Pólland)
Yasuo Maruyama (Japan)	Karambe (Malí)
Richard Mercier (Kanada)	Kombo (Saír)
John T. Morton (Stóra-Bretland)	Democrito T. Mendoza (Filippseyjar)
Mugalla (Kenýa)	Sundaram (Sri Lanka)
Gerd Muhr (Sambandslýðveldið Þýskaland)	Tchinde (Tógó)
Ríos (Venesúela)	Raffaele Vanni (Ítalía)
Alfonso Sanchez Madariaga (Mexíkó)	Frank Walcott (Barbados)
John Svenningsen (Danmörk)	Zeidam (Líbanon)
Guennadi Yanaev (Sovétríkin)	Newsteed Zimba (Sambía)

Fylgiskjal VII.

Skýrsla nefndar um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu um starfsárið 1990.

Árið 1976 afgreiddi Alþjóðavinnumálaþingið samþykkt nr. 144, um samstarf ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála. Þessi samþykkt endurspeglar og festir í sessi samstarf ríkisstjórna, samtaka atvinnurekenda og launafólks sem er grundvallaratriði í öllu starfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO). Þessi þáttur í starfseminni skapar Alþjóðavinnumálastofnuninni sérstöðu þegar skipulag hennar er borið saman við skipulag annarra stofnana sem starfa innan vébanda Sameinuðu þjóðanna. Fullgilding alþjóðasamþykktar nr. 144 felur í sér að aðildarríki skuldbindur sig til þess að beita aðferðum sem tryggi raunhæft samstarf ríkisstjórnar, atvinnurekenda og launafólks um þau atriði sem snerta Alþjóðavinnumálastofnunina. Ísland fullgilti samþykktina árið 1981. Í framhaldi af fullgildingunni var skipuð 16. apríl 1982 samstarfsnefnd ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins sem fjallar um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina, venjulega nefnd ILO-nefnd. Á árinu 1990 skipuðu eftirtaldir nefndina: Fulltrúi Alþýðusambands Íslands, Þráinn Hallgrímsson, fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands, Hrafnhildur Stefánsdóttir, fulltrúi félagsmálaráðuneytisins og jafnframt formaður nefndarinnar, Gylfi Kristinsson deildarstjóri.

Þótt verkefni nefndarinnar séu fyrst og fremst tengd samskiptum Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina hefur henni verið falið að fjalla um fleiri þætti erlendra samskipta á sviði félags- og vinnumála. Mikilvægast í því sambandi er umfjöllun um framkvæmd Íslands á ákvæðum í félagsmálasáttmála Evrópu. Félagsmálaráðherra fól nefndinni þetta verkefni með erindisbréfi, dags. 5. maí 1988. Þetta var gert í framhaldi af samkomulagi á milli félagsmálaráðuneytisins og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins haustið 1987 en samkvæmt því tók fyrrnefnda ráðuneytið við samningu skýrslu ríkisstjórnar Íslands til Evrópuráðsins um framkvæmd ákvæða sáttmálans sem mörg hver eiga sér hliðstæðu í alþjóðasamþykktum ILO.

Nefnd um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina hélt á árinu 1990 samtals 17 fundi. Verkefni nefndarinnar eru svipuð frá ári til árs. Helstu viðfangsefni hennar eru að semja drög að skýrslum Íslands um framkvæmd á fullgiltum alþjóðasamþykktum, fjalla um athugasemdir ILO við skýrslurnar og semja svör við spurningaskrám sem sendar eru aðildarríkjunum til undirbúnings Alþjóðavinnumálaþinginu. Hér á eftir er gerð stutt grein fyrir verkefnum nefndarinnar á árinu 1990.

a. Skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta á sviði vinnumála.

Samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er aðildarríki skylt að gefa stofnuninni skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Þessi skylda er tvíþætt. Í fyrsta lagi skulu aðildarríkin gefa ILO reglulega skýrslur um framkvæmd þeirra samþykkta sem þau hafa fullgilt. Í öðru lagi getur stjórnarnefnd ILO falið alþjóðavinnumálaskrifstofunni að óska eftir skýrslum frá aðildarríkjunum um framkvæmd ákvæða í öðrum samþykktum sem þau hafa ekki fullgilt. Lagt er til í 5. gr. tillögu nr. 152, um samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, að stjórnvöld hafi samráð við aðila vinnumarkaðarins um samningu þessara skýrslna.

Á árinu 1990 undirbjó ILO-nefndin skýrslur ríkisstjórnarinnar um framkvæmd eftirfarandi alþjóðasamþykkta sem Ísland hefur fullgilt:

a. Alþjóðasamþykkt nr. 11, um rétt landbúnaðarfólks til að bindast samtökum og stofna félög.
c. Alþjóðasamþykkt nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess.

d. Alþjóðasamþykkt nr. 98, um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega.
e. Alþjóðasamþykkt nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs.
f. Alþjóðasamþykkt nr. 144, um samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála.

b. Skýrsla um 76. Alþjóðavinnumálaþingið 1989.

Aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni fylgir sú skylda að kynna löggjafarsamkomu þær samþykktir sem Alþjóðavinnumálaþingin hafa afgreitt. Á Íslandi er þetta ákvæði uppfyllt með þeim hætti að félagsmálaráðherra gefur Alþingi skýrslu um Alþjóðavinnumálaþingin. Í skýrslunum eru birtar í íslenskri þýðingu þær samþykktir, tillögur og ályktanir sem þingin hafa afgreitt. Á árinu 1990 var haft samráð við ILO-nefndina um skýrslu félagsmálaráðherra um 76. Alþjóðavinnumálaþingið sem haldið var árið 1989. Það þing afgreiddi nýja alþjóðasamþykkt um vernd frumbyggja sem búa innan sjálfstæðra ríkja. Samþykktin kemur í stað eldri samþykktar frá árinu 1957 en mörg ákvæða hennar eru orðin úrelt. Í nýju samþykktinni eru ákvæði um rétt frumbyggja og þjóðarbrota til varðveislu og viðhalds menningararfs, að kennsla fari fram á móðurmáli og að virtar séu hefðir og siðir. Sérstakur kafli er um yfirráðarétt yfir landsvæðum. Ákvæði eru um ráðningu og vinnuskilyrði frumbyggja og rétt til starfsmenntunar sem taki mið af aðstæðum og þörfum þeirra.

76. Alþjóðavinnumálaþingið lauk fyrri umræðu um drög að tveimur nýjum alþjóðasamþykktum. Önnur er um meðferð efnasambanda á vinnustöðum en hin um næturvinnu.

Í skýrslu félagsmálaráðherra um 76. Alþjóðavinnumálaþingið var tekin upp sú nýbreytni að gera nokkra grein fyrir framkvæmd Íslands á félagsmálasáttmála Evrópu. Efnisleg samantekt á athugasemdum sérfræðinganefndar Evrópuráðsins við framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmálans er að finna í fylgiskjali með skýrslunni. Ýmsar athugasemdir sérfræðinganefndarinnar eru þess eðlis að þær krefjast nýrra laga eða breytinga á núgildandi lögum. Því þótti rétt að gera Alþingi formlega grein fyrir þessum athugasemdum.

c. Undirbúningur fyrir þátttöku í 77. Alþjóðavinnumálaþinginu.

ILO-nefndin fjallaði á fundum sínum fyrri hluta árs 1990 um dagskrármál 77. Alþjóðavinnumálaþingsins. Meðal annars var farið yfir drög að alþjóðasamþykkt um hættulausa meðferð efnasambanda á vinnustöðum og drög að samþykktum um næturvinnu. Bæði þessi drög voru til síðari umræðu á þinginu. Nefndin hafði samráð við Siglingamálastofnun ríkisins vegna fyrrnefndu draganna en samkvæmt þeim var gert ráð fyrir því að gildissvið hinnar nýju alþjóðasamþykktar næði til flutninga efnasambanda með skipum og loftförum. Einnig var fjallað um skjöl sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman til undirbúnings fyrri umræðu um vinnuskilyrði á hótelum, veitingastöðum og hliðstæðum stofnunum.

Haldnir voru tveir fundir sem sérstaklega voru helgaðir málefnum 77. Alþjóðavinnumálaþingisins. Á þeim var farið yfir skýrslur sem teknar höfðu verið saman til undirbúnings umræðum á þinginu.

Á síðari hluta árs 1990 vann nefndin að samningu svara við nokkrum spurningaskrám frá ILO sem stofnunin sendi aðildarríkjunum. Þær voru um: Ábyrgð launa við gjaldþrot atvinnurekenda og um vinnuaðstæður á hótelum, í veitingahúsum og hliðstæðum stofnunum.

d. Önnur málefni sem snerta samskipti Íslands við ILO.

Á fundum nefndarinnar var fjallað um fjölmörg önnur atriði sem tengjast aðild Íslands að Alþjóðavinnumálastofnuninni og of langt er að rekja í stuttu yfirliti. Þó má nefna að nefndinni var kynnt í desember 1990 kæra sem Bandalag háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins (BHMR) hefur sent Alþjóðavinnumálastofnuninni vegna setningar bráðabirgðalaga nr. 89/1990, um launamál. Í bréfi BHMR er því haldið fram að tiltekin ákvæði bráðabirgðalaganna

séu í ósamræmi við alþjóðasamþykktir ILO nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess, og nr. 98, um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega. Ísland hefur fullgilt báðar samþykktirnar.

e. Framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu.

Eins og áður er komið fram tók félagsmálaráðuneytið við skýrslugerð um framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu á árinu 1987. Í framhaldi af því fól félagsmálaráðherra, að höfðu samráði við Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands, ILO-nefndinni í maí 1988 að fjalla um framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu. Jafnframt tók fulltrúi félagsmálaráðuneytisins sætti í nefnd Evrópuráðsins sem fjallar um framkvæmd sáttmálans (The Governmental Committee of The European Social Charter). Í þeirri nefnd eiga sæti fulltrúar ríkisstjórna 17 af þeim 24 aðildarríkjum Evrópuráðsins sem hafa fullgilt félagsmálasáttmálann. Meðal þess sem fjallað er um í sáttmálanum er réttur til vinnu, vinnuskilyrði, félaga- og samningafrelsi, réttur barna og ungmenna til verndar, starfsþjálfun, heilsuvernd, félagslegt öryggi o.fl. Þess skal getið að Ísland hefur enn ekki samþykkt skuldbindingar samkvæmt öllum greinum sáttmálans.

Í janúar 1989 afgreiddi ILO-nefndin 5. skýrslu Íslands um framkvæmd samþykktra ákvæða félagsmálasáttmálans frá 1. janúar 1986 til 31. desember 1987. Athugasemir sérfræðinganefndar Evrópuráðsins við skýrsluna bárust í september 1989 og fór ILO-nefndin yfir þær. Í skýrslu sérfræðinganefndarinnar eru gerðar nokkrar alvarlegar athugasemdir við framkvæmd Íslands á sáttmálanum. Athugasemdir sérfræðinganefndarinnar við skýrslu Íslands voru til umfjöllunar veturinn 1989 til 1990 á fundum embættismannanefndarinnar á vegum Evrópuráðsins sem fjallar um framkvæmd félagsmálasáttmálans. ILO-nefndinni var gefin reglulega skýrsla um framvindu mála á þeim vettvangi. Þess skal getið að ágreiningur er á milli sérfræðinganefndarinnar og embættismannanefndarinnar um túlkun á nokkrum ákvæðum sáttmálans. Þessi ágreiningur snertir m.a. gildissvið 5. gr., um réttinn til að stofna félög. Allir aðilar eru sammála um það að ákvæði greinarinnar verndar rétt manna til að stofna og vera í félögum til að berjast fyrir efnahagslegum og félagslegum hagsmunum. Hins vegar eru aðilar ósammála um það hvort greinin verndi rétt manna til að standa utan félaga. Sérfræðinganefndin er þeirrar skoðunar að greinin verndi þennan rétt. Í umsögn um framkvæmd Íslands á ákvæði greinarinnar komst nefndin m.a. svo að orði: „Nefndin taldi — með tilliti til þess að frelsi manna til að ganga í stéttarfélög, sem tryggt sé með ákvæðum 5. gr. sáttmálans, hljóti að fela í sér að menn séu ekki með neinum hætti skyldir til að gerast eða vera áfram félagar í stéttarfélagi — að skortur á viðeigandi vernd slíks frelsis í landslögum (hvort sem það stafar af því að viðeigandi lög hafa ekki verið sett eða fordæmisréttur löghelgar athæfi sem brýtur í bága við rétt manna til að mynda með sér félög) geti ekki talist samrýmast ákvæðum 5. gr. sáttmálans."

Töluverðar umræður urðu í embættismannanefndinni um athugasemdir sérfræðinganefndarinnar við framkvæmd Íslands á greininni og var ákveðið að afgreiða þær með með því að leggja þrjár spurningar fyrir nefndina. Spurningarnar voru:

1) *Er íslensk löggjöf, sem bannar ekki forgangsréttarákvæði í kjarasamningum, í samræmi við 5. gr. félagsmálasáttmálans?*

Sjö töldu að löggjöfin væri í samræmi við sáttmálann, fimm voru á móti og tveir sátu hjá.

2) *Í flestum kjarasamningum á Íslandi eru forgangsréttarákvæði. Er sú staðreynd í samræmi við sáttmálann?*

Sjö töldu að þetta væri í samræmi við sáttmálann, fimm voru á móti og tveir sátu hjá.

3) *Er íslensk löggjöf sem gerir aðild að stéttarfélagi að skilyrði fyrir atvinnuleysisbótum í samræmi við sáttmálann?*

Sjö töldu löggjöfina vera í samræmi við sáttmálann, átta voru á móti.

Niðurstaðan varð sú að nefndin tók ekki afstöðu varðandi Ísland þar sem aukinn meiri hluti þarf að vera fylgjandi áliti nefndarinnar. Af þessu sést að djúpstæður ágreiningur er innan nefndarinnar um gildissvið 5. gr. Þó er rétt að vekja á því athygli að þeim nefndarmönnum hefur fjölgað sem telja að greinin verndi rétt til að standa utan félaga.

Haustið 1990 lagði ILO-nefndin mikla vinnu í samningu 6. skýrslu Íslands um framkvæmd í félagsmálasáttmála Evrópu. Skýrslan tekur til áranna 1988 og 1989 og er 155 blaðsíður. Í henni er gerð ítarleg grein fyrir þróun efnahags- og atvinnumála, húsnæðismálum og félagslegri aðstoð. Sérstök áhersla er lögð á að gera grein fyrir framkvæmd á ákvæðum 16. og 17. gr. sáttmálans sem fjalla um efnhagslega og félagslega vernd mæðra, barna og fjölskyldunnar.

f. Skýrsla um framkvæmd sáttmála Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

Hinn 8. maí 1979 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að fullgilda sáttmála Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Samkvæmt 17. gr. samningsins ber aðildarríkjum að láta í té skýrslur sínar um framkvæmd ákvæða samningsins í áföngum innan eins árs frá gildistöku hans.

Á vegum félagsmálaráðuneytisins voru tekin saman drög að skýrslu Íslands um framkvæmd 6. til 11. gr. samningsins. Greinar 6 til 8 fjalla um vinnumál, jafnréttismál, málefni stéttarfélaga atvinnurekenda og launafólks og fleiri málefni sem heyra undir félagsmálaráðuneytið. Greinar 9 til 11 fjalla um almannatryggingar, félagslegt öryggi og fjölskyldumál, þ.e. málefni sem heyra til verksviðs heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins. Við samningu þeirra kafla skýrslunnar sem fjalla um framkvæmd þessara greina var stuðst við skýrslu um framkvæmd hliðstæðra greina í félagsmálasáttmála Evrópu á árunum 1988 og 1989.

Framangreind skýrsludrög voru lögð fyrir ILO-nefndina haustið 1990. Nefndin fjallaði um þau á fjórum fundum.

Fylgiskjal VIII.

Yfirlit yfir eftirlitskerfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er margþætt. Vafalaust er mikilvægasti þátturinn fólginn í eftirliti með framkvæmd aðildarríkjanna á fullgiltum alþjóðasamþykktum. Samkvæmt 22. gr. stofnskrár ILO ber aðildarríki sem fullgildir samþykkt að gefa alþjóðamálaskrifstofunni í Genf reglulega skýrslu um aðgerðir sem það hefur gripið til í því skyni að hrinda ákvæðum hennar í framkvæmd. Samkvæmt núgildandi reglum skal taka þessar skýrslur saman á tveggja eða fjögurra ára fresti. Þær eru teknar til athugunar af stofnunum ILO og gengið úr skugga um að framkvæmdin sé í samræmi við ákvæði hlutaðeigandi alþjóðasamþykktar. Enn fremur tekur alþjóðavinnumálaskrifstofan á móti kærum frá aðildarríkum og samtökum aðila vinnumarkaðarins vegna vanefnda á skuldbindingum sem felast í stofnskrá og samþykktum. Hér á eftir fer almenn lýsing á eftirliti Alþjóðavinnumálastofnunarinnar með því að aðildarríkin standi við skuldbindingar sínar samkvæmt stofnskrá og alþjóðasamþykktum.

1. *Nefnd um félagafrelsi* (Committee of Freedom of Association). Kærur vegna ætlaðra brota á alþjóðasamþykktum nr. 87 og nr. 98 eru sendar nefnd um félagafrelsi. Í nefndinni eiga sæti níu fulltrúar sem kosnir eru af stjórnarnefnd ILO til þriggja ára í senn. Þrír eru fulltrúar ríkisstjórna, þrír fulltrúar atvinnurekenda og þrír eru fulltrúar launafólks. Nefndin kemur venjulega saman þrisvar sinnum á ári. Í febrúar, maí og október. Álitsgerð nefndarinnar er lögð fyrir stjórnarnefnd ILO.
2. *Stjórnarnefnd ILO* (ILO Governing Body). Öll kærumál sem nefnd um félagafrelsi fjallar um eru lögð fyrir stjórnarnefnd ILO. Í nefndinni eiga sæti 28 fulltrúar ríkisstjórna, 14 fulltrúar atvinnurekenda og 14 fulltrúar launafólks. Jafnmargir varamenn taka þátt í fundum nefndarinnar (10 stærstu iðnríki heims eiga fastasæti í nefndinni en ekki varafulltrúa). Rétt til þátttöku í fundum stjórnarnefndarinnar eiga því 102 fulltrúar. Nefndin kemur yfirleitt saman til fundar um mánaðamótin febrúar/mars, í lok maí og mánaðamótin október/nóvember. Skýrslur og álitsgerðir nefnda eru lagðar fyrir stjórnarnefndina, þar á meðal skýrsla nefndar um félagafrelsi. Yfirleitt verða ekki miklar efnislegar umræður um skýrslu nefndarinnar. Hins vegar getur stjórnarnefndin óskað eftir nánari upplýsingum frá ríkisstjórnum eða sent ríkisstjórn álit sitt á viðkomandi kærumáli.
3. *Nefnd óháðra sérfræðinga* (Committee of Experts on The Application of Conventions and Recommendations). Hafi hlutaðeigandi ríkisstjórn fullgilt alþjóðasamþykktir nr. 87 og 98 sendir stjórnarnefnd ILO kærumálið áfram til nefndar óháðra sérfræðinga sem fer yfir allar skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Í nefndinni eiga sæti 20 fulltrúar, allt virtir fræðimenn á sviði lög- og félagsfræði. Sérfræðinganefnd ILO nýtur mikils álits fyrir vönduð vinnubrögð og hlutlægt mat á framkvæmd aðildarríkjanna á alþjóðasamþykktum ILO. Nefndin birtir niðurstöður sínar í skýrslu sem lögð er fyrir Alþjóðavinnumálaþingið sem kemur saman á hverju ári í júnímánuði í Genf. Þar er skýrslan til umfjöllunar í þingnefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Þess skal getið að sætti aðildarríki sig ekki við túlkun sérfræðinganefndarinnar á alþjóðasamþykktum getur það skotið máli sínu til úrskurðar Alþjóðadómstólsins í Haag.
4. *Þingnefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta* (Committee of Applications of Standards). Skýrsla sérfræðinganefndar ILO er til umfjöllunar í einni af þingnefndum Alþjóðavinnumálaþingsins sem fjallar um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Nefndin er yfirleitt með þeim fjölmennari og sitja fundi hennar um 200 þingfulltrúar (árið 1989

sátu í nefndinni 108 fulltrúar ríkisstjórna, 33 fulltrúar atvinnurekenda og 66 fulltrúar launafólks). Auk þess sitja fjölmargir áheyrnarfulltrúar fundi nefndarinnar. Sú vinnuregla hefur skapast að fulltrúar aðila vinnumarkaðarins koma sér saman um 40 mál sem birt eru í skýrslu sérfræðinganefndarinnar. Þessi mál eru tekin til umfjöllunar í þingnefndinni. Yfirleitt er gangur málsins sá að talsmanni hlutaðeigandi ríkisstjórnar er fyrst gefið orðið, þar næst fær talsmaður launafólks tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og þar á eftir talsmaður fulltrúa atvinnurekenda. Síðan eiga sér stað skoðanaskipti eftir því sem efni og aðstæður leyfa. Þeim lýkur með umsögn nefndarformanns sem lögð er fyrir nefndina til samþykktar eða synjunar. Ef talið er að hlutaðeigandi ríkisstjórn hafi brotið alþjóðasamþykkt er hún hvött til þess að bæta ráð sitt og sjá til þess að aðstæður verði í samræmi við samþykktina. Ef um er að ræða alvarlegt brot er þess getið í svonefndum sérstaka hluta í skýrslu nefndarinnar til allsherjarþings Alþjóðavinnumálaþingsins.

Hversu langan tíma tekur kærumál að fara í gegnum eftirlitskerfi ILO?

Þegar kærumál hefur borist alþjóðavinnumálaskrifstofunni er það sent umsvifalaust til hlutaðeigandi ríkisstjórnar og óskað eftir athugasemdum hennar. Það þykir ekki tiltökumál að tveir fundir nefndar um félagafrelsi líði án þess að svar ríkisstjórnar hafi borist. Það er hins vegar litið frekar alvarlegum augum hafi svari ekki borist fyrir þriðja fundinn. Af þessu leiðir að ríkisstjórn getur tekið sér fjóra til sex mánuði til að undirbúa svar við kærumáli. Þegar svar ríkisstjórnar hefur borist alþjóðavinnumálaskrifstofunni líða ekki nema tveir til þrír mánuðir þar til nefnd um félagafrelsi afgreiðir kærumál til stjórnarnefndar.

Ed. 690. Frumvarp til laga [385. mál]

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, 70/1990, 124/1990 og 130/1990.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

1. gr.

2. gr. laganna hljóði þannig:

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn húsnæðismála.

Húsnæðisstofnun ríkisins er ríkisstofnun sem lýtur sérstakri stjórn.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal vinna að samræmingu og skipulagi opinberra afskipta af húsnæðismálum og fara með stjórn hins opinbera veðlánakerfis í samræmi við lög þessi.

2. gr.

3. gr. laganna hljóði þannig:

Húsnæðisstofnun starfar sem ein heild með þeim frávikum sem leiðir af lögum þessum.

Ráðherra ákveður með reglugerð að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar skipulag stofnunarinnar, þar á meðal skiptingu hennar í svið eða deildir.

3. gr.

Húsnæðismálastjórn.

4. gr. laganna hljóði þannig:

Stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, húsnæðismálastjórn, skipa fimm menn, fjórir kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi að afstöðnum almennum alþingiskosningum og einn skipaður af félagsmálaráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Varamenn skulu kosnir og skipaðir á sama hátt. Skipunartími formanns og varaformanns skal vera takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipaði þá.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar og greiðist hún á sama hátt og annar kostnaður við stofnunina, sbr. 7. gr.

4. gr.

Hlutverk húsnæðismálastjórnar.

5. gr. laganna hljóði þannig:

Hlutverk húsnæðismálastjórnar er:

1. Að hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins, Byggingarsjóðs ríkisins, Byggingarsjóðs verkamanna og umdæmisstjórna og gæta þess að starfað sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
2. Gera tillögur til félagsmálaráðherra að fjárhagsáætlun eigi síðar en níu mánuðum fyrir upphaf starfsárs þar sem fram komi sundurliðaður, áætlaður rekstrarkostnaður og fyrirhuguð skipting ráðstöfunarfjár milli útlánaflokka og meginsjónarmið um ráðstöfun þess, að svo miklu leyti sem skiptingin er ekki ákveðin í lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim.

3. Að skera úr vafa- og ágreiningsmálum varðandi einstakar lánveitingar og ákveða greiðsludaga þeirra.
4. Að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um löggjafaratriði á sviði húsnæðismála.
5. Að koma á framfæri upplýsingum um hlutverk og störf stofnunarinnar.
6. Að fjalla um önnur mál sem ráðherra eða framkvæmdastjóri leggur fyrir hana.

5. gr.

6. gr. laganna hljóði þannig:

Félagsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins til sex ára í senn. Ráðherra skipar einnig skrifstofustjóra stofnunarinnar. Leita skal umsagnar húsnæðismálastjórnar áður en frá skipun er gengið samkvæmt þessari málsgrein.

Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn stofnunarinnar og ræður starfsfólk til hennar að fengnum tillögum frá húsnæðismálastjórn.

6. gr.

Síðari málsgrein 7. gr. laganna hljóði þannig:

Kostnaður við tæknileg málefni stofnunarinnar og þjónustu við lántakendur skal borinn uppi af sölu á þjónustu stofnunarinnar.

7. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi nýr undirkafli með fjórum nýjum greinum, 8.–11. gr. Fyrirsögn undirkaflans verði **Umdæmisstjórnir.** Hinn nýi undirkafli orðist svo:

a. (8. gr.)

Landinu er skipt í átta húsnæðisumdæmi sem hér segir:

1. Höfuðborgarsvæði, sem tekur yfir Reykjavíkurborg, Kópavog, Garðabæ, Bessastaðahrepp, Hafnarfjörð, Seltjarnarnes, Mosfellsbæ, Kjalarneshrepp og Kjósarhrepp.
2. Vesturlandsumdæmi.
3. Vestfjarðaumdæmi.
4. Norðurlandsumdæmi vestra.
5. Norðurlandsumdæmi eystra.
6. Austurlandsumdæmi.
7. Suðurlandsumdæmi.
8. Suðurnesjaumdæmi, sem tekur yfir Keflavík, Njarðvík, Sandgerði, Grindavík, Gerðahrepp, Vatnsleysustrandarhrepp og Hafnahrepp.

Umdæmi skv. 2.–7. tölul. fylgja kjördæmum.

Í hverju umdæmi skal vera umdæmisstjórn og umdæmisskrifstofa húsnæðismála.

b. (9. gr.)

Umdæmisstjórn skal skipuð fimm mönnum sem skipaðir eru af félagsmálaráðherra að afloknum sveitarsjórnarkosningum með eftirfarandi hætti: Tveir skulu tilnefndir af landshlutasamtökum sveitarfélaga, tveir af ASÍ og BSRB en einn skipaður af ráðherra eftir tilnefningu húsnæðismálastjórnar.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

c. (10. gr.)

Umdæmisstjórnir fara með verkefni í umboði húsnæðismálastjórnar eftir því sem nánar er kveðið á um í þessum lögum.

Verkefni umdæmisstjórnar eru:

1. Áætlanagerð um byggingarþörf í umdæminu.
2. Móttaka umsókna frá sveitarfélögum um byggingu félagslegs húsnæðis í umdæminu.
3. Tillögugerð til húsnæðismálastjórnar um heildarlánsfé til kaupa eða byggingar félagslegra íbúða í umdæminu ásamt greinargerð með yfirliti yfir umsóknir sveitarfélaga eða annarra framkvæmdaraðila um félagslegar íbúðir.
4. Annast lánveitingar til sveitarfélaga eða annarra framkvæmdaraðila félagslegra íbúða samkvæmt því hlutfalli sem húsnæðismálastjórn hefur ákveðið til félagslegra íbúða í umdæminu.
5. Afla upplýsinga um stöðu og horfur í húsnæðismálum.
6. Kostnaðareftirlit og úttektir á félagslegum íbúðum í umdæminu.
7. Ráðgjöf og fræðsla um lánamál og húsnæðismál almennt fyrir einstaklinga, sveitarfélög og félagasamtök.

d. (11. gr.)

Umdæmisstjórn er heimilt að ráða starfsmann eða starfsmenn að fengnu samþykki húsnæðismálastjórnar. Laun starfsmanna hverrar umdæmisstjórnar skulu greidd af Húsnæðisstofnun ríkisins. Kostnaður af rekstri umdæmisstjórnar, þar með talin stjórnarlaun, og umdæmisskrifstofu, annar en launakostnaður, skal greiddur af landshlutasamtökum sveitarfélaga en Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er heimilt að greiða framlag til landshlutasamtakanna á móti þessum útgjöldum samkvæmt reglum sem ráðherra staðfestir.

8. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 70. gr. laganna:

a. 1. mgr. hljóði þannig:

Þegar sveitarstjórn eða annar viðurkenndur framkvæmdaraðili hefur tekið ákvörðun um byggingu eða kaup á félagslegum íbúðum skal hann tilkynna umdæmisstjórn ákvörðun sína og jafnframt sækja formlega um lán úr Byggingarsjóði verkamanna. Í umsókn komi fram um hvaða tegund félagslegra íbúða er að ræða, fjölda þeirra, stærð og gerð, framkvæmdatími, áætlaður byggingarkostnaður eða kaupverð og annað það sem nauðsynlegt er til þess að umdæmisstjórn geti tekið afstöðu til lánveitinga til framkvæmdanna eða kaupanna. Með umsókn fylgi jafnframt greinargerð um stöðu og horfur varðandi byggingarframkvæmdir á vegum framkvæmdaraðila. Í greinargerð skal koma fram áætluð byggingarþörf næstu fjögur árin og helstu forsendur fyrir þeirri þörf sem áætluð er.

b. 3. mgr. hljóði þannig:

Umsókn sveitarfélags eða annars framkvæmdaraðila skal berast umdæmisstjórn fyrir 1. september ár hvert og tillögur umdæmisstjórnar skulu berast húsnæðismálastjórn fyrir 1. nóvember sama ár.

9. gr.

72. gr. laganna breytist þannig:

a. Við greinina bætist ný málsgrein, er verði 1. mgr., svohljóðandi:

Húsnæðismálastjórn ákveður skiptingu ráðstöfunarfjár Byggingarsjóðs verkamanna til einstakra umdæma. Umdæmisstjórn húsnæðismála úthlutar lánum til sveitarstjórna og annarra framkvæmdaraðila og er það fullnaðarákvörðun um skiptingu innan umdæmis.

b. 1. mgr., er verði 2. mgr., orðist þannig:

Þegar umdæmisstjórn hefur samþykkt lánveitingar til byggingaráfanga og framkvæmdir eru hafnar skal húsnæðisnefnd, í umboði sveitarstjórnar, eða annar framkvæmdaraðili auglýsa íbúðirnar til sölu eða leigu. Í auglýsingu skal koma fram hverjir eigi rétt á íbúð, áætlaður afhendingartími og greiðsluskilmálar. Umsóknarfrestur má ekki vera skemmri en fjórar vikur frá birtingu auglýsingar.

10. gr.

1. mgr. 74. gr. laganna orðist þannig:

Telji umdæmisstjórn að skilyrðum laga þessara sé fullnægt til að hefjast handa við byggingarframkvæmdir tilkynnir hún það húsnæðismálastjórn til samþykktar. Eftir að samþykki húsnæðismálastjórnar liggur fyrir tilkynnir hún það umdæmisstjórn sem veitir hlutaðeigandi sveitarstjórn eða öðrum framkvæmdaraðila framkvæmdaheimild og jafnframt framkvæmdalán.

11. gr.

6. mgr. 75. gr. laganna hljóði þannig:

Kostnaðareftirlit er í höndum umdæmisstjórnar undir yfirstjórn húsnæðismálastjórnar. Skal Húsnæðisstofnun árlega birta opinberlega upplýsingar um byggingarkostnað íbúða sem lokið hefur verið við.

12. gr.

1. mgr. 77. gr. laganna hljóði þannig:

Þegar íbúð er fullgerð skal umdæmisstjórn undantekningarlaust staðfesta lok framkvæmda og byggingarkostnað með úttekt sinni og tilkynna það húsnæðismálastjórn.

13. gr.

1. mgr. 85. gr. laganna hljóði þannig:

Þegar sveitarstjórn hefur gert upp byggingarkostnað og umdæmisstjórn staðfest hann með úttekt sinni, sbr. 77. gr., skal sveitarstjórn sjá um að kaupandi fái í hendur skriflegt afsal fyrir íbúðinni, enda hafi kaupandi undirritað veðskuldabréf frá Byggingarsjóði verkamanna og staðið í skilum með útborgun og aðrar greiðslur sem honum ber að inna af hendi.

14. gr.

1. mgr. 102. gr. laganna hljóði þannig:

Sveitarfélag eða annar framkvæmdaraðili skal annast útreikning á söluverði félagslegra íbúða þar sem kaupskyldu eða forkaupsréttar er neytt, sbr. 98. gr. Umdæmisstjórn skal staðfesta útreikninginn. Ágreiningi milli aðila um verðlagningu íbúðanna skal vísa til húsnæðismálastjórnar sem sker úr um hann með rökstuddri ákvörðun.

15. gr.

VII. kafli laganna, 109.–110. gr., falli brott.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1991.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 1. mgr. 6. gr. laganna um starfstíma framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins eiga ekki við um þann sem gegnir starfinu við gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem samið er á vegum félagsmálaráðuneytisins, er í höfuðatriðum tvíþætt. Annars vegar fjallar það um stjórnsýslulega stöðu Húsnæðisstofnunar ríkisins og valdmörk milli húsnæðismálastjórnar og félagsmálaráðherra, sbr. 1.–6. gr. frumvarpsins. Hins vegar tekur það til þeirra nýmæla að skipta landinu í átta húsnæðisumdæmi, umdæmisstjórnir, sem hafi einkum félagslegt húsnæði á sinni könnu, sbr. 7.–15. gr. frumvarpsins og að komið verði á fót umdæmisskrifstofu sem taki að verulegu leyti við þjónustuhlutverki Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Hvað fyrri hluta frumvarpsins viðvíkur, um breytta stjórnsýslulega stöðu, er tilefnið athugasemdir Ríkisendurskoðunar um óljósa stjórnsýslustöðu Húsnæðisstofnunar ríkisins og óglögg valdmörk milli húsnæðismálastjórnar og félagsmálaráðherra. Þriggja manna starfshópi, skipuðum Berglindi Ásgeirsdóttur ráðuneytisstjóra, Halldóri Árnasyni, skrifstofustjóra Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, og Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni, var falið að koma með tillögur að breyttu fyrirkomulagi.

Félagsmálaráðuneytið og Húsnæðisstofnun hafa um nokkurt skeið verið ósammála um stjórnsýslulega stöðu Húsnæðisstofnunar ríkisins. Stofnunin fékk Lagastofnun Háskóla Íslands til að fjalla um stöðu sína og skilaði Lagastofnun álitsgerð um stjórnsýslulega stöðu Húsnæðisstofnunar ríkisins í ágúst 1987. Félagsmálaráðuneytið fól Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni að gera lögfræðilega athugun á stöðu, valdsviði og ábyrgð Húsnæðisstofnunar ríkisins og tengslum stofnunarinnar og stjórnar hennar við félagsmálaráðneytið.

Niðurstöður beggja skýrslanna var sú að sjálfstæði Húsnæðistofnunar væri verulegt eða mjög mikið og það væri í raun einungis í gegnum setningu laga og reglugerða sem áhrif ráðherra kæmu fram. Húsnæðismálastjórn hefði hins vegar nær algjört forræði í málefnum stofnunarinnar og varðandi útlán, að undanskildum vaxtaákvörðunum.

Ríkisendurskoðun framkvæmdi á árinu 1987 endurskoðun á reikningsskilum þeirra sjóða sem Húsnæðisstofnun hefur umsýslu með, en það eru Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna. Í skýrslu um endurskoðunina dags. 22. júlí 1988 kemur m.a. fram að vafi virðist leika á því hver sé stjórnsýsluleg staða Húsnæðisstofnunar ríkisins og lögð áhersla á að niðurstaða þurfi að fást um það hver hafi vald til að gera hvað og hver beri ábyrgðina.

Félagsmálaráðuneytið sendi niðurstöður Lagastofnunar og Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanna til Ríkisendurskoðunar í október 1988 og var óskað eftir áliti á niðurstöðum og að hún kæmi með tillögur um æskilega skipan á stjórnsýslulegri stöðu Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Í bréfi Ríkisendursskoðunar til félagsmálaráðherra dags. 3. nóvember 1988 segir m.a.:

„Það er skoðun Ríkisendurskoðunar að sú skipan, sem nú gildir er óæskileg, þar sem ekki er í framkvæmd nógu tryggt að saman fari á einni hendi vald og ábyrgð, sem er skilyrði fyrir árangursríkri og skilvirkri stjórnun. Því telur Ríkisendurskoðun nauðsynlegt að settar séu skýrari reglur sem eyði þeim vafaatriðum sem upp koma er (sic) varðandi yfirstjórn þessa málaflokks."

Enn fremur segir í greindu bréfi Ríkisendurskoðunar um verkefni Húsnæðisstofnunar:

„Með vísan til þess sem að framan greinir er ekki séð að mikilvægir framkvæmdaþættir í störfum Húsnæðisstofnunar ríkisins séu þess eðlis að stjórnskipan stofnunarinnar geti ekki fallið beint undir framkvæmdarvaldið og telur Ríkisendurskoðun þá skipan ákjósanlega. Með þeirri skipan yrði ábyrgð á einni hendi. Áhrif Alþingis mundu ekki í reynd skerðast frá því sem verið hefur nema hvað varðar íhlutun á framkvæmdaþáttum."

Á fundi húsnæðismálastjórnar 23. nóvember 1989 var gerð samþykkt vegna „frétta og viðtala í sjónvarpi, útvarpi og blöðum". Í þessari samþykkt húsnæðismálastjórnar kemur fram afstaða hennar til stjórnsýslulegrar stöðu Húsnæðisstofnunar en þar segir m.a.: „Í álitsgerð Ráðgjafaþjónustu Lagadeildar Háskóla Íslands um stjórnsýslulega stöðu Húsnæðisstofnunar ríkisins segir þetta m.a.:

„Húsnæðismálastjórn ber ekki ábyrgð gagnvart ríkisstjórninni í heild. Hún þarf ekki að taka við starfsfyrirmælum frá fagráðherrum. Hins vegar hefur hún venjulega upplýsingaskyldu gagnvart honum og Alþingi."

Ábyrgð einstakra fulltrúa í stjórn Húsnæðisstofnunar er, auk allrar venjulegrar starfsábyrgðar stjórnarmanna fyrirtækja og stofnana, fyrst og fremst fólgin í því að tala máli umbjóðenda sinna."

Tillögur um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Með lagafrumvarpi þessu eru gerðar tillögur um breytingu á kosningu og skipun húsnæðismálastjórnar og fjölda stjórnarmanna. Þá eru og gerðar tillögur um lagabreytingar sem kveða nánar á um hlutverk ráðherra og húsnæðismálastjórnar og verkaskiptingar á sviði húsnæðismála. Einnig er lagt til að meiri kröfur verði gerðar til fjárhagsáætlana Húsnæðisstofnunar ríkisins. Tillögurnar gera jafnframt ráð fyrir að valdi Húsnæðisstofnunar verði dreift og þjónustan færð nær þeim sem hennar njóta. Í því skyni verði landinu skipt í húsnæðisumdæmi og í hverju umdæmi starfi sérstök umdæmisstjórn.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stjórnarmönnum í húsnæðismálastjórn fækki úr tíu í fimm. Lagt er til að Alþingi kjósi fjóra og formaður verði skipaður af ráðherra án tilnefningar og hafi sama starfstíma og ráðherra. Samkvæmt þessari breytingu er horfið frá þeirri skipan að Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands eigi sérstaka fulltrúa í húsnæðismálastjórn. Hins vegar er lagt að umdæmisstjórnir verði skipaðar fimm aðalmönnum, tveir skipaðir af félagsmálaráðherra eftir tilnefningu samtaka launafólks og tveir eftir tilnefningu landshlutasamtaka sveitarfélaga. Þannig er aðild launþegasamtaka í raun færð frá húsnæðismálastjórn til umdæmisstjórna.

Þá er í frumvarpinu kveðið afdráttarlaust á um það að félagsmálaráðherra fari með yfirstjórn húsnæðismála. Hlutverk Húsnæðisstofnunar er skilgreint nánar og fellt brott að stofnunin skuli hafa frumkvæði að stefnumörkun í húsnæðismálum. Lagt er til að fjallað verði um innra skipulag Húsnæðisstofnunar í reglugerð en ekki í lögum eins og nú er. Í frumvarpinu er lagt til að ráðherra ráði forstöðumenn sviða eða deilda, auk þess að skipa framkvæmdastjóra, en æviráðning í það verði afnumin, þó ekki afturvirk. Einnig er

hlutverk húsnæðismálastjórnar skilgreint á nýjan hátt og nánari reglur settar um gerð fjárhagsáætlunar, þar á meðal um meginsjónarmið varðandi lánaúthlutanir.

Lagt er til að landinu verði skipt í húsnæðisumdæmi sem tryggi betur að þekking heimamanna skili sér í allri áætlanagerð, auk þess sem þjónustan verður nær íbúum utan höfuðborgarsvæðisins. Skipaðar verði sérstakar umdæmisstjórnir húsnæðismála, þar sem annars vegar landshlutasamtök og hins vegar verkalýðshreyfingin tilnefna fulltrúa. Eitt meginviðfangsefni umdæmisstjórna verður félagslegt húsnæði og því þykir eðlilegt að fulltrúar launafólks hafi bein áhrif við umfjöllun þessa málaflokks sem verkalýðshreyfingin hefur látið sig miklu varða. Umdæmisstjórnir munu annast margvíslega þjónustu í umboði húsnæðismálastjórnar auk þess sem hún mun úthluta þeirri heildarfjárveitingu sem húsnæðismálastjórn veitir til félagslegs húsnæðis í umdæminu. Umdæmisstjórnir eiga samkvæmt frumvarpinu bæði að afla upplýsinga um húsnæðismál og gera áætlanir um húsnæðisþörf í umdæminu.

Stjórnsýsluleg staða Húsnæðisstofnunar.

Samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar fara forseti og önnur stjórnvöld með framkvæmdarvaldið og skv. 13. gr. felur forsetinn ráðherrum framkvæmdarvald sitt. Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum skv. 14. gr. stjórnarskrárinnar. Í 27. gr. segir að um framkvæmd laga fari að landslögum. Um ábyrgð ráðherra er fjallað í lögum nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð.

Samkvæmt stjórnarráðslögunum, nr. 73/1969, fara ráðherrar með stjórnarmálefni í Stjórnarráði Íslands, en það greinist í ráðuneyti sem talin eru upp í lögunum. Ráðuneytisstjórar stýra ráðuneytum undir yfirstjórn ráðherra.

Í 9. gr. stjórnarráðslaganna segir að ráðuneyti hafi eftirlit með starfrækslu stofnana, sem undir það ber, og eignum á vegum þeirra stofnana. Í 2. gr. reglugerðar nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands, sem sett er með heimild í stjórnarráðslögunum, nr. 73/1969, er lýst þeim málum sem félagsmálaráðuneytið fer með. Einn af þremur aðalflokkum málefna, sem undir það ráðuneyti heyra, er nefndur „íbúðarhúsnæði“. Sá málaflokkur er nánar skilgreindur með því að nefna m.a. Húsnæðisstofnun ríkisins, framkvæmdanefndir byggingaáætlana, Byggingarsjóð ríkisins, lán húsnæðismálastjórnar, verkamannabústaði, Byggingarsjóð verkamanna, byggingarsamvinnufélög, byggingu leiguíbúða á vegum sveitarfélaga o.s.frv. Samkvæmt þessu er augljóst að húsnæðismál er einn gildasti málaflokkurinn sem félagsmálaráðuneytið fer með.

Í 14. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að ráðherra beri „ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum“. Þrátt fyrir þetta ákvæði hefur verið talið að Alþingi sé heimilt að fela stjórnvöldum óháðum ráðherra meðferð stjórnvalds og samkvæmt viðteknum fræðikenningum ber ráðherra ekki ábyrgð á meðferð þess stjórnvalds sem tekið er undan forræði hans með lögum.

Samkvæmt núgildandi ákvæði í 4. gr. laga nr. 86/1988 skipa húsnæðismálastjórn tíu menn. Þar af eru sjö kjörnir af sameinuðu Alþingi og tveir tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands og einn af Vinnuveitendasambandi Íslands. Ráðherra skipar formann stjórnar úr hópi hinna kjörnu eða tilnefndu stjórnarmanna.

Lagt er til að á þessari skipan verði gerð sú breyting að sameinað Alþingi kjósi fjóra af fimm stjórnarmönnum, en félagsmálaráðherra skipi þann fimmta og skuli hann jafnframt vera formaður stjórnarinnar.

Með breytingartillögum þessum er leitast við að ná þeim markmiðum að gera stjórn

Húsnæðisstofnunar ríkisins skilvirkari, koma í veg fyrir hagsmunaárekstur í meðferð stjórnvaldsins, og að unnt verði að ráðstafa væntanlegum fjárframlögum úr ríkissjóði til húsnæðismála langt fram í tímann og binda þannig hendur fjárveitingavaldsins. Þá er leitast við að auka tengsl húsnæðismálastjórnar og félagsmálaráðherra með því að kveða á um að ráðherra skipi formann stjórnarinnar án tilnefningar og skipunartími formannsins skuli vera starfstími ráðherra. Nýjum ráðherra er með þessum hætti gert kleift að skipa nýjan formann húsnæðismálastjórnar í upphafi starfstíma síns.

Vart verður um það deilt að í raun bera umræður á Alþingi það með sér að þingmenn telja félagsmálaráðherra bera ábyrgð á framkvæmd húsnæðismálastefnunnar á hverjum tíma. Þeir ráðherrar, sem með húsnæðismál hafa farið, hafa sætt gagnrýni fyrir framkvæmdir á þessu sviði, sem umdeilanlegt er hvort voru innan valdmarka ráðherra. Hér er því lagt til að valdmörk ráðherra og húsnæðismálastjórnar verði skýrari en verið hefur og lögð á það áhersla að rétt sé að valdið sé hjá þeim sem ábyrgðina bera.

Umdæmisstjórnir húsnæðismála.

Nefnd sú, sem félagsmálaráðherra skipaði til að endurskoða og gera tillögur um framtíðarskipan félagslega hluta húsnæðiskerfisins og skilaði niðurstöðum sínum 12. febrúar 1990 með skýrslu og frumvarpi um breytingar á félagslega hluta húsnæðiskerfisins, gerði einnig tillögur um breytt skipulag húsnæðismála (skýrsla nefndar um félagslega húsnæðiskerfið, félagsmálaráðuneytið, febrúar 1990). Í skýrslu nefndarinnar dags. 12. febrúar 1990 til félagsmálaráðherra segir eftirfarandi: „Þegar nefndin fjallaði um fyrirkomulag húsnæðiskerfisins með það fyrir augum að gera tillögur um endurbætur og meiri skilvirkni lánakerfisins komst hún að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að breyta núverandi skipan á stjórnun húsnæðismála. Skipulag opinbera húsnæðiskerfisins er á ýmsan hátt vanbúið að mæta þeim markmiðum sem sett eru með opinberum afskiptum af húsnæðismálum og þeim kröfum sem gera verður til lánakerfisins.

Þótt það sé utan við verksvið nefndarinnar samkvæmt skipunarbréfi vill nefndin setja fram eftirfarandi tillögur til breytinga á skipulagi Húsnæðisstofnunar ríkisins til frekari skoðunar og umræðu. Þessar tillögur miða að því að bæta þjónustu Húsnæðisstofnunar ríkisins sérstaklega við landsbyggðina, dreifa valdi og auðvelda fólki upplýsingaöflun og aðgang að ráðgjöf. Miklar breytingar eiga sér nú stað á húsnæðiskerfinu og því brýnt að skoða það sem heild í stað þess að taka almenna hluta húsnæðiskerfisins sér og þann félagslega sér.

Á fundum nefndarinnar hefur komið fram gagnrýni á þjónustu Húsnæðisstofnunar ríkisins. Sérstaklega er tekið til þess hve einstaklingar og sveitarfélög á landsbyggðinni eiga erfitt uppdráttar í þessu sambandi. Húsnæðisstofnun ríkisins er ein af stærstu stofnunum ríkisins og hefur aukist að umfangi á sl. árum. Breytt hlutverk stofnunarinnar og auknar kröfur um þjónustu hafa í för með sér knýjandi nauðsyn á breyttu skipulagi hennar.

Nefndin er sammála um nauðsyn á meiri valddreifingu í húsnæðismálum og betri þjónustu á landsbyggðinni. Jafnframt telur nefndin mikilvægt að saman fari ábyrgð á félagslegum íbúðum og ráðstöfun þeirra.

Nefndin leggur því til að skipan og hlutverki húsnæðismálstjórnar verði breytt og komið verði á sérstökum umdæmisstjórnum sem hafi umsjón með stjórnun og þjónustu vegna húsnæðismála. Einnig leggur nefndin til að félagsleg íbúðamál sveitarfélaganna verði samræmd og færð undir sérstakar húsnæðisnefndir á vegum sveitarfélaganna.“

Tillögur frumvarpsins um að landinu verði skipt í húsnæðisumdæmi og að komið verði á fót sérstökum umdæmisstjórnum eru byggðar á tillögum ofangreindrar nefndar um félagslega húsnæðiskerfið. Í nefndinni áttu m.a. sæti fulltrúi sveitarfélaganna, fulltrúar samtaka launafóks og frá Húsnæðisstofnun ríkisins. Markmiðið með þessum breytingum er m.a. að færa þjónustu Húsnæðisstofnunar nær þeim sem þurfa á henni að halda. Með því að opna skrifstofur eða koma upp þjónustuaðilum utan höfuðborgarsvæðisins má draga úr starfseminni í Reykjavík. Miklu máli skiptir að þeir sem búa utan höfuðborgarsvæðisins og þurfa að sækja þjónustu til Húsnæðisstofnunar í gegnum síma eða með því að ferðast langar leiðir spara sér kostnað og ómak. Þá verður einnig auðveldara að fylgjast með því að fjármagn sé vel nýtt.

Frumvarpið var sent til umsagnar allra landshlutasamtaka sveitarfélaga og komu þar fram ýmsar ábendingar. Þær vörðuðu einkum starfsmenn umdæmisskrifstofa og kostnað í því sambandi. Hefur verið tekið tillit til þeirra á ýmsan hátt. Umsagnirnar eru prentaðar sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til með hliðsjón af lið B 4. gr. laga nr. 96/1969, um Stjórnarráð Íslands, að þess sé getið að félagsmálaráðherra fari með yfirstjórn húsnæðismála. Í tilvitnuðu lagaákvæði segir að félagsmálaráðuneytið fari með mál sem varða íbúðarhúsnæði, þar á meðal Húsnæðisstofnun ríkisins. Húsnæðisstofnun ríkisins er aðeins einn þáttur af mörgum á sviði íbúðarhúsnæðis, enda er í stjórnarráðslögunum getið um framkvæmdanefndir byggingaáætlana, Byggingarsjóð ríkisins, lán húsnæðismálastjórnar, vísitölulán veðdeildar Landsbanka Íslands, launaskatt og sparnað til íbúðabygginga í þéttbýli, Byggingarsjóð aldraðs fólks, útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, verkamannabústaði, byggingarsjóð og byggingarfélög verkamanna, byggingasamvinnufélög, byggingu leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, Öryrkjabandalags Íslands og elliheimila og sambýli í fjölbýlishúsum. Heiti laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, með síðari breytingum, er að því leyti villandi að í lögunum er fjallað um flesta þætti íbúðarhúsnæðismála.

Lagt er til að Húsnæðisstofnun ríkisins sé skilgreind sem „ríkisstofnun“ en ekki „sjálfstæð ríkisstofnun“ eins og nú er gert. Ekki er ljóst hvað átt er við með því í núgildandi lögum að Húsnæðisstofnun ríkisins sé sjálfstæð ríkisstofnun, enda er það ekki sérstaklega skilgreint. Hlutverk Húsnæðisstofnunar ríkisins er skilgreint í lögum og að auki kveða lögin á um að félagsmálaráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. 124. gr. laga nr. 86/1988.

Í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins er skilgreining á hlutverki Húsnæðisstofnunar ríkisins. Fellt niður ákvæði í gildandi lögum um að stofnunin skuli hafa forystu um stefnumótun í húsnæðismálum. Í raun kemur öll forysta um stefnumótun annars vegar frá félagsmálaráðherra og ríkisstjórn og hins vegar frá Alþingi. Lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins veita Húsnæðisstofnun ekkert svigrúm til slíkrar stefnumótunar.

Ef Húsnæðisstofnun ríkisins er borin saman við aðrar lánastofnanir, t.d. við ríkisbankana, þá hafa þeir mjög sjálfstæða stöðu gagnvart ríkisvaldinu. Bankarnir ákveða sjálfir vexti og mun á innláns- og útlánsvöxtum og er ætlað að standa algerlega undir eigin lánastarfsemi. Slíkt gildir að sjálfsögðu ekki um Húsnæðisstofnun ríkisins. Samkvæmt 30. gr. og 68. gr. laganna tekur ríkisstjórn Íslands ákvörðun un vexti af lánum stofnunarinnar. Húsnæðisstofnun er aflað fjár til lánveitinga með beinum fjárveitingum samkvæmt

ákvörðun Alþingis í fjárlögum en að auki eru gerðir samningar við lífeyrissjóðina um kaup á skuldabréfum á grundvelli lagaákvæða. Með þessum hætti er húsnæðiskerfið fjármagnað að verulegum hluta.

Um 2. gr.

Lagt er til að lagt sé á vald ráðherra að ákveða með reglugerð um skipulag Húsnæðisstofnunar ríkisins, en tekið fram að hún starfi sem ein heild með þeim frávikum, sem leiðir af lögunum. Þau frávik sem einkum eru höfð í huga leiðir af lögum nr. 76/1989 og fjalla um „sérstaka húsbréfadeild".

Veruleg endurskoðun á innri skipan Húsnæðisstofnunar hefur nýlega farið fram í samræmi við þær kröfur sem nú eru gerðar til stofnunarinnar og þykja núgildandi ákvæði takmarka um of möguleikana á nýskipan innan stofnunarinnar.

Um 3. gr.

Hér er lagt til, að Alþingi kjósi fjóra menn í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins að afstöðnum hverjum almennum alþingiskosningum, en félagsmálaráðherra skipi formann án tilnefningar og miðist skipunartími hans við starfstíma ráðherra.

Málum er nú svo háttað að stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins skipa tíu menn, sjö kosnir af sameinuðu Alþingi, tveir tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands og einn af Vinnuveitendasambandi Íslands. Stjórn þessi er óvenjulega fjölmenn og hefur hún gripið til þess ráðs að skipta með sér störfum við úrlausn sérstakra verkefna. Hagkvæmara þykir að hafa færri stjórnarmenn, enda breytir það ekki áhrifum Alþingis á stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins. Samkvæmt tillögunum kýs Alþingi fjóra af fimm í stað sjö af tíu nú. Rétt þykir, að skipunartími formanns sé bundinn starfstíma félagsmálaráðherra hverju sinni og tryggja þannig virkara stjórnvaldssamband milli félagsmálaráðherra og húsnæðismálastjórnar.

Alþýðusamband Íslands fékk rétt til tilnefningar í húsnæðismálastjórn árið 1980, en Vinnuveitendasamband Íslands árið 1986, en þá höfðu fulltrúar frá aðilum vinnumarkaðarins og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja tekið þátt í samningu frumvarps um þessi mál, sem varð að lögum árið 1986.

Réttur Alþýðusambands Íslands til tilnefningar í húsnæðismálastjórn var studdur þeim rökum að rétt væri að verkalýðshreyfingin tæki þátt í umfjöllun um félagslegt húsnæði sem skipti fólk í hreyfingunni miklu máli. Árið 1986 var m.a. gerð sú breyting á lögunum að komið var á tengingu kaupa lífeyrissjóðanna á skuldabréfum og lánsrétti sjóðsfélaga. Þá kom fram þingmannafrumvarp um að veita VSÍ rétt á að skipa einn mann í stjórn stofnunarinnar. Aðalrökin fyrir rétti Vinnuveitendasambands Íslands til tilnefningar virðast hafa verið þau að Alþýðusamband Íslands ætti þar tvo fulltrúa og húsnæðismál vörðuðu aðila vinnumarkaðarins verulega.

Vextir á skuldabréfum, sem Húsnæðisstofnun ríkisins kaupir af lífeyrissjóðunum, hafa veruleg áhrif á vexti í landinu. Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands hafa mikilla hagsmuna að gæta af því að lífeyrissjóðirnir fái sem besta ávöxtun af skuldabréfum sem þeir kaupa af Húsnæðisstofnun ríkisins. Hagsmunir Húsnæðisstofnunar ríkisins kunna hins vegar að vera aðrir og getur það leitt til hagsmunaáreksturs. Fulltrúar aðila vinnumarkaðarins, sem eru nátengdir lífeyrissjóðunum, kunna að þurfa að gæta þess annars vegar að lífeyrissjóðirnir fái sem besta ávöxtun fjár síns og hins vegar að Húsnæðisstofnun ríkisins fái lán með sem bestum kjörum.

Með hliðsjón af þessu er lagt til að réttur greindra aðila til tilnefningar í húsnæðismálastjórn verði felldur niður. Jafnframt er höfð hliðsjón af því að önnur samtök launafólks eiga ekki rétt til tilnefningar samkvæmt lögunum og má sem dæmi nefna Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Hins vegar er hér ekki verið að draga úr áhrifum launþegahreyfingar á húsnæðismál. Með tilkomu umdæmisstjórnar aukast þvert á móti bein áhrif launþegasamtaka á húsnæðismál í landinu, sbr. 9. gr. Þar munu fulltrúar launafólks hlutfallslega hafa sterkari stöðu en áður.

Um 4. gr.

Gerð er tillaga um að brott falli 1. tölul. 5. gr. laganna þar sem segir að það sé hlutverk húsnæðismálastjórnar að marka meginstefnu í málum Húsnæðisstofnunar ríkisins, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Hafa rökin fyrir þessu þegar komið fram hér að framan.

Lagt er til að nánari reglur verði settar um fjárhagsáætlun. Áætlun reksturskostnaðar verði sundurliðuð og í fjárhagsáætlun komi fram fyrirhuguð skipting ráðstöfunarfjár milli útlánaflokka og meginsjónarmið um ráðstöfun þess að svo miklu leyti sem skiptingin er ekki ákveðin í lögunum eða í reglugerðum með heimild í lögunum. Þá er lagt til að slík fjárhagsáætlun sé gerð á fyrsta ársfjórðungi árs hvers fyrir næsta almanaksár og hún lögð fram fyrir 1. apríl ár hvert fyrir næsta ár.

Með þessu er reynt að tryggja að ráðherra fái betri upplýsingar um líklegan reksturskostnað stofnunarinnar og meðferð þess fjármagns sem til útlána kemur. Þá er og með tillögunni reynt að tryggja að ekki liggi aðeins fyrir fyrirhuguð skipting milli lánaflokka samkvæmt lögunum, heldur einnig þau sjónarmið sem húsnæðismálastjórn leggur til grundvallar úthlutun lána innan einstakra lánaflokka að svo miklu leyti sem slíkt er ekki þegar ákveðið í lögum eða reglugerðum. Með þessum hætti er til muna treyst sambandið milli húsnæðismálastjórnar og félagsmálaráðherra og jafnframt tryggt að ráðherra geti sinnt þeirri yfirstjórn, sem honum er lögð á herðar í lögunum og í stjórnarráðslögunum.

Lagt er til að í nýjum tölulið, 5. tölul., verði lögð skylda á húsnæðismálastjórn um dreifingu upplýsinga um hlutverk og störf stofnunarinnar. Húsnæðismálin eru tvímælalaust meðal mikilvægustu málefna hverrar fjölskyldu og brýn nauðsyn að komið sé á framfæri við almenning öllum upplýsingum sem verða mega fólki til hjálpar við lausn þeirra mála. Ekki er þó verið að gefa í skyn með tillögu þessari að þetta hlutverk hafi verið vanrækt fram til þessa, heldur er verið að treysta þá framkvæmd með löggjafarákvæði.

Ekki eru lagðar til frekari breytingar á 5. gr. laganna aðrar en að húsnæðismálastjórn hafi eftirlit með hinum nýju umdæmisstjórnum, en ákvæðið um þingkjörna endurskoðendur var fellt niður með 3. tölul. 13. gr. laga nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun.

Um 5. gr.

Lagt er til að framvegis verði framkvæmdastjóri skipaður til sex ára í senn, en í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að ákvæðið eigi ekki við um þann sem gegnir starfinu við gildistöku laga þessara og félagsmálaráðherra skipi framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra að fenginni umsögn húsnæðismálastjórnar. Þá er lagt til að framkvæmdasstjóri ráði annað starfsfólk stofnunarinnar að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar. Þessi breyting er til samræmis við nýmæli seinni ára í sambærilegri löggjöf.

Um 6. gr.

Eðlilegt þykir að þjónusta stofnunarinnar verði kostuð að mestu leyti af þeim sem njóta hennar.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að hér komi nýr undirkafli með heitinu **umdæmisstjórnir** með fjórum nýjum greinum er fjalli um hlutverk og verksvið umdæmisstjórna.

Um a-lið (8. gr.).

Hér er lagt til að landinu verði skipt í átta húsnæðisumdæmi og komið verði á fót umdæmisstjórnum húsnæðismála í hverju umdæmi. Umdæmin fylgja kjördæmaskiptingu að undanskildu höfuðborgarsvæði og Suðurnesjum. Umdæmisskrifstofur yrðu fyrir hvert húsnæðisumdæmi.

Umdæmisstjórnum er m.a. ætlað að veita aukna þjónustu við íbúa utan Stór-Reykjavíkursvæðisins og tryggja áhrif heimamanna á húsnæðismál í umdæminu.

Hér er verið að gera þá breytingu að hlutverk húsnæðismálastjórnar og Húsnæðisstofnunar verður hér eftir yfirsumsjón og eftirlit. Framkvæmdir og ákvarðanir færast í verulegu mælitil umdæmanna.

Til þess að hafa skýra verkaskiptingu milli húsnæðismálastjórnar og umdæmisstjórna er, þrátt fyrir nálægð húsnæðismálastjórnar við höfuðborgarsvæðið, talið nauðsynlegt að sérstök umdæmisstjórn sé fyrir höfuðborgarsvæðið. Þrátt fyrir það er ekkert sem kemur í veg fyrir að umdæmisstjórn höfuðborgarsvæðisins semji um aðstöðu í húsakynnum Húsnæðisstofnunar í Reykjavík. Nauðsynlegt er að sérstök umdæmisskrifstofa sé fyrir höfuðborgarsvæðið því óeðlilegt er að húsnæðismálastjórn hefði jafnframt með höndum verkefni einnar umdæmisskrifstofu.

Um b-lið (9. gr.).

Lagt er til að umdæmisstjórnir verði skipaðar fimm aðalmönnum, tveir tilnefndir af heildarsamtökum launafólks og tveir eftir tilnefningu landshlutasamtaka sveitarfélaga en félagsmálaráðherra skipar einn samkvæmt tilnefningu húsnæðismálastjórnar. Eðlilegt þykir að launþegahreyfingin hafi sína fulltrúa í umdæmisstjórn þar sem félagslegt húsnæði verður eitt af aðalviðfangsefnum hennar, auk þess sem launþegahreyfingin mun ekki lengur eiga fulltrúa í húsnæðismálastjórn, sbr. 3. gr. ASÍ og BSRB munu tilnefna fulltrúa í umdæmisstjórnir. Með þessu móti fjölgar fulltrúum launafólks og staðbundin þekking mun nýtast er mörkuð er stefna um hvar félagslegs húsnæðis sé mest þörf innan umdæmisins. Umdæmisstjórnir munu taka við vissum verkefnum húsnæðismálastjórnar.

Um c-lið (10. gr.).

Umdæmisstjórnir fara með ákveðin verkefni í umboði húsnæðismálastjórnar eftir því sem nánar er skilgreint í einstökum töluliðum greinarinnar.

Verkefni umdæmisstjórnar skv. 1., 5. og 7. tölul. eiga við um húsnæðismál í heild sinni. Verkefni skv. 2.–4. og 6. tölul. taka hins vegar eingöngu til félagslegra íbúða.

Umdæmisstjórnir hafa með höndum eftirlit með öllu félagslegu húsnæði í umdæminu. Jafnframt hafa þær umsjón með almennri þjónustu við einstaklinga á vettvangi húsnæðismála.

Um einstök verkefni umdæmisstjórna skal að öðru leyti tekið fram:

Um 1. tölul.

Þar sem gert er ráð fyrir því að umdæmisstjórnir geri tillögur til lánveitinga í umdæminu er nauðsynlegt að þær tillögur byggist á raunhæfum áætlunum um byggingarþörf.

Hvað félagslegu húsnæði viðvíkur er gert ráð fyrir því í lögunum, sjá 61. gr., að húsnæðisnefnd geri áætlanir í hverju sveitarfélagi um þörf á félagslegu húsnæði og er því verkefni umdæmisstjórna að safna þeim upplýsingum í umdæminu saman.

Um 2. tölul.

Gert er ráð fyrir því að sveitarfélag eða annar framkvæmdaraðili snúi sér til umdæmisstjórnar í stað Húsnæðisstofnunar með umsóknir um lán til félagslegra íbúða.

Um 3. tölul.

Umdæmisstjórn gerir tillögur til húsnæðismálastjórnar á grundvelli umsókna sem umdæmisstjórnir fá frá sveitarfélögum eða öðrum framkvæmdaraðilum um félagslegar íbúðir.

Mikilvægt er að með tillögu fylgi sérstök greinargerð.

Um 4. tölul.

Umdæmisstjórn hefur á sinni könnu að deila út því lánsfé til félagslegra íbúða, sem húsnæðismálastjórn hefur úthlutað umdæminu, til sveitarfélaga eða annarra framkvæmdaraðila.

Um 5. tölul.

Upplýsinga þeirra, sem tilgreindar eru í þessum tölulið, aflar umdæmisstjórn frá sveitarfélögum í umdæminu eða öðrum framkvæmdaraðilum.

Um 6. tölul.

Umdæmisstjórn annast kostnaðareftirlit og úttekt á félagslegum íbúðum í umdæminu undir yfirstjórn húsnæðismálastjórnar. Yfirstjórn húsnæðismálastjórnar í þessum efnum getur m.a. falið í sér að hún veiti umdæmisstjórnunum reglulegar leiðbeiningar og aðstoð um það hvernig staðið skuli að kostnaðareftirlitinu og hefur virkt eftirlit með því að í hvívetna sé rétt staðið að þessu mikilvæga verkefni.

Ljóst er að úttekt á félagslegum íbúðum verður mun léttari í vöfum þegar heimamenn sinna því verki í stað þess að fá til þess úttektarmenn frá Húsnæðisstofnun eins og verið hefur.

Um 7. tölul.

Þarfnast ekki skýringa.

Um d-lið (11. gr.).

Þar sem þjónusta flyst frá Húsnæðisstofnun til umdæmisstjórna er eðlilegt að störf flytjist frá stofnuninni til umdæmisskrifstofa. Húsnæðisstofnun ríkisins mun greiða laun starfsmanna á umdæmisskrifstofum og gert er ráð fyrir að starfsmönnum Húsnæðisstofnunar fækki í samræmi við þau verkefni sem flytjast til umdæmisstjórnar. Allan annan rekstrarkostnað bera landshlutasamtökin. Jöfnunarsjóði er hins vegar heimilt að inna af hendi greiðslur á móti þessum útgjöldum landshlutasamtakanna. Ráðherra þarf að staðfesta reglur stjórnar Jöfnunarsjóðs um þetta efni.

Um 8. gr.

Leiðir af ákvæði 2. tölul. 10. gr. að umsóknir sveitarfélaga um húsnæðislán fara til umdæmisstjórnar.

Umdæmisstjórn eru veittir tveir mánuðir til að fjalla um og vinna úr umsóknum um lán úr Byggingarsjóði verkamanna.

Um 9. gr.

Leiðir af ákvæði 4. tölul. 10. gr., þ.e. umdæmisstjórn úthlutar til framkvæmdaraðila lánveitingum til félagslegra íbúðabygginga.

Um 10. gr.

Eins og fram kemur í 4. tölul. 10. gr. er gert ráð fyrir því að það sé umdæmisstjórnanna að annast lánveitingar til sveitarfélaga og annarra framkvæmdaraðila í stað húsnæðismálastjórnar. Þetta breytir þó ekki því að það er húsnæðismálastjórnar að veita samþykki sitt við upphaf framvæmda, þ.e. samþykkja byggingarkostnað, svo sem verið hefur, enda er það hlutverk húsnæðismálastjórnar, m.a. að hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi umdæmisstjórna, sbr. 1. tölul. 4. gr. frumvarpsins.

Um 11. gr.

Leiðir af 6. tölul. 10. gr., þ.e. kostnaðareftirlit vegna félagslegra íbúða er hjá umdæmisstjórn.

Gert er ráð fyrir því að húsnæðismálastjórn hafi á sínum vegum umsjón með kostnaðareftirliti umdæmisstjórnanna í stað þess að annast sjálf um framkvæmd þess. Þannig verður framkvæmdin við kostnaðareftirlitið færð frá Húsnæðisstofnun til umdæmisstjórnanna, en yfirumsjón og samræming verður í höndum húsnæðismálastjórnar, m.a. með gerð leiðbeininga fyrir umdæmisstjórnirnar og eftirliti með framkvæmd allri. Meginhlutverk Húsnæðisstofnunar verður því eftirlit og úrvinnsla upplýsinga um byggingarkostnað.

Um 12. gr.

Eins og fram kemur í 6. tölul. 10. gr. er gert ráð fyrir því að umdæmisstjórnir sjái um úttekt á félagslegum íbúðum í stað þess að Húsnæðisstofnun sjái um þær úttektir eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum.

Umdæmisstjórnir skulu tilkynna það til húsnæðismálastjórnar þegar úttektir hafa farið fram.

Um 13. gr.

Leiðir af 6. tölul. 10. gr.

Um 14. gr.

Lagt er til að það verkefni að staðfesta útreikning á söluverði félagslegra íbúða, sem nú er hjá Húsnæðisstofnun, verði fært til umdæmisstjórna með sama hætti og uppgjör á byggingarkostnaði.

Um 15. gr.

Þessa breytingu leiðir af 2. gr., þ.e. breyttu innra skipulagi stofnunarinnar, þ.e. ekki er lengur kveðið á um deildaskiptingu í lögum, heldur er það ráðherra sem setji um það

reglugerð. Þetta á að tryggja meiri sveigjanleika í starfi Húsnæðisstofnunar. Þannig á að vera unnt með tiltölulega stuttum fyrirvara að gera þær breytingar sem t.d. breytt fyrirkomulag útlána hefur í för með sér. Föst skipan einstakra deilda, lögum samkvæmt, hefur komið í veg fyrir að nauðsynlegur flutningur milli deilda ætti sér stað í samræmi við þjónustukröfur til Húsnæðisstofnunar.

Um 16. gr.

Þær breytingar, sem hér eru lagðar til annars vegar á innra skipulagi Húsnæðisstofnunar og hins vegar að komið verði á fót umdæmisstjórnum, krefjast nokkurs undirbúnings. Því er hér lagt til að lögin öðlist ekki gildi fyrr en 1. júlí 1991. Skipunartími fyrstu umdæmisstjórna yrði því aðeins þrjú ár, þ.e. til 1994.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Vísað er til athugasemda við 5. gr. frumvarpsins.

Fylgiskjal I.

Umsagnir um frumvarpið frá landshlutasamtökum sveitarfélaga.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Stjórn SSS fagnar þeim megintilgangi frumvarpsins að færa þjónustuna nær þeim sem eiga að njóta hennar. Einnig er lagt til eftirfarandi:

Að 2. gr. í núgildandi lögum verði ekki breytt.

Að í 4. gr. verði að stjórnina skipi fimm menn allir skipaðir af Alþingi en formaður skipaður af ráðherra úr þeim hópi. Þeir stjórnmálaflokkar á Alþingi sem ekki eiga fulltrúa í stjórninni fái áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétti.

Að 5. gr. verði ekki breytt.

Að tillaga um sex ára ráðningartíma framkvæmdastjóra verði samþykkt og gildi yfir núverandi framkvæmdastjóra jafnt og aðra.

Að tillaga um húsnæðisnefndir verði samþykkt, en húsnæðisumdæmin verði átta í stað sex. Viðbótin verði Suðurnesjaumdæmi og tvö umdæmi á Norðurlandi.

Einnig þurfi að koma fram með skýrari hætti kostnaðarhlutdeild landshlutasamtaka/sveitarfélaga og með hvaða hætti þeim útgjöldum verði mætt.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

* Stjórnin fagnar því að til stendur að fækka í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins. Hvetur stjórnin til þess að haldið verði áfram á þeirri braut að hagræða bæði rekstri og yfirstjórn stofnunarinnar. Stjórnin telur skynsamlegt að fallið sé frá þeirri skipan að fulltrúar launþega og atvinnurekenda eigi fulltrúa í stjórn stofnunarinnar. Eðlilegt er að yfirstjórn stofnunar af þessu tagi gefi sem besta mynd af því pólitíska mynstri sem ríkjandi er.
* Stjórn SSH leggst gegn hugmyndum um sérstakar umdæmisstjórnir og byggir afstöðu sína á eftirfarandi:

a. Gert er ráð fyrir sex umdæmum þar sem staðsettar yrðu sérstakar umdæmisskrifstofur Húsnæðisstofnunar; þar á meðal í umdæminu Reykjavík/Reykjanes. Ekki skal talað fyrir munn sveitarfélaga á Suðurnesjum, en stjórn SSH telur það gersamlega óþarft að sérstök umdæmisskrifstofa þjóni höfuðborgarsvæðinu þar sem íbúar þess geta áfram sótt þá þjónustu sem boðið er upp á í höfuðstöðvum Húsnæðisstofnunar ríkisins í Reykjavík. Hugmyndin um svæðisskiptingu er að þessu leyti vanhugsuð að mati stjórnar SSH.
b. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að umdæmisskrifstofurnar veiti þá þjónustu sem í dag er veitt af Húsnæðisstofnun ríkisins og að ríkið muni greiða launakostnað í umdæmunum sem nemur einu stöðugildi. Það má hverjum vera ljóst, að miðað við umfang þeirrar þjónustu og starfsemi sem Húsnæðisstofnun sinnir, að þetta eina stöðugildi í hverju umdæmi væri ekki nema örlítill hlut af starfsmannaþörf. Það er ekki eðlilegt að sveitarfélög og landshlutasamtök þeirra taki á sig slíkar fjárhagslegar byrðar án þess að til komi breyting á lögum um tekju- og verkaskiptingu.
c. Það er ljóst að með hugmyndum um umdæmisstjórnir er verið að leggja mikla ábyrgð í hendur sveitarfélaga og samtaka þeirra. Eðlilegt er að saman fari ábyrgð og ákvarðanataka. Það er því fullkomlega óeðlilegt að fulltrúar launþegasamtaka ættu sæti í stjórnun umdæmanna.

* Stjórn SSH beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar og Alþingis að stefna beri að því að Húsnæðisstofnun verði lögð niður í núverandi mynd og starfsemi stofnunarinnar færð yfir til bankakerfisins.

Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi.

Samþykkt var að styðja megin hugmyndir frumvarpsins um að flytja meiri völd og þjónustu út á land, en bent á að jafnhliða flutningi á þjónustunni beri að fylgja tilfærsla á því fjármagni sem nú er ætlað að greiða kostnað vegna hennar af hálfu ríkisvaldsins.

Fjórðungssamband Vestfirðinga.

1. Fagnað er megin tilgangi frumvarpsins að færa þjónustu Húsnæðisstofnunar ríkisins nær þeim sem hún á að þjóna og gera starfsemina skilvirkari.
2. Í ljósi nýsettra laga um verkaskiptingu ríkisins og sveitarfélaganna er talið að tekjustofnar þurfi að fylgja verkefnum sem flutt eru frá ríkinu og stofnunum þess til sveitarfélaganna og samtaka þeirra. Lauslegt mat á umfangi og eðli þeirra verkefna, sem í frumvarpinu er ætlað að flytja til landshlutasamtakanna, gefur til kynna að Fjórðungssamband Vestfirðinga muni ekki valda, fjárhagslega, þeim verkefnum, sem í hlut þess koma, án aukinna tekna. Telja verður eðlilegt að tekjur tilsvarandi útgjöldum, þeim sem verkefnin hafa bakað Húsnæðisstofnun í Reykjavík, fylgi þeim þangað sem þau verða leyst af hendi. Rétt sé að athuga sérstaklega hvort ekki megi afla tekna fyrir veitta þjónustu.
3. Bent er á misræmi sem felst í því að tilnefningarrétti landshlutasamtaka sveitarfélaga fylgir útgjaldaskylda en ekki tilnefningarrétti stéttasamtakanna.
4. Lögð er áhersla á að umdæmisstjórnarkerfinu fylgi ótvírætt forræði mála á viðkomandi umboðssvæði.
5. Lögð er áhersla á að umdæmisstjórninni verði áskilinn réttur til að velja sér formann úr eigin hópi.

6. Vegna misræmis á markaðsverði húsnæðis víðs vegar um land er talið réttlætismál að inn í lögin um Húsnæðisstofnun verði sett ákvæði er kveði á um að mið skuli tekið af markaðs- og/eða fasteignamatsverði einstakra húseigna við upp- eða niðurfærslu lána, sem á þeim hvíla.

Fjórðungssamband Norðlendinga.

1. Mælt er með því að komið sé á fót umdæmisskrifstofum Húsnæðisstofnunar ríkisins í tengslum við landshlutasamtökin.
2. Lögð var áhersla á að umdæmisskrifstofur húsnæðismála verði undir fjármálalegri stjórn landshlutasamtaka sveitarfélaga.
3. Bent var á að stuðningur Húsnæðisstofnunar við umdæmisskrifstofur væri of lítill með tilliti til þess hvað spara megi á móti í rekstri Húsnæðisstofnunar ríkisins.
4. Landshlutasamtökunum verði tryggðar auknar tekjur, til að standa undir rekstri umdæmisskrifstofa.
5. Áhersla er lögð á að sá stjórnarmaður, sem skipaður er af húsnæðisstjórn, komi úr röðum sveitarstjórnarmanna, í viðkomandi umdæmi.
6. Umdæmisstjórnir kjósi sjálfar formann úr sínum hópi.
7. Umdæmisskrifstofu verði tryggt fullt forræði um framkvæmd húsnæðismála í umdæminu og sjálfstæði gagnvart húsnæðismálastofnun að því er varðar landshlutana.

Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi.

Stjórn Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi fagnar framkomnu frumvarpi og þeim megintilgangi þess að færa þjónustu Húsnæðisstofnunar ríkisins nær þeim sem hún á að þjóna og gera starfsemina skilvirkari.

Stjórnin telur nær útilokað að kostnaður af rekstri umdæmisskrifstofu og umdæmisstjórnar verði greiddur af SSA, að undanteknum launum eins starfsmanns, sbr. 10. gr., nema auknar tekjur komi til sambandsins á móti.

Þá bendir stjórnin á að nauðsynlegt er að tryggja það að allir stjórnarmenn séu búsettir í fjórðungnum til að minnka ferðakostnað við stjórn umdæmisskrifstofunnar. Enn fremur að óeðlilegt sé það misræmi sem felst í því að tilnefningarrétti landshlutasamtaka sveitarfélaga fylgir útgjaldaskylda, en ekki tilnefningarrétti stéttarsamtakanna (BSRB og ASÍ).

Lögð er áhersla á að umdæmisstjórninni verði áskilinn réttur til að velja sér formann úr eigin hópi.

Vegna misræmis á markaðsverði húsnæðis víðs vegar um land er talið réttlætismál að inn í lögin um Húsnæðisstofnun verði sett ákvæði er kveði á um að mið skuli tekið að markaðs- og/eða fasteignamatsverði einstakra húseigna við upp- eða niðurfærslu lána sem á þeim hvíla.

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga.

Fulltrúaráðið telur ýmsa þætti frumvarpsins horfa til bóta sérstaklega að því er varðar aukna þjónustu í einstök héruð. Fulltrúaráðið telur hins vegar að bætt þjónusta að þessu leyti megi ekki íþyngja landshlutasamtökunum fjárhagslega.

Sþ. 691. Fyrirspurn [386. mál]

til fjármálaráðherra um yfirdrátt ríkissjóðs í Seðlabanka.

Frá Kristni Péturssyni.

1. Eftir hvaða reglum hyggst ríkisstjórnin nýta sér yfirdrátt í Seðlabankanum á árinu 1991 til þess að ná markmiðum þjóðarsáttar um varanlega hjöðnun verðbólgu?
2. Hvaða reglur gilda um yfirdrátt ríkissjóðs í seðlabanka viðkomandi þjóðar á Norðurlöndum, í Þýskalandi, Bretlandi og Bandaríkjunum? Er slíkur yfirdráttur háður einhverjum takmörkunum?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 692. Fyrirspurn [387. mál]

til fjármálaráðherra um fjárgreiðslur umfram heimildir fjárlaga.

Frá Kristni Péturssyni.

1. Hvaða ráðstafanir hefur fjármálaráðherra gert til þess að tekjur samkvæmt fjárlögum ársins 1991 dugi fyrir öllum útgjöldum ársins 1991?
2. Hvaða bein fyrirmæli hefur fjármálaráðherra gefið ríkisstofnunum almennt til þess að þær fari ekki fram úr fjárlagaheimildum ársins 1991?
3. Hvaða bein fyrirmæli hefur fjármálaráðherra gefið ríkisstofnunum um 12 mánaða rekstraráætlanir varðandi fjárveitingu ársins 1991 og hvernig þeim rekstraráætlunum skuli framfylgt?
4. Hvaða ráðstafanir hefur fjármálaráðherra gert til þess að væntanlegt fjáraukalagafrumvarp í upphafi haustþings 1991 muni duga fyrir öllum útgjöldum ríkissjóðs og ríkisstofnana til 31. des. 1991?
5. Hvaða reglur gilda um meðferð fjárveitinga umfram fjárlög á Norðurlöndum, í Þýskalandi, Bretlandi og Bandaríkjunum? Eru greiðslur í þessum löndum inntar af hendi án heimilda á fjárlögum eða fjáraukalögum?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 693. Skýrsla [388. mál]

umhverfisráðherra um undirbúning að löggjöf um stjórnsýslu á miðhálendi Íslands að því er tekur til skipulags- og byggingarmála.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

I. Inngangur.

Í samráði við ríkisstjórnina ákvað umhverfisráðherra í októbermánuði sl. að skipa sérstaka nefnd fulltrúa samkvæmt tilnefningu þingflokka, tiltekinna ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga til að undirbúa frumvarp til laga um tilhögun stjórnsýslu á hálendi Íslands og verndun þess.

Eftirtaldir aðilar tóku þátt í nefndarstarfinu: Ágúst Guðmundsson, Landmælingum Íslands, Birgir Þorgilsson samgönguráðuneyti, Bryndís Brandsdóttir Kvennalista, Geir Gunnarsson Alþýðubandalagi, Gunnar Eydal, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Héðinn Sverrisson, Samtökum um jafnrétti og félagshyggju, Hjalti Zóphóníasson, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Hjörleifur Guttormsson menntamálaráðuneyti, Hulda Jensdóttir Borgaraflokki, Jóhannes Geir Sigurgeirsson Framsóknarflokki, Jón Höskuldsson landbúnaðarráðuneyti, Páll Líndal umhverfisráðuneyti, formaður, Sigfús Jónsson Alþýðuflokki og Stefán Thors, Skipulagi ríkisins.

Þau atriði, sem nefndinni er einkum ætlað að taka afstöðu til, eru eftirfarandi:

Hver eiga að vera mörk þess svæðis sem væntanleg lög taka til?

Með hvaða hætti á að ákveða þau mörk lögformlega?

Til hvaða stjórnsýsluþátta eiga lögin að taka?

Hvernig á að haga stjórnsýslunni í einstökum atriðum?

Hvernig á að haga löggæslu- og eftirlitsstörfum á hálendinu?

Hvernig á að tryggja verndun þeirrar sérkennilegu og einstæðu náttúru sem einkennir hálendi Íslands?

Að undirbúningi milli funda störfuðu aðallega Ágúst Guðmundsson, Hjalti Zóphóníasson, Jón Höskuldsson, Páll Líndal og Stefán Thors.

II. Umfang væntanlegrar löggjafar.

Eins og áður er fram komið er í erindisbréfinu ætlast til að nefndin taki afstöðu til hvaða stjórnsýsluþátta væntanleg löggjöf eigi að taka, og hvernig eigi að haga henni í einstökum atriðum, t.d. hvernig eigi að haga löggæslu- og eftirlitsstörfum á hálendinu og tryggja verndun hinnar einstæðu náttúru sem einkennir hálendi Íslands.

Hér er vikið að málefnum sem brýn nauðsyn er að tekin verði föstum tökum. Rætt var við ýmsa aðila sem láta sig málið varða sérstaklega. Það var nokkuð einróma álit þeirra að brýn þörf væri á því að lögbinda ákvæði um stjórnsýslu á hálendi Íslands.

Gunnar F. Guðmundsson sagnfræðingur samdi sérstaka greinargerð um stjórnsýslu á hálendi Íslands, fskj. I.

Í þessu sambandi má einnig benda á þá hugmynd að hálendið verði lýst þjóðgarður.

Að athuguðu máli taldi nefndin rétt, bæði vegna þess að hér er um mjög viðamikil verkefni að ræða og nefndinni settur skammur tími, að takmarka viðfangsefni sitt á fyrsta stigi við meðferð skipulags- og byggingarmála. Þar virðist þörfin einna mest eins og brátt kemur að, en auk þess má benda á að nú eru að störfum tvær nefndir sem fara með viðfangsefni sem tengjast stjórnsýslu á hálendinu. Hér er um að ræða annars vegar nefnd, sem starfar á vegum dómsmálaráðuneytis og á m.a. að gera tillögur um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna, sbr. 11.

gr. laga nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, og hins vegar nefnd sem starfar samkvæmt þingsályktun frá 22. febrúar 1990, um öryggi í óbyggðaferðum.

Um þjóðgarðshugmyndina er það að segja að til að stofna þjóðgarð, skv. 25. gr. náttúruverndarlaga, nr. 47/1971, þarf land það, sem þjóðgarður tekur til, að vera ríkiseign, en um eignarrétt ríkisins á því svæði, sem um gæti verið að ræða, er flest óljóst sem máli skiptir. Ef til ætti að koma sérstök lagasetning hlytu einnig að koma til meðferðar þau vafa- og ágreiningsefni sem uppi eru um eignarrétt að landi því sem eðlilegt þykir að lagt yrði til þjóðgarðs.

Það hlyti að tefja mjög framgang þess máls, sem hér um ræðir, ef áður þyrfti að taka afstöðu til eignarréttar á hálendinu.

Því var nefndin sammála um að í frumvarpi því, sem hún ynni að, yrði ekki á nokkurn hátt tekin afstaða til eignarréttar á landi né afnotaréttar. Að því hlýtur þó að koma, að ráðið verði fram úr þeim flóknu, viðkvæmu og vandasömu málum, en afgreiðsla þessa máls er ekki háð því að sú úrlausn liggi fyrir.

III. Byggingar- og skipulagsmál á hálendinu.

Eins og mönnum er kunnugt er stjórnsýsla utan byggða mjög á reiki hér á landi. Hefur framkvæmd, t.d. byggingar- og skipulagsmála verið mjög tilviljanakennd og er varla ofmælt að hafa megi um þetta ástand orðið stjórnleysi.

Slíkt ástand er algerlega óviðunandi og getur m.a. leitt til stórfelldra náttúruspjalla á hinu viðkvæma hálendi. Auk þess skapast af þessu óviðunandi réttaróvissa, þegar undirbúnar eru framkvæmdir, t.d. lagning á vegum, línulagning orkuveitna og alls konar önnur mannvirkjagerð. Leitað hefur verið ýmissa leiða til þess, að koma lagi á þessi mál og fá lögformlegan grundvöll í þessum efnum.

Landsvirkjun hefur um árabil borið allar sínar framkvæmdir á hálendinu undir Náttúruverndarráð og á síðustu árum hefur Landsvirkjun kynnt Skipulagsstjórn ríkisins fyrirhugaðar framkvæmdir. Á næstu fjórum árum ráðgerir Landsvirkjun að leggja 4–500 km háspennulínu m.a. um hálendið frá fyrirhugaðri Fljótsdalsvirkjun að Rangárvöllum við Akureyri og þaðan suður um að Sigölduvirkjun. Þar sem línan fer um svæði innan staðarmarka sveitarfélaga fer um málsmeðferð samkvæmt skipulagslögum, en hins vegar er óljóst, hvernig málsmeðferð skuli hagað utan sveitarfélaga, þar með hversu langt inn á hálendið lögsaga sveitarfélaga nær.

Á hálendi Íslands hefur á undanförnum áratugum verið mikið um byggingarframkvæmdir og hafa þær færst í vöxt á síðustu árum. Umferð ferðamanna um hálendið hefur aukist og fjallaskálar ýmissa ferðafélaga og björgunarsveita rísa á víð og dreif. Á Hveravöllum, í Kerlingarfjöllum, í Nýjadal og víðar hefur verið unnið að því að bæta hreinlætisaðstöðu og fjölga skálum sem ástæða hefði verið til að fjalla um samkvæmt skipulags- og byggingarlögum. Í sumum tilvikum hafa byggingarnefndir þeirra sveitarfélaga, sem næst eru, fjallað um byggingarleyfisumsóknir, en skipulagsstjórn ríkisins eða Skipulag ríkisins hvergi komið þar nærri.

Allar byggingarframkvæmdir á hálendinu hvort sem þær eru meiri eða minni háttar, breyta umhverfinu, og því er nauðsynlegt að um þær sé fjallað á sama hátt og framkvæmdir innan marka sveitarfélaga. Þótt hugsanlega megi flytja fjallaskála milli staða, þá verður háspennulína ekki auðveldlega flutt, og það sama gildir um vegi sem lagðir hafa verið.

Gera þarf skipulagsáætlun fyrir hálendið, sem taki til allra þátta núverandi og fyrirhugaðrar landnotkunar.

Þátt ferðamála þarf að athuga sérstaklega í tengslum við uppbyggingu ferðamannaþjónustu, og meta þarf hvernig best fari saman hæfileg nýting og náttúruvernd. Þá má nefna skipulag löggæslu, björgunarstörf og ýmislegt annað. Þessi málefni eru þó ekki til umræðu á þessu stigi eins og áður segir.

IV. Afmörkun hálendis.

Til þess að bæta úr því ástandi, sem nú er í skipulags- og byggingarmálum, kom fram sú hugmynd að framlengja mörk sveitarfélaga, sem að hálendinu liggja, þannig að landinu öllu yrði skipt í sveitarfélög. Þessi hugmynd virðist tæplega raunhæf. Mjög erfitt yrði að ákveða út frá hvaða sjónarmiðum ætti að framlengja, enda mörkin milli sveitarfélaga víða óljós og umdeild. Ekki tæki betra við þegar kæmi að því að ákveða efri mörkin, á öræfa- og jöklasvæðum.

Hugmyndir hafa þá verið um það að undanskilja öræfa- og jöklasvæði í slíkri afmörkun, en þá er vandamálið enn óleyst því að alls konar framkvæmdir hafa farið fram á öræfa- og jöklasvæðum og er síst við því að búast að úr slíku dragi. Eina raunhæfa leiðin til að koma lagi á meðferð byggingar- og skipulagsmála á hálendinu virðist því sú að koma þessum málum undir heildarstjórn.

Hálendið er skipulagsleg heild og verður því að fá stjórnsýslumeðferð samkvæmt því. Fyrsta skrefið að því marki er að ákveða því mörk. Það er óhjákvæmileg forsenda þess að hægt sé að ræða á raunhæfan hátt um fyrirkomulag stjórnsýslunnar.

Með skýrslu þessari er að því stefnt að kynna Alþingi þá leið, sem lagt er til að farin verði, og kanna þar með hvort fram koma sérstakar ábendingar eða athugasemdir við þá málsmeðferð.

Eins og fram kemur í greinargerð Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings um stjórnsýslu á hálendinu, sem áður getur, er engin lögformleg afmörkun til á hugtakinu hálendi Íslands.

Í þessari tillögu er miðað við að það umdæmi, sem ákveðið verði sem stjórnsýslusvæði, nefnist miðhálendi og verði á þessu stigi afmarkað eins og sýnt er á smækkuðum uppdrætti Landmælinga Íslands, fskj. II. Þetta merkir, t.d. að hálendi á Vestfjörðum og Snæfellsnesi og víðar er ekki tekið með. Hér ráða að sjálfsögðu hagkvæmnissjónarmið.

Þá er rétt að víkja að lagaákvæðum, sem byggt er á.

Í 1. mgr. 1. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, segir að „byggðin í landinu skiptist í staðbundin sveitarfélög". Og í 1. mgr. 3. gr. segir að hvert sveitarfélag hafi „ákveðin staðarmörk". Gert er ráð fyrir í 3. mgr. að ef íbúar í tilteknu sveitarfélagi eiga upprekstrarrétt í tiltekinn afrétt, sem „ekki hefur verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags, skuli hann þá teljast innan þess sveitarfélags o.s.frv".

Meðan ekki hefir verið gengið formlega frá slíkum málum virðist rétt að miða við mörk byggðar eins og áður hefur verið bent á og þá eðlilega að jafnaði við mörk heimalanda, nema sérstök rök komi gegn.

Menn virðast nokkuð sammála um, að öræfa- og jöklasvæði, svo og almenningar séu utan sveitarfélaga. Sama virðist eiga almennt við um afrétti, sbr. dóm Hæstaréttar frá 1981, bls. 1584 í dómasafni, en þar var fjallað um eignarrétt að Landmannaafrétti.

Við gerð uppdráttarins hafa Landmælingar Íslands byggt á þeim gögnum, sem þær þekkja. Þar er fyrst að geta þess að Guðmundur Guðjónsson, landfræðingur hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, hefur um árabil aflað upplýsinga um afréttir og almenninga og merkt inn á kort a.m.k. 1:250 000. Við þau kort er stuðst.

Nánari heimildir:

1. Að tilhlutan Stéttarsambands bænda vann Gunnar F. Guðmundsson sagnfræðingur á vegum Sagnfræðistofnunar HÍ að rannsókn á eignarhaldi á afréttum og upprekstrarlöndum 1978–1979.
2. Nefnd á vegum dómsmálaráðuneytisins safnaði gögnum frá sýslumönnum vegna undirbúnings lagafrumvarps um eignarrétt að almenningum og afréttum 1985–1986.
3. Félagsmálaráðuneytið aflaði upplýsinga m.a. um mörk afrétta, sbr. bréf til allra sveitarstjórna 20. febr. 1989.

Auk þess er stuðst við ýmsar eldri heimildir sem geta orðið til leiðbeiningar.

Nú er það vitað mál að skiptar skoðanir geta orðið um það, hvernig draga eigi mörk miðhálendisins. Í sjálfu sér skiptir það ekki mjög miklu máli því að þessi mörk eiga eingöngu að taka til stjórnsýslu á sviði byggingar- og skipulagsmála eins og áður segir. Þeim er ekki ætlað að hagga að neinu leyti eignar- eða afnotarétti á miðhálendinu og ekki neinni annarri stjórnsýslu.

Að miðhálendinu liggja allt að 50 sveitarfélög. Fæst þeirra hafa sinnt skipulags- og byggingarmálum utan byggðar, enda eiga þau óhægt með slíkt vegna fámennis og kostnaðar. Þá er líka óljóst um rétt þeirra til slíks, sbr. áðurgreind ákvæði sveitarstjórnarlaga. Ekki verður séð að slík afskipti geti skipt sveitarfélögin máli fjárhagslega. Hér gæti því fyrst og fremst verið um að ræða metnaðar- og tilfinningamál. Það er hins vegar augljóst að ástæða getur orðið til þess að breyta mörkum á uppdrætti, sem kynntur yrði, vegna ábendinga, athugasemda og nýrra upplýsinga, sem fram kunna að koma við kynningu.

Um formlega málsmeðferð yrði að sjálfsögðu kveðið á í lögum, en hugsunin er sú, að málsmeðferð yrði áþekk því sem skipulagslög segja til um. Tillaga að mörkum yrði lögð fram opinberlega og settur ákveðinn frestur til athugasemda.

Sérstök nefnd mundi síðan úrskurða þær athugasemdir, sem fram kynnu að koma og leggja endanlega tillögu fyrir ráðherra til staðfestingar. Að staðfestingu lokinni yrði hún birt í Stjórnartíðindum og fengi þar með lagagildi. Rétt þykir að Hæstiréttur tilnefni t.d. þrjá menn í nefnd þá sem færi með úrskurðarvald. Sú hugmynd hefur verið kynnt hjá Hæstarétti og eru ekki gerðar athugasemdir við það fyrirkomulag. Ef einhver aðili teldi á rétt sinn gengið og vildi ekki una niðurstöðu, væri honum auðvitað heimilt að leita til dómstóla.

Jafnframt því, sem þessu máli yrði þokað áfram, yrðu undirbúnar tillögur um, hvernig stjórnsýslunni yrði hagað í einstökum atriðum. Ekki þykir ástæða á þessu stigi að gera tillögur um slíkt. Full ástæða er til að ætla, að tillaga um ofannefnda afmörkun miðhálendisins geti valdið ýmiss konar misskilningi; þykir því nauðsynlegt að hún verði hið fyrsta kynnt og þá einkum sveitarstjórnarmönnum. Við kynningu úti um landið yrðu að sjálfsögðu notaðir greinilegri uppdrættir en sá er fylgir hér með.

Hér er um að ræða töluvert nýmæli og þykir því full ástæða til að Alþingi hafi tækifæri til að fylgjast með því frá byrjun.

Fylgiskjal I.

Um stjórnsýslu á hálendi og afmörkun þess.

Greinargerðin er samin fyrir umhverfisráðuneyti af Gunnari F. Guðmundssyni sagnfræðingi og afhent ráðuneytinu 12. nóvember 1990.

I.

Hálendi Íslands hefur aldrei verið lögformlega afmarkað nema þá að því leyti sem það nær yfir afrétti, því að ónýtanlegt land var einskis virði í landbúnaðarsamfélagi fyrri alda. Hugtakið hálendi og skyld orð eins og óbyggð finnast ekki í útgefnum orðabókum yfir fornmálið, og þau eru ekki heldur í orðasafni við fyrstu bindi Íslensks fornbréfasafns. Öræfi, sem í nútímamáli er gjarnan notað um óbyggðir á hálendi, merkti í fornu máli eyðiland, og var einkum bundið við svæðið sunnan Vatnajökuls, sbr. sérnafnið Öræfasveit.

Á síðari tímum hafa þær breytingar orðið vegna aukinnar verktækni og frístunda fólks, að óbyggðir landsins eru nánast komnar í þjóðbraut. Virkjanir eru reistar, vegir lagðir og umferð manna vex ár frá ári. Viðkvæm náttúra landsins er í hættu, slys gerast tíðari, og búast má við að á hálendinu komi upp mörg hin sömu vandamál í samskiptum manna og nú eru algeng í byggð.

Það þykir því tímabært að setja nákvæmar reglur um hvernig skuli háttað stjórnsýslu á hálendinu, en fyrst þarf að liggja fyrir skilgreining á því hvar mörk þess liggja.

Með hugtakinu stjórnsýsla er átt við alla þá starfsemi ríkisins sem ekki verður talin til löggjafar eða dómgæslu, sbr. Ólafur Jóhannesson: Lög og réttur. Rvk. 1985 (4. útg.), 47.

II.

Stjórnsýsla yfirvalda á hálendinu virðist eiga sér langa sögu, en hún var fyrr á öldum nær eingöngu takmörkuð við réttargæslu. Hreppar höfðu eftirlit með nýtingu afrétta, en þeir urðu ekki hluti af opinberri stjórnsýslu, að minnsta kosti ekki að formi til, fyrr en í byrjun 19. aldar (sbr. Lýður Björnsson: Saga sveitarstjórnar á Íslandi I. Rvk. 1972, 153–155).

Á þjóðveldisöld var eiginlegt ríkisvald ekki til og gat hver sem það vildi freistað þess að koma böndum á sakamenn; stundum var það beinlínis þegnskylda. Í Grágás verður ekki annað séð en allt landið hafi verið í einni lögsögu. Skógarmaður átti sér hvergi friðland, jafnvel ekki á jöklum uppi (sbr. Grágás. Skálholtsbók. Kbh. 1883, 672-673). Þetta kemur enn skýrar fram í Jónsbók, sem lögfest var á Alþingi 1281. Í þeim kafla lögbókarinnar sem fjallar um mannhelgi og frið segir m.a.

> En ef maður sem særður á þingi, og renna allir eftir til fjalls eða skógs, skips eða fjöru, þeim er víg vakti, nú verður hann farinn, og ef hann vill að lögum verjast, þá leggi hann niður vopn sín, þá er hann friðheilagur meðan hinn sári lifir. Binda skal þann mann og færa sýslumanni. (Jónsbók. Odense 1970, 43.)

Samkvæmt þessari grein Jónsbókar náðu lög réttarríkisins til alls landsins, frá hæstu tindum til ystu fjörumarka. Ekki er ljóst hvernig réttargæslan í óbyggðum skiptist milli sýslumanna, en líklega hafa þeir sýslubúar talið sér málið skyldast sem urðu fyrir mestum búsifjum af völdum skóggangsmanns.

Dæmi þessi sýna að snemma myndaðist hefð fyrir stjórnsýslu ríkisvaldsins á hálendinu. Hún var í fyrstu fábrotin í samræmi við einfalda samfélagshætti þeirra tíma, en hlýtur að aukast eftir því sem stærri svæði eru lögð undir menn og tæki í óbyggðum.

III.

Á þeim tíma þegar nýting hálendisins takmarkaðist við búfjárbeit var það oft lagt að jöfnu við afrétti og almenninga. Gísli Sveinsson reyndi þó að greina hér á milli í umræðum á Alþingi 1919:

> Öræfi er það land, sem er til engra nota. Almenningur er það land, sem ekkert sveitarfélag á öðrum fremur rétt til; það orð getur að vísu náð til öræfanna, en venjulega er það þó notað um land, sem einhver afnot eru af. „Afréttir“ eru aftur nefnd upprekstrarlönd og beitilönd, án tillits til þess, hvort þau séu eign ríkisins, einstakra manna eða sveitarfélaga. (Alþingistíðindi 1919 B, 2503.)

Að skilningi nútímamanna er ekkert vafamál, að hálendi Íslands nær yfir hvort tveggja, nýtanleg svæði og þau sem til skamms tíma hafa verið talin til engra nota.

Þegar ákvarða skal mörk hálendis sýnist einkum þrennt koma til álita:

1. Hálendið verði miðað við ákveðna hæðarlínu. Þetta er sú skilgreining, sem Þorvaldur Thoroddsen fer eftir í riti sínu Lýsing Íslands (I. bindi, Kbh. 1908, 161–162). Hann segir m.a.:

> Meðalhæð aðalhálendisins mun vera nálægt 2.000 fetum, en sumstaðar er það töluvert hærra einkum að suðaustan kringum Vatnajökul, og svo á hinni breiðu fjallakvísl, sem gengur til norðurs um landið mitt milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar; yfirleitt er hálendið hærra norðan jökla en sunnan jökla, þó gengur mikil hálendisspilda til suðvesturs frá Vatnajökli og hækkar eins og geysimikill höfði, er nær dregur sjó, og er þar hulinn

miklum jökulflákum; þar er Mýrdalsjökull og Eyjafjallajökull. Til vesturs gengur einnig mjög hálendur kafli út undan Langjökli að Faxaflóa miðjum, en mjög er hann sundurgrafinn, þá ganga einnig mikil fjalllendi undan austurhorni Vatnajökuls til norðurs og norðausturs um Austfirði. Sumstaðar er hálendið smátt og smátt aflíðandi frá jöklum um miðbikið niður að sjó, þannig má telja að nokkurnveginn jafn halli sé af Sprengisandi suður og norður og eins frá Vatnajökli niður undir Axarfjörð, en víðast gengur hálendið með bröttum hömrum og fjöllum fram að sjó, einkum þar sem blágrýti er aðalefni fjallanna.

Þessi aðferð hefur þann kost, að auðvelt ætti að vera að afmarka hálendið og gera það með þeirri nákvæmni að ekki þurfi að koma til ágreinings. Hins vegar er hætt við, að slík hæðarlína stangist á við landamerki jarða, og þá getur farið svo að afréttir og jafnvel heimalönd verði bæði ofan línu og neðan.

2. Hálendið taki við þar sem byggð endar. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, 1. gr., skiptist byggðin í landinu í staðbundin sveitarfélög, og má gera ráð fyrir að mörk þeirra séu víðast hvar þekkt. Þessu fylgja þeir annmarkar að afréttir virðast sums staðar liggja innan marka sveitarfélaga, sbr. 3. gr. sömu laga og ættu því ekki að falla undir þá skilgreiningu, sem hér er lýst. Þó að ekki komi annað til brýtur þetta í bága við venjulegan skilning á hugtakinu hálendi.

3. Hálendi verði talið allt það svæði sem liggur handan og ofar landamerkjum heimajarða. Hjá Landmælingum hafa verið dregin upp kort af hálendi Íslands og er þar farið eftir afréttarmörkum að svo miklu leyti sem þau eru kunn. Hér er að nokkru að hyggja.

Hreppar hafa frá fornu fari séð um fjallskil og smölun á afréttum og er það hlutverk þeirra staðfest í lögum, sbr. 6. gr. sömu laga og 2. gr. laga nr. 42/1969. Þeirri tilhögun verður naumast breytt, enda mælir gegn því bæði hefð og hagkvæmni. Þetta verður að hafa í huga þegar rætt er um einstaka þætti stjórnsýslunnar á hálendi Íslands.

Annað er það að margir bændur og sveitarfélög telja sig eiga þá afrétti sem öldum saman hafa verið nýttir til beitar. Ef lög um stjórnsýslu hálendisins verða látin ná til afrétta, má búast við að einhverjir túlki það sem tilræði við eignarrétt þessara aðila. Þetta er mjög viðkvæmt mál, eins og tíð málaferli bera vitni um. Stjórnsýsla á landi og eignarréttur er þó tvennt ólíkt og er fyrir því úrskurður Hæstaréttar.


Í desember 1981 var kveðinn upp dómur í máli sem ríkisvaldið höfðaði til að fá staðfestan eignarrétt sinn á Landmannaafrétti. Kröfu ríkisvaldsins var hafnað. Bændur höfðu áður fengið svipaðan dóm í Hæstarétti í febrúar 1955. Landsvæði þetta er þannig í reynd eigendalaust, að minnsta kosti þangað til fram koma skýlausar heimildir um eignarréttinn. Engu að síður hefur ríkisvaldið ákveðinn rétt á landinu sem á þó ekkert skylt við beint eignarhald:

> Hins vegar verður að telja, að handhafar ríkisvalds, sem til þess eru bærir, geti í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu landsvæðis þess, sem hér er um að ræða [þ.e. Landmannaafréttur], en líta ber til þess, að fyrirsvarsmenn ríkisins hafa viðurkennt „rétt byggðarmanna til upprekstrar og annarra afréttarnota, sem lög eða venjur eru fyrir". (Hæstaréttardómar lii. bindi, 1981. Rvk. 1983, 1592.)

Ef til vill kemur fleira til greina; t.d. er hugsanlegt að láta aðstæður á hverjum stað ráða meira en að framan er lagt til. Hér verður ekki tekin afstaða til þess hvaða leið ber að fara, en í fljótu bragði virðist sú sem síðast er greint frá vera vænlegust.

Fylgiskjal II.

MIÐHÁLENDI ÍSLANDS
MARKALÍNA



Sþ. 694. Tillaga til þingsályktunar [389. mál]

um mótun fiskvinnslustefnu.

Flm.: Kristinn Pétursson, Guðmundur H. Garðarsson,
Ingi Björn Albertsson, Matthías Á. Mathiesen.

Alþingi ályktar að kjósa sjö þingmenn í nefnd til að móta heildstæða stefnu í málefnum fiskvinnslunnar í landinu og skila til ríkisstjórnar og Alþingis tillögum þar að lútandi fyrir upphaf næsta þings.

Fiskvinnslustefnan hafi það meginmarkmið að hámarka verðmætamyndun (virðisauka) í fiskvinnslu og sjávarútvegi í heild og stuðla þannig að auknum hagvexti og bættum lífskjörum á Íslandi í framtíðinni.

Til þess að ná þessu markmiði verði stefnt að eftirfarandi:

I. Að samkeppnisstaða fiskvinnslu á Íslandi verði jöfnuð til samræmis við samkeppnisstöðu fiskvinnslu innan Evrópubandalagsins með tilliti til verndartolla þess. Höfð verði hliðsjón af ríkisstyrkjum bandalagsins.
II. Að fullvinnslu sem flestra sjávarafurða á Íslandi.
III. Að allur ferskur fiskur, veiddur á Íslandsmiðum, verði boðinn íslenskum fiskvinnslustöðvum beint til kaups eða seldur um innlenda fjarskipta- eða uppboðsmarkaði — „Íslandsmarkað“ — áður en hann er fluttur óunninn úr landi.
IV. Að frjálsri verðmyndun í verðlagningu ferskfisks. Óháðum aðila verði falið að skrá opinbert meðalmarkaðsverð einstakra landshluta og fiskmarkaða. Verðlagning á ferskfiski, sem seldur væri utan fiskmarkaða í frjálsum samningum, gæti þannig tekið mið af opinberri markaðsskráningu viðkomandi landshluta.

Jafnframt verði Byggðastofnun nú þegar falið að kanna eftirfarandi atriði:

1. Áhrif tollastefnu og ríkisstyrkja Evrópubandalagsins á íslenska fiskvinnslu í fortíð og framtíð með tilliti til þess samkeppnismunar sem fiskvinnslan verður fyrir af þeim sökum.
2. Nú þegar verði gerð markaðskönnun á sölu ferskflaka í Evrópu og hvernig hægt verði að þjóna ferskflakamörkuðum frá Íslandi með flugfrakt eða nýrri flutningatækni í gámum.
3. Áhrif núverandi kvótastefnu á samkeppnisstöðu fiskvinnslu á Íslandi og byggðarþróun í landinu samanborið við aðra valkosti.
4. Áhrif þess samdráttar sem orðið hefur í fiskvinnslu á Íslandi á afmarkaðar greinar þjónustu og iðnaðar. Hver áhrifin verði í framtíðinni miðað við sömu þróun.
5. Margfeldisáhrif íslenskrar fiskvinnslu á aðrar atvinnugreinar í landinu.
6. Möguleika á auknum tækniframförum í fiskvinnslu hér á landi til að ná aukinni framleiðni.

Byggðastofnun ráði m.a. til þessa verkefnis ráðgjafarfyrirtæki og leiti álits þeirra aðila sem sérþekkingu hafa á viðkomandi sviðum, innlendum sem erlendum, og skili tillögum fyrir upphaf næsta þings.

Greinargerð.

Inngangur.

Þegar fjallað hefur verið um sjávarútvegsmál á undanförnum missirum og árum hefur í raun einungis verið fjallað um fiskveiðar og stjórnun þeirra. Þetta sést best þegar

skoðuð eru lög um stjórnun fiskveiða þar sem hagsmunir fiskvinnslunnar eru með öllu sniðgengnir og engin tilraun gerð til að fjalla á einn eða neinn hátt um hagsmuni hennar.

Það verður þjóðinni dýrkeypt innan fárra ára ef hagsmunir fiskvinnslunnar eru algerlega sniðgengnir í löggjöf landsins um stjórnun fiskveiða, ekki síst á meðan ekki hefur fundist lausn á tollamúrum Efnahagsbandalagsins vegna þess mikla samkeppnismunar sem af tollum og ríkisstyrkjum þess leiðir fyrir fiskvinnslu á Íslandi.

Verði ekki mótuð stefna í sjávarútvegsmálum sem tekur tillit til hagsmuna þjóðarheildarinnar er mjög líklegt að Ísland verði eins konar hráefnisnýlenda Efnahagsbandalagsins í framtíð þar sem innlend fiskvinnsla og iðnaður mun að öllum líkindum smátt og smátt hrynja með stórkostlegum samdrætti í verðmætasköpun og auknu atvinnuleysi. Slíkt mundi leiða til hruns í lífskjörum með afleiðingum landflótta fjölda fólks. Alvarlegast er þó að helstu einkenni þessarar þróunar eru nú þegar að koma í ljós. Það er því lífsnauðsyn fyrir íslenskt þjóðfélag að virðisaukinn (verðmætasköpunin), sem fæst með því að pakka og/eða fullvinna sjávarafurðir, eigi sér stað hér á landi.

Það er ljóst að verðmætasköpun og margfeldisáhrif (virðisauki) íslensks sjávarútvegs hafa öðru fremur skapað á Íslandi þær háu þjóðartekjur á einstakling sem hér eru. Þessi verðmætasköpun fiskvinnslu á mikinn þátt í þeim lífskjörum sem íslenska þjóðin býr við. Dragist fiskvinnsla verulega saman á Íslandi, eins og þróunin virðist vera nú, þá er um mjög alvarlegt málefni að ræða sem mun bitna á lífskjörum landsmanna í framtíðinni.

Umfjöllun um einstök atriði fiskvinnslustefnunnar.

1. Samkeppnisstaða fiskvinnslu á Íslandi verði nú þegar jöfnuð til samræmis við samkeppnisstöðu fiskvinnslu innan Evrópubandalagsins, með tilliti til verndartolla þess. Höfð verði hliðsjón af ríkisstyrkjum bandalagsins.

Þegar fjallað hefur verið um hagsmuni atvinnugreina innan lands eða milli landa hefur sú jafnréttiskrafa ávallt verið höfð að leiðarljósi að atvinnulíf og einstaka atvinnugreinar búi við eins jöfn ytri starfsskilyrði og frekast er unnt.

Ef atvinnulíf einstakra landa á að geta staðist samkeppni til lengri tíma er ein af meginforsendum slíks að ytri skilyrði séu í helstu atriðum þau sömu. Gangi slíkt ekki eftir er ekki við því að búast að atvinnulíf þess lands, sem verri starfsskilyrði hefur, standist slíka raun og fari það því halloka með afleiðingum gjaldþrota fyrirtækja og samdrætti í viðkomandi atvinnugreinum. Slík þróun er nú í gangi á Íslandi þar sem fiskvinnsla fer sífellt minnkandi með afleiðingum gjaldþrota, en aðalástæða þeirrar þróunar er að miklu leyti nýlendustefna Evrópubandalagsins, sem kemur fram í tollamálum þess, þó að undan séu skilin áhrif vegna ríkisstyrkja. Auðvitað er fleiru um að kenna hvað varðar erfiðleika í innlendri fiskvinnslu, svo sem kvótakerfinu, óðaverðbólgu margra ára, innlendri upplausn í efnahagsmálum og slakri stjórnun fyrirtækja.

Fullyrða má þó að stjórnun í íslenskum fiskvinnslufyrirtækjum er ekki verri en stjórnun í öðrum greinum atvinnulífsins hér á landi, svo sem í iðnaði og verslun. Þetta sést kannski hvað best ef litið er til þeirrar staðreyndar að Íslendingar búa við einna bestu lífskjör sem þekkjast en undirstaða þeirra lífskjara er sjávarútvegur í heild sinni, fiskveiðar og vinnsla. Ekki má heldur gleyma margföldunaráhrifum þeim sem sjávarútvegurinn hefur á annað atvinnulíf á sviði iðnaðar og þjónustu.

Það fyrirbæri einstakra ríkja að leggja tolla á innflutning frá öðru ríki er ekki nýtt af nálinni. Slíkar viðskiptahindranir hafa farið minnkandi á seinustu tímum og er því þessi tollastefna Evrópubandalagsins í hróplegu ósamræmi við þróun í þessum málum í heim-

inum. Það skal enn fremur tekið skýrt fram að slíkum viðskiptahindrunum einstakra ríkja hefur oftast verið mætt með gagnkvæmum aðgerðum annarra ríkja, þ.e. lagðir eru samsvarandi tollar á viðskipti við það ríki sem beitir slíkum tollahindrunum.

Á meðan Evrópubandalagið leiðréttir ekki tolla sína, sjá myndir 6 og 7, gagnvart unnum fiskafurðum frá Íslandi verður því að mæta þeirri aðgerð sem allra fyrst með viðeigandi aðgerðum þannig að samkeppnismunur innlendrar fiskvinnslu sé jafnaður. Ýmsar leiðir gætu komið til greina í þessu sambandi. Kanna þyrfti hvort slíkar leiðir gætu t.d. verið í formi samsvarandi útflutningsgjalda (jöfnunargjalds) á útfluttan ferskfisk, með tilliti til samninga Íslands og Efnahagsbandalagsins. Jafnframt þyrfti að kanna það fyrirkomulag að selja útflutningsleyfi til útflutnings ferskfisks gegn ákveðnu lágmarksgjaldi, á frjálsum samkeppnismarkaði. Lágmarksgjaldið gæti verið mismunandi eftir fisktegundum og fiskstærðum og tæki mið af tollum og ríkisstyrkjum bandalagsins. Þannig gæti Aflamiðlun ákveðið heildarmagn sem flytja mætti út í hverri viku, en útflutningsleyfi yrðu þá seld á frjálsum markaði þó gegn ákveðnu lágmarksgjaldi. Tekjum, sem fengjust með þessum hætti, mætti t.d. ráðstafa til aukinna tækniframfara og framleiðniaukandi aðgerða í sjávarútvegi í heild og einnig til hafrannsókna.

Það er hins vegar algerlega ófært að bandalagið geti beitt tollum án þess að því sé svarað á sambærilegan hátt af hálfu Íslands ef ekki á að fórna ákveðnum hluta af íslenskri fiskvinnslu fyrir hagsmuni bandalagsins. Hvers vegna í ósköpunum á að láta slíkt viðgangast án mótaðgerða?

Væri hins vegar ekki leyfilegt fyrir Ísland að leggja slík útflutningsgjöld á óunninn ferskan fisk, vegna þeirra samninga sem í gildi eru, verður að spyrja hvers konar samningar það eru sem heimila öðrum samningsaðilanum, þ.e. bandalaginu, að leggja tolla á ákveðnar fiskafurðir eftir geðþótta en hinum samningsaðilanum (Íslandi) er óheimilt að gera eitt eða neitt til að jafna slíkt upp, svo sem með útflutningsgjöldum á óunninn ferskan fisk.

Það eru enn fremur önnur atriði sem valda því að það er margfalt mikilvægara fyrir Ísland en önnur lönd, svo sem Noreg eða Kanada, að mæta tollaaðgerðum bandalagsins á fiskafurðum vegna þess að sjávarútvegur á Íslandi er margfalt mikilvægari í þjóðarbúskapnum en hjá áðurnefndum löndum. Þetta sést best ef skoðað er hlutfall útfluttra sjávarafurða af heildarvöruútflutningi landanna árið 1987 en það ár var það hlutfall fyrir Ísland um 78%, fyrir Kanada um 2,2% og fyrir Noreg 6,5%. Það er því fráleitt að bíða eftir aðgerðum annarra þjóða í þessum málum. Íslendingar verða að hafa um þau forustu.

II. Fullvinnsla sem flestra sjávarafurða á Íslandi.

Eitt aðalatriði sérhvers þjóðfélags er að hámarka til lengri tíma þá verðmætasköpun sem fram fer innan landamæra þess. Þetta er gert á þann hátt að reynt er að hámarka þann virðisauka (verðmætaaukningu, verðmætasköpun) sem fram fer innan hvers fyrirtækis, atvinnugreinar og þar með þjóðfélagsins í heild. Þegar heildarvirðisaukinn (samanlagður virðisauki allra atvinnugreina) eykst frá einu ári til annars innan þjóðfélags er talað um aukningu á hagvexti í viðkomandi þjóðfélagi. Slík verðmætaaukning er sá grunnur sem bætt lífskjör byggjast á.

Af framangreindum ástæðum er augljóst að þegar mótuð er stefna um stærstu auðlind þjóðarinnar, fiskinn í sjónum, verður að hafa hliðsjón af heildarhagsmunum allra atvinnugreina, þar með talinnar fiskvinnslu, ef takast á að auka verðmætasköpun þjóðfélagsins og þar með hagvöxt til lengri tíma.

Nú stefnir í að sífellt meiri og meiri óunninn fiskur fari úr landi. Árið 1984 voru flutt um 7% af óunnum fiski úr landi en á fyrri helmingi 1990, fimm árum seinna, var þetta hlutfall komið upp í 21%. Hlutfallsleg aukning var því um 200% á tímabilinu, eða að meðaltali um 25% á ári sl. fimm ár. Sé miðað við meðalvöxt undanfarinna fimm ára yrði því allur fiskur fluttur út óunninn árið 1997 eða eftir einungis sjö ár, sjá myndir 1–3.

Gangi slíkt eftir blasir ekkert annað við en hrun fiskvinnslunnar innan fárra ára. Slíkt hrun mundi þó ekki einungis taka til fiskvinnslunnar einnar heldur hafa keðjuverkandi áhrif á allar atvinnugreinar og mundi almennur iðnaður fyrir utan stóriðju að öllum líkindum hrynja að verulegu leyti líka. Ekki þarf að hafa mörg orð um afleiðingar slíks á þjóðarframleiðslu, atvinnu og lífskjör. Slíkt ætti öllum að vera ljóst.

Ef skoðað er samanlagt hlutfall útflutts ísfisks og sjófrystingar af botnfiskafla kemur í ljós að hlutfallið hefur aukist frá 9% árið 1983 í 33% árið 1989, eða um 267% á einungis sex árum, sem er um 24% meðalvöxtur á ári, sjá mynd 2. Sé miðað við þann meðalvöxt undanfarinna ára, þ.e. 24%, yrði því allur fiskur annaðhvort fluttur út óunninn eða frystur úti á sjó árið 1996 eða eftir einungis sex ár, sjá myndir 1–3.

Allir sjá hve gífurleg áhrif núverandi þróun getur haft á verðmætasköpun þjóðfélagsins og atvinnu fjölda fólks í fiskvinnslu sem og öðrum atvinnugreinum.

Ef litið er á hlutfall frystingar í landi af heildarbotnfiskafla þá hefur hlutur hennar farið úr 62% 1983 í 40% 1989, sem er hlutfallslegur samdráttur upp á 35%, og saltfiskvinnslu frá 25% 1983 í 22% árið 1989, sjá mynd 3. Ef frysting í landi dregst saman með sama hraða næstu ár verða einungis 20% fryst í landi 1995 og frystingu í landi verður því hætt árið 2000 eða eftir einungis 10 ár.

Það ætti því ekki að koma neinum á óvart að erfiðleikar steðja að frystingu á mörgum stöðum á landinu þar sem vinnsla á því sviði hefur dregist verulega saman á seinustu árum sem m.a. hefur leitt til mun verri nýtingar fjárfestinga en áður og því verri afkomu.

Eins og áðurnefndar tölur gefa til kynna er þróunin öll á einn veg, þ.e. minni fullvinnsla í landi, meiri útflutningur á óunnum fiski og meiri frysting úti á sjó. Nú kann einhver að spyrja: Er þetta bara ekki allt í lagi? Fiskvinnslan í landi er einfaldlega ekki samkeppnisfær. Þessi spurning lýsir vel einfaldleika og fáfræði í umræðu um stefnu í sjávarútvegsmálum almennt en eitt aðalatriði í vandamálum vinnslunnar er einmitt stórskert starfsskilyrði fiskvinnslunnar, svo sem vegna tollastefnu og ríkisstyrkja bandalagsins eða öllu heldur nýlendustefnu. Svo virðist sem því miður einungis fáir aðilar geri sér grein fyrir því hversu þetta mál er alvarlegt og allt of lítil umræða hefur verið um þetta mikilvæga mál.

Enn fremur skal bent á þá staðreynd að íslensk fiskvinnsla getur ekki keppt vegna tolla bandalagsins á þeim mörkuðum sem eru hvað arðbærastir, en það eru ferskflakamarkaðarnir, en eins og vitað er fer allur ferskur fiskur, sem fluttur er út, á þessa markaði eftir að hafa farið í gegnum erlendar vinnslustöðvar, sjá mynd 4. Öruggt má telja að vinnsla þeirra afurða sem tollaðar eru til bandalagsins væri margfalt meiri hér á landi en nú er væru þessir tollar ekki til staðar.

III. Allur ferskur fiskur, veiddur á Íslandsmiðum, verði boðinn íslenskum fiskvinnslustöðvum beint til kaups eða seldur um innlenda fjarskipta- eða uppboðsmarkaði — „Íslandsmarkað" — áður en hann er fluttur óunninn úr landi.

Á undanförnum missirum og mánuðum hafa innlendir fiskmarkaðir eflst verulega og sannað margfaldlega gildi sitt þrátt fyrir hrakspár ýmissa aðila í upphafi. Hinir innlendu markaðir hafa í reynd komið í veg fyrir enn frekari aukningu á útflutningi á óunnum fiski þar sem þeir eru vettvangur aðila í fiskvinnslu til að fá að bjóða í innlendan fisk í samkeppni við erlenda aðila.

Í mörgum tilfellum hafa innlendu markaðirnir boðið samkeppnishæf verð þegar tillit hefur verið tekið til ýmissa kostnaðarliða sem fylgja útflutningi á óunnum fiski, svo sem flutningskostnaðar, rýrnunar í siglingu og vigtunar erlendis o.fl., en svo virðist þó sem margir hafi enn vantrú á innlendum mörkuðum þrátt fyrir samkeppnishæf verð. Líkja má slíkum hugsunarhætti við það að sækja vatnið yfir lækinn. Ljóst er að innlendir markaðir eru fullfærir um að taka við öllu því hráefni sem selt er óunnið úr landi í dag, enda mundu erlendir kaupendur í einhverjum mæli kaupa hráefni á innlendum fiskmörkuðum.

Þannig mundum við færa þá markaðsstarfsemi, sem nú fer fram erlendis, til Íslands og efla atvinnu og verðmætasköpun í landinu. Með aukinni tækni verður enn fremur auðveldara að flokka fisk um borð í fiskiskipum þannig að honum sé landað flokkuðum sem um leið bætir meðferð. Enn fremur skal bent á fjarskiptamarkaði, sem stórlega hafa vaxið að undanförnu, en þar er fiskurinn keyptur áður en honum er landað og skipið getur því siglt beint á þann stað sem fiskurinn á að fara á. Slíkt er kostur þar sem erfitt er um starfsemi markaða í landi. Í mörgum tilfellum hefur hins vegar skort verulega hráefni á innlenda markaði, m.a. vegna tollastefnu EB þar sem innlendir aðilar hafa ekki getað boðið eins hátt verð af þeim sökum, sjá myndir 5–7.

Varðandi gagnrýni á útflutningsgjöld á útfluttan óunninn fisk er þess að geta að nú þegar er allt að 20% skerðing á kvóta vegna útflutts ísfisks. Til að meta á kvótaskerðingu til jafns við útflutningsgjöld er erfitt að meta ígildi þess, en líklegt er að 20% skerðing á kvóta vegna útflutnings á óunnum fiski, eins og nú er, jafngildi einungis 5–10% útflutningsgjöldum vegna rýrnunar og vigtunaraðferða erlendis. Þetta stafar aðallega af því að við núverandi fyrirkomulag tekur fiskkaupandinn ekki á sig rýrnun vegna siglingar á erlenda markaði og vigtunaraðferða erlendis þar sem nú eru erlendar vigtunartölur látnar gilda.

Væri fiskur hins vegar vigtaður hér innan lands áður en hann er fluttur út yrði erlendi fiskkaupandinn að taka á sig þá rýrnun sem verður vegna flutninganna og vigtunaraðferða erlendis. Erlendir fiskkaupendur gætu keypt fisk sem hér væri boðinn upp en þá einungis í eðlilegri samkeppni við innlenda framleiðslu sem verður að teljast lágmarkskrafa horfi menn á annað borð til þjóðarhagsmuna til lengri tíma en ekki einungis sérhagsmuna fárra til skamms tíma.

IV. Frjáls verðmyndun taki við í verðlagningu ferskfisks. Óháðum aðila verði falið að skrá opinbert meðalmarkaðsverð einstakra landshluta og fiskmarkaða. Verðlagning á ferskfiski, sem seldur væri utan fiskmarkaða í frjálsum samningum, gæti þannig tekið mið af opinberri markaðsskráningu viðkomandi landshluta.

Hér er lagt til að meginstefnan í verðlagningu ferskfisks verði frjáls verðmyndun. Enn fremur þyrfti að athuga hvort ekki sé eðlilegt að fiskur seldur utan markaða innan lands í frjálsum samningum gæti tekið mið af einhverju meðalmarkaðsverði. Þetta gildi hvort

sem viðkomandi vinnsla er með útgerð eða kaupir af eigin útgerð eða ekki. Þannig væri jafnréttis gætt milli þeirra aðila í vinnslunni sem hafa aðgang að kvóta og þeirra sem hafa það ekki.

Burtséð frá kvótalöggjöfinni verður að teljast fullkomlega óeðlilegt að útgerðir, sem fengið hafa úthlutað kvóta, geti í krafti þeirrar úthlutunar gert út af við þær fiskvinnslur sem ekki fengu hlutdeild í kvóta með yfirboðum á ferskfiskmörkuðum. Slíkt gerist smátt og smátt með þeim hætti að fiskvinnslur með kvóta skammta sér hráefni á verði sem er mun lægra en verð á mörkuðum og geta þannig keypt hluta af sínu hráefni á mörkuðum á mun hærra verði en fiskvinnsla án útgerðar (kvóta) með því að nota ágóða af kaupum á fiski frá eigin útgerð til yfirborgunar á mörkuðum. Dæmi eru um að einstaka fiskvinnsluhús, sem jafnframt reka útgerð, hafi keypt allt hráefni á mörkuðum þar sem fiskvinnslur, sem ekki hafa kvóta, gátu ekki boðið jafnhátt verð og fengu því ekkert af þeim sökum.

Til að fyrirbyggja mismunun á starfsskilyrðum fyrirtækja af þessum sökum er allur fiskur, sem landað er innan EB, boðinn upp á fiskmörkuðum. Fiskvinnslur innan EB verða því að kaupa allan sinn fisk á fiskmörkuðum af þessum sökum hvort sem þær reka útgerð eða ekki. Slíkt fyrirkomulag, sem tryggði að mismunun ætti sér ekki stað milli þeirra fiskvinnslna sem eiga útgerð og þeirra sem ekki eiga útgerð, ætti einnig að vera sjálfsögð jafnréttisregla hér á landi.

Þessu ætti að vera hægt að breyta hér á landi, enda hafa bæði Sjómannasambandið og LÍÚ lýst því yfir nýlega að þeirra samtök styddu frjálst fiskverð. Þetta er hægt að gera á þann hátt að verð á ferskfiski, sem seldur væri utan fiskmarkaða innan lands í frjálsum samningum, tæki mið af markaðsskráningu Verðlagsráðs.

Í þessu sambandi gæti óháður aðili tekið að sér að safna saman verðum af mörkuðum af ýmsum stöðum af landinu í einn sameiginlegan gagnabanka og annast það hlutverk að skrá opinbert meðalmarkaðsverð fisktegunda í öllum landshlutum. Nauðsynlegt er að efla fiskmarkaði í hverjum landsfjórðungi hvort sem er til að geta keppt við útflutning á óunnum fiski.

Þeim aðilum, sem óttast að með þessu móti verði afkoma fiskvinnslunnar þeim mun verri hjá þeim aðilum sem keypt hafa fisk af sjálfum sér hingað til, má benda á þá staðreynd að afkomuútreikningar Þjóðhagsstofnunar mundu eðlilega hljóta að taka mið af breyttum aðstæðum. Fiskvinnslufyrirtæki á landsbyggðinni verða hvort eð er að aðlaga sig sívaxandi samkeppni hérlendis og erlendis. Betra er að takast strax á við samkeppnina með aukinni sérhæfingu fyrirtækja, tæknivæðingu, endurbótum í rekstri og þjálfun starfsfólks en að dragast aftur úr og tapa þannig á tíma til skaða fyrir viðkomandi. Samgöngur fara sífellt batnandi og af þeirri ástæðu einni vex samkeppni innan lands svo dæmi sé tekið. Verðlagning á hráefni er mjög mikilvægt atriði í samkeppni og því er hér lagt til að óháður aðili fái það hlutverk að skrá opinbert meðalmarkaðsverð einstakra landshluta, þannig að þeir sem vilja miða sín viðskipti við slíka gagnaskráningu gætu þannig tekið það upp auk þess sem hér er um mikilvægar upplýsingar fyrir einstök fyrirtæki að ræða.

Greinargerð vegna könnunar á vegum Byggðastofnunar.

Nauðsynlegt er að kanna vel og markvisst öll atriði sem snerta málefni sjávarútvegs og fiskvinnslu ef takast á að móta stefnu í málefnum fiskvinnslu og/eða sjávarútvegs í heild.

Af þessum sökum er Byggðastofnun falið að kanna eftirfarandi atriði:

1. *Áhrif tollastefnu og ríkisstyrkja Evrópubandalagsins á íslenska fiskvinnslu í fortíð og framtíð með tilliti til þess samkeppnismunar sem fiskvinnslan verður fyrir af þeim sökum.*

Þar sem tollastefna EB er nú þegar byrjuð að valda breytingum á uppbyggingu atvinnugreina á Íslandi og byggðaþróun í landinu, þó undan séu skilin áhrif vegna ríkisstyrkja, er ekki seinna vænna að kanna til hlítar afleiðingar slíkrar þróunar ef framhald verður á.

Þetta er ekki síður mikilvægt til þess að betur sé hægt að gera sér grein fyrir helstu leiðum sem til greina koma í baráttunni við tollmúra og ríkisstyrki EB.

Þess er enn fremur að geta að eiginlegur ferskfiskmarkaður er ekki til á meginlandinu. Allur fiskur fer beint í aðra vinnslu í beinni samkeppni við íslenska fiskvinnslu. Fiskur, sem landað er á Bretlandi, fer í aðalatriðum í fjórar verkunaraðferðir í breskum fiskvinnsluhúsum:

1. Flakaður fyrir ferskfiskmarkað.
2. Flakaður fyrir reykingu.
3. Flakaður fyrir söltun.
4. Flakaður fyrir frystingu.

Þess er svo að geta að tollar á innflutt flök til EB eru hæstir.

Á myndum 4–7 má sjá helstu tolla bandalagsins á útfluttan fisk frá Íslandi.

Til að gera sér hugmyndir um hvaða fjármuni er hér um að ræða er þess að geta að einungis tollar af saltfiski EB sl. þrjú ár eru um tæpur 1 milljarður kr. á hverju ári.

Til að átta sig á fyrirætlunum bandalagsins í sjávarútvegsmálum er nauðsynlegt að athuga hver er sjávarútvegsstefna þess.

Sjávarútvegsstefna bandalagsins gengur í meginatriðum út á það að tryggja bandalaginu þær sjávarafurðir (hráefni) sem það þarfnast á sem hagkvæmastan hátt, á besta verði og þannig að pólitískir hagsmunir séu tryggðir.

Markmið með samningum við aðrar þjóðir er að tryggja fisk á eftirfarandi hátt:

1. Með veiðum eigin skipa utan lögsögu bandalagsins og m.a. innan lögsögu annarra ríkja.
2. Tryggja hráefni fyrir vinnsluna.
3. Tryggja aðgang að fullunnum afurðum takist ekki að afla hráefnis með eigin skipum og/eða vinna í eigin vinnslu.

Af framansögðu er alveg ljóst að bandalagið stefnir að því að tryggja sér aðgang að hráefnum fyrir fiskvinnslustöðvar innan sinna landamæra. Tollastefnan er síðan notuð til að ná fram þeim markmiðum sem sjávarútvegsstefna byggir á eins og skýrt kemur fram í tollamálum gagnvart Íslendingum. Enn fremur eru ríkisstyrkir nýttir í þessum tilgangi.

Þegar fjallað er um tollastefnu EB í sjávarútvegi er slíkt einungis hálf sagan sögð af verndarstefnu EB gagnvart eigin fiskvinnslu þar sem beinir styrkir eru hinn hlutinn og því verður heldur ekki komist hjá því að fjalla aðeins um þann þátt.

Dæmi um styrki EB er að á árinu 1991 er fyrirhugað að styrkja útgerð um 36 milljarða kr. og fiskvinnsluna um 28 milljarða (85 milljarða næstu þrjú ár). Þess skal getið að fiskiskipastóll Íslendinga er metinn á um 49 milljarða kr. Samanlagt er því styrkur til fiskvinnslu EB um 64 milljarðar kr. á árinu 1991, sem jafngildir um 17,6 milljarða kr.

styrk til íslensks sjávarútvegs sé miðað við sambærilegt aflamagn, eða um 4,4 milljarðar kr. til hvers landsfjórðungs á landinu.

Þetta jafngilti því um 1,5 milljóna kr. styrk á hvern vinnandi mann í fiskvinnslu og útgerð hér á landi. Allir sjá því hve hér er um stórar fjárhæðir að ræða.

Styrkur bandalagsins fer síðan í ýmsa þætti, svo sem:

1. Leggja skipum, tímabundið, til frambúðar.
2. Auka fjárfestingu í fiskiskipum, fiskvinnslu og markaðssetningu sjávarafurða og almenna hagræðingu, svo sem með því að bæta geymslur, spara orku og bæta löndunar- og hafnaraðstöðu.
3. Efla þjálfun, menntun, ráðgjöf, tækniaðstoð.
4. Auglýsa og kynna sjávarafurðir.
5. Efla þátttöku Evrópubúa í sameiginlegum verkefnum á sviði fiskveiða og vinnslu, fiskiræktar og tilraunaveiða.
6. Bæta sjómönnum aflatap vegna utanaðkomandi breytinga.

Þess er enn fremur að geta að þessum styrkjum er úthlutað með beinum fjárframlögum. Það eru því ekki einungis tollar EB sem íslenska fiskvinnslan er að berjast við heldur styrkirnir einnig og sá leikur er ærið ójafn og því einungis spurning um tíma hversu lengi íslensk fiskvinnsla heldur slíkt út verði ekki markvisst brugðist við.

2. *Nú þegar verði gerð markaðskönnun á sölu ferskflaka í Evrópu og hvernig hægt verði að þjóna ferskflakamörkuðum frá Íslandi með flugfrakt eða nýrri flutningatækni í gámum.*

Á undanförnum mánuðum hefur mikið verið rætt um hversu mikið hefur verið flutt út af óunnum fiski frá Íslandi. Meginhersla þessa ferskfiskútflutnings er það háa verð sem fæst á fiskmörkuðum erlendis. Ástæðan fyrir því að erlendir fiskkaupendur geta greitt hærra hráefnisverð fyrir íslenskan fisk er fyrst og fremst sú að um verulega tolla er að ræða, t.d. á flakaðan fisk til EB. Á sama hátt er fiskur sem flaka á til söltunar tollaður með háum tollum til EB. Vegna þessara háu tolla, 18% á ferskum flökum og 20% á söltuðum flökum, geta íslenskir fiskframleiðendur ekki keppt við þá aðila sem flytja fiskinn óunninn inn í Evrópubandalagið og greiða 3,7% toll.

Þennan mismun verður að leiðrétta í komandi samningum við EB.

Tekið skal fram að markaðir fyrir fersk flök innan EB eru þeir markaðir sem borga hvað hæst verð sé miðað við aðrar verkunaraðferðir, enda ekki að ástæðulausu að EB er með hvað hæsta tolla fyrir slíkar innfluttar afurðir, sjá myndir 4–7.

Jafnframt er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því að til þess að nýta þennan markað til hins ýtrasta þarf að efla samgöngur, og ber í því sambandi að nefna flugvélar sem gætu flogið beint til dreifiaðila á meginlandi Evrópu.

Samhliða hlýtur það að vera viðfangsefni Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og þeirra fyrirtækja sem áhuga hafa á þessum markaði að þróa aðrar flutningaleiðir sem reynst gætu ódýrari eftir því sem kostur er. Á súluriti, sjá mynd 4, má sjá mismun á verði á þorskflökum með roði á breskum flakamarkaði í desember 1990.

	Verð (ísl. kr. kg)	Tollur (ísl. kr. kg)
Fersk þorskflök með roði	420	76
Sjófryst þorskflök með roði	330	0
Landfryst þorskflök með roði	270	0

Samkvæmt upplýsingum frá Flugleiðum kostar 42 ísl. kr. á kg að flytja fersk flök til London. Samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja er því vel möguleg að því tilskildu að margumræddur tollur falli niður. Hér skal þess sérstaklega getið að þessi tollahindrun á íslensk fyrirtæki hvað snertir ferskflakamarkaðinn í Bretlandi er einmitt ein af ástæðum þess að fiskvinnsla í Bretlandi getur greitt hærra fiskverð en íslensk fiskvinnsla, eins og augljóst má vera. Tollurinn á ferskflökunum er þannig ein af aðalástæðum útflutnings á ferskfiski og stórskerðir samkeppnismöguleika íslenskra fiskvinnslufyrirtækja.

Virðisaukinn af því að Íslendingar þjónuðu með flugfrakt breska flakamarkaðnum mundi efla atvinnulíf landsmanna og auka þjóðartekjur í heild. Fiskvinnsla alls staðar á landinu þarf að geta markað stefnu til framtíðar í að þjóna ferskflakamörkuðum sem víðast í Evrópu og annars staðar í framtíðinni því ferskflakamarkaðir greiða yfirleitt langhæstu verðin eins og þetta dæmi sýnir. Þar að auki ber að geta þess að fersk flök með flugfrakt eru ferskari og betri vara en þriggja vikna gamall ísfiskur sem sendur er svo á ferskflakamarkaði eftir að flökun og frágangur hefur farið fram erlendis, oft á tíðum við aðstæður sem samræmast alls engan veginn þeim hreinlætiskröfum sem almennt eru gerðar í dag, svo ekki sé meira sagt.

3. Áhrif núverandi kvótastefnu á samkeppnisstöðu fiskvinnslu á Íslandi og byggðarþróun í landinu samanborið við aðra valkosti.

Þar sem nú eru liðin sjö ár síðan kvótalögin komu fyrst til framkvæmda verður varla lengur vikist undan þeirri ábyrgð að meta til hlítar helstu áhrif kvótalaganna hingað til á sjávarútveginn í heild.

Verður þá að flokka útgerð og fiskvinnslu í þrjá flokka sem tengjast kvótanum:

1. Útgerð.
2. Útgerð með fiskvinnslu.
3. Fiskvinnslu.

Í þeirri afmörkuðu umræðu um aflakvóta skipa eða fiskvinnslukvóta hefur gleymst að geta þess að 80% af fiskveiðiflotanum eru í eigu fiskvinnslustöðva eða öfugt. Þannig er eins hægt að segja að 80% af aflakvótanum séu í eigu sömu fiskvinnslustöðvanna. Slíkt mat er enn fremur forsenda þess að hægt sé að leggja hlutlaust mat á hvers konar kerfi eða kvótafyrirkomulag sé heppilegast til frambúðar, en nær engar athuganir hafa farið fram á því hvernig til hefur tekist á þessu sviði hingað til.

Í þessu sambandi væri mögulegt að Byggðastofnun fengi til liðs við sig ráðgjafarfyrirtæki og aðra þá aðila sem nauðsynlegt væri til að meta kosti og galla annarra stjórnunaraðferða í samanburði við þá stjórnunaraðferð sem nú ríkir. Aðrar leiðir sem nefndar hafa verið eru: sóknarstýring, fiskvinnslukvóti, byggðakvóti og veiðileyfasala. Mögulegt væri einnig að meta kosti og galla þess að hafa stjórnunaraðferð sem tæki mið af fleiri en einni þessara leiða þætti slíkt hagkvæmt. Stjórnun fiskveiða verður þegar lengra er litið að stuðla að því að jafnvægi ríki milli fyrirtækja og byggðarlaga þannig að byggðarröskun eða óeðlileg mismunun hljótist ekki af vanhugsuðum aðgerðum stjórn-

valda. Enn fremur skal bent á þá mikilvægu staðreynd að engin umfjöllun hefur átt sér stað um þá samkeppnismismunun sem er á milli fiskvinnslu með og án aðgangs að útgerð, sjá nánar umfjöllun í tillögu IV.

Fróðlegt er einnig að líta á yfirlit um þróun fiskiskipastólsins, svo sem fjölda skipa, rúmlestastærðir, hestaflafjölda og fjárfestingar á undanförnum árum og hvort sú þróun hafi verið í samræmi við markmið kvótalaganna, sjá myndir 9–12.

Í öllum þessum tilfellum er um sífellda aukningu að ræða og hvað varðar fjárfestingu. Hefur hún verið margfalt meiri í útgerð en fiskvinnslu á síðustu árum, en fjárfesting vinnslunnar er sífellt að dragast saman.

Enn fremur hefur ekki verið metið hvaða áhrif núverandi kvótastefna hefur á byggðaþróun, en margt bendir t.d. til að sjófrysting muni aukast á næstu árum, en slíkt mun koma niður á atvinnu í landi á einn eða annan hátt. Enn fremur verði könnuð önnur áhrif núverandi kvótastefnu á þróun byggða í einstökum landshlutum. Sérstaklega skal í þessu sambandi athuga áhrif mismunandi verðlagningar ferskfisks með tilliti til þess samkeppnismunar sem skapast til þess að kaupa kvóta og hver staða landsbyggðarinnar er í því sambandi þegar lengra er litið.

4. Áhrif þess samdráttar sem orðið hefur í fiskvinnslu á Íslandi á afmarkaðar greinar þjónustu og iðnaðar. Hver áhrifin verði í framtíðinni miðað við sömu þróun.

Í umræðu um stefnu í sjávarútvegsmálum hefur lítil eða engin tilraun verið gerð til að fjalla um tengsl útgerðar og fiskvinnslu við aðrar atvinnugreinar í iðnaði eða þjónustu. Í umræðum um sjávarútveg og iðnað hefur umfjöllunin snúist um þessar greinar sem andstæður þar sem hagsmunir fari ekki saman. Hins vegar er augljóst að hagsmunir atvinnugreina, svo sem sjávarútvegs og iðnaðar, fara saman. Þetta sést best á því að þegar samdráttur verður í sjávarútvegi hefur slíkt keðjuverkandi áhrif á aðrar atvinnugreinar.

Ástæða þess að menn halda því fram að hagsmunir sjávarútvegs og iðnaðar fari ekki saman er sennilega sú staðreynd að niðursveiflu í sjávarútvegi hefur allt of oft, af illri nauðsyn, verið mætt með gengisfellingu.

Gengisfellingar við niðursveiflu í sjávarútvegi hafa því miður oftast reynst neyðarúrræði þar sem greininni höfðu ekki áður verið búin nægjanlega góð starfsskilyrði til að geta mætt niðursveiflum síðar. Eðlilegra er að raungengi krónunnar sé skráð þannig að atvinnuvegir geti hagnast í samræmi við það sem erlendis gerist og eflst til þess að mæta áföllum síðar þannig að gengisfellingar verði óþarfar þó að niðursveifla verði í sjávarútvegi. Við slíkar aðstæður færu hagsmunir iðnaðar og sjávarútvegs saman.

Þess er enn fremur að geta að þó svo að niðursveifla verði í sjávarútvegi, svo sem vegna aflabrests einhverra tegunda, þá leysir gengisfelling engan vanda í því sambandi heldur þvert á móti margfaldar hann á allan hátt, ekki bara fyrir viðkomandi grein, heldur fyrir þjóðfélagið í heild. Verðbólga hefur aldrei skapað nein verðmæti heldur þveröfugt.

Fyrirtæki hafa því miður oftast ekki getað byggt sig eðlilega upp til að geta mætt slíkum sveiflum, sem sést m.a. af því að eigið fé fiskvinnslunnar um áramótin 1989–1990 er talið vera einungis um 9% af heildarskuldum.

Verði hins vegar verulegur samdráttur í fiskvinnslu hér á landi vegna útflutnings á óunnum fiski er líklegt að slíkt hafi veruleg áhrif á greinar iðnaðar sem byggt hafa sína velgengni á þjónustu við fiskvinnslur og valdi stórfelldu tjóni í slíkum greinum. Í þessu sambandi er þess að geta að iðngreinar, sem hafa byggst upp á innlendum mörkuðum,

hafa síðar náð umtalsverðum árangri á erlendum mörkuðum.

Forsenda slíkrar velgengni var oft á tíðum verulegur heimamarkaður sem þessar iðngreinar hafa getað byggt sig upp á. Dragist heimamarkaður verulega saman fyrir þessar iðngreinar má búast við verulegum erfiðleikum hjá þeim í framtíðinni.

Byggðastofnun hafi nána samvinnu við samtök sjávarútvegs og iðnaðar um rannsókn á áðurnefndum áhrifum samdráttar í fiskvinnslu á einstakar greinar iðnaðarins.

5. Margfeldisáhrif íslenskrar fiskvinnslu á aðrar atvinnugreinar í landinu.

Á þessu sviði hefur ótrúlega lítið verið unnið miðað við mikilvægi. Oftast hefur umræða um sjávarútvegsmál verið aðskilin frá þróun annarra atvinnugreina eða tengslum við þær.

Margfeldisáhrif fiskvinnslu á aðrar greinar og þjóðfélagið í heild eru án efa mjög mikil og því nauðsynlegt að rannsaka þennan þátt til hins ýtrasta frá faglegu sjónarmiði.

Við rannsókn á þessum þáttum hafi Byggðastofnun enn fremur náið samstarf við samtök iðnaðar, verslunar og sjávarútvegs. Enn fremur hafi stofnunin m.a. samstarf við Hagfræðideild Háskóla Íslands og Þjóðhagsstofnun og samtök launþega, svo sem Alþýðusamband Íslands.

Spyrjum okkur hvað væri Ísland án fiskvinnslu. Margfeldisáhrif þess virðisauka sem íslensk fiskvinnsla skapar með viðskiptum við iðnað, verslun og þjónustugreinar í landinu hafa skapað íslenska velferðarkerfið öðru fremur. Hins vegar finnast margir sem jafnvel trúa því að aðrar greinar og jafnvel almenningur láti fé af hendi rakna til fiskvinnslu. Þennan misskilning má e.t.v. rekja til neikvæðrar fjölmiðlaumræðu, svo og til þess sjávarútvegur býr meira og minna við alls konar haftakerfi og miðstýringu sem leitt hefur til taprekstrar í greininni og þar með til neikvæðrar umræðu. Fagleg umfjöllun um margfeldisáhrif íslenskrar fiskvinnslu á þjóðfélagið er því löngu tímabær í þeim tilgangi að upplýsa íslensku þjóðina um þá staðreynd hversu miklu hlutverki fiskvinnslan þjónar með því að skapa þann virðisauka sem aftur skapar margfeldisáhrif í gegnum viðskipti við iðnað, þjónustu og verslun. Stundum hefur verið sagt: „Þeir valda miklu sem upphafinu valda," og eru það orð að sönnu. Þýðing upprunafjármagns frá frumframleiðslugreinum eins og fiskvinnslu er ein af meginforsendum íslenska velferðarkerfisins og því er brýnt að íslensk stjórnvöld marki skýra stefnu í málefnum fiskvinnslunnar og umræða fari fram í þjóðfélaginu um hið þýðingarmikla hlutverk sem fiskvinnslan gegnir.

Einnig er afar þýðingarmikið að stjórnvöld standi einhuga að baki íslenskri fiskvinnslu í þeirri hörðu og miskunnarlausu alþjóðlegu baráttu sem nú á sér stað. Íslensk fiskvinnsla er og verður sú stoðin sem áfram mun standa undir íslenska velferðarkerfinu.

6. Möguleikar á auknum tækniframförum á fiskvinnslu hér á landi til að ná aukinni framleiðni.


Nauðsynlegt er enn fremur að kanna ítarlega hvernig ná mætti fram auknum tækniframförum í fiskvinnslu og hvernig ætti að örva þróun á því sviði.

Íslendingar hafa náð á undanförnum árum verulegum framförum á sviði tækni í fiskvinnslu og má fullyrða að Íslendingar séu í forustu á alþjóðasviði í því sambandi. Það hefur m.a. komið fram á vörusýningum sem haldnar hafa verið um tæki fyrir fiskvinnslu og útgerð. Sá árangur hefur m.a. náðst vegna hlutfallslega stórs heimamarkaðar fyrir slík tæki. Verði verulegur samdráttur í fiskvinnslu hér á landi má fastlega gera ráð fyrir að


erfiðara verði að þróa nýja tækni eða jafnvel að slíkt væri með öllu ómögulegt.

Þar sem aukin framleiðni vinnuafls er lykill að auknum hagvexti og aukinni samkeppnishæfni atvinnugreina er afar mikilvægt að allt sé gert til þess að hvetja til aukinnar framleiðni. Áhrifavaldar aukinnar framleiðni eru fjölmargir innan sem utan fyrirtækja og því er mikilvægt að skipuleg samantekt sé gerð á þessu sviði til að auðvelda aukningu á framleiðni. Verði lagt útflutningsgjald á útfluttan ferskfisk, sbr. I. kafla, bls. 3, gæti sú fjáröflun síðan runnið til rannsókna og þróunar í sjávarútvegi og til framleiðniaukandi aðgerða.

Þar sem fiskvinnsla hér á landi getur ekki gengið í digra sjóði eins og fiskvinnslustöðvar innan Evrópubandalagsins er ákaflega mikilvægt að allt sé gert til þess að hámarka samkeppnishæfni fiskvinnslu hér á landi og í því sambandi er aukin framleiðni vinnuafls sem fjármagns ákaflega mikilvæg ásamt sífelldri leitun að gera gott betra og skapa þannig raunhæfar forsendur til bættra lífskjara íslensku þjóðarinnar.



SKIPTING BOTNFISKAFLANS EFTIR VERKUNARAÐFERÐUM
1981 – 1989
400000
300000
TONN
200000
100000
0
LANDFRYSTING
SJÓFRYST OG ÍSFISKUR
SÖLTUN

MYND 1



SKIPTING BOTNFISKAFLANS EFTIR VERKUNARAÐFERÐUM Í PRÓSENTUM 1981 – 1989
70%
60%
50%
40%
30%
20%
10%
0%
48%
62%
40%
6%
13%
33%
26%
20%
22%
LANDFRYSTING
SJÓFRYST OG ÍSFISKUR
SÖLTUN

MYND 2


SKIPTING BOTNFISKAFLANS EFTIR VERKUNARAÐFERÐUM Í PRÓSENTUM 1981 – 1989



MYND 3




VERÐ Á FLAKAMARKAÐI Í BRETLANDI EFTIR VERKUNARAÐFERÐUM Í ISKR. PR. KG.1990



MYND 4

TOLLUR EB Á INNFLUTTUM ÞORSKI EFTIR VERKUNARAÐFERÐUM Í ÍSLENSKUM KR. PR. HRÁEFNISKÍLÓ 1990



MYND 5

ÚTFLUTNINGUR SJÁVARAFURÐA TIL EVRÓPUBANDALAGSINS 1988 OG MAT Á TOLLAÍVILNUNUM

Fob verðm. í millj. kr.
Gengi hvers tíma

I. Sjávarafurðir sem njóta tollfríðinda skv. bókun nr. 6

			Tollar %	
Vörutegund	Tonn	Verðm.	Ytri	Ísland
Fryst fiskflök	45.282	5.669,9	15%	0
Ferskur fiskur, heill[1]	116.768	5.545,5	8-15%	2-3,7%
Fryst rækja	7.470	2.627,6	12%	0
Fiskimjöl	73.494	1.591,0	2%	0
Loðnulýsi	54.353	597,7	6%	0
Lagmeti:niðursoðin rækja	1.438	618,4	20%	0
Lagmeti: síldarflök o.fl.	60	15,6	20%	10,0%
Lagmeti: grásleppukavíar	716	313,2	30%	0
Söltuð hrogn	925	155,2	11%	0
Þorskur, heilfrystur	2.244	108,9	12%	3,7%
Fiskmarningur, frystur	1.347	66,3	15%	3,7%
Þorskalýsi, meðalalýsi	377	50,2	6%	0
Fryst hrogn	376	47,2	10%	0
Karfi, heilfrystur	732	47,2	8%	2,0%
	305.582	17.453,9	63,3%	

[1] Aðallega þorskur, ýsa, ufsi og karfi. Ytri tollur er 8% á karfa en fyrir Ísland 2%. Á öðrum áðurnefndum tegundum er ytri tollur 15% en fyrir Ísland 3,7%.

Heimild: Evrópubandalagið eftir Gunnar G Schram

MYND 6

II. Sjávarafurðir sem ekki njóta tollfríðinda*

Vörutegund	Tonn	Verðm.	Tollar % Ytri	Ísland
Saltfiskur, blautverkaður	52.766	7.772,5	13%	-[1]
Saltfiskflök	6.294	948,4	16-20%[2]	-
Saltfiskur, þurrkaður	434	76,4	13%	-
Skreið	980	499,0	13%	-
Flatfiskur, heilfrystur	5.327	314,6	8-15%[4]	-
Annar heilfrystur fiskur	581	34,3	15%	-
Fryst síld	5.508	186,7	0-15%[3]	-
Fersk fiskflök	1.075	134,1	18%	-
Humar, frystur	241	93,7	12%	-
Hörpudiskur, frystur	159	39,8	8%	-
Saltsíld	409	27,2	12%	-
Fryst loðna	20	0.5	15%	-
	73.794	10.127,2	36,7	
SAMTALA I. og II.	379.376	27.581,1	100,0	

Heildarútflutningur sjávarafurða 43.826,2 millj. kr.
- Þar af til EB 27.581,1 millj. kr. eða 62,9%

* Árið 1989 veitti EB leyfi fyrir tollfrjálsum innflutningi á 25.000 tonnum af saltfiski frá þriðju ríkjum skv. samningi innan GATT. Því til viðbótar má flytja inn til bandalagsins 49.000 tonn á 6% tolli. Íslendingar hafa á þessu ári notið að nokkru fríðinda GATT kvótans og verulegur hluti saltfisksins hefur fallið undir 6% tollinn.

[1] Merkir að tollur sé sá sami fyrir Ísland.

[2] 16% á ufsaflökum og 20% á þorskflökum.


[3] 15. febrúar - 15. júní ár hvert er tollurinn 0, en á öðrum árstíma 15%.


[4] 8% á lúðu en 15% á öðrum flatfiski.

Heimild: Evrópubandalagið eftir Gunnar G Schram


MYND 7

Fiskvinnslunni innan EB hefur því orðið vel ágengt í samkeppninni við fiskvinnsluna hér heima um hráefnið og það sama á við gagnvart öðrum ríkjum eins og sjá má á súluritunum:







Heimild: Magnús Gunnarsson MYND 8




MYND 9



MYND 10



MYND 11



MYND 12

Nd. 695. Breytingartillögur [139. mál]

við frv. til l. um listamannalaun.

Frá Ragnhildi Helgadóttur og Sólveigu Pétursdóttur.

1. Við 4. gr. Á eftir orðunum „Stjórnin skal skipuð af menntamálaráðherra“ í 2. málsl. komi: til þriggja ára í senn.
2. Við 5. gr. 3. málsl. orðist svo: Þeir skulu að öðru jöfnu ekki gegna öðru föstu starfi meðan þeir njóta starfslauna og skila skýrslu um störf sín.
3. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Listasjóður veitir starfslaun og styrki er svara til 240 mánaðarlauna og bætast við 24 mánaðarlaun á ári næstu fimm ár. Listasjóður veitir einnig sérstök framlög til listamanna, m.a. til þeirra sem notið hafa listamannalauna undanfarin ár og náð hafa 60 ára aldri. Listasjóður veitir starfslaun og verkefnastyrki til sviðslistamanna og annarra túlkandi listamanna.
4. Við 11. gr. Fyrri málsliður orðist svo: Starfslaun skulu veitt til hálfs eða eins árs en heimilt er að framlengja starfslaunatímann til þriggja ára.
5. Við 13. gr. Í stað orðanna „Rithöfundasamband Íslands, Samband íslenskra myndlistarmanna og Tónskáldafélag Íslands“ komi: samtök rithöfunda, samtök myndlistarmanna og samtök tónskálda.

Ed. 696. Breytingartillögur [98. mál]

við frv. til l. um meðferð opinberra mála.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 133. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Við dómsuppsögu skal endurrit af dómi að öðru jöfnu vera til reiðu.
2. Við 154. gr. 1. málsl. orðist svo: Ef ríkissaksóknari hyggst áfrýja máli að eigin frumkvæði skal það gert innan átta vikna frá því að endurrit dóms í málinu var til reiðu.

Ed. 697. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Frumvarp þetta um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla var lagt fram í neðri deild Alþingis á 112. löggjafarþingi. Félagsmálanefnd neðri deildar náði samkomulagi um að afgreiða málið með nokkrum breytingartillögum sem samþykktar voru í neðri deild. Ekki vannst tími til að taka málið fyrir í efri deild á síðustu dögum fyrir þingslit síðastliðið vor. Frumvarpið var því lagt fram í efri deild nú á haustþingi eins og það kom frá

neðri deild í fyrra. Fulltrúi Kvennalistans í félagsmálanefnd neðri deildar féllst á að standa að afgreiðslu málsins þrátt fyrir það að kvennalistakonur hefðu viljað sjá tekið á jafnréttismálum af meiri myndugleik og festu en kom fram eftir umfjöllun neðri deildar um frumvarpið. Stuðningur Kvennalistans við frumvarpið byggðist ekki síst á því að nokkur mikilvæg atriði náðu fram að ganga sem ekki er að finna í núgildandi lögum. Má sem dæmi nefna ákvæði um Jafnréttisþing og virkara og skýrara hlutverk jafnréttisnefnda.

Við umfjöllun málsins í félagsmálanefnd efri deildar á 113. löggjafarþingi komu fram ýmsar athugasemdir við frumvarpið og leggur meiri hl. félagsmálanefndar fram breytingartillögur í samræmi við þær á þskj. 672. Flestar tillögurnar snerta málfar og gerir minni hl. félagsmálanefndar ekki athugasemdir við þær. Fimmta breytingartillagan sem snertir 19. gr. frv. er hins vegar efnisleg og þar greinir minni hl. félagsmálanefndar á við meiri hluta nefndarinnar. Breytingartillagan felst í því að í kærunefnd jafnréttismála eigi fulltrúar ASÍ og VSÍ fasta fulltrúa. Í frumvarpinu, eins og það var lagt fram á 112. löggjafarþingi og eins og það kom frá neðri deild á sl. vori, var gert ráð fyrir að í þeim tilvikum er kæruefni varða vinnumarkað skuli fulltrúi heildarsamtaka viðkomandi starfsmanns og fulltrúi samtaka atvinnurekenda viðkomandi launagreiðanda taka sæti í kærunefnd.

Minni hl. telur það réttlátari og eðlilegri skipan kærunefndar að þeir aðilar sem málið varðar hverju sinni eigi sæti í nefndinni. Þetta er í raun sama skipan og gildir um Félagsdóm. Minni hl. vekur athygli á að samstaða náðist um þessa skipan mála bæði í nefndinni sem samdi frv. og fulltrúar allra þingflokka áttu aðild að svo og í neðri deild Alþingis.

Því er ljóst að minni hl. leggur til að breytingartillaga meiri hl. félagsmálanefndar við 19. gr. frumvarpsins verði felld en styður það að öðru leyti.

Alþingi, 20. febr. 1991.

Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Sþ. 698. Fyrirspurn [390. mál]

til sjávarútvegsráðherra um deild frystiiðnaðarins í Verðjöfnunarsjóði.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Hvað var mikið fé í deild frystiiðnaðarins í Verðjöfnunarsjóði 1. febrúar 1991? Hvernig er ávöxtun þess fjár og hvernig er það verðtryggt? Hver er talin afkoman í frystiiðnaðinum nú og hver er talin samkeppnisstaða hans miðað við útflutning á óunnum fiski?

Ed. 699. Frumvarp til laga [69. mál]

um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

(Eftir 2. umr. í Ed., 20. febr.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum. Sérstaklega skal bæta stöðu kvenna til að ná því markmiði.

2. gr.

Konum og körlum skulu með stjórnvaldsaðgerðum tryggðir jafnir möguleikar til atvinnu, launa og menntunar.

3. gr.

Hvers kyns mismunun eftir kynferði er óheimil. Þó teljast sérstakar tímabundnar aðgerðir, sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna, ekki ganga gegn lögum þessum. Það telst ekki mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar eða barnsburðar.

II. KAFLI
Atvinna.

4. gr.

Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Með launum í lögum þessum er átt við venjulegt grunn- eða lágmarkskaup og hvers konar frekari þóknun, beina eða óbeina, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða með öðrum hætti, sem atvinnurekandi greiðir starfsmanni fyrir vinnu hans.

Með jöfnum launum karla og kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf er í lögum þessum átt við launataxta sem samið er um án þess að gerður sé greinarmunur á kynjum.

Með kjörum í lögum þessum er átt við lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hvers konar önnur samningsréttindi.

5. gr.

Atvinnurekendur og stéttarfélög skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf.

6. gr.

Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði og gildir það m.a. um:

1. Laun, launatengd fríðindi og hvers konar aðra þóknun fyrir vinnu.
2. Ráðningu, setningu eða skipun í starf.

3. Stöðuhækkun og stöðubreytingar.
4. Uppsögn úr starfi.
5. Vinnuaðstæður og vinnuskilyrði.
6. Veitingu hvers konar hlunninda.

Ef einhver telur rétt á sér brotinn samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og vísar máli sínu til kærunefndar jafnréttismála, sbr. 19. gr., skal atvinnurekandi sýna kærunefnd fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans.

7. gr.

Starf, sem laust er, skal standa opið jafnt konum sem körlum.

Óheimilt er að auglýsa eða birta auglýsingu um laust starf þar sem gefið er í skyn að fremur sé óskað starfsmanns af öðru kyninu en hinu.

Ákvæði þessarar greinar gildir ekki ef tilgangur auglýsandans er að stuðla að jafnari kynjaskiptingu innan starfsgreinarinnar og skal það þá koma fram í auglýsingunni.

8. gr.

Nú er umsækjandi um auglýst starf kona en það hefur verið veitt karlmanni og skal þá kærunefnd jafnréttismála, sé þess óskað, fara fram á það við hlutaðeigandi atvinnurekanda að hann veiti nefndinni skriflegar upplýsingar um hvaða menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika umfram konuna sá hefur til að bera er ráðinn var í starfið.

Sama rétt skal karlmaður, sem er umsækjandi um starf, hafa ef konu er veitt starfið.

9. gr.

Konur og karlar skulu njóta sömu möguleika til framhaldsmenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið er haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings annarra starfa.

III. KAFLI
Menntun.

10. gr.

Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum skal kynjum ekki mismunað. Skylt skal að gæta þessa í námi og kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur. Á öllum skólastigum skal veita fræðslu um jafnréttismál, m.a. með því að leggja áherslu á að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi. Gæta skal þess sérstaklega að kennslutæki og kennslubækur séu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skal leitast við að kynna bæði piltum og stúlkum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf.

Menntamálaráðuneytið ber ábyrgð á framkvæmd þessarar greinar í samráði við Jafnréttisráð. Ráðuneytið skal fylgjast með þróun jafnréttismála í skóla- og uppeldisstarfi, m.a. með reglubundnum rannsóknum.

IV. KAFLI
Önnur svið.

11. gr.

Auglýsandi og sá, sem hannar eða birtir auglýsingu, skal sjá til þess að auglýsingin sé öðru kyninu ekki til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt.

12. gr.

Í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka skulu, þar sem því verður við komið, sitja sem næst jafnmargar konur og karlar og skal ávallt á það minnt þegar óskað er tilnefningar í hlutaðeigandi stjórnir, nefndir og ráð.

13. gr.

Í sveitarfélögum með yfir 500 íbúa og annars staðar, þar sem því verður við komið, skal skipa jafnréttisnefndir og skulu þær hafa með höndum jafnréttismál innan síns sveitarfélags samkvæmt lögum þessum. Skulu nefndirnar fylgjast með og hafa frumkvæði að sérstökum tímabundnum aðgerðum til að bæta stöðu kvenna í sveitarfélaginu, taka við ábendingum vegna brota á lögum þessum og vera tengiliður við ráðuneyti og Jafnréttisráð. Enn fremur skulu nefndirnar vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórn í málefnum er varða jafnrétti kvenna og karla.

V. KAFLI
Framkvæmd laganna.

14. gr.

Félagsmálaráðherra fer með framkvæmd laga þessara.

15. gr.

Eftir hverjar kosningar til Alþingis skal skipa sjö manna Jafnréttisráð. Félagsmálaráðherra skipar formann án tilnefningar, einn nefndarmann tilnefndan af Vinnuveitendasambandi Íslands, einn tilnefndan af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndan af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn tilnefndan af Kvenréttindafélagi Íslands og einn nefndarmann tilnefndan af Kvenfélagasambandi Íslands. Varamenn þeirra eru tilnefndir á sama hátt. Jafnframt skal skipa formann kærunefndar jafnréttismála í ráðið, sbr. 19. gr., og er varaformaður kærunefndar varamaður hans.

Jafnréttisráð hefur skrifstofu og ræður framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn. Einn starfsmanna skal hafa lokið embættisprófi í lögum og skal hann annast lögfræðiráðgjöf og önnur lögfræðistörf á vegum Jafnréttisráðs vegna ætlaðra brota á lögum þessum.

Kostnaður við Jafnréttisráð greiðist úr ríkissjóði.

16. gr.

Verkefni Jafnréttisráðs eru að:

1. Vinna að því að ákvæðum 2.–13. gr. laga þessara sé framfylgt.
2. Móta stefnu í jafnréttismálum hér á landi og hafa frumkvæði að sérstökum tímabundnum aðgerðum til að bæta stöðu kvenna. Skal ráðið vinna stefnumarkandi áætlun til fjögurra ára í senn og leggja fyrir félagsmálaráðherra. Þar skal kveðið á um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna. Áætlunina skal endurskoða á tveggja

ára fresti, sbr. 17. gr.
3. Vera ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum er varða jafna stöðu og jafnrétti með konum og körlum.
4. Sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi til félagasamtaka og almennings.
5. Fylgjast með þjóðfélagsþróuninni sem m.a. varðar þetta lagaefni og gera tillögur til breytinga til samræmis við tilgang laganna.
6. Stuðla að góðri samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks og önnur félagasamtök svo að stefnu og markmiði þessara laga verði náð með sem eðlilegustum hætti.
7. Taka til rannsóknar að eigin frumkvæði eða annarra stöðu kvenna og karla að því leyti er lög þessi varðar. Opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum er skylt að veita Jafnréttisráði hvers konar upplýsingar hér að lútandi.
8. Hafa samvinnu við jafnréttisnefndir sveitarfélaga.
9. Fjalla um önnur mál sem ráðherra eða framkvæmdastjóri leggur fyrir ráðið.
10. Halda jafnréttisþing á a.m.k. þriggja ára fresti.

17. gr.

Félagsmálaráðherra leggur fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum einstakra ráðuneyta og Jafnréttisráðs. Í áætluninni komi fram sundurliðuð framkvæmdaáform og áætlaðar fjárveitingar til einstakra verkefna sem tengjast jafnréttismálum. Áætlun þessa skal endurskoða á tveggja ára fresti og í tengslum við það leggur félagsmálaráðherra fram á Alþingi skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála.

18. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að ráða jafnréttisráðgjafa. Hann skal vinna í samvinnu við Jafnréttisráð að leiðréttingu á stöðu kvenna, m.a. í stofnunum og fyrirtækjum um land allt í samvinnu við starfsmenn og stjórnendur.

19. gr.

Félagsmálaráðherra skipar kærunefnd jafnréttismála til þriggja ára í senn. Hæstiréttur tilnefnir formann nefndarinnar, sem skal vera lögfræðingur, félagsmálaráðherra skipar tvo án tilnefningar og Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands tilnefna einn nefndarmann hvor. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Þegar kæruefni varðar aðra aðila vinnumarkaðar en sæti eiga í nefndinni skal leitað umsagnar þeirra samtaka sem hlutaðeigandi eiga aðild að.

Verkefni kærunefndar eru að taka við ábendingum um brot á ákvæðum þessara laga og rannsaka mál af því tilefni og senda að rannsókn lokinni niðurstöður til þeirra aðila sem málið snertir. Atvinnurekendum, opinberum stofnunum, félagasamtökum og öðrum þeim, er upplýst geta málið, er skylt að veita kærunefnd hvers konar upplýsingar hér að lútandi. Kærunefnd skal enn fremur í sérstökum tilvikum hafa frumkvæði um ábendingar varðandi framkvæmd ákvæða 2.–13. gr., sbr. þó 1. tölul. 16. gr. um hlutverk Jafnréttisráðs.

Skrifstofa kærunefndar jafnréttismála er jafnframt skrifstofa Jafnréttisráðs.

20. gr.

Nú telur kærunefnd jafnréttismála að ákvæði 2.–13. gr. laga þessara séu brotin og skal hún þá beina rökstuddum tilmælum um úrbætur til hlutaðeigandi aðila.

VI. KAFLI
Viðurlög og réttarfar.

21. gr.

Fallist aðili ekki á tilmæli kærunefndar jafnréttismála skv. 20. gr. er nefndinni heimilt að höfða mál til viðurkenningar á rétti kæranda í samráði við hann. Gildir það einnig þótt ekki sé um skaðabótakröfu að ræða.

22. gr.

Sá sem af ásettu ráði eða vanrækslu brýtur gegn lögum þessum er skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum. Enn fremur má dæma hlutaðeigandi til að greiða þeim sem misgert er við, auk bóta fyrir fjártjón ef því er að skipta, fégjald fyrir hneisu, óþægindi og röskun á stöðu og högum.

VII. KAFLI
Önnur ákvæði.

23. gr.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga í reglugerð að fengnum tillögum Jafnréttisráðs.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi lög nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara fellur niður skipun núverandi Jafnréttisráðs.

Skipa skal Jafnréttisráð, sbr. ákvæði 15. gr., og gildir skipunin þar til nýtt Jafnréttisráð hefur verið skipað að loknum næstu alþingiskosningum.

Skipuð skal kærunefnd jafnréttismála til þriggja ára.

Ed. 700. Frumvarp til laga [98. mál]

um meðferð opinberra mála.

(Eftir 2. umr. í Ed., 20. febr.)

I. KAFLI
Gildissvið laganna.

1. gr.

1. Þau mál öll, sem handhafar ríkisvaldsins höfða til refsingar lögum samkvæmt, skulu fara eftir ákvæðum laga þessara, nema þau sæti meðferð sérdómstóla sem lög þessi taka ekki til.

2. Sama á við um mál til upptöku eigna eða sviptingar réttinda, svo og til ómerkingar ummæla ef ákæruvaldið á sókn sakar, þótt krafa sé ekki gerð um refsingu í málinu.

2. gr.

Einnig skulu mál sæta meðferð samkvæmt lögum þessum sé það ákveðið í öðrum lögum. Þar að auki eftir því sem við á:

a. mál sem höfðað er af hálfu ríkisvaldsins til félagsslita samkvæmt ákvæðum stjórnskipunarlaga um félög,
b. mál til staðfestingar lögbanni við útbreiðslu rita, mynda eða annars slíks sem ríkisvaldið hefur látið banna,
c. mál til brottnáms ólögmæts ástands eða til að koma fram viðurlögum fyrir það, öðrum en refsingu, enda eigi fyrirsvarsmaður almenningshagsmuna aðild,
d. mál til úrlausnar atriðum sem um ræðir í 1. mgr. 55. gr., 59., 62., 66., 67. og 68. A gr. almennra hegningarlaga,
e. mál til úrlausnar kröfu um framsal sakamanns og fullnustu erlends refsidóms.

3. gr.

Einkaréttarkröfur má hafa uppi og dæma í opinberu máli samkvæmt ákvæðum XX. kafla laga þessara.

II. KAFLI
Dómendur í héraði.

4. gr.

Í héraði sæta mál samkvæmt lögum þessum meðferð fyrir hinum reglulegu héraðsdómstólum samkvæmt löggjöf um skipan dómsvalds í héraði.

5. gr.

1. Einn dómari skipar dóm í hverju máli.

2. Dómari getur kvatt tvo meðdómsmenn til dómstarfa með sér samkvæmt því sem segir í 37. A gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

3. Meðdómendur taka þátt í málsmeðferð og dómsuppsögu í fjölskipuðum dómi. Dómsformaður stýrir dómi, kveður einn upp úrskurði, skipar verjanda, gefur út fyrirkall og tilkynningar, sér um afgreiðslu dómsgerða og kemur fram út á við fyrir hönd dómsins.

6. gr.

Dómari víkur sæti í máli samkvæmt lögum þessum ef svo stendur á sem segir í 36. gr. laga um meðferð einkamála í héraði. Enn fremur skal dómari víkja sæti í máli eftir útgáfu ákæru ef hann hefur úrskurðað mann, sem ákærður er í málinu, í gæsluvarðhald skv. 2. mgr. 103. gr.

III. KAFLI
Þinghöld, birtingar o. fl.

7. gr.

1. Dómþing skulu haldin á reglulegum þingstöðum og í dómsölum ef kostur er. Rétt er þó að heyja dómþing á öðrum stöðum ef þörf er á, svo sem í fangahúsi þar sem sakborningi er haldið eða á heimili eða sjúkrahúsi ef skýrslu þarf að taka af sjúkum manni.

2. Rétt er héraðsdómara að heyja dómþing utan dómumdæmis síns ef það horfir til hagræðis eða flýtis í máli.

8. gr.

1. Þinghöld skulu háð í heyranda hljóði. Dómara er þó rétt að ákveða að dómþing skuli haldið fyrir luktum dyrum:

a. til hlífðar sakborningi eða nánum vandamönnum hans þegar sérstaklega stendur á,
b. til hlífðar vitnum, brotaþolum eða öðrum sem málið varðar,
c. ef um er að ræða þinghöld meðan á rannsókn máls stendur og sérstök hætta þykir á sakarspjöllum ef þing væri háð fyrir opnum dyrum,
d. ef sakborningur er undir 18 ára aldri,
e. af velsæmisástæðum,
f. vegna öryggis ríkisins,
g. ef óhjákvæmilegt þykir til að halda uppi þingfriði.

2. Ákvörðun um lokað þinghald skal dómari bóka í þingbók og vísa til þess ákvæðis í grein þessari sem við á.

3. Þótt þinghald fari fram fyrir opnum dyrum er dómara rétt að takmarka fjölda áheyrenda við það sem rúmast í dómsal með góðu móti. Einnig getur dómari synjað um aðgang:

a. börnum og unglingum yngri en 15 ára,
b. mönnum sem eru ölvaðir eða annars svo á sig komnir að návist þeirra samræmist ekki góðri reglu í dómsal,
c. mönnum sem ætla má að valdi hættu á því með nærveru sinni að sakborningur eða vitni segi ekki sannleikann.

4. Sé dómþing háð utan reglulegra þingstaða má banna óviðkomandi mönnum aðgang að því.

9. gr.

Dómari stýrir þinghaldi og sér um að halda þar uppi reglu. Hverjum þeim sem truflar þinghald eða kemur ósæmilega eða hneykslanlega fram getur dómari vísað úr dómsal og látið færa hann brott með valdi ef hann sinnir ekki skipun um brottvísun.

10. gr.

1. Óheimilt er að hljóðrita eða taka myndir í þinghaldi. Dómari getur veitt undanþágu frá banni þessu ef sérstaklega stendur á.

2. Óheimilt er að skýra opinberlega frá því sem fram fer í lokuðu þinghaldi, nema dómari leyfi. Þá getur dómari bannað opinbera frásögn af atriðum í öðrum þinghöldum ef ætla má að frásögn geti valdið nánum vandamönnum sakbornings eða mönnum sem ekki eru fyrir sökum

hafðir verulegum þjáningum eða óþægindum. Ákvörðun um slíkt bann skal dómari skrá í þingbók og kynna viðstöddum.

11. gr.

1. Sá sem viðhefur ósæmileg ummæli, skrifleg eða munnleg, fyrir dómi um dómara eða aðra eða kemur að öðru leyti hneykslanlega eða ósæmilega fram fyrir dómi, skal sæta sektum.

2. Sá skal sæta sektum sem brýtur bann dómara skv. 2. mgr. 10. gr. eða gefur opinberlega í ræðu eða riti vísvitandi eða gálauslega ranga eða villandi skýrslu í verulegum atriðum eða óþarflega særandi um opinbert mál eða rannsókn þess, meðan því máli er ekki að fullu lokið, eða tálmar eða reynir að tálma á ólögmætan hátt rannsókn slíks máls eða hafa að öðru leyti ólöglega áhrif á hana eða málsúrslit.

3. Ef sækjandi eða verjandi brjóta ákvæði 1. eða 2. mgr. þessarar greinar getur dómari af sjálfsdáðum ákveðið þeim sekt í dómi eða úrskurði. Dómari getur einnig að eigin frumkvæði úrskurðað öðrum sekt á hendur fyrir brot gegn 1. mgr. Að öðru leyti skulu sakir samkvæmt þessari grein sóttar eftir almennum reglum laga þessara.

12. gr.

Þar sem einn maður situr í dómi skal jafnan vera einn þingvottur sem fullnægir almennum vitnaskilyrðum. Dómari ákveður þóknun þingvotts ef hann er ekki starfsmaður dómstólsins.

13. gr.

1. Ef sakborningur, vitni eða annar, sem gefur skýrslu fyrir dómi, er ekki nægilega fær í íslensku skal kalla löggiltan dómtúlk til aðstoðar. Ef skjal á erlendu máli er lagt fram í dómi skal fylgja því þýðing löggilts skjalaþýðanda.

2. Nú er ekki kostur löggilts túlks eða þýðanda og skal þá kveðja til einhvern þann sem fær er til þýðingarstarfs. Skal þýðandi skjals þá staðfesta þýðingu sína fyrir dómi ef hún er vefengd, en túlkur undirrita heit fyrir dómi um að hann skuli rækja starfann eftir bestu getu.

3. Ef dómari treystir sér til að þýða sjálfur skjal af erlendu máli eða hann getur spurt vitni eða aðra á erlendu máli kemur ekki að sök þótt skjalaþýðanda eða túlk vanti.

14. gr.

1. Þegar dómþing er háð skal haldin þingbók yfir það sem þar fer fram. Í þingbók skal skrá hvar og hvenær þinghald fer fram, nafn dómara sem fer með það mál sem fyrir er tekið, gögn sem lögð eru fram í málinu, hverjir taki þátt í þinghaldi og hverjir komi fyrir dóm.

2. Skrá skal í þingbók aðalatriðin í framburði sakbornings og annarra sem skýrslu gefa, nema skýrsla sé hljóðrituð skv. 15. gr. Það sem skráð er eftir vitnum, sakborningi og málflytjendum skal lesið upp að bókun lokinni, hlutaðeigandi spurður hvort rétt sé bókað og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum. Dómari segir fyrir um hvað skuli skráð í þingbók, en heimilt er þó sækjanda og verjanda að krefjast að bókaðar verði stuttar athugasemdir þeirra.

15. gr.

1. Hljóðrita má framburð eða taka upp á myndband í stað þess að skrá hann í þingbók ef hentugra þykir. Í þingbók skal þá einungis bóka nafn skýrslugjafa og deili á honum og að skýrsla sé hljóðrituð eða tekin upp á myndband.

2. Skrifa skal upp það sem hljóðritað hefur verið ef máli er skotið til æðra dóms, svo og ef dómari telur sérstakar ástæður til.

3. Hljóðritun skal varðveitt í þrjú ár hið skemmsta frá lokum dómsmáls.

4. Dómara er heimilt að hljóðrita stuttan útdrátt sinn af framburði í stað þess að skrá hann í þingbók og gilda um hann reglur 2. mgr. 14. gr.

16. gr.

Heimilt er í þinghaldi að rita það sem í 2. mgr. 14. gr. segir á ritvél eða í tölvu. Sé það gert skulu bókanir úr þinghöldum staðfestar af dómara og heftar saman sem þingbók.

17. gr.

Við hvern dómstól skal haldin dómabók sem geymi dóma í opinberum málum, undirritaða af dómara eða dómsformanni.

18. gr.

1. Við hvern dómstól ber að halda skrá yfir þau mál sem koma til úrlausnar samkvæmt lögum þessum.

2. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um málaskrár, þingbækur og dómabækur, tölvubúnað og búnað til hljóðritunar og myndbandsupptöku til notkunar í þinghöldum, skjalavörslu dómstóla og afhendingu endurrita úr þingbókum og dómabókum og ákveður gjöld fyrir þau.

19. gr.

1. Ríkissaksóknari skal halda sakaskrá fyrir allt landið þar sem skráð eru úrslit opinberra mála.

2. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gerð og varðveislu sakaskrár, aðgang að henni og sakavottorð. Þar er heimilt að ákveða hvað skuli skráð í sakaskrá, þar á meðal niðurstöður mála sem lögreglustjóri lýkur með sátt.

3. Dómsmálaráðherra setur fyrirmæli í reglugerð um aðra kerfisbundna skráningu og varðveislu lögreglu á upplýsingum um brotaferil einstakra manna eða atriði sem varða einkahagi þeirra.

20. gr.

1. Ákærur, fyrirköll, kvaðningar, dómar, úrskurðir og aðrar tilkynningar í opinberum málum skulu birtar af einum lögreglumanni eða stefnuvotti, nema þær séu birtar á dómþingi eða á annan hátt af dómara. Birting á ákæru, fyrirkalli, dómi eða úrskurði skal fara fram fyrir þeim manni sjálfum sem í hlut á ef þess er kostur, en ella lögmanni hans samkvæmt umboði eða öðrum lögráða manni sem hefur fengið skriflegt umboð frá honum til að taka við birtingu. Kvaðningar og aðrar tilkynningar má birta á heimili eða dvalarstað þess sem þeim er beint að ef hann hittist ekki sjálfur fyrir. Sá sem birtingu annast vottar hana með áritun á skjal. Þeim sem tekur við birtingu skal afhent endurrit af því skjali eða þeim dómi í heild sinni sem birt er.

2. Ef óvíst er um dvalarstað ákærða, en mál sætir þó lögsögu íslenskra dómstóla, má birta ákæru og fyrirkall í *Lögbirtingablaði* með ákvörðun um stað og stund til þinghalds og með hæfilegum fyrirvara. Dóm má einnig birta með sama hætti þegar annars er ekki kostur.

IV. KAFLI
Varnarþing o.fl.

21. gr.

1. Með mál samkvæmt lögum þessum skal fara í þinghá þar sem brot var framið. Nú er mál höfðað í einu lagi fyrir fleiri brot en eitt og þau eru ekki öll framin í sömu þinghá og má þá fara með það í hvorri eða hverri þinghánni sem er, eftir því sem hagfelldast þykir.

2. Heimilt er einnig, ef hentugra þykir, að fara með mál gegn manni á heimilis- eða dvalarvarnarþingi hans eða, ef fleiri eru saksóttir í einu lagi, á heimilis- eða dvalarvarnarþingi einhvers þeirra.

3. Ríkissaksóknari ákveður, eftir því sem hagfelldast þykir, hvar mál skuli höfða:
a. ef brot er framið hér á landi þar sem vafi leikur á um mörk dómumdæma, eða á íslensku skipi eða í loftfari utan íslenskra hafna,
b. ef brot er framið erlendis og sækja má sök út af því hér á landi.

4. Nú kemur ákærði fyrir dóm og prófar dómari þá ekki hvort mál sé höfðað á réttu varnarþingi.

22. gr.

1. Krafa um aðgerðir sem atbeina dómara þarf til við rannsókn máls skal að öðru jöfnu borin upp fyrir héraðsdómara í dómumdæmi þar sem sá hefst við sem yfirheyra skal, eða staður sá er eða munir sem aðgerð lýtur að.

2. Dómara er rétt að láta sækja sakborning í annað dómumdæmi, ef þörf er á, og þarf þá ekki að leita atbeina hlutaðeigandi héraðsdómara.

23. gr.

1. Ef saksækja skal mann fyrir fleiri en eitt brot skal það gert í einu máli, eftir því sem við verður komið.

2. Ef fleiri menn en einn eru sóttir til saka fyrir þátttöku í sama verknaði skal það gert í einu máli, nema annað þyki hagkvæmara.

3. Nú hafa fleiri mál verið höfðuð gegn sama manni fyrir sama héraðsdómstól og getur dómari þá ákveðið, ef hann telur það hagkvæmt, að sameina mál þessi og reka þau og dæma sem eitt mál.

24. gr.

Nú hefur mál verið höfðað í einu lagi gegn fleiri en einum manni og getur dómari þá eftir ósk aðila eða af sjálfsdáðum ákveðið að skilja málið í sundur og dæma sérstaklega mál eins eða fleiri ákærðu ef það þykir hentugra og horfa til flýtis og sparnaðar.

V. KAFLI
Ákæruvaldið.

25. gr.

1. Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvalds. Hann skal skipaður af forseta Íslands og fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti við Hæstarétt. Hann skal njóta sömu lögkjara og hæstaréttardómarar eftir því sem við verður komið.

2. Ríkissaksóknari hefur embættisskrifstofu í Reykjavík. Honum til aðstoðar eru vararíkissaksóknari og saksóknarar sem forseti skipar. Skal vararíkissaksóknari fullnægja sömu lagaskilyrðum og ríkissaksóknari en aðrir saksóknarar skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara. Annað starfslið við embætti ríkissaksóknara, þar á meðal löglærða fulltrúa, ræður dómsmálaráðherra eftir tillögu ríkissaksóknara.

26. gr.

1. Dómsmálaráðherra hefur eftirlit með framkvæmd ákæruvalds og getur krafið ríkissaksóknara skýrslna um einstök mál. Haldast skulu sérákvæði í lögum þar sem svo er mælt að mál skuli því aðeins höfða að dómsmálaráðherra mæli svo fyrir. Þegar svo stendur á gefur dómsmálaráðherra ríkissaksóknara fyrirmæli um rannsókn og aðrar aðgerðir og leggur samþykki sitt á ákæru og áfrýjun.

2. Nú telur dómsmálaráðherra að niðurfelling máls af hálfu ríkissaksóknara sé lögum andstæð eða fjarstæð að öðru leyti, og getur hann þá lagt til við forseta Íslands að ákvörðun ríkissaksóknara skuli felld úr gildi. Í því tilviki setur dómsmálaráðherra sérstakan saksóknara til að fara með málið.

27. gr.

1. Ríkissaksóknari skal, eftir því sem unnt er, fylgjast með því að þeir sem afbrot fremja verði beittir lögmæltum viðurlögum. Hann skiptir verkum með öðrum ákærendum og getur sett þeim almennar reglur og gefið fyrirmæli um einstök mál sem þeim er skylt að hlíta. Hann getur kveðið á um rannsókn máls og mælt fyrir um framkvæmd hennar eða tekið rannsókn eða ákvörðun um málshöfðun í sínar hendur ef svo ber undir.

2. Ríkissaksóknari höfðar opinber mál önnur en þau sem hann felur öðrum saksóknurum eða falin eru lögreglustjórum skv. 28. gr.

3. Ríkissaksóknari tekur ákvörðun um áfrýjun máls.

28. gr.

1. Lögreglustjórar höfða opinber mál ef einungis er um að ræða brot:

a. gegn umferðarlögum,
b. gegn áfengislögum,
c. gegn öðrum lögum en almennum hegningarlögum, áður ótöldum, enda liggi ekki þyngri viðurlög en sektir, upptaka eigna eða varðhald við broti.

2. Lögreglustjóri vísar máli til ákvörðunar ríkissaksóknara ef hann telur mál eiga að höfða í öðru umdæmi, ef hann telur sig vanhæfan, sbr. 30. gr., eða ef hann er í vafa um hvort mál eigi að höfða eða hvernig.

29. gr.

1. Í héraði flytur ríkissaksóknari, vararíkissaksóknari, saksóknarar eða fulltrúar ríkissaksóknara þau mál sem hann höfðar. Einnig má ríkissaksóknari fela héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni flutning máls í héraði. Þá getur ríkissaksóknari falið lögreglustjórum, þar á meðal rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, flutning máls fyrir héraðsdómi. Lögreglustjórar geta falið löglærðum starfsmönnum sínum að flytja slíkt mál. Enn fremur er lögreglustjórum heimilt að fela öðrum lögreglustjórum að sækja þing í máli ef sérstaklega stendur á.

2. Lögreglustjórar annast flutning þeirra mála, sem þeir höfða, fyrir héraðsdómi. Lögreglustjórar geta falið starfsmönnum sínum flutning þessara mála. Lögreglustjórum er heimilt að fela öðrum lögreglustjórum að sækja þing í máli.

3. Ríkissaksóknari sækir mál fyrir Hæstarétti en hann getur falið vararíkissaksóknara, saksóknara eða hæstaréttarlögmanni flutning máls. Sé hæstaréttarlögmanni falið að sækja mál fyrir Hæstarétti nefnist hann saksóknari og hefur skyldur sem slíkur.

30. gr.

1. Þegar ríkissaksóknari er svo við málsefni eða aðila riðinn að hætta er á að hann fái ekki við útgáfu ákæru eða önnur störf samkvæmt lögum þessum litið óhlutdrægt á málavöxtu skal hann víkja sæti. Setur dómsmálaráðherra þá annan löghæfan mann til meðferðar þess máls.

2. Ef annar handhafi ákæruvalds er vanhæfur til meðferðar einstaks máls skal ríkissaksóknari fara sjálfur með ákæruvaldið í því eða fela það öðrum ákæranda.

3. Nú hefur ákæra verið gefin út og skal dómari þá, annaðhvort að eigin frumkvæði eða samkvæmt kröfu aðila, vísa máli frá dómi ef hann telur að hlutaðeigandi ákærandi sé vanhæfur til að fara með það.

31. gr.

Þeir sem fara með ákæruvald (ákærendur) og annast rannsókn skulu vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar.

VI. KAFLI
Sakborningur og verjandi.

32. gr.

1. Skylt er að gefa sakborningi upplýsingar um kæruefni áður en hann er yfirheyrður út af því eða við handtöku ef til hennar kemur. Maður, sem handtekinn hefur verið í þágu rannsóknar opinbers máls, á rétt á að hafa samband við lögmann eða annan talsmann sinn, sbr. 37. gr., þegar eftir handtöku. Sömuleiðis nánustu vandamenn sína, nema sérstök ástæða sé til að ætla að það muni torvelda rannsókn málsins.

2. Sá sem yfirheyrður er við rannsókn máls á rétt á því að fá vitneskju um það, þegar mál er orðið svo skýrt að þess sé kostur, hvort hann er spurður vegna gruns á hendur honum um refsivert brot eða hvort hann er kvaddur til vitnisburðar.

3. Sakborningi er óskylt á öllum stigum opinbers máls að svara spurningum sem varða refsiverða hegðun sem honum er gefin að sök. Ber yfirheyranda að benda sakborningi ótvírætt á þennan rétt þegar efni standa til.

4. Sakborningi er skylt að sinna kvaðningu til yfirheyrslu.

33. gr.

1. Sakborningur skal við yfirheyrslu fyrst spurður um nafn, kennitölu, stöðu og heimili. Ef sakborningur kýs að gefa skýrslu um sakarefnið skal brýnt fyrir honum að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta.

2. Spurningar skulu vera skýrar og ótvíræðar. Ekki má rugla sakborning með ósannindum eða á annan hátt eða beita hann neins konar ólögmætri þvingun í orði eða verki. Sakborningi má ekki gefa fyrirheit um ívilnanir eða fríðindi ef hann meðgangi, enda séu slík fyrirheit ólögleg eða ekki á valdi yfirheyranda að veita þau.

3. Sakborningi er heimilt að ráðgast við verjanda sinn um réttarstöðu sína meðan á yfirheyrslu stendur, enda trufli það ekki skýrslutöku að mati yfirheyranda. Nú greinir yfirheyranda og verjanda á við yfirheyrslu, og skal henni þó eigi að síður fram haldið, en rétt á verjandi að gera í stuttu máli grein fyrir afstöðu sinni með bókun.

34. gr.

1. Skylt er dómara að verða við ósk sakbornings um skipun verjanda í eftirgreindum tilvikum:

a. ef þess hefur verið krafist að hann verði settur í gæsluvarðhald,
b. ef opinbert mál hefur verið höfðað gegn honum.

2. Enn fremur er skylt að skipa ákærða verjanda ef í málinu fer fram aðalmeðferð samkvæmt ákvæðum XV. kafla laga þessara, nema ákærði hafi sjálfur valið sér talsmann skv. 37. gr. eða óski eftir að flytja mál sitt sjálfur, enda sé hann hæfur til þess að mati dómara.

35. gr.

1. Heimilt er dómara endranær eftir ósk sakbornings að skipa honum verjanda við rannsókn máls áður en til málshöfðunar kemur.

2. Dómari getur skipað sakborningi verjanda þótt hann hafi ekki óskað þess, svo sem ef hann er sérstaklega sljór eða skilningslítill, haldinn annmörkum sem torvelda skynjun hans eða ef vafi leikur á um sakhæfi hans.

36. gr.

1. Skylt er rannsóknara að verða við ósk sakbornings um að tilnefna honum réttargæslumann ef hann hefur verið handtekinn í þágu opinbers máls.

2. Ákvæði 2. og 3. mgr. 38. gr. og 39. gr. eiga við réttargæslumann. Hann hefur sömu réttindi og skyldur og verjandi eftir því sem við á.

37. gr.

1. Sakborningi er á öllum stigum opinbers máls heimilt að ráða á sinn kostnað lögmann til að gæta réttar síns og halda uppi vörnum. Dómari getur einnig leyft að sakborningur velji sér talsmann sem hefur ekki lögmannsréttindi, enda telji dómari hag hans borgið á þann hátt.

2. Ákvæði 3. mgr. 39. gr. eiga við talsmann. Hann hefur sömu réttindi og skyldur og verjandi eftir því sem við á. Meðan á rannsókn máls stendur getur dómari eða rannsóknari þó takmarkað rétt hans til að ræða við sakborning, vera viðstaddur yfirheyrslur, kynna sér gögn eða fylgjast með framvindu rannsóknar ef hætta er á að hún torveldist við það.

38. gr.

1. Dómari eða rannsóknari skal, þegar lögskylt er eða heimilt að skipa sakborningi verjanda eða tilnefna honum réttargæslumann, vekja athygli hans á þeim rétti.

2. Áður en dómari skipar verjanda skal hann gefa sakborningi eða lögráðamanni hans, ef sakborningur er ekki sjálfráða, kost á að benda á löghæfan mann til að fara með starf verjanda. Við skipun verjanda skal að jafnaði fara eftir ósk sakbornings eða lögráðamanns. Dómari getur þó neitað að skipa þann verjanda sem óskað er eftir ef uggvænt þykir að hann muni hindra rannsókn málsins með ólögmætum hætti.

3. Nú eru fleiri en einn maður hafðir fyrir sökum í sama máli og er þá heimilt að skipa sama mann verjanda beggja eða allra ef telja má að hagsmunir þeirra rekist ekki á.

39. gr.

1. Í umdæmum þar sem kostur er lögmanna skal verjandi skipaður úr þeirra hópi.

2. Þar sem ekki er kostur á lögmanni getur dómari eftir ósk sakbornings skipað honum einhvern annan löghæfan mann, ef hann telur hag sakbornings borgið í höndum slíks manns og engar sérstakar ástæður mæla því annars í gegn. Það er borgaraleg skylda manns að taka að sér starf verjanda samkvæmt þessari málsgrein innan lögsagnarumdæmis þar sem hann er búsettur.

3. Ekki má skipa þann mann verjanda sem er vitni eða mats- eða skoðunarmaður í málinu, eða er að öðru leyti svo viðriðinn mál eða aðila máls að hætta sé á að hann geti ekki gætt hagsmuna sakbornings í málinu sem skyldi. Þann má ekki heldur skipa verjanda er skipun hans gerir dómara vanhæfan til að fara með málið.

40. gr.

1. Nú óskar sakborningur eftir því að skipun verjanda verði afturkölluð og nýr verjandi skipaður og skal þá ekki verða við slíkri ósk ef hætta er á að málið tefjist af þeim sökum eða að aukinn kostnað leiði af breytingunni.

2. Ef dómari telur verjanda rækja starfa sinn á óviðunandi hátt getur hann afturkallað skipunina og skipað nýjan verjanda í hans stað. Verjandinn getur krafist úrskurðar dómara um afturköllunina.

41. gr.

1. Hlutverk verjanda er að draga fram í málinu allt sem verða má sakborningi til sýknu eða hagsbóta og gæta réttar hans í hvívetna.

2. Skipaður verjandi skal sjálfur annast flutning máls, en honum er heimilt að láta fulltrúa sinn eða annan lögmann sækja dómþing fyrir sína hönd þegar um einstakar dómsathafnir er að ræða meðan á rannsókn máls eða meðferð stendur.

3. Þagnarskylda hvílir á verjanda um það sem sakborningur kann að hafa trúað honum fyrir um afstöðu sína til brots þess sem um er að tefla og um önnur þau atriði sem hann hefur komist að í starfa sínum og ekki eru almenningi þegar kunn.

42. gr.

1. Verjanda er heimilt að tala einslega við sakborning um hvað eina sem málið varðar, sbr. þó 1. mgr. 43. gr.

2. Meðan á rannsókn stendur er verjanda ætíð heimilt að vera viðstaddur þegar sakborningur er yfirheyrður. Verjanda er og heimilt að vera viðstaddur yfirheyrslur annarra í máli sakbornings ef það þykir hættulaust vegna rannsóknar málsins. Sé verjandi viðstaddur yfirheyrslu getur hann beint því til yfirheyranda að spyrja þann sem yfirheyrður er um tiltekin atriði. Telji verjandi ástæðu til getur hann krafist þess að fá bókaða stuttorða athugasemd um framkvæmd yfirheyrslu í lok hennar.

3. Verjandi á rétt á því að vera viðstaddur öll þinghöld í máli og ber að tilkynna honum fyrir fram hvenær þau hefjist.

43. gr.

1. Verjandi skal jafnskjótt og unnt er fá til afnota endurrit af öllum skjölum sem málið varða, svo og aðstöðu til að kynna sér önnur gögn sem ekki verða endurrituð. Ekki má láta sakborningi í té eintak af endurriti eða kynna honum efni þess nema dómari eða rannsóknari samþykki.

2. Rannsóknari skal gefa verjanda færi á að fylgjast með framvindu rannsóknar að svo miklu leyti sem kostur er. Skal rannsóknari taka til greina ábendingar verjanda um tilteknar rannsóknaraðgerðir nema hann telji þær óheimilar eða þýðingarlausar.

44. gr.

Þóknun skipaðs verjanda skal ákveðin í dómi ef máli lýkur með þeim hætti, nema verjandi hafi afsalað sér þóknun. Ef máli lýkur ekki með dómi ákveður dómari þóknun með bókun í þingbók eða skriflega með öðrum hætti. Dómari ákveður þóknun verjanda og réttargæslumanns í einu lagi ef sá sem tilnefndur hefur verið réttargæslumaður sakbornings er síðar skipaður verjandi hans. Að öðrum kosti skal lögreglustjóri eða löglærður starfsmaður hans ákveða þóknun réttargæslumanns. Þóknun greiðist úr ríkissjóði, en telst til sakarkostnaðar skv. 164. gr.

VII. KAFLI
Almennar reglur um sönnun.

45. gr.

Sönnunarbyrði um sekt sakbornings og atvik sem telja má honum í óhag hvílir á ákæruvaldinu.

46. gr.

Dómari metur hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburðir, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn.

47. gr.

Dómari metur það eftir atvikum hvert sönnunargildi þær staðreyndir hafi sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal, en ályktanir má leiða af um það.

48. gr.

1. Dómur skal reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.

2. Dómara er heimilt að taka til greina sem sönnunargögn skýrslur sem ákærði eða vitni hafa gefið fyrir dómi áður en mál var höfðað. Þó skulu skýrslugjafar koma á ný fyrir dóm við málsmeðferð, ef kostur er, og ákærði eða verjandi hans krefjast eða dómari telur annars ástæðu til.

3. Nú hefur vitni ekki komið fyrir dóm og þess er ekki kostur við meðferð málsins, en skýrsla hefur verið gefin fyrir lögreglu eða öðrum rannsóknaraðila, og metur dómari þá hvort slík skýrsla hafi sönnunargildi og þá hvert gildi hennar sé.

VIII. KAFLI
Vitni, mat og skoðun.

49. gr.

1. Öllum er skylt að koma fyrir dóm í opinberu máli á varnarþingi sínu og bera þar vitni. Enn fremur er vitni skylt að koma fyrir dóm utan varnarþings síns hvar sem er á landinu ef nauðsynlegt þykir, enda sé því sem minnstur bagi gerður og því greiddur kostnaður við að rækja vitnaskylduna.

2. Vitni sem kemst ekki fyrir dóm á þingstað vegna sjúkleika eða svipaðra ástæðna má gefa skýrslu annars staðar þar sem þess er kostur.

3. Dómari getur lagt fyrir vitni að hafa með sér sakargögn til sýningar eða framlagningar í dómi eða að athuga bækur sínar, skjöl og aðra muni og gera útdrátt úr tilteknum atriðum í þeim til skýringar málsatvikum.

50. gr.

1. Undan vitnaskyldu geta skorast:

a. maki sakbornings meðan hjúskap þeirra er ekki slitið að lögum,
b. skyldmenni sakbornings að feðgatali og niðja, systkin hans, svo og þeir sem þannig tengjast honum vegna ættleiðingar,
c. stjúpforeldri sakbornings og stjúpbarn,
d. tengdaforeldri sakbornings og tengdabarn.

2. Dómari getur leyst aðra sem nákomnir eru sakborningi undan vitnaskyldu ef honum virðist samband þeirra mjög náið, svo sem ef um er að ræða fósturforeldri eða fósturbarn, sambúðarfólk, unnusta eða unnustu.

51. gr.

Ekki er manni skylt að svara spurningu að viðlagðri vitnaábyrgð, ef ætla má að svar við henni feli í sér játningu eða bendingu um það að hann eða venslamaður hans og aðrir skv. 50. gr. hafi framið refsiverðan verknað eða það gæti orðið þeim til mannorðsspjalla.

52. gr.

Embættis- og sýslunarmönnum er óskylt að koma fyrir dóm til þess að vitna um atvik sem gerst hafa í embætti þeirra eða sýslan og leiða má í ljós með vottorði úr embættisbók eða öðru opinberu skjali.

53. gr.

1. Þeim, sem ber ábyrgð að lögum á efni prentaðs rits eða öðru efni sem birt er opinberlega, er óskylt að skýra frá því fyrir dómi hver sé höfundur að riti, grein, frásögn eða tilkynningu, sem hefur birst án þess að höfundur væri nafngreindur. Þetta á þó ekki við ef vitnisburðar er krafist vegna afbrots, sem ætla má að muni varða þyngri refsingu en fésektum eða varðhaldi, eða vegna brots gegn þagnarskyldu í opinberu starfi, enda sé vitnisburður nauðsynlegur fyrir rannsókn málsins og ríkir hagsmunir í húfi.

2. Heimilt er dómara að undanþiggja vitni að svara spurningum sem varða leyndarmál um kaupsýslu, uppgötvanir eða önnur slík verk hvort sem vitnið á sjálft í hlut eða það hefur komist að vitneskju sinni í þjónustu einstaklings, fyrirtækis eða stofnunar, enda telji dómari hagsmuni þeirra til leyndar ríkari en hagsmuni málsaðila af skýrslutöku.

54. gr.

1. Án leyfis hlutaðeigandi ráðherra skal vitni ekki krafið skýrslu um leynilega samninga ríkisins, ráðagerðir eða ályktanir handhafa ríkisvalds um málefni sem að öðru leyti varða öryggi ríkisins, réttindi eða heill eða skipta mjög miklu máli fyrir viðskipti og fjárhag þjóðarinnar.

2. Embættis- og sýslunarmenn verða ekki krafðir vitnisburðar um það sem þeir hafa fengið vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara, nema hlutaðeigandi ráðherra leyfi eða forseti sameinaðs Alþingis, ef taka skal skýrslu af alþingismanni eða öðrum starfsmanni Alþingis. Dómari getur ákveðið að embættis- eða sýslunarmaður beri vitni þótt synjað hafi verið leyfis samkvæmt framansögðu, ef hann telur hagsmuni aðila máls af vitnisburði að mun ríkari en hina opinberu leyndarhagsmuni.

55. gr.

1. Vitnum þeim, sem hér segir, er óheimilt að svara spurningum án leyfis þess sem í hlut á:

a. verjanda um það sem sakborningur hefur trúað honum fyrir um málsatvik eftir að hann hefur tekið að sér vörn hans eða réttargæslu,

b. prestum, læknum, lyfsölum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, lögfræðingum og endurskoðendum, svo og aðstoðarfólki þeirra, um atriði sem varða einkahagi manna og þeim hefur verið trúað fyrir í starfa sínum, nema um afbrot sé að ræða sem varðar minnst tveggja ára fangelsi. Sama gildir um aðra þá sem fjalla um einkahagi manna og hafa viðlíka trúnaðarskyldu.

2. Nú má telja vitnisburð nauðsynlegan sakborningi til varnar og getur dómari þá ákveðið vitnaleiðslu með úrskurði.

56. gr.

Dómari og aðrir þeir sem yfirheyra vitni skulu leiðbeina þeim sem kvaddir eru til vitnisburðar um þau atriði sem í 49.–55. gr. getur.

57. gr.

Dómari metur það hverju sinni hvort barn hafi náð þeim þroska að það beri slíkt skynbragð á málsatvik að vitnisburður þess um þau skipti máli. Sama hátt hefur dómari á um geðveika menn og þroskahefta.

58. gr.

1. Dómari gefur út kvaðningu til vitnis eftir því sem aðilar krefjast. Ákærandi annast að kvaðning verði birt skv. 1. mgr. 20. gr. fyrir vitni með þeim fyrirvara sem dómari ákveður, nema aðilar telji að vitni muni koma fyrir dóm án birtingar.

2. Ef vitni sinnir ekki að forfallalausu kvaðningu fyrir dóm til að gefa skýrslu getur dómari ákveðið að það megi færa það fyrir dóm með valdi. Einnig getur dómari af sjálfsdáðum úrskurðað vitni til greiðslu fésektar í ríkissjóð ef vitnið hefur verið kvatt fyrir dóm, að viðlagðri refsingu, og ekki sinnt kvaðningu án gildra forfalla.

3. Nú kemur vitni fyrir dóm en neitar að svara spurningu án þess að um undanþágu eða heimildarbrest sé að ræða og gerir dómari því þá sekt með sama hætti.

59. gr.

1. Dómari lætur vitni fyrst gera grein fyrir nafni sínu, kennitölu, stöðu og heimili. Síðan brýnir hann alvarlega fyrir vitninu skyldu þess til að skýra satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli skiptir. Enn fremur skýrir hann fyrir vitninu þá siðferðilegu ábyrgð og refsiábyrgð sem það kann að baka sér með vísvitandi eða gáleysislega röngum framburði.

2. Að svo búnu spyr dómari vitni um sakaratriði. Dómara er rétt að leggja fyrir vitni spurningar sem ákærandi og verjandi óska, en einnig getur hann gefið þeim kost á að spyrja vitni beint. Dómari skal gæta þess að spurningar hans og annarra séu ákveðnar, ekki tvíræðar eða veiðandi, ekki særandi eða móðgandi framar en efni standa til og ekki sýnilega þýðingarlausar.

3. Nú hefur vitni eða aðrir áður gefið skýrslu fyrir lögreglumanni eða fyrir dómi í málinu og kynnir dómari þá slíkar skýrslur og önnur sakargögn ekki fyrir vitni fyrr en honum þykir þess þörf til skýringar eða leiðréttingar skýrslu þess. Utanréttarvottorðum þess sem skylt er að koma fyrir sem vitni má dómari ekki veita viðtöku nema sérstaklega standi á, svo sem þegar ekki er kostur að fá vitni fyrir dóm til að gefa skýrslu.

4. Hvert vitni skal prófa sér og ekki láta önnur vitni hlýða á. Dómari getur þó ákveðið að samprófa vitni við sakborning og aðra ef á greinir.

5. Nú er dómþing háð fyrir opnum dyrum og spurning er svo löguð að svar við henni varðar einkahagi vitnis sjálfs eða annarra og getur dómari þá lagt spurningu skriflega fyrir vitni og leyft því að svara skriflega og bóka svarið, enda eigi vitni kost á að sannfæra sig um rétta bókun án þess að svarið sé lesið upp.

6. Dómari getur ákveðið að sakborningi verði vikið úr þinghaldi meðan skýrsla vitnis er tekin, ef þess er krafist, og dómari telur að nærvera sakbornings geti orðið vitninu sérstaklega til íþyngingar eða geti haft áhrif á framburð þess.

60. gr.

1. Ef dómari telur sérstaka ástæðu til eða aðili krefst þess getur dómari látið vitni staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti.

2. Ef vitni lýsir yfir því að það trúi á guð og að heit samkvæmt því samræmist trúarskoðunum þess skal það lyfta upp hægri hendi sinni og hafa upp eftir dómara þessi orð: Ég sver það og vitna til guðs míns að ég hef sagt það sem ég veit sannast og réttast og ekkert dregið undan.

3. Nú má ekki svo fara sem í 2. mgr. segir og festir vitni þá heit sitt með þeim hætti að það lyftir hægri hendi sinni og hefur upp eftir dómara þessi orð: Ég lýsi því yfir og legg við drengskap minn og heiður að ég hef sagt það sem ég veit sannast og réttast og ekkert dregið undan.

4. Ekki má heitfesta barn undir 15 ára aldri, þann sem er svo vitsmuna vant eða geðbilaður að hann ber ekki skyn á eða er ófær um að meta helgi eða þýðingu heitfestingar og loks ekki þann sem sakaður er eða ætla má að sakaður verði í því máli.

61. gr.

1. Dómari kannar af sjálfsdáðum öll atriði sem varða heimild vitnis eða skyldu til vitnisburðar og önnur atriði sem vitni varða.

2. Dómari úrskurðar ágreining um þau atriði sem í grein þessari segir. Yfirlýsing vitnis fyrir dómara um að úrskurður verði kærður til æðra dóms frestar framkvæmd úrskurðar.

62. gr.

Vitni skal greiða eftir kröfu þess og samkvæmt ákvörðun dómara útlagðan kostnað vegna rækslu vitnaskyldu og þóknun fyrir atvinnumissi, sem telja má vitni skipta nokkru máli, miðað við efnahag þess og aðstæður.

63. gr.

1. Dómari getur eftir ósk aðila eða af sjálfsdáðum dómkvatt kunnáttumenn, einn eða fleiri, til að framkvæma mats- eða skoðunargerðir í opinberu máli.

2. Ef maður hefur opinbera skipun eða löggildingu til að framkvæma mats- eða skoðunargerðir getur dómari eða aðili snúið sér beint til hans, ef honum er skylt að framkvæma gerðina eða er fús til þess.

64. gr.

1. Dómari gefur ákæranda og sakborningi eða verjanda hans kost á að vera viðstaddir þegar dómkvaðning skal fara fram. Dómari gefur þeim færi á að benda á ákveðna menn til dómkvaðningar en er ekki bundinn við tilnefningu þeirra.

2. Í kvaðningu skal skýrt greina hvað meta eða skoða skuli. Þar skal og taka fram að hinir dómkvöddu skuli vinna verk sitt af bestu vitund og semja um það skriflega skýrslu sem þeir megi vera viðbúnir að staðfesta fyrir dómi.

65. gr.

1. Það er borgaraleg skylda hverjum þeim sem skyldur er að bera vitni í máli að taka kvaðningu sem mats- eða skoðunarmaður í því máli.

2. Þann má ekki kveðja til mats eða skoðunar sem mundi vera vanhæfur sem dómari í því máli eða sem valdið gæti vanhæfi dómara, ef úrskurða þyrfti um vitnisburð hans fyrir dómi.

3. Að öðru leyti en að framan greinir skal um mats- og skoðunargerðir farið eftir fyrirmælum laga um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við getur átt.

IX. KAFLI
Rannsókn.

66. gr.

1. Rannsókn opinberra mála er í höndum lögreglu nema öðru vísi sé mælt fyrir í lögum. Skal kærum um refsiverð brot og beiðnum um rannsókn beint til lögreglu eða ríkissaksóknara. Um verkaskiptingu Rannsóknarlögreglu ríkisins og lögreglu í einstökum umdæmum fer eftir fyrirmælum laga þar um og reglum settum samkvæmt þeim.

2. Lögregla skal hvenær sem þess er þörf hefja rannsókn út af vitneskju eða grun um að refsivert brot hafi verið framið hvort sem henni hefur borist kæra eða ekki. Ríkissaksóknari getur gefið fyrirmæli í þeim efnum.

3. Rannsókn skal fara fram, svo sem tíðkast hefur út af mannslátum, mannshvörfum, eldsvoðum, slysum og öðrum óförum, enda þótt ekki liggi fyrir sérstakur grunur um refsivert atferli. Einnig skulu haldast sérreglur annarra laga um opinbera rannsókn.

67. gr.

Markmið rannsóknar er að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé fært að ákveða að henni lokinni hvort sækja skuli mann til sakar, svo og að afla gagna til undirbúnings málsmeðferðar.

68. gr.

Rannsaka skal og afla allra tiltækra gagna um verknað þann, sem um er að ræða, svo sem stað og stund og öll nánari atvik, sem ætla má að skipt geti máli, leita þess sem grunaður er um brot, finna sjónarvotta og aðra sem ætla má að borið geti vitni, svo og að hafa upp á sýnilegum sönnunargögnum og munum sem hald skal leggja á skv. X. kafla. Þá skal rannsaka vettvang ef við á og yfirleitt öll ummerki sem kunna að vera eftir brot.

69. gr.

1. Sá sem fer með rannsókn (rannsóknari) tekur skýrslur af sakborningi og vitnum.

2. Ekki má prófa mann lengur en sex klukkustundir í einu, enda fái hann að öðru leyti nægilegan svefn og hvíld. Bókað skal hverju sinni hvenær prófun hefst og hvenær henni lýkur.

3. Spyrja skal hvern mann án nærveru annarra sakaðra eða vitna uns ástæða kann að vera til samprófunar.

4. Nú skal yfirheyra sakaðan mann yngri en 16 ára og skal þá tilkynna það barnaverndarnefnd sem getur sent fulltrúa sinn til að vera við yfirheyrsluna.

5. Nú skilur sá sem skýrslu gefur ekki íslensku og skal þá gætt ákvæða 13. gr., eftir því sem við á.

70. gr.

1. Rannsóknari leitar til kunnáttumanna þegar þörf er á sérfræðilegri rannsókn, svo sem blóðrannsókn og annarri læknisskoðun, efnafræðilegri rannsókn, letur- og skriftarrannsókn, bókhaldsrannsókn o.s.frv.

2. Líkskoðun skal fram fara þegar rannsóknari telur það nauðsynlegt. Einnig skal láta kryfja lík, ef nauðsyn þykir, og skal leita úrskurðar dómara um krufningu nema nánasti venslamaður eða nánustu venslamenn hins látna leyfi.

71. gr.

1. Rannsökuð skulu þau atriði sem varða sakborning sjálfan, svo sem:

a. aldur hans og skal, ef kostur er, sanna hann með fæðingarvottorði,
b. persónulegar aðstæður hans, svo sem fjölskyldu- og heimilishagi, menntun, störf, efnahag o.s.frv.; skal einkum vanda rannsókn þessara atriða þegar ætla má að brot það, sem um er að ræða, varði fangelsi,
c. hegðun hans og fyrri brot; um þessi atriði skal afla sakavottorðs og annarra gagna, svo sem endurrita fyrri dóma ef ástæða er til,
d. þroska og heilbrigðisástand, andlegt og líkamlegt. Um þessi atriði skal afla vottorða læknis og sálfræðings ef ástæða er til. Ef vafi leikur á hvort ákvæði 15. eða 16. gr. almennra hegningarlaga eigi við um hagi sakbornings er rétt að láta hann sæta sérstakri geðrannsókn til þess að leidd verði í ljós atriði sem geri dómara fært að meta sakhæfi hans. Til þess þarf úrskurð dómara nema fyrir liggi ótvírætt samþykki sakbornings.

2. Rannsaka skal hugarfar sakbornings og afstöðu til brots (ásetning, gáleysi), hvatir hans til brots og tilgang og ef um tilraun er að ræða hvort hann hefur horfið sjálfkrafa frá henni. Ef fleiri en einn eru um brot skal eftir föngum rannsaka þátt hvors eða hvers um sig.

72. gr.

1. Rannsóknari semur skriflegar skýrslur um rannsóknaraðgerðir sínar og skulu skráðar þar skýrslur þeirra sem yfirheyrðir eru, athuganir rannsóknara sjálfs og annað það sem máli skiptir. Ef sérstaklega stendur á, svo sem við yfirheyrslu barns, er rannsóknara þó heimilt að hljóðrita skýrslu vitnis eða taka skýrslugjöf upp á myndband.

2. Við yfirheyrslu og aðrar rannsóknaraðgerðir skal rannsóknari hafa einn greinargóðan og trúverðugan vott, sé þess kostur.

73. gr.

1. Skylt er mönnum, ef þeir eru kvaddir til þess og þeir mega án hættu fyrir líf og heilsu sína, vandamanna sinna eða annarra, sem þeir eiga að annast, og án tilfinnanlegs atvinnutjóns, að veita rannsóknara lið í þarfir opinberrar rannsóknar. Svo er manni og undir sama skilorði skylt að láta í té muni sem hann ræður yfir í þarfir opinberrar rannsóknar, svo sem hús

og flutningatæki. Greiða skal fyrir verk og annað sem látið er í té samkvæmt þessari grein og fer um það sem annan sakarkostnað.

2. Undanþegnir skyldunni eru nánustu vandamenn sakbornings sem greindir eru í 50. gr.

74. gr.

1. Ef þörf þykir á aðgerðum, sem að lögum þarf til atbeina dómara, meðan á rannsókn stendur, getur sá sem stýrir rannsókn (lögreglustjóri, forstöðumaður rannsóknardeildar), svo og ríkissaksóknari, snúið sér til dómara með beiðni um slíkar aðgerðir. Sama á við um aðrar aðgerðir sem nauðsynlegar eru vegna máls, þar á meðal yfirheyrslur sakbornings eða vitnis þegar þeir sem yfirheyrðir eru neita að svara spurningum fyrir rannsóknara eða ef ætla má að ekki náist til vitnis þegar að málsmeðferð fyrir dómi kemur eða æskilegt þykir að taka skýrslu af vitni þegar í stað, svo sem ef um börn er að ræða.

2. Beiðni skal vera skrifleg eða borin upp munnlega á dómþingi. Beiðni fylgi nauðsynleg gögn og getur dómari krafið beiðanda um þau gögn eða þær aðgerðir sem hann telur nauðsynlegar, áður en hann tekur beiðni til úrlausnar.

3. Ef dómari telur ekki efni til að taka beiðni til greina getur sá sem hana hefur gert krafist úrskurðar um synjunina.

4. Nú fer dómsaðgerð fram og sendir dómari þeim sem hennar hefur beiðst endurrit af henni svo fljótt sem kostur er.

75. gr.

Bera má undir dómara ágreining um lögmæti rannsóknarathafna lögreglu eða ákæranda, svo og ágreining um réttindi sakbornings og málsvara hans, þar á meðal um ósk þeirra um tilteknar rannsóknaraðgerðir. Úrlausn dómara skal vera í úrskurðarformi ef þess er krafist.

76. gr.

1. Lögregla vísar frá kæru um brot ef ekki þykja efni til að byrja rannsókn út af henni. Hafi rannsókn byrjað getur lögregla einnig hætt henni ef ekki þykir grundvöllur til að halda henni áfram eða ef í ljós kemur að kæra var ekki á rökum reist.

2. Nú er kæru vísað frá eða rannsókn hætt skv. 1. mgr. og er lögreglu þá skylt að tilkynna það kæranda hafi hann hagsmuna að gæta. Skal kæranda bent á að hann geti borið synjun um rannsókn undir ríkissaksóknara sem tekur fullnaðarákvörðun um hvort rannsókn skuli fara fram eða ekki.

3. Nú hefur rannsókn á hendur sökuðum manni verið hætt vegna þess að sakargögn hafa ekki þótt nægileg til ákæru og á þá ekki að taka rannsókn upp á ný gegn þeim manni nema ný sakargögn séu fram komin eða líklegt að þau komi fram.

4. Nú hefur rannsókn gegn sökuðum manni verið hætt og á hann þá rétt á vottorði rannsóknara eða ákæranda um það.

77. gr.

1. Nú telur rannsóknari rannsókn lokið og gögn komin fram sem geti leitt til saksóknar og sendir hann ríkissaksóknara þá rannsóknargögnin, nema hann megi sjálfur höfða mál skv. 28. gr. Með rannsóknargögnum sendir rannsóknari að jafnaði greinargerð um rannsóknina þar sem kemur fram samandregin lýsing á atriðum sem hann telur ákæru geta beinst að.

2. Ríkissaksóknari getur mælt fyrir um frekari rannsóknaraðgerðir ef hann telur þess þörf.

X. KAFLI
Hald á munum o. fl.

78. gr.

1. Leggja skal hald á muni ef ætla má að þeir hafi sönnunargildi í opinberu máli, ef þeirra hefur verið aflað á refsiverðan hátt eða ef ætla má að þeir kunni að verða gerðir upptækir. Til muna teljast skjöl.

2. Hverjum, sem löglega handtekur sakaðan mann, rannsakar vettvang, gerir leit í húsum eða annars staðar eða leit á mönnum, er rétt að leggja hald á muni sem þá finnast og telja má til sakargagna.

79. gr.

Nú vill vörsluhafi munar, sem hald er lagt á, ekki hlíta þeirri ákvörðun, og skal honum þá bent á að hann geti borið ágreiningsefnið undir dómara. Slík krafa frestar þó ekki haldlagningunni.

80. gr.

1. Hald má leggja á bréf, símskeyti og aðrar sendingar, sem eru í vörslum Pósts og síma, enda sé það gert vegna rannsóknar út af broti sem varðað getur þyngri refsingu en sektum. Hafi sendandi og viðtakandi ekki verið staddir við haldlagningu skal hún tilkynnt þeim svo fljótt sem verða má, þó þannig að það skaði ekki frekari rannsókn málsins. Rannsókn á efni og innihaldi slíkra sendinga má einungis fara fram samkvæmt úrskurði dómara.

2. Hald verður ekki án undangengins dómsúrskurðar lagt á prentað mál til undirbúnings upptöku samkvæmt ákvæðum laga um prentrétt.

81. gr.

Skrá skal þá muni sem hald er lagt á og varðveita þá með tryggilegum hætti. Eftir kröfu þess sem lætur muni af hendi skal láta honum í té afrit af skránni eða annars konar fullnægjandi kvittun.

82. gr.

Aflétta skal haldi þegar þess er ekki lengur þörf og í síðasta lagi þegar máli er endanlega lokið, nema um sé að ræða:

a. muni sem gerðir hafa verið upptækir með dómi,
b. muni sem aflað hefur verið með refsiverðum hætti og afhentir hafa verið þeim sem tilkall eiga til þeirra,
c. gögn sem lögð hafa verið fram í dómi, nema sá sem afhendingar krefst þurfi á gagni að halda til að ná rétti sínum eða afstýra réttindamissi.

83. gr.

Í þarfir rannsóknar má loka herbergjum eða húsum, afgirða ákveðin svæði eða varna mönnum för um þau, gefa út bann við að fara með muni af ákveðnum stað eða svæði o.s.frv.

84. gr.

Fari maður með starfa og brýtur öryggisreglur sem hafa verið settar um hann skal rannsóknari til bráðabirgða varna honum að rækja starfann, m.a. með því að taka af honum atvinnuskírteini, stöðva farartæki hans, loka starfshýsi hans eða með öðrum viðeigandi hætti, ef það er nauðsynlegt til að afstýra hættu eða ef brot er stórfellt.

85. gr.

1. Til tryggingar greiðslu sektar, skaðabóta, sakarkostnaðar og upptöku getur ákærandi krafist kyrrsetningar á eignum sakbornings ef hætta þykir á að þeim verði ella skotið undan eða þær glatist eða rýrni að mun.

2. Um framkvæmd og þýðingu kyrrsetningar samkvæmt grein þessari fer sem um kyrrsetningu fjármuna almennt, með þeim undantekningum að tryggingu þarf ekki að setja, mál þarf ekki að höfða til staðfestingar kyrrsetningu, stimpilgjald og þinglýsingar skal ekki greiða fyrir ráðstafanirnar og um ábyrgð á kyrrsetningu fer eftir almennum skaðabótareglum.

3. Kyrrsetning fellur niður ef ákærði hefur verið sýknaður með endanlegum dómi af greiðslu sektar, skaðabóta og sakarkostnaðar eða upptaka eigna hefur ekki verið dæmd. Sama á við ef saksókn hefur verið felld niður eða rannsókn leiðir ekki til saksóknar. Sakborningur á þá heimtingu á að honum verði að kostnaðarlausu fengin umráð yfir hinum kyrrsettu verðmætum og felldar verði úr gildi þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til verndar kyrrsetningunni. Kyrrsetning fellur á sama hátt niður ef sakborningur innir af hendi þær greiðslur sem kyrrsetning á að tryggja.

86. gr.

Með þeim skilyrðum sem greind eru í 87. gr. er heimilt í þágu rannsóknar:

a. að leggja fyrir yfirvöld að leyfa að hlustað sé á eða tekin séu upp símtöl við tiltekinn síma eða tekin séu upp önnur fjarskipti við tiltekið fjarskiptatæki,
b. að fá upplýsingar hjá yfirvöldum um símtöl við tiltekinn síma eða fjarskipti við tiltekið fjarskiptatæki,
c. að taka upp samtöl eða nema annars konar hljóð eða merki með því að nota til þess sérstaka hljóðupptökutækni eða sambærilega tækni án þess að þeir sem í hlut eiga viti af því,
d. að taka myndir, hvort sem er ljósmyndir eða kvikmyndir, án þess að þeir sem myndaðir eru viti af því.

87. gr.

1. Til aðgerða sem taldar eru upp í 86. gr. þarf úrskurð dómara nema umráðamaður og eiginlegur notandi síma eða fjarskiptatækis samþykki þær. Í úrskurði skal m.a. taka fram hvaða tiltekinn síma eða fjarskiptatæki sé um að ræða, sbr. a- og b-lið, hvar og með hverjum hætti samtöl, hljóð eða merki skulu numin eða myndir teknar, sbr. c- og d-lið. Í úrskurði skal setja aðgerð ákveðin tímamörk.

2. Eftirfarandi skilyrði verða að vera fyrir hendi svo gripið verði til aðgerða skv. 86. gr.:

a. að ástæða sé til að ætla að upplýsingar, sem skipt geta miklu fyrir rannsókn máls, fáist með þessum hætti,
b. að rannsókn beinist að broti sem varðað getur að lögum átta ára fangelsi eða ríkir almannahagsmunir eða einkahagsmunir krefjist þess.

3. Heimilt er að taka upp hljóð og taka myndir í þágu rannsóknar á almannafæri eða á stöðum sem almenningur á aðgang að án þess að skilyrðum 1. og 2. mgr. sé fullnægt.

88. gr.

1. Upptökur af símtölum, hljóðupptökur, myndir eða annað sem aflað er á grundvelli 86. gr., skal eyðileggja jafn skjótt og þeirra er ekki lengur þörf í þágu máls, enda hafi þau gögn ekki verið lögð fram í dómi.

2. Þegar aðgerð skv. 86. gr. er lokið skal þeim sem aðgerð beinist að, þar á meðal sakborningi og eiganda eða umráðamanni síma eða fjarskiptatækis, birtur úrskurður um hana eða tilkynnt hún og skal það gert svo fljótt sem verða má, þó þannig að það skaði ekki frekari rannsókn málsins.

XI. KAFLI
Leit.

89. gr.

1. Heimilt er að leita í húsum sakbornings, geymslustöðum, hirslum, skipum og öðrum farartækjum í því skyni að handtaka hann, rannsaka ummerki brots eða hafa uppi á munum eða gögnum sem hald skal leggja á.

2. Leita má hjá öðrum mönnum en sökuðum þegar brot hefur verið framið þar eða sakaður maður handtekinn. Einnig ef gildar ástæður eru til að ætla að sakborningur haldi sig þar eða þar sé að finna muni eða gögn sem hald skal leggja á.

90. gr.

1. Leit skv. 89. gr. skal ákveðin með úrskurði dómara nema sá sem í hlut á samþykki hana.

2. Rannsóknari má þó leita án dómsúrskurðar ef brýn hætta er á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum. Leita má án úrskurðar að manni sem handtaka skal, ef honum er veitt eftirför eða hætta er á að hann komi sér undan ef beðið er dómsúrskurðar.

91. gr.

Í húsakynnum, sem eru opin almenningi og í húsum þar sem lausungarlýður og brotamenn venja komur sínar, má leita, ef þörf þykir, þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 89. og 90. gr.

92. gr.

1. Leita má á sakborningi ef nauðsynlegt þykir til að taka af honum gögn eða muni sem hald skal leggja á. Leiki grunur á að maður feli innvortis muni eða efni sem hald skal leggja á, er heimilt að framkvæma leit, að fengnu áliti læknis. Þá má taka blóð- og þvagsýni úr sakborningi og framkvæma á honum aðra þá líkamsrannsókn í þágu rannsóknar sem gerð verður á honum að meinalausu. Enn fremur má taka af honum fingraför og myndir í þágu rannsóknar.

2. Leita má á öðrum en sakborningi ef ástæða er til að ætla að hann hafi á sér gögn eða muni sem hald skal leggja á.

93. gr.

1. Leit og líkamsrannsókn skv. 92. gr. skal ákveðin í úrskurði dómara, nema sá sem í hlut á samþykki hana.

2. Rannsóknara er þó rétt að leita án dómsúrskurðar ef brýn hætta er á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum.

94. gr.

1. Lögreglumenn stjórna leit samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

2. Húsráðanda eða umráðamanni staðar, þar sem leit fer fram, skal kynnt heimild til húsleitar og veittur kostur á að vera viðstaddur húsleit, ef unnt er, en ef hann er fjarri skulu heimilismenn til kvaddir. Þeim má víkja brott af leitarstað, trufli þeir eða hindri leitina.

3. Við leit skal gæta þeirrar varfærni og hlífðar sem samræmist markmiði hennar. Ekki skal gera húsleit að næturþeli nema mjög brýn nauðsyn sé á og sakarefni stórfellt. Leit innan klæða skal gerð af manni sem er sama kyns og sá sem leitað er á.

4. Leit innvortis, taka blóðsýnis og aðrar samsvarandi aðgerðir skulu framkvæmdar af lækni eða hjúkrunarfræðingi.

95. gr.

Sá sem stýrir leit skal skrá skýrslu um hana og komi þar fram hvernig leit fór fram og samkvæmt hvaða heimild, hverjir voru viðstaddir og hvern árangur leitin bar.

96. gr.

Haldast skulu sérákvæði í lögum um húsleit og líkamsleit, svo og um líkamsrannsóknir.

XII. KAFLI
Handtaka.

97. gr.

1. Lögreglumönnum er rétt að handtaka mann ef rökstuddur grunur er á að hann hafi framið brot sem sætt getur ákæru, enda sé handtaka nauðsynleg til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot, tryggja návist hans og öryggi eða koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum.

2. Sams konar heimild hefur hver sá sem stendur mann að broti sem sætt getur ákæru og varðað getur refsivist. Afhenda skal hinn handtekna lögreglunni tafarlaust ásamt upplýsingum um ástæðu handtökunnar og hvenær hún fór fram.

3. Ef uppþot verður sem hefur í för með sér líkamsmeiðingar eða stórfelld eignaspjöll eða hættu á slíku, svo og þegar margir menn hafa tekið þátt í óeirðum, sem leitt hafa til manntjóns eða meiri háttar líkamsmeiðinga, og ekki verður með vissu bent á hinn seka eða hina seku, er lögreglunni heimilt að handtaka hvern þann sem nærstaddur er og ástæða er til að gruna um refsiverða þátttöku í brotinu.

98. gr.

Lögreglumönnum er enn fremur rétt að handtaka mann:

a. ef hann á að afplána refsingu,
b. ef hann hefur leyfislaust vikið úr refsivist eða gæslu eða rofið bann við för af ákveðnu svæði,
c. ef rökstuddur grunur leikur á að hann hafi rofið í verulegum atriðum skilyrði sem honum hafa verið sett í skilorðsbundnum dómi, reynslulausn eða náðun,
d. ef hann hefur ekki að forfallalausu sinnt fyrirkalli skv. 120. gr. eða gegnt kvaðningu til að gefa skýrslu í opinberu máli,
e. ef hann ærist á almannafæri eða veldur þar hneyksli eða hættu á óspektum,
f. ef hann hefur hér ekki landvistarleyfi.

99. gr.

1. Eftir ósk ríkissaksóknara eða lögreglu getur dómari ákveðið handtöku. Slík handtökuskipun skal vera skrifleg og tilgreina deili á þeim sem handtaka skal og ástæður handtöku.

2. Handtökuskipun dómara má birta opinberlega og skora á hvern sem er að framkvæma hana, ef svo stendur á sem í a-lið 98. gr. segir, eða ef ókunnugt er um dvalarstað þess, sem handtaka skal, og brot getur varðað refsivist.

100. gr.

Alþingsmann má ekki taka fastan samkvæmt fyrirmælum 97. gr. meðan Alþingi stendur nema hann sé staðinn að glæp.

101 gr.

1. Við handtöku skal þess gætt að baka hinum handtekna ekki óþægindi framar en nauðsyn ber til.

2. Leita má á handteknum manni og taka til varðveislu muni sem hann hefur á sér. Skila skal þeim aftur þegar handtöku lýkur, nema hald á munum sé ákveðið samkvæmt reglum X. kafla.

3. Þess ber að gæta eftir föngum að maður, sem handtekinn hefur verið, geti ekki unnið tjón á sjálfum sér eða öðrum.

102. gr.

Mann sem tekinn er fastur skal leiða fyrir dóm án undandráttar, enda sé hann ekki látinn laus eða færður aftur í gæslu eða refsivist sem hann á að sæta.

XIII. KAFLI
Gæsluvarðhald og skyldar ráðstafanir.

103. gr.

1. Sakborningur verður því aðeins úrskurðaður í gæsluvarðhald að fram sé kominn rökstuddur grunur um að hann hafi framið verknað sem fangelsisrefsing er lögð við, enda hafi hann náð 15 ára aldri. Auk þess verður að vera fyrir hendi eitthvert eftirtalinna skilyrða:

a. að ætla megi að sakborningur muni torvelda rannsókn málsins, svo sem með því að afmá merki eftir brot, skjóta undan munum eða hafa áhrif á vitni eða samseka,
b. að ætla megi að hann muni reyna að komast úr landi eða leynast eða koma sér með öðrum hætti undan málsókn eða fullnustu refsingar,
c. að ætla megi að hann muni halda áfram brotum meðan máli hans er ekki lokið,
d. að telja megi gæsluvarðhald nauðsynlegt til að verja aðra fyrir árásum sakbornings eða hann sjálfan fyrir árásum eða áhrifum annarra manna.

2. Einnig má úrskurða mann í gæsluvarðhald þótt skilyrði skv. a–d-liðum 1. mgr. sé ekki fyrir hendi, ef sterkur grunur er um að hann hafi framið afbrot sem að lögum getur varðað 10 ára fangelsi, enda sé brotið þess eðlis að ætla megi varðhald nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna.

104. gr.

Alþingismann má ekki úrskurða í gæsluvarðhald meðan Alþingi er háð eða meðan á fundafrestun stendur, enda hafi hún ekki verið ákveðin í senn lengur en 14 daga. Þetta gildir þó ekki ef hann hefur verið staðinn að glæp.

105. gr.

1. Þegar maður kemur fyrir dóm og krafa er gerð um að hann verði settur í gæsluvarðhald, kynnir dómari honum kröfuna og ber undir hann sakarefnið. Sakborningi eða verjanda hans skal gefinn kostur á að tjá sig um kröfuna í stuttu máli. Dómari skal að jafnaði leggja úrskurð á kröfuna í sama þinghaldi, en heimilt er þó að fresta uppkvaðningu úrskurðar í allt að sólarhring frá þeim tíma sem sakborningur kom fyrir dóm.

2. Gæsluvarðhaldi skal markaður ákveðinn tími. Sá sem krafist hefur gæsluvarðhalds skal láta sakborning lausan þegar ástæður til gæslu eru ekki lengur fyrir hendi. Gæsluvarðhald verður ekki framlengt nema til komi nýr dómsúrskurður.

106. gr.

Gæsluvarðhaldi lýkur þegar dómur hefur verið kveðinn upp í málinu. Eftir kröfu ákæranda getur dómari þó úrskurðað að gæsluvarðhald skuli haldast meðan á fresti skv. 1. mgr. 153. gr. stendur, svo og meðan mál er til meðferðar fyrir æðra dómi, ef því er að skipta.

107. gr.

Ef sakborningur er ekki viðstaddur þegar gæsluvarðhaldsúrskurður er kveðinn upp skal birta hann með venjulegum hætti samkvæmt reglum 20. gr. Ef krafist er skal láta í té endurrit af úrskurði ekki síðar en sólarhring þar frá.

108. gr.

1. Gæsluvarðhaldsfangar skulu sæta þeirri meðferð sem nauðsynleg er til þess að gæslan komi að gagni og góð regla haldist í gæslunni, en varast skal að beita þá hörku eða harðýðgi. Um gæsluna gilda annars þessar reglur:

a. gæsluföngum er heimilt að útvega sér sjálfir og taka við fæði og öðrum persónulegum nauðsynjum, þar á meðal fatnaði,
b. gæslufangar skulu því aðeins látnir vera í einrúmi að rannsóknarnauðsynjar krefji, en þó skulu þeir ekki gegn vilja sínum hafðir með öðrum föngum,
c. gæslufangar eiga rétt á heimsóknum; þó getur sá sem rannsókn stýrir bannað heimsóknir ef nauðsyn ber til í þágu rannsóknar; rétt er þó að verða við óskum gæslufanga um að hafa samband við lækni eða prest, ef þess er kostur; um rétt verjanda til viðtals við gæslufanga fer eftir 42. gr.,
d. gæslufangar mega senda og taka við bréfum og öðrum skjölum; þó getur sá sem rannsókn stýrir látið athuga efni bréfa eða annarra skjala og kyrrsett þau ef nauðsyn ber til í þágu rannsóknar; gera skal sendanda viðvart um kyrrsetningu, ef því er að skipta,
e. gæslufangar mega lesa dagblöð og bækur, svo og fylgjast með útvarpi; þó getur sá sem rannsókn stýrir takmarkað aðgang gæslufanga að fjölmiðlum ef nauðsyn ber til í þágu rannsóknar,
f. gæsluföngum er, eftir því sem unnt er, heimilt að útvega sér vinnu meðan á gæsluvarðhaldi stendur.

2. Dómsmálaráðherra skal setja nánari reglur um tilhögun gæsluvarðhaldsvistar í reglugerð, þar á meðal um nánari framkvæmd þeirra atriða sem í 1. mgr. getur.

109. gr.

1. Nú kemur til greina að setja mann í gæsluvarðhald samkvæmt heimild í b-lið 1. mgr. 103. gr. og getur dómari þá, ef hann telur það nægilegt, ákveðið að sakborningur haldi frelsi sínu gegn því að hann setji tryggingu. Dómari ákveður fjárhæð tryggingar. Hún skal sett í reiðufé, en dómari getur þó tekið gild verðbréf, ábyrgð innlánsstofnunar eða sjálfskuldarábyrgð annarra manna. Yfirlýsingu um tryggingu eða ábyrgð skal skrá í þingbók, sem hlutaðeigendur undirrita, eða gefa út sérstakar skriflegar yfirlýsingar. Dómari sér um vörslur verðmæta, sem sett eru að tryggingu, og gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar tryggingunni.

2. Tryggingarfé skal vera fyrirgert til ríkissjóðs ef sakborningur rýfur skilyrði þau sem tryggingin er sett fyrir. Skal það koma greinilega fram í bókun eða yfirlýsingu um trygginguna.

3. Trygging eða ábyrgð fellur niður ef sakborningur heldur þá skilmála sem trygging er sett fyrir. Sama á við ef sakborningur verður allt að einu settur í gæsluvarðhald, hann andast, rannsókn lýkur án málshöfðunar og þegar málinu er endanlega lokið.

110. gr.

Í stað gæsluvarðhalds, svo og endranær ef nauðsyn ber til, getur dómari, hvort sem trygging er sett eða ekki, lagt fyrir sakborning að halda sig á ákveðnu svæði (sveitarfélagi, umdæmi o.s.frv.), bannað honum brottför af landinu eða mælt fyrir um vistun hans á sjúkrahúsi eða viðeigandi stofnun.

XIV. KAFLI
Saksókn og undirbúningur málsmeðferðar.

111. gr.

Sérhver refsiverður verknaður skal sæta ákæru, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum.

112. gr.

Þegar ákærandi hefur fengið gögn máls í hendur og gengið úr skugga um að rannsókn sé lokið athugar hann hvort sækja skuli mann til sakar eða ekki. Ef hann telur það sem fram er komið ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis lætur hann við svo búið standa, en ella leggur hann málið fyrir dóm skv. 116. gr.

113. gr.

1. Falla má frá saksókn þegar beita má ákvæðum almennra hegningarlaga um frestun ákæru. Enn fremur fellur málsókn niður ef sakborningur gengst undir viðurlög skv. 115. gr., nema svo standi á sem þar segir í 6. mgr.

2. Einnig má falla frá saksókn þegar svo stendur á sem hér segir:

a. ef brot er mjög smávægilegt,
b. ef sakborningur virðist vera ósakhæfur og ekki er nauðsynlegt að gera kröfu um að hann verði beittur öryggisráðstöfunum samkvæmt fyrirmælum almennra hegningarlaga,
c. ef brot hefur valdið sakborningi sjálfum óvenjulegum þjáningum og málsókn þykir ekki brýn af almennum refsivörsluástæðum,
d. ef sækja á mann til sakar í einu máli út af fleiri brotum er heimilt að falla frá saksókn út af brotum sem ætla má að skipti engu eða óverulegu máli við ákvörðun viðurlaga; enn fremur má falla frá saksókn ef svo stendur á sem í 78. gr. almennra hegningarlaga segir og ætla verður að ekki yrði um frekari refsingu að ræða þótt sakfellt yrði,
e. ef nauðung eða fjárkúgun hefur verið framin með hótun um kæru fyrir refsivert athæfi er heimilt að falla frá saksókn fyrir það brot ef það er ekki því stórfelldara,
f. ef sérstaklega stendur á og telja verður að almannahagsmunir krefjist ekki málshöfðunar.

3. Ef ríkissaksóknari telur ástæðu til að falla frá saksókn, en telur vafa leika á heimild sinni til þess getur hann óskað eftir að dómsmálaráðherra geri tillögu til forseta Íslands um niðurfall saksóknar samkvæmt ákvæðum 29. gr. stjórnarskrár.

4. Í málum þar sem lögreglustjóri fer með ákæruvald skal hann, ef hann telur að til greina komi að falla frá saksókn samkvæmt fyrirmælum b–f-liða 2. mgr., senda ríkissaksóknara málið með tillögum sínum.

114. gr.

Nú fellur mál niður skv. 112. gr. eða fallið er frá saksókn skv. 113. gr. og skal þá ákærandi tilkynna það sakborningi og ef því er að skipta þeim sem misgert hefur verið við. Í tilkynningu skal tiltekið við hverja lagaheimild sú ákvörðun styðjist.

115. gr.

1. Nú stendur lögreglumaður vegfaranda að broti gegn umferðarlögum eða lögreglusamþykkt og hann telur að refsing muni ekki fara fram úr sekt að tiltekinni fjárhæð, sem dómsmálaráðherra ákveður í reglugerð eftir tillögu ríkissaksóknara. Getur lögreglumaður þá gefið sakborningi kost á að greiða hæfilega sekt sem greiðist þegar í stað eða innan tiltekins tíma. Ef sekt er greidd innan tiltekins tíma fellur málsókn niður, en greiðist sekt ekki fellur ákvörðun lögreglumanns úr gildi og fer þá ákvörðun um saksókn eftir almennum reglum.

2. Nú berst lögreglustjóra kæra um brot, sem hann hefur ákæruvald um skv. 28. gr., og hann telur viðurlög við brotinu ekki fara fram úr sviptingu ökuleyfis allt að einu ári, upptöku

eigna eða sekt að tiltekinni fjárhæð, sem dómsmálaráðherra ákveður í reglugerð eftir tillögu ríkissaksóknara. Getur lögreglustjóri þá bréflega, innan mánaðar frá því honum barst kæran, gefið sakborningi kost á að ljúka málinu með því að gangast undir hæfileg viðurlög með undirskrift sinni. Gangist sakborningur undir ákvörðun viðurlaga hafa þau málalok sama gildi um ítrekunaráhrif og dómur, ef því er að skipta. Synji sakborningur þessum málalokum eða sinni þeim ekki skal tekin ákvörðun um saksókn eftir almennum reglum.

3. Nú hefur sakborningur gengist skriflega undir ákvörðun sektar skv. 2. mgr. en ekki greitt hana, og getur þá lögreglustjóri, ef hann svo kýs, krafist fullnustu hennar með aðför fremur en að ákveða saksókn vegna brotsins. Um aðförina fer þá eftir fyrirmælum aðfararlaga um aðför eftir sátt sem komist hefur á fyrir yfirvaldi.

4. Ríkissaksóknari lætur lögreglustjórum í té skrá yfir brot, sem heimild skv. 1. og 2. mgr. nær til, ásamt leiðbeiningum um sektarfjárhæð og önnur viðurlög fyrir hverja tegund brots. Ríkissaksóknari á rétt á að fá skýrslur um málalok skv. 2. mgr. eftir þeim reglum sem hann ákveður.

5. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um bókhald og meðferð mála samkvæmt þessari grein.

6. Nú telur ríkissaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir viðurlög samkvæmt þessari grein eða að málalok hafi verið fjarstæð að öðru leyti og getur hann þá innan mánaðar frá því að honum barst vitneskja um þau fellt gerðina úr gildi, enda sé þá ekki liðið ár frá málalokum.

116. gr.

1. Ákærandi höfðar opinbert mál með útgáfu ákæru. Í henni skal greina:

a. þann dómstól sem málið er höfðað fyrir,
b. nafn ákærða, heimilsfang og kennitölu eða fæðingardag,
c. hvert brotið sé, sem ákært er út af, hvar og hvenær það er talið framið, heiti þess að lögum og önnur skilgreining og loks heimfærslu þess til laga og stjórnvaldsfyrirmæla, ef því er að skipta,
d. kröfur um refsingu og önnur viðurlög, svo sem sviptingu réttinda og upptöku eigna, þó ekki kröfu um greiðslu sakarkostnaðar.

2. Í ákæru skal einnig tilgreina ótvírætt kröfur borgararéttarlegs eðlis skv. XX. kafla laga þessara, sbr. þó 171. gr.

117. gr.

1. Hvorki má dæma ákærða fyrir aðra hegðun en þá sem í ákæru greinir né heldur dæma aðrar kröfur á hendur honum. Rétt er þó að dæma áfall á hendur ákærða þótt aukaatriði brots, svo sem staður og stund þess, séu ekki skýrt eða rétt greind, enda telji dómari að vörn hafi ekki verið áfátt þess vegna. Dómari getur gefið ákæranda og ákærða eða verjanda færi á að tjá sig um sakaratriði að þessu leyti, ef þurfa þykir. Dómara er og rétt með sömu skilyrðum að dæma eftir öðrum refsiákvæðum en í ákæru segir, þó aldrei aðrar kröfur en þar greinir.

2. Að öðru leyti en segir í 1. mgr. er dómari óbundinn af kröfum aðila og yfirlýsingum, nema þær séu borgararéttarlegs eðlis. Ekki skiptir máli hvenær yfirlýsingar koma fram undir rekstri máls.

118. gr.

1. Ákærandi getur breytt eða aukið við ákæru með útgáfu framhaldsákæru til að leiðrétta augljósar villur eða ef nýjar upplýsingar gefa tilefni til. Framhaldsákæru skal gefa út ekki síðar en þremur vikum eftir að þörfin á henni er kunn.

2. Ákærandi getur fram til þess að dómur gengur afturkallað ákæru sem hann hefur gefið út.

119. gr.

1. Þegar ákæra hefur verið gefin út á hendur manni nefnist hann ákærði og málið: Ákæruvaldið gegn N.N.

2. Ákæra skal send héraðsdómi ásamt gögnum málsins í nægilega mörgum eintökum að mati dómara. Ákærandi tilkynnir jafnframt dómara hver fari með málið af hálfu ákæruvaldsins. Nú er ljóst að farið skuli með mál eftir 129. gr. og skal ákæru þá fylgja skrá yfir þau sönnunargögn sem ákærandi óskar eftir að fram verði færð við málsmeðferðina, svo og hvaða vitni verði leidd.

3. Þegar héraðsdómara hefur borist ákæra athugar hann hvort þeir ágallar séu á málatilbúnaði að máli skuli þegar vísað frá dómi af sjálfsdáðum, svo sem vegna þess að rannsókn hafi verið svo áfátt að augljóslega fari í bága við 67. gr. og ekki verði úr bætt við meðferð málsins, að krafa hafi ekki komið fram um málshöfðun ef því er að skipta, að þann sem gefið hefur út ákæru bresti vald til þess, að mál sé höfðað á röngu varnarþingi o.s.frv. Ef svo stendur á gefur hann ekki út fyrirkall skv. 120. gr., en endursendir málið ásamt stuttum rökstuðningi fyrir ákvörðun sinni. Ákæranda er jafnan heimilt að krefjast úrskurðar héraðsdómara um synjun þess að fyrirkall verði gefið út.

120. gr.

1. Ef dómari telur samkvæmt athugun sinni á málatilbúnaði að skilyrði séu til að taka mál til meðferðar, ákveður hann í samráði við ákæranda stað og stund þinghalds þar sem málið verður þingfest. Jafnframt gefur hann út svo fljótt sem verða má fyrirkall á hendur ákærða, sem greini stað og stund þingfestingar ásamt áskorun til ákærða um að sækja þing. Telji dómari skilyrði til að mál verði dæmt að ákærða fjarstöddum, sbr. 1. mgr. 126. gr., skal þess skilmerkilega getið í fyrirkalli að fjarvist ákærða kunni að verða metin til jafns við viðurkenningu hans og að dómur gangi um málið þótt hann sæki ekki þing, auk þess að heimildir til áfrýjunar slíks dóms séu takmarkaðar, sbr. 150. gr. Ella skal þess getið í fyrirkalli að lögregla megi færa ákærða fyrir dóm, með valdi ef með þarf, ef hann sinnir því ekki.

2. Þegar dómari hefur gefið út fyrirkall skv. 1. mgr. sendir hann það ásamt ákæru til lögreglustjórans í því umdæmi, þar sem ákærði hefst við, en lögreglustjóri annast birtingu ákæru og fyrirkalls fyrir ákærða skv. 20. gr. með þeim fyrirvara sem dómari hefur ákveðið í fyrirkalli.

3. Birting ákæru og fyrirkalls skal hafa farið fram innan fjögurra vikna frá útgáfudegi ákæru, nema sérstakar ástæður hamli birtingu. Ákærði skal spurður hvort hann óski eftir verjanda og þá hverjum ef því er að skipta. Skal afstöðu ákærða getið í vottorði um birtinguna. Ákærði getur þó frestað að taka ákvörðun um verjanda þar til málið er þingfest.

4. Lögreglustjóri endursendir dómara ákæru og fyrirkall að birtingu lokinni.

121. gr.

Hafi ákærði óskað eftir skipun verjanda við birtingu ákæru og fyrirkalls skal dómari taka ákvörðun um skipunina skv. VI. kafla laga þessara. Dómari sendir verjanda afrit af gögnum málsins og tilkynnir honum hvenær málið verði þingfest.

XV. KAFLI
Málsmeðferð í héraði.

122. gr.

1. Mál er þingfest þegar dómari leggur ákæru og önnur gögn málsins fram á dómþingi. Þingfesta má mál, þótt fyrirkall hafi ekki verið gefið út, ef ákærði sækir þing.

2. Við þingfestingu máls skal ákærði spurður hvort hann játi efni ákæru rétt og honum eftir atvikum kynnt efni framlagðra skjala ef hann er viðstaddur. Ella skal það gert í þinghaldi þegar ákærði kemur fyrst fyrir dóm eftir þingfestingu máls.

3. Hvenær sem er eftir þingfestingu máls getur dómari vísað því frá dómi með úrskurði þótt engin krafa hafi komið fram um það, ef hann telur svo bersýnilega annmarka á því, sem ekki verði bætt úr undir rekstri þess, að dómur verði ekki kveðinn upp um efni þess. Áður en máli verður vísað frá dómi skal ákæranda þó gefinn kostur á að tjá sig um málefnið, svo og ákærða, hafi hann sótt þing í málinu.

123. gr.

1. Sæki ákærandi ekki þing verður máli ekki lokið eða skýrslur teknar fyrir dómi, en dómari ákveður þá nýtt þinghald.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur dómari ákveðið að ljúka máli þótt ákærandi sæki ekki þing ef ákærði kemur fyrir dóm og skilyrði eru til að ljúka því skv. 1. mgr. 124. gr. eða 125. gr., enda hafi ákærandi þá mætt við þingfestingu málsins og ekki mótmælt að því yrði lokið með þessum hætti.

124. gr.

1. Ef ákærði sækir þing og játar brot má ákærandi gefa honum kost á að ljúka máli með því að hann gangist undir sekt sem greiðist innan tiltekins tíma að viðlagðri vararefsingu, ásamt sakarkostnaði. Fallist ákærði skriflega á slík málalok, ákærandi mótmælir þeim ekki og dómari telur viðurlög hæfileg, getur dómari lokið máli með ákvörðun sinni um þau viðurlög og hefur hún sama gildi og dómur, þar á meðal um ítrekunaráhrif ef því er að skipta. Með sama hætti má og leysa úr kröfu á hendur ákærða um sviptingu réttar til að stýra vélknúnu farartæki, svo og kröfu um upptöku eigna.

2. Nú telur ríkissaksóknari að saklaus maður hafi fallist á viðurlög skv. 1. mgr. eða að ákærði hafi verið látinn undirgangast fjarstæð málalok að öðru leyti og getur ríkissaksóknari þá kært málið til æðra dóms til ónýtingar á ákvörðuninni.

125. gr.

1. Nú verður máli ekki lokið skv. 124. gr. og ákærði er einungis saksóttur fyrir brot sem getur ekki varðað að lögum þyngri refsingu en átta ára fangelsi, hann játar skýlaust alla þá háttsemi sem honum er gefin að sök og dómari telur ekki ástæðu til að draga í efa að játning sé sannleikanum samkvæm. Tekur dómari þá málið þegar til dóms nema ákærandi mótmæli því og þarf þá ekki að færa fram önnur sönnunargögn. Ef aðilar óska skal þeim þó gefinn kostur á að tjá sig í stuttu máli um lagaatriði máls og ákvörðun viðurlaga áður en það er tekið til dóms.

126. gr.

1. Nú kemur ákærði ekki fyrir dóm þótt honum hafi verið löglega birt fyrirkall og þess getið í því að mál kunni að vera dæmt að honum fjarstöddum, sbr. 1. mgr. 120. gr., og má þá leggja dóm á málið ef dómari telur framlögð gögn nægileg og svo stendur á:

a. að brot þykir ekki varða þyngri viðurlögum en sekt, upptöku eigna og sviptingu réttinda eða
b. að ákærði hefur áður komið fyrir dóm og játað skýlaust alla þá háttsemi sem honum er gefin að sök og dómari telur ekki ástæðu til að draga í efa að játning sé sannleikanum samkvæm, enda verði ekki dæmd þyngri refsing en sex mánaða fangelsi.

2. Nú hefur máli verið lokið með dómi skv. 1. mgr. og getur ákærði þá krafist þess að það verði endurupptekið til nýrrar meðferðar í héraði ef hann sannar að hann hafi haft lögmæt forföll og ekki verið unnt að tilkynna það í tíma eða fyrirkall skv. 120. gr. hafi ekki borist honum í tæka tíð.

3. Krafa um endurupptöku skv. 2. mgr. skal gerð fyrir þeim dómstól þar sem dómur var kveðinn upp innan þess frests sem um getur í 1. mgr. 153. gr. Dómari tekur ákvörðun um hvort krafan verði tekin til greina, en synjun um endurupptöku má kæra til æðra dóms. Sé

krafan tekin til greina fer fram ný dómsmeðferð. Sæki ákærði þá ekki þing skal sú meðferð felld niður og fyrri dómur standa.

127. gr.

Nú kemur ákærði ekki fyrir dóm við þingfestingu máls og því verður ekki lokið samkvæmt því sem í 1. mgr. 126. gr. segir og ákveður dómari þá nýtt þinghald í samráði við ákæranda og leggur fyrir lögreglu að færa ákærða fyrir dóm.

128. gr.

1. Komi fram frávísunarkrafa við þingfestingu máls eða í þinghaldi skv. 127. gr. gefur dómari ákæranda og ákærða kost á að tjá sig um málið. Dómari tekur afstöðu til kröfu um frávísun málsins með úrskurði.

2. Við þingfestingu eða í þinghaldi skv. 127. gr. gefst ákærða kostur á að leggja fram þau sönnunargögn sem hann hyggst færa fram við málsmeðferð. Hann skal jafnframt láta uppi hvort hann hyggst leiða vitni í málinu og þá hver. Dómari getur þó frestað máli ef hann telur aðilum það nauðsynlegt til að taka afstöðu til máls eða afla frekari sönnunargagna. Að jafnaði skal dómari ekki ákveða þing til aðalmeðferðar máls fyrr en aðilar hafa lýst lokið öflun skjala og annarra sýnilegra sönnunargagna.

3. Dómari getur beint til ákæranda að afla gagna um tiltekin atriði máls eftir því sem honum þykir nauðsyn vera til skýringar á máli.

4. Dómara er rétt að meina ákæranda eða ákærða að leggja fram gögn í máli eða leiða vitni ef sú sönnunarfærsla er sýnilega þarflaus til upplýsingar málsins.

5. Dómari ákveður hvort mál verði munnlega flutt eða skriflega. Dómari skal ekki ákveða skriflegan flutning máls nema sérstaklega standi á og ákærandi og ákærði óska þess eða hann telur hættu á að málið skýrist ekki nægilega með munnlegum málflutningi. Ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein skal færð í þingbók.

129. gr.

1. Dómari ákveður í þinghaldi hvenær aðalmeðferð máls skuli háð, en þá skulu að jafnaði fara fram í einni lotu skýrslutökur og munnlegur málflutningur.

2. Heimilt er að taka skýrslu af ákærða eða þýðingarmiklum vitnum áður en aðalmeðferð hefst, enda verði sá sem skýrslu á að gefa fjarverandi vegna lögmætra forfalla.

3. Aðalmeðferð hefst með því að ákærandi gerir stuttlega grein fyrir ákæru og hvaða gögnum hún sé studd. Þá skal tekin skýrsla af ákærða. Ef ákærði játar að hafa framið það brot, sem hann er ákærður fyrir, ákveður dómari í samráði við málflytjendur hvort og þá að hve miklu leyti þörf er frekari sönnunarfærslu. Síðan eru teknar skýrslur af vitnum. Að loknum skýrslutökum fer fram munnlegur málflutningur. Ákærandi talar fyrst og ákærði síðan. Má hvor aðili flytja tvær ræður. Flytji verjandi málið fyrir ákærða er ákærða sjálfum rétt að taka til máls að loknum ræðum ákæranda og verjanda. Að loknum málflutningi er málið tekið til dóms.

4. Ákærði á rétt á að vera við aðalmeðferð máls. Dómari getur þó ákveðið að ákærði víki af þingi meðan skýrsla er tekin af öðrum sem er ákærður í málinu, eða meðan vitni gefur skýrslu, sbr. 6. mgr. 59. gr.

130. gr.

Sé mál skriflega flutt skal taka skýrslur af ákærða og vitnum áður en málflutningur hefst. Síðan skal gefa ákæranda kost á að skila sókn til viðbótar ákæru, en að því búnu gefst ákærða kostur á að skila vörn. Framhaldssókn og framhaldsvörn má skila einu sinni af hálfu hvors aðila. Að loknum málflutningi skal málið tekið til dóms.

131. gr.

Nú telur dómari eftir dómtöku máls nauðsynlegt að fram komi frekari gögn, spyrja þurfi ákærða eða vitni nánar, leggja fram skjöl o.s.frv. og ákveður hann þá framhaldsmeðferð í samráði við málflytjendur ef því er að skipta. Að lokinni framhaldsmeðferð skal gefa málflytjendum kost á að gera athugasemdir til viðbótar málflutningi sínum og að því loknu er mál tekið til dóms á ný.

132. gr.

Dómari lýsir mál niður fallið:

a. ef ákærði andast meðan á málsmeðferð stendur, nema ákveða megi fésekt eða upptöku eigna úr dánarbúi hans,
b. ef ákærandi afturkallar ákæru áður en dómur gengur,
c. ef saksókn er háð kröfu þess sem misgert er við og hann fellur frá kröfu um saksókn áður en héraðsdómur gengur nema ákærandi telji rétt vegna almannahags að halda málinu áfram.

133. gr.

1. Hraða skal meðferð máls eftir föngum.

2. Dómur skal kveðinn upp svo fljótt sem unnt er og að jafnaði ekki síðar en þremur vikum eftir dómtöku. Ef ekki er kostur að kveða upp dóm svo fljótt skal gerð grein fyrir orsökum þess í dóminum.

3. Ef ákærði er viðstaddur dómsuppsögu telst dómur birtur þá, en ella lætur ákærandi birta dóm skv. 20. gr.

4. Við dómsuppsögu skal endurrit af dómi að öðru jöfnu vera til reiðu.

XVI. KAFLI
Dómsúrlausnir héraðsdóms.

134. gr.

1. Að því leyti sem lög þessi kveða ekki á um að dómari taki afstöðu til atriða máls í dómi eða með úrskurði má hann ráða þeim til lykta með ákvörðun sinni. Skal ákvörðun færð í þingbók eða vera skrifleg með öðrum hætti þar sem mælt er svo fyrir í lögum þessum.

2. Úrskurðir dómara í sambandi við rannsókn eða flutning máls skulu færðir í þingbók. Í þeim skal niðurstaða rökstudd í stuttu máli og síðan dregin saman úrskurðarorð.

135. gr.

1. Í dómi skal greina dómstól og nafn dómara eða nöfn ef fleiri eru en einn, stað og stund dómsuppkvaðningar, nafn, kennitölu eða fæðingardag og heimili ákærða, sakarefni, lýsing málsatvika í aðalatriðum og röksemdir dómara um niðurstöðu og viðurlög. Niðurstöður skulu loks dregnar saman í dómsorð.

2. Í dómi í máli sem dæmt er skv. 125. gr. nægir að í stað málavaxtalýsingar sé skírskotað til ákæru og þess getið að málið sé dæmt samkvæmt skýlausri játningu ákærða. Ef mál er dæmt að ákærða fjarstöddum skv. 1. mgr. 126. gr. má á sama hátt skírskota til verknaðarlýsingar í ákæru og taka fram að ákærði hafi ekki sótt þing þótt þess hafi verið getið í fyrirkalli að málið kynni að verða dæmt að honum fjarstöddum.

136. gr.

1. Ef dómur er fjölskipaður og mál munnlega flutt skulu allir dómendur hafa heyrt flutning þess. Ef þeir geta ekki allir tekið þátt í uppsögu dóms skal nefna dómara í stað þess eða þeirra sem misst hefur við og endurtaka munnlegan flutning máls.

2. Dómendur skulu ræða samningu dóms og ákvörðun um niðurstöðu fyrir luktum dyrum. Afl atkvæða ræður úrslitum um hvert atriði. Nú verður dómari í minni hluta um eitthvert atriði og skal hann allt að einu taka þátt í ályktun um önnur atriði. Formaður dóms stýrir atkvæðagreiðslu og samningu dóms.

3. Ágreiningsatkvæði skulu birt á sama hátt og dómur.

137. gr.

1. Dómari getur, þegar hann telur ástæðu til, breytt ákvörðunum sínum í sambandi við rekstur máls, svo og þeim úrskurðum sem binda ekki endi á sakarefni.

2. Dómur bindur ákærða, ákæranda og aðra um þau atriði sem þar eru dæmd.

3. Dómur er bindandi fyrir dómara þegar hann hefur verið kveðinn upp. Þó er dómara heimilt að leiðrétta ritvillur, reikningsskekkjur, nafnskekkjur og aðrar bersýnilegar villur í dómi.

138. gr.

1. Dómur hefur fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í honum greinir, uns hið gagnstæða er sannað.

2. Krafa sem dæmd er að efni til verður ekki borin undir sama eða hliðsettan dóm að nýju framar en í lögum þessum segir. Nýju máli um slíka kröfu skal vísa frá dómi.

139. gr.

1. Ákvæði í dómi um refsingu og önnur viðurlög má ekki fullnægja fyrr en afráðið er hvort máli verður skotið til æðra dóms. Áfrýjun frestar fullnustu dóms um refsingu og önnur viðurlög.

2. Dómari getur þó ákveðið að ákvæði um missi réttinda komi þegar til framkvæmda ef ákvæði eru sett til verndar lífi, heilsu eða eignum einstakra manna eða almennings, óviðurkvæmilegt má telja að dómfelldi haldi réttindum þrátt fyrir áfrýjun eða lög bjóða að áfrýjun fresti ekki áhrifum réttindamissis. Dómari skal taka fram í dómsorði ef ákvörðun um áfrýjun frestar ekki ákvæðum dóms að þessu leyti.

3. Dómari getur með sama hætti mælt fyrir um að ákvörðun um áfrýjun fresti ekki dómsákvæðum skv. 62., 63., 65. eða 67. gr. almennra hegningarlaga.

140. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um dómsgerðir.

XVII. KAFLI
Kæra til æðra dóms.

141. gr.

Aðilar kærumáls eru annars vegar ákærandi eða rannsóknaraðili sem hefur krafist þeirrar dómsúrlausnar sem kærð er og hins vegar sakborningur eða annar sá sem kærð úrlausn varðar.

142. gr.

1. Að því leyti sem ekki er mælt á annan veg í lögum þessum sæta úrskurðir og ákvarðanir dómara kæru til Hæstaréttar nema:

a. um hvort meðdómendur skuli til kvaddir,
b. um brottvísun af dómþingi, lokun þinghalds og bann við að skýra opinberlega frá því sem fram fer í þinghaldi,
c. um handtöku manns,
d. um að skipa skuli verjanda,
e. um synjun frests,
f. um skriflegan eða munnlegan málflutning,

g. um framhaldsmeðferð skv. 131. gr.,
h. um að sameina mál eða kljúfa það í fleiri mál,
i. um synjun frávísunar,
j. um að mál verði endurupptekið skv. 3. mgr. 126. gr.

2. Eftir að aðalmeðferð máls skv. 129. gr. er byrjuð og að því leyti sem ekki er kveðið á annan veg í lögum þessum verða úrskurðir og ákvarðanir dómara ekki kærðar til Hæstaréttar nema:

a. um frávísun máls, niðurfellingu eða frestun,
b. um þvingunarráðstafanir skv. X., XI. og XIII. kafla,
c. um hvort vitni verði leitt, spurning verði lögð fyrir það eða því gert að svara henni,
d. um atriði sem varða annars hagsmuni manns sem ekki á aðild að málinu.

3. Úrskurður dómara verður ekki kærður til Hæstaréttar ef athöfn, sem kveðið er á um í úrskurðinum, hefur þegar farið fram eða ástand, sem leitt hefur af ákvæðum úrskurðarins, er þegar um garð gengið. Sama gildir um ákvarðanir sem dómari tekur.

4. Nú hefur úrskurður eða ákvörðun dómara verið kærð til Hæstaréttar og svo fer sem í 3. mgr. segir eftir þann tíma, en áður en dómur er felldur í kærumálinu og skal þá málinu vísað frá Hæstarétti.

143. gr.

1. Kæra úrskurðar um þvingunaraðgerð skv. X.–XIII. kafla frestar ekki framkvæmdum í máli.

2. Þegar öðruvísi stendur á frestar kæra framkvæmdum við rannsókn eða málsmeðferð, nema dómari telji sérstaka ástæðu til að ætla að framkvæmdin geti ekki beðið niðurstöðu Hæstaréttar.

144. gr.

1. Dómari leiðbeinir þeim sem hlut eiga að máli um rétt þeirra til að kæra dómsúrlausn og um kærufrest. Hann skal eftir því sem unnt er ganga þegar úr skugga um hvort kært verði.

2. Kærandi skal lýsa kæru sinni innan þriggja sólarhringa frá því hann fékk vitneskju um þá úrlausn sem hann vill kæra.

3. Kæru skal lýst bréflega til dómara eða með bókun í þingbók og skal koma fram í henni í hvaða skyni kært er og hvaða kröfur séu gerðar, svo og aðrar athugasemdir og skýringar sem kæranda þykir ástæða til.

145. gr.

1. Dómari sendir Hæstarétti kæruna ásamt eftirriti þinghalda og öðrum gögnum málsins, nema hann telji rétt að fella sjálfur hina kærðu úrlausn úr gildi. Gögnin sendir dómari í fjórriti ásamt athugasemdum sínum ef hann vill.

2. Ef kæra er borin fram af rannsóknara eða ákæranda skal hann tilkynna sakborningi kæruna eða öðrum þeim sem hún varðar. Ef kæra er borin fram af öðrum skal dómari tilkynna ákæranda eða rannsóknara, eftir því hvort við á, um kæruna.

3. Aðilar kærumáls geta í þrjá sólarhringa eftir að kæra hefur borist Hæstarétti sent réttinum skriflegar athugasemdir sínar um kærumálið.

146. gr.

1. Að liðnum fresti skv. 3. mgr. 145. gr. eða þegar greinargerðir hafa borist Hæstarétti leggur hann dóm á málið. Ef kæra frestar framkvæmd úrlausnar skal Hæstiréttur hafa lagt dóm á málið innan tíu daga frá móttöku skjalanna, nema það sé sérstaklega margbrotið eða rétturinn telji óhjákvæmilegt að nýrra gagna sé aflað. Dómsuppsaga má aldrei dragast lengur en þrjár vikur eftir að öll skjöl, þar með talin ný gögn, hafa borist réttinum.

2. Fyrir tilefnislausa kæru má gera kæranda sekt sem renni í ríkissjóð.
3. Héraðsdómara skal sent endurrit hæstaréttardóms og tilkynnir hann aðilum niðurstöðu kærumáls þegar í stað.

XVIII. KAFLI
Áfrýjun.

147. gr.

Opinberu máli verður áfrýjað til Hæstaréttar í heild sinni. Heimilt er einnig að áfrýja máli einvörðungu um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

148. gr.

1. Ríkissaksóknari getur áfrýjað máli til Hæstaréttar ef hann telur mann ranglega sýknaðan eða refsingu eða önnur viðurlög að mun of væg, sbr. þó 150. gr.
2. Ríkissaksóknara er einnig rétt að áfrýja máli til hagsbóta fyrir ákærða ef hann telur hann hafa verið ranglega sakfelldan eða refsingu eða önnur viðurlög á hendur honum að mun of þung.

149. gr.

1. Ákærði, sem sakfelldur hefur verið í opinberu máli, getur áfrýjað því til Hæstaréttar, sbr. þó 150. gr.
2. Lögráðamaður kemur í stað ákærða um ákvarðanir um áfrýjun ef ákærði er ósjálfráða.

150. gr.

1. Nú hefur ákærði ekki sótt þing í héraði og málið verið dæmt að honum fjarstöddum skv. 1. mgr. 126. gr. og verður málinu þá ekki áfrýjað til Hæstaréttar, sbr. þó 2. mgr.
2. Hæstiréttur getur, ef sérstakar ástæður mæla með því, veitt leyfi til þess að máli skv. 1. mgr. verði áfrýjað til réttarins til endurskoðunar varðandi lagaatriði eða viðurlög. Ósk um leyfi til áfrýjunar skal hafa borist Hæstarétti innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms eða, ef ákærði æskir leyfisins, þá frá birtingu dóms að telja.

151. gr.

Nú er ákærði látinn og getur ríkissaksóknari þá áfrýjað máli honum til hagsbóta. Jafnframt getur maki ákærða, foreldri, systkin, barn eða sá sem tengist honum þannig vegna ættleiðingar áfrýjað máli fyrir hans hönd. Sömu reglur gilda um áfrýjun af hálfu vandamanns eins og um áfrýjun af hálfu ákærða sjálfs.

152. gr.

Nú áfrýjar ákærði máli og verða þá refsing og önnur viðurlög á hendur honum ekki þyngd nema ríkissaksóknari áfrýi málinu í þessu skyni af sinni hálfu.

153. gr.

1. Ákærði skal lýsa yfir ákvörðun sinni um áfrýjun fyrir þeim sem birtir dóm og um leið láta uppi í hverju skyni áfrýjað er eða að öðrum kosti tilkynna héraðsdómara ákvörðun sína bréflega innan fjögurra vikna frá birtingu dóms. Annars skal líta svo á að hann vilji hlíta dóminum.
2. Dómari eða sá sem birtir dóm skal kynna ákærða skilmerkilega réttindi hans skv. 149. gr. og frest hans skv. 1. mgr. Skal þess getið í bókun í þingbók eða í birtingarvottorði.

154. gr.

Ef ríkissaksóknari hyggst áfrýja máli að eigin frumkvæði skal það gert innan átta vikna frá því að endurrit dóms í málinu var til reiðu. Nú hefur ákærði áfrýjað máli og getur þá ríkissaksóknari áfrýjað því til þyngingar þótt sá frestur sé liðinn.

155. gr.

1. Nú er áfrýjun ráðin og gefur ríkissaksóknari þá út áfrýjunarstefnu þar sem fram komi að ákærða sé stefnt til Hæstaréttar og að málið verði tekið þar fyrir svo fljótt sem verða má án frekara fyrirkalls. Í áfrýjunarstefnu skal koma fram hvort máli sé áfrýjað í heild sinni eða einvörðungu um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga, svo og hvort því sé áfrýjað til þyngingar viðurlaga samkvæmt héraðsdómi. Hafi krafa skv. XX. kafla laga þessara verið dæmd að efni til í héraðsdómi skal þess og getið í áfrýjunarstefnu ef máli er áfrýjað hvað hana varðar.

2. Ríkissaksóknari lætur birta áfrýjunarstefnu fyrir ákærða og gefur honum kost á að bera fram ósk um verjanda. Að því búnu sendir ríkissaksóknari Hæstarétti áfrýjunarstefnuna ásamt endurriti héraðsdóms og skipar forseti réttarins verjanda, nema ákærði óski eftir að flytja mál sitt sjálfur, enda sé hann hæfur til þess að mati réttarins. Síðan skal ríkissaksóknara endursend áfrýjunarstefnan.

156. gr.

1. Ríkissaksóknari skal jafnan vera sóknaraðili fyrir Hæstarétti hvort sem máli hefur verið áfrýjað af honum sjálfum eða af hálfu ákærða. Undirbýr ríkissaksóknari ágrip dómsgerða sem skal geyma hinn áfrýjaða dóm og þau gögn sem máli skipta við flutning málsins í Hæstarétti. Þegar hann hefur veitt verjanda kost á að athuga drög að ágripi lætur hann fjölfalda ágrip og sendir Hæstarétti í svo mörgum eintökum sem rétturinn telur þörf á, ásamt dómsgerðum málsins.

2. Hæstiréttur setur nánari reglur um gerð ágripa.

157. gr.

1. Ríkissaksóknari og ákærði geta aflað frekari gagna í málinu. Lætur ríkissaksóknari gera viðbótarágrip af slíkum gögnum, ef því er að skipta, og sendir Hæstarétti.

2. Ákærði getur óskað eftir að ríkissaksóknari láti fara fram viðbótarrannsókn í máli.

3. Viðbótargögn skulu lögð fyrir Hæstarétt og kynnt gagnaðila ekki síðar en einni viku fyrir flutning málsins. Frá þessu getur Hæstiréttur vikið ef sérstaklega stendur á, enda séu aðilar á það sáttir að ný gögn verði lögð fram með skemmri fyrirvara. Þó er ríkissaksóknara heimilt að leggja fram nýtt sakavottorð ákærða við upphaf málflutnings.

4. Ríkissaksóknari getur lagt fram stutta og gagnorða greinargerð af sinni hálfu fyrir Hæstarétt ekki síðar en einni viku fyrir málflutning til að skýra málið nánar og gera grein fyrir nýjum gögnum ef um þau er að ræða. Á sama hátt gefst ákærða kostur á að leggja fram stutta og gagnorða greinargerð af sinni hálfu ekki síðar en fjórum dögum fyrir málflutning.

158. gr.

Hæstiréttur getur áður en málflutningur hefst, svo og hvenær sem er á síðari stigi málsins, kveðið upp dóm um frávísun máls frá Hæstarétti vegna galla á málatilbúnaði, svo sem ef áfrýjunarstefna hefur ekki verið birt aðilum. Á sama hátt getur Hæstiréttur ómerkt héraðsdóm ef verulegir gallar þykja hafa verið á málsmeðferð í héraði og vísað máli frá héraðsdómi ef undirbúningi undir málshöfðun hefur verið áfátt í meginatriðum.

159. gr.

1. Nú er málatilbúnaði áfátt, án þess að nauðsynlegt þyki að vísa máli frá eða ómerkja héraðsdóm, og getur Hæstiréttur þá með úrskurði lagt fyrir sækjanda og verjanda að afla gagna eða upplýsinga um atriði sem þar eru tiltekin.

2. Hæstiréttur getur ákveðið yfirheyrslu ákærða eða vitna þar fyrir rétti og kveður hann þá fyrir sig sækjanda og verjanda og þá er skýrslu skal taka af. Um skyldu manna til að koma fyrir Hæstarétt og tjá sig fer eftir reglum laga þessara um málsmeðferð í héraði. Ekki er skylt að skrá framburð í þingbók.

160. gr.

1. Í dómi í opinberu máli getur Hæstiréttur dæmt héraðsdómara í sekt, sem renni í ríkissjóð, fyrir drátt á máli og önnur glöp í meðferð þess, enda hafi honum verið stefnt í því skyni.

2. Ákærða er rétt að krefjast þess að dómara verði stefnt til ábyrgðar fyrir meðferð opinbers máls og ber þá ríkissaksóknara að setja í áfrýjunarstefnu kröfu hans í því efni. Svo getur ríkissaksóknari af sjálfsdáðum gert slíka kröfu í áfrýjunarstefnu. Gefa skal dómara kost á að tjá sig um kröfuna.

3. Nú er dómara stefnt til ábyrgðar fyrir Hæstarétt og er sýkn dæmdur, og getur rétturinn þá dæmt ákærða, ef hann hefur gert kröfuna, eða ríkissjóð, ef ríkissaksóknari hefur gert hana, til að greiða dómaranum málskostnað.

161. gr.

Nú þykir sækjandi eða verjandi hafa gerst sekur um vanrækslu eða önnur glöp í undirbúningi eða flutningi opinbers máls fyrir Hæstarétti og getur rétturinn þá gert honum sekt sem renni í ríkissjóð.

162. gr.

Nú telur Hæstaréttur galla að vísu vera á verki héraðsdómara, sækjanda, verjanda eða annarra, en ekki slíka sem sektum eigi að varða, og getur rétturinn þá vítt viðkomendur fyrir þá eftir því sem honum þykir ástæða til.

163. gr.

Að öðru leyti fer um meðferð opinberra mála fyrir Hæstarétti eftir fyrirmælum laga um Hæstarétt Íslands eftir því sem við getur átt.

XIX. KAFLI
Sakarkostnaður.

164. gr.

1. Til sakarkostnaðar teljast óhjákvæmileg útgjöld vegna rannsóknar og málsmeðferðar, þar á meðal:

a. saksóknarkostnaður í ríkissjóð, þóknun skipaðs verjanda, svo og annar kostnaður vegna sóknar og varnar málsins,
b. þóknun fyrir sérfræðilegar álitsgerðir og mat og skoðun, afnot muna annarra manna og vitnaþóknunar,
c. þingvotta- og birtingargjöld,
d. kostnaður af kyrrsetningu skv. 85. gr. og fullnustu dóms með aðför.

2. Réttargjöld, gjald fyrir eftirrit í þágu málsins eða staðfestingu dómsgerða skal ekki greiða.

165. gr.

1. Ákærði, sem sakfelldur er fyrir það brot eða þau brot sem honum eru gefin að sök, skal dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar. Ef ákærði er sakfelldur fyrir sum brotin en sýknaður af öðrum getur dómari dæmt ákærða til að greiða ákveðið hlutfall sakarkostnaðar, en ákveðið að kostnaður greiðist að öðru leyti úr ríkissjóði.

2. Nú eru tveir menn eða fleiri sóttir til refsingar í máli saman og sekir dæmdir og skal þá hvorum (hverjum) þeirra gert að greiða einum sér þóknun verjanda síns, ef hann hefur fengið skipaðan annan verjanda en hinn eða hinir. Þá sem saman eru um verjanda skal dæma in solidum til að greiða þóknun hans.

3. Nú hafa ákærðu allir eða báðir tekið þátt í broti með vitund og vilja hvors (hvers) annars og eru sakfelldir í sama máli og skal þá venjulega dæma þá til að greiða sakarkostnað in solidum. Ef samband einhverra þeirra eða allra um brot hefur ekki verið slíkt skiptir dómari sakarkostnaði milli þeirra í þeim hlutföllum sem honum þykja sanngjörn.

166. gr.

1. Nú er ákærði dæmdur sýkn af refsikröfu af hvaða ástæðu sem er eða refsimál gegn honum fellur niður og verður hann þá ekki dæmdur til að greiða sakarkostnað, nema hann hafi orðið valdur að kostnaði með vísvitandi og stórkostlegu ólögmætu framferði í rannsókn eða meðferð máls.

2. Nú eru tveir menn hafðir fyrir sökum og sumir sýknaðir en sumir sakfelldir og skal þá draga frá þann hluta kostnaðar sem telja má að aðeins komi hinum sýknaða við, nema telja megi hinn dómfellda eða hina dómfelldu beinlínis hafa valdið honum. Ef slíkur frádráttur verður ekki gerður nákvæmlega metur dómari í hvaða hlutföllum hinn sakfelldi skuli bera sakarkostnað á móti ríkissjóði.

167. gr.

Kostnað, sem ákærandi, verjandi eða rannsóknari valda vegna vanrækslu eða skeytingarleysis í starfi sínu, skal ekki dæma ákærða til að greiða.

168. gr.

1. Í dómi eða úrskurði, ef máli lýkur án dóms, skal almennt kveða á um skyldu ákærða til að greiða sakarkostnað án ákvörðunar fjárhæðar. Saksóknarkostnað í ríkissjóð og þóknun skipaðs verjanda skal þó ákveða með tiltekinni fjárhæð. Þegar mál er sótt í héraði eða fyrir Hæstarétti af ríkissaksóknara, vararíkissaksóknara, saksóknara, fulltrúa ríkissaksóknara, lögreglustjóra eða fulltrúa lögreglustjóra, skal það gert án sérstaks endurgjalds. Verði ákærða í slíku máli dæmt að greiða sakarkostnað, skal honum þá gert að greiða tiltekna fjárhæð málsóknarlauna sem renni í ríkissjóð.

2. Þeir sem fara með rannsókn máls taka saman yfirlit yfir þau útgjöld sem þeir hafa haft af málinu og telst til sakarkostnaðar. Yfirlitið skal fylgja málinu. Dómari lætur svo gera heildarreikning sakarkostnaðar eftir yfirliti þessu og að viðbættum þeim kostnaði sem fallið hefur á við málsmeðferð. Reikningurinn fylgir dómsgerðum málsins til ríkissaksóknara sem framsendir hann Fangelsismálastofnun, en hún sér um að þeir fái endurgreiðslu sem hafa lagt út kostnað.

3. Dómur ásamt heildarreikningi, úrskurðuðum af fangelsismálastofnun, er lögleg heimild til aðfarar á hendur ákærða eða ákærðu.

169. gr.

1. Ef ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli en ákærði ekki og viðurlög eru ekki þyngd í æðra dómi svo neinu nemi skal ákærði ekki dæmdur til greiðslu kostnaðar af meðferð máls fyrir Hæstarétti.

2. Að öðru leyti fer um málskostnað fyrir Hæstarétti eftir reglum þessa kafla eftir því sem við á.

XX. KAFLI
Kröfur borgararéttarlegs eðlis.

170. gr.

1. Nú kemur í ljós við rannsókn máls að maður hafi beðið tjón af þeirri háttsemi sem sakborningur er borinn og skal þá sá sem fer með rannsókn gefa þeim manni kost á að gera bótakröfu sem dæma má í væntanlegu máli. Leiðbeina skal tjónþola við gerð kröfunnar.

2. Kröfu, sem höfð er uppi, skal bera undir sakborning og afla gagna um hana eftir þörfum, enda valdi það ekki verulegum töfum á rannsókninni.

171. gr.

Bótakröfu skal tilgreina ótvírætt í ákæru, sbr. 2. mgr. 116. gr. Dómari getur þó leyft að bótakrafa verði gerð þótt hennar hafi ekki verið getið í ákæru, enda telji hann að leysa megi úr kröfu án tafa eða óhagræðis í málinu og ákærði samþykki að krafan verði tekin til meðferðar.

172. gr.

1. Ef bótakrafa hefur komið fram í máli athugar dómari fyrst hvort hún verði tekin til meðferðar, en rétt er honum að synja að gera það ef hann telur það mundu valda verulegri töf eða óhagræði í málinu. Ákvörðun um slíka synjun tekur dómari með bókun í þingbók eða í dómi.

2. Ef ákærða er dæmt áfall í máli dæmir dómari um bótakröfu og ákveður bætur eftir almennum reglum.

3. Ef ákærði er sýknaður af háttsemi vegna þess að hann hafi ekki framið hana verður bótakröfu vísað frá dómi. Ef hann er sýknaður af öðrum ástæðum, svo sem vegna sakhæfisskorts, má dæma kröfu ef skilyrðum bótaskyldu er talið fullnægt.

4. Auk bóta fyrir beint tjón og miska, sem leitt hefur af verknaði, skulu tjónþola, ef krafa er gerð um það, dæmdar bætur vegna kostnaðar sem hann hefur haft af því að halda fram kröfu sinni í málinu, svo sem vegna gagnaöflunar um kröfuna og lögmannsaðstoðar.

5. Sá sem krefst bóta samkvæmt ákvæðum þessa kafla fer sjálfur með forræði kröfu sinnar að því leyti að henni verður ekki breytt án samþykkis hans. Dómari skal gefa tjónþola, eða umboðsmanni hans, kost á að tjá sig um kröfuna og skýra hana ef slíkt getur orðið án verulegra tafa eða óhagræðis í máli. Telji dómari slíks málflutnings þörf um kröfuna, en ekki unnt að láta hann fara fram, skal hann vísa henni frá dómi.

173. gr.

1. Í Hæstarétti skal taka bótakröfu, sem hefur verið dæmd að efni til í héraði, til meðferðar með venjulegum hætti ef máli er einnig áfrýjað í því skyni.

2. Ákærða og þeim sem krefst bóta samkvæmt ákvæðum þessa kafla er hvorum um sig heimilt að áfrýja sérstaklega til Hæstaréttar ákvæði héraðsdóms, þar sem bótakrafa hefur verið dæmd að efni til, ef dóminum er ekki áfrýjað að öðru leyti, enda fer um það málskot sem um áfrýjun einkamála.

174. gr.

Aðrar kröfur borgararéttarlegs eðlis, sem rót eiga að rekja til refsiverðrar háttsemi, má og leggja fyrir dómara í opinberu máli og skal þar dæma um þær að efni til, að fullnægðum framangreindum skilyrðum, eftir því sem við á.

XXI. KAFLI
Bætur handa sakborningi o.fl.

175. gr.

1. Kröfu um bætur samkvæmt þessum kafla má, nema öðruvísi sé sérstaklega mælt, því aðeins taka til greina að:

a. sakborningur hafi ekki með vísvitandi eða stórvægilegu, gáleysislegu, ólögmætu framferði valdið þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á, svo sem með stroki, ósannindum, tilraunum til að torvelda rannsókn o.s.frv., og
b. rannsókn hafi verið hætt eða ákæra ekki gefin út vegna þess að sú háttsemi, sem sakborningur var borinn, hafi talist ósaknæm eða sönnun hafi ekki fengist um hana eða sakborningur hafi verið dæmdur sýkn með óáfrýjuðum eða óáfrýjanlegum dómi af sömu ástæðu, enda megi fremur telja hann líklegan til að vera saklausan af háttseminni en sekan.

2. Bæta skal fjártjón og miska, ef því er að skipta.

176. gr.

Dæma má bætur vegna handtöku, leitar á manni eða í húsi, halds á munum, rannsóknar á heilsu manns, gæsluvarðhalds og annarra aðgerða, sem hafa frelsisskerðingu í för með sér, aðrar en refsivist, sbr. 177. gr.:

a. ef lögmæt skilyrði hefur brostið til slíkra aðgerða eða
b. ef ekki hefur verið, eins og á stóð, nægilegt tilefni til slíkra aðgerða eða þær hafa verið framkvæmdar á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt.

177. gr.

Nú verður ljóst að maður hafi saklaus hlotið refsidóm, þolað refsingu eða upptöku eigna og ber þá að dæma honum bætur fyrir miska og fjártjón, þar á meðal fyrir stöðu- og atvinnumissi, enda þótt skilyrðum a-liðar 1. mgr. 175. gr. sé ekki fullnægt, en lækka má þó bætur eftir sök hans á því að hann hafi verið ranglega dæmdur.

178. gr.

Sækja skal bótakröfu í einkamáli í héraði með venjulegum hætti, en veita skal aðila gjafsókn fyrir báðum dómum. Þó má dæma hann til greiðslu málskostnaðar eftir almennum reglum ef hann tapar máli.

179. gr.

1. Ríkissjóður ábyrgist greiðslu bóta en kröfu á hann á hendur dómara eða öðrum, ef telja má þá hafa með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi valdið þeim aðgerðum sem krafa var reist á eða framkvæmt þær með sama hætti.

2. Nú er rannsókn á hendur manni, sem hlotið hefur bætur skv. 176. gr., tekin upp á ný og það kemur í ljós að sá grundvöllur, sem reisa mátti bótakröfu á, hafi ekki verið fyrir hendi, og ber þá að dæma hann til endurgreiðslu bótanna.

180. gr.

Um aðilaskipti að bótakröfu samkvæmt þessum kafla fer skv. 3. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

181. gr.

Bótakrafa fyrnist á sex mánuðum frá vitneskju aðila um ákvörðun um niðurfall rannsóknar eða ákæru eða uppkvaðningu dóms eða frá því að hann var látinn laus úr refsivist. Hafi máli verið áfrýjað til Hæstaréttar telst fyrningarfrestur frá uppkvaðningu dóms þar eða niðurfellingu máls.

182. gr.

Sakborningur, sem hefur orðið fyrir þeim aðgerðum sem taldar eru í 175.–177. gr., getur í stað bóta krafist vottorðs þess opinbera starfsmanns, sem hefur ráðið máli hans til lykta, um það að komið hafi í ljós að sakborningur hafi ekki verðskuldað aðgerðina. Ef viðkomandi opinber starfsmaður telur að sakborningur eigi rétt á slíku vottorði ber honum að láta það í té.

XXII. KAFLI
Endurupptaka dæmdra mála.

183. gr.

Nú hefur óáfrýjaður héraðsdómur eða hæstaréttardómur gengið í opinberu máli og verður það þá ekki tekið upp á ný nema til þess séu þau skilyrði sem í þessum kafla segir.

184. gr.

1. Eftir kröfu dómfellds manns, sem telur sig sýknan sakfelldan eða sakfelldan fyrir mun meira brot en það sem hann hefur framið, skal taka mál upp á ný:

a. ef fram eru komin ný gögn sem ætla má að hefðu skipt verulegu máli fyrir niðurstöðu málsins ef þau hefðu komið fyrir dómara áður en dómur gekk,
b. ef ætla má að dómari, ákærandi, rannsóknari eða aðrir hafi haft í frammi refsiverða hegðun í því skyni að fá fram þau málalok sem orðin eru, svo sem ef falsvitna hafi verið aflað, fölsuð skjöl látin koma fram, vitni eða aðrir hafa gefið vísvitandi rangar skýrslur, og þetta hafi valdið rangri dómsúrlausn.

2. Ef einhver sá, sem að lögum á að vinna að rannsókn eða meðferð opinberra mála, fær vitneskju eða rökstuddan grun um atriði sem í 1. mgr. segir, ber honum að veita dómfellda vitneskju um það.

185. gr.

1. Eftir kröfu ríkissaksóknara skal taka mál, þar sem ákærði hefur verið sýknaður eða dæmdur fyrir mun minna brot en hann var borinn, upp á ný:

a. ef ákærði hefur síðan dómur gekk játað að hafa framið það brot, sem hann var borinn, eða önnur gögn hafa komið fram sem benda ótvírætt til sektar hans,
b. ef ætla má að falsgögn eða athæfi það sem lýst er í b-lið 1. mgr. 184. gr. hafi valdið dómsniðurstöðu að nokkru leyti eða öllu.

2. Ríkissaksóknara er rétt að óska eftir endurupptöku máls til hagsbóta fyrir dómfellda ef hann telur að svo standi á sem í 2. mgr. 184. gr. segir.

186. gr.

1. Hæstiréttur tekur ákvörðun um endurupptöku máls og skal beiðni um hana send réttinum. Dómfelldur maður, sem vill beiðast endurupptöku, stílar beiðnina til Hæstaréttar, en sendir hana ríkissaksóknara.

2. Nú er beiðandi sviptur frelsi og skal yfirmaður fangelsis þá taka við og bóka beiðni eftir ósk hans og koma henni á framfæri. Skylt er þá eftir ósk beiðanda að fá honum skipaðan réttargæslumann.

3. Greina skal í beiðni þau atriði sem vefengd eru í dómi og þær ástæður sem til vefengingar eru taldar liggja. Skjöl sem kunna að vera til styrktar beiðni skulu fylgja henni eftir því sem unnt er.

187. gr.

1. Ríkissaksóknari sendir beiðnina til Hæstaréttar ásamt skjölum málsins og tillögum sínum, svo og umsögn dómara ef um héraðsdóm er að tefla.

2. Hæstiréttur getur mælt fyrir um öflun nauðsynlegra gagna varðandi endurupptökubeiðni samkvæmt reglum 1. mgr. 159. gr.

3. Nú leiðir rannsókn í ljós að beiðni um endurupptöku hafi gengið of skammt og skal þá veita beiðanda kost á að lagfæra hana í samræmi við það.

188. gr.

Hæstiréttur tekur ákvörðun um hvort orðið skuli við beiðni um endurupptöku eða ekki. Ef orðið er við beiðni um endurupptöku máls, sem dæmt var lokadómi í héraði, gerir ríkissaksóknari ráðstafanir til áfrýjunar málsins. Um meðferð máls og flutning fyrir Hæstarétti fer eftir ákvæðum XVIII. kafla laga þessara.

189. gr.

Nú telur Hæstiréttur rök ekki hníga til breytingar á dómi og vísar hann þá endurupptökubeiðni frá sér, en kveður annars kostar upp efnisdóm í málinu.

190. gr.

Nú er mál endurupptekið samkvæmt beiðni dómfellds manns og má þá hlutur hans aldrei verða lakari en hann var eftir hinum upphaflega dómi.

191. gr.

1. Nú er mál endurupptekið samkvæmt kröfu ríkissaksóknara og fer þá um málskostnað eftir 165. og 166. gr.

2. Kostnaður af endurupptöku máls samkvæmt beiðni dómfellda greiðist úr ríkissjóði, nema dómfelldi hafi komið endurupptöku til leiðar með gögnum sem hann vissi vera ósönn. Skal hann þá dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

192. gr.

1. Beiðni eða ákvörðun um endurupptöku máls frestar ekki framkvæmd dóms nema Hæstiréttur mæli svo.

2. Heimilt er að endurupptaka mál þótt dómfelldi hafi að fullu þolað refsingu samkvæmt dómi í því máli.

XXIII. KAFLI
Gildistaka, brottfall laga o.fl.

193. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992. Þó skulu 1. og 3. mgr. 29. gr. öðlast þegar gildi við birtingu laga þessara og falla þá um leið úr gildi ákvæði 1. mgr. 79. gr. og 181. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974.

194. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirfarandi lög og ákvæði einstakra laga:

1. Lög um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974, með áorðnum breytingum.
2. Opið bréf (frá kansellíinu) um birtingu á stefnum fyrir stroknum föngum 15. desember 1820.
3. 19. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi 20. júní 1849.
4. 13. gr. tilskipunar fyrir Ísland um síldar- og ufsaveiði með nót 12. febrúar 1872.
5. 3. gr. laga um að selja kornvörur og kol eftir vigt, nr. 29 14. desember 1877.
6. 10. gr. laga um hagfræðiskýrslur, nr. 29 8. nóvember 1895.
7. 2. mgr. 12. gr. laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala, nr. 3 4. febrúar 1898.

8. Í 3. gr. laga um dag- og næturbendingar á íslenskum skipum í sjávarháska og um ráðstafanir er skip rekast á, nr. 13 9. september 1899, orðin „Mál um hegning fyrir brot á lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál.“
9. 4. gr. laga um manntal í Reykjavík, nr. 18 13. september 1901.
10. 2. mgr. 3. gr. laga fyrir Ísland um tilhögun á löggæslu við fiskveiðar í Norðursjónum, nr. 20 13. september 1901.
11. Í 2. gr. laga um síldarnætur, nr. 28 25. september 1902, orðin „Með mál, er af því rísa, fer sem um almenn lögreglumál.“
12. 3. gr. laga um að selja salt eftir vigt, nr. 37 6. nóvember 1902.
13. 24. gr. laga um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42 13. nóvember 1903.
14. Í 4. gr. laga um eftirlit með mannflutningum til útlanda, nr. 49 27. nóvember 1903, orðin „og skal farið með mál út af þeim, sem með almenn lögreglumál“.
15. 3. gr. laga um sölu á eggjum eftir þyngd, nr. 21 22. október 1912.
16. 2. mgr. 2. gr. laga um friðun héra, nr. 23 2. nóvember 1914.
17. 7. gr. laga um beitutekju, nr. 39 2. nóvember 1914.
18. 5. gr. laga um verkfall opinberra starfsmanna, nr. 33 3. nóvember 1915.
19. 2. mgr. 3. gr. laga um þyngd bakarabrauða, nr. 11 16. mars 1917.
20. 2. mgr. 6. gr. laga um áveitu á Flóann, nr. 68 14. nóvember 1917.
21. 2. mgr. 7. gr. laga um landamerki o.fl., nr. 41 28. nóvember 1919.
22. 5. gr. laga um löggiltar reglugerðir sýslunefnda um eyðing refa o.fl., nr. 48 28. nóvember 1919.
23. Í 1. mgr. 9. gr. laga um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks, nr. 25 27. júní 1921, orðin „Fara skulu málin að hætti almennra lögreglumála.“
24. Í 5. gr. laga um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum, nr. 53 27. júní 1921, orðin „Mál út af slíkum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.“
25. 6. gr. laga um verslunarskýrslur, nr. 12 19. júní 1922.
26. 1. mgr. 154. gr. vatnalaga, nr. 15 20. júní 1923.
27. Í 3. gr. laga um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, nr. 4 4. maí 1925, orðin „og fer um meðferð mála út af þeim sem um almenn lögreglumál“.
28. 1. mgr. 4. gr. laga um einkenning fiskiskipa, nr. 31 27. júní 1925.
29. 4. mgr. 6. gr. laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, nr. 11 23. apríl 1928.
30. 31. gr. hjúalaga, nr. 22 7. maí 1928, svo og í sömu lögum annars vegar í 32. gr. orðin „Með mál út af þeim brotum skal farið sem almenn lögreglumál.“ og hins vegar í 33. gr. orðin „Mál út af þessu eru almenn lögreglumál.“
31. 9. gr. laga um sjóveitu í Vestmannaeyjum, nr. 28 8. september 1931.
32. Í 3. mgr. 9. gr. laga um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts, nr. 27 23. júní 1932, orðin „Með mál út af brotum gegn samþykktinni skal fara sem almenn lögreglumál.“
33. Í 4. gr. laga um heimild handa ríkisstjórninni til ýmissa ráðstafana vegna viðskiptasamnings við bresku stjórnina, nr. 88 19. júní 1933, orðin „og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála“.
34. Í 5. gr. laga um mat á fiskúrgangi, nr. 9 9. janúar 1935, orðin „Um mál út af brotum þessum fer sem um almenn lögreglumál.“
35. 9. gr. laga um bráðabirgðaútflutningsskýrslur, nr. 53 28. janúar 1935.
36. Í 2. gr. laga um útflutning á síldarmjöli, nr. 56 28. janúar 1935, orðin „Mál út af nefndum brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.“
37. 1. mgr. 11. gr. og 12. gr. laga um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, nr. 24 1. febrúar 1936.

38. 6. gr. laga um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar, nr. 83 23. júní 1936.
39. Í 44. gr. laga um samvinnufélög, nr. 46 13. júní 1937, orðin „Mál út af brotum þeim, sem um er rætt í undanfarandi grein, skulu rekin sem almenn lögreglumál.“
40. 2. mgr. 8. gr. laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fyrirskipa blöndun á þurrmjólk í brauð í brauðgerðarhúsum, og til þess að ákveða hámarksverð á brauði og þurrmjólk, nr. 22 13. janúar 1938.
41. 2. mgr. 5. gr. laga um ostrurækt, nr. 21 12. júní 1939.
42. Í almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, 2. mgr. 28. gr. og 30. gr., svo og í 3. mgr. 52. gr. orðin „og ber þá mat á högum sökunauts undir dómsvaldið“.
43. Í 5. gr. laga um síldartunnur, nr. 60 7. maí 1940, orðin „skal fara með sem almenn lögreglumál, og“.
44. 6. gr. laga um veiði, sölu og útflutning á kola, nr. 19 28. maí 1941.
45. 6. gr. laga um afla- og útgerðarskýrslur, nr. 55 27. júní 1941.
46. 16. gr. laga um búfjártryggingar, nr. 20 26. febrúar 1943.
47. Í 2. mgr. 44. gr. og 1. og 2. mgr. 47. gr. framfærslulaga, nr. 80 5. júní 1947, orðin „(í Reykjavík sakadómara)“.
48. 2. mgr. 10. gr. laga um bæjarnöfn, nr. 35 18. febrúar 1953.
49. Í 1. mgr. 8. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38 14. apríl 1954, orðin „fyrir dómi“.
    Í 2. mgr. 11. gr. sömu laga orðin „enda fari rannsókn slíks máls að hætti opinberra mála“.
50. 26. gr. laga um Brunabótafélag Íslands, nr. 9 23. mars 1955.
51. Í 1. mgr. 22. gr. laga um dýravernd, nr. 21 13. apríl 1957, orðin „nr. 27 5. mars 1951,“.
52. Í 1. mgr. 23. gr. laga um landsdóm, nr. 3 19. febrúar 1963, orðin „samanber VI., VII., VIII. og IX. kafla laga nr. 82 frá 21. ágúst 1961“.
    Í 24. gr. sömu laga orðin „115. gr.“ og „nr. 82 frá 21. ágúst 1961“.
    Í 31. gr. sömu laga orðin „samanber XII. kafla laga nr. 82 frá 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála“.
53. Í 146. gr. laga um loftferðir, nr. 34 21. maí 1964, orðin „nr. 82/1961“.
54. Í 1. mgr. 15. gr. laga um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, orðin „IX. kafla“ og „nr. 82 21. ágúst 1961“.
55. Í 15. gr. laga um fyrirtækjaskrá, nr. 62 28. maí 1969, orðin „Ákvæði 2. málsgr. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 82/1961, sbr. lög nr. 29/1966, skulu gilda um mál þessi.“
56. 2. mgr. 19. gr. áfengislaga, nr. 82 2. júlí 1969.
57. 2. mgr. 102. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní 1970.
58. Í 2. mgr. 1. gr. laga um norræna vitnaskyldu, nr. 82 31. maí 1976, orðin „X. kafla“, „nr. 85 23. júní 1936“, „XII. kafla“ og „nr. 74 21. ágúst 1974“.
    Í 2. mgr. 4. gr. sömu laga orðin „sbr. 98. gr. 3. mgr. laga nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála“.
    Í 1. mgr. 5. gr. sömu laga orðin „125. gr.–128. gr.“, „nr. 85 23. júní 1936“, „89. gr.–101. gr.“ og „nr. 74 21. ágúst 1974“.
59. Í 1. mgr. 5. gr. laga um rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 108 28. desember 1976, orðin „sem tekin eru samkvæmt heimild í 57. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74 1974“.
60. 3. mgr. 15. gr. iðnaðarlaga, nr. 42 18. maí 1978.
61. 3. mgr. 33. gr. byggingarlaga, nr. 54 16. maí 1978.
62. 3. mgr. 53. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, nr. 56 16. maí 1978.
63. 1. mgr. 46. gr. barnalaga, nr. 9 15. apríl 1981.
64. Í 2. mgr. 226. gr. siglingalaga, nr. 34 19. júní 1985, orðin „nr. 74/1974“.

65. Í 2. mgr. 30. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32 5. maí 1986, orðin „að mati dómara“.
66. Í 3. mgr. 7. gr. laga um umboðsmann Alþingis, nr. 13 20. mars 1987, annars vegar í 2. málsl. orðin „nr. 74/1974“ og hins vegar í 4. málsl. orðin „samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 80. gr. laga nr. 74/1974“.
67. Í 3. tölul. 1. mgr. 30. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 51 30. mars 1987, orðin „Þegar máli er þannig vísað til siglingadóms getur hann farið með rannsókn í því hvort heldur af sjálfsdáðum eða að beiðni saksóknara.“
Í 2. mgr. 30. gr. sömu laga orðin „þó þannig að mál skal jafnan sæta sókn og vörn“.
68. Í 2. mgr. 46. gr. tollalaga, nr. 55 30. mars 1987, orðin „nr. 74/1974“.
69. 28. gr. laga um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988.

195. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi ákvæði laga sem hér segir:

1. 4. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt, nr. 16 13. janúar 1938, verður svohljóðandi: Frá lögreglustjóra ef hann telur óeðlilegar kynhvatir viðkomanda munu geta leitt til glæpaverka.
2. 1. mgr. 55. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, verður svohljóðandi:
Sektir og aðrar skyldugreiðslur, sem afplána á að lögum og ákveðnar eru á annan hátt en í 54. gr. getur, afplánast eftir reglum um varðhald eða fangelsi. Stjórnvald það, er sekt eða afplánun ákveður, tiltekur einnig um leið um refsivistina, en bera má þá ákvörðun undir dómara.
2. mgr. 55. gr. sömu laga verður svohljóðandi:
Dagsektir skal afplána í varðhaldi og ákveður sýslumaður varðhaldstímann. Um heimild til að bera þá ákvörðun undir dómstóla fer eftir reglum aðfararlaga um heimildir til að bera ákvarðanir þær, sem sýslumaður tekur við framkvæmd aðfarar, undir héraðsdóm.
Í 5. mgr. 56. gr. sömu laga fellur niður orðið „rannsóknardómari“, en í þess stað kemur: rannsóknari.
3. Í 2. mgr. 46. gr. laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, nr. 23 10. mars 1956, fellur niður orðið „réttarrannsókn“, en í stað þess kemur: opinber rannsókn.
4. Í 2. mgr. 5. gr. laga um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962, falla niður orðin „1. mgr. 119. gr., sbr. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 82/1961“, en í stað þeirra kemur: lögum um meðferð opinberra mála.
Í 1. og 3. málsl. 1. mgr. 11. gr. sömu laga fellur niður orðið „sakadóms“, en í þess stað kemur orðið: héraðsdóms.
Í 1. mgr. 15. gr. sömu laga falla niður orðin „71. og 72. gr. laga nr. 82/1961“, en í stað þeirra kemur: lögum um meðferð opinberra mála.
5. Í 2. mgr. 18. gr. laga um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, fellur niður orðið „dómsrannsókn“, en í stað þess kemur: rannsókn.
6. 1. mgr. 68. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60 29. maí 1972, verður svohljóðandi:
Nú er opinbert mál höfðað til refsingar vegna atvika sem leitt geta til ógildingar hjúskapar og má þá hafa uppi kröfu í málinu um ógildingu hjúskaparins.
3. mgr. 68. gr. sömu laga verður svohljóðandi:
Hjúskaparmál, sem einstaklingur eða dómsmálaráðuneytið sækir, fer að hætti einkamála ef eigi er öðruvísi um mælt í lögum þessum.
1. mgr. 80. gr. sömu laga verður svohljóðandi:

Nú er svo ákveðið í lögum þessum að mál skuli höfða innan lögmælts tíma og fer þá um það samkvæmt almennum reglum réttarfarslaga hvenær mál telst höfðað.

7. Í 4. gr. laga um upptöku ólöglegs sjávarafla, nr. 32 19. maí 1976, falla niður orðin „Málinu má vísa til meðferðar sakadóms“, en í stað þeirra kemur: Höfða má mál til ógildingar úrskurði.
8. Í 4. mgr. 17. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 81 31. maí 1976, falla niður orðin „Lagt skal löghald á“, en í þeirra stað koma orðin: Kyrrsetja skal.
9. Í 4. mgr. 2. gr. laga um framkvæmd samnings um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, nr. 48 30. maí 1979, falla niður orðin „Lagt skal löghald á“, en í þeirra stað koma orðin: Kyrrsetja skal.
10. Í 4. mgr. 3. gr. laga um aðild Íslands að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi, nr. 68 29. maí 1981, falla niður orðin „Lagt skal löghald á“, en í þeirra stað koma orðin: Kyrrsetja skal.
11. Í 4. mgr. 94. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75 14. september 1981, fellur niður orðið „sakadóms“, en í stað þess kemur orðið: héraðsdóms.

    3. mgr. 108. gr. sömu laga verður svohljóðandi:

    Mál út af brotum gegn skattalöggjöf skulu sæta meðferð opinberra mála. Skattkröfu má hafa uppi og dæma í slíkum málum.
12. Í 23. gr. laga um brunavarnir og brunamál, nr. 74 12. maí 1982, falla niður orðin „Ef kveðja þarf til sérfróða menn vegna rannsóknar á eldsvoða, skal stjórn brunamálastofnunarinnar tilnefna þá samkvæmt tillögu brunamálastjóra.“ Í sama ákvæði fellur enn fremur niður orðið „Réttarrannsókn“, en þess í stað kemur: Opinber rannsókn.
13. Í 2. mgr. 8. gr. laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13 17. apríl 1984, falla niður orðin „1. mgr. 119. gr. laga nr. 74/1974“, en í stað þeirra kemur: lögum.

    Í 1. mgr. 10. gr. sömu laga falla niður orðin „71. gr. laga nr. 74/1974“, en í þeirra stað kemur: lögum.

    Í 1. mgr. 14. gr. sömu laga fellur niður orðið „sakadóms“, en í stað þess kemur: héraðsdóms.

    Í 1. mgr. 18. gr. sömu laga falla niður orðin „71. og 72. gr. laga nr. 74/1974“, en í stað þeirra kemur: lögum.

    Í 5. mgr. 20. gr. sömu laga fellur niður orðið „sakadómi“, en í stað þess kemur: héraðsdómi.

    Í 1. mgr. 22. gr. sömu laga falla niður orðin „þeim, sem um getur í VI. og VII. kafla laga nr. 74/1974“, en í stað þeirra kemur: laga.

    Í 5. mgr. 23. gr. sömu laga fellur niður orðið „sakadómur“, en í þess stað kemur: héraðsdómur.
14. Í 3. mgr. 36. gr. útvarpslaga, nr. 68 27. júní 1985, fellur niður orðið „réttarrannsókn“, en í stað þess kemur: rannsókn.
15. Í 1. mgr. 18. gr. laga um skráningu skipa, nr. 115 31. desember 1985, falla niður orðin „héraðsdómari rannsaki málið“, en í stað þeirra kemur: málið verði rannsakað.
16. Í 3. mgr. 7. gr. laga um ríkisendurskoðun, nr. 12 29. apríl 1986, sbr. lög nr. 35 18. maí 1988, fellur niður orðið „sakadóms“, en í stað þess kemur: héraðsdóms.
17. Í 1. mgr. 30. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32 5. maí 1986, falla niður orðin „lagt löghald á skipið“, en í þess stað kemur: skipið kyrrsett.
18. 20. gr. vaxtalaga, nr. 25 27. mars 1987, verður svohljóðandi:

    Mál út af refsiverðum brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála. Endurgreiðslukröfur og aðrar einkaréttarkröfur má hafa uppi og dæma í slíkum málum.
19. 3. mgr. 31. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45 30. mars 1987, verður svohljóðandi:

Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála. Greiðslukröfu má hafa uppi og dæma í slíkum málum.

20. 2. mgr. 124. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, verður svohljóðandi:
Sýslumenn skulu geyma þessi bréf og böggla óopnaða í tvö ár og hafi kjörseðlanna þá ekki verið krafist vegna opinberrar rannsóknar út af grun um atkvæðafölsun skal brenna þá í óhreyfðum umbúðum.
21. 3. mgr. 41. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50 24. maí 1988, verður svohljóðandi:
Mál vegna brota á lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála. Skattkröfu má hafa uppi og dæma í slíkum málum.
22. Í 2. mgr. 4. gr. laga um aðför, nr. 90 1. júní 1989, falla niður orðin „sem aðfararhæf er skv. 9. tölul. 1. mgr. 1. gr.“, en í þeirra stað kemur: samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.
23. 11. gr. laga um lögheimili, nr. 21. 5. maí 1990, verður svohljóðandi:
Ef vafi leikur á um lögheimili manns, er þjóðskránni, hlutaðeigandi manni eða sveitarfélagi, sem málið varðar, rétt að höfða mál til viðurkenningar á hvar lögheimili hans skuli talið. Þess skal gætt að þjóðskráin og sá maður, sem í hlut á, eigi aðild að slíku máli, en að öðru leyti fer um málið eftir almennum reglum um meðferð einkamála í héraði.

196. gr.

Þar sem mælt er fyrir í öðrum lögum um dómsátt í opinberu máli skal litið svo á að átt sé við ákvörðun dómara um viðurlög skv. 1. mgr. 124. gr.

XXIV. KAFLI
Ákvæði til bráðabirgða.

197. gr.

Opinber mál, sem hafa verið þingfest fyrir sakadómi fyrir gildistöku laga þessara en hefur ekki verið lokið í héraði, skulu rekin upp frá því fyrir héraðsdómstól í því umdæmi sem hlutaðeigandi sakadómur starfaði áður í. Mál, sem hafa verið þingfest fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum en hefur ekki verið lokið þar, skulu rekin upp frá því fyrir héraðsdómi Reykjavíkur. Ekki haggast af þeim sökum gildi þeirrar meðferðar sem mál hefur þegar sætt fyrir sakadómi.

198. gr.

Opinber mál, sem þingfest hafa verið fyrir gildistöku laga þessara en hefur ekki verið lokið fyrir héraðsdómi fyrir þann tíma, skulu eftir því sem við getur átt sæta meðferð upp frá því eftir reglum þessara laga að öðru leyti en hér segir:

a. ríkissaksóknari fer eftir sem áður með ákæruvald í máli þótt lögreglustjóri hefði höfðað það eftir gildistöku laga þessara skv. 28. gr.,
b. ekki má ljúka máli án þess að ákærði sæki þing eftir ákvæðum 1. mgr. 126. gr.,
c. hafi munnlegar skýrslur þegar verið gefnar að einhverju marki í máli skal dómari gefa aðilum kost á að ljúka öflun sýnilegra sönnunargagna og ákveða síðan aðalflutning skv. 129. gr. til að ljúka munnlegri sönnunarfærslu og flutningi máls,
d. hafi krafa um frávísun máls verið tekin til dóms eða úrskurðar, en ekki hefur verið leyst úr henni fyrir gildistöku laga þessara, gilda fyrirmæli eldri laga um form úrlausnarinnar.

199. gr.

1. Ákvæði eldri laga um kæruheimildir til Hæstaréttar, kærufrest, aðild að kærumáli, meðferð héraðsdómara á kæru og meðferð kærumáls fyrir Hæstarétti gilda um úrskurði og ákvarðanir héraðsdómara sem kveðnir hafa verið upp eða teknar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara.

2. Ákvæði XVIII. kafla laga þessara um áfrýjun taka til mála þótt þau hafi verið dæmd í héraði fyrir gildistöku laga þessara, að öðru leyti en hér segir:

a. ákvæði 150. gr. gilda ekki um mál sem dæmd hafa verið í héraði fyrir gildistöku laga þessara,
b. fyrirmæli eldri laga um áfrýjunarfrest gilda um mál sem dæmd hafa verið í héraði fyrir gildistöku laga þessara.

200. gr.

Fyrirmæli laga þessara gilda um endurupptöku mála þótt þau hafi verið dæmd fyrir gildistöku þeirra.

201. gr.

1. Ákvæði 2. mgr. 26. gr. taka ekki til ákvarðana sem ríkissaksóknari hefur tekið um niðurfellingu mála fyrir gildistöku laga þessara.

2. Heimilt er ríkissaksóknara að fela þeim sem í 1. og 3. mgr. 29. gr. getur að sækja þing í máli og flytja það þótt það hafi verið höfðað fyrir gildistöku laga þessara. Feli ríkissaksóknari samkvæmt þessu lögreglustjóra flutning máls, sem 1. mgr. 28. gr. getur átt við, gilda fyrirmæli 2. mgr. 29. gr. um heimild lögreglustjóra til að fela starfsmanni sínum málið.

3. Fyrirmæli 113. og 114. gr. taka til mála þótt brot hafi verið framið fyrir gildistöku laga þessara.

4. Lögreglustjóra er heimilt að ljúka máli með þeim hætti sem í 2. mgr. 115. gr. segir þótt brot hafi verið framið fyrir gildistöku laga þessara.

5. Heimilt er að ljúka máli með þeim hætti sem í 1. mgr. 124. gr. segir þótt mál hafi verið höfðað fyrir gildistöku laga þessara.

202. gr.

1. Eftir gildistöku laga þessara má leggja hald á muni, framkvæma leit og handtaka mann á grundvelli úrskurðar þótt hann hafi verið kveðinn upp fyrir þann tíma, ef skilyrði eru til aðgerðar eftir fyrirmælum þessara laga.

2. Úrskurður um að maður sæti gæsluvarðhaldi haggast ekki af gildistöku laga þessara. Fyrirmæli 108. gr. taka til gæslufanga frá gildistöku laga þessara þótt úrskurður hafi gengið um gæsluvarðhaldið fyrir þann tíma.

3. Atriði varðandi rannsókn opinbers máls verða því aðeins borin undir dómara skv. 75. gr. að þau hafi komið upp eftir gildistöku laga þessara.

Ed. 701. Lög [120. mál]

um brottnám líffæra og krufningar.

(Afgreidd frá Ed. 20. febr.)

Samhljóða þskj. 648.

Ed. 702. Lög [121. mál]

um ákvörðun dauða.

(Afgreidd frá Ed. 20. febr.)

Samhljóða þskj. 125.

Sþ. 703. Nefndarálit [134. mál]

um till. til þál. um framleiðslu vetnis.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk til viðræðna dr. Braga Árnason prófessor og Garðar Ingvarsson, forstöðumann markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar. Umsagnir um tillöguna bárust frá Áburðarverksmiðju ríkisins, dr. Braga Árnasyni, Iðntæknistofnun Íslands, markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar, Orkustofnun, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands og Verkfræðingafélagi Íslands.

Í máli þeirra sem komu á fund nefndarinnar kom fram að vinnsla vetnis væri mjög áhugaverður kostur fyrir Íslendinga og sjálfsagt væri að fylgjast vel með framþróun sem ætti sér stað á þessu sviði. Hins vegar væri ekki tímabært að hefja framleiðslu vetnis hér á landi þótt svo verði e.t.v. fyrir aldamót. Ýmis tæknivandamál, svo sem hvernig á að geyma vetni, þarf að yfirstíga áður en framleiðsla getur hafist fyrir alvöru. Þá er vetni tvöfalt dýrari orkugjafi en olía og því ekki samkeppnishæft. Unnið er að margvíslegum tilraunum með vetni sem orkugjafa, m.a. eiga Evrópubandalagið og Kanada í slíkri samvinnu. Er sjálfsagt að fylgjast vel með þeim rannsóknum og er þegar komið á samstarf við þýska aðila um vetnisrannsóknir. Háskóli Íslands vinnur að forathugunum á því hvort unnt er að nota háhita til þéttingar á vetni. Enn fremur má benda á að Evrópubandalagið telur rannsóknir á vetni til umhverfismála.

Nefndin telur ekki tímabært að Alþingi álykti um þessa ítarlegu tillögu um framleiðslu á vetni en tekur undir þau meginsjónarmið sem þar koma fram og ítrekar nauðsyn þess að Íslendingar fylgist með og taki þátt í rannsóknum á vetni. Í trausti þess að svo verði gert leggur nefndin til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Matthías Á. Mathiesen og Hreggviður Jónsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. febr. 1991.

Árni Gunnarsson, form., frsm. | Ólafur Þ. Þórðarson, fundaskr. | Geir H. Haarde.

Jón Kristjánsson. | Geir Gunnarsson.

Sþ. 704. Fyrirspurn [391. mál]

til iðnaðarráðherra um aðgerðir til að draga úr bensínnotkun.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

1. Hvað hefur ríkisstjórnin gert á síðustu vikum til þess að draga úr bensínnotkun?
2. Hyggst ríkisstjórnin grípa til frekari aðgerða í þessu skyni?

Sþ. 705. Tillaga til þingsályktunar [392. mál]

um gerð staðfræðikorta, gróðurkorta og um landfræðilegt upplýsingakerfi.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að beita sér fyrir samstarfi stofnana og fyrirtækja, sem annast landmælingar og kortagerð, um að gerð verði stafræn staðfræðikort í mælikvarða 1:25 000 af öllu landinu á næstu 10 árum og hlutast til um að gróðurkortagerð af landinu verði lokið á þeim tíma.

Jafnframt verði komið á fót samræmdu landfræðilegu upplýsingakerfi sem byggt verði á staðfræðikortum af landinu og gagnasöfnun þeirra stofnana, sveitarfélaga og fyrirtækja sem nota staðbundin gögn.

Áður en ráðist verður í þetta verk verði unnið að tilraunaverkefni í því skyni að ljúka forvinnu og komið á nauðsynlegri samvinnu aðila og samið um skiptingu kostnaðar milli þeirra.

Miða skal við að tilraunaverkefninu verði lokið fyrir árslok 1992.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Í lögum nr. 47/1990, um verkefni umhverfisráðuneytis, og reglugerð nr. 96 frá 7. júní 1990, er gert ráð fyrir að ráðuneytið fari m.a. með mál er varða gróðurvernd, gerð landnýtingaráætlana, landmælingar og skipulagsmál. Í september 1990 skipaði umhverfisráðherra nefnd til að undirbúa áætlun um að ljúka gerð staðfræðikorta og gróðurkorta fyrir allt landið og semja tillögu til þingsályktunar um sama efni. Í nefndina voru skipaðir Jón Gunnar Ottóson, umhverfisráðuneyti, formaður nefndarinnar, Ágúst Guðmunds-

son, Landmælingum Íslands, Gylfi Már Guðbergsson, Háskóla Íslands, Ingvi Þorsteinsson, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, og Stefán Thors, Skipulagi ríkisins. Ragnar Jón Gunnarsson frá Skipulagi ríkisins tók fljótlega sæti Stefáns Thors að ósk Stefáns. Magnús Guðmundsson frá Landmælingum Íslands var starfsmaður nefndarinnar og ritari á fundum hennar. Guðmundur Guðjónsson frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins sat marga fundi nefndarinnar og tók þátt í störfum hennar.

Sérstaklega var óskað eftir því að nefndin fjallaði um eftirfarandi atriði:

1. Möguleika á að ljúka gerð gróðurkorta fyrir allt landið á fáum árum, þannig að þau verði á tölvutæku, stafrænu formi og falli að samræmdu kerfi Landmælinga Íslands.
2. Hvernig megi ljúka gerð staðlaðra grunnkorta (staðfræðikorta) á tölvutæku, stafrænu formi fyrir landið allt. Miðað skal við að grunnkortin nýtist sem landfræðilegur grunnur fyrir samræmda kortagerð á vegum ríkisins.
3. Tillögu um heildarstefnu varðandi skipulag kortagerðar á vegum stofnana ríkisins, miðað við kortagrunn á stöðluðu formi í mælikvarða 1:25 000.

Nefndinni var ekki afmarkaður starfstími, en óskað var eftir að hún hraðaði störfum svo að málið gæti fengið þinglega meðferð á haustþingi. Snemma kom þó í ljós að verkefni nefndarinnar var mun umfangsmeira en ráð var fyrir gert og var þá í samráði við ráðuneytið ákveðið að nefndin lyki störfum í lok janúar 1991.

Nefndin fjallaði um alla þrjá þættina, sem tilgreindir voru í skipunarbréfi, og um nauðsyn þess að koma á fót landfræðilegu upplýsingakerfi í tengslum við kortagerðina. Farið var yfir stöðu kortamála hér á landi og vitneskju aflað um fyrri tilraunir til að greiða úr þessum málum. Áhersla var lögð á að gera áætlun um kortagerð og gagnavinnslu sem tæki mið af þróun undanfarinna ára í tölvumálum og kortagerð. Nefndin hafði samband við flestar opinberar stofnanir sem stunda kortagerð eða landmælingar. Guðmundur Björnsson hjá verkfræðistofunni Hnit, Örn Arnar Ingólfsson hjá Ísgraf og Kolbeinn Árnason hjá upplýsinga- og merkjafræðistofu Háskóla Íslands voru kvaddir á fund nefndarinnar og veittu þeir margvíslegar upplýsingar.

Helstu atriði tillögunnar.

Nefndin skilaði tillögu um gerð staðfræðikorta, gróðurkorta og um landfræðilegt upplýsingakerfi til umhverfisráðherra 4. febrúar 1991 ásamt ítarlegri greinargerð sem hér er birt í heild sem fylgiskjal. Í greinargerðinni er farið yfir stöðu þessara mála hér á landi og tillaga gerð um stefnumörkun til næstu ára. Full samstaða tókst um álit nefndarinnar.

Til að ná þeim markmiðum, sem sett eru fram í tillögunni sem hér er flutt, leggur nefndin til að eftirfarandi aðgerðum verði beitt:

1. **Unnið verði tilraunaverkefni í því skyni að ljúka forvinnu og koma á nauðsynlegri samvinnu stofnana og skal því lokið fyrir árslok 1992.**
   Verkefnið felst í því að gerð verða nokkur stafræn staðfræðikort og gróður- og jarðakort með þeirri tækni sem notuð verður við kortagerð og gagnasöfn á næstu árum, og að undirbúa uppbyggingu landfræðilegs gagnasafns. Áhersla verði lögð á eftirfarandi atriði:

Staðfræðikort.
Að kanna kröfur og þarfir stofnana og annarra notenda.
Að ljúka við gerð kortastaðals.
Að hanna gagnagrunn kortanna.
Að safna og meta eldri mæligögn af svæðinu.
Að þróa vinnuaðferðir við gerð stafrænna korta.

Gróður- og jarðakort.
Að nota staðfræðikortin sem grunn fyrir kortagerðina.
Að kanna þarfir notenda.
Að laga kortastaðal að stafrænni vinnslu gagna.
Að samræma gróður- og landgreiningu þannig að hún nýtist við gerð staðfræðikortanna.
Að hanna stafrænan gagnagrunn kortanna.
Að endurskoða eldri kort og vinna að því að koma þeim á stafrænt form.

Landfræðilegt upplýsingakerfi.
Að koma á samstarfi stofnana og fyrirtækja sem vinna með staðbundin gögn.
Að kanna stöðu í uppbyggingu gagnasafna hér á landi.
Að kanna þarfir notenda.
Að staðla frumskráningu og notkun greinitalna.
Að þróa vinnuaðferðir.

2. **Unnið verði að endurskoðun og endurbótum á þríhyrninga- og hæðarkerfi, þannig að tryggt verði að það uppfylli kröfur um nákvæmni fyrir kortagerð í mælikvarða 1:5 000 og fyrir mælingar vegna verklegra framkvæmda.**
Áhersla verði lögð á eftirfarandi atriði:

Að byggja upp mælistöðvar.
Að mæla fyrir hæðar- og staðsetningarneti.
Að ganga frá merkjum fyrir loftmyndaflug.

3. **Gerð verði nákvæm verk- og kostnaðaráætlun fyrir kortagerðina samhliða endurskoðun á hæðar- og staðsetningarkerfi og vinnu við tilraunaverkefni. Miða skal við verklok árið 2000.**

Staðfræðikort.

Þörf er á staðfræðikortum af landinu í mælikvarða 1:25 000 er knýjandi. Þeir fjölmörgu aðilar, sem vinna við og nota kort af Íslandi, eru á einu máli um nauðsyn þess að samræma kortagerðina og byggja hana upp á stafrænum grunni. Þetta kom m.a. í ljós í svörum þeirra fjölmörgu stofnana sem nefndin hafði samband við. Fram að þessu hefur orðið að treysta á framtak erlendra aðila við gerð staðfræðikorta af landinu, en kort þeirra fullnægja alls ekki þeim nákvæmniskröfum sem nú eru gerðar til grunngagna fyrir áætlanagerð og skipulagsvinnu. Íslendingar hafa ekki nema að litlu leyti borið kostnað af gerð þessara staðfræðikorta og þar af leiðandi ekki haft nægjanleg mótandi áhrif á gerð þeirra.

Staðfræðikort, sem unnin yrðu eftir samræmdum reglum og uppfylltu kröfur um ná-

kvæmni, hefðu verulegan sparnað í för með sér fyrir þjóðfélagið í heild. Eins og nú er ástatt er erfitt að samnýta gögn frá aðilum sem sinna mælingum og kortagerð, t.d. frá Vegagerð ríkisins, Landsvirkjun, Orkustofnun og Pósti- og símamálastofnun, vegna þess að samræmdan grunn vantar. Stofnanirnar nota t.d. ólíkan grunn í hæð og legu sem gerir það að verkum að gögn einnar stofnunar koma öðrum ekki að notum. Nýting á fjármagni er því slæm á þessu sviði. Hér er um mikla fjármuni að ræða þar sem áætlað hefur verið að stofnanir ríkisins verji núna um 600 til 800 milljónum króna árlega til mælinga og kortagerðar, og því til mikils að vinna að ná fram aukinni hagkvæmni, ekki síður fyrir sveitarfélög en stofnanir ríkisins.

Stafræn kortagerð er á frumstigi á Íslandi, en nokkrar stofnanir, sveitarfélög og fyrirtæki eru að þreifa fyrir sér á þessu sviði. Þar má t.d. nefna Norrænu eldfjallastöðina, Raunvísindastofnun Háskólans, Landsvirkjun, Skipulag ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og verkfræðistofuna Hnit. Kort framtíðarinnar verða stafræn og það er ljóst að í óefni stefnir ef stjórnvöld hefjast ekki fljótlega handa um að samræma kortagerðina alla og miða þar við stafræn kort. Þeir aðilar, sem mest þurfa á kortum að halda, munu þá fara hver í sína áttina. Gagnasöfnun og kortin verða þá áfram ósamstæð og ófullkomin og nýtast ekki heildinni. Kostnaður ríkisins af kortagerð, landmælingum, hönnunarvinnu og áætlanagerð yrði þar með margfaldur á við það sem vera þyrfti.

Hæðar- og staðsetningarkerfi Landmælinga Íslands stenst ekki þær kröfur um nákvæmni sem gerðar eru í áætlana- og skipulagsgerð fyrir verklegar framkvæmdir. Opinberar stofnanir og sveitarfélög hafa yfirleitt neyðst til að nota staðbundin hnitakerfi bæði í hæð og legu vegna þess að kerfi Landmælinga Íslands fullnægir ekki þörfum þeirra. Nauðsynlegt er að endurskoða og bæta hæðar- og staðsetningarkerfið áður en ráðist er í gerð stafrænna staðfræðikorta. Einnig er nauðsynlegt að ljúka gerð kortastaðals sem nú er í vinnslu.

Hér er lagt til að allt landið verði kortlagt í mælikvarða 1:25 000 á næstu 10 árum og að kortin verði unnin á stafrænan hátt, þannig að þau nýtist sem grunnur fyrir sem flesta notendur. Enn þá skortir ýmsar forsendur fyrir nákvæmri verkáætlun um gerð kortanna. Áður en hafist verður handa um kortagerðina með verkáætlun sem nær til alls landsins þarf m.a. að endurskoða fastmerkjakerfið og meta hvernig best verði staðið að endurbótum á því, ljúka gerð kortastaðals, efla sjávarfallamælingar umhverfis landið og gera fallmælingar. Einnig verður að kanna þarfir og kröfur hinna ýmsu stofnana og annarra notenda, og hanna gagnagrunn kortanna í framhaldi af því. Kanna þarf og þróa vinnuaðferðir fyrir stafræna kortagerð og koma upp nauðsynlegum búnaði fyrir verkefnið.

Lagt er til að ráðist verði í tilraunaverkefni í því skyni að ljúka þessari forvinnu og til að koma á nauðsynlegri samvinnu stofnana. Velja þarf eitt afmarkað svæði þar sem landslag er fjölbreytilegt og landnytjar margvíslegar, og gera þar nokkur stafræn staðfræðikort með þeirri tækni sem líklega verður notuð við kortagerð og hönnun gagnasafns í framtíðinni.

Koma þarf strax á samstarfi stofnana um slíkt tilraunaverkefni á vegum umhverfisráðuneytis og miða við að niðurstöður úr því verði til taks í lok árs 1992. Í framhaldi af því verði gerð nákvæm áætlun um gerð stafrænna staðfræðikorta af landinu öllu fyrir aldamót, þar sem svæðum sé raðað í forgangsröð, og fjármagn tryggt til verksins.

Gróðurkort.

Gerð gróðurkorta af Íslandi hófst árið 1955. Meginmarkmiðið með þessari vinnu er

að gefa út gróðurkort og afla tölulegrar vitneskju um útbreiðslu, eðli, ástand og framleiðslugetu gróðurlenda, m.a. til að ákvarða beitarþol landsins og til að skipuleggja gróðurvernd og aðra landnýtingu. Áður hafði ekki verið gerð heildarúttekt á gróðurfari og landgæðum á Íslandi, en fyrir hendi var mikil grunnþekking, m.a. á sviði grasafræði, sem var nauðsynleg forsenda þess að unnt væri að hefja þetta verk.

Þegar gróðurkortagerðin hófst fyrir 35 árum ríkti mikil bjartsýni hjá þeim sem að verkinu stóðu um að unnt yrði að ljúka því á þremur til fjórum áratugum. Óvíða er gróður jafn illa farinn og óvíða er gróðureyðing jafn ör og á Íslandi. Af þeim sökum hefði mátt ætla að úttekt á þessari hnignandi auðlind yrði veitt brautargengi svo að unnt yrði að taka nýtingu landsins föstum tökum og færa til betra horfs. Á síðasta áratug hefur hins vegar hallað svo á ógæfuhliðina að málið er nánast komið í strand.

Skortur á staðfræðikortum í mælikvarða 1:25 000 til að byggja gróðurkortin á hefur haft veruleg áhrif á gróðurkortagerðina. Vegna þess að ekki eru til grunn- eða staðfræðikort af landinu í þessum mælikvarða hafa ekki verið gerð nema fá gróðurkort af byggðum landsins. Af sömu sökum hefur ekki verið unnt að gefa út gróðurkort af ýmsum svæðum landsins þótt vettvangsvinnu væri lokið fyrir mörgum árum.

Nú er búið að gefa út gróðurkort af u.þ.b. 40% landsins, en vegna skorts á góðum kortagrunni hefur ekki verið talið fært að gefa út öll þau kort sem útivinnu er lokið við. Enn er vettvangsvinnu ólokið á um 35 þús. ferkm lands, þar af eru um 80% í byggð.

Hér er lagt til að gróðurkortagerð af landinu verði lokið fyrir næstu aldamót og að kortin verði unnin á stafrænan hátt, þannig að kortin verði aðgengilegri og notkun gagnanna verði fjölbreyttari en áður. Nauðsynlegt er að til séu staðfræðikort í mælikvarða 1:25 000 af þeim svæðum sem kortleggja á og þess vegna verður að samræma áætlanir um gerð staðfræðikortanna og gróðurkortanna. Áður en hafist verður handa um gerð stafrænna gróðurkorta með verkáætlun sem nær til allra svæða á landinu sem nú er ólokið þarf töluverða undirbúningsvinnu. Lagt er til að þessi vinna fari fram í tilraunaverkefni því sem ráðgert er fyrir gerð staðfræðikortanna til að koma á nauðsynlegri samvinnu og samnýtingu stofnana, og verði því lokið fyrir árslok 1992.

Landfræðilegt upplýsingakerfi.

Öflun og úrvinnsla staðbundinna upplýsinga er þegar snar þáttur í þjóðfélaginu og fjölmargar stofnanir safna landfræðilegum gögnum og geyma þau þótt ekki séu þau aðgengileg á samræmdu formi. Verði gagnasöfn hinna ýmsu stofnana sem vinna með staðbundin gögn tengd saman verða gögnin aðgengilegri og nýtast fleirum en áður og betur. Uppbygging landfræðilegs upplýsingakerfis krefst stafrænna staðfræðikorta af landinu, eignakorta og samræmdra gagnasafna. Uppbygging landfræðilegra upplýsingakerfa er mjög skammt á veg komin hérlendis, og lítil samræming á þessu sviði enn sem komið er. Þó hafa nokkrir aðilar hafið uppbyggingu slíkra kerfa á ýmsum sérsviðum, og nokkrir þeirra komið sér upp þar til gerðum hugbúnaði. Þar á meðal eru Norræna eldfjallastöðin, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Skipulag ríkisins, Reykjavíkurborg, Póst- og símamálastofnun og Rafmagnsveitur ríkisins. Auk þeirra eiga margir aðilar umfangsmikil söfn landfræðilegra upplýsinga og má þar nefna Hagstofu Íslands, Búnaðarfélag Íslands, Fasteignamat ríkisins, Landsvirkjun, Orkustofnun, Raunvísindastofnun Háskólans, Vegagerð ríkisins, Landmælingar Íslands, Byggðastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Veðurstofu Íslands og ýmsar aðrar rannsóknastofnanir.

Þörf fyrir aðferðir til vinnslu staðbundinna gagna hefur vaxið með hverju ári á hin-

um ýmsu sviðum þjóðfélagsins. Í náttúruvísindum er m.a. mikil þörf á ýmsum upplýsingum um gróður, jarðveg og veðurfar. Í umhverfismálum er þörf fyrir öflugt landfræðilegt upplýsingakerfi, ekki síst vegna forvarna og rannsókna á sviði mengunarmála. Í stjórnsýslu og vegna landnýtingar er mikil þörf fyrir upplýsingar um eignarmörk, stærð eigna og eignarlanda og nákvæma staðsetningu þeirra. Í skipulagi er þörf fyrir miklar staðbundnar upplýsingar vegna áætlanagerðar og ákvarðanatöku. Landfræðilegt upplýsingakerfi er forsenda fyrir góðri landnýtingaráætlun eigi hún að verða raunverulegur sáttmáli um ráðstöfun lands á sem flestum sviðum. Á tæknisviði þarf öflug upplýsingakerfi fyrir þjónustukerfin (lagnir, virkjanir, samgöngur o.s.frv.). Í viðskiptum eru markaðskannanir og upplýsingar um viðskiptamenn með einum eða öðrum hætti staðbundnar. Í fjölmiðlum eru upplýsingar birtar með tilvísun til staðfræði.

Landfræðilegu upplýsingakerfi fylgja miklar breytingar á upplýsingaflæði á milli stofnana og ljóst er að jafnframt verða breytingar á stjórnskipulagi þeirra. Slíkar breytingar eru viðkvæmar og því er heppilegt að reyna að sjá þær fyrir og móta um þær stefnu. Hagkvæm uppbygging slíks kerfis hér á landi er því fyrst og fremst háð því að stjórnvöld móti skýra stefnu í upplýsingamálum. Uppbygging án heildarstefnu mun verða dýr og mikil hætta er á offjárfestingu og tvíverknaði í gagnaöflun og vinnslu.

Hér er lagt til að komið verði á fót samræmdu landfræðilegu upplýsingakerfi á Íslandi. Stuðlað verði að samkomulagi og samstarfi um myndun landfræðilegs gagnasafns og vinnubrögð þeirra stofnana og fyrirtækja sem vinna með staðbundin gögn verði samræmd. Áður en hafist er handa um uppbyggingu þess þarf að gera nákvæma áætlun. Æskilegt er að samstarf komist á milli stofnana um tilraunaverkefni til þess að komast að göllum, skilgreina vandamál og gera úrbætur áður en lagt er í miklar fjárfestingar. Mikilvægur liður í þeirri vinnu yrði að gera nokkur stafræn kort með svipaðri tækni og verður notuð við kortagerð og hönnun gagnasafns í framtíðinni. Þetta yrði gert samhliða tilraunaverkefni um gerð stafrænna staðfræði- og gróðurkorta.

Viðauki.

Staðfræðikort og gróðurkort af Íslandi
og landfræðilegt upplýsingakerfi.
(Greinargerð nefndar á vegum umhverfisráðuneytisins.)

1. Hugtök og orðskýringar

Vörpun: Vörpun er aðferð við að flytja punkta frá yfirborði jarðar (hnettinum) á flatt yfirborð korts, þ.e. flutningur á óreglulegu landslagi á kúlufleti jarðarinnar yfir á flatt yfirborð. Það er ekki hægt að gera þetta þannig að öll horn, lengdir og flatarmál verði rétt, en með skipulögðum kerfum (vörpunum) er hægt að meta skekkjurnar.

Kort (map): Kort eru uppdrættir landslags eða fyrirbæra þar sem staðsetning er oftast lykilatriði. Kúlufleti jarðarinnar er varpað á flatt yfirborð kortsins og með mismunandi línum, punktum munstri og litum er dregin fram mynd í fleti af því sem kortlagt er í þeim mælikvörðum sem henta.

Þemakort: Sýna gerð, einkenni og útbreiðslu einhvers tiltekins atriðis t.d. gróðurs, jarðvegs, jarðlaga, úrkomu, hita eða mannfjölda.

Kortastaðall: Leiðbeiningar fyrir þá sem vinna að gerð korta í einu landi t.d. atriði eins og lögun, stærð, litróf, littónn, munstur og stefna þeirra fyrirbæra sem sett eru á kort eða sem skýringar með korti. Kortastaðall getur náð yfir hvaða kortagerð sem er ef samkomulag er um notkun hans.

Grunnkort (base map): Kort með takmörkuðum upplýsingum, sem notuð eru sem grunnur fyrir þemakort.

Staðfræðikort: Kort sem sýnir landslag, byggð, vegi og önnur mannvirki, og stjórnsýslumörk.

Kort á tölvutæku, stafrænu formi: Kort sem með hjálp hugbúnaðar og tölvu hefur verið sett á stafrænt form, annaðhvort um leið og kortið var teiknað í upphafi eða með því að hnita eða skanna inn upplýsingar eftir að kortið er fullteiknað.

Tölvukort (digital map): Kort sem teiknað hefur verið með hjálp tölvu. Útlit slíks korts ræðst af getu þeirra tækja og hugbúnaðar sem notaður er. Hægt er að sjá kortið á tölvuskjá eða teikna það út á tölvuteiknara. Gæði teikninga af tölvukortum eru enn ekki þau sömu og korta sem unnin með hefðbundinni aðferð með filmugerð og prentun.

Tölvukortagerð (computer assisted mapping): Kortagerð sem byggir á aðstoð tölvu við hönnun, uppsetningu, teikningu og útlit korts.

Landfræðileg upplýsingakerfi (geographic information system): Slík kerfi eru með aðstoð tölva notuð til að safna, flokka og skilgreina mikið magn upplýsinga sem hægt er að staðfæra. Með slíkum kerfum er á fljótlegan og þægilegan hátt hægt að fá fram á tölvuskjá ólíkar upplýsingar svo sem um eigendur fasteigna, mörk milli jarðeigna, lýðfræðilegar upplýsingar, lagnir, auðlindir o.fl. Undirstaða undir kerfi að þessu tagi er kort sem er á stafrænu formi.

Landmælingar: Landmælingar eru eitt af undirstöðuatriðum kortagerðar en þær fjalla annars vegar um ákvörðun á stærð og lögun jarðarinnar og hins vegar um mælingar í þremur víddum á legu punkta á jörðinni og undir jarðaryfirborðinu. Hlutverk landmælinga við kortagerð er í aðalatriðum:

1. Hnattstöðumælingar.
2. Grunnlínumælingar.
3. Þríhyrningamælingar.
4. Ákvörðun viðmiðunar í hæð (0-punktur) og hæðarmælinga.

Þessi grundvallaratriði skulu gerð í skipulögðu kerfi.

Þríhyrninganet: Punktasafn þar sem lega punktanna hefur verið ákvörðuð með mælingu horna í þríhyrningum og ákvörðun einnar eða fleiri grunnlína eða hliðarlengda í hverju neti.

Fallmælingar: Ákvörðun hæðarmismunar tveggja punkta með því að mæla með láréttri miðun á tvær lóðréttar stangir.

Hæðarkerfi: Safn punkta þar sem hæðir punktanna eru reiknaðar miðað við ákveðinn viðmiðunarflöt. Oftast er miðað við hálffallinn sjó.

Núllpunktur: Er annaðhvort viðmiðunarpunktur í fleti eða hæð.

Núllpunktur í fleti (DATUM) er ákvarðaður með stjörnuathugunum eða gervitunglamælingum þar sem hnattstaða, hæð og stefna þyngdarkraftsins hefur verið mæld sem viðmiðun við útreikninga annarra punkta í kerfinu.

Núllpunktur hæða er breytilegur og er ákvarðaður á vissu ára eða áratugabili með kerfisbundnum sjávarfallamælingum. Jöfnun meðalsjávarhæðar er síðan tekin fyrir ákveðið ár og notuð sem viðmiðun og kölluð EPÓK-ár.

Tæknimælingar: Mjög nákvæmar landmælingar vegna kortagerðar í stórum mælikvarða og vegna verklegra framkvæmda.

2. Kortagerð á Íslandi

2.1 Staða kortagerðar á Íslandi

Lög um landmælingar og kortagerð voru fyrst sett hér á landi árið 1985, þegar Alþingi setti lög um starfsemi Landmælinga Íslands, nr. 31/1985. Landmælingar og kortagerð fyrir þann tíma einkenndust af skorti á samvinnu og samræmingu á milli stofnana. Hver stofnun reyndi að sinna sínum eigin þörfum, en lítið tillit var tekið til þarfa annarra eða möguleika á að samnýta gögn og vinnukrafta.

Þeir fjölmörgu aðilar sem vinna við gerð korta eða nota kort af Íslandi eru sammála um nauðsyn þess að samræma kortagerðina, og byggja hana á einum sameiginlegum grunni. Brýnt er að gera af landinu öllu staðfræðikort sem uppfylla kröfur sem opinberar stofnanir, sveitarfélög og fyrirtæki gera um nákvæmni slíkra korta. Fram að þessu hefur orðið að treysta á framtak erlendra aðila við gerð staðfræðikorta af landinu, en kort þeirra fullnægja alls ekki þeim nákvæmniskröfum sem nú eru gerðar til grunngagna fyrir áætlanagerð og skipulagsvinnu. Íslendingar hafa ekki nema að litlu leyti borið kostnað af gerð þessara staðfræðikorta og þar af leiðandi ekki haft nægjanleg mótandi áhrif á gerð þeirra. Sú ringulreið sem ríkt hefur í kortagerðinni er m.a. afleiðing af því.

Þörf fyrir nákvæm staðfræðikort er knýjandi. Landið varð allt skipulagsskylt lögum samkvæmt nr. 19/1964 og nr. 31/1978 árið 1978, en erfitt hefur reynst að framfylgja lögunum

vegna þess að kortagrunninn vantar. Skipulagsuppdrættir hafa aðeins verið gerðir af þéttbýlissvæðum vegna þessa. Kortafátækt Íslendinga er slík að ekki er hægt að setja nákvæmlega niður mörk stjórnsýslueininga og eigna. Fasteignaskráning á landinu er þannig mjög ótraust. Kostnaður við hönnun stærri mannvirkja og framkvæmdir við þau er meiri en vera þyrfti vegna skorts á nákvæmum staðfræðikortum, og þannig mætti áfram telja.

2.2 Staðfræðikort

Danska herforingjaráðið og síðar Geodætisk Institut í Danmörku gerðu staðfræðikort af Íslandi í mælikvarða 1:100 000 (Atlasblöð) á árunum 1900-1944, og jafnframt af hluta landsins í mælikvarða 1:50 000. Þessi síðarnefndu kort náðu yfir Suður- og Suðvesturland, en þá var fallið frá frekari kortagerð í þessum mælikvarða vegna of mikils kostnaðar.

Army Map Service í Bandaríkjunum gerði staðfræðikort af landinu í mælikvarða 1:50 000 á árunum 1945-1952, en þau kort voru að miklu leyti byggð á dönsku kortunum.

Þessi dönsku og bandarísku staðfræðikort, sem eru þau einu sem til eru af öllu landinu, uppfylla ekki þær nákvæmniskröfur sem íslenskar stofnanir, sveitarfélög og fyrirtæki gera til grunngagna fyrir áætlanagerð og skipulagsvinnu.

Vegna virkjanaáætlana og framkvæmda hafa Landsvirkjun og Orkustofnun kortlagt nærri fjórðung landsins. Flest eru þessi kort í mælikvarða 1:20 000 en nýlega hefur verið tekin upp sú stefna að gera kortin í mælikvarða 1:25 000. Þessi kort hafa ekki verið gefin út og ekki verið undirbúin til prentunar (myndir 1 og 2).

Landmælingar Íslands hafa í samvinnu við ríkisstofnanir og sveitarfélög unnið að gerð samræmdra staðfræðikorta af landinu í mælikvarða 1:25 000. Nú hafa verið gefin út 17 staðfræðikort í þessum mælikvarða (mynd 3). Ná þau yfir Reykjanesskaga, að Kleifarvatni í austri, höfuðborgarsvæðið og Hengilssvæðið, og þar við situr. Kortagerðin byggist á framlögum frá sveitarfélögunum, Landmælingum Íslands og öðrum opinberum stofnunum. Þessi fjármögnun hefur ekki reynst nægileg til að halda kortagerðinni áfram, aðallega vegna þess að einungis stærstu sveitarfélögin hafa bolmagn til að sinna slíku verkefni.

Auk þeirra 17 korta sem lokið er, hafa ýmis staðfræðikort í mælikvarða 1:25 000 verið í undirbúningi, en ekki hefur verið unnt að ljúka gerð þeirra vegna skorts á fjármagni. Þau eru: 9 kort af Suður-Þingeyjarsýslu, 10 kort af Fljótsdalshéraði og 8 kort af svæðinu austan Kleifarvatns.

Eftirfarandi atriði hafa verið höfð að leiðarljósi við gerð staðfræðikorta Landmælinga Íslands í mælikvarða 1:25 000:

— Að endurmerkja alla mælipunkta þar sem þörf krefur.
— Að endurreikna og samræma þríhyrninga- og hæðarkerfi með nýjum mælingum.
— Að nota nýja kortblaðaskiptingu og kortvörpun.
— Að nota nýjar loftmyndir við kortagerðina.
— Að endurskoða landgreiningar og staðsetningu örnefna.
— Að gera kortin samkvæmt íslenskum kortastaðli.
— Að búa til grunn allra korta með sem fjölbreyttust not í huga.

2.3 Þemakort

Staðfræðikortin í mælikvarða 1:25 000 eru undirstaða sérkortagerðar, og hafa þau m.a. verið notuð sem grunnkort fyrir gróður- og jarðakort Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. 8 slík kort eru komin út og 9 eru í undirbúningi. 11 gróður- og jarðakort af Snæfellsnesi og 9 af Suður-Þingeyjarsýslu hafa þar að auki verið gefin út á grunni sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins lét gera (mynd 4). Einnig munu Náttúrufræðistofnun Íslands og Orkustofnun hyggja á samvinnu um jarðfræðikort þar sem ný staðfræðikort Landmælinga Íslands verða notuð sem grunnur.

2.4 Bandarísk herkort

Undanfarin ár hafa Landmælingar Íslands verið í samvinnu við Defence Mapping Agency (DMA) í Bandaríkjunum um gerð staðfræðikorta af Íslandi í mælikvarða 1:50 000. Fram til ársins 1989 höfðu aðeins verið gefin út 10 kortblöð af Suðvesturlandi, en um 200 kort eru í þessum flokki. Árið 1986 var ákveðið að gera 92 kortblöð af svæði sem afmarkast af línum á milli Húnaflóa og Stokkseyrar að vestan og Skjálfanda, Öskju og Skaftafells að austan (21° v. og 16°30′ v.). Nú er búið að gefa út 84 af þessum 92 kortum (mynd 5). Óvíst er hvenær slík kort af Vesturlandi, Vestfjörðum og Austurlandi verða unnin.

Þessi kortagerð er að mestu kostuð af DMA og hefur fyrst og fremst tekið mið af þörfum þeirrar stofnunar. Samt sem áður eru kortin mjög gagnleg fyrir fjölmarga íslenska notendur. Mælikvarði DMA-kortanna er þó of lítill til þess að þau komi að sömu notum og staðfræðikort í mælikvarða 1:25 000.


2.5 Opinberar stofnanir sem stunda kortagerð og landmælingar

Fjölmargar opinberar stofnanir stunda landmælingar og/eða kortagerð hér á landi. Áætlun um gerð staðfræðikorta, þar sem unnið væri eftir samræmdum reglum, yrði augljóslega til mikilla bóta og hefði verulegan sparnað í för með sér fyrir þjóðfélagið í heild. Eins og nú er ástatt er erfitt að samnýta gögn frá aðilum sem sinna mælingum og kortagerð, t.d. frá Vegagerð ríkisins, Landsvirkjun, Orkustofnun og Póst- og símamálastofnun, vegna þess að samræmdan grunn vantar. Stofnanirnar nota t.d. ólíkan grunn í hæð og legu, sem gerir að verkum að gögn einnar stofnunar koma öðrum ekki að notum. Nýting á fjármagni er því slæm á þessu sviði. Hér er um verulega fjármuni að ræða, þar sem áætlað hefur verið að stofnanir ríkisins verji nú í heild um 600-800 milljónum króna á ári til mælinga og kortagerðar er til mikils að vinna að ná fram aukinni hagkvæmni, ekki síður fyrir sveitarfélög og verkfræðistofur en opinberar stofnanir.

Hér fer á eftir listi um helstu opinberar stofnanir sem stunda kortagerð og/eða landmælingar.


Stofnun	**Verkefni/útgáfa**
Landmælingar Íslands	Landmælingar, gerð staðfræðikorta og almennra landakorta, auk margvíslegra sérkorta.
Landsvirkjun	Landmælingar og gerð korta vegna virkjana á hálendi.
Orkustofnun	Landmælingar og gerð korta vegna virkjana á hálendi.
Búnaðarsambönd	Landmælingar og ræktunarkort.
Flugmálastjórn Íslands	Mælingar vegna flugvalla landsins og Íslands, útgáfa flugleiðsögukorta.
Hafnamálastofnun ríkisins	Dýptarmælingar og uppmælingar á höfnum.
Náttúrufræðistofnun Íslands	Landgreining og útgáfa jarðfræðikorta.
Norræna eldfjallastöðin	Landmælingar og kortagerð vegna jarðfræðirannsókna.
Póst- og símamálastofnun	Landmælingar og gerð uppdrátta vegna sím- og ljósleiðaralagna.
Rafmagnsveitur ríkisins	Landmælingar vegna raflínulagna.
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	Gróður- og landgreining, útgáfa gróðurkorta af hálendi og gróður- og jarðakorta í byggð.
Raunvísindastofnun Háskólans	Landmælingar og kortagerð vegna rannsókna og sérfræðilegra verkefna í jarðfræði, landafræði og jarðeðlisfræði.
Reykjavíkurborg	Gerð tækni- og skipulagskorta af Reykjavík og nágrenni.
Sjómælingar Íslands	Sjómælingar og útgáfa sjókorta.

KORT ORKUSTOFNUNAR OG LANDSVIRKJUNAR




1. mynd

Kort í mælikvarða 1:20 000




2. mynd

Kort í mælikvarða 1:25 000


Staðfræðikort 1:25 000
YFIRLITSKORT
BLAÐSKIPTING
Kort í undirbúningi
Útgefin kort

3. mynd



Gróður- og jarðakort
í mkv. 1:25 000
útgefin kort

4. mynd

Skipulag ríkisins	Landmælingar, gerð grunnkorta af skipulagsskyldum þéttbýlisstöðum og svæðum sem verið er að skipuleggja, auk skipulagsuppdrátta.
Skógrækt ríkisins	Kortlagning skógræktarskilyrða.
Sveitarfélög	Staðbundnar land- og lóðamælingar og gerð skipulagskorta í samráði við Skipulag ríkisins.
Vegagerð ríkisins	Landmælingar og gerð korta vegna vega- og gatnagerðar.
Vitastofnun Íslands	Staðsetning vita og siglingamerkja.

2.6 Hlutverk Landmælinga Íslands

Landmælingar Íslands hafa starfað frá árinu 1956. Stofnuninni voru ekki sett lög fyrr en árið 1985, en fyrir þann tíma fólst starfið aðallega í að endurskoða og gefa út þau kort sem Danir höfðu gert af landinu. Auk þess sá stofnunin um alla loftmyndatöku vegna kortagerðar, og geymir nú mikið safn loftmynda.

Samkvæmt lögunum nr. 31/1985 og síðari breytingum nr. 47/1990 eru verkefni Landmælinga Íslands m.a. fólgin í eftirfarandi:

— Að setja staðla fyrir landmælingar og kortagerð, gera landfræðilegar og staðfræðilegar grundvallarmælingar fyrir kortagerð á Íslandi og hafa umsjón með þeim. Mælingar skulu gerðar eftir skipulegu mælingakerfi.
— Að taka loftmyndir vegna landmælinga, kortagerðar eða annarra tækni- og vísindalegra nota.
— Að gefa út almenn kort af Íslandi. Með almennu korti er átt við kort sem er til sölu og dreifingar á almennum markaði.
— Að endurskoða útgefin kort Landmælinga Íslands í þeim tilgangi að kortin sýni sem réttasta mynd af landinu.
— Að safna, varðveita og skrá fjarkönnunargögn sem tengjast landmælingum, kortagerð og skyldum vísindagreinum.
— Að safna upplýsingum um örnefni og staðsetningu þeirra í samráði við Örnefnastofnun.

Megintilgangur þessara laga um Landmælingar Íslands er að samræma störf þeirra sem vinna við landmælingar og kortagerð hér á landi. Nú eru liðin rúmlega fimm ár frá gildistöku þeirra og ýmislegt hefur áunnist, en því miður hefur vinna við staðla og reglugerðir ekki gengið eins vel og búist var við. Verkinu þarf að hraða til að þær stofnanir sem upp voru taldar hér að framan geti farið að laga störf sín að nýjum reglum.


2.7 Kortblaðaskipting

Mismunandi kortablaðaskipting hefur verið notuð við kortagerð Íslands undanfarna áratugi, en nú er orðin samstaða um að nota þá skiptingu sem ný staðfræðikort Landmælinga Íslands byggjast á. Með því er tryggt að allir mælikvarðar korta ganga í raun upp í kerfið, og má m.a. nefna að til þess að mynda eitt kortblað í mælikvarða 1:100 000 þarf fjögur kortblöð í mælikvarða 1:50 000, og til að mynda eitt kortblað í mælikvarða 1:50 000 þarf fjögur í mælikvarða 1:25 000 (mynd 6). Í mælikvarða 1:25 000 þarf 766 kort af landinu öllu. Þar af eru 478 kort af láglendi og byggð, en 288 af hálendi og jöklum.

2.8 Aðgangur að kortum, landmælingagögnum, loftmyndum og öðrum fjarkönnunargögnum


Greiður aðgangur að gögnum er forsenda þess að það fé sem varið er til gagnasöfnunar skili sér til þjóðfélagsins.

Skráning, söfnun og upplýsingaveita um kort, landmælingar, loftmyndir og önnur fjarkönnunargögn á samkvæmt lögum að vera í verkahring Landmælinga Íslands. Undanfarin áratug hefur markvisst verið unnið að skráningu loftmynda og hefur því verki miðað vel.



5. mynd Útgefin staðfræðikort í desember 1990 í mælikvarða 1:50 000
Kortaflokkur C761

6. mynd


Stærð landsvæða á kortablöðum í mismunandi mælikvörðum
ADALKORT
1 : 250 000
1 : 250 000
1 : 100 000
1 : 50 000
1 : 25 000
1 : 25 000
Kort af sama landsvæði í mismunandi mælikvarða
1 : 50 000
1 : 250 000
1 : 100 000

Einnig er hafin söfnun upplýsinga um gervitunglamyndir af landinu. Skráning korta og landmælingagagna er aftur á móti nær óplægður akur hjá stofnuninni, einungis er reynt að safna því sem á fjörur ber hverju sinni, en gögnin eru ekki skráð á skipulegan hátt. Þess ber þó að geta að tekist hefur að fá viðbótarhúsnæði fyrir kortasafn, en þar við situr. Öll frumgögn og teikningar danskra landmælingamanna eru í vörslu stofnunarinnar, en þetta eru mjög fágætir gripir og dýrmætir fyrir sögu landsins. Skilaskylda er á kortum og landmælingagögnum til Landmælinga Íslands, en það ákvæði hefur verið óvirkt fram að þessu.

Upplýsingar um landmælingapunkta eru mjög dreifðar á milli stofnana og engin samræmd skráning er til. Landmælingar Íslands geyma afrit af öllum landmælingum Dana hér á landi frá 1902 til 1960. Auk þess eru til skýrslur hjá stofnuninni um hluta af punktasöfnum Orkustofnunar, Landsvirkjunar, Vegagerðar ríkisins og Reykjavíkurborgar, en engin samræmd skráning þessara gagna hefur farið fram.

Erfitt er að fá greiðar upplýsingar um kort og landmælingar á Íslandi á 20. öld. Leita þarf til margra stofnana til að fá fullnægjandi svör, og ekki er augljóst hvert á að leita hverju sinni.

3. Landmælingar á Íslandi

3.1 Staða landmælinga á Íslandi

Eins og fram hefur komið eru kraftar í kortagerð og landmælingum mjög dreifðir hér á landi. Skipulegar landmælingar hófust hér á landi um aldamótin 1900, og voru Danir þar að verki. Í upphafi var ætlunin að gera nákvæman kortagrunn fyrir allt landið í mælikvarða 1:20 000, en fljótlega var horfið frá því og kortin gerð í mælikvarða 1:100 000.

Árin 1955-1956 þétti Geodætisk Institut í Danmörku þríhyrninganet landsins í samvinnu við Bandaríkjamenn. Þetta þríhyrninganet var flokkað sem svokallað fyrstu gráðu net. Aðrir mældir punktar voru ekki reiknaðir eða flokkaðir sem annarrar gráðu punktar eða af lægri gráðu, heldur reiknaðir með nálgunarjöfnum hver um sig, með því að nota saman nýjar mælingar og mælingar frá árunum 1901–1937. Punktasafn Geodætisk Institut og Landmælinga Íslands stenst ekki þær kröfur um nákvæmni sem gerðar eru vegna tæknimælinga, enda var tilgangurinn annar í upphafi. Mælingarnar verða þó alltaf mikils virði, og hægt er að nota þær með nýmælingum á hverju svæði þegar þríhyrninganet landsins verður endurmælt og reiknað.

Vegagerð ríkisins, Orkustofnun og fleiri stofnanir hafa reynt að nota þríhyrningapunkta netsins til tæknimælinga, en með misjöfnum árangri eins og við var að búast. Opinberar stofnanir og sveitarfélög hafa yfirleitt neyðst til að nota staðbundin hnitakerfi bæði í hæð og legu vegna þess að samræmt kerfi er ekki til á staðnum.

Orkustofnun hefur um árabil byggt kortagerð sína í landskerfinu á þríhyrninganetum af annarri og þriðju gráðu, sem hengd eru í fyrstu gráðu þríhyrninganet Landmælinga Íslands. Reykjavíkurborg og mörg önnur sveitarfélög landsins hafa aftur á móti komið sér upp sínum eigin staðbundnu hnitakerfum án tengingar við landsnetið.

Lengi hefur verið rætt um nauðsyn þess að marka skýra stefnu í landmælingum og kortagerð á Íslandi, og á ráðstefnu Verkfræðingafélags Íslands árið 1971 um þetta efni varð meginniðurstaða þessi:

— Gera verður fjárhagslega og tæknilega úttekt á landmælingum á Íslandi.
— Móta þarf þær kröfur sem eðlilegt er að gera til þríhyrninganetsins og setja fram tillögur um nauðsynlegar endurmælingar og úrbætur á því.
— Móta þarf þær kröfur sem eðlilegt er að gera til hæðarkerfisins og setja fram tillögur um uppbyggingu þess.
— Samræma þarf vinnubrögð í kortagerð hvað varðar kvarðaröð og blaðskiptingu.
— Gera verður tillögu um skipulag landmælinga á Íslandi og lögfesta slíkt skipulag.

Með lögum um Landmælingar Íslands, nr. 31/1985, sbr. lög nr. 47/1990, sem samþykkt voru á Alþingi árið 1985, var stefnan mörkuð, þótt hægt hafi miðað, og stefnu Alþingis ekki fylgt eftir nema að takmörkuðu leyti.

3.2 Þríhyrninga- og hæðarkerfi

Núverandi þríhyrningakerfi uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til samræmdrar kortagerðar af landinu, eða til tengingar við mælingar sem gerðar eru vegna verklegra framkvæmda, skipulagsáætlana, og annars þess háttar.

Margvísleg hæðarkerfi eru notuð á Íslandi og skortir verulega á samræmingu í þeim efnum. Þetta veldur misræmi á uppgefnum hæðartölum á milli kortaflokka vegna þess að núllpunktur er skilgreindur á ýmsan veg. Nauðsynlegt er að gera eitt samræmt hæðarnet fyrir landið allt, en til að svo megi verða þarf að efla skipulegar sjávarfallamælingar og gera fallmælingar um landið. Þetta stafar af því að mismunandi sjávarhæð er notuð sem viðmiðun fyrir núllpunkt í hæðarkerfum.

Um miðjan síðasta áratug hófust athuganir á því hvort hægt væri að nota gervitungl til landmælinga og þá hvernig. Mælingar sem gerðar voru hér á Íslandi í júlí 1986 voru liður í þessari könnun. Útreikningar sýndu nákvæmni, sem fór fram úr vonum bjartsýnustu manna. Þessi tækni hefur valdið byltingu í aðferðum við grundvallarmælingar.

Það kerfi, sem best hentar til að samræma og endurbæta grundvallarmælingar á Íslandi, er hið svokallaða NAVSTAR GPS kerfi (The Navigation Satellite Timing And Ranging Global Positioning System), sem var upphaflega áformað sem hjálpartæki við hnattstöðumælingar, leiðsögu og siglingafræði. Þegar kerfið verður fullbúið samanstendur það af átján gervitunglum, sem sveima á sex brautum um háloftin í um 20.200 km fjarlægð frá jörðu. Hugbúnaður hefur verið þróaður á undanförnum árum og ný og betri mælitæki til landmælinga eru að koma á markað. Þegar öll átján gervitunglin eru komin á braut verður hægt að mæla allan sólarhringinn óháð veðri og árstíðum.

Frá árinu 1986 hafa GPS-landmælingar farið fram hér á landi að frumkvæði erlendra jarðvísindamanna, m.a. frá Bandaríkjunum, Bretlandi og Þýskalandi. Íslendingar hafa tekið þátt í mælingunum og fulltrúar frá Landmælingum Íslands, Orkustofnun, Raunvísindastofnun Háskólans og Norrænu eldfjallastöðinni hafa unnið við verkefnið. Mælingarnar hafa aðallega verið miðaðar við jarðfræðilegar athuganir enda kostaðar að mestu af erlendum háskólum sem stunda rannsóknir á því sviði.

Alls hafa 135–140 mælipunktar verið mældir hér á landi með þessari aðferð, en aðeins 3 þeirra eru í fyrstu gráðu landsneti Landmælinga Íslands. Á móti kemur að leitast hefur verið við að leggja GPS-punkta þannig, að sjónlína sé til punkta í landsnetinu svo hægt sé að nota GPS-punkta til að endurmæla landsnetið þegar þar að kemur.

4. Staðlar í kortagerð og landmælingum

4.1 Kortastaðall


Kortastaðall er leiðbeining og vinnureglur fyrir þá sem vinna að kortagerð. Þar er sagt fyrir um gerð tákna, leturs, lita, lína og mynstra sem notað er á kortum, til þess að samræma vinnubrögð og framsetningu.

Landmælingar Íslands hafa unnið að gerð staðals frá árinu 1986 og var fyrsti hluti hans kynntur árið 1989. Unnið hefur verið að gerð staðals í samráði við nær þrjátíu stofnanir, sveitarfélög og verkfræðistofur sem vinna að kortagerð. Sá hluti staðalsins sem kynntur hefur verið fjallar aðeins um notkun tákna, leturs og lita á kortum. Ætlunin er einnig að semja staðal um landmælingar, loftmyndatöku, landgreiningu og myndmælingar.

Náttúrufræðistofnun Íslands, Háskóli Íslands og Orkustofnun hafa unnið að gerð staðla fyrir jarðfræðikortagerð. Við gerð gróðurkorta er notað gróðurflokkunarkerfi sem unnið hefur verið af Rannsóknastofnun landbúnaðarins í samráði við íslenska grasafræðinga. Við gerð skipulagsuppdrátta er stuðst við reglugerð og leiðbeiningarit um gerð skipulagsáætlana.

7. mynd

Yfirlit yfir flokkun staðfræðikorta



5. Stafræn kortagerð

5.1 Stafræn kort og helstu kostir þeirra

Stafrænt kort er unnt að skilgreina á þann hátt, að það sé safn tölvutækra upplýsinga um þau atriði sem mynda hið hefðbundna kort. Gagnasafnið inniheldur þannig upplýsingar um landslag, ár, vötn, gróður, vegi, mannvirki og önnur atriði sem mynda venjulegt kort.

Stafrænt kort er eins og venjulegt kort, að öðru leyti en því að efni kortsins er geymt á stafrænu formi. Sá munur veldur því hins vegar að kortagerð eftir stafrænum gögnum er auðveldari en hefðbundin kortagerð og hefur í för með sér fjölþætta möguleika. Helstu kostir stafrænna korta eru þessir:

- Kortagerðin tekur styttri tíma og verður ódýrari en hefðbundin kortagerð.
- Hægt er að gera tilraunir með mismunandi útlit og gerð korts áður en eiginleg vinna hefst án þess að kosta miklu til.
- Stafræn kort auðvelda forhönnun vegna mannvirkjagerðar. Þannig er, t.d. hægt að gera tilraunir með mismunandi vegarstæði án þess að leggja út í umfangsmikla mælingarvinnu fyrir hvern möguleika sem skoða á.
- Auðveldara verður en áður að sinna sérþörfum einstakra notenda.
- Auðveldara og fljótlegra er að endurskoða stafræn kort en hefðbundin.
- Hægt er að tengja saman kort og textagögn svo sem tölur um veðurfar eða mannfjölda, og skapa þannig grundvöll fyrir landfræðilegt upplýsingakerfi.
- Dregið er úr notkun prentaðra korta sem gagnabanka. Gögnin að baki kortsins eru geymd í landfræðilegum gagnagrunni.
- Auðveldara er að teikna flókin kort og gera landslagslíkön en áður.
- Stafræn kort veita aukna möguleika á að samnýta upplýsingar. Þannig geta stofnanir, fyrirtæki og fleiri byggt þemakort sín og áætlanir á sama grunni. Samræming í framsetningu eykst til muna.

5.2 Stafræn kortagerð á Íslandi

Stafræn kortagerð er á frumstigi á Íslandi, en nokkrar stofnanir, sveitarfélög og fyrirtæki eru að þreifa fyrir sér á þessu sviði. Þar má t. d. nefna Norrænu eldfjallastöðina, Raunvísindastofnun Háskólans, Landsvirkjun, Skipulag ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og verkfræðistofuna Hnit. Landmælingar Íslands vinna ekki kort á stafrænu formi enn sem komið er.

Verkfræðistofan Hnit er lengst á veg komin á þessu sviði, en hún hefur komið sér upp búnaði til stafrænnar kortagerðar eftir loftmyndum. Meðal verkefna má nefna stafrænt kort af Keflavíkurflugvelli fyrir bandaríska sjóherinn, stafræna kortagerð fyrir Landsvirkjun vegna háspennulínu frá fyrirhugaðri Fljótsdalsvirkjun til Akureyrar, og vegna væntanlegs Eyjabakkalóns ofan Fljótsdalsvirkjunar. Nú er unnið að stafrænu korti af Reykjavík.

Kort framtíðarinnar verða stafræn. Í óefni stefnir ef stjórnvöld hefjast ekki fljótlega handa um að samræma kortagerðina alla og miða þar við stafræn kort. Þeir aðilar sem mest þurfa á kortum að halda munu þá fara hver í sína áttina. Gagnasöfnin og kortin verða þá áfram ósamstæð og ófullkomin, og nýtast ekki heildinni. Kostnaður ríkisins af kortagerð, landmælingum, hönnunarvinnu og áætlanagerð yrði þar með margfaldur á við það sem vera þyrfti.

5.3 Gerð stafrænna korta

Notkun loftmynda við kortagerð er sú aðferð sem býður upp á mesta möguleika við öflun stafrænna kortgagna. Kortagerð eftir loftmyndum fer þannig fram, að efni myndanna er flokkað, og er þar um nokkurs konar lagskiptingu að ræða. Hús og mannvirki eru skráð í einn flokk og mynda einn flöt í gagnasafninu, ár og vötn í annan, vegir í þann þriðja o.s.frv.

Uppbygging gagnanna gerir það að verkum að hægt er að hagnýta gögn úr ákveðnum flokkum og sniðganga aðra. Þá gerir nútímalegur kortagerðarbúnaður notendum kleift að tengja þessi einkennisgögn við punkta sem eru kortlagðir.

Nákvæmni stafrænna korta sem gerð eru eftir loftmyndum ræðst fyrst og fremst af því í hvaða hæð myndirnar eru teknar. Unnt er að afla stafrænna gagna sem samsvara nákvæmni hefðbundinna kortmælikvarða frá 1:500 í 1:25 000 eða minni. Loftmyndirnar verða að eiga sér tilvísun í fasta mælipunkta á landi til að unnt sé að staðsetja myndefnið nákvæmlega, og þar kemur að þríhyrninga- og hæðarkerfinu sem áður hefur verið fjallað um.

Fastmerkjakerfið þarf að vera nákvæmt og nógu vel úr garði gert til að það geti verið grundvöllur samfelldrar og heildstæðrar kortagerðar um ókomin ár, bæði í stærri og minni mælikvörðum. Þegar stafræn kortagerð og landfræðileg upplýsingakerfi hafa verið tekin í notkun erlendis, hefur víða þurft að hefja umfangsmiklar endurmælingar á viðkomandi þríhyrninga- og hæðarkerfum til þess að þau rísi undir þeim kröfum um nákvæmni sem gerðar eru til stafrænna kortagagna. Áður en ráðist er í kortagerð á landsvísu hérlendis verður að endurskoða og bæta fastmerkjakerfi landsins þannig, að það geti borið stafræna kortagerð.

5.4 Gagnasafn og hönnun þess

Gagnasafnið er kjarni stafrænna korta, og með uppbyggingu þess eru notkunarmöguleikarnir ákvarðaðir og takmarkaðir. Einn mikilvægasti þátturinn í hönnun gagnasafnsins er að afla upplýsinga um þarfir og kröfur notenda og skilgreina þær. Kanna þarf hvaða atriði þurfa að vera í gagnasafninu, hvaða nákvæmniskröfur þarf að gera, og hvort gagnasafnið skuli vera blaðskipt eða byggt upp sem samfellt kortasafn. Einnig þarf að taka ákvörðun um það hversu aðgengileg gögnin eigi að vera og hvaða upplýsingar þau geta veitt, t.d. þarf að ákveða flokkun þeirra og tengingar þar á milli.

Áður en ráðist er í gerð stafrænna korta á landsvísu verður að samræma þarfir og kröfur stofnana ríkisins og annarra væntanlegra notenda og skipuleggja gagnagrunninn í framhaldi af því.

6. Staðfræðikort af Íslandi

6.1 Kostir staðfræðikorta

Staðfræðikort er kort sem sýnir landslag, byggð, stjórnsýslumörk, vegi og önnur mannvirki.

Kostir þess að samræma gerð staðfræðikorta af Íslandi eru m.a. eftirfarandi:

— Komið er í veg fyrir tvíverknað við kortagerð og mælingar. Með samræmingu og samvinnu næst sparnaður fyrir alla sem stunda kortagerð.
— Gögnin verða stöðluð.
— Unnið er eftir heildaráætlun um forgangsröð svæða.
— Staðfræðikortin eru grunnur fyrir þemakort.
— Skipulagning og áætlanagerð verður auðveldari og markvissari.
— Skráning eignamarka og fasteigna verður öruggari.

6.2 Tillaga um framhald á gerð staðfræðikorta

Lagt er til að allt landið verði kortlagt í mælikvarða 1:25 000 á næstu 10 árum og kortin unnin á stafrænan hátt, þannig að þau nýtist sem grunnur fyrir sem flesta notendur.

Enn þá skortir ýmsar forsendur fyrir áætlun um gerð staðfræðikortanna. Áður en hafist verður handa um kortagerðina með verkáætlun sem nær til alls landsins þarf m.a. að endurskoða fastmerkjakerfið, og meta hvernig best verði staðið að endurbótum á því, ljúka gerð kortastaðals, efla sjávarfallamælingar umhverfis landið og gera fallmælingar. Einnig

verður að kanna þarfir og kröfur hinna ýmsu stofnana og annarra notenda, og hanna gagnagrunn kortanna í framhaldi af því. Kanna þarf og þróa vinnuaðferðir fyrir stafræna kortagerð, og koma upp nauðsynlegum búnaði fyrir verkefnið.

Lagt er til að ráðist verði í tilraunaverkefni í því skyni að ljúka þessari forvinnu, og til að koma á nauðsynlegri samvinnu stofnana. Velja þarf eitt afmarkað svæði, þar sem landslag er fjölbreytilegt og landnytjar margvíslegar, og gera þar nokkur stafræn staðfræðikort með þeirri tækni sem líklega verður notuð við kortagerð og hönnun gagnasafns í framtíðinni.

Koma þarf strax á samstarfi stofnana um slíkt tilraunaverkefni undir stjórn Landmælinga Íslands, og miða við að niðurstöður úr því verði til taks í lok árs 1992. Í framhaldi af því verði gerð nákvæm áætlun um gerð stafrænna staðfræðikorta af landinu öllu fyrir aldamót, þar sem svæðum sé raðað í forgangsröð og fjármagn tryggt til verksins.

6.3 Drög að áætlun um gerð staðfræðikorta

Vegna þess að forsendur skortir nú er eftirfarandi verk- og fjárhagsáætlun miðuð við tækni og efni við hefðbundna kortagerð. Vakin er athygli á því að nýjar aðferðir og tæki sem fyrirhugað er að nota við stafræna kortagerð og landmælingar með aðstoð gervitungla munu samkvæmt erlendum upplýsingum ekki hafa meiri heildarkostnað í för með sér.

Við gerð áætlunarinnar var kortunum skipt í eftirtalda flokka eftir vægi þeirra hvað snertir fjölda nafna, tákna og umfang (mynd 7):

1. flokkur: Kort sem sýna kaupstaði eða kauptún.
2. flokkur: Kort með byggð, sem þekur meira en ⅓ hluta kortflatarins.
3. flokkur: Kort með byggð, sem þekur minna en ⅓ hluta kortflatarins.
4. flokkur: Kort utan byggða, með mannvirkjum.
5. flokkur: Kort utan byggða, án mannvirkja.

Þríhyrningamælingar.

Til þess að þríhyrninganet landsins og mælistöðvarnar uppfylli nákvæmniskröfur sem gerðar eru við staðfræðikortagerð í mælikvarða 1:25 000, og til notkunar við mælingar fyrir verklegar framkvæmdir þarf um 2.000 mælistöðvar í heild á öllu landinu.

Allnokkurt mælipunktasafn er þegar fyrir hendi. Punktarnir eru mjög misjafnir að gæðum. Þótt víðast sé um góðar mælingar að ræða verður að gera ráð fyrir að þessir punktar verði notaðir sem þéttipunktar og endurreiknaðir eða endurmældir með nýrri tækni. Þannig verði skapað nauðsynlegt samband á milli nýju mælinganna og hinna eldri í eins ríkum mæli og hægt er.

Í þessu ljósi, og einnig vegna þess sem áður hefur komið fram um slæmt þríhyrninganet þarf að endurmerkja og mæla nánast allt landið, að undanskildum annarsvegar þeim svæðum sem Orkustofnun hefur endurmælt og hinsvegar Reykjanesi og höfuðborgarsvæðinu, sem Landmælingar Íslands létu endurmæla á tímabilinu 1985-1987. Í þessari áætlun er við það miðað, að nýjasta og fullkomnasta mælitækni verði notuð til að ná þeirri nákvæmni sem verkið krefst.

Hæðarmælingar.

Endurskoða þarf hæðarnetið og bæta það, en til þess þarf að mæla sjávarföll umhverfis landið og tengja þær mælingar saman með fallmælingum, sem fram fara á línum sem eru um 3.000 km samanlagðar. Í framhaldi af því verði komið upp hæðarkerfi með nákvæmni sem nægi fyrir kortagerð í mælikvarða frá 1:5 000 í 1:25 000 og fyrir mælingar sem gerðar eru vegna verklegra framkvæmda, skipulagsáætlana og annars þess háttar.

Loftmyndaflug.

Vegna staðfræðikortanna er gert ráð fyrir að allt Ísland verði myndað úr lofti á næstu 10 árum í um 5.500 metra hæð yfir sjó, með 60% yfirgripi milli mynda í flugstefnu, og með 30% skörun milli mynda á jöðrum fluglína. Miðað er við að taka þurfi rúml. 11.000 svarthvítar loftmyndir til að þekja landið og að myndatakan fari fram á tímabilinu 15. júlí til 15. september ár hvert vegna birtuskilyrða. Einnig er miðað við að Landmælingar Íslands hafi á leigu flugvél sem stofnunin hafi ófrávíkjanlegan forgang að þegar tækifæri til myndatöku gefast.

Gert er ráð fyrir að endurnýja þurfi loftmyndatökuvél Landmælinga Íslands og tæki til vinnslu snertimynda og „diapositiva".

Kortaútteiknun.

Á þessu verkstigi eru hæðar- og flatarmyndir kortsins teiknaðar eftir loftmyndum. Hér yrði kortið sett á stafrænt form og kortagögnin flokkuð: hús og mannvirki skráð í einn flokk, vegir í annan, vötn í þann þriðja, hæðarmynd í þann fjórða o.s.frv. Þau stafrænu gögn sem verða til á þessu stigi má nota á margvíslegan hátt, eftir þörfum stofnana og annarra þeirra sem vilja fá afnot af gögnunum. Nákvæmni stafrænna korta ræðst af þeim grundvallarlandmælingum sem tiltækar eru á svæðinu og af flughæð við loftmyndatöku.

Landgreining.

Landgreining er vettvangskönnun, þar sem þau atriði, sem kort á að sýna, eru greind og flokkuð á loftmyndum.

Afla þarf upplýsinga um sýslu- bæja- og hreppamörk, friðlýst svæði, fyrirhugaðar vegaframkvæmdir og aðra mannvirkjagerð, og tímasetningu þeirra, og önnur atriði sem að gagni mega koma við kortagerðina. Einnig þarf að hafa samband við opinbera aðila sem annast mannvirkjagerð á svæðinu, svo sem Vita- og hafnamálaskrifstofuna, Flugmálastjórn Íslands og Vegagerð ríkisins. Loftmyndir eru notaðar við vettvangskönnunina.

Þær loftmyndir sem nú eru notaðar við landgreiningu eru í mælikvarða 1:36 000. Við landgreiningu fyrir kort í mælikvarða 1:25 000 verður greining nákvæmari ef mælikvarði er jafn mælikvarða kortsins eða meiri. Það hefur í för með sér kostnaðarauka sem gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

Örnefni.

Í landgreiningu er örnefnum safnað og þau skráð á loftmyndir og á nafnalista með upplýsingum um nafnbera og heimildarmenn. Aðrar heimildir eru prentuð kort, aðsendar ábendingar og athugasemdir um örnefni, oftast frá staðkunnugu fólki. Auk þess eru notaðar ýmsar skráðar heimildir, svo sem jarðabækur, fasteignaskrár, ferðabækur, örnefnaskrár, sóknarlýsingar og ýmis átthagarit. Nokkur nöfn þarf að rannsaka með tilliti til staðsetningar, stafsetningar og afbrigða af nafni. Kanna þarf hvar nafnið kemur fyrir í rituðum heimildum, frá Landnámu til nútímarita. Þessi þáttur í vinnu við örnefnin er tímafrekur. Haldin er skrá þar sem tekið er fram hvar hvert nafn er skráð eða prentað og hverjir standa að baki munnlegum heimildum. Örnefnaskrá er gerð eftir framangreindum heimildum.

Nöfn eru staðsett með hnitatölum. Þeim er gefið leturnúmer, sem segir til um gerð og stærð leturs, sbr. íslenskan kortastaðal. Stærð leturs ákvarðast af flatarmáli þess svæðis sem ber nafnið. Getið er heimilda. Kort eru kynnt í héraði og þar er leitað eftir athugasemdum og leiðréttingum.

Heildaryfirlit yfir kostnað við verkið:

	Samtals krónur
Þríhyrninganet	544.813.000
Hæðarnet	150.250.000
Loftmyndataka	100.197.000
Kortaútteiknun	329.600.000
Landgreining	108.067.408
Örnefni	81.977.000
Sameiginlegur kostnaður	118.000.000
Heildarkostnaður	1.432.906.000

Tala korta af öllu landinu er 766 og meðalverð á kort er því 1.870.000 kr.
Kostnaður á ári miðað við 10 ára framkvæmdatíma 143.906.000 kr.

6.4 Útgáfa staðfræðikorta

Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir stafrænni kortagerð og þar með nýjum og margvíslegum möguleikum við notkun gagna, er ljóst að áfram mun verða þörf fyrir kort sem unnin eru og prentuð á hefðbundinn hátt. Þetta á bæði við um staðfræðikort og ýmiss konar þemakort. Líklegt er að óskir um útgáfu þemakorta muni aukast. Sú áætlun sem gerð hefur verið um kostnað vegna útgáfu á staðfræðikortum af öllu landinu er við það miðuð að kortin séu teiknuð og frágengin samkvæmt íslenskum kortastaðli og prentuð í fimm litum.

Kostnaðaráætlun við útgáfu staðfræðikorta af öllu landinu:

	Samtals krónur
Kortateiknun	229.426.000
Kortaprentun	45.309.000
Heildarkostnaður við útgáfu	274.735.000
Meðalverð á kort	358.660

7. Gróðurkort af Íslandi

7.1 Inngangur


Gerð gróðurkorta af Íslandi hófst árið 1955 á vegum atvinnudeildar Háskólans, en síðan hafa gróðurkortagerð og rannsóknir tengdar henni verið unnar af landnýtingardeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Meginmarkmiðið með þessari vinnu er að gefa út gróðurkort og afla tölulegrar vitneskju um útbreiðslu, eðli, ástand og framleiðslugetu gróðurlenda, m.a. til að ákvarða beitarþol landsins og til að skipuleggja gróðurvernd og aðra landnýtingu. Áður hafði ekki verið gerð heildarúttekt á gróðurfari og landgæðum á Íslandi, en fyrir hendi var mikil grunnþekking, m.a. á sviði grasafræði, sem var nauðsynleg forsenda þess að unnt væri að hefja þetta verk.

7.2 Kortlögð svæði

Hafist var handa um að kortleggja hálendið, sem um aldaraðir hefur verið nýtt til sumarbeitar fyrir búpening landsmanna. Þar er ástand landsins verst, víðáttumikil gróin landsvæði hafa breyst í auðn og víða á sér stað eða er yfirvofandi gróður- og jarðvegseyðing. Af þessum sökum var talið brýnast að kanna beitarþol og ástand gróðurs á hálendinu áður en byggðirnar yrðu teknar fyrir. Þó var einstaka byggðarlag kortlagt þegar sérstök ástæða þótti til. Þrátt fyrir fjárskort miðaði þessu starfi svo vel áfram, að fyrir 1980 hafði mikill hluti hálendisins verið kortlagður og einnig hluti af byggðum landsins. Á síðasta áratug hefur einkum verið unnið að kortlagningu byggðanna en mjög dró úr framkvæmdahraða vegna fjárskorts.

8. mynd

Gróðurkort í mkv. 1:40 000
og 1:20 000
gerð á grunn AMS frá 1946.
útgefin kort eða í vinnslu.



7.3 Útgáfa gróðurkorta

Hálendiskortin voru fullunnin og gefin út eftir því sem fjármagn leyfði. Vegna skorts á grunnkortum af landinu voru þessi gróðurkort teiknuð á staðfræðikort bandaríska hersins (Army Map Service) frá því um 1950. Þegar kom að því að kortleggja byggðir landsins og gefa út byggðakort vandaðist hins vegar málið, því að ekki eru til grunn- eða staðfræðikort af landinu til þess að byggja byggðakortin á. Þau krefjast stærri mælikvarða og meiri nákvæmni en hálendiskortin. Hér sem oftar stóð kortafátækt Íslendinga í veginum. Af þessum sökum hefur ekki verið unnt að gefa út gróðurkort af ýmsum byggðarlögum þótt vettvangsvinnu væri lokið fyrir mörgum árum. Um nokkurt skeið stóðu vonir til þess að úr þessu yrði bætt með gerð myndkorta (orthophoto maps) frá Landmælingum Íslands en af því varð ekki.

Til þess að leysa úr þessum vanda réðst landnýtingardeild Rannsóknastofnun landbúnaðarins í það að láta gera 9 grunnkort af Suður-Þingeyjarsýslu og 11 kort af Snæfellsnesi í mælikvarða 1:25 000 og jafnmörg gróður- og jarðakort á þeim grunni. Síðan hefur verið ákveðið að Landmælingar Íslands standi fyrir útgáfu staðfræðikorta í þessum mælikvarða. Jafnharðan og þau kort sjá dagsins ljós verður tæknilega unnt að gera gróður- og jarðakortin, svo fremi sem fjármagn til þess verður fyrir hendi.

Skipta má útgefnum gróðurkortum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins í þrjá aðalflokka:

Hálendiskort í mælikvarða 1:40 000. Af þeim hafa verið gefin út 64 kortblöð, en önnur eru ófrágengin vegna fjárskorts. Þessi kort eru teiknuð á staðfræðikort bandaríska hersins frá því um 1950 eins og að framan greinir. Hálendiskortin sýna gróið og gróðurlaust land og hvers konar gróðurfélög og ógrónar landgerðir er um að ræða. Enn fremur sýna þau ástand gróðurs og hvar gróður- og jarðvegseyðing á sér stað, og veita vísbendingu um það hvar hætta er á slíkri eyðingu (mynd 8).

Gróður- og jarðakort í mælikvarða 1:20 000. Við gerð þessara korta var bandarískt grunnurinn einnig notaður, en aðeins gefin út 11 kortblöð af Borgarfirði. Þetta voru fyrstu íslensku kortin þar sem birt voru landamerki jarða og annarra eignarlanda. Útgáfunni var hætt 1977 vegna þess að þá var von á nýjum og nákvæmari staðfræðikortum (mynd 8).

Gróður- og jarðakort í mælikvarða 1:25 000. Grunnurinn að þessum kortum var, eins og að framan greinir, undanfari staðfræðikorta Landmælinga Íslands. Fyrstu kortin voru gefin út árið 1984 og síðan hafa komið út 28 kortblöð. Um er að ræða 9 kortblöð af Suður-Þingeyjarsýslu og 11 kortblöð af Snæfellsnesi á grunnkort sem Rala lét verkfræðistofuna Hnit gera. Átta kortblöð hafa verið gefin út af nágrenni Reykjavíkur og voru staðfræðikort Landmælinga Íslands notuð sem grunnur. Kort af Reykjanesskaga bíða útgáfu.


Þessi kort sýna, auk gróðurfélaga og landgerða, ræktað og ræktanlegt land og landamerki jarða og annarra eignarlanda. Auk þessa hafa 9 gróðurkort verið gefin út í mismunandi mælikvarða af fyrirhuguðum virkjanasvæðum og 3 kort eru í vinnslu vegna skógræktarátaks á Fljótsdalshéraði. Alls hefur Rannsóknastofnun landbúnaðarins gefið út 116 gróðurkort (mynd 9).

7.4 Fjármögnun kortagerðar

Gróðurkortagerðin hefur að langmestu leyti verið fjármögnuð af opinberu fé. Auk þess hafa fjölmargir aðilar styrkt hana fjárhagslega og má þar nefna innlenda og erlenda sjóði og sveitarfélög. Þá hefur allmikið verið kortlagt í sambandi við verklegar framkvæmdir, einkanlega virkjanir. Þjóðargjöfin 1974 var mikil lyftistöng fyrir gróðurkortagerðina, einkum fyrstu árin áður en verðgildi framlagsins fór að rýrna. Eftir að tímabili þjóðargjafar lauk árið 1978 hefur stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins veitt nokkru fé árlega til þessarar

9. mynd

Gróður- og jarðakort
í mkv. 1:25 000
útgefin kort eða
í vinnslu



starfsemi af hlut stofnunarinnar í Landgræðslu- og landverndaráætlun, en þau framlög hafa rýrnað ár frá ári.

Síðustu 3–4 árin hefur framlag til gróðurkortagerðar verið svo lítið, að hún hefði lagst af ef ekki hefðu komið til beiðnir frá öðrum stofnunum um gerð gróðurkorta.

7.5 Tölvuvæðing

Á landnýtingardeild Rala er hafin töluvæðing gróðurkortagerðar. Keyptur hefur verið hluti þess tækjakosts og hugbúnaðar sem til þarf. Með þeim búnaði er unnt að hnita gögn af eldri kortum, sem ekki eru til á tölvutæku formi, svo sem hæðarlínur, flatarmynd, gróðurmörk, eignarmörk og hæðarbelti. Með landfræðilegu upplýsingakerfi á einmenningstölvu, sem til stendur að festa kaup á, opnast möguleikar á frekari stafrænni vinnslu gróðurkortanna.

Helstu kostir stafrænnar gróðurkortagerðar eru eftirfarandi:

— Tenging gagnasafns við kortið veitir möguleika á ítarlegri og fjölbreyttari notkun gagnanna en áður.
— Fyrirhafnarlítið er að gera fjölbreytileg þemakort eftir gögnunum.
— Auðvelt er að færa inn breytingar sem verða t.d. á gróðurfari, ástandi lands, stærð gróðurlendis og á landnýtingu.
— Öll talnavinnsla er auðveldari og öruggari en áður. Kortið, eða einhverja hluta þess, má kalla fram á tölvuskjá ásamt þeim tölulegu upplýsingum sem kortið varða.

7.6 Áætlun um framhald gróðurkortagerðar

Gefin hafa verið út gróðurkort af u.þ.b. 40% landsins, en vegna skorts á góðum kortagrunni hefur eins og að framan greinir ekki verið talið fært að gefa út öll þau kort sem útivinnu er lokið við. Enn er vettvangsvinnu ólokið á um 35 þús. ferkm lands, þar af eru um 80% í byggð.

Reiknaður hefur verið út kostnaður við að ljúka gróðurkortagerð af landinu og eru þeir úteikningar sýndir hér á eftir.

Kostnaður við hvert kort:	*Samtals krónur*
Vettvangsvinna vegna gróðurkortagerðar	360.000
Stafræn skráning gróður- og eignarmarka	74.000
Stafræn úrvinnsla gróður- og jarðakorts	176.000
Samtals	610.000

Hvert kortblað er að meðaltali af 163 ferkm lands. Kostnaður við hvern ferkm er því um 3.800 krónur.

Heildarkostnaður við að ljúka gróðurkortagerð	*Samtals krónur*
Byggð 28.000 ferkm x kr. 3.800	106.000.000
Óbyggðir 7.000 ferkm x kr. 3.800	27.000.000
Endurskoðun óútgefinna svæða 20.000 ferkm x kr. 1.500	30.000.000
Nauðsynlegur tölvubúnaður	7.000.000
Samtals	170.000.000

Í þessari kostnaðaráætlun er ekki gert ráð fyrir útgáfu gróðurkortanna með hefðbundnum hætti heldur er áætlað að teikna með aðstoð tölvu stök kort með tilliti til þeirra þarfa sem er fyrir þau eru í hverju tilviki. Þetta er unnt að gera með mjög litlum tilkostnaði. Þar sem ástæða þykir til yrðu gefin út hefðbundin prentuð kort í stærra upplagi. Þar gæti t.d. verið um

að ræða þjóðgarða eða fjölfarna ferðamannastaði og má vænta þess að sala slíkra korta standi undir útgáfukostnaði.

Óútgefin gróðurkort af landinu eru um 300. Kostnaður við að gefa þau út með hefðbundnum hætti yrði um 100 milljónir króna. Í stafrænni úrvinnslu gróður- og jarðakorta eru fólgnar þær flatarmálsmælingar sem kostuðu með eldri aðferðum meira en öll stafræna úrvinnslan. Af þessu má sjá hve mikill sparnaður er í því fólginn að staffæra kortin.

7.7 Gróðurkortagerð eftir gervitunglamyndum

Á undanförnum tveimur áratugum hafa verið teknar myndir af yfirborði jarðar frá gervitunglum. Þessar myndir veita ýmsa möguleika í sambandi við gróðurrannsóknir og gerð gróðurkorta. Kostir þeirra felast einkum í því að þær sýna mjög stór svæði og flatarskekkjur eru fremur litlar. Ljóst er, að gervitunglamyndir geta ekki að svo stöddu veitt þá vitneskju um gróðurlendi landsins sem nauðsynleg er fyrir ákvarðanatöku um skipulega nýtingu og vernd þeirra. Myndirnar uppfylla ekki kröfur um nákvæmni eða greinihæfni til gróðurkortagerðar í stórum mælikvarða.

Þróun á þessu sviði er ör, og ber að fylgjast með henni eins og kostur er. Starfsmenn Landmælinga Íslands fylgjast með framvindu mála, og Rannsóknastofnun landbúnaðarins í samvinnu við Upplýsinga- og merkjafræðistofu Háskólans og Raunvísindastofnun Háskólans.

7.8 Lokaorð

Þegar gróðurkortagerðin hófst fyrir 35 árum ríkti mikil bjartsýni hjá þeim sem að verkinu stóðu um að unnt yrði að ljúka því á 3–4 áratugum. Óvíða er gróður jafn illa farinn og óvíða er gróðureyðing jafn ör og á Íslandi. Af þeim sökum hefði mátt ætla að úttekt á þessari hnignandi auðlind yrði veitt brautargengi svo að unnt yrði að taka nýtingu landsins föstum tökum og færa til betra horfs. Á síðasta áratug hefur hins vegar hallað svo á ógæfuhliðina að málið er nánast komið í strand.

Opinberir aðilar verða að leggja til fjármagn til að ljúka gróðurkortagerð af landinu fyrir lok þessa áratugar. Það fjármagn mundi samkvæmt framangreindum útreikningum nema um 17 milljónum króna á ári í 10 ár.

8. Landamerki og mörk sveitarfélaga

8.1 Löggjöf

Lög um landamerki, nr. 41/1919, fjalla um gerð landamerkja, merkjalýsingar og viðhald merkja. Þar eru einnig ákvæði um þinglýsingar og landamerkjabækur og um skyldur landeigenda, hreppstjóra og héraðsdómara varðandi landamerki.

Eftir þessum lögum hefur alls ekki verið farið sem skyldi. Skráning merkja er ekki fullnægjandi, a.m.k. í sumum lögsagnarumdæmum og varðveislu gagna um landamerki (loftmynda, uppdrátta o.þ.h.) er mjög áfátt hjá sumum embættum. Mörg dæmi má nefna um það að menn hefur greint á um mörk, m.a. á milli sveitarfélaga, án þess að valdsmenn hafi skipt sér af eins og lögin kveða á um. Sums staðar hefur slíkur ágreiningur staðið í áratugi. Mikil nauðsyn er á að merki verði sem fyrst skráð á ný og á nýjan hátt, m.a. vegna þverrandi þekkingar á örnefnum og staðháttum.

Auk laga um landamerki varða eftirtalin lög einnig mörk sveitarfélaga og eignarlanda bæði beint og óbeint:

Landskiptalög, nr. 46/1941.
Lög um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.
Ábúðarlög, nr. 64/1976.
Jarðalög, nr. 65/1976.

Lög um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976.
Lög um þinglýsingar, nr. 39/1978.
Lög um Landmælingar Íslands, nr. 31/1985.
Sveitarstjórnarlög, nr. 8/1986.
Upptalning þessi er ekki tæmandi.

Lögin um landamerki, sem eru rúmlega sjö áratuga gömul, þarf að endurskoða. Þá þarf að gæta þess að þar, eða í reglugerð, verði ákvæði um skráningu og kortagerð sem samræmist kröfum um landfræðilegt upplýsingakerfi og stafræna kortagerð. Upprunaleg gögn þarf að varðveita og þau þurfa að vera aðgengileg fyrir stofnanir og einstaklinga.

8.2 Skráning landamerkja

Margar ástæður hníga að því að skrá landamerki jarða og annarra eignarlanda með sem nákvæmustum hætti á kort í framtíðinni. Best er að merkja landamerkjapunkta fyrir loftmyndaflug, svo að hægt sé að myndmæla þá. Full ástæða er til þess að gera samræmd eignakort af landinu.

Vitneskja um landamerki þar með talin mörk sveitarfélaga, er sjálfsagður hluti af landfræðilegu upplýsingakerfi sem bæði tengist gerð staðfræðikorta Landmælinga Íslands í mælikvarða 1:25 000 og gróður- og jarðakorta Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Mörkin verða að vera tiltæk í opinberu gagnasafni sem allir hafa aðgang að er á þurfa að halda, vegna verklegra framkvæmda, skipulagsvinnu, landnýtingar, fasteignamats o.fl.

Nokkrar aðferðir koma til greina við skráningu landamerkja og marka sveitarfélaga í landfræðilegt gagnasafn og á stafræn kort. Kortin þurfa að vera samræmd fyrir allt landið og er rétt að miða við staðfræðikort í mælikvarða 1:25 000 sem grunnkort fyrir upplýsingar um mörk. Innihald og nákvæmni þarf ekki endilega að vera hið sama alls staðar á landinu. Kröfur um nákvæmni og kort af löndum og lóðum í stórum mælikvarða eru væntanlega minni í sveitum en á svæðum sem ætluð eru fyrir samfellda byggð, í þorpum, bæjum og kaupstöðum.

Nota þarf samræmt hnitakerfi fyrir allt landið. Gerð yrði hnitaskrá yfir mörk lóða, landskika, jarða og sveitarfélaga. Mörk yrðu skráð á loftmyndir og/eða uppdrætti. Staðir sem landamerki eru miðuð við verði merktir með nöfnum þar sem við á eða á þann hátt sem landamerkjalýsingar segja til um. Með því móti má bæði varðveita vitneskju um landamerki og um örnefni sem varða landamerki, en þekking á slíkum örnefnum fer mjög minnkandi af ýmsum ástæðum.

Skráning landamerkja á loftmyndir í hæfilegum mælikvarða og myndmæld kortagerð er í flestum tilfellum nægilega nákvæm í sveitum landsins. Er þá miðað við að staðfræðikort Landmælinga Íslands í mælikvarða 1:25 000 og/eða gróður- og jarðakort Rannsóknastofnunar landbúnaðarins yrðu notuð sem grunnur, enda er gert ráð fyrir að landamerki verði birt á þeim kortum í framtíðinni eins og undanfarin ár.

Í þorpum og kaupstöðum þarf mælingar á vettvangi til að geta skráð rétt hnit, enda yrðu auk staðfræðikorta gerð eignakort af slíkum svæðum í stærri mælikvarða en 1:25 000, auk staðfræðikorta ásamt lóðaskrá. Æskilegt er að mörk milli sveitarfélaga yrðu einnig mæld á sama hátt og tengd þríhyrninganeti landsins þar sem kostur er. Hnit má einnig reikna út og skrá eftir merkjum á loftmyndum.

Landamerki jarða og eignarlanda hafa verið birt á þeim gróður- og jarðakortum sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur gefið út. Þau hafa verið skráð af starfsmönnum Rannsóknastofnunarinnar og einnig af landfræðingum á Raunvísindastofnun Háskólans.

Miðað er við að landamerkjavinnan fari fram samhliða gerð staðfræðikorta og gróður- og jarðakorta og heildarkostnaður verði um 90 milljónir króna.

9. Landfræðileg upplýsingakerfi

9.1 Inngangur

Miklar breytingar hafa orðið í íslensku þjóðfélagi á síðustu árum. Meiri áhersla er nú lögð á stefnumörkun og áætlanagerð af hálfu stjórnvalda en áður. Krafist er góðrar þjónustu og mikils hraða, auk þess sem þörf er nú á mun nákvæmari upplýsingum en áður til að grunda þær ákvarðanir sem teknar eru. Almenningur sækir rétt sinn betur en áður og gerir því meiri kröfur um áhrif á ákvarðanir stjórnvalda. Aukið vægi á umhverfismál, vaxandi skilningur á eðli og takmörkum auðlinda, og breytingar í atvinnumálum, s.vo sem í landbúnaði, iðnaði og þjónustugreinum, hafa hraðað þessari þróun. Öflun, úrvinnsla og dreifing upplýsinga er því mikilvægur þáttur í starfi stofnana og stjórnvalda. Stjórnmálamenn og aðrir stjórnendur þurfa í sífellt ríkara mæli að reiða sig á góð og nákvæm gögn til að geta gegnt hlutverki sínu vel.

Öflun og úrvinnsla staðbundinna upplýsinga er þegar snar þáttur í þjóðfélaginu og fjölmargar stofnanir safna landfræðilegum gögnum og geyma þau þótt ekki séu þau aðgengileg á samræmdu formi. Verði gagnasöfnun hinna ýmsu stofnana sem vinna með staðbundin gögn tengd saman verða gögnin aðgengilegri og nýtast fleirum en áður og betur. Uppbygging landfræðilegs upplýsingakerfis krefst stafrænna staðfræðikorta af landinu, eignakorta og samræmdra gagnasafna.

9.2 Skilgreiningar

Landfræðilegt upplýsingakerfi.

Landfræðilegt upplýsingakerfi (e. Land Information Systems, Geographical Information Systems) er hugtak sem notað er um upplýsingakerfi sem byggja á staðbundnum upplýsingum (gögn sem tengjast staðsetningu), og er notað við öflun, varðveislu, úrvinnslu og dreifingu gagna á skipulegan hátt. Almennt er hugtakið notað um tölvuvædd kerfi þar sem allar skráðar upplýsingar eru tengjanlegar við kortagrunn á stafrænu formi. Meginhugmyndin að baki landfræðilegu upplýsingakerfi (mynd 10) byggist á samtengingu grafískra gagna (mynda, korta og uppdrátta) við töflugögn (tölur og texta).

Landfræðilegt gagnasafn.

Með landfræðilegu gagnasafni er átt við þau gögn sem liggja að baki landfræðilegu upplýsingakerfi, og á það jafnt við töflugögn og grafísk gögn.

Staðbundin gögn.

Staðbundin gögn eru þau gögn sem má tengja á einn eða annan hátt við staði, landsvæði eða mannvirki. Sem dæmi má nefna að gögn um mannfjölda eiga oftast við um sveitarfélög (svæði), upplýsingar um fasteignir tengjast lóð (svæði) eða byggingu (svæði eða punktur) og upplýsingar um samgöngur tengjast samgönguæðum (línur).

9.3 Forsendur

Hingað til hefur kostnaður við landfræðileg upplýsingakerfi verið það mikill að ekki hefur verið raunhæft að koma þeim upp og hefur því tölvunotkun nær einvörðungu beinst að hefðbundnum gagnasöfnum. Ör þróun í tölvutækni og hugbúnaðargerð hefur það í för með sér að sífellt öflugri búnaður kemur á markaðinn. Nú er svo komið að búnaður til einstakra verkefna, svo sem vinnslu landfræðilegra upplýsinga er á viðráðanlegu verði. Stöðugt fleiri aðilar hafa því hafið undirbúning að uppbyggingu upplýsingakerfis. Þróun í netkerfum og tölvusamskiptum hefur einnig opnað nýja möguleika á samstarfi sem áður voru ekki fyrir hendi.

Erlendis hafa tölvuvædd landfræðileg upplýsingakerfi verið til í rúma tvo áratugi, en slík kerfi hafa ekki verið í almennri notkun fyrr en á síðustu fimm árum. Notkun landfræðilegra

upplýsingakerfa var fyrst aðallega bundin við Bandaríkin, en síðar hafa ýmis Evrópuríki, þar á meðal hinar Norðurlandaþjóðirnar, gert átak í sínum upplýsingamálum. Einnig má nefna að í Ástralíu eru landfræðileg upplýsingakerfi almenn. Sýnt hefur verið fram á erlendis, m.a í Nordisk kvantiv-samstarfinu, sem Íslendingar hafa átt aðild að, að landfræðilegt upplýsingakerfi skilar sér aftur kostnaðarlega og getur ágóði orðið allt að fjórfaldur, ef öll gögn eru á stafrænu formi og kerfið nær til mjög margra þátta upplýsingavinnslunnar.

Hópur þeirra sem vinna með landfræðilegar upplýsingar samanstendur af veitendum og þiggjendum. Hann er stór og má án efa finna mörg svið þar sem verið er að vinna með sömu eða sambærileg gögn. Ekki verður unnt að koma alveg í veg fyrir tvíverknað á þessu sviði, en með samræmingu og skilgreiningu á hlutverki hvers og eins má halda honum í lágmarki (mynd 11).

Uppbygging landfræðilegra upplýsingakerfa er mjög skammt á veg komin hérlendis, og lítil samræming á þessu sviði enn sem komið er. Þó hafa nokkrir aðilar hafið uppbyggingu slíkra kerfa á ýmsum sérsviðum, og nokkrir þeirra komið sér upp þar til gerðum hugbúnaði. Þar á meðal eru Norræna eldfjallastöðin, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Skipulag ríkisins, Reykjavíkurborg, Póst- og símamálastofnun og Rafmagnsveitur ríkisins. Auk þeirra eiga margir aðilar umfangsmikil söfn landfræðilegra upplýsinga og má þar nefna Hagstofu Íslands, Búnaðarfélag Íslands, Fasteignamat ríkisins, Landsvirkjun, Orkustofnun, Raunvísindastofnun Háskólans, Vegagerð ríkisins, Landmælingar Íslands, Byggðastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Veðurstofu Íslands og ýmsar aðrar rannsóknastofnanir.

9.4 Þörf fyrir landfræðilegt upplýsingakerfi

Þörf fyrir aðferðir til vinnslu staðbundinna gagna hefur vaxið með hverju ári á hinum ýmsu sviðum þjóðfélagsins. Í náttúruvísindum er m.a. mikil þörf á ýmsum upplýsingum um gróður, jarðveg og veðurfar. Í umhverfismálum er þörf fyrir öflugt landfræðilegt upplýsingakerfi, ekki síst vegna forvarna og rannsókna á sviði mengunarmála. Í stjórnsýslu og vegna landnýtingar er mikil þörf fyrir upplýsingar um eignarmörk, stærð eigna og eignarlanda og nákvæma staðsetningu þeirra. Í skipulagi er þörf fyrir miklar staðbundnar upplýsingar vegna áætlanagerðar og ákvarðanatöku. Landfræðilegt upplýsingakerfi er forsenda fyrir góðri landnýtingaráætlun eigi hún að verða raunverulegur sáttmáli um ráðstöfun lands á sem flestum sviðum. Á tæknisviði þarf öflug upplýsingakerfi fyrir þjónustukerfin (lagnir, virkjanir, samgöngur o.s.frv.). Í viðskiptum eru markaðskannanir og upplýsingar um viðskiptamenn með einum eða öðrum hætti staðbundnar. Í fjölmiðlum eru upplýsingar birtar með tilvísun til staðfræði.

9.5 Markmið


Meðal markmiða með landfræðilegu upplýsingakerfi á Íslandi er:

— Að auka og bæta allt upplýsingastreymi um staðbundin gögn.
— Að auka hagkvæmni við gagnavinnslu.
— Að byggja upp samræmt kerfi sem auðveldar notendum aðgang að upplýsingum.
— Að stuðla að samnýtingu gagna.
— Að auka vinnsluhraða og auðvelda endurskoðun gagna.
— Að tengja saman margvísleg gagnasöfn.

9.6 Landfræðilegt gagnasafn


Gagnasöfn eru dýrasti og umfangsmesti hluti landfræðilegra upplýsingakerfa. Erlendar athuganir gera ráð fyrir að gögn séu 70–90% af kostnaði við uppbyggingu þeirra. Af þeim sökum verður að leggja ríka áherslu á skilvirka gagnaöflun og stöðlun gagnasafnanna.

HUGMYNDAFRÆÐI LANDFRÆÐILEGRA UPPLÝSINGAKERFA



10. mynd

FORSENDUR LANDFRÆÐILEGRA UPPLÝSINGAKERFA



11. mynd

Mikill fjöldi gagnasafna er til hér á landi og eru flest þeirra á vegum stjórnsýslunnar. Því miður er skráning stofnananna ekki alltaf gerð með það í huga að gagnasöfnin nýtist öðrum en þeim sjálfum. Því er oft erfitt eða ómögulegt að bera saman gögn ólíkra stofnana. Mikill hluti þeirra gagna sem þörf er á í landfræðilegu gagnasafni framtíðarinnar verður til í daglegu starfi ýmissa stofnanna, og þarf oft aðeins breytingar á aðferðum (vinnuaðferðum, greinitölum o.þ.h.) til að gera almenna notkun þeirra mögulega.

Nauðsynlegt er að laga skráningu og geymslu gagna að breyttum tímum. Sumir hlutar landfræðilegs gagnasafns verða væntanlega miðlægir, svo sem staðfræðikort og þjóðskrá. Gera verður ráð fyrir að landfræðileg gögn verði dreifð víða og aðgangur að þeim verði um netkerfi.

Enn sem komið er eru kort á Íslandi ekki unnin stafrænt nema að litlu leyti og því miður eru þau kort sem þegar hafa verið gerð ekki í samræmdu landskerfi. *Gerð stafrænna korta í mælikvarðanum 1:5 000 til 1:25 000 er meginforsenda fyrir því að unnt sé að koma á fót samræmdu landfræðilegu upplýsingakerfi hér á landi.*

9.7 Búnaður

Ljóst er að þarfir stofnana og fyrirtækja fyrir landfræðilegt upplýsingakerfi eru ólíkar og þar af leiðandi krefst starfsemi þeirra mjög mismunandi búnaðar. Skipta má landfræðilegum upplýsingakerfum í nokkra flokka eftir viðfangsefnum stofnana:

1. Einfalt landfræðilegt upplýsingakerfi sem tengir saman kort og skrár.
2. Kerfi sem auk tengingar á kortum og skrám gefur færi á viðamikilli greiningu á gögnum.
3. Kerfi fyrir gerð stafrænna korta.
4. Kerfi fyrir hönnun verklegra framkvæmda.

9.8 Stefnumörkun í upplýsingamálum

Landfræðilegu upplýsingakerfi fylgja miklar breytingar á upplýsingaflæði á milli stofnana, og ljóst er að jafnframt verða breytingar á stjórnskipulagi þeirra. Slíkar breytingar eru viðkvæmar og því er heppilegt að reyna að sjá þær fyrir og móta um þær stefnu. Hagkvæm uppbygging slíks kerfis hér á landi er því fyrst og fremst háð því að stjórnvöld móti skýra stefnu í upplýsingamálum. Uppbygging án heildarstefnu mun verða dýr og mikil hætta er á offjárfestingu og tvíverknaði í gagnaöflun og vinnslu.

10. Tillaga að samræmdu landfræðilegu upplýsingakerfi á Íslandi

10.1 Stefnumörkun


Koma verður á fót samræmdu landfræðilegu upplýsingakerfi á Íslandi. Stuðla skal að samkomulagi og samstarfi um myndun landfræðilegs gagnasafns, og vinnubrögð þeirra stofnana og fyrirtækja sem vinna með staðbundin gögn verða samræmd (mynd 12).

Umhverfisráðuneyti skal hafa frumkvæði að samstarfi, t.d. með því að boða til ráðstefnu. Samráð verði haft við ráðgjafarnefnd um upplýsinga- og tölvumál hjá fjármálaráðuneytinu. Í framhaldi af ráðstefnunni verði skipuð nefnd, sem hafi umsjón með verkefninu.

Myndun landfræðilegs gagnasafns úr hinum ýmsu gagnasöfnum stofnana og fyrirtækja er eitt meginmarkmið samstarfsins. Aðgangur að gagnasafninu verði auðveldaður, m.a. með útgáfu handbókar sem lýsi hvar gögn eru vistuð og hvernig eigi að nálgast þau.


10.2 Samstarf og samræming

Miðlun gagna á milli stofnana er einn mikilvægasti þáttur samstarfsins. Með aukinni vinnslu verður eftirspurn eftir gögnum mikil og er nauðsynlegt að koma á samræmdu kerfi fyrir miðlun gagna milli notenda (mynd 13). Of dýr gögn geta auðveldlega stöðvað þróunina eða seinkað henni. Öll notkun gagna verður þó að fylgja reglum sem tryggja hagsmuni og höfundarétt eigenda gagnanna.


UPPLÝSINGAVEITUR
MIÐLÆG GAGNASÖFN
ÝMSAR STOFNANIR OG FYRIRTÆKI
UPPLÝSINGAÞIGGJENDUR
ÝMSAR STOFNANIR OG FYRIRTÆKI

12. mynd

SAMNÝTING UPPLÝSINGA



13. mynd

Reglur og staðlar.

Kortastaðall Landmælinga Íslands var fyrst kynntur árið 1989. Ljúka þarf sem fyrst kortastaðli fyrir myndmælingar, landmælingar, loftmyndatökur, landgreiningu og aðra þá þætti sem snúa að gerð stafrænna staðfræðikorta. Einnig þarf að bæta við reglum fyrir kort í mælikvaðanum 1:5 000–1:25 000.

Samræma þarf gagnaflutning, m.a. með því að semja staðla fyrir hugbúnað, til að auðvelda flutning upplýsinga á milli tölvukerfa. Slíkir staðlar hafa verið notaðir í nágrannalöndum, t. d. í Noregi og Danmörku (DK: DFSL, N: SOSI), og eflaust má læra margt af reynslu þeirra. Einnig verður að gera ráð fyrir að staðla þurfi ýmsa þætti í skráningu staðbundinna gagna og koma upp greinitölum þar sem við á.

Fylgja verður öllum alþjóðlegum stöðlum og flokkunum, og á það við um gagnavinnslu, tölvuvinnslu og meðferð upplýsinga. Sérstaklega þarf að taka mið af reglum Evrópubandalagsins á þessu sviði.

10.3 Aðgangur að gögnum

Gera verður ráð fyrir að ríkisstofnanir og fyrirtæki sem nota landfræðilegar upplýsingar verði tengd við sameiginlegt netkerfi eða tengd saman með háhraðalínum. Tæknilega þurfa að liggja fyrir margar aðferðir til að samnýta gögn, svo sem flutningur gagna með segulmiðlum, flutningur gagna yfir net, eða jafnvel fjarvinnsla á milli stofnana, t.d. vegna gagnaúrtaks fyrir einstök verkefni.

10.4 Menntun og starfsþjálfun

Ýmsar forsendur eru nauðsynlegar til þess að vel takist til með uppbyggingu landfræðilegra upplýsingakerfa. Jákvætt hugarfar, skilningur á verkefninu og samstarf milli stofnana eru meðal þeirra, og skiptir höfuðmáli að starfsfólk sé vel menntað.

Starfsfólk opinberra stofnana er ekki í stakk búið til að taka þessi verkefni að sér að óbreyttu. Huga verður að því sem fyrst að mennta og þjálfa fjölda fólks á sviði landfræðilegs upplýsingakerfis þannig að nýting kerfanna megi verða sem best og hagkvæmust. Gera verður tillögur um þá menntun, sem koma þarf upp í landinu á þessu sviði, og hvetja menntastofnanir til að hefja viðeigandi kennslu. Einnig þarf að hvetja nemendur, sem þegar eru í slíku námi, til að vinna að verkefnum sem gætu flýtt þróuninni, t.d. með styrkjum.

10.5 Rannsóknir

Vegna örrar þróunar á sviði landupplýsingakerfa og fjölda verkefna sem vinna þarf að í tengslum við uppbyggingu þeirra, er nauðsynlegt að leita eftir fé til rannsókna á þessu sviði. Þá er æskilegt að samstarf komist á milli stofnana um tilraunaverkefni, til þess að komast að göllum, skilgreina vandamál og gera úrbætur áður en lagt er í miklar fjárfestingar. Mikilvægur liður í þeirri vinnu yrði að gera nokkur stafræn kort með svipaðri tækni og verður notuð við kortagerð og hönnun gagnasafns í framtíðinni.

10.6 Áætlun

Eftir að komið hefur verið á samstarfi stofnana um samræmt landfræðilegt upplýsingakerfi, og áður en hafist er handa um uppbyggingu þess, þarf að gera nákvæma áætlun. Áætlunin þarf að ná yfir eftirfarandi meginþætti:

Undirbúningur og kannanir.

— Kanna verður þörf hinna ýmsu fyrirtækja og stofnana fyrir landfræðilegt upplýsingakerfi.
— Kanna verður stöðuna í uppbyggingu gagnasafna hérlendis, og áætlanir þar að lútandi.
— Kanna verður þau gögn sem til eru og athuga sérstaklega hve áreiðanleg og aðgengileg þau eru.

Þarfagreining og stefnumörkun.
— Skilgreina þarf markmið.
— Skilgreina þarf notendahópa.
— Meta þarf þjóðfélagsleg áhrif þessa kerfis.

Samstarf.
— Eðli samstarfs.
— Stjórnun.
— Hlutverkaskipting.
— Fjármögnun.

Samstarfsverkefni.
— Landfræðilegt gagnasafn.
— Kortamál.
— Samræming vinnuaðferða.
— Samræming á skráningu, notkun greinitalna og upprunagagna.
— Staðlar og leiðbeiningar.
— Öryggismál, eignarréttur og lög.
— Nettengingar og önnur tölvusamskipti.
— Annað samstarf á sviði tölvumála.
— Reglur um notkun gagna.

11. Heimildir sem tengjast efninu

1. An Introduction to Geographic Information Systems for the C.A.C. Specialisation in Cartography. Jane Drummond, CAR 6.04, ITC, Enshede Holland, October 1985, (endursk. apríl 1988).
2. Ársskýrsla 1988. Skipulagsstjórn ríkisins. Skipulag ríkisins, október 1989.
3. Defense mapping Agency Product Specifications for 1:50 000 Scale Topographic Maps Of Foreign Areas. Chap 2, sec 1000, First Edition, PS/3AA/101, USA, July 1980.
4. Digitizing from Grapic Documents. P. Stefanovic, CAR 6.06, ITC, Enschede Holland, March 1986.
5. Elements of Computer-Assisted Cartography, P. Stefanovic, CAR 6.01, ITC. Enschede Holland, February 1982, (endursk. mars 1985).
6. Greinargerðir um gervihnattamælingar. Innanhússgreinargerðir. Bragi Guðmundsson, Landmælingar Íslands, 1986, 1987 og 1989.
7. Geographical Information System Database Design. Wouter M. de Jong.
8. Geografiske informasjons systemer. Tor Bernardsen.
9. Greining svæðisskipulagsáætlana, flokkunarkerfi. Skipulag ríkisins, 1990.
10. Hæðarnet og þríhyrninganet á Fljótsdalsheiði. Gunnar Þorbergsson, OS-90025/VOD-06 B, Reykjavík, Orkustofnun, júlí 1990.
11. Information Technology in Geography and Planning. Ian Bracken og Christopher Webster.
12. Íslenskar landbúnaðarrannsóknir. 12. árg., 2, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Reykjavík 1981.
13. Íslenskur kortastaðall, gefinn út samkvæmt lögum nr. 31 7. júlí 1985, um Landmælingar Íslands, Landmælingar Íslands, desember 1988.
14. Kortvarpanir, blaðskipting og hnitakerfi, tillögur að samræmdur kerfi. Innanhússgreinargerð. Bragi Guðmundsson og Axel Einarsson. Landmælingar Íslands, Reykjavík, janúar 1986.

15. Jarðfræðikortlagning á Íslandi. Greinargerð nefndar um jarðfræðikortlagningu. Freysteinn Sigurðsson, Haukur Jóhannesson, Jón Eiríksson og Elsa G. Vilmundardóttir. Jarðfræðafélag Íslands, Reykjavík, Orkustofnun, október 1988.
16. Landmælingar vegna kortagerðar á Fljótsdalsheiði sumarið 1987. Gunnar Þorbergsson, OS-88003/VOD-02 B, Orkustofnun, Reykjavík, janúar 1988.
17. Loftmyndir af Íslandi, ársskýrslur fjarkönnunardeildar LMÍ 1981-1989. Þorvaldur Bragason, Magnús Guðmundsson og Ágúst Guðmundsson. Landmælingar Íslands.
18. Kortaskrá Orkustofnunar. Gunnar Þorbergsson, OS-88064/VOD -07, Orkustofnun, Reykjavík, desember 1988
19. Nordisk Kvantiv, Slutrapport. 1987.
20. Skipulags- og byggðarreglugerð. Skipulag ríkisins.
21. Skýrsla Verkfræðingafélagsins frá ráðstefnu um landmælingar og kortagerð á Íslandi. Reykjavík 1971.
22. Stafræn kortagerð. Erindi flutt á „Kortadögum" 10. nóvember 1990. Guðmundur Björnsson, 1990.
23. Tillögur um staðal fyrir berggrunnskort OS-VOD í mælikvarða 1:50.000. Elsa G. Vilmundardóttir og Freysteinn Sigurðsson, OS-84004/VOD-04 B, Orkustofnun, Reykjavík, janúar 1984.
24. Tillögur um staðal fyrir jarðgrunnskort OS-VOD í mælikvarða 1:50.000. Ingibjörg Kaldal, Skúli Víkingsson og Freysteinn Sigurðsson, OS-84047/VOD-17 B, Orkustofnun, Reykjavík, maí 1984.
25. Tillögur um staðal fyrir Vatnafarskort OS-VOD í mælikvarða 1:50.000. Árni Hjartarson og Freysteinn Sigurðsson, OS-84101/VOD-24 B, Reykjavík, Orkustofnun, desember 1984.
26. Principles of Geographical Information Systems for Land Resources Assessment. P.A. Burrough, Clarendon Press, Oxford Great Britain, 1986.
27. Tæknilegar leiðbeiningar og reglur um landmælingar og kortagerð, drög að staðli. Innanhússgreinargerð. Bragi Guðmundsson, Landmælingar Íslands, Reykjavík, desember 1986.
28. Þyngdarmæligögn og þyngdarkort af Íslandi. Gunnar Þorbergsson, Ingvar Þór Magnússon og Guðmundur Pálmason, OS-90001/JHD-01, Orkustofnun, Reykjavík, júlí 1990.

Sþ. **706. Svar** [156. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Friðriks Sophussonar um samninga við sveitarfélög um greiðslu á hlut ríkissjóðs í kaupum eða framkvæmdum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hefur verið samið við sveitarfélög um greiðslu á hlut ríkissjóðs í kaupum eða framkvæmdum samkvæmt heimild í 6. gr. fjárlaga (6.8) 1990?

a. Við hvaða sveitarfélög hefur verið samið?

b. Um hvaða upphæðir?

Til svars við fyrirspurninni vill ráðuneytið upplýsa að ekki hafa verið gerðir neinir samningar við sveitarfélög á grundvelli þessarar heimildar.

Hins vegar hefur fjármálaráðherra átt viðræður við borgarstjóra um sameiginleg fjárhagsmálefni ríkis og Reykjavíkurborgar og á fundum embættismanna hefur verið farið yfir kröfur beggja aðila og standa nú yfir samningaviðræður um kröfur aðila.

Þá áttu sér stað á síðasta ári gagnaöflun og undirbúningsviðræður um sama efni við fulltrúa Kópavogs og Hafnarfjarðar.

Sþ. 707. Skýrsla [393. mál]

félagsmálaráðherra um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

I. INNGANGUR

Fyrstu lögin um jafnrétti kvenna og karla voru sett á árinu 1976. Núgildandi lög um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla, nr. 65/1985, eru mun ítarlegri en eldri lögin, m.a. er þar að finna ákvæði um að ríkisstjórninni beri að leggja fram á Alþingi áætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að koma á jafnrétti kvenna og karla, sbr. 22. gr. laganna. Við gerð þeirrar áætlunar skal höfð hliðsjón af áætlun Jafnréttisráðs, sbr. 2. tölul. 15. gr. sömu laga. Í lögunum er jafnframt tekið fram að bæta skuli stöðu kvenna og er veitt heimild til sérstakra tímabundinna aðgerða til að ná því markmiði.

Fyrsta framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar samkvæmt lögum nr. 65/1985 var lögð fyrir Alþingi í desember 1986. Hún var sett upp með nokkuð öðrum hætti en hér er gert. Í henni voru sett fram markmið á fjórum sviðum sem stefnt skyldi að á gildistíma áætlunarinnar. Þessi svið voru atvinnu- og launamál, menntun og fræðsla, trúnaðarstöður og ábyrgð og félagsleg atriði. Í skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála, sem verður lögð fyrir Alþingi innan tíðar, er gerð grein fyrir því hvernig tókst að ná markmiðum sem sett voru í fyrstu framkvæmdaáætluninni.

Sú áætlun, sem hér fer á eftir, byggir á því sjónarmiði, sem kemur fram í lögum frá 1976 og 1985, um að stjórnvöldum beri skylda til að vinna að bættri stöðu kvenna í samfélaginu. Með lagasetningunni var stjórnvöldum gert að sýna fordæmi og hafa frumkvæði að aðgerðum á þessu sviði. Í framkvæmdaáætluninni er lögð áhersla á skyldur ráðherra og ráðuneyta til að vinna að því að jafna stöðu kvenna og karla, hver á sínu sérsviði. Með þessu er ekki verið að draga úr mikilvægi þess að unnið sé að bættri stöðu kvenna á hinum almenna vinnumarkaði. Í áætluninni er einmitt lögð áhersla á að verkefni ráðuneytanna tengist hinum almenna vinnumarkaði. Stjórnvöld geta og eiga á grundvelli frumkvæðisskyldu sinnar að vinna að bættri stöðu kvenna alls staðar í samfélaginu.

II. FRAMKVÆMDAÁÆTLUN

A. Markmið.

Meginmarkmiðið með þessari framkvæmdaáætlun er að setja fram tillögur að verkefnum fyrir ráðuneyti og/eða undirstofnanir þeirra til að vinna að, í þeim tilgangi að bæta stöðu kvenna.

Áhersla er m.a. lögð á eftirfarandi þætti:

1. Aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna á öllum skólastigum.
2. Launamál kvenna og karla.
3. Aðgerðir til að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaði.
4. Aðgerðir til að bæta sérstaklega stöðu kvenna í dreifbýli.
5. Ýmis félagsleg réttindi.

Í byrjun ársins 1989 tóku gildi jafnréttisáætlanir hjá ráðuneytum og þeim ríkisstofnunum sem eru með 20 starfsmenn eða fleiri í vinnu. Þær áætlanir taka fyrst og fremst á starfsmannastefnu viðkomandi ráðuneytis/ríkisstofnunar. Í þessari áætlun er því ekki gerð

tillaga um frekari aðgerðir á því sviði þar sem líta verður svo á að þær áætlanir, sem nú eru í gildi, séu hluti af þessari framkvæmdaáætlun.

Í áætluninni er því lögð áhersla á hin ýmsu verkefni sem geta leitt til meiri jafnaðar kynjanna í samfélaginu. Nokkur þessara verkefna tengjast óhjákvæmilega hinum almenna vinnumarkaði eða koma inn á verkefni sveitarstjórna. Öll eiga þau það þó sammerkt að vera innan ramma þess sem ríkisvaldið getur komið í framkvæmd og fjárveitingavaldið samþykkir fjárveitingar til.

Í núgildandi lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er ákvæði um að leitast skuli við að hafa sem jafnasta tölu kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka þar sem því verður við komið. Því miður hefur þetta lagaákvæði ekki skilað auknum jöfnuði kvenna og karla í nefndastörfum. Í því sambandi má minna á úttektir Jafnréttisráðs á hlut kvenna og karla í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkisins árin 1985 og 1987. Hlutur kvenna var um 11% bæði árin sem er mun lægra en gerist annars staðar á Norðurlöndum.

Við endurskoðun núgildandi laga var því lagt til að lögfest yrði að þar sem tilnefnt er í stjórnir, nefndir og ráð á vegum ríkis eða sveitarfélaga skuli tilnefningaraðili tilnefna tvo, konu og karl. Við skipun skuli þess síðan gætt að hlutur kynjanna sé sem jafnastur. Þessari leið var hafnað af félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis sl. vor og lagt til að greinin hljóðaði svo:

„Í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka skulu, þar sem því verður við komið, sitja sem næst jafnmargar konur og karlar og skal ávallt á það minnt þegar óskað er tilnefningar í hlutaðeigandi stjórnir, nefndir og ráð."

Frumvarpið bíður enn afgreiðslu Alþingis eins og kunnugt er. Jafnréttisráð telur mikilvægt að sérstakt átak verði gert á gildistíma þessarar áætlunar til að jafna hlut kynja í nefndum á vegum ríkisins. Markmið ríkisstjórnarinnar er að hlutur kvenna í nefndum á vegum ríkisins nái 25% í lok gildistíma áætlunarinnar. Hér er átt við heildarþátttöku í nefndum á vegum ríkisins en ekki miðað við 25% í hverri nefnd. Til að ná því markmiði er lagt til að ríkisstjórnin fari þá leið að óska tilnefninga bæði um konu og karl þegar tilnefnt er. Þrátt fyrir að tilnefningaraðilanum sé ekki skylt að fara eftir slíkum tilmælum má ætla að þau geti borið verulegan árangur.

B. Tillögur að verkefnum ráðuneyta og/eða stofnana á þeirra vegum.

1. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

1.1. Staða kynja hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Markvisst verði unnið að því að jafna hlut kynjanna í starfi rannsóknarlögreglumanna hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Auglýst verði eftir konum til starfa hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins til að ná þessu markmiði, sbr. 6. gr. jafnréttislaga.

1.2. Nauðgunarbrot.

Á árinu 1984 skipaði dómsmálaráðherra nefnd sem skyldi kanna hvernig háttað er rannsókn og meðferð nauðgunarmála og gera tillögur til úrbóta. Nefndin skilaði mjög viðamikilli skýrslu á árinu 1989. Þar eru eftirfarandi tillögur:

1.2.1. Breytingar á XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en kaflinn fjallar um kynferðisbrot. Þar er m.a. lagt til að ákvæði um kynferðisafbrot verði ókynbundin, að ákvæði laganna verði samræmd í anda ríkjandi viðhorfa nú á dögum og að refsivernd verði almennt aukin þannig að ýmsar kynferðisathafnir verði lagðar að jöfnu við samræði.

1.2.2. Breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974. Markmið þeirra breytinga er að dregið verði úr skaðlegum áhrifum brots og málsmeðferðar á brotaþola og tryggja þeim bætur fyrir fjártjón og miska. Jafnframt að styrkja refsivörslukerfið í baráttunni við refsiverð brot.

1.2.3. Haldin verði námskeið fyrir lögreglumenn og starfsfólk heilbrigðisþjónustu. Jafnframt verði fræðsla um kynferðisbrot aukin í grunnnámi lögreglumanna.

Lagt er til að tillögur nauðgunarmálanefndarinnar komi til framkvæmda á gildistíma þessarar framkvæmdaáætlunar.

1.3. Opinber réttaraðstoð.

Lögfestar verði reglur um opinbera réttaraðstoð, svo sem um gjafsókn og gjafvörn og um réttargæslu fyrir brotaþola.

1.4. Staða kvenna innan kirkjunnar.

Dómsmálaráðuneytið beini þeim tilmælum til biskupsstofu að staða kvenna innan kirkjunnar verði sérstaklega skoðuð. Einkum verði kannað hlutfall kynjanna í ýmsum nefndum og ráðum innan kirkjunnar, svo sem sóknarnefndum og kirkjuráði. Óskað verði eftir því að biskupsstofa beiti sér fyrir því með tilmælum og fræðslu að unnið verði að því að jafna hlutfall kynjanna í trúnaðarstörfum hjá þjóðkirkjunni.

2. Félagsmálaráðuneytið.

2.1. Starfshópur um stöðu karla í breyttu samfélagi með jafnari verkaskiptingu og fjölskylduábyrgð.

Skipaður verði starfshópur til að vinna úttekt á stöðu karla í breyttu samfélagi með jafnari fjölskylduábyrgð. Jafnframt verði áhersla lögð á upplýsingar um jafnréttismál og fræðslu. Unnin verði sérstök áætlun til fjögurra ára um framkvæmd þessa liðar.

2.2. Norrænt verkefni um starfsmenntun, starfsframa o.fl.

Lagt er til að Ísland taki þátt í norræna verkefninu um starfsmenntun, starfsframa og stjórnunarhæfileika kvenna og karla hjá nokkrum opinberum stofnunum og einkafyrirtækjum. Verkefnið er liður í norrænu framkvæmdaáætluninni á sviði jafnréttismála og er þriggja ára verkefni, tímabilið 1991 til 1993. Ráðinn verði verkefnisstjóri hér á landi. Með verkefninu er ætlað að kanna möguleika kvenna og karla til starfsmenntunar, starfsframa o.fl. innan tiltekinna fyrirtækja/stofnana á vegum hins opinbera og á almennum vinnumarkaði.

2.3. Jafnréttisráðgjafar.

Ráðinn verði jafnréttisráðgjafi á árinu 1992 fyrir tvö kjördæmi til reynslu. Hlutverk jafnréttisráðgjafa verði að vinna að leiðréttingu á stöðu kvenna í fyrirtækjum og stofnunum innan kjördæmisins. Enn fremur að vinna í samvinnu við iðnráðgjafa að fjölgun atvinnutækifæra fyrir konur og starfa í náinni samvinnu við iðnráðgjafa á viðkomandi stað og jafnréttisnefndir þar sem þær eru starfandi.

Jafnréttisráð telur mjög mikilvægt að ráðning jafnréttisráðgjafa styrki það starf sem þegar er unnið að á vegum iðnþróunarfélaga og iðnráðgjafa. Komið verði á fót, til reynslu, miðstöð í tveimur kjördæmum þar sem saman starfi iðnráðgjafi og jafnréttisráðgjafi sem vinni m.a. að málefnum kvenna í landbúnaði, sbr. lið 8.2. í þessari áætlun. Þessar miðstöðvar verði þannig samvinnuverkefni félagsmálaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis. Sjá einnig lið nr. 7.1. og 8.2.

2.4. Vinnuvernd.

Unnin verði úttekt á nokkrum störfum sem eru hefðbundin kvennastörf með það að markmiði að skoða áhrif vinnu á streitu, álag og slitsjúkdóma. Sérstakur gaumur verði gefinn að einhæfum störfum, líkamsbeitingu og vinnuaðstæðum. Niðurstöður úttektarinnar verði nýttar til að koma með tillögur til úrbóta þar sem þess gerist þörf.

2.5. Hlutur kvenna í nefndum, stjórnum og ráðum.

Félagsmálaráðherra beiti sér fyrir því í ríkisstjórn að hlutur kvenna í nefndum, stjórnum og ráðum sem skipuð eru af ráðherra verði a.m.k. 25% í lok gildistíma þessarar áætlunar. Jafnréttisráð taki árlega saman tölfræðilegt yfirlit um hlutfall kynjanna í nefndum, stjórnum og ráðum.

2.6. Launamunur kynjanna.

Á árunum 1991 og 1992 verði valdar fimm stórar ríkisstofnanir, t.d. á heilbrigðis- og skólasviði, og athuguð kjör karla og kvenna, þ.e. laun, aðrar greiðslur og fríðindi. Verkefnið verði unnið í samráði við verkefnisstjóra norræna launaverkefnisins á Íslandi.

2.7. Starfsmenntun.

Sett verði löggjöf um starfsmenntun, en slík löggjöf mun gagnast konum sérstaklega vegna þess hve stór hluti kvenna á vinnumarkaði hefur enga starfsmenntun. Lögin um starfsmenntun eiga að stuðla að auknu atvinnuöryggi kvenna.

2.8. Orsakir brottflutnings kvenna úr dreifbýli í þéttbýli.

Fleiri karlar en konur eru í landsbyggðarkjördæmum. Búferlaflutningur beggja kynja á allra síðustu árum hefur verið nokkuð jafn. Orsakir byggðarröskunar þarf að skýra betur. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands kannaði fyrir Húsnæðisstofnun ástæður búferlaflutninga. Félagsvísindastofnun verði falin nánari úrvinnsla gagna um búferlaflutninga með sérstöku tilliti til kynferðis þeirra sem flutt hafa af landsbyggðinni eða svöruðu því að þeir hefðu slíkan flutning í hyggju.

2.9. Rekstur Kvennaathvarfs og annarra félagasamtaka sem aðstoða konur sem þolendur ofbeldis, sifjaspells o.fl.

Skipuð verði nefnd, með aðild dómsmálaráðuneytis, sem vinni úttekt og geri tillögur um hvernig tryggja megi sem best rekstrargrundvöll kvennaathvarfs og annarra slíkra stofnana.

3. Fjármálaráðuneytið – Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

3.1. Stjórnsýslufræðsla ríkisins – sérstök námskeið fyrir konur.

Stjórnsýslufræðsla ríkisins skipuleggi sérstök námskeið fyrir konur sem starfa hjá ríkinu. Námskeiðin verði sérstaklega ætluð konum sem starfa sem ritarar og fulltrúar og hafi það að markmiði að auka hæfni þeirra og veiti þeim möguleika á launa- og stöðuhækkunum.

3.2. Nefndaskipan.

Í nefndum á vegum fjármálaráðuneytis er fjalla um launakjör, þóknanir og hlunnindi verði skipan háttað þannig að hún samrýmist ákvæðum 12. gr. laga nr. 65/1985.

3.3. Lög um tekjuskatt og eignarskatt.

Fjármálaráðherra skipi nefnd sem hafi það hlutverk að skoða sérstaklega núgildandi lög um tekjuskatt og eignarskatt frá sjónarhóli jafnréttis kvenna og karla.

3.4. Lög um lífeyrissjóði.

Því er beint til milliþinganefndar sem fjallar um frumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi um lífeyrissjóði að það verði athugað með tilliti til jafnréttis kvenna og karla til lífeyrisréttinda. Frumvarpið verði einnig kannað með tilliti til réttinda heimavinnandi fólks.

4. Forsætisráðuneytið.

4.1. Fjárhæð til að lána/styrkja verkefni sem styrkja stöðu kvenna í dreifbýli.

Frá og með árinu 1992 verði Byggðastofnun tryggð fjárhæð á fjárlögum á ári hverju til að styrkja stöðu kvenna í dreifbýli, m.a. með því að veita lán/styrki til að fjölga atvinnutækifærum fyrir konur.

4.2. Fjarvinnslustofur.

Með hliðsjón af niðurstöðum úr þeirri könnun sem nú fer fram á vegum Byggðastofnunar, Fjárlaga- og hagsýslustofnunar og vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins verði sérstaklega athugað að koma á fót verkefna- og markaðsstofu á höfuðborgarsvæðinu sem hafi það hlutverk að afla verkefna og miðla til fjarvinnslustofa á landsbyggðinni. Þar fari jafnframt fram samræming og þjónusta við fjarvinnslustofur. Tilgangur slíkrar verkefna- og markaðsstofu á höfuðborgarsvæðinu og fjarvinnslustofa á landsbyggðinni verði að færa störf í ýmsum tækni- og þjónustugreinum til landsbyggðarinnar.

4.3. Laun kvenna og karla.

Þjóðhagsstofnun verði falið að gefa reglulega út yfirlitsskýrslu um tekjur einstaklinga. Þar komi fram atriði eins og tekjur eftir atvinnugreinum og starfsstéttum, aldri og kyni, enn fremur tekjudreifing.

4.4. Stefnumótun í málefnum fjölskyldunnar.

Árið 1987 var skipuð nefnd sem ætlað var að móta stefnu í málefnum fjölskyldunnar hér á landi. Hún starfaði á vegum forsætisráðuneytisins en aðrir fulltrúar í nefndinni voru tilnefndir af félagsmálaráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og menntamálaráðuneytinu. Nefndin skilaði áfangaskýrslu árið 1988. Hún var ekki endurskipuð þegar núverandi ríkisstjórn tók við. Lagt er til að störfum nefndarinnar verði fram haldið.

5. Hagstofan.

5.1. Tölfræðihandbók um stöðu kvenna og karla.

Hagstofunni verði falið að gefa út litla handbók sem hafi að geyma tölfræðilegar upplýsingar um stöðu kvenna og karla hér á landi, en Hagstofan tekur þátt í norrænu verkefni um útgáfu slíkra upplýsinga. Við reglubundna hagskýrslugerð verði, svo sem unnt er og þar sem það á við, unnar og birtar tölur fyrir bæði kynin sérstaklega.

5.2. Tölfræðileg úttekt á sifjamálum.

Hagstofan haldi áfram og auki við tölfræðilegar upplýsingar um sifjamál.

5.3. Eignarréttur að fasteignum.

Hagstofu Íslands og Fasteignamati ríkisins verði falið að vinna úttekt á því hverjir eigi fasteignir hér á landi. Tilgangur slíkrar úttektar verði að vekja athygli kvenna á eignastöðu sinni, en gæta ber þess þá við skýrslugerð að engir einstaklingar séu þar greinanlegir.

5.4. Tölfræðileg úttekt á launamun kvenna og karla.

Lokið verði við úrvinnslu gagna Hagstofunnar um launamun kynjanna og útgáfa fari sem fyrst fram.

6. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

6.1. Lög um fæðingarorlof.

Á gildistíma þessarar áætlunar verði lögfestar reglur sem tryggja jafnan rétt foreldra til töku fæðingarorlofs og til greiðslna í fæðingarorlofi óháð því hvort um er að ræða opinberan starfsmann eða starfsmann á almennum vinnumarkaði. Núgildandi lög um fæðingarorlof verði endurskoðuð að því er varðar sjálfstæðan rétt feðra til töku fæðingarorlofs.

6.2. Konur og möguleikar þeirra til réttinda hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Athugað verði hvort jafnrétti ríki við útreikninga örorkubóta hjá Tryggingastofnun ríkisins, þ.e. hvort hefðbundið mat á hlutverkum kynja sé hugsanlega lagt til grundvallar.

6.3. Stofnun neyðarmóttöku þar sem boðið verði upp á samræmda og markvissa þjónustu við fórnarlömb kynferðisbrota og annars ofbeldis.

7. Iðnaðarráðuneytið.

7.1. Konur og störf í iðnaði.

Sett verði í gang fjögurra ára þróunarverkefni í einu byggðarlagi með það að markmiði að fjölga atvinnutækifærum fyrir konur í iðngreinum. Verkefnið verði unnið m.a. í samvinnu við iðnráðgjafa svæðisins og Byggðastofnun. Sjá einnig liði nr. 2.5. og 8.2.

7.2. Atvinnumöguleikar kvenna í iðnaði.

Iðnaðarráðuneytið beiti sér fyrir fræðslu um störf í iðnaði, þar með talið í nýju álveri, á þann veg að þau höfði ekki síður til kvenna en karla. Mikilvægt er að störf í nýju álveri séu kynnt þannig að þau höfði jafnt til kvenna og karla. Þannig þarf að breyta ímynd álvers sem vinnustaðar. Nefna má að starfsmenn iðnaðarráðuneytis hafa þegar kynnt sér rekstur álvers í Bandaríkjunum, þar sem konur sinna öllum störfum til jafns við karlmenn.

8. Landbúnaðarráðuneytið.

Í þeim tillögum sem hér fara á eftir er að hluta til stuðst við skýrslu nefndar um stöðu kvenna í landbúnaði, unna af nefnd á vegum landbúnaðarráðuneytisins.

8.1. Félagsleg réttindi kvenna í landbúnaði.

Landbúnaðarráðuneytið athugi ýmiss opinber réttindi kvenna í landbúnaði og geri tillögur til úrbóta þar sem þess gerist þörf. Samhliða þessari athugun verði kannaðir möguleikar bændakvenna til að njóta ýmiss konar félagslegrar þjónustu sem sveitarfélögum ber að inna af hendi. Gerðar verði tillögur til úrbóta þar sem þess gerist þörf.

8.2. Atvinnumál kvenna í landbúnaði.

Landbúnaðarráðuneytið styður það markmið að gera átak til að fjölga atvinnutækifærum kvenna á landsbyggðinni og er reiðubúið til samstarfs við félagasamtök landbúnaðarins við það verkefni.

Í tengslum við átak í atvinnumálum kvenna til sveita verði skipulögð námskeið í stofnun og rekstri fyrirtækja. Námskeiðin taki mið af viðfangsefninu á hverjum stað.

Atvinnuátakið verði unnið í nánu samstarfi við iðnráðgjafa á svæðinu, sbr. einnig liði 2.5. og 7.1.

8.3. Fræðsla fyrir konur í landbúnaði.

Landbúnaðarráðuneytið beiti sér fyrir fræðslu fyrir konur í landbúnaði. Fræðslan taki til félagskerfis landbúnaðarins, starfa Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda. Jafnframt verði staða landbúnaðarins kynnt og ýmis félagsleg réttindi bændakvenna.

Leitast verði við að fjölga konum í trúnaðarstörfum á vegum hagsmunasamtaka bænda.

9. Menntamálaráðuneytið.

9.1. Einsetinn, samfelldur skóli, lengri skóladagur yngstu nemendanna og skólamáltíðir.

Þegar liggur fyrir úttekt á því hversu mikla aukningu á skólarými þurfi til að öll grunnskólabörn búi við samfelldan skóladag, lengri skóladag (6 klst. á dag fyrir alla árganga) og skólamáltíðir. Menntamálaráðuneytið beiti sér fyrir markvissri kynningu á mikilvægi þess að sveitarfélög vinni sérstaka áætlun til að ná þessu markmiði. Á gildistíma þessarar áætlunar verði unnið að því að lengja viðveru grunnskólabarna í skólanum þar til því marki er náð að daglegur viðverutími allra árganga verði um 6 klst., sbr. framkvæmdaáætlun menntamálaráðuneytisins í skólamálum til ársins 2000.

9.2. Leikskóli.

Menntamálaráðuneytið beiti sér fyrir markvissri kynningu á mikilvægi þess að sveitarfélög vinni sérstaka áætlun til að ná því markmiði að leikskóli sé í boði fyrir öll börn.

9.3. Tillögur starfshóps um jafna stöðu kynja í skólum.

Í þeim tillögum, sem hér fara á eftir, er að hluta til stuðst við skýrslu starfshóps í menntamálaráðuneytinu um jafna stöðu kynja í skólum. Starfshópurinn skilaði af sér viðamikilli skýrslu í byrjun ársins 1990. Þar er að finna tillögur um aðgerðir til að jafna stöðu kynja á öllum skólastigum. Hér eru settar fram nokkrar af þeim tillögum sem starfshópurinn flokkaði sem helstu tillögur en að öðru leyti vísast til skýrslunnar. Það er mat Jafnréttisráðs að eðlilegt sé að tillögur starfshópsins komi allar til framkvæmda á næstu fjórum árum.

9.3.1. Fræðslufundir og námskeið.

Starfsfólk allra skólastiga eigi kost á fræðslufundum og námskeiðum um jafnrétti og jafna stöðu kynja í skólum. Þar verði fjallað um stöðu kynja í þjóðfélaginu, starfshætti í skólum, samskipti, sjálfsvitund nemenda o.fl. Þetta á einnig við um fóstru- og kennaranema.

9.3.2. Starfsmannastefna skóla.

Starfsmannastefna skóla verði mörkuð með hliðsjón af því að störf innan þeirra séu ekki kynbundin svo að fyrirmyndir nemenda séu ekki of einhæfar.

9.3.3. Námsefni.

Náms- og kennslugögn séu án kynjafordóma og staðalmynda og jafnan samin og endurskoðuð með jafnréttissjónarmið að leiðarljósi. Sérstaklega þarf að draga fram hlut kvenna, m.a. í sögu, listsköpun og bókmenntum.

9.3.4. Náms- og starfsfræðsla.

Náms- og starfsfræðsla fléttist inn í nám á öllum skólastigum en verði sérstakur þáttur í námi eldri nemenda grunnskóla og í framhaldsskólum.

9.3.5. Nám í fjölskyldufræðum.

Í grunn- og framhaldsskólum verði boðið upp á nám í fjölskyldufræðum sem felist m.a. í umfjöllun um stofnun, umhirðu og rekstur heimilis, næringarfræði, barneignir, uppeldi og samskipti kynjanna.

9.3.6. Fræðsluefni fyrir foreldra.

Samið verði fræðsluefni fyrir foreldra og forráðamenn barna um stöðu kynja í skólum.

9.3.7. Skipun framkvæmdanefndar.

Skipuð hefur verið þriggja manna framkvæmdanefnd til þriggja ára í senn. Hér verður um fastanefnd að ræða. Hlutverk hennar verði m.a. að hrinda í framkvæmd þeirri stefnu sem mörkuð er í skýrslu starfshópsins um jafna stöðu kynja í skólum og sjá til þess að lögum um jafnrétti og jafna stöðu kvenna og karla er varðar menntun sé framfylgt. Þetta verði m.a. gert með sérstakri starfsáætlun í hverju fræðsluumdæmi. Nefndin starfi í samvinnu við aðila frá þeim menntastofnunum sem málin varða.

10. Samgönguráðuneyti.

10.1. Störf hjá Vegagerðinni og hjá Pósti og síma.

Störf í vegavinnuflokkum og í símavinnuflokkum eru að mestu unnin af körlum/strákum. Lagt er til að átak verði gert á gildistíma þessarar áætlunar um að jafna hlut kynja í þessum störfum. Þegar þessi störf eru auglýst laus til umsóknar verði stúlkur hvattar sérstaklega til að sækja um.

10.2. Áætlanir um framkvæmdir í vegamálum.

Áætlanir um framkvæmdir í vegamálum miðist m.a. að því að móta samgönguheildir til að auðvelda konum atvinnuþátttöku utan sinnar heimabyggðar.

Áhersla verði þannig lögð á að byggðarkjarni svæðisins þjóni sem atvinnusvæði fyrir nágrannabyggðarlög einnig.

11. Sjávarútvegsráðuneytið.

11.1. Gæðaátak í sjávarútvegi.

Mikill meiri hluti kvenna við sjávarsíðuna um allt land vinnur við fiskiðnað.

Í tengslum við gæðaátak sjávarútvegsins, sem nú er unnið að, verði skoðað sérstaklega á hvern hátt bæta megi nýta reynslu og þekkingu fiskvinnslukvenna.

11.2. Þjónustustörf tengd sjávarútvegi.

Á vegum sjávarútvegsráðuneytisins hefur nokkuð verið unnið að því að færa ýmis þjónustustörf tengd sjávarútvegi frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar.

Lagt er til að áfram verði haldið á þessari braut og að hinar margvíslegu þjónustugreinar tengdar þessari atvinnugrein verði skoðaðar með það í huga að auka fjölbreytni í störfum við sjávarsíðuna. Við þá athugun verði þess sérstaklega gætt að reynsla og hæfni kvenna á viðkomandi stað verði nýtt.

12. Umhverfisráðuneytið.

12.1. Jafnréttisáætlun umhverfisráðuneytisins.

Þegar ríkisstjórnin samþykkti á árinu 1988 að ráðuneyti og þær ríkisstofnanir, sem hafa 20 starfsmenn eða fleiri í vinnu, skyldu vinna sérstakar áætlanir um hvernig jafna mætti hlut

kvenna og karla innan hlutaðeigandi ráðuneytis/ríkisstofnunar var ekki búið að setja á stofn sérstakt umhverfisráðuneyti.

Umhverfisráðuneytið mun því semja slíka áætlun. Stofnanir sem heyra undir ráðuneytið semji einnig slíkar áætlanir.

13. Utanríkisráðuneytið.

13.1. Staða kvenna í utanríkisþjónustunni.

Utanríkisráðuneytið láti vinna könnun á möguleikum kvenna í utanríkisþjónustunni. Í framhaldi af því verði settar fram tillögur um hvernig möguleikar kvenna og karla á þessu sviði verði jafnaðir.

Settar hafa verið reglur sem auka möguleika á starfsframa ritara. Frekari útfærsla fari fram.

13.2. Konur í þróunarríkjunum.

Í öllum þróunarverkefnum á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands verði sérstakur gaumur gefinn að stöðu kvenna. Öll þróunarverkefni taki þannig mið af því að vinna kvenna í þróunarlöndunum er undirstaða viðkomandi samfélags og að bætt staða þeirra er forsenda framþróunar.

Ráðnar verði konur á vegum Þróunarsamvinnustofnunarinnar til að fylgja slíku starfi eftir.

14. Viðskiptaráðuneytið.

14.1. Þjónustufyrirtæki á landsbyggðinni.

Konur eru í miklum meiri hluta þeirra sem vinna í þjónustugreinum. Þjónusta á hins vegar mjög í vök að verjast í dreifbýli. Lagt er til að viðskiptaráðuneytið kanni stöðu hinna ýmsu þjónustugreina í dreifbýlinu eða á tilteknu landsvæði og geri tillögur um hvernig styrkja megi þessar starfsgreinar og jafnframt fjölga atvinnutækifærum. Í því sambandi verði lögð áhersla á tillögur um hvernig færa megi störf í hinum ýmsu þjónustugreinum frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar.

Sérstök áhersla verði lögð á eflingu fjarvinnslu með tölvum sem flutt geta ýmis skráningar- og tölvuvinnsluverkefni til strjálbýlis og minni byggðarkjarna.

14.2. Staða kvenna í bankakerfinu.

Viðskiptaráðuneytið beini þeim tilmælum til ríkisbankanna að þeir vinni fjögurra ára áætlun um hvernig jafna megi hlut kynjanna innan bankakerfisins. Áætlanirnar verði unnar í samvinnu við Samband íslenskra bankamanna.

III. KOSTNAÐARÁÆTLUN

Lagt er til að Fjárlaga- og hagsýslustofnun verði fengin til að reikna út kostnað á hvert ráðuneyti. Leggja verður áherslu á að hér er um að ræða kostnað sem dreifist á fjögur ár.

IV. STAÐA KVENNA

Rétt þykir að rekja hér í stuttu máli samanburð á stöðu kvenna á árinu 1975 og nú. Einungis er fjallað um þá málaflokka þar sem fyrir liggja tölfræðilegar upplýsingar. Breyting á viðhorfum til kynjanna, hlutverka þeirra og stöðu í samfélaginu er hins vegar erfitt að meta.

1. Menntun.

Skólaárið 1976/1977 voru konur rúm 47% þeirra nemenda sem luku stúdentsprófi.

Skólaárið 1987/1988 eru þær um 57% brautskráðra stúdenta.

Konur voru 17,5% brautskráðra nemenda frá Iðnskólanum í Reykjavík vorið 1975 en 32,6% vorið 1985. Þar endurspeglast hins vegar mjög skýrt hefðbundið námsval kynjanna. Engin teljandi fjölgun varð á konum sem velja nám í tækni- og iðngreinum í iðnskólum eða í Tækniskóla Íslands.

Hlutur kvenna í Háskóla Íslands hefur aukist töluvert á undanförnum árum. Skólaárið 1975/1976 eru konur 20% þeirra sem útskrifast frá háskólanum. Skólaárið 1987/1988 eru þær 49% brautskráðra nemenda. Nám á háskólastigi endurspeglar að hluta kynbundið námsval á framhaldsskólastiginu, t.d. voru konur 96% brautskráðra hjúkrunarfræðinga en 5,6% brautskráðra verkfræðinga þetta skólaár. Aftur á móti hefur orðið mikil aukning á fjölda kvenna í læknisfræði, lögfræði, viðskiptafræði og í raunvísindagreinum. Þær voru t.d. 21,4% brautskráðra nemenda úr raunvísindadeild árið 1982/1983 en 44,7% skólaárið 1987/1988.

2. Atvinnuþátttaka.

Atvinnuþátttaka íslenskra kvenna hefur aukist ár frá ári. Þegar miðað er við konur á aldrinum 16–74 ára voru 90,1% þeirra í launuðu starfi utan heimilis árið 1986 samanborið við við 67% árið 1975. Það eru sérstaklega giftar konur sem standa fyrir þessari miklu aukningu. Árið 1985 voru u.þ.b. 83% þeirra í launuðu starfi miðað við 60% á árinu 1975.

Jafnframt aukinni atvinnuþátttöku hafa konur aukið vinnuframlag sitt, þ.e. sífellt stærri hluti þeirra vinnur fullt starf. Árið 1980 unnu 34,8% giftra kvenna fullan vinnudag samanborið við 43,2% árið 1985. (Heimild: Tekjur kvenna og karla, Þjóðhagsstofnun 1990.)

3. Tekjur.

Konur voru u.þ.b. helmingur launþega árið 1986 en hlutur þeirra í heildaratvinnutekjum var rétt um 33 %. Styttri vinnudagur kvenna vegur hér þungt.

Heildartekjur kvenna í fullu starfi hafa verið rúm 60% af heildartekjum fullvinnandi karla frá árinu 1980 (60,3% árið 1980; 60,7% árið 1986). Samanburðarhæfar eldri tölur eru því miður ekki til. Meiri menntun kvenna virðist því ekki hafa skilað sér í auknu launajafnrétti. (Heimild: Tekjur kvenna og karla, Þjóðhagsstofnun 1989.)

Í könnun jafnréttisnefndar BHM kemur þó fram að laun háskólamenntaðra kvenna í fullu starfi á árinu 1988 eru tæp 75% af launum fullvinnandi karla.

4. Stjórnun og ábyrgð.

Sveitarstjórnir: Konur voru 4% sveitarstjórnarmanna árið 1974 en þeim fjölgaði í rúm 19% árið 1986.

Ef einungis er skoðað hlutfall kvenna í borgar/bæjarstjórnum þá var það 8,3% 1974 en komið í 32,4% 1990 (28,9% 1986).

Á höfuðborgarsvæðinu eru konur 45% borgar/bæjarfulltrúa. Þær eru í meiri hluta í tveimur nágrannabæjum Reykjavíkur og í borgarstjórn Reykjavíkur sitja nú sjö konur og átta karlar.

Alþingi: Frá 1971 til 1983 voru aðeins þrjár konur á Alþingi Íslendinga eða 5% en eftir kosningarnar 1983 urðu þær níu eða 15% og munaði þar að sjálfsögðu mest um þingmenn Kvennalistans. Á Alþingi sitja nú 14 konur eða 22,2% þingmanna.

Í krafti aukinnar menntunar hafa konur sótt inn í embættismannastéttina. Hlutur kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum innan ráðuneyta og ríkisstofnana hefur aukist á aðeins nokkrum árum. Árið 1987 voru konur 32% þeirra sem gegndu ábyrgðarstörfum innan ráðuneyta, árið 1985 voru þær 24%. Samanburðarhæfar eldri tölur eru því miður ekki til.

5. Félagsleg réttindi.

Ýmis mikilvæg félagsleg réttindi hafa áunnist á síðustu árum, réttindi sem skipta konur sérstaklega máli. Nefna má að fæðingarorlof hefur lengst verulega. Flestallir launþegar eiga rétt til fjarveru frá vinnu vegna veikinda barna. Einnig er líklegt að sveigjanlegri vinnutími sé algengari í dag en fyrir um 10 til 15 árum. Engar tölfræðilegar upplýsingar liggja þó fyrir.

Dagvistarmál eru málaflokkur skiptir barnafjölskyldur miklu. Örugg og góð gæsla fyrir börnin er forsenda þess að báðir foreldrar geti unnið utan heimilis. Hér á landi hefur áherslan legið á uppbyggingu dagvistarstofnana fyrir aldurshópinn 3–5 ára og eru hálfsdagsrými eða svokölluð leikskólarými algengust. Samkvæmt Hagtíðindum voru 21,6% allra barna 0–5 ára í leikskóla árið 1981, sambærileg tala fyrir 1987 er 30,9%. Í heilsdagsvistun voru 7,8% allra barna 0–5 ára árið 1981, árið 1987 er þessi tala komin í 10,3%. Þess má geta að ef aðeins er tekinn aldurshópurinn 3–5 ára, sem var í leikskóla árið 1987, er talan 53,6%.

Heildarfjöldi barna í dagvistun í hlutfalli af aldursflokkum barna 0–5 ára var árið 1987 41,2%, borið saman við 29,4% árið 1981. Veruleg aukning hefur því orðið á þessu tímabili. Eins og áður segir er aukningin fyrst og fremst í leikskólarýmum fyrir aldurshópinn 3–5 ára.

Kennslufyrirkomulag í grunnskólum tekur ekki mið af þeirri staðreynd að flestir foreldrar vinna báðir utan heimilis. Í sumum skólum er boðið upp á samfelldan skóladag og gæslu fyrir yngri börn. Þetta þýðir að börnin eru í skólanum samfellt hálfan dag. Víða er skóladagurinn hins vegar rofinn. Telja verður það eitt af brýnustu hagsmunamálum kennara, foreldra og barna að uppbygging skólakerfisins verði með þeim hætti að öll börn geti notið þar samfelldrar kennslu, máltíðar í hádegi og að kennsludagurinn verði lengdur.

Nd. 708. Frumvarp til sóttvarnalaga. [394. mál]

(Lagt fram á 113. löggjafarþingi 1990–1991.)

I. KAFLI
Skilgreiningar.

1. gr.

Almennar sóttvarnir eru þær ráðstafanir sem lög þessi kveða á um að ávallt skuli beita vegna smitsjúkdóma.

Opinberar sóttvarnir eru þær ráðstafanir sem skal beita vegna hættulegra smitsjúkdóma:

a. þegar hætta er á að farsóttir berist til eða frá Íslandi,
b. þegar hætta er á útbreiðslu farsótta innan lands,
c. þegar smitaður einstaklingur skapar hættu á útbreiðslu smits með framferði sínu.

2. gr.

Með smitsjúkdómum í lögum þessum er átt við sjúkdóma eða smitun sem örverur, eiturefni (toxín) þeirra eða sníkjudýr valda.

3. gr.

Lög þessi fjalla um smitsjúkdóma sem valdið geta farsóttum og ógnað almannaheill og aðrar alvarlegar næmar sóttir.

Þeir smitsjúkdómar eru skráningarskyldir sem ráðherra ákveður með reglugerð. Af skráningarskyldum smitsjúkdómum eru þeir tilkynningarskyldir sem ógnað geta almannaheill. Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum sóttvarnaráðs, hvaða smitsjúkdómar eru tilkynningarskyldir.

II. KAFLI
Yfirstjórn sóttvarna.

4. gr.

Embætti landlæknis ber ábyrgð á framkvæmd sóttvarna undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra.

Til embættis landlæknis skal ráða lækni, sóttvarnalækni, til að sinna sóttvörnum. Læknir þessi skal hafa þekkingu á smitsjúkdómum og faraldsfræði þeirra.

Sóttvarnalæknir skal í starfi sínu hafa samvinnu við héraðslækna, heilsugæslulækna, sjúkrahús, rannsóknastofur og heilbrigðisnefndir, eftir því sem við á.

Héraðslæknar eru ábyrgir fyrir sóttvörnum, hver í sínu héraði, undir stjórn sóttvarnalæknis.

Héraðslæknar og sóttvarnalæknir skulu hafa samstarf um framkvæmd nauðsynlegra sóttvarna og njóta aðstoðar lögregluyfirvalda ef með þarf.

5. gr.

Verksvið sóttvarnalæknis er aðallega eftirfarandi:

1. Að skipuleggja og samræma sóttvarnir og ónæmisaðgerðir um land allt, m.a. með útgáfu leiðbeininga um viðbrögð við farsóttum.
2. Að halda smitsjúkdómaskrá til að fylgjast með útbreiðslu smitsjúkdóma með öflun

nákvæmra upplýsinga um greiningu þeirra frá rannsóknastofum, sjúkrahúsum og læknum.
3. Að koma upplýsingum um útbreiðslu smitsjúkdóma, innan lands sem utan, með reglubundnum hætti og eftir þörfum til lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna.
4. Að vera læknum og öðrum, sem við sóttvarnir fást, til ráðgjafar.
5. Að hafa umsjón með forvörnum gegn smitsjúkdómum, m.a. upplýsingum og fræðslu til almennings um þessi efni.

6. gr.

Ráðherra skal skipa sjö manna ráð, sóttvarnaráð til fjögurra ára í senn.

Ráðið mótar stefnu í málum sóttvarna og skal vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma.

Í sóttvarnaráði sitja sjö menn skipaðir af heilbrigðisráðherra. Þar skulu vera starfandi embættislæknir, sérfræðingar á sviði smitsjúkdómalækninga, bakteríufræði, veirufræði, kynsjúkdóma, faraldsfræði/heilbrigðisfræði auk landlæknis sem jafnframt er formaður ráðsins.

Sóttvarnaráð skal hafa aðsetur hjá embætti landlæknis og skal sóttvarnalæknir vera ritari þess.

III. KAFLI
Almennar sóttvarnaráðstafanir.

1. Skyldur einstaklinga.

7. gr.

Það er almenn skylda að gjalda sem mesta varúð við smitsjúkdómum og gera sér allt far um að sýkja hvorki sjálfan sig né aðra, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er.

Hver sá, sem hefur ástæðu til að halda að hann hafi smitast af smitsjúkdómi sem ógnað geti öðrum mönnum, er skyldur að leita læknis án tafar. Leiði læknisrannsókn í ljós að um slíkan sjúkdóm sé að ræða er viðkomandi skyldur að fylgja fyrirmælum læknis um meðferð og ráðstafanir til að fyrirbyggja smitun.

Ef læknir telur mikilvægt að rekja smit til að hefta frekari útbreiðslu þess ber sjúklingi skylda til að veita nauðsynlegar upplýsingar um það af hverjum hann gæti hafa smitast, svo og hverja hann kann að hafa smitað. Komi læknirinn því ekki við ber honum að vísa sjúklingi til stofnunar sem aðstöðu hefur til að rekja smit. Skylt er hlutaðeigendum að hlýða fyrirmælum læknis um nauðsynlegar rannsóknir til varnar sóttnæmisútbreiðslu frá sjúklingi.

2. Skyldur lækna og annars heilbrigðisstarfsliðs.

8. gr.

Allir læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn skulu í starfi sínu hafa vakandi auga með smitsjúkdómum og útbreiðslu þeirra.

Ef læknir kemst að því í starfi sínu að einstaklingur hefur smitast af smitsjúkdómi sem er tilkynningarskyldur og ekki hirt um að leita læknis skal hann þegar í stað vekja athygli héraðslæknis eða sóttvarnalæknis á því, sbr. 9. gr.

9. gr.

Læknir, sem kemst að því í starfi sínu að einstaklingur hefur smitast af smitsjúkdómi

sem samkvæmt lögum þessum er tilkynningarskyldur eða hefur rökstuddan grun um að svo sé, skal hann þegar í stað tilkynna það viðkomandi héraðslækni eða sóttvarnalækni.

Hliðstæð skylda hvílir á forstöðumönnum rannsóknastofa, sjúkradeilda og annarra heilbrigðisstofnana.

Heilbrigðisráðherra setur, að fengnum tillögum sóttvarnaráðs, reglugerð um það hvaða smitsjúkdómar séu skráningarskyldir og um fyrirkomulag tilkynninga skv. 2. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. þessarar greinar. Sóttvarnalæknir er ábyrgur fyrir því að haldin sé smitsjúkdómaskrá. Skráin tekur til smitsjúkdóma og ónæmisaðgerða, sbr. 2. tölul. 5. gr., og er til stuðnings sóttvarnastarfi og faraldsfræðirannsóknum. Skal gætt fyllsta trúnaðar um allar einkaupplýsingar sem þar koma fram.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi rannsóknastofa sem fást við rannsóknir á smitsjúkdómum er lög þessi taka til. Þessar rannsóknastofur skulu hafa starfsleyfi heilbrigðisráðherra.

Skylt er hlutaðeigandi aðilum að aðstoða viðkomandi héraðslækni og sóttvarnalækni m.a. með því að veita upplýsingar er þeir telja nauðsynlegar vegna sóttvarna.

10. gr.

Hafi læknir, sem hefur sjúkling til meðferðar sem haldinn er smitsjúkdómi, rökstuddan grun eða vitneskju um að sjúklingurinn fylgi ekki fyrirmælum sem honum voru sett um umgengni og meðferð skal hann tilkynna það þegar í stað til viðkomandi héraðslæknis eða sóttvarnalæknis.

3. Skyldur heilbrigðisnefnda.

11. gr.

Heilbrigðisfulltrúar og formenn heilbrigðisnefnda samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81 3. ágúst 1988, skulu tilkynna viðkomandi héraðslækni eða sóttvarnalækni jafnskjótt og þeir hafa orðið varir við hugsanlega smithættu. Sóttvarnalæknir skal gefa heilbrigðisnefndum nauðsynlegar upplýsingar og ráð og hafa yfirumsjón með að til viðeigandi ráðstafana sé gripið.

Heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúar skulu aðstoða við sóttvarnir og bera ábyrgð á að gripið sé til viðeigandi ráðstafana ef hætta er á að dýr, matvæli, vatn, skolplagnir, loftræsting eða annað í umhverfinu dreifi eða geti dreift smitnæmum sjúkdómum.

IV. KAFLI
Opinberar sóttvarnaráðstafanir.

1. Sóttvarnaráðstafanir vegna hættu á farsóttum innan lands.

12. gr.

Ef tilkynningar til sóttvarnalæknis um smitsjúkdóma benda til að farsótt sé yfirvofandi skal hann þegar í stað gera heilbrigðisráðherra viðvart.

Ráðherra ákveður að tillögu sóttvarnaráðs hvort grípa skuli til opinberra sóttvarnaráðstafana, svo sem ónæmisaðgerða, einangrunar smitaðra, sótthreinsunar, afkvíunar byggðarlaga eða landsins alls, lokunar skóla eða samkomubanns. Sóttvarnalæknir eða héraðslæknar geta beitt slíkum vörnum til bráðabirgða án þess að leita heimildar fyrir fram ef þeir telja að hvers konar töf sé hættuleg, en gera skulu þeir ráðherra jafnskjótt kunnar ráðstafanir sínar.

Nánari ákvæði um opinberar sóttvarnaráðstafanir skal setja með reglugerð.

2. Sóttvarnaráðstafanir vegna hættu á farsóttum til eða frá Íslandi.

13. gr.

Um sóttvarnaráðstafanir, sem grípa má til vegna hættu á farsóttum frá útlöndum eða frá Íslandi til útlanda, skal setja reglugerð í samræmi við efni þeirra alþjóðasamninga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem Ísland er aðili að.

3. Aðgerðir vegna hættu á útbreiðslu smits frá einstaklingum.

14. gr.

Nú telur sóttvarnalæknir, er honum berst tilkynning um smitsjúkdóm, að grípa þurfi til frekari ráðstafana en læknir hefur þegar gert til þess að fyrirbyggja eða hefta útbreiðslu smitunar sem ógnað getur almannaheill. Skal hann þá í samráði við héraðslækni sjá til þess að til slíkra aðgerða sé gripið. Getur hann og, ef þurfa þykir, leitað aðstoðar lögregluyfirvalda vegna aðgerða til varnar smiti. Héraðslæknir getur einnig gripið til slíkra aðgerða í forföllum sóttvarnalæknis.

Með nauðsynlegum aðgerðum er átt við læknisrannsókn, einangrun hins smitaða á sjúkrahúsi eða með öðrum hætti, svo og aðrar ráðstafanir gerðar án samþykkis hlutaðeigandi. Áður en gripið er til slíkra aðgerða skal ætíð reynt að leysa mál með öðrum hætti.

Aðvörun sóttvarnalæknis eða héraðslæknis um aðgerðir af þessu tagi má áfrýja til ráðherra. Slík áfrýjun frestar ekki framkvæmd.

15. gr.

Ef maður, haldinn smitsjúkdómi, fellst ekki á að fylgja reglum um umgengni við aðra eða að rökstuddur grunur er um að hann hafi ekki fylgt slíkum reglum getur sóttvarnalæknir ákveðið að hann skuli lagður inn á sjúkrahús í einangrun eða að hann skuli einangraður með öðrum hætti. Um þesssa dvöl skulu gilda ákvæði lögræðislaga, nr. 68 30. maí 1984, sbr. 3. mgr. 13. gr.

Þurfi einangrun að vara lengur en 15 daga skal gera kröfu fyrir dómi um sjálfræðissviptingu, sbr. 19. gr. lögræðislaga.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.

Starfrækja skal göngudeildir vegna tilkynningarskyldra smitsjúkdóma sem veita meðferð og rekja smitleiðir. Ráðherra setur reglugerð um starfsemi slíkra göngudeilda.

Á sjúkrahúsi, sem heilbrigðisráðherra ákveður, skal vera aðstaða til einangrunar þeirra sem eru til rannsóknar eða meðferðar vegna smitsjúkdóma eða gruns um smitsjúkdóm.

Heilbrigðisráðherra getur falið ákveðnum rannsóknastofum að ábyrgjast greiningu örvera eða sníkjudýra úr sýnum frá sjúklingum með smitsjúkdóma og fylgjast með ónæmisástandi einstaklinga gegn þýðingarmiklum smitnæmum sjúkdómum.

17. gr.

Allur kostnaður, sem hlýst vegna framkvæmdar laga þessara er varðar tilkynningarskylda sjúkdóma, er sjúklingum að kostnaðarlausu.

18. gr.

Auk þeirra reglugerða, sem lög þessi tilgreina sérstaklega, hefur heilbrigðisráðherra heimild til að setja í farsóttareglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

Sama máli gegnir ef til sérstakra ráðstafana þarf að grípa vegna sóttvarna við náttúruhamfarir.

19. gr.

Um refsingar vegna brota á lögum þessum skal fara samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og læknalaga, nr. 53/1988, með síðari breytingum.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992. Þá falla úr gildi eftirfarandi lög:

1. Lög um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum, nr. 2 4. febrúar 1898.
2. Lög um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala, nr. 3 4. febrúar 1898, sbr. breyting á þeim lögum nr. 57 30. júlí 1909.
3. Berklavarnalög, nr. 66 31. desember 1939.
4. Lög um ráðstafanir til varnar gegn fýlasótt, nr. 70 7. maí 1940.
5. Lög um eyðing á rottum, nr. 27 12. febrúar 1945.
6. Lög um hundahald og varnir gegn sullaveiki, nr. 7 3. febrúar 1953.
7. Sóttvarnarlög, nr. 34 12. apríl 1954.
8. Farsóttalög, nr. 10 19. mars 1958.
9. Lög um varnir gegn kynsjúkdómum, nr. 16 28. apríl 1978, sbr. breyting á þeim lögum nr. 7 7. apríl 1986.

Fylgiskjal.

Flokkun smitsjúkdóma eftir meginsmitleiðum.

(Skáletraðir sjúkdómar eru tilgreindir í alþjóðaheilbrigðisreglum.)

1. Smitsjúkdómar þar sem persónueinkenna sjúklings er ekki getið og verða skráningarskyldir samkvæmt reglugerð, sbr. 2. mgr. 3. gr.

1.1 Þarmasmit:

Yersiniosis
Listeriosis
Toxoplasmasýking
Sullaveiki
Tríkínósis

1.2 Öndunarfærasmit:

Hemóphilus influenzae (gerð b) sjúkdómur
Psittacosis
Legionellosis

Rauðir hundar
Mislingar
Hettusótt
Kíghósti
Inflúensa

1.3 Blóðborið smit:
Sýkingar vegna blóðgjafa
Meðfæddir rauðir hundar

1.4 Samræðissmit:
Condyloma genitalis
Þvagrásarbólga af öðrum eða óþekktum orsökum

1.5 Skordýraborið smit:
Malaría
Rykkjasótt (febris recurrens)
Dílasótt (typhus exanthematicus)

1.6 Aðrir smitsjúkdómar:
Heilahimnubólga af völdum örvera
Heilabólga af völdum veira
Stífkrampi
Óvenjulegar berklasýkingar
Hjartaþelsbólga

2. Smitsjúkdómar sem tilkynna skal einstaklingsbundið og sem verða tilkynningarskyldir samkvæmt reglugerð, sbr. 2. mgr. 3. gr.

2.1 Þarmasmit:
Lömunarveiki (poliomyelitis)
Smitandi lifrarbólga A (hepatítis A)
Önnur smitandi lifrarbólga (hepatítis E)
Kólera
Salmonellusýkingar (þar með talið taugaveiki og taugaveikibróðir)
Kampýlóbaktersýkingar
Blóðkreppusótt (shigellosis)
Aðrar þarmasýkingar af völdum baktería

2.2 Öndunarfærasmit:
Barnaveiki (difteria)
Meningókokkasjúkdómur
Berklar
Svarti dauði (pestis)

2.3 Blóðborið smit:
Smitandi lifrarbólga B (hepatítis B)

Smitandi lifrarbólga C (hepatitis C)
Önnur smitandi lifrarbólga
HIV (human immunodeficiency virus)

2.4 Samræðissmit:
Klamýdía
Lekandi
Sárasótt
Hepatítis B
HIV (human immunodeficiency virus)

2.5 Skordýraborið smit:
Svarti dauði (pestis)
Gulusótt (yellow fever, febris flava)

2.6 Aðrir smitsjúkdómar:
Bótúlismi
Holdsveiki (lepra)
Hundaæði (rabies)
Militisbrandur (anthrax)

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þróun íslenskrar löggjafar á sviði sóttvarna hófst ekki að ráði fyrr en á síðari hluta síðustu aldar. Árið 1875 gengu í gildi lög um mótvarnir gegn því að bólusótt og hin austurlenska kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist til landsins. Á tæpri öld þróuðust þessi lög í löggjöf um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands og síðan í núgildandi sóttvarnalög sem eru frá árinu 1954.

Liðlega tuttugu árum síðar, eða árið 1896, gengu í gildi fyrstu lögin um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. Þessi lög hafa síðan þróast í núgildandi farsóttalög frá 1958.

Um aldamótin var ástand í málum holdsveikra og berklaveikra hér á landi mjög bágborið og aðgerðir aðkallandi. Árið 1898 gengu í gildi tvenn lög er snertu holdsveika, annars vegar lög um aðgreiningu þeirra frá öðrum mönnum og flutning á spítala og hins vegar lög um stofnun holdsveikraspítala á Íslandi. Þó úrelt séu og óþörf eru þessi lög enn í gildi.

Fyrstu lögin um varnir gegn berkaveiki gengu í gildi nokkrum árum síðar, eða árið 1904. Núgildandi berklavarnalög eru frá árinu 1939.

Hinn 17. október 1988 skipaði heilbrigðisráðherra nefnd sem falið var það hlutverk að endurskoða farsóttalögin frá 1958, sóttvarnalögin frá 1954, ýmis sérlög um varnir gegn ákveðnum smitsjúkdómum, svo sem berklavarnalögin frá 1939, lögin um varnir gegn kynsjúkdómum frá 1978, með síðari breytingu, og lögin um varnir gegn holdsveiki frá síðustu aldamótum.

Í nefndina voru skipuð: Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, formaður, Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir, Haraldur Briem, sérfræðingur í smitsjúkdómum, Skúli Johnsen borgarlæknir og Dögg Pálsdóttir, lögfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu, og var hún jafnframt ritari nefndarinnar.

Nefndin lauk störfum haustið 1989. Frumvarp til sóttvarnalaga, sem hún samdi, var lagt fram á 112. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Með því frumvarpi fylgdu sem fylgiskjöl yfirlit sem nefndin tók saman um þróun íslenskrar löggjafar á sviði sóttvarna og samantekt um stöðu löggjafar á sviði sóttvarna á Norðurlöndunum.

Farsóttanefnd, sem í eiga sæti Ólafur Ólafsson landlæknir, formaður, Haraldur Briem, sérfræðingur í smitsjúkdómum, Skúli G. Johnsen borgarlæknir, Ólafur Steingrímsson yfirlæknir, Hrafn Tuliníus prófessor, Sigurður B. Þorsteinsson læknir og Margrét Guðnadóttir prófessor hefur endurskoðað frumvarpið í ljósi umsagna sem bárust við meðferð málsins á Alþingi. Farsóttanefnd hefur gert tillögur um nokkrar breytingar á frumvarpinu. Farsóttanefnd, að Margréti Guðnadóttur undanskilinni, er sammála frumvarpinu í þeim búningi sem það er nú lagt fram. Fylgiskjölin sem birtust með frumvarpinu er það var lagt fram á 112. löggjafarþingi eru ekki endurbirt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér eru skilgreindar þær tvenns konar sóttvarnaráðstafanir sem grípa skal til. Annars vegar eru hinar almennu sóttvarnaráðstafanir, en það eru ráðstafanir sem ávallt skal beita gegn smitsjúkdómum. Hins vegar eru hinar opinberu sóttvarnaráðstafanir sem beita skal vegna hættulegra smitsjúkdóma í þremur tilvikum:

Í fyrsta lagi þegar hætta er á að farsóttir berist til eða frá landinu.

Í öðru lagi þegar hætta er á útbreiðslu farsóttar innan lands.

Í þriðja lagi þegar smitaður einstaklingur skapar hættu á útbreiðslu smits með framferði sínu.

Um 2. gr.

Rétt þykir að skilgreina í lögunum við hvað er átt þegar talað er um smitsjúkdóma. Með smitsjúkdómum er átt við sjúkdóma sm orsakast af örverum (bakteríum, sveppum, veirum eða öðrum frumstæðum lífverum) og sníkjudýrum (einfrumungum, ormum, lúsum og flóm) sem geta fjölgað sér, lifað á eða í hýsli og valdið sjúkdómi og borið manna á milli eða frá dýrum til manna. Margar örverur geta framleitt eiturefni (toxín) sem valdið geta sjúkdómum í mönnum, t.d. með mengun matvæla, jafnvel þótt örverurnar sem slíkar nái ekki að sýkja menn. Slíkar eitranir eru alla jafna taldar til smitsjúkdóma og því tilgreindar hér í skilgreiningu frumvarpsins á smitsjúkdómum.

Um 3. gr.

Hér er fjallað um gildissvið laganna. Gert er ráð fyrir að þau nái annars vegar til smitsjúkdóma sem valdið geta farsóttum og ógnað almannaheill og hins vegar til annarra alvarlegra næmra sótta. Gert er ráð fyrir að skráningarskyldir verði þeir smitsjúkdómar sem ráðherra ákveður með reglugerð. Tilkynningarskyldir verða þeir skráningarskyldir smitsjúkdómar sem ógnað geta almannaheill. Ráðherra skal ákveða, að fengnum tillögum sóttvarnaráðs, hvaða smitsjúkdómar eru tilkynningarskyldir.

Tilkynningarskylda felur í sér að skylt verður að tilkynna tafarlaust til heilbrigðisyfirvalda ef grunur er á um að einhver tiltekinna hættulegra smitsjúkdóma hefur fundist eða greinst og geti ógnað almannaheill. Skráningarskylda felur í sér að tilteknar sjúkdómsgreiningar verða skráðar og upplýsingar um fjölda tilfella sendar reglulega til heilbrigðisyfirvalda enda þurfi ekki í slíkum tilvikum að grípa til tafarlausra ráðstafana.

Um 4. gr.

Í samræmi við áratuga hefð gerir frumvarpið ráð fyrir að ábyrgð á framkvæmd sóttvarna sé hjá embætti landlæknis undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra.

Samkvæmt gildandi sóttvarnalögum eru héraðslæknar sóttvarnalæknar. Í ljósi gerbreyttra samgangna þykir óþarfi að hafa fleiri en einn sóttvarnalækni til að sinna sóttvörnum í landinu öllu. Eðlilegt er að slíkur læknir hafi aðsetur hjá embætti landlæknis. Læknir þessi skal hafa þekkingu á smitsjúkdómum og faraldsfræði þeirra. Í starfi sínu skal hann hafa samvinnu við héraðslækna, heilsugæslulækna, sjúkrahús og rannsóknastofur auk heilbrigðisnefnda, eftir því sem við á.

Til að tryggja nægileg tengsl sóttvarnalæknis út í læknishéruðin þykir einnig rétt að héraðslæknar beri áfram ábyrgð á sóttvörnum undir stjórn sóttvarnalæknis. Samvinna sóttvarnalæknis og héraðslækna um sóttvarnir er mjög mikilvæg þar sem héraðslæknar búa yfir staðarþekkingu sem nauðsynleg er þegar taka þarf ákvörðun um aðgerðir.

Ekki tekst alltaf nauðsynleg samvinna milli sjúklings og læknis um nauðsynlegar aðgerðir vegna sóttvarna. Í lögum um smitsjúkdóma hefur frá upphafi verið að finna ákvæði þess efnis að heilbrigðisyfirvöld skuli njóta liðsinnis lögregluyfirvalda sé þess þörf. Hér er einnig slíkt heimildarákvæði.

Um 5. gr.

Hér er verksvið sóttvarnalæknis skilgreint nánar. Hann skal sjá um að skipuleggja og samræma sóttvarnir um land allt, fylgjast með útbreiðslu smitsjúkdóma og koma upplýsingum þar að lútandi áleiðis til lækna og annarra sem á slíkum upplýsingum þurfa að halda. Þá skal hann vera læknum og öðrum sem við sóttvarnir fást til ráðgjafar og hafa umsjón með forvarnastarfi á þessu sviði.

Um 6. gr.

Rétt þykir að setja á laggirnar sjö manna ráð, sóttvarnaráð, til að móta stefnu í málum sóttvarna og vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma.

Árið 1986 skipaði heilbrigðisráðherra samstarfs- og ráðgjafarnefnd, farsóttanefnd, sem fékk það hlutverk að fylgjast með farsóttum og gera tillögur um aðgerðir til að hindra útbreiðslu þeirra. Gert er ráð fyrir að starf þessarar nefndar leggist niður ef ákvæði frumvarpsins um sérstakt sóttvarnaráð nær fram að ganga.

Gert er ráð fyrir að sóttvarnaráð verði skipað sjö mönnum, starfandi embættislækni, sérfræðingum á sviði smitsjúkdómalækninga, bakteríufræði, veirufræði, kynsjúkdóma, faraldsfræði/heilbrigðisfræði auk landlæknis sem jafnframt verður formaður ráðsins.

Ráðið skal hafa aðsetur hjá embætti landlæknis og skal sóttvarnalæknir vera ritari þess.

Um 7. gr.

Orðalag greinarinnar er í samræmi við ákvæði í gildandi löggjöf um þessi efni.

Um 8. gr.

Ákvæðið er í samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum. Gert er ráð fyrir að læknir, sem kemst að því í starfi sínu að einstaklingur sem smitast hefur af smitsjúkdómi sem er tilkynningarskyldur og hefur ekki hirt um að leita læknis, skuli hann þegar í stað vekja at-

hygli héraðslæknis eða sóttvarnalæknis á því.

Um 9. gr.

Smitsjúkdóma skal tilkynna á þar til gerðum eyðublöðum til héraðslæknis eða sóttvarnalæknis. Þessi skylda hvílir jafnt á læknum sem og forstöðumönnum rannsóknastofa, sjúkradeilda og annarra heilbrigðisstofnana.

Gert er ráð fyrir að heilbrigðisráðherra setji, að fengnum tillögum sóttvarnaráðs, reglugerð um fyrirkomulag skráninga og tilkynninga skv. 2. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. þessarar greinar. Halda skal sérstaka smitsjúkdómaskrá, sbr. 2. tölul. 5. gr., sem skal taka til skráningarskyldra smitsjúkdóma og einnig skráningar ónæmisaðgerða og mótefnamælinga skráningarskyldra sjúkdóma, bæði jákvæðar og neikvæðar upplýsingar.

Þá er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um starfsemi rannsóknastofa sem greini sjúkdóma er lög þessi taka til og um eftirlit með þeim.

Um 10. gr.

Hér eru ákvæði um skyldu lækna til að tilkynna héraðslækni eða sóttvarnalækni ef þeir komast að því í starfi sínu að smitaður einstaklingur fylgi ekki fyrirmælum um hegðun. Sambærilegt ákvæði er að finna í gildandi lagaákvæðum um sóttvarnir.

Um 11. gr.

Heilbrigðisfulltrúar og formenn heilbrigðisnefnda samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, skulu tilkynna viðkomandi héraðslækni eða sóttvarnalækni jafnskjótt og þeir hafa orðið varir við hugsanlega smithættu. Sóttvarnalæknir skal gefa heilbrigðisnefndum nauðsynlegar upplýsingar og ráð og hafa yfirumsjón með að til viðeigandi ráðstafana sé gripið. Heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúar skulu aðstoða við sóttvarnir og bera ábyrgð á að gripið sé til viðeigandi ráðstafana ef hætta er á að dýr, matvæli, vatn, skolplagnir, loftræsting eða annað í umhverfinu dreifi eða geti dreift smitnæmum sjúkdómum.

Um 12. gr.

Hér er mælt fyrir um viðbrögð sóttvarnalæknis ef tilkynningar benda til að farsótt sé í uppsiglingu. Í því tilviki skal hann þegar í stað gera heilbrigðisráðherra viðvart. Ráðherra ákveður, að tillögu Sóttvarnaráðs, hvort grípa skuli til opinberra sóttvarnaráðstafanna. Þær opinberu sóttvarnaráðstafanir, sem ráðherra getur gripið til, eru hinar sömu og gildandi lög gera ráð fyrir. Jafnframt er gert ráð fyrir að sóttvarnalæknir eða héraðslæknar geti beitt slíkum vörnum til bráðabirgða ef þeir telja hvers konar töf hættulega en gera skulu þeir ráðherra jafnskjótt kunnar ráðstafanir sínar.

Um 13. gr.

Ísland gerðist aðili að sóttvarnasamningi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar árið 1952. Gildandi sóttvarnareglugerð nr. 229/1971 hefur að geyma ýmis ákvæði í samræmi við þann samning. Rétt þykir að hafa í þessu frumvarpi almennt ákvæði sem heimili að setja reglugerð um sóttvarnaráðstafanir sem grípa má til vegna smithættu og eru í samræmi við þá alþjóðasamninga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem Ísland er aðili að.

Um 14. gr.

Hér er lýst þeim tilvikum sem talið er að réttlæti það að grípa til nauðsynlegra aðgerða án samþykkis einstaklings. Á það er hins vegar lögð áhersla að aðgerðir af þessu tagi skulu ætíð vera neyðarúrræði, þ.e. að reynt sé til þrautar að ná samvinnu við sjúkling. Rétt þykir að ákvörðunum um aðgerðir, sem teljast nauðsynlegar af þessum ástæðum, sé hægt að áfrýja til ráðherra án þess þó að slík áfrýjun fresti framkvæmd.

Um 15. gr.

Hér er fjallað nánar um einangrun smitbera á sjúkrahúsi eða annars staðar. Samkvæmt heimild 3. mgr. 13. gr. lögræðislaga, nr. 68/1984, má ekki svipta mann frelsi gegn vilja sínum nema hann sé haldinn alvarlegum geðsjúkdómi, ofnautn áfengis eða ávana- og fíkniefna. Slík frelsisskerðing má þó ekki standa lengur en í 2 sólarhringa, nema til komi samþykki dómsmálaráðuneytisins. Ef frelsisskerðing á að vara lengur en 15 daga skal gera kröfu fyrir dómi um sjálfræðissviptingu, sbr. 19. gr. lögræðislaga.

Talið er eðlilegt að þessum heimildum til frelsisskerðingar megi einnig beita í þeim tilvikum er maður er haldinn smitsjúkdómi fellst ekki á að fylgja reglum um meðferð og umgengni eða rökstuddur grunur er um að hann hafi ekki fylgt slíkum reglum. Einangrun yrði ýmist á sjúkrahúsi eða með öðrum hætti.

Um 16. gr.

Rétt þykir að setja í sóttvarnalög ákvæði þess efnis að starfrækja skuli göngudeildir vegna tilkynningarskyldra smitsjúkdóma. Rétt þykir einnig að heilbrigðisráðherra ákveði á hvaða sjúkrahúsum skuli vera aðstaða til einangrunar vegna sóttvarna. Þá þykir og rétt að ráðherra ákveði hvaða rannsóknastofur ábyrgist greiningu sýna úr einstaklingum sem grunaðir eru um smit.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Í öllum gildandi lögum á þessu sviði eru sérstök refsiákvæði sem gilda nema þyngri refsing samkvæmt öðrum lögum liggi við broti. Rétt þykir hins vegar að vísa um refsingu vegna brota á lögum þessum einvörðungu til ákvæða almennra hegningarlaga og læknalaga.

Um 20. gr.

Greinin skýrir sig sjálf. Rétt er þó að benda á að gildistaka frumvarpsins hefur í för með sér allnokkra lagahreinsun. Óhætt þykir að fella úr gildi lög um hundahald og varnir gegn sullaveiki, sem og lög um eyðing á rottum, þar sem í gildandi lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit er að finna ákvæði um hvoru tveggja.

Um fylgiskjal.

Markmið.

Skráning og tilkynning smitsjúkdóma með reglubundnum og kerfisbundnum hætti þjónar þeim tilgangi að afla upplýsinga um atburðarás þeirra á hverjum tíma þannig að unnt sé að skipuleggja og grípa til varnaraðgerða gegn þeim og til þess að hægt sé að fylgjast með árangri ónæmisaðgerða og annarra forvarna gegn smitsjúkdómum. Upplýsingaöflunin hefur einnig þýðingu við að fylgjast með langtímabreytingum á nýgengi og algengi smitsjúkdóma.

Forsendur framkvæmdar.

Nauðsynlegt er að einungis mikilvægir smitsjúkdómar séu skráðir og tilkynntir og að slíkar aðgerðir séu skilvirkar. Skráningar og tilkynningarformið þarf að vera eins einfalt og mögulegt er og niðurstöður um útbreiðslu smitsjúkdóma þurfa að berast læknum með reglubundnum og skýrum hætti þannig að þær nýtist í daglegu starfi til sóttvarna og til fróðleiks.

Aðferð.

Öflun upplýsinga um útbreiðslu smitsjúkdóma getur farið fram með tvennum hætti. Annars vegar með skráningu, þ.e. talningu á fjölda smitaðra án persónuauðkenna og hins vegar með tilkynningu, þ.e. persónuauðkennum hins smitaða með upplýsingum um smitleiðir.

Tilgangur skráningar um heildarfjölda smitaðra eintakinga án persónuupplýsinga er sá að fá faraldsfræðilega yfirsýn yfir þýðingarmikla smitsjúkdóma þar sem það hefur ekki hagnýta þýðingu að þekkja til einstaklinganna við sóttvarnir.

Tilgangur tilkynningar um smitsjúkdóm með persónueinkennum hins smitaða er sá að hindra útbreiðslu smits með aðgerðum sem beinast að hinum smitaða, t.d. með einangrun, meðferð og rakningu smits milli einstaklinga eða frá menguðum matvælum, vatni eða öðrum efnum til einstaklinga. Til þess að fullnægja þessum skilyrðum verða að fylgja tilkynningunni upplýsingar um líklegan smitunarstað og smitunartíma og einkenni til að tengja smitaða einstaklinga með faraldsfræðilegum hætti og meta áhrif smitsins.

Alþjóðlegar skuldbindingar.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin samþykkti árið 1969 alþjóðlegar heilbrigðisreglur (International Health Regulations) með breytingum sem tóku gildi 1973 og aftur 1981. Hefur Ísland skuldbundið sig til að fylgja þeim án fyrirvara. Í reglugerðinni eru tilgreindir eftirtaldir sjúkdómar sem lúta tilkynningarskyldu til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar:

1. svarti dauði,
2. kólera og
3. gulusótt (febris flava).

Sjúkdómar sem skrá skal án persónueinkenna.

Í frumvarpi til sóttvarnalaga er gert ráð fyrir því að sett verði reglugerð yfir skráningaskylda smitsjúkdóma. Í fylgiskjali er tillaga að lista yfir skráningarskylda sjúkdóma. Þar eru taldir smitsjúkdómar sem ástæða er til að fylgjast með, t.d. til þess að meta árangur ónæmisaðgerða. Þar er einnig að finna ýmsa sjúkdóma sem ekki eru landlægir á

Íslandi en gætu borist til landsins og náð útbreiðslu hér. Sumir sjúkdómar geta augljóslega ekki náð að breiðast út hérlendis, eins og t.d. malaría, en mikilsvert er að fá upplýsingar um gagnsemi forvarnaaðgerða gegn slíkum sjúkdómum meðal ferðalanga.

Sjúkdómar sem tilkynna skal einstaklingsbundið.

Í frumvarpi til sóttvarnalaga er gert ráð fyrir að ráðherra ákveði, að fengnum tillögum sóttvarnaráðs, hvaða smitsjúkdómar eru tilkynningarskyldir. Hugmyndin er að smitsjúkdómar, sem náð geta mikilli útbreiðslu í samfélaginu og jafnframt ógnað almannaheill, og þar sem vitneskja um smitaðan einstaking hafi þýðingu við upprætingu smits, skulu tilkynntir. Í þessum flokki er einnig gert ráð fyrir að alvarlegir smitsjúkdómar, sem ekki munu ná mikilli útbreiðslu, verði tilkynntir ef ekki er hægt að hindra útbreiðslu þeirra með öðrum hætti en að þekkja til smitaðra einstaklinga.

Þegar um er að ræða sjúkdóma þar sem persónulegar upplýsingar eru sérstaklega viðkvæmar eins og við samræðis- eða kynsjúkdóma þarf meðhöndlandi læknir að afla sér þeirra til að geta rakið smit. Til þess að rjúfa ekki trúnað í slíkum tilvikum þarf að tilkynna slíka sjúkdóma til sóttvarnalæknis með hluta nafnleyndar (semianonymt) þannig að einstaklingur þekkist ekki, en jafnframt verði komist hjá tvískráningu eins og hægt er. Meðhöndlandi læknir tilkynnir hins vegar sjúkdóminn með nauðsynlegum persónuauðkennum til sóttvarnalæknis ef sjúklingur fylgir ekki fyrirmælum eins og lögin kveða á um. Í fylgiskjali er tillaga að lista yfir sjúkdóma sem vænta má að yrðu tilkynningarskyldir.

Að lokum eru í fylgiskjalinu þeir sjúkdómar skáletraðir sem Íslendingar eru skuldbundnir til að tilkynna til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Það eru nýmæli í sóttvarnalögunum að ráðherra geti fjölgað eða fækkað tilkynningarskyldum sjúkdómum. Lögin sem slík nefna enga ákveðna smitsjúkdóma, þau kveða aðeins á um hvaða almenn skilyrði smitsjúkdómar þurfi að uppfylla til að teljast tilkynningarskyldir. Reynslan sýnir að smitsjúkdómar taka breytingum þannig að ástæða kann að vera til að fella burt tilkynningarskyldu eða nýr skaðvænlegur smitsjúkdómur birtist sem ástæða er til að tilkynna.

Nd. 709. Nefndarálit [174. mál]

um frv. til l. um grunnskóla.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið um það umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Skólamálaráði Reykjavíkur, fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis eystra, Hinu íslenska kennarafélagi, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, fræðslustjóra Reykjanesumdæmis, kennslumálanefnd Háskóla Íslands, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, fræðslustjóra Austurlandsumdæmis, Samtökum fámennra skóla, Félagi skólasafnskennara, Bandalagi kennara Norðurlandi eystra, Félagi íslenskra skólasálfræðinga, fræðslustjóra Vestfjarðaumdæmis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, fræðslustjóra Reykjavíkurumdæmis, og Kennarasambandi Íslands. Þá komu á fund nefndarinnar til viðræðna um frumvarpið Gerður G. Óskarsdóttir, ráðgjafi menntamálaráðherra í skóla- og uppeldis-

málum, Hrólfur Kjartansson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, Ólafur Darri Andrason, deildarsérfræðingur í menntamálaráðuneytinu, og Árni Sigfússon, varaformaður skólamálaráðs Reykjavíkur.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Við 4. gr. Lagt er til að í grunnskóla skuli nemendur eiga kost á málsverði á skólatíma. Flestum ber saman um nauðsyn þess að börn og unglingar eigi greiðan aðgang að hollri fæðu í grunnskólum. Vegna breyttra aðstæðna á heimilum og í atvinnulífinu verða skólar að einhverju marki að taka á sig þennan hluta umönnunar barna.
2. Við 12., 13. og 15. gr. Mjög skiptar skoðanir virðast vera um stöðu og hlutverk fræðsluráða. Með breytingartillögum við þessar greinar eru ákvæði um fræðsluráð í samræmi við 30. og 31. gr. laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, og jafnframt komið til móts við athugasemdir umsagnaraðila, einkum sveitarstjórnarmanna. Með því að bæta við heimildarákvæði um skólaráð í fræðsluumdæmum er að hluta haldið inni þeim samráðum um skólamál, bæði varðandi aðbúnað og innra starf, sem frumvarpið gerði ráð fyrir að fræðsluráð annaðist.
3. Við 24. gr. Breytt er viðmiðunarreglum um skiptingu kostnaðar við byggingu og rekstur grunnskóla í þeim tilvikum sem tvö eða fleiri sveitarfélög eiga með sér félag um slíkt. Þá er það breyting að skipting kostnaðar felur bæði í sér stofnkostnað og rekstur, en frumvarpið kvað einungis á um stofnkostnað.
4. Við 25. og 26. gr. Nauðsynlegt þykir að fram komi í lagatextanum að aðstaða sú sem veitt er til heilsugæslu í skólum sé til að uppfylla ákvæði 19. gr. laga nr 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, og því skuli jafnframt fulltrúar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins vera með í ráðum við hönnum skólamannavirkja.
5. Við 71. gr. Í samræmi við ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu er notað orðið heilsugæsla í stað orðsins „heilsuvernd“.
6. Við 76. gr. Í fámennum byggðarlögum eru gjarnan miklar sveiflur í fjölda nemenda í árgangi. Í 3. mgr. 75. gr. frumvarpsins er kveðið á um að til þess að 9. og 10. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi megi nemendur í þessum deildum þó eigi vera færri en 12 að meðaltali nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins. Undanþáguheimild ráðuneytisins er í anda þeirrar stefnu að nemendur geti stundað skyldunám í heimabyggð. Miklar sveiflur í nemendafjölda kalla hins vegar á sveigjanlegar reglur um úthlutun kennslukvóta þegar þannig háttar til. Þykir rétt að kveða á um að ráðuneytið setji þær á sama hátt og reglur um skiptitíma og valgreinar.

7. Við ákvæði til bráðabirgða. Fyrri breytingin varðar málsverði á skólatíma sem gert er ráð fyrir að kveðið verði á um í 4. gr. Breytingin er gerð til að tryggja ákveðinn undirbúning þess að nemendum verði nú séð fyrir málsverði á skólatíma. Síðari breytingin varðar sérskóla fyrir fötluð börn. Á meðan það millibilsástand varir að þessir sérskólar eru ekki orðnir hluti af almenna grunnskólanum er nauðsynlegt að setja bráðabirgðaákvæði um skólana og tryggja rekstri þeirra þannig lagastoð.

Alþingi, 20. febr. 1991.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Árni Gunnarsson, með fyrirvara.

Guðmundur G. Þórarinsson.

Nd. 710. Breytingartillögur [174. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá meiri hl. menntamálanefndar (RA, ÁrnG, GGÞ, ÓÞÞ).

1. Við 4. gr. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein svohljóðandi:
   Í grunnskóla skulu nemendur eiga kost á málsverði á skólatíma.
2. Við 12. gr. Í stað síðari málsgreinar komi tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:
   Fræðsluráð er samstarfsvettvangur sveitarfélaga í viðkomandi umdæmi.
   Hlutverk fræðsluráðs er m.a. að vinna í samráði við fræðsluskrifstofu að eflingu skólastarfs í fræðsluumdæminu, stuðla að samvinnu og hagræðingu milli skóla, fjalla um sameiginleg verkefni og styðja starf skólanefnda. Fræðsluráð fer að öðru leyti með þau mál sem hlutaðeigandi sveitarstjórnir fela því eða ákveðin kunna að verða í reglugerðum settum samkvæmt lögum þessum.
3. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Fræðsluráð skal skipað fimm eða sjö mönnum sem kjörnir eru af sveitarstjórnum eða samtökum sveitarfélaga í hlutaðeigandi fræðsluumdæmi. Jafnmargir skulu kjörnir til vara. Um kosningu og starfshætti fer eftir meginreglum sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.
   Fræðslustjóri, fulltrúi skólastjóra, kennara og foreldra í umdæminu skulu hafa málfrelsi og tillögurétt á fræðsluráðsfundum og eru boðaðir á þá á sama hátt og fræðsluráðsfulltrúar.
   Fræðsluráð getur falið fræðslustjóra að annast framkvæmdastjórn fyrir ráðið.
   Kostnaður vegna fulltrúa sveitarfélaga greiðist af viðkomandi sveitarfélögum eða samtökum þeirra. Kostnaður vegna fundarsetu fulltrúa kennara, skólastjóra og foreldra greiðist úr ríkissjóði.
   Heimilt er að stofna í hverju fræðsluumdæmi sérstakt skólaráð sem er samstarfsvettvangur sveitarstjórna, skólamanna og foreldra um umbætur og þróun í skólum umdæmisins.
4. Við 15. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Síðari málsliður 1. mgr. orðist svo: Hann er forstöðumaður fræðsluskrifstofu og framkvæmdastjóri fræðsluráðs sé svo um samið.

b. Á eftir orðinu „skólanefndir“ í fyrri málslið 2. mgr. bætist: og fræðsluráð.

5. Við 24. gr. Greinin orðist svo:
   Eigi tvö sveitarfélög eða fleiri félag með sér um byggingu og rekstur grunnskóla skal miða skiptingu kostnaðar við eftirtalin meginatriði nema um annað semjist:
   a. íbúafjölda,
   b. útsvarsskyldar tekjur í sveitarfélaginu næstliðið ár,
   c. fasteignamat skattskyldra fasteigna,
   d. kennslustundafjölda í þeim bekkjum sem aðild sveitarfélags miðast við.
   Eigi einungis hluti sveitarfélags aðild að skólahverfi skal miða a–c-liði við þann hluta.
6. Við 25. gr. Eftirtaldar breytingar verða á greininni:
   a. Á eftir orðunum „aðstöðu til heilsugæslu“ í fyrri málsgrein bætist: í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu.
   b. Í stað orðsins „þeir“ í síðari málsgrein komi: þær.
7. Við 26. gr. Við 2. mgr. bætist: og fulltrúar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins hvað varðar aðstöðu til heilsugæslu.
8. Við 71. gr. Greinin orðist svo:
   Um heilsugæslu í grunnskólum fer eftir gildandi lögum um heilbrigðisþjónustu. Yfirlæknir heilsugæslustöðvar skólahverfis skal hafa samráð við skólanefnd og skólastjóra um skipulagningu og fyrirkomulag heilsugæslu.
   Skólastjóra ber að fylgjast með því að nemendur njóti heilsugæslu í skólanum í samræmi við þá tilhögun sem ákveðin hefur verið skv. 1. mgr.
9. Síðari málsgrein 76. gr. orðist svo:
   Menntamálaráðuneytið setur reglur um greiðslur vegna skiptingar bekkjardeilda, m.a. í verklegri kennslu og valgreinum í 8.–10. bekk, og um undanþágur sem veittar eru skv. 3. mgr. 75. gr.
10. Við ákvæði til bráðabirgða. Á eftir 4. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:
    Ákvæði 4. gr. um málsverði á skólatíma komi til framkvæmda á næstu þremur árum frá gildistöku laga þessara.
    Til viðbótar því sem kveðið er á um í 77. og 78. gr. skulu þeir grunnskólar, sem ríkið rekur fyrir fötluð börn (sérskólar), vera reknir á vegum þess þar til grunnskólar geta veitt fötluðum nemendum sambærilega eða betri þjónustu.
11. Heiti XII. kafla frumvarpsins verði: Heilsugæsla.

Nd. 711. Frumvarp til laga [395. mál]

um greiðslur úr ríkissjóði o.fl.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Pálmi Jónsson,
Alexander Stefánsson, Málmfríður Sigurðardóttir,
Ólafur Þ. Þórðarson, Friðjón Þórðarson.

1. gr.

Greiðslu úr ríkissjóði má ekki inna af hendi nema heimildar til hennar sé aflað fyr-

ir fram í fjárlögum eða fjáraukalögum fyrir hvert reikningsár, sbr. þó 8. gr.

Á sama hátt eru hvers konar samningar, um fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð, stofnanir ríkisins og fyrirtæki, sem fela í sér aukið rekstrarumfang frá því sem ákveðið er í fjárlögum fyrir hvert reikningsár, óheimilir nema að fenginni heimild í fjáraukalögum enda sé ekki á annan veg mælt fyrir í lögum þessum eða öðrum lögum.

2. gr.

Séu gerðir kjarasamningar, sem kveða á um frekari launaútgjöld ríkisins en fjárlög gera ráð fyrir, eru þeir með fyrirvara um samþykki Alþingis á nauðsynlegum greiðsluheimildum fyrir viðbótarútgjöldum. Frumvarp til fjáraukalaga, þar sem slíkra heimilda er aflað, skal leggja fyrir Alþingi svo fljótt sem verða má eftir að kjarasamningar hafa verið gerðir. Þangað til slíkt frumvarp er endanlega afgreitt skal þó haga launagreiðslum í samræmi við hina nýju kjarasamninga.

Óheimilt er að auka vinnu ríkisstarfsmanna umfram það sem ákveðið er í fjárlögum eða ráða fleiri menn til starfa en þar er gert ráð fyrir nema að fenginni heimild í fjáraukalögum.

3. gr.

Kaup, sala, skipti eða langtímaleiga ríkissjóðs, ríkisstofnana, ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign á eftirtöldum eignum er óheimil nema samkvæmt heimild í almennum lögum eða fjárlögum hverju sinni, sbr. þó 2. mgr.:

1. fasteignum,
2. eignarhlutum í félögum,
3. skipum og flugvélum,
4. listaverkum, listmunum og söfnum sem hafa að geyma menningarverðmæti,
5. öðrum eignum sem verulegt verðgildi hafa og ekki falla undir 1.–4. tölul. þessarar greinar.

Eignakaup skulu ætíð takmarkast við þá fjárhæð sem ákveðið er í fjárlögum að verja til þeirra.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ríkisstofnunum í A-hluta ríkisreiknings heimilt án sérstakrar lagaheimildar að selja lausafé sem þær hafa notað við starfsemi sína, svo sem ökutæki, vélar, áhöld og annan búnað, enda sé söluandvirðinu skilað í ríkissjóð. Fjármálaráðherra getur þó heimilað ríkisstofnun að ráðstafa söluandvirði eigna skv. 5. tölul. 1. mgr. til endurnýjunar á búnaði enda sé ekki um verulega fjármuni að ræða. Á sama hátt er fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta ríkisreiknings heimilt án sérstakrar lagaheimildar að selja eða leigja varanlega rekstrarfjármuni sína, aðra en þá sem um getur í 1.–4. tölul. 1. mgr., og ráðstafa söluandvirðinu eða leigunni í þágu starfseminnar. Þá getur ríkissjóður ásamt ríkisfyrirtækjum og sjóðum í B-hluta ríkisreiknings án sérstakrar lagaheimildar selt eignir er þessum aðilum sem veðhöfum hafa verið lagðar út á nauðungaruppboðum eða þeir eignast á grundvelli skilmála að baki ábyrgðarskuldbindingum sem fallið hafa á þá.

Ákveði ríkisstjórn eða ríkisstofnun að þiggja gjöf sem gefin er með kvöðum eða skilyrðum sem óhjákvæmilega hafa í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð ber henni að taka við gjöfinni með fyrirvara um samþykki Alþingis, enda hafi hvorki verið gert ráð fyrir útgjöldum þessum í fjárlögum né fjáraukalögum. Á sama hátt er ríkisstjórn og ríkisstofn-

unum óheimilt að gefa eða afhenda án endurgjalds eignir sem um getur í 1.–5. tölul. 1. mgr. nema fyrir fram sé aflað heimilda í fjárlögum og fjáraukalögum.

4. gr.

Sértekjum, sem ríkisstofnanir í A-hluta ríkisreiknings afla umfram áætlanir fjárlaga, skal skila í ríkissjóð, sbr. þó 2. mgr. Á sama hátt skulu ríkisfyrirtæki og sjóðir í B-hluta ríkisreiknings skila rekstrarhagnaði sínum í ríkissjóð enda mæli lög ekki fyrir um annað.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur fjármálaráðherra heimilað að ríkisstofnanir í A-hluta fjárlaga ráðstafi öllum eða hluta af umframtekjum þeim, sem um ræðir í 1. mgr., til eigin þarfa, þó aldrei til fjárfestingar, framkvæmda eða ráðstafana sem leiða þegar í stað eða síðar til aukinna rekstrarútgjalda ríkissjóðs. Á sama hátt getur fjármálaráðherra sett reglur um að fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta ríkisreiknings sé heimilt að nota allan rekstrarhagnað sinn eða tiltekinn hluta hans til að auka hreina eign sína. Ráðherra skal hafa samráð við fjárveitinganefnd um efni þessara reglna.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 1. gr. getur fjármálaráðherra heimilað ríkisfyrirtækjum, sem standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vörum eða þjónustu, að stofna til frekari fjárskuldbindinga en fjárlög gera ráð fyrir enda sé það gert í þeim tilgangi einum að tryggja rekstrarhagsmuni fyrirtækisins.

6. gr.

Ákvæði laga og reglugerða, er hafa útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlögum hvers árs, svo og ákvarðanir eða fyrirmæli stjórnvalda sama eðlis, koma ekki til framkvæmda fyrr en Alþingi hefur samþykkt fjárveitingu til þessara útgjalda í fjáraukalögum eða fjárlögum settum eftir birtingu laga, reglugerða eða stjórnvaldsfyrirmæla sem hér um ræðir.

7. gr.

Óheimilt er að fresta eða flytja greiðsluheimildir á stofn- og fjárfestingarframlögum og hvers konar styrkjum, eins og þær eru ákveðnar í fjárlögum, á milli verkefna nema að fengnu samþykki fjárveitinganefndar. Sé talið nauðsynlegt að fella framlög af þessu tagi niður skal heimildar þar að lútandi aflað í fjáraukalögum.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að greiða út fjárveitingar sem geymdar hafa verið á grundvelli heimildar í 7. gr. þessara laga, sbr. 67. gr. laga nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, með síðari breytingum.

9. gr.

Fjármálaráðherra er á hverju fjárlagaári heimilt að stofna til tímabundins yfirdráttar í Seðlabanka Íslands vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins og semja, ef með þarf, um greiðslu yfirdráttarskuldar og um lánskjör. Hámarksfjárhæð yfirdráttarheimildar þessarar skal ákveðin í fjárlögum ár hvert.

10. gr.

Falli fyrirvaralaus greiðsluskylda á ríkissjóð sem rekja má til óviðráðanlegra atvika sem ókleift var að sjá fyrir eða gera ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga er fjármálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar, að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Heimild þessi er enn fremur bundin því skilyrði að beiðni um greiðsluna berist frá ráðherra sem málefnið heyrir undir.

11. gr.

Með fjárlögum skal kveðið á um hvaða útgjaldaliðir taki verðlagsbreytingum og hvernig þeir skulu breytast.

Nú er óskiptu fé veitt á fjárlögum til einstakra ráðuneyta eða ríkisstjórnar og skal því varið til þess að mæta ófyrirséðum útgjöldum vegna verkefna og viðfangsefna sem ráðuneytum eða ríkisstjórn eru falin samkvæmt fjárlögum eða öðrum lögum.

Í fjáraukalögum skal gera grein fyrir greiðslum á liðum þeim sem um ræðir í þessari grein, sundurliðuðum á viðfangsefni og málaflokka eftir því sem við á.

12. gr.

Fyrir 1. apríl ár hvert skal fjármálaráðherra leggja fram frumvarp að endanlegum fjáraukalögum fyrir liðið ár. Með frumvarpinu skal leggja fram sérstaka skrá yfir geymdar fjárveitingar og um þá aðila sem af ófyrirséðum ástæðum hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt er að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingu næsta árs.

Fyrir sama tíma ár hvert skal Ríkisendurskoðun leggja fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmd fjárlaga liðins árs, sbr. 1. gr. laga nr. 12/1986, og skal í skýrslu þessari m.a. koma fram hvort greitt hefur verið úr ríkissjóði umfram lagaheimildir.

13. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi ákvæði 3. mgr. 1 gr., 3. gr. og 5. gr. laga nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja, 54. gr. laga nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, svo og þau ákvæði laga nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana, og annarra laga sem fara í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af þeim fjárveitinganefndarmönnum sem sæti eiga í neðri deild. Að frumvarpinu standa einnig Margrét Frímannsdóttir og Egill Jónsson sem sæti eiga í efri deild, svo og Ásgeir Hannes Eiríksson sem er utan þings þegar frumvarpið er lagt fram.

I.

Þetta frumvarp byggir í meginatriðum á frumvarpi um sama efni sem fjárveitinganefndarmenn stóðu að og fluttu á síðasta þingi, en þá varð málið ekki útrætt. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu frá upphaflegri gerð þess, m.a. í ljósi ábendinga frá fjármálaráðuneytinu og ríkisreikningsnefnd. Geta má þess í þessu sambandi að

sérstakur vinnuhópur á vegum ríkisreikningsnefndar hefur á liðnum mánuðum fjallað ítarlega um frumvarpið og skilað sérstakri greinargerð um málið. Sérstök athygli skal vakin á því að heiti frumvarpsins hefur verið breytt, en nú heitir það frumvarp um greiðslur úr ríkissjóði o.fl. í stað „fjárgreiðslur úr ríkissjóði o.fl.“ áður. Aðrar breytingar lúta fyrst og fremst að því að draga nokkuð úr þeim stífu skilyrðum sem fyrra frumvarpið mælti fyrir um varðandi heimildir til fjárskuldbindinga ríkissjóðs, ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja, sbr. t.d. 1. og 2. gr. frumvarpsins. Því ætti ekki að vera hætta á því að frumvarpið hindri eða trufli á nokkurn hátt eðlilega og lögboðna starfsemi ríkissjóðs, ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja verði það að lögum. Auk þess er reynt að kveða skýrar á um nokkur atriði en áður var gert.

II.

Ákvæði 41. gr. stjórnarskrár hljóðar, svo sem kunnugt er, á þessa leið:

„Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.“

Lagafyrirmæli þessi eru skýr og ótvíræð. Ætlun stjórnarskrárgjafans með þeim hefur bersýnilega verið sú að heimildar til fjárveitinga úr ríkissjóði væri ævinlega aflað fyrir fram hverju sinni, annaðhvort í fjárlögum eða fjáraukalögum á hverju fjárlagaári.

Framkvæmdin í þessum efnum hefur hins vegar í veigamiklum atriðum orðið allt önnur en fyrir er mælt í stjórnarskrá. Um árabil hafa svokallaðar aukafjárveitingar fjármálaráðherra tíðkast og þá ýmist með eða án samráðs við ríkisstjórn eða fjárveitinganefnd. Framkvæmd þessi styðst að sjálfsögðu hvorki við fyrirmæli í almennum lögum né aðrar skráðar réttarheimildir, enda ekki furða þar sem slík fyrirmæli hlytu eðli sínu samkvæmt að vera í hróplegu ósamræmi við skýr ákvæði stjórnarskrárinnar. Öllum ætti að vera ljóst að í þessum efnum hefur ein af grundvallarreglum íslenskrar stjórnskipunar verið brotin, þ.e. reglan um að Alþingi fari með fjárveitingavaldið. Þrátt fyrir þetta hefur lítið raunhæft verið gert í því skyni að tryggja að lögformlega sé að verki staðið í þessum efnum. Þó hafa mál þessi ítrekað verið til umræðu bæði á Alþingi og víðar og fjármálaráðherrar iðulega sætt gagnrýni fyrir aukafjárveitingar. Ýmsir þingmenn hafa beitt sér fyrir breytingum í þessum efnum, bæði í málflutningi og tillögugerð. Fyrir tveimur árum var m.a. borið fram þingmannafrumvarp er fól í sér verulega takmörkun á því valdi sem fjármálaráðherra hefur verið talinn hafa í þessum efnum. Frumvarpið varð ekki útrætt.

Í framhaldi af þeirri umræðu, sem hafði farið fram um þessi mál á liðnum þingum, ákvað fjárveitinganefnd á miðju ári 1989 að beita sér fyrir breytingum í þessum efnum enda nefndarmenn allir sammála um að löngu tímabært væri að setja reglur í einhverri mynd sem reisti skorður við greiðslum úr ríkissjóði umfram það sem ákveðið er í fjárlögum. Í því skyni var skipuð undirnefnd fjárveitinganefndar sem gera skyldi tillögur í málinu. Í nefndinni sátu þau Sighvatur Björgvinsson, Pálmi Jónsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Margrét Frímannsdóttir og Málmfríður Sigurðardóttir. Undirnefnd skilaði tillögum sínum 15. des. 1989. Fjárveitinganefnd hefur nú gert tillögur þessar að sínum og er frumvarp þetta að mestu byggt á þeim.

Niðurstöður undirnefndarinnar eru í stuttu máli þær að aukafjárveitingar, eins og þær hafa tíðkast til þessa, standast ekki og að tímabært sé að setja reglur sem reisi skorður við greiðslum umfram heimildir fjárlaga. Um þetta segir m.a. svo í nefndarálitinu: „Reglan skal vera sú að greiðslur úr ríkissjóði umfram lagaheimildir eigi sér ekki stað. Við fjárlagagerð og á fjárlögum sjálfum verði hins vegar ákveðið með hvaða hætti tekið skuli

á atriðum, svo sem varðandi breytingar frá forsendum fjárlaga. Nægi slíkar heimildir ekki eða komi upp ný viðfangsefni er ekki heimilt að greiða kostnað þeirra vegna nema eftir afgreiðslu fjáraukalaga og skulu fjáraukalög lögð fyrir Alþingi þegar þurfa þykir. Útgjöld, sem ákveðin kunna að vera í öðrum lögum en fjárlögum, koma ekki til greiðslu fyrr en á næsta fjárlagaári á eftir nema fyrir tekjum eða útgjöldum sé séð. Þá er óheimilt að gera hvers konar útgjaldasamninga eða skuldbindingar, þar á meðal varðandi ráðstöfun sértekna sem ákvarða eða leiða til útgjalda sem ekki er fyrir séð í fjárlögum."

Nefndarálitið er birt í heild sinni í fylgiskjali I með frumvarpinu og vísast að öðru leyti til þess.

Aflað var upplýsinga frá Norðurlöndum um framkvæmd og meðferð fjárlaga og fjáraukalaga en þjóðþing þessara ríkja fara með fjárveitingavaldið. Af upplýsingum þessum verður ráðið að greiðslur umfram heimildir fjárlaga þekkjast nánast ekki á Norðurlöndum. Um þetta efni vísast að öðru leyti til yfirlits um verklag á afgreiðslu fjárlaga, fjáraukalaga og ríkisreiknings á Norðurlöndum sem birt er sem fylgiskjal II með frumvarpi þessu.

III.

Í meginatriðum er með frumvarpi þessu stefnt að því að girða fyrir greiðslur úr ríkissjóði sem ekki eiga sér stoð í fjárlögum eða eftir atvikum fjáraukalögum. Þess í stað verði í fjárlögunum sjálfum ákveðið með hvaða hætti bregðast skuli við þegar breytingar verða á fjárþörf vegna þess að forsendur fjárlaga standast ekki þegar á reynir. Útgjöld, sem ákveðin kunna að vera í öðrum lögum en fjárlögum, koma á sama hátt ekki til greiðslu fyrr en aflað hefur verið sérstakrar greiðsluheimildar í fjárlögum eða fjáraukalögum. Þá er lagt til að ríkisstofnunum verði óheimilt, með nokkrum undantekningum þó, að gera nokkrar þær fjárskuldbindingar sem ekki eru sérstaklega heimilaðar eða gert ráð fyrir í fjárlögum eða fjáraukalögum. Sama meginregla skal líka gilda um ráðstöfun sértekna. Undantekningar frá þessari reglu lúta einkum að þörfum fyrirtækja í eigu ríkissjóðs sem stunda framleiðslu, verslun eða viðskipti með svipuðum hætti og einkafyrirtæki.

Í kjölfar banns við aukafjárveitingum með gamla laginu verður ekki hjá því komist að að aðlaga fjárlagaafgreiðsluna og fjárlögin sjálf að strangari reglum í þessum efnum. Af þessum sökum er gert ráð fyrir að í fjárlögum verði framvegis gerður skýr greinarmunur á framlögum eftir eðli þeirra og jafnframt verði mælt fyrir um hvort þau geti tekið verðbreytingum innan fjárlagaársins eða ekki. Almennt er frumvarpinu bæði ætlað að stuðla að og tryggja að vandað sé til verka við fjárlagaafgreiðsluna og fjárlögin verði þannig skýrari og raunhæfari áætlun eða rammi um útgjöld og geymi marktækari fyrirmæli um fjárráðstafanir og fjárreiður ríkissjóðs en verið hefur til þessa.

Eðli málsins samkvæmt hlýtur efni fjáraukalaga að vera hliðstætt efni fjárlaga. Því er að mati flutningsmanna óeðlilegt að einskorða efni fjáraukalaga við útgjaldaheimildir eins og ákvæði 41. gr. stjórnarskrár er orðað. Eðlilegt er að gera þar einnig grein fyrir þegar orðnum og fyrirsjáanlegum breytingum á tekjuhlið fjárlaga eftir því sem við verður komið en auðvitað verða skattar og gjöld til ríkissjóðs innheimt þó að tekjur af þeim fari fram úr áætlunum fjárlaga. Engu að síður þykir rétt að gerð sé grein fyrir breytingum á tekjuhlið fjárlaga gefist tækifæri til slíks í fjáraukalögum.

Loks er rétt að geta þess að við gerð frumvarpsins var með tilliti til 41. gr. stjórnarskrár ekki talið fært að nota orðið aukafjárlög í stað orðsins „fjáraukalög". Hið fyrr-

nefnda verður þó í alla staði að teljast skýrara og eðlilegra.

Það er von flutningsmanna að frumvarp þetta, nái það fram að ganga, tryggi á sæmilegan hátt að reglur stjórnskipunarlaga um fjárveitingavald Alþingis og eftirlitshlutverk þess verði í heiðri hafðar. Tiltölulega skýrar reglur af þessu tagi hljóta jafnframt að veita framkvæmdarvaldinu nauðsynlegt aðhald í öllu því er lýtur að fjárhagsmálefnum þess og fjármálastjórn jafnframt því sem þær ættu að hvetja til vandaðri og raunhæfari vinnubragða við fjárlagagerð en tíðkast hefur til þessa. Þá ættu reglur af þessu tagi ekki síður að styrkja þingið, stofnanir þess og Ríkisendurskoðun við að rækja það eftirlitshlutverk sem þessum aðilum ber að sinna í þessu efni lögum samkvæmt.

Að öðru leyti vísast til þess sem sagt er í athugasemdum við einstakar greinar hér á eftir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er grundvallarregla 41. gr. stjórnarskrárinnar um að ekkert skuli greiða úr ríkissjóði nema heimild sé fyrir greiðslunni í fjárlögum eða fjáraukalögum á þeim tíma, sem hún er innt af hendi, áréttuð í áhersluskyni. Um regluna og hugsunina að baki henni vísast til almennra athugasemda hér að framan. Í öðrum greinum frumvarpsins má svo finna ákvæði til skýringar eða fyllingar á meginreglu þessarar greinar. Í nokkrum tilvikum er kveðið á um óveruleg frávik frá henni er helgast fyrst og fremst af eðli máls og þörfum viðskiptalífsins.

Til þess að taka af allan vafa er í 2. mgr. áréttað að meginreglan taki ekki einungis til fjárgreiðslna í venjulegum skilningi heldur og til hvers konar fjárskuldbindinga ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja sem fela í sér aukið rekstrarumfang frá því sem fjárlög gera ráð fyrir. Þannig er ekki nægjanlegt að almenn lög heimili að skuldbinda ríkissjóð heldur verður og að afla heimildar í fjárlögum eða fjáraukalögum til greiðslna í samræmi við nefndar skuldbindingar.

Hvers konar viðskiptasamningar stofnana og fyrirtækja ríkisins, hvort sem þær eru í A- eða B-hluta fjárlaga, svo sem kaup-, verk- og þjónustusamningar, falla undir ákvæði þessarar greinar enda séu ekki sérstök fyrirmæli um annað í frumvarpinu. Í því sambandi er vakin athygli á ákvæðum 4. og 5. gr. sem heimila nokkur frávik frá þessari meginreglu þar sem slíkt telst nauðsynlegt eðli málsins samkvæmt.

Um 2. gr.

Þessi grein felur í sér að kjarasamningar, sem ríkið gerir og kveða á um frekari launaútgjöld þess en fjárlög gera ráð fyrir, séu háðir fyrirvara um samþykki Alþingis á nauðsynlegum viðbótarútgjöldum. Samþykkis Alþingis fyrir nauðsynlegum greiðsluheimildum skal leitað svo fljótt sem auðið er. Laun eru langstærsti útgjaldaliður ríkissjóðs. Í því ljósi þykir sem ekki verði hjá því komist að kveða svo á að Alþingi skuli fjalla um áhrif breytinga á kjarasamningum sem ríkið er aðili að og samþykkja þær fyrir sitt leyti horfi þær til útgjaldaauka fyrir ríkissjóð með sama hætti og gildir um önnur fjárútlát ríkissjóðs. Þrátt fyrir þetta skal haga launagreiðslum í samræmi við hinn nýja kjarasamning þangað til fjárheimild er með formlegum hætti. Regla þessi er í samræmi við það sem gildir t.d. í Noregi. Í Svíþjóð eru launasamningar hins vegar háðir samþykki fjárveitinganefndar og í Finnlandi eru þeir háðir samþykki sérstakrar þingnefndar sem fer með launamál opinberra starfsmanna. Í Danmörku er sami háttur á hafður og hér hefur tíðkast,

þ.e. fjármálaráðherra fer með kjarasamninga án nokkurra afskipta þingsins.

Á sama hátt og um launakjörin sjálf er í 2. mgr. þessarar greinar mælt fyrir um að óheimilt sé að auka vinnu ríkisstarfsmanna að magni til umfram það sem fjárlög mæla fyrir um eða ráða starfsmenn til tímabundinna verkefna ef ekki er séð fyrir viðbótarkostnaði þessum í fjárlögum eða fjáraukalögum. Ljóst er að þau ákvæði laga nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisins, eru ósamrýmanleg ákvæðum þessa frumvarps og munu víkja fyrir ákvæðum þess verði það að lögum.

Um 3. gr.

Samkvæmt þessari grein er ríkissjóði, stofnunum ríkisins og fyrirtækjum óheimilt að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma eignir sem telja má verulegar, nema samkvæmt lagaheimild hverju sinni. Með hugtakinu „langtímaleiga“ í þessu sambandi er átt við leigusamninga til lengri tíma en árs. Þá tekur hugtakið „leiga“ í þessu sambandi til fjármögnunarleigusamninga auk hefðbundinna leigusamninga. Með þessum hætti er reynt, með þeim undantekningum sem leiðir af 2. mgr., að tryggja að hvorki sala á veigameiri eignum ríkisins né kaup, skipti eða leiga á slíkum eignum geti átt sér stað nema Alþingi samþykki viðskiptin fyrir fram. Liggi slík heimild ekki fyrir verður að semja um viðskiptin með fyrirvara um samþykki Alþingis. Umsamin afhending má ekki fara fram fyrr en að slíku samþykki fengnu.

Í 2. mgr. er kveðið á um frávik frá ákvæðum 1. mgr. vegna sölu eða leigu á lausafé sem stofnanir, fyrirtæki eða sjóðir í eigu ríkisins hafa notað við starfsemi sína. Með þessum hætti er reynt að koma í veg fyrir að strangar formkröfur letji ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki þess að koma varanlegum rekstrarfjármunum, sem notaðir hafa verið við starfsemina, í verð, t.d. við endurnýjun þeirra. Einkum á þetta við um ríkisfyrirtækin í B-hluta ríkisreiknings þar sem starfsemi þeirra og rekstrarskilyrði eru í meginatriðum hliðstæð þeim sem einkaaðilar búa við. Árétta skal að ákvæði 2. mgr. eiga hvorki við um fasteignir, hlutabréf, skip, flugvélar né aðrar eignir sem um ræðir í 1.–4. tölul. 1. mgr. Þá er kveðið á um að fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, svo og fyrirtæki og sjóðir í B-hluta ríkisreiknings, geti án sérstakrar lagaheimildar selt eignir sem þessir aðilar hafa fengið útlagðar á nauðungaruppboðum eða leyst til sín samkvæmt skilmálum að baki ábyrgðum er þeir hafa veitt og á þá hafa síðan fallið.

Í 3. mgr. er í samræmi við meginstefið í frumvarpinu kveðið á um að ríkisstjórn skuli hvorki þiggja gjafir er háðar eru kvöðum eða skilyrðum sem hafa í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð, nema með fyrirvara um samþykki Alþingis, né gefa gjafir ef ekki er fyrir útgjöldum þessum séð í fjárlögum eða fjáraukalögum.

Um 4. gr.

Í samræmi við meginmarkmið frumvarpsins er í þessari grein lagt til að allar sértekjur A-hluta stofnana, svo og arður eða hagnaður fyrirtækja og sjóða í B-hluta sem fer fram úr áætlunum fjárlaga, skuli greiddar í ríkissjóð.

Í 2. mgr. er fjármálaráðherra heimilað að gefa út reglugerð þar sem vikið er frá meginreglu 1. mgr. varðandi ráðstöfun á sértekjum og rekstrarhagnaði. Ráðstöfun fjár á grundvelli reglna af þessu tagi má þó ekki fela í sér neinn kostnaðarauka fyrir ríkissjóð og breytir engu í því efni hvort hann fellur til strax eða þegar frá líður.

Ákvæði þessi eru nokkru þrengri en þau sem gilt hafa í þessu efni. Gildandi ákvæði er nú að finna í 54. gr. laga nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjár-

laga. Samkvæmt þeim skal fjármálaráðherra setja reglur um greiðslu rekstrarhagnaðar fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkisreiknings í ríkissjóð að svo miklu leyti sem slíkt er ekki lögákveðið. Þá er þar kveðið á um að fyrirtækjum þessum og sjóðum sé heimilt að nota rekstrarhagnað til að auka hreina eign með þeim takmörkunum sem fjármálaráðherra setur eða ákveðnar eru með lögum. Heildstæðar reglur um skil á rekstrarhagnaði ríkisfyrirtækja hafa því miður aldrei verið settar.

Um 5. gr.

Í þessari grein er lagt til að heimilt sé við tiltekin skilyrði að víkja frá ákvæðum 2. mgr. 1. gr. Hér er um að ræða fjárskuldbindingar ríkisfyrirtækja í B-hluta umfram það sem fjárlög gera ráð fyrir. Það meginskilyrði, sem sett er í þessu efni, er að til fjárskuldbindingar sé stofnað í þeim tilgangi að tryggja rekstrarhagsmuni fyrirtækisins, t.d. að hagnaður af starfseminni verði í samræmi við það sem fjárlög stefna að og að fyrirtækið nái þannig að rækja það hlutverk sem því er ætlað lögum samkvæmt. Um fyrirtæki í eigu ríkisins, sem ætlað er að standa undir kostnaði af starfsemi sinni með tekjum af sölu á vöru og þjónustu, gilda að sjálfsögðu í meginatriðum sömu lögmál og hjá einkaaðilum. Því verður eðli málsins samkvæmt að ætla þeim nokkuð rúmt svigrúm til athafna ef þau eiga að standa sig í samkeppni við einkaaðila. Þessu ákvæði er ætlað að tryggja að þau geti án verulegrar fyrirhafnar aukið við skuldbindingar sínar þegar þau skilyrði, sem að framan eru rakin, teljast uppfyllt. Í því skyni að fyrirmæli 41. gr. stjórnarskrár verði virt að fullu er gert ráð fyrir að í fjárlögum hverju sinni verði aflað almennrar heimildar til fjárskuldbindinga af þessu tagi, t.d. með sérstöku ákvæði þar að lútandi í 6. gr. fjárlaga.

Reglur þessar eru ekki nýmæli. Þannig er í 3. gr. laga nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja, kveðið á um að ríkisfyrirtækjum í B-hluta ríkisreiknings sé óheimilt að stofna til skulda, taka lán eða taka ábyrgð á skuld eða láni nema til þess sé heimild í sérstökum lögum, fjárlögum eða fyrir liggi sérstakt samþykki viðkomandi ráðuneytis og fjármálaráðuneytis. Slíkar heimildir þarf til samninga um yfirdrátt á viðskiptareikningi í bönkum, sölu á víxlum samþykktum af fyrirtækinu eða sjóðnum, svo og til sölu eða veðsetningar á verðbréfum útgefnum af þessum aðilum. Þá er í 5. gr. nefndra laga kveðið á um heimild ríkisstofnana til reikningsviðskipta innan lands á grundvelli reglna sem fjármálaráðherra skal setja þar um.

Ákvæði þessarar greinar frumvarpsins fela í raun ekki í sér efnislegar breytingar á þessum ákvæðum að öðru leyti en því að nokkru strangari kröfur eru gerðar varðandi þau skilyrði sem uppfylla þarf ef nauðsynlegt þykir að fara fram úr fyrirmælum fjárlaga um fjárskuldbindingar ríkisfyrirtækja.

Um 6. gr.

Líta verður svo á að umboð sitt og heimildir til fjárgreiðslna úr ríkissjóði sæki fjármálaráðherra til fjárlaga og fjáraukalaga. Útgjöld, sem fylgja því að hrinda almennum lögum í framkvæmd, á hann samkvæmt framansögðu ekki að greiða nema sérstaka fjárveitingu til þeirra sé að finna í fjárlögum eða fjáraukalögum. Það sama á við um reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli.

Í þessari grein er þessi regla áréttuð og þar beinlínis kveðið á um að lög, reglugerðir og stjórnvaldsfyrirmæli, sem hafa í för með sér útgjöld, komi ekki til framkvæmda nema sérstaklega sé gert ráð fyrir þeim í fjárlögum eða fjáraukalögum. Á liðnum árum

hefur löngum verið að finna ákvæði í 6. gr. fjárlaga þar sem segir að séu ný lög samþykkt sem hafi í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð breytist tekju- og gjaldahliðin samkvæmt því. Telja verður útgjaldaheimild af þessu tagi í fjárlögum nokkuð vafasama þar sem hún er mjög almenn, ónákvæm og án nokkurrar takmörkunar. Í öllu falli eru meiri líkur á því en ella að kastað sé til höndum við mat á þeim kostnaði sem lagasetning kann að hafa í för með sér ef hrinda má lögunum í framkvæmd án þess að marka til þess sérstaka fjárveitingu. Því er gert ráð fyrir því nái þetta frumvarp fram að ganga að til sérstakar fjárveitingar verði að koma í fjárlögum eða fjáraukalögum ef greiða á kostnað af nýjum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.

Um 7. gr.

Samkvæmt greininni er óheimilt að fresta á milli ára eða flytja greiðslu á stofn- eða fjárfestingarframlögum, svo og hvers konar styrkjum, samkvæmt fjárlögum milli verkefna nema að fengnu samþykki fjárveitinganefndar. Niðurfelling framlaga af þessu tagi eða styrkja getur á sama hátt ekki átt sér stað nema með formlegri ákvörðun fjárveitingavaldsins í fjárlögum eða fjáraukalögum.

Hugsunin, sem býr að baki þessu ákvæði, er nánast sú sama og á við um 1. gr. frumvarpsins. Ákvörðunum fjárveitingavaldsins, sem birtast í fjárlögum, verður ekki breytt nema af þeim sem með þetta vald fara hverju sinni hvort sem ákvörðunin lýtur að því að auka eða draga úr útgjöldum ríkissjóðs. Í þessum efnum verður hins vegar að gera nokkurn greinarmun á eðli útgjaldaliða á fjárlögum. Ljóst er að fjárveitingar til rekstrarútgjalda eru í eðli sínu áætlanir sem byggjast á mismunandi traustum forsendum. Fjárveitingar til rekstrar ber því að greiða að svo miklu leyti sem almenn lög eða samningar gera ráð fyrir en aldrei meira en fjárlög heimila. Þannig verða laun vegna tiltekinnar stöðu, sem fjárlög gera ráð fyrir að ráðið verði í, ekki greidd ef ekkert verður úr ráðningu. Um stofnfjárframlög eða styrki gegnir oftast öðru máli að þessu leyti. Því þykir rétt að kveða sérstaklega á um að ákvörðun um frestun, flutning á milli verkefna eða niðurfellingu á greiðslum sem þessum sé fjárveitingavaldsins.

Tekið skal fram að með þessu er alls ekki verið að slá því föstu að einstakir menn eða stofnanir eignist lögvarinn rétt á framlögum eða styrkjum sem þeim kunna að vera ætlaðir í fjárlögum. Almennt verður að ætla að slíkan rétt eignist þessir aðilar ekki.

Um 8. gr.

Nauðsynlegt þykir að taka af skarið um að heimilt sé að greiða út fjárveitingar sem geymdar eru á grundvelli 7. gr. þessa frumvarps, sbr. 67. gr. laga nr. 52/1966. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 9. gr.

Í þessari grein er lagt til að ríkissjóði sé heimilt að tilteknu hámarki, sem ákveða skal í fjárlögum hverju sinni, að yfirdraga viðskiptareikning sinn í Seðlabanka Íslands.

Svo sem kunnugt er hefur á liðnum árum ætíð verið að finna í 6. gr. fjárlaga heimild fyrir fjármálaráðherra til þess að stofna til tímabundins yfirdráttar í Seðlabanka Íslands í því skyni að mæta árstíðabundnum sveiflum í fjármálum ríkisins og semja, ef með hefur þurft, um greiðslu yfirdráttarskuldar og lánskjör. Eðlilegt þykir að setja viðvarandi heimild af þessu tagi í lög en kveða jafnframt á um að í fjárlögum hverju sinni skuli ákveða hvert skuli vera hámark yfirdráttarheimildarinnar á því ári. Í kjölfar vandaðri

vinnubragða við gerð fjárlaga ætti að verða auðveldara að meta þarfir í þessu sambandi.

Um 10. gr.

Í greininni er til öryggis kveðið á um að fjármálaráðherra sé að fengnu samþykki fjárveitinganefndar heimilt að inna af hendi greiðslur sem fyrirvaralaust hafa fallið á ríkissjóð. Er þá átt við að greiðsluskylduna megi rekja til óviðráðanlegra atvika sem ekki var hægt að gera ráð fyrir og verða að öðru leyti ekki taldar þola neina bið.

Dæmi um slíkar greiðslur má nefna bótagreiðslur vegna tjóns sem maður, stofnun eða starfsemi, sem óumdeilt er að ríkið ber ábyrgð á, hefur valdið. Má í þessu sambandi benda á að ríkið kaupir yfirleitt ekki aðrar vátryggingar en lögboðnar skyldutryggingar hjá vátryggingafélögum.

Undirstrikað skal að greiðsluheimild þessa mætti t.d. aðeins nota þegar greiðsla þolir ekki bið. Með því er átt við að ríkissjóður verði fyrir frekari fjárútlátum en ella vegna bótaskyldu sem hann bakar sér með greiðsludrætti. Greiðslur samkvæmt þessari heimild ættu samkvæmt framansögðu að heyra til algerra undantekninga.

Gert er ráð fyrir að í fjárlögum verði að finna almenna heimild, t.d. í 6. gr. þeirra, fyrir fjármálaráðherra til að inna af hendi fjárgreiðslur úr ríkissjóði með vísan til heimildar í þessari grein.

Um 11. gr.

Hækkun útgjalda, sem rætur eiga að rekja annaðhvort til meiri verðlagsbreytinga en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir eða einhverra verkefna sem eru ófyrirsjáanleg við fjárlagagerðina, hefur til þessa verið heimiluð í formi aukafjárveitinga. Verðuppfærslur eru helstu ástæðurnar fyrir því hve aukafjárveitingar hafa numið háum fjárhæðum á liðnum árum. Engar reglur hafa verið settar um hvernig að ákvörðun þeirra og ráðstöfun skuli staðið fremur en annað er lýtur að aukafjárveitingum liðinna ára.

Í þessari grein er lagt til að í fjárlögum skuli ákveða hvaða útgjaldaliðir og framlög geti tekið breytingum vegna verðlagsbreytinga og hvernig þeir skuli breytast. Þeir liðir, sem hér koma einkum til álita, eru launahækkanir og annar kostnaður við framkvæmd launasamninga innan fjárlagaársins, önnur rekstrargjöld en laun, hækkun lífeyrisgreiðslna og framlaga til rekstrar sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins vegna verðlagsbreytinga og loks vaxtagreiðslur. Framlög til stofnkostnaðar, viðhalds, stofnana í B-hluta eða aðila utan ríkisgeirans, þar með taldar niðurgreiðslur, ætti á hinn bóginn ekki að hækka með þessum hætti.

Þá er í greininni kveðið á um að sé óskiptu fé veitt til ráðuneytis eða ríkisstjórna skuli því einungis varið til greiðslu á viðbótarútgjöldum vegna verkefna eða viðfangsefna sem ekki var hægt að sjá fyrir við fjárlagagerð. Loks er kveðið á um að gera skuli sundurliðaða grein fyrir þessum greiðslum í fjáraukalögum og þar með fengið formlegt samþykki á ráðstöfun þess fjár sem ákvarðað er með þessum hætti í fjárlögum.

Um 12. gr.

Í þessari grein er gerð tillaga um að fjármálaráðherra skuli fyrir 1. apríl ár hvert leggja fram frumvarp að endanlegum fjáraukalögum liðins árs komi í ljós að tilteknar greiðsluheimildir skorti eða aðstæður krefjist þess að öðru leyti. Auk þessa þykir eðlilegt að fjármálaráðherra upplýsi Alþingi um geymdar fjárveitingar, svo og þær ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki sem farið hafa fram úr fjarheimildum ársins. Því er gerð tillaga um að frum-

varpinu fylgi sérstök skrá með framangreindum upplýsingum.

Í ljósi þess að Ríkisendurskoðun er falið að hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga skv. 1. gr. laga nr. 12/1986 um stofnunina er jafnframt í þessari grein lagt til að fyrir 1. apríl ár hvert leggi stofnunin fram skýrslu á Alþingi um framkvæmd fjárlaga næstliðins árs og skal í henni gerð sérstök grein fyrir greiðslum úr ríkissjóði umfram fjárlagaheimildir sé um slíkar greiðslur að ræða.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Tillögur undirnefndar fjárveitinganefndar um afnám aukafjárveitinga.

1. Almenn atriði.

Fjárveitinganefnd er sammála um að svokallaðar aukafjárveitingar standist ekki og tímabært sé að setja reglur sem reisi skorður við greiðslum umfram heimildir fjárlaga. Nefndin leggur áherslu á að þær reglur, sem settar verði, séu í fullu samræmi við ákvæði 41. gr. stjórnarskrárinnar og að jafnframt sé tekið tillit til þeirra atriða sem reynslan sýnir að nauðsynlegt er að takast á við á fjárlagaári eins og t.d. varðandi breytingar á launa-, verðlags- og gengisforsendum fjárlaga sem kalla á meiri útgjöld en fjárlög gera ráð fyrir. Vandi, sem af þessu skapast, hefur verið leystur með aukafjárveitingum fram til þessa en nauðsynlegt er að með breyttum reglum verði tekist á við slík vandamál í fjárlagagerðinni sjálfri þannig að greiðslur án heimilda vegna slíkra breytinga á fjárlagaforsendum eigi sér ekki stað. Nefndinni er ljóst að afnám „aukafjárveitinga" gerir einnig kröfur til þess að fjárlagaafgreiðsla Alþingis verði sem vönduðust og raunhæfari en oft hefur verið. Mikilsvert er í því sambandi að ríkisreikningur fyrir næstliðið ár liggi ávallt fyrir þegar fjárlagavinna hefst á Alþingi á haustmissiri og jafnframt að fjáraukalagafrumvarpið fyrir yfirstandandi ár verði þá einnig lagt fram og er út frá því gengið að slíkt verði framvegis gert.

Nefndin hefur aflað sér upplýsinga frá nágrannalöndum um framkvæmd og meðferð fjárlaga og fjáraukalaga, svo sem um hvernig haldið er á atriðum eins og áætlunum vegna ófyrirséðs kostnaðar og breytingum fjárlagaforsendna á fjárlagaári, hvernig staðið er að meðferð þjóðþinga á launasamningamálum og hvernig brugðist er við sérstökum aðstæðum sem upp kunna að koma innan fjárlagaárs en ekki hefur verið tekið mið af við fjárlagagerð. Hefur verið samin sérstök skýrsla um helstu niðurstöður þeirrar könnunar.

Þá hefur nefndin einnig leitað til lagaprófessoranna Sigurðar Líndals og Stefáns M. Stefánssonar um með hvaða hætti þau efnisatriði verða fram sett, sem nefndin hefur orðið ásátt um, til þess að tryggja framkvæmd í samræmi við tillögur um málsmeðferð.

2. Efnisatriði nýrra reglna um greiðslur úr ríkissjóði.

Meginreglan skal vera sú að greiðslur úr ríkissjóði umfram lagaheimildir eigi sér ekki stað. Við fjárlagagerð og í fjárlögum sjálfum verði hins vegar ákveðið með hvaða hætti tekið skuli á atriðum svo sem varðandi breytingar frá forsendum fjárlaga sem verða kunna á fjárlagaári umfram áætlanir fjárlaga. Nægi slíkar heimildir ekki eða komi upp ný viðfangsefni er ekki heimilt að greiða kostnað þeirra vegna nema eftir afgreiðslu fjáraukalaga og skulu fjáraukalög lögð fyrir Alþingi þegar þurfa þykir. Útgjöld, sem ákveðin kunna að vera í öðrum lögum en fjárlögum, koma ekki til greiðslu fyrr en á næsta fjárlagaári á eftir nema fyrir tekjum eða útgjöldum sé séð. Þá er óheimilt að gera hvers konar útgjaldasamninga eða skuldbindingar, þar á meðal varðandi ráðstöfun sértekna sem ákvarða eða leiða til útgjalda sem ekki er fyrir séð í fjárlögum.

Útgjaldahlið fjárlaga verði skipt efnislega í fjóra þætti:

— Í fyrsta lagi föst framlög en greiðslur til þess viðfangsefnis taka ekki breytingum á fjárlagaárinu.
— Í öðru lagi sérstök framlög. Hér er um að ræða framlög sem ekki taka verðbreytingum innan fjárlagaársins. Hins vegar má, ef ríkar ástæður eru fyrir hendi, flytja þau milli fjárlagaára en til þess þarf samþykki fagráðherra auk fjármálaráðherra.
— Í þriðja lagi eru framlög sem taka verðbreytingum og vanáætlunum samkvæmt ákvörðunum í fjárlögum.
— Í fjórða lagi eru svo rammaframlög sem eru rekstrarframlög og stofnunum er heimilt að verja til þess að leysa ákveðin verkefni án þess að þeim sé skipt í fjárlögum á almenna útgjaldaflokka.

3. Einstök efnis- og framkvæmdaratriði í nýjum reglum.

a. Breyttar verðlagsforsendur:

Við fjárlagagerð verði ákveðið hvaða stofnunum og viðfangsefnum sé heimilt að bæta áhrif breyttra verðlagsforsendna og að hvaða marki. Slík greiðsluheimild verði ekki opin og ótakmörkuð heldur tiltekin fjárhæð og nái til tiltekinna stofnana og viðfangsefna. Reglur verði mótaðar um hvernig heimilt sé að ráðstafa af slíkum liðum fyrir „ófyrirséðu".

b. Vanáætlanir:

Með framlagningu ríkisreiknings næstliðins árs og fjáraukalagafrumvarpi yfirstandandi árs á hverju haustþingi á að vera hægt að tryggja gildi og gæði fjárlagaáætlana Alþingis. Vísvitandi vanáætlanir hverfa úr sögunni þegar aukafjárveitingaafgreiðslur hafa verið afnumdar.

Í fjárlagaafgreiðslum Alþingis felast ákvarðanir Alþingis um rekstrarumfang stofnana. Þeim ákvörðunum ber fagráðuneyti og forstöðumönnum ríkisstofnana að fylgja eftir.

c. Magnaukningar:

Launasamningar. Séu gerðir launasamningar, sem ekki rúmast innan launaramma fjárlaga, verði þeir undirritaðir með fyrirvara um samþykki Alþingis. Útgjöld vegna slíkra samninga verði síðan lögð fyrir Alþingi til afgreiðslu svo fljótt sem við verður komið.

Starfsmannaráðningar. Launaumfang fjárlaga táknar ákvörðun Alþingis um starfsmannahald hverrar stofnunar. Skuldbindingar um launagreiðslur umfram það eru óheimilar.

Ný verkefni. Óheimilt er að ráðast í ný verkefni sem ekki hefur verið um fjallað og fé veitt til við fjárlagagerð.

Auknar framkvæmdir. Óheimilt er að auka framkvæmdir umfram heimildir fjárlaga, þó að því undanskildu að heimilt er að ráðstafa af „ófyrirséðu" til að ljúka áföngum eða til þess að bregðast við einstökum vandamálum sem upp kunna að koma enda sé áætlað fyrir slíkum „ófyrirséðum útgjöldum" á fjárlögum.

Áhrif nýrra laga. Lög, sem hafa útgjöld í för með sér og samþykkt kunna að vera eftir að frá fjárlögum hefur verið gengið, geta ekki tekið gildi fyrr en á næsta fjárlagaári á eftir nema fyrir tekjum sé séð.

Niðurgreiðslur. Ekki er heimilt að auka niðurgreiðslur umfram það sem fjárlög segja til um.

Kennslumagn. Um kennslumagn gildir sama og um starfsmannahald að í fjárlögum er umfang launagreiðslna í skólakerfinu ákvarðað. Þeirri ákvörðun verður ekki breytt nema með breytingu á fjárlögum.

Eignaráðstöfun. Eignakaup, eignasölur og eignaleigur, þar á meðal um viðskipti með hlutabréf og eignaskipti milli stofnana ríkisins, eru ekki heimil nema samkvæmt lögum.

Samningar. Enga samninga, sem hafa fjárhagsskuldbindingar í för með sér, er hægt að gera nema með heimild Alþingis. Þetta á einnig við um samninga sem kalla á aukin útgjöld, svo sem vegna lífeyris- eða sjúkratrygginga.

Tryggingamál. Útgjöld, bæði lífeyris- og sjúkratrygginga, eru ákvörðuð í fjárlögum. Um lífeyristryggingar gildir það sama og um laun að útgjöld umfram heimildir fjárlaga þeirra vegna verða aðeins ákvörðuð af Alþingi og sama máli gegnir um sjúkratryggingar. Heimildir ráðherra til að auka útgjöld með reglugerð eru því afnumdar og sömuleiðis heimildir Tryggingastofnunar ríkisins til útgjaldaaukningar með samningum við lækna umfram ákvæði fjárlaga.

d. Annað:

Nái ríkisstofnanir meiri sértekjum en áætlað er fyrir í fjárlögum fái þær að njóta sérteknanna eftir tilteknum reglum en þó þannig að ekki sé heimilt að nýta slíka aukningu sértekna til fjárfestinga eða framkvæmda sem kalla þá eða síðar á aukin rekstrarútgjöld úr ríkissjóði.

Sett verði þak á yfirdráttarheimild ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands.

Heimildir til eignakaupa skv. 6. gr. fjárlaga takmarkast af því fé sem í fjárlögum er sérstaklega ætlað til slíkrar ráðstöfunar.

Fylgiskjal II.

Yfirlit um verklag á afgreiðslu fjárlaga, fjáraukalaga og ríkisreikningi í Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og Danmörku.

(Ágúst 1989.)

Helstu niðurstöður.

— Meginreglur eru þær að þjóðþingin fara með fjárveitingavaldið og er það virt af

framkvæmdarvaldinu. Ríkisstjórnir leita eftir samþykki þingsins fyrir fram um umframútgjöld innan fjárhagsársins, eða í gildi eru reglur sem þingin hafa sett framkvæmdarvaldinu um meðferð umframútgjalda.
— Í Finnlandi og Svíþjóð er leitað eftir samþykki þingsins fyrir fram um viðbótarútgjöld með fjáraukalögum. Í Danmörku fer fjárveitinganefnd með ákvörðun um aukafjárveitingar í umboði þingsins. Í Noregi hefur þingið sett reglur um umframútgjöld sem m.a. segja til um hvenær leita skuli sérstaklega samþykkis þingsins og hvenær framkvæmdarvaldið getur afgreitt þau.
— Í Danmörku og Finnlandi er fjárlagafrumvarpinu vísað til fjárveitinganefndar sem fjallar um frumvarpið í meðförum þingsins. Í Svíþjóð og Noregi er frumvarpinu enn fremur vísað til einstakra málefnanefnda þingsins sem fjalla um viðkomandi málaflokka.
— Fjárlagaárið er almanaksárið nema í Svíþjóð þar sem það er frá 1. júlí til 30. júní. Fjárlagafrumvarp er til meðferðar hjá þjóðþingunum í 3–4 mánuði.
— Meginreglan er sú að hvert fagráðuneyti er ábyrgt gagnvart þinginu um tillögur í fjárlagafrumvarpinu. Enn fremur hefur hvert fagráðuneyti umsjón með framkvæmd fjárlaga innan fjárhagsársins.
— Breytingar, sem þjóðþingin gera til hækkunar á gjaldahlið fjárlagafrumvarpa, eru á bilinu 1–2%.
— Framkvæmd fjárlaga sýnir að tiltölulega litlar breytingar eru til hækkunar frá fjárlögum, eða um 1–2%. Takmarkað miðstýrt eftirlit er með framkvæmd fjárlaga. Áætlanir fjárlaga virðast raunhæfar og aðilar telja sér skylt að fylgja þeim.
— Launasamningar í Finnlandi eru að formi til háðir samþykki sérstakrar þingnefndar sem fer með launamál opinberra starfsmanna. Í Svíþjóð eru launasamningar háðir samþykki fjárveitinganefndar. Í Noregi eru launasamningar samþykktir með fyrirvara um samþykki þingsins. Í Danmörku fer fjármálaráðherra með launasamninga án afskipta þingsins.
— Endurskoðaður ríkisreikningur er lagður fyrir þingin. Í Danmörku og Noregi er reikningurinn samþykktur af þinginu en í Finnlandi og Svíþjóð fer fram umræða um reikninginn ef athugasemdir gefa tilefni til.

Finnland.

Fjárlagafrumvarp er lagt fram um miðjan septembermánuð og afgreiðir þjóðþingið það í lok desembermánaðar. Fjárlagafrumvarpinu er vísað til fjárveitinganefndar eftir 1. umr. í þinginu en nefndin fjallar um alla þætti ríkisfjármála, þ.e. tekjur, gjöld og lánahreyfingar. Fjárhagsárið er almanaksárið.

Fjárlagafrumvarpið fer til fjárveitinganefndar sem er skipuð 21 þingmanni og 19 varamönnum. Bæði aðalmenn og varamenn taka þátt í störfum fjárveitinganefndar er varða afgreiðslu fjárlaga. Nefndin skiptist í átta undirnefndir sem fjalla um einstaka málaflokka. Breytingar á fjárlagafrumvarpinu í meðferð þingsins eru um 1–2% af heildargjöldum fjárlagafrumvarpsins.

Á fjárhagsárinu leggur ríkisstjórnin fram fjáraukalög til að afla heimilda fyrir auknum útgjöldum, öflun eða ráðstöfun viðbótartekna eða lántökum. Hversu oft á fjárhagsárinu lögð eru fram fjáraukalög fer eftir ástæðum hverju sinni, en tvisvar til þrisvar sinnum á ári er venjulegt. Breytingar frá upphaflegum fjárlögum, sem leitað er eftir samþykki finnska þingsins við, eru á útgjaldahlið 1–2% af heildargjöldum.

Hvert ráðuneyti fer með framkvæmd fjárlaga en allar greiðslur eru inntar af hendi gegnum póstbanka sem fjármagnar ríkissjóð innan fjárhagsársins ef þörf er á. Ekki eru gerðar greiðsluáætlanir innan fjárhagsársins fyrir ríkissjóð í heild sinni. Mánaðarlega eru greiðsluupplýsingar færðar vélrænt til ríkisbókhalds sem síðan gerir ýmis fjárhagsyfirlit fyrir einstök ráðuneyti og heildaryfirlit fyrir fjármálaráðuneytið. Eftirlit með því að útgjöld séu innan fjárlagaheimilda er fyrst og fremst hjá fagráðuneytum og stofnunum sem eru ábyrgar fyrir því að ekki sé greitt umfram heimildir. Því til viðbótar fylgjast bæði fjármálaráðuneytið og ríkisendurskoðun með þróun ríkisfjármála innan ársins. Vandamál vegna umframútgjalda eru óveruleg og ekki þörf á mikilli vinnu þeirra vegna. Stafar það fyrst og fremst af því að fjárlög eru raunhæf, bæði er varða verðlagsforsendur og magn.

Útgjaldahlið fjárlaga er skipt efnislega í þrjá þætti, þ.e.:

— Í fyrsta lagi föst framlög en greiðslur til þessara viðfangsefna taka ekki breytingum á fjárhagsárinu, þannig að ekki koma til viðbótargreiðslur.
— Í öðru lagi framlög sem ekki taka breytingum innan fjárhagsársins. Hins vegar má flytja þessi framlög milli ára í allt að þrjú til fimm fjárhagsár.
— Í þriðja lagi koma svo til önnur framlög, þ.e. rekstrarframlög til ráðuneyta og stofnana, launakostnaður, framlög til niðurgreiðslna á vöruverði, atvinnuleysisstyrkir o.fl. Þessir útgjaldaflokkar taka verðlagsbreytingum innan fjárhagsársins og líka ef í fjárlögum hefur ekki verið séð fyrir fjármagni til að mæta ákvæðum laga, svo sem tryggingalaga og atvinnuleysistryggingalaga.

Með þessari skipan hafa framkvæmdarvaldið og þingið komið sér saman um hvaða útgjaldaflokkar skulu taka verð- og magnbreytingum innan fjárhagsársins. Endanleg ákvörðun er hjá þinginu, en framkvæmdarvaldið leggur fram fjáraukalög innan fjárhagsársins til viðbótargreiðsluheimilda. Í fjárlögum eru óverulegar fjárhæðir til að mæta óvissum útgjöldum.

Í Finnlandi fer fjármálaráðuneytið með launasamninga við opinbera starfsmenn en í þinginu starfar sérstök nefnd þingmanna sem þarf að staðfesta launasamninga við opinbera starfsmenn. Hér er um að ræða formsatriði. Viðbótarkostnaður við launasamninga er samþykktur af þinginu með næstu fjáraukalögum.

Ríkisreikningur er lagður fram í apríl–maímánuði árið eftir og endurskoðunarskýrsla í nóvember- eða desembermánuði. Þingið samþykkir ekki reikninginn en athugasemdir ríkisendurskoðunar og svo einstakra ráðherra eru ræddar ef ástæða er talin af einstökum þingmönnum. Ef um umframgreiðslur er að ræða, að teknu tilliti til fjáraukalaga, er ríkisendurskoðun falið að meta þær og afstaða hennar er háð því hvort þær eru samþykktar eða ekki en hér er um að ræða minni háttar umframútgjöld.

Svíþjóð.

Fjárlagafrumvarpið er lagt fram í þinginu í janúarmánuði ár hvert og afgreiðir sænska þingið það fyrir lok aprílmánaðar. Fjárlagaárið er frá 1. júlí til 30. júní. Fjárlagafrumvarpinu er vísað í heild sinni til fjárveitinganefndar, en frumvarpinu er líka vísað til einstakra nefnda þingsins sem fjalla hver um sinn málaflokk. Nefndirnar, 16 að tölu, leggja síðan fyrir þingið tillögur um breytingar á frumvarpinu er snerta viðkomandi málaflokk. Hlutverk fjárveitinganefndar er m.a. að móta heildarramma um efnahags- og peningamál og hafa heildarumsjón með afgreiðslu þingsins á ríkisfjármálum. Safnar hún saman öllum breytingartillögum nefnda og leggur fram í lokin heildarfrumvarpið til af-

greiðslu. Þingið hefur fjárlagafrumvarpið til afgreiðslu í allt að fjóra mánuði en fyrir lokaafgreiðslu í apríl kemur ríkisstjórnin með viðbótartillögur við frumvarpið. Breytingar á fjárlagafrumvarpinu hjá sænska þinginu eru á bilinu 1–2%.

Á fjárhagsárinu leggur ríkisstjórnin fram fjáraukalög til að afla heimilda fyrir auknum útgjöldum, nýjum tekjum, ráðstöfun viðbótartekna og lánahreyfingum. Fjáraukalög eru lögð fram eigi sjaldnar en þrisvar sinnum á fjárhagsárinu. Breytingar frá upphaflegum fjárlögum, sem framkvæmdarvaldið leitar eftir samþykki sænska þingsins fyrir, eru innan við 1% af heildarútgjöldum.

Hvert ráðuneyti fyrir sig fer með framkvæmd fjárlaga. Allar greiðslur fara í gegnum sænska póstbankann, en ekki eru gerðar greiðsluáætlanir fyrir ríkissjóð í heild sinni innan fjárhagsársins.

Sænska ríkisendurskoðunin, sem sér m.a. um bókhald sænska ríkisins, gefur átta sinnum á ári út greinargerðir um stöðu ríkisfjármála. Eftirlit með því, að framlög á fjárlögum séu innan fjárlagaheimilda, er fyrst og fremst á ábyrgð einstakra fagráðuneyta og stofnana sem fá fjárveitingar. Fjármálaráðuneytið og ríkisendurskoðun fylgjast með stöðu einstakra fjárlagaliða innan fjárhagsársins. Vandamál vegna umframútgjalda eru óveruleg og ekki þörf á mikilli vinnu þeim tengdum. Forsendur fyrir þessu eru fyrst og fremst að áætlanir eru raunhæfar, bæði er að því varðar verðlagsforsendur og magn. Ef til koma umframútgjöld sem skipta máli fara slík mál í mjög almenna skoðun og verða aðilar að svara fyrir.

Útgjaldahlið sænsku fjárlaganna er skipt efnislega í fjóra þætti:

— Í fyrsta lagi föst framlög, en greiðslur til þess viðfangsefnaflokks taka ekki breytingum á fjárhagsárinu.
— Í öðru lagi sérstök framlög sem ekki taka verðbreytingum innan fjárhagsársins. Hins vegar má flytja þau milli fjárlagaára allt að þremur árum.
— Í þriðja lagi eru framlög sem taka verðbreytingum og vanáætlunum. Eru það framlög t.d. til tryggingamála, launakostnaðar og rekstrarframlaga.
— Í fjórða lagi eru svo rammaframlög sem eru rekstrarframlög. Stefnt er að því að á árinu 1992 séu allar stofnanir með slík framlög. Hér er um að ræða almennar fjárhæðir, sem aðilum eru lagðar til, til þess að leysa ákveðin verkefni án þess að skipta þeim á almenna útgjaldaflokka. Þá má flytja um eitt fjárlagaár, bæði það sem ekki nýtist og enn fremur ef stofnanir fara fram úr rammaframlögum. Þó er hámark á tilflutningnum.

Í fjárlögum er áætlað fyrir óvissum útgjöldum sem geta numið allt að 2% af heildargjöldum fjárlaga. Óviss útgjöld eru svo nýtt til að mæta breytingum á framlögum sem fjárlög gera ráð fyrir. Samþykktir sænska þingsins á óvissum útgjöldum koma fram í fjáraukalögum innan fjárhagsársins.

Við gerð launasamninga við opinbera starfsmenn er sá háttur hafður á að það ráðuneyti, sem fer með samninga, hefur nána samvinnu við fjárveitinganefnd þingsins við gerð samninganna og eru þeir samþykktir af nefndinni. Umframkostnaður við launasamninga kemur svo fram í næstu fjáraukalögum.

Ríkisreikningur er lagður fram eigi síðar en um miðjan október en reikningsári lýkur 30. júní. Endurskoðunarskýrsla skal lögð fram eigi síðar en fimm mánuðum eftir lok reikningsársins. Sænska þingið samþykkir ekki ríkisreikning sem slíkan. Hins vegar fer fram umræða ef athugasemdir gefa tilefni til þess og þingmenn telja þörf á. Ef um umframgreiðslur er að ræða sem ekki var tekið tillit til við samþykkt fjáraukalaga er slíkt

athugað af ríkisendurskoðun og fer eftir áliti hennar hvort slíkar umframgreiðslur eru samþykktar. Hér er um að ræða tiltölulega fá tilfelli og minni háttar fjárhæðir.

Noregur.

Fjárlagafrumvarpið er lagt fram í byrjun októbermánaðar og afgreiðir þingið það fyrir 15. desember. Fjárlagafrumvarpinu er vísað í heild sinni til fjárveitinganefndar en frumvarpinu er jafnframt vísað til einstakra nefnda þingsins sem hver fjallar um sinn málaflokk. Nefndirnar, 12 að tölu, leggja fyrir þingið tillögur um breytingar á frumvarpinu er taka til viðkomandi málaflokka.

Hlutverk fjárveitinganefndar er m.a. að móta heildarramma, gera breytingar á tillögum einstakra nefnda ef þær samrýmast ekki heildarmarkmiðum, fjalla um efnahags- og peningamál og hafa heildarumsjón með afgreiðslu þingsins á fjárlagafrumvarpinu. Felst það í því að safna saman öllum breytingartillögum nefnda og leggja fram í lokin heildarfrumvarp til afgreiðslu. Breytingar, sem norska þingið gerir á fjárlagafrumvarpinu, eru um 1% af heildargjöldum. Fjárlagaárið er almanaksárið en á árinu 1960 var horfið að þeirri skipan frá því að miða við 1. júlí til 30. júní.

Á fjárhagsárinu kemur til kasta þingsins samþykki á viðbótarfjárveitingum þegar um er að ræða umtalsverðar fjárhæðir til einstakra viðfangsefna. Hins vegar hefur norska þingið gefið út reglur um á hvern hátt, hvenær og hvernig tekið skuli á umframútgjöldum og tilflutningum á framlögum milli viðfangsefna. Meginatriði reglnanna er að ef um minni háttar viðbótarútgjöld er að ræða nægir samþykki fjármálaráðuneytisins, fyrir hærri útgjöld þarf að koma til samþykki ríkisstjórnar og að lokum, ef um umtalsverðar fjárhæðir er að ræða, þarf samþykki þingsins. Breytingar frá upphaflegum fjárlögum eru á útgjaldahlið um 1% af heildarútgjöldum fjárlaga.

Framkvæmd fjárlaga annast hvert fagráðuneyti og einstakar stofnanir. Greiðslur færast að hluta til sameiginlega hjá ríkissjóði en hvert ráðuneyti hefur jafnframt eigin bankareikning. Eftirlit með að fjárlög séu haldin er hjá fagráðuneytum sem hafa sitt eigið fjárhagsbókhald. Á tveggja mánaða fresti sendir hvert fagráðuneyti fjármálaráðuneytinu yfirlit um stöðu einstakra stofnana og viðfangsefna. Því til viðbótar hefur norska ríkisendurskoðunin starfsmenn sína í ráðuneytum til eftirlits og endurskoðunar. Vandamál vegna umframútgjalda eru óveruleg og er ekki mikil vinna sem þau skapa.

Útgjaldahlið norskra fjárlaga er skipt efnislega í þrjá þætti:

— Í fyrsta lagi fjárveitingar sem byggðar eru á lagafyrirmælum. Framlög til þessa útgjaldaflokks geta orðið hærri en fjárlög gera ráð fyrir. Ef lög kveða á um eru greiðslur inntar af hendi að ákveðnum skilyrðum fullnægðum. Hér er t.d. um að ræða atvinnuleysisbætur.
— Í öðru lagi eru framlög þar sem ákveðið er í fjárlögum að þau geti tekið verðbreytingum, svo sem launagjöld.
— Í þriðja lagi eru svo fjárveitingar sem ekki taka breytingum nema til komi samþykki þingsins.

Launasamninga við opinbera starfsmenn gerir ríkisstjórnin með fyrirvara um samþykki þingsins. Þingið samþykkir samninga í formi viðbótarfjárveitinga og er það nánast formsatriði.

Ríkisreikningur er lagður fram í marsmánuði og ríkisendurskoðun leggur fram endurskoðunarskýrslu í ágúst- eða septembermánuði. Endurskoðunarskýrsla er fyrsta mál

sem lagt er fram á haustþingi. Hvert ráðuneyti er ábyrgt gagnvart þinginu fyrir niðurstöðu reikningsins. Ef um umframútgjöld er að ræða, að teknu tilliti til samþykktra aukafjárveitinga, er það háð áliti ríkisendurskoðunar hvort slík umframútgjöld eru afgreidd án frekari aðgerða. Ríkisreikningur er samþykktur af þinginu.

Danmörk.

Fjárlagafrumvarpið er lagt fram í þinginu fjórum mánuðum áður en það tekur gildi. Fjármálaráðherra afhendir fjárveitinganefnd fjárlagafrumvarpið í ágústmánuði en gildistími fjárlaga er almanaksárið. Fjárveitinganefnd danska þjóðþingsins fær frumvarpið í heild sinni til afgreiðslu. Fjárveitinganefnd er skipuð 17 þingmönnum, einstökum nefndarmönnum er falið að hafa umsjón með almennum málaflokkum eða ráðuneytum. Danska þingið hefur fjárlagafrumvarpið til afgreiðslu frá því það kemur saman í byrjun október þar til í lok desember en þegar fjármálaráðherra leggur frumvarpið fram í ágústmánuði hefst vinna fjárveitinganefndar. Hvert fagráðuneyti ber ábyrgð á sínum málaflokki gagnvart þinginu. Breytingar, sem danska þjóðþingið gerir á frumvarpi til fjárlaga, svara til 1–2% af heildargjöldum frumvarpsins.

Á fjárhagsárinu leggja einstök ráðuneyti óskir fyrir fjárveitinganefnd um viðbótarútgjöld. Beiðnir eru, áður en þær berast nefndinni, sendar fjármálaráðuneytinu til umsagnar. Fjárveitinganefnd hefur fullt umboð til að samþykkja viðbótarútgjöld, ráðstöfun viðbótartekna og auknar lántökur. Á árinu 1987 bárust nefndinni tæplega 700 beiðnir. Í febrúarmánuði árið eftir eru lögð fyrir þingið fjáraukalög með þeim breytingum sem fjárveitinganefnd hefur afgreitt. Breytingar frá upphaflegum fjárlögum eru um 1% af heildargjöldum fjárlaga.

Framkvæmd fjárlaga er í höndum hvers fagráðuneytis. Greiðslur eru með tvennum hætti, þ.e. sameiginlega, svo sem launagreiðslur, og svo hefur hvert ráðuneyti sinn eigin bankareikning. Tvisvar á fjárhagsárinu gera einstök ráðuneyti fjármálaráðuneytinu grein fyrir stöðu fjármála. Eftirlit með að greiðslur séu innan fjárveitinga eru fyrst og fremst hjá einstökum fagráðuneytum. Ríkisendurskoðun fylgist með stöðu fjárveitinga hjá hverju ráðuneyti á fjárlagaárinu. Frávik frá fjárlögum eru óveruleg.

Útgjaldahlið dönsku fjárlaganna er skipt þannig að aðilar fá rammafjárlög. Stofnkostnaður er settur fram hjá hverju fagráðuneyti fyrir sig. Fjárhæðum í fjárlögum er skipt eftir því hvort þau taka verðlagsbreytingum eða ekki og þarf að sækja um aukafjárveitingu ef óskað er eftir viðbótarframlögum.

Launasamninga við opinbera starfsmenn gerir danski fjármálaráðherrann. Ekki þarf hann að leita eftir samþykki fjárveitinganefndar eða þingsins um þá. Þingið samþykkir viðbótarkostnað eftir á með fjáraukalögum.

Ríkisreikningur er lagður fyrir þingið með athugasemdum yfirskoðunarmanna sem byggja athugasemdir sínar að mestu á dönsku ríkisendurskoðuninni. Fjárveitinganefnd fær reikninginn til umfjöllunar. Ef um umframútgjöld er að ræða er tekið tillit til samþykkta fjárveitinganefndar og er það háð áliti yfirskoðunarmanna ríkisreiknings hvort slík umframútgjöld eru afgreidd án frekari aðgerða.

Nd. 712. Nefndarálit [174. mál]

um frv. til l. um grunnskóla.

Frá 1. minni hl. menntamálanefndar.

Í þessu frumvarpi ríkisstjórnarinnar um grunnskóla og breytingartillögum meiri hl. nefndarinnar koma fram tillögur um breytingar á grunnskólalögunum sem kvennalistakonur og aðrir hafa lagt áherslu á árum saman, svo sem að daglegur skólatími verði lengdur, að skóli verði einsetinn og samfelldur, að nemendur fái mat í skólum og að stórum skólahverfum verði skipt.

Þetta eru allt geysilega mikilvæg atriði. Kröfur til skólans aukast stöðugt, bæði hvað varðar uppeldi barna og nám, og allt of lítill tími gefst til þess að vinna að öllum þeim verkefnum sem nútímaþjóðfélag ætlar skólunum. Í núverandi kerfi felst mikið misrétti. Sumir foreldrar hafa aðstæður til að leyfa börnum sínum að sækja tónskóla og aðra listaskóla og aðstoða þau þann tíma sem þau eru ekki í skólanum. Þetta gildir þó um of fáa foreldra og daglegur skólatími barna er í engu samræmi við vinnuálag og vinnutíma foreldra þeirra. Að skólar séu einsetnir og að nemendur fái þar mat eru mannréttindi. Fáum þjóðfélagsþegnum er boðið upp á það að geta ekki komið að vinnustað sínum eins og skilið var við hann daginn áður og að hafa enga möguleika á að fá mat á vinnustað. En við þetta þurfa þau að búa sem síst skyldu, börnin.

Skipting skólahverfa er eðlileg valddreifing í lýðræðisþjóðfélagi. Það auðveldar allt samstarf skólanefndar, starfsfólks skóla og foreldra, en gott samstarf þessara aðila getur skipt sköpum um velgengni nemenda. Þar sem fulltrúar í skólanefnd skulu vera íbúar viðkomandi skólahverfis er augljóst að skólanefndarfulltrúar munu þekkja mun betur til einstakra skóla en nú er í stórum skólahverfum. Þetta fyrirkomulag var lagt til í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, 154. máli 111. löggjafarþings 1988. Guðrún Agnarsdóttir var fyrsti flutningsmaður þess frumvarps en níu meðflutningsmenn hennar voru úr öllum þingflokkum.

Í mörgum atriðum er frumvarp ríkisstjórnarinnar ekki unnið af eins miklu metnaði og gengur styttra en frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla sem Guðrún Agnarsdóttir og Danfríður Skarphéðinsdóttir fluttu á 110. og 111. löggjafarþingi (126. mál á 111. löggjafarþingi). Má þar helst nefna:

1. Í 23. gr. frumvarps ríkisstjórnarinnar er ekki kveðið á um hámarksstærð skóla en í 74. gr. frumvarpsins eru fyrirmæli um hámarksfjölda nemenda í hverjum bekk. Í frumvarpi Kvennalistans var gert ráð fyrir að fjöldi nemenda í skólum fyrir 1.–10. bekk fari ekki yfir 400, né fjöldi nemenda í skólum fyrir nemendur í 1.–7. bekk yfir 300 nemendur, einnig að í skólum væru aðeins tvær bekkjardeildir í hverjum árgangi og að meðaltal nemenda í bekkjardeild væri 14 börn í 1. og 2. bekk og 18 börn í 3.–10. bekk.

Kennarar og skólamenn eru almennt þeirrar skoðunar að heppilegra sé að hafa grunnskóla smáa og fámenna en stóra og fjölmenna. Þetta á ekki síst við um skóla fyrir yngri börnin. Fámennir skólar hafa reynst bæði nemendum og kennurum manneskjulegri og betri vinnustaðir en fjölmennir. Auðveldara er að skapa þar heimilislegar aðstæður og mæta má ýmsum tæknilegum ókostum smærri skóla með aukinni samvinnu og samstarfi skóla. Mjög mikilvægt er að takmarka fjölda nemenda í hverri bekkjardeild og þá sérstaklega hjá yngstu börnunum. Aðeins þannig er hægt að tryggja þeim þá einstaklingsbundnu kennslu sem þau þurfa og viðfangsefni sem samsvara þroskastigi þeirra hvers um sig eins og þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

2. Í IV. kafla frumvarps ríkisstjórnarinnar er kveðið á um starfsfólk skóla. Þar er ekki minnst á þá sem óhjákvæmilega þarf að ráða til að sjá um málsverði í skólunum. Í frumvarpi Kvennalistans hefur verið gert ráð fyrir að skólabrytar séu ríkisstarfsmenn, svo og annað starfsfólk við framreiðslu og umsjón skólamáltíða.

Góður matur og vel framreiddur er sjálfsögð krafa fyrir börn í vexti. Hætt er við að þeim kröfum verði ekki mætt í skólum ef engu starfsfólki er ætlað að vinna þau verk. Hér er varað við því að matur verði keyptur utan skólans, hverjum skammti pakkað í einnota umbúðir, og þannig fluttur í skólana. Slíkt væri ófagurt fordæmi komandi kynslóðum. Best væri ef matargerð, framreiðsla matar, máltíðir og frágangur eftir matinn, kæmi á eðlilegan hátt inn í skólastarfið undir umsjón hæfs starfsfólks því að fátt er mikilvægara að læra en ýmislegt það sem tengist mat, matargerð og máltíðum. Hins vegar er ekki hægt að ætlast til þess að almennir bekkjarkennarar bæti þessum störfum á sig.

3. Í 45. gr. laganna er kveðið á um lágmarkskennslutíma hvers nemanda á viku og er sá tími mun styttri en kemur fram í frumvarpi Kvennalistans, sérstaklega yngstu nemendanna. Frumvarp Kvennalistans gerir auk þess ráð fyrir að nemendur geti dvalist, í umsjá kennara eða annarra með uppeldisfræðimenntun, í skólanum utan kennslustunda, þ.e. frá kl. 8–9 á morgnana, í hádegi og kl. 15–17 síðdegis. Engin slík ákvæði eru í fyrirliggjandi frumvarpi og þar er því ekki nema að litlu leyti tekið tillit til þess misræmis sem er á milli skólatíma barna og vinnutíma foreldra þeirra.

Frumvarp Kvennalistans gerði ráð fyrir að takmarkinu um einsetinn skóla yrði náð á þremur árum en í fyrirliggjandi frumvarpi er ekki gert ráð fyrir að takmarkinu um einsetinn skóla og skólamáltíðir verði náð fyrr en eftir 10 ár. Þar er sannarlega of hægt farið því átaks er þörf.

Samþykkt þessa frumvarps er spor í átt til þess sem koma skal og mikilvægt er að festa sem allra fyrst sum ákvæði þess í lögum, svo sem ákvæðin um einsetinn skóla og skólamálsverði. Eins og hér hefur verið rakið hefði Kvennalistinn þó viljað sjá að tekið væri á ýmsum atriðum af meiri alvöru og festu og einnig að frumvarpið næði til fleiri atriða.

Þrátt fyrir þessa annmarka og í von um að ekki verði látið hér við sitja, heldur agnúar slípaðir og áfram haldið á sömu braut, munu þingkonur Kvennalistans styðja frumvarpið og breytingartillögur meiri hl. nefndarinnar.

Alþingi, 25. febr. 1991.

Sigrún Helgadóttir.

Sþ. 713. Þingsályktun [88. mál]

um eflingu heimilisiðnaðar.

(Afgreidd frá Sþ. 25. febr.)

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að kanna, í samráði við fræðsluyfirvöld, samtök listamanna og Heimilisiðnaðarfélag Íslands, hvernig efla megi heimilisiðnað hér á landi. Helstu markmið verði eftirfarandi:

a. Að kanna stöðu heimilisiðnaðar og minjagripagerðar á landsbyggðinni.
b. Að leita uppi gamlan fróðleik um gerð ýmissa þjóðlegra muna með það að markmiði að þjóðleg handíð varðveitist og þróist áfram.
c. Að kanna hvernig veita megi faglega ráðgjöf með því að efna til námskeiða þar sem kunnáttufólk leiðbeini um rétt vinnubrögð og handtök við gamla heimilisiðnaðinn og mikilvægi þess að nota hráefni sem er sérstakt fyrir Ísland.
d. Að leggja sérstaka áherslu á vinnslu íslensku ullarinnar, t.d. með því að standa fyrir tóvinnunámskeiðum.
e. Að sækja aðstoð til hönnuða og hugmyndasmiða í leit að nýsköpun í heimilisiðnaði.
f. Að aðstoða fólk við fjármögnun og markaðssetningu.
g. Að hafa samstarf við atvinnumálaráðgjafa þar sem þeir eru starfandi.

Sþ. 714. Tillaga til þingsályktunar [396. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt nr. 139 um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna sem valda krabbameini.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 139 um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna sem valda krabbameini, sem gerð var á 59. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf 24. júní 1974.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Meðal mikilvægustu verkefna Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (International Labour Organisation – ILO) og alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf er undirbúningur afgreiðslu Alþjóðavinnumálaþingsins á alþjóðasamþykktum og tillögum sem fyrst og fremst taka til aðstæðna í atvinnulífi og á vinnumarkaði. Frá árinu 1919 hefur Alþjóðavinnumálaþingið, sem er fer með æðsta vald í málefnum ILO, samtals afgreitt 171 alþjóðasamþykkt og 178 tillögur. Sumar þeirra hafa verið endurskoðaðar með nýjum samþykktum. Ísland hefur fullgilt 16 og stendur á því sviði langt að baki nágrannalöndum einkum Norðurlöndum.

Í skýrslum félagsmálaráðherra um Alþjóðavinnumálaþingið hefur komið fram að uppbygging stofnunarinnar er með nokkuð öðrum hætti en annarra alþjóðastofnana sem Ísland á aðild að. Það sem einkum skapar Alþjóðavinnumálastofnuninni sérstöðu er seta fulltrúa ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks í stjórnum og nefndum stofnunarinnar og þátttaka þeirra í Alþjóðavinnumálaþinginu. Til skýringar má nefna setu á Alþjóðavinnumálaþinginu. Samkvæmt stofnskrá ILO eiga fjórir fulltrúar rétt á að taka þátt í afgreiðslu þingsins, tveir fulltrúar ríkisstjórnar hlutaðeigandi aðildarríkis, einn fulltrúi atvinnurekenda og einn fulltrúi launafólks. Öll starfsemi stofnunarinnar byggist á samstarfi þessara þriggja aðila.

Markmið samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er að setja reglur um afmörkuð svið vinnumála, félagsmála eða mannréttinda. Með fullgildingu axlar aðildarríki tví-

þætta skyldu. Annars vegar að vinna að framkvæmd ákvæða hlutaðeigandi samþykktar og hins vegar að samþykkja að haft sé alþjóðlegt eftirlit með framkvæmdinni. Samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skal aðildarríki senda alþjóðavinnumálaskrifstofunni reglulega skýrslu um aðgerðir sem það hefur gripið til í því skyni að hrinda í framkvæmd ákvæðum samþykktarinnar. Samkvæmt gildandi reglum skal taka þessar skýrslur saman annað hvert ár og senda alþjóðavinnumálaskrifstofunni. Sérfræðinganefnd á hennar vegum fer yfir skýrslur aðildarríkjanna og birtir niðurstöðu sína í árlegri skýrslu sem er til umfjöllunar í einni af fastanefndum Alþjóðavinnumálaþingsins. Frá því Ísland gerðist aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 1945 hefur félagsmálaráðuneytið borið ábyrgð á samningu skýrslna um framkvæmd samþykkta sem Ísland hefur fullgilt.

Frá stofnun hefur ILO látið sig miklu skipta öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum. Þegar árið 1921 afgreiddi Alþjóðavinnumálaþingið alþjóðasamþykkt sem hafði að markmiði að draga úr notkun blýhvítu sem á þeim tíma var algengt efni í málningu og er skaðlegt heilsu manna. Á næstu árum voru afgreiddar fleiri samþykktir á þessu sviði. Nefna má samþykkt um slysavarnir hafnarverkamanna frá árinu 1929, samþykkt um öryggisreglur í byggingariðnði frá árinu 1937, samþykkt um vinnueftirlit í iðnaði og verslun sem var afgreidd árið 1947 og ýmsar fleiri sem of langt mál er að telja upp. Ísland hefur ekki fullgilt neina alþjóðasamþykkt ILO á sviði öryggis- og hollustuhátta.

Aukin mengun hefur gert fólk betur meðvitað um gildi heilsusamlegs umhverfis. Umræður um umhverfisvernd einskorðast ekki lengur við þröngan hóp sérfræðinga heldur eru þær á dagskrá alþjóðastofnana og þjóðþinga. Þetta hefur gætt viðleitni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til að bæta vinnuumhverfið nýju lífi og hvatt stofnunina til nýrra átaka á þessu mikilvæga sviði. Aðalviðfangsefnið í skýrslu forstjóra alþjóðavinnumálaskrifunnar til Alþjóðavinnumálaþingsins sumarið 1990 var umhverfi og þróun. Í skýrslunni setur forstjórinn fram hugmyndir um það hvernig stofnunin og aðildarríki hennar geti lagt sitt af mörkum til að bæta umhverfið með aðgerðum á vettvangi vinnumálanna. Meðal þess sem lögð er rík áhersla á í skýrslunni er fullgilding alþjóðasamþykkta ILO á sviði öryggis- og hollustuhátta í atvinnulífinu. Á þann hátt verði best tryggð nauðsynleg samræming á sameiginlegum aðgerðum aðildarríkja Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem skili árangri við að bæta umhverfi starfandi fólks á vinnumarkaði.

Í framhaldi af skýrslu forstjórans og umræðum sem áttu sér stað á vinnumálaþinginu var lögð fyrir samstarfsnefnd félagsmálaráðuneytisins og heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins, sem fjallar um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnuna, skrá yfir alþjóðasamþykktir á sviði vinnuumhverfismála sem félagsmálaráðuneytið telur að komi til álita að fullgilda. Nefndin fór yfir þessa skrá og var samþykkt senda hana Vinnueftirliti ríkisins til umsagnar. Vinnueftirlitið lagði til að byrjað yrði á því að fullgilda tvær alþjóðasamþykktir, þ.e. samþykkt nr. 155 um öryggi og heilbrigði við vinnu og starf frá árinu 1981, og samþykkt þá sem með þessari þingsályktunartillögu er óskað eftir heimild til að fullgilda, þ.e. samþykkt nr. 139 um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna sem valda krabbameini.

Benda má á að á undanförnum árum og áratugum hefur hvers kyns efnanotkun aukist mjög á vinnustöðum. Jafnframt hafa rannsóknir leitt í ljós að sum þessara efna auka hættu á myndun krabbameins hjá þeim sem komast í snertingu við þau. Hvergi nærri hefur þó verið upplýst að fullu hvaða efni hér um ræðir og nýjar rannsóknir eru stöðugt að leiða í ljós nýjar hættur af þessu tagi. Erfitt getur verið að staðfesta krabbameinsvirkni

efna þar sem oftast líða mörg ár eða jafnvel áratugir frá því snerting við efni hefst og þar til áhrif koma fram. Tilraunir á dýrum og aðrar prófanir geta þó gefið vísbendingu um að efni kunni að vera krabbameinsvaldandi hjá mönnum.

Mismunandi áætlanir hafa birst um það í öðrum löndum hversu mikinn hluta krabbameinstilfella megi rekja til krabbameinsvaldandi efna á vinnustöðum og hafa verið nefndar tölur á bilinu 1 til 20%. Dönsk stjórnvöld hafa gengið út frá því að þetta hlutfall sé 4 til 5%. Ekki liggur fyrir mat á því hversu hátt þetta hlutfall kunni að vera hér á landi. Vinnueftirlit ríkisins hefur hins vegar staðið fyrir nokkrum rannsóknum á dánarmeinum og krabbameinum starfsstétta í samvinnu við sérfræðinga við Háskóla Íslands og krabbameinsskrá Krabbameinsfélags Íslands og með aðstoð Hagstofunnar, verkalýðsfélaga og lífeyrissjóða. Stofnunin rannsakaði einnig dauðsföll af völdum tiltekins krabbameins (mesótelíóma) sem talið er að asbestefni eigi stóran þátt í að valda.

Alþjóðasamþykkt nr. 139 um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna sem valda krabbameini var afgreidd af 59. Alþjóðavinnumálaþinginu sem haldið var dagana 5.–25. júní 1974. Fyrri umræða fór fram árið áður á 58. vinnumálaþinginu. Eftir þær umræður var nokkur ágreiningur um það hvort rétt væri að afgreiða alþjóðasamþykkt um þetta efni eða láta tillögu nægja. Í almennum umræðum í þingnefnd 59. vinnumálaþingsins var fjallað um þennan ágreining. Í máli þeirra sem voru andvígir afgreiðslu samþykktar komu fram rök sem oft heyrast í þessu sambandi, þ.e. að samþykktir séu of skuldbindandi og ekki nógu sveiganlegar til taka mið af breytilegum aðstæðum í atvinnulífinu og örri þróun í rannsóknum á orsökum krabbameins. Aðrir þingfulltrúar bentu á að einungis alþjóðasamþykkt hefði nægileg áhrif til þess að hvetja ríkisstjórnir til að grípa til varnaraðgerða á þessu mikilvæga sviði heilsuverndar á vinnustöðum.

Annað atriði sem þingfulltrúar gerðu að umtalsefni var það hvort skrá yfir efni sem valda krabbameini ætti að fylgja samþykkt eða tillögu. Einnig var skipst á skoðunum um það hvort banna ætti innflutning og útflutning á efnum á skránni eða notkun þeirra yrði háð leyfi opinberra aðila og væri undir sérstöku eftirliti. Margir fulltrúar sáu ýmis vandkvæði á samantekt á slíkri skrá. Ör þróun í efnafræði skapaði forsendur fyrir framleiðslu fjölda nýrra efnasambanda þannig að erfitt yrði að endurnýja skrána þannig að hún svari jafnan kröfum tímans. Ekki náðist samstaða um þessi ágreiningsmál og var ákveðið að vísa þeim til vinnuhóps sem falið var að setja fram tillögur sem væru til þess fallnar að brúa bilið á milli ólíkra sjónarmiða. Samkvæmt tillögu vinnuhópsins lagði þingnefndin til að vinnumálaþingið afgreiddi stuttorða alþjóðasamþykkt, ítarlegri tillögu og þingsályktunartillögu þar sem alþjóðavinnumálaskrifstofunni væri falið að safna og hafa tiltækar nýjustu upplýsingar um efni sem valda krabbameini. Full samstaða náðist á vinnumálaþinginu um tillögur þingnefndarinnar.

Alþjóðasamþykkt um varnir gegn áhættu í starfi vegna efna sem valda krabbameini skiptist í 14. gr. Í fyrstu sex greinunum eru raktar þær frumskyldur til varnar gegn krabbameini sem ríki taka á sig með því að fullgilda samþykkina, en aðrar greinar samþykktarinnar hafa að geyma ákvæði um gildistöku uppsögn o.fl.

Í tillögunni er að finna nánari útfærslu á hinum almennu varúðarreglum. Hún er birt sem fskj. II með þessari þingsályktunartillögu.

Um efni samþykktarinnar gilda á Íslandi lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, reglugerð nr. 74/1983 um bann við innflutningi og notkun asbests, reglur nr. 75/1983 um asbest og reglur nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum.

Í 4. gr. reglna nr. 401/1989 er kveðið á um það að krabbameinsvaldandi efnum skuli skipt í nánar tilgreinda þrjá flokka þar sem skaðsemi þeirra er lögð til grundvallar. Samkvæmt reglunum er ekki heimilt að nota tiltekin efni nema í undanþágutilvikum. Við setningu reglnanna var höfð hliðsjón af samþykkt ILO og eru þær í öllum meginatriðum í samræmi við efni hennar. Þar af leiðandi er ekki gert ráð fyrir því að breyta þurfi lögum né setja ný lög til að fylgja eftir ákvæðum samþykktarinnar hér á landi.

Umrædd samþykkt var send sex aðilum til umsagnar, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins, Vinnueftirliti ríkisins, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og Vinnuveitendasambandi Íslands. Allir þessir aðilar hafa sent umsagnir og mælt með fullgildningu.

Hinn 1. janúar 1990 höfðu eftirtalin 22 ríki fullgilt samþykktina: Afganistan, Argentína, Danmörk, Egyptaland, Ekvador, Finnland, Gínea, Gvæana, Írak, Ítalía, Japan, Júgóslavía, Nikaragva, Noregur, Perú, Sambandslýðveldið Þýskaland, Sviss, Svíþjóð, Sýrland, Ungverjaland, Úrúgvæ og Venesúela.

Athugasemdir við einstakar greinar alþjóðasamþykktarinnar.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er sú kvöð lögð á herðar hlutaðeigandi stjórnvalda að með ákveðnu millibili skuli tekin saman skrá yfir efni sem valda krabbameini og notkun þeirra bönnuð í atvinnulífinu eða háð sérstöku leyfi eða eftirliti. Slíka skrá hafa íslensk stjórnvöld tekið saman og birt sem fylgiskjal með reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum.

Á því skal vakin athygli að samkvæmt samþykktinni skal skrá yfir krabbameinsvaldandi efni endurskoðuð með ákveðnu millibili. Í umræðum á Alþjóðavinnumálaþinginu var nokkuð um það fjallað hvort ekki væri rétt að setja einhverjar leiðbeinandi reglur um það hversu langt skuli líða á milli þess sem skráin er endurskoðuð. Niðurstaðan varð sú að tíðni endurskoðunarinnar er háð mati hlutaðeigandi stjórnvalda.

Um 2. gr.

Í greininni felst hvatning til að nota í stað efna sem valda krabbameini önnur efni sem ekki hafa slíka hættu í för með sér eða eru síður skaðleg. Í þessu sambandi má geta þess að alþjóðavinnumálaskrifstofan rekur upplýsingabanka sem hefur að geyma margs konar upplýsingar sem snerta öryggi og hollustu hætti á vinnustöðum (International Occupational Safety and Health Information Centre – CIS). Upplýsingar um eiginleika margs konar efna eru á meðal þeirra sem bankinn varðveitir. Hann veitir einnig ráðleggingar um það hvaða efni geta komið í stað krabbameinsvaldandi efna.

Um 3. gr.

Samkvæmt ákvæði greinarinnar skal aðildarríki samþykktarinnar kveða á um aðgerðir til að vernda starfsmenn gegn hættu frá krabbameini. Enn fremur skal komið á fót kerfi til að skrásetja krabbameinsvaldandi efni. Vinnueftirlit ríkisins hefur haft áætlanir um slíka skráningu en ekki orðið af framkvæmdum. Hins vegar skapa reglur nr. 401/1989 grundvöll fyrir skráningu efnanna.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Í greininni er fjallað um ráðstafanir til að starfsmenn, sem eru, hafa verið, eða komast í snertingu við efni er valda krabbameini, fái læknisskoðun til að meta hættuna sem þeir eru í og til þess að hafa eftirlit með heilsu þeirra í sambandi við áhættuna í starfi. Hér er mikilvægt að samstarf takist með stjórnvöldum og samtökum atvinnurekenda og launafólks um að um að hrinda í framkvæmd markmiðum greinarinnar og auka eftirlit með heilsu starfsmanna sem eru í áhættuhópi.

Um 6.–14. gr.

Ákvæði greinanna þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Samþykkt nr. 139, um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna sem valda krabbameini.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar,

er kom saman til 59. þingsetu sinnar í Genf hinn 5. júní 1974 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

minnist ákvæða Samþykktar og tillögu um varnir gegn geislun frá 1960 og Bensen-samþykktarinnar og tillögu frá 1971,

telur æskilegt að setja alþjóðlegar reglur um varnir gegn efnum sem valda krabbameini,

gefur gaum að því starfi sem aðrar alþjóðastofnanir hafa innt af hendi á þessu sviði, einkum Alþjóðaheilbrigðisstofnunin og Alþjóðlega krabbameinsrannsóknastofnunin sem Alþjóðavinnumálastofnunin hefur samvinnu við, og

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi eftirlit með og varnir gegn áhættu í starfi vegna efna sem valdið geta krabbameini, en það er fimmta mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar gerir það í dag, hinn 24. júní 1974, eftirfarandi samþykkt sem nefna má Samþykkt um krabbamein sem atvinnusjúkdóm, 1974:

1. gr.

1. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal á tilteknum fresti ákvarða hvaða efni, sem valda krabbameini, skuli bönnuð í atvinnulífinu eða skuli háð sérstökum leyfum eða eftirliti, svo og til hverra þeirra önnur ákvæði þessarar samþykktar skuli taka.
2. Undanþágur frá banni má einungis veita með útgáfu leyfis sem í hverju tilviki greini þau skilyrði sem uppfylla þarf.

CONVENTION No. 139

Convention concerning Prevention and Control of Occupational Hazards caused by Carcinogenic Substances and Agents

The General Conference of the International Labour Organisation,

Having been convened at Geneva by the Governing Body of the International Labour Office, and having met in its Fifty-ninth Session on 5 June 1974, and

Noting the terms of the Radiation Protection Convention and Recommendation, 1960, and of the Benzene Convention and Recommendation, 1971, and

Considering that it is desirable to establish international standards concerning protection against carcinogenic substances or agents, and

Taking account of the relevant work of other international organisations, and in particular of the World Health Organisation and the International Agency for Research on Cancer, with which the International Labour Organisation collaborates, and

Having decided upon the adoption of certain proposals regarding control and prevention of occupational hazards caused by carcinogenic substances and agents, which is the fifth item on the agenda of the session, and

Having determined that these proposals shall take the form of an international Convention,

adopts this twenty-forth day of June of the year one thousand nine hundred and seventy-four the following Convention, which may be cited as the Occupational Cancer Convention, 1974:

Article 1

1. Each Member which ratifies this Convention shall periodically determine the carcinogenic substances and agents to which occupational exposure shall be prohibited or made subject to authorisation or control, and those to which other provisions of this Convention shall apply.

2. Exemptions from prohibition may only be granted by issue of a certificate specifying in each case the conditions to be met.

3. Þegar teknar eru ákvarðanir samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar skal tekið tillit nýjustu upplýsinga sem birtast í starfsreglum eða leiðbeiningum sem alþjóðavinnumálaskrifstofan kann að hafa sett, svo og upplýsinga frá öðrum hlutgengum stofnunum.

2. gr.

1. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal gera allt sem unnt er til þess að í stað efna, sem valda krabbameini og verkað geta á starfsmenn við vinnu þeirra, sé tekin upp notkun efna sem ekki hafa slíka hættu í för með sér eða eru síður skaðleg. Þegar valin eru slík efni í stað annarra skal meta eiginleika þeirra til að valda krabbameini, eitrun og fleira.

2. Eftir því sem öryggisástæður frekast leyfa ætti að fækka þeim starfsmönnum sem eru í hættu frá efnum, sem valda krabbameini, og draga úr hættunni bæði að því er snertir tímalengd hennar og stig.

3. gr.

Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal kveða á um aðgerðir, sem gerðar skuli til verndar starfsmönnum gegn hættu frá efnum sem valda krabbameini, og sjá til þess að viðeigandi skrásetningarkerfi sé komið á fót.

4. gr.

Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal gera ráðstafanir til þess að starfsmenn, sem hafa verið, eru eða komast sennilega í snertingu við efni sem valda krabbameini, fái allar upplýsingar, sem völ er á, um hættuna, sem af þeim stafar, og þær ráðstafanir sem gera þarf.

5. gr.

Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal gera ráðstafanir til þess að öruggt sé að verkamenn fái læknisskoðanir eða rannsóknir líffræðilegs eða annars eðlis meðan þeir eru í starfi og síðar, eftir því sem þörf er á, til þess að meta hættuna sem þeir eru í og til þess að hafa eftirlit með heilsu þeirra í sambandi við áhættuna í starfi þeirra.

6. gr.

Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt,

a. skal með lögum eða reglugerðum eða með öðrum þeim hætti, sem samrýmist venjum í landinu, og í samráði við aðalsamtök atvinnurekenda og launafólks sem hlut eiga að máli,

3. *In making the determinations required by* paragraph 1 of this Article, consideration shall be given to the latest information contained in the codes of practice or guides which may be established by the International Labour Office, as well as to information from other competent bodies.

Article 2

1. Each Member which ratifies this Convention shall make every effort to have carcinogenic substances and agents to which workers may be exposed in the course of their work replaced by non-carcinogenic substances or agents or by less harmful substances or agents; in the choice of substitute substances or agents account shall be taken of their carcinogenic, toxic and other properties.

2. The number of workers exposed to carcinogenic substances or agents and the duration and degree of such exposure shall be reduced to the minimum compatible with safety.

Article 3

Each Member which ratifies this Convention shall prescribe the measures to be taken to protect workers against the risk of exposure to carcinogenic substances or agents and shall ensure the establishment of an appropriate system of records.

Article 4

Each Member which ratifies this Convention shall take steps so that workers who have been, are, or are likely to be exposed to carcinogenic substances or agents are provided with all the available information on the dangers involved and on the measures to be taken.

Article 5

Each Member which ratifies this Convention shall take measures to ensure that workers are provided with such medical examinations or biological or other tests or investigations during the period of employment and thereafter as are necessary to evaluate their exposure and supervise their state of health in relation to the occupational hazards.

Article 6

Each Member which ratifies this Convention–

(a) shall, by laws or regulations or any other method consistent with national practice and conditions and in consultation with the most representative organisations of employers

gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að framfylgja ákvæðum þessarar samþykktar:

b. skal, í samræmi við venju í landinu, tilnefna þá menn, eða þær stofnanir, sem skylt er að framfylgja ákvæðum samþykktarinnar:

c. skuldbindur sig til þess að annast viðeigandi eftirlit með framkvæmd þessarar samþykktar eða tryggja það að fullnægjandi eftirliti sé beitt.

and workers concerned, take such steps as may be necessary to give effect to the provisions of this Convention;

(b) shall, in accordance with national practice, specify the persons or bodies on whom the obligation of compliance with the provisions of this Convention rests;

(c) undertakes to provide appropriate inspection services for the purpose of supervising the application of this Convention, or to satisfy itself that appropriate inspection is carried out.

7. gr.

Formlegar fullgildingar á þessari samþykkt skulu sendar framkvæmdastjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

Article 7

The formal ratifications of this Convention shall be communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration.

8. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið framkvæmdastjórann skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá framkvæmdastjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

Article 8

1. This Convention shall be binding only upon those Members of the International Labour Organisation whose ratifications have been registered with the Director-General.
2. It shall come into force twelve months after the date on which the ratifications of two Members have been registered with the Director-General.
3. Thereafter, this Convention shall come into force for any Member twelve months after the date on which its ratification has been registered.

9. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda framkvæmdastjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Article 9

1. A Member which has ratified this Convention may denounce it after the expiration of ten years from the date on which the Convention first comes into force, by an act communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration. Such denunciation shall not take effect until one year after the date on which it is registered.
2. Each Member which has ratified this Convention and which does not, within the year following the expiration of the period of ten years mentioned in the preceding paragraph, exercise the right of denunciation provided for in this Article, will be bound for another period of ten years and thereafter, may denounce this Convention at the expiration of each period of ten years under the terms provided for in this Article.

10. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgild-

Article 10

1. The Director-General of the International Labour Office shall notify all Members of the International Labour Organisation of the registra-

inga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar framkvæmdastjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

11. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar, samkvæmt 102. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

12. gr.

Þegar stjórn alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á sagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

13. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að meira eða minna leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, þá skal:
   a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 9. greinar hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerist:
   b. aðildarríkum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

14. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

tion of all ratifications and denunciations communicated to him by the Members of the Organisation.

2. When notifying the Members of the Organisation of the registration of the second ratification communicated to him, the Director-General shall draw the attention of the Members of the Organisation to the date upon which the Convention will come into force.

Article 11

The Director-General of the International Labour Office shall communicate to the Secretary-General of the United Nations for registration in accordance with article 102 of the Charter of the United Nations full particulars of all ratifications and acts of denunciation registered by him in accordance with the provisions of the preceding Articles.

Article 12

At such times as it may consider necessary the Governing Body of the International Labour Office shall present to the General Conference a report on the working of this Convention and shall examine the desirability of placing on the agenda of the Conference the question of its revision in whole or in part.

Article 13

1. Should the Conference adopt a new Convention revising this convention in whole or in part, then, unless the new Convention otherwise provides–

(a) the ratification by a Member of the new revising Convention shall *ipso jure* involve the immediate denunciation of this Convention, notwithstanding the provisions of Article 9 above, if and when the new revising Convention shall have come into force;

(b) as from the date when the new revising Convention comes into force this Convention shall cease to be open to ratification by the Members.

2. This Convention shall in any case remain in force in its actual form and content for those Members which have ratified it but have not ratified the revising Convention.

Article 14

The English and French versions of the text of this Convention are equally authoritative.

Fylgiskjal II.

Tillaga nr. 147, um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna sem valda krabbameini.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, er kom saman til 59. þingsetu sinnar í Genf hinn 5. júní 1974, eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

minnist ákvæða Samþykktar og tillögu um varnir gegn geislun frá 1960 og Bensen-samþykktarinnar og tillögu frá 1971,

telur æskilegt að setja alþjóðlegar reglur um varnir gegn efnum sem valda krabbameini,

gefur gaum að því starfi sem aðrar alþjóðastofnanir hafa innt af hendi á þessu sviði, einkum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin og Alþjóðlega krabbameinsrannsóknastofnunin sem Alþjóðavinnumálastofnunin hefur samvinnu við, og

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi eftirlit með og varnir gegn áhættu í starfi vegna efna sem valdið geta krabbameini, en það er fimmta mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í tillöguformi gerir það í dag, hinn 24. júní 1974, eftirfarandi tillögu sem nefna má tillögu um varnir gegn krabbameini sem atvinnusjúkdómi, 1974:

I. Almenna ákvæði.

1. Gera ætti allt sem unnt er til þess að í stað efna, sem valda krabbameini og verkað geta á starfsmenn við vinnu þeirra, verði tekin upp notkun efna sem ekki hafa slíka áhættu í för með sér eða eru síður skaðleg. Þegar slík efni eru valin í stað annarra ætti að taka tillit til eiginleika þeirra til að valda krabbameini, eitrun o.fl.

RECOMMENDATION No. 147

Recommendation concerning Prevention and Control of Occupational Hazards caused by Carcinogenic Substances and Agents

The General Conference of the International Labour Organisation,

Having been convened at Geneva by the Governing Body of the International Labour Office, and having met in its Fifty-ninth Session 5 June 1974, and

Noting the terms of the Radiation Protection Convention and Recommendation, 1960, and of the Benzene Convention and Recommendation, 1971, and

Considering that it is desirable to establish international standards concerning protection against carcinogenic substances or agents, and

Taking account of the relevant work of other international organisations, and in particular of the World Health Organisation and the International Agency for Research on Cancer, with which the International Labour Organisation collaborates, and

Having decided upon the adoption of certain proposals regarding control and prevention of occupational hazards caused by carcinogenic substances and agents, which is the fifth item on the agenda of the session, and

Having determined that these proposals shall take the form of a Recommendation,

adopts this twenty-fourth day of June of the year one thousand nine hundred and seventy-four the following Recommendation, which may be cited as the Occupational Cancer Recommendation, 1974:

I. General Provisions

1. Every effort should be made to replace carcinogenic substances and agents to which workers may be exposed in the course of their work by non-carcinogenic substances or agents or by less harmful substances or agents; in the choice of substitute substances or agents account should be taken of their carcinogenic, toxic and other properties.

2. Eftir því sem öryggisástæður frekast leyfa ætti að fækka þeim starfsmönnum sem eru í hættu frá efnum, sem valda krabbameini, og daga úr hættunni bæði að því er snertir tímalengd hennar og stig.

3. (1) Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að setja varúðarreglur til verndar starfsmönnum gegn hættu sem þeim getur stafað frá efnum sem valda krabbameini.

(2) Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að sjá um að hinar settu varúðarreglur séu jafnan í samræmi við kröfur tímans og taka mið af þeim reglum eða fyrirmyndum sem alþjóðavinnumálaskrifstofan setur og ályktunum frá fundum sérfræðinga sem Alþjóðavinnumálastofnunin hefur boðað til, svo og upplýsingum frá öðrum hlutgengum stofnunum.

4. (1) Atvinnurekendur ættu að gera það sem í þeirra valdi stendur til þess að taka upp vinnsluaðferðir sem ekki valda myndun efna, sem valda krabbameini, í formi aðalframleiðslu, aukaframleiðslu, úrgangs eða á annan hátt, né dreifingu þeirra á vinnustað.

(2) Þegar ekki er unnt að útiloka algjörlega efni, sem valda krabbameini, ættu atvinnurekendur að neyta allra viðeigandi ráða til þess að útiloka hættuna frá þeim eða draga úr henni svo sem unnt er, þannig að hún nái til sem fæstra manna, standi yfir í sem skemmstan tíma og sé á sem lægstu stigi. Þetta ætti að gera í samráði við starfsmenn og félagasamtök þeirra og í ljósi leiðbeininga frá þar til bærum aðilum, þar á meðal heilsugæslu á vinnustöðum.

(3) Í þeim tilvikum, sem hlutaðeigandi stjórnvald ákveður, ætti atvinnurekandinn að gera nauðsynlegar ráðstafanir til kerfisbundins eftirlits með því hve langvinn og mikil hættan frá efnum, sem valda krabbameini, er á vinnustöðum.

(4) Þegar efni, sem valda krabbameini, eru flutt eða sett í geymslu ætti að gera allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til þess að koma í veg fyrir leka eða mengun.

5. Starfsmenn og aðrir, sem taka þátt í starfsemi er fylgt getur hættu frá efnum sem valda krabbameini, ættu að fylgja settum varúðarreglum og nota vel allan búnað sem látinn er í té til verndar þeim sjálfum eða öðrum.

2. The number of workers exposed to carcinogenic substances or agents and the duration and degree of such exposure should be reduced to the minimum compatible with safety.

3. (1) The competent authority should prescribe the measures to be taken to protect workers against the risks of exposure to carcinogenic substances or agents.

(2) The competent authority should keep the measures prescribed up to date, taking into account the codes of practice or guides which may be established by the International Labour Office and the conclusions of meetings of experts which may be convened by the International Labour Office, as well as information from other competent bodies.

4. (1) Employers should make every effort to use work processes which do not cause the formation, and particularly the emission in the working environment, of carcinogenic substances or agents, as main products, intermediates, by-products, waste products or otherwise.

(2) Where complete elimination of a carcinogenic substance or agent is not possible, employers should use all appropriate measures, in consultation with the workers and their organisations and in the light of advice from competent sources, including occupational health services, to eliminate exposure or reduce it to a minimum in terms of numbers exposed, duration of exposure and degree of exposure.

(3) In cases to be determined by the competent authority, the employer should make arrangements for the systematic surveillance of the duration and degree of exposure to carcinogenic substances or agents in the working enviroment.

(4) Where carinogenic substances or agents are transported or stored, all appropriate measures should be taken to prevent leakage or contamination.

5. Workers and others involved in occupational situations in which the risk of exposure to carcinogenic substances or agents may occur should conform to the safety procedures laid down and make proper use of all equipment furnished for their protection or the protection of others.

II. Varnaraðgerðir.

6. Hlutaðeigandi stjórnvald ætti á vissum fresti að ákvarða hvaða efni, sem valda krabbameini, skuli bönnuð í atvinnulífinu eða skuli vera háð sérstökum leyfum eða eftirliti, svo og til hverra þeirra tillaga þessi tekur.

7. Við slíkar ákvarðanir ætti hlutaðeigandi stjórnvald að taka tillit til nýjustu upplýsinga í reglum og leiðbeiningum frá alþjóðavinnumálaskrifstofunni, ályktana frá fundum sérfræðinga, sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hefur boðað til, og upplýsinga frá öðrum hlutgengum stofnunum.

8. Hlutaðeigandi stjórnvald getur veitt undanþágur frá banni með útgáfu leyfis sem í hverju tilviki greini
   a. hvaða tæknilegar, heilsufræðilegar og persónulegar varúðarráðstafanir skuli gera,
   b. hvaða lækniseftirlit, aðrar kannanir eða rannsóknir skuli framkvæma,
   c. hvaða skýrslur skuli gera, og
   d. hverrar starfshæfni skuli krafist af þeim sem eftirlit hafa með hættu frá umræddum efnum.

9. (1) Að því er tekur til efna, sem háð eru leyfum eða eftirliti, ætti hlutaðeigandi stjórnvald:
   a. að tryggja nauðsynlegar leiðbeiningar um tilvist efna eða aðferða, sem komið geta í stað annarra, og þær heilsufræðilegu og persónulegu varnarráðstafanir sem gera skal, svo og það læknisefirlit og rannsóknir sem fram skulu fara vegna starfs, sem hefur í för með sér hættu frá umræddum efnum, áður en starfið er hafið, meðan það varir eða eftir að því líkur,
   b. að krefjast þeirra ráðstafana sem við eiga.

   (2) Enn fremur ætti hlutaðeigandi stjórnvald að setja ákveðin mörk til ákvörðunar á hættu frá efnum sem um er að tefla og þar sem þess gerist þörf ætti að setja mörk sem gefi aðvörun um athuganir á vinnustað í sambandi við nauðsynlegar varnarráðstafanir.

10. Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að sjá til þess að ákvarðanir varðandi efni er valdið geta krabbameini, sem teknar eru í samræmi við þennan kafla þessarar tillögu, svari jafnan kröfum tímans.

II. Preventive Measures

6. The competent authority should periodically determine the carcinogenic substances and agents to which occupational exposure should be prohibited or made subject to authorisation or control, and those to which other provisions of this Recommendation apply.

7. In making such determinations the competent authority should give consideration to the latest information contained in the codes of practice or guides which may be established by the International Labour Office, and in the conclusions of meetings of experts which may be convened by the International Labour Office, as well as to information from other competent bodies.

8. The competent authority may permit exemptions from prohibition by issue of a certificate specifying in each case–
(a) the technical, hygiene and personal protection measures to be applied;
(b) the medical supervision or other tests or investigations to be carried out;
(c) the records to be maintained; and
(d) the professional qualifications required of those dealing with the supervision of exposure to the substance or agent in question.

9. (1) For substances and agents subject to authorisation or control, the competent authority should–
(a) secure the necessary advice, particularly as regards the existence of substitute products or methods and the technical, hygiene and personal protection measures to be applied, as well as the medical supervision or other tests or investigations to be carried out before, during and after assignment to work involving exposure to the substances or agents in question;

(b) require the institution of such measures as are appropriate,

(2) The competent authority should further establish the criteria for determining the degree of exposure to the substances or agents in question, and where appropriate should specify levels as indicators for surveillance of the working environment in connection with the technical preventive measures required.

10. The competent authority should keep the determination of carcinogenic substances and agents made in pursuance of this Part of this Recommendation up to date.

III. Heilbrigðiseftirlit með verkamönnum.

11. Með lögum, reglugerðum eða öðrum hætti, sem við á í hverju landi, ætti að gera ráðstafanir til þess að allir starfsmenn, sem vinna störf sem hafa í för með sér hættu á sýkingu af krabbameini frá tilteknum efnum, skuli eftir því sem við á gangast undir:
    a. læknisskoðun áður en þeir hefja vinnu:
    b. reglulegar læknisskoðanir á hæfilegum fresti:
    c. líffræðilegar og aðrar prófanir og rannsóknir sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að meta mótstöðuafl þeirra og hafa eftirlit með heilbrigðisástandi þeirra með tilliti til hættunnar sem þeim stafar af vinnunni.
12. Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að tryggja það að starfsmenn eigi kost á viðeigandi læknisskoðunum, líffræðilegum rannsóknum eða öðrum rannsóknum eftir að þeir hafa látið af þeim störfum sem um ræðir í 11. grein þessarar tillögu.
13. Þær skoðanir, prófanir og rannsóknir, sem um ræðir í 11. og 12. grein þessarar tillögu ættu að fara fram í vinnutíma eftir því sem kostur er og vera starfsmönnum að kostnaðarlausu.

14. Nú leiða einhverjar aðgerðir, sem framkvæmdar eru í samræmi við þessa tillögu, það í ljós að óráðlegt sé að starfsmaður sé áfram í snertingu við efni, sem valdið geta krabbameini, við venjulegt starf hans og skal þá gera þær ráðstafanir sem með sanngirni má krefjast til þess að láta starfsmanninn fá annað starf við hans hæfi.
15. (1) Þar sem því verður við komið og svo fljótt sem auðið er ætti hlutaðeigandi stjórnvald í samráði við einstaka atvinnurekendur og fulltrúa starfsmanna að koma á fót og halda uppi vörnum gegn og eftirliti með krabbameini, í sambandi við vinnu, þar á meðal með því að:
    a. gera skýrslur, viðhalda þeim, varðveita þær og láta þær í té;
    b. skiptast á upplýsingum við aðra.
    (2) Í sambandi við að koma upp slíku skýrslukerfi og upplýsingaskiptum ætti að taka tillit til þeirrar aðstoðar sem fá má frá alþjóðlegum samtökum og samtökum í einstökum ríkjum, svo og samtökum atvinnurekenda og launafólks og einstökum atvinnurekendum.
    (3) Nú leggst starfsemi fyrirtækis niður og ætti þá að fara með þær skýrslur og upplýsingar, sem safnað hefur verið samkvæmt þessari grein, á þann veg sem hlutaðeigandi stjórnvald ákveður.

III. Supervision of Health of Workers

11. Provision should be made, by laws or regulations or any other method consistent with national practice and conditions, for all workers assigned to work involving exposure to specified carcinogenic substances or agents to undergo as appropriate–
(a) a pre-assignment medical examination;
(b) periodic medical examinations at suitable intervals;
(c) biological or other tests and investagations which may be necessary to evaluate their exposure and supervise their state of health in relation to the occupational hazards.

12. The competent authority should ensure that provision is made for appropriate medical examinations or biological or other tests or investigations to continue to be available to the worker after cessation of the assignment referred to in Paragraph 11 of this Recommendation.

13. The examinations, tests and investigations provided for in Paragraphs 11 and 12 of this Recommendation should be carried out as far as possible in working hours and should be free of cost to the workers.

14. If as the result of any action taken in pursuance of this Recommendation it is inadvisable to subject a worker to further exposure to carcinogenic substances or agents in that worker's normal employment, every reasonable effort should be made to provide such a worker with suitable alternative employment.

15. (1) The competent authority should establish and maintain, where practicable and as soon as possible, in association with individual employers and representatives of workers, a system for the prevention and control of occupational cancer including–
(a) the institution, maintenance, preservation and transfer of records; and
(b) exchange of information.

(2) In establishing such a system of records and exchange of information, account should be taken of the assistance which may be provided by international and national organisations, including organisations of employers and workers, and by individual employers.

(3) In the case of closure of an undertaking, records and information held in compliance with this Paragraph should be dealt with in accordance with the directions of the competent authority.

(4) Í hverju því landi, þar sem hlutaðeigandi stjórnvald kemur ekki á fót slíku kerfi skýrslna og upplýsinga, ætti atvinnurekandinn í samráði við fulltrúa starfsmanna að gera það sem unnt er til þess að framfylgja reglum þessarar greinar.

IV. Upplýsingar og fræðsla.

16. (1) Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að efla rannsóknir á farsóttum og aðrar rannsóknir, svo og að safna og dreifa upplýsingum varðandi krabbameinshættu í störfum. Þetta ætti að gera með aðstoð frá alþjóðlegum samtökum og samtökum í einstökum ríkjum, þar á meðal samtökum atvinnurekenda og starfsmanna eftir því sem við getur átt.

(2) Það ætti að leitast við að setja ákveðin mörk til þess að ákvarða hve mikil hættan á krabbameini frá þessum efnum er.

17 Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að semja fræðandi handbækur fyrir atvinnurekendur og starfsmenn um efni þau sem líkleg eru til þess að valda krabbameini við vinnu.

18. Atvinnurekendur ættu að leita sérstaklega upplýsinga hjá hlutaðeigandi stjórvaldi um þá krabbameinshættu sem kann að fylgja einhverjum þeim efnum sem tekin hafa verið í notkun eða fyrirhugað er að taka í notkun í atvinnurekstri. Þegar grunur leikur á að um hættu á krabbameini geti verið að ræða ættu atvinnurekendur í samráði við hlutaðeigandi stjórnvald að ákveða hvaða frekari rannsóknir skuli fram fara.

19. Atvinnurekendur ættu að sjá til þess að jafnan þegar notuð eru efni, sem valdið geta krabbameini, séu á vinnustaðnum viðeigandi aðvaranir um þá hættu sem sérhverjum starfsmanni kann að vera búin.

20. Atvinnurekendum ber að gera starfsmönnum sínum grein fyrir hættu, sem þeim kann að stafa af efnum sem valdið geta krabbameini, og þeim varúðarráðstöfunum sem ber að beita. Þetta ætti að gera áður en starfið hefst og síðan reglulega, svo og þegar upp er tekin notkun nýrra efna sem geta valdið krabbameini.

21. Samtök atvinnurekenda og launafólks ættu að gera jákvæðar ráðstafanir til upplýsinga og fræðslu um hættuna á krabbameini við vinnu og þau ættu að hvetja félaga sína til að taka fullan þátt í aðgerðum til varnar og eftirlits.

(4) In any country in which the competent authority does not establish such a system of records and information, the employer, in consultation with representatives of workers, should make every effort to attain the objectives of this Paragraph.

IV. Information and Education

16. (1) The competent authority should promote epidemiological and other studies and collect and disseminate information relevant to occupational cancer risks, with the assistance as appropriate of international and national organisations, including organisations of employers and workers.

(2) It should endeavour to establish the criteria for determining the carcinogenicity of substances and agents.

17. The competent authority should draw up suitable educational guides for both employers and workers on substances and agents liable to give rise to occupational cancer.

18. Employers should seek information, especially from the competent authority, on carcinogenic hazards which may arise with regard to any substance or agent introduced or to be introduced into the undertaking; when a carcinogenic potential is suspected, they should decide in consultation with the competent authority on the additional studies to be carried out.

19. Employers should ensure that in the case of any substance or agent which is carcinogenic there is at the workplace an appropriate indication to any worker who may be liable to exposure of the danger which may arise.

20. Employers should instruct their workers before assignment and regularly thereafter, as well as on introduction of a new carcinogenic substance or agent, on the dangers of exposure to carcinogenic substances and agents and on the measures to be taken.

21. Employers' and workers' organisations should take positive action to carry out programmes of information and education with regard to the hazards of occupational cancer, and should encourage their members to participate fully in programmes of prevention and control.

V. Framkvæmdaþættir.

22. Sérhvert aðildarríki ætti:
   a. með lögum eða reglugerðum eða öðrum þeim hætti, sem við á í hverju landi, að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru, m.a. með setningu hæfilegra viðurlaga, til þess að koma ákvæðum þessarar tillögu í framkvæmd;
   b. í samræmi við venju í landinu að tilgreina þær stofnanir eða þá menn, sem ábyrgð bera á því að ákvæðum tillögu þessarar sé framfylgt;
   c. að stofna til viðeigandi eftirlits til þess að hafa eftirlit með framkvæmd ákvæða þessarar tillögu eða fullvissa sig um að viðeigandi eftirlit sé framkvæmt.

23. Við beitingu ákvæða þessarar tillögu ætti hlutaðeigandi stjórnvald að hafa samráð við aðalsamtök atvinnurekenda og launafólks sem hlut eiga að máli.

V. Measures of Application

22. Each Member should–
(a) by laws or regulations or any other method consistent with national practice and conditions, take such steps, including the provision of appropriate penalties, as may be necessary to give effect to the provisions of this Recommendation;
(b) in accordance with national practice, specify the bodies or persons on whom the obligation of compliance with the provisions of this Recommendation rests;
(c) provide appropriate inspection services for the purpose of supervising the application of the provisions of this Recommendation, or satisfy itself that appropriate inspection is carried out.

23. In applying the provisions of this Recommendation, the competent authority should consult with the most representative organisations of employers and workers concerned.

Sþ. 715. Tillaga til þingsályktunar [397. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt nr. 155 um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 155 um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi sem gerð var á 67. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf 22. júní 1981.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Á síðust áratugum hefur skilningur á gildi heilsusamlegs umhverfis aukist til muna. Almenningur er meðvitaðri en áður um áhrif mengunar á lífkerfi jarðarinnar. Umræða um vernd náttúrunnar og gildi heilsusamlegra lifnaðarhátta hefur náð til allra sviða þjóðlífsins. Sérstaklega hefur þessa gætt á sviði öryggis og hollustuhátta á vinnustöðum. Aukin vitneskja um eðli efna og áhrif þeirra á mannslíkamann hefur kallað á meiri varfærni í meðhöndlun hvers kyns efnasambanda á vinnustöðum. Tækni, sem leiðir af sér vélvæðingu og breytingar á verklagi, skapar hættur í vinnuumhverfinu sem ekki eru alltaf augljósar. Þróunin hefur gert hvers kyns öryggiseftirlit á vinnustöðum sífellt mikilvægara. Við þessum breyttu aðstæðum er reynt að bregðast í þeirri samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi sem hér með er leitað eftir heimild Alþingis til þess að fullgilda.

Alþjóðasamþykkt nr. 155 um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi er frá árinu 1981. Hún er ein af mörgum samþykktum sem Alþjóðavinnumálaþingið hefur afgreitt frá stofnun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 1919 sem fjalla um öryggismál á vinnustöðum. Á 77. Alþjóðavinnumálaþinginu, sem haldið var sumarið 1990, voru umhverfismál tekin til sérstakrar umfjöllunar í framhaldi af skýrslu forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til þingsins. Í skýrslunni eru aðildarríki stofnunarinnar hvött til aðgerða á þessu sviði, m.a. til að fullgilda alþjóðasamþykktir ILO sem snerta vinnuumhverfismál. Að þessu tilefni var lögð fyrir samstarfsnefnd félagsmálaráðuneytisins og heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins, sem fjallar um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina, skrá yfir alþjóðasamþykktir á sviði vinnuumhverfismála sem félagsmálaráðuneytið telur að komi til álita að fullgilda. Nefndin fór yfir þessa skrá og var samþykkt að senda hana Vinnueftirliti ríkisins til umsagnar. Vinnueftirlitið lagði til að byrjað yrði á því að fullgilda tvær alþjóðasamþykktir, þ.e. samþykkt nr. 139 um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna sem valda krabbameini, og samþykkt þá sem með þessari þingsályktunartillögu er óskað eftir heimild til að fullgilda, þ.e. samþykkt nr. 155 um öryggi og heilbrigði við vinnu og starf, frá árinu 1981.

Í samþykkt nr. 155 eru sett fram nokkur grundvallaratriði sem hægt er að hafa til leiðbeiningar þegar stefna er mótuð á landsvísu eða innan fyrirtækja hvað varðar kerfi til að tryggja samræmt eftirlit með öryggi og hollustuháttum á vinnustöðum. Með framkvæmd ábendinga í samþykktinni er lagður grundvöllur að aðgerðum til verndar starfsmönnum sem snerta afmarkaða þætti vinnuumhverfisins.

Samkvæmt 1. gr. er gert ráð fyrir því að aðildarríki sem fullgildir samþykktina geti undanskilið framkvæmd hennar að nokkru eða öllu leyti takmarkaða flokka starfsmanna vegna sérstakra annmarka varðandi þá. Sérstaklega er tekið fram að þetta geti átt við sigl-

ingar eða fiskveiðar. Í fyrstu skýrslu um framkvæmd samþykktarinnar skal tilgreina sérhvern afmarkaðan hóp starfsmanna sem kann að hafa verið undanskilinn framkvæmd hennar. Gera skal grein fyrir ástæðum slíkrar undanþágu og í síðari skýrslum skal aðildarríki skýra frá hverri þeirri framför sem orðið hefur til víðtækari framkvæmdar samþykktarinnar. Skoðun Vinnumálasambands samvinnufélaganna og Vinnuveitendasambands Íslands er sú að takmarka beri fullgildingu við landverkafólk, sbr. lög nr. 46/1980.

Félagsmálaráðuneytið telur með vísan til framangreinds að rétt sé að fullgilding verði fyrst í stað takmörkuð við gildissvið laga nr. 46/1980. Á síðari stigum verði kannað hvort rétt sé að láta framkvæmd samþykktarinnar taka til vinnuaðstæðna um borð í skipum og loftförum. Það verði gert í samráði við helstu samtök aðila vinnumarkaðarins og hlutaðeigandi stjórnvöld.

Lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, eru að mati Vinnueftirlits ríkisins fullnægjandi lagagrundvöllur til að framfylgja ákvæðum samþykktarinnar. Þó er nauðsynlegt hyggja að nokkrum atriðum. Í 4. gr. er rætt um gerð stefnuskrár þar sem fjallað er um nokkra þætti sem eru mikilvægir fyrir öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum. Nauðsynlegt er að semja slíka stefnuskrá verði fullgilding heimiluð. Fullgilding krefst þess enn fremur að framvegis verði gefin út ársskýrsla sem hafi að geyma upplýsingar um vinnuslys og atvinnusjúkdóma, sbr. f-lið 11. gr. samþykktarinnar. Bæði þessi atriði eru til þess fallin að starf stjórnvalda að vinnuverndarmálum verði markvisst og árangursríkt.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að með fullgildingu samþykkta ILO er gengist við þeirri skuldbindingu að haft sé alþjóðlegt eftirlit með framkvæmd hlutaðeigandi alþjóðasamþykktar. Samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skal aðildarríki senda alþjóðavinnumálaskrifstofunni reglulega skýrslu um aðgerðir sem það hefur gripið til í því skyni að hrinda í framkvæmd ákvæðum samþykktarinnar. Samkvæmt gildandi reglum skal taka þessar skýrslur saman annað hvert ár og senda alþjóðavinnumálaskrifstofunni. Sérfræðinganefnd á hennar vegum fer yfir skýrslur aðildarríkjanna og birtir niðurstöðu sína í árlegri skýrslu sem er til umfjöllunar í einni af fastanefndum Alþjóðavinnumálaþingsins. Samkvæmt stofnskrá ILO eiga fjórir fulltrúar rétt á að taka þátt í afgreiðslu þingsins, tveir fulltrúar ríkisstjórnar hlutaðeigandi aðildarríkis, einn fulltrúi atvinnurekenda og einn fulltrúi launafólks. Öll starfsemi stofnunarinnar byggist á samstarfi þessara þriggja aðila. Frá því Ísland gerðist aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 1945 hefur félagsmálaráðuneytið borið ábyrgð á samningu skýrslna um framkvæmd samþykkta sem Ísland hefur fullgilt.

Á því skal vakin athygli að tillaga nr. 167, um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi er birt sem fskj. II með þessar þingályktunartillögu. Í tillögunni er að finna nánari útfærslu á alþjóðasamþykktinni. Ákvæði hennar eru ekki skuldbindandi.

Umrædd samþykkt var send fimm aðilum til umsagnar, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og Vinnuveitendasambandi Íslands. Þessir aðilar mæltu með fullgildingu. Vinnumálasambandið og Vinnuveitendasambandið voru fylgjandi fullgildingu með þeim takmörkunum sem að framan greinir. Einnig var leitað álits samgönguráðuneytisins og Vinnueftirlits ríkisins.

Hinn 1. janúar 1990 höfðu eftirtalin 12 ríki fullgilt samþykktina: Finnland, Júgóslavía, Kúba, Kípur, Noregur, Perú, Portúgal, Spánn, Sviss, Svíþjóð, Úrúgvæ og Venesúela.

Athugasemdir við einstaka kafla alþjóðasamþykktarinnar.

Um I. kafla.

Í kaflanum er kveðið á um gildissvið samþykktarinnar og merkingu orða eða hugtaka. Þar segir að hún taki til allra atvinnugreina. Þó er með vissum skilyrðum heimilt að undanskilja að nokkru eða öllu leyti einstakar atvinnugreinar, svo sem siglingar og fiskveiðar. Einnig er mögulegt að undanskilja framkvæmd samþykktarinnar takmarkaða hópa starfsmanna vegna sérstakra vandkvæða varðandi þá.

Á vinnumálaþingunum árin 1980 og 1981 voru uppi deilur um skilgreiningu á hugtakinu vinnustaður og komu fram margar tillögur um orðalag. Atvinnurekendur lögðu ríka áherslu á það atriði að hugtakið *vinnustaður* taki til þeirra staða sem eru undir beinni eða óbeinni stjórn atvinnurekanda. Á þetta var fallist, sbr. c-lið 3. gr.

Um II. kafla.

Þessi kafli hefur að geyma meginreglur varðandi stefnumörkun einstakra ríkja, en hverju ríki ber í samráði við aðalsamtök vinnumarkaðarins að semja og framkvæma stefnuskrá varðandi öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi. Tilgreindir eru þeir aðalþættir sem taka ber tillit til í slíkri stefnuskrá. Í henni skal tilgreina hlutverk og ábyrgð stjórnvalda, atvinnurekenda, starfsmanna og annarra varðandi öryggi og heilbrigði við vinnu. Stefnuskrána ber að endurskoða reglulega.

Um III. kafla.

Í þriðja kaflanum ræðir um aðgerðir sem varða landið allt. Þar er kveðið á um skyldu ríkisvaldsins til þess að tryggja framkvæmd þeirrar stefnuskrár sem að framan getur með lagasetningu eða öðrum viðeigandi hætti í samráði við hlutaðeigandi félagasamtök. Þá er og mælt fyrir um eftirlit og viðurlög. Mælt er fyrir um kröfur í sambandi við hönnun vinnustaða, vinnuslys og atvinnusjúkdóma, rannsóknir, skýrslugerðir o.fl. Lögð er áhersla á fræðslu um þau atriði sem varða öryggi og heilbrigði vinnandi fólks, svo og á samráð við samtök aðila vinnumarkaðarins og samræmi í störfum hinna ýmsu stjórnvalda.

Um IV. kafla.

Kaflinn fjallar um aðgerðir innan fyrirtækja. Þar er fyrst og fremst kveðið á um skyldur atvinnurekandans til þess að tryggja, svo sem við verður komið, varnir gegn slysum og heilsutjóni starfsfólks síns með öryggisráðstöfunum og fræðslu. Starfsmönnum ber og að vinna með atvinnurekanda að því að uppfylla þessar skyldur og skýrt er kveðið á um það að samstarf milli stjórnenda og starfsmanna fyrirtækis skuli vera höfuðatriði í skipulagslegum og öðrum aðgerðum sem gerðar eru í samræmi við ákvæði þessa kafla.

Um V. kafla.

Síðasti kafli samþykktarinnar hefur að geyma venjuleg ákvæði um gildistöku, uppsögn, endurskoðun o.fl.

Fylgiskjal I.

Samþykkt nr. 155, um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 67. þingsetu sinnar í Genf 3. júní 1981 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi, sem er sjötta mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar

gerir það í dag, 22. júní 1981, eftirfarandi samþykkt sem nefna má Samþykkt um öryggi og heilbrigði við vinnu, 1981:

I. KAFLI
Gildissvið og skilgreiningar.
1. gr.

1. Þessi samþykkt tekur til allra atvinnugreina.

2. Að höfðu samráði, svo snemma sem verða má, við aðalsamtök hlutaðeigandi atvinnurekenda og launafólks getur aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, undanskilið framkvæmd hennar að nokkru eða öllu leyti einstakar atvinnugreinar, svo sem siglingar eða fiskveiðar þar sem slík framkvæmd er sérstökum vandkvæðum bundin.

3. Hvert það aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal í fyrstu skýrslu um framkvæmd hennar, sem gefin er samkvæmt 22. grein stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, skrá þær atvinnugreinar sem kunna að hafa verið undanskildar í samræmi við 2. málsgrein þessarar greinar og skýra frá ástæðum fyrir því. Enn fremur skulu þau lýsa þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til þess að veita starfsmönnum í undanskildum greinum nægilega vernd og í síðari skýrslum skal skýra frá þeirri þróun sem orðið hefur í átt til víðtækari framkvæmda.

CONVENTION No. 155
Convention concerning Occupational Safety and Health and the Working Environment

The General Conference of the International Labour Organisation,

Having been convened at Geneva by the Governing Body of the International Labour Office, and having met in its Sixty-seventh Session on 3 June 1981, and

Having decided upon the adoption of certain proposals with regard to safety and health and the working environment, which is the sixth item on the agenda of the session, and

Having determined that these proposals shall take the form of an international Convention,

adopts this twenty-second day of June of the year one thousand nine hundred and eighty-one the following Convention, which may be cited as the Occupational Safety and Health Convention, 1981:

PART I.
Scope and Definitions
Article 1

1. This Convention applies to all branches of economic activity.

2. A Member ratifying this Convention may, after consultation at the earliest possible stage with the representative organisations of employers and workers concerned, exclude from its application, in part or in whole, particular branches of economic activity, such as maritime shipping or fishing, in respect of which special problems of a substantial nature arise.

3. Each Member which ratifies this Convention shall list, in the first report on the application of the Convention submitted under article 22 of the Constitution of the International Labour Organisation, any branches which may have been excluded in pursuance of paragraph 2 of this Article, giving the reasons for such exclusion and describing the measures taken to give adequate protection to workers in excluded branches, and shall indicate in subsequent reports any progress towards wider application.

2. gr.

1. Samþykkt þessi gildir um alla starfsmenn í þeim atvinnugreinum sem hún tekur til.

2. Að höfðu samráði við aðalsamtök hlutaðeigandi atvinnurekenda og launafólks, sem eigi sér stað svo snemma sem við verður komið, getur aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, undanskilið framkvæmd hennar að nokkru eða öllu leyti takmarkaða flokka starfsmanna vegna sérstakra annmarka varðandi þá.

3. Hvert það aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal í fyrstu skýrslu um framkvæmd hennar, sem gefin er samkvæmt 22. grein stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, tilgreina sérhvern takmarkaðan flokk starfsmanna sem kann að hafa verið undanskilinn samkvæmt 2. málsgrein þessarar greinar. Það skal gera grein fyrir ástæðum slíkra undanþága og í síðari skýrslum skal það skýra frá hverri þeirri framför sem orðið hefur til víðtækari framkvæmda samþykktarinnar.

Article 2

1. This Convention applies to all workers in the branches of economic activity covered.

2. A Member ratifying this Convention may, after consultation at the earliest possible stage with the representative organisations of employers and workers concerned, exclude from its application, in part or in whole, limited categories of workers in respect of which there are particular difficulties.

3. Each Member which ratifies this Convention shall list, in the first report on the application of the Convention submitted under article 22 of the Constitution of the International Labour Organisation, any limited categories of workers which may have been excluded in pursuance of paragraph 2 of this Article, giving the reasons for such exclusion, and shall indicate in subsequent reports any progress towards wider application.

3. gr.

Í þessari samþykkt:

a. tekur orðið „atvinnugreinar" til allra greina sem starfsmenn vinna í, þar með talin opinber þjónusta;
b. tekur orðið „starfsmenn" til allra sem eru í atvinnu, þar með taldir opinberir starfsmenn;
c. tekur orðið „vinnustaður" til allra staða sem starfsmenn þurfa að vera á eða fara til vegna vinnu sinnar og eru undir beinni eða óbeinni stjórn atvinnurekandans;
d. tekur orðið „reglugerðir" til allra ákvæða, sem hlutaðeigandi stjórnvald eða stjórnvöld hafa veitt lagagildi;
e. táknar orðið „heilbrigði" í sambandi við vinnu ekki einungis að ekki sé um að ræða sjúkdóma eða veikindi. Það tekur einnig til líkamlegra og sálrænna þátta sem áhrif hafa á heilsu manna og beinlínis tengjast öryggi og heilbrigði við vinnu.

Article 3

For the purpose of this Convention–

(a) The term "branches of economic activity" covers all branches in which Workers are employed, including the public service;
(b) the term "workers" covers all employed persons, including public employees;
(c) the term "workplace" covers all places where workers need to be or to go by reason of their work and which are under the direct or indirect control of the employer;
(d) the term "regulations" covers all provisions given force of law by the competent authority or authorities;
(e) the term "health", in relation to work, indicates not merely the absence of disease or infirmity; it also includes the physical and mental elements affecting health which are directly related to safety and hygiene at work.

II. KAFLI
Meginreglur í stefnuskrá.

4. gr.

1. Með tilliti til aðstæðna og venju í landinu og í samráði við aðalsamtök atvinnurekenda og launafólks skal sérhvert aðildarríki semja og framkvæma samfellda stefnuskrá varðandi öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi og endurskoða hana á vissum fresti.

PART II
Principles of National Policy

Article 4

1. Each Member shall, in the light of national conditions and practice, and in consultation with the most representative organisations of employers and workers, formulate, implement and periodically review a coherent national policy on occupational safety, occupational health and the working environment.

2. Markmið stefnuskrárinnar skal vera að koma í veg fyrir slys og heilsutjón, sem orsakast af eða er í tenglum við vinnu eða verður meðan hún fer fram, með því svo sem með góðu móti er unnt að draga úr orsökum þeirra hættu sem vinnuumhverfinu fylgir.

5. gr.

Í stefnuskrá þeirri, sem um ræðir í 4. grein þessarar samþykktar, skal taka tillit til eftirfarandi aðalstarfsþátta að svo miklu leyti sem þeir snerta öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi:

a hönnun, prófun, val, umskipti, uppsetning, skipan, notkun og viðhald efnislegra aðalþátta í sambandi við vinnu (vinnustaðir, starfsumhverfi, áhöld, vélar og búnaður, efnafræðileg, eðlisfræðileg og líffeðlisfræðileg efni og tæki, starfsaðferðir);

b. samband milli efnislegra þátta í sambandi við vinnu og þeirra manna sem inna starfið af höndum eða annast eftirlit með því og aðhæfingu véla, búnaðar, vinnutíma, skipulags vinnu og starfsaðferða að líkamlegri og andlegri getu starfsmannanna;

c. þjálfun, þar með talin nauðsynleg framhaldsþjálfun, hæfileikar og hvatning manna sem á einn eða annan hátt eiga þátt í því að koma öryggi og heilbrigði á nægilega hátt stig;

d. samband og samvinna er miðist við starfshóp og fyrirtæki og hvaða önnur viðeigandi mörk sem er, allt til þess að ná til landsins alls;

e. vernd starfsmanna og fulltrúa þeirra gegn ögun fyrir það sem þeir hafa réttilega gert í samræmi við þá stefnuskrá sem um getur í 4. grein þessarar samþykktar.

6. gr.

Í stefnuskrá þeirri, sem um getur í 4. grein þessarar samþykktar, skal tilgreina hlutverk og ábyrgð stjórnvalda, atvinnurekenda, starfsmanna og annarra, hverra fyrir sig, varðandi öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi. Skal það gert með tilliti til aðstæðna og venju í landinu og einnig þess að slík ábyrgð skarast.

7. gr.

Ástand mála varðandi öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi skal endurskoða á hæfilegum fresti, annaðhvort í heild eða á sérstökum

2. The aim of the policy shall be to prevent accidents and injury to health arising out of, linked with or occurring in the course of work, by minimising, so far as is reasonably practicable, the causes of hazards inherent in the working environment.

Article 5

The policy referred to in Article 4 of this Convention shall take account of the following main spheres of action in so far as they affect occupational safety and health and the working environment:

(a) design, testing, choice, substitution, installation, arrangement, use and maintenance of the material elements of work (workplaces, working encironment, tools, machinery and equipment, chemical, physical and biological substances and agents, work processes);

(b) relationship between the material elements of work and the persons who carry out or supervise the work, and adaptation of machinery, equipment, working time, organisation of work and work processes to the physical and mental capacities of the workers;

(c) training, including necessary further training, qualifications and motivations of persons involved, in one capacity or another, in the achievement of adequate levels of safety and health;

(d) communication and co-operation at the levels of the working group and undertaking and at all other appropriate levels up to and including national level;

(e) the protection of workers and their representatives from disciplinary measures as a result of actions properly taken by them in conformity with the policy referred to in Article 4 of this Convention.

Article 6

The formulation of the policy referred to in Article 4 of this Convention shall indicate the respective functions and responsibilities in respect of occupational safety and health and the working environment of public authorities, employers, workers and others, taking account both of the complementary character of such responsibilities and of national conditions and practice.

Article 7

The situation regarding occupational safety and health and the working environment shall be reviewed at appropriate intervals, either over-all

sviðum, í því skyni að greina aðalvandamál, finna raunhæf ráð til þess að leysa þau og hvaða aðgerðir skuli hafa forgang, svo og að meta árangurinn.

III. KAFLI
Aðgerðir innanlands.

8. gr.

Sérhvert aðildarríki skal með lögum eða reglugerðum eða hverjum þeim ráðum öðrum sem samrýmast aðstæðum og venju í landinu og í samráði við aðalsamtök hlutaðeigandi atvinnurekenda og starfsmanna gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að gefa 4. grein þessarar samþykktar gildi.

9. gr.

1. Framkvæmd laga og reglugerða varðandi öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi skal tryggja með viðeigandi eftirliti.

2. Í sambandi við framkvæmdina skal kveðið á um hæfileg viðurlög við brotum á lögum og reglugerðum.

10. gr.

Ráðstafanir skulu gerðar til þess að veita atvinnurekendum og starfsmönnum leiðsögn í því skyni að hjálpa þeim til að fullnægja lagaskyldum.

11. gr.

Til þess að framfylgja þeirri stefnuskrá, sem um getur í 4. grein þessarar samþykktar, skulu stjórnvöld tryggja það að eftirfarandi ætlunarverk séu framkvæmd stig af stigi:

a. að þar sem eðli hættunnar og hættustig krefst þess séu sett skilyrði um hönnun, byggingu og teiknun vinnustaða, upphaf framkvæmda, meiri háttar breytingar, sem snerta þá og breytingar á tilgangi þeirra, öryggi tæknibúnaðar, sem notaður er við vinnu, svo og starfshætti sem hlutaðeigandi stjórnvöld mæla fyrir um;

b. ákvörðun um það hvaða vinnsluaðferðir, efni og efnahvatar eru þess eðlis að koma ætti í veg fyrir skaðleg áhrif þeirra með banni, takmörkun eða skilyrði um leyfisveitingu hlutaðeigandi stjórnvalds eða stjórnvalda. Hætta á heilsutjóni, sem stafar frá fleiri efnum samtímis skal tekin til athugunar;

c. setja skal og framkvæma reglur um það hvernig atvinnurekendur og þar sem það á við trygg-

or in respect of particular areas, with a view to identifying major problems, evolving effective methods for dealing with them and priorities of action, and evaluating results.

PART III
Action at the National Level

Article 8

Each Member shall, by laws or regulations or any other method consistent with national conditions and practive and in consultation with the representative organisations of employers and workers concerned, take such steps as may be necessary to give effect to Article 4 of this Convention.

Article 9

1. The enforcement of laws and regulations concerning occupational safety and health and the working environment shall be secured by an adequate and appropriate system of inspection.

2. The enforcement system shall provide for adequate penalties for violations of the laws and regulations.

Article 10

Measures shall be taken to provide guidance to employers and workers so as to help them to comply with legal obligations.

Article 11

To give effect to the policy referred to in Article 4 of this Convention, the competent authority or authorities shall ensure that the following functions are progressively carried out:

(a) the determination, where the nature and degree of hazards so require, of conditions governing the design, construction and layout of undertakings, the commencement of their operations, major alterations affecting them and changes in their purposes, the safety of technical equipment used at work, as well as the application of procedures defined by the competent authorities;

(b) the determination of work processes and of substances and agents the exposure to which is to be prohibited, limited or made subject to authorisation or control by the competent authority or authorities; health hazards due to the simultaneous exposure to several substances or agents shall be taken into consideration;

(c) the establishment and application of procedures for the notification of occupational

ingastofnanir og aðrir sem beinlínis eiga hlut að máli skuli tilkynna vinnuslys og atvinnusjúkdóma og hvernig árlegar skýrslur um vinnuslys og atvinnusjúkdóma skuli úr garði gerðar;

d. að framkvæma rannsókn þegar vinnuslys, atvinnusjúkdómur eða hvert annað heilsutjón, sem verður við vinnu eða í sambandi við hana, virðist benda til hættulegra aðstæðna;

e. árleg útgáfa upplýsinga um aðgerðir í samræmi við þá stefnuskrá, sem um getur í 4. grein þessarar samþykktar, svo og um vinnuslys, atvinnusjúkdóma og annað heilsutjón sem verður við vinnu eða í sambandi við hana;

f. að innleiða eða efla kerfi í samræmi við aðstæður og möguleika í landinu til þess að rannsaka efnafræðileg, eðlisfræðileg og líffræðileg efni með tilliti til hættu á heilsutjóni fyrir verkamenn.

12. gr.

Í samræmi við landslög og landsvenju við landslög og landsvenju skal gera ráðstafanir í því skyni að tryggja það að þeir sem hanna, framleiða, flytja inn, útvega aða flytja vélar, búnað eða efni til notkunar í atvinnu:

a. gangi úr skugga um það, eftir því sem við verður komið, að vélar, búnaður eða efni hafi ekki í för með sér hættu fyrir heilbrigði og öryggi þeirra sem það nota á réttan hátt;

b. hafi til reiðu upplýsingar um rétta uppsetningu og notkun véla og búnaðar og rétta notkun efna, enn fremur upplýsingar um hættu frá vélum og búnaði og hættulega eiginleika efnafræðilegra, eðlisfræðilegra og líffræðilegra efna eða framleiðslu og jafnframt leiðbeiningar um hvernig varast megi þekktar hættur.

c. annist kannanir og rannsóknir eða fylgist á annan hátt með vísindalegri og tæknilegri þekkingu, sem nauðsynleg er til þess að fullnægja stafliðum a og b í þessari grein.

13. gr.

Starfsmaður, sem farið hefur úr vinnu sem hann hefur gilda ástæðu til að ætla að hafi í för með sér yfirvofandi alvarlega hættu fyrir líf hans og heilbrigði, skal njóta verndar fyrir óréttmætum afleiðingum í samræmi við aðstæður og venju í landinu.

accidents and diseases, by employers and, when appropriate, insurance institutions and other directly concerned, and the production of annual statistics on occupational accidents and diseases;

(d) the holding of inquiries, where cases of occupational accidents, occupational diseases or any other injuries to health which arise in the course of or in connection with work appear to reflect situations which are serious;

(e) the publication, annually, of information on measures taken in pursuance of the policy referred to in Article 4 of this Convention and on occupational accidents, occupational diseases and other injuries to health which arise in the course of or in connection with work;

(f) the introduction or extension of systems, taking into account national conditions and possibilities, to examine chemical, physical and biological agents in respect of the risk to the health of workers.

Article 12

Measures shall be taken, in accordance with national law and practice, with a view to ensuring that those who design, manufacture, import, provide or transfer machinery, equipment or substances for occupational use–

(a) satisfy themselves that, so far as is reasonably practicable, the machinery, equipment or substance does not entail dangers for the safety and health of those using it correctly;

(b) make available information concerning the correct installation and use of machinery and equipment and the correct use of substances, and information on hazards of machinery and equipment and dangerous properties of chemical substances and physical and biological agents or products, as well as instructions on how hazards are to be avoided;

(c) undertake studies and research or otherwise keep abreast of the scientific and technical knowledge necessary to comply with subparagraphs (a) and (b) of this Article.

Article 13

A worker who has removed himself from a work situation which he has reasonable justification to believe presents an imminent and serious danger to his life or health shall be protected from undue consequences in accordance with national conditions and practice.

14. gr.

Á þann hátt sem hæfir aðstæðum og venju í landinu skal gera ráðstafanir með það fyrir augum að stuðla að því að atriði varðandi heilbrigði og öryggi á vinnustöðum og vinnuumhverfi verði felld inn í öll stig menntunar og þjálfunar, þar á meðal æðri tæknilegrar, læknisfræðilegrar og starfslegrar menntunar, á þann hátt sem hæfir þörf allra starfsmanna fyrir þjálfun.

15. gr.

1. Í því skyni að tryggja samræmi milli þeirrar stefnuskrár, sem um getur í 4. grein þessarar samþykktar og framkvæmdar henna, skal sérhvert aðildarríki, að höfðu samráði svo snemma sem við verður komið við aðalsamtök atvinnurekenda og verkamanna, svo og aðra aðila eftir því sem við á, gera ráðstafanir, er hæfa aðstæðum og venju í landinu, til þess að tryggja nauðsynlegt samræmi milli hinna ýmsu stjórnvalda og aðila, sem falið er að framfylgja ákvæðum II. og III. kafla þessarar samþykktar.

2. Þessar ráðstafanir skulu fela það í sér að sett sé á fót miðstjórn hvenær sem þörf krefur og aðstæður og venjur leyfa.

IV. KAFLI
Aðgerðir innan fyrirtækja.

16. gr.

1. Atvinnurekendum skal skylt að tryggja það, eftir því sem við verður komið, að vinnustaðir, vélar, búnaður og framleiðsla, sem er undir umsjá þeirra, sé öruggt og hættulaust heilbrigði manna.

2. Atvinnurekendum skal skylt að tryggja það, eftir því sem við verður komið, að efnafræðileg, eðlisfræðileg og lífeðlisfræðileg efni og efnahvatar undir umsjá þeirra séu hættulaus heilbrigði manna þegar viðeigandi varnarráðstafanir eru gerðar.

3. Þar sem þess gerist þörf skal atvinnurekendum skylt að leggja til viðeigandi hlífðarfatnað og varnarbúnað til þess að verjast, svo sem við verður komið, slysahættu og skaðlegum áhrifum á heilbrigði manna.

17. gr.

Hvenær sem tvö eða fleiri fyrirtæki annast samtímis starfsemi á sama vinnustað skulu þau starfa saman að því að framfylgja ákvæðum þessarar samþykktar.

Article 14

Measures shall be taken with a view to promoting in a manner appropriate to national conditions and practice, the inclusion of questions of occupational safety and health and the working environment at all levels of education and training, including higher technical, medical and professional education, in a manner meeting the training needs of all workers.

Article 15

1. With a view to ensuring the coherence of the policy referred to in Article 4 of this Convention and of measures for its application, each Member shall, after consultation at the earliest possible stage with the most representative organisations of employers and workers, and with other bodies as appropriate, make arrangements appropriate to national conditions and practice to ensure the necessary co-ordination between various authorities and bodies called upon to give effect to Parts II and III of this Convention.

2. Whenever circumstances so require and national conditions and practice permit, these arrangements shall include the establishment of a central body.

PART IV
Action at the Level of the Undertaking

Article 16

1. Employers shall be required to ensure that, so far as is reasonably practicable, the workplaces, machinery, equipment and processes under their control are safe and without risk to health.

2. Employers shall be required to ensure that, so far as is reasonably practicable, the chemical, physical and biological substances and agents under their control are without risk to health when the appropriate measures of protection are taken.

3. Employers shall be required to provide, where necessary, adequate protective clothing and protective equipment to prevent, so far is reasonably practicable, risk of accidents or of adverse effects on health.

Article 17

Whenever two or more undertakings engage in activities simultaneously at one workplace, they shall collaborate in applying the requirements of this Convention.

18. gr.

Þar sem þess gerist þörf skal atvinnurekendum skylt að annast aðgerðir gegn neyðartilfellum og slysum, þar á meðal skyndihjálp.

19. gr.

Innan fyrirtækja skal málum þannig skipað:

a. að í störfum sínum vinni starfsmenn með atvinnurekandanum að því að uppfylla þær skyldur sem á hann eru lagðar;
b. að fulltrúar starfsmanna í fyrirtækinu starfi með atvinnurekandanum að öryggi og heilbrigði við vinnu:
c. að fulltrúum starfsmanna í fyrirtæki séu gefnar nægar upplýsingar um aðgerðir atvinnurekandans til þess að tryggja öryggi og heilbrigði við vinnu og að þeir geti ráðfært sig við samtök sín um slíkar upplýsingar að því tilskildu að þeir ljóstri ekki upp viðskiptaleyndarmálum;

d. að starfsmönnum og fulltrúum þeirra í fyrirtækinu sé veitt nægileg fræðsla um öryggi og heilbrigði við vinnu;
e. að starfsmönnum eða fulltúum þeirra og eftir atvikum samtökum þeirra innan fyrirtækis sé í samræmi við landslög og venju gert kleift að kanna allar hliðar öryggis- og heilbrigðismála í sambandi við störf þeirra og að atvinnurekandinn hafi þessa aðila með í ráðum. Í þessu skyni má með gagnkvæmu samkomulagi fá til tæknilega ráðgjafa utan fyrirtækisins;

f. að starfsmaður skýri næsta yfirmanni sínum þegar í stað frá hverju því ástandi sem hann hefur gilda ástæðu til að ætla að feli í sér yfirvofandi hættu fyrir líf sitt eða heilsu. Fyrr en atvinnurekandinn hefur hafist handa um úrbætur, ef þær eru nauðsynlegar, getur hann ekki krafist þess að verkamenn hverfi aftur til vinnuaðstæðna sem fela í sér stöðuga yfirvofandi og alvarlega hættu fyrir líf eða heilsu.

20. gr.

Samstarf milli stjórnenda og starfsmanna og/eða fulltrúa þeirra í fyrirtækinu skal vera höfuðatriði í skipulagslegum og öðrum aðgerðum sem gerðar eru í samræmi við 16.–19. grein þessarar samþykktar.

21. gr.

Öryggis- og heilbrigðisráðstafanir í sambandi við vinnu skulu ekki hafa í för með sér neinn kostnað fyrir verkamennina.

Article 18

Employers shall be required to provide, where necessary, for measures to deal with emergencies and accidents, including adequate first-aid arrangements.

Article 19

There shall be arrangements at the level of the undertaking under which–

(a) workers, in the course of performing their work, co-operate in the fulfilment by their employer of the obligations placed upon him;
(b) representatives of workers in the undertaking co-operate with the employer in the field of occupational safety and health;
(c) representatives of workers in an undertaking are given adequate information on measures taken by the employer to secure occupational safety and health and may consult their representative organisations about such information provided they do not disclose commercial secrets;
(d) workers and their representatives in the undertaking are given appropriate training in occupational safety and health;
(e) workers or their representatives and, as the case may be, their representative organisations in an undertaking, in accordance with national law and practice, are enabled to enquire into, and are consulted by the employer on, all aspects of occupational safety and health associated with their work; for this purpose technical advisers may, by mutual agreement, be brought in from outside the undertaking;
(f) a worker reports forthwith to his immediate supervisor any situation which he has reasonable justification to believe presents an imminent and serious danger to his life or health; until the employer has taken remedial action, if necessary, the employer cannot require workers to return to a work situation where there is continuing imminent and serious danger to life or health.

Article 20

Co-operation between management and workers and/or their representatives within the undertaking shall be an essential element of organisational and other measures taken in pursuance of Article 16 to 19 of this Convention.

Article 21

Occupational safety and health measures shall not involve any expenditure for the workers.

V. KAFLI
Lokaákvæði.

22. gr.

Samþykkt þessi breytir engri alþjóðlegri vinnumálasamþykkt né tillögu.

23. gr.

Formlegar fullgildingar á þessari samþykkt skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

24. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið forstjórann skrá fullgildingar sínar.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðilarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.

3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

25. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

26. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgilding-

PART V
Final Provisions

Article 22

This Convention does not revise any international labour Conventions or Recommendations.

Article 23

The formal ratifications of this Convention shall be communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration.

Article 24

1. This Convention shall be binding only upon those Members of the International Labour Organisation whose ratifications have been registered with the Director-General.

2. It shall come into force twelve months after the date on which the ratifications of two Members have been registered with the Director-General.

3. Thereafter, this Convention shall come into force for any Member twelve months after the date on which its ratification has been registered.

Article 25

1. A Member which has ratified this Convention may denounce it after the expiration of ten years from the date on which the Convention first comes into force, by an act communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration. Such denunciation shall not take effect until one year after the date on which it is registered.

2. Each Member which has ratified this Convention and which does not, within the year following the expiration of the period of ten years mentioned in the preceding paragraph, exercise the right of denunciation provided for in this Article, will be bound for another period of ten years and thereafter, may denounce this Convention at the expiration of each period of ten years under the terms provided for in this Article.

Article 26

1. The Director-General of the International Labour Office shall notify all Members of the International Labour Organisation of the registration of all ratifications and denunciations communicated to him by the Members of the Organisation.

2. When notifying the Members of the Organisation of the registration of the second ratification

arinnar, sem honum berst. skal hann vekja athygli þeirra á hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

27. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar skv. 102 gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

28. gr.

Þegar stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

29. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að meira eða minna leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, þá skal:
   a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæði 25. greinar hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerist.
   b. Aðildarríkjum er ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni hvað snertir þau aðildarríki sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

30. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

communicated to him, the Director-General shall draw the attention of the Members of the Organisation to the date upon which the Convention will come into force.

Article 27

The Director-General of the International Labour Office shall communicate to the Secretary-General of the United Nations for registration in accordance with article 102 of the Charter of the United Nations full particulars of all ratifications and acts of denunciation registered by him in accordance with the provisions of the preceding Articles.

Article 28

At such times as it may consider necessary the Governing Body of the International Labour Office shall present to the General Conference a report on the working of this Convention and shall examine the desirability of placing on the agenda of the Conference the question of its revision in whole or in part.

Article 29

1. Should the Conference adopt a new Convention revising this convention in whole or in part, then, unless the new Convention otherwise provides–

(a) the ratification by a Member of the new revising Convention shall *ipso jure* involve the immediate denunciation of this Convention, notwithstanding the provisions of Article 25 above, if and when the new revising Convention shall have come into force;

(b) as from the date when the new revising Convention comes into force this Convention shall cease to be open to ratification by the Members.

2. This Convention shall in any case remain in force in its actual form and content for those Members which have ratified it but have not ratified the revising Convention.

Article 30

The English and French versions of the text of this Convention are equally authoritative.

Fylgiskjal II.

Tillaga nr. 164, um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 67. þingsetu sinnar í Genf 3. júní 1981 eftir kvaðningu stjórnar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi, sem er sjötta mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi tillögu til viðbótar Samþykkt um öryggi og heilbrigði við vinnu, 1981,

gerir það í dag 22. júní 1981 eftirfarandi tillögu sem nefnist Tillaga um öryggi og heilbrigði við vinnu, 1981:

I. Gildssvið og skilgreiningar.

1. (1) Að svo miklu leyti sem það er mögulega unnt ættu ákvæði Samþykktarinnar um öryggi og heilbrigði við vinnu, 1981 (hér á eftir nefnd „samþykktin") og þessarar tillögu að taka til allra atvinnugreina og allra flokka starfsmanna.

(2) Gera ætti þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar og mögulegar til þess að veita mönnum, sem hjá sjálfum sér vinna, vernd hliðstæða þeirri sem um ræðir í samþykktinni og þessari tillögu.

2. Í þessari tillögu:

a. tekur orðið „atvinnugreinar" til allra greina sem starfsmenn vinna í, þar með talin opinber þjónusta;
b. tekur orðið „starfsmenn" til allra sem eru í atvinnu, þar með taldir opinberir starfsmenn;
c. tekur orðið „vinnustaður" til allra staða sem starfsmenn þurfa að vera á eða fara til vegna vinnu sinnar og eru undir beinni eða óbeinni stjórn atvinnurekandans;
d. tekur orðið „reglugerðir" til allra ákvæða sem hlutaðeigandi stjórnvald eða stjórnvöld hafa veitt lagagildi;

RECOMMENDATION No 164
Recommendation concerning Occupational Safety and Health and the Working Environment

The General Conference of the International Labour Organisation,

Having been convened at Genevea by the Governing body of the International Labour Office, and having met in its Sixty-seventh Session on 3 june 1981, and

Having decided upon the adoption of certain proposals with regard to safety and health and the working environment, which is the sixth item on the agenda of the session, and

Having determined that these proposals shall take the form of a Recommendation supplementing the Occupational Safety and Health Convention, 1981,

adopts this twenty-second day of June of the year one thousand nine hundred and eighty-one the following Recommendation, which may be cited as the Occupational Safety and Health Recommendation, 1981:

I. Scope and Definitions

1. (1) To the greatest extent possible, the provisions of the Occupational Safety and Health Convention, 1981 (hereinafter referred to as "the Convention") and of this Recommendation should be applied to all branches of economic activity and to all categories of workers.

(2) Provision should be made for such measures as may be necessary and practicable to give self-employed persons protection analogous to that provided for in the Convention and in this Recommendation.

2. For the purpose of this Recommendation–

(a) the term "branches of economic activity" covers all branches in which workers are employed, including the public service;
(b) the term "workers" covers all employed persons, including public employees;
(c) the term "workplace" covers all places where workers need to be or to go by reason of their work and which are under the direct or indirect control of the employer;
(d) the term "regulations" covers all provisions given force of law by the competent authority or authorities;

e. táknar orðið „heilbrigði“ í sambandi við vinnu ekki einungis að ekki sé um að ræða sjúkdóma eða veikindi. Það tekur einnig til líkamlegra og sálrænna þátta sem áhrif hafa á heilsu manna og beinlínis tengjast öryggi og heilbrigði við vinnu.

II. Tæknileg athafnasvið.

3. Eftir því sem hæfir ólíkum atvinnugreinum og ólíkum störfum og með tilliti til þeirrar meginstefnu að stemma stigu við hættum þegar í upphafi ætti að gera ráðstafanir í samræmi við þá stefnuskrá sem um getur í 4. grein samþykktarinnar, sér í lagi á eftirgreindum sviðum:

a. hönnun, staðsetning, byggingarlag, uppsetning, viðhald, endurbætur og breytingar á vinnustöðum, aðgang að þeim og útgang frá þeim;
b. lýsing, loftræsting, regla og hreinlæti á vinnustöðum;
c. hiti, raki og loftræsting á vinnustað;
d. hönnun, bygging, notkun, viðhald, prófun og eftirlit véla og búnaðar sem hætta getur stafað af, svo og samþykki fyrir þeim og flutningur þeirra;
e. varnir gegn skaðlegri líkamlegri eða andlegri streitu af völdum vinnuskilyrða;
f. meðhöndlun, stöflun og staðsetning vara og efna í geymslu með handafli eða vélarafli;
g. rafmagnsnotkun;
h. framleiðsla, pökkun, merking, flutningur, geymsla og notkun hætulegra efna og efnahvata, aðferðir til að losna við úrgang og afganga þeirra, svo og eftir því sem við á setning annarra efna eða efnahvata í þeirra stað, sem ekki eru hættuleg eða hættuminni;
i. vernd gegn geislun;
j. varnir gegn og stjórnun á hættum í vinnu frá hávaða og titringi og vernd gegn þeim;
k. stjórnun á andrúmslofti og öðrum umhverfisþáttum á vinnustöðum;
l. varnir gegn og stjórnun á hætum er stafa af háum eða lágum loftþrýstingi;
m. varnir gegn eldi og sprengingum og ráðstafanir sem gera ber ef eldsvoði eða sprenging verður;
n. hönnun, framleiðsla, afhending, notkun, viðhald og prófun persónulegs varnarbúnaðar og hlífðarfatnaðar;
o. hreinlætisbúnaður, þvottaaðstaða, aðstaða til að skipta um og geyma fatnað, útvegun drykkjarvatns og hvers konar önnur þægindi í sambandi við öryggi og heilbrigði við vinnu;

(e) the term "health", in relation to work, indicates not merely the absence disease or infirmity; it also includes the physical and mental elements affecting health which are directly related to safety and hygiene at work.

II. Technical Fields of Action

3. As appropriate for different branches of economic activity and different types of work and taking into account the principle of giving priority to eliminating hazards at their source, measures should be taken in pursuance of the policy referred to in Article 4 of the Convention, in particular in the following fields:

(a) design, siting, structural features, installation, maintenance, repair and alteration of workplaces and means of access thereto and egress therefrom;
(b) lighting, ventilation, order and cleanliness of workplaces;
(c) temperature, humidity and movement of air in the workplace;
(d) design, construction, use, maintenance, testing and inspection of machinery and equipment liable to present hazards and, as appropriate, their approval and transfer;
(e) prevention of harmful physical or mental stress due to conditions of work;
(f) handling, stacking and storage of loads and materials, manually or mechanically;
(g) use of electricty;
(h) manufacture, packing, labelling, transport, storage and use of dangerous substances and agents, disposal of their wastes and residues, and, as appropriate, their replacement by other substances or agents which are not dangerous or which are less dangerous;
(i) radiation protection;
(j) prevention and control of, and protection against, occupational hazards due to noise and vibration;
(k) control of the atmosphere and other ambient factors of workplaces;
(l) prevention and control of hazards due to high and low barometric pressures;
(m) prevention of fires and explosions and measures to be taken in case of fire or explosion;
(n) design, manufacture, supply, use, maintenance and testing of personal protective equipment and protective clothing;
(o) sanitary installations, washing facilities, facilities for changing and storing clothes, supply of drinking water, and any other welfare facilities connected with occupational safety and health;

p. skyndihjálp;
q. gerð neyðaráætlana;
r. eftirlit með heilbrigði starfsmanna.

III. Aðgerðir innan lands.

4. Með það fyrir augum að framfylgja stefnuskrá þeirri, sem um getur í 4. grein samþykktarinnar, og með tilliti til þeirra tæknilegu athafnasviða, sem talin eru í 3. grein þessarar tillögu, ættu hlutaðeigandi stjórnvald eða stjórnvöld í hverju landi:

a. að setja eða samþykkja reglugerðir, starfsreglur eða önnur viðeigandi ákvæði um öryggi og heilbrigði við vinnu og um starfsumhverfi, og sá þá tekið tillit til þeirra tengsla sem eru milli öryggis og heilbrigðis annars vegar og vinnutíma og hvíldarstunda hins vegar;

b. að endurskoða við og við lagaákvæði varðandi öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi, svo og ákvæði sem sett hafa verið eða samþykkt í samræmi við staflið a, í þessari grein, og sé sú endurskoðun gerð í ljósi reynslu og framfara í vísindum og tækni;

c. að framkvæma eða styðja athuganir og rannsóknir í því skyni að greina hættur og finna ráð til þess að vinna bug á þeim;
d. að veita atvinnurekendum og starfsmönnum upplýsingar og leiðbeiningar með viðeigandi hætti og stuðla að eða greiða fyrir samvinnu milli þeirra og samtaka þeirra, með það fyrir augum að útiloka hættur eða draga úr þeim svo sem unnt er. Þar sem það á við ætti að sjá farandverkamönnum fyrir sérstökum námskeiðum á þeirra eigin móðurmáli;
e. að gera sérstakar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir stórslys og að samræma og tengja saman þær aðgerðir sem gera ber á mismunandi stigum, sér í lagi á iðnaðarsvæðum þar sem staðsett eru fyrirtæki sem hafa í för með sér mikla hættu fyrir starfsmenn og fólk í nágrenninu;
f. að tryggja gott samband við Alþjóðlega aðvörunarkerfið fyrir öryggi og heilbrigði við vinnu sem sett er á fót innan ramma Alþjóðavinnumálastofnunarinnar;

g. að sjá fyrir viðeigandi ráðstöfunum vegna fatlaðra starfsmanna.

5. Það eftirlit, sem mælt er fyrir um í 1. málsgrein 9. greinar samþykktarinnar, ætti að fara eftir ákvæðum Samþykktarinnar um vinnueftirlit, 1947, og Samþykktarinnar um vinnueftirlit í land-

(p) first-aid treatment;
(q) establishment of emergency plans;
(r) supervision of the health of workers.

III. Action at the National Level

4. With a view to giving effect to the policy referred to in Article 4 of the Convention, and taking account of the technical fields of action listed in Paragraph 3 of this Recommendation, the competent authority or authorities in each country should–

(a) issue or approve regulations, codes of practice or other suitable provisions on occupational safety and health and the working environment, account being taken of the links existing between safety and health, on the one hand, and hours of work and rest breaks, on the other;
(b) from time to time review legislative enactments concerning occupational safety and health and the working environment, and provisions issued or approved in pursuance of clause (a) of this Paragraph, in the light of experience and advances in science and technology;
(c) undertake or promote studies and research to identify hazards and find means of overcoming them;
(d) provide information and advice, in an appropriate manner, to employers and workers and promote or facilitate co-operation between them and their organisations, with a view to eliminating hazards or reducing them as far as practicable; where appropriate, a special training programme for migrant workers in their mother tongue should be provided;
(e) provide specific measures to prevent catastrophes, and to co-ordinate and make coherent the actions to be taken at different levels, particularly in industrial zones where undertakings with high potential risks for workers and the surrounding population are situated;

(f) secure good liaison with the International Labour Occupational Safety and Health Hazard Alert System set up within the framework of the International Labour Organisation;
(g) provide appropriate measures for handicapped workers.

5. The system of inspection provided for in paragraph 1 of Article 9 of the Convention should be guided by the provisions of the Labour Inspection Convention, 1947, and the Labour Inspection

búnaði, 1969, án þess að draga úr skyldum sem hvíla á þeim aðildarríkjum er hafa fullgilt þær.

6. Eftir því sem við á ætti hlutaðeigandi stjórnvald eða stjórnvöld í samráði við aðalsamtök hlutaðeigandi atvinnurekenda og starfsmanna að stuðla að aðgerðum á sviði vinnuskilyrða í samræmi við þá stefnuskrá sem um getur í 4. grein samþykktarinnar.

7. Megintilgangur þeirra ráðstafana, sem um getur í 15. grein samþykktarinnar, ætti að vera:

a. að framfylgja fyrirmælum 4. og 7. greinar samþykktarinnar;
b. að samræma framkvæmd þeirra ætlunarverka sem falin eru hlutaðeigandi stjórnvaldi eða stjórnvöldum samkvæmt 11. grein samþykktarinnar og 4. grein þessarar tillögu;

c. samræma aðgerðir varðandi heilbrigði og öryggi við vinnu og starfsumhverfi, sem taka til landsins alls, landshluta eða héraða og framkvæmdar eru af stjórnvöldum, atvinnurekendum og samtökum þeirra, samtökum og fulltrúum starfsmanna, svo og öðrum mönnum eða aðilum sem hlut eiga að máli;
d. að stuðla að skiptum skoðana, upplýsinga og reynslu er taka til landsins alls eða einstakra atvinnu- eða starfsgreina.

8. Vera ætti náin samvinna milli stjórnvalda og aðalsamtaka atvinnurekenda og starfsmanna, svo og annarra hlutaðeigandi aðila, um aðgerðir til þess að semja og framfylgja stjórnarstefnu sem um getur í 4. grein samþykktarinnar.

9. Sú endurskoðun sem um getur í 7. grein samþykktarinnar ætti sérstaklega að beinast að aðstæðum hinna verst settu starfsmanna, svo sem fatlaðra.

IV. Aðgerðir innan fyrirtækja.

10. Þær skyldur, sem lagðar eru á atvinnurekendur í því skyni að ná þeim markmiðum sem sett eru í 16. grein samþykktarinnar, gætu, eftir því sem hentar hinum ýmsu atvinnugreinum og mismunandi störfum, verið fólgnar í eftirfarandi:
a. að sjá fyrir og viðhalda vinnustöðum, vélum og búnaði og viðhafa vinnuaðferðir sem eru öruggar og hættulausar heilbrigði manna svo sem með góðu móti er unnt;
b. að veita nauðsynlegar leiðbeiningar og þjálfun með tilliti til viðfangsefna og hæfni mismunandi flokka starfsmanna;

(Agriculture) Convention, 1969, without prejudice to the obligations thereunder of Members which have ratified these instruments.

6. As appropriate, the competent authority or authorities should, in consultation with the representative organisations of employers and workers concerned, promote measures in the field of conditions of work consistent with the policy referred to in Article 4 of the Convention.

7. The main purposes of the arrangements referred to in Article 15 of the Convention should be to–
(a) implement the requirements of Articles 4 and 7 of the Convention;
(b) co-ordinate the exercise of the functions assigned to the competent authority or authorities in pursuance of Article 11 of the Convention and Paragraph 4 of this Recommendation;
(c) co-ordinate activities in the field of occupational safety and health and the working environment which are exercised nationally, regionally or locally, by public authorities, by employers and their organisations, by workers' organisations and representatives, and by other persons or bodies concerned;
(d) promote exchanges of views, information and experience at the national level at the level of an industry or that of a branch of economic activity.

8. There should be close co-operation between public authorities and representative employers' and workers' organisations, as well as other bodies concerned in measures for the formulation and application of the policy referred in Article 4 of the Convention.

9. The review referred to in Article 7 of the Convention should cover in particular the situation of the most vulnerable workers, for example, the handicapped.

IV. Action at the Level of the Undertaking

10. The obligations placed upon employers with a view to achieving the objective set forth in Article 16 of the Convention might include, as appropriate for different branches of economic activity and different types of work, the following:
(a) to provide and maintain workplaces, machinery and equipment, and use work methods, which are as safe and without risk to health as is reasonably practicable;
(b) to give necessary instructions and training, taking account of the functions and capacities of different categories of workers;

c. að sjá fyrir viðeigandi eftirlit með vinnu, starfsvenjum, svo og framkvæmd og hagnýtingu ráðstafana til verndar öryggi og heilbrigði við vinnu;
d. að koma á skipulegum ráðstöfunum varðandi öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi sem hæfi stærð fyrirtækis og starfsemi þess;

e. að láta starfsmanni í té honum algjörlega að kostnaðarlausu viðeigandi varnarklæði og búnað, sem eðlileg nauðsyn krefur, þegar ekki er á annan veg unnt að koma í veg fyrir hættu eða hafa hemil á henni;
f. að tryggja það að skipulag vinnu, einkum að því er varðar vinnustundir og hvíldartíma, hafi ekki skaðleg áhrif á öryggi og heilbrigði;

g. að gera allar þær ráðstafanir sem með sanngirni er hægt að krefjast til þess að koma í veg fyrir óhæfilega andlega eða líkamlega þreytu;
h. að takast á hendur kannanir og rannsóknir eða á annan hátt að fylgjast með vísindalegri og tæknilegri þekkingu sem nauðsynleg er til þess að framfylgja undanfarandi ákvæðum.

11. Nú eru tvö eða fleiri fyrirtæki að störfum samtímis á sama vinnustað og ættu þau þá að vinna saman að því að framfylgja ákvæðum varðandi öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi þannig að ekki sé dregið úr ábyrgð hvers fyrirtækis á öryggi og heilbrigði starfsmanna þess. Þar sem það hentar ætti hlutaðeigandi stjórnvald eða stjórnvöld að setja almennar reglur um þessa samvinnu.

12. (1) Þær ráðstafanir, sem gerðar eru til þess að greiða fyrir þeirri samvinnu, sem um ræðir í 20. grein samþykktarinnar, ættu þar sem það á við og nauðsynlegt er að fela það í sér að í samræmi við landsvenjur séu skipaðir öryggisfulltrúar starfsmanna, öryggis- og heilbrigðisnefndir starfsmanna og/eða sameiginlegar öryggis- og heilbrigðisnefndir. Í sameiginlegum öryggis- og heilbrigðisnefndum ættu starfsmenn að hafa að minnsta kosti jafnmarga fulltrúa og atvinnurekandi.

(2) Öryggisfulltrúar starfsmanna, öryggis- og heilbrigðisnefndir starfsmanna og sameiginlegar öryggis- og heilbrigðisnefndir, svo og, eftir því sem við á, aðrir fulltrúar starfsmanna, ættu;
a. að fá nægilegar upplýsingar um málefni varðandi öryggi og heilbrigði, gera ætti þeim fært að rannsaka atriði, sem snerta öryggi og heilbrigði, og hverja þessa aðila til þess að gera tillögur um þetta efni;

(c) to provide adequate supervision of work, of work practices and of application and use of occupational safety and health measures;

(d) to institute organisational arrangements regarding occupational safety and health and the working environment adapted to the size of the undertaking and the nature of its activities;
(e) to provide, without any cost to the worker, adequate personal protective clothing and equipment which are reasonably necessary when hazards cannot be otherwise prevented or controlled;
(f) to ensure that work organisation, particularly with respect to hours of work and rest breaks, does not adversely affect occupational safety and health;
(g) to take all reasonably practicable measures with a view to eliminating excessive physical and mental fatigue;
(h) to undertake studies and research or otherwise keep abreast of the scientific and technical knowledge necessary to comply with the foregoing clauses.

11. Whenever two or more undertakings engage in activities simultaneously at one workplace, they should collaborate in applying the provisions regarding occupational safety and health and the working environment, without prejudice to the responsibility of each undertaking for the health and safety of its employees. In appropriate cases, the competent authority or authorities should prescribe general procedures for this collaboration.

12. (1) The measures taken to facilitate the cooperation referred to in Article 20 of the Convention should include, where appropriate and necessary, the appointment, in accordance with national practice, of workers' safety delegates, of workers' safety and health committees, and/or of joint safety and health committees; in joint safety and health committees workers should have at least equal representation with employers' representatives.

(2) Workers' safety delegates, workers' safety and health committees, and joint safety and health committees or, as appropriate, other workers' representatives should–
(a) be given adequate information on safety and health matters, enabled to examine factors affecting safety and health, and encouraged to propose measures on the subject;

b. að vera með í ráðum þegar nýjar öryggis- og heilbrigðisráðstafanir eru á döfinni og áður en þær koma til framkvæmda og leitað skal eftir stuðningi starfsmanna við slíkar ráðstafanir;
c. að vera með í ráðum við breytingar á vinnuaðferðum, starfsemi eða skipulagi vinnunnar sem haft geta áhrif á öryggi eða heilbrigði starfsmanna;
d. að njóta verndar gegn uppsögn og öðrum aðgerðum þeim skaðlegum meðan þeir sinna störfum sínum á sviði öryggis- og heilbrigðismála við vinnu sem fulltrúar starfsmanna eða meðlimir öryggis- og heilbrigðisnefnda;

e. að geta lagt fram sinn skerf til ákvarðana um málefni varðandi öryggi og heilbrigði innan fyrirtækis;
f. að hafa aðgang að öllum hlutum vinnustaðarins og geta haft samband við starfsmennina um öryggis- og heilbrigðismál í vinnutíma á vinnustað;
g. að vera frjálst að hafa samband við vinnueftirlitsmenn;
h. að geta lagt sitt af mörkum í samningum innan fyrirtækisins um málefni varðandi öryggi og heilbrigði við vinnu;
i. að hafa nægan tíma í vinnutímanum til þess að sinna sínum öryggis- og heilbrigðisstörfum og fá þjálfun í sambandi við þessi störf;

j. að eiga þess kost að leita til sérfræðinga um leiðbeiningar í sérstökum vandamálum varðandi öryggi og heilbrigði.

13. Eftir því sem nauðsyn krefur með tilliti til starfsemi fyrirtækisins og mögulegt er miðað við stærð þess ætti að sjá til þess;
a. að kostur sé atvinnuheilbrigðisþjónustu og öryggisþjónustu innan fyrirtækisins, í sameiningu með öðrum fyrirtækjum eða samkvæmt samkomulagi við utanaðkomandi aðila;
b. að unnt sé að leita til sérfræðinga um ráðgjöf í sérstökum vandamálum varðandi heilbrigði eða öryggi við vinnu eða til eftirlits með ráðstöfunum til að vinna bug á þeim.

14. Þegar starfsemi fyrirtækja þeirra er þess eðlis að þess gerist þörf ætti atvinnurekendum að vera skylt að setja fram skriflega stefnu sína og aðgerðir á sviði öryggis og heilbrigðis við vinnu og hinar ýmsu skyldur sem þessum ráðstöfunum fylgja og að koma þessum upplýsingum til vitundar sérhvers starfsmanns á því máli eða með þeim hætti sem starfsmaðurinn á auðvelt með að skilja.

(b) be consulted when major new safety and health measures are envisaged and before they are carried out, and seek to obtain the support of the workers for such measures;
(c) be consulted in planning alterations of work processes, work content or organisation of work, which may have safety or health implications for the workers;
(d) be given protection from dismissal and other measures prejudicial to them while exercising their functions in the field of occupational safety and health as workers' representatives or as members of safety and health committees;
(e) be able to contribute to the decision-making process at the level of the undertaking regarding matters of safety and health;
(f) have access to all parts of the workplace and be able to communicate with the workers on safety and health matters during working hours at the workplace;
(g) be free to contact labour inspectors;

(h) be able to contribute to negotiations in the undertaking on occupational safety and health matters;
(i) have reasonable time during paid working hours to exercise their safety and health functions and to receive training related to these functions;
(j) have recourse to specialists to advise on particular safety and health problems.

13. As necessary in regard to the activites of the undertaking and practicable in regard to size, provision should be made for–
(a) the availability of an occupational health service and a safety service, within the undertaking, jointly with other undertakings, or under arrangements with an outside body;
(b) recourse to specialists to advise on particular occupational safety or health problems or supervise the application of measures to meet them.

14. Employers should, where the nature of the operations in their undertakings warrants it, be required to set out in writing their policy and arrangements in the field of occupational safety and health, and the various responsibilities exercised under these arrangements, and to bring this information to the notice of every worker, in a language or medium the worker readily understands.

15. (1) Atvinnurekendum ætti að vera skylt að ganga úr skugga um að kröfum um að öryggi og heilbrigði við vinnu sé framfylgt til dæmis með umhverfiskönnun og með því að gera skipulegar öryggiskannanir annað veifið.

(2) Atvinnurekendum ætti að vera skylt að halda þær skrár um heilbrigði og öryggi og starfsumhverfi sem hlutaðeigandi stjórnvald eða stjórnvöld telja nauðsynlegar. Í þeim gætu verið skrár yfir öll tilkynningarskyld vinnuslys og heilsutjón sem verða í vinnu eða í sambandi við vinnu, skrár yfir leyfi og undanþágur frá lögum eða reglugerðum á þessu sviði og hvers konar skilyrði sem fyrir þeim eru sett, vottorð varðandi eftirlit með heilbrigði starfsmanna í fyrirtækinu og upplýsingar um hættu frá sérstökum efnum og efnahvötum.

16. Sú skipan mála, sem mælt er fyrir um í 19. grein Samþykktarinnar, ætti að miða að því að tryggja það að starfsmenn;

a. gæti skynsamlega eigin öryggis og annara manna sem orðið geta fyrir barðinu á athöfnum þeirra eða vanrækslu í starfi;
b. fari eftir fyrirmælum sem sett eru vegna öryggis og heilbrigðis þeirra sjálfra og annarra, svo og hlíti öryggis- og heilbrigðisráðstöfunum;
c. noti öryggisbúnað og varnartæki á réttan hátt og geri þau ekki óvirk;
d. tilkynni tafarlaust næsta yfirmanni sínum um hvert það ástand sem þeir hafa ástæðu til að ætla að geti valdið hættu og þeir geta ekki sjálfir ráðið bót á;
e. tilkynni sérhvert slys eða heilsutjón sem verður í vinnu eða í sambandi við vinnu.

17. Engar aðgerðir skaðlegar starfsmanni ætti að gera með skírshluta atkvæða í sambandi við síðari gerð eða endurskoðun hvaða samþykktar eða tillögu sem er á sviði öryggis og heilbrigði, við vinnu og starfsumhverfi.

V. Tengsl við alþjóðavinnumálasamþykktir og tillögur sem fyrir eru.

18. Þessi tillaga breytir engri alþjóðatillögu um vinnumál.

19. (1) Við samningu og framkvæmd þeirrar stefnuskrár, sem um ræðir í 4. grein samþykktarinnar, og án þess að draga úr skyldum sínum samkvæmt samþykktum, sem þau hafa fullgilt, ættu aðildarríkin að taka tillit til þeirra alþjóðavinnumálasamþykkta og tillagna sem skráðar eru í fylgiskjalinu.

15. (1) Employers should be required to verify the implementation of applicable standards on occupational safety and health regularly, for instance by environmental monitoring, and to undertake systematic safety audits from time to time.

(3) Employers should be required to keep such records relevant to occupational safety and health and the working environment as are considered necessary by the competent authority or authorities; these might include records of all notifiable occupational accidents and injuries to health which arise in the course of or in connection with work, records of authorisations and exemptions under laws or regulations to supervision of the health of workers in the undertaking, and data concerning exposure to specified substances and agents.

16. The arrangements provided for in Article 19 of the Convention should aim at ensuring that workers–

(a) take reasonable care for their own safety and that of other persons who may be affected by their acts or omissions at work;
(b) comply with instructions given for their own safety and health and those others and with safety and health procedures;
(c) use safety devices and protective equipment correctly and do not render them inoperative;
(d) report forthwith to their immediate supervisior any situation which they have reason to believe could present a hazard and which they cannot themselves correct;
(e) report any accident or injury to health which arises in the course of or connection with work.

17. No measures prejudicial to a worker should be taken by reference to the fact that, in good faith, he complained of what he considered to be a breach of statutory requirements or a serious inadequacy in the measures taken by the employer in respect of occupational safety and health and the working environment.

V. Relations to Existing International Labour Conventions and Recommendations

18. This Recommendation does not revise any international labour Recommendation.

19. (1) In the development and application of the policy referred to in Article 4 of the Convention and without prejudice to their obligations under conventions they have ratified, Members should refer to the international labour Conventions and Recommendations listed in the Appendix.

(2) Fylgiskjalinu getur Alþjóðavinnumálaþingið breytt, með ⅔ meirihluta atkvæða í sambandi við síðari gerð eða endurskoðun hvaða samþykktar eða tillögu sem er á sviði öryggis og heilbrigðis, við vinnu og starfsumhverfi.

(2) The Appendix may be modified by the International Labour Conference, by a two-thirds majority, in connection with the future adoption or revision of any Convention or Recommendation in the field of safety and health and the working environment.

Fylgiskjal.

Skrá yfir gjörninga varðandi öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi sem Alþjóðavinnumálaþingið hefur samþykkt síðan 1919.

Ár	Samþykkt		Tillaga	
1921	13.	Notkun blýhvítu í málningu		
1929	27.	Letrun þyngdar á þunga hluti sem fluttir eru með skipum		
1937	62.	Öryggisreglur í byggingariðnaði	53.	Öryggisreglur í byggingariðnaði
1946	73.	Læknisskoðun farmanna	79.	Læknisskoðun barna og unglinga
	77.	Læknisskoðun barna og unglinga í iðnaði		
	78.	Læknisskoðun barna og unglinga í öðrum störfum en iðnaði		
1947	81.	Vinnueftirlit í iðnaði og verslun	81.	Vinnueftirlit
			82.	Vinnueftirlit í námuvinnu og flutningum
1949	92.	Vistarverur skipverja (endurskoðuð)		
1953			97.	Heilsuvernd verkamanna
1958			105.	Lyfjakistur í skipum
			106.	Læknisráð til sjómanna
1959	113.	Læknisskoðun fiskimanna	112.	Heilbrigðisþjónusta á vinnustöðum
1960	115.	Vernd gegn geislun	114.	Vernd gegn geislun
1963	119.	Öryggisbúnaður véla	118.	Öryggisbúnaður véla
1964	120.	Hollustuhættir við verslunar- og skrifstofustörf	120.	Hollustuhættir við verslunar- og skrifstofustörf
	121.	Bætur fyrir vinnuslys	121.	Bætur fyrir vinnuslys
1965	124.	Læknisskoðun unglinga vegna námavinnu		
1967	127.	Hámarksþyngd byrðar	128.	Hámarksþyngd byrðar
1969	129.	Vinnueftirlit í landbúnaði	133.	Vinnueftirlit í landbúnaði
1970	133.	Vistarverur skipverja (viðbótarákvæði) (loftræsting)	140.	Vistarverur skipverja
			141.	Vistarverur skipverja (takmörkun hávaða)
	134.	Slysavarnir sjómanna	142.	Slysavarnir sjómanna
1971	136.	Varnir gegn eitrunarhættu frá benseni	144.	Varnir gegn eitrunarhættu frá benseni
1974	139.	Krabbamein sem atvinnusjúkdómur	147.	Krabbamein sem atvinnusjúkdómur
1977	148.	Starfsumhverfi (loftmengun, hávaði, titringur)	156.	Starfsumhverfi (loftmengun, hávaði, titringur)
1979	152.	Öryggi og heilbrigði í hafnarvinnu	160.	Öryggi og heilbrigði í hafnarvinnu

Sþ. 716. Tillaga til þingsályktunar [398. mál]

um vegáætlun fyrir árin 1991–1994.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

Alþingi ályktar skv. III. kafla vegalaga, nr. 6/1977, að árin 1991–1994 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1991	1992	1993	1994
1.1. Markaðar tekjur:				
1. Bensíngjald	3 570	4 140	4 240	4 330
2. Þungaskattur, árgjald	345	385	390	395
3. Þungaskattur, km-gjald	1 275	1 325	1 440	1 555
1.2. Framlag úr ríkissjóði	350			
Samtals	5 540	5 850	6 070	6 280

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1991	1992	1993	1994
2.1. Stjórn og undirbúningur:				
1. Skrifstofukostnaður	133	139	143	146
2. Tæknilegur undirbúningur	102	106	110	113
3. Umferðartalning og vegaeftirlit	33	35	36	38
4. Eftirlaunagreiðslur	8	8	8	8
	276	288	297	305
2.2. Viðhald þjóðvega:				
1. Almenn þjónusta				
1. Sameiginlegt	237	243	253	262
2. Malarvegir	260	266	273	280
3. Vegir með bundnu slitlagi	134	144	151	158
4. Brýr	26	27	27	29
	57	680	704	729
2. Vetrarþjónusta	573	587	603	619
3. Viðhald				
1. Endurnýjun bundins slitlags	285	310	343	361
2. Endurnýjun malarslitlaga	133	145	170	230
3. Styrkingar og endurbætur	140	190	227	302
4. Viðhald brúa og varnargarða	65	75	90	90
5. Vegmerkingar og öryggisaðgerðir	65	75	90	90
6. Vatnaskemmdir	60	70	80	80
	748	865	1 000	1 153
2.3. Til nýrra þjóðvega:				
1. Stofnbrautir				
1. Alm. verk. og bundin slitlög	768	971	743	798
2. Sérstök verkefni	419	420	406	344
3. Höfuðborgarsvæðið	301	386	587	584
4. Stórverkefni	770	543	533	529
	2 258	2 320	2 269	2 255
2. Þjóðbrautir	276	329	403	400
3. Bundin slitlög á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum	27	0	0	0
4. Girðingar og uppgræðsla	26	31	35	40
	2 587	2 680	2 707	2 695
2.4. Til brúagerða:				
1. Brýr 10 m og lengri	142	157	149	148
2. Smábrýr	21	28	27	26
	163	185	176	174
2.5. Til fjallvega o.fl.:				
1. Aðalfjallvegir	20	24	26	28
2. Aðrir fjallvegir	12	13	15	15
3. Þjóðgarðavegir o.fl.	10	17	18	22
4. Vegir á Þingvöllum	5	3	2	0
5. Reiðvegir	6	7	8	9
	53	64	69	74
2.6. Til sýsluvega:	187	193	197	204
2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum:	270	278	286	295
2.8. Til tilrauna:	26	30	31	32
Samtals	5 540	5 850	6 070	6 280

III. FLOKKUN VEGA

3.1. ÞJÓÐVEGIR EFTIR KJÖRDÆMUM

Suðurlandskjördæmi.

1 Suðurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Skeiðarársandi, um Fljótshverfi og Síðu, yfir Eldhraun og Skaftártungu, um Mýrdalssand, Mýrdal, Sólheimasand, Eyjafjöll, Rangárvelli, Holt, Þjórsá, Flóa, Ölfus, Hellisheiði að sýslumörkum við Sandskeið.
22 Dalavegur: Frá Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum um Heiðarveg að flugstöð.
25 Þykkvabæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Ytri-Rangá á Ásveg hjá Miðkoti í Þykkvabæ.
26 Landvegur: Af Suðurlandsvegi í Holtum upp Holt og Land um Galtalæk austan við Þjórsá hjá Búrfelli nálægt Tungnaá hjá Haldi að Sigölduvirkjun.
202 Prestbakkavegur: Af Suðurlandsvegi austan Breiðbalakvíslar, um Prestbakkavöll, að heimreið að Prestbakka.
203 Geirlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan Skaftárbrúar, um brú á Stjórn að heimreið að Geirlandi.
204 Meðallandsvegur: Af Suðurlandsvegi við Skaftárbrú, niður Landbrot austanvert, um Eldvatnsbrú hjá Syðri-Fljótum, um Langholt og Leiðvöll í Meðallandi, á Suðurlandsveg austan Eldvatns.
205 Klausturvegur: Af Suðurlandsvegi við Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri.
208 Búlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Tungufljótsbrú í Skaftártungu að Skaftárdal.
210 Ljótarstaðavegur: Af Búlandsvegi nálægt Gröf, um Gröf og Borgarfell, um brú á Tungufljóti undan Snæbýli að vegamótum að Snæbýli.
211 Álftaversvegur: Af Suðurlandsvegi við Skálmarbrú á Mýrdalssandi, um Herjólfsstaði á Hryggjaveg hjá Þykkvabæjarklaustri.
212 Hryggjavegur: Af Álftaversvegi nálægt Holti um Jóvíkurhryggi á Álftaversveg hjá Þykkvabæjarklaustri.
214 Kerlingardalsvegur: Af Suðurlandsvegi að Kerlingardal.
215 Reynishverfisvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Fossholtum að Presthúsum.
216 Reynisvegur: Af Reynishverfisvegi norðan Lækjarbakka, um Þórisholt á Reynishverfisveg hjá Reynisdal.
218 Dyrhólavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Litla Hvammi í Mýrdal að heimreið að Dyrhólum.
219 Péturseyjarvegur: Af Suðurlandsvegi austan Péturseyjar, um Pétursey og Eyjarhóla, á Suðurlandsveg vestan Péturseyjar.
238 Fellavegur: Af Dalavegi í Vestmannaeyjum, sunnan Smáragötu, milli Fella að Flugstöð.
239 Eldfellsvegur: Af Fellavegi við Helgafellsbraut um Eldfellshraun og Páskahraun á Fellaveg sunnan Helgafells.
240 Stórhöfðavegur: Af Dalavegi (Skildinganesvegi) ofan Básaskersbryggju, meðfram vesturmörkum byggðar að Stórhöfðavita.
242 Raufarfellsvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Kaldaklifsár, um Raufarfellsbæi, á Suðurlandsveg austan Svaðbælisár.
243 Leirnavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Svaðbælisár, um Rauðsbakka og Leirnahverfi, á Suðurlandsveg austan við Steina.
245 Hverfisvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Holtsár, um Holtahverfi, á Suðurlandsveg austan Írár.
246 Skálavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Holtsár, um Skálabæi, á Suðurlandsveg austan við Hvamm.

247 Sandhólmavegur: Af Suðurlandsvegi við Hvamm, um Efraholt, á Suðurlandsveg hjá Fitjamýri.
248 Markarvegur: Af Suðurlandsvegi austan Markarfljóts að Stóru-Mörk.
249 Þórsmerkurvegur: Af Suðurlandsvegi austan Markarfljóts, um Merkurengjar í Húsadal í Þórsmörk.
250 Dímonarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Markarfljóts, norður Markarfljótsaura hjá Stóra-Dímon á Fljótshlíðarveg við Merkjaá.
251 Hólmabæjavegur: Af Suðurlandsvegi á Markarfljótsaurum um Dalsel og Borgareyrar á Landeyjaveg nálægt Sandtjörn.
252 Landeyjavegur: Af Suðurlandsvegi austan Affalls, um Miðey, Bergþórshvol, Þúfu og Fróðholt á Suðurlandsveg austan Þverár.
253 Gunnarshólmavegur: Af Landeyjavegi hjá Votmúlastöðum um Sel á Landeyjaveg hjá Gunnarshólma.
254 Hólmavegur: Af Landeyjavegi sunnan Álftarhóls að Hólmum.
255 Akureyjarvegur: Af Suðurlandsvegi við Hemlu, um Strönd á Landeyjaveg nálægt Akurey.
261 Fljótshlíðarvegur: Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð um Múlakot að Háamúla.
262 Vallarvegur: Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli um Efrahvol að Markarskarði.
264 Rangárvallavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Eystri-Rangár upp Rangárvelli, um Keldur og Gunnarsholt niður Rangárvelli á Suðurlandsveg vestan Varmadals.
266 Oddavegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Strönd að Odda.
267 Selalækjarvegur: Af Suðurlandsvegi við Varmadal að Selalæk.
268 Þingskálavegur: Af Rangárvallavegi vestan Gunnarsholts, um Þingskála og Hóla, um brú á Rangá ofan við Galtalæk á Landveg norðan Galtalækjarskógar.
271 Árbæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Ytri-Rangár, um Árbæ, Snjallsteinshöfða og Lækjarbotna á Landveg hjá Þúfu.
273 Bugavegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Lyngás að Vetleifsholti.
275 Ásvegur: Af Suðurlandsvegi að Landvegamót um Áshverfi, Sandhólaferju, Háfshverfi og Þykkvabæ að Húnakoti.
282 Ásmundarstaðavegur: Af Suðurlandsvegi við Áshól að Ásmundarstöðum.
284 Heiðarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Einbúa um Heiði, Kamb og Gíslholt, á Hagabraut.
286 Hagabraut: Af Landvegi ofan Lýtingsstaða um Rafholt, Haga og Stúfholt á Landveg neðan við Köldukinn.
288 Kálfholtsvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Einbúa um Hamra og Kálfholt á Suðurlandsveg á Lónsheiði.
30 Skeiða- og Hrunamannavegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa, um Skeið, hjá Reykjum, um brú á Stóru-Laxá, hjá Hrepphólum, um Flúðir, Skipholt og yfir Hvítá hjá Brúarhlöðum á Biskupstungnabraut hjá Kjóastöðum.
31 Skálholtsvegur: Af Skeiða- og Hrunamannavegi hjá Reykjum um Laugarás og Skálholt á Biskupstungnabraut hjá Spóastöðum.
32 Þjórsárdalsvegur: Af Hrunamannavegi á Sandlækjarholti, um Þjórsárholt sunnan Miðfells, upp Þjórsárdal, um Skeljafell norðan Bjarnalóns, yfir Þjórsá hjá Sandafelli og á Landveg litlu austar.
33 Gaulverjabæjarvegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Gaulverjabæ og Stokkseyri á Eyrarbakkaveg ofan Eyrarbakka.
34 Eyrarbakkavegur: Af Suðurlandsvegi austan Ölfusárbrúar á Selfossi um Eyrarbakka og Ölfusárós, á Þorlákshafnarveg.

35 Biskupstungnabraut: Af Suðurlandsvegi vestan Selfoss, um brú á Sogi, Svínavatn, brú á Brúará, Vatnsleysu, Múla og Geysi að Gullfossi.
36 Þingvallavegur: Af Biskupstungnabraut austan við Sog, um Ljósafoss, austan Þingvallavatns, um Gjábakka og Þingvöll, að sýslumörkum á Mosfellsheiði.
37 Laugarvatnsvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Svínavatni, um Laugarvatn á Biskupstungnabraut hjá Múla.
38 Þorlákshafnarvegur: Af Suðurlandsvegi nálægt Hverageröi til Þorlákshafnar.
39 Þrengslavegur: Af Suðurlandsvegi í Svínahrauni, um Þrengsli á Þorlákshafnarveg í Ölfusi.
302 Urriðafossvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Þjórsár, um Urriðafoss yfir Villingaholtsveg, um Gafl á Hamarsveg hjá Skógsnesi.
303 Ölvisholtsvegur: Af Suðurlandsvegi við Kjartansstaði um Miklaholtshelli að vegamótum við Ölvisholt.
304 Oddgeirshólavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Hraungerði um Oddgeirshóla og Langholt á Suðurlandsveg nálægt Túni.
305 Villingaholtsvegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Villingaholt, suður með Þjórsá um Fljótshóla, á Gaulverjabæjarveg norðan Loftsstaða.
308 Hamarsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi hjá Gaulverjabæ, um Hamar og Skógsnes, á Villingaholtsveg hjá Sýrlæk.
309 Kolsholtsvegur: Af Villingaholtsvegi hjá Vatnsenda að vegamótum að Kolsholtshelli.
310 Votmúlavegur: Af Eyrarbakkavegi hjá Geirakoti um Votmúla á Gaulverjabæjarveg við Smjördali.
311 Önundarholtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi norðan Meðalholts, um Súluholt, á Villingaholtsveg norðan Önundarholts.
312 Vorsabæjarvegur í Flóa: Af Gaulverjabæjarvegi móts við Seljatungu um Vorsabæ á Hamarsveg við Syðri-Velli.
314 Holtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi nálægt Klængsseli um Holt á Gaulverjabæjarveg á Stokkseyri.
316 Kaldaðarnesvegur: Af Eyrarbakkavegi nálægt Sandvík að vegamótum að Hreiðurborg.
321 Skeiðháholtsvegur: Af Skeiðavegi við Kílhraun, um Skeiðháholt á Skeiðaveg móti Löngumýri.
322 Ólafsvallavegur: Af Skeiðavegi að Ólafsvöllum.
324 Vorsabæjarvegur: Af Skeiðavegi hjá Brautarholti að vegamótum að Fjalli.
325 Gnúpverjavegur: Af Þjórsárdalsvegi vestan Kálfár um Hamarsheiði á Þjórsárdalsveg vestan Þverár.
326 Hælsvegur: Af Gnúpverjavegi vestan Kálfár, hjá Hæl að heimreið að Lækjarbakka.
328 Stóra-Núpsvegur: Af Þjórsárdalsvegi hjá Minna-Núpi á Gnúpverjaveg við Ásaskóla.
329 Mástunguvegur: Af Gnúpverjavegi ofan við Ása um Stóru-Mástungu að Laxárdal.
340 Auðsholtsvegur: Af Hrunamannavegi austan Stóru-Laxár, um Syðra-Langholt að Auðsholti.
341 Langholtsvegur: Af Hrunamannavegi hjá Flúðum á Auðsholtsveg hjá Langholti.
343 Álfsstétt: Af Eyrarbakkavegi við hina gömlu Álfsstétt um Eyrarbakka á Eyrarbakkaveg á móts við Einarshöfn.
344 Hrunavegur: Af Hrunamannavegi við Flúðir um Hruna á Hrunamannaveg vestan Kirkjuskarðs.
345 Kaldbaksvegur: Af Hrunavegi hjá Hruna að heimreið að Þverspyrnu.
349 Tungufellsvegur: Af Hrunamannavegi við Dalsá að Tungufelli.
350 Grafningsvegur neðri: Af Biskupstungnabraut við Alviðru á Grafningsveg efri við Úlfljótsvatn.

351 Búrfellsvegur: Af Þingvallavegi hjá Ásgarði um Búrfell og Klausturhóla á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.
353 Kiðjabergsvegur: Af Biskupstungnabraut austan Seyðishóla að heimreið að Gelti.
354 Sólheimavegur: Af Biskupstungnabraut við Minni-Borg um Sólheima, á Biskupstungnabraut austan Svínavatns.
355 Reykjavegur: Af Biskupstungnabraut hjá Torfastöðum á Laugarvatnsveg hjá Brúará.
356 Tjarnarvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Vatnsleysu á Reykjaveg hjá Tjörn.
358 Einholtsvegur: Af Biskupstungnabraut við Tungufljótsbrú, um Einholt á Hrunamannaveg sunnan Gýgjarhóls.
359 Bræðratunguvegur: Af Einholtsvegi norðan Tungufljóts að Ásakoti.
360 Grafningsvegur efri: Af Þingvallavegi við Írafoss, um Grafning á Þingvallaveg norðan Heiðarbæjar.
364 Eyjavegur: Af Laugarvatnsvegi norðan við Djúpin að heimreið að Útey.
365 Gjábakkavegur: Af Laugarvatnsvegi hjá Laugarvatni á Þingvallaveg við Gjábakka.
366 Böðmóðsstaðavegur: Af Laugarvatnsvegi undan Efstadalsfjalli að Böðmóðsstöðum.
374 Hvammsvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Kögunarhóls um Nýbýlahverfi og Gljúfur á Suðurlandsveg vestan Kotstrandar.
375 Arnarbælisvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Sandhóli að Auðsholti.
42 Krýsuvíkurvegur: Frá sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni, um Selvogsheiði á Þorlákshafnarveg við Þrengslaveg.
48 Kjósarskarðsvegur: Frá sýslumörkum vestan Stíflisdalsvatns, um Fellsenda á Þingvallaveg á Mosfellsheiði.
52 Uxahryggjavegur: Frá sýslumörkum á Sæluhúsahæðum, um Brunna og Tröllháls á Þingvallaveg á Þingvöllum.

Reykjaneskjördæmi.

1 Suðurlandsvegur: Frá sýslumörkum við Sandskeið um Lækjarbotna til Reykjavíkur.
1 Vesturlandsvegur: Frá Reykjavík um Mosfellssveit og Kjalarnes, inn Hvalfjörð, að sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni.
36 Þingvallavegur: Frá sýslumörkum á Mosfellsheiði á Vesturlandsveg nálægt Köldukvísl.
40 Hafnarfjarðarvegur: Frá Reykjavík um Kópavog og Garða á Reykjanesbraut við Kaplakrika.
41 Reykjanesbraut: Frá Reykjavík, austan Kópavogs og Hafnarfjarðar, um Vatnsleysustrandarheiði ofan Keflavíkur um Miðnesheiði til Sandgerðis.
42 Krýsuvíkurvegur: Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð, um Krýsuvík að sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni.
43 Grindavíkurvegur: Af Reykjanesbraut á Vogastapa til Grindavíkur.
44 Hafnavegur: Af Reykjanesbraut í Njarðvík að Höfnum.
45 Garðskagavegur: Af Víknavegi norðan Keflavíkur um Gerðar og Sandgerði að heimreið að Nýlendu á Stafnesi.
46 Víknavegur: Af Reykjanesbraut í Njarðvík um Njarðvík og Keflavík á Reykjanesbraut á vestanverðri Miðneshseiði.
47 Flugvallarvegur Keflavík: Af Reykjanesbraut ofan Keflavíkur að flugstöð á Keflavíkurflugvelli.
48 Kjósarskarðsvegur: Af Vesturlandsvegi norðan Laxár, um Reynivelli og Kjósarskarð að sýslumörkum vestan Stíflisdalsvatns.
410 Elliðavatnsvegur: Af Arnarnesvegi við Dimmu um Vatnsenda á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.
411 Arnarnesvegur: Af Suðurlandsvegi við Rauðavatn, um norðurhlíðar Vatnsendahvarfs og Rjúpnahæðar yfir Reykjanesbraut við Hnoðraholt á Hafnarfjarðarveg á Arnarneshæð.

412 Vífilsstaðavegur: Af Hafnarfjarðarvegi sunnan Silfurtúns, um Garða og Vífilsstaði á Elliðavatnsveg við Vífilsstaðavatn.
415 Álftanesvegur: Af Reykjanesbraut í Moldahrauni, um Engidal, út á Álftanes, um Landakot og Sviðholt og aftur á Álftanesveg gegnt vegamótum Bessastaðavegar.
416 Bessastaðavegur: Af Álftanesvegi nálægt Bessastöðum að Bessastöðum.
417 Bláfjallavegur: Af Suðurlandsvegi neðan Sandskeiðs, norðan Stóra-Kóngsfells og á Krýsuvíkurveg nálægt Óbrynnishólum.
420 Vatnsleysustrandarvegur: Af Reykjanesbraut við Kúagerði, um Vatnsleysuströnd að Vogum.
421 Vogavegur: Af Reykjanesbraut móti Vogum að Vogakauptúni.
422 Njarðvíkurvegur: Af Reykjanesbraut vestan Vogastapa um Innri-Njarðvík á Reykjanesbraut við Trésmiðjuna Ramma.
425 Nesvegur: Af Hafnavegi í Höfnum um Reykjanes á Grindavíkurveg ofan Grindavíkur.
427 Ísólfsskálavegur: Af Grindavíkurvegi í Grindavík um Ísólfsskála á Krýsuvíkurveg sunnan Krýsuvíkur.
430 Úlfarsárvegur: Af Vesturlandsvegi norðan brúar á Úlfarsá sunnan Úlfarsfells á Hafravatnsveg.
431 Hafravatnsvegur: Af Suðurlandsvegi norðan Hólmsár, um Miðdal, á Vesturlandsveg við Þverholt.
433 Reykjalundarvegur: Af Hafravatnsvegi að Reykjalundi.
458 Brautarholtsvegur: Af Vesturlandsvegi norðan Klébergs að Brautarholti.
460 Eyrarfjallsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Kiðafelli, sunnan Eyrarfjalls á Vesturlandsveg hjá Felli.
461 Meðalfellsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Skorá, norðan Meðalfellsvatns á Kjósarskarðsveg sunnan brúar á Laxá hjá Vindáshlíð.

Vesturlandskjördæmi.

1 Vesturlandsvegur: Frá sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni, út fyrir Hafnarfjall, yfir Borgarfjörð hjá Borgarnesi, um Eskiholt, Norðurárdal, að sýslumörkum á Holtavörðuheiði.
50 Borgarfjarðarbraut: Af Vesturlandsvegi við Ferstiklu, um Dragháls, Hestháls og Bæjarsveit, yfir brú á Hvítá hjá Kljáfossi, um Stafholtstungur á Vesturlandsveg hjá Haugum.
51 Akranesvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Lambhaga að Akranesi.
52 Uxahryggjavegur: Af Hvítárvallavegi við Hvítárvelli, um Hest, Götuás, Lundarreykjadal og Uxahryggi að sýslumörkum hjá Sæluhúsahæðum.
53 Hvítárvallavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Seleyri um Andakíl, yfir brú á Hvítá hjá Hvítárvöllum á Vesturlandsveg norðan Eskiholts.
54 Ólafsvíkurvegur: Af Vesturlandsvegi við Borgarnes, um Mýrar, Vegamót og Fróðárheiði til Ólafsvíkur.
55 Heydalsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Kolbeinsstöðum, um Hnappadal og Heydal, á Snæfellsnesveg vestan Bíldhóls.
56 Kerlingarskarðsvegur: Af Ólafsvíkurvegi við Vegamót yfir Kerlingarskarð á Snæfellsnesveg á Kóngsbakkahæðum.
57 Snæfellsnesvegur: Af Vestfjarðavegi við Stóraskóg, um Hörðudal, Skógarströnd, Helgafellssveit og Grundarfjörð á Ólafsvíkurveg við Fróðá.
58 Stykkishólmsvegur: Af Snæfellsnesvegi innan Gríshólsár að Stykkishólmi.
59 Laxárdalsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Saurum, um Laxárdal, að sýslumörkum á Laxárdalsheiði.
502 Svínadalsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Miðfelli, norður yfir Laxá hjá Hóli, um Eyri á Borgarfjarðarbraut gegnt Geitabergi.

503 Akrafjallsvegur: Af Grundartangavegi hjá Klafastöðum um Innra-Hólm að Akranesi.
504 Leirársveitarvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Leirárbrú, um Leirá á Svínadalsveg vestan við Hól.
505 Melasveitarvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Skorholti, um Melasveit á Vesturlandsveg hjá Belgsholti.
506 Grundartangavegur: Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl að Grundartangahöfn.
507 Mófellsstaðavegur: Af Hvítárvallavegi sunnan Andakílsár, um Mófellsstaði á Borgarfjarðarbraut sunnan Skorradalsvatns.
508 Skorradalsvegur: Af Hvítárvallavegi norðan brúar á Andakílsá, um Fossabæi, með Skorradalsvatni að norðan að Fitjum.
510 Vatnshamravegur: Af Skorradalsvegi hjá Vatnshömrum um Heggsstaði á Uxahryggjavegi hjá Hatti.
511 Hvanneyrarvegur: Af Hvítárvallavegi að Hvanneyrarskóla.
512 Lundarreykjadalsvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Fossatúni, um Lundarreykjadal norðanverðan og brú á Grímsá hjá Oddsstöðum á Uxahryggjaveg hjá Brautartungu.
513 Bæjarsveitarvegur: Af Borgarfjarðarbraut vestan við Varmalæk að Hvítárbakka.
514 Laugarholtsvegur: Af Bæjarsveitarvegi að Laugarholti.
515 Flókadalsvegur: Af Borgarfjarðarbraut norðan Varmalækjar um Múlastaði, Skóga, Brennistaði á Borgarfjarðarbraut hjá Litla-Kroppi.
516 Stóra-Kroppsvegur: Af Borgarfjarðarbraut um flugvöll á Kálfanesmelum, um Stóra-Kropp á Borgarfjarðarbraut á Hamramelum.
517 Reykdælavegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Kleppjárnsreykjum, um Reykholtsdal sunnanverðan, yfir brú á Reykjadalsá hjá Steindórsstöðum á Reykholtsdalsveg við Úlfsstaði.
518 Hálsasveitarvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Gróf, um Reykholt og Úlfsstaðaháls, Stóra-Ás, Húsafell og Kalmanstungu á Hvítársíðuveg hjá Bjarnastöðum.
519 Reykholtsdalsvegur: Af Hálsasveitarvegi hjá Úlfsstöðum, inn Reykholtsdal og fram hjá Giljum á Hálsasveitarveg hjá Stóra- Ási.
522 Þverárhlíðarvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Síðumúla um Norðtungu og Hjarðarholt á Borgarfjarðarbraut vestan Þverár.
523 Hvítársíðuvegur: Af Þverárhlíðarvegi hjá Síðumúla, um Hvítársíðu og brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási.
524 Þverárvegur: Af Þverárhlíðarvegi sunnan Litlu-Þverár að Kvíum.
525 Grjóthálsvegur: Af Þverárhlíðarvegi norðan brúar á Litlu-Þverá um Grjót á Norðurárdalsveg hjá Hafþórsstöðum.
526 Stafholtsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, um Stafholt að Svarfhóli.
527 Varmalandsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, um Varmaland og Einifell á Norðurárdalsveg hjá Glitstöðum.
528 Norðurárdalsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Brekku, um brýr á Norðurá hjá Glitstöðum, um sunnanverðan Norðurárdal á Vesturlandsveg hjá Króki.
530 Ferjubakkavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Brennistöðum, um Ferjubakka, á Hvítárvallaveg vestan Ferjukotssíkis.
531 Borgarnesbraut: Af Vesturlandsvegi að Borgarnesi.
532 Þursstaðavegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Borgar að Rauðanesi.
533 Álftaneshreppsvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Langár, suður fyrir Hólsvatn um Krossnes og Þverholt á Ólafsvíkurveg hjá Arnarstapa.
534 Álftanesvegur: Af Álftaneshreppsvegi hjá Kolviðarholti að heimreið að Miðhúsum.
535 Grímsstaðavegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Urriðaárbrú um Árbæ að vegamótum að Grenjum.

536 Laxholtsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Galtarholti um Laxholt og Stangarholt á Ólafsvíkurveg austan Langár.
537 Sauravegur: Af Ólafsvíkurvegi á Raftási á Hraunhreppsveg hjá Jaðri.
539 Staðarhraunsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Raftási að Staðarhrauni.
540 Hraunhreppsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Fíflholtum um Stóra-Kálfalæk, Akra og Þverholt á Álftaneshreppsveg hjá Hrafnkelsstöðum.
566 Hítarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi sunnan Kaldár að vegamótum við Krossholt.
567 Kolviðarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Gerðubergslækjar að Laugagerðisskóla.
568 Skógarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan við Rauðkollsstaði að Hausthúsum.
571 Ölkelduvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Ölkeldu að Hóli.
572 Lýsuhólsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Hraunsmúla, um Lýsudal og Lýsuhól á Ólafsvíkurveg vestan Vatnsholtsár.
574 Útnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi sunnan Fróðárheiðar, um Breiðuvík, Hellissand og Rif að Ólafsvík.
575 Flugvallarvegur Rifi: Af Útnesvegi nálægt Rifi að flugvelli.
576 Framsveitarvegur: Af Snæfellsnesvegi hjá Vindási, um Setberg, út fyrir Eyrarfjall á Snæfellsnesveg hjá Eiði.
577 Helgafellssveitarvegur: Af Snæfellsnesvegi vestan Gríshólsár um Kóngsbakka á Snæfellsnesveg í Berserkjahrauni.
579 Flugvallarvegur Stykkishólmi: Af Stykkishólmsvegi við Nesvog að flugvelli.
580 Hörðudalsvegur vestri: Af Snæfellsnesvegi við Blönduhlíð að Seljalandi.
581 Hörðudalsvegur eystri: Af Snæfellsnesvegi hjá Hörðubóli um Tungu að Seljalandi.
582 Hálsbæjavegur: Af Vestfjarðavegi sunnan brúar á Reykjadalsá, um Hundadal og Bæ á Snæfellsnesveg vestan Miðár.
585 Hlíðarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Fellsenda um Kolsstaði og Kringlu á Vestfjarðaveg norðan Tunguár.
586 Haukadalsvegur: Af Vestfjarðavegi sunnan Haukadalsárbrúar um Haukadal að Smyrlahóli.
587 Hjarðarholtsvegur: Af Vestfjarðavegi vestan Búðardals, um Hjarðarholt að Lambastöðum.
588 Gillastaðavegur: Af Laxárdalsvegi hjá Dönustöðum, um brú á Laxá, um Gillastaði að Lambastöðum.
589 Sælingsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Leysingjastaða að Laugaskóla.
590 Klofningsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Ásgarðs um Fellsströnd, Klofning og Skarðsströnd á Vestfjarðaveg í Saurbæ.
593 Efribyggðarvegur: Af Klofningsvegi við Hellu, um Túngarð og Stóru-Tungu á Klofningsveg vestan Kjarlaksstaðaár.
594 Staðarhólsvegur: Af Klofningsvegi hjá Kirkjuhvoli, um Staðarhól, um brú á Staðarhólsá að vegamótum við Bjarnastaði.
60 Vestfjarðavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Dalsmynni um Bröttubrekku, Búðardal og Svínadal að sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni.
69 Steinadalsvegur: Af Vesturlandsvegi í Gilsfirði að sýslumörkum.

Vestfjarðakjördæmi.

1 Vesturlandsvegur: Frá sýslumörkum á Holtavörðuheiði að sýslumörkum við Hrútafjarðará.
59 Laxárdalsvegur: Frá sýslumörkum á Laxárdalsheiði á Hólmavíkurveg norðan Borðeyrar.

60 Vestfjarðavegur: Frá sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni, um Þorskafjörð, Skálanes, Kletthás, Vattarfjörð, Litlanes, Hjarðarnes og fyrir Vatnsfjarðarbotn, um Helluskarð, Dynjandisheiði, Arnarfjörð, Hrafnseyrarheiði, Dýrafjörð, Gemlufallsheiði, Önundarfjörð, Breiðadalsheiði og á Djúpveg í Skutulsfirði.
61 Djúpvegur: Af Hólmavíkurvegi við Hólmavík um Staðardal, Steingrímsfjarðarheiði og Lágadal, fyrir Ísafjörð, um Eyrarfjall og Ögur, fyrir Skötufjörð, Hestfjörð og Álftafjörð, um Súðavík, Ísafjörð og Óshlíð til Bolungarvíkur.
62 Barðastrandarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Flókalundi í Vatnsfirði, um Barðaströnd yfir Kleifaheiði að Patreksfirði.
63 Bíldudalsvegur: Af Barðastrandarvegi við Patreksfjörð, um Mikladal, fyrir Tálknafjarðarbotn, um Hálfdán til Bíldudals, um Suðurfirði til Trostansfjarðar, þaðan á Vestfjarðaveg rétt norðan við Helluskarð.
64 Flateyrarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Breiðadal til Flateyrar.
65 Súgandafjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Botnsheiði um Suðureyri fyrir Spilli að heimreið að Bæ.
68 Hólmavíkurvegur: Af Vesturlandsvegi vestan Hrútafjarðarár, út með Hrútafirði yfir Stikuháls, fyrir Bitrufjörð um Ennisháls, Kollafjörð, inn með Steingrímsfirði til Hólmavíkur.
69 Steinadalsvegur: Frá sýslumörkum á Steinadalsheiði á Hólmavíkurveg í Kollafirði.
605 Tröllatunguvegur: Af Vestfjarðavegi sunnan Bakkaár, nálægt Bakka, hjá Valshamri, um Tröllatunguheiði á Hólmavíkurveg hjá Húsavík.
606 Karlseyjarvegur: Af Reykhólasveitarvegi hjá Reykhólum að höfn í Karlsey.
607 Reykhólasveitarvegur: Af Vestfjarðavegi í Berufjarðarbotni út Barmahlíð um Reykhóla að Hamarlandi.
608 Þorskafjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi í Þorskafjarðarbotni yfir Þorskafjarðarheiði á Djúpveg á Steingrímsfjarðarheiði.
609 Fjarðarhlíðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Eiði við Vattarfjörð að Firði.
611 Siglunesvegur: Af Barðastrandarvegi norðan Haukabergsárbrúar um Holt að Skriðnafelli.
612 Örlygshafnarvegur: Af Barðastrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð um Hvalsker, Sauðlauksdalsvaðal, Örlygshöfn og Hafnarfjall að Hvallátrum.
614 Rauðasandsvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Hvalskeri að Saurbæ.
615 Kollsvíkurvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Geitagili um Gjögur, Hænuvík, Hænuvíkurháls og Kóngshæð á Örlygshafnarveg á Aurholti.
616 Flugvallarvegur Patreksfirði: Af Örlygshafnarvegi innan Sauðlauksdals að flugvelli.
617 Tálknafjarðarvegur: Af Bíldudalsvegi norðan Tálknafjarðar um Sveinseyri að Stóra-Laugardal.
619 Ketildalavegur: Af Bíldudalsvegi um Bíldudal, út með Arnarfirði um Bakka að Selárdal.
620 Flugvallarvegur Bíldudal: Af Bíldudalsvegi að flugvelli.
622 Svalvogavegur: Af Vestfjarðavegi við Þingeyri um Haukadal, Keldudal og Svalvoga að Lokinhömrum.
623 Flugvallarvegur Dýrafirði: Af Svalvogavegi utan Þingeyrar að flugvelli.
624 Ingjaldssandsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Gemlufalli um Núp, Alviðruvör og Sandsheiði að Sæbóli á Ingjaldssandi.
625 Valþjófsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi nálægt Holti í Önundarfirði, um Hjarðardal að Kirkjubóli í Valþjófsdal.
626 Flugvallarvegur Önundarfirði: Af Valþjófsdalsvegi hjá Holti að flugvelli.
627 Önundarfjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Mosvallahálsi að Vífilsmýrum.
631 Flugvallarvegur Ísafirði: Af Djúpvegi utan Kirkjubæjar í Skutulsfirði að flugvelli.

632 Laugardalsvegur: Af Djúpvegi hjá Hagakoti í Laugardal að Hrafnabjörgum.
633 Vatnsfjarðarvegur: Af Djúpvegi hjá Eyri við Ísafjörð um Vatnsfjörð, Skálavík og Hörgshlíð á Djúpveg í Mjóafjarðarbotni.
634 Reykjanesvegur: Af Vatnsfjarðarvegi utan Svansvíkur að Reykjanesskóla.
635 Snæfjallastrandarvegur: Af Djúpvegi um brú á Langadalsá utan við Neðri-Bakka, út með Langadalsströnd um Ármúla, fyrir Kaldalón út Snæfjallaströnd að Lyngholti.
638 Laugalandsvegur: Af Snæfjallastrandarvegi utan Melgraseyrar að heimreið að Laugarási.
641 Krossárdalsvegur: Af Hólmavíkurvegi sunnan Krossárbrúar að Gröf.
643 Strandavegur: Af Djúpvegi í botni Steingrímsfjarðar, um Bjarnarfjarðarháls, Bala, Veiðileysufjörð, Djúpuvík, fyrir Reykjarfjörð um Gjögur, Árnes, að bryggju í Norðurfirði.
645 Drangsnesvegur: Af Strandavegi hjá Hálsgötugili, sunnan við Bjarnarfjarðarháls, út Selströnd um Drangsnes og Kaldrananes á Strandaveg í Bjarnarfirði sunnan brúar á Bjarnarfjarðará.
646 Flugvallavegur Gjögri: Af Strandavegi í Reykjarfirði að flugvelli.
647 Munaðarnesvegur: Af Strandavegi í Norðurfirði að Munaðarnesi.

Norðurlandskjördæmi vestra.

1 Norðurlandsvegur: Frá sýslumörkum við Hrútafjarðará, um Hrútafjörð, yfir Hrútafjarðarháls, um Miðfjörð, Víðidal, Blönduós, Langadal, Stóra-Vatnsskarð, Vallhólm, Blönduhlíð, Norðurárdal að sýslumörkum á Öxnadalsheiði.
72 Hvammstangavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Stóra-Ósi að Hvammstanga.
74 Skagastrandarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Blönduósi að Skagaströnd.
75 Sauðárkróksbraut: Af Norðurlandsvegi við Varmahlíð, um Langholt, Sauðárkrók, Hegranes, á Siglufjarðarveg norðan Gljúfurár hjá Vatnsleysu.
76 Siglufjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi austan Héraðsvatnabrúar hjá Syðstu-Grund, um Blönduhlíð, Víðvíkursveit, Óslandshlíð, hjá Hofsósi, um Sléttuhlíð, Fljót og Almenninga að Siglufirði.
77 Hofsósbraut: Af Siglufjarðarvegi norðan Grafarár um Hofsós á Siglufjarðarveg sunnan Hofsár.
702 Heggsstaðanesvegur: Af Norðurlandsvegi í Hrútafirði, nálægt Laugarstapa, um Mýrar, Bessastaði og Barð á Norðurlandsveg utan við Melstað.
703 Hálsbæjavegur: Af Norðurlandsvegi á Hrútafjarðarhálsi um Sveðjustaði á Miðfjarðarveg sunnan Melstaðar.
704 Miðfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi austast á Hrútafjarðarhálsi, fram Miðfjörð vestan Miðfjarðarár, um brú á Núpsá hjá Haugi, út Miðfjörð að austan á Norðurlandsveg hjá Laugarbakka.
705 Vesturárdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi norðan við brú á Vesturá, sunnan Brekkulækjar fram Vesturárdal, að vegamótum gegnt Skeggjastöðum.
706 Núpsdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi hjá Haugi að Torfastöðum.
711 Vatnsnesvegur: Frá Hvammstanga út Vatnsnes, um Hindisvík yfir Þórsá, suður Vesturhóp á Norðurlandsveg hjá Vatnshorni.
712 Þorgrímsstaðadalsvegur: Af Vatnsnesvegi hjá Tjörn að Ásbjarnarstöðum.
714 Fitjavegur: Af Norðurlandsvegi á móts við Stórhól, suður Fitjárdal um Ásland yfir Miðfjarðarháls á Miðfjarðarveg sunnan við brú á Urriðaá.
715 Víðidalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi hjá Deildarhóli, um Víðidalstungu, yfir brú á Víðidalsá hjá Hvarfi að Kolugili.

716 Síðuvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan Víðidalsárbrúar á Steinsvaði, um Síðu á Vatnsnesveg hjá Grund.
717 Borgarvegur: Af Síðuvegi hjá Síðu, yfir Faxalæk um Stóru-Borg, á Vatnsnesveg hjá Þorfinnsstöðum.
718 Víðidalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi vestan Lækjamóta, austan Víðidalsár á Víðidalsveg vestri hjá Hvarfi.
721 Þingeyravegur: Af Norðurlandsvegi vestan við Sveinsstaði að vegamótum við Leysingjastaði.
722 Vatnsdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal, vestan ár um brú á Vatnsdalsá hjá Undirfelli og út austan ár á Norðurlandsveg nálægt Aralæk.
723 Grímstunguvegur: Af Vatnsdalsvegi hjá Undirfelli fram Vatnsdal, um Grímstungu og Marðarnúp á Vatnsdalsveg hjá Bakka.
724 Reykjabraut: Af Norðurlandsvegi fyrir norðan Giljá, um Reyki, norðan Svínavatns á Svínvetningabraut hjá Tindum.
725 Miðásavegur: Af Norðurlandsvegi nálægt Torfalæk að Hæl.
726 Auðkúluvegur: Af Reykjabraut við Reyki, vestan Svínavatns um Auðkúlu á Svínvetningabraut sunnan Svínavatns.
727 Svínadalsvegur: Af Auðkúluvegi hjá Grund að Ljótshólum.
728 Flugvallarvegur Blönduósi: Af Norðurlandsvegi vestan Blönduóss að flugvelli.
731 Svínvetningabraut: Af Norðurlandsvegi á Blönduósi, austan Laxárvatns og Svínavatns, um brú á Blöndu hjá Löngumýri á Norðurlandsveg norðan Svartárbrúar.
732 Kjalvegur: Af Svínvetningabraut hjá Syðri-Löngumýri að vegamótum Eiðsstaðavegar.
733 Blöndudalsvegur: Af Svínvetningabraut austan Blöndubrúar hjá Löngumýri að Austurhlíð.
734 Svartárdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Bólstaðarhlíð, um Bergsstaði og Hvamm að Stafni.
741 Neðribyggðarvegur: Af Skagastrandarvegi hjá Enni, um Sölvabakka á Skagastrandarveg sunnan Neðri-Lækjardals.
742 Mýrarvegur: Af Skagastrandarvegi hjá Lækjardal um Mýrar og brú á Laxá og Norðurá á Þverárfjallsveg.
744 Þverárfjallsvegur: Af Skagastrandarvegi utan við brú á Laxá, um Norðurárdal og Þverárfjall á Skagaveg hjá Skíðastöðum.
745 Skagavegur: Af Skagastrandarvegi hjá Skagaströnd, um Kálfshamarsvík, Hafnir, Ketu, Laxárdal, Laxárdalsheiði og Gönguskörð á Sauðárkróksbraut á Sauðárkróki.
748 Reykjastrandarvegur: Af Skagavegi hjá Skarði að Hólakoti.
749 Flugvallarvegur Sauðárkróki: Af Sauðárkróksbraut á Borgarsandi að flugvelli.
751 Efribyggðarvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Álftagerði, um Efribyggð á Skagafjarðarveg norðan Mælifells.
752 Skagafjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan Varmahlíðar, um Mælifell, Tungusveit og Vesturdal að Giljum.
753 Vallhólmsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Völlum, um Stokkhólma að Vindheimum.
754 Héraðsdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi vestan Svartárbrúar hjá Reykjum, um Stapa að Héraðsdal.
755 Svartárdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Breiðagerði að Ánastöðum.
758 Austurdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi í Vesturdal, austan við Jökulsá vestri um Bústaði að vegamótum hjá Skuggabjörgum.
759 Kjálkavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Skeljungshöfða, um Kjálka að Keldulandi.
761 Fjallsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Arnarstapa að Fjalli.

762 Sæmundarhlíðarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði, um Sæmundarhlíð að Fjalli.
764 Hegranesvegur vestri: Af Sauðárkróksbraut á vestanverðu Hegranesi um Helluland á Hegranesveg eystri við Ketu.
765 Hegranesvegur eystri: Af Sauðárkróksbraut hjá Garði að Eyhildarholti.
766 Brimnesvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Narfastöðum, um Brimnes á Siglufjarðarveg hjá Miklahóli.
767 Hólavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Miklahóli, um Viðvík og brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti, um Hóla og brú á Hjaltadalsá í Klukkuhvammi á Hjaltadalsveg.
768 Hjaltadalsvegur: Af Hólavegi sunnan brúar á Hjaltadalsá við Laufskálaholt að Hrafnhóli.
769 Ásavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gálga á Hólaveg við brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti.
781 Deildardalsvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gröf, yfir Grafará hjá Kambi á Siglufjarðarveg norðan Ártúns.
783 Höfðastrandarvegur: Af Siglufjarðarvegi sunnan Hofsár, yfir Hofsá hjá Enni, um Engihlíð á Siglufjarðarveg hjá Litlubrekku.
784 Bæjarvegur: Af Siglufjarðarvegi norðan Hofsár, um Bæ, á Siglufjarðarveg hjá Mýrarkoti.
786 Sléttuhlíðarvegur: Af Siglufjarðarvegi yfir Langalæk, um Skálá austan Sléttuhlíðarvatns á Siglufjarðarveg norðan Keldnakots.
787 Flókadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða, um Austarahól og Barð, á Siglufjarðarveg hjá Sólgörðum.
789 Sléttuvegur: Af Siglufjarðarvegi vestan Fljótaárbrúar um Sléttu og Skeiðfossvirkjun, á Ólafsfjarðarveg nálægt Hvammi.
792 Flugvallarvegur Siglufirði: Frá Siglufirði yfir Fjarðará að flugvelli.
82 Ólafsfjarðarvegur: Frá sýslumörkum á Lágheiði, um Stíflu, á Siglufjarðarveg á Ketilási.

Norðurlandskjördæmi eystra.

1 Norðurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Öxnadalsheiði, um Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar, um Svalbarðsströnd, Víkurskarð. Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Reykjadal, Mývatnsheiði, Mývatnssveit norðan Mývatns, Mývatnsöræfi, Jökulsárbrú, Grímsstaði á Fjöllum, að sýslumörkum á Biskupshálsi.
82 Ólafsfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi á Moldhaugnahálsi, um Arnarneshrepp og Árskógsströnd, um Dalvík, gegnum Ólafsfjarðarmúla, um Ólafsfjörð að sýslumörkum á Lágheiði.
83 Grenivíkurvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Miðvík, um Dalsmynni, Höfðahverfi og Grenivík að Akurbakka.
85 Norðausturvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði, um Köldukinn, Aðaldalshraun, Húsavík, Tjörnes, Kelduhverfi og Jökulsárbrú í Öxarfirði, um Kópasker, Melrakkasléttu og Raufarhöfn, um Þistilfjörð að sýslumörkum á Brekknaheiði.
87 Mývatnsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum í Mývatnssveit, um Hólssand, Hvammsheiði og Reykjahverfi, á Norðausturveg hjá Laxamýri.
802 Garðsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi í Ólafsfjarðarkaupstað um brú á Ólafsfjarðarós, vestan Ólafsfjarðarvatns á Ólafsfjarðarveg hjá Kvíabekk.
803 Kleifavegur: Af Garðsvegi vestan Ólafsfjarðaróss meðfram flugvelli að Sólheimum.
804 Flugvallarvegur Ólafsfirði: Af Kleifavegi við Ós að flugvelli.
805 Svarfaðardalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Árgerði, um Urðir að Atlastöðum.
806 Tunguvegur: Af Svarfaðardalsvegi hjá Hreiðarsstöðum á Skíðadalsveg hjá Hvarfi.

807 Skíðadalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hrísum, um brú á Skíðadalsá hjá Hvarfi, um Skíðadal að vestan og austur yfir Skíðadalsá á brú sunnan við Hnjúk að vegamótum Klængshóls- og Hlíðarvegar.
808 Árskógssandsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Litla-Árskógi að Árskógssandshöfn.
809 Hauganesvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Stærra-Árskógi að Hauganesi.
811 Hjalteyrarvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Skriðulandi að Hjalteyri.
812 Bakkavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Ós, á Hjalteyrarveg hjá Ytri-Bakka.
813 Möðruvallavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Möðruvelli á Hörgárdalsveg hjá Björgum.
814 Staðarbakkavegur: Af Hörgárdalsvegi um brú á Hörgá hjá Skugga að Flögu.
815 Hörgárdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Bægisá, um brú á Helguhyl og norður Hörgárdal að vestan á Ólafsfjarðarveg norðan Hörgárbrúar.
816 Dagverðareyrarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sólborgarhóli, um Dagverðareyri og Gásir á Ólafsfjarðarveg sunnan Hörgárbrúar.
817 Blómsturvallavegur: Frá brú á Lónslæk hjá Ásláksstöðum, norður hjá Syðsta-Samtúni, yfir Norðurlandsveg að Brávöllum.
820 Flugvallarvegur Akureyri: Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar að flugvelli.
821 Eyjafjarðarbraut vestri: Af Norðurlandsvegi á Akureyri, um Grund og Saurbæ, að Hólsgerði.
822 Kristnesvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri norðan Kristness, um Kristnes á Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Kristness.
823 Miðbraut: Frá Eyjafjarðarbraut vestri við Hrafnagil að Eyjafjarðarbraut eystri við Laugaland.
824 Finnastaðavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri skammt norðan Hólshúsa, um brýr á Finnastaðaá og Skjóldalsá á Dalsveg hjá Litla-Garði.
825 Dalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Samkomugerði að Ytra-Dalsgerði.
826 Hólavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Sandhólum, um brú á Eyjafjarðará, um Hóla á Eyjafjarðarbraut vestri á móts við Vatnsenda.
827 Sölvadalsvegur: Af Hólavegi hjá Gnúpufelli að Draflastöðum.
828 Veigastaðavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Hallandi, um Veigastaði á Eyjafjarðarbraut eystri hjá Eyrarlandi.
829 Eyjafjarðarbraut eystri: Af Norðurlandsvegi á Leirum, um Laugaland og brú á Eyjafjarðará hjá Möðruvöllum, á Eyjafjarðarbraut vestri norðan Saurbæjar.
830 Svalbarðseyrarvegur: Af Norðurlandsvegi að Svalbarðseyri.
831 Höfðavegur: Af Grenivíkurvegi við Gljúfurá að Hóli.
832 Vaðlaheiðarvegur: Af Veigastaðavegi við Veigastaði, yfir Vaðlaheiði, Fnjóská, á Norðurlandsveg hjá Hálsi.
833 Illugastaðavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Nesi, yfir Vaðlaheiðarveg suður að Illugastöðum.
834 Fnjóskadalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi hjá Víðivöllum að Grímsgerði.
835 Fnjóskadalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi austan brúar á Fnjóská, um Fnjóskadal austanverðan, á Grenivíkurveg á Dalsmynni.
836 Vaglaskógarvegur: Af Vaðlaheiðarvegi austan við brú á Fnjóská, um Vaglaskóg að Lundi II.
841 Fremstafellsvegur: Af Norðurlandsvegi vestan Kvíslarbrúar, um brú á Djúpá, hjá Fremstafelli, á Norðausturveg hjá Landamóti.
842 Bárðardalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts að Mýri.
843 Lundarbrekkuvegur: Af Bárðardalsvegi eystri hjá Sandkvísl, að Víðikeri.

844 Bárðardalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi hjá Fosshóli, um brú hjá Stóruvöllum á Bárðardalsveg vestri.
845 Aðaldalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Einarsstöðum á Norðausturveg hjá Tjörn.
846 Austurhlíðarvegur: Af Norðurlandsvegi gengt Laugum, hjá Laugaskóla út Austurhlíð, yfir Reykjadalsá hjá Ökrum, á Aðaldalsveg móts við Hamra.
847 Stafnsvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan og neðan við Narfastaði að Stafni.
848 Mývatnssveitarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Arnarvatni um Skútustaði á Norðurlandsveg hjá Reykjahlíð.
849 Baldursheimsvegur: Af Mývatnssveitarvegi skammt austan Arnarvatns að Baldursheimi.
850 Flugvallarvegur Mývatnssveit: Af Norðurlandsvegi við Reynihlíð að flugvelli.
851 Út-Kinnarvegur: Af Norðausturvegi hjá Ófeigsstöðum að Björgum.
852 Sandsvegur: Af Norðausturvegi norðan Knútsstaða að Sandi.
853 Hvammavegur: Af Aðaldalsvegi norðan Ytra-Fjalls, yfir Laxá hjá Hólmavaði, á Mývatnsveg austan Laxárvirkjunar.
854 Staðarbraut: Af Aðaldalsvegi sunnan Syðra-Fjalls, um Laxárvirkjun á Hvammaveg.
855 Fagranesvegur: Af Staðarbraut hjá Hellulandi að Fagranesi.
856 Laxárdalsvegur: Af Staðarbraut vestan Laxár, um brú á Laxá hjá Sogi að Kasthvammi.
858 Flugvallarvegur Aðaldal: Af Norðausturvegi í Aðaldalshrauni að flugvelli.
862 Uppsveitarvegur: Af Norðausturvegi norðan við Meiðavelli að Tóvegg.
863 Kröfluvegur: Af Norðurlandsvegi austan Námaskarðs um Hlíðardal að Kröfluvirkjun.
864 Hólsfjallavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum á Fjöllum, um Hólssand á Norðausturveg austan Jökulsárbrúar í Öxarfirði.
865 Gilsbakkavegur: Af Norðausturvegi hjá Lundi að Gilsbakka.
866 Austursandsvegur: Af Norðausturvegi skammt vestan Klifshaga, um Sandárbrú að Skógum.
867 Öxarfjarðarheiðarvegur: Af Norðausturvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga, á Norðausturveg austan Stóra-Viðarvatns.
868 Laxárdalsvegur: Af Norðausturvegi vestan Garðár í Þistilfirði, að Holti.
869 Langanesvegur: Af Norðausturvegi við Þórshöfn um Þórshöfn og Sauðanes að flugvelli.
870 Kópaskersvegur: Af Norðausturvegi um Kópasker að flugvelli.
873 Flugvallarvegur Raufarhöfn: Af Norðausturvegi norðan Ormarslóns að flugvelli.

Austurlandskjördæmi.

1 Austurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Biskupshálsi, um Möðrudal, Jökuldalsheiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu yfir Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, Berufjörð, Geithellnahrepp, Hvalnesskriður, Lón, Almannaskarð, yfir Hornafjarðarfljótsbrú, hjá Gildraskeri, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Öræfi og Skeiðarársand að sýslumörkum Vestur-Skaftafellssýslu.
85 Norðausturvegur: Frá sýslumörkum á Brekknaheiði, um Bakkafjörð, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hofsárdal og Langadal á Austurlandsveg hjá Möðrudal.
91 Hafnarvegur í Bakkafirði: Af Norðausturvegi hjá Bakkaá að Hafnarkauptúni.
92 Norðfjarðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal, Búðareyri við Reyðarfjörð, Hólmaháls, Eskifjörð, Oddsskarð og til Neskaupstaðar.
93 Seyðisfjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
94 Borgarfjarðarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi við Eyvindará, um Eiðaþinghá, Hjaltastaðarþinghá, yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum, Vatnsskarð og Njarðvík að Bakkagerði.

96 Suðurfjarðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Reyðarfirði um suðurströnd Reyðarfjarðar fyrir Vattarnes, um Fáskrúðsfjörð, Gvendarnes, Stöðvarfjörð, Kambanes og á Austurlandsveg nálægt Heydölum.
97 Breiðdalsvíkurvegur: Af Suðurfjarðavegi hjá Þverhamri til Breiðdalsvíkur.
98 Djúpavogsvegur: Af Austurlandsvegi til Djúpavogskauptúns.
99 Hafnarvegur: Af Austurlandsvegi að Höfn.
913 Strandhafnarvegur: Af Norðausturvegi við Borgarlæk að Ljósalandi.
914 Torfastaðavegur: Af Vesturárdalsvegi innan Skógalóns um brú á Vesturá að Torfastöðum.
915 Vesturárdalsvegur: Af Norðausturvegi við Vopnafjarðarkauptún að Búastöðum.
916 Flugvallarvegur Vopnafirði: Af Hlíðarvegi norðan Hofsár að flugvelli.
917 Hlíðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Fossvöllum, um Jökulsárhlíð, yfir Hellisheiði á Norðausturveg hjá Vatnsdalsgerði.
919 Sunnudalsvegur: Af Hlíðarvegi austan við Hofsá, um brú á Sunnudalsá norðan Sunnudals og á Norðausturveg nálægt Teigi.
923 Jökuldalsvegur: Af Austurlandsvegi við Gilsá um Hákonarstaði að Vaðbrekku.
924 Jökuldalsvegur eystri: Af Austurlandsvegi hjá Hjarðarhaga yfir Jökulsá og út Jökuldal austan Jökulsár á Austurlandsveg í Dimmadal.
925 Hróarstunguvegur: Af Austurlandsvegi við Jökulsárbrú, um Litla-Bakka og Kirkjubæ, yfir Rangá á Austurlandsveg hjá Urriðavatni.
926 Húseyjarvegur: Af Hróarstunguvegi hjá Litla-Bakka að Geirastöðum.
927 Brekkubæjavegur: Af Hróarstunguvegi hjá Þórisvatni um Brekku á Hróarstunguveg hjá Litla-Steinsvaði.
929 Fellavegur: Af Austurlandsvegi hjá Urriðavatni að Staffelli.
931 Upphéraðsvegur: Af Austurlandsvegi norðan Lagarfljótsbrúar um Fell, Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal, um Skóga og á Austurlandsveg hjá Úlfsstöðum á Völlum.
933 Norðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi nálægt Valþjófsstað að Þuríðarstöðum.
934 Múlavegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan Jökulsár um brú á Kelduá um Langhús að Glúmsstöðum.
935 Suðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan brúar á Kelduárkvísl að Víðivöllum fremri.
937 Skriðdalsvegur: Af Upphéraðsvegi vestan Grímsár inn Skriðdal um brýr á Geitdalsá og Múlaá á Austurlandsveg sunnan Jóku.
938 Múlavegur syðri: Af Skriðdalsvegi við Múlabrú að Birkihlíð.
939 Axarvegur: Af Austurlandsvegi í Víðigróf í Skriðdal um Öxi og á Austurlandsveg í Berufjarðarbotni.
941 Flugvallarvegur Egilsstöðum: Af Austurlandsvegi austan Lagarfljótsbrúar að flugvelli.
943 Hjaltastaðarvegur: Af Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði um Hjaltastað að Dölum.
944 Lagarfossvegur: Af Borgarfjarðarvegi nálægt Ásgrímsstöðum um Ekru, yfir Lagarfljót hjá Fossi á Hróarstunguveg.
946 Hólalandsvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um Hólaland að Vegamótum við Hvannstóð.
947 Desjarmýrarvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um brú á Fjarðará að heimreið að Sólbakka norðan við Hrafnárbrú.
951 Vestdalseyrarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi í Seyðisfjarðarkaupstað um Vestdalseyri að Sunnuholti.
953 Mjóafjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi nálægt Köldukvíslarbrú um Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar að Brekku.

954 Helgustaðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Eskifjarðarkaupstað að Stóru-Breiðuvík.
955 Flugvallarvegur Norðfirði: Af Norðfjarðarvegi hjá Þrastarlundi að flugvelli.
956 Dalavegur: Af Suðurfjarðavegi norðan Dalsár að Hólagerði.
961 Flugvallarvegur Breiðdal: Frá Breiðdalsvík að flugvelli vestan kauptúns.
962 Norðurdalsvegur í Breiðdal: Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að vegamótum við brú á Norðurdalsá.
964 Breiðdalsvegur: Af Austurlandsvegi innan Ásunnarstaða, yfir Breiðdalsá hjá Flögu, um Randversstaði á Austurlandsveg sunnan Breiðdalsárbrúar.
966 Flugvallarvegur Djúpavogi: Frá Djúpavogi að flugvelli sunnan kauptúns.
982 Flugvallarvegur Hornafirði: Af Austurlandsvegi hjá Laxá að flugvelli.
986 Rauðabergsvegur: Af Austurlandsvegi austan Djúpár að vegamótum að Holtaseli.
988 Flugvallarvegur Öræfum: Af Austurlandsvegi hjá Fagurhólsmýri að flugvelli.

3.2. FLOKKUN ÞJÓÐVEGA SAMKVÆMT 3.1. Í UNDIRFLOKKA

3.2.1. Stofnbrautir.

1 Suðurlandsvegur.
22 Dalavegur.
205 Klausturvegur
240 Stórhöfðavegur.
30 Skeiða- og Hrunamannavegur.
31 Skálholtsvegur.
33 Gaulverjabæjarvegur:
Stokkseyri – Eyrarbakkavegur.
34 Eyrarbakkavegur
35 Biskupstungnabraut:
Suðurlandsvegur – Skálholtsvegur og Laugarvatnsvegur – Hrunamannavegur.
36 Þingvallavegur.
37 Laugarvatnsvegur.
38 Þorlákshafnarvegur.
39 Þrengslavegur.
343 Álfsstétt.
1 Vesturlandsvegur.
40 Hafnarfjarðarvegur.
41 Reykjanesbraut.
42 Krýsuvíkurvegur:
Reykjanesbraut – Vatnsskarð.
43 Grindavíkurvegur.
44 Hafnavegur:
Reykjanesbraut – Keflavíkurflugvöllur.
45 Garðskagavegur:
Reykjanesbraut – Sandgerði.
46 Víknavegur.
47 Flugvallarvegur Keflavík
410 Elliðavatnsvegur.
411 Arnarnesvegur.
412 Vífilsstaðavegur.
415 Bessastaðavegur:
Hafnarfjarðarvegur – Álftanesvegur.
416 Álftanesvegur.
421 Vogavegur.
422 Njarðvíkurvegur.
427 Ísólfsskálavegur:
Grindarvíkurvegur – Þórkötlustaðir.
431 Hafravatnsvegur:
Úlfarsárvegur – Vesturlandsvegur.
433 Reykjalundarvegur.
50 Borgarfjarðarbraut:
Uxahryggjavegur – Vesturlandsvegur.
51 Akranesvegur.
52 Uxahryggjavegur:
Hvítárvallavegur – Borgarfjarðarbraut.
53 Hvítárvallavegur:
Vesturlandsvegur – Uxahryggjavegur.
54 Ólafsvíkurvegur.
55 Heydalsvegur.
56 Kerlingarskarðsvegur.
58 Stykkishólmsvegur.
57 Snæfellsnesvegur.
574 Útnesvegur:
Hellissandur – Ólafsvík.
60 Vestfjarðavegur.
61 Djúpvegur.
62 Barðastrandarvegur.
63 Bíldudalsvegur.
64 Flateyrarvegur.
65 Súgandafjarðarvegur:
Vestfjarðavegur – Suðureyri.
68 Hólmavíkurvegur.

617 Tálknafjarðarvegur:
Bíldudalsvegur – Tálknafjörður.
1 Norðurlandsvegur.
72 Hvammstangavegur.
74 Skagastrandarvegur.
75 Sauðárkróksbraut.
76 Siglufjarðarvegur.
77 Hofsósbraut.
744 Þverárfjallsvegur.
745 Skagavegur:
Þverárfjallsvegur – Sauðárkróksbraut.
82 Ólafsfjarðarvegur.
85 Norðausturvegur.
87 Kísilvegur.
808 Árskógssandsvegur.
820 Flugvallarvegur Akureyri.
821 Eyjafjarðarbraut vestri:
Norðurlandsvegur – Miðbraut.
823 Miðbraut.
829 Eyjafjarðarbraut eystri:
Norðurlandsvegur – Miðbraut.
845 Aðaldalsvegur.
1 Austurlandsvegur.
92 Norðfjarðarvegur.
93 Seyðisfjarðarvegur.
96 Suðurfjarðavegur.
97 Breiðdalsvíkurvegur.
98 Djúpavogsvegur.
99 Hafnarvegur.
917 Hlíðarvegur.

3.2.2. Þjóðbrautir.

Aðrir þjóðvegir eru þjóðbrautir.

3.3. AÐALFJALLVEGIR

F22 Fjallabaksleið nyrðri:
Af Landvegi (26) við Sigöldu, yfir Jökulgilskvísl hjá Landmannalaugum, Eldgjá og Skaftártungu á Búlandsveg (208) hjá Búlandi (84 km).

F28 Sprengisandsleið:
Af Landvegi (26) við Sigölduvirkjun vestan Þórisvatns, um Þveröldu, Tómasarhaga, hjá Fjórðungsvatni, um Kiðagilsdrög á Bárðardalsveg vestri (842) hjá Mýri í Bárðardal (197 km).

F35 Kaldadalsvegur:
Af Uxahryggjavegi (52) í Brunnum, um Kaldadal á Hálsasveitarveg (518) hjá Húsafelli (40 km).

F37 Kjalvegur:
Af Biskupstungnabraut (35) hjá Gullfossi, um Bláfellsháls og Hveravelli á Kjalveg (732) hjá Eiðsstöðum í Blöndudal (165 km).

F72 Skagafjarðarleið:
Af Skagafjarðarvegi (752) hjá Giljum í Vesturdal, yfir brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug, um Laugafell á Sprengisandsveg (F28) við Fjórðungsvatn (81 km).

F78 Vegur af Eyjafjarðarleið (F82) 4 km austan Laugafellsskála á Sprengisandsleið (F28) í Kiðagilsdrögum (18 km).

F82 Eyjafjarðarleið:
Af Eyjafjarðarbraut vestri (821) við Hólsgerði, um Eyjafjarðardal á Skagafjarðarleið (F72) vestan Laugafellsskála (42 km).

F98 Gæsavatnaleið:
Af Sprengisandsleið (F28) í Tómasarhaga um Urðarháls, yfir Jökulsá hjá Upptyppingum, yfir brú á Kreppu, um Grjót og á Austurlandsveg (1) austan Möðrudals (178 km).

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

0. INNGANGUR

0.1. HEILDARFJÁRMAGN

Gert er ráð fyrir að fjármagn til vegagerðar samkvæmt vegáætlun þessari komi alfarið frá mörkuðum tekjustofnum til vegagerðar ef að undan er skilið 350 m.kr. framlag úr ríkissjóði til framkvæmda við Vestfjarðagöng á árinu 1991.

Árleg aukning umferðar er talin verða rúm 2% á ári á tímabilinu. Gert er ráð fyrir því að sú aukning skili sér beint í auknum tekjum af bensíngjaldi og þungaskatti.

Nauðsynlegt er að nýting tekjustofna verði góð á tímabilinu og að hækkanir gjaldskráa verði í takt við verðlagsþróun. Nokkuð vantar á að gjaldskrár hafi hingað til verið hækkaðar í takt við byggingarvísitölu eins og heimilað er í lögum um tekjuöflun til vegagerðar, en gert er ráð fyrir því að þessum slaka verði náð upp.

Frá því í júní 1989 hefur bensíngjald af blýlausu bensíni verið 8,5% lægra en almennt bensíngjald. Á þeim tíma hefur markaðshlutdeild blýlauss bensíns farið úr 40% í um 60% og er talið að sú þróun haldi áfram. Gert er ráð fyrir því að þessari skerðingu á mörkuðum tekjum, sem felst í áðurnefndum afslætti, verði náð upp á árinu 1992. Hafa tvær aðferðir verið ræddar í þessu sambandi, þ.e. að færa þennan afslátt yfir á tollinn (þ.e. með því að hafa lægri tollprósentu á blýlausa bensíninu) eða með því að hækka bensíngjald almennt umfram þá viðmiðun sem nú er í lögum. Hvort tveggja kallar á lagabreytingu.

Hvað þungaskatt varðar þá eru áformaðar breytingar á innheimtukerfi hans þannig að innheimta fari fram mánaðarlega samkvæmt áætluðum akstri í stað ársþriðjungslegrar greiðslu samkvæmt álestrum nú. Mun þetta skila tveimur aukamánuðum í innheimtu á árinu 1991. Breyting þessi kallar einnig á lagabreytingu. Einnig er áætlað að ný tegund ökumæla verði lögboðin sem ásamt hertu eftirliti eiga að koma að mestu leyti í veg fyrir undanbrögð frá skattinum, en þau eru talin hafa verið veruleg á undanförnum árum. Miðað er við að tekjuauki af þessum ástæðum komi fram á nokkrum árum.

0.2. VERÐGRUNDVÖLLUR ÁÆTLUNARINNAR

Allar tölur í þessari áætlun eru settar fram á áætluðu meðalverðlagi 1991. Vísitala vegagerðar 1990 var að meðaltali 4.254 og gert er ráð fyrir hækkun upp á rúm 7% milli ára þannig að áætluð meðalvísitala 1991 er 4.560.

Gert er ráð fyrir að verðlag áranna 1992–1994 verði hækkað við meðferð málsins á Alþingi.

0.3. TENGSL VEGÁÆTLUNAR OG LANGTÍMAÁÆTLUNAR

Vegáætlun sú, sem hér er lögð fram, tekur til áranna 1991–1994. Unnið er að endurskoðun langtímaáætlunar, en ekki varð af þeirri endurskoðun, sem fara átti fram 1987. Ný langtímaáætlun mun taka til áranna 1991–2002. Þeim tíma er skipt á þrjú tímabil og er hvert þeirra fjögur ár. Fyrsta tímabil nýrrar langtímaáætlunar tekur þá til þeirra ára, sem vegáætlunin nær yfir. Röðun verkefna er á tímabil í langtímaáætlun og síðan tekur vegáætlunin við og raðar verkefnum á ár innan tímabilsins. Nauðsynlegt er því að röðun í báðum áætlununum fari fram á sama tíma til að samræmi verði milli áætlana.

I. FJÁRÖFLUN TIL VEGAMÁLA 1991–1994

1.1. MARKAÐAR TEKJUR

Vegagerð ríkisins hefur samkvæmt lögum tekjur af mörkuðum tekjustofnum. Hér á eftir fer tafla yfir áætlaða innheimtu á mörkuðum tekjum á árunum 1991–1994. Allar upphæðir eru á meðalverðlagi 1991.

Ár	Bensín-gjald	Þungask. km-gjald	Þungask. árgjald	Samtals
1991	3 570	1 275	345	5 190
1992	4 140	1 325	385	5 850
1993	4 240	1 440	390	6 070
1994	4 330	1 555	395	6 280

1.1.0. Bifreiðaeign.

Innflutningur á bifreiðum dróst mikið saman á árunum 1989–1990 eftir hinn mikla innflutning á árunum 1986–1988. Á árinu 1989 voru nýskráðar bifreiðar alls um 7.100. Árið 1990 voru þær 8.800 en urðu flestar á árinu 1987 um 23.500.

Þrátt fyrir að innflutningur bifreiða sé heldur að aukast aftur varð samdráttur í bifreiðaeign landsmanna annað árið í röð en í ársbyrjun 1991 áttu landsmenn 134.181 bifreið.

Ársbyrjun	Fólks-bílar	Fólksb. á 1000 íb.	Alm.-bílar	Vöru-bílar	Bifreiðar alls
1960	14 228	89	325	5 703	20 256
1970	37 304	183	555	5 727	43 586
1980	81 025	357	1 117	7 873	90 015
1985	100 477	415	1 165	11 560	113 202
1986	102 954	426	1 422	12 741	117 117
1987	112 760	462	1 222	12 144	126 126
1988	120 456	488	1 238	11 846	133 540
1989	125 600	499	1 300	12 150	139 050
1990	124 273	490	1 328	12 177	137 778
1991	119 731	468	1 328	13 122	134 181

1.1.1. Tekjur af bensíni.

Sala á bensíni er aðallega háð fjölda bensínbifreiða og meðaleyðslu á bifreið. Þrátt fyrir að samdráttur hafi orðið í bifreiðaeign landsmanna á síðasta ári jókst bensínsala um 1,9% frá árinu 1989. Helstu forsendur fyrir spá hvað varðar tekjur af bensíni eru að markaðir stofnar verði nýttir til fulls, að árleg aukning umferðar verði rúm 2% og að á árinu 1992 verði náð upp tekjumissi vegna afsláttar sem veittur hefur verið af bensíngjaldi af blýlausu bensíni frá því í júní 1989.

1.1.2.–3. Tekjur af þungaskatti.

Þungaskattur er innheimtur af dísilbifreiðum og á hann að samsvara bensíngjaldi hjá bensínbifreiðum. Um er að ræða tvenns konar þungaskatt. Annars vegar er árgjald, sem innheimt er af flestum smærri dísilbifreiðum, og hins vegar km-gjald sem greiða skal af akstri samkvæmt ökumæli. Allar stærri dísilbifreiðar og þeir eigendur smærri dísilbifreiða sem þess óska greiða km-gjaldið.

Tekjur af þungaskatti sem áætlaðar eru í vegáætlun þessari miðast einnig við að tekjustofnar séu fullnýttir og að gjaldskrár verði hækkaðar í takt við verðlagsþróun.

Þungaskattskerfið hefur verið í endurskoðun undanfarin ár og er reiknað með því að einhverjar breytingar verði gerðar á því. Gert er ráð fyrir því að ný tegund ökumæla verði lögboðin, sem ásamt hertu eftirliti á að tryggja betri skil á skattinum og er reiknað með því að tekjuauki af þessum ástæðum komi fram á nokkrum árum.

Þungaskattur samkvæmt árgjaldi hefur verið innheimtur tvisvar á ári og þungaskattur samkvæmt km-gjaldi þrisvar sinnum og er um álestur að ræða í hvert sinn. Reiknað er með að innheimtukerfinu verði breytt á árinu 1991 þannig að innheimta fari fram mánaðarlega samkvæmt ársáætlun sem síðan verði rétt af með álestrum. Mun þetta skila tveimur aukamánuðum í innheimtu á árinu 1991 auk þess sem talið er að þessi breyting muni bæta almennt skilin á skattinum.

1.2. ÖNNUR FRAMLÖG

Á árinu 1991 er gert ráð fyrir sérstöku framlagi, 350 m.kr. til jarðgangagerðar á Vestfjörðum að öðru leyti er reiknað með að framlög til Vegagerðarinnar verði alfarið af mörkuðum tekjum.

II. SKIPTING ÚTGJALDA 1991–1994

2.0. STARFSMANNAMÁL

Fastir starfsmenn hjá Vegagerð ríkisins voru 342 um síðustu áramóti í 336 stöðugildum en stöðugildi með starfsnúmer eru 354 þannig að óráðið er í 18 stöðugildi. Ekki er gert ráð fyri að stöðugildum verði fjölgað á áætlunartímabilinu, en þörf er fyrir þau stöðugildi, sem fyrir hendi eru.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda starfsmanna og skiptingu þeirra eftir starfstéttum og í umdæmi.

Fastir starfsmenn 31. desember 1990.

	Reykja-vík	Suður-land	Reykja-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur-land	Samtals
Yfirstjórn, skrifstofa	24	3	2	4	3	2	4	4	46
Tæknilegur undirbúningur	39	6	3	5	5	3	7	4	72
Vegaeftirlit	5								5
Starfsm. áhhúsa skv. lfl. BSRB	13						1	1	15
Iðnlærðir verkstjórar	3	1	1	1	1	2	1	1	11
Verkstjórar	3	9	4	8	8	6	13	10	61
Iðnaðarmenn	7	2	4	5	2	3	4	3	30
Vélamenn	5	6	5	15	10	6	10	8	65
Verkamenn	1	5	2	3	5	5	4	0	25
Ráðskonur, matreiðslum.	4	1		1	1	1	2	2	12
Fastir starfsmenn í des. 1990	104	33	21	42	35	28	46	33	342
Fastir starfsmenn í des. 1989	106	30	24	43	34	27	47	34	345
Fastir starfsmenn í des. 1988	116	31	17	40	32	29	45	35	345
Fastir starfsmenn í des. 1987	117	31	19	44	32	30	45	40	358
Fastir starfsmenn í des. 1986	123	32	18	46	32	29	48	43	371
Fastir starfsmenn í des. 1985	124	33	17	48	32	32	55	44	385
Fastir starfsmenn í des. 1984	136	36	19	54	35	36	59	48	423
Fastir starfsmenn í des. 1983	146	37	21	59	39	37	65	51	455
Fastir starfsmenn í des. 1982	150	42	21	61	38	35	68	46	461
Fastir starfsmenn í des. 1981	155	38	22	60	35	35	66	48	459

2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

Verkefni á þessu sviði hafa orðið æ umfangsmeiri með árunum. Stafar það ekki síst af því að framkvæmdir þær, sem ráðist er í, eru stöðugt stærri og flóknari. Þá þarf að leita umsagnar og samráðs við fleiri aðila en var áður. Undirbúningur verka verður því tímafrekari og dýrari en áður var. Þá er stöðugt vaxandi þörf fyrir gerð staðla og annarra grunngagna, svo og gerð áætlana, tæknilegra og fjárhagslegra, og eftirlits með þeim.

2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Til þessa liðar telst eftirfarandi starfsemi: Yfirstjórn Vegagerðarinnar, stjórnsýslusvið, en undir það heyrir fjárreiðudeild sem sér um fjármál stofnunarinnar, bókhald, launavinnslu og almennt skrifstofuhald í Reykjavík, hagdeild sér m.a. um fjárhags- og rekstraráætlanagerð og kostnaðareftirlit og lögfræði og starfsmannadeild en undir hana heyrir, auk lögfræði- og starfsmannamála, bókasafn og útgáfustarfsemi. Lagt er til að fjárveiting verði 133 m.kr. 1991, 139 m.kr. 1992, 143 m.kr. 1993 og 146 m.kr. 1994.

2.1.2. Tæknilegur undirbúningur.

Tæknideildir Vegagerðarinnar vinna að hönnun verka, stjórnun framkvæmda og eftirliti með þeim auk ýmiss konar rannsóknastarfa. Ef unnið er við verk sem hefur fjárveitingu skv. vegáætlun færist kostnaðurinn á það. Verkefni sem kostuð eru af þessum lið eru auk stjórnunarstarfa einkum hönnun verka, sem enn hafa ekki fjárveitingu skv. vegáætlun svo og áætlanagerð og ýmsar rannsóknir. Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 102 m.kr. á árinu 1991 og hækki í 113 m.kr. á árinu 1994.

2.1.3. Vegaeftirlit og umferðartalning.

Fjárveiting til þessa liðar er miðuð við, að vegaeftirlit og upplýsingaþjónustu um færð og ástand vegakerfisins verði haldið í sama horfi og verið hefur undanfarin ár, og að sömu starfsmenn sjái einnig að mestu um umferðartalningu. Þessi starfsemi hefur tvímælalaust gefið mjög góða raun við að takmarka ofhleðslu og hlífa með því vegakerfinu. Á næstu árum verður haldið áfram að kaupa sjálfvirka umferðarteljara, en þeir spara mikið mannahald í sambandi við aflestra. Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 33 m.kr. á þessu ári en hækki í 38 m.kr. á árinu 1994.

2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Hér er um að ræða greiðslu eftirlauna til fyrrverandi vegagerðarstarfsmanna, sem hafa engan eða mjög lítinn aðgang að lífeyrissjóði vegna skamms greiðslutíma iðgjalda. Greiðir Vegagerðin það sem á vantar til að þeir nái sem svarar 60% af eftirlaunum þeirra, sem fullan aðgang hafa. Á árinu 1990 nutu alls 28 aðilar þessara eftirlauna og má gera ráð fyrir, að sú tala hækki ekki, því að þeir sem nú hætta störfum fyrir aldurs sakir hafa greitt iðgjöld í lífeyrissjóð það lengi.

2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

Viðhaldi þjóðvega er nú skipt upp með nýjum hætti. Þeim verkefnum, sem áður féllu undir sumarviðhald, er nú skipt í almenna þjónustu og viðhald. Meginrökin fyrir breytingunni eru þau, að kröfur umferðarinnar um þjónustu á vegakerfinu fara stöðugt vaxandi, og þarf að marka þeim verkefnum ákveðnari sess í vegáætlun, en verið hefur. Einnig ber að hafa í huga að verkefni, sem snúa að þjónustu við umferðina og rekstri vegakerfisins eiga ekki mikla samleið með viðhaldsverkefnum í framkvæmdalegu tilliti.

2.2.1. Almenn þjónusta.

Lagt er til að fjárveiting í vegáætlun verði 657 m.kr. og henni verði skipt eins og hér kemur fram síðar.

Við könnun og athuganir sem gerðar hafa verið er fjárþörf til þjónustu vegakerfisins um 800 m.kr. Lagt er til að fjárveiting verði 680 m.kr. á árinu 1992, 704 m.kr. 1993 og 729 m.kr. á árinu 1994.

Almenn þjónusta afmarkast af þeirri viðhalds- og viðgerðarvinnu á vegum, vegamannvirkjum og vegsvæðum sem inna þarf af hendi til að viðhalda því ástandi sem fyrir er og ætla má að þurfi að vera til að uppfylla þau markmið sem sett eru varðandi greiða umferð og almennt umferðaröryggi.

Verkefnum þessum er skipt í fjóra meginflokka, þ.e. til sameiginlegrar þjónstu, til þjónustu malarvega, til þjónustu vega með bundið slitlag og til þjónustu brúa.

2.2.1.1. Sameiginlegt.

Lagt er til að fjárveiting verði 237 m.kr. og verði varið til þess að greiða lýsingu fram með vegum, endurnýjun og viðhald á kantstikum, umferðarmerkjum og leiðurum, hreinsun vegsvæða og áningarstaða meðfram vegum, upplýsingamiðlunar og eftirlits með vegum auk margs annars sem hefur að markmiði að umferðin komist leiðar sinnar á öruggan og þægilegan hátt.

Einnig er lagt til að fjárveiting þessi hækki með vaxandi umferð og verði 243 m.kr. 1992, 253 m.kr. 1993 og 262 m.kr. 1994.

2.2.1.2. Malarvegir.

Lagt er til að fjárveiting verði 260 m.kr. árið 1991 en helstu kostnaðarliðir eru vegheflun, rykbinding og önnur smærri viðgerðarverkefni á malarvegum og aðrir þættir sem tengdir eru þjónustu á malarvegum.

Reiknað er með að fjárveiting þessi hækki í 266 m.kr. á árinu 1992, 273 m.kr. 1993 og 280 m.kr. árið 1994.

2.2.1.3. Vegir með bundið slitlag.

Lagt er til að fjárveiting verði 134 m.kr. árið 1991 og verði varið til þess að greiða yfirborðsmerkingar á vegum, viðgerðir á tilfallandi skemmdum á bundnum slitlögum, lagfæringu á öxlum (hliðarsvæði við akbraut) og aðra þætti sem tengdir eru þjónustu á vegum með bundin slitlög.

Einnig er lagt til að fjárveiting þessi hækki með vaxandi umferð og verði 144 m.kr. 1992, 151 m.kr. 1993 og 158 m.kr. á árinu 1994.

Reiknað er með að fjárþörf þjónustu á vegum með bundin slitlög vaxi hraðar en á malarvegum vegna tilkomu nýrra bundinna slitlaga.

2.2.1.4. Brýr.

Lagt er til að fjárveiting verði 26 m.kr. á árinu 1991 og verði varið til þess að greiða kostnað við umhirðu og minni háttar viðgerðir á brúm, stærri vegræsum, vegskálum og varnargörðum. Einnig er lagt til að fjárveiting þessi hækki í 27 m.kr. á árunum 1992 og 1993 og síðan 29 m.kr. á árinu 1994.

2.2.2. Vetrarþjónusta.

Lagt er til að fjárveiting til vetrarþjónustu verði 573 m.kr. á árinu 1991.

Unnið er að endurskoðun á snjómokstursreglum sem fyrirhugað er að taki gildi í mars á þessum vetri og er reiknað með að fjárveiting þessi dugi til þess að sinna nýjum og breyttum reglum.

Búast má við að kostnaður fari síðan vaxandi með aukinni umferð og auknum kröfum vegfarenda.

Vetrarþjónusta tekur, auk snjómoksturs og hálkuvarnar, til eftirlits og upplýsingaþjónustu við vegfarendur, viðgerða á minni háttar snjóvarnarvirkjum, svo og viðhalds á snjóstikum, merkingum og öðru því er varða öryggi vegfarandans að vetrarlagi.

Lagt er til að fjárveiting hækki í 587 m.kr. 1992, 603 m.kr. 1993 og síðan 619 m.kr. á árinu 1994.

2.2.3. Viðhald.

Viðhald miðar að því að varðveita verðmæti vegarins og notagildi fyrir þá umferð sem um hann fer.

Það tekur m.a. til styrkingar vega og brúa og endurnýjunar slitlaga, bundinna slitlaga og malarslitlaga, svo og lagfæringa á hættustöðum og snjóastöðum. Með hliðsjón af núverandi ástandi er ljóst að ekki er unnt að fresta verulegum endurbótum og styrkingum á miklum hluta malarvegakerfisins þar til fé fæst til endurbyggingar. Þessi verkefni verða því að falla undir viðhald.

Þörf fyrir fé til viðhalds hefur verið áætluð 1.300 til 1.400 m.kr. á ári. Hér er lagt til að fjárveitingar fari hækkandi frá 748 m.kr. 1991 í 1.153 m.kr. 1994 og nái þannig h.u.b. 80% af áætlaðri þörf.

2.2.3.1. Endurnýjun bundinna slitlaga.

Þessi þáttur viðhaldsins er mjög þýðingarmikill vegna varðveislu þeirra miklu verðmæta sem liggja í bundnu slitlögunum. En frestun á yfirlögn getur á skömmum tíma valdið eyðileggingu á öllu slitlaginu. Hér er því gert ráð fyrir að mæta alltaf mestum hluta eða 90% af hinni áætluðu þörf á áætlunartímabilinu með 285 m.kr. fjárveitingu á árinu 1991 og hækkun árlega í 361 m.kr. á árinu 1994.

2.2.3.2. Endurnýjun malarslitlaga.

Talið er að af þeim vegum sem nú teljast malarvegir hafi aðeins tæpur helmingur raunverulegt malarslitlag. Til þess að halda í horfinu með endurnýjun þessara 3.000 km raunverulegra malarslitlaga hefur verið áætlað að þurfi um 390 m.kr. árlega.

Svo sem kunnugt er, hefur endurnýjun malarslitlaga á undanförnum árum verið langt frá áætlaðri þörf og hvergi nærri mætt óskum vegfarenda.

Hér er lagt til að fjárveiting 1991 verði 133 m.kr. en fari síðan hækkandi árlega í 230 m.kr. 1994. Þessar fjárveitingar munu því mæta frá 34 til 58% af áætlaðri þörf fyrir endurnýjun malarslitlaga á þeim vegum sem nú hafa malarslitlag. Þá er ekki gert ráð fyrir gerð nýrra malarslitlaga.

2.2.3.3. Styrkingar og endurbætur.

Á meðan unnið er að uppbyggingu vegakerfisins, kemur stöðugt fram þörf fyrir styrkingar og lagfæringar sem ekki geta beðið þess að fjármagn fáist til endurbyggingar viðkomandi vegarkafla. Oftast má rekja þetta til vaxandi umferðar eða annarra þátta í vaxandi kröfum til veganna. En einnig getur verið um að ræða eðlilegt slit og niðurbrot í burðarlagi vegarins. Hér er lagt til að þessari þörf sé mætt með hækkandi fjárveitingum frá 140 m.kr. 1991 í 302 m.kr. 1994.

2.2.3.4. Viðhald brúa og varnargarða.

Nú er lagt til að sameiginleg fjárveiting verði til viðhalds brúa og varnargarða, 65 m.kr. 1991 og síðan hækkandi í 90 m.kr. 1993 og 1994.

Þetta er svipað fjármagn og varið hefur verið til þesara liða á undanförnum árum.

Vegna þess hvað endurbyggingu brúa hefur miðað hægt, jafnframt því sem kröfur m.a. til breiddar og öryggis aukast, fer viðhaldsþörfin vaxandi og má gera ráð fyrri að þessar fjárveitingar reynist ónógar eins og verið hefur undanfarin ár.

TIL NÝRRA FRAMKVÆMDA

Á árunum 1991–1992 er hlutfallsleg skipting fjár milli framkvæmdaliða í samræmi við gildandi vegáætlun.

Hin árin (1993–94) er skipting milli framkvæmdaliða í samræmi við tillögu um langtímaáætlun. Í samræmi við gildandi vegáætlun er lagt til að sérstakar fjárveitingar til bundinna slitlaga á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum falli niður. Lagt er til að fjárveitingar til stórverkefna og vega á höfuðborgarsvæðinu verði greindar í sundur.

2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

Við skiptingu fjár á einstaka liði er á árunum 1991–1992 haldið þeim hlutföllum, sem voru í gildandi vegáætlun. Á árunum 1993 og 1994 eru notuð endurskoðuð hlutföll sem fram hafa komið við vinnu við endurskoðun langtímaáætlunar.

2.3.1. Til stofnbrauta.

Lagt er til að skipting fjárveitinga til einstakra verkefnaflokka undir þessum lið verði sem hér segir:

	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
1. Almenn verkefni og bundin slitlög	768	971	743	798
2. Sérstök verkefni	419	420	406	344
3. Höfuðborgarsvæðið	301	386	587	584
4. Stórverkefni	770	543	533	529

1. Almenn verkefni og bundin slitlög.
   Í þessum verkefnaflokki er öll almenn vegagerð á stofnbrautum, þar með talið bundið slitlag. Fjárveitingar af þessum lið geta einnig gengið til brúa, sem bundnar eru vegaframkvæmdum.
2. Sérstök verkefni.
   Miðað er við að fjárveiting til sérstakra verkefna standi undir öllum kostnaði við viðkomandi verk, þar með talið brúagerð. Undantekning er í þeim tilfellum þegar fjármagni er veitt af þessum lið til verkefna, sem einnig fá fjárveitingu af liðnum stórverkefni.
3. Höfuðborgarsvæðið.
   Lagt er til að fjárveiting til þessa verkefnis greiði kostnað bæði við þjóðvegi á höfuðborgarsvæðinu og við þjóðvegi í þéttbýli. Á þessu svæði er þjóðvegaumferð langmest og slys tíðust. Þörf fyrir úrbætur hefur vaxið ört á undanförnum árum og er orðið aðkallandi að ráðast í kostnaðarsamar framkvæmdir bæði á þjóðvegum og þjóðvegum í þéttbýli.
4. Stórverkefni.
   Lagt er til að fjárveiting samkvæmt þessum lið skiptist til fjármögnunar framkvæmda í jarðgöngum, og til stórbrúa og fjarðaþverana. Við afgreiðslu gildandi vegáætlunar var ákveðið að fjárveitingar til einstakra verkefna innan þessa framkvæmdaflokks yrðu utan

þess kvóta sem hvert kjördæmi fær úthlutað, enda stærð þessara verkefna slík að þau yrðu vart leyst með því móti. Þó var talið eðlilegt að af kvótanum komi ákveðin fjárveiting á móti. Var við það miðað að mótframlag þetta væri 20% fyrir jarðgöng og 37,5% fyrir stórbrýr og fjarðaþveranir. Lagt er til að þessum hætti verði fram haldið. Gert er ráð fyrir að frekari tilhögun fjárveitinga til stórverkefna, svo sem skipting á verkefnaflokka og verkefni í hverjum flokki, verði ákveðin við meðferð málsins á þingi.

2.3.2. Til þjóðbrauta.

Lagt er til að fjárveiting til þjóðbrauta 1991 verði 276 m.kr. en hækki í 400 m.kr. síðasta ár tímabilsins.

2.3.3. Til bundinna slitlaga á þjóðvegum í kaupstöðum og kauptúnum.

Þau verkefni, sem fjárveitingum samkvæmt þessum lið var ætlað að greiða, eru nú það langt komin, að lagt er til að fjárveitingar falli niður frá og með árinu 1992.

2.3.4. Til girðinga og uppgræðslu.

Áætlað er að í árslok 1990 séu ógreiddar girðingakröfur um 250 m.kr. Þá er talið að eftir sé að græða upp um 2.500 ha meðfram vegum.

Lagt er til að fjárveiting til þessa verkefnis verði 26 m.kr. árið 1991, 31 m.kr. árið 1992, 35 m.kr. 1993 og 40 m.kr. 1994.

2.4. TIL BRÚAGERÐA

Lagt er til að fjárveiting til brúa verði 163 m.kr. 1991, 185 m.kr. 1992, 176 m.kr. 1993 og 174 m.kr. 1994. Þessu til viðbótar geta komið fjárveitingar til brúagerða af liðunum almenn verkefni og bundin slitlög og sérstök verkefni, auk þeirra fjárveitinga sem koma til stórbrúa.

2.5. TIL FJALLVEGA O.FL.

Verkefni í þessum flokki eru vaxandi, og er lagt til að þau fái nokkra aukningu á vegáætlunartímabilinu.

2.5.1. Til aðalfjallvega.

Aðalfjallvegir eru taldir um 800 km. Lagt er til að fjárveiting til þeirra verði 20 m.kr. á árinu 1991, en 24 m.kr. árið 1991, 26 m.kr. 1993 og 28 m.kr. 1994.

2.5.2. Til annarra fjallvega.

Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 12 m.kr. á árinu 1991, 13 m.kr. árið 1992 og 15 m.kr. 1993–94.

2.5.3. Þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum.

Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 10 m.kr. á árinu 1991, 17 m.kr. árið 1992, 18 m.kr. 1993 og 22 m.kr. 1994.

2.5.4. Vegir á Þingvöllum.

Lagt er til að fjárveiting verði 5 m.kr. 1991, 3 m.kr. 1992 og 2 m.kr. 1993. Síðan falli sérstök fjárveiting til þessa liðar niður.

2.5.5. Reiðvegir.

Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði aukin nokkuð og verði 6 m.kr. árið 1991 en vaxi í 9 m.kr. á árinu 1994.

2.6. TIL SÝSLUVEGASJÓÐA

Lagt er til að fjárveiting til þessa verkefnaflokks hækki nokkuð frá því sem hún var á síðasta ári, verði 187 m.kr. 1991, 193 m.kr. 1992, 197 m.kr. 1993 og 204 m.kr. 1994.

2.7. TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM

Lagt er til að fjárveitingin verði 270 m.kr. árið 1991, en hækki í 278 m.kr. árið 1992, 286 m.kr. árið 1993 og 295 m.kr. 1994.

Samkvæmt vegalögum er ¾ hlutum fjárframlagsins skipt eftir íbúatölu milli þeirra þéttbýlisstaða, sem hafa 200 íbúa eða fleiri, en ¼ hluta fjárins er ráðstafað af fjárveitinganefnd Alþingis skv. 34. gr.vegalaga (upphæðir í m.kr.).

	1991	1992	1993	1994
Heildarframlag	270	278	286	295
¼ hluta ráðstafað af fjvn. Alþingis	68	69	72	74
Til skipta samkvæmt íbúatölu	202	209	214	221

Íbúatala þéttbýlisstaða með 200 íbúa eða fleiri þann 1. desember 1989 var 229.532. Fjárveiting 1990 var alls 225 m.kr. og upphæð á hvern íbúa 735,19 kr.

2.8. TIL TILRAUNA Í VEGAGERÐ

Fjárveiting þessi er ½% af tekjum Vegasjóðs. Er áætlað að haldið verði áfram tilraunum við ýmsa þætti vegagerðar á þessu vegáætlunartímabili eins og verið hefur.

III. UM FLOKKUN VEGA

3.1. ÞJÓÐVEGIR EFTIR KJÖRDÆMUM

Í þessum tillögum eru þjóðvegir flokkaðir eftir 12. gr. vegalaga. Ekki eru gerðar tillögur um breytingar á vegum frá fyrri vegáætlun, en lagt til að nokkrar þjóðbrautir verði gerðar að stofnbrautum.

Þar sem þjóðvegur endar við bæ, er lengd hans miðuð við vegamót heimreiðar en hún telst sýsluvegur eða einkavegur.

Í fylgiskjali 2.3.0.–01 eru sýndar í töfluformi vegalengdir stofnbrauta, þjóðbrauta og þjóðvega í þéttbýli miðað við kjördæmi, eins og þær voru 1. janúar 1991.

3.2.1. Stofnbrautir.

Lagt er til að eftirtaldir vegir og vegarkaflar, sem verið hafa þjóðbrautir, verði nú stofnbrautir.

205 Klausturvegur.
22 Dalavegur.
240 Stórhöfðavegur.

Tenging um uppsveitir Suðurlands frá Flúðum um Geysi að Laugarvatni:

30 Skeiða- og Hrunamannavegur frá Flúðum upp að Biskupstungnabraut hjá Kjóastöðum. Hann var áður stofnbraut að Flúðum, en það gildir nú um allan veginn.

35 Biskupstungnabraut frá vegamótum Laugarvatnsvegar við Múla, fram hjá Geysi að vegamótum Biskupstungnabrautar hjá Kjóastöðum.
37 Laugarvatnsvegur frá Laugarvatni að Biskupstungnabraut hjá Múla, og verði þar með allur stofnbraut.
410 Elliðavatnsvegur.
427 Ísólfsskálavegur frá Grindavíkurvegi að Þórkötlustaðahverfi.
42 Krýsuvíkurvegur frá Reykjanesbraut að Vatnsskarði.
44 Hafnavegur frá Reykjanesbraut að Keflavíkurflugvelli.
Hringtenging um Borgarfjarðardali:
50 Borgarfjarðarbraut frá vegamótum Uxahryggjavegar nálægt Hesti, um Kleppjárnsreyki á Vesturlandsveg hjá Haugum.
52 Uxahryggjavegur frá Hvítárvallavegi hjá Hvítárvöllum að Borgarfjarðarbraut nálægt Hesti.
53 Hvítárvallavegur frá Vesturlandsvegi fram hjá Hvanneyri að vegamótum Uxahryggjavegar hjá Hvítárvöllum.
Tenging yfir Þverárfjall:
744 Þverárfjallsvegur.
745 Skagavegur frá vegamótum Þverárfjallsvegar hjá Skíðastöðum að Sauðárkróksbraut við Sauðárkrók.
820 Flugvallarvegur Akureyri.
87 Kísilvegur.

Í fylgiskjali 2.3.1.–01 eru vegalengdir stofnbrauta miðaðar við kjördæmi sýndar í töfluformi.

3.2.2. Þjóðbrautir.

Í fylgiskjali 2.3.2.–01 eru vegalengdir þjóðbrauta miðaðar við kjördæmi sýndar í töfluformi.

Fskj. 2.2.1.–01.

Sumarviðhald þjóðvega.
Kostnaður á áætluðu verðlagi vegáætlunar 1991.

	Viðhalds-kostn. m.kr.	Vísitala viðhalds-kostn.	Viðhaldsk. verðl.'90 m.kr.	Lengd akfærra þjóðv. km	Viðhk. pr.km. verðl. '90 þús.kr.	Bílafj. í árs-byrjun	Eknir km á öllum þjóðvegum m.km	Viðhk. pr.100 ekna km verðl. '90 kr.
1980	63,6	228	1221	8409	145	90.015	472	259
1981	95,7	351	1193	8411	142	95.606	485	246
1982	180,6	570	1386	8306	167	100.936	500	277
1983	288,2	1064	1185	8277	143	100.459	485	244
1984	399,9	1198	1460	8268	177	108.254	524	279
1985	548,4	1595	1504	8222	183	113.202	586	257
1986	597,9	1825	1433	8231	174	117.117	606	236
1987	767,5	2285	1470	8265	178	129.818	726	202
1988	807,1	2890	1222	8269	148	137.409	774	158
1989	963,0	3538	1191	8256	144	142.514	792	150
1990	1240,0	4375	1240	8256	150	136.294		

Fskj. 2.3.0.–01.

Þjóðvegir 1. janúar 1991.

Kjördæmi	Stofn-brautir km	Þjóð-brautir km	Þjóðvegir í þéttbýli km	Þjóð-vegir km
Suðurland	492,7	1080,3	14,8	1587,8
Reykjanes	198,9	200,9	76,4*	476,2
Vesturland	525,4	841,1	14,5	1381,0
Vestfirðir	802,1	515,9	14,8	1332,8
Norðurland vestra	362,6	714,2	14,9	1091,7
Norðurland eystra	579,0	607,9	16,0	1202,9
Austurland	845,2	537,5	27,1	1409,8
Samtals	3805,9	4497,8	178,5	8482,2

* Lengd þjóðvega í þéttbýli i Reykjavík meðtalin.

Fskj. 2.3.0.–02.

Bundið slitlag 1. janúar 1991.

Kjördæmi	Stofnbrautir km	Þjóðbrautir km	Samtals km
Suðurland	398,0	105,5	503,5
Reykjanes	188,6	46,5	235,1
Vesturland	282,2	39,7	321,9
Vestfirðir	250,2	18,0	268,2
Norðurland vestra	264,1	22,9	287,0
Norðurland eystra	219,9	52,3	272,2
Austurland	331,5	40,4	371,9
	1934,5	325,3	2259,8

Fskj. 2.3.1.–01.

Stofnbrautir 1. janúar 1991.

Kjördæmi	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurland		492,7	492,7
Reykjanes	5,9	193,0	198,9
Vesturland		525,4	525,4
Vestfirðir		802,1	802,1
Norðurland vestra		362,6	362,6
Norðurland eystra		579,0	579,0
Austurland		845,2	845,2
Samtals	5,9	3800,0	3805,9

Fskj. 2.3.2.–01.

Þjóðbrautir 1. janúar 1991.

Kjördæmi	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurland	2,7	1077,6	1080,3
Reykjanes		200,9	200,9
Vesturland	17,4	823,7	841,1
Vestfirðir	9,0	506,9	515,9
Norðurland vestra	14,9	699,3	714,2
Norðurland eystra		607,9	607,9
Austurland		537,5	537,5
Samtals	44,0	4453,8	4497,8

Fskj. 2.4.–01.

Aldur brúa 10 m og lengri.
(Heimild: Brúaskrá VR 1. jan. 1991.)

Byggingartími	Á stofn-brautum	Á þjóð-brautum	Á sýslu-vegum	Alls	Reiknað álag
Fyrir 1910	0	1	1	2	Mannþröng 400 kg á ferm
1910–1919	4	1	2	7	Mannþröng 400 kg á ferm
1920–1929	3	7	1	11	Mannþröng 400 kg á ferm eða vagn 6 tonn
1930–1939	18	28	6	52	Mannþröng 400 kg á ferm eða vagn 6 tonn
1940–1949	28	40	5	73	Mannþröng 400 kg á ferm eða vagn 6–20 tonn
1950–1959	91	85	23	199	Vagn 20–34 tonn
1960–1969	74	60	38	172	Vagn 20–34 tonn
1970–1979	93	25	23	141	Vagn 20–63 tonn
1980–1990	53	27	9	89	Vagn 63 tonn
Aldur óviss	0	2	3	5	
Samtals	364	276	111	751	

Fskj. 2.6.–01.

Sýsluvegir 1. janúar 1990.

	Skv.a–c lið 19. gr.				Skv. d–e lið 19. gr.	Sýslu-vegir alls	
	Óakf. km	Rutt km	Lagt km	Alls km	km	km	
V.-Skaftafellssýsla			132,8	132,8		132,8	
Rangárvallasýsla			222,3	222,3		222,3	
Árnessýsla			264,3	264,3	6,7	271,0	
							626,1
Gullbringusýsla			10,8	10,8		10,8	
Kjósarsýsla			68,9	68,9		68,9	
							79,7
Borgarfjarðarsýsla		5,6	68,8	74,4	8,7	83,1	
Mýrasýsla		1,5	100,6	102,1	34,9	137,0	
Dalasýsla	2,8	9,2	62,3	74,3	13,0	87,3	
Snæf.- og Hnappad.s.	1,7	12,7	110,9	125,3	27,4	152,7	
							460,1
A.-Barðastrandars.		5,4	24,7	30,1	63,8	93,9	
V.-Barðastrandars.		3,6	50,2	53,8	51,9	105,7	
V.-Ísafjarðarsýsla		16,6	24,5	41,1	69,8	110,9	
N.-Ísafjarðarsýsla		3,6	32,6	36,2	51,1	87,3	
Strandasýsla		5,9	45,1	51,0	88,4	139,4	
							537,2
V.-Húnavatnssýsla	0,6	6,5	94,6	101,5	62,3	163,8	
A.-Húnavatnssýsla		5,3	92,2	97,5	11,6	109,1	
Skagafjarðarsýsla		5,0	160,7	165,7	15,9	181,7	
							454,6
Eyjafjarðarsýsla	0,4	1,7	124,8	126,9	13,1	140,0	
S.-Þingeyjarsýsla		12,7	163,6	176,3	1,8	178,4	
N.-Þingeyjarsýsla	0,8	4,2	127,7	132,7		132,7	
							451,1
N.-Múlasýsla		19,4	198,8	218,2	35,3	253,5	
S.-Múlasýsla		11,1	119,2	130,3	42,5	172,8	
A.-Skaftafellssýsla	0,8	0,8	60,7	62,3	27,0	89,3	
							515,6

Fskj. 2.7.–0.1.

Lengd þjóðvega í þéttbýli 1. janúar 1991.

Kjördæmi	Bundið slitlag km	Án slitlags km	Samtals km	Óakfært km
Suðurland	14,5	0,2	14,7	0,1
Reykjanes	31,1	0,2	31,3	1,8
Reykjavík	35,4	1,8	37,2	6,1
Vesturland	14,4	0,1	14,5	
Vestfirðir	14,8		14,8	
Norðurland vestra	14,9		14,9	
Norðurland eystra	14,7	1,3	16,0	
Austurland	25,9	1,2	27,1	
Samtals	165,7	4,8	170,5	8,0

Sþ. 717. Tillaga til þingsályktunar [399. mál]

um sölu eigna á nauðungaruppboðum.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að undirbúa og leggja fram frumvarp um að fasteignir manna séu ekki seldar langt undir markaðsverði á nauðungaruppboðum heldur verði þess freistað að selja þær á frjálsum fasteignamarkaði. Verkinu verði lokið fyrir þingbyrjun haustið 1991.

Greinargerð.

Í því slæma efnahagsástandi, sem ríkt hefur að undanförnu, hefur nauðungarsala aukist og meiri harka færst í viðskipti. Þess eru dæmi að fólk hefur misst fasteignir sínar á nauðungaruppboðum fyrir mun lægra verð en fengist hefði með frjálsri sölu á almennum markaði. Fyrir bragðið fá kröfuhafar oft minna í sinn hlut og þolendur sitja eftir með skuldir sínar ógreiddar en eignalausir. Þriðji aðili utan úr bæ fleytir rjómann af þessum viðskiptum og hagnast á kostnað hinna tveggja.

Því er hér lagt til að fógetar og aðrir uppboðshaldarar geti leitað eftir frjálsri sölu á fasteignum ef þau boð sem koma á nauðungaruppboðum eru langt undir sannanlegu og eðlilegu markaðsverði eignar á hverjum tíma.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en hlaut þá ekki undirtektir þingheims.

Nd. 718. Frumvarp til laga [400. mál]

um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

1. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Ekki er heimilt að leggja áfallna dráttarvexti við höfuðstól skuldar og reikna nýja dráttarvexti af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta eða reikna aðra vaxtavexti af skuld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi öll önnur lagaákvæði um vaxtavexti af skuldum. Frá og með birtingardegi laga þessara er óheimilt að leggja áfallna dráttarvexti við höfuðstól ógreiddra eða óuppgerðra skulda.

Greinargerð.

Þetta frumvarp til laga er lagt fram til þess að freista þess að draga úr vaxtaokri á Íslandi. Með vaxtalögum frá 1987 komu ný ákvæði í lög á Íslandi um heimild til að leggja áfallna dráttarvexti við höfuðstól skuldar og reikna nýja dráttarvexti af samanlagðri fjárhæðinni. 12. gr. vaxtalaganna hljóðar nú svo:

„Áfallnir dráttarvextir skulu lagðir við höfuðstól skuldar og nýir dráttarvextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð ef vanskil standa lengur en 12 mánuði. Aldrei skal reikna slíka vaxtavexti oftar en á 12 mánaða fresti.“

Þetta ákvæði vaxtalaganna hefur orðið allt of mörgum Íslendingum þungt í skauti. Einstaklingar, fjölskyldur og fyrirtæki hafa misst eigur sínar og fjölmargir jafnvel orðið gjaldþrota vegna þess. Mikil verðmæti hafa verið færð til í þjóðfélaginu í skjóli 12. gr. vaxtalaganna.

Þegar greiddir eru dráttarvextir á Íslandi falla um leið niður allir almennir vextir af skuldinni ásamt verðbótum og öðru umsömdu álagi, sjá dæmi. Þess vegna eru dráttarvextir jafnan hafðir hærri en samanlagðir þeir vextir og verðbætur sem þá falla niður. Þannig er lánardrottni tryggð betri staða á skuld sinni en vextir og verðbætur ná samanlagt. Það er þess vegna í engu samræmi við andann á bak við lögin að dráttarvextir verði jafnframt nýr höfuðstóll skuldar við hver áramót og beri sjálfstæða vexti áfram. Með þessu móti vaxa skuldir svo hratt að engar eðlilegar hækkanir á launum eða verðlagi ná að halda í við þennan okurvöxt. Flutningsmaður þekkir enga löglega atvinnugrein á Íslandi sem stendur undir vöxtum af þessu tagi, enda telur flutningsmaður að einungis sé til ein tegund af vöxtum í hverju landi: Þeir vextir sem fólkið og fyrirtæki þess ráða við að greiða á hverjum tíma. Við þá getu verður að miða alla vexti og ekki síst dráttarvexti. Svo einfalt er það ef við ætlum að halda myndarlegu atvinnulífi og farsælu fjölskyldulífi hjá fólkinu í landinu.

Hér eru því miklir hagsmunir í húfi. Miklu meiri en svo að íslensk lög geti verndað fáeinar stofnanir og fyrirtæki í landinu og nokkra okurkarla á þennan hátt. Allar þessar stofnanir eiga vissulega meira og minna rétt á sér en hagsmunir fjöldans hljóta að sitja í fyrirrúmi þrátt fyrir allt.

Hér eru birt þrjú dæmi um mismunandi upphæð vaxta af skuld að fjárhæð 1.000.000 kr. frá 1. janúar 1986; með 8,3% ársvöxtum og verðtryggingu, með dráttarvöxtum sem bætt er við höfuðstól skuldar um hver áramót (vaxtavextir), með flötum dráttarvöxtum sem ekki eru lagðir við höfuðstól (án vaxtavaxta). Upphæðir eru í krónum.

Dæmi A. 8,3% vextir og verðtrygging (skuld í skilum):

	Höfuðstóll+vextir	*Vextir og verðbætur*
Árið 1986	1.000.000	
Árið 1987	1.310.074	310.074
Árið 1988	1.518.899	518.899
Árið 1989	1.802.353	802.353
Árið 1990	2.200.141	1.200.141

Dæmi B. Dráttarvöxtum bætt við höfuðstól (vaxtavextir):

	Höfuðstóll +dráttarvextir	*Dráttarvextir og vaxtavextir*
Árið 1986	1.000.000	
Árið 1987	1.305.000	305.000
Árið 1988	1.777.410	777.410
Árið 1989	2.557.692	1.557.692
Árið 1990	3.475.904	2.475.904

Dæmi C. Dráttarvöxtum ekki bætt við höfuðstól (flatir vextir):

	Höfuðstóll +dráttarvextir	*Dráttarvextir án vaxtavaxta*
Árið 1986	1.000.000	
Árið 1987	1.305.000	305.000
Árið 1988	1.667.000	667.000
Árið 1989	2.106.000	1.106.000
Árið 1990	2.465.000	1.465.000

Hér er um mikinn vaxtamun að ræða í dæmi C (flatir vextir) og dæmi B (vaxtavextir):

Árið 1987, eftir 1 ár	0
Árið 1988, eftir 2 ár	110.410
Árið 1989, eftir 3 ár	451.692
Árið 1990, eftir 4 ár	1.010.904

Þannig munar rúmri milljón króna í vexti á fjórum árum af einnar milljón króna skuld ef leyft er að reikna vaxtavexti með því að leggja vexti við höfuðstól skuldar um hver áramót. Það eru miklir peningar og allt of hátt hlutfall. Það þarf rífandi tekjur til að standa undir greiðslum af þessu tagi. Munurinn er það mikill að fyrir marga er það vonlaust verk að greiða skuld með vaxtavöxtum. Þannig ýta vaxtavextir af skuldum undir að fólk og fyrirtæki tapi eignum sínum um síðir og verði gjaldþrota. Almenningur tapar á þessum vöxtum.

Vaxtavextir í lögum eru hrein atlaga að þessu fólki og þessum fyrirtækjum. Þeir binda fjölmarga Íslendinga áfram við skuldaklafann með öllum þeim afleiðingum sem það kann að hafa fyrir efnahag fólksins og fyrirtækjanna og ekki síður áhrifin á hamingju og heilsu þeirra sem þarna eiga hlut að máli og jafnvel er um líf og dauða að tefla eins og dæmin sanna því miður.

Að afnema þessa vaxtavexti í lögum hefur ekki áhrif á sparifé landsmanna því að hér er eingöngu um að ræða vexti af skuldum. Hér er því kjörin leið til að draga úr vaxtaokrinu án þess að skerða nokkuð eðlilega fengið sparifé landsmanna. Það er kjarni málsins fyrir sparifjáreigendur.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta löggjafarþingi en hlaut þá ekki undirtektir þingheims.

Nd. 719. Frumvarp til laga [401. mál]

um bann við að farga matvælum.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

1. gr.

Bannað er að fleygja matvælum á Íslandi, urða þau eða brenna, kasta í sjó innan fiskveiðilögsögu, eða í ár og vötn, eða farga þeim á annan hátt hverju nafni sem nefnast.

2. gr.

Með orðinu matvæli í lögum þessum er átt við viðurkennd matvæli til manneldis sem að öllu jöfnu fást keypt í verslunum og á sölustöðum með verslunarleyfi, veitingaleyfi eða önnur opinber leyfi. Gildir þá einu hvort um er að ræða fisk og annað sjávarfang, vatnafiska úr sjó, ám eða vötnum; ávexti og grænmeti úr jörðu, af trjám eða úr gróðurhúsum; kjöt af dilkum, nautpeningi, hestum, svínum eða alifuglum og villibráð; af nýslátruðu eða frosið, reykt eða geymt á annan hátt; nýmjólk og mjólkurafurðir hvers konar og nýlenduvörur allar; önnur matvæli en að framan greinir og ekki eru talin hér upp, innlend eða innflutt, enda séu matvælin bæði ósýkt og óskemmd, ólöskuð að öðru leyti og söluhæf samkvæmt lögum og reglugerðum þar að lútandi. Sölutími sé ekki runninn út og engin ástæða til að ætla annað en að um boðlega neysluvöru sé að ræða.

3. gr.

Bannað er að farga matvælum skv. 2. gr. til að halda uppi verði þeirra til neytenda, vinnslustöðva, kaupmanna og annarra, eða til að rýma til fyrir nýjum birgðum.

Bannað er að farga sjávarafla sem veiddur er af áhöfnum fiskiskipa hvers konar sem hafa leyfi íslenskra stjórnvalda til fiskveiða og löndunar hér á landi. Sama gildir um önnur skip sem heimildir hafa til að veiða í íslenskri fiskveiðilögsögu. Bannið gildir um hvers konar sjávarfang sem berst um borð í veiðiferðum skipanna og allt bendir til að sé boðleg söluvara til íslenskra neytenda eða til útflutnings. Með allan veiddan afla ber að koma að landi.

Á sama hátt er bannað að farga öllum öðrum matvælum nema til að losna við ónýta neyslu- eða söluvöru, enda sé það verk unnið samkvæmt úrskurði heilbrigðisfulltrúa, dýralækna, fiskmatsmanna eða annarra eftirlitsmanna hins opinbera á þessu sviði og þeim heimilt að fylgjast með þegar matvælunum er fargað.

4. gr.

Ef framleiðandi, ræktandi eða kaupmaður matvæla eða annar leyfishafi stendur frammi fyrir því að birgðir af matvælum hlaðast upp án þess að hann nái að selja þau á frjálsum markaði ber honum að gefa neytendum kost á að bjóða í vöruna á meðan hún er enn söluhæf.

5. gr.

Dómsmálaráðuneytið skal setja reglugerð um nánari útfærslu á lögunum, þar á meðal um undanþágur sem taka til smyglvarnings og annarra matvæla sem farga þarf samkvæmt öðrum lögum. Lögin taka ekki til eðlilegrar rýrnunar um borð í veiðiskipum, hjá ræktendum, vinnslustöðvum, kaupmönnum, veitingahúsum og öðrum framleiðendum matvæla. Enn fremur skal í reglugerðinni kveðið nánar á um refsingu við brotum á lögunum. Þá skal í reglugerð kveðið á um hvernig selja á neytendum vörur skv. 4. gr.

6. gr.

Viðurlög samkvæmt lögunum eru sektir sem nema a.m.k. tvöföldu andvirði þeirra matvæla sem fargað er í bága við lögin og mest tíföldu við ítrekað brot. Við ákvörðun sektar skal miðað við verð á þeim degi sem brot var framið. Ef sök er sönnuð en ekki unnt að meta andvirði hins fargaða á auðveldan hátt skal beita sektum sem ekki eru lægri en ein milljón króna. Við ítrekað brot skal brotamaður jafnframt sviptur rekstrarleyfum sínum, vinnsluleyfum, veiðileyfum, verslunarleyfum eða öðrum þeim leyfum sem heimila honum að meðhöndla matvæli. Heimilt er að dæma brotamenn í varðhald eða fangelsi til vara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er glæpsamlegt að fleygja mat. Þetta frumvarp er flutt til að sporna við því að matvælum sé fleygt til að halda uppi verði og til að koma í veg fyrir að afla sé kastað fyrir borð eða matvælum fargað í öðrum tilgangi en að losna við ónýtan mat.

Það kemur alltaf öðru hverju fyrir að framleiðendur matvæla farga birgðum sínum til að halda uppi verði og rýma fyrir nýjum sendingum. Þannig voru mörg tonn af dilkakjöti urðuð á sorphaugum Reykjavíkur fyrir nokkrum árum. Bílhlöss af tómötum fóru sömu leið og fleiri dæmi eru til.

Menn, sem eru kunnugir fiskveiðum við landið, hafa sagt opinberlega frá því að smáfiski sé fleygt fyrir borð í veiðiferðum. Alltaf berast mönnum öðru hverju til eyrna sögur af þessu tagi. Sömu sögu er að segja um ýmis önnur matvæli sem fargað er í öðrum tilgangi en að losna við ónýta vöru.

Þetta gengur ekki lengur. Það er glæpsamlegt að fleygja mat. Íslendingar hafa að vísu nóg að bíta og brenna þessa stundina en stutt er síðan matur var munaður hér á landi og óvíst hvað framtíðin ber í skauti sér. Margt eldra fólk man því tímana tvenna og trúir ekki að óskemmdum mat sé fleygt á öskuhaugana eða fyrir borð; það trúir ekki eigin eyrum.

Matvæli eru dýr hér á landi bæði vegna of mikils kostnaðar við framleiðslu og of mikils innflutnings hjá fámennri þjóð. Þá er verði haldið háu með óhóflegum matarskatti og er sú stefna andstæð þeim markmiðum sem flestar aðrar menningarþjóðir keppa að. Þess vegna veitir landsmönnum ekki af þeim matvælum sem þeir framleiða og geta framleitt. Ef birgðir af matvælum hrannast upp í landinu er sjálfsagt að fólk fái að kaupa þær á lægra verði, á uppboði eða fái þær jafnvel að gjöf. Allt er betra en að fleygja þeim og með lagni er hægt að nýta hvert bein sem dregið er úr sjó.

Hér skal að vísu fúslega viðurkennt að ofát er jafnslæmt fyrir þjóðina og sultur. Best er meðalhófið, en það næst seint með þeim öfgum að fleygja óskemmdum mat á öskuhaugana eða fyrir borð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta löggjafarþingi en hlaut þá ekki undirtektir þingheims.

Nd. 720. Frumvarp til laga [402. mál]

um breytingu á lögum nr. 57/1949, um nauðungaruppboð.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

1. gr.

Við 37. gr. laganna bætist ný málsgrein er verði 1. mgr. og orðast svo:

Áður en uppboð muna fer fram skulu þeir boðnir til sölu á frjálsum markaði á því verði sem þolandi uppboðsins ákveður. Uppboðshaldara er heimilt að fela einstaklingum og fyrirtækjum þeirra að annast söluna. Seljist munir ekki innan þriggja mánaða skal uppboðið fara fram samkvæmt ákvæðum laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Oft hafa munir manna og lausafé verið seld langt undir sannvirði á nauðungaruppboðum. Fyrir bragðið fá kröfuhafar minna í sinn hlut og þolendur sitja eftir með skuldir sínar ógreiddar en eignalausir. Þriðji aðilinn úti í bæ fleytir rjómann af þessum viðskiptum og hagnast á kostnað hinna tveggja.

Hér er því lagt til að þolendum gefist kostur á að láta selja fjárnumið lausafé á frjálsum markaði og verðleggja eftir eigin höfði. Hafi munur ekki selst innan þriggja mánaða er skylt að láta uppboð fara fram.

Sþ. 721. Fyrirspurn [403. mál]

til menntamálaráðherra um skemmtanaskatt.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

1. Stendur til að breyta lögum og reglum um skemmtanaskatt í samræmi við aðrar breytingar og einföldun skattkerfisins?
2. Hverjir og hve mikið greiddu einstakir aðilar í skemmtanaskatt á árinu 1990?
3. Hvaða reglur gilda um undanþágu frá greiðslu skemmtanaskatts eða endurgreiðslu á honum? Hverjir og hve mikið fengu einstakir aðilar endurgreitt af skattinum á árinu 1990?

4. Hvernig er hagað eftirliti með innheimtu skemmtanaskatts?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 722. Nefndarálit [174. mál]

um frv. til l. um grunnskóla.

Frá 2. minni hl. menntamálanefndar.

Frumvarpið var afgreitt til nefndarinnar 4. desember 1990 en var tekið fyrst fyrir til umfjöllunar 11. febrúar 1991. Síðan var það rætt stuttlega á tveimur fundum en skyndilega afgreitt úr nefndinni 20. febrúar sl., þrátt fyrir bókuð andmæli fulltrúa sjálfstæðismanna.

Við hljótum að lýsa furðu okkar á slíkum vinnubrögðum þar sem að okkar mati var eftir mikil efnisleg vinna við frumvarpið því að hér er um mjög yfirgripsmikið mál að ræða og afar mikilvægt á þjóðfélagslega vísu. Með því að málsmeðferð er með þessum hætti gerir ríkisstjórnin greinilega ekki ráð fyrir samráði við ákveðna stjórnmálaflokka. Slíkt hlýtur að renna stoðum undir þann grun að ríkisstjórnin, og þá einkum menntamálaráðherra, hafi takmarkaðan áhuga á raunverulegum framgangi þessa máls en markmiðið sé öllu fremur að koma frumvarpinu til endanlegrar afgreiðslu fyrir þinglok sem nú eru mjög skammt undan, enda alþingiskosningar á næsta leiti.

Sjálfstæði skóla er ein aðalforsenda þess að hinu innra starfi þeirra verði sinnt með þeim hætti sem aðalnámsskrá grunnskóla og krafa samtímans gera ráð fyrir. Með tilliti til þessarar staðreyndar og ekki síður með tilliti til laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, hefði mátt ætla að við gerð nýs grunnskólafrumvarps yrði fyrst og fremst tekið mið af þessu og kappkostað að draga sem mest úr miðstýringu í skólakerfinu, færa grunnskólamálefnin enn frekar til sveitarfélaganna og einfalda þannig málsmeðferð og ákvarðanatökur í því augnamiði að styrkja og efla stjórn einstakra skóla. En svo er því miður ekki háttað í fyrirliggjandi grunnskólafrumvarpi. Að vísu segir í athugasemdum með frumvarpinu að eitt aðaleinkenni þess sé valddreifing en annað kemur í ljós þegar grannt er skoðað. Valddreifingin svokallaða virðist þannig fyrst og fremst vera fólgin í því að færa verkefni frá aðalskrifstofu menntamálaráðuneytis til fræðsluskrifstofa. Nú vita allir sem vilja vita að hlutverk fræðsluskrifstofa breyttist með lögum nr. 87/1989 og eru þær nú hreinlega útibú frá ráðuneyti. Það getur því naumast talist valddreifing að færa verkefni frá einni skrifstofu ráðuneytisins til annarrar.

Á það bera að leggja áherslu að skólastjórnendur og kennarar hafa í flestum tilvikum besta þekkingu á því hvaða leiðir ber að fara í skólastarfi. Meginhlutverk menntamálaráðuneytisins á að vera að leggja stjórnendum og kennurum til upplýsingar en ekki að stjórna störfum þeirra. Ráðuneytið á fyrst og fremst að tengjast heildarstefnumótun og eftirlitshlutverki, enda í samræmi við þá þróun sem átt hefur sér stað á Norðurlöndum. Fyrirliggjandi frumvarp er ekki í samræmi við þessi sjónarmið.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að vikulegur kennslutími 6–8 ára nemenda sé lengdur úr 22 stundum í 25. Hins vegar er ekki kveðið nákvæmlega á um skiptistundir fyrir þennan aldurshóp í frumvarpinu, en það er nauðsynlegt til þess að unnt hefði verið að

leggja kapp á skapandi starf ef ætlunin væri að lengja daglega skólaveru yngstu barnanna. Þá kemur það mjög á óvart að kennslustundamagnið í heild skuli minnkað fyrir 2.–10. bekk samkvæmt frumvarpinu miðað við núgildandi lög, þrátt fyrir verulega aukinn kostnað.

Í fyrirliggjandi frumvarpi virðist valdsvið skólastjóra skert og ekki er kveðið nægilega skýrt á um áhrif foreldra. Dregið er úr frelsi nemenda og kennara til að velja námsgögn og ákvæði frumvarpsins um einkaskóla og skólagjöld eru allt of fortakslaus. Framkvæmd þessa ákvæðis gæti komið alfarið í veg fyrir starfsemi einkaskóla. Grunnskólafrumvarpinu fylgir engin kostnaðaráætlun en ætla má að með því séu sveitarfélögunum lagðar verulegar fjárhagsbyrðar á herðar sem nemi jafnvel 7–8 milljörðum kr.

Hér hafa verið nefnd nokkur þeirra atriða sem verulega þýðingu hafa og ekki hefur verið tekið tillit til við afgreiðslu frumvarpsins. Það er enn fremur ljóst að frumvarpið þarf að taka miklu skýrar á öllu samráði við sveitarfélögin því að án samráðs við þau er hæpið að nokkuð verði úr þeim framkvæmdum sem fyrirliggjandi frumvarp gerir ráð fyrir. Löggjafarvaldið hlýtur að verða að taka mið af því hvort lagasetning, eins og sú sem hér er gert ráð fyrir, hafi í raun áhrif til breyttrar og bættrar réttarstöðu.

Undirritaðir nefndarmenn hafa það miklar athugasemdir að gera við frumvarpið að útilokað er að standa að afgreiðslu þess nú. Því er það tillaga okkar að máli þessu sé **vísað til ríkisstjórnarinnar** sem taki frumvarpið í heild sinni til endurskoðunar.

Alþingi, 25. febr. 1991.

Sólveig Pétursdóttir, fundaskr., frsm. Ragnhildur Helgadóttir.

Sþ. 723. Svar [297. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um undirbúning vegna álbræðslu.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hver er orðinn heildarkostnaður við undirbúning Atlantal-álbræðslu frá því samningur um hagkvæmnikönnun var undirritaður 4. júlí 1988:*
   a. á vegum iðnaðarráðuneytis,
   b. á vegum Landsvirkjunar,
   c. á vegum markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar?
2. *Hversu miklu fjármagni hefur Landsvirkjun þegar varið til einstakra þátta eða ákveðið ráðstöfun á til undirbúnings virkjana og stofnlína á grundvelli heimilda í lögum nr. 74/1990?*
3. *Hvaða verksamningar hafa verið gerðir eða eru í undirbúningi á vegum Landsvirkjunar vegna virkjanaundirbúnings í þágu Atlantal-álbræðslu? Óskað er eftir yfirliti um hvern verksamning eða tilboð, umsamið verð eða kostnaðaráætlun eftir því á hvaða stigi útboð er.*
4. *Hvaða fyrirvarar eru í verksamningum með tilliti til þess að samningar verði ekki gerðir um álbræðslu eða upphaf framkvæmda frestist frá því sem iðnaðarráðuneyti og Landsvirkjun hafa lagt til grundvallar í áætlunum?*

Beðið er um kostnaðartölur á verðlagi hvers tíma og færðar til verðlags í ársbyrjun 1991.

1.

	1.7–31.12 1988	1989	1990	Heildarkostnaður á verðlagi í desember 1990
Iðnaðarráðuneyti	2.940	13.000	22.610	43.056
Landsvirkjun	8.293	94.041	380.228	516.827
Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar	1.139	6.218	25.317	34.984

Upphæðir eru í þúsundum króna. Notuð er byggingarvísitala til að færa kostnað til verðlags í desember 1990 (byggingarvísitala 174,1). Í upphæðinni hefur ekki verið áætluð hlutdeild Atlantsálsverkefnisins í launum starfsmanna og í öðrum föstum kostnaði. Verulegur hluti kostnaðar markaðsskrifstofunnar árið 1990, eða um 20 millj. kr. er vegna staðarvals- og umhverfisathugana, en gert er ráð fyrir að Atlantsál hf. endurgreiði verulegan hluta þess kostnaðar þegar samningar hafa tekist.

2. Landsvirkjun hefur á árinu 1990 varið alls 367,0 millj. kr. á verðlagi í desember 1990 til undirbúnings virkjana og stofnlína á grundvelli heimilda í lögum nr. 74/1990, sbr. eftirfarandi sundurliðun:

	Millj. kr.
Stækkun Búrfells	57,4
Fljótsdalsvirkjun	271,3
Búrfellslína 3	9,0
Fljótsdalslína 1	21,4
Sprengisandslína	7,9
	367,0

Framangreind heildarfjárhæð nemur um 330 millj. kr. á verðlagi hvers tíma og er það nokkru hærri fjárhæð en heimiluð var í bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 74/1990, um breytingu á lögum um raforkuver, en ráðuneytið vísaði að sjálfsögðu til þess ákvæðis er það veitti heimild fyrir framkvæmdum 17. júlí 1990.

3. Til þess að hægt verði að tryggja orkuafhendingu til nýrrar álbræðslu í árslok 1994 hefur Landsvirkjun unnið að undirbúningi útboða á virkjunum og háspennulínum og hafið byrjunarframkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun. Eftirtaldir tveir verksamningar hafa verið undirritaðir vegna þessara framkvæmda að undangengnu útboði:

Verksamningur um vinnuvegi á Fljótsdalsheiði samkvæmt útboðsgögnum FDO-11.

Um er að ræða veg frá Grenisöldu inn að Laugará og vegi að fyrirhuguðum hliðargöngum við Ljósá og Laugará. Samið var við lægstbjóðanda, Klæðningu hf., Garðabæ. Samningsupphæð er 47,7 millj. kr. Verkinu var að mestu lokið í desember 1990.

Verksamningur um aðkomugöng að stöðvarhúsi samkvæmt útboðsgögnum FDV-61.

Verkið var boðið út í nóvember 1990, en í útboðsgögnunum er gert ráð fyrir að því sé skipt í þrjá sjálfstæða verkáfanga, a) gangamunn ásamt 100 m göngum, b) 500 m göng, c) 1.000 m göng. Samið var við lægstbjóðanda, Höjgaard & Schultz a/s, Danmörku, í samvinnu við Klæðningu hf., Gunnar og Guðmund sf., Garðabæ og Ármannsfell hf., Reykjavík, um fyrsta áfanga verksins, þ.e. verkáfanga a. Samningsupphæð er 44,8 millj. kr. en verkinu á að ljúka vorið 1991. Verktaki er bundinn af tilboði sínu í áfanga b og c til 20. mars 1991.

Ekki hefur verið gengið frá samningum um kaup á vél- og rafbúnaði (BFO-01-03) í stækkun Búrfellsvirkjunar, en fyrirtæki, sem Landsvirkjun telur hagkvæmast að semja við um þessi verk, hafa framlengt gildistíma tilboða sinna til 1. apríl 1991.

Í framhaldi af þeim útboðum, sem hér eru talin upp, koma útboð á háspennulínum og tengivirkjum. Fyrstu útboð vegna háspennulínu eru áætluð vorið 1991, en þar er lagning vegslóða meðfram hluta Fljótsdalslínu 1 (Fljótsdalur-Akureyri) og Búrfellslínu 3 (Búrfell-Svartárkot), en í kjölfarið koma síðan steypa á undirstöðum, jarðvinna, útboð á efni, samsetning og reising mastra, strenging leiðara o.fl. Þessi útboð dreifast á fjögurra ára tímabil 1991–1994. Framkvæmdir við tengivirki hefjast ekki fyrr en á árinu 1993.

Undirbúningur Landsvirkjunar vegna virkjanaframkvæmda miðast við eftirfarandi útboðsáætlun:

ÚTBOÐSÁÆTLUN

Stækkun Búrfells

Nr.	Verk	Auglýst	Opnað	Áætlað verð
BFO-01	Rafalar og hverflar	06.06.89	23.02.90	1020
BFO-02	Spennar	06.06.89	23.02.90	80
BFO-03	SF_6 rofabúnaður	06.06.89	23.02.90	280
BFO-10	Gröftur fyrir stöðvarhúsi	08.02.91	08.03.91	
BFO-20	Þrýstipípa og lokur	22.02.91	19.04.91	
BFO-30	Stöðvarhús, stíflur o.fl.	22.03.91	17.05.91	
Fljótsdalsvirkjun				
FDV-51	Aðrennslisgöng	14.12.90	15.03.91	
FDV-21	Hverflar og rafalar	08.01.91	20.03.91	
FDV-62	Stöðvarhús og frárennsli	22.01.91	15.03.91	
FDV-41	Eyjabakkastífla	01.02.91	15.03.91	
FDV-31	Spennar	10.04.91	10.07.91	
FDV-32	SF_6 rofabúnaður	10.04.91	10.07.91	
FDV-23	Stálfóðring fallpípu	29.05.91	02.10.91	
FDV-24	Stöðvarhússkrani	21.06.91	21.08.91	
FDV-22	Lokubúnaður	25.06.91	02.10.91	
FDV-71	Sauðárveita	07.01.92	13.03.92	
FDV-81	Laugarár- og Hölknárveita	12.01.93	12.03.93	
FDV-63	Aðkomuhús o.fl.	16.02.93	19.03.93	

Vegna viðskiptalegra hagsmuna Landsvirkjunar er einungis unnt að greina frá áætluðu verði í þau verk þar sem útboðsfrestur er liðinn.

4. Eins og komið er fram hér á undan hafa tveir verksamningar þegar verið undirritaðir vegna byrjunarframkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Engir fyrirvarar eru í þessum samningum og er öðru verkinu nær lokið, þ.e. vegagerð á Fljótsdalsheiði, en hinu, vinnu við fyrsta áfanga aðkomuganga (100 m göng), lýkur vorið 1991.

Með útboðsgögnum, sem þegar hafa verið send út eða verða send út á næstunni vegna umræddra framkvæmda, fylgir bréf þar sem væntanlegum bjóðendum er gert ljóst að tilboðstaka og undirritun verksamninga sé háð því að samkomulag náist um byggingu Atlantal-álbræðslunnar og nauðsynlegum heimildum Alþingis og stjórnvalda.

Sþ. 724. Skýrsla [404. mál]

félagsmálaráðherra um endurskoðun laga nr. 46 28. maí 1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. lög nr. 15/1986.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

Samkvæmt 5. tölul. bráðabirgðaákvæðis laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, skyldi endurskoðun laganna fara fram í samráði við aðila vinnumarkaðarins og stjórnar Vinnueftirlits ríkisins eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku. Sú endurskoðun fór fram og þótti ekki ástæða til að breyta lögunum og var með lögum nr. 19/1986 til breytinga á lögum nr. 46/1980 kveðið á um að endurskoðun laganna skyldi fara fram í samráði við ofangreinda aðila eigi síðar en fyrir árslok 1990.

Hinn 7. september 1990 skipaði félagsmálaráðherra fjögurra manna nefnd til þess að endurskoða lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. 5. tölul. laga nr. 15/1986. Í nefndinni áttu sæti: Eyjólfur Sæmundsson forstjóri, Hansína Stefánsdóttir skrifstofumaður, Jón Rúnar Pálsson lögfræðingur og Óskar Hallgrímsson forstöðumaður sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Hörður Bergmann var ráðinn ritari nefndarinnar.

Meginniðurstaða nefndarinnar er sú að ekki sé tímabært að breyta efnislega ákvæðum laganna. Unnt sé, að lögunum óbreyttum, að ná fram þeim markmiðum sem að var stefnt með setningu þeirra. Góð samstaða hefur ríkt í stjórn Vinnueftirlits ríkisins milli fulltrúa vinnumarkaðar og stjórnvalda um framkvæmd gildandi laga og er stöðugt unnið að markvissum endurbótum í vinnuverndarmálum innan ramma laganna. Má í þessu efni nefna eflingu á starfsemi öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða á vinnustöðum, framkvæmd ákvæða um heilsuvernd þannig að starfsmenn á heilsuspillandi vinnustöðum njóti hennar fyrst og forvarnaaðgerðir sitji í fyrirrúmi og að skráning slysa og atvinnusjúkdóma verði bætt og nýtt í forvarnastarfi. Hins vegar telur nefndin rétt að fella niður þá töluliði bráðabirgðaákvæða sem ekki eiga lengur við. Þá telur nefndin ekki ástæðu til þess að binda áfram í lögum ákvæði um endurskoðun laganna eftir tiltekinn tíma en þetta er í annað sinn sem lögin eru tekin til endurskoðunar frá gildistöku þeirra 1980. Þörfin fyrir endurskoðun laganna hlýtur m.a. að ráðast af þeirri þróun sem kemur til með að eiga sér stað bæði heima og heiman og verður vart tímasett fyrir fram. Samræming við fjölþjóðlegar reglur gæti t.d. kallað á endurskoðun fyrr en varir.

Ekki þykir ástæða til að leggja fram sérstakt frumvarp um breytingar á lögunum til að fella niður 3., 4. og 5. tölul. bráðabirgðaákvæða þar sem þau eiga ekki lengur við. Hins vegar er lögð áhersla á að lögin munu að sjálfsögðu þarfnast endurskoðunar með breyttum kröfum á sviði vinnuverndar en ástæðulaust er að það sé gert reglulega með fimm ára millibili. Það verður að leggja megináherslu á að unnt sé að tryggja í framkvæmd ákvæði laganna. Þetta hefur verið rækilega undirstrikað í endurskoðun sem átti sér stað bæði 1985 og 1990.

Ed. 725. Nefndarálit [370. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið. Til fundar við nefndina komu Jakob Jakobsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, Jón B. Jónasson og Kristján Skarphéðinsson frá sjávarútvegsráðuneytinu, Kristján Ragnarsson, formaður LÍÚ, Hólmgeir Jónsson og Guðmundur Hallvarðsson frá Sjómannasambandi Íslands, Benedikt Valsson og Helgi Laxdal frá Farmanna- og fiskimannasambandinu, Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, Húnbogi Þorsteinsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, Sæmundur Guðmundsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Íslenskra sjávarafurða hf., Friðrik Pálsson, forstjóri SH, Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson og Jón Ólafsson frá Félagi íslenskra fiskimjölsframleiðenda, Guðmundur Kristjánsson, formaður Félags útgerðarmanna á Snæfellsnesi, Sturla Böðvarsson, formaður Hafnasambands sveitarfélaga, Sverrir Hermannsson bankastjóri, Lárus Jónsson, framkvæmdastjóri Félags rækju- og hörpudiskframleiðenda, Þorsteinn Gíslason og Jón Reynir Magnússon frá Síldarverksmiðjum ríkisins. Margir þeirra sem komu til viðræðna við nefndina lögðu fram skrifleg gögn en auk þess bárust umsagnir frá bæjarstjórnum Eskifjarðar, Seyðisfjarðar og Neskaupstaðar og hreppsnefndum Þórshafnar- og Raufarhafnarhrepps.

Fjölmargir fyrrgreindra aðila hafa lýst yfir stuðningi við frumvarpið enda þótt ljóst sé að með þeim aðgerðum, sem lagðar eru til, verður ekki allur vandi vegna aflabrests í loðnuveiðum leystur. Nefndin náði ekki samkomulagi um afgreiðslu frumvarpsins og skilar minni hl. hennar séráliti.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem eru eingöngu til leiðréttingar. Er gerð tillaga um þær á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 25. febr. 1991.

Stefán Guðmundsson, form., frsm. Halldór Blöndal. Jóhann Einvarðsson.

Guðmundur H. Garðarsson.

Ed. 726. Breytingartillaga [370. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar (StG, GHG, HBl, JE).

Við 2. gr.

a. Í stað orðanna „um fiskveiðar í atvinnuskyni“ í niðurlagi 1. málsl. komi: um veiðar í atvinnuskyni.
b. Niðurlag greinarinnar orðist svo: skv. 7. gr. laga nr. 38/1990.

Ed. 727. Frumvarp til laga [405. mál]

um breytingu á lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, nr. 63/1985.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Tilgangur laga þessara er að jafna greiðslubyrði af fasteignaveðlánum einstaklinga sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Skal misgengi, sem orsakast af hækkun lánskjaravísitölu eða annarrar viðmiðunarvísitölu lána umfram hækkun launa, ekki valda því að greiðslubyrði af lánum þyngist.

2. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Við gerð lánssamnings skal ákveða greiðslumark fyrir lánið:

a. Greiðslumark af verðtryggðu láni með jöfnum afborgunum er gjaldfallin afborgun og vextir eins og þeir eru á hverjum gjalddaga á verðlagi við lántöku.
b. Greiðslumark af verðtryggðum jafngreiðslulánum er ársgreiðslan á verðlagi við lántöku miðað við vexti eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1984 var mörkuð sú stefna að vextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins skyldu vera breytilegir. Frá þeim tíma hefur það verið á valdi ríkisstjórnar hverju sinni að ákveða hverjir skulu vera vextir af hverjum lánaflokki á hverjum tíma. Lögin um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga voru sett til að tengja endurgreiðslur húsnæðislána við launabreytingar. Með þeim hætti átti að tryggja að greiðslubyrði húsbyggjenda og kaupenda af lánum hjá Byggingarsjóði ríkisins þyngdist ekki þótt kaupmáttur launa rýrnaði vegna sveiflna í efnahagsstarfsemi. Markmiðið með þessum lögum var að fyrirbyggja að greiðslubyrði vegna húsnæðislána þyngdist ekki ef misgengi skapaðist milli hækkunar lánskjaravísitölu (eða annarrar viðmiðunarvísitölu) og hækkunar launa og/eða raunvaxta. Ef laun hækka minna en lánskjaravísitalan er hluta endurgreiðslu lánsins frestað þar til laun hækka á ný umfram lánskjaravísitöluna. Þetta gerist samkvæmt lögunum með þeim hætti að mismunur launavísitölu og lánskjaravísitölu er færður á sérstakan jöfnunarreikning. Skuld á jöfnunarreikningi telst hluti af höfuðstóli lánsins og um hana gilda því sömu kjör og um ræðir í lánssamningi. Þessi skuld er síðan endurgreidd hlutfallslega þegar launavísitalan hækkar umfram lánskjaravísitölu, eða eftir upphaflegan lánstíma ef skuld er þá á jöfnunarreikningi. Lög þessi voru fyrst og fremst sett vegna þess misgengis sem þá var á milli lánskjaravísitölu og launavísitölu. Misgengis vegna raunvaxtahækkunar var að vísu getið, en höfuðmarkmið laganna var þó misgengi milli launa og lánskjara.

Með lögum nr. 79/1989, sem breytt var með lögum nr. 117/1989, voru sett ákvæði um vaxtabætur. Aðalefni löggjafar þessarar er það að ákvarða bótarétt til handa skattskyldum aðilum, sem bera vaxtagjöld af lánum, sem tekin hafa verið til kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Vaxtabætur miðast við fjárhæð vaxtagjalda hjá hverjum framteljanda. Til vaxtagjalda teljast vaxtagjöld, afföll og gengistöp að því marki sem

þau eru umfram vaxtatekjur. Skilyrði er að vaxtagjöldin séu vegna fasteignaveðlána til minnst tveggja ára, enda séu lánin sannanlega notuð til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota. EINUNGIS GJALDFALLNAR verðbætur og gengistöp á afborganir og vexti teljast til vaxtagjalda samkvæmt skattalögum. Að óbreyttum lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána þýðir raunvaxtahækkun það í framkvæmd að lánstími lengist ef skuld er á jöfnunarreikningi við lok lánstíma, en skuldin hefur lagst við höfuðstól. Lántakandi nýtur því ekki vaxtabóta.

Í frumvarpinu er lagt til að fellt sé niður að greiðslujöfnun eigi við ef misgengi verður vegna raunvaxtahækkunar. Þetta hefði í för með sér að réttur þeirra, sem á annað borð eiga rétt til vaxtabóta, eykst. Er þetta í samræmi við þá stefnu að aðstoð hins opinbera við húsbyggjendur eða kaupendur skuli taka mið af eignum og tekjum viðkomandi. Með því fyrirkomulagi, sem nú gildir um vaxtabætur, er hið opinbera að veita aðilum, sem falla innan tiltekinna eignar- og tekjumarka, aðstoð sem er ótímabundin. Það njóta hins vegar ekki allir sem eru húskaupendur eða húsbyggjendur vaxtabóta. Samkvæmt núgildandi lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána njóta allir húsbyggjendur eða húskaupendur greiðslujöfnunar ef misgengi verður, óháð eignum og tekjum. Með því að fella misgengi vegna raunvaxtahækkunar burt úr lögunum er verið að tryggja að þeir, sem eiga rétt á vaxtabótum, fái raunvaxtahækkun bætta.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er verið að breyta 1. gr. laga um greiðslujöfnun fasteignaveðlána á þann veg að raunvaxtahækkun hafi ekki í för með sér greiðslujöfnun. Raunvaxtahækkun mundi því ekki leggjast við höfuðstól eins og nú tíðkast, en það er ástæðan fyrir því að vaxtabætur koma ekki á móti raunvaxtahækkun. Vaxtabætur koma aðeins til vegna gjaldfallinna verðbóta og vaxta.

Um 2. gr.

Þar sem 1. gr. gerir ráð fyrir að breyting á raunvöxtum hafi ekki áhrif á greiðslujöfnun er nauðsynlegt að breyta einnig 3. gr. laganna sem fjallar um það hvernig greiðslumark er reiknað út. Eftirleiðis miðast því greiðslumark við vexti eins og þeir eru á hverjum tíma. Ríkisstjórnin hefur haft heimild frá árinu 1984 til að hafa vexti breytilega. Hún getur því breytt vöxtum af lánum Byggingarsjóðs ríkisins án þess að það valdi greiðslujöfnun.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. 728. Frumvarp til laga [406. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, 70/1990, 124/1990 og 130/1990.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

1. gr.

8. gr. laganna orðist þannig:

Hlutverk Byggingarsjóðs ríkisins er að annast lánveitingar og að sinna húsbréfaviðskiptum í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða á grundvelli þeirra. Sjóðurinn annast einnig um lántökur og lánveitingar sem átt hafa sér stað úr sjóðnum eða ákveðið kann að verða að taka upp.

2. gr.

2. mgr. 9. gr. laganna falli niður.

3. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Úr Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að veita lán skv. 1.–3. tölul. enda hafi verið gert ráð fyrir þessum lánaflokkum í fjárhagsáætlun sjóðsins fyrir það ár sem veiting láns fer fram:

1. Lán til bygginga heimila fyrir aldraða og dagvistarstofnana fyrir börn og aldraða.
2. Sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir.
3. Lán eða styrk til tækninýjunga í byggingariðnaði.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að ákveða nýja lánaflokka að fengnu samþykki félagsmálaráðherra.

4. gr.

Á eftir 11. gr. laganna komi nýr undirkafli með fjórum nýjum greinum, 12.–15. gr. Fyrirsögn kaflans verði: **Um lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins.** Hinn nýi undirkafli orðist svo:

a. (12. gr.)

Lán skv. 1. tölul. 11. gr. er heimilt að veita þeim sem byggja hjúkrunarheimili eða dagvistarstofnanir handa börnum eða öldruðum.

Sá sem hyggst hefjast handa um byggingu dvalarheimilis skal fyrst láta fara fram athugun á þörf fyrir slíkt heimili í samvinnu við sveitarstjórn.

Skilyrði lánveitingar er að umsókn um lán til byggingar dagvistarstofnunar eða dvalarheimilis fylgi umsögn heilbrigðisráðuneytis.

b. (13. gr.)

Lán skv. 2. tölul. 11. gr. er aðeins heimilt að veita ellilífeyrisþegum og öryrkjum sem búa við skerta starfsorku eða eru hreyfihamlaðir. Lánin eru veitt til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði vegna aukins kostnaðar af völdum sérþarfa umsækjanda og geta komið til viðbótar fasteignaveðlánum sem húsbréfadeild gefur út vegna byggingar eða kaupa á íbúð.

Lán þessi má enn fremur veita til endurbóta á húsnæði.

Lán samkvæmt þessari grein má einnig veita þeim sem hafa orðið fyrir meiri háttar röskun á högum og hafa vegna fráfalls maka eða af öðrum ástæðum lækkað svo í tekjum að þeir geta ekki haldið íbúðum sínum. Umsóknum um lán samkvæmt þessari málsgein skal fylgja umsögn Félagsmálastofnunar eða viðkomandi sveitarstjórnar.

c. (14. gr.)

Lán skv. 3. tölul. 11. gr. er heimilt að veita til þess að gera tilraunir með tækninýjungar sem leitt geta til lækkunar byggingarkostnaðar enda fylgi staðfesting á því að umsóknin sé ekki lánshæf hjá sérsjóðum iðnaðarins. Heimilt er að hafa fyrirgreiðsluna í formi styrks.

d. (15. gr.)

Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar hverju sinni ákveða hámarkshlutfall af byggingarkostnaði fyrir lán skv. 1. tölul. 11. gr.

Fjárhæð láns skv. 2. tölul. 11. gr. má nema allt að 80% af viðbótarkostnaði eða endurbótakostnaði enda séu framkvæmdir nauðsynlegar að mati húsnæðismálastjórnar.

Fjárhæð láns eða styrks skv. 3. tölul. 11. gr. svo og lánstíma skal ákveða hverju sinni af húsnæðismálastjórn með hliðsjón af kostnaði við að koma nýjungum í notkun, svo og mikilvægi þeirra fyrir byggingariðnaðinn.

Lánstími skv. 1.–2. tölul. 11. gr. skal vera allt að 25 árum.

Að öðru leyti gilda ákvæði 30. gr. laganna um lán skv. 1.–3. tölul. 11. gr.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um lánaflokka skv. 1.–3. tölul. 11. gr.

5. gr.

12. gr. laganna falli brott.

6. gr.

13. gr. laganna falli brott.

7. gr.

14. gr. laganna falli brott.

8. gr.

15.–17. gr. laganna falli brott.

9. gr.

18.–19. gr. laganna falli brott.

10. gr.

23.–24. gr. laganna falli brott.

11. gr.

25.–26. gr. laganna falli brott.

12. gr.

27.–28. gr. laganna falli brott.

13. gr.

29. gr. laganna falli brott.

14. gr.

30. gr. laganna (verður 16. gr.) orðist þannig:

Öll lán Byggingarsjóðs ríkisins skulu vera að fullu verðtryggð og miðast höfuðstóll lánsins við lánskjaravísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979.

Hvert lán skal að jafnaði tryggt með 1. eða 2. veðrétti í þeirri íbúð sem lánað er til eins og nánar greinir í lögum þessum. Jafnframt má ákveða að veitt lán og áhvílandi megi ekki fara fram úr tilteknu hlutfalli af kaupverði, fasteignamati eða brunabótamati.

Vextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins frá og með 1. júlí 1984 skulu vera breytilegir. Ríkisstjórnin tekur ákvörðun um vexti af hverjum lánaflokki á hverjum tíma að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og umsögn Seðlabankans. Selji lántakandi (skuldari) íbúð sína ber honum skylda til að tilkynna aðilaskipti að láni til Húsnæðisstofnunar ríkisins án tafar. Kaupanda og seljanda ber báðum að undirrita yfirlýsingu um þetta efni. Sé tilkynningarskylda vanrækt er húsnæðismálastjórn heimilt að gjaldfella þau lán er hvíla á fasteign frá Byggingarsjóði ríkisins.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða breytt vaxtakjör á láni við aðilaskipti til samræmis við almenn vaxtakjör samkvæmt nánari ákvörðun hennar.

Lán skulu vera afborgunarlaus fyrstu tvö árin en endurgreiðast síðan að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands á eftirstöðvum lánstímans. Heimilt skal þó lántakanda að greiða lán upp á skemmri tíma og skal þess getið í skuldabréfi.

Gjalddagar lána skulu eigi vera færri en fjórir á ári.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. og 5.–7. gr. laga þessara skulu 1.–2. tölul. 11. gr. og 12.–14. gr. laga nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989 og nr. 70/1990, halda gildi sínu fram til 1. mars 1994 gagnvart þeim umsækjendum sem:

1. þegar hafa fengið lánsloforð, þ.e. endanlegt svar Húsnæðisstofnunar ríkisins um fjárhæð og lánstíma,
2. eigi hafa fengið lánsloforð en fengið svar almenns eðlis frá Húsnæðisstofnun ríkisins um að þeir eigi rétt á láni.

Skilyrði lánsréttar samkvæmt þessum töluliðum eru:

a. Lífeyrissjóður, sem umsækjandi er félagi í, hafi fullnægt samningi við Húsnæðisstofnun ríkisins um ráðstöfunarfé til Byggingarsjóðs ríkisins.
b. Umsækjandi hafi staðfest umsókn sína innan þriggja mánaða frá því að tilkynning barst honum frá Húsnæðisstofnun um nauðsyn staðfestingar hennar.

Húsnæðisstofnun skal tilkynna umsækjendum, sem falla undir 2. tölul. þessa ákvæðis, eftirfarandi:

— Nauðsyn á staðfestingu umsóknar, sbr. b-lið 2. tölul. þessa ákvæðis.
— Ekki sé hægt að nýta sér bæði húsbréfaviðskipti annars vegar og lánsrétt skv. 2. tölul. þessa ákvæðis hins vegar.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga þessara skal 2. mgr. 9. gr. stofnlaganna, sbr. lög nr. 76/1989 og nr. 70/1990, halda gildi sínu um þá samninga Húsnæðisstofnunar við lífeyrissjóði um skuldabréfakaup sem gerðir eru vegna lána sem veitt eru samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I. Lánskjör af skuldabréfum skulu miðast við þau kjör sem ríkissjóður býður almennt á fjármagnsmarkaði.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin ákvað 20. desember 1990 að skipa nefnd fjögurra ráðherra sem hefði það verkefni að gera tillögur um uppgjör húsnæðislánakerfisins frá 1986 og fjárhagsvanda Byggingarsjóðs ríkisins með hliðsjón af tillögum forsætisráðherra í ríkisstjórninni 18. desember 1990. Í nefndinni voru Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra, Guðmundur Bjarnason heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Júlíus Sólnes umhverfisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon landbúnaðar- og samgönguráðherra.

Nefndin var sammála um að leggja niðurstöður hennar fyrir ríkisstjórnina 31. janúar 1991. Í niðurstöðunum segir m.a.:

„Að óbreyttu stefnir í að Byggingarsjóður ríkisins verði gjaldþrota eftir rúman áratug."

Til að snúa þessari þróun við benti nefndin á eftirfarandi:

„Hætt verði að taka við umsóknum um lán úr lánakerfinu frá 1986 og flutt um það frumvarp á yfirstandandi þingi.

Umsækjendum sem bíða eftir lánsloforði úr lánakerfinu frá 1986 verði gefinn kostur á að staðfesta umsóknir sínar innan ákveðins tíma. Að öðrum kosti falli umsóknirnar úr gildi og viðkomandi verði vísað á húsbréfakerfið. Umsóknir sem verða staðfestar verði afgreiddar innan þriggja ára og vextir verði 5,0%. Vextir á útlánum Byggingarsjóðs ríkisins frá 1. júlí 1984 verði hækkaðir í 5,0%. Framkvæmd vaxtahækkunar verði þannig:

— Vextir verði hækkaðir við eigendaskipti á íbúð og flutt um það frumvarp á yfirstandandi þingi.
— Vextir á öllum útlánum frá 1. júlí 1984 verði hækkaðir 10 árum eftir stofndag láns."

Frumvarp þetta byggir á niðurstöðum nefndarinnar og er í höfuðatriðum tvíþætt. Í fyrsta lagi er lagt til að hætt verði að taka við umsóknum um lán úr almenna lánakerfinu frá 1986. Í öðru lagi eru gerðar tillögur um breytingu á lánskjörum á útlánum Byggingarsjóðs ríkisins allt frá 1. júlí 1984. Gert er ráð fyrir að lánskjörum verði breytt við aðilaskipti.

Hætt verði að taka við umsóknum samkvæmt lögum nr. 54/1986.

Lög um húsbréfadeild og húsbréfaviðskipti gengu í gildi 15. nóvember 1989. Í fyrstu var eingöngu heimilt að skipta á húsbréfum og fasteignaveðbréfum vegna kaupa á notuðum íbúðum. Fram til 15. maí 1990 fengu þeir einir afgreiðslu sem áttu óafgreiddar

lánshæfar umsóknir um almenn lán hjá Byggingarsjóði ríkisins. Þann 15. nóvember 1990 voru húsbréfaviðskipti jafnframt heimiluð vegna nýbygginga. 1. september 1991, sbr. lög nr. 124/1990, er húsbréfadeild falið að skipta á húsbréfum og fasteignaveðbréfum í tengslum við meiri háttar viðbyggingar, endurbætur og endurnýjunar á notuðu húsnæði. Þar með mun húsbréfadeild nánast hafa yfirtekið lánastarfsemi Byggingarsjóðs ríkisins.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 9. febrúar 1990 var samþykkt að gera úttekt á fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins með það að markmiði að leiða í ljós áætlaða meðalvexti á eignum og skuldum sjóðsins og rekstrarafkomu næstu árin. Á grundvelli þeirrar úttektar skyldu gerðar tillögur um leiðir til að koma jafnvægi á fjárhag sjóðsins. Félagsmálaráðherra skipaði nefnd 21. mars 1990 til að vinna að þessu verkefni.

Nefndin skilaði niðurstöðum sínum og tillögum 22. júní 1990. Helstu niðurstöður nefndarinnar voru að Byggingarsjóður ríkisins yrði gjaldþrota um eða skömmu eftir næstu aldamót. Nefndin gerði tillögu um að almenna lánakerfinu frá 1986 verði lokað, þ.e. hætt verði að taka við umsóknum og einungis þeir umsækjendur afgreiddir sem fengið höfðu lánsloforð. Jafnframt gerði nefndin tillögu um að vextir á lánum sjóðsins verði hækkaðir í 5,0% á öllum útlánum frá 1. júlí 1984.

Ríkisstjórnin fól starfshópi félagsmála-, fjármála- og forsætisráðuneytisins að leggja mat á niðurstöður og tillögur nefndarinnar. Starfshópurinn skilaði niðurstöðum sínum og tillögum 8. nóvember 1990. Starfshópurinn var sammála nefndinni um það að nauðsynlegt væri að loka almenna lánakerfinu frá 1986 og hækka vexti í 5,0% á öllum útlánum frá 1. júlí 1984 til að bæta fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins.

Í umsögn Seðlabanka Íslands, dags. 28. janúar 1991, um útgáfu á 1. flokki húsbréfa 1991, segir: „Nauðsynlegt er að gera nú þegar þær lagabreytingar sem þarf til að loka lánakerfinu frá 1986 svo ekki komi til frekari lánveitinga úr því kerfi.“ Jafnframt segir í umsögn bankans að það sé vandkvæðum háð að hafa tvö húsnæðislánakerfi í gangi á sama tíma.

Engin ástæða er til að hafa tvö húsnæðislánakerfi samtímis. Húsbréfakerfið leysir lánakerfið frá 1986 fyllilega af hólmi. Enginn verulegur munur er á greiðslu- eða vaxtabyrði almennra lána í lánakerfinu frá 1986 eða fasteignaveðlána í húsbréfakerfinu þegar íbúðarkaup eru athuguð í heild. Það að hafa tvö lánakerfi samtímis skapar óvissu á fjármagnsmarkaði því bæði lánakerfið frá 1986 og húsbréfakerfið byggja að verulegu leyti á fjármagni frá sama aðila, þ.e. frá lífeyrissjóðunum.

Starfshópur ríkisstjórnarinnar, sem falið var að leggja mat á niðurstöður og tillögur nefndar félagsmálaráðherra frá 22. júní 1990, komst að þeirri niðurstöðu að aukin umsvif húsbréfakerfisins og lokun lánakerfisins frá 1986 muni geta haft jákvæð áhrif á fjármagnsmarkaðinn. Þannig muni losna um mikið fjármagn lífeyrissjóða og viðskiptabanka og jafnframt minnki þörf íbúðarkaupenda fyrir skammtímalán.

Áætlað er að lántökur Húsnæðisstofnunar hjá lífeyrissjóðunum verði allt að 140 milljörðum króna lægri til ársins 2000 ef lánakerfinu frá 1986 verður lokað og húsbréfakerfið tekur alfarið við, eða um 14 milljarðar króna á ári að jafnaði. Ef lánakerfið frá 1986 starfar óbreytt áfram þurfa lántökur Húsnæðisstofnunar hjá lífeyrissjóðunum að vera um 174 milljarðar króna til aldamóta. Með yfirtöku húsbréfakerfisins þurfa þessar lántökur að vera um 30 milljarðar króna.

Starfi lánakerfið frá 1986 óbreytt og vextir af inn- og útlánum Byggingarsjóðs ríkisins eru óbreyttir þurfa framlög ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins að nema um 15 milljörðum króna til næstu aldamóta til að standa undir rekstrarhallanum. Framlög ríkissjóðs

þyrftu hins vegar að verða um 7 milljarðar króna ef lánakerfinu verður lokað og ef til engra annarra aðgerða verður gripið til að rétta af rekstrarvanda sjóðsins.

Grundvallarmunur er á húsbréfakerfinu annars vegar og almenna lánakerfinu frá 1986 hins vegar. Í kjölfar almenna lánakerfisins frá 1986 jukust útlán til kaupa á notuðum íbúðum mikið. Miklu nýju fjármagni var beint inn á almenna fasteignamarkaðinn sem óhjákvæmilega leiddi til hækkunar á íbúðarverði. Í húsbréfakerfinu er nýju fjármagni ekki beint inn á fasteignamarkaðinn heldur er innri fjármögnun aukin. Fasteignaviðskipti hafa einnig breyst með tilkomu húsbréfakerfisins. Seljendur íbúða fá þær greiddar mun fyrr en áður og hefur það tilhneigingu til að halda fasteignaverði niðri.

Reynslan af húsbréfakerfinu hingað til er sú að það virðist ekki hafa haft áhrif til hækkunar á íbúðarverði.

Starfshópur ríkisstjórnarinnar áætlaði að heildarútgáfa húsbréfa á ári yrði um 12 milljarðar króna og líkleg sala þeirra á markaði yrði rúmir 9 milljarðar króna.

Breyting lánskjara á lánum Byggingarsjóðs ríkisins.

Í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins er ekki að finna nein ákvæði um það hvernig farið skuli með lán úr Byggingarsjóði ríkisins er hvíla á fasteign þegar hún er seld. Um áratugaskeið hefur það hins vegar tíðkast að við sölu á fasteignum hefur seljandi samið við kaupanda um yfirtöku hans á áhvílandi veðskuldum. Frá árinu 1984 hafa vextir á lánum Byggingarsjóðs ríkisins verið breytilegir og því hafa seljendur frá þeim tíma ekki í reynd getað gefið kaupendum fyrirheit um það að vextir á áhvílandi lánum yrðu óbreyttir, né hafa lántakendur getað treyst á að þau yrðu óbreytt um áratugaskeið.

Lán úr Byggingarsjóði ríkisins hafa í gegnum árin verið veitt einstaklingum sem hafa uppfyllt þau skilyrði er lög hafa kveðið á um á hverjum tíma. Skilyrðin hafa verið breytileg og varðað atriði eins og fjölskyldustærð, lífeyrissjóðsaðild, húsnæðiseign o.fl. Lán hefur verið veitt til íbúðarkaupa eða byggingar til eigin nota. Allir lántakendur frá 1984 hafa fengið lán sín með breytilegum vöxtum og búið við það að ríkisstjórninni væri heimilt að ákveða vexti fyrir hvern lánaflokk á hverjum tíma. Stór hluti húsnæðiskaupenda og húsnæðisbyggjenda hafa leitað sér ráðgjafar og gert greiðsluáætlanir vegna íbúðarkaupa eða bygginga. Greiðslumat hefur verið lykilatriði í því að forða fólki frá því að lenda í greiðsluerfiðleikum við öflun á eigin húsnæði.

Í þessu frumvarpi er lögð til sú breyting hvað varðar vaxtakjör fasteignaveðlána úr Byggingarsjóði ríkisins að ríkisstjórninni verði heimilað að breyta vaxtakjörum við aðilaskipti á fasteignum. Með þeirri tilhögun er ekki gengið á þá framkvæmd sem tíðkast hefur um áratugaskeið að seljandi geti heimilað kaupanda að yfirtaka þessi langtímalán. Þess er einungis krafist að aðilaskiptin séu tilkynnt Húsnæðisstofnun án tafar. Heimildin til að hafa vexti breytilega er fyrir hendi, en hér er lagt til að opnuð sé sú heimild að vaxtakjör af tilteknum lánaflokki geti verið breytileg eftir því hvort um upphaflegan lántakanda er að ræða eða aðila sem hefur yfirtekið lánin. Það er ljóst að aðstæður þess aðila sem yfirtekur lánið geta verið allt aðrar en þess sem upphaflega fékk lánið. Ekki er óeðlilegt að við ákvörðun á vaxtakjörum á lánum til þess sem yfirtekur lán sé fremur miðað við vexti eins og þeir eru til þeirra sem eru að fá ný lán heldur en til hinna sem fengu lán á meðan vextir voru lægri. Hinn nýi aðili gæti því þurft að sæta vaxtabreytingum sem ríkisstjórnin ákveður til samræmis við þá vexti sem tíðkast á þeim tíma sem yfirtaka á sér stað.

Lánskjör yrðu hin sömu og upphaflegi lántakandi hefur notið, svo sem varðandi láns-

tíma og það að vextir séu breytilegir. Það er því ekki á nokkurn hátt verið að draga úr því hagræði sem bæði seljandi og kaupandi hafa af því að aðilaskipti skuli geta átt sér stað.

Ráðherranefndin lagði til að tíu árum eftir að lán eru veitt upphaflega skulu vextir þeirra endurskoðaðir og færðir til samræmis við þá er gilda almennt á lánum úr Byggingarsjóði ríkisins. Ekki þykir ástæða til að taka þetta upp í frumvarpið þar sem ríkisstjórnin hefur heimild til að ákveða vexti á hverjum tíma og að vextir af öllum lánum eftir 1. júlí 1984 eru breytilegir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Byggingarsjóði ríkisins er aðeins ætlað að annast lánveitingar til þeirra lánaflokka sem eftir standa í 11. gr. laganna eins og henni er breytt með þessu frumvarpi. Hlutverk sjóðsins breytist því. Við sjóðinn er starfrækt húsbréfadeild og í nafni sjóðsins eru gefin út markaðshæf skuldabréf. Hlutverk Byggingarsjóðsins verður að annast um þau lán sem sjóðurinn hefur veitt á umliðnum árum. Enn fremur sinnir hann þeim skuldbindingum sem sjóðurinn hefur tekið á sig með lántökum, þ.e. sölu skuldabréfa, auk þeirra lánveitinga sem lög þessi mæla fyrir um.

Um 2. gr.

Lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins frá árinu 1986 hafa grundvallast að mestu á fjármagni sem sjóðurinn hefur aflað með samningsbundnum skuldabréfakaupum lífeyrissjóða til tveggja ára. Þar sem að ákvæði 12. gr. laganna um lánsrétt, sem byggist á kaupum lífeyrissjóða, er fellt niður þá þykir ekki ástæða til að kveða á um það að samningarnir séu til a.m.k. tveggja ára, sbr. þó bráðabirgðaákvæði II.

Um 3. gr.

Með greininni eru lánaflokkar Byggingarsjóðs ríkisins, að þremur undanskildum, felldir brott. Að öðru leyti vísast um þetta atriðið til almennra athugasemda frumvarpsins.

Miklvægt er að halda opinni leið fyrir húsnæðismálastjórn að ákveða nýja lánaflokka og er því ekki lögð til breyting hvað það atriði varðar.

Um 4. gr.

Samkvæmt frumvarpinu verða lánaflokkar Byggingarsjóðs ríkisins, að þremur undanskildum, felldir brott. Þeir þrír, sem eftir standa, tengjast hvorki þeim breytingum á lögunum sem gerðar voru á árinu 1986, sbr. lög nr. 54/1986, né rúmast þeir innan húsbréfakerfisins. Markmið lánaflokkanna eru hins vegar í fullu gildi. Lánaflokkarnir þrír standa því að mestu efnislega óbreyttir í þessu frumvarpi. Þær breytingar, sem á þeim eru gerðar, lúta að tveimur atriðum: Í fyrsta lagi eru lán til leiguíbúða aldraðra felld brott, sbr. 1. tölul. 11. gr., enda rúmast lán til leiguíbúða aldraðra innan félagslega lánakerfisins. Í öðru lagi er lagt til að lánstími lána skv. 1. og 2. tölul. 11. gr. verði samræmdur og verði 25 ár en það er sá lánstími sem nú gildir í húsbréfakerfinu. Enn fremur er sú breyting lögð til að kveðið verði nánar á um lánaflokkana þrjá í reglugerð í stað þeirra ítarlegu reglna sem eru í gildandi lögum.

Um 5. gr.

Samkvæmt frumvarpinu er ekki lengur um að ræða lánsrétt eða lánveitingar sem byggja á lánsrétti skv. 12. gr. laganna og er greinin því felld brott, sbr. þó bráðabirgðaákvæði I.

Um 6. gr.

Ekki verður lengur um að ræða lánveitingar til kaupa á nýjum íbúðum, sbr. 3. gr.

Um 7. gr.

Ekki verður lengur um að ræða lánveitingar til kaupa á notuðum íbúðum, sbr. 3. gr.

Um 8. gr.

Sjá athugasemdir við 4. gr.

Um 9. gr.

Ákvæði um lán til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði er flutt yfir í húsbréfakerfið með lögum nr. 124/1990 og er því fellt niður hjá Byggingarsjóði ríkisins.

Um 10. gr.

Sjá athugasemdir við 4. gr.

Um 11. gr.

Ákvæði um lán til orkusparandi breytinga á húsnæði eru felld niður úr Byggingarsjóði ríkisins þar sem þau rúmast innan ákvæða laganna varðandi húsbréfaviðskipti, sbr. lög nr. 124/1990.

Um 12. gr.

Sjá athugasemdir við 4. gr.

Um 13. gr.

Hér er fellt niður lán til viðurkenndra framkvæmdaraðila í byggingariðnaði, en þeir aðilar rúmast innan ákvæða laga um húsbréfaviðskipti, sbr. ákvæði um nýbyggingar.

Um 14. gr.

Hér er kveðið á um heimildir ríkisstjórnarinnar til að ákveða vexti. Vextir eru breytilegir á öllum lánum úr Byggingarsjóði ríkisins eftir 1. júlí 1984. Opnuð er leið fyrir ríkisstjórn Íslands til að ákveða að vaxtakjör á þegar teknum lánum hjá Byggingarsjóði ríkisins geti breyst við aðilaskipti til samræmis við vexti af nýjum lánum. Gert er að skyldu að tilkynna aðilaskipti að lánum til Húsnæðisstofnunar strax og þau fara fram. Slíkt er forsenda þess að unnt sé að beita heimildarákvæðinu um breytt vaxtakjör til handa hinum nýja aðila. Til að tryggja að aðilaskipti séu tilkynnt þarf húsnæðismálastjórn að vera unnt að beita viðurlögum, hér er því lagt til að unnt sé að gjaldfella lán úr Byggingarsjóði ríkisins. Húsnæðismálastjórn væri veitt heimild til þessa en væntanlega færi það eftir því hversu mikill dráttur hefði verið á tilkynningu hvort hún gripi til þessa úrræðis.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

I.

Í ákvæði þessu felst hvernig farið skuli með umsóknir þeirra sem ýmist hafa fengið lánsloforð eða svör almenns eðlis um lánsrétt þegar lög þessi taka gildi. Þannig er gert ráð fyrir að næstu þrjú árin, eða til 1. mars 1994, verði lánastarfsemi Byggingarsjóðs ríkisins haldið áfram í samræmi við ákvæði þetta, enda þótt ekki verði tekið við nýjum umsóknum frá og með gildistöku laganna.

Ljóst er að það breytir engu um rétt þeirra, sem þegar hafa fengið lánsloforð, þótt ákvæði laganna um rétt umsækjanda, sbr. 12. gr., og um lán til nýrra og notaðra íbúða, sbr. 13. og 14. gr., verði felld niður. Kjósi umsækjandi, sem fengið hefur bindandi lánsloforð, hins vegar fremur að nýta sér húsbréfakerfið verður að sjálfsögðu orðið við því.

Öðru máli gegnir um þá umsækjendur, sem ekki hafa fengið lánsloforð, en þó fengið svar almenns eðlis um lánsrétt, skilyrtan lánsrétt, í samræmi við 7. mgr. 12. gr. laganna. Til þess að sá réttur verði virkur þarf í fyrsta lagi lífeyrissjóður viðkomandi að fullnægja samningi sínum við Húsnæðisstofnun um skuldabréfakaup eins og segir í 7. mgr. 12. gr. Auk þessa er hér lagt til að réttur umsækjanda til láns verði því aðeins virkur að umsækjandi sýni sjálfur vilja til þess að svo verði, þ.e. hann staðfesti það skriflega við Húsnæðisstofnun innan þriggja mánaða frá því honum barst tilkynning um þetta atriði. Ljóst er að þetta skilyrði er bundið því að Húsnæðisstofnun hafi sannanlega tilkynnt umsækjanda að það valdi missi réttinda ef umsókn er ekki staðfest. Því er sú upplýsingaskylda Húsnæðisstofnunar sérstaklega tilgreind. Einnig er lögð sú skylda á Húsnæðisstofnun að tilkynna að réttur til húsbréfaviðskipta og lána frá Byggingarsjóði ríkisins fari ekki saman, sbr. reglugerð um húsbréfaviðskipti nr. 217/1990.

Hinn 1. mars 1994 er lánveitingum úr Byggingarsjóði ríkisins með öllu hætt. Þeir umsækjendur, sem ekki hafa fengið lán sín afgreidd fyrir þann tíma, eiga ekki lánsrétt lengur.

II.

Í því skyni að standa undir fjármögnun á lánum til þeirra einstaklinga, sem falla undir ákvæði til bráðabirgða I., er nauðsynlegt að ákvæði 2. mgr. 9. gr. laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins, um samninga Húsnæðisstofnunar við lífeyrissjóði um skuldabréfakaup til minnst tveggja ára, gildi um þá samninga sem gerðir verða á næstu árum til að fjármagna lán samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I.

Nd. 729. Lög [227. mál]

um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989.

(Afgreidd frá Nd. 26. febr.)

Samhljóða þskj. 439.

Nd. 730. Frumvarp til laga [338. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 26. febr.)

Samhljóða þskj. 597 með þessum breytingum:

13. gr. hjóðar svo:
1. mgr. 27. gr. orðist svo:
Framboðslista í kjördæmi skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann. Framboðslista skal og fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá kjósendum í hlutaðeigandi kjördæmi. Fjöldi meðmælenda skal vera margfeldi af þingsætatölu kjördæmisins og talnanna 20 að lágmarki og 30 að hámarki.

29. gr. hjóðar svo:
Í stað orðanna „kl. 23 á kjördag“ í 2. mgr. 93. gr. komi: kl. 22 á kjördag.

Sþ. 731. Svar [369. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Skúla Alexanderssonar um íbúðir sem Húsnæðisstofnun ríkisins eignast á nauðungaruppboði.

Félagsmálaráðuneytið óskaði eftir upplýsingum frá Húsnæðisstofnun ríkisins varðandi fyrirspurnina. Svar barst ráðuneytinu með bréfi dags. 22. febrúar 1991.

1. *Hvernig hagar Húsnæðisstofnun ríkisins eða veðdeild Landsbanka Íslands eftirliti og viðhaldi á íbúðarhúsum og lóðum sem veðdeildin kaupir og eignast á nauðungaruppboðum?*

Fasteignir, sem Byggingarsjóður ríkisins kaupir á nauðungaruppboðum, eru seldar eins fljótt og kostur er. Veðdeild Landsbanka Íslands er verktaki hjá Húsnæðisstofnun og kaupir því ekki eignir í eigin nafni. Nauðsynlegt viðhald hefur verið unnið af iðnaðarmönnum á þeim stöðum þar sem eignirnar eru og þá í samráði við tæknideild stofnunarinnar. Þegar fasteignasalar á landsbyggðinni eru með íbúðir í sölu hafa þeir jafnframt umsjón með eignunum. Að öðrum kosti eru það byggingarfulltrúar eða iðnaðarmenn á staðnum sem samið er við.

2. *Hvernig er ráðstafað því íbúðarhúsnæði sem þessar stofnanir eignast á nauðungaruppboði?*

Húsnæðisstofnunin reynir að selja allar þær íbúðir sem hún eignast á nauðungaruppboðum. Allar ákvarðanir um sölu eru teknar af innheimtunefnd húsnæðismálastjórnar en í henni sitja þrír stjórnarmenn auk framkvæmdastjóra stofnunarinnar. Lögfræðideild stofn-

unarinnar stýrir sölumeðferð eigna fyrir hönd Húsnæðisstofnunar. Flestar eignir eru seldar fyrir milligöngu fasteignasala.

3. Ef um sölu er að ræða, hver annast hana? Greiða stofnanirnar sölulaun í slíkum tilfellum?

Á þeim stöðum, þar sem fasteignasalar eru starfandi, er þeim falið að annast sölumeðferð og eftirlit með „uppboðsíbúðum“. Annars sér lögfræðideild Húsnæðisstofnunar um sölu eigna. Sölulaun hafa einungis verið greidd þegar fasteignasalar annast um söluna.

Nd. 732. Frumvarp til laga [139. mál]

um listamannalaun.

(Eftir 2. umr í Nd., 26. febr.)

1. gr.

Alþingi veitir árlega fé á fjárlögum til að launa listamenn í samræmi við ákvæði laga þessara.

2. gr.

Almenn listamannalaun skulu veitt úr fjórum sjóðum:

a. Launasjóði rithöfunda,
b. Launasjóði myndlistarmanna,
c. Tónskáldasjóði,
d. Listasjóði.

Þrír hinna fyrstnefndu sjóða eru sérgreindir sjóðir en Listasjóður er almennur sjóður í þágu allra listgreina. Allir sjóðirnir veita starfslaun, svo og náms- og ferðastyrki.

3. gr.

Þriggja manna stjórn listamannalauna hefur yfirumsjón með sjóðum skv. 2. gr. Stjórnin skal skipuð af menntamálaráðherra til þriggja ára í senn, einum samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra listamanna, einum tilnefndum af Háskóla Íslands, en af Listaháskóla ef stofnaður yrði og loks einum án tilnefningar. Stjórn sjóðsins skal m.a. annast vörslu sjóðanna og sjá um bókhald þeirra.

Stjórnin úthlutar fé úr Listasjóði, en sérstakar úthlutunarnefndir fyrir hvern hinna sérgreindu sjóða veita fé úr þeim, sbr. 12. gr.

4. gr.

Starfslaun miðast við lektorslaun II við Háskóla Íslands eins og þau eru á hverjum tíma. Þeir sem taka starfslaun hverju sinni skulu vera á launaskrá hjá stjórn listamannalauna og greiðast laun til þeirra mánaðarlega. Þeir skulu eiga kost á aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda og stendur þá launagreiðandi skil á iðgjaldshluta þeirra ásamt mótframlagi sínu. Þeir skulu ekki gegna öðru föstu starfi meðan þeir njóta starfslauna og skila skýrslu um störf sín. Fella má niður starfslaun sem veitt hafa verið til lengri tíma

en sex mánaða ef talið er að viðkomandi listamaður sinni ekki list sinni.

5. gr.

Samanlögð starfslaun miðast við 900 mánaðarlaun, eða 75 árslaun, og síðan bætast við 60 mánaðarlaun á ári næstu fimm ár.

6. gr.

Launasjóður rithöfunda veitir árlega starfslaun sem svara til 360 mánaðarlauna og bætast við 24 mánaðarlaun á ári næstu fimm ár. Rétt til greiðslu úr sjóðnum hafa íslenskir rithöfundar og höfundar fræðirita. Heimilt er og að greiða úr sjóðnum fyrir þýðingar á íslensku.

Þriggja manna nefnd, sem menntamálaráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Rithöfundasambands Íslands, úthlutar fé úr Launasjóði rithöfunda. Ákvörðun úthlutunarnefndar er endanleg og verður ekki áfrýjað.

7. gr.

Launasjóður myndlistarmanna veitir árlega starfslaun sem svara til 240 mánaðarlauna og bætast við 16 mánaðarlaun á ári næstu fimm ár.

Þriggja manna nefnd, sem menntamálaráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Sambands íslenskra myndlistarmanna, úthlutar fé úr Launasjóði myndlistarmanna. Ákvörðun úthlutunarnefndar er endanleg og verður ekki áfrýjað.

8. gr.

Tónskáldasjóður veitir árlega starfslaun sem svara til 60 mánaðarlauna og bætast við átta mánaðarlaun á ári næstu fimm ár.

Þriggja manna nefnd, sem menntamálaráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Tónskáldafélags Íslands, úthlutar fé úr Tónskáldasjóði. Ákvörðun úthlutunarnefndar er endanleg og verður ekki áfrýjað.

9. gr.

Listasjóður veitir starfslaun og styrki er svara til 240 mánaðarlauna og bætast við 12 mánaðarlaun á ári næstu fimm ár. Listasjóður veitir einnig sérstök framlög til listamanna, m.a. til þeirra sem notið hafa listamannalauna undanfarin ár og náð hafa 60 ára aldri. Að minnsta kosti helmingur starfslauna úr Listasjóði skal veittur leikhúslistamönnum.

10. gr.

Starfslaun skulu veitt til hálfs eða eins árs, til þriggja eða fimm ára. Miða skal við að fjórðungur heildarstarfslauna verði að jafnaði veittur til listamanna sem taka laun í meira en eitt ár.

11. gr.

Stjórn listamannalauna skal vinna markvisst að því að sveitarfélög og fyrirtæki veiti listamönnum starfslaun eða leggi fram fé í Listasjóð.

12. gr.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara að höfðu sam-

ráði við Rithöfundasamband Íslands, Samband íslenskra myndlistarmanna og Tónskáldafélag Íslands.

13. gr.

Við gildistöku þessara laga falla eftirtalin lög úr gildi:
Lög nr. 29 29. apríl 1967, um listamannalaun.
Lög nr. 29 20. maí 1975, um Launasjóð rithöfunda.

14. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1991 og skulu endurskoðuð eftir fimm ár frá gildistöku.

Nd. 733. Nefndarálit [77. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 22. maí 1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið umsagnir um það frá biskupi Íslands, Félagi háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga, Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu, Krossinum, Kvenfélagasambandi Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands, landlækni, Lífsvon, Ljósmæðrafélagi Íslands, Hjúkrunarfélagi Íslands, læknadeild Háskóla Íslands, Prestafélagi Íslands og Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa.

Í umsögnum við frumvarpið koma fram allmargar athugasemdir og eru skoðanir mjög skiptar um hvort samþykkja eigi frumvarpið eða ekki. Eins eru skoðanir skiptar um hve miklar breytingar eigi að gera á frumvarpinu áður en það er samþykkt. Ljóst er að nefndin þarf að gera mjög nákvæma úttekt á lögum nr. 25/1975 ef hún á að afgreiða þetta frumvarp á yfirstandandi þingi, hvort sem mælt yrði með samþykkt þess eður ei. Með hliðsjón af því hversu skammur tími er til þinglausna og í trausti þess að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra láti fara fram endurskoðun laga nr. 25/1975 leggur meiri hl. nefndarinnar til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Geir H. Haarde var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. febr. 1991.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm. Ragnhildur Helgadóttir. Hulda Jensdóttir.

Guðmundur G. Þórarinsson.

Sþ. 734. Tillaga til þingsályktunar [407. mál]

um foreldrafræðslu.

Flm.: Guðný Guðbjörnsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson,
Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir,
Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að beita sér fyrir því að tekin verði upp foreldrafræðsla í skólum landsins, í fjölmiðlum og í samvinnu við heilbrigðisráðherra á heilsugæslustöðvum. Skipaður verði vinnuhópur sem komi með tillögur um æskilegt inntak, form og umfang foreldrafræðslu á fyrrgreindum stöðum fyrir 1. nóvember 1991.

Greinargerð.

Skipan uppeldismála samkvæmt gildandi lögum er sú að foreldrar eru ábyrgir fyrir uppeldi barna sinna. Ríkinu ber þó að grípa inn í og aðstoða foreldra á tilteknum sviðum, t.d. varðandi grunnmenntun, sbr. ákvæði um skólaskyldu, og ef foreldrar eru ófærir um að sinna ábyrgð sinni eða skyldum, sbr. t.d. ákvæði laga um barnavernd. Í lýðræðisríkjum er þessi skipan mála yfirleitt talin sjálfsögð, enda litið á fjölskylduna sem einn af hornsteinum þjóðfélagsins. Þetta fyrirkomulag byggir á því að foreldrar hafi sjálfir aðstöðu til að sinna þessari ábyrgð eða hafi möguleika á uppeldisaðstoð sem þeir geta haft áhrif á og samræmist þeirra lífsviðhorfum.

Þessi skipan uppeldismála er nú miklum erfiðleikum bundin. Mikil atvinnuþátttaka beggja foreldra og sá langi vinnudagur sem hér tíðkast dregur úr möguleikum foreldra til að hafa áhrif á uppeldi barna sinna. Til að koma í veg fyrir uppeldislega vanrækslu heillar kynslóðar íslenskrar æsku er ekki aðeins nauðsynlegt að stórefla samfélagslega þjónustu á sviði uppeldis- og skólamála heldur þarf einnig að styrkja foreldrana ef núverandi skipan uppeldis á ekki að vera merkingarlaus. Löggjafinn hefur eðlilega gert ráð fyrir að foreldrar hafi áhrif á starf skóla og leikskóla, en því miður virðist samstarf foreldra og uppeldisstofnana eiga hér erfitt uppdráttar. Í stað þess að breyta núverandi skipan mála og gera uppeldis- og skólastofnanir alfarið ábyrgar fyrir uppeldi barna er hér ákveðið lagt til að styrkja foreldra til að takast á við hlutverk sitt, ekki síst barnanna vegna. Það skiptir afar miklu máli að börn fái góða aðhlynningu og örvun í uppeldinu til að þau verði heilsteyptir einstaklingar og þar gegna foreldrar, eða aðrir sem standa barninu næst tilfinningalega, lykilhlutverki. Foreldraábyrgð er því mikilvæg og í lýðræðisþjóðfélagi, sem hefur lögfest jafnrétti kynjanna, þurfa báðir foreldrar að geta sinnt henni sem best. Til að svo geti orðið þarf að styrkja foreldra í hlutverki sínu og um leið þau grundvallarmannréttindi foreldra og barna sem hér eru í húfi.

Sú leið, sem hér er mælt fyrir, er að taka upp almenna foreldrafræðslu. Markmið hennar væri að gefa foreldrum kost á að fræðast um ýmis atriði er snerta foreldrahlutverkið og mikilvægi þess. Auk ofannefndra ástæðna fyrir fræðslu af þessu tagi má benda á eftirfarandi rök:

1. Engin fræðsla um foreldrahlutverkið og barnauppeldi er í boði fyrir alla í skólakerfinu eða annars staðar í þjóðfélaginu.
2. Vísindaleg þekking á þroska og uppeldi barna hefur stóraukist á liðnum áratugum án þess að komast til foreldra almennt. Ætla má að það dragi úr öryggi foreldra í samskiptum við sérmenntað fólk á uppeldisstofnunum.

3. Þó að foreldrar hafi hingað til getað byggt á reynslu fyrri kynslóða eru aðstæður nútímaforeldra og barna, a.m.k. í þéttbýli, mjög breyttar frá því sem foreldrarnir hafa sjálfir þekkt í eigin uppeldi.
4. Þegar boðið er upp á foreldrafræðslu eða námskeið um samskipti foreldra og barna, bæði hér og í nágrannalöndunum, hefur eftirspurn af hálfu foreldra verið mikil. Því miður hefur þetta mest verið í formi einkanámskeiða sem ekki ná til allra.

Hér er mælst til að vinnuhópur komi með tillögur um foreldrafræðslu í skólum landsins, á heilsugæslustöðvum og í fjölmiðlum. Lagt er til að í vinnuhópnum verði auk sérfræðinga á sviði uppeldismála og foreldrafræðslu fulltrúar frá foreldrum eða samtökum þeirra, fjölmiðlafræðingur varðandi foreldrafræðslu í fjölmiðlum og fulltrúi frá heilbrigðisráðuneyti varðandi fræðslu og ráðgjöf á heilsugæslustöðvum. Markvissar rannsóknir á áhrifum foreldrafræðslu eru til sem geta gefið vísbendingar um æskilegar aðferðir. Algengara er þó að gildi fræðslunnar er ekki rannsakað þar sem trú aðstandenda á gildi hennar hefur dugað. Æskilegt væri að gera ráð fyrir athugun á notkun og gildi þeirrar foreldrafræðslu sem lögð verður til og haga umfangi hennar í samræmi við það.

Varðandi skólakerfið ber að fagna skýrslu starfshóps um jafna stöðu kynja í skólum sem menntamálaráðuneytið gaf út í desember 1990. Þar er skýrt kveðið á um að íslenska skólakerfið eigi að undirbúa bæði stúlkur og drengi undir fjölskyldulíf, m.a. með námi í fjölskyldufræðum í grunn- og framhaldsskólum. Í því felst m.a. umfjöllun um heimilisrekstur, barneignir, uppeldi og samskipti kynjanna sem allt getur tengst foreldrahlutverkinu og jafnri foreldraábyrgð. Ákvæði af þessu tagi er einnig að finna í aðalnámsskrá grunnskóla (bls. 174) og í fyrirliggjandi frumvarpi til laga um grunnskóla (47. gr.). Mikilvægt er að settar verði fram nákvæmar tillögur um útfærslu foreldrafræðslu, ekki síst fyrir framhaldsskólann sem nú er öllum opinn. Foreldrafræðslu þyrfti einnig að efla í Háskóla Íslands og sem víðast í sí- og endurmenntun fólks.

Heilsugæslustöðvar og meðgöngudeildir sjúkrahúsa hafa boðið upp á mismikla fræðslu fyrir verðandi foreldra og foreldra ungbarna. Mælt er með eflingu þess starfs og að bætt verði við uppeldislegri ráðgjöf fyrir þá foreldra og börn að 16 ára aldri sem hennar óska.

Mikilvægt er að nýta sem flesta fjölmiðla við þá fræðslu sem hér er mælt með. Fræðsluþættir í útvarpi og sjónvarpi með þátttöku sérfræðinga og foreldra eru hugsanleg dæmi. Möguleg viðfangsefni eru þroskaeinkenni ákveðinna aldurshópa barna, samskipti foreldra og uppeldisstofnana, samhæfing fjölskyldulífs og starfs, málfarslegt uppeldi á heimilum, trúaruppeldi, afmörkuð uppeldisvandamál eða æskilegar uppeldisaðferðir. Slíkir þættir gætu síðan verið til útláns á myndböndum. Einnig mætti nota dagblöð og tímarit í þessum tilgangi.

Það er von flutningsmanna að þessi tillaga styrki foreldra, jafnt mæður sem feður, í sínu ábyrgðarmikla hlutverki til góðs fyrir uppvaxandi kynslóðir Íslendinga því lengi býr að fyrstu gerð.

Sþ. 735. Tillaga til þingsályktunar [408. mál]

um langtímaáætlun í vegagerð.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

Alþingi ályktar að á næstu 12 árum skuli eftirfarandi fjármagns aflað til vegagerðar. Fjármagni þessu skal varið til framkvæmda í vegamálum samkvæmt langtímaáætlun eins og hér segir.

1. Áætlun um fjáröflun.

Fjárhæðir í m.kr. á áætluðu meðalverðlagi 1991 samkvæmt fjárlögum (vt. 4.560).

1. Tímabil 1991–1994	23 740 m.kr.
2. Tímabil 1995–1998	26 342 m.kr.
3. Tímabil 1999–2002	28 040 m.kr.

2. Skipting útgjalda.

(Fjárhæðir í m.kr.)

		1. tímabil	2. tímabil	3. tímabil
2.1.	Stjórn og undirbúningur	1 166	1 310	1 464
2.2.	Viðhald þjóðvega:			
	1. Almenn þjónusta	2 770	3 175	3 480
	2. Vetrarþjónusta	2 382	2 644	2 932
	3. Viðhald	3 766	4 837	5 181
2.3.	Nýbyggingar vega:			
	1. Stofnbrautir	4 896	4 699	4 821
	2. Höfuðborgarsvæðið	1 858	2 402	2 465
	3. Stórverkefni	2 375	2 179	2 235
	4. Þjóðbrautir	1 408	1 649	1 692
	5. Girðingar og uppgræðsla	132	140	144
2.4.	Nýbyggingar brúa	698	718	737
2.5.	Fjallvegir	260	316	348
2.6.	Sýsluvegir	781	874	980
2.7.	Þjóðvegir í þéttbýli	1 129	1 267	1 421
2.8.	Tilraunir	119	132	140
	Samtals	23 740	26 342	28 040

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

0. ALMENNT

0.1. INNGANGUR

Tillaga um langtímaáætlun í vegagerð var lögð fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982–83. Sú tillaga fól í sér áætlun um fjárþörf og skiptingu útgjalda á verkefnaflokka. Auk þess var verkefnum í nýbyggingum á stofnbrautum raðað á tímabil. Tillagan varð ekki afgreidd á Alþingi, en hefur engu að síður haft stefnumarkandi áhrif á afgreiðslu vegáætlunar á hverjum tíma.

Samkvæmt samþykkt Alþingis 1981 um gerð langtímaáætlunar í vegagerð, skyldi hún endurskoðuð fjórða hvert ár, og þá bætt við nýju fjögurra ára tímabili í stað þess er lauk.

Ekki varð af þessari endurskoðun 1987 eins og vera átti, en tillaga þar um var þó lögð fyrir Alþingi. Á sl. sumri skipaði samgönguráðherra starfshóp til að gera nýja langtímaáætlun um vegaframkvæmdir. Starfshópinn skipuðu fulltrúar stjórnmálaflokkanna, auk fulltrúa samgönguráðuneytis og Vegagerðar. Þessi sátu í hópnum.

Ólafur Steinar Valdimarsson	ráðuneytisstjóri	
Skúli Alexandersson	alþingismaður	(Alþýðubandal.)
Eiður Guðnason	alþingismaður	(Alþýðuflokki)
Stefán Guðmundsson	alþingismaður	(Framsóknarfl.)
Stefán Valgeirsson	alþingismaður	(Samt. um jafnr. og félagsh.)
Málmfríður Sigurðardóttir	alþingismaður	(Samt. um kvennal.)
Halldór Blöndal	alþingismaður	(Sjálfstæðisfl.)
Sturla Böðvarsson	bæjarstjóri	(Sjálfstæðisfl.)
Þórir Hilmarsson	verkfræðingur	(Borgarafl.)

Snæbjörn Jónasson vegamálastjóri, en honum var falið að stjórna starfi hópsins.

Starfshópurinn hefur haldið marga fundi. Á þessum fundum hefur einkum verið fjallað um innihald áætlunar og markmið, svo og fjárhagsgrundvöll hennar. Enn fremur skiptingu fjár á helstu liði, viðhald, nýjar framkvæmdir o.þ.h., svo og skiptingu nýbyggingafjár á milli kjördæma. Þá hefur nefndin einnig fjallað um almenna stefnumótun í vegagerðarframkvæmdum.

Verkefni þetta er mjög viðamikið og hefur því verið lögð áhersla á stærstu liðina í viðhaldi og nýbyggingum vega. Ákveðið var að leggja tillöguna fram með þeim hætti, að hún sýndi einungis skiptingu útgjalda á helstu verkefnaflokka eftir tímabilum, en ekki röðun verkefna. Við gerð upphaflegrar langtímaáætlunar var sú röðun unnin af þingmönnum einstakra kjördæma, og telur starfshópurinn eðlilegt að sá háttur verði einnig á hafður nú, með nokkrum undantekningum, sem tengjast stórverkefnum og verður nánar gerð grein fyrir síðar í þessum athugasemdum.

Hugmyndir og tillögur starfshópsins um fjölmörg atriði, sem snerta langtímaáætlunina verða settar fram í athugasemdum þessum. Má þar nefna markmiðssetningu fyrir áætlunina, tekjuöflun, nýjar skilgreiningar verkefna í viðhaldi og þjónustu, skiptingu stórverkefna og röðun þeirra á tímabil, endurskoðun á flokkun vega o.fl. Væntir starfshópurinn þess að tillögur þessar og hugmyndir verði grundvöllur að frekari úrvinnslu áætlunarinnar á Alþingi.

0.2. MARKMIÐ LANGTÍMAÁÆTLUNAR 1991

Við vinnu sína hefur starfshópurinn sett sér markmið um uppbyggingu vegakerfisins og þjónustu við vegfarendur. Hin helstu þeirra eru sem hér segir:

Við gerð áætlunarinnar er miðað við, að atvinnu- og skólasvæði verði tengd saman í samgöngusvæði eftir því sem unnt er. Skil milli samgöngusvæða markast af fjallvegum,

víðáttumiklu strjálbýli eða eyjasundum. Samgöngusvæði skal almennt ekki vera stærra en svo, að fjarlægð innan þess að þjónustumiðstöð sé ekki meiri en 70 km á norðanverðu landinu og 100 km á sunnanverðu landinu. Er þá verið að taka tillit til snjóþyngsla og veðráttu.

Vetrarþjónusta taki mið af samgöngusvæðum. Þannig er þjónustan mest innan samgöngusvæða og stefnt að því á áætlunartímanum að halda stofnbrautum þar opnum alla virka daga, og alla daga þar sem umferð er mikil. Á milli nágrannasvæða verði opnað 3–5 sinnum í viku, þar sem tiltækilegt þykir. Sama opnunartíðni verði á hringveginum og helstu stofnbrautum út frá honum.

Að öðru leyti skal stefnt að eftirtöldum jafngildum markmiðum:

1. Stofnbrautir hafi fullt burðarþol (10 t) allt árið, svo og þýðingarmeiri þjóðbrautir. Við nýbyggingar vega og brúa á þessum leiðum skal miða við 11,5 t öxulþunga. Aðrir opinberir vegir hafi að lágmarki 7 t burðarþol.
2. Vegir séu byggðir upp úr snjó eftir því, sem unnt er, og með tilliti til vetrarþjónustu, sem veita á skv. því, sem rakið er hér á undan.
3. Bundið slitlag sé lagt á allar stofnbrautir svo og þær þjóðbrautir, þar sem gera má ráð fyrir að umferð verði meiri en 100 bílar á dag.
4. Á umferðarmestu þjóðvegum séu byggð umferðarmannvirki, sem tryggi greiða umferð bifreiða og öðrum vegfarendum öryggi.
5. Tekið sé tillit til umferðaröryggis við byggingu og viðhald vega. Vegagerð ríkisins skal vinna að því að draga úr umferðarslysum, og sé leitað samvinnu við aðra aðila sem fást við þau mál. Stefnt verði að því að umferðarslys með meiðslum verði færri í lok áætlunartímans, en þau eru nú, þrátt fyrir aukningu í umferð, sem búist er við.
6. Vegfarendum séu veittar upplýsingar og önnur þjónusta, sem miði að greiðum og öruggari samgöngum.

Þau markmið, sem hér eru sett fram, eru að hluta til þau sömu eða svipuð þeim markmiðum, sem lögð voru til grundvallar við gerð langtímaáætlunar 1983. Nokkrar breytingar og viðbætur felast þó í hinum nýju markmiðum, og verða helstu atriðin í því nefnd hér á eftir.

Í markmiðssetningu nú er innleitt hugtakið samgöngusvæði, en það tekur til svæðis umhverfis þjónustumiðstöð (þéttbýli), þar sem fjarlægðir eru ekki meiri en svo að sækja megi þjónustu til miðstöðvarinnar a.m.k. nokkrum sinnum í viku, og engir þeir þröskuldar á vegakerfinu fyrir hendi, sem hindri slíkt í verulegum mæli. Þjónusta við umferðina, svo sem vetrarþjónusta, á að taka mið af þessum svæðum, þannig að hún er mest innan svæða, en minni milli svæða. Þá er almennt lögð meiri áhersla á þjónustu við vegfarendur, þar með talin upplýsingagjöf, en var í fyrri markmiðssetningu.

Þá er einnig lögð meiri áhersla á umferðaröryggi en áður. Sett er fram það markmið, að slysum skuli fækka í heild. Undanfarið hefur slysum í aðalatriðum fjölgað í svipuðum mæli og umferð hefur aukist, þ.e. slysatíðni hefur nokkurn veginn verið óbreytt. Það væri mikil og góð breyting ef tækist að stöðva þessa þróun og draga úr fjölda slysa þrátt fyrir þá aukningu í umferð, sem búast má við.

Af öðrum breytingum má nefna, að í stað markmiðs um 10 t burðarþol á öllum þjóðvegum, er nú slakað niður í 7 t á þýðingarminni vegum. Þýðingarmeiri vegir skulu áfram hafa 10 t burðarþol og á þeim skal miða við 11,5 t burðarþol við nýbyggingar vega og brúa. Helgast það af því, að þær kröfur eru að ryðja sér rúms í Evrópu. Verða flutningatæki við það miðuð, og þá ekki unnt til frambúðar að hafa lægri öxulþunga hér en annars staðar í Evrópu.

Bundin slitlög aukast samkvæmt hinum nýju markmiðum og er nú stefnt að því að bundið slitlag komi á alls 5.350 km, en var 3.140 km samkvæmt upphaflegum markmiðum.

Loks má nefna nýtt markmið um byggingu umferðarmannvirkja á allra umferðarmestu þjóðvegum.

0.3. ÁÆTLUNARTÍMI, HLUTFALLSSKIPTING OG VERÐLAG

Þegar Alþingi samþykkti upphaflega að gera langtímaáætlun um vegagerð, var áætlunartíminn tiltekinn 12 ár og skyldi hann skiptast í 3 tímabil, 4 ár hvert. Starfshópurinn telur eðlilegt að þessari tilhögun sé haldið, enda er jafnframt gerð grein fyrir heildarumfangi framkvæmda til að koma vegakerfinu í viðunandi horf eins og það er metið nú, og eru þá markmiðin lögð til grundvallar.

Starfshópurinn hefur rætt reglur þær um skiptingu fjár á kjördæmi, sem notaðar hafa verið síðustu ár. Þessar reglur taka tillit til kostnaðar, ástands og arðsemi framkvæmda á stofnbrautum, en kostnaðar, ástands og umferðar á þjóðbrautum. Í báðum tilvikum vega þessir þrír þættir jafnþungt. Í kaflanum um úttekt vegakerfisins er nánar gerð grein fyrir tölugildum þáttanna.

Á stofnbrautum er fjármagni til vega- og brúagerðar, öðru en fjármagni til stórverka, skipt á kjördæmi eftir þeim hlutföllum, sem reglan gefur. Um stórverkefnin gilda sérstakar reglur, og er greint frá þeim í kaflanum um þau.

Á þjóðbrautum er fjármagni til vegagerðar skipt eftir reglunni, en fé til brúa á þjóðbrautum er utan hlutfalls.

Starfshópurinn telur farsælast að nota þessar reglur áfram, enda sé endurreiknað reglulega, þannig að tekið sé tillit til breytinga, sem verða á vegakerfinu, m.a. vegna framkvæmda á því.

Verðlagsforsendur áætlunarinnar miðast við ætlað meðalverðlag 1991 (vísitala vegagerðar 4.560). Eru allar tölur í áætluninni og greinargerð þessari á því verðlagi nema annað sé tekið fram.

0.4. FJÁRMAGN OG FRAMKVÆMDIR Á ÁRUNUM 1983–1990

Fyrri tillögur um langtímaáætlun í vegagerð gerðu ráð fyrir að fjármagn til vegagerðar væri bundið við ákveðinn hluta af þjóðarframleiðslu. Í meðfylgjandi töflu er samanburður á því fjármagni, sem kom á vegáætlun til nýrra framkvæmda og sumarviðhalds á fyrstu tveimur tímabilum áætlunarinnar (1983–86 og 1987–90) og því fjármagni sem áætlunin gerði ráð fyrir. Allar fjárhæðir eru á vísitölu 4.560.

	1983–86	1987–90	Samtals	Hlutf.
Nýjar framkvæmdir:				
Langtímaáætlun	11 270	11 885	23 155	100%
Vegáætlun	8 865	8 597	17 462	75%
Sumarviðhald:				
Langtímaáætlun	6 985	8 749	15 734	100%
Vegáætlun	6 129	5 372	11 501	73%

Svo sem fram kemur í töflunni vantar mikið á að áætlað fjármagn hafi skilað sér. Sé litið til nýrra framkvæmda kemur í ljós að þær hafa þó ekki minnkað í sama mæli. Ástæður eru margar, en mestu veldur, að töluvert fé var óskipt í langtímaáætlun og fór það allt til að mæta fjárvöntun. Enn fremur má nefna hagstæða þróun útboða og verðlags, ódýrari útfærslur o.fl.

Nákvæmur samanburður framkvæmda við áætlun er flókinn, nema að því er varðar lengd bundinna slitlaga. Þau hafa haft nokkurn forgang, og reynt var framan af að láta fjármagnsminnkun ekki bitna á þeim. Hefur reyndin orðið sú, að lengd bundinna slitlaga er orðin nokkru meiri en áætlað var í árslok 1990 eða 1.932 km á stofnbrautum í stað 1.750 samkvæmt áætluninni.

Auk þess var komið bundið slitlag á 325 km af þjóðbrautum í árslok 1990.

Heildarlengd bundinna slitlaga er 2.257 km í árslok 1990. Þar af eru um 300 km einbreiðir (3,8 m).

Bundin slitlög eru sýnd á meðfylgjandi korti, en á því eru einnig sýndir þeir vegir, sem nú er áætlað að lagðir verði bundnu slitlagi samkvæmt langtímaáætlun þeirri, sem hér er lögð fram.

0.5. ÚTTEKT VEGAKERFISINS

Til undirbúnings endurskoðunar langtímaáætlunar var gerð úttekt á vegakerfinu og safnað samræmdum upplýsingum um ástand þess. Allar tölur um kostnað við endurbætur hafa verið endurskoðaðar.

Sem fyrr ber að leggja áherslu á, að endurbætur þær, sem hér um ræðir, miða að því að koma vegakerfinu í viðunandi horf, eins og það er metið nú, þ.e. í það horf, sem það þyrfti að vera nú í upphafi 1. tímabils langtímaáætlunar (3. tímabil fyrri langtímaáætlunar). Við mat á endurbótum hefur þeirri vinnureglu verið haldið að taka því aðeins inn kostnað við meiri háttar breytingar á núverandi vegum, ef fyrir liggur ákveðin lausn. Sé slík tillaga ekki fyrir hendi er miðað við endurbætur á núverandi vegi.

Viðamestu breytingar frá fyrri áætlun sem nú er gert ráð fyrir eru eftirfarandi og þá upptaldar bæði breytingar á flokkun vega og viðamestu breytingar á veglínum, sem gerð hefur verið áætlun um:

1. Hringvegur um Borgarfjarðardali kemur inn sem stofnbraut.
2. Áætlað er að Kerlingarskarðsvegur liggi um Dökkólfsdal (Vatnaheiði) í stað þess að liggja yfir Kerlingarskarð.
3. Reiknað er með nýrri veglínu fyrir Snæfellsnesveg þannig að hann liggi yfir Kolgrafafjörð utan við bæinn Kolgrafir í stað þess að fara inn fyrir fjörðinn.
4. Áætlað er að Vestfjarðavegur liggi yfir mynni Gufufjarðar í stað þess að fara inn fyrir hann.
5. Reiknað er með að Vestfjarðavegur fari um jarðgöng í Breiðadalsheiði og Súgandafjarðarvegur liggi frá þeim um jarðgöng í Botnsheiði.
6. Vegurinn yfir Þverárfjall kemur inn sem stofnbraut.
7. Kísilvegur verður stofnbraut.
8. Reiknað er með jarðgöngum til tengingar á milli Neskaupsstaðar, Seyðisfjarðar og Egilsstaða.
9. Vegur í uppsveitum Suðurlands frá Laugarvatni um Geysi að Flúðum kemur inn sem stofnbraut.

Þá veldur aukin umferð því að reikna verður með mjög verulegum framkvæmdum við vegi í næsta nágrenni Reykjavíkur umfram það sem gert var í fyrri gerð áætlunarinnar.

Gert er ráð fyrir að bundið slitlag verði lagt á allar stofnbrautir og nær þriðjung þjóðbrauta, þær umferðarmestu.

Allítarleg úttekt var gerð á vegakerfinu árið 1986 og kostnaður áætlaður við endurbætur á því. Við undirbúning á endurskoðun langtímaáætlunar er byggt á þessari úttekt, enda hefur henni verið haldið við síðan, með árlegum endurskoðunum.

Svipaðar aðferðir voru notaðar við mat á ástandi og áður hefur verið gert. Tekið er tillit til burðarþols, snjóþyngsla, ferils vegar í hæð og fleti, breiddar, afvötnunar, brúa og slysa. Er hverjum vegarkafla gefin einkunn fyrir hvert þessara atriða.

Atriðin vega þó mjög misþungt í þeirri einkunn. Þyngst á metum eru burðarþol, snjóþyngsli og slys, en samtals gefa þessi atriði 20 stig af 32 mögulegum, en það er sú stigatala, sem fullgerður vegur án slysa getur fengið.

Metið var hverjar úrbætur þyrfti að gera á hverjum vegarkafla og gerð kostnaðaráætlun fyrir þær. Síðan var reiknuð arðsemi úrbóta á hverjum vegarkafla, og þá tekið tillit til kostnaðar annars vegar og sparnaðar Vegagerðarinnar og umferðar hins vegar.

Í meðfylgjandi töflum koma fram nokkrar helstu niðurstöður úttektar stofnbrauta, að því er varðar ástand vega, lengd bundinna slitlaga, svo og kostnað og arðsemi úrbóta. Töflurnar taka til þeirra vega sem tillagan gerir ráð fyrir að verði stofnbrautir. Einnig er tafla sem sýnir áætlaðan kostnað við úrbætur á þjóðbrautum.

Tölur þær, sem sýna kostnað og ástand vega nú, eru miðaðar við árslok 1990. Tafla, sem sýnir slitlag, er einnig miðuð við árslok 1990.

Allar kostnaðartölur eru á áætluðu verðlagi 1991 (vísitala vegagerðar 4.560):

Slitlag á stofnbrautum í árslok 1990.

	Malar-slitlag km	Bundið slitlag km	Alls km
Suðurland	145,3	413,7	559,0
Reykjanes	15,8	200,1	215,9
Vesturland	287,3	292,5	579,8
Vestfirðir	551,8	250,3	802,1
Norðurland vestra	137,3	264,1	401,4
Norðurland eystra	400,5	226,1	626,6
Austurland	513,6	331,5	845,1
Samtals	2051,6	1978,3	4029,9

Ástand stofnbrauta í árslok 1990 skv. athugun.

	Ástand mælt í stigum (s). Lengd vega í hverjum flokki.				
Svæði	0-9s km	10-17s km	18-25s km	26-32s km	Sam-tals km
Suðurland	12	33	76	438	559
Reykjanes	0	2	18	160	180
Vesturland	0	45	180	330	555
Vestfirðir	40	139	245	403	827
Norðurland vestra	20	27	106	248	401
Norðurland eystra	4	66	114	443	627
Austurland	27	63	215	540	845
Samtals	103	375	954	2562	3994

Í töflu þessari eru þjóðvegir á höfuðborgarsvæðinu ekki taldir með og tekið tillit til fyrirhugaðrar breytingar á vegakerfi í Gilsfirði.

Kostnaður við úrbætur þær á stofnbrautum, sem áætlunin gerir ráð fyrir. Áætlað verðlag 1991 (vísitala 4.560).

Svæði	Vegir m.kr.	Brýr m.kr.	Samtals m.kr.
Suðurland	1775	1125	2900
Reykjanes	2730	230	2960
Vesturland	3905	755	4660
Vestfirðir	4885	820	5705
Norðurland vestra	1700	375	2075
Norðurland eystra	2785	430	3215
Austurland	4205	1520	5725
Samtals	21985	5255	27240

Kostnaður við úrbætur þær á þjóðbrautum sem áætlunin gerir ráð fyrir. Áætlað verðlag 1991 (vísitala 4.560).

Svæði	Vegir m.kr.	Brýr m.kr.	Samtals m.kr.
Suðurland	3967	310	4277
Reykjanes	957	27	984
Vesturland	2896	280	3176
Vestfirðir	2114	226	2340
Norðurland vestra	1660	150	1810
Norðurland eystra	2246	552	2798
Austurland	1730	345	2075
Samtals	15570	1890	17460

Arðsemi fjárfestinga (í m.kr.) á stofnbrautum samkvæmt áætluninni (vísitala vegagerðar 4.560).

	Arðsemi framkvæmda í % m.kr. í hverjum flokki					
Svæði	≤0% m.kr.	1-6% m.kr.	7-10% m.kr.	11-20% m.kr.	21-30% m.kr.	>30% m.kr.
Suðurland	1 399	505	131	637	117	111
Reykjanes	2 442	45	105	0	363	5
Vesturland	3 056	730	353	446	69	6
Vestfirðir	4 670	643	306	74	12	0
Norðurland vestra	1 369	252	102	242	16	94
Norðurland eystra	1 555	680	345	398	120	117
Austurland	3 852	971	297	421	102	82
Landið	18 343	3 826	1 639	2 218	799	415

Rétt er að taka fram að útreikningar þessir sýna ekki raunverulega arðsemi, heldur notast hér einungis til hlutfallslegs samanburðar. Aðferð sú, sem notuð hefur verið við arðsemisreikninga, er úrelt orðin m.a. vegna breytinga, sem urðu við tilkomu virðisaukaskatts. Sýnir hún almennt of lága arðsemi. Allmikið verk er að endurskoða aðferðina, og hefur enn ekki unnist tími til þess. Það á þó ekki að koma að sök við innbyrðis samanburð, eins og hér er fengist við.

Gerð hefur verið sambærileg úttekt á ástandi og kostnaði við úrbætur á þjóðbrautum og að framan er lýst fyrir stofnbrautir. Þá hefur verið áætlaður kostnaður við gerð þeirra jarðganga, sem að framan var drepið á og við þær úrbætur sem áætlað er að ráðast verði í á stofnvegakerfi höfuðborgarsvæðisins.

Heildarkostnaður við alla þessa þætti er áætlaður eftirfarandi (vísitala 4.560):

Stofnbrautir	27,2 ma.kr.
Þjóðbrautir	17,5 –
Jarðgöng	10,6 –
Höfuðborgarsvæðið	18,8 –
	74,1 ma.kr.

Samkvæmt þeim áætlunum um fjáröflun sem tillaga þessi gerir ráð fyrir tæki um 25 ár að ljúka þessum framkvæmdum.

0.6. STÓRVERKEFNI

Með vegáætlun 1989–92, sem samþykkt var á Alþingi vorið 1989, var verkefnum í nýbyggingum skipað með nýjum hætti. Tekinn var upp verkefnaflokkurinn stórverkefni, og tók hann til þrenns konar verkefna, þ.e. jarðganga, stórbrúa og fjarðaþverana og loks höfuðborgarsvæðis (þjóðvega og þjóðvega í þéttbýli). Í langtímaáætlun nú er sú breyting gerð, að höfuðborgarsvæðið er tekið út úr stórverkefnum, og kemur fram sem sjálfstæður liður í skiptingu útgjalda. Er þetta gert til hægðarauka við frekari vinnslu áætlunarinnar, þar sem höfuðborgarsvæðið hefur mikla sérstöðu og það fær einnig framlög af fjárveitingum til þjóðvega í þéttbýli.

Stórverkefni taka þá til jarðganga auk stórbrúa og fjarðaþverana. Eins og nafnið bendir til er hér um fá og stór verkefni að ræða. Jarðgangaverkefni, sem tekin eru með eru þessi:

Ólafsfjarðarmúli, lúkning.

Strákagöng við Siglufjörð, endurbætur.

Vestfjarðagöng, þ.e. jarðgöng sem tengja saman Skutulsfjörð, Súgandafjörð og Önundarfjörð.

Austfjarðagöng, þ.e. jarðgöng sem leysi vetrareinangrun Norðfjarðar og Seyðisfjarðar.

Mörk fyrir stórbrýr og fjarðaþveranir voru skilgreind þannig, að kostnaður við brú og lágmarkstengingu vegar væri yfir ákveðnu lágmarki. Það lágmark er um 120 m.kr. á því verðlagi, sem hér er miðað við (vt. vegagerðar 4.560). Með hliðsjón af þeim mörkum verða eftirfarandi verkefni í þessum flokki:

Kúðafljót á Suðurlandsvegi.

Markarfljót á Suðurlandsvegi.

Þjórsá á Suðurlandsvegi.

Laxá í Kjós á Vesturlandsvegi.

Botnsvogur um Þyrilsey á Vesturlandsvegi.

Kolgrafafjörður á Snæfellsnesvegi.
Gilsfjörður á Vestfjarðavegi.
Gufufjörður á Vestfjarðavegi.
Dýrafjörður á Vestfjarðavegi.
Vesturós Héraðsvatna á Sauðárkróksbraut.
Skjálfandafljót í Köldukinn á Norðausturvegi.
Jökulsá hjá Fossvöllum á Austurlandsvegi.
Lagarfljót við Fellabæ á Austurlandsvegi.
Breiðdalsá á Austurlandsvegi.
Jökulsá í Lóni á Austurlandsvegi.

Við áðurnefnda afgreiðslu vegáætlunar vorið 1989 var fjármögnun stórverka ákveðin með öðrum hætti, en fjármögnun annarra verkefna. Jarðgöng skyldu kostuð þannig að ⅘ greiðast af óskiptu fé, en ⅕ af kvóta viðkomandi kjördæmis. Hlutföllin í stórbrúm og fjarðaþverunum eru 62,5% af óskiptu og 37,5% af kvóta kjördæmis. Með hliðsjón af þessari sérstöðu í fjármögnun og svo hinu að hér er um mjög dýr verkefni að ræða, telur starfshópurinn eðlilegt að hann geri tillögur um röðun þessara verkefna. Fara þær hér á eftir. Ítreka ber að einungis eru gerðar tillögur um röðun verkefna á þrjú tímabil og því komast ekki öll verkefni að.

	Jarðgöng (upphæðir í m.kr.).		
	1. tímab.	2. tímab.	3. tímab.
Ólafsfjarðarmúli	212		
Vestfjarðagöng	1496	1064	
Austfjarðagöng	40	448	1551
Strákagöng	80		
Óráðstafað	42	168	172
Samtals	1870	1680	1723

Hér er stuðst við þá stefnu sem þegar hefur verið mörkuð í vegáætlun og sérstakri samþykkt Alþingis um Vestfjarðagöng.

Ofanskráðar tölur miðast við 80% kostnaðar en 20% yrðu greidd til viðbótar af kvóta viðkomandi kjördæmis.

Samkvæmt tillögunni lýkur framkvæmdum við Ólafsfjarðarmúla og viðgerð Strákaganga á 1. tímabili. Verulegur hluti Vestfjarðaganga er einnig á 1. tímabili og fjárveitingar til nauðsynlegra rannsókna og undirbúnings vegna Austfjarðaganga. Á 2. tímabili er gert ráð fyrir að framkvæmdum og greiðslum vegna Vestfjarðaganga ljúki og framkvæmdir við Austfjarðagöng hefjist og verði þeim síðan fram haldið á 3. tímabili.

Starfshópurinn telur rétt að skilja eftir nokkurt fjármagn óráðstafað vegna breyttra aðstæðna eða ófyrirséðra verkefna sem upp kunna að koma. Er lagt til að haldið verði óráðstöfuðu 5% af fjármagni því sem ætlað er til nýbygginga á tveimur síðari árum fyrsta tímabils en 10% af fjármagni til nýbygginga á öðru og þriðja tímabili.

Stórbrýr og fjarðaþveranir (upphæðir í m.kr.).

	1. tímab.	2. tímab.	3. tímab.
Dýrafjörður	96		
Markarfljót	184		
Breiðdalsá	74		
Vesturós	72		
Kúðafljót	52	128	
Gilsfjörður	15	313	123
Skjálfandafljót			90
Jökulsá hjá Fossvöllum			84
Jökulsá í Lóni			91
Kolgrafafjörður			66
Til undirbúnings		8	8
Óráðstafað	12	50	50
Samtals	505	499	512

Ofanskráðar tölur miðast við 62,5% kostnaðar en 37,5% kæmu af kvóta viðkomandi kjördæmis.

Brýr á Dýrafjörð, Markarfljót og Breiðdalsá eru inni í gildandi vegáætlun. Brú á Vesturós Héraðsvatna leysir af hólmi lélega brú frá 1925 með mjög vondri aðkeyrslu. Er lagt til að brú þessi verði byggð á fyrsta tímabili. Brú á Kúðafljót leysir af hólmi þrjár brýr á hringveginum, þ.e. Eldvatn hjá Ásum, Tungufljót og Hólmsá auk smábrúar á Kálfá. Þessu til viðbótar yrði lagður nýr vegur í stað mjög lélegs vegarkafla. Er lagt til að framkvæmdir hefjist á fyrsta tímabili en ljúki ekki fyrr en á öðru tímabili. Þá er lagt til að framkvæmdir hefjist við nýjan veg yfir Gilsfjörð, sem er langstærsta verkefnið af þeim sem undir þennan lið falla. Greiðslum vegna þessa verkefnis lýkur ekki fyrr en á þriðja tímabili en þá er auk þess lagt til að endurbyggðar verði brýr á Skjálfandafljót á Norðausturvegi og Jökulsá hjá Fossvöllum og Jökulsá í Lóni. Þá er einnig lagt til að framkvæmdir hefjist við nýjan veg og brú yfir utanverðan Kolgrafafjörð.

Lagt er til að skilið sé eftir nokkurt fé óráðstafað eins og að framan var lýst í umfjöllun um jarðgöng.

Tenging Norðurlands og Austurlands um Möðrudalsöræfi hefur verið mikið rædd í starfshópnum. Á þessu stigi liggur ekki fyrir ákveðin tillaga um hvar framtíðarvegur muni liggja. Starfshópurinn leggur áherslu á að niðurstaða fáist fyrir næstu endurskoðun langtímaáætlunar, og þá verði tekin afstaða til þess hvernig með hana skuli farið.

1. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

Gert er ráð fyrir að fjármagn til vegagerðar samkvæmt langtímaáætlun þessari komi alfarið frá mörkuðum tekjustofnum til vegagerðar ef undan er skilið 350 m.kr. framlag úr ríkissjóði til framkvæmda við Vestfjarðagöng á árinu 1991.

Árleg aukning umferðar er talin verða um 1,5–2,5% á ári á tímabilinu, mest fyrstu árin. Gert er ráð fyrir því að sú aukning skili sér beint í auknum tekjum af bensíngjaldi og þungaskatti.

Nauðsynlegt er að nýting tekjustofna verði góð á tímabilinu og að hækkanir gjaldskráa verði í takt við verðlagsþróun. Nokkuð vantar á að gjaldskrár hafi hingað til verið hækkaðar í

takt við byggingarvísitölu eins og heimilað er í lögum um tekjuöflun til vegagerðar, en gert er ráð fyrir því að þessum slaka verði náð upp.

Frá því í júní 1989 hefur bensíngjald af blýlausu bensíni verið 8,5% lægra en almennt bensíngjald. Á þeim tíma hefur markaðshlutdeild blýlauss bensíns farið úr 40% í um 60% og er talið að sú þróun haldi áfram. Gert er ráð fyrir því að þessari skerðingu á mörkuðum tekjum, sem felst í áðurnefndum afslætti, verði náð upp á árinu 1992. Hafa tvær aðferðir verið ræddar í þessu sambandi, þ.e. að færa þennan afslátt yfir á tollinn (þ.e. með því að hafa lægri tollprósentu á blýlausa bensíninu) eða með því að hækka bensíngjald almennt umfram þá viðmiðun, sem nú er í lögum.

Hvað þungaskatt varðar þá eru áformaðar breytingar á innheimtukerfi hans þannig að innheimta fari fram mánaðarlega samkvæmt áætluðum akstri í stað ársþriðjungslegrar greiðslu samkvæmt álestrum nú. Mun þetta skila tveimur aukamánuðum í innheimtu á fyrsta ári áætlunarinnar. Breyting þessi kallar einnig á lagabreytingu. Einnig er áætlað að ný tegund ökumæla verði lögboðin, sem ásamt hertu eftirliti eiga að koma að mestu leyti í veg fyrir undanbrögð frá skattinum, en þau eru talin hafa verið veruleg á undanförum árum. Miðað er við að tekjuauki af þessum ástæðum komi fram á nokkrum árum.

Miðað við þessar forsendur gefa tekjustofnar tekjur á fyrsta tímabili, sem hér segir:

Markaðar tekjur:		
1. Bensíngjald	16 280	m.kr.
2. Þungaskattur, árgjald	1 515	–
3. Þungaskattur, km-gjald	5 595	–
Framlag úr ríkissjóði 1991	350	–
Samtals	23 740	m.kr.

Á öðru og þriðja tímabili er eingöngu reiknað með mörkuðum tekjum og reiknað með að þær aukist í sama mæli og umferðin.

2. SKIPTING ÚTGJALDA

Skipting útgjalda á liði er í megindráttum með sama sniði og í fyrri tillögu. Er nánari grein gerð fyrir hverjum lið hér á eftir.

2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

Verkefni á þessu sviði hafa orðið æ umfangsmeiri með árunum. Stafar það ekki síst af því að framkvæmdir þær, sem ráðist er í, eru stöðugt stærri og flóknari. Þá þarf að leita umsagnar og samráðs við fleiri aðila en var áður. Undirbúningur verka verður því tímafrekari og dýrari en áður var. Þá er stöðugt vaxandi þörf fyrir gerð staðla og annarra grunngagna, svo og gerð áætlana, tæknilegra og fjárhagslegra, og eftirlits með þeim.

Fjárveiting til þessara verkefna hefur verið 275–300 m.kr. á ári hin síðustu ár. Hún þyrfti að aukast nokkuð og fer því vaxandi á áætlunartímabilinu.

2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

Viðhaldi þjóðvega er nú skipt í þrjá meginflokka, þ.e. almenna þjónustu, vetrarþjónustu og viðhald vega.

2.2.1. Almenn þjónusta.

Árleg fjárþörf vegna þjónustu er áætluð um 800 m.kr. ef þeim málaflokki væri sinnt eins og æskilegt væri.

Almenn þjónusta afmarkast af þeirri viðhalds- og viðgerðarvinnu á vegum, vegamannvirkjum og vegsvæðum sem gera þarf til að viðhalda því ástandi sem fyrir er og ætla má að þurfi að vera til að uppfylla þau markmið sem sett eru varðandi greiða umferð og almennt umferðaröryggi.

Verkefnum þessum er skipt í fjóra meginflokka, þ.e. til sameiginlegrar þjónustu sem m.a. tekur til lýsingar meðfram vegum, kantstika, áningarstaða, eftirlits með vegum og upplýsingamiðlunar til vegfarenda; til þjónustu malarvega sem tekur til vegheflunar, rykbindingar og annarra smærri viðgerðarverkefna á malarvegum; til þjónustu vega með bundnu slitlagi sem m.a. tekur til yfirborðsmerkinga, viðgerða á bundnum slitlögum og viðgerða á öxlum og annarra smærri viðgerðarverkefna á vegum með bundnum slitlögum; og til þjónustu á brúm og hliðstæðum mannvirkjum sem tekur til smærri viðgerðarverkefna sem snúa að umhirðu þessara mannvirkja.

2.2.2. Vetrarþjónusta.

Reiknað er með að fjárþörf nú sé um 570 m.kr. til þess að sinna þeim snjómokstursreglum sem í gildi eru samkvæmt þeirri endurskoðun sem verið er að vinna að nú.

Búast má við að kostnaður fari síðan vaxandi með aukinni umferð og auknum kröfum vegfarenda.

Vetrarþjónusta tekur, auk snjómoksturs og hálkuvarnar, til eftirlits og upplýsingaþjónustu til vegfarenda, viðgerða á minni háttar snjóvarnarvirkjum, svo og viðhalds á snjóstikum, merkingum og öðru því er varðar öryggi vegfarandans að vetrarlagi.

2.2.3. Viðhald vega.

Viðhald miðar að því að varðveita verðmæti vegarins, og hæfni hans til að bera þann umferðarþunga, sem honum er ætlaður.

Viðhald tekur m.a. til styrkingar vega og brúa, endurnýjunar slitlaga, bæði bundinna og malarslitlaga, svo og lagfæringa á hættustöðum og snjóastöðum. Með hliðsjón af núverandi ástandi vegakerfisins er ljóst að viðhaldið verður einnig að taka þátt í því að styrkja og bæta stóra hluta malarvegakerfisins, þar eð ekki er unnt að bíða eftir fjárveitingum af nýbyggingafé.

Til að sinna þessum verkefnum hefur verið metið að viðhald þyrfti að vera a.m.k. 1.300 m.kr. á ári á allra næstu árum. Þörfin færi síðan vaxandi í takt við aukna umferð.

Í langtímaáætlun þessari er lagt til að fjárveiting til þessa liðar verði í upphafi innan við 60% af þörf en hækki í um 80% af þörf í lok 1. tímabils.

2.3.–2.4. NÝBYGGINGAR VEGA OG BRÚA

Þessi verkefni fá í sinn hlut mest fjármagn eða næstum helming heildarfjárupphæðar. Brýr eru tilgreindar með sérstakri fjárupphæð í samræmi við vegáætlun. Við skiptingu nýbyggingafjár milli stofnbrauta og þjóðbrauta haldast í aðalatriðum hlutföll þau, sem verið hafa milli þessara liða í vegáætlun, þó eykst hlutur þjóðbrauta nokkuð frá því sem verið hefur.

Hlutföll þessi eru fundin út frá heildarkostnaði við gerð hvers framkvæmdaflokks. Auk þess er miðað við mismunandi tímalengd framkvæmda í hlutföllunum 1,0 fyrir stofnbrautir og stórverkefni, 1,25 fyrir höfuðborgarsvæðið og 1,925 fyrir þjóðbrautir.

Inni í hluta stofnbrauta er 20% kostnaðar við jarðgöng, 37,5% kostnaðar við stórbrýr og fjarðaþveranir og 15% kostnaðar við aðrar brýr á stofnbrautum.

Inni í hluta brúa eru allar brýr á þjóðbrautum og 85% brúa á stofnbrautum annarra en stórbrúa og fjarðaþverana.

2.5. FJALLVEGIR

Undir fjallvegi falla hér einnig þjóðgarðavegir og reiðvegir. Sé litið til ört vaxandi ferðamennsku, er ljóst að fjármagn til þessara verkefna þyrfti að aukast verulega frá því sem nú er. Til að þessir vegir geti tekið umtalsverðum framförum, hefur verið talið að framlag þyrfti að tvöfaldast og vera um 100 m.kr. á ári.

2.6. SÝSLUVEGIR

Miðað er við núgildandi ákvæði vegalaga um framlag til sýsluvegasjóða.

Framlög til sýsluvega hefur legið á bilinu 200–250 m.kr. á ári undanfarin ár.

Breyting varð á þessu 1990, þegar heimaframlög féllu niður. Fjárveiting á fyrsta ári langtímaáætlunarinnar er 187 m.kr. en eykst svo á hverju ári frá því.

2.7. ÞJÓÐVEGIR Í ÞÉTTBÝLI


Reiknað er með að framlag til þessa verkefnis verði svipað og það hefur verið á undanförnum árum.

Þjóðvegir í þéttbýli hafa haft um 250 m.kr. á ári til umráða hin síðustu ár. Að auki hefur verið fjárveiting til bundinna slitlaga í kaupstöðum og kauptúnum 30–50 m.kr. á ári. Sé miðað við að fjárveitingar fáist af nýbyggingafé til höfuðborgarsvæðisins, þ.e. bæði til þjóðvega og þjóðvega í þéttbýli, ættu 250–300 m.kr. á ári að duga til að leysa viðhald þessara vega og þær endurbætur, sem falla til utan höfuðborgarsvæðisins.

Um þessa þrjá framkvæmdaflokka gildir það, að fjárveitingar þurfa að aukast á áætlunartímanum.

2.8. TILRAUNIR

Skv. lögum skulu 0,5% af tekjum Vegasjóðs renna til tilrauna en fjárveiting til þessa liðar þyrfti að vera nú um 50 m.kr. og fara síðan vaxandi þegar frá líður.


Bundið slitlag í árslok 1990
Bundið slitlag samkvæmt markmiðum

Sþ. 736. Fyrirspurn [409. mál]

til menntamálaráðherra um dagskrárefni sjónvarps.

Frá Málmfríði Sigurðardóttur.

1. Hversu mikill hluti dagskrárefnis sjónvarps er innlendur?
2. Hvernig er áformað að ná því marki að innlent efni sjónvarpsins verði helmingur af því efni sem þar er flutt?
3. Hvað hafa fréttaútsendingar frá Sky kostað hingað til? (Kostnaður óskast sundurliðaður í afnotarétt, mannahald og tækjakostnað.)
4. Af hvaða þáttum rekstrarkostnaðar var þetta fé tekið?
5. Hversu mikið greiddi Ríkisútvarpið í Menningarsjóð útvarpsstöðva á sl. ári?
6. Hversu mikið fékk Ríkisútvarpið greitt úr sama sjóði á sl. ári?
7. Hversu há fjárhæð er lögbundið framlag Ríkisútvarpsins til Sinfóníuhljómsveitar Íslands á sl. ári?

Sþ. 737. Fyrirspurn [410. mál]

til umhverfisráðherra um undirbúning undir vestnorrænt ár 1992.

Frá Málmfríði Sigurðardóttur.

1. Hvað líður undirbúningi af Íslands hálfu undir ráðstefnu á Grænlandi um umhverfismál sem samþykkt var á aðalfundi Vestnorræna þingmannaráðsins 1989 að halda í tilefni þess að árið 1992 verði vestnorrænt ár?
2. Hefur verið skipaður fulltrúi af Íslands hálfu í undirbúningsnefnd fyrir vestnorræna árið?

Sþ. 738. Fyrirspurn [411. mál]

til félagsmálaráðherra um undirbúning fyrir vestnorræna ráðstefnu um jafnréttismál árið 1992.

Frá Málmfríði Sigurðardóttur.

1. Hefur verið skipuð undirbúningsnefnd fyrir vestnorræna ráðstefnu um jafnréttismál sem halda á 1992?
2. Ef svo er, hverjir eru í henni?
3. Hefur verið sótt um styrk í Norræna menningarsjóðinn eða „Vestnorden fonden“?
4. Hvernig er fyrirhugað að kynna þessa ráðstefnu?

5. Hvenær og hvar skal ráðstefnan haldin?
6. Hver á að vera yfirskrift ráðstefnunnar?

Nd. 739. Breytingartillaga [139. mál]

við frv. til l. um listamannalaun.

Frá Ragnari Arnalds.

Við 14. gr. Greinin orðist svo:
Lög þess öðlast þegar gildi og skulu endurskoðuð eftir fimm ár frá gildistöku þeirra.

Nd. 740. Breytingartillögur [139. mál]

við frv. til l. um listamannalaun.

Frá Ragnhildi Helgadóttur og Sólveigu Pétursdóttur.

1. Við 4. gr. 4. málsl. orðist svo: Þeir skulu að öðru jöfnu ekki gegna öðru föstu starfi meðan þeir njóta starfslauna og skila skýrslu um störf sín.
2. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Listasjóður veitir starfslaun og styrki er svara til 240 mánaðarlauna og bætast við 24 mánaðarlaun á ári næstu fimm ár. Listasjóður veitir einnig sérstök framlög til listamanna, m.a. til þeirra sem notið hafa listamannalauna undanfarin ár og náð hafa 60 ára aldri. Listasjóður veitir starfslaun og verkefnastyrki til sviðslistamanna og annarra túlkandi listamanna.
3. Við 10. gr. Fyrri málsliður orðist svo: Starfslaun skulu veitt til hálfs eða eins árs en heimilt er að framlengja starfslaunatímann til þriggja ára.
4. Við 12. gr. Í stað orðanna „Rithöfundasamband Íslands, Samband íslenskra myndlistarmanna og Tónskáldafélag Íslands“ komi: samtök rithöfunda, samtök myndlistarmanna og samtök tónskálda.

Nd. 741. Nefndarálit [77. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 22. maí 1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Frá minni hl. heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Á fundum nefndarinnar hefur verið fjallað mjög lauslega um frumvarpið. Nefndinni gafst ekki tími til að fara yfir þær umsagnir sem bárust nema á einum fundi og dugði það hvergi nærri til. Minni hl. telur að ekkert hafi komið fram í störfum nefndarinnar sem

mæli með því að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar með tilmælum um endurskoðun á lögum um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fósturеyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Um efni frumvarpsins eru mjög skiptar skoðanir og ekki þarf nema lauslega athugun á umsögnum þeim sem bárust til að sjá að þessar andstæðu skoðanir koma þar skýrt fram. Því telur minni hl. að ekki sé hægt að afgreiða þetta mál á annan hátt en að taka til þess afstöðu: annaðhvort að samþykkja frumvarpið óbreytt eða að halda núgildandi lögum í því horfi sem þau nú eru í og fella þar með frumvarpið. Minni hl. telur að konum sé fyllilega treystandi til að axla þá miklu ábyrgð sem þeim er falin samkvæmt núgildandi lögum en bendir jafnframt á brýna nauðsyn þess að ákvæðum núgildandi laga verið framfylgt hvað varðar ráðgjöf og fræðslu.

Minni hl. er þeirrar skoðunar að ekki eigi að breyta núgildandi lögum í þá átt sem lagt er til í frumvarpinu og mælir því með því að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 27. febr. 1991.

Anna Ólafsdóttir Björnsson, fundaskr., frsm.

Geir Gunnarsson.

Nd. 742. Breytingartillaga [139. mál]

við frv. til l. um listamannalaun.

Frá Ragnhildi Helgadóttur og Sólveigu Pétursdóttur.

Við 14. gr. Greinin orðist svo:

Lög þess öðlast gildi 1. janúar 1992 og skulu endurskoðuð eftir fimm ár frá gildistöku þeirra.

Nd. 743. Breytingartillaga [139. mál]

við frv. til l. um listamannalaun.

Frá Ragnari Arnalds.

Við 12. gr. Í stað orðanna „og Tónskáldafélag Íslands“ komi: Tónskáldafélag Íslands og Bandalag íslenskra listamanna.

Nd. 744. Frumvarp til laga [412. mál]

um starfsmenntun í atvinnulífinu.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

I. Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið laga þessara er að hvetja til aukinnar starfsmenntunar í atvinnulífinu í þeim tilgangi að:

— stuðla að aukinni framleiðni, bæta gæði vöru og þjónustu og greiða fyrir tækninýjungum og framþróun í íslensku atvinnulífi,
— stuðla að bættri verkkunnáttu og aukinni hæfni starfsmanna til að mæta nýjum kröfum og breyttum aðstæðum,
— auka möguleika og treysta stöðu einstaklingsins á vinnumarkaðnum með því að gefa honum kost á að efla og endurnýja þekkingu sína og gera hann um leið hæfari til að takast á við ný og breytt verkefni,
— jafna möguleika fólks á vinnumarkaði og þess fólks sem er tímabundið utan hans til að afla sér starfsmenntunar, einkum þeirra sem notið hafa lítillar eða engrar starfsmenntunar fyrir, með öflugu framboði á grunnmenntun til ákveðinna starfa eða til starfa í tiltekinni atvinnugrein,
— greiða fyrir hreyfingum starfsmanna úr einni atvinnugrein í aðra eftir aðstæðum og horfum á hverjum tíma,
— mæta þörfum starfshópa, sem missa vinnu vegna breytinga í atvinnuháttum, fyrir endurmenntun og þjálfun til annarra starfa eftir aðstæðum á hverjum tíma.

2. gr.

Markmiðum laga þessara skal náð með:

— stuðningi við skipulega starfsmenntun; undirbúning, náms- og kennslugagnagerð, kennslu og starfsþjálfun, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum,
— frumkvæði og mótun heildarstefnu varðandi starfsmenntun í atvinnulífinu samkvæmt ákvörðun starfsmenntaráðs.

3. gr.

Lögin taka til náms (námskeiða), sem þátttakendur stunda, til að auka færni og þekkingu til þeirra starfa sem þeir fást við eða stefna að, enda falli það að markmiðum laga þessara og aðstæðum á vinnumarkaði hverju sinni.

Til þessarar menntunar telst:

— Grunnstarfsmenntun: Grundvallarstarfsmenntun til ákveðinna starfa eða til starfa í tiltekinni atvinnugrein í framleiðslu og þjónustu.
— Eftirmenntun: Endurnýjun fagkunnáttu og viðbótarmenntun sem fólk stundar á sínu fagsviði.

II. Skipulag.

4. gr.

Starfsmenntun í atvinnulífinu skal heyra undir félagsmálaráðuneytið.

Starfsfræðsla í fiskvinnslu skal þó heyra undir sjávarútvegsráðuneytið.

5. gr.

Ráðherra skipar sjö manna starfsmenntaráð til tveggja ára sem fer með framkvæmd laga þessara. Einn fulltrúi skal skipaður af félagsmálaráðherra án tilnefningar. Þrír fulltrúar skulu tilnefndir af samtökum atvinnurekenda, tveir af Vinnuveitendasambandi Íslands og einn af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Þrír fulltrúar skulu tilnefndir af samtökum launafólks, tveir af Alþýðusambandi Íslands og einn af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Starfsmenntaráð skiptir með sér verkum.

Hlutverk starfsmenntaráðs er að úthluta styrkjum til starfsmenntunar og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumótun og aðgerðir á sviði starfsmenntunar samkvæmt lögum þessum.

Í starfi sínu skal starfsmenntaráð hafa samráð við og efla frumkvæði fræðslunefnda atvinnulífsins samkvæmt frekari ákvæðum í reglugerð.

6. gr.

Starfsár (fjárhagsár) starfsmenntaráðs er almanaksárið og skal skipta því niður í úthlutunartímabil.

Við upphaf úthlutunartímabils hverju sinni skal starfsmenntaráð hafa ákveðið forgangsröðun verkefna og skiptingu þeirra fjármuna sem til ráðstöfunar eru milli mismunandi verkefnaflokka.

Við upphaf úthlutunartímabils skal starfsmenntaráð auglýsa eftir umsóknum um styrki til undirbúnings og/eða reksturs námskeiða og skal þar gerð grein fyrir forgangsröðun verkefna og skiptingu fjármuna fyrir yfirstandandi tímabil.

Starfsmenntaráð setur sér nánari starfsreglur að fengnu samþykki ráðherra.

7. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal safna saman upplýsingum um starfsmenntun og framboð hennar og koma þeim upplýsingum til helstu samtaka aðila vinnumarkaðarins.

III. Fjármál.

8. gr.

Ráðstöfunarfé starfsmenntaráðs skal ákveðið í fjárlögum og ráðstafað í sérstakan sjóð.

Félagsmálaráðherra gerir tillögur um fjárþörf vegna starfsmenntunar í atvinnulífinu að fenginni umsögn starfsmenntaráðs.

9. gr.

Styrki úr starfsmenntasjóði er hægt að veita til:

— greiðslu kostnaðar vegna undirbúnings náms (námskeiða), svo sem verkefnisstjórnun, náms- og kennslugagnagerð,
— greiðslu kostnaðar vegna námskeiðahalds, svo sem kostnað vegna kennsluaðstöðu og ferða- og flutningskostnaðar,
— annars kostnaðar eftir ákvörðun starfsmenntaráðs.

Að öðru jöfnu er það forsenda styrkveitingar að tiltekinn hluti af beinum rekstrarkostnaði námskeiða sé borinn af þátttökugjöldum samkvæmt nánari ákvörðun starfsmenntaráðs.

IV. Umsóknir.

10. gr.

Rétt til að sækja um styrk til starfsnáms eiga: samtök atvinnurekenda og launafólks, einstök atvinnufyrirtæki, einka- eða opinberir aðilar sem standa fyrir starfsmenntun í atvinnulífinu, starfsmenntaráð einstakra atvinnugreina og samstarfsverkefni tveggja eða fleiri framangreindra aðila.

Skólar hafa rétt til að sækja um styrki þegar um er að ræða samstarf við aðila, einn eða fleiri, sem taldir eru upp í 1. mgr.

11. gr.

Eftirtalin gögn skulu fylgja umsóknum um styrki skv. 9. gr. laga þessara:

a. Markmið með því námi sem sóttur er styrkur til.
b. Lýsing á innihaldi námsins.
c. Námslengd.
d. Námskröfur og námsmat.
e. Markhópur námsins og stærð hans.
f. Áætlaður fjöldi þátttakenda.
g. Kostnaðar- og tekjuáætlun.
h. Yfirlit yfir námskeiðahald viðkomandi umsækjanda á sl. almanaksári.

V. Ýmis ákvæði.

12. gr.

Þeim aðilum, sem fengið hafa stuðning samkvæmt lögum þessum, skal skylt að veita upplýsingar um þá menntun og/eða þjálfun sem boðið hefur verið upp á samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

13. gr.

Aðilar skulu senda félagsmálaráðuneytinu eintak af námsefni sem unnið hefur verið eða samið með stuðningi samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra skal heimilt að ráðstafa gögnum skv. 1. mgr. til frekari notkunar samkvæmt tillögum starfsmenntaráðs í samráði við höfundaréttarhafa.

14. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal halda skýrslu yfir það nám sem styrkt er samkvæmt lögum þessum. Það skal jafnframt sjá um að kynna og veita upplýsingar um þá starfsmenntun sem í boði er og þau náms- og kennslugögn sem það hefur til ráðstöfunar samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

15. gr.

Nám, sem styrkt er samkvæmt lögum þessum, er hægt að fá metið til námseininga í hinu almenna skólakerfi samkvæmt reglum sem þar um gilda af hálfu menntamálaráðuneytisins.

16. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara í reglugerð, þar á meðal um afmörkun og gildissvið að fengnum tillögum starfsmenntaráðs.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lögin skal endurskoða eigi síðar en þremur árum eftir gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, skipaði 16. ágúst 1989 nefnd sem falið var það verkefni að semja frumvarp til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu. Ráðherra skipaði jafnframt ráðgjafahóp til að vinna með nefndinni.

Í nefndina voru skipuð: Halldór Grönvold, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, Karl Kristjánsson, tilnefndur af menntamálaráðneytinu, Ólafur B. Birgisson, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands, Sjöfn Ingólfsdóttir, tilnefnd af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, og Gylfi Kristinsson, skipaður formaður nefndarinnar án tilnefningar.

Í ráðgjafahóp voru skipuð: Árni Þ. Árnason, tilnefndur af iðnaðarráðuneyti, Benedikt Guðbjartsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra bankamanna, Gissur Pétursson, tilnefndur af starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar, Guðmundur J. Guðmundsson, tilnefndur af Verkamannasambandi Íslands, Gylfi Gautur Pétursson, tilnefndur af sjávarútvegsráðuneyti, Jóngeir H. Hlinason, tilnefndur af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Runólfur Sigursveinsson, tilnefndur af landbúnaðarráðuneyti, Stefán Baldursson, tilnefndur af Bandalagi háskólamanna, Þröstur Helgason, tilnefndur af Bandalagi kennarafélaga, og Þuríður Magnúsdóttir, tilnefnd af Fræðslumiðstöð iðnaðarins.

Nefndin skilaði ráðherra tillögum með frumvarpi sem lagt var fyrir Alþingi vorið 1990. Það hlaut eigi afgreiðslu og er því endurflutt með minni háttar breytingum. Tekið skal fram að full samstaða tókst um efni þess. Nái frumvarpið fram að ganga er stigið stórt skref í átt að því markmiði sem kveðið er á um í sáttmála ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar frá 28. september 1988. Í kafla um vinnumarkað segir að ríkisstjórnin muni hafa frumkvæði að því að auka starfsmenntun í atvinnulífinu. Einnig er uppfyllt loforð sem ríkisstjórnin gaf aðilum vinnumarkaðarins 30. apríl 1989 í tengslum við gerð kjarasamninga um að hún muni beita sér fyrir því að áfram verði haldið uppbyggingu starfsmenntunar og stefnt að því að koma á samræmdu starfsmenntunarkerfi á vegum félagsmálaráðuneytisins.

Þess skal einnig getið að á 36. þingi Alþýðusambands Íslands árið 1988 var samþykkt tillaga um að sett skuli rammalöggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu sem allra fyrst í nánu samstarfi við verkalýðshreyfinguna. Þar yrði m.a. kveðið á um yfirumsjón félagsmálaráðuneytisins með starfsmenntun í landinu í samvinnu við verkalýðshreyfinguna, atvinnurekendur, fræðslustofnanir og ráðuneyti.

Í skipunarbréfi félagsmálaráðherra er tekið fram að lagafrumvarpið um starfsmenntun í atvinnulífinu skuli samið á grundvelli álitsgerðar vinnuhóps sem skipaður var af félagsmálaráðherra 27. janúar 1988 og annarra gagna sem nefnd og ráðgjafahópi verði fengin til umfjöllunar.

Framangreindum vinnuhópi var falið að setja fram tillögur um skipulag starfsmenntunar í atvinnulífinu. Hann skilaði félagsmálaráðherra álitsgerð 3. febrúar 1989. Við samningu frumvarps þessa var álitsgerðin að nokkru höfð til hliðsjónar.

Tengsl starfsmenntunar í atvinnulífinu við aðra þætti fullorðinsfræðslu.

Í framhaldi af álitsgerð vinnuhópsins ákváðu félagsmálaráðherra og menntamálaráðherra að fela embættismönnum að taka upp viðræður um tengsl starfsmenntunar í at-

vinnulífinu við almenna fullorðinsfræðslu. Eftir nokkra viðræðufundi var komist að þeirri sameiginlegu niðurstöðu 24. febrúar 1989 að rétt væri að sett yrði sérstök löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu sem heyrði til verksviðs félagsmálaráðuneytisins og önnur um fullorðinsfræðslu er heyrði til verksviðs menntamálaráðuneytisins, sbr. fylgiskjal. Þessi niðurstaða byggði fyrst og fremst á því að til starfsmenntunar í atvinnulífinu væri oft stofnað með ákvæðum í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins sem í sumum tilvikum skuldabinda sig til að standa straum af hluta kostnaðar. Á því var vakin athygli að forsendur slíkra samningsákvæða væru breytingar á vinnumarkaðinum vegna tæknibreytinga eða af öðrum ástæðum. Hér væri því fyrst og fremst um vinnumarkaðsmálefni að ræða þar sem forsenda árangurs væri sem mest áhrif aðila vinnumarkaðarins á alla framkvæmd.

Hins vegar var lögð áhersla á gott samstarf á milli félagsmálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis á þessu sviði.

Helstu atriði frumvarpsins.

Með frumvarpi því, sem hér er lagt fyrir Alþingi, er afskiptum stjórnvalda af starfsmenntun, sem fram fer í atvinnulífinu, skapaður lagagrundvöllur þar sem sett eru fram ákveðin markmið sem stefnt er að með lögunum. Einnig er kveðið á um það hvernig markmiðunum skuli náð.

Helstu atriði frumvarpsins eru:

1. *Markmið.* Í frumvarpinu er ítarlega kveðið á um markmið starfsmenntunar í atvinnulífinu sem er m.a. að stuðla að aukinni framleiðni, greiða fyrir tækninýjungum og framþróun í íslensku atvinnulífi. Einnig að bæta verkkunnáttu og auka hæfni starfsmanna til að mæta nýjum kröfum og breyttum aðstæðum o.fl.

2. Markmiðum laganna skal m.a. náð með *stuðningi* við skipulega starfsfræðslu og með frumkvæði og *mótun heildarstefnu* varðandi starfsmenntun í atvinnulífinu.

3. Kveðið er á um *skipan í stjórnkerfinu* og lagt til að starfsmenntun í atvinnulífinu heyri undir félagsmálaráðuneytið sem ráðuneyti vinnumála. Þó er gerð sú undantekning að starfsfræðsla í fiskvinnslu heyri undir sjávarútvegsráðuneyti.

4. *Starfsmenntaráð.* Tillaga er gerð um skipan starfsmenntaráðs sem úthluti styrkjum til starfsmenntunar og skuli vera stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumótun og aðgerðir á sviði starfsmenntunar. Í starfsmenntaráði eigi sæti sjö fulltrúar; þrír fulltrúar samtaka launafólks og þrír fulltrúar samtaka atvinnurekenda. Félagsmálaráðherra skipi einn fulltrúa án tilnefningar.

5. *Skipuleg öflun og miðlun upplýsinga um starfsmenntun.* Tillaga er um að félagsmálaráðuneyti safni upplýsingum um starfsmenntun og miðli þeim til hlutaðeigandi aðila. Með því verði stuðlað að betri nýtingu þess fjármagns sem nú er varið til starfsmenntunar á vinnumarkaði og komið í veg fyrir tvíverknað.

6. *Aukið eftirlit með opinberum fjárveitingum til starfsmenntunar.* Aðilum, sem fá stuðning samkvæmt lögunum, verði skylt að veita stjórnvöldum upplýsingar um menntun og/eða þjálfun sem boðið hefur verið upp á.

7. *Fjármál.* Framlög hins opinbera til starfsmenntunar í atvinnulífinu verði ákveðin árlega á fjárlögum samkvæmt tillögum félagsmálaráðherra og renni í sérstakan sjóð. Það verður því fjárveitingavaldsins að ákveða framlög hins opinbera til starfsmenntunar.

Á það ber að leggja sérstaka áherslu að frumvarpið byggir á eðlilegri verkaskiptingu félagsmálaráðneytis og menntamálaráðuneytis og ekki gert ráð fyrir neinum verkefna-

flutningi á milli ráðuneytanna. Markmið frumvarpsins er fyrst og fremst að mæta nýjum þörfum sem upp koma á vinnumarkaðinum og í atvinnulífinu.

Þá skal vakin sérstök athygli á því að í nágrannalöndunum, t.d. á Norðurlöndum og í Evrópubandalaginu, er sífellt meiri áhersla lögð á gildi starfsmenntunar í stefnu í vinnumálum með það að markmiði að auka samkeppnishæfni atvinnulífsins og draga úr atvinnuleysi. Benda má á alþjóðasamþykktir og tillögur Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í þessu sambandi. Á fundi evrópskra vinnumálaráðherra, sem haldinn var í Kaupmannahöfn sumarið 1989, kom fram í máli allra ráðherranna að þeir leggja höfuðáherslu á starfsmenntun sem tæki til að auka framleiðni og arðsemi fyrirtækja og minnka atvinnuleysi.

Umsagnir.

Áður er komið fram að frumvarp þetta er endurflutt. Félagsmálaráðuneytið sendi það sumarið 1990 til umsagnar eftirtalinna stofnana og samtaka: Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Félags íslenskra iðnrekenda, Iðntæknistofnunar Íslands, Landssambands iðnaðarmanna, Landssambands iðnverkafólks, Sambands íslenskra bankamanna, Samtaka fiskvinnslustöðva, starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar, Stéttarsambands bænda, Sambands málm- og skipasmiðja, Verkamannasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna og Vinnuveitendasambands Íslands.

Ráðuneytinu bárust umsagnir frá átta aðilum. Helstu atriði umsagnanna eru:

Alþýðusamband Íslands lýsir yfir ánægju sinni með frumvarpið. Í umsögninni er vakin athygli á að tækniþróun, sem orðið hafi undanfarna áratugi, kalli á margs konar sérhæfingu og aukna menntun á nær öllum sviðum. Ef íslenskt atvinnulíf ætli að taka þátt í þeirri þróun og tryggja eðlilega aukningu atvinnutækifæra hér á landi verði það best gert með aukinni menntun starfsmanna. Tryggja verði öllum starfshópum aðgang að sem bestri starfsmenntun sem gefi kost á símenntun. Til að þessum markmiðum verði náð verði að vera til heildarskipulag og skapaður fjárhagslegur grundvöllur málefninu til framgangs. ASÍ vekur athygli á að lagasetning af því tagi sem frumvarpið gerir ráð fyrir hafi lengi verið verkalýðshreyfingunni áhugamál. Miðstjórn Alþýðusambandsins telur að frumvarpið sé mjög viðunandi fyrir alla aðila og telur að hér hafi verið unnið gott verk og þarft.

Í umsögn *Bandalags starfsmanna ríkis og bæja* kemur fram að stjórn þess sé á einu máli um að frumvarpið sé í þágu framþróunar í atvinnulífinu verði það að lögum. Bent er á að bætt verkkunnátta og aukin hæfni starfsmanna til að mæta nýjum kröfum og breyttum aðstæðum séu á meðal markmiða frumvarpsins. Stjórn BSRB telur að áherslu beri að leggja á þessi atriði, enda sé það í góðu samræmi við þróun mála í nágrannalöndum Íslendinga þar sem sífellt aukin áhersla er lögð á gildi starfsmenntunar.

Iðntæknistofnun gerir athugasemdir við það að í frumvarpinu sé ekki gerður greinarmunur á afskiptum eða stuðningi ríkisins við starfsmenntun ófaglærðra annars vegar og faglærðra hins vegar. Stofnunin telur óhjákvæmilegt að sett verði löggjöf um það hvernig opinberu fé er ráðstafað til starfsmenntunar á atvinnumarkaði og af þeirri ástæðu er frumvarpinu fagnað.

Umsögn *Landssambands iðnaðarmanna* er mjög ítarleg. Meðal þess sem gert er að umtalsefni er nauðsyn þess að ekki skapist togstreita á milli félagsmálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis vegna starfsmenntunarmála. Landssambandið telur annað óvið-

unandi en að það eigi fulltrúa í starfsmenntunarráði og setur fram tillögu um breytt orðalag 5. gr. Einnig er talið í umsögninni að 10. gr. frumvarpsins opni leið fyrir hið almenna skólakerfi til að fjármagna hönnun og gerð námsgagna og lagt til að greininni verði breytt til að hindra þá þróun. Landssambandið gerir 13. gr. að umtalsefni og telur óeðlilegt að höfundum og hönnuðum námsefnis og annarra gagna verði gert skylt að afsala sér höfundarétti sínum, nema að undangengnum samningum þar að lútandi. Loks telur Landssambandið að 15. gr., um að *hægt skuli* að meta nám, sem styrkt er samkvæmt lögunum, sem námsáfanga í hinu almenna skólakerfi, sé til þess fallin að hefta nýsköpun í starfsmenntun. Landssambandið gerir tillögu um breytt orðalag sem felur í sér að *hægt sé* að meta námið. Ábendingar eru um ákvæði 6. og 9. gr. um forgangsröð og skiptingu fjármuna til starfsmenntunar og um styrkhæfni verkefna.

Fram kemur hjá *Landssambandi iðnverkafólks* að það fylgist af áhuga með aðdragandanum að samningu frumvarps til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu. Bent er á að víðtæk samstaða hafi tekist um frumvarpið eins og það liggi nú fyrir. Það sé því mjög ásættanlegt og hafi 9. þing Landssambands iðnverkafólks, sem haldið var 20. til 21. apríl sl., lagt mikla áherslu á að frumvarpið nái fram að ganga sem fyrst. Í niðurlagi umsagnarinnar er hvatt til þess að frumvarpið verði endurflutt strax og þing komi saman haustið 1990 og afgreiðslu þess flýtt svo sem kostur er. Jafnframt er varað við því að gerðar verði efnislegar breytingar á frumvarpinu af hálfu ráðuneytis eða þings þar sem slíkt kunni að tefja fyrir því að niðurstaða fáist og raska þeirri samstöðu sem hafi náðst um málið.

Samtök fiskvinnslustöðva telja að starfsmenntun í fiskvinnslu sé í góðum höndum á vegum starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar og sjávarútvegsráðuneytisins og eru andvíg breytingu á því fyrirkomulagi. Af þessum ástæðum geta samtökin ekki fallist á ýmis þau atriði sem fram koma í frumvarpinu. Greint er frá því áliti að óheppilegt sé að færa starfsfræðslu þeirra atvinnugreina sem hafa staðið vel að menntunarmálum í samvinnu við sín fagráðuneyti undir félagsmálaráðuneytið. Hins vegar er talið æskilegt að félagsmálaráðuneytinu verði sköpuð aðstaða til að hjálpa atvinnugreinum þar sem starfsfræðslumálum hefur verið lítið sinnt.

Meiri hluti *starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar* er þeirrar skoðunar að fulltúar fræðslunefnda einstakra atvinnugreina eigi sæti í starfsmenntunarráði, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Meiri hlutinn telur að forræði og ábyrgð starfsmenntunar eigi að vera í höndum fagráðuneyta og að með frumvarpinu sé stefnt að mikilli miðstýringu við úthlutun fjármuna. Meiri hluti nefndarinnar leggst gegn því að hluti rekstrarkostnaðar námskeiða sé borinn af þátttökugjöldum og vill halda því fyrirkomulagi sem hefur tíðkast í sambandi við námskeið fyrir fiskvinnslufólk. Ákvæði 10. gr. er gagnrýnt og talið opna öllum sem standa fyrir starfsfræðslu af einhverju tagi tækifæri til að sækja um opinbert fé til starfsemi sinnar. Meiri hluti starfsmenntunarnefndarinnar er þeirrar skoðunar að of óljóst sé kveðið á um það hvernig haga skuli mati á því námi sem fram fer eftir lögunum í hinu almenna skólakerfi. Loks er kvartað undan skorti á upplýsingum um fjármagn sem nú er varið til starfsmenntunar og áætlunum um heildarfjárveitingu til þessa málefnis verði frumvarpið að lögum.

Stéttarsamband bænda er þeirrar skoðunar að hér sé um að ræða mikið framfaramál og mælir með því að frumvarpið verði lögfest hið fyrsta. Stéttarsambandið bendir á að ekki sé gert ráð fyrir að fulltrúi frá landbúnaðinum sitji í verkefnaráði, skv. 5. gr. Sambandið telur að málefni landbúnaðarins séu það sérhæfð að nauðsynlegt sé að gera með

einhverjum hætti ráð fyrir samráði við hagsmunasamtök í landbúnaði.

Tekið skal fram að af hálfu fulltrúa *Vinnuveitendasambands Íslands, Verkamannasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna og Sambands íslenskra bankamanna* hefur komið fram fullur stuðningur við frumvarpið.

Félagsmálaráðuneytið sendi frumvarpið til kostnaðarmats *Fjárlaga- og hagsýslustofnunar*. Í mati stofnunarinnar, dags. 9. apríl 1990, kemur fram að áætla megi kostnaðarauka ríkissjóðs, verði frumvarpið óbreytt að lögum, um 2 til 3 millj. kr. á ári vegna starfsmenntaráðs og aukinna verkefna félagsmálaráðuneytisins við öflun og miðlun upplýsinga um starfsmenntun. Er þá miðað við launagjöld vegna eins starfsmanns er verði ráðinn til að sinna þessum málefnum á aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytisins og áætlaðan kostnað af starfi starfsmenntaráðs.

Stofnunin bendir á að í fjárlögum ársins 1990 sé fjárveiting að upphæð rúmlega 12 millj. kr. til starfsmenntunar í atvinnulífinu hjá félagsmálaráðuneyti. Hún tekur fram að ekki sé gerð áætlun um aukið framlag, verði frumvarpið samþykkt, vegna ákvæðis um að Alþingi ákveði árlega fjárveitingu til starfsmenntasjóðs. Stofnunin vekur hins vegar athygli á því að markmiðið með löggjöfinni sé að efla starfs- og endurmenntun í atvinnulífinu, þannig að vænta megi aukinna framlaga til þessa málaflokks á næstu árum verði frumvarpið óbreytt að lögum.

Nefndin sem samdi frumvarp til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu var boðuð til þriggja funda haustið 1990. Á fundunum var farið yfir umsagnir um frumvarpið. Nefndin var sammála um að breyta ákvæðum 10, 13. og 15. gr. í samræmi við ábendingar sem fram höfðu komið. Nefndin var einnig sammála um að aðrar athugasemdir gæfu ekki tilefni til að gera frekari efnislegar breytingar á frumvarpinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Markmið laganna er að hvetja til aukinnar starfsmenntunar í atvinnulífinu. Í greininni er skilgreint í hvaða tilgangi þetta sé gert. Sérstaka áherslu ber að leggja á það sem segir um aukna framleiðni fyrirtækja, bætt gæði vöru og þjónustu. Einnig að greitt sé fyrir tækninýjungum og stuðlað að þróun í íslensku atvinnulífi. Markmiði laganna skal enn fremur náð með bættri verkkunnáttu og aukinni hæfni starfsmanna til að mæta nýjum kröfum og breyttum aðstæðum. Tekið skal fram að með lögunum eru skapaðar forsendur fyrir því að brugðist sé við breyttum aðstæðum á vinnumarkaði. Þetta verði m.a. gert með því að bjóða upp á afmarkaða starfsmenntun sem ekki stendur til boða í almenna skólakerfinu.

Enn fremur er það markmið laganna að jafna möguleika fólks á vinnumarkaði og þess fólks sem er tímabundið utan hans til að afla sér menntunar. Þetta gildir ekki síst um það sem hefur litla eða enga starfsmenntun fyrir.

Um 2. gr.

Í greininni er skilgreint hvernig markmiðum laganna skuli náð með stuðningi við skipulega starfsfræðslu; undirbúning, náms- og kennslugagnagerð, kennslu og starfsþjálfun. Einnig er kveðið á um frumkvæði starfsmenntaráðs í mótun heildarstefnu varðandi starfsmenntun í atvinnulífinu.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um að lögin taki til náms eða námskeiða sem þátttakendur stunda til að auka færni og þekkingu á þeim störfum sem þeir fást við eða stefna að. Tekið er fram að til þessarar menntunar teljist grunnstarfsmenntun og eftirmenntun. Með grunnstarfsmenntun er átt við grundvallarstarfsmenntun til ákveðinna starfa eða til starfa í tiltekinni atvinnugrein í framleiðslu og þjónustu. Í eftirmenntun felst endurnýjun á fagkunnáttu og viðbótarmenntun sem fólk stundar á sínu fagsviði.

Um 4. gr.

Í greininni er tekið fram að félagsmálaráðuneytið fari með starfsmenntun í atvinnulífinu. Til starfsmenntunar í atvinnulífinu hefur oft verið stofnað með ákvæðum í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins sem í sumum tilvikum skuldbinda sig til að standa straum af hluta kostnaðar. Forsendur slíkra samningsákvæða eru aðstæður á vinnumarkaðinum vegna tæknibreytinga eða af öðrum ástæðum. Hér er því fyrst og fremst um vinnumarkaðsmálefni að ræða og því eðlilegt að umsjón þeirra sé falin ráðuneyti vinnumála, þ.e. félagsmálaráðuneytinu. Í greininni er þó gerð ein undantekning. Gert er ráð fyrir að starfsfræðsla í fiskvinnslu heyri undir sjávarútvegsráðherra eins og verið hefur.

Um 5. gr.

Hér er gerð tillaga um skipun sjö manna starfsmenntaráðs til tveggja ára sem verði falin framkvæmd laganna. Í starfsmenntaráð skal ráðherra skipa einn fulltrúa án tilnefningar, þrjá samkvæmt tilnefningum samtaka atvinnurekenda, þ.e. tvo fulltrúa tilnefnda af Vinnuveitendasambandi Íslands og einn fulltrúa tilnefndan af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Einnig skal skipa þrjá fulltrúa tilnefnda af samtökum launafólks, þ.e. tvo tilnefnda af Alþýðusambandi Íslands og einn af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Gert er ráð fyrir að starfsmenntaráð skipti með sér verkum.

Á sameiginlegum fundi nefndar og ráðgjafahóps, sem skipaður var til að semja lagafrumvarpið, kom fram ábending um að gefa ætti fleiri samtökum tækifæri til að tilnefna fulltrúa í starfsmenntaráðið. Nefndin var hins vegar sammála um þá skipan sem lögð er til í greininni enda eru framangreind samtök stærst á vinnumarkaðinum.

Í 2. mgr. er fjallað um verkefni starfsmenntaráðs sem fyrst og fremst verður að úthluta styrkjum til starfsmenntunar og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumótun og aðgerðir á þessu sviði.

Í 3. mgr. er lögð á það áhersla að starfsmenntaráð hafi samráð við og efli frumkvæði fræðslunefnda atvinnulífsins. Með þeim hætti verði hlúð að þeirri starfsemi sem nú þegar er til staðar.

Samkvæmt framangreindu er ljóst að starfsmenntaráði er ætlað mjög afmarkað hlutverk sem kallar ekki á umfangsmikla starfsemi. Í kostnaðarumsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar er áætlaður kostnaðarauki ríkissjóðs, verði frumvarpið óbreytt að lögum, um 2–3 millj. kr. á ári vegna starfsmenntaráðs og aukinna verkefna félagsmálaráðuneytisins við öflun og miðlun upplýsinga um starfsmenntun. Er þá miðað við launagjöld vegna eins starfsmanns er verði ráðinn til að sinna þessum málefnum á aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytisins og áætlaðan kostnað af starfi starfsmenntaráðs.

Í niðurlagi greinarinnar er gert ráð fyrir að nánar verði kveðið á um starfshætti starfsmenntaráðs með reglugerð. Þetta ákvæði er sett vegna þess að hér er um nýtt viðfangsefni að ræða og hægt er að laga starfsemina greiðlega að aðstæðum.

Um 6. gr.

Tekið er fram að fjárhagsár starfsmenntaráðs skuli vera almanaksárið en því skuli skipt í úthlutunartímabil.

Fram kom hugmynd um nánari útfærslu á ákvæði greinarinnar. Samkvæmt henni skyldi fjárhagsárið vera frá 1. mars til 28. febrúar og skiptast í tvö úthlutunartímabil. Fyrra tímabilið væri frá 1. mars til 31. ágúst og hitt frá 1. september til 28. febrúar. Ekki var talið rétt að binda þetta í lögum.

Í 2. mgr. er kveðið á um það að við upphaf úthlutunartímabils skuli starfsmenntaráð hafa ákveðið forgangsröðun verkefna og skiptingu þeirra fjármuna sem eru til ráðstöfunar til verkefnaflokka. Gert er ráð fyrir að ástand og horfur í atvinnumálum hafi áhrif á forgangsröðunina.

Samkvæmt 3. mgr. skal auglýsa eftir umsóknum um styrki til undirbúnings og/eða reksturs námskeiða. Í auglýsingunni skal gera grein fyrir forgangsröðun starfsmenntaráðs og skiptingu fjármuna til einstakra verkefnaflokka eins og hún hefur verið ákveðin af starfsmenntaráði.

Um 7. gr.

Fjallað er um öflun og miðlun upplýsinga í greininni. Samkvæmt henni skal félagsmálaráðuneytið annast þetta verkefni. Lagt er til að ráðuneytið haldi þessum upplýsingum til haga og komi þeim til helstu samtaka aðila vinnumarkaðarins. Hér er um mikilvægt atriði að ræða sem ætti að geta komið í veg fyrir að margir aðilar séu að vinna að sama verkefninu á sviði starfsmenntunarmála eins og komið hefur fyrir.

Um 8. gr.

Við samningu frumvarpsins var fjallað um ýmsar leiðir til að afla fjár til starfsmenntunar. Hér er lagt til að Alþingi ákveði árlega með fjárlögum upphæð sem varið er til starfsmenntunar á grundvelli tillagna félagsmálaráðherra. Þessi upphæð renni í sérstakan sjóð.

Rétt er að leggja áherslu á að ekki er með lögunum verið að marka starfsmenntunarmálum ákveðinn tekjustofn. Þvert á móti er Alþingi gefið mjög víðtækt vald til þess að ákveða sjálft fjárveitingar til þessarar starfsemi í samræmi við þarfir og aðstæður.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um styrkveitingar úr starfsmenntasjóði. Lagt er til að hægt verði að veita styrki vegna kostnaðar við undirbúning náms eða námskeiða, t.d. vegna verkefnisstjórnunar, náms- og kennslugagnagerðar. Í öðru lagi verði heimilt að veita styrki vegna kostnaðar við námskeiðahald, t.d. vegna kennsluaðstöðu og ferða- og flutningskostnaðar. Í þriðja lagi til að standa straum af öðrum kostnaði vegna sérstakra aðstæðna sem ekki verða séðar fyrir.

Í 2. mgr. er lögð áhersla á að að öðru jöfnu sé það forsenda fyrir styrkveitingu úr starfsmenntasjóði að tiltekinn hluti af beinum rekstrarkostnaði námskeiða sé borinn af þátttökugjöldum samkvæmt nánari ákvörðun starfsmenntaráðs. Þar sem aðstæður geta verið mjög ólíkar er ekki gerð tillaga um það hversu hátt þetta hlutfall eigi að vera.

Um 10. gr.

Í greininni er kveðið á um styrkhæfni. Tekið er fram að umsóknir frá samtökum at-

vinnurekenda og launafólks séu styrkhæfar. Svo og frá einstökum atvinnufyrirtækjum, einkaaðilum eða opinberum aðilum sem standa fyrir starfsmenntun í atvinnulífinu og starfmenntaráðum einstakra atvinnugreina. Einnig er gert ráð fyrir því í greininni að einstök samstarfsverkefni tveggja eða fleiri framangreindra aðila geti verið styrkhæf. Að öðru jöfnu er lögð áhersla á samstarfsverkefni sem aðilar vinnumarkaðarins standa að.

Rétt er að taka fram að lögð er sérstök áhersla á stuðning við starfsmenntun sem hefur að markmiði að auka þekkingu og færni þeirra sem stunda almenn störf í framleiðslu og þjónustugreinum.

Að tillögu Landssambands iðnaðarmanna og Sambands málm- og skipasmiðja var ákveðið að bæta í greinina ákvæði um að skólar hafi rétt til umsókna þegar um er að ræða samstarf við aðila sem taldir eru upp í 1. mgr. Röksemdin fyrir þessari breytingu er sú að mikilvægt er að tryggja góða samvinnu við skóla sem sinna starfsmenntun þó rétt sé að þrengja möguleika þeirra til að sækja fjármagn í starfsmenntasjóð, enda ber stjórnvöldum að fjármagna starfsemi þeirra með öðrum hætti.

Um 11. gr.

Samkvæmt greininni skulu umsóknir um styrki úr starfsmenntasjóði vera skriflegar. Umsóknum skulu fylgja upplýsingar um tiltekin atriði sem eru talin upp í a–h-liðum og þarfnast ekki sérstakra skýringa. Markmiðið með ákvæðinu er að stuðla að því að þeir sem hyggjast njóta stuðnings samkvæmt lögunum geri sér glögga grein fyrir tilgangi þeirrar starfsmenntunar sem þeir hyggjast bjóða upp á, skipulagi, umfangi og kostnaði.

Það er enn fremur nauðsynlegt fyrir starfsmenntaráð að fá sem ítarlegastar upplýsingar um þau verkefni sem sótt er um styrk til þannig að ráðið geti tekið afstöðu til umsóknanna.

Um 12. gr.

Markmið greinarinnar er að gera stjórnvöldum kleift að krefjast upplýsinga um það hvernig staðið hefur verið að framkvæmd starfsmenntunar sem notið hefur stuðnings samkvæmt lögunum.

Um 13. gr.

Í greininni er kveðið á um það að aðilar, sem fengið hafa stuðning samkvæmt lögunum til að semja námsefni, skuli senda félagsmálaráðuneytinu eintak af hlutaðeigandi námsgögnum. Tekið er fram að ráðherra skal heimilt að ráðstafa þessum gögnum til frekari notkunar samkvæmt tillögum starfsmenntaráðs og í samráði við höfundaréttarhafa. Með ákvæðinu er stuðlað að greiðari samnýtingu námsefnis. Oft hefur verið á það bent að námsgagnagerð og önnur vinna gæti nýst betur og verið sé að semja sambærilegt námsefni á mismunandi stöðum á sama tíma. Aðgangur þeirra sem annast hliðstæða fræðslu að slíku efni er ekki alltaf greiður þótt gerð þess hafi verið kostuð af almannafé. Rétt er að vekja athygli á því að við framkvæmd greinarinnar verði gætt ákvæða höfundalaga.

Um 14. gr.

Leggja ber áherslu á tvíþætta skyldu félagsmálaráðuneytisins að annars vegar að safna upplýsingum um starfsmenntun sem í boði er og hins vegar að miðla upplýsingum um þetta efni.

Um 15. gr.

Með greininni er lögð áhersla á það að hægt verði að meta nám sem stundað er á grundvelli á laganna til námseininga í hinu almenna skólakerfi samkvæmt reglum menntamálaráðuneytisins.

Um 16. gr.

Með löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu er verið að fara inn á nýjar brautir. Þess vegna er lögð á það áhersla að ramminn, sem þessari starfsemi er settur í upphafi, verði rúmur og auðveldlega lagaður að breyttum aðstæðum. Af þeirri ástæðu er lagt til að með reglugerð verði nánar kveðið á um ýmsa þætti sem löggjöfin nær til, svo sem afmörkun og gildissvið, og verði við setningu hennar byggt á tillögum starfsmenntaráðs.

Um 17. gr.

Um ákvæðið í 2. mgr. má vísa til þess sem segir hér að framan um 16. gr. Um er að ræða að ýmsu leyti nýtt viðfangsefni og þar af leiðandi er lagt til að lögin verði endurskoðuð eigi síðar en að þremur árum liðnum.

Fylgiskjal I.

Niðurstaða úr viðræðum fulltrúa félagsmálaráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins um fullorðinsfræðslu.

(24. febr. 1989.)

Fulltrúar félagsmálaráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins hafa samkvæmt samkomulagi félagsmálaráðherra og menntamálaráðherra komið saman til fjögurra funda í því skyni að ræða samstarf á sviði fullorðinsfræðslu. Í viðræðunum hafa tekið þátt: Gerður G. Óskarsdóttir, Guðrún Ágústsdóttir, Gylfi Kristinsson, Helgi Guðmundsson, Karl Kristjánsson, Þráinn Hallgrímsson og Þuríður Magnúsdóttir. Á framangreindum fundum hafa verið lögð fram eftirfarandi skjöl:

a. Erindi um samhæfingu í endurmenntun og fullorðinsmenntun með stofnun símenntunarnefndar (menntamálaráðuneytið).
b. Erindasafn um starfsmenntun í atvinnulífinu (félagsmálaráðuneytið).
c. Álitsgerð um starfsmenntun í atvinnulífinu (félagsmálaráðuneytið).
d. Ábendingar um efni hugsanlegra fullorðinsfræðslulaga (menntamálaráðuneytið).

Á viðræðufundunum hefur einkum verið rætt um það hvort hugsanlegt sé að setja heildarlöggjöf um fullorðinsfræðslu sem m.a. taki til starfsmenntunar í atvinnulífinu. Einnig hefur verið rætt um tillögur um samhæfingu í endurmenntun og fullorðinsfræðslu með stofnun símenntunarráðs. Niðurstaðan úr viðræðunum er eftirfarandi:

Viðræðunefndin hefur fjallað um *Ábendingar um efni hugsanlegra fullorðinsfræðslulaga* og álitsgerð um *Starfsmenntun í atvinnulífinu*. Einkum hefur verið rætt um það hvort gerlegt sé að setja eina löggjöf sem taki til allrar fullorðinsfræðslu, þar með talin starfsmenntun í atvinnulífinu eins og hún er skilgreind í álitsgerð vinnuhóps á vegum félagsmálaráðuneytisins. *Eftir ítarlegar umræður er niðurstaðan sú að rétt sé að sett verði sér-*

stök löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu sem heyri til verksviðs félagsmálaráðuneytisins og önnur um fullorðinsfræðslu er heyri til verksviðs menntamálaráðuneytisins. Meginröksemdin fyrir niðurstöðunni byggir á því að til starfsmenntunar í atvinnulífinu er oft stofnað með ákvæðum í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins sem í sumum tilvikum skuldabinda sig til að standa straum af hluta kostnaðar. Forsendur slíkra samningsákvæða eru breytingar á vinnumarkaðinum vegna tæknibreytinga eða af öðrum ástæðum. Hér er því fyrst og fremst um vinnumarkaðsmálefni að ræða þar sem forsenda árangurs eru sem mest áhrif aðila vinnumarkaðarins á alla framkvæmd.

I. Löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu.

Í samræmi við framangreint skiptist löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu í eftirfarandi kafla:

1. Markmið og skilgreiningar.

Í þessum kafla komi fram markmið starfsmenntunar í atvinnulífinu. Samkvæmt álitsgerð vinnuhóps félagsmálaráðuneytisins er það tvíþætt:

Markmið starfsmenntunar í atvinnulífinu er að bæta verkmenntun og vinnuumhverfi, auka framleiðni fyrirtækja og treysta stöðu einstaklingsins á vinnumarkaðinum með því að gera honum kleift að takast á við ný eða breytt verkefni í kjölfar nýrrar tækni eða laga sig að breyttum atvinnuháttum.

Markmið starfsmenntunar í atvinnulífinu er einnig að auka virkt atvinnulýðræði með því að búa starfsmenn undir þátttöku og ábyrgð í stjórnun og rekstri fyrirtækja.

Enn fremur komi fram skilgreining á heitinu *starfsmenntun í atvinnulífinu.* Í álitsgerð vinnuhópsins er átt við skipulegt nám (námskeið) sem fólk á vinnumarkaði stundar í því skyni að bæta eða auka færni sína og þekkingu til þeirra starfa sem það fæst við eða vegna breytinga á störfum og starfsháttum. *Starfsmenntun í atvinnulífinu* tekur til endurmenntunar hópa og einstaklinga, svo og viðbótarmenntunar (eftirmenntunar) faglærðra og grunnmenntunar ófaglærðra sem fram fer á vinnumarkaðinum.

2. Yfirstjórn.

Í þessum kafla komi fram stjórn og eftirlit með þeirri starfsmenntun sem nýtur stuðnings samkvæmt lögunum. Félagsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirrar fræðslu sem fjallað er um í lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu, sjá nánar álitsgerð vinnuhóps félagsmálaráðuneytisins, bls. 25–27.

3. Fjármál.

Hér verði lögð áhersla á stofnun sjóðs sem geti fengið tekjur eftir ýmsum leiðum, sbr. álitsgerð vinnuhóps félagsmálaráðuneytisins, bls. 28–29. Lögð verður áhersla á þær umsóknir, sem byggja á að samtök aðila vinnumarkaðarins leggja fram fé eða aðra fyrirgreiðslu, njóti ákveðins forgangs um opinberan stuðning.

4. Ýmis ákvæði.

Í þessum kafla verði m.a. ákvæði um eftirlit með framkvæmd námskeiða sem stofnað til eftir lögunum, upplýsingaskyldu þeirra sem hljóta stuðning o.fl. þess háttar.

Einnig verði kveðið á um mat á námi, sem stundað er innan ramma laga um starfsmenntun í atvinnulífinu, til áfanga í almenna skólakerfinu og þá verði vísað til reglna sem menntamálaráðuneytið setur.

Enn fremur verði vísað til reglna sem menntamálaráðuneytið setur varðandi notkun skólahúsnæðis til námskeiðahalds sem kostað er með opinberum stuðningi.

II. Lög um fullorðinsfræðslu.

Lögin taki til allra sviða fullorðinsfræðslu að undanskilinni starfsmenntun í atvinnulífinu. Fullorðinsfræðsla greinist í þrjá aðalþætti:

1. *Almennt nám* sem hliðstætt við það sem boðið er á öllum stigum skólakerfisins. Í aðalatriðum mundu viðkomandi skólar bjóða þetta nám og um það gildi einnig í öllum megindráttum sömu kröfur og gerðar eru á viðkomandi skólastigi. Auk skólanna gætu aðilar eins og námsflokkar og fullorðinsfræðslusamtök boðið upp á almennt nám.

2. *Vinnumarkaðsmenntun.* Hér er aðallega um að ræða fræðslu sem boðin er fólki á vinnumarkaði og tengd er störfum þess. Hér getur verið um að ræða starfsmenntun vegna starfa sem fólk er í, endurmenntun vegna nýrra starfa og félagsleg menntun, t.d. fyrir trúnaðarmenn og þá sem gegna störfum fyrir aðila vinnumarkaðarins o.fl. Um þennan þátt fullorðinsfræðslu leggur nefndin til að sett verði sérstök löggjöf, sbr. það sem segir í I. kafla.

3. *Frjálst nám* sem ekki heyrir til liðum 1 og 2. Undir það heyrir hvers konar frístundanám sem fólk vill afla sér án þess að stefna að prófum sem varðar starf þess. Hér má nefna tungumálanám, nám á listasviði og fjöldamargt annað.

Í fyrsta kafla löggjafar um fullorðinsfræðslu yrðu almenn ákvæði um markmið laganna, um framkvæmd fullorðinsfræðslu, notkun þeirrar aðstöðu sem til er í skólum ríkis og sveitarfélaga, samband við Ríkisútvarp, fjarnám o.fl. Hér yrði einnig fjallað um gerð námsgagna, sérstakar þarfir afmarkaðra hópa, t.d. fatlaðra o.fl.

Í öðrum kafla verði ákvæði um fullorðinsfræðsluráð og yfirstjórn fullorðinsfræðslu í landinu. Í ráðinu gætu átt sæti fulltrúar ráðuneyta sem fara með málefni sem snerta fullorðinsfræðslu, auk fulltrúa þeirra aðila sem hafa á hendi fullorðinsfræðslu utan skólakerfisins. Til greina gæti komið að ráðið yrði samsett úr þremur hópum sem hver hefði með höndum yfirumsjón með sínum þætti fullorðinsfræðslu, sbr. I. kafla. Hér yrði einnig kveðið á um verkefni fullorðinsfræðsluráðs.

Verkefni fullorðinsfræðsluráðs verði:

— að hafa til staðar upplýsingar um endurmenntun og fullorðinsfræðslu í landinu, standa fyrir útgáfu upplýsingarita og hafa í því sambandi samskipti við stofnanir, fyrirtæki og félög,
— að stuðla að lágmarkssamræmingu,
— að stuðla að mati faglegra gæða endurmenntunarnámskeiða,
— að stuðla að samstarfi við skólakerfið,
— að sjá um mat á námi í endurmenntun og fullorðinsfræðslu með hliðsjón af formlega skólakerfinu,
— að hafa samstarf við kennararmenntunarstofnanir um menntun fyrir kennara í símenntun (námskeið),
— að gefa út leiðbeiningar fyrir símenntunarkennara, veita þeim ráðgjöf o.s.frv.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirrar fræðslu sem fjallað er um í lögum um fullorðinsfræðslu.

Í þriðja kafla laganna yrðu ákvæði um að ríki, sveitarfélög, fullorðinsfræðslusamtök, aðilar vinnumarkaðarins, félagasamtök og einstaklingar hafi forgöngu um fullorðinsfræðslu. Sett verði sérstök reglugerð er feli í sér almennar reglur um þau skilyrði sem fullorðinsfræðsluaðili þarf að uppfylla til að vera gjaldgengur styrkþegi. Megininntakið er að draga ekki úr frumkvæði aðila utan skólakerfisins. Fullorðinsfræðsluráð stýrir ekki fræðslustarfi slíkra aðila en hefur á hendi upplýsingaskyldu og deilir út því fjármagni sem til fullorðinsfræðslu rennur frá ríkinu ár hvert.

Í fjórða kafla yrði fjallað um fjármál. Það er almennt stefnumið að nemandi greiði ekki meira en sem nemur þriðjungi af kennaralaunum. Veitt yrði fé til þjálfunar leiðbeinenda, svo og til þróunarstarfs, og tekið fram við hvaða almennar reglur launakjör leiðbeinenda skuli miðast þegar styrkur er veittur. Aðili, sem annast fullorðinsfræðslu, sendir árlega inn áætlun um kennslumagn og fær fyrirheit um fjárveitingar í því ljósi. Að námskeiði eða námsönn lokinni sendir hann uppgjör ásamt nemendaskrá og fær greiddan út styrkinn í samræmi við það.

Hér kæmi til álita að setja inn ákvæði um greiðslu vinnutaps, enda yrði samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins um það efni.

III. Samtenging fullorðinsfræðslu og laga um starfsmenntun í atvinnulífinu.

Eins og áður er komið fram leggur viðræðunefndin til að fullorðinsfræðslan og starfsmenntun í atvinnulífinu verði tengd með skipun fullorðinsfræðsluráðs. Ráðið verði vettvangur upplýsingamiðlunar um menntunarframboð fyrir fullorðna. Enn fremur verði í lögum um fullorðinsfræðslu og lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu tilvísanir á milli laganna til að tryggja lágmarkssamræmingu.

IV. Lokaorð.

Viðræðunefndin leggur ríka áherslu á náið samráð á milli félagmálaráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins þegar og ef lög um framangreind málefni verða undirbúin. Þetta mætti t.d. tryggja með því að fulltrúi menntamálaráðuneytisins taki sæti í nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði til að semja lög um starfsmenntun í atvinnulífinu og fulltrúi félagsmálaráðneytis í nefnd sem menntamálaráðherra skipaði til að semja lög um fullorðinsfræðslu.

Sþ. 745. Tillaga til þingsályktunar [413. mál]

um áfallatryggingar fyrir heimili, húseigendur og atvinnurekstur.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela tryggingamálaráðherra að semja frumvarp til laga um tryggingar fyrir heimili, húseigendur og atvinnurekstur í landinu vegna meiri háttar áfalla. Frumvarpið skal lagt fram við þingbyrjun í haust.

Greinargerð.

Óveðrið 2. febrúar sl. og umræður í kjölfar þess hafa vakið landsmenn til umhugsunar um óvænt áföll og tryggingar í því sambandi. Margir landsmenn hafa tryggt sig

gegn tjóni af þessu tagi, en tugþúsundir manna um allt land vakna samt sem áður við vondan draum og verðmæti, sem urðu veðrinu að bráð, reynast ýmist illa tryggð eða alls ekki. Tjón fjölmargra Íslendinga er tilfinnanlegt. Margir bíða stórtjón en við öðrum blasir gjaldþrot.

Íslensku tryggingafélögin bjóða tryggingar sem ná yfir langflest þau tjón sem hér um ræðir. Það er kaldhæðni örlaganna að landsmenn hafa ekki nýtt sér þá þjónustu sem skyldi og margur maðurinn situr því eftir með sárt ennið. Maður tryggir nefnilega ekki eftir á. En fjöldi manns getur ekki axlað þessar byrðar án hjálpar og hlýtur því að leita á náðir samfélagsins.

Andinn á bak við samhjálpina í þjóðfélaginu gerir ráð fyrir að menn standi ekki einir og óstuddir á svona stundu. Stjórnvöld hafa áður hlaupið undir bagga með einstaklingnum og látið greiða tjón úr sameiginlegum sjóðum. En það er ekki alltaf sanngjörn lausn í garð þeirra fjölmörgu sem hafa vaðið fyrir neðan sig og kaupa nauðsynlegar tryggingar.

Á sama hátt eru margir sem vilja að eitt skuli yfir alla ganga í þessum málum og landsmenn sitji allir við sama borð. Það gildi einu hvort áföll dynja yfir stóran hluta landsmanna á einum degi eða hvern fyrir sig á lengra tímabili. Fólk, sem missti ótryggð verðmæti sín í óveðri í fyrra eða fyrir fimm árum, fær engar bætur af almannafé. Skoðanir manna eru því skiptar í þessu alvarlega máli.

Flutningsmaður telur rétt að samfélagið komi þeim til hjálpar sem eiga nú um sárt að binda og síðan ekki söguna meir. Jafnframt verði fólki gert skylt að tryggja sig fyrir áföllum á borð við þessi í framtíðinni. Fólki ber skylda til að tryggja hús sín gegn bruna og því er eðlilegt að slíkar húsatryggingar nái líka til tjóns af völdum vinds og vatns. Annars koma þær ekki að fullum notum. Þá er sjálfsagt að taka innbú manna með í reikninginn og aðrar eignir á borð við sumarhús í sveitum. Sama máli gildir um atvinnurekstur í landinu og þar með talinn allan húsakost á sveitabýlum.

Ýmsar tryggingar eru líka boðnar á markaðnum. Hægt er að kaupa húseigendatryggingu og heimilistryggingu sem spanna langstærstan hluta af því tjóni sem verður við fok og annan skaða sem af því leiðir. Auk þess taka þessar tryggingar til fjölmargra annarra þátta í daglegu lífi manna og efla þannig líka öryggi landsmanna á hverjum degi.

Iðgjald af heimilistryggingu upp á 2,5 millj. kr. er um 7.300 kr. á ári og iðgjald af húseigendatryggingu 8 millj. kr. fasteignar er um 11.200 kr. samtals um 18.500 kr. á ári. Verði þessar tryggingar hluti af lögboðinni skyldutryggingu má sjálfsagt bjóða þær út fyrir mun lægra verð, líklega innan við 1.000 kr. á mánuði.

Af 500 þús. kr. bíl er húftryggingariðgjald með 40% bónus og 68.400 kr. sjálfsábyrgð hins vegar um 20.044 kr. árlega. Þannig tryggja fleiri Íslendingar 500 þús. kr. bílinn sinn fyrir mun hærra iðgjald en kostar að tryggja bæði húseign og innbú fjölskyldunnar. Það er lítið samræmi í þessu mati á verðmætum.

Á sama hátt er eðlilegt að tryggja allan atvinnurekstur landsmanna fyrir áföllum, bæði fyrir því tjóni sem kann að verða á mannvirkjum og atvinnutækjum og ekki síður fyrir stöðvun á rekstri fyrirtækjanna. Það má telja eðlilegt að bankar og aðrar lánastofnanir geri kröfur um að atvinnufyrirtæki séu vel tryggð. Það mundi draga úr gjaldþrotum og öðrum áföllum og auka stórlega allt öryggi í viðskiptum.

Með þessu móti er hægt að leggja niður hina ýmsu áfallasjóði og velta áhættunni yfir á tryggingamarkaðinn og ábyrgðinni yfir á einstaklinginn. Þrátt fyrir iðgjöldin yrði fjárhagsleg afkoma almennings sú sama þegar upp er staðið því fólkið sjálft borgar á end-

anum brúsann þegar tjóni vegna áfalla er vísað á ríkissjóð.

Stöðugt verður að reyna að læra af reynslunni og láta sér áföllin að kenningu verða. Flutningsmaður nefnir hér eina lausn á vandanum í þessari greinargerð en þær eru vafalaust fleiri.

Sþ. 746. Fyrirspurn [414. mál]

til samgönguráðherra um rannsóknir á sjóslysum.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hvað tefur skýrslu rannsóknanefndar sjóslysa á árunum 1988, 1989 og 1990?
2. Hversu langt er sú vinna á veg komin?

Sþ. 747. Fyrirspurn [415. mál]

til samgönguráðherra um siglingar íslenskra kaupskipa undir erlendum fánum.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hve mörg íslensk kaupskip sigla nú undir erlendum fánum?
2. Hversu mörg íslensk kaupskip eiga heimahöfn erlendis?
3. Hve margir af áhöfnum þessara skipa eru erlendir menn?
4. Hvaða reglur gilda um starfsréttindi hinna erlendu skipverja?

Sþ. 748. Fyrirspurn [416. mál]

til dómsmálaráðherra um breytingu á barnalögum.

Frá Sólveigu Pétursdóttur.

Hvað líður samningu frumvarps til laga um breytingu á barnalögunum, m.a. varðandi heimildir foreldra til að fara sameiginlega með forsjá barna sinna eftir skilnað eða samvistarslit?

Nd. 749. Frumvarp til laga [417. mál]

um breytingu á gjaldþrotalögum, nr. 6/1978.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

1. gr.

Við c-lið 13. gr. laganna bætast eftirfarandi málsgreinar:

Innheimtumenn ríkissjóðs og aðrir opinberir innheimtumenn, ríkisbankar, sjóðir, opinberar stofnanir og fyrirtæki ríkisins, hverju nafni sem nefnast, mega ekki krefjast gjaldþrotaskipta á búi einstaklings vegna skulda hans við ríkissjóð eða stofnanir, banka, sjóði og fyrirtæki ríkisins. Árangurslaus fógetagerð skal talin nægileg staðfesting á greiðsluþrotum til að hægt sé að afskrifa skuld einstaklings í ríkisbókhaldi eða yfirlýsing frá löggiltum endurskoðanda sem kannað hefur bú viðkomandi og skiptaráðandi metur gilda.

Ekki má taka bú einstaklings til gjaldþrotaskipta nema um það komi kröfur frá þrem lánardrottnum öðrum en ríkissjóði samkvæmt framansögðu og samanlögð fjárhæð skulda sé 500 þús. kr. eða hærri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Gjaldþrot er einhver harkalegasta aðför að persónu manna sem um getur í nútímaþjóðfélagi. Þeim fylgir ekki bara tap eigna fyrir þolandann heldur líka mikil röskun á stöðu og högum gjaldþrota fólks, fjölskyldum þess og ástvina. Gjaldþrota fólki finnst það vera annars eða þriðja flokks fólk við missi eigna og stöðu í þjóðfélaginu. Gjaldþrota fólk heldur áfram að vera fólk þótt bú þess sé tekið til gjaldþrotaskipta. Því má aldrei gleyma.

Flutningsmaður telur að gjaldþrot eigi aðeins að taka til eigna manna en ekki persónu þeirra að svo miklu leyti sem hægt er. Afleiðingar gjaldþrots er nútímavergangur og enginn er bættari þótt bú náunga hans sé tekið til gjaldþrotaskipta. Innheimtumenn ríkissjóðs biðja um langflest skipti á búum einstaklinga á Íslandi. Þar mun gjaldheimtan biðja um heil sextíu prósent og tollayfirvöld um tuttugu. Þá eru ótaldir bankar ríkisins, sjóðir, stofnanir og fyrirtæki. Samtals er því ríkið með um níutíu prósent beiðna um gjaldþrot á sinni könnu.

Þetta gengur ekki lengur. Flutningsmaður tekur af heilum hug undir að gjalda þurfi keisaranum það sem keisarans er og engar refjar. Oft eru þó skattskuldir vegna áætlaðra gjalda og því ekki raunverulegar tekjur á bak við þær skuldir. Það er hreint og beint hörmulegt að ljúka skiptum á búi manna vegna áætlaðra skulda sem öllum má vera ljóst að eiga ekki við rök að styðjast. Það nær ekki nokkurri átt.

Ríkissjóður er engu bættari með að mylja undir sig hvern þegn landsins á fætur öðrum með því að láta úrskurða hann gjaldþrota. Þeim úrskurði fylgir allt of mikil óhamingja fyrir þolandann og fjölskyldu hans og ástvini. Það er ekki hlutverk ríkisins að leika landsmenn svo grátt til þess eins að strika megi skuldir þeirra út úr ríkisbókhaldi um áramót.

Þess vegna er lagt til hér að árangurslaus aðför eða kyrrsetning eða önnur fógetagerð dugi til að úrskurða fólk eignalaust fyrir skiptarétti. Einnig yfirlýsing frá löggiltum end-

urskoðanda sem hefur kynnt sér fjárreiður viðkomandi og skiptaráðandi tekur gilda. Þar með geti innheimtumenn ríkissjóðs afskrifað skuldir í bókhaldi sínu og lokið málum án þess að kalla þá óhamingju yfir fólk sem fylgir gjaldþrotum.

Einnig er oft óskað eftir gjaldþroti vegna lítillar skuldar við einn lánardrottin og iðulega lýkur skiptum vegna smáupphæða. Hér er lagt til að þurfi fleiri en einn lánardrottin til að taka megi bú til skipta og samanlögð fjárhæð sé hærri en 500 þús. kr. Þar með er girt fyrir að fólk missi bú sitt fyrir spottprís.

Íslendingar eru smátt og smátt að laga þjóðfélag sitt að raunveruleikanum í mannlífinu en hann er oft bæði beiskur og nakinn. Til skamms tíma máttu fórnarlömb heldrykkjunnar þola bæði útskúfun og sinnuleysi meðbræðra sinna en á því hefur orðið mikil breyting síðustu fimmtán árin. Þjóðfélagið hefur tekið ofdrykkjufólk sitt í sátt. Dæmdir menn hafa löngum verið litnir hornauga eftir að hafa afplánað refsingu sína í fangelsum og gert þar með upp skuld sína við þjóðfélagið. Þeir mæta þó sem betur fer vaxandi skilningi í samfélaginu og fólkið utan múranna er um það bil að búa sig undir að taka þá í sátt aftur. Gjaldþrota fólk á ekki því láni að fagna í dag. Gjaldþrot eru áfram feimnismál á Íslandi og fjöldinn þjáist vegna þeirra. Bæði þolendur og ástvinir. Oft er um að ræða roskna foreldra sem rata í miklar raunir á efri árum þegar æskilegt er að um hægist. Lítil börn bera harm sinn í hljóði niðurlút í skólanum. Þau eru brennd fyrir lífstíð. Fjöldi fólks gefst upp við svo búið og freistar gæfunnar í öðrum löndum. Aðrir missa heilsuna og láta jafnvel lífið. Gjaldþrota fólk er óhreinu börnin hennar Evu.

Það er nægileg röskun á stöðu og högum að missa aleigu sína og sitja uppi með skuldabyrði. Þjóðfélagið þarf ekki að bæta gráu ofan á svart með því að svipta fólk hluta af persónu sinni með úrskurði um gjaldþrot. Skuldir fást ekki frekar greiddar við þann úrskurð nema síður sé.

Nd. 750. Frumvarp til laga [418. mál]

um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

1. gr.

Við 6. tölul. 3. mgr. 2. gr. laganna bætast orðin: og vöruflutningar innan lands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vöruflutningar á Íslandi eru þýðingarmikil þjónusta við íbúa landsins hvort sem er á milli landshluta með vöruflutningabifreiðum, strandferðaskipum eða flugvélum eða með sendibílum á milli húsa í þéttbýli. Á þessa þjónustu leggst nú virðisaukaskattur samkvæmt lögum nr. 50 frá 24. maí 1988, um virðisaukasaskatt, og hækkar hann vöruverð í landinu.

Fólksflutningar hér á landi bera hins vegar ekki virðisaukaskatt hvort sem ferðast er á milli landshluta með áætlunarbílum, skipum eða flugvélum eða á milli húsa með leigu-

bifreiðum. Hér gætir misræmis að mati flutningsmanns og sjálfsagt er að vöruflutningar beri ekki virðisaukaskatt frekar en fólksflutningar.

Þess vegna er hér lagt til að virðisaukaskattur falli niður af öllum vöruflutningum hér á landi hvort sem ferðast er í lofti eða á láði eða legi, milli landshluta eða á milli húsa, með vöruflutningatækjum eða sendibílum.

Sþ. 751. Breytingartillaga [408. mál]

við till. til þál. um langtímaáætlun í vegagerð.

Frá Kristni Péturssyni.

Við tillöguna bætist nýr kafli, **3. Mannvirkjasjóður samgönguframkvæmda,** svohljóðandi:

Alþingi ályktar jafnframt að fela samgönguráðherra að undirbúa lagafrumvarp um sérstakan sjóð til þess að hraða framkvæmdum á stofnbrautum, þjóðbrautum og við jarðgangagerð samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis síðar. Sjóðurinn heiti Mannvirkjasjóður samgönguframkvæmda.

Mannvirkjasjóði samgönguframkvæmda verði heimilað að taka erlend eða innlend lán til þess að hraða brýnustu framkvæmdum í samgöngumálum á stofnbrautum umfram langtímaáætlun, enda verði við einstaka framkvæmdir gerð grein fyrir hvernig lánin verði endurgreidd með gjaldtöku af umferð og/eða með mörkuðum tekjustofnum Vegagerðarinnar í framtíðinni.

Sþ. 752. Breytingartillögur [372. mál]

við till. til þál. um viðbrögð Íslendinga gegn styrjöldinni við Persaflóa.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson, Danfríði Skarphéðinsdóttur, Guðnýju Guðbjörnsdóttur, Guðrúnu J. Halldórsdóttur, Kristínu Einarsdóttur og Málmfríði Sigurðardóttur.

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því á vettvangi Sameinuðu þjóðanna að efnt verði til alþjóðlegrar ráðstefnu um málefni þjóðanna í Miðausturlöndum hið bráðasta þar sem fjallað verði um afleiðingar stríðsins við Persaflóa og þau óleystu vandamál sem enn er við að glíma í þessum heimshluta.
2. Fyrirsögn till. verði: Till. til þál. um viðbrögð Íslendinga vegna ástandsins í Miðausturlöndum.

Ed. **753. Breytingartillögur** [370. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum.

Frá Skúla Alexanderssyni, Karvel Pálmasyni og Margréti Frímannsdóttur.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Stofna skal deild innan Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins sem nefnist Viðlagasjóður loðnuútgerðar. Hlutverk viðlagasjóðsins er að bæta afkomu loðnuútgerðar vegna aflabrests, verðhruns á afurðum og þess háttar áfalla. Sjóðurinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum.
   Útgerðir loðnuveiðiskipa skulu greiða í sjóðinn 2% af aflaverðmæti, en sjávarútvegsráðherra er heimilt að lækka greiðsluhlutfallið ef staða sjóðsins leyfir.
2. Á eftir 1. gr. bætast við þrjár nýjar greinar er orðist svo:
   a. (2. gr.)
      Greitt skal í Viðlagasjóð loðnuútgerðar við uppgjör loðnukaupanda við útgerð loðnuveiðiskips mánaðarlega og skulu greiðslur renna inn á viðlagareikning á nafni þeirrar útgerðar sem greiðir.
      Verkendur loðnuafurða og lánastofnanir skulu innheimta greiðslur til sjóðsins skv. 1. mgr.
      Stjórn Hagræðingarsjóðs ákveður hvenær greiða skuli úr Viðlagasjóði loðnuútgerðar.
   b. (3. gr.)
      Innstæður á reikningum Viðlagasjóðs loðnuútgerðar teljast eign hans en eru bundnar við að bæta afkomu þeirrar útgerðar loðnuveiðiskips sem inneign myndaði. Sé félagi, sem á reikning í sjóðnum, slitið og það sameinað öðru félagi með þeim hætti að ákvæðum 56. og 57. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, er fullnægt skal það félag er við tekur taka við rétti til afkomutryggingar af sérreikningi þess félags sem slitið var. Sé rekstur einstaklings, sem greitt hefur í sjóðinn, seldur er heimilt að kveða svo á að innstæða á sérreikningi hans í sjóðnum fylgi með í sölunni. Með sama hætti getur innstæða á nafni einstaklings flust yfir á félag sem myndað kann að verða um rekstur hans. Látist einstaklingur, sem greitt hefur í sjóðinn, taka erfingjar hans við öllum réttindum sem hinn látni hafði áunnið sér gagnvart sjóðnum uppfylli þeir ákvæði laga þessara, nema um skuldafrágöngubú sé að ræða.
      Verði útgerð loðnuveiðiskips gjaldþrota eða sé félagi slitið án þess að ákvæði 1. mgr. eigi við skal innstæða á sérreikningi útgerðar renna inn í óskiptan reikning Viðlagasjóðs loðnuútgerðar. Sama á við ef útgerð hefur ekki haldið skipi til loðnuveiða í sex ár.
   c. (4. gr.)
      Skylt er útgerðum loðnuveiðiskipa og verkendum loðnuafurða ásamt lánastofnunum að veita Viðlagasjóði loðnuútgerðar allar þær upplýsingar sem hann kann að leita eftir um kaupverð og annað það sem máli skiptir.
      Greiðslur útgerða loðnuveiðiskipa í Viðlagasjóð loðnuútgerðar skulu koma til lækkunar á tekjum þeirra á því ári sem afli er seldur. Greiðslur úr sjóðnum til útgerða skulu færðar til tekna á því ári sem greitt er.

3. Á eftir 2. gr. bætast við tvær nýjar greinar er orðist svo:
   a. (6. gr.)
      Ríkissjóði er heimilt að ábyrgjast lán sem Viðlagasjóður loðnuútgerða tekur til að endurlána útgerðum loðnuveiðiskipa. Upphæð lánsins skal nema þeirri upphæð sem stjórn Hagræðingarsjóðs telur jafngilda markaðsverði 8.000 þorskígildislesta. Heimilt er að lána loðnuveiðiskipum af þessu láni sjóðsins í hlutfalli við aflahlutdeild skipanna af loðnu og hver afli þeirra af loðnu var á haustvertíðinni 1990. Stjórn Hagræðingarsjóðs ákveður lánstíma og lánskjör.
   b. (7. gr.)
      Lokamálsliður ákvæðis til bráðabirgða I í lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, nr. 40 15. maí 1990, orðist svo: Aflaheimildum þessum skal varið til eflingar fiskvinnslu í byggðarlögum er höllum fæti standa, sbr. 9. gr.
4. Við 3. gr., er verði 8. gr., bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Sjávarútvegsráðherra skal haustið 1991 leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um Viðlagasjóð loðnuútgerðar.
5. Fyrirsögn frv. orðist svo: Frv. til l. um viðauka við lög um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, nr. 40/1990, o.fl.

Ed. 754. Breytingartillaga [370. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum.

Frá Karvel Pálmasyni, Margréti Frímannsdóttur og Skúla Alexanderssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein svohjóðandi:

Aflaheimildir skv. 1. gr. eru ekki framseljanlegar nema með samþykki stéttarfélaga sjómanna á útgerðarstað loðnuskips.

Ed. 755. Breytingartillaga [370. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum.

Frá Margréti Frímannsdóttur, Karvel Pálmasyni og Skúla Alexanderssyni.

Eftirtaldar breytingar verði á 1. gr.:

a. Í stað orðanna „að hluta eða öllu leyti“ í fyrri málslið komi: að hálfu.
b. Við bætist nýr málsliður er orðist svo: Hinum helmingnum af aflaheimildum skal ráðherra skipta á milli þeirra sveitarfélaga sem verða fyrir beinum tekjumissi af sömu ástæðum.

Nd. 756. Frumvarp til laga [419. mál]

um almenna fullorðinsfræðslu.

(Lagt fram á Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið laga þessara er að

a. stuðla að jafnrétti fullorðinna til að afla sér menntunar án tillits til búsetu, aldurs, kyns, starfs eða fyrri menntunar,
b. fullorðnir hafi hliðstæð tækifæri til náms og nemendur í grunn- og framhaldsskólum,
c. skapa fullorðnum skilyrði til aukins þroska og alhliða menntunar sem nýtist í starfi, fjölskyldulífi og tómstundum og stuðlar að virkri þátttöku einstaklingsins í samfélaginu,
d. skapa, í samræmi við fjárveitingar á hverjum tíma, fræðsluaðilum skilyrði til að þeir geti boðið þátttakendum viðunandi nám og námsaðstöðu.

2. gr.

Lög þessi taka til eftirfarandi þátta:

a. Náms á grunn-, framhalds- eða háskólastigi sem skipulagt er sérstaklega fyrir fullorðna og ekki er fjallað um í öðrum lögum.
b. Almennrar lýðfræðslu og tómstundanáms sem ekki fellur undir a-lið.
c. Þróunarstarfs innan almennrar fullorðinsfræðslu.

II. KAFLI
Yfirstjórn fullorðinsfræðslu.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar 13 fulltrúa í fullorðinsfræðsluráð til fjögurra ára í senn. Í ráðið skal skipa á eftirfarandi hátt: Einn fulltrúa menntamálaráðuneytisins, einn tilnefndan af félagsmálaráðherra, einn af Alþýðusambandi Íslands, einn af Bandalagi háskólamanna, einn af Bandalagi kennarafélaga, einn af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn af Vinnuveitendasambandi Íslands, einn af Öryrkjabandalagi Íslands og þrjá fulltrúa þeirra aðila sem hafa á hendi fullorðinsfræðslu. Menntamálaráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar.

Kostnaður við fullorðinsfræðsluráð greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Verkefni fullorðinsfræðsluráðs eru að

a. vera stjórnvöldum til ráðuneytis um meginstefnu og áhersluþætti í fullorðinsfræðslu, jafnt starfsmenntun samkvæmt sérstökum lögum sem almenna fullorðinsfræðslu,
b. afla gagna og miðla upplýsingum um fullorðinsfræðslu í landinu og erlendis,
c. beita sér fyrir samræmdu faglegu mati á námskeiðum,
d. stuðla að samstarfi milli skóla og annarra sem hafa á hendi fullorðinsfræðslu,
e. beita sér fyrir menntun kennara og leiðbeinenda fyrir fullorðna,

f. sjá um önnur verkefni er ráðherra felur ráðinu eða það sjálft telur nauðsynlegt að vinna að.

III. KAFLI
Skipulag almennrar fullorðinsfræðslu.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm menn í nefnd um almenna fullorðinsfræðslu þar af skulu a.m.k. fjórir eiga sæti í fullorðinsfræðsluráði. Menntamálaráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Skipunartími nefndarinnar er hinn sami og fullorðinsfræðsluráðs.

Kostnaður við nefnd um almenna fullorðinsfræðslu greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Verkefni nefndar um almenna fullorðinsfræðslu er að

a. vera menntamálaráðuneyti og fræðsluaðilum til ráðuneytis um framkvæmd almennrar fullorðinsfræðslu,
b. vera tengiliður menntamálaráðuneytis við fræðsluaðila,
c. fara með stjórn menntunarsjóðs fullorðinna og annast styrkveitingar úr sjóðnum, sbr. 13. gr. laga þessara,
d. stuðla að útgáfu og samnýtingu námsefnis og beita sér fyrir útgáfu upplýsingarita á sviði almennrar fullorðinsfræðslu.

7. gr.

Nemandi, sem lokið hefur námi utan hins almenna skólakerfis, sbr. lög um skólakerfi, nr. 55/1974, getur fengið það metið til námseininga í skólakerfinu samkvæmt reglum sem menntamálaráðuneytið setur. Vitnisburður um námsárangur utan skólakerfisins skal metinn jafngildur vitnisburði á hliðstæðu skólastigi hins almenna skólakerfis.

Vísa má ágreiningi um námsmat til menntamálaráðuneytisins til úrskurðar. Niðurstaða ráðuneytisins er bindandi.

8. gr.

Við skipulagningu og framkvæmd almennrar fullorðinsfræðslu skal tekið tillit til sérþarfa þeirra sem vegna frávika frá eðlilegum þroskaferli og vegna sjúkdóma eða hvers konar fötlunar geta ekki notið venjulegrar fræðsluskipunar.

9. gr.

Skólahúsnæði og aðstaða í skólum í eigu opinberra aðila skal að öðru jöfnu standa fræðsluaðilum til boða á þeim tímum þegar almenn kennsla eða starf í skólanum liggur niðri. Fræðsluaðila ber að semja um slík afnot við stjórnendur skóla. Um skiptingu kostnaðar og aðra notkun skólahúsnæðis til fullorðinsfræðslu skal setja ákvæði í reglugerð.

10. gr.

Sá sem hefur með höndum almenna fullorðinsfræðslu og fær til þess fjárstuðning samkvæmt lögum þessum ber ábyrgð á þeirri fræðslu sem veitt er og að farið sé eftir gildandi lögum og reglugerðum. Kveða skal nánar á um þennan þátt í reglugerð.

IV. KAFLI
Fjármál.

11. gr.

Stofna skal menntunarsjóð fullorðinna. Tekjur sjóðsins eru:

a. Framlag ríkissjóðs á fjárlögum ár hvert.
b. Aðrar tekjur er sjóðurinn kann að hafa, t.d. með útgáfu og sölu á námsefni eða annarri þjónustu.

Menntunarsjóður fullorðinna er í umsjón menntamálaráðuneytis. Nefnd um almenna fullorðinsfræðslu er jafnframt stjórn sjóðsins. Nánar skal kveðið á um starfsemi sjóðsins í reglugerð.

12. gr.

Stjórn menntunarsjóðs fullorðinna úthlutar styrkjum úr sjóðnum. Fræðsluaðili, er njóta vill styrks úr menntunarsjóði, sækir um það til sjóðstjórnar. Hann skal leggja fram áætlun um þá fræðslu, sem hann hyggst bjóða á komandi missiri, fyrir 1. júní vegna haustmissiris og fyrir 1. nóvember vegna vormissiris. Heimilt er að áskilja í reglugerð að fræðsluaðili fullnægi tilteknum skilyrðum til að geta fengið styrk, svo sem um námsaðstöðu, kennslukrafta eða námsefni. Heimilt er að veita tiltekinni menntun forgang að styrkjum.

Styrki til fullorðinsfræðslu má veita

a. fræðsluaðilum,
b. fjölmiðlum eða fræðsluaðila er samvinnu hefur við fjölmiðil um verkefni á sviði almennrar fullorðinsfræðslu,
c. til þróunarverkefna og útgáfu á vegum nefndar um almenna fullorðinsfræðslu eða fræðsluaðila,
d. til annarra verkefna á sviði almennrar fullorðinsfræðslu samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar.

Nánari ákvæði um úthlutun styrkja skal setja í reglugerð.

13. gr.

Námsefni, sem samið er með tilstyrk menntunarsjóðs fullorðinna, skal vera öðrum fræðsluaðilum til frjálsra afnota, enda beri þeir ábyrgð á að notkun þeirra á efninu brjóti ekki í bága við höfundarétt.

14. gr.

Fræðsluaðilum, sem rétt eiga á styrk samkvæmt lögum þessum, er skylt að veita menntamálaráðuneytinu upplýsingar um það nám sem boðið hefur verið upp á. Nánari ákvæði um þetta skal setja í reglugerð.

V. KAFLI
Um gildistöku og reglugerðir.

15. gr.

Menntamálaráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð, þar á meðal um afmörkun og gildissvið, að fengnum tillögum nefndar um almenna fullorðinsfræðslu.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lögin skal endurskoða eigi síðar en fjórum árum eftir gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp þetta var lagt fram sem stjórnarfrumvarp á 112. löggjafarþingi en varð eigi útrætt. Breytingar hafa verið gerðar á 15. gr. sem nú verður 16. gr. þar sem bætt hefur verið við nýrri grein, 14. gr., um upplýsingaskyldu. Að öðru leyti er frumvarpið óbreytt.

Með bréfi dagsettu 14. apríl 1988 skipaði Sverrir Hermannsson, þáverandi menntamálaráðherra, eftirtalda í nefnd um fullorðinsfræðslu: Karl Kristjánsson, deildarsérfræðing í menntamálaráðuneyti, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Birnu Bjarnadóttur, skólastjóra Bréfaskólans, Guðrúnu Halldórsdóttur, forstöðumann Námsflokka Reykjavíkur, Margréti S. Björnsdóttur, endurmenntunarstjóra við Háskóla Íslands, Þuríði Magnúsdóttur, forstöðumann Fræðslumiðstöðvar iðnaðarins, og Helga Guðmundsson, þáverandi formann Menningar- og fræðslusambands Alþýðu. Í júní 1988 tók Guðrún Friðgeirsdóttir, skólastjóri Bréfaskólans, við af Birnu Bjarnadóttur er látið hafði af starfi við skólann.

Nefndinni var m.a. ætlað að vera menntamálaráðuneytinu til ráðgjafar um fullorðinsfræðslumálefni og undirbúa tillögur um skipan þeirra mála.

Í maí 1989 fól Svavar Gestsson, núverandi menntamálaráðherra, nefndinni að semja frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu, en áður höfðu menntamálaráðherra og félagsmálaráðherra komið sér saman um að starfsmenntun í atvinnulífinu skyldi heyra undir félagsmálaráðuneyti en öll önnur fullorðinsfræðsla undir menntamálaráðuneyti.

Um líkt leyti fól Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra nefnd að semja frumvarp til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu. Náið samráð hefur verið á milli nefndanna með því að Gylfi Kristinsson, formaður nefndar félagsmálaráðherra, tók sæti í fullorðinsfræðslunefnd og Karl Kristjánsson tók sæti í nefnd um starfsmenntun í atvinnulífinu.

Guðný Helgadóttir kom aftur til starfa í menntamálaráðuneytinu í nóvember 1989 og tók þá sæti í nefndinni.

Við samningu þessa frumvarps hefur nefndin haldið 20 fundi. Á lokastigi starfaði Helgi Guðmundsson tímabundið fyrir nefndina.

Fullorðinsfræðsla.

Notkun hugtaka um þetta svið menntunar hefur verið nokkuð á reiki. Hér er valinn sá kostur að nota orðið *fullorðinsfræðsla* sem samheiti en greina fræðsluna í starfsmenntun í atvinnulífinu annars vegar og almenna fullorðinsfræðslu hins vegar. Með starfsmenntun í atvinnulífinu er átt við menntun sem fólk á vinnumarkaði aflar sér í því skyni að bæta eða auka þekkingu sína og færni til starfs, eða vegna breytinga á störfum og starfsháttum. Almenn fullorðinsfræðsla tekur til allrar annarrar fræðslu fyrir fullorðna hvort sem hún fer fram á vegum skóla, svo sem í öldungadeildum framhaldsskóla eða annarra.

Frumvarp þetta tekur til þeirrar almennu fullorðinsfræðslu sem fram fer utan skólakerfisins með þeim takmörkunum sem fram koma í frumvarpinu og reglugerðum sem kunna að verða settar.

Almenn fullorðinsfræðsla og starfsmenntun í atvinnulífinu.

Á undanförnum árum hafa verið samin nokkur frumvörp um fullorðinsfræðslu sem ekki hafa náð fram að ganga. Þeirra viðamest er frumvarp frá árinu 1974. Árið 1980 var síðast lagt fram frumvarp um fullorðinsfræðslu. Það var samið af nefnd er Vilhjálmur Hjálmarsson menntamálaráðherra skipaði árið 1978. Frumvarpið var lagt fram af Vilmundi Gylfasyni, þáverandi menntamálaráðherra, í febrúar 1980 en hlaut ekki afgreiðslu.

Á undanförnum árum hafa orðið miklar breytingar á fullorðinsfræðslu. Framboðið hefur aukist og þátttakan einnig. Einna mest hefur breytingin orðið á starfsmenntun í atvinnulífinu þar sem átak hefur verið gert til að mennta ófaglært fólk í atvinnugreinum. Stærsta átakið í þeim efnum er í fisk-, vefjar- og matvælaiðnaði.

Á hinn bóginn hefur mjög skort á að til væru samræmdar reglur um fyrirkomulag náms fyrir fullorðna. Aðstöðumunur eftir landshlutum og starfsstéttum er einnig mikill. Víða um land er ekki boðið upp á neina fræðslu fyrir fullorðna í heimabyggð og í stuttu máli má segja að þær starfsstéttir sem mesta menntunina hafa fyrir hafi besta aðstöðu til að bæta við menntun sína.

Fullorðinsfræðsla fer aðallega fram með eftirfarandi hætti:

Almenn fullorðinsfræðsla.

1. Fræðsla sem fullorðnum stendur til boða í skólakerfinu, t.d. í öldungadeildum framhaldsskóla og námskeið á vegum annarra skóla. Ekki liggur fyrir hve miklu ríkið kostar til þessarar starfsemi en hér er um verulegar fjárhæðir að ræða.
2. Tómstundanám af ýmsu tagi er boðið af mörgum aðilum. Nefna má dæmigerð tómstundanámskeið, sem ekki tengjast skólagöngu eða starfi, svo sem í tungumálum, listum, tölvunotkun og fjölmörgu fleira. Nám af þessu tagi bjóða mjög margir aðilar, svo sem framhaldsskólar, námsflokkar, fræðslusamtök, einkaskólar og einstaklingar. Enda þótt námið sé ekki beinlínis tengt skólagöngu eða starfi leiðir það mjög oft til þess að þátttakendur taka að stunda nýtt nám eða auka við starfsþekkingu sína.

Starfsmenntun í atvinnulífinu.

Starfsmenntun í atvinnulífinu sem ýmsir starfshópar eiga kost á. Hér má nefna námskeið fyrir fiskvinnslufólk, starfsfólk í fataiðnaði og vinnuvélamenn, eftirmenntun iðnaðarmanna, eftirmenntun háskólamanna, námskeið á vegum Iðntæknistofnunar og fleira. Starfsmenntunin er boðin af mörgum aðilum, innan fyrirtækja og utan. Fjárveitingar til starfsmenntunar eru afar mismunandi og aðstæður starfshópanna til að nýta sér hana einnig. Ríkið hefur veitt talsvert fé til þessarar starfsemi bæði með samningum við sína starfsmenn og sem þriðji aðili að samningum á hinum almenna vinnumarkaði. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um kostnað við starfsmenntun.

Auk þess má nefna margvíslega félagslega menntun sem aðilar á vinnumarkaði bjóða fólki upp á.

Aðstaða nemenda til að taka þátt í almennri fullorðinsfræðslu eða starfsmenntun í atvinnulífinu er afar mismunandi. Þeir sem lakast eru settir eiga ekki kost á neinum styrkjum og verða að sækja námið utan vinnutíma eða verða af vinnulaunum ella. Á hinn bóg-

inn eiga allstórir hópar kost á verulegum styrkjum, allt upp í að allur kostnaður sé greiddur af endurmenntunarsjóðum og vinnuveitendum þar með talinn ferðakostnaður og vinnulaun.

Öldungadeildir framhaldsskóla falla ekki undir frumvarp þetta, enda er fjallað um fullorðinsfræðslu framhaldsskólanna í lögum um framhaldsskóla. Í framhaldsskólalögunum og reglugerð um framhaldsskóla er gerð grein fyrir hvernig fjárveitingum til þeirrar starfsemi skuli háttað.

Það frumvarp sem hér liggur fyrir fjallar því næstum eingöngu um þann hluta fullorðinsfræðslu er fram fer utan hins almenna skólakerfis og nefnd er almenn fullorðinsfræðsla. Þó fjallar kaflinn um yfirstjórn fullorðinsfræðslu að hluta um starfsmenntun í atvinnulífinu samanber athugasemd við 3. gr. Rétt er að leggja áherslu á að við setningu laga um starfsmenntun í atvinnulífinu og samningu reglugerða á grundvelli hvoru tveggja laganna er nauðsynlegt að gæta fyllsta samræmis þannig að öll fullorðinsfræðsla eigi heima undir tilteknum lögum og geti notið tilstyrks sem í þeim lögum felst.

Nokkur orð um fullorðinsfræðslu annars staðar á Norðurlöndum.

Fullorðinsfræðsla á sér langa hefð í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Það er sameiginlegt löndunum að framboðið er mikið og þátttaka einnig. Ætla má að um 20–25% fólks á vinnumarkaði taki árlega þátt í einhvers konar fullorðinsfræðslu. Í mörgum tilvikum greiða þátttakendur ekkert fyrir námið og í sumum greiða þeir sem nemur þriðjungi kennslukostnaðar.

Í Svíþjóð hefur launafólk lögbundinn rétt til að fá leyfi frá störfum til að stunda nám. Einnig getur það samkvæmt lögum sótt um styrki og lán vegna náms. Í Finnlandi eru lög um lán og styrki fyrir fullorðna. Í Danmörku voru á síðasta ári samþykkt lög um styrki til fullorðinna með stutta skólagöngu sem óska eftir að sækja nám í vinnutímanum. Geta þeir fengið styrk, sem nemur hæsta taxta atvinnuleysisdagpeninga í 16 vikur, til að stunda fullt nám og samsvarandi ef náminu er dreift á lengri tíma.

Ríki, sveitarfélög, aðilar vinnumarkaðarins, fræðslusamtök og fyrirtæki hafa fullorðinsfræðslu með höndum. Á seinni árum hefur hlutur fyrirtækjanna farið vaxandi vegna breyttrar tækni og nýrrar framleiðslu þar sem nauðsynlegt er að endurmennta og þjálfa starfsfólk í ljósi breyttra aðstæðna. Þess má geta að tilkoma svonefndra „förnyelsesfonder" í Svíþjóð, sem fyrirtæki urðu að greiða ákveðinn hluta af hagnaði sínum í, jók mjög endurmenntun í tengslum við atvinnulífið.

Í öllum löndunum renna háar fjárhæðir til fullorðinsfræðslu. Á næstu árum og áratugum er gert ráð fyrir að þörf verði á auknu fé í þessu skyni. Féð kemur í aðalatriðum úr fjórum áttum, þ.e. framlög ríkis og sveitarfélaga, gjaldtaka af atvinnurekendum og launafólki og frá fyrirtækjum sem sjálf hafa með höndum mikla starfsmenntun vegna starfsemi sinnar. Til dæmis má geta þess að árið 1987 var varið rúmum 3 milljörðum danskra króna (um 30 milljörðum íslenskra króna) til almennrar fullorðinsfræðslu í Danmörku. Þá er ekki talin með starfsmenntun í tengslum við atvinnulífið.

Reglur um fjárveitingar og styrki til einstaklinga eru margvíslegar og margbrotnar. Þeim fylgir því mikil skriffinnska sem þeir er með fullorðinsfræðsu fara telja að sé óæskileg. Þó ber að leggja áherslu á að þetta kemur ekki í veg fyrir að fullorðinsfræðsla blómstri í löndunum, enda er þörf og eftirspurn aðalhvatinn.

Efni frumvarpsins.

Talið er rétt að forðast beri flóknar reglur um fullorðinsfræðslu og ekki sé ástæða til að lögfesta viðamikið stjórnkerfi í kringum þetta menntunarstig. Mikilvægt er að fullorðinsfræðslulög drepi ekki í dróma það frumkvæði sem þegar er fyrir hendi á þessu sviði hjá samtökum, fyrirtækjum, skólum og einstaklingum, heldur hið gagnstæða. Löggjöfin ætti heldur ekki að leiða til óæskilegrar miðstýringar eða óþarfa skriffinnsku. Í annan stað ætti skólakerfið að starfa eins og kostur er með hinum fjölmörgu aðilum sem fást við fullorðinsfræðslu. Með þeim hætti yrði til fjölbreytt framboð á skipulegri fræðslu fyrir fullorðna og reynt að gæta þess að þekking, húsa- og tækjakostur og námsgögn nýtist sem best.

Með frumvarpi þessu er leitast við að ná fram fyrrgreindum markmiðum en jafnframt lögð áhersla á að löggjöf um almenna fullorðinsfræðslu leiði til bættrar aðstöðu fyrir þá þjóðfélagshópa sem minnsta menntun hafa haft og lakasta námsaðstöðu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni koma fram markmið laganna sem beinast að hvoru tveggja: að stuðla að jafnrétti fullorðinna til að afla sér menntunar án tillits til búsetu, aldurs, kyns, starfs eða fyrri menntunar og að skapa fullorðnum einstaklingum almennt betri skilyrði til að taka þátt í fullorðinsfræðslu. Jafnframt er stefnt að því að skapa fræðsluaðilum betri starfsskilyrði, þannig að þeir geti boðið fullorðnu fólki upp á fjölbreytta kosti. Þá kemur einnig fram í greininni að fullorðinsfræðsla miði að því að auka persónulegan þroska og hæfni einstaklingsins, sem og þörf samfélagsins fyrir aukna menntun og starfshæfni.

Um 2. gr.

Í greininni kemur fram að lögin taki til almennrar fullorðinsfræðslu, þ.e. náms á grunn-, framhalds- eða háskólastigi sem skipulagt er sérstaklega fyrir fullorðna og ekki er fjallað um í öðrum lögum, einnig til almennrar lýðfræðslu og tómstundanáms, svo og þróunarstarfs innan almennrar fullorðinsfræðslu. Í þessu sambandi er rétt að vekja enn athygli á nauðsyn á heildaryfirsýn. Því þarf að skoða greinina í ljósi frumvarps um starfsmenntun í atvinnulífinu þar sem frumvörpunum er saman ætlað að ná yfir alla fullorðinsfræðslu utan skólakerfisins.

Um 3. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra skipi fullorðinsfræðsluráð eftir tilnefningum frá þeim aðilum sem mest fást við fullorðinsfræðslu. Ráðið er nokkuð fjölmennt en eðlilegt sýnist að kalla til ráðgjafar allfjölmennan hóp fólks sem starfar á þessum vettvangi. Með því ættu að vera tryggð góð tengsl ráðuneytis við það sem þar er að gerast.

Til viðbótar við þá sem taldir eru upp í greininni er lagt til að fræðsluaðilar tilnefni þrjá fulltrúa í ráðið. Eins og sakir standa eru ekki starfandi nein formleg heildarsamtök þeirra sem sjá um fullorðinsfræðslu í landinu. Hins vegar má telja líklegt að til þeirra verði stofnað og virðist því eðlilegt að þau tilnefni í ráðið þegar þar að kemur, en þangað til skipi ráðherra fulltrúana að höfðu samráði við aðila á þessum vettvangi.

Þá er í greininni ákveðið að fullorðinsfræðsluráð nái til allrar fullorðinsfræðslu utan hins almenna skólakerfis. Vonast er til að þetta fyrirkomulag leiði til nauðsynlegs sam-

ræmis og samstarfs þeirra er fást við ýmis svið fullorðinsfræðslu. Þetta er m.a. nauðsynlegt til að hafa áhrif á að fjármunir, aðstaða, námsgögn og þekking nýtist sem best.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um verkefni fullorðinsfræðsluráðs. Ráðið á að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um meginstefnu og áhersluþætti í fullorðinsfræðslu, svo sem námsframboð, forgang verkefna og hópa. Auk þess lúta verkefni ráðsins að söfnun og miðlun upplýsinga um fullorðinsfræðslu, bæði starfsmenntun og almenna fullorðinsfræðslu, samræmingu á námsefni, námsframboði og faglegu mati á þeirri fræðslu sem í boði er, samstarfi milli skóla og annarra fræðsluaðila, stuðla að betri menntun kennara og leiðbeinenda í fullorðinsfræðslu, og vera menntamálayfirvöldum og fræðsluaðilum til ráðuneytis.

Menntamálaráðuneytið og fullorðinsfræðsluráð þurfa að verða miðstöð fyrir upplýsingar um fullorðinsfræðslu. Því er nauðsynlegt að í ráðuneytinu hafi tilteknir aðilar málefni fullorðinsfræðslu á sinni könnu.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að skipuð verði fastanefnd um almenna fullorðinsfræðslu sem verði menntamálaráðuneyti og fræðsluaðilum til ráðuneytis og aðstoðar. Þetta er í samræmi við það sem lagt er til í frumvarpi um starfsmenntun í atvinnulífinu og felur í sér að á vegum hvors ráðuneytis, menntamálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis, starfi sérstakir samstarfshópar um hvort svið fullorðinsfræðslu fyrir sig. Skipunartími nefndarinnar verði hinn sami og fullorðinsfræðsluráðs.

Um 6. gr.

Í greininni eru verkefni nefndar um almenna fullorðinsfræðslu nánar skilgreind, en þau eru að vera menntamálaráðuneyti og fræðsluaðilum til ráðuneytis um framkvæmd, þar með talið námsframboð almennrar fullorðinsfræðslu, að vera tengiliður milli menntamálaráðuneytis og fræðsluaðila, að fara með stjórn menntunarsjóðs fullorðinna og annast styrkveitingar úr sjóðnum, að stuðla samnýtingu og útgáfu námsefnis og beita sér fyrir útgáfu upplýsingarita. Nefnd um almenna fullorðinsfræðslu mun gegna veigamiklu hlutverki þar sem gert er ráð fyrir að í henni verði einstaklingar er séu í nánu sambandi við það sem er að gerast á sviði almennrar fullorðinsfræðslu á hverjum tíma. Nefndin á ekki að sinna málefnum starfsmenntunar en hefur væntanlega mikla samvinnu við nefnd um starfsmenntun í atvinnulífinu, sbr. skipun í fullorðinsfræðsluráð.

Um 7. gr.

Greinin fjallar um að meta skuli vitnisburð frá fræðsluaðilum utan skólakerfisins jafngildan vitnisburði skólanna eftir því sem við getur átt.

Segja má að úrval þess sem stendur til boða af almennri fullorðinsfræðslu sé orðið býsna fjölbreytt. Fræðslan er hins vegar misjöfn að gæðum og mörg dæmi eru um að ekkert samband sé á milli skólanáms og þess sem fræðsluaðilar bjóða, enda þótt það sé kynnt sem ígildi skólanáms. Því er mikilvægt að taka af tvímæli um mat á námi utan skólakerfisins á sama mælikvarða og það er skólarnir bjóða, svo að nemendur geti verið vissir um að námið sé sambærilegt þar sem til þess er ætlast. Því þarf menntamálaráðuneytið að setja reglur um þetta. Ef upp kemur ágreiningur um námsmat er lagt til að

honum sé vísað til menntamálaráðuneytisins til úrskurðar og að niðurstaða ráðuneytisins sé bindandi.

Um 8. gr.

Greinin fjallar um að fræðsluaðili skuli skipuleggja framboð sitt með tilliti til þeirra er vegna fötlunar sinnar geta ekki hagnýtt sér námið á sama hátt og aðrir. Slíkar þarfir geta tekið til margra þátta, svo sem námsefnis, sérkennslu á vissum sviðum, aðstöðu og stærðar námshópa o.fl. Við skipulagningu námsins ber því jafnan að hafa í huga að það standi öllum til boða og leita leiða til að námsefni og námsaðstaða geti hentað þessum hópum sem öðrum þannig að þeir blandist öðrum hópum í námi svo sem kostur er. Eitt af mikilvægum verkefnum menntunarsjóðs fullorðinna er að greiða fyrir því með styrkveitingum að fatlaðir geti notið sömu fræðslu og aðrir.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um heimild fræðsluaðila til afnota af því skólahúsnæði sem er í eigu opinberra aðila. Mikilvægt er að gott samstarf takist milli skóla og fræðsluaðila um notkun aðstöðu og húsnæðis skóla. Eðlilegt er að skólar sem hýsa kennslu á vegum annarra fái greiddan þann kostnað sem af því hlýst. Í greininni er gert ráð fyrir að reglur þar að lútandi verði settar í reglugerð.

Um 10. gr.

Greinin er um ábyrgð fræðsluaðila á þeirri fræðslu er hann býður fram. Nauðsynlegt er að þessi ábyrgð fari ekki milli mála ekki síst til þess að nemandi geti reitt sig á að það nám er hann sækir sé metið í skólakerfinu eða sé nokkurs virði á vinnumarkaði. Lagt er til að frekari ákvæði um hvað felst í þessari ábyrgð verði sett í reglugerð.

Um 11. gr.

Í greininni er lagt til að stofnaður verði menntunarsjóður fullorðinna. Til sjóðsins renni framlög úr ríkissjóði ásamt öðrum tekjum sem sjóðnum er heimilað að afla sér með útgáfu o.fl. Framlag ríkissjóðs verði ákveðin í fjárlögum hvers árs.

Nefnd sú sem vann drög að frumvarpinu lagði til að framlag ríkissjóðs yrði ekki lægra en sem nemur 5% af framlagi til framhaldsskóla. Umsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar byggði á þessum drögum. Í umfjöllun ráðuneytisins um frumvarpsdrögin var ákveðið að breyta frumvarpinu til samræmis við ósk Fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

Þá er í greininni ákveðið að nefnd um almenna fullorðinsfræðslu skuli vera stjórn sjóðsins og að hann verði í umsjón menntamálaráðuneytis.

Um 12. gr.

Í greininni er ákveðið að stjórn menntunarsjóðs fullorðinna veiti styrki til almennrar fullorðinsfræðslu í samræmi við reglugerð þar að lútandi. Að samþykktum fjárlögum á nefndin að geta gefið fyrirheit um styrkveitingar í stórum dráttum og tekið ákvarðanir um hvaða þætti leggja þarf áherslu á.

Við úthlutun úr menntunarsjóði má veita tiltekinni menntun forgang. Þetta er lagt til í því skyni að veita megi þeim sem minnsta menntun hafa hlotið greiðari leið að nýrri þekkingu.

Úr menntunarsjóði fullorðinna rennur fyrst og fremst fé til þeirra sem sjá um og

skipuleggja fullorðinsfræðslu. Þá er sjóðnum ætlað að veita fé til þróunarstarfs, skipulags- og undirbúningsvinnu, samningar og útgáfu námsefnis og til greiðslu stjórnunar- og kennslukostnaðar.

Þá er heimilt að veita fjölmiðlum eða öðrum sem vinna með fjölmiðlum að fullorðinsfræðsluverkefnum styrki til þeirra. Hér er um að ræða verulega breytingu frá eldri frumvörpum en í þeim hefur jafnan verið fjallað eingöngu um Ríkisútvarpið. Hér þykir ekki ástæða til að fjalla um Ríkisútvarpið og er vísað til 9. gr. frumvarps til útvarpslaga þar sem segir: „Ríkisútvarpið skal starfrækja kennsluútvarp í samvinnu við fræðsluyfirvöld og skal veita til þess fé á fjárlögum. Nánar skal kveðið á um þá starfsemi í reglugerð.“ Verður því að gera ráð fyrir að stofnuninni verði tryggðar fjárveitingar til kennsluútvarps (fræðsluvarps) eftir öðrum leiðum en aðrir fjölmiðlar geti á hinn bóginn fengið stuðning til fullorðinsfræðslu úr menntunarsjóði fullorðinna.

Þetta er eðlilegt nýmæli frá fyrri frumvörpum þar sem nú eru komnir til sögunnar nýir miðlar sem sjálfsagt er að reikna með að taki upp skipulega fullorðinsfræðslu í framtíðinni og að þeir geti fengið styrk til hennar líkt og aðrir fræðsluaðilar.

Markmiðið með styrkveitingunum er að stuðla að fjölbreyttu framboði á sviði fullorðinsfræðslu, draga úr kostnaði nemandans við námið og stuðla að því að jafna aðstöðu fullorðinna er hug hafa á skemmra eða lengra námi. Þá er gert ráð fyrir að veita styrki til þróunarverkefna og námsgagnagerðar, en oft skortir talsvert á að fræðsluaðilar hafi nauðsynlegt bolmagn til slíkra verkefna. Þá hefur sjóðsstjórn svigrúm til að veita styrki til annarra verkefna sem hún metur mikilvæg.

Um 13. gr.

Greinin fjallar um samnýtingu námsefnis. Þeim er nýtur styrks til námsefnisgerðar er gert að heimila öðrum fræðsluaðilum afnot af efninu, enda verði hinir nýju notendur ábyrgir fyrir því að notkun þeirra á efninu brjóti ekki á bága við höfundarétt. Oft hefur verið á það bent að námsefni í fullorðinsfræðslu nýtist ekki sem skyldi og verið sé að semja sambærilegt námsefni á mismunandi stöðum á sama tíma. Þeir sem annast skylda fræðslu hafi ekki alltaf greiðan aðgang að slíku efni. Með greininni er gerð tilraun til að ráða bót á þessu.

Um 14. gr.

Markmið greinarinnar er að gera yfirvöldum kleift að krefjast upplýsinga frá fræðsluaðilum um m.a. framkvæmd námsins og þátttöku í því.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast varla skýringa.

Um 16. gr.

Þar sem að ýmsu leyti um er að ræða nýtt viðfangsefni er talið æskilegt að endurskoða lögin, að fenginni reynslu, eigi síðar en að fjórum árum liðnum.

Umsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar um frumvarpið 9. apríl 1990.

Drög að frumvarpi til laga um almenna fullorðinsfræðslu fjalla nær eingöngu um þann hluta fullorðinsfræðslu sem fram fer utan hins almenna skólakerfis og nefnd er almenn fullorðinsfræðsla.

Drögin fela í sér nokkra hækkun á framlagi úr ríkissjóði til fullorðinsfræðslu frá því sem nú er. Í fjárlögum 1990 er fjárveiting á fjárlagalið 02–885 Fullorðinsfræðsla um 3,8 m.kr. Með samþykkt frumvarpsins telur ráðuneytið að kostnaðarauki ríkissjóðs geti numið 150–200 m.kr. á ári.

Eftirfarandi er gróf sundurliðun á mati ráðuneytisins á þeim kostnaði, sem til fellur, verði drögin óbreytt að lögum:

Sú grein, sem hvað afdrifaríkustu áhrif hefur haft á fjárgreiðslur úr ríkissjóði, er 12. gr. frumvarpsins. Samkvæmt ákvæðum greinarinnar skal stofna menntunarsjóð fullorðinna og skal framlag ríkissjóðs vera að lágmarki jafn hátt 5% framlagi ríkisins til framhaldsskóla eins og þau eru ákveðin á fjárlögum ár hvert. Að mati ráðuneytisins yrði því árlegt framlag ríkissjóðs í menntunarsjóð að vera a.m.k. 156 m.kr. á verðlagi fjárlaga 1990. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að nefnd sú er stóð að samningu þessa frumvarps telur að í byrjun sé eðlilegt að ráðstafa 150–200 m.kr. á ári til almennrar fullorðinsfræðslu.

Aðrir liðir frumvarpsins, sem áhrif hafa á fjárgreiðslur úr ríkissjóði, eru skipun 13 fulltrúa í fullorðinsfræðsluráð, aukning um eitt stöðugildi á aðalskrifstofu menntamálaráðuneytisins, sem hafi málefni fullorðinsfræðslu á sinni könnu, og skipun fimm manna nefndar um fullorðinsfræðslu. Að mati ráðuneytisins gæti kostnaðarauki ríkissjóðs vegna ofangreindra liða verið um 2–3 m.kr. á ári.

Þau drög að frumvarpi, sem hér liggja fyrir, munu leggja auknar kvaðir á ríkissjóð verði þau samþykkt. Ráðuneytið telur það óæskilegt fyrirkomulag að lögbinda framlag úr ríkissjóði. Stefna ráðuneytisins hefur jafnan verið að draga úr lögbundnum framlögum. Í stað þess er fjárþörf og forgangsröð einstakra verkefna metin við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Fylgiskjal I.

Niðurstaða viðræðna fulltrúa félagsmálaráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins um fullorðinsfræðslu.

(24. febrúar 1989.)

Fulltrúar félagsmálaráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins hafa samkvæmt samkomulagi félagsmálaráðherra og menntamálaráðherra komið saman til fjögurra funda í því skyni að ræða samstarf á sviði fullorðinsfræðslu. Í viðræðunum hafa tekið þátt: Gerður G. Óskarsdóttir, Guðrún Ágústsdóttir, Gylfi Kristinsson, Helgi Guðmundsson, Karl Kristjánsson, Þráinn Hallgrímsson og Þuríður Magnúsdóttir. Á framangreindum fundum hafa verið lögð fram eftirfarandi skjöl:

a. Erindi um samhæfingu í endurmenntun og fullorðinsmenntun með stofnun símenntunarnefndar (menntamálaráðuneytið).
b. Erindasafn um starfsmenntun í atvinnulífinu (félagsmálaráðuneytið).
c. Álitsgerð um starfsmenntun í atvinnulífinu (félagsmálaráðuneytið).
d. Ábendingar um efni hugsanlegra fullorðinsfræðslulaga (menntamálaráðuneytið).

Á viðræðufundunum hefur einkum verið rætt um það hvort hugsanlegt sé að setja

heildarlöggjöf um fullorðinsfræðslu sem m.a. taki til starfsmenntunar í atvinnulífinu. Einnig hefur verið rætt um tillögur um samhæfingu í endurmenntun og fullorðinsfræðslu með stofnun símenntunarráðs. Niðurstaðan úr viðræðunum er eftirfarandi:

Viðræðunefndin hefur fjallað um *Ábendingar um efni hugsanlegra fullorðinsfræðslulaga* og álitsgerð um *Starfsmenntun í atvinnulífinu*. Einkum hefur verið rætt um það hvort gerlegt sé að setja eina löggjöf sem taki til allrar fullorðinsfræðslu, þar með talinnar starfsmenntunar í atvinnulífinu eins og hún er skilgreind í álitsgerð vinnuhóps á vegum félagsmálaráðuneytisins. **Eftir ítarlegar umræður er niðurstaðan sú að rétt sé að sett verði sérstök löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu sem heyri til verksviðs félagsmálaráðuneytisins og önnur um fullorðinsfræðslu er heyri til verksviðs menntamálaráðuneytisins.** Meginröksemdin fyrir niðurstöðunni byggir á því að til starfsmenntunar í atvinnulífinu er oft stofnað með ákvæðum í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins sem í sumum tilvikum skuldabinda sig til að standa straum af hluta kostnaðar. Forsendur slíkra samningsákvæða eru breytingar á vinnumarkaðinum vegna tæknibreytinga eða af öðrum ástæðum. Hér er því fyrst og fremst um vinnumarkaðsmálefni að ræða þar sem forsenda árangurs eru sem mest áhrif aðila vinnumarkaðarins á alla framkvæmd.

I. Löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu.

Í samræmi við framangreint mundi löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu skiptast í eftirfarandi kafla:

1. Markmið og skilgreiningar.

Í þessum kafla komi fram markmið starfsmenntunar í atvinnulífinu. Samkvæmt álitsgerð vinnuhóps félagsmálaráðuneytisins er það tvíþætt:

Markmið starfsmenntunar í atvinnulífinu er að bæta verkmenntun og vinnuumhverfi, auka framleiðni fyrirtækja og treysta stöðu einstaklingsins á vinnumarkaðinum með því að gera honum kleift að takast á við ný eða breytt verkefni í kjölfar nýrrar tækni eða laga sig að breyttum atvinnuháttum.

Markmið starfsmenntunar í atvinnulífinu er einnig að auka virkt atvinnulýðræði með því að búa starfsmenn undir þátttöku og ábyrgð í stjórnun og rekstri fyrirtækja.

Enn fremur komi fram skilgreining á heitinu *starfsmenntun í atvinnulífinu*. Í álitsgerð vinnuhópsins er átt við skipulegt nám (námskeið) sem fólk á vinnumarkaði stundar í því skyni að bæta eða auka færni sína og þekkingu til þeirra starfa sem það fæst við eða vegna breytinga á störfum og starfsháttum. *Starfsmenntun í atvinnulífinu* tekur til endurmenntunar hópa og einstaklinga, svo og viðbótarmenntunar (eftirmenntunar) faglærðra og grunnmenntunar ófaglærðra sem fram fer á vinnumarkaðinum.

2. Yfirstjórn.

Í þessum kafla komi fram stjórn og eftirlit með þeirri starfsmenntun sem nýtur stuðnings samkvæmt lögunum. Félagsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirrar fræðslu sem fjallað er um í lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu, sjá nánar álitsgerð vinnuhóps félagsmálaráðuneytisins bls. 25–27.

3. Fjármál.

Hér verði lögð áhersla á stofnun sjóðs sem geti fengið tekjur eftir ýmsum leiðum, sbr. álitsgerð vinnuhóps félagsmálaráðuneytisins, bls. 28–29. Lögð verður áhersla á þær um-

sóknir sem byggja á að samtök aðila vinnumarkaðarins leggja fram fé eða aðra fyrirgreiðslu njóti ákveðins forgangs um opinberan stuðning.

4. Ýmis ákvæði.

Í þessum kafla verði m.a. ákvæði um eftirlit með framkvæmd námskeiða sem stofnað til eftir lögunum, upplýsingaskyldu þeirra sem hljóta stuðning o.þ.h.

Einnig verði kveðið á um mat á námi sem stundað er innan ramma laga um starfsmenntun í atvinnulífinu til áfanga í almenna skólakerfinu og þá verði vísað til reglna sem menntamálaráðuneytið setur.

Enn fremur verði vísað til reglna sem menntamálaráðuneytið setur varðandi notkun skólahúsnæðis til námskeiðahalds sem kostað er með opinberum stuðningi.

II. Lög um fullorðinsfræðslu.

Lögin taki til allra sviða fullorðinsfræðslu að undanskilinni starfsmenntun í atvinnulífinu. Fullorðinsfræðsla greinist í þrjá aðalþætti:

1. Almennt nám sem hliðstætt við það sem boðið er á öllum stigum skólakerfisins. Í aðalatriðum myndu viðkomandi skólar bjóða þetta nám og um það gildi einnig í öllum megindráttum sömu kröfur og gerðar eru á viðkomandi skólastigi. Auk skólanna gætu aðilar eins og námsflokkar og fullorðinsfræðslusamtök boðið upp á almennt nám.

2. Vinnumarkaðsmenntun. Hér er aðallega um að ræða fræðslu sem boðin er fólki á vinnumarkaði og tengd er störfum þess. Hér getur verið um að ræða starfsmenntun vegna starfa sem fólk er í, endurmenntun vegna nýrra starfa og félagsleg menntun, t.d. fyrir trúnaðarmenn og þá sem gegna störfum fyrir aðila vinnumarkaðarins o.fl. Um þennan þátt fullorðinsfræðslu leggur nefndin til að sett verði sérstök löggjöf, sbr. það sem segir í kafla I.

3. Frjálst nám sem ekki heyrir til 1. og 2. lið. Undir það heyrir hvers konar frístundanám sem fólk vill afla sér án þess að stefna að prófum sem varðar starf þess. Hér má nefna tungumálanám, nám á listasviði og fjöldamargt annað.

Í I. kafla löggjafar um fullorðinsfræðslu yrðu almenn ákvæði um markmið laganna, um framkvæmd fullorðinsfræðslu, notkun þeirrar aðstöðu sem til er í skólum ríkis og sveitarfélaga, samband við ríkisútvarp, fjarnám o.fl. Hér yrði einnig fjallað um gerð námsgagna, sérstakar þarfir afmarkaðra hópa, t.d. fatlaðra o.fl.

Í II. kafla verði ákvæði um fullorðinsfræðsluráð og yfirstjórn fullorðinsfræðslu í landinu. Í ráðinu gætu átt sæti fulltrúar ráðuneyta sem fara með málefni sem snerta fullorðinsfræðslu auk fulltrúa þeirra aðila semhafa á hendi fullorðins fræðslu utan skólakerfisins. Til greina gæti komið að ráðið yrði samsett úr þremur hópum sem hver hefði með höndum yfirumsjón með sínum þætti fullorðinsfræðslu, sbr. I. kafla. Hér yrði einnig kveðið á um verkefni fullorðinsfræðsluráðs.

Verkefni fullorðinsfræðsluráðs verði:

— Að hafa til staðar upplýsingar um endurmenntun og fullorðinsfræðslu í landinu, standa fyrir útgáfu upplýsingarita og hafa í því sambandi samskipti við stofnanir, fyrirtæki og félög,
— stuðla að lágmarkssamræmingu,
— stuðla að mati faglegra gæða endurmenntunarnámskeiða,

— stuðla að samstarfi við skólakerfið,
— sjá um mat á námi í endurmenntun og fullorðinsfræðslu yfir í formlega skólakerfið,
— hafa samstarf við kennararmenntunarstofnanir um menntun fyrir kennara í símenntun (námskeið),
— gefa út leiðbeiningar fyrir símenntunarkennara, veita þeim ráðgjöf o.s.frv.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirrar fræðslu sem fjallað er um í lögum um fullorðinsfræðslu.

Í III. kafla laganna yrðu ákvæði um að ríki, sveitarfélög, fullorðinsfræðslusamtök, aðilar vinnumarkaðarins, félagasamtök og einstaklingar hafi forgöngu um fullorðinsfræðslu. Sett verði sérstök reglugerð er feli í sér almennar reglur um þau skilyrði sem fullorðinsfræðsluaðili þarf að uppfylla til að vera gjaldgengur styrkþegi. Megininntakið er að draga ekki úr frumkvæði aðila utan skólakerfisins. Fullorðinsfræðsluráð stýrir ekki fræðslustarfi slíkra aðila en hefur á hendi upplýsingaskyldu og deilir út því fjármagni sem til fullorðinsfræðslu rennur frá ríkinu ár hvert.

Í IV. kafla yrði fjallað um fjármál. Það er almennt stefnumið að nemandi greiði ekki meira en sem nemur þriðjungi af kennaralaunum. Veitt yrði fé til þjálfunar leiðbeinenda, svo og til þróunarstarfs og tekið fram við hvaða almennar reglur launakjör leiðbeinenda skuli miðast þegar styrkur er veittur. Aðili, sem annast fullorðinsfræðslu, sendir árlega inn áætlun um kennslumagn og fær fyrirheit um fjárveitingar í því ljósi. Að námskeiði eða námsönn lokinni sendir hann uppgjör ásamt nemendaskrá og fær greiddan út styrkinn í samræmi við það.

Hér kæmi til álita að setja inn ákvæði um greiðslu vinnutaps, enda yrði samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins um það efni.

III. Samtenging fullorðinsfræðslu og laga um starfsmenntun í atvinnulífinu.

Eins og áður er komið fram leggur viðræðunefndin til að fullorðinsfræðslan og starfsmenntun í atvinnulífinu verði tengd með skipun fullorðinsfræðsluráðs. Ráðið verði vettvangur upplýsingamiðlunar um menntunarframboð fyrir fullorðina. Enn fremur verði í lögum um fullorðinsfræðslu og lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu tilvísanir á milli laganna til að tryggja lágmarkssamræmingu.

IV. Lokaorð.

Viðræðunefndin leggur ríka áherslu á náið samráð á milli félagmálaráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins þegar og ef lög um framangreind málefni verður undirbúin. Þetta mætti t.d. tryggja með því að fulltrúi menntamálaráðuneytisins taki sæti í nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði til að semja lög um starfsmenntun í atvinnulífinu og fulltrúi félagsmálaráðneytis í nefnd sem menntamálaráðherra skipaði til að semja lög um fullorðinsfræðslu.

Ed. 757. Frumvarp til laga [420. mál]

um breytingar á lögum nr. 64 1. júlí 1985, um Byggðastofnun.

(Lagt fram á Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Byggðastofnun gerir tillögu að stefnumótandi áætlun í byggðamálum til fjögurra ára í senn. Ráðherra leggur tillöguna fyrir Alþingi til afgreiðslu.

Í tillögunni komi fram stefna ríkisstjórnar í byggðamálum og tengsl hennar við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum, svo og við áætlanir á sviði opinberrar þjónustu í landinu.

Í forsendum áætlunarinnar gerir Byggðastofnun grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í einstökum landshlutum og markmiðum sem æskileg eru talin og þjóðhagslega hagkvæmt að stefna að í þróun byggðar landsins í heild.

Við gerð áætlunarinnar hafi Byggðastofnun samráð við ráðuneyti, Þjóðhagsstofnun, sveitarfélög og samtök þeirra og aðra aðila sem þurfa þykir.

Byggðaáætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti.

Byggðastofnun gerir einnig svæðisbundnar byggðaáætlanir í samráði við sveitarfélög atvinnuþróunarfélög og aðra aðila sem málið varðar.

Hagstofu Íslands, Þjóðhagsstofnun og öðrum ríkisstofnunum eða sveitarfélögum er rétt að veita Byggðastofnun þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar til slíkrar áætlunargerðar.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Stjórn Byggðastofnunar fjallar um stefnumótandi hluta byggðaáætlunar við undirbúning hennar. Hún fylgist með framkvæmd þeirra þátta hennar sem henni er falið af Alþingi. Stjórn stofnunarinnar fylgist einnig með þeim svæðisbundnu byggðaáætlunum sem unnar hafa verið af Byggðastofnun í samstarfi við heimaaðila og stjórnin hefur samþykkt.

3. gr.

Ný grein, sem verði 10. gr., bætist við og breytist númer síðari greina í samræmi við það. Greinin orðist svo:

Byggðastofnun getur átt aðild að atvinnuþróunarfélögum á landsbyggðinni. Í slíkum félögum starfa sveitarfélög, samtök sveitarfélaga og launþega, atvinnufyrirtæki og aðrir aðilar sem vilja taka þátt í og láta sig varða alhliða þróun og nýsköpun í atvinnulífi á viðkomandi svæði.

Um stærð félagssvæðis atvinnuþróunarfélaga fer eftir aðstæðum í hverju héraði. Stjórn Byggðastofnunar veitir stuðning við stofnun og rekstur atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni á grundvelli umsókna frá þeim.

Byggðastofnun er heimilt að taka þátt í atvinnuþróunarfélögum og á fulltrúi hennar að jafnaði sæti í stjórn þeirra.

4. gr.

Ný grein, sem verði 11. gr., bætist við og breytist númeraröð annarra greina í samræmi við það. Greinin orðist svo:

Byggðastofnun veitir að fenginni umsókn atvinnuþróunarfélaga styrki til verkefna á vegum þeirra á sviði þróunar og nýsköpunar í atvinnulífi á félagssvæðinu.

Byggðastofnun hefur samráð við tæknistofnanir atvinnuvega, stofnlánasjóði, háskóla og aðra aðila sem vinna að hliðstæðum verkefnum og beitir sér fyrir samstarfi um stuðning við framkvæmd þeirra verkefna sem hún metur styrkhæf. Stjórn stofnunarinnar setur nánari reglur um þessar styrkveitingar.

Í hverju kjördæmi skal starfa a.m.k. einn atvinnuráðgjafi. Hlutverk hans er að stunda almenna atvinnuráðgjöf á starfssvæði sínu. Komið skal á nánu samstarfi við aðra aðila sem vinna að ráðgjafar- og leiðbeiningarstarfi í kjördæminu. Byggðastofnun tekur þátt í kostnaði við starfsemi atvinnuráðgjafa.

Atvinnuráðgjafar kjördæmanna skulu einnig vinna að samstarfi atvinnuþróunarfélaga innan viðkomandi kjördæmis og er heimilt að fela þeim framkvæmdastjórn þeirra ef um semst.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um áramótin 1989–1990 skipaði forsætisráðherra tvær nefndir í byggðamálum. Annarri nefndinni, Byggðanefnd, var falið að gera tillögur um langtímaáætlun í byggðamálum. Sú nefnd hefur samið frumvarp það sem hér er flutt.

Jafnframt skipaði forsætisráðherra aðra nefnd sem var falið að fjalla um starfsemi Byggðastofnunar og fyrstu aðgerðir í byggðamálum. Skýrsla og tillögur þeirrar nefndar fylgir með frumvarpinu sem fskj. II.

Byggðanefnd var skipuð af forsætisráðherra 4. janúar 1990. Nefndinni var falið að gera tillögur um nýjar áherslur og langtímastefnu í byggðamálum með það að markmiði að byggð dafni í öllum landshlutum. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar allra stjórnmálaflokka og samtaka á Alþingi.

Formaður nefndarinnar er Jón Helgason alþingismaður. Aðrir í nefndinni eru: Egill Jónsson alþingismaður, Guðmundur Einarsson, fyrrverandi alþingismaður, Gunnar Hilmarsson, formaður Atvinnutryggingarsjóðs, Hreggviður Jónsson alþingismaður, Lárus Jónsson, fyrrverandi alþingismaður, Skúli Alexandersson alþingismaður, Skúli Björn Árnason fulltrúi og Snjólaug Guðmundsdóttir húsmóðir. Ritari nefndarinnar er Kristófer Oliversson frá Byggðastofnun.

Áður en nefndin var skipuð hafði Byggðastofnun fjallað um þetta málefni og lagt fram hugmyndir um mótun nýrrar byggðastefnu og þar með átak til að rétta hlut landsbyggðarinnar til frambúðar. Haldnir voru fundir með fulltrúum allra stjórnmálaflokka þar sem starfsmenn stofnunarinnar lögðu fram gögn um þróun og horfur á landsbyggðinni. Megintilgangur þessara funda var að finna þau grundvallaratriði nýrrar byggðastefnu sem stjórnmálamenn úr öllum flokkum væru sáttir við og teldu framkvæmanleg. Niðurstöður viðræðna voru sendar forsætisráðherra 16. apríl 1989. Í framhaldi af því skipaði hann nefnd eftir tilnefningu stjórnmálaflokkanna á Alþingi og hefur hún nú skilað fyrstu tillögum um stefnu í atvinnumálum landsbyggðarinnar.

Þegar Byggðanefnd forsætisráðherra hóf starf sitt var byrjað á að fara yfir ábendingar Byggðastofnunar og ræða þær. Varð það niðurstaða nefndarinnar að taka fyrst sérstaklega fyrir atvinnumálin og draga fram þau atriði sem nefndarmenn gátu orðið sammála um. Nefndin telur að efling atvinnulífs á landsbyggðinni og aukin fjölbreytni sé lykilatriði ef takast á að stöðva fólksflutninga til höfuðborgarsvæðisins og jafna byggðarþróun. Full samstaða var í nefndinni um aðgerðir til að auka atvinnuþróunarstarf, sbr. fskj. I.

Fram til þessa hefur nefndin haldið 21. fund og rætt við fjölmarga aðila. Formaður og ritari héldu m.a. fundi og kynntu horfur í byggðarþróun í landinu og þær hugmyndir sem nefndin hefur til að sporna við fyrirsjáanlegri byggðarröskun. Fundir voru haldnir með eftirtöldum aðilum: stjórn Byggðastofnunar, ASÍ, BSRB, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Stéttarsambandi bænda, Verkamannasambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Félagi íslenskra iðnrekenda, LÍÚ, VSÍ, Kvenfélagasambandi Íslands, Búnaðarfélagi Íslands, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Tækniskóla Íslands, Upplýsingaþjónustu Háskólans, Rannsóknaráði ríkisins, Iðntæknistofnun, Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Útflutningsráði Íslands, atvinnumálanefnd ríkisstjórnarinnar, Seðlabanka Íslands, Ferðamálaráði Íslands, Ferðaþjónustu bænda, Samtökum sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, byggðahreyfingunni Útverði, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og öllum iðnþróunarfélögum á landsbyggðinni.

Í framhaldi af þessum viðræðum hélt nefndin fjölmenna ráðstefnu Borgarnesi 8. október 1990 þar sem fulltrúar ofangreindra aðila kynntu hugmyndir sínar. Þar var einkum óskað svara við þremur spurningum.

Í fyrsta lagi hvort viðkomandi aðili sé ekki sammála því að aðgerða sé þörf til að koma í veg fyrir þá byggðarröskun sem tölur síðustu ára benda til. Í öðru lagi hvað viðkomandi aðili getur eða er reiðubúinn til að gera til þess að koma í veg fyrir að svo fari. Í þriðja lagi hverju æskilegt væri að breyta til þess að þeir næðu þar sem bestum árangri.

Á ráðstefnunni komu fram margar gagnlegar ábendingar og tillögur sem nefndin hefur stuðst við í starfi sínu.

Síðan hefur nefndin unnið að undirbúningi þessa lagafrumvarps. Nefndin leggur til að breytingar verði gerðar á lögum nr. 64 frá 1. júlí 1985, um Byggðastofnun, í samræmi við tillögur um stefnumótun í atvinnumálum á landsbyggðinni, sem nefndin sendi forsætisráðherra 11. júní sl. Breytingartillögur 3. og 4. gr. eru í samræmi við þetta álit.

Með ákvæðum 1. og 2. gr. er hugmyndin að tryggja að mótun og framkvæmd byggðastefnu í landinu verði felld í ákveðinn farveg bæði faglega og pólitískt á Alþingi og í ríkisstjórn. Þetta eru í raun þau vinnubrögð sem ætlunin var að viðhafa þegar Byggðastofnun hóf að vinna að drögum um endurmat byggðastefnu. Þar skorti að ríkisstjórn og Alþingi kæmu til liðs og tækju pólitíska ábyrgð á endanlegri mótun nýrrar stefnu og framkvæmd hennar að endurmati loknu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er kveðið á um að Byggðastofnun verði falið í samráði við ráðherra að móta

byggðastefnu og gera tillögu að stefnumótandi áætlun í byggðamálum til fjögurra ára. Í byggðaáætlun koma fram helstu þættir sem áhrif hafa á þróun byggðar. Þar kemur fram framtíðarstefna stjórnvalda í byggðamálum og fjallað er um áhrif stefnu í efnahags og atvinnumálum á þróun byggðar ásamt því hvernig framkvæmdaáætlun fyrir opinberar framkvæmdir tengist byggðarþróun. Ráðherra skal leggja þessa byggðaáætlun fyrir Alþingi til afgreiðslu og Alþingi tekur byggðaáætlun til endurskoðunar ekki sjaldnar en annað hvert ár. Hér er lagt til að tekin verði upp svipuð vinnubrögð og tíðkast við undirbúning að gerð þjóðhagsáætlunar og meðferð Alþingis á vegaáætlun. Einnig er gert ráð fyrir að Byggðastofnun geri svæðisbundnar byggðaáætlanir sem unnar verða í nánu samstarfi við heimamenn í hverjum landshluta og verði tekið mið af þeim við undirbúning byggðaáætlunarinnar sem Alþingi fjallar um.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um hlutverk stjórnar Byggðastofnunar við undirbúning byggðaáætlanagerðar. Stjórninni er ætlað að fjalla um stefnumótandi hluta byggðaáætlunarinnar og fylgist með framkvæmd þeirra þátta hennar, sem henni er falið af Alþingi. Stjórn stofnunarinnar er einnig ætlað að fylgjast með þeim svæðisbundnu byggðaáætlunum, sem unnar verða af Byggðastofnun.

Um 3. gr.

Í þessari grein eru sett inn ákvæði um stuðning Byggðastofnunar við stofnun og rekstur atvinnuþróunarfélaga. Slík félög eru nú starfandi í öllum landshlutum. Um leið og hér er lögfestur stuðningur Byggðastofnunar við þau er lögð áhersla á að efla þátttöku heimamanna í atvinnuþróunarfélögunum og gera starf þeirra markvissara. Aðild að þeim geta átt sveitarfélög og allir aðrir aðilar sem vilja taka þátt í og láta sig varða þróun og uppbyggingu atvinnulífs á viðkomandi svæði. Stærð atvinnuþróunarsvæðanna ræðst af aðstæðum á hverjum stað og ákvörðun heimamanna og hlýtur að fara eftir möguleikum á að sækja daglega vinnu innan svæðanna. Með þátttöku sinni er Byggðastofnun ætlað að vera bakhjarl þessara félaga og veita þeim fjárhagslegan og tæknilegan stuðning eins og henni er kleift og frumkvæði heimamanna gefur tilefni til.

Um 4. gr.

Byggðastofnun verði heimilað að veita atvinnuþróunarfélögum styrki til einstakra verkefna á sviði þróunar og nýsköpunar í atvinnulífi. Einnig er kveðið á um að stofnunin skuli koma á fót föstu samstarfi við rannsóknastofnanir atvinnuveganna, stofnlánasjóði og háskóla um miðlun tæknilegra framfara til atvinnuþróunar. Í viðræðum Byggðanefndar við fulltrúa þessara stofnana kom fram mikill vilji þeirra til að leggja þessum málum lið. Byggðastofnun er og ætlað að taka við hlutverki iðnaðarráðuneytisins vegna iðnráðgjafa og greiða hluta af kostnaði við starfsemi a.m.k. eins þeirra í hverju kjördæmi. Þá er gert ráð fyrir að atvinnuráðgjafarnir leitist við að koma á samstarfi atvinnuþróunarfélaga innan viðkomandi kjördæma og stuðla að samstarfi við aðra aðila sem vinna þar að ráðgjafar- og leiðbeiningarstarfi.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

Stefnumótun nefndarinnar sem send var forsætisráðherra 11. júní 1990.
Stefnumótun í atvinnumálum á landsbyggðinni.

Byggðanefnd hefur fjallað sérstaklega um þróun atvinnulífs á landsbyggðinni og telur hún að efling þess og aukin fjölbreytni sé lykilatriði ef takast á að stöðva fólksflutninga frá landsbyggðinni og jafna byggðarþróun. Nefndin er sammála um að senda á þessu stigi ríkisstjórninni eftirgreindar niðurstöður sínar um atvinnumál í framhaldi af minnisblaði dags. 8. mars 1990. Nefndin mun síðar gera grein fyrir tillögum sínum á öðrum sviðum byggðamála.

Framhald á þeirri byggðarþróun sem verið hefur á undanförnum árum með fólksfjölgun á höfuðborgarsvæðinu og fækkun annars staðar veldur sívaxandi kostnaði og margvíslegum erfiðleikum fyrir þjóðfélagið í heild.

Á landsbyggðinni verður vannýting auðlinda og mannvirkja vegna fækkunar. Erfiðleikar verða í atvinnurekstri og þjónustu. Keðjuverkandi samdráttur getur síðan leitt til þess að heil byggðarlög leggist af.

Jafnari þróun byggðar í landinu en nú stefnir í er því augljóslega hagkvæm fyrir alla landsmenn.

Stefnumótun nefndarinnar.

Byggðastefna sem byggir einvörðungu á að viðhalda hefðbundnum landbúnaði og sjávarútvegi á landsbyggðinni verður ekki árangursrík. Kjarni nauðsynlegrar stefnubreytingar er að samhliða vaxandi fjölbreytni og betri nýtingu á möguleikum í hinum hefðbundnu atvinnuvegum verður að hlúa sérstaklega að hinum almennu vaxtargreinum atvinnulífsins — iðnaði og þjónustu.

Atvinnuþróun á hverjum stað hlýtur fyrst og fremst að byggjast á vilja, þekkingu, dugnaði og framtaki þeirra sem þar vilja hasla sér völl. Hins vegar þarf við stofnun atvinnurekstrar að tryggja í ríkum mæli þekkingu og fjármagn sem mörgum verður ofviða nema sköpuð séu hagstæð skilyrði til þess. Þess vegna er mikilvægt að mynda samtök sem geta veitt slíka aðstoð og hvatt til athafna.

Til þess að búa slíkum samtökum til eflingar atvinnulífinu sem best vaxtarskilyrði er nauðsynlegt að efla þau svæði þar sem íbúar hafa möguleika til daglegra samskipta, vinnusóknar og þjónustu. Þessi landsvæði kýs nefndin að kalla atvinnuþróunarsvæði og eru þau í tillögum nefndarinnar grundvallareiningar við skipulega atvinnuuppbyggingu í héraði.

Samgöngubætur eru víða nauðsynlegar til þess að atvinnuþróunarsvæði verði nægilega fjölmenn þannig að vaxtarskilyrði iðnaðar og þjónustugreina batni umtalsvert.

Bæta þarf atvinnuumhverfi á einstökum svæðum. Efnt verði til fjölbreyttra samstarfsverkefna á hinum ýmsu sviðum sem fjármögnuð verði af opinberum aðilum og heimaaðilum í sameiningu. Meðal slíkra verkefna má nefna átaksverkefni, kynningarstarf, námskeiðahald, tölvusel o.s.frv. allt eftir því sem menn telja æskilegt og vænlegt til árangurs á hverjum tíma.

Ríkisvaldið hefur bein áhrif á atvinnu og byggðarþróun með staðarvali stórfyrirtækja, tilhögun opinberrar þjónustu og ekki síst með stjórn landbúnaðar og sjávarútvegs.


Í þessu sambandi skipta eftirfarandi almenn atriði miklu máli:
— að almenn efnahagsstjórn tryggi jafnvægi í efnahagslífinu og gengisskráningu sem miðist við viðunandi rekstrarafkomu framleiðsluatvinnugreinanna,
— að ríkisstjórn og Alþingi gæti þess við ákvarðanir um uppbyggingu atvinnurekstrar og stefnumótun á öðrum sviðum að þær stuðli að hagkvæmri byggðarþróun,
— að ríkisvaldið jafni kostnað við opinbera þjónustu um land allt á þeim sviðum þar sem það hefur tök á og aðstæður leyfa bæði fyrir atvinnurekstur og einstaklinga.

Atvinnuþróunarfélög.

Nefndin er sammála um að veita eigi auknu fjármagni til atvinnuþróunar á landsbyggðinni og auka aðstoð stofnana ríkisvaldsins í því skyni með því skipulagi sem sýnt er á meðfylgjandi mynd. Mikilvægt er að taka tillit til þess við gerð fjárlaga fyrir næsta ár. Það er ekki ætlun nefndarinnar að ríkisvaldið taki að sér aukna ábyrgð á atvinnuþróun í landinu heldur er atvinnuþróunarfélögunum ætlað að sinna undirbúningi og stofnun fyrirtækja sem verða síðan á ábyrgð þeirra sem reksturinn annast þannig að ríkisvaldið styðji heimaaðila en stjórni þeim ekki. Nefndin telur að atvinnuþróunarfélögin þurfi ekki að vera farvegur allrar nýsköpunar á landsbyggðinni. Þvert á móti telur nefndin mikilvægt að framtak einstaklinga á þessu sviði verði eflt og stutt og að þeir eigi auðvelt með að njóta þjónustu hins opinbera án sérstakra milliliða.

Aðgerðir.

1. Sveitarfélögin eða samtök þeirra hafi í samráði við Byggðastofnun frumkvæði að því að stofnuð verði atvinnuþróunarfélög eða efld þau sem fyrir eru. Þessi félög verði fjármögnuð heima fyrir og með framlagi frá Byggðastofnun. Félögunum er ætlað að stuðla að nýsköpun og alhliða atvinnuþróun á starfssvæði sínu. Þau þurfa því eðli málsins samkvæmt að hafa rekstrarfé sem óvíst er hvort fáist endurgreitt. Þetta þarf að hafa í huga við skipulag og fjármögnun þeirra. Þarna hefur ríkisvaldið hlutverki að gegna. Meðal þeirra heimaaðila sem æskilegt er að taki þátt í atvinnuþróunarfélögum eru sveitarfélög, stéttarfélög, búnaðarfélög, peningastofnanir og stærri fyrirtæki. Auk ofangreindra aðila hafi Byggðastofnun beina aðild að þessum félögum.
2. Atvinnuráðgjöf á landsbyggðinni verði efld og tengd atvinnuþróunarfélögunum.
3. Fjárfestingarfélög eða atvinnuþróunarsjóðir, einn eða fleiri, starfi innan hvers landshluta í samstarfi við atvinnuþróunarfélög og ráðgjafa þeirra. Þeim er ætlað að auðvelda eiginfjáröflun til nýrra eða starfandi fyrirtækja. Til greina kemur að sérstök skattfríðindi verði heimiluð til þess að auðvelda fjármögnun þeirra, auk annarra tekna sem eignaraðilar ákveða.
4. Starfsemi Byggðastofnunar verði breytt þannig að hún geti sinnt atvinnuþróunarstarfi í mun ríkara mæli en nú er. Stofnunin fái til þess verulega aukið fjármagn. Það fé verði notað til þess að styðja starfsemi atvinnuþróunarfélaganna og til kaupa á hlutabréfum og annarra verkefna. Byggðastofnun verði bakhjarl og samræmingaraðili þessara félaga og styðji þau fjárhagslega.
5. Byggðastofnun komi á fót föstu samstarfi við rannsóknastofnanir atvinnuveganna, Iðntæknistofnun Íslands og Háskóla Íslands um miðlun tæknilegra framfara til atvinnuþróunar.




Mynd 1. Atvinnuþróunarfélögum ætlað að sinna undirbúningi og stofnun fyrirtækja sem verða síðan á ábyrgð þeirra sem reksturinn annast þannig að ríkisvaldið styðji heimaaðila en stjórni þeim ekki. Það er ekki ætlun nefndarinnar að ríkisvaldið taki að sér aukna ábyrgð á atvinnuþróun í landinu.

Fylgiskjal II.

Nefnd um skipulag Byggðastofnunar og fyrstu aðgerðir í byggðamálum.

Nýjar leiðir í byggðamálum,
tillögur og greinargerð.
(Febrúar 1991.)



1. Inngangur

Forsenda þess að þjóð haldi forræði á landi sínu er að hún byggi það og nýti allar auðlindir þess. Jafnvægi í byggð Íslands, þ.e. að þjóðin byggi landið allt og nýti sjálf auðlindir þess, er því forsenda fullveldis þjóðarinnar og óskoraðs forræðis hennar á landi og landgæðum.

Íslensk stjórnvöld hafa beitt sér fyrir ýmsum aðgerðum til þess að hafa áhrif á þróun byggðarinnar í landinu. Skiptar skoðanir eru um hvað teljist til slíkra aðgerða en færa má að því sterk rök, að allflestar opinberar aðgerðir hafi einhver áhrif á þróun byggðarinnar, enda þótt þau kunni að vera óbein og alls ekki fyrirsjáanleg. Venjulega eru byggðaaðgerðir taldar þær aðgerðir einar sem hið opinbera grípur til í því skyni að búa atvinnufyrirtækjum sem jafnasta aðstöðu til vaxtar.

Nýjar hugmyndir, sem fram hafa komið í nágrannalöndunum á sviði byggðamála undanfarin ár, hafa einkum byggt á því að styrkja heimaaðila og efla sjálfsákvörðunarrétt þeirra. Í stað almennra, miðstýrðra aðgerða hafa komið sértækar aðgerðir sem byggja á frumkvæði og ábyrgð heimaaðila. Þeim rökum er einkum beitt að hjá þeim sé sú staðarþekking, sem tryggi besta nýtingu fjármuna, auk þess sem heimamenn viti best hvaða verkefni er vert að styðja og forgangsröð þeirra. Þetta á síðan að verða aflvaki aukins hagvaxtar og nýrra atvinnutækifæra.

Að því er varðar framtíðarstefnumótun í byggðamálum má í grófum dráttum segja að stjórnvöld standi frammi fyrir tveimur kostum:

- Annars vegar að leggja áherslu á það sem kalla má hefðbundna byggðastefnu, en hún byggir á því að fyrir hendi sé hagvöxtur, sem nota má til jöfnunaraðgerða.

- Hinn kosturinn, sem mjög hefur einkennt faglega umræðu um byggðamál á seinni árum, byggir hins vegar á þeirri meginforsendu *að aukin ábyrgð heimamanna á eigin málum (valddreifing) og jafnvægi í byggð sé sá grundvöllur sem þurfi að vera fyrir hendi ef takast eigi að auka hagvöxt í landinu öllu.*

Tillögur nefndarinnar taka einkum mið af síðari kostinum.

2. Starf nefndarinnar

Í byrjun desember 1989 skipaði ríkisstjórnin nefnd sem í eiga sæti fulltrúar stjórnarflokkanna. Nefndin er skipuð á grundvelli skýrslu Byggðastofnunar frá 16. apríl 1989 og í skipunarbréfi hennar kemur fram að hún skuli gera tillögu um skipulag Byggðastofnunar og fyrstu aðgerðir í byggðamálum.

Nefndin er þannig skipuð:

Stefán Guðmundsson alþingismaður, formaður
Ragnar Arnalds alþingismaður
Sighvatur Björgvinsson alþingismaður
Trausti Þorláksson Sigtúni, Öxarfjarðarhreppi
Zophonías Zophoníasson Blönduósi.

Aðalsteinn Steinþórsson var ráðinn starfsmaður nefndarinnar og Kristófer Oliversson frá Byggðastofnun hefur verið nefndinni til aðstoðar við faglega úrvinnslu milli funda og við gerð þessarar skýrslu.

Nefndin hefur haldið alls 12 bókaða fundi auk margra vinnufunda. Hún markaði þá stefnu í upphafi að skila skýrslu um fyrstu aðgerðir í byggðamálum. Nefndin hefur aflað upplýsinga víða og meðal annars rætt við marga starfsmenn Byggðastofnunar, auk þess sem nefndin heimsótti Byggðastofnun á Akureyri og hélt þar fund með starfsmönnum.

Tillögur um fyrstu aðgerðir í byggðamálum

1. **Meira vald verði fært til héraða og samstarf sveitarfélaga aukið.**
   Kjördæmin verði efld stjórnsýslulega og efnahagslega þannig að þau verði fær um að takast á hendur aukin verkefni og meiri ábyrgð á eigin málum. Héraðsnefndir skulu mynda byggðastjórnir í hverju kjördæmi um lausn verkefna sem þeim verða falin með lögum. Sjá bls. 17.

2. **Komið verði á fót héraðsmiðstöðvum í öllum kjördæmum á landsbyggðinni.**
   Héraðsmiðstöðvum verði komið á fót í kjördæmum landsbyggðarinnar. Þar verði aðsetur byggðastjórnar auk ýmissa opinberra aðila. Einnig hafi ráðuneyti og stofnanir þar fulltrúa sína sem annist stjórnsýslu í umdæminu. Þessir aðilar geri sameiginlega byggðaáætlun fyrir landshlutann. Sjá bls. 20.

3. **Stefnumótandi áætlanagerð með virkri þátttöku heimamanna verði tekin upp á sviði byggðamála.**
   Byggðastofnun verði falið í samráði við forsætisráðherra að gera tillögu að stefnumótandi áætlun í byggðamálum til fjögurra ára í senn. Í tillögunni komi fram helstu þættir sem áhrif hafi á þróun byggðar, framkvæmdaáætlun fyrir opinberar framkvæmdir og framtíðarstefna stjórnvalda í byggða- og atvinnumálum, er tekur tillit til svæðisbundinna áætlana sem unnar verða af heimamönnum í hverjum landshluta. Sjá bls. 21.

4. **Meirihluti nýrra starfa í opinberri þjónustu verði til á landsbyggðinni.**
   Byggðastefna stjórnvalda getur falið í sér aukin umsvif í opinberri starfsemi. Nefndin leggur til að stjórnvöld setji sér það markmið að meirihluti nýrra starfa í opinberri þjónustu verði til utan höfuðborgarsvæðisins. Sjá bls. 23.

5. **Sveitarfélög verði sameinuð.**
Sveitarfélögin verði stækkuð verulega. T.d. má miða við að atvinnusvæði verði eitt sveitarfélag. Stækkun sveitarfélaganna er forsenda þess að þau geti tekist á hendur þau verkefni sem eðlilegt er að fela stjórnvaldi í héraði. Sjá bls. 25.

6. **Atvinnuþróunarfélög verði efld og atvinnuþróunarsjóðir styrktir í kjördæmum landsbyggðarinnar.**
Stofnuð verði atvinnuþróunarfélög og atvinnuþróunarsjóðir í héruðunum. Atvinnuþróunarfélögin verði grundvallareiningar við skipulega atvinnuuppbyggingu í héraði. Tiltekinn hluti af tekjum vegna stóriðju renni m.a. til þessa verkefnis. Sjá bls. 27.

7. **Jöfnun raforkuverðs og sameining orkufyrirtækja.**
Tafarlaust verði gerðar þær ráðstafanir sem tryggi að raforkuverð verði eitt og hið sama til allra dreifiveitna, og að raforkuverð í smásölu verði jafnað til sambærilegrar notkunar. Rafmagnsveitur ríkisins og Landsvirkjun verði sameinuð í eitt orkuöflunar- og dreifingarfyrirtæki þar sem ríkið eigi meirihluta. Sjá bls. 28.

8. **Skipulag farþegaflutninga verði endurskoðað og samræmt.**
Skipulag farþegaflutninga á sérleyfisleiðum á landi og í lofti verði endurskoðað og samræmt með það að markmiði að bæta þjónustu og auka hagkvæmni. Sjá bls. 29.


9. **Byggðasjónarmiða verði gætt í almennri efnahagsstjórn.**
Öruggur rekstrargrundvöllur sjávarútvegsfyrirtækja er meginforsenda þess að byggð þróist með eðlilegum hætti. Hér á landi er enginn annar atvinnuvegur sem getur greitt þá beinu styrki sem sjávarútvegur á nágrannalöndunum nýtur. Sjá bls. 30.

10. **Fjárhagur Byggðastofnunar verði efldur.**
Eiginfjárstaða Byggðastofnunar hefur rýrnað óeðlilega mikið, m.a. vegna óhagstæðra aðstæðna í þjóðfélaginu. Því er höfuðnauðsyn að eiginfjárstaða stofnunarinnar verði tryggð sem best til þess að hún geti sinnt því umfangsmikla hlutverki sem henni er ætlað. Sjá bls. 31.

3. Búsetuþróunin

Á síðustu áratugum hafa orðið miklar breytingar á búsetu í landinu. Þær felast í meginatriðum annars vegar í flutningum úr dreifbýli í þéttbýli og hins vegar af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins; Reykjavíkur og grannsveitarfélaganna.

Frá 1981 til 1990 hefur brottflutningur af landsbyggðinni aukist ár frá ári og nema flutningar á þessum árum 10.700 manns höfuðborgarsvæðinu í hag. Mestir voru flutningarnir 1988, eða 1.560 manns og er það hæsta tala á einu ári frá því að skráning innanlandsflutninga hófst. Árið 1990 var mismunur brottfluttra og aðfluttra á landsbyggðinni 1.070. Ástæða er til að vekja athygli á því að árin 1984 til 1986 og árið 1989 fækkaði íbúum landsbyggðarinnar, en slíkt hefur ekki gerst síðan á árunum 1945 til 1946.



Mynd 1. *Myndin sýnir fjölda aðfluttra umfram brottflutta á landsbyggðinni árin 1971 til 1990.*

Framreikningar mannfjölda og búsetuþróunar næstu tvo áratugi[1]

Undanfarin ár hefur verið mikið misvægi í þróun búsetu í landinu. Búferlaflutningar hafa aukist ár frá ári á þessum áratug. Ef tekið er mið af mannfjöldaspá og reynslunni síðustu ár af fólksflutningum sýna framreikningar að stöðnun verður í fjölgun fólks á landsbyggðinni til aldamóta og bein fækkun eftir aldamótin. Á hinn bóginn yrði tæplega 52.000 manna fjölgun á höfuðborgarsvæðinu og þar af stafaði 27.000 manna fjölgun af aðflutningum. Það jafngildir því að tvö ný Breiðholtshverfi verði byggð þar á næstu 20 árum.

Kostnaður og óhagræði vegna búsetuþróunar í líkingu við ofangreindan framreikning kæmi fyrst og fremst fram í tvennu:

1. Á landsbyggðinni í vannýtingu mannvirkja og auðlinda vegna fækkunar fólks í mörgum byggðalögum auk þess sem hætt yrði við að langvarandi stöðnun leiði til svartsýni íbúanna um framtíðarmöguleika byggðarlaganna og þar með til keðjuverkandi fólksflótta.


2. Á höfuðborgarsvæðinu þyrfti að byggja ný þjónustumannvirki, sem í mörgum tilvikum væru til annars staðar. Reisa þyrfti kostnaðarsöm umferðarmannvirki fyrr en ella og dýrara yrði fyrir íbúana að sækja vinnu og sérhæfða þjónustu eftir því sem byggðin þenst meira út. Þá yrði hætt við aukinni mengun, frárennslis og sorphreinsunarvanda, sem erfitt kynni að vera að leysa eftir því sem byggðin vex hraðar. Svo mætti lengi telja.

Áhrif atvinnulífsins á byggðaþróun

Vandi atvinnulífsins er af svipuðum toga víðast hvar á landsbyggðinni, þ.e. atvinnulífið er tiltölulega einhæft eða öllu heldur óheppilega samsett miðað við þá þróun sem á sér stað í samfélaginu. Það er oft

---


[1] Byggir að mestu á skýrslu Byggðastofnunar um endurmat byggðastefnu



Mynd 1. Myndin sýnir þann mikla mun sem er á atvinnugreinum landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins. Stöðnun eða fækkun ríkir í landbúnaði, fiskveiðum og fiskiðnaði meðan störfum í þjónustugreinum fjölgar ört.

einkenni á svæðum sem standa höllum fæti að atvinnulífið er óheppilega samsett (stundum er þetta nefnt strúktúrvandamál í atvinnulífinu). Þær atvinnugreinar sem hafa verið í örum vexti eru yfirleitt aðeins í litlum mæli á þessum svæðum en samdráttargreinar eru ráðandi. Hinar nýju atvinnugreinar einkennast af meiri kröfum um þekkingu en á jaðarsvæðum eru einkum stundaðar frumvinnslugreinar þar sem lítið er unnið úr hráefnunum. Þar að auki eru fyrirtækin yfirleitt smá og störfin krefjast ekki mikillar sérþekkingar hjá starfsfólkinu.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að það verða að eiga sér stað breytingar á atvinnulífinu á landsbyggðinni. Eins og fram kemur á myndinni verða ný störf einkum til í þjónustugreinum. Á allra síðustu árum hafa yfir 100% nýrra.starfa orðið til í þessum greinunum, þ.e. bein fækkun verður í öðrum atvinnugreinum.



Mynd 3. *Verulegur samdráttur hefur verið í úthlutuðum þorskkvóta milli áranna 1986 og 1990 úr 300.000 tonnum í 200.000 tonn eða rúm 30%. Þess ber þó að geta að verð á afurðum hefur hækkað verulega á tímabilinu.*


Atvinnugreinar landsbyggðarinnar eru sjávarútvegur og landbúnaður. Kvótakerfi er ráðandi í þessum greinum og tillögur um hagræðingu í þessum greinum leiða yfirleitt af sér fækkun starfa. Því er ekki að leyna að mjög alvarleg staða blasir við mörgum byggðarlögum verði ekkert aðhafst. Þá er ekki aðeins átt við endurskipulagningu á atvinnulífinu og hagkvæmari rekstur, heldur verður einnig að fara inn á ný svið í sjávarútvegi og leita allra leiða til nýsköpunar. Engu að síður er ljóst að þjónustugreinar munu taka við mannaflanum og því þarf að leggja mikla áherslu á að efla þær á landsbyggðinni og stuðla þannig að aukinni fjölbreytni atvinnulífsins.

Markmiðið með fyrstu aðgerðum hlýtur því að verða að breyta samsetningu atvinnulífsins á landsbyggðinni á þann veg að störfum í vaxtargreinunum fjölgi.

4. Um einstaka liði í tillögum nefndarinnar


1. Meira vald verði fært til héraða (kjördæma) og samstarf sveitarfélaga aukið.

Sú staðreynd að allflestar opinberar aðgerðir hafa einhver áhrif á þróun byggðar, ýmist beint eða óbeint, leiðir hugann að því hvort ekki sé nauðsynlegt að byggðasjónarmið séu höfð til hliðsjónar í auknum mæli við mat á öllum aðgerðum hins opinbera. Og spurningin er hvort það sé í raun og veru ekki kjarni þess sem kalla má byggðapólitík, þ.e. að samræma aðgerðir hinna ýmsu fagráðuneyta og fagstofnana þannig að heildaráhrifin verði í raun þau sem stjórnvöld ætlast til.



Mynd 4. Með því að skipta stjórnkerfinu upp í sérhæfða geira er ætlunin að ná aukinni skilvirkni og hagkvæmari rekstri. Þetta hefur þó oft á tíðum leitt til hins gagnstæða.

Til þess að ná þessu markmiði hafa augu manna einkum beinst að leiðum sem fela í sér að ákvarðanatakan er í auknum mæli færð heim í hérað þar sem heimaaðilar geta sjálfir samræmt aðgerðir hinna ýmsu geira og þannig nýtt betur það fjármagn sem til ráðstöfunar er.



Mynd 5. Brýnt er að leita leiða til að samræma aðgerðir hins opinbera í héraði

Núverandi fyrirkomulag stjórnkerfisins byggir á sterkri miðstýringu og veigalitlum sveitarfélögum. Með því að skipta stjórnkerfinu upp í sérhæfða geira er ætlunin að ná aukinni skilvirkni og hagkvæmari rekstri. Áætlanagerð, ákvarðanataka og framkvæmd fer að mestu fram innan viðkomandi geira og hjá fagráðuneytum og fagstofnunum. Heima í héraði er enginn formlegur samstarfsvettvangur fyrir hendi sem myndað gæti mótvægi gegn höfuðborgarsvæðinu og dregið úr miðstjórnarhlutverki þess. Möguleikar til raunverulegrar valddreifingar eru því litlir.

Meiri ábyrgð heimamanna á eigin málum

Hér á landi hafa staðbundnar skrifstofur á vegum ríkisins það hlutverk að fjalla um mál og gefa umsagnir sem lagðar eru til grundvallar við áætlanagerð á vegum hins opinbera. En það eru miðstýrðar stofnanir sem sjá um úthlutun á fjármunum jafnvel til hinna minnstu mála á landsbyggðinni. Nefndin telur æskilegt að víkja frá þessu fyrirkomulagi og flytja ábyrgðina í auknum mæli í hendur heimamanna. Nefndin leggur til að hvert kjördæmi verði eflt stjórnsýslulega og efnahagslega þannig að það verði fært um að axla meiri ábyrgð á eigin málum.

Meginmarkmið nefndarinnar í byggðamálum er að hvert kjördæmi verði eflt stjórnsýslulega og efnahagslega þannig að það verði fært um að axla meiri ábyrgð á eigin málum.

Til þess að ná þessu þarf að setja fram ákveðin markmið í ýmsum málaflokkum, s.s. samgöngumálum, atvinnumálum o.s. frv.

Hlutverk héraðanna - Samræming opinberrar áætlanagerðar í héraði

Byggðastjórn[2]
Héraðsnefndir skulu mynda byggðastjórnir í hverju kjördæmi sem leysi þau verkefni sem þeim verða falin með lögum. Öllum sveitarfélögum í kjördæminu er skylt að eiga aðild að byggðastjórn. Þannig mynda sveitarfélögin *samstarfsvettvang* um úrlausn ákveðinna verkefna sem þeim verða falin.

Kosning til byggðastjórnar
Gert er ráð fyrir að heimamönnum verði falið að ákveða með hvaða hætti kosið verður til byggðastjórna enda geta aðstæður verið mismunandi í einstökum landshlutum. Kjörgengir til setu í byggðastjórn yrðu héraðsnefndarfulltrúar og varamenn.

Úr hópi byggðastjórnarmanna skal kosið (5-7 manna) byggðaráð eftir ákvörðun byggðastjórnar.

Ragnar Arnalds tekur það fram, að hann telur réttara, að kosið sé beinni kosningu í byggðastjórnir í tengslum við sveitarstjórnarkosningar þar sem ella yrðu of margir milliliðir milli kjósenda og byggðastjórna (sveitarstjórnir og héraðsnefndir) og auk þess sé þá hættara við að byggðastjórn yrði ekki byggð á lýðræðislegum grundvelli vegna mismunandi stærðar sveitarfélaganna.

---

[2]Hér er orðið byggðastjórn notað í merkingunni landshlutastjórn og byggðaráð í merkingunni framkvæmdaráð byggðastjórnar, sbr. bæjarstjórn og bæjarráð.

Verkefni byggðastjórnar
Verkefni byggðastjórnar (landshlutastjórnar) á m.a. að felast í því að gera tillögu um framkvæmdaröð og skipulag opinberra verkefna í héraði. Jafnframt verði gerðar áætlanir á sviði byggða- og atvinnuþróunar. Þetta gerist innan þess ramma um markmið og áætlanir sem settur hefur verið af stjórnvöldum. Byggðaráð verði sá aðili í héraði sem ber ábyrgð á því gagnvart ríkisvaldinu að árangur verði í samræmi við þau markmið sem sett hafa verið.

Verkefni sem eðlilegt má telja að byggðastjórn fjalli um, eru:

- Byggðaáætlanagerð fyrir landshlutann
- Samgöngumál (hafnir, flugvellir, vegir)
- Heilsugæsla og sjúkrahús sveitarfélaga
- Skipulags- og umhverfismál
- Atvinnuþróun og nýsköpun atvinnulífsins, s.s. málefni atvinnuþróunarfélaga
- Löggæsla
- Húsnæðismál. Sbr. nýja löggjöf um Húsnæðisstofnun ríkisins
- Málefni framhaldsskóla
- Rekstur fræðsluskrifstofa
- Málefni fatlaðra
- Öll önnur sameiginleg verkefni ríkis og sveitarfélaga

2. Komið verði á fót héraðsmiðstöðvum í öllum kjördæmum á landsbyggðinni.


Héraðsmiðstöðvar
Í kjördæmum landsbyggðarinnar verði komið á fót héraðsmiðstöðvum þar sem byggðastjórn hefði aðsetur, auk fulltrúa ýmissa opinberra aðila, s.s. ráðuneyta og stofnana, sem annast myndu stjórnsýsluþjónustu í umdæminu. Að teknu tilliti til íbúafjölda og legu staðanna er hér lagt til að þessar héraðsmiðstöðvar verði á Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi, í Borgarnesi og Keflavík.

Byggðastofnun verði falið að hafa frumkvæði að því að koma á fót héraðsmiðstöðvum í samvinnu við heimamenn og aðra aðila er málið varðar.

Mikilvægasta markmiðið með starfsemi héraðsmiðstöðva er að tekið verði, eins fljótt á þeim vandamálum sem upp koma á landsbyggðinni í kjölfar breyttra atvinnuhátta og hægt er. Þessu markmiði verði m.a. náð með því að stórauka atvinnuþróunarstarf í héruðunum og samræma áætlanagerð, þannig að innan opinbera geirans verði aðilar að starfa saman og þeim verði gert að skila sameiginlegri áætlun fyrir landshlutann.

3. Stefnumótandi áætlanagerð með virkri þátttöku heimamanna verði tekin upp á sviði byggðamála

Byggðastofnun verði falið í samráði við forsætisráðherra móta stefnu í byggðamálum og gera samræmda áætlun í byggðamálum t.d. til fjögurra ára. Forsætisráðherra skal leggja þessa byggðaáætlun fyrir



Mynd 6. *Myndin sýnir hvernig byggja má upp markvissari áætlanagerð í byggðamálum af hálfu hins opinbera.*

Alþingi til samþykktar. Hér er lagt til að tekin verði upp svipuð vinnubrögð og tíðkast við undirbúning þjóðhagsáætlunar og meðferð Alþingis á vegaáætlun.

Í byggðaáætlun koma fram helstu þættir sem áhrif hafa á þróun byggðar. Í byggðaáætlun skal jafnframt koma fram framkvæmdaáætlun fyrir opinberar framkvæmdir og framtíðarstefna stjórnvalda í byggða- og atvinnumálum, er tekur tillit til svæðisbundinna byggðaáætlana sem unnar verða af heimamönnum í hverjum landshluta. Alþingi skal taka byggðaáætlun til endurskoðunar ekki sjaldnar en annað hvert ár.

Ríkisvaldið - Samræming aðgerða í byggðamálum

Hlutverk ríkisvaldsins er fyrst og fremst að *móta stefnu* í byggðamálum. Slík stefnumótun er pólitísk og hlýtur því að fara fram í ríkisstjórn og á Alþingi fremur en í stofnunum. Séu markmið ríkisstjórnarinnar í byggðamálum skýrt fram sett auðveldar það starfið hjá stofnunum og ráðuneytum sem hafa það hlutverk að framfylgja þeim og vinna í samræmi við byggðastefnu stjórnvalda. Stofnanir á vegum ríkisins gætu, t.d. í árlegum fjárveitingarbeiðnum sínum, gert grein fyrir því hvernig þær hyggjast vinna að markmiðum ríkisstjórnarinnar á fjárlagaárinu.

Fjárveitingar verði í samræmi við mótaða byggðastefnu og stefnt verði að því að verulegum hluta fjárveitinga verði skipt á einstaka verkefni af heimaaðilum.

Það er mjög mikilvægt að forsætisráðuneytið hafi yfirumsjón með og samræmi aðgerðir sem hafa áhrif á þróun byggðar og vegi og meti þær kröfur og óskir sem fram koma frá hinum ýmsu geirum. Eðlilegur samstarfsaðili er Byggðastofnun.

Megin markmið með þessari endurskipulagningu er að samræma aðgerðir hins opinbera í héraði og auka atvinnuþróunarstarfsemi enn

frekar með þeim. Málið snýst um að tengja þróunarstarfsemi í héruðunum áætlanagerð á vegum hins opinbera. Eitt meginverkefni Byggðastofnunar verði að samræma áætlanagerð í opinbera geiranum með sérstakri áherslu á áætlanagerð í landshlutunum. Það yrði hlutverk héraðsmiðstöðva að gera hagrænar áætlanir og samræma opinberar aðgerðir í sínu héraði.

Samræmd áætlanagerð stórbætir nýtingu opinberra fjármuna


Menn eru almennt sammála um að mótun atvinnu- og byggðastefnu eigi að vera í höndum ríkisvaldsins. Sú meginregla verði viðhöfð í stjórnsýslunni að *ákvarðanir skuli teknar á lægsta hugsanlega stjórnstigi* án þess að það komi niður á verkefnunum. Það stjórnstig, sem sér um ákveðin verkefni, skal einnig hafa með höndum framkvæmd „sinna“ mála og bera alla ábyrgð á þeim.

Samræmd áætlanagerð í héruðunum mun væntanlega stórbæta nýtingu opinberra fjármuna og líklega að stærstum hluta leysa þau vandamál sem upp koma vegna sérhæfingar og lítilla samskipta einstakra ráðuneyta og stofnana innan héraðanna.

Með því fyrirkomulagi, sem lýst er hér á undan, má ætla að takist að samræma aðgerðir hinna ýmsu fagráðuneyta og fagstofnana þannig að heildaráhrifin af aðgerðum þeirra á þróun byggðar verði í raun þau sem stjórnvöld ætlast til.

4. Samþykkt verði að meirihluti nýrra starfa í opinberri þjónustu verði til á landsbyggðinni.

Óhætt er að fullyrða að starfsemi á vegum hins opinbera hefur mikla þýðingu fyrir vinnumarkaðinn á landsbyggðinni, m.a. vegna þess að störf hjá hinu opinbera eru ekki eins háð ytri sveiflum og önnur störf. Og ljóst er að aukning opinberrar starfsemi er einn af fáum þáttum sem hafa verulega þýðingu fyrir byggðaþróun og sem byggðastefna stjórnvalda getur haft áhrif á. Með þetta í huga kann það að virðast



Mynd 7. Myndin sýnir hvernig ný störf skiptast milli höfuðborgar og landsbyggðar. Þjónustugreinar vaxa mun örar á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.

undarlegt hversu lítil áhersla hefur verið lögð á opinbera starfsemi sem mikilvægan þátt í atvinnuþróun landsbyggðarinnar. Umræður hafa hingað til að langmestu leyti snúist um að verja störf í sjávarútvegi og ný störf í iðnaði.

Gjarnan er fjallað um það hvernig auka megi skilvirkni í opinbera geiranum en þeim mun sjaldnar um það hvernig nýta megi opinbera geirann sem mikilvægan þátt í byggðapólitískum aðgerðum.

Á tímabilinu 1981-1988 urðu til um 7.500 ný störf í opinberri þjónustu og stjórnsýslu. Þetta skiptist þannig að á landsbyggðinni urðu til um 2.500 störf en um 5.000 störf á höfuðborgarsvæðinu. *Til þess að snúa þessari þróun við þurfa stjórnvöld að setja sér það markmið að meirihluti nýrra starfa í opinberri þjónustu verði til utan höfuðborgarsvæðisins.* Þessu má ná á þann hátt að ráðuneyti og stofnanir hins opinbera geri grein fyrir því í fjárlagabeiðni hverju sinni hvernig þær hafi náð eða hyggist ná þeim markmiðum sem hér eru sett fram. Þetta þýðir að störf flytjast ýmist til þeirra útibúa sem fyrir eru eða að opnuð verða ný útibú. Á þennan hátt má koma á aukinni skilvirkni, betri þjónustu og hagstæðari dreifingu atvinnutækifæra.

Ríkisvaldið leiti samráðs við aðra aðila er þetta varðar um að þeir auki og efli þjónustustarfsemi sína sem mest á landsbyggðinni og stuðli m.a. að því með því að beina verkefnum eins og kostur er til þjónustuaðila úti á landi.

5. Sveitarfélög verði sameinuð.


Sveitarfélögin - aukin ábyrgð á þróuninni heimafyrir

Byggðastefnan á Norðurlöndum hefur þróast í þá átt að sveitarfélögin og millistig stjórnsýslunnar taka að sér sífellt fleiri verkefni og aukna ábyrgð á sviði atvinnu- og byggðamála. Undanfari þessarar þróunar var umfangsmikil sameining sveitarfélaga á sjöunda og áttunda áratugnum samfara endurskipulagningu stjórnsýslunnar. Með þessu móti var lagður grunnur að því að hægt væri að fela heimaaðilum aukna ábyrgð á eigin málum. Þessum fasa í þróuninni hefur verið sleppt hér á landi.

Núverandi fyrirkomulag í íslensku stjórnkerfi byggir á sterkri miðstýringu og valdalitlum héraðsnefndum og fjölmörgum og valdalitlum sveitarfélögum sem hafa verið þrándur í götu allra umbótatilrauna í stjórnsýslukerfinu. Miðstjórnarvaldið verður því sterkt en heima í héraði er enginn formlegur samstarfsvettvangur fyrir hendi, sem myndað gæti mótvægi við höfuðborgarsvæðið og dregið úr miðstjórnarhlutverki þess.

Sveitarfélagamörk eru ekki aðeins þrándur í götu í stjórnsýslunni heldur hindra þau einnig að rætt sé um sameiningu fyrirtækja milli sveitarfélaga. Hrepparígur truflaði t.d. mjög störf Atvinnutryggingarsjóðs þar sem hugmyndir voru uppi um endurskipulagningu og sameiningu fyrirtækja. Fyrst og fremst er deilt um tekjurnar af atvinnufyrirtækjunum. Menn vilja jafnvel frekar atvinnufyrirtæki "suður" en í næsta byggðarlag.

Möguleikar til raunverulegrar valddreifingar í íslensku stjórnkerfi eru því litlir. Ef við lítum til stjórnsýslukerfisins í heild sinni þá er



Mynd 8. *Nú er kominn vísir að svæðaskiptingu sem eru umdæmi héraðsnefndanna en það er samstarfsvettvangur sem sveitarfélögin hafa kosið sér sjálf. Nokkur sveitarfélög standa enn utan við héraðsnefndir.*

það staðnað og hefur ekki verið lagað að breyttum þjóðfélagsháttum og er því vart tilbúið til að mæta þeirri þróun sem lýst er hér að framan. Menn virðist hafa gleymt því að stjórnkerfið er aðeins tæki sem notað er í ákveðnum tilgangi. Ef það hentar ekki lengur, á að breyta því á sama hátt og stjórnendur breyta fyrirtækjum sínum til samræmis við breyttar aðstæður.

Nokkrir áfangar hafa náðst að undanförnu í því skyni að bæta hag sveitarfélaganna. Starf það, sem nú fer í hönd, hlýtur að miða að því að stórefla sveitarfélögin með sameiningu og öðrum tiltækum aðgerðum, enda er það forsenda þess að þau geti tekist á hendur þau verkefni sem eðlilegt er að fela þeim sem stjórnvaldi í héraði.

Aukið sjálfsforræði og efling sveitarfélaganna er mjög mikilvægt byggðamál. Að mati nefndarinnar er stækkun og efling sveitarfélaganna ein raunhæfasta aðgerðin sem hægt er að grípa til í byggðamálum um þessar mundir. Þá er verið að tala um verulega stækkun. *Miða má við að það svæði sem hægt er að sækja vinnu á fram og tilbaka, sama daginn, þ.e. þjónustu- eða atvinnusvæði verði eitt sveitarfélag.* Nú er kominn vísir að svæðaskiptingu sem eru umdæmi héraðsnefndanna, það er samstarfsvettvangur sem sveitarfélögin hafa sjálf kosið sér. Nú eru starfandi 20 héraðsnefndir á landinu en nokkur sveitarfélög standa enn utan við þær.

6. Atvinnuþróunarsjóðir verði styrktir og atvinnuþróunarfélög efld í kjördæmum landsbyggðarinnar.

Atvinnuráðgjöf hefur verið í lausu lofti hér á landi í s.l. 5 ár. Lög um iðnráðgjafa runnu út árið 1985 og nú eru engin slík lög í gildi. Ekki er fyrir hendi neitt skipulag um atvinnu- og þjónustusvæði fyrir landið. Óhætt er að fullyrða að það gæti orðið ýmsum svæðum mikill styrkur að efla atvinnuráðgjöfina. Það er vonlítið að einn atvinnuráðgjafi geti sinnt heilum landshluta svo vel fari.

Atvinnuþróunarfélög
Sveitarfélögin eða samtök þeirra hafi, í samráði við Byggðastofnun, frumkvæði að því að stofnuð verði atvinnuþróunarfélög eða þau efld sem fyrir eru. Félögunum er ætlað að stuðla að nýsköpun og alhliða atvinnuþróun á starfssvæði sínu. Meðal þeirra heimaaðila sem æskilegt er að taki þátt í atvinnuþróunarfélögum eru sveitarfélög, stéttarfélög, búnaðarfélög, peningastofnanir og fyrirtæki. Auk ofangreindra aðila hafi Byggðastofnun beina aðild að þessum félögum.

Atvinnuþróunarfélögin yrðu grundvallareiningar við skipulega atvinnuuppbyggingu í héraði. Stærð þeirra tæki mið af umdæmum héraðsmiðstöðvanna. Félögunum er ætlað að stuðla að nýsköpun og alhliða atvinnuþróun á starfssvæði sínu. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að samtök verði mynduð um þróunarstarf á minni atvinnusvæðum.

Atvinnuþróunarsjóðir
Stefna þarf að því að byggðir verði upp atvinnuþróunarsjóðir í landshlutunum. Byggðastjórn beri ábyrgð á rekstri sjóðsins þannig að ef tap yrði á einstaka verkefnum kæmi það beint niður á atvinnuþróunarsjóðnum og höfuðstóllinn skertist. Þannig bæri byggðastjórnin ábyrgð á rekstri sjóðanna. Þessari auknu ábyrgð fylgdi einnig mikið frelsi í notkun fjármuna til atvinnuþróunar í héraðinu en það þýddi aftur á móti að rýmka yrði ýmsar reglugerðir.

Atvinnuþróunarsjóðunum verði m.a. tryggðar tekjur til starfsemi sinnar með skattlagningu á stóriðju.

7. Jöfnun raforkuverðs og sameining orkufyrirtækja.

Tafarlaust verði gerðar þær ráðstafanir sem tryggi að raforkuverð verði það sama til allra dreifiveitna, og að raforkuverð í smásölu verði jafnað til sambærilegrar notkunar. Mikill meirihluti þjóðarinnar nýtur þeirra forréttinda að búa við lægra raforkuverð en þau héruð þar sem orkuöflunin fer fram.

Allra leiða verður að leita til að auka hagkvæmni í þessari starfsemi, sem annarri. Það verður að teljast óeðlilegt að ríkið standi að rekstri tveggja fyrirtækja með svo skylda starfsemi og fram fer hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Landsvirkjun. Eðlilegt verður að teljast að sameina þessi fyrirtæki í eitt orkuöflunar- og dreifingarfyrirtæki. Með slíkri sameiningu má tvímælalaust ná fram mikilli hagræðingu og hagkvæmni í rekstri.

Ef ekki verður úr sameiningu þessara fyrirtækja verði stofnað nýtt orkufyrirtæki í meirihlutaeign ríkisins. Fyrirtækið hafi það meginmarkmið að annast orkuöflun og orkusölu til stórra orkukaupenda.

8. Skipulag farþegaflutninga verði endurskoðað og samræmt.

Samgöngumál eru veigamikill þáttur í þróun byggðar. Mikið hefur áunnist á seinni árum í uppbyggingu vegakerfisins og má segja að þáttaskil hafi orðið árið 1983 þegar farið var að vinna eftir langtíma-áætlun í vegagerð (12 ára). Unnið er að gerð langtímaáætlunar, þannig er markvisst unnið að frekari framkvæmdum á þessu sviði.

Vegakerfi landsins er viðamikið en aðalvegakerfið má skilgreina sem það vegakerfi sem tengir saman alla þéttbýlisstaði landsins á a.m.k. einn veg og þéttbýlustu sveitir við þetta net. Undir þessa skilgreiningu falla vegir sem eru að heildarlengd um 3.600 km. Nú er lokið við að leggja bundið slitlag á rúmlega 60% þeirra. (Skýrsla Byggðastofnunar um endurmat byggðastefnu).

Viss þáttaskil eru nú í gerð jarðgangna, nokkur stórverkefni á þessu sviði eru komin af teikniborði til framkvæmda. Hér er um miklar samgöngubætur að ræða sem rjúfa einangrun og skapa nýja möguleika til aukins samstarfs og margvíslegrar hagræðingar.

Gerð hefur verið sérstök áætlun um uppbyggingu flugvalla og flugöryggisþjónustu. Leggja verður mjög ríka áherslu á áframhaldandi

uppbyggingu flugvalla og mikil þörf er á að flýta lagningu bundins slitlags á helstu flugvelli landsins. Miðað við aðrar samgönguframkvæmdir eru þetta ekki dýr verkefni.

Bætt samgöngukerfi býður upp á nýja möguleika á hinum ýmsu sviðum. Hér er því lagt til að skipuð verði nefnd er hafi það hlutverk að gera tillögu um samræmingu og bætt skipulag farþegaflutninga á sérleyfisleiðum á landi og í lofti með það að markmiði að bæta þjónustu og auka hagkvæmni.

9. Byggðasjónarmiða verði gætt í almennri efnahagsstjórn.

Í skýrslu Byggðastofnunar um endurmat byggðastefnu er lögð rík áhersla á að byggðasjónarmiða verði gætt í almennri efnahagsstjórn. Þar kemur m.a. fram það álit að Íslendingar hafi sérstöðu meðal sjálfstæðra Vesturlandaþjóða í byggðamálum, sem meðal annars felst í því að mestur hluti útflutnings á verðmætum þjóðarinnar fer fram í hinum ýmsu framleiðslubyggðarlögum á landsbyggðinni þar sem atvinnulíf er annars einhæft. Í Kanada og Noregi eru til svæði sem eru um margt mjög lík landsbyggðinni hér en á þeim býr einungis lítill hluti viðkomandi þjóðar og framleiðsla svæðanna er einungis brot af þjóðarframleiðslunni. Framleiðsla þar nýtur beinna ríkisstyrkja sem tíðkast ekki hér.

Eftir því sem hlutur sjávarútvegsgreinanna á vinnumarkaði minnkar fer ekki hjá því að í stefnumótun og aðgerðum hins opinbera er tilhneiging til að gæta þess ekki sem skyldi hvernig aðgerðirnar koma niður á stöðum sem byggja alla sína tilveru á einni atvinnugrein og jafnvel einu fyrirtæki. Hið sama má segja um ákvarðanir aðila vinnumarkaðarins um kaup og kjör.

Íslenska hagkerfið er einhæft og viðkvæmt og háð afkomu í sjávarútvegi. Hinir einhæfu útgerðarstaðir standa berskjaldaðir gagnvart sveiflum. Þegar illa árar koma áhrif þess fram í tekjum, atvinnu og íbúaþróun. Þegar vel árar eru fá tækifæri til fjárfestingar

í nýjum atvinnugreinum og reynslan hefur sýnt að hin síðari ár er fólk ekki tilbúið til að byggja íbúðarhúsnæði á flestum þéttbýlisstöðum landsbyggðarinnar.

Almenn efnahagsstjórn á Íslandi felur því óhjákvæmilega í sér meiri bein áhrif á byggðaþróun en víðast annars staðar. Hér á landi er enginn annar atvinnuvegur sem getur greitt þá beinu styrki sem sjávarútvegur á sambærilegum svæðum í nágrannalöndunum nýtur.

10. Fjárhagsstaða Byggðastofnunar verði styrkt.

Hingað til hafa þeir fjármunir sem ætlaðir eru til byggðaaðgerða verið í höndum Byggðastofnunar. Byggðastofnun hefur þrjár meginleiðir til að ráðstafa fjármunum sínum. Er þar um að ræða lánveitingar, styrkveitingar og beina þátttöku í fyrirtækjum. Mest hefur farið fyrir fyrsta þættinum. Er þar að langmestum hluta um að ræða endurlánuð erlend lán á markaðskjörum. Stærstur hluti þessara lána hefur farið til sjávarútvegs.


Lánveitingar á markaðskjörum til fyrirtækja á landsbyggðinni eru ekki aðgerð í byggðamálum miðað við það sem gerist í öðrum löndum. Það gefur auga leið að með því að fjármagna byggðaaðgerðir með lántökum er mjög óhægt um vik að taka þá áhættu sem í mörgum tilvikum er nauðsynleg. Lánveitingar draga ekki úr óhagræði staðsetningar á landsbyggðinni. Fjárveitingar af fjárlögum hafa dregist verulega saman á undanförnum árum og vafasamt að byggja á þeim til viðvarandi aðgerða.

Hinar miklu lántökur stofnunarinnar á undanförnum árum, samfara því að til lánveitinga hennar hafa verið gerðar meiri kröfur um áhættu en tíðkast í öðrum opinberum lánasjóðum, gera það að verkum að efnahagur stofnunarinnar verður að vera sérstaklega traustur. Enda þótt alltaf sé reynt að gæta fyllsta öryggis fer ekki hjá því að áhætta er tekin sem getur og hefur leitt til þess að lán tapast. Allir vita að horft

hefur verið til Byggðastofnunar við lausnir á ýmsum erfiðleikum sem upp hafa komið, einkum þegar um atvinnuhagsmuni heilla byggðarlaga er að tefla.

Eiginfjárhlutfall Byggðastofnunar hefur rýrnað óeðlilega mikið. Það stafar af miklum lántökum og afskriftum útlána., m.a. vegna óhagstæðra aðstæðna í þjóðfélaginu. Því er höfuðnauðsyn að eiginfjárstaða stofnunarinnar verði tryggð sem best til þess að hún geti sinnt því umfangsmikla hlutverki sem henni er ætlað.

EIGINFJÁRHLUTFALL BYGGÐASJÓÐS
OG BYGGÐASTOFNUNAR



Mynd 9. *Eiginfjárhlutfall Byggðastofnunar hefur farið lækkandi. Stafar það af miklum lántökum og afskriftum útlána. (Ársskýrsla Byggðastofnunar 1989).*

Viðaukar

Viðauki 1
Tillögur um breytingar á sveitarstjórnarlögum

Nefndin leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á sveitarstjórnarlögum svo tillögur hennar nái fram að ganga.

Frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986

1. gr.

104. grein orðist svo:

Öll sveitarfélög skulu vera aðilar að staðbundnum landshlutasamtökum sveitarfélaga. Starfssvæði þessara samtaka skal miða við núverandi kjördæmi.

Verkefni landshlutasamtaka sveitarfélaga er að vinna að hagsmunamálum íbúa í hverju kjördæmi. Þau skulu gera tillögur um skipulag og uppbyggingu opinberrar þjónustu og ráðstöfun fjárveitinga úr ríkissjóði í hverju kjördæmi um sig. Þau skulu annast önnur þau verkefni sem löggjafarvaldið kann að fela þeim.

Landshlutasamtök halda ársfund og kjósa byggðastjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Kjörgengir í byggðastjórn skulu vera héraðsnefndarfulltrúar og varamenn.

Félagsmálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um landshlutasamtök sveitarfélaga. Hver landshlutasamtök gera sérstaka samþykkt sem staðfest skal af ráðuneytinu.

Viðauki 2

Tillögur um breytingar á lögum um Byggðastofnun

Nefndin leggur til að breytingar verði gerðar á lögum um Byggðastofnun til þess að tillögur nefndarinnar nái fram að ganga. Eftirfarandi breytingar eru í samræmi við tillögur Byggðanefndar forsætisráðherra sem einnig er að skila áliti um þessar mundir.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 64 frá 1. júlí 1985 um Byggðastofnun

1. gr.

8. grein orðist svo:

Byggðastofnun gerir tillögu að stefnumótandi áætlun í byggðamálum til fjögurra ára í senn. Ráðherra leggur tillöguna fyrir Alþingi til afgreiðslu.

Í tillögunni komi fram stefna ríkisstjórnar í byggðamálum og tengsl hennar við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum svo og við áætlanir á sviði opinberrar þjónustu í landinu.

Í forsendum áætlunarinnar gerir Byggðastofnun grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í einstökum landshlutum og markmiðum, sem æskileg eru talin og þjóðhagslega hagkvæmt er að stefna að í þróun byggðar landsins í heild.

Við gerð áætlunarinnar hafi Byggðastofnun, eins og þurfa þykir samráð við ráðuneyti, Þjóðhagsstofnun, sveitarfélög og samtök þeirra og aðra aðila.

Byggðaáætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti.

Byggðastofnun gerir einnig svæðisbundnar byggðaáætlanir í samráði við sveitarfélög, atvinnuþróunarfélög og aðra aðila, sem málið varða.

Hagstofu Íslands, Þjóðhagsstofnun og öðrum ríkisstofnunum eða sveitarfélögum er rétt að veita Byggðastofnun þær upplýsingar, sem hún telur nauðsynlegar til slíkrar áætlunargerðar.

2. gr.

9. gr. orðist svo:

Stjórn Byggðastofnunar fjallar um stefnumótandi hluta byggðaáætlunar við undirbúning hennar. Hún fylgist með framkvæmd þeirra þátta hennar, sem henni er falið af Alþingi. Stjórn stofnunarinnar fylgist einnig með þeim svæðisbundnu byggðaáætlunum, sem unnar hafa verið af Byggðastofnun í samstarfi við heimaaðila og stjórnin hefur samþykkt.

3. gr.

Ný grein, sem verði **10. grein,** bætast við og breytist númer síðari greina í samræmi við það. Greinin er svohljóðandi:

Byggðastofnun getur átt aðild að atvinnuþróunarfélögum á landsbyggðinni. Í slíkum félögum starfa sveitarfélög, samtök sveitarfélaga og launþega, atvinnufyrirtæki og aðrir aðilar sem vilja taka þátt í og láta sig varða alhliða þróun og nýsköpun í atvinnulífi á viðkomandi svæði.

Stærð félagssvæðis atvinnuþróunarfélaga ákvarðast af aðstæðum í hverju héraði. Stjórn Byggðastofnunar veitir stuðning við stofnun og rekstur atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni á grundvelli umsókna frá þeim.

Byggðastofnun er heimilt að taka þátt í atvinnuþróunarfélögum og á fulltrúi hennar að jafnaði sæti í stjórn þeirra.

4. gr.


Ný grein, sem verði **11. grein,** bætist við og breytast númer síðari greina í samræmi við það. Greinin er svohljóðandi:

Byggðastofnun veitir, að fenginni umsókn atvinnuþróunarfélaga, styrki til verkefna á vegum þeirra á sviði þróunar og nýsköpunar í atvinnulífi á félagssvæðinu.

Byggðastofnun hefur samráð við tæknistofnanir atvinnuvega, stofnlánasjóði, háskóla og aðra aðila, sem vinna að hliðstæðum verkefnum og beitir sér fyrir samstarfi um stuðning við framkvæmd þeirra verkefna sem hún metur styrkhæf. Stjórn stofnunarinnar setur nánari reglur um þessar styrkveitingar.

Í hverju kjördæmi skal starfa a.m.k. einn atvinnuráðgjafi. Hlutverk hans er að stunda almenna atvinnuráðgjöf á starfssvæði sínu. Komið skal á nánu samstarfi við aðra aðila sem vinna að ráðgjafar- og leiðbeiningarstarfi í kjördæminu. Byggðastofnun tekur þátt í kostnaði við starfsemi atvinnuráðgjafa

Atvinnuráðgjafar kjördæmanna skulu einnig vinna að samstarfi atvinnuþróunarfélaga innan viðkomandi kjördæmis og er heimilt að fela þeim framkvæmdastjórn þeirra, ef um semst.



Í byrjun desember 1989 skipaði ríkisstjórnin nefnd sem í eiga sæti fulltrúar stjórnarflokkanna. Í skipunarbréfi hennar kemur fram að hún skuli gera tillögu um skipulag Byggðastofnunar og fyrstu aðgerðir í byggðamálum. Þessi skýrsla hefur að geyma tillögur nefndarinnar sem eru í 10 liðum og greinargerð um hvern lið. Það er mat nefndarinnar að grípa þurfi til róttækra aðgerða til að sporna við hinum umfangsmiklu þjóðflutningum af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins.

Ed. 758. Frumvarp til laga [421. mál]

um breyting á lögum nr. 9 2. mars 1989, um efnahagsaðgerðir.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

1. gr.

2. mgr. 9. gr. laganna orðist svo:

Stofna skal hinn 1. apríl 1991 hlutafjárdeild við Byggðastofnun og tekur hún á stofndegi við öllum eignum og skuldbindingum Hlutafjársjóðs Byggðastofnunar. Deildin skal hafa sjálfstæðan fjárhag. Deildinni má fela að annast eftirlit með hlutafélögum sem Byggðastofnun á aðild að.

2. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Stofna skal hinn 1. janúar 1991 atvinnutryggingardeild við Byggðastofnun. Deildin skal hafa sjálfstæðan fjárhag og tekur á stofndegi við eignum og skuldbindingum Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina. Hlutverk deildarinnar er að innheimta skuldabréf í eigu deildarinnar en henni er óheimilt að veita ný lán. Deildinni er heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana til að vernda eignir sínar. Stjórn Byggðastofnunar er þó óheimilt án samþykkis Ríkisábyrgðasjóðs að breyta skilmálum lána atvinnutryggingardeildar, þar með talið að skuldbreyta þeim, breyta þeim í víkjandi lán, hlutafé eða fella þau niður. Að jafnaði skulu slíkar breytingar á skilmálum vera liður í aðgerðum sem miða að fjárhagslegri endurskipulagningu, meiri háttar skipulagsbreytingum, samruna fyrirtækja og öðru því sem til hagræðingar horfir.

3. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Forsætisráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Umboð stjórnar Hlutafjársjóðs Byggðastofnunar skv. 9. gr. laga nr. 9 2. mars 1989, um efnahagsaðgerðir, fellur niður 1. apríl 1991.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 9 2. mars 1989, um efnahagsaðgerðir, tók atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar við öllum eignum og skuldbindingum Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina 1. janúar 1991. Samsvarandi ákvæði er hins vegar ekki að finna um Hlutafjársjóð Byggðastofnunar sem stofnað var til með sömu lögum, sbr. 8., 9. og 10. gr. laganna. Hlutafjársjóður Byggðastofnunar hefur nú að mestu lokið upphaflegu hlutverki sínu og er því eðlilegt að fella starfsemi hans undir aðra starfsemi Byggðastofnunar.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til tvær meginbreytingar. Annars vegar er lagt til að Hlutafjársjóður Byggðastofnunnar verði felldur undir Byggðastofnun og lúti framvegis stjórn þeirrar stofnunar. Stofnuð verði sjálfstæð hlutafjárdeild sem á stofndegi tekur við öllum eignum og skuldbindingum Hlutafjársjóðs Byggðastofnunar. Jafnframt má fela deildinni að annast eftirlit með hlutafélögum sem Byggðastofnun á aðild að. Hins vegar eru í 11. gr. laga um efnahagsaðgerðir, nr. 9/1989, markmið atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar skilgreind nánar og lagt til að stjórn Byggðastofnunar verði að fá samþykki Ríkisábyrgðasjóðs til að breyta skilmálum lána. Ekki er gert ráð fyrir að deildinni verði útvegað nýtt fé til ráðstöfunar í þessum efnum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að stofnuð verði sjálfstæð hlutafjárdeild við Byggðastofnun 1. apríl 1991 sem tekur á stofndegi við öllum eignum og skuldbindingum Hlutafjársjóðs Byggðastofnunar. Eðlilegt er að deildin hafi sjálfstæðan fjárhag vegna fyrri starfsemi Hlutafjársjóðs Byggðastofnunar. Einnig má fela deildinni að annast eftirlit með hlutafélögum sem stofnunin á aðild að.

Um 2. gr.

11. gr. gildandi laga er umorðuð. Hlutverki atvinnutryggingardeildar er nánar lýst, en það er fyrst og fremst að annast innheimtu á skuldabréfaeign Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina. Jafnframt er lagt til að stjórn Byggðastofnunar geti ekki án samþykkis Ríkisábyrgðasjóðs breytt skilmálum eldri lána. Eðlilegt þykir að Ríkisábyrgðasjóður verði hafður með í ráðum þegar um ráðstafanir sem þessar er að ræða. Ekki er gert ráð fyrir að deildin veiti ný lán eða verði útvegað nýtt fé í því skyni.

Útlán atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar (Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina) nema nú rúmum 8 milljörðum króna. Stofnfé deildarinnar var talið nema 1.000 milljónum króna, en skv. 6. gr. laga nr. 9/1989 ábyrgist ríkissjóður skuldbindingar Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina, nú atvinnutryggingardeildar, og greiði þær ef eignir og tekjur hrökkva ekki til.

Hafa verður í huga að vaxtamismunur er lítill og að tryggingar fyrir lánum kunna að hluta til að reynast ótryggar, sérstaklega í fiskeldi. Áhætta er mikil og hætt við að ríkissjóður þurfi að leggja henni til fjármuni til að hún geti staðið við skuldbindingar sínar. Því er lagt til að leita verði samþykkis Ríkisábyrgðasjóðs til meiri háttar breytinga og ráðstafana vegna fyrri lána. Líta verður svo á að deildin megi samt sem áður án samþykkis Ríkisábyrgðasjóðs samþykkja nafnbreytingu og breyta tryggingum á lánum versni tryggingar lána ekki.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að forsætisráðherra setji reglugerð um framkvæmd laganna. Í gildi eru tvær reglugerðir, annars vegar um Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina nr. 463/1988, með síðari breytingum, og hins vegar um Hlutafjársjóð Byggðastofnunar nr. 100/1989. Þessar reglugerðir er nauðsynlegt að endurskoða með tilliti til þeirra breytinga, sem orðið hafa á stöðu sjóðanna og verkefnum.

Um 4. gr.

Lagt er til að Hlutafjársjóður Byggðastofnunar falli framvegis undir Byggðastofnun og stjórn hennar. Tekið er því fram að umboð stjórnar Hlutafjársjóðs Byggðastofnunar falli niður á stofndegi hlutafjárdeildar Byggðastofnunar.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. 759. Frumvarp til laga [422. mál]

um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

1. gr.

Tilgangur forfallaþjónustu í sveitum er að veita starfandi bændum og mökum þeirra, svo og fastráðnum starfsmönnum bænda, aðstoð við nauðsynleg bús- og heimilisstörf þegar veikindi, slys eða önnur forföll ber að höndum.

2. gr.

Kostnaður vegna forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum greiðist af tekjum af búnaðarmálasjóðsgjaldi samkvæmt lögum nr. 41 15. maí 1990.

3. gr.

Allir bændur og makar þeirra eiga rétt á aðstoð í veikinda- og slysatilfellum, svo og bústjórar og aðrir fastráðnir starfsmenn á búum. Þegar um fastráðna starfsmenn er að ræða skal miða við að ráðning hafi staðið sex mánuði eða lengur.

Réttur hvers einstaklings miðast við vinnuframlag hans við landbúnaðarstörf. Eitt ársverk, samkvæmt skilgreiningu Stéttarsambands bænda, gefur rétt á hámarksþjónustu fyrir bónda og maka hans. Sama gildir fyrir einhleypan mann.

Ef um er að ræða blandaðan rekstur skal meta vinnuframlag viðkomandi aðila við landbúnað til ársverka eftir reglum sem Stéttarsamband bænda setur.

Þeir sem vinna minna en sem nemur einu ársverki við landbúnaðarstörf eiga rétt til forfallaþjónustu í samræmi við vinnuframlag sitt.

Þeir sem hafa allt framfæri sitt af landbúnaði skulu þó ætíð njóta fullrar þjónustu nema sá aðili, er sinnir forföllum, hafi sannanlega tækifæri til að ná fullum daglaunum með vinnu annars staðar.

4. gr.

Búnaðarsamböndunum er heimilt að starfrækja forfalla- og afleysingaþjónustu eftir lögum þessum, hvert á sínu svæði.

Stjórn forfallaþjónustunnar ákveður fjölda afleysingamanna (stöðugilda) fyrir hvert búnaðarsambandssvæði.

Dagleg umsjón og skipulag starfsins innan hvers svæðis skal vera undir stjórn viðkomandi búnaðarsambands.

Kostnaður búnaðarsambandanna við stjórnun og skipulagningu á þjónustunni greiðist af tekjum forfallaþjónustunnar.

5. gr.

Stjórn forfallaþjónustunnar skal skipuð þremur mönnum. Skal einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, einn af Stéttarsambandi bænda og einn tilnefndur af búnaðarsamböndunum sameiginlega.

6. gr.

Afleysingamenn skulu hafa rétt til aðildar að Lífeyrissjóði bænda.

Föst mánaðarlaun skulu miðast við 40 stunda vinnuviku.

Afleysingamenn skulu hafa endurgjaldslaust fæði og húsnæði hjá viðkomandi búi á starfstíma sínum þar. Einnig greiðir það ferðakostnað og yfirvinnu sem samið er um.

Heimilt er að framlengja dvöl afleysingamanns á búi þegar tilskilinni þjónustu er lokið ef hans er ekki þörf annars staðar, enda greiðir þá viðkomandi bóndi laun afleysingamannsins.

Þó skal ávallt leggja áherslu á aðstoð í bráðum veikinda- og slysatilfellum svo að svigrúm gefist til að gera aðrar ráðstafanir.

7. gr.

Afleysingamenn skulu hafa alhliða starfsreynslu við bústörf. Koma skal á námskeiðum við búnaðarskóla sem þjálfa fólk til afleysingastarfa.

8. gr.

Stjórn forfallaþjónustu er heimilt að taka upp samvinnu um skipulag og ráðningu starfsmanna við almenna afleysingaþjónustu sem rekin er á vegum samtaka bænda eða hóps bænda.

Heimilt er stjórn forfallaþjónustunnar að ákveða að sameiginlegur kostnaður við skipulag og stjórnun í slíku samstarfi sé greiddur af rekstrarfé forfallaþjónustunnar.

9. gr.

Þegar forföll ber að höndum og óskað er aðstoðar skal tilkynna það til viðkomandi búnaðarsambands. Skal þá liggja fyrir læknisvottorð um að viðkomandi bóndi sé óvinnufær.

10. gr.

Landbúnaðarráðuneytið setur, að fengnum tillögum stjórnar forfallaþjónustunnar, reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga.

Þar skal nánar skilgreint hverjir hafa rétt til aðstoðar samkvæmt lögum þessum og um réttindi og skyldur afleysingamanna.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 32 frá 29. maí 1979, um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum starfar samkvæmt lögum nr. 32 frá 29. maí 1979.

Tilgangur þessa starfs er að aðstoða við nauðsynleg bús- og heimilisstörf þegar veikindi, slys eða önnur forföll ber að höndum.

Starfsemi forfallaþjónustunnar hefur haft mikla þýðingu fyrir íbúa sveitanna þau ár sem hún hefur starfað og aukið mjög á félagslegt öryggi sveitafólks.

Sú þjónusta, sem forfallaþjónustan veitir, verður stöðugt mikilvægari eftir því sem fólki fækkar í sveitum og erfiðara verður að treysta á aðstoð nágranna og skyldmenna ef hjálpar er þörf.

Á þeim tíu árum sem forfallaþjónustan hefur starfað hefur fengist mikilvæg reynsla af stjórnun og skipulagi slíks starfs. Að þeirri reynslu fenginni og með tilliti til þeirra miklu breytinga sem orðið hafa í landbúnaðinum á undanförnum árum þykir ástæða til að endurskoða lagaákvæði sem forfallaþjónustan starfar eftir.

Við endurskoðun laganna var sú leið valin að semja nýtt frumvarp í stað þess að gera tillögur um breytingar á einstökum greinum.

Drög að frumvarpinu voru kynnt á aðalfundi Stéttarsambands bænda árið 1989 og samþykkti fundurinn eftirfarandi ályktun um málið:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1989 telur nauðsynlegt að breytingar verði gerðar á lögum og reglum um forfalla- og afleysingaþjónutu í sveitum með tilliti til fenginnar reynslu.

Því mælir fundurinn með því að frumvarp það til laga um forfalla- og afleysingaþjónustu sem kynnt hefur verið fyrir fundinum verði lögfest hið fyrsta. Það er skilyrði fundarins fyrir gjaldtöku skv. 2. gr. frumvarpsins að framleiðendagjald til stofnlánadeildar lækki að sama skapi."

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um tilgang laganna. Sú breyting er lögð til frá gildandi lögum að fastráðnir starfsmenn á bændabýlum eigi eftirleiðis rétt á aðstoð. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að gjald til að kosta starfsemi forfalla- og afleysingaþjónustunnar er tekið af allri búvöruframleiðslu í landinu.

Í búgreinum þar sem mest er um aðkeypt vinnuafl, svo sem í garðyrkju, alifuglarækt og svínarækt, hafa möguleikar til þess að hagnýta sér þjónustuna ekki verið í samræmi við það fjármagn sem búgreinarnar leggja starfseminni til, þar eð einungis bóndinn og maki hafa átt rétt á þjónustu. Nauðsynlegt er að hér verði breyting á svo bændur standi sem jafnast að vígi í þessu efni.

Um 2. gr.

Í greininni er vísað til nýsettra laga um Búnaðarmálasjóð, en skv. 4. gr. þeirra laga er forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum tryggður ákveðinn hluti af tekjum af búnaðarmálasjóðsgjaldi sem ætlað er að standa straum af kostnaði við þjónustu þessa.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um rétt einstakra aðila til þjónustu.

Hér er lögð til sú grundvallarbreyting að réttur hvers einstaklings miðist við vinnuframlag hans í stað þess að miða við hlutfall tekna af landbúnaði af heildartekjum.

Hlutverk forfallaþjónustunnar er að útvega starfskraft til þess að leysa af hendi þau verkefni er sá sem forfallast hefur annast við búreksturinn og/eða heimilisstörf. Því er eðlilegt að meta þörfina fyrir aðstoð (rétt viðkomandi einstaklings) út frá umfangi þeirrar vinnu sem hann að jafnaði leysir af hendi við landbúnað. Búrekstur einstakra bænda er mjög mismunandi að umfangi og er því sú vinna, sem þörf er fyrir vegna forfalla, að sama skapi breytileg.

Samkvæmt gildandi verðlagsgrundvelli í sauðfjárframleiðslu telst umhirða 235 kinda bús eitt ársverk. Hliðstæð tala fyrir kúabú er 12,2 kýr ásamt geldneytum. Fjöldi búa er minni en sem nemur einu ársverki þrátt fyrir að búreksturinn sé í mörgum tilvikum aðal eða jafnvel eina tekjuöflun viðkomandi bónda. Því verður að telja eðlilegra, miðað við tilgang forfallaþjónustunnar, að meta þörfina fyrir þjónustu út frá vinnuframlagi fremur en hlutfalli tekna. Hafa verður þó í huga að í ýmsum tilvikum kann að reynast örðugt vegna strjálbýlis að útvega afleysingamann til starfa hluta úr degi. Því er í greininni gert ráð fyrir að þeir sem hafa framfæri sitt að fullu af landbúnaði njóti ætíð fullrar þjónustu, enda þótt því fylgi það að vinnutími afleysingamannsins nýtist ekki að fullu.

Um 4. gr.

Greinin er efnislega samhljóða ákvæðum sem er að finna í 2. gr. núgildandi laga.

Gert er ráð fyrir að stjórn forfallaþjónustunnar ákveði fjölda afleysingamanna (stöðugilda) fyrir hvert búnaðarsambandssvæði, en skipulag starfsins og daglegur rekstur verði í höndum og á ábyrgð viðkomandi búnaðarsambands.

Felld eru niður ákvæði um kjör afleysingamanna þar sem tæpast getur talist eðlilegt að slík atriði séu lögbundin.

Einnig eru felld niður ákvæði um fjölda daga á ári sem bóndi eða maki hans geti notið þjónustu. Eðlilegra virðist að slíkt sé ákveðið af stjórn forfallaþjónustunnar eða með reglugerð með tilliti til þeirra fjármuna sem til ráðstöfunar eru og annarra aðstæðna.

Um 5. gr.

Samkvæmt gildandi lögum fer Búnaðarfélag Íslands með yfirstjórn forfalla- og afleysingaþjónustunnar í umboði landbúnaðarráðherra. Í greininni er lögð til sú breyting að sérstök stjórn skipuð tveimur fulltrúum hagsmunaaðila, Stéttarsambands bænda og búnaðarsambandanna, og einum tilnefndum af Búnaðarfélagi Íslands, fari með stjórn þessara mála.

Um 6. gr.

Greinin fjallar um vinnutíma og starfsskilyrði afleysingamanna og er hliðstæð ákvæðum 3. gr. gildandi laga.

Um 7. gr.

Hér er kveðið á um að gerðar skuli lágmarkskröfur um starfsreynslu afleysingamanna, svo og um námskeiðahald fyrir þá.

Um 8. gr.

Í greininni felst það nýmæli að forfallaþjónustunni er heimilt að taka upp samvinnu

um skipulag og ráðningu starfsmanna við almenna afleysingaþjónustu sem rekin er á vegum samtaka bænda eða hóps bænda.

Samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða er bændum reiknað orlofsfé og er það innifalið í því verði sem þeir fá greitt fyrir afurðir sínar. Bændur verða því sjálfir að greiða fyrir afleysingar vegna orlofs. Ekki hefur enn verið komið upp skipulögðu afleysingakerfi vegna slíkrar þjónustu en á nokkrum stöðum á landinu hefur verið komið upp svokölluðum afleysingahringum og hópar bænda (8–10) ráðið til sín afleysingamann.

Með ákvæðum greinarinnar er forfallaþjónustunni heimilað að taka þátt í slíku samstarfi þar sem hentugt þykir.

Um 9. gr.

Greinin er hliðstæð ákvæðum 4. gr. gildandi laga.

Um 10. gr.

Greinin er hliðstæð ákvæðum 7. gr. gildandi laga.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Nd. 760. Frumvarp til laga [423. mál]

um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Guðni Ágústsson, Ingi Björn Albertsson.

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 5. gr. laganna bætist: Stjórn stofnunarinnar er þó heimilt að fella niður barnsmeðlög að hálfu eða öllu leyti ef um sérstaka félagslega erfiðleika er að ræða hjá skuldara. Nánari ákvæði um þetta atriði skulu sett í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í íslensku samfélagi er það samdóma álit þegnanna að einstaklingur, sem á í vandræðum, eigi skilið hjálp og stuðning þar sem það á við. Og í umræðu allri í þjóðfélaginu undanfarin ár, er snertir samfélagslega aðstoð til handa þeim er lenda í klóm ávana- og fíkniefna og í kjölfarið upplifa andlega, líkamlega og félagslega ógæfu sem endar oftar en ekki með hjónaskilnaði eða sambúðarslitum, hefur viðhorf samfélagsins þróast í þá átt sem betur fer að sá ógæfumaður eigi skilið stuðning og hjálp meðan hann er að ná sér á strik og verða aftur ábyrgur þegn í samfélaginu. Þessi aðstoð er t.d. oft í formi niðurfellingar á opinberum gjöldum, samið er um skuldbreytingar hjá lánastofnunum og samið um greiðslu meðlaga hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Sá liður, sem reynist mönnum oft erfiður við að glíma og semja um, eru barnsmeðlög. Oft er um að ræða menn, sem í gegnum óreglu og fjármálaerfiðleika eða af því að langvinn veikindi hafa steðjað að, eru með uppsöfnuð meðlög fyrir marga mánuði og jafnvel ár.

Árið 1987 var gerð sú breyting á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga að heimilt er að fella niður dráttarvexti af meðlagsskuld ef viðkomandi býr við erfiðar félagslegar aðstæður. Samt sem áður eru menn með það mikla skuld í höfuðstól að niðurfelling dráttarvaxta hrekkur ekki til.

Og hvað gera þessir einstaklingar ef þeir sjá ekki fram á að geta greitt sín meðlög? Þeir vinna yfirleitt vinnu þar sem ekki eru dregin af þeim gjöld, þar tapast ekki bara meðlagsgreiðslur heldur einnig önnur opinber gjöld. Þeir fara úr landi og missa þar með tengsl við börn sín og eru flóttamenn í þeim skilningi að þeir ráða ekki við að stofna heimili eða starfa með eðlilegum hætti og yfirgefa oft land sitt þess vegna. Það sem er þó alvarlegast er að þeir missa móðinn og við tekur endurtekin óregla og innlagnir á meðferðarstofnanir og síðar leita þeir á náðir félagsmálastofnunar bæjarfélags síns.

Sþ. 761. Tillaga til þingsályktunar [424. mál]

um endurskoðun V. kafla vegalaga.

Flm.: Eiður Guðnason, Skúli Alexandersson, Friðjón Þórðarson, Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta fram fara endurskoðun á V. kafla vegalaga, nr. 6 frá 25. mars 1977, um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum og þeim reglugerðum er gefnar hafa verið út samkvæmt þeim kafla laganna.

Greinargerð.

Núverandi vegalög eru að stofni til frá 1962, enda þótt lögin hafi verið endurskoðuð 1977. Kaflinn um þjóðvegi í þéttbýli í núverandi lögum er nánast óbreyttur frá árinu 1962. Á tæpum þrjátíu árum hafa aðstæður allar og umferð tekið miklum breytingum og er því tímabært og nauðsynlegt að endurskoða þennan kafla laganna sérstaklega, svo og ekki síður þær reglugerðir sem á honum hvíla. Því er þessi tillaga flutt.

Sþ. 762. Svar [362. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Jóns Kristjánssonar um lagningu háspennulínu frá Fljótsdal til Norðurlands.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig var háttað undirbúningi ákvarðanatöku um hönnun háspennulínu frá væntanlegri Fljótsdalsvirkjun til Eyjafjarðar, og samráði við Náttúruverndarráð og nátt-*

úruverndarsamtök þeirra landshluta sem línan liggur um, vegna þessarar framkvæmdar?
2. *Eru uppi áform hjá Landsvirkjun um að endurskoða ákvörðun um línustæði sunnan Herðubreiðar?*
3. *Hver er kostnaðarmunur á lagningu háspennulínu sunnan Herðubreiðar eða á línustæði norðar sem næst núverandi byggðalínu?*
4. *Hvað er lagning vega áætlaður stór hluti af kostnaði við línulögnina?*

1. Fyrstu hugmyndir að línuleið frá fyrirhugaðri Fljótsdalsvirkjun til Akureyrar er að finna í skýrslu raflínunefndar, fjórðu framvinduskýrslu, dagsettri í nóvember 1985. Á fundi raflínunefndar í ársbyrjun 1979 er rædd hugmynd að þessari línuleið. Í nefndinni, sem skipuð var af iðnaðarráðherra, eiga sæti fulltrúar frá Orkustofnun, Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins og Veðurstofu Íslands.

Tillaga raflínunefndar gerir ráð fyrir að línan liggi frá fyrirhuguðu stjórnhúsi virkjunarinnar í Norðurdal inn af Fljótsdal niður dalinn að Bessastöðum, þveri Fljótsdalsheiði og fari yfir Jökulsá á Brú nokkuð neðan við Eiríksstaði í Jökuldal. Línunni var síðan ætlað að liggja rétt sunnan Þríhyrningsvatns um Ytramynni og þvera Kreppu við Þorlákslindir, liggja sunnan Herðubreiðar og Kollóttudyngju um Ódáðahraun og Suðurárhraun og norður Bárðardal að vestanverðu. Línunni var síðan ætlað að liggja um Hellugnúpsskarð og þaðan að fylgja Kröflulínu 1 og liggja henni samsíða eftir endilöngum Fnjóskadal í Bíldsárskarð. Frá Bíldsárskarði vestanverðu var línunni ætlað að liggja til suðurs ofan við byggð í Kaupangshverfi suður fyrir Garðsá og þvera Eyjafjörð og Eyjafjarðará á móts við fjárrétt sveitarinnar. Línan lægi síðan ofan við Kjarnaskóg og færi sem leið liggur í tengivirki Landsvirkjunar að Rangárvöllum við Akureyri. Línuleið sú, sem lýst er hér að framan, var kynnt Náttúruverndarráði á fundi í febrúar 1983.

Í fimmtu framvinduskýrslu raflínunefndar dagsettri í febrúar 1990 er sama línuleið sýnd frá Fljótsdalsvirkjun vestur í Bárðardal.

Skýrslur raflínunefndar eru opinber gögn og hefur þeim verið dreift til fjölmargra aðila sem beint eða óbeint hafa hagsmuna að gæta varðandi lagningu háspennulína.

Eftir að ákveðið var á árinu 1989 að hefja undirbúning að byggingu Fljótsdalsvirkjunar vegna orkuöflunar fyrir nýtt álver hefur Landsvirkjun unnið að enn frekari athugun á þessari línuleið jafnframt því sem aðrar línuleiðir voru kannaðar.

Náttúruverndarráði voru kynntar áætlanir Landsvirkjunar og síðla sumars 1989 var farinn leiðangur eftir umræddri línuleið. Í honum tóku þátt starfsmenn Landsvirkjunar og verkfræðilegir ráðgjafar fyrirtækisins auk starfsmanns Náttúruverndarráðs.

Allnokkrar breytingar voru gerðar á línuleiðinni í þessum leiðangri sem leiddi til þeirrar niðurstöðu um legu línunnar sem með formlegum hætti var send Náttúruverndarráði til umsagnar með bréfi Landsvirkjunar dagsettu 5. desember 1989. Jákvæð umsögn ráðsins barst Landsvirkjun með bréfi dagsettu 10. janúar 1990. Á meðfylgjandi skjali er nákvæm lýsing á þeirri leið sem endanlega varð fyrir valinu.

Tekið skal fram að Landsvirkjun kynnti í júlí 1989 hugmyndir að línuleiðinni forsvarsmönnum þeirra sveitarfélaga sem hlut áttu að máli auk viðkomandi landeigenda. Þá gekkst Landsvirkjun fyrir kynningu á Fljótsdalslínu 1 á almennum borgarafundum í Valaskjálf á Egilsstöðum, Skjólbrekku í Mývatnssveit og í Freyvangi í Eyjafjarðarsveit í janúar og febrúar á þessu ári.

Þeir aðilar sem Landsvirkjun hefur haft samráð við vegna málsins eru Náttúruvernd-

arráð, Skipulag ríkisins og viðkomandi landeigendur og sveitarstjórnir og hafa samskipti verið með þeim hætti sem að framan er lýst.

Landsvirkjun hefur með bréfi dagsettu 20. desember 1990 farið þess á leit við Skipulag ríkisins að það hlutist til um að línuleiðin verði auglýst í samræmi við skipulagslög og leiðin verði staðfest sem skipulag.

Landsvirkjun hefur ekki kynnt náttúruverndarsamtökum í einstökum landshlutum þessa línuleið, enda talið það hlutverk Náttúruverndarráðs að standa fyrir slíkri kynningu.

2. Landsvirkjun hefur haft að leiðarljósi að velja Fljótsdalslínu sem bestu leið frá Fljótsdalsvirkjun til Akureyrar og í því sambandi haft til margvíslegrar athugunar ýmsa þætti sem varða öryggi línunnar, svo sem ísingu, legu í landi, eldgosahættu auk ýmissa hagvæmnisatriða, svo sem kostnað og áhrifa á gróður. Þá hefur Landsvirkjun með eðlilegum hætti haft samráð við þá aðila sem lögum samkvæmt ber að hafa samráð við.

Með hliðsjón af framansögðu mun Landsvirkjun ekki hafa frumkvæði að endurskoðun á línuleiðinni.

3. Yrði Fljótsdalslínu 1 valin leið meðfram byggðalínu frá Fljótsdalsvirkjun um Fljótsdalsheiði og Jökuldalsheiði um Mývatnssveit að Hellugnúpsskarði lengist línan um 8 kílómetra.

Þar að auki hefði þessi breyting það í för með sér að Búrfellslína 4 (Sprengisandslína) mundi lengjast um 23 kílómetra (frá Svartárkoti norður Bárðardal að Sunnuhvoli) að nýju tengivirkisstæði Fljótsdalslínu 1 og Búrfellslínu 4 á móts við Sunnuhvol. Þessi lenging beggja línanna mundi auka kostnað um 450 millj. kr. miðað við óbreytta leið Fljótsdalslínu 1 sunnan Herðubreiðar.

4. Kostnaður við lagningu vegslóða meðfram Fljótsdalslínu 1 er áætlaður 10–15% af heildarkostnaði við línuna eða um 300–400 millj. kr.

Kostnaðartölur í þessari greinargerð eru á verðlagi í desember 1990.

Fylgiskjal.

Fljótsdalslína 1.

220 kV háspennulína.
Fljótsdalsvirkjun – Rangárvellir Akureyri.
Leiðarlýsing.

Línunni er ætlað að liggja frá aðkomugangamunna Fljótsdalsvirkjunar inn undir Teigsbjargi í Norðurdal. Þaðan upp á bjargbrún Teigsbjargs og síðan norðvestur yfir Fljótsdalsheiði fyrir norðan Gilsárvötn og Eyvindarfjöll. Línan kæmi niður í Jökuldal nærri ármótum Hölknár og Jökulsár á Brú og þverar þá síðarnefndu skammt austan Brúar. Þaðan lægi hún upp á Fiskidalsháls norðan Brúar með stefnu fyrir sunnan Þríhyrning og

sveigir þar til suðvesturs um Fremramynni og þverar Kreppu og Jökulsá á Fjöllum skammt sunnan Kreppubrúar. Þaðan lægi línan rétt sunnan Herðubreiðartagla, sveigði þar til norðvesturs fyrir norðan Vikrafell, færi syðst í rótum Svörtudyngju norðan við Stórukistu og um Fjárhóla. Línan lægi um Útbruna og Frambruna sunnan Suðurárbotna og um Suðurárhraun. Þar sveigði línan til norðurs, þveraði Suðurá suðvestan við Svartárkot, færi austan í Háutungum, þveraði Svartá austan við Svartárgil með stefnu fyrir ofan Bjarnastaði og Rauðafell. Þaðan sveigði línan vestur fyrir Kálfborgarárfell og austan við Brunnvatn og Brunnfell og sveigði síðan til vesturs um 2 km fyrir norðan Brunnfell. Þar mundi línan þvera Bárðardal norðan við Sunnuhvol og sunnan við Hlíðskóga um Vallafjall og kæmi að Kröflulínu 1 í Hellugnúpsskarði. Línan lægi sunnan og vestan við, samsíða Kröflulínu 1 um Fnjóskadal allt í Bíldsárskarð. Þar þveraði hún Kröflulínu 1 og lægi norðan við hana á um tveggja kílómetra kafla, en færi síðan suður fyrir hana á ný. Þegar hún kæmi vestur úr Bíldsárskarði sveigði línan frá Kröflulínu 1 til suðurs og lægi í brekkurótum fyrir ofan Brekku, Hjarðarhaga og Syðrahól og færi yfir Þverá á milli bæjanna Garðsár og Syðra-Hóls og kæmi þar saman á einni staurastæðu við Búrfellslínu 4 (Sprengisandslínu). Línurnar lægju síðan saman til norðvesturs rétt norðan Þverár yfir Eyjafjarðará skammt norðan við hitaveitulögnina. Línurnar færu upp á hjallana norðan við Vagla og ofan við Kjarnaskóg, vestan við Miðhúsaklappir og ásamt fleiri línum að aðveitustöð við Rangárvelli á Akureyri.

Ed. 763. Nefndarálit [370. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Fyrsti minni hl. nefndarinnar telur að eftirtalin atriði mæli gegn því að frumvarp þetta verði samþykkt:

1. Engin efni standa til þess að úthluta bolfisksaflaheimildum til annarra skipa en þeirra sem hafa aflað sér þeirra með reynslu. Það er fráleitt að ætla að leysa núverandi vanda loðnuskipa með því að úthluta þeim aflaheimildum úr öðrum fiskstofnum, þorski eða öðrum bolfiski. Gegn þeirri aðgerð mælir og að aflamark af þorski hefur verið skert um tæp 24% frá árinu 1987 og við blasir enn stórkostlegri skerðing, jafnvel 40–50%, á næsta og næstu fiskveiðiárum. Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar um aflahorfur 1991 segir á bls. 11 þar sem fjallað er um þorskinn:

„Ef veidd verða 350 þús. tonn árin 1991 og 1992 mun veiðistofninn minnka úr 850 þús. tonnum í ársbyrjun 1991 í 630 þús. tonn í ársbyrjun 1993 og hrygningarstofn um 140 þús. tonn. Veiðidánarstuðlar munu fara hækkandi og árgangar endast illa, enda afli 40–50% af stofnstærð. Verði aflinn takmarkaður við 300 þús. tonn mun veiðistofn minnka um 100 þús. tonn og hrygningarstofn um 70 þús. tonn. *Við 250 þús. tonna afla á ári mun veiðistofn og hrygningarstofn nánast standa í stað næstu tvö árin. Fjórði kosturinn, 200 þús. tonna afli á ári, yrði til þess að veiðistofn og hrygningarstofn stækkuðu allnokkuð næstu árin. Veiðidánarstuðlar yrðu verulega lægri.*"

Vandi útgerða, sem stunda þorskveiðar, er því nægur fyrir og á þann vanda er ekki bætandi, hvorki í dag eða á næstu missirum, með því að færa núverandi eða væntanleg-

ar aflaheimildir þeirra til óskyldra útgerða. Þar breytir engu um hvort þeim aflaheimildum verður ráðstafað skv. 9. gr. laga um stjórn fiskveiða eða samkvæmt þeirri aðferð sem lögð er til með þessu frumvarpi, þ.e. að taka svokallaðar aflaheimildir Hagræðingarsjóðs og úthluta þeim í þessum tilgangi. Í báðum tilfellum væri verið að taka væntanlegan afla frá bolfiskveiðiskipum með „flötum niðurskurði“ og færa hann til loðnuskipanna.

2. Takmörkun loðnuveiði í ár hefur valdið erfiðleikum í útgerð loðnuveiðiskipa. Erfiðleikar eru líka hjá sjómönnum á loðnuskipunum og verkafólki, sveitarfélögum, loðnuverksmiðjum, hafnarsjóðum, netaverkstæðum, verslunum og ýmsum þjónustustofnunum í byggðunum þar sem loðna hefur verið tekin til vinnslu.

Mjög óljósar upplýsingar liggja fyrir um hvernig á að leysa vanda þessara aðila, annarra en útgerða loðnuskipa, og sumir alls ekki nefndir á nafn, t.d. hafnarsjóðir, í umfjöllun stjórnvalda. Ef bæta á áfall eins og aflabrest með samfélagslegri aðgerð, eins og lagt er til með þessu frumvarpi, er óeðlilegt og ranglátt að taka þar aðeins einn þátt og bæta þar skaða, en skilja eftir aðra án bóta jafnvel þótt tjón þeirra sé meira.

3. Með 1. gr. frumvarpsins er lagt til að sjávarútvegsráðherra verði heimilt að úthluta allt að 8.000 þorskígildislestum af veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins til loðnuveiðiskipa og þar með að gera sjóðinn að aflatryggingarsjóði fyrir útgerð þessara skipa.

Í nefndaráliti Stefáns Guðmundssonar, formanns sjávarútvegsnefndar, og Jóhanns Einvarðssonar um frumvarp til laga um Úreldingarsjóð fiskiskipa, sem þeir félagar lögðu fram í efri deild 30. apríl 1990, segir m.a. um hlutverk Hagræðingarsjóðs:

„Varðandi aukið hlutverk sjóðsins leggur 1. minni hl. til að gerðar verði breytingar á 1. gr. og að bætt verði inn nýrri grein á eftir 7. gr. Gert er ráð fyrir að nafni sjóðsins verði breytt úr „Úreldingarsjóður fiskiskipa“ í „Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins“ og honum fengið það tvíþætta hlutverk að stuðla að fækkun fiskiskipa og koma til aðstoðar í byggðarlögum sem höllum fæti standa vegna sölu fiskiskips eða fiskiskipa þaðan. Skilyrði fyrir aðstoð sjóðsins verði þó bundið við að sala skipa úr byggðarlaginu leiði til fyrirsjáanlegrar fækkunar starfa og að byggðarröskun sé yfirvofandi af þeim sökum. Allt að helming þeirra veiðiheimilda, sem gerð er tillaga um að sjóðurinn fái úthlutað, geti sveitarstjórnir fengið til ráðstöfunar þar sem þær aðstæður hafa skapast sem réttlæta aðstoð af hálfu sjóðsins, enda hafi bæði Byggðastofnun og stjórn Hagræðingarsjóðs samþykkt aðstoðina. Með þessu ákvæði er tryggt að slík aðstoð fái ítarlega umfjöllun. Úthlutun veiðiheimilda í þessu skyni verði bundin við að aflanum verði landað til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi. Stjórn Hagræðingarsjóðs skal ákveða verð fyrir slíkar veiðiheimildir er taki mið af gangverði sambærilegra heimilda á hverjum tíma með sama hætti og við á um þann hluta veiðiheimilda sjóðsins sem fiskiskip fá árlega forkaupsrétt á. Nýti sveitarstjórnir ekki slíkan ráðstöfunarrétt verða heimildirnar boðnar út til skipa gegn sömu skilyrðum um ráðstöfun aflans, þ.e. að honum verði landað til vinnslu í því byggðarlagi sem aðstoð hefur verið samþykkt við. Fáist hins vegar ekkert skip til veiðanna er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða lægra endurgjald eða fella það niður. Ólíklegt er hins vegar að ætla að slík staða komi upp þar sem fiskiskipaflotinn er það afkastamikill að fremur auðvelt ætti að vera að fá skip til veiðanna.“

Síðastliðið vor settu nokkrir alþingismenn það sem skilyrði fyrir samþykkt sinni á frumvarpinu um stjórn fiskveiða að frumvarp um Hagræðingarsjóðinn yrði að lögum og hlutverk sjóðsins yrði á þann hátt sem fram kemur í áðurnefndu nefndaráliti.

Því var lofað að gengið yrði vel frá því hvernig ráðstafa mætti úr sjóðnum væntan-

legum veiðiheimildum, þar sett ýmis skilyrði og enn fremur að stjórn Byggðastofnunar og stjórn Hagræðingarsjóðs skyldu samþykkja ef um aðstoð yrði að ræða.

Með þessu frumvarpi er lagt til að með lagabreytingu eigi nú að ganga yfir öll þessi skilyrði og loforð.

Fyrsti minni hl. leggur því til að frumvarpinu verði breytt og í stað 1. gr. komi ný grein um að stofnaður verði viðlagasjóður loðnuútgerðar. Hans hlutverk verði að bæta afkomu loðnuútgerðar vegna aflabrests o.fl.

Á eftir 1. gr. er lagt til að komi þrjár nýjar greinar sem fjalla um starfsemi viðlagasjóðs loðnuútgerðar.

Þá er tillaga 1. minni hl. sú að á eftir 2. gr. frumvarpsins bætist tvær nýjar greinar:

Í fyrsta lagi um að ríkissjóði verði heimilt að ábyrgjast lán sem viðlagasjóður loðnuútgerðar taki til að endurlána útgerðum loðnuveiðiskipa. Upphæð lánsins yrði jafngildi markaðsverðs 8.000 þorskígildislesta. Og í öðru lagi um það að aflaheimildum Hagræðingarsjóðs verði á yfirstandandi fiskveiðiári aðeins varið til eflingar fiskvinnslu í þeim byggðarlögum sem höllum fæti standa.

Síðan er lagt til að fyrirsögn frumvarpsins verði breytt til samræmis við þetta og að sjávarútvegsráðherra leggi fram frumvarp á Alþingi haustið 1991 um viðlagasjóð loðnuútgerðar.

Með þessum breytingartillögum er útgerðum loðnuskipa boðið upp á lausn á þeirra vanda á svipaðan hátt og ríkisstjórnin telur að leysa eigi vanda annarra aðila í þjóðfélaginu, þeirra er orðið hafa fyrir tekjuskerðingu vegna takmarkana á loðnuveiðum.

Ef breytingartillaga 1. minni hl. við 1. gr. frumvarpsins verður felld koma til afgreiðslu tvær aðrar tillögur, breytingartillaga við 1. gr. um að helmingi aflaheimilda samkvæmt greininni skuli skipta milli þeirra sveitarfélaga sem verða fyrir beinum tekjumissi vegna loðnuaflabrestsins og að á eftir 1. gr. komi ný grein um að aflaheimildir skv. 1. gr. verði ekki framseljanlegar nema með samþykki stéttarfélags sjómanna á útgerðarstað loðnuskips.

Þessar tillögur eru því varatillögur og verða kallaðar aftur að samþykktri aðaltillögunni við 1. gr. Þær eru bornar fram til að freista þess að verða við tilmælum flestra viðmælenda nefndarinnar um að reyna að bæta hag annarra aðila sem orðið hafa fyrir tekjutapi vegna loðnubrestsins, annarra en útgerða loðnuskipa. Margrét Frímannsdóttir er meðflutningsmaður undirritaðra að breytingartillögunum. Nefndin hefur fengið í hendur álit margra félaga og samtaka og fulltrúar annarra hafa komið á fund hennar. Margir eru mjög mótfallnir frumvarpinu og þó sérstaklega 1. gr. þess, aðrir mæla með samþykkt þess, en þá mjög skilyrtri í flestum tilfellum.

Með nefndaráliti þessu fylgja sem fylgiskjal nokkrar umsagnanna sem þingmönnum og nefndinni hafa borist um frumvarpið.

Alþingi, 28. febr. 1991.

Skúli Alexandersson, frsm. Karvel Pálmason.

Fylgiskjal.

Umsagnir um frumvarpið.

Útvegsmannafélag Snæfellsness:
(16. janúar 1991.)

Útvegsmannafélag Snæfellsness mótmælir harðlega þeim umræðum, sem átt hafa sér stað, um að skerða beri botnfisksaflamark skipa, annarra en loðnubáta, vegna aflabrests á loðnu. Hér á Snæfellsnesi eru til bátar sem eru með aflaheimildir til aðeins eins mánaðar veiði í meðalári. Þess vegna sé það með öllu óskiljanlegt að það sé hægt að skerða þessa báta og aðra meira en gert hefur verið.

Á síðustu loðnuvertíð voru margir aðilar sem töldu að það væri verið að ofveiða loðnustofninn. Einnig að á haustvertíðum hefur verið mikið veitt af smáloðnu. Vilja útvegsmenn á Snæfellsnesi taka fram að ef núverandi kvótakerfi eigi að vera við lýði þá verði útgerðar- og sjómenn að vera ábyrgir fyrir sínum gjörðum. Það sé ekki hægt að ofveiða einn stofn og ætlast til síðan að fá að ganga inn í veiðar á öðrum stofnum sem þegar eru taldir ofveiddir.

Bæjarráð Ólafsvíkurkaupstaðar:

Bæjarráð Ólafsvíkur mótmælir eindregið hugmyndum stjórnvalda um skerðingu á aflakvóta fiskiskipa og tilflutning á honum til loðnuskipa og lýsir sig andvígt öllum umræðum í þá veru.

Ólafsvíkurkaupstaður, sem og önnur sveitarfélög á Snæfellsnesi, hefur mátt búa við það hin síðari ár að aflakvóti fiskiskipa hefur verið skertur ár frá ári. Þetta hefur haft mikil áhrif á atvinnulíf í Ólafsvík, líkt og í öðrum sveitarfélögum, því þorskur hefur verið yfir níutíu af hundraði alls afla sem á land berst í Ólafsvík. Loðnuskipaútgerð er ekki í Ólafsvík né heldur öðrum sveitarfélögum á Snæfellsnesi og einu merkjanlegu áhrif loðnu á atvinnulíf eru loðnugöngur upp að Snæfellsnesi sem draga botnfisk að, en slíkar göngur hafa þó farið mjög svo minnkandi hin síðustu ár.

Bæjarráð Ólafsvíkur telur að með því að færa hluta botnfiskskvóta af fiskiskipum yfir á loðnuskip sé aðeins verið að færa vandann yfir á aðila sem fyrir eigi við ærinn vanda að stríða. Aukin skerðing, til viðbótar þeirri sem þegar er orðin, gæti kippt rekstrargrundvelli undan útgerð mikils hluta fiskiskipa sem aftur kæmi til með að hafa gífurleg áhrif á tilvist Ólafsvíkur og búsetu fólks hér.

Bæjarstjórn Bolungarvíkur, bæjarráð Siglufjarðar, bæjarstjórinn á Akureyri og hreppsnefndir Raufarhafnar og Þórshafnar:
(25. janúar 1991.)

Vegna umræðna um ástand loðnustofnsins og hugsanlegar aðgerðir stjórnvalda vegna þess vilja bæjarstjórn Bolungarvíkur, bæjarráð Siglufjarðar, bæjarstjórinn á Akureyri og hreppsnefndir Raufarhafnar og Þórshafnar benda á að þau sveitarfélög þar sem loðna hefur verið unnin og íbúar þar verða hvað harðast úti vegna yfirvofandi aflabrests á loðnu. Loðnuverksmiðjur, landverkafólk og sveitasjóðir í viðkomandi byggðarlögum eru því hagsmunaaðilar sem taka þarf fullt tillit til við hugsanlegar aðgerðir ríkisvaldsins vegna þessa máls.

Í mörgum tilfellum mundi tilfærsla botnfiskskvóta til loðnuflotans auka vanda landverkafólks og sveitarfélaga á landsbyggðinni, nema til kæmu skýr ákvæði um löndun aflans í viðkomandi byggðum. Vegna hugmynda um tilfærslu úr Hagræðingarsjóði til loðnuflotans er rétt að ítreka að hlutverk sjóðsins átti að vera að taka á vandamálum sem upp kæmu á einstökum stöðum, m.a. með tilliti til byggðarþróunar. Þetta þarf að hafa í huga við úthlutanir úr sjóðnum og því nauðsynlegt að binda þær skilyrðum um hvar aflinn komi til vinnslu. Þau byggðarlög sem unnið hafa úr loðnunni hljóta að hafa þar forgang.

Við tökum heils hugar undir það að bæta þarf loðnuskipum tjón þeirra eins og unnt er, en jafnframt því verður að leysa vanda hagsmunaaðila í landi. Loðnubrestur er vandamál sem allir landsmenn verða að takast á við sameiginlega. Það er ekki sanngjarnt að reikna með því að botnfiskveiðar og vinnsla taki á sig jafn stóran hluta vandans og fram hefur komið í hugmyndum um kvótatilfærslur.

Í þessu sambandi má minna á að árið 1981, er aðstæður voru svipaðar og nú, var leitast við að aðstoða loðnuverksmiðjur eftir megni til að komast hjá fjöldaatvinnuleysi. Við skorum á stjórnvöld að huga að vanda hagsmunaaðila í landi um leið og leitast er við að létta undir með útgerð og sjómönnum og ítrekum að um er að ræða vandamál sem öll þjóðin verður að leysa í sameiningu.

Hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis:
(21. janúar 1991.)

Hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis mótmælir harðlega öllum umræðum og hugmyndum um að skerða bolfiskveiðiheimildir fiskiskipa með því að færa hluta af veiðiheimildum þeirra yfir á loðnuskip vegna stöðvunar á loðnuveiðum.

Undanfarin ár hafa bolfiskveiðiheimildir verið skertar og er nú svo komið að fjölmörg fiskiskip skortir hreinlega rekstrargrundvöll vegna þess hve veiðiheimildir þeirra eru orðnar litlar. Þá bendir hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis á að vegna breytinga á fiskveiðiári verður skerðing bolfiskveiðiheimildar á þessu svæði meiri á árinu 1991 en réttlátt er sé miðað við undanfarin ár.

Í þeim sveitarfélögum þar sem hefðbundnar fiskveiðar eru uppistaða atvinnulífs, eins og er í Neshreppi, hafa atvinnutekjur íbúa farið lækkandi undanfarin ár og má rekja þá þróun að mestu til skerðingar á veiðiheimildum hinna hefðbundnu vertíðarbáta.

Með þeirri skerðingu, sem nú þegar er orðin á veiðiheimildum fiskiskipa og báta frá Neshreppi, hefur afkoma sveitarfélagsins og íbúa þess versnað verulega. Frekari skerð-

ing mundi leiða af sér verulega röskun búsetu fólks í sveitarfélaginu sem og í öðrum sveitarfélögum sem líkt er ástatt hjá.

Hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis varar því stjórnvöld alvarlega við því að sú leið verði farin til bjargar loðnuskipaflotanum að skerða frekar þorskveiðiheimildir hefðbundinna vertíðarbáta. Hreppsnefnd bendir á að atvinna af loðnuveiðum er ekki í Neshreppi né í öðrum sveitarfélögum á Snæfellsnesi og að atvinna byggist alfarið á afla hinna hefðbundnu vertíðarbáta.

Hreppsnefnd Eyrarsveitar og Verkalýðsfélagið Stjarnan, Grundarfirði:

Grundfirðingar mótmæla harðlega þeim hugmyndum, sem fram hafa komið, um að bæta loðnuskipum upp samdrátt í loðnuveiðum með því að færa þeim þorskveiðiheimildir og skora á sjávarútvegsráðherra að láta slíkar hugmyndir að engu verða.

Aflaheimildir Grundarfjarðarbáta hafa verið skertar árlega undanfarin ár og er nú svo komið að aflakvóti margra útgerða getur vart staðið undir rekstri þeirra. Enn frekari skerðing á aflaheimildum nú rýrir verulega afkomumöguleika atvinnufyrirtækja og einstaklinga í Grundarfirði. Með slíkum tilfærslum aflaheimilda, sem hér um ræðir, væri enn einum áfanganum náð í þá veru að afmá byggðir í sjávarþorpum víða umhverfis landið.

Grundfirðingar benda á að engin loðnuskip eru gerð út frá Snæfellsnesi og tilfærslur á þorskveiðiheimildum yfir á loðnuskip gera það að verkum að þorskkvóti væri eingöngu færður burt af svæðinu, við slíkt verður ekki unað.

Þá vara Grundfirðingar við hugmyndum um að Hagræðingarsjóður verði notaður í þessu sambandi, þar sem það er skilningur Grundfirðinga að Hagræðingarsjóður eigi að koma til ef bæta þarf úr vanda einstakra byggðarlaga sökum kvótataps. Í þessu tilviki, sem hér um ræðir, virðist tilgangurinn fyrst og fremst sá að gæta hagsmuna einstakra útgerða loðnuskipa.

Hreppsráð Patrekshrepps og Verkalýðsfélag Patreksfjarðar:
(26. febrúar 1991.)

Hreppsráð Patrekshrepps mótmælir eindregið þeim hugmyndum um að skerða bolfiskveiðiheimildir fiskiskipa með því að færa hluta af veiðiheimildum þeirra yfir á loðnuskip vegna stöðvunar á loðnuveiðum.

Undanfarin ár hafa bolfiskveiðiheimildir fiskiskipa verið skertar svo til á hverju ári. Nú er svo komið að fjölmörg fiskiskip skortir rekstrargrundvöll vegna þess hve veiðiheimildir eru orðnar litlar. Tekjur fólks sem hefur atvinnu af fiskveiðum og úrvinnslu fiskafurða hafa á undanförnum árum dregist saman vegna þeirrar skerðingar sem fiskiskip hafa orðið fyrir. Í sjávarplássum á sunnanverðum Vestfjörðum hefur orðið vart þessarar þróunar, þar sem íbúum á þessu svæði hefur fækkað nær árvisst vegna lækkandi tekna og ótryggs atvinnuástands.

Með þeirri ákvörðun að færa hluta af veiðiheimildum fiskiskipa yfir á loðnuskip er enn verið að rýra kjör þess fólks sem hefur aðalatvinnu af veiðum og vinnslu á bolfiski. Öllum sem stunda fiskveiðar má það ljóst vera að hér er um áhætturekstur að ræða, og verð-

ur hver og einn, sem þennan atvinnurekstur stundar, að búa sig undir að geta mætt áföllum í rekstri vegna aflasamdráttar. Patreksfirðingar eru óðum að reisa við atvinnulíf staðarins eftir alvarleg áföll undangenginna ára. Með skerðingu á aflaheimild er ekki annað séð en að verið sé að binda enda á það uppbyggingarstarf sem nú er í gangi.

Hreppsráð Patrekshrepps mótmælir harðlega þeim hugmyndum, sem uppi eru, um að Hagræðingarsjóður verði notaður í þeim tilgangi að flytja þorskveiðiheimildir til loðnuskipa. Hlutverk Hagræðingarsjóðs var frá upphafi að bæta einstökum byggðarlögum upp kvótatap, hér er ekki um slíkt að ræða, heldur er verið að bjarga útgerð einstakra loðnuskipa.

Sjómannasamband Íslands:

Á fundi framkvæmdastjórnar Sjómannasambands Íslands 23. janúar 1991 var eftirfarandi ályktun samþykkt:

„Stjórn Sjómannasambands Íslands gerir þá þröfu að loðnusjómönnum verði bættur tekjumissir vegna aflabrests á loðnu með því að loðnuskipum verði úthlutað veiðiheimildum á öðrum tegundum.

Stjórnin leggur áherslu á að þær aflabætur, sem loðnuskipin kunna að fá vegna þessa, verði ekki síður til að bæta sjómönnum á viðkomandi skipum tekjumissi og koma í veg fyrir atvinnuleysi en að bæta útgerðum tekjutap. Því leggur stjórn Sjómannasambands Íslands áherslu á að komi til aflabóta vegna brests á loðnuveiðum verði útgerð viðkomandi skipa skilyrðislaust óheimilt að selja þær aflabætur frá skipinu."

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Sjómannasamband Íslands:

Fundur loðnusjómanna á vegum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands, haldinn 28. janúar 1991 að Borgartúni 18, skorar á sjávarútvegsráðherra að leyfa loðnuveiðar þegar í stað.

Jafnframt mótmælir fundurinn harðlega að fyrirhugaðar aflabætur til loðnuskipa verði framseljanlegar. Þó styður fundurinn að heimilt verði að skipta aflabótum milli tegunda.

Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps:
(20. febrúar 1991.)

Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps vill koma á framfæri mótmælum við því að í frumvarpi sjávarútvegsráðherra til laga um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum skuli einungis tekið á vanda loðnuflotans.

Þrátt fyrir fyrirliggjandi upplýsingar um áhrif loðnubrestsins á rekstur loðnuverksmiðja og afkomu einstakra sveitarfélaga og íbúa þeirra verður ekki annað séð en sá skaði megi liggja óbættur samkvæmt frumvarpinu.

Tekjumissir loðnuflotans skal ekki vanmetinn, en sú spurning hlýtur að vakna hvort tekjumissir þeirra sveitarfélaga, sem rétt ættu að eiga í Hagræðingarsjóði, hafi verið metinn, og ef ekki — hvers vegna? Nú er það væntanlega svo að einhver þeirra sveitarfé-

laga eru þau sömu og nú verða hvað harðast úti vegna loðnubrestsins.

Sú stefnumótun, sem fram kemur í frumvarpinu, um það að taka eigi mið af afla skipa af loðnu á haustvertíðinni við fyrirhugaða úthlutun úr Hagræðingarsjóði verður vart skilin á annan veg en þann að það sé stefnan að draga sem mest úr loðnuveiðum á haustin og færa veiðarnar fram yfir áramót. Sú þróun hefði augljósar afleiðingar í för með sér fyrir loðnuvinnslu norðan lands. Slík stefnumótun gengur einnig í berhögg við hámarksafrakstur loðnustofnsins þar sem loðnan er einna afurðamest á haustin og því skynsamlegt að veiða hana á þeim tíma.

Þótt það sé tekið fram í athugasemdum með frumvarpinu að hér sé einungis um tímabundna ráðstöfun að ræða er það alveg ljóst að hún hefur verulegt fordæmisgildi — fordæmisgildi sem gæti þýtt að í hvert sinn sem áföll verða í sérveiðum af einhverju tagi sé sjálfgefið að ganga í Hagræðingarsjóð sem þá næði væntanlega aldrei að sinna því hlutverki sem löggjafinn ætlaði honum.

Ekki verður séð að það ætti að vera frekari vandkvæðum bundið að leyfisbinda loðnuvinnslu en veiðar eins og látið er að liggja í athugasemdum með frumvarpinu. Það sem þarf er opinber stefnumótun í fiskvinnslumálum í landinu, það er ekki nóg að hafa fiskveiðistefnu eina og sér. Réttur þeirra fyrirtækja, fólks og byggðarlaga, sem hafa lífsviðurværi sitt af vinnslu sjávarafla, hlýtur að vera jafn mikill og þeirra sem draga fiskinn úr sjó.

Um það geta verið skiptar skoðanir hvort framkvæmanlegt sé að skilyrða löndun á þeim afla sem loðnuflotinn fær í bætur vegna loðnubrestsins. Það breytir hins vegar engu um það réttlætismál að þau byggðarlög sem harðast verða úti fái með einhverjum hætti aukna hlutdeild í botnfisksaflanum. Hér skal ekki komið með allsherjarlausn á því með hverjum hætti slíkt mætti framkvæma, en á það bent að eðlilegt væri að stjórnvöld kæmu fram með tillögur í því efni, jafnhliða tillögum um lausn á vanda loðnuflotans.

Tilvísun til þess að heimamenn geti haft veruleg áhrif á það aflamagn, sem kemur til vinnslu á staðnum, með því að draga úr ferksfiskútflutningi, á ekki við nema á fáum þeim stöðum sem um er að ræða. Allra síst á þetta við um minni staðina norðan og austan lands þar sem loðnubresturinn hefur hlutfallslega mest áhrif á efnahagslíf viðkomandi byggðarlaga.

Bæjarráð Neskaupstaðar:
(20. febrúar 1991.)

Á fundi Bæjarráðs Neskaupstaðar, sem haldinn var í dag, var eftirfarandi tillaga samþykkt:

„Bæjarráð Neskaupstaðar mælir eindregið með því að frumvarp sjávarútvegsráðherra til laga um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum verði samþykkt.

Vandinn, sem við blasir, er margþættur. Hann snýr að eigendum loðnuskipa og verksmiðja, að því starfsfólki sem unnið hefur við þessa grein sjávarútvegsins og að sveitarfélögunum sem byggja að verulegu leyti afkomu sína á veiðum og vinnslu loðnu.

Bæjarráð Neskaupstaðar bendir þó á að þær ráðstafanir, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, duga hvergi nærri til að leysa vanda loðnuflotans, hvað þá til að mæta öðrum afleiðingum loðnubrestsins."

Bæjarráð Eskifjarðar:
(20. febrúar 1991.)

Eftirfarandi bókun var samþykkt í bæjarráði Eskifjarðar 20. febrúar 1991:

„Bæjarráð Eskifjarðar styður frumvarp til laga um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum, með tilliti til þess vanda sem steðjar að loðnuskipaflotanum.

Bæjarráð bendir á að engu að síður stendur vandi loðnuverksmiðja og sveitarfélaga óleystur að miklu leyti og skorar á stjórnvöld að leysa vanda þeirra sem fyrst."

Hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps:
(20. febrúar 1991.)

Hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps vill árétta það sem fram kom á fundi okkar fyrir skömmu um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum. Því gerum við eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til laga um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum.

1. Ekki verður séð að hlutur Raufarhafnar verði bættur með þessu frumvarpi því að héðan eru engin loðnuveiðiskip gerð út, en loðnuvertíðin hefur skilað byggðarlaginu og íbúum þess stórum hluta sinna tekna.
2. Fullvíst má telja að til Raufarhafnar komi ekkert af afla á núverandi loðnuvertíð. Vegna sérstöðu byggðarlagsins telur hreppsnefnd koma sterklega til greina að Raufarhöfn fengi úthlutað kvóta frá Hagræðingarsjóði.
3. Á það skal sérstaklega bent að hérna er 60% vinnuaflsins í sjávarútvegi og á síðustu 10 árum hefur íbúum fækkað um 21,6%. Það þarf því að standa vörð um þessa mikilvægu verstöð.
4. Mjög mikilvægt væri að auka fjölbreytni í atvinnulífi staðarins til að sporna við fólksflótta og draga úr áföllum af völdum aflabrests.

Í góðri trú um að sérstöðu Raufarhafnar verði mætt með velvilja og skilningi kveðjum við að sinni.

Bæjarráð Seyðisfjarðar:
(20. febrúar 1991.)

Bæjarráð Seyðisfjarðar getur fallist á að sú ráðstöfun á Hagræðingarsjóði, sem fram kemur í frumvarpinu í ár, sé réttlætanleg við núverandi aðstæður.

Bæjarráð bendir þó á að nýstofnað fiskvinnslufyrirtæki á Seyðisfirði leit á Hagræðingarsjóð sem hugsanlegan bakhjarl vegna bolfiskveiðiheimilda.

Jafnframt bendir bæjarráð á að aðrir hagsmunaaðilar í loðnuveiðum og vinnslu, þ.e. loðnuverksmiðjur, landverkafólk og sveitarfélög, fá ekki úrlausn sinna mála í þessu frumvarpi.

Bæjarráð ætlast til að einnig verði tekið á vanda þessara aðila nú þegar.

Árvakur, Eskifirði:
(25. febrúar 1991.)

Stjórn Vmf. Árvakurs, Eskifirði, skorar á Alþingi að samþykkja frumvarp sjávarútvegsráðherra um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum.

Stjórnin leggur á það áherslu að tryggt verði að þessi aðstoð skili sér til allra þeirra sjómanna sem fyrir áföllum verða vegna aflabrestsins, en ekki eingöngu til útgerða loðnuskipa og loðnuverksmiðja.

Enn fremur hvetur stjórn Vmf. Árvakurs Alþingi til að gera ráðstafanir til aðstoðar þeim sjómönnum og verkamönnum sem verða fyrir tekjutapi vegna loðnubrestsins og lenda í erfiðleikum vegna afborgana af húsnæðislánum og öðrum fjárskuldbindingum sem byggðu á spá um eðlilega veiði á þessu ári.

Ed. 764. Frumvarp til laga [425. mál]

um breyting á lögum um Hæstarétt Íslands, nr. 75 21. júní 1973, með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

1. gr.

2. gr. a., sbr. lög nr. 24/1979 og 67/1982, breytist þannig:

a. 3. málsl. 2. mgr. orðist svo: Þrír dómarar geta skipað dóm í opinberu máli ef hin almenna refsing, sem við broti liggur, er eigi þyngri en sektir, varðhald eða fangelsi allt að átta árum.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, 5. mgr., svohljóðandi:
Þrír dómarar taka ákvörðun um áfrýjunarleyfi skv. 16. og 20. gr.

2. gr.

4. tölul. 5. gr. laganna orðist svo: Hefur verið þrjú ár hið skemmsta héraðsdómari, hæstaréttarlögmaður, hæstaréttarritari, lögreglustjóri, prófessor í lögum við Háskóla Íslands, ráðuneytisstjóri, ríkissaksóknari, saksóknari, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu, sýslumaður, umboðsmaður Alþingis eða vararíkissaksóknari.

3. gr.

Í stað „7.000 krónur“ í 2. mgr. 13. gr. laganna, sbr. lög nr. 67/1982, komi: 90.000 krónur.

4. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Rétt er Hæstarétti að leyfa áfrýjun máls þó að sakarefni nemi eigi áfrýjunarfjárhæð skv. 13. gr., enda séu úrslit málsins mikilvæg frá almennu sjónarmiði eða varði sérstaklega mikilvæga hagsmuni aðila. Áður en ákvörðun er tekin um hvort slíkt leyfi skuli veita skal gefa aðilum kost á að tjá sig um málið.

5. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Ef heimilt er að áfrýja aðalmáli er og rétt að áfrýja með því aukamálum þess, svo sem úrskurðum, vitnamálum og matsmálum, svo og aðfarargerðum og uppboðsgerðum.

6. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Dómsathöfnum þeim, sem eigi sæta kæru til Hæstaréttar skv. 21. gr., má áfrýja innan þriggja mánaða frá dómsuppsögu eða lokum dómsathafnar.

Áfrýjunarleyfi í málum þeim, er í 1. mgr. segir, getur Hæstiréttur veitt næstu níu mánuði til viðbótar, enda sé slíks leyfis getið í áfrýjunarstefnu er taka skal út á næstu fjórum vikum eftir útgáfu leyfis sem annars kostar er fyrirgert. Áfrýjunarleyfi samkvæmt þessari málsgrein verða því aðeins veitt að úrslit málsins séu mikilvæg frá almennu sjónarmiði eða varði mikilvæga hagsmuni aðila. Beiðni um áfrýjunarleyfi skal vera rökstudd og gefa skal öðrum aðilum máls kost á að tjá sig áður en ákvörðun er tekin um það hvort leyfi skuli veitt.

Nú áfrýjar aðili máli og er gagnaðila rétt að gagnáfrýja á næstu fjórum vikum eftir birtingu áfrýjunarstefnu þótt áfrýjunarfrestur sé liðinn.

7. gr.

21. gr. laganna breytist þannig:

a. a-liður 2. tölul. 1. mgr. falli niður.
b. 3. tölul. 1. mgr. orðist svo: Úrskurðir fógetaréttar og fógetagerðin sjálf.
c. 4. tölul. 1. mgr. orðist svo: Úrskurðir uppboðsréttar, uppboðsgerðin sjálf og útgáfa uppboðsafsals.
d. Á eftir 1. mgr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Þær fógetagerðir, sem unnt er að skjóta til Hæstaréttar, sæta kæru eftir reglum þessara laga, þó þannig að jafnan skal fara fram munnlegur flutningur þegar fógetagerðin sjálf er kærð. Hið sama er um kæru uppboðsgerðar, svo og kæru á úrskurðum uppboðsréttar um það hverjir skuli fá uppboðsandvirði greitt og hversu mikið hver og um útgáfu uppboðsafsals. Falla má frá munnlegum flutningi þeirra kærumála sem getið er í þessari málsgrein ef dómarar þeir, sem með kærumálið fara í Hæstarétti, telja slíkan flutning óþarfan og aðilar lýsa skriflega sömu skoðun.
e. 2. mgr., sbr. lög nr. 67/1982, sem verður 3. mgr., orðist svo:

   Einnig er hverjum þeim, sem telur héraðsdómara hafa gert á hluta sinn í dómarastarfi, rétt að kæra hann fyrir Hæstarétti og getur Hæstiréttur veitt dómara áminningu eða dæmt honum að greiða sekt til ríkissjóðs.

8. gr.

Við 44. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

5. Áætlun um tíma þann sem hann ætlar að þurfi til málflutnings.

9. gr.

Við 1. mgr. 49. gr. laganna bætist: Málflytjendur skulu forðast málalengingar og beina málflutningi og upplestri úr ágripi einkum að þeim atriðum máls sem ágreiningur er um eða nauðsynlegt er að fjalla um til að varpa ljósi á ágreiningsefni.

10. gr.

2. mgr. 55. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 67/1982, orðist svo:

Alla dóma Hæstaréttar ásamt öllum ágreiningsatkvæðum, svo og héraðsdóma í sömu málum, skal birta orðrétt í dómasafni Hæstaréttar. Í stað orðrétts dóms má þó birta útdrátt úr dómi ef það er talið nægilegt til upplýsinga um málavexti og málsástæður. Hæstarétti er heimilt að setja reglur um nafnleynd. Rækileg efnisskrá skal fylgja hverju bindi hæstaréttardóma. Hæstiréttur felur einhverjum hæstaréttardómara eða öðrum hæfum manni að annast útgáfu dómasafns ásamt efnisskrá fyrir þóknun sem dómurinn ákveður.

11. gr.

Við 1. mgr. 59. gr. laganna bætist: Að sömu skilyrðum uppfylltum getur Hæstiréttur leyft áfrýjun máls sem dæmt hefur verið í héraði þótt allir áfrýjunarfrestir séu liðnir.

12. gr.

Við lögin bætist ný grein, 61. gr., svohljóðandi:

Þar sem mælt er fyrir um áfrýjun í lögum breytist það í kæru sé kæra heimil skv. 21. gr.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1991 og taka til mála sem skotið er til Hæstaréttar eftir þann tíma.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi ákvæði eftirtalinna laga að því er varðar áfrýjunarfresti og áfrýjunarleyfi:

96. gr. skiptalaga, nr. 3 12. apríl 1878,

11. gr. lögtakslaga, nr. 29 16. desember 1885,

2. mgr. 4. gr. uppboðslaga, nr. 57 25. maí 1949,

4. mgr. 50. gr. laga um nauðasamninga, nr. 19 4. júní 1924,

1. og 2. mgr. 78. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60 29. maí 1972,

1. mgr. 13. gr. laga um horfna menn, nr. 44 26. maí 1981,

svo og ákvæði allra annarra laga sem mæla fyrir um sérstaka áfrýjunarfresti og áfrýjunarleyfi, að undanskildum lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Dómarar Hæstaréttar hafa samið frumvarp þetta og haft um það samráð við réttarfarsnefnd og dómsmálaráðuneyti. Frumvarp þetta hefur það að markmiði að greiða fyrir málsmeðferð fyrir Hæstarétti með því að auka möguleika á málskoti til Hæstaréttar með kæru, flýta því að ákvörðun sé tekin um áfrýjun eftir uppkvaðningu héraðsdóms og stytta málflutning fyrir réttinum og gera hann markvissari.

Eftir setningu laga nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, er nauðsynlegt að endurskoða lög um meðferð mála fyrir héraðsdómstólum. Jafnframt er þess að vænta að gera þurfi breytingar á lögum um Hæstarétt Íslands. Sú endurskoðun er þó ekki enn tímabær. Hins vegar þykir rétt að leggja strax til breytingar þær sem í frumvarpi þessu greinir, enda brýn þörf á að stytta þann tíma sem líður frá því að mál er úrskurðað eða dæmt í héraði þar til meðferð þess hefst fyrir Hæstarétti. Þriggja mánaða áfrýjunarfresti núgildandi laga er að vísu ekki breytt en leitast er við að gera hann virk-

an. Það er gert með því að fella niður heimild dómsmálaráðherra til að veita áfrýjunarleyfi næstu sex mánuði til viðbótar án meðmæla Hæstaréttar, en segja má að sjaldan eða aldrei hafi verið neitað um slíkt leyfi. Heimildir til veitingar leyfa skv. 16. gr. og 4. mgr. 20. gr. eru hér fengnar Hæstarétti, en þessi leyfi eru samkvæmt núgildandi lögum í raun aðeins veitt mæli Hæstiréttur með því.

Þá er lagt til að lágmark áfrýjunarfjárhæðar verði fært til núverandi verðlags. Málafjöldi fyrir Hæstarétti hefur aukist mjög síðustu missirin, svo sem meðfylgjandi yfirlit sýnir. Nokkur hluti þessara mála á lítið erindi til réttarins, hagsmunir eru litlir eða ljóst að máli er eingöngu skotið til réttarins til þess að fá frest á lögmætum löngu gjaldföllnum skuldbindingum.

Við gerð frumvarpsins er að hluta stuðst við löggjöf annars staðar á Norðurlöndum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með 2. gr. laga nr. 67/1982 um breyting á lögum nr. 75/1973, um Hæstarétt, var ákveðið að þrír dómarar mættu dæma opinbert mál ef refsing við broti færi ekki fram úr sex ára fangelsi. Breyting sú, sem nú er lögð til, miðar að því að dómur þriggja dómara megi fara með brot um skjalafals. Brot um skjalafals eru mjög ólík innbyrðis, mörg þeirra eru minni háttar og einföld en önnur geta verið mjög alvarleg. Er því þörf víðs refsiramma, sbr. 155. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Það horfir til verksparnaðar að heimilt sé að láta þrjá dómendur dæma hin einfaldari þessara mála.

Nægjanlegt sýnist að þrír dómarar taki ákvörðun um áfrýjunarleyfi.

Um 2. gr.

Breytingin er gerð til samræmis við breytt viðhorf og ný starfsheiti.

Um 3. gr.

Hér er lagt til, að lágmark áfrýjunarfjárhæðar verði hækkað úr 7.000 kr. í 90.000 kr. í samræmi við verðlagshækkanir. Síðast var gerð breyting á áfrýjunarfjárhæð með lögum nr. 67/1982. Nokkur brögð eru að því að smámálum sé áfrýjað til Hæstaréttar. Með tilliti til verðlags er hækkun nauðsynleg. Æskilegt væri að hækka lágmarksfjárhæðina meira en þar sem dómstig eru hér á landi aðeins tvö hlýtur áfrýjunarfjárhæð að vera lág miðað við það sem tíðkast í löndum þar sem dómstig eru fleiri. Í 16. gr. hæstaréttarlaga er heimilað að veita undanþágu frá lágmarksfjárhæðinni séu hagsmunir ríkir.

Um 4. gr.

Lagt er til að Hæstiréttur veiti áfrýjunarleyfi í stað dómsmálaráðuneytis. Leyfi eru nú ekki veitt nema Hæstiréttur mæli með því. Hér er um að ræða leyfi um undanþágu frá lágmarki áfrýjunarfjárhæðar.

Um 5. gr.

Felld er niður heimild til að áfrýja aukamálum sérstaklega, enda sæta þau kæru, sbr. 6. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir að reglur um áfrýjunarfresti verði einfaldaðar. Lagt er til að frest-

ur til áfrýjunar án sérstaks leyfis verði hinn sami í öllum málum og sérstakir áfrýjunarfrestir verði felldir úr lögum, sbr. 13. gr. frumvarpsins.

Frestur til að fá almennt áfrýjunarleyfi er lengdur, en felld niður heimild til að veita sérstakt áfrýjunarleyfi, sbr. núgildandi 4. mgr. 20. gr. hæstaréttarlaga. Til þess þó að koma í veg fyrir sérstök réttarfarsóhöpp er í 12. gr. frumvarpsins lögð til breyting á 59. gr. hæstaréttarlaga sem heimilar Hæstarétti í algjörum undantekningartilvikum að leyfa áfrýjun héraðsdóms eftir sömu sjónarmiðum og nú gilda um endurupptöku máls sem dæmt hefur verið í Hæstarétti.

Jafnframt er lagt til að Hæstiréttur veiti áfrýjunarleyfi samkvæmt þessari grein í stað dómsmálaráðuneytis og leyfi verði aðeins veitt, er áfrýjandi getur réttlætt, að hann neytti ekki réttar síns til áfrýjunar innan áfrýjunarfrests.

Framkvæmd þessara breytinga á að draga úr óhæfilegum drætti á meðferð mála og leiða til þess, að þriggja mánaða áfrýjunarfrestur verði virkur, en veruleg brögð eru nú að veitingu áfrýjunarleyfa samkvæmt 2. mgr. 20. gr.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að ýmsir úrskurðir skiptaréttar, fógetaréttar og uppboðsréttar, sem nú sæta áfrýjun, verði kæranlegir. Þannig verður þessum úrskurðum skotið til Hæstaréttar með auðveldari hætti en nú. Aftur á móti er veittur til þess mun skemmri frestur. Mörg þeirra mála, sem hér um ræðir og nú sæta áfrýjun, varða réttarfarsatriði og því lítill munur á þeim og úrskurðum þessara dómstóla sem nú sæta kæru. Breytingunni er ætlað að stuðla að hraðari dómsmeðferð þessara mála.

Með breytingum þeim, sem fyrr er lýst, er mælt svo fyrir að gerðum fógetaréttar og uppboðsréttar verði hér eftir skotið til Hæstaréttar með kæru. Sumar þessar réttargerðir fela í sér endanlega úrslausn samskipta aðila og má líkja þeim við dóm að því leyti. Þær eru nú meðal þeirra dómsathafna sem áfrýja ber. Þykir vegna réttaröryggis rétt að fógetagerðin sjálf, uppboðsgerðin sjálf og úrskurðir uppboðsréttar um ágreining, sem upp kemur eftir uppboð, fái umfjöllun með munnlegum flutningi, nema sérstaklega standi á og aðilar afsali sér rétti til þeirrar meðferðar. Er um þetta að nokkru horft til 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

Um 8. gr.

Þetta ákvæði horfir til hagræðis við gerð málaskrár og skipulagningar á störfum réttarins.

Um 9. gr.

Þessu ákvæði er ætlað að veita Hæstarétti rýmri rétt en nú er til að hlutast til um málflutning fyrir réttinum. Dómarar og lögmenn hafa lengi verið þeirrar skoðunar að stytta þyrfti málflutning og gera hann markvissari.

Um 10. gr.

Hér er veitt heimild til styttingar dóma í útgáfu. Í núgildandi lögum nær þessi heimild aðeins til dóma og úrskurða héraðsdóms. Stytting hæstaréttardóma kemur einkum til greina, ef um er að ræða röð samhljóða dóma.

Um 11. gr.

Sjá athugasemd við 6. gr.

Um 12. gr.

Þetta ákvæði er nauðsynlegt vegna þeirra breytinga sem gerðar eru á 21. gr. hæstaréttarlaganna, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Nú er unnið að umfangsmiklum breytingum á öllum réttarfarslögum, en það eru þau lög sem koma hér helst við sögu. Þykja því ekki efni til þess nú að gera á þeim breytingar.

Um 13. gr.

Hér eru talin venjuleg gildistökuákvæði. Sjá enn fremur athugasemdir við 6. gr. og við 12. gr.

Fylgiskjal.

HÆSTARÉTTARMÁL 1979–1989

	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989
Áfrýjun, einkamál	125	133	138	137	123	120	133	182	222	253	278
Áfrýjun, opinber mál	37	53	54	52	52	54	73	62	64	65	82
Kærur, einkamál	22	16	17	17	20	28	23	26	33	41	47
Kærur, opinber mál	15	21	31	21	22	38	30	46	29	39	54
Samtals	199	223	240	237	217	240	259	316	348	398	467
Gagnstefnur	22	27	42	12	21	24	21	24	21	26	36
Samtals	221	250	282	249	238	264	280	340	369	424	497

DÓMAR HÆSTARÉTTAR OG AÐRAR ÁKVARÐANIR 1979–1989

	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989
Áfrýjanir:											
Dómar í einkamálum	83	66	82	77	126	102	92	103	109	109	94
Dómar í opinberum málum	27	32	46	60	60	44	60	62	53	52	57
Kærur:											
Dómar í einkamálum	21	19	14	25	21	23	26	24	32	38	46
Dómar í opinberum málum	13	21	27	20	21	30	26	40	30	36	52
Útivistardómar o.fl.	23	30	33	24	18	24	59	22	38	34	56
Samtals	167	168	202	206	246	223	263	251	262	269	305

Yfirlit um ný hæstaréttarmál 1989 og hvernig þau standa 31. desember 1989.
(Tölur frá 1988 innan sviga)

Skotið til Hæstaréttar 1989:	**497 mál**	**(424)**
Áfrýjunarmál:	**396 mál**	**(322)**
Einkamál:	314 mál	(257)
Opinber mál:	82 mál	(65)
Kærumál:	**101 mál**	**(80)**
Einkamál:	47 mál	(41)
Opinber mál:	54 mál	(39)
Áfrýjunarmál:	**396 mál**	**(344)**
Einkamál:	**314 mál**	**(279)**
Dæmd á árinu:	5 mál	(10)
Útivist:	42 mál	(17)
Hafin:	13 mál	(34)
Sameinuð aðalsök:	36 mál	(26)
Lokið alls:	**96 málum**	**(87)**
Frestað til flutnings 31.12. 1989 en ódæmd:	34 mál	(29)
Þingfest en eigi frestað til flutnings:	155 mál	(133)
Áfrýjað til þingfestingar 1990:	29 mál	(30)
Opinber mál:	**82 mál**	**(65)**
Dæmd á árinu 1989:	30 mál	(27)
Áfrýjun afturkölluð:	2 mál	(6)
Tilbúin til flutnings en ódæmd:	32 mál	(23)
Áfrýjað en eigi tilbúin til flutnings:	18 mál	(9)
Kærumál:	**101 mál**	**(80)**
Einkamál:	**47 mál**	**(41)**
Dæmd á árinu 1989:	44 mál	(36)
Afturkölluð:	2 mál	(3)
Dóms bíður 31.12. 1989:	1 mál	(2)
Opinber mál:	**54 mál**	**(39)**
Dæmd á árinu 1989:	51 mál	(35)
Afturkölluð:	3 mál	(3)
Dóms bíður 31.12. 1989:	0 mál	(1)

Yfirlit um dæmd mál í Hæstarétti Íslands 1989 og mál sem biðu flutnings eða dóms 31. desember 1989. Einnig sambærilegar tölur fyrir árin 1987 og 1988.

I. Einkamál:

A. Áfrýjunarmál:	**1989**	**1988**	**1987**
Málflutnings biðu 1. janúar:	66	54	40
Frestað til flutnings 1989:	140	124	126
Alls tilbúin til flutnings:	206	178	166
Lokið með dómi 1989:	94	109	109
Hafin:	9	3	3
Samtals lokið með dómi og hafin:	103	112	112
Málflutnings biðu 31. desember.	**103**	**66**	**54**

B. Kærumál:			
Dóms biðu 1. janúar:	2	2	1
Ný kærumál 1989:	47	41	33
Samtals kærumál:	49	43	34
Lokið með dómi:	46	38	32
Afturkölluð:	2	3	0
Samtals dæmd og afturkölluð:	48	41	32
Dóms biðu 31. desember:	**1**	**2**	**2**

II. Opinber mál:

A. Áfrýjunarmál	**1989**	**1988**	**1987**
Málflutnings biðu 1. janúar:	23	17	12
Tilbúin til flutnings:	66	58	62
Alls tilbúin til málflutnings:	89	75	74
Lokið með dómi:	57	52	53
Sameinuð:	0	0	1
Afturkölluð eftir að ágrip barst:	4	0	3
Samtals dæmd, sameinuð og afturkölluð:	61	52	57
Málflutnings biðu 31. desember:	**28**	**23**	**17**

B. Kærumál:

Dóms biðu 1. janúar:	1	1	3
Ný kærumál:	54	39	29
Samtals kærumál:	55	40	32
Lokið með dómi.	52	36	30
Afturkölluð:	3	3	1
Samtals lokið og afturkölluð:	55	39	31
Dóms biðu 31. desember:	**0**	**1**	**1**

SAMANTEKT

	1989	**1988**	**1987**
Lokið með dómi:	249	235	224
Lokið á annan hátt:	56	34	38
Málflutnings eða dóms biðu 31. desember:	132	92	74

Ed. 765. Nefndarálit [133. mál]

um frv. til l. um einkaleyfi.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um málið Gunnar Guttormsson, forstöðumann vörumerkja- og einkaleyfadeildar iðnaðarráðuneytisins, Ómar Grétar Ingvarsson, verkfræðing í sömu deild, og Árna Vilhjálmsson, formann Samtaka áhugamanna um vernd eignarréttar á sviði iðnaðar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það var afgreitt frá neðri deild.

Guðrún J. Halldórsdóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 1. mars. 1991.

Karl Steinar Guðnason, form., frsm.	Jón Helgason.	Ey. Kon. Jónsson.
Stefán Guðmundsson.	Margrét Frímannsdóttir.	Þorv. Garðar Kristjánsson.

Sþ. 766. Svar [333. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um úrbætur í félagslegum réttindum heimavinnandi fólks.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað líður framkvæmd tillagna um úrbætur í málefnum heimavinnandi fólks sem starfshópur á vegum félagsmálaráðuneytisins skilaði 31. október 1989?

Félagsmálaráðherra skipaði þriggja manna starfshóp til að gera úttekt á réttarstöðu heimavinnandi fólks og gera tillögur um úrbætur í félagslegum réttindum þeirra sem þessi störf vinna. Tillögur nefndarinnar voru sendar til umsagnar Jafnréttisráðs, Bandalags kvenna í Reykjavík, Kvenfélagasambands Íslands, Kvenréttindafélags Íslands og Landssamtaka heimavinnandi fólks. Almennt fögnuðu þessi samtök tillögum nefndarinnar enda þótt sumum þætti helst til skammt gengið.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 16. maí 1989 var aðstoðarmönnum félags-, fjármála- og heilbrigðisráðherra og fulltrúa Borgaraflokks falið að yfirfara tillögurnar og koma ábendingum í réttan farveg. Tillögur starfshópsins voru eftirfarandi:

1. Lífeyrissjóðir.

Lagt er til að *fjármálaráðherra* leggi fram á Alþingi þann hluta draga að frumvarpi til laga um starfsemi lífeyrissjóða sem fjallar um skiptingu lífeyrisréttinda milli hjóna og er lagt til að það verði lögfest sem fyrst.

Lagt er til að því verði bætt við frumvarpsdrögin að skipta beri lífeyrisréttindum hjóna í lok hvers árs.

2. Almannatryggingar.

Lagt er til að *heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra* beiti sér fyrir eftirfarandi í tengslum við endurskoðun almannatryggingalaganna.

— Að lífeyrir hjóna og einstaklinga frá almannatryggingum verði jafnaður, þannig að hjón njóti sama réttar og tveir einstaklingar gagnvart lífeyri.
— Að réttur heimavinnandi fólks til slysa- og sjúkradagpeninga verði bættur.

3. Skattakerfið.

Lagt er til að *fjármálaráðherra* láti kanna hvaða áhrif það að millifærsla ónýtts persónuafsláttar milli hjóna með börn undir 2–3 ára aldri eða jafnvel að 7 ára aldri verði 100% hafi og jafnframt að ónýttan persónuafslátt megi færa að öllu leyti til maka ef það hjóna sem ekki nýtir sinn afslátt sannanlega annast sjúka eða aldraða á heimili sínu.

4. Starfsaldur.

Lagt er til að ríkisvaldið beiti sér fyrir því að samtök á vinnumarkaði gefi lífaldri aukið vægi við starfsaldursmat. Bent er á þá leið að félagsmálaráðherra verði falið að skrifa aðilum vinnumarkaðarins áskorun þessa efnis.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 3. apríl 1990 var samþykkt að fela viðkomandi ráðherrum frekari framkvæmd á tillögum vinnuhópsins. Fyrirspurnin á þskj. 589 varðar verksvið þriggja ráðherra. Félagsmálaráðherra sendi fyrirspurnina að því er varðar lífeyris- og skattamál til fjármálaráðherra og hvað varðar grunnlífeyri og slysatryggingar til heilbrigðisráðherra.

Svar fjármálaráðherra.

1. Eins og kunnugt er lagði fjármálaráðherra fram frumvarp til laga um starfsemi lífeyrissjóða á 112. löggjafarþingi 1989–1990.

Ekki var gert ráð fyrir að frumvarpið fengi þá afgreiðslu, heldur var sagt í greinargerð með frumvarpinu að því yrði vísað til milliþinganefndar til umfjöllunar og stefnt að afgreiðslu þess á næsta þingi. Þann 16. ágúst 1990 skipaði fjármálaráðherra fyrrgreinda milliþinganefnd.

Sömu aðilar og tilnefndu menn í endurskoðunarnefnd lífeyriskerfisins, sem starfaði á árunum 1976–1987, eiga fulltrúa í nefndinni, ásamt fulltrúa Kennarasambands Íslands, og eðli málsins samkvæmt eiga þingflokkarnir sjö þar einnig fulltrúa.

Ekki hefur náðst samstaða um það í nefndinni að leggja frumvarpið fram óbreytt né heldur hefur reynt á það hvort nefndin er reiðubúin að mæla með því að einstakir kaflar eða hlutar frumvarpsins verði lögfestir. Nefnd sú, sem starfaði á árunum 1976–1987 við endurskoðun lífeyriskerfisins, náði um það samstöðu að í gildandi ákvæðum um makalífeyri hjá flestum lífeyrissjóðanna fælist í mörgum tilvikum töluverð oftrygging vegna stóraukinnar atvinnuþátttöku giftra kvenna. Af þessum sökum varð niðurstaðan sú að leggja til annars vegar að ellilífeyrisréttindi hjóna skiptist á milli þeirra við skilnað en hins vegar að dregið yrði mjög úr makalífeyri til þeirra sem nú eru innan við miðjan aldur, svo fremi þeir hafi ekki mikla framfærslubyrði eða eigi við örorku að stríða.

Nefndin taldi að með þessum tillögum næðist tvennt, meira samræmi milli ellilífeyrisréttinda, makalífeyrisréttinda og raunverulegra aðstæðna í þjóðfélaginu en nú er og um leið lækkun á kostnaði af makalífeyrisréttindum sem nýta má til greiðslu hærri ellilífeyris en ella væri unnt.

Ekkert hefur komið fram enn þá í starfi fyrrgreindrar milliþinganefndar er bendir til breyttrar afstöðu í þessum efnum.

Svör heilbrigðisráðherra.

2. Í drögum að frumvarpi, er heilbrigðisráðherra hyggst leggja fram á Alþingi, er gert ráð fyrir að hjón njóti sama réttar og tveir einstaklingar gagnvart grunnlífeyri. Í frumvarpinu er stigið lítið skref í þá átt að draga úr því ósamræmi sem verið hefur á milli hjóna og einstaklinga með því að hækka viðmiðunartölur hjóna úr 140% í 150%.

3. Í almannatryggingafrumvarpi er gert ráð fyrir að slysatryggingar færist út úr almannatryggingakerfi yfir til vátryggingafélaga.

Svar fjármálaráðherra.

4. Spurt er um framkvæmd tillagna um 100% millifærslu ónýtts persónuafsláttar milli hjóna með börn undir 2–3 ára eða að 7 ára aldri og enn fremur í þeim tilvikum þegar heimavinnandi aðili annast sjúka eða aldraða á heimili sínu.

Samkvæmt lauslegu mati mundi 100% millifærsla á ónýttum persónuafslætti milli hjóna og sambýlisfólks í stað 80% kosta ríkissjóð um 500 m.kr. á ársgrundvelli. Þetta eru einu upplýsingarnar sem nú þegar liggja fyrir um áætlaðan kostnað af breyttri millifærslu milli hjóna. Ljóst er að það tæki nokkurn tíma og umtalsverða fjármuni að afla nauðsynlegra upplýsinga til að unnt sé að meta þann kostnað, sem af hlytist, eigi umrædd breyting að einskorðast við hjón og sambýlisfólk með börn á tilteknum aldri. Þá er útilokað að fá upplýsingar um síðari þáttinn, þ.e. hversu margir sjá um umönnun sjúkra og aldraðra á heimilum sínum.

Á hinn bóginn má benda á tvennt. Annað er að í dag eru barnabætur hjóna með börnum undir 7 ára aldri hærri en með börnum yfir þeim mörkum. Þannig fá hjón með tvö börn undir 7 ára aldri 80% hærri barnabætur en hjón sem eiga tvö börn, bæði eldri en 7 ára. Fyrri fjölskyldan fær að jafnaði 10.350 kr. á mánuði í barnabætur en sú síðari 5.750 kr.

Hitt atriðið er að í 66. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt er kveðið á um rétt manna til að sækja um lækkun á tekjuskattsstofni þegar viðkomandi hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.

Svar félagsmálaráðherra.

5. Félagsmálaráðuneytið ritaði bréf til Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna og fjármálaráðuneytis. Þar var því beint til aðila vinnumarkaðarins að lífaldur fái aukið vægi við starfsaldursmat. Einnig benti félagsmálaráðuneytið á að það teldi nauðsynlegt að heimilisstörf verði meira metin til starfsreynslu.

Nd. 767. Nefndarálit [175. mál]

um frv. til l. um Slysavarnaskóla sjómanna.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið um það umsagnir frá Sjómannasambandi Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, Landssambandi slökkviliðsmanna, fræðsluráði sjávarútvegsins, Siglingamálastofnun ríkisins, öryggisfræðslunefnd sjómanna, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Vélskóla Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Alþýðusambandi Austurlands, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Sambandi íslenskra tryggingafélaga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Guðni Ágústsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 1. mars. 1991.

Árni Gunnarsson, varaform., frsm.	Matthías Á. Mathiesen.	Björn Grétar Sveinsson.
Kristín Einarsdóttir.	Friðjón Þórðarson.	Ólafur Þ. Þórðarson.

Nd. 768. Breytingartillögur [175. mál]

við frv. til l. um Slysavarnaskóla sjómanna.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Slysavarnafélag Íslands skal starfrækja Slysavarnaskóla sjómanna og fer Slysavarnafélagið með yfirstjórn skólans er starfar á vegum þess og ábyrgð.
   Markmið skólans er að auka öryggi sjómanna með fræðslu og þjálfun í meðferð björgunar- og öryggisbúnaðar og almennri fræðslu um slysavarnir á sjó.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Slysavarnaskóli sjómanna skal halda námskeið fyrir starfandi og verðandi sjómenn um öryggis- og björgunarmál á helstu útgerðarstöðum landsins og annast öryggis- og slysavarnafræðslu fyrir nemendur í skipstjórnar- og vélstjórnarnámi.
   Aðalkennslugreinar skólans eru: Fræðsla um öryggismál, slysavarnir, björgunaraðferðir, skyndihjálp, flutningur sjúkra og slasaðra, meðferð björgunarbúnaðar, slökkvibúnaðar og reykköfunartækja.
3. Við 3. gr. Greinin fellur brott.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Samgönguráðherra skipar fimm manna skólanefnd Slysavarnaskóla sjómanna til fjögurra ára í senn. Einn skal tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands, einn af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og þrír tilnefndir af Slysavarnafélagi Íslands. Ráðherra skipar einn fulltrúa Slysavarnafélags Íslands formann skólanefndar.

Meginhlutverk skólanefndar er að fjalla um málefni Slysavarnaskólans, einkum varðandi tækjakaup og búnað hans, viðhald, framkvæmdir og áframhaldandi uppbyggingu. Skólanefnd gerir, að fenginni umsögn öryggisfræðslunefndar sjómanna, tillögur til stjórnar Slysavarnafélags Íslands um námskeiðahald, námsskrá og lengd námskeiða á vegum skólans.

5. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
6. Við bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:
   Samgönguráðherra skal eigi síðar en 1. febrúar 1993 leggja fram frumvarp til laga um breyting á lögum um lögskráningu sjómanna sem m.a. kveði á um skyldu sjómanna, sem lögskráðir eru, til að hafa hlotið grundvallarfræðslu um öryggismál í Slysavarnaskóla sjómanna þegar lögskráning fer fram.

Ed. 769. Nefndarálit [370. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tekjutap loðnuflotans vegna aflabrests í loðnuveiðum verði bætt með tvennum hætti. Annars vegar með því að veita sjávarútvegsráðherra tímabundna heimild til að ráðstafa til loðnuskipa að hluta eða öllu leyti veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins, alls 8.000 þorskígildislestum. Hins vegar með því að úthluta tímabundið 5.000 lesta viðbótarafla af úthafsrækju til loðnuflotans.

Með frumvarpinu er því gerð tilraun til að mæta vanda loðnuflotans, en ekki er tekið á þeim atvinnuvanda og tekjumissi sem bæði landverkafólk og einstök byggðarlög standa frammi fyrir.

Í lögum nr. 40 frá 15. maí 1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, er markmiðið með stofnun sjóðsins skilgreint í 1. gr. laganna sem hér segir: „að stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð og koma til aðstoðar byggðarlögum er standa höllum fæti vegna breytinga á útgerðarháttum“.

Annar minni hl. getur tekið undir þetta markmið og minnir á að þingkonur Kvennalistans hafa lagt áherslu á að tekið verði fyllsta tillit til byggðasjónarmiða við mótun fiskveiðistefnunnar. Í samræmi við þá stefnu sína lögðu kvennalistakonur fram breytingartillögur við frumvarp til laga um stjórn fiskveiða bæði á 110. löggjafarþingi og aftur er núgildandi lög voru afgreidd sl. vor.

Með stofnun Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins örlar aðeins á viðurkenningu stjórnvalda á þeim sjónarmiðum Kvennalistans að nauðsynlegt sé að gera byggðasjónarmiðum hærra undir höfði við úthlutun veiðiheimilda.

Þegar frumvarp þetta var lagt fram höfðu skapast óvenjulegar aðstæður vegna aflabrests loðnuflotans og sá sjávarútvegsráðherra ástæðu til að bregðast við vandanum með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir og hér hefur verið lýst. Með frumvarpinu er sjávarútvegsráðherra veitt tímabundin heimild til að víkja frá því ákvæði laganna um Hagræðingarsjóð þar sem segir í 1. gr.: „. . . Sjóðurinn skal koma til aðstoðar í einstökum byggðarlögum með því að efla vinnslu sjávarfangs á þeim stöðum þar sem straumhvörf

hafa orðið í atvinnulífi vegna sölu fiskiskipa . . .“ Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir að sjávarútvegráðherra úthluti eftir atvikum öllum veiðiheimildum sjóðsins til loðnuflotans eingöngu.

Annar minni hl. getur ekki samþykkt að veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins verði eingöngu úthlutað til flotans án þess að um leið sé reynt að leita leiða til að leysa vanda landverkafólks og byggðarlaga eins og lögin kveða á um. Jafnframt varar 2. minni hl. við því að sjávarútvegsráðherra verði veitt heimild til að tæma Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins í þessu skyni og útiloka þar með að unnt reynist að taka á vanda einstakra byggðarlaga sem upp kann að koma á árinu.

Í ljósi þess sem hér hefur verið lýst og með hliðsjón af stefnu Kvennalistans í sjávarútvegsmálum leggur 2. minni hl. fram breytingartillögu við 1. gr. frumvarpsins. Breytingartillagan felur í sér að sjávarútvegsráðherra verði ekki heimilt að úthluta meira en 6.000 þorskígildislestum úr Hagræðingarsjóði sjávarútvegsins og að þeim verði úthlutað til byggðarlaga en ekki einstakra skipa.

2. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að rækjukvóta verði úthlutað beint til loðnuflotans og gerir 2. minni hl. að svo stöddu ekki athugasemdir við að komið verði til móts við loðnuflotann með þeim hætti.

Verði breytingartillaga 2. minni hl. samþykkt mun hann styðja frumvarpið.

Alþingi, 1. mars 1991.

Danfríður Skarphéðinsdóttir,
fundaskr.

Ed. 770. Breytingartillaga [370. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur og Guðrúnu J. Halldórsdóttur.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Á fiskveiðitímabilinu 1. janúar til 31. ágúst 1991 er sjávarútvegsráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að allt að 6.000 þorskígildislestum af aflaheimildum samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 40 15. maí 1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, skuli ráðstafað án endurgjalds til þeirra sveitarfélaga sem verða fyrir beinum tekjumissi vegna aflabrests á loðnu.

Ráðherra skal skipta þessum heimildum í ákveðnu hlutfalli milli sveitarfélaga sem miðist við meðaltal landaðrar loðnu í viðkomandi sveitarfélagi sl. þrjú ár.

Skylt er að landa þeim afla, sem úthlutað er samkvæmt þessari heimild, til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi, sbr. ákvæði í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 40/1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

Sveitarstjórnir, sem fá úthlutað aflaheimildum samkvæmt þessari grein, skulu við ráðstöfun þeirra til skipa setja skilyrði sem miði að því að tryggja starfsfólki loðnuverksmiðja atvinnu við vinnslu aflans.

Nd. 771. Framhaldsnefndarálit [338. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Eftir afgreiðslu frumvarpsins við 2. umr. hefur nefndin komið saman á ný til að ræða frekari breytingar á frumvarpinu. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim viðbótarbreytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Meginbreytingin felst í því að þau ákvæði laganna er varða kjörgögn við utankjörfundaratkvæðagreiðslu öðlast ekki gildi fyrr en að loknum alþingiskosningum vorið 1991. Ástæðan er sú að dómsmálaráðuneytið telur of seint nú að útbúa nýja gerð kjörgagna fyrir komandi kosningar. Þær breytingar, sem nefndin leggur til, eru eftirfarandi:

1. Gerð er tillaga um nýja grein er verði 14. gr. Í greininni er kveðið á um að á framboðslista í kjördæmi skuli vera að minnsta kosti jafnmörg nöfn frambjóðenda og kjósa á þingmenn í hvert skipti, en aldrei fleiri en tvöföld sú tala. Eðlilegt þykir að kveðið sé á um lágmarkstölu frambjóðenda á lista, en hámark er það sama og í gildandi lögum. Dæmi eru um að aðeins tvö nöfn hafi verið á framboðslista, en telja verður eðlilegt að gerð sé sú krafa að frambjóðendur á lista séu jafnmargir og tala þeirra þingmanna sem kjósa á í kjördæminu.
2. Lagt er til að 16. gr. frumvarpsins falli brott og þar með haldist núgildandi ákvæði laganna. Við nánari athugun hefur komið í ljós að tæpast er framkvæmanlegt að ætla yfirkjörstjórn að úrskurða um framboð sama dag og framboðum er skilað. Nægilegt ætti hins vegar að vera að slíkur fundur verði á næsta virkum degi (laugardegi) svo sem nú er ákveðið í lögunum.
3. Orðin „við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar við alþingiskosningar“ í 2. mgr. 45. gr. eru felld brott. Nægilegt verður að telja að auðkenna kjörseðil og kjörseðilsumslag með þeim orðum einum, enda munu þessi kjörgögn einnig verða notuð við forsetakjör og sveitarstjórnarkosningar. Á sendiumslagi mun hins vegar koma skýrt fram að um alþingiskosningar er að ræða.
4. Breytingin á 22. gr. er gerð vegna þess að fullmikið þykir lagt á kjörstjóra að þurfa að fara á heimili kjósanda, ekki síst í stórum kjördæmum. Er því gerð tillaga um að kjörstjóri geti tilnefnt sem utankjörfundarkjörstjóra tvo trúnaðarmenn til að sjá um framkvæmd þessa þáttar atkvæðagreiðslunnar. Trúnaðarmennirnir mundu hafa á allan hátt sömu ábyrgð og kjörstjóri.
5. Lögð er til breyting á 3. efnismgr. 24. gr. frumvarpsins. Með tilliti til þess að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir vitundarvottum við utankjörfundaratkvæðagreiðslu þykir eðlilegra að miða við að kjörstjórinn sjálfur veiti aðstoð þá sem nefnd er í greininni. Jafnframt eru gerðar nokkrar orðalagsbreytingar á málsgreininni.
6. Láðst hefur að fella niður nokkur orð í 32. gr. frumvarpsins. Með breyttri kjörskrárgerð samkvæmt nýrri 15. gr. laganna verður kjörskrá miðuð við þá sem aldri hafa náð á kjördegi og þeir sem aldri ná síðar á árinu verða þar ekki.
7. Lagt er til að á eftir 40. gr. frumvarpsins komi ný grein. Sú grein felur í sér breytingu á 2. tölul. 134. gr. laganna og er gerð til samræmis við tillögu um nýtt orðalag á 3. mgr. 66. gr. laganna.
8. Lagt er til að í gildistökuákvæðinu verði kveðið á um að tiltekin ákvæði laganna öðlist ekki gildi fyrr en að loknum alþingiskosningum vorið 1991. Þessi ákvæði

varða kjörgögn við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og því er miðað við að kjörgögn við næstu alþingiskosningar verði samkvæmt ákvæðum gildandi laga, nr. 80/1987, og kosningu hagað samkvæmt því. Það er niðurstaða dómsmálaráðuneytisins að þó að ný gerð kjörgagna sé mjög æskileg sé nú orðið of seint að taka ákvörðun um þau vegna komandi kosninga.

Alþingi, 4. mars 1991.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Ólafur G. Einarsson, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Guðni Ágústsson.	Ingi Björn Albertsson.
	Hulda Jensdóttir.	

Nd. 772. Breytingartillögur [338. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Á eftir 13. gr. komi ný grein, er verði 14. gr., og orðist svo:
   Fyrri málsliður 30. gr. orðist svo: Á framboðslista í kjördæmi skulu vera að minnsta kosti jafnmörg nöfn frambjóðenda og kjósa á þingmenn í hvert skipti, en aldrei fleiri en tvöföld sú tala.
2. Við 16. gr. Greinin falli brott.
3. Við 20. gr. Orðin „við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar við alþingiskosningar“ í 2. mgr. falli brott.
4. Við 22. gr. Við 2. efnismgr. b-liðar bætist: Kjörstjóri getur í sinn stað tilnefnt sem utankjörfundarkjörstjóra tvo trúnaðarmenn til að sjá um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar hjá kjósanda.
5. Við 24. gr. 3. efnismgr. orðist svo:
   Ef kjósandi skýrir kjörstjóra svo frá að hann sé eigi fær um að árita kjörseðilinn á fyrirskipaðan hátt eða árita og undirrita fylgibréfið sakir sjónleysis eða þess að honum sé höndin ónothæf skal kjörstjóri veita honum aðstoð til þess í einrúmi, enda er hann bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal geta á skrá skv. 1. mgr. og á fylgibréfinu, að tilgreindum ástæðum. Aðstoð við að árita kjörseðil skal því aðeins veitt að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir ótvírætt frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt. Óheimilt er að bjóða þeim aðstoð er þannig þarfnast hjálpar.
6. Við 32. gr. Orðin „hafi samkvæmt henni ekki rétt til að greiða atkvæði“ í fyrsta málslið fyrri efnismálsgreinar falli brott.
7. Á eftir 40. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Í stað orðanna „starfsmaður utankjörfundarkjörstjóra“ í 2. tölul. 134. gr. komi: utankjörfundarkjörstjóri.

8. Við 41. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.
Ákvæði 15. gr., 19.–21. gr., a-liðar 22. gr., 24.–26. gr. og 31.–38. gr. skulu þó ekki koma til framkvæmda fyrr en að loknum næstu alþingiskosningum 1991.

Ed. 773. Frumvarp til laga [139. mál]

um listamannalaun.

(Eftir 3. umr í Nd., 4. mars.)

1. gr.

Alþingi veitir árlega fé á fjárlögum til að launa listamenn í samræmi við ákvæði laga þessara.

2. gr.

Almenn listamannalaun skulu veitt úr fjórum sjóðum:
a. Launasjóði rithöfunda,
b. Launasjóði myndlistarmanna,
c. Tónskáldasjóði,
d. Listasjóði.

Þrír hinna fyrstnefndu sjóða eru sérgreindir sjóðir en Listasjóður er almennur sjóður í þágu allra listgreina. Allir sjóðirnir veita starfslaun, svo og náms- og ferðastyrki.

3. gr.

Þriggja manna stjórn listamannalauna hefur yfirumsjón með sjóðum skv. 2. gr. Stjórnin skal skipuð af menntamálaráðherra til þriggja ára í senn, einum samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra listamanna, einum tilnefndum af Háskóla Íslands, en af Listaháskóla, ef stofnaður yrði, og loks einum án tilnefningar. Stjórn sjóðsins skal m.a. annast vörslu sjóðanna og sjá um bókhald þeirra.

Stjórnin úthlutar fé úr Listasjóði, en sérstakar úthlutunarnefndir fyrir hvern hinna sérgreindu sjóða veita fé úr þeim, sbr. 12. gr.

4. gr.

Starfslaun miðast við lektorslaun II við Háskóla Íslands eins og þau eru á hverjum tíma. Þeir sem taka starfslaun hverju sinni skulu vera á launaskrá hjá stjórn listamannalauna og greiðast laun til þeirra mánaðarlega. Þeir skulu eiga kost á aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda og stendur þá launagreiðandi skil á iðgjaldshluta þeirra ásamt mótframlagi sínu. Þeir skulu ekki gegna öðru föstu starfi meðan þeir njóta starfslauna og skila skýrslu um störf sín. Fella má niður starfslaun sem veitt hafa verið til lengri tíma en sex mánaða ef talið er að viðkomandi listamaður sinni ekki list sinni.

5. gr.

Samanlögð starfslaun miðast við 900 mánaðarlaun, eða 75 árslaun, og síðan bætast við 60 mánaðarlaun á ári næstu fimm ár.

6. gr.

Launasjóður rithöfunda veitir árlega starfslaun sem svara til 360 mánaðarlauna og bætast við 24 mánaðarlaun á ári næstu fimm ár. Rétt til greiðslu úr sjóðnum hafa íslenskir rithöfundar og höfundar fræðirita. Heimilt er og að greiða úr sjóðnum fyrir þýðingar á íslensku.

Þriggja manna nefnd, sem menntamálaráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Rithöfundasambands Íslands, úthlutar fé úr Launasjóði rithöfunda. Ákvörðun úthlutunarnefndar er endanleg og verður ekki áfrýjað.

7. gr.

Launasjóður myndlistarmanna veitir árlega starfslaun sem svara til 240 mánaðarlauna og bætast við 16 mánaðarlaun á ári næstu fimm ár.

Þriggja manna nefnd, sem menntamálaráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Sambands íslenskra myndlistarmanna, úthlutar fé úr Launasjóði myndlistarmanna. Ákvörðun úthlutunarnefndar er endanleg og verður ekki áfrýjað.

8. gr.

Tónskáldasjóður veitir árlega starfslaun sem svara til 60 mánaðarlauna og bætast við átta mánaðarlaun á ári næstu fimm ár.

Þriggja manna nefnd, sem menntamálaráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Tónskáldafélags Íslands, úthlutar fé úr Tónskáldasjóði. Ákvörðun úthlutunarnefndar er endanleg og verður ekki áfrýjað.

9. gr.

Listasjóður veitir starfslaun og styrki er svara til 240 mánaðarlauna og bætast við 12 mánaðarlaun á ári næstu fimm ár. Listasjóður veitir einnig sérstök framlög til listamanna, m.a. til þeirra sem notið hafa listamannalauna undanfarin ár og náð hafa 60 ára aldri. Að minnsta kosti helmingur starfslauna úr Listasjóði skal veittur leikhúslistamönnum.

10. gr.

Starfslaun skulu veitt til hálfs eða eins árs, til þriggja eða fimm ára. Miða skal við að fjórðungur heildarstarfslauna verði að jafnaði veittur til listamanna sem taka laun í meira en eitt ár.

11. gr.

Stjórn listamannalauna skal vinna markvisst að því að sveitarfélög og fyrirtæki veiti listamönnum starfslaun eða leggi fram fé í Listasjóð.

12. gr.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara að höfðu samráði við Rithöfundasamband Íslands, Samband íslenskra myndlistarmanna, Tónskáldafélag Íslands og Bandalag íslenskra listamanna.

13. gr.

Við gildistöku þessara laga falla eftirtalin lög úr gildi:
Lög nr. 29 29. apríl 1967, um listamannalaun.
Lög nr. 29 20. maí 1975, um Launasjóð rithöfunda.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu endurskoðuð eftir fimm ár frá gildistöku þeirra.

Sþ. 774. Fyrirspurn [426. mál]

til félagsmálaráðherra um eftirlit með íbúðum í eigu Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. Eru brögð að því að íbúðir, sem veðdeild Landsbankans kaupir eða eignast á nauðungaruppboðum fyrir hönd Húsnæðisstofnunar, skemmist og fari í niðurníðslu meðan þær eru til endursölu?
2. Fylgjast starfsmenn Húsnæðisstofnunar með því eftirliti sem fasteignasalar, byggingarfulltrúar og iðnaðarmenn eru sagðir sinna með þessu íbúðarhúsnæði?

Ed. 775. Frumvarp til laga [338. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, með síðari breytingum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 4. mars.)

1. gr.

1. gr., sbr. lög nr. 66/1989, orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis á hver íslenskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning fer fram og lögheimili á hér á landi.

Íslenskur ríkisborgari, sem náð hefur 18 ára aldri og átt hefur lögheimili hér á landi, á og kosningarrétt í átta ár frá því hann flutti lögheimili af landinu, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag. Slíkur ríkisborgari á og kosningarrétt eftir þann tíma, enda hafi hann sótt um það samkvæmt nánari reglum í lögum þessum.

2. gr.

a-liður 1. mgr. 13. gr. orðist svo:

a. sýslumenn og bæjarfógetar, yfirborgarfógetinn í Reykjavík og lögreglustjórar utan Reykjavíkur, svo og starfsmenn þeirra embætta samkvæmt ákvörðun forstöðumanns. Forstöðumaður getur enn fremur, með samþykki dómsmálaráðuneytisins, falið öðrum að annast atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

3. gr.

14. gr. orðist svo:

Sveitarstjórnir gera kjörskrár til alþingiskosninga á grundvelli kjörskrárstofna sem Hagstofa Íslands (þjóðskrá) lætur þeim í té.

4. gr.

15. gr., sbr. lög nr. 66/1989, orðist svo:

Á kjörskrá skal taka:

1. Þá sem uppfylla skilyrði 1. mgr. 1. gr. og skráðir voru með lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár sjö vikum fyrir kjördag.
2. Þá sem uppfylla skilyrði 2. mgr. 1. gr. og síðast áttu skráð lögheimili hér á landi í sveitarfélaginu.

Sá sem fellur undir 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. verður því aðeins tekinn á kjörskrá að hann hafi sótt um það til Hagstofu Íslands. Umsókn skal rituð á sérstakt eyðublað þar sem fram komi fullt nafn og kennitala umsækjanda, hvenær hann flutti af landi brott, síðasta lögheimili á landinu og heimilisfang erlendis. Umsókn skal jafnframt bera með sér yfirlýsingu umsækjanda um að hann sé enn íslenskur ríkisborgari. Hagstofa Íslands lætur eyðublöð þessi í té og skulu þau liggja frammi á Hagstofunni, í skrifstofum sendiráða og fastanefnda, í sendiræðisskrifstofum og í skrifstofum kjörræðismanna. Sé umsókn fullnægjandi tilkynnir Hagstofan umsækjanda það og hlutaðeigandi sveitarstjórn. Ákvörðun um að einhver sé þannig á kjörskrá tekinn gildir í fjögur ár frá 1. desember næstum á eftir að umsókn var lögð fram.

5. gr.

2. mgr. 16. gr. orðist svo:

Þegar kjörskrá hefur verið samin skal hún undirrituð af oddvita sveitarstjórnar eða framkvæmdastjóra hennar.

6. gr.

Í stað orðanna „oddvita hreppsnefndar eða í skrifstofu borgar- eða bæjarstjóra“ í 18. gr. komi: oddvita sveitarstjórnar eða á skrifstofu hennar.

7. gr.

19. gr. orðist svo:

Kjörskrá skal leggja fram almenningi til sýnis á skrifstofu sveitarstjórnar eða öðrum hentugum stað eigi síðar en 24 dögum fyrir kjördag. Kjörskrá skal liggja frammi á að minnsta kosti einum stað og í hverri kjördeild utan kaupstaða og kauptúna.

Áður en kjörskrá er lögð fram skal auglýsa hvar það verður gert og á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar.

Eftir að kjörskrá hefur verið lögð fram skal hún liggja frammi á almennum skrifstofutíma til kjördags. Staðfest eftirrit af kjörskrá má hafa til að leggja fram.

8. gr.

20. gr. orðist svo:

Eigi síðar en kl. 12 á hádegi þann dag þegar tvær vikur eru til kjördags skal hver sá sem kæra vill að einhvern vanti á kjörskrá eða sé þar ofaukið hafa afhent oddvita sveit-

arstjórnar eða framkvæmdastjóra hennar kæru sína með þeim rökum og gögnum sem hann vill fram færa til stuðnings máli sínu.

Sé kæra um það að einhver sé á skrá tekinn sem ekki hafi rétt til að standa þar skal oddviti eða framkvæmdastjóri innan þriggja daga gagngert senda þeim sem yfir er kært eftirrit af kærunni. Enn fremur skal tilkynna aðilum hvenær mál út af kærum, sem fram hafa komið, verða tekin til meðferðar svo að þeir geti komið að athugasemdum.

9. gr.

21. gr. orðist svo:

Sveitarstjórn skal skera úr aðfinnslum við kjörskrána, sem þannig eru fram komnar, eigi síðar en einni viku fyrir kjördag. Úrskurð sveitarstjórnar skal þegar tilkynna hlutaðeigandi, svo og sveitarstjórn er mál getur varðað.

Þegar búið er að leiðrétta og bæta við kjörskrána samkvæmt þessu skal hún undirrituð af oddvita sveitarstjórnar eða framkvæmdastjóra hennar. Eftir það verður engin breyting gerð á kjörskránni, nema dómur sé á undan genginn.

10. gr.

22. gr. orðist svo:

Þegar kjörskrá hefur endanlega verið undirrituð skal oddvita yfirkjörstjórnar sent eintak af henni.

11. gr.

2. mgr. 25. gr. falli brott.

12. gr.

26. gr. breytist þannig:

a. 1. mgr. orðist svo:

Þegar alþingiskosningar eiga að fara fram skulu öll framboð tilkynnt skriflega yfirkjörstjórn þeirri, sem í hlut á, eigi síðar en kl. 12 á hádegi þann dag þegar tvær vikur eru til kjördags.

b. Á eftir orðinu „frambjóðanda“ í 2. mgr. komi: kennitölu hans.

13. gr.

1. mgr. 27. gr. orðist svo:

Framboðslista í kjördæmi skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann. Framboðslista skal og fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá kjósendum í hlutaðeigandi kjördæmi. Fjöldi meðmælenda skal vera margfeldi af þingsætatölu kjördæmisins og talnanna 20 að lágmarki og 30 að hámarki.

14. gr.

Fyrri málsliður 30. gr. orðist svo: Á framboðslista í kjördæmi skulu vera að minnsta kosti jafnmörg nöfn frambjóðenda og kjósa á þingmenn í hvert skipti, en aldrei fleiri en tvöföld sú tala.

15. gr.

36. gr. falli brott.

16. gr.

37. gr. falli brott.

17. gr.

Í stað orðanna „fjórum vikum fyrir kjördag“ í 1. málsl. 2. mgr. 40. gr. komi: eigi síðar en þremur sólarhringum áður en framboðsfrestur rennur út.

18. gr.

Í stað orðanna „þrem vikum“ í 2. mgr. 42. gr. komi: 10 dögum.

19. gr.

44. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðuneytið lætur í té kjörgögn við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Kjörgögn þessi skulu jafnan vera fyrir hendi hjá þeim er annast atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

Kjörstjórar skulu varðveita kjörgögnin á öruggum stað.

20. gr.

45. gr. orðist svo:

Kjörgögn til atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eru: kjörseðill, kjörseðilsumslag, fylgibréf og sendiumslag.

Á kjörseðli og kjörseðilsumslagi skal prentað að um sé að ræða kjörseðil og kjörseðilsumslag. Fylgibréf og sendiumslag skulu þannig gerð að á þau megi auðveldlega rita þær upplýsingar sem mælt er fyrir um í lögunum.

Dómsmálaráðuneytið kveður nánar á um gerð kjörgagna þessara.

21. gr.

46. gr. falli brott.

22. gr.

63. gr. breytist þannig:

a. Í stað orðanna „kjörblöð og umslög“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: kjörgögn.

b. Í stað 2.–3. mgr. komi fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Kjörstjóra innan lands er heimilt að láta kosningu fara fram á sjúkrahúsi, dvalarheimili aldraðra og stofnun fyrir fatlaða, enda sé kjósandi til meðferðar á hlutaðeigandi stofnun eða vistmaður þar. Með sama hætti fer um fangelsi og vistmenn þar.

Kjörstjóri innan lands getur enn fremur heimilað kjósanda, sem ekki getur sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, að greiða atkvæði í heimahúsi. Slík ósk skal vera skrifleg og studd læknisvottorði og skal hafa borist hlutaðeigandi kjörstjóra eigi síðar en kl. 12 á hádegi þann dag þegar ein vika er til kjördags. Kjörstjóri getur í sinn stað tilnefnt sem utankjörfundarkjörstjóra tvo trúnaðarmenn til að sjá um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar hjá kjósanda.

Kjörstjóri innan lands auglýsir hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram og á þann

hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar. Atkvæðagreiðsla skv. 2. mgr. skal fara fram á þeim tíma sem kjörstjóri ákveður, að höfðu samráði við stjórn stofnunar. Utanríkisráðuneytið auglýsir hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram hjá kjörræðismönnum sem eru kjörstjórar skv. 13. gr.

Dómsmálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd atkvæðagreiðslu skv. 2. og 3. mgr. Slík atkvæðagreiðsla má þó ekki fara fram fyrr en þremur vikum fyrir kjördag. Tilkynna skal umboðsmönnum lista, sbr. 33. gr., um það hvenær atkvæðagreiðsla skv. 2. mgr. fer fram.

23. gr.

2. mgr. 64. gr. falli brott.

24. gr.

66. gr. orðist svo:

Kjósandi, sem greiða vill atkvæði utan kjörfundar, skal gera kjörstjóra grein fyrir sér með því að framvísa nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt. Kjörstjóri skal færa á sérstaka skrá nafn kjósanda, heimilisfang og kennitölu og hvern dag kosningaathöfnin fór fram.

Að þessu loknu fær kjósandi afhent kjörgögn. Skal hann síðan aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður sjái, rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt er að framan greinir og setja atkvæðið í kjörseðilsumslagið. Því næst áritar og undirritar kjósandi fylgibréfið í viðurvist kjörstjóra sem vottar atkvæðagreiðsluna. Að því loknu leggur kjósandi kjörseðilsumslagið ásamt fylgibréfinu í sendiumslagið og lokar því vandlega. Umslagið skal síðan áritað til hreppstjórans í þeim hreppi eða bæjarfógetans í þeim kaupstað (í Reykjavík borgarfógeta) eða kjörstjórnarinnar í þeirri kjördeild þar sem kjósandinn telur sig standa á kjörskrá. Á sendiumslagið skal og rita nafn kjósanda, kennitölu og lögheimili.

Ef kjósandi skýrir kjörstjóra svo frá að hann sé eigi fær um að árita kjörseðilinn á fyrirskipaðan hátt eða árita og undirrita fylgibréfið sakir sjónleysis eða þess að honum sé höndin ónothæf skal kjörstjóri veita honum aðstoð til þess í einrúmi, enda er hann bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal geta á skrá skv. 1. mgr. og á fylgibréfinu, að tilgreindum ástæðum. Aðstoð við að árita kjörseðil skal því aðeins veitt að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir ótvírætt frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt. Óheimilt er að bjóða þeim aðstoð er þannig þarfnast hjálpar.

Nú vill skipstjóri sjálfur greiða atkvæði utan kjörfundar og getur ekki náð til annars kjörstjóra og skal þá atkvæðagreiðsla hans vottuð af þeim er í hans stað gengur á skipinu er hans missir við.

25. gr.

68. gr. falli brott.

26. gr.

2. og 3. mgr. 69. gr. falli brott.

27. gr.

2. mgr. 73. gr. orðist svo:

Sé kjörfundur settur fyrr en kl. 12 á hádegi skal það auglýst með þeim fyrirvara og á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar.

28. gr.

81. gr. orðist svo:

Er kjósandi kemur inn í kjörfundarstofuna gerir hann kjörstjórn grein fyrir sér með því að framvísa nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt. Ef hann þannig á rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni afhendir oddviti honum einn kjörseðil.

29. gr.

Í stað orðanna „kl. 23 á kjördag“ í 2. mgr. 93. gr. komi: kl. 22 á kjördag.

30. gr.

94. gr. falli brott.

31. gr.

95. gr. breytist þannig:

a. Orðin „bera saman tölusetningu þeirra og umslaganna“ í 2. mgr. falli brott.
b. 3. mgr. falli brott.

32. gr.

96. gr. orðist þannig:

Komi það í ljós að sá er sent hefur utankjörfundaratkvæði standi ekki á kjörskrá, sé búinn að greiða atkvæði, hafi afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild, sbr. 82. gr., eða hafi dáið á undan kjördegi leggur kjörstjórnin kjörseðilsumslagið ásamt fylgibréfinu aftur í sendiumslagið og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að ef í sendiumslaginu er eitthvað annað en eitt fylgibréf ásamt kjörseðilsumslagi eða ef sjáanlegt er að ekki hafi verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn er dómsmálaráðuneytið hefur látið gera eða ekki hefur verið farið eftir reglum þeim við atkvæðagreiðsluna sem settar eru í þessum lögum.

Nú berast fleiri en eitt atkvæði greidd utan kjörfundar frá hinum sama kjósanda og skal þá aðeins hið síðastgreidda atkvæði koma til greina.

33. gr.

Í stað orðanna „leggja atkvæðið, þ.e. fylgibréfið með áföstum kjörseðlinum, aftur í umslagið“ í 97. gr. komi: leggja kjörseðilsumslagið óopnað ásamt fylgibréfi aftur í sendiumslagið.

34. gr.

98. gr. orðist svo:

Þau kjörseðilsumslög, sem enginn ágreiningur er um að gild séu, lætur kjörstjórn óopnuð í atkvæðakassann.

35. gr.

Í stað orðanna „utankjörfundaratkvæðaseðlar þeir, er gildir hafa verið teknir, hafa verið látnir“ í 1. málsl. 1. mgr. 100. gr. komi: kjörseðilsumslög þau, er gild hafa verið tekin, hafa verið látin.

36. gr.

Orðin „eða ef eitthvað er innan í utankjörfundarseðli, sem ætla má að hafi verið sett þar í því skyni“ í 4. tölul. 105. gr. falli brott.

37. gr.

123. gr. falli brott.

38. gr.

124. gr. falli brott.

39. gr.

Orðin „eða fyrr en manni ber samkvæmt kjörskránni“ í fyrri málsgrein 6. tölul. 125. gr. falli brott.

40. gr.

9. tölul. 133. gr. falli brott.

41. gr.

Í stað orðanna „starfsmaður utankjörfundarkjörstjóra“ í 2. tölul. 134. gr. komi: utankjörfundarkjörstjóri.

42. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði 15. gr., 19.–21. gr., a-liðar 22. gr., 24.–26. gr. og 31.–38. gr. skulu þó ekki koma til framkvæmda fyrr en að loknum næstu alþingiskosningum 1991.

Nd. 776. Frumvarp til laga [175. mál]

um Slysavarnaskóla sjómanna.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. mars.)

1. gr.

Slysavarnafélag Íslands skal starfrækja Slysavarnaskóla sjómanna og fer Slysavarnafélagið með yfirstjórn skólans er starfar á vegum þess og ábyrgð.

Markmið skólans er að auka öryggi sjómanna með fræðslu og þjálfun í meðferð björgunar- og öryggisbúnaðar og almennri fræðslu um slysavarnir á sjó.

2. gr.

Slysavarnaskóli sjómanna skal halda námskeið fyrir starfandi og verðandi sjómenn

um öryggis- og björgunarmál á helstu útgerðarstöðum landsins og annast öryggis- og slysavarnafræðslu fyrir nemendur í skipstjórnar- og vélstjórnarnámi.

Aðalkennslugreinar skólans eru: Fræðsla um öryggismál, slysavarnir, björgunaraðferðir, skyndihjálp, flutningur sjúkra og slasaðra, meðferð björgunarbúnaðar, slökkvibúnaðar og reykköfunartækja.

3. gr.

Samgönguráðherra skipar fimm manna skólanefnd Slysavarnaskóla sjómanna til fjögurra ára í senn. Einn skal tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands, einn af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og þrír tilnefndir af Slysavarnafélagi Íslands. Ráðherra skipar einn fulltrúa Slysavarnafélags Íslands formann skólanefndar.

Meginhlutverk skólanefndar er að fjalla um málefni Slysavarnaskólans, einkum varðandi tækjakaup og búnað hans, viðhald, framkvæmdir og áframhaldandi uppbyggingu. Skólanefnd gerir, að fenginni umsögn öryggisfræðslunefndar sjómanna, tillögur til stjórnar Slysavarnafélags Íslands um námskeiðahald, námsskrá og lengd námskeiða á vegum skólans.

4. gr.

Skólanefnd ræður skólastjóra Slysavarnaskóla sjómanna en um mannaráðningar fer samkvæmt lögum Slysavarnafélags Íslands.

5. gr.

Kostnaður við rekstur skólans skal greiddur úr ríkissjóði. Slysavarnafélag Íslands gerir fjárhagsáætlun fyrir skólann og leggur fyrir samgönguráðuneytið til staðfestingar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Samgönguráðherra skal eigi síðar en 1. febrúar 1993 leggja fram frumvarp til laga um breyting á lögum um lögskráningu sjómanna sem m. a. kveði á um skyldu sjómanna, sem lögskráðir eru, til að hafa hlotið grundvallarfræðslu um öryggismál í Slysavarnaskóla sjómanna þegar lögskráning fer fram.

Ed. 777. Frumvarp til laga [370. mál]

um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. mars.)

1. gr.

Á fiskveiðitímabilinu 1. janúar til 31. ágúst 1991 er sjávarútvegsráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að aflaheimildum samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 40 15. maí 1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, skuli ráðstafað að hluta eða öllu leyti til þeirra skipa, sem aflahlutdeild hafa af loðnu, til að mæta tímabundnum tekjumissi vegna aflabrests. Ráðherra skal skipta þessum heimildum milli einstakra loðnu-

skipa og er við þá skiptingu m.a. heimilt að miða við aflahlutdeild skipanna af loðnu og hver afli þeirra af loðnu var á haustvertíðinni 1990.

2. gr.

Á fiskveiðitímabilinu 1. janúar til 31. ágúst 1991 er sjávarútvegsráðherra heimilt að auka leyfðan heildarafla af úthafsrækju umfram það sem ákveðið hefur verið með reglugerð nr. 465 27. nóvember 1990 um veiðar í atvinnuskyni. Er ráðherra þrátt fyrir ákvæði laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, heimilt með reglugerð að ákveða að þessi viðbót skiptist eingöngu milli þeirra skipa sem aflahlutdeild hafa af loðnu. Getur hann við þá skiptingu m.a. miðað við þau atriði er um er rætt í lokamálslið 1. gr. Ráðstöfun aflaheimilda samkvæmt þessari grein breytir ekki varanlegri aflahlutdeild einstakra skipa skv. 7. gr. laga nr. 38/1990.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 778. Frumvarp til laga [427. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, með síðari breytingum.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

1. gr.

Á eftir III. kafla laganna komi nýr kafli, er verði IV. kafli, **Allsherjaratkvæðagreiðsla**, með fjórum nýjum greinum og breytast kafla- og greinanúmer samkvæmt því. Kaflinn hljóði svo:

a. (40. gr.)

Skylt er að láta fara fram allsherjaratkvæðagreiðslu í sveitarfélagi að uppfylltu einu af eftirtöldum skilyrðum:

1. Þriðjungur kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn fer fram á það.
2. Tíundi hluti af atkvæðisbærum íbúum fer fram á það skriflega.
3. Ef um er að ræða einstaka framkvæmd sveitarfélags sem í heild kostar það meira en einn tuttugasta hluta af fjárhagsáætlun þess á fyrsta framkvæmdaári.

b. (41. gr.)

Allsherjaratkvæðagreiðslan fer fram á næsta almenna kjördegi eftir að farið er fram á hana, enda hafi lögmæt ósk um hana borist félagsmálaráðherra sex mánuðum fyrir kjördag. Einu gildir hvort um er að ræða kjördag vegna kosninga til Alþingis eða sveitarstjórna, forsetakjör eða aðrar almennar kosningar.

c. (42. gr.)

Yfirkjörstjórn lætur gera sérstaka atkvæðaseðla sem afhentir eru kjósendum með hefðbundum kjörseðli. Á seðlinum skal standa efst orðið „Allsherjaratkvæðagreiðsla“. Hvert kosningarefni skal greinilega afmarkað á seðlinum ef þau eru fleiri en eitt og númeruð

frá og með tölustafnum einn. Efni hverrar atkvæðagreiðslu skal tekið skýrt fram og því raðað þannig niður:

a. Sé kjósandi að greiða atkvæði um einstaka framkvæmd eða atburð skal hann krossa framan við orðið „Já“ ef hann er fylgjandi og orðið „Nei“ ef hann er andvígur.

b. Sé kjósandi að greiða atkvæði um fleiri en eitt efnisatriði, eða gera upp á milli persóna eða staða, skulu valkostir nefndir í stafrófsröð. Séu greidd atkvæði um tölur skal lægsta talan nefnd fyrst í röðinni en sú hæsta síðust. Kjósandi krossar framan við þann kost sem hann velur.

Komi ekki fram greinilegur vilji kjósanda á kjörseðli skal kjörstjórn úrskurða hann ógildan.

d. (43. gr.)

Um kosningarrétt, kjörstaði, auglýsingu á kosningarefnum, atkvæðagreiðslu, talningu og önnur atriði við framkvæmd allsherjaratkvæðagreiðslu fer samkvæmt ákvæðum laganna um kosningu sveitarstjórna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Oft er rætt um að lýðræðið hrökkvi skammt á Íslandi. Það sé eingöngu bundið við kjör forseta, alþingismanna og fulltrúa í sveitarstjórnum. Þess á milli hafi kjósendur lítið að segja um framvindu mála og meingölluð kosningalög komi meira og minna í veg fyrir bein áhrif kjósenda á val kjörinna fulltrúa.

En kjósendur vilja svo sannarlega hafa bein áhrif á fleiri þætti samfélagsins heima í héraði en kjör fulltrúa í byggðastjórnir. Við viljum líka fá að tjá okkur um hvernig skattfé okkar er varið á öðrum vettvangi en í þjóðarsálum ljósvakans og lesendadálkum blaða, enda er nýting sameiginlega fjárins ekki síður mikilvæg ákvörðun en val fulltrúa.

Stundum koma misvitrir forustumenn fram á sjónarsviðið sem hugsa meira um að ávaxta minningu sína en mannlífið í byggðarlaginu. Slíkir menn hafa reynst þjóðinni dýrkeyptir á stundum og ekki sér fyrir endann á þeim útgjöldum. Með því að bera verk þeirra undir fólkið sjálft eru tekin af öll tvímæli hvort þau falla að vilja kjósenda. Sveitarstjórnarmenn hljóta því að fagna þessu frumvarpi.

Með frumvarpinu vill flutningsmaður því reyna að færa lýðræði betur út til fólksins. Gert er ráð fyrir að kjósa megi um margvíslegar framkvæmdir og aðra skipan mála hjá byggðastjórnum landsins. Þannig fái íbúarnir að ráða sjálfir endanlega hvernig viðkvæm mál og deilumál eru leidd til lykta heima í héraði, þurfi ekki endilega að kyngja duttlungum fulltrúa sinna og annarra embættismanna.

Þetta frumvarp er flutt í samfloti með frumvarpi til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur.

Ed. 779. Frumvarp til laga [428. mál]

um starfskjör presta þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

I. KAFLI
Um breyting á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, með síðari breytingum.

1. gr.

1. tölul. 2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo: Biskups Íslands, vígslubiskupa, prófasta, sóknarpresta og sérþjónustupresta, borgardómara, borgarfógeta, bæjarfógeta, flugmálastjóra, forstjóra Ríkisspítala, héraðsdómara, hæstaréttardómara, landlæknis, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, lögreglustjórans í Reykjavík, orkumálastjóra, póst- og símamálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, rannsóknarlögreglustjóra, ráðherra, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, rektors Kennaraháskóla Íslands, rektors Tækniskóla Íslands, ríkislögmanns, ríkissaksóknara, ríkisskattanefndarmanna í fullu starfi, ríkisskattstjóra, sakadómara, sendiherra, skattrannsóknarstjóra, sýslumanna, tollgæslustjóra, tollstjórans í Reykjavík, vegamálastjóra, verðlagsstjóra, yfirborgardómara, yfirborgarfógeta, yfirdýralæknis og yfirsakadómara, en starfskjör þeirra skulu ákveðin af Kjaradómi.

II. KAFLI
Um breyting á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, með síðari breytingum.

2. gr.

3. tölul. 2. mgr. 29. gr. laganna orðist svo: Hæstaréttarritari og starfsmenn Hæstaréttar, héraðsdómarar, lögreglustjórar, fulltrúar lögreglustjórans í Reykjavík, tollstjóri, tollgæslustjóri, vígslubiskupar, prófastar, sóknarprestar og sérþjónustuprestar.

III. KAFLI
Um breyting á lögum um Kjaradóm, nr. 92/1986.

3. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Kjaradómur ákveður launakjör þeirra sem hér greinir:

Biskups Íslands, vígslubiskupa, prófasta, sóknarpresta og sérþjónustupresta, borgardómara, borgarfógeta, bæjarfógeta, flugmálastjóra, forstjóra Ríkisspítala, héraðsdómara, hæstaréttardómara, landlæknis, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, lögreglustjórans í Reykjavík, orkumálastjóra, póst- og símamálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, rannsóknarlögreglustjóra, ráðherra, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, rektors Kennaraháskóla Íslands, rektors Tækniskóla Íslands, ríkisendurskoðanda, ríkislögmanns, ríkissaksóknara, ríkisskattanefndarmanna í fullu starfi, ríkisskattstjóra, sakadómara, sendiherra, skattrannsóknarstjóra, skrifstofustjóra Alþingis, sýslumanna, tollgæslustjóra, tollstjórans í Reykjavík, vegamálastjóra, verðlagsstjóra, yfirborgardómara, yfirborgarfógeta, yfirdýralæknis og yfirsakadómara.

IV. KAFLI
Um gildistöku.
4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1991.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í nóvember 1990 samþykkti fulltrúaráð Prestafélags Íslands einróma að efna til allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna þar sem könnuð yrði afstaða þeirra til þess að Prestafélag Íslands óskaði eftir því við stjórnvöld að Kjaradómur ákvarði launakjör presta. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var sú að 94,5% þeirra sem tóku afstöðu lýstu sig fylgjandi því að þess verði farið á leit við stjórnvöld að lögum verði breytt á þann veg að Kjaradómur ákvarði laun presta.

Fram hafa komið þau sjónarmið að það sæmi ekki stöðu prestins að taka þátt í kjarabaráttu og kröfugerð gagnvart atvinnurekanda með viðeigandi samningaþófi. Prestar geti ekki eðli málsins samkvæmt nýtt sér verkfallsrétt sinn þar sem starf þeirra byggist á nánu samstarfi við sóknarbörn, sálgæslu og félagslegri aðstoð.

Ráðuneytið telur full rök vera fyrir því að prestaséttin fylli þann hóp sem nú þegar er háður ákvörðunarvaldi Kjaradóms.

Því er frumvarp þetta, sem felur í sér að komið er til móts við framangreind sjónarmið um að kjör presta fari samkvæmt ákvörðun Kjaradóms og að þeim sé óheimilt að gera verkfall, lagt fram.

Þegar rætt er í frumvarpi þessu um sérþjónustupresta er átt við þá presta, sem gegna embættum skv. II. kafla laga nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

Frumvarpið er flutt í samræmi við óskir Prestafélags Íslands.

Sþ. 780. Skýrsla [429. mál]

umhverfisráðherra um framtíðarskipan sorphirðu, meðferð úrgangsefna og endurvinnslu.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

Aðfaraorð umhverfisráðherra.

Með bréfi dags. 5. maí 1990 skipaði umhverfisráðherra nefnd til að móta stefnu og koma með tillögur um bætta sorphirðu í landinu. Nefndinni var ætlað að kanna ástand sorphirðumála hérlendis og leiðir til úrbóta og taka mið af þróun erlendis til betri hátta í þessum efnum. Jafnframt var nefndinni ætlað að huga að endurvinnslumálum. Nefndina skipuðu eftirtaldir: Pétur K. Maack prófessor, Háskóla Íslands, formaður nefndarinnar, Davíð Egilsson deildarverkfræðingur, fyrir Náttúruverndarráð, Guðmundur H. Einarsson framkvæmdastjóri, fyrir Hollustuvernd ríkisins, Ólafur Kjartansson verkfræðingur, fyrir Félag íslenskra iðnrekenda, Sigurbjörg Sæmundsdóttir deildarsérfræðingur, frá umhverfisráðuneyti, Ögmundur Einarsson framkvæmdastjóri, fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga. Birgir Þórðarson, umhverfisskipulagsfræðingur hjá mengunarvarnasviði Hollustuverndar ríkisins, var ritari nefndarinnar.

Nefndin hefur nú skilað álitsgerð sinni. Kemst hún að þeirri niðurstöðu að staða sorp-

hirðumála hérlendis sé slæm og þjóðinni til vansa. Verið er að vinna að þessum málum á ýmsum stöðum á landinu af hálfu sveitarfélaga og mikill vilji er fyrir hendi að bæta þar úr. Nefndin telur brýnt að gera sem fyrst átak í sorphirðumálum landsmanna, en það mun verða mörgum sveitarfélögum fjárhagslega erfitt að óbreyttum tekjustofnum. Því þarf að aðstoða og hvetja sveitarfélögin til að halda áfram umbótum í sorphirðumálum.

Meginniðurstöður nefndarinnar eru eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir að sérstakur úrgangur blandist neyslu- og framleiðsluúrgangi þannig að verulega dragi úr skaðlegum umhverfisáhrifum af völdum förgunar á úrgangi frá því sem nú er. Fram til þessa hefur enginn farvegur verið fyrir söfnun á sérstökum úrgangi. Spilliefni, svo sem olíuúrgangur, málningarúrgangur og rafgeymar, hafa borist með sorpi eða framleiðsluúrgangi hafi einstaklingar og fyrirtæki á annað borð losað sig við hann. Grunur leikur á að ýmsu, sem fyrirtæki og einstaklingar hafa viljað losa sig við til förgunar, hafi einfaldlega ekki verið safnað og sé það í raun í reiðileysi eða hafi farið í holræsakerfið.

Nefndin bendir á að æskilegt sé að athugað verði sérstaklega hvort ráðlegt sé að leggja umhverfisgjald á vörur sem innihalda efni sem gera þær að hættulegum úrgangi. Gjaldinu yrði ætlað að standa undir söfnun og förgun spilliefna og innheimt áður en varan kæmi í hendur neytandans.

Ekki verður betur séð en sorphirða og förgun úrgangs sé best komin hjá sveitarfélögum. Nefndin bendir á að æskilegt sé að sveitarfélög sameinist um slík verkefni, t.d. í byggðasamlögum sem annist sorphirðu á tilteknum svæðum eða sjái a.m.k. um alla förgun úrgangs frá sveitarfélögum. Þannig væri hægt að tryggja viðunandi og hagkvæman rekstur sorphirðufyrirtækja. Þar sem sorphirða er í höndum sveitarfélaganna hvað varðar allan úrgang nema vandræðaúrgang, en það er m.a. sóttnæmur og geislavirkur úrgangur, svo og sprengiefni, ber þeim að standa að skipulagi sorphirðu og taka ákvarðanir þar að lútandi. Skipan sorphirðumála ber að skoða sem hugmynd að samræmdu kerfi sem sveitarfélög gætu notað til að þróa frekar. Hornsteinar í slíku sorphirðukerfi eru safnstöðvar sveitarfélaga og móttökustöðvar með förgun. Í fámennum sveitarfélögum er algengt að engin sérstök sorphirða sé til staðar, heldur er úrganginum fargað á staðnum. Þær aðstæður ber að skapa að sveitarfélög, þó að fámenn séu og dreifð, geti tekið þátt í því að koma upp söfnunarstöðvum sem gætu orðið vísir að flokkuðum úrgangi sem hægt væri að nýta.

Ætla má að kostnaður við að taka upp það heildarkerfi sorphirðu, sem hér er lýst, geti numið allt að 2 milljörðum króna. Er þá miðað við að safnstöðvar einstakra sveitarfélaga muni kosta um 5–10 milljónir króna. Helstu móttöku- og förgunarstöðvar, sem ætla má að yrðu um 10 talsins á öllu landinu, munu kosta 50–200 milljónir króna. Þá má einnig reikna með sérhæfðum móttökustöðvum fyrir spilliefni og annan umhverfisskaðlegan úrgang. Verið er að taka í notkun fullkomna móttökustöð fyrir sorp og framleiðsluúrgang á höfuðborgarsvæðinu sem áætlað er að muni kosta fullbúin um 400 milljónir króna. Í tengslum við hana verður einnig rekin spilliefnamóttaka sem fyrst um sinn verður að þjóna öllu landinu. Frá því í mars 1990 hafa spilliefni og annar umhverfisskaðlegur úrgangur verið flokkuð og pakkað á viðeigandi hátt og síðan send úr landi til förgunar eða endurvinnslu. Eyðing og förgun spilliefna er misjafnlega flókin og kostnaður líka misjafn en töluvert meiri en við förgun sorps og framleiðsluúrgangs.

Nefndin telur að finna verði leið til að útvega fjármagn til þessa þjóðþrifaverkefnis sveitarfélaganna, en ætla má að það þurfi um 100–200 milljónir króna árlega næstu fimm

árin, ásamt framlagi sveitarfélaganna sjálfra, til að standa straum af nauðsynlegum stofnkostnaði við móttökustöðvar og förgunarstöðvar um allt land. Það má m.a. hugsa sér að innan Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði sérstök deild, umhverfisverkefnadeild, sem hafi það hlutverk að fjármagna verkefni á sviði umhverfisbóta. Mundu þá einstök sveitarfélög eða byggðasamlög þeirra geta sótt um styrk eða hagkvæm framkvæmdalán til uppbyggingar sorphirðukerfisins til sjóðsins.

Stefna ber að lágmörkun úrgangsefna og hreinni tækni. Förgun úrgangs skal greidd af þeim sem honum valda í samræmi við það meginlögmál umhverfisverndar sem nefnt hefur verið mengunarbótareglan. Hefur skapast alþjóðleg samstaða um þá reglu sem á ensku máli hefur verið kölluð „Polluter Pays Principle" eða PPP-reglan. Greiðsla miðist við magn. Tryggja þarf að sá sem þarf að losa sig við sorp eða framleiðsluúrgang eða lætur farga sorpi geri sér ljóst hvað förgunin kostar. Til greina kemur að leggja einnig á sérstakt umhverfisgjald í þessu sambandi.

Þá ber að stuðla að því að vörur og hráefni verði ekki að úrgangi og allt gert til að koma í veg fyrir ónauðsynlegan úrgang. Þannig þarf að draga úr magni umbúða. Fyrirtæki er starfa að endurvinnslu hafa komið sér upp söfnunarkerfi fyrir endurnýtanlegt hráefni. Þessi söfnunarkerfi þjóna mikilvægu hlutverki í heildarkerfi sorphirðu og ber að efla. Endurvinnsla verði efld eftir því sem hægt er með öflugu þróunar- og rannsóknastarfi. Eftir því sem slík endurvinnsla þróast verði allur úrgangur flokkaður. Þróunarverkefni, sem miða að endurvinnslu og lágmörkun úrgangsefna, þurfa að eiga greiðan aðgang að rannsóknasjóðum og styrkveitingum.

Setja þarf skýrar reglur og efla kynningu og uppfræðslu almennings. Umhverfisráðuneytið mun leitast við að gefa út leiðbeiningar um gerð og staðsetningu móttökustöðva svo að skilyrði fyrir starfsleyfi þeirra séu ljós. Umhverfisráðuneytið mun einnig leitast við að upplýsa almenning og fyrirtæki um kostnað vegna meðferðar úrgangs, hvaða vörur verða að spilliefnum og hvaða vörur eru visthæfar. Stjórnun og framkvæmd sorphirðu og förgun úrgangs verður ekki bætt að neinu marki með nýjum lögum eða reglugerðum, heldur með samstilltu átaki allra bæði stjórnvalda, fyrirtækja og almennings í landinu.

Því verður að treysta að hver maður geri skyldu sína, ekki aðeins til að viðhalda þeirri ímynd sem Íslendingum hefur nokkuð vel tekist að skapa, þ.e. að Ísland sé hreint og ómengað matvælaframleiðsluland, heldur einnig og ekki síður vegna heilsu og velferðar okkar sjálfra og óborinna afkomenda.

Sorphirðu- og endurvinnslunefnd umhverfisráðuneytisins:

Sorphirða og endurvinnsla á Íslandi.
Drög að framtíðarskipan.
(Febrúar 1991.)

Formáli.

Sorphirðu- og endurvinnslunefnd umhverfisráðuneytisins var skipuð með bréfi 2. maí 1990. Nefndin hefur haldið alls 40 fundi. Verkefni nefndarinnar fólst einkum í því að huga að grundvallaratriðum varðandi skipulag sorphirðu og endurvinnslu hér á landi.

Nefndarmenn auk formanns eru: Davíð Egilsson deildarverkfræðingur, tilnefndur af

Náttúruverndarráði, Guðmundur H. Einarsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Hollustuvernd ríkisins, Ólafur Kjartansson verkfræðingur, tilnefndur af Félagi íslenskra iðnrekenda, Sigurbjörg Sæmundsdóttir verkfræðingur, tilnefnd af umhverfisráðuneytinu, Ögmundur Einarsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Ritari nefndarinnar var skipaður Birgir Þórðarson umhverfisskipulagsfræðingur, fyrir Hollustuvernd ríkisins.

Bráðabirgðaniðurstöður voru kynntar á ráðstefnu um fráveitur og sorp sem haldin var 15. og 16. nóv. og höfðu þá sveitarstjórnarmenn, tæknimenn sveitarfélaga og félagar í Lagnafélagi Íslands tækifæri til að koma ábendingum og athugasemdum á framfæri. Þessar niðurstöður voru einnig sendar Landvernd og Endurvinnslunni hf.

Fyrirspurnir voru sendar til sambands sveitarfélaga á Norðurlöndum og umhverfisráðuneyta þeirra landa. Haft var samband við þau fyrirtæki sem vitað var að væru beint tengd endurvinnslu.

Þær niðurstöður og tillögur, sem er að finna í þessari skýrslu, eru ekki mjög frábrugðnar bráðabirgðaniðurstöðunum enda hlutu þær fremur jákvæðar undirtektir.

Ég þakka nefndarmönnum ánægjulegt samstarf og það mikla starf sem þeir hafa lagt af mörkum. Einnig vil ég þakka öllum öðrum sem lagt hafa nefndinni lið við störf sín.

Reykjavík, 7. febrúar 1991.

Pétur K. Maack.

MEGINNIÐURSTÖÐUR
ÚTDRÁTTUR

1. SÉRSTAKUR ÚRGANGUR MÁ EKKI BLANDAST NEYSLU- OG FRAMLEIÐSLUÚRGANGI.

1.1 Umhverfisgjald verði lagt á vörur sem innihalda efni, sem valda hættulegum úrgangi (spilliefnum). Gjaldið standi undir söfnun og förgun slíks úrgangs.

1.2 Lög verði sett sem heimila að slíkt gjald verði lagt á. Með reglugerð verði þær vörur skilgreindar sem valda hættulegum úrgangi á grundvelli þess hve mikið af spilliefnum er í þeim. Þar verði enn fremur kveðið á um upphæð umhverfisgjaldsins.

1.3 Settar verði reglur um merkingar hættulegra efna (spilliefna).

2. EKKI VERÐUR SÉÐ AÐ SKIPAN SORPHIRÐU OG FÖRGUNAR ÚRGANGS SÉ BETUR KOMIN HJÁ ÖÐRUM EN SVEITARFÉLÖGUM.

2.1 Sveitarfélög komi í sameiningu á fót byggðasamlögum, sem annist sorphirðu í sveitarfélögunum eða sjái a.m.k. um alla förgun úrgangs frá sveitarfélögunum.

2.2 Alþingi veiti 100 m.kr. árlega í fimm ár til greiðslu hluta stofnkostnaðar við móttökustöðvar byggðasamlaga.

2.3 Framlag Alþingis verði í sjóði sem byggðasamlögin geti sótt til þegar þau hafa verið stofnuð og áætlanir um uppbyggingu og rekstur liggja fyrir.

3. STEFNA BER AÐ ÞVÍ AÐ DRAGA ÚR ÞVÍ SEM FER TIL FÖRGUNAR.

3.1 **Förgun úrgangs skal greidd af þeim sem honum valda. Greiðsla miðist við magn. Tryggja þarf að sá sem lætur farga sorpi geri sér ljóst hvað förgun kostar.**

3.2 **Stuðla ber að því að vörur og hráefni verði ekki að úrgangi. Endurvinnsla verður best efld með öflugu þróunar- og rannsóknastarfi og endurvinnsla ætti að njóta nokkurs forgangs við val á rannsókna- og þróunarverkefnum. Þær aðstæður ber að skapa að sveitarfélög, þó að fámenn séu og dreifð, geti tekið þátt í því að koma upp móttökustöðvum sem gætu orðið uppspretta að flokkuðum úrgangi sem hægt væri að nýta.**

4. SETJA ÞARF SKÝRARI LEIKREGLUR OG EFLA KYNNINGU.

4.1 **Umhverfisráðuneytið gefi út leiðbeiningar um gerð og staðsetningu móttökustöðva, svo að skilyrði fyrir starfsleyfi séu ljós.**

4.2 **Umhverfisráðuneytið upplýsi almenning og fyrirtæki um kostnað vegna úrgangs, hvaða vörur verða að spilliefnum og hvaða vörur eru umhverfisvænar.**

4.3 **Stjórnun og framkvæmd sorphirðu og förgunar úrgangs verður ekki bætt að neinu marki með nýjum lögum eða reglugerðum.**

Kafli 1

VIÐFANGSEFNI OG MARKMIÐ

Hugtök sem tengjast sorphirðu og endurvinnslu eru nokkuð á reiki. Í þessari skýrslu er einkum þörf á hugtökum til að geta lýst stjórnun og skipan sorphirðu og endurvinnslu, svo að viðfangsefnið sé ljóst. Í þessum kafla er gerð grein fyrir hugtakinu *úrgangur* sem er almennara hugtak en *sorp*, enn fremur hvað felst í hugtakinu *endurvinnsla* og að lokum er gerð grein fyrir þeim markmiðum sem nefndin telur að keppa beri að hvað varðar sorphirðu og endurvinnslu á næstu árum. Stuðst er við skilgreiningar úr Mengunarvarnareglugerð (1; 1990). Í viðauka 1 er að finna yfirlit yfir ýmis hugtök.

ÚRGANGUR

Úrgangur verður til þegar einstaklingur eða fyrirtæki vill losa sig við vöru eða efni til förgunar án þess að um sölu sé að ræða. Einnig er hugsanlegt að heilbrigðisyfirvöld úrskurði tilteknar vörur eða efni sem úrgang og viðkomanda beri þá að losa sig við hann. Þegar vörur eða efni verða að úrgangi missir viðkomandi um leið eignarrétt á hlutnum eins og við sölu. Hann greiðir væntanlega fyrir að losna við úrganginn. Úrgangurinn fer oftast til förgunar eða endurvinnslu.

1 Mengunarvarnareglugerð 389/1990, Stjórnartíðindi, b 62-1990

Ýmiss konar afgangur og afskurður í framleiðslu sem er nýttur eða seldur öðrum til frekari meðhöndlunar, annarrar en förgunar, telst því ekki úrgangur eins og hugtakið er notað hér.

Á sama hátt eru t.d. drykkjarumbúðir, sem bera skilagjald og skilað er til Endurvinnslunar h/f, ekki úrgangur. Slíkar vörur nefnast skilagjaldsvörur en séu sömu drykkjarumbúðir settar í sorphirðu sveitarfélags teljast þær úrgangur.

Vara verður að úrgangi þegar ákveðið er að losa sig við hana og farga henni.

Úrgangur skiptist í :

1. Sorp (neysluúrgang)
2. Framleiðsluúrgang
3. Sérstakan úrgang
4. Annan úrgang, t.d. salernisúrgang, ristarúrgang og seyru

Sorp (neysluúrgangur) er leifar, rusl og umbúðir sem til falla við heimilishald og einnig úrgangur sem til fellur við aðra starfsemi og hefur svipaða eiginleika. Sveitarfélag sér um að safna sorpi, taka á móti því og farga.

Framleiðsluúrgangur er almennur úrgangur sem fellur til við framleiðslu, verslun og þjónustu, svo sem pappír, timbur, gler o.fl. Um er að ræða úrgang sem fara má í hið almenna sorphirðukerfi og hefur ekki að geyma varhugaverð eða hættuleg efni. Fyrirtækin koma úrganginum yfirleitt sjálf til móttökustöðva sveitarfélaga.

Sérstakur úrgangur verður ekki meðhöndlaður á sama hátt og sorp eða framleiðsluúrgangur vegna umfangs og eðlis eða vegna þess að hann getur valdið alvarlegri mengun og/eða hættu fyrir lífverur. Hér er sú leið valin að skipta sérstökum úrgangi í þrjá flokka eftir því hvernig hann þarf að meðhöndla við sorphirðu:

1. **Sérstakur framleiðsluúrgangur** er ekki beinlínis hættulegur og tekið er við honum í móttökustöðvum sveitarfélaga en sérstaklega þarf að vanda móttöku og förgun hans. Sem dæmi um sérstakan framleiðsluúrgang má nefna sláturhúsaúrgang.

2. **Spilliefni (hættulegur úrgangur)**. Sem dæmi um spillefni má nefna málningarvörur sem innihalda leysiefni og rafhlöður með kvikasilfri. Móttöku- og safnstöðvar fyrir slíkar vörur verða á

vegum sveitarfélaga. Þessar vörur má flokka enn frekar eftir því hve hættulegar þær eru taldar.

3. **Vandræðaúrgangur (leyfisbundnar vörur).** Hér er t.d. átt við sóttnæman úrgang/sýklaúrgang, geislavirkan úrgang og sprengiefni. Notkun slíkra vara og framleiðsla slíks úrgangs er háð leyfi og er alfarið á ábyrgð þess sem hefur vöruna undir höndum og/eða veldur úrganginum. Slíkur úrgangur fer ekki til móttökustöðva sveitarfélaga.

Annar úrgangur, t.d. salernisúrgangur, ristarúrgangur og seyra, fellur til í þurrsalernum, skolphreinsistöðvum og rotþróm.

ENDURVINNSLA

Endurvinnsla felur í sér hvers konar meðhöndlun og nýting hlutar í stað förgunar hans. Annars vegar er um að ræða nýtingu afganga og aukaafurða við framleiðslu og hins vegar frekari nýtingu umbúða og vara sem lokið hafa hlutverki sínu að mati eiganda.

Endurvinnsla hefur því víðtæka merkingu. Þannig telst t.d. sjálf söfnunin á vörum eða umbúðum, sem síðan nýtast öðrum, endurvinnsla.

Endurvinnsla getur átt upphaf sitt á tveimur mismunandi stöðum í lífhlaupi vöru.

1. **Í fyrsta lagi áður en afgangar, vara og efni verða að úrgangi.** Til þess að slík nýting teljist til endurvinnslu þarf að liggja fyrir að viðkomandi hefði að öðrum kosti losað sig við hlutinn til förgunar. Söfnun á fiskkössum og mölun þeirra er dæmi um slíka endurvinnslu.

2. **Í öðru lagi eftir að afgangar, vara og efni verða að úrgangi.** Hér er í raun um það að ræða að vinna úr úrgangi sem borist hefur til söfnunar- eða móttökukerfis sveitarfélaga. Um getur verið að ræða hvers kyns úrgang, svo sem framleiðslu á skarna úr sorpi, og um er að ræða endurvinnslu á sérstökum úrgangi þegar vatn er skilið úr úrgangsolíu.

MARKMIÐ

Þær tillögur sem síðar verða settar fram í þessari skýrslu eiga að stuðla að því að eftirfarandi markmiðum varðandi sorphirðu og endurvinnslu verði náð. Um er að ræða markmið sem eiga að gilda næstu fimm árin en eftir því sem þeim verður náð bætast smám saman ný markmið við.

Almenn markmið

1. Minna fari af úrgangi til förgunar en áður og dregið verði verulega úr umhverfisáhrifum förgunar frá því sem nú er.

2. Almenningi og fyrirtækjum sé gert ljóst hvað sorphirða kostar.

3. Vörum fyrir almennan neytendamarkað sem innihalda efni sem gera þær að spilliefnum (hættulegum úrgangi) fækki og þær hverfi helst alveg. Umhverfisvænum vörum fjölgi.

4. Umbúðir sem hluti sorps (neysluúrgangs) minnki verulega. Stefnt verði að því að draga úr fyrirferð umbúða í framleiðsluúrgangi og þær verði einungis notaðar til verndar vörunni.

Markmið varðandi úrgang og förgun hans

5. Skýrar línur þurfa að vera um hvar og hvernig losa megi úrgang. Allur úrgangur þarf að skila sér í þann farveg sem honum er ætlaður. Þetta á við um alla þrjá höfuðflokka úrgangs, þ.e.a.s. sorp, framleiðsluúrgang og sérstakan úrgang.

6. Förgun úrgangs eigi sér ekki stað á opnum haugum né í opnum brennslum. Rusl sjáist ekki á víðavangi. Förgunarstaðir séu vel reknir og valdi hvorki heilbrigðis- né umhverfisspjöllum. Förgunarstöðum verði fækkað.

7. Loftmengun frá sorpbrennslustöðvum verði í lágmarki, þannig að t.d. díoxín-myndun sé hverfandi.

8. Við urðun sé úrgangur alltaf þakinn jafnóðum. Komið sé í veg fyrir að meindýr og vargfuglar séu á urðunarstað og að smit geti borist þaðan. Grunnvatni og yfirborðsvatni stafi ekki hætta af úrgangi við urðun hans. Ef talið er mögulegt má gjarnan nýta úrgang til uppgræðslu.

9. Fyrir liggi almenn starfsleyfislýsing um förgun úrgangs. Tekið sé tillit til skipulags og séreinkenna svæða við veitingu starfsleyfis. Kröfur um mengunarvarnir á þéttbýlum stöðum í Evrópu verði ekki teknar upp án þess að aðlaga þær íslenskum aðstæðum.

10. Sérstakur úrgangur frá fyrirtækjum og heimilum blandist ekki sorpi og framleiðsluúrgangi við sorphirðu. Öllum sé ljóst hvaða vörur/úrgangur eru spilliefni/hættulegur úrgangur.

Markmið varðandi endurvinnslu

11. Uppbygging söfnunarstöðva (gámastöðva) verði með þeim hætti að nota megi þær til söfnunar á því sem hugsanlega megi endurnýta, ef æskilegt er talið, í stað þess að það fari til förgunar. Einnota drykkjarvöruumbúðum verði safnað áfram á sama hátt og nú.

12. Ekki sé lögð sérstök áhersla á að endurvinna eða nýta sorp (neysluúrgang). Afskurður og það sem fellur til í görðum verði unnið og nýtt á staðnum en fari ekki til förgunar í hinu almenna sorphirðukerfi.

13. Framleiðsluúrgangur minnki, þ.e.a.s. minna fari af afskurði, afgöngum og aukaafurðum til förgunar. Fyrirtæki nýti sjálf eftir því sem kostur er það sem til fellur við framleiðsluna eða stuðli að nýtingu þess á annan hátt. Fyrirtæki rísi sem safni og komi þessum afgöngum í verð.

14. Ekki sé lögð áhersla á að sorphirðufyrirtæki reki sjálf endurvinnslu. Þau miðli hins vegar þeim úrgangi sem talinn er vera nýtanlegur, einkum með því að sjá til þess að hann blandist ekki öðrum úrgangi, þ.e.a.s. sé haldið flokkuðum.

Kafli 2

STAÐA SORPHIRÐU OG ENDURVINNSLU

SORPHIRÐA

Sorphirða nær til alls þess ferlis sem úrgangur fer um. Fyrsta þrep sorphirðu felst í því að einstaklingur eða fyrirtæki ákveður að losa sig við eitthvað til förgunar og lætur það til hliðar, t.d. í ruslabiðu. Í sorphirðuferlinu eru eftirfarandi þrep.

1. Lagt í ruslabiðu
2. Flutt í safnstöð (gámastöð/hverfastöð)
   E.t.v. er mismunandi tegundum úrgangs haldið aðskildum
3. Flutt í umhleðslustöð
   Úrgangi er umskipað og hann e.t.v. pressaður eða honum pakkað
4. Flutt í (aðal)móttökustöð
   Úrgangur er e.t.v. flokkaður og fluttur til endurvinnslu
   Úrgangi er e.t.v. eytt eða umbreytt, t.d. brennt eða hann baggaður
5. Flutt til endanlegrar förgunar (urðunar)
   Úrgangi komið í varanlega geymslu.

Úrgangur þarf alls ekki að fara um öll þrepin. T.d þarf umhleðslustöð ekki að vera fyrir hendi og sérstakur úrgangur fer væntanlega oftast beint til móttökustöðvar. Einnig fer ýmis úrgangur frá heimilum beint til

safnstöðvar/gámastöðvar, t.d. ónýt teppi og húsgögn, og einnig getur sorp farið beint úr ruslabíðu til móttökustöðvar.

Magn og samsetning úrgangs

Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um heildarúrgang sem til fellur á landinu öllu né skiptingu hans. Árið 1977 var á tímabili reynt að meta umfang þess úrgangs sem kom í Gufunes og reynt var að áætla skiptingu í efnisflokka án þess að um eiginlega flokkun eða vigtun væri að ræða (2). Sorp hefur verið vegið úr sorpbílum í Reykjavík í tvær vikur ársfjórðungslega undanfarin ár og hefur sorp (neysluúrgangur) reynst vera 350 kg á íbúa. Ekki er vitað hve mikið fellur til alls af framleiðsluúrgangi en á höfuðborgarsvæðinu er hann talinn um 550 kg á íbúa á ári (3). Í heild er reiknað með 100-120 þ. tonnum af sorpi og framleiðsluúrgangi á næstu árum og að hann fari heldur minnkandi. Í öðrum áætlunum (4) og (5) er gert ráð fyrir að framleiðsluúrgangur sé 720-750 kg á íbúa og sorp sé 350-380 kg á íbúa, samtals 1100 kg á íbúa. Tæknimenn sveitarfélaga (6) áætluðu magn úrgangs á Austur- og Vesturlandi og umreiknað í sambærilegar tölur verður sorp um 380 kg á íbúa en framleiðsluúrgangur um 570 kg á íbúa, þ.e.a.s samtals um 950 kg á íbúa. Á Suðurnesjum hefur úrgangur verið vigtaður og þar er sambærileg heildartala 850 kg á íbúa (7). Úrgangur hefur heldur farið minnkandi þar undanfarin ár.

Um sérstakan úrgang er það helst vitað að á átta mánuðum árið 1990 bárust 90 tonn af spilliefnum (hættulegum úrgangi) til förgunar fyrir milligöngu Sorpeyðingar höfuðborgarsvæðisins og áætlað er að töluvert meira magn berist á næsta ári (3). Olíuúrgangur er áætlaður 3000 tonn á ári í ýmsu formi og talið er að til urðunar fari að lokum um 40-50 tonn af olíusalla (8).

---

2 *Sorphirða; Sorphreinsun, ráðstöfun sorps og endurnýtingarmöguleikar.* Gatnamálastjórinn í Rvk, mars 1978.

3 Ögmundur Einarsson: Hjá Sorpeyðingu höfuðborgarsvæðisins, janúar 1990.

4 Davíð Egilsson: *Mengun frá sorphaugum.* Náttúruverndarráð, 28. nóvember 1989.

5 Birgir Þórðarson: *Er allt í rusli? - Staða sorphirðu og enduvinnslumála.* Ráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga o.fl., 15.-16. nóvember 1990.

6 *Sorpeyðing; Austurland - Vestfirðir: sorphirða, urðun, brennsla, forathugun.* Hönnun hf., Reyðarfirði, mars 1990.

7 *Sorpeyðingarstöð Suðurnesja.* Starfshópur í stefnumörkun sorpförgunar á Suðurnesjum, desember 1990.

8 Nefnd um förgun umhverfismengandi efnaúrgangs á vegum Umhverfisráðuneytisins. 7. fundargerð 17.5. 1990.

Miðað við aðrar vestrænar þjóðir er sorp á Íslandi líklega svipað og þar eða milli 300 og 400 kg á íbúa á ári.

Það er því nokkuð mismunandi hve mikið einstakar heimildir áætla að til falli af framleiðsluúrgangi og sorpi en ef tekið er mið af því að framleiðsluúrgangur virðist heldur minni úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu má áætla að úrgangur á ári sé eins og eftirfarandi tafla sýnir:

	kg á íbúa á ári	tonn alls á ári
Sorp (neysluúrgangur)	350-400	tæp 100.000
Framleiðsluúrgangur	450-500	tæp 125.000
Sérstakur úrgangur	?	
Sérstakur framleiðsluúrgangur		
Sláturhúsaúrgangur	?	
Spilliefni		yfir 100
Olíur		um 3.000
Vandræðaúrgangur	?	
Sóttnæmur úrgangur	?	

Tafla 2.1 Úrgangur á ári

Samanlagt er sorp og framleiðsluúrgangur því tæp 225.000 tonn á ári eða um 1.6 milljónir rúmmetra. Alls svarar þetta til um 150 þrjátíu rúmmetra gáma á dag allt árið um kring af ópressuðum úrgangi. Það er næstum einn skipsfarmur strandferðaskips á dag.

Engar nákvæmar athuganir hafa farið fram hérlendis á því hvernig sorp og framleiðsluúrgangur skiptist. Í töflunni hér að neðan er sýnd skipting á sorpi (neysluúrgangi) árið 1988 í Svíþjóð og á framleiðsluúrgangi í Gufunesi 1977 eða iðnaðarsorpi eins og það er nefnt í þeirri skýrslu. Með því að styðjast við heimildir 2-5 hér að ofan hefur nefndin áætlað skiptingu sorps og framleiðsluúrgangs og eru þær niðurstöður í tveimur síðustu dálkunum í töflunni. Óvissa við þessa skiptingu er töluvert meiri en í heildartölunni enda virðist sem engar áreiðanlegar tölur séu til um skiptingu þessa úrgangs hér á landi. Með tilkomu móttökustöðvar á höfuðborgarsvæðinu ættu þó fljótlega að liggja fyrir miklu áreiðanlegri tölur um magn úrgangs og skiptingu hans.

	SORP Svíþjóð (9) 1988	FRAML.- ÚRGANG. Gufunes (2) 1977	SORP OG FRAML.ÚRG. áætlun nefndar	SORP OG FRAML.ÚRG. áætlun nefndar tonn á ári
Pappír	40%	35%	37%	83.000
Matar-, garðúrg.	30%		15%	34.000
Gler	7%	3%	5%	11.000
Plast	9%		9%	20.000
Málmur	3%	9%	6%	14.000
Tré	1%	28%	14%	32.000
Gúmmí	3%		2%	4.000
Annað	7%	25%	12%	27.000
Samtals	100%	100%	100%	225.000

Tafla 2.2 Hlutfallsleg skipting sorps og framleiðsluúrgangs

Þessa skiptingu ber að skoða með mikilli varúð og t.d. má vera að timburúrgangur sé meiri en þarna kemur fram (6). Enn fremur fer það eftir árstíma hvaða tegundir úrgangs falla til, auk þess sem hann getur verið breytilegur milli ára.

Umfang sérstaks framleiðsluúrgangs, t.d. sláturhúsaúrgangs og vandræðaúrgangs eins og sóttnæms úrgangs, er óverulegt í samanburði við það sem nefnt er í töflunni hér að ofan. En það er ekki magnið heldur eðli úrgangsins sem gerir hann vandmeðfarin. Úrgangur sem er vandmeðfarinn getur myndast skyndilega t.d. vegna niðurskurðar á riðuveiku fé eða vegna olíumengaðs jarðvegs.

Söfnun og flutningur úrgangs

Ekki var gerð nein heildarúttekt á því hvernig söfnun og flutningi á úrgangi er hagað og ekki er vitað til þess að slík úttekt sé til. Eftirfarandi er þó ljóst:

9 Gunnar Bergvald: *Solid Waste Management in Sweden*. Naturopa 88-2. Environmentfigures, Council of Europe 1988.

1. Sorp

1.1 Í langflestum stórum sveitarfélögum er sorp (neysluúrgangur) sótt að heimilum. Sorpið er annaðhvort í flátum (tunnum) sem tæmdar eru á staðnum eða í plastpokum sem teknir eru með því sem í þeim er. Sveitarfélagið sér um þessa þjónustu, rekur annaðhvort eigið fyrirtæki eða hefur gert samninga við fyrirtæki/einstaklinga um söfnunina.

1.2 Í ýmsum sveitarfélögum eru einnig gámastöðvar þar sem eintaklingar geta losað sorp. Þannig er t.d. háttað um hverfastöðvar eða safnstöðvar fyrir sumarbústaða- og útivistarsvæði.

1.3 Í fámennum sveitarfélög er algengt að engri sérstakri sorphirðu sé til að dreifa heldur er úrgangi fargað á staðnum.

2. Framleiðsluúrgangur

2.1 Fyrirtæki flytja oft sjálf þann úrgang sem telst almennt sorp á förgunarstað.

2.2 Úrgangur, eins og t.d. ýmis spilliefni, hefur þá oft flotið með almennum framleiðsluúrgangi. Sláturhúsaúrgangi er oftast ekið á haugana á vegum sláturhúsa án sérstakra ráðstafana.

3. Sérstakur úrgangur

3.1 Fram til þessa hefur enginn farvegur verið fyrir söfnun á sérstökum úrgangi. Úrgangurinn hefur komið með sorpi eða framleiðsluúrgangi, hafi einstaklingar og fyrirtæki á annað borð losað sig við hann.

3.2 Einstaklingar og fyrirtæki komu á árinu 1990 í nokkrum mæli sjálf með spilliefni/hættuleg efni til móttökustöðvar Sorpeyðingar höfuðborgarsvæðisins.

3.3 Sjúkrahús hafa sjálf sent úrgang sinn á förgunarstað. Þar hefur hann lent með venjulegu sorpi og framleiðsluúrgangi þó að það stangist á við reglugerð (1). Sóttnæmum úrgangi af höfuðborgarsvæðinu hefur þó oft verið fargað í sorpbrennslustöðinni á Suðurnesjum.

3.4 Einstaklingar hafa í nokkrum mæli komið með notaðar rafhlöður í ýmsar verslanir og stofnanir. Flutningur á rafhlöðum á förgunarstað er hins vegar ekki kominn í fastar skorður á landinu öllu.

3.5 Á síðustu árum hafa Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisfulltrúar sveitarfélaga staðið fyrir átaki til að skrá og safna saman PCB-efnum og flytja þau utan til eyðingar.

3.6 Mörg sveitarfélög hafa nú komið þeirri þjónustu á að taka við ónýtum rafgeymum. Þeir fara að mestu í endurvinnslu.

4. Annar úrgangur

Salernisúrgangi, ristarúrgangi og seyru er ýmist safnað af sveitarfélögum eða einkafyrirtækjum og fer slíkur úrgangur á förgunarstað sveitarfélaga og blandast þar eða er settur í skolpræsi.

Grunur leikur enn fremur á því að ýmsu, sem fyrirtæki og einstaklingar hafa viljað losa sig við til förgunar, hafi einfaldlega ekki verið safnað og sé það í raun í reiðileysi eða hafi farið í niðurfallið.

Aðferðir við förgun

Sorpi og framleiðsluúrgangi er í raun fargað á sama hátt hér á landi. Á því er að verða undantekning þar sem timbur sem kemur flokkað til móttökustöðvar höfuðborgarsvæðisins verður mulið í kurl og nýtt sem trésalli. Eiginlega má segja að hér sé fremur um endurvinnslu að ræða en förgun.

Helstu aðferðir við förgun sorps og framleiðsluúrgangs hér á landi eru:

Urðun
- án böggunar
- með böggun
- í tengslum við brennslu

Brennsla
- opin brennsla
- brennsla í sorpbrennsluþró
- brennsla í sorpeyðingarstöð

Urðun er þannig háttað að úrgangi er ekið á afmarkaðan stað og þjappað með sérstökum sorptroðurum eða jarðvinnuvélum og síðan er hann urðaður með jarðefnum.

Opin brennsla og brennsla í þróm fer fram við lágt hitastig, en það er mjög óheppilegt því að þá myndast t.d. eiturefnin díoxín og furan.

Brennsla í sorpeyðingarstöðvum fer fram við hærra hitastig en í opnum þróm en megunarvarnabúnaður í stöðvum hérlendis er ekki fullnægjandi.

Urðun á landfyllingu er langalgengasta förgunaraðferðin en skipting milli förgunaraðferða er um það bil þessi samkvæmt upplýsingum Hollustuverndar ríkisins (5):

Urðun á landfyllingu	178 þ. tonn	76%
Brennsla við lágt hitastig	41 þ. tonn	17%
Sorpbrennslustöðvar	17 þ. tonn	7%
Samtals	236 þ.tonn	100%

Tafla 2.3 Yfirlit yfir förgun sorps og framleiðsluúrgangs.

Þessu ber ekki alveg saman við þau 225.000 tonn sem áætluð voru fyrr í þessari skýrslu og auk þess nefnir sama heimild að 28 þ. tonn hafi farið til endurvinnslu. Það sem munar er hins vegar innan skekkjumarka miðað við núverandi vitneskju.

Förgun úrgangs er ekki vandalaus hvort sem um er að ræða urðun eða brennslu. Ef ekki er rétt að henni staðið getur hún skapað margvíslegar hættur. Við urðun úrgangs er hætta á mengun grunnvatns sé staðarval óheppilegt og mengunarvörnum ekki beitt. Vandamál vegna foks, vargfugls og meindýra geta einnig komið upp. Jafnframt þessu er hætta á ýmiss konar smiti frá illa reknum sorphaugi, oftast smiti til fugla og annarra dýra en slíkt smit getur borist áfram í lífríkið og til manna. Sem dæmi um slíkt má nefna að salmonellusýkill getur borist í opin vatnsból eða í matvælavinnslu með fuglum sem lifa á sorphaugum og við skolpræsi.

Við brennslu úrgangs er einnig hætta á margvíslegri mengun, einkum vegna reyks og ýmissa eiturefna sem myndast við bruna eins og áður sagði og leiða til slæmrar loftmengunar. Einnig getur jarðvegsmengun átt sér stað.


Sérstökum úrgangi eins og spilliefnum hefur þar til á síðasta ári annaðhvort ekki verið fargað eða hann hefur blandast almennu sorpi. Þetta á þó ekki við um úrgangsolíu en olíufélögin hafa í töluverðum mæli safnað henni og síðan hefur

henni verið brennt og olíusallinn urðaður. Verið er að ganga frá nánari tillögum um söfnun og förgun olíu (8).

Frá því í mars 1990 hafa spilliefni/hættuleg efni verið flokkuð og þeim pakkað á viðeigandi hátt og þau síðan send til Kommunekemi í Danmörku. Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins hefur séð um þessa förgun með því að semja við Kommunekemi um móttöku og förgun á takmörkuðu magni slíkra efna. Eyðing og förgun spilliefna er mjög misjafnlega flókin og kostnaður er líka misjafn en töluvert meiri en við förgun sorps og framleiðsluúrgangs.

Yfirlit yfir förgunarstaði á landinu og ástand þeirra

Á mynd 2.1 er sýnt yfirlit yfir helstu förgunarstaði á landinu (5). Það er mjög misjafnt hversu vel hefur tekist til við val þessara staða, sums staðar er það afar óheppilegt (Sjá viðauka 2).



Mynd 2.1 Yfirlit yfir helstu förgunarstaði á landinu (júní 1989)

Urðun á landfyllingu er starfrækt á sex stöðum á landinu. Mest er starfsemin í Gufunesi en sá staður hefur um árabil þjónað átta sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Starfrækslu þess urðunarstaðar verður hætt í apríl 1991 en sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa stofnað með sér byggðasamlag sem mun reka móttökustöð fyrir úrgang í Gufunesi. Þar verður sorp baggað og síðan urðað á Kjalarnesi. Á Akureyri er starfræktur urðunarstaður, einnig á Selfossi, Akranesi, Hvammstanga og í Höfðahreppi. Samkvæmt mati Hollustuverndar ríkisins (viðauki 2) er ástand urðunarstaða þolanlegt nema á Hvammstanga og Selfossi þar sem það er slæmt. Staðarval er hins vegar aðeins þolanlegt á helmingi staðanna eða í Gufunesi, á Akranesi og í Höfðahreppi.

Opnar sorpbrennslur, sem mat hefur verið lagt á eru samkvæmt yfirlitinu í viðauka 2 þrjátíu og þrjár talsins. Ástand þeirra með tilliti til *loftmegunar* er í raun alls staðar slæmt þar sem um er að ræða brennslu við lágt hitastig. Þegar úrgangi er brennt við lágt hitastig myndast ýmis eiturefni og reykurinn getur verið hættulegur heilsu manna (10).

Staðsetning sumra sorpbrennslna er oft á tíðum slæm eins og fram kemur. Má nefna sem dæmi sorpbrennslustaði, þaðan sem hættulegan reyk leggur yfir nálæga bóndabæi og nálæga byggðakjarna. Reykjarslæðan liggur því oft yfir híbýlum, vinnustöðum og útivistarstöðum fólks. *Urðun* er oftast einhver í tengslum við brennslu og er hún æði misjöfn.

Eftirfarandi yfirlit sýnir mat Hollustuverndar ríkisins á opinni sorpbrennslu á 33 stöðum á landinu (viðauki 2) þar sem tekið er tillit til staðsetningar og frágangs við urðun en loftmengun er alltaf fyrir hendi.

Ástand	Staðarval sorpbrennslu	Frágangur
Þolanlegt	5 staðir	4 staðir
Slæmt	18 staðir	17 staðir
Mjög slæmt	10 staðir	12 staðir
Alls	33 staðir	33 staðir

Tafla 2.4 Ástand opinnar sorpbrennslu

10 Davíð Egilsson, Eyþór Einarsson og Þóroddur F. Þóroddsson: Bréf til heilbrigðisráðherra, 20. júní 1989.

Þrjár sorpbrennslustöðvar eru reknar hér á landi, á Húsavík, Ísafirði og Keflavíkurflugvelli. Sú síðastnefnda er stærst, þjónar sveitarfélögum á Suðurnesjum og byggðinni á Keflavíkurflugvelli, og sú eina sem er útbúin mengunarvörnum þótt sá búnaður uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru til slíks rekstrar í dag. Ástand sorpbrennslustöðvarinnar á Ísafirði telst slæmt m.t.t. mengunar og staðsetningar.

Yfirlitið hér að framan sýnir eingöngu þá staði þar sem mat á staðsetningu og ástandi liggur fyrir. Í viðauka 2 er að finna yfirlit yfir hvar sveitarfélög farga sorpi og framleiðsluúrgangi og mat á ástandi förgunarstaða. Þar kemur einnig fram að ekki liggur fyrir yfirlit í aðgengilegu formi yfir það hvar um 140 sveitarfélög farga úrgangi sínum þ.e. samtals 26.900 íbúar eða tæp 11% landsmanna. Hér vantar t.d. upplýsingar um alla staði á Snæfellsnesi.

ENDURVINNSLA

Nýting

Eins og áður kom fram felst endurvinnsla í aðalatriðum í hvers konar meðhöndlun eða nýtingu á hlutum sem einstaklingar og fyrirtæki hefðu að öðrum kosti losað sig við til förgunar. Það getur reyndar stundum verið erfitt að átta sig á hvort um er að ræða sölu á hráefni til vinnslu eða hvort um endurvinnslu er að ræða. Hér ræður fyrst og fremst ákvörðunin um að losa sig við hlutinn undir öllum kringumstæðum og þá til förgunar ef ekki vill betur. Sala á afgangs silfri, kopar og gulli telst t.d. varla til endurvinnslu þar sem slíkum afgöngum yrði líklega ekki hent á haugana.

1. Nýting á afskurði og afgöngum

Í fyrirtækjunum sjálfum hefur endurvinnsla löngum verið stunduð í formi nýtingar á hverju sem til fellur. Dæmi um það er plastafskurður sem er malaður og notaður aftur í svarta ruslapoka. Varmi er einnig nýttur frá ýmsum framleiðsluferlum. Nýting afganga í íslenskum fyrirtækjum er væntanlega mjög fjölbreytileg en hefur ekki verið könnuð að því er nefndin best veit.

Nákvæmt yfirlit yfir slíka nýtingu er ekki fyrir hendi. Hins vegar er ljóst að hún skiptir verulega miklu máli til að draga úr framleiðsluúrgangi sem er yfir 60% af öllum úrgangi.

2. *Nýting á pappír*

Ýmis fyrirtæki, t.d. í umbúðaframleiðslu, safna afgöngum sínum og senda þá utan og selja erlendis, þar sem þeir eru nýttir. Nokkur fyrirtæki og eitt bæjarfélag eru að athuga með tilraunum og kanna fjárhagslegan grundvöll þess að safna pappír og vinna úr honum eða selja hann erlendis á endurvinnslumarkaði. Silfurtún h.f. í Garðabæ hefur framleitt eggjabakka úr úrgangspappír í nokkur ár og framleiðendur spá því að framleiðsla verði um 200 tonn á þessu ári (5). Hringrás h.f. hefur safnað pappír og sent utan (4). Einhver nýting á pappír á sér stað á heimilum, t.d. er til í dæminu að dagblöð séu pressuð og þeim síðan brennt í arni.

Pappír er mjög margbreytilegur og það er grundvallaratriði, eins og við alla endurvinnslu, að mismunandi tegundum sé ekki blandað saman, þ.e.a.s. pappírnum verður að halda flokkuðum. Hér er eftir nokkru að slægjast m.t.t. sorphirðu þar sem pappír er áætlaður um 37% af úrgangi eða um 80 þ. tonn og þar af rúmur helmingur úr framleiðsluúrgangi, en auðveldara er að endurvinna úr honum en sorpi.

3. *Nýting á málmum* (5)

Tvö fyrirtæki starfa beint að vinnslu brotamálma, Hringrás h.f. í Reykjavík, sem hefur um árabil safnað og unnið brotamálma til útflutnings, og Íslenska stálfélagið í Hafnarfirði, sem vinnur bílflök í tætara og hefur færanlega málmpressu sem getur forunnið brotamálma, t.d. bílflök, á landsbyggðinni. Enn fremur er þar að hefjast málmbræðsla. Bæði þessi fyrirtæki hafa gert samstarfssamning við mörg sveitarfélög um söfnun, flutning og vinnslu brotamálma. Ýmsar málmbræðslur taka og við brotamálmi og nota sem hráefni í framleiðslu sinni.

4. *Nýting á gúmmíi og plasti*

Sagaplast h.f. á Akureyri hefur hafið söfnun og vinnslu á úrgangsplasti t.d. fiskkössum. Plastkurlið sem úr þeim er unnið er selt erlendis. Gúmmívinnslan h.f. á Akureyri hefur um árabil framleitt ýmsa hluti úr úrgangsgúmmíi, aðallega úr gúmmísvarfi frá hjólbarðavinnustofum. Þar eru framleiddar gúmmímottur, millibobbingar o.fl. (5). Staðið hefur verið fyrir söfnun á fiskitrollum og nælonnetum (4).

5. Nýting einnota drykkjarvöruumbúða úr áli, gleri og plasti

Endurvinnslan h.f. í Reykjavík sér um söfnun og móttöku á einnota drykkjarvöruumbúðum, sem bera skilagjald. Ál- og plastumbúðir eru pressaðar og fluttar utan til vinnslu en gler er mulið og því síðan fargað. Um endurvinnslu á glerflöskum er því í raun ekki að ræða heldur sorphirðu á úrgangi með skilagjaldi.

6. Nýting úrgangsolíu

Áður hefur verið minnst á söfnun olíufélaganna á afgangsolíu og hefur hún síðan verið seld til brennslu (4).

Endurvinnsla úr úrgangi

Heppilegra er að endurvinna afganga og hluti áður en þeir verða að úrgangi, einkum þar sem alls konar efni og vörur blandast oftast saman í úrgangi. Þegar því verður ekki við komið kemur til greina að endurvinna sjálfan úrganginn.

7. Timbur

Hjá Sorpeyðingu höfuðborgarsvæðisins verður unnið kurl úr timburafgöngum og notað sem kolefnisgjafi í Járnblendiverksmiðjunni.

8. Sorp

Eitthvað er um að garðúrgangur sé settur í safnkassa og framleidd gróðurmold. Ekki er vitað hversu mikið er gert að þessu en væntanlega er það fremur lítið.

Ekki er vitað um aðra endurvinnslu hérlendis eftir að úrgangi hefur verið blandað saman nema hvað hugsanlega er reynt að tína einhver verðmæti úr úrganginum, t.d. málma. Í ýmsum öðrum löndum er orka nýtt við bruna á úrgangi og hér á landi var áður fyrr framleiddur skarni.

Nefndin sendi fyrirspurn í júní 1990 til þeirra fyrirtækja sem starfa beint að endurvinnslu. Fyrirspurnarblaðið er að finna í viðauka 3. Helstu niðurstöður voru þær að fyrirtækin reiknuðu með áframhaldandi starfsemi og fremur vexti en samdrætti. Þau telja að þörf sé á aðstoð vegna þróunar og markaðsmála því að hjá flestum þeirra er stunduð einhver þróun á vélbúnaði vegna framleiðslunnar auk vöruþróunar. Enn fremur kom fram hjá sumum að þau telja að neikvæð afstaða stjórnvalda til endurvinnslu standi þeim fyrir þrifum.

Kafli 3

LÖG OG REGLUGERÐIR FJÁRMÁL

LÖG OG REGLUGERÐIR

Hér að framan hefur einkum verið fjallað um hvernig staðið er að sorphirðu og endurvinnslu án þess að skýra út hvernig það tengist lögum og reglugerðum. Þá var þess ekki getið hvernig sorphirða og endurvinnsla er fjármögnuð. Lög og reglugerðir notast ekki við þá skiptingu á úrgangi sem fram var sett í kafla 1 en reynt er að aðlaga orðalagið þeim hugtökum sem skilgreind voru í kafla 1.

Í viðauka 4 er stutt yfirlit yfir helstu ákvæði sem nefndin telur skipta máli. Það helsta sem fram kemur er eftirfarandi:

Sveitarstjórnarlög (nr. 8/1986) kveða m.a. á um að meðal verkefna sveitarfélaga séu sorphreinsun og sorpeyðing. Í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit (nr. 81/1988) er nefnt að í heilbrigðis- og mengunarvarnareglugerðum skuli vera ákvæði um eyðingu sorps og annars úrgangs.

Í Mengunarvarnareglugerð (1) er að finna eftirtalin atriði með breyttu orðalagi:

* Sveitarstjórn skal sjá um tæmingu sorpíláta og brottflutning sorps.
* Þeir aðilar, sem valda framleiðsluúrgangi og sérstakur úrgangur fellur til hjá, sjá um alla meðferð og brottflutning úrgangsins.

* Spilliefnum (hættulegum úrgangi) má ekki blanda saman við annan úrgang.

* Sveitarstjórn/sveitarstjórnir sjái til þess að rekin sé móttökustöð og þá væntanlega um leið förgunarstöð fyrir allt sorp og allan framleiðsluúrgang.

* Spilliefni (hættulegan efnaúrgang) á að flytja til móttökustöðva sem ráðherra samþykkir að fengnum tillögum. Það er líklegt að sveitarfélögin eigi að reka slíka stöð, en þó ekki ótvírætt.

* Gefa skal út reglugerð um flutning, meðferð, förgunaraðferð og förgunarstað mismunandi tegunda spilliefna (hættulegs úrgangs). Þær reglur eru ekki fyrir hendi en þó er í lögum um meðferð eiturefna að nokkru fjallað um merkingar og flutning slíkra efna, einkum út frá heilbrigðissjónarmiði.

* Sóttnæman úrgang/sýklaúrgang má ekki flytja til móttökustöðva. Honum ber að eyða en ekki er ótvírætt hvar það skuli gert eða hver beri á því ábyrgð.

* Bannað er að skilja eftir úrgang eða geyma hann á þann hátt að valdið geti skaða og lýtum á umhverfi.

* Rekstraraðilar húsnæðis eða svæða, þar sem salernisúrgangur, ristarúrgangur og seyra fellur til, sjá um alla meðferð og flutning úrgangs. Ekki er ótvírætt hvert hann skuli fluttur.

* Sveitarstjórn getur, að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd, ákveðið flokkun úrgangs. Ekki er vitað til að svo hafi verið gert.

Í lögum og reglugerð um skilagjald á drykkjarvörur í einnota umbúðum kemur fram að skilagjaldið er lagt á vörur í einnota málm-, gler- og plastumbúðum. Skilagjaldið er innheimt í tolli eða jafnhliða vörugjaldi. Það rennur allt til Endurvinnslunnar h.f. sem hefur einkaleyfi á þessari starfsemi en ber jafnframt skylda til að koma upp skilvirku fyrirkomulagi á söfnun skilagjaldsskyldra umbúða um land allt. Fyrirtækinu er heimiluð endurvinnsla eða eyðing á umbúðunum. Í reglugerð er ákveðið með tilvísun í tollflokka til hvaða vara skilagjaldið nær og eru t.d. áfengisflöskur undanþegnar. Enn fremur er lögð á umsýsluþóknun sem nemur 1%-5% af skilagjaldi.

Talið er að rúmlega 70% innheimtist af þeim umbúðum sem tengjast skilagjaldi, og er það góður árangur miðað við reynslu Svía.

FJÁRMÁL

Sveitarfélög virðast geta ákveðið gjaldskrá eigin fyrirtækja og stofnana til að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem þau annast, sbr. 6. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Hins vegar hefur sums staðar verið farin sú leið að ákveða sorphirðugjald með því að heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna leggja fram tillögu um gjaldskrá að beiðni sveitarstjórna og sú gjaldskrá hlýtur síðan samþykki ráðherra. Þetta er gert með stoð í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988.

Í reynd er það svo að sorphirða, móttaka á úrgangi eða förgun hans hefur í langflestum sveitarfélögum verið greidd af almennum tekjum, oft í tengslum við fasteignagjöld. Sérstakt sorppokagjald eða svipað gjald hefur einnig verið innheimt í sumum sveitarfélögum. Í byrjun janúar 1991 hefur verið rætt um svonefnt sorphirðu- og eyðingargjald á höfuðborgarsvæðinu, sem sérstakt gjald. Sorpmóttaka höfuðborgarsvæðisins fór að taka gjald fyrir móttöku spilliefna (hættulegra efna) árið 1990. Gjaldið hefur verið ákveðið með tilliti til samninga við Kommunekemi í Danmörku.

Í Mengunarvarnareglugerð (gr. 9.4) er heimilað að leggja gjald á vörur, sem verða að spillefnum (hættulegum úrgangi), og vandræðaúrgang en nefndin hefur ekki fundið lagastoð fyrir því. Þetta ákvæði hefur ekki verið notað eftir því sem best er vitað.

Í meginatriðum voru því greiðslur fyrir söfnun, móttöku og förgun með þessum hætti 1990:

	SÖFNUN	MÓTTAKA/FÖRGUN
Sorp	Hluti almennra tekna sveitarfélags (fasteignagjöld)	
Framleiðsluúrgangur		Hluti almennra tekna sveitarfélags
Sérstakur úrgangur		
Sérstakur framleiðsluúrgangur		Ekkert sérstakt gjald
Spilliefni		Áður yfirleitt ekkert, nú sérgjald á höfuðborgarsvæðinu
Vandræðaúrgangur		Ekki ljóst
Annar úrgangur	Greitt sérstaklega	Ekkert gjald

Tafla 3.1 Greiðslur fyrir söfnun, móttöku og förgun úrgangs

Breyting er að verða í þá átt hjá þeim sveitarfélögum sem aðild eiga að sorphirðu höfuðborgarsvæðisins að tekið verður upp sérstakt sorphirðugjald fyrir sorp og framleiðsluúrgang sem miðast að einhverju leyti við magn.

Flutningskostnaður af framleiðsluúrgangi og sérstökum úrgangi er oftast greiddur af þeim sem við þann úrgang vilja losna, svo fremi hann hafi ekki farið í hina almennu sorphirðu.

Upplýsingar um það hvaða upphæðir eru greiddar fyrir söfnun, móttöku og förgun hinna mismunandi flokka úrgangs liggja ekki fyrir. Þó svo væri þarf heldur ekki að vera samræmi í gjaldi sem hugsanlega er innheimt fyrir sorphirðu og því sem sveitarfélagið hefur kostað beint til hennar. Einnig er afar misjafnt hvernig að sorphirðu er staðið í hinum ýmsu sveitarfélögum og í raun skiptir litlu hvað sorphirða kostar sem illa er staðið að. Þó hafa verið nefndar tölur frá 2000 - 8000 kr. á íbúa á ári fyrir bæði sorp og framleiðsluúrgang til samans.

Ekki hefur verið metið hver sá kostnaður er sem náttúra landsins hefur borið né heldur kostnaður vegna sjúkdóma og óþæginda.

Greiðslur til heilbrigðiseftirlits til að fylgjast með úrgangi, tilurð hans og förgun eru samkvæmt gjaldskrá sem er staðfest af ráðherra, sbr. lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit (nr. 81/1988 gr. 5).

Kafli 4

GRUNDVALLARREGLUR UM ÁBYRGÐ OG SKYLDUR

Lagt er til að eftirfarandi reglur séu lagðar til grundvallar öllum tillögum og framkvæmdum um framtíðarskipan sorphirðu og endurvinnslu. Það er gert til þess að ná þeim markmiðum sem að framan greindi, einkum því markmiði að skýrt skuli kveðið á um um það hvernig eigi að standa að sorphirðu og draga úr úrgangi. Enn fremur er tekið mið af gildandi lögum og reglugerðum, sem lýst var hér að framan, og því ástandi sem ríkir varðandi sorphirðu og endurvinnslu.

Ábyrgð einstaklinga og eigenda landsvæða við förgun úrgangs

Sérhverjum þeim, sem á eða nýtir landsvæði og/eða hafsvæði, ber sjá til þess, að þar sé ekki úrgangur og að gæði svæðisins rýrni ekki á meðan það er í eigu hans eða umsjá. Einu undantekningarnar frá þessu varða förgun sorps eða námuvinnslu samkvæmt heimildum og skilyrðum réttra yfirvalda.

Sérhverjum þeim, sem hefur undir höndum vöru eða hluta hennar, t.d. umbúðir, er óheimilt að farga henni eða leifum hennar á því svæði, sem hann á eða er í hans umsjá, né heldur á nokkru öðru svæði, sem ekki er til þess ætlað.

Með reglu þessari er reynt að tryggja að úrgang dagi ekki uppi og gera ábyrgð þeirra sem eiga eða hafa umráðarétt yfir landi, vatni og hafi ótvíræðan og gera jafnframt ljóst að óheimilt er með öllu að farga úrgangi án sérstaks leyfis. Gerð gróðurmoldar úr því sem fellur til í görðum er að sjálfsögðu ekki í andstöðu við þessa reglu enda er ekki um förgun að ræða heldur miklu fremur endurnýtingu í formi heimilisiðnaðar.

Ábyrgð og skyldur fyrirtækja

Framleiðslu- og þjónustufyrirtækjum ber að koma úrgangi sem til fellur við starfsemina til móttökustöðva fyrir úrgang í samráði við viðkomandi sveitarfélag. Hér er átt við framleiðsluúrgang, sérstakan framleiðsluúrgang og spilliefni (hættulegan úrgang). Hugsanlegt er að fyrirtækjum sé falið með reglugerð að sjá alfarið um söfnun og förgun vara, sem þau dreifa, t.d. olíuvara.

Fyrirtækjum og stofnunum, þar sem til fellur vandræðaúrgangur eins og sóttnæmur og geislavirkur úrgangur, ber að sjá um alla meðhöndlun og förgun slíks úrgangs enda gilda um hann sérstakar reglur. Sækja verður um sérstakt leyfi til að hafa slíkar vöru undir höndum.

Framleiðslu- og þjónustufyrirtækjum ber skylda til að taka við umbúðum utan af vörum um leið og þær eru afhentar, óski viðskiptavinur þess. Tilgangurinn með þessu ákvæði er sá að magn umbúða sem úrgangs verði áþreifanlegra og endurvinnsla og nýting þeirra verði fýsilegri.

Fyrirtækjum ber að stefna að því við þróun vara og nýrrar tækni að sem mest dragi úr úrgangi og að úrgangur valdi sem minnstri hættu fyrir umhverfið og heilsu manna, jafnt við notkun sem förgun vörunnar.

Ábyrgð og skyldur sveitarfélaga

Sérhverju sveitarfélagi ber að tryggja íbúum sínum og fyrirtækjum aðgang að förgunarstað fyrir sorp (neysluúrgang), framleiðsluúrgang og annan úrgang, t.d. seyru. Enn fremur ber sveitarfélögum að tryggja hinum sömu móttöku á öllum sérstökum úrgangi nema vandræðaúrgangi.

Sveitarfélög bera ábyrgð á söfnun sorps frá íbúum í sveitarfélaginu.

Sveitarfélög geta krafist þess að einstökum tegundum sorps og framleiðsluúrgangs sé haldið aðskildum svo að um flokkaðan úrgang sé að ræða.

Sveitarfélög skulu sjá til þess varðandi sorphirðu að sérstökum úrgangi sé ávallt haldið aðskildum frá öðrum úrgangi. Sérstakur úrgangur er því í eðli sínu flokkaður úrgangur og skal honum ekki blandað við sorp né framleiðsluúrgang.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga getur úrskurðað að einstaklingum og fyrirtækjum beri að losa sig við tiltekna hluti til förgunar, þ.e.a.s. skilgreint þá sem úrgang. Slíkur úrskurður er byggður á heilbrigðis- og/eða umhverfissjónarmiðum. Enn fremur hefur það eftirlit með sorphirðuferlinu (sbr. skilgreiningu í kafla 2) eins og hverri annarri starfsemi þar sem starfsleyfis er krafist.

Ábyrgð og skyldur ríkisins

Umhverfisráðuneytinu ber að skilgreina hvaða vörur og efni ber að meðhöndla sem sérstakan úrgang. Þá skal þess og getið hverjum eftirtalinna flokka varan tilheyrir við sorphirðu:

Sérstökum framleiðsluúrgangi
Spilliefnum (hættulegum úrgangi)
Vandræðaúrgangi.

Umhverfisráðuneytið leggur umhverfisgjald á þær vörur sem innihalda efni sem gera þær að spilliefnum (hættulegum úrgangi). Gjaldið skal nota til að standa straum af kostnaði við söfnun, móttöku og förgun þeirra.

Umhverfisráðuneytið veitir einstaklingum og fyrirtækjum sérstök leyfi til að hafa undir höndum vörur eða stunda starfsemi sem veldur vandræðaúrgangi.

Umhverfisráðuneytinu ber að sjá um kynningu á því hvað átt er við með óæskilegum vörum og umhverfisvænum vörum. Umhverfisráðuneytið getur lagt umhverfisgjald á óæskilegar vörur til að standa straum af kostnaði við kynninguna.

Umhverfisráðuneytið gefur út reglur og starfsleyfi fyrir móttökustöðvar og förgunarstaði.

Skili úrgangur sér illa eða ekki til móttökustöðva og falli hann til í miklu magni og/eða hann sé hættulegar umhverfinu eða heilsu manna ber Umhverfisráðuneytinu að leggja fyrir Alþingi tillögur að skilagjaldi á þær vörur sem þessum úrgangi valda. Á sama hátt má leggja skilagjald á vörur sem eðlilegt er að endurnýta.

Umhverfisráðuneytið setur eða beitir sér fyrir að settar verði reglur um merkingar, samkvæmt alþjóðlegum og norrænum samþykktum og stöðlum, varðandi merkingu spilliefna (hættulegra efna) sbr. (11). Þar komi einnig fram með hvaða hætti flutningi og förgun slíkra efna skuli hagað.

Hluti af ábyrgð ríkisvaldsins er að sjá til þess að sorphirða og endurvinnsla geti verið þjóðinni til sóma. Því ber að skapa þær aðstæður að sveitarfélög, þótt fámenn séu og dreifð, geti tekið þátt í að koma upp móttökustöðvum og þróunar- og rannsóknarverkefni á sviði endurvinnslu ættu að njóta nokkurs forgangs.

Fyrirtæki er fást við sorphirðu (söfnun, móttöku, förgun) og endurvinnslu

Um fyrirtæki sem fást við sorp og framleiðsluúrgang og svokallaðan annan úrgang gildi almennar reglur um starfsleyfi. Fyrirtækin geta verið í eigu ábyrgðaraðilanna, sveitarfélaga, eða sveitarfélögin geta falið verkefnin öðrum, t.d. eftir útboð. Mörg fyrirtæki gætu því starfað á sama vettvangi í sama sveitarfélagi.

Um fyrirtæki sem taka við sérstökum úrgangi gilda í raun sömu reglur að öðru leyti en því að í starfsleyfi er nánar tilgreint hvers konar efnum þeim er heimilt að taka á móti.

Um ábyrgð og skyldur endurvinnslufyrirtækja, sem taka að sér að annast vörur sem tengjast skilagjaldi, eru sett lög hverju sinni.

Í töflu 4.1 er sýnd skipting ábyrgðar á ýmsum stigum sorphirðu og eftir því hver úrgangurinn er.

11 *Miljöfarliga kemiska ämnen och produkter*, Miljörapport 1990:10, Nordiska ministerraadet. NORD 1990:87)

YFIRLIT YFIR SKIPTINGU ÁBYRGÐAR

TEGUND ÚRGANGS	SÖFNUN	MÓTTAKA OG FÖRGUN
Sorp (neysluúrgangur)	Sveitarfélag	Sveitarfélag
Framleiðsluúrgangur	Fyrirtæki	Sveitarfélag
Sérstakur úrgangur:		
Sérstakur framleiðsluúrgangur	Fyrirtæki	Sveitarfélag
Spilliefni	Einstaklingar/fyrirtæki	Sveitarfélag
Olíur	Dreifingarfyrirtæki	Dreifingarfyrirtæki /sveitarfélag
Vandræðaúrgangur	Leyfishafi	Leyfishafi
Sóttnæmur	Sjúkrahús	Sjúkrahús
Annar úrgangur (seyra)	Einkafyrirtæki/ sveitarfélag	Sveitarfélag

ENDURVINNSLA	SÖFNUN	MÓTTAKA/MEÐHÖNDLUN
Skilagjaldsvörur:		
Einnota vörur fyrir drykkjarumbúðir	Endurvinnslan h.f.	Endurvinnslan h.f.
Aðrar vörur skv. reglugerð	Leyfishafar	Leyfishafar
Almennt	Hver sem er	Hver sem er

Tafla 4.1

Fjárhagsleg atriði

Kostnaður vegna söfnunar og förgunar úrgangs þarf að vera öllum ljós. Almenna reglan á að vera sú að hver greiði fyrir þann úrgang sem hann veldur. Það fari eftir því hve erfitt er að farga úrgangi og magni hans hvaða upphæð er greidd.

Sorp

Sveitarfélag ákveður gjald fyrir sorphirðu, þ.e.a.s. söfnun, móttöku og förgun. Gjaldið skal innheimt sérstaklega og óheimilt á að vera að það sé innifalið í öðrum gjöldum. Reynt skal eftir megni að taka tillit til magns, t.d. með því að miða gjaldið við fjölda sorpíláta.

Framleiðsluúrgangur

Sveitarfélög ákveða gjald fyrir móttöku og förgun slíks framleiðsluúrgangs. Gjald skal tengt magni og magn sé fundið all nákvæmlega, t.d. með því að vigta framleiðsluúrgang við móttöku.

Sérstakur úrgangur

Með gjald fyrir móttöku *sérstaks framleiðsluúrgangs* skal fara á sama hátt og með gjald fyrir framleiðsluúrgang almennt.

Gjald fyrir vörur sem hafa að geyma *spilliefni (hættulegan úrgang)* skal ákveðið með reglugerð Umhverfisráðuneytis og greiðist strax við innflutning eða framleiðslu á vöru.

Um *vandræðaúrgang* semja leyfishafar enda sé öll meðferð skilgreind við leyfisveitingu.

Annar úrgangur

Gjald vegna söfnunar og móttöku annars úrgangs skal ákveðið af sveitarfélagi, sbr. framleiðsluúrgang.

Skilagjald

Upphæð skilagjalds skal ákveðin með lagsetningu um skilagjaldsvörur hverju sinni og skal innheimt áður en vara fer í almenna dreifingu.

Öll gjöld séu auglýst lögum samkvæmt.

Kafli 5

SKIPULAG SORPHIRÐU

SAFNSTÖÐVAR OG MÓTTÖKUSTÖÐVAR


Þar sem sorphirða er í höndum sveitarfélaganna hvað varðar allan úrgang nema vandræðaúrgang ber þeim auðvitað að standa að skipulagi sorphirðu og taka ákvaðanir þar að lútandi. Það sem fram kemur í þessum kafla um skipan sorphirðu ber því að skoða sem hugmynd að samræmdu sorphirðukerfi sem sveitarfélög og sambönd þeirra gætu notað til að þróa frekar.

Hugmynd að samræmdu sorphirðuferli er sýnd á mynd 5.1. Hornsteinarnir í slíku samræmdu kerfi eru:

1. Safnstöðvar sveitarfélaga (stöð án förgunar), 50 - 80 á landinu.

2. Móttökustöðvar með förgun (allt nema vanræðaúrgangur), 3-10 slíkar á landinu.

Rétt er að hafa í huga að með förgun er úrgangi komið í endanlega geymslu. Í safnstöð getur einhver umbreyting á sorpi átt sér stað, t.d. umhleðsla eða pressun.



Mynd 5.1 Hugmynd að skipulagi

Safnstöðvar sveitarfélaga

Safnstöð sveitarfélags, sveitarfélaga eða bæjarhverfis getur verið afgirt, snyrtilegt svæði þar sem ruslagámar eða annars konar aðstaða er til að taka við úrgangi. Nánar má skilgreina hvers konar úrgangi tekið er við og fer það t.d. eftir því hversu langt er til næstu móttökustöðvar eða hvort um hverfasafnstöð er að ræða eða sameiginlega safnstöð fyrir fámenna hreppa eða sumarbústaðasvæði. Safnstöð gæti tekið við eftirfarandi úrgangi:

Sorp:	T.d. ef um umhleðslu er að ræða og langt er til næstu móttökustöðvar eða ef um er að ræða sorp sem kemst illa fyrir í sorptunnu eða poka
Framleiðsluúrgangur:	Í einhverjum mæli en varla í miklu magni í einu
Sérstakur úrgangur:	
Sérstakur framleiðsluúrgangur:	Mjög ólíklega
Spilliefni (hættulegur úrgangur):	Frá heimilum og eftir aðstæðum frá fyrirtækjum
Vandræðaúrgangur:	Alls ekki
Annar úrgangur t.d. seyra:	Ekki

Úrgangi sem þolir geymslu er safnað saman og hann geymdur. Þegar magn er nægilegt og samgöngur góðar fer sá úrgangur til förgunar eða endurvinnslu. Sá úrgangur sem þolir litla geymslu, t.d. sorp (neysluúrgangur), er sendur áfram til förgunar að mun styttri tíma liðnum eða eftir því sem heilbrigðisyfirvöld kveða á um. Úrgangur er því að einhverju leyti geymdur flokkaður í safnstöð.

Leggja ber áherslu á að slíkar safnstöðvar eru fjarri því að vera allar eins og ákveða verður í hverju einstöku tilviki hvers konar úrgangi þær tækju á móti. Það er heldur ekki ljóst hversu margar þær yrðu en gera má ráð fyrir allnokkrum tugum slíkra stöðva. Stofnkostnaður fer eftir eðli þeirra og því magni sem búist er við að til þeirra berist, en gera má ráð fyrir að hann yrði frá fáeinum milljónum króna upp einn eða tvo tugi milljóna.

Förgun fer ekki fram við slíkar stöðvar nema í undantekningartilvikum.

Líklega yrðu slíkar stöðvar mannaðar en ekki opnar allan sólarhringinn. Það gæti þó verið misjafnt.

Slíkar safnstöðvar geta einnig gegnt hlutverki við móttöku á skilagjaldsvörum ef þeir sem bera ábyrgð á söfnun og móttöku slíkra vara telja það æskilegt.

Móttökustöðvar

Móttökustöðvar taka við öllum úrgangi nema vandræðaúrgangi og sjá auk þess um förgun hans. Úrgang má þar meðhöndla á ýmsan hátt, t.d. halda honum flokkuðum, pressa hann eða bagga, flokka ákveðin efni frá, vinna úr honum efni, brenna honum og eyða. Reiknað er með að í fyrstu verði þó ekki nema sérstökum úrgangi haldið alveg aðskildum og það sem berst flokkað í miklu magni, t.d. timbur og málmar, verði nýtt. Að öðru leyti verði úrgangi fargað með urðun, e.t.v. að undangenginni brennslu.

Spilliefnum (hættulegum úrgangi) er ýmist fargað í móttökustöðinni eða sérhæfðri deild hennar eða þau send áfram til förgunar annars staðar.

Ekki er ljóst hve margar þessar stöðvar verða en þær verða langtum færri en þeir rúmlega 40 förgunarstaðir, sem fram koma í viðauka 2, líklega 5-8. Einhver sérhæfing yrði á milli stöðvanna og líklega tæki aðeins ein stöð að sér að sjá um hættulegustu spilliefnin.

Úrgangur berst til slíkra móttökustöðva annaðhvort beint eða frá safnstöð sveitarfélaga. Fyrirtæki koma beint með framleiðsluúrgang ef um mikið magn er að ræða og einnig sérstakan framleiðsluúrgang sem sjaldnast má fara í gegnum safnstöðvar sveitarfélaganna.

Stofnkostnaður slíkra stöðva fer mjög eftir umfangi þeirra. Heildarstofnkostnaður hinnar nýju móttöku- og förgunarstöðvar Sorpeyðingar höfuðborgarsvæðisins er um 600 milljónir króna en þar af er tæpum 200 milljónum varið til flokkunar og endurvinnslu á timbri í trjákurl. Stofnkostnað móttökustöðva af minni gerð má áætla 50 - 100 milljónir króna.

Móttökustöðvarnar geta miðlað því sem er fyrir hendi af óblönduðum (flokkuðum) úrgangi til þeirra fyrirtækja sem stunda endurvinnslu eftir því sem við á og hagkvæmt er á hverjum stað og tíma.

Til greina kemur fyrir sveitarfélög að stofna byggðasamlag í kringum slíka móttökustöð og fela henni yfirumsjón með sorphirðu á svæðinu, þar með er talinn rekstur safnstöðvanna.

Leyfishafar vandræðaúrgangs

Vörur eða starfsemi sem skapar vandræðaúrgang er alfarið á ábyrgð þeirra sem hafa leyfi til slíkrar starfsemi eða hafa leyfi til að hafa slík efni í fórum sínum.

Leyfishafar verða að koma sér upp eigin förgun eða semja við aðra aðilja um förgunina sérstaklega. Í leyfinu er tilgreint hvernig þessu er háttað.

Af þessu leiðir m.a. að sjúkrahús verða að hafa sitt eigið söfnunar- og förgunarkerfi.

SKIPAN FJÁRMÁLA

Með söfnunarstöð og móttökustöð sem hornsteina í samræmdu sorphirðukerfi getur skipan fjármála verið á þessa leið:

Stofnkostnaður söfnunarstöðva sveitarfélaga verður fjármagnaður beint af hefðbundnum tekjum sveitarfélaganna. Fámenn sveitarfélög gætu að einhverju leyti staðið saman að slíkum stöðvum. Um er að ræða stöðvar sem að líkindum kosta frá fáeinum milljónum upp í rúmar 10 milljónir króna.

Stofnkostnaður móttökustöðva sveitarfélaga verður fjármagnaður af eigendum, sem væntanlega mynduðu með sér byggðasamlag um byggingu og rekstur slíkrar stöðvar. Ríkið legði fram t.d. 100 m.kr. á ári næstu fimm árin til uppbyggingar slíkra stöðva og byggðasamlög gætu sótt um fjárframlag. Framlagið sé ekki hundraðshluti af stofnkostnaði ótilgreinds fjölda slíkra stöðva.

Rekstur sorphirðukerfisins yrði greiddur með eftirfarandi gjöldum :

Söfnunargjald á íbúa og fyrirtæki sem:

* standi undir söfnun á sorpi við heimili og hjá fyrirtækjum
* standi undir rekstri söfnunarstöðva
* sé greiðsla fyrir flutning, móttöku og förgun sorps (heimilisúrgangs) í móttökustöðu, hvort sem það kemur beint eða gegnum safnstöð.

Móttökugjald á framleiðsluúrgang og sérstakan framleiðsluúrgang sem:

* lagt er á úrgang sem fluttur er til móttökustöðva (hugsanlega safnstöðva) og er umfangsmeiri en venjulegt sorp
* er innheimt við móttöku
* sé notað til að kosta móttöku og förgun þessa úrgangs.

Umhverfisgjald á vörur sem innihalda spilliefni sem:

* standi undir söfnun og förgun slíks úrgangs
* innheimtist við innflutning/framleiðslu á vörunni.

Rekstrarkostnaður hinna ýmsu þátta sorphirðu greiðist þá þannig:

Söfnun sorps greiðist með söfnunargjaldinu

Rekstur safnstöðvar greiðist með söfnunagjaldinu

Rekstur móttökustöðvar greiðist með:

Hluta söfnunargjaldsins

Móttökugjaldi


Umhverfisgjaldi á sérstakan úrgang

Sérstöku gjaldi vegna vandræðaúrgangs.

Einfaldast í framkvæmd er væntanlega að byggðasamlag annist innheimtu söfnunargjalds og móttökugjalds og standi einnig að rekstri söfnunarstöðva.

Þeir sem hafa vandræðaúrgang í fórum sínum bera allan kostnað af honum, geymslu, flutningi og förgun.

Fyrirtæki greiða kostnað af því að kom framleiðsluúrgangi til móttökustöðva.



Mynd 5.2 Skipan fjármála

STAÐSETNING, HÖNNUN OG REKSTUR

Á höfuðborgarsvæðinu er að hefjast rekstur móttökustöðvar sem senn verður fullbúin. Telja má víst að hún verði stærsta móttökustöð á landinu sem sér um móttöku og förgun hvers konar úrgangs nema vandræðaúrgangs. Við rekstur stöðvarinnar mun fást reynsla sem getur nýst við uppbyggingu annarra móttökustöðva á landinu þótt þær verði væntanlega nokkru smærri.

Nauðsynlegt er að hugað sé að staðsetningu móttökustöðva strax á skipulagsstigi en að öðru leyti ræðst hún einkum af:

Heilbrigðis- og umhverfissjónarmiðum
Stofnkostnaði móttökustöðva
Flutningskostnaði
Möguleikum á flutningum, t.d. á veturna
Vilja og samvinnu sveitarfélaga
Þjónustustigi

Um þær kröfur sem gerðar eru til slíkra stöðva vísast til leiðbeininga, sem Umhverfisráðuneytið er að láta gera um skilyrði sem þarf að uppfylla til að starfsleyfi fáist. Í viðauka 6 kemur fram um hvað leiðbeiningarnar fjalla.

Gert hefur verið líkan til að reikna út hvaða fjöldi móttökustöðva sé heppilegastur og sýna hvar best sé að staðsetja þær þegar eingöngu er tekið tillit til flutningskostnaðar, fjárfestingarkostnaðar og rekstrarkostnaðar stöðvanna (12). Í líkaninu er ekkert tillit tekið til þess hver greiðir hina ýmsu kostnaðarliði né heldur er tekið tillit til þess að þjónusta er væntanlega talin betri eftir því sem móttökustöðvarnar eru fleiri.

Meginniðurstaðan er sú að fjöldi móttökustöðva ætti að vera á bilinu 5-12 en ekki munar verulega miklu hvort stöðvarnar eru 5 eða 12. Þær yrðu hins vegar af mismunandi stærð en þó flestar miklum mun minni en stöðin á höfuðborgarsvæðinu. Það verða því önnur atriði en kostnaðarleg sem ráða mestu um fjölda þeirra, t.d. umhverfissjónarmið, þjónusta og væntanlega eiga færri sveitarfélög auðveldara með að stofna með sér byggðasamlag en fleiri.

Næsta skref í skipulagsmálum sorphirðu og endurvinnslu er að stofna byggðasamlög og áætla betur rekstrarkostnað, stofnkostnað og flutningskostnað til stöðvanna. Enn fremur þarf að ákveða fjölda stöðva og staðsetningu þeirra.

---

12 Snorri Hreggviðsson: *Íslenska sorpeyðingarkerfið*. Lokaverkefni í vélaverkfræði við Háskóla Íslands, febrúar 1991.

Kafli 6

NIÐURSTÖÐUR OG TILLÖGUR

Skipulagi sorphirðu er víða á landinu áfátt og þjóðinni til skammar. Það er verið að vinna að þessum málefnum á ýmsum stöðum og vilji er greinilega fyrir hendi til að gera hér bragarbót. Þó svo að greiðslur einstaklinga og fyrirtækja vegna sorphirðu hafi varla verið merkjanlegar á undanförnum árum hefur kostnaður verið töluverður. Hann hefur einfaldlega ekki verið greiddur.

1. REGLUGERÐIR OG LÖG

* Mengunarvarnareglugerð sem tók gildi 1. janúar 1990 er viðunandi hvað varðar úrgang og sorphirðu. Ákvæðinu um að sýklaúrgang megi ekki flytja til móttökustöðva, heldur skuli eyða honum sérstaklega, ber þó að fylgja ákvæði um hvernig hann skuli meðhöndla.

* Gefa skal út reglugerð og þá um leið leiðbeiningar um flutning, meðferð og förgunaraðferð fyrir mismunandi tegundir spilliefna og taka um leið mið af núgildandi lögum um eiturefni.

* Semja verður sérstaka reglugerð um hvernig meðhöndla skuli vörur sem valda vandræðaúrgangi og hvernig skuli farga þeim.

Sem dæmi má nefna geislavirk efni og sýklaúrgang. Ábyrgð hvíli á þeim, sem úrganginum valda.

* Setja þarf lög sem heimila umhverfisgjald á vörur sem innihalda efni sem valda því að þær teljast hættulegur úrgangur (spilliefni). Semja verður reglugerð um hvernig leggja skuli umhverfisgjald á þessar vörur og hvernig taka á nýjar vörur í þann flokk. Enn fremur þarf að tilgreina í reglugerð hvernig tryggt skuli að þetta umhverfisgjald renni allt til þeirra sem annast söfnun, móttöku og förgun úrgangs.

* Setja þarf lög þar sem þær vörur eru tilgreindar sem á er lagt umhverfisgjald og þar sem gjaldstofn er ákveðinn. Slík lög yrðu svipuð og lög um skilagjald. Umhverfisgjaldinu skal verja til að upplýsa almenning og fyrirtæki um áhrif vara og efna á umhverfi og heilbrigði manna.

* Setja þarf lög um skilagjald á bíla í líkingu við þau drög sem kynnt voru vorið 1990.

* Skilagjald sé einnig sett á áfengisflöskur eins og aðrar einnota drykkjarvöruumbúðir.

* Setja þarf lög sem heimila að við móttöku vöru sé heimilt að umbúðir utan af henni séu skildar eftir hjá þeim sem lætur hana í té.

  * **Stjórnun og framkvæmd sorphirðu og förgunar úrgangs verður ekki bætt að neinu marki eingöngu með nýjum lögum eða reglugerðum.**

2. SAMVINNA SVEITARFÉLAGA - BYGGÐASAMLÖG

* Sveitarfélög beri ábyrgð á söfnun og förgun sorps (neysluúrgangs) og móttöku og förgun á öllum úrgangi nema vandræðaúrgangi.

* Forsenda þeirra tillagna sem nefndin leggur fram er sú að hvert sveitarfélag verði aðili að einu af 3-15 byggðasamlögum sem verði kjölfestan í sorphirðumálum sveitarfélaganna.

  * **Meginverkefnið er að koma þessum byggðasamlögum á fót og ákveða fjölda þeirra og skiptingu.**

3. SÉRSTAKUR ÚRGANGUR

* Lögð er megináhersla á að sérstakur úrgangur blandist ekki neyslu- og framleiðsluúrgangi. Að hluta til er hann skilgreindur í Mengunarvarnareglugerð. Umhverfisráðuneytið skilgreini þær vörur sem innihalda þessi efni og sem bera eiga umhverfisgjald. Þessu gjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við söfnun, móttöku og förgun þessara vara.

* Safn- og móttökustöðvar sveitarfélaganna skulu þannig úr garði gerðar að hægt sé að taka við þessum vörum án þess að þær blandist öðrum.

* **Forgangsverkefni við flokkun úrgangs er að sjá til þess að sérstakur úrgangur blandist ekki neyslu- og framleiðsluúrgangi. Enn fremur er brýnt að koma á umhverfisgjaldi til að standa straum af kostnaði við söfnun og förgun sérstaks úrgangs.**

4. SKIPAN SORPHIRÐU

* Sveitarfélög komi sér upp safnstöðvum, t.d. með gámum. Sorp getur farið í einn gám og járn og timbur í sérhauga en að öðru leyti verði flokkun ákveðin af sveitarfélaginu. Svæðin verði snyrtileg og afgirt. Slíkar safnstöðvar gætu orðið yfir 50 á landinu. Förgun úrgangs fer líklega aðeins í undantekningartilfellum fram á þessum svæðum en ef það er hagkvæmt og uppfyllir kröfur um starfsleyfi er förgun sjálfsögð.

* Byggðasamlögin reki móttökustöð með förgun. Þar verði sorpi og framleiðsluúrgangi fargað og einnig tekið á móti sérstökum úrgangi og honum fargað eða komið til förgunar. Vandræðaúrgangur, t.d. sóttnæmur og geislavirkur úrgangur, berist ekki til móttökustöðvanna nema sérstaklega sé um það samið.

* Líkleg förgunaraðferð fyrir sorp og framleiðsluúrgang er urðun. Brennsla kemur einnig til greina. Stofnkostnaður er væntanlega lægri við urðun en brennslu en fjárfesting í móttöku- og förgunarstöð er einhvers staðar á bilinu 50 - 200 m.kr. Fyrir allan sérstakan úrgang gildi sérstakar förgunarreglur.

* **Ekki verður séð að skipan sorphirðu og förgunar úrgangs sé betur komin hjá öðrum en sveitarfélögum.**

5. FJÁRMÁL

* Sveitarfélög stofni og reki safnstöðvarnar. Stofnkostnaður verði greiddur af eigin framkvæmdafé. Rekstur sorphirðu verði greiddur með sérstöku sorphirðugjaldi sem lagt er á íbúa og fyrirtæki.

* Móttöku- og förgunarstöðvar byggðasamlaganna verði reknar fyrir hluta sorphirðugjaldsins og fyrir sérstakt móttökugjald sem er innheimt vegna framleiðsluúrgangs. Fyrir spilliefni (hættulegan úrgang) er greitt úr sérstökum sjóði.

* Fjárfesting í móttöku- og förgunarstöð er greidd með framlagi aðila byggðasamlags og lánum. Alþingi veiti kringum hundrað milljónir króna á ári næstu fimm árin til aðstoðar byggðasamlögunum við uppbygginguna.

* Jöfnunargjald verði lagt á byggðasamlög eftir því hve dreifð byggð er og fjölda íbúa.

* **Söfnun og förgun úrgangs skal greidd af þeim sem honum valda. Greiðslan miðist við magn. Tryggja þarf að sá sem lætur farga sorpi geri sér ljóst hvað förgun kostar.**

6. STARFSLEYFI

* Aðeins þarf almennt starfsleyfi til að reka safnstöðvarnar meðan engin förgun á sér þar stað.

* Umhverfisráðuneytið geri grein fyrir því opinberlega hvaða kröfur móttöku- og förgunarstöðvar þurfa að uppfylla til að fá starfsleyfi. Taka skal tillit til þess að Ísland er strjálbýlt land en jafnframt verður að viðhalda ímyndinni um hreina og ósnortna náttúru landsins.

* **Skýr markmið og leikreglur eru grundvallaratriði fyrir þá sem eiga að annst sorphirðu og förgun úrgangs.**

7. ENDURVINNSLA

* Þróunarverkefni, sem miða að nýtingu og endurvinnslu og leiða því af sér minni úrgang, hafi nokkurn forgang þegar þróunarverkefni eru valin og styrkir veittir til þeirra.

* Endurvinnsla verði rekin á viðskiptalegum grunni, hvort sem í hlut eiga einkaaðilar eða hið opinbera.

* Sveitarfélög geta skyldað einstaklinga og fyrirtæki til að halda úrgangi aðskildum, þ.e.a.s. flokkuðum. Með því að beita því ákvæði verður til flokkaður og aðgengilegur úrgangur í safnstöðvum og móttökustöðvum fyrir þá sem sjá sér hag í að nýta hann.

* Um allar skilagjaldsvörur verði sett lög á Alþingi. Söfnun skilagjaldsvara getur verið með ýmsu móti. Hún getur verið sveitarfélögunum óviðkomandi eða ef hagkvæmt þykir tengst safn- og móttökustöðvum sveitarfélaganna.

* Gjald fyrir móttöku á framleiðsluúrgangi ætti að draga úr magni hans og stuðla að betri nýtingu á honum.

* **Stuðla ber að því að vörur og hráefni verði ekki að úrgangi. Ekki ber að styrkja slíkan iðnað sérstaklega en móttökustöðvarnar gætu orðið uppspretta að flokkuðum úrgangi sem hægt yrði að nýta.**

Viðauki 1.

Helstu hugtök og orðskýringar.

Brennsla úrgangs: Aðferð til að eyða úrgangi.

Biða: Ílát undir sorp.

Eyðing úrgangs: Ferli þegar úrgangi er umbreytt, t.d. við brennslu eða á efnafræðilegan hátt, svo að hann hæfi betur til geymslu.

Endurvinnsla: Í endurvinnslu felst einhvers konar meðhöndlun og nýting hlutar í stað förgunar hans. Hún getur náð til afganga og aukaafurða frá framleiðslu jafnt sem vara og umbúða er hafa lokið hlutverki sínu að mati eiganda.

Flokkaður úrgangur: Flokkaður kallast sá úrgangur sem ekki hefur blandast öðrum úrgangi, oftast framleiðsluúrgangur. Sveitarfélög geta ákveðið flokkun á neysluúrgangi og framleiðsluúrgangi, sem í raun felur í sér að ýmsum tegundum úrgangs er haldið aðskildum frá öðrum úrgangi. Hugsanlega má flokka úrgang eftir að hann hefur blandast.

Framleiðsluúrgangur: Úrgangur sem til fellur við framleiðslu, verslun eða þjónustu, svo sem pappír, timbur, gler o.fl.

Förgun úrgangs: Með förgun er átt við úrgangi er umbreytt, t.d. með brennslu eða böggun. Að því loknu er úrganginum komið í endanlega geymslu, t.d. með urðun.

Geislavirkur úrgangur: Sjá vandræðaúrgangur.

Móttökustöð: Stöð sem tekur við úrgangi nema vandræðaúrgangi og sér um förgun þess úrgangs sem við er tekið.

Ristarúrgangur: Úrgangur sem verður til þegar fráveituvatn er grófhreinsað.

Rusl: Almennt hugtak. Engin sérstök merking mörkuð í þessari skýrslu.

Safnstöð: Gámastöð/hverfastöð fyrir sorp og spilliefni frá heimilum og litlum fyrirtækjum. Engin förgun á sér stað í safnstöð.

Salernisúrgangur: Allur úrgangur frá þurrsalernum eða vatnssparandi salernum, sem ekki eru tengd fráveitum.

Seyra: Fastur úrgangur frá fráveituvatni annar en ristarúrgangur.

Sérstakur framleiðsluúrgangur: Úrgangur sem er ekki beinlínis hættulegur en vegna magns og eðlis þarf sérstaklega að vanda móttöku og förgun hans. Sem dæmi má nefna sláturhúsaúrgang.

Sérstakur úrgangur: Úrgangur sem ekki verður meðhöndlaður á sama hátt og sorp, framleiðsluúrgangur eða salernisúrgangur vegna umfangs, eðlis eða vegna þess að hann getur valdið alvarlegri mengun og/eða hættu fyrir lífverur. Sérstökum úrgangi er skipt í sérstakan framleiðsluúrgang, spilliefni, sem oft eru nefnd hættulegur úrgangur, og vandræðaúrgang.

Skilagjald: Gjald sem lagt er á vöru og greiðist við innflutning hennar eða um leið og vörugjald. Þegar viðkomandi ákveður síðan að losa sig við vöruna eða hluta hennar, t.d. umbúðir, fær hann skilagjaldið endurgreitt.

Sláturhúsaúrgangur: Sjá sérstakur framleiðsluúrgangur.

Sorphirða: Almennt hugtak, sem nær til hvers konar meðhöndlunar á úrgangi, svo sem söfnunar, flokkunar, umhleðslu, böggunar, móttöku eða förgunar. Sorphirða nær ekki eingöngu til sorps heldur hvers konar úrgangs.

Sorp (neysluúrgangur, heimilisúrgangur): Með sorpi er átt við leifar, rusl og umbúðir, sem til falla við heimilishald, en einnig sams konar úrgang sem verður til annars staðar en á heimilum og hefur svipaða eiginleika.

Sorpeyðingarstöð: Hugtakið er hér eingöngu notað um förgunarstöð þar sem úrgangi er brennt í lokuðu rými.

Sorphaugur: Almennt hugtak en í sorphaugi er úrgangur og þekjuefni.

Sóttnæmur úrgangur: Sjá vandræðaúrgangur.

Spilliefni (hættulegur úrgangur): Vörur eða efnasambönd sem innihalda efni sem geta verið skaðleg lífverum og lífríki og því er ekki hægt að meðhöndla þau á sama hátt og sorp og venjulegan framleiðsluúrgang. Sem dæmi má nefna málningarvörur sem innihalda leysiefni og rafhlöður með kvikasilfri. Slíkar vörur má flokka nánar eftir því hve hættulegar þær eru taldar.

Umhverfisvænar vörur: Almennt hugtak en nær til vara sem ekki innihalda efni né hafa aðra þá eiginleika sem valda skaða á lífríki, hvorki við framleiðslu, notkun eða förgun. Hugtakið getur líka náð til vara sem eru unnar úr hráefnum sem endurnýjast.

Umhleðslustöð: Sérstakur staður í sorphirðukerfi þar sem úrgangi er umskipað og hann hugsanlega meðhöndlaður (pressaður), svo að hann hæfi betur til flutnings.

Urðun úrgangs: Förgunaraðferð þar sem úrgangi er komið í endanlega geymslu.

Úrgangur: Það sem einstaklingar eða fyrirtæki ákveður að losa sig við til förgunar. Um getur verið að ræða hluti eða umbúðir sem lokið hafa hlutverki sínu eða ýmiss konar afgang sem til fellur. Úrgangi er skipt í sorp, framleiðsluúrgang, sérstakan úrgang og annan úrgang.

Vandræðaúrgangur (leyfisbundnar vörur): Hér er t.d. átt við sóttnæman úrgang/sýklaúrgang, geislavirkan úrgang og sprengiefni. Notkun slíkra vara og framleiðsla slíks úrgangs er háð leyfi og er alfarið á ábyrgð þess sem hefur vöruna undir höndum og/eða veldur úrganginum. Slíkur úrgangur fer ekki til móttökustöðva sveitarfélaga.

Visthæfar vörur: Sjá umhverfisvænar vörur.

Viðauki 2.

Yfirlit yfir förgunarstaði sveitarfélaga.

YFIRLIT UM ÁSTAND SORPFÖRGUNAR 1991

STAÐSETNING	ÞOLANLEGT	SLÆMT	MJÖG SLÆMT	S = Staðarval Á = Ástand urðunar
A. URÐUN				
Höfuðborgarsvæðið	X			S
Gufunes	X			Á
Akranes	X			S
	X			Á
Hvammstangi		X		S
		X		Á
Skagaströnd	X			S
Höfðahreppur	X			Á
Akureyri	X			S
		X		Á
Eskifjörður			XX	S
			XX	Á
Selfoss		X		S
		X		Á
Laugardalshreppur			XX	S
			X	Á
B. BRENNSLA				S
				Á
Suðurnes	X			S
Keflavíkurflugvöllur	X			Á
Borgarnes			X	S
			X	Á
Patreksfjörður			X	S
			X	Á
Tálknafjörður			X	S
		X		Á
Flateyri		X		S
		X		Á
Suðureyri		X		S
		X		Á
Ísafjörður			XX	S
Hnífsdalur			XX	Á
Bæjarhreppur		X		S
		X		Á
Staðarhreppur		X		S
		X		Á
Torfustaðahreppur		X		S
		X		Á
Blönduós		X		S
		X		Á
Sauðárkrókur			XX	S
			XX	Á

Einungis er lagt mat á þá staði sem skoðaðir hafa verið af Mengunarvörnum Hollustuverndar ríkisins.

02/1991/BÞ/FVSH

YFIRLIT UM ÁSTAND SORPFÖRGUNAR 1991

STAÐSETNING	ÞOLANLEGT	SLÆMT	MJÖG SLÆMT	S = Staðarval Á = Ástand urðunar
Seyluhreppur		X		S
		X		Á
Hofsós		X		S
		X		Á
Fljót		X		S
		X		Á
Siglufjörður		X		S
		X		Á
Dalvík	X			S
	X			Á
Grenivík		X		S
		X		Á
Skútustaðahreppur	X			S
	X			Á
Reykdælahreppur	X			S
	X			Á
Aðaldælahreppur	X			S
	X			Á
Húsavík	X			S
	X			Á
Presthólahreppur	X			S
	X			Á
Raufarhöfn		X		S
		X		Á
Þórshöfn			X	S
			X	Á
Egilsstaðir		X		S
		X		Á
Eiðahreppur		X		S
		X		Á
Seyðisfjörður			XX	S
			XX	Á
Neskaupstaður			X	S
			X	Á
Reyðarfjörður		X		S
		X		Á
Fáskrúðsfjörður		X		S
		X		Á
Höfn		X		S
		X		Á
Vestmannaeyjar			XX	S
			XX	Á

Einungis er lagt mat á þá staði sem skoðaðir hafa verið af Mengunarvörnum Hollustuverndar ríkisins. 02/1991/BÞ/FVSH

YFIRLIT UM SVEITARFÉLÖG Í LANDINU, FÓLKSFJÖLDA, STAÐSETNINGU FÖRGUNARSTAÐA OG FÖRGUNARAÐFERÐIR VIÐ ÚRGANGSEYÐINGU

Sveitarfélag	Íbúar	Staður	Aðferð	Ástand
Allt landið	253.500			
Reykjavík	96.708	1*	A	X
Reykjaneskjördæmi	62.233			
Grindavík	2.161	2	B	X
Hafnahreppur	130	2	B	X
Miðneshreppur	1.257	2*	B	X
Gerðahreppur	1.066	2	B	X
Keflavík	7.423	2	B	X
Njarðvík	2.392	2	B	X
Vatnsleysustrandarhreppur	653	2	B	X
Hafnarfjörður	14.541	1	A	X
Garðabær	6.885	1	A	X
Bessastaðahreppur	950	1	A	X
Kópavogur	15.900	1	A	X
Seltjarnarnes	4.038	1	A	X
Mosfellsbær	4.188	1	A	X
Kjalarneshreppur	432	1	A	X
Kjósarhreppur	172	1	A	X
Vesturland	14.685			
Hvalfjarðarstrandarhreppur	160	3	A	X
Skilmannahreppur	136	3	A	X
Innri-Akraneshreppur	138	3	A	X
Akranes	5.362	3	A	X
Leirár- og Melahreppur	135			
Andakílshreppur	267			
Skorradalshreppur	57			
Lundarreykjadalshreppur	100			
Reykholtsdalshreppur	272			
Hálsahreppur	98			
Hvítársíðuhreppur	72			
Þverárhlíðarhreppur	80			
Norðurárdalshreppur	117			
Stafholtstungnahreppur	198			
Borgarhreppur	145	4	C	Y
Borgarnes	1.704	4*	C	Y
Álftaneshreppur	99			
Hraunhreppur	105			
Kolbeinsstaðahreppur	126			
Eyjahreppur	70			
Miklaholtshreppur	119			
Staðarsveit	101			
Breiðuvíkurhreppur	61			
Neshreppur	589			
Ólafsvík	1.138			
Fróðárhreppur	25			
Eyrarsveit	829			
Helgafellssveit	85			
Stykkishólmur	1.225			
Skógarstrandarhreppur	55			
Hörðudalshreppur	48			
Miðdalahreppur	112			
Haukadalshreppur	54			
Laxárdalshreppur	407			
Hvammshreppur	97			
Fellsstrandarhreppur	79			
Skarðshreppur	55			
Saurbæjarhreppur	112			
Vestfirðir	9.840			
Reykhólahreppur	359	*		
Barðastrandarhreppur	165			
Rauðasandshreppur	88			
Patrekshreppur	921	5	C	Y
Tálknafjarðarhreppur	365	6	C	Y
Bíldudalshreppur	381			
Auðkúluhreppur	31			
Þingeyrarhreppur	452			
Mýrahreppur	87			
Mosvallahreppur	73			
Flateyrarhreppur	395	7	D	Y
Suðureyrarhreppur	392	8	C	Y
Bolungarvík	1.215	9	B	Z
Ísafjörður	3.478	9*	B/A	Z
Suðavíkurhreppur	131			
Ögurhreppur	38			
Reykjarfjarðarhreppur	47			
Nauteyrarhreppur	61			
Snæfjallahreppur	12			
Árneshreppur	117			
Kaldrananeshreppur	166			
Hólmavíkurhreppur	459			
Kirkjubólshreppur	56			
Fellshreppur	65			
Óspakseyrarhreppur	49			
Bæjarhreppur	137	10	D	X
Norðurland vestra	10.450			
Staðarhreppur í Húnaþingi	106	11	D	Y
Fremri-Torfustaðahreppur	84			
Ytri-Torfustaðahreppur	212	12	D	Y
Hvammstangahreppur	680	13	D/A	Z
Kirkjuhvammshreppur	105			
Þverárhreppur	107			
Þorkelshólshreppur	172			
Áshreppur	104			
Sveinsstaðahreppur	105			
Torfalækjarhreppur	118			
Blönduós	1.079	13	C	X
Svínavatnshreppur	133			
Bólstaðarhlíðarhreppur	133			
Engihlíðarhreppur	87			
Vindhælishreppur	53			
Höfðahreppur	694	14	A	X
Skagahreppur	67			
Skefilsstaðahreppur	56			
Skarðshreppur	116			
Sauðárkrókur	2.508	15	D	Z
Staðarhreppur í Skagafirði	120			
Seyluhreppur	297	16	D	Y
Lýtingsstaðahreppur	294			
Akrahreppur	276			
Rípurhreppur	91			
Viðvíkurhreppur	96			
Hólahreppur	147			
Hofshreppur	146			
Hofsóshreppur	235	16	D	X
Fellshreppur	41			

1*staðsetning

Skýringar: Staður, staðsetning eyðingarstaðar, nr. vísar til staðar, fleiri en eitt sveitarfélag geta verið með sama förgunarstað.
Aðferð, A Landfylling, B Brennslustöð, C Brennslupró, D Opin brennsla. Ástand, X Þokkalegt, Y Slæmt, Z Mjög slæmt

YFIRLIT UM SVEITARFÉLÖG Í LANDINU, FÓLKSFJÖLDA, STAÐSETNINGU FÖRGUNARSTAÐA OG FÖRGUNARAÐFERÐIR VIÐ ÚRGANGSLYÐINGU

Sveitarfélag	Íbúar	Staður	Aðferð	Ástand
Fljótsdalshreppur	179	17	C	Y
Siglufjörður	1.806	18	C	X
Norðurland eystra	26.107			
Grímseyjarhreppur	114			
Ólafsfjörður	1.193	19	C	X
Dalvík	1.458	19*	C	X
Svarfaðardalshreppur	279	19	C	X
Hríseyjarhreppur	275			
Árskógshreppur	357	19	C	X
Arnarneshreppur	231			
Skriðuhreppur	125			
Öxnadalshreppur	63			
Glæsibæjarhreppur	234			
Akureyri	14.091	20	A	X
Hrafnagilshreppur	317			
Saurbæjarhreppur	249			
Öngulsstaðahreppur	406			
Svalbarðsstrandarhreppur	309			
Grýtubakkahreppur	422	21	D	Y
Hálshreppur	191			
Ljósavatnshreppur	259			
Bárðdælahreppur	153			
Skútustaðahreppur	549	22	C	X
Reykdælahreppur	322	23	C	X
Aðaldælahreppur	351	24	C	X
Reykjahreppur	111			
Húsavík	2.487	25	B/A	X
Tjörneshreppur	90			
Keldunesshreppur	133			
Öxarfjarðarhreppur	115			
Fjallahreppur	12			
Presthólahreppur	261	26	C	X
Raufarhafnarhreppur	395	27	C	Y
Svalbarðshreppur	122			
Þórshafnarhreppur	383	28	C	Z
Sauðaneshreppur	50			
Austurland	13.243			
Skeggjastaðahreppur	134			
Vopnafjarðarhreppur	927			
Hlíðarhreppur	101			
Jökuldalshreppur	166			
Fljótsdalshreppur	121			
Skriðdalshreppur	113			
Vallahreppur	182	29	C	X
Egilsstaðir	1.385	29*	C	X
Fellahreppur	361			
Tunguhreppur	98			
Eiðahreppur	159	30	C	X
Hjaltastaðahreppur	87			
Borgarfjarðarhreppur	213			
Seyðisfjörður	997	30b	C	Z
Seyðisfjarðarhreppur	31			
Mjóafjarðarhreppur	31			

Sveitarfélag	Íbúar	Staður	Aðferð	Ástand
Neskaupstaður	1.754	31*	C	X
Norðfjarðarhreppur	85	31	C	X
Eskifjörður	1.095	32	D/A	Z+
Reyðarfjarðarhreppur	719	33	C	X
Fáskrúðsfjarðarhreppur	94	34	C	X
Búðahreppur	749			
Stöðvarhreppur	345			
Breiðdalshreppur	363			
Berufjarðarhreppur	82			
Búlandshreppur	444			
Geithellnahreppur	78			
Bæjarhreppur	56			
Nesjahreppur	297			
Höfn	1.647	35	C	X
Mýrahreppur	93			
Borgarhafnarhreppur	117			
Hofshreppur	117			
Suðurland	19.229			
Hörgslandshreppur	179			
Kirkjubæjarhreppur	267			
Skaftártunguhreppur	81			
Leiðvallahreppur	76			
Álftavershreppur	39			
Mýrdalshreppur	615			
Austur-Eyjafjallahreppur	199			
Vestur-Eyjafjallahreppur	209			
Vestmannaeyjar	4.814	35b	C/D	Z
Austur-Landeyjahreppur	212			
Vestur-Landeyjahreppur	175			
Fljótshlíðarhreppur	224			
Hvolhreppur	679	36	A	X
Rangárvallahreppur	746	36	A	X
Landmannahreppur	127			
Holtahreppur	267			
Ásahreppur	166			
Djúpárhreppur	262			
Gaulverjabæjarhreppur	138			
Stokkseyrarhreppur	520	36	A	X
Eyrarbakkahreppur	520	36	A	X
Sandvíkurhreppur	109			
Selfoss	3.847	36*	A	X
Hraungerðishreppur	202			
Villingaholtshreppur	195			
Skeiðahreppur	235			
Gnúpverjahreppur	317			
Hrunamannahreppur	618			
Biskupstungnahreppur	490			
Laugardalshreppur	236	37	D	Z
Grímsneshreppur	253	36	A	X
Þingvallahreppur	49	38	D	Y
Grafningshreppur	47			
Hveragerði	1.593	36	A	X
Ölfushreppur	1.518	36	A	X

Skýringar: Staður, staðsetning eyðingarstaðar, nr. vísar til staðar, fleiri en eitt sveitarfélag geta verið með sama förgunarstað.
Aðferð. A Landfylling, B Brennslustöð, C Brennsluhró, D Onin brennsla. Ástand, X Þokkalegt, Y Slæmt, Z Mjög slæmt

Viðauki 3.

Fyrirspurnarblað um endurvinnslu.

KÖNNUN Á ENDURVINNSLU

Nafn fyrirtækis:_____

Aðsetur:_____

Sími:_____ Forsvarsmaður:_____

Fyrirtækið hóf endurvinnslu:_____

Eigendur fyrirtækisins:_____
_____
_____
_____

Hráefnisnotkun:(1989)_____
_____

Hvernig er hráefnis aflað:_____
_____
_____

Orkunotkun1989:_____

Framleiðsluvörur/Frammleiðslumagn(tonn):_____
_____
_____
_____

Hvert er varan seld og hve mikið magn ?
_____
_____
_____

Hver er áætluð sala 1990: _____

Starfsmannafjöldi: A við framleiðslu_____
B við sölu_____

Þróun framleiðslutækni: A eigin hönnun og þróun (uppruni framleiðslutækninnar)_____
_____
_____
B erlend_____

Ónýttir möguleikar og frekari þróun ?
_____
_____

Hvað stendur fyrirtækinu helst fyrir þrifum (veikleikar) ?
_____
_____

Aðrar upplýsingar, tillögur og annað sem þú vilt að komi fram:

Viðauki 4.

Um lög og reglugerðir.

Fáein atriði sem snerta sorphirðu og úrgang og skipan þeirra mála.

1. SVEITARSTJÓRNARLÖG (8/1986)

6. gr. "...Meðal verkefna sveitarfélaga eru: ...sorphreinsun og sorpeyðing..."

2. LÖG UM HOLLUSTUHÆTTI OG HEILBRIGÐISEFTIRLIT nr.(81/1986)

1.3. gr. "Lög þessi ná yfir alla starfsemi og framkvæmd sem getur haft í för með sér mengun lofts, láðs eða lagar, að svo miklu leyti sem það er ekki falið öðrum með sérlögum eða með framkvæmd alþjóðasamninga."

2. gr. "...í heilbrigðisreglugerð skulu vera almenn ákvæði um:...
5. Meðferð og eyðingu sorps og annars úrgangs..."

x

Í heilbrigðisreglugerð (nr. 149/1990) eru ákvæði um hreinlæti og þrifnað utanhúss, um hreinsun og meðferð sorps og annars úrgangs og eftirlit.

1. Eftirlit.

Gr. 3.1., 3.2. og 3.4 um almennt hlutverk heilbrigðisnefndar

Gr. 3.4, 3.8, 3.9., 13. um eftirlit með þrifnaði utanhúss, sorpi og sorprennum.

2. Umgengni.

Gr. 14.1., 16. 17., 18., 19. og 46. um almennar skyldur gagnvert umhverfinu.

Gr. 14.2 og 20.1 um skyldur sveitarstjórna til að koma fyrir ílátum undir rusl í þéttbýli og sjá um reglubundna hreinsun akbrauta og gangstétta.

Gr. 15. um skyldur umráðamanna lóða.

3. Hreinsun og meðferð.

Gr. 40. og 41. um söfnun og flutning í sorpgeymslu.

Gr. 42. um sorpílát og staðsetningu.

Gr. 43.1. um frágang sorprenna, sorpíláta og sorpgeymslna.

Gr. 43.2. um notkun sorpgeymslna.

Gr. 44.1 um skyldu sveitarstjórnar til að sjá um reglubundna tæmingu og flutning sorps frá húsum í þéttbýli.

Gr. 44.2. um að flytja skuli sorp til móttökustöðva.

Gr. 44.3. um flutning sorps.

Gr. 45. um staðsetningu sorpmóttökustöðva.

Gr. 47. um frágang þar sem ekki fer fram reglubundin sorphirða.

3. gr. "... í mengunarvarnareglugerð skulu vera almenn ákvæði um:...
5 úrgangsefni, svo sem eyðingu sorps og annars úrgangs..."

x

Í mengunarvarnareglugerð (nr. 389/1990) eru skilgreiningar á úrgangi, ákvæði um meðferð úrgangs og förgun úrgangs og eftirlit.

1. Skilgreiningar gr. 2.10., 2.11., 2.12. og 12.13.

2. Almennt eftirlit gr. 3.1., 3.2., 3.3 og 3.4.

3. Sérhæft eftirlit gr. 3.5. og viðauki 7 tl. 15, 16 og 17..
Viðauki 8, Móttökustöðvar, sorphaugar og sorpbrennslu, flokkaðar eftir stærð þjónustusvæðis.
1. flokkur 11. og 12. liður, (≥ 50 000 einstakl.).
2. flokkur 4. liður, (≥10 000 einstakl.).
3. flokkur 7. liður, (≥ 2 000 einstakl.).
4. flokkur 6. liður, (önnur starfs.)

4. Meðferð úrgangs gr. 6.1.

Gr. 6.1.1. um almennar skyldur gagnvart umhverfinu.

Gr. 6.1.2. um sérstakar skyldur verslana, bensín- og olíustöðvar, söluturna, samkomustaða, orlofsbúða og tjaldsvæða til að safna rusli.

Gr. 6.1.4. um skyldur sveitarstjórna um tæmingu sorpíláta og brottflutning ásamt heimild til að að ákveða flokkun á sorpi.

Gr. 6.1.5. um skyldur aðila varðandi framleiðsluúrgang og sérstakan úrgang varðandi meðferð og brottflutning ásamt heimild til að ákveða flokkun.

Gr. 6.1.6. og viðauki 4, um hættulegan úrgang.

Gr. 6.1.7. um salernis-, ristarúrgang og seyru.

5. Förgun úrgangs gr. 6.2

Gr. 6.2.1. um skyldur sveitarstjórna til að leggja til og sjá um rekstur móttökustöðva fyrir úrgang.

Gr. 6.2.2. um að flytja skuli sorp og framleiðsluúrgang til móttökustöðva. Gr. 6.2.3. um förgun á sorpi í dreifbýli.

Gr. 6.2.4. um skyldu til að draga úr magni og umfangi sérstaks úrgangs og flutnings slíks úrgangs til móttökustöðva.

Gr. 6.2.5. um salernis-, ristarúrgang og seyru sem ekki veður nýtt.
Gr. 6.2.6., 6.2.7. og 6.3. um hættulegan efnaúrgang.

6. Aðhald og þvingunarúrræði gr. 6.1.8. og 9.1.

22.1. gr. "Sveitarfélög geta sett sér eigin heilbrigðissamþykktir, um þætti sem ekki er fjallað um í heilbrigðisreglugerð sbr. 2. gr., og mengunarvarnareglugerð, sbr. 3. gr., eða til þess að gera um einstök atriði ítarlegri kröfur en þar er gert.

22.2. gr. "Heimilt er auk annars að setja í slíkar samþykktir ákvæði um:
1. ...
2. Meðferð og eyðingu sorps og skolps.
3. Gjaldtöku vegna leyfa, leigu eða veittrar þjónustu.
4. ..."

22.3. gr. "Upphæð gjalda skv. þessum kafla skal ákveðin í sérstakri gjaldskrá, sem ráðherra staðfestir. Skulu slík gjöld tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga, sé leyfi, leiga eða þjónusta tengd notkun fasteignar."

3. LÖG UM VARNIR GEGN MENGUN SJÁVAR, (nr. 32/1986).

7. gr. " -Óheimilt er að losa sorp í sjó á hafsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar.
-Óheimilt er að losa í sjó öll þrávirk gerviefni sem fljóta eða mara í sjónum, þar með talin plastílát, kaðlar og net.
-Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur um meðferð og losun sorps frá skipun á hafsvæði utan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar. Reglur þessar skulu vera í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að."

10. gr. "Einstaklingum og fyrirtækjum, er annast dreifingu og sölu á olíu, er skylt að taka við olíuúrgangi frá skipum og frá starfsemi í landi, einum eða í samvinnu við einstaklinga, fyrirtæki er til þess hafa leyfi.."

11. gr. "Hafnaryfirvöld skulu koma upp eða tryggja rekstur viðunandi aðstöðu í höfnum fyrir móttöku á sorpi frá skipum. Aðstaðan skal miðast við þarfir skipa er koma í viðkomandi höfn."

13. gr. "Allt úrkast efna eða hluta í hafið er óheimilt án leyfis Siglingamálstofnunar ríkisins. ..."
Undantekning er dýpkunarefni sem uppfyllir skilyrði laganna.

14. gr. "Óheimilt er að brenna úrgangsefni eða önnur efni á hafi úti, hvort sem er frá skipum, pöllum eða öðrum mannvirkjum, án leyfis Siglingamálastofnunar..."

4. LÖG UM RÁÐSTAFANIR GEGN UMHVERFISMENGUN AF VÖLDUM EINNOTA UMBÚÐA FYRIR DRYKKJARVÖRUR. (52/1989)

1. gr. "Á innfluttar drykkjarvörur í einnota umbúðum úr málmi, gleri eða plastefni skal leggja skilagjald sem innheimt skal við tollafgreiðslu.
... Sama gjald skal leggja á drykkjarvörur sem framleiddar eru eða átappaðar hér á landi og seldar eru í sams konar umbúðum og að framan greinir. Skal greiða gjaldið samhliða vörugjaldi af innlendum drykkjarvörum..."

2. gr. "...beita sér fyrir stofnun hlutafélags .... Félagið skal hafa einkarétt fyrir framangreinda starfsemi hérlendis."

x

Í reglugerð um söfnun og endurvinnslu einnota umbúða fyrir drykkjarvörur og skilagjald á drykkjarvörur í einnota umbúðum (nr. 358/1989) eru ákvæði um umsýsluþóknun.

2. gr. "Umsýsluþóknun, sem leggja skal á til viðbótar skilagjald skal nema 5% af skilagjaldi."

x

5. SKIPULAGSLÖG (nr. 19/1964, með síðari breytingum.)

Í skipulagsreglugerð (nr. 318/1985) eru ákvæði um að við gerð skipulags skuli gætt umhverfissjónarmiða.

Gr. 2.3.4.8. og 3.3.4.9., um losun sorps, staðarval sorphauga og sorpeyðingastöðva.

6. BYGGINGALÖG (nr. 54(1978)

Í byggingareglugerð (nr. 292/1979) eru ákvæði varðandi meðferð sorps innanhúss.

Gr. 6.9 og 6.9, um sorpgeymslur og sorprennur.

7. LÖG UM EITUREFNI OG HÆTTULEG EFNI. (nr. 52/1988).

22. gr. "Eiturefnum og hættulegum efnum, tómum flöskum og öðrum umbúðum, sem hafa haft slík efni að geyma, skal fargað eða hreinsa þannig, að mönnum og dýrum stafi ekki hætta af. Að öðrum kosti skal endursenda seljanda eða umboðsmanni hans viðkomandi efni, flát og umbúðir, luktar og merktar á viðeigandi hátt.
Ráðherra setur, að fengnum tillögum eiturefnanefndar, Hollustuverndar Ríkisins og Náttúruverndarráðs, reglugerð um förgun eiturefna og hættulegra efna."

Í reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, (nr. 236/1990) er ákvæði um merkingu umbúða við flutning og geymslu.

8. NÁTTÚRUVERNDARLÖG (nr. 47/1971)

13. gr. "...Á víðavangi er bannað að fleygja frá sér eða skilja eftir rusl, sem er til hættu eða óprýði, svo og að bera rusl eða sorp í sjó, í fjörur eða á sjávarbakka, í ár eða á árbakka, í læki eða á lækjarbakka. Skylt skal að ganga frá áningastað og tjaldstæði, er menn hafa tekið sér úti í náttúrunni þannig að ekkert sé þar eftir skilið, sem lýti umhverfið.
Bannað er að safna rusli í hauga á almannafæri eða við alfaraleiðir. Skylt er að ganga svo frá sorphaugum, að hvorki fjúki úr þeim fljóti. Hreinsa má rusl á kostnað þess, er sannur er að broti á þessu fyrirmæli."

15. gr. "Hafi byggingar, skip í fjöru, bifreiðar eða áhöld eða mannvirki þ.á.m. girðingar, verið skilið eftir í hirðuleysi og grotni þar niður, svo telja verði til lýta eða spjalla á náttúru er eiganda skylt að fjarlægja það.
...
Sveitarstjórn skal annast framkvæmdir þær sem nauðsynlegar eru samkvæmt fyrirmælum þessum, á kostnað þess er skylt var að annast þær, en hefur það látið ógert."

Nd. 781. Nefndarálit [246. mál]

um frv. til l. um ferðaþjónustu.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk um það umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Ferðamálaráði Íslands, Sambandi veitinga- og gistihúsa, Ferðafélagi Íslands, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Slysavarnafélagi Íslands, lögreglustjóranum í Reykjavík, Ferðaskrifstofu Íslands hf., Skrifstofu borgarstjórans í Reykjavík, Ferðamálasamtökum Norðurlands, Ferðafélagi Akueyrar, Félagi eigenda sumardvalarsvæða, Landvarðafélagi Íslands, Landgræðslu ríkisins, Öryrkjabandalagi Íslands, Almannavörnum ríkisins, vita- og hafnamálastjóra, Félagi íslenskra atvinnuflugmanna, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Ferðamálasamtökum Vestfjarða, Útflutningsráði Íslands, Upplýsingamiðstöð ferðamála, Byggðastofnun, Félagi starfsfólks í veitingahúsum, Neytendasamtökunum, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Ferðaþjónustu bænda, Leiðsöguskólanum, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Náttúruverndarráði, Ferðamálasamtökum Austurlands, Jöklaferðum hf., Félagi íslenskra ferðaskrifstofa, ferðamálanefnd Reykjavíkur, Félagi sérleyfishafa og Halldóri Bjarnasyni.

Þá fékk nefndin á sinn fund um málið Karl Sigurhjartarson, framkvæmdastjóra Sambands ísl. ferðaskrifstofa, Magnús Oddsson ferðamálastjóra, Ernu Hauksdóttur, framkvæmdastjóra Sambands veitinga- og gistihúsa, Wilhelm Wessman, stjórnarmann í Sambandi veitinga- og gistihúsa, Kristínu Halldórsdóttur, formann stjórnar Ferðamálaráðs Íslands, Jóhönnu Leópoldsdóttur, stjórnarformann Ferðamálasjóðs, og Snorra Tómasson, starfsmann Ferðamálasjóðs.

Nefndin leggur til ýmsar breytingar á frumvarpinu en í flestum tilvikum er ekki um veigamiklar efnisbreytingar að ræða heldur er frekar verið að bregðast við ábendingum umsagnaraðila og sníða af frumvarpinu ýmsa agnúa. Helstu breytingar eru eftirtaldar:

1. Við 3. gr. Talið er rétt að Ferðamálaráð geri tillögu til samgönguráðherra um efnisákvæði reglugerðar um ferðaþing. Núverandi Ferðamálaráð mundi gera tillögu um fyrsta ferðaþing.
2. Við 4. gr. Meginbreytingin er sú að þeir fjórir fulltrúar, sem valdir eru í Ferðamálaráð með óhlutbundinni kosningu á ferðaþingi, séu allir valdir á sama tíma en ekki séu kosnir tveir eitt árið og tveir annað árið. Þannig verða því allir átta fulltrúarnir í ráðinu valdir í einu.
3. Við 6. gr. Talið er eðlilegast að ráðherra skipi framkvæmdastjóra Ferðamálaráðs (ferðamálastjóra) samkvæmt tillögu ráðsins.
4. Við 12. gr. Þar sem þörfin fyrir úrbætur vegna vaxandi ferðamannastraums verður æ brýnni á ferðamannastöðum víða um land leggur nefndin til að ekki minna en þriðjungi þeirra tekna sem Ferðamálaráð fær af hinu svokallaða „fríhafnargjaldi" verði varið til umhverfismála tengdum ferðaþjónustu.
5. Við 36. gr. Til viðbótar því að lögreglustjóri geti innkallað veitingaleyfi (leyfishafi missir þá leyfi tímabundið) að uppfylltum ákveðnum skilyrðum verður honum heimilað að afturkalla leyfi (leyfishafi missir rekstrarleyfi). Það er hins vegar skoðun nefndarinnar að lögreglustjóri hljóti að jafnaði að beita innköllunarheimild þegar um er að ræða brot sem hægt er að lagfæra á stuttum tíma.

6. Við 37. gr. Gert er ráð fyrir að ráðherra geti í reglugerð um flokkun veitinga- og gististaða sett kröfur um kunnáttu þeirra er við þann rekstur starfa og þá mismunandi eftir einstökum flokkum slíkra staða.
7. Við 5. og 37. gr. Bætt er við ákvæðum er tryggja að tekið verði sérstakt tillit til aðgengis fatlaðra.

Nefndin telur rétt að vekja athygli á því að þó að sagt sé í 42. gr. að úrskurðir kvörtunarnefndar séu bindandi þá verður engu að síður ávallt hægt að bera úrskurði hennar undir undir dómstóla uni menn ekki niðurstöðu nefndarinnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 5. mars 1991.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Guðni Ágústsson, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Árni Gunnarsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Kristín Einarsdóttir.
	Matthías Á. Mathiesen, með fyrirvara.	

Nd. 782. Breytingartillögur [246. mál]

við frv. til laga um ferðaþjónustu.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 1. gr. Annar málsliður orðist svo: Að þróa ferðaþjónustu og viðurkenna sem mikilvægan og arðgæfan atvinnuveg.
2. Við 3. gr. Við fyrri málslið 3. mgr. bætist: að fengnum tillögum Ferðamálaráðs.
3. Við 4. gr. Eftirtaldar breytingar verða á greininni:
   a. Við 3. mgr. bætist: Þeir sem kosnir eru óhlutbundinni kosningu skulu vera í forsvari fyrir aðra en þá sem tilnefna í ráðið. Varamenn þeirra eru kosnir á sama hátt.
   b. 4. mgr. falli brott.
   c. Í stað orðsins „Samtök“ í upphafi 5. mgr. komi: Þeir.
4. Við 5. gr. Eftirtaldar breytingar verða á 2. mgr. greinarinnar:
   a. Orðin „í samvinnu við aðra“ í 2. tölul. falli brott.
   b. Eftir orðinu „skipulagsmálum“ í 3. tölul. bætist: að meðtöldum aðgengismálum fatlaðra.
   c. Orðin „í samvinnu við hlutaðeigandi aðila, sbr. 11. gr.“ í 3. tölul. falli brott.
5. Við 6. gr. Fyrsti málsliður orðist svo: Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Ferðamálaráðs til fimm ára samkvæmt tillögu ráðsins og ber hann starfsheitið ferðamálastjóri.
6. Við 7. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Ferðamálastjóri veitir skrifstofu ferðamála forstöðu, ber ábyrgð á daglegum rekstri hennar og ræður starfsmenn skrifstofunnar.

7. Við 9. gr. Eftirtaldar breytingar verða á greininni:
   a. Á eftir orðunum „í höndum“ í 2. málsl. fyrri málsgreinar bætist: heimaaðila.
   b. Í stað orðsins „og“ í 2. málsl. fyrri málsgreinar komi: eða.
8. Við 11. gr. Eftirtaldar breytingar verða á greininni:
   a. Orðin „fjölsóttra“ í 1. og 2. málsl. fyrri málsgreinar falli brott.
   b. Í stað orðanna „fjölsóttum stöðum“ komi: ferðamannastöðum.
9. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Starfsemi Ferðamálaráðs skal m.a. fjármögnuð með sérstöku gjaldi er nemur eigi minna en 10% af árlegri vörusölu fríhafna í landinu. Fríhafnir skulu greiða gjald þetta beint til Ferðamálaráðs af sölu hvers mánaðar og fellur það í gjalddaga 15 dögum eftir lok mánaðarins. Hið minnsta skal þriðjungi af þessu gjaldi varið til umhverfismála tengdum ferðaþjónustu. Starfsemi Ferðamálaráðs skal fjármögnuð af áðurgreindum tekjustofni nema laun og almennur kostnaður vegna aðalskrifstofu sem skal greiddur úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum.
10. Við 14. gr. Í stað orðanna „stjórn samgönguráðherra“ komi: sérstakri stjórn, sbr. 15. gr.
11. Við 19. gr. 2. mgr. orðist svo:
    Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána sem sjóðurinn veitir að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins.
12. Við 21. gr. Í stað orðsins „leitað“ í síðari málslið fyrri málsgreinar komi: leita.
13. Við 22. gr. Þriðji töluliður fyrri málsgreinar orðist svo: Ferðaumboðssali er fyrirtæki, félag eða einstaklingur sem annast sölu farmiða og ferðaþjónustu í umboði löggiltrar ferðaskrifstofu, ferðaskipuleggjanda eða samgöngufyrirtækis og á ábyrgð þeirra.
14. Við 25. gr. Orðin „rekstraröryggi og“ falli brott.
15. Við 26. gr. Í stað orðsins „ferðaskrifstofu“ í upphafi greinarinnar komi: ferðamiðlunar.
16. Við 30. gr. Í stað orðsins „hópferðir“ komi: ferðir.
17. Við 34. gr. Í stað „1.gr.“ í 1. mgr. komi: 32. gr.
18. Við 36. gr. Eftirtaldar breytingar verða á greininni:
   a. Á eftir orðunum „skemmri tíma“ í upphafi fyrri málsgreinar bætist: eða afturkalla.
   b. Í stað „2. gr.“ í a-lið fyrri málsgreinar komi: 33. gr.
   c. Orðin „um innköllun leyfis“ í upphafi síðari málsgreinar falli brott.
19. Við 37. gr. Í stað orðanna „þjónustu og neytendavernd“ í lok fyrri málsliðar komi: kunnáttu leyfishafa, þjónustu, neytendavernd og aðgengi fatlaðra.
20. Við 38. gr. Fyrri málsliður orðist svo: Þeir sem reka afþreyingarþjónustu í atvinnuskyni fyrir ferðamenn, svo sem hesta-, hjóla-, báta- og vélsleðaleigur og skemmtigarða, skulu tilkynna um þá starfsemi til lögreglustjóra sem heldur skrá yfir slíka þjónustu.
21. Við 46. gr. Orðin „viðkomandi staðar“ í fyrri málsgrein falli brott.
22. Við ákvæði til bráðabirgða III. Í stað orðanna „skal Ferðamálaráð“ í fyrri málsgrein komi: skulu Ferðamálaráð og stjórn Ferðamálasjóðs.
23. Við ákvæði til bráðabirgða IV. Ákvæðið falli brott.

Nd. 783. Frumvarp til laga [430. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Flm.: Málmfríður Sigurðardóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson,
Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Einarsdóttir.

1. gr.

Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein er verði 2. mgr. og orðast svo:

Frá tekjum manna, sbr. 1. mgr., má einnig draga einstakar gjafir til þróunarhjálpar, þó ekki yfir 30% af skattstofni gefanda áður en gjöfin var dregin frá honum, enda sé hver gjöf ekki undir 5.000 kr. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða stofnanir falla undir ákvæði þessarar málsgreinar.

2. gr.

Í stað orðanna „viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufél„ga“ í 1. málsl. 3. mgr. 1. tölul. 31. gr. laganna kemur: viðurkenndrar líknarstarfsemi, kirkjufélaga og þróunarhjálpar. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða stofnanir falla undir ákvæði þessarar málsgreinar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1985 var samþykkt á Alþingi þingsályktunartillaga þess efnis að á næstu sjö árum þaðan í frá skyldi því marki náð að framlög til uppbyggingar í þróunarríkjum væru 0,7% af þjóðarframleiðslu. Skemmst er af því að segja að þessu markmiði hefur aldrei verið náð og framlög Íslands til þróunarhjálpar hafa verið með þeim hætti að það er þeim til minnkunar á alþjóðavettvangi. Nefnd hefur verið skipuð til að leita leiða til úrbóta í þessum efnum en árangur sést ekki enn af því starfi. Með þessu frumvarpi er lagt til að einstaklingar og fyrirtæki megi draga frá skattstofni andvirði gjafa til þróunarhjálpar með þeim ákvæðum sem í frumvarpinu felast. Markmiðið er að hvetja fólk og fyrirtæki til að leggja sitt af mörkum til þróunarhjálpar. Ráðherra ákveður síðan með reglugerð hvaða hjálparstofnanir falla undir þessar lagagreinar. Gengið er út frá að það verði fyrst og fremst viðurkenndar alþjóðlegar hjálparstofnanir, svo sem Þróunarsamvinnustofnun Íslands, Rauði krossinn, Hjálparstofnun kirkjunnar, UNIFEM o.fl. Flutningskonur frumvarpsins telja að samþykkt þess yrði almenningi hvatning til aukinnar liðveislu við fólk í þróunarlöndum.

Nd. 784. Frumvarp til laga [431. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Málmfríður Sigurðardóttir, Anna Ó. Björnsson,
Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Einarsdóttir.

1. gr.

6. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Árlegur barnalífeyrir skal ákvarðaður af ráðherra eftir tillögum barnalífeyrisnefndar. Í nefndinni eiga sæti fimm fulltrúar, einn tilnefndur af ráðherra og er hann jafnframt formaður, einn tilnefndur af tryggingaráði, einn tilnefndur af Félagi einstæðra foreldra, einn tilnefndur af dómsmálaráðherra og einn tilnefndur af Hagstofu Íslands. Nefndin skal við ákvörðun barnalífeyris meta kostnað við framfærslu barns að frádregnum bótum til einstæðra foreldra þannig að barnalífeyrir nemi helmingi af kostnaði við framfærslu barns samkvæmt mati nefndarinnar. Ekki skal greiða barnalífeyri vegna þeirra barna er njóta örorkulífeyris.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ákvörðun barnalífeyris fer enn eftir reglum sem settar voru þegar lög um almannatryggingar tóku gildi fyrir meira en 50 árum. Þessar reglur eru löngu úreltar og meira en tímabært að taka upp aðrar aðferðir við mat á lífeyri, þ.e. að taka mið af kostnaði við framfærslu eins og hún er nú á tímum. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að meðlög eru nú ákvörðuð á sama hátt og barnalífeyrir og hvorugt er í neinu samræmi við kostnað af framfærslu barna.

Í frumvarpi þessu er lagt til að skipuð verði nefnd sem geri tillögur um hvernig meta skuli kostnað af framfærslu barns. Tillögur skuli síðan lagðar fyrir ráðherra sem taki mið af þeim þegar árlegur barnalífeyrir er ákvarðaður.

Í fylgiskjali eru niðurstöður könnunar sem fór fram á vegum Félags einstæðra foreldra árið 1987 um kostnað af framfærslu barna á ýmsum aldri árið 1986. Þar geta menn glöggvað sig á þeim mun sem sú niðurstaða sýnir á veruleikanum og þeim greiðslum sem hið opinbera ákvarðar til lífeyris barna. Ólíklegt er að hlutföll hafi raskast svo nokkru nemi síðan þessi könnun var gerð, en sambærilegt mat þarf að vera í sífelldri endurskoðun. Hafa ber í huga að meðalbreytingar verðlags frá árinu 1986 til dagsins í dag eru um 121%. Barnalífeyrir, og þá jafnframt meðlag með einu barni, er nú 7.042 kr. á mánuði.

Fylgiskjal.

Félag einstæðra foreldra:

Könnun félags einstæðra foreldra
á kostnaði við framfærslu barna 0–18 ára.

Könnun þessari var lokið í febrúar 1987 og miðast hún við framfærslukostnað á árinu 1986.

Hvergi er tekinn með kostnaður við húsnæði, né heldur rafmagns-, hita- eða símakostnaður.

Við áætlun fæðiskostnaðar er stuðst við meðaltal úr heimilisbókhaldi DV.

Þar sem nauðsyn tannréttinga og gleraugnanotkun er svo algeng sem raun ber vitni eru þeir liðir hér með.

Fatnaði öllum er í hóf stillt og stuðst við meðalverð.

Það kom í ljós í þessari könnun að meðlagsgreiðandi greiðir að meðaltali aðeins $^1/_4$ af því sem kostar að framfæra barnið. Þar kemur berlega í ljós framkvæmd barnalaganna um jafna framfærsluskyldu foreldra.

BARN 0-6 MÁNAÐA:
****

Útgjöld:

Fæðiskostn. heima fyrstu 3 mán.	kr	1.240
Fæðiskostn. heima næstu 3 mán.	kr	4.053
Dagheimilisgjald í 3 mánuði	kr	10.860
Barnarúm	kr	4.640
Sæng/koddi	kr	2.910
Burðarrúm	kr	3.800
Barnavagn	kr	18.956
Leikgrind	kr	5.400
Ungbarnastóll	kr	2.456
Hreinlætisvörur	kr	2.472
Pelar og snuð	kr	852
Rúmfatnaður	kr	4.974
Ungbarnaflíkur	kr	11.941
Útigallar (í vagninn)	kr	1.598
Hettupeysa	kr	549
Handklæði	kr	1.600
Baðbali og koppur	kr	1.099
Mataráhöld	kr	500
Pappírsbleyjur	kr	12.360
Lækniskostnaður	kr	975
Samtals	kr	93.235
Mismunur, vantar til framfærslu		
	kr	93.235

ATH.:
EKKI er reiknað með :
Kostnaður vegna íbúðarhúsnæðis,
ljóss, hita, þvotta,
barnagæslu heima,
skírnar barnsins.
****

Tekjur:

Frá meðlagsgreiðanda	kr	21.816
Frá forráðamanni	kr	21.816
	kr	43.632
	kr	49.603
	kr	93.235

Samkvæmt þessu vantar kr 24.801,50 á meðlagsgreiðsluna til að báðir foreldrar leggi jafnt af mörkum til framfærslu barnsins fyrstu sex mánuðina í lífi þess.
Þ.e. kr 4.133 pr. mán.

****

Ef mæðra/feðralaun og þær barnabætur sem einstætt foreldri fær umfram aðra foreldra er reiknað með tekjum barnsins lítur dæmið þannig út:

Gjöld:

Útgjöld skv. ofanskráðu	kr	93.235
	kr	93.235
Mismunur, vantar til framfærslu		
	kr	93.235

Tekjur:

Frá foreldrum jafnt	kr	43.632
Mæðra/feðralaun	kr	13.674
Barnabætur	kr	5.100
	kr	62.406
	kr	30.829
	kr	93.235

Vantar þá samt sem áður kr 15.414,50 á meðlagsgreiðsluna.

BARN TVEGGJA ÁRA (-allt árið 1986-)
****

Útgjöld:

Fæðiskostn. heima		kr	30.000
Dagheimilisgjald		kr	42.000
Kerra	kr 7.500		
+ seldur notaður vagn	kr 5.000	kr	2.500
Kerrupoki		kr	1.990
Barnastóll		kr	3.200
Þríhjól		kr	3.525
Handkl., hreinlætisv. og rúmf.		kr	6.400
Gúmmílak + pappírsbleyjur		kr	18.600
Úlpa		kr	2.000
Útigalli		kr	3.800
Pollagalli		kr	800
Stígvél		kr	800
Kuldaskór		kr	900
Sérsmíðaðir skór		kr	2.550
Tvennir skór		kr	2.973
Jólaflíkur		kr	4.700
Annar fatnaður		kr	16.300
Barnagæsla heima 3 klst. einu sinni í viku		kr	15.600
Lækniskostnaður		kr	4.500
Samtals		kr	163.138
Mismunur, vantar til framfærslu			
		kr	163.138

ATH.:
EKKI er reiknað með:
Kostnaður vegna íbúðarhúsnæðis, ljóss, hita þvotta, barnið fær engin leikföng.
****

Tekjur:

Frá meðlagsgreiðanda	kr	43.631
Frá forráðamanni	kr	43.631
	kr	87.262
	kr	75.876
	kr	163.138

Samkvæmt þessu vantar kr 37.938 á meðlagsgreiðsluna til að báðir foreldrar leggi jafnt af mörkum til framfærslu barnsins.

Þ.e. kr 3.162 pr. mán.

****

Ef mæðra/feðralaun og þær barnabætur sem einstætt foreldri fær umfram aðra foreldra er reiknað með tekjum barnsins lítur dæmið þannig út:

Gjöld:		Tekjur:	
		Frá foreldrum jafnt	kr 87.262
		Mæðra/feðralaun	kr 27.348
Útgjöld skv. ofanskráðu	kr 163.138	Barnabætur	kr 10.200
	kr 163.138		kr 124.810
Mismunur vantar til framfærslu			kr 38.328
	kr 163.138		kr 163.138

Vantar þá samt sem áður kr 19.164 á meðlagsgreiðsluna.

BARN SEX ÁRA (-allt árið 1986-)
****

Útgjöld:

Fæðiskostnaður heima	kr	45.600	ATH.:		
Dagheimilisgjald	kr	42.000	EKKI er reiknað með:		
Sæng/koddi	kr	3.500	Kostnaður vegna íbúðarhúsnæðis,		
Lífið tvíhjól	kr	7.347	ljóss, hita, þvotta,		
Rúmf./handkl., sjampó	kr	5.687	barnið fær engin		
Úlpa	kr	2.463	leikföng.		
Tvenn stígvél	kr	1.648			
Kuldaskór	kr	1.633			
Þrennir skór	kr	4.661			
Jólaflíkur	kr	5.000			
Annar fatnaður	kr	11.486			
Skólataska	kr	1.493			
Pennaveski	kr	430			
Dansnám í 6 mánuði	kr	5.143			
Tónmennt, forskóli	kr	5.200			
Gleraugu	kr	4.767			
Skólaúr	kr	1.004			
Bíó/vasapeningar	kr	6.000			
Barnagæsla heima 3 klst. einu sinni í viku	kr	15.600			
Sumarbúðir 1 vika	kr	4.900	Tekjur:		
Klipping	kr	2.108	Frá meðlagsgreiðanda	kr	43.631
Lækniskostn.	kr	1.050	Frá forráðamanni	kr	43.631
Samtals	kr	178.720		kr	87.262
Mismunur, vantar til framfærslu				kr	91.458
	kr	178.720		kr	178.720

Samkvæmt þessu vantar kr 45.729 á meðlagsgreiðsluna til að báðir foreldrar leggi jafnt af mörkum til framfærslu barnsins.

Þ.e. kr 3.810 pr. mán.

****

Ef mæðra/feðralaun og þær barnabætur sem einstætt foreldri fær umfram aðra foreldra er reiknað með tekjum barnsins lítur dæmið þannig út:

Gjöld:		Tekjur:		
		Frá foreldrum jafnt	kr	87.262
		Mæðra/feðralaun	kr	27.348
Útgjöld skv. ofanskráðu	kr 178.720	Barnabætur	kr	10.200
	kr 178.720		kr	124.810
Mismunur, vantar til framfærslu			kr	53.910
	kr 178.720		kr	178.720

Vantar þá samt sem áður kr 26.955 á meðlgsgreiðsluna.

BARN TOLF ARA (-allt árið 1986-)
****

Útgjöld:

Fæðiskostn.	kr	63.000	ATH.:		
Sæng/koddi	kr	9.190	EKKI er reiknað		
Svefnbekkur	kr	10.300	Kostnaður vegna íbúðarhúsnæðis,		
Hjól	kr	12.500	ljóss, hita, þvotta.		
Rúmfatn.	kr	3.300	**********		
Handklæði	kr	765			
Hreinlætisvörur	kr	2.400			
Úlpa	kr	2.835			
Stígvél	kr	1.200			
Kuldaskór	kr	2.100			
Þrennir skór	kr	6.000			
Jólaflíkur	kr	6.030			
Fisvindgalli	kr	1.620			
Íþróttafatnaður	kr	2.500			
Annar fatnaður	kr	14.785			
Skólamjólk	kr	1.350			
Skólagjald	kr	500			
Skólataska	kr	1.850			
Dans/íþróttir	kr	4.900			
Tónmennt	kr	16.500			
Gleraugu	kr	4.500			
Úr	kr	2.000			
Skrifborð/stóll	kr	6.500			
Skíði/útbúnaður	kr	10.500			
Skautar	kr	2.450			
Bíó/vasapeningar	kr	6.720			
Strætisvaganferðir	kr	3.000			
Myndavél	kr	4.800	Tekjur:		
Klipping	kr	3.300	Frá meðlagsgreiðanda	kr	43.631
Tannréttingar 50%	kr	65.000	Frá forráðamanni	kr	43.631
Lækniskostn. og meðöl	kr	1.930	Laun v. blaðburðar	kr	10.500
Samtals	kr	289.110		kr	97.762
Mismunur, vantar til framfærslu				kr	191.348
	kr	289.110		kr	289.110

Samvkæmt þessu vantar kr 95.674 á meðlagsgreiðsluna til að báðir foreldrar leggi jafnt af mörkum til framfærslu barnsins.

Þ.e. kr 7.972 pr. mán.

****

Ef mæðra/feðralaun og barnabætur sem einstætt foreldri fær umfram aðra foreldra er reiknað með tekjum barnsins: 289.110 + 135.310= 153.800, og vantar þá samt sem áður kr 76.900 á meðlagsgreiðsluna.

BARN FJÓRTÁN ÁRA (-allt árið 1986-)
****

Útgjöld:

Fæðiskostnaður	kr	84.000	ATH.:		
Úlpa/jakki	kr	10.100	EKKI er reiknað með:		
Stígvél	kr	1.350	Kostnaður vegna íbúðarhúsnæðis,		
Kuldaskór	kr	3.450	ljóss, hita, þvotta.		
Þrennir skór	kr	8.400			
Kostn. v. fermingar, þ.m.t.föt	kr	29.450			
Íþróttafatnaður og skór	kr	7.000			
Annar fatnaður	kr	26.600			
Skólataska	kr	3.450			
Bókakostnaður	kr	1.500			
Skólatölva	kr	640			
Ritvél	kr	18.250			
Dans/íþróttafélgj.	kr	5.500			
Tónmennt	kr	16.500			
Gleraugu	kr	6.500			
Skautar	kr	2.540			
Skemmtanir/vasapeningar	kr	20.500			
Strætisvagnakostn.	kr	12.000	Tekjur:		
Klipping/hársnyrtivörur	kr	6.200	Frá meðlagsgreiðanda	kr	43.631
Tannréttingar 50%	kr	65.000	Frá forráðamanni	kr	43.631
Lækniskostnaður	kr	1.780	Laun barns	kr	11.000
Samtals	kr	330.710		kr	98.262
Mismunur, vantar til framfærslu				kr	232.448
	kr	330.710		kr	330.710

Samkvæmt þessu vantar kr 116.224 á meðlagsgreiðsluna til að báðir foreldrar leggi jafnt af mörkum til framfærslu barnsins.

Þ.e. kr 9.685 pr. mán.

****

Ef mæðra/feðralaun og barnabætur sem einstætt foreldri fær umfram aðra foreldra er reiknað með tekjum barnsins: kr 330.710 ÷ kr 135.810 = kr 194.900, og vantar þá samt sem áður kr 97.450 á meðlagsgreiðsluna.

BARN ATJAN ARA - í fjölbraut - (- allt árið 1986-)
****

Útgjöld:

Fæðiskostn.	kr 102.000	ATH.:	
Rúmfatnaður/handklæði	kr 3.400	EKKI er reiknað með:	
Endurnýjuð sæng	kr 4,100	Kostnaður vegna íbúðarhúsnæðis,	
Svefnbekkur	kr 8.200	ljóss, hita, þvotta,	
Jakki	kr 4.500	Ekki gert ráð fyrir	
Úlpa	kr 4.500	að barnið fái bílpróf,	
Kuldaskór	kr 3.450	en það mun kosta	
Þrennir skór	kr 7.800	kr 15.000.	
Spariflíkur	kr 6.500	**********	
Íþróttafatnaður	kr 3.500		
Annar fatnaður	kr 32.300		
Skólataska	kr 3.900		
Bókakostnaður	kr 15.500		
Skólatölva (skylda)	kr 4.000		
Tómstundaiðkun	kr 5.000		
Íþróttaiðkun	kr 2.800		
Úr	kr 5.000		
Skrifborð	kr 7.500		
Skrifborðsstóll	kr 5.800		
Skíðaútbúnaður	kr 17.500		
Skemmtanir/vasapeningar	kr 24.000	Tekjur:	
Strætisvagnaferðir	kr 27.375	Laun f. sumarvinnu	kr 75.000
Klipping/snyrting	kr 4.100	Selt eldraskrifb/stóll	kr 6.600
Tannlækniskostnaður	kr 5.000	Seldur eldri svefnb.	kr 4.100
Lækniskostnaður	kr 550	Seld eldri skíði	kr 8.000
Samtals	kr 308.275		kr 93.700
Mismunur, vantar til framfærslu			kr 214.575
	kr 308.275		kr 308.275

Barnið verður sjálft að sækja um meðlag frá meðlagsgreiðanda, sé hann á lífi.

Sé um meðlag að ræða: Gjöld kr 308.275 + tekjur kr 93.700 + jafnt tillag frá báðum foreldrum kr 87.262 = vantar til framfærslu kr 127.313, eða kr 63.656 frá meðlagsgreiðanda.

Mjög er misjafnt hvort börn geta innheimt meðlagið.

Ef meðlagsgreiðandi er látinn er ekki um neitt menntunarmeðlag að ræða. Erfitt getur reynst að fá menntunarmeðlag í gegn ef meðlagsgreiðandi er búsettur erlendis.

Nd. 785. Frumvarp til laga [432. mál]

um sjúklingatryggingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

Sjúklingar sem lögin taka til.

1. gr.

Rétt til bóta eftir þessum lögum eiga sjúklingar sem eru íslenskir ríkisborgarar og verða hér á landi fyrir tjóni á líkama í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð á sjúkrahúsi, dvalarstofnun fyrir sjúklinga eða heilsugæslustöð, enda sé rekstur stofnunarinnar að öllu leyti kostaður af ríkissjóði eða almannatryggingum. Sama á við um þá sem missa framfæranda við andlát slíkra sjúklinga.

Menn, sem gangast undir læknisfræðilega tilraun sem ekki er liður í sjúkdómsgreiningu eða meðferð á sjúkdómi þess er í hlut á, eiga sama rétt og sjúklingar samkvæmt lögum þessum nema annars sé getið sérstaklega. Sama á við um þá sem gefa vef, líffæri, blóð eða annan líkamsvökva.

Tryggingamálaráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að lög þessi taki einnig til sjúklinga sem verða fyrir tjóni í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð hjá læknum er starfa sjálfstætt, svo og mönnum úr öðrum heilbrigðisstéttum sem hafa starfsleyfi samkvæmt lögum og starfa sjálfstætt. Ráðherra skal hafa samráð við samtök þeirrar heilbrigðisstéttar sem hlut á að máli áður en hann setur slíka reglugerð.

Ráðherra er einnig heimilt að setja í reglugerð samsvarandi ákvæði um sjúkrastofnanir sem 1. mgr. tekur ekki til.

Tjónsatvik sem lögin taka til.

2. gr.

Bætur skal greiða fyrir tjón sem að öllum líkindum verður rakið til einhvers eftirtalinna atvika:

1. Þegar ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef reyndur sérfræðingur á því sviði og við þær aðstæður, sem um ræðir, hefði hagað rannsókn eða meðferð á annan hátt en gert var.
2. Þegar tjón hlýst af bilun eða galla í tæki, áhöldum eða öðrum búnaði sem notaður er við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð.
3. Þegar mat, sem síðar fer fram, leiðir í ljós að komast hefði mátt hjá tjóni með því að beita annarri aðferð eða tækni sem völ var á og hefði frá læknisfræðilegu sjónarmiði gert sama gagn við meðferð sjúklings.
4. Þegar tjón hlýst af meðferð eða rannsókn, þar á meðal aðgerð í því skyni að greina sjúkdóm, og tjónið er vegna sýkingar eða annars fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli bótalaust. Hér skal líta annars vegar til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti, svo og þess hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og loks þess hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.

Tryggingamálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um fyrir hvaða tjón greiða skuli bætur skv. 1. mgr. Ráðherra getur einnig sett reglur um að nánar tilgreindir flokkar tjónstilvika skv. 3. tölul. 1. mgr. skuli undanþegnir lögunum.

3. gr.

Ekki skal greiða bætur fyrir tjón er hlýst af því að sjúkdómsgreining er ekki rétt, nema í tilvikum sem nefnd eru í 1. eða 2. tölul. 1. mgr. 2. gr.

Slasist sjúklingur af öðrum orsökum en þeim sem greindar eru í 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. skal því aðeins greiða bætur að sjúklingur hafi verið til rannsóknar eða meðferðar á sjúkrahúsi og slysið hafi borið að höndum í sjúkrahúsi eða á lóð þess og með þeim hætti að telja verði að sá sem rekur sjúkrahúsið beri bótaábyrgð eftir almennum reglum skaðabótaréttar.

Bætur eftir lögum þessum greiðast ekki fyrir tjón sem rekja má til eiginleika lyfs sem notað er við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð.

4. gr.

Bætur skal greiða mönnum sem í 2. mgr. 1. gr. greinir ef þeir verða fyrir tjóni sem getur verið afleiðing læknisfræðilegrar tilraunar, brottnáms vefs eða annars þess háttar nema allar líkur bendi til þess að tjónið verði rakið til annarra orsaka.

Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við um tjón sem greint er í 3. mgr. 3. gr.

Hljóti maður, sem 1. málsl. 2. mgr. 1. gr. tekur til, geðrænt tjón á hann rétt til bóta eftir reglum 1. mgr. þessarar greinar.

Ákvörðun bóta.

5. gr.

Um ákvörðun bótafjárhæðar samkvæmt lögum þessum fer eftir almennum reglum skaðabótaréttar. Bætur greiðast fyrir fjártjón og miska ef því er að skipta.

Bætur greiðast ef virt tjón nemur 200 þús. kr. eða hærri fjárhæð. Fjárhæð þessi breytist árlega á sama hátt og segir í 3. mgr. 10. gr. Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að því aðeins skuli greiða bætur fyrir vinnutap, þjáningar eða óþægindi að sjúklingur hafi af völdum tjónsatburðar verið óvinnufær um nánar tiltekinn lágmarkstíma sem þó skal ekki vera lengri en þrír mánuðir.

Ákvæði 2. mgr. og reglugerðar, sem kann að verða sett með heimild í henni, taka ekki til tjóns sem um ræðir í 1. eða 3. mgr. 4. gr., sbr. 2. mgr. 1. gr.

Ekki skal greiða bætur eftir þessum lögum til þess að fullnægja endurkröfum.

Eigin sök.

6. gr.

Heimilt er að lækka eða fella niður bætur ef sjúklingur er meðvaldur að tjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Skaðabótaréttur eftir almennum reglum.

7. gr.

Skaðabótakrafa verður ekki gerð á hendur neinum sem er bótaskyldur eftir reglum skaðabótaréttar að því marki sem sjúklingur, eða þeir sem hann lætur eftir sig, fær bætur eftir 5. gr.

Endurkröfuréttur.

8. gr.

Beri vátryggingartaki, sbr. 1. gr., 9. gr. og 10. gr., starfsmaður hans eða fyrrverandi starfsmaður bótaábyrgð gagnvart sjúklingi eftir reglum skaðabótaréttar verður endurkrafa ekki gerð á hendur hinum skaðabótaskylda til greiðslna eftir 5. gr. nema hann hafi valdið tjóni af ásetningi.

Bótaskyldir aðilar.

9. gr.

Eftirtaldir bera bótaábyrgð eftir lögunum:

1. Hver sá sem annast rekstur stofnunar skv. 1. mgr. 1. gr.
2. Hver sá sem annast rekstur stofnunar eða félags er hefur með höndum starfsemi sem greinir í 2. mgr. 1. gr.
3. Sá sem hefur með höndum starfsemi sem felld hefur verið undir lögin með reglugerð skv. 3. eða 4. mgr. 1. gr.

Vátryggingarskylda.

10. gr.

Kröfur um bætur samkvæmt lögum þessum skulu tryggðar með vátryggingu (sjúklingatryggingu) er kaupa skal hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi.

Vátrygging fyrir sjúkrahús skal greiða bætur allt að 500 milljónum króna vegna atvika sem verða á hverju vátryggingarári, en vátrygging fyrir aðra allt að 200 milljónum króna.

Ráðherra skal árlega, að fengnum tillögum Tryggingaeftirlitsins, breyta fjárhæðum þessum í samræmi við verðlagsbreytingar.

Ráðherra setur reglur um framkvæmd vátryggingarskyldu, m.a. um skyldu vátryggingafélaga, sbr. 11. gr., til þess að greiða í sameiningu bætur þegar vátryggingarskylda skv. 1. mgr. er vanrækt, þegar bætur nema meira en vátryggingarfjárhæð skv. 2. mgr. eða þegar ekki er nægilega ljóst hver ábyrgð ber eftir 9. gr.

Ráðherra er heimilt, þegar hann setur reglur eftir 4. mgr., að kveða á um hámark greiðsluskyldu sem hvílir sameiginlega á vátryggingafélögum.

Lögtaksréttur fylgir iðgjöldum af sjúklingatryggingu.

Skipulag sjúklingatryggingar og meðferð bótamála.

11. gr.

Vátryggingafélög, sem skv. 10. gr. hafa með höndum sjúklingatryggingar, skulu stofna með sér félag (sjúklingatryggingasamsteypu) og kjósa því sérstaka stjórn.

Ráðherra setur samsteypunni samþykktir. Vátryggingafélögin skulu bera kostnað af starfsemi samsteypunnar og önnur lögmælt útgjöld eftir reglum sem nánar skal kveðið á um í samþykktunum.

Samsteypan skal árlega gera ráðherra grein fyrir starfsemi sinni.

12. gr.

Kröfu um bætur skal beina til samsteypunnar. Aflar hún gagna eftir því sem þurfa þykir. Að því búnu tekur hún afstöðu til bótaskyldu og ákveður fjárhæð bóta ef því er að skipta.

Samsteypan tilkynnir tjónþola, vátryggingartaka og hlutaðeigandi vátryggingafélagi niðurstöður sínar í hverju máli. Vátryggingafélagið annast bótagreiðslur til tjónþola.

13. gr.

Ákvörðun um bótaskyldu og bótafjárhæð skv. 12. gr. er bindandi fyrir sjúklingatrygginguna. Uni tjónþoli ekki ákvörðuninni getur hann höfðað dómsmál til heimtu bóta.

14. gr.

Samsteypan getur krafið sjúkrahús, dvalarstofnanir, heilsugæslustöðvar, lækna og aðra, sem hlut eiga að máli, hvers konar gagna, þar á meðal sjúkraskýrslna og dagbóka, sem samsteypan telur skipta máli um meðferð máls eftir lögunum.

Samsteypunni er skylt að veita ráðherra allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að hann geti rækt hlutverk sitt eftir lögum þessum.

15. gr.

Starfsmönnum sjúklingatryggingasamsteypunnar og öðrum þeim, sem fjalla um málefni sjúklinga eða annarra tjónþola, ber að gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál er þeir komast að í starfi eða í tengslum við það.

Ýmis ákvæði.

16. gr.

Kröfur um bætur samkvæmt lögum þessum fyrnast þegar fjögur ár eru liðin frá því að tjónþoli fékk eða mátti fá vitneskju um tjón sitt.

Krafa fyrnist þó eigi síðar en þegar tíu ár eru liðin frá atviki því sem hafði tjón í för með sér.

17. gr.

Brot gegn 1. mgr. 10. gr. varða sektum og brot gegn 15. gr. sektum eða varðhaldi.

Sé refsivert brot framið í starfi hjá félagi, stofnun eða öðrum ópersónulegum aðila ábyrgist hann greiðslu sektar.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1991 og taka til tjónsatvika sem verða eftir þann dag.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið að beiðni heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra af Arnljóti Björnssyni prófessor. Fyrirmynd frumvarpsins er danskt lagafrumvarp um sjúklingatryggingu. Við samningu athugasemda með þessu frumvarpi hefur að verulegu leyti verið farið eftir greinargerð sem fylgir danska frumvarpinu.

Sjúklingur, sem verður fyrir heilsutjóni af völdum læknismeðferðar eða í tengslum við hana, á yfirleitt ekki rétt til bóta eftir almennum skaðabótareglum, nema hann geti sannað að tjónið verði rakið til sakar annars manns. Sjúklingur getur orðið fyrir heilsutjóni af ýmiss konar skakkaföllum í tengslum við læknismeðferð, rannsókn eða þess háttar án þess að skilyrði bótaréttar eftir almennum skaðabótareglum séu fyrir hendi. Oft er sök augljóslega ekki orsök tjóns, en í öðrum tilvikum benda líkur til sakar þótt ekki takist að

sanna að svo sé. Ýmis dæmi eru um að varanleg örorka hljótist í kjölfar meðferðar sjúklinga, einkum á sjúkrahúsum. Í sumum slíkum tilvikum hefur örorka mjög afdrifaríkar afleiðingar fyrir sjúkling.

Ábyrgðartryggingar lækna eða sjúkrahúsa greiða ekki bætur til sjúklinga eða annarra sem verða fyrir tjóni, nema skaðabótaréttur hafi stofnast. Af þessum ástæðum hafa víða um lönd orðið miklar umræður um úrræði til að auka rétt sjúklinga til bóta fyrir tjón sem hlýst í kjölfar læknismeðferðar.

Árið 1988 samdi starfshópur á vegum landlæknis tillögur um sjúklingatryggingu, en frumvarp á grundvelli þeirra tillagna var ekki lagt fram á Alþingi. Í framhaldi af umræðum á Alþingi í desember 1988 var lagt fram þingmannafrumvarp um þetta efni og var það samþykkt í maí 1989, sbr. lög nr. 74/1989.

Í greindum lögum, þar sem gerð er breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, felast reglur um rétt til bóta frá Tryggingastofnun ríkisins vegna heilsutjóns er sjúklingar verða fyrir vegna „læknisaðgerða eða mistaka starfsfólks". Reglur þessar ná til sjúklinga sem eru til meðferðar á sjúkrastofnunum er starfa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Í reglunum felst að sjúklingar þessir eru slysatryggðir á sama hátt og launþegar og aðrir hópar sem IV. kafli laga um almannatryggingar tekur til. Bótaréttur sjúklinga eftir hinum nýju reglum sætir tveimur takmörkunum sem rétt er að nefna hér. Í fyrsta lagi takmarkast bótaréttur við að heilsutjón hafi hlotist af slysi, þar á meðal gáleysi af hálfu starfsmanna sjúkrastofnunar. Í öðru lagi takmarkast réttur sjúklings við bætur eftir almannatryggingalögunum, en þær eru yfirleitt miklu minni en bótafjárhæðir sem menn eiga rétt á eftir almennum skaðabótareglum. Auk þess greiða almannatryggingar engar bætur fyrir ófjárhagslegt tjón, þ.e. þjáningar, lýti eða annan miska.

Í Finnlandi og Svíþjóð hefur á undanförnum árum verið komið á fót sérstökum sjúklingatryggingum til þess að greiða bætur vegna líkamstjóns sem menn verða fyrir í tengslum við heilsugæslu, t.d. tjóns af læknisaðgerðum. Svipað kerfi er starfrækt í Noregi til reynslu. Horfur eru á að frumvarp til laga um sjúklingatryggingu verði samþykkt í Danmörku innan skamms. Hliðstæð bótaúrræði munu ekki vera til utan Norðurlanda. Norrænu bótakerfin veita bætur sem eru í meginatriðum í samræmi við fjárhæð og tegundir bóta eftir almennum skaðabótareglum. Samkvæmt norrænu reglunum skal þó ekki greiða bætur fyrir tjón sem ekki nær nánar tilteknu lágmarki. Er það gert til þess að spara kostnað við meðferð og greiðslu minni háttar krafna. Eftir norrænu bótakerfunum er réttur til bóta ekki bundinn við að heilsutjón sjúklings verði rakið til slyss. Sjúklingatryggingakerfi grannríkjanna eru því ekki háð sömu takmörkunum og sjúklingatrygging íslenskra laga um almannatryggingar.

2. Efni frumvarpsins í hnotskurn.

Með lagafrumvarpi þessu er stefnt að því að samræma íslenskar reglur í aðalatriðum öðrum norrænum reglum um sjúklingatryggingu og auka þannig stórlega bótarétt sjúklinga sem bíða heilsutjón vegna áfalla í tengslum við læknismeðferð o.fl. Tilgangur fyrirhugaðra breytinga er sá að tryggja tjónþola víðtækari rétt til bóta en hann á eftir almennum skaðabótareglum og jafnframt að gera honum auðveldara að ná rétti sínum.

Norrænar sjúklingatryggingar eru nýtt bótaúrræði sem felur í sér áður óþekktar reglur um skilyrði fyrir rétti til tjónbóta. Þessi skilyrði eru mjög frábrugðin bótaskilyrðum almannatrygginga, hefðbundinna slysatrygginga og reglum skaðabótaréttar. Megineinkenni bótaskilyrða sjúklingatryggingar eru sveigjanlegar matsreglur sem eru nauðsyn-

legar til þess að tryggingin nái tilgangi sínum.

Ef frumvarp þetta verður samþykkt öðlast 1) sjúklingar, (2) þeir sem gangast undir læknisfræðilega tilraun og 3) þeir er gefa vef, líffæri eða líkamsvökva rétt til fébóta fyrir tjón sem að öllum líkindum verður rakið til rannsóknar eða meðferðar. Sama rétt eiga aðstandendur þeirra sem deyja af þessum orsökum. Þeir sem rétt eiga til bóta eru fyrst og fremst sjúklingar á sjúkrastofnunum sem kostaðar eru að öllu leyti af ríkissjóði eða almannatryggingum. Samkvæmt frumvarpinu er heimilt að ákveða með reglugerð að lögin taki einnig til sjúklinga sem eru til meðferðar hjá öðrum sjúkrastofnunum, læknum og mönnum úr öðrum heilbrigðisstéttum er hafa starfsleyfi samkvæmt lögum og starfa sjálfstætt.

Meginreglan er sú að bætur skal greiða fyrir tjón sem koma hefði mátt í veg fyrir með því að haga rannsókn eða meðferð sjúklings öðru vísi en gert var. Í vissum tilvikum stofnast bótaréttur þótt ekki hafi verið unnt að afstýra tjóni. Bætur til sjúklings eru ákveðnar eftir reglum skaðabótaréttar um ákvörðun bótafjárhæðar. Greiða skal bætur hvort sem heilsutjón er tímabundið eða varanlegt. Einnig skal eftir atvikum greiða bætur fyrir ófjárhagslegt tjón (miskabætur).

Bótaskyldir eru þeir sem reka starfsemi eða stofnun þar sem sjúklingur var til rannsóknar eða meðferðar, sbr. 9. gr. Í frumvarpinu er þó lagt til grundvallar að hinn bótaskyldi greiði ekki sjálfur bætur, nema hann hafi vanrækt vátryggingarskyldu eftir 10. gr. Samkvæmt þeirri grein skal réttur til bóta tryggður með vátryggingu (sjúklingatryggingu). Sá sem fyrir tjóni verður á því í reynd kröfu á sjúklingatryggingu og þarf ekki að beina kröfugerð til annarra. Krafa tjónþola er tryggð jafnvel þótt vátrygging hafi ekki verið keypt, krafa sé hærri en vátryggingarfjárhæð eða ekki sé fullljóst hver er bótaskyldur, sjá 4. mgr. 10. gr.

3. Helstu rök fyrir sjúklingatryggingu.

Svo sem fyrr greinir er tilgangur þessa frumvarps að auka að miklum mun rétt manna til fébóta þegar heilsutjón hlýst af læknisaðgerð eða annarri meðferð sjúklinga í heilbrigðiskerfinu.

Áður hefur komið fram að skaðabótareglur veita ekki nærri alltaf bótarétt fyrir slíkt tjón. Fyrrnefnd breyting, sem gerð var árið 1989 á lögum um almannatryggingar, bætir að nokkru rétt sjúklinga, en allmikið vantar á að sjúklingar hljóti bótarétt sem nálgast það að vera fullar fébætur fyrir raunverulegt tjón. Rétt er að víkja stuttlega að rökum fyrir því að hér er gerð tillaga um nýtt sérstakt bótaúrræði sem ætlað er að tryggja sjúklingum víðtækari rétt til bóta en flestum öðrum hópum tjónþola.

1. Sönnunarvandkvæði í þessum málaflokki eru oft meiri en á öðrum sviðum bæði vegna erfiðleika tengdum læknisfræðilegum álitamálum og vegna þess að oft eru ekki aðrir til frásagnar en þeir sem eiga hendur sínar að verja þegar tjónþoli heldur því fram að mistök hafi orðið. Kostnaður við rekstur skaðabótamála er einatt mikill einkum þegar mikill vafi leikur á um sönnun gáleysis eða orsakatengsla.
2. Æskilegt er að sem víðtækust vitneskja fáist um það er betur má fara í heilbrigðiskerfinu. Slík vitneskja er nauðsynleg ef gera á úrbætur. Skaðabótamál eru fallin til að skapa tortryggni og geta spillt eðlilegu og nauðsynlegu sambandi sjúklings og þess sem þjónustu veitir. Dómsmál eru því ekki til þess fallin að auðvelda öflun almennra upplýsinga um það sem miður fer. Bótaréttur úr sjúklingatryggingu er hins vegar ekki háður því að unnt sé að sýna fram á persónulega ábyrgð læknis eða annars starfs-

manns. Er líklegt að starfsmenn muni því vera fúsari til samvinnu um að afla upplýsinga.

3. Víðtækur bótaréttur ætti að greiða fyrir því að sjálfboðaliðar fáist til að gangast undir læknisfræðilegar tilraunir eða gefa líffæri, blóð o.s.frv.
4. Bótakröfum vegna ætlaðra mistaka lækna eða starfsmanna sjúkrastofnana fer fjölgandi og virðist það auka þörf á virkari bótaúrræðum en þeim sem nú eru fyrir hendi.
5. Hjá læknum hefur borið á óánægju með gildandi reglur um bótarétt sjúklinga á þessu sviði. Læknar hafa bent á að í mörgum tilvikum megi telja ósanngjarnt að sjúklingur fái ekki bætur fyrir meiri háttar heilsutjón, t.d. þegar orsök þess er mjög sjaldgæfur en óhjákvæmilegur fylgikvilli.
6. Afdrifaríkir fylgikvillar eða óvenjuleg eftirköst læknismeðferðar valda sjúklingum einatt vonbrigðum og jafnvel geðrænum veikindum. Víðtækur réttur til fébóta getur dregið úr neikvæðum afleiðingum af þessu tagi.

Um þessi rök má að sjálfsögðu deila. Sum þeirra geta einnig átt að meira eða minna leyti við um önnur svið mannlegs lífs þar sem tjónþolar eiga ekki kost á sérstökum bótaúrræðum á borð við sjúklingatryggingu eða slysatryggingu. Veigamestu rökin gegn sjúklingatryggingu eru sennilega sá kostnaðarauki sem þeim fylgir og svo það að ekki sé sanngjarnt að veita þessum hópi tjónþola forgang. Varðandi síðargreinda atriðið hefur m.a. verið bent á að ekki séu rök til þess að menn, sem hljóta örorku vegna áfalla í kjölfar læknismeðferðar, öðlist mun víðtækari bótarétt en þeir er búa við sambærileg örkuml af völdum slyss eða sjúkdóms.

Hér er rétt að minna á að Íslendingar hafa í tryggingamálum dregist talsvert aftur úr grannþjóðunum annars staðar á Norðurlöndum. Sjúklingatrygging er liður í þróun sem orðið hefur á Norðurlöndum undanfarin ár í þá átt að leysa skaðabótareglur af hólmi með víðtækum vátryggingum og öðrum bótaúrræðum sem ekki eru haldin annmörkum skaðabótareglna. Samþykkt þessa frumvarps gæti orðið þáttur í víðtækri endurskoðun íslenskra reglna um bótaúrræði vegna líkamstjóns. Vitanlega er það hlutverk Alþingis að meta á hvaða sviði brýnast er að endurbæta reglur um tjónbætur þar á meðal almannatryggingalög og löggjöf og aðrar reglur um lífeyrissjóði.

4. Starfsemi sem frumvarpið tekur til.

Þegar lögbjóða skal vátryggingu er álitamál til hvaða hópa hún skuli taka. Hér er lagt til að lagaskyldan nái til sjúkrastofnana sem reknar eru að öllu leyti af ríkissjóði eða almannatryggingum, sbr. nánar 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Ekki skiptir máli hvort stofnun er í eigu einkaaðila eða hins opinbera ef kostnaður við rekstur hennar er greiddur af almannafé.

Einnig er lagt til að skylda til að kaupa sjúklingatryggingu taki til þeirra sem hafa til meðferðar menn er gangast undir læknisfræðilegar tilraunir eða gefa blóð, líffæri o.s.frv. Oftast færi þessi starfsemi fram á sjúkrahúsi eða í stofnun sem rekin er af hinu opinbera, t.d. Blóðbankanum eða Háskóla Íslands. Ekki er þó loku fyrir það skotið að einkaaðili hafi með höndum slíka starfsemi og hvíldi vátryggingarskylda þá á honum.

Með því að fella vátryggingarskyldu á þá sem hér greinir er líklegt að mikill meiri hluti þeirra tjónsatburða, er verða á ári hverju á þessu sviði, komi til kasta sjúklingatryggingar. A.m.k. sýnir reynsla erlendis að langflest alvarleg óhöpp verða við meðferð á sjúkrahúsum eða öðrum stofnunum sem greindar eru í 1. eða 2. mgr. 1. gr.

Sjúklingur getur að sjálfsögðu hlotið alvarlegt heilsutjón af meðferð við heilbrigðis-

þjónustu á vegum annarra aðila en hér var getið. Í frumvarpinu eru því heimildarákvæði sem gera kleift að fella aðra hópa innan heilbrigðiskerfisins undir reglur laganna, sjá 3. og 4. mgr. 1. gr. Það yrði þó naumast gert fyrr en jákvæð reynsla hefði fengist af framkvæmd laganna. Ekki er þó heimilt að grípa til skyldutryggingar án þess að hafa um það samráð við samtök hlutaðeigandi heilbrigðisstétta. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji ekki reglur um skyldutryggingu gegn eindregnum óskum þeirra sem samráð skal hafa við. Ekki kemur þetta þó fram í texta frumvarpsins. Telji ráðherra ástæðu til að mæla fyrir um skyldu til kaupa á sjúklingatryggingu, þrátt fyrir andmæli þeirra sem hlut eiga að máli, getur hann vitanlega lagt fram á Alþingi frumvarp þess efnis.

5. Tjónsatvik sem frumvarpið tekur til.

Þegar afmarka skal gildissvið sjúklingatryggingar með hliðsjón af tilgangi þessa frumvarps er í fyrsta lagi ljóst að vátryggingin verður að ná til miklu fleiri tjónsatvika en þeirra sem hafa bótaskyldu í för með sér eftir reglum skaðabótaréttar. Í öðru lagi er ljóst að yfirleitt er ástæðulaust að vátryggingin greiði bætur fyrir tjón sem er óhjákvæmileg afleiðing sjúkdóms þess er lækna átti og meðferðar við honum.

5.1 Meginreglur um atvik sem hafa í för með sér greiðsluskyldu.

Eftir frumvarpinu skiptir meginmáli um greiðsluskyldu sjúklingatryggingar hvort komast hefði mátt hjá tjóni því sem sjúklingur varð fyrir.

Samkvæmt 2. gr. skal í fyrsta lagi greiða bætur vegna allra tjóna sem rakin verða til þess að eitthvað fer úrskeiðis hjá lækni eða öðrum starfsmanni eða til bilunar eða galla tækis, sjá 1. og 2. tölul. 2. gr. Við mat á því, hvort eitthvað hafi farið úrskeiðis hjá lækni eða öðrum, skal ekki miða við þann mælikvarða sem notaður er eftir hinni almennu sakarreglu skaðabótaréttar. Hins vegar skal miða við hvað reyndur sérfræðingur hefði gert í sporum starfsmanns. Bætur skal greiða þegar tjón hlýst af bilun eða galla þótt yfirsjónum eða mistökum verði ekki um kennt. Í öðru lagi skal greiða bætur vegna allra tjóna (annarra en afleiðinga rangrar sjúkdómsgreiningar) sem ljóst er við eftirfarandi mat að komast hefði mátt hjá með því að beita annarri aðferð eða tækni sem völ var á, sjá 3. tölul. 2. gr. Í þriðja lagi skal greiða bætur fyrir tjón vegna sýkingar eða annars fylgikvilla sem hlýst af rannsókn eða meðferð. Hér skal greiða bætur þrátt fyrir það að tjón hafi verið óhjákvæmilegt, en þó því aðeins að tjónið sé meira en sanngjarnt er að sjúklingur beri. Hér skal líta til þess hve tjónið er mikið, veikinda sjúklings og heilsufars hans að öðru leyti og loks þess hversu algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir, sjá 4. tölul. 2. gr.

5.2 Nokkrar aðrar reglur um bótarétt.

Í 1. mgr. 3. gr. er nánar kveðið á um rétt til bóta vegna tjóns af rangri sjúkdómsgreiningu.

Sjúklingatrygging jafngildir ekki slysatryggingu. Hún greiðir almennt ekki bætur vegna annarra slysa en þeirra sem rúmast innan 2. gr. Erfitt getur verið að greina viss slysatilvik frá tilvikum sem 2. gr. tekur til. Þess vegna er sú undantekning gerð frá hinni almennu reglu í 2. gr. að bætur greiðast vegna slysa sem ekki eru í beinum tengslum við meðferð sjúklings ef slysið verður á sjúkrahúsi eða á lóð þess og með þeim hætti að sjúkrahúsið verði talið skaðabótaskylt eftir almennum reglum skaðabótaréttar, sjá 2. mgr. 3. gr.

Sjúklingatrygging tekur hvorki til geðræns tjóns né líkamlegs tjóns sem rekja má eingöngu til geðræns tjóns. Ástæða þess er m.a. sú að mjög erfitt er að jafnaði að sannreyna hvort geðrænt tjón er afleiðing þess sjúkdóms sem lækna átti, meðferðar hans eða annarra atvika. Hins vegar tekur sjúklingatrygging til líkamlegs tjóns sem hlýst af meðferð vegna geðræns sjúkdóms. Sama á við um geðrænar afleiðingar líkamlegs tjóns. Tjón af þeim er ekki heldur undanþegið í sjúklingatryggingu.

Í 4. gr. frumvarpsins eru sérreglur um aukinn bótarétt heilbrigðra manna er gangast undir læknisfræðilega tilraun og manna sem gefa líffæri o.s.frv.

5.3 Tjón vegna skaðlegra eiginleika lyfja.

Eftir 3. mgr. 3. gr. tekur sjúklingatrygging ekki til tjóns sem einvörðungu verður rakið til eiginleika lyfs. Verði sjúklingur fyrir tjóni og almenn skilyrði bótaskyldu eftir frumvarpinu eru fyrir hendi á hann þó bótarétt þótt lyf sé (með)orsök tjónsins, sjá nánar athugasemdir með 3. gr.

Norrænar sjúklingatryggingar taka almennt ekki til tjóns af völdum lyfja. Í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð hefur því verið komið á fót sérstökum vátryggingum, „lyfjatjónstryggingum", sem greiða bætur fyrir líkamstjón af völdum skaðlegra eiginleika lyfja. Lyfjatjónstryggingar þessar eru hliðstæðar sjúklingatryggingu. Kostnað af lyfjatjónstryggingum bera framleiðendur og innflytjendur lyfja með iðgjöldum er þeir greiða vátryggingafélögum þeim sem annast hana.

Ýmis rök, sem ekki verða rakin hér, mæla með því að samhliða sjúklingatryggingu verði stofnað til lyfjatjónstryggingar hér á landi. Það mál þarf hins vegar talsverðan undirbúning og þykir ekki æskilegt að láta það tefja fyrir framlagningu þessa frumvarps.

5.4 Sönnunarbyrði.

Í frumvarpinu eru reglur sem létta sönnunarbyrði tjónþola. Í fyrsta lagi hvílir ekki á sjúklingi bein skylda til að afla sönnunargagna um að tjón verði rakið til atvika sem reglur 2. gr. gera að skilyrði fyrir bótaskyldu. Samsteypa sjúklingatrygginga skal af sjálfsdáðum afla nauðsynlegra gagna og taka afstöðu til greiðsluskyldu á grundvelli þeirra, sbr. 12. gr. Samsteypan hefur einnig víðtæka heimild til að krefja lækna, sjúkrahús o.fl. sönnunargagna, sbr. 14. gr. Í öðru lagi er þess aðeins krafist að tjón sé „að öllum líkindum" afleiðing atvika sem talin eru í 2. gr. Ákveðin sönnun þarf því ekki að liggja fyrir. Í þriðja lagi er enn frekar dregið úr kröfum um sönnun varðandi tjón manna sem gangast undir læknisfræðilega tilraun eða gefa líffæri o.s.frv., sjá nánar 1. mgr. 4. gr.

6. Skipulag og fjármögnun sjúklingatryggingar.

Í Finnlandi og Svíþjóð eru sjúklingatryggingar í höndum vátryggingafélaga. Í fyrrnefndu dönsku frumvarpi til laga um sjúklingatryggingu er einnig gert ráð fyrir að svo sé að nokkru leyti. Í Noregi er bótaúrræði þetta hins vegar í öðru formi til bráðabirgða. Þar er útgjöldum vegna bótagreiðslna og annars kostnaðar jafnað niður á ríki og sveitarfélög eftir sérstökum samningi. Ekki liggur fyrir hvernig málum þessum verður skipað í Noregi að loknum reynslutíma sem upphaflega var ákveðinn þrjú ár. Þegar ákveða skal skipulag og fjármögnun kerfis sjúklingatrygginga koma einkum tvær leiðir til álita. Önnur er sú að kerfið sé alveg í höndum ríkisins og fjármagnað af almannafé. Mætti þá fela Tryggingastofnun ríkisins eða sérstökum opinberum aðila framkvæmd sjúklinga-

trygginga. Þessi leið var farin með lögum nr. 74/1989 um sjúklingatryggingu þá sem nú er starfrækt. Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. laga nr. 67/1971, eins og hún er eftir breytingar samkvæmt lögum nr. 74/1989, skal árlega ákveða í fjárlögum framlag til að standast kostnað af bótum vegna sjúklingatryggingar. Hin leiðin er sú að stofna til eiginlegrar vátryggingar þar sem kostnaður við kerfið er eingöngu borinn uppi af iðgjöldum.

Í frumvarpi þessu er síðari leiðin farin. Ástæður þess eru einkum tvær. Hin fyrri er sú að með frumvarpinu er að því stefnt að kostnaður við sjúklingatryggingakerfið verði borinn af mörgum, bæði opinberum aðilum og einkaaðilum, t.d. tannlæknum, læknum sem starfa sjálfstætt, sjúkraþjálfurum og sjúkrastofnunum reknum af einkaaðilum. Þykir eðlilegt að þeir sem eru með lögum skyldaðir til þess að inna af hendi verulegar fjárhæðir til nýs bótakerfis geti ráðið því við hvaða tryggingaraðila þeir skipta. Auk þess má ætla að auðveldara verði að láta sjúklingatryggingu ná til allra greina heilbrigðiskerfisins ef lögþvingun er ekki beitt til hins ýtrasta. Síðari ástæða þess að hér er lagt til að stofnað verði til raunverulegrar vátryggingar er sú að fyrirheit og jafnvel lagafyrirmæli um fjármögnun úr ríkissjóði reynast oft haldlítil þegar til á að taka. Með eiginlegri vátryggingu ætti að vera fulltryggt að jafnan sé til reiðu nægilegt fé til að greiða bótakröfur sjúklinga að fullu.

Til þess að tryggja enn frekar rétt sjúklinga eru í 4. mgr. 10. gr. frumvarpsins ákvæði um samábyrgð allra þeirra vátryggingafélaga sem annast sjúklingatryggingar ef vátryggingarfjárhæð hrekkur ekki til að greiða kröfu sjúklings eða vátryggingarskylda er vanrækt eða óljóst er hver ber bótaábyrgð eftir 9. gr. Með þessu móti ætti að vera girt fyrir að sjúklingur eða aðstandendur hans fái ekki kröfu greidda af því að fjárveiting af almannafé hefur brugðist.

Loks má geta þess að sú leið, sem hér lagt til að farin verði, ætti ekki að hafa í för með sér kostnað vegna fjölgunar opinberra starfsmanna. Jafnframt sparast ríkissjóði fé vegna kostnaðar við gjafsókn og eftir atvikum málsvörn í skaðabótamálum sem sjúklingar höfða gegn sjúkrahúsum, læknum eða öðrum.

Ógerlegt er að segja til um heildarkostnað af bótagreiðslum sem sjúklingatryggingum ber að greiða ef frumvarp þetta verður að lögum. Á grundvelli upplýsinga um reynslu af sjúklingatryggingum annars staðar á Norðurlöndum mætti gera ráð fyrir að bótagreiðslur hér á landi gætu orðið um 35 milljónir króna á ári.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. og 2. mgr. 1. gr. eru meginreglur um gildissvið sjúklingatryggingar. Hún tekur til manna sem njóta heilbrigðisþjónustu eftir því sem nánar segir í ákvæðum þessum.

Frumvarp þetta tekur til hvers konar rannsóknar, meðferðar eða þess háttar verks sem unnið er í þágu sjúklings þar á meðal ráðstafana til að koma í veg fyrir sjúkdóma, t.d. bólusetningar. Frumvarpið tekur einnig til heilsutjóns sem hlýst af tilraunastarfsemi, sbr. 2. mgr.

Fóstur telst hér vera sjúklingur. Þess vegna stofnast réttur til bóta vegna tjóns sem fóstur verður fyrir á meðgöngutíma eða í fæðingu, svo framarlega sem það fæðist lifandi og önnur skilyrði bótaréttar eru fyrir hendi, sbr. m.a. 2. og 3. gr.

Frumvarpið nær til allra sjúkrahúsa, dvalarstofnana fyrir sjúklinga og heilsugæslustöðva ef stofnunin er að öllu leyti rekin fyrir fé úr ríkissjóði eða almannatryggingum. Sé síðastgreint skilyrði fyrir hendi skiptir ekki máli hvort eigandi stofnunar er hið opinbera

eða einkaaðili. Sá sem bíður tjón við læknis- og líffræðilega (biomedicinsk) tilraun eða vegna þess að hann gefur vef, líffæri, blóð eða annan líkamsvökva á bótarétt þó að hann hafi gengist undir meðferð hjá aðila sem ekki er kostaður af rekstrarfé úr ríkissjóði eða almannatryggingum, sbr. 2. mgr. 1. gr.

Ákvæði 3. og 4. mgr. 1. gr. fela í sér heimild til að færa út gildissvið sjúklingatryggingar með reglugerð. Slík heimild gæti tekið til einnar eða fleiri heilbrigðisstétta, enda starfi viðkomandi einstaklingar sjálfstætt og hafi löggildingu til starfans. Auk lækna og tannlækna koma hér ýmsir aðrir til greina, t.d. hjúkrunarfræðingar, ljósmæður, sjúkraþjálfarar og iðjuþjálfar. Sjúkrastofnanir, sem ekki heyra undir ákvæði 1. mgr., eru nefndar sérstaklega í 4. mgr.

Fram kemur berum orðum í 1. gr. að frumvarpið tekur aðeins til tjóns á líkama. Með því er einnig átt við dauða sjúklings. Skilyrðið um líkamstjón felur í fyrsta í lagi í sér að bætur greiðast ekki vegna atvika sem eingöngu valda geðrænu tjóni. Ástæða þess, að lagt er til að svo skuli vera, er sú að sérstökum erfiðleikum er bundið að greina á milli afleiðinga geðsjúkdóms eða annars geðræns kvilla og afleiðinga meðferðar sem sjúklingur fær vegna slíkra veikinda. Auk þess kemur það til að fylgikvillar eða eftirköst eru hér oft annaðhvort óhjákvæmileg eða aðeins afleiðing þess að meðferð tókst ekki. Meðferð geðrænna sjúkdóma er ekki undanþegin gildissviði sjúklingatryggingar. Hljótist tjón á líkama við slíka meðferð á sjúklingur rétt til bóta. Sama á við um geðrænar afleiðingar líkamstjóns, t.d. áverkahugsýki (traumatiska nevrósu), en hins vegar ekki líkamlegar afleiðingar hreins geðræns tjóns.

Í öðru lagi felst í kröfunni um líkamstjón að bótaskylda stofnast ekki vegna þess eins að læknir eða annar starfsmaður vanrækir að fara eftir reglum eða venjum um skyldu til að leita samþykkis til aðgerðar eða annarrar meðferðar. Sama á við um frelsisskerðingu, t.d. þegar maður er með ólögmætum hætti lagður á sjúkrahús gegn vilja sínum.

Sjúklingur getur eftir atvikum átt rétt til bóta fyrir fjártjón og miska eftir almennum skaðabótareglum vegna geðræns tjóns sem undanþegið er bótaskyldu sjúklingatryggingar. Hér ber að athuga 7. gr. frumvarpsins, en hún girðir aðeins fyrir kröfur á hendur tjónvaldi eða öðrum skaðabótaskyldum aðila að því marki sem tjónþoli fær bætur hjá sjúklingatryggingu.

Af 2. mgr. 1. gr. leiðir að heilbrigðir menn, sem hljóta meðferð vegna læknisfræðilegrar tilraunar, njóta góðs af reglum laganna þótt þeir teljist ekki til sjúklinga í venjulegri merkingu þess orðs. Hér er bæði átt við alheilbrigða menn og menn sem veikir eru af sjúkdómi er tilraunin beinist ekki að, þ.e. þegar tilraunin er hvorki gerð í því skyni að greina né lækna sjúkdóm. Tjón, sem hlýst af tilraun með lyf, skal einnig bæta sem sjúklingatjón. Þó greiðast venjulega ekki bætur fyrir tjón sem orsakast af galla á lyfi eða leiðbeiningum framleiðanda þess, sjá nánar 3. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. 1. gr. kemur enn fremur fram að þeir sem gefa vef, líffæri, blóð eða annan líkamsvökva njóta sama réttar og sjúklingar. Þykir sanngjarnt að láta þá sem leggja þetta af mörkum til annarra njóta góðs af reglum um sjúklingatryggingu. Í vissum tilvikum öðlast gefendur vefja o.s.frv. ríkari rétt til bóta en aðrir tjónþolar, sjá nánar 1. og 3. mgr. 4. gr. og 3. mgr. 5. gr.

Um 2. gr.

Fram kemur í þessari grein að skilyrði greiðsluskyldu er að tjón hafi orðið í sambandi við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð. Nánari skilyrði eru talin í fjórum liðum í 1.

mgr. og nægir til greiðsluskyldu að einn liðurinn eigi við. Ákvæði 3. gr. frumvarpsins takmarka að nokkru greiðsluskyldu eftir þessari grein. Hins vegar eru í 4. gr. ákvæði um nokkur tilvik þar sem réttur til bóta er meiri en eftir 2. gr.

Skilyrðið um að tjón skuli hafa orðið í sambandi við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð leiðir til þess að frumvarpið tekur ekki til skaðlegra afleiðinga eða annars tjóns sem kenna má þeim sjúkdómi er sjúklingur hafði áður. Bætur skal því ekki greiða vegna tjóns sem eingöngu verður rakið til þess að aðgerð eða önnur meðferð tókst ekki.

Tjónið skal hafa hlotist af meðferð af því tagi sem greinir í 1. gr. frumvarpsins. Þess vegna skal ekki greiða bætur vegna tjóns af eðlilegum afleiðingum sjúkdómsins eða fylgikvillum sem rekja má til gangs sjúkdómsins. Hafi hins vegar sjúkdómur dregist á langinn vegna þess að sjúklingur fékk ekki viðeigandi meðferð, t.d. af því að sjúkdómsgreining var röng, getur sjúklingur átt rétt á bótum, sbr. 1. mgr. 3. gr.

Við mat á því hvort fyrir hendi sé nauðsynlegt orsakasamband milli tjóns og þeirrar rannsóknar eða meðferðar sem sjúklingur fékk er nægilegt að sýnt sé fram á að tjón hafi að öllum líkindum hlotist af þessari rannsókn eða meðferð, sbr. upphafsákvæði 2. gr.

Samkvæmt þessu tekur frumvarpið til tjóns sjúklings ef könnun á málsatvikum leiðir í ljós að líklegra sé að tjónið stafi af rannsókn eða meðferð en af öðrum orsökum, t.d. fylgikvilla sem upp getur komið án þess að meðferð sjúklingsins ætti þar nokkurn hlut að máli. Ef engu verður slegið föstu um orsök tjóns verður að vega og meta allar hugsanlegar orsakir. Ef niðurstaða verður sú að alveg eins líklegt sé að tjónið sé óháð meðferðinni er bótaréttur ekki fyrir hendi. Sama gildir ef ekkert verður sagt um hver sé líklegasta orsök tjóns.

Vægari regla um sönnun orsakatengsla milli meðferðar og tjóns er í 1. mgr. 4. gr. varðandi menn sem eru til meðferðar vegna lækningatilrauna eða gefa blóð, vef eða líffæri.

Bótaskilyrði 2. gr. hvíla á þeirri forsendu að bætur skuli aðeins greiða fyrir tjón sem komast hefði mátt hjá með því að haga rannsókn eða meðferð á annan hátt en gert var. Frá þessari forsendu er ekki vikið í 1.–3. tölul. Eftir 4. tölul. má hins vegar í vissum tilvikum greiða bætur fyrir tjón sem ekki var unnt að koma í veg fyrir. Verður nú vikið að mörkum greiðsluskyldu eftir 1.–4. tölul., en síðar verða liðir þessir skýrðir hver um sig.

Eftir 1. tölul. þarf að kanna hvort afstýra hefði mátt tjóni ef reyndur sérfræðingur hefði rannsakað eða veitt sjúklingi meðferð og sérfræðingurinn hefði talið rétt að haga rannsókn eða meðferð öðruvísi en gert var. Ef svarið er jákvætt skal greiða bætur. Með „reyndum sérfræðingi“ er átt við mann sem hefur almennt nægilega fræðilega þekkingu og reynslu á því sviði sem um ræðir. Í þessu felst ekki óhjákvæmilega að læknir hafi hlotið viðurkenningu sem sérfræðingur þó að svo muni oft vera.

Séu skilyrði 1. tölul. ekki fyrir hendi kemur til athugunar, sbr. 2. tölul., hvort tjón má rekja til bilunar eða galla í búnaði, sem notaður var við rannsókn eða meðferð, þannig að koma hefði mátt í veg fyrir tjón ef ekkert hefði farið úrskeiðis. Ef tjónið verður rakið til þessa skal greiða bætur eftir 2. tölul. þrátt fyrir það að reyndur sérfræðingur hefði verið grunlaus um að búnaðurinn væri ekki í lagi.

Ef ekki eru skilyrði til greiðslu bóta samkvæmt áðurgreindu kemur 3. tölul. til álita. Eftir honum ber að greiða bætur ef komast hefði mátt hjá tjóni með því að nota aðra aðferð eða tækni, sem völ var á, jafnvel þótt ekki verði álitið að reyndur sérfræðingur hefði beitt síðargreindum úrræðum.

Fáist bætur ekki eftir 1., 2. eða 3. tölul. verður að athuga hvort 4. tölul. á við. Sam-

kvæmt honum á sjúklingur rétt til bóta ef hann skaðast af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en talið verður eðlilegt eftir sjónarmiðum sem nánar eru tilgreind í 4. tölul. Réttur til bóta er fyrir hendi, að þessu skilyrði uppfylltu, þótt ekki hefði verið unnt að afstýra tjóni með annarri aðferð eða tækni.

Atvik, sem ekki er unnt að heimfæra undir neinn tölulið 1. mgr. 2. gr. af því að það telst ekki til þess flokks óhjákvæmilegs tjóns er bæta skal eftir 4. tölul., fær sjúklingur ekki bætur fyrir eftir reglum frumvarpsins, nema hin víðtæka regla um menn, sem eru til meðferðar vegna lækningatilrauna eða gefa blóð o.s.frv., eigi við um hann, sjá 4. gr. frumvarpsins.

Hér á eftir fara nánari skýringar á töluliðunum í 1. mgr.

Um 1. tölul. 1. mgr.

Ákvæði þessa töluliðar tekur til allra mistaka sem verða við rannsókn, meðferð o.s.frv. Orðið *mistök* er hér notað í merkingu sem er mun víðtækari en almennt tíðkast í lögfræði. Ekki skiptir máli í hvaða mynd mistökin eru. Hér er m.a. átt við hvers konar ranga meðferð hvort sem orsök hennar er röng sjúkdómsgreining eða aðrar ástæður verða til þess að annaðhvort er beitt meðferð sem ekki á rétt á sér frá læknisfræðilegum sjónarhóli eða látið er hjá líða að grípa til meðferðar sem við á. Sama á við annars ef notaðar eru rangar aðferðir eða tækni eða sýnt er gáleysi við meðferð sjúklings eða eftirlit með honum.

Regla þessi á ýmislegt sammerkt með hinni almennu sakarreglu sem gildir í íslenskum skaðabótarétti. Reglurnar eru þó ekki eins. Eftir 1. tölul. er það ekki skilyrði að unnt sé að telja að læknir eða annar starfsmaður, sem hlut átti að máli, hafi við meðferð sjúklings gerst sekur um handvömm eða vanrækslu sem komast hefði mátt hjá með því að sýna meiri aðgæslu. Það sem nú var sagt leiðir af því að eftir 1. tölul. á jafnan að meta hvort afstýra hefði mátt tjóni með því að beita rannsóknum, meðferð o.s.frv. sem ætla má að reyndur sérfræðingur hefði notað. Hér skiptir því ekki máli hvort sá starfsmaður, sem hlut átti að máli, átti að vita betur vegna sinnar fræðilegu þekkingar og reynslu. Á hinn bóginn skal líta til aðstæðna eins og þær voru þegar sjúklingur var til meðferðar, þar á meðal þeirra tækja, búnaðar, lyfja og aðstoðarmanna er tiltækir voru, svo og þess hvort læknisverk eða önnur meðferð þoldi ekki bið eða nægur tími var til umráða. Matið skal með öðrum orðum byggt á aðstæðum eins og þær raunverulega voru þegar athöfnin fór fram, en þannig að í stað þess að miða við þann lækni, hjúkrunarfræðing eða annan starfsmann, sem hlut átti að máli, skal meta hvernig reyndur sérfræðingur hefði átt að bregðast við. Ef slíkur sérfræðingur hefði við sömu aðstæður átt að bregðast öðruvísi við en gert var á sjúklingur rétt til bóta fyrir það tjón sem komast hefði mátt hjá með því að fara rétt að.

Ýmis þau atvik, er falla undir regluna í 1. tölul., verða rakin til gáleysis þess manns sem annaðist sjúkling. Á sjúklingur þá bótakröfu eftir almennum skaðabótareglum. Þegar svo er á tjónþoli alltaf rétt til bóta á grundvelli 1. tölul., svo framarlega sem skilyrði 1. og 2. gr. um orsakatengsl eru fyrir hendi. Eins og ljóst er af ofangreindu er gáleysi þó ekki skilyrði bóta eftir 1. tölul.

Þótt sýnt sé fram á að tjón sjúklings hafi hlotist af gáleysi og hann eða aðstandendur hans eigi því rétt á bótum eftir 5. gr. frumvarpsins verður skaðabótakrafa ekki gerð á hendur neinum sem bótaskyldur kann að vera eftir reglum skaðabótaréttar, sbr. nánar 7. gr. frumvarpsins. Í 8. gr. eru ákvæði sem takmarka endurkröfurétt þess sem greitt hef-

ur sjúklingatryggingabætur eftir 5. gr. Skilyrði slíks endurkröfuréttar er að tjóni hafi verið valdið af ásetningi.

Um 2. tölul. 1. mgr.

Ákvæði 2. tölul. taka til annars flokks misfara en þeirra sem getur í 1. tölul. Hér er skilyrði bóta að orsök tjóns sé bilun eða galli í lækningatæki eða öðrum búnaði. Ekki skiptir máli með hverjum hætti bilun eða galli leiðir til tjóns sjúklings. Sem dæmi má nefna að niðurstöður rannsóknar brenglast af því að rannsóknartæki starfar ekki rétt og sjúkdómsgreining verður því röng. Hér kemur einnig til greina tjón, sem hlýst af bilun eða galla búnaðar eða tækja sem notuð eru við skurðaðgerð eða svæfingu. Einu gildir um greiðsluskyldu eftir 2. tölul. hvort orsök bilunar eða galla er mistök við hönnun eða smíði tækis, ónógar leiðbeiningar um notkun, ófullnægjandi viðhald eða annað. Réttur til bóta er heldur ekki háður því að sjá hefði mátt bilun eða galla fyrir með eðlilegri aðgát. Bætur greiðast því einnig fyrir tjón af völdum leynds galla.

Reglan í 2. tölul. tekur aðeins til tækja, áhalda eða annars búnaðar sem notaður er beint við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð. Verði tjón vegna bilunar eða galla annarra hluta eða mannvirkja, t.d. venjulegra innréttinga í sjúkrahúsi, lyftu o.s.frv., verður bóta ekki krafist á grundvelli 2. tölul. Hins vegar getur réttur til bóta stofnast fyrir ýmis slík tilvik eftir 2. mgr. 3. gr.

Allmörg þeirra tilvika, sem regla þessi á við um, eru þess eðlis að sjúklingur getur átt bótarétt eftir reglum um skaðsemisábyrgð. Réttur til bóta eftir 2. tölul. er þó alls ekki háður því að einhver sé skaðabótaskyldur á grundvelli skaðsemisábyrgðar eða annarra skaðabótareglna.

Reglan í 7. gr. girðir fyrir skaðabótakröfu á hendur þriðja manni að því marki er sjúklingur eða þeir sem hann lætur eftir sig fær eða á rétt á að fá bætur eftir 5. gr. Um endurkröfurétt sjúklingatryggingar sjá 8. gr.

Um 3. tölul. 1. mgr.

Undir 3. tölul. falla tilvik þar sem tjón verður hvorki rakið til mistaka í hinni víðu merkingu 1. tölul. né bilunar eða galla skv. 2. tölul. Þriðji töluliður varðar tjón sem ekki verður séð fyrr en eftir á að unnt hefði verið að afstýra með því móti að velja aðra aðferð eða tækni til meðferðar sjúklings. Hér er með öðrum orðum um að ræða vitneskju sem ekki er fyrir hendi fyrr en eftir að aðgerð eða annars konar meðferð hefur farið fram og eftir að heilsutjón hefur borið að höndum. Þessi regla 3. tölul. er því víðtækari en ákvæði 1. tölul. vegna þess að hún felur ekki í sér það skilyrði að reyndur sérfræðingur hefði valið aðra leið ef hann hefði staðið í sporum þess starfsmanns sem hlut átti að máli.

Skilyrði bóta eftir 3. tölul. eru nánar tiltekið þessi:

Í fyrsta lagi að þegar meðferð fór fram hafi verið til önnur aðferð eða tækni og þá hafi í raun verið kostur á henni, t.d. að unnt hafi verið að senda sjúklinginn til sérfræðings eða á sérstaka deild á (öðru) sjúkrahúsi. Þess vegna skal ekki taka tillit til aðferðar eða tækni sem eigi tíðkaðist fyrr en eftir að sjúklingur var til meðferðar eða ekki var völ á fyrr en síðar.

Í öðru lagi er það skilyrði bóta að eftir læknisfræðilegu mati verði að telja að sú aðferð eða tækni, sem ekki var gripið til, hefði a.m.k. gert sjúklingi sama gagn og meðferðin sem notuð var. Þetta mat verður að fara fram á grundvelli læknisfræðilegrar þekk-

ingar og reynslu eins og hún var þegar sjúklingur hlaut meðferðina. Við þetta mat skal miða við kunnáttu reynds sérfræðings, sbr. athugasemdir við 1. tölul. Verði niðurstaða matsins sú að sú aðferð eða tækni, sem ekki var beitt, hefði verið svo miklu betri en það sem gert var að reyndur sérfræðingur hefði valið fyrrnefndu leiðina tekur 3. tölul. til þess tjóns sem þannig hefði mátt komast hjá. Ef niðurstaða verður á hinn bóginn sú að fyrir fram hafi mátt telja hina aðferðina lakari en þá sem notuð var öðlast sjúklingur ekki rétt til bóta eftir 3. tölul. Samkvæmt þessu ber við þetta mat ekki að líta til þess að tjón hlaust af meðferðinni. Bætur greiðast með öðrum orðum ekki ef læknir lét réttilega hjá líða að nota aðra tækni eða aðferð af því að hún var samkvæmt reynslu áhrifaminni við lækningu sjúklings þó að unnt sé að fullyrða eftir á (þegar menn vita um tjónið) að betra hefði verið fyrir viðkomandi sjúkling að velja aðra leið.

Þriðja skilyrði bóta eftir þessum tölulið er að unnt sé að slá því föstu á grundvelli upplýsinga, sem liggja fyrir um málsatvik þegar afgreiða skal bótamálið, að afstýra hefði mátt tjóni að öllum líkindum ef beitt hefði verið annarri jafngildri aðferð eða tækni. Við þetta eftirfarandi mat á því hvort tjón var óhjákvæmilegt má m.a. líta til þess sem síðan kom í ljós um veikindi sjúklings og heilsufar hans að öðru leyti þó að þessi atriði hafi jafnvel verið ókunn reyndum sérfræðingi á þeim tíma þegar ákveða þurfti hvaða meðferð hæfði sjúklingi.

Þegar dæma skal um hvaða tjón verður rakið til þeirrar aðferðar eða tækni sem var notuð verður að líta til líklegra afleiðinga þeirra úrræða sem ekki voru valin. Ef ætla má að ekki hefði heldur tekist að lækna sjúklinginn með því að fara síðargreinda leið verður tjónið aðeins talið vera sú heilsuskerðing sem eingöngu má rekja til þeirrar aðgerðar eða tækni sem beitt var.

Reglan í 3. tölul. tekur ekki til tjóns af völdum rangrar sjúkdómsgreiningar, sbr. 1. mgr. 3. gr.

Um 4. tölul. 1. mgr.

Regla 4. tölul. tekur til ýmissa tjónstilvika sem ekki var unnt að komast hjá, jafnvel þótt beitt sé eftirfarandi mati eins og gera skal skv. 3. tölul. Markmiðið með 4. tölul. er að ná til heilsutjóns sem ekki er unnt að fá bætur fyrir eftir 1.–3. tölul., en ósanngjarnt þykir að menn beri bótalaust einkum vegna misvægis milli annars vegar þess hve tjónið er mikið og hins vegar þess hve veikindi sjúklings voru alvarleg og þeirra afleiðinga sem almennt má búast við að leiði af rannsókn eða meðferð á veikindunum.

Fjórði töluliður tekur til hvers konar fylgikvilla sjúkdóms, þar á meðal sýkinga sem að öllum líkindum stafa af rannsókn eða meðferð. Fylgikvilli, sem rakinn verður til sjúkdóms er lækna átti og þeirra afleiðinga hans sem eru óháð rannsókninni eða meðferðinni, veitir hins vegar engan bótarétt, nema einhver af reglum 1.–3. tölul. eigi við.

Gildissvið 4. tölul. takmarkast við fylgikvilla sem er meiri en það sem sanngjarnt er að sjúklingur beri bótalaust. Ekki er nægilegt að fylgikvillinn sem slíkur hafi alvarlegar afleiðingar. Þegar dæma á um hvort fylgikvilli teljist meiri en sanngjarnt er að sjúklingur beri bótalaust skal taka mið af eðli veikinda sjúklings og því hversu mikil þau eru, svo og almennu heilbrigðisástandi hans. Ef augljós hætta er á að sjúklingur hljóti mikla örorku eða deyi ef sjúkdómurinn er látinn afskiptalaus verða menn að sætta sig við verulega hættu á alvarlegum eftirköstum meðferðar (fylgikvillum). Minni háttar fylgikvilla verða menn einnig að sætta sig við ef unnið er að lækningu sjúkdóms sem ekki er alveg meinlaus. Þegar meta skal hvaða hættu sjúklingur verður að bera verður einnig að líta

til þess hvernig atvikum var háttað að öðru leyti við rannsókn eða meðferð, þar á meðal hvort tímans vegna þurfti að taka meiri áhættu en venjulega er gert.

Þegar gera skal aðgerð í þeim tilgangi að greina sjúkdóm er oft verulegur munur á hættunni annars vegar af sjúkdómi sem fyrir var og hins vegar af fylgikvillum. Aðgerðir til sjúkdómsgreiningar eru því nefndar berum orðum í 4. tölul. Til dæmis má nefna að þegar grunur leikur á að sjúklingur hafi heilaæxli getur verið nauðsynlegt að gera röntgenrannsókn með skuggaefni. Stundum veldur þess háttar rannsókn verulegum heilaskemmdum, en leiðir jafnframt í ljós að sjúklingur er ekki með æxli. Tjón af þessu bætist ekki skv. 1.–3. tölul., en afleiðingar rannsóknarinnar eru meiri en sanngjarnt er að sjúklingur beri. Hann á því rétt til bóta eftir 4. tölul.

Af sömu ástæðu á sjúklingur almennt rétt til bóta fyrir tjón er hlýst af eftirköstum ráðstafana sem gerðar eru í því skyni að koma í veg fyrir sjúkdóma, t.d. bólusetning. Réttur til bóta vegna minni háttar fylgikvilla takmarkast því í þessum tilvikum aðeins af 2. mgr. 5. gr. eða reglum sem settar kunna að verða með heimild í henni.

Þegar meta skal hvort fylgikvilli er meiri en það sem sanngjarnt er að sjúklingur þoli bótalaust skal skv. 4. tölul. m.a. að líta til þess hversu algengur slíkur kvilli er, svo og þess hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir hættunni á fylgikvilla í því sjúkdómstilfelli sem um var að ræða. Því meiri sem hættan er á fylgikvilla eftir eðlilega meðferð af því tagi sem sjúklingur gengur undir þeim mun meira tjón verður hann að bera bótalaust. Það hefur engin áhrif á rétt til bóta samkvæmt frumvarpinu hvort læknir hefur sagt sjúklingi frá hættunni á fylgikvilla, en 4. tölul. tekur m.a. til fylgikvilla sem eru svo fátíðir að ástæðulaust þykir að læknir vari sjúkling við þeim. Upplýsingar um tíðni fylgikvilla við sambærilegar aðstæður eru meðal þess sem líta verður til þegar metið er hvort fylgikvilli í kjölfar tiltekinnar læknismeðferðar er meiri en svo að sjúklingur verði að þola hann. Ef hætta á fylgikvilla er samkvæmt almennri reynslu svo lítil að ekki er ástæða til að gera ráð fyrir henni verður tjónþoli að bera afleiðingar hans bótalaust.

Um 2. mgr.

Tilgangur ákvæðis þessa er að veita ráðherra heimild til þess að afmarka nánar gildissvið reglna í 1. mgr. ef reynsla sýnir að þess sé þörf. Þótt frumvarp þetta sé sniðið eftir norrænum reglum sem sumum hefur verið beitt um nokkurra ára skeið er reynslutími sjúklingatrygginga svo stuttur að erfitt er að sjá fyrir hvernig hentugast er að móta reglur er þjóna vel þeim markmiðum sem stefnt er að með nýmælum frumvarpsins. Þykir því nauðsynlegt að veita heimild til þess að setja með reglugerð ákvæði sem skilgreina nánar gildissvið 2. gr.

Heimildarákvæði í 2. málsl. 2. mgr. er sett vegna þess að regla 3. tölul. er svo rúm að upp kunni að koma tilvik sem nauðsynlegt getur verið að undanþiggja gildissviði sjúklingatryggingar.

Um 3. gr.

Efni 3. gr. er aðallega takmarkanir á reglum 2. gr. Varða þær ranga sjúkdómsgreiningu, sbr. 1. mgr., eiginleg slys, sbr. 2. mgr., og tjón af völdum lyfja, sbr. 3. mgr.

Um 1. mgr.

Hlutverk 1. mgr. er að slá því föstu að reglur í 3. eða 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. taka ekki til tjóns af völdum rangrar sjúkdómsgreiningar.

Fyrir tjón af rangri sjúkdómsgreiningu skal hins vegar greiða bætur þegar skilyrði 1. eða. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. eru fyrir hendi. Skiptir þá ekki máli hvort afleiðingar þess, að sjúkdómur var ekki rétt greindur, eru þær að upphaflegi sjúkdómurinn ágerist, bata seinkar eða eftirköst (fylgikvilli) verða meiri, sbr. athugasemdir við 2. gr.

Ákvæði 1. mgr. 3. gr. leiðir til þess að ekki skal leggja mat á sjúkdómsgreiningu eftir á (eftirfarandi mat). Hafi t.d. jafnvel reyndum sérfræðingi ekki verið kleift að gera rétta sjúkdómsgreiningu fyrr en eftir að uppskurður eða önnur meðferð er hafin eða henni er lokið verður bóta eigi krafist á grundvelli þess að sjúkdómsgreining hafi ekki farið fram fyrr.

Reglan í 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. á ekki við um ranga sjúkdómsgreiningu. Hún tekur ekki til afleiðinga sjúkdómsgreiningar sem slíkrar. Tjón af völdum aðgerðar í því skyni að greina sjúkdóm er hins vegar meðal þess sem 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. nær til.

Um 2. mgr.

Í þessari málsgrein er fjallað um slys. Orðið slys er hér notað í sömu merkingu og venja er til í slysatryggingum, þ.e. um skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama.

Reglunni í 2. mgr. er m.a. ætlað að tiltaka nákvæmar takmörk þeirra tilvika sem bóta verður krafist fyrir skv. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. Svo sem greinir í athugasemdum við það ákvæði nær það ekki til tjónsatvika sem rakin verða til bilunar eða galla venjulegra innréttinga í húsum eða annarra hluta sem ekki eru notaðir við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð. Slys geta einnig orðið við aðrar aðstæður og án þess að orsök sé bilun eða galli, t.d. er sjúklingur dettur í baðkeri eða fær byltu í stiga. Slík tjónsatvik eru ekki með öllu undanþegin í frumvarpinu, heldur greiðast bætur vegna þeirra einungis að fullnægðum eftirtöldum tveimur skilyrðum, gagnstætt því sem gildir um tilvik er 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. tekur til.

Í fyrsta lagi verður slys að hafa orðið í sjúkrahúsi eða á lóð þess. Ástæða þess að lagt er til að sjúklingatrygging taki til þess konar slysa er sú að oft getur verið erfitt að sannreyna hvort slys á sjúkrahúsi er í beinum tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð eða hvort aðrar orsakir liggja til grundvallar. Þykir því sanngjarnt að sjúklingar fái bætur fyrir slys, sem þeir verða fyrir á sjúkrahúsi eða lóð þess, þótt tjónsorsök sé ekki bilun eða galli í tæki, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr.

Ekki greiðast bætur fyrir slys sem ber að höndum annars staðar, t.d. á starfsstöð sjúkraþjálfara sem vinnur sjálfstætt utan sjúkrahúss eða við flutning til eða frá sjúkrahúsi. Slys skv. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. ber þó að greiða bætur fyrir.

Í öðru lagi er það skilyrði greiðsluskyldu eftir 2. mgr. að sjúkrahús verði talið bera ábyrgð vegna slyssins eftir almennum reglum skaðabótaréttar. Þetta er eina ákvæði frumvarpsins þar sem skilyrði greiðsluskyldu er að skaðabótaskylda eftir almennum réttarreglum hafi stofnast. Að þessu leyti gegnir sjúklingatrygging því í reynd sama hlutverki og ábyrgðartrygging. Eftir 2. mgr. bæri m.a. að greiða bætur fyrir tjón vegna slyss sem hlýst af því að sjúkrahússbyggingu er ekki haldið nægilega vel við eða af ófullnægjandi eftirliti með sjúklingi án þess að það tengist beint rannsókn eða sjúkdómsmeðferð.

Um 3. mgr.

Hér er undanþegið tjón vegna skaðlegra eiginleika lyfja eftir því sem nánar er greint í ákvæðinu. Tjón af þessum völdum fæst yfirleitt bætt úr hendi þess sem er bótaskyld-

ur eftir réttarreglum um skaðsemisábyrgð. Ef þessi áhætta væri felld undir sjúklingatryggingu mundi kostnaður við hana aukast að mun.

Undantekning þessi nær ekki til tjóns sem sjúklingur verður fyrir vegna þess að læknir gefur röng eða ófullnægjandi fyrirmæli um töku lyfja eða starfsfólki verða á mistök við lyfjagjöf. Tjón af nefndum orsökum á sjúklingur rétt á að fá bætur fyrir eftir 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. Bótaréttur er einnig fyrir hendi ef heilsutjón hlýst af lyfi og afstýra hefði mátt tjóni með annarri jafngildri aðferð við meðferð sjúklings, nema sú aðferð hefði haft í för með sér sambærilega hættu á að sjúklingur hlyti tjón af lyfinu, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. Hið síðastnefnda getur einkum átt við þegar lyf hefur hættuleg aukaáhrif þótt það sé notað á réttan hátt.

Um 4. gr.

Þessi grein veitir mönnum þeim, sem 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins tekur til, betri rétt til bóta en sjúklingar eiga almennt eftir 2. gr. frumvarpsins. Hins vegar felur þessi grein ekki í sér undantekningu frá reglum 3. gr. Ákvæði 1. mgr. 3. gr. um ranga sjúkdómsgreiningu skiptir ekki máli um tjón sem heilbrigðir menn verða fyrir. Sama er að segja um slys skv. 2. mgr. 3. gr. vegna þess að hinn sérstaki réttur, sem tjónþolar eiga eftir 1. mgr. 4. gr., er háður því skilyrði að orsök tjóns sé læknisfræðileg tilraun, brottnám vefs, líffæris o.s.frv. Undanþágan í 3. mgr. 3. gr. um tjón af völdum eiginleika lyfs getur hins vegar skipt máli þegar verið er að gera tilraun með lyf á heilbrigðum manni. Þess vegna kemur fram í 2. mgr. þessarar greinar að undanþága 3. mgr. 3. gr. eigi einnig við um þá menn sem ganga undir lækningatilraun. Tjónþolar geta átt skaðabótarétt vegna þess konar tjóns eftir reglum um skaðsemisábyrgð.

Að öðru leyti tekur 1. mgr. til hvers konar tjóns í tengslum við tilraun, brottnám vefs og þess háttar. Þetta skiptir einkum máli að því leyti að skilyrði 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins um rétt til bóta vegna óhjákvæmilega eftirkasta eiga ekki við því að í þeim tilvikum, sem hér um ræðir, má segja að allt tjón, sem verður, fari fram yfir það sem sanngjarnt er að tjónþoli beri. Bótaréttur er því einnig fyrir hendi vegna minni háttar tjóns. Lágmarksfjárhæð, sbr. 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins, gildir því ekki í þessum tilvikum, sjá 3. mgr. 5. gr.

Eftir þessari grein eru kröfur um sönnun þess að tjón sé afleiðing tiltekinna atvika vægari en í 2. gr. Ef hugsanlegt er að tjón sjúklings hafi hlotist af tilraun, brottnámi vefs eða annars þess háttar á allur eðlilegur vafi um rauhveruleg orsakatengsl að vera tjónþola í hag. Réttur til bóta er því fyrir hendi þótt tjón geti alveg eins hafa hlotist af öðrum orsökum.

Í 3. mgr. segir að heilbrigðir menn, sem hljóta meðferð vegna læknisfræðilegrar tilraunar, eigi einnig rétt til bóta fyrir geðrænt tjón. Rök fyrir þessari víkkun á gildissviði reglnanna eru í fyrsta lagi þau að gagnvart mönnum, sem gangast undir tilraunir, þykir ekki sanngjarnt að takmarka bótarétt við hreint líkamstjón. Í öðru lagi má ætla að yfirleitt verði ekki erfitt að meta hvort geðrænt tjón sé afleiðing meðferðar vegna þess að venjulega er maðurinn, sem tilraunin er gerð á, heilbrigður, sbr. athugasemdir við 1. gr.

Um 5. gr.

Í frumvarpinu eru ekki reglur um hvernig meta skuli tjón eða ákvarða skuli bætur. Samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar fara bætur eftir skaðabótareglum þeim sem gilda á hverjum tíma. Tjónþoli fær því jafnmiklar bætur og vera mundi ef hann ætti fullan skaða-

bótarétt á hendur manni sem er bótaskyldur, t.d. eftir almennu sakarreglunni eða bótareglum umferðarlaga, sbr. þó undantekningu í 2. mgr. Helstu greiðslur, sem hér koma til greina, eru bætur fyrir fjárhagslegt tjón vegna tímabundinnar eða varanlegrar örorku og bætur fyrir þjáningar og lýti ef því er að skipta. Ef nánustu aðstandendur verða fyrir tjóni vegna missis framfæranda við dauða sjúklings koma til greina bætur fyrir röskun á stöðu og högum auk bóta fyrir fjártjón. Enn fremur greiðast bætur vegna kostnaður við sjúkrahjálp, endurhæfingu o.s.frv. að því leyti sem hann er ekki greiddur af almannatryggingum. Við ákvörðun bóta sjúklingatryggingar skal draga frá eða líta til bóta, sem tjónþoli kann að fá frá öðrum, t.d. almannatryggingum, vegna sama tjóns, með sama hætti og gert er eftir almennum reglum skaðabótaréttar. Ekki skal greiða bætur fyrir tjón á munum.

Í 1. málsl. 2. mgr. felst takmörkun á rétti til bóta. Takmörkun þessi er í því fólgin að þeir er verða fyrir tjóni, sem nær ekki 200 þús. kr. þegar það er metið eftir reglum skaðabótaréttar, fá engar bætur frá sjúklingatryggingu. Þessi takmörkun á við um öll tjónstilvik samkvæmt lögunum, sbr. þó það sem segir um 3. mgr. hér á eftir. Meginmarkmið frumvarpsins er að tryggja sjúklingum bætur og eftir atvikum aðstandendum þeirra ef verulegt tjón verður. Þykir eðlilegt að tjónþolar hafi í eigin áhættu tjón sem fer ekki fram úr þessu lágmarki. Fari tjón fram úr lágmarkinu skal bæta það að fullu án þess að draga 200 þús. kr. frá heildartjónabótum.

Með ákvæðum 2. málsl. 2. mgr. er ráðherra heimilað að setja með reglugerð frekari takmörk (lágmarkstíma) varðandi bætur fyrir tímabundna örorku (vinnutap) eða miska. Tími þessi má þó ekki vera lengri en þrír mánuðir. Sé sjúklingur óvinnufær allan lágmarkstímann, t.d. í tvo mánuði, á hann rétt á óskertum bótum fyrir vinnutap frá og með þeim degi sem tekjutap hefst. Það dregur úr áhrifum þessarar takmörkunar á bótarétti að margir launþegar eiga samkvæmt lögum eða kjarasamningi rétt á launum í veikinda- eða slysaforföllum. Regla þessi takmarkar á engan hátt rétt til bóta fyrir varanlega örorku, lýti, röskun á stöðu og högum, sjúkrakostnað, missi framfæranda eða útfararkostnað. Bætur þessar greiðast ef tjón nær 200 þús. kr. þótt vinnutap sé undir lágmarkstíma sem kann að vera ákveðinn með reglugerð. Að baki heimildarákvæðinu í 2. málsl. 2. mgr. liggja sömu rök og ákvæðum 1. málsl., þ.e. að einskorða sjúklingatryggingu við tjónstilvik sem hafa í för með sér alvarlegar og varanlegar afleiðingar.

Rétt þykir þó að leggja til, sjá 3. mgr., að heilbrigðir menn, sem heilsutjón bíða af læknisfræðilegum tilraunum eða við það að gefa vefi, líffæri eða líkamsvökva, njóti sérstöðu þannig að bótaréttur þeirra sé ekki háður skerðingarákvæðum 2. mgr. Um þetta má m.a. vísa til athugasemda við 4. gr. varðandi það að skilyrði 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. um rétt til bóta vegna óhjákvæmilega eftirkasta eigi ekki við um menn þá sem hér um ræðir.

Af 4. mgr. leiðir að einungis sjúklingar, eða þeir sem bíða tjón við andlát sjúklings, geta átt rétt til bóta samkvæmt lögunum. Sjúklingatrygging greiðir ekki endurkröfu af hálfu aðila sem innt hefur af hendi bætur vegna tjónsatviks sem lögin taka til. Regla þessi hefur m.a. þau áhrif að vinnuveitandi, sem greitt hefur tjónþola lög- eða samningsbundið kaup í veikinda- eða slysaforföllum, getur ekki krafið sjúklingatryggingu um greiðslu vegna þeirra útgjalda sinna.

Um 6. gr.

Samkvæmt þessari grein hefur venjulegt (einfalt) gáleysi sjúklings engin áhrif á rétt

tjónþola. Er það í samræmi við almennar reglur laga um vátryggingasamninga og laga um almannatryggingar. Almennar reglur skaðabótaréttar um eigin sök tjónþola eru hins vegar strangari í garð tjónþola því að eftir þeim leiðir einfalt gáleysi af hans hálfu oft til skerðingar bótaréttar.

Þegar litið er til úrlausna dómstóla í málum þar sem komið hefur til álita að telja að gáleysi sé stórfellt verður að ætla að mjög sjaldan reyni á reglu 6. gr.

Um 7. gr.

Þessi grein varðar þau áhrif sem bótaréttur eftir frumvarpinu hefur á rétt tjónþola eftir almennum skaðabótareglum. Eigi tjónþoli rétt á sjúklingatryggingarbótum fellur skaðabótaréttur hans niður í sama mæli. Skiptir hér engu hvort hinn skaðabótaskyldi er læknir, starfsmaður sjúkrahúss eða einhver annar.

Skaðabótakrafa eftir sakarreglunni eða reglunni um vinnuveitandaábyrgð stofnast í ýmsum tilvikum sem ræðir um í 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. (og því einnig í nokkrum tilvikum sem 1. mgr. 3. gr. tekur til), svo og í öllum tilvikum 2. mgr. 3. gr. Með 7. gr. er felldur niður réttur til að hafa uppi skaðabótakröfu eftir sakarreglunni eða á öðrum grundvelli, t.d. reglum skaðabótaréttar um ábyrgð án sakar. Skaðabótaréttur sjúklings, eða aðstandenda hans, er þó fyrir hendi að því er varðar þann hluta tjóns sem tjónþoli ber eftir 2. mgr. 5. gr. eða reglugerð sem kann að vera sett með heimild í því ákvæði.

Þeir sem bíða tjón þegir gangast undir lækningatilraun, gefa blóð eða annað, sjá 2. mgr. 1. gr., eiga þó alltaf rétt til fullra bóta úr sjúklingatryggingu, sbr. 3. mgr. 5. gr. Þessir tjónþolar eiga því ekki neina skaðabótakröfu til viðbótar því sem þeir fá greitt úr sjúklingatryggingu.

Sjúklingur eða aðstandendur hans geta að sjálfsögðu krafist bóta eftir skaðabótareglum fyrir tjón sem er utan gildissviðs sjúklingatryggingar. Dæmi um það er geðrænt tjón, svo og líkamlegt tjón er verður við meðferð utan sjúkrahúss eða hjá mönnum sem frumvarpið tekur ekki til, sbr. 1. mgr. 1. gr.

Um 8. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er alveg girt fyrir það að sjúklingatrygging geti endurkrafið lækni eða annan þann sem valda kann tjóni af gáleysi, jafnvel þótt stórfellt sé. Með þessu er vikið frá almennum réttarreglum. Meginástæða þess er að hugsanlegt er að ótti við skaðabótakröfur af hálfu lækna eða annars starfsfólks geti í einhverjum tilvikum spillt eða tafið fyrir rannsókn á orsökum tjóns. Þykir nauðsynlegt að tryggja sem best að þeir sem hlut eiga að máli veiti fúslega upplýsingar og aðstoð við rannsókn málsatvika.

Fullur endurkröfuréttur er jafnan fyrir hendi ef leitt er í ljós að tjóni hafi verið valdið af ásetningi.

Þessi grein breytir engu um endurkröfurétt á hendur öðrum aðilum en þeim, sem 1. gr. frumvarpsins tekur til. Um hann fer eftir almennum reglum.

Um rétt sjúklings til þess að krefjast skaðabóta eftir almennum bótareglum er fjallað í 7. gr. frumvarpsins, en samkvæmt henni er slíkur réttur almennt ekki fyrir hendi.

Um 9. gr.

Í þessari grein eru taldir þeir aðilar sem bótaskyldir eru eftir lögunum. Starfsmenn þeirra bera ekki persónulega ábyrgð eftir lögunum, nema í algerum undantekningartil-

vikum, sjá 8. gr. Oft væri hinn bótaskyldi ríkissjóður eða stofnun á vegum hans. Hér koma til greina félög eða einstaklingar sem hafa með höndum einkaatvinnurekstur.

Um 10. gr.

Sjúklingatrygging skal keypt hjá vátryggingafélagi sem hefur leyfi til að reka vátryggingarstarfsemi hér á landi, sbr. nú lög nr. 50/1978, um vátryggingarstarfsemi. Samkvæmt þeim lögum hefur sérstakt stjórnvald, Tryggingaeftirlitið, eftirlit með starfsemi og rekstri vátryggingafélaga. Markmið slíks eftirlits er að sjá um að í landinu starfi ekki önnur félög en þau sem eru gjaldhæf og greiðsluhæf, svo og að fylgjast að öðru leyti með því að vátryggingafélög fari að lögum og stjórnvaldsfyrirmælum og fylgi að öðru leyti góðum viðskiptaháttum.

Vátryggingarfjárhæðir skv. 2. mgr. eru lágmarksfjárhæðir sem lögskylt er að hafa vátryggingu fyrir, en sjúkrahús eða annar vátryggingartaki getur keypt sjúklingatryggingu með hærri fjárhæð. Ætla verður að fjárhæð þessi nægi í flestum tilvikum til greiðslu bótakrafna. Auðveldara og kostnaðarminna er að afla endurtrygginga ef lágmarkið er ekki hærra. Ef svo kynni að fara í einstökum tilvikum að vátryggingarfjárhæð hrykki ekki til að greiða kröfu ætti tjónþoli samt sem áður tækifæri til að fá bætur. Í fyrsta lagi vegna þess að í 4. mgr. er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglur þess efnis að vátryggingafélög beri sameiginlega ábyrgð á kröfu tjónþola ef vátryggingarfjárhæð reynist of lág. Í öðru lagi getur tjónþoli krafist bóta úr hendi þess sem bótaskyldur er eftir 9. gr.

Reglur, sem settar verða um samábyrgð vátryggingafélaga, sbr. 4. mgr., munu veita tjónþola mjög mikilvægan rétt. Ef vátryggingafélög greiða bætur umfram lögboðna fjárhæð eða inna af hendi greiðslur vegna vátryggingartaka sem vanrækt hefur vátryggingarskyldu öðlast þau endurkröfurétt á hendur hinum bótaskylda eftir almennum réttarreglum.

Ákvæði 5. og 6. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Sjúklingatrygging er nýmæli og mjög frábrugðin öðrum tryggingaúrræðum sem fyrir eru hér á landi. Reglur frumvarpsins um skilyrði fyrir bótarétti eru að ýmsu leyti vandmeðfarnar og oft háðar erfiðu mati. Auk þess ríkir veruleg óvissa um tíðni tjónsatburða og stærð tjóns í einstökum tilfellum. Af þeim ástæðum og ýmsum öðrum, m.a. fyrirhugaðri samábyrgð vátryggjenda, þykir nauðsynlegt að þeir myndi félag sem verði miðstöð sjúklingatrygginga á Íslandi. Hér er lagt til að vátryggjendur endurtryggi hver hjá öðrum í svokölluðu samsteypuformi. Það fyrirkomulag ætti að vera þjóðhagslega hagkvæmt. Með því móti geta endurtryggingar orðið að mestu leyti innan lands og flyst fé því ekki úr landi að óþörfu.

Ákvæði 2. mgr. veita ráðherra vald til að marka nánar með hliðsjón af markmiðum laganna hvernig sjúklingatryggingum er stjórnað og hvernig starfsemi þeirra fer fram í aðalatriðum.

Í 3. mgr. eru fyrirmæli um árlega skýrslugerð til ráðherra. Ráðherra getur með heimild í 2. mgr. kveðið nánar á um efni skýrslu. Æskilegt er að í ársskýrslu komi fram nákvæmar upplýsingar, m.a. um rekstur og efnahag samsteypunnar, svo og tölfræðileg gögn um flokkun og skiptingu tjóna og iðgjalda. Auk þess ætti ársskýrsla að fela í sér upplýsingar um úrskurði og afgreiðslu bótakrafa. Efni ársskýrslu þarf að vera nægilega ítarlegt og sundurliðað til þess að séð verði hvort tjónstíðni sé óvenjumikil hjá einstök-

um vátryggingartökum eða hópum vátryggingartaka. Glöggar ársskýrslur gætu reynst mikilvæg gögn við mat á því hvort ástæða sé til endurskoðunar á reglum um gildissvið sjúklingatryggingar o.fl. Upplýsingar um þessi efni skipta og máli þegar ákveða skal iðgjöld og flokkun þeirra eftir áhættu.

Um 12. gr.

Mikilvægt er að samræmi ríki í málsmeðferð og niðurstöðum einstakra bótamála. Í þessari grein er því ákveðið að afgreiðsla bótakrafna og ákvörðun bótafjárhæðar fari fram á einum stað. Samkvæmt 1. mgr. skal tryggingasamsteypan annast öflun gagna og þarf tjónþoli því ekki að ráða sér lögmann til þess. Þetta getur skipt tjónþola miklu máli því að gagnasöfnun getur verið kostnaðarsöm, tímafrek og vandasöm. Hins vegar kann að vera nauðsynlegt að lögmaður aðstoði tjónþola á öðrum stigum máls, sbr. athugasemdir við 13. gr.

Þar sem engin reynsla er af sjúklingatryggingum hér á landi þykir ekki ástæða til að setja ítarleg ákvæði um meðferð mála og afgreiðslu í sjálft lagafrumvarpið. Ákvæði þessa efnis eru talin eiga betur heima í reglugerð eða samþykktum, sbr. 2. mgr. 11. gr. Slíkum reglum er auðvelt að breyta í ljósi fenginnar reynslu.

Ljóst er að ýmis vandasöm læknisfræðileg og lögfræðileg úrlausnarefni geta komið upp varðandi greiðsluskyldu sjúklingatryggingar. Ákvörðun bótakrafna verður því að vera í höndum sérfræðinga. Meðal annars kemur til greina að fela þetta verkefni sérstakri úrskurðarnefnd sérfróðra manna. Það atriði er eitt af því sem til álita kemur þegar ráðherra setur reglur skv. 2. mgr. 11. gr. Úrskurði sjúklingatryggingar eða nefndar á vegum hennar geta tjónþolar borið undir dómstóla skv. 13. gr.

Um 13. gr.

Í þessari grein felast ekki frávik frá almennum réttarreglum. Ef tjónþoli sættir sig ekki við ákvörðun sjúklingatryggingasamsteypunnar (úrskurðarnefndar) á hann rétt á að höfða mál fyrir almennum dómstólum til þess að fá henni breytt eða hrundið.

Reglur frumvarpsins um greiðsluskyldu sjúklingatryggingar og reglur skaðabótaréttar um ákvörðun bótafjárhæðar eru svo margslungnar að ætla verður að yfirleitt sé ekki á færi tjónþola sjálfs að meta hvort ákvörðun um rétt hans sé í samræmi við lög. Þess vegna verður að telja eðlilegt að starfsmenn sjúklingatryggingar ráðleggi tjónþola að leita álits lögmanns á ákvörðun skv. 12. gr. Í mjög einföldum málum virðist þetta þó ekki vera nauðsynlegt. Ákvæði um leiðbeiningarskyldu í þessu efni mætti setja í samþykktir, sbr. 2. mgr. 11. gr. Sjúklingatryggingu er eðli málsins samkvæmt skylt að greiða nauðsynlegan kostnað við þjónustu lögmanns.

Um 14. gr.

Tilgangur með ákvæðum 14. gr. er sá að veita þeim er annast framkvæmd sjúklingatryggingakerfisins lagaheimild til að afla upplýsinga sem eru nauðsynlegar við afgreiðslu bótakrafna frá sjúklingum eða aðstandendum þeirra. Þagnarskylda hvílir á þeim sem fær upplýsingar samkvæmt þessari grein, sbr. 15. gr. frumvarpsins.

Ákvæði um þagnarskyldu í 15. gr. læknalaga, nr. 53/1988, halda gildi sínu, en samkvæmt þeirri grein ber læknum, öðrum heilbrigðisstéttum og þeim sem vinna með lækni að gæta þagmælsku um öll einkamál sjúklinga, nema lög bjóði annað eða rökstudd ástæða sé til að rjúfa þagnarskyldu vegna brýnnar nauðsynjar.

Um 15. gr.

Vegna ákvæðis í 14. gr. um heimild til að krefjast gagna frá þeim sem hafa haft sjúklinga til meðferðar þykir nauðsynlegt að lögfesta ákvæði um samsvarandi þagnarskyldu og hvílir samkvæmt læknalögum á læknum og öðrum starfsmönnum í heilbrigðisþjónustu.

Um 16. gr.

Nauðsynlegt þykir að tiltaka sérstakan fyrningarfrest á bótakröfum, m.a. vegna þess hve erfitt er, löngu eftir að málsatvik gerðust, að ganga úr skugga um hvort skilyrði bótaréttar eru fyrir hendi.

Fyrningarfrestur eftir 1. mgr. er lengri en fyrningarfrestur skv. 1. mgr. 14. gr. frumvarps til laga um skaðsemisábyrgð. Reglan um upphaf fjögurra ára fyrningarfrestsins getur leitt til þess að sjúklingur haldi kröfu sinni miklu lengur en í fjögur ár frá því að tjónsatvik bar að höndum af því að fyrningarfrestur byrjar ekki að líða fyrr en tjónþoli fékk eða mátti fá vitneskju um tjón sitt.

Fyrningarfrestur eftir 2. mgr. er jafnlangur og almennt gerist um fyrningu skaðabótakrafna, sbr. 2. tölul. 4. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905, sbr. og 99. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, og 2. mgr. 14. gr. frumvarps til laga um skaðsemisábyrgð. Um slit fyrningar fer eftir almennum réttarreglum um fyrningu.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Nd. 786. Frumvarp til laga [433. mál]

um þjóðaratkvæðagreiðslur.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

1. gr.

Skylt er að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu að uppfylltu einu af eftirtöldum skilyrðum:

a. þriðjungur alþingismanna fer fram á það,
b. tíundi hluti af atkvæðisbærum íbúum fer fram á það skriflega,
c. ef um er að ræða einstaka framkvæmd ríkisins sem í heild kostar meira en einn tuttugasta af fjárlögum á fyrsta framkvæmdaári.

2. gr.

Þjóðaratkvæðagreiðslan fer fram á næsta almenna kjördegi eftir að farið er fram á hana, enda hafi lögmæt ósk um hana borist forsætisráðherra sex mánuðum fyrir kjördag.

Einu gildir hvort um er að ræða kjördag vegna kosninga til Alþingis eða sveitarstjórna, forsetakjörs eða annarra almennra kosninga.

3. gr.

Yfirkjörstjórn lætur gera sérstaka atkvæðaseðla sem afhentir eru kjósendum með hefðbundnum kjörseðli. Á seðlinum skal standa efst orðið „þjóðaratkvæðagreiðsla“. Hvert kosningarefni skal greinilega afmarkað á seðlinum ef þau eru fleiri en eitt og númeruð frá og með tölustafnum einum. Efni hverrar atkvæðagreiðslu skal tekið skýrt fram og því raðað þannig niður:

a. Sé kjósandi að greiða atkvæði um einstaka framkvæmd eða atburð skal hann krossa framan við orðið „JÁ“ ef hann er fylgjandi og orðið „NEI“ ef hann er andvígur.
b. Sé kjósandi að greiða atkvæði um fleiri en eitt efnisatriði, eða gera upp á milli persóna eða staða skulu valkostir nefndir í stafrófsröð. Séu greidd atkvæði um tölur skal lægsta talan nefnd fyrst í röðinni en sú hæsta síðust.

Komi ekki fram greinilegur vilji kjósanda á kjörseðli skal kjörstjórn úrskurða hann ógildan.

4. gr.

Um kosningarrétt, kjörstaði, auglýsingu á kosningarefnum, atkvæðagreiðslu, talningu og önnur atriði við framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu fer samkvæmt ákvæðum laganna um kosningar til Alþingis.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í samfloti með frumvarpi til laga um allsherjaratkvæðagreiðslur í sveitarfélögum. Markmið þeirra beggja er að færa lýðræðið aftur til fólksins því oft er rætt um að lýðræði hrökkvi skammt hér á landi og það sé eingöngu bundið við kjör forseta, alþingismanna og fulltrúa í sveitarstjórnum. Þess á milli hafi kjósendur lítið að segja um framvindu mála og meingölluð kosningalög komi í veg fyrir bein áhrif kjósenda á val kjörinna fulltrúa. Til þess þarf að breyta kosningalöggjöfinni og taka upp einmenningskjördæmi eins og frumvarp flutningsmanns frá því á haustþingi um ný kosningalög gerir ráð fyrir.

Kjósendur vilja hafa meiri áhrif á rekstur íslenska ríkisins en að kjósa alþingismenn á fjögurra ára fresti. Þeir vilja líka fá að tjá sig um hvernig skattfénu er varið og um hin ýmsu stórmál sem upp koma í þjóðfélaginu á hverjum tíma. Með því að bera þessi verkefni undir dóm kjósenda eru tekin af öll tvímæli um hvort þau falla að vilja þeirra. Alþingismenn hljóta því að fagna þessu frumvarpi.

Þau lönd, sem einna lengst eru á veg komin í nútímasamfélagi þjóðanna, hafa öll tekið upp þá reglu að bera stór mál undir kjósendur áður en í þau er ráðist. Á sama hátt geta íbúar í þeim löndum krafist atkvæðagreiðslu um þau mál sem þeir efast um að horfi til heilla. Þetta er hornsteinn lýðræðis í þessum löndum og mikilvægur öryggisloki á vinnubrögð þings og ríkisstjórna.

Flutningsmaður heitir því á þingheim að veita lýðræðinu brautargengi áleiðis til þegnanna.

Sþ. 787. Tillaga til þingsályktunar [434. mál]

um lausagöngu búfjár.

Flm.: Friðrik Sophusson, Jóhann Einvarðsson, Rannveig Guðmundsdóttir,
Geir Gunnarsson, Kristín Einarsdóttir,
Guðmundur Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að takmarka lausagöngu búfjár við þjóðvegi og þar sem gróður er viðkvæmur fyrir beit. Ríkisstjórnin skal nú þegar fela Landgræðslu ríkisins í samvinnu við gróðurverndarnefndir að gera áætlun um gróðurvernd og uppgræðslu og halda áfram samningum við bændur um afmörkun og staðsetningu beitarhólfa fyrir takmarkaðan fjölda búfjár.

Greinargerð.

Á 7. náttúruverndarþingi, sem haldið var í október sl., var eftirfarandi ályktun samþykkt:

„Náttúruverndarþing, haldið í Reykjavík í október 1990, skorar á Alþingi og stjórnvöld að beita sér fyrir friðun Landnáms Ingólfs fyrir lausagöngu búfjár og ganga nú þegar til samninga við bændur og aðra þá er málið varðar um afmörkun og staðsetningu beitarhólfa fyrir takmarkaðan fjölda búfjár."

Einnig hafa forsvarsmenn nokkurra félagasamtaka, sem eru áhugsöm um efnið, sent þingmönnum áskorun um að taka málið fyrir á Alþingi og flytja tillögu til þingsályktunar um málið.

Flutningsmenn tilögunnar óskuðu eftir umsögn dr. Ingva Þorsteinssonar um áskorunina og fylgir hún sem fylgiskjal.

Flutningsmönnum hefur borist greinargerð frá Búnaðarsambandi Kjalarnesþings sem nær yfir Reykjavík og Reykjaneskjördæmi, þ.e. 16 af 20 sveitarfélögum í Landnámi Ingólfs. Greinargerðin fylgir hér með. Þar er upplýst að skipulega hefur verið unnið að búháttabreytingum og friðun lands á svæðinu á undanförnum árum og áratugum í samvinnu Landgræðslu ríkisins, sveitarstjóra og bænda. Þegar hefur verið samið um breytingar á beitarskipulagi í öllum sveitarfélögum á svæðinu að Kjósarhreppi einum undanskildum. Á þessu svæði hefur um helmingur alls gróðurlendis verið friðaður fyrir allri beit, þar með talið allt land á svæðinu sem hentar til skógræktar.

Í lok greinargerðar Búnaðarsambandsins er getið um gögn sem eru í fórum fyrsta flutningsmanns en ekki þótti ástæða til að birta með sem fylgiskjöl. Þau verða að sjálfsögðu afhent þingnefnd þeirri sem fær málið til meðferðar milli umræðna.

Það er von flutningsmanna að samþykkt tillögu á borð við þessa, sem hér er gerð, verði til þess að stjórnvöld haldi áfram og hraði eðlilegri samræmingu búfjárbeitar og landkosta um allt land. Eðlilegt er að Landgræðsla ríkisins vinni þetta verk í umboði stjórnvalda og í góðri samvinnu við bændur og aðra þá er málið varðar.

Að öðru leyti vísast til ofangreindra fylgiskjala með tillögu þessari.

Fylgiskjal I.

Áskorun til alþingismanna um að hrinda í framkvæmd, á árunum 1990–1993, friðun Landnáms Ingólfs fyrir lausagöngu búfjár.

Umræður um umhverfismál hafa farið vaxandi á undanförnum árum bæði innan lands og utan. Þar er fjallað um loft, láð og lög. Öll þessi svið eru mikilvæg fyrir velferð og vistríki manna. En mestu máli skiptir fyrir íslenska þjóð og framtíð hennar í þessu landi er landið sjálft, gróður þess, fegurð, orkulindir og önnur gæði. Gróðurríki landsins er undirstaða hagsældar þegnanna, menningar og búsetu í landinu.

Samband milli gróðurs og búsetu í landinu er allt annað nú en það var fyrr á öldum, jafnvel annað en það var fyrir fáum áratugum. Fyrr á öldum urðu Íslendingar að sækja mest af sinni lífsbjörg beint eða óbeint í gróður landsins. En á þeim tíma var gróðureyðing af manna völdum þó miklu minni en síðar varð. Á þessari öld hefur þjóðin lifað mest af verðmætum hafsins, orkulindum landsins, iðnaði, þjónustu við ferðamenn o.fl. Samt hefur eyðing gróðurs farið hraðvaxandi hin síðustu ár. Frá landsnámsöld er talið að $^{2}/_{3}$ gróðurlendis hafi eyðst með öllu.

Þessa geigvænlegu gróðureyðingu þarf að stöðva tafarlaust til að bjarga því sem eftir er af náttúrulegum gróðri. Efnahagsleg velsæld endist skammt til að viðhalda byggð í landinu ef gróður landsins heldur áfram að hverfa. Þá er hætt við að fólkið hverfi einnig. Teikn um að svo kunni að fara er að vaxandi fjöldi fólks unir hér ekki í sumarfríum og fer til gróðursælli landa. Á tímum þegar verið er að byggja upp ferðaþjónustu bænda er áhyggjuefni að svo stór hluti fólks hverfi úr landi.

Gróðurvernd og landgræðsla eru tvær hliðar á sama máli. Engin landgræðsla verður án friðunar. Hins vegar getur gróðurvernd með friðun stuðlað að landgræðslu ef gróður er ekki með öllu horfinn og land ekki örfoka. Gróðurvernd, sem fellst í banni við lausagöngu búfjár, getur verið eina björgunin fyrir landsvæði eða héruð, þar sem gróðureyðingu þarf að stöðva tafarlaust. Gróðurvernd og landgræðsla geta skilað miklum árangri með nútímaræktunaraðferðum á 10–15 árum ef náttúrlegur gróður og jarðvegur hefur ekki með öllu eyðst. Sé gróður eyddur og jarðvegur horfinn tekur áratugi, jafnvel aldir, fyrir gróður að ná sér á strik að nýju við slíkar aðstæður. Fólk er almennt farið að gera sér grein fyrir skemmdum landsins einkum hér á suðvesturhorninu. Þess vegna krefst fólk aðgerða þannig að gróðureyðing verði stöðvuð með friðun lands fyrir lausagöngu búfjár.

Sumir bændur telja að friðun lands sé stefnt gegn hagsmunum þeirra. Því fer víðs fjarri að svo sé. Þvert á móti mun friðun lands og efling gróðurs bæta hag bænda, strax í upphafi og einkum þó þegar til lengri tíma er litið. Í öðru lagi mun minnkuð offramleiðsla draga úr útgjöldum ríkisins og fjármagn verða fyrir hendi til þess að greiða bændum fullar bætur fyrir bústofn, tæki og laun er svöruðu til nettótekna af núverandi búrekstri. Þá yrði hægt að bjóða bændum, sem áhuga hefðu, störf við skógrækt og aðra landgræðslu þar sem um friðun stórs landsvæðis væri að ræða. Hlutskipti bænda mundi breytast, í það að verða brautryðjendur í gróðureflingu og frumherjar í björgun landsins.

Félög áhugamanna um gróðurvernd hafa bundist samtökum um að vinna að framgangi þessa gróðurverndarmáls, að Landnám Ingólfs verði friðað fyrir lausagöngu búfjár. Þetta gerist ekki af sjálfu sér. Þörf er umræðna og upplýsinga um málið, á fundum bænda, sveitarstjórna og gróðurverndarfélaga, í dagblöðum, í útvarpi og sjónvarpi. Síðast en ekki síst er umræða um þetta mál mikil nauðsyn hjá stjórnmálaflokkum, því fram-

kvæmd málsins er í höndum stjórnvalda (Alþingis og ríkisstjórnar). Þessir aðilar bera jafnframt ábyrgð á aðgeðarleysi í þessu örlagaríka máli þjóðarinnar.

Víða hafa landspildur verið friðaðar til skógræktar og hefur slík ræktun oft borið meiri og betri árangur en ætlað var í upphafi. Reykjavíkurborg er gott dæmi um slíkan árangur, þar er eitt stærsta skóglendi landsins. Framtak forseta Íslands um skógrækt á öllu landinu er sérstaklega lofsvert. Átak í ræktun nytjaskóga er athyglisvert og getur orðið grundvöllur að nýjum atvinnugreinum. En þetta bjargar ekki víðáttumiklum svæðum þar sem síðustu gróðurleifar eru á förum. Hinn mikla vanda gróðureyðingar skilja erlendir sendimenn vel. Þeir hafa boðið aðstoð sína og byrjað starfið á þann táknræna hátt að gróðursetja trjáplöntur skammt frá Þingvöllum í Landnámi Ingólfs. Þessar plöntur geta orðið hluti af landgræðsluskógum framtíðarinnar. Vinsamlegir erlendir aðilar sjá og skilja að skógar eru það sem landið vantar, flestu öðru framar.

Til þess að áhugi almennings fyrir ræktun og eflingu gróðurs geti notið sín til fulls er nauðsynlegt að sem flestir íbúar landsins hafi aðgang að stóru friðuðu landsvæði til landgræðslu, umhirðu og útivistar. Landsvæði, sem best uppfyllir áðurnefnd skilyrði, er Landnám Ingólfs. Það takmarkast af línu sem dregin er að norðaustanverðu við svæðið frá Hvalfirði til Þingvalla og síðan um Þingvallavatn, Úlfljótsvatn og vatnasvæði Sogs og Ölfusár til sjávar. Aðeins 30 km girðing mundi nægja til að afmarka þetta landsvæði til friðunar. Á þessu svæði er gróður víða illa farinn þannig að björgunarráðstafanir þola enga bið.

Að sjálfsögðu þarf að semja við bændur á svæðinu þannig að þeir beri engan fjárhagslegan skaða og verði fyrir sem minnstri búseturöskun vegna breytinganna. Á þessu svæði eru um 20 bændur sem telja má að hafi sauðfjárbúskap að aðalatvinnu. Um 38 bændur hafa sauðfjárbúskap sem aukastarf. Allmargir bændur eiga nokkrar kindur sem líta má á sem aukastarf eða frístundastarf. Á svæðinu búa um 170 þús. manns og eru það nálega $^{2}/_{3}$ allrar þjóðarinnar. Hinn hluti þjóðarinnar, sem ekki býr á svæðinu, fer um svæðið eða heimsækir það næstum árlega. Hvergi annars staðar er unnt að friða land þar sem $^{2}/_{3}$ hlutar þjóðarinnar geta tekið þátt í eflingu gróðurs og nær öll þjóðin notið þess árangurs sem þar næst og varað getur öldum saman.

Friðun á Landnámi Ingólfs fyrir lausagöngu búfjár mundi ekki hafa nein áhrif á kúabú því lausaganga nautgripa hefur verið aflögð fyrir löngu.

Minnkun framleiðslu á kindakjöti mundi bæta stöðu þeirra bænda sem búa í héruðum þar sem nauðsynlegt og eðlilegt er að stunda fjárbúskap. Annar sparnaður í sambandi við þessa friðun er að girðingar um lönd einstakra byggðarlaga, sumarbústaðalönd og alla ræktunarreiti á svæðinu yrðu óþarfar. Ekki þyrfti að girða meðfram þjóðvegum á þessu svæði og sparast þar mikið fé.

Samantekt.

Undirrituð félagasamtök, sem stofnuð hafa verið af áhugamönnum um verndun og eflingu gróðurs í landinu, hafa bundist samtökum um að vinna að framgangi þessa máls, að Landnám Ingólfs verði friðað fyrir lausagöngu búfjár. Þekking á gróðurástandi þessa landsvæðis og hnignun gróðurs hin síðari ár er þegar fyrir hendi. Semja þarf um málið við sauðfjárbændur á svæðinu. Gera verður áætlun um fyrirkomulag framkvæmda í einstökum atriðum og áætla kostnað. Nauðsynlegt er að innan stjórnmálaflokkanna fari fram umræða um framkvæmd og fyrirkomulag þessarar friðunar. Samþykkt verði á haustþingi 1990 þingsályktun þess efnis að fela ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga um

friðun „Landnáms Ingólfs“ fyrir lausagöngu búfjár og leggja það frumvarp fram á haustþingi 1991. Spurningin er ekki hvort Landnám Ingólfs verður friðað heldur hvenær. Svarið er: Því fyrr, því betra. Friðun Landnáms Ingólfs fyrir lausagöngu búfjár er endurreisnarverkefni þjóðarinnar, eins konar landnám í öðru veldi við lok 20. aldar. Árangur þessa framtaks mun endast þjóðinni til heilla um aldaraðir.

Reykjavík, 28. nóv. 1990.

Herdís Þorvaldsdóttir,
Líf og land.

Arinbjörn Kolbeinsson,
Árnesingafélagið í Reykjavík.

Auður Sveinsdóttir,
Landvernd.

Eftirtalin félög styðja áskorun þessa: Líf og land, Árnesingafélagið í Reykjavík, Landvernd, Líffræðifélag Íslands, Skógræktarfélag Íslands, Skógræktarfélag skáta, Skógræktarfélag Reykjavíkur, Skógræktarfélag Hafnarfjarðar, Skógræktarfélag Garðabæjar, Skógræktarfélag Kópavogs, Kiwanis-umdæmið á Íslandi, Náttúruverndarsamtök Suðurlands.

Fylgiskjal II.

Bann við lausagöngu búfjár í Landnámi Ingólfs.

(Umsögn.)

Undirritaður getur fallist á nánast öll þau rök sem færð eru fyrir áskorun til Alþingis, dags. 28. nóv. 1990, um „friðun Landnáms Ingólfs fyrir lausagöngu búfjár“. Gróðurfarslega er mikill hluti þessa landsvæðis afar illa farinn og þar er ekki hægt að finna óspilltan, náttúrlegan gróður nema þar sem land hefur verið friðað fyrir beit í langan tíma eins og í þjóðgarðinum á Þingvöllum og í elstu hlutum friðlandsins í Heiðmörk. Í Landnámi Ingólfs eru víðáttumikil sandfokssvæði, t.d. sunnan við Hafnir, í Þorlákshöfn og norðan Þingvalla. Í Krýsuvík, á Hengilssvæðinu, í Grafningi og víða í Þingvallasveit á sér stað mikil og ör gróður- og jarðvegseyðing sem flokkast með verstu svæðum á landinu hvað þetta snertir. Mikill hluti Reykjanessskagans er hraun með þunnum og afar viðkvæmum jarðvegi og gróðri sem hefur rýrnað gífurlega, fyrst og fremst fyrir áhrif búsetunnar, og sá gróður þolir nánast enga beit.

Allar þessar staðreyndir blasa við þeim sem fara um landið með opnum augum og þær hafa verið staðfestar með rannsóknum.

Öll rök mæla með því að þessi svæði séu friðuð fyrir beit og því markmiði er unnt að ná með því að banna lausagöngu búfjár eins og áskorunin til Alþingis leggur til að hafist verði handa um. Það eru raunar fjölmörg önnur rök sem styðja þá áskorun og þar vegur þungt sú staðreynd, sem einnig er bent á, að á þessu svæði búa um $^{2}/_{3}$ af íbúum landsins. Á undanförnum árum hefur verið lögð á það vaxandi áhersla að auka skilning landsmanna á því hversu gífurlegt umhverfisvandamál gróðureyðingin á Íslandi er og að virkja landsmenn til baráttu gegn henni. En það er erfitt að koma þeim skilaboðum áleiðis,

a.m.k. til þeirra sem búa á Stór-Reykjavíkursvæðinu meðan landið í kringum þá er með þeim hætti sem nú er og ekki er af alvöru tekið á þeim málum.

Undirritaður styður að sjálfsögðu heils hugar þessa áskorun og telur raunar að fyrir löngu hefði átt að taka á þessum málum. Hins vegar væri rétt á þessu stigi málsins að undanskilja Kjalarnesið og Kjósina á þeim grundvelli að þar er ekki hægt að telja að um umtalsverða gróður- eða jarðvegseyðingu sé að ræða. Gróðurfar á því svæði er í eðli sínu slitsterkt og það, ásamt mikilli fækkun á sauðfé á síðasta áratug, hefur jafnvel leitt til þess að gróður er þar í framför. Þar gilda því ekki sömu rök fyrir banni við lausagöngu búfjár. Hins vegar er það skoðun undirritaðs að fátt eða ekkert sé betur til þess fallið að stöðva gróðureyðingu á Íslandi og endurheimta að nýju horfin landgæði en takmörkun á lausagöngu búfjár í landinu öllu. Þetta hafa flestar aðrar þjóðir fyrir löngu komið auga á og vonandi þarf ekki að bíða mikið lengur eftir því að alvarleg umræða um það mál hefjist einnig hér.

Reykjavík, 2. febr. 1991.

Ingvi Þorsteinsson.

Fylgiskjal III.

Stærð og fjöldi sauðfjárbúa í Landnámi Ingólfs 1987–1988.

Bústærð (vetrarfóðraðar kindur)	Fjöldi	%
Fleiri en 700	1	0,5
601–700	0	0,0
501–600	3	1,5
401–500	2	1,0
301–400	13	6,3
201–300	10	4,9
101–200	29	13,7
51–100	31	15,1
26–50	34	16,6
10–25	63	30,7
Færri en 10	20	9,8
	205 fjárbú	100%

Samtals voru vetrarfóðraðar kindur 18.923, þar af 1.513 utan lögbýla eða 8% af fénu.

Fylgiskjal IV.

Fjöldi sauðfjár í Landnámi Ingólfs 1965, 1987 og 1990.

Sýslur	Sveitarfélög	1965	1987	1990
Kjósarsýsla	Kjósarhreppur	6.145	3.342	3.340
	Kjalarneshreppur	2.242	509	389
	Mosfellsbær	2.730	869	683
	Reykjavík	3.346	345	323
	Seltjarnarnes	6	0	0
	Kópavogur	761	306	318
	Garðabær	524	238	195
	Bessastaðahreppur	647	43	37
	Hafnarfjörður	1.594	525	422
	Samtals	17.995	6.177	5.707
Gullbringusýsla	Vatnsleysustrandarhreppur	1.472	689	714
	Njarðvík og Keflavík	126	20	37
	Gerðahreppur	50	0	0
	Miðneshreppur	567	247	257
	Hafnahreppur	92	0	0
	Grindavík	1.688	1.236	1.008
	Samtals	3.995	2.182	2.016
Árnessýsla	Selvogshreppur	1.666	1.272	1.294
	Ölfushreppur	6.516	3.564	3.347
	Hveragerði	560	147	104
	Grafningshreppur	4.333	2.988	2.751
	Þingvallahreppur (vestan þjóðgarðs)	2.794	2.592	2.557
	Samtals	15.869	10.564	10.053
	Landnámið samtals	37.859	18.923	17.776

Á 22 árum hefur fénu fækkað um helming, mest fækkun á höfuðborgarsvæðinu.

Fylgiskjal V.

Búnaðarsamband Kjalarnesþings:

Beitarstjórnun og friðun lands í Kjalarnesþingi.
Bréf til Friðriks Sophussonar alþingismanns.
(24. febr. 1991.)

Í tilefni af tillögu til þingsályktunar um lausagöngu búfjár, sem mér er kunnugt um að þú hyggst flytja ásamt fleiri þingmönnum, vil ég gjarnan fá að koma á framfæri eftirfarandi upplýsingum um stöðu og þróun þessara mála í Kjalarnesþingi. Kjalarnesþing er Reykjavík og Reykjaneskjördæmi, samtals 16 sveitarfélög, en Landnám Ingólfs er Kjalarnesþing auk Þingvallahrepps, Grafningshrepps, Hveragerðisbæjar, Ölfushrepps og Selvogshrepps í Árnessýslu, en tveir þeir síðastnefndu hafa verið sameinaðir nýlega. Vegna stöðu minnar fjalla ég hér aðeins um þann hluta svæðisins sem er í Kjalarnesþingi.

Búnaðarsamband Kjalarnesþings, BSK, eru heildarsamtök bænda í Kjalarnesþingi, en þeir eru nú nokkuð á annað hundrað og framleiða 6–7% af verðmæti landbúnaðarframleiðslunnar í landinu, þó aðeins um 1% af kindakjötinu og hraðminnkandi.

Í Kjalarnesþingi hefur nú um helmingur alls gróðurlendis verið friðaður fyrir allri búfjárbeit, þar með talið allt land sem talið er að hentað geti til skógræktar. Stærstu samfelldu áfangarnir eru Reykjanes vestan Grindavíkurvegar, um 40.000 ha, alfriðað frá 1976, og landið innan vörslugirðingar höfuðborgarsvæðis, frá Kjósarmörkum að Straumsvík, sem hefur verið friðað frá 1977. Þessu til viðbótar fjölmörg svæði sem of langt mál yrði upp að telja. Gerðir hafa verið samningar milli sveitastjórna og bænda, sem eiga meginhluta landsins, og Landgræðslu ríkisins (landbúnaðarráðuneytisins) um breytingar á beitarskipulagi í öllum sveitarfélögum á svæðinu, að Kjósarhreppi einum undanskildum, en að því er nú verið að vinna. Því miður hefur enn ekki tekist að koma þessum breytingum í framkvæmd á hluta svæðisins á Reykjanesi. Þar bíða bændur og sveitarstjórnarmenn nú eftir að landbúnaðarráðuneytið framkvæmi sinn þátt í samkomulagi um slíkar breytingar sem gert var 1989 og eru óánægðir með þann drátt sem á því hefur orðið.

Í Kjalarnesþingi hefur nú allt þéttbýli fyrir löngu verið friðað fyrir lausagöngu búfjár, sömuleiðis mestur hluti fjölförnustu ökuleiða. Enn hefur hluti Reykjanesbrautar því miður ekki verið friðaður þrátt fyrir samkomulag þar um eins og að framan segir. Þá hefur enn ekki verið girt með Vesturlandsvegi í gegnum Kjósarhrepp, en að undirbúningi þess er nú unnið. Þetta eru mikilvæg hagsmunamál sem bændur leggja mikla áherslu á að verði lokið sem fyrst. Þessar miklu búháttabreytingar, sem unnið hefur verið að á svæðinu, hafa e.t.v. ekki verið nægilega kynntar almenningi, a.m.k. lítur út fyrir að ýmsir sem vilja láta sig málið varða séu þeim harla ókunnugir.

Sauðfé hefur fækkað verulega í Kjalarnesþingi á undanförnum árum, og telja þeir sem til þekkja, þar á meðal ég undirritaður, að nú sé hvergi um ofbeit (ofnýtingu gróðurs) af völdum þess að ræða. Mestur hluti sauðfjár á svæðinu er í eigu fólks á eftirlaunaaldri, sem hefur búið með fé alla ævi, en nýliðun á sér ekki stað í hópi sauðfjáreigenda. Á hinn bóginn má hvarvetna sjá að gróðurfar er almennt í talsverðri framför, og er ekki mikill munur á friðuðum og ófriðuðum hlutum svæðisins hvað grasvöxt snertir. Hross-

um hefur fjölgað verulega á svæðinu á undangengnum árum (tvöfaldast á 25 árum). Öll hrossabeit á svæðinu fer nú fram í afmörkuðum beitarhólfum og hrossum er ekki lengur beitt í afréttarlönd. Talsverður hluti af reiðhestum fólks í þéttbýli á svæðinu er fluttur í sumarhaga út fyrir svæðið, einkum á Suðurland eða Borgarfjörð. Því er ekki um ofbeit af völdum hrossa að ræða, nema í undantekningartilvikum í girðingarhólfum.

Því miður hefur lögboðið eftirlit með nýtingu gróðurs á svæðinu ekki verið sem skyldi á undanförnum árum, og er þar fyrst og fremst um að kenna slælegri framkvæmd laga um landgræðslu. Hér hafa ekki verið virkar gróðurverndarnefndir árum saman, og þrátt fyrir aðfinnslur BSK til Landgræðslu og landbúnaðarráðuneytis hefur lítið gerst. Gróðurverndarnefndir eiga að meta ástand og nýtingu gróðurs árlega og skila skýrslum til Landgræðslu og búnaðarsambanda. Síðast barst BSK slík skýrsla árið 1971. BSK hefur reynt að sinna sínum hluta gróðureftirlits eftir föngum. Ef lög um búfjárhald, sem nú eru til umfjöllunar á Alþingi, verða samþykkt munu „búfjáreftirlitsmenn" fá það hlutverk að líta eftir búfé allan ársins hring, og þá bætist okkur kærkominn liðsauki, einnig í eftirlit með beitarhólfum.

Það er ánægjulegt að áhugi á umhverfismálum meðal almennings hefur aukist á undanförnum árum. Hins vegar er það oft pirrandi hve mikið af umræðunni bendir til að almenningur sé illa upplýstur um viðfangsefnið. Dæmi um það er áskorun sú til Alþingis sem nokkur félagasamtök hafa lagt fram. Margt í þeim málflutningi er ekki í samræmi við veruleikann, enda þótt tilgangurinn sé eflaust góður. Þó er gefið í skyn að allt þetta hafi verið sannað með vísindarannsóknum. Ég læt fylgja hér með spurningar landnýtingarráðunauts Búnaðarfélags Íslands til áskorendanna um rökstuðning áskorunarinnar til þess að benda á hvað þar gæti orkað tvímælis. Það vekur sérstaka undrun að í umsögn Ingva Þorsteinssonar um áskorunina skuli hvergi vikið orði að þeim miklu friðunaraðgerðum sem ég hef lýst hér að framan. Ókunnugir gætu t.d. haldið, eftir lestur umsagnarinnar, að sandsvæðin sunnan við Hafnir lægju undir beitarálagi. Hið rétta er að þau hafa verið friðuð fyrir allri beit í meira en hálfa öld, frá árinu 1938, og Hafnahreppur hefur reyndar verið búfjárlaus með öllu í meira en áratug.

Það hefur valdið bændum og okkur sem með þeim vinnum miklum vonbrigðum hve lítinn stuðning við höfum getað haft af rannsóknastarfseminni við ákvarðanatöku um búrekstur og landnýtingu. Sem dæmi má nefna að sveitarstjórn Þingvallahrepps hefur ítrekað leitað eftir upplýsingum frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins um beitarþol á svæðinu allt frá árinu 1983, en slíkum erindum hefur hreinlega engu verið svarað. Á sama tíma gefa ýmsir nafnkenndir sérfræðingar yfirlýsingar á almennum vettvangi sem þeir gefa í skyn að byggi á rannsóknum. Einnig virðast aðilar, t.d. þeir sem nú skora á Alþingi, hafa rannsóknaniðurstöður á reiðum höndum á sama tíma og bændur geta ekki fengið upplýsingar um þær. Fyrir liggur að margir aðilar sem að þessum málum vinna, þar á meðal landnýtingarráðunautur Búnaðarfélags Íslands og sérfræðingar Landgræðslunnar, telja sig ekki hafa nægileg not af rannsóknaniðurstöðum í störfum sínum, og nú síðustu daga hefur þessi ágreiningur komið fram í útvarpi í umræðum um niðurstöður „sjö manna nefndar". Ef til vill er mikilvægasta landgræðslumálið nú að stilla saman til átaka þá litlu faglegu krafta sem við þó eigum og nú nýtast okkur illu heilli verr en skyldi vegna persónulegs ósættis milli manna og ófullkominnar yfirstjórnar.

Vona að þessar línur breikki svolítið myndina af viðfangsefninu. Ég hef undir höndum mikið af fjölþættum upplýsingum um þennan málaflokk og er reiðubúinn að veita frekari upplýsingar ef eftir því yrði leitað.

Ég bendi hér í lokin á nokkur hjálpargögn sem hér gætu einnig komið að notum:
Lög um Landgræðslu, nr. 17/1965, með síðari breytingu.
Gróðurvernd, markmið og leiðir, útg. landbúnaðarráðuneytið 1989.
Landnýting á Íslandi, útg. landbúnaðarráðuneytið 1986.
Búfé á vegsvæðum — nefndarálit, útg. landbúnaðarráðuneytið 1989.
Tillögur um hólfabeit og friðun á Reykjanesi og bráðabirgðasamkomulag við Hafnfirðinga 1989, afh. Friðriki Sophussyni 22. febr. 1991.
Spurningar Ólafs Dýrmundssonar, landnýtingarráðunautar Búnaðarfélags Íslands, um tiltekin efnisatriði í rökstuðningi með áskorun til Alþingis um „friðun Landnáms Ingólfs fyrir lausagöngu búfjár".
Fyrirspurn Guðna Ágústssonar til landbúnaðarráðherra um beitarþol og beitarrannsóknir og svar við henni (ársbyrjun 1989).

Með bestu kveðjum,

Valur Þorvaldsson.

Nd. 788. Frumvarp til laga [435. mál]

um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

(Lagt fyrir á Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

I. KAFLI
Um Náttúrufræðistofnun Íslands.

1. gr.

Lög þessi kveða á um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur með ríkisaðild í kjördæmum, samræmingu á starfsemi þessara aðila og samvinnu um rannsóknir og fræðslu.

Ráðherra umhverfismála fer með þau málefni sem lögin taka til.

2. gr.

Náttúrufræðistofnun Íslands er í eigu íslenska ríkisins.

3. gr.

Auk seturs Náttúrufræðistofnunar Íslands í Reykjavík getur umhverfisráðherra heimilað að stofnuð verði önnur setur utan Reykjavíkur að fengnum tillögum frá stjórn Náttúrufræðistofnunar og eftir því sem fé er veitt til slíks á fjárlögum.

Náttúrufræðistofnun getur þannig byggst upp af allt að sex setrum sem hvert um sig hefur sjálfstæðan fjárhag.

4. gr.

Ráðherra skipar stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands til fjögurra ára í senn. Fastráðnir starfsmenn náttúruseturs í Reykjavík tilnefna einn mann í stjórn, fastráðnir starfsmenn annarra setra og náttúrustofa með ríkisaðild í kjördæmum tilnefna einn sameiginlega og

Hið íslenska náttúrufræðifélag tilnefnir einn. Ráðherra skipar tvo án tilnefningar og er annar þeirra formaður og hinn varaformaður.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Hún fjallar um starfs- og fjárhagsáætlun Náttúrufræðistofnunar og fer yfir fjárhagsáætlanir setra og fylgist með fjárhag þeirra og ráðstöfun fjár. Fjármál einstakra setra eru að öðru leyti á ábyrgð forstöðumanna þeirra.

Stjórnin boðar árlega eða oftar til fundar með forstjóra, forstöðumönnum, deildarstjórum og sérfræðingum Náttúrufræðistofnunar og forstöðumönnum náttúrustofa. Hlutverk þessara funda er að greina frá niðurstöðum rannsókna, gera áætlanir, samræma rannsókna- og útgáfustarfsemi, vörslu á vísindagögnum og aðra þætti í starfi stofnananna.

Stjórnin gætir samráðs við Náttúruverndarráð, vísindaráð og Rannsóknaráð og stuðlar að sem bestu samstarfi við aðrar rannsóknastofnanir.

Ráðherra skipar forstöðumann hvers seturs til sex ára í senn, að fengnum tillögum stjórnar Náttúrufræðistofnunar. Forstöðumaður náttúruseturs í Reykjavík er jafnframt forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um hlutverk forstjóra, forstöðumanna og stjórnar.

5. gr.

Náttúrufræðistofnun Íslands stundar undirstöðurannsóknir í dýrafræði, grasafræði og jarðfræði landsins og annast skipulega heimildasöfnun um náttúru Íslands. Hún varðveitir niðurstöður og eintök í fræðilegum söfnum er veiti sem best yfirlit um náttúru landsins.

Aðalverkefni Náttúrufræðistofnunar eru:

a. að varðveita vísindaleg heimildasöfn í formi náttúrugripa, ritsmíða og annarra gagna og byggja upp aðgengilegt gagnasafn með sem fyllstum heimildum um íslenska náttúru,
b. að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Íslands,
c. að skrá á kerfisbundinn hátt einstaka þætti íslenskrar náttúru og sjá um gerð og útgáfu yfirlitskorta, m.a. um jarðfræði og útbreiðslu tegunda,
d. að styðja við uppbyggingu sýningarsafna um náttúrufræði með upplýsingum og ráðgjöf og miðla fræðsluefni um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings,
e. að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna,
f. að vinna að rannsóknum á villtum stofnum spendýra og fugla í samvinnu við embætti veiðistjóra,
g. að sjá um fuglamerkingar og hefur Náttúrufræðistofnun ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi,
h. að greina frá niðurstöðum rannsókna í fræðslu- og vísindaritum og lýsa meginþáttum í starfsemi stofnunarinnar í árlegri skýrslu.

6. gr.

Náttúrufræðistofnun skal eiga aðgang að vísindalegum upplýsingum sem opinberar stofnanir geta í té látið og varða starfsemi hennar. Skýrslur erlendra vísindamanna um rannsóknir á náttúru landsins skulu varðveittar í heimildasafni Náttúrufræðistofnunar.

Skylt er Náttúrufræðistofnun að varðveita vísindalegar upplýsingar og niðurstöður rannsókna í aðgengilegu formi og veita aðgang að þeim samkvæmt nánari reglum.

Grunngögn um íslenska náttúru í vörslu stofnunarinnar, svo sem um fuglamerkingar og endurheimtur, upplýsingar um dreifingu plantna og dýra, sem og skrásett safnaeintök, skulu vera aðgengileg vísindamönnum til frekari rannsókna og flokkuð á samræmdan hátt.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd ákvæða samkvæmt þessari grein að fengnum tillögum stjórnar.

7. gr.

Deildarstjórar og sérfræðingar Náttúrufræðistofnunar Íslands skulu hafa lokið háskólaprófum á hlutaðeigandi fræðasviði eða vera að öðru leyti viðurkenndir fræðimenn á sérsviði sínu. Kveða skal á um starfsskyldur þeirra í reglugerð. Ráðherra skipar deildarstjóra og fastræður sérfræðinga að fengnum tillögum stjórnar.

8. gr.

Náttúrufræðistofnun Íslands getur með leyfi ráðherra gerst aðili að sýningarsöfnum sem rekin eru af öðrum en ríkinu. Hún aðstoðar við gerð sýninga og henni er heimilt að lána til þeirra gripi úr söfnum setranna um lengri eða skemmri tíma.

II. KAFLI
Náttúrustofur.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að leyfa starfrækslu einnar náttúrustofu með ríkisaðild í hverju kjördæmi. Slíkar náttúrustofur starfa í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands, sbr. 4. gr. Starfsemi náttúrustofu getur verið á fleiri en einum stað í kjördæmi eftir skipulagi sem rekstraraðilar koma sér saman um. Heimilt er kjördæmum að sameinast um eina náttúrustofu.

10. gr.

Héraðsnefndir, sveitarfélög og aðrir heimaaðilar geta átt og rekið náttúrustofu með stuðningi ríkisins. Framlag ríkissjóðs til náttúrustofu takmarkast við laun forstöðumanns í fullu starfi og stofnkostnað vegna húsnæðis, innréttinga og bóka- og tækjakaupa eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni, enda liggi fyrir trygging um jafnhátt framlag frá heimaaðilum. Nú starfar náttúrustofa í leiguhúsnæði og fer þá með sama hætti um greiðslu kostnaðar. Framlag ríkissjóðs vegna stofnkostnaðar er bundið því skilyrði að þær eignir, er til stofnkostnaðar teljast, séu einvörðungu nýttar í þágu náttúrustofu nema fyrir liggi samþykki ráðuneytisins um annað.

11. gr.

Helsta hlutverk náttúrustofu er:

a. að safna gögnum og varðveita heimildir um náttúrufar og stuðla að almennum náttúrurannsóknum, einkum í viðkomandi landshluta,
b. að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál,
c. að veita fræðslu um náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga.

Heimilt er náttúrustofu að gerast aðili að sýningarsafni, en fjárhagur slíks safns og stofunnar skal vera aðskilinn.

12. gr.

Stjórn náttúrustofu með ríkisaðild skipa þrír menn búsettir í landshluta hennar. Eigendur í héraði tilnefna tvo stjórnarmenn en ráðherra einn og er hann formaður. Varastjórn skal skipuð á sama hátt. Starfstími stjórnar er milli almennra sveitarstjórnarkosninga.

Standi fleiri en eitt kjördæmi að náttúrustofu tilnefnir hver landshluti tvo menn í stjórn og ráðherra formann stjórnar.

13. gr.

Stjórn náttúrustofu ræður forstöðumann, fjallar um árlega fjárhagsáætlun fyrir stofuna og fylgist með fjárhag hennar og starfsemi. Kostnaður vegna starfa stjórnar er hluti af rekstrarkostnaði stofunnar.

14. gr.

Forstöðumaður náttúrustofu skal hafa háskólapróf í náttúrufræði eða þekkingu sem meta má til jafns við það. Hann er í fyrirsvari fyrir stofuna í heild, stjórnar daglegum rekstri hennar og ræður að henni annað starfslið með samþykki stjórnar, eftir því sem fé er veitt til hverju sinni.

III. KAFLI
Almenn ákvæði.

15. gr.

Náttúrufræðingum og aðstoðarmönnum þeirra, sem stunda almennar náttúrurannsóknir eða söfnun náttúrugripa og annarra heimilda um náttúruna á vegum hins opinbera, skal frjáls för um lönd manna, en forðast skulu þeir óþarfa átroðning og skylt er þeim að greiða fullar bætur fyrir tjón sem þeir kunna að valda.

Sömu aðilum er og heimilt að safna náttúrugripum hvar sem er án þess að endurgjald komi fyrir. Þetta gildir þó ekki ef um er að ræða náttúrugripi sem fémætir eru fyrir landeiganda eða aðra rétthafa lands.

Nú leiðir rannsókn í ljós verðmæti sem áður voru ókunn og ber þá rannsakanda að tilkynna það rétthafa þess lands þar sem verðmætin eru.

Náttúrugripi má ekki flytja úr landi nema með leyfi Náttúrufræðistofnunar Íslands og með þeim skilyrðum sem stofnunin setur hverju sinni.

16. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um skipulag og starfsemi Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa með ríkisaðild.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi frá 1. janúar 1992.

Um leið falla úr gildi lög nr. 48/1965, um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laganna skal þrátt fyrir ákvæði 3. gr. þessara laga stofnað setur Náttúrufræðistofnunar Íslands á Akureyri. Jafnframt skal að því unnið í samvinnu við heimamenn að koma á fót náttúrustofu á Austurlandi eigi síðar en í ársbyrjun 1993 og á Suðurlandi eigi síðar en í ársbyrjun 1994.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Síðastliðið sumar fékk umhverfisráðuneytið til meðferðar frumvarp til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Frumvarp þetta var samið af nefnd sem Svavar Gestsson menntamálaráðherra skipaði 13. júní 1989 til að fjalla um byggingu náttúrufræðihúss og um endurskoðun laga nr. 48/1965, um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Í nefndina voru skipuð Hjörleifur Guttormsson alþingismaður, formaður nefndarinnar, Eyþór Einarsson grasafræðingur, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, Jóhann Pálsson grasafræðingur, tilnefndur af Reykjavíkurborg, Sveinbjörn Björnsson prófessor, tilnefndur af Háskóla Íslands, Kristín Einarsdóttir alþingismaður, Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor, formaður Hins íslenska náttúrufræðifélags og Þórunn J. Hafstein, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu. Með nefndinni störfuðu Hrafnkell Thorlacius arkitekt og Kristín A. Árnadóttir fulltrúi og var hún ritari nefndarinnar.

Í skipunarbréfi nefndarinnar voru verkefni hennar:

„a. að semja drög að frumvarpi til nýrra laga um náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands með hliðsjón af tilhögun frá fyrri árum,

b. að kanna möguleika á samkomulagi um byggingu náttúrufræðihúss á höfuðborgarsvæðinu með aðild Náttúrufræðistofnunar, Háskóla Íslands, Reykjavíkurborgar og hugsanlega fleiri aðila,

c. aðrir þættir sem tengjast þessum málum og nefndin vill koma á framfæri.

Í tengslum við starf sitt skal nefndin athuga stöðu náttúrugripasafna í öðrum landshlutum með tilliti til rannsókna og samstarfs við Náttúrufræðistofnun Íslands. Í því sambandi verði m.a. farið yfir fyrirliggjandi hugmyndir um byggingu Náttúrufræðihúss á Akureyri."

Nefndin valdi sér heitið NNN-nefnd þar eð allmargar stjórnskipaðar nefndir hafa glímt við svipað verkefni síðustu áratugi. Í skipunarbréfi nefndarinnar er vísað til tillagna frá fyrri árum og nefndin beðin um að hafa hliðsjón af þeim. Þær tillögur, sem nefndin athugaði sérstaklega, voru:

* Nefndarálit um tilhögun og uppbyggingu náttúrufræðisafns frá 7. desember 1987.
* Álit nefndar bæjarstjórnar Akureyrar um húsnæðismál Náttúrufræðistofnunar Norðurlands frá ágúst 1987 og greinargerð menntamálaráðuneytisins um viðræður við norðanmenn á árinu 1988.
* Þingsályktunartillaga um náttúrufræðisafn á höfuðborgarsvæðinu flutt af alþingismönnum úr öllum þingflokkum á 107. löggjafarþingi 1985 (497. mál).
* Álit nefndar um tengsl milli héraðs- og bæjarnáttúrugripasafna og Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 13. september 1973.
* Álit nefndar um stefnumótun í umhverfisrannsóknum frá júní 1975.

NNN-nefnd skilaði áfangaáliti til menntamálaráðuneytis 29. september 1989 og voru helstu niðurstöður þess kynntar í tengslum við 100 ára afmælishátíð Hins íslenska náttúrufræðifélags 1. október 1989 og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Nefndin hélt 33 sam-

eiginlega fundi auk þess sem hún skiptist í vinnuhópa sem áttu fundi með mörgum aðilum.

Nefndin leitaði víða fanga í störfum sínum, m.a. var aflað upplýsinga frá náttúrufræðisöfnum og svonefndum vísindasöfnum (science museums) í mörgum löndum. Einstakir nefndarmenn skoðuðu slík söfn erlendis eftir að nefndin hóf störf, heimsóttu m.a. athyglisvert safn, Heureka, í bænum Vanda rétt utan við Helsinki í Finnlandi. Forstöðumaður Heureka–safnsins, Hannu J. Miettinen, kom hingað til lands í boði menntamálaráðherra í tengslum við afmælishátíð Hins íslenska náttúrufræðifélags og átti nefndin fund með honum.

Á meðan nefndin var að störfum kynnti hún ýmsum aðilum sjónarmið sín og hugmyndir og átti viðræður m.a. við starfsfólk Náttúrufræðistofnunar Íslands, starfsfólk Grasagarðsins í Reykjavík, viðræðunefnd um málefni Náttúrufræðistofnunar Norðurlands og starfsfólk stofnunarinnar á Akureyri, Magnús Magnússon, varaformann Vísindaráðs, og stjórnarmenn náttúruvísindadeildar Vísindaráðs, þá Axel Björnsson, Gísla Má Gíslason og Sigfús Schopka, svo og við Pál Hersteinsson veiðistjóra og Þorvald S. Þorvaldsson, forstöðumann Borgarskipulags Reykjavíkur. Á fund nefndarinnar komu einnig forstöðumenn rannsóknastofnana: Jakob Björnsson orkumálastjóri, Jakob Jakobsson, forstöðumaður Hafrannsóknastofnunar, og Þorsteinn Tómasson, forstöðumaður Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Þá áttu fulltrúar frá nefndinni viðræður við Davíð Oddson, borgarstjóra í Reykjavík og Sigmund Guðbjarnason háskólarektor um aðild Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands að náttúrufræðihúsi.

Nefndin sendi drög að frumvarpi, sem fylgdu áfangaáliti hennar, til umsagnar allmargra aðila. Skrifleg svör bárust frá eftirtöldum: Stjórn Vísindaráðs og náttúruvísindadeild Vísindaráðs, Rannsóknaráði ríkisins, viðræðunefnd um málefni Náttúruvísindastofnunar Norðurlands, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, veiðistjóra, starfshópi um Náttúrufræðistofnun Austurlands, Náttúrugripasafninu í Neskaupstað, Fjórðungssambandi Norðlendinga og Vestmannaeyjabæ.

Nefndin ræddi við suma af umsagnaraðilum og átti m.a. nokkra fundi með fulltrúum Vísindaráðs, Rannsóknaráðs og viðræðunefnd um málefni Náttúrufræðistofnunar Norðurlands. Að því búnu gerði nefndin enn verulegar breytingar á frumvarpsdrögunum í það horf sem hér liggur fyrir.

Endurskoðun umhverfisráðuneytis.

Umhverfisráðuneytið taldi rétt að kanna betur nokkur atriði í frumvarpinu áður en það yrði lagt fyrir Alþingi, einkum þau sem lúta að stjórn og skipulagi Náttúrufræðistofnunar. Við endurskoðun á vegum ráðuneytisins störfuðu Jón Gunnar Ottósson og Davíð Þór Björgvinsson dósent og áttu m.a. viðræður við starfsfólk Náttúrufræðistofnunnar Íslands. Nokkrar breytingar voru gerðar á frumvarpinu í framhaldi af því.

Helstu breytingar, sem gerðar voru á frumvarpinu, eru þessar:

* Heimild til að Náttúrufræðistofnun hafi aðsetur utan Reykjavíkur er rýmkuð. Þannig gætu setur stofnunarinnar alls orðið sex í stað fimm, að setrinu í Reykjavík meðtöldu. Miðað er við að í framtíðinni verði eitt setur á Norðurlandi, eitt á Austurlandi, eitt á Suðurlandi, eitt á Vesturlandi og eitt á Vestfjörðum, auk seturs í Reykjavík.
* Tilhögun á skipun stjórnar er breytt frá því sem var í tillögum NNN-nefndarinnar og verksvið hennar afmarkað á skýrari hátt en áður.

* Kveðið er á um að ráðherra skipi forstöðumenn setra og að forstöðumaður seturs í Reykjavík verði jafnframt forstjóri stofnunarinnar. Jafnframt er gert ráð fyrir að ráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um hlutverk forstjóra, forstöðumanna og stjórnar. Þessar breytingar miða að því að gera stjórnunarþáttinn einfaldari og skilvirkari án þess þó að draga úr sjálfstæði einstakra setra.
* Ákvæði um skipun dómnefndar til að fjalla um hæfni manna til að gegna stöðum hjá stofnuninni hafa verið felld niður ásamt nokkrum ákvæðum um innra skipulag stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að nánari ákvæði um þessi atriði og önnur er lúta að stjórn og starfsemi stofnunarinnar verði sett í reglugerð eins og tilgreint er í 16. gr.

Greinargerð þessi er að miklu leyti samhljóða þeirri sem NNN-nefndin samdi, að öðru leyti en því að tekið hefur verið tillit til allra breytinga sem gerðar voru á frumvarpinu á vegum umhverfisráðuneytis.

Helstu atriði frumvarpsins.

Nefndin skilaði áliti 22. mars 1990 og var það tvíþætt:

Annars vegar tillaga um Náttúruhús í Reykjavík (sjá fylgiskjal) og hins vegar frumvarp til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Verður hér á eftir gerð grein fyrir helstu atriðum frumvarpsins.

Frumvarpinu er ætlað að koma í stað gildandi laga nr. 48/1965, um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands. Ákvæði um almennar náttúrurannsóknir falla að mestu burt þannig að frumvarpið fjallar um Náttúrufræðistofnun Íslands í breyttri mynd. Þá er aukið við nýjum ákvæðum, m.a. um náttúrustofur í landshlutum og sýningarstarfsemi.

Helstu nýmæli samkvæmt frumvarpinu eru þessi:

* Náttúrfræðistofnun er skilgreind sem landsstofnun og geta setur hennar verið á allt að sex stöðum á landinu. Samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða er þó aðeins gert ráð fyrir einu setri utan Reykjavíkur á næstu fimm árum. Stofnunin lýtur sérstakri stjórn sem skipuð er af ráðherra.
* Heimild er til að veita náttúrustofum í kjördæmum tiltekinn fjárhagsstuðning frá ríkinu, enda falli þær þá undir ákvæði laganna, sbr. II. kafli, m.a. um verkefni og stjórn. Í ákvæði til bráðabirgða er kveðið á um að heimild verði veitt fyrir tveimur slíkum náttúrustofum innan fimm ára frá gildistöku laganna.
* Uppbygging og rekstur náttúrusýningasafna eru aðskilin frá rannsóknum og verða verkefni sérstakra félaga, e.t.v. sem sjálfseignarstofnanir.
* Rannsóknir er tengjast umhverfismálum geta verið meðal verkefna Náttúrufræðistofnunar og náttúrustofa og fer umhverfisráðherra með málefni sem lögin taka til.
* Kveðið er á um tengsl Náttúrufræðistofnunar við aðrar rannsóknastofnanir og samstarf hennar og náttúrustofa.
* Sett eru ný og fyllri ákvæði um menntunarkröfur deildarstjóra og sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar.

Breyttar aðstæður í náttúrurannsóknum.

Mikil breyting hefur orðið á aðstöðu og tilhögun náttúrurannsókna frá því sett voru lög um Náttúrufræðistofnun Íslands 1965. Rannsóknastofnanir atvinnuveganna hafa eflst til muna, þar á meðal Hafrannsóknastofnun, Orkustofnun og Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Náttúrugripasöfn hafa verið stofnuð á nokkrum stöðum á landinu og við sum

þeirra eru stundaðar allvíðtækar rannsóknir. Við Háskóla Íslands er nú kennsla í líffræði og jarðfræði og þar vinna margir prófessorar og sérfræðingar að rannsóknum. Stofnaður hefur verið Háskóli á Akureyri. Norræn eldfjallastöð er komin á fót hérlendis og við hana fara fram margþættar jarðfræðirannsóknir.

Lög um Rannsóknaráð ríkisins hafa verið endurskoðuð og sett á fót sérstakt Vísindaráð, sem hefur m.a. það verkefni „að gera tillögur um stefnumörkun fyrir vísindastarfsemi í landinu og fylgjast með starfi og skipulagi vísindastofnana". Við samningu frumvarpsins var leitast við að taka tillit til þessara breyttu aðstæðna og ábendinga sem fram komu hjá ýmsum viðmælendum nefndarinnar.

Verkefni nefndarinnar var að fjalla um þann þátt náttúrurannsókna sem snýr að Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrurannsóknum utan Reykjavíkur. Skyldi höfð hliðsjón af gildandi lögum, nr. 48/1965, og fyrri tillögum, m.a. um náttúrufræðistofur, náttúrusýningasöfn og umhverfisrannsóknir.

Nefndin leit ekki á það sem verkefni sitt að fjalla um málefni náttúrurannsókna almennt á vegum þeirra mörgu stofnana sem þær stunda eða gera langtímaáætlun um þróun þeirra rannsókna. Slíkt fellur eðlilega undir verksvið Vísindaráðs lögum samkvæmt og er verkefni sem tekur óhjákvæmilega nokkur ár að leysa, eftir að í það er ráðist.

Í tillögum að fyrirliggjandi frumvarpi fellir nefndin að yfirveguðu ráði og vegna breyttra aðstæðna niður ákvæði um almennar náttúrurannsóknir, sem orðin voru úrelt, og breytir heiti frumvarpsins til samræmis við það. Frumvarpið er þannig afmarkað við málefni Náttúrufræðistofnunar og náttúrustofur sem henni tengjast. Gert er ráð fyrir endurskoðun laga um þetta efni innan fimm ára, m.a. með það í huga að fram að þeim tíma kunni að fara fram víðtæk athugun á stöðu náttúrurannsókna í landinu í heild. Með frumvarpinu er ekki verið að takmarka verksvið annarra rannsóknastofnana frá því sem verið hefur, né heldur verið að veita Náttúrufræðistofnun eða náttúrustofum neinn einkarétt til rannsókna á náttúru landsins eða umhverfisþáttum.

Er þörf á Náttúrufræðistofnun?

Þeirri spurningu hefur oft verið varpað fram hvort ekki sé rétt að leggja Náttúrufræðistofnun Íslands niður í núverandi mynd og fela öðrum stofnunum verkefni hennar. Hefur þá einkum verið bent á náttúrufræðirannsóknir sem vaxið hafa upp við Háskóla Íslands.

NNN-nefnd taldi það ekki verkefni sitt að svara þeirri spurningu litið til langs tíma en velti því hins vegar fyrir sér hvort svo róttæk breyting væri skynsamleg og framkvæmanleg við núverandi aðstæður. Niðurstaða nefndarinnar er eindregið sú að svo sé ekki, heldur beri að gera breytingar á aðstöðu og starfsemi Náttúrufræðistofnunar sem m.a. auðveldi tengsl og samskipti við aðra rannsóknastarfsemi á sviði náttúruvísinda. Helstu rök nefndarinnar fyrir þeirri niðurstöðu eru eftirtalin:

1. Æskilegt er að sérstök stofnun hafi það verkefni að sjá um skipulega söfnun heimilda um náttúru Íslands og að varðveita niðurstöður í fræðilegum söfnum sem verði öllum opin og aðgengileg.
2. Eðlilegt er að aðstaða til slíkra rannsókna sé til staðar á nokkrum stöðum á landinu og að stofnunin sé þannig landsstofnun sem eigi sér fleiri en eitt setur.
3. Fræðileg söfn og rannsóknir eru víðast hvar bakhjarl sýningarsafna á sviði náttúrufræða fyrir almenning. Því þykir rétt að tryggja áfram tengsl Náttúrufræðistofnunar við sýningarsöfn, m.a. í væntanlegu Náttúruhúsi í Reykjavík.

4. Eðlilegt er að ætla Náttúrufræðistofnun almannatengsl og fræðsluhlutverk. Einnig af þeirri ástæðu eru samskipti við náttúrusýningarsöfn æskileg þótt slík söfn verði byggð upp og rekin sem sjálfstæðar stofnanir með þátttöku fleiri aðila en ríkisins.
5. Hefð er fyrir nánu sambandi milli almennra náttúrurannsókna, náttúrusýninga og áhugamannafélaga í Reykjavík og víðar á landinu. Ástæða er til að hlúa að slíkum samskiptum fremur en rjúfa þau þótt komið verði á nokkuð breyttri skipan um sýningarsöfn frá því sem verið hefur.
6. Rannsóknir á sviði umhverfismála hafa verið stundaðar af Náttúrufræðistofnun og náttúrugripasöfnum undanfarin 15 ár og er eðlilegt að þær verði hluti af starfsemi þeirra framvegis þótt margir aðrir komi þar við sögu. Tengsl Náttúrufræðistofnunar við náttúrustofur í kjördæmum landsins falla vel að slíkri starfsemi og fleiri verkefnum sem tengjast umhverfisvernd.

Um einstaka þætti samkvæmt frumvarpinu.

Verkefni Náttúrufræðistofnunar.

Kveðið er á um verkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands í 5. og 6. gr. frumvarpsins. Þar er m.a. gert ráð fyrir að stofnunin stundi almennar rannsóknir á náttúru Íslands á sviði dýrafræði, grasafræði, jarðfræði og umhverfismála og annist skipulega söfnun og vörslu heimilda í fræðilegum söfnum. Rannsóknaniðurstöður í vörslu stofnunarinnar eiga að vera opnar og aðgengilegar og skráðar á samræmdan hátt þannig að fá megi sem best yfirlit um náttúru landsins.

Áhersla verði sem hingað til lögð á útbreiðslu og flokkun tegunda lífvera, svo og vistfræði þeirra og söfnun og greiningu sýna af steinum, bergtegundum og steingervingum. Stofnunin byggir upp og rekur fræðileg söfn náttúrugripa og lánar gripi til rannsókna og sýninga. Hún sér um gerð yfirlitskorta um jarðfræði landsins og setur hennar annast fuglamerkingar. Umhverfisrannsóknir stofnunarinnar beinast að því að auðvelda mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum landnotkunar og mannvirkjagerðar á náttúru. Þá á Náttúrufræðistofnun að styðja við uppbyggingu náttúrusýningasafna og miðla fræðsluefni um íslenska náttúru.

Skipulag og stjórn Náttúrufræðistofnunar.

Í I. kafla frumvarpsins er fjallað um skipulag og stjórn Náttúrufræðistofununar. Tekið er fram að hún sé í eigu íslenska ríkisins og geti auk aðseturs í Reykjavík haft setur utan höfuðborgarsvæðisins. Þannig er gert ráð fyrir að lögin heimili allt að sex setur stofnunarinnar, þ.e. fimm til viðbótar starfseminni í Reykjavík. Skal hvert þeirra hafa sjálfstæðan fjárhag. Frumvarpið gerir ráð fyrir að nánari ákvæði um stjórn og skipulag setra verði settar í reglugerð. Í ákvæði til bráðabirgða er kveðið á um að við gildistöku laganna verði stofnað setur Náttúrufræðistofnunar á Akureyri og innan tveggja ára komið á fót náttúrustofum í tveimur landsfjórðungum.

Fimm manna stjórn, skipuð af ráðherra til fjögurra ára í senn, skal annast yfirstjórn stofnunarinnar, stuðla að samræmingu rannsókna á hennar vegum og eðlilegri verkaskiptingu milli setra. Þá á stjórnin að gæta samráðs við ráð og stofnanir sem starfa á líkum sviðum.

Ráðherra skipar formann stjórnar, náttúrusetur í Reykjavík tilnefnir einn stjórnarmann, setur utan Reykjavíkur og náttúrustofur einn sameiginlega og Hið íslenska náttúrufræðifélag einn. Það síðasttalda þykir eðlilegt þar eð stofnunin er sprottin upp úr starf-

semi á vegum náttúrufræðifélagsins og eitt af hlutverkum hennar er að sinna almenningsfræðslu. Stjórnin á að fara yfir fjárhagsáætlanir og hún skipar forstöðumann hvers seturs úr hópi starfsmanna til sex ára í senn.

Með þessu fyrirkomulagi er í senn stefnt að landfræðilegri dreifingu og samhæfingu verkefna, en jafnframt er hverju setri veitt nokkurt sjálfstæði. Hér er gert ráð fyrir öðrum tengslum en venjulega eru milli miðstöðvar og útibús og eykur það sveigjanleika innan stofnunarinnar í heild og hvetur til frumkvæðis hvers seturs.

Náttúrustofur með ríkisaðild í kjördæmum.

Annar kafli frumvarpsins fjallar um náttúrustofur með ríkisstuðningi en í eigu heimaaðila í kjördæmum landsins. Geta þær notið tiltekins fjárstuðnings úr ríkissjóði sem nemi launum forstöðumanns og helmingi stofnkostnaðar. Náttúrustofum, er slíks stuðnings njóta, er ætlað að starfa í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og tilnefnir ráðherra formann stjórnar með búsetu á svæðinu.

Hlutverk náttúrustofa eru tilgreind í 11. gr. og felast m.a. í heimildasöfnun um náttúrufar og stuðningi við umhverfisvernd og náttúrurannsóknir í viðkomandi landshluta. Einnig er þeim ætlað að aðstoða við fræðslu og gerð nýrra sýninga og eiga hlut að sýningarsöfnum sem hafi sjálfstæðan fjárhag. Verkefnin eru þannig að nokkru svipaðs eðlis og hjá setrum Náttúrufræðistofnunar en skyldur lögum samkvæmt færri, enda frumkvæði og stjórn í höndum heimamanna. Gert er ráð fyrir að setur Náttúrufræðistofnunar utan Reykjavíkur vaxi upp úr náttúrustofum sem starfræktar hafa verið undir nafni náttúrugripasafna um nokkurt skeið.

Frumvarpið gerir ráð fyrir a.m.k. árlegum samráðsfundum sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar og forstöðumanna náttúrustofa að frumkvæði stjórnar Náttúrufræðistofnunar. Á þessum fundum verði leitast við að samræma rannsóknir þessara aðila sem best og að koma á samvinnu um útgáfustarfsemi og fleiri þætti sem til hagkvæmni horfa.

Náttúrusýningar og fræðsla.

Samkvæmt frumvarpinu á að greina fjárhagslega og rekstrarlega milli rannsóknastarfsemi og varðveislu á rannsóknagögnum og náttúrugripum til vísindalegra nota annars vegar og náttúrusýninga hins vegar. Þó er gert ráð fyrir því að Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur styðji við starfsemi sýningarsafna með ýmsum hætti og að ríkið geti verið eignaraðili að slíkum söfnum samkvæmt sérstökum stofnsamningi.

Þannig er gert ráð fyrir eignaraðild ríkisins eða Náttúrufræðistofnunar fyrir þess hönd að sýningarsafni í Náttúruhúsi í Reykjavík ásamt Háskóla Íslands og Reykjavíkurborg. Frumvarpið gerir ráð fyrir að hliðstæð tilhögun geti komist á víðar, t.d. þar sem sérstök náttúrugripasöfn eru nú starfrækt af sveitarfélögum. Í öllum tilvikum yrði fjárhagur slíkra safna sérgreindur og aðild ríkisins samkomulagsatriði háð heimild ráðherra og Alþingis.

Slík náttúrusöfn hafa mikið gildi fyrir skóla og almenning. Fræðslustarf þeirra er af margvíslegum toga, m.a. á að vera auðvelt að tengja það lifandi náttúru og skoðunarferðum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Greinin felur í sér það nýmæli að heimild er veitt til að Náttúrufræðistofnun hafi aðsetur utan Reykjavíkur. Þannig gætu setur stofnunarinnar alls orðið sex talsins að setrinu í Reykjavík meðtöldu. Tiltekið er að hvert setur hafi sjálfstæðan fjárhag, en í því felst m.a. að við afgreiðslu fjárlaga sé tekin ákvörðun um fjárveitingar til hvers seturs fyrir sig og hafi þau öll eigin stofnananúmer í fjárlögum.

Um 4. gr.

Greinin kveður á um stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands, skipun hennar og verksvið og um samráð hennar við önnur ráð og stofnanir sem sinna skyldum verkefnum.

Gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglur um fyrirkomulag á tilnefningu stjórnarmanna frá setrum Náttúrufræðistofnunar og frá náttúrustofum. Við samsetningu stjórnar er m.a. haft í huga að tryggja tengsl við setur utan Reykjavíkur og náttúrustofur, svo og við Hið íslenska náttúrufræðifélag sem áhugamannasamtök.

Forstöðumenn setra Náttúrufræðistofnunar skulu skipaðir af ráðherra að fengnum tillögum stjórnar. Kveðið er á um að forstöðumaður seturs í Reykjavík skuli jafnframt vera forstjóri stofnunarinnar allrar, en með því er verið að tryggja að einn aðili komi fram fyrir hönd stofnunarinnar þegar þörf krefur. Einnig er með þessu lögð áhersla á að hér sé um eina stofnun að ræða þrátt fyrir heimildir um fleiri en eitt setur og fjárhagslegt sjálfstæði þeirra. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglur um hlutverk forstjóra, forstöðumanna og stjórnar.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um helstu viðfangsefni og verkefni Náttúrufræðistofnunar. Henni er ætlað að standa að rannsóknum og skipulegri heimildasöfnun um náttúru landsins, sbr. 6. gr. og varðveita niðurstöður og eintök í fræðilegum söfnum og gagnasafni, þannig að sem best yfirlit liggi fyrir um náttúru landsins.

Þar eð gert er ráð fyrir að stofnunin eigi aðsetur á nokkrum stöðum á landinu er mikilvægara en ella að gætt verði samræmis við flokkun og skráningu upplýsinga og að þær séu varðveittar í samtengdu gagnasafni.

Upptalning aðalverkefna er fyllri en í gildandi lögum og tekur mið af viðfangsefnum stofnunarinnar til þessa og breytingum samkvæmt frumvarpinu. Ný eru ákvæði undir a-, c-, d- og f-liðum.

Felld eru niður ákvæði um að stofnunin skuli koma upp sýningarsafni þar eð frumvarpið gerir ráð fyrir að fleiri sameinist um það verkefni, sbr. 8. gr. Þá er létt af stofnuninni kvöð um „að hafa eftirlit með almennum rannsóknum erlendra náttúrufræðinga hér á landi“ þar eð slíkt hefur í reynd verið í verkahring Rannsóknaráðs ríkisins, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 107/1968, og hefur síðan verið falið Vísindaráði með lögum nr. 48/1987.

Ákvæði um fuglamerkingar er óbreytt frá gildandi lögum og talið rétt að stofnunin hafi sem hingað til ein heimild til að láta merkja villta fugla hérlendis þannig að fyllsta samræmis sé gætt.

Vandséð er að leggja megi á aðrar stofnanir þau verkefni sem hér eru lögð á Náttúrufræðistofnun, t.d. þau að styðja við uppbyggingu sýningarsafna og miðlun fræðsluefnis, sbr. d-lið.

Um 6. gr.

Greinin kveður á um rétt Náttúrufræðistofnunar til að fá upplýsingar er varða starfsemi hennar frá opinberum stofnunum en jafnframt um skyldur stofnunarinnar til að veita aðgang að upplýsingum í aðgengilegu formi. Um það efni verða settar reglur sem eðlilegt er að stjórn stofnunarinnar geri tillögur um til ráðherra.

Þá fjallar greinin um afnot vísindamanna af niðurstöðum rannsókna og grunngögnum í vörslu Náttúrufræðistofnunar. Er þá átt við rannsóknir sem stundaðar hafa verið á vegum viðkomandi stofnana, skrásetningar og hliðstæðar upplýsingar, en hins vegar ekki persónubundnar rannsóknir eða gögn sem einstaklingur hefur undir höndum og hefur aflað á eigin vegum þó svo hann starfi við opinbera rannsóknastofnun.

Um 7. gr.

Greinin kveður á um tilhögun á ráðningu deildarstjóra og fastráðinna sérfræðinga. Deildarstjórar og sérfræðingar skulu hafa lokið háskólaprófum á viðkomandi fræðasviði eða vera að öðru leyti viðurkenndir fræðimenn á sérsviði sínu.

Um 8. gr.

Með greininni er Náttúrufræðistofnun heimilað með leyfi ráðherra að gerast formlegur aðili að náttúrusýningasöfnum sem rekin eru af öðrum en ríkinu. Slík aðild getur verið með ýmsum hætti samkvæmt samningi, t.d. fjárhagsleg, með framlagi uppsetningar sýninga og í formi vinnu án endurgjalds. Bein aðild að slíku sýningarsafni er í undirbúningi vegna safns í Náttúruhúsi í Reykjavík sem stofnað yrði til með Reykjavíkurborg og Háskóla Íslands.

Í staðinn er létt af lagakvöð á Náttúrufræðistofnun um „að koma upp sýningarsafni er veiti sem gleggst yfirlit um náttúru Íslands og sé opið almenningi".

Þá er með greininni gert ráð fyrir að Náttúrufræðistofnun aðstoði við gerð sýninga á sviði náttúrufræða. Er m.a. veitt heimild til að stofnunin láni gripi úr vísindasöfnum setranna til slíkra sýninga samkvæmt samningi til lengri eða skemmri tíma.

Um 9. gr.

Með ákvæðum greinarinnar er ráðherra veitt heimild til að leyfa í hverju kjördæmi starfrækslu einnar náttúrustofu sem njóti fjárhagslegs stuðnings frá ríkinu eins og tiltekið er í 10. gr. frumvarpsins.

Eigendur og rekstraraðilar slíkra stofa eru heimaaðilar á viðkomandi svæði. Fjárhagsstuðningur ríkisins fari ekki yfir tiltekin mörk þótt ákveðið verði að starfsemi stofunnar verði á fleiri en einum stað í kjördæminu. Þá er kjördæmunum heimilt að sameinast um eina náttúrustofu.

Um 10. gr.

Greinin kveður á um fjárhag náttúrustofu. Framlag ríkissjóðs takmarkast við laun forstöðumanns og eins er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs svari til stofnkostnaðar vegna húsnæðis, innréttinga, bóka- og tækjakaupa stofnunar eftir því sem ákveðið er á fjárlög-

um hverju sinni, enda liggi fyrir trygging um jafnhátt framlag frá heimaaðilum. Starfi stofan í leiguhúsnæði fer með sama hætti um greiðslu kostnaðar, enda rúmist leigugreiðslur innan ramma fjárlaga. Heimaaðilar stæðu að öðru leyti undir stofn- og rekstrarkostnaði en fengju í sinn hlut sértekjur af starfsemi stofunnar, þar á meðal tekjur af útseldri vinnu. Þá er kveðið á um að framlag ríkissjóðs verði bundið því skilyrði að eigur er til stofnkostnaðar teljast verði einvörðungu nýttar í þágu náttúrustofu nema fyrir liggi samþykki ráðuneytis um annað.

Um 11. gr.

Greinin skilgreinir helstu verkefni sem náttúrustofu er ætlað að rækja. Þar er öðru fremur átt við verk er tengjast viðkomandi svæði eða landshluta. Nýting á heimild 2. mgr. um aðild stofunnar að náttúrugripasafni breytir engu um fjárstuðning af hálfu ríkisins nema sérstakt samkomulag sé gert það að lútandi.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Greinin fjallar um gildistöku laganna 1. janúar 1992. Um leið falla úr gildi lög nr. 48/1965, um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Með ákvæðinu eru stefna og röð tímasettar hvað notkun heimilda frumvarpsins varðandi setur Náttúrufræðistofnunar Íslands norðan lands og náttúrustofur í tveimur kjördæmum.

Óskir liggja fyrir frá bæjarstjórn Akureyrar (Náttúrufræðistofnun Norðurlands) og bæjarstjórn Neskaupstaðar (Náttúrugripasafninu í Neskaupstað) um aðild ríkisins að starfsemi þessara stofnana, m.a. varðandi yfirtöku á kostnaði vegna náttúrurannsókna sem þar eru stundaðar. Með ákvæðinu er því slegið föstu að heimild samkvæmt frumvarpinu verði notuð við gildistöku laganna varðandi Norðurland (Akureyri) með því að stofna til seturs fyrir Náttúrufræðistofnun þar nyrðra. Ári síðar eða frá 1. janúar 1993 yrði notuð heimild til að stofna náttúrustofu fyrir Austurland í Neskaupstað og 1994 fyrir Suðurland.

Fylgiskjal I.

Um Náttúruhús í Reykjavík.[1]

Í Náttúruhúsi í Reykjavík er gert ráð fyrir að verði Reykjavíkursetur Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrusýningasafn. Heildarflatarmál fyrsta byggingaráfanga þess er áætlað um 5.700 brúttófermetrar (um 4.200 nettó) og byggingarkostnaður rúmar 550 m.kr. Í nánu sambýli við Náttúruhús verði rannsóknir og kennsla Háskólans á sviði líffræði og jarðfræði. Gert er ráð fyrir að þessar byggingar rísi í Vatnsmýri austan við Norræna húsið. Milli þeirra og Hringbrautar verði friðland til að vernda fuglalíf og vatnsbúskap Tjarnarinnar.

Náttúrufræðistofnun flytji starfsemi sína úr núverandi húsnæði við Hlemmtorg í Náttúruhús. Sú starfsemi og þróun hennar á landsmælikvarða er nánar skilgreind í frumvarpi til laga um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur. Gert er ráð fyrir að hlutur stofnunarinnar í Náttúruhúsi verði 3.300 fermetrar, þar af um 2.400 fermetrar í 1. byggingaráfanga, sem kosti tæpar 200 m.kr. og verði í eigu ríkisins einvörðungu. Á móti þeim kostnaði kæmi andvirði eigna við Hlemm.

Náttúrusýningasafn verði í stórum hluta hússins eða sem svarar 3.300 fermetrum og er áætlaður stofnkostnaður þess um 355 m.kr. Það verði í eigu sérstaks félags sem að standi ríki, Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands og e.t.v. fleiri aðilar. Þeir komi sér saman um rekstrarform og tilhögun við uppbyggingu sýninga, en gert er ráð fyrir fjölþættum sýningum og nútímalegri safntækni. Náttúrufræðistofnun mun veita aðstoð við uppsetningu sýninga og lána sýningargripi og fleira efni úr sinni vörslu. Nefndin gerir ráð fyrir að auk fastra sýninga verði í húsinu möguleikar til breytilegra sýninga og margs konar fræðslustarfs og að þar komi til sögu auk eigenda safnsins ýmsar rannsóknastofnanir og samtök atvinnuvega. Áætlaður kostnaður við endurnýjun fastra sýninga er um 3 m.kr. á ári, launakostnaður um 18 m.kr. og rekstrarkostnaður húsnæðis um 13 m.kr. Samtals yrði þannig rekstrarkostnaður vegna sýningarsafns um 38 m.kr. á ári. Hluta af þeim kostnaði mætti hugsanlega fá til baka sem aðgangseyri að safninu, en ógerlegt er að meta nú hve miklar upphæðir gæti verið um að ræða.

Í Náttúruhúsi er gert ráð fyrir um 350 fermetra anddyri með veitingasölu og margs konar sameiginlegri þjónustu, svo og fyrirlestrasal fyrir um 200 manns. Þá fái Hið íslenska náttúrufræðifélag aðsetur í húsinu.

Nefndin gerir ráð fyrir að stofnað verði undirbúningsfélag um Náttúruhús vorið 1990 og byggingarfélag í árslok 1991. Byggingarframkvæmdir gætu þá hafist á miðju ári 1992 og þeim verið lokið fyrir árslok 1994.

Forstöðumann vegna sýningarstarfsemi í húsinu þyrfti að ráða í ársbyrjun 1991, rekstrarfélag um sýningarstarfsemi yrði stofnað í ársbyrjun 1993 þannig að sýningarstarfsemi geti hafist í ársbyrjun 1995.

---

[1] Náttúruhús er heiti sem nefndin hefur valið til að nota um það sem hingað til hefur verið kallað náttúrufræðihús, sbr. skipunarbréf og fyrri nefndir.

Fylgiskjal II.

Um Náttúrufræðihús á Akureyri.

Náttúrufræðistofnun Norðurlands býr í dag við afar þröngan húsakost hvort sem litið er til vinnuaðstöðu sérfræðinga, rannsókna- eða sýningarsafns. Því var það að bæjarstjórn Akureyrar kaus til þess nefnd að kanna húsnæðisþörf stofnunarinnar til frambúðar og gera tillögur til úrbóta.

Nefndin skilaði áliti í ágústmánuði 1987 ásamt ítarlegri greinargerð. Leggur hún til að leitað verði samstarfs við ríkið um að standa sameiginlega að byggingu yfir starfsemi Náttúrufræðistofnunar með rúmgóðum sýningarsölum ásamt vísinda- og gagnamiðstöð með aðild ýmissa opinberra stofnana í bænum. Sem hugsanlegir þátttakendur, auk Akureyrarbæjar og Náttúrufræðistofnunar, eru nefndir til sögu Háskólinn á Akureyri, Menntaskólinn, Verkmenntaskólinn og Fjórðungssjúkrahúsið. Enn fremur verði í byggingunni salur til fyrirlestra- og ráðstefnuhalds. Lagt er til að byggingin verði tengd nafni Jónasar Hallgrímssonar, skálds og náttúrufræðings.

Sem ákjósanlegan stað fyrir byggingu þessa nefnir nefndin lóð í eigu Menntaskólans ofan Lystigarðsins að Þórunnarstræti. Samkvæmt síðustu áætlun um húsnæðisþörf þyrfti endanleg stærð „Jónasarhúss" að vera um 3.500–4.100 fermetrar að gólffleti.

NNN-nefnd hefur ekki forsendur til að meta í einstökum atriðum þá byggingar- og húsrýmisáætlun sem fram kemur í þessum tillögum, en telur þá meginhugmynd sem að baki þeim býr allrar athygli verða. Bein tengsl við Lystigarðinn yrðu styrkur fyrir grasafræðirannsóknir stofnunarinnar og þau mundu enn fremur auka verulega gildi sýningarsafnsins og bæta aðstöðu þar til fræðslustarfs. Þá er jafnframt augljóst að af því yrði bæði hagræði og hagkvæmni ef hægt verður að sameina vísindaleg gagna- og bókasöfn á Akureyri undir einu þaki svo nálægt þeim skólum og öðrum stofnunum sem mest þurfa að nýta þá þjónustu.

Fylgiskjal III.

Sögulegt yfirlit.
Hið íslenska náttúrufræðifélag, Náttúrugripasafnið í Reykjavík og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Á árinu 1989 urðu merkileg tímamót í sögu íslenskrar náttúrufræði, en þá voru liðin 100 ár frá stofnun Hins íslenska náttúrufræðifélags. Félagið var stofnað 16. júlí 1889 „með það sérstaklega fyrir mark og mið að koma upp náttúrugripasafni hér í Reykjavík, því vér erum sannfærðir um, að slíkt safn hlýtur með tímanum að verða aðaluppspretta alls náttúrufróðleiks hér á landi, og fá stórmikla vísindalega þýðingu, auk þess sem það yrði til mikils sóma fyrirland vort og þjóð" eins og segir í áskorun um stofnun félagsins frá 9. júlí 1889.

Félagið hóf strax að safna náttúrugripum og þegar á fyrsta ári þess varð til fyrsti vísir að náttúrugripasafninu sem fljótlega var farið að kalla Náttúrugripasafnið í Reykjavík. Safnið var eign Hins íslenska náttúrufræðifélags þar til í ársbyrjun 1947 að ríkið tók við rekstri þess.

Fyrstu lögin voru sett um Náttúrugripasafnið árið 1951 og hlaut það þá nafnið Náttúrugripasafn Íslands. Þau lög voru aukin og endurbætt árið 1965 og nafninu þá breytt í Náttúrufræðstofnun Íslands. Nafnbreytingin var gerð til samræmis við það meginákvæði hinna nýju laga að safnið skyldi vera miðstöð almennra náttúrurannsókna, þ.e. undirstöðurannsókna í dýrafræði, grasafræði og jarðfræði. Samkvæmt lögunum, sem hafa verið óbreytt fram á þennan dag, er stofnuninni einnig falið að koma upp vísindalegu safni náttúrugripa og sýningarsafni er opið sé almenningi og veiti sem gleggst yfirlit um náttúru landsins.

Húsnæðismál Náttúrugripasafnsins og Náttúrufræðistofnunar. Hugmyndir um safnbyggingu.

Allt frá stofnun Hins íslenska náttúrufræðifélags ólu félagsmenn þá von í brjósti að Náttúrugripasafnið kæmist í eigið húsnæði, en frá upphafi hafa húsnæðismál safnsins verið eitt helsta vandamál þess. Fyrstu árin var það í leiguhúsnæði á hinum og þessum stöðum í bænum, en fékk haustið 1908 inni í hinu nýbyggða safnahúsi við Hverfisgötu. Þar hafði það um 140 fermetra sýningaraðstöðu til ársins 1960, en þá varð safnið að víkja vegna þarfa Landsbókasafnsins.

Þegar félagið nálgaðist fertugt voru gerðir frumdrættir að safnabyggingu og rætt við stjórnvöld um málið, en engin niðurstaða fékkst. Byggingarmálið var enn á ný tekið upp þegar leið að fimmtugsafmælinu, og þá ekki bara við stjórnvöld eins og áður, heldur var leitað eftir samvinnu við Háskólann. Skipuð var sérstök byggingarnefnd 1942 og önnur 1946, þá með aðild Háskóla Íslands þar sem í ráði var að hann léti byggja hús fyrir Náttúrugripasafnið fyrir ágóða af happdrætti sínu. Undirbúningur byggingar var vel á veg kominn þegar ákveðið var að afhenda ríkinu Náttúrugripasafnið í ársbyrjun 1947. Sama ár var arkitekt fenginn til að teikna hús fyrir Náttúrugripasafnið og voru teikningar og líkan af húsinu tilbúnar um 1950. En málið tafðist og ekkert varð af byggingu hússins. Húsnæðisvandann var brýnt að leysa og því var afráðið að Háskóli Íslands keypti fyrir happdrættisfé hæð undir starfsemina í húsi við Hlemmtorg í Reykjavík, en lengi var happdrættisleyfi Háskóla Íslands háð því skilyrði að háskólinn byggði yfir Náttúrugripasafnið.

Flutt var inn í húsnæðið við Hlemmtorg haustið 1959 og síðar innréttaður þar til bráðabirgða um 100 fermetra sýningarsalur sem var opnaður árið 1967. Nú, rúmum tveimur áratugum síðar, er enn notast við sama sýningarsal, en innréttingar og sýningar í honum hafa verið endurnýjaðar að öllu leyti. Hann var opnaður á aldarafmæli Hins íslenska náttúrufræðifélags og Náttúrufræðistofnunar sl. sumar og fyrr á afmælisárinu var tekinn í notkun nýr sýningarsalur á 4. hæð í húsnæði Náttúrufræðistofnunar við Hlemmtorg, þannig að sýningarrými er nú um 200 fermetrar. En hvorki er þar rúm fyrir geymslur né þá nútímalegu sýningar- og fræðslustarfsemi sem nauðsynlegt er að koma á laggirnar.

Þegar Náttúrufræðstofnun Íslands flutti inn í húsnæðið við Hlemmtorg haustið 1959 var litið á það sem bráðabirgðahúsnæði til að leysa aðkallandi vanda. Nú þremur áratugum síðar er stofnunin enn á sama stað en húsrými hefur samt aukist verulega. Auk 3. hæðar hússins, sem Háskólinn keypti þá, hefur stofnunin nú afnot af rúmum helmingi 4. hæðar, þar sem einkum eru geymslur og svo annar sýningarsalur stofnunarinnar, og hálfri 5. hæð þar sem bókasafn og fundar- og kaffistofa eru. Alls eru fastráðnir starfsmenn 11, sjö náttúrufræðingar að deildarstjórum og forstöðumanni meðtöldum, bókavörður, ham-

skeri og tveir starfsmenn við ritvinnslu- og skrifstofustörf. Að auki starfa sýningarsalaverðir, ræstingarfólk og lausráðið aðstoðarfólk (einkum náttúrufræðistúdentar) á sumrin.

Náttúrufræðisafn á háskólalóð.

Forráðamenn Náttúrufræðistofnunar og fleiri aðilar hafa á liðnum árum gert ítrekaðar tilraunir til að koma hreyfingu á byggingarmál stofnunarinnar og sýningarsafns, m.a. með því að leita eftir samvinnu við Háskóla Íslands um málið. Háskólaráð heimilaði þegar á árinu 1942 að hús fyrir náttúrugripasafn risi á háskólalóðinni og enn í dag beinast sjónir manna að nálægð og tengslum við Háskólann.

Tillaga til þingsályktunar um náttúrufræðisafn á höfuðborgarsvæðinu var lögð fram á Alþingi veturinn 1984–1985. Flutningsmenn tillögunnar voru þingmenn úr öllum þingflokkum á Alþingi og er í tillögunni skorað á ríkisstjórnina að hraða, m.a. í samráði við hóp áhugamanna og Náttúrufræðistofnun Íslands, undirbúningi að byggingu yfir nútímalegt náttúrufræðisafn á höfuðborgarsvæðinu. Í greinargerð segir m.a. að ef góður hugur og stuðningur af hálfu framkvæmdarvaldsins við hugmyndina um nútímalegt náttúrufræðisafn á höfuðborgarsvæðinu komi til og Alþingi lýsi sig þar að auki fúst til að leggja fram fé til undirbúnings og framkvæmda á næstu árum sé þess að vænta að draumur brautryðjendanna verði að veruleika innan fárra ára. Í tillögunni var að því stefnt að náttúrufræðisafn opnaði í nýjum húsakynnum á árinu 1989, á aldarafmæli Hins íslenska náttúrufræðifélags og náttúrugripasafns á þess vegum. Í greinargerð með tillögunni segir að slíkt meginsafn á sviði náttúrufræða ætti einnig að geta orðið til stuðnings hliðstæðum söfnum víða á landinu og nauðsynlegt sé að finna samstarfi þessara safna ákveðinn farveg. Með þeim hætti geti hér orðið um þjóðarsafn að ræða til ómetanlegrar eflingar náttúruvísinda í landinu.

Nefnd um náttúrufræðisafn 1985–1987.

Fljótlega eftir að ofangreind tillaga var flutt á Alþingi skipaði menntamálaráðherra nefnd til að fjalla um tilhögun og uppbyggingu náttúrufræðisafns, og skilaði hún áliti í árslok 1987. Þar kom fram að nefndin teldi að efla þyrfti til muna sýningar og fræðslu á sviði náttúrufræði og tækni og lagt var til að byggt yrði hið fyrsta náttúrufræðihús fyrir þessa starfsemi, svo og safnvinnu og rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands. Ekki var full samstaða í nefndinni um rekstrarform sýninga- og fræðslustarfsemi og lagði meiri hluti til að hún yrði í höndum sjálfseignarstofnunar með aðild ríkis, Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og fleiri skóla, rannsóknastofnana og samtaka. Minni hluti lagði til að hún yrði rekin sem ný deild í Náttúrufræðistofnun með þátttöku Reykjavíkurborgar og fleiri aðila.

Umsagnaraðilar tóku í öllum veigamiklum atriðum undir álit nefndarinnar, menn greindi ekki á um þörfina fyrir náttúrufræðihús og almennt var það sjónarmið ríkjandi að best færi á að það væri rekið sem sjálfseignarstofnun í nánum tengslum við Náttúrufræðistofnun Íslands.

Nefnd um tengsl milli héraða- og bæjanáttúrugripasafna og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Menntamálaráðherra skipaði nefnd 26. október 1972 sem falið var það hlutverk „að

gera athugun og gefa ráðuneytinu skýrslu um hvort æskilegt muni vera að koma á formlegum tengslum milli héraða- og bæjanáttúrugripasafna og Náttúrufræðistofnunar Íslands og þá með hvaða hætti."

Nefndin skilaði álitsgerð í formi lagafrumvarps 13. september 1973, ásamt ítarlegri greinargerð. Í frumvarpinu voru gerðar tillögur um stofnsetningu náttúrufræðistofa í landshlutunum er ætlað væri víðara hlutverk en það eitt að sýna náttúrugripi. Þeim var samkvæmt tillögunum ætlað að vinna að umhverfisvernd og heimildasöfnun um landshlutann, taka þátt í að skipleggja landnýtingu og vinna að rannsóknum. Með tillögunum var að því stefnt að samræma skipulag og þróun náttúrugripasafna úti um land og tryggja að ákveðinn fjöldi safna hlyti föst framlög úr ríkissjóði til starfsemi sinnar. Nefndarálitið var byggt upp sem viðbót við lög nr. 48/1965, um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands, en svo fór að það var aldrei lagt fram á Alþingi.

Náttúrugripasöfn og náttúrurannsóknir utan Reykjavíkur.

Nokkur sveitarfélög hafa á síðustu áratugum komið upp náttúrugripasöfnum en notið lítils stuðnings af hálfu ríkisins og eru engin formleg tengsl milli Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrugripasafna annars staðar á landinu.

Nokkuð erfitt er að ákveða hve mörg skuli telja þessi söfn þar sem staða þeirra er mjög mismunandi. Sum eru sjálfstæð söfn, önnur eru deildir í byggðasöfnum eða safnahúsum. Af fyrri gerðinni eru náttúrugripasöfnin á Akureyri (Náttúrufræðistofnun Norðurlands), í Kópavogi, í Neskaupstað og í Vestmannaeyjum. Af síðari gerðinni eru söfnin í Borgarnesi, á Dalvík, á Húsavík, á Höfn í Hornafirði, á Selfossi, á Seltjarnarnesi og í Varmahlíð. Nokkur ofangreindra safna (a.m.k. söfnin á Akureyri, í Neskaupstað og Vestmannaeyjum) hafa á liðnum árum notið einhverra framlaga á fjárlögum og fá nú greitt af fjárlagalið menntamálaráðuneytisins. Önnur hafa árlega fengið styrki frá ráðuneytinu. Auk ofangreindra safna eru svo skólasöfn, eign ákveðinna skóla og sveitarfélaga. Þessi skólasöfn eru misstór og misvel búin, en óhætt mun vera að fullyrða að flestir skólar eiga einhverja náttúrugripi sem notaðir eru til kennslu.

Hér verður í stórum dráttum rakin saga stærstu náttúrugripasafnanna, þ.e. á Akureyri, í Neskaupstað, í Vestmannaeyjum og í Kópavogi og veitt yfirlit yfir starfsemi þeirra.

Náttúrugripasafnið á Akureyri og Lystigarðurinn á Akureyri. Náttúrufræðistofnun Norðurlands.

Náttúrurannsóknir eiga sér langa og merkilega hefð í Eyjafirði. Þær eru taldar byrja með stofnun Möðruvallaskólans árið 1880 og var síðan haldið við af kennurum þess skóla, Gagnfræðaskólanum á Akureyri, svo og af starfsmönnum Ræktunarfélags Norðurlands.

Á árunum 1964–1970 má segja að Náttúrugripasafnið hafi tekið við þessari arfleifð og hafi síðan verið miðstöð náttúrurannsókna í Norðlendingafjórðungi. Um áramótin 1987 voru formlega sameinuð Náttúrugripasafnið á Akureyri og Lystigarðurinn og hinni sameinuðu stofnun gefið nafnið Náttúrufræðistofnun Norðurlands. Samstarf Náttúrugripasafnsins og Lystigarðsins hafði þá um árabil verið mikið og náið, en með heitinu Náttúrufræðistofnun Norðurlands var áhersla á það lögð að henni væri ætlað að þjóna Norðurlandi öllu. Akureyrarbær sér um rekstur Náttúrufræðistofnunar Norðurlands, en þess hefur verið farið á leit við menntamálaráðuneytið að ríkissjóður fjármagni rannsóknastarfsemi stofnunarinnar.

Náttúrugripasafnið á Akureyri var stofnað árið 1951. Upphaflega var það sýningarsafn, en þróun safnsins, frá sýningarsafni til rannsóknastofnunar, hófst á árunum 1963–64, þegar skipuleg könnun á náttúrufari fjórðungsins hófst með tilheyrandi söfnun náttúrugripa, einkum þó plöntusöfnun. Hafa rannsóknir Náttúrugripasafnsins á undanförnum áratugum náð til ýmissa sviða líffræði, vistfræði og landfræði. Á áttunda áratugnum tók safnið í auknum mæli að sér hagnýtar umhverfisrannsóknir og efldist starfsemi þess til muna. Upphaf hagnýtra umhverfisrannsókna má rekja til mengunarrannsókna safnsins 1971 og þátttöku í rannsóknum í Þjórsárverum sama ár. Sérgreinar Náttúrugripasafnsins eru sveppa- og fléttufræði og eru í stofnuninni stærstu söfn á þessum sviðum hér á landi.

Lystigarðurinn á Akureyri.

Um Lystigarðinn á Akureyri var stofnað félag 1. maí 1910, en garðurinn opnaður almenningi sumarið 1912. Safngarði var komið á fót innan Lystigarðsins 1956 og hefur þar verið áhersla á það lögð að sýna íslenskar plöntur. Þar er svo til öll íslenska flóran og einnig er þar mikið safn plantna frá heimskautasvæðunum. Í garðinum eru nú ræktaðar um 2.500 tegundir og afbrigði og þar fara fram tilraunir með nýjar tegundir trjáa og runna og er leitað staðbrigða sem henta vel íslenskum aðstæðum.

Jónasarhús.

Náttúrufræðistofnun Norðurlands er til húsa að Hafnarstræti 81 á Akureyri og hefur Náttúrugripasafnið þar yfir aða ráða um 100 fermetra sýningarsal. Húsnæðismálin hafa jafnan verið aðstandendum þess og velunnurum mikill höfuðverkur. Hvorki stærð salarins né hönnun hússins gera það kleift að halda skiptanlegar sýningar og er rými fyrir gesti mjög takmarkað. Vegna húsnæðisskorts hefur ekki verið unnt að efla sýningarsafnið, en lengi hafa verið uppi hugmyndir um endurbætt og aukið sýningarsafn á vegum Náttúrufræðistofnunar Norðurlands. Á þrítugsafmæli safnsins árið 1982 ákvað stjórn þess að leggja til nýja byggingu fyrir Náttúrugripasafnið og Lystigarðinn og stofna byggingarsjóð til að hrinda af stað framkvæmdum. Þessi fyrirhugaða bygging hefur verið nefnd Jónasarhús, til heiðurs Jónasi Hallgrímssyni, náttúrufræðingi og skáldi, og hefur verið valinn staður vestan við Lystigarðinn.

Á fundi 7. apríl 1987 samþykkti bæjarstjórn tillögu í tilefni af formlegri sameiningu Lystigarðsins og Náttúrugripasafnsins um að kjósa nefnd til að kanna húsnæðisþörf Náttúrufræðistofnunar Norðurlands og samstarf við aðra aðila um rekstur stofnunarinnar. Þá lýsti bæjarstjórn Akureyrar stuðningi við þá hugmynd að kenna stofnunina við nafn Jónasar Hallgrímssonar. Síðar var skipuð undirnefnd, viðræðunefnd um málefni Náttúrufræðistofnunar Norðurlands vegna viðræðna við ríkisvaldið um þátttöku þess í rekstri stofnunarinnar. Viðræðunefndinni var einnig ætlað að leita leiða, í samvinnu við ríkisvaldið, til að leggja grundvöll að vísinda- og gagnamiðstöð á Akureyri og móta hugmyndir um rekstur slíkrar stofnunar.

Með vísinda- og gagnamiðstöðinni er fyrirhugað að efna til samstarfs Náttúrufræðistofnunar Norðurlands, framhaldsskólanna á Akureyri, Háskólans á Akureyri og Fjórðungssjúkrahússins þar sem yrði m.a. sameiginlegt bókasafn fyrir þessar stofnanir. Er ætlunin að vísinda- og gagnamiðstöðin verði hluti af Jónasarhúsi.

Viðræður milli bæjarstjórnar Akureyrar og menntamálaráðuneytisins um málefni Náttúrufræðistofnunar Norðurlands hófust á fyrri hluta árs 1988 og sumarið 1989 var NNN-nefnd m.a. falið að fara yfir fyrirliggjandi hugmyndir um byggingu náttúrufræði-

húss á Akureyri og stöðu náttúrugripasafna með tilliti til rannsókna og samstarfs við Náttúrufræðistofnun Íslands.

Náttúrugripasafnið í Neskaupstað.

Náttúrugripasafnið í Neskaupstað er höfuðsafn sinnar tegundar á Austurlandi og hluti af Safnastofnun Austurlands sem er samræmingar- og stuðningsstofnun fyrir söfn í fjórðungnum. Hin síðari ár hefur safnið verið eflt til mikilla muna og hefur með höndum rannsóknastarfsemi í auknum mæli, auk þess að reka sýningarsal með náttúruminjum.

Til náttúrugripasafns í Neskaupstað var stofnað árið 1965 með því að sett var á laggirnar Náttúrugripasafnsnefnd Neskaupstaðar. Hófst nefndin þegar handa um efnisöflun og hefur Náttúrugripasafnið frá árinu 1971 haft opna sýningu fyrir almenning. Safnið er nú til húsa að Miðstræti 1 sem því var afhent að gjöf 16. september 1986.

Á vegum Náttúrugripasafnsins í Neskaupstað hefur frá því fyrsta verið unnið að söfnun náttúrugripa og rannsóknum á náttúrufari á Austurlandi. Söfnunin hefur einkum beinst að plöntum og steintegundum en einnig hefur verið safnað talsverðu af skordýrum og flækingsfuglum. Er þar nú mjög gott safn steintegunda og plantna, einkum af Austurlandi, auk margvíslegra náttúrugripa úr dýraríkinu.

Nokkuð hefur verið unnið að rannsóknum við Náttúrugripasafnið í Neskaupstað, einkum á flóru Austfjarða, en einnig umhverfisrannsóknum fyrir Orkustofnun vegna áformaðra virkjana á Fljótsdals- og Jökuldalsheiði og vegna orkufreks iðnaðar í Reyðarfirði fyrir staðarvalsnefnd um iðnrekstur. Í samvinnu við Náttúruverndarsamtök Austurlands hefur verið unnið að rannsóknum á ákveðnum svæðum vegna náttúruminjaskráningar og friðlýsingar. Þá hefur Náttúrugripasafnið um nokkurt skeið annast eftirlit með mannvirkjagerð á Austurlandi fyrir Náttúruverndarráð.

Náttúrugripasafnið er rekið af bæjarsjóði Neskaupstaðar með lítils háttar styrk frá ríkissjóði og er við safnið einn fastráðinn starfsmaður, forstöðumaður, í $^{1}/_{4}$ hluta starfs. Auk þess er ráðið í vörslu sýningar yfir sumarmánuðina.

Ed. 789. Nefndarálit [208. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. mars 1991.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Valgerður Sverrisdóttir.	Salome Þorkelsdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.
	Danfríður Skarphéðinsdóttir.	

Nd. 790. Breytingartillögur [28. mál]

við frv. til l. um mannanöfn.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

1. Við 7. gr. Síðari málsliður 4. mgr. orðist svo: Sú ákvörðun skal jafnan háð samþykki barnsins sjálfs sé þess kostur.
2. Við 9. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo: Hver maður, sem hefur ekki ættarnafn, sbr. 2. mgr., skal kenna sig til föður, móður eða föður og móður þannig að á eftir eiginnafni eða eiginnöfnum komi o.s.frv.
3. Við 9. gr. 3. mgr. falli brott.

Ed. 791. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Harald Johannessen fangelsismálastjóra og Þorstein A. Jónsson, deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í meðförum neðri deildar.

Alþingi, 5. mars 1991.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Valgerður Sverrisdóttir.
Skúli Alexandersson.	Salome Þorkelsdóttir, með fyrirvara.	Ey. Kon. Jónsson, með fyrirvara.
	Danfríður Skarphéðinsdóttir, með fyrirvara.	

Ed. 792. Frumvarp til laga [436. mál]

um breytingu á lögum nr. 87/1985, um sparisjóði.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

1. gr.

Í stað 40. gr. gildandi laga komi ný grein og orðist svo:

Eigið fé sparisjóðs, eins og það er skilgreint skv. 2. mgr., skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar 8% af áhættugrunni, þ.e. heildareignum sparisjóðsins og liðum utan efnahagsreiknings samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli sparisjóða sem Seðlabanki Íslands setur. Eiginfjárkrafan skv. 1. málsl. skal gilda um samstæðureikning, sbr. 41. gr.

Við útreikning á eiginfjárhlutfalli, sbr. 1. mgr., skal eigið fé samsett af tveimur þáttum, hreinu eigin fé og blönduðu eigin fé. Hreint eigið fé skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár.

a. Hreint eigið fé telst vera:
   1. Innborgað stofnfé.
   2. Endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgureikningsskilum.
   3. Varasjóðir og annað eigið fé samkvæmt ársreikningi sem ekki fellur undir blandað eigið fé skv. b.
   4. Frá hreinu eigin fé skal draga eigin hlutabréf, viðskiptavild og óáþreifanlegar eignir, svo og áfallnar ófærðar skattskuldbindingar sem rýra möguleika sparisjóðsins til að mæta tapi.
b. Blandað eigið fé telst vera:

1. Afskriftareikningur vegna almennrar útlánaáhættu að hámarki 1,25% af áhættugrunni. Með afskriftareikningi útlána vegna almennrar útlánaáhættu er ekki átt við þau framlög sem lögð hafa verið til hliðar vegna útlánatapa og sérstaklega hafa verið metin eða talin eru hugsanleg með hliðsjón af tapreynslu í útlánastofninum og endurspegla rýrnun á verðmæti útlánanna.
2. Víkjandi lán sem sparisjóður tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en fimm ár og að við gjaldþrot sparisjóðsins eða slit hans fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur sparisjóðnum en endurgreiðslu stofnfjár. Þegar fimm ár eru eftir af lánstímanum skal lánið reiknast niður um 20% fyrir hvert ár sem líður af þessum fimm árum nema um sé að ræða lán sem greiðist niður með jöfnum afborgunum á tímabilinu.

   Heildarfjárhæð víkjandi lána má hæst nema 50% af hreinu eigin fé skv. a.

Frá eigin fé skv. 2. mgr. skal draga bókfært virði á eignarhlutum og víkjandi lánum sparisjóðs hjá félögum, sem falla undir skilgreiningu 1. mgr. 32. gr., öðrum en þeim sem teljast vera dótturfélög og reiknast með í samstæðureikningi sparisjóðs og dótturfélaga, sbr. eftirfarandi:

Eignarhluti í félögum þar sem eignarhlutir sparisjóðins nema meira en 10% af hlutafé viðkomandi félaga. Enn fremur víkjandi lán hjá sömu félögum.

Eignarhlutur í félagi, sem sparisjóður hefur eignast tímabundið vegna endurskipulagningar þess félags, skal ekki dragast frá.

Eignarhluti í félögum þar sem eignarhlutir sparisjóðins nema allt að 10% af hlutafé viðkomandi félaga. Frádrátturinn takmarkast við þá heildarfjárhæð eignarhluta og víkjandi lána sem er umfram 10% af eigin fé sparisjóðins eins og það er reiknað skv. 2. mgr. fyrir frádrátt skv. 3. mgr.

Heimilt er ráðherra að ákveða að aðrir efnahagsliðir en greindir eru í 2. mgr. skuli teljast með eigin fé að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

Ákvæði þessarar greinar skulu einnig gilda fyrir Lánastofnun sparisjóðanna, sbr. XII. kafla.

2. gr.

Við 1. mgr. 41. gr. laganna bætist nýr málsliður svohljóðandi: Þegar um er að ræða sparisjóð sem á það stóran hlut í félagi að það síðarnefnda telst dótturfélag, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, skal semja samstæðureikning fyrir félagasamstæðuna. Ákvæðið um skyldu til að semja samstæðureikning gildir þó ekki þegar um er að ræða félag sem sparisjóður hefur eignast tímabundið hlut í annaðhvort til að tryggja fullnustu kröfu eða vegna endurskipulagningar þess félags. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá skyldu til að semja samstæðureikning.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í árslok 1992 skal eigið fé sparisjóðs skv. 1. gr. nema að lágmarki 7,25%. Í árslok 1993 skal eiginfjárhlutfallið nema að lágmarki 8%.

Ákvæði 2. gr. um samstæðureikning fyrir félagasamstæðu tekur gildi frá og með reikningsárinu 1992.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Reglur um lágmark eigin fjár sparisjóða hér á landi eru nú í lögum nr. 87/1985, um sparisjóði, sem tóku gildi 1. janúar 1986, en eiginfjárákvæði voru í eldri sparisjóðalögum, nr. 69/1941. Sambærileg ákvæði voru einnig lögfest fyrir viðskiptabankana, sbr. lög nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

Ákvæði gildandi laga er einfalt í framsetningu og auðvelt er að reikna út eigið fé samkvæmt því. Hins vegar er þar ekki að öllu leyti tekið tillit til mismunandi áhættu hinna ýmsu efnahagsliða eins og gert er í þessu frumvarpi og reglum sem gert er ráð fyrir að settar verði af Seðlabanka Íslands og fylgja frumvarpinu í drögum. Samkvæmt heimild í gildandi lögum voru jafnframt settar reglur um gerð ársreiknings fyrir viðskiptabanka og sparisjóði nr. 77. frá 14. febr. 1986 með síðari breytingum, en samræmdar reikningsskilareglur fyrir þessar stofnanir eru afar mikilvægar vegna eiginfjárákvæðisins. Frá því að lögin tóku gildi hafa komið upp nokkur tilvik þar sem reynt hefur á ákvæði laganna vegna þess að innlánsstofnun hefur ekki lengur getað uppfyllt eiginfjárkröfurnar eða að hætta hefur verið á að stofnunin gæti það ekki í náinni framtíð ef ekki yrði gripið til aðgerða. Hefur verið tekið á þeim málum í samræmi við ákvæði laganna.

Á vegum nefndar opinberra eftirlitsaðila með innlánsstofnunum í nokkrum löndum, svonefndrar Basel-nefndar, (Basle Committee on Banking Regulations and Supervisory Practices), hefur verið unnið að því að samræma reglur um lágmark og útreikning eigin fjár innlánsstofnana, sem starfa á alþjóðlegum mörkuðum. Löndin eru: Bandaríki N-Am., Belgía, Bretland, Kanada, Frakkland, Holland, Ítalía, Japan, Svíþjóð, Sviss og Lúxemborg. Nefndin hittist reglulega í Alþjóðlega greiðslubankanum í Basel í Sviss, (Bank for International Settlements, skammstafað BIS). Tillögur nefndarinnar voru fyrst kynntar í desember 1987 og sendar til umsagnar til opinberra eftirlitsaðila með innlánsstofnunum um allan heim. Fullmótaðar tillögur voru síðan kynntar í júlí 1988 og höfðu þá hlotið samþykki stjórnvalda í þeim löndum sem eiga fulltrúa í Basel-nefndinni. Á alþjóðlegri ráðstefnu opinberra eftirlitsaðila með innlánsstofnunum, sem haldin var i október 1988, hlutu tillögurnar víðtækan stuðning og var samþykkt að stefnt skyldi að lögfestingu þeirra eða viðurkenningu með öðrum hætti fyrir allar innlánsstofnanirnar innan þeirra tímamarka, sem í reglunum greinir eða fyrir árslok 1992. Hafa BIS-reglurnar nú verið lögfestar í mörgum löndum og í öllum löndum sem stunda alþjóðleg bankaviðskipti í einhverjum mæli. Þess ber að geta að sambærilegar reglur hafa verið samdar af Evrópubandalaginu nr. 89/647 EEC og 89/299/EEC og gilda innan þess, en reglurnar eru nánast eins, enda 7 af 11 löndum í Basel-nefndinni einnig í EB.

Um tveggja ára skeið hefur bankaeftirlit Seðlabanka Íslands unnið að kynningu á BIS-reglunum fyrir stjórnendum innlánsstofnana. Voru drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um viðskiptabanka að þessu leyti kynnt fyrir fulltrúum viðskiptabanka og sparisjóða á fundi í desember 1990. Þá voru gerðar athuganir á eiginfjárhlutfalli margra innlánsstofnana miðað við árslok 1988 í samræmi við reglurnar. Reyndust allir sparisjóðirnir vera yfir lágmarkskröfum. Á hitt er þó að líta að lágmarkshlutfall eigin fjár er 8% samkvæmt BIS-reglunum en samkvæmt gildandi lögum er það 5%. Útreikningsgrundvöllurinn er þó ekki sambærilegur.

Frumvarp þetta er samið af bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Er það alfarið byggt á

BIS-reglunum með þeim frávikum að sleppt er úr frumvarpinu þeim ákvæðum reglnanna sem ekki eiga við og að hinu leytinu er tekið tillit til atriða í reikningsskilum hér á landi og ekki er tekið sérstaklega á í reglunum. Enn fremur hefur verið höfð hliðsjón af reglum Evrópubandalagsins, einkum þar sem ákvæði þeirra eru fyllri en BIS-reglurnar.

Megininntak frumvarpsins er að breyta gildandi ákvæði sparisjóðalaganna um lágmark eigin fjár til samræmis við alþjóðleg og viðurkennd sjónarmið. Eigið fé sparisjóðs er skilgreint og þeir efnahagsliðir sem mynda eigið fé eru nákvæmlega tilgreindir. Gerður er greinarmunur á hreinu eigin fé og blönduðu eigin fé, og skal hið fyrrnefnda nema a. m.k. helmingi af samtölu beggja hluta. Meðal eiginfjárliða blandaðs eigin fjár eru svonefnd víkjandi lán og er það nýmæli í löggjöf um sparisjóði hér á landi. Með útgáfu sérstakra skuldaviðurkenninga, sem uppfylla skilyrði víkjandi lána, getur sparisjóður aflað sér fjár í rekstrinum, sem auk þess telst til eigin fjár að vissu marki. Fyrir sparisjóði sem erfitt eiga með samkvæmt núverandi fyrirkomulagi að afla sér aukins eigin fjár kann sérstök fjáröflun í formi víkjandi lána að vera heppilegur valkostur til þess að auka eigið fé. Gerðar eru strangar kröfur til víkjandi lána, bæði að formi og efni, og samkvæmt frumvarpinu má heildarfjárhæð víkjandi lána nema hæst 50% af hreinu eigin fé. Samkvæmt 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins er ráðherra heimilt að aðrir efnahagsliðir en greindir eru sérstaklega í frumvarpinu, skulu taldir með eigin fé að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

Eigið fé skal gert upp á grundvelli samstæðureikningsskila samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga, nr. 32/1978, og er það skýrt tekið fram í 2. gr. frumvarpsins. Frá eigin fé skal hins vegar draga bókfært virði eignarhluta og kröfur í formi víkjandi lána á hendur félögum í skyldri starfsemi, sbr. 1. mgr. 32. gr. gildandi laga um sparisjóði, öðrum en þeim sem teljast dótturfyrirtæki. Þetta er í rökréttu samhengi við þá hugsun að ekki skuli nota sama fjármagnið sem eigið fé margoft hjá félögum í sparisjóðarekstri eða skyldri starfsemi.

Eigið fé skal reiknað sem tiltekið hlutfall, lágmark 8%, af áhættugrunni. Áhættugrunnur er heildareignir sparisjóðsins að viðbættum liðum utan efnahagsreiknings samkvæmt nánari „Reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli viðskiptabanka og sparisjóða", sem Seðlabanki Íslands setur. Talið er eðlilegt að hafa þann hátt á að fela Seðlabanka Íslands sem opinberum eftirlitsaðila með starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða að setja ofangreindar reglur fremur en að lögfesta þær í einstökum atriðum. Starfsemi þessara stofnana er sífellt að taka breytingum, nýir efnahagsliðir kunna að verða til og er almennt óheppilegt og þungt í vöfum að breyta lögum í hvert sinn sem slíkar breytingar verða. Með frumvarpi þessu fylgja frumdrög bankaeftirlits Seðlabankans að ofangreindum reglum.

Lagt er til að sömu kröfur verði gerðar til Lánastofnunar sparisjóðanna um lágmark eigin fjár og gerðar eru til sparisjóðanna. Lánastofnun sparisjóðanna var sett á stofn samkvæmt heimild í XII. kafla gildandi sparisjóðalaga til þess að annast starfsemi í þágu sameiginlegra hagsmuna sparisjóðanna. Hefur starfsemin eflst mjög frá stofnun hennar. Lánastofnun hefur m.a. umtalsverð erlend viðskipti.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir aðlögunartíma til þess að uppfylla lágmarkskröfur laganna um eigið fé þannig að í árslok 1992 nemi hlutfallið 7,25 % og í árslok 1993 nemi það að lágmarki 8%.

Samhliða frumvarpi þessu er lagt fram samhljóða frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. er tilgreint það lágmark sem eigið fé skal nema í hlutfalli af svonefndum áhættugrunni. Með áhættugrunni er átt við heildareignir sparisjóðsins og liði utan efnahagsreiknings eftir að þeir hafa verið vegnir með áhættuvogum í samræmi við nánari reglur sem gert er ráð fyrir reðlabanki Íslands setji. Í 2. málsl. 1. mgr. er tekið fram að eiginfjárkrafan skv. 1. málsl. skuli gilda um samstæðureikning þegar um hann er að ræða og er vísað í 41. gr. sparisjóðalaganna í því sambandi, sbr. enn fremur athugasemd við 2. gr. þessa frumvarps.

Í 2. mgr. er eigið fé skilgreint sem annars vegar hreint eigið fé og hins vegar blandað eigið fé.

Með hreinu eigin fé er í aðalatriðum átt við þá eiginfjárliði sem enginn vafi er á að geti mætt tapi án þess að starfsemi sé hætt. Vegna mikilvægis er gert að skilyrði að hreint eigið fé skuli nema að lágmarki 50% af heildar eigin fé. Með blönduðu eigin fé er átt við aðra liði sem ekki falla undir hreint eigið fé en sem talið er rétt að telja með sem hluta af eigin fé sparisjóðsins. Með blönduðu eigin fé eru þannig taldir afskriftareikningur vegna almennrar útlánaáhættu og víkjandi lán. Með afskriftareikningi vegna almennrar útlánaáhættu er eingöngu átt við afskriftareikning útlána sem ekki endurspeglast í rýrnun á verðmæti útlánanna. Varðandi víkjandi lán er gefin ákveðin skilgreining á því hvað telst vera víkjandi lán og hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að slík skuldbinding teljist með eigin fé. Enn fremur er gert ráð fyrir að heildarfjárhæð víkjandi lána megi hæst nema 50% af hreinu eigin fé en meginástæðan fyrir þeirri takmörkun er sú að þessi efnahagsliður er ekki til ráðstöfunar til að mæta tapi nema sparisjóðurinn hætti starfsemi.

Samkvæmt 3. mgr. er gert ráð fyrir að eignarhlutar og víkjandi lán sparisjóðs hjá félögum í skyldri starfsemi eða í eðlilegum tengslum við sparisjóðastarfsemi skuli dragast frá eigin fé sparisjóðsins nema viðkomandi félög teljist með í samstæðureikningi sparisjóðins og dótturfélaga, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Tilgangurinn með þessum ákvæðum er að hindra að sama fjármagnið sé margoft notað sem eigið fé hjá félögum í sparisjóða- og fjármálastarfsemi, sbr. fskj. I. Gerður er greinarmunur á hvort eignarhlutur í slíkum félögum nemur meira en 10% annars vegar eða allt að 10% hins vegar af hlutafé viðkomandi félags, en í síðarnefnda tilfellinu takmarkast frádrátturinn við þá heildarfjárhæð eignarhluta og víkjandi lána sem er umfram 10% af eigin fé sparisjóðins.

Samkvæmt 4. mgr. er ráðherra veitt heimild til að ákveða að aðrir efnahagsliðir en greindir eru í 2. mgr. skuli teljast með eigin fé að fengnum tillögum bankaeftirlitsins. Nauðsynlegt þykir að hafa slíkt svigrúm til að bæta við hugsanlegum nýjum eiginfjárliðum án þess að til lagabreytinga þurfi að koma.

Lagt er til í 5. mgr. að gerðar verði sömu kröfur um eigið fé til Lánastofnunar sparisjóðanna og gerðar eru til sparisjóðanna. Lánastofnun starfar skv. XII kafla laganna og er hlutafélag í eigu sparisjóðanna. Hlutverk hennar er að annast starfsemi í þágu sameiginlegra hagsmuna sparisjóðanna. Samkvæmt gildandi lögum eru ekki gerðar kröfur um lágmark eigin fjár fyrir Lánastofnun. Með hliðsjón af hlutverki hennar og vaxandi starf-

semi, m.a. umtalsverðum erlendum viðskiptum í þágu sparisjóðanna, er talið nauðsynlegt að setja sambærileg eiginfjárákvæði og fyrir sparisjóðina.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er að finna ákvæði um skyldu til að semja samstæðureikning fyrir móðurfélag og dótturfélög. Hliðstætt ákvæði er í lögum nr. 32/1978, um hlutafélög, en þar sem sparisjóðirnir eru ekki reknir í hlutafélagsformi þótti nauðsynlegt að hafa sérstakt ákvæði um þetta atriði í lögum um sparisjóði. Undanþága um skyldu til að semja samstæðureikning er gerð þegar um er að ræða félag sem sparisjóðir hefur eignast tímabundið hlut í annaðhvort til að tryggja fullnustu kröfu eða vegna endurskipulagningar þess félags. Enn fremur er í 2. gr. ákvæði sem gefur ráðherra heimild til að veita undanþágu frá skyldu til að semja samstæðureikning en þau tilvik geta komið upp að óviðeigandi teldist að semja samstæðureikning, t.d. vegna smæðar dótturfélags.

Um 3. gr.

Grein þessi þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að eiginfjárhlutfall í árslok 1992 verði að lágmarki 7,25% í stað 8% eins og meginreglan gerir ráð fyrir frá og með árslokum 1993.

Fylgiskjal I.

Dæmi um samstæðureikning móðurfélags og dótturfélags og útreikninga á eiginfjárhlutfalli.

	Móðurfélag	Dóttur-félag	Milli-færslur	Samstæða
EIGNIR:				
Ýmsar eignir	98.000	20.000		118.000
Eignarhlutur	2.000	0	– 2.000	0
	100.000	20.000	– 2.000	118.000
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:				
Skuldir	90.000	18.000		108.000
Eigið fé	10.000	2.000	– 2.000	10.000
	100.000	20.000	– 2.000	118.000
Eiginfjárhlutfall	10%	10%	8,5%	

Eiginfjárhlutfall móðurfélags ef ekki er gerður samstæðureikningur en eignarhluti í dótturfélagi er þá dreginn frá eigin fé:

EIGNIR:	
Ýmsar eignir	98.000
	98.000
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:	
Skuldir	90.000
Eigið fé	8.000
	98.000
Eiginfjárhlutfall	8,2%

Fylgiskjal II.

Seðlabanki Íslands,
bankaeftirlit:

Drög að reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli viðskiptabanka og sparisjóða.

(20. febrúar 1991.)

Með tilvísun til 1. mgr. 36.gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, sbr. 1. gr. laga nr. xx/199x, um breytingu á þeim lögum, og 1. mgr. 40. gr. laga nr. 87/1985, um sparisjóði, sbr. 1. gr. laga nr. xx/199x, um breytingu á þeim lögum, hefur Seðlabanki Íslands ákveðið eftirfarandi reglur um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli viðskiptabanka og sparisjóða.

1. gr.

Áhættugrunnur telst vera samtala eignaliða og liða utan efnahagsreiknings eftir að einstakir liðir hafa verið vegnir með þeim áhættuvogum sem tilgreindar eru í 3. gr. og breytistuðlum sem tilgreindir eru í 4. gr.

2. gr.

Með opinberum fyrirtækjum og stofnunum í reglum þessum er átt við fyrirtæki og stofnanir sem eru 100% í eigu ríkis eða sveitarfélaga eða samsvarandi stjórnvalda í öðrum löndum eða eru undir stjórn áðurnefndra aðila og eru rekin án hagnaðarvonar. Opinber fyrirtæki eða stofnanir sem rekin eru í samkeppni við önnur atvinnufyrirtæki eru undanskilin. Seðlabanki Íslands gefur út lista yfir þau fyrirtæki á Íslandi sem falla undir þessa grein.

3. gr.

Áhættuvogir fyrir einstaka eignaliði skulu vera eftirfarandi:

1. Áhættuvog 0,0:
   a. sjóðseign,
   b. kröfur á ríkissjóð og Seðlabanka Íslands og kröfur með ábyrgð á sömu aðila,
   c. kröfur á ríkisstjórnir og seðlabanka í öðrum OECD-löndum og kröfur með ábyrgð sömu aðila,
   d. kröfur á ríkisstjórnir og seðlabanka í löndum utan OECD enda sé um að ræða kröfur í þarlendri mynt og sem fjármagnaðar eru í sömu mynt,
   e. kröfur tryggðar með handveði í innstæðum eða verðbréfum útgefnum af innlánsstofnuninni sjálfri,
   f. innleysanlegar tekjur af vaxta- og gjaldeyristengdum liðum og
   g. fjárhæðir sem dragast frá eigin fé, sbr. 2. og 3. mgr. 36. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, með síðari breytingum, og 2. og 3. mgr. 40. gr. laga nr. 87/1985, um sparisjóði með síðari breytingum.

2. Áhættuvog 0,1:
   a. kröfur á Lánastofnun sparisjóða og kröfur sem tryggðar eru með ábyrgð hennar.
3. Áhættuvog 0,2:
   a. kröfur á Alþjóðabankann og fjölþjóða þróunarbanka og kröfur með ábyrgð sömu aðila,
   b. kröfur á innlend sveitarfélög og sveitarfélög og svæðisbundin stjórnvöld í öðrum OECD-löndum og kröfur með ábyrgð sömu aðila,
   c. kröfur á opinber fyrirtæki og stofnanir á Íslandi og í OECD-löndum sem falla undir skilgreiningu 2. gr. og kröfur með ábyrgð sömu aðila enda sé ekki um að ræða kröfur sem falla undir töluliði 1.b. eða 1.c. hér á undan,
   d. kröfur á innlendar innlánsstofnanir og kröfur með ábyrgð sömu aðila. Víkjandi kröfur undanskildar,
   e. kröfur á innlánsstofnanir í öðrum OECD-löndum og kröfur með ábyrgð sömu aðila. Víkjandi kröfur undanskildar og
   f. kröfur á innlánsstofnanir utan OECD-landa og kröfur með ábyrgð sömu aðila, en þó einungis kröfur með lánstíma eftirstöðva að hámarki eitt ár. Víkjandi kröfur undanskildar.
4. Áhættuvog 0,5:
   a. kröfur tryggðar með veði í íbúðarhúsnæði innan 80% af fasteignamati.
   b. kröfur tryggðar með veði í skrifstofuhúsnæði eða fjölnota atvinnuhúsnæði innan 60% af fasteignamati.
5. Áhættuvog 1,0:
   a. kröfur á ríkisstjórnir og seðlabanka í löndum utan OECD að undanskildum kröfum samkvæmt lið 1.d. hér á undan,
   b. kröfur á sveitarfélög eða önnur svæðisbundin stjórnvöld í löndum utan OECD,
   c. kröfur á lánastofnanir utan OECD-landa og kröfur með ábyrgð sömu aðila enda sé lánstími eftirstöðva meira en eitt ár,
   d. kröfur á einkaaðila,
   e. kröfur á opinber fyrirtæki og stofnanir sem ekki falla undir 2. gr. hér á undan,
   f. varanlegir rekstrarfjármunir og
   g. allar aðrar eignir.

4. gr.

Breytistuðlar fyrir einstaka liði utan efnahagsreiknings skulu vera eftirfarandi en viðkomandi liðir skulu enn fremur vegnir með áhættuvogum í samræmi við flokkun í 3. gr.

1. Mikil áhætta, breytistuðull 1,0:
   a. ábyrgðir sem jafna má til beinna lána,
   b. samþykktir víxlar,
   c. sölu- og endurkaupatryggingar þar sem lánaáhættan helst hjá innlánsstofnuninni og
   d. aðrir liðir með mikla áhættu.
2. Miðlungsáhætta, breytistuðull 0,5:
   a. útgefnar skjalaábyrgðir og staðfestar skjalaábyrgðir,
   b. ábyrgðir og tryggingar (þar með taldar tilboðs-, fullnustu-, tolla- og skattaábyrgðir) og ábyrgðir sem ekki verður jafnað til beinna lána,

c. ónotaðar lánsheimildir (skuldbindingar um að lána, kaupa verðbréf, afla tryggginga eða samþykkis á víxla) upphaflega til lengri tíma en eins árs,
d. sölutryggingar vegna verðbréfaútgáfu og hlaupandi sölutryggingar vegna verðbréfa og
e. aðrir liðir með miðlungsáhættu.

3. Miðlungs/lítil áhætta, breytistuðull 0,2:
a. skjalaábyrgðir þar sem vörusending er sett sem veð og önnur áþekk viðskipti og
b. aðrir liðir með miðlungs/litla áhættu.

4. Lítil áhætta:
a. ónotaðar lánsheimildir (skuldbindingar um að lána, kaupa verðbréf, afla tryggginga eða samþykkis á víxla) upphaflega til eins árs eða skemmri tíma eða sem hægt er að segja upp skilyrðislaust án fyrirvara hvenær sem er og
b. aðrir liðir með litla áhættu.

Nd. 793. Frumvarp til laga [437. mál]

um kynningu á íslenskri menningu.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

1. gr.

Markmið laga þessara er að stuðla að öflugri og skipulegri kynningu á íslenskri menningu erlendis. Í því skyni starfar skrifstofa er nefnist Miðstöð íslenskrar menningarkynningar.

2. gr.

Meginhlutverk skrifstofunnar er að vinna að því að kynna erlendum aðilum íslenska menningu af öllu tagi.

Verkefni skrifstofunnar eru:

1. Að stuðla eins og fremst er kostur að samvinnu þeirra aðila sem annast kynningu á íslenskri menningu.
2. Að annast upplýsingaþjónustu um íslenska menningu gagnvart erlendum aðilum.
3. Að hafa frumkvæði að og annast skipulag og taka þátt í kynningu á íslenskri menningu erlendis.
4. Skrifstofunni er heimilt að taka þátt í kynningu íslenskrar menningar hérlendis.

3. gr.

Skrifstofa kynningar á íslenskri menningu lýtur yfirumsjón menntamálaráðuneytisins.

Í stjórn skrifstofunnar eiga sæti þrír menn skipaðir af menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn: Einn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra listamanna og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður en hinn skal vera frá fyrirtækjum og stofnunum sem fást við að flytja út íslenskt menningarefni. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Í tengslum við skrifstofuna skal starfa ráðgjafarhópur skipaður fulltrúum helstu listgreina í landinu.

4. gr.

Menntamálaráðherra ræður framkvæmdastjóra skrifstofunnar til þriggja ára í senn með heimild til endurráðningar í önnur þrjú ár tvisvar sinnum. Framkvæmdastjórinn skal ráðinn að fengnum tillögum stjórnar skrifstofunnar.

Framkvæmdastjóri ræður annað starfslið með samþykki stjórnar og eftir því sem fjárheimildir standa til.

5. gr.

Tekjur skrifstofunnar eru:

1. Framlag úr ríkissjóði eins og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.
2. Framlög sveitarfélaga, fyrirtækja og einstaklinga.

6. gr.

Skrifstofan skal hafa sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Hún skal vera undanþegin opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs og sveitarfélaga.

7. gr.

Menntamálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem menntamálaráðherra skipaði í byrjun janúar 1991 og í áttu sæti Halldór Guðmundsson, tilnefndur af fjármálaráðherra, Jakob F. Magnússon, tilnefndur af utanríkisráðherra, Jón Sveinsson, tilnefndur af forsætisráðherra, og Guðrún Ágústsdóttir, tilnefnd af menntamálaráðherra.

Mikil ásókn hefur verið í kynningu á íslenskri menningu erlendis. Eftirspurnin erlendis frá hefur aukist og er margföld á við það sem unnt hefur verið að anna. Ljóst er að þennan mikla áhuga á íslenskri menningu erlendis má hagnýta betur en gert hefur verið og árangurinn þarf að festa í sessi. Kynning íslenskrar listar erlendis ætti að vera mikilvægur liður í öllum útflutningi landsmanna.

Að undanförnu hefur hvað eftir annað verið efnt til kynningar íslenskrar menningar erlendis með góðum árangri. Samt skorir mjög á nauðsynlega samhæfingu á þessu sviði og tilviljun ræður oft miklu um hvernig til tekst. Þess vegna er æskilegt að stofnuð verði sérstök skrifstofa sem geti eflt samstarf þeirra aðila sem koma við sögu í kynningu á íslenskri list og menningu erlendis. Hlutverk skrifstofunnar yrði með öðrum orðum það að vera samtengjandi skipulagsaðili, svara fyrirspurnum og beiðnum um íslenska menningarkynningu erlendis frá og hafa frumkvæði að kynningu ískenskrar menningar erlendis.

Lengi hafa verið til sérstök lög um útflutningsráð, en þar er ekki sérstaklega fjallað um menningarmál. Oft hefur verið rætt um það hvort menningarmálin eigi heima í sömu stofnun. Það hefur af ýmsum ástæðum ekki þótt ráðlegt. Ástæðan er aðallega sú að þeir aðilar, sem kynna vörur sínar á vegum Útflutningsráðs Íslands, fjármagna starfsemi þess

með óbeinum og beinum hætti, en skrifstofa sem kynnir íslenska menningu erlendis hlýtur öðru fremur að fjármagnast af opinberum aðilum eðli málsins samkvæmt. Þó er í þessu frumvarpi eins og síðar kemur fram gert ráð fyrir því að skrifstofan geti safnað framlögum fyrirtækja til einstakra kynningarverkefna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

1. gr. fjallar um markmið laganna sem er að stuðla að öflugri og skipulegri kynningu á íslenskri menningu erlendis með stofnun skrifstofu sem einkum beitir sér fyrir því að kynna útlendingum íslenska menningu af öllu tagi.

Um 2. gr.

Í greininni er lögð áhersla á það meginverkefni skrifstofunnar að vera samtengjandi skipulagsaðili fyrir þá sem kynna vilja íslenska menningu erlendis. Hér er skilgreint hvaða verkefni skrifstofan hefur á sínum höndum. Í 4. tölul. er einkum átt við kynningu á íslenskri menningu gagnvart útlendingum hér á landi, ferðamönnum, fræðimönnum og öðrum þeim sem áhuga kunna að hafa.

Um 3. gr.

Í greininni er fjallað um stjórn skrifstofunnar. Í stjórninni eiga sæti:

1. Fulltrúi samtaka listamanna.
2. Fulltrúi frá aðilum sem fást við að flytja út íslenskt menningaefni, má þar nefna sem dæmi Listasafn Íslands, Listasöfn Reykjavíkur, Tónverkamiðstöðina, Félag íslenskra bókaútgefenda, Samtök hljómplötuframleiðenda, Félag íslenskra kvikmyndaframleiðenda o.fl.
3. Fulltrúi menntamálaráðuneytis sem ber ábyrgð á þessari starfsemi.

Með skipun ráðgjafarhóps myndast tengsl við allar helstu listgreinar og þar með listamenn í landinu. Ráðgjafarhópurinn getur verið til ráðuneytis um almenna stefnumótun varðandi kynningu á íslenskri list. Í reglugerð skal tilgreint hvaða samtök listamanna tilnefna fulltrúa í ráðgjafarhópinn. En nefna má í því sambandi Rithöfundasamband Íslands, Leiklistarráð, Tónskáldafélag Íslands, Félag íslenskra tónlistarmanna, Félag íslenskra hljómlistarmanna, Félag tónskálda og textahöfunda, Arkitektafélag Íslands, Félag kvikmyndagerðarmanna og Samband íslenskra myndlistarmanna.

Um 4. gr.

Ætlast er til að stjórn miðstöðvarinnar geri tillögur um framkvæmdastjóra hennar sem ræður starfslið að öðru leyti samkvæmt ákvörðunum á fjárlögum hverju sinni.

Um 5. gr.

Í 5. gr. er lögð áhersla á að skrifstofan geti auk fjárveitinga á fjárlögum beitt sér fyrir því að sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklingar eða félagasamtök leggi fram fé til verkefna á vegum skrifstofunnar eftir því sem þurfa þykir.

Um mat á kostnaði vegna frumvarpsins er þetta að segja:

Erfitt er að áætla kostnað í eitt skipti fyrir öll af framkvæmd þessa frumvarps. Kemur þar margt til. Fyrst auðvitað ákvarðanir Alþingis sjálfs með fjárveitingum hverju sinni. Á sl. ári var varið 20 millj. kr. til menningarkynningar af því tagi sem frumvarpið ger-

ir ráð fyrir af ýmsum fjárlagaliðum menntamálaráðuneytisins. Gert er ráð fyrir því að þeir fjármunir fari til skrifstofunnar. En í öðru lagi ræðst umfang starfseminnar af framlögum sem aðrir kunna að leggja til þeirrar starfsemi sem hér um ræðir samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Það er því ekki hægt að halda því fram að frumvarpið, ef að lögum verður, hafi sjálfkrafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Þvert á móti má reyndar ætla að þeir fjármunir, sem þegar fara til þessarar starfsemi, muni nýtast betur en verið hefur með því fyrirkomulagi sem lagafrumvarpið gerir ráð fyrir.

Um 6., 7. og 8. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Nd. 794. Nefndarálit [28. mál]

um frv. til l. um mannanöfn.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það Þorstein Geirsson, ráðuneytisstjóra í dómsmálaráðuneytinu, Drífu Pálsdóttur, deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu, Hallgrím Snorrason hagstofustjóra, Skúla Guðmundsson, skrifstofustjóra þjóðskrár, Guðrúnu Kvaran, ritstjóra Orðabókar Háskóla Íslands, og Kristján Árnason, formann Íslenskrar málnefndar.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingartillögur nefndarinnar byggjast einkum á tillögum sem dómsmálaráðuneytið og Hagstofa Íslands lögðu sameiginlega fyrir nefndina. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma. Þær breytingar, sem nefndin gerir tillögu um, eru eftirfarandi:

1. Við 7. gr. Breytingin er við 3. mgr. og er tvíþætt: Í fyrsta lagi er breytt hinum almennu skilyrðum til nafnbreytinga og miðað við að hægt sé að leyfa manni nafnbreytingu ef gildar ástæður mæli með því. Í frumvarpinu er einnig ákvæði þess efnis að leyfa megi nafnbreytingu ef telja verður að eiginnafn hlutaðeigandi sé honum til ama. Nefndin er þeirrar skoðunar að slíkt tilvik geti verið fullgild ástæða fyrir nafnbreytingu en telur ekki ástæðu til að geta þess sérstaklega í lögunum. Í öðru lagi er sett nýtt ákvæði um hvernig standa skuli að nafnbreytingu þegar breyting hefur orðið á forsjá barns eftir að því var gefið nafn. Miðað er við að leitað sé samþykkis þess foreldris sem með forsjána fór við fyrri nafngjöf áður en ákvörðun er tekin um nafnbreytingu. Þótt samþykki þess foreldris liggi ekki fyrir getur dómsmálaráðuneytið eigi að síður heimilað nafnbreytingu ef hagsmunir barns eða sérstakar ástæður mæla með því. Tiltekið er að breytingar samkvæmt málsgreininni megi einungis heimila einu sinni nema sérstaklega standi á.
2. Við 12. gr. Breytingin varðar 2. mgr. er kveður á um að dómsmálaráðuneytið geti heimilað að feðrað barn sé kennt til stjúpforeldris. Sett eru ítarlegri ákvæði um málsmeðferð en fyrir voru í frumvarpinu.
3. Við 16. gr. Til samræmis við breytingu á 7. gr. er fellt brott að heimilt sé að breyta

kenninafni manns ef telja verður það sé honum til ama. Í staðinn er, líkt og í 7. gr. um breytingar á eiginnöfnum, miðað við að gildar ástæður mæli með breytingunni og getur þá ami af nafni verið ein þeirra.

4. Við 23. gr. Breytingin varðar málsmeðferð þegar barni er ekki gefið nafn innan þess tíma sem lögin tiltaka. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að úrskurður um þvingunarúrræði (dagsektir) sé á hendi dómsmálaráðuneytisins í þeim tilvikum þegar knýja þarf forsjármann eða forsjármenn til að gefa barni nafn. Eftir viðræður við fulltrúa Hagstofu Íslands og dómsmálaráðuneytisins hefur niðurstaðan orðið sú að þetta þvingunarúræði verði á hendi Hagstofunnar. Miðað er við að ef forsjármaður eða forsjármenn barns sinna ekki áskorun innan mánaðar og tilgreina ekki gildar ástæður fyrir drætti á nafngjöf sé Hagstofunni heimilt, að undangegninni skriflegri áskorun, að leggja dagsektir allt að 1.000 kr. á forsjármenn barns og falla þær á þar til barni er gefið nafn.
5. Bætt er nýrri grein við frumvarpið er varðar samninga við önnur ríki. Er ríkisstjórninni veitt heimild til að að gera samninga við önnur ríki um mörkin milli íslenskrar og erlendrar mannanafnalöggjafar. Jafnframt er dómsmálaráðherra heimilt að kveða á með reglugerð um mörkin milli íslenskrar löggjafar um mannanöfn og löggjafar annarra Norðurlandaþjóða á því sviði.

Alþingi, 4. mars 1991.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Sólveig Pétursdóttir, fundaskr.	Árni Gunnarsson.
Ólafur Þ. Þórðarson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Ragnhildur Helgadóttir.
	Guðmundur G. Þórarinsson.	

Nd. 795. Breytingartillögur [28. mál]

við frv. til l. um mannanöfn.

Frá menntamálanefnd.

1. 3. mgr. 7. gr. orðist svo:
   Dómsmálaráðuneyti er heimilt að leyfa manni nafnbreytingu, þar með talið að taka annað eiginnafn til viðbótar því sem hann ber, ef telja verður að gildar ástæður mæli með því. Beri forsjármaður barns fram ósk um breytingu á nafni þess samkvæmt þessari eða 2. mgr. og hafi orðið breyting á forsjánni frá því barninu var gefið nafn skal, ef unnt er, leita samþykkis þess foreldris sem með forsjána fór við fyrri nafngjöf áður en ákvörðun er tekin um nafnbreytingu. Þótt samþykki þess foreldris liggi ekki fyrir getur ráðuneytið engu að síður heimilað nafnbreytingu ef hagsmunir barns eða sérstakar ástæður mæla með því. Breytingar samkvæmt þessari málsgrein má aðeins heimila einu sinni nema sérstaklega standi á.
2. 2. mgr. 12. gr. orðist svo:
   Heimilt er með leyfi dómsmálaráðuneytis að feðrað barn sé kennt til stjúpforeldris. Beiðni um breytingu á kenninafni skal undirrituð af kynforeldri, sem fer með

forsjá barnsins, og stjúpforeldri. Leita skal samþykkis þess kynforeldris sem ekki fer með forsjá barnins, ef unnt er, áður en ákvörðun er tekin um slíkt leyfi. Nú er kynforeldri ekki samþykkt breytingu á kenninafni og getur dómsmálaráðuneyti þá engu að síður leyft breytinguna ef sérstaklega stendur á og talið verður að breytingin sé barninu til verulegs hagræðis.

3. Við 16. gr. Orðin „kenninafn hans sé honum til ama eða aðrar“ falli brott.
4. 1. mgr. 23. gr. orðist svo:

   Sé barni ekki gefið nafn innan þess tíma sem um getur í 2. mgr. 4. gr. skal Hagstofa Íslands, þjóðskrá, vekja athygli forsjármanna barnsins á þessu ákvæði laganna og skora á þá að gefa barninu nafn án tafar. Sinni forsjármenn ekki þessari áskorun innan eins mánaðar og tilgreini ekki gildar ástæður fyrir drætti á nafngjöf er Hagstofu Íslands heimilt, að undangenginni ítrekaði skriflegri áskorun, að leggja dagsektir allt að 1.000 kr. á forsjármenn barns og falla þær á þar til barni er gefið nafn. Hámarksfjárhæð dagsekta miðast við lánskjaravísitölu í janúar 1991 og breytist í samræmi við breytingar hennar. Dagsektir renna í ríkissjóð og má gera aðför til fullnustu þeirra.
5. Á eftir 23. gr. komi ný grein er orðist svo:

   Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við önnur ríki um mörkin milli íslenskrar og erlendrar mannanafnalöggjafar.

   Dómsmálaráðherra er enn fremur heimilt að kveða á með reglugerð um mörkin milli íslenskrar löggjafar um mannanöfn og löggjafar annarra Norðurlandaþjóða á því sviði.

Nd. 796. Nefndarálit [236. mál]

um frv. til l. um Héraðsskóga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og kallaði á sinn fund Jón Höskuldsson, deildarstjóra í landbúnaðarráðuneytinu. Nefndin hafði til hliðsjónar umsagnir sem bárust landbúnaðarnefnd efri deildar. Einnig bárust umsagnir frá fjármálaráðuneytinu, Ríkisendurskoðun, landbúnaðarráðuneytinu og Helga Gíslasyni, verkefnisstjóra Héraðsskóga.

Nefndin kannaði sérstaklega hver væri réttarstaða „Héraðsskóga“. Í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins kemur fram að um sé að ræða sérstakt skógræktarverkefni um ræktun nytjaskóga á jörðum á Fljótsdalshéraði samkvæmt sérstakri áætlun. Landbúnaðarráðuneytið telur að þetta verkefni sé ekki ný ríkisstofnun heldur sjálfstætt verkefni sem heyri beint undir landbúnaðarráðherra og sérstakan fjárlagalið sem færður er beint undir landbúnaðarráðuneytið. Fjármálaráðuneytið og ríkisendurskoðun telja hins vegar að þau ákvæði frumvarpsins sem lúta að skipulagi og stjórn verkefnisins beri einkenni þess að um nýja ríkisstofnun sé að ræða. Nefndin telur ekki að fullu ljóst hver staða Héraðsskóga innan stjórnsýslunnar er og að kveða verði skýrar á um réttarstöðu Héraðsskóga og fastráðinna starfsmanna þeirra í lögum. Slík endurskoðun á stjórnunarþætti Héraðsskóga er

óframkvæmanleg á þeim skamma tíma sem er til þinglausna. Jafnframt er mjög brýnt fyrir þá sem hagsmuna eiga að gæta, með því að taka þátt í átakinu, að lög um Héraðsskóga verði samþykkt á þessu þingi, ella kynni því að vera stefnt í hættu. Nefndin leggur því til að við frumvarpið bætist bráðabirgðaákvæði þar sem kveðið er á um endurskoðun á lögum um Héraðsskóga innan tveggja ára. Skal endurskoðunin sérstaklega miða að því að eyða óvissu um eðli og réttarstöðu Héraðsskóga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 5. mars 1991.

Alexander Stefánsson, form., frsm.	Guðni Ágústsson, fundaskr.	Eggert Haukdal.
Ragnar Arnalds.	Málmfríður Sigurðardóttir.	Pálmi Jónsson.
	Ásgeir Hannes Eiríksson.	

Nd. 797. Breytingartillaga [236. mál]

við frv. til l. um Héraðsskóga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra skal láta fara fram endurskoðun á lögum þessum og leggja fram frumvarp til laga um Héraðsskóga fyrir Alþingi haustið 1992.

Nd. 798. Nefndarálit [199. mál]

um frv. til l. um búfjárhald.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið. Til viðræðna um efni frumvarpsins komu Jón Höskuldsson deildarstjóri, Jón Viðar Jónmundsson ráðunautur, Ólafur R. Dýrmundsson ráðunautur og Sigurður Sigurðsson dýralæknir. Nefndin hafði til hliðsjónar þær umsagnir sem bárust landbúnaðarnefnd efri deildar um frumvarpið, en auk þess bárust umsagnir frá umhverfisráðuneytinu og félagi dýralækna.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem gerðar voru í meðförum efri deildar, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 5. mars 1991.

Alexander Stefánsson, form., frsm.	Guðni Ágústsson, fundaskr.	Pálmi Jónsson.
Ragnar Arnalds.	Málmfríður Sigurðardóttir.	Eggert Haukdal.
	Ásgeir Hannes Eiríksson.	

Nd. 799. Nefndarálit [219. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fund hennar kom Indriði H. Þorláksson, fyrrverandi fjárlaga- og hagsýslustjóri. Umsagnir bárust frá Indriða H. Þorlákssyni og stjórnarráðsnefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið, sem gerir ráð fyrir sameiningu Fjárlaga- og hagsýslustofnunar og fjármálaráðuneytisins, verði samþykkt óbreytt.

Friðjón Þórðarson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. mars 1991.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Ólafur G. Einarsson, fundaskr.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Hulda Jensdóttir.	Ingi Björn Albertsson.	Guðni Ágústsson.

Sþ. 800. Skýrsla [359. mál]

viðskiptaráðherra til Alþingis um lánskjör og vexti, samkvæmt beiðni.

FORMÁLI

Komið hefur fram beiðni á þingskjali nr. 629 frá Þorsteini Pálssyni og fleiri þingmönnum Sjálfstæðisflokksins um að lögð verði fram á Alþingi greinargerð um lánskjör og vexti, sem Seðlabankinn tók saman að beiðni viðskiptaráðherra.

Greinargerðin er birt hér á eftir sem skýrsla til Alþingis.

Jón Sigurðsson
viðskiptaráðherra.

GREINARGERÐ UM LÁNSKJÖR OG VEXTI

(30. janúar 1991.)

Inngangur.

Með bréfi viðskiptaráðherra, dagsettu 31. desember sl., var óskað eftir því, að Seðlabankinn gerði ríkisstjórninni grein fyrir því, hvernig horfur væru í vaxtamálum og hvernig bankinn hyggðist tryggja hóflega raunvexti og vaxtamun á næstunni, með hliðsjón af ákvæðum 9. gr. seðlabankalaga.

Af þessu tilefni hefur verið tekið saman allmikið efni um þróun vaxta og horfur á lánsfjármarkaðnum, og er það efni að finna í fimm fylgiskjölum með þessari greinargerð. Í greinargerðinni sjálfri er hins vegar reynt að draga saman helztu niðurstöður um þróun og horfur á lánsfjármarkaðnum, en síðan gerð grein fyrir hugsanlegum leiðum til þess að hafa áhrif á vaxtaþróun á næstunni ásamt mati Seðlabankans á því, hvaða leiðir skuli velja bæði með tilliti til heildarjafnvægis í efnahagsmálum og þeirrar afstöðu stjórnvalda, að æskilegt sé að stuðla að lækkun raunvaxta.

Þróun vaxta og lánsfjármarkaðs.

Þróun innlenda lánsfjármarkaðsins var ótrúlega ör á árinu 1990, og kom það sérstaklega fram í mjög mikilli aukningu peningalegs sparnaðar og mikilli verðbréfaútgáfu, eins og nánar er gerð grein fyrir í fskj. II. Aukinn stöðugleiki í efnahagsmálum átti vafalaust mikinn þátt í að skapa skilyrði aukins innlends sparnaðar, en jafnframt dró úr lánsfjáreftirspurn fyrirtækja bæði vegna betri greiðsluafkomu og þeirrar stöðnunar, sem ríkti í mörgum atvinnugreinum. Þannig jukust heildarskuldir atvinnufyrirtækja, bæði lán og endurlán, um innan við 2% frá fyrra ári. Á móti þessu kom hins vegar stóraukin lánsfjáreftirspurn vegna lánsfjárþarfar ríkissjóðs og fjáröflunar til íbúðalána. Með aukinni lánsfjáröflun ríkissjóðs tókst að mestu að fjármagna greiðsluhalla ríkissjóðs á innlendum markaði og koma þannig í veg fyrir þau þensluáhrif, sem hefðu verið samfara erlendum lántökum eða skuldasöfnun við Seðlabanka. Aukin lánsfjárþörf íbúðalánakerfisins stafaði af miklu leyti af útgáfu húsbréfa, sem að einhverju leyti hafa komið í stað annarrar innlendrar fjáröflunar. Engu að síður er ljóst, að hinar miklu lánsfjárþarfir ríkissjóðs og opinberra lánakerfa á þess vegum hafa átt meginþátt í því að halda uppi tiltölulega háum raunvöxtum á síðasta ári, þrátt fyrir mikinn peningalegan sparnað og litla lánsfjáreftirspurn atvinnufyrirtækja.

Vaxtaþróunin á árinu 1990 einkenndist annars vegar af mikilli lækkun vaxta, er sigldi í kjölfar hjaðnandi verðbólgu, en hins vegar af tiltölulega stöðugum raunvöxtum á verðtryggðum lánum, sjá fskj. I. En engin auðveld leið er til þess að meta vaxtaþróunina í heild, einkum vegna þess, að breytileg verðlagsþróun raskar eðlilegu samræmi milli raunvaxta á verðtryggðum og óverðtryggðum lánum.

Rétt er að líta fyrst á þróun vaxta á Verðbréfaþingi, en það ætti að vera einn bezti mælikvarðinn á markaðsákvörðun vaxta hér á landi. Miðað við árið í heild voru markaðsvextir af spariskírteinum heldur lægri á árinu 1990 en árið áður, en fóru þó heldur hækkandi eftir mitt árið m.a. vegna aukinnar sölu spariskírteina með sérkjörum. Að meðaltali var ávöxtun spariskírteina í frumsölu á árinu 1990 6,78%, en meðalávöxtun á Verðbréfaþingi um 7%. Hins vegar virðast vextir á verðbréfum gefnum út af öðrum aðilum, svo sem bönkum, fjármögnunarleigum og sjóðum, hafa lækkað nokkru meira, en það gefur til kynna betra jafnvægi á markaðnum í heild. Annað dæmi um jöfnun lánskjara er lækkun ávöxtunar verðbréfasjóða, sem nú hefur færzt til betra samræmis við kjör á hinum almenna verðbréfamarkaði.

Vextir af verðtryggðum útlánum bankanna urðu að meðaltali 8% á árinu 1990, sem er 0,2% hækkun frá meðaltali ársins á undan, og stafar sú breyting að mestu leyti af því, að bankarnir hafa tekið upp breytilega vexti eftir áhættu útlána, eins og tíðkast á öðrum fjármálamörkuðum.

Raunvextir af óverðtryggðum útlánum innlánsstofnana urðu allháir að meðaltali á árinu 1990, eða 9,1% miðað við framfærsluvísitölu. Var þetta hærra en að var stefnt, og stafaði það einkum af því, að lækkun raunvaxta fylgdi ekki að fullu lækkun verðbólgu á fyrsta og þriðja ársfjórðungi, m.a. vegna óvissu um verðlags- og launaþróun. Þetta leiðréttist þó á síðasta ársfjórðungi, en þá urðu raunvextir þessara lána aðeins 6,7%. Vaxtamunur eigna og skulda bankanna var líka mjög breytilegur innan ársins, mjög hár á fyrstu mánuðum þess, en lækkaði síðan jafnt og þétt fram til ársloka. Þannig er hann metinn aðeins 4,0% í desember miðað við 5,8% í lok ársins 1989. Þær upplýsingar, sem nú liggja fyrir, benda til þess að vaxtamunur bankanna sé nú kominn eins langt niður og afkoma þeirra þolir án þess að eiginfjárstaða þeirra rýrni. Nánara mat á þessu verður hins vegar að bíða þess, að endanlegar upplýsingar liggi fyrir um afkomu innlánsstofnana á árinu 1990 í heild, þar á meðal um afskriftaþörf.

Mat á stöðu og horfum í vaxtamálum nú.

Enginn vafi er á því, að framboð og eftirspurn á verðbréfamarkaði hafa ráðið mestu um vaxtaþróunina á undanförnu ári, og vegna mikillar eftirspurnar eftir lánsfé til ríkissjóðs og húsnæðismálakerfisins á þessu ári, er allt útlit fyrir, að svo verði áfram. Mjög mikið framboð verður á innlendum verðbréfum á fyrra hluta þessa árs, sbr. fskj. II. Annars vegar þarf ríkissjóður bæði að fjármagna rekstrarhalla og mæta árstíðabundnum þörfum, m.a. mikilli innlausn spariskírteina, en hins vegar verður verðbréfaútgáfa húsnæðislánakerfisins einnig óvenjulega mikil, þar sem saman falla fjárþarfir gamla lánakerfisins og vaxandi útgáfa húsbréfa. Ekki er auðvelt að spá fyrir um það, hvaða áhrif þetta hefur á vaxtaþróunina á næstunni, en þó standa vonir til þess, að hægt verði að halda því vaxtastigi, sem nú er á þessum markaði, en markaðsvextir á spariskírteinum eru nú á bilinu 6,6–7% og húsbréfa nálægt 7,3%.

Miðað við þessa vexti á fyrsta flokks opinberum verðbréfum er ekki óeðlilegt, að raunvextir innlánsstofnana séu nálægt 8%, en eftir væntanlegar vaxtabreytingar 1. febrúar er útlit fyrir það, að þeir verði nokkuð fyrir neðan þau mörk. Ekkert bendir nú til þess, að eftirspurn eftir lánum hjá bankakerfinu fari vaxandi, en með tilliti til þess og væntanlegs stöðugleika í verðlagi næstu mánuði, má búast við litlum sem engum vaxtabreytingum af hálfu bankanna a.m.k. fram á vorið.

Þegar á allt er litið, má því búast við því, að raunvextir verði heldur lægri hjá innlánsstofnunum á þessu ári heldur en í fyrra, m.a. vegna áframhaldandi stöðnunar í atvinnumálum og fjárfestingu atvinnuvega. Það sem helzt gæti breytt þeim horfum er aukin eftirspurn opinberra aðila á verðbréfamarkaðnum eða samdráttur í sparnaði.

Samanburður vaxta hérlendis og erlendis kemur fram í fskj. V, en það staðfestir enn á ný, að raunvextir hér á landi eru nú lítið eitt yfir meðaltali þess, sem þeir eru að meðaltali í helztu viðskiptalöndum Íslendinga. Allmörg lönd, sem eiga við erfiðleika að stríða vegna viðskipta-

halla, halla á ríkisrekstri eða verulegrar verðbólgu, eru þó með jafnháa eða hærri raunvexti. Eins og nú standa sakir, eru horfur um vaxtaþróun mjög óljósar, ekki sízt í Bandaríkjunum, þar sem raunvextir hafa lækkað ört að undanförnu, þrátt fyrir mikinn viðskiptahalla. Einnig er athyglisvert, að minni munur virðist vera á vöxtum á skammtímalánum fyrirtækja hér á landi og erlendis, en á vöxtum ríkisskuldabréfa. Staðfestir það þá skoðun, að lækkun vaxta á verðbréfamarkaði sé frumskilyrði frekari almennrar lækkunar raunvaxta hér á landi.

Leiðir til lækkunar raunvaxta.

Óskir, sem fram hafa komið af hálfu ríkisstjórnarinnar um lækkun raunvaxta, byggjast fyrst og fremst á tvennu, samanburði við raunvexti erlendis og áhrifum hárra raunvaxta hér á landi á stöðu atvinnufyrirtækja. Ákvarðanir um vaxtastefnu hljóta þó óhjákvæmilega að taka mið af fleiri atriðum, svo sem áhrifum vaxta á heildarsparnað í þjóðarbúinu og þar með á heildarjafnvægi í efnahagsmálum inn á við og út á við. Ljóst er, að áframhald þess stöðugleika í verðlagsþróun, sem náðst hefur hér á landi að undanförnu, er mjög háð jafnvægi á lánsfjármarkaði og öflugum innlendum sparnaði. Ef koma á í veg fyrir þensluáhrif af hallarekstri ríkissjóðs og annarri opinberri fjáröflun, verður að fjármagna þessar þarfir sem mest á innlendum markaði, í stað þess að taka lán erlendis eða í Seðlabanka. Allt útlit er fyrir, að viðskiptahallinn við útlönd hafi verið að vaxa að undanförnu, þrátt fyrir tiltölulega hóflega eftirspurnarþróun, og skuldastaða þjóðarbúsins út á við hefur verið að þyngjast. Nauðsynlegt er því að stilla erlendum lántökum sem mest í hóf.

Hér á eftir verður fjallað um nokkrar leiðir til þess að hafa áhrif á vaxtaþróun hér á landi á næstunni og reynt að meta, að hve miklu leyti beiting þeirra er samrýmanleg þeim efnahagslegu markmiðum, sem stjórnvöld hafa sett sér að öðru leyti.

A. Um vaxtaákvarðanir innlánsstofnana.

Fyrst er þá rétt að fjalla um það, hvort núverandi ástand og horfur gefi tilefni til þess að beita 9. gr. seðlabankalaga, er heimilar beina takmörkun á vaxtaákvörðunum bankanna, til að koma í veg fyrir óhóflega háa vexti eða vaxtabil. Það er skoðun Seðlabankans, að vaxtaákvarðanir bankanna hafa ekki verið ráðandi um vaxtaþróun hér á landi að undanförnu, og ekki verði sagt, að raunvextir banka séu nú óeðlilega háir, ef miðað er við raunvexti opinberra verðbréfa á almennum markaði. Er munurinn satt að segja minni hér á landi á þessu sviði en víðast hvar erlendis. Við þessar aðstæður er hætt við, að frekari raunvaxtalækkun hjá innlánsstofnunum mundi veikja óeðlilega samkeppnisstöðu þeirra á fjármagnsmarkaðnum. Í öðru lagi er vafasamt að halda því fram, að samanburður við raunvexti erlendis kalli á vaxtalækkun af hálfu innlánsstofnana hér á landi, þótt þeir séu nokkru hærri en þeir eru erlendis að meðaltali. Sé samanburður gerður við lönd, sem eiga við svipuð efnahagsvandamál að etja og Íslendingar, eru raunvextir á bankaútlánum sízt hærri hér á landi. Munurinn er hins vegar meiri, ef litið er á vexti ríkisskuldabréfa, eins og áður hefur komið fram. Loks sýna athuganir, að vaxtamunur innlánsstofnana hefur farið ört lækkandi á undanförnu ári, og bendir flest til þess, að hann sé nú sízt hærri en nauðsynlegt er til að tryggja áfallalausan rekstur við ríkjandi aðstæður.

B. Almennar peningalegar aðgerðir.

Við þær markaðsaðstæður, sem nú ríkja hér á landi í peningamálum, er eðlilegasta leiðin fyrir Seðlabankann til áhrifa á vaxtaþróun að beita almennum peningalegum tækjum er auki peningaframboð og þrýsti þannig markaðsvöxtum niður. Þær aðgerðir af Seðlabankans hálfu, sem helzt mundu hafa áhrif til vaxtalækkunar við núverandi aðstæður, eru annars vegar lækkun innlánsbindingar, sem mundi bæta lausafjárstöðu innlánsstofnana, en hins vegar kaup Seðlabankans á spariskírteinum og öðrum verðbréfum í því skyni að lækka markaðsvexti. Hvort tveggja þetta mundi hafa ótvíræð þensluáhrif í för með sér, sem stefna mundi í hættu því efnahagslega jafnvægi, sem náðst hefur að undanförnu. Sömu þensluáhrif yrðu að sjálfsögðu

af því, ef reynt yrði að draga úr lánsfjáröflun ríkissjóðs á verðbréfamarkaðnum, en afla honum í stað þess lána á erlendum mörkuðum. Getur Seðlabankinn með hvorugu þessu mælt við núverandi aðstæður.

Í sambandi við þessa umræðu um peningaleg áhrif af Seðlabankans hálfu er rétt að benda á, að skortur á virkum skammtímamarkaði, þar sem ríkisvíxlar og stutt ríkisskuldabréf væru skráð, takmarkar verulega möguleika Seðlabankans til þess að hafa virk og skjót áhrif á vaxtastig. Hafa þegar farið fram nokkrar viðræður milli Seðlabankans og fjármálaráðuneytisins um þetta mál.

C. Lánsfjáreftirspurn opinberra aðila.

Leidd hafa verið rök að því hér að framan, að lánsfjáreftirspurn opinberra aðila, sérstaklega ríkissjóðs og húsnæðislánakerfisins, hafi átt drýgstan þátt í því að halda uppi raunvöxtum hér á landi á undanförnu ári. Gerð er allrækileg grein fyrir þessum þætti málsins í tveimur fylgiskjölum, sem annað fjallar um fjármögnunaráform ársins 1991 í heild, en hitt um húsnæðislánakerfið. Eigi að ná árangri að því er varðar lækkun raunvaxta á þessu ári er því brýnt, að gera allt sem unnt er til þess að draga úr þessari lánsfjáreftirspurn. Fjárlög ársins hafa þegar verið afgreidd, svo að svigrúm er að sinni lítið í þeim efnum, en ýmislegt er enn eftir ógert bæði að því er varðar lækkun á útgjöldum ríkissjóðs og fjáröflun til hans, ef tryggja á að halli ríkissjóðs fari ekki fram úr áætlun fjárlaga.

Vandinn í húsnæðismálum stafar nú að verulegu leyti af því, að verið er að skipta um kerfi og saman fer mikil eftirspurn eftir hinum niðurgreiddu lánum í gamla kerfinu, jafnframt því sem hið nýja húsbréfakerfi er að komast í fullan gang. Mikilvægt er að komast sem fyrst út úr þessum vanda með því að taka endanlegar ákvarðanir um að loka lánakerfinu frá 1986, en hækka um leið vexti af því til samræmis við nýja húsbréfakerfið. Jafnframt þarf að reyna að takmarka aðgang að húsbréfakerfinu og fresta áformum um rýmri útlánareglur, þangað til komið er yfir þann hjalla, sem felst í samtímafjáröflun til tveggja kerfa. Í þessu felst ekki gagnrýni á þá grundvallarhugsun, sem í húsbréfakerfinu felst, en það er ótvírætt framför frá því niðurgreidda útlánakerfi, sem fyrir er. Að öðru leyti vísast til þeirra tveggja fylgiskjala, sem áður voru nefnd.

D. Aukin samkeppni.

Ekki er vafi á því, að smæð hins íslenzka fjármagnsmarkaðs felur í sér þá hættu, að ófullnægjandi samkeppni leiði til hærri vaxta og vaxtabils en ella myndi vera. Það er því mikilvægt að stuðla að því að auka aðhald, m.a. með því að opna íslenzka bankamarkaðinn fyrir erlendri samkeppni. Jafnframt er rétt að undirstrika, að samkeppni milli markaðsaðila hér á landi hefur aukizt stórlega í kjölfar vaxtafrelsis og með tilkomu virkari verðbréfamarkaðs en áður var. Ekki er ástæða til að ætla, að fækkun banka hafi haft neikvæð áhrif að þessu leyti, en ljóst er að sameining smárra banka í stærri heildir hefur tvímælalaust orðið til þess að draga úr kostnaði og þannig stuðlað að lækkun vaxtabils. Hefur þetta m.a. komið fram í því, að starfsfólki bankanna hefur fækkað verulega og nemur t.d. fækkun þess á árinu 1990 4%. Útibúum er einnig að fækka og bankarnir hafa verið að selja fasteignir í stað þess að fjárfesta í nýbyggingum, eins og átti sér stað í stórum stíl framundir miðjan níunda áratuginn.

Fylgiskjöl:

1. Vaxtaþróun 1990.
2. Fjármögnunaráform ársins 1991 og horfur á framkvæmd þeirra.
3. Fjármögnunarvandi húsnæðismála.
4. Vaxtamunur.
5. Samanburður innlendra og erlendra vaxta.

Seðlabanki Íslands
Peningamáladeild

Fylgiskjal I

31. janúar 1991

VAXTAÞRÓUN 1990

Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir þróun vaxta hér á landi að undanförnu. Varðandi frekari lýsingu skal vísað í V. kafla greinargerðar Seðlabankans frá 4. desember 1990 um þróun og horfur í peningamálum, gjaldeyrismálum og gengismálum.

Fyrst skal vikið að núgildandi vöxtum banka og sparisjóða. Tafla 1 sýnir helstu nafnvexti svo og þrenns konar raunvexti, þ.e. í fyrsta lagi miðað við hækkun lánskjaravísitölu í janúar 1991, í öðru lagi við spáða hækkun hennar fyrsta fjórðung ársins og loks við spáða hækkun hennar á fyrri helmingi ársins 1991.

Tafla 1
Helstu meðalvextir viðskiptabanka og sparisjóða 21. janúar 1991

Í %	Nafn-vextir	Raunvextir við mismunandi verðbólgu		
Dæmi um verðbólgu: (sbr. skýringu að framan)		14,5%	8,4%	8,1%
Innlán:				
Almennar sparibækur	4,0	-9,2	-4,1	-3,8
Alm. tékkareikningar	1,0	-12,1	-7,1	-6,9
Sérkjarareikningar, 1)				
vísitölub. kjör	3,1	2,9	3,0	3,0
óverðtr. kjör	10,0	-3,7	1,7	2,0
Skiptikjarareikn.,				
vísitölub. kjör	5,6	5,2	5,4	5,4
óverðtr. kjör	12,4	-1,5	4,0	4,3
Vísitölub., 6 mán.	2,9	2,7	2,8	2,8
Vísitölub., >6 mán.	6,2	5,8	5,9	5,9
Orlofsreikningar	5,5	5,1	5,3	5,3
Óverðtr., 6 mán.	4,1	-9,0	-3,9	-3,7
Útlán:				
Alm. víxillán, 60 d.	13,8	0,4	6,1	6,4
Viðsk. víxlar, 60 d.	15,9	2,6	8,4	8,7
Yfirdráttarlán, 90%	17,5	4,8	10,7	10,9
Óverðtr. skuldabréf	14,0	0,0	5,6	5,9
Vísitölubundin lán	8,2	8,2	8,2	8,2
Afurðalán	13,5	-0,1	5,5	5,8

1) Sé innstæða óhreyfð í tiltekinn tíma geta vextirnir verið hærri en hér er sýnt.

Taflan sýnir glöggt að raunvextir óverðtryggðra innlána og útlána eru lágir um þessar mundir. Við öll verðbólgugudæmin, sem tekin eru, eru raunvextir víxillána, óverðtryggðra skuldabréfa og afurðalána talsvert lægri en vextir verðtryggðra lána. Til að jafna slíkan mun þurfa því þessir vextir að hækka og/eða vextir verðtryggðra lána að lækka.

Þróun skuldabréfavaxta

Tafla 2 sýnir þróun skuldabréfavaxta banka og sparisjóða að undanförnu. Kemur þar glöggt fram lækkun nafnvaxta óverðtryggðra lána árið 1990, einkum á öðrum ársfjórðungi. Vegna lækkunar verðbólgunnar urðu raunvextir óverðtryggðra lána talsvert hærri á árinu í heild en árið á undan. Nafnvextir verðtryggðra lána tóku ekki miklum breytingum, en þokuðust þó upp eftir mitt árið og urðu lítið eitt hærri en árið á undan.

Tafla 2
Meðalvextir skuldabréfalána viðskiptabanka og sparisjóða

	Óverðtryggð skuldabréf			Vísitölubundin lán	
Í %	Ávöxtun	Verð-bólga	Raun-vextir 1)	Nafn-vextir	Raun-vextir 1)
1980	39,9	52,6	-8,3	2,3	2,3
1981	45,1	47,6	-1,7	2,5	2,5
1982	45,4	60,5	-9,4	2,9	2,9
1983	48,8	73,4	-14,2	3,0	3,0
1984	23,0	18,9	3,4	5,5	5,5
1985	32,5	35,6	-2,3	5,0	5,0
1986	19,6	14,7	4,3	5,2	5,2
1987	27,9	22,2	4,7	7,7	7,7
1988	33,2	19,1	11,8	9,2	9,2
1989	29,5	23,7	4,7	7,8	6,0
1990	17,1	7,3	9,1	8,0	7,8
I '89	16,2	28,6	-9,6	8,1	2,4
II	31,2	25,1	4,9	7,9	9,3
III	38,1	23,6	11,7	7,4	1,4
IV	32,9	17,8	12,8	7,7	11,0
1989	29,5	23,7	4,7	7,8	6,0
I '90	25,7	11,4	12,8	7,9	9,8
II	14,5	9,5	4,6	7,9	5,0
III	14,8	2,2	12,3	8,1	10,1
IV	13,5	6,4	6,7	8,2	6,6
1990	17,1	7,3	9,1	8,0	7,8

1) Breytingar framfærsluvísitölu eru notaðar sem mælikvarði fyrir verðbólgu frá 1989 en fyrir þann tíma breytingar lánskjaravísitölu.

Dráttarvextir

Tafla 3 sýnir meðalávöxtun nýrra almennra útlána, sem svo er nefnd í vaxtalögum. Hún er reiknuð út miðað við vextina hinn 21. dag mánaðar, en tekur formlega gildi frá 1. degi eftirfarandi mánaðar. Þessi tala hefur m.a. þýðingu við ákvörðun dráttarvaxta. Eins og sjá má hefur Seðlabankinn haldið dráttarvöxtum stöðugum undanfarna fimm mánuði, enda hafa breytingar ávöxtunar útlána verið lítilvægar. Þetta felur í sér að munurinn á dráttarvöxtum og ávöxtun almennra útlána verður breytilegur frá mánuði til mánaðar, eins og sjá má í aftasta dálki töflunnar. Samkvæmt vaxtalögum skal þessi munur vera á bilinu 5–10.

Tafla 3. Meðalávöxtun útlána og dráttarvextir

Í %	Meðal-ávöxtun almennra útlána	Dráttar-vextir á ári	Hlutfalls-legur munur dráttarvaxta og útlánsvaxta
Frá og með:			
1. janúar '90	33,6	40,8	5,4
1. febrúar	30,3	37,2	5,3
1. mars	23,7	30,0	5,1
1. apríl	20,0	26,0	5,0
1. maí	14,6	23,0	7,3
1. júlí	14,7	23,0	7,2
1. ágúst	14,8	23,0	7,1
1. október	14,5	21,0	5,7
1. nóvember	12,7	21,0	7,4
1. desember	13,8	21,0	6,3
1. janúar '91	14,1	21,0	6,0
1. febrúar	14,5	21,0	5,7

Vextir utan banka og sparisjóða

Til samanburðar við framangreinda vaxtaþróun hjá bönkum og sparisjóðum skal nú vikið að öðrum vöxtum hér innan lands. Í eftirfarandi töflum er gerð nokkur grein fyrir vöxtum spariskírteina í frumsölu svo og ávöxtun í viðskiptum á Verðbréfaþingi Íslands.

Athygli vekur sú hækkun er varð á ávöxtun nýrra spariskírteina innan ársins. Þótt það komi ekki fram í eftirfarandi töflum má hins vegar geta þess að ávöxtun hlutdeildarbréfa verðbréfasjóða lækkaði á árinu. Sama má segja um ávöxtun í skuldabréfaútboðum annarra aðila, eins og fram kemur í töflu 6 hér á eftir. Heildarvaxtarófið í landinu hefur því þjappast betur saman á þessu nýliðna ári en áður var, jafnvel svo mjög að búast megi við gliðnun á ný þegar lánsfjáreftirspurn atvinnufyrirtækja eykst aftur.

Spariskírteini ríkissjóðs

Á síðasta ári bauð ríkissjóður til sölu spariskírteini til 5 og 10 ára með 6,0% vöxtum. Áskrifendum var boðin 6,2% ávöxtun og sama ávöxtun var boðin í skiptum fyrir gömul spariskírteini við innlausn. Þá voru stórkaupendum gerð sérstök tilboð um ávöxtun á bilinu 6,9–7,05%. Eftirfarandi yfirlit sýnir meðaltöl mánuð fyrir mánuð í sölu nýrra spariskírteina.

Tafla 4
Meðalávöxtun spariskírteina í frumsölu 1990

	Almenn sala	Áskrift	Stór-sala	Vegið meðaltal
Janúar	6,0	6,2		6,17
Febrúar	6,0	6,2	6,12	6,29
Mars	6,0	6,2	6,12	6,13
Apríl	6,0	6,2	6,01	6,05
Maí	6,0	6,2	6,55	6,26
Júní	6,0	6,2	6,82	6,28
Júlí	6,0	6,2	7,01	6,93
Ágúst	6,0	6,2	7,00	6,95
September	6,0	6,2	7,01	6,94
Október	6,0	6,2	7,03	6,99
Nóvember	6,0	6,2	7,03	6,91
Desember	6,0	6,2	7,01	6,81
Meðaltal 1990	6,0	6,2	7,00	6,78

Húsbréf

Fyrstu tveir flokkar húsbréfa báru 5,75% nafnvexti en nýr flokkur, útgefinn 15. nóvember 1990, ber 6,0% nafnvexti. Húsbréfakerfið miðast við að skipt sé með húsbréf á eftirmarkaði (endursölumarkaði). Fyrirliggjandi upplýsingar um ávöxtun húsbréfa í viðskiptum á Verðbréfaþingi Íslands, sem sýndar eru í 5. töflu, skipta því meira máli varðandi vaxtaþróun, en nafnvextir þeirra.

Verðbréfaþing Íslands

Meðalávöxtun í viðskiptum með skuldabréf á Verðbréfaþingi nam um 7% árið 1990. Breytingar innan ársins voru fremur litlar, en frekar til hækkunar en hitt.

Tafla 5
Ávöxtun í viðskiptum á Verðbréfaþingi 1990

	Spari-skír-teini[1)]	Húsbréf	Önnur	Vegið meðaltal[1)]
Janúar	6,6	6,5	11,6	6,7
Febrúar	6,7	6,5		6,7
Mars	6,6	6,5	12,0	6,6
Apríl	7,2	6,7	12,0	7,1
Maí	7,0	6,8		6,8
Júní	6,6	6,8	12,0	6,7
Júlí	7,0	6,9		7,0
Ágúst	7,5	7,0		7,2
September	7,4	7,0		7,1
Október	6,9	6,9		6,9
Nóvember	7,0	7,1		7,1
Desember	7,0	7,3		7,1
Meðalt. 1990	7,0	7,0		7,0

1) Miðað er við að ríkissjóður segi ekki upp uppsegjanlegum flokkum spariskírteina fyrr en á síðasta innlausnardegi.

Vextir við Seðlabankann

Við ákvörðun eigin vaxta hefur Seðlabankinn fylgt þeirri meginreglu að breyta þeim í samræmi við verðlagsþróun á hverjum tíma. Í meginatriðum fylgdu vextir Seðlabankans almennum bankavöxtum. Í töflu V.7. eru sýndir helstu vextir inn- og útlána.

Tafla V.7. Vextir við Seðlabankann 1990

Frá og með:	Inn-stæður á viðsk.r.	Innstæðu-bréf 1 mán	Innstæðu-bréf 3 mán	Stutt víxil-lán forv.	Ríkisvíxla-kaup gegn endurk. samningi ávöxtun	Lán innan erlends lánakvóta SDR	USD	GBP	DEM
1. jan.	9,0	22,0	24,0	38,4	27,0	9,5	9,0	15,5	8,5
21. jan.			21,0			9,6	8,6	15,7	8,7
1. feb.		16,0	16,0	33,0	22,0				
21. feb.						9,7	8,7	15,5	8,9
1. mars	6,0	13,0	13,0	30,0	20,0				
21. mars							8,9	15,6	8,7
1. apríl	4,0	10,0	10,0	26,0	17,0				
21. apríl						9,5	8,8		8,6
21. maí	3,0			23,0	16,0	9,4	8,7	15,5	
1. júlí						9,5		15,2	8,5
1. ágúst						9,4	8,4	15,3	8,6
1. sep.						9,6	8,5		8,8
1. okt.		8,0	8,0	21,0	15,0	9,8	8,8		
1. nóv.						9,5	8,4	14,1	8,9
1. des.	4,0	9,0	9,0		16,0	9,6	8,6	13,8	9,3
1. jan.							7,9	14,3	

Vaxtabróun

Tafla 6

VEXTIR Á VERÐBRÉFAMARKAÐI
MARKAÐSVERÐBRÉF

Í lok tímabils	IV. ársfj. 1988	IV. ársfj. 1989	I. ársfj. 1990	II. ársfj. 1990	III. ársfj. 1990	IV.ársfj. 1990
A. NÝJAR ÚTGÁFUR (nafnvextir, án veittra affalla)						
Spariskírteini:						
2,5 ár til innlausnar		5,5				
3 ár til innlausnar	7,3					
5 ár til innlausnar	7,3	6,0	6,0	6,0	6,0	6,0
8 ár til innlausnar	7,0	6,0				
10 ár til innlausnar		6,0	6,0	6,0	6,0	6,0
Húsbréf:		5,75	5,75	5,75	5,75	6,0
Bankabréf:						
Landsbanki	8,5-8,75	6,75-7,0	6,25-7,0	6,25-6,75	6,25-6,75	6,25-6,75
Útvegsbanki	8,5					
Íslandsbanki			6,8	6,7	6,5	6,5
Búnaðarbanki		7,25	6,75	6,75	6,75	6,75
Iðnaðarbanki	7,5	7,5				
Verslunarbanki	8,5					
Samvinnubanki	7,5	7,5	7,0	6,8	6,75	6,75
Alþýðubanki	9,0					
Sparisjóðir	7,5	7,5	7,0-7,75	7,0	6,75	6,75
Skuldabréf:						
Sveitarfélög	9,0-12,0	8,0-11,0	8,0-9,5	7,5-8,5	7,5-8,0	7,2-7,7
Fjárfestingarlánasjóðir [1]	7,5-8,5	6,0-7,0	6,5	6,5-6,7	6,25-6,5	6,25-6,5
Fjármögnunarleigur	10,0-11,0	8,0-10,1	8,0-9,0	7,5-8,0	7,0-8,0	6,8-8,0
Traust fyrirtæki	9,5-11,0	9,0-10,5	9,0-10,0	7,5-9,0	7,5-9,0	7,5-8,5
Ýmis fyrirtæki	13,0-14,0	10,0-14,0	10,0-12,5	10,0-12,5	10,0-12,0	10-12
B. EFTIRVIÐSKIPTI (ávöxtun)						
Meðalvextir á verðbréfaþingi	7,7	7,2	6,5-6,6	6,7	6,7-7,1	7,1
Þar af: spariskírteini	.	.	6,4-6,5	6,6	5,7-7,4	7,0
húsbréf	.	.	6,5	6,8	7,0	7,3

1) Iðnlánasjóður.

Heimild: Seðlabanki Íslands,
VÍB "Verðbréfamarkaður",
Verðbréfaviðskipti Samvinnubankans "Fréttabréf um verðbréfaviðskipti".

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Peningamáladeild

09-JAN-1991

Tafla 7


Samanburður á ávöxtun og raunvexti innlánsstofnana frá 1960


Á = Ávöxtun í % á ári
N = Nafnvextir verðtryggðra lána í % á ári
R = Raunvextir í % á ári 1)

	ALMENNAR SPARISJÓÐSBÆKUR		SUMDIN INNLÁN 2)		VÍXILLÁN 60 DAGA		ALMENN ÓVERÐTRYGGÐ SKULDABRÉF		NÝ (LONG) VERÐTRYGGÐ SKULDABRÉF			DRÁTTARVEXTIR		HÆKKUN VÍSIT. 1)
	Á	R	Á	R	Á	R	Á	R	Á	R	N	Á	R	
1960	8,7	2,0	9,4	2,6	11,1	4,2	10,7	3,3	.	.	.	..		6,6
1961	7,0	-6,5	8,0	-5,6	9,5	-4,3	9,5	-4,3	.	.	.	..		14,4
1962	7,0	-0,9	8,0	0,0	9,5	1,4	9,5	1,4	.	.	.	..		8,0
1963	7,0	-6,4	8,0	-5,5	9,5	-4,2	9,5	-4,2	.	.	.	..		14,3
1964	7,0	-4,3	8,0	-3,4	9,5	-2,1	9,5	-2,1	.	.	.	..		11,8
1965	6,0	-6,1	7,0	-5,2	8,4	-4,0	9,0	-3,5	.	.	.	12,0	-0,8	12,9
1966	7,0	-1,2	8,0	-0,3	9,5	1,1	10,0	1,6	.	.	.	12,0	3,4	8,3
1967	7,0	2,5	8,0	3,4	9,5	4,9	10,0	5,4	.	.	.	12,0	7,3	4,4
1968	7,0	-8,0	8,0	-7,1	9,5	-5,8	9,2	-6,1	.	.	.	12,0	-3,7	16,3
1969	7,0	-12,2	8,0	-11,3	9,5	-10,1	9,2	-10,3	.	.	.	12,0	-8,0	21,8
1970	7,0	-8,8	8,0	-7,9	9,5	-6,6	9,2	-6,9	.	.	.	12,0	-4,5	17,3
1971	7,0	3,9	8,0	4,9	9,5	6,3	9,2	6,0	.	.	.	12,0	8,7	3,0
1972	7,0	-7,2	8,0	-6,3	9,5	-5,0	9,2	-5,3	.	.	.	12,0	-2,9	15,3
1973	8,3	-17,3	9,7	-16,3	10,9	-15,3	12,1	-14,4	.	.	.	16,0	-11,5	31,0
1974	10,8	-28,1	12,3	-27,1	14,4	-25,8	15,9	-24,8	.	.	.	20,8	-21,6	54,1
1975	13,0	-19,9	14,5	-18,8	17,6	-16,6	18,8	-15,7	.	.	.	24,0	-12,1	41,0
1976	13,0	-12,5	14,5	-11,3	18,2	-8,4	19,5	-7,4	.	.	.	24,7	-3,4	29,1
1977	13,3	-15,0	24,0	-7,0	19,2	-10,6	20,7	-9,5	.	.	.	32,5	-0,6	33,3
1978	18,6	-19,2	31,6	-10,4	26,6	-13,8	27,2	-13,4	.	.	.	36,0	-7,4	46,8
1979	22,8	-20,6	35,5	-12,4	29,1	-16,5	30,9	-15,4	.	.	.	45,0	-6,3	54,7
1980	33,3	-12,6	45,0	-5,0	40,0	-8,3	39,9	-8,3	56,1	2,3	2,3	55,8	2,1	52,6
1981	34,4	-8,9	45,9	-1,2	39,8	-5,3	45,1	-1,7	51,3	2,5	2,5	55,3	5,2	47,6
1982	35,3	-15,7	61,8	0,8	40,4	-12,5	45,4	-9,4	65,2	2,9	2,9	58,0	-1,6	60,5
1983	38,7	-20,0	74,7	0,7	44,6	-16,6	48,8	-14,2	78,6	3,0	3,0	58,2	-8,8	73,4
1984	16,1	-2,4	22,7	3,2	23,2	3,6	23,0	3,4	25,4	5,5	5,5	31,5	10,6	18,9
1985	22,7	-9,5	39,4	2,8	36,0	0,3	32,5	-2,3	42,4	5,0	5,0	44,0	6,2	35,6
1986	11,5	-2,3	18,0	2,9	20,3	4,9	19,6	4,3	20,5	5,1	5,1	30,5	13,8	14,7
1987	13,3	-7,3	26,1	3,2	28,7	5,3	27,9	4,7	31,6	7,7	7,7	35,9	11,2	22,2
1988	16,7	-2,0	33,2	3,4	34,0	12,5	33,2	11,8	30,1	9,2	9,2	43,9	20,8	19,1
1989	11,2	-10,1	24,3	0,9	29,4	4,6	29,5	4,7	31,3	6,0	7,8	35,9	9,9	23,7
1990	3,7	-3,4	10,3	2,5	17,0	9,0	17,1	9,1	15,7	7,8	8,0	26,0	17,4	7,3

1) Raunvextir byggjast hér á hækkun framfærsluvísitölu frá 1989 en lánskjaravísitölu milli janúargilda viðkomandi ára fyrir þann tíma.

2) Tímabilið 1960-1976: 6 mánaða sparibækur
Tímabilið 1977-1981: 12 mánaða vaxtaaukareikningar
Tímabilið 1982-1990: 6 mánaða verðtryggðir reikningar


Forvextir almennra víxla og ríkisvíxla
í % á ári
Almennir víxlar
Ríkisvíxlar
%
48
44
40
36
32
28
24
20
16
12
8
4
0
Jan 1990
Feb
Mar
Apr
Maí
Jún
Júl
Ágú
Sep
Okt
Nóv
Des
Jan 1991


Vextir nokkurra verðtryggðra skuldbindinga
í % á ári
Spek., frums. alls
Spariek., alm. sala
Húsbréf á Veðbr.þ.
Veðlr. lán banka
Spariek. á Veðbr.þ.
%
%
8.50
8.25
8.00
7.75
7.50
7.25
7.00
6.75
6.50
6.25
6.00
5.75
5.50
Jan 1990
Feb
Mar
Apr
Maí
Jún
Júl
Ágú
Sep
Okt
Nóv
Des

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Hagfræðideild

Fylgiskjal II

30. janúar 1991

FJÁRMÖGNUNARÁFORM ÁRSINS 1991 OG HORFUR Á FRAMKVÆMD ÞEIRRA

Á fundi fjármálaráðuneytis og Seðlabanka 17. þ.m. voru fjármögnunaráform opinberra aðila skv. lánsfjáráætlun 1991 rædd í ljósi reynslunnar af framkvæmd hliðstæðra áforma nýliðins árs. Nú hefur gefist nokkru betra tóm til þess að fá fram sæmilega mynd af útkomunni 1990.

1. Sparnaðurinn.

Alkunna er, að innlendur fjársparnaður (peningalegur) hefur verið mjög mikill síðustu árin. Eftir nokkra lægð árið 1989, sem hugsanlega er ýkt í bráðabirgðatölum, er fjársparnaður talinn hafa tvöfaldast árið 1990, þ.e. úr 17 í 34 mrð. kr. nýr sparnaður. Er aukning hlutabréfakaupa þá ekki meðtalin, en hún skiptir milljörðum. Hlutfallslega var aukningin úr 7% í rúm 10% af landsframleiðslu. Með lánsfjáráætlun 1991 var áætlað, að þetta háa hlutfall haldist, svo að nýr fjársparnaður aukist enn um 3–4 upp í um 38 milljarða.

Tafla 1. Áætlun um peningalegan sparnað 1990 og 1991
Endurskoðuð 30. janúar 1991.

	Staða í árslok			Hrein aukning á meðalverðlagi		
		Áætlun	Spá		Áætlun	Spá
Milljarðar króna	1989	1990	1991	1989	1990	1991
Peningalegur sparnaður	299	359	416	18	36	38
Frjáls	132	156	183	8	13	19
Kerfisbundinn	167	203	233	10	23	19
Peningal. sparnaður sem hlutfall af landsframl.				6,3%	10,6%	10,4%

Þess ber að gæta, að skilyrðin fyrir sparnaði voru sérstaklega góð á árinu 1990: mikill endurbati útflutningsverðs og -tekna með víðtækum og þó hóflegum áhrifum á efnahagslífið, tiltöluleg kyrrð í kjara- og verðlagsmálum og hagstæðir raunvextir fyrir sparendur. Fyrstu áhrif svo fjölþætts bata eru að jafnaði mest, en vafasamt að unnt verði að halda í eða auka á nýjan sparnað, þótt skilyrðin haldist svipuð. Enn fremur kemur nú betur í ljós, að aukning á frjálsum sparnaði þarf að verða mjög mikil. Í ljósi þessa gæti verið ástæða til að endurskoða áætlun um peningalegan sparnað 1991 til lækkunar. Henni er þó haldið á heildina litið, en hvatt til að taka henni af mikilli varúð. Ljóst er, að sparnaður af þeirri stærð, sem hér um ræðir og áform hins opinbera kalla á, mun ekki nást, nema haldið verði þeim raunvöxtum, sem gilt hafa að undanförnu í reynd. Þetta á þeim mun fremur við sem útgjöld og lántökur atvinnurekstrar hafa fremur legið í láginni, en úr þessu hlýtur að stefna að því, að atvinnulífið taki meira til sín.

2. *Lánsfjárþörf opinberra aðila.*

Í viðleitninni til að draga úr erlendum lántökum hefur jafnan verið sett mjög stíft á innlendan sparnað og að því marki að einhver þáttur fjármögnunarinnar hefur verið vonarpeningur. Við sumt af þeirri fjármögnun hefur ekki verið reynt, svo sem verðbréfaútgáfu sumra fjárfestingarlánasjóða. Annað hefur heppnast miður en vænst var, svo sem sala ríkisvíxla á síðari hluta 1990.

Tafla 2. Lánsfjárþörf opinberra aðila og sjóða 1990-1991
Endurskoðuð 22. janúar 1991.

	Áætlun 1990			Áætlun 1991		
	Inn-lent	Er-lent	Alls	Inn-lent	Er-lent	Alls
Lántökur	25,5	13,2	38,7	35,1	7,4	42,5
Opinberir aðilar	9,3	8,4	17,7	13,6	3,9	17,5
Ríkissj. A-hluti	9,3	1) 4,0	13,3	13,6	-	13,6
Ríkisfyrirtæki	-	4,2	4,2	-	3,5	3,5
Sveitarfélög	-	0,2	0,2	-	0,4	0,4
Opinberar lánastofn.	16,2	4,8	21,0	21,5	3,5	25,0
Byggingarsjóðir	10,2	-	10,2	10,7	-	10,7
Húsbréf	5,5	-	5,5	10,0	-	10,0
Aðrir	0,5	4,8	5,3	0,8	3,5	4,3
Afborganir	11,1	4,2	15,3	12,2	6,7	18,9
Ríkissjóður	4,4	1,3	5,7	5,6	2,1	7,7
Ríkisfyrirtæki	-	1,4	1,4	-	2,5	2,5
Sveitarfélög	-	0,5	0,5	-	0,5	0,5
Opinberar lánast.	6,7	1,0	7,7	6,6	1,6	8,2
Hrein lánsfjárþörf	14,4	9,0	23,4	22,9	0,7	23,6
Hlutfall af landsframleiðslu	4,3%	2,7%	7,0%	6,3%	0,2%	6,5%

1) Án 3,3 mrð. til uppgreiðslu við Seðlabanka af 3,8 mrð. láni innlánsstofnana á móti niðurfærslu bindingar og án 0,9 mrð. spariskírteina afhentra Íslandsbanka (vegna Útvegsbanka).

Meðfylgjandi yfirlit á töflu 2 felur í sér síðustu endurskoðun á lánsfjármögnun opinberra aðila og sjóða, sem eru meginefni lánsfjáráætlunar og -laga. Innlend fjármögnun reyndist 25,5 mrð. kr. eða um 3 mrð. minni en áætlað var við framlagningu lánsfjáráætlunar 1991, þar af 2,5 mrð. minni til opinberra aðila og 0,5 mrð. minni til sjóða, lauslega áætlað, þrátt fyrir jafnmikla hækkun til húsbréfa. Innlend lánsfjáröflun 1990 varð þannig litlu hærri en 1989, er hún reyndist 24,9 mrð. kr. Þess ber að geta, að áætlanir um fjáröflun 1991 voru reistar á hinum fyrri og bjartari horfum, áður en lausafjárstaða banka og ríkisvíxlamarkaður urðu fyrir verulegum hnekki síðustu mánuði ársins 1990.

Jafnhliða því að þessi lækkun var að koma fram, hafa áform fyrir nýbyrjað ár verið að hækka, úr 32,6 mrð. innlendri fjármögnun í 35,1 mrð., þ.e. í meðförum efri deildar Alþingis og með loforði ríkisstjórnarinnar um hækkun lánsfjár á vegum Byggingarsjóðs verkamanna.

Með þessum breytingum til lækkunar 1990 og hækkunar 1991, er aukning innlends lánsfjár til opinberrar ráðstöfunar áætluð 8,7 mrð. eða 33%. Óhætt er að staðhæfa, að sú aukning sé ófær með öllu og að auki mjög óæskileg með tilliti til væntanlegrar aukningar orkuframkvæmda til að mæta stóriðju, en sú aukning er enn ekki í áætluninni. Tilraun til þess að ná svo miklu fé á innlendum markaði hlýtur þó að takast misjafnlega eftir því hvort og hve mikið vöxtum er leyft að hækka, svo og háð ýmsum skilyrðum svo sem skattfríðindum hlutabréfakaupa. Jafnvel þótt áformin væru talsvert minni, hljóta þau að setja gólf undir vextina, álíka hátt og þeir hafa í reynd verið að undanförnu með sérboðum á spariskírteinum og markaðsgengi húsbréfa o.þ.h. Auk þessa má gera fastlega ráð fyrir því, að ríkissjóðshalli verði um 2–3 mrð. kr. hærri en reiknað er með í fjárlögum, eða 6–7 mrð. kr., og mun það koma fram í aukinni erlendri lántöku. Enn fremur er við lýði sú grundvallarveila í yfirtaki A-hluta, að verulegt tap á rekstri lánasjóða, byggingar- og námslána, á sér stað utan hans.

Niðurstaðan af þessu hlýtur annars vegar að vera sú, að draga verði niður í fjármögnunaráformum um nokkra milljarða, hins vegar að ekki veitist færi á lækkun raunvaxta. Þegar leitað er færis á niðurfærslu, blasa húsnæðismálin við. Þar hefur orðið mikil aukning og stefnt að enn meiri aukningu og umfram sýnilegan möguleika á fjármögnun. Um þetta vísast til sérstakrar greinargerðar.

3. Erlendar lántökur og lífeyrissjóðir.

Þetta gefur tilefni til að líta nánar annars vegar á erlendar lántökur og hins vegar á nýtingu fjár lífeyrissjóðanna. Ofáætlun um innlenda fjármögnunargetu leiðir yfirleitt til aukinnar erlendrar fjármögnunar, þar sem ekki verður snúið til baka með áformin og erlend lántaka er afgangsstærð. Þannig hækkaði erlend lántaka opinberra aðila og sjóða um tæpa 5 milljarða frá áætlun 1990, og leiddi til þess, að langar erlendar lántökur urðu alls rúmir 26 mrð. í stað 20,4 skv. októberáætlun. Hin sama gæti niðurstaðan orðið á þessu ári, verði ráð ekki í tíma tekið.

Þess virðist gæta, að lífeyrissjóðir séu taldir ótæmandi auðsuppspretta. Ráðstöfunarfé þeirra nam þó ekki nema 22,6 mrð. skv. áætlun 1990 og er áætlað 27,4 mrð. í ár, og gæti verið fremur bjartsýn áætlun. Þetta er liðlega helmingur af lánsfjárþörf opinberra aðila og sjóða hvort ár. Ráðstöfunarféð gæti hugsanlega nýtst betur á opinberum og almennum lánamarkaði. Önnur útlán en til húsnæðislána halda furðanlega hlut sínum og eru nú áætluð 12,4 mrð. eða 45% af ráðstöfunarfé, en voru talin 9,3 mrð. eða 41% 1990. Auk lána til eigin sjóðfélaga og fyrirtækja í hlutaðeigandi greinum, mun eftirsókn í hávaxtabréf og hlutabréf valda hér nokkru um. Koma þar fram þær skorður, sem vaxtasamkeppnin setur.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Hagfræðideild

Fylgiskjal III

31. janúar 1991

FJÁRMÖGNUNARVANDI HÚSNÆÐISMÁLA

Fjármögnunarvandi byggingarsjóðanna er nú til úrlausnar. Aðild Seðlabankans að lausn hans á aðeins að vera liðkun skammtímagreiðsluvanda. Jafnframt því er þó nauðsynlegt að fá yfirsýn yfir fjármögnunina í heild, hve traust hún er og til hvers opinber tilstuðlan í þessu efni leiðir. Athugasemdir þessar eru ritaðar í þessu skyni, í samvinnu við peningamáladeild og á grundvelli nýjustu gagna frá Húsnæðisstofnun og fleirum.

1. Almennt yfirlit.

Rétt þykir að miða yfirtak í tíma við árið 1987, þegar það lánakerfi komst í fullan gang, sem nú er vísað til sem "gamla kerfisins", sem húsbréfakerfinu er ætlað að leysa af hólmi. Kerfi þetta hefur falið í sér mikinn vaxtastyrk, sem ýtt hefur undir húsbyggingar og í enn meira mæli lántökur. Strax í upphafi varð mikið stökk í íbúðabyggingum, einnig af völdum almenns uppgangs og efnahagsþenslu. Síðan hefur ítrekað verið spáð, að íbúðabyggingar muni staðna, meðfram vegna mettunar þarfanna, en uppgjör eftir á hafa þó sýnt aukningu, og er henni nú spáð mestri á nýbyrjuðu ári.

Tafla 1. Íbúðabyggingar 1987-91.

	1987	1988	1989	1990	1991
M.kr. á verðlagi hvers árs 1)	7.494	10.106	12.760	14.700	16.500
Magnaukning %	14,0	10,6	2,5	-2,4	5,0
Magnvísitala m.v. 1986	114,0	126,1	129,3	126,1	132,4
Fjöldi íbúða	1.565	1.728	...	...	...
Metin íbúðaþörf á ári			1,457-1.852 2)		

... upplýsingar ekki fyrir hendi.
1) Heimild: Þjóðhagsstofnun.
2) 1.457 v. fólksfjölgunar, en 1.852 að meðtöldum ýmsum matsatriðum um tilflutninga, úreldingar og þröngbýli. Heimild: Byggðastofnun.

Þegar þess er minnst, að á umliðnum áratugum námu íbúðabyggingar yfirleitt um 2.000–2.500 íbúðum á ári, ætti byggingamagnið að vera vel viðráðanlegt nú, sé mark lánafyrirgreiðslunnar ekki sett of hátt. Sökum verðtryggingar og raunvaxta er að vísu brýnna nú, að lánafyrirgreiðsla sé fullnægjandi frá byrjun. Metin íbúðaþörf er sniðin að hreinum mannfjöldastærðum, einkum heimilastofnunum og aukinni íbúðatíðni einhleypra, sem hefur þróast mjög greitt um langt árabil. Ekkert hefur hins vegar verið reynt að ráða í tekju- og verðteygni íbúðaeftirspurnar, né tilsvarandi áhrif vaxtakostnaðar, en þessir þættir munu því áhrifameiri sem beinn skortur dvínar og nálgast mettun. Því er mjög líklegt, að efnahagslægðin frá 1988 hafi safnað upp umframboði húsnæðis, enda benda síðustu heimildir til þess háttar markaðsástands. Mat íbúðaþarfar mun verða endurskoðað á næstunni af Byggðastofnun.

Upplýsandi er að bera saman fjárhæðir íbúðabygginga og útlán til húsnæðismála, bæði frá opinberum sjóðum sérstaklega, að meðtöldu húsbréfakerfi, og alls sbr. heildaráætlun.

Tafla 2. Íbúðaframkvæmdir og útlán til húsnæðismála.

	1987	1988	1989	1990	1991
	F.				
Íbúðabyggingar, m.kr.	7.494	10.106	12.760	14.700	16.500
Útlán, m.kr.:					
Byggingarsjóðir og húsbréf	5.950	7.727	10.483	18.212	19.420
Alls	7.632	10.062	14.334	21.728	21.420
Útlán af byggingum %:					
Byggingarsjóðir og húsbréf	79,4	76,5	82,2	123,9	117,7
Alls	101,8	99,6	112,3	147,8	129,8
Útlán á föstu verðl., vísit.:					
Byggingarsjóðir og húsbréf	100,0	105,3	120,6	181,5	180,9
Alls	100,0	106,9	128,6	168,8	155,6
Íbúðabygg. á föstu verðl. vísit.:	100,0	110,6	113,4	110,6	116,1

Þessi þróun hefur staðfest öll þau varnaðarorð, sem höfð voru í frammi varðandi niðurgreiðslu vaxta í húsnæðiskerfinu. Áður þótti gott, ef öll húsnæðislán náðu 80% af byggingarverðmæti. Á þessu tímabili hófust sjóðalánin á því hlutfalli, en hafa síðan komist nálægt fimmtungi umfram byggingar, og heildarlán 30–40% umfram. Þetta hefur gerst við það, að útlán hafa aukist á föstu verðlagi um 60%–70% (yfir 80% frá sjóðunum) á meðan íbúðabyggingar hafa aukist um 16%. Einnig kemur fram af þessu, að mun stærri hluti fjármögnunar fer nú um opinbera sjóði, enda ráð fyrir því gert í kerfum síðustu ára og með aukinni áherslu á félagslegar íbúðir.

Þessi geysimikla umframfjármögnun skýrist af því, að lánakerfið frá 1986 fól í sér verulegar rýmkanir á lánsrétti og lánsfjárhæðum almennra húsnæðislána. Samhliða þessu voru vextir lánanna langt undir markaðsvöxtum. Afleiðing þessa varð gífurleg eftirspurn eftir lánum og stóraukin útlán og greinilegt, eins og sjá má af samanburði heildarútlána og fjárfestinga í nýbyggingum, að útlán hafa verið mun meiri en fjárfestingar. Lán hafa því runnið til annarrar ráðstöfunar svo sem einkaneyslu og fjárfestinga í verðbréfum með hærri vöxtum. Kerfið er því gjaldþrota í tvennum skilningi. Það ráðstafar stjórnlaust of miklu fjármagni til íbúðalána og skapar kröfur á ríkissjóð gegnum ábyrgð hans á Byggingarsjóði ríkisins, sem er mun meiri en hægt er að standa undir. Miðað við vexti á útlánum og innlánum undanfarin ár, og endurfjármögnun innlána með svipuðum kjörum á næstu árum, má áætla að um 30–40% útlánanna séu töpuð.

Frá upphafi, eða 1986–1990, hafa 13.667 lán verið veitt í almenna lánakerfinu frá 1986, og sundurliðast þau þannig:

Tafla 3. Fjöldi útlána í '86-kerfinu.

	Fjöldi	%
Nýbyggingar	3.090	22.6
Húsakaup	7.470	54,7
Greiðsluerfiðleikar	2.119	15,5
Annað	988	7,2
	13.667	100,0

Áætlaðar lánveitingar 1991 til að ljúka lánsloforðum eru 4.860 m. kr., og þá alls 31,8 milljarðar frá upphafi. Að auki eru rétthæfir umsækjendur um 5.000 talsins, og gætu lánveitingar til þeirra orðið um 13 mrð. Er því mikið í húfi að fá þetta kerfi stöðvað. Miðað við ofangreindar tölur um heildarútlán frá 1986 til ársloka 1991 má áætla, að tap sjóðsins vegna þessara lánveitinga sé á bilinu 10–13 mrð. kr., sem er svipuð fjárhæð og eigið fé sjóðsins um þessar mundir.

Nokkur rök má færa fyrir því, að húsbréfakerfið geti leitt til offjármögnunar á íbúðalánum, þar sem vextir eru lægri vegna ríkisábyrgðar á húsbréfum. Þessa hlýtur þó að gæta í mun minna mæli, þar sem um markaðsvexti slíkra lána er að ræða. Takmörk lántöku við 65% af matsverði dregur einnig úr þessari hættu. Ljóst er að ríkissjóður, eða Byggingarsjóður ríkisins, tekur áhættu með milligöngu um almenn húsnæðislán, þar sem hann stendur ábyrgur fyrir greiðslum til lánveitenda óháð greiðslum íbúðarkaupenda af lánum sínum. Með húsbréfakerfinu verður þó lítil breyting hvað þetta varðar og í raun er þetta hluti af þeim vanda sem við er að glíma varðandi ríkisábyrgðir. Á húsnæðissviðinu er þó talið að um litla tapáhættu sé að ræða miðað við reynslu undanfarinna áratuga. Áframhaldandi búsetubreytingar geta þó aukið þessa áhættu.

2. Fjármögnunarvandinn.

Heildarútlán byggingarsjóðanna eru áætluð um 19,4 mrð. kr. á árinu 1991 samanborið við 18,2 mrð. kr. á árinu 1990. Hér er um að ræða sambærilega stærð að raungildi bæði árin. Útlán í gamla kerfinu eru enn áætluð 4.860 m. kr., þótt takmörkuð séu við gefin lánsloforð, um leið og þungi almennrar íbúðafjármögnunar færist yfir á húsbréf, með 9.930 m.kr. áætluð útlán, jafnframt því að enn er aukið á þá áherslu á félagslega kerfið, sem á komst 1990, með áætluðum 4.630 m.kr. útlánum 1991. Alls eru útlán húsnæðiskerfisins áætluð 19,4 mrð. kr. 1991. Að viðbættum neikvæðum vaxta- og afborganamun sjóðanna þarf að afla sem næst 20,7 milljarða króna. Sett hefur verið á blað, að lífeyrissjóðir muni geta lagt til um 15,7 milljarða af því.

Tafla 4. Lánveitingar Húsnæðisstofnunar 1987-1991
í milljónum króna.

	1987	1988	1989	1990	1991
Byggingarsj. ríkisins	4.733	5.858	7.511	8.800	4.860
Byggingarsj. verkam.	1.218	1.869	2.916	3.850	4.630
Byggingarsjóðir alls:	5.951	7.727	10.427	12.650	9.490
Húsbréf			56	5.562	9.930
Lánveitingar samtals:	5.951	7.727	10.483	18.212	19.420

Því er gert ráð fyrir, að 5 mrð. kr. af útgáfu húsbréfa verði fjármögnuð beint af seljendum íbúða eða með öðrum kaupum lánastofnana og verðbréfasjóða á húsbréfum. Ekki er óhugsandi að það geti gengið, en óvissa hlýtur að ríkja um hlut seljenda íbúðarhúsnæðis að þessu leyti. Ljóst er þó að húsbréfakerfið dregur úr möguleikum lánastofnana til beinna fasteignaveðlána og úr lánum seljenda til íbúðarkaupenda (handhafabréf) vegna takmarkana til veðsetningar. Þessi lán hafa á síðustu árum verið á bilinu 6–7 mrð. kr. Framboð húsbréfa mun að líkindum fylla að hluta í þetta rúm.

Reynslan af húsbréfakerfinu fyrstu 14 mánuðina bendir til að um 50–60% leiti út á fjármagnsmarkaðinn. Að líkindum mun þetta hlutfall þó hækka, þegar fram líða stundir, þar sem í upphafi er verið að byggja upp þann stofn, sem verður í viðskiptahringrásinni. Ómögulegt er að spá um, hvert þetta hlutfall verður á þessu ári, en ekki er ólíklegt að það verði að minnsta kosti þannig, að seljendur leggi til a.m.k. svipaða fjárhæð og þeir hafa gert við kaup á handhafaskuldabréfum að undanförnu eða um 3 mrð. kr.

Hér er um miklar lánveitingar á sviði húsnæðismála að ræða og augljóslega mun það viðhalda þeirri spennu, sem verið hefur á lánamarkaðnum. Vandinn stafar ekki síst af því, að verið er að ljúka útlánum í lánakerfinu frá 1986 samhliða því sem húsbréfakerfið er komið á skrið. Hugsanlegt er þó, að útlán til nýbygginga verði minni en áætlað hefur verið, þar sem vísbendingar gefa til kynna að verulegur samdráttur hafi orðið í úthlutun lóða til bygginga á síðasta ári. Einnig virðist verð nýrra íbúða fara lækkandi. Hvort tveggja, ef rétt reynist, mun draga úr eftirspurn eftir lánum í húsbréfakerfinu.

Ljóst er, að lántökur opinberra aðila á síðasta ári leiddu til nokkurrar hækkunar á vöxtum ríkistryggðra skuldabréfa. Gildir það jafnt um húsbréf sem spariskírteini ríkissjóðs. Það að hækkunin varð ekki meiri en raun varð á skýrist fyrst og fremst af því að lántökur atvinnufyrirtækja voru með minnsta móti. Nú er áætlað að hreinar innlendar lántökur opinberra aðila aukist um 8 mrð. kr. milli áranna 1990 og 1991. Óvissa ríkir um, hverjar lántökur atvinnufyrirtækja verða á þessu ári, en ljóst er að hér er teflt á tæpasta vað hvað innlendar lántökur varðar.

Rétt er því að leita allra leiða til að draga úr útlánum í almenna lánakerfinu, þ.e. kerfinu frá 1986 og húsbréfakerfinu. Eru í því sambandi reifaðir nokkrir kostir í tillöguformi hér að neðan.

Tafla 5. Fjármögnun húsnæðislánakerfisins 1987-1991
í milljónum króna.

	1987	1988	1989	1990	1991
Lífeyrissjóðir:					
Byggingarsjóðir ríkisins	4.195	7.124	9.692	10.400	10.790
Húsbréf (áætlanir)			56	2.260	4.930
Lífeyrissjóðir alls:	4.195	7.124	9.748	12.660	15.720
Húsbréf, önnur fjármögnun				3.249	5.000
Framlög ríkis og sveitarfélaga	1.371	1.827	1.300	673	1.100
Afborganir, vextir, verðb. nettó	62	-114	-113	445	-1.848
Önnur fjármögn. og milliviðsk. sjóða	671	553	177	396	265
Fjármögnun samtals:	6.299	9.390	11.112	17.423	20.237

3. *Tillöguhugmyndir.*

Niðurstöður þessarar greinargerðar sem og þeirrar, er fjallar um almennan fjármögnunarvanda opinberra aðila og sjóða, eru þær, að með fyrirliggjandi áformum sé hleypt af stokkunum verulega meiri lánsfjáreftirspurn en markaðurinn fái ráðið við, og muni leiða til almennrar vaxtahækkunar og sennilega enda með ótilætluðum erlendum lántökum. Er þá enn ekki séð fyrir væntanlegri fjáröflun til aukinna orkuframkvæmda, sem er æskilegt, að gerist að nokkrum hluta innan lands. Eins og fram hefur komið, sker húsnæðisfjármögnun sig úr með mikla aukningu, sem að verulegum hluta rennur óbeint til lausafjáraukningar og annarra þarfa en húsnæðis. Ekki er heldur fyrirsjáanlegt, að allt það fjármagn náist. Beinast tillöguhugmyndir um aðhald því að þessum geira sérstaklega:

1. Nauðsynlegt er að gera nú þegar þær lagabreytingar sem þarf til að loka lánakerfinu frá 1986, svo að ekki komi til frekari lánveitinga úr því kerfi.

2. Nauðsynlegt er að hækka nú þegar vexti á nýjum lánum úr Byggingarsjóði ríkisins til samræmis við vexti húsbréfa (nú 6%). Hugsanlegt er, að þessi breyting muni draga úr notkun á lánsloforðum á þessu ári.

3. Rétt er að athuga, hvort ekki eigi að loka fyrir heimild til lánveitinga til byggingarverktaka, sem er í reglugerð um húsbréfaviðskipti.

4. Athugandi er, hvort hægt er að takmarka með einhverjum hætti veitingu greiðsluerfiðleikalána, þannig að útgáfa þeirra dreifist jafnt yfir árið.

5. Frestað verði fyrirhugaðri hækkun lánshlutfalls úr 65% í 75% vegna nýbygginga og fyrstu íbúðarkaupa.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Peningamáladeild

Fylgiskjal IV

31. janúar 1991

VAXTAMUNUR

Þar sem rekstrarreikningar innlánsstofnana 1990 liggja ekki fyrir hefur að undanförnu farið fram lausleg athugun á vaxtamun eigna og skulda hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum samkvæmt „stóru líkani". Í aðferðinni felst það að vextir á tilteknum degi eru vegnir með fjárhæðum samkvæmt efnahagsreikningi. Í líkaninu þarf að styðjast við ákveðnar forsendur um verðbólgu og gengisbreytingar, sjá töflu 1.

Skoðaður var vaxtamunur á nokkrum tímapunktum frá desember 1988 til janúar 1991. Stuðst var við vogir bankanna í lok áranna 1989 og 1990.

Niðurstöður þessarar athugunar benda til þess að vaxtamunur eigna og skulda hafi verið hár frá miðju ári 1989 fram á árið 1990 en lækkað stöðugt síðan. Um mitt ár 1989 var vaxtamunurinn 5,8% samanborið við 4,0% í janúarmánuði 1991 og er þá miðað við mismun raunávöxtunar allra eigna annars vegar og skulda hins vegar.

Tafla 1
Vaxtamunur eigna og skulda viðskiptabanka


	--- Forsendur ---			
	Verð-bólga	Hækkun erlendra gjaldmiðla	Vog	**Raunávöxtun á ári**
21. desember 1988	4,0%	31,0%	31/12/89	4,7%
21. júní 1989	26,7%	31,0%	31/12/89	5,8%
21. desember 1989	21,6%	22,0%	31/12/89	5,8%
11. apríl 1990	5,0%	0,0%	31/12/89	4,3%
21. ágúst 1990	7,1%	0,0%	31/12/90	4,4%
21. desember 1990	7,1%	0,0%	31/12/90	4,2%
21. janúar 1991	8,4%	0,0%	31/12/90	4,0%

Talsvert misvægi er í efnahagsreikningi bankanna á þann hátt að verðtryggðar skuldir eru meiri en verðtryggðar eignir. Þetta er sýnt í töflu 2 hér á eftir og einnig í meðfylgjandi skýringarmynd. Misvægi í þessa átt veldur því að aukning verðbólgunnar, sem á sér stað um þessar mundir, dregur úr vaxtamun, nema henni sé mætt með vaxtabreytingum. Sem dæmi um þessi áhrif skal nefnt að vaxtamunur eigna og skulda 21. jan. 1991 var 4,0% miðað við 8,4% verðbólgu, sem er áætluð þriggja mánaða árshækkun lánskjaravísitölu fram til 1. apríl nk. Ef hins vegar miðað væri við 14,5% verðbólgu, sem er mánaðarhækkun LKV á ársgrundvelli 1. febrúar nk., væri vaxtamunurinn aðeins 3,1%.

Misvægi milli efnahagsliða, sem fram kemur í töflu 2, stafar m.a. af því að sérkjarareikningar bankanna, nefnt „annað óbundið sparifé", er flokkað með verðtryggðum skuldum þar sem þeir eru í eðli sínu verðtryggðir enda þótt þeir geti borið óverðtryggð kjör ef innstæður á þeim eru hreyfðar.

Tafla 2
Hlutfallsskipting efnahagsliða

	31.12. 1989		31.12. 1990	
	EIGNIR	SKULDIR	EIGNIR	SKULDIR
Óverðtryggðir liðir	31,7%	22,5%	34,3%	25,1%
Verðtryggðir liðir	32,8%	44,0%	36,3%	46,5%
Gengisbundnir liðir	35,5%	33,5%	29,4%	28,4%



VAXTAMUNUR RAUNÁVÖXTUNAR EIGNA OG SKULDA 21.1. 1990:

	M.v. 8,4% verðbólgu	M.v. 14,5% verðbólgu
Gengisbundið belti	0,7%	0,6%
Verðtryggt belti	2,8%	2,8%
"Blandaða beltið"	2,6%	-3,1%
Óverðtryggt belti	10,4%	9,0%
Alls	4,0%	3,1%

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Hagfræðideild

Fylgiskjal V
31. jan. 1991

SAMANBURÐUR INNLENDRA OG ERLENDRA VAXTA

Seðlabankinn gerði grein fyrir samanburði erlendra og innlendra vaxta í skýrslu til viðskiptaráðherra í nóvember. Síðan hafa borist takmarkaðar upplýsingar, vextir og verðlag fyrir einn eða tvo mánuði í hverju landi. Upplýsingar um verðbólgu ná nú víðast hvar fram í október, og þykir þá óhætt að notast við raunverulega verðlagsþróun, svo langt sem nær, fremur en að byggja á spám.

Kjör á skammtímalánum fyrirtækja.

Nýjar upplýsingar breyta sáralitlu um meðaltöl nafnvaxta 1990. Til dæmis er meðaltal nafnvaxta af skammtímalánum vegið samkvæmt viðskiptavog óbreytt, 12,3%. Verðbólga innan ársins 1990 stefnir hins vegar hærra en gert var ráð fyrir í nóvember. Vegið verðbólgumeðaltal er nú talið 6,0%, en var álitið 5,5% í nóvemberskýrslunni. Meðaltal raunvaxta af skammtímalánum á árinu 1990 reiknast 6,2% nú í stað 6,8% í haustskýrslunni. Verðbólga á mælikvarða framfærsluvísitölu tók kipp með olíuverðshækkunum á síðasta ári, en hann ætti að réna og jafnvel að ganga til baka þar sem ljóst virðist að Írakar nái ekki að vinna umtalsverð spjöll á olíulindum utan Kúvæt. Af þessum sökum er trúlegt að raunvextir hækki í náinni framtíð að óbreyttum nafnvöxtum.

Raunvextir virðast hafa verið hærri í fyrra en á árinu 1989 í helstu iðnríkjunum nema í Bandaríkjunum, þar sem nafnvextir lækkuðu og verðbólga óx, og Bretlandi, þar sem verðbólga óx umfram hækkun nafnvaxta. Að þessum tveimur löndum slepptum er vegið meðaltal raunvaxta 6,8% í stóru iðnríkjunum (Þýskaland, Japan, Frakkland, Ítalía og Kanada) á móti 5,5% á árinu 1989, og vegið heildarmeðaltal án Bretlands og Bandaríkjanna er 7,4% árið 1990, en var 6,5% árið 1989. Í eftirfarandi töflu eru sýnd vegin meðaltöl vaxta og verðbólgu fyrir sjöveldin (G-7 hópurinn er Bandaríkin, Þýskaland, Frakkland, Japan, Bretland, Ítalía og Kanada), Norðurlöndin og önnur Evrópulönd (Sviss, Holland, Belgíu, Írland, Spán og Portúgal). Tölur fyrir einstök lönd eru sýndar í töflu 6 á sérstöku blaði.

Tafla 1. Vextir af skammtímalánum fyrirtækja - meðaltöl.

	Nafnvextir					
	1986	1987	1988	1989	1990	nýjast
Sjöveldin	9,2	8,6	9,0	11,1	11,6	11,5
Norðurlönd	12,3	13,2	13,4	13,4	14,5	14,0
Önnur Evrópulönd	12,4	12,0	11,2	13,3	12,2	14,4
Viðskiptavog alls	10,2	10,0	10,2	11,9	12,3	12,4

	Verðbólga				
	1986	1987	1988	1989	1990 1)
Sjöveldin	1,5	2,9	4,4	5,0	5,9
Norðurlönd	5,6	5,0	5,4	5,3	5,8
Önnur Evrópulönd	3,4	3,5	5,1	6,2	6,7
Viðskiptavog alls	2,6	3,4	4,7	5,2	6,0

	Raunvextir					
	1986	1987	1988	1989	1990	nýjast
Sjöveldin	7,6	5,6	4,5	5,8	5,4	5,3
Norðurlönd	5,6	7,8	7,6	7,8	8,3	7,9
Önnur Evrópulönd	8,7	8,2	5,9	6,7	7,9	7,1
Viðskiptavog alls	7,5	6,4	5,3	6,3	6,2	6,1

1) Fyrstu 10 mánuðir 1990 þar sem þeir eru tiltækir, annars stykkjað saman eftir spám OECD.

Vaxtakjör á innlendum markaði.

Í eftirfarandi töflum eru teknar saman upplýsingar um helstu almenn vaxtakjör innlánsstofnana á Íslandi hin síðustu ár.

Tafla 2. Vaxtakjör á innanlandsmarkaði

	Nafnávöxtun					
	1986	1987	1988	1989	1990	4.ársfj.90
60 daga víxlar	20,3	28,7	34,0	29,4	17,1	13,9
Óverðtr. skuldabréf	19,6	27,9	33,2	29,5	17,0	13,5
Verðtryggð skuldabréf	20,5	31,6	30,1	31,3	15,9	13,4
	1986	1987	1988	1989	1990	4.ársfj.90
Verðbólga 2)	14,7	22,2	19,1	23,7	7,3	6,4
	Raunávöxtun					
	1986	1987	1988	1989	1990	4.ársfj.90
60 daga víxlar	4,9	5,3	12,5	4,6	9,0	8,2
Óverðtr. skuldabréf	4,3	4,7	11,8	4,7	9,1	7,0
Verðtryggð skuldabréf	5,1	7,7	9,2	6,0	8,0	10,2

1) Janúar 1991 – apríl 1991. Spá.
2) Lánskjaravísitala út 1988, síðan framfærsluvísitala.

Samanburður við útlönd leiðir í ljós að raunvextir óverðtryggðra lána voru háir á síðasta ári miðað við meðaltöl erlendra vaxta. Í töflu 6 sem sýnir tölur fyrir einstök lönd sést að einungis í 4 af 18 löndum í samanburðinum (Kanada, Danmörku, Belgíu og Ástralíu) voru raunvextir skammtímalána hærri árið 1990 en vextir óverðtryggðra lána hér á landi. Raunvextir verðtryggðra lána á Íslandi í fyrra voru 8,0%, rétt undir meðaltal fyrir Norðurlönd (8,3%) fyrir skammtímalán en lítið eitt hærri en meðaltal skammtímavaxta (7,6%) í minni Evrópulöndunum. Er vandséð að samanburður við útlönd gefi tilefni til að knýja á um breytingar á vöxtum verðtryggðra útlána að svo stöddu.

Vert er að benda á að hátt meðaltal raunvaxta óverðtryggðra lána 1990 skýrist alfarið af háum raunvöxtum á 1. og 3. ársfjórðungi. Á þessum tímabilum lækkaði verðbólgan ört. Hækkun raunvaxta við slík skilyrði er alþekkt erlendis frá, þegar nafnvextir lagast með töfum að lækkaðri verðbólgu.

Opinber fjárþörf og vaxtastigið.

Halli á A-hluta ríkissjóðs hefur ekki verið meiri en gerist og gengur í helstu nágrannalöndum síðustu árin, eða nálægt 2% af landsframleiðslu á greiðslugrunni. Þetta er álíka og gerist í Bandaríkjunum, heldur minna en í Þýskalandi (–3,1%) og Kanada (–3,4%) en talsvert minna en hjá Hollendingum (–5,2%), Belgum (–5,9%) og Ítölum (–10%). Mældur halli er hins vegar villandi að því leyti að fjárþörf húsnæðiskerfisins og lánasjóðs námsmanna hefur verið mætt í minnkandi mæli með ríkisframlögum og lántökur verið auknar í staðinn þótt eiginfjárstaða þessara sjóða leyfi það varla. Auk þessa hefur meginábersla verið lögð á innlenda fjármögnun opinberra þarfa. Sókn opinberra aðila og skjólstæðinga ríkisins á innlendan lánamarkað hefur því verið langt umfram það sem ætla mætti af halla ríkissjóðs einum saman. Nettófjármögnun opinberra aðila (lántökur umfram afborganir) á innlendum markaði var á síðasta ári um 17 milljarðar króna eða um 5% af landsframleiðslu. Er hér um að ræða nálega helftina af aukningu peningalegs sparnaðar í landinu, sem virðist hafa verið um 10% af landsframleiðslu eða 33 milljarðar króna.

Í eftirfarandi töflu eru sýndir raunvextir skammtímalána í nokkrum ríkjum, þar sem halli hefur verið viðvarandi á opinberum búskap nokkur undanfarin ár.

Tafla 3. Raunvextir og halli á opinberum búskap.

	Halli '90 % af VLF 1)	Raunvextir '90 (skammtímalán)
Bandaríkin	-2,4	3,7
Þýskaland	-3,1	8,3
Frakkland	-1,2	7,7
Ítalía	-10,0	6,7
Kanada	-3,1	9,0
Holland	-5,5	8,7
Belgía	-5,2	9,2
Spánn	-3,2	7,4
Ísland	-2 til-5 2)	8,0 til 9,1

1) Hér er notast við „General government financial balance" samkvæmt OECD í öðrum löndum en Íslandi. Þar eru innifalin sveitarfélög og almannatryggingar. A-hluti ríkissjóðs er yfirgnæfandi í þessum reikningum á Íslandi.
2) Sbr. það sem sagt var um mikla lánsfjárþörf miðað við halla.

Ef Bandaríkin eru undanskilin, er alls ekki að sjá að raunvextir verðtryggðra lána séu úr takti við það sem gerist erlendis við líkar aðstæður, en nafnvextair verðtryggðra lána, þ.e. raunvextir þeirra miðað við lánskjaravísitölu, eru akkeri allrar vaxtaviðmiðunar á íslenska lánamarkaðinum.

Vextir ríkisskuldabréfa.

Raunvextir ríkisskuldabréfa eru víða talsvert lægri en á Íslandi. Norðurlöndin eru þó með álíka vexti, einkum ef tekið er tillit til þess að hækkandi verðbólga í Svíþjóð lækkar raunvextina líklega tímabundið í ár. Í Belgíu, á Ítalíu og á Spáni, þar sem verulegur halli er á rekstri hins opinbera og ríkið sækir stíft á innlenda lánsfjármarkaði, hafa raunvextir ríkisskuldabréfa einnig verið háir. Í því sambandi ber að líta á að sókn ríkisins inn á innlendan lánsfjármarkað hefur ekki einungis verið til að fjármagna halla, heldur einnig til að breyta erlendum lánum í innlend og fjármagna húsnæðiskerfið. Af þessum ástæðum er lánsfjárþörf hins opinbera á Íslandi meiri en nemur halla á ríkissjóði, og e.t.v. keimlík því sem gerist í ofangreindum löndum. Þar er halli ríkissjóðs þó meiri en hér, allt að 10% af landsframleiðslu á Ítalíu.

Í eftirfarandi töflu eru sýnis meðaltöl raunvaxta í helstu flokkum viðskiptalanda. Til samanburðar eru sýndir raunvextir skammtímalána til fyrirtækja og mismunur þessara tveggja vaxtaflokka. Mismunurinn snöggjókst 1989.

Vextir ríkisskuldabréfa í einstökum löndum eru sýndir í töflu 7 á sérstöku blaði.

Tafla 4. Raunvextir skammtímalána og ríkisskuldabréfa:

Ríkisskuldabréf, raunvextir	1986	1987	1988	1989	1990
Sjöveldin	6.0	4.7	3.4	3.3	3,4
Norðurlönd	4.9	6.4	5.3	5.2	5.8
Önnur Evrópulönd	6.0	5.8	3.8	3.8	4.3
Viðskiptavog alls	5.8	5.2	3.8	3.8	4.0

Skammtímalán, raunvextir	1986	1987	1988	1989	1990
Sjöveldin	7.6	5.6	4.5	5.8	5,4
Norðurlönd	5.6	7.8	7.6	7.8	8,3
Önnur Evrópulönd	8.7	8.2	5.9	6.7	7,6
Viðskiptavog alls	7.5	6.4	5.3	6.3	6,2

Mismunur: Skammtímalán - Ríkisskuldabréf	1986	1987	1988	1989	1990
Sjöveldin	1.6	0.9	1.1	2.5	2.0
Norðurlönd	0.7	1.4	2.3	2.6	2.5
Önnur Evrópulönd	2.7	2.4	2.1	2.9	3.3
Viðskiptavog alls	1.7	1.2	1.5	2.5	2.2

Þeir ríkisskuldabréfavextir, sem notaðir eru í töflunni hér að ofan, eru í öllum tilvikum vextir á endursölumarkaði, enda er mun auðveldara að gera grein fyrir slíkum vöxtum en vöxtum við útgáfu. Sambærilegar tölur innan lands eru einna helst vextir spariskírteina á verðbréfaþingi. Þessir vextir hafa verið sem hér segir:

Tafla 5. Raunvextir spariskírteina á verðbréfaþingi '87-'90.
(Miðað v. lánskjarvísitölu 87-88, síðan framfærsluvísitölu)

	1987	1988	1989	1990
I. Spariskírteini	8,7	8,7	5,4	6,6
II. Verðtr. skuldabréf	7,7	9,2	6,0	8,0
Mismunur (II-I)	-1,0	1,5	0,6	1,4

Eftir nýgræðingseinkenni 1987 virðist munur á ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa og almennra bankalána sækja í líkt horf og erlendis, þótt enn sem komið er sé munurinn heldur minni hér á landi.

Fylgiskjal 5

Tafla 6. Skammtímalán til fyrirtækja í ýmsum löndum.

		Nafnvextir						Verðbólga						Raunvextir						
							Nýjast					horfur							Nýjast	síðasti
		1986	1987	1988	1989	1990	1990	1986	1987	1988	1989	1990		1986	1987	1988	1989	1990	1990	mánuður
SKAMMTÍMALÁN TIL FYRIRTÆKJA																				
Bandaríkin	Stutt bankalán alls skv Fed,res,bulle	8,1	8,0	9,4	11,0	10,2	10,0	1,4	4,0	4,6	5,2	6,3		6,6	3,8	4,6	5,5	3,7	3,5	aug 90
V-Þýskaland	Viðskiptareikningar, heimild < 1 mill	8,7	8,4	8,3	9,9	11,6	11,9	-0,8	0,7	2,6	2,7	3,0		9,6	7,6	5,6	7,0	8,3	8,7	nov 90
Frakkland	Affalla,viðsk, fyrirt, (Escompte, BdF	11,2	10,3	10,0	10,8	11,6	12,0	3,0	2,4	3,3	3,4	3,6		7,9	7,8	6,5	7,1	7,7	8,1	mar 90
Japan	Bankalán, stutt, meðaltal, (av,contr,	5,0	4,1	4,0	4,5	6,7	7,7	-1,3	1,2	1,1	3,0	3,4		6,4	2,8	2,9	1,4	3,2	4,1	oct 90
Bretland	Yfirdráttarlán (lægstu)	11,9	10,5	10,5	14,9	15,8	15,0	3,9	3,3	7,4	7,7	9,7		7,7	6,9	2,9	6,7	5,6	4,8	nov 90
Ítalía	"Bank credits" ,meðaltal útlána allt	14,5	12,5	12,4	13,2	13,6	13,5	5,7	5,2	5,2	6,9	6,5		8,3	7,0	6,9	5,8	6,7	6,6	jun 90
Kanada	Kjörvextir (OECD)	10,6	9,6	10,7	13,2	14,2	13,6	3,9	4,1	4,3	5,5	4,8		6,5	5,2	6,1	7,4	9,0	8,4	nov 90
Danmörk	Bankalán fyrirtækja, stutt	10,9	12,4	12,6	13,4	14,6	14,0	4,8	4,3	4,6	3,6	2,7		5,8	7,8	7,6	9,4	11,6	11,0	sep 90
Sviþjóð	Bankalán til fyrirtækja, meðaltal		12,5	12,8	13,7	15,8	15,0	3,7	4,4	6,7	7,5	11,3			7,7	5,8	5,8	4,1	3,3	sep 90
Noregur	Bankalán stutt,	15,6	16,9	16,9	14,6	14,2	14,0	9,5	7,0	5,2	4,2	4,5		5,6	9,2	11,1	9,9	9,3	9,1	sep 90
Finnland	Bankalán (viðskiptabankar),meðaltal a	9,1	8,9	9,7	10,4	11,6	11,7	3,9	3,8	5,7	7,6	5,5		5,0	4,9	3,8	2,6	5,8	5,9	oct 90
Sviss	Yfirdráttarlán	5,8	5,1	5,0	7,4	10,0	9,0	0,6	1,6	2,3	5,0	6,0		5,2	3,4	2,7	2,2	3,7	2,8	sep 90
Holland	Hlaupareikn,m,tryggingu(mið)	8,6	8,1	7,8	10,8	11,7	11,8	-1,3	0,5	0,5	2,1	2,8		10,1	7,6	7,2	8,5	8,7	8,7	nov 90
Belgía	Yfirdráttur í bönkum	10,4	9,3	8,9	11,1	13,0	12,8	0,9	0,9	2,4	3,6	3,5		9,4	8,3	6,4	7,2	9,2	8,9	nov 90
Írland	Yfirdráttarvextir til bestu kúnna (li	12,2	11,2	8,3	9,4	11,6	11,0	3,3	2,3	3,1	4,3	3,1		8,6	8,6	5,0	4,9	8,3	7,7	aug 90
Portúgal	Ifs - Ámtl, meðalútlánsvextir(fyrst	19,6	18,9	17,5	19,6		20,4	9,8	8,4	12,2	12,1	13,3		9,0	9,7	4,7	6,7		6,2	jan 90
Spánn	Kjörvextir,1ár(skvOECD)	14,4	15,9	14,2	14,1	14,6	14,8	6,0	4,5	6,3	6,8	6,7		7,9	10,9	7,5	6,8	7,4	7,5	nov 90
Ástralía	Miðt., Yfirdráttarlán < 100 þús dalir	18,8	17,9	16,6	20,5	19,5	17,0	9,3	6,9	7,0	8,4	6,0		8,7	10,3	8,9	11,2	12,8	10,4	oct 90
Sjöveldin		9,2	8,6	9,0	11,1	11,6	11,5	1,5	2,9	4,4	5,0	5,9		7,6	5,6	4,5	5,8	5,4	5,3	
Norðurlönd		12,3	13,2	13,4	13,4	14,5	14,0	5,6	5,0	5,4	5,3	5,8		5,6	7,8	7,6	7,8	8,3	7,9	
Önnur Evrópulönd		12,4	12,0	11,2	13,3	12,2	14,4	3,3	3,5	5,0	6,1	6,7		8,7	8,2	5,9	6,7	7,6	7,1	
Viðskiptavog alls		10,2	10,0	10,2	11,9	12,3	12,4	2,6	3,4	4,7	5,2	6,0		7,5	6,4	5,3	6,3	6,2	6,1	

	Nafnávöxtun						Verðbólga 1)						Raunávöxtun						
ÍSLAND:	1986	1987	1988	1989	1990	4.fj.90	1986	1987	1988	1989	1990	4.fj.90	1986	1987	1988	1989	1990	4.fj.90	2)
60 daga víxillán, ávöxtun	20,3	28,7	34,0	29,4	17,0	13,9	14,7	22,2	19,1	23,7	7,3	6,4	4,9	5,3	12,5	4,6	9,0	7,0	
Óverðtryggð skuldabréf, ávöxtun	19,6	27,9	33,2	29,5	17,1	13,5	14,7	22,2	19,1	23,7	7,3	6,4	4,3	4,7	11,8	4,7	9,1	6,7	
Verðtryggð skuldabréf, nafnávöxtun	20,5	31,6	30,1	31,3	15,9	13,4	14,7	22,2	19,1	23,7	7,3	6,4	5,1	7,7	9,2	6,0	8,0	6,6	

1) Lánskjaravísitala 86-88, síðan framfærsluvísitala. 2)4.fj.90 vísar til 4. ársfjórðungs 1990

Fylgiskjal 5

Tafla 7. Vextir og raunvextir ríkisskuldabréfa í ýmsum löndum.

		Nafnvextir						Verðbólga						Raunvextir						
							Nýjast					horfur						Nýjast	síðasti	
		1986	1987	1988	1989	1990	1990	1986	1987	1988	1989	1990		1986	1987	1988	1989	1990	1990	mánuður
RÍKISSKULDABRÉF																				
Bandaríkin	5 ára ríkisskuldabréf	7,3	7,9	8,5	8,5	8,4	8,0	1,4	4,0	4,6	5,2	6,3		5,8	3,8	3,7	3,1	2,0	1,6	nov 90
V-Þýskaland	Opinber bréf alls, endursala	5,9	5,8	6,1	7,0	8,8	9,0	-0,8	0,7	2,6	2,7	3,0		6,8	5,1	3,4	4,2	5,7	5,8	nov 90
Frakkland	Ríkisskuldabréf(endursala)	8,1	9,4	9,0	8,8	9,9	10,1	3,0	2,4	3,3	3,4	3,6		5,0	6,9	5,6	5,2	6,1	6,3	nov 90
Japan	Ríkisskuldabréf (endursala)	5,0	4,2	4,3	5,1	7,4	7,4	-1,3	1,2	1,1	3,0	3,4		6,3	3,0	3,2	2,0	3,9	3,9	nov 90
Bretland	5 ára Ríkisskuldabréf (endursala)	10,0	9,4	9,7	10,7	12,1	11,2	3,9	3,3	7,4	7,7	9,7		5,9	5,8	2,1	2,8	2,2	1,4	nov 90
Ítalía	Ríkisskuldabréf,endursala (eina sería	11,5	10,6	10,5	11,6	11,9	11,6	5,7	5,2	5,2	6,9	6,5		5,5	5,2	5,1	4,4	5,1	4,8	oct 90
Kanada	Ríkisskuldabréf, 5-10 ár	9,4	9,5	9,7	9,7	10,8	10,5	3,9	4,1	4,3	5,5	4,8		5,3	5,2	5,1	4,0	5,8	5,4	nov 90
Danmörk	Ríkiskuldabréf	10,1	11,3	9,6	9,9	10,8	10,6	4,8	4,3	4,6	3,6	2,7		5,0	6,7	4,7	6,0	7,9	7,7	nov 90
Svíþjóð	Ríkisskuldabréf, 5ára, endursala	10,3	11,4	11,2	11,3	13,7	13,8	3,7	4,4	6,7	7,5	11,3		6,3	6,8	4,3	3,5	2,1	2,2	sep 90
Noregur	Ríkisskuldabréf, 6-10 ár, endursala	13,0	13,1	12,8	10,8	10,7	10,6	9,5	7,0	5,2	4,2	4,5		3,2	5,7	7,2	6,3	5,9	5,9	nov 90
Finnland	Ríkisbréf, skattskyld, endursala				12,3	13,2	13,5	3,9	3,8	5,7	7,6	5,5					4,4	7,3	7,6	oct 90
Sviss	Sambandsbréf Endursala	4,2	4,0	4,0	5,2	6,4	6,6	0,6	1,6	2,3	5,0	6,0		3,6	2,4	1,7	0,2	0,4	0,6	nov 90
Holland	Ríkisskuldabréf (í heild)	6,3	6,3	6,1	7,2	9,0	9,2	-1,3	0,5	0,5	2,1	2,8		7,7	5,8	5,5	5,0	6,0	6,2	nov 90
Belgía	Ríkisskuldabréf (endursala, eina sería	7,9	7,8	7,9	8,6	10,1	10,0	0,9	0,9	2,4	3,6	3,5		7,0	6,9	5,3	4,9	6,3	6,3	nov 90
Austurríki	Obinber bréf, endursala	7,3	6,9	6,7	7,1	8,7	9,0	0,3	1,9	2,3	2,8	3,7		7,0	5,0	4,3	4,2	4,8	5,1	oct 90
Írland	Ríkisskuldabréf, lfs	11,1	11,3	9,5	8,9	10,1	9,5	3,3	2,3	3,1	4,3	3,1		7,5	8,8	6,2	4,5	6,8	6,2	aug 90
Portúgal	Ríkisskuldabréf (IFS)	15,5	15,0	13,9	14,8	15,1	15,2	9,8	8,4	12,2	12,1	13,3		5,2	6,1	1,5	2,4	1,6	1,7	jul 90
Spánn	Ríkisskuldabéf(>2ár) endursala	11,4	12,8	11,7	13,7	14,7	14,6	6,0	4,5	6,3	6,8	6,7		5,1	7,9	5,2	6,4	7,5	7,4	nov 90
N-Sjáland	Ríkisskuldabréf, IFS	16,5	15,7	13,1	12,8	12,4	12,3	18,4	9,2	3,8	7,1	4,7		-1,5	6,0	9,0	5,3	7,3	7,2	aug 90
Ástralía	10 ára Ríkisskuldabréf,endursala	13,4	13,2	12,1	13,4	13,4	13,4	9,3	6,9	7,0	8,4	6,0		3,7	5,9	4,8	4,6	7,0	6,9	oct 90
Sjóveldin		7,6	7,7	8,0	8,5	9,5	9,2	1,5	2,9	4,4	5,0	5,9		6,0	4,7	3,4	3,3	3,4	3,1	
Norðurlönd		11,0	11,9	11,0	10,8	11,8	11,8	5,6	5,0	5,4	5,3	5,8		4,9	6,4	5,3	5,2	5,8	5,7	
Önnur Evrópulönd		9,5	9,5	9,0	10,1	11,3	11,3	3,3	3,5	5,0	6,1	6,7		6,0	5,8	3,8	3,8	4,3	4,4	
Viðskiptavog alls		8,5	8,7	8,6	9,2	10,2	10,0	2,6	3,4	4,7	5,2	6,0		5,8	5,2	3,8	3,8	4,0	3,8	
		1986	1987	1988	1989	1990	4.fj.90	1986	1987	1988	1989	1990	4.fj.90	1986	1987	1988	1989	1990	4.fj.90	1)
Ávöxtun spariskírteina í endursölu (verðbréfaþ.)			32,8	29,5	30,3	14,5	12,3	14,7	22,2	19,1	23,7	7,3	6,4		8,7	8,7	5,4	6,6	5,3	
Ávöxtunarkrafa umfram lánskjaravísitölu															8,7	8,7	7,2	6,8	6,9	

1) 4.fj.90 vísar til 4. ársfjórðungs 1990

Nd. 801. Breytingartillögur [28. mál]

við frv. til l. um mannanöfn.

Frá Geir H. Haarde.

1. Við 1. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:
   Hverju barni skal gefa eiginnafn eða nöfn, þó ekki fleiri en þrjú.
2. Við 2. gr. Við bætast tvær nýjar málsgreinar er verði 4. og 5. mgr. og hljóði svo:
   Heimilt er að gefa barni millinafn þó svo að ekki eigi við að nota það sem eiginnafn að dómi mannanafnanefndar.
   Eigin- og millinöfn hvers barns skulu ekki vera fleiri en þrjú.
3. Við 8. gr. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo: Sé annað foreldri barns erlendur ríkisborgari eða hafi verið það er heimilt að barninu sé gefið erlent nafn sem eitt af eiginnöfnum þess.
4. 4. mgr. 9. gr. falli brott.
5. Við 10. gr.
   a. Fyrri málsliður 1. mgr. orðist svo: Erlendur ríkisborgari má taka upp kenninafn íslensks maka síns og halda því áfram eftir að hann eða hún öðlast íslenskt ríkisfang.
   b. 2. mgr. falli brott.

Ed. 802. Nefndarálit [428. mál]

um frv. til l. um starfskjör presta þjóðkirkjunnar.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. mars 1991.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Guðrún J. Halldórsdóttir.
Ey. Kon. Jónsson.	Skúli Alexandersson.	Eiður Guðnason.
	Halldór Blöndal.	

Ed. 803. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. mars 1991.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Guðrún J. Halldórsdóttir.
Ey. Kon. Jónsson.	Skúli Alexandersson.	Eiður Guðnason.
	Halldór Blöndal.	

Ed. 804. Nefndarálit [420. mál]

um frv. til laga um breyt. á l. nr. 64 1. júlí 1985, um Byggðastofnun.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið til fundar við sig Guðmund Malmquist, forstjóra Byggðastofnunar, og Sigurð Guðmundsson, starfsmann stofnunarinnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt án breytinga.

Alþingi, 6. mars 1991.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Danfríður Skarphéðinsdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.	Valgerður Sverrisdóttir.
	Skúli Alexandersson.	

Ed. 805. Nefndarálit [237. mál]

um frv. til l. um sjóðshappdrætti til stuðnings flugbjörgunarmálum og skák.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fund hennar komu Sigurður Jónsson, aðstoðarmaður dómsmálaráðherra, Sigurður Steinar Ketilsson skipherra, Páll Halldórsson yfirflugstjóri, Örlygur Hálfdánarson, forseti Slysavarnafélags Íslands, Einar S. Einarsson, Jón Rögnvaldsson og Árni Emilsson frá Skáksambandi Íslands, Guðmundur Hall-

varðsson, Þórhallur Hálfdánarson og Sigurður Ágúst Sigurðsson frá Happdrætti DAS, Gunnar Bragason, formaður Landssambands flugbjörgunarsveita, Arnfinnur Jónsson, varaformaður Landssambands hjálparsveita skáta, Jón Thors og Ólafur W. Stefánsson, skrifstofustjórar í dómsmálaráðuneytinu, Gunnar Bergsteinsson, forstjóri Landhelgisgæslu Íslands, Ragnar Ingimarsson, Arnljótur Björnsson og Sigmundur Guðbjarnason háskólarektor frá Happdrætti Háskóla Íslands. Flestir fyrrgreindra manna sendu umsagnir eða lögðu fram gögn á fundi með nefndinni, en auk þess sendi Farmanna- og fiskimannasamband Íslands umsögn.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að veruleg breyting verði gerð á frumvarpinu. Í stað þess að fjölmargir aðilar standi að happdrættinu er lagt til að sjóðshappdrættið verði undir þriggja manna stjórn sem dómsmálaráðherra skipar og að allur hagnaður sem verður af happdrættinu renni óskiptur til kaupa á björgunarþyrlu. Stjórn happdrættisins getur falið öðrum aðila að annast framkvæmd happdrættisins en samningur skal staðfestur af dómsmálaráðherra. Lagt er til að heimild til reksturs happdrættisins gildi einungis í fimm ár. Ríkisendurskoðun mun hafa eftirlit með fjárreiðum happdrættisins. Þá er lagt til að heiti frumvarpsins verði breytt.

Í lið 5.40 í 6. gr. fjárlaga yfirstandandi árs er að finna heimild til handa fjármálaráðherra að ganga til samninga um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands og taka til þess nauðsynleg lán að því tilskildu að önnur fjármögnun komi til, m.a. af happdrættisfé. Meiri hl. nefndarinnar telur því samþykkt þessa frumvarps vera forsendu fyrir því að þessi heimild fjárlaga verði nýtt og að lántökuheimild verði veitt í lánsfjárlögum. Leggur meiri hl. nefndarinnar til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 6. mars 1991.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
	Valgerður Sverrisdóttir.	

Ed. 806. Breytingartillögur [237. mál]

við frv. til l. um sjóðshappdrætti til stuðnings flugbjörgunarmálum og skák.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar (GuðmÁ, JE, SkA, VS).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Dómsmálaráðherra er með lögum þessum veitt heimild til að setja á stofn happdrætti til að standa að kaupum á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands.
   Skal happdrættið vera sjóðshappdrætti eins og nánar er kveðið á um í 3. gr.
   Heimild þessi skal gilda til ársloka 1996.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Dómsmálaráðherra skal skipa þriggja manna framkvæmdastjórn er annist fjárreiður happdrættisins, skipulag og framkvæmd þess.

Einn stjórnarmaður skal skipaður samkvæmt tilnefningu Landhelgisgæslu Íslands en hinir tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður framkvæmdanefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Skipunartími skal vera fjögur ár í senn.

Heimilt er framkvæmdastjórn happdrættisins að gera samninga við aðra aðila um að taka að sér einstaka þætti happdrættisins eða framkvæmdina í heild. Skal dómsmálaráðherra staðfesta slíka samninga.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Sjóðshappdrættið er fólgið í því að þátttakendur greiði tiltekna fjárhæð eða margfeldi hennar í sérstakan sjóð sem safnað er upp um tiltekinn tíma. Vinninga skal síðan draga með tilviljunarkenndum hætti undir eftirliti bæjarfógetaembættisins í Reykjavík.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Lágmarksgjald fyrir þátttöku í happdrætti skal ákveðið af dómsmálaráðherra að fengnum tillögum frá framkvæmdastjórn happdrættisins.
5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Dómsmálaráðherra skal ákveða að fengum tillögum frá framkvæmdastjórn happdrættisins vinningshlutfall af fjárhæð sjóðsins hverju sinni. Vinningar skulu vera í formi ríkisskuldabréfa.

   Vinningar skulu vera undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári sem þeir falla til.
6. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Ágóða af happdrættinu skal varið til kaupa á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands.
7. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisendurskoðun skal hafa eftirlit með fjárreiðum happdrættisins.
8. Við 8. gr. Greinin falli brott.
9. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frv. til l. um sjóðshappdrætti til stuðnings kaupum á björgunarþyrlu.

Ed. 807. Nefndarálit [237. mál]

um frv. til l. um sjóðshappdrætti til stuðnings flugbjörgunarmálum og skák.

Frá 1. minni hl. allsherjarnefndar.

Lífsafkoma Íslendinga byggist á því sem hafið gefur en um leið því að í landinu búi fólk sem er reiðubúið til að stunda fiskveiðar. Því hlýtur það að vera sameiginlegt hagsmunamál allrar þjóðarinnar að vel sé að sjómönnum búið í alla staði og öryggi þeirra tryggt eftir því sem kostur er.

Þyrla Landhelgisgæslunnar hefur margsannað gildi sitt bæði við björgun sjómanna úr sjóslysum og björgun á landi, að ógleymdu mikilvægi hennar við sjúkraflutninga, bæði milli staða innan lands og frá skipum á hafi úti.

Það er löngu ljóst og viðurkennt að ein þyrla af þeirri stærð, sem nú er í eigu Landhelgisgæslunnar, nægir ekki til að sinna því mikilvæga hlutverki sem henni er ætlað. Á

yfirstandandi kjörtímabili hefur tvisvar sinnum verið flutt þingsályktunartillaga þar sem skorað er á ríkisstjórnina að kaupa nýja björgunarþyrlu. Í lok 110. löggjafarþings, 11. maí 1988, var slík tillaga samþykkt einróma sem ályktun Alþingis. Fyrirspurnir um afdrif tillögunnar voru lagðar fram á 111. og 112. löggjafarþingi. Á 113. löggjafarþingi var aftur lögð fram tillaga til þingsályktunar um sama efni, en hún hefur ekki enn hlotið afgreiðslu.

Þær ríkisstjórnir, sem setið hafa á kjörtímabilinu, hafa þannig ekki orðið við áskorun Alþingis þrátt fyrir þá staðreynd að flestir viðurkenni að löngu sé tímabært að ganga til samninga um kaup á annarri þyrlu.

Með þessu frumvarpi er lagt til að stofnað verði til sérstaks happdrættis til að fjármagna kaup nýrrar björgunarþyrlu.

Fyrsti minni hl. telur óverjandi að ríkisstjórnin víki sér á þennan hátt undan að tryggja nauðsynlegt fjármagn til þyrlukaupa en velji frekar þá leið að láta happdrættisgleði íslensku þjóðarinnar ákvarða hvenær ný þyrla verður keypt.

Í síðustu viku kom fram að fjármálaráðherra telur mögulegt að leggja fram fé að upphæð 2 milljarðar króna, m.a. til að flýta framkvæmdum við tvöföldun Reykjanesbrautar, byggingu flugskýlis í Keflavík og stækkun hafnar í Þorlákshöfn.

Fyrsti minni hl. telur að kaup á björgunarþyrlu þoli enga bið og skorar því á ríkisstjórnina að nota það fé, sem virðist vera á lausu til ýmissa framkvæmda, til að sinna þessum brýna öryggisþætti í þágu allrar þjóðarinnar.

Alþingi, 6. mars 1991.

Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Sþ. 808. Tillaga til þingsályktunar [438. mál]

um að reisa nýjan fjölbrautaskóla í Grafarvogi í Reykjavík.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að búa sig undir að reisa þegar í stað nýjan fjölbrautaskóla í Grafarvogi í efri byggðum Reykjavíkur.

Greinargerð.

Með breyttri verkaskipan hjá ríki og sveitarfélögum kemur frumkvæðið að byggingu framhaldsskóla í hlut ríkisins. Með auknum fólksfjölda í efri byggðum Reykjavíkur hefur þörfin vaxið fyrir að reisa jafnóðum nýja framhaldsskóla í hverfunum.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti er gott dæmi um prýðilegt menntasetur í fjölmennu íbúðahverfi. Þar gefst nemendum úr Breiðholtshverfum og öðrum byggðarlögum kostur á fjölbreyttu námi á sviði verkmenntar og bóklegra greina auk lista. Þá er kvöldkennsla við skólann fyrir eldri nemendur og fullorðna. Geysileg aðsókn hefur jafnan verið að skólanum og er hann nú stærsti framhaldsskóli landsins.

Ört vaxandi byggð í Grafarvogi kallar á nýjan framhaldsskóla fyrir þetta nýjasta íbúðahverfi borgarinnar. Reynslan af Fjölbrautaskólanum í Breiðholti mælir hiklaust með því

að farið verði inn á sömu braut í Grafarvogi og þar reistur nýr fjölbrautaskóli. Borgaryfirvöld hafa tekið frá lóð undir framhaldsskóla í hverfinu og því er ríkinu ekkert að vanbúnaði að reisa 600–800 manna skólabyggingu strax.

Ed. 809. Lög [133. mál]

um einkaleyfi.

(Afgreidd frá Ed. 6. mars.)

Samhljóða þskj. 649 (sbr. 137).

Ed. 810. Breytingartillögur [83. mál]

við frv. til l. um breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48 frá 19. maí 1988.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur, Salome Þorkelsdóttur og Eyjólfi Konráð Jónssyni.

1. 1. gr. orðist svo:
   25. gr. laganna breytist þannig:
   a. 4. mgr. orðist svo:
      Forstöðumaður fangelsis tekur ákvörðun samkvæmt grein þessari. Ákvörðun hans er háð samþykki Fangelsismálastofnunar. Ákvarðanir samkvæmt grein þessari skal bóka, tilgreina ástæður og birta fanga í viðurvist vitnis. Ákvörðun um einangrun sætir kæru til dómsmálaráðuneytisins og skal skýra fanga frá því um leið og ákvörðun er birt. Þegar ákvörðun er kærð skal Fangelsismálastofnun senda ráðuneytinu gögn málsins. Ráðuneytið skal taka ákvörðun innan tveggja sólarhringa frá því að kæra barst.
   b. 5. mgr. falli brott.
2. 2. gr. orðist svo:
   26. gr. laganna breytist þannig:
   a. 1. málsl. 3. mgr. falli brott.
   b. 4. mgr. orðist svo:
      Forstöðumaður fangelsis ákveður agaviðurlög samkvæmt grein þessari. Áður en hann tekur ákvörðun skal hann ganga úr skugga um hvernig broti var háttað með því að yfirheyra fangann og með annarri rannsókn eftir aðstæðum. Ákvörðun forstöðumanns er háð samþykki Fangelsismálastofnunar. Ákvarðanir um agaviðurlög skulu bókaðar og birtar fanga í viðurvist vitnis. Ákvörðun um agaviðurlög sætir kæru til dómsmálaráðuneytisins og skal skýra fanga frá því um leið og ákvörðun er birt. Þegar ákvörðun er kærð skal Fangelsismálastofnun þegar senda ráðuneytinu gögn málsins. Ráðuneytið skal taka ákvörðun innan tveggja sólarhringa frá því að kæra barst.
   c. 5. og 6. mgr. falli brott.

Nd. 811. Frumvarp til laga [174. mál]

um grunnskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. mars.)

I. KAFLI
Markmið og skólaskylda.

1. gr.

Ríki og sveitarfélögum er skylt að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6 til 16 ára eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Skóli þessi nefnist grunnskóli. Öllum börnum og unglingum á framangreindum aldri er skylt að sækja skóla, en frá því má þó veita undanþágu, sbr. 5., 7. og 8. gr.

Þegar tilgreindur er aldur nemanda í lögum þessum miðast hann við það almanaksár er nemandinn nær nefndum aldri.

2. gr.

Hlutverk grunnskólans, í samvinnu við heimilin, er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, sem er í sífelldri þróun. Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á kjörum fólks og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og á skyldum einstaklingsins við samfélagið.

Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.

Grunnskólinn skal veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal því leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

3. gr.

Grunnskóli er tíu ára skóli.

Stefnt skal að því að hver grunnskóli sé heildstæður og einsetinn.

Hverjum grunnskóla má skipa í einingar með ákvörðun hlutaðeigandi sveitarstjórna að fenginni umsögn fræðslustjóra og samþykki menntamálaráðuneytisins.

4. gr.

Í strjálbýli skal stefnt að heimanakstri nemenda en ekki heimavist.

Stefnt skal að því að börn yngri en tíu ára dvelji ekki í heimavist nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi að mati fræðslustjóra.

Í grunnskóla skulu nemendur eiga kost á málsverði á skólatíma.

Sveitarstjórn er heimilt að koma á fót skólaseljum frá aðalskóla, að fenginni umsögn fræðslustjóra og með samþykki menntamálaráðuneytisins.

5. gr.

Skólanefnd getur borið fram við fræðslustjóra rökstudda beiðni um tímabundna undanþágu frá því að uppfylla að fullu ákvæði 1. gr. þessara laga um skólaskyldu eða lág-

marksákvæði 44. gr. um starfstíma skóla. Að fenginni tillögu fræðslustjóra úrskurðar menntamálaráðuneytið hvort eða að hve miklu leyti slík undanþága skuli veitt.

6. gr.

Forráðamaður skólaskylds barns ber ábyrgð á að það innritist í skóla, þegar það kemst á skólaskyldualdur, og sæki skólann. Verði verulegur misbrestur á skólasókn skólaskylds barns án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli skal skólastjóri reyna að leysa málið. Takist það ekki skal málinu vísað til fræðslustjóra. Vilji forráðamaður barnsins ekki hlíta ákvörðun fræðslustjóra getur hvor aðili um sig vísað málinu til barnaverndarnefndar.

7. gr.

Undanþegin því að sækja grunnskóla skv. 1. gr. eru:

a. börn sem sækja viðurkennda einkaskóla, sbr. 72. gr.,
b. börn er búa í skólahverfum sem fengið hafa undanþágu skv. 5. gr. að því leyti sem undanþágan kveður á um.

8. gr.

Sæki forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu, í samráði við umsjónarkennara, telji hann til þess gildar ástæður. Fræðslustjóra skal tilkynnt um slíkar undanþágur.

II. KAFLI
Stjórn grunnskóla.

9. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra málefna er lög þessi taka til.

Grunnskólaráð er samstarfsvettvangur menntamálaráðuneytisins og annarra aðila er starfa að málefnum grunnskólans. Verkefni þess eru m.a. að hafa yfirlit yfir lög og reglur sem varða grunnskóla, gefa ábendingar um lagfæringar á þeim og samræmi á milli þeirra. Grunnskólaráð fylgist með framkvæmd grunnskólalaga og aðalnámsskrár, gerir tillögur um úrbætur og stuðlar að samvinnu og samræmi í starfi þeirra sem vinna að málefnum grunnskólans.

Ráðið skal skipað ellefu fulltrúum: Tveimur fulltrúum kennarasamtaka, einum fulltrúa skólastjórnenda, einum fulltrúa foreldrafélaga eða samtaka þeirra, tveimur fulltrúum Kennaraháskóla Íslands, einum fulltrúa Háskóla Íslands, einum fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga, einum fulltrúa Námsgagnastofnunar auk tveggja fulltrúa menntamálaráðuneytisins og skal annar þeirra vera fræðslustjóri. Jafnmargir skulu tilnefndir til vara.

Grunnskólaráð skal skipað til tveggja ára í senn.

Menntamálaráðuneytið setur grunnskólaráði erindisbréf, kveður nánar á um skipun þess, starfstilhögun og starfssvið.

10. gr.

Skipuð skal samstarfsnefnd menntamálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd laga þessara.

Verkefni nefndarinnar skulu m.a. vera að gera áætlun um einsetinn skóla, lengdan og

samfelldan skóladag og skólamáltíðir, sbr. bráðabirgðaákvæði laga þessara, skólasöfn, heimavistir og félagsstörf nemenda og aðstöðu vegna sérkennslu. Nefndin fær til umsagnar reglugerðir, sem varða samskipti ríkis og sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum, áður en þær eru gefnar út. Enn fremur fær hún til umsagnar ágreiningsatriði, sem kunna að koma upp varðandi þessi samskipti, áður en þau koma til úrskurðar.

Nefndin skal skipuð tveimur fulltrúum frá menntamálaráðuneytinu og tveimur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

11. gr.

Landið skiptist í fræðsluumdæmi sem hér segir:

1. Reykjavíkurumdæmi sem nær yfir Reykjavík.
2. Reykjanesumdæmi sem nær yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Hafnarfjörð, Keflavík, Grindavík, Njarðvík, Garðabæ, Seltjarnarnes, Kópavog og Mosfellsbæ.
3. Vesturlandsumdæmi sem nær yfir Borgarfjarðarsýslu, Akranes og Borgarnes, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Ólafsvík, Stykkishólm og Dalasýslu.
4. Vestfjarðaumdæmi sem nær yfir Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjörð, Bolungarvík, Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu.
5. Norðurlandsumdæmi vestra sem nær yfir Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Blönduós, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrók og Siglufjörð.
6. Norðurlandsumdæmi eystra sem nær yfir Eyjafjarðarsýslu, Akureyri, Ólafsfjörð, Dalvík, Suður-Þingeyjarsýslu, Húsavík og Norður-Þingeyjarsýslu.
7. Austurlandsumdæmi sem nær yfir Norður-Múlasýslu, Seyðisfjörð, Suður-Múlasýslu, Neskaupstað, Eskifjörð, Egilsstaði, Austur-Skaftafellssýslu og Höfn.
8. Suðurlandsumdæmi sem nær yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Vestmannaeyjar, Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Selfoss og Hveragerði.

Í hverju fræðsluumdæmi skal vera fræðsluskrifstofa.

12. gr.

Í hverju fræðsluumdæmi skal vera fræðsluráð.

Fræðsluráð er samstarfsvettvangur sveitarfélaga í viðkomandi umdæmi.

Hlutverk fræðsluráðs er m.a. að vinna í samráði við fræðsluskrifstofu að eflingu skólastarfs í fræðsluumdæminu, stuðla að samvinnu og hagræðingu milli skóla, fjalla um sameiginleg verkefni og styðja starf skólanefnda. Fræðsluráð fer að öðru leyti með þau mál sem hlutaðeigandi sveitarstjórnir fela því eða ákveðin kunna að verða í reglugerðum settum samkvæmt lögum þessum.

13. gr.

Fræðsluráð skal skipað fimm eða sjö mönnum sem kjörnir eru af sveitarstjórnum eða samtökum sveitarfélaga í hlutaðeigandi fræðsluumdæmi. Jafnmargir skulu kjörnir til vara. Um kosningu og starfshætti fer eftir meginreglum sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

Fræðslustjóri, fulltrúi skólastjóra, kennara og foreldra í umdæminu skulu hafa málfrelsi og tillögurétt á fræðsluráðsfundum og eru boðaðir á þá á sama hátt og fræðsluráðsfulltrúar.

Fræðsluráð getur falið fræðslustjóra að annast framkvæmdastjórn fyrir ráðið.

Kostnaður vegna fulltrúa sveitarfélaga greiðist af viðkomandi sveitarfélögum eða samtökum þeirra. Kostnaður vegna fundarsetu fulltrúa kennara, skólastjóra og foreldra greiðist úr ríkissjóði.

Heimilt er að stofna í hverju fræðsluumdæmi sérstakt skólaráð sem er samstarfsvettvangur sveitarstjórna, skólamanna og foreldra um umbætur og þróun í skólum umdæmisins.

14. gr.

Menntamálaráðuneytið ræður í stöðu fræðslustjóra að undangenginni auglýsingu. Við ráðningu fræðslustjóra er skylt að taka tillit til kennslufræðilegrar menntunar umsækjenda, stjórnunarreynslu innan skólakerfisins og þekkingar á skólamálum.

15. gr.

Fræðslustjóri er fulltrúi menntamálaráðuneytisins um skólamál í umdæmi sínu og skal búsettur sem næst fræðsluskrifstofu þess. Hann er forstöðumaður fræðsluskrifstofu og framkvæmdastjóri fræðsluráðs sé svo um samið.

Í umboði menntamálaráðuneytisins og í samvinnu við skólanefndir og fræðsluráð hefur fræðslustjóri umsjón og eftirlit með framkvæmd laga um grunnskóla í umdæmi sínu. Hann sér til þess að nemendur njóti kennslu og þjónustu samkvæmt lögum og öðrum fyrirmælum menntamálaráðuneytisins, hefur forgöngu um umbætur í skólamálum og eftirlit og umsjón með aðbúnaði, skipulagi og árangri skólastarfs.

Menntamálaráðuneytið samræmir störf fræðslustjóra og setur um þau reglugerð.

16. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður fræðsluskrifstofu stað í samráði við sveitarfélög í viðkomandi fræðsluumdæmi.

Starfsmenn fræðsluskrifstofu eru ríkisstarfsmenn. Um ráðningu og starfskjör þeirra fer eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Verkefni fræðsluskrifstofu eru einkum þessi: áætlanagerð og eftirlit með námi og kennslu, sálfræðiþjónusta, kennsluráðgjöf, skólaþróun og nýbreytnistarf, endurmenntun og símenntun kennara í samráði við skóla sem veita kennaramenntun.

Að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins er fræðslustjóra heimilt að semja svo við samtök sveitarfélaga, einstök skólahverfi og sveitarfélög að fræðsluskrifstofa taki að sér tiltekin verkefni fyrir þessa aðila, enda komi greiðsla fyrir. Á hliðstæðan hátt er fræðslustjóra heimilt að semja svo við samtök sveitarfélaga að skrifstofa þeirra eða einstakar starfsdeildir innan þeirra annist störf fyrir fræðsluskrifstofu, enda komi samþykki menntamálaráðuneytis til.

17. gr.

Skólahverfi er sú eining sem stendur að einum grunnskóla eða fleiri. Sveitarfélög geta sameinast um rekstur grunnskóla og mynda þá eitt skólahverfi.

Sveitarfélag sem rekur tvo eða fleiri grunnskóla telst eitt skólahverfi séu íbúar færri en 10 þúsund. Fjölmennari sveitarfélögum skal skipta í skólahverfi og annast viðkomandi sveitarstjórn þá skiptingu með samþykki menntamálaráðuneytisins. Miða skal við að íbúar í hverju skólahverfi séu að jafnaði ekki fleiri en 15 þúsund. Sama sveitarfélag get-

ur átt aðild að fleiri en einu skólahverfi ef börn og unglingar á skólaskyldualdri úr viðkomandi sveitarfélagi eiga skólasókn til tveggja eða fleiri skólahverfa.

18. gr.

Í hverju skólahverfi skal vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög þessi og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir kunna að fela henni.

Skólanefnd skal sjá um að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Hún fylgist með og stuðlar að því að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og annar aðbúnaður, þar með talin útivistar- og leiksvæði nemenda. Í samráði við skólastjóra lítur nefndin eftir að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða á þessu sviði og gerir tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur. Enn fremur getur skólanefnd lagt tillögur um umbætur í skólastarfi fyrir skólastjóra í skólahverfinu.

Skólanefnd er samráðsaðili um ráðningar starfsmanna hlutaðeigandi skóla, sbr. 30.–34. gr.

19. gr.

Skólanefnd skal kosin til fjögurra ára í senn af hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnum í upphafi hvers kjörtímabils. Um kosningu í skólanefnd og starfshætti fer samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

Varamenn í skólanefndum skulu jafnmargir aðalmönnum og kosnir á sama hátt.

Í sveitarfélagi þar sem skólahverfi eru tvö eða fleiri skulu fulltrúar í skólanefnd vera kosnir úr hópi íbúa í viðkomandi skólahverfi.

Þar sem fleiri en eitt sveitarfélag standa saman að rekstri grunnskóla eða hluta hans skulu aðilar setja í stofnsamning ákvæði um aðild hvers og eins að skólanefnd.

Fulltrúar kennara, skólastjóra og foreldra eiga rétt til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétti.

Grunnskólakennarar í skólahverfinu kjósa úr sínum hópi fulltrúa til að starfa með skólanefnd. Þar sem stöðugildi við grunnskóla í skólahverfi eru 15 eða færri skal kjörinn einn kennarafulltrúi en tveir þar sem stöðugildi eru 16 eða fleiri. Varamenn kennarafulltrúa skulu vera jafnmargir aðalmönnum.

Skólastjórar, eða aðstoðarskólastjórar í forföllum þeirra, eiga rétt til setu á skólanefndarfundum.

Foreldrafélag eða samtök foreldra í skólahverfinu kjósa úr sínum hópi einn fulltrúa til starfa með skólanefnd.

20. gr.

Skólastjóri er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar og ber ábyrgð á starfi hans undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins. Hann hefur í starfi sínu samráð við kennara, skólanefnd og fræðslustjóra.

Skólastjóri boðar til kennarafundar svo oft sem þurfa þykir, en þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Auk þess skal boða til slíks fundar ef þriðjungur kennara æskir þess.

Öllum föstum kennurum skólans er skylt að sækja kennarafund þá mánuði er skóli starfar ef fundurinn fer fram innan dagvinnumarka.

Í skólum, sem eiga rétt á 8 stöðugildum eða fleiri auk skólastjóra, skal almennur kennarafundur í upphafi hvers skólaárs kjósa þriggja manna kennararáð sem í umboði

kennarafundar er skólastjóra til ráðuneytis um stjórn skólans. Í öðrum skólum fer almennur kennarafundur með hlutverk kennararáðs.

Ágreiningi milli skólastjóra og kennararáðs eða kennarafundar um meðferð tiltekins máls skal vísa til fræðslustjóra. Ef samkomulag tekst ekki, úrskurðar menntamálaráðuneytið um málið. Ákvörðun skólastjóra gildir uns úrskurður liggur fyrir, nema samkomulag hafi orðið um annað.

Nánar skal kveðið á um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð.

21. gr.

Starfsmönnum skóla er skylt að efla sem mest samstarf skóla og heimila, m.a. með því að kennarar miðli fræðslu um skólamál til foreldra og veiti upplýsingar um starfið í skólanum.

Foreldrar barna í grunnskóla, skólastjóri eða almennur kennarafundur geta óskað eftir því að stofnuð séu samtök foreldra eða foreldra og kennara við skólann í þeim tilgangi að styðja skólastarfið og efla tengsl heimila og skóla. Skólastjóri skal þá boða til stofnfundar slíkra samtaka.

Fulltrúi foreldra á rétt til setu á kennarafundum, fundum skólanefnda og fræðsluráða með málfrelsi og tillögurétti nema þegar fjallað er um mál einstakra nemenda.

Samtökin setja sér starfsreglur.

22. gr.

Nemendum grunnskóla er heimilt að stofna nemendaráð sem vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Skólastjóri felur einum af kennurum skólans að aðstoða nemendaráð.

Fulltrúi nemenda eða nemendaráðs á rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs, svo og á kennarafundum, með málfrelsi og tillögurétti, þegar rætt er um skipulag skólastarfsins.

Nemendaráð hvers skóla skal setja sér starfsreglur.

III. KAFLI
Skólahúsnæði.

23. gr.

Gerð skólamannvirkja er undirbúin heima í héraði af sveitarstjórn í samráði við skólanefnd.

Stofnkostnaður grunnskóla greiðist af sveitarfélögum. Í hverju skólahverfi skal vera skólahúsnæði sem fullnægir þörfum grunnskóla við þær aðstæður sem þar eru. Við gerð eða breytingar skólamannvirkja skal m.a. tekið tillit til hvort nemendur ganga til skóla, er ekið þangað daglega, búa þar í heimavist eða fyrirkomulag er blandað.

24. gr.

Eigi tvö sveitarfélög eða fleiri félag með sér um byggingu og rekstur grunnskóla skal miða skiptingu kostnaðar við eftirtalin meginatriði nema um annað semjist:

a. íbúafjölda,
b. útsvarsskyldar tekjur í sveitarfélaginu næstliðið ár,
c. fasteignamat skattskyldra fasteigna,
d. kennslustundafjölda í þeim bekkjum sem aðild sveitarfélags miðast við.

Eigi einungis hluti sveitarfélags aðild að skólahverfi skal miða liði a–c við þann hluta.

25. gr.

Í skólahúsi skal, auk kennsluaðstöðu fyrir allar kennslugreinar, gera ráð fyrir skólasafni; aðstöðu fyrir nemendur til náms, annarra starfa og hvíldar utan kennslustunda; aðgengi og aðstöðu fatlaðra; aðstöðu til að neyta málsverðar; snyrtiherbergjum; skrifstofu- og vinnuherbergjum skólastjórnenda og kennara; aðstöðu til heilsugæslu í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu, íþróttaiðkana og almennrar félagsstarfsemi í þágu nemenda; húsnæði til sérkennslu og sálfræðiþjónustu og annars þess er lög þessi gera ráð fyrir. Ef henta þykir má ætla aðstöðu til íþrótta eða annarrar kennslu í öðru húsnæði í nágrenni skólans.

Við gerð heimavista skal kappkostað að þær minni sem mest á venjuleg heimili og þannig sé gengið frá að nemendur geti jafnan náð til umsjónarmanns heimavista.

26. gr.

Sveitarstjórnir ákveða í samráði við hlutaðeigandi skólanefnd hvaða sérfræðingar skuli annast hönnun skólabygginga, þ.e. undirbúningsvinnu og áætlanagerð, þar með gerð uppdrátta.

Tillöguuppdrættir að gerð skólamannvirkja skulu kynntir opinberlega í viðkomandi skólahverfi. Fulltrúar skólastjóra og kennara skulu vera með í ráðum við hönnun skólamannvirkja og fulltrúar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins hvað varðar aðstöðu til heilsugæslu.

Áður en framkvæmdir hefjast skal leitað eftir samþykki menntamálaráðuneytisins fyrir viðkomandi skólamannvirki.

Skólanefnd gerir tillögu um nafn skóla. Menntamálaráðuneytið staðfestir nafngift að fenginni umsögn örnefnanefndar.

27. gr.

Um listskreytingu skólamannvirkja fer eftir lögum nr. 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins.

28. gr.

Sveitarfélög annast viðhald skólahúsa og búnaðar á fullnægjandi hátt, þar á meðal endurnýjun kennslutækja, sbr. 83. gr., og greiðist viðhaldskostnaður af sveitarfélögum.

29. gr.

Dagleg umsjón og umráð skólamannvirkja, þar á meðal skólastjóra- og kennarabústaða sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga eða í eigu sveitarfélaga einna, skulu vera í höndum skólanefndar í umboði sveitarstjórnar og skólastjóra í umboði menntamálaráðuneytisins.

Sveitarstjórn er heimilt að ráðstafa skólahúsnæði eða hluta þess til æskulýðsstarfsemi, íþróttastarfsemi og almennrar félagsstarfsemi í þágu íbúa byggðarlagsins. Slíkt er þó aðeins heimilt að það raski í engu skólahaldi, félagslífi nemenda né annarri lögbundinni notkun húsnæðisins.

Að fenginni umsögn hlutaðeigandi skólanefndar getur sveitarstjórn ákveðið að skólahúsnæði sé utan venjulegs skólatíma notað til gistingar og veitingareksturs. Tekjur af eignum skóla renna til sveitarsjóða.

IV. KAFLI
Starfslið grunnskóla.

30. gr.

Við hvern skóla sem starfar samkvæmt lögum þessum skal vera skólastjóri.

Menntamálaráðuneytið ræður skólastjóra, að fengnum rökstuddum tillögum og umsögnum skólanefndar, kennararáðs og fræðslustjóra sem í hlut eiga.

31. gr.

Í grunnskóla sem á rétt á tíu kennurum eða fleiri í fullu starfi, auk skólastjóra, ræður menntamálaráðuneytið aðstoðarskólastjóra, að fengnum rökstuddum tillögum og umsögnum skólastjóra, skólanefndar og kennararáðs.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að ráða aðstoðarskólastjóra, að fenginni tillögu skólanefndar, skólastjóra og fræðslustjóra, enda þótt forsendur þær sem greindar eru í 1. mgr. séu ekki fyrir hendi. Einnig er menntamálaráðuneytinu heimilt að ráða fleiri en einn aðstoðarskólastjóra við einn og sama skóla vegna sérstakra aðstæðna, komi um það tillaga frá skólanefnd, skólastjóra og fræðslustjóra.

Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra. Í skólum þar sem starfa færri en tíu kennarar ákveður skólastjóri í upphafi skólaárs í samráði við kennarafund og skólanefnd hver af föstum kennurum skólans skuli annast skólastjórn í forföllum hans.

32. gr.

Í grunnskóla skal kennsla falin föstum kennurum eftir því sem við verður komið og stundakennurum að öðru leyti, sbr. þó 13. gr. laga nr. 48/1986. Heimilt er að ráða kennara í einni eða fleiri kennslugreinum fyrir tvö eða fleiri skólahverfi samtímis til þess að fullnægja kennsluþörf ef ekki er fullt verkefni fyrir kennarann í einu skólahverfi.

33. gr.

Skólastjóri ræður kennara og aðra starfsmenn skóla sem teljast ríkisstarfsmenn í samráði við skólanefnd og innan heimilda fjárlaga. Sé ekki völ á kennara með full kennsluréttindi getur skólastjóri sent undanþágunefnd grunnskóla beiðni um að lausráða umsækjanda til bráðabirgða í samræmi við ákvæði laga nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Fræðslustjóri staðfestir ráðningar þessara starfsmanna.

Skólastjóri ræður stunda- og forfallakennara við grunnskóla, sbr. þó lög nr. 48/1986.

Sveitarstjórn eða skólanefnd í umboði hennar ræður þá starfsmenn skóla er teljast starfsmenn sveitarfélaga í samráði við skólastjóra. Starfsmenn þessir lúta stjórn skólastjóra um dagleg störf í skólanum á starfstíma skóla.

34. gr.

Við einstaka grunnskóla eða fræðsluskrifstofur skulu starfa námsráðgjafar er annast náms- og starfsráðgjöf og persónulega ráðgjöf er snertir nám nemenda.

Námsráðgjafar annast náms- og starfsfræðslu í samvinnu við kennara.

Námsráðgjafar skulu ráðnir með sama hætti og kennarar. Starfssvið og menntun námsráðgjafa og umfang þjónustunnar skal nánar skilgreint í reglugerð.

35. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og kennara við grunnskóla að fengnum tillögum umsagnaraðila.

36. gr.

Stefnt skal að því að ráðningar í stöður kennara og skólastjórnenda fari fram eigi síðar en 1. maí ár hvert.

Fræðslustjóri auglýsir stöður skólastjórnenda, kennara og annarra starfsmanna grunnskóla sem teljast ríkisstarfsmenn.

Þurfi að ráða skólastjórnendur eða kennara fyrirvaralítið má ráða í starfið án undangenginnar auglýsingar, en auglýsa skal slíkar stöður svo fljótt sem unnt er, sbr. þó 13. gr. laga nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

37. gr.

Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar, kennarar, og aðrir starfsmenn ríkisins sem ráðnir eru til starfa við grunnskóla skulu gegna þeim samkvæmt lögum, reglugerðum og erindisbréfi er menntamálaráðuneytið setur.

Um vinnutíma og kjör starfsmanna grunnskóla fer eftir ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og kjarasamningum stéttarfélaga eftir því sem við á.

Um embættisgengi skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og kennara við grunnskóla gilda ákvæði laga nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

38. gr.

Fyrir hverja bekkjardeild eða námshóp í grunnskóla skal skólastjóri velja umsjónarkennara í samráði við kennararáð eða kennarafund. Umsjónarkennarinn fylgist sérstaklega með námi nemenda sinna og þroska, leiðbeinir þeim og leitast við að efla samstarf skóla og heimila, sbr. 21. gr.

Skólastjóra er heimilt að fela föstum kennurum árgangastjórn og fagstjórn, leiðsögn nýliða og leiðsögn kennaranema.

Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um hlutverk og starfssvið umsjónarkennara, árganga- og fagstjóra og leiðsögukennara.

39. gr.

Skólastjóri við heimavistarskóla er jafnframt heimavistarstjóri. Í heimavistum skal daglegt eftirlit og umsjón með nemendum jafnframt vera í höndum kennara, fóstra eða annarra starfsmanna sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

Kostnaður við gæslu á heimavist greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um störf og starfslið í heimavistum og aðbúnað nemenda þar.

40. gr.

Þegar kennari nær 55 ára aldri minnkar kennsluskylda hans um $^{1}/_{6}$, og er hann nær 60 ára aldri minnkar kennsluskylda hans enn um $^{1}/_{6}$ af fullri kennsluskyldu. Til þess að öðlast þennan rétt þarf tíu ára kennsluferil.

41. gr.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara námsleyfi á föstum launum í allt að eitt ár til að efla þekkingu sína og starfshæfni. Leyfistímann skal nota til:

a. reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun eða
b. a.m.k. tveggja mánaða námsferðar sem skipulögð er og/eða boðið til af aðila eða stofnun sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

Af því fé, sem veitt er á fjárlögum til að kosta námsleyfi kennara, má veita ferðastyrki og styrki til viðbótar námsleyfi. Menntamálaráðuneytinu er heimilt að auglýsa eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám gegn námsleyfi og/eða styrk.

Enginn kennari getur á starfsævi sinni fengið hærri fjárhæð í námsleyfi og styrki en nemur tveggja ára embættislaunum.

Að námsleyfi loknu er kennara skylt að senda ráðuneytinu skýrslu um nám sitt á leyfistímabilinu og er ráðuneytinu heimilt að birta hana.

Námsleyfi má binda því skilyrði að sá er það hlýtur starfi að skólamálum á Íslandi í minnst þrjú ár að námi loknu.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um skólastjórnendur.

Setja skal reglugerð sem kveður nánar á um framkvæmd námsleyfis.

42. gr.

Til endurmenntunar skólastjórnenda og kennara á grunnskólastigi skal auk námsleyfa, sbr. 41. gr., verja fjárhæð sem til þess er ætluð á fjárlögum hverju sinni.

43. gr.

Hafi starfsmaður grunnskóla gerst brotlegur við lög þessi eða reglugerðir samkvæmt þeim má vísa málinu til fræðslustjóra ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Telji fræðslustjóri að aðgerðir í málinu þoli enga bið getur hann gert tafarlausar ráðstafanir til úrbóta um stundarsakir, en gefur þegar í stað skýrslu til menntamálaráðuneytisins sem tekur ákvörðun í málinu.

Um meðferð slíkra mála fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eftir því sem við á.

V. KAFLI
Starfstími grunnskóla.

44. gr.

Reglulegur starfstími grunnskóla skal vera níu mánuðir á hverju skólaári, og hefjast 1. september, en ljúka 31. maí.

Með hliðsjón af atvinnuháttum og aðstæðum í einstökum skólahverfum getur fræðslustjóri veitt tímabundna undanþágu frá framangreindum ákvæðum. Æski skólanefnd að hluta námsskyldu barna sé fullnægt með sumarskóla getur menntamálaráðuneytið heimilað það, að fenginni umsögn fræðslustjóra.

Nánar skal kveðið á um starfstíma grunnskóla og grunnskólanemenda í reglugerð og með skóladagatali sem ráðuneytið gefur út árlega.

45. gr.

Vikulegur kennslutími á hvern nemenda í grunnskóla skal að lágmarki vera þessi:

a. í 1. bekk 1000 mínútur,
b. í 2. bekk 1000 mínútur,
c. í 3. bekk 1000 mínútur,
d. í 4. bekk 1080 mínútur,
e. í 5. bekk 1280 mínútur,
f. í 6. bekk 1360 mínútur,
g. í 7. bekk 1400 mínútur,
h. í 8. bekk 1400 mínútur,
i. í 9. bekk 1400 mínútur,
j. í 10. bekk 1400 mínútur.

Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt að í heild fari hann (þ.e. kennslutími, stundahlé og sjálfsnám utan kennslustunda) ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska.

Daglegur kennslutími nemenda skal vera samfelldur með eðlilegum stundahléum og matartímum.

Stundahlé í grunnskóla skulu að jafnaði vera 15 mínútur á móti hverjum 100 mínútum sem kenndar eru.

Skólastjóri ákveður lengd kennslustunda í samráði við kennararáð/kennarafund. Meðallengd kennslustunda í grunnskóla telst vera 40 mínútur.

46. gr.

Í grunnskóla skal jólaleyfi vera frá og með 21. desember til og með 3. janúar og páskaleyfi frá pálmasunnudegi til og með þriðjudegi eftir páska. Að öðru leyti skulu leyfisdagar ákveðnir í reglugerð.

VI. KAFLI
Námsskrá og kennsluskipan.

47. gr.

Menntamálaráðuneytið setur grunnskólum aðalnámsskrá. Í henni er m.a. kveðið nánar á um uppeldishlutverk grunnskólans og meginstefnu í kennslu og kennsluskipan í samræmi við hlutverk grunnskólans, sbr. 2. gr.

Í öllu starfi skólans skal leggja áherslu á:

— að efla sjálfsvitund og félagsvitund nemenda,
— að stuðla að líkamlegri og andlegri velferð, heilbrigðum lífsháttum og ábyrgri umgengni við líf og umhverfi,
— þjálfun í íslensku í öllum námsgreinum og leikræna og listræna tjáningu,
— hæfni nemenda til að skilja orsakasamhengi og draga rökréttar ályktanir,
— skilning og frjótt, skapandi starf og jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms,
— að námið nýtist nemendum í daglegu lífi, frekara námi og starfi
— að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi,

— margvíslegar leiðir við öflun þekkingar með notkun tæknimiðla, upplýsingatækni, safna- og heimildavinnu,
— náms- og starfsfræðslu, kynningu á atvinnulífi og námsleiðum til undirbúnings náms- og starfsvals.

Við setningu aðalnámsskrár, skipulagningu náms og kennslu og við gerð og val námsgagna skal þess sérstaklega gætt að allir nemendur fái sem jöfnust tækifæri til náms, sbr. 2. gr.

Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, búsetu, stéttar, trúarbragða eða fötlunar.

Í öllu skólastarfi skal tekið mið af mismunandi persónugerð, þroska, getu og áhugasviðum nemenda.

48. gr.

Í aðalnámsskrá skal setja meginmarkmið og ákvæði um megininntak og skipulag náms og kennslu á þessum sviðum:

a. Notkun íslensku í ræðu og riti, lestur, íslenskar bókmenntir og umræða um mál og málnotkun.
b. Stærðfræði, hlutverk hennar í að lýsa fyrirbærum og leysa viðfangsefni, gildi röksemda, hlutfirringar og táknmáls.
c. Listgreinar, fagurskyn, listhneigð og hagleikur; mynd- og handmennt, tónmennt, leiklist og dans.
d. Heimilishald, heimilisrækt, neysla og hollusta.
e. Líkams- og heilsurækt, íþróttir, sund.
f. Eðli lifandi og lífvana náttúru, tækni og gagnkvæm áhrif manns og umhverfis.
g. Mannlegt samfélag, samfélagshættir, umheimur og umhverfi nær og fjær í fortíð og nútíð, einkum með hliðsjón af Íslandi.
h. Kristin trú og siður, önnur trúarbrögð og almenn lífsgildi.
i. Erlend tungumál, að skilja og tjá sig á einu Norðurlandamáli og ensku og kynnast menningu viðkomandi þjóða.

Í aðalnámsskrá skal nánar kveðið á um uppbyggingu, áherslur og skipan náms í grunnskóla svo og hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina. Þess skal gætt að námið verði sem heildstæðast.

Menntamálaráðuneytið hefur aðalnámsskrá grunnskóla stöðugt til athugunar og endurskoðunar og gerir tillögur um breytingar þegar þörf er talin á. Menntamálaráðuneytið gefur aðalnámsskrá grunnskóla út eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

49. gr.

Í 8.–10. bekk mega námsgreinar vera að hluta frjálst val nemenda. Verja má allt að helmingi námstímans á hverju skólaári í valgreinar. Heimilt er að meta tímabundna þátttöku nemenda í atvinnulífinu á skólatíma sem nám, enda sé það skipulagt í samráði við skólann.

Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um valgreinar.

50. gr.

Kennsla er veitt ókeypis í öllum opinberum grunnskólum.

Ríkið sér nemendum í skyldunámi fyrir ókeypis námsgögnum. Námsgagnastjórn

ákveður hvaða námsgögn eru látin í té og hvort þau eru afhent nemendum til eignar eða afnota.

Námsbækur og önnur námsgögn sem skólar nota skulu vera í samræmi við gildandi lög og aðalnámsskrá. Vafamálum um hvort námsgögn uppfylla skilyrði laga og aðalnámsskrár má skjóta til sérstakrar nefndar sem skipuð skal einum fulltrúa frá Kennaraháskóla Íslands, einum fulltrúa frá Háskóla Íslands og einum fulltrúa frá Landssamtökum foreldrafélaga. Nefndin gefur út fullnaðarúrskurð í málum sem til hennar er skotið.

Ekki er heimilt að krefja nemendur í skyldunámi um greiðslu fyrir kennslu, námsgögn og annað efni sem þeim er gert skylt að nota samkvæmt lögum þessum og ríki og sveitarfélög eiga að leggja til.

Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

51. gr.

Í öllum grunnskólum skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi á vegum skólans. Tómstunda- og félagsstarf getur bæði verið liður í daglegu starfi og utan venjulegs skólatíma.

Í félagsstarfi skal m.a. að því stefnt að nemendur verði færir um að taka að sér félagsleg störf í þjóðfélaginu.

Kostnaður við félagsstörf greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélagi.

VII. KAFLI
Réttindi og skyldur nemenda.

52. gr.

Börnum og unglingum er skylt að sækja grunnskóla fái þau ekki hliðstæða kennslu annars staðar, sbr. 7. og 72. gr. þessara laga.

Skólaskylda barns hefst við upphaf skólaárs á því almanaksári sem barnið verður sex ára. Foreldrar eða forráðamenn barns geta sótt um eða samþykkt að það hefji skólagöngu fyrr eða síðar en segir í lögum þessum um skólaskyldu sex ára barna. Skólastjóri getur veitt slíka heimild, að fengnum meðmælum hlutaðeigandi fræðsluskrifstofu.

Ljúki nemandi öllu námi grunnskóla með tilskyldum árangri á skemmri tíma en tíu árum telst hann hafa lokið skyldunámi.

Að höfðu samráði við foreldra eða forráðamenn, auk skólastjóra, getur fræðslustjóri heimilað nemanda að hverfa frá grunnskólanámi að loknum 9. bekk í allt að eitt ár vegna þátttöku í atvinnulífi og lýkur nemandi þá grunnskólanámi þeim mun síðar. Heimilt skal að meta þessa þátttöku nemandans í atvinnulífi til jafns við nám í tilteknum valgreinum 10. bekkjar.

53. gr.

Börn og unglingar, sem að dómi kennara og annarra sérfræðinga skóla og fræðsluskrifstofu þurfa sérkennslu vegna erfiðleika í námi, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, eiga rétt á kennslu við sitt hæfi, sbr. 2. gr.

Kennslan getur verið einstaklingsbundin eða farið fram í hópi innan eða utan almennra bekkjardeilda, í sérstökum deildum eða í sérskóla.

Meginstefnan skal vera sú að kennslan fari fram í heimaskóla.

Telji foreldrar barns eða forráðamenn, kennarar eða aðrir sérfræðingar skóla og fræðsluskrifstofu að barnið fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í heimaskóla geta for-

ráðamenn sótt um skólavist fyrir það í sérskóla. Heimilt er að fela sérskóla að annast kennslu fatlaðra barna undir skólaskyldualdri, enda verði kennsla við hæfi þeirra ekki tryggð með öðrum hætti.

Sérmenntaðir kennarar skulu annast kennsluna þar sem því verður við komið.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um sérkennslu í grunnskólum.

Menntamálaráðuneytið skal gera heildaráætlun um skipulag og framkvæmd sérkennslu í landinu.

54. gr.

Í grunnskóla er heimilt að stofna nemendaverndarráð til að samræma störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda varðandi sérkennslu, námsráðgjöf, sálfræðiþjónustu og heilsugæslu.

Setja skal reglur um nemendaverndarráð.

55. gr.

Á starfstíma skólans má nemandi ekki stunda vinnu utan hans valdi hún því að nemandinn geti ekki rækt nám sitt sem skyldi eða notið nauðsynlegrar hvíldar að dómi skólastjóra og kennara. Í slíkum tilvikum skal skólastjóri gera nemandanum, forráðamanni hans og hlutaðeigandi vinnuveitanda viðvart. Verði ekki bót á ráðin skal vísa málinu til fræðslustjóra. Vilji forráðamaður barnsins ekki hlíta ákvörðun fræðslustjóra getur hvor aðili um sig vísað málinu til barnaverndarnefndar.

56. gr.

Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks skóla í öllu því er skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisvenjum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.

Ef nemanda reynist verulega áfátt í hegðun ber kennara hans að leita orsaka þess og reyna að ráða á því bót, m.a. með viðtölum við nemandann sjálfan og forráðamenn hans. Verði samt ekki breyting á til batnaðar skal kennari leita aðstoðar skólastjóra og sérfróðra ráðgjafa skólans.

Meðan mál skv. 2. mgr. eru óútkljáð getur skólastjóri vísað nemanda úr skóla um stundarsakir, enda tilkynni hann forráðamönnum nemanda og fræðslustjóra tafarlaust þá ákvörðun. Takist ekki að leysa málið innan skólans tekur fræðslustjóri það til meðferðar í samráði við skólanefnd.

Óheimilt er að víkja nemanda úr skóla nema honum hafi verið tryggt annað úrræði.

Í reglugerð skal mæla nánar fyrir um framkvæmd þessarar greinar.

VIII. KAFLI
Kennsluráðgjöf og sálfræðiþjónusta.

57. gr.

Fræðsluskrifstofa skal veita kennsluráðgjöf til leiðbeiningar kennurum í almennri kennslu og sérkennslu. Hún hefur faglega umsjón og eftirlit með nýbreytni- og þróunarstarfi og sérkennslu í grunnskólum umdæmisins.

58. gr.

Á fræðsluskrifstofu skal halda uppi sálfræðiþjónustu. Eftir ósk foreldra, kennara og

heilsugæslu skóla skal hún annast athuganir á nemendum sem annaðhvort eiga í sálrænum, tilfinningalegum, félagslegum eða öðrum skyldum erfiðleikum og nýtast ekki hæfileikar sínir í námi og starfi. Sálfræðiþjónusta leiðbeinir foreldrum og starfsmönnum skóla um uppeldi þessara nemenda og tekur þá sem með þurfa til greiningar eða vísar þeim á viðeigandi meðferð. Hún skal annast rannsóknir og athuganir á þessu sviði, vinna að forvörnum og stuðla að því að sálfræðileg þekking nýtist í skólastarfi.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að fela fræðsluskrifstofu að annast sálfræðiþjónustu á öðrum skólastigum, enda sé veitt til þess fé í fjárlögum.

59. gr.

Á fræðsluskrifstofu eða í tengslum við hana er heimilt að reka kennslugagnamiðstöð og veita sérfræðilega ráðgjöf og þjónustu við stofnun og rekstur skólasafna.

60. gr.

Fræðslustjóri gerir heildaráætlun fyrir sérfræðiþjónustu í fræðsluumdæminu. Þjónustan skal ná til allra grunnskóla og skal skipulögð miðað við aðstæður á hverjum stað. Heimilt er að fella alla þessa þjónustu í eina heild. Einnig er heimilt að reka hluta hennar utan fræðsluskrifstofu.

Ákveða skal í reglugerð lágmarkssérfræðiþjónustu á fræðsluskrifstofum og fjölda starfsmanna og menntun þeirra.

61. gr.

Forstöðumaður kennsluráðgjafar skal vera kennari með framhaldsmenntun í uppeldisfræðum. Forstöðumaður sálfræðiþjónustu skal vera sálfræðingur. Aðrir starfsmenn sérfræðiþjónustu fræðsluskrifstofa geta verið: kennarar, sérkennarar, uppeldisfræðingar, sálfræðingar, félagsráðgjafar eða aðrir sérfræðingar.

Við ráðningu þess starfsfólks sem þessi grein tekur til skal taka tillit til reynslu og framhaldsmenntunar.

Kostnaður við kennsluráðgjöf og sálfræðiþjónustu greiðist úr ríkissjóði.

IX. KAFLI
Námsmat.

62. gr.

Megintilgangur námsmats er örvun nemenda og námshjálp.

Með námsmati í grunnskóla skal einnig reynt að afla sem öruggastrar og víðtækastrar vitneskju um það hver árangur hefur orðið af skólastarfinu. Hverjum kennara og skóla ber að fylgjast vandlega með því hvernig nemendum gengur að ná þeim námsmarkmiðum sem aðalnámsskrá og skólinn setja þeim, sbr. 47. og 48. gr. Námsmat fer ekki eingöngu fram í lok námstímans, heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfsins, órjúfanlegt frá námi og kennslu.

63. gr.

Námsmat í grunnskóla skal að jafnaði framkvæmt af kennurum skólans, sbr. þó 64. gr., og skulu nemendur stöðugt fá glöggar upplýsingar um námsárangur. Kennarar skulu gefa vitnisburð a.m.k. í lok hvers námsáfanga.

Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði nemenda öðrum en þeim sjálfum og

forráðamönnum þeirra, nema nauðsyn beri til vegna flutnings nemenda milli skóla. Þó skal heimilt að veita fræðsluyfirvöldum þessar upplýsingar og öðrum vegna fræðilegra rannsókna, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu.

64. gr.

Menntamálaráðuneytið leggur grunnskólum til samræmd próf eða könnunarpróf. Skal einkum við það miðað að þessi próf veiti glögga vitneskju um árangur skólastarfsins.

Kveða skal nánar á um fyrirkomulag prófanna og leiðbeiningar með þeim í reglugerð.

65. gr.

Er grunnskólanámi lýkur skal nemandi fá skírteini er votti að hann hafi lokið skyldunámi samkvæmt lögum. Í skírteinið skal skrá vitnisburð í þeim námsgreinum er nemandi lagði stund á í 10. bekk.

66. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar prófdómara við samræmt námsmat, svo og trúnaðarmenn til aðstoðar við framkvæmd samræmdra prófa.

Nánari ákvæði um tilhögun námsmats setur ráðuneytið í reglugerð. Þar skal og setja ákvæði um hvernig fylgst verði með námi þeirra nemenda á skólaskyldualdri sem eigi sækja almennan grunnskóla.

X. KAFLI
Skólaþróun, tilraunaskólar.

67. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur með höndum gerð áætlana um umbætur í skólastarfi, hefur yfirumsjón með þróunar- og tilraunastarfi í skólum, sér um endurskoðun aðalnámsskrár og hefur með höndum mat á skólum, skólastarfi og námsgögnum. Það veitir upplýsingar og leiðbeiningar um skólamál.

Til þessara starfa skulu, auk fastráðinna starfsmanna, ráðnir sérfræðingar til allt að fjögurra ára í senn. Við ráðningu þeirra skal tekið tillit til kennslufræðilegrar menntunar og kennslureynslu.

68. gr.

Árlega skal veita fé á fjárlögum í Þróunarsjóð grunnskóla. Menntamálaráðuneytið hefur umsjón með sjóðnum og setur reglur um styrkveitingar.

69. gr.

Menntamálaráðuneytið getur veitt einstökum fræðsluumdæmum, skólahverfum og opinberum kennslustofnunum heimild til að reka tilraunaskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga og reglugerða, svo sem um nám, starfstíma skóla, kennslutilhögun, stundafjölda o.s.frv., enda brjóti slíkar undanþágur ekki í bága við 2. gr. þessara laga eða þrengi hlutverk grunnskóla frá því sem þar er gert ráð fyrir.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að styrkja tilraunaskóla og sérstakar nýjungar eftir því sem fjárlög heimila hverju sinni.

XI. KAFLI
Skólasöfn.

70. gr.

Í hverjum grunnskóla skal vera skólasafn. Heimilt er þó að sameina almenningsbókasafn og skólasafn ef það rýrir ekki gildi safnsins fyrir skólann, forstöðumenn beggja telja slíkt æskilegt og menntamálaráðuneytið samþykkir.

Að skólasöfnum skal þannig búið að því er varðar húsnæði, bókakost, önnur námsgögn og starfslið að þau geti gegnt því hlutverki að vera eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu.

Nánari ákvæði um skólasöfn, starfshætti, starfslið og menntun þess setur menntamálaráðuneytið í reglugerð.

XII. KAFLI
Heilsugæsla.

71. gr.

Um heilsugæslu í grunnskólum fer eftir gildandi lögum um heilbrigðisþjónustu. Yfirlæknir heilsugæslustöðvar skólahverfis skal hafa samráð við skólanefnd og skólastjóra um skipulagningu og fyrirkomulag heilsugæslu.

Skólastjóra ber að fylgjast með því að nemendur njóti heilsugæslu í skólanum í samræmi við þá tilhögun sem ákveðin hefur verið skv. 1. mgr.

XIII. KAFLI
Einkaskólar.

72. gr.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að löggilda grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 3. gr., sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð eða skipulagsskrá sem ráðuneytið staðfestir, enda hlíti slíkir skólar sama eftirliti og reglum og aðrir grunnskólar. Börn sem þessa einkaskóla sækja hafa undanþágu skv. 7. gr., en forstöðumaður skal fyrir upphaf hvers skólaárs senda hlutaðeigandi skólanefnd og fræðslustjóra skrá um nemendur og tilkynna sömu aðilum allar breytingar á nemendaskrá jafnóðum og þær verða.

Einkaskólar eiga ekki kröfu til styrks af almannafé.

Skólagjöld eru háð samþykki menntamálaráðuneytisins.

XIV. KAFLI
Fjármál.

73. gr.

Ríkissjóður greiðir launakostnað vegna almennrar kennslu í grunnskólum skv. 45., 47., 48. og 49. gr. með þeirri skólaskipan sem ákveðin er í hverju skólahverfi skv. 17. gr.

Fjölda kennslustunda sem ríkissjóður greiðir skal miða við heildarfjölda nemenda er stunda nám samtímis í grunnskólum hvers skólahverfis skv. 74. og 75. gr.

Að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins er heimilt að víkja frá þeim meginreglum, sem um getur í 1. og 2. mgr., þar sem fleiri en einn grunnskóli eða útibú eru í sama skólahverfi. Skal þá tekið mið af eðlilegri skólasókn eftir búsetu nemenda og staðsetningu skóla innan skólahverfis.

74. gr.

Að jafnaði skal við það miðað að nemendur í hverri bekkjardeild í grunnskóla séu ekki fleiri en 24 eftir að frá hafa verið taldir sérbekkir fyrir nemendur sem ekki stunda nám í almennum bekkjum grunnskóla.

Við ákvörðun fjölda kennslustunda, sem ríkissjóður greiðir í hverjum grunnskóla, skal miða við að í 1.–3. bekk séu nemendur í einstökum bekkjardeildum ekki fleiri en 22 og í 4.–10. bekk ekki fleiri en 28.

75. gr.

Í fámennum skólum, þar sem aldursflokkar í 1.–8. bekk eru saman í deild, skal við það miðað að nemendur í bekkjardeild séu ekki fleiri en hér segir:

a. 8 nemendur ef aldursflokkar eru fleiri en fjórir,
b. 12 nemendur ef aldursflokkar eru fjórir,
c. 17 nemendur ef aldursflokkar eru þrír,
d. 22 nemendur ef aldursflokkar eru tveir.

Þegar sérstaklega stendur á getur fræðslustjóri ákveðið fjölgun um allt að fjóra nemendur í bekkjardeild gegn aukinni kennslu með fjölgun tíma.

Í 9. og 10. bekk skal miða við að deildir séu eigi færri en aldursflokkar þeir sem sækja þessa bekki skólans. Til þess að 9. og 10. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi mega nemendur í þessum deildum þó ekki vera færri en 12 að meðaltali, nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins.

76. gr.

Heimilt er að blanda saman bekkjardeildum og aldurshópum ef skólinn telur sig þannig ná betur markmiðum aðalnámsskrár og sérstökum markmiðum skólans, enda sé kennslustundafjöldi innan samþykktra marka.

Menntamálaráðuneytið setur reglur um greiðslur vegna skiptingar bekkjardeilda, m.a. í verklegri kennslu og valgreinum í 8.–10. bekk, og um undanþágur sem veittar eru skv. 3. mgr. 75. gr.

77. gr.

Auk almennrar kennslu greiðir ríkissjóður kennslukostnað vegna viðurkenndrar forfallakennslu, sjúkrakennslu og sérkennslu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Samþykki viðkomandi skólanefnd og sveitarstjórn að kennslustundir og aðrar starfsstundir við skóla séu fleiri en samrýmist ákvæðum þessarar greinar, 73. og 78. gr., greiðist kostnaður vegna umframstundanna úr sveitarsjóði, nema menntamálaráðuneytið hafi heimilað annað.

78. gr.

Auk kostnaðar við kennslu skv. 73. og 77. gr. greiðir ríkissjóður launakostnað við stjórnun grunnskóla, námsráðgjöf og störf í skólasafni samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð, svo og þann launakostnað er stafar af lækkun kennsluskyldu kennara samkvæmt lagafyrirmælum eða ákvörðun menntamálaráðuneytis.

Ríkissjóður greiðir enn fremur laun stjórnskipaðra prófdómara og kostnað er leiðir af kjarasamningum ríkisins við kennara.

79. gr.

Sveitarfélög greiða allan annan rekstrarkostnað grunnskóla en laun vegna kennslu og stjórnunar eða kostnað vegna annarra þeirra rekstrarþátta sem greindir eru í lögum þessum sem verkefni ríkissjóðs.

Sveitarfélög greiða m.a. efni til verklegrar kennslu, svo og pappír og ritföng, sem notuð eru í sameiginlegri starfsemi skólans og eru í hans vörslu.

80. gr.

Skólastjóri skal árlega gera áætlun fyrir skóla sinn um fyrirkomulag kennslu, kennslustundafjölda og annan kostnað sem ríkissjóður og sveitarsjóður bera. Áætlunina skal miða við komandi skólaár. Áætlun þessa skal leggja fyrir skólanefnd og skal hún að því er fjármál sveitarfélaga varðar hljóta samþykki sveitarstjórnar, áður en hún er send fræðslustjóra fyrir 15. apríl ár hvert, eða annan þann dag sem menntamálaráðuneytið ákveður. Áætlun þessa skal endurskoða við upphaf skólaárs ef þörf krefur.

Áætlun fyrir fræðsluumdæmið í heild sendir fræðslustjóri til menntamálaráðuneytisins á þeim tíma sem ráðuneytið ákveður.

81. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd þessara laga.

Hlutaðeigandi sveitarfélög annast fjármál og reikningshald, en geta falið skólanefnd, skólastjóra eða sérstökum reikningshaldara að hafa á hendi reikningshald í umboði sínu.

Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga. Þar sem fleiri sveitarfélög en eitt standa að rekstri grunnskóla skulu hlutaðeigandi sveitarstjórnir sameiginlega tilnefna til fjögurra ára í senn tvo fulltrúa til að endurskoða reikninga skólans og tvo til vara. Menntamálaráðuneytið og aðilar í umboði þess skulu eiga aðgang að öllu slíku reikningshaldi og upplýsingum um skólakostnað.

82. gr.

Ríkissjóður greiðir allan kostnað af rekstri fræðsluskrifstofu, þar með talinn allan kostnað við kennsluráðgjöf og sálfræðiþjónustu í þeim skólum sem lög þessi taka til. Fjárveitingar til þessara starfa skulu greiddar mánaðarlega til fræðsluskrifstofu.

Í reglugerð skal setja ákvæði um hvernig reikna skuli framlög til fræðsluskrifstofu.

83. gr.

Sveitarfélög greiða stofnkostnað grunnskóla, sbr. 23. gr. Jafnframt falla úr gildi að því er tekur til grunnskóla ákvæði laga nr. 49/1967, um skólakostnað. Þó skulu haldast ákvæði þeirra laga um verðtryggingu stofnkostnaðarframlaga ríkissjóðs að því er tekur til framkvæmda sem fullgerðar voru eða hafnar í árslok 1989.

Menntamálaráðuneytið setur reglur um lágmarksstærð grunnskólahúsnæðis og búnað þess.

XV. KAFLI
Gildistaka og reglugerð.

84. gr.

Menntamálaráðuneytið setur nánari ákvæði í reglugerðir og reglur um framkvæmd laga þessara.

85. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi lög um grunnskóla, nr. 63/1974, með áorðnum breytingum, lög nr. 13/1962, um heyrnleysingjaskóla, og önnur lagaákvæði sem fara í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 45. gr. um lágmarks vikulegan kennslutíma á hvern nemenda komi til framkvæmda á næstu þremur árum frá gildistöku laga þessara.

Ákvæði 74. gr. um hámarksfjölda nemenda í 4.–10. bekk komi til framkvæmda á næstu þremur árum þannig að miðað verði við hámarkið 29 nemendur skólaárið 1991–92

og hámarkið 28 nemendur skólaárið 1992–93. Ákvæði 74. gr. um fjölda nemenda í 1.–3. bekk komi til framkvæmda á næstu þremur árum þannig að skólaárið 1991–1992 verði miðað við hámark 22 nemendur í 1. og 2. bekk og skólaárið 1992–1993 verði miðað við hámark 22 nemendur í 1.–3. bekk.

Ákvæði 34. gr. um námsráðgjafa við einstaka grunnskóla eða fræðsluskrifstofu komi til framkvæmda á næstu fimm árum frá gildistöku laganna samkvæmt ákvörðun í fjárlögum hverju sinni.

Stefnt skal að því að ákvæði 3. gr. um einsetinn skóla komi að fullu til framkvæmda á næstu tíu árum frá gildistöku laganna samkvæmt áætlun sem unnin yrði í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga. Jafnframt verði á því árabili jafnt og þétt aukið við kennslutíma grunnskólanemenda að því marki að við lok tímabilsins verði vikulegur stundafjöldi allra nemenda 35 stundir, skóladagur samfelldur og nemendur eigi kost á skólamáltíðum.

Ákvæði 4. gr. um málsverði á skólatíma komi til framkvæmda á næstu þremur árum frá gildistöku laga þessara.

Til viðbótar því sem kveðið er á um í 77. og 78. gr. skulu þeir grunnskólar, sem ríkið rekur fyrir fötluð börn (sérskólar), vera reknir á vegum þess þar til grunnskólar geta veitt fötluðum nemendum sambærilega eða betri þjónustu.

Að fimm árum liðnum frá gildistöku laga þessara skal menntamálaráðherra gera Alþingi grein fyrir framkvæmd og undirbúningi þeirra bráðabirgðaákvæða sem hér eru talin.

Nd. 812. Breytingartillögur [174. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá Geir H. Haarde.

1. Við 9. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Ráðið skal skipað 11 fulltrúum: Tveimur fulltrúum kennarasamtaka, einum fulltrúa skólastjórnenda, tveimur fulltrúum foreldrafélaga eða samtaka þeirra og skal annar þeirra vera fulltrúi foreldrafélaga í dreifbýli, einum fulltrúa Kennaraháskóla Íslands, einum fulltrúa Háskóla Íslands, einum fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga, einum fulltrúa Námsgagnastofnunar auk tveggja fulltrúa menntamálaráðuneytisins og skal annar þeirra vera fræðslustjóri. Jafnmargir skulu tilnefndir til vara.
2. Við 17. gr. 2. málsl. síðari málsgreinar orðist svo: Sveitarstjórnum í fjölmennari sveitarfélögum er heimilt að skipta þeim í skólahverfi.
3. Við 18. gr. Síðasti málsliður 2. mgr. orðist svo: Enn fremur er það hlutverk skólanefndar að gera tillögur til skólastjóra í skólahverfinu um umbætur í skólastarfinu.
4. Við 26. gr.
   a. 3. mgr. falli brott.
   b. 4. mgr. orðist svo:
      Skólanefnd ákveður nafn skóla og tilkynnir menntamálaráðuneytinu.
5. Við 52. gr. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Nemendur, sem náð hafa afburðaárangri í námi og hafa að dómi skólastjóra meiri þroska en almennt gerist, skulu eiga þess kost, eftir því sem við verður komið, að ljúka skyldunámi á skemmri tíma en 10 árum.
6. Við 72. gr. Síðasta málsgrein falli brott.

Sþ. **813. Svar** [308. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Friðriks Sophussonar um ávöxtun spariskírteina ríkissjóðs.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hvaða ávöxtun bauð ríkissjóður og Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa fyrir hans hönd í viðskiptum með spariskírteini í einstökum mánuðum ársins 1990 og í janúar 1991?

Hver er þessi ávöxtun nú?

Á síðastliðnu ári og það sem af er þessu ári bauð ríkissjóður og Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa fyrir hans hönd eftirfarandi ávöxtun í einstökum mánuðum. Kjörin eru flokkuð niður eftir almennum kjörum, kjörum til áskrifenda, skiptikjörum við innlausn eldri spariskírteina, magnkjörum til stærstu kaupenda og loks er sýnt vegið meðaltal ávöxtunar allra seldra bréfa í hverjum mánuði. Innifalin í þessum tölum er ávöxtun miðuð við endanlegt uppgjör til allra stærri aðila eftir að samningar, sem gerðir voru á tímabilinu frá 19. júní til 31. júlí, höfðu verið uppfylltir. Til samanburðar er sýnd ávöxtun í viðskiptum á Verðbréfaþingi Íslands í sömu mánuðum. Fram kemur að meðalávöxtun spariskírteina í frumsölu var 6,78% árið 1990, en til samanburðar má nefna að meðalávöxtun 1989 var 6,74%.

	Almenn sala	Áskrift	Skiptikjör	Stórsala	Vegið meðaltal	Verðbréfaþ. Íslands *
1990 janúar	6,00%	6,20%			6,17%	6,6%
1990 febrúar	6,00%	6,20%	6,20-6,30%	6,12%	6,29%	6,7%
1990 mars	6,00%	6,20%		6,12%	6,13%	6,6%
1990 apríl	6,00%	6,20%		6,01%	6,05%	7,2%
1990 maí	6,00%	6,20%		6,55%	6,26%	7,0%
1990 júní	6,00%	6,20%		6,82%	6,28%	6,6%
1990 júlí	6,00%	6,20%		7,01%	6,93%	7,0%
1990 ágúst	6,00%	6,20%		7,00%	6,95%	7,5%
1990 september	6,00%	6,20%		7,01%	6,94%	7,4%
1990 október	6,00%	6,20%		7,03%	6,99%	7,1%
1990 nóvember	6,00%	6,20%		7,03%	6,91%	7,1%
1990 desember	6,00%	6,20%		7,01%	6,81%	7,1%
Meðaltal 1990:	6,00%	6,20%	6,25%	7,00%	6,78%	7,0%
1991 janúar	6,00%	6,20%			6,16%	7,3%
1991 febrúar	6,00%	6,60%	6,60%	6,60-6,75%		

* Uppsegjanlegir flokkar eru miðaðir við síðasta innlausnardag.

Ed. 814. Nefndarálit [175. mál]

um frv. til l. um Slysavarnaskóla sjómanna.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess eins og það var afgreitt frá neðri deild.

Alþingi, 6. mars 1991.

Karvel Pálmason, form., frsm.	Skúli Alexandersson, fundaskr.	Jón Helgason.
Egill Jónsson.	Halldór Blöndal.	Stefán Guðmundsson.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 815. Breytingartillaga [428. mál]

við frv. til l. um starfskjör presta þjóðkirkjunnar.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Á eftir orðinu „flugmálastjóra“ í 1. og 3. gr. komi: forstjóra Hafrannsóknastofnunar, forstjóra Landhelgisgæslu.

Ed. 816. Nefndarálit [237. mál]

um frv. til l. um sjóðshappdrætti til stuðnings flugbjörgunarmálum og skák.

Frá 2. minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið en varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Annar minni hl. nefndarinnar telur það vera skyldu stjórnvalda að sjá Landhelgisgæslu Íslands fyrir nauðsynlegum tækjum til björgunarstarfa. Þörfin fyrir kaup á öflugri björgunarþyrlu er mjög brýn og þolir enga bið.

Öll meðferð málsins hefur verið með eindæmum í meðförum þingsins. Upphaflega frumvarpið er ekki lengur til þegar málið er afgreitt úr nefndinni þar sem frjáls félagasamtök, sem höfðu frumkvæði að því að fá leyfi til reksturs sjóðshappdrættis, þ.e. Flugbjörgunarsveitin og Skáksamband Íslands, eða önnur þau slysavarna- og björgunarsamtök sem komin voru inn í frumvarpið í drögum að breytingum á því sem ráðherra sendi nefndinni til umfjöllunar, eru þar ekki lengur samkvæmt þeim breytingartillögum sem meiri hl. nefndarinnar leggur fram. Nú eru þær í þá veru að hér er í raun um nýtt frumvarp um ríkisrekið happdrætti að ræða til kaupa á þyrlu. Engan veginn er hægt að gera sér grein fyrir hvaða tekjur slíkt happdrætti mun gefa af sér.

Annar minni hl. er á móti því að Alþingi sé að skjóta sér á bak við happdrætti til að

leysa þetta brýna nauðsynjamál en vill leggja sitt af mörkum til þess að hægt verði að ganga strax til samninga um kaup á stórri björgunarþyrlu með því að veita heimild í lánsfjárlögum til lántöku í því skyni. Annar minni hl. hefur nú þegar tryggt það að slík tillaga verði flutt við frumvarp til lánsfjárlaga sem nú er til meðferðar í neðri deild og á eftir að koma til efri deildar og treystir því að samstaða geti orðið um slíka lausn á þessu brýna máli.

Annar minni hl. mun greiða fyrir því að málið gangi til 3. umr. en sitja hjá við afgreiðslu á breytingartillögum meiri hl. nefndarinnar.

Alþingi, 6. mars 1991.

Salome Þorkelsdóttir, frsm. Ey. Kon. Jónsson.

Sþ. 817. Fyrirspurn [439. mál]

til fjármálaráðherra um aðflutningsgjöld af leigubifreiðum.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

Stendur til að lækka aðflutningsgjöld af leigubifreiðum til samræmis við aðflutningsgjöld af öðrum bifreiðum til mannflutninga?

Ed. 818. Frumvarp til laga [440. mál]

um breytingu á lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

1. gr.

Í stað 36. gr. gildandi laga komi ný grein og orðist svo:

Eigið fé viðskiptabanka, eins og það er skilgreint skv. 2. mgr., skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar 8% af áhættugrunni, þ.e. heildareignum bankans og liðum utan efnahagsreiknings samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli viðskiptabanka sem Seðlabanki Íslands setur. Eiginfjárkrafan skv. 1. málsl. skal gilda um samstæðureikning, sbr. 37. gr.

Við útreikning á eiginfjárhlutfalli, sbr. 1. mgr., skal eigið fé samsett af tveimur þáttum, hreinu eigin fé og blönduðu eigin fé. Hreint eigið fé skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár.

a. Hreint eigið fé telst vera:
   1. Innborgað hlutafé.
   2. Endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgureikningsskilum.

3. Varasjóðir og annað eigið fé samkvæmt ársreikningi sem ekki fellur undir blandað eigið fé skv. b.
4. Frá hreinu eigin fé skal draga eigin hlutabréf, viðskiptavild og óáþreifanlegar eignir, svo og áfallnar ófærðar skattskuldbindingar sem rýra möguleika bankans til að mæta tapi.

b. Blandað eigið fé telst vera:
1. Afskriftareikningur vegna almennrar útlánaáhættu að hámarki 1,25% af áhættugrunni. Með afskriftareikningi útlána vegna almennrar útlánaáhættu er ekki átt við þau framlög sem lögð hafa verið til hliðar vegna útlánatapa og sérstaklega hafa verið metin eða talin eru hugsanleg með hliðsjón af tapreynslu í útlánastofninum og endurspegla rýrnun á verðmæti útlánanna.
2. Víkjandi lán sem viðskiptabanki tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en fimm ár og að við gjaldþrot bankans eða slit hans fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur bankanum en endurgreiðslu hlutafjár. Þegar fimm ár eru eftir af lánstímanum skal lánið reiknast niður um 20% fyrir hvert ár sem líður af þessum fimm árum nema um sé að ræða lán sem greiðist niður með jöfnum afborgunum á tímabilinu.

   Heildarfjárhæð víkjandi lána má hæst nema 50% af hreinu eigin fé skv. a.

Frá eigin fé skv. 2. mgr. skal draga bókfært virði á eignarhlutum og víkjandi lánum viðskiptabanka hjá félögum, sem falla undir skilgreiningu 1. mgr. 28. gr., öðrum en þeim sem teljast vera dótturfélög og reiknast með í samstæðureikningi viðskiptabanka og dótturfélaga, sbr. eftirfarandi:

Eignarhluti í félögum þar sem eignarhlutir viðskiptabankans nema meira en 10% af hlutafé viðkomandi félaga. Enn fremur víkjandi lán hjá sömu félögum.

Eignarhlutur í félagi, sem viðskiptabanki hefur eignast tímabundið vegna endurskipulagningar þess félags, skal ekki dragast frá.

Eignarhluti í félögum þar sem eignarhlutir viðskiptabankans nema allt að 10% af hlutafé viðkomandi félaga. Frádrátturinn takmarkast við þá heildarfjárhæð eignarhluta og víkjandi lána sem er umfram 10% af eigin fé viðskiptabankans eins og það er reiknað skv. 2. mgr. fyrir frádrátt skv. 3. mgr.

Heimilt er ráðherra að ákveða að aðrir efnahagsliðir en greindir eru í 2. mgr. skuli teljast með eigin fé að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

2. gr.

Við 1. mgr. 37. gr. laganna bætist nýr málsliður svohljóðandi: Þegar um er að ræða viðskiptabanka sem á það stóran hlut í félagi að það síðarnefnda telst dótturfélag, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, skal semja samstæðureikning fyrir félagasamstæðuna. Ákvæðið um skyldu til að semja samstæðureikning gildir þó ekki þegar um er að ræða félag sem viðskiptabanki hefur eignast tímabundið hlut í annaðhvort til að tryggja fullnustu kröfu eða vegna endurskipulagningar þess félags. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá skyldu til að semja samstæðureikning.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í árslok 1992 skal eigið fé viðskiptabanka skv. 1. gr. nema að lágmarki 7,25%. Í árslok 1993 skal eiginfjárhlutfallið nema að lágmarki 8%.

Ákvæði 2. gr. um samstæðureikning fyrir félagasamstæðu tekur gildi frá og með reikningsárinu 1992.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Reglur um lágmark eigin fjár viðskiptabanka hér á landi eru tiltölulega nýlega lögfestar. Þær komu fyrst með lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka, sem tóku gildi 1. janúar 1986. Sambærileg ákvæði voru einnig lögfest fyrir sparisjóðina, sbr. lög nr. 87/1985, um sparisjóði, en eiginfjárákvæði voru í eldri sparisjóðalögum, nr. 69/1941.

Ákvæði gildandi laga er einfalt í framsetningu og auðvelt er að reikna út eigið fé samkvæmt því. Hins vegar er þar ekki að öllu leyti tekið tillit til mismunandi áhættu hinna ýmsu efnahagsliða eins og gert er í þessu frumvarpi og reglum sem gert er ráð fyrir að settar verði af Seðlabanka Íslands og fylgja frumvarpinu í drögum. Samkvæmt heimild í gildandi lögum voru jafnframt settar reglur um gerð ársreiknings fyrir viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 77. frá 14. febr. 1986, með síðari breytingum, en samræmdar reikningsskilareglur fyrir þessar stofnanir eru afar mikilvægar vegna eiginfjárákvæðisins. Frá því að lögin tóku gildi hafa komið upp nokkur tilvik þar sem reynt hefur á ákvæði laganna vegna þess að innlánsstofnun hefur ekki lengur getað uppfyllt eiginfjárkröfurnar eða að hætta hefur verið á að stofnunin gæti það ekki í náinni framtíð ef ekki yrði gripið til aðgerða. Hefur verið tekið á þeim málum í samræmi við ákvæði laganna.

Á vegum nefndar opinberra eftirlitsaðila með innlánsstofnunum í nokkrum löndum, svonefndrar BASEL-nefndar, (Basle Committee on Banking Regulations and Supervisory Practices), hefur verið unnið að því að samræma reglur um lágmark og útreikning eigin fjár innlánsstofnana, sem starfa á alþjóðlegum mörkuðum. Löndin eru: Bandaríki N-Am., Belgía, Bretland, Kanada, Frakkland, Holland, Ítalía, Japan, Svíþjóð, Sviss og Lúxemborg. Nefndin hittist reglulega í Alþjóðlega greiðslubankanum í Basel í Sviss, (Bank for International Settlements, skammstafað BIS). Tillögur nefndarinnar voru fyrst kynntar í desember 1987 og sendar til umsagnar til opinberra eftirlitsaðila með innlánsstofnunum um allan heim. Fullmótaðar tillögur voru síðan kynntar í júlí 1988 og höfðu þá hlotið samþykki stjórnvalda í þeim löndum sem eiga fulltrúa í Basel-nefndinni. Á alþjóðlegri ráðstefnu opinberra eftirlitsaðila með innlánsstofnunum, sem haldin var í október 1988, hlutu tillögurnar víðtækan stuðning og var samþykkt að stefnt skyldi að lögfestingu þeirra eða viðurkenningu með öðrum hætti fyrir allar innlánsstofnanirnar innan þeirra tímamarka sem í reglunum greinir eða fyrir árslok 1992. Hafa BIS-reglurnar nú verið lögfestar í mörgum löndum og í öllum löndum sem stunda alþjóðleg bankaviðskipti í einhverjum mæli. Þess ber að geta að sambærilegar reglur hafa verið samdar af Evrópubandalaginu nr. 89/647/EEC og 89/299/EEC og gilda innan þess, en reglurnar eru nánast eins, enda 7 af 11 löndum í Basel-nefndinni einnig í EB.

Um tveggja ára skeið hefur bankaeftirlit Seðlabanka Íslands unnið að kynningu á BIS-reglunun fyrir stjórnendum innlánsstofnana. Voru drög að frumvarpinu til laga um breytingu á lögum um viðskiptabanka að þessu leyti kynnt fyrir fulltrúum viðskiptabanka og sparisjóða á fundi í desember 1990. Þá voru gerðar athuganir á eiginfjárhlutfalli margra innlánsstofnana miðað við árslok 1988 í samræmi við reglurnar. Reyndust þá 6 af 7 viðskiptabönkunum vera yfir endanlegri lágmarkskröfu BIS-reglnanna, 8%, en

allir yfir lágmarkskröfu þeirra miðað við upphaf aðlögunartímans. Á hitt er þó að líta að lágmarkshlutfall eigin fjár er 8% samkvæmt BIS-reglunum en samkvæmt gildandi lögum er það 5%. Útreikningsgrundvöllurinn er þó ekki sambærilegur.

Frumvarp þetta er samið af bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Er það alveg byggt á BIS-reglunum með þeim frávikum að sleppt er úr frumvarpinu þeim ákvæðum reglnanna sem ekki eiga við og að hinu leytinu er tekið tillit til atriða í reikningsskilum hér á landi og ekki er tekið sérstaklega á í reglunum. Enn fremur hefur verið höfð hliðsjón af reglum Evrópubandalagsins, einkum þar sem ákvæði þeirra eru fyllri en BIS-reglurnar.

Megininntak frumvarpsins er að breyta gildandi ákvæði viðskiptabankalaganna um lágmark eigin fjár til samræmis við alþjóðleg og viðurkennd sjónarmið. Eigið fé viðskiptabanka er skilgreint og þeir efnahagsliðir sem mynda eigið fé eru nákvæmlega tilgreindir. Gerður er greinarmunur á hreinu eigin fé og blönduðu eigin fé og skal hið fyrrnefnda nema a.m.k. helmingi af samtölu beggja hluta. Meðal eiginfjárliða blandaðs eigin fjár eru svonefnd víkjandi lán og er það nýmæli í löggjöf um viðskiptabanka hér á landi. Með útgáfu sérstakra skuldaviðurkenninga, sem uppfylla skilyrði víkjandi lána, getur viðskiptabanki aflað sér fjár í rekstrinum, sem auk þess telst til eigin fjár að vissu marki. Fyrir ríkisviðskiptabanka sem ekki eiga þess kost samkvæmt núverandi fyrirkomulagi að afla sér aukins eigin fjár með útgáfu hlutabréfa kann sérstök fjáröflun í formi víkjandi lána að vera heppilegur valkostur til þess að auka eigið fé í stað þess að sækja það til ríkissjóðs. Vegna ótakmarkaðrar ríkisábyrgðar á innlendum skuldbindingum ríkisviðskiptabanka samkvæmt gildandi lögum er ekki um það að ræða að kröfuhafar víkjandi lána séu verr settir en aðrir kröfuhafar ríkisviðskiptabanka. Að sama skapi er ábyrgð ríkissjóðs ekkert minni þótt hluti eigin fjár ríkisviðskiptabanka sé víkjandi lán. Gerðar eru strangar kröfur til víkjandi lána, bæði að formi og efni, og samkvæmt frumvarpinu má heildarfjárhæð víkjandi lána nema hæst 50% af hreinu eigin fé. Samkvæmt 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins er ráðherra heimilt að aðrir efnahagsliðir en greindir eru sérstaklega í frumvarpinu skulu taldir með eigin fé að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

Eigið fé skal gert upp á grundvelli samstæðureikningsskila samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga, nr. 32/1978, og er það skýrt tekið fram í 2. gr. frumvarpsins. Frá eigin fé skal hins vegar draga bókfært virði eignarhluta og kröfur í formi víkjandi lána á hendur félögum í skyldri starfsemi, sbr. 1. mgr. 28. gr. gildandi laga um viðskiptabanka, öðrum en þeim sem teljast dótturfyrirtæki. Þetta er í rökréttu samhengi við þá hugsun að ekki skuli nota sama fjármagnið sem eigið fé margoft hjá félögum í bankarekstri eða skyldri starfsemi.

Eigið fé skal reiknað sem tiltekið hlutfall, lágmark 8%, af áhættugrunni. Áhættugrunnur er heildareignir bankans að viðbættum liðum utan efnahagsreiknings samkvæmt nánari „Reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli viðskiptabanka og sparisjóða", sem Seðlabanki Íslands setur. Talið er eðlilegt að hafa þann hátt á að fela Seðlabanka Íslands sem opinberum eftirlitsaðila með starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða að setja ofangreindar reglur fremur en að lögfesta þær í einstökum atriðum. Starfsemi þessara stofnana er sífellt að taka breytingum, nýir efnahagsliðir kunna að verða til og er almennt óheppilegt og þungt í vöfum að breyta lögum í hvert sinn sem slíkar breytingar verða. Með frumvarpi þessu fylgja frumdrög bankaeftirlits Seðlabankans að ofangreindum reglum.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir aðlögunartíma til þess að uppfylla

lágmarkskröfur laganna um eigið fé þannig að í árslok 1992 nemi hlutfallið 7,25% og í árslok 1993 nemi það að lágmarki 8%.

Samhliða frumvarpi þessu er lagt fram samhljóða frumvarp til laga um breytingu á lögum um sparisjóði, nr. 87/1985.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. er tilgreint það lágmark sem eigið fé skal nema í hlutfalli af svonefndum áhættugrunni. Með áhættugrunni er átt við heildareignir bankans og liði utan efnahagsreiknings eftir að þeir hafa verið vegnir með áhættuvogum í samræmi við nánari reglur sem gert er ráð fyrir að Seðlabanki Íslands setji. Í 2. málsl. 1. mgr. er tekið fram að eiginfjárkrafan skv. 1. málsl. skuli gilda um samstæðureikning þegar um hann er að ræða og er vísað í 37. gr. viðskiptabankalaga í því sambandi, sbr. enn fremur athugasemd við 2. gr. þessa frumvarps.

Í 2. mgr. er eigið fé skilgreint sem annars vegar hreint eigið fé og hins vegar blandað eigið fé.

Með hreinu eigin fé er í aðalatriðum átt við þá eiginfjárliði sem enginn vafi er á að geti mætt tapi án þess að starfsemi sé hætt. Vegna mikilvægis er gert að skilyrði að hreint eigið fé skuli nema að lágmarki 50% af heildar eigin fé. Með blönduðu eigin fé er átt við aðra liði sem ekki falla undir hreint eigið fé en sem talið er rétt að telja með sem hluta af eigin fé bankans. Með blönduðu eigin fé eru þannig taldir afskriftareikningur vegna almennrar útlánaáhættu og víkjandi lán. Með afskriftareikningi vegna almennrar útlánaáhættu er eingöngu átt við afskriftareikning útlána sem ekki endurspeglast í rýrnun á verðmæti útlánanna. Varðandi víkjandi lán er gefin ákveðin skilgreining á því hvað telst vera víkjandi lán og hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að slík skuldbinding teljist með eigin fé. Enn fremur er gert ráð fyrir að heildarfjárhæð víkjandi lána megi hæst nema 50% af hreinu eigin fé, en meginástæðan fyrir þeirri takmörkun er sú að þessi efnahagsliður er ekki til ráðstöfunar til að mæta tapi nema bankinn hætti starfsemi.

Samkvæmt 3. mgr. er gert ráð fyrir að eignarhlutar og víkjandi lán viðskiptabanka hjá félögum í skyldri starfsemi eða í eðlilegum tengslum við viðskiptabankastarfsemi skuli dragast frá eigin fé bankans nema viðkomandi félög teljist með í samstæðureikningi viðskiptabankans og dótturfélaga, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Tilgangurinn með þessum ákvæðum er að hindra að sama fjármagnið sé margoft notað sem eigið fé hjá félögum í banka- og fjármálastarfsemi, sbr. fylgiskjal. Gerður er greinarmunur á hvort eignarhlutur í slíkum félögum nemur meira en 10% annars vegar eða allt að 10% hins vegar af hlutafé viðkomandi félags, en í síðarnefnda tilfellinu takmarkast frádrátturinn við þá heildarfjárhæð eignarhluta og víkjandi lána sem er umfram 10% af eigin fé viðskiptabankans.

Samkvæmt 4. mgr. er ráðherra veitt heimild til að ákveða að aðrir efnahagsliðir en greindir eru í 2. mgr. skuli teljast með eigin fé að fengnum tillögum bankaeftirlitsins. Nauðsynlegt þykir að hafa slíkt svigrúm til að bæta við hugsanlegum nýjum eiginfjárliðum án þess að til lagabreytinga þurfi að koma.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er að finna ákvæði um skyldu til að semja samstæðureikning fyrir móðurfélag og dótturfélög. Hliðstætt ákvæði er í lögum nr. 32/1978, um hlutafélög, en þar sem ríkisviðskiptabankarnir eru ekki reknir í hlutafélagsformi þótti nauðsynlegt að hafa sér-

stakt ákvæði um þetta atriði í lögum um viðskiptabanka. Undanþága um skyldu til að semja samstæðureikning er gerð þegar um er að ræða félag sem viðskiptabanki hefur eignast tímabundið hlut í annaðhvort til að tryggja fullnustu kröfu eða vegna endurskipulagningar þess félags. Enn fremur er í 2. gr. ákvæði sem gefur ráðherra heimild til að veita undanþágu frá skyldu til að semja samstæðureikning, en þau tilvik geta komið upp að óviðeigandi teldist að semja samstæðureikning, t.d. vegna smæðar dótturfélags.

Um 3. gr.

Grein þessi þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að eiginfjárhlutfall í árslok 1992 verði að lágmarki 7,25% í stað 8% eins og meginreglan gerir ráð fyrir frá og með árslokum 1993.

Fylgiskjal.

Dæmi um samstæðureikning móðurfélags og dótturfélags og útreikninga á eiginfjárhlutfalli.

	Móðurfélag	Dóttur-félag	Milli-færslur	Samstæða
EIGNIR:				
Ýmsar eignir	98.000	20.000		118.000
Eignarhlutur	2.000	0	– 2.000	0
	100.000	20.000	– 2.000	118.000
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:				
Skuldir	90.000	18.000		108.000
Eigið fé	10.000	2.000	– 2.000	10.000
	100.000	20.000	– 2.000	118.000
Eiginfjárhlutfall	10%	10%	8,5%	

Eiginfjárhlutfall móðurfélags ef ekki er gerður samstæðureikningur en eignarhluti í dótturfélagi er þá dreginn frá eigin fé:

EIGNIR:	
Ýmsar eignir	98.000
	98.000
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:	
Skuldir	90.000
Eigið fé	8.000
	98.000
Eiginfjárhlutfall	8,2%

Sþ. 819. Tillaga til þingsályktunar [441. mál]

um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

Alþingi ályktar að staðfesta samning milli samgönguráðherra og hlutafélagsins Spalar hf., dags. 25. janúar 1991, um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð, sbr. 2. gr. laga nr. 45/1990.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

I. Inngangur.

Hinn 5. maí 1990 voru samþykkt á Alþingi lög um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð, lög nr. 45/1990. Með lögum þessum er ríkisstjórninni heimilað að fela hlutafélagi, sem stofnað yrði í því skyni, að annast að nokkru eða öllu leyti undirbúning, fjármögnun og framkvæmdir við vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð, svo og rekstur um tiltekinn tíma. Jafnframt er gert ráð fyrir í lögunum, að samgönguráðherra geri samning við framkvæmdaaðila er kveði á um gerð, rekstur, tilhögun mannvirkja, gjaldtökutíma og önnur atriði sem þurfa þykir. Samningurinn öðlast ekki gildi fyrr en hann hefur hlotið staðfestingu Alþingis.

Með yfirlýsingu, dags. 16. maí 1990, lýstu Akraneskaupstaður, Sementsverksmiðja ríkisins og Íslenska járnblendifélagið því yfir, að þessir aðilar hefðu áhuga á að veggöng yrðu gerð undir utanverðan Hvalfjörð og mundu sameiginlega leita eftir að undirbúa með samgönguráðuneyti samning um þetta verkefni.

Í framhaldi af þessari yfirlýsingu óskaði samgönguráðuneytið eftir með bréfi, dags. 15. júní 1990, að framangreindir aðilar tilnefndu fulltrúa til þess að taka þátt í undirbúningsviðræðum um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð. Af þeirra hálfu voru eftirtaldir fulltrúar tilnefndir: Fyrir Akraneskaupstað: Gísli Gíslason bæjarstjóri, fyrir Sementsverksmiðju ríkisins: Gylfi Þórðarson framkvæmdastjóri og Guðmundur Guðmundsson framkvæmdastjóri, fyrir Íslenska járnblendifélagið: Jón Sigurðsson framkvæmdastjóri og Stefán R. Kristinsson fjármálastjóri.

Með bréfi, dags. 18. júlí 1990, skipaði samgönguráðherra í viðræðunefndina af hálfu stjórnvalda þá Ólaf S. Valdimarsson ráðuneytisstjóra, frá samgönguráðuneyti, Þórhall Arason skrifstofustjóra, frá fjármálaráðuneyti, og Helga Hallgrímsson aðstoðarvegamálastjóra. Auk þeirra hefur Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs hjá Vegagerð ríkisins, starfað með nefndinni.

Viðræðunefndin kom fyrst saman í ágúst og þann 4. desember 1990 var gengið frá drögum að samningi.

Í samningnum er gert ráð fyrir, að hlutafélag muni að öllu leyti sjá um undirbúning, fjármögnun og framkvæmdir við vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð, svo og rekstur um tiltekinn tíma. Þar eru einnig ákvæði um rétt félagsins til gjaldtöku af umferð um vegtenginguna, um samskipti ríkis og félags og um skyldur ríkisins við félagið og vegna framkvæmda þess.

II. Staða undirbúnings — forsendur samnings.

Í október 1990 gaf Vegagerð ríkisins út skýrslu um athuganir á vegasambandi um utanverðan Hvalfjörð. Er þar gerð grein fyrir þeim athugunum og rannsóknum, sem fram hafa farið á helstu þáttum þessa máls, teknar saman niðurstöður þeirra og settar fram tillögur um framhald rannsókna.

Í stuttu máli eru niðurstöður þær, að gerð jarðganga er talin vera vel framkvæmanleg á þeim tveim leiðum, sem einkum koma til álita, þ.e. Kiðafellsleið og Hnausaskersleið (sjá kort). Umferðarkannanir voru gerðar og út frá þeim spám um þróun umferðar um göng. Miðað við frumáætlanir um kostnað og áætlaða umferð sýndu þjóðhagslegir arðsemisreikningar allgóða afkastavexti fyrir báðar leiðir en þó öllu hærri á Kiðafellsleið. Ýmis atriði valda því þó, að ekki er á þessu stigi unnt að slá því föstu, að hún verði endanlega hagstæðari.

Áður en unnt er að taka endanlega ákvörðun um mannvirkjagerðina, val leiða og aðra tilhögun þarf að framkvæma kostnaðarsamar viðbótarrannsóknir og eru þær metnar á 55–60 m.kr., auk kostnaðar við ýmsa úrvinnslu, áætlanagerð og ákvarðanatöku.

Sú staða undirbúnings, sem hér er lýst, skapar ákveðnar forsendur, sem taka verður tillit til í samningi þeim, sem hér liggur fyrir. Helstu atriði sem nefna ber í þessu samhengi eru:

1. Hlutafé miðast í fyrstu lotu við að ljúka megi nauðsynlegum rannsóknum. Væntanlega þarf að auka hlutaféð áður en til framkvæmda kemur með einum eða öðrum hætti.
2. Tími sá, sem félaginu er ætlaður til undirbúnings og framkvæmda, verður eðlilega áfangaskiptur, þar sem endanleg ákvörðun um mannvirkjagerð verður ekki tekin fyrr en að loknum frekari rannsóknum.
3. Val á leið og tilhögun mannvirkja getur heldur ekki farið fram fyrr en að rannsóknum loknum og því verður í samningi að halda möguleikum opnum varðandi þessi atriði. Sama gildir um tengingar ganga við vegakerfi landsins.
4. Óvissa um kostnað og raunar ekki síður um umferð veldur því, að erfitt er að skilgreina ýmis ákvæði um rétt félagsins til gjaldtöku af umferð. Þessu er einkum reynt að mæta með því að hafa gjaldtökutímann sveigjanlegan.

Hér eru einungis talin stærstu atriðin. Að öðru leyti vísast til athugasemda við einstakar greinar samningsins.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR
UM VEGTENGINGU UM UTANVERÐAN HVALFJÖRÐ

Með vísan til laga nr. 45/1990, um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð, gera samgönguráðherra og hlutafélagið Spölur hf. með sér svofelldan

samning:

1. gr.

Hlutafélagið Spölur hf. hefur verið stofnað með hlutafé að fjárhæð 70.000.000 – 100.000.000 kr. til þess að annast undirbúning, fjármögnun og framkvæmdir við vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð, svo og rekstur um tiltekinn tíma. Vegagerð ríkisins verður hluthafi í félaginu með framlagi sem nemur kostnaði við athuganir þær, sem fyrir liggja.

Réttindi og skyldur Spalar hf. samkvæmt samningi þessum eru yfirfæranlegar með samruna Spalar hf. við annað hlutafélag, sem sérstaklega kynni að vera stofnað til að annast fjármögnun, framkvæmdir og rekstur. Ákvæði samningsins skulu gilda að breyttu breytanda fyrir það hlutafélag.

2. gr.

Félagið mun ljúka svo fljótt sem auðið er, og eigi síðar en innan þriggja ára frá því að samningurinn hefur verið samþykktur á Alþingi, úttekt á hvort gerð vegganga undir Hvalfjörð utan Hvalfjarðareyrar, eða annars konar vegtenging þar, sé tæknilega og fjárhagslega fýsileg og fjármagna þá úttekt. Kynna skal samgönguráðherra niðurstöðu úttektar innan ofangreindra tímamarka, svo og áform félagsins um framhald málsins.

3. gr.

Leiði hagkvæmnisathuganir í ljós, að mati félagsins, að veggöngin geti orðið arðvænlegt viðskiptafyrirtæki skal félagið í 7 ár frá því að samgönguráherra hefur verið kynnt niðurstaða úttektar skv. 2. gr. hafa einkarétt á að leggja veggöng um utanverðan Hvalfjörð og innan þess tíma velja þeim stað, kaupa nauðsynleg landsréttindi, hanna verkið og framkvæma og fjármagna það að öllu leyti. Verði framkvæmdir í Hvalfirði ekki hafnar innan fjögurra ára frá úttekt, fellur einkaréttur félagsins þó niður.

Staðsetning og tilhögun mannvirkja skal lögð fyrir samgönguráðherra. Velji félagið annan kost en hinn ódýrasta, varðandi legu og gerð, er valið háð samþykki samgönguráðherra.

Akbraut í göngum skal vera að lágmarki tvær akreinar. Við ákvörðun um gerð og búnað ganga skal miðað við, að þau fullnægi norskum stöðlum um tilsvarandi jarðgöng bæði hvað varðar þægindi og öryggi umferðar, svo og um rekstraröryggi ganga.

4. gr.

Samgönguráðherra skuldbindur sig til að greiða fyrir vegtengingunni, þar með talið að tryggja eignarnám lands reynist það óhjákvæmilegt.

Gert er ráð fyrir, að ekki fari fram á gjaldtökutímanum meiri háttar styttingar á núverandi vegi í Hvalfirði. Þetta tekur þó ekki til endurbygginga brúa og minni háttar styttinga þeim tengdum.

Ríkisstyrkur til reksturs bíla- og farþegaferju milli Reykjavíkur og Akraness skal felldur niður, þegar veggöng opnast til umferðar.

5. gr.

Leggja skal veg í vegflokki B2, sbr. vegstaðal Vegagerðar ríkisins, frá Vesturlandsvegi að veggöngunum sunnan fjarðar. Jafnframt skal tengja göng við hringveginn norðan fjarðar og við Akranes. Þessar vegtengingar skulu vera að lágmarki í vegflokki B3. Vegagerð þessi skal fara fram um leið og veggangagerðin þannig að hvoru tveggja sé lokið á sama tíma. Vegagerð ríkisins annast gerð og viðhald þessara vega og greiðist kostnaður af vegáætlun.

Mörk vegar og ganga skulu vera þar sem sneiðing að göngum hefst frá óhreyfðu jarðvegsyfirborði, ef um göng í bergi er að ræða. Aðilar skulu semja um sambærileg mörk ef um aðrar lausnir er að ræða.

6. gr.

Með samningi þessum er félaginu heimilað að opna veggöng til umferðar og reka þau á viðskiptagrundvelli með innheimtu veggjalds um 25 ára skeið. Tímabil þetta telst frá mánaðamótum næst eftir að regluleg gjaldtaka af umferð hefst og lýkur 25 árum síðar. Samningstíminn (25 ár) lengist eða styttist með tilliti til afkomu félagsins eins og hún er nánar skýrgreind hér á eftir. Er þá miðað við, að félagið megi innan samningstímans reka göngin í 2 heil almanaksár eftir að kostnaður við þau hefur fengist endurgreiddur samkvæmt uppgjöri, þ.e. eftir að endurgreiðslutími kostnaðar er liðinn. Lenging eða stytting samningstíma skal þó ekki vera meiri en 5 ár.

Á endurgreiðslutímanum skal félagið fá greiddan kostnað við eftirtalda liði. Lok endurgreiðslutímans eru þegar tekjur af umferðinni hafa náð að mæta kostnaði við þessa liði:

1. Stofnkostnað og endurbætur á uppfærðu verðlagi hvers tíma miðað við reikningshaldsvísitölu sem gefin er út af Hagstofu Íslands.
2. Viðhald og annan rekstrarkostnað mannvirkjanna.
3. Kostnað við innheimtu veggjalds og eðlilegan stjórnunarkostnað félagsins vegna starfsemi þess við rekstur ganganna.
4. Raunvextir, þ.e. fjármagnsgjöld að frádregnum fjármunatekjum að teknu tilliti til reiknaðrar verðbreytingafærslu. Verðbreytingafærslan er reiknuð eftir vísitölu samkvæmt lið 1.
5. Skatta, sem á félagið verða lagðir.
6. Arðgjöf af uppfærðu hlutafé 14% á ári. Uppfærsla skal reiknuð eftir vísitölu samkvæmt lið 1.
7. 35% af nettóhagnaði fyrirtækisins ár hvert eftir arðgjöf og skatta.

Frá lokum endurgreiðslutíma að lokum samningstíma hefur félagið allar tekjur af gjaldtöku, en greiðir jafnframt allan kostnað við göngin, skatta og önnur gjöld sem á félagið falla vegna ganganna í samræmi við lög og reglur á hverjum tíma, enda verði rekstur ganganna ekki skattlagður umfram aðra þjónustu.

Félagið skal senda samgönguráðuneytinu árlega ársreikninga félagsins. Einnig skal senda uppgjör til ákvörðunar á lengd endurgreiðslutímans. Í því uppgjöri skal koma fram að hve miklu leyti tekjur hafa náð að greiða niður kostnað samkvæmt liðum 1–7 hér að framan.

Ríkisendurskoðun er heimilt að yfirfara bókhald og reikningsskil félagsins í samráði við löggiltan endurskoðanda þess.

7. gr.

Við lok samningstímans skulu veggöngin ásamt tilheyrandi mannvirkjum verða eign ríkisins án endurgjalds til félagsins. Veggöngum skal skilað í góðu ástandi með tilliti til aldurs þeirra samkvæmt úttekt sem gerð verður við afhendingu.

8. gr.

Félagið skal hafa frjálsar hendur um ákvörðun veggjalds sem innheimt yrði fyrir hinar ýmsu tegundir farartækja og á mismunandi tímum árs án íhlutunar stjórnvalda allt með hliðsjón af því, að vegfarendur eigi þess alltaf kost að aka fyrir fjörðinn. Óheimilt er að hækka veggjald vegna tímabundinna samgönguerfiðleika á leiðinni fyrir Hvalfjörð.

9. gr.

Samkvæmt úrskurði ríkisskattstjóra, dags. 19.10.90, er gjaldskyld umferð um veggöng virðisaukaskattskyld þjónusta og mun félagið þess vegna fá útlagðan virðisaukaskatt endurgreiddan úr ríkissjóði.

Spölur hf. skal greiða landsútsvar í stað aðstöðugjalds, 1,3% af heildartekjum. Landsútsvarið skal renna óskipt í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Veggöngin og mannvirki þeim tengd skulu vera undanþegin fasteignamati og þar með álagningu fasteignagjalda eins og önnur vegamannvirki.

10. gr.

Félagið skal að meiri hluta vera í íslenskri eigu og nota innlenda þekkingu og vinnuafl eftir því sem kostur er. Félagið skal ávallt leita hagstæðustu leiða varðandi framkvæmdir og fjáröflun.

11. gr.

Samgönguráðuneytið, Vegagerð ríkisins og félagið skulu mynda samstarfsnefnd til að fylgjast með og ráðgast um áætlunargerð og framkvæmd verkefnisins, svo og um rekstur vegganganna á samningstímanum bæði tæknilega og fjárhagslega.

12. gr.

Rísi ágreiningur um framkvæmd þessa samnings, skal þeim ágreiningi lokið með gerð þriggja manna, þar sem samgönguráðherra tilnefnir einn, félagið annan, en þessir aðilar þann þriðja í sameiningu. Verði ekki samkomulag um oddamanninn, skal hann tilnefndur af yfirborgardómara í Reykjavík.

Þessum samningi og skuldbindingum, sem í honum felast til staðfestingar, eru undirskriftir aðila með fyrirvara um samþykki Alþingis.

Gert á Akranesi, 25. janúar 1991.

F. h. Spalar hf.

Steingrímur J. Sigfússon
samgönguráðherra

Gylfi Þórðarson

Gísli Gíslason

Stefán Reynir Kristinsson

Staðfest:

Óli Jón Gunnarsson

Ólafur Ragnar Grímsson
fjármálaráðherra

Jón Hálfdánarson

Fylgiskjal II.

Athugasemdir við einstakar greinar samningsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru ákvæði um stofnun hlutafélags með hlutafé að fjárhæð 70 – 100 m.kr. til þess að gera úttekt á hvort gerð jarðganga, eða annars konar vegtenging um utanverðan Hvalfjörð, þyki fýsilegur kostur. Ef niðurstaða þeirrar úttektar reynist jákvæð er gert ráð fyrir, að hlutafé verði aukið verulega eða annað hlutafélag stofnað með aðild þess fyrra til þess að annast fjármögnun og framkvæmdir.

Á undanförnum árum hefur verið veitt fé á vegáætlun til rannsókna í Hvalfirði. Kostnaður nemur nú um 15 m.kr. Gert er ráð fyrir að hluti af því, 10 m.kr., verði hlutur Vegagerðarinnar í væntanlegu hlutafélagi.

Um 2. gr.

Úttekt á því, hvort vegtenging um utanverðan Hvalfjörð sé æskilegur kostur, skal ljúka innan þriggja ára og skal innan þeirra tímamarka tilkynna samgönguráðherra um niðurstöður. Ef úttekt lýkur ekki innan tiltekins tíma, eða samgönguráðherra tilkynnt um, að niðurstöður séu neikvæðar, fellur einkaréttur félagsins niður, sbr. 3. gr.

Athygli er vakin á því, að annars konar vegtenging en veggöng kemur til greina, þótt veggöng séu notuð í orðalagi samningsins.

Um 3. gr.

Samkvæmt þessari grein hefur félagið einkarétt á því í 7 ár frá því að samgönguráðherra hefur verið kynnt niðurstaða úttektar skv. 2. gr. að ljúka að öllu leyti gerð vegtengingar um utanverðan Hvalfjörð. Jafnframt er ákveðið í greininni að einkarétturinn skuli falla niður, ef framkvæmdir hefjast ekki innan fjögurra ára frá úttekt.

Gert er ráð fyrir, að félagið hafi frjálst val um staðsetningu og tilhögun mannvirkja en skal þó leita samþykkis samgönguráðherra, ef valinn er annar kostur en sá ódýrasti, m.a. vegna tenginga við þjóðvegakerfið og reksturs síðar meir.

Göng skulu að lágmarki vera tvær akreinar. Að öðru leyti er vísað til norskra staðla um jarðgöng, en neðansjávarjarðgöng eru algeng þar. Hvað varðar gerð og búnað ganga verður miðað við þá umferð, sem búast má við í göngum og lögð er til grundvallar við fjárhagsáætlanir félagsins.

Um 4. gr.

Í 5. gr. laga um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð er Vegagerð ríkisins heimilað eignarnám, ef samkomulag næst ekki um kaup á landi og efni og er áréttað í þessari grein samningsins, að samgönguráðherra muni m.a. greiða fyrir því.

Vafalaust er, að einhverjar endurbætur þurfi að gera á núverandi vegi fyrir Hvalfjörð á samningstímanum, sem talið getur 20 – 30 ár frá því að gjaldtaka hefst. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að meiri háttar styttingar fari fram á þessum tíma, þótt til þess þurfi að koma að endurbyggja t.d. brýrnar yfir Laxá og Botnsá en þær verða e.t.v. færðar eitthvað nær sjó.

Eðlilegt þykir, að ríkisstyrkur til reksturs bíla- og farþegaferju milli Reykjavíkur og Akraness verði felldur niður, þegar vegtengingu er lokið.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um, að tengingar ganga við vegakerfi landsins skuli kostaðar af vegáætlun. Meginhluti þessara tenginga er endurbætur eða nýbygging á núverandi þjóðvegum og því þykir eðlilegt, að þær falli undir vegáætlun eins og aðrir þjóðvegir.

Vegna óvissu um leiðaval og aðra útfærslu er ekki unnt á þessu stigi að skilgreina þessar tengingar. Ef Kiðafellsleið verður fyrir valinu kæmi vegur frá göngum væntanlega á hringveg á svipuðum slóðum og Akranesvegur gerir nú. Tenging við Akranes gæti verið um Akranesveg eða Akrafjallsveg. Verði Hnausaskersleið valin, kemur til álita að fara yfir Grunnafjörð og á hringveg á Fiskilækjarmelum. Hafa sveitarstjórnarmenn á Vesturlandi lagt mikla áherslu á, að vegi vestan Akrafjalls fylgi vegur yfir Grunnafjörð. Þessa möguleika alla þarf að skoða nánar, þegar leiðaval yfir fjörðinn liggur fyrir, og verða tillögur lagðar fyrir Alþingi til ákvörðunar með hefðbundnum hætti.

Loks er í greininni að finna ákvæði um mörk milli ganga og tenginga svo og um staðla vegtenginga.

Um 6. gr.

Ákvæðum greinarinnar er ætlað að tryggja, eftir því sem tök eru á, að félagið fái raunkostnað sinn af mannvirkjagerðinni endurgreiddan ásamt hóflegum arði af því fjármagni, sem félagið leggur fram. Jafnframt er það haft í huga að álögur á umferðina verði ekki meiri en þarf til að ná þessu marki. Vegna óvissu um kostnað við framkvæmdir og enn meiri óvissu um væntanlega umferð um göngin er ógerlegt að segja fyrir um afkomu félags með nokkurri vissu.

Reiknuð hafa verið allmörg dæmi með mismunandi forsendum um kostnað, umferð, vaxtakjör o.fl. Þessi dæmi sýna flest, að líklega taki það 20–30 ár að ná inn kostnaði við gangagerðina ásamt vöxtum af framlögðu fjármagni á bilinu 6–9%.

Líta verður á ákvæði 6. gr. í ljósi ofanritaðs. Samningstími um rekstur ganga er 25 ár, en heimilt að stytta hann eða lengja eftir afkomu félags, þannig að hann getur minnst orðið 20 ár, en mest 30 ár. Þessum sveigjanleika er ætlað að tryggja hagsmuni beggja aðila, þ.e. félags og vegfarenda.

Til ákvörðunar endanlegs samningstíma innan ofangreindra marka, er skilgreindur svonefndur endurgreiðslutími, en það er sá tími, sem það tekur félagið að fá greiddan kostnað við þá liði, sem taldir eru sérstaklega upp í greininni. Þessir liðir skýra sig að mestu sjálfir. Liðir 1–5 fjalla um beinan kostnað, sem á félagið fellur. Liður 1 felur í sér vexti á byggingartíma en liður 4 vexti á endurgreiðslutíma. Liðir 6 og 7 taka hins vegar til arðs, sem félaginu er ætlaður. Arðgjöf samkvæmt lið 6 er reikningsleg stærð óháð afkomu félags á hverjum tíma, enda sýna hin reiknuðu dæmi, að félagið muni um margra ára skeið ekki geta greitt út arð. Arðgjöf reiknast á endurgreiðslutíma. Miðað við 25 ára tímabil, svarar 14% reikningsleg arðgjöf til liðlega 6% vaxta. Í lið 7 er gert ráð fyrir, að reikna megi með 35% af nettóhagnaði fyrirtækisins við ákvörun endurgreiðslutímans.

Að endurgreiðslutíma loknum er félaginu heimilt að reka göngin og innheimta veggjald í 2 almanaksár innan samningstímans. Samkvæmt ákvæðum samningsins verður endanlegur samningstími 20 ár hið skemmsta, 30 ár hið lengsta, en þar á milli fylgir hann endurgreiðslutímanum að viðbættum 2 almanaksárum. Þessi aukaár eru hluti af arði félags og voru innifalin í þeim dæmum sem reiknuð voru.

Önnur ákvæði greinarinnar skýra sig sjálf.

Um 7. gr.

Ríkissjóður mun verða eigandi vegtengingar um utanverðan Hvalfjörð án endurgjalds við lok samningstímans, en strax og tengingunni er lokið skal vegurinn teljast þjóðvegur skv. 5. gr. laga um þetta efni.

Samstarfsnefnd skv. 11. gr. samkomulagsins skal gera úttekt á ástandi tengingarinnar við afhendingu til ríkisins.

Um 8. gr.

Samkvæmt þessari grein hefur félagið frjálsar hendur um fjárhæð veggjalds en hafa ber í huga, að vegfarendur munu ávallt eiga þess kost að aka fyrir fjörðinn. Það verður því háð mati vegfarenda hverju sinni hvor kosturinn er valinn og hlýtur ákvörðun um fjárhæð veggjalds að taka mið af því. Ætti staða vegfarenda því aldrei að verða verri en nú er. Þá er sleginn sá varnagli að ekki megi hækka gjald tímabundið vegna samgönguerfiðleika fyrir Hvalfjörð, t.d. vegna tíðarfars.

Um 9. gr.

Ríkisskattstjóri hefur úrskurðað, sbr. fylgiskjal dags. 19. október 1990, að greiða skuli virðisaukaskatt af veggjaldi. Hins vegar mun félagið fá endurgreiddan úr ríkissjóði virðisaukaskatt vegna framkvæmda.

Eðlilegt þykir, að félagið greiði landsútsvar í stað aðstöðugjalds, 1,3% af heildartekjum, og að útsvarið renni óskipt í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Til samanburðar um þetta efni er nánar vísað til 9. gr. laga nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga.

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, eru m.a. vegir í eigu ríkisins, sem ætlaðir eru almenningi til umferðar án endurgjalds, ásamt tilheyrandi landsvæðum og mannvirkjum í þágu samgangna, undanþegnir fasteignamati og þar með fasteignagjöldum. Eðlilegt þykir að sama gildi um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð enda um þjóðveg að ræða, sem síðar verður eign ríkisins, og má því öldungis jafna honum, að þessu leyti, til annarra þjóðvega landsins.

Um 10. gr.

Rétt þykir að slá því föstu, að félagið skuli að meiri hluta vera í íslenskri eigu. Jafnframt er í þessari grein hvatt til þess að innlend þekking og vinnuafl verði notað. Með síðari málslið greinarinnar er félagið skuldbundið til þess að leita hagstæðustu leiða við alla framkvæmd verksins og fjáröflun til þess. Er þá m.a. haft í huga, að félagið verði ekki háð fjármálastofnunum eða verktökum með eignaraðild þeirra eða öðrum hætti, heldur geti það óháð aflað sér bestu lánakjara og hagstæðustu verktilboða, sem völ er á hverju sinni.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir, að í umræddri samstarfsnefnd sitji fulltrúar tilgreindra aðila. Samstarfsnefndin skal fylgjast með öllum þáttum málsins, bæði tæknilegum og fjárhagslegum, allt frá undirritun samnings til loka samningstímans.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal III.

Íslenska járnblendifélagið hf.
Grundartanga
Skilmannahreppi
301 Akranes

19. október 1990

Efni: Virðisaukaskattur – bygging og rekstur jarðganga.

Vísað er til erindis yðar, dags. 14. maí sl., þar sem fram kemur að félagið kanni ásamt bæjarstjóra Akraness og Sementsverksmiðju ríkisins möguleika á byggingu og rekstri jarðganga undir Hvalfjörð, þar sem veggjald yrði tekið af umferð. Óskað er álits ríkisskattstjóra á virðisaukaskattskyldu í þessu sambandi.

Athuganir áðurnefndra aðila munu byggjast á lögum nr. 45/1990, um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð. Lögin heimila ríkisstjórninni að leita eftir samningum við hlutafélag, sem stofnað yrði í því skyni, um að annast að nokkru eða öllu leyti undirbúning, fjármögnun og framkvæmdir við vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð, svo og rekstur um tiltekinn tíma, gegn gjaldi af umferð. Vegtengingin skal — með þeim undantekningum sem felast í lögunum — teljast til þjóðvega samkvæmt ákvæðum vegalaga. Vegagerð ríkisins skal hafa eftirlit með gerð og rekstri mannvirkjanna og getur gefið veghaldara, þ.e. hlutafélaginu, fyrirmæli um úrbætur telji hún hann vanrækja þessa þætti.

Vegagerð ríkisins er samkvæmt vegalögum veghaldari allra opinberra vega, þ.e. sá aðili sem annast vegagerð og viðhald vegar. Í lögum nr. 45/1990 felst það frávik frá vegalögum að veghald tiltekins þjóðvegar getur verið í höndum hlutafélags um tiltekinn tíma. Þá er félaginu heimilað að krefjast gjalds af vegfarendum fyrir notkun vegarins.


Ráð virðist vera fyrir því gert að vegtengingin teljist eign hlutafélagsins meðan á gjaldtökutíma stendur, en verði þá eign ríkisins. Kemur þetta fram bæði í skýrslu starfshóps sem frumvarp til laganna er byggt á og í umræðum á Alþingi.

Meginregla laga um virðisaukaskatt er sú að skattskylda samkvæmt lögunum nær til allrar vinnu og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, sem ekki er sérstaklega undanþegin. Ríkisskattstjóri telur ekkert undanþáguákvæði laga um virðisaukaskatt geta átt við starfsemi fyrirhugaðs hlutafélags. Félaginu virðist ætlað að starfa í atvinnuskyni og skila arði af því fjármagni sem í það er lagt. Samkvæmt þessu ber félaginu að áliti ríkisskattstjóra að skrá sig samkvæmt lögum um virðisaukaskatt og innheimta og skila virðisaukaskatti af umferðargjaldi sem það krefur vegfarendur um. Félagið hefur eftir skráningu rétt til frádráttar innskatts af aðföngum sem varða skattskylda starfsemi þess, þar með talið vegna framkvæmda við jarðgöngin og viðhald þeirra.

Virðingarfyllst,
f.h. ríkisskattstjóra

Ólafur Ólafsson

Fylgiskjal IV.



Nd. 820. Frumvarp til laga [246. mál]

um ferðaþjónustu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. mars.).

I. KAFLI
Markmið.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að þróun ferðamála með það að markmiði:

— Að þróa ferðaþjónustu og viðurkenna sem mikilvægan og arðgæfan atvinnuveg.
— Að bæta lífskjör almennings með fjölbreyttu framboði ferða á hagstæðum kjörum bæði innan lands og til annarra landa.
— Að valda sem minnstri röskun á íslenskri náttúru og samfélagi með ferðamennsku.
— Að hafa jákvæð áhrif á viðskiptajöfnuð landsmanna.
— Að auka fjölbreytni atvinnulífs í landinu og nýta vaxtarmöguleika ferðaþjónustunnar.
— Að renna stoðum undir þróun byggðar sem víðast á landinu.
— Að stuðla að því að sem flestir geti notið ferðalaga og útivistar við góðar aðstæður.
— Að hvetja Íslendinga til ferðalaga um eigið land til að efla þekkingu sína á náttúru þess, sögu og menningu.

II. KAFLI
Stjórn ferðamála.

2. gr.

Samgönguráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála er lög þessi taka til. Ráðuneytið annast tengsl vegna ferðamála innan stjórnkerfisins og leitar eftir samstarfi við önnur ráðuneyti eftir því sem við á.

3. gr.

Halda skal ferðaþing árlega. Það er ráðgefandi samkoma um málefni ferðaþjónustunnar, gerir tillögur um breytingar á opinberri ferðamálastefnu og annað er lýtur að þróun ferðamála. Þingið kýs aðal- og varafulltrúa í Ferðamálaráð, sbr. 4. gr.

Ferðaþing sitja fulltrúar frá hagsmunasamtökum, fyrirtækjum, samtökum neytenda og samtökum launafólks í ferðaþjónustu. Einnig hafa seturétt fulltrúar opinberra aðila, sem tengjast ferðaþjónustu, umhverfisvernd, menntunarmálum og rannsóknum á sviði ferðamála. Heimilt er öðrum að fylgjast með störfum þingsins sem áheyrnarfulltrúar.

Nánar skal kveðið á um ferðaþing í reglugerð sem samgönguráðherra setur að fengnum tillögum Ferðamálaráðs. Í henni skal m.a. kveðið á um rétt aðila til að tilnefna fulltrúa á þingið, réttindi þeirra á þinginu og um helstu verkefni þess.

4. gr.

Ferðamálaráð er tengiliður hins opinbera og ferðaþjónustu. Það vinnur að málefnum atvinnugreinarinnar undir yfirstjórn samgönguráðuneytis.

Ferðamálaráð er skipað níu mönnum og jafn mörgum til vara. Ráðherra skipar formann ráðsins til tveggja ára og varamann hans sem jafnframt er varaformaður. Varaformaður situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti og tekur sæti formanns í forföllum hans.

Á ferðaþingi eru valdir átta fulltrúar í Ferðamálaráð til tveggja ára í senn, þar af fjórir samkvæmt tilnefningu, en fjórir kosnir óhlutbundinni kosningu. Félag íslenskra ferðaskrifstofa, Flugleiðir h/f, Náttúruverndarráð og Samband veitinga- og gistihúsa tilnefna einn mann hvert í ráðið, svo og varamenn þeirra. Tilkynna skal nöfn þessara fulltrúa til kjörnefndar á ferðaþingi. Þeir sem kosnir eru óhlutbundinni kosningu skulu vera í forsvari fyrir aðra en þá sem tilnefna í ráðið. Varamenn þeirra eru kosnir á sama hátt.

Þeir sem tilnefna fulltrúa í Ferðamálaráð standa straum af kostnaði við störf þeirra í ráðinu. Kostnaður vegna annarra fulltrúa greiðist af Ferðamálaráði.

5. gr.

Ferðamálaráð starfar að þróun ferðaþjónustu í samræmi við markaða ferðamálastefnu með aðstoð skrifstofu ferðamála og ferða- og upplýsingamiðstöðva í kjördæmum landsins, sbr. 7. og 9. gr.

Verkefni ráðsins eru einkum eftirtalin:

1. Að gera árlega tillögur til ráðherra um ráðstöfun fjár til helstu málaflokka og ákvarða síðan skiptingu þess til einstakra verkefna.
2. Að starfa að landkynningar- og markaðsmálum í þágu ferðaþjónustu.
3. Að vinna að umhverfis- og skipulagsmálum að meðtöldum aðgengismálum fatlaðra vegna ferðaþjónustu.
4. Að örva rannsóknir og þróunarstarf í þágu ferðamála.
5. Að vera ráðgefandi um námsframboð og þjálfun fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu í samvinnu við hagsmunasamtök og fræðsluyfirvöld.
6. Að kanna réttmæti kvartana um misbresti á þjónustu við ferðamenn.
7. Að miðla upplýsingum um hagtölur, samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrði ferðaþjónustu.
8. Að annast tengsl við ferðamálasamtök, áhugafélög og björgunarsveitir.
9. Að undirbúa ferðaþing í samræmi við reglugerð.
10. Að halda ráðstefnur um afmörkuð málefni sem snerta atvinnugreinina.
11. Að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um ferðaþjónustu.

6. gr.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Ferðamálaráðs til fimm ára samkvæmt tillögu ráðsins og ber hann starfsheitið ferðamálastjóri. Hann er jafnframt forstöðumaður skrifstofu ferðamála, sbr. 7. gr. Ferðamálastjóri situr fundi Ferðamálaráðs með málfrelsi og tillögurétti.

7. gr.

Skrifstofa ferðamála starfar á vegum Ferðamálaráðs og sinnir verkefnum í umboði þess.

Ferðamálastjóri veitir skrifstofu ferðamála forstöðu, ber ábyrgð á daglegum rekstri hennar og ræður starfsmenn skrifstofunnar.

Í reglugerð skal kveðið á um skipulag skrifstofunnar og gjöld sem ákveðin kunna að verða fyrir þjónustu hennar.

8. gr.

Ferðamálaráð skal leita samstarfs við utanríkisráðuneytið og Útflutningsráð Íslands um landkynningu og markaðsmál erlendis. Halda skal reglulega samráðsfundi Ferðamálaráðs og þessara aðila.

9. gr.

Í því skyni að treysta þróun og uppbyggingu ferðaþjónustu er Ferðamálaráði heimilt að gerast meðeigandi og taka þátt í rekstri ferða- og upplýsingamiðstöðva er komið verði á fót í kjördæmum landsins, enda liggi fyrir samkomulag um skipan slíkrar starfsemi í viðkomandi kjördæmi í heild. Frumkvæði að stofnun miðstöðvanna er í höndum heimaaðila ferðamálasamtaka landshlutans, samtaka sveitarfélaga eða annarra aðila eftir atvikum. Heimilt er að láta starfsemi þessara miðstöðva ná yfir fleiri en eitt kjördæmi.

Hlutverk miðstöðvanna er m.a. að hafa með höndum ráðgjöf og þróunarstarfsemi í þágu ferðamála, miðlun upplýsinga og tengsl við sveitarstjórnir og samtök þeirra. Slíkar miðstöðvar skulu starfa samkvæmt stofnsamningi og hafa sjálfstæðan fjárhag.

10. gr.

Ákveði ferðamálasamtök landshluta að ráða ferðamálafulltrúa til starfa á sínum vegum er heimilt að greiða úr ríkissjóði framlag vegna starfa þeirra. Framlagið miðast við launakostnað vegna starfa eins manns í kjördæmi.

11. gr.

Ferðamálaráð hlutast til um að komið verði á samstarfi við opinberar stofnanir um verndun ferðamannastaða, einkum við Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráð, Skipulag ríkisins, Skógrækt ríkisins og Vegagerð ríkisins. Þessir aðilar mynda með sér samstarfsnefnd og er hlutverk hennar að gera tillögur um skipulag og verndun ferðamannastaða og fjárveitingar til nauðsynlegra framkvæmda. Nefndin skal hafa samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórn eftir því sem við á.

Ráðherra er heimilt að fenginni tillögu nefndarinnar að takmarka aðgang að ferðamannastöðum eða láta loka þeim fyrir nýtingu í atvinnuskyni, uns gerðar hafa verið nauðsynlegar úrbætur í þágu náttúruverndar.

III. KAFLI
Fjármögnun ferðamála.

12. gr.

Starfsemi Ferðamálaráðs skal m.a. fjármögnuð með sérstöku gjaldi er nemur eigi minna en 10% af árlegri vörusölu fríhafna í landinu. Fríhafnir skulu greiða gjald þetta beint til Ferðamálaráðs af sölu hvers mánaðar og fellur það í gjalddaga 15 dögum eftir lok mánaðarins. Hið minnsta skal þriðjungi af þessu gjaldi varið til umhverfismála tengdum ferðaþjónustu. Starfsemi Ferðamálaráðs skal fjármögnuð af áðurgreindum tekjustofni nema laun og almennur kostnaður vegna aðalskrifstofu sem skal greiddur úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum.

13. gr.

Ferðamálaráði er heimilt að setja það skilyrði fyrir fjárhagslegri þátttöku í einstökum verkefnum, m.a. á sviði landkynningar og markaðsmála, að framlög komi frá hagsmunaaðilum.

14. gr.

Starfrækja skal Ferðamálasjóð sem stofnlánasjóð ferðaþjónustunnar. Sjóðurinn er eign ríkisins og lýtur sérstakri stjórn, sbr. 15. gr.

Ferðamálasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, svo og stimpilgjöldum af lánsskjölum varðandi eigin lántökur sjóðsins, en ekki af útlánsskjölum.

Sjóðstjórn tekur ákvarðanir um vistun sjóðsins og vörslu að höfðu samráði við ráðherra.

Reikningar Ferðamálasjóðs skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun.

15. gr.

Samgönguráðherra skipar þrjá menn í stjórn Ferðamálasjóðs til tveggja ára í senn. Þar af skal Ferðamálaráð tilnefna tvo menn, en samgönguráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn eru skipaðir á sama hátt.

16. gr.

Tekjur Ferðamálasjóðs eru:

a. Framlag úr ríkissjóði eins og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.
b. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

17. gr.

Ferðamálasjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka lán til starfsemi sinnar, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milligöngu annarra, þannig að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast slík lán fyrir hönd ríkissjóðs.

18. gr.

Fé Ferðamálasjóðs má ráðstafa á eftirgreindan hátt:

1. Lán til framkvæmda á vegum einkaaðila og opinberra aðila gegn fullnægjandi tryggingu.
2. Lán til annarra þátta ferðamála en greinir í 1. tölul., enda sé með þeim stuðlað að þróun íslenskra ferðamála.
3. Framlög í formi hlutafjár til uppbyggingar í ferðaþjónustu.

Samþykktir stjórnar Ferðamálasjóðs skulu reglubundið kynntar Ferðamálaráði.

Stjórn Ferðamálasjóðs skal hafa samráð við Ferðamálaráð um almenna útlánastefnu og tilkynna skal ráðinu um lánveitingar úr sjóðnum hverju sinni.

19. gr.

Lán úr Ferðamálasjóði skulu veitt til allt að 40 ára og mega vera afborgunarlaus fyrstu tvö árin.

Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána sem sjóðurinn veitir að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins.

20. gr.

Ferðamálasjóður skal starfrækja áhættulánadeild sem veitir lán til þróunarverkefna í ferðaþjónustu samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar að höfðu samráði við Ferðamálaráð.

21. gr.

Telji Ferðamálaráð að heimavist skóla, sem ríkissjóður kostar að einhverju leyti, henti til starfrækslu sumargistihúss, getur það farið fram á að byggingarteikningum sé hagað svo að húsnæðið fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til rekstrar gistihúss. Menntamálaráðuneytið skal í þessu skyni kynna skrifstofu ferðamála byggingaráform um heimavistir og leita álits hennar á þeim á frumstigi hönnunar.

Ferðamálaráð skal leitast við að hafa áhrif á hönnun annarra mannvirkja þannig að tekið sé tillit til ferðaþjónustu eftir því sem við á.

IV. KAFLI
Ferðamiðlun.

22. gr.

Ferðamiðlun er í lögum þessum samheiti yfir ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur, ferðaumboðssala og upplýsinga- og bókunarþjónustu.

1. Ferðaskrifstofa er fyrirtæki, félag eða einstaklingur sem tekur að sér að veita í atvinnuskyni alla almenna þjónustu við miðlun ferða, gistingar og frístundaiðju og selur almenna farseðla.
2. Ferðaskipuleggjandi er fyrirtæki, félag eða einstaklingur sem skipuleggur ferðir hópa eða einstaklinga og býður ferðaskrifstofum til umboðssölu. Einnig fyrirtæki sem annast móttöku hópa eða einstaklinga og skipuleggur fyrir þá dvöl og frístundaiðju eða fundi og ráðstefnur og þjónustu tengda þeim, en annast að öðru leyti hvorki almenna farmiðasölu né umboðssölu.
3. Ferðaumboðssali er fyrirtæki, félag eða einstaklingur sem annast sölu farmiða og ferðaþjónustu í umboði löggiltrar ferðaskrifstofu, ferðaskipuleggjanda eða samgöngufyrirtækis og á ábyrgð þeirra.
4. Upplýsinga- og bókunarkerfi merkir í lögum þessum fyrirtæki sem á eða rekur tölvukerfi er veitir milliliðum og kaupendum ferðaþjónustu upplýsingar um framboð seljenda og/eða tekur við bókunum.

Samgönguráðuneytið sker úr ef ágreiningur verður um hvort starfsemi telst falla undir ofangreindar skilgreiningar, svo og um það hvort um ferðamiðlunarstarfsemi er að ræða í skilningi laga þessara.

23. gr.

Engum er heimilt að stunda þau störf er greinir í 1. og 2. tölul. 22. gr. eða nota í nafni fyrirtækja eða auglýsingum orðin ferðaskrifstofa eða ferðaskipuleggjandi eða hliðstæð erlend heiti, nema hafa til þess leyfi ráðherra.

Hver sá, sem vill reka slíkt fyrirtæki, skal sækja um leyfi til ráðuneytisins. Leita skal umsagnar Ferðamálaráðs um allar slíkar umsóknir. Skal ráðið ganga úr skugga um að skilyrðum laga og reglugerða sé fullnægt. Leyfi til rekstrar skal gefið út til tiltekins tíma, eins árs hið minnsta, fimm ára hið mesta í senn.

24. gr.

Leyfi til starfsemi á sviði ferðamiðlunar eru eftirfarandi:

A. Leyfi fyrir ferðaskrifstofur.

B. Leyfi fyrir ferðaskipuleggjendur.

Skilyrði fyrir leyfi er að forstöðumaður ferðamiðlunar hafi fjárræði og forræði á búi sínu, sé íslenskur ríkisborgari eða búsettur á Íslandi og hafi verið það í að minnsta kosti þrjú ár og hafi víðtæka þekkingu á ferðaþjónustu.

Það skal einnig vera skilyrði fyrir leyfi A að a.m.k. einn starfsmaður ferðaskrifstofunnar hafi haldgóða þekkingu í útgáfu ferðaskjala og hafi starfsreynslu úr ferðamiðlun.

Leyfi má veita félagi eða fyrirtæki, enda sé það að meiri hluta í eigu Íslendinga og stjórnin innlend og hafi aðsetur hér á landi. Gilda um slíka ferðamiðlun sömu ákvæði og að ofan greinir.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um ferðamiðlun, m.a. um opnunartíma.

25. gr.

Ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjandi eða samtök slíkra aðila skulu leggja fram tryggingu fyrir neytendavernd sem ráðherra metur nægjanlega.

26. gr.

Leyfi til reksturs ferðamiðlunar skv. 24. gr. fellur niður:

a. Ef skilyrðum 24. gr. er ekki lengur fullnægt.
b. Ef leyfishafi verður gjaldþrota eða er sviptur fjárræði.
c. Ef reksturinn fullnægir ekki öðrum þeim kröfum sem ráðherra setur.
d. Ef forstöðumaður fyrirtækis flyst af landi brott, lætur af störfum eða andast, nema ráðinn sé nýr forstöðumaður sem uppfyllir skilyrði laga þessara innan þess frests sem ráðuneytið setur.

27. gr.

Ferðaumboðssali skal starfa á ábyrgð ferðaskrifstofu eða samgöngufyrirtækis. Ferðaumboðssala er ekki heimilt að skipuleggja ferðir fyrir hópa og einstaklinga né annast móttöku ferðamanna án slíkrar ábyrgðar.

28. gr.

Almenn tölvustýrð upplýsinga- og bókunarkerfi ætluð fyrir ferðaþjónustu skulu vera opin öllum seljendum sem þess óska. Kerfin skulu vera hlutlaus og ekki mismuna seljendum. Ráðherra er heimilt að setja reglur um slíka starfsemi.

29. gr.

Ráðuneytið setur reglur um á hvern hátt sérleyfishöfum er heimilt að skipuleggja og selja ferðir á eigin leiðum þannig að fæði og næturgisting fylgi. Binda má slíka heimild tilteknum skilyrðum um hreinlætisaðstöðu og annan aðbúnað, svo og tryggingarfé. Ráðuneytið ákveður einnig að hve miklu leyti starfsemi íslenskra ferðafélaga fellur undir ákvæði laga þessara.

30. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða að þeir sem skipuleggja ferðir um Ísland skuli sam-

kvæmt nánari reglum, sem settar yrðu þar að lútandi, kaupa tryggingu hjá viðurkenndu tryggingafélagi vegna kostnaðar sem hljótast kynni af leit eða björgun farþega sem ferðast á þeirra vegum.

31. gr.

Þeir sem skipuleggja hópferðir um Ísland í atvinnuskyni skulu að jafnaði hafa í ferðum sínum menn með íslensk leiðsögumannaréttindi samkvæmt frekari ákvæðum í reglugerð. Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstakar ástæður bjóða.

V. KAFLI
Veitinga- og gististaðir og afþreyingarþjónusta.

32. gr.

Ákvæði þessa kafla taka til sölu á gistingu, sölu veitinga annarra en áfengis og leigu á samkomusölum í atvinnuskyni.

Enginn má stunda rekstur skv. 1. mgr. nema hafa til þess leyfi.

Þá er í kaflanum kveðið á um skráningarskyldu fyrirtækja er leigja út tæki eða hafa í boði afþreyingu, m.a. fyrir ferðamenn.

33. gr.

Til þess að öðlast leyfi skv. 32. gr. þarf umsækjandi að:

a. vera fjárráða,
b. hafa forræði á búi sínu,
c. vera búsettur á Íslandi og hafa verið það sl. þrjú ár.

Leyfi samkvæmt þessum kafla má veita félagi fullnægi ábyrgðarmaður þess ofangreindum skilyrðum.

34. gr.

Lögreglustjóri veitir leyfi skv. 32. gr., að fenginni umsögn sveitarstjórnar, eldvarnaeftirlits, heilbrigðisnefndar og vinnueftirlits.

Leyfið er veitt til allt fjögurra ára í senn og fellur þá úr gildi nema endurnýjað hafi verið í kjölfar umsóknar. Leyfið skal vera bundið við stað og nafn og er ekki framseljanlegt.

Synja má leyfisumsókn geri sérstakar aðstæður starfsemina óæskilega. Umsækjanda skal tilkynnt slík ákvörðun skriflega og ástæður tilgreindar.

Synjun eða veitingu leyfis má skjóta til samgönguráðuneytis.

35. gr.

Verði leyfishafi eða fyrirtæki sem hann er í ábyrgð fyrir gjaldþrota er þrotabúi heimilt að halda starfsemi áfram meðan á skiptum stendur. Andist leyfishafi er dánarbúi leyfishafa eða erfingjum heimilt að halda starfsemi áfram í allt að eitt ár eftir andlát leyfishafa án nýs leyfis. Taki nýr aðili við rekstri sem leyfi þarf til samkvæmt lögum þessum skal sótt um nýtt leyfi.

Meðan umsókn er til afgreiðslu gildir fyrra leyfi.

36. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að innkalla til lengri eða skemmri tíma eða afturkalla leyfi er hann hefur veitt:

a. ef skilyrðum 33. gr. er ekki lengur fullnægt.
b. ef leyfishafi hefur verið dæmdur til refsingar fyrir brot gegn lögum þessum eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

Úrskurði lögreglustjóra má skjóta til ráðuneytis innan 14 daga frá uppkvaðningu og heldur leyfishafi rétti sínum óskertum þar til úrskurður ráðuneytis er fenginn. Kærufrestur telst frá þeim degi er leyfissvipting var tilkynnt leyfishafa skriflega.

37. gr.

Samgönguráðherra setur með reglugerð ákvæði um flokkun veitinga- og gististaða þar sem m.a. skulu koma fram kröfur um kunnáttu leyfishafa, þjónustu, neytendavernd og aðgengi fatlaðra. Nafngiftir gisti- og veitingastaða samkvæmt reglugerðinni skulu gefa vísbendingu um þá þjónustu sem í boði er.

38. gr.

Þeir sem reka afþreyingaþjónustu í atvinnuskyni fyrir ferðamenn, svo sem hesta-, hjóla-, báta- og vélsleðaleigur og skemmtigarða skulu tilkynna um þá starfsemi til lögreglustjóra sem heldur skrá yfir slíka þjónustu. Ráðherra setur reglugerð um starfsemi afþreyingarþjónustu þar sem m.a. eru ákvæði um hollustu, öryggis- og gæðakröfur, tryggingar, eftirlit og annað er lýtur að neytendavernd.

39. gr.

Lögreglustjóri heldur skrá yfir veitt leyfi og skráningaskyldan rekstur samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Á skránni skal vera nafn leyfishafa eða forstöðumanns fyrirtækis, hvar starfsemin er rekin, hvenær leyfi var afhent, hvenær það gekk í gildi og annað það er ráðuneytið kann að ákveða.

VI. KAFLI
Eftirlit og upplýsingaskylda.

40. gr.

Almennt eftirlit með framkvæmd laga þessara, þar með töldum leyfisveitingum, er á hendi samgönguráðuneytis í samvinnu við hlutaðeigandi embætti, stofnanir og samtök.

41. gr.

Um eftirlit með veitinga- og gististöðum fer samkvæmt lögum og reglugerðum um hollustuhætti og heilbrigðismál, lögum um eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum og lögum um brunavarnir og brunamál.

42. gr.

Kvörtunarnefnd ferðaþjónustu tekur við rökstuddum aðfinnslum neytenda í garð fyrirtækja í ferðaþjónustu og úrskurðar í ágreiningsmálum. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum: Einum tilnefndum af Neytendasamtökunum, einum af hagsmunasamtökum viðkomandi fyrirtækis og oddamanni sem skipaður er af samgönguráðherra. Úrskurðir nefndarinnar eru bindandi. Fyrirmæli um starfssvið og starfshætti nefndarinnar skulu sett í

reglugerð. Skrifstofa ferðamála skal veita nefndinni aðstoð í störfum hennar.

43. gr.

Allir þeir, sem undir þessi lög falla, skulu veita stjórnvöldum upplýsingar samkvæmt nánari fyrirmælum Hagstofu Íslands eða ráðuneytis. Slíkar upplýsingar skulu einungis notaðar til könnunar og skipulagningar á ferðaþjónustunni sem atvinnugrein.

44. gr.

Fyrirtækjum, sem starfa samkvæmt lögum þessum, er skylt að láta ráðuneytinu í té endurskoðaða ársreikninga sína eftir því sem óskað kann að verða.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

45. gr.

Nafn á fyrirtæki og/eða atvinnustarfsemi samkvæmt lögum þessum skal falla að hljóðkerfi og beygingum í íslensku máli.

Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til örnefnanefndar.

46. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að fenginni umsögn Ferðamálaráðs, að greitt skuli sanngjarnt gjald fyrir þjónustu sem veitt er á stöðum í umsjá ríkisins, enda sé fé það, sem þannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði, notað til verndar, fegrunar og snyrtingar og til að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna.

Ákvæði þessi taka þó ekki til þjóðgarða eða annarra svæða á vegum Náttúruverndarráðs nema samþykki þess komi til.

47. gr.

Ráðherra setur með reglugerðum nánari reglur um framkvæmd laga þessara. Við undirbúning þeirra skal haft samráð við hlutaðeigandi samtök og stofnanir eftir því sem við á.

48. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum með heimild í þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með brot gegn lögunum skal fara að hætti opinberra mála.

49. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1992. Þá falla úr gildi lög um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, og lög um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985.

Ákvæði til bráðabirgða.
I.

Gistihúsa- og veitingaleyfi samkvæmt ákvæðum eldri laga um veitinga- og gististaði skulu halda gildi sínu þann tíma sem þau kveða á um.

II.

Endurnýja skal leyfi til reksturs ferðaskrifstofa, sem gefin eru út samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1985, með umsókn til ráðuneytis fyrir árslok 1991. Leyfi gefin út samkvæmt eldri lögum halda gildi sínu uns afstaða ráðuneytis til nýrra umsókna liggur fyrir.

III.

Þrátt fyrir ákvæði laganna skulu Ferðamálaráð og stjórn Ferðamálasjóðs starfa samkvæmt eldri lögum þar til fyrsta ferðaþing, sbr. 3. gr., hefur verið haldið, og skal það gerast á fyrri hluta árs 1992.

Við upphaf fyrsta ferðaþings tilkynnir ráðherra um skipun formanns og varaformanns Ferðamálaráðs til tveggja ára.

Nd. 821. Frumvarp til laga [236. mál]

um Héraðsskóga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. mars.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að ræktun nytjaskóga á Fljótsdalshéraði og umhirðu þess skóglendis sem þar er fyrir og treysta með því byggð og efla atvinnulíf á Héraði.

Héraðsskógar merkja í lögum þessum sjálfstætt skógræktarverkefni um ræktun nytjaskóga á jörðum á Fljótsdalshéraði samkvæmt sérstakri áætlun.

2. gr.

Kostnaður við starfsemi Héraðsskóga greiðist úr ríkissjóði með sérstakri fjárveitingu sem færð er undir landbúnaðarráðuneytið.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna stjórn Héraðsskóga til tveggja ára í senn. Skal einn stjórnarmanna tilnefndur af Félagi skógarbænda á Fljótsdalshéraði, annar af Skógrækt ríkisins og sá þriðji skipaður án tilnefningar. Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn Héraðsskóga og samþykkir starfs- og fjárhagsáætlanir verkefnisins. Hún ræður framkvæmdastjóra og setur honum erindisbréf.

3. gr.

Gera skal sérstaka áætlun, Héraðsskógaáætlun, um nýtingu þess lands á Fljótsdalshéraði sem er vel fallið til skógræktar. Áætlunin skal ná yfir 40 ár, skipt í 10 ára tímabil, og taka til allt að 15.000 ha lands.

Gera skal samninga, sem landbúnaðarráðherra staðfestir, við alla þátttakendur í Héraðsskógum. Samningarnir skulu taka til afmörkunar lands sem tekið er undir ræktun í hverju tilviki, kveða á um kostnaðarþátttöku ríkisins, hlutdeild ríkissjóðs í væntanlegum afrakstri skógræktarinnar og annað sem þurfa þykir.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir kostnað við Héraðsskóga sem hér segir: Undirbúnings- og rekstrarkostnað verkefnisins, laun stjórnar og fastra starfsmanna. Enn fremur 97% samþykkts kostnaðar við skógrækt á jörðum í ábúð og 75% á eyðijörðum. Landbúnaðarráðuneytið samþykkir skógræktarkostnað að fengnum tillögum Skógræktar ríkisins.

5. gr.

Af heildarframleiðsluverðmæti trjáviðar úr skógunum skulu allt að 5% lögð á endurnýjunarreikning í vörslu Héraðsskóga. Þeim fjármunum skal innan fimm ára frá skógarhöggi varið til endurnýjunar skóglendis á viðkomandi jörð. Þetta gjald skal nánar ákveðið í reglugerð með hliðsjón af kostnaði við endurnýjun skóglendis á hverjum tíma. Af hreinum hagnaði skulu 30% greidd í ríkissjóð og skal því fé varið til ræktunar nýrra skóga.

Undanþegin ákvæðum 1. mgr. er fyrsta grisjun, enda sé hún skóginum nauðsynleg að mati Skógræktar ríkisins og verði hagnaður af fyrstu grisjun skal hann renna óskiptur á endurnýjunarreikning jarðarinnar.

6. gr.

Ábúendur jarða, sem teknar eru til skógræktar samkvæmt samningi við Héraðsskóga, skulu hafa forgang að vinnu á vegum verkefnisins á þeim jörðum er þeir sitja. Forgang að annarri vinnu á vegum Héraðsskóga skulu þeir bændur hafa sem láta af sauðfjárrækt samhliða aðild sinni að Héraðsskógum. Að þeim frágengnum hafa aðrir bændur, sem aðild eiga að Héraðsskógum, forgang að vinnu við verkefnið.

Þá skulu ábúendur jarða, sem aðild eiga að Héraðsskógum, eftir því sem við verður komið, hafa forgang að vinnu sem tengist skógræktinni, svo sem ýmiss konar þjónustustörfum eða úrvinnslu úr afurðum skóganna.

Þá skulu þær jarðir, þar sem sauðfjárbúskapur dregst verulega saman eða er lagður niður, hafa forgang að verkefninu umfram aðrar jarðir.

Ef gerðir eru samningar milli ríkisvaldsins og sauðfjárbænda, sem aðild eiga að verkefninu, um að láta af sauðfjárrækt eða draga hana verulega saman til lengri tíma skulu slíkir bændur og jarðir þeirra hafa forgang að vinnu og þátttöku í verkefninu.

7. gr.

Stjórn Héraðsskóga eða framkvæmdastjóri í umboði hennar annast daglegan rekstur. Skógrækt ríkisins veitir Héraðsskógum aðstoð og faglegar leiðbeiningar samkvæmt samstarfssamningi er aðilar gera þar um.

8. gr.

Ársskýrsla og ársreikningar Héraðsskóga skulu samþykkt af stjórn og staðfest af landbúnaðarráðherra. Þar komi m.a. fram staða framkvæmda á hverjum tíma og yfirlit yfir ráðstöfun fjármuna.

Reikninga Héraðsskóga skal birta í *Stjórnartíðindum*, endurskoðaða af Ríkisendurskoðun.

9. gr.

Að öðru leyti en greinir í lögum þessum fer um ræktun og meðferð Héraðsskóga eftir ákvæðum skógræktarlaga, nr. 3/1955, eftir því sem við á.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði er nauðsynleg þykja um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Landbúnaðarráðherra skal láta fara fram endurskoðun á lögum þessum og leggja fram frumvarp til laga um Héraðsskóga fyrir Alþingi haustið 1992.

Nd. 822. Frumvarp til laga [428. mál]

um starfskjör presta þjóðkirkjunnar.

(Eftir 3. umr. í Ed., 6. mars.)

I. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, með síðari breytingum.

1. gr.

1. tölul. 2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo: Biskups Íslands, vígslubiskupa, prófasta, sóknarpresta og sérþjónustupresta, borgardómara, borgarfógeta, bæjarfógeta, flugmálastjóra, forstjóra Hafrannsóknastofnunar, forstjóra Landhelgisgæslu, forstjóra Ríkisspítala, héraðsdómara, hæstaréttardómara, landlæknis, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, lögreglustjórans í Reykjavík, orkumálastjóra, póst- og símamálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, rannsóknarlögreglustjóra, ráðherra, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, rektors Kennaraháskóla Íslands, rektors Tækniskóla Íslands, ríkislögmanns, ríkissaksóknara, ríkisskattanefndarmanna í fullu starfi, ríkisskattstjóra, sakadómara, sendiherra, skattrannsóknarstjóra, sýslumanna, tollgæslustjóra, tollstjórans í Reykjavík, vegamálastjóra, verðlagsstjóra, yfirborgardómara, yfirborgarfógeta, yfirdýralæknis og yfirsakadómara, en starfskjör þeirra skulu ákveðin af Kjaradómi.

II. KAFLI

Um breyting á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, með síðari breytingum.

2. gr.

3. tölul. 2. mgr. 29. gr. laganna orðist svo: Hæstaréttarritari og starfsmenn Hæstaréttar, héraðsdómarar, lögreglustjórar, fulltrúar lögreglustjórans í Reykjavík, tollstjóri, tollgæslustjóri, vígslubiskupar, prófastar, sóknarprestar og sérþjónustuprestar.

III. KAFLI
Um breyting á lögum um Kjaradóm, nr. 92/1986.
3. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Kjaradómur ákveður launakjör þeirra sem hér greinir:

Biskups Íslands, vígslubiskupa, prófasta, sóknarpresta og sérþjónustupresta, borgardómara, borgarfógeta, bæjarfógeta, flugmálastjóra, forstjóra Hafrannsóknastofnunar, forstjóra Landhelgisgæslu, forstjóra Ríkisspítala, héraðsdómara, hæstaréttardómara, landlæknis, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, lögreglustjórans í Reykjavík, orkumálastjóra, póst- og símamálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, rannsóknarlögreglustjóra, ráðherra, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, rektors Kennaraháskóla Íslands, rektors Tækniskóla Íslands, ríkisendurskoðanda, ríkislögmanns, ríkissaksóknara, ríkisskattanefndarmanna í fullu starfi, ríkisskattstjóra, sakadómara, sendiherra, skattrannsóknarstjóra, skrifstofustjóra Alþingis, sýslumanna, tollgæslustjóra, tollstjórans í Reykjavík, vegamálastjóra, verðlagsstjóra, yfirborgardómara, yfirborgarfógeta, yfirdýralæknis og yfirsakadómara.

IV. KAFLI
Um gildistöku.
4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1991.

Sþ. 823. Nefndarálit [74. mál]

um till. til þál. um aukinn þátt bænda í landgræðslu- og skógræktarstarfi.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna. Umsagnir bárust frá Landvernd, Landgræðslu ríkisins, Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda og Skógrækt ríkisins.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt án breytinga.

Matthías Á. Mathiesen og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. mars 1991.

Árni Gunnarsson, form., frsm. Jón Kristjánsson. Geir H. Haarde.

Geir Gunnarsson. Kolbrún Jónsdóttir.

Nd. 824. Frumvarp til laga [442. mál]

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90 13. ágúst 1990.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist nýr stafliður sem orðast svo:

e. Spölur hf., 1,3% af heildartekjum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 45/1990, um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð, var ríkisstjórninni heimilað að fela hlutafélagi, sem stofnað yrði í því skyni, að annast að nokkru eða öllu leyti undirbúning, fjármögnun og framkvæmdir við vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð, svo og rekstur um tiltekinn tíma. Á grundvelli laganna hefur samgönguráðherra gert samning við félagið er kveður á um gerð, rekstur, tilhögun mannvirkja, gjaldtökutíma og önnur atriði sem þurfa þykir. Samningurinn öðlast ekki gildi fyrr en Alþingi hefur staðfest hann. Er lagt til að það verði gert með þingsályktun. Í samningnum eru ákvæði um að félagið greiði landsútsvar. Til þess að svo megi verða er lagabreyting nauðsynleg og því er þetta frumvarp lagt fram.

Hlutafélagið Spölur hf. var stofnað í janúarmánuði sl. og eru stofnfélagar eftirtaldir: Akraneskaupstaður, Íslenska járnblendifélagið, Sementsverksmiðja ríkisins hf., Krafttak hf., Ístak hf., Borgarnesbær, Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, Vegagerð ríkisins, Skilmannahreppur og Kjalarneshreppur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 9. gr. samnings samgönguráðherra og Spalar hf. er kveðið á um að félagið skuli greiða landsútsvar. Þykir eðlilegt að félaginu verði gert að greiða landsútsvar í stað aðstöðugjalds, svo sem gildir um Sementsverksmiðju ríkisins og járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði, og að útsvarið renni óskipt í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Í 9. gr. laga nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, eru tæmandi taldir þeir aðilar sem greiða landsútsvar.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Nd. 825. Frumvarp til laga [443. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91).

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

a. Skip merkir í lögum þessum, sé eigi annað tekið fram, hvert það far sem er 6 m langt eða meira og skráð er í skipaskrár.
b. Skipstjóri er sá sem fer með æðsta vald á skipi.
c. Yfirstýrimaður er sá skipstjórnarmaður sem gengur næst skipstjóra í starfi.
d. Undirstýrimaður er 2. eða 3. stýrimaður.
e. Rúmlest merkir í lögum þessum brúttórúmlest. Er þá miðað við Óslóarsamþykkt um skipamælingar frá 10. júní 1947, með áorðnum breytingum, fyrir skip 24 m að lengd og lengri, en við íslenskar reglur um mælingu skipa fyrir skip styttri en 24 m að lengd.
f. Fiskiskip merkir hvert það skip, skrásett sem fiskiskip, sem notað er til fiskveiða eða annarra veiða úr lífríki sjávar, hafrannsókna eða til flutnings á eigin afla. Til fiskiskipa teljast einnig í lögum þessum, dráttarskip, dýpkunarskip og sanddæluskip þegar þau annast staðbundin verkefni innan flóa og fjarða.
g. Flutningaskip merkir hvert það skip, skrásett sem vöruflutningaskip, er siglir með varning til og frá landinu, milli hafna innan lands og utan og eigi er ætlað að flytja fleiri en 12 farþega.
h. Farþegaskip merkir hvert það skip, skrásett sem farþegaskip, sem ætlað er að flytja fleiri en 12 farþega.
i. Varðskip merkir hvert það skip, skrásett sem varðskip, er stundar landhelgisgæslu og björgunarstörf undir yfirstjórn Landhelgisgæslu Íslands.
j. Önnur skip merkir hvert það skip sem skrásett er til annarra verkefna en um getur í stafliðum f–i.
k. Innanlandssigling er sigling innan íslenskrar fiskveiðilögsögu.
l. Utanlandssigling er hver sú ferð sem farin er milli landa eða til fiskimiða utan íslenskrar fiskveiðilögsögu þótt hafna sé ekki leitað.
m. Strandsigling er sigling innan 50 sjómílna frá ströndum Íslands og öðrum hafsvæðum eftir nánari ákvörðun Siglingamálastofnunar ríkisins.
n. Mánuður telst 30 dagar.

2. gr.

5. gr. laganna breytist svo:

a. II. tölul. a. orðist svo:
   2. stig: 1. 200 rúmlesta skip og minni í strandsiglingum.
b. III. tölul. b. orðist svo:
   2. stig: 1. 200 rúmlesta skip og minni í strandsiglingum.
   2. Undirstýrimaður á skipum af ótakmarkaðri stærð, farsvið ótakmarkað.

3. gr.

6. gr. laganna breytist svo:

a. 4. mgr. II. tölul. a. 1. orðist svo:
Réttindi stýrimanns á 200 rúmlesta skipum í strandsiglingum:
27 mánuðir og af þeim tíma a.m.k. 18 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð eða hafa réttindi sem stýrimaður á fiskiskipi sem er yfir 200 rúmlestir að stærð og að auki a.m.k. 9 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir.

b. 4. mgr. II. tölul. b. orðist svo:
Ótakmörkuð réttindi:
Hefur eftir öflun stýrimannsréttinda samkvæmt liðum II. a. 1. og II. a. 2. í 6. gr. starfað sem stýrimaður eða háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi sem er 100 rúmlestir eða stærra í a.m.k. níu mánuði.

c. 4. mgr. III. tölul. b. orðist svo:
Réttindi á 200 rúmlesta skipum í strandsiglingum og ótakmörkuð undirstýrimannsréttindi.

4. gr.

8. gr. laganna breytist svo:

a. Í stað „1. stýrimaður“ í greininni komi: yfirstýrimaður.

b. II. tölul. a. orðist svo:
Réttindi á 200 rúmlesta skipum og minni í strandsiglingum.

c. III. tölul. b. orðist svo:
Réttindi á 200 rúmlesta skipum og minni í strandsiglingum.

5. gr.

9. gr. laganna breytist svo:
Í stað „1. stýrimaður“ í greininni komi: yfirstýrimaður.

6. gr.

3. mgr. 13. gr. laganna orðist svo:
Skírteinin skulu gefin út á íslensku og ensku og gilda til fimm ára í senn. Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði til endurnýjunar atvinnuskírteina, svo sem um viðhald réttinda og heilsufar, þar sem taka skal mið af alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöðu sjómanna frá 1978, eftir því sem við á.

7. gr.

16. gr. laganna orðist svo:
Allir þeir, sem öðlast hafa rétt til atvinnu við siglingar á íslenskum skipum áður en lög þessi öðlast gildi, skulu halda réttindum sínum óskertum, enda fullnægi þeir kröfum um viðhald réttinda og heilsufar, sbr. 13. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1991.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 47/1987, um framkvæmd alþjóðasamþykktar um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna, var samgönguráðherra heimilað að setja reglur til að framfylgja ákvæðum samþykktarinnar (STCW). Í kjölfar gildistöku laganna skipaði samgönguráðherra nefnd til að undirbúa framkvæmd samþykktarinnar hér á landi. Í nefndinni áttu sæti Magnús Jóhannesson, formaður, Einar Hermannsson, Guðjón Á. Eyjólfsson, Jónas Garðarsson, Helgi Laxdal, Jón H. Magnússon, Guðlaugur Gíslason og Sigurjón Hannesson, ritari. Frumvarp þetta er samið af téðri nefnd.

Markmið samþykktarinnar er í fyrsta lagi að tryggja eftir megni öryggi skipa og áhafna og í öðru lagi að samræma menntun og þjálfun sjómanna og mönnun skipa.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði grundvallarbreyting á réttindastigum skipstjórnarmanna, þ.e. að annað stig stýrimannaskólanna veiti aðeins réttindi til skipstjóra og yfirstýrimanna á 200 rúmlesta kaupskipum og minni í strandsiglingum, en hingað til hefur 2. stig veitt réttindi til skipstjórastarfa á skipum allt að 400 rúmlestir að stærð bæði í siglingum á milli landa og innanlands. Aðrar breytingar lúta fyrst og fremst að samræmingu við orðalag samþykktarinnar og önnur atriði þar sem um er að ræða beinar tilvísanir í samþykktina.

Í nefndinni, sem samdi framvarpið, urðu allnokkrar umræður um gildi eldri réttinda á kaupskip með hliðsjón af ákvæðum samþykktarinnar, einkum réttinda sem menn hafa hlotið hingað til úr 2. stigs skipstjórnarnámi í stýrimannaskólunum. Ákvæði alþjóðasamþykktarinnar eru ekki skýr um þetta efni og þar sem meginregla íslensks réttarfars er sú, að menn glati ekki þeim réttindum, sem þeir hafa hlotið og starfað eftir, var talið eðlilegt að sú regla gildi áfram. Hins vegar var ekki talið unnt að leggja til að menn, sem hlotið hefðu áðurnefnd réttindi, fengju fullgild skírteini samkvæmt alþjóðasamþykktinni þó þeir gætu starfað eins og áður á íslenskum skipum. Er þetta í samræmi við framkvæmd þessara mála í Noregi. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu að skólarnir bjóði mönnum með eldri réttindi til námskeiða þar sem kennd yrðu þau atriði sem hafa breyst frá því þeir luku prófi og að því loknu gætu þessir menn fengið fullgild skírteini samkvæmt alþjóðasamþykktinni ef þeir óskuðu þess, en námsefni stýrimannaskólanna og Vélskóla Íslands hefur nú verið breytt með hliðsjón af kröfum samþykktarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

c. Lagt er til að starfsheitið 1. stýrimaður verði fellt niður og þess í stað eingöngu notað hugtakið yfirstýrimaður til samræmis við orðalag alþjóðasamþykktarinnar.

e. Vegna nýrrar alþjóðasamþykktar um mælingu skipa þykir rétt að taka fram við hvaða mælingarreglur atvinnuréttindi miðast. Fyrir skip 24 metrar að lengd og lengri gilda alþjóðareglur um mælingu skipa frá 10. júní 1947, en um skip minni en 24 metrar að lengd gilda sérstakar íslenskar reglur.

Nýjar alþjóðareglur um skipamælingar, sem gerðar voru 1969, tóku gildi hér á landi 1. júlí 1987. Þær koma til framkvæmda í áföngum, en eldri mælingarreglur falla úr gildi eigi síðar en árið 1994.

Þessar nýju alþjóðlegu reglur gilda fyrir skip 24 metra að lengd og stærri, en íslenskar reglur gilda fyrir skip sem eru styttri en 24 metrar. Mælieining samkvæmt hinum nýju reglum verður ekki rúmlest heldur tonn. Af þessum sökum er nauðsynlegt innan skamms tíma að endurskoða viðmiðunarmörk í lögunum, en það er

ekki unnt nú þar sem fullnægjandi gögn skortir til að hægt sé að meta hverjar breytingarnar munu verða fyrir íslensk skip.

f. Skilgreining á hugtakinu „fiskiskip“ er breytt til samræmis við orðalag alþjóðasamþykktarinnar, en efnisleg breyting er engin. Hins vegar eru felld undir þennan lið dáttarskip, dýpkunarskip og sanddæluskip þegar þau annast staðbundin verkefni innan flóa og fjarða. Þetta er nauðsynlegt vegna breytinga sem lagt er til að gerðar verði á 5. gr. Þegar þessi skip annast slík staðbundin verkefni, sem þar um ræðir, falla þau ekki undir ákvæði alþjóðasamþykktarinnar og í raun verður að telja verkefni þessara skipa við þessar aðstæður svara fremur til þess sem gerist á fiskiskipum.

m. Hugtakið strandsigling er notað í samþykktinni yfir siglingar milli hafna sem fram fara meðfram ströndum ávallt nærri landi. Talið er rétt að strandsigling hér við land miðist við 50 sjómílna fjarlægð frá strönd og má því í raun segja að allar siglingar kaupskipa á milli hafna hér á landi séu strandsiglingar. Strandsiglingar á öðrum hafsvæðum, þ.e. við strendur annarra landa er eigi hægt að ákveða einhliða heldur í samráði við viðkomandi strandríki. Er því gengið út frá því, ef til þess kemur, að Siglingamálastofnun úrskurði, að beiðni kaupskipaeigenda og að höfðu samráði við siglingamálayfirvöld viðkomandi ríkis eða ríkja, hvort tiltekin sigling íslensks skips teljist strandsigling eða ekki.

Um 2. gr.

II. tölul. a. og III. b.:

Hér er lagt til að 2. stig skipstjórnarnáms veiti réttindi til siglinga á vöruflutningaskipum 200 rúmlesta og minni í strandsiglingum í stað 400 rúmlesta réttinda og ótakmarkaðs farsviðs samkvæmt gildandi lögum til þess að samræma kröfur samþykktarinnar við nám og kennslu í stýrimannaskólunum.

Um 3. gr.

4. mgr. II. tölul. a. 1.:

Hér er lagt til að atvinnuréttindi verði lækkuð af þeim ástæðum sem tilgreindar eru með skýringum við 5. gr. Af þeim sökum er siglingatími til minni réttinda styttur og færður að nokkru til samræmis kröfum um siglingatíma fyrir fiskiskip af svipaðri stærð og til fulls samræmis við kröfur alþjóðasamþykktarinnar.

4. mgr. II. tölul. b.:

Orðalagi er breytt um skilgreindan siglingatíma til ótakmarkaðra réttinda. Engin efnisbreyting verður á kröfum, en reynt er að einfalda orðalag og það fært til þess sem gerist í raun.

4. mgr. III. tölul. b.:

Lagt er til að ákvæðum verði breytt og vísast til ástæðna sem tilgreindar eru í skýringum með 2. gr.

Um 4. gr.

Breytingar, sem hér er gerð tillaga um, eru til samræmis við ákvæði 5. gr.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 6. gr.

Í viðauka með alþjóðasamþykktinni um þjálfun, skírteini og vaktstöðu sjómanna frá 1978 eru kröfur um að skírteini skulu aðeins gefin út til 5 ára í senn. Við endurnýjun skírteinis er gerð krafa um að viðkomandi hafi haldið hæfni sinni við með starfi eða að öðrum kosti endurmenntun auk þess sem heilsufarskröfum sé fullnægt. Gert er ráð fyrir því að ráðherra setji reglur um endurútgáfu skírteina og þar komi þessar kröfur fram.

Um 7. gr.

Lagt er til að ákvæðið um að menn haldi áunnum rétti verði skilyrt að því leyti til að tryggt sé að hæfni sé viðhaldið og heilsufarskröfum sé fullnægt. Þannig gildi í raun sömu kröfur um endurnýjun eldri og nýrri réttinda.

Nd. 826. Frumvarp til laga [444. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

1. gr.

5. gr. laganna breytist svo:

Við 2. mgr. bætist: enda fullnægi þeir kröfum um viðhald réttinda, sbr. 9. gr.

2. gr.

9. gr. laganna breytist svo:

Við 2. mgr. bætist: þar sem taka skal mið af alþjóðasamþykktinni um þjálfun, skírteini og vaktstöðu sjómanna frá 1978, eftir því sem við á.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1991.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna. Er hér um að ræða breytingar í kjölfar laga nr. 47/1987, um framkvæmd alþjóðasamþykktar um þjálfun, skírteini og vaktstöðu sjómanna. Um almennar athugasemdir hér á landi vísast til áðurgreinds frumvarps um skipstjórnarmenn.

Um 1. gr.

Í viðauka með alþjóðasamþykktinni frá 1978 eru kröfur um að skírteini skulu aðeins gefin út til fimm ára í senn og til endurnýjunar gerir samþykktin kröfu um að viðkomandi hafi haldið hæfni sinni við með starfi eða að öðrum kosti endurmenntun auk þess sem heilsufarskröfum sé fullnægt. Gert er ráð fyrir því að ráðherra setji reglur um endurútgáfu skírteina og þar komi þessar kröfur fram.

Um 2. gr.

Lagt er til að ákvæðið um að menn haldi áunnum rétti verði skilyrt svo að tryggt sé

að hæfni sé viðhaldið og heilsufarskröfum sé fullnægt. Þannig gildi í raun sömu kröfur um endurnýjun eldri réttinda og nýrra réttinda.

Nd. 827. Nefndarálit [230. mál]

um frv. til l. um samvinnufélög.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóra, Ævar Ísberg vararíkisskattstjóra, Stefán Má Stefánsson lagaprófessor, Geir Gunnarsson, endurskoðanda Sambands íslenskra samvinnufélaga, Ragnar Hafliðason frá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands og Steingrím Ara Arason frá Verslunarráði Íslands.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma.

Alþingi, 6. mars 1991.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur G. Þórarinsson, fundaskr.	Ragnar Arnalds.
Jón Sæmundur Sigurjónsson.	Friðrik Sophusson, með fyrirvara.	Matthías Bjarnason, með fyrirvara.

Nd. 828. Breytingartillögur [230. mál]

við frv. til l. um samvinnufélög.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, GGÞ, RA, JSS, FrS, MB).

1. Í stað 2. mgr. 44. gr komi fjórar nýjar málsgreinar er orðist svo:
   Um framsal og veðsetningu samvinnuhlutabréfa gilda venjulegar reglur um viðskiptabréf nema annað sé tekið skýrt fram í bréfinu.
   Samvinnufélag má aldrei eiga lengur en þrjá mánuði meira en 10% af hlutum eigin B-deildar stofnsjóðs. Eignist félagið meira af slíkum hlutum, svo sem með kaupum eða fyrir annað framsal, skal það hafa selt hlutina þannig að lögmæltu marki sé náð innan þriggja mánaða.
   Nú eignast dótturfélag samvinnufélags hluti í móðurfélaginu, eða tekur þá að veði, og eiga þá ákvæði 3. mgr. við.
   Samvinnufélagi er óheimilt að taka eigin samvinnuhlutabréf að veði til tryggingar lánum til eigenda slíkra bréfa.
2. Við ákvæði til bráðabirgða bætist svohljóðandi málsgrein:
   Viðskiptaráðherra skal eftir setningu laga þessara skipa nefnd sem hafi það hlutverk að gera tillögur um framtíðarskipan innlánsdeilda samvinnufélaga. Skal nefnd-

in skila áliti í síðasta lagi 1. júlí 1992. Jafnframt skal nefndin gera tillögur um þær lagabreytingar sem nauðsynlegar kunna að verða til þess að fella reglur um rekstur innlánsdeilda að almennum reglum sem gilda um aðrar innlánsstofnanir og jafnframt taka tillit til sérstöðu starfandi innlánsdeilda og þýðingar þeirra fyrir hlutaðeigandi samvinnufélög.

Sþ. 829. Svar [357. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Sigrúnar Helgadóttur um hringormanefnd og árangur starfa hennar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Er hringormanefnd sem sjávarútvegsráðherra skipaði 16. ágúst 1979 enn starfandi?*
2. *Hvaða aðilar eða stofnanir eiga eða áttu fulltrúa í hringormanefnd?*
3. *Hver hefur verið eða var árlegur kostnaður við störf hringormanefndar, fært til núvirðis og sundurliðað í launakostnað, þóknun til nefndarmanna, greiðslur fyrir selakjálka og selkjöt?*
4. *Hve margir selir hafa verið drepnir árlega undanfarin 11 ár fyrir tilstuðlan hringormanefndar? Fyrir hvert ár og landshluta er óskað upplýsinga um hvernig fjöldi deyddra sela skiptist eftir tegundum og aldri.*
5. *Hve mikill hluti selkjötsins hefur verið nýttur og hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að selskrokkar liggi ekki og rotni í fjörum?*
6. *Hve oft hafa stofnstærðir sela verið áætlaðar eða selir taldir þessi ár og hvaða breytingar hafa orðið á stærð selastofnanna og dreifingu þeirra?*
7. *Hefur sá vandi, sem hringormar í fiski valda íslenskum fiskiðnaði, minnkað á síðustu 11 árum og þá hversu mikið og hvernig er það mælt?*

Í ágústmánuði 1979 skipaði ráðuneytið svokallaða hringormanefnd að ósk og frumkvæði sölusamtaka í sjávarútvegi. Ráðuneytið hefur síðan engin afskipti haft af þessari nefnd og standa þau samtök sem fulltrúa eiga í nefndinni undir rekstri hennar. Ráðuneytið óskaði eftir upplýsingum, sem beðið er um í fyrirspurninni, frá hringormanefnd og eru þær eftirfarandi:

1. Af þeim fimm mönnum, sem voru skipaðir af sjávarútvegsráðherra, eru einungis þrír enn í nefndinni. Fjórir nýir hafa síðar bæst við þannig að ekki er hægt að segja að sú nefnd, sem skipuð var 1979, sé lengur til. Sjávarútvegsráðuneytið hefur síðan þá ekki haft nein afskipti af nefndinni og neðangreindir aðilar bera ábyrgð á starfsemi hennar.
2. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sjávarafurðadeild SÍS (nú Íslenskar sjávarafurðir hf.), Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Coldwater Seafood Corporation, Iceland Seafood Corporation og Föroya Fiskasöla í eitt ár (1984). Þessir aðilar hafa viljað standa að hringormanefnd vegna áhuga á því að framleiða og flytja út ómengaða íslenska vöru og stuðla að jafnvægi í íslenskri

náttúru. Auk fulltrúa þessara fyrirtækja hefur Dr. Björn Dagbjartsson matvælaverkfræðingur að ósk þeirra starfað sem formaður nefndarinnar. Starfsmaður hringormanefndar er sjávarlíffræðingur að mennt frá háskólanum í Björgvin, Noregi.

3. Þeir aðilar, sem nefndir eru undir lið 2, greiða allan kostnað af starfsemi hringormanefndar. Hið opinbera kemur þar ekki við sögu. Ljúft og skylt er þó að taka fram að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur um margra ára skeið látið hringormanefnd í té skrifstofu og vinnuaðstöðu fyrir starfsmenn. Hringormanefnd er sjálfstæður lögaðili og fjármál hennar eru því ekki opinber ríkisfjármál. Efnahags- og rekstursreikningar hringormanefndar eru gerðir árlega og sendir skattyfirvöldum eins og lög gera ráð fyrir.
4. Gerð var grein fyrir selveiðum 1982 í tímaritinu Ægi 1984 (Erlingur Hauksson 1984. Selveiðarnar 1982. Ægir 77:102–104). Yfirlit yfir selveiðar hér við land er gefið í skýrslum Hafrannsóknastofnunar um nytjastofna sjávar og umhverfisþætti og aflahorfur sem gefnar eru út árlega. Er í því sambandi bent á fjölrit Hafrannsóknastofnunar nr. 21, töflu 36, bls. 92. Í grein eftir Erling Hauksson, sem birtist von bráðar í Hafrannsóknum, eru selveiðar 1982 til 1989 nákvæmlega tíundaðar. Nákvæm aldursdreifing veiddra dýra liggur fyrir frá árunum 1982 til 1984 en þá voru svo til öll dýr eldri en eins árs aldursgreind út frá vaxtarhringjum í vígtönnum (sjá næsta fjölrit Hafrannsóknastofnunar). Árin 1985 til 1989 var vígtönnum ekki safnað og veidd dýr voru ekki aldursgreind nema í kópa og dýr eldri en eins árs. Upplýsingar um veiðar á síðasta ári liggja ekki endanlega fyrir. Þeim verða gerð skil í skýrslu Hafrannsóknastofnunar í ár.
5. Nýting selkjöts í loðdýrafóður jókst jafnt og þétt á árunum 1982 til 1986. Síðasta árið fór nær allur selur í loðdýrafóður. Við samdráttinn í loðdýraræktinni, sem má segja að hafi byrjað árið eftir, minnkaði nýting sels í fóður fyrir loðdýrin og hefur þessi markaður fyrir selkjöt dregist saman síðustu árin. Var brugðist við þessu með þeim hætti að minnka heildarselveiðarnar og var hætt að greiða fyrir landselsveiðar 1. mars 1990. Enn fer nokkurt magn selkjöts í loðdýrafóður og aðrir nýtingarmöguleikar á sel hafa komið til. Fer nú talsvert magn útselskjöts til manneldis. Sá selur sem ekki hefur verið tök á að nýta með fyrrgreindum hætti og afgangar þeirra sela, sem nýttir eru að hluta til, hafa verið grafnir í jörðu eða sökkt örugglega í sæ. Hefur hver selveiðimaður borið ábyrgð á því að koma veiddum sel í nýtingu eða ganga tryggilega frá honum ella. Hringormanefnd hefur lagt það fyrir veiðimenn að ganga tryggilega frá dýraleifum.
6. Talning landsela á allri ströndinni hefur verið framkvæmd fjórum sinnum og oftar á sumum strandsvæðum. Samkvæmt talningum hefur landsel fækkað við Ísland. Dreifing landsels um landið hefur ekki breyst verulega að séð verður. Fækkunin nær til flestallra strandsvæða. Talning útselskópa hefur farið fram þrisvar sinnum. Samkvæmt talningum kópa virðist útselastofninn við Ísland vera vaxandi. Dreifing útsela við ströndina hefur lítið breyst á umræddu tímabili. Þó virðist útselur nú kæpa víðar en fyrst er kópar voru taldir. Nýjar kæpingarstöðvar eru í Surtsey, við Kaldbak í Húnaflóa og í Drangey.
7. Tíðni og meðalfjöldi hringorma í þorski frá Íslandsmiðum hafa verið könnuð tvisvar á vegum hringormanefndar, 1980 og 1986 (Erlingur Hauksson 1991. Könnun á hringormasýkingu þorsks af selormi og hvalormi við Ísland 1980–1981 og 1985–1987 birtist í tímaritinu Hafrannsóknir). Einnig hefur verið fylgst með

hringormafjölda í þorskflökum sem unnin hafa verið til frystingar hjá völdum frystihúsum, fyrst 1980 og nú síðast 1988. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum jókst hringormur í þorski frá 1980 til 1986 en hefur staðið nokkuð í stað 1987 og 1988. Hvalormur virðist hafa aukist meir en selormur. Í ár eru fyrirhugaðar sambærilegar rannsóknir á hringormum í þorski við landið.

Nd. 830. Nefndarálit [229. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Þórarin V. Þórarinsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Jóngeir Hlinason frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og Ásmund Stefánsson, Guðmund Þ Jónsson og Láru V. Júlíusdóttur frá Alþýðusambandi Íslands. Nefndinni barst umsögn frá Félagi viðskipta- og hagfræðinga.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. mars 1991.

Anna Ólafsdóttir Björnsson, fundaskr. | Geir H. Haarde, frsm. | Ragnhildur Helgadóttir.

Guðmundur G. Þórarinsson.

Ed. 831. Frumvarp til laga [445. mál]

um breyting á lögum nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Tekjur Útflutningsráðs eru:

1. sérstakt gjald sem lagt er á aðstöðugjaldsstofn gjaldskyldra aðila, sbr. 2. mgr.,
2. framlag ríkissjóðs,
3. þóknun fyrir veitta þjónustu,
4. sérstök framlög og aðrar tekjur.

Gjaldskyldir aðilar, sbr. 1. tölul. 1. mgr., eru allir þeir sem hafa með höndum rekstur á sviði eftirtalinna atvinnugreina samkvæmt því gjaldstigi er hér greinir:

a. fiskvinnslu og iðnaðar, þar með talin byggingarstarfsemi, 0,05% af gjaldstofni;
b. fiskveiða, 0,03% af gjaldstofni;
c. flutninga á sjó og flugrekstrar, 0,01% af gjaldstofni. Undanþeginn er þó gjaldstofn vegna strandflutninga og innanlandsflugs.

Einnig nær gjaldskyldan til þeirra aðila í öðrum atvinnugreinum sem kjósa sjálfir að gerast aðilar að Útflutningsráði og skal gjald þeirra vera 0,01% af gjaldstofni.

Um álagningu og innheimtu gjalds skv. 2. mgr. fer eftir ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á. Innheimtuaðilar skulu skila mánaðarlega til Útflutningsráðs innheimtum gjöldum.

Gjald samkvæmt þessari grein má draga frá tekjum á sama hátt og aðstöðugjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1991 vegna rekstrar á árinu 1990.

Greinargerð.

Með bréfi utanríkisráðherra til fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar, sbr. fylgiskjal, var þess farið á leit við nefndina af hálfu ríkisstjórnarinnar að hún flytti frumvarp þetta. Í bréfinu kom fram að frumvarpið var samið í samvinnu þriggja ráðuneyta, utanríkis-, viðskipta- og fjármálaráðuneytisins, og fylgdu athugasemdir þeirra með frumvarpinu. Þar eru tilgreindar ástæður þess að brýn þörf er á að breyta lögum um Útflutningsráð og eru þær eftirfarandi:

„Komið hafa í ljós vandkvæði við framkvæmd laganna, sem öðluðust gildi 1. janúar 1991. Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins yrði 3. gr. laganna efnislega óbreytt, m.a. varðandi gjaldskyldu, þótt uppsetningu sé breytt, svo og tæknilegum ákvæðum um álagningu og innheimtu hins sérstaka gjalds samkvæmt lögunum. Með 2. gr. frumvarpsins er stefnt að því að tryggja tekjur Útflutningsráðs af viðkomandi atvinnugreinum á árinu 1991, en atvinnugreinatekjur hafa frá upphafi verið megintekjustofn ráðsins."

Fylgiskjal.

Bréf utanríkisráðuneytis til fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar.

(5. mars 1991.)

Komið hafa í ljós vandkvæði við framkvæmd laga nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands, og er nauðsynlegt að breyta 3. gr. laganna til að tryggja að álagning og innheimta gjalda af viðkomandi atvinnugreinum geti farið fram á þessu ári.

Meðfylgjandi frumvarp til breytinga á lögunum hefur verið samið í samvinnu við fjármálaráðuneyti og viðskiptaráðuneyti. Var fjallað um frumvarp þetta á fundi ríkisstjórnarinnar í dag.

Til að tryggja sem best að Alþingi nái að ljúka málinu ákvað ríkisstjórnin að fara þess á leit við háttvirta fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar að flytja þetta breytingarfrumvarp í stað þess að leggja það fram sem stjórnarfrumvarp.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Ed. 832. Nefndarálit [421. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 9 2. mars 1989, um efnahagsaðgerðir.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Guðmund Malmquist, forstjóra Byggðastofnunar, Sigurð Þórðarson vararíkisendurskoðanda, Árna Snæbjörnsson endurskoðanda og Helga Bergs, formann Hlutafjársjóðs.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að orðalagsbreyting verði gerð í 1. gr. frumvarpsins til að taka af allan vafa um að hlutafjárdeild Byggðastofnunar tekur við skuldbindingum Hlutafjársjóðs Byggðastofnunar. Þá leggur meiri hl. einnig til að breyting verði gerð á 5. málsl. 2. gr. þannig að tæmandi verði talið í hvaða tilvikum Byggðastofnun þarf að bera undir Ríkisábyrgðasjóð atriði varðandi lán atvinnutryggingardeildar. Er Byggðastofnun óheimilt að skuldbreyta, breyta lánum í víkjandi lán, hlutafé eða fella lánin niður án samþykkis Ríkisábyrgðasjóðs. Einnig er lagt til að í stað stjórnar Byggðastofnunar komi Byggðastofnun í þessum sama málslið 2. gr.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 7. mars 1991.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm. Jóhann Einvarðsson, fundaskr. Eiður Guðnason.

Guðrún J. Halldórsdóttir. Skúli Alexandersson.

Ed. 833. Breytingartillögur [421. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 9 2. mars 1989, um efnahagsaðgerðir.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (GuðmÁ, SkA, JE, GJH, EG).

1. Í stað orðsins „hún“ í 1. málsl. efnismálsgreinar 1. gr. komi: deildin.
2. 5. málsl. efnismálsgreinar 2. gr. orðist svo: Byggðastofnun er þó óheimilt án samþykkis Ríkisábyrgðasjóðs að skuldbreyta lánum atvinnutryggingardeildar, breyta þeim í víkjandi lán, hlutafé eða fella þau niður.

Ed. 834. Lög [83. mál]

um breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988.

(Afgreidd frá Ed. 7. mars.)

Samhljóða þskj. 509.

Ed. 835. Frumvarp til laga [446. mál]

um brunavarnir og brunamál.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

I. KAFLI
Stjórn brunamála.

1. gr.

Félagsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn brunamála í landinu.

2. gr.

Brunamálastofnun ríkisins hefur á hendi yfirumsjón með öllum brunavörnum og brunamálum í landinu og ber ábyrgð á þeim gagnvart ráðherra.

Brunamálastofnun ríkisins skal hlutast til um að farið sé í hvívetna eftir lögum og reglugerðum um brunavarnir og brunamál.

Brunamálastofnun ríkisins ber að gera sjálfstæðar athuganir og úttektir til þess að geta gert sér grein fyrir ástandi mála, hvenær sem þurfa þykir, með fullri vitneskju og í sem bestri samvinnu við hlutaðeigandi brunamálayfirvöld.

Ráðherra skipar fimm manna stjórn Brunamálastofnunar ríkisins til fjögurra ára í senn. Hann skipar framkvæmdastjóra sveitarfélags eftir tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, slökkviliðsstjóra eða varaslökkviliðsstjóra eftir tilnefningu Landssambands slökkviliðsmanna, einn mann eftir tilnefningu Verkfræðingafélags Íslands og einn mann eftir tilnefningu Sambands íslenskra tryggingafélaga. Einn mann skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Skipa skal varamenn með sama hætti. Stjórnin fer með yfirstjórn stofnunarinnar. Ráðherra ákveður þóknun til stjórnarmanna fyrir störf þeirra.

Ráðherra skipar brunamálastjóra að fengnum tillögum stjórnar Brunamálastofnunar og sér hann um daglegan rekstur stofnunarinnar í umboði stjórnar og er hún ábyrg gagnvart ráðherra. Brunamálastjóri skal vera arkitekt, verkfræðingur eða tæknifræðingur og hafa sérþekkingu á brunamálum. Hann ræður starfmenn Brunamálastofnunar í samráði við stjórn og taka þeir laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

3. gr.

Helstu verkefni Brunamálastofnunar ríkisins eru nánar tilgreind eftirfarandi:

a. Að leiðbeina sveitarstjórnum um allt það er lýtur að brunavörnum, þar með talið eftirlit með því að nýbyggingar, viðbætur og endurbætur á vatnsveitukerfum komi að sem mestum notum við slökkvistarf.
b. Að hafa á hendi yfirumsjón með opinberu eldvarnaeftirliti sveitarfélaga og eigin eldvarnaeftirliti eigenda og forráðamanna atvinnuhúsnæðis. Daglegt eldvarnaeftirlit er í umsjá brunavarnafulltrúa í umboði stjórnar byggðasamlags viðkomandi eftirlitsumdæmis, sbr. 4. gr. Brunamálastofnun skal veita öllum þeim, sem sinna reglubundnu eldvarnaeftirliti, tækniaðstoð og leiðbeiningu eftir því sem kostur er og sjá til þess að unnið sé samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma.
c. Að yfirfara brunahönnun og uppdrætti af nýbyggingum, viðbótum og meiri háttar breytingum á mannvirkjum, sem brunavarnafulltrúi eða byggingarfulltrúi vísa til

hennar eða stofnunin sjálf kallar eftir, til að ganga úr skugga um að lögum og reglugerðum um brunavarnir og brunamál sé fullnægt. Einnig skal Brunamálastofnun gefa út tæknilegar leiðbeiningar og reglur um brunavarnir og brunahönnun atvinnuhúsnæðis, eftir því sem kostur er.

d. Að vinna að samræmingu á brunahönum, slöngutengingum og öðrum slökkvibúnaði.
e. Að hafa æfingar með slökkviliðum, gangast fyrir reglubundnum námskeiðum fyrir slökkviliðsmenn og eldvarnaeftirlitsmenn, stuðla að menntun þeirra heima og erlendis og semja reglugerð um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna.
f. Að halda uppi rannsóknastarfsemi á sviði brunamála og leiðbeina um val, uppsetningu og notkun á slökkvibúnaði og aðvörunarkerfum.
g. Að beita sér fyrir aukinni kynningar- og fræðslustarfsemi, þar með talið að kynna hönnuðum mannvirkja nýjungar á sviði brunavarna og gangast fyrir ráðstefnum og námskeiðum fyrir hönnuði og aðra tæknimenn.
h. Að semja árlega skýrslu um orsakir og afleiðingar eldsvoða. Vátryggingafélög skulu senda Brunamálastofnun eigi síðar en 1. mars ár hvert sundurliðaðar skýrslur um brunatjón á næstliðnu ári. Skal árleg yfirlitsskýrsla Brunamálastofnunar um eldsvoða birt opinberlega.
i. Að undirbúa og endurskoða, eftir því sem þörf er á, reglugerðir um brunamál og sjá svo um að þær séu ávallt í samræmi við kröfur tímans.
j. Að hafa samvinnu við samsvarandi stofnanir í nágrannalöndunum og fylgjast með framförum og nýjungum erlendis á sviði brunavarna.

4. gr.

Landinu er skipt í eldvarnaeftirlitsumdæmi sem nánar skal kveða á um í reglugerð um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga.

Sveitarfélögin í hverju umdæmi skulu hvert um sig og sameiginlega halda uppi almennum brunavörnum og opinberu eldvarnaeftirliti og kosta það, sbr. 24. gr.

Sveitarfélögin í hverju eftirlitsumdæmi skulu stofna með sér byggðasamlag sem fer með stjórn eldvarnaeftirlits í umdæminu. Byggðasamlögin skulu setja sér samþykktir í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Stjórn byggðasamlags ræður brunavarnafulltrúa sem hefur á hendi stjórn almennra brunavarna og opinbers eldvarnaeftirlits í umdæminu, þar með talið eftirlit með brunavörnum húsa og annarra mannvirkja sem þegar eru byggð og eftirlit með því að nýbyggingar séu í samræmi við lög og reglugerðir um brunavarnir og brunamál. Nánari ákvæði um verksvið, skyldur og réttarstöðu brunavarnafulltrúa skulu sett í áðurnefnda reglugerð um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga.

Stjórn byggðasamlags ákveður þörfina fyrir ráðningu eldvarnaeftirlitsmanna, að fengnum tillögum brunavarnafulltrúa, til að sinna almennu eldvarnaeftirliti í umdæminu undir stjórn hans.

Sá sem telur rétti sínum hallað með ályktun stjórnar byggðasamlags (brunavarnafulltrúa) getur skotið slíkri ályktun til félagsmálaráðherra sem fellir úrskurð í málinu.

II. KAFLI
Slökkvilið og slökkvistarf.

5. gr.

Sveitarfélögum er skylt að leggja til og halda við nauðsynlegum tækjum og búnaði til almenns slökkvistarfs og brunavarna, þar með talið nauðsynlegt húsnæði fyrir slökkviliðið.

Í reglugerð skal kveða á um lágmarkskröfur varðandi tækjakost, húsnæði og mannafla slökkviliða.

Sveitarfélögum ber að hlutast til um að nægilegt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir hendi til slökkvistarfs og fyrir sérstakan slökkvibúnað, t.d. vatnsúðakerfi (sprinkler) í meiri háttar byggingum.

Við skipulag byggðar og staðsetningu slíkra bygginga í sveitarfélagi ber að taka fullt tillit til ofangreindra þátta.

6. gr.

Sveitarstjórn skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri, en í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri, er yfirmaður og stjórnandi slökkviliðs. Hann hefur umsjón með öllum tækjum slökkviliðsins og brunahönum.

Tæki og búnað slökkviliðs má einungis nota til slökkvi- og björgunarstarfs nema um sérstaka almannahættu sé að ræða, t.d. af völdum vatnsflóða og fárviðris.

7. gr.

Allir verkfærir menn 18–60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í sveitarfélagi, eru skyldir til þjónustu í slökkviliði. Þeim er skylt að koma til slökkviæfinga og auk þess skulu þeir koma hvenær sem eldsvoða ber að höndum samkvæmt nánari reglum um útköll.

Sveitarstjórn skipar menn í slík slökkvilið eftir tillögum slökkviliðsstjóra. Um þóknun fyrir störf í slökkviliði fer eftir ákvörðun sveitarstjórnar, en hafa skal hliðsjón af ákvæðum kjarasamninga opinberra starfsmanna.

8. gr.

Í sveitarfélögum, þar sem slökkvilið er skipað fastráðnum starfsmönnum, má takmarka skyldur skv. 7. gr. eða fella þær niður.

Slökkviliðsstjóra er skylt að sjá um að slökkviliðsæfingar séu haldnar eins oft og áskilið er í reglugerð.

9. gr.

Slökkviliðsstjóra, eða staðgengli hans, er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að kveðja til slökkvistarfa eins marga menn og hann telur nauðsynlegt og getur enginn vinnufær maður skorast undan þeirri skyldu. Slík aðstoð skal veitt án endurgjalds.

10. gr.

Slökkviliðsmenn og aðrir, sem vinna að brunavörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra, skulu slysatryggðir við æfingar og önnur störf í þágu brunavarna samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar. Þeir sem verða fyrir tjóni við störf í þágu brunavarna eiga rétt á að fá tjónið bætt úr sveitarsjóði, enda verði tjónið ekki

bætt af vátryggingafélagi. Náist ekki samkomulag um bætur skal tjónið metið af dómkvöddum mönnum.

11. gr.

Félagsmálaráðuneytið getur að nokkru eða öllu leyti undanþegið sveitarfélag þeirri skyldu að hafa slökkvilið ef það hefur samið um að slökkvilið í nærliggjandi sveitarfélagi annist slökkvistarf. Um slíka samvinnu skal gera skriflegan samning og skal hann staðfestur af félagsmálaráðuneytinu að fenginni umsögn Brunamálastofnunar.

12. gr.

Verði eldur laus eða bráð hætta er á að svo fari þá skal sá er þess verður vís slökkva eldinn eða afstýra hættu ef honum er það kleift. Geti hann það ekki skal hann tafarlaust aðvara þá sem kunna að vera í hættu og kveðja til slökkvilið eða aðra tiltæka hjálp.

13. gr.

Hverjum manni er skylt, þegar eldsvoða ber að höndum, að leyfa aðgang að húsi sínu og lóð og una því að brotið verði niður og rutt burt því sem til fyrirstöðu er við slökkvistarf. Heimilt er að rífa niður byggingar ef slökkviliðsstjóri álítur það nauðsynlegt til að stöðva útbreiðslu elds. Slökkvilið hefur rétt til að nota öll tæki og áhöld sem til næst og að gagni mega koma við slökkvistarf þegar eldsvoða ber að höndum.

14. gr.

Fjártjón, sem hlýst af ráðstöfunum skv. 13. gr., telst brunatjón.

15. gr.

Ef lögreglustjóri býr í sveitarfélaginu skal hann ásamt lögregluliði staðarins annast löggæslu við slökkviæfingar og slökkviliðsstörf, en ella hreppstjóri eða sérstakur fulltrúi sem lögreglustjóri skipar. Við eldsvoða er löggæslulið á brunastað undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra. Lögreglulið skal sjá slökkviliði fyrir greiðum aðgangi að brunastað, stöðva umferð um nærliggjandi götur, afgirða svæði sem slökkviliðið þarf til að gegna störfum sínum og varðveita muni sem bjargað er frá bruna þar til þeir eru afhentir réttum aðilum.

16. gr.

Heimilt er slökkviliði, lögreglu eða þeim sem þessir aðilar kveðja til að fjarlægja hvern þann er truflar slökkvistarf og gera fullnægjandi ráðstafanir til að hann valdi ekki frekari truflun.

17. gr.

Slökkviliði er heimilt að veita aðstoð við að slökkva eld utan eigin umdæmis. Slökkviliðsstjóri ákveður hverju sinni hversu mikið af tækjum og mannafla megi senda með hliðsjón af því að eigin umdæmi sé ekki stofnað í óeðlilega hættu.

Kostnaður við slíka aðstoð telst til brunavarnakostnaðar þess sveitarfélags sem aðstoðar nýtur. Verði ágreiningur um kostnað skal hann ákveðinn af dómkvöddum mönnum. Héraðsdómari í því umdæmi, sem aðstoð veitir, útnefnir matsmenn.

III. KAFLI
Brunavarnir og meðferð eldfimra efna.

18. gr.

Seljanda byggingarefna eða tækja, sem haft geta áhrif á öryggi húss gegn eldi, er skylt að afla nauðsynlegra upplýsinga um brunatæknilega eiginleika þeirra og láta Brunamálastofnun ríkisins þær í té. Slíkar upplýsingar skulu vera frá viðurkenndum og óháðum aðila sem Brunamálastofnun samþykkir. Brunamálastofnun tekur á grundvelli þessara upplýsinga ákvörðun um hvort nota megi efnið (tækið), til hvers og með hvaða skilyrðum.

Brunamálastofnun getur bannað sölu efnis (tækis) sem ekki hefur verið sótt um leyfi fyrir eða fullnægjandi brunatæknilegar upplýsingar fást ekki um. Lögreglu er skylt að aðstoða við slíkar aðgerðir ef þörf krefur.

19. gr.

Eigandi mannvirkis er ábyrgur fyrir því að það fullnægi kröfum um brunavarnir sem fram eru settar í lögum og reglugerðum um byggingar- og brunamál.

Forráðamanni mannvirkis er skylt að sjá til þess að það fullnægi kröfum um brunavarnir fyrir þá starfsemi sem í mannvirkinu fer fram á hverjum tíma.

Eigandi og/eða forráðamaður mannvirkis bera fulla ábyrgð á eigin brunavörnum, að þær séu virkar og því að haft sé reglubundið eftirlit með þeim. Jafnframt er þeim skylt að hlíta fyrirmælum eftirlitsmanna sveitarfélaga og opinberra stofnana um úrbætur sem eiga sér stoð í gildandi lögum og reglugerðum um brunavarnir og brunamál, byggingarmál, öryggismál og hollustuhætti.

Skylt er að láta fara fram brunahönnun fyrir byggingu sem skal fullnægja gr. 1.1.2. í reglugerð nr. 269/1978 um brunavarnir og brunamál og gr. 7.3.2. í byggingarreglugerð nr. 292/1979 þegar um nýbyggingu er að ræða þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta eða þar sem margir starfa, koma saman eða dveljast eða þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í bruna.

Sé um að ræða atvinnuhúsnæði sem þegar er byggt og í rekstri skal brunavarnafulltrúi gera úttekt á brunavörnum þess, m.a. með tilliti til viðvörunar- og slökkvibúnaðar og leggja hana fyrir eiganda og/eða forráðamann og senda hana viðkomandi vátryggingafélögum og Brunamálastofnun ríkisins. Nánar skal kveða á um aðgerðir til brunavarna í slíku húsnæði í reglugerð um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga.

Séu breytingar gerðar á mannvirki eða starfsemi þess breytt er eiganda og/eða forráðamanni skylt að gera viðeigandi ráðstafanir til að kröfum um brunavarnir sé fullnægt fyrir hið breytta mannvirki og/eða hina breyttu starfsemi.

Félagsmálaráðuneytið getur, að fengnum tillögum Brunamálastofnunar ríkisins, lagt svo fyrir að í meiri háttar atvinnuhúsnæði séu gerðar sérstakar ráðstafanir til brunavarna, t.d. með uppsetningu á sérhæfðum búnaði til viðvörunar- og slökkvistarfs og þjálfun tiltekinna starfsmanna í brunavörnum og slökkvistarfi.

Eiganda og/eða forráðamanni mannvirkis ber að leggja til nægilegan mannafla til eftirlits með brunarústum eftir eldsvoða.

20. gr.

Nauðsynlegum búnaði vegna almennra brunavarna má koma fyrir þar sem slíkt telst

nauðsynlegt ef það veldur ekki óeðlilegu tjóni eða óþægindum. Slökkviliðsstjóri skal tilkynna aðila fyrir fram um slíkar aðgerðir.

21. gr.

Fara skal þannig með eld eða eldfim efni að sem allra minnst hætta sé á því að eldsvoði geti af því hlotist.

IV. KAFLI
Tilkynningar um eldsvoða og rannsóknir.

22. gr.

Sá sem verður fyrir brunatjóni eða sé hann ekki viðstaddur þá sá er kemur í hans stað er skyldur að tilkynna brunann hlutaðeigandi vátryggingafélagi, svo og lögreglustjóra, fulltrúa hans, sbr. 15. gr., eða hreppstjóra, svo fljótt sem unnt er.

23. gr.

Rannsóknarlögregla ríkisins skal sjá um að lögreglurannsókn fari fram þegar eftir brunatjón og kveðja til sérfróða menn eftir þörfum. Hún skal tafarlaust tilkynna Brunamálastofnun ríkisins og Rafmagnseftirliti ríkisins um rannsókn sína.

Lögreglurannsóknin skal beinast að því að kanna hver upptök eldsins hafi verið og þróun og útbreiðsla brunans og enn fremur hvernig háttað hafi verið brunahönnun hlutaðeigandi húss, hvernig staðið hafi verið að brunavörnum þess og hvernig slökkvistarfið hafi gengið fyrir sig. Kanna ber síðustu úttektir eldvarnaeftirlits fyrir brunann, hvaða athugasemdir þar hafi verið fram settar og hvernig eftir þeim hafi verið farið.

Sú lögreglurannsókn, sem hér er mælt fyrir um, breytir í engu heimild Brunamálastofnunar og Rafmagnseftirlits til að rannsaka á eigin vegum bruna og brunatjón, enda hafi þessir aðilar við rannsókn sína fullt samráð við Rannsóknarlögreglu ríkisins, m.a. vegna varðveislu verksummerkja eftir brunann sem kunna að hafa rannsóknargildi.

Afrit af gögnum um hverja lögreglurannsókn vegna bruna ber að senda Brunamálastofnun, brunavarnafulltrúa, slökkviliðsstjóra og hlutaðeigandi vátryggingafélögum þegar rannsókn er lokið.

V. KAFLI
Fjármál brunavarna, eldvarnaeftirlits o.fl.

24. gr.

a. Öll tryggingafélög og aðrir, sem annast vátryggingar, skulu árlega innheimta með iðgjöldum sínum sérstakt brunavarnagjald fyrir Brunamálastofnun ríkisins. Brunavarnagjaldið má nema allt að 0,045 prómillum af vátryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár, svo og samsettra vátrygginga sem fela í sér brunatryggingu. Viðlagatrygging skal þó ekki teljast gjaldskyld trygging í þessu efni, né heldur brunatryggingar skipa og flugvéla. Ráðherra ákveður hversu hátt fyrrgreint hlutfall skal vera og setur nánari reglur um innheimtu brunavarnagjaldsins í reglugerð. Þeir aðilar, sem innheimta brunavarnagjaldið, skulu hafa staðið Brunamálastofnun ríkisins skil á gjaldinu innan þriggja mánaða frá innheimtu þess. Endanlegt uppgjör gjaldsins fyrir hvert ár fer fram þegar ársreikningar þeirra aðila, sem annast innheimtu brunavarnagjaldsins, liggja fyrir.

b. Það sem á kann að vanta að framangreindir tekjustofnar nægi til þess að standa undir rekstrinum greiðist úr ríkissjóði.
c. Með sama hætti og segir í a-lið hér að framan skal innheimta sérstakt eldvarnaeftirlitsgjald til að standa straum af launum og launatengdum gjöldum brunavarnafulltrúa, sbr. 4. gr. Eldvarnaeftirlitsgjaldið má nema allt að 0,025 prómillum af sama vátryggingarverðmæti og segir í a-lið. Ráðherra ákveður hversu hátt fyrrgreint hlutfall skal vera og setur nánari reglur um innheimtu eldvarnaeftirlitsgjaldsins í reglugerð. Brunamálastofnun ríkisins skal veita gjaldinu móttöku frá vátryggingafélögunum og skipta því jafnt á milli byggðasamlaganna.
d. Allan annan kostnað en laun og launatengd gjöld brunavarnafulltrúa greiða sveitarfélögin í eftirlitsumdæminu í réttu hlutfalli við verðmæti brunatrygginga í hverju sveitarfélagi.
e. Brunamálastofnun ríkisins er heimilt að semja gjaldskrá og fá hana staðfesta af félagsmálaráðuneytinu. Í slíkri gjaldskrá skal kveðið á um skoðunargjöld og önnur gjöld er stofnunin tekur fyrir veitta þjónustu.

25. gr.

Komið verði á fót sérstökum utanfararsjóði til að styrkja slökkviliðsmenn, eldvarnaeftirlitsmenn, hönnuði mannvirkja og aðra sérfræðinga til náms erlendis, sbr. 3. gr. Sjóðurinn verði í umsjá Brunamálastofnunar ríkisins.

Tryggt verði fjármagn til sjóðsins með þeim hætti að í sjóðinn renni hluti brunavarnagjalds, sbr. a-lið 24. gr. Hlutur utanfararsjóðs má nema allt að 5% brunavarnagjaldsins á hverju ári. Ráðherra ákveður hversu hátt þetta hlutfall skal vera og setur nánari reglur um veitingar á styrkjum úr sjóðnum í reglugerð um hann.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

26. gr.

Slökkviliðsstjóri og brunavarnafulltrúi, hvor á sínu verksviði, hafa eftirlit með því í sínu umdæmi að farið sé eftir lögum þessum og reglugerðum sem settar verða samkvæmt þeim.

Verksvið slökkviliðsstjóra og brunavarnafulltrúa skal skilgreina í reglugerð og er hvor um sig ábyrgur á sínu verksviði.

Slökkviliðsstjóra og brunavarnafulltrúa og eftirlitsmönnum þeirra skal heimil umferð um híbýli manna, vinnustaði og aðra þá staði þar sem eftirlits er þörf.

27. gr.

Nú kemur í ljós að ákvæði laga þessara eða reglugerða samkvæmt þeim eru brotin og skal þá slökkviliðsstjóri eða brunavarnafulltrúi þegar í stað gera ráðstafanir til að úr verði bætt. Þegar svo stendur á og upp kemur ágreiningur milli þeirra og húsráðanda um úrbætur ber slökkviliðsstjóra eða brunavarnafulltrúa tafarlaust að vísa málinu til Brunamálastofnunar ríkisins sem úrskurðar ágreininginn. Slökkviliðsstjóra eða brunavarnafulltrúa ber að leita atbeina lögreglustjóra sé ekki farið að úrskurði stofnunarinnar.

Að fengnu samþykki Brunamálastofnunar ríkisins getur slökkviliðsstjóri eða brunavarnafulltrúi í samráði við lögreglustjóra ákveðið að framkvæmdar verði nauðsynlegar úrbætur á kostnað húsráðanda eða ákveðið dagsektir á hendur honum allt að 0,1% af

brunabótamati hlutaðeigandi byggingar á dag uns úr verður bætt. Dagsektir renni til byggðasamlags um brunavarnir í hlutaðeigandi eldvarnaeftirlitsumdæmi.

Ef almannahætta stafar af því að settum reglum um brunavarnir er ekki fylgt ber slökkviliðsstjóra, brunavarnafulltrúa eða lögreglustjóra að stöðva rekstur í viðkomandi mannvirki og loka því þar til úr hefur verið bætt með fullnægjandi hætti að mati þessara aðila.

28. gr.

Nú telur Brunamálastofnun ríkisins að brotin séu ákvæði laga þessara eða reglugerðar samkvæmt þeim og slökkviliðsstjóri eða brunavarnafulltrúi geri ekki fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta skv. 27. gr. og skal þá Brunamálastofnun benda slökkviliðsstjóra eða brunavarnafulltrúa á misbrestina og hefur stofnunin síðan rétt til að beita þeim heimildum sem slökkviliðsstjóra eða brunavarnafulltrúa eru veittar í þeirri grein ef ekki er úr bætt.

Ef Brunamálastofnun ríksins telur að sveitarstjórn eða stjórn byggðasamlags um brunavarnir gegni ekki skyldu sinni samkvæmt lögum þessum þá er stofnuninni heimilt að láta bæta úr á kostnað sveitarsjóðs eða byggðasamlags.

29. gr.

Um matsgerðir samkvæmt lögum þessum fer að almennum reglum og venjum um möt dómkvaddra matsmanna. Meta skal raunverulegt fjártjón hverju sinni.

30. gr.

Gjöld og dagsektir samkvæmt lögum þessum, svo og kostnað skv. 27. og 28. gr., má innheimta með lögtaki.

31. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Brunamálastofnunar, reglugerðir þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd laga þessara.

32. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerð samkvæmt þeim varða sektum, en varðhaldi eða fangelsi ef sakir eru miklar.

33. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með þeim eru úr gildi numin lög nr. 74 12. maí 1982, um brunavarnir og brunamál.

Við gildistöku laga þessara skal félagsmálaráðherra skipa nýja stjórn Brunamálastofnunar ríkisins í samræmi við 4. mgr. 2. gr. Umboð núverandi stjórnar fellur niður um leið og ráðherra hefur skipað hina nýju stjórn.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í kjölfar stórbrunans að Réttarhálsi 2 í Reykjavík skipaði félagsmálaráðherra 27. janúar 1989 nefnd til að gera heildarúttekt á stöðu brunamála á Íslandi. Nefnd þessi skilaði skýrslu sinni til ráðherra 7. nóv. sama ár.

Í þessari skýrslu komst nefndin m.a. að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir allgóða löggjöf um brunavarnir og brunamál, þegar á heildina væri litið, væri víða að finna veilur í skipulagi brunamála og sérstaklega eldvarnaeftirlits. Athugasemdum og kröfum um úrbætur væri lítt fylgt eftir og upplýsingar um helstu brunatjón væru ófullnægjandi. Þá hafi lokaúttektir á byggingum almennt ekki farið fram.

Tillögur nefndarinnar lúta í fyrsta lagi að auknu forvarnastarfi jafnt á hönnunarstigi sem og á byggingartíma mannvirkja, í öðru lagi að hertu eldvarnaeftirliti eftir að hús hafa verið tekin í notkun og í þriðja lagi að áframhaldandi heildarúttekt á mannvirkjum þar sem ætla má að brunaáhætta sé mest.

Í þriðja kafla áðurgreindrar skýrslu er að finna samantekt þeirra atriða, sem nefndin lagði sérstaka áherslu á í niðurstöðum sínum, ásamt tillögum hennar um breytingar eða úrbætur og vísast nánar um það efni til þess kafla skýrslunnar.

Félagsmálaráðherra ákvað 29. janúar 1990 að fela nefnd að undirbúa framkvæmd á þeim tillögum sem fram komu í ofangreindri skýrslu, m.a. með því að semja drög að frumvarpi til breytinga á lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 74/1982.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er samið af þeirri nefnd, en í henni áttu sæti: Magnús H. Magnússon, fyrrverandi ráðherra, formaður, Hákon Ólafsson byggingarverkfræðingur, Ingi R. Helgason hæstaréttarlögmaður og Þórhildur Líndal, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu. Starfsmaður þeirrar nefndar var Þórir Hilmarsson verkfræðingur.

Nefnd þessi komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að hafa þann hátt á að undirbúa heildstætt frumvarp til laga um brunavarnir og brunamál í stað frumvarps til breytinga á núgildandi lögum um sama efni nr. 74/1982, enda eru lagðar til viðamiklar breytingar á ákvæðum gildandi laga. Sum ákvæði núgildandi laga eru aftur á móti tekin að öllu leyti óbreytt upp í frumvarp þetta og í þeim tilvikum er þess getið í athugasemdum við hlutaðeigandi frumvarpsgrein.

Þá er rétt að geta þess að á vegum nefndarinnar hafa og verið samin drög að tveimur reglugerðum, annars vegar er um að ræða reglugerð um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga og hins vegar reglugerð um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum atvinnuhúsnæðis. Þessi reglugerðardrög fela í sér nánari útfærslu á þeim lagabreytingum sem eru lagðar til með þessu frumvarpi.

Helstu nýmæli, sem er að finna í frumvarpinu, eru þessi:

Lagt er til að tekin verði af öll tvímæli þess efnis að Brunamálastofnun ríkisins fari með yfirumsjón með öllum brunavörnum og brunamálum í landinu og beri ábyrgð á þeim gagnvart félagsmálaráðherra.

Þá er enn fremur lagt til að ráðherra skipi brunamálastjóra að fengnum tillögum stjórnar Brunamálastofnunar ríkisins og gert er ráð fyrir að hann annist daglegan rekstur stofnunarinnar í umboði stjórnarinnar en hún beri ábyrgð gagnvart ráðherra.

Lagt er til að fjölgað verði um tvo fulltrúa í stjórn Brunamálastofnunar ríkisins, þeir verði fimm í stað þriggja eins og nú er. Annar þessara fulltrúa verði skipaður samkvæmt tilnefningu Verkfræðingafélags Íslands en hinn verði skipaður af ráðherra án tilnefningar.

Lagt er til að ákvæði um verkefni Brunamálastofnunar ríkisins verði gerð skýrari og um leið markvissari.

Lagt er til að öllu landinu verði skipt í eldvarnaeftirlitsumdæmi og að sveitarfélögin í hverju slíku umdæmi stofni með sér byggðasamlag um brunavarnir. Nýtt embætti á vegum sveitarfélaganna/byggðasamlaganna verði stofnað, þ.e. embætti brunavarnafull-

trúa, sem hafi á hendi stjórn almennra brunavarna og opinbers eldvarnaeftirlits í umdæminu. Þá er og lagt til að innheimt skuli sérstakt eldvarnaeftirlitsgjald til að standa straum af launum og launatengdum gjöldum brunavarnafulltrúa.

Lagt er til að ábyrgð eigenda og/eða forráðamanna atvinnuhúsnæðis verði aukin varðandi brunavarnir og eftirlit með þeim.

Lagt er til að Rannsóknarlögregla ríkisins annist lögreglurannsókn eftir brunatjón og kveðji til sérfróða menn, þegar þess er talin þörf, og að rannsóknin skuli beinast að fleiri þáttum en nú er mælt fyrir um.

Þá er lagt til að komið verði á fót sérstökum utanfararsjóði til að styrkja menn, er starfa að brunavörnum og brunamálum, til náms erlendis.

Um nánari skýringar á þessum tillögum vísast til athugasemda þeirra, sem hér fara á eftir, um hverja einstaka frumvarpsgrein.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er óbreytt frá núgildandi lögum nr. 74/1982 og þarfnast varla sérstakra skýringa. Rétt er þó að taka fram að brunavarnir í skipum og flugvélum heyra undir samgönguráðuneytið.

Um 2. gr.

Í núgildandi lögum eru ákvæði óljós um hlutverk Brunamálastofnunar ríkisins og verksvið æðstu yfirmanna hennar. Á einum stað er verkefni talið heyra undir stjórn stofnunarinnar, á öðrum stað er verkefni talið í verkahring brunamálastjóra og á þriðja staðnum fellur verkefni undir Brunamálastofnunina sjálfa og þá ekki ljóst hvort það heyrir undir stjórn eða brunamálastjóra. Þessi ákvæði hafa valdið togstreitu innan stofnunarinnar og hamlað mjög samstarfi stjórnenda.

Úr þessu er bætt með skýrum hætti í þessari grein frumvarpsins.

Í fyrsta lagi eru meginverkefni Brunamálastofnunar skilgreind á glöggan hátt, en þau eru einkum þrenns konar. Er sá lagagrundvöllur lagður með hliðsjón af 1. gr. lagafrumvarpsins og hann síðan útfærður nánar í 3. gr. frumvarpsins. Þessi meginverksvið eru:

— Að hafa á hendi yfirumsjón með öllum brunavörnum og brunamálum í landinu í umboði félagsmálaráðherra.
— Að fylgjast með ástandi brunamála og gera sjálfstæðar athuganir og úttektir í því skyni.
— Að hlutast til um að lögum og reglugerðum um brunavarnir og brunamál sé framfylgt.

Í öðru lagi er lagt til að stjórn Brunamálastofnunar sé æðsta stjórnvald hennar, en á því leikur vafi samkvæmt núgildandi ákvæði þar sem segir, að stjórnin „skuli hafa eftirlit með rekstri og starfsemi stofnunarinnar". Í þessu skyni er stjórnin styrkt faglega og skipulagslega. Í stað þriggja stjórnarmanna, sem nú er, skal skipa fimm manna stjórn. Til að styrkja tengslin við ráðuneytið beint skal ráðherra skipa formann stjórnar án tilnefningar og á faglega sviðinu er lagt til að hönnuðir mannvirkja tilnefni mann í stjórnina. Aðrir tilnefningaraðilar verða það áfram.

Í þriðja lagi eru ákvæði um, að brunamálastjóri sé eins og áður skipaður af ráðherra en sjái um daglegan rekstur í umboði stjórnar. Samkvæmt þessum ákvæðum er brunamálastjóri æðsti embættismaður brunamála í landinu, kemur fram fyrir hönd Brunamála-

stofnunar ríkisins í öllum verkefnum hennar og í umboði stjórnar sem svo er ábyrg gagnvart ráðherra. Talið er eðlilegt við ráðningu starfsmanna að haft sé samráð við stjórn stofnunarinnar.

Í öðrum greinum þessa frumvarps eru ákvæði um verkaskiptingu samræmd þessari grein og verkefnin færð beint yfir á stofnunina sjálfa.

Um 3. gr.

Í greininni eru helstu verkefni Brunamálastofnunar ríkisins nánar tilgreind, auk þess sem fram kemur í 2. gr. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða, heldur eru tilgreindir þeir málaflokkar og þau markmið sem brunamálastjóra og stjórn stofnunarinnar ber að hafa í huga og leggja áherslu á í daglegum rekstri hennar.

Liðir a, d, f, g, i og j eru efnislega óbreyttir frá núgildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Í b-lið er það ákvæði núgildandi laga að Brunamálastofnun veiti þeim er sinna eldvarnaeftirliti, tækniaðstoð og leiðbeiningu efnislega óbreytt. Til viðbótar er skýrt kveðið á um að stofnunin hafi yfirumsjón með eldvarnaeftirliti í landinu hvort sem er opinbert eldvarnaeftirlit á vegum sveitarfélaga eða eldvarnaeftirlit á vegum eigenda og/eða forráðamanna atvinnuhúsnæðis.

Þá er að finna nýmæli um brunavarnafulltrúa og þýðingarmikið hlutverk hans og vísast um það efni til athugasemda um 4. gr.

Í c-lið er ákvæði núgildandi laga varðandi yfirferð teikninga efnislega óbreytt. Aftur á móti er sett inn nýtt ákvæði varðandi brunavarnir og brunahönnun í atvinnuhúsnæði. Núgildandi brunamálareglugerð, reglugerð nr. 269/1978 um brunavarnir og brunamál, er komin til ára sinna og var á sínum tíma svo til bein þýðing tiltekins kafla í danskri byggingarreglugerð (6. kafla í Bygningsreglement 1977). Í Danmörku er rekstri brunamála öðruvísi háttað en hér á landi. T.d. eru engin sérákvæði í hinni dönsku fyrirmynd er sérstaklega varða kröfur um brunavarnir í iðnaðar- og framleiðsluhúsnæði, nema fyrir einnar hæðar iðnaðar- og geymsluhúsnæði þar sem brunaálag er takmarkað eða minna en 400 MJ/m^2 gólfs, sbr. 15. kafla í hinni íslensku brunamálareglugerð. Þetta gerir það að verkum að mikil vöntun er á reglum og leiðbeiningum um brunavarnir stórra iðnaðar- og framleiðslufyrirtækja. Það er óviðunandi ástand sem þessu nýja lagaákvæði er ætlað að ráða bót á.

Í e-lið eru ákvæðin efnislega samhljóða ákvæðum núgildandi laga, að öðru leyti en því að bætt hefur verið inn orðinu „eldvarnaeftirlitsmenn". Lögð er áhersla á að menntun fari fram bæði hér á landi sem og erlendis, sbr. og 25. gr. Með sérstöku bréfi til félagsmálaráðherra hefur nefnd sú, sem vann frumvarp þetta, enn fremur lagt fram tillögur til eflingar fræðslu- og þjálfunardeild Brunamálastofnunar.

Í h-lið er fastar kveðið á um skýrslugerð um eldsvoða en í núgildandi lögum. Þessu verkefni hefur lítið verið sinnt af Brunamálastofnun. Með því að leggja til að samstarf Brunamálastofnunar og vátryggingafélaga í þessu efni verði lögbundið er stuðlað að því tryggt sé að þessu mikilvæga verkefni verði sinnt sem skyldi.

Um 4. gr.

Tilfinnanlega hefur vantað reglugerðir um eldvarnaeftirlit á Íslandi og reynslan krefst þess að úr þessu verði bætt. Samhliða undirbúningi lagafrumvarps þessa hafa drög að reglugerðum verið samdar og lagðar fyrir ráðherra. Önnur er um opinbert eldvarnaeftir-

lit á vegum sveitarfélaga en hin um eigið eldvarnaeftirlit eigenda og forráðamanna atvinnuhúsnæðis. Nánar um efni þetta vísast til ofangreindra reglugerðardraga.

Lagagrundvöllur fyrir báðar þessar reglugerðir, sem í þessu frumvarpi er lagður, hér í 4. gr. og 19. gr., er meðal merkari nýmæla frumvarpsins.

Kveðið er á um að landinu verði skipt í eldvarnaeftirlitsumdæmi og að sveitarfélögin í hverju slíku umdæmi stofni með sér byggðasamlag um brunavarnir. Nýtt embætti á vegum sveitarfélaganna/byggðasamlaganna verði stofnað í hverju umdæmi, þ.e. embætti brunavarnafulltrúa sem hafi á hendi stjórn fyrirbyggjandi brunavarna og opinbers eldvarnaeftirlits í umdæminu. Varðandi kostnað er vísað til 24. gr.

Einnig er í greininni kveðið á um hvernig staðið skuli að ráðningu eldvarnaeftirlitsmanna og hvernig fara skuli með ágreining sem upp kann að koma varðandi ályktun stjórnar byggðasamlags (brunavarnafulltrúa).

Ákvæði þessarar greinar um skiptingu landsins í eldvarnaeftirlitsumdæmi og stofnun embættis brunavarnafulltrúa eru nýmæli. Tilgangurinn er að stórefla eldvarnaeftirlitið í landinu og stemma stigu við sívaxandi brunatjónum, eins og þróunin hefur verið á síðustu árum.

Um 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í flestum atriðum efnislega óbreytt frá núgildandi lögum og þarfnast varla skýringa nema mun fastar er kveðið á um kröfur varðandi vatn til slökkvistarfs.

Nýmæli er að sveitarfélögum og skipulagsyfirvöldum er gert skylt að taka fullt tillit til getu slökkviliðs (tækjabúnaðar og mannafla) og aðstöðu til öflunar slökkvivatns fyrir slökkviliðið og einnig fyrir svonefnd vatnsúðakerfi (sprinkler) þegar staðsetja skal meiri háttar byggingar í byggðarlaginu. Með „meiri háttar byggingu" er hér átt við stóra og verðmæta byggingu og innbú. Dæmi um meiri háttar byggingu er Gúmmívinnustofan að Réttarhálsi 2 í Reykjavík.

Um 6. gr.

Ákvæði núgildandi laga um skipun stjórnenda slökkviliðs, slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra og umsjón þeirra með tækjum slökkviliðs og brunahönum vatnsveitu er óbreytt frá núgildandi lögum.

Nýmæli er í greininni að lagt er til að lögfest verði bann við notkun tækja og búnaðar slökkviliðs til annars en björgunar- og slökkvistarfs nema um sérstaka almannahættu sé að ræða, t.d. af völdum vatnsflóða eða fárviðris. Þetta ákvæði er sett inn að marggefnu tilefni og er talið sjálfsagt og nauðsynlegt með tilliti til öryggissjónarmiða.

Um 7. gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega óbreytt frá núgildandi lögum, að öðru leyti en því að fellt er niður ákvæðið um allt að 20 klst. æfingaskyldu þar sem framkvæmdin hefur sýnt að ákvæðið er óþarft.

Um 8. gr.

Ákvæði greinarinnar eru óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 9. gr.

Ákvæði greinarinnar eru óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 10. gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 11. gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 12. gr.

Ákvæði greinarinnar eru óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 13. gr.

Ákvæði greinarinnar eru óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 14. gr.

Ákvæði greinarinnar eru óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 15. gr.

Ákvæði greinarinnar eru óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 16. gr.

Ákvæði greinarinnar eru óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 17. gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 18. gr.

Ákvæði núgildandi laga um kynditæki eru felld niður. Í staðinn er kveðið á um upplýsingaskyldu seljenda byggingarefna og tækja um brunatæknilega eiginleika þeirra og vald Brunamálastofnunar til að kveða á um notkun þeirra. Þessu verkefni sinnir Brunamálastofnun, en æskilegt er að það eigi sér skýra stoð í lögum. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 19. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er ætlunin sú að móta lagagrundvöll fyrir reglugerð um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í atvinnuhúsnæði. Brýna nauðsyn ber til að setja reglur um skyldur eigenda húsa og annarra mannvirkja í landinu varðandi forvarnir, brunavarnir og eftirlit með þeim samhliða opinberu eldvarnaeftirliti sveitarfélaganna sem um ræðir í 4. gr.

Í þessari grein eru sett fram ýmis nýmæli og ítarlegri ákvæði um brunavarnir bygginga, bæði nýbygginga og eldri mannvirkja, sem hér á eftir verður nánar skýrt.

Kveðið er á um að eigandi mannvirkis sé ábyrgur fyrir því að það fullnægi kröfum um brunavarnir fyrir bygginguna sem slíka, en forráðamanni (notanda) sé skylt að sjá til þess að það fullnægi kröfum um brunavarnir fyrir þá starfsemi sem fram fer á hverjum tíma. Sameiginlega og hvor fyrir sig beri þessir aðilar ábyrgð á eigin brunavörnum og að

haft sé reglubundið eftirlit með þeim. Jafnframt sé þeim skylt að hlíta fyrirmælum opinberra aðila um brunavarnir sem eigi sér stoð í gildandi lögum og reglugerðum. Samhliða gerð þessa lagafrumvarps voru samin drög að reglugerð um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna atvinnuhúsnæðis.

Kveðið er á um að brunahönnun skuli fara fram fyrir nýbyggingar í samræmi við gildandi reglugerðir þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta eða þar sem margir starfa, koma saman eða dveljast eða þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í bruna.

Sérstök ákvæði eru sett inn varðandi atvinnuhúsnæði sem þegar er byggt og í rekstri. Lagt er til að brunavarnafulltrúar geri úttekt á brunavörnum atvinnuhúsnæðis hver í sínu umdæmi og leggi hana fyrir hlutaðeigandi eiganda, forráðamann, vátryggingafélag og Brunamálastofnun ríkisins. Í reglugerð skal kveða á um aðgerðir til brunavarna í slíku húsnæði og er sérstök áhersla lögð á uppsetningu sjálfvirkra brunaviðvörunarkerfa þar sem slíkt hentar.

Ákvæði er sett inn varðandi öll mannvirki hvort sem er atvinnuhúsnæði eða ekki ef breytingar eru á því gerðar eða starfsemi í því breytt. Þá skal mannvirkið í heild sinni fullnægja kröfum laga og reglugerða um brunavarnir eftir breytinguna og þá starfsemi sem þar fer fram. Þetta ákvæði er mikilvægt til að ná fram úrbótum á eldri húsum og öðrum mannvirkjum.

Að hluta til eru ákvæði greinarinnar í núgildandi lögum óbreytt, þ.e. varðandi þá skyldu eigenda eða forráðamanna fasteignar eða annars mannvirkis að leggja til nægilegan mannafla til eftirlits með brunarústum eftir eldsvoða og þá heimild félagsmálaráðuneytisins, að fengnum tillögum Brunamálastofnunar, að mæla fyrir um sérstakar brunavarnir í stærri fyrirtækjum og þjálfun tiltekinna starfsmanna í slökkvistarfi.

Um 20. gr.

Ákvæði greinarinnar eru óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 21. gr.

Ákvæði greinarinnar eru óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 22. gr.

Ákvæði greinarinnar eru óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 23. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að Rannsóknarlögregla ríksins, í stað lögreglustjóra, skuli sjá um að lögregluranns6kn fari fram þegar eftir brunatjón.

Það nýmæli er síðan í greininni að Rannsóknarlögregla ríkisins skuli kveðja sérfróða menn til rannsóknarinnar eftir þörfum í stað þess að Brunamálastofnun tilnefni þá. Aftur á móti skal Rannsóknarlögreglan tafarlaust tilkynna Brunamálastofnun ríkisins og Rafmagnseftirliti ríkisins um rannsókn sína. Hafa þessir aðilar eftir sem áður heimild til að rannsaka brunann á eigin vegum, þó að höfðu samráði við rannsóknaraðila ef lögregluranns6kn er í gangi til að raska ekki þeim ummerkjum eftir brunann sem kunna að hafa rannsóknargildi.

Sú skylda er jafnframt sett á Rannsóknarlögreglu ríkisins að rannsóknin beinist ekki einungis eða aðallega að upptökum elds og almannahættu, heldur einnig að ýmsum öðrum og veigamiklum þáttum, eins og fram kemur í greininni.

Ljóst er að Rannsóknarlögregla ríkisins þarf með tilkomu þessa ákvæðis að efla starfsemi sína á sviði brunarannsókna.

Um 24. gr.

Nýmæli er að finna í c-lið greinarinnar þar sem kveðið er á um innheimtu sérstaks eldvarnaeftirlitsgjalds. Eldvarnaeftirlitsgjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði vegna launa og launatengdra gjalda brunavarnafulltrúa, en annar kostnaður greiðist í samræmi við ákvæði d-liðar.

Gjald þetta skal ákveðið með reglugerð sem félagsmálaráðherra setur og má nema allt að 0,025 prómillum af vátryggingaverðmætum þeim sem um getur í a-lið.

Lagt er til að vátryggingafélögin annist innheimtu þessa gjalds, en Brunamálastofnun ríkisins skipti því jafnt á milli eftirlitsumdæmanna, sbr. drög að reglugerð um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga.

Ákvæði samhljóða efni a-, b- og e-liða er að finna í núgildandi 24. gr.

Um 25. gr.

Ákvæði greinarinnar um sérstakan utanfararsjóð, sem verði í umsjá Brunamálastofnunar og starfi samkvæmt reglugerð sem félagsmálaráðherra setur um sjóðinn, er nýmæli.

Fræðsla og þjálfun slökkviliðs- og eldvarnaeftirlitsmanna í brunavörnum og björgunar- og slökkvistarfi, menntunarmál stjórnenda og annarra yfirmanna í slökkviliðum og fræðsla um fyrirbyggjandi brunavarnir og brunahönnun bygginga fyrir hönnuði í mannvirkjagerð eru veigamiklir þættir í starfsemi Brunamálastofnunar ríkisins sem efla þarf til muna frá því sem nú er.

Erlendis, t.d. hjá frændþjóðum okkar á Norðurlöndum, eru þessi mál í allt öðrum farvegi. Þar eru starfræktir skólar fyrir slökkviliðsmenn og eldvarnaeftirlitsmenn og þar eru brunafræði sjálfsagður hluti menntakerfisins, allt upp í háskóla þessara landa.

Þar til hagkvæmt kann að þykja að stofna brunamálaskóla hér á landi kemur utanfararsjóður að miklu gagni. Unnt verður að senda menn til þjálfunar og náms erlendis og til að fylgjast með nýjungum í brunavörnum. Það getur orðið mikil lyftistöng fyrir brunavarnir á Íslandi og mun tvímælalaust leiða til þess að úr brunatjónum dragi þegar til langs tíma er litið.

Lauslega áætlað má gera ráð fyrir að tekjur sjóðsins samkvæmt þessari grein geti numið allt að þremur milljónum króna miðað við árið 1991 ef heimildin er nýtt að fullu sem er á valdi ráðherra.

Um 26. gr. (25. gr. í fyrri lögum).

Vegna tilkomu embættis brunavarnafulltrúa er í greininni kveðið á um skiptingu verkefna og ábyrgðar milli slökkviliðsstjóra og brunavarnafulltrúa sem skilgreina skal nánar í reglugerð. Í drögum að reglugerð um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga liggja fyrir tillögur í þessu efni (4. kafli reglugerðarinnar).

Lagt er til að brunavarnafulltrúi verði yfirmaður eldvarnaeftirlits á sínu svæði. Hann skipuleggi eftirlitið og stýri og/eða annist framkvæmd þess í umboði viðkomandi byggðasamlags og meginverkefni hans verði að sinna fyrirbyggjandi brunavarnastarfi. Slökkvi-

liðsstjóri sé eftir sem áður stjórnandi slökkviliðsins og meginverkefni hans verði að sinna björgunar- og slökkvistarfi. Hér á eftir verður verksvið þeirra nánar skilgreint.

Verksvið brunavarnafulltrúa er m.a. eftirfarandi:

(1) Að annast eða hafa umsjón með eldvarnaeftirliti á sínu svæði.
(2) Að sjá um að aðaluppdrættir af nýjum húsum og öðrum mannvirkjum eða breytingar á þeim hljóti ekki samþykki í byggingarnefnd nema þeir séu í fullu samræmi við gildandi lög og reglugerðir um brunavarnir og brunamál.
(3) Að fylgjast með því í samvinnu við byggingarfulltrúa að farið sé eftir teikningum að því er varðar ákvæði um eldvarnir við smíði húss meðan á byggingartíma stendur.
(4) Að sjá um í samvinnu við byggingarfulltrúa að byggingar séu ekki teknar í notkun nema fullnægt sé ákvæðum gr. 1.1.7. í brunamálareglugerð og annarra gildandi reglugerða um brunavarnir og brunamál. Brunavarnafulltrúi yfirtekur skyldur slökkviliðsstjóra og gengur inn í þá réttarstöðu sem hann nú hefur samkvæmt ofannefndri gr. 1.1.7. varðandi lokaúttekt á húsum og útgáfu vottorðs um heimild til notkunar.
(5) Að vera hönnuðum til ráðgjafar varðandi brunahönnun bygginga sem staðsettar eru á eftirlitssvæði hans.

Verksvið slökkviliðsstjóra (slökkviliða) er m.a. eftirfarandi:

(1) Að hafa eftirlit með því að húsnæði, tækjakostur og mannafli slökkviliðsins, svo og öryggisbúnaður og hlífðarfatnaður slökkviliðsmanna, fullnægi lágmarkskröfum reglugerða eða kröfum sem Brunamálastofnun ríkisins kann að gera til slökkviliðsins um sérstakan búnað, tæki eða hlífðarfatnað. Slökkviliðsstjóri skal upplýsa sveitarstjórn og Brunamálastofnun ríkisins um ástand þessara mála og gera tafarlaust kröfur til sveitarstjórnar um úrbætur jafnharðan og þeirra er þörf.
(2) Að sjá til þess að slökkviliðsmenn, hvort sem eru stjórnendur eða almennir slökkviliðsmenn, fái haldgóða fræðslu um brunavarnir og brunamál og fullnægjandi þjálfun í björgunar- og slökkvistarfi.
(3) Að sjá til þess að búnaður og tæki slökkviliðsins sé ætíð í fullkomnu lagi og vel við haldið og fylgjast með því að vatnsból og vatnsveitukerfi séu fullnægjandi með tilliti til slökkvistarfs og brunahanar henti aðstæðum og séu virkir.
(4) Að annast almenna sjúkraflutninga ef sveitarstjórn óskar eftir slíkri tilhögun. Skal þá gera um málið sérstakan samning sem ráðherra staðfestir að fenginni umsögn Brunamálastofnunar ríkisins.
(5) Að aðstoða við björgun á fólki vegna umferðarslysa eða slysa við flutninga og aðra meðhöndlun á hættulegum efnum, t.d. eitruðum eða sprengifimum efnum. Ber að hafa samráð við dómsmálaráðuneyti, Vinnueftirlit ríkisins, Hollustuvernd ríkisins og Brunamálastofnun ríkisins og aðra er málið kann að varða þar sem m.a. skal taka fullt tillit til öryggis slökkviliðsmanna við þess háttar störf.
(6) Að sitja fundi byggingarnefndar sem varamaður brunavarnafulltrúa í forföllum hans eða ásamt brunavarnafulltrúa þegar hann óskar þess. Einnig hefur slökkviliðsstjóri rétt til fundarsetu í byggingarnefnd með tillögurétti og málfrelsi þegar málefni er varða slökkviliðið eru þar til umræðu og/eða afgreiðslu.
(7) Að gera slökkvi- og björgunaráætlanir fyrir stórar brunaáhættur í umdæminu og

framkvæma m.a. nauðsynlegar húsaskoðanir í því tilliti. Halda skal æfingar með slökkviliðinu í samræmi við þessar áætlanir a.m.k. einu sinni á hverjum tveimur árum og oftar ef brunavarnafulltrúi eða sveitarstjórn telja sérstaka þörf á því.

(8) Að fylgjast með því að rýmingarleiðir í húsum, þar sem margt fólk kemur saman eða dvelur, séu ætíð í samræmi við ýtrustu kröfur í lögum og reglugerðum. Skal slökkviliðsstjóri hafa fullt samráð við brunavarnafulltrúa um tilhögun eftirlits með rýmingarleiðum.

Að öðru leyti er greinin efnislega óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 27. gr. (26. gr. í núgildandi lögum).

Ákvæði greinarinnar eru í öllum meginatriðum efnislega óbreytt frá núgildandi lögum nema er varðar skiptingu verkefna og ábyrgðar milli slökkviliðsstjóra og brunavarnafulltrúa, sbr. 26. gr. Þó eru tvö nýmæli í greininni sem ástæða er til að benda á.

Hið fyrra er að dagsektir skulu renna til hlutaðeigandi byggðasamlags um brunavarnir (eldvarnaeftirlitsumdæmis) í stað þess að renna í ríkissjóð. Þetta er gert þar sem eðlilegt er talið að sektagreiðslur sem þessar nýtist til að efla brunavarnir í umdæminu.

Hið síðara er að fastar er kveðið á um stöðvun á rekstri og lokun mannvirkja ef almannahætta stafar af því að reglum um brunavarnir er ekki fylgt. Í stað þess að hlutaðeigandi lögreglu- og brunamálayfirvöld hafi einungis heimild til rekstrarstöðvunar og lokunar er nú kveðið á um að þeim beri að gera það. Af slæmri reynslu þykir rétt að gera þetta að skyldu í stað heimildar.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 28. gr. (27. gr. í núgildandi lögum).

Ákvæði greinarinnar eru efnislega óbreytt frá núgildandi lögum nema hvað varðar skiptingu verkefna og ábyrgðar milli slökkviliðsstjóra og brunavarnafulltrúa. Einnig er greinin aðlöguð nýjum stjórnunarháttum í Brunamálastofnun ríkisins, sbr. 2. gr.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 29. gr.

Óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 30. gr.

Óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 31. gr. (28. gr. í núgildandi lögum).

Efnislega óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 32. gr. (31. gr. í núgildandi lögum).

Óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 33. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 836. Nefndarálit [229. mál]

um frv. til l. um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990.

Frá minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin fékk á sinn fund fulltrúa VSÍ, Vinnumálasambands samvinnufélaga og ASÍ, eins og nánar er gerð grein fyrir í áliti meiri hl. nefndarinnar. Fulltrúar Alþýðusambands Íslands lögðu áherslu á að þörf væri á að skoða löggjöf um atvinnuleysistryggingar heildstætt og þá í samráði og í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, enda hafa málefni atvinnuleysistrygginga löngum tilheyrt efnisþáttum kjarasamninga. Fulltrúar ASÍ töldu því eðlilegast að taka öll mál varðandi atvinnuleysistryggingar til meðferðar í einu. Ríkisstjórnin hefur heitið því að tekið verði á þessum málum í sambandi við upptöku tryggingagjalds þar sem allir launþegar greiða sinn hluta til atvinnuleysistrygginga og ættu þar af leiðandi að fá rétt til þeirra. Í meðferð ríkisstjórnarinnar á máli þessu ætti einnig að taka sérstakt tillit til stöðu einyrkja atvinnurekenda þannig að þeir fengju rétt til atvinnuleysistrygginga enda greiði þeir sinn hlut til þeirra. Með tilliti til þessa leggur minni hl. nefndarinnar til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 7. mars 1991.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm. Geir Gunnarsson.

Nd. 837. Frumvarp til laga [28. mál]

um mannanöfn.

(Eftir 2. umr. í Nd., 7. mars.)

I. KAFLI

Eiginnöfn.

1. gr.

Hverju barni skal gefa eiginnafn eða nöfn, þó ekki fleiri en þrjú.

Þeir sem fara með forsjá barns hafa bæði rétt og skyldu til að gefa því eiginnafn, eftir því sem greinir í lögum þessum.

2. gr.

Eiginnafn skal vera íslenskt eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Það má ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi. Eiginnafn má ekki heldur vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama.

Hvorki má gefa stúlku karlmannsnafn né dreng kvenmannsnafn.

Óheimilt er að gefa barni ættarnafn sem eiginnafn nema hefð sé fyrir því nafni.

Heimilt er að gefa barni millinafn þó svo að ekki eigi við að nota það sem eiginnafn að dómi mannanafnanefndar.

Eigin- og millinöfn hvers barns skulu ekki vera fleiri en þrjú.

3. gr.

Mannanafnanefnd skv. 17. gr. skal til viðmiðunar við nafngjafir semja skrá um þau eiginnöfn sem heimil teljast skv. 2. gr. og er hún nefnd mannanafnaskrá í lögum þessum. Hagstofa Íslands gefur skrána út, kynnir hana og gerir aðgengilega almenningi og sendir hana öllum sóknarprestum og forstöðumönnum skráðra trúfélaga. Skrána skal endurskoða eftir því sem þörf er á en hún skal gefin út í heild eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

4. gr.

Barn getur öðlast nafn við skírn í Þjóðkirkjunni eða í skráðu trúfélagi eða með tilkynningu um nafngjöf til Hagstofu Íslands, Þjóðskrár, prests eða forstöðumanns skráðs trúfélags.

Skylt er að gefa barni nafn innan sex mánaða frá fæðingu þess.

5. gr.

Eigi að gefa barni nafn við skírn sem prestur Þjóðkirkjunnar, forstöðumaður eða prestur skráðs trúfélags á að annast skal forsjármaður þess skýra þeim, um leið og skírnar er óskað, frá nafni því eða nöfnum sem barnið á að hljóta. Sé nafn, sem barn á að hljóta, ekki á mannanafnaskrá skal prestur eða forstöðumaður trúfélags ekki samþykkja það að svo stöddu né gefa það við skírn heldur skal málið borið undir mannanafnanefnd.

Hafi barn verið skírt skemmri skírn má, þegar skírn er lýst eða hún tilkynnt skv. 1. mgr. 4. gr., gefa barni nýtt nafn í stað þess sem því var áður gefið eða annað nafn til viðbótar áður gefnu nafni.

Berist Þjóðskrá tilkynning um eiginnafn, sem er ekki á mannanafnaskrá, skal það ekki skráð að svo stöddu heldur skal málinu skotið til mannanafnanefndar.

6. gr.

Mannanafnanefnd kveður upp úrskurði í þeim málum sem til hennar er vísað skv. 5. gr. Úrskurðir skulu kveðnir upp svo fljótt sem við verður komið og ekki síðar en innan tveggja vikna frá því mál barst nefndinni. Ef felldur er synjunarúrskurður skal forsjármaður barns velja því annað eiginnafn. Skal nafn þá ekki fært á þjóðskrá fyrr en barninu hefur verið gefið eiginnafn sem er á mannanafnaskrá eða mannanafnanefnd samþykkir, sbr. enn fremur ákvæði til bráðabirgða II.

7. gr.

Hafi barni verið gefið eitt nafn við skírn eða með tilkynningu skv. 1. mgr. 4. gr. er forsjármönnum þess heimilt að gefa því annað eiginnafn til viðbótar áður gefnu nafni. Þetta skal gert með tilkynningu til Þjóðskrár eigi síðar en sex mánuðum eftir að frestur til nafngjafar rann út, sbr. 2. mgr. 4. gr.

Hafi barni verið gefið eitt nafn eða tvö við skírn eða með tilkynningu skv. 1. mgr. 4. gr. er dómsmálaráðuneyti heimilt að leyfa að eiginnafni/nöfnum barnsins sé breytt, enda sé ósk borin fram um það af forsjármönnum barnsins eigi síðar en sex mánuðum eftir að frestur til nafngjafar rann út, sbr. 2. mgr. 4. gr.

Dómsmálaráðuneyti er heimilt að leyfa manni nafnbreytingu, þar með talið að taka annað eiginnafn til viðbótar því sem hann ber, ef telja verður að gildar ástæður mæli með því. Beri forsjármaður barns fram ósk um breytingu á nafni þess samkvæmt þessari eða 2. mgr. og hafi orðið breyting á forsjánni frá því barninu var gefið nafn skal, ef unnt er, leita samþykkis þess foreldris sem með forsjána fór við fyrri nafngjöf áður en ákvörðun er tekin um nafnbreytingu. Þótt samþykki þess foreldris liggi ekki fyrir getur ráðuneytið engu að síður heimilað nafnbreytingu ef hagsmunir barns eða sérstakar ástæður mæla með því. Breytingar samkvæmt þessari málsgrein má aðeins heimila einu sinni nema sérstaklega standi á.

Sé barn ættleitt eftir að því var gefið nafn má í ættleiðingarbréfi gefa því nýtt eiginnafn í stað hins fyrra eða til viðbótar einu nafni sem það hefur áður hlotið. Sú ákvörðun skal jafnan háð samþykki barnsins sjálfs sé þess kostur.

Það er skilyrði viðbótarnafngjafar og nafnbreytingar skv. 1.–4. mgr. að hin nýju nöfn séu á mannanafnaskrá eða samþykkt af mannanafnanefnd. Nafnbreyting barns samkvæmt þessari grein er enn fremur háð því skilyrði að séu forsjármenn þess tveir undirriti þeir báðir beiðni um nafnbreytinguna.

8. gr.

Ákvæði 1. og 2. gr. taka ekki til barns, sem fætt er hér á landi, ef bæði faðir og móðir skilgetins barns, eða móðir óskilgetins barns, hafa erlent ríkisfang.

Sé annað foreldri barns erlendur ríkisborgari eða hafi verið það er heimilt að barninu sé gefið erlent nafn sem eitt af eiginnöfnum þess. Heimild þessi er háð þeim skilyrðum að hið íslenska eiginnafn barnsins fullnægi ákvæðum 2. gr. og að unnt sé að sýna fram á að hið erlenda nafn sé gjaldgengt í heimalandi hins erlenda foreldris þess.

II. KAFLI
Kenninöfn.

9. gr.

Hver maður, sem hefur ekki ættarnafn, sbr. 2. mgr., skal kenna sig til föður eða móður þannig að á eftir eiginnafni eða eiginnöfnum komi nafn föður eða móður í eignarfalli, að viðbættu orðinu son ef karlmaður er, en dóttir ef kvenmaður er.

Íslenskir ríkisborgarar, sem samkvæmt þjóðskrá bera ættarnöfn við gildistöku þessara laga, mega bera þau áfram. Sama gildir um niðja þeirra hvort heldur er í karllegg eða kvenlegg.

Ekki er manni heimilt að bera fleiri en eitt kenninafn, sbr. þó 2. mgr.

Óheimilt er að taka upp nýtt ættarnafn hér á landi.

10. gr.

Erlendur ríkisborgari má taka upp kenninafn íslensks maka síns og halda því áfram eftir að hann eða hún öðlast íslenskt ríkisfang. Ekki tekur þetta til niðja slíkra hjóna.

Gift kona, sem við gildistöku þessara laga er kennd til föður eða móður eiginmanns síns á þjóðskrá, má gera það áfram.

11. gr.

Barn erlends manns og íslenskrar konu má bera ættarnafn föður síns, kenna sig til móður sinnar eða hafa ættarnafn hennar ef til er. Þá er og heimilt, að fengnu samþykki mannanafnanefndar, að barnið beri íslenskt kenninafn sem lagað er að hinu erlenda eiginnafni föðurins.

12. gr.

Ófeðrað barn skal kennt til móður sinnar, föður hennar eða fá ættarnafn móður sinnar ef til er. Gangi móðir barnsins í hjónaband má kenna barnið til stjúpföður síns.

Heimilt er með leyfi dómsmálaráðuneytis að feðrað barn sé kennt til stjúpforeldris. Beiðni um breytingu á kenninafni skal undirrituð af kynforeldri, sem fer með forsjá barnsins, og stjúpforeldri. Leita skal samþykkis þess kynforeldris sem ekki fer með forsjá barnins ef unnt er áður en ákvörðun er tekin um slíkt leyfi. Nú er kynforeldri ekki samþykkt breytingu á kenninafni og getur dómsmálaráðuneyti þá engu að síður leyft breytinguna ef sérstaklega stendur á og talið verður að breytingin sé barninu til verulegs hagræðis.

Þegar barn er ættleitt skal það kennt til kjörforeldris nema kjörforeldri óski eftir því að barnið haldi fyrra kenninafni sínu.

Ákvörðun samkvæmt þessari grein skal jafnan háð samþykki stjúpforeldris, svo og barnsins sjálfs sé það orðið tólf ára.

13. gr.

Eiginkonu eða eiginmanni er heimilt að bera ættarnafn maka síns meðan hjúskapur stendur og eftir að honum lýkur. Þó getur maður krafist þess að dómsmálaráðuneyti úrskurði að fyrri maka sé óheimilt að bera ættarnafn hans eftir að hann eða hún gengur í annan hjúskap. Sé viðkomandi maður látinn hefur eftirlifandi maki hans sama rétt til að gera þess háttar kröfu. Krafa skal gerð innan sex mánaða frá því að hlutaðeigandi gekk í hjúskap. Dómsmálaráðuneyti reisir úrskurð sinn á því hvort þyngra sé á metum, hagsmunir fyrri maka af því að halda nafni eða þau rök sem fram eru flutt fyrir því að hann hætti að bera fyrra nafn.

14. gr.

Ekki er manni skylt að bera ættarnafn þótt hann hafi rétt til þess. Maður getur fellt niður ættarnafn sem hann hefur borið og kennt sig svo sem segir í 9., 11. og 12. gr., sbr. og 21. gr. Eins getur maður, sem hefur ekki borið ættarnafn en hefur rétt til þess, tekið það upp. Þó er manni óheimilt að gera slíkar breytingar oftar en einu sinni eftir að hann nær sextán ára aldri nema með leyfi dómsmálaráðuneytis, enda mæli sérstakar ástæður með henni. Þessi takmörkun tekur ekki til réttar maka til breytingar kenninafns skv. 2. og 3. mgr.

Þegar maður gengur í hjúskap er honum frjálst að bera áfram það kenninafn sem hann hafði þá, sbr. þó 13. gr., eða taka upp ættarnafn maka síns en óheimilt að bera bæði kenninöfnin.

Hafi maður tekið ættarnafn maka síns er honum frjálst að taka upp að nýju upprunalegt kenninafn sitt þegar hjúskap er lokið. Í öðrum tilvikum er manni, sem hefur eitt sinn hætt að bera ættarnafn, ekki heimilt að taka það upp aftur.

15. gr.

Nú fær maður, er heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans fimmtán ára og yngri, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 100/1952, taka upp íslenskt eiginnafn, sbr. þó 2. mgr. 8. gr., og kenninafn sem samþykkt er af mannanafnanefnd. Börnum hans sextán ára og eldri er þetta einnig heimilt. Maðurinn skal sjálfur taka sér íslenskt eiginnafn ásamt nafni sem hann ber fyrir er börn hans taka sem kenninafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta eiginnafni sínu og/eða ættarnafni eftir ákvæðum þessara laga. Slík nafnbreyting skal ákveðin samtímis því að dómsmálaráðuneyti gefur út bréf um að hlutaðeigendur öðlist íslenskt ríkisfang. Barni, sem fæðist eftir að foreldri þess hefur fengið íslenskt ríkisfang með lögum, skal gefið íslenskt eiginnafn, sbr. þó 2. mgr. 8. gr., og það skal fá íslenskt kenninafn.

Ákvæði 1. mgr. taka á hliðstæðan hátt til útlendinga sem fá íslenskt ríkisfang skv. 2.–4. gr. laga nr. 100/1952.

16. gr.

Dómsmálaráðuneyti er heimilt að leyfa manni breytingu á kenninafni aðra en þá sem um getur í lögum þessum ef telja verður að gildar ástæður mæli með því.

III. KAFLI
Mannanafnanefnd.

17. gr.

Dómsmálaráðherra skipar mannanafnanefnd til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Skulu tveir nefndarmenn skipaðir eftir tilnefningu heimspekideildar Háskóla Íslands en einn eftir tilnefningu lagadeildar Háskóla Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

18. gr.

Mannanafnanefnd hefur eftirtalin verkefni samkvæmt lögum þessum:

1. Að semja skrá um eiginnöfn sem heimil teljast, sbr. 3. gr.
2. Að vera prestum, forstöðumönnum skráðra trúfélaga, Hagstofunni, dómsmálaráðuneyti og forsjármönnum barna til ráðuneytis um nafngjafir og skera úr álita- og ágreiningsefnum um nöfn, sbr. 2., 5., 6., 7. og 15. gr.
3. Að skera úr öðrum álita- eða ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um nafngjafir, nafnritun og fleira þess háttar.

Úrskurðir mannanafnanefndar eru fullnaðarúrskurðir. Nefndin skal árlega birta niðurstöður úrskurða sinna.

IV. KAFLI
Skráning og notkun nafna.

19. gr.

Breyting á eiginnafni eða kenninafni samkvæmt lögum þessum tekur ekki gildi fyrr en hún hefur verið færð á þjóðskrá.

Við skráningu kenninafns barns á þjóðskrá skal fara eftir ákvæðum 1. mgr. 9. gr. þessara laga nema fram sé tekið í tilkynningu til Þjóðskrár að barnið skuli bera ættarnafn, sbr. 2. mgr. 9. gr.

Maður, sem við giftingu óskar að taka upp ættarnafn maka síns eða annað kenninafn sem hann á rétt á, skal tilkynna það vígslumanni og færir hann þau tilmæli á hjónavígsluskýrslu til Þjóðskrár.

20. gr.

Fullt nafn manns er eiginnafn hans eða eiginnöfn að viðbættu kenninafni.

Á öllum opinberum skrám og öðrum opinberum gögnum skulu nöfn manna rituð eins og þau eru skráð á þjóðskrá á hverjum tíma.

Í skiptum við opinbera aðila, við samningsgerð, skriflega og munnlega, svo og í öllum lögskiptum skulu menn tjá nafn sitt eins og það er ritað á þjóðskrá á hverjum tíma.

21. gr.

Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, getur heimilað að ritun nafns á þjóðskrá sé breytt án þess að um sé að ræða eiginlega nafnbreytingu. Slík breyting á nafnritun skal fara eftir reglum sem Hagstofan setur að höfðu samráði við mannanafnanefnd. Hver maður getur aðeins fengið slíka breytingu gerða einu sinni nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

22. gr.

Geti maður fært sönnur að því að annar maður noti nafn hans eða nafn sem líkist því svo mjög að villu geti valdið getur hann krafist þess í dómsmáli að hinn sé skyldaður til að láta af notkun nafnsins.

23. gr.

Sé barni ekki gefið nafn innan þess tíma sem um getur í 2. mgr. 4. gr. skal Hagstofa Íslands, þjóðskrá, vekja athygli forsjármanna barnsins á þessu ákvæði laganna og skora á þá að gefa barninu nafn án tafar. Sinni forsjármenn ekki þessari áskorun innan eins mánaðar og tilgreini ekki gildar ástæður fyrir drætti á nafngjöf er Hagstofu Íslands heimilt, að undangenginni ítrekaðri skriflegri áskorun, að leggja dagsektir allt að 1.000 kr. á forsjármenn barns og falla þær á þar til barni er gefið nafn. Hámarksfjárhæð dagsekta miðast við lánskjaravísitölu í janúar 1991 og breytist í samræmi við breytingar hennar. Dagsektir renna í ríkissjóð og má gera aðför til fullnustu þeirra.

Að öðru leyti varða brot gegn lögum þessum sektum nema þyngri viðurlög liggi við eftir öðrum lögum.

24. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við önnur ríki um mörkin milli íslenskrar og erlendrar mannanafnalöggjafar.

Dómsmálaráðherra er enn fremur heimilt að kveða á með reglugerð um mörkin milli íslenskrar löggjafar um mannanöfn og löggjafar annarra Norðurlandaþjóða á því sviði.

25. gr.

Dómsmálaráðherra fer með mál er varða mannanöfn og er honum heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd þessara laga.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru sex mánuðir frá birtingu þeirra.

Jafnframt falla þá úr gildi lög um mannanöfn, nr. 54 27. júní 1925, svo og 67. gr. laga nr. 10/1983.

Dómsmálaráðherra skal þegar eftir birtingu laga þessara gera ráðstafanir til að kynna almenningi efni þeirra.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Dómsmálaráðherra skal þegar eftir birtingu laga þessara leita eftir tilnefningum í mannanafnanefnd og skipa hana innan eins mánaðar. Nefndin skal þá þegar hefjast handa við að undirbúa starfsemi sína og framkvæmd laganna.

II.

Þar til mannanafnaskrá skv. 3. gr. hefur verið gefin út skulu prestar, forstöðumenn skráðra trúfélaga og Hagstofa Íslands skjóta öllum nafngjöfum, sem vafi er á að samrýmist ákvæðum 2. gr., til úrskurðar mannanafnanefndar, sbr. 6. gr.

Ed. 838. Lög [175. mál]

um Slysavarnaskóla sjómanna.

(Afgreidd frá Ed. 7. mars.)

Samhljóða þskj. 776.

Nd. 839. Frumvarp til laga [447. mál]

um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

1. gr.

Við 3. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr töluliður svohljóðandi:

Hljómleikahald hvers konar og annar lifandi flutningur á íslenskri tónlist, enn fremur hljóðritað íslenskt efni á hljómplötum, hljómböndum og hljómdiskum hvers konar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Andinn á bak við virðisaukaskattinn er að íslensk menning skuli ekki skattlögð. Þess vegna er hinum ýmsu listgreinum haldið utan við þá skattheimtu og nú síðast bókagerð. En tónlistin varð ein eftir í fjölskyldu listanna og ber áfram fullan virðisaukaskatt. Hún

fór í VASKINN. Tónlistin stendur því höllum fæti hér á landi og mun brátt dragast aftur úr öðrum listgreinum.

Á sama tíma eru íslenskir tónlistarmenn að hasla sér völl í öðrum löndum og hafa hlotið lof fyrir. Íslensk stjórnvöld hafa viðurkennt gildi íslenskrar tónlistar með því að styðja við útflutning hennar. Tónlistin er því um það bil að verða umtalsverð atvinnugrein og skapa þjóðarbúinu nokkurn gjaldeyri auk þess að kynna bæði land og þjóð.

Þessum vaxtarbroddi er nú stefnt í voða með því að láta hann bera virðisaukaskatt einan allra listgreina. Fyrir bragðið er hætt við að tónlistin standist ekki öðrum listgreinum snúning og innlent tónlistarlíf rifi seglin, hæfileikafólk rói á önnur mið.

En tónlistin er ekki bara atvinnugrein því að hún er fyrst og fremst listgrein. Engin önnur list á jafngreiða leið að íslenskum heimilum og íslenskri æsku. Þess vegna er mikið í húfi að vel sé til tónlistarinnar vandað og myndarlega að henni staðið. Lengi býr að fyrstu gerð.

Sþ. 840. Nefndarálit [243. mál]

um till. til þál. um uppsetningu vegriða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna. Umsagnir bárust frá Slysavarnafélagi Íslands, Umferðarráði og landlækni.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. mars 1991.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Jón Kristjánsson, fundaskr.	Kristinn Pétursson.
Ingi Björn Albertsson.	Guðrún Helgadóttir.	Karl Steinar Guðnason.
	Eggert Haukdal.	

Sþ. 841. Tillaga til þingsályktunar [448. mál]

um samninga um álver í Vatnsleysustrandarhreppi.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

Alþingi ályktar að halda skuli áfram samningaviðræðum um byggingu og rekstur álvers með um 210.000 tonna ársframleiðslugetu og viðræðum um kaup á jarðnæði fyrir álverið og höfn vegna þess í samvinnu við Vatnsleysustrandarhrepp. Þegar samkomulag hefur tekist um orkuverð og mengunarvarnir skulu niðurstöður lagðar fyrir Alþingi.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Í skýrslu iðnaðarráðherra til Alþingis um stöðu samninga um nýtt álver, sem lögð var fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi í október 1990, var gerð ítarleg grein fyrir stöðu viðræðnanna og frá því greint að stefnt væri að framlagningu stjórnarfrumvarps um málið til afgreiðslu á haustþinginu.

Viðræður um nýtt álver hafa tekið nokkru lengri tíma en gert var ráð fyrir í október 1990. Fyrst kom það til að Atlantsálsaðilarnir óskuðu í nóvember sl. eftir fresti til þess að ganga frá samningum sín á milli og við lánastofnanir áður en gengið yrði endanlega frá aðalsamningi. Því var ákveðið að fresta framlagningu heimildalagafrumvarps. Sú tímaáætlun, sem unnið var eftir fram til þess tíma að Persaflóastríðið hófst, miðaðist við að gengið yrði frá aðalsamningi og orkusölusamningi um mánaðamótin janúar/febrúar 1991 og að heimildalagafrumvarp yrði lagt fram í beinu framhaldi af því. Þessi áætlun miðaðist við að lokasamningar yrðu undirritaðir í apríl 1991, álverið tæki til starfa 1. ágúst 1994 og yrði komið í fullan rekstur 1. apríl 1995. Vegna Persaflóastríðsins óskuðu forsvarsmenn álfyrirtækjanna eftir frestun á fundum um málið síðari hluta janúar sl. og raskaðist tímaáætlun viðræðnanna þar með enn frekar. Af þessu leiðir að gangsetning álversins mun frestast frá 1. ágúst 1994 til áramótanna 1994–95. Álverið yrði samkvæmt því komið í fullan rekstur 1. september 1995.

Iðnaðarráðherra átti fund með aðalforstjórum Atlantsálsfyrirtækjanna 12. og 13. febrúar 1991 til að fara yfir stöðu samninga og annarrar undirbúningsvinnu fyrir álverið og til að ræða framhald þess. Í yfirlýsingu, sem út var gefin í fundarlok, sagði m.a.:

„Allir aðilar ítrekuðu eindreginn vilja sinn til að halda Atlantsálsverkefninu áfram. Á fundinum var fjallað um tvö mikilvægustu viðfangsefnin sem nú þarf að leysa. Það fyrra er að tryggja fjármögnun á sanngjörnum kjörum og það seinna að bæta arðsemi verkefnisins þannig að fjárfesting allra samningsaðila skili eðlilegri ávöxtun.

Útvegun fjármagns til álverkefnisins mun taka lengri tíma en upphaflega var gert ráð fyrir vegna ástandsins á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum og þeirrar sérstöku óvissu sem ríkir um þróun kostnaðar, verðlags og gengismála. Framvinda mála undanfarnar vikur hefur þó ekki dregið úr áhuga samningsaðila á verkefninu, hvorki af hálfu Íslendinga né Atlantsálshópsins. Hins vegar gera samningsaðilar sér ljóst að lengri tíma er þörf, líklega sex til tíu mánaða, til að ljúka fjármögnun verkefnisins. Áformað er að ljúka samningagerð innan næstu þriggja mánaða.

Samningsaðilar munu halda áfram undirbúningi sínum með það fyrir augum að ljúka samningunum og afla verkefninu nauðsynlegra heimilda og samþykkis. Mikilvægt er að fram komi á Alþingi frumvarp til heimildalaga á yfirstandandi þingi til að tryggja lagalegan ramma verkefnisins."

Þrátt fyrir að lokafrágangur samninga taki meiri tíma en upphaflega var gert ráð fyrir er mikilvægt fyrir framhald málsins að fyrir liggi afstaða Alþingis til samningagerðarinnar. Samþykki Alþingis á tillögu þeirri til þingsályktunar, sem hér er lögð til, styrkir samningsumboðið af Íslands hálfu og er til þess fallið að greiða fyrir fjármögnun álversins og lokaumfjöllun um málið í stjórnum álfélaganna.

Samhliða framlagningu þessarar þingsályktunartillögu hefur verið gerð tillaga um heimildir í lánsfjárlögum til kaupa á jarðnæði fyrir álverið og vegna virkjanaundirbúnings á árinu 1991 í þágu nýs álvers. Tillögurnar eru þessar:

1. *Heimild til að veita Vatnsleysustrandarhreppi lán til að kaupa jarðnæði fyrir nýtt álver.*

Iðnaðarráðuneytið hefur lagt til að við frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1991 bætist ný grein sem verði 13. gr. og orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar og endurlána Vatnsleysustrandarhreppi allt að 300 Mkr. til að kaupa jörðina Flekkuvík, ásamt mannvirkjum, og lönd úr jörðunum Stóru- og Minni-Vatnsleysu, ásamt mannvirkjum, og fjármagna annan undirbúning hreppsins vegna álvers á Keilisnesi. Endurgreiðsla Vatnsleysustrandarhrepps á veittum lánum samkvæmt þessari grein skal háð því að af byggingu og rekstri álvers verði, en að öðrum kosti skulu hinar keyptu eignir falla til ríkissjóðs.

2. *Heimild Landsvirkjunar til lántöku vegna undirbúnings virkjana.*

Iðnaðarráðuneytið hefur lagt til að við 3. gr. frumvarps til lánsfjárlaga fyrir árið 1991 bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Landsvirkjun er enn fremur heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka 580 Mkr. að láni eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til undirbúnings Fljótsdalsvirkjunar, stækkunar Búrfellsvirkjunar, fimmta áfanga Kvíslaveitu og stofnlína eins og nauðsynlegt er til þess að unnt verði að sjá nýju álveri fyrir nægri raforku frá áramótum 1994–95.

Iðnaðarráðuneytið hafði áður sent fjárhags- og viðskiptanefnd bréf, dags. 20. desember 1990, með beiðni um hækkun á heimild Landsvirkjunar til lántöku skv. 3. gr. frumvarps til lánsfjárlaga 1991 úr 3.000 Mkr. í 3.631 Mkr. Það erindi var til komið vegna þess að Landsvirkjun taldi nauðsynlegt að hækka lánsfjárheimildina um 631 Mkr. vegna ákvarðana sem þá höfðu verið teknar um gjaldskrármál og leiddu til þess að ekki var fyrirséð að hægt yrði að taka neitt fé úr rekstri til ráðstöfunar í framkvæmdir á árinu 1991. Af hækkunarbeiðni Landsvirkjunar voru 220 Mkr. vegna virkjanaundirbúnings á árinu 1991 sem nauðsynlegur er til að sjá nýju álveri fyrir raforku frá áramótum1994–95. Samtals er því gerð tillaga um 800 Mkr. lánsheimild vegna virkjanaundirbúnings í þágu nýs álvers.

Nánari grein er gerð fyrir máli þessu í sérstakri skýrslu iðnaðarráðherra til Alþingis um álver á Keilisnesi. Í skýrslunni koma drög að frumvarpi til heimildalaga fram sem fylgiskjal.

Brýnt er að tillaga þessi til þingsályktunar og ofangreindar lánsfjárheimildir verði samþykktar á þessu þingi. Með því hefur af Íslands hálfu verið gert það sem gera þarf til að gangsetning álversins frestist aðeins um fimm mánuði, þ.e. frá 1. ágúst 1994 til áramótanna 1994–95, þótt samningsgerðin sjálf og viðræður um fjármögnun álversins taki meiri tíma en upphaflega var gert ráð fyrir.

Sþ. 842. Skýrsla [449. mál]

iðnaðarráðherra um álver á Keilisnesi.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

Inngangur.

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir stöðu samninga um álver á Keilisnesi og helstu ákvæðum þeirra samninga sem fyrirhugað er að gera á grundvelli heimildarlaga um álverið. Gerð er grein fyrir Atlantsálsaðilunum, fyrirhuguðu skipulagi fyrirtækja Atlantsáls hér á landi og skattlagningu álvers á Keilisnesi. Álverinu sjálfu er lýst og fjallað um meginatriði heimildarlaga, orkusölusamnings, starfsleyfis og hafnar- og lóðarsamnings. Þá er gerð grein fyrir mati á þjóðhagslegri hagkvæmni álversins og nauðsynlegum hagstjórnaraðgerðum á framkvæmdatíma álvers og tengdra virkjana.

Skýrsla þessi er flutt samhliða tillögu til þingsályktunar um samninga um álver á Keilisnesi. Jafnframt hefur verið gerð tillaga um heimild í lánsfjárlögum fyrir árið 1991 til að gera Vatnsleysustrandarhreppi kleift að kaupa jarðnæði fyrir álverið. Þá hefur verið gerð tillaga um að veitt verði 800 milljóna króna lánsheimild á lánsfjárlögum til Landsvirkjunar vegna virkjanaundirbúnings á árinu 1991 í þágu nýs álvers.

Skýrslan er flutt til að veita Alþingi ítarlegar upplýsingar um stöðu samninga um álver á Keilisnesi og greiða með því fyrir þinglegri meðferð ofangreindra tillagna. Með samþykkt þingsályktunarinnar og þeirra lánsfjárheimilda sem að ofan greinir hefur af Íslands hálfu verið lagður grundvöllur að því að álver á Keilisnesi geti tekið til starfa frá áramótum 1994–95. Skýrslu þessari, þar sem drög að heimildarlögum um álver á Keilisnesi koma fram sem fylgiskjal, er einnig ætlað að greiða fyrir samþykkt slíkra laga á 114. löggjafarþinginu.

1. Staða samninga um álver á Keilisnesi.

Í kjölfar undirritunar sameiginlegrar viljayfirlýsingar íslenskra stjórnvalda og Atlantsálsaðilanna frá 13. mars sl. og í samræmi við efni hennar lagði iðnaðarráðherra fyrir Alþingi á 112. löggjafarþinginu frumvarp til laga um breytingu á lögum um raforkuver og var frumvarpið samþykkt sem lög nr. 74/1990. Í ákvæði til bráðabirgða II með lögum nr. 74/1990 var Landsvirkjun, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, heimilað að vinna að nauðsynlegum virkjanaundirbúningi á árinu 1990 þannig að hægt væri að sjá nýju álveri fyrir raforku haustið 1994. Skv. yfirlýsingunni var stefnt að því að ljúka samningum um álverið haustið 1990 og að heimildarlög yrðu afgreidd fyrir árslok 1990. Í yfirlýsingunni var miðað við að álverið tæki til starfa haustið 1994. Með bréfi 17. júlí 1990 samþykkti iðnaðarráðherra, með vísan til bráðabirgðaákvæðis II við lög nr. 74/1990, að Landsvirkjun ynni að nauðsynlegum virkjanaundirbúningi á árinu 1990 til að unnt yrði að sjá nýju álveri fyrir raforku haustið 1994.

Í lok júní 1990 var undirrituð sérstök bókun samningsaðila um stöðu viðræðna þar sem meðal annars var staðfest að athuganir varðandi staðsetningu álversins yrðu eftir þann tíma bundnar við þrjá staði, þ.e. við Eyjafjörð, við Keilisnes á Vatnsleysuströnd og við Reyðarfjörð. Þá var ítrekað að aðilar stefndu að því að ljúka samningum um meginþætti málsins í september. Þeim starfsáfanga lauk með því að iðnaðarráðherra og samninganefnd Atlantsálsfyrirtækjanna undirrituðu 4. október 1990 sérstakt minnisblað um samning þar sem lagður var grundvöllur að samningum um nokkur meginatriði aðalsamnings, orkusamnings og hafnar- og lóðarsamning jafnframt því sem ákveðin var staðsetning álversins á Keilisnesi. Minnisblað um samning á ensku og í íslenskri þýðingu er birt sem fskj. I og fskj. II með skýrslu iðnaðarráðherra til Alþingis á 113. löggjafarþinginu (þskj. 8). Samkvæmt minnisblaðinu var stefnt að afgreiðslu heimildarlaga um nýtt álver fyrir lok árs 1990.

Nokkur seinkun hefur orðið á viðræðum um nýtt álver frá því sem gert var ráð fyrir í minnisblaði um samning frá 4. október sl. Fyrst kom það til að Atlantsálsaðilarnir óskuðu eftir fresti til þess að ganga frá samningum sín á milli áður en gengið yrði endanlega frá aðalsamningi. Í nóvember sl. var því ákveðið að fresta framlagningu heimildarlagafrumvarps.

Sú tímaáætlun, sem unnið var eftir frá því í nóvember og fram til þess tíma að Persaflóastríðið hófst, miðaðist við að gengið yrði frá aðalsamningi og orkusölusamningi um mánaðamótin janúar/febrúar 1991 og að heimildarlagafrumvarp yrði lagt fram í beinu framhaldi af því. Þessi tímaáætlun hefur nú raskast og virðist ljóst að frá aðalsamningi og orkusamningi verður naumast að fullu gengið fyrr en í vor.

Iðnaðarráðherra átti fund með aðalforstjórum Atlantsálsfyrirtækjanna 13. febrúar 1991 til að fara yfir stöðu samninga og annarrar undirbúningsvinnu fyrir álverið og til að ræða áframhald þeirrar vinnu. Í yfirlýsingu sem út var gefin í fundarlok sagði m.a.:

> Allir aðilar ítrekuðu eindreginn vilja sinn til að halda Atlantsálsverkefninu áfram. Á fundinum var fjallað um tvö mikilvægustu viðfangsefnin sem nú þarf að leysa. Það fyrra er að tryggja fjármögnun á sanngjörnum kjörum og það seinna að bæta arðsemi verkefnisins þannig að fjárfesting allra samningsaðila skili eðlilegri ávöxtun.
>
> Útvegun fjármagns til álverkefnisins mun taka lengri tíma en upphaflega var gert ráð fyrir vegna ástandsins á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum og þeirrar sérstöku óvissu sem ríkir um þróun kostnaðar, verðlags og gengismála. Framvinda mála undanfarnar vikur hefur þó ekki dregið úr áhuga samningsaðila á verkefninu, hvorki af hálfu Íslendinga né Atlantsálshópsins. Hins vegar gera samningsaðilar sér ljóst að lengri tíma er þörf, líklega sex til tíu mánaða, til að ljúka fjármögnun verkefnisins. Áformað er að ljúka samningagerð innan næstu þriggja mánaða.
>
> Samningsaðilar munu halda áfram undirbúningi sínum með það fyrir augum að ljúka samningunum og afla verkefninu nauðsynlegra heimilda og samþykkis. Mikilvægt er að fram komi á Alþingi frumvarp til heimildarlaga á yfirstandandi þingi til að tryggja lagalegan ramma verkefnisins.

Vegna þess skamma tíma, sem er til þingloka, er ljóst að heimildarlög verða ekki afgreidd á þessu þingi. Til að tryggja þinglega meðferð málsins við þessar aðstæður hefur verið ákveðið að leggja nú fyrir Alþingi til samþykktar stjórnartillögu til þingsályktunar um samninga um álver á Keilisnesi. Í tillögunni verður ályktað um að ljúka samningum sem fyrst þannig að álverið geti tekið til starfa frá áramótum 1994–95. Enn fremur hefur verið gerð tillaga um að aflað verði sérstakrar heimildar í lánsfjárlögum fyrir Landsvirkjun til að taka allt að 580 milljónir króna að láni á árinu 1991 til undirbúnings þeirra virkjana sem ráðast þarf í til að unnt verði að sjá nýju álveri fyrir raforku frá áramótum 1994–95. Þessi fjárhæð kemur til viðbótar 220 milljóna króna lánsheimild vegna undirbúnings virkjana í þágu álvers á Keilisnesi sem þegar hefur verið gerð tillaga um. Þá er lagt til að aflað verði sérstakrar heimildar í lánsfjárlögum til að gera Vatnsleysustrandarhreppi fært að kaupa jarðnæði fyrir álver og höfn á Keilisnesi.

Með samþykkt þessara heimilda verður unnt að tryggja að gangsetning álversins frestist aðeins um 5 mánuði, þ.e. frá 1. ágúst 1994 til áramótanna 1994–95, þótt sjálf samningagerðin og viðræður um fjármögnun taki lengri tíma en áður var gert ráð fyrir. Þessi þinglega meðferð nægir til að greiða málinu leið í sumar og fram á haust. Í þessari skýrslu koma drög að frumvarpi til heimildarlaga fram sem fylgiskjal. Frumvarpið sýnir lagalegan ramma sem verkefninu hefur verið markaður.

Alþingi hefur verið gerð ítarleg grein fyrir aðdraganda samninga um nýtt álver á Keilisnesi m.a. sem hér segir:

- Í greinargerð með frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver o.fl., lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi í apríl 1990 (þskj. 921), var gerð ítarleg grein fyrir

stöðu viðræðnanna. Frumvarpinu fylgdi m.a. greinargerð Byggðastofnunar um könnun á áhrifum nýs álvers á höfuðborgarsvæðinu, í Eyjafirði eða Reyðarfirði, dags. í mars 1990, og greinargerð Þjóðhagsstofnunar um þjóðhagsleg áhrif 200 þús. árstonna álvers, dags. í apríl 1990.

- Í skýrslu iðnaðarráðherra um nýtt álver, lögð fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi í maí 1990 (þskj. 1055). Skýrslunni fylgdi m.a. yfirlýsing iðnaðarráðherra og Atlantsálsaðilanna frá 13. mars 1990 um ásetning að ljúka samningum um Atlantsálverið og beiðni álfyrirtækjanna þriggja til firmaskrár um skráningu Atlantsáls.
- Í skýrslu iðnaðarráðherra til Alþingis um stöðu samninga um nýtt álver, lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi í október 1990 (þskj. 8). Skýrslunni fylgdi m.a. minnisblað um samning milli ríkisstjórnar Íslands og Alumax Inc. og Gränges AB og Hoogovens BV um Atlantsálverið, dags. 4. október 1990, minnisblað, dags. 4. október 1990, um staðarval Atlantsáls og samanburður ráðgjafarnefndar iðnaðarráðuneytisins um umhverfisáhrif iðjuvera, dags. september 1990, um umhverfisáhrif álvers við Eyjafjörð, á Keilisnesi og við Reyðarfjörð.

2. Skipulag samningastarfsins.

Sérstök ráðgjafarnefnd um áliðju var skipuð 14. nóvember 1988 og hefur verið iðnaðarráðherra til ráðuneytis varðandi samninga um nýtt álver. Ráðgjafarnefndina skipa eftirtaldir menn:

Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, formaður,
Baldur Óskarsson framkvæmdastjóri,
Eggert Steinsen verkfræðingur,
Geir A. Gunnlaugsson framkvæmdastjóri,
Guðmundur G. Þórarinsson alþingismaður og
Ólafur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Halldór J. Kristjánsson, skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneytinu, starfar með nefndinni. Garðar Ingvarsson, framkvæmdastjóri markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar (MIL), er ritari nefndarinnar. Andrés Svanbjörnsson, yfirverkfræðingur MIL, starfar fyrir hana. Rán Tryggvadóttir, lögfræðingur í iðnaðarráðuneytinu, hefur unnið að lögfræðilegum þáttum samningsgerðarinnar frá 1. október 1990. Ráðgjafarnefndin og undirnefndir hennar hafa farið með samningana í umboði iðnaðarráðherra og annast samræmingu á undirbúningi og tilhögun viðræðna af Íslands hálfu. Af Íslands hálfu hafa einstakir samningar verið í höndum þeirra aðila sem málið varðar, þ.e. Landsvirkjunar að því er varðar orkusölu, Vatnsleysustrandarhrepps að því er varðar hafnar- og lóðarsamning og umhverfisráðuneytis að því er varðar starfsleyfi. Þá hafa embættismenn fjármálaráðuneytis tekið þátt í viðræðum um skattamál nýs álvers.

Sérstök sérfræðinganefnd um athugun á þjóðhagslegum áhrifum orkufrekrar stóriðju var skipuð 14. nóvember 1988 til að meta efnahagsáhrif aukinnar álbræðslu. Nefndina skipa nú:

Jón Ingimarsson verkfræðingur, formaður,
Bolli Héðinsson hagfræðingur,
Guðmundur Magnússon prófessor,
Guðni A. Jóhannesson verkfræðingur,
Haraldur Ólafsson lektor,
Sigurður Guðmundsson skipulagsfræðingur og
Þórður Friðjónsson hagfræðingur.

Yngvi Harðarson hagfræðingur er ritari nefndarinnar. Björn Ólafsson, félagsfræðingur á Byggðastofnun, og Friðrik Baldursson, stærðfræðingur á Þjóðhagsstofnun, hafa einnig starfað fyrir nefndina.

Iðnaðarráðherra skipaði 22. febrúar 1990 sérfróða aðila til að vera sér til ráðuneytis um umhverfisáhrif stóriðju. Nefndin hefur sérstaklega metið umhverfisáhrif álvera. Nefndina skipa eftirtaldir:

Skúli Johnsen borgarlæknir, formaður,
Friðrik Pálmason lífeðlisfræðingur,
Guðjón Jónsson efnaverkfræðingur,
Hákon Aðalsteinsson líffræðingur,
Jón Ingimarsson verkfræðingur,
Jón Ólafsson haffræðingur og
Magnús Jónsson veðurfræðingur.

Starfsmaður nefndarinnar sl. sumar var Magnús Bjarni Baldursson landfræðingur. Umhverfisráðherra skipaði sérstaka nefnd undir forystu Eggerts Steinsen verkfræðings til að vinna að undirbúningi starfsleyfis fyrir verksmiðjuna.

Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri og Snorri Olsen, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneyti, hafa tekið þátt í viðræðum um skattlagningu Atlantsáls. Þá hafa Garðar og Snorri sérstaklega veitt ráðgjöf varðandi samningu reikningsskilareglna fyrir Atlantsál. Stefán Svavarsson, löggiltur endurskoðandi, hefur veitt ráðgjöf á afmörkuðum sviðum samninga um skattamál nýs álvers. Stefán hefur yfirfarið þær áætlanir um tekjuskattsgreiðslur og aðra skatta sem stuðst hefur verið við í viðræðunum. Þá hefur Páll Jensson prófessor unnið áætlanir um líklegar skattgreiðslur nýs álvers og einnig kannað arðsemi álversins.

Stjórnarformaður og starfsmenn Landsvirkjunar hafa unnið að samningsgerð um orkusölusamning frá því að undirbúningsviðræður um orkusölu til nýs álvers hófust á árinu 1988. Af hálfu Landsvirkjunar hafa, auk stjórnarformanns, eftirtaldir aðallega tekið þátt í viðræðunum:

Halldór Jónatansson forstjóri,
Jóhann Már Maríusson aðstoðarforstjóri,
Elías B. Elíasson, forstöðumaður tækniþróunardeildar,
Hjörtur Torfason hrl. (þar til hann var skipaður hæstaréttardómari fyrri hluta árs 1990) og Baldur Guðlaugsson hrl.

Í byrjun október 1990 tilnefndi stjórn Landsvirkjunar þrjá úr hópi stjórnarmanna til að vinna með Jóhannesi Nordal stjórnarformanni að orkusölusamningi. Þeir eru:

Birgir Ísleifur Gunnarsson alþingismaður (til 31. janúar 1991),
Davíð Oddsson borgarstjóri,
Páll Pétursson alþingismaður, og
Árni Grétar Finnsson hrl. (frá 1. febrúar 1991).

Frá því í ágústmánuði 1990 hefur breska lögfræðifyrirtækið Slaughter and May veitt lögfræðilega ráðgjöf varðandi samningsgerðina. Slaughter and May er eitt stærsta lögfræðifyrirtæki Bretlands og er með skrifstofur víða um lönd. Fyrirtækið hefur veitt alhliða ráðgjöf varðandi samningsgerð vegna nýs álvers. Svo sem kunnugt er hefur hið alþjóðlega endurskoðunarfyrirtæki Coopers og Lybrand um árabil veitt íslenskum stjórnvöldum ráðgjöf vegna samninga um skattlagningu Íslenska álfélagsins hf. og eftirlit með skattskilum þess. Coopers og Lybrand hafa á árunum 1989 og 1990 veitt ráðgjöf við samningsgerð um skattlagningu hins nýja álvers, sérstaklega varðandi reikningsskil og alþjóðlega þætti skattlagningarinnar. Breski ráðgjafinn James F. King hefur veitt ráðgjöf varðandi reglur um mat á verðlagningu áls og súráls til skatts. Kanadíska verkfræðifyrirtækið Admont Project Management, sem veitt hefur ráðgjöf vegna nýrra álvera í Kanada, hefur veitt íslenskum stjórnvöldum ráðgjöf vegna ýmissa þátta í aðalsamningi og veitt upplýsingar um stöðu viðræðna um ný álver í Kanada. Þá hafa Landsvirkjun og umhverfisráðherra kvatt til ýmsa innlenda og erlenda ráðgjafa vegna samningsgerðar um álverið.

3. Atlantsálsaðilarnir.

Hér skal í stuttu máli gerð grein fyrir Atlantsálsaðilunum þremur, en með vísan til þess að Alumax verður væntanlega stærsti hluthafinn í Atlantsál hf. og jafnframt stjórnunaraðili álversins eru málefnum Alumax gerð ítarlegust skil.

3.1. Alumax Inc.

Alumax Inc. er þriðji stærsti framleiðandi áls í Bandaríkjunum og stór framleiðandi unninna álvara á alþjóðavísu. Alumax Inc. er dótturfélag bandarísku stórfyrirtækisins Amax Inc., og eru aðalstöðvar fyrirtækisins í Norcross í Georgíuríki í Bandaríkjunum. Fyrirtækið á ekki eignarhlut í súrálsverksmiðjum og kaupir allt súrál til framleiðslu sinnar frá óháðum aðilum. Framleiðsla og sala Alumax til þessa hefur einkum verið í Norður-Ameríku en á síðari árum hefur fyrirtækið haslað sér völl í vaxandi mæli í Evrópu. Það rekur nú 10 úrvinnslufyrirtæki í Bretlandi, Frakklandi, Hollandi og Þýskalandi sem vinna úr u.þ.b. 50.000 tonnum áls á ári. Heildarvelta í Evrópu var 265 milljónir Bandaríkjadala árið 1989 og hafði meira en þrefaldast frá árinu 1985. Fyrirtækið hyggur á frekari markaðssókn í Evrópu.

Alumax á hlut í fjórum álverum í Norður-Ameríku. Þau eru: Intalco á vesturströnd Bandaríkjanna, Eastalco og Mt. Holly á austurströndinni og ABI í Becancour í Quebec-fylki í Kanada. Heildarafkastageta þessara álvera er um 850 þúsund tonn á ári, en hlutdeild Alumax í framleiðslunni á árinu 1989 var 517 þúsund tonn. Fyrirtækið hefur getið sér mjög gott orð sem rekstraraðili álvera. Á næstu árum mun fyrirtækið fjárfesta verulega í nýjum álverum. Það á 25% hlut í ABI álverinu í Kanada, en stækkun þess um 120 þúsund tonna afkastagetu lýkur snemma á næsta ári, og það er nú að byggja nýtt álver í Deschambault í Quebec í Kanada með 215 þús. tonna afkastagetu sem á að vera lokið árið 1992. Framleiðslugeta fyrirtækisins verður þá um 760 þúsund tonn af áli á ári.

Eftirfarandi tafla sýnir þróun fyrirtækisins undanfarin 5 ár:

	1985	1986	1987	1988	1989
			– þúsundir tonna –		
Framleiðsla	588	582	668	642	516
Álkaup (meðt. brotaál)	167	257	152	128	179
Til ráðstöfunar	755	839	820	770	695
Sala:					
Hráál	302	271	349	254	163
Unnar álvörur	475	533	532	501	522
			– milljónir Bandaríkjadala –		
Sala:					
Hráál	408.9	429.7	528.4	527.8	305.9
Unnar álvörur	1292.2	1405.8	1639.1	1949.7	2088.8
Annað	186.0	138.8	71.6	103.2	136.4
Samtals	1887.1	1974.3	2239.1	2580.7	2531.1
Hagnaður eftir skatta	63.5	71.5	144.3	455.2	302.3
Heildartekjur	1688.7	1752.3	1699.4	1826.4	2016.9
Eigið fé	786.3	682.9	839.7	957.6	1128.6
Fjárfestingar á ári	213.2	159.5	65.2	58.5	149.4

Í dag starfa um 14.500 manns hjá Alumax í 110 fyrirtækjum og deildum í Norður-Ameríku og Evrópu.

Úrvinnslufyrirtæki Alumax starfa á öllum sviðum álvinnslu, en þekktast er fyrirtækið fyrir framleiðslu á vörum til byggingariðnaðar. Dótturfyrirtæki þess, Kawneer Company Inc., er eitt þekktasta fyrirtæki heims á þessu sviði. Miklar vonir eru bundnar við nýja aðferð við háþrýstisteypu á álhlutum, einkum fyrir bílaiðnaðinn, sem annað dótturfyrirtæki, Alumax Engineered Metal Processes, Inc. (AEMP), hefur þróað.

3.2. Gränges AB.

Gränges AB er eigandi einu álbræðslu Svíþjóðar en starfrækir auk þess úrvinnslufyrirtæki í Svíþjóð og víða í Evrópu. Gränges AB er sjálfstætt fyrirtæki í eigu sænska stórfyrirtækisins Electrolux AB. Fyrirtækið á ekki eignarhlut í súrálsverksmiðjum og kaupir allt súrál til framleiðslu sinnar frá óháðum aðilum.

Umsvif fyrirtækisins hafa aukist mjög á síðasta áratug. Þannig hefur veltan meira en fjórfaldast, var árið 1980 tæplega 2.000 millj. sænskra króna, en árið 1989 var heildarsala fyrirtækisins rúmlega 8.000 millj. sænskra króna. Aukningin í sölu hefur einkum verið innan Efnahagsbandalags Evrópu, en 55% af sölu fyrirtækisins er nú utan Svíþjóðar. Á sama tíma hefur fjöldi starfsmanna vaxið úr u.þ.b. 4.500 í rúmlega 8.300. Hlutfallslega mest fjölgun starfsmanna hefur orðið utan Svíþjóðar, einkum innan Efnahagsbandalagsins, þar sem um 30% starfsmanna fyrirtækisins eru starfandi. Að undanskildum árunum 1981 og 1982 hefur hagnaður fyrirtækisins verið góður, eða meiri en 10% af heildarfjárfestingu. Best var afkoman árið 1988 þegar hagnaðurinn var 26% af heildarfjárfestingu, en árið 1989 var samsvarandi hagnaður 18,4%. Hagnaður af rekstri fyrir skatta og skattalegar ráðstafanir var árið 1989 tæplega 550 millj. sænskra króna, en árið 1988 tæplega 660 millj. króna. Eiginfjárstaða Gränges AB er góð.

Gränges AB hefur höfuðstöðvar í Danderyd, rétt hjá Stokkhólmi. Reksturinn fer fram á 6 meginrekstrarsviðum:

GA Metal AB er eigandi einu álbræðslu Svíþjóðar, sem staðsett er í Sundsvall. Afkastageta bræðslunnar er um 100.000 tonn á ári. Auk þess er rekin endurbræðsla í Finspang í Svíþjóð sem ásamt tveim endurbræðslum endurvinnsludeildar fyrirtækisins, einnig í Svíþjóð, endurvinnur um 45.000 tonn af áli á ári. Þar sem heildarafkastageta fyrirtækjasamsteypunnar í úrvinnslu er nú nálægt 200.000 tonnum á ári þarf fyrirtækið að kaupa verulegt magn áls til úrvinnslufyrirtækja sinna.

SAPA-fyrirtækjasamsteypan, sem hefur höfuðstöðvar í Bretlandi, er stærsta einstaka framleiðsludeild fyrirtækisins. Heildarsala SAPA-fyrirtækjanna á árinu 1989 var rúmlega 3.000 millj. sænskra króna. SAPA framleiðir margs konar vörur með þrýstimótun, m.a. prófíla til notkunar í byggingariðnaði. Fyrirtækið er meðal fremstu fyrirtækja í Evrópu á sínu sviði. Verksmiðjur þess eru í Bretlandi, Hollandi, Þýskalandi, Sviss og á Norðurlöndum. Afkastageta verksmiðjanna er samtals 100.000 tonn á ári. Um 56% af framleiðslu fyrirtækjanna eru seld utan Svíþjóðar.

Framleiðsla á völsuðum vörum, álplötum og álþynnum fer fram á þremur stöðum. Finspang Aluminium framleiðir um 40.000 tonn af álplötum og álræmum. Í Skultuna í Svíþjóð eru framleidd um 13.000 tonn af álþynnum. Þriðji framleiðslustaðurinn er í Lúxemborg þar sem Gränges keypti á árinu 1989 álþynnuverksmiðju, sem getur framleitt 25.000 tonn af álþynnum á ári. Heildarsala þessa rekstrarsviðs var rétt um 2.000 millj. sænskra króna á síðasta ári.

AB Gotthard Nilson er endurvinnslufyrirtæki Gränges. Þetta fyrirtæki safnar brotajárni, öðrum málmum og pappír og endurvinnur í 38 framleiðslueiningum í Svíþjóð. Fyrirtækið hefur einnig hafið starfsemi utan Svíþjóðar, m.a. með kaupum á hlut í stóru dönsku

endurvinnslufyrirtæki. Mikill vöxtur hefur verið í þessari starfsemi en heildarsala árið 1989 var tæplega 1.500 millj. sænskra króna.

Önnur rekstrarsvið fyrirtækisins eru framleiðsla á bílhlutum úr áli og öðru efni samlímdu, en velta þess rekstrarsviðs var 625 millj. sænskra króna á árinu 1989. Framleiðslan fer fram í nokkrum verksmiðjum í Svíþjóð, Finnlandi og Bretlandi. Hér er um mjög vaxandi rekstrarsvið fyrirtækisins að ræða. Fyrirtækið rekur sölu- og þjónustumiðstöðvar í Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku, Bretlandi og Frakklandi. Heildarvelta þeirra árið 1989 var um 1.000 millj. sænskra króna.

3.3. Hoogovens Aluminium BV.

Hoogovens Aluminium BV er þriðji stærsti framleiðandi í Evrópu á völsuðu áli og þrykktum álhlutum. Fyrirtækið er deild í Hoogovens Groep stálverksmiðjunum í Hollandi, sem hafa höfuðstöðvar í Bevervijk skammt frá Amsterdam. Hoogovens Aluminium BV, sem hefur höfuðstöðvar í Amstelveen í Hollandi, starfrækir nú 42 fyrirtæki, dreifingarmiðstöðvar og söluskrifstofur í 14 löndum. Starfsmenn eru um 7.000.

Hoogovens Aluminium BV er byggt upp úr þrem kjörnum. Upphaf þess má rekja til sjöunda áratugarins en þá leitaðist Hoogovens Groep, eins og fleiri stór stáliðjufyrirtæki, við að hasla sér völl í fleiri framleiðslugreinum. Fyrirtækið gerðist aðili að Aldel-álbræðslunni í Delfzijl í Hollandi, sem byggð var í samvinnu við Alusuisse. Það hóf jafnframt kaup á úrvinnslufyrirtækjum í Hollandi og stofnsetti ný. Á sjöunda áratugnum keypti Hoogovens hlut Alusuisse í Aldel, sem er nánast sams konar bræðsla og álver ÍSAL í Straumsvík og byggð eftir sömu teikningum. Á síðasta áratug bættist síðan nýr kjarni við þegar Hoogovens keypti belgíska úrvinnslufyrirtækið Sidal NV, en það fyrirtæki var þá einn stærsti sjálfstæði úrvinnsluaðilinn í Evrópu með afkastagetu sem nam 240.000 tonnum á ári af völsuðum og þrykktum álvörum. Þriðji kjarninn kom síðan til árið 1987 þegar Hoogovens keypti álbræðslu og úrvinnslufyrirtæki Kaiser Europe í Þýskalandi, þar á meðal álbræðsluna í Voerde og völsunarverksmiðjuna í Koblenz, sem er ein stærsta og best búna völsunarverksmiðja Evrópu. Á árinu 1989 voru þessir þrír kjarnar sameinaðir skipulagslega og Hoogovens Aluminium BV formlega stofnað. Hlutdeild áldeildarinnar í heildarveltu fyrirtækisins er nú orðin veruleg, eða um þriðjungur, en árið 1989 var heildarsala áldeildarinnar 2.959 millj. hollenskra flórína en heildarvelta Hoogovens-samsteypunnar var þá 9.011 millj. hollenskra flórína.

Hoogovens Aluminium BV skiptist nú í fjögur rekstrarsvið. Hráálsdeildin rekur tvær álbræðslur í Delfzijl í Hollandi með u.þ.b. 100.000 tonna afkastagetu. Fyrirtækið hefur hugað að endurbyggingu þeirrar álbræðslu en hin álbræðslan er í Voerde í Þýskalandi nálægt landamærum Hollands og er með afkastagetu sem nemur u.þ.b. 80.000 tonnum á ári. Í báðum álbræðslunum er rekin endurbræðsla á brotaáli, þannig að heildarframleiðsla álbræðslanna beggja er mun meiri, eða um 250.000 tonn samanlagt á ári. Þar sem verulega skortir á að fyrirtækið sé sjálfu sér nógt með hráál er það stefna þess að auka hlutdeild hráálsframleiðslunnar. Auk þátttöku í Atlantsálshópnum hefur fyrirtækið gerst 20% aðili að hinni nýju álbræðslu Alouette sem er í byggingu í Kanada. Sú álbræðsla, sem er sömu gerðar og fyrirhuguð Atlantsálsbræðsla, mun hefja framleiðslu á árinu 1992.

Sidalverksmiðjurnar í Belgíu eru reknar sem sérstakt rekstrarsvið. Þetta fyrirtæki, sem flytur út afurðir til yfir 100 landa, framleiddi á árinu 1989 rúmlega 255.000 tonn af völsuðum álplötum, ræmum og þrykktum álhlutum. Verulegur hluti framleiðslunnar er fluttur út frá Evrópu. Úrvinnslufyrirtækin í Koblenz og Vogt í Þýskalandi eru rekin sem sjálfstæðar deildir en þar vegur þyngst völsunarverksmiðjan í Koblenz. Heildarframleiðsla á árinu 1989 í hinum þýsku verksmiðjum var rúmlega 102.000 tonn, fyrst og fremst valsaðar afurðir. Fjórða rekstrarsviðið samanstendur af gljáþynnuverksmiðjum í Belgíu, Frakklandi og Sviss en álsteypur á vegum fyrirtækisins í Belgíu, Hollandi og Þýskalandi hafa verið fluttar undir stjórn annarrar deildar innan Hoogovens-samsteypunnar.

Hoogovens-samsteypan hefur á undanförnum áratug aukið mjög hlutdeild sína í áliðnaði í Evrópu og er augljóslega stefnt að því að álframleiðsla verði önnur meginstoð í rekstri samsteypunnar. Það bendir allt til að þessi þróun muni halda áfram og Hoogovens muni enn leitast við að styrkja stöðu sína á álmarkaði Evrópu.

4. Lýsing á álveri á Keilisnesi.

Atlantsálverið verður væntanlega staðsett á 100 ha svæði á Keilisnesi á Vatnsleysuströnd. Gert er ráð fyrir að það verði búið nýjustu rafgreiningartækni frá franska álfyrirtækinu Pechiney, sem kallast AP 30, og að það muni framleiða um 210 þúsund tonn af hrááli á ári. Gert er ráð fyrir að unnt verði að tvöfalda framleiðslu álversins síðar með því að stækka það sem því nemur.

Árlegt útflutningsverðmæti yrði um 370 milljónir Bandaríkjadala sem jafngildir um 20 milljörðum króna miðað við gengi í nóvember 1990. Gert er ráð fyrir um 600 ársverkum við álverið.

Hráefni til álvinnslunnar er einkum súrál og skautkol úr koksi og biki. Súrálið verður væntanlega flutt með stórum skipum beint frá Ástralíu en tilbúin, forbökuð skautkol frá skautkolaverksmiðjum í eigu Atlantsálsaðilanna. Byggð verður höfn í Vatnsleysuvík til móttöku hráefna og annarra rekstrarvara auk útflutnings á áli og skautleifum. Jafnframt verður lagður tengivegur milli hafnar og verksmiðju. Í fylgiskjali I með skýrslu þessari er álveri á Keilisnesi lýst.

5. Meginefni frumvarps til heimildalaga.

Drög að frumvarpi til laga um heimild til samninga um álver á Keilisnesi er fylgiskjal II með skýrslu þessari. Tilgangur frumvarpsins er að veita ríkisstjórninni og iðnaðarráðherra fyrir hennar hönd heimild til að semja við Atlantsálsaðilana eða aðra aðila um nýtt álver á Keilisnesi í Vatnsleysustrandarhreppi í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Meginefni frumvarpsins er eftirfarandi:

- Veitt er heimild til að semja við aðila um stofnun hlutafélags hér á landi til að reisa og reka álver sem verði hannað með allt að 210.000 árstonna framleiðslugetu og kveðið á um að hlutafélagið verði stofnsett og starfrækt samkvæmt ákvæðum íslenskra laga, þ.m.t. ákvæðum frumvarpsins. Jafnframt er veitt heimild til að semja um að aðilarnir stofni eignarhaldsfélög hér á landi til að eiga hlut í félaginu og annast milligöngu um bræðslu á áli.
- Kveðið er á um heimildir til samninga um að höfn verksmiðjunnar verði í eigu hlutafélagsins og að ríkisstjórninni og Vatnsleysustrandarhreppi verði veittar heimildir til vegagerðar og til að afla lóðarréttinda.
- Kveðið er á um skattlagningu vegna reksturs álversins sem verður í meginatriðum í samræmi við íslensk skattalög en með nokkrum sérákvæðum er helgast af sérstöðu fyrirtækisins.
- Kveðið er á um fyrirkomulag á rekstri álversins og skýrt kveðið á um lögsögu íslenskra dómstóla, eða í sérstökum tilvikum gerðardóms skv. lögum um samningsbundna gerðardóma, og að íslensk lög verði ráðandi um túlkun og skýringu samninga um nýtt álver.
- Kveðið er á um útgáfu starfsleyfis fyrir álverið, sem gefið verður út í samræmi við ákvæði íslenskra laga, en með sérákvæðum varðandi gildistíma, sem verði til jafnlengdar aðalsamningi, og um endurskoðunarákvæði.
- Veittar eru skýrar lögheimildir um tiltekin réttindi, m.a. varðandi erlendar lántökur, inn- og útflutning og viðskipti með erlendan gjaldeyri og veittar undanþágur varðandi meiri hluta erlendrar eignaraðildar að félögum Atlantsálsaðilanna hér á landi.

6. Skipulag fyrirtækja Atlantsáls og skattlagning.

Gert er ráð fyrir að Atlantsálsaðilarnir hver um sig stofni eignarhaldsfélag hér á landi beint eða óbeint í einkaeign hvers aðila. Eignarhaldsfélögin munu síðan eiga hlutabréf í Atlantsáli hf. en það verður eigandi álversins á Keilisnesi. Eignarhaldsfélögin munu annast kaup á súráli og sölu á áli og njóta við það aðstoðar móðurfélaganna. Rætt hefur verið um að eignarhaldsfélag Alumax eigi 40% í Atlantsáli hf. en eignarhaldsfélög Hoogovens og Gränges 30% hvort. Þá er við það miðað að Atlantsál hf. verði rekið sem bræðslusamlag þannig að eignarhaldsfélögin þrjú hér á landi greiði kostnað við bræðsluna án þess að hagnaður eða tap myndist hjá Atlantsáli hf. Reksturinn verður á grundvelli samninga við eignarhaldsfélögin um bræðslu á áli þess efnis að félagið breyti súráli í ál gegn endurgreiðslu álbræðslukostnaðar, en án þess að álbræðslan eigi súrálið eða hið unna ál. Þetta form fyrirtækjarekstrar mun ekki breyta heildarskattbyrði vegna álbræðslu á Íslandi og er samkomulag um að eignarhaldsfyrirtækin þrjú, ásamt álbræðslunni, greiði samtals svipaða skatta og um eitt fyrirtæki væri að ræða. Í því sambandi er gert ráð fyrir eftirfarandi:

- Félagið greiði veltuskatt, fasteignagjöld og eignarskatt en verði undanþegið tekjuskatti.
- Eignarhaldsfélögin þrjú greiði tekjuskatt eftir afkomu, en greiði ekki veltuskatt og verði undanþegin eignarskatti.

Gerð hefur verið áætlun um skattgreiðslur álversins fyrstu 20 starfsárin. Skv. áætluninni, sem er á föstu verðlagi, yrðu fasteignaskattar um 1,3 milljarðar króna, veltuskattur 2,1 milljarðar króna, eignarskattur um 250 milljónir króna og stimpilgjöld um 50 milljónir króna. Erfiðara er að áætla tekjuskattsgreiðslur en þær gætu orðið á bilinu 15–20 milljarðar eftir því hvernig álverð þróast.

7. Helstu ákvæði aðalsamnings.

Aðalsamningurinn verður gerður á milli ríkisstjórnar Íslands og þriggja erlendra fyrirtækja og eignarhaldsfélaga þeirra, auk Atlantsáls hf. Eignarhaldsfélögin og Atlantsál hf. verða stofnuð og starfrækt skv. íslenskum lögum.

Aðalsamningurinn verður alls 28. gr. sem skipað verður í sjö kafla. Hér á eftir verða gerð skil á meginefni hvers kafla.

Í I. kafla aðalsamningsins, sem er ein grein, eru aðilaheiti, önnur heiti og hugtök skýrð með tilliti til þess hvaða merkingu beri að leggja í þau í samningnum.

Í II. kafla aðalsamningsins, sem tekur til 2. og 3. gr., er stöðu og skipulagi Atlantsálsfélaganna lýst.

Skipulagi félaganna er lýst í 2. gr. Í 1. mgr. 2. gr. er ákvæði um að á sama tíma og ritað er undir samninginn skuli Atlantsálfélögin stofnsett og skráð sem hlutafélög hér á landi. Atlantsálfélögin verða stofnuð og rekin sem hlutafélög í samræmi við íslensk lög, eins og nánar verður kveðið á um í heimildalögum og áskilið í samningnum. Aðsetur Atlantsálfélaganna skulu vera í Vatnsleysustrandarhreppi.

Í 2. mgr. 2. gr. er kveðið á um að þátttaka hvers hluthafa í félaginu skuli vera óbein í gegnum eignarhaldsfélag. Hvert eignarhaldsfélag skal gera samning við félagið um framleiðslu þess síðarnefnda á áli úr súráli. Þeir samningar skulu miðast við endurgreiðslu á kostnaði, eins og nánar er kveðið á um í 3. mgr. 5. gr. Starfsemi hvers eignarhaldsfélags skal takmörkuð við yfirráð og stjórnun á hlutafé þess í félaginu, kaup á súráli til félagsins og sölu á áli, flutning áls frá félaginu svo og aðstoð og þjónustu við félagið, m.a. fjármögnun þess.

Í 3. mgr. 2. gr. segir að markmið félagsins skuli vera að byggja og reka álbræðslu að Keilisnesi í Vatnsleysustrandarhreppi til framleiðslu á áli úr súráli eða með endurbræðslu áls og halda uppi slíkri framleiðslu og skyldri starfsemi, eins og nánar er kveðið á um í samningnum.

Í 4. mgr. 2. gr. verður kveðið á um upphæð upphaflegs hlutafjár félagsins og skiptingu þess milli eignarhaldsfélaganna. Endanlegt orðalag greinarinnar liggur ekki fyrir en rætt er um að upphaflegt hlutafé skuli vera 20% af áætluðum byggingarkostnaði og að því verði skipt á milli eignarhaldsfélaganna þannig að eignarhaldsfélag Alumax hf. verði skrifað fyrir 40 prósentum og hin tvö fyrir 30 prósentum hvert. Í greininni verður einnig kveðið á um heimildir til að lækka hlutafé félagsins í samræmi við hlutafélagalögin. Viðræðum um þetta atriði er ekki lokið en rætt er um að heimild til lækkunar verði takmörkuð við að hlutafé félagsins fari ekki niður fyrir einn fjórða hluta af heildarskuldum þess á hverjum tíma.

Í 5. mgr. 2. gr. er kveðið á um að við undirritun samningsins skuli komið á fót ráðgjafanefnd með sex fulltrúum. Þeir skulu tilnefndir til tveggja ára. Félagið tilnefnir tvo fulltrúa, iðnaðarráðherra tvo og Vatnsleysustrandarhreppur tvo. Nefndin útnefnir formann og skal nefndin koma saman a.m.k. tvisvar á ári. Nefndin skal ræða málefni sem félagið, ríkisstjórnin og sveitarfélagið hafa sameiginlegan áhuga á, einkum framkvæmd félagsins á eftirfarandi samningsákvæðum:

a. framlagi til tækni- og iðnþróunar skv. 7. mgr. 5. gr.,
b. umhverfismálum skv. 6. gr.,
c. forgangsrétti íslenskra aðila til vinnu, verktöku og þjónustu skv. 7. gr.

Skv. 6. mgr. 2. gr. skal í stjórn félagsins, sem kosin er af hluthöfum, vera einn íslenskur ríkisborgari. Hann skal kosinn að höfðu samráði við iðnaðarráðherra.

Skv. 7. mgr. 2. gr. er hluthöfum og einstökum eignarhaldsfélögum óheimilt, án samráðs við ríkisstjórnina, að stuðla að því að félagið verði leyst upp, eða tekið til skiptameðferðar, eða renni saman við annað fyrirtæki, eða að allar eða mesti hluti allra eigna félagsins verði seldar á gildistíma samningsins.

Í 8. mgr. 2. gr. er kveðið á um að hluthafarnir, Atlantsálfélögin, stjórnarmenn þeirra og framkvæmdastjórar, skuli í samræmi við ákvæði heimildalaganna vera undanþegnir tilgreindum ákvæðum íslenskra laga sem kveða á um íslenskt ríkisfang og búsetu á Íslandi sem skilyrði fyrir stofnun hlutafélaga, hlutafjáreign og útgáfu ýmissa starfsleyfa. Enn fremur er ákvæði um að félagið skuli undanþegið ákvæðum laga nr. 59/1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur, enda verði með öðrum hætti séð fyrir eðlilegum brunatryggingum húseigna félagsins. Þá er kveðið á um að ákvæði laga nr. 88/1982, um Viðlagatryggingu Íslands, skuli ekki eiga við um félagið en að það skuli hafa viðunandi viðlagatryggingu.

Í 9. mgr. 2. gr. er fjallað um skyldu ríkisstjórnarinnar til að sjá um útgáfu iðnaðar- og verslunarleyfis til handa félögunum og heimild til að afturkalla slík leyfi ef skilyrði þeirra eru ekki virt.

Í 10. mgr. 2. gr. er kveðið á um að ákvæði fyrstu sjö málsgreina 2. gr. skuli felld inn í stofnsamninga Atlantsálfélaganna.

Í 3. gr. er meðferð hlutafjár Atlantsálfélaganna lýst. Greininni er skipt í fjóra hluta, eins og nánar er gerð grein fyrir hér að aftan.

Í A-hluta 3. gr. er gerð grein fyrir framsalsheimildum hluthafa til annarra hluthafa í Atlantsálfélögum eða til dótturfyrirtækja sinna.

Í 1. mgr. 3. gr. er kveðið á um að hluthafi í Atlantsálfélagi hafi rétt til að framselja (með sölu eða á annan hátt), í heild eða að hluta, hlutabréf sín í Atlantsálfélagi til annarra hluthafa í Atlantsálfélögum, eða láta gefa út hlutabréf í eignarhaldsfélagi til fyrrnefndra aðila. Samþykki ríkisstjórnarinnar er þó áskilið fyrir slíku framsali á byggingartíma, þ.e. þar til álbræðslan hefur tekið til starfa.

Í 2. mgr. 3. gr. er kveðið á um að hluthafi í Atlantsálfélagi hafi rétt til að framselja (með sölu eða á annan hátt), í heild eða að hluta, hlutabréf sín í Atlantsálfélagi til eins eða fleiri dótturfyrirtækja eða láta gefa út hlutabréf í Atlantsálfélagi til slíkra dótturfyrirtækja. Þetta er þó háð því að ríkisstjórninni hafi verið afhent skrifleg yfirlýsing og skilyrðislaus ábyrgð eins og

kveðið er á um í 3. mgr. 3. gr. Slík útgáfa eða framsal hlutabréfa gildir þó aðeins á meðan óbreytt samband er á milli dótturfyrirtækisins og viðkomandi hluthafa, nema ríkisstjórnin heimili annað.

Í 3. mgr. 3. gr. er ákvæði um að sérhvert dótturfyrirtæki, sem hefur fengið hlutabréf í Atlantsálfélagi framseld eða útgefin, skuli verða aðili að samningnum á grundvelli viðkomandi útgáfu eða framsals. Það skal staðfest af hálfu viðkomandi dótturfyrirtækis með skriflegri yfirlýsingu til ríkisstjórnarinnar þar sem dótturfyrirtækið samþykkir alla skilmála og ákvæði þessa samnings og skuldbindur sig til að hlíta þeim í einu og öllu. Þrátt fyrir ákvæði 7. mgr. 3. gr. skal upprunalegur hluthafi skilyrðislaust ábyrgjast gagnvart ríkisstjórninni að viðkomandi dótturfyrirtæki og sérhvert dótturfyrirtæki sem síðar kemur standi við skyldur sínar samkvæmt þessum samningi á réttan hátt og á réttum tíma. Allar tilvísanir í þessum samningi til hluthafa, þar sem átt er við hluthafa í Atlantsálfélagi (þ.m.t. allar tilvísanir í 1.–6. mgr. 3. gr.) skulu túlkaðar þannig að þær feli í sér tilvísanir bæði til upprunalegs hluthafa og hvers þess dótturfyrirtækis sem hefur yfirráð slíkra hlutabréfa.

Í B-hluta 3. gr. er gerð grein fyrir framsalsheimildum hluthafa í Atlantsálfélögum til þriðja aðila.

Í 4. mgr. 3. gr. er kveðið á um að sérhver hluthafi í Atlantsálfélagi hafi heimild til, með þeim áskilnaði að gefin sé út skrifleg yfirlýsing í samræmi við 6. mgr. 3. gr., að framselja (með sölu eða á annan hátt), í heild eða að hluta, hlutabréf sín í Atlantsálfélagi til annars alþjóðlegs fyrirtækis, sem er í góðum metum og staðsett í einhverju OECD-ríki, eða láta gefa út hlutabréf í Atlantsálfélagi til þess. Ríkisstjórninni skal tilkynnt slíkt framsal eða útgáfa ekki síðar en fjórum vikum áður en framsal eða útgáfa á að eiga sér stað.

Í 5. mgr. 3. gr. er kveðið á um að hluthafa sé ekki heimilt án samþykkis ríkisstjórnarinnar að framselja (með sölu eða á annan hátt), í heild eða að hluta, hlutabréf í Atlantsálfélagi til fyrirtækis sem ekki uppfyllir skilyrði þau sem sett eru í 4. mgr. 3. gr. um slík fyrirtæki. Hluthafa er ekki heldur heimilt að láta gefa út hlutabréf í Atlantsálfélagi til slíks aðila nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin skal ekki neita um samþykki sitt samkvæmt þessari grein án gildrar ástæðu. Ef ríkisstjórnin neitar um samþykki skal neitunin rökstudd.

Í 6. mgr. 3. gr. er kveðið á um að ef hlutabréf hluthafa í Atlantsálfélagi verði framseld að hluta eða í heild eða gefin út til fyrirtækis í samræmi við skilyrði og ákvæði í 4. og 5. mgr. 3. gr. skuli fyrirtækið, sem fékk hlutabréfin framseld eða gefin út á sig, verða aðili að aðalsamningnum á grundvelli útgáfunnar eða framsalsins. Það skal staðfest af hálfu viðkomandi fyrirtækis með skriflegri yfirlýsingu til ríkisstjórnarinnar þar sem fyrirtækið samþykkir alla skilmála og ákvæði samningsins og skuldbindur sig til að hlíta þeim í einu og öllu.

Í C-hluta 3. gr. er gerð grein fyrir áhrifum af framsali hlutabréfa í Atlantsálfélögum.

Í 7. mgr. 3. gr. er kveðið á um að hluthafi í Atlantsálfélagi, sem framselt hefur öll hlutabréf sín í Atlantsálfélagi í samræmi við þessi ákvæði 3. gr., skuli frá þeim degi sem slíkt framsal á sér stað, ekki lengur vera aðili að aðalsamningnum og hvorki njóta réttinda né bera skyldur samkvæmt honum. Þetta á þó ekki við ef framsal hefur farið fram í trássi við þessi ákvæði 3. gr. Einnig hefur lausn aðila frá samningnum samkvæmt þessari grein engin áhrif á áframhaldandi gildi ábyrgðar hans skv. 3. mgr. 3. gr. vegna skuldbindinga dótturfyrirtækja.

Í 8. mgr. 3. gr. segir að sama gildi ef eignarhaldsfélag hluthafa hafi framselt öll hlutabréf sín í fyrirtækinu í samræmi við ákvæði 3. gr. Sá hluthafi telst, frá þeim degi sem slíkt framsal á sér stað, ekki lengur aðili að aðalsamningnum og nýtur hvorki réttinda né ber skyldur samkvæmt honum. Slík lausn hefur þó engin áhrif á áframhaldandi gildi ábyrgðar hans skv. 3. mgr. 3. gr. vegna skuldbindinga dótturfyrirtækja.

Í D-hluta 3. gr. er gerð grein fyrir takmörkunum á hlutabréfum í Atlantsálfélögum.

Í 9. mgr. 3. gr. er kveðið á um að ekki megi, án samþykkis ríkisstjórnarinnar nema annað sé sérstaklega tekið fram í þessari grein, veðsetja hlutabréf, setja þau að handveði eða nota

þau á annan hátt til tryggingar, hvorki í heild né að hluta. Ríkisstjórnin skal þó ekki neita um slíkt samþykki nema á grundvelli gildra ástæðna. Þá er kveðið á um að stofnsamningur Atlantsálfélaganna skuli hafa að geyma ákvæði 3. gr. aðalsamningsins. Þrátt fyrir ofangreind ákvæði er heimilt án samþykkis ríkisstjórnarinnar að setja hlutabréf Atlantsálfélaganna að handveði til fjármálastofnana eða til viðskiptaaðila Atlantsálfélaganna, t.d. Landsvirkjunar, ef slíkt er nauðsynlegt til að afla fjármagns til að reisa og reka álverið. Ákvæði greinarinnar um veðsetningu hlutabréfa eru ekki að fullu rædd.

Í 10. mgr. 3. gr. er kveðið á um að hlutabréf félagsins skuli ávallt vera í eigu eignarhaldsfélags og að einungis megi framselja þau til eignarhaldsfélags.

Í III. kafla aðalsamningsins, sem tekur til fjögurra greina (4.–7. gr.), er fjallað um starfsemi samkvæmt samningnum.

Í 4. gr. er fjallað um upphaf framkvæmda og kveðið á um að félagið hefji verkefnið við gildistöku samningsins í samræmi við ákvæði samningsins, orkusölusamningsins og lóðar- og hafnarsamningsins. Í greininni verður kveðið á um hvenær starfsemi álbræðslunnar skuli hefjast. Í 2. mgr. 4. gr. er kveðið á um að samningsaðilar undirriti samhliða undirritun aðalsamnings sérstakan samning um verklokaábyrgð vegna álversins. Í 3. mgr. 4. gr. er kveðið á um að við gildistöku samningsins skuli ríkisstjórnin láta leggja veg til að tengja álverið við Reykjanesbraut. Í 4. mgr. 4. gr. er kveðið á um að bygging og starfræksla bræðslunnar skuli að öllu leyti samrýmast íslenskum lögum, reglugerðum, byggingarsamþykktum og tengdum reglum.

Í 5. gr. er gerð grein fyrir grundvelli starfsemi félagsins. Í 1. mgr. er kveðið á um að félagið skuli aðeins hafa með höndum framleiðslu áls og skylda starfsemi.

Í 2. mgr. 5. gr. er ákvæði um að samhliða undirritun samnings þessa skuli veita félaginu iðnaðarleyfi, sem staðfesti heimild félagsins til að leggja stund á iðnað innan þeirra takmarka sem getið er í 1. mgr. 5. gr. að framan. Jafnframt segir að ríkisstjórnin skuli veita eignarhaldsfélögunum verslunarleyfi sem staðfestir rétt þeirra til þeirrar starfsemi sem lýst er í samningnum.

Í 3. mgr. 5. gr. er kveðið á um að framleiðsla félagsins á áli skuli vera skipulögð og rekin á samlagsgrundvelli, þar sem félagið umbreytir súráli eða endurbræðir ál í bræðslunni gegn endurgreiðslu kostnaðar frá eignarhaldsfélögunum fyrir þá framleiðslu. Starfsemi bræðslunnar og félagsins skal takmörkuð í samræmi við framangreint, nema ef annað er tekið fram í samningnum eða aðilarnir semja sérstaklega um annað.

Í 4. mgr. 5. gr. er kveðið á um þær meginreglur sem skulu gilda um rekstur bræðslunnar:

a. Reksturinn skal eingöngu taka til framleiðslu áls fyrir eignarhaldsfélögin.
b. Félagið skal ekki öðlast eignarrétt á súrálinu eða álinu sem framleitt verður.
c. Endurgreiðsla eignarhaldsfélaganna til félagsins fyrir framleiðslu áls skal ákveðin í grundvallaratriðum á þann veg að hún taki til venjulegs kostnaðar og útgjalda sem leggst á félagið eins og nánar verður gerð grein fyrir í sérstökum viðauka við samninginn. Annar kostnaður félagsins má vera endurgreiddur af eignarhaldsfélögunum með samþykki stjórna þeirra.
d. Endurgreiðslan skal ekki taka til súráls, sem félaginu er útvegað, eða neins kostnaðar í tengslum við það allt þar til það er afhent.

Í 5. mgr. 5. gr. er kveðið á um að eignarhaldsfélögin megi framselja, að hluta eða í heild, bræðsluréttindi sín til annars eignarhaldsfélags. Í 6. mgr. 5. gr. er kveðið á um að auka megi upphaflega framleiðslugetu álversins í þeim tilgangi að nýta umframorku, eins og það hugtak er skýrt í orkusamningnum. Upphafleg framleiðslugeta verður 210.000 tonn á ári og aukning framleiðslugetu má vera allt upp í 230.000 tonn á ári.

Í 7. mgr. 5. gr. er ákvæði um að félagið skuli leitast við að tryggja að starfsemi þess falli á fullnægjandi hátt inn í áætlanagerð íslenskra stjórnvalda um vísinda- og tæknistefnu landsins

og stuðli að íslenskri þróun á þeim sviðum, þ.m.t. uppbygging og þróun íslenskrar uppfinningastarfsemi, að svo miklu leyti sem slíkt er viðeigandi og framkvæmanlegt og að því tilskildu að slík viðleitni sé í eðlilegum tengslum og samræmanleg við rekstur álversins.

Í 8. mgr. 5. gr. er ákvæði um að aðilar samningsins miði við að félaginu sé heimilt að auka starfsemi sína með byggingu og rekstri viðbótarbræðsluaðstöðu. Sú viðbót tæki til eins eða tveggja nýrra kerskála þannig að framleiðslugetan yrði allt að 420.000 tonn á ári. Komi til þess skulu aðilarnir semja um slíka aukningu og skal sú samningsgerð byggja á sömu meginsjónarmiðum og aðalsamningurinn.

Í 6. gr. aðalsamningsins verður kveðið nánar á um skuldbindingar félagsins varðandi mengunarvarnir og umhverfismál. Ekki hefur náðst samkomulag um endanlegt orðalag en við undirritun minnisblaðs 4. október sl. náðist samkomulag um eftirfarandi atriði og verður efni 6. gr. m.a. byggt á þeim:

a. Um meðferð umsóknar um umhverfisstarfsleyfi fer samkvæmt íslenskum lögum og reglum.
b. Leyfið verður gefið út samtímis og gildir jafnlengi og aðalsamningurinn, þ.m.t. með hugsanlegri framlengingu.
c. Leyfið verður einungis endurskoðað eða því breytt (á tímamörkum sem samkomulag næst um) ef
   i. nýjar aðferðir, aðgerðir eða tæki til að stjórna útrennsli, útstreymi eða losun lofts, vökva eða fasts efnis, hafa, á grundvelli alþjóðlegra sáttmála, almennt verið skyldubundnar og komið til framkvæmda í álverum í OECD-ríkjunum sem hönnuð eru um svipað leyti og Atlantsálverið og með áþekkri tækni og Atlantsálverið, og
   ii. nýrra aðferða, aðgerða eða tækja er krafist samkvæmt íslenskum lögum, og
   iii. nýrra mengunarvarna verði þörf vegna staðbundinna skilyrða á Keilisnesi.
d. Breytingar á álverinu, er leiðir af breytingum á starfsleyfi, skulu gerðar í áföngum á eðlilegu tímabili og að teknu tilliti til fjárhagslegra aðstæðna við framkvæmd slíkra breytinga í OECD-ríkjunum. Álverið skal að öllu leyti hljóta meðferð samkvæmt íslenskum lögum, reglum og stjórnsýsluvenjum ekki óhagstæðari en veitt er íslenskum fyrirtækjum við líkar aðstæður.

Nú eru til umræðu milli aðila breytingartillögur við þessa grein þar sem m.a. er fjallað um hvernig bregðast skuli við ef áður óþekktir og sértækir umhverfisskaðar koma fram vegna reksturs álvers á Keilisnesi.

Í 7. gr. er gerð grein fyrir starfsmannahaldi, efni og þjónustu vegna byggingar álbræðslunnar og starfsemi hennar og félagsins.

Í 1. mgr. 7. gr. er kveðið á um að við byggingu bræðslunnar skuli félagið og verktakar þess, að því marki sem mögulegt er, ráða íslenskt starfslið. Enn er verið að ræða endanlegt orðalag þessa ákvæðis. Í 2. mgr. 7. gr. er kveðið á um að félagið skuli ráða og þjálfa íslenskt starfslið, þ.m.t. faglærða og ófaglærða verkamenn, verkfræðinga, tæknimenn og aðra íslenska sérfræðinga til reksturs bræðslunnar. Ef ekki er fáanlegt hæft íslenskt starfslið, að mati félagsins, skal félaginu heimilt að ráða erlent starfslið í samræmi við gildandi reglur eftir því sem þörf er á.

Í 3. mgr. 7. gr. er kveðið á um að við byggingu og rekstur bræðslunnar skuli félagið við kaup á efnum og afurðum og við ráðningu manna veita eftirtöldu forgang:

a. Íslensku efni og afurðum að því tilskildu að efnið eða afurðin sé sambærilegt við efni eða afurðir erlendis frá að því er varðar verð, gæði og afgreiðslutíma.
b. Þjónustu íslenskra fyrirtækja (svo sem byggingarverktaka, flutninga- og tryggingafyrirtækja) að því tilskildu að þjónustan sé sambærileg við þjónustu erlendra aðila að því er snertir verð, gæði, framkvæmd og afgreiðslutíma.

Í 4. mgr. 7. gr. er kveðið á um að ef þörf sé á áli til frekari úrvinnslu á Íslandi geti ríkisstjórnin ákveðið með 6 mánaða fyrirvara að kaupa allt að 5% af árlegri framleiðslugetu félagsins í a.m.k. 24 mánuði. Álið skal afhent í jöfnum mánaðarlegum skömmtum. Slík kaup skulu gerð með venjulegum viðskiptaskilmálum og skal verðið miðað við heimsmarkaðsverð á hrááli á hverjum tíma.

Um 5. mgr. 7. gr. er ekki samkomulag en af Íslands hálfu hefur verið lagt til að ríkisstjórninni skuli tilkynnt með sex mánaða fyrirvara ef hluthafarnir ákveða að nýta ekki framleiðslugetu bræðslunnar að fullu í tólf mánuði á samningstímanum, hvorki á eigin vegum né fyrir þriðja aðila, þannig að 10% eða meira af framleiðslugetu félagsins til að framleiða ál úr súráli verði vannýtt. Í slíkum tilfellum skuli ríkisstjórninni heimilt að láta framleiða ál úr súráli á eigin vegum, eða á vegum Landsvirkjunar eða einhvers þriðja aðila að því marki og á því tímabili sem framleiðslugetan er vannýtt í samræmi við tilkynningu hluthafa þar um. Í greininni er enn fremur fjallað um greiðslu ríkisins til félagsins fyrir framleiðsluna sem lagt er til að verði á sama grundvelli og eignarhaldsfélögin greiða fyrir álbræðsluna, sbr. 5. gr. samningsins.

Í IV. kafla er fjallað um fjárhagsleg atriði og skattamál Atlantsálfélaganna.

Í 8. gr. aðalsamnings er kveðið á um að álfélögunum skuli heimilt að taka við öllum greiðslum eða fjárframlögum, er varða rekstur þeirra, í erlendum gjaldeyri á reikningum utan Íslands og varðveita, fjárfesta, endurfjárfesta eða greiða fé úr slíkum reikningum eftir nánari ákvæðum og að teknu tilliti til eðlilegra skilyrða um rekstrarfjármagn hér á landi.

Í 9. gr. er kveðið á um að álfélögin skuli greiða skatta og önnur opinber gjöld sem almennt eru á lögð hér á landi eftir þeim reglum sem um þau gilda samkvæmt lögum á hverjum tíma, nema að því leyti sem á annan veg er mælt um í 10.–17. gr. aðalsamningsins.

Í 10. gr. er kveðið á um tekjuskattsgreiðslur eignarhaldsfélaganna.

Í 1. mgr. 10. gr. er kveðið á um að með tilliti til þess að bræðslan verður starfrækt á samlagsgrundvelli skuli lagður tekjuskattur á reiknaða fjárhagsniðurstöðu („reiknaðan ágóða“) hvers eignarhaldsfélags fyrir hvert fjárhagsár. Að því er lýtur að 2. tölul. 66. gr. laga nr. 75/1981, með áorðnum breytingum, skal reiknaður ágóði fundinn á grundvelli heildarvirðis þess áls sem framleitt er af bræðslunni fyrir hvert eignarhaldsfélag á viðkomandi fjárhagsári og skal þá tekið tillit til álags og/eða afsláttar, sem stafar af gæðum eða formi, og til tekna annarra en beinna greiðslna, sem eignarhaldsfélagið innir af hendi sem endurgjald, að frádregnum kostnaði og öðrum frádráttarliðum sem nánar er kveðið á um.

Í 2. mgr. 10. gr. er kveðið á um að heildarvirði áls, sem framleitt er í bræðslunni fyrir hvert eignarhaldsfélag á viðkomandi fjárhagsári, skuli vera samanlagt magn þess áls sem framleitt er á hverjum almanaksársfjórðungi viðkomandi fjárhagsárs samkvæmt bókhaldi og skjölum viðkomandi eignarhaldsfélags og félagsins, metið samkvæmt heimsmarkaðsverði á hrááli („HMVH“) eins og það er ákvarðað í upphafi hvers almanaksársfjórðungs samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$HMVH = \frac{LME + 2 \times PIP}{3}$$

þar sem

HMVH = Heimsmarkaðsverð á hrááli í bandarískum sentum á pund (2.204,62 pund = 1 tonn).

LME = Meðaltal næstliðins almanaksársfjórðungs, í bandarískum sentum á pund, af daglegum skráningum í London Metal Exchange á meðalverði hrááls að lágmarkshreinleika 99,7% með þriggja mánaða afhendingarfresti.

PIP = Meðalverð næstliðins almanaksársfjórðungs á hrááli að lágmarkshreinleika 99,5%, til sjálfstæðra kaupenda samkvæmt vísitölunni „Pechiney International Price Index“ í Bandaríkjadölum.

Öll þau verðgildi, sem nefnd eru hér að framan og notuð eru til að reikna álverð, miðast við álhleifa. Til að reikna út heildarvirði þess áls, sem framleitt er á fjárhagsári, verður því að leiðrétta heildarniðurstöðutölur sem fást með ofangreindri jöfnu til að þær taki mið af álagi eða afslætti af verði þess áls, sem framleitt var, er stafar af frávikum í gæðum (þ.e. hreinleika umfram 99,7% eða undir 99,5% eftir því sem við á) eða álagi sem stafar af lögun álsins (þ.e. ef um annað form en hleifa er að ræða).

Í 3. mgr. og 4. mgr. 10. gr. er kveðið á um hvernig með skuli fara ef upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að ákvarða LME eða PIP, eru ófáanlegar með öllu eða á ákveðnu tímabili.

Í 5. mgr. 10. gr. er kveðið á um hvað skuli dregið frá heildarvirði þess álmagns, sem framleitt er af félaginu fyrir hvert eignarhaldsfélag á fjárhagsári, en það er eftirfarandi:

a. viðskiptavirði þess súráls (VVS), sett fram í Bandaríkjadölum samkvæmt ákvæðum málsgreina 10.06 – 10.09, sem umbreytt er í ál í bræðslunni fyrir viðkomandi eignarhaldsfélag á viðkomandi fjárhagsári, svo og rýrnun eða önnur afföll sem kunna að verða á súrálinu á leið til bræðslunnar eða í bræðslunni á viðkomandi fjárhagsári, verðlagt á sama grundvelli og VVS, og
b. allur kostnaður sem eignarhaldsfélagið greiðir félaginu og frádráttarbær er til skatts að undanskilinni fyrningu, og
c. kostnaður, umfram það sem getið er um í staflið **b** í þessari málsgrein 10.05, við flutning þess áls, sem framleitt er af bræðslunni fyrir eignarhaldsfélagið, til tilgreindrar ákvörðunarhafnar, að meðtöldum farmgjöldum og vátryggingu án takmarkana, og
d. fyrning samkvæmt sérstökum viðauka við aðalsamninginn, og
e. umsaminn yfirstjórnunarkostnaður, sem nemur fjórum hundraðshlutum (4%) af heildarvirði þess áls sem framleitt er í bræðslunni fyrir eignarhaldsfélagið, reiknað samkvæmt málsgreinum 10.02–10.04 hér að ofan, fyrir fastakostnaði og útgjöldum sem aðilarnir bera vegna starfrækslu, fjármögnunar, reksturs, samhæfingar og almennrar stjórnunar á viðskiptum eignarhaldsfélagsins og vegna markaðssetningar og sölu þess áls sem framleitt er af bræðslunni fyrir eignarhaldsfélagið og nánar verður kveðið á um í sérstökum viðauka, og
f. sérstakur kostnaður og útgjöld eignarhaldsfélagsins, sem samið verður um í sérstökum viðauka við samninginn, og
g. frádráttarbært tap frá fyrri fjárhagsárum, sem er niðurstaða útreikninga á reiknuðum ágóða eignarhaldsfélagsins samkvæmt þessari 10. grein.

Í 6. mgr. 10. gr. er kveðið á um að viðskiptavirði þess súráls (VVS), sem breytt er í ál í bræðslunni á gefnu fjárhagsári fyrir sérhvert eignarhaldsfélag og reiknað út sérstaklega fyrir hvert þeirra, skuli vera samanlagt magn þess súráls sem breytt er í ál fyrir viðkomandi eignarhaldsfélag á viðkomandi fjárhagsári samkvæmt skráningu eignarhaldsfélagsins metið samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$VVS = Q \times VMV$$

þar sem

VVS = Viðskiptavirði þess súráls, sem félagið breytir í ál fyrir viðkomandi eignarhaldsfélag, í Bandaríkjadölum.

Q = Tala punda af súráli sem félagið breytir í ál fyrir viðkomandi eignarhaldsfélag á viðkomandi fjárhagsári.

VMV = Heildarsumma af vegnum meðaltalstölum hvers hluthafa í eignarhaldsfélagi fyrir viðkomandi fjárhagsár, í bandarískum sentum á pund, af eftirfarandi upphæðum: raunverði sem greitt var af viðkomandi eignarhaldsfélagi og dótturfyrirtækjum þess fyrir allt súrál, sem keypt var á hinu gefna fjárhagsári, FOB í þeirri höfn þar sem súrálinu var skipað upp, hvar svo sem það var brætt, ásamt öllum flutnings- og vátryggingarkostnaði og öðrum tengdum kostnaði, reiknuðum í bandarískum sentum á pund, fyrir flutning súrálsins frá fyrrnefndri FOB-höfn til Keilisness (vegið meðalverð).

Ofangreind jafna skal því aðeins eiga við að viðkomandi hluthafi, að meðtöldum dótturfyrirtækjum, hafi keypt á viðkomandi fjárhagsári eigi minna en sextíu hundraðshluta (60%) af heildarmagni súráls síns og dótturfyrirtækja sinna af óskyldum aðilum.

Í 7. mgr. 10. gr. er kveðið á um að sérhver hluthafi skuli tilkynna viðkomandi eignarhaldsfélagi fyrir fyrsta maí á því almanaksári sem fer á eftir gefnu fjárhagsári um vegið meðalverð (VMV) sem hann greiddi fyrir súrál á fjárhagsárinu og að fylgja skuli tilkynningunni skrifleg yfirlýsing óháðs löggilds endurskoðanda þar sem tölurnar í tilkynningunni eru staðfestar. Í hinni skriflegu yfirlýsingu skal einnig felast staðfesting á því að eignarhaldsfyrirtækið og dótturfyrirtæki þess hafi eigi keypt minna en 60% af súrálinu af óskyldum aðilum.

Í 8. mgr. 10. gr. er kveðið á um að við útreikning reiknaðs ágóða eignarhaldsfélaga skuli tekjur og kostnaðarliðir umreiknaðir úr Bandaríkjadölum í íslenskar krónur á grundvelli meðalgengis á fjárhagsárinu.

Í 9. mgr. 10. gr. segir að ef ákvæði lokamálsliðar í málsgrein 10.06 eigi ekki við um tiltekið eignarhaldsfélag þá skuli VVS fyrir það súrál, sem umbreytt er í hráál í bræðslunni á hinu gefna fjárhagsári fyrir eignarhaldsfélagið eða -félögin, ákvarðað í samræmi við reglur sem settar verða í sérstökum viðauka.

Í 10. mgr. 10. gr. er kveðið á um hvernig reiknaður ágóði eignarhaldsfélags skuli skattlagður skv. íslenskum skattalögum. Um það gilda eftirfarandi ákvæði:

a. Eignarhaldsfélögunum skal eigi heimilt að draga frá reiknuðum ágóða:
   i. afskriftir allt að 5% af viðskiptakröfum, sbr. 3. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, með áorðnum breytingum,
   ii. upphæðir sem eignarhaldsfélögin kunna að greiða út eða úthluta í arð, sbr. 8. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, með áorðnum breytingum,
   iii. framlög sem eignarhaldsfélögin kunna að leggja í fjárfestingarsjóði, sbr. 54.–55.B greina og 11. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, með áorðnum breytingum, og
   iv. hverjar þær upphæðir sem íslenskum fyrirtækjum kynni almennt að vera heimilt að draga frá skattskyldum tekjum samkvæmt hliðstæðum eða efnislega svipuðum ákvæðum íslenskra laga er síðar kynnu að vera samþykkt í stað þeirra ákvæða um frádrátt og undanþágur frá skatti sem getið er um í liðum i-iii hér að ofan.
b. Þrátt fyrir 72. gr. laga nr. 75/1981, með áorðnum breytingum, og án tillits til breytinga, er síðar kunna að verða varðandi frádrátt og undanþágur frá tekjuskatti og almenna tekjuskattsprósentu, skulu eignarhaldsfélögin greiða tekjuskatt sem nemur þrjátíu hundraðshlutum (30%) af reiknuðum ágóða eins og hann er skilgreindur hér að ofan.
c. Nú leiða útreikningar samkvæmt málsgreinum 10.01.–10.09. og hér að ofan fyrir tiltekið fjárhagsár til neikvæðrar niðurstöðu að því er varðar reiknaðan ágóða, þ.e. til frádráttarbærs taps, og skal þá viðkomandi eignarhaldsfélagi heimilt að flytja slíkt tap milli ára til síðari fjárhagsára.

Í 11. mgr. 10. gr. er kveðið á um að félagið skuli vera undanþegið tekjuskatti.

Í 12. mgr. 10. gr. er kveðið á um að Atlantsál hf. skuli greiða eignarskatt skv. því skattahlutfalli sem íslensk lög gera ráð fyrir. Þrátt fyrir 1. tölul. 74. gr. laga nr. 75/1981, með áorðnum breytingum, skal skatturinn lagður á hreina eign Atlantsáls eins og hún er færð í efnahagsreikningi.

Í 13. mgr. 10. gr. er kveðið á um að eignarhaldsfélögin skuli undanþegin eignarskatti.

Í 11. gr. er kveðið á um að í stað aðstöðugjalds, landsútsvars, iðnlánasjóðsgjalds, iðnaðarmálagjalds og kirkjugarðsgjalds, sem og annarra sams konar eða sambærilegra skatta eða gjalda sem kæmu síðar til viðbótar eða í stað þeirra gjalda, skuli félagið greiða gjald af veltu sem nemi 0,77%. Gjaldinu skal ráðstafa þannig að ¼ hlutum verði varið til atvinnuuppbyggingar í öðrum landshlutum skv. ákvæðum laga sem sett verða þar um. Í 11. gr. er enn fremur kveðið á um að eignarhaldsfélögin skuli undanþegin veltuskatti.

Í 12. gr. aðalsamningsins er kveðið á um að í stað fasteignagjalda og sérstaks skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, sem og annarra skatta sem kæmu í stað þeirra gjalda, skuli félagið greiða fasteignaskatt sem nemi 0,75% af umsömdu virði bygginga. Umsamið virði bygginga er 160 milljónir Bandaríkjadala. Þá er kveðið á um afslátt af fasteignaskatti fyrstu fjögur starfsár álversins.

Í 13. gr. aðalsamningsins eru ákvæði um sérstakar reikningsskilareglur fyrir álfélögin, sem grundvallaðar eru á íslenskum lögum með þeim skýringum og undanþágum sem taldar eru viðeigandi varðandi álfélögin, þ.m.t. afskriftareglur, og jafnframt er kveðið á um að verðbreytingar hvers konar megi miða við þróun Bandaríkjadals. Enn fremur er í 13. gr. kveðið á um að ákvæði íslenskra laga um tekjuskatt, eignarskatt og aðstöðugjöld, sem í gildi eru á hverjum tíma og varða skattaframtal, álagningu, endurskoðun, endurálagningu, innheimtu, gjalddaga og greiðslu og uppgjör tekjuskatts, eignarskatts og aðstöðugjalda og um kærur og deilur, skuli gilda um álfélögin. Þó skal heimilt að áfrýja sérstökum deilum varðandi skattlagningu Atlantsálsfélaganna til gerðardóms.

Í 14. gr. aðalsamningsins er kveðið á um skattskyldu erlendra hluthafa í eignarhaldsfélögunum. Skv. 1. mgr. 14. gr. skal fara eftir ákvæðum þeirra tvísköttunarsamninga sem í gildi eru milli Íslands og heimaríkja þessara aðila. Þá eru í 2. mgr. 14. gr. ákvæði um að meðan slíkir tvísköttunarsamningar hafa ekki verið gerðir skuli ríkisstjórnin beita í þessu efni ákvæðum þess tvísköttunarsamnings sem í gildi er á hverjum tíma milli Norðurlandanna eftir því sem hún ákveður nánar.

Í 15. gr. er kveðið á um að innflutningur félagsins eða aðila á þess vegum á byggingarefni, vélum og tækjum og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum fyrir verksmiðju félagsins og rekstur hennar og tengdra mannvirkja skuli vera undanþeginn tollum, aðflutningsgjöldum og vörugjaldi samkvæmt lögum nr. 97/1987, með áorðnum breytingum. Einnig er veitt heimild til að fella niður eða endurgreiða tolla, aðflutningsgjöld og vörugjald á vöru og þjónustu sem keypt er innan lands vegna byggingar verksmiðjunnar.

Í 15. gr. er enn fremur kveðið á um að innflutningur eða kaup aðilanna, félagsins, einhvers á þess vegum eða eignarhaldsfélaganna á hráefnum og framleiðsluvörum til neyslu, nota eða framleiðslu vegna reksturs bræðslunnar og hafnarinnar svo og útflutningur á framleiðsluvörum og notuðum efnum og áhöldum frá verksmiðjunni skuli undanþeginn tollum og öðrum gjöldum á innflutning og útflutning.

Í 1. mgr. 16. gr. er kveðið á um að raforka til byggingar og reksturs álversins skuli undanþegin öllum gjöldum sem lögð eru á í tengslum við sölu eða notkun raforku. Í 2. mgr. 16. gr. er kveðið á um að stimpilgjöld samkvæmt lögum nr. 75/1921, með áorðnum breytingum, skuli lækkuð í 0,15 af hundraði af kaup- eða leigusamningum sem gerðir verða af félaginu, og af lánum sem félagið kann að taka í tengslum við byggingu og rekstur álversins og enn fremur skuli felld niður stimpilgjöld af lánum sem félagið kann að taka í stað fjárfestingarlána, svo og

stimpilgjöld af hlutabréfum álfélaganna. Í 3. mgr. 16. gr. er enn fremur kveðið svo á að raforkusala til félagsins og innflutningur félagsins og eignarhaldsfélaganna á helstu aðföngum og endurgreiðsla eignarhaldsfélaganna til félagsins á rekstrarkostnaði og útgjöldum þess skuli vera undanþegin virðisaukaskatti. Í 4. mgr. 16. gr. er kveðið á um að erlend lán, sem Atlantsálfélögin taka, skuli undanþegin sköttum og öðrum gjöldum. Í 5. mgr. 16. gr. er kveðið á um greiðslu félagsins á ákveðinni upphæð í stað skipulagsgjalda.

Í 17. gr. er endurskoðunarákvæði þess efnis að aðilarnir geti óskað eftir endurskoðun á skattakerfi Atlantsáls ef verulegar breytingar verða á íslenskum skattalögum eða nýir skattar lagðir á. Meginviðmiðunin við endurskoðunina er að heildarskattbyrði fyrirtækjanna haldist í jafnvægi á samningstímanum. Í 17. gr. er enn fremur ákvæði þess efnis að Atlantsálsaðilarnir geti hvenær sem er óskað eftir því að sérákvæði aðalsamningsins um skattlagningu falli niður og félögin verði eftir það skattlögð alfarið eftir íslenskum lögum.

Í 18. gr. er fjallað um fjármögnun álversins og fjármögnunaráætlun vegna byggingar og reksturs álversins sem gert er ráð fyrir að verði fylgiskjal með aðalsamningi. Í 18. gr. er enn fremur kveðið á um skuldbindingar aðila til að leggja lánssamninga álversins fyrir ríkisstjórnina til kynningar. Þá er hluthöfunum veittur réttur, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, til að veðsetja hlutabréf sín í eignarhaldsfélögunum vegna upphafsfjármögnunar álversins.

Í V. kafla er fjallað um lagalega stöðu samninganna, fyrirheit og ábyrgðir.

Í 19. gr. er fjallað um lagalega stöðu samninganna. Í 1. mgr. 19. gr. er staðfest að samningurinn sé gerður á grundvelli heimildalaganna og í samræmi við ákvæði laganna er heimila ríkisstjórninni að gera samninga um álverkefnið. Í 2. mgr. 19. gr. er kveðið á um birtingu aðalsamningsins í B-deild Stjórnartíðinda en staðfest að samningurinn öðlist gildi samkvæmt ákvæðum sínum óháð birtingunni. Í 3. mgr. 19. gr. er kveðið á um að félagið geri orkusölusamning og lóðar- og hafnarsamning samhliða undirritun aðalsamningsins og stofnun félaganna. Í 4. mgr. 19. gr. er ákvæði um að félagið geri bráðslusamninga við hvert eignarhaldsfélag og leggi slíka samninga fyrir ríkisstjórnina til kynningar. Kveðið er á um að samningarnir og breytingar á þeim skuli að öllu leyti samrýmast ákvæðum aðalsamningsins. Í 5. mgr. 19. gr. er kveðið á um að samningar sem gerðir verða milli Atlantsálsfyrirtækjanna og milli þeirra og hluthafanna skuli vera samkvæmt hlutlægum mælikvarða á viðskiptaháttum milli óskyldra aðila.

Í 20. gr. er fjallað um tryggingar og ábyrgðir ríkisstjórnarinnar. Í 1. mgr. 20. gr. segir að ríkisstjórnin muni gera allt sem nauðsynlegt er til að tryggja að hluthafarnir og Atlantsálsfyrirtækin njóti allra þeirra réttinda og hlunninda sem veitt eru skv. þessum samningi og fylgisamningunum og að ekkert verði gert sem takmarki eða á annan hátt hafi óhagstæð áhrif á framkvæmd verkefnisins og forsendur aðila varðandi rekstur álversins.

Í 2. mgr. 20. gr. er ákvæði um að ríkisstjórnin tryggi að Atlantsálsfyrirtækin hljóti ekki óhagstæðari meðferð skv. íslenskum lögum, reglum og stjórnsýsluvenjum en önnur framleiðslufyrirtæki sem starfa á Íslandi við sambærilegar aðstæður. Í 3. mgr. 20. gr. er kveðið á um að ríkisstjórnin ábyrgist framkvæmd hafnar- og lóðarsamnings. Í 4. mgr. 20. gr. er kveðið á um að ríkisstjórnin, sem einn eigandi Landsvirkjunar (50% eignarhlutur skv. lögum nr. 42 23. mars 1983, um Landsvirkjun), sé ábyrg fyrir sitt leyti sem ábyrgðarmaður á öllum skyldum Landsvirkjunar, þ.m.t. skyldum fyrirtækisins skv. orkusölusamningi. Þá er kveðið á um að síðari breytingar á eignarhaldi eða skipulagi Landsvirkjunar skuli ekki á neinn hátt hafa áhrif á ábyrgð ríkisstjórnarinnar á skuldbindingum Landsvirkjunar hvað varðar orkusölusamninginn nema um annað sé sérstaklega samið.

Í 21. gr. er fjallað um tryggingar og ábyrgðir hluthafanna. Í greininni er kveðið á um að hluthafarnir veiti Landsvirkjun og sveitarfélaginu nánar tilteknar ábyrgðir skv. ákvæðum lóðar- og hafnarsamnings og orkusölusamnings.

VI. kafli aðalsamningsins fjallar um lög þau sem fara skal eftir og lausn deilumála.

Í 22. gr. er kveðið á um að um skýringu, túlkun og framkvæmd aðalsamningsins skuli fara eftir íslenskum lögum.

Í 23. gr. er fjallað um lausn deilumála. Í 1. mgr. 23. gr. eru ákvæði um að ef upp koma deilumál vegna aðalsamningsins, þar með taldar deilur um gildi hans eða riftun, á milli ríkisstjórnarinnar annars vegar og hluthafanna og/eða Atlantsálfélaganna hins vegar, og þau verða ekki leyst með samkomulagi, þá er báðum aðilunum, sameiginlega eða upp á sitt eindæmi, heimilt að leggja málið fyrir íslenska dómstóla eða gerðardóm í samræmi við eftirfarandi ákvæði greinarinnar. Í 2. mgr. 23. gr. segir að bæjarþing Reykjavíkur skuli hafa endanlega lögsögu í öllum deilumálum sem 1. mgr. 23. gr. tekur til, með fyrirvara um málskot til Hæstaréttar, ef lög heimila, sbr. þó undantekningarreglu 5. mgr. 23. gr. hér að neðan. Í 3. mgr. 23. gr. er kveðið á um að hluthafarnir skuli, hver um sig, tilnefna skriflega fyrirsvarsmann búsettan á Íslandi, er hafi fullt umboð til að taka við stefnu fyrir þeirra hönd fyrir dómstólum á Íslandi í hverju því máli sem skotið er til þeirra dómstóla í samræmi við ákvæði 2. mgr. 23. gr. og eru vegna ágreinings um aðalsamninginn.

Í 4. mgr. 23. gr. segir að þrátt fyrir framangreind ákvæði skuli báðum aðilum, að teknu tilliti til 5. mgr. 13. gr., heimilt að vísa hverju því deilumáli sem fjallar um túlkun eða framkvæmd þessa samnings til gerðardóms, að undangenginni skriflegri tilkynningu til hins aðilans. Ef hinn aðilinn hefur þegar lagt málið fyrir íslenskan dómstól þá skal viðkomandi tilkynning gefin innan þrjátíu (30) daga frá því að stefna hefur verið birt. Slík tilkynning skal hafa þau áhrif að dómstólameðferðinni telst þá þegar lokið og öll skipan samkvæmt henni ógild.

Skv. 5. mgr. 23. gr. er kveðið á um að gerðardómur, sem til er stofnað skv. ákvæðum 4. mgr. 23. gr., skuli skipaður þremur gerðardómsmönnum. Tveir þeirra skulu skipaðir af sínum aðilanum hvor og sá þriðji sameiginlega af hinum tveimur fyrrnefndu. Ef annar hvor aðila skipar ekki gerðardómara innan þrjátíu (30) daga frá því að honum barst tilkynning um að málið yrði lagt í gerð, þá er hinum aðilanum heimilt að óska eftir því að yfirborgardómarinn í Reykjavík tilnefni gerðardómara í hans stað. Ef tveir fyrstu gerðardómararnir geta ekki komið sér saman um hinn þriðja innan þrjátíu (30) daga frá því að þeir voru skipaðir, skal hann skipaður af bæjarþingi Reykjavíkur að beiðni annars hvors deiluaðilans. Ef deiluaðilarnir hafa ekki skipað þriðja gerðardómarann innan þrjátíu (30) daga þá skal hann skipaður af bæjarþingi Reykjavíkur eins og að ofan greinir. Bæjarþing Reykjavíkur skal skipa þriðja gerðardómarann úr hópi fimm manna sem eru reiðubúnir til að taka verkið að sér og hafa verið tilnefndir, að beiðni yfirborgardómara, af forseta Alþjóðaverslunarráðsins (International Chamber of Commerce (IIC)). Þriðji gerðardómarinn skal vera af öðru þjóðerni en aðilar aðalsamningsins.

Í 6. mgr. 23. gr. segir að gerðardómur, sem til er stofnað skv. 4. mgr. 23. gr., skuli hafa aðsetur í Reykjavík í samræmi við ákvæði laga nr. 53/1989, um samningsbundna gerðardóma. Ef annað er ekki tekið fram þá skal málsmeðferð gerðardómsins að öðru leyti vera í samræmi við gerðardómsreglugerð fastanefndar Sameinuðu þjóðanna um alþjóðlegan viðskiptarétt (UNCITRAL). Umræðum um ákvæði er tengjast fullnustu dóma gerðardóms skv. 23. gr. er ekki að fullu lokið.

Í VII. kafla aðalsamningsins eru ýmis ákvæði er fjalla um óviðráðanleg öfl, breytingar og framsal, gildistöku og gildistíma, viðurkennda texta og lögheimildir til samningsgerðar.

Í 24. gr. er fjallað um óviðráðanleg öfl og áhrif þeirra á ábyrgð aðila vegna vanefnda af þeirra völdum.

Í 25. gr. er fjallað um breytingar á aðalsamningi, tilkynningar og framsal réttinda og skyldna. Í 1. mgr. 25. gr. er kveðið á um að aðeins sé heimilt að breyta aðalsamningnum með skriflegum viðaukasamningi og að áskildu samþykki Alþingis, ef tilskilið er samþykki þess í

því tilviki sem um er að ræða. Í 2.–5. mgr. 25. gr. eru ákvæði um þær tilkynningar sem leyft er eða skylt er að senda samkvæmt aðalsamningunum og hvert þær skuli sendar.

Í 6. mgr. 25. gr. er kveðið á um að framsal réttinda og skyldna skv. samningnum sé almennt ekki heimilt nema í nánar tilgreindum tilvikum.

Í 26. gr. eru ákvæði um gildistökudag og gildistíma samningins sem gert er ráð fyrir að verði 25 ár með rétti til framlengingar í tvö fimm ára tímabil.

Í 27. gr. eru ákvæði um viðurkennda texta og ákvæði þess efnis að fyrirsagnir hafi ekki gildi um túlkun samningsins.

Í 28. gr. eru ákvæði um löghæfi aðila til að undirrita samninginn.

8. Meginatriði varðandi orkusölu.

Unnið hefur verið að samningsgerð um orkusölu milli Landsvirkjunar og Atlantsálsaðilanna frá því á miðju ári 1988. Eins og fram kemur í drögum að greinargerð Landsvirkjunar um orkusölusamning, dags. í febrúar 1991 (fskj. III), liggur fyrir samkomulagsgrundvöllur um öll tæknileg atriði samningsins. Sama gildir einnig um önnur samningsatriði ef undan eru skilin nokkur atriði er varða tryggingar, ábyrgðir og orkuverðsskilmála. Rétt er að vekja athygli á að ákvæði er varða tryggingar- og ábyrgðarskilmála eru háð samningum Atlantsáls hf. við lánastofnanir, sem koma til með að veita lán til álversins. Það verður því ekki að fullu gengið frá þeim fyrr en fjármögnun álversins er tryggð.

Samkvæmt drögum að greinargerðinni verður orkuverðið ákveðið hlutfall af álverði. Veittur verður afsláttur af verðinu fyrstu átta árin. Fyrstu árin tvö verða auk þess ákveðin efri og neðri mörk. Orkuafhending tekur til um það bil 3000 GWh á ári með 90% orkunnar sem forgangsorku. Ákvæði verða um kaupskyldu af hálfu Atlantsáls. Endanlegur orkusamningur mun innihalda grein um endurskoðunarrétt. Orkusamningurinn verður til 25 ára og skal Atlantsál hafa rétt til að framlengja samninginn tvisvar sinnum um 5 ár í hvort sinn. Í fskj. III er fjallað nánar um orkuverð og aðra skilmála orkusölu til nýs álvers.

Samkvæmt áætlunum Landsvirkjunar verður hagkvæmast að anna orkuþörf álversins, ásamt aukningu í orkuþörf almenna markaðarins skv. orkuspá, með eftirtöldum virkjunarframkvæmdum í framhaldi af Blönduvirkjun:

	Afl MW	Orkuvinnsla GWh/ári
Fljótsdalsvirkjun	210	1400
Stækkun Búrfells, 5. áfangi Kvíslaveitu og stækkun Þórisvatnsmiðlunar	100	530
Stækkun Kröfluvirkjunar	30	230
1. áfangi Nesjavallavirkjunar	30	245

Jafnframt er gert ráð fyrir, náist samningar um álverið, að Hitaveita Suðurnesja auki raforkuvinnslu sína með svokölluðum strompgufuvirkjunum. Þær eru bæði rekstrarlega og þjóðhagslega hagkvæmar, auk þess sem þær bæta m.a. nýtingu á þeirri jarðgufu sem tekin er upp úr jarðhitasvæði virkjunarinnar og draga úr loftmengun.

Samhliða virkjanaframkvæmdum þarf að ráðast í umfangsmiklar framkvæmdir í orkuflutningskerfinu. Leggja þarf 220 kV flutningslínur frá Fljótsdal um Svartárkot í Bárðardal til Akureyrar, 220 kV línu milli Svartárkots og Búrfells, 220 kV línu frá Búrfelli að aðveitustöðinni við Hamranes sunnan Hafnarfjarðar og loks tvær 220 kV línur frá Hamranesi að álverinu á Keilisnesi. Jafnframt þarf að reisa tengivirki við Svartárkot og á Keilisnesi og bæta við tengivirki í aðveitustöð Landsvirkjunar á Rangárvöllum við Akureyri.

Áætlað er að fjárfesting Landsvirkjunar á tímabilinu 1991–1995, miðað við framangreindar framkvæmdir og framkvæmdir við Blönduvirkjun sem nú er ólokið, verði um 40.000

milljónir króna, að meðtöldum 5,5% vöxtum á byggingartíma, miðað við verðlag í desember 1990. Áætlað er að mannaflaþörf vegna framkvæmdanna verði um 2.600 ársverk.

Unnið er að því að meta arðsemi orkuframkvæmdanna miðað við þau drög að raforkusamningi sem nú eru lögð til grundvallar í viðræðum Landsvirkjunar og Atlantsálsfyrirtækjanna. Í september 1990 sendi Landsvirkjun frá sér greinargerð um fjárhagslega afkomu fyrirtækisins miðað við þau samningsdrög um orkuverð sem þá lágu fyrir. Þjóðhagsstofnun og Orkustofnun sendu einnig frá sér greinargerðir um arðsemi orkuframkvæmdanna. Í greinargerð Þjóðhagsstofnunar var sérstaklega fjallað um ýmsa áhættuþætti fyrir afkomu Landsvirkjunar af orkusölunni og gerðir líkindafræðilegir útreikningar, þar sem tímaferlar raunvaxta, álverðs og raungengis Bandaríkjadals gagnvart íslensku krónunni voru látnir breytast samtímis á tilviljunarkenndan hátt. Niðurstaða þeirra var að 73% líkur væru á að arðsemi eiginfjár Landsvirkjunar yrði meiri en 5%, en um 1% líkur á að arðsemi eiginfjár yrði neikvæð.

Frá því að framangreind athugun fór fram hafa ýmsar ytri aðstæður breyst. Þar má nefna raungengislækkun Bandaríkjadals og breytingar á raunvöxtum, álverði o.fl. Það voru einmitt áhrif slíkra breytinga sem líkindafræðilegum útreikningum Þjóðhagsstofnunar var ætlað að meta. Í líkan Þjóðhagsstofnunar vantaði raunar eitt þýðingarmikið atriði, það er að lýsa því sterka samhengi sem er milli álverðs í Bandaríkjadölum og raungengis Bandaríkjadals. Nú er, eins og fram kemur í fskj. III, verið að endurskoða arðsemi af fyrirhugaðri orkusölu Landsvirkjunar til Atlantsáls. Jafnframt má benda á að í vor verða opnuð tilboð í verksamninga um meginhluta þeirra virkjanaframkvæmda sem áformaðar eru vegna Atlantsáls. Þegar þau hafa verið opnuð verða forsendur um virkjanakostnað mun öruggari en nú er.

9. Meginatriði varðandi hafnar- og lóðarmál.

Verksmiðjan verður staðsett á lóð í jörðunum Flekkuvík og Kálfatjörn í Vatnsleysustrandarhreppi. Þá verður hluti af verksmiðjulóðinni og hafnarmannvirki, ásamt svæði er tengir verksmiðjuna við hafnarsvæðið, í landi Stóru- og Minni-Vatnsleysu. Gert hefur verið ráð fyrir að ríkissjóður eða Vatnsleysustrandarhreppur kaupi nægilegt landrými undir verksmiðjuna og höfn hennar og endurleigi eða endurselji Atlantsáli hf. lóðarréttindi. Flekkuvík er jörð í einkaeign, en í eyði, og Kálfatjörn ríkisjörð. Byggingarlandið er á traustu helluhrauni sem auðvelt er að jafna með stórvirkum vinnuvélum. Í júlí voru gerðar allgóðar jarðvegsrannsóknir með kjarnaborunum sem staðfesta þetta. Lítil byggð er í nágrenni lóðarinnar, þannig að stækkunarmöguleikar eru góðir.

Nokkrir bæir lenda innan við eða á jaðri þynningarsvæðis loftmengunar frá álveri við Keilisnes, þ.e. Minni-Vatnsleysa, þar sem rekið er stórt svínabú, Stóra-Vatnsleysa, þar sem nú er stór fiskeldisstöð, Flekkuvík og Kálfatjörn, en þar er búskapur aflagður. Svínabúið yrði í aðeins nokkur hundruð metra fjarlægð frá tengibraut hafnar og verksmiðju og því yrði umferðarhávaði sem svín þola illa. Því er talið rétt að kaupa fasteignir svínabúsins en eigandi þess hefur lýst áhuga á að selja eignirnar og leggja svínaræktina niður. Fiskeldisstöðin þarf ekki að víkja fyrir álverinu, enda sýnir reynsla annars staðar frá að loftmengun af völdum álvers hefur engin áhrif á fiskeldi.

Aðstæður til hafnargerðar eru góðar fram undan Minni-Vatnsleysu. Höfnin yrði hins vegar dýr, þar sem þörf er á brimvarnargarði. Kostnaður við höfn, sem telst örugg fyrir allt að 60.000 tonna skip með allt að 12 metra djúpristu, ásamt hæfilegu rými við hafnarbakka til geymslu á hráefnum og afurðum er áætlaður um 900 milljónir króna. Atlantsálsaðilarnir hafa talið eðlilegt að bygging og rekstur hafnarinnar yrði á vegum félagsins og er við það miðað en þó þannig að höfnin yrði við lok samningstíma eða síðar, eftir því sem um semst, eign Vatnsleysustrandarhrepps.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðs álvers hafa verið könnuð á grundvelli dreifingar mengunarefna í lofti, áhrifa á gróður og búfénað, mengunar grunnvatns og sjávar, hávaða og almennrar aðlögunar. Vegna veðurskilyrða á Keilisnesi munu mengunarefni í lofti dreifast mikið, aðallega á haf út, og því væntanlega ekki hafa mikil áhrif á starfsemi í nágrenni þess. Álver á Keilisnesi myndi sjást af Keflavíkurveginum á litlum kafla og úr mikilli fjarlægð frá Álftanesi og Reykjavík.

10. Helstu atriði starfsleyfis.

Svo sem gerð var grein fyrir í skýrslu til Alþingis, sem lögð var fyrir á 113. löggjafarþingi (þskj. 8), er gert ráð fyrir að nýjustu tækni við mengunarvarnir verði beitt við framleiðslu og steypu á áli í álbræðslunni og að álverið á Keilisnesi verði frá sjónarmiði umhverfisverndar í fremstu röð álvera í heiminum. Atlantsálsaðilarnir lögðu fram umsókn í júní sl. um starfsleyfi og hefur umsóknin verið til umfjöllunar síðan. Sammæli er um að starfsleyfið verði gefið út í samræmi við ákvæði íslenskra laga og mengunarvarnareglugerðar. Gert er ráð fyrir að starfsleyfi verði gefið út samhliða og gildi til jafnlengdar aðalsamningi, þ.e. allt að 35 ár. Meginatriði þess eru:

- Almenn ákvæði eru um að skilmálar leyfisins gildi fyrir allt að 230.000 árstonna álver og að það sé útgefið til jafnlengdar aðalsamningi en endurskoða megi leyfið að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, sjá nánar hér á eftir.
- Ákvæði eru um varnir gegn mengun ytra umhverfis sem taka mið af lífríki á svæðinu, dreifingu mengunarefna í lofti o.fl. Ákvæðin ná meðal annars til heildarmagns flúors, ryks og brennisteinstvíildis sem leyfilegt er í útblæstri fyrir hvert tonn af áli sem framleitt er.
- Ákvæði eru um meðferð úrgangs, þ.m.t. strangar reglur um förgun og endurnýtingu úrgangsefna.
- Ákvæði um fráveitur frá álverinu og hreinsun fráveituvatns eru í samræmi við ákvæði í mengunarvarnareglugerð.
- Ákvæði um hávaðamengun eru í samræmi við mengunarvarnareglugerð.
- Ítarleg ákvæði eru um mælingar og rekstrareftirlit, sem eru meðal þeirra umfangsmestu sem þekkjast í álverum nú á tímum.
- Ákvæði eru um skýrslugerð, eftirlit o.fl.
- Þá eru ítarleg ákvæði um mælingar og rannsóknir á lífríki, loftgæðum, veðurfari, hafstraumum o.fl. áður en rekstur álversins hefst. Þessar athuganir verða notaðar til að bera saman við mælingar og rannsóknir á sömu atriðum eftir að rekstur álversins er hafinn, en gert er ráð fyrir að slíkar mælingar verði gerðar reglulega meðan álverið er í rekstri.
- Ekki hefur náðst endanlegt samkomulag um aðstæður sem þurfa að vera fyrir hendi til að starfsleyfið verði endurskoðað, sjá nánar lýsingu á 6. gr. aðalsamningsins.

Starfsleyfistillaga mun liggja frammi á skrifstofu Vatnsleysustrandarhrepps til kynningar og athugasemda í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar og auglýsing þess efnis verður send til birtingar í Lögbirtingablaðinu.

11. Þjóðhagsleg hagkvæmni Atlantsáls.

Þjóðhagsstofnun hefur kannað þjóðhagsleg áhrif Atlantsáls miðað við að álverið verði reist á árunum 1991 til 1994 og hefji bræðslu í ágúst 1994, sjá fskj. IV. Í athugun stofnunarinnar er miðað við áætlanir Landsvirkjunar um framkvæmdir við virkjanir, aðrar orkuöflunarframkvæmdir og flutningslínur. Í greinargerð stofnunarinnar eru borin saman tvö dæmi, svokallað grunndæmi og svokallað áldæmi.

Í grunndæminu er m.a. gert ráð fyrir óbreyttum fiskafla, en lítils háttar verðmætaaukningu framleiðslunnar, nokkurri hækkun á verði sjávarafurða fram á næsta ár og að eftir það

fylgi verðið verðlagi erlendis. Þá er gert ráð fyrir lítils háttar aukningu í útflutningi áls og nokkurri aukningu í öðrum útflutningi. Varðandi aðra þætti er vísað til fylgiskjalsins.

Í áldæminu er gert ráð fyrir framkvæmdum vegna byggingar Atlantsáls, hafnar á Keilisnesi, virkjana og annarra nauðsynlegra framkvæmda til að sjá álverinu fyrir raforku.

Helstu niðurstöður athugana Þjóðhagsstofnunar eru:

- Að árlegur hagvöxtur í grunndæminu verði, á mælikvarða landsframleiðslu, einungis um 1,5%, eða um 0.5% á mann tímabilið 1991–1997. Í áldæminu verður árlegur hagvöxtur að meðaltali 2,5% eða um 1,5% á mann.
- Varanleg áhrif álversins, eftir að það er komið í eðlilegan rekstur, auki landsframleiðsluna um 3% og með margfeldisáhrifum nemi aukningin um 4%.
- Kaupmáttur ráðstöfunartekna á framkvæmdartíma verði mest 4,5% meiri í áldæminu en í grunndæminu. Eftir að rekstur álversins hefst verði munurinn 4%.
- Að atvinnuleysi á framkvæmdartíma verði að jafnaði 0.5% minna.
- Að hlutfall áls í heildarútflutningi verði um 21% í áldæminu eftir að rekstur álversins er kominn í eðlilegt horf, en 8% í grunndæminu, og að hlutfall sjávarafurða í útflutningi verði 44% í áldæminu í stað 52% í grunndæminu.
- Erlendar skuldir, að skuldum álversins meðtöldum, samsvari um 46% af landsframleiðslu í árslok 1996 í áldæminu í stað 37% í grunndæminu.
- Verðbólga verði lítið eitt meiri í áldæminu en í grunndæminu eða sem nemur um 1%.

Þjóðhagsstofnun mun endurskoða þjóðhagsleg áhrif Atlantsáls. Við þá endurskoðun verður meðal annars miðað við þær breytingar sem hafa orðið á framkvæmda- og kostnaðaráætlunum við byggingu álversins og virkjana sem og annarra nauðsynlegra framkvæmda vegna þess. Jafnframt verður tekið tillit til endurmats á forsendum orkusölusamnings, gengisþróunar og breytinga á álverðsspá o.fl. Loks verður við endurskoðunina tekið tillit til breyttra forsendna um fiskveiðar o.fl. Í því sambandi er ástæða til að benda á að loðnuveiðar verða mun minni á vetrarvertíð en gert var ráð fyrir í grunndæminu.

Það má búast við að endurmat á þjóðhagslegri hagkvæmni nýs álvers muni styrkja fyrri niðurstöður Þjóðhagsstofnunar, en þær sýna að með nýju álveri má rjúfa þá kyrrstöðu sem hefur verið í efnahagslífinu undanfarin ár. Þær sýna einnig að með því má styrkja undirstöður þjóðarbúsins. Niðurstöður stofnunarinnar gefa því tilefni til að ætla að lánskjör á erlendum lánum muni síst versna með tilkomu álversins. Jafnframt benda niðurstöðurnar til að betri nýting fáist á innlendri framleiðslugetu, bæði vinnuafli og fjármagni.

12. Hagstjórn á framkvæmdartíma.

Sérfræðinganefnd iðnaðarráðuneytisins um þjóðhagsleg áhrif stóriðju hefur kannað hvernig almennri hagstjórn verður best beitt til að koma í veg fyrir að jafnvægi í efnahagsmálum hér á landi raskist á meðan framkvæmdir við Atlantsálverið og nauðsynlegar virkjanir standa yfir. Nefndin hefur sent frá sér greinargerð um álver og hagstjórn, dags. 9. nóvember 1990.

Í greinargerðinni er bent á að í hagkerfinu er umtalsverð vannýtt framleiðslugeta vegna lítils hagvaxtar á undanförnum árum og óhagkvæmni í hefðbundnum atvinnugreinum og að öðru óbreyttu séu dræmar horfur á hagvexti næstu árin. Framkvæmdir við nýtt álver og orkuöflun vegna þess séu hins vegar svo umfangsmiklar að hætta sé á að þensla skapist. Greinargerðin fjallar um hugsanlegar ráðstafanir sem stjórnvöld geta gripið til í því skyni að stemma stigu við þessari hættu.

Nefndin leggur áherslu á almennar aðgerðir til að hindra þenslu en bendir jafnframt á sértækar aðgerðir. Eftirtaldar aðgerðir telur nefndin að komi helst til greina:

Almennar aðgerðir:
- Afgangur verði í rekstri ríkissjóðs og ákvörðun verði tekin um að fresta einhverjum opinberum framkvæmdum. Frestun þarf ekki nauðsynlega að þýða að verklokum slíkra framkvæmda verði seinkað, því hraða má framkvæmdum að fresti loknum. Sem kunnugt er hafa slíkar framkvæmdir oft tekið lengri tíma en nauðsyn krefur.
- Orkuframkvæmdir verði að hluta fjármagnaðar innan lands með sölu Landsvirkjunar á skuldabréfum eða hlutabréfum.
- Framfylgt verði markvissri stjórn peningamála og ríkisfjármála til að tryggja stöðugt gengi krónunnar.
- Aukin verði fjárfesting Íslendinga erlendis og hraðað greiðslum af erlendum lánum.
- Miðlun upplýsinga til atvinnurekenda, launþega og stjórnmálamanna um breytingar í efnahagslífinu verði markviss.
- Tímabundinn innflutningur verði á vinnuafli á vissum sviðum.
- Hagræðing verði í hefðbundnum atvinnugreinum.

Sértækar leiðir:
- Samningar verði gerðir við Bandaríkjastjórn um frestun framkvæmda vegna varnarliðsins á árunum 1992 og 1993.
- Tímabundinn skattur verði lagður á aðrar fjárfestingar til að takmarka þær.

Í bréfi nefndarinnar segir meðal annars:

„Nefndin telur brýnt að afgangur verði í rekstri ríkissjóðs jafnframt sem miðlun upplýsinga um skammæjar breytingar í efnahagslífinu verði markviss. Að öðru leyti tekur nefndin hvorki afstöðu til þess til hverra af þessum aðgerðum heppilegast sé að grípa, né í hvaða mæli.

Að lokum vill nefndin undirstrika að greinargerðin fjallar eingöngu um það hvernig unnt er að bregðast við ákveðinni þensluhættu sem óhjákvæmilega fylgir stórframkvæmdum sem þessum. Að mati nefndarinnar er hagurinn af framkvæmdunum þeirrar áhættu virði. Stjórnvöld geta með styrkri hagstjórn haldið þenslu innan þeirra marka sem þau kjósa."

Ástæða er til að benda á að aðstæður nú eru óvenju hagstæðar til framkvæmda af þessu tagi. Samdráttur er í hefðbundnum atvinnugreinum og mikil lægð hjá verktökum bæði hér á landi og erlendis. Hætta á þenslu er því minni við núverandi aðstæður jafnframt því sem gera má ráð fyrir hagstæðum tilboðum í allar framkvæmdir.

Fylgiskjal I.

Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar:

ATLANTSÁL
Lýsing á fyrirhuguðu álveri á Keilisnesi.
(Mars 1991.)

1. INNGANGUR

Álverið, sem kennt er við ATLANTSÁL, verður væntanlega staðsett á 100 ha svæði í landi jarðanna Flekkuvíkur og Kálfatjarnar við Keilisnes á Vatnsleysuströnd. Kostnaðaráætlanir eru byggðar á nýjustu rafgreiningartækni frá franska álfyrirtækinu Pechiney, sem kallast

AP 30, og mun verksmiðjan geta framleitt um 200 þúsund tonn af hrááli á ári. Gert er ráð fyrir að unnt verði að tvöfalda framleiðslu álversins síðar með því að stækka það sem því nemur.

Eigendur álverksmiðjunnar verða þrír, Alumax Inc. í Bandaríkjunum, Gränges AB í Svíþjóð og Hoogovens Aluminium BV í Hollandi. Þeir stefna allir að því að nýta framleiðslu álversins í eigin úrvinnsluiðnaði, aðallega á meginlandi Evrópu. Hráefni til álvinnslunnar er einkum súrál og skautkol úr koksi og biki. Súrálið verður væntanlega flutt með stórum skipum beint frá Ástralíu en tilbúin, forbökuð skautkol frá skautkolaverksmiðju Atlantsálsaðilanna í Bandaríkjunum eða Evrópu.

Byggð verður höfn í Vatnsleysuvík til móttöku hráefna og annarra rekstrarvara og útskipunar á áli og skautleifum. Jafnframt verður lagður tengivegur milli hafnar og verksmiðju.

Í eftirfarandi greinargerð verður lýst helstu mannvirkjum, stærð þeirra og hlutverki í máli og myndum. Ferill álvinnslunnar er sýndur á mynd 1 og yfirlit yfir helstu kennitölur álversins er að finna í töflu 1.

2. RAFGREININGARTÆKNI

Til einföldunar við áætlanagerð hefur verið lögð til grundvallar rafgreiningartækni í hinu nýja álveri á Keilisnesi frá franska álfyrirtækinu Aluminium Pechiney. Nefnist hún AP 30 til aðgreiningar frá annarri, eldri tækni, AP 18 og AP 28. Endanleg ákvörðun um val á rafgreiningartækni hefur þó ekki verið tekin. Helstu einkenni AP 30 rafgreiningartækninnar eru mjög stór og afkastamikil rafgreiningarker, sem raðað er samsíða í tveimur samliggjandi kerskálum, sjá mynd 2. Unnt er að hafa allt að 288 ker í hverri kerskálasamstæðu og framleiða mest 235 þús. tonn á ári. Önnur helstu einkenni eru eftirfarandi:

- Straumstyrkleiki er nálægt 300 þús. amper.
- Raforkuþörf til að framleiða 1 tonn af áli er 13.250 – 13.750 kWh af jafnstraumi.
- Heildarraforkuþörf álversins jafngildir 14.200 kWh á hvert tonn af áli.
- Raforkunýtni er 94–95%.
- Punktþjónusta.
- Háþéttflæðiflutningur súráls.
- Sjálfvirk fleyting á álflúor og baðefnum að miðju kers í lokuðu kerfi.
- Sjálfvirk framleiðslustýring með öflugum örtölvubúnaði.
- Afkastamikill afsogsbúnaður fyrir kerreyk.
- Tvö skautkol eru á hverjum skautgaffli. Í hverju keri eru því alls 40 skautkol og 20 skautgafflar.
- Dagleg álframleiðsla í hverju keri er 2235 kg.

AP 30 rafgreiningartæknin er sú fullkomnasta sem völ er á í dag hvað varðar hagkvæmni í rekstri, raforkunýtni og mengunarvarnir. Vegna mikillar sjálfvirkni er fjöldi starfsmanna í lágmarki. Stefnt er að því að starfsmenn verði samtals um 450 – 600 manns.

3. VERKSMIÐJUSVÆÐI

Áætluð staðsetning álversins á Keilisnesi er sýnd á meðfylgjandi afstöðumynd, sjá mynd 3. Verksmiðjunni hefur verið valinn staður upp af Flekkuvík í 15 til 20 m hæð yfir sjó. Lóðin er á um 40 m þykku helluhrauni, svonefndu Þráinsskjaldarhrauni, sem rann í sjó fram milli Vogastapa og Kúagerðis fyrir um tíu þúsund árum. Víðast er mjög þunnt lag af lausum jarðvegi ofan á hrauninu, einkum í lægðum, en þar er landið grónir móar með krækiberjalyngi.

Lóðinni hallar lítið eitt og verður hún rétt af með bergsprengingum. Efni frá jöfnun verksmiðjulóðarinnar verður notað sem grjótfylling til hafnargerðar í Vatnsleysuvík. Gert er ráð fyrir möguleika á stækkun álversins til norðurs, sjá myndir 3 og 4.

Í júlí 1990 fóru fram jarðvegsboranir á verksmiðjulóðinni.

4. HÖFN

Höfn fyrir álver á Keilisnesi er einnig sýnd á myndum 3 og 4. Höfnin verður við vestanverða Vatnsleysuvík út af býlinu Minni-Vatnsleysu. Höfnin nýtur skjóls af Keilisnesi fyrir norð-vestlægri úthafsöldu, en auk þess er gert ráð fyrir að byggður verði sérstakur brimvarnargarður.

Flutningar um höfnina miðað við um 200.000 tonna ársframleiðslu eru umtalsverðir, eða um 700 þúsund tonn á ári. Stærstu skip sem notuð verða vegna aðflutninga súráls eru áætluð 50 þúsund tonn (DWT). Vegna þeirra verður höfnin hönnuð með 12 m dýpi á meðalstórstraumsfjöru og viðlegukantur úr stálþili verður 200 m langur.

Á árinu 1982 fóru fram dýptarmælingar og setþykktarmælingar í Vatnsleysuvík á vegum staðarvalsnefndar. Í nóvember 1990 hófust öldumælingar vegna fyrirhugaðrar hafnar.

Sérstakur löndunarkrani og flutningakerfi fyrir súrál verða sett upp á hafnarbakkanum auk tveggja færanlegra hafnarkrana til útskipunar.

5. VEGIR

Gert er ráð fyrir að stjórnvöld láti byggja nýja tengibraut frá verksmiðjulóðinni stystu leið að Reykjanesbraut. ATLANTSÁL sér síðan um byggingu vegar frá verksmiðjunni að höfn í Vatnsleysuvík.

6. VATNSÖFLUN

Reykjanes hefur verið afar vel rannsakað með tilliti til öflunar ferskvatns. Í nágrenni fyrirhugaðrar álverksmiðju hafa auk þess farið fram ýtarlegar rannsóknir vegna vatnsöflunar fyrir fiskeldi. Til álverksmiðjunnar þarf um 440.000 tonn á ári af fersku vatni. Ekki er talið vandkvæðum bundið að afla þessa vatns með borholum í nágrenni verksmiðjunnar. Sveitarfélögin á Suðurnesjum munu sjá um vatnsöflunina fyrir álverið.

7. AÐVEITUSTÖÐ

Raforkuveita. Landsvirkjun mun sjá álverinu fyrir afli með tveimur 220 kV háspennulínum sem lagðar verða frá spennistöð í Hamranesi við Hafnarfjörð. Hvor lína mun geta flutt afl sem svarar mestu þörf verksmiðjunnar.

Landsvirkjun mun sjá um að kosta og byggja tvennar háspennulínur, ásamt endamöstrum í nágrenni álversins.

Töflubúnaði fyrir liðavernd og mælingar verður komið fyrir í stjórnherbergi aðveitustöðvar. Landsvirkjun mun útvega búnað til samanburðarmælinga, sem álverið setur upp.

Aðveitustöð. Byggt verður stálgrindarhús með óeinangraðri þak- og veggklæðningu utan um aðveituna sem staðsett verður við vesturenda kerskálanna. Þar verður komið fyrir 220 kV og 20 kV rofabúnaði, stjórnherbergi, þéttum vegna jöfnunar á aflstuðli og yfirtónasíum.

Aðveita. Í aðveitustöð verður háspennurofabúnaður af SF_6 gerð og tvöfaldir teinar. Innifalið í þessu verður:

- tveir básar fyrir innkomandi línur, hvor um sig með öllum búnaði fyrir skilrofa og jarðtengirofa, aflrofa, teinatengirofa, ásamt spennu- og straummælispennum og eldingarvörum,
- fimm aðveitulagnir fyrir afriðlaspenna, hver um sig með mótorstýrðum teinatengirofa, jarðtengirofa, aflrofa og straummælispenni,
- tvær aðveitulagnir fyrir stöðvarnotkun, hvor um sig með mótorstýrðum teinatengirofa, jarðtengirofa, aflrofa og straummælispenni.

SF_6 háspennurofabúnaðurinn er valinn vegna þess að hann er fyrirferðarlítill og vel varinn gegn saltmengun sem og annarri loftmengun.

Afriðlar og afriðlaspennar fyrir kerskála. Í hverri spennasamstæðu verður einn 94,8 MVA, 220 kV aðalspennir með 0–110% spennureglunargetu. Við hvern aðalspenni verða tengdir tveir aðskildir afriðilsspennar sambyggðir með 12 stýrispólum.

Í hverri afriðilssamstæðu verða tveir 37,5 kA, 1080 V afriðlar, einn stjórnskápur fyrir straumreglun og stýringu, tveir liðar vegna straumafturverkunar, tvö FM 40 kA 1500 V straumferjöld og fjórir 40 kA jafnstraumsskilrofar fyrir afllaust rof.

Fimm afriðils- og spennasamstæður verða settar upp. Þar af munu fjórar geta annað fullu kerskálaálagi en ein samstæða verður til vara.

Hjálparafl. Tveir 40/50 MVA 220–20 kV þrepastillispennar verða tengdir við 20 kV veitubúnað aðveitustöðvar til að sjá spennistöðvum víðs vegar um svæðið fyrir afli. Tvöfaldir teinar verða í 20 kV hluta aðveitustöðvar.

Stjórnherbergi aðveitustöðvar. Í stjórnherberginu, sem verður u.þ.b. 300 m, verður komið fyrir öllum mælibúnaði, liðavernd og stjórnbúnaði fyrir aðveituna.

Varaafl. Sett verður upp 125 kVA varadísilrafstöð til að sjá mikilvægum stjórnbúnaði fyrir reiðuafli.

Aflmæling. Heildaraflnotkun álversins verður fengin með summumælingu á báðum háspennulínunum. Sérstök aflmæling verður einnig á jafnstraumshliðinni til hagræðingar við eftirlit og stjórnun á rekstrinum.

Jöfnun á aflstuðli. Landsvirkjun hefur skilgreint þörf fyrir einingaraflstuðul. Búnaður til jöfnunar á aflstuðli verður settur upp til að tryggja að við venjulegan rekstur verði aflstuðull 1,0 eða leiðandi.

8. ÁLVINNSLA

Álvinnslan fer fram í 248 rafgreiningarkerum af Pechiney AP 30 gerð, sem raðað er samsíða í tveimur samhliða kerskálum, 124 ker í hvorum. Fjöldi kera og kerskála kann þó að breytast ef önnur rafgreiningartækni verður fyrir valinu. Mynd 5 sýnir flæðirit af framleiðslunni miðað við 203.000 tonna ársframleiðslu.

Kerskálar. Hvor kerskálanna verður u.þ.b. 29 m breiður og um 840 m langur. Er þá miðað við að í hvorum skála verði sett upp 124 ker. Þrjár millibyggingar tengja skálana saman og er tengingin í miðjunni stærst. Akvegir eru eftir skálunum endilöngum öðrum megin við rafgreiningarkerin. Akvegir og tengibrautir eru notaðar til flutnings og endurnýjunar á skautum, áltöku á fljótandi áli, svo og flutninga á öðrum búnaði og tækjum, sem við kemur rafgreiningunni. Aðkoma að kerskálunum er um stórar dyr með rúlluhurðum við millibyggingarnar þrjár og við hvorn enda. Kerskálarnir eru reistir á steinsteyptum undirstöðum með steyptu gólfi, en yfirbyggingin er stálgrindarhús með álklæðningu. Kerskálabyggingarnar eru óeinangraðar með loftræstiopum við gólf og í mæni, þar sem sítengdur mælibúnaður fylgist með loftgæðum andrúmslofts í kerskálum. U.þ.b. 180 m^2 skrifstofa og matsalur eru í millibyggingu kerskálanna.

Rafgreiningarker, sjá mynd 6. Rafgreiningin, þar sem hráál er unnið úr súráli, á sér stað í 248 kerum. Hvert ker er 14 m langt og 4 m breitt. Þeim er raðað saman hlið við hlið þvert á lengd kerskálanna með 6 metra miðjubili. 300 kA jafnstraumur flæðir í gegnum hvert ker á milli forbakaðra rafskauta. Sjálf kerkápan er úr stáli, en er fóðruð með hitaþolnum múrsteinum og forbökuðum kolum, sem nefnast bakskaut. Bilið milli bakskautanna er fyllt með deigi úr sama efni, þannig að samfelld klæðning er innan í kerinu. Yfir kerunum er sterk yfirbygging úr stáli, sem heldur uppi straumleiðurum og búnaði, sem tengist forskautunum. Á stálgrindina eru einnig festir skautlásar, sem festa skautagafflana, geymar fyrir súrál og hreyfanlegir meitlar, sem gera gat á skurnina í kerunum til þess að hægt sé að bæta hráefni í raflausnina. Hvert ker hefur þéttan, hreyfanlegan þekjubúnað úr álplötum, sem unnt er að opna þegar þjóna þarf kerunum. Þekjubúnaðurinn tengist afsogsbúnaði, sem sér um að

megnið af kergufunum, sem myndast við rafgreininguna, séu sogaðar út í gegnum pokasíur og hreinsaðar áður en þær fara út í andrúmsloftið.

Straumleiðarar. Raforkan er flutt frá aðaltengivirki við enda kerskálanna til keranna eftir aðalstraumleiðurum úr áli. Tenging er milli fastra straumleiðara og skautbrúa á hverju keri með svokölluðum straumleiðaraböndum úr sveigjanlegum álþynnum. Unnt er að rafaftengja hvert ker fyrir sig.

Framleiðslustýring. Stýring á hverju keri fer fram með sjálfvirkum örtölvubúnaði, sem tengdur er tveimur aðaltölvum. Önnur tölvan er í stöðugri notkun og hin í viðbragðsstöðu. Enn fremur er unnt að handstýra framleiðslu hvers kers um sig frá stjórntöflu við kerið. Aðaltölvukerfið er í aðalstjórnstöð, sem staðsett er í 200 m^2 rými við hlið kerskálanna ásamt skrifstofu framleiðslustjóra.

Kerþjónustutæki. Í hvorum kerskála eru fjögur fjarstýrð kerþjónustutæki innbyggð í brúkrana, sem ganga á kranateinum hátt yfir gólfi eftir skálunum endilöngum. Alls munu verða sett upp átta slík kerþjónustutæki. Brúkranarnir eru búnir sérstökum búnaði til þess að skipta um skaut, brjóta baðskurnir og þekja skautkolin súráli. Kerþjónustutækin eru og búin lyftibúnaði til þess að flytja sogdeiglur og annað það sem hífa þarf.

Súrálsmötunarkerfi. Bætt súrál frá lofthreinsibúnaðinum, sem er blanda af nýju súráli og flúorryki frá pokasíum, er flutt með þéttflæðibúnaði í 250 tonna geyma sem eru staðsettir á svæðinu milli kerskálanna. Þaðan er bætta súrálið flutt sjálfvirkt og viðstöðulaust að kerunum með háþéttflæðibúnaði. Súrál til þess að þekja ný skautkol er flutt eftir hliðarleiðslu frá þurrhreinsistöð í tvö 30 tonna síló. Síló þessi eru staðsett við hlið kerskála nægilega hátt til þess að hægt sé að fylla kerþjónustutækin með sjálfrennsli, en þau dreifa síðan súrálinu á kerin.

Mulin baðefni eru flutt með sérstökum flutningatækjum auk sjálflosandi þéttflæðibúnaði í tvo 200 tonna tanka, þar sem baðefnin eru geymd uns kerþjónustutækin taka þau og dreifa þeim á kerin eftir þörfum.

Álsogdeiglur. Sérstaklega gerðar deiglur úr stáli eru notaðar til þess að flytja fljótandi ál frá kerunum í steypuskála. Deiglur þessar eru fóðraðar að innan með hitaþolnu múrefni og geta rúmað allt að 10 tonn af fljótandi áli. Deiglurnar eru með loftþéttu loki og eru útbúnar með sogröri. Þær eru tengdar lofttæmingarkerfi en við það rennur fljótandi ál upp í deiglurnar þar sem þær hanga í kerþjónustutækjunum. Sérstaklega gerðar deiglur til þess að flytja raflausn eru einnig fyrir hendi.

Krani á teinabraut. Sérstakur grindarkrani verður settur á braut, er gengur eftir millibyggingu þvert á miðju kerskálanna. Þessi krani getur flutt kerþjónustutæki, einstök ker ásamt yfirbyggingu þeirra á viðgerðar- og endurnýjunarverkstæði við endann á millibyggingunni sjávarmegin við kerskálana.

Kerflutningakrani. Sérstakur krani með 230 tonna lyftugetu til þess að hífa og flytja einstök ker ásamt baðfyllingu og fóðringu verður settur upp síðar þegar kemur að því að endurnýja rafgreiningarkerin.

Skammstafanir.

1.	A	=	amper	10.	MWh	=	megawattstund=1.000 kWh
2.	V	=	volt	11.	GWh	=	gígawattstund=1.000 MWh
3.	kA	=	kílóamper	12.	m	=	metrar
4.	kV	=	kílóvolt	13.	m^2	=	fermetrar
5.	kW	=	kílówatt	14.	m^3	=	rúmmetrar
6.	MW	=	megawatt=1.000 kW	15.	AP	=	Aluminium Pechiney
7.	kVA	=	kílóvoltamper	16.	DWT	=	Dead Weight Ton
8.	MVA	=	megavoltamper=1.000 kVA	17.	HF	=	Vetnisflúoríð (flúorgas)
9.	kWh	=	kílówattstund	18.	LPG	=	Liquid Petroleum Gas

Tafla 1

ATLANTSÁL-ÁLVERIÐ

HELSTU KENNITÖLUR

Rafgreiningartækni:	
Rafgreiningarker	AP–30 gerð
Straumstyrkleiki	292.000 – 298.000 Amper
Straumnýtni	94 – 95%
Raforkunotkun (rafgreining)	13.250 – 13.750 kWh/t áls (jafnstraumur)
Raforkunotkun (öll verksmiðjan)	um 14.200 kWh/t áls (riðstraumur)
Álframleiðsla á ker	2.235 kg/dag
Fjöldi kerskála	2
Fjöldi rafgreiningarkera	248
Ársframleiðsla	203.000 tonn
Hráefnaþörf:	
Súrál	392.00 t/ári
Skautkol	115.500 t/ári
– Skautleifar	–31.300 t/ári
Steypujárn	406 t/ári
Olíur og gas	6.000 t/ári
Raforkuþörf skv. drögum að orkusamningi:	
Afl	350 MW
Orka	3.066 GWh
Flutningslínur	2 x 220 kV háspennulínur
Ferskt vatn	440.000 t/ári
Höfn:	
Dýpi á stórstraumsfjöru	12 m
Lengd viðlegukants	200 m

9. ÞURRHREINSISTÖÐVAR

Kerreykurinn er sogaður frá lokuðum rafgreiningarkerunum með sérstökum afsogsbúnaði eftir stokkum til svokallaðra þurrhreinsistöðva, sjá mynd 7. Við þurrhreinsun er hinum mengaða kerreyk blandað saman við hreint súrál. Súrálinu, sem gengur í samband við mengandi efni (HF), er safnað í pokahúsum, sem eru í tveim stöðvum, sín fyrir hvorn kerskála, og síðan er það flutt í lokuðum fleytibrautum og rörum í vinnsluna aftur. Í hreinsibúnaðinum eru 17 þúsund pokar úr akrílefnum, sjö metra langir. Allur reykur frá kerum er sogaður um stokka og safnað til pokahúsa. Búnaðurinn hreinsar meira en 99 % af ryki og flúor úr útblæstri. Yfir 60 milljónir rúmmetra af lofti fara um þennan hreinsibúnað daglega. Þurrhreinsibúnaðurinn þjónar einnig þeim tilgangi að jafna hitaálag í kerunum og stuðlar að aukinni orkunýtni samfara hreinsun á reyk og endurnýtingu efna. Eftir hreinsun er kerreyknum sleppt út í andrúmsloftið og fer það sem hreinsað loft upp um tvo skorsteina sinn í hvorri hreinsistöð.

10. ÝMIS KERSKÁLAÞJÓNUSTA

Kerskálaþjónusta skiptist í tvenns konar meginstarfsemi. Í fyrsta lagi aðstöðu til viðhalds og endurnýjunar á rafgreiningarkerum, og í öðru lagi aðstöðu til viðhalds og viðgerðar á kerþjónustubúnaði. Starfsemi þessi fer fram í sérstökum byggingum, sú fyrri við miðju annars kerskálans, hin í millibyggingum kerskálanna, við hvorn enda.

Viðhald og viðgerðir á kerþjónustutækjum. Aðstaða fyrir þessa starfsemi er í millibyggingum kerskálanna. Starfsemi þessi er einkum fólgin í tvenns konar aðgerðum, þ.e. þrifum og rykhreinsun tækjanna annars vegar og viðgerð og viðhaldi hins vegar.

Hreinsun sogdeiglna og sogröra. Deiglur undir fljótandi ál og raflausn eru hreinsaðar með sérstökum deiglufræsi í stálgrindarhúsi deigluhreinsunar. Baðefnin úr raflausnardeiglum eru flutt í sérstakt mulningshús nálægt skautsmiðjunni. Aðstaða er fyrir viðgerðir á deiglum og sogrörum. Skemmdar deiglufóðringar eru fjarlægðar og síðan endurnýjaðar með hitaþolnu múrefni í sérstöku viðgerðarverkstæði. Ofn til upphitunar og bökunar á deiglunum er einnig til staðar.

11. STEYPUSKÁLI

Steypuskáli er í álklæddu stálgrindarhúsi, einangruðu í þaki og veggjum. Húsið er um 18.000 m^2 að stærð og í því er aðstaða fyrir geymslu á íblöndunarmálmum, skrifstofa og dreifistöð.

Í steypuskála fer fram íblöndun kvikmálms með öðrum málmum og steypa áls og álmelmis í stangir og barra. Steypuskálinn verður hannaður fyrir eftirfarandi afköst:

Framleiðsluform	**Meðalframleiðsla**	**Afkastageta**
Stangir	39.300 árstonn	30.000–66.000 árstonn
Völsunarbarrar	160.700 árstonn	150.000–180.000 árstonn
Samtals	200.000 árstonn	180.000–246.000 árstonn

Sex 85 tonna, hallanlegir ofnar eru í skálanum. Þeim er þjónað með tveimur brúkrönum og ofnþjónustuvél á brautarteinum. Hlaupakötturinn getur lyft fullhlaðinni deiglu og tæmt álið í ofnana. Ofnþjónustuvélin bætir í umbræðslumálmi, hrærir í, skúmar og hreinsar ofnana. Gjall frá deiglum og ofnum er flutt til sérstakrar meðhöndlunar í álgjallsvinnslustöð.

Þrem lóðréttum, vatnskældum sísteypuvélum er komið fyrir í röð við hlið ofnanna til þess að auðvelda efnisflutninga. Ein af stangasteypuvélunum steypir eingöngu stangir úr melmi frá tveim ofnum og getur úr einni ofnfyllingu steypt samtímis 96 stangir allt að 9 metra langar. Ofn með hitajöfnun og kælingu ásamt sjálfvirkri sögun og pökkun sívalninga er einnig í steypuskála. Hinir fjórir ofnarnir leggja til álmelmi fyrir tvær sísteypuvélar, sem einkum steypa völsunarbarra. Þessar vélar geta einnig steypt barra sem eru allt að 9 m á lengd. Sérstakar, sjálfvirkar sagir eru til þess að þjóna þessum síðari tveimur sísteypuvélum. Í skálanum er einnig viðhalds- og viðgerðarverkstæði fyrir steypumót.

Tveir 25 tonna hlaupakettir á brúkrönum eru í skálanum til þess að flytja steypt álstykkin. Þrír 5 tonna sveiflukranar eru einnig til staðar til þess að þjóna rekstri og viðhaldi sísteypuvéla og tilheyrandi móta. Ýmis farartæki sjá um flutning á afurðum frá steypuskála að lagersvæði og til flutninga á öðrum rekstrarvörum.

Fleyting og kæling álgjalls. Þessi aðstaða er staðsett í einangruðu, loftræstu húsi nærri steypuskála. Þar er gjallið fleytt ofan af fljótandi álinu í deiglunum og álið forhreinsað. Gjallið er kælt og búið undir frekari meðhöndlun í gjallvinnslubúnaði. Álgjallið er þar flokkað og sekkjað til endurvinnslu. Álið er aftur á móti tæmt í ofna steypuskálans.

12. SKAUTKOLAGEYMSLA

Skautkolin eru flutt inn tilbúin og fullbökuð, væntanlega frá skautkolaverksmiðjum í eigu Atlantsálsaðilanna. Skautkolageymslan verður nægilega stór til að geyma öll skautkol sem berast að í einu með skipum til þess að mæta þörfum framleiðslunnar. Sérstakur krani verður í geymslunni til þess að stafla skautkolunum og færa þau til.

13. SKAUTSMIÐJA

Skautsmiðja er í óeinangruðu stálgrindarhúsi u.þ.b. 6.500 m² að stærð. Í húsinu eru einnig viðgerðarverkstæði fyrir skautgaffla. Skautsmiðjan er búin góðum loftræstibúnaði.

Skautsmiðjan er búin ýmsum búnaði og tækjum, m.a. til að sinna eftirfarandi verkefnum:

- hreinsa skautleifar,
- skilja skautleifar frá skauttindum,
- fjarlægja steypujárnskraga,
- rannsaka og raga skautgaffla,
- endurnýja skautgaffla,
- þekja skauttinda með grafíti,
- hreinsa og bræða steypujárn,
- steypa saman skautgaffla og skautkol.

Samansetning skauta fer fram á fleiri stöðum og er notast við flutningabrautir í lofti til þess að flytja gaffla og skautkol milli staða. Flókinn vélbúnaður er í skautsmiðju og mikil sjálfvirkni.

Skautgeymsla. Sérstök óeinangruð stálgrindarbygging við hlið skautsmiðju geymir notuð og tilbúin skaut.

Raflausnarefni. Baðefni, sem fellur til við hreinsun skauta, er safnað saman, mulið, harpað og geymt í sérstökum geymslutanki. Sérsmíðað farartæki útbúið til flutninga á baðefni flytur efnið síðan í síló sem staðsett eru milli kerskálanna, þaðan sem efninu er komið á rafgreiningarkerin á ný.

Skautleifar. Skautleifum verður safnað saman og þær fluttar úr skautsmiðju í flutningsgáma utanhúss. Skautleifar verða síðan fluttar sjóleiðis til endurvinnslu í skautsmiðjum Atlantsálsaðilanna erlendis.

Bakskautsmiðja er staðsett við hlið forskautsmiðju, einnig vel búin tækjum, svo sem ofnum til upphitunar og háþrýstibúnaði.

14. ÞJÓNUSTUBYGGINGAR

Ýmsar þjónustubyggingar verða á afmörkuðu svæði nálægt aðalhliði að verksmiðjulóð.

Vélaverkstæði. Þessi bygging verður einangrað, upphitað stálgrindarhús, um 3.400 m² að stærð. Þrír 6 tonna hlaupakettir eru á brúkrönum. Verkstæðið er búið fullkomnum vélakosti til vélaviðhalds. Auk þess er um 1.000 m² húsrými við verkstæðið fyrir skrifstofur verkfræðinga, vélvirkja og annað starfsfólk viðhaldsdeildar.

Aðallager. Þessi bygging er stálgrindarhús, um 5.000 m² að stærð, einangrað að hluta, búið hillum og rekkum fyrir varahluti. Sá hluti hússins sem geymir viðkvæman búnað er einangraður og upphitaður.

Rannsóknastofa. Þessi bygging verður einangruð og upphituð á hefðbundinn hátt, um 1.000 m² að stærð. Í húsinu er fullkominn búnaður til rannsókna og eftirlits með gæðum hráefnis og framleiðslu álversins. Auk þess eru þar fullbúnar skrifstofur fyrir starfsfólk.

Hliðvarðarhús. Ein 50 m² stór, einangruð og upphituð bygging fyrir hliðverði verður á svæðinu. 50 tonna bílavog verður við hliðvarðarbygginguna til þess að vigta aðflutt hráefni og afurðir til útflutnings.

Aðalskrifstofa. Þessi bygging verður stálgrindarhús á tveim hæðum, fulleinangrað og upphitað, með um 2.100 m² athafnasvæði. Í húsinu verður skrifstofuaðstaða fyrir framkvæmdastjórn fyrirtækisins og almennt skrifstofuhald.

Búnings- og baðhús. Um 2.100 m² bygging hýsir búningsherbergi, böð, snyrtingu, þvottahús og aðstöðu fyrir neyðarhjálp. Húsið er einangrað og upphitað.

Farartækjaverkstæði. Viðgerðarverkstæði fyrir bíla og önnur létt farartæki verður í 2.000 m² húsnæði. Þar verður fullkomin viðgerðaraðstaða fyrir alla bíla álversins. Afmarkað svæði verður fyrir sjúkrabíl og slökkvibíl og til geymslu og viðhalds á slökkvibúnaði. Húsnæðið verður einangrað, loftræst og upphitað.

Mötuneyti. Fullkomið mötuneyti verður reist til að þjóna starfsfólki verksmiðjunnar. Mötuneytið er í 1.250 m² byggingu, nægilega stórt til þess að framreiða þar eina heita máltíð og tvær léttar máltíðir á hverri vakt.

Flutningatæki. Fjöldi flutningatækja verður notaður í álverinu, m.a. sérsmíðuð flutningatæki fyrir skaut og deiglur. Önnur tæki eru hefðbundnari, gaffallyftarar, lágir pallbílar, gámaflutningabílar, aftanívagnar, hjólakranar, hálfkassabílar og fólksflutningabílar af ýmsum stærðum og gerðum.

15. DREIFIVEITUR

Raforkudreifikerfi. 20 kV dreifikerfið verður byggt upp af skermuðum einleiðarastrengjum sem komið verður fyrir í strengjarennum (kapalstigum) og steyptum göngum. Þessi búnaður mun dreifa raforkunni frá 20 kV hluta aðveitustöðvar til allra dreifistöðva á svæðinu.

Hringtenging verður notuð í 20 kV dreifikerfinu til að tryggja afhendingaröryggi.

Frá 20 kV aðveitustöð verður raforku dreift til fimm dreifistöðva víðs vegar um svæðið. Í þeim verður 20 kV álagsskilrofabúnaður. Tveir veitustrengir munu þjóna hverri 20 kV dreifistöð, sem verður við skautsmiðju, loftþjöppuhús og aðalfæriband fyrir súrálsflutning. Dreifistöðvum við þjónustusvæði, steypuskála og hafnarsvæði verður hverri um sig þjónað með einum veitustreng.

Dreifistöðvar. Dreifistöðvar verða steinsteyptar með milligólfi fyrir strengjalagnir undir rofabúnaðinum.

Dreifistöðvar verða byggðar víðs vegar á verksmiðjusvæðinu og munu þjóna einstökum einingum sem hér segir:

- Kerskálar og hreinsistöðvar. Tvær dreifistöðvar.
- Steypuskáli. Ein dreifistöð.
- Skautsmiðja. Ein dreifistöð.
- Loftþjöppuhús. Ein dreifistöð.
- Súrálsfæriband. Ein dreifistöð.
- Hafnarbakki. Ein dreifistöð.

Í dreifistöðvunum verður 20 kV og 400 V rofabúnaður, stjórnbúnaður og stjórntöflur.

20/3 kV og 20/0,4 kV spennar verða innan húss. Spennar í sömu stöð verða aðskildir með eldtraustum vegg.

16. ÝMIS HJÁLPARAÐSTAÐA

Vatnsveitur. Álverið hefur tvær aðskildar vatnsveitur, aðra fyrir ferskt neysluvatn og hina fyrir kælivatn, sem notað er við álsteypu. Kælivatnið má vera saltmengað að nokkru. Hugsanlegt er að kælivatn verði hreinsað og kælt í kæliturnum til endurnotkunar og þyrfti þá minna af fersku vatni frá borholum en ella. Neysluvatni verður dælt í lokaðan vatnstank og dreift þaðan um neysluvatnslagnir. Kælivatn verður einnig geymt í sérstökum tanki til bráðanotkunar við álsteypu ef þörf krefur.

Eldvarnakerfi. Vatn verður geymt í 1.350 tonna vatnstanki, sem er tengdur við neðanjarðarhringlögn, með brunahönum víða um svæðið. Dælustöð sér um að dæla vatni um slökkvilögnina í neyðartilfellum. Dælustöð er búin öflugri rafdrifinni háþrýstidælu auk varadælu, sem tengist dísilvél og sérstakri dælu til þrýstijöfnunar á slökkvikerfinu. Þjónustubyggingar eru búnar vatnsúðakerfi, og brunaslöngur ásamt halon-slökkvibúnaði verða víða til taks í dreifistöðvum og stjórnherbergjum.

Frárennslislagnir. Tvö aðskilin holræsakerfi verða á svæðinu, skolpveita og regnvatnslagnir. Skolpi verður veitt í skolphreinsistöð og grófhreinsað áður en því er veitt í sjó fram. Regnvatni verður veitt í safnæð og þaðan í sjó fram. Olíuskiljur verða á niðurföllum, þar sem hætta er á að olía blandist frárennsli.

Þrýstiloft. Dreifikerfi fyrir þrýstiloft verður í álverinu. Þrýstiloftið kemur frá loftþjöppum, staðsettum í sérstakri byggingu. Sérstakur búnaður fjarlægir raka úr þrýstilofti og tengistútar verða víða í byggingum álversins.

Svartolía. Sú olía sem mest verður notuð í álverinu er létt svartolía. Svartolían verður flutt með tankbíl frá hafnarbakka að 1.800 m^3 olíutanki í olíustöð álversins. Svartolían verður leidd á notkunarstað, sem er einkum í steypuskálanum, eftir neðanjarðarlagnakerfi.

Hráolía. 600 m^3 geymslutankur fyrir hráolíu verður settur upp í olíuafgreiðslustöð til þess að mæta þörfum flutninga- og farartækja álversins og þörfum varaaflstöðva. Olían verður flutt að hinum sérsmíðuðu hreyfanlegu flutningatækjum og neyðarrafstöðvum með sérsmíðuðum olíubíl. Venjuleg olíu- og bensínafgreiðslustöð verður sett upp til að þjóna öðrum farartækjum og flutningatækjum.

Bensín. 400 m^3 geymslutankur fyrir bensín verður settur upp í olíuafgreiðslustöð. Bensín verður á sama hátt og hráolía afgreidd frá afgreiðslustöð eða af tankbíl.

Olíugas (LPG). Geymsla og dreifikerfi fyrir fljótandi olíugas verður sett upp til að þjóna steypuskála og öðrum þörfum. Gasið verður flutt frá hafnarbakka með tankbílum og geymt í sérstökum þrýstitönkum. Gasinu verður dreift um álverið um lagnakerfi.

Súrál. Hreint súrál verður flutt erlendis frá með stórum 30 – 50 þús. tonna flutningaskipum og verður efninu skipað upp í Vatnsleysuhöfn. Sérstakur súrálslöndunarkrani og flutningakerfi verða sett upp til þess að losa súrálið úr skipunum og flytja það í tvo 50 þúsund tonna geyma sem reistir verða á verksmiðjusvæðinu.

Hráefnageymsla. 1.000 m^2 vörugeymsla verður reist á svæðinu meðal annars til að geyma eftirfarandi efni:

- 30 tonn af álflúor (AlF_3) í sekkjum.
- 15 tonn af kalsíumflúor (CaF_3) í sekkjum.
- 150 tonn af krýólíti.
- 150 bakskautskol.
- 450 bakskautsstálteinar.
- 80 tonn af sekkjuðu þjöppudeigi.
- 30 tonn af steypujárni.

Í vöruskemmunni verður sérstök pokatæmingarstöð þar sem sekkirnir verða tæmdir í flutningsgáma. Þaðan verða efnin flutt með flutningatækjum að notkunarstað í kerskálum.

17. FRAMKVÆMDAÁÆTLUN

Til þess að tryggja að kostnaðar- og tímáætlanir standist, er gert ráð fyrir að Atlantsálsaðilarnir ráði stóran alþjóðlegan alverktaka með reynslu í hönnun og byggingu álvera, sem tekur að sér hönnun, verksamningagerð, innkaup og stjórnun framkvæmda. Alverktakinn mun hanna álverið í náinni samvinnu við fyrirtækið, sem leggur til tækniþekkingu við rafgreininguna. Samstarf verður haft við íslenska ráðgjafarverkfræðinga og verktaka varðandi staðbundin atriði og bygginarhætti og munu íslenskir verkfræðingar taka þátt í hönnun mannvirkja og byggingareftirliti á þeim sviðum, sem íslensk verkþekking og reynsla nýtist best.


Notast verður við íslenskt vinnuafl við framkvæmdir að svo miklu leyti sem unnt er. Ráðnir verða innlendir fagmenn og verkamenn í þjónustu alverktakans og einnig verða einstakir verkþættir boðnir út á meðal verktaka og framleiðenda, og samið við íslensk fyrirtæki ef þau reynast samkeppnisfær varðandi búnað, vinnuafl og verð. Framleiðsla og uppsetning á sérhæfðum búnaði verður boðin út á alþjóðavettvangi að undangengnu forvali. Vinnubúðir verða settar upp á byggingarstað til að hýsa erlenda stjórnendur, iðnaðarmenn og verktaka.

Hönnunarvinna hefst strax og samningar hafa verið undirritaðir milli Atlantsálsaðilanna og ríkisstjórnar Íslands. Fyrst verður áhersla lögð á undirbúning að lóðarframkvæmdum og hafnargerð í Vatnsleysuvík og stefnt er að því að framkvæmdir geti hafist eigi síðar en í ársbyrjun 1992. Gert er ráð fyrir 36 mánaða tímabili frá því að hönnunarvinna hefst við álverið og þar til fyrsta álsteypa fer fram.

Áætlað er að framkvæmdir við álverið án hafnargerðar krefjist um 2.900 ársverka iðnaðar- og verkamanna.

Mynd 8 sýnir mannaflaþörf á byggingartíma verksmiðjunnar samkvæmt hugmyndum bandarískra verkfræðifyrirtækisins Bechtel, sundurliða eftir einstökum iðngreinum og ársfjórðungum.

FERILL ÁLVINNSLU




1) BÁXÍT NÁMUVINNSLA Í ÁSTRALÍU.




2) SÚRÁLSVINNSLA MEÐ BAYER AÐFERÐ.



3) SÚRÁL FLUTT MEÐ STÓRUM SKIPUM TIL ÁLVERS Á KEILISNESI.




4) SÚRÁLI SKIPAÐ UPP Í VATNSLEYSUHÖFN OG FLUTT MEÐ ÞÉTTIFLÆÐI-FÆRSLU Í 50.000 TONNA GEYMA.




7a) KERREYKUR HREINSAÐUR Í ÞURRHREINSISTÖÐ.

5) SÚRÁLI FLEYTT MEÐ ÞÉTTIFLÆÐI-FÆRSLU ÚR GEYMUM Í DAG-GEYMA.

300.000 AMPERA RAFSTRAUMUR FRÁ TENGISTÖÐ LANDSVIRKJUNAR Í HAMRANESI.




8) FLJÓTANDI ÁLI HELLT Í OFNA, ÞAR SEM Í ÞAÐ ER BÆTT ÍBLÖNDUNARMELMI.



7) RAFSTRAUMUR KLÝFUR SÚRÁL Í SÚREFNI, SEM GENGUR Í EFNASAMBAND VIÐ KOLEFNI Í RAFSKAUTUM, OG ÁL, SEM SEKKUR TIL BOTNS Í KERINU OG ER SÍÐAN SOGAÐ UPP Í DEIGLU.

6) SÚRÁLI BLANDAÐ SAMAN VIÐ AFSOG FRÁ RAFGREININGAR-KERUM OG BÆTT MEÐ FLÚOR ÁÐUR EN ÞAÐ ER LEITT Í KERIN TIL RAFGREININGAR.



5a) SKAUTKOLUM FEST Á SKAUTGAFFLA ÁÐUR EN ÞEIM ER KOMIÐ FYRIR Í RAFGREININGARKERUM.



4a) SKAUTKOL FLUTT TILBÚIN TIL LANDSINS ERLENDIS FRÁ.

9) FLJÓTANDI ÁLMELMI HELLT Í MÓT OG FORMAÐ EFTIR KRÓFUM NEYTENDA Í STANGIR OG BARRA.




10) FORMAÐ ÁL SAGAÐ Í STÆRÐIR, STAFLAÐ OG BUNDIÐ Í BÚNT TIL ÚTFLUTNINGS.




11) ÁL FLUTT ÚT MEÐ FLUTNINGASKIPUM TIL ÚRVINNSLU.

MYND 1




AP-30 RAFGREININGARKER


ATLANTSÁL
ÁLVERIÐ Á KEILISNESI



MYND 2

ATLANTSÁL
ÁLVERKSMIÐJA
KEILISNESI






SKÝRINGAR:


- 200 HÖFN
- 310 AÐVEITUSTÖÐ
- 320 KERSKÁLAR
- 400 SKAUTSMIÐJA
- 500 STEYPUSKÁLI
- 600 ÞJÓNUSTUBYGGINGAR
- 700 VEITUSTÖÐ
- 830 SÚRÁLSGEYMAR

MYND 3

Þingskjal 842

4327


hönnun hf
ATLANTAL
YFIRLITSMYND
(BECHTEL INC. DES. 1990)
LANDAMERKI
(LAUSLEG STAÐSETNING)
0 500 1000 M
N
VATNSLEYSUSTRÖND
VATNSLEYSUSTRÖND
Vatnsleysuvík
Stekkjarvík
Kálfatjörn
Siðaborg
Flekkuvík
Minni-Vatnsleysa
Stóra-Vatnsleysa
33kV
66kV
420
41
1 Stóra- og Minni-Vatnsleysa (einkaeign)
2 Flekkuvík (einkaeign)
3 Kálfatjörn (ríkisjörð)
MYND 4



RAFORKA → 3.066 GWh/ári →

FERSKT VATN → 440.000 t/ári →


ATLANTSÁL

ÁLVER Á KEILISNESI
FLÆÐIRIT MIÐAÐ VIÐ
203.000 tonna ÁRSFRAMLEIÐSLU

4329


MYND 5

AP-30 RAFGEREININGARKER FYRIR 300.000 AMPERA STRAUM - SKÝRINGARMYND



MYND 6

ÁLVER - SKÝRINGARMYND AF LOFTHREINSUN (ÞURRHREINSUN)



SKÝRINGAR:

1. F_t = HEILDAR FLÚOR
   Ryk = AÐALLEGA SÚRÁL
   SO_2 = BRENNISTEINSSÝRINGUR
2. MAGN MENGUNAREFNA ER GEFIÐ Í kg/t AL
3. SO_2 Í ÚTBLÆSTRI MIÐAST VIÐ 2,5% AF BRENNISTEINI (S) Í SKAUTKOLUM

MYND 7

ATLANTSÁL - ÁLVER Á KEILISNESI
MANNAFLAÞÖRF Á BYGGINGARTÍMA*

ÁRSFJÓRÐUNGUR	1. MENN	2. MENN	3. MENN	4. MENN	5. MENN	6. MENN	7. MENN	8. MENN	9. MENN	SAMTALS VINNU-STUNDIR	SAMTALS ÁRSVERK
BLIKKSMIÐIR		12	24	48	60	60	36			129.600	60
BÍLSTJÓRAR	9	26	44	66	75	75	75	53	17	237.600	110
PÍPULAGNINGAMENN	8	8	16	74	172	221	197	98	26	442.800	205
MÁLARAR				6	14	22	28	28	12	59.400	27
TÆKJAMENN	29	57	57	57	74	86	86	67	57	307.800	143
VÉLVIRKJAR			14	51	102	120	97	60	16	248.400	115
VERKAMENN	120	179	358	387	417	417	417	387	298	1.609.200	745
VÉLSMIÐIR		50	158	224	224	133	33	8		448.200	208
JÁRNAMENN	28	51	78	97	78	55	37	23	13	248.400	115
TRÉSMIÐIR	79	158	269	316	253	174	141	95	95	853.200	395
RAFVIRKJAR	22	67	133	289	422	466	444	289	88	1.198.800	555
ÁLSMIÐIR				22	55	55	55	33		118.800	55
MÚRARAR	14	24	36	41	41	36	26	17	5	129.600	60
KERSMIÐIR				21	57	73	65	36	8	140.400	65
KETILSMIÐIR			10	29	48	58	51	34	10	129.600	60
MANNAFLI ALLS	309	632	1.197	1.728	2.092	2.051	1.788	1.228	645		2.918
VINNUSTUNDIR ALLS	166.860	341.280	646.380	933.120	1.129.680	1.107.540	965.520	663.120	348.300	6.301.800	

MIL 11. 1990

* SAMKVÆMT HUGMYNDUM BECHTEL Í OKT. 1990

MYND 8

Fylgiskjal II.

Drög 21. febrúar 1991.

Frumvarp til laga um heimild til samninga um álver á Keilisnesi.

(Lagt fram á Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

1. gr.

Heimild.

Iðnaðarráðherra er heimilt að gera samninga fyrir hönd ríkisstjórnarinnar innan ramma laga þessara við aðila („aðilarnir") að hlutafélagi („félagið") sem stofnað yrði samkvæmt íslenskum hlutafélagalögum og lögum þessum í þeim tilgangi að reisa og reka álbræðslu og höfn í tengslum við hana á Íslandi („álverkefnið"). Með slíkum samningum getur iðnaðarráðherra heimilað aðilunum að stofna hér á landi dótturfélög („eignarhaldsfélögin") er hafi fyrst og fremst þann tilgang að eiga hlutabréf í félaginu, kaupa súrál og selja ál, annast milligöngu um bræðslu á áli og veita félaginu aðra þá aðstoð sem nauðsynleg kann að vera eftir því sem nánar verður kveðið á um í samningunum.

Slíkir samningar skulu kveða á um þær skuldbindingar af hálfu ríkisins og ofangreindra aðila, eignarhaldsfélaga þeirra og félagsins sem eru nauðsynlegar og viðeigandi fyrir félagið og eignarhaldsfélögin og starfsemi þeirra, þ.m.t. framkvæmd á ákvæðum í 4.–11. gr. hér að neðan. Í slíkum samningum skal ákveðið hversu lengi ákvæði 4.–11. gr. skuli gilda og skulu þau eigi gilda skemur en í 20 ár frá stofnun félagsins.

Samningar gerðir af iðnaðarráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar samkvæmt lögum þessum um grundvallaratriði varðandi álverkefnið og starfsemi eignarhaldsfélaganna og félagsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

Eignarhaldsfélögin og félagið (stundum sameiginlega nefnd „álfélögin") skulu starfrækt samkvæmt íslenskum lögum og reglum eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

2. gr.

Álverkefnið.

Lög þessi taka til verksmiðju á vegum félagsins á Keilisnesi í Vatnsleysustrandarhreppi til álframleiðslu og mannvirkja sem tengjast slíkri framleiðslu og skyldri starfsemi hennar, þ.m.t. hafnarmannvirkja og rafskautaverksmiðju svo sem nánar verður kveðið á um í samningum þeim milli iðnaðarráðherra, aðilanna, eignarhaldsfélaganna og félagsins sem gerðir verða innan ramma laga þessara. Álverið verði hannað til þess að framleiða um 210.000 tonn af áli á ári.

Aðilunum er heimilt að reka álverið sem bræðslusamlag þannig að félagið taki við súráli og framleiði úr því ál og afhendi fullunnið ál gegn greiðslu fyrir þá framleiðslu. Í þessum tilgangi er hverjum aðilanna heimilt að stofna eignarhaldsfélag hér á landi í samræmi við 1. gr. laga þessara.

3. gr.

Höfn og lóð fyrir álverið.

Vatnsleysustrandarhreppi er heimilt að semja við félagið um tímabundið eignarhald þess á höfn í Vatnsleysuvík. Á meðan sú skipan helst taka hafnalög, nr. 69/1984, ekki til hafnarinnar nema um það verði sérstaklega samið. Til að greiða fyrir framgangi álverkefnisins samkvæmt 2. gr. er ríkisstjórninni enn fremur heimilt:

1. Að ábyrgjast efndir af hálfu Vatnsleysustrandarhrepps á lóðar- og hafnarsamningi sem gerður verður vegna álverkefnisins.
2. Að hafa makaskipti við Vatnsleysustrandarhrepp á nægilegu landrými úr landi jarðarinnar Kálfatjarnar í Vatnsleysustrandarhreppi fyrir lóð þá, sem þörf er á vegna framkvæmdar álverkefnisins, of samsvarandi lóð úr landi Flekkuvíkur.
3. Að láta leggja veg frá Reykjanesbraut að verksmiðjulóðinni.

Iðnaðarráðherra getur heimilað Vatnsleysustrandarhreppi að taka eignarnámi vatnsréttindi, land, aðstöðu og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar álverkefnisins, þ.m.t. höfn, og að koma á sérstökum takmörkunum á þynningarsvæðinu, en hreppurinn getur aftur leigt eða endurselt félaginu landið, aðstöðuna og réttindin. Eignarnám skv. þessu ákvæði skal fara fram samkvæmt lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms. Þrátt fyrir 14. gr. nefndra laga skal hreppurinn, þegar er heimild til eignarnáms hefur verið veitt, öðlast full yfirráð yfir vatnsréttindum, landi, aðstöðu og öðrum réttindum sem óskað er eftir eignarnámi á. Hreppurinn og ríkissjóður skulu sameiginlega ábyrgjast fulla greiðslu bóta sem úrskurðaðar verða samkvæmt lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

4. gr.

Undanþágur frá lögum.

Stofnendur álfélaganna skv. 1. gr. skulu teljast fullgildir stofnendur slíkra hlutafélaga, án tillits til ákvæða 3. mgr. 3. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög. Fjöldi og búseta stofnenda og fjöldi hluthafa í álfélögunum skal vera óháður ákvæðum 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 17. gr. nefndra laga. Framsal og útgáfa hlutabréfa í álfélögunum, sem reynast fara í bága við ákvæði samninga sem gerðir verða skv. þessum heimildalögum, skal vera ógilt. Eignarhaldsfélögin skulu vera undanþegin skilyrðum ákvæða 2. mgr. 50. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, um að meiri hluti stjórnarmeðlima sé búsettur hérlendis.

Félagið skal undanþegið skilyrðum 3. málsl. 1. mgr. 4. gr. iðnaðarlaga, nr. 42/1978, um að meiri hluti hlutafjár hlutafélags sé í eigu aðila búsettra hér á landi. Félagið skal einnig undanþegið skilyrðum 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. nefndra laga um að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri hlutafélags séu íslenskir ríkisborgarar með búsetu hérlendis.

Félagið skal undanþegið skilyrðum 4. málsl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1966, um eignar- og afnotarétt fasteigna, um að ⅓ af hlutafé hlutafélags séu í eigu íslenskra ríkisborgara og að íslenskir ríkisborgarar ráði meiri hluta atkvæða á hluthafafundum og að allir stjórnendur séu íslenskir ríkisborgarar.

Eignarhaldsfélögin skulu undanþegin skilyrði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, um að meiri hluti hlutafjár í hlutafélagi sé í eigu aðila búsettra hér á landi. Eignarhaldsfélögin skulu einnig undanþegin skilyrðum 2. tölul. 1. mgr. 5. gr., sbr. 1. tölul. 4. gr. sömu laga, um að einn stjórnarmaður og framkvæmdastjóri hlutafélags séu íslenskir ríkisborgarar.

Félagið skal undanþegið ákvæðum laga nr. 59/1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur, eða ákvæðum síðari laga um sameiginlega skyldutryggingu húseigna innan umdæmis Vatnsleysustrandarhrepps, enda verði með öðrum hætti tryggilega séð fyrir brunatryggingum slíkra mannvirkja. Ákvæði laga nr. 88/1982, um Viðlagatryggingu Íslands, skulu ekki eiga við um félagið. Félagið skal viðhalda fullnægjandi viðlagatryggingu.

5. gr.

Skattlagning.

Álfélögin skulu greiða skatta og önnur opinber gjöld, sem almennt eru á lögð hér á landi, eftir þeim reglum sem um þau gilda samkvæmt lögum á hverjum tíma, nema að því leyti sem á annan veg er mælt í lögum þessum.

1. Eignarhaldsfélögin skulu greiða tekjuskatt af reiknuðum tekjum sem grundvallist á eftirfarandi meginreglum:
   a. Tekjur hvers eignarhaldsfélags skulu miðaðar við heildarverðmæti á áli sem framleitt er í álverinu á viðkomandi ári á vegum þess í samræmi við útreikninga sem byggja á alþjóðlegum viðurkenndum vísitölum fyrir álverð, að frádregnu:
      i. Endurgreiðslu eignarhaldsfélagsins til félagsins á kostnaði og útgjöldum.
      ii. Verðmæti þess súráls sem breytt er í ál á því ári miðað við vegið meðalinnkaupsverð aðilans sjálfs eða miðað við markaðsverð fyrir súrál samkvæmt sértilgreindum samningum um kaup á súráli.
      iii. Yfirfæranlegu tapi sem eignarhaldsfélagið hefur orðið fyrir á undanfarandi fjárhagsárum.
      iv. Umsömdum yfirstjórnunarkostnaði, sem svarar 4% af reiknuðu verðmæti áls sem framleitt er fyrir hvert eignarhaldsfélag á því ári, vegna kostnaðar og útgjalda sem hlutaðeigandi aðili verður fyrir við rekstur, fjármögnun, stjórnun og samræmingu á viðskiptum eignarhaldsfélaganna og við kaup á aðföngum og við markaðssetningu á áli því sem framleitt er í álverinu.
      v. Flutningskostnaði vegna áls, sem framleitt er í álverinu fyrir eignarhaldsfélag, að svo miklu leyti sem hann er ekki innifalinn í endurgreiðslu samkvæmt i-lið hér að framan.
      vi. Öðrum kostnaði og útgjöldum eignarhaldsfélagsins samkvæmt sérstöku samkomulagi.
   b. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, með áorðnum breytingum, og óháð breytingum sem síðar kunna að verða á lagaákvæðum um tekjuskattshlutfall, skulu eignarhaldsfélögin greiða tekjuskatt sem skal vera 30% af tekjuskattsstofni eins og hann er skilgreindur hér að framan. Eignarhaldsfélögunum skal ekki heimilt að draga frá skattskyldum tekjum:
      i. Niðurfærslu á útistandandi viðskiptaskuldum í árslok allt að 5% skv. 2. málsl. 3. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, með áorðnum breytingum.
      ii. Fjárhæðir, sem eignarhaldsfélögin greiða eða úthluta sem arði, sbr. 8 tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981.
      iii. Fjárhæðir sem eignarhaldsfélögin gætu lagt í fjárfestingarsjóð skv. 11. tölul. 31. gr., sbr. 54. gr. laga nr. 75/1981, með áorðnum breytingum.
      iv. Fjárhæðir samkvæmt frádráttarliðum sem koma í stað frádráttarliða samkvæmt (i) til (iii) hér að framan.
   c. Í samningum, sem gerðir verða innan ramma þessara laga, skulu fyrrgreindar meginreglur um tekjuskatt eignarhaldsfélaganna útfærðar nánar.

2. Félagið skal undanþegið tekjuskatti og eignarhaldsfélögin skulu undanþegin eignarskatti.
3. Í stað aðstöðugjalds samkvæmt V. kafla laga nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, landsútsvars samkvæmt III. kafla laga nr. 90/1990, iðnlánasjóðsgjalds samkvæmt lögum nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, iðnaðarmálagjalds samkvæmt lögum nr. 48/1975, um iðnaðarmálagjald, og kirkjugarðsgjalds samkvæmt lögum nr. 21/1963, með áorðnum breytingum, sem og annarra sams konar eða sambærilegra skatta eða gjalda sem kæmu síðar til viðbótar eða í stað aðstöðugjalds, landsútsvars, iðnlánasjóðsgjalds, iðnaðarmálagjalds og kirkjugarðsgjalds, skal félagið greiða gjald af veltu sem nemi 0,77% eins og nánar er kveðið á um í samningum sem gerðir verða innan ramma laga þessara. Gjaldinu skal ráðstafa til atvinnuuppbyggingar, þar af ¾ hlutum til atvinnuuppbyggingar í öðrum landshlutum samkvæmt ákvæðum laga sem sett verða þar um.

4. Eignarhaldsfélögin skulu undanþegin veltuskatti skv. 3. tölul. þessarar greinar og sérhverjum skatti eða gjaldi sem kynni að koma í stað veltuskatts.
5. Í stað fasteignaskatts samkvæmt II. kafla laga nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, og sérstaks skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði samkvæmt lögum nr. 110/1990, sem og annarra skatta sem kæmu í stað fasteignaskatts og sérstaks skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, skal félagið greiða fasteignaskatt sem nemi 0,75% af umsömdu virði bygginga og mannvirkja og er heimilt að veita afslátt af skattinum á fyrstu starfsárum álversins, eftir því sem nánar er kveðið á um í samningum sem gerðir verða innan ramma laga þessara.
6. Stimpilgjöld skulu vera 0,15% á kaup- eða leigusamningum, sem gerðir eru af Atlantsálfélögunum, og á lánum sem félagið kann að taka í sambandi við byggingu álversins og hafnarinnar svo og á öllum öðrum stimpilgjaldsskyldum skjölum sem nauðsynleg eru í sambandi við stofnun og rekstur félagsins. Lán, sem tekin eru í stað fjárfestingarlána, svo og hlutabréf í Atlantsálfélögunum skulu undanþegin stimpilgjaldi.
7. Með samningum, sem gerðir verða innan ramma laga þessara, má ákveða að félagið skuli greiða ákveðna upphæð til Vatnsleysustrandarhrepps í stað byggingaleyfisgjalds samkvæmt lögum nr. 54/1978 og gatnagerðargjalda samkvæmt lögum nr. 51/1974 og tiltekna fjárhæð til ríkissjóðs í stað skipulagsgjalda samkvæmt lögum nr. 19/1964.
8. Raforka til byggingar og rekstrar álversins skal undanþegin öllum gjöldum sem lögð eru á í tengslum við sölu eða notkun raforku.
9. Með samningum, sem gerðir verða innan ramma laga þessara, má kveða svo á að raforkusala til félagsins og innflutningur félagsins og eignarhaldsfélaganna á helstu aðföngum svo og endurgreiðsla eignarhaldsfélaganna til félagsins á rekstrarkostnaði og útgjöldum þess skuli vera undanþegin virðisaukaskatti.
10. Allar erlendar lántökur álfélaganna skulu undanþegnar hvers kyns sköttum og gjöldum.
11. Með samningum, sem gerðir eru samkvæmt lögum þessum, má ákveða sérstakar reikningsskilareglur fyrir álfélögin sem grundvallaðar eru á íslenskum lögum með þeim skýringum og undanþágum sem taldar eru viðeigandi varðandi álfélögin, þ.m.t. fyrningarreglur og ákvæði um að verðbreytingar hvers konar megi miða við gengisþróun Bandaríkjadals. Í slíkum reikningsskilareglum skal heimilt að víkja frá ákvæðum 26. gr., 45. gr., 53. gr., sbr. 5. tölul. 8. gr., 4. tölul. 1. mgr. 51. gr., 73. gr. og 1. tölul. 74. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, og öðrum þeim ákvæðum laga sem ekki samrýmast slíkri skipan.
12. Heimilt skal vera að gera samninga innan ramma laga þessara um meginreglur endurskoðunar á skattlagningu álfélaganna til að tryggja að heildarskattbyrði þeirra hér á landi haldist í jafnvægi.

Almenn ákvæði íslenskra laga um tekjuskatt, eignarskatt og aðstöðugjöld, sem í gildi eru á hverjum tíma og varða skattframtal, álagningu, endurskoðun, endurálagningu, innheimtu, gjalddaga og greiðslu og uppgjör tekjuskatts, eignarskatts og aðstöðugjalda og um kærur og deilur, skulu gilda um álfélögin svo og um tekjuskatt, eignarskatt og veltuskatt sem félögunum ber að greiða samkvæmt lögum og samningum, sem gerðir verða innan ramma þessara laga, sbr. þó 6. gr.

6. gr.

Lögsaga og lausn deilumála.

Samningar, sem gerðir verða innan ramma laga þessara, skulu skýrðir og framkvæmdir samkvæmt íslenskum lögum og íslenskir dómstólar skulu leysa úr ágreiningsmálum sem rísa kunna á grundvelli samninganna. Þó skal heimilt að semja um að í sérstökum tilvikum megi vísa ágreiningi um nánar tiltekin atriði til gerðardóms er starfi samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma.

7. gr.

Innflutningur og útflutningur.

Innflutningur félagsins eða aðila á þess vegum á byggingarefni, vélum og tækjum og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum fyrir verksmiðju þess og rekstur hennar og tengdra mannvirkja skal vera undanþeginn tollum, aðflutningsgjöldum og vörugjaldi samkvæmt lögum nr. 97/1987, með áorðnum breytingum. Með samningum, sem gerðir eru innan ramma laga þessara, er heimilt að fella niður eða endurgreiða tolla, aðflutningsgjöld og vörugjald á vöru og þjónustu sem keypt eru innan lands vegna byggingar verksmiðjunnar.

Innflutningur eða innlend kaup aðilanna, félagsins, einhvers á þess vegum eða eignarhaldsfélaganna á hráefnum og framleiðsluvörum til neyslu, nota eða framleiðslu vegna reksturs bræðslunnar og hafnarinnar, svo og útflutningur á framleiðsluvörum og notaðra efna og áhalda frá verksmiðjunni skal undanþeginn tollum og öðrum gjöldum á innflutning og útflutning.

8. gr.

Tvísköttun.

Um skattskyldu erlendra hluthafa í eignarhaldsfélögunum skal fara eftir ákvæðum þeirra tvísköttunarsamninga sem í gildi eru milli Íslands og heimaríkja þessara aðila.

Í þeim tilvikum sem slíkir tvísköttunarsamningar hafa ekki verið gerðir skal ríkisstjórnin beita í þessu efni ákvæðum þess tvísköttunarsamnings sem í gildi er á hverjum tíma milli Norðurlandanna eftir því sem hún ákveður nánar.

9. gr.

Erlendur gjaldmiðill.

Að teknu tilliti til eðlilegra skilyrða um rekstrarfjármagn hér á landi, skal álfélögunum heimilt að taka við öllum greiðslum eða fjárframlögum, er varða rekstur þeirra, í erlendum gjaldeyri á reikningum utan Íslands og varðveita, fjárfesta, endurfjárfesta eða greiða fé úr slíkum reikningum eftir nánari ákvæðum í samningum sem gerðir verða innan ramma laga þessara.

10. gr.

Erlendar lántökur.

Álfélögunum skal heimilt að taka lán erlendis til byggingar og reksturs álversins og hafnarinnar.

11. gr.

Umhverfismál.

Verksmiðjuna skal hanna og byggja að öllu leyti í samræmi við lög og reglur sem í gildi eru varðandi mengunarvarnir og umhverfisvernd, svo og öryggi, heilbrigði og hollustu á vinnustöðum. Í starfsleyfi, sem gefið skal út á grundvelli laga nr. 109/1984, skal kveðið á um skilyrði þau sem félaginu ber að fullnægja varðandi mengunarvarnir og umhverfisvernd.

Með samningum, sem gerðir verða samkvæmt lögum þessum, og í starfsleyfi fyrir álverið skal heimilt að kveða á um eftirfarandi:

1. Að starfsleyfið verði gefið út samhliða þessum samningi og gildi jafnlengi og samstarfssamningarnir skv. 1. gr. laga þessara, þ.m.t. með hugsanlegri framlengingu.
2. Að starfsleyfið verði einungis tekið til endurskoðunar á tilteknum umsömdum tímamörkum og í samræmi við nánari ákvæði samninga sem gerðir verða skv. þessum heimildarlögum.

12. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal III.

Greinargerð Landsvirkjunar um rafmagnssölu til Atlantsáls.
(Mars 1991.)

1. INNGANGUR

Á undanförnum mánuðum hafa fulltrúar Landsvirkjunar og Atlantsáls hf. lagt mikla vinnu í gerð hins fyrirhugaða rafmagnssamnings um sölu á rafmagni til álversins á Keilisnesi. Hefur miðað verulega í samkomulagsátt og má segja að samkomulagsgrundvöllur sé þegar fyrir hendi varðandi öll tæknileg atriði samningsins.

Sama máli gegnir um önnur samningsatriði að undanskildum nokkrum mikilvægum atriðum, einkum að því er varðar tryggingar, ábyrgðir og orkuverðsskilmála, sem enn er verið að fjalla um. Grundvallarhugmyndir eru þegar komnar fram varðandi ábyrgða- og tryggingaskilmála, en útfærsla þeirra í einstökum atriðum og samkomulag þar að lútandi er háð samningum Atlantsáls hf. og þeirra lánastofnana, sem koma til með að veita lán til fjármögnunar álversins á Keilisnesi.

Þá á samkomulag um endurskoðunarákvæði rafmagnsverðs stutt í land og ætti að vera unnt að sjá fyrir endann á því áður en mjög langt líður.

Loks er ljóst að ýmsar breytingar hafa orðið að undanförnu að því er snertir verðlag, gengi o.fl., sem hefur áhrif á arðsemi rafmagnssamningsins. Landsvirkjun hefur því tekið arðsemisútreikninga sína til endurskoðunar og getur stjórnin ekki tekið afstöðu til arðsemi samningsins í heild fyrr en þeirri endurskoðun er lokið.

Sú verkáætlun, sem Landsvirkjun hefur unnið eftir undanfarið vegna virkjana í þágu nýs álvers, gerir ráð fyrir að unnt sé að gera verksamninga í lok maí nk. Nú bendir hins vegar allt til þess að þessum tímamörkum verði ekki náð þar sem Landsvirkjun treystir sér ekki til að fara í framkvæmdir fyrr en fyrirvaralaus rafmagnssamningur við Atlantsál hf. liggur fyrir.

Ljúki lokasamningum og fjármögnun framkvæmda Atlantsáls hf. ekki fyrr en á tímabilinu ágúst–desember 1994, eins og nú eru horfur á, er ljóst að ekki verður unnt að hefja orkuafhendingu til álversins fyrr en upp úr áramótum 1994/95 og ekki að fullu fyrr en 8 mánuðum síðar. Fyrsta framleiðsla í álverinu gæti því hafist í ársbyrjun 1995, en full afköst ekki náðst fyrr en þá um haustið. Til að tryggja þessa framvindu þyrfti Landsvirkjun að geta varið um 800 millj. króna í ár til undirbúnings og framkvæmda við stækkun Búrfellsvirkjunar, byggingu Fljótsdalsvirkjunar og háspennulína. Jafnframt þyrfti Landsvirkjun á lántökuheimild að halda að sömu fjárhæð, en þar af hefur þegar verið sótt um lántökuheimild fyrir 220 millj. kr. vegna yfirstandandi virkjanaundirbúnings.

2. UPPBYGGING RAFORKUKERFISINS – LÝSING

Á undanförnum missirum hefur Landsvirkjun unnið að gerð áætlana um hagkvæmustu uppbyggingu raforkukerfisins til að anna aukningu í orkueftirspurn hins almenna markaðar ásamt orkuþörf nýs 210.000 tonna álvers á Keilisnesi sem hefji rekstur í ársbyrjun 1995, og verði komin í fulla notkun 1. sept. 1995. Forgangsorkuþörf álversins í fullri framleiðslu er um 2700 GWst á ári en til viðbótar er gert ráð fyrir að álverið fái afhenta afgangsorku, sem nemur um 300 GWst á ári. Tilsvarandi aflþörf er um 350 MW.

Til að anna orkueftirspurninni koma margar mismunandi virkjanaleiðir (framkvæmdaraðir) til greina, en markmiðið er að finna þá leið, sem gefur lægst samanlagt núvirði stofn- og rekstrarkostnaðar virkjana, háspennulína, tengivirkja og annarra nauðsynlegra

framkvæmda í raforkukerfinu. Viðkomandi virkjanaleið verður jafnframt að uppfylla tilteknar kröfur um gæði og öryggi í raforkuafhendingu til viðskiptavina Landsvirkjunar.

Mynd 1 og 2 sýnir þá virkjanaleið (Leið 210) sem uppfyllir áðurnefnd skilyrði fyrir almennan markað og álver á Keilisnesi, og einnig er á myndunum sýnd hagkvæmasta virkjanaleið (Leið 0) í uppbyggingu raforkukerfisins fyrir almennan markað eingöngu. Rétt er að geta þess að tímalengdin sem þessar athuganir spanna er a.m.k þrjátíu ár fram í tímann, sem er álíka og væntanlegur gildistími raforkusamnings til álversins. Orkusalan til álversins verður síðan að standa undir mismun á núvirði fjárfestinga og rekstrarkostnaðar þessara tveggja virkjanaleiða, til þess að því lagaskilyrði verði fullnægt að orkusala til nýrrar stóriðju leiði ekki til hækkunar á orkuverði til almennings.

Eins og fram kemur á mynd 1 er í framhaldi af Blönduvirkjun (150 MW) ráðgert að auka miðlunarrými hennar úr 220 Gl (milljónir m3) í 400 Gl, stækka Búrfellsvirkjun (100 MW) og ljúka samhliða síðasta áfanga Kvíslaveitu og stækkun Þórisvatnsmiðlunar úr 1.400 Gl í 1.760 Gl, reisa Fljótsdalsvirkjun (210 MW) og setja upp 30 MW jarðgufustöð á Nesjavöllum, sem Hitaveita Reykjavíkur mun reisa og reka. Þá er fyrirhugað að stækka Kröfluvirkjun um 30 MW.

Ráðast yrði í umfangsmiklar framkvæmdir í orkuflutningskerfinu, en þær helstu eru eftirfarandi: Lagning 220 kV háspennulínu frá Fljótsdalsvirkjun til Akureyrar, Fljótsdalslína 1 (195 km), lagning 220 kV línu frá Búrfellsvirkjun að Svartárkoti, Búrfellslína 4 (193 km), lagning 220 kV línu frá Búrfellsvirkjun að aðveitustöðinni við Hamranes sunnan Hafnarfjarðar, Búrfellslína 3 (120 km). Hluti þessarar, línu þ.e. kaflinn frá Sandskeiði að Hamranesi, Búrfellsína 3B (24 km), verður byggður óháð því hvort álver rís á Keilisnesi. Frá spennistöðinni við Hamranes að álverinu á Keilisnesi yrðu lagðar tvær 220 kV línur, Keilisneslína 1&2 (2x16 km). Heildarlengd 220 kV lína er 538 km. Frá Nesjavöllum er síðan ráðgert að leggja 132 kV línu að spennistöðinni á Korpu í nágrenni Reykjavíkur, Nesjavallalína 1 (35 km). Við Svartárkot í Bárðardal er fyrirhugað að reisa 220 kV tengivirki, bæta við 220/132 kV tengivirki í aðveitustöð Landsvirkjunar á Rangárvöllum við Akureyri og reisa nýtt 220 kV tengivirki á Keilisnesi í samvinnu við ATLANTSÁL. Til að raforkukerfið uppfylli ströngustu kröfur um gæði og öryggi yrði nauðsynlegt að setja upp svonefnd þéttavirki í Hrauneyjafosslínu 1, Búrfellslínu 3 og á höfuðborgarsvæðinu. Framkvæmdum við þau mannvirki sem hér eru talin upp þarf að ljúka áður en álverið er tekið í rekstur.

Á mynd 3 er kort sem sýnir hvernig raforkukerfi Landsvirkjunar kemur til með að líta út að loknum þeim framkvæmdum, sem getið er um hér að framan.

Enn lengra í framtíðinni koma Vatnsfellsvirkjun (70 MW), Villinganesvirkjun (30 MW), Norðlingaöldumiðlun (325 Gl) og Sultartangavirkjun (110 MW). Þessum framkvæmdum er ekki lýst nánar enda óvíst hvernig þróun raforkumarkaðarins verður í framhaldi af nýju álveri á Keilisnesi.

Fjárfestingar og mannafli.

Áætluð fjárfesting Landsvirkjunar á tímabilinu 1991–1995, á verðlagi í desember 1990, fyrir virkjanaleiðir með og án álvers á Keilisnesi er sýnd á mynd 4. Heildarfjárfesting fyrir Leið 210 á þessu tímabili næmi um 40.000 Mkr að meðtöldum 5,5% vöxtum á byggingartíma og eins og sést á myndinni er fjárfestingin 800 milljónum króna hærri árið 1991 en fyrir virkjunarleið án nýrrar stóriðju. Stofnkostnaður nýrra virkjana er byggður á verkhönnunar áætlunum eða útboðsáætlunum, og sama gildir í flestum tilvikum um háspennulínur. Í virkjanaleið án nýrrar stóriðju, (Leið 0), á þessum áratug er aðeins um að ræða stækkun Kröfluvirkjunar í framhaldi af Blönduvirkjun.

Mannaflaþörf við byggingu virkjana, háspennulína, tengivirkja og annarra framkvæmda í raforkukerfinu fyrir áðurnefndar virkjanaleiðir hefur verið áætluð fyrir tímabilið 1991–1995

eins og sýnt er á mynd 4. Alls er mannaflaþörfin fyrir Leið 210 áætluð um 2.600 ársverk, mest 1993 um 850 ársverk, en á því ári má gera ráð fyrir að hámarksfjöldi manna við orkuframkvæmdir Landsvirkjunar verði um 1.300–1.400 manns. Eftirfarandi tafla sýnir áætlaða skiptingu mannafla á starfsgreinar.

Starfsgrein	Ársverk	%
Verkamenn	880	34
Iðnaðarmenn	620	24
Tækjamenn	520	20
Bifreiðastjórar	290	11
Skrifstofufólk	80	3
Tæknimenn	210	8
Samtals	2.600	100

Rekstur.


Árlegur rekstrarkostnaður viðbótarframkvæmda í raforkukerfinu er reiknaður sem ákveðið hlutfall af stofnkostnaði viðkomandi mannvirkis eins og kemur fram í eftirfarandi töflu.


Mannvirki	**Rekstrarkostnaður** %
Vatnsaflsvirkjanir	0,7
Jarðgufuvirkjanir	5,0
Háspennulínur	1,0
Tengi- og þéttavirki	1,0

Gert er ráð fyrir að þetta hlutfall standi undir öllum gjöldum, sem færð eru á rekstrarkostnað þessara mannvirkja, auk þess að greiða eðlilegan hluta í sameiginlegum rekstri fyrirtækisins, svo sem yfirstjórn o.fl.

Samkvæmt áætlunum Landsvirkjunar munu bætast við um 40 ársverk í rekstri fyrirtækisins ef samningar takast um nýtt álver, en þar af er um helmingur við Fljótsdalsvirkjun.

MYND 1


ORKUJÖFNUÐUR
LEIÐ 210 - 210.000 TONNA ÁLVER 1.1.1995
GWh/ÁRI
10000
8000
6000
4000
2000
0
7 NESJAVELLIR 2
6 FLJÓTSDALUR
5 KRAFLA
ORKUVINNSLUGETA
4 NESJAVELLIR 1
3 ST.BÚRFELLS
2 ST.BLÖNDULÓNS
1 BLANDA
210.000 TONNA ÁLVER
ALMENNUR MARKAÐUR OG NÚVERANDI STÓRIÐJA
1988
'90
'92
'94
'96
'98
2000
19.02.1991


ORKUJÖFNUÐUR
LEIÐ 0 - ÁN NÝRRAR STÓRIÐJU
GWh/ÁRI
10000
8000
6000
4000
2000
0
ORKUVINNSLUGETA
1 BLANDA
2 KRAFLA
ALMENNUR MARKAÐUR OG NÚVERANDI STÓRIÐJA
1988
'90
'92
'94
'96
'98
2000
07.02.1991

MYND 2

VIRKJANALEIÐ L210

210.000 TONNA ÁLVER UM ÁRAMÓT 1994/1995

VATNSAFLSVIRKJANIR:	MW	GWh/ári	STOFN-KOSTN. Mkr	GANG-SETNING
BLÖNDUVIRKJUN	150	610	12.209	1991
STÆKKUN BLÖNDULÓNS		110	274	1994
STÆKKUN BÚRFELLS	100	530	4.475	1994
KVÍSLAVEITA OG ÞÓRISVATN			2.005	1994
NESJAVELLIR 1	30	245		1994
FLJÓTSDALSVIRKJUN	210	1400	19.379	1995
STÆKKUN KRÖFLUVIRKJUNAR	30	230	1.528	1996
NESJAVELLIR 2	30	245		1998
VATNSFELLVIRKJUN	70	530	5.212	2005
VILLINGANESVIRKJUN	30	190	3.388	2013
NORÐLINGAÖLDUMIÐLUN		170	2.742	2016
SULTARTANGAVIRKJUN	110	660	11.346	2018
ALLS	760	4.920	62.558	
HÁSPENNULÍNUR:	kV	km		
BÚRFELLSLÍNA 3B	220	24	407	1991
FLJÓTSDALSLÍNA 1	220	195	3.121	1995
FLJÓTSDALSLÍNA 2	132	2X8	147	1995
BÚRFELLSLÍNA 4 (Í SVARTÁRKOT)	220	193	3.116	1995
BÚRFELLSLÍNA 3	220	96	1.615	1994
KEILISNESLÍNA 1&2	220	2X16	557	1994
NESJAVALLALÍNA 1	132	35	313	1994
VATNSFELLSLÍNA 1	220	6	158	2005
VILLINGANESLÍNA 1	132	7	60	2013
SULTARTANGALÍNA 1	220	15	299	2018
FLJÓTSDALUR - SIGALDA	220	260	3.988	2020
ALLS		879	13.781	
TENGIVIRKI:				
HAMRANES	220		63	1991
RANGÁRVELLIR	220/132		204	1994
SVARTÁRKOT	220		297	1995
KEILISNES	220		168	1995
SIGALDA	220		65	2020
ALLS			797	
ÞÉTTAVIRKI:				
HAMRANES	220		29	1991
SUÐURLÍNA	132		155	1992
BÚRFELLSLÍNA 3	220		219	1994
RVK. - SVÆÐIÐ	220		282	1995
HRAUNEYJAFOSSLÍNA 1	220		219	1995
ALLS			403	
SAMTALS			77.539	

ATHUGASEMDIR:
STOFNKOSTNAÐUR MEÐ 5,5% VÖXTUM Á BYGGINGARTÍMA. VERÐLAG Í DES. 1990
HITAVEITA REYKJAVÍKUR REISIR OG REKUR ORKUVERIN Á NESJAVÖLLUM
BÚRFELLSLÍNA 3B (HAMRANES-SANDSKEID) VERÐUR REIST ÓHÁÐ BYGGINGU NÝS ÁLVERS

VIRKJANALEIÐ L0


ENGIN NÝ STÓRIÐJA

VATNSAFLSVIRKJANIR:	MW	GWh/ári	STOFN-KOSTN. Mkr	GANG-SETNING
BLÖNDUVIRKJUN	150	610	12.209	1991
STÆKKUN KRÖFLUVIRKJUNAR	30	230	1.528	1998
STÆKKUN BLÖNDULÓNS		110	274	2007
NESJAVELLIR 1	30	245		2012
NESJAVELLIR 2	30	245		2018
ALLS	240	1.440	14.011	
HÁSPENNULÍNUR:	kV	km		
BÚRFELLSLÍNA 3B (HAMRAN.-SANDS	220	24	407	1991
BÚRFELLSLÍNA 3A (BÚRF.- SANDSK.)	220	96	1.615	2012
BÚRFELLSLÍNA 4 (TIL AKUREYRAR)	220	230	3.734	2012
ALLS		350	5.756	
TENGIVIRKI:				
HAMRANES	220		65	1991
RANGÁRVELLIR	220/132		202	2012
ALLS			267	
ÞÉTTAVIRKI:				
HAMRANES	220		29	1991
SUÐURLÍNA	132		155	1992
BÚRFELLSLÍNA 3	220		219	1995
HRAUNEYJAFOSSLÍNA 1	220		219	1996
ALLS			622	
SAMTALS			20.656	

ATHUGASEMDIR:
STOFNKOSTNAÐUR MEÐ 5,5% VÖXTUM Á BYGGINGARTÍMA. VERÐLAG Í DES. 1990.
HITAVEITA REYKJAVÍKUR REISIR OG REKUR ORKUVERIN Á NESJAVÖLLUM


MYND 3

RAFORKUKERFIÐ ÁRIÐ 2000
MIÐAÐ VIÐ 210.000 TONNA ÁLVER




MYND 4

FJÁRFESTINGAR



07.02.1991

MANNAFLI



07.02.1991

3. RAFMAGNSSAMNINGUR LANDSVIRKJUNAR OG ATLANTSÁLS HF. – LÝSING

Vinna við gerð rafmagnssamnings milli Landsvirkjunar annars vegar og Atlantal-fyrirtækjanna hins vegar vegna fyrirhugaðs álbræðsluhlutafélags, Atlantsáls hf., er nú þar komin, að segja má að fyrir liggi samkomulag aðila um umgjörð og uppbyggingu samningsins og efni í stórum dráttum, en niðurstaða sé ófengin að því er varðar nokkur afmörkuð atriði, þar á meðal nokkur mikilvæg samningsatriði.

Hér fer á eftir stutt lýsing á þeim drögum að rafmagnssamningi sem nú eru lögð til grundvallar í viðræðum aðila, þótt þann fyrirvara verði að hafa á að sumt er enn ekki að fullu frágengið.

Gert er ráð fyrir að rafmagnssamningurinn skiptist í 6 hluta og verði heiti þeirra sem hér segir:

I hluti – Inngangur
II hluti – Bygging mannvirkja
III hluti – Rafmagnsafhending
IV hluti – Mæling
V hluti – Rafmagnsverð og greiðsluskilmálar
VI hluti – Almenn ákvæði

Fyrsti hluti samningsdraganna, 1. gr., hefur að geyma skilgreiningar á heitum og hugtökum, sem notuð eru í samningnum.

Annar hluti samningsdraganna, 2.–4. gr., fjallar um byggingu mannvirkja. Þar er annars vegar kveðið á um byggingu álbræðslunnar og skuldbindingar Atlantsáls hf. í því sambandi og hins vegar um byggingu nýrra orkumannvirkja. Landsvirkjun skuldbindur sig til að haga byggingu, rekstri og viðhaldi raforkukerfis síns þannig að nánar tilteknar líkur verði ávallt á að unnt verði að standa við afhendingarskuldbindingar gagnvart álbræðslunni. Jafnframt eru tilgreind þau orkumannvirki sem Landsvirkjun muni reisa og ljúka áður en eða um það bil sem orkuafhending til álbræðslunnar á að hefjast.

Gert er ráð fyrir að rafmagnssamningurinn tiltaki nokkra verkáfanga hvors samningsaðila á byggingartíma og fyrir hvaða tíma hverjum og einum þeirra skuli lokið, sem og ákvæði um úrræði hvors um sig vegna hugsanlegra vanefnda hins. Atlantal-fyrirtækin munu takast á hendur ábyrgð á greiðslu skaðabóta til Landsvirkjunar ef ekki verður lokið við að reisa álbræðsluna. Samningum er ólokið um tilhögun framangreinds í einstökum atriðum sem og um bótarétt Atlantsáls hf. ef Landsvirkjun hefur ekki samningsbundið rafmagn tiltækt til afhendingar á umsömdum tíma og um fyrirkomulag ábyrgðar á þeim bótagreiðslum. Gert er ráð fyrir að Atlantsál hf. eigi fram til 30. júní 1993 einhliða rétt á að segja rafmagnssamningnum upp, en þá ber fyrirtækinu að greiða Landsvirkjun skaðabætur og munu móðurfyrirtækin verða í ábyrgðum fyrir þeim greiðslum. Ósamið er um nokkur atriði í þessu sambandi.

Þriðji hluti samningsdraganna, 5.–12. gr., fjallar um rafmagnsafhendingu. Þar er kveðið á um þá hversu mikið rafmagn Landsvirkjun beri að hafa tiltækt fyrir álbræðsluna á tryggðum (forgangsorka) og ótryggðum (afgangsorka) grundvelli. Er miðað við að afl á tryggðum grundvelli verði að meðaltali á klst. 315 MW og á ótryggðum grundvelli 35 MW, en orka á almanaksári á tryggðum grundvelli 2.700 GWh og á ótryggðum grundvelli 300 GWh. Landsvirkjun hefur rétt til að skerða orku, sem í té er látin á ótryggðum grundvelli, en þó skal afgrei minna tiltækt á ári hverju en 150 GWh, eða 50% umsaminnar afgangsorku, né minna en 60% (720 GWh) á hverju samfelldu fjögurra ára tímabili, né minna en 80% umsaminnar afgangsorku (4.800 GWh) á hverju samfelldu 20 ára tímabili. Ítarleg ákvæði eru um það

hvernig staðið skuli að niðurskurði og svipar þeim ákvæðum að verulegu leyti til sambærilegra ákvæða í rafmagnssamningi Landsvirkjunar og Íslenzka járnblendifélagsins hf. Þá geymir þessi hluti samningsins ákvæði um hugsanleg viðbótarkaup Atlantsáls hf. á rafmagni umfram samningsbundið rafmagn, þar á meðal á alls ótryggðum grundvelli.

Gert er ráð fyrir að reglubundin orkuafhending til álbræðslunnar hefjist á tímabilinu 1. desember 1994 – 1. apríl 1995, samkvæmt nánari ákvörðun Atlantsáls hf. og á Landsvirkjun þá að hafa 50% samningsbundins rafmagns Atlantsáls hf. tiltækt. Á næstu 4 – 8 mánuðum þar á eftir á tiltækt rafmagn að aukast í 100% samningsbundins rafmagns. Að þeim tíma liðnum koma til framkvæmda ákvæði samningsins um tryggð lágmarkskaup, en í þeim felst að Atlantsáli hf. ber að greiða fyrir nánar tilgreint lágmarksmagn af rafmagni, hvort sem fyrirtækið notar það eða ekki. Ber Atlantsáli hf. að greiða fyrir a.m.k. 1.620 GWh á ári hverju og a.m.k. 24.300 GWh, eða að meðaltali 81% samningsbundins rafmagns, á hverju samfelldu 10 ára tímabili. Ekki er enn útkljáð hvernig hagað verður tryggingum fyrir þessum greiðslum. Ekki eru heldur útræddar óskir Atlantal-fyrirtækjanna þess efnis að umfangi þessarar skuldbindingar verði settar skorður fyrstu árin, þ.e. í því tilviki að lánveitendur stofnlána yfirtaki hlutabréf í Atlantsáli hf.

Loks skal nefnt að III. hluti samningsdraganna geymir ákvæði um afhendingarstað rafmagns, um raftæknilega skilmála, svo sem eins og um straum, spennu, fasviksstuðul og fasajafnvægi, og um byggingarrafmagn og neyðarrafmagn.

IV. hluti samningsdraganna, 13.–15. gr., fjallar um mælingu á afhentu rafmagni, prófanir á mælabúnaði og leiðréttingar vegna ónákvæmra mælinga.

V. hluti samningsdraganna, 16.–20. gr., hefur að geyma ákvæði um orkuverð og um tilhögun greiðslna fyrir orkuna. Gert er ráð fyrir að orkuverðið fari eftir formúlunni:

$$O = A \times p/14{,}2$$

Þar sem: O = Orkuverð í US mill/kWh, A = heimsmarkaðsverð á áli í Bandaríkjadölum á tonn, p = 10% á tímabilinu 1994–1998, 12% 1999–2002 og 16% 2003–2030. Árið 1994–1996 verður í gildi þak, sem nemur 14 mill/kWh og gólf, sem nemur 10,5 mill/kWh. Talan 14,2 þýðir fjölda kílówattstunda, sem þarf til þess að framleiða 1 kg af hrááli.

Fyrir liggur mat á þessu orkuverði, sem lagt var fyrir stjórn Landvirkjunar í september sl. Matið, sem útreiknað var á verðlagi og gengi í desember 1989 byggði á forsendum um vexti, álverð, virkjunarkostnað o.fl., sem þá þóttu eðlilegar. Miðað við líklegustu forsendur sýndu þessir útreikningar viðunandi orkuverð fyrir Landsvirkjun.

Síðan ofangreint mat var framkvæmt hafa ýmsar aðstæður í heiminum breyst, sem hafa gert það að verkum að nauðsynlegt er að meta að nýju þýðingu ofangreindrar orkuverðsfomúlu fyrir afkomu Landsvirkjunar. Eru nú ýmsar athuganir í gangi þar sem ítarlega verður fjallað um samhengi milli gengis hinna ýmsu mynta, vaxta og álverðs í sömu myntum. Þá er beðið eftir því að tilboð verði opnuð í vor um verksamninga í meginhluta þeirra virkjanaframkvæmda, sem nauðsynlegar verða vegna Atlantsáls og gefa munu öruggari forsendur um virkjanakostnaðinn en áður voru fyrir hendi. Eins og síðar er rakið er einnig unnið að samkomulagi um samningsákvæði varðandi endurskoðunarskilmála, sem hafa verulega þýðingu fyrir mat á hagkvæmni orkusölusamningsins í heild. Af öllu þessu leiðir að ekki liggur fyrir á þessu stigi endanlegt mat Landsvirkjunar á orkuverðsskilmálunum.

Gert er ráð fyrir að tryggð árleg lágmarkskaup verði gerð upp á mánaðarlegum grundvelli innan hvers árs, og svo eftir hvert ár með tilliti til hlutfalls af tryggðum lágmarkskaupum á hverju 10 ára tímabili. Ráð er fyrir gert að tryggð lágmarkskaup geti lækkað ef Landsvirkjun hefur ekki tiltækt allt samningsbundið rafmagn eða ef Atlantsál hf. getur ekki hagnýtt það vegna óviðráðanlegra atvika (force majeure). Enn ber nokkuð á milli aðila um það við hvað skuli miðað í þessu sambandi.

Sjötti og síðasti hluti samningsdraganna, 21.–37. gr., hefur að geyma ýmis almenn ákvæði. Þar á meðal eru ákvæði um takmörkun gagnkvæmrar bótaábyrgðar, sem ekki liggur þó enn fyrir endanleg niðurstaða um, um óviðráðanleg atvik (force majeure) og áhrif þeirra, um samningstíma, sem gert er ráð fyrir að verði 25 ár frá afhendingardegi rafmagns, en Atlantsál hf. eigi þó rétt á að framlengja samninginn um tvisvar sinnum 5 ár, og um framsal, en gert er ráð fyrir að þótt rafmagnssamningurinn sé, sem meginregla, óframseljanlegur, þá megi Atlantsál hf. framselja hann lánastofnunum til tryggingar stofnlánum og rekstrarlánum og að lánastofnanir megi síðan framselja samninginn nýjum eignaraðilum að álbræðslunni ef þær hafa leyst hann til sín vegna skulda álbræðslunnar, enda samræmist eignaraðild hins nýja aðila ákvæðum aðalsamnings ríkisstjórnarinnar og Atlantal-fyrirtækjanna og gengið sé á fullnægjandi hátt frá yfirtöku skuldbindinga og ábyrgða gagnvart Landsvirkjun.

Þá má nefna ákvæði, sem gert er ráð fyrir að skipað verði með sambærilegum hætti í rafmagnssamningnum og í aðalsamningnum, svo sem eins og ákvæði um það hvernig leyst verði úr deilumálum, en miðað er við að íslenzk lög gildi og að deilumál verði rekin fyrir íslenzkum dómstólum, en þó geti hvor aðili um sig ákveðið að skjóta deilumálum til gerðardóms, sem starfi samkvæmt íslenzku gerðardómslögunum; og um rétthæð samningstexta, en gert er ráð fyrir að samningurinn verði undirritaður bæði á íslenzku og ensku. Samkomulag liggur fyrir um þessi efni í megindráttum, en fáein atriði eru þó óleyst.

Loks skal nefnt að vinna og viðræður samninganefnda aðila hafa að undanförnu mjög beinst að því að ná samkomulagi um efni endurskoðunargreinar. Bar þar lengi vel mikið á milli, en nú lítur út fyrir að samkomulag kunni að nást um að fram fari endurskoðun á orkuverði með vissu millibili og verði þá gerður samanburður á orkuverði til Atlantsáls hf. og á meðalorkuverði til álvera í heiminum og leiðréttíng gerð á orkuverði til Atlantsáls hf. ef frávikin eru umfram tiltekin mörk, þó að teknu tilliti til þess hvort álbræðslan hefur hreyfzt meira en nemur tilteknum prósentustigum á rekstrarkostnaðarkúrfu álvera í heiminum. Gert er ráð fyrir að sérstök sérfræðinganefnd úrskurði um þessi efni ef aðilar ná ekki samkomulagi.

Fylgiskjal IV.

Þjóðhagsstofnun:

Greinargerð um þjóðhagsleg áhrif Atlantsálversins.
(12. nóvember 1990.)

Þjóðhagsstofnun tók að beiðni iðnaðarráðherra saman geinargerð um þjóðhagsleg áhrif Atlantsálversins, sem birtist fyrst með frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver o.fl., í apríl 1990. Sú greinargerð var síðan endurskoðuð í nóvember 1990. Þjóðhagsstofnun hefur ekki undir höndum endurskoðaðar framkvæmda- og kostnaðaráætlanir Atlantsáls. Þær upplýsingar sem nú liggja fyrir benda hins vegar ekki til að forsendur hafi breyst að marki frá því í nóvember, hvað varðar samanburð reikninga með og án álvers, nema tímasetningar. Þannig mun öllum framkvæmdum seinka frá því sem þar var gert ráð fyrir, e.t.v. um hálft ár. Þessar breytingar á tímasetningum þýða væntanlega nokkurn samdrátt framkvæmdartíma, sem var áætlaður 36–40 mánuðir fyrir álverið, en er nú að hámarki 36 mánuðir. Þær hafa hins vegar engin teljandi áhrif á efnislegar niðurstöður samanburðarreikninganna sem voru settar fram í greinargerð Þjóðhagsstofnunar í nóvember, nema, eins og áður sagði, hvað varðar tímasetningar.

Þjóðhagsstofnun mun endurskoða greinargerð sína um Atlantsálverið þegar nákvæmar upplýsingar um breytingar á framkvæmda- og kostnaðaráætlunum við álverið, nauðsynlegar virkjanir, orkusölusamning og spár um álverið og gengisþróun liggja fyrir.

Helstu niðurstöður eru þessar:

• Gert er ráð fyrir að heildarfjárfesting í álveri Atlantsáls, sem hefur 210 þúsund tonna framleiðslugetu á ári, verði um 43 milljarðar króna. Fjárfesting í virkjunum og öðrum tengdum framkvæmdum, umfram það sem ella væri, er áætluð um 27 milljarðar króna. Samanlögð fjárfesting vegna álversins er því um 70 milljarðar króna. Framkvæmdatíminn verður frá síðari hluta þessa árs og nær fram á árið 1995. Mestar verða framkvæmdirnar á árunum 1992 og 1993.

• Samanlögð ársverk vegna álversins á framkvæmdatímanum eru talin verða um 5.000 og skiptast þau nokkurn veginn til helminga milli framkvæmda við álverið og virkjanir. Flest ársverk falla til á árinu 1992 og 1993, eða 1.500-2.000 hvort ár.

• Þegar Atlantal-álverið er komið í fullan rekstur árið 1996 er áætlað að útflutningsverðmæti afurða þess verði um 21 milljarður króna miðað við meðalgengi Bandaríkjadollars 1989. Í þessu felst að samanlagður útflutningur áls verður 21% af heildarútflutningi árið 1996.

• Með Atlantal-álverinu er hagvöxtur - á mælikvarða landsframleiðslu - talinn verða um 2,2% á ári á tímabilinu 1991-1997, samanborið við 1,6% án álvers. Álverið leiðir því til þess að landsframleiðsla verði um 4% hærri 1997 en hún yrði annars. Áhrifin verða minni á mælikvarða þjóðarframleiðslu og þjóðartekna, þar sem arðgreiðslur til útlanda og auknar vaxtagreiðslur af erlendum lánum koma þar til frádráttar.

• Álverið hefur hagstæð áhrif á kaupmátt og atvinnuástand. Kaupmáttur ráðstöfunartekna verður 4-5% hærri í lok tímabilsins en án álvers og atvinnuleysi 0,1% minna. Að jafnaði er atvinnuleysi 0,3% minna í áldæminu á tímabilinu 1991-1997.

• Erlendar skuldir aukast verulega á framkvæmdaskeiðinu og ná hámarki 1994, verða þá um 53% af landsframleiðslu, en fara síðan lækkandi. Til samanburðar eru erlendar

skuldir í grunndæminu um 40% af landsframleiðslu 1994. Greiðslubyrðin, sem hlutfall af útflutningstekjum, nær einnig hámarki 1994 og verður um 20%. Vegna mikillar aukningar útflutningstekna 1995-1997 fer greiðslubyrði ört lækkandi í lokin og er um 16% árið 1997.

• Framkvæmdir vegna álversins eru mjög umfangsmiklar í þjóðhagslegu samhengi. Þess vegna er töluverð hætta á þenslu, sérstaklega á árunum 1992 og 1993. Brýnt er því að dregið verði úr öðrum framkvæmdum á þessum tíma og þeim frestað til áranna 1994 og 1995. Jafnframt er brýnt að ríkissjóður noti auknar tekjur af meiri umsvifum í efnahagslífinu til að bæta stöðu sína en ekki til að auka útgjöld.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir niðurstöðum Þjóðhagsstofnunar. Umfjöllunin verður í tveimur hlutum. Í fyrri hluta verður fjallað um framkvæmdir, fjármögnun og rekstur Atlantal-álversins. Í þeim seinni verður gerð grein fyrir þjóðhagslegum áhrifum þess.

1. Framkvæmdir, fjármögnun og starfræksla álvers.

Í þessum hluta verður fjallað um þær meginstærðir í umfangi álvers- og orkuframkvæmda sem máli skipta fyrir þjóðarbúskapinn í heild. Þessar stærðir verða tengdar útreikningum Landsvirkjunar á orkuframkvæmdum og er tekin saman heildarmynd af umfangi allra framkvæmda sem varða nýtt álver. Einnig verður gerð grein fyrir reikniforsendum er varða utanríkisviðskipti og mannafla vegna reksturs álversins.

Framkvæmdir.

Framkvæmdir vegna álvers eru ráðgerðar á árunum 1990 til 1994. Hvað orkuframkvæmdir áhrærir þá þýðir tilkoma nýs álvers flýtingu þeirra um allan ókominn tíma. Athuganir Þjóðhagsstofnunar á þjóðhagslegum áhrifum orkuframkvæmdanna eru hins vegar takmarkaðar við tímabilið 1990 til 1997. Á því athugunartímabili sem hér um ræðir nemur áætluð fjárfesting vegna álvers um 43 milljörðum króna á verðlagi síðasta árs án vaxta á byggingartíma. Áætluð fjárfesting vegna flýtingar orkuframkvæmda nemur um 27 milljörðum króna án vaxta á byggingartíma. Talið er að um 2700 ársverk þurfi til að reisa álverið en tæp 2300 vegna flýtingar orkuframkvæmda. Yfirlit um stærðir tengdar framkvæmdunum er að finna í töflu 1 í töfluviðauka.

Álverið

Þær áætlanir sem nú liggja fyrir gera ráð fyrir að reist verði álver með 210 þúsund árstonna framleiðslugetu og sé það lögaðili hér á landi. Gert er ráð fyrir að álverið noti 300KA tækni frá franska fyrirtækinu Pechiney sem þýðir að árleg raforkuþörf m.v. fulla nýtingu afkastagetu er 2900 GWh á ári, þar af geti 10% verið afgangsorka, en reiknað er með aflþörf upp á 365 MW. Ekki er gert ráð fyrir rafskautaverksmiðju í tengslum við þetta álver.

Áætlaður framkvæmdatími er 36 til 40 mánuðir [1]. Byggt er á dreifingu framkvæmda á árin 1991 til 1995 í samræmi við upplýsingar frá aðilum Atlantal hópsins. Þannig er reiknað með, að ef samningar takast geti framkvæmdir hafist síðla árs 1991 og þeim lokið að fullu árið 1995. Gert er ráð fyrir því að 60% af fjárfestingarvöru sé innflutt. Miðað er við sömu forsendu um aðkeypta þjónustu á byggingartímanum.

Samkvæmt fyrirliggjandi áætlun um framgang framkvæmdanna má búast við að þær nái hámarki árið 1993 en fjárfesting vegna álvers nemur þá tæpum 16 milljörðum á verðlagi síðasta árs. Heildarfjárfesting í álveri nemur rúmum 43 milljörðum króna á verðlagi 1989.

Hvað mannaflaþörf varðar er áætlað að um 1.200 ársverk verði unnin árið 1993, þ.e. þegar mest er, en í allt þurfi 2700 ársverk til að reisa álverið. Reiknað er með að 22% ársverka séu unnin af erlendu vinnuafli en það er niðurstaða athugunar ráðgjafafyrirtækisins Bechtel/Lavalin. Rétt er þó að geta þess að sænska verkfræðistofan SIAB áætlaði að mun hærra hlutfall ársverka yrðu unnið af erlendu vinnuafli, eða 35-40%. Sú áætlun kom fram í tengslum við hugsanlega stækkun Ísal en frá henni hefur nú verið fallið. SIAB rökstuddi álit sitt með því að óvíst yrði um ástand vinnumarkaðar á áætluðum framkvæmdatíma.

Virkjanir og línur

Fjárfesting Landsvirkjunar nær til virkjanaframkvæmda, línulagna, tengivirkja og þétta. Gengið er út frá þeirri virkjanaröð sem Landsvirkjun telur ódýrasta. Með ódýrustu virkjanaröð er átt við þá virkjanaröð sem felur í sér lægstan flýtingarkostnað.

Að mati Landsvirkjunar er kostnaður við flýtingu framkvæmda árin 1990-1997 rúmir 27 milljarðar króna án vaxta á byggingartíma, og er þá reiknað á verðlagi ársins 1989. Áætlað er að 43% af fjárfestingarvöru Landsvirkjunar á þessu tímabili sé innflutt. Gert er ráð fyrir að orkuframkvæmdir nái hámarki árið 1993 þegar fjárfesting þeirra vegna nemur 10 milljörðum króna á verðlagi síðasta árs.

Mannaflaþörf vegna flýtingar orkuframkvæmda er áætluð tæp 2.300 ársverk og er ekki gert ráð fyrir að neinn hluti þeirra sé unninn af útlendingum. Samkvæmt upplýsingum Landsvirkjunar má búast við að rúmlega einn og hálfur maður sé að baki hverju ársverki. Árið 1993 má búast við að fjöldi ársverka við framkvæmdirnar nái hámarki og verði um 800.


Tengdar framkvæmdir

Tilkoma álvers eins og þess sem hér um ræðir kallar á framkvæmdir vegna aðstöðu svo sem hafnargerð, vegagerð, nýjar vatnslagnir og fleira. Næsta víst er að þessar framkvæmdir muni Íslendingar annast að öllu leyti. Sumar þessara framkvæmda má flokka undir það sem kallað er margfeldisáhrif en framkvæmdir sem beint eru tengdar starfsemi álvers eins og hafnaraðstaða og vegagerð sem ekki tengist þjóðvegakerfinu verður þó að telja til beinna áhrifa. Hér er gert ráð fyrir að kostnaður við þessar beint tengdu framkvæmdir nemi um 710 milljónum króna á verðlagi ársins 1989 og nær sú fjárhæð einvörðungu til hafnargerðar og vegagerðar utan þjóðvegakerfis. Reiknað er með að innfluttur hluti þessara framkvæmda samsvari um 43% af

[1] Hugmyndir munu vera á lofti innan Atlantsáls hópsins um að stytta framkvæmdatímann verulega, allt niður í tvö ár. Slík samþjöppun framkvæmda myndi að sjálfsögðu breyta þeim niðurstöðum sem eru sýndar hér.

þessari fjárhæð þannig að hreinn innlendur hluti gæti verið í nánd við 400 milljónir á verðlagi síðasta árs.

Reiknað með að þær þessar framkvæmdir eigi sér allar stað innan ársins 1991 og gæti



Mynd 1

þurft til þeirra sem samsvarar 50 ársverkum sem öll væru unnin af Íslendingum.

Fjármögnun framkvæmda.

Hér er gert ráð fyrir að fjármögnun álvers- og orkuframkvæmda byggist á eiginfjárframlögum eigenda og erlendum lántökum. Æskilegt er að að fjármagna einhvern hluta orkuframkvæmda á innlendum fjármagnsmarkaði en slíkt gæti haldist í hendur við almenna peningastefnu stjórnvalda.

Fjármögnun framkvæmda við álver

Eins og fram hefur komið er fyrirhugað álver talinn lögaðili hér á landi. Þetta þýðir að væntanlega færast skuldir þess með skuldum landsins og eignir þess með eignum landsins. Þetta er sú forsenda sem fylgt er í greiningu Þjóðhagsstofnunar á framkvæmdunum og rekstri álversins. Þetta þýðir þó ekki að telja beri þjóðina ábyrga fyrir skuldum álversins.

Framkvæmdir vegna álversins verða fjármagnaðar að 4/5 hlutum með erlendum lántökum en að 1/5 með eiginfjárframlögum fyrirtækjanna sem standa að álverinu. Þetta þýðir að í lok framkvæmdatímans, árið 1995, samsvara skuldir álversins rúmlega 41 milljörðum króna á verðlagi ársins 1989. Úr því fara skuldirnar lækkandi og í lok árs 1997 er áætlað að skuldir


álversins samsvari rúmum 36 milljörðum á verðlagi síðasta árs. Eiginfjárframlög verða alls um 10 milljarðar króna á árunum 1990 til 1994 á verðlagi 1989.

Virkjanir

Samkvæmt upplýsingum Landsvirkjunar gæti fyrirtækið fjármagnað 1/10 hluta fjárfestingar vegna flýtingar orkuframkvæmda af eigin fé sé litið til lengri tíma. Fjárfestingar á árunum 1990-1995 verða hins vegar fjármagnaðar að öllu leyti með lánsfé, samkvæmt greinargerð Landsvirkjunar um orkuverð frá september síðastliðnum. Landsvirkjun stefnir að því að greiða niður 5% af skuldum sínum árlega.

Rekstur álvers og utanríkisviðskiptin.

Áætlanir Landsvirkjunar ganga út frá að unnt sé að byrja að afhenda orku til álversins í ágúst 1994. Álverið gæti samkvæmt því komist í fullan rekstur í upphafi annars ársfjórðungs 1995. Framleiðsla ársins 1994 gæti því orðið um 29 þúsund tonn, framleiðsla ársins 1995 um 200 þúsund tonn og upp frá því yrðu framleidd 210 þúsund tonn á ári. Reiknað er með að starfsmannafjöldi álversins í fullum rekstri verði um 650 manns en fyrstu tvö árin verði þó minna starfsmannahald sökum minni framleiðslu. Hér er gert ráð fyrir að allir starfsmenn álversins verði íslenskir.



Mynd 2

Eins og að framan segir yrði nýtt álver Atlantsáls íslenskur lögaðili og er gert ráð fyrir að um verði að ræða framleiðslusamlag samkvæmt upplýsingum aðila Atlantsáls hópsins. Þannig

láti þau fyrirtæki sem að álverinu standa því í té súrál en fái í staðinn hráál gegn greiðslu tiltekins framleiðslugjalds. Framleiðslugjaldið yrði ákveðið þannig að það dygði til greiðslu launa og annars rekstrarkostnaðar, afborgana og vaxta af lánum og sköttum. Þegar rekstrarfyrirkomulag er með þessum hætti eru engar beinar mælingar á þeim aðfanga- og afurðaverðum sem um ræðir. Almenna reglan samkvæmt þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðu Þjóðanna (SNA) er hins vegar að færa öll viðskipti á markaðsverði. Þessari reglu er fylgt hér og er sá mismunur, sem skapast á áætluðum rekstrarafgangi framleiðslusamlagsins og áætluðum rekstrarafgangi sama fyrirtækis, m.v. að það greiddi fyrir súrálið og seldi hráálið, færður sem tilfærsla rekstrarafgangs (þáttatekna) í viðskiptajöfnuði inn eða út úr landinu eftir því sem við á.

Umfang utanríkisviðskipta vegna starfsemi álvers er hér áætlað út frá ofangreindum forsendum. Með öðrum orðum, inn- og útflutningur er brúttófærður í stað þess að færa einungis vinnslutekjur framleiðslusamlagsins. Forsendur um álverð eru fengnar frá Landsvirkjun og miðast við nýja spá James F. King sem unnin var fyrir Landsvirkjun í ágúst 1990. Þessi spá miðar við verð á London-markaði fyrir málma (*London Metal Exchange*). Samkvæmt upplýsingum frá aðilum Atlantal hópsins má bæta ofan á þetta verð USD 75/tonn álagi vegna forms afurðarinnar. Þannig er spáð að álverð verði USD 1770/tonn með þessu álagi árið 1994 og er þá miðað við almennt verðlag (í USD) árið 1989, verðið haldist óbreytt árið 1995 en hækki síðan upp í USD 1800/tonn árin 1996 og 1997. Samkvæmt upplýsingum frá markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar er reiknað með að súrálsverð samsvari 14% af grunnverði áls, þ.e. verðsins án framangreinds USD 75/tonn álags. Forsendur um önnur hráefnaverð eru fengnar frá sama aðila. Gengið er út frá að helmingur þeirra rekstrargjalda, sem óljóst er um hvort greiddur sé innlendum aðilum, sé innfluttur. Hér er þó um tiltölulega lítinn hluta rekstrargjalda álversins að ræða.

Á grundvelli þeirra helstu forsendna sem hér hafa verið reifaðar er útflutningsverðmæti álversins árin 1996 og 1997 metið á rúma 20 milljarða króna, m.v. meðalgengi USD 1989. Þessi ár er álverið í fullum rekstri. Verðmæti innfluttra aðfanga álversins er metið á 10 milljarða króna að gefnum sömu forsendum. Sá hagnaður sem greiddur er úr landi er 1,6 til 1,7 milljarðar króna árin 1996 og 1997 á verðlagi síðasta árs.

2. Þjóðhagsleg áhrif.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir umfangi og tímasetningu framkvæmda við nýtt álver og nauðsynlegar virkjanir. Í þessum kafla verður reynt að meta þjóðhagsleg áhrif þessara framkvæmda, ekki einungis bein áhrif þeirra, heldur einnig óbein áhrif. Við reikningana var notað haglíkan Þjóðhagsstofnunar sem er lýst í *Fjármálatíðindum*, nr. 1 1990, en reiknijafna fyrir launabreytingar er þó önnur en þar er lýst (sjá viðauka hér að aftan). Hér er ekki um eiginlegar spár að ræða, heldur framreikning, sem byggir á forsendum um ákveðin ytri skilyrði sem mjög erfitt er að spá og einnig á forsendu um að bygging efnahagslífsins hér á landi breytist ekki mikið frá því sem nú er. Litið er á tvö dæmi. Hið fyrra, grunndæmið, gerir ráð fyrir hægum vexti útflutningstekna og engum sérstökum framkvæmdum á næstu árum, en hið síðara, áldæmið, gerir ráð fyrir byggingu nýs álvers með 210.000 tonna framleiðslugetu á ári og tengdum

raforkuframkvæmdum.

Í töflu 3 hér að aftan eru dregnar saman helstu forsendur sem grunndæmið byggir á. Ekki er gert ráð fyrir auknum sjávarafla í tonnum frá því sem nú er, enda er talið að fiskstofnarnir séu nú fulln ýttir, en hins vegar er gert ráð fyrir að breytt ráðstöfun aflans valdi verðmætaaukningu framleiðslunnar á næstu árum, sem nemur 1% á ári. Gert er ráð fyrir að verðlag á sjávarafurðum fylgi almennu verðlagi erlendis frá 1992. Í þessari forsendu felst að sjávarafurðir verða í jafnháu raunverði frá og með 1991 og þær voru 1987. Þetta er nokkuð bjarts ýn forsenda, sem byggir á spám um minnkað framboð sjávarafurða á heimsmarkaði á næstu árum.

Gert er ráð fyrir nokkurri aukningu í framleiðslu álversins í Straumsvík vegna aukinnar afkastagetu þar, en ekki er talið að járnblendiverksmiðjan auki framleiðslu sína frá því sem nú er. Verðlag á áli byggir á spá James F. King, en verð á kísiljárni er látið fylgja álverði.

Nokkurri aukningu "annarrar" útflutningsframleiðslu er spáð 1990-1993, og byggir sú forsenda á áætlunum um framleiðslu í fiskeldi, þótt dregið hafi úr bjarts ýni hvað þetta varðar. Verðlag á þessum útflutningi fylgir almennum verðbreytingum erlendis.

Reiknað er með að samneysla og fjárfestingar hins opinbera fylgi forsendum þjóðhagsspár 1990 til 1991, en aukist síðan smám saman frá 1992. Forsendur um hagvöxt og verðbreytingar erlendis eru byggðar á spám alþjóðastofnana. Allar slíkar spár eru að vísu nokkuð á reiki þegar þetta er ritað vegna yfirvofandi stríðshættu við Persaflóa. Hér er notuð sú forsenda að olíuverð hækki að raunvirði um 30% samanlagt 1990 og 1991 frá meðalverði ársins 1989, en lækki síðan að raunvirði fram til 1994. Raunvirði þess verður þá um 18% hærra en meðalverðið 1989. Gert er ráð fyrir óbreyttum raunvöxtum erlendis frá árinu 1992 og gengi krónunnar er haldið föstu frá árinu 1991.


Niðurstöður.

Grunndæmið

Fyrst verður lýst niðurstöðum úr grunndæminu, þ.e.a.s. framreikningum án nýs álvers.

Í stuttu máli gefa þessir reikningar til kynna að búast megi við hægum hagvexti hér á næstu árum (sjá mynd 3 og töflu 4), samkvæmt reikningunum einungis rúmum 1,5% á ári að jafnaði, en vöxtur þjóðartekna yrði eilítið meiri, gangi reikningarnir eftir. Þetta er mun minni hagvöxtur en verið hefur hér á landi á síðustu áratugum. Til dæmis var meðalhagvöxtur 1970 til 1987 tæp 5% á ári. Þetta er einnig töluvert minni hagvöxtur en spáð er í heiminum á næstu árum því alþjóðastofnanir gera almennt ráð fyrir um 3% hagvexti að jafnaði á ári á næstu árum. Það er rétt að benda á að hagvöxtur á Íslandi var mjög hraður á áttunda áratugnum, samhliða útfærslu landhelginnar og aukinni atvinnuþátttöku, og mun hraðari en í öðrum iðnríkjum. Á níunda áratugnum dró heldur saman á ný og miðað við þessa framreikninga munum við standa í sömu sporum, samanborið við önnur iðnríki, um næstu aldamót og við gerðum 1960 og 1971 (sjá mynd 4).

Eðlileg afleiðing svo lítils hagvaxtar er svipað atvinnuleysi og nú er, sem er spáð að verði rúmlega 2% af mannafla á næsta ári, en fari lækkandi þegar á líður og verði rúmlega 1,5% af mannafla árið 1996. Gert er ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist u.þ.b.




Mynd 3

1% á ári að jafnaði (sjá mynd 5). Þjóðarútgjöldin, samanlögð neysla og fjárfesting, vaxa svipað og landsframleiðslan að jafnaði 1991-1996, en viðskiptajöfnuður fer batnandi á sama tíma og stendur í núlli 1996. Þetta gerist sumpart vegna þess að gert er ráð fyrir minni innflutningi á sérstökum fjárfestingarvörum, s.s. skipum og flugvélum, en verið hefur, en einnig vegna þess að raunjöfnuður á viðskiptum við útlönd (þ.e.a.s. viðskiptajöfnuður miðaður við erlenda raunvexti í stað nafnvaxta) er jákvæður frá 1990 og því lækka skuldir þjóðarbúsins að raunvirði jafnt og þétt. Þetta þýðir einnig að hlutfall erlendra skulda af landsframleiðslu fer lækkandi úr um 50% árið 1990 í um 37% árið 1996 (sjá mynd 6). Greiðslubyrði af erlendum lánum lækkar í samræmi við það úr um 20% í 14%.

Fjárfestingar standa nánast í stað yfir tímabilið. Þetta er einungis eðlileg afleiðing af hægum vexti í framleiðslu. Það er næsta víst að nýting framleiðsluþátta (þ.e. vinnuafls og fjármagns) sé nú verulega undir því sem er í meðalári. Hrein fjárfesting þarf því ekki að vera mikil til að standa undir framleiðsluaukningu í kringum 1,5% á ári, jafnvel þótt gert sé ráð fyrir lakari framleiðniþróun en á síðustu árum.

Sú mynd sem dregin er upp í þessu grunndæmi er ekki glæsileg. Eins og sést á mynd 4 þýðir þessi þróun að við munum glata því forskoti á aðrar þjóðir sem við höfðum náð í kringum 1980. Forsendan um að fiskstofnarnir séu fulln ýttir liggur hér til grundvallar og einnig forsendan um að ekki verði mikil breyting í uppbyggingu atvinnuveganna að öðru leyti.



Mynd 4


Áldæmið

Í öðru þrepi reikninganna er reiknað frávik frá grunndæminu, hér nefnt áldæmið. Öllum forsendum er haldið óbreyttum milli dæmanna hvað varðar ytri skilyrði og hegðan hins opinbera, nema að því leyti sem við kemur fjárfestingum vegna nýja álversins og tengdra framkvæmda og rekstri þess. Breytingarnar á forsendunum felast því í:

a) Viðbótarfjárfestingum í álverinu og orkuverum og innflutningi vegna þeirra.
b) Viðbótum við utanríkisviðskipti vegna reksturs álversins þegar það hefur tekið til starfa.
c) Fjármagnstilfærslum frá útlöndum vegna fjármögnunar á byggingu og gangsetningu álversins.
d) Þegar álverið skilar arði, tilfærslum á þeim arði til útlanda.

Það ber að árétta að gengi krónunnar, samneyslu og almennum fjárfestingum hins opinbera er haldið föstum milli dæmanna tveggja. Þessi forsenda og möguleg áhrif frávika frá henni verða rædd hér á eftir. Það er einnig rétt að árétta að skuldir álversins eru taldar með skuldum þjóðarbúsins í þessum reikningum.

Umfang álversframkvæmdanna er verulegt á íslenskan mælikvarða. Þannig nemur innlendur hluti framkvæmdanna rúmum 4% af landsframleiðslu í grunndæminu þegar mest er,



Mynd 5


árið 1993. Við bætast síðan margfeldisáhrif og munur á landsframleiðslu milli dæmanna á framkvæmdaskeiðinu er að þeim viðbættum um 6,5% árið 1993 (sjá mynd 3 og töflur 5 og 6). Vegna innflutnings á fjárfestingarvörum og þensluáhrifa verður viðskiptajöfnuður mun lakari en í grunndæminu og munar mestu 1993 þegar viðskiptajöfnuður er neikvæður um rúmlega 6,5% í áldæminu. Á móti koma að vísu eiginfjárframlög Atlantsálsaðilanna, en erlendar skuldir aukast mikið og fara í rúm 53% af landsframleiðslu árið 1994 (sjá mynd 6), en skuldir álversins, sem eru taldar þar með, eins og áður sagði, nema þá um 11% af landsframleiðslu. Kaupmáttur ráðstöfunartekna verður mest 4,5% meiri í áldæminu en í grunndæminu á framkvæmdaskeiðinu (sjá mynd 5). Verðbólga eykst nokkuð frá grunndæminu, þótt ekki sé um stór frávik að ræða á íslenskan mælikvarða (mest 1%), enda er gengi haldið föstu í báðum dæmunum.

Árið 1994 er millibilsár milli mestu framkvæmdanna og fullrar gangsetningar álversins og landsframleiðslan dregst talsvert saman það ár, hagvöxtur er neikvæður um 2% á því ári, en er að jafnaði tæp 4% á ári á árunum 1991-1993. Atvinnuleysi lækkar talsvert á framkvæmdaskeiðinu, verður að jafnaði tæplega 0,5% lægra í áldæminu en í grunndæminu.

Þau áhrif sem lýst er að ofan eru í eðli sínu tímabundin. Varanleg áhrif álversins koma í ljós eftir gangsetningu. Bein viðbót álversins við landsframleiðslu nemur um 3% af því sem ella yrði og með margfeldisáhrifum nemur þessi viðbót tæpum 4% af landsframleiðslu. Þessi viðbót skilar sér þó ekki öll til þjóðarinnar, erlendar skuldir eru um 46% í árslok 1996 í stað 37% í grunndæminu og arður eignaraðila álversins reiknast um 0,5% af landsframleiðslu á ári. Að teknu tilliti til þessara þátta kemur í ljós að mismunur á þjóðarframleiðslu er um 2% milli

dæma árið 1996, en munur á þjóðartekjum um 3%. Munur milli dæma á kaupmætti ráðstöfunartekna nemur um 4%. Varanleg áhrif á atvinnustig eru ekki mikil, lækkun sem nemur 0,1% af mannafla.

Hlutfall áls af heildarútflutningi í lok spátímabilsins er um 21% í stað 8% í grunndæminu og hlutfall sjávarafurða af útflutningi er 44% í stað 52%. Þessi breikkun á grunni útflutningstekna þjóðarinnar gæti þýtt betri vaxtakjör á erlendum lánum, þótt ekki sé tekið tillit til þess hér.



Mynd 6

Athugasemdir.

Það er ástæða til að setja fyrirvara við ýmsar af þeim niðurstöðum sem koma fram hér að framan. Í fyrsta lagi ber að benda á að það er næsta ólíklegt að þjóðarskútan sigli svo lygnan sjó, hvað varðar ytri aðstæður og viðbrögð við þeim, eins og gert er ráð fyrir í grunnforsendunum. Það ber því fremur að túlka niðurstöðurnar sem mögulega á langtímaþróun fremur en sem spá um skammtímasveiflur. Vart þarf að taka fram að þótt sýndir séu aukastafir í útkomum hér að framan ber að taka tölurnar sem vísbendingu um mögulega stærðargráðu, aukastafirnir eru teknir með til að hægt sé að bera tölurnar saman.

Það er ljóst að álversframkvæmdirnar og hliðaráhrif þeirra koma til með að auka tekjur hins opinbera. Það er því fólgin sú forsenda í reikningunum að halli verði minni í rekstri hins opinbera á framkvæmdaskeiðinu en ella. Æskilegast væri, verði farið út í þessar framkvæmdir á annað borð, að hliðra til framkvæmdum, draga úr þeim á árunum 1991-1993, en framkvæma

þess í stað meira 1994 og síðar. Þetta myndi jafna eftirspurn í áldæminu og draga úr sveiflum í hagvexti. Slíkar ráðstafanir eru sérstaklega æskilegar vegna þess að eftirspurn vegna framkvæmdanna beinist fyrst og fremst að byggingarstarfsemi. Það er raunar veikleiki þess líkans sem notað er við þessa reikninga að ekki er möguleiki á að taka tillit til þessarar staðreyndar og því er hætta á að verðbólguáhrif séu vanmetin.


Að lokum er rétt að benda á að enginn peningamálahluti er í líkaninu og því er engin leið að meta í tölum möguleg áhrif mismunandi fjármögnunar virkjana á samanburð dæmanna tveggja. Sú breyting sem nú á sér stað á reglum um fjármagnsflutninga milli Íslands og annarra landa gerir slíkt mat enn erfiðara en ella. Þó er ljóst að möguleiki er á að minnka þensluáhrif framkvæmdanna með fjármögnun að hluta innanlands. Í ljósi umfangs framkvæmdanna á árunum 1992 og 1993 er mjög brýnt að menn geri sér grein fyrir að aðhaldssöm peninga- og ríkisfjármálastefna er óhjákvæmileg til að koma í veg fyrir þenslu í efnahagslífinu.

Samanburður við umfang framkvæmda vegna álvers Ísals 1966-1973.


Tafla 2 sýnir tölulegan samanburð á umfangi framkvæmda vegna hugsanlegs nýs álvers nú og framkvæmdum við álver Ísals og orkuframkvæmdir árin 1966 til 1973. Bornar eru saman bæði fjárfestingartölur og vinnuaflsnotkun. Rétt er að minna á að álver Ísals var upphaflega reist sem 30 þúsund árstonna verksmiðja. Álverið var síðan stækkað þannig að árið 1970 var afkastagetan komin upp í 44 þúsund árstonn, árið 1972 hafði álverið verið stækkað þannig að afkastagetan var orðin 77 þúsund árstonn og árið 1980 var hún orðin 88 þúsund árstonn sem er afkastageta álvers Ísals í núverandi mynd.

Mynd 7 sýnir fjárfestingar vegna Ísal árin 1966 til 1973 í samanburði við fjárfestingar vegna nýs álvers nú sem hlutföll af heildarfjárfestingu. Í báðum tilfellum er nú átt við heildarfjárfestingu bæði í álverinu sjálfu og vegna orkuframkvæmda. Þetta þýðir að sú fjárfesting í orkukerfinu sem skoðuð er nær ekki einungis til flýtingar orkuframkvæmda. Þessi háttur er hafður á vegna þess að ekki eru fáanlegar upplýsingar um flýtingu orkuframkvæmda á árabilinu 1966 til 1973. Mynd 7 sýnir að fjárfestingartoppur nú er heldur meiri á þennan mælikvarða en á árunum 1966 til 1973 en fjárfestingarskeiðið varir á hinn bóginn ekki eins lengi.

Hvað tölur um vinnuaflsnotkun varðar, ber að taka fram að í báðum tilfellum er um að ræða samanlagða vinnuaflsnotkun vegna framkvæmda og reksturs, að meðtöldum erlendu vinnuafli. Mynd 8 sýnir vinnuaflsnotkun vegna álvers Ísals á árunum 1966 til 1973 í samanburði við áætlaða vinnuaflsnotkun nú. Sú vinnuaflsnotkun sem hér er sýnd tekur einnig til orkuframkvæmda og tengdra framkvæmda. Hvað orkuframkvæmdir varðar er nú ekki einungis um að ræða vinnuaflsnotkun vegna flýtingar orkuframkvæmda heldur er hér dregin upp heildarvinnuaflsnotkun. Myndin sýnir að vinnuaflsnotkun nú er áætluð talsvert minni sem hlutfall af heildarvinnuaflseftirspurn. Þetta tekur bæði til toppa í vinnuaflsnotkun svo og lengdar framkvæmdaskeiðsins. Í þessu samhengi er rétt að minna á að sú greining sem framkvæmd hefur verið með þjóðhagslíkani Þjóðhagsstofnunar leiðir í ljós að það eru framkvæmdatopparnir og skellirnir, sem verða þegar framkvæmdir hefjast og þeim lýkur, sem mest áhrif hafa á tekjubreytingar og atvinnustig.


Samanburður á tjárfestingu v. Ísal og v. nýs álvers
Hlutföll af heildarfjárfestingu
35
30
25
20
15
10
5
0
-5
Fjárfesting v. nýs álvers
Fjárfesting v. Ísal
1966/1990
1968/1992
1970/1994
1972/1996

Mynd 7


Samanburður á mannafla v. Ísals og v. nýs álvers
Hlutföll af heildarmannafla
2.5
2
1.5
1
0.5
0
Mannafli v. Ísal
Mannafli v. nýs álvers
1966/1990
1968/1992
1970/1994
1972/1996

Mynd 8

Viðauki: launajafna fyrir framreikninga.

Launajafnan sem er kynnt í greininni í *Fjármálatíðindum* (jan-apríl 1990) er að ýmsu leyti umdeilanleg því hún er að mestu miðuð við afkomu sjávarútvegs og einu áhrifin frá hagkerfinu í heild sem koma inn í hana er atvinnuleysi og tafið hlutfall tímakaups og innflutningsverðlags.

Launajafnan sem er notuð í þessum framreikningum er hefðbundnari en sú sem nefnd var að ofan. Breyturnar eru:

w	laun á mannár skv. fremleiðsluuppgjöri
lh	hlutfall launa og þjóðarframleiðslu
yl	þjóðarframleiðsla á verði hvers árs á mannár
fr	gdp0/qp0
gdp0	verg landsframleiðsla á verðlagi 1980
qp0	$k0^{0.34} \cdot ls^{0.66}$
k0	þjóðarauður í atvinnuvegum, rafveitum og -verum og hitaveitum og verum
ls	mannafli (unnin mannár plús atvinnuleysi)

"d" fyrir framan breytu hér að neðan táknar mismun á lygrum (lógaritmum), "l" táknar lygra af breytu og "(-1)" táknar töf um eitt ár.

Rétt er að vekja athygli á að háða breytan er önnur en sú í greininni sem vitnað er til að ofan, þar er greitt tímakaup skv. Kjararannsóknarnefnd háða breytan. Jafnan er metin með venjulegri aðferð minnstu ferninga yfir tímabilið 1970-1989. Niðurstöður eru eftirfarandi:

Háð breyta: dw.

Breyta	Stuðull	Staðalskekkja	t-gildi	p-gildi
fasti	-0.37	0.079	-4.7	0.000
llh(-1)	-0.64	0.123	-5.2	0.000
dyl	0.78	0.067	11.6	0.000
dfr(-1)	0.96	0.228	4.2	0.001

R^2	0.93
frígr. leiðr.	0.92
Staðalskekkja	0.028
Durbin-Watson	2.62

Chow próf (1970-1979 vs. 1980-1989) gefur ekki til kynna neina breytingu á stuðlum ($F(4,12)=0.63$), þeir eru raunar ótrúlega svipaðir miðað við hve stutt tímabilin eru. Spástöðugleikapróf (jafna metin 1970-1985, spáð 1986-1989) kemur einnig vel út ($K(4)=2.5$). Gildin eru:

ár	spáð	raun	munur
1986	0.280	0.247	-0.033
1987	0.299	0.324	0.025
1988	0.226	0.248	0.022
1989	0.116	0.123	0.007

Nokkur neikvæð sjálffylgni er til staðar í leifum jöfnunnar, en hún nær ekki að vera marktæk við 5% mörk og metinn sjálffylgnistuðull er ekki marktækt frábrugðinn núlli.

Tafla 1.

FRAMKVÆMDIR VEGNA 210.000 ÁRSTONNA ÁLVERS
Fjárhæðir í M.kr á áætluðu meðalverði 1989

FJÁRFESTING
Mismunur frá grunndæmi

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Landsvirkjun og tengdar framkv.	294	3790	7916	10122	5450	339	-394	-373
Þar af innflutt	126	1630	3404	4353	2344	146	-169	-160
Álver	0	4571	11428	15999	8849	2286	0	0
Þar af innflutt	0	2857	6476	8761	5802	2095	0	0
Heildarfjárfesting	294	8362	19344	26122	14300	2624	-394	-373
Þar af innflutt	126	4487	9880	13114	8145	2241	-169	-160
Innlendur hluti heildarfjárfestingar	167	3875	9464	13007	6154	384	-224	-213

MANNAFLI
Mismunur frá grunndæmi

Bygging orkuvera o.fl.	36	354	773	804	360	-1	-2	-6
Bygging álvers								
Íslendingar	0	95	640	940	400	25		
Útlendingar	0	15	110	250	210	15		
Vinnuaflsþörf í heild	36	464	1523	1994	970	39	-2	-6
Þar af útlendingar	0	15	110	250	210	15	0	0
Heildareftirspurn eftir íslensku vinnuafli	36	449	1413	1744	760	24	-2	-6

FRAMLEIÐSLA
Mismunur frá grunndæmi

Raforkuframleiðsla (GWh á ári)					762	2285	2362	2515
Nýting framleiðslugetu (mismunur í prósentustigum)					-3%	13%	12%	9%
Mannafli við rekstur						35	35	35
Álframleiðsla í þúsundum tonna					29	200	210	210
Mannafli við rekstur					174	634	645	645

UTANRÍKISVIÐSKIPTI OG GREIÐSLUJÖFNUÐUR

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Útflutningur (spá J.F. King)					0	20005	21324	21301
Innflutningur á rekstrarvörum					2579	8750	9289	9289
Þjónustugjöld til útlanda					500	1000	1000	1000
Framlag til vöru- og þjónustujafnaðar					-3079	10255	11036	11012
Erlent einkafjármagn til fjárfestingar		277	2078	3008	4424	0	0	0
Hagnaður til útlanda						-344	1617	1720

Tafla 2.

UMFANG FRAMKVÆMDA VEGNA NÝS ÁLVERS OG TENGDRA FJÁRFESTINGA

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Fjárfesting								
í % af heildarfjárfestingu	0.5	12.5	24.7	30.3	20.4	4.7	-0.7	-0.7
í % af landsframleiðslu	0.1	2.8	6.1	8.0	4.4	0.8	-0.1	-0.1
Ársverk í % af heildarmannafla	0.0	0.3	1.1	1.4	0.8	0.5	0.5	0.5

UMFANG FRAMKVÆMDA VEGNA ÍSAL OG TENGDRA FJÁRFESTINGA

	1966	1967	1968	1969	1970	1971	1972	1973
Fjárfesting								
í % af heildarfjárfestingu	2.1	9.6	25.1	27	12.5	10.1	8.5	2.6
í % af landsframleiðslu	0.6	2.9	7.8	6.6	3	2.9	2.4	0.8
Ársverk í % af heildarmannafla	0.2	0.9	2.1	1.7	0.6	0.9	0.7	0.8

Tafla 3.

HELSTU FORSENDUR Í GRUNNDÆMI.
Breytingar í %

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Útflutningsframleiðsla								
Sjávarafurðir:								
magn	-3.5	1.0	1.0	1.0	1.0	1.0	1.0	1.0
verð	12.0	8.0	3.5	3.5	3.5	3.5	3.5	3.5
Ál								
magn	-1.0	3.7	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	0.5
verð	-9.0	8.5	5.2	1.8	0.6	3.5	5.0	3.5
Kísiljárn								
magn	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
verð	-25.0	8.5	5.2	1.8	0.6	3.5	5.0	3.5
Kísilgúr								
magn	4.8	0.0	2.0	2.0	0.0	0.0	0.0	0.0
verð	4.5	5.5	3.5	3.5	3.5	3.5	3.5	3.5
Annað								
magn	4.5	5.0	5.0	5.0	3.0	3.0	3.0	3.0
verð	4.5	5.5	3.5	3.5	3.5	3.5	3.5	3.5
Innflutningsverð:								
Almennur innflutningur án olíu	4.5	5.5	3.5	3.5	3.5	3.5	3.5	3.5
Eldsneyti	20.0	20.0	0.0	0.0	0.0	3.5	3.5	3.5
Rekstrarvörur til stóriðju	0.0	5.5	5.2	1.8	0.6	3.5	5.0	3.5
Hagvöxtur og verðlag erlendis								
Hagvöxtur	2.8	2.3	4.0	4.0	3.0	3.0	3.0	3.0
Verðlag	4.7	5.5	3.5	3.5	3.5	3.5	3.5	3.5
Breyting raunvaxta (prósentustig)	-0.7	-0.3	-0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0

Tafla 4.

LÍKLEG ÞRÓUN ÞJÓÐHAGSSTÆRÐA: GRUNNDÆMI
Breytingar í %, nema annað sé tekið fram

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Þjóðarútgjöld	0.4	1.2	1.4	2.5	1.7	1.1	1.7	1.8
Einkaneysla	-1.6	1.4	2.1	2.1	1.4	1.0	1.3	1.5
Samneysla	1.0	2.0	4.0	4.0	4.0	4.0	4.0	3.0
Fjárfesting	4.3	-0.0	-3.2	1.8	0.1	1.5	0.2	1.1
Útflutningur alls	-1.5	1.2	1.4	1.6	1.4	1.5	1.6	1.6
Vörur	-4.0	0.9	1.6	1.5	1.3	1.3	1.3	1.2
Þjónusta	5.7	1.9	0.8	1.7	1.9	2.1	2.5	2.6
Innflutningur alls	0.5	0.6	0.6	2.8	1.8	1.2	1.5	1.8
Vörur	-1.8	-0.3	-0.5	2.3	1.2	0.5	0.9	1.2
Þjónusta	8.0	3.2	3.7	4.0	3.3	2.8	3.0	3.3
Landsframleiðsla	-0.3	1.5	1.7	2.0	1.6	1.2	1.7	1.7
Vöru- og þj.jöfnuður í % af VLF	2.3	2.8	3.1	2.7	2.6	2.7	2.7	2.6
Vaxtajöfnuður í % af VLF	-4.4	-4.4	-3.3	-3.1	-3.0	-2.9	-2.7	-2.6
Viðskiptajöfnuður í % af VLF	-2.0	-1.6	-0.2	-0.4	-0.4	-0.2	-0.0	0.0
Hrein erlend skuld í % af VLF	49.9	47.5	44.6	42.1	40.1	38.4	36.6	34.8
Greiðslubyrði í % af útfl.tekjum	19.5	19.2	16.2	15.6	15.0	14.4	13.7	13.1
Þjóðarframleiðsla	-0.4	1.7	1.8	2.3	1.8	1.4	1.9	1.9
Þjóðartekjur	0.0	1.9	2.0	2.3	1.8	1.4	1.9	1.9
Atvinnuleysi í % af mannafla	2.4	2.2	2.0	1.7	1.6	1.6	1.6	1.5
Gengi	12.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Laun á ársverk	9.4	7.1	8.0	8.0	5.9	4.2	3.8	4.4
Verðbólga (framfærsluvísit.)	14.6	6.9	4.8	4.9	4.5	3.9	3.4	3.4
Kaupmáttur launa	-4.5	0.2	3.1	2.9	1.4	0.4	0.4	1.0
Kaupmáttur ráðstöfunart./mann	-3.5	1.0	2.0	2.0	1.0	0.3	0.6	0.8
Raungengi (verðlag)	-2.7	1.3	1.2	1.4	0.9	0.3	-0.1	-0.1
Viðskiptakjör	1.2	0.9	0.5	0.2	0.1	0.0	0.1	0.0

Tafla 5.

LÍKLEG ÞRÓUN ÞJÓÐHAGSSTÆRÐA: ÁLDÆMI
Breytingar í %, nema annað sé tekið fram

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Þjóðarútgjöld	0.6	5.6	7.2	5.1	-4.2	-4.2	2.3	2.7
Einkaneysla	-1.6	2.4	4.2	3.0	-1.5	1.4	3.2	2.4
Samneysla	1.0	2.0	4.0	4.0	4.0	4.0	4.0	3.0
Fjárfesting	5.0	17.1	16.8	10.2	-18.8	-19.7	-2.0	3.5
Útflutningur alls	-1.5	1.4	1.7	1.8	1.3	17.7	2.2	1.3
Vörur	-4.0	0.9	1.6	1.5	1.3	23.7	2.0	0.9
Þjónusta	5.7	2.6	2.0	2.6	1.4	2.5	2.7	2.4
Innflutningur alls	0.7	7.0	8.7	6.5	-4.8	1.3	1.5	3.1
Vörur	-1.6	7.8	9.5	6.8	-6.4	-0.1	0.5	2.6
Þjónusta	8.1	4.5	6.3	5.5	0.1	5.4	4.4	4.6
Landsframleiðsla	-0.3	3.5	4.6	3.4	-2.0	1.4	2.6	2.0
Vöru- og þj.jöfnuður í % af VLF	2.3	0.6	-1.6	-3.1	-0.9	4.7	4.9	4.2
Vaxtajöfnuður í % af VLF	-4.4	-4.4	-3.4	-3.5	-3.8	-3.7	-3.9	-3.7
Viðskiptajöfnuður í % af VLF	-2.1	-3.8	-5.0	-6.5	-4.7	1.1	1.0	0.6
Hrein erlend skuld í % af VLF	49.9	48.6	48.4	50.0	53.3	50.1	45.8	42.2
Greiðslubyrði í % af útfl.tekjum	19.5	19.8	18.0	19.2	20.1	16.7	15.4	14.4
Þjóðarframleiðsla	-0.4	3.7	4.6	3.3	-2.5	1.6	2.2	2.3
Þjóðartekjur	0.0	3.8	4.6	3.2	-2.3	2.6	2.2	2.3
Atvinnuleysi í % af mannafla	2.4	2.0	1.4	1.1	1.4	1.8	1.6	1.4
Gengi	12.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Laun á ársverk	9.5	8.1	11.1	9.8	1.3	1.4	7.2	7.8
Verðbólga (framfærsluvísit.)	14.6	7.0	5.6	6.0	3.8	2.1	3.5	5.0
Kaupmáttur launa	-4.5	1.0	5.2	3.6	-2.4	-0.6	3.5	2.7
Kaupmáttur ráðstöfunart./mann	-3.4	2.2	4.5	3.0	-2.7	0.8	2.9	1.7
Raungengi (verðlag)	-2.7	1.5	2.0	2.4	0.3	-1.4	0.0	1.5
Viðskiptakjör	1.2	0.9	0.5	0.1	0.0	0.0	0.2	0.0

Tafla 6.

SAMANBURÐUR ÁLDÆMIS OG GRUNNDÆMIS
Frávik í % frá grunndæmi, nema annað sé tekið fram

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Þjóðarútgjöld	0.2	4.5	10.5	13.4	6.8	1.2	1.8	2.7
Einkaneysla	0.1	1.0	3.1	4.0	1.0	1.4	3.3	4.2
Samneysla	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Fjárfesting	0.6	17.9	42.2	53.9	24.8	1.7	-0.5	1.8
Útflutningur alls	0.0	0.2	0.5	0.8	0.6	16.7	17.3	17.0
Vörur	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	22.2	23.0	22.7
Þjónusta	0.0	0.7	1.9	2.8	2.3	2.7	3.0	2.7
Innflutningur alls	0.2	6.6	15.2	19.3	11.6	11.8	11.7	13.2
Vörur	0.3	8.5	19.4	24.6	15.3	14.6	14.0	15.6
Þjónusta	0.1	1.4	3.8	5.3	2.0	4.6	6.1	7.4
Hagvöxtur	0.1	2.0	3.0	1.4	-3.6	0.2	0.9	0.2
Landsframleiðsla	0.1	2.1	5.0	6.4	2.7	2.9	3.8	4.0
bein viðbót í % af VLF grunnd.	0.1	1.3	3.1	4.1	1.9	3.1	3.1	3.0
margfeldisáhrif í % af VLF grd.	0.0	0.8	1.9	2.3	0.7	-0.2	0.7	1.0
Vöru- og þj.j. í % af VLF grd.	-0.1	-2.2	-4.8	-6.0	-3.5	2.2	2.5	1.9
Vaxtajöfnuður í % af VLF grd.	-0.0	-0.1	-0.3	-0.6	-1.0	-0.9	-1.4	-1.3
Viðskiptajöfnuður í % af VLF grd.	-0.1	-2.2	-5.1	-6.7	-4.5	1.3	1.1	0.6
þ.a. innfl. v. nýfjárfestinga	-0.0	-1.5	-3.3	-4.2	-2.5	-0.7	0.1	0.0
þ.a. þensluáhr. og viðsk. álv.	-0.0	-0.7	-1.8	-2.5	-1.9	2.0	1.0	0.5
Hrein erlend skuld í % af VLF	0.0	1.2	3.7	7.9	13.1	11.6	9.2	7.4
þ.a. skuldir álvers	0.0	0.3	2.8	6.0	11.2	11.1	10.0	9.0
Greiðslubyrði í % af útfl.tekjum	0.0	0.5	1.8	3.6	5.0	2.2	1.7	1.4
Þjóðarframleiðsla	0.1	2.1	4.9	5.9	1.5	1.6	1.9	2.4
Þjóðartekjur	0.1	2.0	4.7	5.6	1.4	2.6	2.9	3.3
Atvinnuleysi í % af mannafla	-0.0	-0.3	-0.6	-0.6	-0.2	0.1	-0.0	-0.1
Gengi	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Laun á ársverk	0.1	1.0	3.9	5.6	1.0	-1.7	1.5	4.7
Verðbólga (framfærsluvísit.)	0.0	0.2	0.8	1.0	-0.7	-1.8	0.2	1.6
Kaupmáttur launa	0.0	0.8	2.9	3.5	-0.3	-1.3	1.8	3.5
Kaupmáttur ráðstöfunart./mann	0.1	1.3	3.7	4.7	0.9	1.4	3.7	4.7
Raungengi (verðlag)	0.0	0.5	1.8	2.7	0.3	-1.2	0.5	2.3
Erlend eiginfjárframlög í % af VLF grd	0.0	0.1	0.5	0.7	1.0	0.0	0.0	0.0
Arður úr landi í % af VLF grd.	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	-0.1	0.5	0.5
Hlutfall áls af útflutningi í áld.	8.0	8.3	8.4	8.3	8.1	20.6	21.2	21.0
Hlutfall áls af útflutningi í grd.	8.0	8.3	8.4	8.3	8.1	8.1	8.2	8.1

Sþ. **843. Svar** [323. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Guðna Ágústssonar um sölu á landbúnaðarafurðum til varnarliðsins í Keflavík.

1. Hversu mikið af landbúnaðarafurðum seldu Íslendingar varnarliðinu í Keflavík, sundurgreint eftir tegundum, á árunum 1988, 1989 og 1990?

Svar:

VÖRUR	1988	1989	1990
a. Samningsbundnar:			
Nautakjöt [1]	53.841 pund	42.906 pund	44.176 pund
Svínakjöt [2]	1.060 pund	0	0
Kjúklingar [3]	50.847 pund	17.433 pund	13.627 pund
Egg	109.568 pund	100.639 pund	105.336 pund
b. Ósamningsbundnar:			
Ostur	$ 12.325	$ 12.423	$ 10.382
Grænmeti	0	$ 2.837	$ 1.139
Lambakjöt	5.358 pund	3.850 pund	4.698 pund
Mjólk	422.760 lítrar	420.480 lítrar	417.240 lítrar
Aðrar mjólkurafurðir	$ 57.200	$ 63.448	$ 80.623
c. Aðrar:			
Brauðvörur	$ 33.904	$ 35.108	$ 38.200
Fiskur	34.918 pund	29.800 pund	40.200 pund
Rækjur	1.262 pund	1.213 pund	2.580 pund
Ávaxtadrykkir	$ 68.324	$ 61.494	$ 66.428

2. Hversu mikið af kjötvörum fékk varnarliðið að flytja til Íslands á árunum 1988, 1989 og 1990, sundurgreint eftir tegundum? Hversu mikið var flutt inn af öðrum landbúnaðarafurðum, sundurgreint eftir tegundum, á sama árabili?

Svar:

VÖRUR	1988	1989	1990
Nautakjöt	335.435 pund	390.397 pund	383.558 pund
Svínakjöt	192.310 pund	226.263 pund	242.912 pund
Kjúklingar	155.068 pund	217.909 pund	237.706 pund
Egg	101.544 pund	102.713 pund	94.350 pund
Ostur	$ 203.435	$ 210.634	$ 292.746
Grænmeti	727.114 pund	775.545 pund	766.884 pund

1) Magntölur hafa ráðist af verði: $ 3.28/pund 1988, $ 3.50/pund 1989 og $ 3.95/pund 1990.
2) Svínakjötssölu hætt 1988 að ósk Sláturfélags Suðurlands.
3) Sala var mikil árið 1988 vegna hárra niðurgreiðslna.

Varðandi sölu á íslenskum landbúnaðarafurðum til varnarliðsins er forsaga málsins þessi: Að loknum ítarlegum samningaviðræðum um áramótin 1986–1987 undirrituðu fulltrúar varnarmálaskrifstofu og varnarliðsins samkomulag 11. febrúar 1987 um sölu á nautakjöti, svínarifjum, kjúklingum og eggjum. Þetta samkomulag hefur verið endurnýjað árlega síðan að teknu tilliti til reynslunnar af sölunni árið áður. Bæði magntölur og verð hafa verið breytileg.

Salan hefur gengið eðlilega fyrir sig og hafa bæði seljendur og kaupendur verið

ánægðir með viðskiptin. Gæði íslensku afurðanna þykja afburðamikil. Á árinu 1988 sá Sláturfélag Suðurlands sig tilneytt að hætta sölu á svínarifjum vegna markaðsaðstæðna innan lands. Í nóvember 1990 fór Sláturfélagið þess á leit að það yrði leyst undan frekari afhendingu á nautakjöti til loka samningstímans, fyrst og fremst vegna verðfalls dollarans. Sláturfélagið taldi einnig óhagstætt að samið hafði verið um sölu á hakkefni en ekki skrokkum sem leiddi til birgðasöfnunar á nautavöðvum, hliðstætt því sem gerðist með söluna á svínarifjum.

Síðasta samkomulagið um landbúnaðarafurðir var gert í mars 1990 og gildir það til marsloka 1991. Þar segir að varnarliðið skuli stefna að því að kaupa allt að 32.000 pund af nautakjöti, 20.000 pund af kjúklingum og 110.000 pund af eggjum. Á framangreindu yfirliti yfir sl. þrjú ár sést að salan á nautakjöti hefur verið vel yfir þessum mörkum eða tæp 47.000 pund að meðaltali. Salan á eggjum hefur verið mjög nálægt viðmiðun, eða rúm 105.000 pund. Sala á kjúklingum hefur verið rúm 27.000 pund að meðaltali sl. þrjú ár, en þess ber að geta að mest seldist á árinu 1988 þegar salan var verulega niðurgreidd.

Varnarliðið notar nokkuð meira af nautakjöti, kjúklingum og eggjum en það kaupir innan lands og er það vegna þess að fjárveitingar þess hafa ekki dugað til þess að greiða niður verðið á íslensku vörunum. Þannig er t.d. nautakjöt greitt niður um rúm 63%, kjúklingar um 74% og egg um 70%.

Í framangreindu yfirliti eru gefnar nokkrar fleiri tölur yfir afurðasölu til varnarliðsins sem er ósamningsbundin. Þar sést að sala mjólkurvara hefur farið hækkandi og eins sala á brauðvörum og fiski. Sala á grænmeti hefur hins vegar verið óveruleg vegna mikils verðmismunar miðað við það sem varnarliðið kaupir erlendis frá.

Í mars nk. verður gengið til samninga um áframhaldandi viðskipti. Hinir íslensku seljendur hafa fullan hug á því að halda þeim áfram og auka ef hægt er. Magntölur í samningunum munu hins vegar ráðast af þeim fjárveitingum sem varnarliðið fær til þess að greiða niður verð hinna íslensku afurða.

Sþ. 844. Nefndarálit [216. mál]

um till. til þál. um stofnræktun kartöfluútsæðis.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna. Umsagnir bárust frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Stéttarsambandi bænda og Búnaðarfélagi Íslands.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að koma þegar af stað stofnræktun kartöfluútsæðis sem fullnægt geti þörfum allra kartöfluframleiðenda. Verkið verði unnið á grundvelli áætlunar sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur gert.

Matthías Á. Mathiesen og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. mars 1991.

Árni Gunnarsson, form., frsm. | Geir Gunnarsson. | Kolbrún Jónsdóttir.

Geir H. Haarde. | Jón Kristjánsson.

Ed. 845. Frumvarp til laga [450. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna orðist svo: Stuðullinn skal miðast við breytingu á byggingarvísitölu frá upphafi til loka 12 mánaða tímabils, sbr. lög nr. 42/1987, um vísitölu byggingarkostnaðar, og skal miða breytingu við þann mun sem verður á byggingarvísitölu sem gildir fyrir janúarmánuð á tekjuári og byggingarvísitölu sem gildir fyrir janúarmánuð á álagningarári.

2. gr.

4. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Fé það sem varið er til aukningar á fjárfestingu í innlendum atvinnurekstri á árinu samkvæmt lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en 86.000 kr. hjá einstaklingi og 172.000 kr. hjá hjónum.

Fjárhæð umfram frádráttarmörk, sem lögð er í hlutafjáraukningu í hlutafélagi eða lögð til hlutafjárkaupa við stofnun hlutafélags, er heimilt að flytja milli ára og nýta á næstu fimm árum. Ónýtt frádráttarheimild tekur breytingu í samræmi við breytingar á verðbreytingarstuðli skv. 26. gr.

Frádráttur vegna hlutabréfakaupa miðast við kaup á hlutabréfum í innlendum hlutafélögum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., og er háður því skilyrði að maður eigi viðkomandi hlutabréf í a.m.k. tvö ár. Selji hann bréfin innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Skal hann framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. frá því ári, þegar hann var dreginn frá tekjum, til söluárs. Ekki skal þó beita ákvæðum 2. og 3. málsl. um tekjufærslu frádráttar ef maður kaupir önnur hlutabréf í innlendu félagi staðfestu af ríkisskattstjóra í stað hinna seldu innan 15 daga frá söludegi þeirra og kaupverð keyptra hlutabréfa nemur a.m.k. sömu fjárhæð og hinna seldu. Sé kaupverðið lægra skulu ákvæði 2. og 3. málsl. eiga við um mismuninn.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd frádráttar samkvæmt þessum tölulið, þar með talið um millifærslu fjárhæðar umfram frádráttarmörk milli ára og meðferð hans þegar breyting verður á hjúskaparstöðu o.fl.

3. gr.

Í stað hundraðshlutans „15%“ í 2. málsl. 1. mgr. 54. gr. laganna komi: 10%.

4. gr.

Í stað hundraðshlutans „50%“ í 72. gr. laganna komi: 45%.

5. gr.

Við 92. gr. laganna bætist ný málsgrein er verði 2. mgr. hennar og breytist röð annarra málsgreina sem af þessu leiðir:

Allir aðilar, þar með taldir bankar, sparisjóðir og aðrar peningastofnanir, verðbréfamarkaðir og aðrir sem annast kaup og sölu, umboðsviðskipti og aðra umsýslu með hlutabréf, skulu ótilkvaddir afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu um slík viðskipti og aðila að þeim ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

6. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða á þessa leið:

Við álagningu gjalda á árinu 1991 vegna tekna á árinu 1990 má fyrning samkvæmt ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 44. gr. nema allt að 50% af þeirri fjárhæð sem færð er til tekna samkvæmt ákvæðum 53. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1991 vegna tekna á árinu 1990 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði 2. gr. um fjárhæð frádráttar komi til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1992 vegna tekna á árinu 1991.

Ákvæði 1. gr. um breytta aðferð til útreiknings á verðbreytingarstuðli skulu koma til framkvæmda frá og með útreikningi þess verðbreytingarstuðuls sem reiknaður skal fyrir árið 1991. Um þá stuðla, sem fyrir þann tíma giltu, eiga við eldri útreikningsaðferðir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi því sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir nokkrum breytingum á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Annars vegar eru lagðar til breytingar á skattlagningu fyrirtækja. Hins vegar eru lagðar til breytingar á reglum um skattafslátt vegna hlutafjárkaupa.

Skattlagning fyrirtækja. Í áfangaskýrslu fyrirtækjaskattanefndar, sem lögð var fram um miðjan nóvembermánuð 1990, voru gerðar tillögur um tvenns konar breytingar á skattlagningu fyrirtækja. Annars vegar um samræmingu launatengdra gjalda hins vegar um lækkun tekjuskattshlutfalls félaga úr 50% í 45%, en á móti félli niður heimild til þess að leggja 15% af skattskyldum hagnaði í fjárfestingarsjóð.

Jafnframt lýsti nefndin þeirri skoðun sinni að hún teldi æskilegt að lækka skatthlutfallið enn frekar í áföngum á næstu árum þannig að það yrði svipað og í helstu viðskipta- og samkeppnislöndum okkar. Enn fremur yrði unnið að því að fækka frádráttarliðum og breikka skattstofninn. Þá voru boðaðar ýmsar frekari breytingar á skattlagningu fyrirtækja, m.a. til að jafna áhrif afkomusveiflna milli ára í skattlagningu.

Fyrri tillagan, þ.e. um tryggingagjald, var lögð fram í frumvarpsformi í desember-

byrjun og afgreidd með nokkrum breytingum þó sem lög fyrir áramót. Síðari tillagan var ekki lögð fram fyrir áramót, en í athugasemdum með frumvarpi, sem lagt var fram á Alþingi í desember, um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, kom fram að unnið yrði að tillögugerð um það mál á næstu vikum og frumvarp lagt fram á vorþingi. Þetta frumvarp liggur nú fyrir.

Í frumvarpi þessu eru kynntar ýmsar breytingar á tekjuskattlagningu lögaðila við álagningu á árinu 1991. Breytingarnar eru tvíþættar. Annars vegar eru breytingar sem taldar eru nauðsynlegar vegna þeirrar miklu hjöðnunar verðbólgu sem fyrirsjáanleg er á þessu ári. Þessar breytingar miða að því að halda raungildi skatthlutfalls óbreyttu milli ára. Hins vegar eru gerðar tillögur um breytingar í takt við þróunina erlendis um að fækka frádráttarliðum og undanþágum frá skatti og breikka skattstofninn.

Þannig er gert ráð fyrir að skatthlutfallið lækki úr 50% í 45%. Vegna mikillar hjöðnunar verðbólgu milli ára fæli óbreytt skatthlutfall í sér raunaukningu skattbyrði milli áranna 1990 og 1991. Jafnframt má benda á að með að hjöðnun verðbólgunnar verður einnig verulegur munur á skatthlutfalli einstaklinga í atvinnurekstri sem er tæplega 40% og skatthlutfalls lögaðila. Með þessari breytingu er stigið mikilvægt skref í átt til samræmingar á skattlagningu innlendra fyrirtækja við það sem tíðkast í helstu viðskipta- og samkeppnislöndum okkar Íslendinga.

Þá er gerð tillaga um breytingu á ákvæði núgildandi laga um verðbreytingarfærslu, en óbreytt lög fælu í sér talsverða íþyngingu skattgreiðslna við álagningu 1991 vegna misræmis milli verðlagsbreytinga og verðbreytingarstuðuls skattalaga á árinu 1990. Þetta misræmi kemur einkum illa við skuldsett fyrirtæki. Í fyrstu grein frumvarpsins er gerð tillaga um breytingu á þessu ákvæði. Þessi breyting getur þó ekki verið afturvirk og kemur því ekki til framkvæmda fyrr en við álagningu 1992. Þess vegna er í bráðabirgðaákvæði með þessu frumvarpi gert ráð fyrir að leiðrétta þetta misræmi við álagningu 1991 með því að hækka hlutfall sérstakrar afskriftar af reiknuðum tekjum vegna verðlagsbreytinga úr 40% í 50%. Að óbreyttum lögum yrðu skuldsett fyrirtæki að reikna sér óeðlilega háar skattskyldar tekjur vegna þessa misræmis. Skattaleg afkoma þeirra yrði þannig betri en raunveruleg afkoma. Með því að hækka afskriftarhlutfallið úr 40% í 50% er þetta misræmi leiðrétt.

Loks er gerð tillaga um að lækka heimild til þess að leggja hluta af hagnaði í sérstaka fjárfestingarsjóði úr 15% í 10%. Þetta er liður í því að fækka frádráttarliðum og breikka skattstofninn, en það er í samræmi við þróunina erlendis.

Að öllu samanlögðu er talið að með þessum breytingum verði raungildi skatthlutfalls fyrirtækja óbreytt milli áranna 1990 og 1991. Óbreytt lög hefðu hins vegar haft í för með sér umtalsverða þyngingu skattbyrði, sem má meta á bilinu 300–500 m.kr. Með þessum breytingum er komið í veg fyrir þessa þynginu. Þannig er talið að hækkun afskriftahlutfallsins bæti stöðu fyrirtækja um 100–200 m.kr., jafnframt þýðir lækkun skatthlutfallsins um 300–400 m.kr. lægri skatta. Á móti vegur lækkun fjárfestingarsjóðstillagsins. Þrátt fyrir þessar breytingar er áfram gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs vegna álagningar tekjuskatta á fyrirtæki hækki meira en sem nemur verðbreytingum milli ára. Það stafar fyrst og fremst af betri afkomu fyrirtækja í fyrra en árið áður, sem aftur skilar sér í hærri skattgreiðslum. Hið gagnstæða gerist þegar afkoma fyrirtækja versnar milli ára, en þá rýrna skatttekjur ríkissjóðs að sama skapi. Þetta má rekja til eðlis tekjuskattskerfisins sem slíks þar sem það skilar meiri tekjum í góðæri en í samdrætti.

Frádráttur vegna hlutabréfaviðskipta. Á undanförnum árum hefur verið beitt ýmsum skattalegum hvatningum til að örva hlutabréfaviðskipti og ýta þannig undir eiginfjármyndun í fyrirtækjum. Með lögum nr. 9/1984 var heimilaður frádráttur frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri. Heimild þessi var hvað fjárfestingu í hlutabréfum varðar bundin ákveðnum skilyrðum um hlutafé og fjölda hluthafa. Jafnframt er gerð sú krafa að engar hömlur séu lagðar á viðskipti með hlutabréf félagsins og að ársreikningar þess séu öllum aðgengilegir. Þessi skilyrði hafa verið rýmkuð síðan auk þess sem heildarfjárhæð frádráttar, sem hver einstaklingur getur fengið í frádrátt, hefur verið hækkuð. Í upphafi uppfylltu tiltölulega fá fyrirtæki skilyrði þessi, en á síðasta ári voru þau 77. Til að uppfylla skilyrði verður hutafélag að hafa hlutafé sem nemur a.m.k. rétt tæplega 17,5 m.kr. á síðasta ári og að fjöldi hluthafa sé a.m.k. 25. Á árinu 1990, þ.e. í skattframtali 1991, er hámark frádráttar 125.925 kr. hjá einstaklingi en 251.850 kr. hjá hjónum. Meðfylgjandi tafla gefur upplýsingar um umfang þessa frádráttar á undanförnum árum og hversu margir hafa notið hans.

	1984	1985	1986	1987	1988	1989
Frádráttur vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri						
Fjárhæð í milljónum kr.	25	38	65	16	70	392
Fjöldi:						
einstaklingar	165	174	272	50	166	729
hjón	771	739	1030	194	575	2201
Samtals fjöldi:	936	913	1303	244	741	2930

Skattalegur frádráttur vegna kaupa á hlutabréfum kemur til viðbótar við ýmiss konar aðrar skattalegar hvatningar til fjárfestingar í hlutabréfum. Má þar nefna að 15% arður af hlutafé er nú skattfrjáls upp að 125.925 kr. hjá einstaklingi og 251.850 kr. hjá hjónum. Einnig var samþykkt á þingi vorið 1990 að söluhagnaður af hlutabréfum í tilteknum fyrirtækjum væri skattfrjáls ef hann er undir 300.000 kr. á fjögurra ára eignarhaldstíma. Auk þess var lagaákvæðum um eignarskattsmat hlutafjár breytt á sama tíma til að greiða fyrir skráningu þeirra á opinberu kaupþingi.

Hlutabréfamarkaður þróaðist ört á síðasta ári. Velta á markaðnum varð samtals 5,7 milljarðar króna. Þar af seldu verðbréfafyrirtæki hlutafé fyrir 4,1 milljarð króna, eða fimm sinnum meira en árið áður. Sala á nýju hlutafé nam 3,6 milljörðum króna eða um 63% af veltu. Framboð á nýju hlutafé var mikið á árinu miðað við fyrri ár en eftirspurn jókst enn meira. Hlutabréfavísitala HMARKS hækkaði því um 78% á árinu eða um 66% að raungildi. Raunávöxtun hlutabréfa var því verulega góð á árinu og ýtti það enn undir eftirspurnina. Frádráttarákvæði skattalaga léku hér greinilega töluvert hlutverk þar sem nærri þriðjungur af veltu verðbréfafyrirtækjanna átti sér stað í desember og þar af mest milli jóla og nýárs.

Ljóst er að það markmið að örva hlutabréfamarkað með skattalegum hvatningum hefur náðst. Þróun markaðarins hefur fremur strandað á framboði hæfra hlutabréfa en á eftirspurn. Mikil umframeftirspurn á markaðnum á síðasta ári og verðhækkun hlutabréfa bendir til að skattalegar ívilnanir séu nú orðnar ríflegri en nauðsynlegt er til að örva eftirspurn eftir hlutabréfum. Það er ekki heilbrigt til lengdar fyrir neins konar starfsemi að hún byggi á niðurgreiðslu frá ríkinu, en skattaívilnun er ekkert annað en ákveðið form á niðurgreiðslu. Niðurgreiðsla hlutafjár um hríð gegndi þó jákvæðu hlutverki við að koma

innlendum hlutabréfamarkaði á legg. Þar sem aldrei var ætlast til að niðurgreiðslan væri varanleg er eðlilegt að nú verði hafist handa um að lækka frádrátt vegna fjárfestingar í atvinnurekstri. Jafnframt þarf að búa svo um hnútana að skattafrádráttur nýtist fyrst og fremst vegna aukningar á fjárfestingu í atvinnurekstri en verði ekki veittur þeim sem aðeins kaupa hlutafé í nokkra daga til að öðlast skattafrádrátt. Jafnframt þarf að skoða hvort herða beri þau skilyrði sem sett eru fyrir því að skattafslátturinn sé veittur, t.d. varðandi upplýsingaskyldu fyrirtækja. Einnig kemur til greina að binda frádráttinn því skilyrði í framtíðinni að viðkomandi hlutabréf hafi hlotið skráningu hjá verðbréfafyrirtækjum. Engin tillaga er þó gerð um það nú.

Flest bendir til að skattalegur frádráttur vegna hlutafjárkaupa muni ekki samrýmast aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði. Einnig er talið að hann stangist á við reglur OECD um jafnræði fyrirtækja. Skattaívilnanir að ýmsu tagi til fyrirtækja teljast til ríkisstyrkja samkvæmt reglum Efnahagsbandalagsins og því óleyfilegar nema að hægt sé að sýna fram á að þær skekki ekki samkeppnisstöðu fyrirtækja. Sú almenna regla gildir einnig að bannað er að mismuna á grundvelli þjóðernis. Skattafsláttur vegna hlutafjárkaupa nær aðeins til fjárfestingar í íslenskum fyrirtækjum sem uppfylla ákveðin skilyrði. Til að skattaívilnunin geti uppfyllt það skilyrði að skekkja ekki samkeppnisstöðu yrði hún að ná til allrar fjárfestingar óháð þjóðerni, þ.e. einnig til erlendra fyrirtækja, hvort sem þau eru starfrækt hér á landi eða í öðrum löndum sem aðild munu eiga að hinu Evrópska efnahagssvæði. Þar sem það verður dýrt fyrir ríkissjóð að veita þegnunum þau fríðindi að geta keypt fyrirtæki um alla Evrópu með 40% styrk frá íslenska ríkinu er því líklegt að skattfrádráttur vegna hlutafjárkaupa verði að hverfa í framtíðinni ef Ísland gerist aðili að samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Það er því eðlilegt að þessi skattafsláttur verði afnuminn í áföngum á næstu árum og lagt er til að nú verði stigin fyrstu skrefin.

Í samræmi við ofangreint eru hér gerðar tvær tillögur. *Í fyrsta lagi* er lagt til að frádráttur vegna aukningar á fjárfestingu í atvinnurekstri verði lækkaður um fjórðung. *Í öðru lagi* er frádráttur vegna hlutabréfakaupa bundinn því skilyrði að viðkomandi eigi hlutabréfin í a.m.k. tvö ár. Til að þetta ákvæði valdi ekki óeðlilegri tregðu í hlutabréfaviðskiptum er gert ráð fyrir að frádrátturinn haldist þótt viðkomandi selji hlutabréfin ef hann kaupir ný innan 15 daga. Ofangreindar breytingar koma fyrst til framkvæmda vegna hlutabréfakaupa á árinu 1991 og síðar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um árlegan útreikning verðbreytingarstuðuls.

Samkvæmt núgildandi lögum, sbr. síðari málslið 1. mgr. 26. gr., er útreikningur verðbreytingarstuðuls þannig gerður að miðað er við þá breytingu sem verður á meðaltalsbyggingarvísitölu milli ára.

Nú er gert ráð fyrir að útreikningur verðbreytingarstuðuls miðist við þá breytingu sem verður á byggingarvísitölu frá upphafi til loka tekjuársins.

Um 2. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er verið að gera fenginn frádrátt skv. 4. tölul. B-liðar 30. gr. skattalaga skilyrtan. Þannig ber mönnum að færa til tekna fenginn frádrátt vegna hlutafjárkaupa ef þeir eiga hlutabréfin í skemur en tvö ár. Færa ber frádráttinn til

tekna á söluári bréfanna að viðbættri hækkun samkvæmt ákvæðum 26. gr.

Auk þessarar reglu er hér sett fram tillaga um að heimilt sé að setja reglugerð um ýmsa þætti viðkomandi frádrættinum almennt. Ýmis vandamál er varða skattalega framkvæmd kunna að koma upp þegar breytingar verða á högum manna frá frádráttarári til söluárs. Meðal annars breytingar á hjúskaparstöðu, andlát, heimilisfesti o.s.frv. Er gert ráð fyrir því að fjármálaráðherra geti sett reglugerð um nánari framkvæmd á þessu ákvæði.

Sérstaklega er gert ráð fyrir því að fjármálaráðherra geti sett nánari ákvæði um framkvæmd varðandi yfirfærslu fjárhæðar umfram frádráttarmörk, sbr. 10. gr. laga nr. 9/1984, með síðari breytingum.

Um 3. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum er rekstraraðilum heimilt að lækka skattskyldar tekjur sínar með því að draga frá þeim framlög í fjárfestingarsjóð er nema mega allt að 15% skattstofns. Er í frumvarpi þessu lagt til að heimildin verði lækkuð í 7,5%.

Um 4. gr.

Um þessa grein vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 5. gr.

Með þessari grein er gerð tillaga um að lögð verði almenn skylda á herðar þeirra aðila sem viðskipti eiga með hlutabréf til að veita skattyfirvöldum upplýsingar um slík viðskipti. Er hér um svipað fyrirkomulag að ræða og nú gildir varðandi ýmsa upplýsingagjöf um laun, arð, stofnsjóði, afurðainnlegg o.fl. Á síðustu missirum hafa orðið verulegar breytingar á íslenska hlutabréfamarkaðnum. Viðskipti með hlutabréf hafa stóraukist og fjöldi þeirra aðila, sem þau stunda, hefur margfaldast. Skattfríðindi fylgja kaupum á ýmsum hlutabréfum. Þessu ákvæði er ætlað að koma til móts við þarfir hins opinbera um upplýsingar um þennan þátt fjármálalífsins. Upplýsingaskyldan hvílir á þeim sem annast um viðskiptin, t.d. hlutabréfasölum. Verður að ætla að skráning á viðskiptum, sem hjá þeim á sér stað, geri upplýsingagjöf auðvelda fyrir þessa aðila.

Um 6. gr.

Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 44. gr. núgildandi laga er heimilt að fyrna verðbreytingartekjufærslu skv. 53. gr. um 40%. Hér er lagt til að þessi fyrningarheimild verði hækkuð úr 40% í 45%. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um. 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Nd. 846. Nefndarálit [230. mál]

um frv. til l. um samvinnufélög.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. telur það löngu tímabært að endurskoða núgildandi lög um samvinnufélög

frá árinu 1937. Hins vegar telur minni hl. að umfjöllun nefndarinnar hafi ekki verið nægilega vönduð. Nefndin fékk nokkra aðila á sinn fund en engar skriflegar umsagnir bárust.

Dæmi um óleyst mál er framtíðarskipan innlánsdeilda samvinnufélaga. Veruleg andstaða virðist vera gegn því að breyta innlánsdeildunum í sparisjóði. Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands telur þann lagaramma, sem innlánsdeildunum er settur, vera ófullnægjandi, einkum hvað snertir vernd innstæðu eigenda. Hins vegar hefur rekstur innlánsdeilda verulega þýðingu fyrir nokkur samvinnufélög. Meiri hl. leggur til að þessi ágreiningur verði leystur með nefndarskipan, sbr. breytingartillögu hans um nýtt ákvæði til bráðabirgða.

Eitt af nýmælum þessa frumvarps er að samvinnufélögum er gert kleift að afla sér eigin fjár með sölu hluta í B-deild stofnsjóðs sem að mörgu svipar til sölu hluta í hlutafélögum. Efast má stórlega um að þetta nýmæli hafi tilætluð áhrif þar sem eignarhaldi á hluta í B-deild stofnsjóðs fylgir ekki atkvæðisréttur á félagsfundum. Minni hl. telur að atkvæðisréttur, þó takmarkaður væri, yki líkurnar á því að sparifjáreigendur keyptu hlut í B-deild stofnsjóðs.

Minni hl. harmar fljótaskrift við meðferð þessa máls. Málefnið er of mikilvægt til að kasta til þess höndum. Hins vegar er margt í frumvarpinu til bóta. Minni hl. vill því ekki standa gegn afgreiðslu þess en mun með tilliti til þess sem að framan segir sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. mars 1991.

Guðný Guðbjörnsdóttir.

Ed. 847. Lög [236. mál]

um Héraðsskóga.

(Afgreidd frá Ed. 11. mars.)

Samhljóða þskj. 821.

Ed. 848. Lög [208. mál]

um breytingu á lögum nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 11. mars.)

Samhljóða þskj. 261.

Ed. 849. Frumvarp til laga [237. mál]

um sjóðshappdrætti til stuðnings kaupum á björgunarþyrlu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 11. mars.)

1. gr.

Dómsmálaráðherra er með lögum þessum veitt heimild til að setja á stofn happdrætti til að standa að kaupum á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands.

Skal happdrættið vera sjóðshappdrætti eins og nánar er kveðið á um í 3. gr.

Heimild þessi skal gilda til ársloka 1996.

2. gr.

Dómsmálaráðherra skal skipa þriggja manna framkvæmdastjórn er annist fjárreiður happdrættisins, skipulag og framkvæmd þess.

Einn stjórnarmaður skal skipaður samkvæmt tilnefningu Landhelgisgæslu Íslands en hinir tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður framkvæmdanefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Skipunartími skal vera fjögur ár í senn.

Heimilt er framkvæmdastjórn happdrættisins að gera samninga við aðra aðila um að taka að sér einstaka þætti happdrættisins eða framkvæmdina í heild. Skal dómsmálaráðherra staðfesta slíka samninga.

3. gr.

Sjóðshappdrættið er fólgið í því að þátttakendur greiði tiltekna fjárhæð eða margfeldi hennar í sérstakan sjóð sem safnað er upp um tiltekinn tíma. Vinninga skal síðan draga með tilviljunarkenndum hætti undir eftirliti bæjarfógetaembættisins í Reykjavík.

4. gr.

Lágmarksgjald fyrir þátttöku í happdrætti skal ákveðið af dómsmálaráðherra að fengnum tillögum frá framkvæmdastjórn happdrættisins.

5. gr.

Dómsmálaráðherra skal ákveða að fengum tillögum frá framkvæmdastjórn happdrættisins vinningshlutfall af fjárhæð sjóðsins hverju sinni. Vinningar skulu vera í formi ríkisskuldabréfa.

Vinningar skulu vera undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári sem þeir falla til.

6. gr.

Ágóða af happdrættinu skal varið til kaupa á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands.

7. gr.

Ríkisendurskoðun skal hafa eftirlit með fjárreiðum happdrættisins.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 850. Frumvarp til laga [451. mál]

um breyting á lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

1. gr.

Í stað fjárhæðanna „115.000 kr." og „230.000 kr." í 2. gr. laganna komi: 86.000 kr. og 172.000 kr.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Einstaklingar, sem kaupa hlutabréf í innlendum hlutafélögum er fullnægja skilyrðum 11. gr., geta dregið kaupverð þeirra hlutabréfa frá skattskyldum tekjum sínum innan þeirra marka sem um getur í 2. gr. og að svo miklu leyti sem um er að ræða aukningu á fjárfestingu í atvinnurekstri samkvæmt lögum þessum.

Frádráttur skv. 1. mgr. vegna hlutabréfakaupa miðast við kaup á hlutabréfum í innlendum hlutafélögum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981, og er háður því skilyrði að maður eigi viðkomandi hlutabréf í a.m.k. tvö ár. Selji hann bréfin innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Skal hann framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 75/1981 frá því ári þegar hann var dreginn frá tekjum til söluárs. Ekki skal þó beita ákvæðum um tekjufærslu frádráttar ef maður kaupir önnur hlutabréf í innlendu hlutafélagi staðfestu af ríkisskattstjóra í stað hinna seldu innan 15 daga frá söludegi þeirra og kaupverð keyptra hlutabréfa nemur a.m.k. sömu fjárhæð og hinna seldu. Sé kaupverðið lægra skulu ákvæði 2. og 3. málsl. eiga við um mismuninn.

Fjárhæð umfram frádráttarmörk, sem lögð er í hlutafjáraukningu í hlutafélagi eða lögð til hlutafjárkaupa við stofnun hlutafélags, er heimilt að flytja milli ára og nýta á næstu fimm árum. Ónýtt frádráttarheimild tekur hækkun samkvæmt verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr. laga nr. 75/1981.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1992.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Varðar frumvarpið árlega fjárhæð frádráttar sem mönnum heimilast vegna fjárfestingar í atvinnurekstri.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að hámark frádráttar vegna fjárfestingar samkvæmt lögum þessum lækki. Um er að ræða grunnfjárhæðir sem taka breytingum samkvæmt skattvísitölu árlega. Ef ákvæði þessarar greinar hefðu verið lögfest við álagningu í ár næmi frádráttur við álagningu í ár, vegna fjárfestingar á árinu 1990, 94.170 kr. hjá einstaklingi og 188.340

kr. hjá hjónum í stað núgildandi frádrátta sem eru 125.925 kr. hjá einstaklingi og 251.850 kr. hjá hjónum.

Um 2. gr.

Hér er um breytingu að ræða sem er sambærileg við breytingu sem lögð er til í fyrirliggjandi frumvarpi til breytinga á 4. tölul. B-liðar 30. gr. laga nr. 75/1981 og leiðir raunar af henni. Vísast í athugasemdir sem fylgja því lagafrumvarpi.

Framsetning greinarinnar er gerð markvissari en í núgildandi ákvæðum og orðalag gert skýrara.

Um 3. gr.

Ekki er gert ráð fyrir að breyting, sem af lögfestingu 1. gr. frumvarpsins leiðir, taki gildi fyrr en við álagningu gjalda á árinu 1992 vegna fjárfestinga á árinu 1991.

Nd. 851. Nefndarálit [320. mál]

um frv. til l. um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk um það umsagnir frá Sól hf., Búnaðarfélagi Íslands, útvarpsráði, Vegagerð ríkisins, Þjóðhagsstofnun, Íslandsbanka, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Landssambandi iðnaðarmanna, Landsbanka Íslands, Félagi íslenskra ferðaskrifstofa, Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Náttúruverndarráði, Félagi íslenskra iðnrekenda, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Seðlabanka Íslands, Verslunarráði Íslands og Sölusamtökum lagmetis.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma.

Alþingi, 6. mars 1991.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur G. Þórarinsson, *fundaskr.*	Ragnar Arnalds.
	Jón Sæmundur Sigurjónsson.	

Nd. 852. Nefndarálit [321. mál]

um frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpið er flutt í tengslum við frumvarp um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnu-

rekstri, 320. mál, og var rætt samhliða því í nefndinni. Um umsagnir, sem nefndinni bárust í málinu, vísast til nefndarálits um 320. mál.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma.

Alþingi, 6. mars 1991.

Páll Pétursson, form., frsm. | Guðmundur G. Þórarinsson, fundaskr. | Ragnar Arnalds.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Ed. 853. Frumvarp til laga [452. mál]

um breyting á lögum nr. 33 22. apríl 1947, með síðari breytingum, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg.

Flm.: Jón Helgason, Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 70/1974, orðast svo:

Grímsneshreppi er heimilt að selja jörðina Sigurjóni Ólafssyni ábúanda á Stóru-Borg.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni hreppsnefndar Grímsneshrepps í Árnessýslu í því skyni að felldar verði niður þær kvaðir sem 1. gr. laga nr. 70/1974 setur ráðstöfunarheimildum Sigurjóns Ólafssonar, bónda á Stóru-Borg, á jörðinni.

1. gr. laga nr. 70/1974 er svohljóðandi:

„Grímsneshreppi er heimilt að selja jörðina Sigurjóni Ólafssyni ábúanda á Stóru-Borg, en óheimilt er honum að selja hana aftur öðrum en Grímsneshreppi eða ríkissjóði og þá á fasteignamatsverði, nema þeir hafni kaupum.“

Grímsneshreppur seldi Sigurjóni Ólafssyni jörðina með afsali dags. 30. september 1976. Þær kvaðir, sem lagðar voru á ábúanda jarðarinnar við kaup hennar skv. 1. gr. laga nr. 70/1974, eru mjög óvenjulegar og ekki lengur í samræmi við réttarvitund manna.

Samkvæmt frumvarpinu fer um heimildir til sölu og ákvörðunar söluverðs á jörðinni samkvæmt almennum reglum eins og þær eru á hverjum tíma.

Sþ. 854. Tillaga til þingsályktunar [453. mál]

um lækkun húshitunarkostnaðar.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir að lækka húshitunarkostnað á Íslandi þar sem hann er hæstur og minnka þannig þann aðstöðumun einstaklinga og fjölskyldna sem nú er við lýði.

Þessi aðstöðujöfnun skal meðal annars eiga sér stað með eftirfarandi hætti:

1. Auknum jöfnuði skal náð í þremur áföngum á næstu tveimur árum þannig að kostnaður við hitun íbúðarhúsnæðis vísitölufjölskyldunnar (35.420 kWh ársnotkun) hjá rafveitum og rafkyntum hitaveitum verði ekki hærri en 5.000 krónur að jafnaði á mánuði, miðað við verðlag í janúar 1991.
2. Alþingi beinir því til þingkjörinna fulltrúa í stjórn Landsvirkjunar að þeir á þeim vettvangi beiti sér fyrir sérstökum aðgerðum til lækkunar á heildsöluverði raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis. Aðgerðirnar miði að því að heildsöluverð á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis lækki á næstu tveimur árum niður í kostnaðarverð orku frá nýjum virkjunum að viðbættum flutningskostnaði til dreifiveitna.
3. Viðskiptaráðherra ákveði að á síðari helmingi þessa árs verði greiddar 35 milljónir af því fé sem á fjárlögum er veitt til niðurgreiðslna á vöruverði á árinu 1991 til aukinnar verðjöfnunar á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis, enda eigi húseigendur ekki þess kost að kaupa orku frá hitaveitum sem byggja á jarðvarma. Þessi tilfærsla niðurgreiðslufjár verði síðan aukin.
4. Iðnaðarráðherra láti fram fara úttekt á fjárhagsstöðu hitaveitna sem byggja á jarðvarma þar sem kostnaður við hitun íbúðarhúsnæðis er hærri en sambærilegur kostnaður við hitun íbúðarhúsnæðis vísitölufjölskyldunnar hjá rafveitum og rafkyntum hitaveitum. Úttektinni verði lokið eigi síðar en 1. október 1991.
5. Fjármálaráðherra beiti sér fyrir ráðstöfunum til að aðstoða hitaveitur sem byggja á jarðvarma við skuldbreytingar á lánum þeirra eða leggi fram tillögur um aðrar aðgerðir til þess að tryggja að kostnaður við hitun íbúðarhúsnæðis vísitölufjölskyldunnar hjá þeim verði ekki hærri en hjá rafveitum og rafkyntum hitaveitum skv. 1. tölul., enda sýni fyrirtækin aðhald í rekstri og umsvifum.
6. Því fé, sem Landsvirkjun kann í framtíðinni að verða gert að greiða ríkinu fyrir virkjunarréttindi, verði að hluta varið til aukinnar verðjöfnunar á innlendri orku.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Iðnaðarráðherra skipaði nefnd til að gera tillögur um verðjöfnun á raforku með bréfi dags. 1. október 1990. Nefndin skilaði skýrslu 5. mars 1991 sem birt er hér sem fylgiskjal. Niðurstöður meiri hluta nefndarinnar eru hér lagðar fram í formi þingsályktunartillögu.

Fylgiskjal.

ORKUVERÐSJÖFNUNARNEFND *Reykjavík, 05.03.1991*

Hr. iðnaðarráðherra
Jón Sigurðsson
Iðnaðarráðuneyti
Arnarhváli
150 Reykjavík

Með bréfi, dags. 1. október 1990, skipuðuð þér hr. iðnaðarráðherra, nefnd til að gera tillögur um verðjöfnun á raforku og undirbúa frumvarp til laga um það efni. Starfssvið nefndarinnar var síðar víkkað þannig að hún fjallaði einnig um heildsöluverð á raforku og vanda þeirra hitaveitna sem hafa hæstar gjaldskrár.

Í nefndina voru skipaðir:

Eiður Guðnason, alþingismaður
Þorvarður Hjaltason, kennari
Óli Þ. Guðbjartsson, ráðherra
Jón Helgason, alþingismaður
Sveinbjörn Jónsson, framkvæmdastjóri
Danfríður Skarphéðinsdóttir, alþingismaður
Birgir Ísl. Gunnarsson, alþingismaður
Pálmi Jónsson, alþingismaður.

Friðrik Sophusson, alþingismaður, tók sæti Birgis Ísl. Gunnarssonar, er Birgir tók við stöðu Seðlabankastjóra 1. febrúar síðastliðinn. Knútur Hilmarsson, tæknifræðingur og Sigríður L. Baldursdóttir, eðlisfræðingur hafa setið nokkra fundi sem varamenn. Með nefndinni störfuðu Ingólfur Hrólfsson, hitaveitustjóri, Jóhann Már Maríusson, aðstoðarforstjóri, Steinar Friðgeirsson, forstöðumaður og Jón Ingimarsson, verkfræðingur.

Nefndin hefur nú lokið störfum og fylgja skýrsla hennar og tillögur með þessu bréfi. Einstakir nefndarmenn gera fyrirvara svo sem fram kemur í skýrslunni og einnig hér á eftir.

Eiður Guðnason	*Friðrik Sophusson,*	*Sveinbjörn Jónsson*
Þorvarður Hjaltason	*með fyrirvara*	*Óli Þ. Guðbjartsson*
Pálmi jónsson,	*Danfríður Skarphéðinsdóttir*	
með fyrirvara	*Jón Helgason*	

Undirritaðir nefndarmenn skrifa undir með fyrirvara.

Ríkisstjórnin hefur haft langan tíma til að gera ráðstafanir til lækkunar orkuverðs án þess að hafast nokkuð að, þrátt fyrir skýrar yfirlýsingar í stjórnarsáttmála. Nefndin hóf störf í byrjun október 1990 og gerði fjárveitinganefnd grein fyrir verksviði sínu og áætlunum um kostnað vegna hugmynda, sem þá lágu fyrir. Engu nýju fé var varið til viðfangsefnisins á fjárlögum né á annan hátt. Úrlausn þessa máls er því vísað til næstu ríkisstjórnar.

Fyrirvari okkar lýtur einnig að einstökum efnisatriðum í tillögum meirihluta nefndarinnar.

Reykjavík, 5. mars 1991

Pálmi Jónsson
Friðrik Sophusson

Skýrsla orkuverðjöfnunarnefndar.
Mars 1991.

1. Inngangur og meginniðurstöður.

Með bréfi dags. 1. október 1990, sjá fylgiskjal 1, skipaði Jón Sigurðsson, iðnaðarráðherra, nefnd til að gera tillögur um verðjöfnun á raforku og undirbúa frumvarp til laga um það efni. Í nefndina voru skipaðir:

Eiður Guðnason, alþingismaður, formaður
Þorvarður Hjaltason, kennari
Óli Þ. Guðbjartsson, ráðherra
Jón Helgason, alþingismaður
Sveinbjörn Jónsson, framkvæmdastjóri
Danfríður Skarphéðinsdóttir, alþingismaður
Birgir Ísl. Gunnarsson, alþingismaður
Pálmi Jónsson, alþingismaður

Friðrik Sophusson, alþingismaður, tók sæti Birgis Ísleifs Gunnarssonar, er Birgir tók við stöðu Seðlabankastjóra 1. febrúar síðastliðinn. Knútur Hilmarsson, tæknifræðingur, og Sigríður L. Baldursdóttir, eðlisfræðingur, hafa setið nokkra fundi sem varamenn.

Jón Ingimarsson, verkfræðingur, hefur verið ritari nefndarinnar og aflað margvíslegra gagna sem lögð voru til grundvallar við gerð þessarar skýrslu. Einnig hafa starfað með nefndinni Jóhann Már Maríusson, aðstoðarforstjóri, Steinar Friðgeirsson, forstöðumaður og á síðari stigum nefndarstarfsins Ingólfur Hrólfsson, hitaveitustjóri.

Á fundum nefndarinnar kom fljótlega í ljós að nefndarmenn töldu æskilegt að starfssvið nefndarinnar yrði víkkað nokkuð, þannig að einnig væri fjallað um heildsöluverð á raforku og um orkukostnað vegna hitunar íbúðarhúsnæðis almennt. Var því ákveðið, í samráði við iðnaðarráðherra, að starf nefndarinnar beindist einnig að því að gera tillögur um úrlausn á vanda þeirra hitaveitna sem hafa hæstar gjaldskrár.

Á undanförnum árum hafa allmargar nefndir starfað að því verkefni að leita frekari leiða til að jafna orkukostnað. Í starfi sínu hefur nefndin notið góðs af ýmsum þeim gögnum sem orðið hafa til í því starfi eins og nánar kemur fram í þessari skýrslu og fylgiskjölum með henni.

Verulegir áfangar hafa náðst á liðnum árum að því er lækkun orkukostnaðar varðar og er að því vikið annarsstaðar í skýrslu þessari. Raungildi heildsöluverðs á raforku hefur farið lækkandi á undanförnum árum. Allbreið pólitísk samstaða ríkir um að á þessu sviði sé þó enn frekari aðgerða þörf til að leiðrétta það misræmi sem nú ríkir í þessum efnum. Má í því sambandi benda á að æskilegt væri að gera athugun á heildarorkukostnaði heimilanna í landinu þar sem einnig væri litið til annarra þátta, eins og bensínkostnaðar. En slíkt er utan verksviðs nefndarinnar.

Uppbygging og skipulag orkugeirans hér á landi, ólíkar aðstæður, flóknir taxtar og ýmislegt fleira gera að verkum að hér er ekki um einfalt mál að ræða. Einfaldast væri að sjálfsögðu að gera tillögur um auknar fjárveitingar úr ríkissjóði til jöfnunar orkuverðs. Ekki er á fjárlögum veitt fé til þeirra hluta, umfram það sem áður hefur verið. Í því sambandi er rétt að fram komi, að í ársbyrjun 1985 var ákveðið að greiða niður húshitunarkosnað um 63 aura á kílówattstund. Hefði sú upphæð verið verðbætt, en ekki látin standa óbreytt, væru þessi mál í mun betra horfi.

Í starfi nefndarinnar hefur skýrt komið fram að meirihluti nefndarmanna er þeirrar skoðunar að Landsvirkjun eigi að taka meiri þátt í lækkun orkuverðs til húshitunar en fyrirtækið nú gerir, og auka þann afslátt sem fyrirtækið veitir á húshitunarorku til dreifiveitna. Sú skoðun hefur einnig komið fram í nefndinni að Landsvirkjun ætli sér óeðlilega skamman tíma til að greiða niður lán vegna virkjunarframkvæmda.

Við nefndinni blasti hinsvegar sú staðreynd að ríkið er ekki meirihlutaeigandi Landsvirkjunar, heldur er Landsvirkjun sameignarfyrirtæki ríkis, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar þar sem eignarhluti ríkisins er 50%, Reykjavíkurborgar 44,525% og Akureyrarbæjar 5,475%. Um Landsvirkjun gilda lög nr. 43 frá 23. mars 1983.

Sameinað Alþingi kýs fjóra fulltrúa í níu manna stjórn Landsvirkjunar, borgarstjórn Reykjavíkur þrjá og bæjarstjórn Akureyrar einn. Sameiginlega skipa eignaraðilar níunda manninn og er hann formaður stjórnarinnar. Milli hinna þriggja eignaraðila er í gildi sameignarsamningur frá 27. febrúar 1981, er tók gildi 1. júlí 1983. Samkvæmt 20. grein laganna um Landsvirkjun hefur sá samningur lagagildi. Af framansögðu er ljóst að breytingar á gjaldskrá Landsvirkjunar verða ekki svo auðveldlega gerðar með einföldum lagabreytingum, heldur þarf þar fyrst og fremst að leita samninga við fulltrúa eignaraðila í stjórn fyrirtækisins.

Á fimmta fundi nefndarinnar 18. desember sl. (sjá fylgiskjal 2) var samþykkt að fela formanni að óska eftir því við iðnaðarráðherra, í framhaldi af umfjöllun nefndarinnar um heildsöluverð á raforku, að ráðherra færi þess formlega á leit við stjórn Landsvirkjunar að veittur verði afsláttur sem nemi umframkostnaði við flutning raforku til Vestmannaeyja miðað við meðalflutningskostnað í orkukerfi Rafmagnsveitna ríkisins til annarra sveitarfélagaveitna. Miðað við orkukaup Bæjarveitna Vestmannaeyja á árinu 1989 myndi þessi afsláttur nema kr. 0,33 á kílówattstund eða 13.8 milljónum króna á ári. Iðnaðarráðherra sendi stjórn Landsvirkjunar formlegt erindi þessa efnis með bréfi dagsettu 19. desember 1990. Svar hefur ekki borist frá stjórn Landsvirkjunar við þessari málaleitan.

Við störf nefndarinnar kom fram að tekjur Rafmagnsveitna ríkisins af rafhitun nægja ekki fyrir tilkostnaði vegna sölunnar, með öðrum orðum er veittur afsláttur af rafhitunartaxta, sem leggst á aðra orkunotkun. Með því að Rafmagnsveitur ríkisins hætti að veita afsláttinn skapast svigrúm til að lækka aðra gjaldskrárliði, þar með talin heildsala, þannig að munurinn á heimilis- og iðnaðartöxtum hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur yrði ekki meiri en á milli 5 og 10%, ef millifærslum yrði hætt. Störf nefndarinnar beindust því fyrst og fremst að lækkun hitunarkostnaðar, lækkun sem um leið gæfi svigrúm til að hætta millifærslum með framangreindum hætti.

Í störfum nefndarinnar hafa mótast ákveðnar hugmyndir um að hvaða markmiðum skuli stefnt varðandi lækkun húshitunarkostnaðar þar sem hann er nú hæstur.

Meirihluti nefndarinnar er þeirrar skoðunar að eðlilegt sé að Alþingi lýsi vilja sínum í þessum efnum og sé til þess vilji mætti þá setja hugmyndir nefndarinnar fram af hálfu ríkisstjórnarinnar í formi þingsályktunartillögu.

Hér fara á eftir þær hugmyndir sem komu fram í nefndinni og meirihluti nefndarmanna telur að skilað geti árangri í þessum efnum. Sumir nefndarmenn gera þó fyrirvara um ákveðin atriði:

Lækka ber húshitunarkostnað á Íslandi þar sem hann er hæstur og minnka þannig þann aðstöðumun einstaklinga og fjölskyldna sem nú er við lýði.

Þessi aðstöðujöfnun getur átt sér stað með eftirfarandi hætti:

1. *Auknum jöfnuði verði náð í þremur áföngum á næstu tveimur árum uns því markmiði er náð að kostnaður við hitun íbúðarhúsnæðis vísitölufjölskyldunnar (35.420 kWh ársnotkun) hjá rafveitum og rafkyntum hitaveitum, verði ekki hærri en 5000 krónur að jafnaði á mánuði, miðað við verðlag í janúar 1991.*

2. *Alþingi beini því til þingkjörinna fulltrúa í stjórn Landsvirkjunar að þeir á þeim vettvangi beiti sér fyrir sérstökum aðgerðum til lækkunar á heildsöluverði raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis. Aðgerðirnar miði að því að heildsöluverð á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis lækki á næstu tveimur árum niður í kostnaðarverð orku frá nýjum virkjunum að viðbættum flutningskostnaði til dreifiveitna.*

3. *Viðskiptaráðherra ákveði að á síðari helmingi þessa árs verði greiddar 35 milljónir af því fé, sem á fjárlögum er veitt til niðurgreiðslna á vöruverði á árinu 1991, til aukinnar verðjöfnunar á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis, enda eigi húseigendur*

ekki kost á að kaupa orku frá hitaveitum sem byggja á jarðvarma. Þessi tilfærsla niðurgreiðslufjár verði síðan aukin.

4. *Iðnaðarráðherra láti fram fara úttekt á fjárhagsstöðu hitaveitna sem byggja á jarðvarma þar sem kostnaður við hitun íbúðarhúsnæðis er hærri en sambærilegur kostnaður við upphitun íbúðarhúsnæðis vísitölufjölskyldunnar hjá rafveitum og rafkyntum hitaveitum. Úttektinni verði lokið eigi síðar en 1. október 1991.*

5. *Fjármálaráðherra beiti sér fyrir ráðstöfunum til að aðstoða hitaveitur sem byggja á jarðvarma við skuldbreytingar á lánum þeirra eða leggi fram tillögur um aðrar aðgerðir til þess að tryggja að kostnaður við hitun íbúðarhúsnæðis vísitölufjölskyldunnar hjá þeim verði ekki hærri en hjá rafveitum og rafkyntum hitaveitum skv. 1. tölulið, enda sýni fyrirtækin aðhald í rekstri og umsvifum.*

6. *Því fé sem Landsvirkjun kann í framtíðinni að verða gert að greiða ríkinu fyrir virkjunarréttindi verði að hluta varið til aukinnar verðjöfnunar á innlendri orku.*

Rétt er að nefna þessu til viðbótar, að sú skoðun hefur komið fram í nefndinni að óeðlilegt sé, svo skömmu fyrir kosningar, að binda hendur næstu ríkisstjórnar varðandi verðjöfnun á orku til húshitunar. Einnig hefur verið nefnt að þar sem lánsfjárlög fyrir árið 1991 eru enn til meðferðar á Alþingi mætti hugsa sér að í þau yrði bætt heimildarákvæði um lántöku fyrir ríkissjóð og yrði lánið síðan notað til frekari orkuverðsjöfnunar.

Nefndin hefur látið kanna lauslega hvaða áhrif tilflutningur fjár frá niðurgreiðslum vöruverðs yfir í aukna jöfnun orkuverðs til húshitunar í þeim mæli sem hér er gert ráð fyrir hefði á framfærslukostnað. Þau áhrif eru hverfandi lítil.

2. Aðgerðir ríkisins til að bæta rekstrarskilyrði orkufyrirtækja og til að jafna orkuverð.

2.1 Verðjöfnunargjald á raforku.

Verðjöfnunargjald á raforkusölu var ákveðið með lögum nr. 96/1965. Gjaldið var lagt á heildsölu raforku frá og með 1. janúar 1966 og nam þá 7,4%. Gjaldið var síðan endurskoðað árlega og lækkaði niður í 4,3% árið 1969.

Tilgangurinn með verðjöfnunargjaldinu var sá að styrkja fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins til þess að fyrirtækið gæti sinnt því hlutverki sínu að flytja og dreifa raforku um hinar dreifðu byggðir landsins.

Með lögum nr. 17/1970 var lögum um verðjöfnunargjald breytt. Helstu breytingar voru þær, að gjaldið var tvöfaldað og skyldi nú greitt í gegnum Orkusjóð til Rafmagnsveitna ríkisins.

Með nýjum lögum nr. 83/1974, var verðjöfnunargjald af raforku fest í sessi. Í stað álagningar á heildsöluverð, sem aðeins mætti nema fastri upphæð, var ákveðið að leggja gjaldið á smásölu í hundraðshlutum af sölutekjum og nam það 13% fyrstu árin.

Árið 1977, eftir stofnun Orkubús Vestfjarða, var lögunum breytt þannig, að 80% gjaldsins skyldi renna til Rafmagnsveitna ríkisins en 20% til Orkubús Vestfjarða.

Með lögum nr. 99/1979 var verðjöfnunargjaldið hækkað í 19%. Enn voru lögin aðeins sett til eins árs - og rík áhersla lögð á það, bæði í áliti meiri- og minnihluta iðnaðarnefndar, að ríkissjóður standi undir svonefndum félagslegum framkvæmdum Rafmagnsveitna ríkisins. Svo var gert næstu þrjú ár, 1979-81, en næstu þrjú ár þar á eftir minnkaði þessi þátttaka ríkissjóðs í félagslegum framkvæmdum og hvarf að fullu á árinu 1984.

Með lögum nr. 105/1980 var sett í lögin ákvæði þess efnis, að ráðherra væri heimilt að lækka gjaldið úr 19% í 16%, enda þá taldar líkur á að hagur Rafmagnsveitna ríkisins færi batnandi. Ákvæði þessu var ekki beitt fyrr en á árinu 1985.

Með lögum nr. 89/1981 var bætt við ákvæði um heimild til ráðherra að fela Orkusjóði að endurgreiða Rafveitu Siglufjarðar innheimt verðjöfnunargjald veitunnar. Sú heimild var notuð að fullu.

Við gerð kjarasamninga í febrúar 1986 ákváðu stjórnvöld, að verðjöfnunargjald á raforku skyldi fellt niður frá og með 1. mars 1986. Í staðinn komu fyrirheit um það, að þeim raforkufyrirtækjum sem notið hefðu tekna af gjaldinu, yrði bættur tekjumissirinn að fullu.

Við þessa sögu verðjöfnunargjaldsins er rétt að bæta því, að söluskattur var fyrst lagður á árið 1960 og nam þá 3%. Árið 1980 var hann orðinn 22,0%. Á því ári var bætt við hann svonefndu orkujöfnunargjaldi, 1,5%, þótt það hafi í óverulegum mæli verið notað í þeim tilgangi, sem nafnið bendir til.

2.2 Yfirtaka skulda í tengslum við afnám verðjöfnunargjalds á raforku.

Eins og áður sagði var verðjöfnunargjald af raforku afnumið í mars 1986 í kjölfar kjarasamninga í landinu. Um leið og það var gert gáfu stjórnvöld út yfirlýsingu um að þeim raforkufyrirtækjum sem gjaldsins höfðu notið yrði bættur tekjumissirinn að fullu. Voru fyrirheit stjórnvalda á þá leið, að áhrifum afnáms verðjöfnunargjaldsins yrði mætt með því að ríkissjóður yfirtæki skuldir fyrirtækjanna, þannig að þau gætu fjármagnað framkvæmdir af rekstrartekjum sínum.

Hluti skulda Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða og Rafveitu Siglufjarðar var yfirtekinn með samningum sem gerðir voru í febrúar 1987. Var hér um að ræða 1927 Mkr. hjá Rafmagnsveitum ríkisins, 538 Mkr. hjá Orkubúi Vestfjarða og 15 Mkr. hjá

Rafveitu Siglufjarðar. Þessar aðgerðir dugðu þó ekki og fyrirtækin þurftu áfram að taka lán vegna framkvæmda.

Með samningum, sem gerðir voru í júlí 1989 má segja að staðið hafi verið við þau fyrirheit, sem stjórnvöld gáfu árið 1986, þegar verðjöfnunargjald af raforku var fellt niður.

Samningar þessir fólu í sér, að ríkissjóður yfirtók lán frá Rafmagnsveitum ríkisins að fjárhæð 1415 Mkr. og Orkubúi Vestfjarða að fjárhæð 588 Mkr. auk þess sem Rafmagnsveiturnar fengu afhent á ný skuldabréf vegna sölu á raforkumarkaði á Suðurnesjum. Var það þá metið á um 1190 Mkr.

Á verðlagi hinn 1. september 1989 hafði þannig verið aflétt 7.044 Mkr. af raforkufyrirtækjunum. Miðað við breytingar á lánskjaravísitölu fram til 1. febrúar 1991 er hér um að ræða 8.186 Mkr.

Samningarnir í júlí 1989 leiddu til þess, að Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða gátu lækkað almenna heimilis- og iðnaðartaxta um 5% í kjölfarið í stað þess að hækka alla gjaldskrárliði um 10-15%, eins og áætlanir sýndu að hefði þurft að gera.

2.3 Olíustyrkir

Í kjölfar mikillar hækkunar á olíuverði á heimsmarkaði veturinn 1973-1974 voru sett lög um álagningu sérstaks gjalds til að draga úr áhrifum olíuverðshækkana. Tekjur af gjaldinu voru nýttar til þess að greiða svokallaða olíustyrki til þeirra sem notuðu olíu til hitunar íbúða sinna. Olíustyrkir voru greiddir allt fram á árið 1986. Með lögum um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar (nr. 53/1980), var réttur til olíustyrks takmarkaður, þannig að þeir sem áttu kost á hitaveitu, fjarvarmaveitu eða rafhitun áttu ekki rétt á olíustyrk.

2.4 Niðurgreiðsla á raforku til húshitunar.

Ríkissjóður byrjaði að greiða niður verð á raforku til húshitunar 1. október 1982. Þá var niðurgreiðslan 0,14 kr/kWh hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Ef niðurgreiðslan er færð til verðlags í febrúar 1991, jafngildir hún 1,02 kr/kWh. Frá 1. janúar árið 1985 hefur upphæð niðurgreiðslunnar verið 0,63 kr/kWh, sem jafngildir á verðlagi í febrúar 1991 1,90 kr/kWh. Á sama tíma hefur raforkuverðið lækkað. Þannig var orkugjaldið til húshitunar fyrir niðurgreiðslu 4,19 kr/kWh í janúar 1985, en er nú 3,00 kr/kWh. Með niðurgreiðslum og afslætti Landsvirkjunar (sjá næstu málsgrein) hefur orkuverðið hins vegar lækkað úr 2,29 kr/kWh í 2,21 kr/kWh. Niðurgreiðslan takmarkast við 40.000 kWh/ári. Þeir sem nota meiri orku til hitunar greiða nú 3,00 kr/kWh fyrir orku umfram 40.000 kWh/ári.

Í aprílmánuði árið 1988 samþykkti stjórn Landsvirkjunar að endurgreiða 0,25 kr/kWh til þeirra sem njóta fullrar niðurgreiðslu á rafhitun til að tryggja að rafmagn yrði áfram samkeppnisfært við olíuhitun. Afslátturinn var hækkaður 1. maí 1988 í 0,31 kr/kWh og hélst óbreyttur eftir það til 1. febrúar 1990, en þá var hann lækkaður í 0,16 kr/kWh.

Eins og fram kemur í kafla 4 er áætlað að Rarik þyrfti að hækka orkuverð til húshitunar um 0,37 kr/kWh til þess að standa undir kostnaði við orkukaup af Landsvirkjun og flutningi og dreifingu orkunnar til notenda.

Samkvæmt framansögðu er raforka til hitunar íbúðarhúsnæðis nú greidd niður um sem samsvarar 1,16 kr/kWh, (O,63 kr/kWh úr ríkissjóði, 0,16 kr/kWh af Landsvirkjun og 0,37 kr/kWh af Rarik). Þetta jafngildir því að hitunarkostnaður vísitöluhúsnæðisins hjá Rafmagnsveitum ríkisins sé greiddur niður um ríflega 31%. Við þetta mætti raunar bæta að ríkissjóður hefur yfirtekið umtalsverðar skuldir af rafveitum, annars vegar vegna byggðalína og hins vegar í tengslum við afnám verðjöfnunargjaldsins, sjá kafla 2.2. Í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskólans, "Orkuverð á Íslandi", sem stofnunin vann fyrir iðnaðarráðuneytið kemur fram að ríkissjóður hefur yfirtekið skuldir í meira eða

minna mæli af 3 rafveitum. Í skýrslunni er metið hversu miklu hærri gjaldskrár veitnanna hefðu þurft að vera árið 1989 ef ekki hefði komið til skuldayfirtöku. Stofnunin telur að þurft hefði að hækka húshitunartaxta Rafmagnsveitna ríkisins um 36,5% og Orkubús Vestfjarða um 45%, svo dæmi séu tekin.

2.5 Yfirtaka skulda vegna byggðalína.

Ríkissjóður hefur stuðlað að lægra heildsöluverði á raforku með því að yfirtaka hluta af kostnaði vegna byggðalína. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur reiknað út áhrif yfirtöku ríkissjóðs á hluta af skuldum raforkufyrirtækjanna, þar með talið vegna afnáms verðjöfnunargjaldsins sbr. kafla 2.2, og hluta kostnaðar við byggðalína, á smásöluverð á rafmagni hjá öllum rafveitum í landinu. Samkvæmt útreikningunum hefði meðalsmásöluverð hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Rafveitu Hafnarfjarðar og Hitaveitu Suðurnesja þurft að vera um 2,5% hærra en það var árið 1989, meðalsmásöluverð Rafmagnsveitna ríkisins um 20% hærra og Orkubús Vestfjarða um 27,5% hærra, ef ríkissjóður hefði ekki tekið á sig umræddar skuldir, og hækkun hjá öðrum veitum hefði þurft að vera á milli 3 og 14,5%.

2.6 Yfirtaka skulda af hitaveitum.

Margar þeirra hitaveitna, sem byggðar voru í kjölfar olíuverðhækkananna hafa átt í miklum fjárhagserfiðleikum.

Árin 1983-84 var létt skuldum af nokkrum veitum og aftur 1987, samanber eftirfarandi yfirlit.

Hitaveita Egilstaða og Fella fékk	6.000.000	kr. 1983
" " " fékk	2.500.000	kr. 1984
Hitaveita Seyðisfjarðar fékk	200.000	kr. 1983
" " fékk	200.000	kr. 1984
Hitaveita Svalbarðseyrar fékk	500.000	kr. 1983

Hitaveita Hríseyjar fékk	1.000.000 kr.	1983
Hitaveita Suðureyrar fékk	4.500.000 kr.	1983
" " fékk	2.000.000 kr.	1984
Hitav. Akran. og Borgarfj. fékk	220.000.000 kr.	1/1 1987
Hitaveita Akureyrar fékk	100.000.000 kr.	1/1 1987
Bæjarveitur Vestmannaeyja fengu	89.000.000 kr.	1/1 1987
Hitaveita Rangæinga fékk	48.000.000 kr	1/1 1987
" " fékk	20.000.000 kr	1/1 1990

Hitaveita Suðureyrar hefur gert samning við fjármálaráðuneytið um yfirtöku 22.000.000 kr skuldar á verðlagi 30/12 1988, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Yfirtakan hefur ekki farið fram.

Ekki hefur verið gerð úttekt á áhrifum þessa fjárstuðnings á gjaldskrár hitaveitnanna. Þær aðgerðir, sem gripið var til 1987 og síðar, miðuðu að því að hitaveiturnar gætu lækkað gjaldskrár sínar til samræmis við niðurgreidda gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins. Það hefur farið eftir, en hafa ber í huga að niðurgreiðslur úr ríkissjóði á húshitunarrafmagni hafa staðið óbreyttar þennan tíma, en Landsvirkjun hefur veitt afslátt af rafmagni til húshitunar frá 1. apríl 1988, eins og fram kemur í kafla 2.4.


3. Samanburður á orkuverði.

3.1 Heildsöluverð á raforku

Í aðalatriðum má skipta rafveitum í tvo hópa hvað orkukaup varðar. Annars vegar eru veitur sem kaupa rafmagn í heildsölu af Landsvirkjun og hins vegar þær veitur sem kaupa af Rafmagnsveitum ríkisins. Rafmagnsveitur ríkisins endurselja með öðrum orðum hluta af þeirri raforku sem þær kaupa af Landsvirkjun til nokkurra bæjarveitna. Landsvirkjun annar um 93% raforkuþarfar landsmanna, en um 85% af orkuþörfinni ef orkunotkun stóriðjufyrirtækjanna er undanskilin. Nokkrar veitur mæta því hluta af orkusölu með eigin vinnslu.

Á mynd 1 er sýnd þróun meðalverðs (forgangsorka og ótryggð orka) Landsvirkjunar á rafmagnssölu til almenningsveitna tímabilið 1980 til 1990, á verðlagi í desember 1990. Á fyrstu árum tímabilsins fór verðið hækkandi og náði hámarki árið 1984, en hefur síðan farið lækkandi og var á síðastliðnu ári svipað og árið 1980. Heildsöluverð forgangsorku er nú um 37% hærra en svokallaður langtíma jaðarkostnaður, þ.e. útreiknað orkuverð til almenningsveitna frá nýjum virkjunum.

Meðalverð Landsvirkjunar á rafmagnssölu til almenningsveitna 1980 til 1990.
Leiðrétt miðað við vísitölu byggingarkostnaðar, desember 1990.



Mynd 1

Í lögunum um Landsvirkjun er kveðið á um að sama gjaldskrá skuli gilda um afhendingu rafmagns á öllum afhendingarstöðum fyrirtækisins, en þeir eru 23 talsins. Sex stærstu veiturnar kaupa raforku beint frá Landsvirkjun, aðrar rafveitur kaupa af Rafmagnsveitum ríkisins. Rafmagnsveiturnar selja einnig rafmagn eftir sömu gjaldskrá til sinna viðskiptavina, þó er í nýjustu gjaldskrá fyrirtækisins, sem tók gildi um síðustu áramót, veitt heimild til sérsamninga við bæjarveiturnar. Tíu veitur kaupa af

Rafmagnsveitum ríkisins, þar af hafa sjö veitur gert sérsamninga um raforkukaupin. Heildsölugjaldskrá Rafmagnsveitnanna er 24,1% hærri í aflkaupum og 10,3% hærri í orkukaupun en gjaldskrá Landsvirkjunar. Álagningunni er ætlað að standa undir kostnaði við flutning raforkunnar frá afhendingarstöðum Landsvirkjunar að afhendingarstöðum Rafmagnsveitnanna. Að mati Rafmagnsveitna ríkisins þyrfti álagningin að vera um 38,6% vegna afls og 16,6% vegna orku til að standa undir öllum kostnaði. Eins og fram kemur í 1. kafla hefur að tillögu nefndarinnar verið sent erindi til Landsvirkjunar þar sem óskað er eftir að fyrirtækið veiti Rafmagnsveitum ríkisins sérstakan afslátt sem nemi kostnaði við flutning raforku til Bæjarveitna Vestmannaeyja umfram meðalkostnað við flutning til annarra bæjarveitna sem kaupa rafmagn af Rafmagnsveitum ríkisins. Fáist hann ekki verður að gera ráð fyrir því að hækka þurfi heildsölugjaldskrá Rafmagnsveitnanna.

3.2 Smásöluverð á raforku.

Á undanförnum árum hefur smásöluverð á raforku farið lækkandi. Hafa verður þó í huga að á árunum 1983 og 1984 hækkaði verð á raforku í smásölu verulega í kjölfar hækkana hjá Landsvirkjun. Á myndum 2 og 3 er sýndur samanburður á orkuverði Rafmagnsveitna ríkisins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur á árunum 1981-1991, annars vegar til almennra nota (A1) en hins vegar aflmæling (B1) til véla- og iðnaðarnotkunar. Á myndunum kemur einnig fram verðþróunin á þessum árum miðað við að öll verð séu uppfærð til verðlags í janúar 1991 og er þróun á vísitölu byggingarkostnaðar notuð til viðmiðunar. Í töflum 1, 2 og 3 eru sömu upplýsingar og á myndunum nema þar í formi talna.

Eins og áður hefur komið fram var verðjöfnunargjald lagt á raforku fram á árið 1986. Á þessum árum var gjaldið 19% fram til ársloka 1984 og 16% eftir það til febrúarloka 1986, en þá var það fellt niður. Verðjöfnunargjaldið er því innifalið í orkuverðinu fram á árið 1986 og ber að hafa það í huga við samanburð á verðinu í dag og á þeim tíma þegar gjaldið var innifalið.

Í fylgiskjali 3 er ítarlegur samanburður á raforkuverði samkvæmt gjaldskrá rafveitna hér á landi eins og þær voru í janúar 1991. Samanburðurinn er unnin af skrifstofu Sambands íslenskra rafveitna.

Á myndum 2 og 3 og töflum 1, 2 og 3 kemur m.a. fram:


Almenn notkun:

Hér er um að ræða rafmagn til allrar almennrar notkunar á heimilum utan hitunar húsnæðis og neysluvatns. Eins og áður sagði hækkaði raforkuverð verulega á árunum 1983 og 1984, en hefur síðan farið lækkandi smám saman. Er það nú orðið aðeins lægra að raungildi en það var 1981-1982, en þó með þeim fyrirvara að þá var 19% verðjöfnunargjald innheimt. Mismunur á raforkuverði á milli Rafmagnsveitna ríkisins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur var um 25% á árunum 1981-1984, en jókst eftir það og náði hámarki 1988, eða 35,8%. Síðan hefur hann minnkað og var kominn niður í 22,5% í janúar 1991.

Samanburður á orkuverði

RARIK og Rafmv. Reykjavíkur

Almenn notkun (A1)



Miðað við BVT jan. 1991

Verð með sköttum 1. jan. ár hvert

Mynd 2

TAFLA 1

Ár	Heimilistaxti (A1) RR kr/kWh	Heimilistaxti (A1) RARIK kr/kWh	Mism.	Iðnaðartaxti (B1) RR kr/kWh	Iðnaðartaxti (B1) RARIK kr/kWh	Mism
1981	0,56	0,71	25,5%	0,26	0,43	65,5%
1982	0,80	1,00	24,8%	0,43	0,61	41,2%
1983	1,80	2,24	24,6%	0,97	1,37	41,5%
1984	3,46	4,32	24,8%	1,85	2,62	41,6%
1985	3,88	5,16	33,2%	2,04	3,11	52,7%
1986	4,54	5,93	30,6%	2,41	3,58	48,6%
1987	3,82	5,07	32,7%	2,04	3,06	50,2%
1988	4,74	6,44	35,8%	2,53	3,87	53,2%
1989	5,38	7,13	32,7%	3,06	4,30	40,5%
1990	6,28	8,06	28,4%	3,80	4,83	27,1%
1991	6,91	8,47	22,5%	4,47	5,08	13,6%

Forsendur: 4000 kWh heimilisnotkun/ári
4000 h nýtingartími /100 kW iðnaðartaxti
Verð með sköttum, í janúar ár hvert

Raungildi miðað við byggingarvísitölu

TAFLA 2

Ár	Heimilistaxti (A1) RR kr/kWh	Heimilistaxti (A1) RARIK kr/kWh		Iðnaðartaxti (B1) RR kr/kWh	Iðnaðartaxti (B1) RARIK kr/kWh	Vísitala
1981	7,51	9,43	1981	3,46	5,73	13,2
1982	7,36	9,19	1982	3,95	5,58	19,2
1983	10,17	12,67	1983	5,46	7,73	31,3
1984	12,61	15,73	1984	6,75	9,56	48,4
1985	11,83	15,76	1985	6,21	9,49	57,8
1986	10,26	13,40	1986	5,45	8,09	78,1
1987	7,36	9,77	1987	3,92	5,89	91,6
1988	7,75	10,53	1988	4,13	6,33	107,9
1989	7,57	10,04	1989	4,30	6,05	125,4
1990	6,94	8,91	1990	4,21	5,35	159,6
1991	6,91	8,47	1991	4,47	5,08	176,5

Verðþróun miðað við byggingarvísitölu

TAFLA 3

Ár	Heimilistaxti (A1) RR Jan. 1981 = 100	Heimilistaxti (A1) RARIK Jan. 1981 = 100	Iðnaðartaxti (B1) RR Jan. 1981 = 100	Iðnaðartaxti (B1) RARIK Jan. 1981 = 100
1981	100	100	100	100
1982	98	97	114	97
1983	135	134	158	135
1984	168	167	195	167
1985	158	167	180	166
1986	137	142	157	141
1987	98	104	113	103
1988	103	112	119	111
1989	101	106	124	106
1990	92	95	122	93
1991	92	90	129	89

Aflmæling:

Hér er um að ræða rafmagn til allrar meiriháttar véla- og iðnaðarnotkunar. Ákvæði um þennan gjaldskrárlið eru mjög breytileg, t.d. eru lágmarks aflkaup samkvæmt gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins 15 kW, en 30 kW hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Hjá Rafmagnsveitum ríkisins má sammæla alla notkun á vélataxta en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur þarf afltoppur að ná 100 kW til að það megi.

Hjá Rafmagnsveitum ríkisins er aflgjaldið ákveðið samkvæmt mælingu miðað við hæstu meðalgildi á 15 mínútna afli í hverjum mánuði og gjaldskylt afl er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargildanna.

Hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur er hins vegar miðað við hæsta meðalgildi á 15 mínútna afli á árinu. Því greiða fyrirtæki sem kaupa rafmagn af Rafmagnsveitu Reykjavíkur að jafnaði fyrir meira afl en fyrirtæki sem kaupa af Rafmagnsveitum ríkisins. Fyrir nokkru var kannað hverju munaði ef gjaldtoppur viðskiptavina Rafmagnsveitnanna væri ákvarðaður sem hæsta mánaðargildi í stað meðaltals fjögurra hæstu mánaðargilda. Niðurstaðan varð að slíkt sölufyrirkomulag hefði gefið fyrirtækinu um 5% meiri tekjur. Hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur greiða fyrirtækin auk þess fastagjald sem er 44.447 kr á ári. Hjá fyrirtæki sem greiðir fyrir 30 kW afl (lágmarksafl) og er með 4.000 st. nýtingartíma er fastagjaldið 0,37 kr/kWh. Það er því mjög erfitt að gera einhlítan samanburð á orkuverði samkvæmt þessum gjaldskrárlið.

Raforkuverð á þessum taxta hækkaði einnig á árunum 1983 og 1984, en hefur síðan farið lækkandi. Er verðið nú orðið mun lægra hjá Rafmagnsveitum ríkisins en það var 1981, en þó með þeim fyrirvara eins og áður að þá var 19% verðjöfnunargjald innheimt. Hins vegar hefur verðið hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur ekki lækkað að sama skapi og er reyndar tæplega 30% hærra en 1981 þrátt fyrir niðurfellingu á verðjöfnunargjaldinu 1986. Hefur verðið farið hækkandi á undanförnum árum eða


frá 1987. Er skýringar að leita í gjaldskrárbreytingu Landsvirkjunar um sl. áramót en Rafmagnsveita Reykjavíkur hefur þurft að aðlaga afltaxtann verulega hinni nýju gjaldskrá.

Mismunur á raforkuverði á milli Rafmagnsveitna ríkisins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur var mjög mikill fyrir 10 árum síðan, eða 65,5% og hafði reyndar komist í um 88% nokkru áður. Mismunurinn hefur minnkað síðan sérstaklega á síðustu árum og er nú aðeins 13,6% miðað við gefnar forsendur. Ef tekið er tillit til þess að afltoppur er ákvarðaður með mismunandi hætti verður munurinn minni, eða um 8,6%. Ljóst er að verulega hefur dregið saman um verð skv. þessum flokki hjá þessum tveimur fyrirtækjum á undanförnum árum.

Samanburður á orkuverði

RARIK og Rafmv. Reykjavíkur

Aflmæling (B1)



Miðað við BVT jan. 1991

Verð með sköttum 1. jan. ár hvert

Mynd 3

3.3 Húshitun.


Orkunotkun til húshitunar er mikil á Íslandi. Það lætur nærri að við útreikning á vísitölu framfærslukostnaðar sé miðað við að orkunotkun til upphitunar sé 8,5 falt meiri en almenn raforkunotkun (lýsing, matseld og heimilistæki). Útgjöld "vísitölufjölskyldunnar" vegna upphitunar er hins vegar einungis um 1,5 falt hærri en útgjöld vegna almennrar raforkunotkunar. Húshitunarorka er því miklu ódýrari en raforka til almennra nota. Ástæðan er einkum sú að stór hluti þjóðarinnar á kost á mjög ódýrum jarðvarma til upphitunar. Um 62% þjóðarinnar búa við orkuverð til húshitunar sem er um eða innan við ein króna á kílówattstund ("Reykjavíkurverð" eða lægra). Svo lágt orkuverð þekkist ekki annars staðar á Vesturlöndum. Þeir sem kaupa rafmagn til hitunar hjá Rafmagnsveitum ríkisins eða Orkubúi Vestfjarða þurfa hins vegar að greiða um 2,5 krónur á kílówattstund. Í þessu sambandi ber þó að hafa í huga að allur samanburður á orkuverði til húshitunar er mjög erfiður. Orkuberarnir; olía, rafmagn og heitt vatn, eru mjög ólíkir og uppbygging gjaldskráa hitaveitnanna sömuleiðis. Þessi munur á hitunarkostnaði er undirrót krafna um jöfnun orkukostnaðar í landinu, enda snúast umræðurnar nú fyrst og fremst um jöfnun á orkuverði til upphitunar.

Á mynd 4 er sýnt hvernig orkuverð til hitunar hefur þróast á þessum áratug, miðað við olíukyndingu, rafhitun frá Rafmagnsveitum ríkisins með niðurgreiðslum, og hitun með vatni frá tveimur hitaveitum, Hitaveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Myndin sýnir að orkuverð til húshitunar á föstu verðlagi hefur farið lækkandi frá og með árinu 1984, ef lítils háttar hækkun á olíukyndingu undanfarin tvö ár er undanskilin.

Á mynd 5 er gerð tilraun til að bera saman orkuverð í árslok 1990 til hitunar íbúðarhúsnæðis. Það skal ítrekað að ekki er unnt að gera nákvæman samanburð á orkuverði til húshitunar. Myndin sýnir að orkuverð hjá dýrustu hitaveitunum, sem byggja á jarðvarma, er mjög svipað og niðurgreitt rafmagnsverð til hitunar og heitt

vatn frá hitaveitum sem byggja á raforku. Orkuverð hjá flestum eldri hitaveitnanna, sem byggja á jarðvarma og hafa náð að greiða niður stofnkostnað, er hins vegar mun lægra.

Orkukostnaður við hitun íbúðarhúsnæðis 1980 til 1990.
Verðlag í desember 1990.
Leiðrétt miðað við vísitölu byggingarkosnaðar.



• : Olía án olíustyrks

* : Hitaveita Reykjavíkur


▪ : RARIK með niðurgr og afslætti LV

□ : Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar

Mynd 4

Rétt er að benda á að í nálega tvo áratugi hefur ekki verið lagður söluskattur, nú virðisaukaskattur, á orku til húshitunar. Sömuleiðis var raforka til húshitunar undanþegin verðjöfnunargjaldi. Stefna stjórnvalda hefur því verið að lækka upphitunarkostnað landsmanna.

Verð á húshitunarorku (með niðurgreiðslum) til notenda við árslok 1990.



Mynd 5


4. Verðmyndun raforku til húshitunar hjá Rafmagnsveitum ríkisins.

4.1 Núverandi gjaldskrá.

Súlurit um tekjur og tilkostnað af húshitunartaxta C1, mynd 6, skýrir á myndrænan hátt eftirfarandi:

1) Tekjur Rafmagnsveitna ríkisins, þar með taldar niðurgreiðslur, af sölu samkvæmt taxta C1, stólpinn vinstra megin.

2) Tilkostnað Rafmagnsveitna ríkisins af sölu samkvæmt taxta C1, þ.e. orkuöflunarkostnaður, tilkostnaður vegna stofnlínukerfa og tilkostnaður vegna innanbæjarkerfa, stólpinn hægra megin.



Mynd 6

Miðað er við gjaldskrá frá 01.01.1991, og gert er ráð fyrir 33.427 kWh ársnotkun, (meðalnotanda Rafmagnsveitnanna).

Að öðru leyti eru eftirfarandi forsendur notaðar:

1) Tekjur:

a) Afsláttur Landsvirkjunar.

Landsvirkjun greiðir niður orku til húshitunar um 0,16 kr/kWh.

b) Niðurgreiðsla ríkissjóðs.

Ríkissjóður greiðir niður orku til húshitunar um 0,63 kr/kWh, þó að hámarki 40.000 kWh á ári á notanda.

c) Greiðsla notanda.

Raforkuverð skv. taxta C1 er 3,35 kr/kWh miðað við 33.427 kWh/ári, þegar tillit hefur verið tekið til fastagjalds. Að frádregnum afslætti Landsvirkjunar og ríkissjóðs verður grunngjald til notanda þá 2,56 kr/kWh.

d) Niðurgreiðsla Rafmagnsveitna ríkisins.

Tilkostnaður Rafmagnsveitna ríkisins vegna öflunar, flutnings og dreifingar orku til húshitunar er 3,72 kr/kWh, (sjá lið 2). Heildartekjur Rafmagnsveitnanna eru hins vegar 3,35 kr/kWh, þannig að þær greiða orkuna niður sem nemur mismuninum, eða 0,37 kr/kWh.

2) Tilkostnaður:

a) Orkuöflun, afsláttur Landsvirkjunar.

Af orkuöflunarkostnaði Rafmagnsveitnanna endurgreiðir Landsvirkjun nokkurn hluta, í formi afsláttar, (sjá 1 a). Er sú hlutdeild 0,16 kr/kWh.

b) Orkuöflun frá Landsvirkjun.

Miðað er við meðalverð forgangsorku frá Landsvirkjun. Þar er notuð áætlun Rafmagnsveitna ríkisins um orkuviðskiptin árið 1991 og miðað við verð skv. gjaldskrá Landsvirkjunar frá 01.01.1991, sem gildir í dag, og fundið meðalverð allrar forgangsorku. Verður orkuverðið skv. því 2,39 kr/kWh. Við það er bætt einum eyri sem talinn er vera kostnaður vegna stýringar topps. Frá því þarf svo að draga niðurgreiðslu Landsvirkjunar um 0,16 kr/kWh og fæst þá verðið 2,24 kr/kWh.

c) Orkuöflun, vegna tapa.

Hlutfall orkutapa í smásölu orku er 12%. Því verður hlutur tapa í orkuverðinu 12% af óniðurgreiddu verði Landsvirkjunar, eða 0,29 kr/kWh.

d) Vegna stofnlínukerfis.

Tilkostnaður Rafmagnsveitnanna vegna stofnlínukerfa felst í fjármagns- og rekstrarkostnaði af stofnlínukerfum þeirra. Er stuðst við niðurstöður athugunar á álagningarþörf Rafmagnsveitnanna vegna heildsölu frá desember 1987 og notuð sú niðurstaða sem þar fæst, að frádregnum þætti tapakostnaðar í álagningarþörfinni. Miðað er við 6% reiknivexti, sem svarar til 0,81 kr/kWh, fært á vísitölu byggingarkostnaðar 184, en það er sú vísitala sem Landsvirkjun reiknar með í rekstraráætlun sinni fyrir 1991, og gjaldskrárákvörðun hennar miðast við.

e) Vegna dreifingar.

Tilkostnaður vegna dreifingar í innanbæjarkerfi felst í fjármagns- og rekstrarkostnaði af innanbæjarkerfum. Er þá jafnframt miðað við að orka til húshitunar beri aðeins jaðarkostnað vegna hennar. Ekki liggja fyrir nýjar tölur um þennan kostnað, þannig að hér er byggt á eldri gögnum. Úr húshitunaráætlun frá 1975 og skýrslu frá 24.11.1980 fæst kostnaður vegna innanbæjarkerfa fyrir utan töp 1,4 gkr/kWh á verðlagi í nóvember 1980. Sá tilkostnaður svarar í dag til 0,22 kr/kWh, uppfært með vísitölu byggingarkostnaðar.

4.2 Staðan eftir að heildsöluverð Landsvirkjunar hefur lækkað í langtíma jaðarkostnað

Súlurit um tekjur og tilkostnað af húshitunartaxta C1, mynd 7, skýrir eftirfarandi:

1) Tekjur Rafmagnsveitna ríkisins, þar með taldar niðurgreiðslur af sölu samkvæmt taxta C1, stólpinn vinstra megin.


2) Tilkostnað Rafmagnsveitna ríkisins af sölu samkvæmt taxta C1, þ.e. orkuöflunarkostnaður, tilkostnaður vegna stofnlínukerfa og tilkostnaður vegna innanbæjarkerfa, stólpinn hægra megin.

Miðað er við að grunnverð orku frá Landsvirkjun sé á langtíma jaðarkostnaði og gjaldskrárliður C1 samsvari tilkostnaði Rafmagnsveitna ríkisins vegna sölunnar. Gert er ráð fyrir 33.427 kWh ársnotkun, (meðalnotanda Rafmagnsveitnanna).

Að öðru leyti eru eftirfarandi forsendur notaðar:

1) Tekjur:

a) Niðurgreiðsla ríkissjóðs.



Mynd 7

Ríkissjóður greiðir niður orku til húshitunar um 0,63 kr/kWh.

b) Greiðsla notanda.

Tilkostnaður Rafmagnsveitnanna samkvæmt þeim forsendum sem gengið er út frá er 2,99 kr/kWh. Óniðurgreitt raforkuverð, með fastagjaldi, þarf því einnig að vera 2,99 kr/kWh. Hlutur notandans í verðinu verður því 2,36 kr/kWh.

2) Tilkostnaður:

a) Orkuöflun frá Landsvirkjun.

Miðað er við mat á langtíma jaðarkostnaði orku, sem fram kemur í lokaskýrslu svokallaðs VOR hóps frá 1990, þar sem hann er talinn vera 1,52 kr/kWh miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 159,6 stig. Fært á vísitölu 184 stig, sem er áætluð meðalvísitala 1991 í rekstraráætlun Landsvirkjunar, verður langtíma jaðarkostnaður 1,75 kr/kWh. Telst það vera orkuöflunarkostnaður vegna endursölu.

b) Orkuöflun, vegna tapa.

Hlutfall orkutapa í smásölu orku er 12%. Því verður hlutur tapa í orkuverðinu 12% af grunnverðinu, eða 0,21 kr/kWh.

c) Vegna stofnlínukerfis.

Tilkostnaður Rafmagnsveitnanna vegna stofnlínukerfa felst í fjármagns- og rekstrarkostnaði af stofnlínukerfum þeirra. Er stuðst við niðurstöður athugunar á álagningarþörf Rafmagnsveitnanna vegna heildsölu frá desember 1987 og notuð sú niðurstaða sem þar fæst, að frádregnum þætti tapakostnaðar í álagningarþörfinni. Miðað er við 6% reiknivexti, sem svarar til 0,81 kr/kWh, fært á vísitölu byggingarkostnaðar 184, en það er sú vísitala sem Landsvirkjun reiknar með í rekstraráætlun sinni fyrir 1991, og gjaldskrárákvörðun hennar miðast við.

d) Vegna dreifingar.

Tilkostnaður vegna dreifingar í innanbæjarkerfi felst í fjármagns- og rekstrarkostnaði af innanbæjarkerfum. Er þá jafnframt miðað við að orka til húshitunar beri aðeins jaðarkostnað vegna hennar. Ekki liggja fyrir nýjar tölur um þennan kostnað, þannig að hér er byggt á eldri gögnum. Úr húshitunaráætlun frá 1975 og skýrslu frá 24.11.1980 fæst kostnaður vegna innanbæjarkerfa fyrir utan töp 1,4 gkr/kWh á verðlagi í nóvember 1980. Sá tilkostnaður svarar í dag til 0,22 kr/kWh, uppfært með vísitölu byggingarkostnaðar.

5. Verðmyndun á heitu vatni frá völdum hitaveitum.

Það er nokkrum erfiðleikum bundið að gefa yfirlit yfir verðmyndun á heitu vatni frá hitaveitum. Þær eru byggðar á mismunandi tíma og byggingakostnaður og fjárhagsstaða mjög margbreytileg. Hjá hitaveitunum er orkuöflun og orkudreifing nær undantekningarlaust á einni hendi, ólíkt því sem er hjá rafveitunum. Í grófum dráttum má segja að fjárfestingarkostnaður í orkuöflunarmannvirkjum sé 40-60%. Eldri veiturnar liggja við neðri mörkin og þær nýrri við þau efri. Dreifikerfi eru þá 60-40% af fjárfestingunni.


Hér eru tekin dæmi um Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar (HAB) og Hitaveitu Akureyrar (HA), þær voru byggðar á svipuðum tíma og hafa átt í miklum fjárhagserfiðleikum.

Kostnaðarskiptingin er, sjá mynd 8, samkvæmt áætlun fyrir 1990:


	HAB	HA
	%	%
Almennur rekstur	23,3	21,4
Fjárfestingar	3,8	9,0
Vextir	59,8	58,0
Afborganir	13,2	11,6


Fjárfestingar HAB eru nær eingöngu viðbætur við dreifikerfi. Hluti fjárfestingar HA er vegna leitar að heitu vatni og tilraunaborana.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar



Hitaveita Akureyrar





Mynd 8

6. Kostnaður ríkissjóðs og Landsvirkjunar vegna aukinnar niðurgreiðslu á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis.

Hér á eftir verður reynt að meta kostnað ríkissjóðs og Landsvirkjunar við að auka niðurgreiðslur á orku til hitunar íbúðarhúsnæðis, samkvæmt tillögum meirihluta nefndarinnar. Matið verður einskorðað við niðurgreiðslu á raforku, enda miða tillögur að lækkun á hitunarkostnaði hjá þeim sem nota jarðvarma frá "dýrum" hitaveitum við skuldbreytingar, aukningu eiginfjár, skuldayfirtöku eða aðrar óbeinar aðgerðir.

Við útreikninga er miðað við eftirfarandi forsendur:

1. Öll niðurgreiðslan komi á fyrstu 30.000 kWh/íbúð á hverju ári.
2. Miðað er við að öll niðurgreiðslan fari til að lækka orkugjaldið, en fastagjaldið verði óbreytt.
3. Miðað er við að hitunarkostnaður vísitöluhúsnæðisins, miðað við "eðlilega" orkunotkun verði ekki hærri en 5.000 kr/mánuði eða 60.000 kr á ári.
4. Miðað er við að afsláttur Rarik, sem er 0,37 kr/kWh, hverfi í áföngum á tveimur árum.
5. Gert er ráð fyrir að Landsvirkjun lækki gjaldskrá sína niður í langtíma jaðarkostnað í áföngum á þremur árum. Hann er fyrir almenningsveitur um 1,75 kr/kWh, en meðalverð forgangsorku til almenningsveitna er 2,40 kr/kWh. Lækkunin er því 0,65 kr/kWh. Miðað er við að orkutöp (samtals 12%) séu einnig á niðurgreiddu verði. Gert er ráð fyrir að aukinn afsláttur Landsvirkjunar bætist í þremur áföngum ofan á 0,16 kr/kWh.
6. Gert er ráð fyrir að auknar niðurgreiðslur ríkissjóðs bætist í þremur áföngum ofan á 0,63 kr/kWh.
7. Miðað er við að raforkunotkun til hitunar íbúðarhúsnæðis hjá rafveitum og rafkyntum hitaveitum sé 362 GWh/ári og þar af verði niðurgreiddar 290 GWh/ári, miðað við að niðurgreiðslur nái til 30.000 kWh/íbúð/ári. Samtals er

raforkunotkun rafkyntra hitaveitna um 47 GWh/ári, en um 38 GWh/ári miðað við 30.000 kWh hámarkið.

8. Til einföldunar er miðað við að allir greiði skv. taxta Rarik.

Gjaldskrá Rafmagnsveitnanna í dag er:

Orkugjald 3,00 kr/kWh
Fastagjald 11.600 kr/ári
Niðurgreiðslur úr ríkissjóði að 40.000 kWh/ári er 0,63 kr/kWh
Afsláttur Landsvirkjunar að 40.000 kWh/ári er 0,16 kr/kWh

Kostnaður við hitun vísitöluhúsnæðisins (35.420 kWh/ári), með raforku frá Rafmagnsveitum ríkisins, er samkvæmt þessu 89.878 kr/ári og orkuverðið 2,54 kr/kWh.

Eins og fram kemur í 4. kafla greiða Rafmagnsveitur ríkisins rafhitunartaxtann niður um 0,37 kr/kWh. Samkvæmt því og miðað við að hvorki væri um niðurgreiðslur úr ríkissjóði eða afslátt frá Landsvirkjun að ræða mundi kosta 130.965 kr/ári að hita vísitöluhúsnæðið, sem jafngildir því að orkuverðið væri 3,70 kr/kWh. Nú er því hitunarkostnaður vísitöluhúsnæðisins lækkaður um rúmlega 31%, með niðurgreiðslum og millifærslum innan orkugeirans.

Miðað við að hitunarkostnaður vísitöluhúsnæðisins fari niður í 5.000 kr/mánuði, eða 60.000 kr/ári, jafngildir það að orkuverðið sé 1,69 kr/kWh.

Til þess að ná því markmiði má gera ráð fyrir að kostnaður Landsvirkjunar miðað við framangreindar forsendur verði um 180 milljónir króna á ári, eftir að markmiðinu er náð. Á þessu ári er afsláttur Landsvirkjunar áætlaður rúmlega 50 milljónir króna. Það þarf því að auka afsláttinn um 130 milljónir króna. Við þá útreikninga er að sjálfsögðu ekki gert ráð fyrir að veittur sé afsláttur til rafkyntra hitaveitna, enda kaupa þær ótryggt rafmagn.

Til þess að ná því markmiði sem tillagan miðar að má gera ráð fyrir að kostnaður ríkissjóðs miðað við framangreindar forsendur sé um 470 milljónir króna á ári. Á þessu ári eru ætlaðar 260 milljónir króna til niðurgreiðslna á orku til hitunar, þar af má ætla að um 250 milljónir séu vegna niðurgreiðslu á raforku. Það vantar því um 220 milljónir á ári til þess að framangreindu markmiði verði náð. Niðurstöður þessara útreikninga eru dregnar saman í eftirfarandi töflu:

	Niðurgreiðslur eða millifærslur alls	Aukning
Ríkissjóður	470 Mkr	220 Mkr
Landsvirkjun	180 Mkr	130 Mkr
Samtals	650 Mkr	350 Mkr

Áætluð skipting milli ára:

	Ríkissjóður	Landsvirkjun
1991	250 + 35 = 285 Mkr	50 + 25 = 75 Mkr
1992	250 + 110 = 360 Mkr	50 + 65 = 115 Mkr
1993	250 + 185 = 435 Mkr	50 + 110 = 160 Mkr
1994	250 + 220 = 470 Mkr	50 + 130 = 180 Mkr

Helstu heimildir:

1. Orkustofnun: Orkuverð á Íslandi 1989, OS-90004/OBD-01, febrúar 1990.
2. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands: Orkuverð á Íslandi, skýrsla til iðnaðarráðuneytisins, júní 1990.

Fylgiskjal 1

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ
ARNARHVOLI, REYKJAVÍK

Eiður Guðnason, alþingismaður
Kúrlandi 24
108 Reykjavík

TILV. RÁÐUNEYTIS DAGS.
I/031.1 1. október 1990

Með vísun til álits iðnaðarnefndar efri deildar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun, á þingskjali 1210, og umræðna um málið á þingi, hefur verið ákveðið að skipa nefnd til að gera tillögur um verðjöfnun á raforku og undirbúa frumvarp til laga um það efni.

Hér með eruð þér, hr. alþ.m., skipaðir í framangreinda nefnd og yður jafnframt falið að gegna þar formennsku. Er þess óskað að nefndin ljúki störfum við allra fyrstu hentugleika.

Eftirtalin eru skipuð í nefndina, skv. tilnefningum þingflokkanna:
* Eiður Guðnason, alþ.m., Kúrlandi 24, 108 Reykjavík, formaður.
* Þorvarður Hjaltason, kennari, Laufhaga 13, 800 Selfossi.
* Óli Þ. Guðbjartsson, ráðherra, Sólvöllum 7, 800 Selfossi.
varam.: Guðmundur Ágústsson, alþ.m., Sólheimum 18, 104 Reykjavík.
* Jón Helgason, alþ.m., Granaskjóli 26, 107 Reykjavík.
* Sveinbjörn Jónsson, framkv.stj., Hjallavegi 21, 430 Suðureyri.
varam.: Knútur A. Hilmarsson, tæknifr., Laugarnesvegi 106, 105 Reykjavík.
* Danfríður Skarphéðinsdóttir, alþ.m., Kringlunni 61, 103 Reykjavík.
varam.: Sigríður L. Baldursdóttir, eðlisfr., Funafold 52, 112 Reykjavík.
* Birgir Ísl. Gunnarsson, alþ.m., Fjölnisvegi 15, 101 Reykjavík.
* Pálmi Jónsson, alþ.m., Bólstaðarhlíð 31, 105 Reykjavík.

Eftirtaldir munu starfa með nefndinni:
* Jóhann Már Maríusson, aðstoðarforstjóri, Brúnalandi 34, 108 Reykjavík.
* Jón Ingimarsson, verkfræðingur, Reynihlíð 8, 103 Reykjavík.
* Steinar Friðgeirsson, forstöðumaður, Reyðarkvísl 24, 110 Reykjavík.

Fyrsti fundur nefndarinnar verður haldinn föstudaginn 5. þ.m. kl. 14:00 í iðnaðarráðuneytinu Arnarhvoli.

Þóknun fyrir störf nefndarinnar verður ákveðin að starfslokum af "þóknananefnd fjármálaráðuneytisins".

D 497 Gutenberg

Orkuverðsjöfnunarnefnd

Fylgiskjal 2

Reykjavík, 18. desember 1990

Hr. Jón Sigurðsson, iðnaðarráðherra
Iðnaðarráðuneytið
Arnarhváli
150 Reykjavík

Efni: Heildsöluverð raforku

Á fundum nefndarinnar hefur nokkuð verið fjallað um heildsölu á raforku. Í aðalatriðum má skipta rafveitunum í tvo hópa hvað orkukaup varðar. Annars vegar veitur sem kaupa rafmagn í heildsölu af Landsvirkjun og hins vegar þær sem kaupa af Rafmagnsveitum ríkisins. Nokkrar veitur mæta hluta af orkusölu með eigin vinnslu.

Raforka í heildsölu samkvæmt gjaldskrá Rarik hefur verið um 12,7% hærri en gjaldskrá Landsvirkjunar, miðað við sömu afhendingarspennu. Vegna þess að allar veiturnar sem kaupa í heildsölu af Rarik, að Bæjarveitum Vestmannaeyja undanskilinni, hafa fengið raforkuna afhenta á spennu undir 33 kV, hefur munurinn þó verið meiri eða 18,3%. Ástæða þessa munar er fyrst og fremst sú að Rarik aflar meginhluta raforkunnar, sem fyrirtækið selur, með kaupum frá Landsvirkjun og þarf því að leggja á verðið frá Landsvirkjun til að mæta kostnaði við flutning orkunnar til rafveitnanna, sem kaupa af fyrirtækinu.

Í lögunum um Landsvirkjun er kveðið á um að sama gjaldskrá skuli gilda um afhendingu rafmagns á öllum afhendingarstöðum. Rafmagnsveitur ríkisins hafa einnig selt raforku í heildsölu til rafveitna sveitarfélaganna á sama verði. Kostnaði við flutning vegna heildsölu á rafmagni hefur þannig verið jafnað að nokkru leyti.

Vegna þeirra formbreytinga á gjaldskrá Landsvirkjunar sem taka gildi um áramótin hefur Rarik tekið saman skýrslu um heildsölumál fyrirtækisins. Þar kemur fram að umtalsverður munur er á kostnaði vegna flutnings raforku frá afhendingarstöðum Landsvirkjunar til rafveitna sveitarfélaganna og sker Bæjarveita Vestmannaeyja sig úr með háan kostnað. Hækkun til Bæjarveitna Vestmannaeyja, frá núgildandi gjaldskrá Rarik, þyrfti að vera 17,1% og 2 til 5% til annarra veitna til að standa undir flutningskostnaði.

Þær rafveitur sem kaupa af Rafmagnsveitum ríkisins hafa bent á að í raun taki þær fyrst þátt í jöfnun í raforkukerfi Landsvirkjunar og síðan sé kostnaði Rarik vegna flutnings til þeirrar jafnað niður á þær. Nefndin telur því sterk rök hníga að því að miklum kostnaði vegna flutnings raforku til Vestmannaeyja verði dreift á alla raforkusölu til almenningsrafveitna, en ekki einvörðungu á viðskiptavini Rarik. Í því sambandi hefur verið bent á þá leið að Landsvirkjun veiti Rarik sérstakan afslátt vegna orkukaupa Bæjarveitna Vestmannaeyja.

Á fundi nefndarinnar 22. nóvember var þetta rætt. Þar var nefnd sú leið að óska eftir því við Landsvirkjun að veittur verði afsláttur, sem nemi kostnaði við flutning raforkunnar til Vestmannaeyja umfram meðalflutningskostnað í raforkukerfi Rarik til annarra sveitarfélagaveitna. Í framhaldi af fundinum var kannað hvað þetta myndi kosta Landsvirkjun og hvaða áhrif það hefði á heildsölugjaldskrá Rarik. Miðað við orkukaup Bæjarveitna Vestmannaeyja á síðast liðnu ári mundi afslátturinn verða um 13,8 milljónum króna á ári, eða sem jafngildir 0,33 kr/kWh af sölu til Vestmannaeyja.

Fallist Landsvirkjun á þetta hefur stjórn Rarik samþykkt að setja gjaldskrá, sem ætla má að gefi fyrirtækinu 328,7 Mkr í tekjur á ári af sölu til rafveitna sveitarfélaga. Rarik í heild muni þannig bera álíka kostnað vegna heildsölunnar og Landsvirkjun vegna Vestmannaeyja, eða 14,8 Mkr á ári, miðað við útreiknaða tekjuþörf vegna heildsölu fyrirtækisins, sem er talin vera um 357,3 Mkr á ári, að teknu tilliti til nýrrar gjaldskrár og nýlegs samnings Rarik við Landsvirkjun um orkukaup. Samkvæmt gjaldskránni myndi kostnaður Bæjarveitu Vestmannaeyja vegna orkukaupa hækka um 8%, en kostnaður annarra rafveitna sveitarfélaga lækka að meðaltali um 5%. Nefndin telur að með slíkri gjaldskrá náist viðunandi árangur til jöfnunar raforkuverðs í heildsölu, eins og málum er nú háttað.

Til að jafna háan flutningskostnað vegna raforkusölu til Bæjarveitna Vestmannaeyja leggur nefndin til að iðnaðarráðherra óski eftir því við Landsvirkjun að fyrirtækið veiti Rarik afslátt vegna orkusölu til Bæjarveitu Vestmannaeyja sem nemi 0,33 kr/kWh miðað við þau gjaldskrádrög sem nú liggja fyrir. Afslátturinn breytist í samræmi við breytingar á gjaldskrá Landsvirkjunar.

Fyrir hönd orkuverðsjöfnunarnefndar

Eiður Guðnason, formaður

SAMBAND ÍSLENZKRA RAFVEITNA

Fylgiskjal 3

Útskrift frá: 07-Mar-91

HEIMILIS- EÐA ALMENNIR TAXTAR JANÚAR 1991


NR	RAFORKU-VEITA	GILDIS-TAKA	TAXTI	FAST GJAL kr/ár	ORKU GJALD kr/kWh	VERÐ Í KR/KWH MIÐAÐ VIÐ 600 - 5000 KWH ÁRSNOTKUN				
						kWh 600	1200	1700	3500	5000
1	REYKJAVÍK	01-Jan-91	A1	2590	6.26	10.58	8.42	7.78	7.00	6.78
2	AKRANES	10-Jan-91	B1	2484	6.06	10.20	8.13	7.52	6.77	6.56
3	BORGARNES	01-Jan-90	A	1983	6.74	10.04	8.39	7.90	7.30	7.13
4	VESTFIRÐIR	01-Jan-91	A1	3835	7.51	13.90	10.71	9.77	8.61	8.28
5	SAUÐÁRKRÓKUR	01-Jan-91	B1	0	8.16	8.16	8.16	8.16	8.16	8.16
6	SIGLUFJÖRÐUR	01-Jan-91	2.1	0	7.52	7.52	7.52	7.52	7.52	7.52
7	AKUREYRI	15-Jan-91	A1	2377	5.98	9.94	7.96	7.38	6.66	6.46
8	HÚSAVÍK	15-Jan-91	A2	2047	6.85	10.26	8.55	8.05	7.43	7.26
9	REYÐARFJÖRÐUR	01-Jan-90	2.1	3652	7.13	13.22	10.18	9.28	8.18	7.86
10	VESTMANNAEYJAR	01-Jan-90	A1	2868	6.69	11.47	9.08	8.38	7.51	7.26
11	SELFOSS	27-Des-90	2.1	2690	7.31	11.79	9.55	8.89	8.08	7.85
12	HVERAGERÐI	15-Mar-90	A.1	3113	7.47	12.66	10.06	9.30	8.36	8.09
13	STOKKSEYRI	02-Jan-91	2.1	3142	7.55	12.79	10.17	9.40	8.45	8.18
14	EYRARBAKKI	10-Jan-91	A1	3765	7.55	13.83	10.69	9.76	8.63	8.30
15	SUÐURNES	10-Jan-91	A1	2490	6.85	11.00	8.93	8.31	7.56	7.35
16	HAFNARFJÖRÐUR	01-Jan-91	B1	2591	6.69	11.01	8.85	8.21	7.43	7.21
17	RARIK	01-Jan-91	A1	3835	7.51	13.90	10.71	9.77	8.61	8.28

MANNVIRKJAGERÐARTAXTAR JANÚAR 1991

NR	RAFORKU-VEITA	GILDIS-TAKA	TAXTI	FAST GJAL kr/ár	ORKU GJALD kr/kWh	VERÐ Í KR/KWH MIÐAÐ VIÐ 1200 - 7500 KWH ÁRSNOTKUN				
						kWh 1200	1700	3500	5000	7500
1	REYKJAVÍK	01-Jan-91	A2	5179	8.14	12.46	11.19	9.62	9.18	8.83
2	AKRANES	10-Jan-91	B2	5300	10.51	14.92	13.63	12.02	11.57	11.21
3	BORGARNES	01-Jan-90	1.1	3354	10.21	13.00	12.18	11.17	10.88	10.66
4	VESTFIRÐIR	01-Jan-91	A2	3835	11.25	14.45	13.51	12.35	12.02	11.76
5	SAUÐÁRKRÓKUR	01-Jan-91	C1	827	12.27	12.95	12.75	12.50	12.43	12.38
6	SIGLUFJÖRÐUR	01-Jan-91	3.1	0	7.52	7.52	7.52	7.52	7.52	7.52
7	AKUREYRI	15-Jan-91	A3	2377	9.34	11.32	10.74	10.02	9.82	9.66
8	HÚSAVÍK	15-Jan-91	A3	3744	11.94	15.06	14.14	13.01	12.68	12.43
9	REYÐARFJÖRÐUR	01-Jan-90	1.1	3652	8.96	12.00	11.10	10.00	9.69	9.44
10	VESTMANNAEYJAR	01-Jan-90	F2	4188	9.70	13.19	12.16	10.90	10.54	10.26
11	SELFOSS	27-Des-90	1.2	5919	9.15	14.08	12.63	10.84	10.33	9.94
12	HVERAGERÐI	15-Mar-90	A2	6225	9.71	14.90	13.37	11.49	10.96	10.54
13	STOKKSEYRI	02-Jan-91	1.2	6804	12.80	18.47	16.80	14.74	14.16	13.71
14	EYRARBAKKI	10-Jan-91	A2	3765	12.80	15.94	15.01	13.88	13.55	13.30
15	SUÐURNES	10-Jan-91	A2	5105	8.90	13.15	11.90	10.36	9.92	9.58
16	HAFNARFJÖRÐUR	01-Jan-91	C3	5528	8.58	13.19	11.83	10.16	9.68	9.32
17	RARIK	01-Jan-91	A2	3835	11.25	14.45	13.51	12.35	12.02	11.76

SAMBAND ÍSLENZKRA RAFVEITNA

SAMBAND ÍSLENZKRA RAFVEITNA
heimilistaxti, 3500 kWh



SAMBAND ÍSLENZKRA RAFVEITNA Útskrift frá: 07-Mar-91


DAGHITUNARTAXTAR JANÚAR 1991

NR	RAFORKU-VEITA	GILDIS-TAKA	TAXTI	FAST GJAL kr/ár	ORKU GJALD kr/kWh	VERÐ Í KR/KWH MIÐAÐ VIÐ 9500 - 40000 KWH ÁRSNOTKUN				
						kWh 9500	15000	25000	32800	40000
1	REYKJAVÍK	01-Jan-91	C2	7383	2.80	3.58	3.29	3.10	3.03	2.98
2	AKRANES	10-Jan-91	D3	5759	2.23	2.84	2.61	2.46	2.41	2.37
3	BORGARNES	01-Jan-90	C2	6168	2.30	2.95	2.71	2.55	2.49	2.45
4	VESTFIRÐIR	01-Jan-91	C1	11600	2.06	3.28	2.83	2.52	2.41	2.35
5	SAUÐÁRKRÓKUR	01-Jan-91	D1	1172	2.33	2.45	2.41	2.38	2.37	2.36
6	SIGLUFJÖRÐUR	01-Jan-91	4.1	0	1.85	1.85	1.85	1.85	1.85	1.85
7	AKUREYRI	15-Jan-91	C1	3816	2.42	2.82	2.67	2.57	2.54	2.52
8	HÚSAVÍK	15-Jan-91	C2	3836	2.29	2.69	2.55	2.44	2.41	2.39
9	REYÐARFJÖRÐUR	01-Jan-90	4.2	11010	2.07	3.23	2.80	2.51	2.41	2.35
10	VESTMANNAEYJAR	01-Jan-90	D1	2709	2.10	2.39	2.28	2.21	2.18	2.17
11	SELFOSS	27-Des-90	4.2	6471	1.85	2.53	2.28	2.11	2.05	2.01
12	HVERAGERÐI	15-Mar-90	C.2	9338	2.49	3.47	3.11	2.86	2.77	2.72
13	STOKKSEYRI	02-Jan-91	4.2	7415	2.19	2.98	2.69	2.49	2.42	2.38
14	EYRARBAKKI	10-Jan-91	D1	7415	2.19	2.98	2.69	2.49	2.42	2.38
15	SUÐURNES	10-Jan-91	C2	8964	3.03	3.97	3.63	3.39	3.30	3.25
16	HAFNARFJÖRÐUR	01-Jan-91	D3	7888	2.99	3.82	3.52	3.31	3.23	3.19
17	RARIK	01-Jan-91	C1	14442	2.21	3.73	3.17	2.79	2.65	2.57

NÆTURHITUNARTAXTAR JANÚAR 1991

NR	RAFORKU-VEITA	GILDIS-TAKA	TAXTI	FAST GJAL kr/ár	ORKU GJALD kr/kWh	VERÐ Í KR/KWH MIÐAÐ VIÐ 9500 - 40000 KWH ÁRSNOTKUN				
						kWh 9500	15000	25000	32800	40000
1	REYKJAVÍK	01-Jan-91	C3	7383	1.89	2.67	2.38	2.19	2.12	2.07
2	AKRANES	10-Jan-91	D5	6471	1.36	2.04	1.79	1.62	1.56	1.52
3	BORGARNES	01-Jan-90	C3	6168	1.24	1.89	1.65	1.49	1.43	1.39
4	VESTFIRÐIR	01-Jan-91	C2	0	1.34	1.34	1.34	1.34	1.34	1.34
5	SAUÐÁRKRÓKUR	01-Jan-91	D3	1172	2.48	2.60	2.56	2.52	2.51	2.51
6	SIGLUFJÖRÐUR	01-Jan-91								
7	AKUREYRI	15-Jan-91	C2	3816	2.89	3.29	3.14	3.04	3.01	2.99
8	HÚSAVÍK	15-Jan-91								
9	REYÐARFJÖRÐUR	01-Jan-90	4.3	0	1.91	1.91	1.91	1.91	1.91	1.91
10	VESTMANNAEYJAR	01-Jan-90								
11	SELFOSS	27-Des-90	4.4	6471	1.42	2.10	1.85	1.68	1.62	1.58
12	HVERAGERÐI	15-Mar-90	C3	9338	1.87	2.85	2.49	2.24	2.15	2.10
13	STOKKSEYRI	02-Jan-91	4.4	7415	1.66	2.44	2.15	1.96	1.89	1.84
14	EYRARBAKKI	10-Jan-91	D2	7415	2.09	2.87	2.58	2.39	2.32	2.27
15	SUÐURNES	10-Jan-91	C3	8964	1.66	2.60	2.26	2.02	1.93	1.88
16	HAFNARFJÖRÐUR	01-Jan-91	D5	7888	2.03	2.86	2.55	2.34	2.27	2.22
17	RARIK	01-Jan-91	C2	0	1.49	1.49	1.49	1.49	1.49	1.49

SAMBAND ÍSLENZKRA RAFVEITNA





SAMBAND ÍSLENZKRA RAFVEITNA

Útskrift frá: 07-Mar-91

AFLTAXTAR JANÚAR 1991


NR	RAFORKU-VEITA	GILDIS-TAKA	TAXT	FASTA GJALD kr/ár	AFL GJALD kr/kW/ár	ORKU GJALD kr/kWh		VERÐ Í KR/KWH MIÐAÐ VIÐ TILTEKNA ÁRSNOTKUN				
							kW	50	50	75	100	1000
							h	1600	2500	4000	6000	7000
							kWh	80000	125000	300000	600000	7000000
1	REYKJAVÍK	01-Jan-91	B1	44447	7819	2.40		7.84	5.88	4.50	3.78	3.52
2	AKRANES	10-Jan-91	C3	27812	7029	2.17		6.91	5.20	4.02	3.38	3.17
3	BORGARNES	01-Jan-90	B	15087	8564	1.96		7.50	5.51	4.15	3.41	3.19
4	VESTFIRÐIR	01-Jan-91	B1	0	10772	2.38		9.11	6.69	5.07	4.18	3.92
5	SAUÐÁRKRÓKUR	01-Jan-91	C2	10196	10196	2.69		9.19	6.85	5.27	4.41	4.15
6	SIGLUFJÖRÐUR	01-Jan-91	3.2	0	10791	2.38		9.13	6.70	5.08	4.18	3.92
7	AKUREYRI	15-Jan-91	B1.V	52290	7520	3.27	*	7.94	6.01	4.64	3.93	3.67
	AKUREYRI	15-Jan-91	B1.SU	52290	7520	1.63						
8	HÚSAVÍK	01-Jan-90	B1	39214	9805	2.50		9.12	6.74	5.08	4.20	3.91
9	REYÐARFJÖRÐUR	01-Jan-90	3.3	3652	10249	2.26		8.71	6.39	4.83	3.97	3.72
10	VESTMANNAEYJAR	27-Des-90	C2	4822	11466	2.58		9.81	7.20	5.46	4.50	4.22
11	SELFOSS	15-Mar-90	3.2	8468	9603	2.15		8.26	6.06	4.58	3.76	3.52
12	HVERAGERÐI	02-Jan-91	B1	49800	9338	2.61		9.07	6.74	5.11	4.25	3.95
13	STOKKSEYRI	10-Jan-91	3.1	7554	11148	2.72		9.78	7.24	5.53	4.59	4.31
14	EYRARBAKKI	10-Jan-91	B1	0	11147	2.72		9.69	7.18	5.51	4.58	4.31
15	SUÐURNES	01-Jan-91	B1	6225	9213	2.47		8.31	6.21	4.79	4.02	3.79
16	HAFNARFJÖRÐUR	01-Jan-91	C2	47468	8350	2.57		8.38	6.29	4.82	4.04	3.77
17	RARIK	01-Jan-91	B1	0	10769	2.38		9.11	6.69	5.07	4.17	3.92

* ársnotkun miðast við meðalverð (vetur-7/sumar-5)

MARKTAXTAR JANÚAR 1991

NR	RAFORKU-VEITA	GILDIS-TAKA	TAXT	FASTA GJALD kr/ár	AFL GJALD kr/kW/ár	ORKU GJALD kr/kWh		VERÐ Í KR/KWH MIÐAÐ VIÐ TILTEKNA ÁRSNOTKUN				
							kW	10	10	20	20	30
							h	4000	5000	4000	5000	4000
							kWh	40000	50000	80000	100000	120000
4	VESTFIRÐIR	01-Jan-91	A5	11561	6611	1.54		3.48	3.09	3.33	2.97	3.28
17	RARIK	01-Jan-91	A5	11504	6611	1.65		3.59	3.20	3.45	3.09	3.40

SAMBAND ÍSLENZKRA RAFVEITNA



Nd. 855. Lög [199. mál]

um búfjárhald.

(Afgreidd frá Nd. 11. mars.)

Samhljóða þskj. 627.

Sþ. 856. Nefndarálit [135. mál]

um till. til þál. um fræðslu í fjármálaumsýslu í skólum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið um hana umsagnir frá Hinu íslenska kennarafélagi, menntamálaráðuneytinu, Sambandi íslenskra sparisjóða og Kennarasambandi Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingartillögunni er ætlað að taka af öll tvímæli um að ekki er verið að leggja til að fjármálafræðsla verði sérstök námsgrein í grunn- og framhaldsskólum heldur felst í tillögunni að slíkri fræðslu verði gerð skil í þeim námsgreinum þar sem henni verður best fyrir komið.

Alþingi, 5. mars 1991.

Ásgeir Hannes Eiríksson, varaform.	Rannveig Guðmundsdóttir, fundaskr., frsm.	Sólveig Pétursdóttir.
Alexander Stefánsson.	Kristinn Pétursson.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.
	Björn Grétar Sveinsson.	

Sþ. 857. Breytingartillaga [135. mál]

við till. til þál. um fræðslu í fjármálaumsýslu í skólum.

Frá félagsmálanefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta útbúa námsgögn um almenna fjármálaumsýslu fyrir efsta bekk grunnskólans, sem og framhaldsskólann, og gera fræðslu um hana að skyldunámsefni á þessum námsstigum. Ráðuneytið ákveði í hvaða námsgreinum fræðslunni verði best fyrir komið.

Markmið fjármálafræðslunnar verði:

1. að taka til meðferðar sem flest er við kemur almennri fjármálaumsýslu, þar með tal-

in gerð greiðslu- og kostnaðaráætlana, og setja efnið þannig fram að það verði öllum aðgengilegt og skýrt,

2. að gera ungt fólk betur meðvitað um fjármál og um leið fjárskuldbindingar með því m.a.:
   a. að kynna nemendum meðferð greiðslukorta og notkun tékkhefta,
   b. að kynna nemendum almennar reglur um lántökur, svo sem víxla- og skuldabréfaviðskipti, vaxtamál og hvaða ábyrgð felst í því að gerast ábyrgðarmaður á skuldaviðurkenningum,
   c. að tengja þessi námsgögn réttindum og skyldum manna er þeir verða fjárráða.

Sþ. 858. Skýrsla [454. mál]

um starfsemi Norður-Atlantshafsþingsins árið 1990.

Frá Guðmundi H. Garðarssyni, Jóhanni Einvarðssyni, Karli Steinari Guðnasyni, Salome Þorkelsdóttur og Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni.

Norður-Atlantshafsþingið er þinglegur vettvangur Norður-Atlantshafsbandalagsins. Þingið er óháð NATO, en veitir löggjöfum frá öllum sextán aðildarríkjunum tækifæri til að koma saman til að ræða sameiginleg áhuga- og áhyggjumál. Það er eina samkoma þingmanna sem leiðir reglulega saman evrópska og norður-ameríska þingmenn með þessum hætti.

Norður-Atlantshafsþingið var stofnsett árið 1950 að frumkvæði nokkurra þingmanna sem töldu að málefni Atlantshafssvæðisins og austurs og vesturs gæfu tilefni til samstarfs þjóðþinga jafnt sem ríkisstjórna. Samráð meðal lýðræðislega kjörinna fulltrúa voru talin mikilvægur þáttur í samheldni og samstöðu bandalagsþjóða.

Fulltrúar á þingið eru kjörnir af þjóðþingum sínum samkvæmt aðferðum sem þjóðirnar ákveða. Á þinginu endurspeglast því afar breitt svið pólitískra skoðana. Þar sem í Atlantshafssáttmálanum er ekki gert ráð fyrir þinglegri ráðgjafarsamkundu hefur Norður-Atlantshafsþingið enga formlega stöðu innan bandalagsins, en með tímanum hefur orðið til náin og virk samvinna þarna á milli. Á undanförnum árum hefur þingið í krafti sveigjanlegrar stöðu sinnar innan bandalagsins markað sér nýjan starfsvöll og komið á tengslum við hin nýkjörnu lýðræðislegu þing í löndum innan Varsjárbandalagsins. Þessar umleitanir eru jákvætt andsvar við hin mikilfenglegu pólitísku umskipti, sem orðið hafa í Evrópu, og eru til marks um að þingið er staðráðið í að gegna mikilvægu hlutverki í myndun nýrrar skipunar í öryggismálum Evrópu.

188 þingmenn eru fulltrúar á Norður-Atlantshafsþinginu. Fjöldi fulltrúa frá hverju landi ræðst að mestu af fólksfjölda. Stærsta sendinefndin er hin bandaríska með 26 þingmenn frá öldungaráðinu og fulltrúadeildinni. Í sendinefndum Frakklands, Þýskalands, Ítalíu og Bretlands eru 18 þingmenn í hverri. Kanada, Spánn og Tyrkland senda 12 þingmenn hvert land, frá Belgíu, Grikklandi, Hollandi og Portúgal koma sjö frá hverju landi, Danmörk og Noregur senda fimm frá hvorri þjóð og frá Íslandi og Lúxemborg koma þrír frá hvoru landi. Til viðbótar við fulltrúana má hvert þjóðþing tilnefna jafnmarga vara-

menn sem mega taka þátt í öllum störfun þingsins en hafa ekki atkvæðisrétt. Ráðherrar í ríkisstjórnum mega ekki vera fulltrúar á Norður-Atlantshafsþinginu. Störf þingsins eru kostuð með framlögum þjóðþinga.

Fimm embættismenn Atlantshafsþingsins eru kjörnir ár hvert á haustfundi, forseti, þrír varaforsetar og gjaldkeri. Einn embættismaðurinn til, framkvæmdastjórinn, er kjörinn annað hvert ár af stjórnarnefnd. Stjórn Atlantshafsþingsins er stjórnarnefndin, en í henni eiga sæti formenn allra sendinefndanna.

Þingið kemur saman tvisvar á ári til allsherjarfundar, vorfundar er stendur í þrjá daga og haustfundar er stendur í fimm. Fundirnir eru haldnir í borgum aðildarríkja í boði þjóðþinganna.

Starfsemi þingsins fer fram í fimm nefndum: stjórnmálanefnd, varnar- og öryggismálanefnd, efnahagsnefnd, vísinda- og tækninefnd og félagsmálanefnd. Þessar nefndir eru bæði vinnuhópar og meginvettvangur umræðna, þær rannsaka og fjalla um öll samtímamál er upp koma á starfssviði þeirra. Óski nefnd þess að gera ítarlega rannsókn á tilteknu máli kýs hún undirnefnd til að afla um það upplýsinga. Undirnefndirnar koma saman reglulega allt árið. Skýrslurnar, sem eru árangur þessa starfs, svo og umræðurnar og samþykktirnar um stefnumörkun sem tengjast þeim, eru þungamiðjan í störfum þingsins og mynda grunninn undir framlag þingsins til stefnumörkunar bandalagsins. Nefndarálit eru oftast sett fram í tillögum til þingsályktunar sem þingið greiðir síðan atkvæði um á allsherjarfundi. Á hverju ári tekur þingið til umræðu eitthvert tiltekið efni sem ofarlega er á baugi.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að nefndir þingsins njóta töluverðs frelsis og sveigjanleika í vali á viðfangsefnum og umfjöllun um þau, og raunar er það svo að störf þingsins ná út fyrir hefðbundið starfssvið NATO, einkum í málum er varða efnahag og vísindi. Að þessu leyti er talið að þingið renni stoðum undir það álit að bandalagið sé ekki eingöngu hernaðarsamtök heldur miklu fremur samfélag lýðræðisríkja beggja vegna Atlantshafs. Þessi sveigjanleiki sést einnig af störfum undirnefndar þingsins um Austur-Evrópu og Sovétríkin og í umræðunum um öryggi við þingmenn frá Kyrrahafssvæðinu á vettvangi Kyrrahafsfundarins. Þannig er þátttaka áheyrnarfulltrúa frá Japan og Ástralíu á fundum þingsins enn frekar til marks um vilja þingfulltrúa til að kynna sér og taka mið af því sem gerist utan við hefðbundið starfssvið bandalagsins og jafnframt utan landfræðilegra marka NATO.

Við og við koma upp málefni sem þingfulltrúar telja svo mikilvæg að þau réttlæti sérstaka athugun og umfjöllun. Þannig var það t.d. 1980 þegar ákveðið var að setja á stofn sérstaka nefnd á vegum stjórnmála- og hermálanefndanna undir forsæti Josephs Bidens, öldungadeildarþingmanns frá Bandaríkjunum, til að fylgjast með framkvæmd hinnar tvíþættu áætlunar um uppsetningu eða niðurtöku skotflauga í Evrópu og ræða í ljósi hennar framtíð bandarískra kjarnorkuvopna í Evrópu. Þessi sérstaka nefnd var endurvakin árið 1988 til að fjalla um heildarumgerð fyrir takmörkun vígbúnaðar og afvopnun og ræða í framhaldi af því framtíð kjarnorkuvopna og hefðbundins herafla í Evrópu.

Eitt merkasta frumkvæði þingsins var kosning sérstakrar forsætisnefndar árið 1988 um „NATO á tíunda áratuginum“ til að fjalla um þau vandamál sem bandalagið mun standa frammi fyrir á tímamótum er margir telja að muni verða meðal hinna örlagaríkustu í sögu þess. Þessi nefnd, undir sameiginlegu forsæti öldungadeildarþingmannanna Roths og Nunns og fyrrum forseta NAA, Frinkings, leiddi saman til samvinnu ýmsa áhrifamestu stjórnmálamenn og sérfræðinga frá löndum báðum megin Atlantshafsins. Skýrsla nefnd-

arinnar var mjög pólitísk og fræðileg úttekt sem leiddi til margra og mikilvægra ályktana og þrátt fyrir hinar stórkostlegu pólitísku hræringar sem áttu sér stað árið 1989 og höfðu áhrif á margar forsendur skýrslunnar hlaut skýrslan þær viðtökur flestra að hún væri mikilvægt framlag í umræðurnar um framtíðarstefnu bandalagsins.

Alþjóðaskrifstofa Atlantshafsþingsins, undir stjórn framkvæmdastjórans, gegnir tvíþættu hlutverki: Annars vegar sér hún um mikið af þeim rannsóknum og úttektum sem eru nauðsynleg undirstaða hinna miklu starfa sem unnin eru í nefndunum, og hins vegar vinnur hún þau stjórnunar- og skipulagsstörf sem nauðsynleg eru fyrir þingfundi, nefndarfundi og aðra skylda starfsemi Atlantshafsþingsins.

Meginverkefni Atlantshafsþingsins eru að upplýsa og efla samstöðu. Þingið gerir löggjöfum kleift að koma á framfæri áhugaefnum ríkja sinna og skiptast á upplýsingum um þau mismunandi viðhorf sem uppi eru í hinum ýmsu löndum og svæðum varðandi mikilvæg sameiginleg hagsmunamál. Enn fremur er Atlantshafsþingið mikilvægur tengiliður milli bandalagsins og þjóðþinga aðildarríkja þess. Fulltrúar á þinginu geta nýtt sér á þjóðþingum upplýsingar og reynslu sem þeir fá með þátttöku sinni í störfum þingsins og tryggt þannig að málefni og áhugaefni bandalagsins fái sem mesta umfjöllun og athygli.

Þingið er jafnframt mikilvægur vettvangur til að meta viðhorf þjóðþinga og almennings til málefna bandalagsins. Það liggur í augum uppi að stuðningur almennings er lífsnauðsynlegur fyrir framtíðarvelgengni bandalagsins og að viðhorf almennings sé grunnþáttur í umræðum um framtíðarfyrirkomulag varnarmála. Með umræðum sínum veitir Atlantshafsþingið góða innsýn inn í álit almennings og þingmanna á málefnum bandalagsins. Á þennan hátt má segja að þingið gegni mikilvægu hlutverki í stefnumótun þótt áhrif þess séu óbein.

Með árunum hafa samskipti þingsins við NATO tekið á sig fastara form. Meðal formlegra samskipta má nefna: Formlegt svar af hálfu framkvæmdastjóra bandalagsins við ályktunum þingsins fyrir hönd Atlantshafsráðsins; ávarp framkvæmdastjóra NATO á haustfundum þingsins; aukafundi nefnda í Brussel í febrúarmánuði til að greiða fyrir samskiptum við starfsmenn og embættismenn NATO og SHAPE; og loks, að frumkvæði Carringtons lávarðar, fyrrum framkvæmdastjóra NATO, fund milli helstu fastafulltrúa á þinginu og fulltrúa Atlantshafsráðsins til gagnkvæmra skoðanaskipta.

Eitt af því sem gerir starfsemi þingsins einstæða er sambandið milli löggjafa beggja vegna Atlantshafs. Í ljósi hlutverks Bandaríkjaþings í mörkun utanríkis- og varnarstefnu Bandaríkjanna, og sér í lagi vegna þess hve þrálát umræða hefur verið um að deila byrðinni (þ.e. jafna sameiginlegum kostnaði öðruvísi milli Evrópu og Ameríku), er þetta ákaflega mikilvægur þáttur í starfsemi þingsins. Þingið hefur sérstaklega gert sér far um að styrkja tengslin við viðeigandi þingnefndir Bandaríkjaþings. Svo dæmi sé tekið hefur undirnefndin um varnarsamstarfið átt reglulega fundi með hermálanefndum öldungadeildar og fulltrúadeildar Bandaríkjanna um það hvernig bæta megi samstarf innan bandalagsins í þróun og útvegun vopnabúnaðar. Enn skemmra er síðan mjög hreinskilnislegar viðræður fóru fram við undirnefnd Bandaríkjaþings um skiptingu útgjalda vegna sameiginlegs kostnaðar. Enn eitt dæmi um þetta nána samstarf við Bandaríkjaþing fékkst árið 1979 þegar fjórir löggjafar frá þinginu, þar á meðal núverandi framkvæmdastjóri, voru beðnir að bera vitni fyrir þingnefnd öldungadeildarinnar um samskipti við erlend ríki og gera grein fyrir viðhorfum Evrópubúa til SALT II samningsins. Þetta gerðist aftur árið 1986 í sambandi við INF-samninginn.

Eins og Atlantshafsbandalagið sjálft verður þingið að bregðast við örum breytingum

sem verða á alþjóðavettvangi. Þótt enginn vafi leiki á áframhaldandi þörf fyrir bandalagið og hið einstæða samband sem það felur í sér milli þjóða beggja vegna Atlantshafs, þá er breytinga og aðlögunar nú þörf í ljósi þess að horfin er af vettvangi skýr og yfirvofandi ógnun. Umfram allt kallar þetta á þróun varnarfyrirkomulags sem byggir á samvinnu frekar en árekstrum. Öryggi á grundvelli samstarfs mun krefjast aukinna viðræðna milli þeirra aðila sem áður stóðu í andstæðum fylkingum. Atlantshafsþingið hefur tekið forustuna í tilraunum til að koma á slíkum tengslum og viðræðum.

Frumkvæðið að þessari áttun til austurs átti stjórnmálanefnd Atlantshafsþingsins sem kaus fyrir tveimur árum undirnefnd um Austur-Evrópu og Sovétríkin. Þetta leiddi til heimsóknar undirnefndarinnar til Ungverjalands, Póllands, Tékkóslóvakíu, Búlgaríu og þáverandi Alþýðulýðveldisins Þýskalands, til þátttöku þingmanna frá Austur- og Mið-Evrópuríkjum í fundum þingsins og til sérstakra hringborðsumræðna í Bonn í október 1989 á milli löggjafa frá Atlantshafsþinginu og fulltrúa frá Ungverjalandi, Tékkóslóvakíu og Póllandi um hlutverk þingmanna þjóðþinga í umbótastarfinu. Meðal annarra merkilegra viðburða má nefna fyrstu heimsókn sendinefndar frá þinginu, undir forustu Patricks Duffy, til Sovétríkjanna í júlí 1989 í boði æðstaráðsins. Í febrúar 1990 endurgalt sendinefnd frá æðstaráðinu heimsóknina með því að koma til Brussel, í fyrstu undir forustu Akromeyevs marskálks en síðan Falins sendiherra. Þessi efling tengsla við æðstaráðið hefur leitt til þriggja heimsókna undirnefnda til Sovétríkjanna á jafnmörgum mánuðum.

Forustusveit Atlantshafsþingsins hefur hug á að auka þetta samstarf og koma á formlegra og fastskorðaðra sambandi. Í samræmi við þá stefnu sátu sendinefndir þjóðþinga frá Póllandi, Ungverjalandi, Búlgaríu, Tékkóslóvakíu og Sovétríkjunum í fyrsta skipti þingið og tóku þátt í störfum þess í Lundúnum 1990.

Þessi aukna starfsemi lýsir viðurkenningu þingsins á þeirri staðreynd að hinar efnahagslegu og pólitísku umbreytingar í austri þarf að styðja á öllum sviðum, einkum í mótun þingræðis. Ábyrg og virk löggjafarsamkunda, með vald til að veita framkvæmdarvaldinu leiðsögn með fyrirmælum og hafa eftirlit með því, er grundvallarforsenda í sérhverju lýðræðislegu stjórnkerfi. Heilbrigt stjórnarfar byggist á því að þing og stjórn þurfi að standa kjósendum reikningsskil gerða sinna. Löggjafarþing í Mið-Evrópu og Sovétríkjunum hafa mikilvægu hlutverki að gegna við að tryggja að hinar pólitísku og efnahagslegu umbreytingar sem nú eiga sér stað og þróunin til raunverulegs fjölræðis í þessum ríkjum takist vel og séu varanlegar.


Hjá Atlantshafsþinginu er saman komin víðtæk reynsla starfandi þingmanna, einkum á sviði utanríkis- og varnarmála. Samband milli þingmanna austurs og vesturs mun ekki í sjálfu sér leysa hinn djúpstæða efnahagslega og félagslega vanda sem Varsjárbandalagslöndin standa frammi fyrir, en það mun hjálpa löggjöfum í þessum löndum að taka þátt í umbótastarfinu og leggja sitt af mörkum til þess.

En grundvallarforsendan fyrir þessari nýju áttun til austurs nær dýpra en til þingræðisvenju, þingskapa og þinglegra starfa og starfshátta, þótt slíkt sé að sjálfsögðu mikilvægt. Beint samband og bein persónuleg reynsla eru ómetanleg til að ná gagnkvæmum skilningi á vandamálum, áhyggjuefnum og viðhorfum og þar af leiðandi til að koma á trausti og trúnaði milli austurs og vesturs.

Með þetta í huga samþykktu sendifulltrúar á síðasta þingi í Róm samhljóða ályktun þess efnis að Atlantshafsþingið skyldi starfa sem vettvangur beinna samskipta við þingmenn frá Varsjárbandalagsríkjum til að skiptast á hagnýtri reynslu og hugmyndum um hlutverk löggjafarþinga í mótun innanríkis- og utanríkisstefnu og eftirliti með framfylgd

hennar samkvæmt þingræðislegum reglum um dreifingu valdsins. Þessi ályktun felur í sér þá sannfæringu, að löggjafarþing beri ekki síður en ríkisstjórnir ábyrgð á þróun mála í Evrópu og eigi að taka beinan þátt í að stuðla að útbreiðslu þinglegs lýðræðis.

Þannig mun þingið leitast við að gegna uppbyggilegu hlutverki við að koma á nýrri skipan öryggis í Evrópu, en kjarni þess verður áfram samstarfið yfir Atlantshafið. Í fyrstu og um fyrirsjáanlega framtíð mun það bjóða fram aðgengilegan vettvang, sem þegar er fyrir hendi, þar sem löggjafar geta skipst á viðhorfum um hin ýmsu sameiginlegu vandamál sem þeir standa frammi fyrir. Þetta eru stutt skref en ákaflega mikilvæg í uppbyggingu á stöðugri, öruggari og samlyndari Evrópu.


Norður-Atlantshafsbandalagið
16 aðildarríki
Aðalskrifstofa
Kosið árlega.
1 forseti,
3 varaforsetar,
1 gjaldkeri,
1 framkvæmdastjóri.
Norður-Atlantshafsþingið
188 þingmenn.
Fjöldi þingsæta stendur í hlutfalli fólksfjölda.
Kemur saman tvisvar á ári,
á vorfund og ársfund.
Fastanefnd
Formenn fulltrúanefnda allra aðildarríkja.
Eitt atkvæði á hvert ríki.
Kemur saman þrisvar á ári.
Stjórnunarstofnun.
Nefndarfundir
Allsherjarfundir
Önnur starfsemi
5 nefndir um borgaraleg málefni, varnir og öryggi, efnahagsmál, stjórnmál, vísindi og tækni.
Taka saman, ræða og greiða atkvæði um skýrslur og tillögur um stefnumál.
Mynda undirnefndir til að rannsaka afmörkuð mál og afla upplýsinga.
Greiða atkvæði um tillögur nefndanna 5 og fjárhagsáætlun.
Ræða áhyggjuefni sem ofarlega eru á baugi.
Hlýða á ávörp sérstakra gesta.
Heimila áheyrn fulltrúa ríkja utan bandalagsins.
Árlegar skoðunarferðir til herstöðva.
Málfundir með þátttöku fulltrúanefnda ríkja utan bandalagsins.

UNDIRNEFNDIR, STARFSHÓPAR, SÉRNEFNDIR

Stjórnmálanefnd.
(43 nefndarmenn*.)
Undirnefnd um Austur-Evrópu og Sovétríkin.
Undirnefnd um suðursvæðin.
Starfshópur um öryggi í Evrópu.

Varnar- og öryggismálanefnd.
(42 nefndarmenn*.)
Undirnefnd um varnarsamvinnu.
Undirnefnd um framtíð heraflans.
Starfshópur um öryggismál norðurálfu.

Efnahagsnefnd.
(35 nefndarmenn*.)
Undirnefnd um efnahagssamvinnu og samleitni austurs og vesturs.

Vísinda- og tækninefnd.
(31 nefndarmaður*.)
Undirnefnd um sannprófun og tækni.

Félagsmálanefnd.
(31 nefndarmaður*.)
Undirnefnd um Miðjarðarhafssvæðið.
Undirnefnd um Ráðstefnuna um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE - CSCE).

Sérstök nefnd um varnarstefnu NATO og takmörkun vígbúnaðar.

SKRIFSTOFA

Forseti:
Charles Rose (Bandaríkjunum, Demókrataflokki).
Varaforsetar:
Sir Geofrey Johnson Smith (Bretlandi, Íhaldsflokki).
Bob Hicks, (Kanada, Frjálslyndum Íhaldsflokki).
José Lello, (Portúgal, Sósíalistaflokki).
Gjaldkeri:
Robert Laucournet (Frakklandi, Sósíalistaflokki).
Framkvæmdastjóri:
Peter Corterier (Sambandslýðveldinu Þýskalandi).

Formenn nefnda og undirnefnda.

Félagsmálanefnd.
Formaður:
Jacques Genton (Frakklandi, Miðflokkabandalaginu).

Undirnefnd um ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE).
Formaður:
José Pedregosa (Spáni, Sósíalistaflokki).

Undirnefnd um Miðjarðarhafssvæðið.
Formaður:
Hans Van Weczel (Hollandi, Kristilegum Demókrataflokki).
Framkvæmdastjóri:
Bruno Tertais.

VARNAR- OG ÖRYGGISMÁLANEFND
Formaður:
Karsten Voigt (Þýskalandi, Jafnaðarmannaflokki).

Undirnefnd um varnarsamvinnu.
Formaður:
Zeki Yavustürk (Tyrklandi, Ættjarðarflokki).

Undirnefnd um framtíð herafla.
Formaður:
Umberto Capuzzo (Ítalíu, Kristilega demókrataflokknum).

Starfshópur um öryggismál í Norður-álfu.
Formaður:
Anders C. Sjaastad (Noregi, Íhaldsflokki).
Framkvæmdastjóri:
Martin McCusker.

EFNAHAGSNEFND
Formaður:
Jerry Wiggin (Bretlandi, Íhaldsflokki).

Undirnefnd um efnahagssamvinnu og samleitni austurs og vesturs.
Formaður:
Gérard Gaud (Frakklandi, Sósíalistaflokki).
Framkvæmdastjóri:
Radboud van den Akker.

STJÓRNMÁLANEFND

Formaður:
Loic Bouvard (Frakklandi, Kristilega Demókrataflokknum).

Undirnefnd um suðursvæðin.
Formaður:
Lawrence Smith (Bandaríkjunum, Demókrataflokki).

Undirnefnd um Austur-Evrópu og Sovétríkin.
Formaður:
Jan Petersen (Noregi, Íhaldsflokki).

Starfshópur um öryggi í Evrópu.
Formaður:
Maarten Van Taa (Hollandi, Verkamannaflokki).
Framkvæmdastjóri:
John Borawski.

VÍSINDA- OG TÆKNINEFND

Formaður:
Lothar Ibrűgger (Þýskalandi, Jafnaðarmannaflokki).

Undirnefnd um sannprófun og tækni.
Formaður:
Earl Hastings (Kanada, Frjálslynda flokknum).
Framkvæmdastjóri:
David Hobbs.

SÉRSTÖK NEFND UM VARNARSTEFNU NATO OG TAKMÖRKUN VÍGBÚNAÐAR

Formaður:
Joseph Biden (Bandaríkjunum, Demókrataflokki).
Framkvæmdastjóri:
Simon Nunn, aðstoðarframkvæmdastjóri.

* Tala nefndarmanna getur aukist um 1–2 eftir því hvernig Ísland og Lúxemborg, sem hvort um sig hafa þrjá fulltrúa, skipta fulltrúum sínum milli nefndanna fimm.

Starf Norður-Atlantshafsþingsins 1990.

Störf Norður-Atlantshafsþingsins (North Atlantic Assembly (NAA)) árið 1990 einkenndust mjög af hinni hröðu þróun mála í Evrópu hvað sameiningu Þýskalands áhrærði sem og hrun kommúniskrar hugmyndafræði í Sovétríkjum. Þá hafði innrás Íraka í Kúvæt í ágúst 1990 mikil áhrif á alla umræðu innan samtakanna og afstöðu þingmanna til hugsanlegrar framtíðarstöðu Atlantshafsbandalagsins við gjörbreyttar aðstæður í heimsmál-

um. Segja má að þeir atburðir sem eru að gerast í Mið-Austurlöndum og sú mikla óvissa um þróun mála í Sovétríkjum hafi þjappað mönnum saman um þá skoðun að Atlantshafsbandalagið muni gegna mikilvægu hlutverki í verndun friðar og öryggis fyrir bandalagsþjóðirnar um ófyrirsjáanlega framtíð. Augljóst er að Atlantshafsbandalagsríkin eru einu ríkin í heiminum sem hefur tekist með lýðræðislegum hætti að efla innri styrk, efnahags- og stjórnmálalega, samfara því að sameiginlegur hernaðarmáttur þeirra hefur tryggt frelsi og sjálfstæði þegnanna. Jafnframt hefur styrkur samtakanna og jákvæð uppbygging vestrænu lýðræðisríkjanna framkallað hrun kommúnismans og þess einræðis sem honum fylgdi í Sovétríkjunum og Austur-Evrópu án þess að til hernaðarátaka kæmi.

Með tilliti til hinna miklu atburða í heimsmálum á árinu 1990, sem óneitanlega má rekja til jákvæðra áhrifa af stefnu og störfum Atlantshafsbandalagsins, sem og með tilliti til umræðu og stefnumörkunar NAA um framtíðarhlutverk Atlantshafsbandalagsins eru í skýrslu þessari helstu ályktanir þingsins þesssum málum viðkomandi og framtíðarstöðu þess.

Í samræmi við starfsreglur NAA og ákvörðun þingflokka voru fulltrúar Alþingis sem hér segir árið 1990:

Aðalmenn: Guðmundur H. Garðarsson, Sjálfstæðisflokki, Jóhann Einvarðsson, Framsóknarflokki, Karl Steinar Guðnason, Alþýðuflokki.

Varamenn: Salome Þorkelsdóttir, Sjálfstæðisflokki, Ásgeir Hannes Eiríksson, Borgaraflokki, Ingi Björn Albertsson, Sjálfstæðisflokki.

Formaður nefndarinnar er Guðmundur H. Garðarsson, varaformaður Jóhann Einvarðsson og ritari Karl Steinar Guðnason. Ingi Björn Albertsson var varamaður fyrri hluta árs.

Guðmundur H. Garðarsson á sæti í stjórnarnefnd þingsins. Varamaður er Jóhann Einvarðsson. Ritari nefndarinnar er Aðalheiður Birgisdóttir.

Sendinefndin ákvað þátttöku í nefndum NAA sem hér segir:

Stjórnmálanefnd: Jóhann Einvarðsson.

Félagsmálanefnd: Karl Steinar Guðnason.

Vísindanefnd: Salome Þorkelsdóttir.

Varnar- og öryggismálanefnd: Guðmundur H. Garðarsson, Ingi Björn Albertsson.

Efnahagsnefnd: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Jóhann Einvarðsson, Karl Steinar Guðnason, Guðmundur H. Garðarsson og Salome Þorkelsdóttir tóku einnig þátt í störfum undirnefnda þeirra fastanefnda sem þeir voru fulltrúar í eins og nánar kemur fram annars staðar í þessari skýrslu. Undirnefndir þessar héldu m.a. fundi á Íslandi á árinu 1990. Undirnefnd, sem Jóhann Einvarðsson átti sæti í, um leiðir til traustvekjandi aðgerða í öryggismálum (stjórnmálanefnd) skilaði ítarlegri skýrslu um það efni. Skýrslan birtist hér með sem fylgiskjal.

Stjórn Atlantshafsþingsins:

Í stjórn Atlantshafsþingsins 1990 voru:

Forseti: Patrick Duffy, Englandi.

Varaforsetar: William V. Roth, Jr. Bandaríkjunum. Zeki Yavuztürk, Tyrklandi.

Féhirðir: Robert Laucournet, Frakklandi.

Framkvæmdastjóri: Peter Corterier, Vestur-Þýskalandi.

Stjórnarnefnd:

Belgía: Lambert Kelchtermans.

Kanada: Robert Hicks.

Danmörk: Grethe Fenger Møller. *Varamaður:* Hans Hækkerup.

Frakkland: Jean-Michel Boucheron. *Varamaður:* Michel Chauty.
Þýskaland: Manfred Abelein. *Varamaður:* Hans Koschnick.
Grikkland: Stephanos-Theodoros Stefanopoulos.
Ísland: Guðmundur H. Garðarsson. *Varamaður:* Jóhann Einvarðsson.
Ítalía: Giulio Orlando. *Varamaður:* Margherita Boniver.
Lúxemborg: Mathias Greisch. *Varamaður:* Willy Bourg.
Holland: Ton Frinking. *Varamaður:* Abraham Stemerdink.
Noregur: Jan Petersen.
Portúgal: Angelo Correia. *Varamaður:* José Luis Nunes.
Spánn: Pedro Moya. *Varamaður:* Jaime Perez-Llorca.
Tyrkland: Zeki Yavuztürk. *Varamaður:* Cavit Kavak.
England: Sir Geoffrey Johnson Smith.
Bandaríkin: Dante B. Fascell. *Varamenn:* Claiborn Pell, Jack Brooks.

Þing og fundir 1990.

Árið 1990 var mikið um fundi og ráðstefnur hjá NAA. Hin auknu tengsl við þingmenn í Austur-Evrópu hafa krafist mikilla ferðalaga af hálfu starfsmanna og helstu forustumanna NAA. Viðburðirnir í Þýskalandi tóku einnig upp mikinn tíma af starfseminni, en þróun mála þar hefur styrkt mjög stöðu vestrænna ríkja.

Helstu fundir og ráðstefnur NAA árið 1990 voru sem hér segir:

12.–13. febrúar:

Efnahagsmálanefnd, París. Árlegur fundur með fulltrúum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD).

15.–16. febrúar:

Öryggismálanefnd, stjórnarnefnd, Brussel. Sameiginlegur fundur.

20.–22. febrúar:

Undirnefnd um upplýsingastarfsemi í varnar- og öryggismálum (félagsmálanefnd). Fundur í Lissabon.

26.–28. febrúar:

Undirnefnd um framtíð herja Atlantshafsbandalagsins (öryggismálanefnd). Fundur í Helsinki.

11.–15. mars:

Undirnefnd um samstarf á sviði rannsókna og þróunarmála (vísindanefnd). Heimsókn til Vínarborgar og síðan til Ungverjalands.

18.–20. mars:

Undirnefnd um upplýsingastarfsemi í varnar- og öryggismálum (félagsmálanefnd). Fundur í Róm.

19.–24. mars:

Undirnefnd um málefni Austur–Evrópu og Sovétríkjanna (stjórnmálanefnd). Heimsókn til Búlgaríu.

26. mars:

Sérstök nefnd um hernaðarstefnu Atlantshafsbandalagsins og eftirlit með vígbúnaði. Fundur í London.

Mars–apríl:

Undirnefnd um traustvekjandi aðgerðir í öryggismálum (stjórnmálanefnd). Fundur í Washington D.C.

Apríl:
Undirnefnd um málefni Austur–Evrópu og Sovétríkjanna (stjórnmálanefnd).
6.–8. apríl:
Stjórnarnefndarfundur í Reykjavík.
Apríl–maí:
Undirnefnd er vinnur að athugunum á aðgerðum í samstarfi um öryggismál Evrópu (OSCE) (félagsmálanefnd). Fundur í Sovétríkjunum.
11.–14. maí:
Vorþing í París.
Vorið 1990:
Undirnefnd um málefni Austur-Evrópu og Sovétríkjanna (stjórnmálanefnd). Sameiginlegur fundur þingmanna frá NAA og Austur-Evrópu og Sovétríkjunum í Búdapest.
Júní:
Undirnefnd um ráðstefnu um samstarf í öryggismálum Evrópu (CSCE) (félagsmálanefnd). Fundur í Kaupmannahöfn.
17.–22. júní:
Undirnefnd um vísindi og tækni (vísindanefnd). Heimsókn til Bandaríkjanna: San-Francisco og San Diego.
2.–6. júlí:
Undirnefnd um málefni Austur–Evrópu og Sovétríkjanna og undirnefnd um efnahagssamstarf austurs og vesturs (stjórnmálanefnd–efnahagsnefnd). Heimsókn til Austur-Þýskalands.
9.–14. júlí:
Undirnefnd um framtíð herja Nato og Varsjárbandalagsins (öryggismálanefnd). Heimsókn til Sovétríkjanna, Moskvu.
22.–31. ágúst:
Ársferð. Suðursvæði: Ítalía og Tyrkland.
September:
Undirnefnd um traustvekjandi aðgerðir í öryggismálum (stjórnmálanefnd). Heimsókn til Vínarborgar.
September:
Undirnefnd um málefni Austur-Evrópu og Sovétríkjanna (stjórnmálanefnd). Heimsókn til Sovétríkjanna.
14.–19. október:
Undirnefnd um vísindi og tækni og undirnefnd um efnahagssamstarf austurs og vesturs (vísindanefnd-efnahagsmálanefnd). Heimsókn til Ungverjalands og Austurríkis (Búdapest og Vín).
25.–26. október.
Sérstök nefnd um hermál og eftirlit með vígbúnaði. Fundur í Brussel.
12.–16. nóvember:
Undirnefnd um ráðstefnu um öryggismál Evrópu (félagsmálanefnd). Heimsókn til Tékkóslóvakíu, Prag.
25.–30. nóvember.
Haustþing NAA í London.

Á Íslandi voru haldnir eftirfarandi fundir:

Apríl:

Stjórnarnefndarfundur í Reykjavík. Á þessum fundi var m.a. unnið að undirbúningi fyrir vorþingið í París, sem haldið var í maí. Þá fór fram ítarleg umræða um þróun mála í Þýskalandi, Austur-Evrópu og Sovétríkjunum. Á fundinum var ákveðið að efla enn frekar tengslin við þing Austur-Evrópuríkjanna og forustumenn lýðræðisflokka viðkomandi lands.

16.–17. maí:

Undirnefnd um samstarf á sviði rannsókna og þróun vísinda. Fundur í Reykjavík.

Nefndin fjallaði m.a. ítarlega um umhverfismál og áhrif aukinnar mengunar á andrúmsloftið með þar af leiðandi hættulegum áhrifum á lífríki jarðar. Stefnt var að því að á haustþinginu í London í nóvember 1990 lægju fyrir tillögur um með hvaða hætti ætti að mæta aðsteðjandi ógnun. Á fund nefndarinnar komu íslenskir vísindamenn og gerðu grein fyrir stöðu umhverfismála á Íslandi. Voru það dr. Vilhjálmur Lúðvíksson og Sigurður Magnússon. Þá fjallaði Einar Tjörvi Elíasson um nýtingu jarðhita í Austur-Evrópu. Niðurstaða vinnu nefndarinnar, undir forustu Sir Peter Emery, þingmanns í Bretlandi, kemur út í íslenskri þýðingu á allra næstu dögum.

Salome Þorkelsdóttir alþingismaður á sæti í vísindanefndinni og annaðist skipulagningu fundar hinna erlendu nefndarmanna ásamt Aðalheiði Birgisdóttur, ritara íslensku þingmannanefndarinnar.

3.–6. september.

Undirnefndarfundur varnar- og öryggismálanefndar um öryggis- og varnarmál á norðursvæðum.

Fundir voru haldnir í Reykjavík og Keflavík og vísast í sérstaka skýrslu, sem fylgir þessari skýrslu, um efnisatriði. Í undirnefnd þessari af hálfu Íslands er Guðmundur H. Garðarsson og til vara Jóhann Einvarðsson.

Haustþingið í London.

Hápunkturinn í starfsemi NAA árið 1990 var haustþingið sem haldið var í London dagana 25.–30. nóvember. Undirbúningur fyrir þetta þing átti sér langan og sérstaklega ítarlegan aðdraganda. Ástæður voru m.a. og fyrst og fremst hinar gjörbreyttu aðstæður í Austur-Evrópu, hrun hugmyndafræði kommúnismans, sameining Þýskalands og hinar alvarlegu blikur sem voru á lofti í Mið-Austurlöndum. Í ljósi þessa var staða Atlanthafsríkjanna mjög til umræðu því segja má að NATO stóð vissulega á tímamótum við þessa stórbættu þróun heimsmála, sem sannaði ennfrekar jákvæða þýðingu Atlandshafsbandalagsins.

Ítarlegar skýrslur voru lagðar fram um helstu efnisþætti í starfsemi NAA (NATO) og samþykktar ályktanir um framtíðarstöðu Atlantshafsbandalagsins. Með tilliti til mikilvægis þessara mála eru helstu skýrslur og ályktanir 36. þings NAA, sem haldið var í London, birtar með þessari skýrslu. Vísast til þeirra um einstök efnisatriði.

Auk þingmanna NAA tóku þátt í störfum þingsins, sem gestir, þingmenn frá Ungverjalandi, Tékkóslóvakíu, Búlgaríu, Rúmeníu, Póllandi, Sovétríkjunum, Japan og Ástralíu.

Forseti tékkneska þingsins Alexander Dubcéc, flutti ræðu á þinginu og tók einnig þátt í störfum stjórnmálanefndarinnar.

Sem fyrr tók Vladimir Lobov, hershöfðingi og þingmaður í sovéska fulltrúaþinginu

þátt í umræðum í varnar- og öryggismálanefnd. Þá flutti John Galvin yfirhershöfðingi NATO-herjanna ræðu um þróun öryggismála og stöðu NATO.

Meðal annarra sem fluttu ræður á þinginu voru: Manfred Wörner, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, Neil Kinnock, leiðtogi breska Verkamannaflokksins, Bernard Weatherill, forseti breska þingsins, Patrick Duffy, forseti NAA, Tom King, varnarmálaráðherra Bretlands og Krzysztof Skubiszewski, utanríkisráðherra Póllands.

Í samræmi við starfsreglur NAA lét Patrick Duffy af störfum sem forseti þingsins. Í stað hans var Charles Rose, þingmaður frá Bandaríkjunum kosinn forseti. Varaforsetar voru kjörnir: Sir Geofrey Johnson Smith, Englandi, Robert Hicks, Kanada og José Lello, Portúgal. Framkvæmdstjóri er sem fyrr Peter Corterier.

Fylgiskjal I.

Samþykkt um takmörkun vígbúnaðar og vopnasölu. Samþykkt um eftirlit úr lofti.

Þingið:

1. *Fagnar* rénun kalda stríðsins og því að stórveldin hafi að nýju skuldbundið sig að nýta Sameinuðu þjóðirnar sem réttasta vettvanginn til að draga úr spennu á alþjóðavettvangi, og þá helst með friðsamlegum leiðum og samvinnu.

2. *Er sannfært um* að í hinu nýja ástandi heimsmála felist raunveruleg von um meiri framför en áður hefur þekkst á sviði afvopnunar, er taki til allra flokka vopna og vopnabúnaðar, og um að hafa hemil og stjórn á vopnasölu á alþjóðavettvangi.

3. *Fagnar* nýgerðum samningi um takmörkun hefðbundinna vopna í Evrópu sem mikilvægum áfanga á leið til verulegs samdráttar í herafla í Evrópu og sem fyrirboða um að hafnar verði tafarlaust samningaviðræður um skammdrægar kjarnaflaugar.

4. *Lýsir yfir ánægju sinni* með þann árangur sem náðst hefur í afvopnun á öðrum vettvangi, einkum að því er varðar efnavopn, öryggis- og traustvekjandi aðgerðir og vissa þætti varðandi tilraunir með kjarnavopn.

5. *Væntir þess* að samningum um START I verði lokið í janúar 1991.

6. *Hefur áhyggjur* af sýnilegri tregðu aðildarríkja til að hefja samninga um raunveruleg skref í átt til víðtæks banns við tilraunum með kjarnavopn.

7. *Hefur orðið fyrir vonbrigðum* vegna þess að framhaldsfundur um Sáttmálann gegn útbreiðslu kjarnavopna (NPT) skuli ekki hafa komist að formlegu samkomulagi, að miklu leyti vegna þess að mörg óháð ríki töldu afar lítinn árangur nást í viðleitninni til að snúa kjarnavopnakapphlaupinu við og væri það andstætt anda og bókstaf NPT.

8. *Óttast* hinn stöðuga og nánast hömlulausa vöxt á sviði vopnasölu á alþjóðavettvangi, einkum til svæða þar sem alþjóðleg spenna ríkir, og jafnframt aukinn tortímingarmátt þeirra vopna sem ganga kaupum og sölum á frjálsum markaði.

9. *Telur* að sú staðreynd að vopnasala skuli ekki hafa verið til umræðu á alþjóðavettvangi hvernig skuli hafa stjórn á og draga verulega úr henni sé öllum ríkjum stórlega til vansa og auk þess vanræksla á stjórnmálalegri ábyrgð, er kunni enn, í ljósi neyðarástandsins við Persaflóa, að hafa skelfileg áhrif á stöðugleika í heiminum.

10. *Hvetur* aðildarríki bandalagsins:

a. Að halda áfram stuðningi við framhaldsviðræður um hefðbundinn herafla í Evrópu.
b. Að stuðla að umræðum í þeim tilgangi að hamla gegn sölu afgangshergagna er kunna að falla til vegna samninga um takmörkun vígbúnaðar, enda slík sala andstæð anda samninganna og líkleg til að valda óstöðugleika í öðrum heimshlutum.
c. Að hefja þegar í stað, í samræmi við Lundúnayfirlýsingu NATO, nýjar samningaviðræður um skammdrægar kjarnaflaugar í því markmiði að fækka þeim verulega í Evrópu.

11. *Hvetur* ríkisstjórnir, sem aðild eiga að Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna:

a. Að kanna sameiginlega, á vegum Sameinuðu þjóðanna, leiðir til ákveðinna aðgerða, með þátttöku háttsettra embættismanna ríkisstjórnanna, til að stemma stigu við sölu allra hefðbundinna vopna; slíkar leiðir skulu virða fullveldi og réttmætar öryggiskröfur allra ríkja og tengjast, þegar unnt er, svæðisbundnum umleitunum og samningum.
b. Að styðja myndun gagnabanka Sameinuðu þjóðanna er fylgist með og skrái alla vopnasölu og öll ríki hafi aðgang að í því skyni að auka traust, einkum meðal hugsanlegra andstæðinga.
c. Að taka þátt, ásamt öðrum kjarnorkuveldum, í alvarlegum viðræðum er leitt geti til frekari takmarkana á kjarnorkutilraunum.

Samþykkt um eftirlit úr lofti.

Þingið:

1. *Fagnar* undirritun Samnings um hefðbundinn vopnabúnað í Evrópu (CFE) hinn 19. nóvember 1990.

2. *Fagnar enn fremur* boði Bush Bandaríkjaforseta til allra aðildarríkja NATO og Varsjárbandalagsins þann 12. maí um að ljúka samningi um opna lofthelgi.

3. *Veitir athygli* yfirlýstri ætlun aðildarríkja NATO að taka eftirlit úr lofti inn í sannprófunarákvæði CFE-samningsins.

4. *Veitir enn fremur athygli* yfirlýstum vilja NATO-ríkja að ljúka samningi um opna lofthelgi.

5. *Hefur af því áhyggjur* að í CFE-samningnum er því frestað til síðari samningaviðræðna að skilgreina fyrirkomulagsreglur um eftirlit úr lofti.

6. *Hefur enn fremur af því áhyggjur* að samningaviðræðum um opna lofthelgi miðar ekki áfram.

7. *Gerir sér ljóst* að sams konar ágreiningur stendur í vegi fyrir samningaviðræðum um eftirlitsákvæði í CFE og samningum um opna lofthelgi.

8. *Tekur eftir því og fellst á það* að hægt er að veita öllum aðilum að báðum samningaviðræðum viðskiptalegan aðgang að nauðsynlegum tæknibúnaði.

9. *Er sannfært um* að eftirlit úr lofti er tiltölulega ódýr en nauðsynleg viðbót við eftirlit á vettvangi til að fylgjast með að CFE-samningurinn sé haldinn.

10. *Er enn fremur sannfært um* að samningur um opna lofthelgi, er taki til Evrópu, Sovétríkjanna vestan Úralfjalla og Norður-Ameríku sé nauðsynleg viðbót við öryggi og traustvekjandi aðgerðir á svæðinu frá Atlantshafi til Úralfjalla.

11. *Fer þess á leit* við ríkisstjórnir ríkja innan Norður-Atlantshafsþingsins að þær:
a. Veiti því forgang að gera samning um virkt eftirlit úr lofti til að bæta verulega eftirlit með CFE-samningnum og auka þannig traust í Evrópu.
b. Geri, svo fljótt sem unnt er, samning um opna lofthelgi er breiði gagnkvæmt traust út fyrir svæðið frá Atlantshafi til Úralfjalla, þannig að það nái til allrar Norður-Ameríku og austur hluta Sovétríkjanna.

Samþykkt um spurninguna:
Tekur breytt NATO á sig ábyrgð utan NATO-svæðisins?

Þingið:
1. *viðurkennir* hlut NATO sem ómissandi til að halda friðinn í Evrópu og greiða fyrir hinum gagngeru breytingum sem orðið hafa á undanförnu ári, þar á meðal sameiningu Þýskalands sem fullgilt aðildarríki í NATO,
2. *er sannfært um* að NATO mun áfram gegna úrslitahlutverki í viðhaldi stöðugleika og öryggi í Evrópu;
3. *fagnar* allri viðleitni sem miðar að því að skilgreina hlutverk hinnar evrópsku stoðar undir NATO við að styrkja bandalagið og auðvelda því að takast á við þau verkefni sem framundan eru,
4. *hefur af því áhyggjur* að ógnir framtíðarinnar við sameiginlegt öryggi geti stafað frá svæðisbundnum óstöðugleika utan Evrópu sem innan og ekki aðeins af hernaðarlegum toga,
5. *viðurkennir* þess vegna að ógnun við öryggi NATO í framtíðinni kunni að krefjast víðari skilgreiningar á öryggi og ábyrgðarsvæðum,
6. *fagnar* í þessu samhengi þeirri ákvörðun ríkisstjórna innan NATO að fylgja eftir frekari öryggisaðgerðum er grundavallast á samvinnu, að endurmeta varnarstefnuna og framkvæmdarskipulag hennar, og leggja aukna áherslu á RÖSE (CSCE), eins og kveðið er á um í Lundúnayfirlýsingu NATO 6. júlí 1990,
7. *vonast til þess* að stuðlað verði að samningafundum á borð við RÖSE á Miðjarðarhafssvæðinu,
8. *viðurkennir* hin alvarlegu og aðkallandi vandamál sem núverandi aðildarríki Varsjárbandalagsins standa frammi fyrir, ekki aðeins í efnahagslegu og þjóðfélagslegu tilliti, heldur einnig í þeim efnum hvernig þau eigi að tryggja öryggi sitt í gerbreyttu fyrirkomulagi Evrópu,
9. *er staðráðið,* sem þinglegur vettvangur NATO, að leggja sitt af mörkum til að draga úr þessum áhyggjum ríkja í Mið- og Austur-Evrópu og vinna að öryggi í Evrópu er byggist á samvinnu,
10. *veitir því athygli* að ógnun við öryggi NATO kunni að stafa frá stöðum utan við það svæði sem skilgreint er í 6. grein Norður-Atlantshafssáttmálans, einkum vegna útbreiðslu skotflauga og kjarna-, efna- og líftæknivopna, sem gerir ríkjum kleift að ógna beint öryggi NATO-ríkja, eins og sést af því neyðarástandi sem nú ríkir við Persaflóa,
11. *fordæmir* árás Íraka gegn Kúvæt og krefst þess að Írakar fari strax og að öllu leyti að viðeigandi ályktunum Sameinuðu þjóðanna og að þeim verði öllum framfylgt,

12. *fagnar* viðleitni NATO-ríkja til að samræma aðgerðir einstakra bandalagsríkja við framfylgd þessara ályktana,
13. *bendir á* að í Norður-Atlantshafssáttmálanum eru ekki útilokaðar sameiginlegar aðgerðir til að fæla frá eða verjast ógnun gegn landamærahelgi, pólitísku sjálfstæði og öryggi aðila að sáttmálanum,
14. *mun staðfastlega* styðja hverjar þær aðgerðir sem Sameinuðu þjóðirnar telja nauðsynlegar til að koma að nýju á landamærahelgi og pólitísku sjálfstæði Kúvæt, þar á meðal allar aðgerðir sem gert er ráð fyrir í 4. grein stofnskrár Sameinuðu þjóðanna,

HVETUR ríkisstjórnir aðildarríkja bandalagsins til

15. að auðvelda aðildarríkjum Varsjárbandalagsins að einbeita sér að því að leysa þjóðfélagslegan og efnahagslegan vanda sinn með því að ráðast í frekari aðgerðir á sviði samvinnu og öryggi og staðfesta í því skyni einlægni Atlantshafsbandalagsins með því að heimila
    a. að auðvelduð verði svo náin samskipti við NATO sem mögulegt er, þar á meðal að fulltrúum núverandi aðildarríkja Varsjárbandalagsins verði leyft að senda fulltrúa á tiltekna fundi Norður-Atlantshafsráðsins eða annarra stofnana NATO, eftir því sem við á, í því skyni að ljá aukið vægi hinum reglulegu diplómatísku samskiptum sem kveðið er á um í Lundúnayfirlýsingu NATO frá 6. júlí 1990,
    b. að samið verði um frekari fækkun kjarnavopna og hefðbundins herafla og undirbúnar verði viðræður um viðeigandi aðgerðir til að auka traust og takmarka vígbúnað á hafinu, og
    c. að veita ríkisstjórnum og þjóðþingum núverandi Varsjárbandalagsríkja alla mögulega aðstoð við að koma á efnahagslegum endurbótum, breyta varnarkerfi sínu og endurskipuleggja herafla sinn,
16. að skilgreina framtíðarstörf bandalagsins umfram þau sem sett eru fram í Lundúnayfirlýsingu bandalagsins frá 6. júlí 1990 og þar með
    a. tryggja að sú endurskoðun, sem nú stendur yfir á framtíðarhlutverki NATO, feli í sér víðtæka langtímaúttekt á allri þróun er gæti ógnað öryggi NATO og efnahagslegu öryggi aðildarríkja þess, og
    b. fela æðsta yfirmanni Evrópuherstjórnarinnar (SACEUR) að gera viðeigandi áætlanir „til að stuðla að því innan ramma RÖSE að koma á sameiginlegu varnarkerfi er nái til allra Evrópulanda í því skyni að snúa baki við fyrri skiptingu".

ÁLYKTAR

17. að veita þjóðþingum hinna nýju lýðræðisríkja í Mið- og Austur-Evrópu alla mögulega aðstoð, meðal annars með eftirfarandi aðgerðum:
    a. að setja á stofn hér með stöðu „aukasendinefnda" fyrir þjóðþing þessara ríkja til að gera þeim kleift að gegna virkara hlutverki í störfum og umræðum Atlantshafsþingsins,
    b. að halda reglulega fundi, einkum á vettvangi hringborðsumræðna þingmanna frá Evrópu og Norður-Ameríku,
    c. að efna til sérstakra málfunda um eftirlit með löggjöf og starfsaðferðum löggjafa einkum með tilliti til mála er varða öryggi, t.d. fjárveitinga til varnarmála og herafla,

d. að stuðla að þátttöku þingmanna frá Mið- og Austur-Evrópu í starfsemi nefnda og undirnefnda,
e. að stuðla að útbreiðslu hugmyndarinnar um frjálst framtak og samstöðu, að stuðla að samskiptum milli yfirmanna og bjóða fulltrúum frá Mið- og Austur-Evrópu að vera til aðstoðar við rannsóknarstörf sem unnin eru á vegum aðalskrifstofunnar, og
f. að halda áfram, bæði þingið sem heild og einstakir þingmenn þess, að vekja athygli ríkisstjórna og viðeigandi stofnana innan bandalagsins á nauðsyn þess að stuðla að efnahagslegri uppbyggingu, lýðræði og öryggi í Mið- og Austur-Evrópu; að taka jafnframt mið, við skilgreiningu á framtíðarstarfsemi NATO, af mikilvægum árangri sem náðst hefur á vettvangi RÖSE sem hinum pólitíska grunni undir meiri stöðugleika í Evrópu.

Fylgiskjal II.

Ton Frinking (Holland) og
Douglas Bereuter (Bandaríkin),
framsögumenn:

Skýrsla um stefnu í varnarmálum og eftirlit með vígbúnaði.

Sérstök nefnd NAA um stefnu í varnarmálum og eftirlit með vígbúnaði.
(Norður-Atlantshafsþingið (NAA) — nóvember 1990.)

I. INNGANGUR

1. Sérstök nefnd um stefnu bandalagsins í varnarmálum og eftirlit með vígbúnaði var skipuð þegar fram komu fyrstu merki um hinar gjörbreyttu aðstæður í heimsmálum. Breytt utanríkisstefna Sovétríkjanna undir stjórn Gorbatsjovs, sem nú er orðinn forseti, vakti vonir um slökun í samskiptum austurs og vesturs, þar sem minna bæri á árekstrum og andrúmsloftið á alþjóðavettvangi yrði vinsamlegra, þannig að bandalaginu yrði unnt að meta hverjar þarfir þess eru á sviði stefnunnar í varnarmálum í ljósi þess. Hin nýja frjálslega stefna og sveigjanleiki Sovétmanna hvað snerti eftirlit með vígbúnaði benti einkum til þess að samningaviðræður mundu skipa veglegri sess en áður hvað varðar þarfir í öryggismálum. Þessi þróun jók pólitískan og efnahagslegan þrýsting innan bandalagsins sem hefur í vaxandi mæli hamlað gegn fjárveitingum til varnarmála og þróun og framkvæmd áætlana í varnarmálum.

2. Slíkt var hið pólitíska samhengi innan bandalagsins þegar það leitaðist við að meta framtíðarþarfir kjarnorkuherja og hefðbundinna herja sinna. Mál dagsins voru að færa herinn, sem búinn er skammdrægum kjarnorkuvopnum í Evrópu (SNF), til nútímahorfs, einkum hvað snertir Lance-flugskeyti, og skyld mál, þ.e. að fækka í þessum herjum með samningum. Hvað snertir heri, sem búnir eru hefðbundnum vopnum, fjölluðu skipuleggj-

endur bandalagsins einkum um yfirburði herja Varsjárbandalagsins (WTO). Hins vegar virtist það gefa nokkra von að í uppsiglingu voru samningaviðræður um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu (CFE).

3. Við slíkar aðstæður, sem gefa von um ný tækifæri en þar sem óvissan er einnig mikil, var augljóslega mikilvægt að tryggja að bandalagið hefði mótað samræmda og heildstæða stefnu í varnarmálum og hvað varðar eftirlit með vígbúnaði. Markmið þessara tveggja meginkennisetninga í öryggismálum bandalagsins eiga að vera í samræmi hvort við annað og styrkja hvort annað. Slík samhæfing hefur aldrei reynst auðveld af ástæðum sem tengjast hinum ýmsu stofnunum og kennisetningum. En hinar nýju aðstæður, gangur mála og þrýstingur jók mikilvægi þess að skipuleggjendur varnarmála og samningamenn í viðræðum um eftirlit með vígbúnaði hefðu sömu sjónarmið. Af þeim ástæðum var hinni sérstöku nefnd um stefnu NATO í varnarmálum og eftirlit með vígbúnaði fengið það hlutverk að fylgjast með og meta þróun stefnu bandalagsins í varnarmálum og þar af leiðandi hernaðarþarfir þess og samtímis því hvað snertir samningaviðræður um eftirlit með kjarnorkuvopnum og hefðbundnum vopnum.

4. Tveimur árum síðar eru þarfir NATO varðandi stefnuna í varnarmálum, hvað snertir kjarnorkuvopn og hefðbundin vopn, enn á dagskrá. En þær aðstæður í öryggismálum sem tengjast þessum þörfum hafa breyst mjög.

5. Menn eru farnir að efast um gildi þeirrar stefnu NATO í varnarmálum að sýna sveigjanleg viðbrögð, enda tilheyra ýmsar hinna mörgu forsendna brátt liðinni tíð. Hins vegar hafa pólitískar sviptingar verið svo víðtækar að menn eru teknir að efast um fleira en stefnu NATO í varnarmálum; menn eru farnir að efast um að þörf sé fyrir bandalagið.

6. Ríkisstjórnir aðildarríkjanna eru hins vegar einhuga um að bandalagið skipti ekki minna máli en áður. En þær gera sér grein fyrir því að brýnt er að aðlaga sig nýjum aðstæðum, að skilgreina framtíðarhlutverk bandalagsins og móta stefnu þess í varnarmálum sem hæfir slíku hlutverki og breyttum aðstæðum. Markmið og meginreglur bandalagsins eru enn í gildi. En breytt eðli ógnunarinnar hefur áhrif á með hvaða hætti bandalagið nær slíkum markmiðum. Hernaðarógnun verður annars staðar í forgangsröðinni miðað við efnahagslega og félagslega þætti og skiptir ekki sams konar máli hvað snertir eftirlit með vígbúnaði, stefnuna í varnarmálum og uppbyggingu herja.

7. Leiðtogar bandalagsríkjanna hafa nú stofnað til endurskoðunar á pólitísku og hernaðarlegu hlutverki NATO í því skyni að meta hvert stefnir. Sendiherrar hjá NATO huga að framtíðarverkefnum bandalagsins jafnframt því sem þeir sem sjá um gerð áætlana í varnarmálum og hermálayfirvöld munu sameiginlega taka hermálastefnu NATO til endurskoðunar. Í þessari skýrslu verður einkum fjallað um endurmat á stefnunni í varnarmálum og skilgreiningu á varnaþörf NATO í framtíðinni. En þar eð að baki stefnunni í varnarmálum er óhjákvæmilega pólitísk leiðsögn hlýtur endurskoðun hennar að tengjast víðtækari umræðu um framtíðarhlutverk NATO.

8. Það var þegar erfitt verk að endurskoða hlutverk bandalagsins í nýrri Evrópu. Atburðirnir við Persaflóa hafa frekar fjölgað þeim málum sem eru á dagskrá. Persaflóadeilan hefur beint athygli manna að hugsanlegum afskiptum NATO af málefnum utan bandalagssvæðisins — hvort og að hve miklu leyti NATO sem heild ætti að bregðast við atburðum sem verða utan þeirra landfræðilegu marka sem tilgreind eru í Atlantshafssáttmálanum. Þetta hefur verið þrætumál frá stofnun bandalagsins, en nú er spurt hvort lok kalda stríðsins valdi breytingu á áður bjargfastri skoðun að NATO ætti ekki að færa út

áhrifasvæði sitt. Munu NATO-ríkin ákveða að standa þéttar saman hvað varðar afskipti af málefnum utan bandalagssvæðisins við endurskoðun á framtíðarhlutverki bandalagsins? Fari svo, hvaða afleiðingar mun það hafa fyrir stefnu bandalagsins í varnarmálum og varnargetu þess? Ef ekki, hvaða afleiðingar mun það hafa hvað snertir samheldni og samstöðu bandalagsþjóðanna í framtíðinni, einkum samskipti þjóða beggja vegna Atlantshafsins? Auk þess að móta nýja stefnu í varnarmálum vegna nýrra aðstæðna í öryggismálum í Evrópu verða leiðtogar bandalagsþjóðanna að íhuga hvort hin nýja stefna á að ná til atburða utan formlegra marka bandalagsins.

9. Í þessari skýrslu verður fjallað um horfur varðandi yfirstandandi endurskoðun á stefnunni í varnarmálum. Fjallað verður lítillega um áhrif stjórnmála á þessa endurskoðun og skilgreint hvaða þættir hafa áhrif á þá stefnu sem tekin verður. Fjallað verður um þau svið þar sem helst er að vænta breytinga og hverjar afleiðingarnar kunna að verða varðandi kjarnorkuheri og hefðbundna heri NATO, m.a. hvaða hlutverki eftirlit með vígbúnaði og áætlanir í varnarmálum gegna í mótun þessara herja. Loks verður fjallað um hvaða áhrif umræðan um afskipti NATO af málefnum utan bandalagssvæðisins kann að hafa.

II. ENDURSKOÐUN STEFNU NATO Í VARNARMÁLUM

PÓLITÍSKAR FORSENDUR.

10. Fyrsta formlega viðurkenningin á því að þörf væri fyrir að aðlaga stefnu bandalagsins í varnarmálum örum breytingum í vígstöðunni var tilkynning varnarmálaráðherra aðildarríkjanna á fundi þeirra í Brussel 29. maí 1990 þess efnis að varnaáætlananefndin hygðist:

> „endurskoða stefnu NATO í varnarmálum og ... halda áfram að aðlaga varnarþarfir okkar í því skyni að tryggja að fullt tillit verði tekið til nýrra kringumstæðna".[1]

11. Hálfum öðrum mánuði síðar lýsti fundur þjóðhöfðingja og þjóðarleiðtoga NATO-ríkjanna því yfir á fundi sínum í Lundúnum að þeir styddu þá stefnu að aðhæfa bandalagið nýjum aðstæðum. Lýst var yfir að:

> „við breyttar aðstæður í Evrópu verðum við að gera grundvallarbreytingar á hugmyndum okkar um varnir".

Leiðtogar bandalagsþjóðanna boðuðu ýmsar breytingar á kjarnorkuvopnabúnaði og hefðbundnum vopnabúnaði og lýstu yfir því að:

> „NATO mun taka upp nýja stefnu bandamanna í varnarmálum þar sem minni áhersla verður lögð á „framvarnir", þar sem það á við, stefna að minnkun framvarðarsveita og gera þá breytingu á „sveigjanlegum viðbrögðum" að lögð verði minni áhersla en áður á kjarnorkuvopn."[2]

12. Leiðtogar bandalagsþjóðanna lögðu ekki aðeins aukna áherslu á endurskoðun stefnunnar í varnarmálum, heldur komu þeir með allmargar ábendingar um í hverju slík endurskoðun skyldi fólgin. Í Lundúnayfirlýsingunni var farið nánar ofan í saumana á framtíðarhlutverki kjarnorkuvopnabúnaðar og hefðbundins vopnabúnaðar en venjan er í slíkum yfirlýsingum. Einnig voru þar viðvörunarorð þess efnis að brottflutningur sovéska hersins frá Evrópu og framkvæmd samningsins um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu (CFE) væru forsendur breytingar á hermálastefnu NATO. Hins vegar staðfestu þeir að þegar skyldi hafist handa um mótun nýrrar stefnu í varnarmálum og áætlana um vígbúnað. Yfirvöld NATO á sviði stjórnmála, áætlana í varnarmálum og hermála hafa síðan sameinast um athugun á stefnu NATO í varnarmálum.

13. En stefna í varnarmálum hefur ekki sjálfstæða tilvist. Hún byggist á og hlýtur að endurspegla markmið og meginreglur hinna pólitísku leiðtoga bandalagsins. Í þessum skilningi hlýtur við mótun nýrrar stefnu að verða að taka tillit til víðtækari umræðu um framtíðarhlutverk og viðfangsefni bandalagsins. Í þessari skýrslu verður ekki mikið fjallað um þá umræðu, nema að því marki sem nauðsynlegt er til að afmarka samhengið við endurskoðun stefnunnar í varnarmálum.[3]
14. Nú að kalda stríðinu loknu, þegar herir standa ekki lengur gráir fyrir járnum hverjir andspænis öðrum í Evrópu, hafa sumir talið að hlutverki NATO væri lokið, að við hlutverki þess skyldi taka enn samtengdara Evrópubandalag að nokkru leyti en að öðru leyti áhrifameiri Ráðstefna um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE eða CSCE) með aðild allra Evrópuþjóða. Menn eru þó ekki á eitt sáttir um hvort þessir aðilar hafi tök á að sinna slíku hlutverki svo vel sé í náinni framtíð.
15. Aðrir álíta, og er það öllu yfirvegaðri skoðun, að þrátt fyrir miklar breytingar hafi NATO eitt áfram einstakt gildi í því hlutverki að viðhalda stöðugleika í Evrópu, og þeirrar skoðunar eru allar ríkisstjórnir aðildarríkjanna. Fyrst og fremst mun NATO áfram vera aðildarríkjunum sextán vettvangur, sem er þeim kunnugur og hefur reynst þeim vel, til að samhæfa og samræma stefnu sína í öryggismálum, og ekki síst sá vettvangur sem best hæfir fyrir þátttöku Bandaríkjanna í málefnum Evrópu. Í öðru lagi veitir bandalagið tryggingu, sem enn er þörf fyrir, gegn hernaðarmætti Sovétmanna, eða jafnvel hernaðargetu Rússa. Loks veitir bandalagið mikilvæga tryggingu gegn hugsanlegum óstöðugleika og vernd fyrir þeirri þróun að aðildarríkin taki aftur hvert um sig varnarmálin í sínar eigin hendur. Hlutverk samræmdrar herstjórnar NATO skiptir einkar miklu máli í þessu sambandi. Sameiginlegar áætlanir NATO í varnarmálum draga verulega úr nauðsyn þess að hvert aðildarríki geri sínar eigin áætlanir.
16. Hins vegar eru menn almennt sammála um að breytinga sé þörf til aðlögunar nýjum aðstæðum og að það verði bandalagið að gera. Megininntak Lundúnayfirlýsingarinnar er viðurkenning á þeirri staðreynd og sú fyrirætlun að bregðast við henni. Í yfirlýsingunni var lögð mikil áhersla á pólitískt hlutverk bandalagsins, á nauðsyn aukinnar samvinnu í öryggismálum og þörfina fyrir að endurskoða stefnu NATO í varnarmálum.
17. Nú er verið að gera þrjár sérstakar en tengdar kannanir. Norður-Atlantshafsráðið (sendiherrar sem eru fastafulltrúar aðildarríkja NATO) hefur fengið það hlutverk „að hafa eftirlit með núverandi starfi við aðlögun bandalagsins að nýjum aðstæðum".[4] Fram til þessa hefur það verið fólgið í nokkrum fundum þar sem beitt hefur verið „þankahríð" við umfjöllun á öllum þáttum hvað varðar framtíðarhlutverk bandalagsins. Á öðrum vettvangi hefur sameiginlegur starfshópur um stefnuna í varnarmálum (JSG) á vegum varnaáætlana- og varnastefnudeildar NATO unnið að mótun stefnu í varnarmálum sem ætlað er að koma í stað þeirrar stefnu sem ber heitið MC 14/3, og er ætlunin að kynna hana vorið 1991. Á enn öðrum vettvangi vinna hermálayfirvöld NATO að því að semja skýrslu um framkvæmd nýrrar stefnu í varnarmálum, auk þess sem þau leggja fram sinn skerf til starfa hins sameiginlega starfshóps um stefnu í varnarmálum (JSG).
18. Tengsl og skörun þessara þriggja kannana er að sjálfsögðu nokkuð óljós. Afstaða Frakka flækir auk þess málið. Frakkar halda enn fast við þá stefnu sína að taka ekki þátt í hinu samræmda varnakerfi og þeir taka því ekki þátt í endurskoðun stefnunnar í varnarmálum, en hins vegar taka þeir fullan þátt í hinni víðtækari pólitísku umfjöllun.
19. Fræðilega séð ætti hin pólitíska umfjöllun að vera forsenda endurskoðunar stefnunnar í varnarmálum, en í raun fer þetta tvennt fram samtímis. Hvað varðar pólitíska leið-

sögn hljóta þeir sem fengið hefur verið það hlutverk að endurmeta stefnu NATO í varnarmálum að taka tillit til þess sem á undan hefur farið. Í hinum ýmsu yfirlýsingum og fréttatilkynningum sem bandalagið hefur sent frá sér á undanförnum tveimur árum kemur fram afstaða bandalagsins í heild til grundvallaratriða öryggismálastefnu þess hvað varðar markmið, meginreglur og forsendur. Meginverkefni þeirra sem semja eiga nýja stefnu í varnarmálum er að skilgreina hver þessara atriða skuli verða óbreytt, hver eigi ekki lengur við vegna þeirra atburða sem orðið hafa og hver þarfnast nýrrar túlkunar.

MARKMIÐ BANDALAGSINS.

20. Í formálsorðum fyrir Atlantshafssáttmálanum koma fram eftirfarandi markmið samningsaðila í samræmi við stofnskrá Sameinuðu þjóðanna: „Að varðveita frelsi, sameiginlega arfleifð og menninga þjóða sinna; að stuðla að stöðugleika og velferð á Norður-Atlantshafssvæðinu; og að sameina krafta sína til sameiginlegra varna og varðveislu friðar og öryggis."

21. Með tilliti til nýlegra yfirlýsinga bandalagsins væri unnt að segja að markmið stefnu NATO í varnarmálum séu þessi: Að stuðla að réttlátri, stöðugri og varanlegri skipan mála í Evrópu; að koma í veg fyrir ófrið og hvers konar þvinganir eða yfirgang; ef ekki tekst að koma í veg fyrir ófrið, að viðhalda eða endurreisa fullveldi allra bandalagsþjóða og sjá til þess að þau haldi öllu landi sínu óskertu.

22. Málið snýst um að hvaða marki slík markmið eru í gildi og að hvaða marki þau verði túlkuð með sama hætti.

ÖRYGGISREGLUR BANDALAGSINS.

23. Öryggismálastefna bandalagsins byggist á ýmsum meginreglum. Þessar meginreglur endurspegla eðli bandalagsins og hafa varanleg áhrif á þróun stefnu þess í varnarmálum. Endurskoðun stefnunnar í varnarmálum hefst með því að skoða, staðfesta og, þar sem þörf krefur, að aðlaga slíkar reglur eða breyta þeim. Þær eru m.a.:

a. „Harmel"-stefnan í öryggismálum, þ.e. að viðleitni til uppbyggilegra viðræðna og samstarfs við þjóðir Austur-Evrópu byggist á pólitískri eindrægni og hæfilegum hernaðarmætti.

Í Lundúnayfirlýsingunni er lögð áhersla á að auka vægi hins pólitíska hlutverks bandalagsins og að stofnað verði til samvinnu um aðgerðir í öryggismálum við Varsjárbandalagið, og þannig er þar skírskotað sterklega til fyrsta hluta Harmel-skýrslunnar. Hins vegar halda sumir því fram að forsendur Harmel-skýrslunnar og það ástand sem henni var ætlað að leysa, þegar herir Austur-Evrópu og Vesturveldanna stóðu gráir fyrir járnum hverjir gegn öðrum, hafi breyst svo mjög að Harmel-kenningin sé „orðin úrelt" og að nú sé þörf nýrra ráða.

b. Samstaða og samhugur bandalagsþjóðanna. Að allar bandalagsþjóðirnar séu fúsar til að taka á sig sameiginlega þá áhættu, ábyrgð og byrðar, svo og hagsbætur, sem hljótast af sameiginlegum vörnum.

Meginreglan um samstöðu bandalagsríkjanna setur mark sitt á allar umræður innan bandalagsins og liggur að baki öllum ákvörðunum þess. Hins vegar hefur ávallt verið auðveldara að viðhalda samstöðu sem byggist á sameiginlegri ógnun. Í framtíðarviðræðum um hugsanleg afskipti NATO af málefnum utan bandalagssvæðisins mun reyna mjög á þessa reglu, svo sem fram kemur í viðbrögðum við Persaflóadeilunni og endurnýjuðum viðræðum um sameiginlega öxlun byrða.

c. Dvöl bandarískra hefðbundinna herja og kjarnorkuherja og kanadískra herja í Evrópu sem er tákn þess að hagsmunir Norður-Ameríku og Evrópu eru tengdir órjúfanlegum böndum.

Menn eru jafnstaðráðnir í því sem fyrr að hafa í heiðri þessa meginreglu. Hins vegar verða breytingar á framkvæmd hennar. Til dæmis er ljóst að dregið verður verulega úr fjölda bandarískra hermanna í Evrópu og að rætt verður um í hverju skuldbinding Bandaríkjanna til kjarnorkuvarna í Evrópu verði fólgin.

d. Varnarhlutverk bandalagsins.

Frekari stoðum var rennt undir þessa meginreglu í Lundúnayfirlýsingunni þar sem lögð var áhersla á minni herstyrk, minni viðbúnað og að meira verði treyst á varalið og aðfenginn liðsauka. Það skiptir höfuðmáli hvað varðar áherslu á sameiginlegar varnir.

e. Sú hugmynd að fæling (eða það að afstýra ófriði), sem byggist „um fyrirsjáanlega framtíð" á hæfilegri blöndu af viðeigandi og virkum kjarnorkuvígbúnaði og hefðbundnum vígbúnaði — „sem sé endurnýjaður eftir þörfum".

Túlkun þessarar meginreglu mun verða áfram til umfjöllunar.

f. Hlutverk kjarnorkuvopna um fyrirsjáanlega framtíð hvað snertir núverandi fælingarstefnu.

Þótt ríkisstjórnir haldi áfram að fylgja þessari reglu veldur túlkunin á hlutverki kjarnorkuvopna talsverðum deilum, eins og nánar verður vikið að síðar.

g. Órofa öryggi allra aðildarríkja og sú skuldbinding að verja allt landsvæði bandalagsríkjanna með eins góðum framvörnum og mögulegt er.

Sú skuldbinding að verja allt landsvæðið verður enn í gildi, en sameining Þýskalands veldur breytingum í framkvæmd þessarar meginreglu á miðju bandalagssvæðinu.

h. Varðveisla öryggis með sem minnstum vígbúnaði.

24. Eins og fram kemur í þessu stutta yfirliti er nær víst að breytingar verða á túlkun eða framkvæmd þessara meginreglna. Hins vegar munu þær sjálfar verða staðfestar að nýju sem grundvöllur nýrrar stefnu í varnarmálum. Hve lengi það ástand varir er óljóst.

AÐRIR ÞÆTTIR.

25. Auk þessara öryggisreglna verður við endurskoðun stefnu bandalagsins í varnarmálum að taka tillit til breytinga á ýmsum þáttum og forsendum sem hafa skipað meginsess í áætlunum bandalagsins í varnarmálum.

26. Í fyrsta lagi: Hinar pólitísku og hernaðarlegu breytingar sem orðið hafa í Sovétríkjunum og ríkjum Mið-Evrópu. Lýðræðisþróun í síðarnefndu ríkjunum, upplausn Varsjárbandalagsins sem hernaðaraðila, væntanlegur brottflutningur sovésks herliðs og sameining Þýskalands, allt hefur þetta verulegar afleiðingar hvað snertir mat bandalagsins á því hvort að því steðji ógn eða hætta.

27. Í öðru lagi: Við endurskoðun á stefnunni í varnarmálum verður að taka tillit til pólitískrar og efnahagslegrar þróunar innan bandalagsins. Almenningur vill njóta nokkurra „hagsbóta af friði" og því hafa nær allar ríkisstjórnirnar hafist handa við að leggja drög að lækkun framlaga til varnarmála, fækkun í herliði og samdrátt í áætlunum um aðdrætti.

28. Dregið verður úr fjölda hermanna sem staðsettir eru á erlendri grund — Bandaríkjamenn, Bretar og Frakkar hafa gefið til kynna að þeir muni fækka í herliði sínu í Sambandslýðveldinu Þýskalandi. Hve fjölmennt herlið verður þar til frambúðar fer eftir ýmsu, einkum þessu: Hve fúsir skattgreiðendur eru til að greiða þann viðbótarkostnað sem hlýst af því að staðsetja herlið erlendis; hve fúsir þolendur eru til að sætta sig við það „álag"

sem hlýst af aðkomuherliði; og mati herforingja á því hve fjölmennt slíkt herlið verði að vera svo að það komi að gagni ef í harðbakka slær.
29. Ekki er gott að geta sér til um hvaða áhrif Persaflóadeilan hefur á almenna uppbyggingu varna, en líklegt má þó telja að um verulegan samdrátt verði að ræða hvað snertir herstyrk og varnir í Evrópu. Hins vegar ber á það að líta að aðstæður verða mismunandi eftir landsvæðum. Til dæmis má búast við að ríkin á suðursvæðinu verði ófús til að hafa samdráttinn fyrir neðan lágmarkið sem miðað er við í samningnum um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu (CFE), vegna sérstakra þarfa sinna í varnarmálum.
30. Slík þróun innan bandalagsins bendir til þess hver vandi er á höndum við mótun sameiginlegrar stefnu, slíkri stefnu er of oft ætlað að fylgja og aðlaga sig þróun innan einstakra aðildarríkja fremur en að stefna bandalagsins hafi áhrif á eða móti hana. Í einum skilningi má segja að yfirstandandi endurskoðun stefnunnar í varnarmálum sé í hættu af þessum sökum. Allmörg ríki hafa þegar tilkynnt um breytingar á herafla sínum og yfirlýsingar herforingja NATO benda til þess að þeir hafi þegar gert upp við sig hver þörfin verði fyrir herafla, hver samsetning hans skuli vera og hvernig staðið skuli að vörnum. Allt bendir þetta til þess að nauðsynlegt sé að ljúka endurskoðuninni svo fljótt sem auðið er.
31. Þess ber einnig að geta að mótun áætlana í varnarmálum og hernaðargetu kemur ekki ávallt heim og saman við skuldbindingar um sameiginlegt öryggi, jafnvel þótt lögð sé áhersla á varnir. Við nýjar aðstæður í öryggismálum í Evrópu skiptir miklu máli að samræmi sé milli þessara atriða.

AFSKIPTI AF MÁLEFNUM UTAN BANDALAGSSVÆÐISINS.
32. Núverandi stefna í varnarmálum miðast við að bregðast við árás á bandalagssvæðinu, eins og það er skilgreint í 6. gr. Atlantshafssáttmálans. Málið snýst um það nú hvort í nýrri stefnu í varnarmálum verði einnig tekið sérstaklega tillit til atburða og ógnunar utan hins hefðbundna bandalagssvæðis, sem NATO-ríkin bera sameiginlega ábyrgð á — jafnt innan Evrópu sem utan. Það er háð þeim fyrirmælum sem stjórnmálamenn koma sér saman um að gefa við endurskoðun sína á framtíðarhlutverki bandalagsins.
33. Spurningin um formleg afskipti bandalagsins af málefnum, sem verða „utan bandalagssvæðisins", hefur valdið miklum deilum innan þess í áranna rás. Bandalagið hefur ávallt lagst gegn því að taka þátt í sameiginlegum aðgerðum utan bandalagssvæðisins. Hins vegar hefur tekist að sætta hinar mismunandi skoðanir með því að semja texta þar sem gerður er greinarmunur á aðildarríkjunum og bandalaginu sjálfu; þar kemur m.a. fram að þeim aðildarríkjum sem hafa burði til að hefjast handa sé það heimilt að höfðu samráði og í samræmi við bandamenn sína, enda fari slík samráð fram á vegum bandalagsins.[5] Hins vegar mundi NATO sjálft hvorki lýsa yfir stefnu sinni í málinu né kæmi sameiginleg yfirherstjórn þar nærri.
34. Svipuð umræða hefur farið fram í tengslum við Persaflóadeiluna. Þeirri spurningu er oft varpað fram hvar NATO sé. Hver er tilgangurinn með því að hafa hernaðarbandalag og hernaðaruppbyggingu andspænis ógnun, sem virðist ekki vera nokkur, en ekki er unnt að beita til verndar gegn raunverulegri ógnun við öryggi bandalagsins eða heimsfriðinn?
35. Opinberlega hefur sú skýring verið gefin, eins og fyrr, að bandalagið sé þátttakandi að því marki sem stofnskrá þess og aðildarríki leyfa. Reyndar hafa afskipti bandalagsins

af Persaflóadeilunni verið meiri en nokkur dæmi eru um áður. Höfð hafa verið náin samráð, skipst hefur verið á upplýsingum og stefnan samræmd svo til daglega. Flugvellir og aðstaða NATO hafa verið notuð til fulls og stofnanir NATO hafa verið látnar sjá um samhæfingu framlags einstakra ríkja, einkum hvað snertir flutninga óbreyttra borgara með flugvélum og skipum. Hins vegar hefur ekki komið til kasta vígbúnaðar bandalagsins. Herirnir, sem eru nú við Persaflóa, hafa verið sendir þangað hver frá sínu landi og fer samræming stjórnunar fram á staðnum eftir því sem hentar þykir.

36. Slík þátttaka bandamanna og bandalagsins kann að slá á gagnrýni um stundarsakir. Hins vegar verður fyrr eða síðar að svara þeirri spurningu hver þátttaka NATO verður í framtíðinni. Nú er kalda stríðinu lokið og skuggi ágreinings milli austurs og vesturs hvílir ekki lengur yfir átökum utan bandalagssvæðisins og þá snýst málið um hvort það geri aðildarríkjunum kleift að samþykkja virkara og víðtækara hlutverk fyrir NATO. Segja má að uppi séu þrjár hugmyndir hvað þetta snertir:

— Sumir telja að bandalagið verði „að gera það sem gera þarf" og breyta reglum sínum svo að því verði kleift að takast á við ógnanir í framtíðinni hvaðan sem þær koma. Til dæmis báru þrjú meginaðildarríki Norður-Atlantshafsþingsins (NAA) fram tillögu um breytingu á stofnskrá NATO í því skyni að koma í veg fyrir átök, ekki aðeins í Evrópu, „heldur hvar sem átök kunna að ógna öryggi bandalagsríkjanna".[6]

— Sumir telja að NATO geti haft virkari sameiginleg afskipti af deilum utan bandalagssvæðisins án þess að nokkrar breytingar séu gerðar á Atlantshafssáttmálanum. Þeir telja að hefðbundin tregða NATO stafi ekki af ákvæðum samningsins, heldur af því að stjórnmálamenn hafi látið undir höfuð leggjast af pólitískum ástæðum að túlka þau með þeim hætti sem ætlast var til við samningu þeirra. Hin þrönga túlkun samningsins stafi af því að menn einblíni um of á 56. og 6. gr. hans. Þær hafa að geyma tilteknar tillögur um hvað gera skuli við tilteknar aðstæður en útiloka ekki annars konar viðbrögð. Reyndar er samningurinn víðtækari og tekur á öryggismálum á breiðari grundvelli sem gerir bandalaginu kleift að hafa virkari og jákvæðari afskipti af deilum utan bandalagssvæðisins.

— Sumir telja að það sé hvorki æskilegt né pólitískt raunhæft að ná samstöðu um breytingar á sáttmálanum. Hvað varðar „víðtæka" eða „þrönga" túlkun sáttmálans halda þeir því fram að 5. og 6. gr. séu meginatriði hans og skilgreini við hvaða aðstæður hann eigi við. Reyndar leyfir sáttmálinn og uppbygging bandalagsins ýmiss konar aðgerðir og afskipti af málefnum utan bandalagssvæðisins — á grundvelli aðgreiningar milli bandalagsins og aðildarríkjanna. Ef tilraun væri gerð til að vekja athygli á sameiginlegri stefnu að þessu leyti er hætt við að það yrði misskilið og að það stofnaði samheldni bandalagsríkjanna í hættu.

37. Málið er fremur pólitískt en lögfræðilegt, og það verður leysa við endurskoðun á framtíðarhlutverki NATO. Málið snýst um hvort svipuð samstaða og sú sem var að baki sameiginlegri stefnu gagnvart Varsjárbandalaginu náist hvað snertir hinar nýju aðstæður í öryggismálum. Útlitið er ekki bjart. Líklegt er að gerður verði almennur samningur um að líta beri á öryggismál Evrópu í víðara samhengi þannig að þau nái til alls heimsins, t.d. hvað varðar dreifingu gereyðingarvopna, ýmsa óbeina ógnun og ógnun, sem stafar ekki af hernaðarumsvifum, við sameiginlegt öryggi. Hins vegar á eftir að koma í ljós hvaða áhrif slíkt orðalag hefur á stefnumörkun og áætlanir. Leggja verður áherslu á að meginvandinn sé ekki hinn lagalegi grunnur heldur hvort fyrir hendi sé pólitískur vilji til aðgerða.

38. Hernaðarleg spenna er nú ekki lengur fyrir hendi milli austurs og vesturs og þau ríki sem áður ógnuðu á hernaðarsviði valda nú áhyggjum af allt öðrum toga. Við öllum aðildarríkjum Varsjárbandalagsins blasa nú alvarleg efnahagsleg og pólitísk vandamál sem gætu haft slæm áhrif á stöðugleika í Evrópu. Auk þess verður hvert þessara ríkja nú að huga að öryggismálum sínum í gerbreyttu umhverfi. NATO getur lagt sitt af mörkum í leit þeirra að lausnum. Sameiginlegar aðgerðir í öryggismálum, endurskoðun varnarmála og frekari fækkun í herjum, allt skiptir þetta miklu máli til að viðhalda stöðugleika í Evrópu.
39. Loks er mikilvægt að veita því athygli að enginn skortur er á stofnunum sem geta tekist á við málefni utan bandalagssvæðisins. NATO, Vestur-Evrópusambandið (WEU), Evrópubandalagið, Sameinuðu þjóðirnar og Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE eða CSCE), allar þessar stofnanir skipta meira eða minna máli í þessu sambandi. Málið snýst um hver á að gera hvað við erfiðar aðstæður.
40. Víst er að spurningin um afskipti af málefnum utan bandalagssvæðisins mun verða ofarlega á baugi við endurskoðun á hlutverki bandalagsins. Þeir sem eiga að móta nýja stefnu í varnarmálum munu ekki geta veitt þeim leiðsögn sem gera herfræðilegar áætlanir án þess að þeir fái sjálfir viðeigandi pólitíska leiðsögn.

HUGSANLEGAR BREYTINGAR.
41. Við hvaða breytingum má búast miðað við þær pólitísku aðstæður þar sem endurskoðun stefnunnar í varnarmálum fer fram og einkum þær meginreglur í öryggismálum sem taka verður tillit til? Áður en hugað er að því á hvaða sviðum breytinga sé að vænta er mikilvægt að veita athygli nokkrum skilyrðum sem varða eðli stefnu NATO í varnarmálum.
42. Í fyrsta lagi fjallar stefnan í varnarmálum um stefnu í hermálum og þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að ná þeim markmiðum sem bandalagið hefur sett sér, þ.e. varðveislu friðar, frelsis, öryggis og stöðugleika í Evrópu. Í stefnunni í varnarmálum verður að gera ráð fyrir mati á því hvað ógnar þessum markmiðum og að hún veiti NATO og þeim sem bera ábyrgð á áætlunum í varnarmálum hverrar þjóðar viðeigandi leiðsögn í því skyni að hjálpa þeim til að byggja upp hervarnir og áætlanir í samræmi við meginreglur og vinnuvenjur bandalagsins.
43. En sú leiðsögn sem fólgin er í stefnu NATO í varnarmálum er eðli sínu samkvæmt mjög almenn og þar er ekki um að ræða nákvæm fyrirmæli. Ástæðan fyrir því er augljóslega sú að hér er um að ræða samkomulag 14 ríkja og því verður orðalag að fullnægja kröfum ríkja sem hafa mismunandi og oft andstæð sjónarmið og afstöðu til mála. Til þess að unnt væri að ná slíkri samstöðu varð orðalagið að vera mjög almennt og jafnvel að orka tvímælis.
44. Í stefnunni um sveigjanleg viðbrögð (MC 14/3) er fjallað í almennum orðum um hvernig bandalagið skyldi bregðast við í tilteknum tilvikum. Til dæmis eru þar skilgreind þrenns konar viðbrögð almenns eðlis: Beinar varnir, vísvitandi stigmögnun og beiting kjarnorkuvopna, en hins vegar er lítið fjallað um í hverju hver viðbrögð yrðu fólgin. Ekki er ljóst hvert er hlutverk kjarnorkuvopna og hefðbundinna vopna; með beinum vörnum er einkum átt við beitingu hefðbundinna vopna, en þó er ekki loku fyrir það skotið að kjarnorkuvopnum yrði beitt; og vísvitandi stigmögnun væri í nær öllum tilvikum fólgin í beitingu kjarnorkuvopna, en þó væri stigmögnun möguleg með beitingu hefðbundinna vopna einna. Þessi tvíræðni stafar af því að mönnum reyndist erfitt að skilgreina ná-

kvæmlega hlutverk kjarnorkuvopna. Einnig er talið að þetta geti haft þau heppilegu áhrif að auka fælingu þar eð andstæðingar geti ekki verið vissir um hvaða vopnum verði beitt.
45. Meginhindrunin gegn því að samstaða náist hefur alltaf verið hlutverk kjarnorkuvopna. Að baki hinna langdregnu og hatrömmu deilna, sem urðu áður en stefnan um sveigjanleg viðbrögð var samþykkt á 7. áratugnum, var leit að formúlu sem „jók fælingu" með þeim hætti sem allir aðilar gátu sætt sig við. Árangurinn varð „sveigjanleg" stefna þar sem gert var ráð fyrir viðbrögðum við hvers konar tilvikum og þar sem orðalag var af ráðnum hug haft tvírætt hvað varðar hvernig og hvenær slíkum viðbrögðum yrði beitt. Eins og verður rætt um síðar ættu breyttar aðstæður í alþjóðamálum að gera óþarfar svipaðar umræður innan bandalagsins nú þar eð einstök aðildarríki gera e.t.v. ekki jafnmiklar kröfur og áður. En þar eð aðilar eru sammála um að ekki verði hjá því komist að hafa kjarnorkuvopn er enn fyrir hendi sá vandi sem snertir aukna fælingu — og svara verður hinum sömu grundvallarspurningum.
46. Við hvers konar endurskoðun á stefnu í varnarmálum rekast menn á þann vanda, sem ekki verður komist hjá, að orða texta með þeim hætti að hann hæfi hagsmunum allra í öryggismálum og einkum að í honum rúmist ákvæði um kjarnorkuvopn. Ný eða endurskoðuð stefna í varnarmálum hlýtur að byggjast á samstöðu. Hana verður að orða með þeim hætti að ekki sé mikið um nákvæm fyrirmæli og, eins og fyrr, að töluvert svigrúm gefist fyrir túlkun einstakra ríkja. Að þessu leyti er mikilvægt að lögð sé áhersla á að það ferli að fjalla um áhrif þeirra breytinga sem nú er verið að gera og sameiginleg ákvörðun um hvaða þýðingu þær hafa hvað snertir öryggi bandalagsins skiptir jafnmiklu máli og það samkomulag sem gert er.
47. Ein lokaspurning varðandi endurskoðun stefnunnar í varnarmálum snertir núverandi heiti: sveigjanleg viðbrögð. Sú staðreynd að í augum almennings tengist þessi stefna því að NATO sé reiðubúið til að verða á undan til að beita kjarnorkuvopnum, eða sé a.m.k. ekki reiðubúið til að afneita slíkri notkun þeirra, bendir til þess að ráðlegt sé að finna þessari stefnu nýtt heiti — a.m.k. í því skyni að sýna fram á að NATO er að breytast. Hins vegar kann ríkisstjórnum að vera óljúft að hætta að nota þetta hugtak — því hver vill vera eitthvað annað en „sveigjanlegur", og með orðinu „viðbrögð" er lögð áhersla á að bandalagið sé varnarbandalag og hafi það hlutverk að bregðast við.
48. Án þess getum sé að því leitt hvað höfundar hinnar nýju stefnu í varnarmálum eru að gera má segja að á þremur sviðum sé nauðsyn á breytingum og jafnvel endursamningu: hvað varðar ógn, hlutverk kjarnorkuvopna og regluna um framvarnir.

Ógnunin.

49. Þá ógnun sem lá til grundvallar samþykkt stefnu um sveigjanleg viðbrögð 1967 verður að skilgreina að nýju til samræmis við pólitískan veruleik nútímans. Í nýju mati verður að viðurkenna þær breytingar sem orðið hafa í Sovétríkjunum undir stjórn Gorbatsjovs forseta, einkum hvað varðar stefnuna í öryggismálum, þær breytingar sem orðið hafa í Mið-Evrópu og hrun Varsjárbandalagsins. Hins vegar mundi í nýju mati vera vakin athygli á gífurlegri óvissu við hinar nýju aðstæður og þeim möguleika að um verði að ræða hrun og upplausn um alla Austur- og Mið-Evrópu, einkum í Sovétríkjunum. Fyrirsjáanlegur óstöðugleiki staðfestir þörfina fyrir varúð og gætni.
50. Stjórnmál eru mikilvæg fyrir þá sem gera áætlanir í varnarmálum en þyngst vegur þó hernaðargeta Sovétríkjanna. Hvað sem líður þeim góða anda sem nú ríkir í Mosvku munu þeir sem gera áætlanir í varnarmálum endurtaka það sem oft hefur verið sagt áður:

„Fyrirætlanir kunna að breytast en hernaðarmátturinn er óbreyttur". En sé aðeins tekið tillit til hernaðarmáttar er ástandið töluvert betra en áður. Í nýrri stefnu í varnarmálum er nauðsynlegt að endurskoða margar þeirra forsendna sem núgildandi stefna byggist á.
51. Stefna bandalagsins í varnarmálum hefur löngum miðast við mikla yfirburði herja Varsjárbandalagsins hvað varðar fjölda hermanna, einkum stærð sovéska herliðsins sem staðsett hefur verið við landamæri Vesturlanda og tilbúið er til stórsóknar með litlum fyrirvara. Með brottflutningi sovéska hersins dregur skjótt úr þeirri langvarandi hættu. Auk þess verður hvorum aðila nú ljósara en áður hvað hinn aðhefst — og þar með fæst meiri tími til viðvörunar en áður — með tilkomu aðgerða til sannprófunar og til að auka stöðugleika samkvæmt samningnum um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu (CFE).
52. En margar þessara breytinga bíða framtíðar — eins og kemur fram í skilyrðum Lundúnayfirlýsingarinnar. Hins vegar eru breytingar á uppbyggingu sovéska hersins aðeins nýhafnar þannig að erfitt er að meta nákvæmlega hver hernaðarógnunin er. Jafnvel að breytingum afloknum verður hernaðarmáttur Sovétmanna eða Rússa verulegur, bæði hvað snertir kjarnorkuvopn og hefðbundin vopn. Það mun fyrst og fremst ráða úrslitum um stefnu NATO í varnarmálum. En ógnin, sem af þeim stafar, verður allt önnur en áður — á miðju bandalagssvæðinu mun NATO hafa bæði unnið rými og tíma.
53. Þannig hefur dregið úr hinni miklu hættu sem stafaði af hefðbundnum vopnum og núverandi stefnu bandalagsins í varnarmálum var ætlað að stöðva eða vinna gegn. Stendur bandalagið nú frammi fyrir öðrum hættum? Vafalaust mun í nýju mati verða bent á hættu sem stafar af vandamálum utan bandalagssvæðisins, innan og utan Evrópu. Að hve miklu leyti áætlanir í varnarmálum eigi að miðast við annað en hefðbundna hættu heldur miðist við óskilgreinda hættu fer eftir leiðsögn pólitískra yfirvalda í NATO-ríkjanna.

Kjarnorkuvopn.
54. Ýmis atriði sem snerta kjarnorkuvopn verða forsenda nýrrar stefnu í varnarmálum: Sú meginregla að í náinni framtíð verði kjarnorkuvopn ómissandi sem hin endanlega trygging fyrir öryggi bandalagsins, nauðsynlegt verði að gera hlutverk þeirra og nærveru trúverðuga og ásættanlega og gefa verði þá skuldbindingu að viðhalda öryggi með beitingu svo vægilegra vopna sem unnt sé.
55. Lögð verður mikil áhersla á jákvætt hlutverk kjarnorkuvopna sem „áreiðanlegs tækis til að varðveita friðinn"[7] og jafnframt því verður lögð áhersla á að bandalagið treysti í minna mæli en áður á kjarnorkuvopn. Síðarnefnda markmiðinu verður náð í tengslum við það þegar náðst hefur ásættanlegri jöfnuður í hefðbundnum vígbúnaði, svo sem segir í Lundúnayfirlýsingunni.
56. En hvað sem líður yfirlýsingum um meginreglur verður að vera hægt að beita kjarnorkuvopnunum — gera verður ráð fyrir notkun þeirra og hugsanlegum skotmörkum. Það verður ekki auðvelt að vekja mönnum tiltrú né afla samþykkis þeirra hvað þetta varðar. Ef ná á samkomulagi um hvert hlutverk þeirra á að vera verður að fjalla aftur um það sem áður hefur verið fjallað um og bjóða upp á málamiðlanir og tilslakanir. Hin nýja vígstaða ætti að auðvelda slíkar viðræður. Sveigjanleg viðbrögð útheimta að menn séu reiðubúnir til að beita hvers konar vopnum og þar af leiðandi verður hernaðarmátturinn að vera víðtækur. Meginforsenda slíkrar þarfar, en ekki hin eina, var sú ógn sem stafaði af hefðbundnum vígbúnaði Varsjárbandalagsins. Þegar þeir yfirburðir eru ekki lengur fyrir hendi hefur það áhrif á þarfir NATO — og þess vegna voru teknar þær ákvarðanir, sem staðfestar voru í Lundúnayfirlýsingunni, að eyða skammdrægum kjarnaflaugum og fallbyssu-

skotum með kjarnahleðslu. En eins og lögð var áhersla á hvað eftir annað í heildarstefnunni (eða samræmdri stefnu) í vígbúnaðareftirlits- og afvopnunarmálum, sem samþykkt var í júlí 1989, valda þessar breytingar því ekki að engin þörf verði fyrir kjarnorkuvopn í Evrópu.[8]

57. Önnur leið til að sýna fram á að ekki sé treyst jafnmikið og áður á kjarnorkuvopn er sá tími þegar hægt yrði að nota þau. Með sveigjanlegum viðbrögðum er átt við ýmsa kosti, en þá verður óljóst hvenær brugðist er við og þar með hefur náðst samkomulag milli þeirra sem leggja áherslu á snögg viðbrögð og þeirra sem leggja áherslu á viðbrögð eftir nokkra bið. Nú, þegar Varsjárbandalagið hefur verið leyst upp og jafnræði er að nást með aðilum hvað snertir hefðbundinn vígbúnað, er afar ólíklegt að kjarnorkuvopn yrðu notuð snemma í stríði, og því nota menn gjarnan hugtakið „sannarlega eru þetta vopn sem aðeins verða notuð ef allt annað bregst". Meira að segja hafa sumir lagt til að NATO ætti að samþykkja að beita aldrei kjarnorkuvopnum að fyrra bragði. En meiri hluti ríkisstjórna aðildarríkjanna sættir sig ekki við slíka stefnu.

58. En sú staðhæfing í Lundúnayfirlýsingunni að í breyttri Evrópu muni viðkomandi bandamenn

> „geta tekið upp nýja stefnu NATO í varnarmálum þar sem kjarnorkuvopn verða aðeins notuð ef allt annað bregst"

bendir til þess að ýmsar ríkisstjórnir vilji leggja áherslu á vilja sinn til að beita kjarnorkuvopnum fremur „síðar" en „fyrr" þegar beitt er sveigjanlegum viðbrögðum. Draga má í efa gildi þessa orðalags með þeim rökum að kjarnorkuvopn verði ekki notuð nema allt annað bregðist. En þegar málið er skoðað í því samhengi að ákveðið verði að treysta minna en áður á kjarnorkuvopn og einnig að eyða þeim kjarnorkuvopnum sem henta helst til notkunar snemma í stríði virðist sem um stefnubreytingu sé að ræða til viðbragða sem eru ekki jafnsveigjanleg og áður. Sumir eru andvígir hverjum þeim ráðstöfunum sem auðvelda andstæðingum að spá fyrir um viðbrögð bandalagsins, vegna þess að það dragi úr fælingu. Eftirfarandi staðhæfing í Lundúnayfirlýsingunni:

> „ekki verður um neinar aðstæður að ræða þar sem hægt er að útiloka gagnárás með kjarnorkuvopnum ef aðrir hafa hafið árás",

bendir til þess að menn séu ekki á eitt sáttir um þetta atriði.

Framvarnir.

59. Meginatriði núverandi stefnu í varnarmálum, sem nauðsynlegt er að taka til endurskoðunar, er skuldbindingin um framvarnir. Sú pólitíska skuldbinding að halda uppi vörnum á landsvæði bandalagsríkjanna sem næst landamærum er enn í gildi, en sameining Þýskalands, upplausn Varsjárbandalagsins og brottflutningur sovéska hersins útheimtir endurskoðun á því hvaða aðgerðir eigi að vera fólgnar í þessari meginreglu. Þessar breytingar leiða til þess að bandalaginu sé kleift að hverfa frá þeirri stefnu í varnarmálum að hafa verulega fjölmennan her, sem hefur raðað sér upp við landamæri, tilbúinn til bardaga, og taka upp þá stefnu „að fylla í skörðin", en þá er gert ráð fyrir minni herstyrk á friðartímum og að hernaðaruppbyggingin verði allt önnur.

60. Mikilvægt er að hafa í huga að hvað varðar lönd Norðmanna og Tyrkja hefur kenningin um framvarnir og að verja beri allt landsvæði bandalagsríkjanna sérstaka þýðingu sem þessar þjóðir vilja ekki að lögð sé minni áhersla á.

Afskipti af málefnum utan bandalagssvæðisins.

61. Um hugsanlega ógnun við lönd bandalagsríkjanna er fjallað í 5. og 6. gr. Atlantshafssáttmálans — en nauðsynlegt er að huga betur að því en hingað til hvernig unnt sé að mæta slíkri ógnun. Í þessu sambandi verður athyglinni einkum beint að syðri landsvæðum þar sem uppbygging hefðbundinna herja í ríkjum, sem liggja nærri syðri landamærum bandalagsins, hefur þegar valdið verulegum breytingum á aðstæðum í öryggismálum Evrópu. Aðrar þjóðir munu í auknum mæli benda á þörfina fyrir fjölbreyttar og sveigjanlegar áætlanir í því skyni að fullnægja þörfum þeirra í tilteknu landi eða á tilteknum svæðum. Ekki verður auðvelt að sætta slík andstæð sjónarmið.

62. Eins og áður hefur verið vikið að verður pólitísk leiðsögn um hugsanleg afskipti af málefnum utan bandalagssvæðisins innan og utan Evrópu óhjákvæmilega afar almenns eðlis og kemur að litlum notum fyrir þá sem sjá um gerð áætlana í varnarmálum. Í þessum skilningi verður það hlutverk einstakra ríkja að gera þær ráðstafanir sem þau telja nauðsynlegar, og áætlunum innan hvers ríkis fremur en sameiginlegum áætlunum verður beitt vegna afskipta af málefnum utan bandalagssvæðisins.

63. Háttsettur embættismaður NATO, sem tekur mikinn þátt í störfum hins sérstaka ráðgjafahóps (SCG), hefur sagt að hin nýja stefna muni beinast að þröngu sviði og að:

„málefni svæða utan bandalagsins munu ekki hafa afgerandi áhrif á það sem við fáum".

Hann gat þess einnig að þróun til hreyfanlegri og sveigjanlegri herafla í bandalagsríkjunum mundi gera bandalaginu kleift að takast á við hvaða ógnun sem er.[9]

64. En hvaða orðalag sem notað verður við lok endurskoðunar á stefnu NATO í varnarmálum mun hinnar raunverulegu breytingar á stefnunni fremur verða vart á vettvangi en í yfirlýstri stefnu.

III. SKAMMDRÆG KJARNORKUVOPN

ENDURNÝJUN OG EFTIRLIT MEÐ VÍGBÚNAÐI.

65. Þegar bandalagið samþykkti Heildarstefnuna í vígbúnaðareftirlits- og afvopnunarmálum í júní 1989 kom það bandalaginu a.m.k. um tíma út úr þeim ógöngum sem það var komið í hvað snertir endurnýjun og/eða samninga um kjarnorkuvígbúnað þess í Evrópu. Með samþykkt heildarstefnunnar vannst tvennt. Í fyrsta lagi varð hún til þess að fresta viðræðum með því að tengja þær framgangi samningaviðræðna um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu (CFE); og í öðru lagi varð hún til þess að fresta ákvörðun um endurnýjun Lance-flugskeytanna þar til 1991. Enn var þó óljóst hve mikill stuðningur væri við endurnýjun. Annars vegar komu formælendur endurnýjunar inn texta þar sem lögð var áhersla á staðsetningu kjarnorkuvopna í Evrópu og svo virtist sem þeir renndu enn frekari stoðum undir málflutning sinn með því að leggja áherslu á að hvers konar fækkun mundi einkennast af hlutdrægni. En innskot orðanna „um nána framtíð" dregur úr vægi málflutnings þeirra.

66. Hvað varðar endurnýjun í framtíðinni hafa hlutaðeigandi yfirvöld NATO — vinnuhópur háttsettra manna undir Kjarnorkuáætlananefndinni (HLG) og æðstu höfuðstöðvar herstjórnar Bandamanna í Evrópu (SHAPE) — kannað framtíðarþarfir fyrir kjarnorkuvopn. En nú hafa þeir atburðir orðið sem setja strik í reikninginn varðandi slíkt starf og heildarstefnuna, og valkostir bandalagsins eru því færri en áður.

67. Sú ákvörðun Bush forseta að hætta við endurnýjun Lance-flugskeytanna og frekari endurnýjun fallbyssuskota, sem búin eru kjarnahleðslum, veldur því að ekki verður frekar um það að ræða að skammdrægar kjarnaflaugar, sem skotið er af landi, verði staðsettar í Evrópu. Þetta var staðfest í Lundúnayfirlýsingunni, en þar segir að nýjar pólitískar og hernaðarlegar aðstæður í Evrópu muni valda því að hlutverk skammdrægra kjarnorkuvopna, sem draga stutt inn á landsvæði óvinar, minnkar verulega. Auk þess ákváðu leiðtogar bandalagsríkjanna sérstaklega að þegar viðræður væru hafnar um skammdræg kjarnavopn mundi bandalagið leggja til að öllum fallbyssuskotum þess í Evrópu, sem búin eru kjarnahleðslum, yrði eytt, og í staðinn mundu Sovétríkin heita hinu sama.

68. Þar af leiðandi mundi kjarnahleðslum fyrir skammdrægar eldflaugar og fallbyssuskot verða eytt, annaðhvort að loknum samningum eða með einhliða aðgerðum. Það þýðir að sá hluti kjarnorkuvopnabirgða NATO, sem er á landi, mundi aðeins vera til notkunar í fjölnotaflugvélum sem nú hafa innanborðs hefðbundnar sprengjur. Þá vaknar sú spurning hvort nauðsynlegt kunni að reynast að smíða í staðinn nýja eldflaug sem unnt sé að skjóta úr flugvélum á land (TASM) og hvort ríkisstjórnir aðildarríkjanna séu reiðubúnar til að heimila áfram staðsetningu kjarnorkuvopna og flugvéla, sem geta borið þau, á landsvæði sínu. Ávallt hefur verið talið að víðtæk þátttaka bandamanna í Evrópu í samstarfi með kjarnorkuvopn væri nauðsynlegur þáttur í kjarnorkuvopnavígbúnaði bandalagsins.

69. Ef ekki tekst að ná samkomulagi um ofangreindan kost verða allar kjarnorkuhleðslur fluttar frá Evrópu. Sú lausn er hugsanleg að skotpallar, sem nota má jafnt fyrir kjarnorkuflaugar sem hefðbundnar flaugar, væru staðsettir í Evrópu en kjarnahleðslurnar yrðu fluttar flugleiðis frá Bandaríkjunum ef þörf krefði. Hins vegar væri þetta í andstöðu við þá stefnu sem bandalagið hefur fylgt til þessa að nauðsynlegt sé að einhver bandarísk kjarnorkuvopn séu staðsett í Evrópu.[10] Enn fremur er ólíklegt að Bandaríkjamenn mundu sætta sig við þá skipan mála.

70. Í ofangreindum lausnum virðist lögð aukin áhersla á þau kjarnorkuvopn Bandaríkjamanna og Breta sem eru í skipum og NATO hefur yfir að ráða. Aldrei hefur verið fallist á að treysta á kjarnorkuvígbúnað „á hafi úti" vegna þess að þörf væri fyrir sjáanlega „tengingu", vegna þess að nauðsynlegt væri að dreifa áhættunni[11] og vegna andstöðu ríkjanna á norðursvæðinu gegn umsvifum kjarnorkuherja á sínu svæði. Nú vaknar sú spurning hvort breyttar aðstæður geri þann kost fýsilegri.

SAMNINGAVIÐRÆÐUR.

71. Í Lundúnayfirlýsingunni samþykktu bandalagsríkin að nýjar samningaviðræður milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um takmörkun skammdrægra kjarnorkuvopna skyldu hefjast eftir að undirritaður hefði verið samningur um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu (CFE). Nú er verið að undirbúa slíkar viðræður. Hinn sérstaki ráðgjafahópur (SCG) hefur, undir stjórn bandarísks formanns, hafið samráð við bandalagsríkin um slíkar viðræður í framtíðinni.

IV. HEFÐBUNDIN VOPN

EFTIRLIT MEÐ VÍGBÚNAÐI — FYRSTI SAMNINGUR UM TAKMÖRKUN HEFÐBUNDINS VÍGBÚNAÐAR Í EVRÓPU (CFE I).

72. Þegar þessi skýrsla verður lögð fram í Lundúnum verður að öllum líkindum búið að undirrita fyrsta samninginn um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu (CFE I). Með afskiptum æðstu manna á réttum tíma hefur tekist að ryðja úr vegi helstu hindrunum. Enn er eftir að ná samkomulagi um tiltekin mál og gera fjölmargar skýrslur, en samningamennirnir í Vín hafa fulla trú á að unnt verði að ljúka öllum undirbúningi fyrir hinn fyrirhugaða dag í París.

73. Það er sannarlega sögulegur árangur að hafa náð svo víðtækum og flóknum samningi milli 23 (nú 22) ríkja á tæpum tveimur árum. Það sem úrslitum réð var pólitísk staðfesta allra þátttakenda að ná samkomulagi. Einnig hafði áhrif að Varsjárbandalagsríkin voru frá byrjun samþykk afstöðu vestrænna ríkja til samdráttar í vígbúnaði, þ.e. að draga úr hernaðarlegri spennu í Evrópu, einkum hvað snertir yfirburði í fjölda hermanna í hefðbundnum herjum Varsjárbandalagsins, og stuðla að stöðugleika og öryggi í Evrópu. Þessi samningur tryggir ekki stöðugleika einn og sér, en hann stuðlar að meiri stöðugleika en hefur ríkt í Evrópu undanfarna fjóra áratugi og hann verður einn af hornsteinunum við uppbyggingu nýrrar Evrópu.

74. Í samningaviðræðunum hefur ríkt andi góðvilja og samvinnu sem hefur valdið því að báðir aðilar hafa veitt réttar tilslakanir á réttum tíma. Vonandi mun framkvæmd samningsins einnig einkennast af samvinnu. Undirritunin er aðeins byrjunin. Allra þeirra sem hlut eiga að máli bíður mikið og erfitt verk við framkvæmd samningsins hvað snertir eyðingu vígbúnaðar, upplýsingaskipti og eftirlit með öllum þáttum hans. Sú framkvæmd mun taka mikinn tíma allra hlutaðeigandi á komandi árum.

Ákvæði samningsins.

75. Stutt yfirlit (þegar þetta er skrifað er enn ófundin lausn á allmörgum smáatriðum í Vín):

— Í samningnum eru sett takmörk á heildarfjölda í fimm flokkum hergagna (sem nefnast hergögn sem takmörkuð eru í samningnum (TLE)): skriðdrekar, brynvarðir orrustuvagnar (ACV), fallbyssur, árásarþyrlur og orrustuþotur.

— Leyfilegur fjöldi hergagna í hverjum flokki á viðkomandi svæði (frá Atlantshafi til Úralfjalla) verður sem hér segir hjá hvorum ríkjahópi: Skriðdrekar 20.000, brynvarðir orrustuvagnar 30.000, fallbyssur 20.000, orrustuflugvélar 6.800, árásarþyrlur 2.000.

— Brynvörðum orrustuvögnum er síðan skipt í undirflokka: brynvarða orrustuvagna fyrir landgönguliða (AIFV), hámark 18.000, og mjög brynvarða orrustuvagna (HACV), hámark 1.500.

— Nákvæm lýsing á hinum ýmsu vopnategundum og undirtegundum.

— Takmarkanir hvað snertir ýmis undirsvæði og er þá um að ræða sammiðja hringi sem hafa miðju í litlum svæðum og enda síðan á ytri jöðrum — og er tilgangurinn með því að koma í veg fyrir að mikill fjöldi hermanna geti safnast á sama stað.

— Reglan um hæfilegan fjölda, sem takmarkar eignarhald hvers ríkis við u.þ.b. 33% af heildarfjölda, en hundraðshlutinn er mismunandi eftir tegundum, í því skyni að koma í veg fyrir að eitt ríki hafi yfirburði.

— Takmarkanir á fjölda „virkra“ hergagna, sem takmörkuð eru í samningnum, miðað við þau hergögn sem eru í geymslu.
— Ýmsar ráðstafanir í því skyni að auka stöðugleika, þ.m.t. takmarkanir á brúargerð, geymslustöðum, hernaðarumsvifum og útkalli varaliðs.
— Ákvæði um nákvæm skipti á gögnum og upplýsingum.
— Ákvæði um eyðingu eða endurflokkun þeirra hergagna sem tekin hafa verið úr notkun.
— Víðtækt eftirlitskerfi.
— Ákvæði um flutning til notkunarsvæða, staðsetningu um stuttan tíma og hugsanleg undanbrögð.

Almennar athugasemdir.

76. Þótt samkomulag hefði tekist í grundvallaratriðum milli ríkjahópanna tveggja um hugtök og hugmyndir að baki samningnum — sem byggist að mestu leyti á viðhorfum vestrænna ríkja — var ágreiningur um ýmis atriði sem útheimti tilslakanir af hálfu beggja aðila. Enn fremur voru tiltekin atriði í frumdrögum samningsins, svo sem staðsetning herja og takmörkun á fjölda hermanna, sem eru orðin úrelt vegna hinnar pólitísku þróunar og verða þau því ekki hluti af samningnum. Hér á eftir er stutt yfirlit yfir hið helsta sem áunnist hefur undanfarið hálft ár, helstu þætti samningsins og samningaviðræður um hann. Helstu hindranir sem varð að yfirstíga voru þessar:

— *Afleiðingar af sameiningu Þýskalands.* Koma tókst í veg fyrir að Sovétmenn fengju samþykktar takmarkanir á herstyrk Þýskalands utan samnings um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu (CFE). Ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands samþykkti að gefa bindandi yfirlýsingu í tengslum við og sem hluta af samningnum um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu (CFE), þess efnis að fækkað skyldi í her sameinaðs Þýskalands niður í 370.000 manns innan tveggja til fjögurra ára, en sú fækkun á að taka gildi eftir að Vínarsamningurinn hefur gengið í gildi.

  Bandalagið hefur einnig skuldbundið sig til að ræða um alhliða fækkun hermanna í framhaldsviðræðum.

  Hergögn, sem tilheyrðu áður austur-þýska hernum, dragast frá þeim fjölda hergagna sem bandalagið og þar með Þjóðverjar fá úthlutað. Þar með eykst sá fjöldi hergagna sem þýska ríkisstjórnin verður að láta eyðileggja. Varsjárbandalagsríkin, sem nú eru orðin sex, munu skipta með sér þeim fjölda hergagna sem Austur-Þjóðverjum var ætlaður áður.
— *Flugvélar.* Vestræn ríki gáfu það eftir í júlí 1989 að flugvélar yrðu teknar með á listann yfir þau hergögn sem takmarkaður skyldi fjöldi á, en enn ber töluvert á milli samningsaðilanna tveggja um leyfilegan heildarfjölda og um hvaða flugvélar sé að ræða. Erfiðasta deilumálið var að Sovétmenn neituðu að taka með í reikninginn flugvélar sjóhersins, sem hafa aðsetur á landi, nema flugvélar á flugvélamóðurskipum Bandaríkjamanna væru einnig teknar með. Úr því máli var leyst á fundi utanríkisráðherranna tveggja í New York í október. Samkomulag varð um að heildarfjöldi allra orrustuflugvéla skyldi vera 6.800. Þar með voru ekki taldar flugvélar sjóhersins sem hafa aðsetur á landi. Fjöldi þeirra má ekki vera meiri en 430 hjá hvorum aðila; um þetta varð samkomulag utan samningsins en þó telst þetta pólitísk skuldbinding. Heildarfjöldinn er verulega meiri en bandalagið hafði upphaflega óskað eftir, en þó verða Sovétríkin að eyðileggja verulegan fjölda flugvéla.

— *Reglan um hæfilegan fjölda.* Ákvæðið um hæfilegan fjölda, sem takmarkar þann hundraðshluta hergagna sem má vera í eigu tiltekins ríkis á öllu svæðinu, hefur reynst vera mikilvægasti þáttur samningsins. Upphafleg tillaga bandalagsins um 30% var alltaf lægri en tillaga Varsjárbandalagsins, sem hljóðaði upp á 35–40%. Þegar upplausn varð í Varsjárbandalaginu lögðu Sovétríkin áherslu á hærri töluna, þ.e. 40%. Bæði NATO og önnur ríki Varsjárbandalagsins mótmæltu því vegna eigin þarfa í öryggismálum. Loks varð samkomulag um að reglan um hæfilegan fjölda skyldi vera mismunandi fyrir hvern flokk hergagna, og var meðaltalið 33%.

77. *Staðsetning.* Í upphaflegum drögum að samningnum var lagt til að takmarkaður yrði fjöldi hermanna sem hafa mætti erlendis. En þar eð Sovétmenn hafa ákveðið einhliða brottflutning hers síns er engin þörf lengur fyrir þetta ákvæði og það verður því ekki í samningnum.

78. *Takmarkanir á fjölda bandarískra og sovéskra hermanna erlendis.* Í tillögum Varsjárbandalagsins hefur herstyrkur ávallt talist til hergagna sem takmörkuð verða samkvæmt samningnum. Bandalagið gaf það eftir að herir Bandaríkjanna og Sovétríkjanna skyldi háðir slíkum fjöldatakmörkunum, en aðeins þeir. En þeir atburðir hafa nú orðið að engin þörf er fyrir slíkar takmarkanir. Í samningnum verða því engar takmarkanir á herstyrk.

79. *Skilgreiningar.* Það var mikil og erfið vinna að koma sér saman um skilgreiningar, sem næðu til hinna ýmsu helstu tegunda vopna, þannig að allir gætu við unað. Upphaflega beitti NATO tiltölulega þröngri skilgreiningu í því skyni að hún næði til tiltekinna vopnakerfa Varsjárbandalagsins sem NATO taldi mest ógnvekjandi, þ.e. skriðdreka, eldflauga og stórra fallbyssna. En þegar á samningaviðræðurnar leið varð ljóst að að þröng skilgreining útilokaði of mörg kerfi og gaf auk þess færi á undanbrögðum. Árangurinn varð sá að bætt var við undirflokkum og skilgreiningar voru gerðar víðtækari.

80. Enn bíður úrlausnar eitt meginvandamál sem gæti valdið vandkvæðum í framtíðinni og hefur þegar valdið nokkrum þrautum innan bandalagsins. Ekki hefur enn fundist skilgreining á því hvað fólgið sé í hugtakinu hefðbundinn her. Eins og mál standa nú er hefðbundinn her tiltekins ríkis það sem það ríki ákveður og svo er það annarra að draga þá skilgreiningu í efa. Sú skilgreining sem væri best viðeigandi færi eftir yfirstjórninni, þ.e. hefðbundinn her er sá sem er undir stjórn varnarmálaráðuneytis. Í flestum tilvikum næði skilgreiningin því ekki til skipulagðs og þjálfaðs hers sem er ekki hluti af herafla landsins heldur er undir stjórn innanríkisráðuneytis. Í sumum ríkjum eru slíkar sveitir tiltölulega vel vopnum búnar. Í Sovétríkjunum t.d. hafa hersveitir leynilögreglunnar (KGB) og innanríkisráðuneytisins á að skipa skriðdrekum og brynvörðum vögnum. Tyrkir hafa bent á að þarna gefist möguleiki til undanbragða, einkum við það skipulag eftirlits sem nú er viðhaft. Sovétríkin hafna því að þessar sveitir séu háðar eftirliti þar eð formlega nái samningurinn ekki til þeirra. Í tillögum bandalagsins er gert ráð fyrir að upplýsingaskipti ná til slíkra hersveita.

81. *Samheldni bandalagsríkjanna.* Eitt helsta afrekið við samningsgerðina er að tekist hefur að viðhalda samheldni meðal ríkjahópanna tveggja og ná sáttum um ýmis áhugamál og viðhorf einstakra þjóða. Frá byrjun voru tiltekin ríki í báðum hópunum sem lýstu óánægju sinni með það að samningarnir skyldu einungis gerðir milli ríkjahópanna, og olli þetta stöðugum vandkvæðum.

82. Hvað viðkemur bandalaginu voru ríkin á norður- og suðursvæðinu stöðugt á varðbergi gagnvart því að hin mikla áhersla sem lögð var á miðsvæðið ylli því að öryggismál þeirra yrðu látin sitja á hakanum.
83. Samheldni innan Varsjárbandalagsins hefur verið í miklu samræmi við þróun mála í Mið-Evrópu. Með aukinni lýðræðisþróun hafa önnur aðildarríki en Sovétríkin komið fram með aðrar skoðanir en Sovétmenn, en skoðanir þeirra höfðu áður verið ríkjandi. Sendiherra vestræns ríkis í Vín hefur orðað þetta svo: „Samheldni Varsjárbandalagsríkjanna er orðin jafnvel minni en samheldni NATO-ríkjanna".[12]
84. Nýlega hefur komið upp verulegur ágreiningur um skiptingu heimilda til vígbúnaðar, þar eð Rúmenar, Pólverjar en einkum þó Búlgarar hafa krafist meiri hlutdeildar, þar eð þessar þjóðir eru nú teknar að meta þarfir sínar í öryggismálum í hinni nýju Evrópu.

Tímaáætlunin.
85. Eftir að samningurinn hefur verið undirritaður fer hann til staðfestingar til hinna ýmsu ríkja, en slík staðfesting fer fram með mismunandi hætti eftir stjórnarskrárvenjum í hverju landi. Talið er að staðfestingin valdi engum vandræðum í neinu aðildarríki, þótt ekki sé hægt að fullyrða neitt um það. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að ekkert ríki telji sér misboðið í öryggismálum. Samningurinn um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu (CFE) er hornsteinn frekari öryggisaðgerða í Evrópu og ef eitthvert þjóðþing hafnaði því að staðfesta hann mundi það hafa alvarlegar afleiðingar.
86. Þegar öll aðildarríkin hafa staðfest samninginn gengur hann í gildi, en sum ákvæðin, svo sem um gagnaskipti og takmarkaða eyðileggingu, geta gengið í gildi þegar að lokinni undirskrift. Eftir að samningurinn gengur í gildi verður 120 daga tímabil notað til að hraða því að skiptast á gögnum og sannprófa þau; síðan verður samningnum hrint í framkvæmd á þremur árum; að lokum verður 120 daga tímabil notað til sannprófunar.

Upplýsingaskipti.
87. Aðilar munu skiptast á mjög nákvæmum upplýsingum, m.a. um allan hefðbundinn vígbúnað á svæðinu sem samið er um. Þetta eru þær upplýsingar sem sannprófaðar verða.
88. Framkvæmdir hvað snertir eyðingu vopna og sannprófun skipta mestu máli um hvort góður árangur næst af samningnum og þess vegna er rætt um þau atriði nánar hér á eftir.

Eyðing.
89. Fækkun niður að því marki sem ákvæði er um í samningnum og hvor ríkjahópur ákveður fyrir sig verður að fara fram með eyðingu[13], að undanteknum nokkrum þyrlum sem unnt er að endurflokka og 1.000 skriðdrekum og 1.000 brynvörðum vögnum Varsjárbandalagsríkjanna sem óbreyttir borgarar geta notað. Í ákvæðum samningsins er gert ráð fyrir að fækkunin fari fram í þremur þrepum: 25% eftir eitt ár, 60% eftir tvö ár og að henni verði lokið á þremur árum. Við undirskrift tilkynnir hver samningsaðili um fjölda hergagna, sem samningurinn takmarkar, og hann skuldbindur sig til að eyða eða endurflokka (hvað snertir þyrlur), svo og um viðkomandi tímaáætlun eða skrár um eyðingu.
90. Staðir þar sem eyðing eða endurflokkun fer fram eru háðir skoðun á vettvangi án takmarkana á fjölda heimsókna eða réttar til þess að hafna skoðun.
91. Slík eyðing mun reynast Varsjárbandalaginu bæði erfið og dýr. Varsjárbandalagið

hefur bæði krafist þess að hafa rétt til að breyta hergögnum í tæki til almennra nota og að því verði heimilt að taka hergögn úr notkun hersins áður en þau verða eyðilögð. NATO var ekkert um slíkar kröfur gefið en hefur samþykkt að nauðsynlegt sé að verða við þeim.

92. Samkvæmt heimildum NATO hafa Sovétmenn flutt mikið af hergögnum austur yfir Úralfjöll, en hafa samt fullyrt að þau verði eyðilögð. Sovéskir embættismenn hafa lagt til að fjöldi skriðdreka á samningssvæðinu verði 21.000 í árslok, sem er veruleg breyting. Þessi afstaða þeirra veldur allmörgum NATO-ríkjum áhyggjum.

Sannprófun.

93. Sendiherra nokkur í Vín sagði nýlega að fækkunin mundi eyða leifum síðustu fjögurra áratuga og að sannprófunin mundi leggja grundvöll að öryggismálum Evrópu framtíðarinnar.[14] Sannprófun er ætlað að renna stoðum undir trúverðuga ábyrgðarskyldu sem meginreglu og þegar samningurinn hefur verið undirritaður verður hún aðalatriðið.

94. Augljóst er að sannprófun er mikið og flókið verkefni. Á þessu stigi málsins beinist áhuginn einkum að nokkrum sviðum: Hvert er markmiðið með sannprófun? Hvaða ráðum er unnt að beita? Hver eru grundvallarákvæðin? Og hvaða hlutverki getur bandalagið gegnt?

95. Tilgangurinn með sannprófun er að greina undanbrögð, sem skipta hernaðarlegu máli, í tæka tíð og þannig vonandi að letja menn til slíkra verka. Vandinn er að sjálfsögðu sá að skilgreina hvað skiptir máli hernaðarlega. Eftirlit með hefðbundnum vopnum er miklu flóknara en eftirlit með kjarnorkuvopnum, en hins vegar útheimtir það meiri sveigjanleika. Í ljós mun koma hve mikillar nákvæmni er þörf og hvað þarf að gera til að vekja trúnaðartraust. Vafalaust verða skiptar skoðanir um þetta hjá hinum ýmsu ríkjum og á þessu sviði er mikilvægt að bandalagsríkin hafi samráð sín á milli. Líklegt má telja að í upphafi a.m.k., og einkum með staðfestingar í huga, verði kröfur um sannprófun tiltölulega strangar. Einnig ber að hafa í huga að ringulreið mun ríkja á þessum tíma á meðan fram fer brottflutningur herja, endurstaðsetning og eyðing hergagna og herflokka. En þegar rofar til í pólitíkinni og gagnkvæmt traust eykst er hugsanlegt að linað verði á kröfum um sannprófun.

96. Aðferðir til sannprófunar eru m.a. að senda eftirlitsmenn á vettvang, að nota flugvélar eða gervitungl til yfirlitskönnunar og ýmsan „hátæknibúnað".[15] Nærvera eftirlitsmanna á vettvangi er öruggust, en hún er kostnaðarsömust og hefur valdið verulegum deilum innan bandalagsins. Eitthvað verður um stöðugt eftirlit á stöðum þar sem hergögnum er eytt, en óvæntar skoðanir — bæði fyrirvaralausar og að gefnu tilefni — verða meginþátturinn í sannprófun. Þar eð það er nær óhugsandi að skoða öll hergögn sem takmörkuð eru með samningnum verður talsvert mikið treyst á úrtök.

97. Sannprófanir eru kostnaðarsamar og útheimta mikinn mannafla, bæði hvað snertir gesti og gestgjafa. Ríkin verða að koma á fót og þjálfa hópa eftirlitsmanna og verða að greiða meginhluta kostnaðar vegna aðkomandi eftirlitsmanna.[16]

98. Þegar þetta er skrifað er enn ógengið frá ýmsum lokaatriðum varðandi sannprófanir, en þó er unnt að tilgreina helstu ákvæðin. Í samningnum er gerður greinarmunur á yfirlýstum stöðum, þar sem er að finna hergögn sem takmörkuð eru samkvæmt samningnum, og óyfirlýstum stöðum. Ríkin hafa rétt til skoða yfirlýsta staði og getur viðkomandi ríki ekki hafnað því. Óyfirlýsta staði má skoða, en ríkin hafa rétt til að hafna skoðun ef þau telja öryggishagsmuni sína í húfi. Hvert ríki hefur „virkan" rétt til að framkvæma

skoðun og „óvirka“ skyldu til að sæta skoðun. Aðilar hafa deilt um hve mörgum skoðunum hvert ríki verður að sæta.

99. Bandalagið lagði til upphaflega að fjöldi skoðana, sem ríki verður að sæta, væri fall af heildarfjölda hergagna, sem takmörkuð eru samkvæmt samningnum, í eigu þess og stærð ríksins. En Bandaríkjamenn samþykktu í New York tillögu Sovétmanna þar sem gert er ráð fyrir að fjöldi skoðana fari eftir uppbyggingu hers hvers ríkis, þ.e. þeim fjölda hergagna sem takmörkuð eru samkvæmt samningnum og eru á vegum stórfylkja, hersveita eða sjálfstæðra herfylkja.

100. Þessi aðferð hefur valdið nokkrum ágreiningi innan bandalagsins og nú er verið að vinna að því að breyta henni í það horf sem allir aðilar geta sætt sig við. Fjöldi virkra skoðana, sem hvert ríki hefur rétt á, verður ákveðinn innan hvors ríkjahóps. Enn er verið að vinna að reglum um réttindi eftirlitshópa.

101. Ungverjar krefjast þess að ríki hafi rétt til skoðunar innan eigin hóps. Bandalagið hefur ekki enn stutt þá tillögu.

102. Samvinna innan hóps Varsjárbandalagsríkja hvað varðar sannprófun verður í því lágmarki sem nauðsynlegt er til að framfylgja ákvæðum samningsins um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu (CFE). Vitað er að Tékkar, Ungverjar og Pólverjar hafa með sér nokkurt samráð og samræmingu hvað varðar öryggisráðstafanir í framtíðinni. Óljóst er hvort þetta nær til sannprófunar.

103. Samvinna bandalagsríkjanna við framkvæmd sannprófunar er nauðsynleg — að svo miklu leyti sem ríkin kunna að sætta sig við hana. Bandalagið hefur ýmsa möguleika og kosti sem nýta ætti með sem skynsamlegustum og hagkvæmustum hætti. Samvinna og samræming ætti a.m.k. að vera fólgin í að skiptast á gögnum, að nýta skoðunarkvóta, að skiptast á reynslu og, ef mögulegt er, að gera heildarmat á því hvaða árangur næst eftir hinum ýmsu leiðum til að afla upplýsinga og fylgjast með því sem gert er. Ekki er enn ljóst hve langt bandalagið gæti náð að þessu leyti.

104. Skoðanir gætu orðið mjög skiptar um hve mikil samvinna er nauðsynleg, eins og um allt annað sem snertir bandalagið. NATO vinnur nú að stofnun sannprófunarnefndar og þjálfun aðstoðarfólks, en ekki er enn ljóst hvert hlutverk hennar verður nákvæmlega. Í tillögu Bakers utanríkisráðherra um stofnun stuðningshóps NATO varðandi sannprófanir er gert ráð fyrir „virku“ hlutverki slíkrar stofnunar. En önnur ríki kjósa heldur að samræming verði „minni háttar“ og „ekki virk“ þar eð þau leggja áherslu á að sannprófun sé framkvæmd á ábyrgð hvers einstaks ríkis.

105. Með samningnum verður einnig stofnaður sameiginlegur samráðshópur (JCG), sem hafa skal aðsetur í Vín, en hlutverk hans verður að fást við spurningar sem upp kunna að koma um hvernig tekið skuli á hugsanlegum undanbrögðum frá ákvæðum samningsins; að leitast við að ráða í óljóst orðalag og greiða úr mismunandi túlkun sem kann að koma í ljós við framkvæmd samningsins; að íhuga ráðstafanir í því skyni að bæta samninginn; að endurnýja lista; og að svara tæknilegum spurningum í því skyni að stuðla að því að sömu vinnuvenjur séu viðhafðar við framkvæmd samningsins. Á þessu stigi málsins er ekki gert ráð fyrir fastri skrifstofu fyrir sameiginlega samráðshópinn (JCG). Formennska skiptist á milli ríkja samkvæmt núgildandi venjum í Vín.

106. Þingmenn á Bandaríkjaþingi hafa sagt að til þess að sameiginlegi samráðshópurinn (JCG) verði virkur í því að tryggja að ákvæðum samningsins sé fylgt verði hann að hafa meira vald en hinn sérstaki ráðgjafahópur (SCG) í Genf.

107. Þrátt fyrir að þetta verkefni sé mikið að vöxtum og flókið telja embættismenn

bandalagsins víst að unnt verði að tryggja að eftir ákvæðum samningsins verði farið, en þó er ávallt lögð áhersla á að þetta sé pólitískt fremur en tæknilegt mat.

Gildi samningsins.

108. Hvaða þýðingu hefur þá samningurinn um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu (CFE)? Margir halda því fram að atburðirnir að undanförnu hafi gert hann óþarfan — að hugmyndin, sem í honum er fólgin um að ná jafnræði milli tveggja bandalaga, sé leif frá tímabili sem nú sé liðið og að sameiginlegar heildartölur og einstakar heimildir til vígbúnaðar, sem fram koma í honum, verði óþarfar vegna einhliða takmarkana.

109. Staðreyndin er sú að hugmyndin að baki samningnum er að ná jafnræði milli tveggja bandalaga eða ríkjahópa og að annar þessara hópa er að leysast upp sem bandalag og jafnvel sem „hópur aðila".

110. Víst er að Varsjárbandalagið er ekki lengur til sem hernaðarbandalag. Eina spurningin nú er hve lengi það heldur áfram að starfa sem pólitísk rammasamtök. Varsjárbandalagið kann að hökta áfram um stuttan tíma af ýmsum ástæðum — vegna sérstakra svæðisbundinna áhyggna tiltekinna ríkja eða af tillitssemi við áhyggjur Sovétmanna af öryggismálum, en einkum þó til að gera mögulega framkvæmd samningsins um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu (CFE) og undirbúa framhaldsviðræður. Mörg ákvæðanna, sem snerta framkvæmd samningsins, svo sem skoðunarkvótar, útheimta samvinnu innan hvors ríkjahóps. En ríki eins og t.d. Ungverjaland telja að í samningnum eigi fremur að leggja áherslu á rétt einstakra þjóða en sameiginlegan rétt og skyldur, þótt þau viðurkenni að þörf sé fyrir áframhaldandi samvinnu. Samvinna verður því enn um hríð, en í samningaviðræðum í framtíðinni er víst að lítið verður um samninga milli ríkjahópanna sem slíkra.

111. Enda þótt hugmyndin að baki samningnum hafi sett nokkuð ofan er hann mikilvægur af ýmsum ástæðum, og augljóslega skiptir hann sköpum um öryggismál Evrópu í framtíðinni. Í fyrsta lagi falla ekki úr gildi ákvæði hans um fækkun. Jafnvel þótt það sé orðið úrelt að ná jafnræði milli tveggja aðila er í honum að finna aðrar hömlur, einkum regluna um hæfilegan fjölda sem mun halda áfram að skipta miklu máli við takmörkun herstyrks í Evrópu. Enn fremur er samningurinn mikilvægur stökkpallur til frekari samningaviðræðna. Það er á ábyrgð hvors ríkjahóps fyrir sig að ákveða heimildir hvers ríkis til vígbúnaðar þannig að sameiginleg heildartala náist. Þótt heildartalan verði e.t.v. úrelt munu heimildir hvers ríkis til vígbúnaðar, sem þannig eru fundnar, verða forsenda frekari takmarkana.

112. Í öðru lagi mun samningurinn um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu (CFE) tryggja einhliða brottflutning sovéska hersins með því að gera hann að hluta margþætts alþjóðlegs samnings. Enn einn mikill kostur við samninginn er að flest hergögn, sem fækkað verður niður í það mark sem samningurinn kveður á um, verða eyðilögð og því verður ekki unnt að taka þau í notkun aftur. Loks mun fyrsti samningur um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu (CFE I) gera hvorum aðila kleift að fylgjast með því sem hinn er að gera og auka hreinskiptni í Evrópu með því að koma í fast form reglulegum upplýsingaskiptum, stuðla að ýmsum nýjum ráðstöfunum til að auka stöðugleika og, það sem mestu máli skiptir, að innleiða áleitinn feril sannprófunar. Sé litið á þessar ráðstafanir í heild er ljóst að þær munu innleiða öryggi og tiltrú á tímum örra breytinga. Þær munu því stuðla mjög að auknum stöðugleika í Evrópu.

113. Samningurinn um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu (CFE) verður laga-

legur hlífiskjöldur yfir takmörkun hernaðaruppbyggingar í Evrópu, þar eð í honum er lögð áhersla á trúverðuga ábyrgðarskyldu, að unnt sé að sjá hlutina fyrir og að ekki verði aftur snúið. Hann mun, í raun, breyta Evrópu í öryggissvæði undir eftirliti þar sem hvorum aðila hefur aldrei gengið betur að gera sér grein fyrir því sem hinn er að gera.

114. Ríki Mið-Evrópu leggja sérstaka áherslu á mikilvægi samningsins. Að Varsjárbandalaginu gengnu verða þau að beita sínum eigin ráðum í öryggismálum. Frá þeirra sjónarmiði veita ákvæði samningsins þeim kærkominn vettvang til að meta þarfir sínar í öryggismálum.

Frekari samningaviðræður.

115. Þegar fyrsti samningur um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu (CFE I) hefur verið undirritaður hafa báðir aðilar skuldbundið sig til frekari samningaviðræðna. Yfirlýsingar bandalagsins um slíkar viðræður höfðu verið fremur óljósar áður en Lundúnayfirlýsingin var birt. Augljóst var að sum aðildarríkin voru fús til að hefja þær án tafar. Önnur sýndu meiri varkárni, annaðhvort vegna þess að framkvæmd samningsins um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu (CFE) væri nógu stór biti að kyngja í einu eða að bandalagið ætti ekki að ganga lengra að sinni í ljósi núverandi pólitísks óstöðugleika og óvissu. En í Lundúnayfirlýsingunni kemur fram augljós skuldbinding til að taka upp frekari samningaviðræður milli sömu aðila og á sömu nótum, þannig að við núverandi samning yrði bætt viðbótarráðstöfunum, m.a. í því skyni að takmarka herstyrk í Evrópu.

116. En þrátt fyrir þessa tillögu er nákvæmt inntak og dagskrá slíkra samningaviðræðna enn óljós. Er hugsanlegt að Varsjárbandalagsríkin verði enn jafnræður samningsaðili? Ef ekki, verður um að ræða 22 ríki án þess að nokkuð bindi þau saman? Eða verða samtökin aðeins hjá öðrum hópnum? Hvað um hlutlaus ríki og þau sem standa utan bandalaga? Og hverjar eru væntingar hóps Varsjárbandalagsríkja eða hinna einstöku ríkja sem nú eru farin að tjá hvert sitt viðhorf og þarfir?

117. Margir telja að aðeins verði framhald á núverandi fyrirkomulagi þar til fram fer endurskoðun á vegum Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE eða CSCE) 1992, þegar allt ferlið sem tengist takmörkun vígbúnaðar verður tekið til endurskoðunar og ekki verður lengur um það að ræða að bandalög taki að sér að semja fyrir einstakar þjóðir. En samningaviðræður milli einstakra ríkja verða ekki auðveldar og líklegt er að þá verði snúið aftur til prósentufækkunar á núgildandi hámörkum sem ákveðin voru með samningnum um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu (CFE).

118. En hver eru markmið frekari samningaviðræðna, bæði fram til 1992 og eftir það? Frekari og auknar takmarkanir á sömu hergögnum, sem takmörkuð eru samkvæmt samningnum, og ef svo er, hve miklar? Er til það mark sem mundi fara að draga úr stöðugleika? Eru hugsanlegar fjöldatakmarkanir á öðrum hergögnum? Ef svo er, hverjum? Eða verður athyglinni beint að uppbyggingu herja eða ráðstöfunum sem verka hamlandi á svið eins og t.d. undirbyggingu kerfisins, aðdrætti vopna og vista, endurnýjun o.s.frv.?

119. Sumir telja að samingurinn um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu (CFE) sé mikið afrek sem menn ættu að láta nægja. Allir verði önnum kafnir við framkvæmd samningsins næstu 4–5 ár og það muni stuðla að auknum stöðugleika. Hins vegar ætti að láta náttúrleg öfl um frekari takmarkanir, svo sem þrýsting heima fyrir eða fjárskort, frekar en að leggja út í frekari samningaviðræður sem mundu verða jafnvel enn flóknari.

120. Loks mun bandalagið í frekari samningaviðræðum um takmörkun hefðbundins víg-

búnaðar í Evrópu (CFE) leitast við að halda verulegum fjölda hermanna frá Norður-Ameríku í Evrópu — um stærð hersins má semja, en ekki hvort hann verður áfram í Evrópu.

ÁÆTLANIR Í VARNARMÁLUM.

121. Takmarkanir, sem samningurinn um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu (CFE) leggur á NATO, eru fremur litlar miðað við þær sem lagðar eru á Varsjárbandalagið. Takmarkanir þær, sem kveðið er á um í samningnum, útheimta nokkra hagræðingu í herjum bandalagsins og leggja á ríkin viðbótarkvaðir, svo sem um sannprófun, en þær munu ekki útheimta verulegar breytingar á núverandi varnakerfum. Hin raunverulega spurning fyrir bandalagið er hvort hin einstöku ríki muni líta á hinar einstöku heimildir til vígbúnaðar sem hámark eða lágmark með tilliti til þrýstings heima fyrir.

122. Meginverkefni bandalagsins hefur verið og mun verða að ná samstöðu um framkvæmd takmörkunar vígbúnaðar en einnig að sjá fyrir varnaþörfum í framtíðinni. Það þýðir að takmarkanir séu framkvæmdar og heimildir til vígbúnaðar nýttar af sanngirni og hagsýni þannig að sameiginlegar eignir nýtist sem best. Bandalagið hefur beitt þeirri aðferð, í því skyni að samhæfa framkvæmd takmörkunar hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu (CFE), að fjölga í hinum sérstaka verkefnishópi háttsettra manna (HLTF) þar sem þeir sem gera áætlanir í varnarmálum og vopnasérfræðingar setjast niður til að ræða dreifingu takmarkana og heimilda til vígbúnaðar. Ekki er vitað nákvæmlega um hvað þessar viðræður hafa snúist en talið er að þessi vinnuaðferð hafi reynst vel.

123. Talsvert hefur verið fjallað um þann möguleika að gera þær breytingar á takmörkununum að unnt yrði að flytja tiltölulega nýtískuleg hergögn frá miðsvæðinu til efnaminni bandamanna; þessi hugmynd hefur ranglega verið nefnd keðjuverkun en nær væri að kalla hana endurdreifingu. Allmörg ríki telja þetta mikilvæga leið til að auka hernaðaruppbyggingu sína. Samtals hafa sjö NATO-ríki lýst áhuga sínum á þessu og hefur verið ákveðið að u.þ.b. 3.600 hergögnum verði dreift með þessum hætti.

124. Þar eð ákvæði samningsins, sem mæla fyrir um eyðileggingu þeirra hergagna sem tekin eru úr notkun, eiga við um nettófækkun er slík endurdreifing heimil innan hvors ríkjahóps. En ákvarðanir um slíka tilhögun verður að tilkynna þannig að fullnægt sé þeirri skyldu að gefa upplýsingar um hergagnaeign og áætlanir um eyðingu. Sú ákvörðun, sem tekin var nýlega í Vín, að veita þriggja mánaða frest til að gefa slíkar upplýsingar eftir að samningurinn hefur verið undirritaður auðveldar slíkan tilflutning hergagna.

125. Það erfiða verkefni er fram undan fyrir NATO og hernaðarsérfræðinga hvers ríkis að líta til þess tíma þegar fyrsti samningurinn um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu (CFE I) hefur runnið sitt skeið og huga að varnaþörfinni við aðstæður í öryggismálum sem verða orðnar allt aðrar en þær sem ráðið hafa stefnu bandalagsins undanfarna fjóra áratugi og þegar búnaður og eignir bandalagsríkjanna á þessu sviði verða orðnar verulega minni en áður.

126. Hvað sem líður upphafi frekari samningaviðræðna hafa nær öll aðildarríki bandalagsins hafist handa við að endurmeta útgjöld sín til varnarmála með tilliti til pólitískrar og efnahagslegrar þróunar. Áætlanir um útgjöld og endurnýjun eru látnar sitja á hakanum. Ef ekki kemur til verulegur afturkippur í vígstöðunni er líklegt að þróunin verði sú að hvert ríki hafi minni her en áður. Sérhvert ríki mun einnig endurmeta framlag sitt til bandalagsins. Miklu máli skiptir að ríkin standi sameiginlega að slíku starfi og að það byggist á sameiginlegum meginreglum og hugmyndum. Verði ekki um samhæfingu að

ræða hlýtur að draga úr samheldni bandalagsríkjanna.[17]

127. Breyting á eðli Varsjárbandalagsins og stærð, tilflutningur og endurskipulagning sovéska hersins gerir mögulegt að breyta núverandi tilhögun varnakerfa, einkum að leggja áherslu á að hafa heimaher, sem sé tiltölulega fljótur að búast til bardaga, en treyst verði á liðsauka án tafar. Það merki þó ekki að hernaðarmáttur Sovétríkjanna vegi ekki lengur í umfjöllun bandalagsins um öryggismál. Herfræðingar bandalagsins verða enn að hafa í huga hvað Sovétríkin „kynnu" að gera við bestu og verstu aðstæður. Margir sérfræðingar í málefnum Sovétríkjanna leggja áherslu á að hernaðarmáttur Sovétríkjanna verði meiri fremur en minni að loknum breytingunum — þar eð sovéski herinn muni leitast við að nýta fjármuni og búnað sem best, eins og sérhver atvinnuher hlýtur að gera. En eðli þeirra vandamála sem slíkur hernaðarmáttur veldur mun breytast. Ógnunin verður ekki bein heldur óljós. Slíkar breytingar munu gera bandalagsríkjunum kleift, bæði hverju fyrir sig og sameiginlega, að kanna nýjar leiðir til að skipuleggja og sjá fyrir vörnum bandalagsins.

128. Á þessu stigi málsins er lítill tilgangur í því að geta sér til um hvernig núverandi tilhögun varnakerfa verður breytt, nema í þeim tilgangi að vekja máls á eftirtöldum þáttum til frekari athugunar.

129. Ef svo fer, sem nú virðist óumflýjanlegt, að hvert ríki hafi minni her ætti það að vekja áhuga á því að stuðla að skynsamlegri varnakerfum með frumkvæði eins og t.d. sérhæfingu, þótt líklegt sé að kunnur vandi, þ.e. þjóðarstolt og togstreita milli hinna ýmsu deilda hersins, gæti hindrað svo rökrétta þróun eins og fyrri daginn. Hvaða möguleikar eru á því nú að bandalagsríkin skipti með sér hlutverkum og skyldustörfum?

130. Ein hugmynd, sem nýtur vaxandi fylgis, er stofnun herdeilda með hermönnum frá mörgum þjóðum.[18] Forsendan fyrir stofnun slíkra deilda virðist fyrst og fremst vera pólitísk. Sagt hefur verið að með því móti mundu Þjóðverjar fremur sætta sig við staðsetningu herja bandalagsins í sameinuðu Þýskalandi og það væri enda frekara dæmi um evrópskt varnarframtak. Einnig hefur komið fram sú skoðun að fjölþjóðahersveitir séu eðlileg afleiðing af minnkun herja. Víst er að embættismenn hafa hugleitt þetta nokkuð. En við mat á þessari hugmynd er nauðsynlegt að skilgreina hvað hugtakið „fjölþjóða" merkir, hvar í stjórnunarröðinni yrði um það að ræða og við hvaða aðstæður.

— Sameiginlegt herstjórnarkerfi NATO (hið samræmda varnakerfi) er fólgið í fjölþjóðaaðalstöðvum, sem ná allt niður til herflokka, en hlutverk þeirra á friðartímum er að samhæfa starf og hlutverk þeirra hersveita frá aðildarríkjunum sem sjá um sameiginlegar varnir. Slíkar sveitir eru hver undir stjórn síns ríkis á friðartímum og þó að NATO fari með stjórn þeirra á ófriðartímum mundu þær berjast sem þjóðlegar einingar. Bandalagið hefur allmarga fjölþjóðaherflokka á sínum snærum. En hverjum þeirra er ætlað ákveðið hlutverk og misjafnt er hver blöndunin er.[19] Blöndun er möguleg neðarlega í stjórnunarstiganum. Oft hefur verið rætt um þann möguleika að stofna fjölþjóðaherlið sem í væru nokkrar herdeildir, hver frá sínu ríki. En jafnvel slík þróun felur í sér breytingar á skipulagi á friðartímum hvað varðar stjórnun og jafnvel staðsetningu. Því neðar sem blöndunin er, því fleiri vandamál gera vart við sig. Ástæðan er mismunandi tungumál og „stíll" hlutaðeigandi ríkisherja og mestum vanda veldur að aðdrættir vopna og vista eru á ábyrgð hvers ríkis um sig.
— Nauðsynlegt er að skoða hugmyndina um fjölþjóðaher betur. Mest ríður á að skilgreina um hvers konar blöndun á að vera að ræða og kanna síðan hver hin praktísku vandamál eru. Til þess að valda uppi vörnum við hinar nýju aðstæður í öryggismál-

um gæti það haft pólitískt táknræna merkingu að hafa hermenn frá tveimur eða fleiri ríkjum í sama her. Sú tilhögun ætti einnig að falla herfræðingum í geð vegna þess að við hinar nýju aðstæður verður æ erfiðara að fjármagna varnir.

131. Breytingar á herjum Varsjárbandalagsríkjanna og Sovétríkjanna ættu að gera NATO-ríkjum kleift að hafa færri hermenn undir vopnum og treysta meira á varalið.

132. Miðað er við að ofangreindar aðstæður séu á friðartímum, en hvaða áhrif hefur þetta á kröfur um hernaðarframkvæmdir á stríðstímum? Hyggst bandalagið nota núverandi áætlanir um hernaðarframkvæmdir sem lokið yrði svo við síðar, eða mun það beita sér fyrir nýjum varnahugtökum og tegundum varna og ef svo er, hverjum? Yfirlýsingar herforingja NATO benda til þess að núverandi lagskipt skipan verði endurskipulögð þannig að um verði að ræða þrjá flokka varnaskipunar í samræmi við tegundir vígbúnaðar og þar sem fram kemur að nú berst viðvörun fyrr en áður. Þörfin fyrir herlið verður í hlutfalli við mat NATO á getu Sovétríkjanna til að vígvæðast á ný.

133. Á hvers konar hernaðargetu ættu ríkin að leggja áherslu nú? Hve mikla áherslu ætti t.d. að leggja á vopnakerfi til að gera árásir langt inn í land óvinarins og að afla færanlegra skotpalla, svo sem þyrlna o.s.frv.?

134. Að hve miklu leyti er unnt að hafa Frakka með í framtíðaráætlunum í varnarmálum og hver er að þessu leyti framtíð samræmds varnakerfis og sameiginlegrar herstjórnar? Þó að búist sé við að bandalagið verði ekki jafnvirkt á hernaðarsviðinu og áður skiptir sameiginleg herstjórn enn höfuðmáli innan þess vegna eðlis þess og alls starfs. Eins og drepið hefur verið á áður er líklegt að sú samvinna aukist. Þetta skiptir máli í öllum umræðum um sérstakar evrópskar varnir vegna þess að ef sú hugmynd yrði að veruleika yrði að svara spurningunni um sameiginlegar áætlanir í varnarmálum og það hvort koma eigi öðrum stofnunum á fót samhliða stofnunum bandalagsins.

135. Í heimi, sem væri eins og best verður á kosið, væri þetta rætt í sameiningu og ákvarðanir teknar. En hafa verður í huga að bandalagið er samsafn sjálfstæðra þjóða sem hafa hver sinn her, sem er stofnaður, þjálfaður og útbúinn samkvæmt því sem tíðkast í hverju ríki, og að sjálfsögðu mundu þeir berjast hver samkvæmt kenningum sinnar þjóðar. Ef leita á sameiginlegra lausna í því skyni að nýta sem best fjármuni og tæki verður að breyta starfsháttum bandalagsins. Og það þarf mikið til svo að slík afstöðubreyting geti orðið. Þótt það sé þversagnarkennt er pólitískur áhugi á að leita nýrra leiða í lágmarki þegar þörfin fyrir hagræðingu er hvað mest vegna þess að ógnunin hefur minnkað.

Athugasemdir.

1. Yfirlýsing varnaáætlananefndarinnar (DPC) í Brussel, 22.–23. maí 1990.
2. Lundúnayfirlýsing um breytt NATO, júlí 1990. Gefin út af þjóðhöfðingjum og þjóðarleiðtogum sem tóku þátt í fundi Norður-Atlantshafsráðsins (NAC) í Lundúnum 5.–6. júlí 1990.
3. Frekari umræður um framtíðarhlutverk bandalagsins er að finna í skýrslum stjórnmálanefndarinnar eftir Loic Bouvard og Bruce George (AH 264 PC (90) 6 og AH 268 PC (90) 7).
4. Sjá Lundúnayfirlýsinguna.
5. Það er eftirtektarvert að varnarmálaráðherrarnir hafa ávallt verið miklu ákveðnari í þessum málum en utanríkisráðherrarnir. Til dæmis segir í tilkynningu varnaáætlananefndarinnar (DPC) frá 6.–7. desember 1983 að „Bandamenn, sem hafa tök á

að hefja aðgerðir, *ættu* að gera það að höfðu samráði tímanlega við bandamenn sína". Í tilkynningu Norður-Atlantshafsráðsins (NAC) frá 8.–9. desember 1983 segir að „þeim bandamönnum, sem hafa aðstöðu til að greiða fyrir staðsetningu herja utan samningssvæðisins, *er heimilt* að gera það samkvæmt ákvörðun hvers einstaks ríkis" (skáletrun er bætt hér við).

6. Yfirlýsing Patricks Duffys, forseta Norður-Atlantshafsþingsins, Zekis Yavuztürks, varaforseta, og Willams V. Roths, yngri, varaforseta: Leiðtogar Norður-Atlantshafsþingsins skora á NATO að taka upp stefnu „aukinnar fælingar" og bæta í stofnskrá NATO ákvæðum um öryggismál utan Evrópu.
7. „Eitt helsta afrekið á fyrstu fjórum áratugum stefnu Bandamanna í varnarmálum er umbreyting kjarnorkuvopna úr hergögnum í tæki til að varðveita friðinn og koma þannig í veg fyrir stríð. Á þessi verður ekki breyting og engin ríkisstjórn aðildarríkis óskar eftir breytingu á því eða hefur nokkurn tíma freistast til þess af nokkurri alvöru."

   Henning Wegener sendiherra, aðstoðarframkvæmdastjóri NATO (yfirmaður stjórnmáladeildar, „Atlantshafsbandalagið í heimi breytinga", Alþjóðleg hringborðsráðstefna í Haag, 8. apríl 1989.
8. „Tilgangur skammdrægra kjarnavopna er ekki að bæta upp misvægi í hefðbundnum vígbúnaði" (27. gr.).

   „Jafnræði hvað varðar magn hefðbundins vígbúnaðar mundi gera mögulegt að fækka enn frekar skammdrægum kjarnorkuvopnum meðal aðildarríkja, sem standa að sameiginlegri herstjórn bandalagsins, en þó verður enn þörf fyrir slík vopn" (63. gr.).

   Heildarstefna (eða samræmd stefna) í vígbúnaðareftirlits- og afvopnunarmálum Atlantshafsbandalagsins, maí 1989, upplýsingaþjónusta Atlantshafsbandalagsins í Brussel.
9. Kynning fyrir hina sérstöku nefnd um stefnu í varnarmálum NATO og eftirlit með vígbúnaði, 25. október 1990.
10. Sjá t.d. staðhæfingu í heildarstefnu (eða samræmdri stefnu) í vígbúnaðareftirlits- og afvopnunarmálum Atlantshafsbandalagsins frá júlí 1989 sem hljóðar svo: „Bandamenn hafa alltaf gert sér grein fyrir því að yrðu öll kjarnorkuvopn flutt frá Evrópu græfi það með alvarlegum hætti undan fælingarstefnunni og skerti öryggi bandalagsins" (32. gr.). Málið snýst um hvort þessi gamla meginregla sé enn í fullu gildi.
11. Þegar fjallað er um sameiginlega áhættu heyrast oft athugasemdir sem þessi: „Engar kjarnorkusprengjur, ekkert herlið". Háttsettur bandarískur embættismaður endurtók þetta í kynningu í Washington fyrir hinni sérstöku nefnd um stefnu í varnarmálum NATO og eftirlit með vígbúnaði þegar hann sagði að flutningur kjarnaodda frá Evrópu mundi valda því að bandarískur almenningur krefðist þess að bandarískir hermenn yrðu kallaðir heim. Formaður hinnar sérstöku nefndar, J. Biden öldungadeildarþingmaður, andmælti þessu, en hann sagði nefndarmönnum að hann gæti ekki ímyndað sér að nokkur bandarísk móðir segði: „Ég vil að sonur minn sé aðeins þar sem eru kjarnorkuvopn". (Heimsókn hinnar sérstöku nefndar til Washington í júní 1990.)
12. Kynning fyrir hóp frá Norður-Atlantshafsþinginu í Vín í október 1990.
13. Prósentufækkun bandalagsríkjanna, samkvæmt gögnum NATO, er 4–13% eftir teg-

und hergagna og því hvar fækkunin fer fram. Samsvarandi fækkun meðal Varsjárbandalagsríkjanna, enn samkvæmt gögnum NATO, er 40–60%. Eða með öðrum orðum: Varsjárbandalagið fækkar hergögnum um u.þ.b. 100.000, en NATO um u.þ.b. 8.000. Hins vegar ber að hafa í huga að fækkun meðal bandalagsríkjanna er meiri á sumum undirsvæðum en öðrum samkvæmt núverandi tillögum. (Upplýsingar frá hinni sérstöku nefnd um áætlanir NATO í varnarmálum og eftirlit með vígbúnaði í heimsókn hennar til Vínar í desember 1989.)

14. Umfjöllun um tæknilegar aðferðir til sannprófunar er að finna í Almennri skýrslu vísinda- og tækninefndar um tækni við sannprófun varðandi eftirlit með vígbúnaði, AG 250 STC (89) 7, framsögumaður Lothar Ibrügger.
15. Istvan Gyamarti, sendiherra Ungverja við samningaviðræður um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu (CFE); ávarp flutt fyrir hóp frá Norður-Atlantshafsþinginu í Vín í október 1990.
16. Sem dæmi um hve tíðar skoðunarferðirnar yrðu má nefna að á fyrra fjögurra mánaða tímabili sannprófunar yrðu Sovétríkin að sæta því að skoðunarferðir til sovéska hersins yrðu 320 á sovésku landsvæði og 160 á ári á þriggja ára tímabili eyðingar.

    Kynning fyrir hópi frá Norður-Atlantshafsþinginu; Lyn Hansen sendiherra í sendinefnd Bandaríkjanna við samningaviðræður um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu (CFE) í Vín í október 1990.
17. Umfjöllun um almennar hugmyndir um framtíðarskipan varnarmála er að finna í drögum að áfangaskýrslu undirnefndar um framtíð herja.
18. Ávarp framkvæmdastjóra Vestur-Evrópusambandsins, Willems van Eekelen, á fundi hinnar sérstöku nefndar um áætlanir í varnarmálum og eftirlit með vígbúnaði í Lundúnum 28.–30. mars 1990.
19. Eftirfarandi dæmi er að finna um fjölþjóðasamvinnu innan bandalagsins: Hraðlið herstjórnar Bandamanna í Evrópu (ACE); um er að ræða fjölþjóðlega og viðbragðsfljóta varnarsveit, sem í eru allmargar herdeildir frá hinum ýmsu ríkjum, en hver þeirra er hluti af her síns eigin ríkis á friðartímum; herdeild sem sér um viðvaranir og stjórnun úr ratsjárflugvélum NATO (AWACS), en áhafnir þeirra eru skipaðar mönnum frá ýmsum þjóðum; sameiginleg flotadeild sem hefur yfir að ráða skipum frá ýmsum ríkjum, en hvert skip sér um sína eigin aðdrætti. Af annars konar samvinnu má nefna sameiginlegt landgöngulið Breta og Hollendinga og hina þekktu fransk-þýsku hersveit — en reynsla hennar gefur til kynna hvaða praktísk vandamál blasa við þegar um er að ræða að hafa hermenn frá tveimur ríkjum eða fleiri í her sem er minni en stórfylki.

SÉRSTÖK NEFND UM STEFNU NATO Í VARNAMÁLUM OG EFTIRLIT MEÐ VÍGBÚNAÐI

Formaður

Joseph R. Biden, yngri	Bandaríkin

Varaformenn

Jean-Michel Boucheron	Frakkland
Rodrigo de Rato	Spánn
William Richardson	Bandaríkin

Framsögumenn

Ton Frinking	Holland
Douglas Bereuter	Bandaríkin

Nefndarmenn

Bill Rompkey, P.C., þingmaður	Kanada
Hans Hækkerup	Danmörk
Erwin Horn, þingmaður	Sambandslýðveldið Þýskaland
Luigi Poli	Ítalía
Maarten van Traa	Holland
Jan Petersen	Noregur
Jaime Gama	Portúgal
Zeki Yavuztürk	Tyrkland
Willam V. Roth, yngri, öldungadeildarþingmaður	Bandaríkin
Timothy E. Wirth, öldungadeildarþingmaður	Bandaríkin

Í nefndinni eiga sæti vegna embættis síns

Forseti Norður-Atlantshafsþingsins

Patrick Duffy, þingmaður	Stóra-Bretland

Formaður varna- og öryggismálanefndarinnar

Karsten Voigt, þingmaður	Sambandslýðveldið Þýskaland

Formaður stjórnmálanefndarinnar

Bruce George, þingmaður	Stóra-Bretland

Formaður vísinda- og tækninefndarinnar

Lothar Ibrügger, þingmaður	Sambandslýðveldið Þýskaland

Formaður hinnar sérstöku nefndar um áætlanir NATO í varnamálum og eftirlit með vígbúnaði

Simon Lunn, aðstoðarframkvæmdastjóri	Stóra-Bretland

Fylgiskjal III.

Jóhann Einvarðsson framsögumaður:

Skýrsla um varnir og öryggi á sjó.
Stjórnmálanefnd, undirnefnd um leiðir til traustvekjandi aðgerða í öryggismálum.
(NAA — nóvember 1990.)

INNGANGUR

Ég hef nákvæmlega enga ástæðu til að ætla að það sé hagur okkar að gera nokkra samninga um takmörkun vopna á hafinu.

Frank Cheney, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, 29. nóvember 1989.

Tregða Bandaríkjanna og NATO til að hefja samnningaviðræður um þennan vanda hlýtur að valda áhyggjum. Þetta gæti stefnt í óvissu, og jafnvel í hættu miklu af þeim árangri sem náðst hefur að undanförnu.

Mikhail Gorbatsjov formaður, 29. nóvember 1989.

... Við munum halda áfram að athuga takmörkun vopna á breiðum grundvelli og traustvekjandi aðgerðir.

Atlantshafsráðið í Lundúnayfirlýsingunni.

1. Spurningin hvort Bandaríkin og bandamenn þeirra í NATO eiga að bæta sjóher og hernaðarumsvifum á sjó inn á dagskrá umræðna milli austurs og vesturs um takmörkun vopna veldur áfram miklum deilum. Hin andstæðu sjónarmið í deilunni mætti setja fram með eftirfarandi hætti:

Annars vegar er sú afstaða að Vesturlöndin byggi varnir sínar í miklu meira mæli á hafinu en Varsjárbandalagslöndin og því komi samningaviðræður um afvopnun á sjó ekki til nokkurra mála, og að sovéskar tillögur í þessu efni séu fyrst og fremst ætlaðar til að reka fleyg milli Bandaríkjanna og bandamanna þeirra og til að vinna gegn hagsmunum Bandaríkjanna.

Hins vegar er sú afstaða að ekki sé hægt að skilja milli niðurskurðar á kjarnorkuvopnum og hefðbundnum vopnum á landi annars vegar og afvopnunar á hafinu hins vegar; vopnakapphlaupið á hafinu valdi óstöðugleika og hættum og allar þjóðir mundu hafa hag af áætlun um takmörkun vopna á hafinu sem yrði til þess að minnka hættu bæði á árekstrum og einnig á slysum sem gætu valdið gífurlegum umhverfisspjöllum á hafinu.

Þannig er afvopnun á höfunum annað hvort lausn í leit að vandamáli eða vandamál í leit að lausn.

2. Deilan er ekki aðeins fræðileg. Þegar þetta er skrifað (1. október, 1990) var það enn helsta hindrunin í samningaviðræðunum í Vín um leiðir til traustvekjandi aðgerða í öryggismálum (CSBM) hvort taka ætti CSBM á höfunum með inn í lokasamþykkt fund-

arins. Sovétríkin sækja þetta mál einnig á öðrum vettvangi, m.a. með tillögum um „friðarsvæði" og um „opið haf"[1], og eins og yfirlýsing Gorbatsjovs, sem vitnað er í hér að ofan, gefur til kynna getur spurningin um afvopnun á hafi haft áhrif á framtíð afvopnunarmála í heild sinni. Þetta er ekkert nýtt atriði í sögu afvopnunarmála, en það hefur öðlast nýjan þrótt og því ber að skoða það upp á nýtt.

3. Á 35. árlega fundi sínum í Róm (1989) mælti Norður-Aatlantshafsþingið (Samtök þingmanna í ríkjum NATO) einróma með ályktun stjórnmálanefndarinnar þar sem ríkisstjórnir og þjóðþing aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins voru hvött „til að ræða, í tengslum við varnarstefnu bandalagsins, skýrslur um stefnu ríkja sinna þar sem settar eru fram svo skilmerkilega sem þörf krefur skoðanir um hugsanlega beitingu CSBM á sjó umfram það sem samþykkt var í Stokkhólmsyfirlýsingunni." Í svari sínu 19. apríl 1990 sagði Manfred Wörner, framkvæmdastjóri NATO: „Nýjasta niðurstaðan er sú að flestar þjóðir töldu of snemmt og of erfitt að taka saman nákvæm ákvæði varðandi vígbúnað á hafi sem ásættanlegar væru og nefndu að í umboðinu frá Madrid-fundinum hefðu sjálfstæð hernaðarumsvif á sjó ekki verið tekin með. Nokkrar aðrar þjóðir töldu rétt að hafa málið áfram til skoðunar."[2]

4. Meðan á umræðum stóð um ályktunina í stjórnmálanefndinni komu fram níu hugsanlegir möguleikar til skoðunar frá Hans Hækkerup, Danmörku, Aud Blattman, Noregi, Guðmundi H. Garðarssyni, Íslandi, og Karsten Voigt, Sambandsríki Þýskalands. Þann 6. nóvember 1989 sendi framsögumaður ykkar bréf til hinna 16 formanna sendinefnda í samningaviðræðunum um CSBM og fór fram á að þeir gerðu grein fyrir skoðunum sínum fyrir 15. janúar 1990. Þau svör, sem hingað til hafa borist ásamt álitum sem beðið var sérstaklega um frá sendinefndum Svíþjóðar, Finnlands, Austurríkis, Möltu, Júgóslavíu, Sovétríkjunum, Póllandi og Ungverjalandi, eru rædd í þessum drögum að áfangaskýrslu.

5. Á vorþinginu í París 1990 báru Hans Hækkerup, Karsten Voigt, Gunnar Berge og framsögumaður ykkar sameiginlega fram breytingartillögu við allsherjarályktunina og var hún á þessa leið: „Hefja skal samningaviðræður sem miða að því að útvíkka þann stöðugleika sem náðst hefur á landi svo að hann nái einnig til hafsvæða, þar sem tekið verði mið af mikilvægi sjóherja fyrir NATO." Þessi tillaga var ekki samþykkt. Tilraun Íslands, með stuðningi Danmerkur á fundi leiðtoga NATO-ríkja í Lundúnum 5.–6. júní 1990 til að fá stuðning bandalagsins við sveigjanlegri afstöðu til afvopnunar á hafi var heldur ekki samþykkt. Umræðan mun samt sem áður halda áfram og því leggur framsögumaður ykkar fram þetta skjal til að marka umræðunum braut.

I. SAMVINNA STÓRVELDANNA TIL AÐ DRAGA ÚR ÁHÆTTU Á HÖFUNUM

6. Það er mikilvægt strax í upphafi að skilgreina nákvæmlega hvað er átt við með „takmörkun vígbúnaðar á hafinu". Þótt Bandaríkin og flest bandalagsríki þeirra í NATO séu á móti fjöldatakmörkunum á hernaðarumsvifum á höfunum (að frátöldum hafsbotns- og SALT/START samningunum), sbr. útilokun slíkra takmarkana í umboðinu til samningaviðræðna um hefðbundinn vopnabúnað í Evrópu (CFE), eins og sjá má af NCSBM (traustvekjandi aðgerðir á höfunum), þá hafa Bandaríkin og Sovétríkin allt frá 1972 unnið saman á faglegum grundvelli að höfuðmarkmiði afvopnunar, sem sagt þeirri að minnka hættu á stríði. Einmitt sl. ár var þessi samvinna víkkuð út til muna með tveimur mikilvægum samningum.

7. Á það skal minnt að í maí 1972 gerðu Bandaríkin og Sovétríkin með sér samning um að koma í veg fyrir árekstra á og yfir úthöfunum. Samningurinn var undirritað-

ur af þáverandi flotamálaráðherra Bandaríkjanna, John Warner, og þáverandi æðsta yfirmanni sovéska flotans, Sergei Gorshkov. Samningurinn, sem varð til vegna þeirrar nauðsynjar að halda uppi nánu eftirliti[3] án þess að valda hættu á árekstrum og áreitingu, leggur eftirfarandi skyldur á flota beggja ríkja: Að fara í öllu að alþjóðalögum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó; að halda góðri fjarlægð þegar skip eru að athafna sig í nálægð og nota viðeigandi merki til að gefa til kynna aðgerðir og fyrirætlanir; að forðast siglingar um svæði þar sem skipaumferð er mikil; að forðast aðgerðir sem setja skip, sem eru undir eftirliti, í vandræði eða hættu; að æfa ekki árásir með því að beina byssum, eldflaugum, tundurskeytum eða öðrum vopnum í átt til skipa hins aðilans sem eru á leið hjá; að beina ekki sterkum ljóskösturum að brúm skipa; að gefa þriggja til fimm daga fyrirvara um aðgerðir á úthöfum sem gætu valdið hættu fyrir skip eða flugvélar; að skiptast á viðeigandi upplýsingum um árekstra og önnur atvik milli skipa og flugvéla; og koma saman árlega til að endurskoða framkvæmd samningsins. Að allra dómi hefur samningurinn heppnast afar vel, og Bandaríkin hafa þakkað það því að um er að ræða *tvíhliða* samning milli herjanna sjálfra. Sams konar samningar voru gerðir í kjölfarið milli Sovétríkjanna annars vegar og Bretlands, Sambandsríkis Þýskalands, Frakklands, Ítalíu, Kanada, Noregs og Hollands hins vegar. Meðal hugmynda um að byggja ofan á þessa samninga má telja tiltekin fjarlægðarmörk milli skipa, þar á meðal kafbáta, og útvíkkun ummræðunnar með þeim hætti að hún nái til stefnu, áætlana um smíði og tilkynninga um meiri háttar heræfingar og aðgerðir sem gætu valdið áhyggjum hjá hinum aðilanum.

A. *Hindrun hættulegra hernaðarumsvifa.*

8. Samningurinn um að koma í veg fyrir hættuleg hernaðarumsvif byggir á reglunum um hættuleg atvik á sjó með því að láta þær ná til alls herafla (þar á meðal strandgæslu og landamærasveita) í því augnamiði „að leiða til lykta með greiðum og friðsamlegum hætti hvers konar atvik milli herafla þeirra er verða vegna hættulegra hernaðarumsvifa“ og „til að tryggja öryggi mannafla og tækjabúnaðar herafla þeirra þegar þeir athafna sig nálægt hvor öðrum á friðartímum“. Samningurinn var undirritaður 12. júní 1989 af yfirmanni sovéska herráðsins, Mikhail Moiseyev, og þáverandi yfirmanni bandaríska herráðsins, William Crowe, flotaforingja. Samkomulagið varð til upp úr upphafsviðræðum í mars 1988 milli varnarmálaráðherra Sovétríkjanna, Dmitri Yazov, og þáverandi varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, Frank Carlucci, en í kjölfar þeirra fylgdu sex fundir vinnuhópa eftir október 1988 milli sendinefnda undir forustu George Lee Butler, undirherforingja og varaforstjóra varnaáætlana og varnastefnudeildar í bandaríska herráðinu, og Anatoli Bolyatko, undirherforingja. Sams konar samkomulag við Sovétríkin er að sögn til umræðu í Bretlandi, Sambandslýðveldi Þýskalands og e.t.v. Frakklandi.[4]

9. Hættuleg hernaðarumsvif eru skilgreind svo í grein II:

1. Að mannafli og tækjabúnaður fari inn á landsvæði hins aðilans af ástæðum er verða vegna óviðráðanlegra aðstæðna (*force majeure*) eða óviljandi (t.d. vegna eldsneytisskorts eða rangrar staðarákvörðunar).
2. Notkun lasergeisla með þeim hætti að geislun frá honum geti valdið skaða á mannafla eða tækjabúnaði hins aðilans.
3. Hindrun á mannafla eða tækjabúnaði hins aðilans á sérstöku varúðarsvæði með þeim hætti að skaði geti hlotist af. Sérstakt varúðarsvæði er skilgreint sem „svæði sem afmarkað er sameiginlega af aðilum þar sem mannafli og tækjabúnaður beggja er til

staðar og þar sem vegna sérstakra aðstæðna (t.d. á Persaflóasvæðinu) skuli gera sérstakar ráðstafanir í samræmi við þetta samkomulag".

4. Truflun á stjórn- og eftirlitskerfi með þeim hætti er geti valdið skaða á mannafla eða tækjabúnaði hins aðilans.

10. Báðar ríkisstjórnir „skulu gera ráðstafanir til að tryggja farsæl málalok á hvers kyns atvikum er kunna að verða vegna hættulegra hernaðarumsvifa með friðsamlegum hætti án þess að beita hótunum eða hervaldi". Þetta er meginmálsgreinin — að ráð skuli vera gert fyrir sakleysi, en gegn því stóðu Sovétmenn í upphafi og vildu leggja áherslu í staðinn á friðhelgi landamæra.[5]

B. *Friðsamleg umferð.*

11. Í samþykktri yfirlýsingu viðurkenndu báðir aðilar að samningurinn hefði ekki áhrif á siglingarétt samkvæmt alþjóðalögum, þar með talinn rétt herskipa til friðsamlegra ferða (innocent passage). Meðan á viðræðum stóð reyndu Bandaríkin árangurslaust að fá skilgreiningu á þessum rétti, sem Sovétríkin hafa ætíð heft með því að halda fram að fyrir fram gefin tilkynning væri nauðsynleg og með því að hefta siglingar um nokkrar tilteknar siglingaleiðir, allar utan Svartahafs. Í Hafréttarsáttmálanum frá 1982 er ekki krafist tilkynningar þótt strandríkjum sé heimilað að tiltaka siglingaleiðir og aðskildar siglingaleiðir, en aðeins „þar sem nauðsyn krefur með tilliti til öryggis í siglingum".

12. Nokkrum mánuðum síðar, þann 23. september 1989, gerðist það engu að síður að James Baker, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, og Eduard Shevardnadze, utanríkisráðherra Sovétríkjanna, skrifuðu undir sameiginlega yfirlýsingu um „Samhljóða túlkun á reglum alþjóðalaga er varða friðsamlegar ferðir." Hin sameiginlega yfirlýsing er niðurstaða umræðna er hafa átt sér stað allt frá 1986 og hún skuldbindur báðar ríkisstjórnir „til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að aðlaga landslög sín, reglugerðir og samþykktir að þessum skilningi reglnanna". Í samhljóða túlkuninni segir að „lög og reglugerðir strandríkisins skuli ekki hafa þau áhrif að hindra eða hefta nýtingu á rétti til friðsamlegrar ferðar" og að „allur ágreiningur er kunni að rísa vegna einstakrar ferðar . . . skuli leystur eftir diplómatískum leiðum eða með öðrum hætti samkvæmt samkomulagi". Í kjölfarið tilkynntu Bandaríkin Sovétríkjunum um að þau ætluðu ekki að halda áfram friðsamlegum ferðum um landhelgi Sovétríkjanna í Svartahafi þar sem árekstur átti sér stað árið 1988 milli skipanna USS Yorktown og USS Caron annars vegar og tveggja sovéskra freigátna hins vegar er bandarísku skipin voru í leiðangri til að árétta siglingarétt sinn.

II. UMFRAM HÆTTULEG ATVIK Á HAFINU

13. En eins og vel er kunnugt var ekki um frekari sameiginlega hagsmuni að ræða milli Sovétríkjanna og Bandaríkjanna á þessum vettvangi eins og tilvitnanirnar í upphafi þessarar skýrslu sýna. Þessi ágreiningur stórveldanna og meðal samninganefnda NATO, Varsjárbandalagsríkja og hlutlausra ríkja á NCSBM, endurspeglaðist í svörunum við bréfi framsögumannsins frá 6. nóvember 1989.

A. *Svör við bréfum framsögumanns.*

14. Í bréfinu til 16 formanna fulltrúanefnda NATO á NCSBM og í sérstöku bréfi til fulltrúanefnda tiltekinna hlutlausra ríkja og Varsjárbandalagsríkja minnti framsögumaðurinn á ályktunina sem samþykkt var á fundinum í Róm um möguleikana á láta

öryggis og traustvekjandi aðgerðir (CSBM) ná til umsvifa á höfunum. Hann fór síðan fram á „viðeigandi umsagnir vinnuhópa og allsherjarfunda“ og annað skylt efni um CSBM á hafinu og um þau málefni sem til umræðu væru til að aðstoða við störf undirnefndarinnar. Hann fór einnig fram á viðbrögð við níu hugsanlegum ráðstöfunum: 1) tilkynningum fyrir fram um sjálfstæðar heræfingar á sjó sem væru umfram tiltekið umfang; 2) stofnun svæðisbundinna stöðva til að bregðast við neyðarástandi með þátttöku fullrúa allra flotavelda sem ættu hagsmuni og hefðu umsvif á svæðinu; 3) reglulegum fundum til að ræða hernaðarstefnu á höfunum; 4) skiptum á eftirlitsaðilum á meiri háttar flotaæfingum; 5) fjölþjóðasamningi um hættuleg atvik á höfunum; 6) ósamhverfum takmörkunum á flotaæfingum; 7) takmörkunum á fjölda stýriflauga sem skotið er af sjó; 8) banni við skammdrægum kjarnorkuvopnum á höfunum; og 9) takmörkunum á fjölda árásarkafbáta. Þótt tvær síðastnefndu ráðstafanirnar standi utan við umboðsbundið verksvið NCSBM, eins og Doug Bereuter, fulltrúi frá Bandaríkjunum, benti á í Róm, hafa hinar fyrstu sex komið fram ýmist í tillögum hlutlausra ríkja eða Varsjárbandalagsríkja eða þá að þær hafa verið til umræðu í samhengi við CSBM.

15. Svör NATO-landa voru mismunandi, allt frá þakkarbréfum til undirnefndarinnar sem veittu engar upplýsingar en studdust við tæknilega varnarstöðu byggða á Madrid-umboðinu, sem samþykkt var fyrir nær sjö árum, til viðmiðunar fyrir NCSBM, og til uppbyggilegra tillagna og upplýsinga. Eina hlutlausa ríkið sem svaraði fyrir tímamörkin 15. janúar 1990 var Sviss, sem tók þá afstöðu að hafa ekkert á móti því að semja að nýju um Madrid-umboðið með því skilyrði að það yrði gert á endurskoðunarráðstefnu um RÖSE (Ráðstefna um öryggi og samvinnu í Evrópu, sú næsta verður haldin í Helsinki og hefst 24. mars 1992). Af Varsjárbandalagsríkjunum lögðu Sovétríkin, Pólland og Ungverjaland fram töluvert af upplýsingagögnum, en aðeins Pólland lagði fram ákveðið svar. Töflu um svör sem bárust er að finna í fylgiskjali A.

Fylgiskjal A.
SVÖR VIÐ BRÉFI FRAMSÖGUMANNS

Sendinefnd:	Svar:	upplýsingar:	Greinargerð:
Bandaríkin	X		
Bretland	X		
Kanada	X		
Holland	X		
Luxemborg	X		
Belgía	X		
Noregur	X	X	
Þýskaland	X	X	
Spánn			
Portúgal			
Grikkland			
Ísland	X	X	
Frakkland	X		
Ítalía	X		
Danmörk	X		
Tyrkland	X		
Sovétríkin	X	X	
Pólland	X	X	X
Ungverjaland	X	X	
Sviss	X		
Finnland	X	X	
Austurríki			
Malta			
Júgóslavía			

16. Það er augljóst að vegna þessara mismunandi svara getur framsögumaður ykkar ekki gert grein fyrir afstöðu NATO-ríkja, og lesendur verða að draga eigin ályktanir. Umræðan verður því að byggjast á upplýsingum úr öðrum áttum ef skoða á hugsanlegan framtíðarfarveg fyrir CSBM og skyldar aðgerðir til takmörkunar vopna.

B. *Parísarumræðurnar.*

17. Á vorfundinum í París 11. maí 1990 hlýddi stjórnmálanefndin á tvær gagnstæðar skýrslur frá Eric Grove, forstjóra fyrir sjóhernaðarrannsóknum í Alþjóðaöryggismálastofnuninni (Bretlandi) og þekktum sjóhernaðarsagnfræðingi annars vegar og Peter Swartz, skipherra í bandaríska sjóhernum, þáverandi forstöðumanni varnarmála í bandarísku sendinefndinni hjá NATO og einum helsta hönnuði flotaáætlunar Bandaríkjanna.

18. Eric Grove hélt því fram að áætlun Sovétríkjanna varðandi takmörkun vopna á höfunum væri í raun mun þrengri en almennt er talið. Sovéski flotinn virðist til dæmis engan áhuga hafa á samningum um fækkun vopna. Þótt í sovéskum tillögum hefði verið farið fram á takmarkanir og hömlur á höfunum „sem valda réttmætum áhyggjum meðal vesturvelda um markmið Sovétríkjanna ... þá er tilgangur Sovétríkjanna í raun sá að búa til lista, langan óskalista sem við getum valið af". Og Eric Grove vitnaði í sovéskan aðmírál sem hafði sagt við hann nýlega er hann var á ferð um sovétríkin að „tilraun til að ná gagnkvæmum skilningi og sameiginlegum grunni til að túlka hlutverk og hugtök væri fullnægjandi fyrsta skref í umræðunum um höfin."[6]

19. Eric Grove lagði það til að á raunhæfa dagskrá mætti setja: 1) Tilkynningarskyldu um tilteknar flotaferðir á hafinu og jafnvel nokkur samþykkt ákvæði um eftirlit; 2) skipti á upplýsingum um herstyrk og áætlanir; og 3) umræður um hlutverk og herfræðileg og hertæknileg hugtök í sjóhernaði. Allt þetta gæti orðið fullkomlega tvíhliða og undantekningar mætti gera þegar um væri að ræða mál er snerta æðstu hagsmuni ríkjanna. En neituðu Bandaríkin að taka þátt í umræðunni yrði það aðeins vatn á myllu þeirra afla í Sovétríkjunum sem styddu víðtæka endurnýjun í flotanum og mundi auk þess varpa skugga á framtíð frekari afvopnunarviðræðna, þar á meðal möguleikana á nýjum CFE-samningi. (M.a. má nefna að samkvæmt V.P. Yeremin, varaaðmírál í sovéska flotanum, í ræðu þann 9. júlí 1990 sem hann hélt er tundurspillirinn *Bezuprechny* heimsótti höfnina í Portsmouth, mundi stærð sovéska flotans ráðast af svari NATO við tillögum Sovétríkjanna um afvopnun á hafinu). Loks sagði Eric Grove að þótt flotaáætlun Bandaríkjanna væri fullkomlega viðeigandi meðan Vesturlönd stæðu andspænis alvarlegri hótun um árás á landi úr austri, „þá verður það ógerlegt fyrir Vesturlönd að halda uppi sömu áherslu á árásargetu á höfunum á tímum þegar allt ástandið í hernaðaráætlunum er gjörbreytt".

20. Swartz skipherra, sem síðar gerðist sérstakur aðstoðarmaður yfirmanns bandarísku herráðsins, benti á að ekki væri hægt að segja að Bandaríkin hefðu hingað til ekki verið til tals um samninga um afvopnun og samvinnu við Sovétríkin. Máli sínu til stuðnings nefndi hann samningana um hættuleg atvik á höfunum (INCSEA) og hindrun hættulegra umsvifa á höfunum (PDMA), Stokkhólmssamningana um CSBM varðandi láðs- og lagar herafla (landgöngusveitir), samning Sovétríkjanna og Bandaríkjanna um friðsamlega siglingu, SALT-viðræðurnar og síðan START-viðræðurnar, heimsóknir og skipti á háttsettum sjóliðsforingjum, skipaheimsóknir og einhliða tilkynningar um flotaæfingar og skipaferðir. Auk þess, þegar litið væri til hinnar löngu hefðar sem væri fyrir því að báð-

ir aðilar fylgdust með skipum hins um heim allan, þá væri ávinningurinn sem væri af eftirliti og skoðunarferðum á landi „ekki jafnaugljós á höfunum þar sem allt slíkt væri meira og minna þegar fyrir hendi".

21. Ef ætlunin væri að halda uppi jafnvægi milli fælingar, varna og traustvekjandi aðgerða, sagði Swartz skipherra, þá væru Bandaríkin ekki tilbúin að ganga lengra. „Við getum einfaldlega ekki séð neinn ávinning fyrir Bandaríkin og Vesturlönd en augljósan ávinning fyrir Sovétríkin í flestum þeim tillögum sem við höfum séð." Sveigjanleiki flotans, hreyfanleiki, hæfni til að bregðast skjótt við og viss óútreiknanleiki væru grunnþættir í sjóhernaði; að uppræting þessara þátta mundi grafa undan undirstöðu fælingar á höfunum. Varðandi þá staðhæfingu Sovétríkjanna, að eyðingu yfirburða Sovétríkjanna í hefðbundnum hernaði á landi ætti að bæta upp með því að minnka yfirburði Vesturlanda á hafinu, sagði Swartz:

„Sjóherir Bandaríkjanna og NATO hafa einfaldlega ekki getu, samkvæmt herfræðiáætlunum bandaríska flotans og flotamálastefnu NATO, til að hernema víðáttumikil landsvæði. Í Normandí þurfti 5.000 skip og 11.000 flugvélar til að framkvæma innrásina, auk þess sem nánast hefði þurft að hafa hálfa bresku þjóðina í herkví til að koma óvininum á óvart. Í Okinawa voru notuð 1.300 skip og 182.000 hermenn og ekki var hægt að koma óvininum á óvart. Við getum ekki, hvorki NATO né nokkur annar sjóher Vesturveldanna, gert slíka árás í dag. Það er a.m.k. víst að ekki væri nokkur leið að koma hinum aðilanum á óvart eins og gert var í Normandí. Það er liðin tíð."

C. *Þingskýrsla frá Danmörku.*

22. Að undanförnu hefur framsögumaður oft lagt áherslu á nauðsyn skýrrar röksemdarfærslu þegar rætt er um möguleika í takmörkun vopna á höfunum. Allt of oft gerðist það, að hans mati, að almennar hugmyndir yfirgnæfðu skýrar og áþreifanlegar tillögur. Því var það að hann gerði tillögu í áfangaskýrslu vorsins 1990 um fimm öryggis- og traustvekjandi ráðstafanir til samþykktar hið fyrsta í Vín: 1) Útvíkkun núgildandi ráðstöfunar (CSBM), sem samþykkt var í Stokkhólmi um láðs- og lagarherafla (landgönguliðssveitir) þannig að hún næði einnig til þess tíma er löndunarskip mynduðu árásarfylkingu; 2) upplýsingaskipti um og 3) mat á herafla á því svæði þar sem ráðstöfuninni ætti að beita; 4) málfund um sjóhernaðarstefnu, stærð og staðsetningu herafla, þjálfun og skipasmíðar; og 5) umræður um sjálfviljugar upplýsingar um friðsamlegar ferðir. Hann styddi þær hugmyndir sem kæmu fram í tillögum hlutlausra ríkja, WV.5, og auk þess hugmyndina um málfund sam gæti þá annað hvort verið í formi fundar sérfræðinga um RÖSE, á árlegum framkvæmdafundi um CSBM sem allar fulltrúanefndir hefðu verið sammála um, eða þá utan NCSBM-samhengisins og þá á tvílhliða eða marghliða grundvelli.

23. Annað skref var tekið þegar gefin var út í maí 1990 *Skýrsla um traustvekjandi aðgerðir*, á vegum þingnefndarinnar um danska öryggisstefnu. Þar gegndi lykilhlutverki nefndarmaður í þessari undirnefnd, Hans Hækkerup. Skýrslan túlkaði opinbera stefnu byggða á mikilvægu samkomulagi um öryggismál milli stjórnar og stjórnarandstöðu og greindi frá áliti meirihluta og minnihluta.

24. Meiri hlutinn (þingmenn Sósíaldemókrataflokks, Íhaldsflokks, Frjálslynda flokksins, Róttækra frjálslynda flokksins og Kristilega þjóðarflokksins) hvöttu til þess að gengið yrði til samningaviðræðna um CSBM á höfunum „svo fljótt sem mögulegt væri" eftir að lokið yrði fyrsta samningi um fækkun í hefðbundnum herafla. Samkvæmt meiri hlutanum væri tilgangurinn með slíkum samningaviðræðum fjórfaldur: 1) að stuðla að op-

inni umræðu til að minnka áhættu á hernaðarátökum vegna slysa, misskilnings, og sambandsleysis; 2) að minnka möguleikana á óvæntum árásum; 3) minnka hættun á stigmögnun þegar neyðarástand varir; og 4) minnka hættuna á umhverfisslysum á höfunum. Hugmyndir um samningaviðræður yrði „að meta í ljósi þróunar heildaröryggisstefnu í Mið- og Austur-Evrópu“. Slíkar ráðstafanir ættu einnig að taka mið af lögum um hafið og þörfinni á ósamhverfum skyldum, þar sem hún ætti við, vegna mismunandi hlutverka flotanna í bandalögunum tveimur. Ráðstafanirnar ættu einnig að fela í sér:

— Marghliða samning um hættuleg atvik á sjó með reglulegum fundum fulltrúa öryggismála ríkjanna til að ræða langtímaáætlanir í flotamálum og skiptast á upplýsingum.
— Opna umræðu um reglur varðandi árekstra á alþjóðahafssvæðum (hegðunarreglur á spennutímum).
— Tilkynningar fyrir fram um sjálfstæðar flotaæfingar og umsvif sem eru umfram mörk er samið verði um.
— Skipti á eftirlitsaðilum með meiri háttar flotaæfingum til að tryggja að þær séu í samræmi við tilkynningar um þær.
— Stofnun samskiptavettvangs til notkunar þegar neyðarástand skapast á hafinu.
— Takmarkanir á fjölda æfinga og á fjölda og tegundir eininga er þátt taka í æfingum svo og á tíma sem einstakar æfingar mega vara.
— Takmarkanir á fjölda árásarkafbáta til að „auka stöðugleika á sviði langdrægra kjarnorkueldflauga og til að minnka ógnunina við meginsamskiptaleiðir NATO á Atlantshafi“.
— Takmarkanir á fjölda kjarnorkustýriflauga sem skotið er frá sjó.
— Bann við skammdrægum kjarnorkuvopnum á hafinu.

25. Einn aðili að minni hlutanum (þingmenn Framfaraflokksins og Miðdemókrata) lét í ljós þá skoðun án skýringa að gerð tvíhliða samninga um hættuleg atvik á höfunum við Sovétmenn, sem meiri hlutinn sagði aðeins í athugun, væri ótímabær. Sami minni hluti sagði einnig að spurningin um takmarkanir á kjarnorkuvopn á hafinu væri fyrst og fremst mál Bandaríkjanna og Sovétríkjanna.

26. Annar aðili að minni hlutanum (þingmenn Sósíaliska þjóðarflokksins) hvatti til þess að ríkisstjórnin gerði tafarlaust ráðstafanir til að hefja umræður um tvíhliða samning um hættuleg atvik á hafinu, að Danmörk þægi boð Austur-Evrópuríkja um að fylgjast með flotaæfingum og ræða hernaðaráætlanir á höfunum, og að ekki yrði beðið með umræður um höfin þar til CFE-samningi væri náð, þar sem „afvopnun á hafinu hefði átt að taka með í afvopnunarumræðum í Evrópu frá upphafi. Greiningin milli afvopnunar landhers og sjóhers er fullkomlega óraunveruleg og á sér fyrst og fremst rætur í stjórnmálalegum og hernaðarlegum hagsmunum Bandaríkjanna“. Enn fremur mundi frestun umræðna um afvopnun á höfunum „hafa þau áhrif að á meðan á löngum samningaviðræðum stæði yrðum við að búa við áframhaldandi vopnakapphlaup á hafinu þótt afvopnun væri hafin á landi. Í versta falli væri hætta á því að afvopnun á landi yrði að engu meðan enginn samningur væri til um hafsvæðin“.

D. *Akureyrarfundurinn.*

27. Dagana 15. og 16. ágúst gengust Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og Henry L. Stimson Center for International Studies fyrir ráðstefnu á Akureyri um „takmörkun vígbúnaðar og traustvekjandi aðgerðir í norðurhöfum“. Á ráðstefnuna var aðeins boðið

33 fulltrúum ríkisstjórna og einkastofnana í NATO-ríkjum til þess að stuðla að frjálsum umræðum um æskilegt eða mögulegt inntak tvíhliða aðgerða, svæðisbundinna aðgerða eða aðgerða er tækju til heimshafanna í heild og miðuðu að því að draga úr hættu tengdri vígbúnaði á höfunum".

28. Þess skal minnst að Ísland, sem byggir afkomu sína á útflutningi fisks að þremur fjórðu hlutum og liggur mitt á flutningaleiðinni yfir Atlantshafið, sýndi áhuga á CSBM og afvopnun á höfunum fyrir nokkrum árum. Núverandi ríkisstjórn landsins hefur hins vegar lagt mun meiri áherslu á málið en áður var og telur nauðsynlegt að samningar verði látnir taka til hafsvæðanna eftir að samningar um CFE hafa verið farsællega leiddir til lykta. Í mars 1990 benti Jón Baldvin Hannibalsson á að NCSBM-samþykktin gerði greinilega ráð fyrir útvíkkun ákvæða Stokkhólmsákvæðanna um landgöngusveitir. Hann sagði enn fremur: „Það má einnig færa rök fyrir því að *upplýsingaskipti* og *málþing um málefni hafsins* væru í samræmi við umboðið. Málstofa um málefni hafsins gæti orðið mikilvægur vettvangur til að auka gagnkvæman skilning þátttökuríkja í RÖSE á sjóhernaði og jafnframt nauðsynlegt skref í átt til samningaumræðna um CSBM á höfunum."

29. Í afstöðu Íslendinga er einnig lögð áhersla á að öryggi og umhverfismál fléttist sífellt meira saman og bent á ítrekuð kafbátaslys sovéskra kafbáta í norðurhöfum og hinar skelfilegu afleiðingar sem þau gætu haft á lífríki sjávar. Íslendingar hafa bent á að sem fyrsta skref gæti Alþjóðakjarnorkumálastofnunin (IAEA) sett viðmiðunarreglur um öryggi kjarnakljúfa á hafinu um borð í *öllum* skipum. Samvinna milli Norðurlanda á þessu sviði hefði einnig verið hafin að tilskipan norrænna utanríkisráðherra. Hinn 24. september 1990 samþykkti IAEA ályktun um þetta efni, en hún náði þó ekki til herskipa. Í kjölfarið lagði Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra til að sérfræðingar á vegum Sameinuðu þjóðanna gerðu rannsókn á umhverfishættum sem stafa af kjarnorkukljúfum á hafinu.

30. Á Akureyri flutti Jón Baldvin Hannibalsson mikilvæga stefnuræðu og ítarlegri en áður. „Til þess að gera stefnu um takmörkun vopna í Evrópu altæka og þannig úr garði gerða að ekki væri hægt að fara í kringum hana yrði hún að taka til herafla á höfunum." Hann fullyrti að Lundúnayfirlýsing NATO benti til þess að „bandalagið hefði ekki sagt þvert nei [við takmörkun vopna á höfunum] í grundvallaratriðum". Hann mótmælti þeim rökum sem færð hafa verið gegn samningaviðræðum og sagði að „líta ætti á takmörkun vopna á höfunum sem tækifæri til að auka öryggi boðskiptaleiða á höfunum (SLOC)" t.d. með fækkun kjarnavopnabúinna árásarkafbáta; taktísk kjarnavopn á sjó og árásarkafbáta búna kjarnavopnum bæri að skoða fyrst og fremst í samhengi Austurs og Vesturs, þannig að takmarkanir mundu ekki rekast á skyldur utan Evrópu; aðgerðir á borð við tilkynningar, skipti á upplýsingum og eftirlit mundu ekki takmarka frelsi á höfunum. "Það sem við þurfum á að halda í hinu núverandi pólitíska samhengi er fyrst og fremst aðgerðir sem auka gegnsæi og útreiknanleika svo og aðgerðir sem styrkja núgildandi kerfi til að koma í veg fyrir slys á höfunum." Að því er varðar vettvang fyrir CSBM, þá nefndi ráðherra vettvang strandríkja innan RÖSE eða á vegum Sameinuðu þjóðanna, en benti þó á að *upplýsingaskipti, umræður um herafla á sjó og breiðari grundvöll fyrir landgöngusveitir mætti ræða í Vín.*

31. Fyrrum varnarmálaráðherra Noregs, Johan Jørgen Holst, lýsti áhyggjum sínum af því að afstaða Bandaríkjanna gæti haft í för með sér þrenns konar neikvæðar afleiðingar; „ört minnkandi stuðning við varnaraðgerðir bandamanna, einkum meðal smærri þjóða;" aukið tækifæri Sovétmanna til að bæta stöðu sína og álit meðal almennings ein-

hliða; og aukinn áróður umhverfissinna gegn NATO. Nú væru útjaðrarnir orðnir brennipunktarnir en ekki Mið-Evrópa, „og þetta stafar fyrst og fremst af flotaumsvifum sem lúta að mjög litlu leyti valdi ríkjanna sjálfra á þeim svæðum“.

32. Að því er varðar andstöðuna við samningaviðræður spurði hann: „Hvers vegna er ísinn hálli fyrir flotann en fyrir annan herafla? Er eitthvað við takmörkun vopna á hafinu sem veldur sérstökum óstöðugleika? Og ef svo er, verður að rökstyðja það, af því að það liggur engan veginn í augum uppi.“ Væri þetta einhver dulinn ótti við að missa forskot, eða við takmörkun valkosta við að bregðast við neyðarástandi eins og við Persaflóa? Mundi takmörkun vopna hafa einhver svæfandi áhrif á viðleitnina til að halda varnarkerfinu við?

33. Holst lagði til að byggt yrði ofan á það sem þegar væri til, m. a.:

— Að athuguð yrðu fjölþjóðleg INCSEA, en utan RÖSE.
— Umræður um stefnu.

Tilkynningar um meiri háttar heræfingar og herflutninga.

— Gagnkvæmt eftirlit, þar sem eftirlitsmenn væru um borð í eigin skipum, en að áhöfnin, sem undir eftirliti væri, ætti þess kost að bjóða þeim um borð til sín.
— Skipti á upplýsingum um reglur sem gilda þegar árekstrar eiga sér stað í því skyni að draga úr hættu á slysum.
— Stofnun svæðisbundinnar stjórnstöðvar til að koma í veg fyrir að hættuástand skapist.
— Athugun aðgerða til að til að takmarka hversu nálægt löndum utan bandalagsins megi stefna flota.
— Um ofangreindar aðgerðir mætti semja á „vettvangi norðuratlantshafssvæða“.
— Varðandi kerfisbundna takmörkun vopna lagði hann til takmarkanir á kjarnorkuárásarkafbáta (SSN) og skammdrægar kjarnorkuflaugar og kjarnorkustýriflaugar á hafinu. Ef litið væri til lengri tíma mætti sjá fyrir sér takmarkanir á flotastærð og hlutfallabreytingar á breiðari grundvelli.

34. Fyrrum sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, Marshall Brement, var lítt trúaður á tillögur Holst. Hann minnti á að umræðan væri pólitískt vandamál í þessum heimshluta, en að takmark bandaríska flotans væri að sigra á fyrsta degi stríðs. Sovétmenn hefðu hins vegar nokkuð til síns máls þegar þeir bentu á hæfni flotans til að gera árásir á land. Hann lagði til nokkrar einhliða aðgerðir:

— Að taka skammdræg kjarnavopn úr skipum og geyma þau í landi.
— Að lýsa yfir þeirri stefnu að beita ekki kjarnavopnum á sjó að fyrra bragði.
— Að takmarka smíðar á kafbátum.
— Að gefa út æfingaáætlun.
— Að útvíkka samninginn um hættuleg atvik á hafinu og láta hann ná til aðgerða og áætlana flotans.
— Að veita upplýsingar um skipasmíðar.
— Að gefa út upplýsingar um skipulag og fyrirkomulag. flotans, þar á meðal um tegundarheiti og skráningarnúmer.
— Að heita því að gera ekki sýndarárásir gegn landsvæði annarra á æfingum.
— Að halda áfram fyrirlestrum og heimsóknum.

35. James Goodby, sendiherra og fyrrum formaður samninganefndar Bandaríkjanna í viðræðum um traustvekjandi aðgerðir í Stokkhólmi 1984–1985, sagði að gildi „gagnsæis“ á vettvangi sjóhernaðar væri óljóst. Hann gerði tillögu um eftirfarandi „samninga-

svið framtíðarinnar“ og í ljósi þess að um er að ræða einn helsta sérfræðing Bandaríkjanna á þessu sviði með fjögurra áratuga reynslu sem fulltrúi ríkisstjórnar sinnar á öllum sviðum vopnatakmörkunar hlýtur að verða að veita orðum hans ýtrustu athygli:

— Takmarkanir á kjarnavopn um borð í skipum öðrum en kafbátum til umræðu í samningaviðræðum um skammdrægan kjarnorkuherafla (SNF).
— Takmörkun árásarkafbáta í START II umræðunum.
— Árleg skipti á áætlunum í tengslum við samninga um hættuleg atvik á hafinu (INCSEA), einkum þegar æfingar eiga sér stað samhliða æfingum á landi, auk möguleika á eftirlitsaðilum.
— Upplýsingaskipti um fimm ára áætlanir alls herafla (hugmynd frá Reagan og Carlucci).
— Formlegt málþing um flotastefnu, þar á meðal um þjálfun og fjárveitingar.
— Endurskoðun á hlutverki stjórnstöðva til að draga úr hættu á kjarnorkuvá (NRRC) þannig að þær taki til gagnsæis og upplýsingafunda um tilteknar tegundir flotahreyfinga.
— Breytingar á stjórnstöðvum til að koma í veg fyrir átök (CPC) þannig að þær taki einnig til atferlis á höfunum í umræðum um óvenjulega herflutninga og upplýsingaskipti.

36. Fred Crickard, fyrrum varaaðmíráll, frá Dalhousie-háskóla í Halifax benti á að Kanada hefði enga opinbera varnarstefnu á höfunum. Að hans dómi mundi það hins vegar bjóða hættunni heim að láta Stokkhólmssamninginn ná til flotans. Slík ráðstöfun fæli í sér fáa kosti en margvíslega áhættu. Upplýsingar og leyfi til eftirlits mætti veita af eigin frumkvæði og rétt væri að huga að því að takmarka flotaumsvif utan efnahagslögsagna landanna kringum Norðurheimsskaut. Hann benti á að Bandaríkin hefðu tilkynnt Sovétríkjunum þegar þau sendu fjórar flugvélamóðurskipasveitir til Japanshafs árið 1989.

37. Barry Blechmann, forstöðumaður Stimson Centre, setti fram yfirlit yfir hættuleg atvik á hafinu (INCSEA). Hann benti á að 5–10 raunveruleg slys ættu sér stað á hverju ári, einkum á evrópskum hafsvæðum, og að 30 atvik ættu sér stað á ári hverju. Hann sagði að þótt einhliða aðhaldsaðgerðir væru ekki útilokaðar mætti ekki láta tækifæri sem gæfust ganga mönnum úr greipum. Við þurfum „traustsviðhaldandi“ aðgerðir. Hann mundi breyta samningnum um hættuleg atvik á höfunum þannig að hann tæki einnig til kafbáta. Meðan á umræðunum stóð vöknuðu spurningar um gagnagrunninn: Richard Fieldhouse benti á að Svíar skilgreini allar friðsamlegar ferðir, sem ekki er tilkynnt um, sem „atvik“.

38. J.R. Hill, fyrrum varaaðmíráll í breska flotanum, sagði að „báðir aðilarnir í umræðunum hafðu nokkuð til síns máls“. Hann var ekki fylgjandi tilkynningum um friðsamlegar siglingar; meðan hann var við störf hefði hann ekki gert slíkt að venju sinni í kurteisisskyni nema í sænskri lögsögu. Hann gerði tillögu um tilkynningar þegar um væri að ræða annaðhvort 13.000 manna herlið eða þar yfir (flugmóðurskipssveit og önnur skipasveit) eða fjörutíu herskip af öllum gerðum þar sem meðal annars væru skip umfram 900 smálestir og úthafskafbátar (í apríl 1990 mátti lesa í stöðuskýrslu frá bandarísku flotanum að í „umfangsmiklum“ heræfingum væru tvær flugmóðurskipasveitir eða fleiri). Eftirlit mætti vera frá öðru skipi sem ekki væri þátttakandi en möguleiki væri að heimila heimsóknir um borð í þátttökuskip. Tilkynningar mundu þannig eiga við um æfingar en ekki um hefðbundna þjálfun. Ekki yrði formlega nauðsynlegt að tilkynna um venjubundið úthald skipa en hins vegar gætu ríkin birt slíkt í árlegum áætlunum. Ekki

yrði skylda að tilkynna um umfangsmiklar aðgerðir sem gripið væri til í varúðarskyni, en slíkt væri þó heimilt. Hvað snerti einstök svæði taldi hann rétt að byrja á Austur-Atlantshafi og Íslandshafi. Hann taldi einnig rétt að taka með heimsóknir til upplýsingaöflunar og heimsóknir um borð í skip á höfunum. Hvað einhliða aðgerðir snertir þá væri hugsanlegt að aðilar lýstu yfir að skip skyldu varast að sigla of nálægt skipum hins aðilans og einnig mætti skýra betur nýjustu útgáfu flotastefnu Bandaríkjanna. J.R. Hill vísaði á bug kenningunni um „hálan ís" og sagði að ekkert hefði komið fram í samningum um vopnatakmarkanir á öðrum vettvangi er styddi slíka kenningu.

39. James Lacey frá Washington Rand sagði að „sé okkur alvara með takmörkun vopna á hafinu eigum við að snúa okkur beint að fækkun vopna, frekar en að gera CSBM-samninga, sem hafa ekki annað en fagurfræðilegt gildi, og draga línur í höfunum sem settu aðeins slæmt fordæmi og hefðu lítið raunverulegt gildi á neyðartímum". Hann lýsti þeirri skoðun að eina sviðið þar sem „flotinn ætti raunverulegt erindi inn í samninga austurs og vesturs um takmörkun vopna" væri SSN (árásarkafbátar). Ef floti Bandaríkjanna og Sovétríkjanna yrði takmarkaður við 50 árásarkafbáta mætti minnka verulega kostnað við gagnkafbátahernað en samt yrði nóg eftir til varnar og til að halda samgönguleiðum á sjó opnum, sjá fylgiskjal B. Hann taldi einnig að fjarlægja ætti kjarnorkuvopn úr skipum öðrum en kafbátum, en stýriflaugar mættu vera um borð í kafbátum til að Sovétmönnum litist betur á hugmyndina.

40. Johan Holst talaði síðastur og hélt fram þeirri skoðun að öryggis- og traustvekjandi aðgerðir á sjó mundu þróast frá því að vera vörn gegn skyndiárásum og slysum og upp í það að vera „tæki til að breyta viðhorfum manna og koma mönnum í skilnyng um gagnkvæman hag af því að kerfisbinda hernaðarlegt atferli". Þetta væri fyrst og fremst pólitískt mál og því ætti ekki að henda gaman að vissum aðgerðum þó þær hefðu ekkert hernaðarlegt „bit". Kerfisbinding væri nauðsynleg til að eyða óvissu í framtíðinni og við ættum ekki að gera aftur þau mistök að útiloka Rússland frá Evrópu. Umræðan á fundinum, sagði hann, lýsti tveimur mismunandi sjónarhornum: Hvað ef stríð skellur á, og hvernig á að byggja nýjan heim?

41. Að svo miklu leyti sem hægt er að draga nokkrar ályktanir, þá er óhætt að segja að meirihlutinn hafi talið að svigrúm væri til frekari þróunar í flotamálum á vettvangi INCSEA, START/SNF, NCBM og á nýjum vettvangi á borð við umræðuhóp strandríkja. Minnihlutinn hafði nokkrar áhyggjur af „hálum ís" en útilokuðu þó ekki einhliða og samningsbundnar aðgerðir. Í fylgiskjali C má sjá nokkrar hugsanlegar nýjar leiðir.

FYLGISKJAL B

ÁRÁSARKAFBÁTAR: 1990

Kjarnorku/dísil-rafmagns

	Samtals	SSGN	SSN	SSG	SS
Sovétríkin	267(57)	50	81	16	120(57)
Bandaríkin	96	–	96	–	–
Kína	61(50)	–	4	1	56(60)
Bretland	28	–	17	–	11
Indland	15	–	1		14(4)
Frakkland	13	–	4	–	9
Samtals	480				

Dísil/rafmagns eingöngu

Albanía	2(1)	Grikkland	10	S-Kórea	6	Spánn	8
Algería	2	Holland	5(1)	Kúba	3	Svíþjóð	12
Argentína	4	Indonesía	2(1)	Libía	6	Sýrland	3
Ástralía	6	Ísrael	3	Noregur	11	Taiwan	4
Brasilía	5(1)	Ítalía	10	Pakistan	6	Tyrkland	15
Chile	4	Japan	14	Perú	11	Venesúela	3
Danmörk	2	Júgóslavía	5	Pólland	3	Samtals	236
Ekvador	2	Kanada	3	Portúgal	3		
Egiptaland	6(6)	Kólumbía	2	Rúmenína	1		
Ekvador	2	N-Kórea	22	S-Afríka	3		

Heimild: *Jane's Fighting Ships 1990-1991* (1990)

(a) Tölurnar í svigum eiga við kafbáta til vara eða til þjálfunar en með hugsanlegt notagildi við eftirlit og hernað.

(b) Sovétríkin eiga til viðbótar 13 kafbáta af SSBN-gerð, en flugskeyti þeirra hafa verið tekin úr.

FYLGISKJAL C

TAKMÖRKUN VÍGBÚNAÐAR Á HAFINU HUSANLEGAR LEIÐIR
Hættuleg atvik á hafinu (INCSEA) • Taka upp viðræður um stefnu, æfingar, aðgerðir og umgengnisreglur • Láta viðræður taka til kafbáta einnig • Banna sýndarárásir gegn landssvæðum • Veita fleiri ríkjum aðild að svæðisbundnum stjórnarstöðvum á neyðartímum
START • Banna lágfleygar skotflaugar sem skotið er af hafi (SLBM) • Banna eða takmarka stýrisflaugar sem skotið er af hafi (SLCM) • Banna eða takmarka úthafskafbáta
SNF • Banna eða takmarka kjarnavopn á hafinu
Stjórnstöðvar til að draga úr hættu á kjarnorkuvá (NRRC) • Láta viðræður taka til gegnsæis á hafinu
Stjónstöð til að koma í veg fyrir átök (tillaga) • Láta upplýsingaskipti og umræður um óvenjuleg umsvif ná til herafla á sjó
Samningaviðræður um öryggi og samvinnu á Miðjarðarhafi • Láta viðræðurnar taka til gegnsæis á höfunum
Svæði • Vopnalaust svæði á Norðurheimsskauti
Umræður um öryggi og traustvekjandi aðgerðir • Breyta landgöngu í umsvif landgöngusveita • Eftirlit og skoðun flotastöðva á svæðinu • Upplýsingaskipti um landgöngusveitir og flota á svæðinu • Málstofa um flotastefnu • Tilkynningar um friðsamlegar ferðir og meiri háttar flotaæfingar • Upplýsingar um fjárveitingar til flotans og áætlanir um skipasmíðar
Nýr umræðuvettvangur • Umræður strandríkja á vegum S.þ. eða á grundvelli CSCE • Áhersla á Íslandshaf og Austur-Atlantshaf • Upplýsingaskipti, tilkynningar, eftirlit, skoðun • Sérstök aðgát nálægt landsvæðum ríkja utan bandalagsins

E. *Umræða.*

1. *Túlkun Madrid-umboðsins.*

42. Í lokasamþykkt framhaldsfundar RÖSE 9. september 1983, komu 35 þátttökuríki RÖSE sér saman um umboð til ráðstefnunnar um öryggi og traustvekjandi aðgerðir og afvopnun í Evrópu (CDE, síðar NCSBM). Texti umboðsins, sem síðan hefur verið stöðugt til umræðu, var svohljóðandi:

> Að því er varðar samliggjandi hafsvæði* og loftrými, skulu aðgerðirnar eiga við um hernaðarumsvif allra þátttökuríkjanna, sem eiga sér stað þar, hvenær sem þessi umsvif hafa áhrif á öryggi í Evrópu og eru hluti af umsvifum er eiga sér stað um alla Evrópu eins og getið er um hér að framan og sem þau [ríkin - (þýð.)] samþykkja að gefa tilkynningu um. Nauðsynlegar skilgreiningar skulu ákvarðaðar í samningaviðræðum um öryggi og traustvekjandi aðgerðir á ráðstefnunni. [Stjarnan vísar til neðanmálsgreinar þar sem stendur „í þessu samhengi ber að skilja hugtakið samliggjandi hafsvæði sem svo að það eigi einnig við um hafsvæði er liggja að Evrópu"].

43. Flestar sendinefndir NATO og hlutlausra ríkja leggja þann skilning í fyrsta málsliðinn að tveimur ófrávíkjanlegum skilyrðum verði að fullnægja til að tilkynna beri umsvif (ath. að aðeins er talað um „að tilkynna" sem vekur upp spurningu um hvort hömlur, athugun, eftirlit, og aðrar ráðstafanir séu þar með útilokaðar): (1) Umsvifin verða að eiga sér stað á aðliggjandi hafsvæðum (sem er undirskilið sem landhelgi eða jafnvel sjávarmörk) þótt „samliggjandi" hafi enga lögfræðilega merkingu, gagnstætt orðinu „aðlægur" sem er notað til að lýsa landhelgi í Hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna [1. tl. 2. mgr. 1. kafla II. hluta], og (2) þau verða að standa í virkum tengslum við tilkynningarskyld umsvif á landi en skulu ekki vera „sjálfstæð" flotaumsvif. Stokkhólmssamþykktin endurspeglar þennan skilning, þrátt fyrir mótmæli Sovétríkjanna allt fram á síðustu mánuði ráðstefnunnar, með því að setja tilkynningarskyldu um flotaumsvif í samband við tilskynningarskylduna um hernaðarumsvif á landi, einkum og sér í lagi: „Skothríð á land af skipum" og „merki um annan stuðning skipa við hernað á landi." Þannig er flotaæfing, sem á sér stað alfarið innan landhelgi, ekki tilkynningarskyld nema hún standi í tengslum við tilkynningarskyld hernaðarleg umsvif á landi, liðssöfnuð, árás fallhlífasveita eða landgöngu í Evrópu.

44. Afstaða Varsjárbandalagsríkja er að horfa framhjá þessu síðara skilyrði og leggja áherslu á orðin „áhrif á öryggi í Evrópu" og neðanmálsgreinina um „hafsvæði" sem gefur í skyn eitthvað umfram landhelgina sjálfa. Varaformaður pólsku sendinefndarinnar, Piotr Switalski, lýsti málum svo fyrir formanni ráðstefnunnar: „Það sem við, þessir 16 samstarfsaðilar, einblínum á er þessi „virku tengsl" sem er nokkuð sem við fylgjum ekki, af kunnum og margítrekuðum ástæðum." Þannig gætu ráðstafanir þær sem Varsjárbandalagið lagði til í Vín í mars 1989 og rætt er um í skýrslu síðasta árs (65.–87. gr.) verið alls ótengdar hernaðarumsvifum á landi og lýst flotaumsvifum sem sérstökum flokki þar sem reglur giltu um tilkynningaskyldu og aðrar öryggis- og traustvekjandi aðgerðir. Varaformaður sovésku sendinefndarinnar á RÖSE, Mikhail Chelapin, orðaði það svo í desember 1989: „Við viljum Stokkhólmssamþykkt um herafla á höfunum." Og hér er kafli úr ræðu Grinevsky sendiherra frá 10. mars 1989:

> Stokkhólmssamþykktirnar voru mikilvægt skref í átt til raunverulegs trausts í álfunni. ... Það er hins vegar engin launung á því að þessar samþykktir eru gallaðar að því leyti að ráðstafanirnar, sem þá voru ákveðnar, snerta ekki flotaumsvif og ná að-

eins að hluta til flughernaðar. Augljóst er að þessa galla verður að lagfæra. Aðaláherslan í þessum samningaviðræðum ætti að vera á þetta mál.
Aðalatriðið er að víkka út öryggis- og traustvekjandi aðgerðir með þeim hætti að þær nái til flotaumsvifa. Fyrir þessu eru góð rök.
Þessi herafli býr yfir augljósri árásargetu. Hann getur með skjótum hætti myndað eða styrkt árásarher á hernuminni strandlengju. Flotaherdeildir geta á mjög árangursríkan hátt stutt við bakið á árásarliði á landi og jafnvel langt inni í landi og má í því samhengi nefna stuðning með flugskeytum (þar á meðal stýriflaugum sem skotið er af hafi) og flugvélum.
Nærvera, þó ekki væri nema einnar eða tveggja flugmóðurskipasveita við strandir Evrópu veitir óneitanlega möguleika á að styrkja til muna árásarmátt flugvéla sem beitt er gegn skotmörkum á landi.
[En] NATO skjalið er í raun ekki annað en fegrunaraðgerð á Stokkhólmssamþykktunum.

45. Hinn 11. desember var afstaða Varsjárbandalagsríkja varðandi samliggjandi hafsvæði skýrð enn fremur í vinnuskýrslu sem Búlgaría og Sovétríkin lögðu fram um eftirlit með umsvifum í lofti og á hafinu. Þar er sagt skýrum orðum að „aðliggjandi“ þýði utan við landhelgi, en stærð eftirlitssvæðisins er hins vegar látið bíða síðara samkomulags.

46. Hlutlausu ríkin hafa einnig túlkað Madrid-umboðið á breiðari grundvelli en NATO-ríkin. Tillaga þeirra um að útvíkka svæðið, þar sem krafist er tilkynninga um hreyfingar landgöngusveita, að því marki „þar sem landgönguskipin skipa sér í árásarfylkingu“ gæti átt við um aðgerðir sem eiga sér stað meira en 30 mílur frá landi eða a.m.k. handan sjóndeildarhringsins. Í framtíðinni munu skip sem bera landgöngusveitir fylkja liði jafnvel lengra úti á hafi, sbr. láðs- og lagarverkefni bandaríska landgönguhersins sem mun „gera hernum kleift að hefja raunverulega árásir sínar frá hafsvæðum sem eru utan sjónmáls frá landi.“ Tillaga hlutlausu ríkjanna um tilkynningarskyldu tekur einnig til flotahersveita á þessu svæði (rétt er að hafa hugfast að í umboðinu er ekki rætt um upplýsingar, heldur einungis tilkynningar).

47. Þannig liggur það alls ekki í augum uppi að Madrid-umboðið leyfi aðeins eina túlkun: Hvað eru aðliggjandi sjávar- og hafsvæði? Hver eru tengslin við landhernað og hvenær eiga þau við? En hvað sem því líður má spyrja hvers vegna samningaumræður, sem eiga sér stað nú, séu bundnar á klafa skjals sem samþykkt var árið 1883. Auk þess eru ekki skilgreindar neinar aðgerðir í Madrid-umboðinu. Þvert á móti stendur þar að allar nauðsynlegar skilgreiningar skuli ákvarða á sjálfri ráðstefnunni um öryggi og traustvekjandi aðgerðir.

48. Nokkrir sendifulltrúar á ráðstefnunni um öryggi og traustvekjandi aðgerðir sjá fyrir sér málamiðlun á milli „sælir dátar“ („hello sailors“) og „segið bara nei“ („just say no“). Í þríliða samningi á grundvelli tillagna hlutlausu þjóðanna gætu falist nánari ákvæði um landgöngusveitir, upplýsingaskipti og tilkynningar um friðsamlega umferð. Engin þessara ráðstafana mundi einu sinni ganga gegn túlkun NATO á Madrid-umboðinu. En það er ekki ljóst hvort Sovétmenn mundu halda áfram að krefjast þess að fjalla um flotamál á RÖSE í Vín ef annar vettvangur væri fundinn (t.d. tvíhliða viðræður milli Sovétríkjanna og Bandaríkjanna sem hlypu yfir Vínarsamningana og fjölluðu jafnvel beint um fjöldatakmarkanir, sem sumir eru nú þegar farnir að huga að með hliðsjón af fjárframlögum til hermála, en auðvitað veltur það á því hvernig flota„vandinn“ er skilgreindur

hvort öryggis- og traustvekjandi aðgerðir eða fjöldatakmarkanir eiga við). John Maresca, sendiherra og formaður sendinefndar Bandaríkjanna á NCSBM, hélt því t.d. fram 16. janúar 1990 að „umsvif á höfunum ... séu utan við umboðið“ og að „jafnvel þótt menn væru sammála um takmörkun vígbúnaðar á hafinu einhvers staðar, virðist þessi vettvangur fremur óviðeigandi fyrir slíka samninga“.

49. Af NATO-ríkjunum eru það ekki aðeins Ísland og Danmörk sem hafa lýst opinberlega áhuga á aðgerðum á hafinu. 13. desember 1989 viðurkenndi Per Ditlev-Simonsen, varnarmálaráðherra Noregs, hinar mismunandi þarfir í varnarmálum vegna landfræðilegrar legu einstakra ríkja og einnig nauðsyn þess að flækja ekki flutninga á liðsauka NATO og að halda uppi flotaumsvifum, en bætti síðan við:

> Sem stendur er enginn vettvangur til undir samningaviðræður um takmörkun vígbúnaðar og afvopnun á hafinu. Noregur hefur hins vegar haldið því fram að ekki sé hægt að halda neinum flokki vopnabúnaðar til langframa eða vegna einhverra grundvallarreglna utan við heildarumræðurnar um takmörkun vígbúnaðar.
>
> Skilyrðin í viðræðum um takmörkun vígbúnaðar og afvopnun á hafinu eru allt önnur en þau sem gilda í samningum um takmörkun hefðbundins herafla í Evrópu. Takmörkun vígbúnaðar á hafinu verður að ná til heimsins alls, því að ekki er hægt að byrgja herafla á sjó inni á afmörkuðum svæðum. Auk þess eru umtalsverð vandkvæði á eftirliti.
>
> [Hvað sem því líður] getum við ekki horft framhjá þeirri staðreynd að við stöndum frammi fyrir óvígum herafla Sovétmanna á hafinu í norðri. Þessi herafli, sem sífellt er verið að færa til nútímalegra horfs, er alvarleg ógnun við birgðaflutningaleiðir á Atlantshafi og varnir Vestur-Evrópu. Það er í ljósi þessa sem Syse, forsætisráðherra, lagði áherslu á það á leiðtogafundi NATO í síðastliðinni viku að æskilegt væri að minnka þennan herafla og leggja aukna áherslu á varnarstöðu. Þetta væri ein leið til að byrja að færa flotann frekar inn í afvopnunarviðræður austurs og vesturs.
>
> Að dómi Norðmanna ættum við einnig að kanna möguleikana á [RÖSE] traustvekjandi aðgerðum í tengslum við herafla á hafinu.

50. Og í lok vorþings Stórþingsins í Norgegi 1990 vakti ráðherrann einnig athygli á þeirri staðreynd að „Sovétríkin eru að flytja umtalsverðan fjölda árásarflugvéla, sem geta að nokkru leyti borið kjarnorkuvopn, undir yfirráð flotans“ sennilega í því augnamiði að forða þeim undan CFE-samningunum, en það veldur Norðmönnum „sérstökum áhyggjum“. Afstaða Sovétríkjanna var hins vegar sú í CFE-umræðunum að ekki væri hægt að telja sovéskar flugvélar á vegum flotans með í takmörkunum á fjölda flugvéla samkvæmt CFE-samkomulagi á meðan flugvélar flotans, staðsettar á skipum á sjó, innan NATO væru ekki taldar með, en sovétmenn hurfu hins vegar frá þessari afstöðu snemma í október 1990.

51. Belgía og Kanada hafa einnig verið að leita nýrra leiða[7], en fulltrúi enn annars ríkis innan NATO fræddi framsögumann ykkar um það að „hið aukna gagnkvæma traust og hin hraða atburðarás í takmörkun vígbúnaðar og afvopnun í Evrópu gæti, þegar til langs tíma er litið, leitt til þess að ásættanlegt yrði að hugleiða þær aðgerðir varðandi upplýsingaskyldu um herafla á sjó og sjálfstæð flotaumsvif í tengslum við öryggis- og traustvekjandi aðgerðir sem ekki græfu undan öryggishagsmunum Vesturlanda. Fulltrúi enn annars ríkis sagði: „Okkur er það auðvitað ljóst að spurningar um takmörkun vígbúnaðar á hafinu vekja sífellt meiri athygli meðal stjórnmálamanna og almennings ... Tillögur af því tagi sem þú setur fram í bréfi þínu mætti skoða í því samhengi“. Og full-

trúar frá tveimur enn öðrum NATO-ríkjum sögðu að ríkisstjórnir þeirra mundu ekkert hafa á móti því að setja upplýsingaskipti og landgöngusveitir á breiðari grundvelli inn í samþykktir á þessu ári.

52. Rétt er að benda á það einnig að Timothy Wirth, öldungadeildarþingmaður í Bandaríkjunum og fulltrúi í vísinda- og tækninefnd Norður-Atlantshafráðsins, hefur fært fyrir því rök að auk „umferðarreglna" gætu viðræður um öryggi og traustvekjandi aðgerðir beinst að gagnsæisaðgerðum á hafinu, þar á meðal tilkynningum um meiri háttar flotaæfingar og skipti á eftirlitsaðilum, fyrst á Eystrasalti til að leggja áherslu á evrópskt samhengi þessara aðgerða.[8] Og á vorþinginu í París vakti Erol Agagil frá Tyrklandi athygli á ógninnni sem hernaðarlega mikilvægum svæðum fyrir NATO-ríkin, þ.e. Eystrasalti og Sæviðarsundi (Bospórus), stafaði af landgönguherstyrk Sovétríkjanna á Eystrasalti og styrk Varsjárbandalagsríkjanna á Svartahafi.

53. Það eru e.t.v. aðeins Bandaríkin, Frakkland, Portúgal og Spánn sem eru á móti umræðum um *hvers kyns* nýjar traustvekjandi aðgerðir á höfunum (þótt spænskur fulltrúi hefði sagt að hann geti séð fyrir sér gagnsæisákvæði og ákvæði um útreiknanleika á næstu ráðstefnu um öryggi og samvinnu við Miðjarðarhaf). Hin NATO-ríkin kynnu frekar að vera reiðubúin til umræðna, þótt tilefni þeirra væru margs konar, allt frá því að „gefa Gorbatjov eitthvað" fyrir hinar fjölmörgu tilslakanir Sovétríkjanna í CFE-viðræðum og öðrum viðræðum um takmörkun vígbúnaðar og upp í raunverulegar áhyggjur af öllum þeim vopnabúnaði, sem ekki væri til umræðu á neinum takmörkunarvettvangi, af varnarstefnu Bandaríkjanna á hafinu, af sovéska flotanum og af umhverfinu. Ekki er heldur nein samstaða um hvað skuli ræða, t.d. hvort aðeins eigi að ræða um skipti á upplýsingum, eða tilkynningarskyldu að auki o.s.frv. En *ef* samningsvilji um takmörkun vígbúnaðar á sjó hlýtur undirtektir í öllum bandalagsríkjunum, hvers konar aðgerðir væri þá áhugaverð til umræðu í Vín eða annars staðar og hvernig væri þá hægt að að taka mið af ólíkum varnarhagsmunum bandalagsríkjanna og laga hugsanlegar samþykktir að þeim?

2. *Aðgerðir er varða upplýsingar.*

54. Er tímaritið *Jane's Fighting Ships* ógnun við friðinn? Auðvitað ekki. Skipti á upplýsingum er einfaldasta málið. Öll ríki mundu hagnast af upplýsingum um flotastyrk, landgöngusveitir, ný skip/flugvélar o.s.frv. sem tekin væru í notkun og önnur sem hætt væri að nota, staðsetningu herstöðva, meiri háttar vopn og skotpalla til nota á hafinu og aðra flokka, e.t.v á fundum sem flotaráðsformenn héldu árlega eða annað hvert ár. Þetta mætti spyrða saman við eftirlitskerfi sem fæli í sér reglulegar skoðunarferðir til flotamannvirkja á landi á borð við NATO-ákvæði nr. 3 um land- og flugher (allan textann er að finna í áfangaskýrslunni 1989, bls. 55). Reyndar eru nokkur elstu sögulegu dæmin um traustvekjandi aðgerðir einmitt af þessum toga, nefnilega samningarnir milli Tyrkja og Grikkja 1930 og milli Sovétmanna og Tyrkja 1931 þar sem kveðið var á um upplýsingaskipti um fyrirhugaðar breytingar á flotastyrk. Hinn 12. október 1989 komst C.A.H. Trost, aðmíráll og yfirmaður Bandaríkjaflota, svo að orði:

> Skipti á háttsettum herforingjum, heimsóknir skipa í flotum okkar og menningarleg samskipti, allt stuðlar þetta að því að auka skilning milli okkar. Við eigum að nýta til fulls öll tækifæri til að kynnast hvor öðrum betur svo að við getum unnið að því að jafna ágreining, færa okkur í nyt það sem við eigum sameiginlegt og auka traust.

55. Þau rök, að skipti á upplýsingum muni opna flóðgáttirnar fyrir metnaðarfyllri aðgerðum, eru raunverulegur en ekki óviðráðanlegur vandi. Voru SALT- og síðan

START-umræðurnar t.d. til marks um að risaveldin væru skuldbundin til almennrar og fullkominnar kjarnorkuafvopnunar? Eru einhver raunveruleg dæmi til, eins og Gunnar Gunnarsson frá Háskóla Íslands hefur spurt, um áhrif á borð við „hálan ís“ í umræðum um takmörkun vígbúnaðar? Eða renna áhrif viðræðnanna um meðaldræg kjarnavopn (INF) á stuðningsmenn þess að fjarlægja öll kjarnavopn frá Evrópu einhverjum stoðum undir kenninguna um „hálan ís“ eða þá sú staðreynd að upplýsingar um flotaflugsveitir á landi í viðræðum um öryggi og traustvekjandi aðgerðir komu fljótlega fram sem hugmyndir um fjöldatakmarkanir í tillögum NATO í viðræðum um takmörkun hefðbundins herafla í Evrópu? Lítið á eftirfarandi orðaskipti milli Edwards Kennedys, öldungadeildarþingmanns í Bandaríkjunum og Sergeis Akhromeyevs þann 8. maí 1990 á fundi undirnefndar bandarísku þingnefndarinnar um hermál:

Kennedy: Bandaríkin gefa út mjög innihaldsmiklar upplýsingar um, í fyrsta lagi, skipasmíðar, og í þeirri skýrslu er einnig að finna áætlanir um hvenær eldri skipum verði lagt og önnur tekin í notkun; einnig eru þar upplýsingar um getu og kostnað vopna sjóhersins. Allt er þetta birt. Og þið mættuð hugleiða að birta sams konar upplýsingar í Sovétríkjunum. Þetta gera Bandaríkin og við vonum að ef ykkur finnst þessi hugmynd fýsileg þá munið þið taka hana til jákvæðrar umhugsunar, því að ég held að það yrði mikilvægt framlag til áætlana um traustvekjandi aðgerðir, því að það mundi draga úr gagnkvæmri óvissu um uppbyggingaráætlanir hvors annars.
Akhromeyev: Ég er sammála yður að birting upplýsinga um uppbyggingaráætlanir er mun víðtækari í Bandaríkjunum en hjá okkur. Það er rétt. Og þetta stafar af því, eins og ég hef þegar útskýrt fyrir hæstvirtum þingmanninum, að við erum nú að setja saman nýja fjárhagsáætlun, hvernig við eigum að leggja hana fyrir almenning og hvernig hún eigi að vera upp byggð. Ég held að strax á þessu ári, t.d. um haustið 1990, ættum við að hafa miklu víðtækari upplýsingar í fjárhagsáætluninni en á fyrri árum. Og það er rétt, sem þér segið, að í framtíðinni verður mun auðveldara að bera saman áætlanir og flotá beggja ríkja. En það sem ég vildi líka segja er að upplýsingaskipti og birting upplýsinga munu ekki í sjálfu sér leysa vandann. Í raun er okkur ekkert í mun að vinna gegn hagsmunum Bandaríkjanna. Það er ekki ætlun okkar að standa jafnfætis bandaríska flotanum hvorki hvað snertir fjölda eða árásargetu skipa. Það er ekki ætlun okkar. Við vonum bara að í framhaldi af frekari samningaviðræðum verði auðveldara fyrir báða aðila að átta sig á flota hins.
Og það er líklega mjög sanngjarnt, því varðandi hin vopnakerfin erum við að ræða um verulegan niðurskurð. Við getum ekki með góðu móti skilið eitt vopnakerfi útundan, eftirlitslaust. Ef við þegar menn hefja samningaviðræður, þá setjast samningamenn hvors aðila niður og leitast við að verja hagsmuni sinnar hliðar við samningaborðið og ekki er góður vilji beggja vegna þá næst enginn árangur. Það er byrjunarreiturinn þegar við setjum fram spurninguna.

56. Spurningin um svæðið veldur alvarlegri vanda. Væri upplýsingaskyldan látin ná til alls herafla sem athafnar sig frá stöðum innan svæðisins, tæki hún til Norðurhafs-, Eystrasalts- og Svartahafsflota Sovétríkjanna og það mundi t.d. stuðla að því að létta áhyggjur Dana af landgöngusveitum í Póllandi er ógna Danmörku. Hins vegar mundi það skilja undan herafla á Atlantshafi, Íslandshafi, Norðurhöfum og Miðjarðarhafi sem eiga heimahöfn utan svæðisins. Þar að auki gæti herafli sem ætti heimahöfn á svæði varið mestum hluta ársins á fjarlægum höfum. En þar sem Sovétmenn hafa nú þegar góðar upplýsingar um bandaríska flotann, þarf þessi skilgreining í raun ekki að vera alvarlegt

mál, jafnvel þótt Sovétríkin reyndu að færa sér þessi rök í nyt til að útvíkka svæðið. Til dæmis er afstaða Varsjárbandalagsins til þessa máls óljós þótt tillögur hlutlausra ríkja um skipti á upplýsingum takmarkist við herafla „innan svæðisins".

57. Í þessari áætlun um skipti á upplýsingum gætu verið ákvæði um viðræður um langtímaflotaáætlanir annað hvort á árlegum framkvæmdafundum, fundi sérfræðinga um RÖSE, málfundi um stefnumál RÖSE eða á tvíhliða vettvangi er tengdist samningum á borð við PDMA eða samningum um hindrun hættulegra hernaðarumsvifa á höfunum. Einnig mættu vera ákvæði eins og þau sem er að finna í samningi Norðmanna og Sovétmanna um að koma í veg fyrir hættuleg atvik á höfunum þar sem beinlínist er krafist tafarlausa tilkynninga um hvers kyns slys sem kynnu að ógna mannslífum, öryggi á siglingaleiðum eða umhverfinu; í 198. gr. Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna er þegar kveðið á um að ríki skuli senda tilkynningu tafarlaust öðru ríki „sem það telur að verði fyrir spjöllum" af völdum yfirvofandi eða raunverulegri mengun umhverfisins á hafinu. Og þá er aftur komið að svæðisvandanum: Mundi atvik á samliggjandi hafsvæði eða í efnahagslögsögu heyra undir viðræðurnar um öryggi og traustvekjandi aðgerðir? En hvaða svæði sem kynnu að vera gerð háð upplýsingaskiptum á ráðstefnunni um öryggi og traustvekjandi áhrif, þá gætu slík ákvæði um upplýsingaskipti stutt aðrar sérstakar samþykktir sem gerðar yrðu.

58. Að því er varðar fjölhliða samninga um hættuleg atvik á hafinu og stjórnstöðvar til að draga úr hættu á hafinu þá vill framsögumaður benda á að bandarískir sjóliðsforingjar líta á það sem eina helstu ástæðuna fyrir því hversu vel samningar um hættuleg atvik á sjó hafa heppnast að þeir eru tvíhliða. Á hinn bóginn mundi kafbátaslys á Íslandshafi hafa áhrif á mörg ríki og það kynni að vera heppilegt að hafa einhverja stofnun auk hinna diplómatísku til að takast á við slíkt, til dæmis með þátttöku yfirmanna þeirra flota sem athafna sig á svæðinu. Til dæmis gæti sovéskur yfirmaður hugsanlega veitt starfsbræðrum sínum upplýsingar tafarlaust um eðli slyssins. Það eitt að slík stofnun væri til væri þó engin trygging fyrir því að hún yrði til gagns.

3. *Tilkynningar.*

59. Hvað um að tilkynna flotaumsvif fyrir fram? Reyndar er það nú þegar gert í tilkynningum til flugmanna (NOTAM) og tilkynningum til sjófarenda (NTM) og einnig í öðrum upplýsingamiðlum svo sem með fréttatilkynningum frá varnarmálaráðuneytum. Þess er krafist að tilkynnt sé fyrir fram um siglingar um Sæviðarsund (Bospórus) og dönsku sundin og fyrir því er hefð að vinaþjóðir tilkynni um nýtingu réttar til friðsamlegrar ferðar.

60. Til dæmis fékk sérhver fréttamaður sem staddur var í höfuðstöðvum NATO hinn 8. september 1989 upplýsingar frá fulltrúa CINCHAN og SACLANT, Sir Patrick Symons, varaaðmíráli, að fleiri en 270 skip og kafbátar og 320 flugvélar frá NATO-ríkjum mundu hefja þann dag æfinguna *Sharp spear '89* í Norðursjó og á Eystrasalti „til að sýna fram á og endurbæta hæfni herafla NATO á grunnsævi til að verja landgöngusvæði liðsaukasveita og flutninga á sjó á neyðartímum." Og á hverju ári gefur SHAPE út upplýsingar til fjölmiðla um meiri háttar flotaæfingar. Útdrátt úr einni slíkri tilkynningu er að finna í fylgiskjali D hér að neðan. Hví ekki að taka slíkt inn í NCSBM?

61. Ríkisstjórnin í Hollandi lýsti eftirfarandi áliti[9] 1. desember í bréfi til forseta efri deildar hollenska þingsins:

... Fyrir NATO eru skjótir herflutningar á sjó eitt af þeim tækjum sem notuð eru til

að bregðast við neyðarástandi. Sú kvöð að þurfa að tilkynna um slíka flutninga með löngum fyrirvara mundi hindra skjót viðbrögð bandalagsins við uggvekjandi atburðum.

62. Gallinn við þessa staðhæfingu er að sá að hún er of yfirgripsmikil. Í fyrsta lagi er þessi sveigjanleiki jafnmikilvægur í flotaaðgerðum „utan svæðis“, en samt komu áhyggjur um þessi efni ekki í veg fyrir samninga um aðgerðir til að koma í veg fyrir hættuleg umsvif á hafinu. Í öðru lagi gerir hún ekki greinarmun á venjulegum flotaæfingum, sem eins og fyrr segir er þegar tilkynnt um fyrirfram, og aðgerðum á neyðar- og stríðstímum. Hindraði SHAPE-tilkynningin, sem birt er hér, öryggi NATO á hafinu? Enn fremur er þess að geta að Stokkhólmssamningurinn greinir óbeint á milli skipulagðra aðgerða og raunverulegra bardagaaðgerða með því tiltaka undantekninguna um viðbragðsstöðu — hví mætti ekki hið sama gilda um flotann? Hví ekki að semja um gagnkvæmi við Varsjárbandalagið? Af hverju ekki að birta árlegar áætlanir um æfingar á borð við *Sharp spear* og tilkynna um önnur umsvif með skemmri fyrirvara, við upphaf þeirra eða alls ekki? Vekja engar flotaæfingar Sovétríkjanna áhuga NATO?

63. Önnur tillaga frá hlutlausu ríkjunum og lögð fram af Möltu gerir ráð fyrir tilkynningum um áætlanir um að neyta réttar til friðsamlegrar ferðar. Alþjóðalög gera ekki ráð fyrir slíkum tilkynningum og bæði Bandríkin, NATO-ríkin og Sovétríkin hafa hafnað slíku. En gæti það ekki verið gagnlegt fyrir lönd eins og Svíþjóð, sem hafa átt í talsverðum vandræðum með landhelgisbrot? Á hinn bóginn er kafbátum sem neyta réttar til friðsamlegrar ferðar skylt að koma upp á yfirborðið. Sú staðreynd að Sovétríkin hafa ekki virt þetta gefur ekki tilefni til að ætla að þau mundu virða nýjar reglugerðir. Þar á ofan væri enn vandinn við að framfylgja reglunum og afla sönnunargagna, og tilkynningarskylduna sjálfa mætti einnig nota til pólitískrar valdbeitingar.

Fylgiskjal D.

ÚTDRÁTTUR ÚR UPPLÝSINGUM SHAPE TIL FRÉTTAMANNA UM „AUTUMN FORGE“

ÆFING: EINBEITNI
STUTT LÝSING: Meiri háttar æfing með þátttöku flota, flughers, landgönguliða og landhers frá Ítalíu og Tyrklandi; herafli frá Frakklandi, Portúgal, Spáni og Bandaríkjunum, svo og NATO-herafli (NAEW og MEWSG). Æfingin á sér stað á Mið- og Austur-Miðjarðarhafi, á Svartahafi, í Norðaustur-Ítalíu, á Sardiníu og í Tyrklandi. Flugsveitir verða að störfum um mestan suðurhluta svæðisins. Æfingunni er ætlað að reyna á viðbrögð sveitanna og hæfni þeirra til að bregðast við og samhæfa aðgerðir sínar á landi í lofti og á sjó og jafnframt sýna getu þeirra til að verja og styðja við suðursvæði Evrópu.
DAGAR: 14. september til 3. október.
ATHUGASEMDIR: Fjölmiðlar geta fengið að fylgjast með mörgum viðburðum í Tyrklandi, bæði á landi og í lofti, þar á meðal viðbúnaði US 24 MECH í Corlu/Tedirdag og einnig verða heimsóknir til flughersstöðvarinnar í Incirlik (1. og 2. október).

4. *Athugun og eftirlit.*

64. Í Madrid-umboðinu er sett fram það skilyrði að öryggis- og traustvekjandi aðgerðir skuli „studdar fullnægjandi eftirlitsákvæðum er taki mið af inntaki aðgerðanna." Þ.e. ekki skal haga aðgerðinni svo að ekki sé hægt að hafa eftirlit með því að eftir henni sé farið. Hvernig á þetta við um hafsvæðin?

65. Hinn 11. desember 1989 gerðu Sovétríkin og Búlgaría tillögu um eftirlit af landi úr lofti og af sjó með flotastöðvum og skipum, að undanskildum viðkvæmum stöðvum sem samið yrði um síðar (í Stokkhólmssamþykktinni heyra skip og stjórnstöðvar til slíkra undantekninga). En þáverandi varayfirmaður flotadeildar Bandaríkjahers, Charles Larson, varaaðmíráll, sagði á fundi hermálanefndar fulltrúadeildarinnar í Bandaríkjunum hinn 26. apríl 1989 að með herafla á ferð um höfin „má fylgjast með með ýmsum taktískum leiðum. Varúðarráðstafanir á borð við tilkynningar fyrir fram, athugendur, og aðrar traustvekjandi aðgerðir eru því óþarfar til að tryggja stöðugleika." Eins og einn yfirmaður frá NATO sagði þessari sömu nefnd, mundu athugendur, jafnvel um borð í flugmóðurskipi, ekki endilega komast að neinum niðurstöðum um æfinguna í heild „nema kannski þeim að æfingin hefði verið hávaðasöm og tilkomumikil". Larson varaaðmíráll bætti því við að „flotaeiningar [skip] eru ekki vel til þess fallin að leyfa náið eftirlit (þ.e. um borð) ... án óviðunandi ágengni". Samkvæmt tillögum NATO er leyfilegt að fylgjast með og hafa eftirlit með landgönguæfingum og gera má ráð fyrir að flogið yrði yfir nokkurt hafsvæði þegar litið er til þess að í tillögum NATO eru ákvæði þess efnis að leyft verði eftirlitsflug yfir svæðið fyrir æfingar (athyglisvert er að engin ákvæði er að finna um *upplýsingar* í tillögum NATO um upplýsingaskipti).

66. Óljóst er að hvaða marki væri nauðsynlegt að hafa eftirlit með flotaumsvifum og flotaeiningum. Eins og fyrr veltur þetta á inntaki ákvæðisins um aðgerðina. Það er t.d. augljóslega útilokað að fylgjast með kafbátum á eftirlitsferðum. Ef farið væri að tillögum Sovétríkjanna um tilkynningaskyldu umsvifa þar sem þátt tækju 15 herskip yfir 1.000 tonn, til hvers þyrfti þá að hafa eftirlitsmenn um borð? Til að vigta skipið? Eins og með alla samninga um takmörkun vígbúnaðar koma fleiri atriði til skjalanna, svo sem hvernig ríki sem ekki búa yfir háþróuðum tæknibúnaði geti fullvissað sig um að staðið sé við alla samninga. Þótt ólíklegt verði að teljast að öll þátttökuríki sem réðu yfir flota væru reiðubúin að veita aðgang að öllum hólfum skipa, raunar alls ekki inn í stjórnstöðina, þá hefur Richard Fieldhouse frá náttúruauðlindavarnaráðinu í Washington sagt að aðgangur að skipsbrú og að stjórnstöð í landi mundi gefa eftirlitsaðilum færi á að fá góða mynd af gangi mála. Rétt er að benda á að í SHAPE-tilkynningunni sem getið var um hér að ofan var fjölmiðlum heimilað að fara um borð í bandaríska flugmóðurskipið *USS America* og heimsækja þar aðmírálsþilfarið, flugþilfarið, flugturninn, og jafnvel var leyfð stutt heimsókn í brúna, og í fjölmiðlaliðinu voru sovéskir blaðamenn. Hinn kosturinn væri sá að eftirlitsmenn gætu verið í samfloti með þátttökuskipunum um borð í litlu en sjóhæfu skipi sem gestgjafaríkið legði til.

5. *Hömlunaraðgerðir.*

67. Lesandanum mun kunnugt um hinar ýmsu tillögur um traustvekjandi aðgerðir sem Sovétmenn hafa flutt: Þátttaka fleiri en 50 skipa verði ekki leyft á æfingum, æfingar megi ekki vara lengur en tvær vikur eða eiga sér stað oftar en átta sinnum á ári eða fara fram á „svæðum þar sem umferð skipa er mikil, á fjölsóttum fiskimiðum eða í mikilvægum sundum". Niðurstaða rannsóknar sem gerð var 1988 á vegum varnarannsókna-

stofnunar Noregs var sú að í byrjunarsamningsstöðunni mætti gera ráð fyrir að æfingar með þátttöku fleiri en 30 skipa og 150 flugvéla yrðu aðeins leyfðar einu sinni á ári. Þetta er í samræmi við tillögur Sovétmanna í Stokkhólmi nema að tala flugvéla er þar hækkuð um fimm tugi. Rannsóknastofnunin gerði þó ekki grein fyrir því hvernig þessar tölur væru fengnar. Hvað sem því líður, er það trú framsögumanns að hreyfanleiki herafla á höfunum og mikilvægi þessa sveigjanleika fyrir flota bandalagsríkja NATO sé slíkt að það útiloki samninga um hömlur á þessu sviði í náinni framtíð. Hann vill engu að síður taka fram að e.t.v. muni hugsanlegar viðræður um langtímaáætlanir flotanna og staðsetningu þeirra fæða af sér hugmyndir er tækju mið af þeirri ósamhverfu sem um er að ræða.

6. *Fjöldatakmarkanir.*

68. Þótt hömlur, og jafnvel tilkynningar einnig, valdi flotaforingjum nokkrum áhyggjum, þar sem slíkar aðgerðir mundu beint eða óbeint hafa áhrif á frelsi á úthöfunum og athafnafrelsi, gildir annað um fjöldatakmarkanir. Væri það t.d. ekki betri lausn á áhyggjum Dana af sjóliðasveitum í Póllandi (naval infantry) að hafa strangar fjöldatakmarkanir á láðs- og lagarbátum og löndunarprömmum heldur en að beita hömlunarákvæðum sem auðvelt væri að komast framhjá? Og er ekki hið pólitíska og fjárhagslega ástandi með þeim hætti um þessar mundir, að byrlega blási fyrir slíkum samþykktum, a.m.k. milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, einkum þar sem Sovétflotinn virðist hafa staðið af sér þann niðurskurð sem látinn hefur verið ganga yfir annan herafla (nema hvað eldri skip hafa verið úreld). Og svo er Sovéski flotinn um þessar mundir að þróa eigin flugmóðurskipaflota. Eins og Trost varaaðmíráll sagði 4. maí 1989 er hann ávarpaði hermálanefnd fulltrúadeildarinnar í Bandaríkjunum:

> Þótt ég hafi af skiljanlegum ástæðum nokkrar efasemdir um niðurskurðinn á herafla okkar, þá ætti langvarandi slökun á spennu milli risaveldanna að gera okkur kleift að gera breytingar á skipasmíðaáætlun okkar og taka þannig á okkur áhættu sem fyrir mjög skömmu hefði verið óásættanleg.
>
> Hví þá ekki að ná þessu marki með gagnkvæmum hætti frekar en einhliða?

69. Sem stendur eru Sovétmenn með í gangi þrjár áætlanir um smíði á flugmóðurskipum. Þegar litið er til aukins árásarmáttar Sovétríkjanna um heim allan með þessum einingum og öðrum skipum sem í kjölfarið munu sigla, er það þá útilokað að einhvers konar ósamhverfur samningur þar sem þak er sett á smíðar stórskipa, þar á meðal árásarkafbáta, gæti verið NATO í hag? Það er ein spurning. Tvær hugmyndir í viðbót sem hafa verið á sveimi um nokkurn tíma varða takmarkanir á kjarnastýriflaugum sem skotið er af skipum (SLCM) og fleiri kjarnavopnum á sjó öðrum en eldflaugum sem skotið er af kafbátum (SLBM) svo og takmarkanir á fjölda úthafsárásarkafbáta.

70. Að því er varðar kjarnavopn á höfunum þá rakti Eric Grove nýlega rökin fyrir því að eyða kjarnavopnum öðrum en langdrægum kjarnavopnum, eins og Gorbatsjov lagði til á leiðtogafundinum í Möltu 2.–3. desember 1989:

> Gagnkvæmt bann við kjarnvopnum öðrum en langdrægum kjarnavopnum á höfunum mundi auka traust til muna. Kjarnavopn veita flotum getu til árásargetu og því stafar af þeim óþarflega mikil ógnun.
>
> ... Sífellt fleiri flotaforingjar og sérfræðingar á Vesturlöndum [aðmírálarnir Crowe og Zumwalt og Paul Nitze] sjá enga þörf fyrir skammdræg kjarnavopn á höfunum að gefnu eftirfarandi: a) yfirburðum Vesturlanda á höfunum [sem geta ekki rýrnað

nema með sovéskum kjarnavopnum á skipum, þótt flugfloti Sovétríkjanna með getu sína til að bera kjarnavopn sé sérstakur vandi í þessu sambandi]; b) nauðsyn þess að hernaður á höfunum sé kjarnavopnalaus til þess að þessir yfirburðir nýtist; c) ósamrýmanleika vopna á borð við kjarnadjúpsprengjur við þær áherslur sem gilda í kjarnavopnastefnu NATO [sveigjanlegar en ekki vanhugsaðar gagnárásir]; d) ókostunum við notkun kjarnavopna á hafinu vegna neikvæðra áhrifa á hlustunarkerfi (þar á meðal á hið mikilvæga SOSUS kerfi); og e) hinum pólitísku vandræðum sem verða vegna ferða kjarnavopnaðra skipa [sú stefna að játa hvorki né neita að kjarnavopn séu um borð og slys sem valda mengunarhættu.][10]

Við vitnisburð fyrir öldungadeild Bandaríkjanna 8. maí 1990 vakti Akhromeyev marskálkur auk þess athygli á því að á höfunum skortir allar þær fyrirbyggjandi ráðstafanir sem gilda um óheimila kjarnorkunotkun á landi og í lofti.

71. Hinn 11. maí sagði Carlisle Trost aðmíráll aðspurður að bann við kjarnavopnum á hafinu gæti verið „okkur í hag“ ef hægt væri að framfylgja því með eftirliti. En hann lagði einnig áherslu á eftirfarandi:

Sá þáttur sem mestu deilurnar standa um eru skammdræg vopn; einkum og sér í lagi stýriflaugar sem skotið er frá skipum. En það er grundvallaratriði í þessum deilum að menn hafi skýran skilning á því hvers vegna bandarískt flotinn þróaði SLCM-flaugarnar og tók þær í notkun.

Allt þar til við settum Tomahawk-flaugar um borð í skip og kafbáta byggðist árásargeta okkar á sjó einkum á flugmóðurskipum og flugvélunum um borð í þeim. Allan 7. áratuginn og allt fram á þann áttunda byggðu Sovétríkin upp úthafsflota og flugvélaflota sem voru sérstaklega hugsaðir til árása gegn flugmóðurskipum. Sovéskir kafbátar, skip og sprengiflugvélar í landi voru búin skammdrægum og meðaldrægum stýriflaugum sem hannaðar voru til að granda skipum (flestar þeirra geta borið kjarnaodda). Hugsunin á bak við sovésku árásaráætlunina er að gera út af við loftvarnir okkar á sjó með ótal flaugum sem öllum yrði beint að bandarískum flugmóðurskipum. Með því að setja stýriflaugar, sem ætlaðar eru til nota gegn skotmörkum á landi og á hafi, um borð í skip sín og kafbáta hafa Bandaríkin með árangursríkum hætti:

— Dreift árásargetu flotans á marga skotpalla,
— fjölgað þeim kostum sem yfirherstjórn Bandaríkjanna og yfirmenn á svæðinu sjálfu hafa um að velja til að bregðast við ógnunum og aðstæðum,
— og tryggt að flugmóðurskipin séu ekki jafnberskjölduð fyrir árásum þar sem andstæðingur, hver sá sem hann yrði, þyrfti að beina athygli sinni að mun fleiri skotmörkum.

Leyfið mér að bæta því við að stýriflaugar, sem skotið er af skipum (SLCM), koma ekki í staðinn fyrir árásargetu úr lofti frá flugmóðurskipum. Þær bæta aðeins upp slíka árásargetu.

Til þessa hafa Sovétmenn, í tillögum sínum um takmarkanir á SLCM, sýnt þau klókindi að forðast umræður um hina alvarlegu ógn sem stafar af sprengiflugvélum sovéska flotans með bækistöðvar á landi eða skammdrægum flaugum sem skotið er frá skipum og kafbátum. Tillögum Sovétmanna er beint sérstaklega gegn Tomahawk-flauginni og leitast með því við að setja miðið aftur beint á flugþilfar bandarískra flugmóðurskipa. Það er að mínu mati gersamlega ótækt.

72. Jafnvel þótt það væri ásættanlegt frá pólitísku sjónarmiði að gera allan flotann

kjarnavopnalausan og álit Crowes aðmíráls og annarra einstaklinga sem vitnað er í hér að ofan hlýtur að vega þungt, þá situr eftirlitsvandinn eftir. Jafnvel þótt niðurstaða rannsókna á Svartahafinu, sem sovéska vísindaakademían og bandaríska náttúruauðlindavarnaráðið stóðu fyrir, hafi sýnt að hægt væri að nema kjarnavopn úr þyrlum með yfirflugi, þá er vandinn sá að það má reyna að komast framhjá þessu með því að skýla kjarnaoddunum eða hreinlega geyma vopn í landi þar til neyðarástand skapast. Thomas Cochran frá NRDC telur að í fyrstu ætti að geyma kjarnavopn í landi, sbr. reglur þær sem gilda um bandaríska flugarminn. Annar vandi snýst um það hvort kjarnaafvopnun flotans, að undanskildum SLBM, gæti grafið undan sveigjanlegri gagnárásargetu í ljósi þeirra vandamála sem steðja að nútímavæðingu bandarískra fælingarvopna í Evrópu.

73. Rökin fyrir því að takmarka fjölda árásarkafbáta (sjá einnig Lacy-tillöguna hér að ofan) hefur Johan Jørgen Holst sett fram á eftirfarandi hátt:

> Til þess að styrkja CFE-I samninginn er hægt að hugsa sér verulega fækkun úthafs-árásarkafbáta, jafnvel niður að núll-lausninni. Slík forgangsfækkun mundi aflétta verulegri ógnun við samgönguleiðir yfir Atlantshafið. Þetta mundi jafnframt aflétta ógnuninni við eldflaugakafbáta og einfalda framhaldið eftir START I samninginn þar sem samið yrði um frekari verulegar takmarkanir auk þess sem skotmörkum fyrir skammdrægar eldflaugar um borð í skipum yrði fækkað. Á sama hátt gæti fækkun sprengiflugvéla innan flotans enn frekar tryggt öryggi samgönguleiða á hafinu. Breyting af þessu tagi gæti minnkað þörfina fyrir herskip og leitt til samninga eða samþykkta um að taka þau úr notkun leggja þeim og minnka þar með úthaldskostnað flotans.[11]

74. Ef árásarkafbátar yrðu fjarlægðir hyrfi þar með ein hættan á geislamengun (þótt slíkt væri aðeins hægt að tryggja með því að banna losun geislavirks úrgangs og með því að fjarlægja öll kjarnorkuknúin skip, sem hvorki Bandaríkin eða Sovétríkin hafa nokkurn áhuga á þótt flotar nokkurra ríkja séu að gera tilraunir með aðra aflgjafa). Að loknum CFE-samningi, munu samgönguleiðir á sjó engu að síður vera bandalaginu lífsnauðsynlegar til að tryggja tímanlegan liðsauka og slíkur liðsauki mundi þurfa varnir. Þótt bann við sovéskum árásarkafbátum mundi eyða verulegri ógnun, mundi það ekki hafa nein áhrif á flugvélakost flotans sem nú er verið að styrkja með flugvélum sem fluttar eru frá Austur-Evrópu, þar á meðal hundruðum flugvéla af Fencer- og Flogger-gerð. Þannig gildir einu hvaða leiðir eru taldar vænlegastar, það má ekki einblína á einn afmarkaðan þátt.

FYLGISKJAL E

KJARNAVOPN ÖNNUR EN LANGDRÆGAR ELDFLAUGAR Á HAFINU (1988)

	Bandar.	Sovétr.	Bretl.	Frakkl.	Samt.
Flugvélasprengjur	1450	0[a]	34	36	1520
SLCM	150	12	0	0	162
Gagnskipavopn	0	948	0	0	948
ASW	1760	1401	134	0	3295
Loftvarnarvopn	285	260	0	0	545
Stórskotavopn	0	100	0	0	100
Samtals	3645	2721	168	36	6570

[a]Fjöldi kjarnorkusprengna sem ætlaðar eru flugvélum á vegum flotans er óþekktur; þær gætu skipt hundruðum.

Heimild: Richard Fieldhouse og Shunji Taoka, Superpowers at Sea: An Assessment of the Naval Arms Race (Oxford: Oxford University Press, 1989), bls. 109.

III. FRAMTÍÐ TAKMÖRKUNAR VOPNA Á HAFINU

75. Framsögumaður ykkar og nokkrir nefndarmenn þessarar undirnefndar hafa við ýmis tækifæri lýst þeirri skoðun sinni að bandalagið eigi að taka til alvarlegrar og gagngerrar athugunar möguleikana á því að víkka út traustvekjandi aðgerðir og aðferðir til takmörkunar vígbúnaðar á höfunum. Því að það er augljóst að Atlantshafsandalagið hefði hag af því ef ógnin sem stafar af Sovéska flotanum í norðurhöfum yrði minnkuð. Í Mið-Evrópu, þar sem yfirburðir Varsjárbandalagsins á sviði hefðbundinna vopna eru verulegir, mun takmörkun vígbúnaðar minnka verulega ógnunina við NATO. Á höfunum er þessu öfugt farið. Þar eru yfirburðir NATO-flotans verulegir. Það virðist því liggja beint við að snúa sér að þeirri spurningu hvort ekki megi bregðast við ógnun Sovéska flotans á Atlantshafi með sama hætti.

76. Sú niðurstaða að það hljóti í sjálfu sér að vera bandalaginu óhagstætt að takmarka vígbúnað á hafinu liggur engan veginn í augum uppi. Þvert á móti má halda því fram að takmörkun vígbúnaðar á höfunum gæti verið bandalaginu hagstætt á sama hátt raunin er orðin í Austur-Evrópu. Hvað sem því líður, verður ekki sagt að Bandalagið standi höllum fæti að þessu leyti, hvorki hernaðarlega né í pólitísku tilliti.

77. Einnig verður að hafa í huga að varnarstefna og afvopnun eru tvær hliðar á sama hlutnum. Um langt skeið hefur bandalagið lagt áherslu á samhengi lands og sjávar í varnarstefnu sinni. Sífellt er verið að styrkja þetta samhengi með þróun hernaðartækni, samanber langdrægu stýriflaugarnar sem skotið er frá skipum. Það verður að teljast nokkuð mótsagnakennt að leggja fyrst áherslu á þetta samhengi í varnarstefnunni og horfa síðan fram hjá því þegar kemur að takmörkun vígbúnaðar.

78. Kostirnir og ókostirnir fyrir bandalagið velta samt á tilteknum viðmiðum sem setja traustvekjandi aðgerðum og takmörkunum nokkrar skorður. Viðmiðin eru tvenns konar: hið fyrra er að það *verður að taka mið af ósamhverfum þörfum fyrir flotastyrk.* Með þessu er undirskilið að ekki er hægt að ræða um neins konar jafnræði í flotastyrk nema í sérstökum tilvikum er varða umræður milli Sovétríkjanna og Bandaríkjanna, t.d. um skammdrægar kjarnaflaugar á hafinu og úthafsárásarkafbáta. Hið síðara er að taka verður mið af grundvallarreglunni um *siglingafrelsi.* Af þessu leiðir t.d. að ekki er hægt að samþykkja takmarkanir á umfangi flotaæfinga.

79. Að því er varðar aðrar öryggis- og traustvekjandi aðgerðir á hafinu þá virðast vera nokkur vandkvæði á *tilkynningarskyldu,* en það á einnig við um margar öryggis- og traustvekjandi aðgerðir sem þegar hafa verið samþykktar. Að sjálfsögðu má greina meiri háttar flotaæfingar frá hefðbundinni þjálfun. Því virðist sem tilkynningarskylda geti átt við um meiri háttar flotaæfingar. Þannig mætti setja undanþáguákvæði um tilkynningarskyldar flotaaðgerðir, sem ráðist er í án fyrirvara, með svipuðum hætti og gert er í Stokkhólmssamningnum varðandi landher. Hvort raunveruleg þörf er á athugun eða eftirliti um borð í skipum er ekki ljóst. Eftirlit gæti farið fram um borð í skipum öðrum en herskipum þannig að ekki stafaði truflun af. Einnig mætti setja ákvæði er gæfu gestgjafaríkinu kost á að bjóða eftirlitsaðilum um borð.

80. *Upplýsingaskipti* virðast augljóslega vera bandalaginu í hag. Sovétmenn eiga greiðan aðgang að upplýsingum um flota og flotaáætlanir Vesturlanda. Við höfum ekki sambærilegan aðgang að upplýsingum um sovéskar áætlanir þótt ekki sé hægt að gera uppskátt um þær upplýsingar sem við höfum yfir að ráða. Upplýsingar um sovéskar flotaáætlanir mundu stuðla að vissum útreiknanleika á höfunum sem nú er ekki til að dreifa. Umræður um sjóhernaðarhugtök og uppbyggingu herafla mundu einnig vera til góðs sem og aukið samstarf Sovétríkjanna og Bandaríkjanna um *kjarnorkuöryggi á sjó* og í þeim efnum mætti byggja ofan á það samstarf sem þegar á sér stað varðandi kjarnakljúfa til almennrar orkugjafar.

81. Hvenær og að hvaða marki þessar umleitanir verða að veruleika er mál viðkomandi ríkisstjórna. Framsögumaður ykkar ætlar ekki að fara fram á það við undirnefndina að hún styðji neina tiltekna afstöðu heldur aðeins leggja það til að bandalagið hafi vel efni á því að nálgast þessi mál með opnum hug. Það ætti því að leggja meira kapp á að athuga hvort takmörkun vígbúnaðar á hafinu og traustvekjandi aðgerðir geti ekki, þegar allt kemur til alls, verið tækifæri til að auka öryggi á Norður Atlantshafi og um leið í Evrópu. Það er jafnframt von hans að þetta skjal reynist þeim gagnlegt sem áhuga hafa á umræðum um þetta.

Athugasemdir.

1. „Opið haf" var tillaga frá Eduard Shevardnadze, utanríkisráðherra Sovétríkjanna, á í Ottawa um frelsi í háloftunum („open skies") í febrúar–mars 1990. Hún fjallar um skipti á upplýsingum um hreyfingar skipa og um vopn um borð í skipum og kafbátum.
2. Í þessum umræðum er m.a. stuðst við eftirfarandi bækur, greinar og skýrslur: Carlisle A.H. Trost, „A Maritime Strategy for the 1990's", US Naval Institute *Proceedings* (Naval Review); Adriaan Verheul, „A Maritime Blueprint for the Netherlands" (fyrirlestur í Rotterdam 16.–17. janúar 1990); Eric Grove, „Naval Arms Control: The Way Ahead?", *International Security Information Service Briefing* nr.

8, 3/90 (London) og *Maritime Strategy and European Security* (London: Brassey's, 1990) o.fl. rit.

3. Eftirliti er haldið uppi til þess að afla upplýsinga um: 1) staðreyndir varðandi flota annarra ríkja, þar á meðal eiginleika nýrra skipa; 2) sjómennsku skipverja og stjórn skipa; 3) hertækni; 4) svæðin sem skipið, sem undir eftirliti er, starfar á og haffræðilegar upplýsingar er geta gefið vísbendingar um framtíðarhafnarsvæði skipsins; og 5) útlit og hegðun skipverja í landi. J.E. Moore, skipherra í breska flotanum, „The Business of Surveillance: Its Purpose and Execution", US Naval Institute *Proceedings* (júní 1974).
4. *Jane's Defence Weekly*, 30. september 1989.
5. *International Herald Tribune*, 9. júní 1989.
6. Charles R. Larson, CINCPAC, fékk reyndar aðra mynd af þessu.
7. Mér gafst tækifæri til að ræða við nokkra háttsetta kollega mína í sovéska flotanum og sagði við þá: „Vandinn við þetta allt saman er sá að þið eruð að minnka við ykkur, en minnkunin tekur öll til hluta sem þið hafið engin not fyrir hvort sem er. Þið eruð að byggja upp mjög nútímalegan og öflugri flota." Þeir svöruðu: „Það er rétt. Við höfum í rauninni engan áhuga á samningum um breytingar á uppbyggingu" (þ.e. styrk á móti styrk). Slíkt vekur lítinn áhuga um þessar mundir. Einhvern tíma eftir CFE eða eftir START kemur kannski að því. Það sem við höfum áhuga á nú er að reyna að finna einhverjar leiðir til að takmarka leiðir ykkar til umsvifa undan ströndum okkar með öryggis- og traustvekjandi aðgerðum."

   „Hvað áttu við með undan ströndum ykkar? Hvar er það?" Hann var með túlk og ég var með túlk og það tók hann langan tíma að koma út úr sér „undan ströndum okkar". Það tók hann langan tíma en það tók túlkinn hans enga stund. Svo ég spurði túlkinn minn: „Hvað sagði hann?" Hann svaraði: „Hann sagði á Eystrasalti, Miðjarðarhafi, í Norðursjó, á Noregshafi, Svartahafi og Austur-Atlantshafi."

   Ég sagði: „Það þykir mér allnokkurt hafsvæði."

   Þess vegna held ég að takmark Sovétríkjanna með umræðum um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar sé að takmarka getu flota okkar til að athafna sig þar sem við þurfum að athafna okkur sem er í fremstu víglínu með bandamönnum okkar. Þess vegna held ég því fram að slíkar viðræður séu okkur ekki til góðs.

   Úr viðtali í US Naval *Proceedings* (Naval Review 1990), bls. 126.
8. *International Herald Tribune*, 7. desember 1989, *Observer*, 3. desember 1989.
9. Timothy E. Wirth, „Confidence and Security Building Measures" *Conventional Arms Control and East-West Security*. Ritstjórar: Robert D. Blackwill og F. Stephen Larrabee (Durham, North Carolina: Duke University Press for the Institute for East-West Security Studies, 1989), bls. 353.
10. Tilvitnun í „A Maritime Blueprint for the Netherlands", sjá hér að ofan.
11. Eric Grove, „Naval Arms Control: The Way Ahead?", sjá hér að ofan.

Fylgiskjal IV.

Varnar- og öryggismálanefndin:

Skýrsla um ferð starfshóps um norræn öryggismál til Íslands og Grænlands, 3.–6. september 1990.

(Norður-Atlantshafsþingið (NAA) - september 1990.)

Starfshópur varnar- og öryggismálanefndar um norræn öryggismál var skipaður á vorfundinum 1990 í París. Hann tók til starfa með því að fara í undirbúningsferð til Íslands og Grænlands 3.–6. september. Tilgangur ferðarinnar var tvíþættur: í fyrsta lagi að fá heildaryfirsýn yfir stöðuna í öryggismálum á viðkvæmum hluta norðursvæðisins og í öðru lagi að nota þetta tækifæri til samfunda til að koma sér tímanlega saman um stefnumótun vinnubragða í framtíðinni. Samkvæmt umboði starfshópsins frá allsherjarnefnd höfðu þau ekki verið fastmótuð, nema hvað ákveðið var í París að hópurinn skyldi aðeins starfa í um það bil eitt ár, og að hann skyldi ekki fara saman í ferðalög að undanskildu þessu undirbúningsferðalagi. Eftirtaldir starfshópsmenn tóku þátt í ferðinni: Anders Sjaastad (Noregi) formaður, William Rompkey (Kanada) varaformaður, Hans Hækkerup (Danmörku) framsögumaður, Hans-Pavia Rosing (Danmörku/Grænlandi), Jóhann Einvarðsson (Íslandi), Thijs van Vlijmen (Hollandi).

Auk þeirra voru með í ferð Martin McCusker, framkvæmdastjóri varnar- og öryggismálanefndar, og ritari dönsku sendinefndarinnar, Finn Skriver Frandsen.

Ísland, 3. september.

Tveir helstu þættir dagskrárinnar á Íslandi voru heimsókn í herstöðina á Keflavíkurflugvelli og fundur með íslenska utanríkisráðherranum, Jóni Baldvini Hannibalssyni.

Á Keflavíkurflugvelli var fyrirkomulag og starfsemi varnarstöðvarinnar kynnt, svo og geta hennar til að gegna hlutverki sínu. Fulltrúar frá fimm NATO-ríkjum eru í stöðinni, þ.e. frá Bandaríkjunum, Kanada, Noregi, Danmörku og Hollandi. Stöðin lýtur fjórum undirherstjórnum, þ.e. einni NATO-stjórn (Island Command Iceland) og þremur bandarískum, þ.e. varnarliði Íslands (Iceland Defense Force), kafbátagagnhernaðarhópnum á Íslandi (Iceland Sector Anti-Submarine Warfare Group) og Keflavíkurflugherstjórn (Fleet Air Keflavik Command).

Herstöðinni í Keflavík og vörnum Íslands er stjórnað samkvæmt tveimur kerfum. Annars vegar er herstöðin undir stjórn bandarískra hersins og bandarískra stjórnvalda. Hins vegar mun meiri hluti hersveita Bandaríkjanna á Íslandi lúta herstjórn NATO ef alvarlegt hættuástand skapaðist eða styrjöld brytist út, og þá aðeins eftir að nauðsynlegar sameiginlegar ákvarðanir hefðu verið teknir innan NATO. Aðrir aðilar og herstöðin sjálf mundu lúta áfram stjórn Bandaríkjamanna. Af þessari ástæðu taka Bandaríkjamenn í samráði við Íslendinga, samkvæmt varnarsamningnum milli ríkjanna frá 1951, allar ákvarðanir um rekstur herstöðvarinnar í Keflavík á friðartímum og þar til ákvörðun yrði tekin um að NATO tæki við yfirstjórn bandarísku hersveitanna á Íslandi.

Nú eru staðsettar í herstöðinni 36 herflugvélar af eftirtöldum gerðum: 18 F-15 C/D Eagle orrustuflugvélar, tvær E-3 Sentry AWACS-eftirlitsflugvélar, ein KC-135R eldsneytisbirgðaflugvél, níu P-3 Orion sjókönnunarflugvélar, ein UP-3 (Orion flutningaflugvél), ein HC-130 Hercules leitar- og björgunarflugvél, fjórar HH-3E björgunarþyrlur.

Vakin var athygli á því að fyrirhugað væri að efla þyrluflotann. Sem svar við spurningu um framtíðarþarfir og hvað skorti nú sem stendur svaraði yfirmaður herstöðvarinnar því til að það væru flugskeyti, sem skotið væri af jörðu á skotmörk í lofti, og varnareldflaugar.

Að því er er virtist væri hættan að verulegu leyti hin sama og verið hefði og hið nýja ástand í varnarmálum hefði ekki haft nein áhrif til þessa á viðbúnað eða starfsemi á flugvellinum. Viðurkennt var að á undanförnum árum hefðu Sovétmenn dregið úr umsvifum flota síns og að heræfingar þeirra væru orðnar umfangsminni og færu nú fram innan eða nærri eigin lögsögu (og var talið að það væri gert í sparnaðarskyni), en vakin var athygli á að umsvif sovéskra flugvéla og kafbáta „hefur ekki breyst". Þar af leiðandi hefði engin breyting orðið á áætlunum um mönnun herstöðvarinnar.

Herforingjarnir sögðust hafa trú á því að sú meginstarfsemi sem fram hefur farið á herstöðinni yrði áfram mikilvæg, hver sem forgangsröðin yrði í fjárveitingum bandaríska þingsins í framtíðinni (en enn sem komið er hefur hún ekki haft nein áhrif í herstöðinni). Því var haldið fram að hernaðarlegt mikilvægi Íslands mundi aukast verulega í framtíðinni af þeim sökum að í fyrsta lagi hentaði landið vel sem „gríðarstór" eldsneytisstöð fyrir skip og flugvélar og í öðru lagi hentaði lega þess afar vel til eftirlits (sem væri mikilvægt vegna eftirlits með vígbúnaði).

Starfshópnum tókst ekki að fá herforingjana til að ræða um takmörkun vígbúnaðar á höfunum.

Fundurinn með Jóni Baldvini Hannibalssyni, utanríkisráðherra, (og aðstoðarmönnum hans) var hins vegar af allt öðrum toga, þar eð helsta umræðuefnið var takmörkun vígbúnaðar á höfunum. Ráðherrann hóf mál sitt á því að segja að af tveimur ástæðum legðu Íslendingar mikla áherslu á takmörkun vígbúnaðar á höfunum og traustvekjandi aðgerðir: Ísland væri á hernaðarlega mikilvægum stað á norðurhöfum, og umhverfinu í hafinu gæti verið hætta búin. Hann reyndi að hrekja það sem hann nefndi hefðbundinn málflutning gegn því að bandalagið tæki af alvöru þátt í samningaviðræðum um takmörkun vígbúnaðar á höfunum, þ.e. að NATO væri bandalag ríkja sem væru mjög háð hafinu; að það ylli vanda að flotadeildir gætu farið um allan heim; og að slíkar samningaviðræður mundu brjóta í bága við þá meginreglu að siglingar væru frjálsar.

Ráðherrann taldi það herfræðilega órökrétt að ekki skyldu vera hafnar viðræður um sjóheri, þar eð augljós og mikil tengsl væru milli lands og hafsvæða og það væri pólitísk nauðsyn að koma í veg fyrir undanbrögð. Hann lauk máli sínu með því að segja að ósveigjanleiki NATO-ríkjanna í þessu máli væri ekki pólitískt verjandi til langframa. Hann sagði að NATO yrði að taka á málum vígbúnaðar á höfunum af einurð og opnum huga. Á eftir urðu umræður þar sem ráðherrann sagði frá viðbrögðum samráðherra sinna í NATO undanfarin tvö ár.

Önnur málefni voru einnig rædd. Starfshópnum var tjáð — og stakk það nokkuð í stúf við þær upplýsingar sem hann hafði fengið á Keflavíkurflugvelli — að mjög verulega hefði dregið úr umsvifum Sovétmanna utan áhrifasvæðis síns, að flotaæfingar þeirra færu nú aðeins fram innan lögsögu þeirra eða nærri henni, að nú væri orðið afar sjaldgæft að sovéskir kafbátar færu eftirlitsferðir út á Atlantshaf og að mjög hefði dregið úr

ferðum sovéskra flugvéla. Bent var á að 1985 hefðu orrustuflugvélar frá bandarísku herstöðinni í Keflavík flogið í veg fyrir 170 sovéskar flugvélar nærri landinu. Árið 1988 var flogið í veg fyrir 120 sovéskar flugvélar og 1989 var talan komin niður í 65 tilvik. Í lok júlí sl. hafði aðeins orðið vart við flug 31 sovéskrar flugvélar á árinu. Enn fremur var tekið fram að einnig hefði dregið úr umsvifum NATO.

Rætt var um afstöðu Íslendinga til herstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli. Vakin var athygli á því að pólitískar deilur í tengslum við hana hefðu hjaðnað að mestu. Mikil umskipti hefðu orðið síðan þessi mál ollu deilum og sundrungu snemma á 9. áratugnum, þegar mjög var rætt um eflingu loftvarnakerfisins. Ekki væri lengur mikil pólitísk andstaða við dvöl bandaríska herliðsins á Íslandi.

Hvað varðar fækkun í herliðinu á Keflavíkurflugvelli kom fram að þótt engar slíkar ákvarðanir væru fyrirhugaðar nú gæti orðið um nokkra fækkun að ræða vegna þess að nú bærust viðvaranir með lengri fyrirvara, Sovétmenn hefðu dregið mjög úr umsvifum sínum, samdráttur væri í útgjöldum í Bandaríkjunum, ferill ákvarðana í bandaríska stjórnkerfinu væri flókinn og óútreiknanlegur og nú væri lögð vaxandi áhersla á og aukin þörf fyrir hernaðarviðbúnað í öðrum heimshlutum.

Grænland, 4.–6. september.

Af óviðráðanlegum orsökum tókst starfshópnum ekki að fara í heimsókn til Meistaravíkur á Austur-Grænlandi og Norðurstöðvarinnar á Norður-Grænlandi eins og til stóð. Helstu viðkomustaðirnir voru því herstöðin í Thule á Norðvestur-Grænlandi og höfuðborgin Nuuk. Auk þess var hafður stuttur stans í Syðra-Straumfirði, lítilli bandarískri herstöð sem þjónar eina alþjóðlega flugvellinum á Grænlandi.

Starfshópurinn varði heilum vinnudegi í herstöðinni í Thule. Sú stöð var reist í því skyni að styðja við langflug meginsprengjuflugvéla bandaríska flughersins, en um 1960, með tilkomu langdrægra kjarnaflauga Sovétmanna, varð hlutverk Thule-stöðvarinnar að vara við eldflaugum og fylgjast með aðgerðum úti í geimnum, svo og gervitunglum. Viðvörunarkerfið gegn langdrægum eldflaugum (BMEWS) var síðan hannað til að vara við eldflaugaárás frá Sovétríkjunum. Herstöðin er rúmum 1.100 km fyrir norðan heimskautsbaug og rúmum 1.500 km frá Norðurpólnum.

Reyndar voru reistar þrjár stöðvar með viðvörunarkerfi gegn langdrægum eldflaugum, ein í Thule, önnur í Alaska og sú þriðja í Fylingdales in Norður-Englandi. Tólfta flugsveitin til viðvörunar við eldflaugum flýgur eftirlitsferðir í þessu skyni, til að meta hvort um árás sé að ræða og hvað sé á seyði úti í geimnum. Upplýsingarnar eru sendar til stöðvar loftvarnakerfis Norður-Ameríku á Cheyenne-fjalli í Colorado, en þaðan eru þær sendar til bandarískra stjórnvalda og aðalstöðva bandarískra flughersins.

Árið 1987 var lokið endurnýjun hins nýja og fullkomna ratsjárbúnaðar. Þar með hafði rafeindastýrt kerfi leyst af hólmi gamla og vélræna ratsjá. Starfshópnum var tjáð að nú væru farnar sams konar ferðir til að fylgjast með og vara við eldflaugum með virkari, árangursríkari og skjótari hætti en áður.

Í herstöðinni í Thule hefur einnig verið annars konar starfsemi á vegum flughersins frá 1962, þ.e. á vegum liðssveitar nr. 3 í herdeildinni sem fylgist með eldflaugum. Um er að ræða fjarmælingar og endurvarp frá gervitunglum bandaríska varnarmálaráðuneytisins. Til dæmis sér herdeild nr. 3 um að þjónusta veðurtungl varnarmálaráðuneytisins, en það veitir hernaðarlegum og borgaralegum stofnunum um allan heim upplýsingar um veður.

Vegna þess að Thule-stöðin er svo norðarlega er hún einnig notuð í tengslum við hvers konar birgðaflutninga og vísindaleiðangra á norðurslóðum.

Starfshópurinn naut ítarlegrar kynningar á öllum þáttum starfseminnar, m.a. með nákvæmri skoðunarferð um stöðina.

Á fundi í Nuuk með forsætisráðherra Grænlands, Jonathan Motzfeldt, og félögum hans í landsstjórninni var rætt um ýmis málefni, m.a.: stjórnmálaástandið á Grænlandi, núverandi samskipti og samningaviðræður við dönsku ríkisstjórnina, tengslin við Evrópubandalagið (Grænlendingar sögðu sig úr bandalaginu að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu, einkum vegna þess að þeir töldu sig standa illa varðandi reglugerðir um fiskveiðar) og samskiptin við Bandaríkin (einkum varðandi samningaviðræður um framtíð herstöðvarinnar í Syðra-Straumfirði sem bandarísk stjórnvöld hafa sagst vilja loka). Augljóst var að menn höfðu áhyggjur af þessu — ekki síst hvað snerti framhald á fjárhagslegum stuðningi við alþjóðlega flugvöllinn — og forsætisráðherrann sagðist óttast að hvaða samningur sem yrði gerður að loknum viðræðum við Bandaríkjamenn „[yrði] ekki til hagsbóta fyrir Grænlendinga".

Undir lok ferðarinnar ákváðu forustumenn starfshópsins að Hækkerup skyldi gera stutta skýrslu þar sem fram kæmi stefnumótun vinnubragða hópsins í framtíðinni. Hún verður lögð fyrir starfshópinn á fundi hans í Lundúnum í nóvember. Menn voru sammála um að gerð skyldi lokaskýrsla sem lögð yrði fyrir þingið haustið 1991.

Fylgiskjal V.

Sir Peter Emery (Bretlandi),
framsögumaður:

Drög að skýrslu um um eyðingu ósonlagsins og upphitun jarðar.

I. INNGANGUR

1. Ekki er lengur deilt um að heimurinn stendur nú frammi fyrir alvarlegum og áríðandi umvherfisvanda.

2. Ósonlagið, sem ver jörðina fyrir skaðlegum útfjólubláum geislum, hefur þegar þynnst verulega yfir suðurheimskauti og sú þynning mun halda áfram í það minnsta í hálfa öld, hvað sem líður fyrirbyggjandi aðgerðum. Að auki er ekki ólíklegt að skaðinn breiði sig brátt til þéttbyggðra svæða í heiminum. Samfélag þjóðanna hefur reyndar brugðist nokkuð skjótt við þessum vanda, en ljóst er að frekari aðgerða er þörf ef takast á að vinna bug á honum.

3. Um hættuna á veðurfarsbreytingum og hækkun hitastigs í heiminum eru skiptar skoðanir, en fyrir líkindum þess að um hækkun hitastigs verði að ræða eru nægilega sterk rök til þess að gefa gaum að hinum geigvænlegu afleiðingum sem slíkt kynni hafa. Það væri fífldirfska af hálfu þeirra sem ábyrgir eru fyrir stefnumótun á þessum vettvangi að

gera sér ekki grein fyrir vandanum og kynna sér gaumgæfilega þær lausnir sem til greina koma.

4. Þessi skýrsla byggir á sérstakri skýrslu nefndarinnar um „umhverfisbreytingar í heiminum“ eftir Tim Wirth, öldungadeildarþingmann. Án þess að fara út í hina vísindalegu röksemdafærslu og skýringar er hér reynt að brjóta til mergjar og gera grein fyrir þeim vísbendingum sem þegar hefur fengist skilningur á og setja fram hinar óumdeildu staðreyndir málsins. Með þessu móti er hægt í þessari skýrslu að leggja fram beinar tillögur um það hvað sé til ráða til að minnka áhrifin af auknum hita í andrúmsloftinu.

5. Á vegum Sameinuðu þjóðanna hafa verið tilnefndir starfshópar sérfræðinga til að meta þessi mál og leggja fram hugsanlegar lausnir þeirra. Starfshóparnir hafa nú lokið störfum og verða skýrslur þeirra teknar fyrir á ráðstefnu ríkisstjórna á vegum umhverfismálaverkefnis Sameinuðu þjóðanna í nóvember 1990. Í þessari skýrslu eru settar fram og ræddar niðurstöður þessara sérfræðinga sem tilnefndir voru af Sameinuðu þjóðunum.

II. ÞYNNING ÓSONLAGSINS

6. Ósonlaginu, sem ver lífríkið fyrir skaðlegum útfjólubláum geislum, stafar ógn af efnum sem gerð eru af manna höndum. Nú þegar er ósonlagið stöðugt að þynnast yfir Suðurheimskautslandinu. Þegar kann að vera of seint að koma í veg fyrir verulega og jafnvel hættulega þynningu ósonlagsins yfir þéttbýlli svæðum. Mikilvæg skref hafa verið stigin til að takmarka losun ósoneyðandi efna út í andrúmsloftið og sum ríki hafa tekið þá ákvörðun að hætta notkun þeirra alfarið, en það leysir ekki allan vanda. Nokkur þeirra efna sem er ætlað að koma í stað ósoneyðandi efna, eru sjálf ekki skaðlaus þótt þau séu ekki jafnskaðleg og hin ósoneyðandi efni. Sum þeirra valda ósonþynningu, þótt í minna mæli sé, og stuðla að gróðurhúsaáhrifum. Við þetta er að bæta að þótt ekki sé nema gott um þær aðgerðir, sem þegar hefur verið gripið til, að segja þarf að gera enn meira.

7. Til þess að skilja þá stefnu sem nauðsynlegt er að marka til að koma í veg fyrir eyðingu ósonlagsins er nauðsynlegt að hafa nokkurn skilning á fyrirbærinu sjálfu.

A. Hvernig ósonlagið eyðist.

8. Efnahvörf í háloftunum, í 15–50 km hæð, mynda óson sem er afbrigði af súrefni. Lífshættuleg útfjólublá geislun, sem stafar frá sólinni, hvatar þessi efnahvörf og eyðist nær algjörlega sjálf við þær. Aðeins örsjaldan gerist það að þetta form útfjólublárra geisla nær til jarðar. Ósonið, sem verður til með þessum hætti, drekkur í sig aðra gerð útfjólublárra geisla sem hefur lífræna virkni. Þessi síðari gerð útfjólublárra geisla veldur sólbruna, húðkrabbameini, vissum augnsjúkdómum, skertu ónæmi fyrir sjúkdómum og getur auk þess haft skaðleg áhrif á gróður, bæði á landi og í hafinu. Þótt ósonlagið hleypi nokkru af þessari geislun í gegn er hún orðin mjög veik þegar niður að jörðu er komið. Við það að drekka í sig þessa geisla þynnist ósonlagið en önnur efnahvörf valda því að það endurnýjar sig nánast jafnharðan. Ósonlagið eyðist hins vegar ef efnahvörfin verða með þátttöku níturoxíðs og súrefnis, en þau efni er að finna um allan lofthjúp jarðar.

9. Þannig er óson sífellt að myndast og eyðast vegna efnahvarfa í háloftunum. Þessi efnahvörf eru breytileg bæði eftir stað og árstíð og þess vegna er ósonmagnið í lofthjúpnum breytilegt. Við venjulegar aðstæður er þó nægilegt óson í lofthjúpnum til að koma í veg fyrir að virkir ósongeislar nái til jarðar. Því miður hefur þetta jafnvægi myndunar og eyðingar ósons nú raskast af völdum ýmissa efna sem gerð eru af manna hönd-

um og losuð út í andrúmsloftið. Þessi efni eru klórflúorkolvetni (CFC), halónefni, metýlklór og kolvetnistetraklóríð.

10. CFC-efni eru notuð sem þrýstiefni í úribrúsum, kælivökvar í loftkælingum og kæliskápum, sem blástursefni við gerð svampefnis og sem hreinsivökvi, einkum í framleiðslu örrása. Halónefni eru notuð sem þrýstiefni í slökkvitækjum. Metýlklór er algengur leysir, t.d. í vökva sem notaður er til að leiðrétta vélritunarvillur. Kolvetnistetraklóríð er notað við framleiðslu CFC-efna og talið er að í Austur-Evrópu sé það notað til að úða grænmetisakra.

11. CFC- og halónefni eru mjög stöðug efni og voru talin skaðlaus umhverfinu þar til áhrif þeirra á ósonlagið komu í ljós. Að því leyti er stöðugleiki þeirra einmitt alvarlegt mál þar sem þau haldast óbreytt í lofthjúpnum heila öld eða meir. Því er það að þótt ráðstafanir hafi verið gerðar til að framleiðsla þeirra aukist ekki safnast þau enn fyrir í lofthjúpnum. Vitað er að metýlklór og kolvetnistetraklóríð eru hættuleg heilsu manna og því er notkun þeirra efna takmörkuð. Stutt er þó síðan áhrif þeirra á ósonlagið fengust staðfest og því er ekki gert ráð fyrir þeim í gildandi alþjóðasáttmálum um ósoneyðandi efni.

12. Vísindamenn hafa sýnt fram á að klórið í CFC, metýlklóri og kolvetnistetraklóri svo og brómið í halónefnum ganga í flókin efnasambönd við ísský og saltpéturssýru sem myndast í hinum mikla kulda sem verður í háloftunum yfir Suðurheimskautslandinu á veturna. Þegar sólarljósið birtist aftur þar á vorin gangast þessi efni sem safnast hafa saman um veturinn undir enn önnur efnahvörf og við það losna klór og bróm en þau efni eru hvatar í efnahvörfum sem eyða ósoni. Sérhver klór- og brómsameind getur endurnýjast nokkur hundruð þúsund sinnum. Þegar líða tekur á vorið og sumar hefst bráðna ísskýin og hinar frjálsu bróm- og klóragnir ganga í ný efnahvörf er læsa þau í ný efnasambönd sem ekki hafa eyðandi áhrif á ósonið, og þar með verður ósonmyndunin og eyðingin eðlileg á ný og ósonmagnið verður aftur eðlilegt.

13. Áður var talið að ósoneyðingin væri að mestu bundin við suðurheimskautssvæðið þar sem sérkennilegt veðurlag magnar upp þau efnahvörf sem stuðla að gríðarlegri ósoneyðingu. Nýlegar rannsóknir benda hins vegar til þess að vandinn sé enn meiri en áður var vitað.

14. Fylgst hefur verið með ósonmagninu á Suðurheimskautslandinu allt frá 1957 og árstíðabreytingarnar komu fljótlega í ljós. Síðan 1970 hefur ósongatið sífellt stækkað og orðið varanlegra og ágerist eyðingin annað hvert ár. 1982 gerðist það svo að eyðingin um vorið var svo mikil að vísindamenn grunaði að tæki þeirra hefðu bilað og var því ekki tilkynnt um mælingarnar fyrr en þær höfðu fengist staðfestar með nýjum mælitækjum.

15. Af þessu sást að vísindamenn verða að öðlast betri skilning á ósoneyðingunni. En rannsóknir virðast vekja jafnmargar spurningar og þær svara. Til dæmis þóttust vísindamenn vissir um að hin mikla ósoneyðing sem á sér stað annað hvert ár stafaði af ríkjandi vindáttum sem „einangruðu“ háloftin yfir suðurheimskautssvæðinu með þeim áhrifum að þau kólnuðu miklu meira en ellegar. Breytingar á sólarvirkni voru líka taldar hafa áhrif á ósoneyðinguna með þeim hætti að hægt væri að spá fyrir um hana. Þannig bjuggust vísindamenn við að ósoneyðingin yrði minni árið 1989 en 1887 þar sem minna bar á ríkjandi vindátt en venja er til og sólarvirkni var að ná hámarki. En það var öðru nær, því ósongatið var nærri því að jafna metið frá 1987 þegar ósonmagnið féll um fimmtíu af hundraði.

16. Til að bæta gráu ofan á svart kom í ljós ósoneyðing allt að fimmtán af hundraði á svæðum langt utan við sjálft ósongatið yfir suðurheimskautinu. Enn fremur hafa vísindamenn komist að þeirri niðurstöðu að þær aðstæður sem vitað er að valda ósoneyðingu yfir suðurheimskautinu skýra ekki hina miklu eyðingu sem þar verður á vorin. Það bendir til þess að óson eyðist einnig með einhverjum öðrum hætti sem ekki hefur fundist skýring á.

17. Annað áhyggjuefni er ósoneyðingin yfir norðurheimskautinu. Sú eyðing er sem stendur mun minni en á suðurheimskautssvæðinu en hún kann að aukast. Vísindamenn hafa fundið smádropa af saltpéturssýru og vatni sem gætu verið skýringin á þeirri eyðingu sem mælst hefur. Eftir því sem notkun ósoneyðandi efna eykst gæti ósonþynningin yfir norðurheimskautinu aukist jafnframt. Nýlegar rannsóknir hafa leitt í ljós nákvæmlega sama ósoneyðingarmynstur og orðið hefur vart yfir Suðurheimskautslandinu. Eyðingin sveiflast milli hámarks og lágmarks með sama hætti og á sér stað í sömu hæð en er ekki jafnmikil yfir norðurheimskautinu. Þetta bendir hins vegar til þess að sams konar öfl séu að verki og að eyðingin muni færast í aukana eftir því sem ósoneyðandi efnasambönd safnast fyrir í efri lögum lofthjúpsins.[1]

18. Annað sem vekur áhyggjur er hættan á gróðurhúsaáhrifum. Ef þau aukast mundi það meðal annars hafa í för með sér *lækkun* á hitastiginu í efri lögum lofthjúpsins. Þetta mundi auka ósoneyðingaráhrifin í norðurheimskautinu og gæti jafnframt haft áhrif á þá ósoneyðingarþætti sem vitað er að hljóta að vera að verki en hafa ekki enn verið skilgreindir.

19. Uppi eru vangaveltur um að orsökina fyrir þeirri ósoneyðingu, sem enn hefur ekki fengist skýring á, sé að finna í smádropum af vatni og brennisteinssýru sem finnast í heiðloftinu umhverfis hnöttinn allan. Þessir dropar gætu myndað sambærilegar aðstæður og ís- og saltpétursagnirnar gera yfir Suðurheimskautslandinu. Efnahvörfin af þessum völdum væru að sönnu minni, en á móti kemur að smádroparnir eru mun útbreiddari. Enn fremur er hugsanlegt að þessi efnahvörf eigi sér einhver efri mörk, eins og virðist mega sjá af aðstæðunum sem mynduðust yfir Suðurheimskautslandinu þegar ósonlagið minnkaði stórkostlega milli ára. Þannig má sjá fyrir sér að þegar styrkur ósoneyðandi efna nær vissu hámarki, eða hitinn vissu lágmarki, þá ágerist ósoneyðingin til muna.

B. Áhrif ósoneyðingarinnar.

20. Nú þegar hefur óson minnkað í háloftunum yfir Nýja-Sjálandi og Ástralíu vegna stækkunarinnar á ósongatinu yfir Suðurheimskautslandinu. Vitað er að lífrænt virkir útfjólublair geislar hafa slæm áhrif á heilsu manna, þótt ekki séu allir sammála um það hversu slæm áhrifin séu. Enn fremur er það álit manna að vissar tegundir svifs og annarra sjávarlífvera séu viðkvæmar fyrir útfjólublárri geislun svo að því er haldið fram að lífríkið umhverfis suðurheimskautið muni bíða tjón.

21. Ef ósoneyðingin ykist á norðurhveli yrðu áhrifin enn verri vegna þess hve miklu þéttbýlla það er. Landbúnaður yrði fyrir tjóni eftir því sem hægði á spírun og blómstrun. Plöntuvistkerfi á borð við hrísgrjónaekrur fengju sérstaklega slæma útreið þar sem niturbindandi bakteríur, sem eru slíkum vistkerfum nauðsynlegar, eru sérlega viðkvæmar fyrir aukinni útfjólublárri geislun.

22. Annað áhyggjuefni er að frjósemi vissra svifdýra mundi minnka ef útfjólublá geislun ykist verulega. Plöntusvif bindur óhemjumagn af koltvíoxíði, en vitað er að plöntusvif er afar viðkvæmt fyrir útfjólublárri geislun. Þannig gæti það orðið til að hækka veru-

lega hitastigið á jörðinni ef ósoneyðingin ágerðist, og sumir halda því fram að það slík afleiðing sé óumflýjanleg.*

C. Aðgerðir gegn eyðingu ósons.

23. Þau viðbrögð sem beinast lágu við sem andsvar við auknum áhyggjum af eyðingu ósons voru auknar rannsóknir á fyrirbærinu. Alþjóðleg samvinna hefur einnig aukist á þessu sviði og margir sameiginlegir rannsóknarleiðangrar hafa verið farnir til norðurheimskautsins. Eitt af því sem vert er að nefna er samkomulag milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um samvinnu á sviði geimrannsókna á ósoni í gufuhvolfinu öllu. Samkvæmt ákvæðum þessa samnings verður sovéskt gervitungl, sem ætlað er til veðurathugunar, búið bandarísku rannsóknartæki sem nefnist „TOMS“** og er ætlað að afla upplýsinga um árlegar breytingar sem verða á ósoni yfir suðurheimskautinu. Sams konar tæki, TOMS, verður sett í japanskt gervitungl sem ætlunin er að skjóta á loft árið 1993.[2]

24. Á pólitíska sviðinu urðu vísbendingar um skaðleg áhrif CFC-og halónefna til þess þegar árið 1977 að Bandaríkin, Kanada, Svíþjóð, Noregur, Danmörk og Finnland hófu að takmarka notkun þessara efna. Sambærilegar aðgerðir, en smærri í sniðum, hófust í löndum Efnahagsbandalagsins árið 1980. Árið 1985 varð aukin vitneskja um vandamálið til þess að undirritaður var á vegum Sameinuðu þjóðanna Vínarsáttmáli um varðveislu ósonlagsins. Þetta varð til þess að auka verulega eftirlit og rannsóknir á alþjóðavettvangi og með sáttmálanum var kominn grundvöllur að frekari takmörkunum á notkun CFC- og halónefna.

25. Í september 1987 var orðið ljóst, vegna þeirra vísbendinga sem getið er um hér að ofan, að til róttækari aðgerða yrði að grípa og því var Montreal-sáttmálinn um efni sem eyða ósonlaginu undirritaður af 27 þjóðum. Aðilar að sáttmálanum skuldbundu sig til að minnka framleiðslu CFC-efna um 50 af hundraði og tryggja að framleiðsla halónefna yrði ekki aukin umfram það sem hún var árið 1986. Sérstök undanþága var samþykkt þess efnis að þróunarríkjum yrði leyft að halda áfram að auka framleiðslu CFC-efna í einn áratug (innan vissra marka) áður en þau þyrftu að fylgja ákvæðum um að minnka framleiðslu eða auka hana ekki. Í sáttmálanum var einnig sett bann við útflutningi efna, sem sáttmálinn nær til, til ríkja, sem ekki eru aðilar að sáttmálanum, eftir 1993 og einnig við innflutningi sömu efna frá ríkjum sem ekki hlíttu sáttmálanum einu ári eftir að hann tæki gildi. Í sáttmálanum er enn fremur gert ráð fyrir endurskoðun hans í ljósi nýrra vísindalegra uppgötvana.

26. Til ráðstefnu um umhverfisverkefni Sameinuðu þjóðanna, sem haldin var í Lundúnum í mars 1989, komu fulltrúar frá 124 ríkjum. Nokkur þessara ríkja tilkynntu um hömlur sem þar höfðu verið ákveðnar og gengu lengra en Montreal-sáttmálinn. Þegar

---

* Vert er að minnast hér stuttlega á hlutverk ósons í lægri lögum lofthjúpsins. Þetta „veðrahvolfsóson“ eykst um það bil um einn hundraðshluta á ári og nemur nú um tíu hundraðshlutum af öllu ósoninu í lofthjúpi jarðar. Það myndast af verkun sólarljóss á kolvetnasambönd í nálægð við oxíð og nitur. Það gleypir reyndar skaðlega útfjólublá geisla, en er sjálft skaðlegt dýrum og plöntum. Það færist ekki að neinu marki upp til efri hluta gufuhvolfsins en brotnar um síðir niður vegna ýmissa efnahvarfa. Í neðri hlutum gufuhvolfsins hefur það þau áhrif að auka verulega á gróðurhúsaáhrifin.

** TOMS: Total Ozone Mapping Spectrometer.

fyrsti fundur aðila að sáttmálanum var haldinn í Helsinki í maí 1989 höfðu 46 ríki undirritað sáttmálann og 36 höfðu staðfest hann með þeim árangri að 85 af hundraði allrar halón- og CFC-notkun í heiminum féllu nú undir hann. Á fundinum í Helsinki samþykktu þátttökuríkin 81 einnig í grundvallaratriðum að banna framleiðslu ósoneyðandi efna fyrir aldamót.

27. Í desember 1989 kom fram formleg tillaga á fundi umhverfisráðherra, sem haldinn var á vegum umhverfisverkefnis Sameinuðu þjóðanna, um að banna *öll* ósoneyðandi CFC-efni — ekki aðeins þau sem getið er um í Montreal-sáttmálanum — fyrir árið 2000 og öll halónefni fyrir árið 2005. Á fundinum var einnig samþykkt tillaga um að banna kolvetnistetraklór fyrir árið 2000 og að takmarka framleiðslu metýlklórs við það magn sem framleitt var árið 1986 fyrir árið 1992 og draga síðan úr þeirri framleiðslu eftir því sem efni fyndust er komið gætu í þeirra stað. Þessar tillögur voru síðan til frekari umræður á endurskoðunarfundi um Montreal-sáttmálann sem haldinn var í Lundúnum í júní árið 1990.

28. Áður en sá fundur var haldinn höfðu þó fjölmörg ríki ákveðið að hefja aðgerðir sem gengu lengra en formlegar alþjóðlegar skyldur þeirra kröfðust. T.d. höfðu Kanada, Bandaríkin og ríki Evrópubandalagsins ákveðið að banna framleiðslu ósoneyðandi CFC-efna fyrir aldamót og Evrópuráðið lagði til mun harðari tímaáætlun um að hætta framleiðslu ósoneyðandi efna en þá sem frá Sameinuðu þjóðunum hafði komið.

29. Á endurskoðunarfundinum í Lundúnum hlýddu umhverfismálaráðherrar og aðrir fulltrúar frá þeim 59 ríkjum sem undirritað hafa Montreal-sáttmálann ásamt áheyrnarfulltrúum frá fleiri en 30 öðrum ríkjum á skýrslu um áhrif ósoneyðingarinnar frá nefnd umhverfisverkefnis Sameinuðu þjóðanna um ósoneyðingu. Í skýrslunni kom m.a. eftirfarandi fram:

i. Framleiðsla matar minnkar, bæði á landi og á sjó, þar sem frjósemi plantna á landi minnkar og fæðukeðjan í höfunum raskast.
ii. Aukin áhrif frá útfjólublárri geislun veikir ónæmisvarnir og því munu sjúkdómar á borð við mislinga, herpes, berkla og holdsveiki bæði aukast og hafa alvarlegri áhrif.
iii. Vagl í augum verður algengara (í skýrslunni var nefnd talan 100.000 blindutilfelli á hvern hundraðshluta sem ósoneyðingin eykst um).
iv. Ósoneyðing eykur hraðann á upphitun jarðar þar sem aukin útfjólublá geislun mun skerða magn plöntusvifs í höfunum og minnka þannig það magn koltvíoxíðs sem bundið er í höfunum.

30. Með réttu var í skýrslunni kallað á alheimsátak til að koma í veg fyrir skaðann eða draga úr áhrifum hans. Í skýrslunni voru einnig settar fram tillögur um það hvernig mætti koma til móts við þróunarríkin í áætlunum um að hætta í áföngum notkun ósoneyðandi efna. Gert er ráð fyrir að önnur efni sem í staðinn koma muni kosta u.þ.b. fjórum sinnum meira en hin sem nú eru notuð og þróunarríkin hafa skiljanlega áhyggjur af áhrifum slíks útgjaldaauka á efnahagsþróun.

31. Á ráðstefnunni kom ýmislegt fram sem lofar góðu. Þátttakendur samþykktu að hætta allri notkun CFC-efna í áföngum fyrir árið 2000, ná 50% markinu árið 1995 og 85% markinu árið 1997. Einu undantekningarnar verða til nauðsynlegra læknisfræðilegra þarfa, svo sem í úðabrúsum fyrir astmalyf. Einnig er ætlunin að hætta notkun halónefna fyrir árið 2000 og ná 50% markinu árið 1995. Undantekningarnar verða slökkvitæki í flugvélar og mannaða tölvusali.[3]

32. Samkomulag náðist einnig um að hætta í áföngum notkun á metýlklórefnum og kolvetnistetraklóri. Á þau efni er ekkert minnst í Montreal-sáttmálanum, enda var það ekki fyrr en síðar sem það kom í ljós að þau valda miklum skaða á ósonlaginu. Ef öll önnur ósoneyðandi efni væru bönnuð árið 2000 en engar takmarkanir væru settar á kolvetnistetraklór og metýlklór er áætlað að hlutfall ósoneyðandi klórs í efri lögum lofthjúps jarðar mundi aukast frá því sem það var árið 1989, 2,7 hlutar á hvern milljarð, og upp í 8,9 hluta á hvern milljarð árið 2010. Með banni á kolvetnistetraklór og metýlklór yrði þetta hlutfall hins vegar 6,6 hlutar á hvern milljarð.

33. Því var ákveðið að banna metýlklór fyrir árið 2000 og ná 85% markinu árið 1995 og banna kolvetnistetraklór fyrir árið 2005 og ná 75% markinu árið 2000.[4]

34. Þátttakendur samþykktu einnig ályktun, sem ekki var bindandi, um að hætta notkun HCFC-efni fyrir árið 2020 ef hægt væri og fyrir 2040 í síðasta lagi. Þessi HCFC-efni, sem koma í stað CFC-efna, eru ekki jafnósoneyðandi og CFC-efni en þau stuðla að gróðurhúsaáhrifum. Því er litið á notkun þeirra sem bráðabirgðalausn og lagt til að endanlega verði notkun þeirra hætt með öllu og í staðinn komi enn önnur efni á borð við HFC-efni sem eru alveg laus við klór.[5]

35. Annað mikilvægt atriði, sem samkomulag náðist um, var myndun 420 milljóna Bandaríkjadala sjóðs sem veitt yrði úr til þróunarlanda á næstu þremur árum til að aðstoða þau við að hefja notkun annarra efna í stað CFC-efna. Þannig gátu sendifulltrúar frá Kína og Indlandi farið heim til landa sinna að fundinum loknum með þeim orðum að þeir mundu mæla með því við ríkisstjórnir sínar að þær „hugleiddu með jákvæðu hugarfari“ að undirrita Montreal-sáttmálann. Þetta hefur mjög dregið úr ótta manna við að áframhaldandi notkun þessara ríkja á CFC-efnum mundi grafa undan allri viðleitni til að koma í veg fyrir eyðingu ósonlagsins.[6]

36. Reiknað hefur verið út að þær aðgerðir sem samþykktar voru á endurskoðunarráðstefnunni í Lundúnum munu leiða til mun hraðari minnkunar á notkun ósoneyðandi efna. Án þeirra viðbótaraðgerða sem gripið var til á ráðstefnunni var áætlað að notkun slíkra efna mundi halda áfram að aukast þar til á síðari hluta næstu aldar. Með þeim aðgerðum sem nú hafa verið ákveðnar ætti notkunin að ná hámarki í lok þessarar aldar. En þrátt fyrir þetta mun notkunin ekki komast niður á það stig sem það var á fyrir myndun ósongatsins yfir Suðurheimskautslandinu fyrr en *á miðri 21. öld*.[7]

37. Næsta endurskoðunarráðstefna um Montreal-sáttmálann verður haldin árið 1992 og virðist svo sem þar verði samþykktar enn frekari aðgerðir. Sum ríki vildu herða ákvæði Montreal-sáttmálans þegar á Lundúnaráðstefnunni og má telja líklegt að þau ríki grípi einhliða til aðgerða sem ganga lengra en þær sem samþykktar voru. Búist er við að Efnahagsbandalagið, Norðurlöndin, Kanada, Ástralía og Nýja-Sjáland hætti jafnvel notkun CFC-efna og halónefna árið 1997. Öruggt má teljast að á næstu ráðstefnu verði ákveðin tímamörk þegar hætta á allri notkun HCFC-efna.

38. En hvað sem gert verður munu ósoneyðandi efni í háloftunum halda áfram að safnast fyrir meðan forði þessara langlífu efna heldur áfram að stíga hægt frá lægri lögum gufuhvolfsins og upp í þau efri. Þannig er það að þrátt fyrir allt andóf mun ósoneyðingarvandinn halda áfram, og meira að segja aukast, áður en ástandið tekur að batna.

39. Samfélag þjóðanna á nokkurt lof skilið fyrir viðbrögð sín við ósoneyðingarvandanum. Eftir því sem nýjar vísbendingar hafa komið fram hafa ríki hert stjórnun á notkun ósoneyðandi efnasambanda og sum ríki hafa brugðist einhliða við með mjög jákvæðum hætti og hefur það mjög auðveldað síðari alþjóðlegar aðgerðir.

40. Verði aðgerðum haldið áfram virðist sem ósoneyðingunni muni linna með tímanum og að lofthjúpur jarðar komist aftur í fyrra horf. Þó er einn mjög mikill óvissuþáttur. Eins og getið er hér að ofan mun hiti í efri lögum gufuhvolfsins lækka ef hitinn í neðri lögunum lækkar. Þetta mun auka á ósoneyðinguna og þar með hægja á bata í ósonlaginu. Af þessu er ljóst að sérhvert ríki verður að gefa mjög vandlega gaum að aukningu hitastigs á jörðinni og þeim vandamálum sem henni eru samfara.

III. HORFUR Á VEÐURFARSBREYTINGUM Á JÖRÐINNI

41. Áreiðanlegustu niðurstöður vísindamanna benda til þess að ef óttinn við gróðurhúsaáhrifin reynist á rökum reistur og ekkert verður að gert muni verulegar veðurfarsbreytingar eiga sér stað á jörðinni á næstu 50 árum. Ekki er hægt að spá fyrir af neinni nákvæmni um svæðisbundin áhrif slíkrar dæmalausrar hækkunar á hitastigi jarðar, en heildaráhrifin yrðu þessi:

i. Hækkun yfirborðs sjávar (einkum vegna hitaþenslu vatns í höfunum) sem leiðir til alvarlegra flóða og jafnvel til þess að láglendissvæði hverfi alfarið undir vatn.
ii. Veruleg röskun í landbúnaði vegna svæðisbundinna veðurfarsbreytinga.
iii. Róttækar breytingar á vistkerfum er valda útrýmingu fjölda dýra- og plöntutegunda.

42. Það kemur því ekki á óvart að uppi skuli vera kröfur um viðbrögð að hálfu allra þjóða heims til að koma í veg fyrir hækkun hitastigs á jörðinni. Því miður kynnu víðtækar aðgerðir til að ná þessu marki að hafa í för með sér verulegan kostnað. Í einni kostnaðaráætlun, sem gerð var um stórtækar fyrirbyggjandi aðgerðir, var t.d. gert ráð fyrir kostnaði upp á 3.600.000.000.000 Bandaríkjadala *í Bandaríkjunum einum.*[8]

43. Í ljósi slíkra stjarnfræðilegra upphæða finnst þeim sem eru í vafa um raunveruleika eða hugsanleg áhrif hitastigsbreytinga á jörðinni skynsamlegt að bíða þar til unnt er spá fyrir um áhrifin með nákvæmari hætti.

44. Þetta finnst mörgum fýsilegur kostur. En því miður mun hitastigið á jörðinni ekki hætta að hækka meðan vísindamenn eru að komast að niðurstöðu. Það gæti liðið áratugur eða jafnvel tveir áður en tekst að sanna með óyggjandi hætti eða afsanna að um raunverulega hættu sé að ræða. Ef kenningin um hækkun hitastigs jarðar er afsönnuð og ekkert hefur verið að gert verður heimurinn einfaldlega búinn að vinna gífurlegt starf á sviði vísinda til að rannsaka veðurfar og öðlast þar með dýpri skilning á veðurfarslegum fyrirbærum. Ef kenningin er hins vegar sönnuð og ekkert hefur verið að gert þá er eins líklegt að svo verði komið að ekkert sé hægt að gera til að hindra verulega hækkun hitastigs á jörðinni. Á hinn bóginn, ef þjóðir heims grípa nú þegar til víðtækra varnaraðgerða og allur ótti að hækkun á hitastigi jarðar reynist órökstuddur, mun hafa verið eytt verulegum fjármunum til einskis með öllum þeim neikvæðu áhrifum sem það hefði á hagvöxt.

45. Þetta er sá vandi sem þeir sem bera ábyrgð á stefnumörkun í þessum efnum standa frammi fyrir. Til hvaða aðgerða á að grípa til að fyrirbyggja slys sem mun hugsanlega, en ekki örugglega, eiga sér stað, með hliðsjón af því að sumar þær aðgerðir sem lagðar eru til munu hafa neikvæð áhrif á hagvöxt auk þess að hafa í för með sér verulegan kostnað.

A. Hækkun hitastigs á jörðinni: hin vísindalega umræða.

1. Atriði sem vísindamenn eru sammála um.

46. Í lofthjúpi jarðar eru lofttegundir, t.d. koltvíoxíð, sem gegna mikilvægu hlutverki

í temprun hitastigs á jörðinni. Með því að drekka í sig hita sólar koma þessar lofttegundir (svonefndar gróðurhúsalofttegundir) í veg fyrir miklar hitasveiflur milli dags og nætur. Þær valda því einnig að hitinn á jörðinni er nokkru meiri en hann annars væri. Þessi áhrif, að lofttegundirnar skuli taka til sín nokkuð af hita sólar og koma í veg fyrir að hann endurgeislist allur út í geiminn, nefnast „gróðurhúsaáhrif".

47. Gróðurhúsaáhrifin eru náttúrulegt fyrirbæri og um tilvist þeirra er ekki deilt. Það telst vísindalega sannað að það eru þessi áhrif sem valda því að hitinn á jörðinni helst nógu stöðugur til þess að líf geti þrifist.

48. Á undanförnum árum hefur það vakið áhyggjur að margt af því sem mannkynið hefst að hefur í för með sér framleiðslu gróðurhúsalofttegunda umfram það sem jörðin getur tekið við. Koltvíoxíð myndast við brennslu jarðefnaeldsneytis og skóga. Metan verður til með ýmsum náttúrulegum hætti, svo sem af völdum baktería í jarðveginum, í fenjagasi, og í meltingarvegi trjámaura. En atferli manna bætir við þessa náttúrulegu framleiðslu, því metan myndast einnig í búfénaði, á olíu- og gasvinnslusvæðum, í kolanámum, á sorphaugum og í skólphreinsistöðvum. Níturoxíð myndast við notkun áburðar, í ýmsum örverum og við brennslu jarðefnaeldsneytis. Eins og getið er um hér að framan eru CFC-efni notuð með ýmsum hætti í iðnaði og á heimilum. Vatnsgufa er einnig gróðurhúsalofttegund. Allar þessar lofttegundir auka á gróðurhúsaáhrifin.

49. En jafnframt því sem maðurinn eykur á framleiðslu gróðurhúsalofttegunda er hann að skerða getu jarðarinnar til að taka við slíkum lofttegundum. Þar er fyrst að nefna eyðingu skóga, því trjágróður er eitt helsta tæki jarðarinnar til að binda koltvíoxíð. Afleiðingin er sú að gróðurhúsalofttegundir safnast nú fyrir í gufuhvolfinu. Hlutfall koltvíoxíðs og annarra gróðurhúsalofttegunda, eins og metan, níturoxíðs og CFC-efna, er hægt að mæla með mikilli nákvæmni og það er líka gert. Það er *vitað* að þetta *eru* gróðurhúsalofttegundir og hlutfall þeirra í andrúmsloftinu *er* að aukast. Um þessi atriði er ekki deilt.

2. Óvissuatriði.

50. Skoðanamunur varðandi horfur á breytingum á veðurfari í heiminum snýst aðallega um hvað muni gerast eftir því sem hlutfall gróðurhúsalofttegunda eykst og hvenær. Með öðrum orðum er uppi bæði vísindalegur og pólitískur ágreiningur um hvort og hvernig þessar lofttegundir muni auka gróðurhúsaáhrifin. Þótt sumir, og reyndar flestir vísindamenn sem fást við rannsóknir á lofthjúpi jarðar, óttist að aukning gróðurhúsalofttegunda muni valda verulegri aukningu gróðurhúsaáhrifanna innan 50 ára viðurkenna þeir að sá skilningur sem nú er á veðurfarsfræðum sé ófullnægjandi til að sanna fullkomlega að ótti þeirra eigi við rök að styðjast.

51. Aðrir vísindamenn eru á öðru máli. Ein skoðun er sú að öll veðurfarsleg ferli leiðréttist af sjálfu sér. Þannig mundi hitaaukning hafa í för með sér gagnverkandi áhrif svo sem aukna skýjamyndun er endurspeglaði hærra hlutfall af geislum sólar með þeim afleiðingum að hitinn mundi hætta að aukast. Önnur skoðun er að gróðurhúsaáhrifin stjórnist ekki eins mikið af gróðurhúsalofttegundum eins og svartsýnismenn velja vera láta og að hitaaukningin sem mælst hefur undanfarin 150 ár sé eðlileg hitasveifla. Enn önnur skoðun, sem verður þó að teljast minnihlutaskoðun, er að aukning gróðurhúsaáhrifanna sé í raun fagnaðarefni þar sem veðurfarsbreytingarnar verði að flestu leyti til góðs.

52. Níundi áratugurinn er heitasti áratugurinn síðan mælingar hófust fyrir meira en öld og þar af voru sex af tíu heitustu árum sem mælst hafa. Nú er gert ráð fyrir að 1990

verði heitasta árið frá upphafi mælinga.[9] Hitamælingar sýna einnig að meðalhiti hefur hækkað um 0,5 gráður á Celsíus síðan árið 1900.

53. Á níunda áratugnum, og jafnvel í upphafi ársins 1990, merktu vísindamenn fjölmörg óvenjuleg veðramynstur. Í suðausturhluta Bretlandseyja mældist óvenjumikil veðurhæð árið 1987 og aftur árið 1990 og gætti hennar þá jafnframt í Norður-Evrópu. Á síðari hluta sama áratugs urðu einnig miklir þurrkar í miðvesturríkjum Bandaríkjanna, óvenjumagnaðir fellibyljir á Karíbahafi, óvenjuvætusamur vetur í Ástralíu, þurrkar í Kína, einstaklega mildur vetur í Evrópu og að sama skapi kaldur í Mið-Austurlöndum og dæmafá snjókoma í Kaliforníu.

54. En þótt veðurfyrirbæri þessi komi heim og saman við kenninguna um gufuhvolfshitun vegna aukningar gróðurhúsalofttegunda nægja þau ekki til að sanna hana. Að veður skuli hafa verið heitara undanfarin ár er að vísu óvenjulegt, en hitasveiflur eru staðreynd og gætu verið skýringin á auknum hita á níunda áratugnum.

55. Deilt hefur verið um nákvæmni hitamælinga í heiminum. Til dæmis gætu verið skekkjur í heildarmælingunum vegna svæðisbundinna breytinga á borð við aukið þéttbýli nálægt sumum mælingastöðvunum. Einnig eru mælingastöðvar strjálli á suðurhveli jarðar en á norðurhveli. Reynt hefur verið að taka slíkar skekkjur með í reikninginn og víða hafa fengist vísbendingar um að hiti sé í raun að aukast, t.d. jöklabreytingar í Tíbet.

56. Menn eru þó ekki á einu máli um það hvort heitara veður stafi af hitaaukningu í gufuhvolfinu eða hvort einfaldlega sé um að ræða eðlilegar veðurfarsbreytingar. 0,5 gráðu hitaaukning síðan 1900 kemur að vísu heim og saman við 25% aukningu gróðurhúsalofttegunda á sama tímabili, en hitaaukningin hefur ekki verið stöðug eins og aukning lofttegundanna, heldur hefur hitnað og kólnað á víxl og með ójöfnu millibili. Einnig er aukningin á meðalhita innan eðlilegra sveiflumarka.

57. Önnur skýring er að hitaaukningin kunni að stafa af breytingum á þeim hita sem stafar frá sólinni. Því miður ná hitamælingar á sólinni ekki nógu langt aftur til þess að hægt sé að sanna eða afsanna þessa kenningu. Í raun má alveg eins færa rök fyrir því að orka frá sólinni kunni að hafa minnkað á síðustu öld en að hitalækkunar, sem af því ætti að leiða, gæti ekki vegna hinna auknu gróðurhúsaáhrifa.

58. Að því er varðar hin óvenjulegu veðramynstur, koma þau heim og saman við kenninguna um aukinn hita á jörðinni, en aðrar skýringar koma einnig til greina. Kenningin um aukningu hitans á jörðinni gerir ráð fyrir að veðurbreytingar verði meiri eftir því sem hitinn á jörðinni eykst. Til dæmis mundi heitara loftslag valda meiri uppgufun frá jörðu sem aftur mundi valda aukinni úrkomu. Á sama hátt mundu þau ferli sem valda vindum og stormum vera orkumeiri þar sem grunnorsök þeirra er að heitt loft stígur. Í heitara veðurfari mundi loftið vera heitara en áður var og jafnframt væri meira af því. Heitari heimur væri því bæði rakari og stormasamari.

59. En hvað sem því líður getur óvenjulegt veðurfar undanfarinna ára stafað af eðlilegum sveiflum. Svo dæmi sé tekið hafa óveður geisað í lok hverrar aldar í Norður-Evrópu og hefur það mynstur haldist í að minnsta kosti fjórar aldir. (Þessi óveðurstímabil hafa oftast varað í allt að 20 ár.)*

Óveðrin í Norður-Evrópu í upphafi ársins 1990 stöfuðu af köldu heimskautslofti sem mætti heitara lofti frá miðbaugi. Venjulega valda slíkar aðstæður stormum á Norður-Atlantshafi í námunda við Ísland, en seint á ár-

60. Sams konar óvissa ríkir um þau afturkastskerfi sem gætu flýtt eða seinkað hitun jarðar. Nokkur slík afturkastskerfi hafa fundist og öll líkleg til að flýta jarðhitun. Til dæmis er bundið í freðmýrum töluvert af metani sem er gróðurhúsalofttegund. Við bráðnun freðmýrarinnar mundi þetta metangas losna og flýta þar með uppsöfnun gróðurhúsalofttegunda í lofthjúpnum. Metan er einnig að finna í „hólfum“ á sjávarbotni og hækkun hita gæti orðið til þess að losa þetta metan. Á hinn bóginn gæti hækkandi yfirborð sjávar orðið til þess að „læsa“ þetta metan enn betur inni í hólfum sínum. Ekki er vitað hvor áhrifin yrðu ofan á, en það er athyglisvert í þessu samhengi að sovéskir vísindamenn sögðu undirnefndinni um samvinnu í rannsóknum og þróun, þegar nefndin fór til Síberíu, að þeir hefðu orðið varir við aukna útgufun metans frá hafinu umhverfis Svalbarða.

61. Vitað er að hlutfall metans í andrúmsloftinu er að aukast, en hins vegar er ekki vitað hvaðan metanið kemur helst. Raunar er ekki einu sinni vitað hvort uppsöfnun metans í andrúmsloftinu stafar af aukningu efnisins (hvort heldur er af mannlegum eða náttúrulegum völdum) eða hvort um er að ræða minnkun á upptöku þess. Þar sem gert er ráð fyrir að upphitun jarðar verði meiri því fjær sem dregur miðbaugi má vera að þegar sé byrjað að losna metan úr freðmýrunum í norðri. Á sama hátt gæti verið að metan sé að losna af hafsbotni vegna hærri sjávarhita. En annar möguleiki er að upptaka metans af völdum örvera í lofthöðum jarðvegi hafi skerst vegna áburðarnotkunar og vegna eyðingar skóglendis af völdum súrs regns.

62. Skýjamyndun gæti einnig haft veruleg afturkastsáhrif, en ekki er vitað hvort þau áhrif yrðu til góðs eða ills. Skýjamyndun hefur aukist um það bil um 10 af hundraði síðan um aldamót og var aukningin sérstaklega mikil upp úr aldamótum, seint á fimmta áratugnum og í byrjun þess sjötta. Ástæður þessarar aukningar eru ókunnar. Það er mjög trúlegt, þótt ekki sé það sannað, að hún stafi af aukningu hita á sama tíma. En einnig gæti ýmis konar loftmengun hafa fjölgað ögnum í loftinu sem raki þéttist um og myndar vissar tegundir skýja.

63. Ágreiningurinn um það hvort skýjamyndun herði eða hægi á upphitun jarðar stafar af því að sumar skýjategundir stuðla að upphitun en aðrar vinna gegn henni. Vissar skýjategundir, sem myndast í lítilli hæð yfir sjó, gætu seinkað upphitun jarðar verulega ef myndun þeirra ykist eftir því sem jörðin hitnaði. Þessi flákaský yfir sjó eru í aðeins 500 til 1000 metra hæð og geta skýjabreiðurnar verið afar víðáttumiklar. Að jafnaði hylja þær samanlagt um þriðjung af haffleti jarðarinnar. Þær endurkasta mjög vel sólarljósi og minnka þannig hitann sem jörðin drekkur í sig. Stækki skýjabreiðan um fjóra af hundraði nægir það til þess að vega á móti helmingsaukningu á gróðurhúsalofttegundunum í andrúmslofti jarðar.

64. Á hinn bóginn auka háloftaský eins og klósigar á gróðurhúsaáhrifin. Ísagnir í þessum skýjum hegða sér með allt öðrum hætti en vatnsagnirnar í skýjum sem myndast í minni hæð. Þau hafa sömu áhrif og gróðurhúsalofttegundir því þau drekka í sig hluta af

---

inu 1989 og snemma árs 1990 var mun kaldara en venjulega í Kanada og á Grænlandi og þröngvaði það storminum sunnar. Spár um hitaaukningu í gufuhvolfinu gera ráð fyrir meiri hitaaukningu á hægri breiddargráðum en hinum lægri og því mætti ætla að óveður sem þessi verði minni eða sjaldgæfari í framtíðinni. Hins vegar er hugsanlegt að aukinn loftraki af völdum hitaaukningarinnar verði þessu til mótvægis. Þegar þessi loftraki þéttist í óveðri mundi það leysa úr læðingi hita er mundi ljá óveðrinu aukna orku.

hitanum frá útgeislun sólar en hleypa í gegn miklu af hinum sjáanlegu og útfjólubláu geislum. Þessi tegund skýja hylur um sextán af hundraði af yfirborði jarðar en um eiginleika þeirra er lítið vitað með vissu þar sem þau liggja hærra en svo að hægt sé að rannsaka þau úr venjulegum rannsóknarflugvélum.

65. Hvort skýjamyndun muni aukast eða minnka í framtíðinni er ekki vitað. Flákaský gætu til dæmis aukist eftir því sem mengun eykst og fleiri agnir verða í loftinu sem raki getur þést um. Á hinn bóginn er talið að það sé fyrst og fremst svif sem myndi þau brennisteinsefnasmbönd og þær agnir í þeim sem örva þéttingu skýja. Eftir því sem sjávarhiti eykst og ósoneyðingin ágerist kynni frjósemi þessa svifs að minnka og þar með myndun skýja.

66. Í sem skemmstu máli eru ský mikill óvissuþáttur í öllum spám um veðrabreytingar. Þar til nýlega hafa tölvulíkön af gufuhvolfinu aðeins tekið mjög gróflega mið af eiginleikum skýja. Endurbætt líkan þar sem tekið er mið af hegðun skýja bendir til þess að skýjamyndun kunni að hægja á hitun jarðar. Tölvulíkan bresku veðurstofunnar sýndi hitastigshækkun um 5,7 gráður á Celsíus við tvöföldun gróðurhúsalofttegunda ef notað var óbreytt skýjalíkan. Þegar bætt var inn í líkanið flóknari upplýsingum um skýjafar fékkst hækkunin 2,7 gráður á Celsíus. Þetta svarar að vísu ekki spurningunni um það hvernig áhrif ský hafi á hitun jarðar, en það sýnir að tölvulíkön af veðurfarsþróun verða ekki áreiðanleg fyrr en betri skilningur fæst á hegðun skýja. Reyndar hefur tækni- og vísindastofnun á vegum forsetaembættis Bandaríkjanna lýst skýjarannsóknir sem forgangsverkefni í bandarískum rannsóknum á veðurfarsbreytingum í heiminum.

B. Hitun jarðar: áhrif á stefnumótun.

67. Ljóst er af óvissunni um eðli loftslags á jörðinni og um áhrif sem uppsöfnun gróðurhúsalofttegunda mun hafa á veðurfar að brýn nauðsyn er á umfangsmiklum rannsóknum. En ættu rannsóknir að vera einu viðbrögðin eða eiga ríki jarðar nú þegar að grípa til rannsókna til að sporna við uppsöfnun gróðurhúsalofttegunda?

68. Grunnvandinn við að spá fyrir um loftslagsbreytingar er sá, eins og sýnt er fram á í þessari skýrslu, að margir þættir verka saman á loftslagið og á þeirri verkun hefur aðeins fengist lítill skilningur. Mörg og mismunandi áhrif — breytingar á braut jarðar um sólina, breytingar á sólarvirkni, breytingar á sjávarstraumum o.s.frv. — verka á loftslag jarðar á tímabilum sem geta verið allt frá nokkrum mánuðum og upp í árþúsundir. Stundum eru þetta samverkandi áhrif og stundum vega þau hver á móti öðrum. Ofan á þetta bætast, svo áhrif af öðrum náttúrufyrirbærum, svo sem eldgos sem geta haft veruleg áhrif á loftslag um heim allan. Heildarniðurstaðan er gífurlega flókið og margbreytilegt veðrakerfi. Enn fremur á kerfisbundin upplýsingaöflun um veðurfar sér aðeins 150 ára sögu og nær engan veginn til heimsins alls. Af því leiðir að mjög erfitt er að átta sig á því hvað sé „eðlileg" sveifla í veðurfari og hvað „óeðlileg".

69. Hvernig eiga svo þeir sem ábyrgð bera á stefnumótun að bregðast við? Þótt vísbendingar um hitun jarðar séu ekki óyggjandi eru þær of ógnvekjandi til að þeim sé enginn gaumur gefin, vegna þess að

i. vitað er að gróðurhúsaáhrif ráða miklu um hitastig á jörðinni,
ii. uppsöfnun gróðurhúsalofttegunda eykst og mun án efa halda áfram að aukast,
iii. gera má ráð fyrir að frekari uppsöfnun gróðurhúsalofttegunda hafi *einhver* áhrif á loftslag, og
iv. ef ekki sannast annað munu þessi áhrif leiða til hækkandi hita á jörðinni.

70. Þetta hefur fengist staðfest í öllum stærstu tölvulíkönum af loftslagi heims enda þótt líkönunum beri ekki öllum saman um tímann sem breytingar kunna að taka, hversu mikið hitinn muni hækka og hver svæðisbundin áhrif kunni að verða um heim allan. Enn fremur koma hitabreytingar sem þegar eru orðnar og ýmis óvenjuleg veðurfyrirbæri heim og saman við kenninguna um hitun jarðar þótt hún sé ekki eina skýringin sem til greina kemur. Í ljósi þessa hvílir sönnunarbyrðin á þeim sem halda fram að ekkert eigi að gera til að bregðast við hugsanlegum loftslagsbreytingum (í viðauka 1 er rætt frekar um þetta viðhorf).

71. Og hvað á þá til bragðs að taka og hvað hefur þegar verið gert?

1. IPCC-skýrslurnar.

72. Áður en litið er á þær aðgerðir, sem hægt væri að grípa til, er ekki úr vegi að líta á niðurstöður rannsókna sem gerðar voru af starfshópi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPPC). Þrír hópar sérfræðinga unnu rannsóknirnar. Hin fyrsta var rannsókn á vísindalegum grunni veðurfarsbreytinga, önnur rannsókn snerist um áhrif veðurfarsbreytinga og hin þriðja um hugsanleg viðbrögð.[10]

73. Fyrsti starfshópurinn skýrði frá því að öruggt væri að uppsöfnun gróðurhúsalofttegunda mundu valda aukinni hitun á yfirborði jarðar og að megingróðurhúsalofttegundin — vatnsgufa — muni aukast sem afleiðing af hitun jarðar og hafa síðan sjálf þau áhrif að hita jörðina enn frekar. Starfshópnum reiknaðist svo til „með öryggi" að minnka þyrfti framleiðslu langlífra lofttegunda eins og koltvíoxíðs, níturoxíðs og CFC um 60 af hundraði til að koma jafnvægi á núverandi hlutfall þeirra í lofthjúpnum. Á grundvelli niðurstaðna úr líkönum taldi starfshópurinn að meðalhiti í heiminum mundi hækka um 0,3 gráður á Celsíus á hverjum áratug (frávik 0,3–0,5 gráður) með þeim afleiðingum að meðalhitaaukning yrði 1 gráða á Celsíus fyrir árið 2025 og 3 gráður fyrir lok næstu aldar. Gert er ráð fyrir að yfirborð sjávar hækki um 6 sentimetra á áratug með verulegum en ófyrirsjáanlegum svæðisbundnum frávikum.

74. Í skýrslu annars starfshópsins var lögð áhersla á það hversu erfitt væri að sjá fyrir áhrif hitaaukningar á einstök svæði. Með þessum fyrirvara greindi starfshópurinn frá því að áhrif á landbúnað á sumum svæðum yrði verulegur þótt önnur svæði kynnu að njóta góðs af. Líklegt væri að skilyrði til jarðræktar teygðust í átt til heimskautanna og að hitaaukningin kynni að stækka þau svæði þar sem tilteknir skaðvaldar þrífast og að líklega mundi hætta á faröldrum og eldum vaxa á þessum svæðum.

75. Þótt hægt yrði að halda uppi sömu afköstum í framleiðslu landbúnaðarvöru er ekki ljóst hvaða kostnað viðleitni til slíks mundi hafa í för með sér. Veðurfarsbreytingar kynnu einnig að auka á fólksfjölgunarvandann. Þau svæði, sem líklega yrðu verst úti, eru gresjur Afríku og sum hitabeltissvæði þar sem raki er mikill, í Suðaustur-Asíu og Mið-Ameríku. Framleiðslurýrnun í mið- og suðurríkjum Bandaríkjanna gæti orði á bilinu 10–30 af hundraði þegar kæmi fram á miðja næstu öld, en hins vegar kynni framleiðsla að aukast í norðurhluta Bandaríkjanna, í Kanada og í Norður-Evrópu. Ný ræktarlönd kynnu að verða til í Kanada og Sovétríkjunum en aðeins ef jarðraki ykist og um það er engin vissa.

76. Gert er ráð fyrir verulegum breytingum á náttúrulegum vistkerfum en erfitt er að gera sér nákvæma grein fyrir slíku. Veðrabelti mundu hliðrast í átt til heimskautanna með meiri hraða en dýra- og plöntulíf gæti fylgt eftir. Sumar tegundir mundu deyja út en aðrar dafna. Fjölbreytni í dýra- og plöntulífi í heiminum mundi minnka að einhverju leyti.

Hugsanlegt er að af stað fari atburðarás er hafi í för með sér að vissar tegundir verði aldauða.

77. Yfirborðsvatn og afrennsli verða fyrir verulegum áhrifum. Hitaaukning um aðeins eina eða tvær gráður ásamt minnkun úrkomu um tíu af hundraði mundi minnka afrennsli um 40 til 70 af hundraði á sumum svæðum. Mesta hættan á vatnsskorti yrði í stórum hlutum Afríku, Vestur-Arabíu, Suðaustur-Afríku, Mið-Ameríku og löndunum umhverfis Miðjarðarhaf.

78. Andstætt þessu yrði veruleg flóðahætta af ám í norðurhluta Sovétríkjanna. Úrkoma og þar með afrennsli kynnu að aukast í Norður-Evrópu og á láglendi þar yrði mikil flóðahætta.

79. Í ríkjum eins og Egyptalandi, Bangladess, Indlandi, Kína, Indónesíu, Maldíveyjum, Túvalú og Kíribatí yrði flóðahætta veruleg. Færu einhver svæði undir sjó vegna hækkunar á yfirborði sjávar er líklegt að heimilislausir flóttamenn skipti milljónum.

80. Gera má ráð fyrir að dauðsföll af völdum hita verði fleiri en sem nemur fækkun dauðsfalla af völdum vetrarkulda. Enn fremur er líklegt að sjúkdómar af völdum sníkjudýra og veira breiðist út til nýrra svæða.

81. Loftslagsbreytingar munu hafa áhrif á fiskveiðar. Hugsanlegt er að heildarframleiðsla haldist hin sama, en breytingar á einstökum svæðum gætu orðið verulegar.

82. Þriðji starfshópur IPCC lagði fram skýrslu um hugsanleg viðbrögð og áætlunargerð. En þótt starfshópurinn hafi gert rækilega grein fyrir því hvað *hægt* sé að gera láðist henni að gera tillögur um hvað *ætti* að gera. Hópurinn lagði heldur ekki fram neina kostnaðaráætlun fyrir neinar af þeim aðgerðum sem hugsanlegt væri að grípa til. Þannig gerir starfshópurinn til dæmis tillögur um hvernig megi minnka uppsöfnun gróðurhúsalofttegunda, en setur ekki fram neinar tölur til viðmiðunar í þeim efnum né heldur neinar upplýsingar um hugsanlegan kostnað.

83. Starfshópurinn bendir á að iðnríkin og þróunarríkin beri sameiginlega ábyrgð á viðbrögðum við þeim vandamálum er munu fylgja loftslagsbreytingum og að iðnríkin beri sérstaka ábyrgð þar sem framleiðsla þeirra á gróðurhúsalofttegundum sé meiri og vegna þess að þau séu betur í stakk búin en þróunarríkin til að fást við vandann. Enn fremur bendir starfshópurinn á að mikilvægt sé að réttur meðalvegur verði fundinn er taki mið bæði af umhverfis- og efnahagsþáttum.

84. Í skýrslunni segir að saman verði að fara áætlanir um að stemma stigu við loftslagsbreytingum og aðlagast þeim og að líta verði á slíkar áætlanir sem eina heild til að einstakar aðgerðir bæti hver aðra upp þannig að heildarkostnaður haldist í lágmarki. Ef til vill er það mikilvægast í skýrslunni að starfshópurinn telur að hugsanlegar afleiðingar loftslagsbreytinga séu svo alvarlegar að réttlætanlegt sé að grípa þegar til aðgerða þrátt fyrir að óvissuþættir séu verulegir.

85. Starfshópurinn beinir ekki ótvíræðri áskorun til ríkja um að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Hann beinir því hins vegar til einstakra ríkja að þau kunni að telja rétt að grípa til aðgerða, eftir því sem aðstæður þeirra leyfa, til að takmarka eða minnka losun gróðurhúsalofttegunda og koma í veg fyrir eyðingu skóglenda og annarra varna gegn uppsöfnun gróðurhúsalofttegunda.

86. Að því er varðar fólksfjölgun er álit starfshópsins mun ákveðnara því í skýrslunni segir að óhjákvæmilegt sé að áætlun gegn loftslagsbreytingum hljóti að fela í sér aðgerðir til að stemma stigu við fólksfjölgun í heiminum.

87. Starfshópurinn bendir á að aðgerðir verði að taka mið af öllum uppsprettum gróður-

húsalofttegunda og mynda heildaráætlun er taki til orkuframleiðslu, iðnaðar, skógræktar og landbúnaðar. Í skýrslunni er lýst þeim aðgerðum sem hugsanlegt er að grípa til í tengslum við sérhvern þessara þátta, sjá viðauka 3.

88. Meðal þeirra kosta sem starfshópurinn bendir á að því er varðar orkuframleiðslu má nefna orkuver með betri nýtingu, notkun orkugjafa sem hafa ekki í för með sér jafnmikla (eða nokkra) losun gróðurhúsalofttegunda og upprætingu, hringstreymi eða úrvinnslu koltvíoxíðefna. Einnig leggur starfshópurinn til breytingar á stjórnun og atferli, t.d. aukningu á vinnu á heimilum með nútímaboðskiptatækni til að minnka fólksflutninga og losun gróðurhúsalofttegunda af þeim völdum.

89. Að því er varðar samgöngur og fólksflutninga bendir starfshópurinn á kosti eins og bætta eldsneytisnýtingu farartækja og að því er varðar landbúnað er bent á skógrækt, breytingar á fóðrun búfénaðar, minni notkun ólífræns og aukna notkun lífræns áburðar.

90. Starfshópurinn á lof skilið fyrir að útlista svo nákvæmlega hugsanlegar aðgerðir gegn uppsöfnun gróðurhúsalofttegunda, en þó stingur það nokkuð í stúf við hinar skýrslurnar að ekki skuli vera tiltekin skýr markmið. Fyrri starfshóparnir tveir hafa skilgreint vandann og orsakir hans en að því er varðar úrræði er mikið verk óunnið.

91. Skýrslur IPCC verða ræddar á fundi ríkisstjórna í nóvember 1990. Hugmyndir hafa verið uppi um að á þessum fundi kunni að verða til drög að „lögum um lofthjúpinn" þar sem settar verða reglur um losun gróðurhúsalofttegunda með viðeigandi ákvæðum um mun á iðnríkjunum og þróunarlöndunum í þeim efnum. Hvort þetta gerist í raun í nóvember skal þó ekkert fullyrt þar sem mörg mál bíða enn lausnar.

92. Enda þótt gera megi ráð fyrir því að nokkur samstaða ríki um þá skoðun að líta beri á loftslagsbreytingu sem alvarlegt mál hefur IPCC ekki sett fram skýrar tillögur um hvaða markmið sé raunhæft að setja til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda, né heldur hefur stofnunin rannsakað hvaða áhrif þær aðgerðir, sem beitt yrði til þess að ná þessum markmiðum, mundu hafa. Hvers konar aðgerða á að grípa til að ráða bug á vandanum eins og hann er skilgreindur af IPCC? Líklega er raunhæfasta leiðin að skipta aðgerðunum í tvo flokka. Í fyrri flokkinn mætti setja þær aðgerðir sem réttlætanlegar eru af ástæðum sem tengjast ekki loftslagsbreytingu en mundu engu að síður takmarka losun gróðurhúsalofttegunda. Í síðari flokkinn mætti setja þær aðgerðir sem eru dýrari og erfiðara að ná samstöðu um og gætu þurft að bíða þess að fleiri verði rennt undir kenninguna um loftslagsbreytingu.

2. Skammtímaaðgerðir.

93. Hið fyrsta sem augljóslega þarf að gera er að koma á fót alþjóðlegri og samhæfðri rannsóknaáætlun. Til þess að ákveða viðeigandi ráðstafanir gegn hugsanlegri loftslagsbreytingu þarf mun betri skilning á veðurfari almennt. Einnig þurfa rannsóknir að leiða í ljós hvort uppsöfnun gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu er þegar farin að hafa áhrif á loftslagið og með hvaða hætti gagnverkandi áhrif muni hægja eða herða á loftslagsbreytingum. Í ljósi þess að ótti manna um aukin gróðurhúsaáhrif virðist á rökum reistur er nauðsynlegt að rannsaka leiðir til að vinna gegn þeim áhrifum á grundvelli bestu fáanlegu upplýsinga eða aðlagast áhrifunum ef sá kostur reynist nauðsynlegur.

94. Slíkar rannsóknir eru þegar hafnar. Sameinuðu þjóðirnar og Alþjóðaveðurfræðistofnunin hafa sameiginlega myndað starfshóp Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og falið sérfræðingum að skila niðurstöðum í nóvember 1990. Starfshópurinn er að leggja mat á upplýsingar sem hann hefur safnað um hugsanlega loftslagsbreytingu og

kanna hugsanleg áhrif slíkrar breytingar. Hann mun skila tillögum um hugsanlegar leiðir til aðgerða í samræmi við mat sitt á hættunni á hækkun hita á jörðinni. Alþjóðavísindaráðið (ICSU) hefur hleypt af stokkunum áætlun um að rannsaka heimshöfin, lofthjúp jarðar og veðurfar og fjölmörg ríki vinna sameiginlega að rannsókn sem hefur það að markmiði að skilgreina og mæla gagnkvæm áhrif heimshafanna og lofthjúpsins. Að auki eru fjölmörg rannsóknaverkefni nú unnin í einstökum ríkjum eða með samvinnu fleiri ríkja til að leitast við að auka skilning á veðurfari og er í þeim verkefnum lögð áhersla á áhrif gróðurhúsalofttegunda.

95. Eins og getið er um hér að framan er ýmislegt sem þarf að fá betri skilning á. Til dæmis geta vísindamenn ekki útskýrt öll þau ferli sem eyða koltvíoxíði úr andrúmsloftinu. Nýlegar rannsóknir hafa sýnt að sjórinn gleypir mun minna koltvíoxíð en talið var fyrir aðeins örfáum mánuðum en hitabeltisgrassléttur mun meira. En allir þeir koltvíoxíðs „svelgir" sem vitað er um nægja ekki til að útskýra allt það koltvíoxíð sem fjarlægt er úr andrúmsloftinu. Þetta vekur ýmsar spurningar. Þessi svelgur, sem enginn veit um, gæti verið kominn að því að mettast, ekki er að vita nema hann sé í hættu án þess nokkur geri sér grein fyrir því, en einnig er hugsanlegt að finnist hann megi nýta hann til að gleypa enn meira koltvíoxíð.

96. Annað, sem ekki er nægilegur skilningur á, er hvers konar áhrifum yfirborð sjávar yrði fyrir af völdum loftslagsbreytinga. Um þetta verða að liggja fyrir upplýsingar ef skipuleggja á viðbrögð við loftslagsbreytingum. En allir þeir þættir, sem áhrif hafa á yfirborð sjávar, nægja ekki til að skýra árlega hækkun þess um 1,3 mm.

97. Allar alþjóðlegar rannsóknaáætlanir eiga lof skilið, en IPCC hefur bent á nokkur grundvallaratriði sem skýra þarf nánar. IPCC hefur einkum bent á eftirfarandi:

— Leggja verður áherslu á að skilningur fáist á veðurfyrirbærum er tengjast skýjamyndun, hafinu og kolefnaferlinu.
— Bæta verður kerfisbundnar mælingar á öllum breytilegum þáttum sem áhrif hafa á veðurfar og gera nákvæmar rannsóknir á veðurfari í sögulegu samhengi.
— Nauðsynlegt er að hanna bætt veðurfræðilíkön.
— Nauðsynlegt er að styðja betur við bakið á þeim sem leggja stund á veðurfarsrannsóknir, einkum í þróunarlöndum.
— Bæta verður alþjóðleg boðskipti á þessum vettvangi til að auðvelda gagnaflutning.

Ljóst er að ríkisstjórnir ættu að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja fjárstuðning við þær rannsóknaáætlanir sem gætu komið að gagni í þessum efnum.

98. Þrátt fyrir óvissuna um hvaða áhrif uppsöfnun gróðurhúsalofttegunda kunni að hafa virðast flestir sammála um að hún muni valda verulegum vandræðum einhvern tíma um miðja næstu öld. Í ljósi þess er rétt að grípa þegar til aðgerða til að hægja á henni.

99. Mörg ríki hafa lýst yfir stuðningi við að stöðva alla aukningu á losun koltvíoxíðs út í andrúmsloftið fyrir árið 2000, og minnka síðan losunina um 20% fyrir árið 2005, og nokkur ríki hafa þegar ákveðið að minnka losun koltvíoxíðs út í andrúmsloftið. Mörg hinna 70 ríkja, sem sátu fund Sameinuðu þjóðanna í Hollandi í nóvember 1989, voru t.d. þegar tilbúin að samþykkja að stöðva aukningu á losun koltvíoxíðs út í andrúmsloftið fyrir árið 2000 og minnka hana um 20% fyrir árið 2005. Bandaríkin, Sovétríkin, Japan og Bretland, sem framleiða um helming alls koltvíoxíðs í heiminum, beittu neitunarvaldi gegn þessari tillögu með þeim rökum að hún væri óraunsæ. Niðurstaðan varð sú að tímasetningunni var breytt í „svo fljótt sem unnt er".

100. Síðan þetta var hafa Norðmenn tilkynnt þá fyrirætlan sína að stöðva aukningu koltví-

oxíðslosunar fyrir lok aldarinnar, Hollendingar hafa ákveðið að losunin skuli árið 2000 vera sú sama og árið 1990 og Svíar hafa ákveðið að auka ekki losunina umfram það sem hún var árið 1989. Bretar hafa einnig ákveðið að skera niður áætlaða losun fyrir árið 2005 um 30 af hundraði og önnur aðildarríki Efnahagsbandalags Evrópu hafa gert áætlanir um að minnka losun koltvíoxíðs. Meðal aðferða, sem notaðar verða til að ná þessum markmiðum, má nefna notkun jarðgass í stað olíu, aukna notkun almenningsfarartækja og verð- og skattlagningarstefnu er taki mið af umhverfismálum.

101. Í Bandaríkjunum hafa löggjafarþing nokkurra ríkja ákveðið að takmarka losun koltvíoxíðs með ýmsum hætti, t.d. með því að bæta orkunýtingu og auka notkun endurnýjanlegrar orku og með því að endurnýta CFC-efni. Meðal annarra aðgerða má nefna skógrækt til þess að gróðursetja tré í stað þeirra sem felld eru vegna opinberra framkvæmda og breytingar á landbúnaðarstefnu til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

102. Einn grunnvandinn, sem þegar er farið að fjalla um, er eyðing regnskóganna í hitabeltinu. Nú er verið að eyða gífurlegum flæmum af slíkum skóglendum í löndum eins og Brasilíu, Filippseyjum, Madagaskar og Indónesíu og drepa þar með gróður sem gleypir koltvíoxíð. Skógunum er að mestu eytt með því að brenna þá og við það bætist gífurlegt magn af koltvíoxíði við það sem fyrir er í andrúmsloftinu. Meðal aðgerða til að koma í veg fyrir eyðingu skóga má nefna „skuldbreytingar" sem felast í því að hin skuldugu ríki samþykkja að vernda tiltekið skóglendi gegn því að skuldabyrði þeirra verði létt. Einnig hefur verið stuðlað að rannsókna- og þróunarverkefnum til að gróðursetja tré þar sem skógarhögg er stundað og jafnvel hafa verið gróðursett tré til að vinna gegn áhrifum af nýjum orkuverum þar sem orka er framleidd með brennslu jarðefnaeldsneytis.

103. Þessar aðgerðir til að takmarka gróðurhúsalofttegundir, hægja á eyðingu skóga og stuðla að skógrækt eru dæmi um það sem gera þarf ef ríki heims koma sér saman um samstillt átak til að takmarka uppsöfnun gróðurhúsalofttegunda. Margar slíkar aðgerðir mætti ráðast í sem hafa gildi, alveg burtséð frá hættunni á uppsöfnun gróðurhúsalofttegunda, en draga jafnframt úr hættunni á loftslagsbreytingu.

104. Ein slík aðgerð er bætt orkunýting. Eftir olíuverðshækkunina árið 1970 fóru mörg ríki af stað með orkusparnaðaráætlanir. Í Bandaríkjunum einum er áætlað að bætt orkunýting hafi skilað sem nemur 14 milljónum olíufata á ári með þeim árangri að árlegur olíukostnaður er 150 milljörðum Bandaríkjadala minni og olíuinnflutningur er helmingi minni en búast hefði mátt við ef ekki hefði verið ráðist í áætlunina um bætta orkunýtingu. Enn fremur er losun koltvíoxíðs í Bandaríkjunum nú helmingi lægri en búast hefði mátt við ef orkusparnaðarins hefði ekki notið við.

105. Svigrúmið til aukins orkusparnaðar um heim allan er gífurlegt. Ef litið er aftur til Bandaríkjanna hafa rafmagnsveitur verið hvattar til kostnaðarlítilla aðgerða sem miða að því að minnka eftirspurn og þar með þörfina fyrir nýjum orkuverum. Í ríkjunum Washington, Oregon, Idaho og Montana var árið 1980 gert ráð fyrir að þörf yrði 16 orkuvera til viðbótar, en nú hefur byggingarframkvæmdum verið frestað um ótiltekinn tíma. Við þessar aðgerðir hafa sparast milljarðar Bandaríkjadala og rafmagnsreikningum hefur jafnframt verið haldið lágum. Með sams konar áætlun í Brasilíu hefur verið ýtt undir notkun orkunýtinna tækja og áhalda og þar með stuðlað að orkusparnaði með þeim árangri að eftirspurn eftir orku hefur minnkað. Áætlanir um byggingu orkuvera hafa verið skornar niður um 60% og nemur sparnaður af því fram til aldamóta 30 milljörðum Bandaríkjadala.

106. Bætt eldsneytisnýting bifreiða er annað sem mundi bæði minnka eftirspurn eftir olíu

og draga úr mengun af ýmsu tagi. Bifreiðar yrðu að vísu dýrari en rekstrarkostnaður þeirra minni. Í Bretlandi framleiðir hver bifreið að meðaltali fjórar smálestir af koltvíoxíði á ári og gert er ráð fyrir að akstur muni tvöfaldast fram til ársins 2025. Af því má sjá að bætt eldsneytisnýting bifreiða er augljóst og hagkvæmt markmið í baráttunni gegn loftmengun.

107. Annar kostur, sem kynni að reynast bæði hagkvæmur og árangursríkur, væri að auka notkun lífmassa til orkuframleiðslu. Frekari rannsókna er þörf á þeim áætlunum sem nú liggja fyrir, bæði hvað varðar kostnað og útfærslu, en enginn vafi er á að fullt tilefni er til að kanna vandlega hugsanlegar leiðir til að nota lífmassa í stað jarðefnaeldsneytis.

108. Notkun lífmassa er mjög takmörkuð í iðnríkjunum, en í þróunarríkjunum er að meðaltali 35 af hundraði allrar orku fengin með brennslu lífmassa. Benda má á nokkrar meginleiðir til að nota lífmassa sem orkugjafa í iðnríkjunum. Einn möguleiki væri að rækta tré á ræktarlöndum sem ekki eru ætluð til annarra nota. Trjátegundir eins og víðir, ösp og elri vaxa hratt og væru því hentug til slíkra nota auk þess sem þær er hægt að rækta á lélegu ræktarlandi. Í ríkjum Efnahagsbandalagsins er hugsanlegt að allt að tíu milljónir hektara af ræktarlandi verði yfirgefnar og í Bretlandi einu kynnu að vera 1,5 milljónir hektara af ræktarlandi umfram þörf árið 2000.

109. Þótt koltvíoxíð myndist að sönnu við viðarbrennslu er því í raun eytt jafnharðan með gróðursetningu fleiri trjáa og því eru áhrifin á umhverfið mun minni en þau sem verða við brennslu jarðefnaeldsneytis.

110. Önnur leið til að nýta lífmassa er að nota uppskeru eins og sykurreyr og maís til að framleiða alkóhól og etanól sem hægt er að blanda í bensín. Um 30% af öllu bensíni, sem notað er í Bandaríkjunum, er blandað alkóhóli, einkum úr maís. Hugsanlegt er að olíur sem unnar eru úr sólblómum, gulrófum, hampi og sojabaunum geti komið í stað dísilolíu, en frekari rannsókna er þörf til að finna bestu leiðir til að koma í veg fyrir að þær stífli vélarnar. Úr því ekki er hægt að nota matvörur með skynsamlegri hætti í sveltandi heimi hlýtur að minnsta kosti að vera hægt að nýta offramleiðslu til að minnka notkun jarðefnaorkugjafa.

111. Aðgerðir til að draga úr súru regni mundu einnig verða til þess að draga úr uppsöfnun gróðurhúsalofttegunda. Súrt regn eyðir skógum og dregur úr hæfni náttúrunnar til að binda gróðurhúsalofttegundir. Einnig er hugsanlegt að sum þeirra efnasambanda er valda súru regni séu einnig hvatar í ósoneyðandi efnahvörfum. Því er skynsamlegt að vanda enn betur til hreinsunar á útblæstri frá orkuverum og bifreiðum þaðan koma flest þeirra mengunarefna er valda súru regni.

112. Einnig væri skynsamlegt að herða stórlega átakið til að vernda hitabeltisregnskóga-na. Þjóðir heims hafa þegar hafið ýmsar áætlanir til að bjarga þessum skógum. Bretland hefur t.d. heitið 158 milljónum Bandaríkjadala í tvíhliða aðstoð við verndun regnskóganna. Holland hefur varið 65 milljónum Bandaríkjadala til að aðstoða þróunarlönd í baráttunni við hitaaukningu jörðinni og Þýskaland, Sviss, Danmörk og Noregur eru að íhuga sams konar aðstoð. Enn fremur hafa stofnanir á borð við Alþjóðabankann og Sameinuðu þjóðirnar sett á laggirnar 8 milljarða Bandaríkjadala áætlun til að halda regnskógunum við. Áætlanir sem þessar, ásamt aðgerðum til að létta skuldabyrði þróunarríkja, eru líklegar til að vinna gegn þeim skammtímagróðasjónarmiðum sem ráða eyðingu regnskóganna. Þeim ber að fagna og þær ber að styðja.

113. Fyrir því eru sterk rök að enn meira eigi að gera. Í regnskógunum er að finna um helming allra dýra- og plöntutegunda í heiminum og líffræðingar áætla að um 10.000

tegundir hverfi árlega. (Í einum rannsóknarleiðangri fundust 1033 tegundir — sem svarar til 80% allra tegunda sem finnast á Bretlandseyjum — á 1,7 ferkílómetra skika.)
114. Þegar tegundirnar hverfa svo hratt þýðir það að margar þeirra eru horfnar áður en nokkurt ráðrúm fæst til að rannsaka þær. Því er ekkert vitað um gildi þeirra, t.d. fyrir læknavísindin. En í Bandaríkjunum er fjórðungur allra læknislyfja unninn úr plöntum sem eiga upprunaleg heimkynni sín í regnskógunum og fimm af hundraði allra plantna eru talin hafa einhvern lækningamátt. Þannig er mannkynið að missa að eilífu margar plöntur sem kynnu að geta læknað sjúkdóma eins og sykursýki, eyðni og krabbamein. Þar að auki hverfa daglega fyrir fullt og allt plöntur sem kynnu að vera nothæfar til framleiðslu matar, olíuefna og annarra nytsamlegra vara.

3. Lausnir til langs tíma.
115. Þær aðgerðir til úrbóta, sem kynntar hafa verið hér að framan, fela ekki í sér fullkomna lausn handa þeim sem mest óttast hækkun hita á jörðinni. Í þeim felast engu að síður leiðir sem virðast færar og verðskulda nánari rannsókn. Þær mundu draga úr mengun af völdum gróðurhúsalofttegunda, en það er einnig þess virði að framkvæma þær af öðrum ástæðum. Þær mundu gera kleift að „vinna frest“ á meðan samfélag þjóðanna kemst að niðurstöðu um það hvort réttlætanlegt sé að grípa til róttækari aðgerða. Sannfærist stjórnendur þannig um að nauðsyn beri til að ráðast gegn loftslagsbreytingu með beinum og skjótum hætti verða þeir að skilgreina aðgerðir til viðbótar og ákveða hve miklu fé þeir sjái sér fært að láta af hendi rakna til að koma þeim í framkvæmd.
116. Augljóst skref er að setja ákveðnari markmið til að draga úr mengun af völdum gróðurhúsalofttegunda. Efnahagssamvinnustofnunin (OECD) hefur áætlað að orkunotkun í heiminum muni aukast um nær 50 af hundraði á næstu 15 árum og að 90 af hundraði þessarar aukningar verði af völdum jarðefnaeldsneytis. Ein þeirra aðferða sem lagðar hafa verið til í þeim tilgangi að draga úr mengun af völdum koltvíoxíðs er að leggja á „kolefnisskatt“. OECD áætlar að ef kolefnisskattur væri notaður til að hækka verð jarðefnaeldsneytis um 50 af hundraði, mundi losun koltvíoxíðs aukast um 13 af hundraði í stað 25 af hundraði. Erfitt er að meta hver áhrif slík verðhækkun á olíu, kolum og gasi mundi hafa á hagvöxt, en áhrif verðhækkunarinnar sem varð upp úr 1970 benda til þess þau yrðu þungbær. Til dæmis hefur í einu tilviki verið áætlað í Bandaríkjunum að það mundi draga úr þjóðartekjum þar í landi um einn til tvo af hundraði ef ákveðið væri að lækka losun koltvíoxíðs um 20 af hundraði í langan tíma. Breytingin færi eftir kostnaði við nýja orkusparnaðar- og orkuendurnýjunartækni.
117. Augljóst er að nýir skattar á kolefniseldsneyti yrðu að vera óþægilega háir ef þeir ættu að ná því markmiði að draga svo úr notkun að mengun minnkaði umtalsvert.
118. Tillaga hefur verið lögð fram um nýtt og afar róttækt kerfi til að draga úr loftmengun. Samkvæmt henni yrðu gefin út seljanleg leyfi fyrir ákveðnu mengunarstigi. Leyfin mundu byggjast á mannfjölda í hverju landi og tækju tillit til meðalmengunar á ári á hvern mann, sem nú er um 1,1 tonn. Ef nú yrði samþykkt markmið um til dæmis 0,8 tonn mengunarlofts á mann og hver þjóð fengi úthlutað leyfum miðað við fólksfjölda yrðu Bandaríkin (sem menga loftið með allt að 5 tonnum á mann á ári) að draga verulega úr notkun eða kaupa leyfi af þjóðum sem ekki nýta allan sinn kvóta, t. d. Indverjum (sem menga loft um 0,2 tonn á mann á ári).
119. Enda þótt þetta kerfi sé byggt á einfaldri hugmynd og yrði mörgum þróunarríkjum til mikilla fjárhagslegra hagsbóta gætu falist í því alvarlegar hættur. Þjóðir gætu reynt að

hraða fólksfjölgun í því skyni að fá hærri leyfi, og þannig gæti orðið nauðsynlegt að byggja kerfið á tölu fullorðinna. Einnig gæti verið vissara að greiða fyrir leyfin í aðstoð til að koma á orkusparandi tækni í stað peninga svo komið yrði í veg fyrir að spillt eða skammsýn stjórnvöld eyddu tekjum sínum af leyfasölu með óviturlegum hætti. Eins gæti svo farið að í iðnvæddum löndum þætti þessi nýi kostnaðarliður yfirgengilega hár.

120. Mikilvirk aðferð til að draga úr mengun af völdum gróðurhúsalofttegunda er að nota kjarnorku mun meira en gert er. Forstjóri alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, (IAEA), Dr. Hans Blix, hefur bent á að fullnægja mætti um 25 af hundraði allrar raforkuþarfar í heiminum eins og hún verður árið 2010 með því að taka í notkun 50 kjarnorkuver á ári allt frá árinu 2000. Þetta kæmi í veg fyrir gífurlega koltvíoxíðmengun.

121. Enda þótt veruleg pólitísk andstaða sé gegn þessu og önnur umhverfisvandamál séu tengd kjarnorku, væri heimskulegt að hafna þessum úrkosti skilyrðislaust, svo mjög sem afleiðingar hitaaukningar á jörðinni virðast ógnvekjandi.

122. Sönnun þess að koltvíoxíðmengun minnkar við notkun kjarnorku má sjá í Frakklandi. Á milli 1980 og 1987 juku Frakkar hlutfall þeirrar raforku sem framleidd var í kjarnorkuverum, úr 20 í rúmlega 70 af hundraði. Á sama tíma minnkaði mengun af völdum koltvíoxíðs við raforkuframleiðslu um nær 60 af hundraði.

123. Kjarnorka er að sjálfsögðu ekki eina leiðin til að framleiða raforku án þess að um leið verði til koltvíoxíð. Endurnýjanlegar orkulindir, svo sem afl fallvatna, dælimiðlun, vindafl og afl sjávarstrauma eru kostir sem nýta ætti eins og kostur er. Eins og fyrr var getið skiptir orkusparnaður einnig meginmáli og getur dregið úr útgjöldum í stað þess að kosta fé.

124. Atriði, sem er jafnumdeilt og kjarnorkan, er spurningin um takmörkun mannfjölda. Spár, sem til eru um fjölgun mannkynsins, eru ekki samhljóða, en svo virðist sem árið 2025 muni mannfjöldi í heiminum ná 8 milljörðum. Það er nærri 60 af hundraði fleira fólk en nú er. Augljóslega þýðir þetta aukna eftirspurn eftir orku og gerir það enn torveldara að hafa hömlur á aukinni mengun af völdum gróðurhúsalofttegunda.

C. Niðurstöður.

125. Sú ógn sem stafar af hitaaukningu á jörðinni er nægilega alvarleg til að réttlæta að gripið verði til bráðabirgðaaðgerða. Þessar aðgerðir ættu að felast í því að reka áróður fyrir hagkvæmri nýtingu orkunnar, auka notkun lífmassa sem orkugjafa, draga úr súru regni og stöðva eyðingu skóga. Sérstakar áætlanir ætti að gera án tafar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Eins ætti þegar í stað að hefja samninga um að setja markmið um takmörkun mengunar af völdum gróðurhúsalofttegunda. Ljóst er að taka verður tillit til þess mismunar sem er á iðnvæddum löndum og þróunarlöndum.

126. Sem stendur hvílir sérstök skylda á hinum iðnvædda heimi að hefja aðgerðir. Samkvæmt tölum frá Sameinuðu þjóðunum voru árið 1985 74 af hundraði koltvíoxíðmengunarinnar þaðan komin. Árið 2025 munu þróunarlönd líklega valda um 44 af hundraði þessarar mengunar.

127. Það atferli manna sem leiðir til myndunar gróðurhúsalofttegunda er að minnstum hluta einhver munaður sem hægt er að leggja niður. Það er miklu fremur bein afleiðing af tilveru og athafnasemi mannkyns. Vaxandi mannfjöldi veldur aukinni þörf fyrir fæðu og orku. Við framleiðslu hvors tveggja verða til gróðurhúsalofttegundir, og menn skyldu ekki gleyma því að koltvíoxíð er ekki eina lofttegundin í þeim flokki. Þegar tekið er tillit til atriða eins og brennslu skóga og þess þegar kveikt er í úrgangsgasi verður sam-

safn mengunarvalda undravert, sjá töflu 1. Af þessu leiðir að allar meiri háttar aðgerðir til að draga úr myndun gróðurhúsalofttegunda eru líklegar til að hafa djúpstæð áhrif á eðli margra mannanna verka og gætu útheimt umtalsverðar efnahagslegar fórnir.

128. Ekki má vanmeta hin gífurlegu vandkvæði sem eru á því að setja reglur um takmörkun á mengun af völdum gróðurhúsalofttegunda. Svo að vitnað sé í eitt mat af þeim fáu, sem völ er á, er álitið að það mundi kosta meira en 300 milljarða Bandaríkjadala árlega að minnka mengun í heiminum um 60 af hundraði. IPCC telur hins vegar að það mundi kosta álíka upphæð að stöðva mengunina við núverandi stig.

129. Einn vandinn enn við það að semja langtímaáætlanir um takmörkun mengunar af völdum gróðurhúsalofttegunda er skortur á vönduðum matstölum um kostnað við tiltekin stig takmörkunar. Þetta hefur alloft verið reynt, en ekkert samkomulag er um niðurstöður. Vissulega væri það viðeigandi að fela IPCC að greina ítarlega kostnaðinn við að skera niður mengun af völdum gróðurhúsalofttegunda með þeim mörgu aðferðum sem tiltækar eru og áætla kostnað við tiltekin stig takmörkunar. Þessar upplýsingar mundu gera stefnumótendum kleift að taka vandaðri ákvarðanir um það hvernig takmarka skuli mengun af völdum gróðurhúsalofttegunda.

130. Annað atriði, sem stefnumótendur ættu að hafa í huga, er það öryggi og sá efnahagslegi ábati er leiða mundi af tilteknum aðgerðum til að takmarka loftslagsbreytingar. Á síðustu mánuðum hafa menn séð olíuverð hækka stórkostlega vegna ástandsins við Persaflóa, og áhersla hefur verið á það lögð hversu mjög veröldin er háð því að hafa aðgang að olíu. Truflanir á olíuframleiðslu geta haft margvísleg óheppileg áhrif á efnahag þjóðanna og jafnvel valdið stórfelldum átökum. Með því að taka í notkun aðra orkugjafa og stuðla að orkusparnaði í þeim tilgangi að draga úr mengun af völdum gróðurhúsalofttegunda, mundi heimsbyggðin ekki vera eins háð olíunni. Þannig mundu minnka líkur á því að truflanir á olíudreifingu leiddu til aukins kostnaðar bæði í efnahags- og öryggismálum.

131. Að lokum verður enn að nefna vanda þróunarlandanna. Spár um almenna loftslagsbreytingu benda til að þróunarlöndin mundu verða einna verst fyrir barðinu á loftslagsbreytingum af völdum flóða og breytinga á ræktanlegum svæðum. Eins er ljóst að eigi á annað borð að leggja til atlögu við loftslagsbreytingar verður að gera ráðstafanir til að takmarka mengun í þróunarlöndunum. Þeir sem undirrituðu Montreal-sáttmálann hafa tekið á þessu máli á uppbyggilegan hátt, en fjármunir sem þar er um að ræða eru tiltölulega litlir samanborið við það sem þarf til að ráðast gegn aukningu hita á jörðinni.

TAFLA 1

Framleiðsla gróðurhúsalofttegunda í tonnum á mann, 1987.

LAOS	10,0
QATAR	8,0
SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN	5,8
BAHRAIN	4,9
KANADA	4,5
LÚXEMBORG	4,3
BRASILÍA	4,3
FÍLABEINSSTRÖNDIN	4,2

BANDARÍKIN	4,2
KÚVÆT	4,1
ÁSTRALÍA	3,9
AUSTUR-ÞÝSKALAND	3,7
ÓMAN	3,5
SÁDÍ-ARABÍA	3,3
NÝJA-SJÁLAND	3,2
HOLLAND	2,9
DANMÖRK	2,8
KOSTA RÍKA	2,8
SINGAPÚR	2,7
BRETLAND	2,7

Heimild: Alþjóðaauðlindastofnunin.

VIÐAUKI 1

1. Það er áhugavert að staldra stuttlega við þá stefnu að aðhafast ekkert, því að mikils metinn sovéskur loftslagsfræðingur hefur haldið því fram að viðeigandi væri einfaldlega að leyfa gróðurhúsaáhrifunum að breyta loftslagi jarðarinnar. Þessi loftslagsfræðingur, Mikhail Budyko, lét fyrst í ljósi áhyggjur af aukningu gróðurhúsalofttegunda fyrir meira en 20 árum og er einn af frumherjum fornloftslagsfræðinnar, sem er rannsókn á loftslagi liðinna tíma á jörðinni með því að kanna steingerðar leifar, svo sem trjáhringi og frjóduft. Rannsóknir Budykos á loftslagi á liðnum tímabilum hafa komið honum til að spá því að aukin gróðurhúsaáhrif muni valda loftslagi sem verði mannkyninu til góðs. Hann spáir því að á Sahara-eyðimörkina mundi rigna nóg til að þar gæti hafist víðtæk ræktun, að víðáttumikil svæði í Kanada og Sovétríkjunum, sem eru of köld til að rækta, mundu verða að akuryrkjusvæðum, og að vaxandi þurrkar í kornbelti Bandaríkja Norður-Ameríku yrðu einungis tímabundið fyrirbæri sem lyki trúlega um miðja næstu öld, en eftir það mundi regn aukast og fyrra ástand komast aftur á. Þessu til viðbótar spáir hann að uppskera mundi aukast að magni vegna áburðaráhrifa hækkaðs koltvíoxíðhlutfalls.

2. Aðrir loftslagsfræðingar eru afar tortryggnir á þessa spádóma. Þeir benda á að af loftslagslíkönum megi ráða að innhlutar meginlanda muni þorna mjög með þeim afleiðingum að uppskera muni bregðast á svæðum þar sem hún er góð nú. Þeir vara einnig við því að þekking okkar á loftslagi liðinna tíma sé byggð á brotakenndum sönnunargögnum og að ríkjandi skilyrði séu æði frábrugðin þeim sem voru fyrir þremur milljónum ára. Sjávarmál var allt annað þá, svo dæmi sé nefnt. Enn fremur mundi loftslagsbreytingin verða miklu hraðari nú en nokkrar þær breytingar sem orðið hafa áður. Því verður að fara með allar samlíkingar við liðinn tíma af ýtrustu varkárni. Sú hækkun hitastigs sem orðið gæti á næstu 50 árum — og sem Budyko telur að muni verða — jafnast á við fyrri breytingar sem tekið hafa þúsundir ára. Þannig hafa vistkerfi haft miklu lengri tíma til að aðlagast breytingunni.

3. Þrátt fyrir athyglisverðar spár Budykos væri því hættulegt að leyfa gróðurhúsaáhrifunum einfaldlega að hafa sinn gang. Vissulega mundu sum svæði njóta góðs af loftslagsbreytingu en önnur ekki. Allir vísindamenn eru til dæmis á einu máli um að sjávarmál mundi hækka af völdum almennrar hækkunar hitastigs, enda þótt óvíst sé hversu mikið það yrði. Allar strandþjóðir yrðu þess vegna fyrir einhverjum búsifjum og þeim væri það

lítil huggun að vita að tiltekin svæði inni í landi kynnu að njóta góðs af auknum gróðurhúsaáhrifum.

4. Allt bendir þetta til þess að aðgerðaleysi gagnvart hugsanlegri loftslagsbreytingu jafngilti því að leggja heimsbyggðina alla í mikla hættu af miklu ábyrgðarleysi.

VIÐAUKI 2

Listi yfir hugmyndir IPCC um viðbrögð við loftslagsbreytingu.

Dæmi um úrkosti til skamms tíma:

I. AÐ BÆTA NÝTINGU Í FRAMLEIÐSLU OG NOTKUN ORKU

Raforkuframleiðsla.

Að bæta nýtingu í raforkuframleiðslu.
Skipta um búnað orkuvera í þeim tilgangi að bæta nýtni þeirra.
Nota sambyggð gaskerfi til samvinnslu á raforku og gufu.
Nota svifbrennslu án yfirþrýstings í gufukötlum.
Nota svifbrennslu með yfirþrýstingi í kerfum til samvinnslu.
Bæta nýtni í gufukötlum.
Að endurbæta kerfi til samvinnslu á raforku og gufu.
Að koma á endurbótum í rekstri og viðhaldi.
Að nota ljósspennugjafa, einkum við staðbundna raforkuframleiðslu.
Að taka í notkun efnarafala.

Iðnaðarsviðið.

Að leggja áherslu á frekari endurbætur á nýtni framleiðsluferla.
Að endurvinna efni (einkum efni sem eru orkufrek í framleiðslu).
Að nota efni sem ekki eru orkufrek í framleiðslu í stað þeirra orkufreku.
Að endurbæta rafknúin drifkerfi og mótora.
Að nýta til fulls öll varmaferli, þar á meðal stigskipta varmanýtingu og samvirkjun.
Að koma á endurbótum í rekstri og viðhaldi.

Flutningasviðið.

Að endurbæta eldsneytisnýtingu ökutækja.
Að nota tölvustýrð eldsneytis- og gírskiptikerfi.
Að beita háþróuðum aðferðum við hönnun ökutækja.
Að koma á reglu í viðhaldi ökutækja.
Að nota afkastameiri vörubifreiðar.
Að bæta nýtingu flutningatækja.
Að nota endurnýtingarbúnað.

Tækniþróun í almenningssamgöngum.

Bætt samgöngukerfi í borgum.
Háþróuð stjórnkerfi fyrir járnbrautarlestir svo unnt verði að þétta umferð á járnbrautum borganna.
Hraðgengar járnbrautarlestir á milli borga.
Betri samtenging hinna ýmsu samgöngukerfa.
Að minnka fyrirferð og þyngd með því að nota létt, samsett efni og keramík.

Að draga úr loftmótstöðu, endurbæta sprengirúm, nota betri smurolíur og hjólbarða o.s.frv.
Að bæta akstursvenjur ökumanna, stjórn umferðar og viðhald ökutækja.

Byggingarsviðið.
Að endurbæta hita- og kælibúnað.
Að bæta orkunýtni loftræstikerfa.
Að leggja áherslu á fjarhitun og fjarkælingu, þar á meðal með því að nota varmadælur.
Að bæta nýtni í brennurum.
Að nota varmadælur í byggingum.
Að nota tölvustýrð orkuumsjónarkerfi.
Að bæta nýtni í hitunar- og kælikerfum húsa.
Að auka nýtni með því að nota bestu fáanleg einangrunarefni.
Að gera byggingar hagkvæmari (hvernig þær snúa, stærð og lögun glugga, hvernig byggt er, hvernig klætt að utan o.s.frv.).
Að endurbæta varmaskipti við geislahitun.
Að bæta nýtni ljósabúnaðar.
Að bæta nýtni heimilistækja.
Að koma á endurbótum í rekstri og viðhaldi.
Að bæta nýtni eldavéla (í þróunarlöndum).

II. ORKUGJAFAR — AÐRIR EN KOL OG OLÍA

Raforkuframleiðsla.
Bygging lítilla og stórra vatnsorkuvera.
Útbreiðsla venjulegra kjarnorkuvera.
Bygging rafstöðva með búnaði til að binda lofttegundir.
Stöðluð hönnun kjarnorkuvera í þeim tilgangi að bæta arðsemi og öryggi.
Þróun jarðvarmaorkuvera.
Aukin notkun vindhverfla.
Aukin notkun lífmassa til orkugjafar.
Skipta út vothreinsibúnaði og öðrum orkufrekum lofthreinsibúnaði fyrir sparneytnari búnað.

Önnur svið.
Að taka upp notkun jarðgass og lífmassa til hitunar í stað olíu og kola.
Upphitun með sólarorku.
Þróun tækni til að framleiða og nýta annað eldsneyti.
Endurbætur á geymslu- og brennslukerfum fyrir jarðgas.
Notkun farartækja sem nota fleiri en eina tegund eldsneytis og brenna alkóhóli.

III. FÖRGUN ÚRGANGS — ENDURNÝTING EÐA BINDING

Orkuframleiðsla/iðnaður.
Að safna saman og nota það magn af CH_4 sem lekur eða leysist úr læðingi við geymslu jarðefnaeldsneytis og við kolanám.

Að bæta viðhald framleiðslu- og dreifingarkerfa olíu í þeim tilgangi að draga úr CH_4-leka.
Að bæta eftirlit með útgufun CO, SO_x, NO_x, og VOC-efna frá stöðum þar sem gróðurhúsalofttegundir eru geymdar.

Urðun.
Endurvinnsla og brennsla úrgangsefna til að draga úr CH_4-útgufun.
Að kveikja í CH_4-gasi þar sem því er hleypt út í andrúmsloftið.
Endurbætt umhirða sorphauga til að draga úr CH_4-útgufun.

Dæmi um aðgerðir til lengri tíma:

I. BÆTT NÝTNI VIÐ FRAMLEIÐSLU, UMBREYTINGU OG NOTKUN ORKU

Raforkuframleiðsla.
Háþróaðar aðferðir til að geyma tilfallandi orku.
Háþróaðar rafhlöður.
Varðveisla orku í þrýstiloftsgeymslum.
Varðveisla orku í ofurleiðurum.

Iðnaðarsviðið.
Aukin notkun efna sem minni orku þarf til að vinna úr.
Háþróuð tækni við framleiðsluferli.
Notkun líftækni í framleiðsluferlum.
Að nýta á staðnum þá orku sem verður til við framleiðsluferli.
Notkun efnarafala og samvinnsla raf- og varmaorku úr þeim.

Flutningasviðið.
Endurbætt eldsneytisnýting ökutækja.
Endurbætur í gerð flugvéla og skipa.
Háþróuð knúningstækni.
Þotuhreyflar með hærra framhjáhlaupshlutfalli.
Skipsskrúfur með gagnstæðum snúningi.

Byggingarsviðið.
Endurbætt kerfi til að varðveita orku.
Notkun upplýsingatækni til að sjá fyrir og uppfylla orkuþörf.
Notkun vetnis sem orkugjafa innan húss.
Endurbætt byggingarkerfi
Ný byggingarefni sem einangra betur og kosta minna.
Gluggarúður með stillanlegu gagnsæi til að tryggja hámarksnýtingu sólarhita.
Nýjar aðferðir við geymslu matvæla svo draga megi úr þörf fyrir kælingu.

II. ORKUGJAFAR — AÐRIR EN KOL OG OLÍA

Raforkuframleiðsla.
Kjarnorkuver.
Bættur öryggisbúnaður til að efla traust almennings á kjarnorkuverum.
Sólarorkukerfi.

Sólvarmakerfi.
Ljósspennugjafar (einkum til staðbundinnar raforkuframleiðslu).
Háþróuð efnarafalatækni.

Önnur svið.
Önnur tækni til að framleiða og nota annað eldsneyti.
Endurbætt geymslu- og brennslukerfi fyrir vetni.
Endurbætt afkastageta málmvetnissambanda.
Afkastamikil ferli til að umbreyta lífmassa í alkóhól til eldsneytis.
Að taka í notkun ökutæki knúin raforku og blandaðri orku.
Að stytta hleðslutíma rafhlaðna.

III. FÖRGUN ÚRGANGS, ENDURNÝTING EÐA BINDING

Endurbætt brennsluskilyrði til að draga úr N_2O-útgufun.
Vinnsla útblásturslofts til að draga úr N_2O-útgufun.
Einangrun CO_2-lofts og urðun úrgangs í iðrum jarðar og sjávar.

IV. TAKMÖRKUN LOFTMENGUNAR FRÁ LANDBÚNAÐI

Úrkostir til skamms tíma.
Að draga úr metanútgufun með því að hirða betur um úrgang frá búpeningi og auka notkun fóðurbætis sem ekki spillir heilsu manna.
Að draga úr útgufun nituroxíðs með því að nota nú þekkta eða endurbætta samsetningu áburðar, nýta tað og rotmassa með gát og endurskoða vinnuaðferðir og tækni sem er beitt.
Að nota lélegt ræktarland til að rækta fjölærar fóðurjurtir frekar en einæran gróður því þannig má auka kolefnisupptöku.
Að plægja ekki meira en nauðsyn krefur, en með því má viðhalda eða jafnvel auka magn lífræns efnis í jarðveginum.

Úrkostir til lengri tíma.
Afkastameiri aðferðir við hrísgrjónarækt til að draga úr metanframleiðslu.
Að nota nýja tækni til að draga úr metanframleiðslu búpenings.
Að þróa nýjar tegundir áburðar sem draga úr útgufun nituroxíðs.

V. SKÓGRÆKT

Úrkostir til skamms tíma.
Takmarka alla mengun sem stuðlar að hrörnun skóga.
Hætta óæskilegum fjárhagsstuðningi og fyrirgreiðslu sem auka á eyðingu skóga.
Sameina kröfur um varðveislu skóga og skógrækt til endurnýjunar eftir því sem við verður komið.
Bæta gagnasöfnun og upplýsingadreifingu varðandi skógrækt.
Efla allar ráðagerðir sem uppi eru um varðveislu skóga, endurnýjun í stað þess sem höggvið er og nýja skógrækt.
Stækka skógarsvæði þar sem það er unnt.
Nota timbur endurnýjanlegra skóga til eldiviðar í stað jarðefnaeldsneytis.
Bæta nýtni við notkun timbureldsneytis.

Úrkostir til lengri tíma.

Viðhalda þeim skógum sem til eru með öllum tiltækum ráðum og efla rannsóknir til að endurbæta stjórnunaraðferðir.

Tryggja að nýting mómýra sé í samræmi við sjónarmið umhverfisverndar.

Auka lífmassa skóganna, meðal annars með notkun trjáa sem hafa verið endurbætt með erfðafræðitækni.

HEIMILDIR

1. „Ozone Depletion Quickens and Both Poles", New Scientist, 4 ágúst 1990, bls. 32.

2. „NASA and Soviets in Ozone Mission", Flight International, 8 14. ágúst, 1990.

3. Roger Milne, „CFC Clampdown Eases Pressure on the Ozone Layer", New Scientist, 7. júlí 1990, bls 21.

4. R. Monastersky, „Nations to Ban Ozone Harming Compounds", Science News 138. b., júlí 1990, bls. 6.

5. Roger Milne, op. cit. og persónuleg bréfaskipti milli Peter Emery, þingmanns, og David A. Trippier, umhverfismálaráðherra.

6. Sama rit og að ofan og R. Monastersky, op. cit.

7. Sjá aftanmálsgrein nr. 1.

8. Peter Passel, „Curbing the Greenhouse Effect Could Run Into the Trillions", New York Times, 19. nóvember 1989.

9. Geoffrey Lean og Polly Ghazi, „Sizzling 1990 the Hottest Year on Record", The Observer, 21. október 1990.

10. IPPC, „Policy Makers Summary of the Scientific Assessment of Climate Change" (skýrsla starfshóps I til IPCC), „Policy Makers Summary of the Potential Impact of Climate Change" (skýrsla starfshóps II til IPCC) og „Policy Makers Summary of the Formulation of Response Strategies" (skýrsla starfshóps III til IPCC).

Sþ. 859. Tillaga til þingsályktunar [455. mál]

um veiðar á hrefnu og langreyði.

Flm.: Jón Sæmundur Sigurjónsson, Stefán Guðmundsson, Kristinn Pétursson, Alexander Stefánsson, Halldór Blöndal, Guðni Ágústsson, Matthías Bjarnason, Karvel Pálmason, Guðmundur H. Garðarsson, Jóhann Einvarðsson.

Alþingi ályktar að veiðar á hrefnu og langreyði verði sem fyrst hafnar á ný enda hafa rannsóknir staðfest að stofnar þessara hvala á íslensku hafsvæði eru vel nýtanlegir.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt af meiri hl. sjávarútvegsnefnda beggja deilda. Þess vegna eru formenn nefndanna fyrstu flutningsmenn tillögunnar.

Hvalveiðar í atvinnuskyni hafa legið niðri frá lokum vertíðar árið 1985, en árið 1986 gekk í gildi tímabundið veiðibann samkvæmt ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins og var sú ákvörðun rædd á Alþingi í ársbyrjun 1983. Þörf var talin á verulega auknum rannsóknum til að endurmeta stofnstærðir og veiðiþol hvala hér við land áður en veiðar yrðu leyfðar á ný.

Hafrannsóknastofnuninni var falið að skipuleggja og annast framkvæmd fjögurra ára rannsóknaáætlunar sem einkum beindist að þeim hvalastofnum sem nýttir hafa verið hér á undanförnum áratugum. Þetta eru stofnar hrefnu, sandreyðar og langreyðar. Úttekt vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins á hrefnustofninum lauk á síðasta ári og úttekt á langreyðarstofninum er nýlokið. Gert er ráð fyrir að úttekt á sandreyðarstofninum ljúki á næsta ári.

Niðurstöður rannsókna sýna að bæði langreyður og hrefna þola umtalsverða nýtingu hér við land á komandi árum. Hrefnustofninn á svæðinu Austur-Grænland, Ísland, Jan Mayen er samkvæmt nýjustu upplýsingum um 28.000 dýr, þar af 10.000–15.000 á íslenska strandsvæðinu. Á fundi vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins á sl. ári var samþykkt að stofninn væri á nýtanlegu stigi. Nefndin tók svo til athugunar talningagögn um langreyðar á fundi sínum í Reykjavík í byrjun mars 1991 og ályktaði að á svæðinu Austur-Grænland, Ísland, Jan Mayen væru að sumarlagi um 15.600 langreyðar, þar af milli Grænlands og Íslands og á svæðinu þar fyrir sunnan um 8.900 hvalir. Ljóst er því að veruleg langreyðargengd er hér við land, hvort sem litið er til þess svæðis, sem veitt hefur verið á undanfarna fjóra áratugi, þ.e. við vestanvert landið, eða við austanvert landið þar sem verulegar veiðar voru stundaðar um síðustu aldamót.

Í samræmi við ályktun Alþjóðahvalveiðiráðsins og Alþingis um tímabundna veiðistöðvun atvinnuveiða var þess vænst að heildarúttekt ráðsins lyki árið 1990 og unnt yrði að taka þessa ákvörðun þá til endurskoðunar. Nú þegar þessu starfi er að ljúka eru háværar raddir innan ráðsins um að ekki verði efnt til veiða með samþykki ráðsins, nema búið verði að koma á nýju stjórnunarkerfi fyrir hvalveiðar. Fyrir liggur að slík endurskoðun er enn stutt á veg komin og fyrirsjáanlegt er að ekki komi til veiða næstu árin. Því er brýnt að stjórnvöld tryggi að veiðar geti hafist hið fyrsta, en aðgát sé höfð um að ganga ekki um of á endurnýjunargetu stofnanna.

Sþ. 860. Nefndarálit [103. mál]

um till. til þál. um úrbætur á aðstæðum ungmenna sem flosna upp úr skóla.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið um hana umsagnir frá lögreglustjóranum í Reykjavík, Hagstofu Íslands, foreldrasamtökunum Vímulaus æska, Unglingaheimili ríkisins, landlækni, útideild Félagsmálastofnunar Reykjavíkur og Krýsuvíkursamtökunum. Þá fékk nefndin á sinn fund Þórð Skúlason, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, Ómar Smára Ármannsson, aðstoðaryfirlögregluþjón í forvarnadeild lögreglunnar í Reykjavík, og Harald Finnsson, deildarsérfræðing í menntamálaráðuneytinu.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Nefndin leggur áherslu á að samstarfshópur sá, sem tillagan gerir ráð fyrir að komið verði á fót, hafi samráð um verkefni sitt við fulltrúa barnaverndarnefnda eða barnaverndarráðs, aðila vinnumarkaðarins, útideildir félagsmálastofnana sveitarfélaga, fulltrúa foreldra hlutaðeigandi barna og framkvæmdahóp um málefni miðborgarinnar í Reykjavík sem komið var á fót í ársbyrjun 1990 að frumkvæði lögreglunnar í Reykjavík. Félagsmálanefnd er kunnugt um að áðurgreindur miðborgarhópur hefur rætt hugmyndir um skipan samstarfsnefndar um málefni barna og unglinga á höfuðborgarsvæðinu, en nefndin telur hins vegar að þar sem vandamál ungmenna, sem flosna upp úr skóla, eru ekki bara bundin við höfuðborgarsvæðið, sé eðlilegast að koma á fót samstarfshópi er fjalli um vandamálið fyrir landið í heild.

Alþingi, 5. mars 1991.

Ásgeir Hannes Eiríksson, varaform.	Rannveig Guðmundsdóttir, fundaskr., frsm.	Sólveig Pétursdóttir.
Alexander Stefánsson.	Kristinn Pétursson.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.
	Björn Grétar Sveinsson.	

Sþ. 861. Breytingartillaga [103. mál]

við till. til þál. um úrbætur á aðstæðum ungmenna sem flosna upp úr skóla.

Frá félagsmálanefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að koma á fót samstarfshópi á vegum ráðuneyta og sveitarfélaga til að gera tillögur um samræmdar aðgerðir sem miði að því að aðstoða ungmenni sem flosnað hafa upp úr skóla. Samstarfshópurinn fjalli einnig um sameiginlegar forvarnir gegn þessum vanda.

Samstarfshópurinn verði skipaður fulltrúum tilnefndum af dómsmála-, félagsmála-menntamála- og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, stærstu sveitarfélögunum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Samstarfshópurinn skili niðurstöðum fyrir árslok 1991.

Sþ. **862. Skýrsla** [360. mál]

utanríkisráðherra varðandi stöðu samningaviðræðna Fríverslunarsamtakanna (EFTA) og Evrópubandalagsins (EB) og væntanlega aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, samkvæmt beiðni.

Inngangur

Þeirri skýrslu sem hér er lögð fram samkvæmt ósk á þingskjali 630 er ætlað að gefa stutt yfirlit yfir stöðu helstu mála nú í lok febrúar 1991 í viðræðum EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins um stofnun Evrópsks efnahagssvæðis. Það skal þó undirstrikað að veruleg óvissa ríkir um einstaka þætti. Hugmyndir og tillögur hafa verið lagðar fram en margt af þeim er tengt viðunandi lausn á einum eða fleiri þáttum og ekki síst heildarjafnvægi réttinda og skyldna og jafnvægi í ábata fyrir alla samningsaðila af gerð EES-samnings. Sérhver greinargerð um samningsstöðu takmarkast af alþjóðlegum samskiptareglum um að skýra ekki frá samningsstöðu annarra ríkja sem hlut eiga að máli. Þessi skýrsla er gefin með þeim takmörkunum sem af því leiða.

Í nóvember 1989 var Alþingi gefin skýrsla um öll þau atriði sem samkomulag hafði náðst um milli EFTA-ríkjanna og EB að skyldu verða samningsatriði í EES-samningi. Í október 1990 var Alþingi aftur gefin skýrsla um stöðu samningaviðræðna og alla þá þætti sem reynt skyldi að semja um. Jafnframt var þá gefin út rúmlega þúsund blaðsíðna rit þar sem tilgreindar voru allar samþykktir Evrópubandalagsins sem líklegt þótti að yrðu hluti af EES-samningi og samanburður gerður við íslenska löggjöf. Ýmsar minni háttar breytingar hafa orðið á þessari skrá í samningaviðræðunum undanfarna mánuði og verður svo eflaust áfram þar til viðræðum lýkur. Í öllum grundvallaratriðum stendur skráin þó óbreytt og gefur rétta mynd af samningssviðinu.

Með því að Alþingi er kunnugt um efni framangreindra þriggja rita verður það ekki rakið hér og forðast að endurtaka neitt af því sem þar kom fram nema brýna nauðsyn beri til vegna umfjöllunar um einstaka þætti.

Umfjöllun um þróun mála eftir að skýrsla til Alþingis var lögð fram í október 1990, með þeim takmörkunum sem af trúnaðarskyldu við aðrar samningsþjóðir leiðir, fylgir hér á eftir en fyrst verður svarað sérgreindum spurningum sem settar voru fram á þingskjali 630, ýmist beint eða með tilvísun í ákveðna kafla þessarar skýrslu. Umbeðna greinargerð um samningana í heild, mikilvægustu efnisatriði og breytingar er þau hafa í för með sér, er að finna í framangreindum þremur skýrslum og vísast til þeirra.

I. Svör við tölusettum spurningum á þingskjali 630

1. Vísað er til greinargerða um samninganefndir I og V í þessari skýrslu.
2. Vísað er til greinargerðar um samninganefnd V í þessari skýrslu.
3. Vísað er til greinargerðar um samninganefnd V í þessari skýrslu um umrædda tvo þætti. Sameiginlegir aðilar til að fjalla um túlkun eða framkvæmd umsaminna sameiginlegra leikreglna í alþjóða samstarfi teljast ekki að þjóðarrétti vera yfirþjóðlegt vald. Umræddum atriðum er ætlað að tryggja það að einstakir samningsaðilar túlki ekki sömu reglur hver með sínum hætti og telja EFTA-ríkin sem veikari aðilar í samstarfinu slíka tryggingu frumskilyrði fyrir viðunandi samningi. Sjá nánar greinargerð um samninganefnd V.
4. Vísað er til greinargerðar um samninganefnd V í þessari skýrslu.
5. Evrópubandalagið hefur ekki enn sett fram samningstilboð sitt um aðgang sjávarafurða EFTA-ríkja að mörkuðum bandalagsins. Vitað er að innan þess er sterk andstaða sumra aðildarríkja gegn verulegum tollalækkunum og óskir uppi um veiðiheimildir hjá EFTA-ríkjunum. Af hálfu sumra aðildarríkja EB er litið á aðgang að fiskimiðum EFTA-ríkja sem hluta af framlagi hinna síðarnefndu til jöfnunar lífskjara milli einstakra svæða í Evrópu, ásamt betri aðgangi fyrir suðrænar landbúnaðarafurðir að markaði EFTA-ríkjanna sem og greiðslum í þróunarsjóði fyrir þessi svæði.
   EFTA-ríkin hafna alfarið aðgangi að fiskimiðum fyrir markaðsaðgang en eru reiðubúin að kanna að hvaða marki megi ná jafnvægi í heildarsamningum með bættum markaðsaðgangi fyrir vissar landbúnaðarafurðir og hugsanlega takmörkuðum greiðslum í þróunarsjóð. Af Íslands hálfu hefur því verið lýst yfir að því aðeins náist jafnvægi fyrir það í þessum samningum að markaðsaðgangur verði tryggður fyrir sjávarafurðir.
   Þar eð þessi atriði sem nú hafa verið rakin verða að tryggja það markmið samningsgerðar að allir samningsaðilar hafi hag af henni er þess varla að vænta að endanleg afgreiðsla þeirra verði ljós fyrr en á síðustu stigum þegar fyrir liggur í grófum dráttum samkomulag um þá þætti sem aðrir samningsaðilar telja sig mestu máli skipta og þannig verði unnt að meta hag þeirra af EES-samningi. Þar er ekki aðeins um að ræða flest hin EFTA-ríkin heldur einnig norðurríkin í Evrópubandalaginu.

6.a. Sameiginleg stefna í landbúnaði og sjávarútvegi er ekki til samninga innan EES. Því mun hver samningsaðili um sig, EB og hvert einstakt EFTA-ríki, halda sinni stefnu á þessum sviðum. Fjárfestingar í þessum greinum innan EB eru frjálsar en það frelsi tengist, að mati EFTA-ríkja, sameiginlegu kerfi EB um verðlagningu, styrkjakerfi og fleiri atriðum innan þessara greina sem ekki eiga að koma til samninga innan EES. Þegar af þeirri ástæðu að samkeppnisskilyrði eru ekki jöfn telja EFTA-ríkin ekki grundvöll fyrir því að almennar reglur um fjárfestingar gildi um þessar greinar. Þetta sjónarmið er að sjálfsögðu stutt af Íslandi, sem til viðbótar hefur undirstrikað að hvað sem frekari umræðum um þessi rök líði komi ekki til greina að heimila erlendar fjárfestingar í íslenskum sjávarútvegi og opna þar með bakdyrnar að nýtingu íslenskra náttúruauðlinda. Umræður um þessi atriði eru mjög skammt á veg komnar.

6.b. Varðandi landbúnaðarjarðir eiga við sömu rök og vikið er að í 6.a. hér að framan, þ.e. ekki er ætlunin að koma á sameiginlegri landbúnaðarstefnu. Þessu til viðbótar er verið að kanna hvaða breytingar á íslenskum jarðalögum og ábúðarlögum kunni að vera æskilegar til að tryggja enn frekar íslenska hagsmuni. Fjárfestingar í fasteignum og tilheyrandi lóðarréttindum vegna iðnaðar eða sjálfstætt starfandi einstaklinga hefur hins vegar ekki verið rætt um að takmarka að öðru leyti en því að setja almennt varnagla-

ákvæði er heimili stjórnvöldum að grípa til aðgerða ef umfang þeirra fjárfestinga yrði slíkt að jafnvægi raskaðist í heilum atvinnugreinum eða landshlutum.

6.c. Spurningin um sérstök yfirráð yfir fersku vatni hefur ekki komið upp í EES-viðræðunum. Um virkjanarétt fallvatna er fjallað í lagafrumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi og hið sama gildir um háhita. Í jarðalögum mætti taka á öðrum þáttum þessa máls enda eru yfirráð yfir vatni tengd yfirráðum yfir landi. Enn fremur koma vatnalögin til athugunar í þessu sambandi.

7. Óskað hefur verið eftir nokkurra ára aðlögunartíma fyrir íslenska bankakerfið en að honum loknum væri stofnun og rekstur banka frjáls að uppfylltum almennum EES-reglum á því sviði.

8. Stefnt er að því að samningur liggi fyrir í júní nk. og að formleg undirritun geti farið fram í haust. Slík undirritun verður að sjálfsögðu háð staðfestingu Alþingis.
Texti aðalsamnings, bókana og viðauka verður lagður fyrir Alþingi á haustþingi 1991 í formi frumvarps til laga. Jafnframt verða þá lögð fram frumvörp um nauðsynlegar breytingar á einstökum þáttum í íslenskri löggjöf eða nýja löggjöf um aðra þætti.
Gert er ráð fyrir að þeirri vinnureglu verði fylgt að leitað verði eftir lagastaðfestingu á öllum þeim þáttum EES-samninganna sem venju samkvæmt eru ákveðnir í íslenskri löggjöf en óskað verði heimildar til útgáfu stjórnvaldsreglugerða um þá þætti þar sem slík tilhögun hefur tíðkast, t.d. varðandi tæknileg atriði, eftirlit og daglega stjórnun og fleiri slík atriði.
Stefnt er að því að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið taki gildi 1. janúar 1993. Fyrir þann tíma þarf samningurinn og allar lagabreytingar sem honum tengjast að hafa hlotið fullnaðarafgreiðslu á Alþingi. Jafnframt þurfa reglugerðir og reglugerðarbreytingar að taka gildi ekki síðar en 1. janúar 1993.

II. Nokkur atriði varðandi stöðu samningaviðræðna í lok febrúar 1991

A. Ráðherrafundurinn 19. desember 1990.

Á sameiginlegum fundi ráðherra EFTA-ríkjanna, Evrópubandalagsríkja og fulltrúa í framkvæmdastjórn EB í Brussel hinn 19. desember sl. var staðfestur sá árangur sem náðst hafði í samningaviðræðunum um Evrópska efnahagssvæðið fram að þeim tíma og samningamönnum falið að leita allra leiða til að samningar mættu nást á fyrra helmingi þessa árs.

Sá kafli ráðherrayfirlýsingarinnar, sem um þetta fjallar, fer hér á eftir:

1. „Þeir vísuðu til sameiginlegrar yfirlýsingar frá desember 1989 og ítrekuðu staðfastan pólitískan ásetning sinn um að ljúka víðtækum EES-samningi á jafnréttisgrundvelli sem fyrst. Hann ætti að tryggja gagnkvæma hagsmuni samngsaðilanna að svo miklu leyti sem unnt væri og ná til allra þátta samstarfs þeirra og tryggja jafnvægi í samstarfinu.

Eftir að hafa hlýtt á skýrslur hvors aðila um sig um samningastöðuna lýstu þeir ánægju með þann verulega árangur sem náðst hefur frá því að samningaviðræðum um EES var hleypt af stokkunum 20. júní 1990. Þeir fögnuðu því hversu dregið hefði saman með samningsaðilum um fjölmarga mikilvæga þætti. Þeir viðurkenndu einnig að varðandi önnur mikilvæg atriði hefði samningaviðræðum ekki miðað nægilega áfram og frekari starfs væri þörf. Þeir tóku fram að lokasamþykki hlyti að byggjast á því að viðunandi lausn fengist á öllum atriðum samningsins, jafnt efnisatriðum sem stofnanahliðum. Einnig þyrfti að tryggja heildarjafnvægi réttinda og skyldna innan samningsins.

Þeir lýstu yfir ánægju með að tekist hefur að mestu að afmarka sameiginlega hvaða reglugerðir Evrópubandalagsins eigi að fella inn í EES-samninginn sem sameiginlegan réttargrundvöll fyrir frjáls vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, fjármagnsflutninga og atvinnu- og búseturéttindi. Auk viðeigandi innihalds Rómarsáttmálans eru tilgreindir réttargjörningar alls um 1400 talsins. Enn er starf óunnið við að ljúka afmörkun viðeigandi samþykkta á tilteknum sviðum. Þeir hvöttu samningamenn sína til að leita lausna varðandi þau svið sem enn bíða úrlausnar.

Lögð var áhersla á nauðsyn þess að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði um allt EES. Til þess að ná þessu markmiði ætti að leggja viðeigandi greinar Rómarsáttmálans til grundvallar samkeppnisreglum innan EES og beiting þeirra ætti að tryggja í reynd sama árangur um allt EES. Ráðherrar tóku fram að samningamenn ynnu nú á þeim grundvelli að sett yrði upp sjálfstæð EFTA-stofnun til að beita samkeppnisreglum. Slík stofnun ætti að hafa samsvarandi umboð og hlutverk og framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins. Sérstaklega verður að semja um það hvernig beri að skilgreina hlutverk hvorrar stofnunar um sig, hvernig skipuleggja eigi samstarf þeirra sem og hlutverk úrskurðaraðila.

Varðandi þau vandkvæði sem upp hafa komið varðandi framkvæmd samþykkta Evrópubandalagsins lögðu þeir áherslu á það að stefnt yrði að því að samræma tryggar og strangar verndarkröfur á sviði heilbrigðis-, öryggis- og umhverfisverndar og frjáls vöruviðskipti. Þeir hvöttu samningamenn til þess að leita viðeigandi og raunhæfra lausna með því að taka hvert mál fyrir sérstaklega.

Enn fremur lögðu þeir áherslu á nauðsyn þess að ná frekari árangri á sviði flutninga, atvinnu- og búseturéttinda og fjármagnsflutninga; þeir tóku þó til þess að afstaða EFTA-ríkjanna hefði þróast varðandi mögulega niðurfellingu beiðna um varanlegar undanþágur og tóku einnig fram að tvíhliða samningaviðræður stæðu nú yfir varðandi gegnumflutninga.

Þeir tóku jafnframt fram að verulegur árangur hefði náðst um öryggisákvæði og samningamenn ynnu nú á þeim grundvelli að helstu einkenni slíkra öryggisákvæða ættu að vera eftirtalin: Þeim yrði beitt samkvæmt einhliða ákvörðun en eftir að aðgerðir hafa verið tilkynntar og ræddar með það fyrir augum að finna sameiginlega viðunandi lausn. Aðgerðir á grundvelli öryggisákvæða ættu að vera í samræmi við tilefni þeirra og raska samningi sem minnst. Þær ættu að vera undir eftirliti og heyra undir dómstóla og mögulegt yrði að grípa til viðeigandi gagnaðgerða til að ná aftur jafnvægi samkvæmt svipuðum leiðum. Þeir hvöttu samningamenn til að vinna rösklega að þessum málum.

Þeir tóku fram að á tilteknum sviðum, sem hefðu úrslitaþýðingu fyrir heildarjafnvægi samningsins sem og til þess að tryggja allsherjarjafnvægi milli þess sem hver aðili bæri úr býtum, ættu samningaviðræður enn langt í land. Einkum átti þetta við um sjávarútveg. Einnig þyrfti að ná frekari árangri í landbúnaði.

Varðandi samstarf utan hins fjórþætta frelsis (jaðarverkefni) lögðu þeir áherslu á það að EES-samningur ætti að leggja traustan réttargrunn fyrir víðtækt og kraftmikið samstarf. Einnig ætti hann að stuðla að þróun starfsemi í beggja þágu. Ráðherrar lögðu áherslu á það sameiginlega markmið að halda við, vernda og bæta umhverfið.

Þeir voru ásáttir um það að samningum skyldi haldið áfram að fullum krafti til að kanna aðferðir og leiðir sem gætu dugað til þess að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi milli svæða innan EES til þess að tryggja allsherjarjafnvægi milli þess sem hver samningsaðili bæri úr býtum.

Atriði á borð við stál, orku, undirboðsreglur og upprunareglur krefjast nánari athugunar.

Þeir tóku fram að umtalsverður árangur hefði nú náðst varðandi laga- og stofnanaatriði en minntu á að virða þyrfti að fullu sjálfræði hlutaðeigandi aðila við ákvarðanatöku og að sjá þyrfti fyrir því að sjónarmið þeirra yrðu tekin til greina til þess að auðvelda samkomulag við ákvarðanir varðandi EES.

Samþykkt var að sérfræðingar frá samningsaðilum ættu að fá sömu tækifæri til að leggja sitt af mörkum við undirbúning tillagna EB um nýja löggjöf um EES-málefni. Samningsaðilarnir munu með því að skiptast stöðugt á upplýsingum og ráða ráðum sínum við mótun ákvarðana gera sitt ýtrasta til að komast að sameiginlegri niðurstöðu eftir að málefni hefur verið skilgreint sem EES-málefni. Við mótun ákvarðana verður þeim kleift að taka upp hvað það sem veldur áhyggjum hvenær sem er og á hvaða stigi sem er án þess að valda viðbótartöfum (droit d'évocation – upptökuréttur). Ákvarðanir á EES-stigi yrðu teknar samhljóða, EFTA-ríkin mundu tala einum rómi. Þær yrðu í formi þjóðréttarreglu, ekki er þörf á því að flytja löggjafarvald til EES. Allir samningsaðilar ættu að framkvæma EES reglur þannig að þær komist í raun til framkvæmda á sama tíma um allt EES til þess að tryggja fullt samræmi innan svæðisins. Frekar verður samið um það hvernig bregðast eigi við því ef ekki verður hægt að ná samkomulagi um nýjar EES-reglur.

Þeir lögðu enn fremur áherslu á nauðsyn fulls réttarsamræmis EES-reglna til þess að tryggja að einstaklingar og aðilar atvinnulífsins gætu notið um allt EES-reglna sem skiluðu sama réttarárangri, gætu starfað við sömu skilyrði og notið sömu kjara. Þeir lögðu sérstaka áherslu á það að til þess að ná þessu markmiði hefði það úrslitaþýðingu að tryggja jafnsterkt og áreiðanlegt eftirlit og fullnustu reglna um allt EES með skilvirku EES-eftirlitskerfi og EES-úrskurðaraðila.

Stofnanafyrirkomulag um ákvarðanatöku mun ná til:

EES-ráðs en í því munu sitja meðlimir EB-ráðsins, meðlimir framkvæmdastjórnar EB og ráðherrar EFTA-ríkja, það mun einkum fara með:

- Almenna pólitíska stefnumótun og frumkvæði,
- leggja heildarmat á framkvæmd og þróun samningsins, þ.á m. ef nauðsynlegt reynist að taka upp sérstaklega mál sem veldur áhyggjum (droit d'évocation – upptökuréttur),
- pólitískar ákvarðanir sem gætu leitt af sér breytingar á EES-samningum.

Sameiginleg EES-stofnun mun fara með framkvæmd og rekstur samningsins þ.á m. með ákvarðanir varðandi EES. Þær yrðu teknar samhljóða af EB annars vegar og EFTA-ríkjunum, með einum rómi, hins vegar.

Þeir töldu brýnt að samningamenn sínir gengu frá útistandandi atriðum varðandi víðtækt samkomulag um fyrirkomulag EES-ákvæðanna. Tekið verður tillit til verkefna sem EB-nefndir sinna.

Ráðherrar létu í ljósi þá ósk að EES-samningurinn gæti gengið í gildi 1. janúar 1993. Í ljósi þess að fullgilda þarf samninginn töldu þeir að allt yrði að reyna til þess að undirrita EES-samninginn fyrir sumar 1991. Þeir gáfu samningamönnum þau fyrirmæli að herða samningaviðræður til að svo mætti verða."

B. Samninganefnd I: Vöruviðskipti.

1. Sjávarútvegur.

Veigamestu atriðin sem um er fjallað í þessari samninganefnd eru frá sjónarhóli Íslands að sjálfsögðu tollar og aðrir þættir sem áhrif hafa á aðgang sjávarafurða að evrópskum mörkuðum, m.a. kvótar og tæknileg atriði svo sem heilbrigðisreglur. Vikið er að stöðu viðræðna um tollamálin í svörum við spurningu nr. 5 hér að framan. Sérfræðinganefnd hefur unnið að skoðun á tæknilegum atriðum og verður þeirri vinnu haldið áfram næstu vikur. Jafnframt koma heilbrigðisreglurnar til skoðunar í víðara samhengi þar sem fjallað er almennt um heilbrigðis- og hollustuákvæði varðandi dýr og plöntur.

2. Landbúnaður.

Í undirbúningsviðræðum vegna EES-samninganna var samkomulag um það milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins að ekki skyldi komið á sameiginlegri landbúnaðarstefnu. Hins vegar mætti leita leiða til að greiða frekar fyrir viðskiptum á þessu sviði, m.a. með einhverri samræmingu heilbrigðisreglna, með því að rýmka reglur um viðskipti með iðnaðarvörur unnar úr landbúnaðarhráefnum og auk þess skyldu athugaðir möguleikar á að veita landbúnaðarafurðum, sem sérstakar væru fyrir syðri ríki Evrópubandalagsins greiðari aðgang að mörkuðum EFTA-ríkja og þá sem hluta af heildarjafnvægi í EES-samningi. Enn fremur var það skilningur allra aðila að samningaviðræðurnar um landbúnaðarmál innan GATT myndu hafa veruleg áhrif á þessa samninga.

Hugmyndir Evrópubandalagsins, sem settar voru fram í nóvembermánuði, gengu verulega miklu lengra en EFTA-ríkin höfðu búist við í ljósi könnunarviðræðnanna. M.a. vildi bandalagið semja um niðurfellingu tolla og magntakmarkana í áföngum og víðtæka samræmingu heilbrigðisreglna. EFTA-ríkin töldu að þessar hugmyndir bandalagsins um bættan aðgang fyrir landbúnaðarafurðir með niðurfellingu tolla og magntakmarkana myndu þýða einhliða hagræði fyrir EB vegna þess að landbúnaðarstefna EB gæti áfram gilt óbreytt meðan landbúnaðarstefnu EFTA-ríkja væri ekki síst framfylgt með tollum og magntakmörkum. Þessum hugmyndum var því hafnað sem slíkum en EB boðið að einstök EFTA-ríki gætu rætt tvíhliða við bandalagið um bættan aðgang fyrir fyrst og fremst þær landbúnaðarafurðir, sem aðallega væru framleiddar i suðurhluta bandalagsins (vegna heildarjafnvægis í EES-samningi), e.t.v. fyrir einhverjar fleiri landbúnaðarafurðir og loks fyrir iðnaðarvörur sem framleiddar væru úr landbúnaðarhráefnum. Heilbrigðisreglurnar mætti hins vegar ræða innan heildarramma viðræðnanna enda yrði fullt tillit tekið til sérstakra aðstæðna í einstökum löndum innan EFTA.

Tvíhliða viðræðum EFTA-ríkja við EB um landbúnaðinn hefur miðað skammt á veg enn sem komið er. Af Íslands hálfu hefur öllum viðræðum við EB um landbúnað verið hafnað fyrr en jafnframt verði unnt að ræða fiskimálin.

3. Iðnaðarvörur.

Enginn ágreiningur er um að öll ákvæði EES-samnings skuli ná til iðnaðarvöru skv. köflum 25–97 í tollskránni, eins og er í fríverslunarsamningunum. Stál var þó ekki í samningunum við Efnahagsbandalagið á sínum tíma þar eð það kemur undir valdsvið Kol- og stálbandalagsins. Í EES-viðræðunum er til umræðu að stál komi nú inn í samninginn, en það mál er þó ekki frágengið.

4. Tæknilegar viðskiptahindranir. Strangari kröfur.

Mikill hluti þeirra samþykkta Evrópubandalagsins, sem til samnings eru, fjalla um samræmingu ýmissa krafna sem gerðar eru til eiginleika og merkingar vöru. Lengi vel leit svo út að samræming milli EB og EFTA í þessum málum yrði eitt erfiðasta verkefnið í viðræðunum, einkum vegna þess að EFTA-ríkin töldu við fyrstu skoðun EB-reglna að um sumt veittu þær lakari vernd á sviði hollustu- og umhverfismála en gilti í einu eða fleiri ríkjum EFTA. Nú er komið fram að á mörgum sviðum verða nýjar EB-reglur sem jafna þennan mun gegnar í gildi fyrir 1993. Á öðrum sviðum hefur nánari athugun leitt í ljós að ekki var fyrir hendi sá munur sem talið var í upphafi að væri. Aðeins fáein atriði valda enn erfiðleikum og samningar eru langt komnir um samræmingu þeirra á næstu árum eftir að EES-samningur tæki gildi.

5. Upprunareglur.

Verulegur ágreiningur er enn um ákvæði um það hversu hátt hlutfall í endanlegri vöru þurfi að eiga uppruna sinn í ríkjum EES til að hún njóti tollfríðinda á EES svæðinu. EFTA ríkin vilja einfalda núgildandi reglur og auka þann þátt sem má koma frá vöruþáttum utan EES en bandalagið vill ganga verulega miklu skemur í þeim efnum. Þetta mál er áfram til meðferðar.

6. Samkeppnisreglur.

Samkomulag er um að sömu samkeppnisskilyrði eigi að ríkja á EES-svæðinu varðandi öll atriði sem samningurinn á að taka til. Eftirlitið með framkvæmd þeirra verður væntanlega í höndum framkvæmdastjórnar EB á EB-svæðinu og eftirlitsstofnunar EFTA á EFTA-svæðinu. Hins vegar hefur enn ekki orðið samkomulag um skiptingu eftirlits með samkeppni sem fram fer á báðum svæðum milli þessara tveggja aðila, samstarf þeirra á milli, né um hlutverk dómstóls í deilumálum.

Samkeppnireglunum, sem byggðar verða á Rómarsáttmálanum, er ætlað að tryggja að jöfn samkeppnisskilyrði ríki á EES-svæðinu. Í því skyni er talið afar mikilvægt að eftirlit með framkvæmd reglnanna verði sem best samræmt á öllu svæðinu. Þess vegna hafa EFTA-ríkin, við uppbyggingu eftirlits af þeirra hálfu, talið eðlilegt að taka viðeigandi tillit til þess fyrirkomulags sem ríkir innan framkvæmdastjórnar EB við framkvæmd samkeppnisreglna Rómarsáttmálans. Þetta er þó algjörlega háð því að viðunandi lausn fáist á ýmsum mikilvægum atriðum, þ.á m. á hvaða grundvelli á að ákvarða hvort EB eða EFTA á að annast mál sem koma til umfjöllunar og hvernig háttað verður samvinnu EB- og EFTA-ríkjanna um gagnkvæmar upplýsingar og ráðgjöf um framkvæmd eftirlits almennt og í einstökum málum.

Á þessu stigi er því ekki hægt að gefa endanlegt svar við fyrirspurninni um verkefni og valdsvið EFTA-stofnunar sem ætlað verður að fylgjast með beitingu samkeppnisreglna á EES. Hér á eftir eru hins vegar til upplýsingar nefnd nokkur atriði sem framkvæmdastjórn EB hefur umboð til þess að framkvæma innan bandalagsins á þessu sviði:

- Fylgjast með beitingu samkeppnisreglna.

- Taka við tilkynningum og kvörtunum um samkeppnishömlur frá fyrirtækjum og einstaklingum.
- Hefja rannsóknir á grundvelli tilkynninga eða kvartana um samkeppnishömlur, eða að eigin frumkvæði.
- Óska eftir upplýsingum frá viðkomandi fyrirtækjum. Ef nauðsynlegt þykir, gefa fyrirmæli um að upplýsingarnar skuli veittar, en þá fyrir milligöngu innlendra samkeppnisyfirvalda.
- Fara í eftirlitsferðir, þ.m.t. ferðir án þess að gera boð á undan sér. Neiti fyrirtæki hins vegar að heimila eftirlitsmönnum að koma inn í fyrirtækin, hafa einungis viðkomandi innlend samkeppnisyfirvöld möguleika á að veita heimild til inngöngu.
- Leggja á sektir vegna vanrækslu á að gefa upplýsingar, upplýsingar ekki réttar eða fullnægjandi, eða vegna þess að eftirlitsmönnum er meinaður aðgangur að húsnæði viðkomandi fyrirtækis.
- Taka bráðabirgðaákvarðanir, sem m.a. fela í sér heimildir til að afnema undanþágur frá sektum, ná óformlegum sáttum o.fl.
- Ákvarða hvort tilkynntar samkeppnishömlur brjóti í bága við samkeppnisreglur og veita undanþágur frá reglunum þyki ástæða til.
- Gefa fyrirmæli um að meintu broti skuli hætt og ákvarða sektir ef ástæða þykir til.

7. Ríkisstyrkir.

Samkomulag er í stórum dráttum um samræmdar reglur um ríkisstyrki á þeim sviðum sem samningur nær að fullu til og því ekki á sviði landbúnaðar- og sjávarútvegs. Undir þetta fellur m.a. skilgreining á þeim aðstæðum sem þurfa að vera fyrir hendi til að veita megi byggðastyrki. Dreifðar byggðir á Norðurlöndum koma undir þessa skilgreiningu á svipaðan hátt og þær byggðir EB þar sem mikið atvinnuleysi ríkir eða atvinnutekjur liggja verulega undir meðallagi. Eftirlitið verður í höndum framkvæmdastjórnar innan EB og væntanlega hjá sérstakri eftirlitsstofnun hjá EFTA. Dómstólaþáttur þessa máls er enn óafgreiddur.

8. Opinber innkaup.

Samkomulag er í meginatriðum um samræmdar reglur um opinber innkaup og opinber verkkaup. Eftirlit með aðilum innan EB verður í höndum framkvæmdastjórnar en á vegum sérstakrar eftirlitsstofnunar hjá EFTA. Eins og varðandi ríkisstyrki er dómstólaþátturinn ekki afgreiddur enn sem komið er.

9. Orkumál.

Evrópubandalagið heldur enn fast við að samræmdar reglur um orkumál, einkum varðandi níutíu daga lágmarksbirgðir eldsneytis, séu nauðsynlegar innan EES. EFTA-ríkin telja sig flest hafa tekið á sig nauðsynlegar skuldbindingar innan Alþjóðaorkustofnunarinnar og að skuldbindingar af þessu tagi séu fremur pólitískar en viðskiptalegar. Ef hins vegar eigi að semja um meiri samræmingu þurfi að vera fullt jafnræði milli aðila, m.a. þegar samráð er haft um hvenær beita eigi neyðarákvæðum um orkusparnað. Ísland er ekki aðili að Alþjóðaorkustofnuninni.

C. Samninganefnd II: Fjármagnshreyfingar og þjónustuviðskipti.

Vægi þjónustuviðskipta í þjóðarbúskap flestra ríkja fer nú ört vaxandi og um leið nauðsyn þess að setja um þau skýrar og samræmdar reglur. Það starf er þegar hafið innan GATT en samstarfsmöguleikar eru þó að sjálfsögðu miklu meiri innan EES. Samkvæmt útreikningum EFTA ætti fullt frelsi á þessu sviði að geta bætt 1,6% við þjóðarframleiðslu EFTA-ríkja. Þó

bolmagn íslenskra fyrirtækja á þessu sviði sé minna en erlendra geta þeim opnast umtalsverð tækifæri innan EES. Ber þar fyrst að nefna flutningafyrirtækin sem gætu nýtt ferðir skipa sinna og flugvéla á mun hagstæðari hátt ef þau gætu flutt fólk og varning milli tveggja viðkomustaða á meginlandi Evrópu. Starfsemi ráðgjafarfyrirtækja, t.d. á sviði jarðhita og sjávarútvegs, gæti vaxið fiskur um hrygg. Samkeppnisaðstaða innlendra banka og tryggingafyrirtækja er sterk á Íslandi í skjóli reynslu og þekkingar á aðstæðum. Óvíst er því hvort mörg erlend fyrirtæki teldu eftir einhverju að slægjast á íslenskum markaði en einhver samkeppni gæti þó veitt aðhald.

Það hefur ekki valdið neinum vandkvæðum að samræma reglur um starfsemi banka, lánastofnana og tryggingafélaga, verðbréfasjóða, flutningafyrirtækja, rekstur fjarskipta og annarrar starfsemi sem fellur undir þennan hóp. Í mörgum tilfellum var samræming þegar hafin annað hvort innan OECD, Norðurlanda eða annarra alþjóðastofnana eða þá hreinlega að tekið hefur verið mið af löggjöf nágrannaríkja við endurskoðun löggjafar. Enn fremur er fullt samkomulag um það hvernig haga eigi samráði um efnahags- og gjaldeyrismál. Það hefur hins vegar reynst erfiðara viðureignar að ganga frá því hvernig haga skuli samskiptum við þriðju ríki nema á sviði fjármagnshreyfinga þar sem samkomulag náðist um að allar reglur skyldu gilda almennt ekki aðeins innan EES heldur einnig út á við (erga omnes). Horfur eru góðar á því að það takist að samræma einnig afstöðu til þriðju ríkja hvað varðar starfsemi banka, lánastofnana og annarra fjármagnsfyrirtækja. Þá mundi starfsleyfi til banka, sem gefið er út í einu EES-landi að öðru jöfnu gilda um allt svæðið hvert sem upprunaland bankans er. Þetta yrði þó háð því að upprunaland bankans bjóði samsvarandi kjör. Ísland hefur óskað eftir nokkrum aðlögunartíma eftir 1. janúar 1993 vegna vátrygginga- og bankastarfsemi.

Helsta ágreiningsefni sem upp hefur komið í þessum samningahópi varðar beinar fjárfestingar. Í upphafi vildu EFTA-ríki áskilja sér rétt til að undanskilja vissa lykilþætti atvinnulífs síns frá frjálsum fjárfestingum. Nú er verið að athuga hvort ekki sé hægt að tryggja stöðu EFTA-ríkjanna með því að setja öryggisákvæði í samninginn. Heldur EB því fram að nægilegt mundi reynast að hafa eitt almennt öryggisákvæði. Vísar EB til þess að hverju EFTA-ríki sé í raun frjálst að beita öryggisákvæði samkvæmt einhliða ákvörðun þegar því sýnist. Staða þeirra sé því trygg. Á móti kæmi réttur EB til gagnaðgerða ef öryggisákvæðum er misbeitt. EFTA-ríkin hafa hins vegar talið nauðsynlegt að skrá í samninginn sértæk öryggisákvæði. Austurríki, Sviss og Liechtenstein vilja sérstakt ákvæði sem heimila mundi stjórnvöldum að takmarka fjárfestingar útlendinga í fasteignum. Norðurlöndin innan EFTA, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð, hafa farið fram á að fá sérstakt öryggisákvæði sem heimila mundi takmarkanir á fjárfestingum, jafnt í fyrirtækjum sem fasteignum ef talið væri að þær gætu raskað efnahagslegu jafnvægi eða atvinnuástandi á tilteknu svæði. Loks hefur Liechtenstein viljað takmarka rétt til stofnsetningar fyrirtækja þar. Vikið er að fjárfestingum í sjávarútvegi og landbúnaði í svari við 6. lið í fyrri hluta þessarar skýrslu.

Vöruflutningar bandalagsins um landsvæði Sviss og Austurríkis hafa verið ræddir í tvíhliða viðræðum þessara ríkja og EB en EB hefur gert það ljóst að það geti ekki samþykkt að flutningar verði hluti af EES-samningum nema viðunandi lausn fáist á þessu sviði. Bæði hafa þessi ríki viljað takmarka þungavöruflutninga á þjóðvegum sínum vegna mikillar mengunar sem frá þeim stafar. Lausn er ekki enn fundin á þessu máli.

Það hefur verið staðfest af hálfu Evrópubandalagsins að ríkiseinkaleyfi við nýtingu orkulinda Íslands brjóti ekki í bága við samþykktir EB. Enn fremur hefur það verið staðfest að íslensk stjórnvöld geti gert það að skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis á sviði fjarskiptaþjónustu eða annarrar þjónustu sem notast við símkerfi, að þjónustan sé veitt um allt Ísland en ekki aðeins á höfuðborgarsvæðinu. Við athugun ýmissa annarra tilskipana hefur komið í ljós að sveigjanleiki er talsverður í framkvæmd og unnt að taka tillit til sérstakra aðstæðna.

D. Samninganefnd III: Atvinnu- og búseturéttindi.

Undir þennan málaflokk falla viðamikil og flókin samstarfssvið, t.a.m. almannatrygginga og viðurkenning prófskírteina. Ekki er um efniságreining varðandi þetta að ræða en hins vegar er flókið að ganga svo frá málum að samstarf gangi snurðulaust.

Stærstu vandkvæði sem upp hafa komið varðandi þennan málaflokk eru þær takmarkanir sem Sviss og Liechtenstein hafa viljað setja á möguleika útlendinga á búsetu og atvinnu í þessum löndum. Krafa Íslendinga um öryggisákvæði í þessu sambandi hefur ekki mætt eins mikilli mótspyrnu. Verið er að kanna hvort vandi Sviss og Liechtenstein gæti verið leystur með öryggisákvæði ásamt nokkuð löngum aðlögunartíma fyrir vissa þætti en verulega ber enn á milli.

Enn hefur ekki verið gengið frá reglum er varða aðgang að störfum í opinberri þjónustu og búseturéttindi námsmanna og lífeyrisþega en afstaða bandalagsins á þessu stigi er sú að þeir sem ekki stunda vinnu falli utan við hinn innri markað EES. Ólokið er samningum um einföldun landamæraeftirlits með fólki og mikið starf er enn óunnið við samanburð á reglum almannatrygginga og skilyrðum til gagnkvæmrar viðurkenningar prófa og hæfniskrafna.

E. Samninganefnd IV: Jaðarmálefni.

Samstarf EB-ríkja nær yfir æ víðara svið og tengjast sum verkefnin markaðsmálum aðeins óbeint. Það dregur ekki úr mikilvægi þeirra að pólitískt gildi þeirra er oft jafnvel meira. Á sviði umhverfismála, rannsókna og þróunar, félagslegra réttinda og menntamála er þróttmikið samstarf innan EB og hefur verið tekið sérstaklega fyrir í fjórðu samninganefnd viðræðna hvernig hægt væri að standa að því að veita EFTA-ríkjum aðgang.

Í samninganefnd IV um jaðarmálefni hefur náðst samkomulag um það í aðalatriðum hvaða efnisreglur koma til með að verða grundvöllurinn að samstarfi á þessu sviði. Að því er Ísland varðar hafa engin meiri háttar vandamál komið upp varðandi efni þessara reglna. Eftirfarandi kröfur um sérstaka úrlausn, öryggisákvæði og aðlögunartíma hafa þó verið settar fram.

Í félagarétti hefur Ísland lagt fram ósk um sérstaka úrlausn til að geta beitt verðbólgureikningsskilum þegar aðstæður krefjast þess en skv. efnisreglum EB er ekki gert ráð fyrir að þessari aðferð sé beitt. EB gaf munnlegt svar við þessari beiðni nú nýlega. Var svarið á þá leið að Íslandi yrði heimilt að beita verðbólgureikningsskilum án þess að taka yrði það sérstaklega fram í samningnum. Þar sem EB er ekki enn búið að staðfesta þetta skriflega liggur krafa Íslendinga um að geta beitt verðbólgureikningsskilum enn frammi.

Í félagarétti hafa öll EFTA-ríkin farið fram á almennan aðlögunartíma til að taka EB réttinn inn í landslög. Ísland hefur farið fram á tveggja ára aðlögunartíma í þessu sambandi.

Á sviði umhverfismála nota flest EFTA-ríkin aðra aðferð við veitingu starfsleyfa heldur en EB. Þau vega það og meta í hverju einstöku tilfelli fyrir sig hvort hægt er að gefa út starfsleyfi með tilliti til umhverfisverndar lofts og vatns. EFTA-ríkin hafa farið fram á að það verði samþykkt að þau þurfi ekki að endurskoða gildandi starfsleyfi fyrr en gildistími þeirra rennur út ef þau tryggja að við veitingu nýrra starfsleyfa sjái viðkomandi yfirvöld til þess að lágmarkskröfur EB á þessu sviði verði virtar. Ísland hefur jafnframt farið fram á tveggja ára aðlögunartíma varðandi reglur EB um loft- og vatnsmengun. EB hefur enn ekki gefið formlegt svar við þessari beiðni EFTA-ríkjanna.

Á sviði umhverfismála hafa EFTA-ríkin farið fram á að EB samþykki að þau þurfi ekki að taka upp núgildandi löggjöf EB sem varðar PCB þar sem lögð hefur verið fram tillaga um

nýjar reglur í þessu sambandi innan EB. EFTA-ríkin telja þá tillögu fela í sér betri reglur en núgildandi löggjöf og vilja því beita eigin reglum þar til ný lög hafa tekið gildi innan EB.

Þar sem núgildandi reglur EB um hættulegan úrgang og flutning hans eru að verða úreltar og unnið er að því innan EB að setja nýjar reglur um þetta málefni hafa EFTA-ríkin farið fram á að núgildandi reglur verði ekki hluti af EES-samningnum heldur taki þau upp nýju reglurnar þegar þær hafa verið settar.

Ísland hefur sett fram kröfu um öryggisákvæði varðandi reglur EB um losun litningabreyttra örvera út í umhverfið. Ástæðan fyrir þessu er sú að við viljum geta takmarkað eða komið í veg fyrir notkun eða sölu slíkra örvera á yfirráðasvæði okkar ef vistfræðilegar ástæður krefjast þess. Þessi krafa um öryggisákvæði tengist þátttöku EFTA-ríkjanna í nefndum þar sem það er sérstök nefnd innan EB sem tekur ákvarðanir um það hvort losun örvera er talin heimil eða ekki.

Á sviði hagskýrslna fara flest EFTA-ríkin fyrir fram á almennan aðlögunartíma til 1995 til að aðlaga hagskýrslukerfi ríkjanna að þeim reglum sem gilda innan EB. Á þessu sviði er einnig nokkuð um að farið sé fram á sérstakar úrlausnir eða aðlögunartíma af tæknilegum ástæðum og/eða vegna kostnaðar.

Málefnin sem heyra undir samninganefnd IV tengjast hinu svokallaða fjórfrelsi mismunandi mikið. Í samningaviðræðunum hafa málin þróast á þann hátt að reglurnar sem heyra undir hin mismunandi jaðarmálefni hafa verið flokkaðar í tvo flokka eftir því hvort þær eru taldar tengjast fjórþætta frelsinu eða standa utan þess.

Ljóst er orðið að þær EB-reglur sem eru taldar tengjast fjórþætta frelsinu verða meðhöndlaðar í EES-samningnum með svipuðum hætti og slíkar reglur á sviði annarra samningahópa. Hins vegar eru samningsaðilar þessa dagana að vinna að gerð samningstexta um samstarfið um þær reglur sem standa utan fjórþætta frelsisins. Þessar EB-reglur eru flestar ekki lagalega bindandi innan EB. EFTA-ríkin hafa frá upphafi sótt það fast að samstarfið á sviði jaðarmálefna sem væru utan fjórþætta frelsisins yrði að vera byggt á jafn traustum lagalegum grundvelli í samningnum og annað samstarf sem á honum byggist. EB virtist hins vegar lengi vel ekki vera á sama máli en yfirlýsing ráðherrafundar EFTA-ríkjanna og EB hinn 19. desember sl. tók af allan vafa um að sjónarmið EFTA-ríkjanna varð ofan á þar sem það er skýrt tekið fram í yfirlýsingunni að samstarfið um jaðarmálin eigi að byggja á traustum lagagrunni og vera yfirgripsmikið og framsækið. Við gerð samningstexta á þessu sviði þar sem m.a. verður fjallað um markmiðið með samstarfinu, samstarfsformin o.fl. er auðvitað byggt á þessari yfirlýsingu ráðherranna.

Á sviði félagaréttar eru allar þær EB-reglur sem taldar eru skipta máli hluti af fjórþætta frelsinu.

Í eftirtöldum málaflokkum eru bæði reglur sem tengjast fjórþætta frelsinu og eru utan þess:

- hagskýrslugerð
- umhverfismál
- félagsleg réttindi
- neytendamál.

Þeir málaflokkar þar sem samstarf innan EB byggist eingöngu á reglum sem standa utan fjórþætta frelsisins eru:

- menntamál
- rannsóknir og þróun
- lítil og meðalstór fyrirtæki
- ferðamál.

F. Samninganefnd V: Laga- og stofnanamál.

Sjö samningafundir hafa verið haldnir í samninganefnd V um laga - og stofnanamál frá því formlegir samningar hófust í júlí 1990. Óhætt er að segja að fram að ráðherrayfirlýsingunni 19. desember 1990 hafi miðað frekar hægt að samkomulagi í samninganefnd V þó mikilvægur árangur hafi náðst um uppbyggingu EES-samningsins og tæknileg atriði varðandi yfirtöku á EB-reglum.

Í samninganefndum I–IV hefur nú verið hafist handa við að skrifa viðauka við EES-samninginn á grundvelli tilvísunartækni. Gerðir verða listar yfir þá réttargerninga sem teknir verða upp í samninginn. Einnig verða gerðir listar yfir þær breytingar sem gera þarf til að aðlaga EB textana að EES, þannig að þegar textarnir eru lesnir saman með breytingalistunum mynda þeir EES-reglur. Endanleg svör um mismun á réttaráhrifum tilskipana og reglugerða innan EES hafa ekki fengist frá EB, en EFTA-ríkin ganga út frá að sami greinarmunur verði gerður á tilskipunum og reglugerðum og innan EB.

Í ráðherrayfirlýsingunni 19. desember 1990 náðist samkomulag um meginþætti ákvörðunartöku og þær stofnanir sem snúa að ákvarðanatöku á Evrópska efnahagssvæðinu. Samningamenn voru hvattir til að finna lausnir á öðrum mikilvægum þáttum sem enn eru útistandandi eins og þátttöku í EB nefndum.

Ráðherrarnir lögðu áherslu á lagasamræmi innan EES og að einstaklingar njóti sömu réttinda samkvæmt EES rétti á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Í því sambandi var mikilvægi eftirlits og dómstóls fyrir svæðið ítrekað.

Ákvarðanataka.

Ráðherrarnir samþykktu eftirfarandi þætti fyrir ákvarðanamótun og ákvarðanatöku innan EES.

1. Sérfræðingar fá sömu tækifæri til að leggja sitt af mörkum við undirbúning tillagna EB um nýja löggjöf um EES-málefni.
2. Áður en formlegt samráð hefst verður tekin ákvörðun um hvort tillaga að nýjum reglum varði EES-málefni.
3. Stöðug upplýsinga – og skoðanaskipti verða við mótun ákvarðana og samningsaðilar gera sitt ýtrasta til að komast að sameiginlegri afstöðu.
4. Taka má mál upp ef það veldur áhyggjum hvenær sem er og á hvaða stigi sem er (upptökuréttur).
5. Ákvarðanir innan EES verða teknar samhljóða.
6. EFTA-ríkin tala einum rómi.
7. Ákvarðanir innan EES verða í formi þjóðarréttarreglna, ekki er þörf á að yfirfæra löggjafarvald.
8. EES-reglur ættu að komast til framkvæmda í raun á sama tíma um allt EES-svæðið.

Samkvæmt ráðherrayfirlýsingunni frá 19. desember 1990 mun stofnanafyrirkomulag um ákvarðanatöku vera:

EES-ráð en í því munu sitja ráðherrar EB ríkja, fulltrúar úr framkvæmdastjórn EB og ráðherrar EFTA-ríkja. Hlutverk ráðsins mun einkum vera:

- Almenn pólitísk stefnumótun og frumkvæði
- heildarmat á framkvæmd og þróun samningsins, þ.á m. réttur til að taka upp einstök mál
- pólitískar ákvarðanir sem gætu leitt af sér breytingar á EES-samningnum.

Sameiginleg EES-stofnun mun fara með framkvæmd og rekstur samningsins þ.á m. með formlega ákvarðanatöku EES. Ákvarðanir yrðu teknar samhljóða af EB annars vegar og EFTA-ríkjunum, með einum rómi, hins vegar.

Útfærsla og túlkun á ráðherrayfirlýsingunni eru til umræðu í laga- og stofnananefndinni. Í fyrstu umræðu í janúar virtust samningsaðilar sammála um þá þætti sem varða ákvarðanamótun og rétt EFTA-ríkjanna til að setja fram tillögur að nýjum reglum innan EES.

Í framkvæmd yrði ákvörðunarferillinn líklega þannig að þegar framkvæmdastjórn EB ákveður að kanna grundvöll fyrir tillögu að nýjum reglum hefur hún samband við EFTA vegna sérfræðiráðgjafar. Á fyrsta stigi er rætt við sérfræðinga sem sjálfstæða aðila en ekki sem fulltrúa ríkjanna. Þegar tillaga er send til EB-ráðsins yrði hún send til EFTA sem myndi setja fram sín sjónarmið. Ef mikið ber á milli eða ef annar aðilinn getur ekki tekið tillit til sjónarmiða hins er hægt að taka málið upp hvenær sem er og á hvaða stigi sem er. Tillögur verður því bæði hægt að ræða í sameiginlegu stofnuninni og ef mikið liggur við í EES-ráðinu.

Þegar kemur að sjálfri ákvarðanatökunni eru áherslur samningsaðilanna mismunandi. EB hefur lagt áherslu á að stöðugt sé unnið að sameiginlegri niðurstöðu, en EB-ráðið geti ekki sætt sig við að EB verði formlega bundið af ákvörðunum sem teknar væru innan EES. EFTA-ríkin leggja hins vegar mikla áherslu á tímasetningu ákvarðana innan EB annars vegar og EES hins vegar og að ekki verði hægt að breyta tillögum á síðustu stundu áður en formleg ákvörðun er tekin innan EB án samráðs við aðra samningsaðila.

Annar þáttur sem ekki hefur verið samið um er hverjar verði afleiðingar af því að ekki náist samkomulag innan EES. EB hefur lagt fram tillögur um að ef ekki náist samkomulag um sameiginlegar reglur fyrir EES-svæðið, þá geti samningsaðili sagt upp einhliða einhverjum hluta samningsins sem að hans mati myndi vega upp það ójafnvægi sem skapaðist vegna mismunandi reglna. EB hefur einnig viljað tengja umræðu um uppsögn hluta samningsins við beitingu öryggisákvæða og gagnaðgerða ef þeim er beitt.

Hlutverk þjóðþinga.

Ákvarðanir í sameiginlegri stofnun EES (eða í EES-ráðinu) verða teknar með fyrirvara um samþykki þjóðþinganna. Þegar þjóðþingin hafa gefið samþykki sitt taka reglurnar formlega gildi sem þjóðarréttarreglur. Þær reglur sem eiga að hafa bein réttaráhrif verða þjóðþingin að lögfesta. Stór hluti af þeim reglum sem fjalla um tæknilega þætti og falla undir EES-samninginn eru í dag settar með stjórnvaldsreglugerðum. Breytingar á tæknilegum reglum sem settar verða í stjórnvaldsreglugerðir þarf því ekki að leggja fyrir þingið í hvert skipti sem þeim er breytt. Unnið er að úttekt á því hve stór hluti af EES-reglum það er, sem eðlilegt væri að setja með stjórnvaldsreglugerðum.

Þegar samráð samningsaðila um nýja EES-tillögu hefst er gengið út frá því að allir samningsaðilar vinni að því í góðri trú að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Ákvarðanamótunin innan EES kallar því á samráð á milli þjóðþinganna og fulltrúa stjórnvalda í EES-ákvörðunarferlinum. Þjóðþingin ákveða að sjálfsögðu sjálf hvernig þau kjósa að haga meðferð EES-mála innan þingsins. Ein hugmynd gæti verið að sett yrði á stofn sérstök EES-nefnd sem héldi reglulega fundi til að fjalla um tillögur innan EES og samráð við stjórnvöld. Hugleiða þarf innan tíðar stofnun þingnefndar til að fjalla um hlutverk Alþingis í ákvarðanaferlinum.

Stefnt er að því að auka samstarf EFTA-þingmanna og þingmanna Evrópubandalagsins. Hlutverk slíkrar sameiginlegrar þingmannastofnunar EES verður fyrst og fremst ráðgefandi. Einnig er stefnt að auknu samstarfi hagsmunaaðila en lítið hefur ennþá verið rætt um þátt þingmanna og hagsmunaaðila við EB.

EB-nefndir.

EFTA-ríkin hafa ítrekað kröfur sínar um þátttöku í nefndum EB, þó án þess að taka þátt í atkvæðagreiðslu þeirra nefnda þar sem löggjafarstarf bandalagsins fer fram. EB hefur lagt til að formenn EB-nefnda hefðu samráð við formenn EFTA-nefnda. Meginmarkmið EFTA-ríkjanna eru að sérfræðingar frá aðildarríkjunum hafi tök á að hittast og skiptast á skoðunum. Ákvarðanatakan sjálf gæti farið fram í sameiginlegu EES-stofnuninni eða í EES-ráðinu. EFTA-ríkin vinna nú að nýjum tillögum um þátttöku EFTA-sérfræðinga í EB-nefndum.

Eftirlit.

EFTA-ríkin hafa samþykkt sem vinnureglu að kanna eftirlit á grundvelli svokallaðs tveggja stoða kerfis, þ.e. að framkvæmdastjórn EB sjái um eftirlit innan EB og að sérstök eftirlitsstofnun sjái um eftirlit innan EFTA. Sameiginleg eftirlitsnefnd mundi tengja þessar tvær stofnanir saman. Samningsaðilar hafa lýst því yfir að eftirlitið í EFTA-ríkjunum verði að vera jafn virkt og innan EB. Margir þættir varðandi eftirlitið eru enn óákveðnir enda tengist sjálfstætt eftirlit mörgum öðrum samningsþáttum sem enn eru óleystir eins og t.d. hlutverk EES-dómstóls.

Sjálfstætt eftirlit með aðildarríkjum EB er í höndum framkvæmdastjórnar EB. Framkvæmdastjórnin hefur almennt eftirlit með fullnustu aðildarríkjanna á Rómarsáttmálanum t.d. hvort lög hafa verið sett á grundvelli EB-tilskipunnar á réttum tíma. Uppfylli aðildarríki ekki samningsskyldur sínar skorar framkvæmdastjórnin á aðildarríkið að bæta úr. Geri aðildarríkið það ekki getur framkvæmdastjórnin höfðað mál á hendur aðildarríkinu fyrir dómstól EB. Aðildarríkinu ber að hlíta dómi EB-dómstólsins, þó að engar þvingunarleiðir séu fyrir hendi til að fullnusta dómnum. Á sviði ríkisstyrkja hefur framkvæmdastjórnin sérstakt eftirlitsvald þar sem hún getur m.a. farið fram á stöðvun ríkisstyrkja sem hún telur ekki samræmast reglum bandalagsins. Á sviði samkeppnisreglna er eftirlitsvald framkvæmdastjórnarinnar sérstakt að því leyti að það beinist beint að einstaklingum og fyrirtækjum. Framkvæmdastjórnin hefur m.a. heimild til að rannsaka bókhald fyrirtækja í samvinnu við viðkomandi stjórnvöld, gefa undanþágur frá samkeppnisreglunum og kveða á um sektir sem eru aðfararhæfar í aðildarríkjunum.

Sérfræðingar um samkeppnisreglur fjalla nú um hlutverk eftirlitsstofnana á sviði samkeppnisreglna (sjá kafla um samkeppnisreglur, samninganefnd I). Ef samið verður um að EFTA-eftirlitsstofnun geti kveðið á um sektir eða rannsókn á bókhaldi fyrirtækja verður fullnusta slíkra ákvarðana að vera í höndum þar til bærra yfirvalda í aðildarríkjunum.

Umræða um uppbyggingu sjálfstæðrar EFTA-eftirlitsstofnunar hefur verið mjög takmörkuð innan EFTA. Sérfræðingar hafa talið rétt að ef stofnanauppbygging EES-samningsins kalli á sjálfstætt eftirlit innan EFTA sé eðlilegt að slíkt eftirlit falli undir eina EFTA-stofnun sem færi með eftirlit á fleiri sviðum- Varðandi samsetningu stofnunarinnar telja sérfræðingar að hvert EFTA-ríki ætti að tilnefna fulltrúa í stofnunina en allir sjö aðilarnir þyrftu samþykki allra ríkjanna. Þeir yrðu að vera sjálfstæðir og mættu ekki taka við fyrirmælum frá ríkisstjórnum síns heimalands.

EES-dómstóll.

Í samningaviðræðunum hafa EFTA-ríkin talið að samkomulag væri um að settur yrði upp sameiginlegur EES-dómstóll í tengslum við EB-dómstólinn, sem dæma myndi í deilumálum aðila og tryggja samræmda túlkun EES-reglna í öllum aðildarríkjunum. Í lok janúar 1991 setti EB fram munnlega nýjar hugmyndir um EES-dómstól sem náðu mun skemur en áður hafði verið rætt um. Hugmyndirnar voru settar fram sem vinnutillögur þar sem lítið ráðrúm hafði

gefist til að ræða við aðildarríki EB. Hugmyndir EB voru síðan settar fram skriflega 19. febrúar 1991 eftir að aðildarríkin höfðu komið að breytingum.

Tillögur EB um dómstólinn fela í stuttu máli í sér að deilumál aðila að EES verði fyrst og fremst að leysa á pólitískum vettvangi í sameiginlegum stofnunum EES. Hins vegar verði hægt ef nauðsyn krefji að leggja fyrir EES-dómstólinn spurningar um túlkun á þeim ákvæðum samningsins sem liggja til grundvallar í deilumálinu. Tillögur EB gera ráð fyrir að komið verði á kerfi sem heimilar dómstólum í aðildarríkjunum að leita eftir forúrskurðum um túlkun EES reglna til EES-dómstólsins með þeim skilyrðum að EFTA-ríkin tryggi bein réttaráhrif og forgang EES-reglnanna gagnvart landslögum. EB hefur haldið því fram að ekkert gagn sé í forúrskurðarkerfinu ef dómarar í EFTA-ríkjunum geti dæmt eftir lögum sem ganga þvert á EES-reglurnar þrátt fyrir forúrskurð EES-dómstólsins.

EFTA-ríkin hafa talið forúrskurðarkerfi nauðsynlegt til að tryggja samræmda framkvæmd samningsins. Þau hafa jafnframt bent á að í þeim EFTA-ríkjum þar sem lögfesta þarf EES-reglurnar til að þær öðlist bein réttaráhrif verði gengið úr skugga um við nýja lagasetningu að hún brjóti ekki í bága við þjóðaréttarskuldbindingar viðkomandi ríkis. EFTA-ríkin hafa bent á að hægt sé við lögfestingu samningsins að setja ákvæði sem kveður á um að EES-reglur gildi sem sérreglur gagnvart öðrum lögum. Til athugunar er hvort EFTA-ríkin samþykki að setja slíkt ákvæði í samninginn sjálfan. EB hefur hins vegar verið bent á að ekki sé hægt að koma í veg fyrir að þjóðþingin setji reglur sem brjóta í bága við EES-reglurnar, ef það er skýr vilji þinganna. EB hefur krafist frekari skýringa um kerfi EFTA-ríkjanna áður en það gerir upp hug sinn um forúrskurði.

Margir aðrir þættir varðandi verksvið dómstólsins eru enn opnir. Má þar m.a. nefna hverjir geti átt aðild að dómsmálum og í hvaða formi niðurstöður dómsins verði. Einnig á eftir að semja um tengsl EB-dómstólsins við EES-dómstólinn. EFTA-ríkin hafa sett að skilyrði um að einn dómari verði frá hverju EFTA-ríki. Hins vegar telja þau ekki nauðsynlegt að allir EFTA-dómararnir sitji í öllum málum sem koma fyrir dómstólinn.

Samkomulag um dómstólaþáttinn er forsenda margra annarra samningsþátta t.d. um hlutverk eftirlitsstofnunnar á sviði samkeppnisreglna.

Yfirþjóðlegt eða samþjóðlegt vald.

Margar mismunandi kenningar eru til um hvernig eigi að skilgreina „yfirþjóðlegt vald," sem þó í flestum tilfellum er samþjóðlegt vald. Sumir fræðimenn telja að í starfi allra alþjóðastofnana felist einhverjir þættir yfirþjóðlegs valds á meðan aðrir telja að engin starfandi alþjóðastofnun uppfylli öll skilyrði þess að geta talist yfirþjóðleg stofnun. Það fer því eftir því hvað notendur hugtaksins eiga við hvort hugmyndir um eftirlit og dómstól á Evrópska efnahagssvæðinu eru samræmanlegar afneitun á yfirþjóðlegu valdi. Það er hins vegar rétt að benda á þá þætti sem kalla á samstarf samningsaðilanna við stjórnun á svæðinu og ástæða er til að skoða í ljósi íslensku stjórnarskrárinnar.

Markmiðið með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er að koma á einum innri markaði allra EFTA-ríkjanna og EB sem byggir á sömu eða samræmdum reglum um allt svæðið. Innan EB eru ákvarðanir um nýjar reglur í mörgum tilvikum teknar með meirihluta-ákvörðunum sem hafa bein réttaráhrif í aðildarríkjunum. Ákvarðanir innan EFTA eru teknar með samhljóða samþykki allra aðildarríkja þess. Innan EES verða ákvarðanir einnig teknar *samhljóða*. Reglurnar fá ekki bein réttaráhrif, þ.e. þær gilda ekki gagnvart einstaklingum nema þjóðþingin hafi lögfest þær eða veitt stjórnvöldum heimild til að setja reglurnar t.d. með reglugerðum.

Samræmd framkvæmd og túlkun á EES-reglunum í öllum aðildarríkjunum er forsenda þess að markmiðum samningsins verði náð. Ljóst er að samningsaðili sem samið hefur um að

beita sameiginlegum reglum í samskiptum við aðra samningsaðila getur ekki einn ráðið ferðinni við túlkun reglnanna. Sameiginlegar stofnanir samningsaðilanna eru óhjákvæmilegar til eftirlits. Ef samið verður um sameiginlegar samkeppnisreglur sem gilda í viðskiptum á milli einstaklinga og fyrirtækja yfir landamæri ríkja beinist eftirlitið að viðskiptaaðilunum sjálfum. Í samningaviðræðum um sjálfstætt eftirlit með sameiginlegum samkeppnisreglum hafa EFTA-ríkin gengið út frá að ákvörðunum eftirlitsstofnunar sem beinist að einstaklingi eða fyrirtæki sem gerst hefur brotlegt verði ekki hægt að fullnægja nema fyrir atbeina þar til bærra stjórnvalda í aðildarríkjunum.

Ekki hefur enn verið samið um hlutverk EES-dómstóls. EFTA-ríkin hafa sóst eftir að komið verði á forúrskurðarkerfi, sem gerir ráð fyrir að dómstólar í aðildarríkjunum fái úrskurð EES-dómstólsins um álitamál um túlkun á EES-reglunum. Innan EB er dómstólum í aðildarríkjunum skylt að fara eftir slíkum úrskurðum en landsdómstólarnir ákveða sjálfir hvort reglunum verði beitt um málsatvik í málinu.

Forúrskurðirnir fjalla um túlkun á þjóðarréttarskuldbindingum innan EES en samkvæmt íslenskum rétti ber að túlka íslensk lög í samræmi við þjóðarréttarskuldbindingar. EES-dómstóllinn yrði ekki æðri dómstólum í aðildarríkjunum. Forúrskurðarkerfið byggir hins vegar á samstarfi EES-dómstólsins og landsdómstóla. Fari landsdómstóll ekki eftir túlkun EES-dómstólsins í málinu þá gildir niðurstaða landsdómsstólsins gagnvart aðilum málsins.

Mörg fordæmi eru til í þjóðarréttarsamningum sem Alþingi hefur fullgilt sem fela í sér sambærileg dæmi um viðurkenningu á aðfararhæfi sekta og annarra ákvarðana stjórnvalda og dóma í öðrum ríkjum. (Sjá t.d. lög nr. 30/1932 um Norðurlandasamning um viðurkenningu dóma, lög nr. 111/1972 um aðstoð í skattamálum, lög nr. 93/1962 um innheimtu meðlaga.) Íslendingar hafa einnig samþykkt lögsögu alþjóðadómstóla undir þeim sáttmálum sem þeir eru aðilar að, sbr. t.d. Mannréttindadómstól Evrópuráðsins. Íslenska stjórnarskráin hefur eins og framangreind dæmi bera með sér verið túlkuð með tilliti til aukins samstarfs þjóða og þróunar á alþjóðavettvangi. Telja verður að þær hugmyndir sem varða valdssvið sameiginlegra stofnana á Evrópska efnahagssvæðinu falli innan ramma stjórnarskrárinnar eins og hún hefur verið túlkuð fram að þessu.

Í þessu sambandi má hins vegar benda á að ef litið er til þróunar alþjóðamála almennt má vænta aukinnar þátttöku Íslands í samvinnu þjóða á fjölmörgum sviðum efnahagsmála, menningarmála, mannréttindamála og ekki síst umhverfismála. Í ljósi þessarar þróunar er full ástæða til að kanna þörf á nýju ákvæði í stjórnarskrána sem kveði skýrt á um heimildir til þátttöku í alþjóðasamstarfi.

Öryggisákvæði:

Ráðherrar urðu sammála um helstu einkenni öryggisákvæða í EES-samningnum 19. desember 1990. Í yfirlýsingu þeirra kemur fram eftirfarandi:

1. Öryggisákvæðunum verði beitt samkvæmt einhliða ákvörðun þess samningsaðila sem til þeirra vill grípa.
2. Tilkynna eigi aðgerðir.
3. Samráð fari fram með því markmiði að finna sameiginlega viðunandi lausn.
4. Aðgerðir á grundvelli öryggisákvæða eiga að vera í samræmi við tilefni þeirra og raska samningi sem minnst.
5. Aðgerðir eiga að vera undir eftirliti.
6. Öryggisákvæðin heyra undir dómstóla, þ.e. hvort sú staða hafi komið upp sem heimilar beitingu öryggisákvæðis.
7. Mögulegt verður að grípa til jafngildra (proportionate) gagnaðgerða til að ná aftur jafnvægi samkvæmt svipuðum leiðum.

Við nánari útfærslu á framangreindum atriðum hafa EFTA-ríkin lagt til að fyrirhugaðar aðgerðir (og síðar aðgerðirnar sjálfar) verði tilkynntar til sameiginlegu EES-stofnunarinnar, þar sem samráð fari fram. Einnig verði aðilar að gefa nægilegar upplýsingar um aðstæður.

Varðandi gildissvið útiloka EFTA-ríkin ekki að sams konar framkvæmd geti átt við um önnur öryggisákvæði en þau sem varða sérstök vandamál þar sem annars þyrfti varanlegar undanþágur. EB vill hins vegar notast við almennt öryggisákvæði.

Varðandi gagnaðgerðir telja EFTA-ríkin að meginreglan eigi að verða sú að þær séu á sama sviði og þær aðgerðir sem upphaflega er beitt á grundvelli öryggisákvæðanna. Hins vegar væri ekki útilokað að beita aðgerðum á öðrum sviðum. EB telur hins vegar að gagnaðgerðir geti ekki verið takmarkaðar við ákveðin svið.

Nd. 863. Frumvarp til laga [230. mál]

um samvinnufélög.

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. mars.)

Samhljóða þskj. 331 með þessum breytingum:

44. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er að ákveða hömlur á viðskiptum með hluti í B-deild stofnsjóðs eða með samvinnuhlutabréf.

Um framsal og veðsetningu samvinnuhlutabréfa gilda venjulegar reglur um viðskiptabréf nema annað sé tekið skýrt fram í bréfinu.

Samvinnufélag má aldrei eiga lengur en þrjá mánuði meira en 10% af hlutum eigin B-deildar stofnsjóðs. Eignist félagið meira af slíkum hlutum, svo sem með kaupum eða fyrir annað framsal, skal það hafa selt hlutina þannig að lögmæltu marki sé náð innan þriggja mánaða.

Nú eignast dótturfélag samvinnufélags hluti í móðurfélaginu, eða tekur þá að veði, og eiga þá ákvæði 3. mgr. við.

Samvinnufélagi er óheimilt að taka eigin samvinnuhlutabréf að veði til tryggingar lánum til eigenda slíkra bréfa.

Engin félagsréttindi fylgja eign félagsins í B-deild stofnsjóðs.

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

Samvinnufélög og samvinnusambönd, sem starfandi eru við gildistöku laga þessara, skulu hafa breytt samþykktum sínum í samræmi við ákvæði laganna í síðasta lagi 1. janúar 1993 og skulu þau um leið fullnægja tilkynningarskyldu til samvinnufélagaskrár.

Viðskiptaráðherra skal eftir setningu laga þessara skipa nefnd sem hafi það hlutverk að gera tillögur um framtíðarskipan innlánsdeilda samvinnufélaga. Skal nefndin skila áliti í síðasta lagi 1. júlí 1992. Jafnframt skal nefndin gera tillögur um þær lagabreytingar sem nauðsynlegar kunna að verða til þess að fella reglur um rekstur innlánsdeilda að almennum reglum sem gilda um aðrar innlánsstofnanir og jafnframt taka tillit til sérstöðu starfandi innlánsdeilda og þýðingar þeirra fyrir hlutaðeigandi samvinnufélög.

Sþ. 864. Þingsályktun [74. mál]

um aukinn þátt bænda í landgræðslu- og skógræktarstarfi.

(Afgreidd frá Sþ. 11. mars.)

Samhljóða þskj. 76.

Sþ. 865. Þingsályktun [243. mál]

um áætlun um uppsetningu vegriða.

(Afgreidd frá Sþ. 11. mars.)

Samhljóða þskj. 357.

Sþ. 866. Tillaga til þingsályktunar [456. mál]

um nýja stefnu í byggðamálum.

Flm.: Þorsteinn Pálsson, Matthías Bjarnason, Egill Jónsson, Hreggviður Jónsson, Halldór Blöndal, Pálmi Jónsson, Friðjón Þórðarson, Matthías Á. Mathiesen, Salome Þorkelsdóttir, Guðmundur H. Garðarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir framkvæmd nýrrar byggðastefnu sem hafi eftirfarandi meginmarkmið:

— Að þróun landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis verði sem jöfnust og hagkvæmust fyrir þjóðarheildina.
— Að atvinnulífi í landinu verði búin eðlileg rekstrarskilyrði svo að fyrirtæki geti skilað arði. Iðnaður og þjónustugreinar dafni á landsbyggðinni við hlið sjávarútvegs og landbúnaðar.
— Að vaxtarsvæði á landsbyggðinni eflist, en með því hugtaki er átt við þéttbýlisstaði og sveitir sem tengjast með daglegum öruggum samgöngum og myndi samfelld atvinnu- og þjónustusvæði.

Þessum markmiðum verði náð með því að hvetja til frumkvæðis og framtaks einstaklinga og frjálsra félagasamtaka með almennum aðgerðum sem taki mið af breytingum sem orðið hafa og eru fyrirsjáanlegar í atvinnumálum, félags- og menningarmálum þjóðarinnar.

Áhersla verði lögð á eftirfarandi aðgerðir til jöfnunar byggðarþróunar og aðstöðu manna til búsetu í landinu:

1. Löggjöf um Byggðastofnun verði endurskoðuð og breytt þannig að aukin áhersla verði í starfi hennar á atvinnu- og byggðarþróun, m.a. eflingu vaxtarsvæða. Stofnunin geri Alþingi árlega grein fyrir ástandi og horfum í byggðamálum og áherslum sem hún telur þurfa í stjórn landsins til þess að ofangreind markmið náist um hagkvæma þróun byggðar í landinu.
2. Á sviði samgangna verði lögð áhersla á að stækka og efla vaxtarsvæðin á landsbyggðinni svo að sem flestir geti sótt daglega þjónustu innan þeirra þannig að atvinnulíf á svæðinu eflist. Lokið verði við lagningu hringvegar.
3. Fiskveiðistefna hafi það meginmarkmið að hvetja þegar lengra er litið til hagkvæmni í útgerð, aukins aflaverðmætis og minni tilkostnaðar.
4. Skilyrði til aukinnar úrvinnslu sjávarafla í landinu verði bætt. Í því skyni verði lögð áhersla á niðurfellingu tolla og jafna samkeppnisstöðu íslensks sjávarútvegs í samningum við Evrópubandalagið.
5. Leitast verði við að beita þeim framleiðslutakmörkunum í landbúnaði sem talin er

þörf á þannig að hagkvæmni aukist. Jafnframt verði lögð áhersla á að nýta kosti landsins og ómengaða náttúru þess til fjölbreyttrar framleiðslu og þjónustustarfa í þeim tilgangi að treysta byggðina.

6. Sérstakt átak verði gert til nýsköpunar og þróunar í atvinnulífi á landsbyggðinni með áherslu á uppbyggingu iðnaðar og þjónustugreina við hlið sjávarútvegs og landbúnaðar. Þetta verði gert á vaxtarsvæðum þar sem þéttbýlisstaðir og sveitir tengjast með daglegum samgöngum. Fyrirtækjum í þessum greinum verði gefinn kostur á eðlilegri lánafyrirgreiðslu og áhættufjármagni þannig að sem líkust aðstaða verði til að reka þessi fyrirtæki hvar sem er á landinu. Veitt verði fjármagni til endurskipulagningar, hagræðingar og samruna fyrirtækja á landsbyggðinni þar sem það er talið hagkvæmt.

7. Hvatt verði til stofnunar eða eflingar samtaka heimaaðila á framangreindum vaxtar- eða atvinnuþróunarsvæðum með þátttöku stofnana atvinnuveganna og fleiri sem láta sig varða þróun atvinnulífs á viðkomandi svæði. Þessum samtökum heimaaðila verði ætlað að hafa frumkvæði að atvinnuþróunarstarfi og nýsköpun í atvinnulífi og að styðja framtak einstaklinga og frjálsra félagasamtaka í þeim efnum.

8. Sérstök athugun verði gerð á skattheimtu af samgöngum með það fyrir augum að lækka kostnað við rekstur samgöngutækja.

9. Í tengslum við samgöngubætur og þróun vaxtarsvæða verði gerðar landshlutaáætlanir um opinberar framkvæmdir sem hafi það að markmiði að heildarkostnaður við að veita fólki sem besta heilbrigðisþjónustu, almenna menntun o.s.frv. verði sem minnstur fyrir þjóðfélagið.

10. Stórfyrirtækjum, sem opinberir aðilar semja um eða eru í meirihlutaeign ríkisins, verði valinn staður á vaxtarsvæðum landsbyggðarinnar, enda séu áhrif af staðarvalinu á hagkvæma byggðarþróun talin réttlæta það val.

11. Starfsemi opinberra stofnana verði í vaxandi mæli færð út til vaxtarsvæða landsbyggðarinnar, enda sé það talið hagkvæmt vegna þróunar byggðar.

12. Til þess að tryggja sjálfseignarstefnuna í húsnæðismálum á landinu öllu verður að draga úr áhættu og ótta fólks við að fjárfesta í eigin íbúðarhúsnæði á landsbyggðinni. Leitað verði leiða til þess að húsnæðisskortur standi ekki vexti byggðarlaga þar fyrir þrifum.

13. Hvatt verði til aukinnar frjálsrar samvinnu og samruna sveitarfélaga, verkefni þeirra aukin og tekjur til þess að valda þeim.

14. Sérstaklega verði hlúð að menningar- og listastarfsemi á landsbyggðinni. Fjölbrautanám og annað framhaldsnám á vaxtarsvæðunum verði eflt og þjónusta við aldraða aukin.

15. Endurskipulagningu raforkukerfis verði hraðað í þeim tilgangi að draga úr verðmismun á raforku eftir landsvæðum. Skipulag símgjaldssvæða miði að sama marki.

Greinargerð.

Þessi þingsályktunartillaga, sem þingmenn Sjálfstæðisflokksins flytja, er byggð á mörkun nýrrar stefnu flokksins í byggðamálum. Meginmarkmið hennar er að vaxtarsvæði á landsbyggðinni eflist, iðnaður og þjónustugreinar dafni þar við hlið sjávarútvegs og landbúnaðar og að fólksfjölgun verði sem jöfnust þar í heild eins og á höfuðborgarsvæðinu.

Með þessum tillöguflutningi vilja flutningsmenn árétta og undirstrika það frumkvæði sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur tekið í stefnumótun á sviði byggðamála undanfarin ár.

Á síðustu landsfundum flokksins hafa verið samþykktar hliðstæðar ályktanir og felast í þessari tillögu. Sú samþykkt var gerð í framhaldi af starfi nefnda á vegum flokksins að mótun þeirrar stefnu sem hér kemur fram.

Tilgangurinn með flutningi tillögunnar er að efna til umræðna um byggðamál bæði á Alþingi og meðal almennings í ljósi nýrra þjóðfélagsaðstæðna. Það er von flutningsmanna að sem flestir innan þings og utan geti tekið undir þau grundvallarsjónarmið sem hér koma fram, enda þótt pólitískur ágreiningur verði alltaf eðli málsins samkvæmt um leiðir að þeim markmiðum sem menn eru sammála um að keppa að.

Grunnur hinnar nýju byggðastefnu Sjálfstæðisflokksins er að hún borgar sig fyrir þjóðina í heild. Hún er hagkvæm fyrir landsbyggðarfólk og höfuðborgarbúa. Hún byggist á því að nýta vel og á hagkvæman hátt auðlindir og mannvirki þjóðarinnar á landsbyggðinni og draga úr kostnaði sem hlýst af miklum flutningum fólks til höfuðborgarsvæðisins.

Um árabil hafa raunverulegar tekjur þjóðarinnar staðið í stað og lífskjör versnað á sama tíma og velmegun hefur aukist í nágrannalöndum. Þetta er kjarni þess almenna vanda sem íslensk stjórnvöld þurfa að taka á næstu árin. Snúa þarf vörn í sókn á sem flestum sviðum þjóðlífsins þannig að lífskjör batni og verði sambærileg við þau kjör sem best gerast erlendis. Það er forsenda fyrir grósku og fyrir vali ungs og vel menntaðs fólks á búsetu í landinu að vel takist til í þessu átaki þjóðarinnar.

Flutningsmenn leggja áherslu á að eitt grundvallaratriði sóknar þjóðarinnar frá stöðnun til betri kjara er hagkvæm byggðastefna. Þar kemur margt til. Mestu skiptir þó að útflutningsframleiðsla þarf að aukast svo um munar. Til þess þarf atvinnuumhverfi sjávarútvegsins að batna verulega. Fólksfækkun í heilum landshlutum eða á landsbyggðinni í heild, eins og stefnir í að öllu óbreyttu, stuðlar augljóslega ekki að því. Alhliða gróska í atvinnulífi á vaxtarsvæðum landsbyggðarinnar mundi á hinn bóginn skapa sjávarútveginum allt annað og hagkvæmara starfsumhverfi sem skilaði sér beint og óbeint í auknum arði fyrir þjóðarbúið.

Miklar deilur hafa oft risið milli landsbyggðarfólks og höfuðborgarbúa um byggðamál og byggðastefnu. Stundum hefur gengið svo langt að menn hafa talað um að gjá sé að myndast milli þessa fólks í landinu eftir búsetu. Sumir stjórnmálaflokkar hafa beinlínis nærst á því að ala á þessari tortryggni, úlfúð og oft á tíðum hatrömmu illdeilum.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur varað við slíkum vinnubrögðum. Hann telur þvert á móti brýnt að auka skilning höfuðborgarbúa og landsbyggðarfólks á sameiginlegum hagsmunum sínum eins og fram kemur í mótun þeirrar byggðastefnu sem felst í þessari tillögu. Hún er í þeim anda sáttar sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur beitt sér fyrir á öðrum sviðum þjóðmálabaráttu. Þar má minna á kjörorð flokksins: Stétt með stétt sem sannað hefur gildi sitt í skóla reynslunnar.

Þegar Sjálfstæðisflokkurinn hafði á hendi forustu í ríkisstjórn 1987–1988 var brydd að upp á nýjung í vinnubrögðum um stefnumótun í byggðamálum. Páverandi forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins óskaði eftir sérstakri úttekt Byggðastofnunar í mars 1988 á ástandi og horfum í byggðamálum. Tilefnið var einkum miklir og vaxandi flutningar fólks frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins, erfiðleikar í sjávarútvegi og landbúnaði og vaxandi spenna milli íbúa í strjálbýli og þéttbýli.

Markmiðið með úttektinni var auðvitað ekki síst að stjórnvöld gætu á grundvelli fræðilegra upplýsinga endurmetið stefnuna á þessu mikilvæga sviði.

Starfshópur á vegum Byggðastofnunar vann að þessu verki. Í ársbyrjun 1989 var

stjórnmálasamtökum, sem áttu fulltrúa á Alþingi, gerð grein fyrir niðurstöðum þessarar úttektar, svo og tillögudrögum um ný markmið og leiðir í byggðamálum.

Byggðastofnun sendi 16. apríl 1989 Steingrími Hermannssyni forsætisráðherra skýrslu þessa starfshóps sem nefnd var *Endurmat byggðastefnu*. Í skýrslunni var gerð grein fyrir ástandi og horfum í byggðamálum sem taldar voru ískyggilegar og óhagkvæmar fyrir þjóðarbúið ef ekki yrði við brugðist. Þá var einnig gerð grein fyrir því hverju þyrfti í höfuðdráttum að breyta frá fyrri stefnu í byggðamálum og hvaða áherslur væru vænlegar til þess að ná mikilvægum markmiðum sem teljast yrðu hagkvæm fyrir þjóðarheildina.

Af hálfu ríkisstjórnarinnar fengust á hinn bóginn ekki nein viðbrögð við þessu stefnumótandi starfi Byggðastofnunar. Pólitísk umfjöllun Alþingis og ríkisstjórnar hefur því ekki átt sér stað í kjölfarið eins og eðlilegt og sjálfsagt hefði verið.

Um síðir skipaði forsætisráðherra í janúar 1990 sérstaka byggðanefnd. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar tilnefndir af öllum stjórnmálasamtökum á Alþingi. Á grundvelli stefnumótunar í áðurnefndri skýrslu um *Endurmat byggðastefnu* hefur þessi byggðanefnd stjórnmálaflokkanna skilað af sér sérstökum tillögum um eflingu þróunarstarfs í þágu atvinnuvega á landsbyggðinni, en hún var sammála um brýna nauðsyn þeirra aðgerða. Því miður urðu viðbrögð ríkisstjórnar og Alþingis við þessum tillögum þau að ekki voru ætlaðar sérstakar fjárveitingar til þessa þróunarstarfs á fjárlögum í ár, sem Byggðastofnun hafði sótt um í þessu skyni.

Þá hefur þessi nefnd fulltrúa stjórnmálaflokkanna samið frumvarp til laga sem felur í sér þær breytingar á lögum um Byggðastofnun að gerð verði stefnumótandi byggðaáætlun sem undirbúin verði faglega af Byggðastofnun, en komi til umræðu og afgreiðslu á Alþingi og í ríkisstjórn. Með frumvarpi byggðanefndarinnar er í raun tekið undir og áréttuð sú staðreynd að undanfarið hafi skort á stefnumótun ríkisstjórnarinnar og Alþingis í byggðamálum í kjölfar áðurnefndrar úttektar.


Í stefnumótunarstarfi byggðanefnda og landsfundar Sjálfstæðisflokksins hefur verið stuðst við ýmsar upplýsingar úr úttekt Byggðastofnunar sem stjórnmálaflokkarnir fengu í hendur á sínum tíma. Þá er að finna í þessari greinargerð nýrri upplýsingar um ástand og horfur í byggðamálum sem Byggðastofnun hefur góðfúslega látið í té.

Byggðarþróun í fortíð og framtíð.

1. Fortíðin.

Á þessari öld hafa átt sér stað miklir fólksflutningar frá strjálbýli til þéttbýlis og sér í lagi almennt frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Á áratugnum 1970 til 1980 var tímabundið jafnvægi í fólksflutningum hér innan lands. Þetta stafaði fyrst og fremst af útfærslu landhelginnar í 200 mílur, mikilli fjárfestingu í sjávarútvegi, raunar landbúnaði einnig, og þjónustumannvirkjum á landsbyggðinni. Eftir 1980 fór þetta að breytast og hafa fólksflutningar til höfuðborgarsvæðisins af landsbyggðinni verið miklir og sum árin meiri en áður hefur þekkst. Þetta kemur fram á meðfylgjandi mynd.

Mynd 1.


LANDSBYGGÐ
Búferlaflutningar 1971-1990 innanlands
400
200
0
-200
-400
-600
-800
-1000
-1200
-1400
-1600
71 72 73 74 75 76 77 78 79 80 81 82 83 84 85 86 87 88 89 90
tölur fyrir 1990 eru áætlaðar

Þessi þróun hefur oftast verið rædd einhliða sem *vandi landsbyggðarinnar*. Augljóst er að þar er hætta á vannýtingu mannvirkja og auðlinda, stöðnun og jafnvel eyðingu lífvænlegra byggða sem eru og verða mikilvægar fyrir hagkvæman rekstur útflutningsframleiðslunnar.

Á hinn bóginn vill gleymast að þessir fólksflutningar voru áður fyrr beinlínis forsenda þess að höfuðborgin yrði sem fyrst öflug miðstöð sífellt fjölþættara atvinnulífs, menningar, lista og hvers konar þjónustu sem nútímafólk krefst. Enginn vafi er á því að margir Íslendingar hefðu flust úr landi og haslað sér völl erlendis ef gróandi og öflugrar höfuðborgar hefði ekki snemma notið við í þjóðfélagsumbyltingum aldarinnar.

Nú er þessi tími liðinn. Höfuðborgin er orðin öflug og gegnir hlutverki sínu með reisn. Enga svipaða nauðsyn ber því til í næstu framtíð að þar verði ör fólksfjölgun eins og varð fyrri áratugi. Að þessu leyti hafa orðið þáttaskil hér á landi. Miklir flutningar fólks til höfuðborgarsvæðisins hafa ekki lengur í för með sér þann hag sem áður var heldur þvert á móti má færa að því rök að ör fjölgun fólks vegna flutninga til höfuðborgarsvæðisins hefur ýmiss konar óhagræði og kostnað í för með sér fyrir höfuðborgarbúa sjálfa og þjóðfélagið í heild.

2. Framtíðin.

Hver verður svo þróun búsetu í landinu í framtíðinni ef allt fer fram sem horfir og hverjir eru kostir og gallar þeirrar þróunar?

Slíkum spurningum verður auðvitað ekki svarað með neinni vísindalegri nákvæmni. En samt sem áður verður að reyna að nálgast svör við þeim til þess einmitt að geta metið hvaða afleiðingar væntanleg þróun byggðarinnar hefur ef ekki er breytt um stefnu og aðgerðir í byggðamálum.


Í tengslum við framangreinda úttekt Byggðastofnunar voru gerðir framreikningar á mannfjöldaþróun í landinu sem einfaldlega byggjast á líkum á heildarfólksfjölgun, flutningsreynslu síðustu ára og óbreyttri stefnu stjórnvalda í byggðamálum. Slíkir útreikningar hafa verið gerðir hjá Byggðastofnun í nokkur ár og sýnir reynslan að þeir hafa gefið vísbendingu um búsetuþróun sem fram hefur síðar komið í raun.

Niðurstöður framreikninganna koma fram á myndum 2 og 3 hér á eftir:


Mynd 2.

Byggðastofnun

Þróun mannfjölda



Mynd 3.



Þessi þróun samkvæmt áðurgreindum framreikningum kemur einnig fram í beinum tölum í eftirfarandi töflu:

	Landsbyggð	Höfuðborgar-svæði
	Íbúafækkun	Fjölgun
Tímabil		
Frá 1991–1995	– 1.867	+ 13.967
Frá 1996–2000	– 2.482	+ 13.592
Frá 2001–2005	– 3.053	+ 13.166
Frá 2006–2010	– 3.443	+ 12.670
Samtals 1991–2010	–10.846	+ 53.395

Almennt gefa þessir framreikningar vísbendingu um óbreytta stefnu, þ.e. að í heild muni fólki fækka á landsbyggðinni, svo sem fram kemur í töflunni, en auðvitað mismikið eftir aðstæðum í byggðarlögum, héruðum og landshlutum. Sums staðar yrði vitaskuld fjölgun en þeim mun meiri fækkun annars staðar ef þessir framreikningar yrðu nálægt veruleikanum. Afleiðing slíkrar þróunar byggðar út um land er augljós og margrædd og þarf ekki frekari útlistingar við.

Á höfuðborgarsvæðinu yrði mannfjöldaþróunin eins og fram kemur á mynd 4:

Mynd 4.

Byggðastofnun

STÆRÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS


Í Breiðholti búa um 24.000 og á Norðurlandi eystra rúmlega 26.000

	til 2000	til 2010
Náttúruleg fjölgun	11.900	22.000
Aðflutningur	15.800	31.700
Samtals:	27.700	53.700
Heildaríbúafjöldi	174.000	200.000

Íbúafjöldi 1991

67%

landsmanna



Þessi fjölgun á höfuðborgarsvæðinu vegna flutninganna einna, þ.e. um tæplega 32.000 manns á tveimur áratugum, mundi út af fyrir sig, svo dæmi séu tekin, hafa eftirfarandi í för með sér:

1. Fjölgun bíla sem nemur 13.000.
2. Fjölgun grunnskólanema um 4.300.

Svo þessi vandi sé skýrður nánar jafngilti þessi fjölgun bíla um 32 km langri tvöfaldri bílaröð og fjölgun grunnskólanema jafngilti nemendafjölda í fjórum Hólabrekkuskólum í Breiðholti.

Þessi þróun á höfuðborgarsvæðinu hefði í för með sér að kostnaðarsöm umferðar- og frárennslismannvirki þyrfti að reisa fyrr en ella. Á sama hátt þyrfti að takast á við dýrar lausnir í mengunarvörnum, orkuöflun, vatnsöflun og sorphreinsun. Nýja skóla þyrfti að reisa yfir nemendur á höfuðborgarsvæðinu sem oft á tíðum mundu flytjast úr vannýttum skólum á landsbyggðinni. Svipaða sögu er að segja um heilsugæslumannvirki og þannig mætti lengi telja.

Óbreytt stefna þýðir misjafna og dýra byggðarþróun.

Augljóst er að verði þróun byggðar næstu áratugi í líkingu við þessa framreikninga hlýst enginn svipaður ávinningur af sem óneitanlega fylgdi þéttbýlismynduninni á höfuðborgarsvæðinu í fortíðinni. Þvert á móti mundi af slíkri þróun hljótast margvíslegt óhagræði og mikill kostnaður bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni fyrir þjóðarbúið í heild. Niðurstaðan er því sú að verði engin breyting á stefnu stjórnvalda og stjórnmálaflokka eru horfur á að þróun byggðar í landinu verði misjöfn, óhagkvæm og dýr.

Færa má gild rök að því að óbreytt byggðastefna sé dýrari en flestar jákvæðar aðgerðir sem sýnt er að muni hafa veruleg áhrif til jafnari og þar með hagkvæmari búsetu í landinu en á horfðist.

Á því er ekki vafi að þörf er á að endurmeta stefnuna í byggðamálum frá grunni. Þar fara saman hagsmunir höfuðborgarbúa og landsbyggðarfólks. Á þessum staðreyndum byggir Sjálfstæðisflokkurinn m.a. þá nýju byggðastefnu sem kemur fram í þessari tillögu til þingsályktunar.

Vöxtur iðnaðar og þjónustuatvinnugreina.

Tækniframfarir, sem nálgast byltingu, og aukin fag- og sérþekking eru orsakavaldar breyttrar atvinnuskiptingar og þar með byggðarþróunar sem orðið hefur hvarvetna á Vesturlöndum síðustu áratugi. Aukin verkaskipting, fjöldaframleiðsla og viðskipti sigldu í kjölfar tæknibyltingar og aukinnar sérþekkingar. Vinnuafl losnaði úr frumvinnslugreinum í strjálbýli, en atvinnugreinar á sviði þjónustu og iðnaðar, sem augljóslega þurfa þéttbýli þar sem margt fólk getur haft dagleg samskipti til þess að dafna, urðu vaxtargreinar atvinnulífsins.

Þetta sést greinilega á töflu yfir ný störf sem mynduðust á tímabilinu 1981–1988.

	Ný störf Ársverk	% Breyting
Í landbúnaði	- 1.352	- 20,2
Í fiskveiðum	+ 974	+ 18,7
Í fiskiðnaði	- 1.659	- 16,5
Hefðbundnar greinar samtals	- 2.037	
Aðrar framleiðslugreinar	+ 2.108	
Þjónustugreinar	+18.201	
(þar af opinber þjónusta)	(7.104)	

Í þessum breytingum í atvinnulífinu felst auðvitað kjarni byggðavandans svonefnda. Vaxtargreinar atvinnulífsins blómgast best í þéttbýli. Vandinn verður enn meiri ef haft er í huga að aldursskipting íbúa á landsbyggðinni er þannig að þar þarf mun fleiri ný atvinnutækifæri til þess að unnt sé að fá uppvaxandi fólki nægilega mörg störf.

Hlutfallsleg atvinnuskipting á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu er nú lík því sem hér segir (byggt á mannaflatölum frá 1988):

	Höfuðborgar-svæði	Landsbyggð
Landbúnaður og útvegsgreinar	4%	32%
Iðnaður og byggingarstarfsemi	24%	23%
Þjónustugreinar	72%	45%

Sérstaða íslenskra byggðamála.

Framangreindur undirstraumur sem veldur breyttri atvinnuskiptingu og byggðarþróun er auðvitað alþjóðlegur, enda gefa nágrannaþjóðir okkar í Evrópu vaxandi gaum að þessum þjóðfélagsfyrirbrigðum og verja óhemju miklu fé til þess að hafa áhrif á staðarval fyrirtækja og búsetu fólks í hverju landi.


Sérstaða okkar Íslendinga er á hinn bóginn sú að hér á landi er aðeins eitt verulega stórt og öflugt þéttbýlissvæði, en langmestur hluti útflutningsframleiðslu okkar á sér stað í tiltölulega einhæfum sjávarplássum á landsbyggðinni. Í nágrannaríkjum fer útflutningsframleiðslan fyrst og fremst fram í stórum iðnaðarborgum. Undantekningar frá þessu eru Norður-Noregur og Færeyjar. Byggðirnar í Norður-Noregi njóta þó í raun mikilla styrkja frá norska iðnaðinum, m.a. olíuiðnaði, og Færeyingar njóta fjárhagsstuðnings Dana.

Þessa sérstöðu okkar Íslendinga í byggðamálum má glöggt sjá á mynd 5, en þessi sérstaða veldur því að stjórn almennra efnahagsmála, t.d. ákvörðun gengis o.fl., hefur mun beinni og afdrifaríkari áhrif á vöxt og viðgang landsbyggðarinnar heldur en gengur og gerist í nágrannalöndunum.

Mynd 5.

Byggðastofnun

Aflaverðmæti og mikilvægi sjávarútvegs í atvinnulífi
50 stærstu útgerðarstaða



Stærð hringjanna sýnir verðmæti landaðs afla, skyggingin sýnir hlutfall sjávarútvegsgreina af ársverkum á hverjum stað 1986

Breyttir þjóðfélagshættir.

Þær staðreyndir, sem fjallað er um hér að framan, þarf auðvitað að hafa ríkt í huga þegar stjórnmálaflokkar og stjórnvöld móta sér byggðastefnu í framtíðinni. Menn þurfa að gera sér grein fyrir því hvert horfir í þróun búsetu í landinu og til hvers það muni leiða ef ekki er að gert og stefnunni breytt.

Þær þjóðfélagsaðstæður, sem einkum þarf að hafa í huga, auk sérstöðu okkar að því er varðar sjávarútveginn og almenna efnahagsstjórn, eru helst þær sem taldar eru hér á eftir. Sumar þessar breytingar hafa orðið hraðar, raunar gerst á allra síðustu árum, svo telja má að hlotist hafi af algjör þáttaskil í íslensku þjóðlífi. Aðrar eru almennara eðlis og gerast yfir lengri tíma:

1. Langflest ný störf hafa orðið til í þjónustuatvinnugreinum og iðnaði á undanförnum árum. Á það verður ekki lögð of þung áhersla að til þessarar staðreyndar hefur alls ekki verið tekið nægjanlegt tillit í byggðaraðgerðum fram til þessa.

2. Miðstýring í höfuðatvinnuvegum landsbyggðarinnar, landbúnaði og sjávarútvegi, hefur aukist en frjálsræði á öðrum sviðum viðskipta og atvinnulífs. Þessar staðreyndir setja ákveðnar skorður við því að ný störf verði til í þessum atvinnugreinum.

3. Miklar breytingar hafa orðið síðustu ár og líklegt að verði næstu ár í rekstri sjávarútvegsins. Um það eru sjófrysting, gámaútflutningur og fiskmarkaðir glögg dæmi.

4. Atvinnuþátttaka kvenna er að aukast. Það gerir auknar kröfur til fjölbreytni í atvinnulífi þar sem ungt fólk velur sér búsetu.

5. Staðsetning álvers á Reykjanesi er nú ákveðin. Sú ákvörðun og staðarval stórfyrirtækja yfirleitt hefur gífurleg áhrif á byggðarþróun.

6. Engin svipuð þörf er nú eins og áður fyrir fjárfestingu í ýmsum þjónustumannvirkjum á landsbyggðinni, svo sem grunnskólum og heilsugæslustöðvum.

7. Ör vöxtur höfuðborgarsvæðisins sem fyrr meir var hagkvæmur á marga lund er það ekki lengur. Margt bendir til að miklir aðflutningar þangað í næstu framtíð valdi óhagræði og kostnaði.

8. Fólksfjölgun á ýmsum þéttbýlisstöðum og vaxtarsvæðum landsbyggðarinnar er á hinn bóginn hagkvæm. Sú þróun stuðlaði að bættu atvinnuumhverfi og jafnframt að félags- og menningarlíf gæti dafnað þar betur en ella.

9. Ný samgöngutækni, t.d. í fjarskiptum, dregur úr óhagræði fjarlægðar frá markaði, þjónustustofnunum o.s.frv. Þær framfarir ætti að vera unnt að nýta til hagsbóta fyrir lífvænlega staði á landsbyggðinni.

Langmikilvægast af þessu er að nái ekki vaxtargreinar atvinnulífsins, iðnaður og þjónustugreinar, betri fótfestu á landsbyggðinni en verið hefur er borin von að jafna byggðarþróunina svo um muni.

Þörf nýrrar stefnu.

Fram til þessa hefur byggðastefna stjórnvalda og einstakra stjórnmálaflokka verið lítt skilgreind. Fjárfesting í sjávarútvegi, landbúnaði, skólum, heilsugæslustöðvum o.s.frv. á landsbyggðinni hefur á síðustu áratugum oft verið talin í daglegri umræðu tilheyra byggðastefnu þótt eðlilegra væri að skilgreina slíka fjárfestingu sem þátt í atvinnustefnu eða heimfæra undir almenna velferð að því er varðar skóla og heilsugæslustöðvar.

Fyrir þessari nánast óskilgreindu byggðastefnu voru ákveðnar þjóðfélagslegar forsendur. Þörf var mikil fyrir bætta aðstöðu á flestum sviðum í byggðarlögum víða um land til þess að sinna lágmarksmenntun eða heilbrigðisþjónustu svo dæmi sé tekið. Þar var í

þeim efnum víða fremur undir högg að sækja en á höfuðborgarsvæðinu. Forsendur mikillar fjárfestingar í landbúnaði og sjávarútvegi þekkja flestir en pólitísk umræða á því sviði varð til þess að almenningur leit á slíka fjárfestingu fremur sem byggðamál en atvinnustefnu.

Hvað sem þessu líður er augljóst að jafnvel skipuleg fjárfesting á þessum sviðum getur ekki talist vænleg til áhrifa á búsetu fólks í næstu framtíð né til þess fallin að bæta hag þjóðarinnar. Móta þarf nýja stefnu. Við þá mikilvægu stefnumótun er nauðsynlegt að taka mið af þeim staðreyndum sem raktar eru hér að framan um horfur í byggðarþróun og afleiðingar hennar og um almennar og sérstakar þjóðfélagsaðstæður sem við er að glíma. Sú stefnumótun kemur fram í þessari tillögu til þingsályktunar.

Meginhugsun nýrrar stefnu samkvæmt tillögunni.

Rétt er að undirstrika breyttar áherslur í samgöngumálum frá því sem verið hefur. Hér er lögð sérstök áhersla á bættar samgöngur innan landshluta eða héraða fremur en að greiða leiðir til höfuðborgarsvæðisins. Augljóst er að forsenda þess að vaxtarsvæði myndist og eflist í sumum landshlutum, t.d. Vestfjörðum og Austurlandi og raunar víðar, eru bættar samgöngur sem tryggja dagleg samskipti og viðskipti milli sem flestra á svæðinu. Þetta eru auðvitað framkvæmdir sem kosta talsverða fjármuni, en þó má nefna sem dæmi um hliðstæður að jarðgöng á Vestfjörðum sem rætt er um að nái þessum tilgangi eru ekki talin kostnaðarsamari að raungildi en vegur um Skeiðarársand var á sínum tíma.

Í tillögunni er einnig ályktað að lokið verði við lagningu hringvegar. Þar er einkum haft í huga að mikilvægt er fyrir þróun byggðar á Norðurlandi eystra og Austurlandi að hraðað verði samgöngubótum milli þessara landshluta, en þar er þessi framkvæmd styst á veg komin.

Meginhugsunin í tillögunni er að svonefnd vaxtarsvæði eflist eða myndist á landsbyggðinni. Þar verði starfsumhverfi iðnaðar og þjónustugreina bætt við hlið sjávarútvegs og landbúnaðar. Þessu verði fylgt eftir með sérstöku átaki svo að þessar atvinnugreinar vaxi þar og dafni og veiti sem flestum tækifæri til nýrra og fjölbreyttra starfa.

Sjávarplássin og sveitirnar standa að óbreyttu höllum fæti svo jafnvel er erfitt um vik að reka útflutningsframleiðsluna af þeim sökum. Með þessum aðgerðum treystist byggðin öll og starfsumhverfi atvinnuvega og mannfólks batnaði til mikilla muna. Þetta er beinlínis forsenda betri nýtingar auðlinda umhverfis og á landinu. Auðveldara yrði einnig að bæta félagslega aðstöðu og greiða götu aukinnar menningarstarfsemi í kjölfar vaxandi fólksfjölda.

Með aukinni fólksfjölgun á landsbyggðinni frá því sem horfir er einnig stefnt að því að flutningur til höfuðborgarsvæðisins minnki og úr óhagræði dragi þar af þeim sökum. Þar með næðist það markmið að þróun byggðar í landinu yrði jafnari og hagkvæmari en útlit er fyrir að óbreyttri stefnu.

Sþ. 867. Tillaga til þingsályktunar [457. mál]

um friðlýsingu svæðisins undir Jökli.

Flm.: Danfríður Skarphéðinsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson,
Guðný Guðbjörnsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir,
Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra í samráði við landeigendur, sveitarstjórnir og Náttúruverndarráð að hefja nú þegar undirbúning að friðlýsingu svæðisins undir Jökli í samræmi við ályktun náttúruverndarþings frá árinu 1972.

Greinargerð.

Varðveisla náttúrulegra lífsgæða er ein af forsendum þess að takast megi að tryggja framtíð jarðarbúa.

Nú er svo komið að öllu lífríki jarðarinnar er mikil hætta búin vegna athafna og umsvifa mannsins sem hafa í för með sér þynningu ósonlagsins, hlýnandi loft vegna útblásturs og súrt regn á iðnvæddum svæðum svo fátt eitt sé nefnt.

Á degi hverjum deyr ein plöntu- eða dýrategund út vegna þeirrar röskunar sem orðið hefur á náttúrulegu jafnvægi jarðarinnar. Þessar staðreyndir eru ekki nýjar og rányrkja mannsins á auðlindum jarðarinnar á sér langa hefð.

Íbúar meginlands Evrópu hafa í mörg þúsund ára sögu sinni lítt eða ekki tekið tillit til náttúrunnar.

Náttúrulegt landslag er nú helst að finna þar sem hvorki þótti fýsilegt né hagkvæmt að búa, svo sem í norðurhéruðum Skandinavíu, á klettaeyjum úti fyrir ströndum Skotlands og á Íslandi.

Segja má að það hafi að nokkru leyti verið gæfa Íslendinga að landið þótti ekki sérlega fýsilegt til búsetu fyrr á öldum. Það finnum við ekki síst nú þegar verðmæti hvers hektara af hreinu og óspilltu landi aukast með hverju ári sem líður.

Þörf mannsins fyrir griðland í friðsælli og óspilltri náttúru sýnir sig ef til vill best í þeim sívaxandi fjölda ferðamanna, bæði íslenskra og erlendra, sem fer um Ísland árlega. Sú mikla umferð fólks krefst þess að hver og einn sýni fyllstu aðgát í umgengni við landið, en leggur um leið þá skyldu á herðar stjórnvalda að leita allra leiða til að vekja fólk til vitundar um mikilvægi landsins og auka virðingu fyrir þeim verðmætum sem felast í ósnortinni náttúru.

Í stórbrotinni og fjölbreytilegri náttúru Íslands er að finna marga staði sem hafa að geyma sígild verðmæti sem öðlast stöðugt meira gildi um allan heim. Eitt slíkt svæði er landsvæðið undir Jökli, þ.e. frá Rifi og Ingjaldshóli að Arnarstapa og Rauðfeldargjá. Á svæðinu er samfelld röð skemmtilegra staða til að skoða og njóta. Það einkennist af náttúrufegurð, stórfenglegu landslagi og huliðsafli jökulsins að ógleymdum mikilvægum menningarsögulegum minjum.

Þarna má finna jarðsögu Íslands í hnotskurn þar sem jökullinn gnæfir yfir fjölbreytilegu landslagi sem einkennist af mörgum hraunum og eldstöðvum auk sérkennilegra klettamyndana sem sjórinn hefur skapað.

Menningarsögulegar minjar tengjast ekki aðeins verstöðvunum sem voru undir Jökli fyrr á öldum, heldur er á svæðinu einnig að finna hin leyndardómsfullu fiskbyrgi við Gufuskála, Írskrabrunn og minjar tengdar fornsögunum.

Af því sem hér hefur verið lýst má ljóst vera að svæðið undir Jökli er afar dýrmætt og vel til þess fallið að veita fólki hvíld og tækifæri til að rækta tengsl sín við náttúru landsins og menningararf. Flutningsmenn telja mikilvægt að friðlýsa svæðið í þessu skyni til að varðveita þau verðmæti sem þarna er að finna og koma í veg fyrir spjöll eða rask af mannavöldum.

Flutningsmenn telja raunhæft að miða friðlýsinguna við svæðið frá Hellnum að Gufuskálum og benda á að á því svæði er lítil búseta sem ætti að auðvelda framgang málsins. Flutningsmenn leggja ríka áherslu á að unnið verði að friðlýsingunni í náinni samvinnu og samráði við heimamenn.

Flutningsmenn telja friðlýsingu einstakra svæða mikilvægan lið í umhverfisvernd. Friðlýsing verðmætra landsvæða er einnig til þess fallin að styrkja umhverfisvitund fólks og virðingu þess fyrir landinu. Þetta er ekki síst mikilvægt nú þegar þörfin eykst fyrir friðlönd fyrir fólk og lífríkið allt á sama tíma og íbúar í dreifbýli þurfa að leita annarra leiða til að nýta landið en þeirra hefðbundnu sem hingað til hafa tíðkast.

Sþ. 868. Nefndarálit [242. mál]

um till. til ál. um björgunarþyrlu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna. Umsagnir bárust frá Slysavarnafélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Flugmálastjórn, Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík og Landhelgisgæslu Íslands.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. mars 1991.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Jón Kristjánsson, fundaskr., með fyrirvara.	Eggert Haukdal.
Ingi Björn Albertsson.	Guðrún Helgadóttir.	Kristinn Pétursson.
	Karl Steinar Guðnason.	

Nd. 869. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til l. um gjaldþrotaskipti o.fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Fékk hún Markús Sigurbjörnsson prófessor og Guðbjörn Jónsson frá G-samtökunum á sinn fund. Auk þess kannaði nefndin umsagnir

sem lágu fyrir allsherjarnefnd efri deildar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í meðförum efri deildar.

Alþingi, 11. mars 1991.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Ólafur G. Einarsson, fundaskr.	Guðni Ágústsson.
Ingi Björn Albertsson.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Friðjón Þórðarson.
	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.	

Nd. 870. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til l. um meðferð opinberra mála.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk Markús Sigurbjörnsson prófessor á sinn fund. Nefndinni barst umsögn sakadóms Reykjavíkur auk þess sem þær umsagnir, sem lágu fyrir allsherjarnefnd efri deildar, voru kannaðar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í meðförum efri deildar.

Alþingi, 11. mars 1991.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Ólafur G. Einarsson, fundaskr.	Guðni Ágústsson.
Ingi Björn Albertsson.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Friðjón Þórðarson.
	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.	

Nd. 871. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til l. um skipti á dánarbúum o.fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk Markús Sigurbjörnsson prófessor á sinn fund. Nefndinni barst umsögn Jóns Ísbergs sýslumanns, auk þess sem þær umsagnir, sem lágu fyrir allsherjarnefnd efri deildar, voru kannaðar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í meðförum efri deildar.

Alþingi, 11. mars 1991.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Ólafur G. Einarsson, fundaskr.	Guðni Ágústsson.
Ingi Björn Albertsson.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Friðjón Þórðarson.
	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.	

Nd. 872. Nefndarálit [326. mál]

um frv. til l. um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Svein Ragnarsson, félagsmálastjóra Reykjavíkur, Braga Guðbrandsson, félagsmálastjóra Kópavogs, Þórð Skúlason, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson, formann stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Meginbreytingin felst í því að felldur er brott X. kafli frumvarpsins um málefni leikskóla. Ákvæði, sem snerta leikskóla, falla nú undir kaflann um málefni barna og ungmenna. Aðrar breytingar eru minni háttar lagfæringar á frumvarpinu.

Alþingi, 11. mars 1991.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.
	Jón Kristjánsson.	

Nd. 873. Breytingartillögur [326. mál]

við frv. til l. um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar (RG, GHelg, AÓB, JK).

1. Við 1. gr. Við b-lið fyrri málsgreinar bætist: barna og ungmenna.
2. Við 2. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðanna „o.fl.“ í 1. málsl. komi: og ráðgjöf.
   b. 6. tölul. falli brott.
3. Við 3. gr. Síðari málsgrein falli brott.
4. Við 8. gr. Síðari málsgrein falli brott.

5. Við 11. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. 2. tölul. orðist svo: að leitast við að tryggja að félagsleg þjónusta verði sem mest í samræmi við þarfir íbúa.
   b. Orðið „umönnun“ í 7. tölul. falli brott.
6. 3. mgr. 12. gr. falli brott.
7. 32. gr. færist aftast í VIII. kafla (verði 35. gr.).
8. Á eftir 33. gr., er verði 32. gr., komi tvær nýjar greinar svohljóðandi:
   a. (33. gr.)
      Sveitarfélög annast uppbyggingu og rekstur leikskóla og tekur sveitarstjórn ákvörðun um stjórn þeirra.
      Leikskólar eru reknir samkvæmt sérstökum lögum.
   b. (34. gr.)
      Sveitarstjórnir skulu eftir föngum tryggja framboð á leikskólarými. Til þess að sú þjónusta verði í sem bestu samræmi við þarfir barna í sveitarfélaginu skal það láta fara fram mat á þörfinni eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.
      Félagsmálaráðuneytið skal liðsinna sveitarfélögum í því skyni að sameinast um rekstur leikskóla á vettvangi héraðsnefnda eða með stofnun byggðasamlaga.
9. Við 36. gr. er verði 38. gr. Í stað orðanna „er vísað í lög“ komi: fer eftir lögum.
10. X. kafli, 37.–40. gr., falli brott.
11. Við 42. gr. er verði 40. gr. Greinin orðist svo:
    Félagsmálanefnd skal leitast við að tryggja framboð á hentugu húsnæði fyrir aldraða og jafnframt skipuleggja félagslega heimaþjónustu.
12. Við 43. gr. er verði 41. gr. 2. málsl. orðist svo: Hér er m.a. átt við heimaþjónustu, félagsráðgjöf og heimsendingu matar.
13. 44. gr. falli brott.
14. Við 49. gr. er verði 46. gr. Í stað orðanna „hafa framboð“ komi: tryggja framboð.

Nd. 874. Nefndarálit [224. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989 og 70/1990.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það Grétar Guðmundsson, aðstoðarmann félagsmálaráðherra, Einar Jónsson, Braga Kristjánsson og Percy B. Stefánsson frá Húsnæðisstofnun ríkisins og Pál Gunnlaugsson, formann Reykjavíkurdeildar Búseta, landssambands húsnæðissamvinnufélaga.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. mars 1991.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.
Guðrún Helgadóttir, fundaskr.
Jón Kristjánsson.
Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Nd. 875. Breytingartillögur [224. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989 og 70/1990.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar (RG, GHelg, JK, AÓB).

1. Við 1. gr., j-lið (133. gr.). Greinin orðist svo:
   Stjórn húsnæðissamvinnufélags getur, án samþykkis búsetufélags, veðsett íbúðir fyrir lánum úr Byggingarsjóði verkamanna sem tekin eru til byggingar á þeim.
   Óheimilt er að veðsetja íbúðirnar fyrr en áhvílandi lán úr Byggingarsjóði verkamanna eru orðin lægri en 75% af uppfærðu verði þeirra, sbr. 87. gr.
   Stjórn búsetufélags þarf að samþykkja veðsetningar vegna lána, sem tekin kunna að verða síðar, til endurbóta og viðhalds á fasteignum. Með reglugerð má takmarka þær veðsetningarheimildir.
2. Við 1. gr., o-lið (138. gr.). Við síðari málslið bætist: samkvæmt reglum um tryggingar sem húsnæðismálastjórn setur, sbr. 2. mgr. 74. gr.
3. Við 1. gr., p-lið (139. gr.). Í stað orðanna „með hliðsjón af 74. gr. þessara laga“ í 2. mgr. komi: sbr. 74. gr.
4. Við 1. gr., q-lið (140. gr.). 2. mgr. orðist svo:
   Lánshlutfall má nema allt að 90% af byggingarkostnaði eða kaupverði, þó aldrei hærra en 90% af þeim kostnaðargrundvelli fyrir lánveitingu sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt, sbr. 68. gr.
5. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, með síðari breytingum.

Nd. 876. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur meiri hl. nefndarinnar til að það verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Breytingartillaga meiri hl. nefndarinnar varðar 1. mgr. 19. gr. frumvarpsins um skipan kærunefndar jafnréttismála. Í meðferð efri deildar var skipan kærunefndar breytt frá frumvarpinu eins og það var lagt fram. Frumvarpið gerði ráð fyrir að nefndarmenn væru þrír og að Hæstiréttur tilnefndi einn, er væri jafnframt formaður, Kvenréttindafélag Íslands tilnefndi einn og félagsmálaráðherra skipaði einn án tilnefningar. Efri deild breytti skipan kærunefndar á þann veg að Hæstiréttur tilnefndi einn, félagsmálaráðherra skipaði tvo án tilnefningar og að Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands tilnefndu einn nefndarmann hvort. Framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs hefur mælt gegn þessari breytingu efri deildar. Jafnframt hafa Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna lýst andstöðu við breytingar efri deildar. Í þessu sambandi má á það benda að óeðlilegt er að VSÍ og ASÍ eigi fasta fulltrúa í kærunefnd en ekki t.d. BSRB eða BHMR, ekki síst í ljósi þess að um 90% af öllum kærum, sem ráðið fær til meðferðar, eru frá opinberum starfsmönnum eða bankamönnum. Kærur, sem tengjast almenna vinnumarkaðinum, eru mjög fáar. Á það má einnig benda að með breyttri skipan kærunefndar samkvæmt afgreiðslu efri deildar líkist kærunefnd orðið allmikið Jafnréttisráði og því vaknar sú spurning hvort aðgreiningin í Jafnréttisráð og kærunefnd sé ekki þar með orðin óþörf.

Með hliðsjón að þeim deilum, sem ríkja um skipan kærunefndar, telur meiri hl. nefndarinnar heppilegast að engin félagasamtök eigi aðild að kærunefnd heldur verði nefndin skipuð tveimur lögfræðingum tilnefndum af Hæstarétti og einum tilnefndum af félagsmálaráðherra. Meiri hl. telur hins vegar jafnframt eðlilegt að þegar um er að ræða mál sem ætla má að geti haft stefnumarkandi áhrif á vinnumarkaðinn í heild skuli kærunefnd leita umsagnar frá heildarsamtökum launþega og viðsemjendum þeirra.

Alþingi, 11. mars 1991.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.
Guðrún Helgadóttir, fundaskr.
Jón Kristjánsson.
Geir H. Haarde, með fyrirvara.
Eggert Haukdal, með fyrirvara.

Nd. 877. Breytingartillaga [69. mál]

við frv. til. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar (RG, GHelg, JK, GHH, EH).

1. mgr. 19. gr. orðist svo:

Félagsmálaráðherra skipar kærunefnd jafnréttismála til þriggja ára í senn og skulu nefndarmenn vera lögfræðingar. Félagsmálaráðherra skipar einn án tilnefningar og Hæstiréttur tilnefnir tvo, þar af annan sem formann nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Þegar um er að ræða mál, sem ætla má að geti haft stefnumarkandi áhrif á vinnumarkaðinn í heild, skal kærunefnd leita umsagnar frá heildarsamtökum launþega og viðsemjendum þeirra.

Nd. 878. Frumvarp til laga [458. mál]

um fiskveiðar við Ísland.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

1. gr.

Fiskstofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar og markmið laga þessara er að tryggja öllum eigendum jafnan hlut í þeirri eign sinni og jafnframt að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu fiskstofnanna og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.

2. gr.

Fyrir 15. nóvember ár hvert skal sjávarútvegsráðherra, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar og samþykki Alþingis, ákveða með reglugerð þann afla sem veiða má úr öllum fiskstofnunum við Ísland á komandi ári.

Sjávarútvegsráðuneytið skal skipta leyfðum afla jafnt niður á alla skattgreiðendur á landinu sem jafnframt eru íslenskir ríkisborgarar. Ráðuneytið gefur út sérstaka ávísun á hlut hvers þeirra í hverjum fiskstofni og hljóða ávísanirnar á nafn. Þær skulu sendar viðtakanda um áramót með skattskýrslunni.

Hver viðtakandi hefur heimild til að ráðstafa sínum hluta aflans að eigin vild til annarra Íslendinga eða íslenskra félaga og fyrirtækja. Selji hann hlut sinn ber honum að greiða tekjuskatt af andvirðinu en ekki virðisaukaskatt. Geymi viðtakandi hlut sinn á milli ára lýtur hann sömu reglum og sparifé.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 31. desember 1992 og með þeim falla úr gildi lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

Greinargerð.

Frá landnámi hafa fiskstofnarnir við landið verið sameign allra Íslendinga í raun og þeir haft jafnan rétt til að nýta þá. Þrátt fyrir ásælni erlendra fiskimanna hafa landsmenn náð að vernda fiskimiðin og hafa nú loksins fengið fullan rétt yfir þeim innan 200 mílna lögsögu. En sjaldan er ein báran stök.

Með lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990 (og sams konar lögum frá 1984), eða svokölluðu kvótakerfi var gerð tilraun til að vernda fiskstofnana og nýta þá á hagkvæman hátt. Tíminn hefur leitt í ljós að þetta kerfi hefur brugðist þeim vonum sem við það voru bundnar. Meiri hluti Alþingis samþykkti lögin um stjórn fiskveiða á síðasta löggjafarþingi og sumir með hangandi hendi því að annars hefði engin fiskveiðistefna gilt á Íslandi. Mönnum fannst þá skárra að veifa röngu priki en öngu.

Fyrir Alþingi liggur nú tillaga til þingsályktunar um að endurskoða fiskveiðistefnuna og þar er lagt til að falla frá núgildandi kvótakerfi. Flutningsmenn tillögunnar eru fimmtán alþingismenn og af þeim styðja átta ríkisstjórnina. Því er ljóst að lögin um stjórn fiskveiða njóta ekki lengur stuðnings meiri hluta Alþingis.

II.

Með lögunum um stjórn fiskveiða var nokkrum hundruðum útgerðarmanna réttur all-

ur fiskurinn í lögsögu Íslendinga á silfurfati. Nýir útvegsmenn komast ekki að til fiskveiða og því er 200 mílna landhelgin orðin nokkurs konar verndaður vinnustaður þessara fáeinu manna. Kvóti veiðiskipa gengur nú kaupum og sölum á milli þeirra og er færður til eignar í bókhaldi.

Þannig hefur útgerðin sjálf metið sameign íslensku þjóðarinnar til fjár og er því bæði rétt og skylt að halda sig við það mat framvegis. Það er því engum blöðum um það að fletta að útgerðin ræður vel við að greiða eigendum fiskstofnanna sanngjarna þóknun fyrir að mega sitja ein að þessari auðlind þjóðarinnar. En það er nú önnur saga.

III.

Andinn á bak við lögin um stjórn fiskveiða gerir ekki ráð fyrir að afhenda nokkrum mönnum auðlindir Íslendinga á þennan hátt. Það er af og frá. Þess vegna er aðeins til ein lausn í stöðunni: Að færa fiskstofnana aftur til eigenda sinna, íslensku þjóðarinnar. Það verður best gert með þessum hætti. Þess vegna er þetta frumvarp til laga nú flutt.

Með persónukvóta af þessu tagi eru allir eigendur fiskimiðanna jafnir fyrir lögunum. Hvort sem þar fer útgerðarmaður á landsbyggðinni eða húsmóðir í Breiðholti. Allir fá sinn skerf og geta hagnýtt sér hann að vild sinni. Þeir sem vilja geta selt útgerðinni sinn hluta og hún hefur þegar sýnt að hún er borgunarmaður fyrir honum.

Með þessu móti geta nýir útvegsmenn líka haslað sér völl í fiskveiðum og gert út til jafns til þá sem fyrir eru í dag. Það eru mikilvæg mannréttindi. Komið er í veg fyrir að útlendingar eignist hlut í aflanum með lögum þessum. Þeir sem vilja vernda fiskstofnana fyrir hugsanlegri ofveiði eða vilja ávaxta sitt pund geta geymt sinn hlut á milli ára eða lengur ef þeim býður svo við að horfa.

Bankar og aðrar fésýslustofnanir munu sjálfsagt taka að sér að hafa meðalgöngu um að kaupa og selja aflaávísanir á milli manna. Brátt munu ávísanirnar skráðar á föstu gengi í kauphöllum landsins og verða þýðingarmikill þáttur í fjármálum almennings á Íslandi. Duglegir menn fá hérna ný tækifæri til að vinna fyrir sér.

IV.

Samkvæmt verði á seldum kvóta hefur aflinn verið verðlagður á um eitt hundrað milljarða króna á ári. Það er svipuð tala og fjárlög íslenska ríkisins. Skattgreiðendur voru 1. des. 1990 188.288 talsins hér á landi. Þannig kemur rúmlega hálf milljón króna í hlut hvers þeirra. Það er sæmilegur búhnykkur fyrir vísitölufjölskylduna.

Ríkiskassinn fær líka sitt. Miðað við að stærstur hluti aflans gangi kaupum og sölum má varlega ætla að um þrjátíu milljarðar króna komi í nýjan tekjuskatt. Með þá peninga milli handa er hægt að fella alveg niður matarskattinn alræmda og virðisaukaskatt af fleiri nauðsynjum. Lækka meira að segja sjálfan tekjuskattinn verulega og eiga samt afgang fyrir önnur brýn málefni.

Ed. 879. Nefndarálit [203. mál]

við frv. til stjórnsýslulaga.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Minni hl. er samþykkur markmiði frumvarpsins sem felur í sér nauðsynleg nýmæli frá

ríkjandi réttarástandi og bætir úr skorti á skráðum réttarreglum um stjórnsýsluna.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu var það lagt fram til kynningar á 112. löggjafarþingi og lagt fram aftur með nokkrum breytingum á 113. löggjafarþingi. Nefndin hefur að mati minni hl. alls ekki fjallað nógu ítarlega um frumvarpið og umsagnir um það og ljóst er að enn hafa þeir, sem gerst þekkja til stjórnsýsluréttar, ýmsar athugasemdir fram að færa.

Þar að auki telur minni hl. að með frumvarpinu séu ráðherra gefnar of víðtækar heimildir til að setja reglugerðir og bendir í því sambandi á ákvæði 5. gr. frumvarpsins og lokamálslið 13. gr.

Minni hl. vill þó ekki hindra að frumvarpið fái umfjöllun í þinginu en treystir sér að svo stöddu ekki til að taka þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. mars 1991.

Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Sþ. 880. Nefndarálit [392. mál]

um till. til þál. um gerð staðfræðikorta, gróðurkorta og um landfræðilegt upplýsingakerfi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt óbreytt.

Eggert Haukdal var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. mars 1991.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Jón Kristjánsson, fundaskr.	Ingi Björn Albertsson.
Guðrún Helgadóttir.	Karl Steinar Guðnason.	Kristinn Pétursson.

Ed. 881. Frumvarp til laga [459. mál]

um breyting á þjóðminjalögum, nr. 88/1989.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „deildarstjóri fornleifadeildar“ í síðasta málslið 2. mgr. 3. gr. laganna og „deildarstjóra fornleifadeildar“ í síðasta málslið 5. mgr. sömu greinar komi (í viðeigandi beygingarföllum): fornminjavörður.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 5. gr. laganna:

a. 3. málsl. 3. mgr. orðist svo: Auk þess fornleifasvið sem skipta má í deildir eins og þurfa þykir og lýtur stjórn fornleifanefndar, sbr. 3. gr.
b. Í stað orðanna „Deildarstjóri fornleifadeildar og fornleifaverðir“ í upphafi 4. málsl. 3. mgr. komi: Fornminjavörður og fornleifafræðingar.

3. gr.

Í stað orðanna „Fornleifadeild lætur, eftir föngum,“ í upphafi 1. mgr. 17. gr. laganna komi: Fornminjavörður lætur.

4. gr.

Í stað orðsins „Fornleifadeild“ í upphafi síðari málsliðar 19. gr. laganna komi: Fornminjavörður.

5. gr.

4. málsl. 22. gr. laganna orðist svo: Rannsóknir útlendinga skulu vera undir yfirumsjón fornminjavarðar og fornleifafræðings viðkomandi svæðis.

6. gr.

Í stað orðanna „Fornleifadeild eða“ í upphafi 23. gr. laganna komi: Fornminjavörður og.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt að ósk formanns þjóðminjaráðs. Því fylgdi svohljóðandi greinargerð:

„Með breytingum þeim, sem hér er lagt til að gerðar verði á þjóðminjalögum, er miðað við að í stað starfsheitisins „deildarstjóri fornleifadeildar“ komi hið forna starfsheiti *fornminjavörður* og sé hann ráðinn til fimm ára í senn. Starfssvið hans er hið sama og deildarstjóra fornleifadeildar í núgildandi lögum. Starfsemi fornminjavörslu er afar viðamikil og ljóst að eðlilegra er að tala um fornleifasvið Þjóðminjasafns en fornleifadeild sem geti, er fram líða stundir, skipst í deildir. Einnig tekur starfssvið fornminjavarðar til landsins í heild samkvæmt frumvarpinu. Þá er áfram lagt til að ráðið sé til starfsins tímabundið. Ekki er efnislega um aðrar breytingar að ræða í frumvarpi þessu.“

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma við frumvarp þetta.

Sþ. 882. Nefndarálit [200. mál]

um till. til þál. um kortlagningu gróðurlendis Íslands.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna. Umsagnir bárust frá Skógrækt ríkisins, Landvernd, Landmælingum Íslands, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Landgræðslu ríkisins, Skipulagi ríkisins, Upplýsinga- og merkjafræðistofu Háskóla Íslands og Búnaðarfélagi Íslands.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. mars 1991.

Árni Gunnarsson, form., frsm.	Ólafur Þ. Þórðarson, fundaskr.	Jón Kristjánsson.
Geir Gunnarsson.	Hreggviður Jónsson.	Geir H. Haarde.
	Matthías Á. Mathiesen.	

Nd. 883. Nefndarálit [320. mál]

um frv. til l. um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Margoft hefur verið bent á nauðsyn þess að samræma lög og reglur um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi þar sem gildandi ákvæði eru bæði ósamstæð og óljós. Straumur fjárfestinga landa á milli fer vaxandi og nauðsynlegt er að hafa stjórn á hvernig hann fer fram og að reglur um hann séu fastmótaðar.

Samvinna við erlenda aðila í atvinnurekstri hér á landi getur haft ýmsa kosti í för með sér, svo sem aðgang að tækniþekkingu, markaði og viðskiptasamböndum, auk þess sem erlent áhættufé getur komið í staðinn fyrir erlent lánsfé við fjármögnun atvinnufyrirtækja hér á landi. Því má segja að þetta frumvarp sé tímabært og í samræmi við þá þróun sem á sér stað í alþjóðlegu efnahagslífi.

Samkvæmt frumvarpinu og fylgifrumvarpi á að útiloka að erlendir aðilar geti átt eignarhlut í fiskiskipum sem stunda veiðar í íslenskri landhelgi. Þessu er 1. minni hl. samþykkur. Ákvæði frumvarpsins um fiskvinnslu eru hins vegar ekki eins afdráttarlaus og opna fyrir erlenda eignaraðild að vissu marki.

Kvennalistakonur vilja vara við slíkri hlutdeild útlendinga í aðalútflutningsiðnaði landsmanna og telja að hið sama skuli gilda um fiskveiðar og fiskvinnslu. Því flytur 1. minni hl. breytingartillögu við 2. tölul. 4. gr.

Eftirliti með fjárfestingum erlendra aðila hér á landi hefur verið mjög ábótavant og erfitt hefur verið að hafa yfirsýn yfir þessar fjárfestingar. Þetta atriði er ekki tryggt með þessu frumvarpi. Ekki verður séð hvernig unnt á að vera að meta heildarfjárfestingu í hverri atvinnugrein eins og gert er ráð fyrir skv. 7. tölul. 4. gr. Þessi ákvæði eru því haldlítil. Í umsögnum um frumvarpið hafa fjölmargir aðilar bent á þetta atriði. Oft þykir óljóst við hvað er átt með „atvinnugrein“ í 7. tölul. 4. gr. Heildarfjárfesting erlendra aðila í hverri atvinnugrein fyrir sig má ekki vera yfir 25% nema til komi „leyfi viðskiptaráðherra“. Einnig er óljóst af hvaða stofni 25% eiga að reiknast, hvort takmörkun miðist við árlega fjárfestingu eða heildarfjárhæð erlends fjármagns af eigin fé hverrar atvinnugreinar alls.

Vegna þessara annmarka er hér mælt með að heildarfjárfesting erlendra aðila í hverju atvinnufyrirtæki verði aldrei yfir 49%.

Fyrsti minni hl. leggur áherslu á að Íslendingar missi ekki úr höndum sér stjórn á nýtingu landsins til ferðaþjónustu. Ekki er lögð til ákveðin breytingartillaga hér, þar sem gert er ráð fyrir að ákvæði 24. gr. frumvarps um ferðaþjónustu muni gilda verði það

frumvarp að lögum. Það sama á við um útvarp, sjónvarp og fjölmiðlun almennt. Því er hér lögð til sú breyting við fylgifrumvarpið um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri að 20. gr. þess verði felld brott.

Íslenska hagkerfið er mjög viðkvæmt vegna þess hve einleitt atvinnulífið er og byggist að meginhluta til á einni auðlind, fiskinum í sjónum. Fyrsta minni hl. þykir því eðlilegt að taka nokkru smærri skref en frumvarpið gerir ráð fyrir til að tækifæri gefist til að skoða afleiðingarnar. Leiðin til baka er mjög erfið. Fjölmargar þjóðir hafa kosið að fara varlega í þessum efnum og er fyllsta ástæða fyrir Íslendinga að gera það einnig. Því þykir 1. minni hl. rétt að sú regla gildi að þeir geti ekki átt meiri hluta hlutafjár í atvinnueða þjónustufyrirtækjum á Íslandi.

Að lokum er ítrekað það álit 1. minni hl. að þess verði ávallt gætt að erlendum aðilum beri skilyrðislaust að fara eftir lögum, reglum og hefðum íslensks vinnumarkaðar, kjarasamningar íslenskra stéttarfélaga verði eftir sem áður í gildi, svo og allar reglur um aðbúnað, hollustuhætti og vinnuvernd. Þá þykir ljóst að stórátak verður að gera í að herða öll lög og reglur er varða umhverfisvernd og mengunarvarnir.

Alþingi, 12. mars 1991.

Guðný Guðbjörnsdóttir.

Nd. 884. Breytingartillögur [320. mál]

við frv. til l. um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (GGuðbj).

1. Við 4. gr. 2. tölul. orðist svo: Íslenskir ríkisborgarar, sem eiga lögheimili hérlendis, og lögaðilar, sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hérlendis, mega einir eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi. Með vinnslu sjávarafurða er hér átt við alla meðferð sjávarafla.
2. Eftirtaldar breytingar verði á 7. tölul. 4. gr.:
   a. 1. málsl. orðist svo: Heildarfjárfesting erlends aðila eða samanlögð fjárfesting fjárhagslega tengdra erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi má ekki fara fram úr 250 millj. kr. á einu almanaksári.
   b. 4. málsl. orðist svo: Heildarfjárfesting erlendra aðila í hverri atvinnugrein fyrir sig má ekki fara yfir 25% og heildarfjárfesting erlendra aðila í einstökum fyrirtækjum ekki yfir 49%.
3. Í stað orðanna „og getur viðskiptaráðherra þá stöðvað viðkomandi fjárfestingu“ í síðari málsgrein 10. gr. komi: og skal viðskiptaráðherra þá stöðva viðkomandi fjárfestingu.

Nd. 885. Nefndarálit [321. mál]

um frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Hér er um að ræða nauðsynlegt fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, sem er 320. mál neðri deildar á þskj. 565, og vísast hér með til nefndarálits 1. minni hl. á þskj. 883.

Fyrsti minni hl. telur rétt að takmarka vald ráðherra til að veita undanþágur og leggur til breytingar á 9. gr. og 15. gr. frumvarpsins í samræmi við það.

Þá telur 1. minni hl. að ekki eigi að opna fyrir heimild til erlendra aðila til reksturs útvarpsstöðva hérlendis og leggur því til að 20. gr. frumvarpsins falli brott.

Alþingi, 12. mars 1991.

Guðný Guðbjörnsdóttir.

Nd. 886. Breytingartillögur [321. mál]

við frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (GGuðbj).

1. Við 9. gr. Síðasti málsliður b-liðar falli brott.
2. Við 15. gr. B-liður falli brott.
3. Við 20. gr. Greinin falli brott.

Nd. 887. Breytingartillaga [224. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989 og 70/1990.

Frá Geir H. Haarde, Alexander Stefánssyni, Guðmundi G. Þórarinssyni, Eggert Haukdal og Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Á undan 1. gr. komi ný grein er orðist svo:

Við 1. mgr. 68. gr. laganna bætist nýr málsliður svohljóðandi: Heimilt er húsnæðismálastjórn að veita sérstök lán til allt að þriggja ára til þeirra sem eiga í verulegum erfiðleikum með útborgun ef um er að ræða sérstaklega erfiðar fjölskyldu- eða fjárhagsástæður.

Nd. 888. Nefndarálit [320. mál]

um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpið um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri er að meginstefnu það sama og lagt var fram á 110. löggjafarþingi 1987–1988 af ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar og samið hafði verið af nefnd sem hann skipaði haustið 1987. Áður hafði þáverandi viðskiptaráðherra, Matthías Bjarnason, látið semja ítarlega skýrslu um erlenda fjárfestingu og íslenskt atvinnulíf sem lögð var fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–1987. Það hafa því fyrst og fremst verið sjálfstæðismenn sem haft hafa frumkvæði að því að breyta úreltum og sundurleitum lagaákvæðum um erlenda fjárfestingu og færa til samræmis við það víðtæka frelsi sem helstu viðskiptaþjóðir okkar hafa tekið upp á þessu sviði.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um það af hverju samstarf við erlenda aðila er heppilegt og nauðsynlegt. Með því getur áhættufé komið í auknum mæli í stað lánsfjár. Tækniþekking flyst til landsins og nýir möguleikar opnast við markaðsfærslu erlendis. Hægt er að ráðast í verkefni sem Íslendingar hafa ekki bolmagn til að framkvæma upp á eigin spýtur. Æskilegt er að reglur um fjárfestingar erlendra aðila séu eins einfaldar og skýrar og unnt er. Vald stjórnvalda til að leyfa eða banna eiga að vera takmörkuð.

Samningar um Evrópskt efnahagssvæði standa nú yfir og styttist í að sjái fyrir endann á þeim. Í þeim samningum er gert ráð fyrir víðtæku frelsi til fjármagnsflutninga og fjárfestinga. Án þess að enn sé endanlega ákveðið hvað standi í samningnum um þessi atriði er ljóst að frumvarp ríkisstjórnarinnar gengur almennt séð ekki eins langt og þar er gert ráð fyrir, a.m.k. að því er varðar fjárfestingar aðila frá EES-ríkjum. Er þá ekki átt við sjávarútveginn því að enn er ósamið um með hvaða hætti hann verður meðhöndlaður í samningnum og fjárfestingar innan hans.

Flestir umsagnaraðilar vilja opna meira fyrir erlendar fjárfestingar en ráð er fyrir gert í frumvörpum ríkisstjórnarinnar.

Annar minni hl. nefndarinnar flytur breytingartillögur á sérstöku þingskjali. Breytingartillögurnar bera þess merki að frumvarpið kom seint fram og að tími til þess að flytja ítarlegar tillögur var skammur. Hér á eftir verður gerð örstutt grein fyrir breytingartillögunum.

Skipan sú sem frumvarpið gerir ráð fyrir að gildi um fjárfestingar erlendra aðila í fiskvinnslu er óheppileg. Færa má rök að því að skynsamlegt sé að fá erlent áhættufé í auknum mæli inn í fiskvinnsluna. Sundurgreining sú sem frumvarpið gerir ráð fyrir milli „frumvinnslu“ og „fullvinnslu“ er nánast óframkvæmanleg. Reyking, súrsun, niðurlagning og niðursuða er ótvíræður „iðnaður“, enda flokkaður með matvælaiðnaði en ekki fiskvinnslu í opinberum flokkunum. Nú er það svo að niðursoðnar og niðurlagðar sjávarafurðir eru með því fyrsta sem fram kom innan íslensks matvælaiðnaðar á sviði fullvinnslu. Lagmeti (sem er samheiti þessara afurða) er í allflestum tilfellum pakkað í neytendaumbúðir til dreifingar í verslanir. Starfsemi af þessu tagi er ekki hægt að flokka með frumvinnslu sjávarafurða. Þá verður að telja mjög óheppilegt að reyking, mjölvinnsla og bræðsla sé hér undanskilin. Lagt er til að súrsun, niðurlagning og niðursuða, reyking, bræðsla og mjölvinnsla falli ekki undir takmarkanir frumvarpsins og að fjárfestingar erlendra aðila í þessum greinum verði með sama hætti og í öðrum iðnaði.

Lagt er til að fellt verði niður ákvæði sem takmarkar erlenda fjárfestingu í flugrekstri

við 49%. Ekki verður séð hvaða hagsmunum þessi takmörkun á að þjóna.

Þá er lagt til að í stað þess að takmarka eignarhald erlendra aðila í íslenskum viðskiptabönkum við 25% verði þeim veitt ótakmörkuð heimild í áföngum. Ekki verður séð að nauðsyn beri til að taka upp strangar reglur í þessum efnum varðandi hlutafélagsbanka sem ganga stórum lengra en almennar reglur sem gilda eiga um fyrirtæki á sviði fjármagnsþjónustu í víðasta skilningi þess orðs, t.d. verðbréfafyrirtæki, vátryggingafélög o.s.frv. Því er lagt til að sömu reglur skuli gilda um hlutafélagabanka og önnur fyrirtæki, en þetta verði þó gert í áföngum.

Í þriðju breytingartillögunni er lagt til að takmörkun sú, sem frumvarpið gerir ráð fyrir á heildarfjárfestingu erlends aðila á ári, verði rýmkuð úr 250 millj. kr. í 1.000 millj. kr. Þá er lagt til að þau ákvæði, sem lúta að takmörkun við fjórðung af hverri atvinnugrein samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar, verði felld í burtu í heilu lagi. Óframkvæmanlegt er að meta þessa hluti eða draga skýrar markalínur milli atvinnugreina. Þá er öldungis ótækt að löggjafinn framselji vald í hendur Þjóðhagsstofnunar með þeim hætti sem ráð er fyrir gert í frumvarpinu.

Loks er lagt til að 10. gr. um pólitíska eftirlitsnefnd verði felld niður. Eins og greinin er úr garði gerð getur hún aldrei valdið neinu nema vandræðum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að nefndin sé valin út frá pólitískum sjónarmiðum en ekki faglegum. Þetta getur leitt til þess að framkvæmd laganna verði breytileg frá einum tíma til annars eftir því hvernig pólitískir vindar blása. Slíkt er afar óæskilegt því að þeir sem vilja fjárfesta óttast óstöðugleika mest af öllu. Þeir vilja skýrar og staðfastar reglur. Í öðru lagi eru þau sjónarmið, sem ætlast er til að nefndin hafi til hliðsjónar við störf sín, svo loðin og teygjanleg að ekki er boðlegt að binda slíkt í lagatexta. Hvenær ógnar fjárfesting öryggi landsins? Hvað eru óæskileg áhrif? Mat á þessu býður upp á hreinar geðþóttaákvarðanir. Þess vegna er lagt til að greinin verði felld niður í heild sinni.

Annar minni hl. styður frumvarpið og telur það vera skref í rétta átt. Full ástæða er þó til að benda á að öll efnisatriði frumvarpsins verða aftur til skoðunar ef Íslendingar taka þátt í samstarfinu um Evrópska efnahagssvæðið.

Alþingi, 12. mars 1991.

Friðrik Sophusson, frsm. Matthías Bjarnason.

Nd. 889. Breytingartillögur [320. mál]

við frv. til l. um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (FrS, MB).

1. 2. tölul. 4. gr. orðist svo: Íslenskir ríkisborgarar, sem eiga lögheimili hérlendis, og lögaðilar, sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hérlendis, mega einir eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjáarafurða hér á landi, en með vinnslu sjávarafurða er hér átt við frystingu, söltun og herslu og aðrar vinnsluaðferðir sem verja fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum. Til vinnslu í þessu sambandi telst hins vegar ekki bræðsla og mjölvinnsla, reyk-

ing, súrsun, niðursuða og niðurlagning, umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu.

2. 4. tölul. 4. gr. falli brott.
3. 5. tölul. 4. gr. orðist svo: Samanlögð hlutafjáreign erlendra aðila í íslenskum viðskiptabanka, sem rekinn er af hlutafélagi, má á hverjum tíma ekki vera meiri en 25% hlutafjár hlutafélagsbankans. Frá 1. janúar 1992 hækkar framangreint hámark í 50%. Frá 1. janúar 1995 mega erlendir aðilar kaupa hlut í íslenskum hlutafélagsbanka án takmarkana annarra en þeirra sem af lögum þessum leiðir.

   Frá 1. janúar 1992 er erlendum hlutafélagsbönkum, sem eru skráðir erlendis og eiga þar varnarþing, heimilt að starfrækja rekstur útibúa hér á landi að fengnu leyfi viðskiptaráðherra.
4. 7. tölul. 4. gr. orðist svo: Fari heildarfjárfesting erlends aðila eða samanlögð fjárfesting fjárhagslega tengdra erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi fram úr 1.000 milljónum króna á einu almanaksári skal fjárfesting umfram fyrrgreind viðmiðunarmörk háð sérstöku leyfi viðskiptaráðherra. Viðmiðunarmörkin miðast við lánskjaravísitölu í júní 1990, 2887 stig, og breytast í samræmi við breytingar sem verða á henni til hækkunar eða lækkunar. Fjárfesting erlends aðila telst eiga sér stað í skilningi þessa töluliðar þegar tilkynningarskylda stofnast, sbr. 5. gr.
5. 10. gr. falli brott.

Ed. 890. Nefndarálit [28. mál]

um frv. til l. um mannanöfn.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á ný eftir afgreiðslu neðri deildar á frumvarpinu. Nefndin fékk á sinn fund til viðræðna um málið Skúla Guðmundsson, skrifstofustjóra þjóðskrár, og Guðrúnu Kvaran, ritstjóra Orðabókar Háskólans.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem nefndin flytur tillögu um á sérstöku þingskjali. Aðalbreyting nefndarinnar felst í því að fellt er brott ákvæði um millinafn, en millinafn er í eðli sínu ígildi ættarnafns og með slíku ákvæði væri því verið að opna fyrir upptöku nýrra ættarnafna.

Eiður Guðnason var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. mars 1991.

Jón Helgason, varaform., frsm.	Guðrún J. Halldórsdóttir, fundaskr.	Halldór Blöndal.
Skúli Alexandersson.	Salome Þorkelsdóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.

Ed. 891. Breytingartillögur [28. mál]

við frv. til l. um mannanöfn.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:
   Hverju barni skal gefa eiginnafn, þó ekki fleiri en þrjú.
2. Við 2. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. 4. mgr. falli brott.
   b. 5. mgr. falli brott.
3. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Erlendur ríkisborgari, sem stofnar til hjúskapar við Íslending er ekki hefur ættarnafn, má kenna sig til föður eða móður maka síns á sama hátt og hann. Ekki tekur þetta til niðja slíkra hjóna.
   Hafi íslensk hjón tekið sameiginlega upp kenninafn annars hvors við búsetu erlendis er því skylt, er breytti kenninafni sínu, að leggja það niður við flutning til landsins, sbr. 1. mgr. 9. gr. Sama gildir um börn slíkra hjóna.
   Einstaklingur, sem við gildistöku þessara laga er kenndur til föður eða móður maka síns á þjóðskrá, má gera það áfram.

Nd. 892. Nefndarálit [420. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 1. júlí 1985, um Byggðastofnun.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og rætt við Guðmund Malmquist, forstjóra Byggðastofnunar. Lagt er til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. mars 1991.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Ólafur G. Einarsson, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Ingi Björn Albertsson.	Guðni Ágústsson.	Rannveig Guðmundsdóttir.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Ed. 893. Nefndarálit [335. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Að venju hafa formenn allsherjarnefnda deildanna farið yfir umsóknir ásamt nefndarritara og lagt tillögur til breytinga fyrir nefndina.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. mars 1991.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Skúli Alexandersson.	Ey. Kon. Jónsson.	Danfríður Skarphéðinsdóttir.
	Valgerður Sverrisdóttir.	

Ed. 894. Breytingartillaga [335. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr. orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Anoruo, Chigozie Onyemuche, verkamaður í Reykjavík, f. 12. apríl 1974 í Nígeríu.
2. Ben Ali, Ayari Brahim, matsveinn í Reykjavík, f. 13. janúar 1964 í Túnis.
3. Ben Ezra, Nili, verkakona á Patreksfirði, f. 6. nóvember 1964 í Ísrael. Fær réttinn 30. ágúst 1991.
4. Berger, Jiri, sálfræðingur á Akureyri, f. 1. júlí 1950 í Tékkóslóvakíu.
5. Canada, Ermelinda Almeda, húsmóðir í Reykjavík, f. 5. ágúst 1959 á Filippseyjum.
6. Chase, Beverly Ellen, aðstoðarveitingastjóri í Reykjavík, f. 6. október 1967 í Bandaríkjunum. Fær réttinn 30. september 1991.
7. Curtis, George Frank, verslunarstjóri í Reykjavík, f. 29. nóvember 1949 í Skotlandi.
8. Curtis, Þór Arnar, nemi í Reykjavík, f. 9. ágúst 1973 í Reykjavík.
9. Daglas, Sami Fathi Ahmad, rafsuðumaður í Bessastaðahreppi, f. 1. júní 1966 í Jórdaníu. Fær réttinn 19. ágúst 1991.
10. Drummond, Jonathan Paul, golfkennari í Reykjavík, f. 4. apríl 1963 í Englandi.
11. Enriquez, Charita Capuyan, starfsstúlka í Reykjavík, f. 29. maí 1961 á Filippseyjum. Fær réttinn 30. september 1991.
12. Espiritu, Vincenta Cabilao, húsmóðir í Reykjavík, f. 23. júlí 1966 á Filippseyjum.
13. Farrell, Cynthia Ann, kennari í Vestmannaeyjum, f. 23. október 1955 í Bandaríkjunum.
14. Fossádal, Ragna, húsmóðir í Grindavík, f. 26. júlí 1939 í Færeyjum.
15. Golebiowska, Ewa Anna, póstmaður í Reykjavík, f. 22. desember 1958 í Póllandi. Fær réttinn 21. júlí 1991.
16. Lebunafacil, Adela A., verkakona í Keflavík, f. 1. júlí 1955 á Filippseyjum.
17. Líney Dan Gunnarsdóttir, barn í Reykjavík, f. 12. nóvember 1987 á Indlandi.
18. Maerel, Jean-Jacques Léon, verkamaður í Reykjavík, f. 28. apríl 1952 í Frakklandi.
19. Makosz, Elzbieta Zofia, kennari í Bolungarvík, f. 14. júní 1962 í Póllandi.
20. Namwijit, Sophaporn, verkakona á Ísafirði, f. 15. september 1950 á Thailandi.

21. Oliverio, Serecia Pitogo, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. 21. febrúar 1961 á Filippseyjum. Fær réttinn 5. júní 1991.
22. Olsen, Marianne, húsmóðir í Reykjavík, f. 27. október 1958 í Danmörku.
23. Ólöf Halla Hjartardóttir, verslunarmaður í Hveragerði, f. 20. október 1953 í Reykjavík.
24. Paraiso, Sixta Alfante, húsmóðir í Kópavogi, f. 6. ágúst 1946 á Filippseyjum. Fær réttinn 30. júlí 1991.
25. Rader, Margrét Ann, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 25. október 1950 í Bandaríkjunum.
26. Roberts, Kristrún Ingibjörg, bréfberi í Mosfellsbæ, f. 22. júní 1950 í Reykjavík.
27. Robinson, Deborah Lynne, húsmóðir á Flateyri, f. 11. janúar 1962 í Suður-Afríku.
28. Rossen, Magnús Ólafur, bifvélavirki í Reykjavík, f. 15. júlí 1967 í Stykkishólmi.
29. Ruf, Dora, húsfreyja í Kjósarhreppi, f. 22. mars 1955 í Sviss.
30. Röver, Nóra María, nemandi í Reykjavík, f. 16. júní 1970 í Vestur-Þýskalandi.
31. Semichat, Larib, verkamaður í Reykjavík, f. 15. júlí 1961 í Túnis.
32. Shen, Zhi Ying, verkakona í Reykjavík, f. 19. júlí 1930 í Kína.
33. Siengboon, Sompit, starfsstúlka í Reykjavík, f. 4. október 1956 í Thailandi.
34. Sobczynski, Dariusz Andrzej, nemi í Reykjavík, f. 4. júlí 1959 í Póllandi. Fær réttinn 21. júlí 1991.
35. Tinganelli, Leone, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 22. janúar 1964 á Ítalíu.
36. Toohey, John Patrick, kerfisfræðingur í Reykjavík, f. 17. janúar 1963 á Írlandi.
37. Torcato, Antonio Carlos Dos Reis, verkamaður í Bolungarvík, f. 7. janúar 1954 í Portúgal.
38. Undall-Behrend, Daníel Jakob, vélvirki í Arnarneshreppi, f. 19. apríl 1949 í Arnarneshreppi.
39. Urbschat, Marlene, hagfræðingur á Blönduósi, f. 14. febrúar 1956 í Vestur-Þýskalandi. Fær réttinn 7. maí 1991.
40. Wheeley, Jón Wayne, nemi í Reykjavík, f. 30. júní 1970 í Bandaríkjunum.
41. Wilson, Kristín Anna Tryggvadóttir, nemi í Reykjavík, f. 11. apríl 1975 í Ástralíu.
42. Ycot, Maria Miraflor, starfsstúlka í Reykjavík, f. 6. maí 1969 á Filippseyjum. Fær réttinn 23. júlí 1991.

Nd. 895. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Frumvarp um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hefur nú verið til umfjöllunar á þremur þingum. Margt horfði til bóta í því frumvarpi sem upphaflega var lagt fyrir 111. löggjafarþingið, en í meðförum þingsins hefur frumvarpið tekið miklum breytingum sem flestar eru til hins verra. Ljóst er að ekki mun nást samstaða um málið nema í þeirri útþynntu mynd sem það er nú komið í. Meðal þess sem var í upphaflegu frumvarpi, en hefur nú verið fellt út í meðförum þingsins, eru ákvæði um öfuga sönnunarbyrði í málum er varða meinta mismunun vegna kynferðis við ráðningar í störf þar sem atvinnurekanda var gert að sýna fram á að aðrar ástæður en kynferði réði þegar ráðið er í stöður á vinnumarkaði.

Skipan kærunefndar er ekki með þeim hætti er minni hl. nefndarinnar vildi helst sjá og ákvæði um jafnréttisráðgjafa eru ekki svipur hjá sjón miðað við það sem var í upphaflega frumvarpinu.

Minni hl. nefndarinnar styður breytingartillögu meiri hl. um skipan kærunefndar sem illskárri kost en þá skipan nefndarinnar sem samþykkt var eftir umræður í efri deild.

Minni hl. nefndarinnar vill þrátt fyrir þessa alvarlegu ágalla á frumvarpinu, eins og það lítur út eftir umfjöllun þriggja þinga, mæla með samþykkt þess vegna þeirra atriða sem horfa til bóta. Er þá átt við það litla sem eftir er af efnisatriðum hins upphaflega frumvarps og til framfara má teljast, svo sem skýrara verksvið jafnréttisnefnda. 10. gr. frumvarpsins um menntun er mjög til bóta og auk þess má nefna mikilvægt ákvæði um jafnréttisþing sem bættist við frumvarpið í meðförum þingsins. Það er von minni hl. nefndarinnar að jafnréttisþing verði vettvangur lifandi umræðna um stöðu kvenna í samfélaginu og uppspretta nýrra hugmynda í baráttunni fyrir bættum hag kvenna og þar með allra þjóðfélagsþegna.

Alþingi, 12. mars 1991.

Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Sþ. 896. Skýrsla [240. mál]

sjávarútvegsráðherra um úthlutun á fiskveiðiheimildum fyrir smábáta, samkvæmt beiðni.

Inngangur.

Með bréfi dags. 20 desember sl. óskaði forseti sameinaðs þings eftir skýrslu frá sjávarútvegsráðherra um úthlutun á fiskveiðiheimildum fyrir smábáta sbr. þingskjal nr. 350 mál nr. 240. Orðrétt segir meðal annars í beiðninni:

„Í skýrslunni komi m.a. fram hvaða bátum annars vegar milli 10 og 20 brúttólestir og hins vegar undir 10 brúttólestir hafi verið haldið til veiða, hver hafi verið stærð þeirra og aflamark öll árin síðan 1984. Sérstaklega er beðið um, eftir að endanlegri úthlutun á aflaheimildum til smábáta er lokið, að gerð sé nákvæm grein fyrir tilraunaúthlutun þeirri til smábáta, sem fram hefur farið, hverjar hafi verið aflaheimildir einstakra báta samkvæmt þeirri úthlutun og hvers eðlis þær leiðréttingar séu sem ráðuneytið hafi gert og hvers eðlis þær athugasemdir séu sem ekki hafa verið teknar til greina. Jafnframt er óskað upplýsinga um endanlega úthlutun til einstakra báta og að gerð sé grein fyrir þeim kaupum og sölum á bátum og fiskiskipum sem orðið hafa eða verða á árinu 1990."

Í skýrslunni er gerð grein fyrir þeim lagaákvæðum sem gilda um úthlutun fiskveiðiheimilda til báta minni en 10 brúttólestir sbr. lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, og þeim framkvæmdareglum sem settar voru með reglugerð nr. 465/1990, um veiðar í atvinnuskyni. Þá er gerð grein fyrir störfum sérstakrar samstarfsnefndar sem skipuð var á grundvelli 7. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða við lög nr. 38/1990. Loks er að finna í fylgiskjölum I til V þær upplýsingar sem sérstaklega var óskað eftir. Eru upplýsingarnar unnar úr aflaupplýsingakerfi sjávarútvegsráðuneytisins, skipaskrá Siglingamálastofnunar, gögnum Fiskifélags Íslands og gögnum samstarfsnefndar um úthlutun veiðiheimilda til fiskiskipa minni en 10 brúttólestir.

Útgáfa veiðileyfa í atvinnuskyni.

Um síðustu áramót komu til framkvæmda lög nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Í 5. gr. laganna er kveðið á um hvaða fiskiskip eiga kost á leyfi til veiða í atvinnuskyni. Í fyrsta lagi er kveðið á um að öll fiskiskip sem veiðileyfi fengu samkvæmt 4. og 10. gr. laga nr. 3/1988 og ekki hafa horfið varanlega úr rekstri eigi kost á veiðileyfi. Er hér átt við öll fiskiskip 6 brúttólestir og stærri sem veiðileyfi fengu samkvæmt eldri lögum. Auk þeirra fiskiskipa sem að ofan greinir eiga kost á veiðileyfi bátar minni en 6 brúttólestir sem skráðir voru á skipaskrá Siglingamálastofnunar ríkisins, innan mánaðar frá gildistöku laganna, og bátar sem smíði var hafin á fyrir gildistöku laganna og haffærisskírteini gefið út af Siglingamálastofnun ríkisins innan þriggja mánaða þar frá.

Í 1. gr. reglugerðar nr. 465/1990, um veiðar í atvinnuskyni, eru settar nánari framkvæmdareglur um skilyrði sem bátar minni en 6 brúttólestir þurfa að uppfylla til að eiga kost á leyfi til veiða í atvinnuskyni. Í fyrsta lagi er kveðið á um að veiðileyfi til þessara báta verði ekki gefið út nema gilt haffærisskírteini liggi fyrir eigi síðar en 1. maí 1991. Uppfylli bátar ekki þetta skilyrði falla aflaheimildir þeirra niður og koma til skipta milli annarra báta sem veiðileyfi fá og eru minni en 10 brúttólestir. Er við úthlutun aflamarks fyrstu átta mánaða þessa árs miðað við að u.þ.b. 3.5% aflaheimilda falli niður af þessum sökum. Haffæriskrafan er í samræmi við þær reglur sem giltu er aflaheimildum var í fyrsta sinn skipt á milli fiskiskipa 10 brúttólestir og stærri árið 1984 enda er markmið laganna að skipta takmörkuðum heildarafla milli þeirra skipa sem til eru og hæf til veiða. Í öðru lagi var eigendum báta minni en 6 brúttólestir, sem til voru við gildistöku laganna en voru ekki á skipaskrá Siglingamálastofnunar, gefinn kostur á að leggja fram fullnægjandi gögn um skráningu þeirra fyrir 18. júní 1990. Þessir bátar voru

ekki skráningarskyldir á skipaskrá Siglingamálastofnunar. Siglingamálastofnun hefur í samræmi við ákvæði laganna tekið upp sérstaka skráningu á þessum bátum.

Í kjölfar gildistöku laganna auglýsti ráðuneytið ítarlega í fjölmiðlum þann frest sem eigendum þessara báta gafst samkvæmt lögunum til að skrásetja þá. Þá fór fram umfangsmikil athugun og skráning á þeim bátum sem smíði var hafin á innan lands fyrir gildistöku laganna. Ef um erlenda smíði var að ræða var krafist staðfestingar þar til bærra yfirvalda um að smíði hafi sannarlega verið hafin fyrir 18. maí. Ekki tókst að ljúka smíði allra þeirra báta sem smíði var hafin á fyrir gildistöku laganna fyrir 18. ágúst 1990 og koma þeir því ekki til greina varðandi útgáfu veiðileyfa nema aðrir sambærilegir bátar hverfi úr rekstri í þeirra stað.

Við veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni koma til greina rúmlega 2100 bátar minni en 10 brúttólestir. Gefin hafa verið út veiðileyfi til samtals 1000 báta sem uppfylla skilyrðin um haffærisskírteini. Það verður ekki endanlega ljóst fyrr en eftir 1. maí nk. hve margir bátar minni en 6 brúttólestir fá útgefin leyfi til veiða í atvinnuskyni en þá rennur út frestur til að fá útgefið haffærisskírteini til þessara báta.

Úthlutun veiðiheimilda.

Í ákvæði II til bráðabirgða við l. nr. 38/1990 er að finna reglur um úthlutun aflahlutdeildar af botnfiski fyrir báta minni en 10 brúttólestir. Samkvæmt 2. mgr. skal samanlögð aflahlutdeild allra báta minni en 10 brúttólestir í leyfilegum heildarafla botnfisktegunda vera jöfn aflahlutdeild þeirra í ársafla sömu botnfisktegunda á árinu 1989. Þessa skiptingu milli þessara flokka fiskiskipa er að finna í 4. gr. reglugerðar nr. 465/1990. Í 5. mgr. bráðabirgðaákvæðisins er fjallað um úthlutun aflahlutdeildar til nýrra báta sem komu fyrst til veiða á árinu 1990. Samkvæmt frumvarpinu sem upphaflega var lagt fram á Alþingi í febrúar 1990 var gert ráð fyrir að aflaheimildir þessara báta yrðu alfarið teknar af hlut smábáta. Í meðförum Alþingis var þessu breytt og sett inn ákvæði 2. málsl. 7. mgr. bráðabirgðaákvæðisins þar sem kveðið er á um að aflahlutdeild þessara nýju báta skyldi ekki hafa áhrif á aflahlutdeild annarra smábáta. Í allri umræðu um þetta atriði var ávallt rætt um að úthlutun aflahlutdeildar til þessara nýju báta raskaði ekki hlutfallslegri skiptingu aflaheimilda milli stærri fiskiskipa og smábáta. Í desembermánuði sl. skrifaði Landssamband smábátaeigenda sjávarútvegsráðherra bréf þar sem fyrri skilningi á þessu ákvæði var hafnað og því haldið fram að samkvæmt bókstafsskilningi laganna ætti aflahlutdeild nýrra smábáta eingöngu að skerða aflahlutdeild fiskiskipa 10 brl. og stærri. Þar sem texti laganna er ekki ótvíræður að þessu leyti og óyggjandi lögskýringargögn ekki að finna til að styðja fyrri skilning ákvað ráðuneytið að breyta þessu ákvæði reglugerðarinnar til samræmis við óskir Landssambands smábátaeigenda. Hefur við úthlutun aflaheimilda til smábáta fyrir fyrstu átta mánuði þessa árs verið tekið tillit til þessara sjónarmiða.

Í 3., 4., og 5. mgr. bráðabirgðaákvæðisins er að finna reglur um skiptingu aflahlutdeildar milli einstakra báta. Meginreglan er sú að byggt er á meðalafla tveggja bestu áranna á árunum 1987–1989. Hafi bátur fengið aflahámark árið 1990, sem byggði á veiðireynslu áranna 1985–1987 sbr. l. nr. 3/1988, er bátnum hins vegar úthlutað aflahlutdeild sem byggir á veiðireynslu þeirra ára. Nýjum bátum sem komu í fyrsta sinn til veiða eftir 31. desember 1989 er hins vegar úthlutað aflahlutdeild er tekur mið af meðalaflahlutdeild báta í sama stærðarflokki sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 465/1990. Í 7. gr. reglugerðarinnar eru settar nánari framkvæmdareglur um úthlutun aflahlutdeildar til báta minni en 10 brúttólestir. Er meðal annars í 2. málsl. 2. tölul. kveðið á um að hafi aflareynsla fengin á árinu 1987 verið lögð til grundvallar við úthlutun aflamarks 1990, geti afli þess árs ekki myndað grundvöll að úthlutun aflahlutdeildar annars báts. Með því er komið í veg fyrir að aflareynsla ársins 1987 geti myndað grundvöll að aflahlutdeild tveggja báta. Var þetta ákvæði tekið upp í reglugerð að

fengnum ábendingum frá sjávarútvegsnefndum Alþingis er drög að reglugerð voru til kynningar hjá nefndunum sl. haust.

Skipan samstarfsnefndar.

Samkvæmt 7. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða við lög nr. 38/1990 var sérstök samstarfsnefnd skipuð í júnímánuði 1990. Hlutverk nefndarinnar var að gera tillögur til ráðuneytisins um skiptingu aflahlutdeildar milli einstakra báta. Þá hefur nefndin fjallað um ýmis önnur álita- og ágreiningsefni sem upp hafa komið og gert tillögur til ráðuneytisins um úrlausn þeirra. Í nefndinni eiga sæti Stefán Þórarinsson, tilnefndur af sjávarútvegsráðherra og er hann jafnframt formaður nefndarinnar, Þórarinn Árnason, deildarstjóri hjá Fiskifélagi Íslands og Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda. Nefndin hefur unnið mikið starf og höfðu alls verið haldnir 107 fundir í nefndinni þann 15. febrúar sl. en þann dag skilaði nefndin til ráðuneytisins tillögum sínum um skiptingu aflahlutdeildar milli einstakra báta.

Í upphafi var meginverkefni nefndarinnar að afla upplýsinga um einstaka báta og skrásetja þær. Upplýsinga var fyrst og fremst aflað hjá Fiskifélagi Íslands og Siglingamálastofnunar ríkisins en auk þess voru eigendum smábáta send eyðublöð þar sem óskað var eftir ýmsum upplýsingum um útgerðarsögu bátanna.

Tilraunaúthlutun í nóvember 1990.

Nefndin hóf fljótlega undirbúning að sérstakri tilraunaúthlutun sbr. 9. mgr. bráðabirgðaákvæðisins. Fór þessi tilraunaúthlutun fram síðari hluta nóvembermánaðar eða nokkru seinna en áætlað hafði verið. Var ástæðan fyrir þessari töf fyrst og fremst sú að umfang upplýsingaöflunar reyndist meira en áætlað hafði verið. Við þessa úthlutun var tekið mið af því hver hefði orðið líklegur heildarafli smábáta ef lögin hefðu gilt á árinu 1990. Tilgangurinn með tilraunaúthlutuninni var fyrst og fremst sá að sýna útgerðarmönnum smábáta hverjar hefðu orðið líklegar aflaheimildir viðkomandi báts á því ári. Voru forsendur fyrir úthlutun sendar eigendum bátanna á sérstöku yfirlitsblaði. Var þeim gefinn kostur á að senda nefndinni athugasemdir varðandi forsendur fyrir úthlutuninni. Skilafrestur athugasemda var til 14. desember 1990.

Yfirferð athugasemda.

Nefndinni bárust alls 661 skrifleg athugasemd við forsendur tilraunaúthlutunarinnar. Nokkuð var um að fleiri en ein athugasemd bærist frá sama aðila. Samtals voru það á milli 540 og 550 útgerðarmenn smábáta sem sendu inn erindi til nefndarinnar. Nefndin flokkaði erindin upp í nokkra meginflokka. Alls bárust 73 erindi þar sem óskað var eftir að tekið yrði tillit til langvarandi bilana báta, 99 erindi þar sem óskað var eftir endurskoðun á uppreikningi vegna báta sem ekki höfðu full tvö ár til viðmiðunar, 99 erindi vörðuðu vantalinn afla, 102 erindi bárust vegna þess að viðkomandi bátur hafði ekki fengið tilraunaúthlutun og loks fjölluðu 288 erindi um ýmsar aðrar athugasemdir við tilraunaúthlutunina. Að auki bárust 50 erindi þar sem fyrri athugasemdir voru ítrekaðar. Samkomulag var í nefndinni um afstöðu til einstakra erinda og mælti hún með að tekið yrði tillit til 425 athugasemda að hluta eða öllu leyti.

Endurskoðuð úthlutun.

Þann 15. febrúar sl. skilaði nefndin tillögum sínum um skiptingu aflahlutdeildar milli einstakra báta til ráðuneytisins. Féllst ráðuneytið á tillögur nefndarinnar og byggði úthlutun sína á þeim. Við þá skiptingu var gengið út frá sama heildaraflamagni og í tilraunaúthlutuninni sem fram fór í nóvember. Eftirfarandi tafla sýnir flokkun bátanna og það aflamagn sem kom í hlut hvers flokks um sig, annars vegar samkvæmt tilraunaúthlutuninni í nóvember og hins vegar samkvæmt tillögum nefndarinnar frá 15. febrúar sl.

Flokkur	Tilrauna-úthlutun nóvember 1990		Endurskoðuð úthlutun febrúar 1991		Frávik frá tilraunaúthlutun	
	Fjöldi báta	þorskíg. (kg)	Fjöldi báta	þorskíg. (kg)	Fjöldi báta	þorskíg. (kg)
1. Reglulegir bátar	1.729	31.516.304	1.720	29.778.646	-9	-1.737.658
2. Reynsla 1985–1987	71	6.785.028	76	6.688.991	5	-96.037
3. Uppreiknaðir bátar	123	8.264.854	171	9.305.137	48	1.040.284
5. Nýir bátar	140	5.159.010	157	5.380.369	17	221.359
6. Meðalaflamarksbátar	7	144.804	11	716.857	4	572.053
Samtals	2.070	51.870.000	2.135	51.870.000	65	0

Þeir bátar sem höfðu stundað reglulegar veiðar á viðmiðunarárunum falla undir flokk 1. Fyrir þessa báta myndaði meðalafli tveggja bestu áranna 1987–1989 forsendur að útreikningi aflahlutdeildar. Þetta er að vonum langstærsti flokkurinn eða liðlega 80% af fjölda bátanna.

Samkvæmt lögum nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990, gafst eigendum báta minni en 10 brl. kostur á veiðileyfi með aflahámarki sem byggði á veiðireynslu áranna 1985–1987. Þessi kostur bauðst þeim einum sem höfðu með þessum hætti hærra aflahámark en þau almennu aflahámörk er smábátum sem stunduðu netaveiðar var gefinn kostur á í samræmi við stærð viðkomandi báta. Samkvæmt lögum nr. 38/1990 skal við útreikning á aflahlutdeild byggja á forsendum aflahámarks sem byggir á veiðireynslu áranna 1985–1987 fyrir þá báta sem fengu veiðileyfi með slíku aflahámarki á árinu 1990. Þessir bátar mynda flokk 2.

Flokkur 3 eru bátar sem koma fyrst til veiða eftir 31. janúar 1988 og höfðu því ekki fulla tveggja ára viðmiðun. Var þeim áætlaður afli aftur í tímann í samræmi við þann árangur sem þeir höfðu sýnt þann tíma sem þeir höfðu stundað veiðar. Auk þess eru í þessum flokki bátar sem eigendaskipti höfðu farið fram á haustið 1989 og straumhvörf orðið í rekstri bátsins í höndum nýs eigenda. Þessi regla, sem mótuð var af samstarfsnefndinni, skýrir að mestu þá fjölgun sem varð í þessum flokki frá tilraunaúthlutuninni. Að auki bættust við þennan flokk bátar sem stunduðu veiðar á innfjarðarrækju á viðmiðunarárunum.

Í flokki 5 eru nýir bátar sem koma í fyrsta sinn til veiða á árinu 1990. Þessir bátar fá meðalaflamark báta í sama stærðarflokki og er aflahlutdeild þeirra með öllu óframseljanleg næstu 5 árin. Fjölgun í þessum flokki frá tilraunaúthlutuninni er fyrst og fremst vegna nýrra báta sem skráðir voru á skipaskrá í árslok 1989 en hófu ekki veiðar fyrr en á árinu 1990.

Í flokki 6 eru annars vegar bátar 6 brl. og stærri sem voru í endurbyggingu öll viðmiðunarárin og hins vegar nýir bátar 6 brl. og stærri sem komu í fyrsta sinn til veiða á árinu 1990 og komið höfðu í stað sambærilegra báta sem enga veiðireynslu höfðu. Munurinn milli báta í flokki 5 og 6 er hins vegar sá að bátar í flokki 6 taka sinn hlut af veiðiheimildum annarra smábáta.

Í fylgiskjali III og IV koma fram upplýsingar um hvaða flokk hver einstakur bátur tilheyrir samkvæmt því sem að ofan greinir.

Átta mánaða úthlutun.

Er samstarfsnefndin hafði skilað tillögum sínum hóf ráðuneytið þegar vinnu við að senda út veiðileyfi og tilkynningar um leyfilegt aflamagn þeirra smábáta sem höfðu gilt haffærisskírteini. Jafnframt var öllum þeim eigendum smábáta sem sent höfðu skriflegar athugasemdir við tilraunaúthlutun sent bréf með úrskurði ráðuneytisins. Var þetta allt gert á grundvelli tillagna samstarfsnefndarinnar.

Frá endurskoðaðri úthlutun eins og hún barst ráðuneytinu þann 15. febrúar sl. urðu þær breytingar einar á aflahlutdeild smábátaflotans að nýir bátar í flokki 5 taka alfarið aflahlut-

deild sína af fiskiskipum 10 brl. og stærri. Fyrir þann hluta smábátaflotans sem höfðu hafið veiðar í árslok 1989 þýðir þetta að samanlögð aflahlutdeild þeirra báta verður 12.91% í þorski en það hlutfall hafði orðið u.þ.b. 12.7% ef nýir bátar hefðu tekið sinn hlut af heildinni.

Við útreikning á aflamarki fyrir fyrstu átta mánuðina er byggt á aflahlutdeild hvers báts. Þó var tekið tillit til hversu hátt hlutfall einstakir stærðarflokkar smábáta, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 465/1990, hafa að meðaltali veitt fyrstu átta mánuði ársins, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 465/1990. Er þetta í samræmi við það sem gert var varðandi skiptingu aflaheimilda fiskiskipa 10 brl. og stærri fyrir fyrstu átta mánuði þessa árs. Eftir að aflahlutdeild hvers báts hafði verið reiknuð var aflamark í öllum tegundum hækkað um 3.5%. Var það gert til að áætla fyrir þeim aflaheimildum sem falla niður vegna þeirra báta sem ekki verða haffærir fyrir 1. maí nk. en samkvæmt lögunum munu aflaheimildir þeirra skiptast milli þeirra smábáta sem veiðileyfi fá. Fyrir upphaf næsta fiskveiðiárs verður þessi áætlun endurskoðuð og aflahlutdeild þeirra smábáta sem veiðileyfi fá leiðrétt til samræmis við það. Ekki er ljóst hve miklar heimildir falla niður af þessum sökum en þess má geta að af þeim rúmlega 2.000 bátum sem eiga kost á veiðileyfi í atvinnuskyni hafa einungis rúmlega 1.000 fengið send veiðileyfi.

Fylgiskjal I.

Í fylgiskjali I koma fram upplýsingar um alla báta á stærðarbilinu 10 til 20 brúttórúmlestir sem fengið hafa úthlutað aflamarki af botnfiski á árunum 1984 til 1991. Eftirfarandi upplýsingar koma fram: Skipaskrárnúmer, nafn fiskiskips, umdæmisnúmer, stærð í brúttórúmlestum, útgerðarflokkur og aflamark af botnfiski miðað við óslægðan fisk í þorskígildislestum talið, öll árin 1984 til 1991. Sumir þessara báta hafa horfið varanlega úr rekstri í dag og hafa aflaheimildir þeirra annaðhvort verið færðar á nýja báta í eigu sömu eigenda eða verið sameinaðar varanlega aflaheimildum annarra fiskiskipa. Þá hafa í sumum tilvikum farið fram skipti á aflaheimildum milli einstakra báta. Rétt er að vekja athygli á að sumir þessara báta hafa auk botnfiskveiðiréttinda sérveiðiréttindi. Bátar sem tilheyra útgerðarflokki 6 hafa eða hafa haft aflaheimildir af innfjarðarrækju en bátar í útgerðarflokki 7 aflaheimildir af hörpuskel.

Fjórir þættir valda fyrst og fremst breytingum á aflaheimildum milli ára. Í fyrsta lagi hefur leyfilegur heildarafli tekið breytingum á þessu tímabili. Á fyrri hluta tímabilsins eða fram til ársins 1987 var afli aukinn nokkuð en á síðari hluta tímabilsins hefur leyfilegur heildarafli verið lækkaður. Í öðru lagi hafði sóknarmarkið þau áhrif að einstaka bátar gátu aukið eða minnkað aflaheimildir sínar allt eftir þeim árangri sem þeir náðu í sóknarmarkinu. Í þriðja lagi gátu botnfiskveiðiréttindi breyst hafi bátur fengið eða afsalað sér sérveiðiréttindum á þessu tímabili. Í fjórða lagi geta skipti á aflaheimildum milli báta leitt til breytinga.

Fylgiskjal I

Sjávarútvegsráðuneytið — Aflamark af botnfiski 1984-1991 - Fiskiskip 10-20 br.l.
Allar tölur eru í tonnum og óslægt

skipa númer	nafn	umdæmis númer	br.l.	fl.	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991
304	Auðbjörg	NS 200	11.17	2	104	106	119	124	118	106	96	80
325	Dröfn	ÍS 78	11.32	2	86	89	124	149	143	120	111	81
361	Bryndís	ÍS 69	14.27	6	11	11	49	45	43	39	35	35
372	Kristín	VE 40	10.01	2	103	105	115	120	116	108	64	60
378	Gísli Kristján	AR 35	18.00	2	144	143	156	181	0	0	0	0
398	Gísli Gunnarsson II	SH 85	17.00	7	1	1	0	0	0	0	0	0
402	Ingólfur	HU 125	10.84	2	105	105	155	160	159	149	143	121
411	Aldan	ÍS 47	14.52	6	81	81	96	106	101	59	83	41
442	Þórdís Guðmundsdóttir	VE 141	11.41	2	105	105	85	95	95	86	100	74
491	Enok	AK 8	11.70	2	105	105	103	0	118	121	136	101
499	Kristín	EA 37	11.30	2	69	66	75	110	111	105	120	93
524	Hafliði	GK 140	10.32	2	86	89	114	103	98	63	70	66
537	Sæborg	KE 75	14.23	2	0	0	0	0	0	0	73	130
570	Hjördís	GK 32	14.23	2	34	34	76	90	86	79	0	0
598	Hófrungur	BA 60	12.00	6	8	8	25	55	0	0	0	0
687	Mummi	BA 21	11.90	2	105	105	91	95	94	0	0	0
694	Káraborg	HU 77	13.49	6	60	61	70	0	103	60	9	21
756	Hrappur	GK 0	10.91	2	105	105	128	159	155	0	0	0
770	Skúli Hjartarson	BA 250	11.58	2	105	105	108	133	126	83	99	83
780	Ver	ÍS 120	10.80	6	34	34	70	81	76	69	63	51
781	Kristín Jónsdóttir	ÍS 196	10.93	6	85	88	78	81	76	69	63	51
782	Sólrún	ÍS 250	10.91	2	38	39	34	38	35	23	20	45
825	Sædís	ÍS 67	14.79	6	0	0	41	34	31	16	15	25
845	Óli	ÍS 81	13.14	6	30	31	74	83	78	70	63	51
847	Tindur	SH 179	14.72	2	95	96	108	113	106	96	113	84
866	Smári	BA 232	11.39	2	69	70	91	129	121	120	113	89
869	Gísli Páll	ÍS 41	10.00	2	78	79	94	84	79	0	0	0
872	Valur	BA 214	15.76	2	9	9	8	53	49	93	103	96
874	Kambavík	SU 158	10.04	2	179	175	186	0	194	184	0	0
890	Bliki	AR 40	10.26	2	0	0	0	64	65	86	135	96
903	Hafbjörg	VE 815	15.02	2	105	105	115	123	123	130	225	113
913	Víðir	SH 301	11.00	2	116	118	113	120	115	0	0	0
928	Þorsteinn	ÍS 74	10.74	6	183	186	211	220	211	189	63	49
941	Örn	ÍS 18	18.89	6	38	39	88	91	86	0	0	0
949	Fagranes	GK 171	17.88	2	100	101	109	114	110	0	0	0
950	Gísli Gunnarsson II	SH 85	17.80	7	71	74	105	38	35	31	29	33
1032	Pilot	BA 6	19.00	6	4	4	4	39	36	59	53	44
1091	Hafbjörg	VE 815	15.05	2	86	89	165	245	249	236	155	148
1092	Hrólfur	AK 29	10.48	2	74	74	130	189	189	178	168	129
1093	Byr	ÓF 58	11.07	2	105	105	105	109	106	81	96	78
1097	Ársæll Sigurðsson	HF 80	15.53	2	174	178	198	221	214	223	221	154
1098	Kristín	VE 40	10.01	2	61	60	85	95	95	63	0	0
1109	Neisti	ÍS 218	15.09	6	6	6	41	51	49	33	56	46
1116	Birgir	RE 0	10.00	2	111	113	124	134	0	0	0	0
1117	Þórunn	HF 57	10.74	2	105	105	121	140	138	120	131	98
1118	Sæbjörn	ÍS 121	11.99	6	65	68	71	75	70	63	56	46
1123	Óskar	AR 44	10.74	2	105	105	135	159	154	138	0	0
1124	Katrín	BA 109	11.60	6	116	118	95	115	114	101	111	59
1129	Sigurbjörg	ST 55	17.04	6	0	0	1	21	20	35	31	31
1132	Sæbjörg	EA 184	11.08	2	166	171	190	221	210	163	150	120
1141	Ósk	AR 202	11.08	2	58	56	60	90	88	56	84	71
1142	Draupnir	ÞH 180	11.50	2	120	124	136	153	144	128	100	81
1144	Aron	ÓF 55	11.08	2	39	39	49	54	50	39	34	51
1149	Auðunn	ÍS 110	14.27	6	25	26	34	0	60	106	98	48
1151	Skúmur	RE 90	10.41	2	88	88	91	100	100	94	91	78
1152	Sif	AR 207	11.08	2	105	105	115	195	196	0	0	0
1153	Sæþór	SU 175	11.16	2	80	80	90	86	81	91	89	74
1155	Hafnartindur	SH 99	11.08	2	64	63	83	81	79	81	109	81
1161	Drífa	GK 83	10.00	2	136	139	154	161	0	0	0	0
1163	Hafrún	ÞH 144	11.69	2	104	106	115	109	104	88	78	68
1167	Guðmundur Þór	SU 121	11.08	2	116	118	95	105	99	88	0	0
1177	Mávur	SI 76	10.76	2	69	70	103	129	121	113	109	88
1180	Björgvin	NS 1	10.80	2	80	81	101	124	116	95	0	0
1181	Finnbjörn	ÍS 37	11.08	6	36	36	76	89	84	75	68	55
1184	Dagrún	ST 12	19.99	6	0	0	18	39	36	24	29	31
1185	Ásborg	RE 15	11.97	2	105	105	106	110	108	84	78	95
1186	Örn	ÍS 18	18.89	6	210	216	184	193	0	78	70	56
1188	Sæbjörg	BA 59	10.76	2	91	91	120	120	113	89	95	79
1189	Þorkell Björn	NK 110	14.89	2	170	168	183	178	173	159	149	111
1190	Máni	HF 149	11.06	2	86	89	66	68	64	121	140	101
1197	Hrefna	GK 58	10.05	2	26	26	46	91	86	100	109	79
1198	Trausti	KE 73	10.76	2	86	88	104	0	106	94	88	73
1210	Magnús	EA 25	11.08	2	180	186	205	255	246	205	193	153
1214	Kristján S	SH 23	11.77	2	0	0	0	0	0	0	0	33
1217	Sóley	KE 15	10.76	2	158	154	165	163	165	0	0	0
1218	Fönix	ÞH 148	11.00	2	64	65	59	91	88	80	80	73
1220	Óskasteinn	AR 116	11.08	2	98	99	95	158	155	123	141	104
1222	Árni	SH 262	16.63	7	0	0	0	46	44	40	36	30
1224	Faxaberg	HF 104	10.76	2	116	118	128	169	164	151	150	128
1225	Aron	RE 0	12.00	2	105	105	0	0	0	66	63	0
1227	Leó	VE 400	11.66	2	105	105	149	225	228	215	204	138
1228	Sigurgeir Sigurðsson	ÍS 533	19.88	2	68	69	68	0	96	81	74	59
1230	Jón	EA 590	10.72	2	136	135	146	151	150	141	134	93
1232	Gunnhildur	ST 29	14.52	6	25	25	18	10	10	15	18	26
1233	Reynir	AK 18	10.23	2	29	29	43	123	121	119	113	84
1237	Jón Kjartan	HU 27	16.01	6	65	66	75	69	65	65	106	48
1240	Hafrún	ÍS 154	11.90	6	0	0	24	49	46	41	38	36
1243	Örvar	ST 155	10.76	6	53	53	30	33	30	23	24	29
1248	Bolli	KE 46	11.16	2	70	73	90	88	86	111	143	106
1249	Valdimar	AK 15	16.55	2	0	0	44	0	39	73	106	93
1250	Kári	SI 173	10.76	2	86	89	99	104	99	86	68	68
1251	Knarrarnes	KE 399	10.76	2	138	136	139	144	141	0	0	0
1254	Arnar	SH 157	16.05	7	149	150	38	109	103	93	84	113
1259	Kolbrún	ÍS 267	11.18	2	61	64	111	131	125	0	0	0

1260	Ágúst	RE 61	10.66	2	60	60	98	106	105	68	78	65
1261	Bergkvist	SU 409	10.76	2	44	44	64	75	71	56	60	60
1263	Árný	SF 6	19.92	2	64	63	85	111	110	113	103	126
1267	Faldur	ÞH 153	17.91	2	145	149	165	223	216	199	186	146
1271	Fram	KE 105	10.85	2	163	161	173	164	165	125	106	76
1288	Steinanes	BA 113	10.30	6	75	78	90	105	99	73	65	34
1294	Sæljómi	GK 150	10.85	2	131	133	144	141	140	119	134	96
1295	Sólberg	ÞH 302	10.76	2	111	113	125	140	133	99	90	79
1311	Brik	ÓF 11	16.84	2	86	89	68	71	68	84	96	94
1312	Njörður	EA 208	16.84	2	116	118	114	133	125	104	130	105
1316	Bjarnveig	RE 98	10.76	2	94	94	99	128	124	0	113	91
1319	Gunni	RE 51	10.76	2	141	144	160	166	160	146	138	106
1320	Þórir	SK 16	11.74	2	65	66	83	113	106	84	81	35
1329	Arnfirðingur	BA 21	11.74	6	105	105	129	146	141	130	119	66
1331	Margrét	HF 148	10.76	2	116	118	131	181	178	140	130	94
1344	Gissur hvíti	ÍS 114	18.12	6	25	26	74	113	106	96	86	70
1350	Hafborg	KE 85	11.00	2	86	89	126	163	159	129	133	101
1353	Viðar	ÞH 17	19.00	2	205	211	234	258	245	204	174	138
1377	Gullfari	HF 90	11.00	2	163	160	180	220	221	209	201	143
1381	Gunnar Sigurðsson	ÍS 13	11.00	6	25	25	63	59	55	50	45	40
1390	Jón Guðmundsson	ÍS 75	11.00	2	68	68	101	101	95	73	70	66
1396	Gunnvör	ST 39	19.74	6	75	78	58	60	56	50	80	61
1419	Bjargey	EA 79	11.00	6	213	218	236	246	238	213	199	158
1428	Dagný	ÍS 34	11.00	6	14	14	30	49	46	31	48	39
1455	Dóri	ÍS 213	10.00	6	105	105	113	141	136	0	0	0
1463	Sigurberg	GK 222	17.00	2	34	35	33	38	35	61	60	71
1480	Bibbi Jóns	ÍS 65	12.00	2	105	105	115	175	173	124	110	83
1489	Anný	SU 71	13.00	2	24	24	31	85	80	66	78	70
1490	Bylgja	NK 79	11.00	2	49	50	88	0	79	68	79	71
1511	Sandvík	SK 188	14.50	6	136	139	145	166	160	146	163	93
1513	Svana	KE 33	10.00	2	9	9	14	25	24	35	0	0
1524	Ingimar Magnússon	ÍS 650	14.51	2	180	181	200	194	188	173	159	119
1533	Bylgja II	VE 117	14.68	2	245	245	244	251	250	235	226	174
1538	Eldhamar II	GK 14	17.00	2	124	125	160	168	160	191	174	135
1542	Andri	KE 86	12.00	2	146	143	151	155	158	150	146	101
1546	Guðbjörn	AR 34	14.51	2	105	105	53	133	133	140	131	95
1564	Berghildur	SK 137	16.00	6	100	100	115	116	111	101	138	73
1600	Gullfaxi	NK 6	12.00	2	79	80	90	125	0	0	0	0
1642	Stapatindur	SH 17	14.52	2	116	118	130	153	148	121	95	80
1644	Óli	KE 16	14.56	2	105	105	60	0	113	105	100	74
1650	Þingey	ÞH 51	12.00	2	65	68	73	93	88	93	90	76
1666	Stapavík	AK 132	14.52	2	86	89	99	151	146	126	129	98
1675	Emma II	SI 164	17.00	2	116	118	131	159	153	135	123	105
1690	Rósa	BA 30	10.39	2	0	0	0	0	0	20	33	51
1697	Hafbjörg	ÁR 16	15.36	2	0	0	4	95	96	91	118	95
1745	Þórunn	RE 66	14.90	2	0	0	0	0	0	10	19	39
1764	Hraunsvík	GK 68	17.00	2	0	0	0	110	124	94	190	183
1851	Friðgeir Björgvinsson	RE 400	11.00	2	0	0	0	0	0	35	49	56
1900	Gullfaxi	NK 6	12.00	2	0	0	0	0	118	106	96	81
1951	Ísak	AK 67	18.00	2	0	0	0	0	180	169	160	163
1955	Höfrungur	BA 60	11.93	6	0	0	0	0	61	68	61	50
2005	Birgir	RE 323	10.00	2	0	0	0	0	0	123	120	95
6177	Guðný	NS 7	11.38	2	0	0	8	20	0	0	6	36
6300	Selma	HF 130	11.00	2	0	0	8	55	0	14	13	39
	Samtals	148	1945	11639	11762	13429	15280	15071	12840	12233	9901	

Fylgiskjal II.

Fram koma upplýsingar um fjölda opinna og dekkaðra báta, eftir stærðarflokkum sem hafa verið á skrá Fiskifélags Íslands á árunum 1984–1990. Þá er sýndur fjöldi þeirra báta sem eiga kost á leyfi til veiða í atvinnuskyni samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Bátum undir 10 brl. er nú í fyrsta skipti úthlutað aflamarki og koma upplýsingar um einstaka báta fram í fylgiskjölum III og IV.

Fylgiskjal II

Fjöldi smábáta á skrá árin 1984 til 1990

DEKKAÐIR SMÁBÁTAR:

Stærðarflokkur	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991
Minni en 2 brl.	0	0	0	0	0	0	0	0
2 - 3.99 brl.	10	9	9	10	10	10	11	11
4 - 4.99 brl.	28	28	28	43	44	43	51	47
5 - 5.99 brl.	33	33	33	39	47	50	68	67
6 - 7.99 brl.	44	46	48	56	59	60	61	62
8 - 8.99 brl.	38	41	41	52	61	63	63	63
9 - 9.99 brl.	20	22	25	55	83	93	119	125
Samtals	173	179	184	255	304	319	373	375

OPNIR SMÁBÁTAR:

Stærðarflokkur	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991
Óskilgreindir bátar	240	315	76	44	49	74	56	81
Minni en 2 brl.	207	238	71	80	81	82	88	74
2 - 3.99 brl.	369	441	651	700	734	756	783	844
4 - 4.99 brl.	93	106	153	167	181	186	197	209
5 - 5.99 brl.	25	28	142	214	272	306	350	371
6 - 7.99 brl.	19	20	63	81	95	100	104	108
8 - 8.99 brl.	1	3	15	17	27	29	29	27
9 - 9.99 brl.	1	1	1	10	32	38	43	46
Samtals	955	1.152	1.172	1.313	1.471	1.571	1.650	1.760

ALLIR SMÁBÁTAR:

	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991
Samtals	1.128	1.331	1.356	1.568	1.775	1.890	2.023	2.135

Fylgiskjal III.

Í fylgiskjali III koma fram upplýsingar um báta undir 10 brúttólestum sem eiga kost á veiðileyfi í atvinnuskyni með aflahlutdeild. Eftirfarandi upplýsingar koma fram: Skipaskrárnúmer, nafn báts, umdæmisnúmer, brúttórúmlestir, númer sem segir til um hvaða aðferð var beitt til að reikna aflahlutdeild bátsins, tilraunaúthlutun í nóvember 1990 af botnfiski í þorskígildislestum miðað við óslægðan fisk, endurskoðuð úthlutun í febrúar 1991 miðað við skiptingu á sama heildarmagni og í tilraunaúthlutuninni og úthlutað aflamark af botnfiski í þorskígildum talið fyrir fiskveiðitímabilið 1. janúar til 31. ágúst 1991.

Rétt er að vekja athygli á að einhver tilfærsla kann að eiga sér stað milli aflahlutdeildar báta í fylgiskjali III og línu- og handfærabáta í fylgiskjali IV. Stafar það m.a. að því að sumir eigendur smábáta óskuðu eftir fresti til að velja á milli þessara tveggja kosta þar til niðurstaða lægi fyrir um athugasemdir sem þeir höfðu gert. Þá er á listanum nokkur fjöldi báta sem beðið var um skráningu á fyrir 18. janúar 1990 og eru þeir flokkaðir með bráðabirgðaskipaskrárnúmeri 10.000. Þessir bátar fengu ekki tilraunaúthlutun á sínum tíma og hefur eigendum þeirra ekki gefist kostur á að velja um tegund veiðileyfis. Búast má við að þeir þessara báta sem verða haffærir fyrir 1. maí muni kjósa að stunda veiðar með línu- og handfærum enda er aflamarkskostur þeirra rýr og í mörgum tilvikum enginn þar sem þessum bátum hefur ekki verið haldið til veiða.

Fylgiskjal III

Sjávarútvegsráðuneytið				Úthlutun aflaheimilda til smábáta, aflamarksbátar			
Skipa-númer	Nafn	Umdæmis-númer	Br.l.	Fl	Tilrauna-úthlutun nóv.1990	Endurskoðuð úthlutun feb.1991	Aflamark jan.-ág. 1991
271	Steinvör	RE 210	3.87	1	22764	21578	18310
279	Sævaldur	SH 219	8.71	1	50266	47670	34743
281	Trausti	SH 72	8.54	1	64653	61323	44741
328	Máni	BA 211	6.12	1	52628	49851	38773
330	Logi	GK 121	5.91	1	27344	26097	21631
335	Þórarinn	GK 35	8.34	1	28680	28242	24765
360	Matti	KE 123	10.07	2	218223	208252	154026
364	Fróði	BA 81	7.16	1	33711	31925	24804
369	Diddó	ÍS 232	8.22	2	144863	137447	99479
379	Dynjandi	ÍS 59	9.79	1	42275	59653	44513
396	Sigurður Pálsson	ÓF 66	7.90	1	45743	43420	34101
403	Ársæll	EA 74	8.43	3	0	52608	38203
406	Kópur	EA 325	5.60	1	27204	25825	20790
409	Gæfa II	VE 112	5.42	2	72637	69721	53141
418	Fossá	ÞH 310	4.00	1	8319	7939	6563
449	Draumur	ÍS 140	7.78	1	27234	42441	32673
461	Glaður	SU 79	8.51	1	68343	64724	48124
463	Völusteinn	NK 100	9.01	1	15939	15104	11376
468	Sæþór	AK 7	6.36	1	61692	65298	46284
477	Ragna	RE 54	6.23	1	63018	59778	45894
487	Guðrún Hlín	BA 124	8.18	1	73812	69959	51510
506	Gylfi	NK 40	5.35	1	48810	46305	36156
528	Hafratindur	BA 34	5.94	1	32763	31039	25144
532	Guðborg	NS 36	9.63	3	29983	44970	33573
560	Helgi	SH 144	8.48	1	69549	66182	46524
579	Hrefna	ÍS 202	7.25	1	43229	40951	31861
592	Valur	RE 7	9.64	1	69286	94879	70604
612	Ritur	ÍS 22	10.10	1	48192	45706	34565
663	Hlíf	GK 250	7.41	1	41929	39849	31023
693	Nakkur	SU 380	8.03	1	42663	40413	29949
737	Röst	SH 134	8.72	1	12818	12141	9013
739	Nói	HF 150	9.96	1	95273	90670	66513
751	Von	ÞH 299	6.13	1	0	0	0
764	Ingólfur	SK 190	7.52	1	43709	53892	41579
776	Magnús	ÍS 126	7.52	1	71217	67602	51564
841	Una María	GK 979	6.48	1	0	0	0
842	Haraldur Sæmundsson	BA 111	7.83	1	43632	55499	42909
881	Víðir	ÞH 210	5.50	1	20641	19582	15933
899	Bjarni	SH 207	9.06	2	171779	163092	120193
900	Sólrún	NS 26	5.94	1	50396	47809	37081
909	Hafey	ÓF 5	9.16	1	0	0	0
943	Berglind	SU 3	9.98	1	66545	63065	47238
944	Snæbjörn Tryggvi	VE 50	5.20	1	0	0	0
955	Rex	NS 3	5.96	1	79243	75142	58974
960	Hjalti	SI 12	7.95	1	69001	65423	51100
987	Tjaldur	ÍS 222	4.91	1	31981	30286	24686
991	Nonni	ÍS 64	5.28	3	6706	10265	8496
995	Björgvin Már	ÍS 468	9.30	1	119310	113076	84426
1025	Gunnþór	ÞH 75	5.92	1	40574	39092	32575
1051	Sigurbjörn	VE 329	7.42	1	46724	44595	32806
1057	Gunnar	ÞH 34	5.67	1	6710	6361	5159
1064	Gunnvör II	ÍS 153	8.17	1	45157	42892	30544
1071	Rögnvaldur Jónsson	ÞH 107	7.91	1	51512	50191	44030
1078	Akurey	AK 81	9.61	2	138911	132037	96670
1083	Valur	SI 4	9.26	1	56591	53632	40260
1087	Farsæll	SI 93	8.23	1	53752	50929	37949
1112	Vinur	SH 1	6.79	3	6716	25983	19983
1120	Ævar	BA 526	6.21	1	52764	49970	38828
1166	Kópur	AK 211	6.06	1	50869	48636	33534
1169	Tvistur	VE 222	5.94	1	72627	69856	51495
1174	Æskan	EA 202	8.81	1	82241	77982	57800
1226	Hlýri	GK 305	9.89	1	81736	77714	57701
1234	Pétur Jacob II	SH 337	6.47	1	153426	107342	80880
1238	Fjalar Vagn	SH 330	8.05	1	188009	178371	129295
1239	Fram II	HF 51	7.73	6	0	42427	32518
1284	Bensi	VE 234	8.12	1	31818	30392	23510
1300	Bára	ÞH 7	7.51	1	24730	23682	18396
1322	Fram	ÞH 171	7.27	3	4690	39524	30625
1323	Örn	BA 11	9.24	1	83002	78621	58999
1336	Þórður Kristinn	HF 40	8.17	1	68347	65060	48770
1368	Silla	NK 42	8.54	1	76318	72290	53608
1380	Búi	EA 100	6.36	2	104977	99445	77260
1382	Lundey	ÞH 350	6.01	1	34402	42127	32146

Sjávarútvegsráðuneytið		Úthlutun aflaheimilda til smábáta, aflamarksbátar					
Skipa-númer	Nafn	Umdæmis-númer	Br.l.	Fl	Tilrauna-úthlutun nóv.1990	Endurskoðuð úthlutun feb.1991	Aflamark jan.-ág. 1991
1391	Guðný	EA 127	5.35	1	55740	52965	41153
1404	Bára	SH 264	6.87	2	106015	100545	76769
1418	Óli Jó	ÓF 14	8.20	1	42607	42690	32158
1429	Driffell	BA 102	9.76	3	13367	30370	22809
1431	Gustur	VE 101	7.02	1	73572	70532	53479
1432	Vilborg	ÞH 11	6.98	1	103779	98826	71820
1446	Lárberg	SH 275	9.88	1	88805	84327	62075
1457	Bryndís	SI 14	4.45	1	27534	26088	21294
1460	Hrímnir	ÁR 56	6.84	1	160075	102327	78148
1493	Pá	GK 231	6.30	1	85687	81459	60760
1500	Sindri	RE 46	8.30	1	77280	73483	51525
1515	Manni	ÞH 81	7.16	1	57882	55034	42359
1516	Fiskines	SU 65	8.68	1	196097	186009	135735
1518	Hafsteinn	SH 131	8.19	1	95468	93281	67423
1519	Bylgjan I	GK 141	7.54	1	115972	110073	83596
1523	Katrín	GK 98	8.68	1	78787	51094	39101
1535	Mónes	NK 26	5.64	1	118972	112871	89004
1537	Byr	ÍS 184	8.53	1	40581	38451	28636
1540	Björn	EA 220	7.61	1	150848	143606	114129
1544	Viggó	SI 32	8.46	1	44771	42411	31534
1555	Flatey II	AK 50	4.25	1	50842	48319	36489
1560	Búi	SU 174	4.66	1	61409	56497	45176
1561		0	0.00		31440	0	0
1563	Litli Jón	KE 201	5.26	2	58582	55716	43614
1565	Sigrún	RE 16	7.34	2	112517	107073	78433
1568	Högni	NS 10	6.84	2	176895	167805	128305
1569	Ómagi	RE 13	5.26	1	33196	31458	25041
1570	Sæunn	ÓF 7	9.50	1	29678	28463	22691
1572	Helga Péturs	GK 478	6.26	1	16970	16088	12563
1580	Mummi	NK 46	8.98	1	79574	53828	39016
1582	Aldan	NK 22	5.15	2	86832	82365	65848
1583	Tjaldur	RE 32	4.56	1	20391	19318	15764
1584	Litlanes	ÞH 52	6.46	1	16543	15667	12170
1590	Freyja	VE 260	3.90	1	28231	26944	23179
1601	Hrönn	EA 56	3.76	1	21065	20356	17869
1606	Toppur	NS 20	4.59	1	49106	46543	37468
1607	Sigurður Þorgilsson	ÍS 90	5.25	1	28539	27067	22001
1613	Leynir	AK 9	8.59	2	239619	227693	161439
1618	Sædís	EA 26	8.59	1	118232	112012	83013
1620	Fáfnir	SI 145	8.58	1	94814	89992	66819
1621	Særún	AK 120	8.59	2	241837	230483	156160
1632	Guðjón	SH 500	9.52	1	64748	61721	44183
1633	Stapi	ÍS 295	4.59	2	26426	25026	20399
1635	Sikill	KÓ 16	4.59	1	35513	33735	27496
1637	Ebbi	AK 37	8.59	2	203145	194119	126428
1641	Byr	NS 23	4.59	1	50017	47434	37644
1654	Siggi Munda	VE 102	4.59	1	10190	9658	7886
1655	Karl Þór	SH 110	6.45	1	41779	39627	31014
1656	Skúli Fógeti	ÍS 429	3.83	1	16905	16027	13648
1657	Elín	GK 311	2.94	1	11277	10681	9064
1658	Kalli á Litlalandi	VE 7	5.76	1	58473	55382	44826
1660	Lóa	ÍS 8	4.59	1	35411	33656	27713
1665	Eyfell	ÞH 62	4.59	1	48256	45745	36716
1671	Dísa	NK 51	4.59	2	44691	42323	34498
1677	Sætindur	HF 63	6.02	1	77238	74210	53511
1684	Flatey	AK 54	6.78	2	110579	105444	75264
1687	Styrmir	GK 313	6.06	1	55859	53144	39961
1688	Fúsi	SH 161	8.42	2	141270	134096	96435
1691	Doddi	SH 222	9.30	2	157866	149770	110994
1700	Assa	KÓ 12	6.68	1	22665	21465	16678
1728	Sæfari	SU 75	9.30	1	98798	93657	69984
1729	Gná	RE 660	5.26	1	57692	55068	42793
1730	Dýrfirðingur	ÍS 58	9.71	1	70029	72305	53938
1733	Jörundur Bjarnason	BA 10	9.58	1	128515	73443	55721
1734	Leiftur	SK 136	7.00	1	14888	14137	11124
1735	Árvík	RE 260	5.66	1	31393	29761	23566
1744	Þytur	AK 19	5.13	1	21683	69581	47813
1750	Matthildur	EA 222	8.77	2	93268	88327	65700
1756	Margrét	AK 39	7.09	2	105997	100433	77556
1760	Ólöf	NS 69	9.87	1	97307	92201	68964
1761	Krossey	SF 26	11.06	1	123421	117090	86869
1762	Hafborg	EA 152	8.91	1	100433	72846	55296
1763	Hera	VE 66	7.25	1	64683	61465	46543
1765	Þjótur	NS 21	5.86	3	74318	87473	66623
1767	Víkar	KE 121	9.93	3	106398	108778	80258
1769	Dagur	NS 109	4.59	1	52937	50269	40723

Sjávarútvegsráðuneytið		Úthlutun aflaheimilda til smábáta, aflamarksbátar					
Skipa-númer	Nafn	Umdæmis-númer	Br.l.	Fl	Tilrauna-úthlutun nóv.1990	Endurskoðuð úthlutun feb.1991	Aflamark jan.-ág. 1991
1770	Herkúles	SF 125	7.51	1	100062	79398	60761
1771	Hrólfur II	RE 111	9.62	1	82331	66722	48271
1773	Erna	RE 47	9.76	3	81944	83302	60344
1774	Síldin	AK 88	9.69	1	69987	101836	74746
1775	Ásrún	AK 3	9.69	1	125863	119325	88883
1776	Brimrún	ÞH 231	4.59	1	59519	56446	45879
1778	Blysfari	ÞH 27	4.59	3	24106	26040	21334
1779	Bára	AK 89	9.47	2	193433	184494	131360
1780	Guðrún Bára	HF 11	11.06	1	97865	92954	68771
1785	Kristín	ÍS 6	5.96	1	45253	42934	34763
1786	Abba	GK 247	9.62	1	0	16653	12584
1787	Stundvís	ÍS 883	11.06	1	60995	57745	43315
1788	Guðrún Jónsdóttir	ÍS 400	11.06	1	43292	41036	30860
1790	Kristján	EA 178	7.57	2	108033	102495	79763
1791	Máni	ÍS 54	9.77	1	109213	103431	77638
1792	Árvík	ÞH 258	4.59	1	26662	25297	20529
1793	Jóhanna	RE 299	8.91	1	81418	77403	55866
1794		0	0.00		21421	0	0
1798	Villi	SH 60	5.42	1	81925	77691	60801
1800	Fiskines	KE 59	7.25	1	40571	38523	29540
1802	Mardís	SU 64	5.42	2	68008	64405	52109
1803	Tvistur	ÍS 156	4.59	1	38739	36736	29219
1805	Sigurpáll	KE 120	11.06	3	53562	74841	55358
1806	Sleipnir	RE 31	9.16	1	161403	155048	117004
1808	Kambanes	SU 34	7.25	1	55235	52338	40773
1811	Mýrafell	ÍS 123	9.77	1	174539	165355	123873
1814	Sunna	SU 226	7.58	3	17386	37490	28856
1815	Brynhildur	KE 83	8.91	1	113498	117687	83740
1818	Sævar	NK 18	9.23	1	92236	87599	64923
1819	Víðir	KE 101	9.16	1	210266	200169	146691
1822	Yngvi	RE 109	8.20	1	67816	66095	47515
1823	Dagný	AK 140	5.31	2	142070	135155	97530
1827	Svala	BA 87	4.59	1	70156	66531	53178
1828	Skáley	NS 32	4.59	3	107327	103887	83524
1829	Dofri	ÁR 43	9.80	1	129791	123215	91595
1831	Hjördís	NS 92	7.51	2	133136	126169	97234
1832	Lína Bjarna	SU 120	7.25	1	89520	84997	64016
1834	Jökull	SF 75	9.77	1	70563	53987	40568
1835	Guðný	AK 113	4.59	1	23213	22214	17380
1836	Guðbjörg	KE 3	4.59	1	24252	23011	18776
1837	Hugrún	AK 43	9.35	3	46682	44683	33110
1839	Friður	RE 286	8.91	3	26802	69266	48019
1841	Laxinn	NK 71	8.91	1	47121	44712	32333
1842	Vismin II	ÁR 54	7.18	1	111715	106564	75740
1843	Lára	NK 65	8.91	1	103257	98041	70554
1844	Vigdís Helga	BA 401	8.91	1	92451	87813	62871
1845	Húni	ÍS 211	9.81	1	181404	151205	112565
1847	Smári	RE 14	9.76	1	146628	139075	103248
1848	Helga Sigmars	NS 6	9.89	1	168647	159970	118789
1849	Neptunus	NS 8	10.15	3	137113	131789	98124
1850	Vingþór	NS 341	9.98	3	146526	150138	111678
1852	Hlaðhamar	SU 169	9.98	1	47560	45226	32955
1854	Ýmir	BA 32	11.06	1	62592	59306	44620
1857	Elsa	NS 216	9.63	3	142140	140557	103109
1858	Sæfaxi	NS 145	5.04	1	116016	109907	88328
1859	Sundhani	ST 3	9.76	1	87188	67329	50701
1862	Hafrún II	ÍS 365	9.77	2	113545	107605	80758
1865	Snotra	RE 165	8.91	3	56770	62379	48318
1866	Víkurberg	SK 72	9.65	1	97036	97336	73091
1867	Nípa	NK 19	5.00	3	44774	43615	35185
1870	Ölver	ÍS 49	8.91	1	78664	76456	57089
1871	Kópur	SU 54	4.59	1	45151	42806	34095
1873	Bjarni	KE 23	9.77	1	243405	232460	165340
1875	Elín	ÍS 2	7.27	3	45855	46049	35125
1876	Kópur	ÞH 90	8.17	1	66139	62678	46164
1879	Jón Bjarnason	SF 28	9.60	3	77972	76250	56793
1881	Sigurvin	SU 24	9.76	3	94549	93224	68586
1883	Sóley	ÍS 651	7.17	1	44770	121972	93828
1885	Fáfnir	SF 14	9.76	3	64257	64053	47971
1886	Freygerður	ÓF 18	8.91	3	6737	43531	32064
1887	Bresi	AK 101	9.80	1	160511	186861	135864
1888	Edda	ÞH 272	8.91	3	58993	67094	49540
1889	Gísli Kristján	ÁR 35	8.91	1	46782	54703	39231
1890	Haförn	HU 4	9.86	2	56335	32380	28084
1891	Þórhildur	HF 206	5.00	1	15997	15238	12204
1893	Nónborg	BA 23	9.77	1	137839	130581	97814

Sjávarútvegsráðuneytið				Úthlutun aflaheimilda til smábáta, aflamarksbátar		
Skipa-númer	Nafn	Umdæmis-númer	Br.l.	Fl	Tilrauna-úthlutun nóv.1990	Endurskoðuð úthlutun feb.1991	Aflamark jan.-ág. 1991
1898	Snorri	ÓF 22	7.18	1	80932	76758	59953
1901	Höfrungur	SU 66	5.23	2	128856	124173	100465
1906	Þórdís	ÍS 933	8.91	1	77162	73137	53989
1907	Gunnvör	ÍS 53	8.90	1	60112	40650	30513
1908	Guðmundur Ásgeirsson	ÍS 814	8.90	1	47135	39559	28534
1909	Sunna	EA 51	8.83	3	42595	49721	37079
1910	Gestur	SU 160	8.11	3	103709	115954	84314
1911	Brimill	GK 17	9.75	3	73001	69512	52966
1912	Glaður	GK 405	6.33	3	42180	43576	34418
1913	Reykjanes	GK 19	9.95	3	162905	151176	112324
1914	Fylkir	NK 102	9.78	3	35784	74588	55271
1915	Búrfell	BA 223	9.95	1	27562	80355	59684
1917	Fram	HF 8	11.07	3	53576	52612	39379
1918	Gæfa	VE 11	8.62	3	69319	69934	52334
1920	Þjóðólfur	ÍS 86	9.98	3	71304	61155	46153
1921	Völusteinn	NS 116	9.98	3	144300	159128	117726
1922	Magnus	EA 25	9.97	3	107517	102809	76615
1925	Hrappur	GK 170	9.60	3	94944	90668	69071
1926	Örninn	SH 74	8.12	3	48520	119004	86400
1927	Brimnes	SH 717	9.96	3	178513	195446	144725
1928	Halldór	NS 302	9.59	1	130788	124026	92546
1929	Kópur	HF 202	9.95	5	82235	78164	56298
1930	Ívar	SH 287	10.90	2	98831	180335	135404
1932	Anna Rósa	NK 27	9.60	3	88683	82563	61500
1938	Dagný	SI 99	8.91	3	73057	78280	57755
1939	Ásberg	KE 111	9.72	3	48933	55217	42074
1943	Guðlaug Lárusdóttir	RE 310	9.07	5	62428	78164	56298
1946	Ingibjörg II	BA 402	8.90	3	75191	76946	54996
1947	Brynjar	BA 128	9.57	3	38514	43233	32460
1948	Farsæll	VS 1	7.37	1	33403	32030	26279
1949	Fengsæll	VS 3	7.37	1	30679	29426	24201
1950	Bryndís	BA 165	5.42	1	24922	23611	19125
1953	Rán	VE 30	9.07	5	62428	78164	56298
1954	Bárður	SH 81	8.11	3	41344	39246	28356
1957	Inga	VE 99	11.06	3	35908	34092	25615
1959	Esjar	SH 75	9.76	2	259396	246076	182456
1960	Flangey	SF 38	5.42	3	31199	32134	26194
1962	Maggi	HU 31	8.73	3	54360	51802	37158
1963	Mummi	ÍS 535	9.95	3	124529	122236	89346
1966	Þröstur	ÞH 247	8.91	3	90645	95273	69081
1969	Hafsvala	HF 107	9.60	2	123042	117023	85131
1970	Áfram	GK 8	9.03	3	37625	43410	33623
1975	Stjarnan	SU 8	8.90	3	56935	58054	42854
1979	Faxafell	GK 110	9.99	5	82235	78164	56298
1981	Máni	SF 8	9.61	3	49092	46916	36295
1982	Faxafell III	GK 344	9.99	5	82235	78164	56298
1984	Kári Jóhannesson	KE 72	9.03	3	99634	109276	79835
1985	Freyr	ST 11	9.93	5	82235	27957	20636
1986	Bensi	BA 46	9.76	3	150981	143393	106528
1987	Rúna	VE 76	8.91	3	1484	15057	11098
1988	Ösp	GK 210	5.91	3	48453	52740	41176
1990	Toppur	GK 70	9.99	5	82235	78164	56298
1999	Sigurvin	GK 51	9.83	3	81776	83630	61603
2004	Egill	SU 85	9.80	3	40175	58780	43668
2008	Stefnir	ST 47	9.57	3	103995	84260	63628
2009	Eydís	VE 89	9.61	5	82235	78164	56298
2012	Grunnvíkingur	RE 163	9.82	3	91477	79154	58780
2014	Síðu Hallur	SF 72	9.98	3	134446	127693	95379
2018	Dagbjört	SU 50	9.98	3	136803	152399	113796
2019	Faxavík	GK 7	9.98	5	82235	78164	56298
2021	Jaki	SF 49	7.37	5	44586	42427	31494
2023	Sóley	KE 15	9.83	3	137221	134922	98318
2024	Bjargey II	EA 87	8.91	3	73011	136332	100104
2026	Rakkanes	HF 193	5.72	5	0	25633	19761
2029	Ingunn	SF 3	8.83	5	62428	59370	41659
2033	Jón Pétur	RE 411	9.61	5	82235	78164	56298
2034	Ragnar	GK 233	9.83	6	17562	78164	58110
2035	Bergvík	RE 41	5.78	5	26954	25633	19761
2037	Hafrún	NS 222	6.65	5	44586	42427	31494
2039	Vöggur	GK 204	9.95	5	82235	78164	56298
2041	Óli	SH 305	8.31	5	62428	59370	41659
2045	Guðmundur Þór	SU 121	9.68	5	82235	78164	56298
2047	Magnús Guðmundsson	ÍS 97	9.72	5	82235	78164	56298
2049	Hrönn	GK 131	5.79	5	26954	25633	19761
2050	Sæljómi II	GK 155	9.83	6	0	78164	58110
2055	Hafdís	GK 32	11.65	6	25197	78164	58110

Sjávarútvegsráðuneytið — Úthlutun aflaheimilda til smábáta, aflamarksbátar

Skipa-númer	Nafn	Umdæmis-númer	Br.l.	Fl	Tilrauna-úthlutun nóv.1990	Endurskoðuð úthlutun feb.1991	Aflamark jan.-ág. 1991
2057	Ævar	BA 25	9.61	5	82235	78164	56298
2058	Gylfi	BA 18	9.66	5	82235	78164	56298
2060	Pétur Jacob	SH 37	9.61	5	82235	78164	56298
2066	Hermes	HF 49	9.68	5	82235	78164	56298
2068	Gullfari II	HF 290	9.94	6	58594	78164	58110
2070	Jón Garðar	KE 1	9.70	5	82235	78164	56298
075	Faxafell II	GK 102	9.83	6	0	78164	58110
2076	Keilir	AK 27	9.76	5	82235	78164	56298
2079	Björninn	BA 85	9.01	5	82235	78164	56298
2080	Vísmin	ÁR 12	5.99	5	26954	25633	19761
2085	Elías Már	ÍS 99	5.99	5	26954	25633	19761
2086	Rakel María	ÍS 199	5.99	5	26954	25633	19761
2087	Marteinn	KE 200	5.99	5	26954	25633	19761
2091	Máni	ÁR 70	7.23	3	33423	75932	56725
2093	Sigrún	HU 46	9.90	5	0	78164	56298
2096	Hafdís	KE 150	9.94	6	43292	78164	58110
2099	Íslandsbersi	HF 13	9.76	5	82235	78164	56298
2101	Magnús	SH 205	9.81	5	82235	78164	56298
2105	Mánatindur	SF 76	9.61	5	0	25633	18774
2106	Sæstjarnan	SH 35	9.61	5	0	25633	18774
2110	Róbert	RE 140	5.66	5	0	25633	19761
2114	Reginn	HF 228	9.76	5	82235	78164	56298
2122	Bogga	HF 272	9.61	5	82235	78164	56298
5007	Svanur	EA 777	2.00	1	62	59	50
5008	Rafn	SH 304	4.29	1	38532	36491	29744
5009	Hafdís	HF 259	4.36	1	0	0	0
5010	Húni	AK 124	5.23	1	17403	16507	13423
5012	Vorfari	SU 149	2.52	1	9783	9264	7858
5014	Láki	ÞH 252	2.56	1	22939	21731	18344
5015	Sómi	AK 234	2.03	1	7787	7429	5611
5017	Sigursæll	AK 87	6.77	1	26536	25263	18571
5026	Sveinmar	SU 73	2.14	1	1806	1710	1450
5031	Kóni II	SH 241	1.45	1	7142	6769	5829
5038	Huld	SH 76	4.82	1	0	0	0
5039	Kári	SH 78	3.43	1	12383	11732	9895
5042	Fönix	SH 98	6.56	1	2912	2757	2143
5044	Sumarliði	GK 300	2.80	1	7781	7369	6250
5045	Hafrenningur	SH 112	2.85	1	3759	3560	3020
5046	Kári	SH 119	3.82	1	47859	45324	38445
5049	Krummi	BA 80	4.10	1	31951	30259	24664
5057	Hamar	SH 18	3.80	1	644	610	518
5058	Tvistur	KE 156	3.22	1	10238	9752	8441
5061	Pálmi	ÞH 257	3.00	1	2806	2657	2254
5071	Fróði	ÞH 116	6.80	1	22760	21844	17771
5072	Hreiðar	GK 126	3.90	1	5987	5673	4824
5074	Alda	SH 320	3.25	1	9020	2226	1889
5079	Fleygur	ÞH 301	5.37	1	45882	43640	32676
5080	Herjólfur Jónsson	GK 259	6.08	6	0	42427	32518
5083	Hringur	BA 3	2.97	1	15026	14230	12070
5087	Valur	BA 279	4.38	1	6061	5740	4679
5089	Helgi Kr	HF 265	3.73	1	6669	6386	5375
5095	Lukka	BA 70	3.50	1	0	0	0
5099	Hrafn	BA 110	2.44	1	0	0	0
5127	Ver	NS 189	3.98	1	13601	12881	10926
5131	Votanes	ÞH 209	4.19	1	24954	23694	19426
5142	Hanna	RE 58	3.00	1	582	551	468
5147	Kópur II	RE 53	3.00	1	0	0	0
5150	Ver	BA 112	8.89	1	23313	22078	16423
5155	Már	RE 60	0.00	1	0	0	0
5158	Þytur	GK 333	7.48	3	17846	25560	19910
5161	Mjaldur	SH 152	7.35	3	35820	43230	33119
5162	Boði	SF 80	5.43	1	39262	37214	29938
5165	Svala	AK 25	7.00	2	184453	175594	128024
5168	Sæbjörg	RE 315	7.65	1	5635	5369	3963
5169	Elín	RE 320	2.15	1	6311	5998	4805
5171	Sif	RE 369	2.88	1	1168	1107	935
5178	Víkingur	VE 133	1.48	1	1150	1094	953
5181		0	0.00		10894	0	0
5183	Björgin	GK 69	4.08	1	43942	41618	33843
5185	Njörður	GK 71	6.00	1	47327	46531	42438
5196	Freyðir	ÞH 88	2.00	1	6671	6322	5374
5199	Már	ÍS 242	5.08	1	21303	20176	16330
5206	Skúmur	VE 34	5.31	1	46772	44926	37923
5208	Hafrún	KE 80	4.81	1	0	0	0
5209	Pjakkur	NK 111	4.13	1	16347	15481	12610
5210	Lundi	NS 53	6.71	1	31698	30039	23351

Sjávarútvegsráðuneytið — Úthlutun aflaheimilda til smábáta, aflamarksbátar

Skipa-númer	Nafn	Umdæmis-númer	Br.l.	Fl	Tilrauna-úthlutun nóv.1990	Endurskoðuð úthlutun feb.1991	Aflamark jan.-ág. 1991
5217	Blíðfari	NS 112	5.52	2	66632	63111	50895
5226	Uggi	ÍS 148	3.57	1	39255	37308	30914
5227	Frímann	ÍS 40	3.01	1	0	0	0
5235	Dímon	ÍS 70	2.00	1	177	167	141
5236	Byr	HU 74	3.06	1	3669	3487	2994
5239	Rýta	ÍS 118	2.03	1	11457	10901	9386
5245	Búi	BA 230	4.25	2	60236	57045	46498
5255	Valdís	ÍS 603	3.31	1	2086	1976	1676
5258	Andri	BA 84	5.40	1	46541	44124	35681
5261	Sæljón	NS 205	3.26	1	30511	28928	24118
5264	Eyfell	ÞH 76	6.34	1	52847	50115	38986
5265	Stapavík	NS 78	3.54	1	37378	35398	30025
5270	Höfrungur	SK 123	2.92	1	5007	4742	4023
5274	Kátur	SK 171	2.55	1	17174	16264	13795
5275	Einar	KE 52	4.46	1	30905	29456	24405
5276	Jóhanna	EA 31	4.50	1	50363	47783	38653
5282	Aldan	SH 181	7.36	1	27777	26345	20164
5286	Birna	SI 74	7.25	2	32947	92602	65761
5287	Massi	ST 43	2.35	1	10332	9784	8299
5289	Guðmundur Jón	SI 22	6.35	2	20858	19773	15438
5294	Ósk	ÞH 174	3.40	1	21270	20352	17286
5295	Óðinn	SI 42	2.00	1	431	409	348
5296	Bjargey	GK 46	5.12	1	9093	8836	7504
5298	Alki	SK 59	1.00	1	2583	2446	2099
5303	Bjarmi	SI 38	5.65	1	6147	5821	4710
5308	Jökull	SI 118	6.12	1	16352	15543	12284
5312	Linda	GK 105	8.77	1	12284	11866	9635
5313	Freymundur	ÓF 6	3.87	1	23470	23002	19544
5317	Smáey	VE 12	3.14	1	5422	5211	4649
5320	Gylfi	ÓF 16	2.74	1	14027	13291	11293
5324	Sunna	EA 51	4.00	1	16994	16112	13128
5327	Elinborg	VS 7	3.22	1	0	0	0
5330	Torfi	ÓF 39	2.83	1	15087	14386	12498
5333	Þráinn	ÓF 48	3.00	1	3035	2874	2438
5339	Dóri Gutt	ÍS 224	2.75	1	18196	17278	14794
5345	Reynir Örn	RE 78	3.92	1	15778	15048	11950
5347	Góa	SI 46	4.73	1	13798	13234	11175
5353	Æsa	ÍS 169	1.60	1	9745	5037	4323
5354	Búbót	NK 118	3.66	1	55742	52802	44624
5355	Faxaborg	EA 54	4.00	1	0	0	0
5356	Hafrún	EA 154	3.71	1	21900	20931	18168
5358	Vísir	EA 64	1.78	1	16568	15690	13466
5361	Arnar	SK 164	1.72	1	0	0	0
5362	Hafdís	EA 97	5.09	2	60783	57910	47743
5366	Otur	EA 93	1.00	1	2747	2605	2245
5367	Ari	0 0	0.00	1	0	0	0
5375	Guðrún Björg	EA 185	3.55	1	38399	36368	30856
5376	Keilir	SK 192	3.53	1	42653	40690	35028
5377	Jón Magnússon	SH 290	3.79	1	11657	11041	9353
5380	Árni Þórðarson	BA 700	4.01	1	16295	15431	12578
5382	Jón Geir	EA 132	2.82	2	17488	16561	14048
5384	Villi	EA 136	2.00	1	0	0	0
5387	Freydís	VE 35	2.24	1	0	0	0
5388	Guðrún	EA 144	3.96	2	82300	78451	68076
5390	Siggi	EA 150	4.87	1	61540	60350	49760
5391	Ögn	EA 691	3.18	1	13512	12809	10904
5393	Sindri	EA 160	5.23	1	37575	35735	27429
5399	Hafbjörg	EA 174	3.07	2	30701	29074	24661
5402	Gísli	SK 191	6.39	1	75591	39196	29155
5405	Ölver	ÞH 215	3.91	1	23069	21893	18075
5408	Björn	ÞH 41	3.00	1	35	33	28
5409	Valur	ÞH 221	8.15	1	43941	41703	31011
5411	Ingibjörg	EA 226	2.82	1	0	0	0
5416	Sæborg	EA 280	3.54	2	20985	19874	16858
5418	Eyrún	EA 122	2.86	2	22508	21333	17868
5420	Hafrún	ST 144	3.01	1	9244	8883	7599
5424	Steingrímur	EA 644	1.62	1	2765	2730	2719
5427	Draupnir	HF 260	4.22	1	1044	989	806
5429	Gyða Jónsdóttir	EA 20	3.43	1	10324	9937	8908
5430	Kristján	ÞH 5	2.00	1	10957	10521	9248
5431	Sif	SH 350	2.97	1	1973	1868	1585
5432	Gosi	ÞH 9	3.00	1	18722	17743	15046
5434	Hafdís	ÞH 12	1.00	1	1537	1459	1269
5437	Díana	SU 38	4.16	1	20518	19432	15814
5440	Blöndi	EA 596	3.06	1	9493	9110	7739
5441	Sæfugl	BA 52	6.14	1	32357	30643	23808

Sjávarútvegsráðuneytið		Úthlutun aflaheimilda til smábáta, aflamarksbátar					
Skipa-númer	Nafn	Umdæmis-númer	Br.l.	Fl	Tilrauna-úthlutun nóv.1990	Endurskoðuð úthlutun feb.1991	Aflamark jan.-ág. 1991
5682	Helen	SH 103	6.81	1	6858	6508	4971
5691	Núpur	ÞH 201	8.06	3	17854	30092	20871
5693	Hólmdís	ÞH 28	2.30	1	0	0	0
5695	Kristín	SU 68	1.84	1	4465	4235	3656
5697	Emma	SI 64	5.36	1	9629	9307	8011
5704	Gaui gamli	VE 6	2.00	1	56358	53934	39684
5711	Kristín	NK 74	3.68	1	21731	20594	17284
5712	Straumur	SH 26	4.00	1	33389	31622	25779
5713	Blíðfari	ÓF 70	8.59	1	51793	49253	37249
5716	Hrönn	AK 11	2.76	1	14899	14113	11979
5718	Svanur	BA 74	4.17	1	7680	7480	6578
5724	Haraldur	NS 74	2.97	1	23387	22148	18786
5727	Berti G	ÍS 727	3.71	1	32126	30440	25834
5729	Svala	GK 41	5.34	1	10428	10030	8511
5730	Arný	SU 26	3.60	1	50635	48020	39848
5732	Auður	BA 76	1.73	1	0	67	58
5738	Hrísey	SH 148	2.70	1	0	0	0
5740	Arntýr	VE 478	7.06	6	0	42427	32518
5744	Akraborg	AK 60	0.00	1	0	0	0
5748	Auðunn	ÁR 47	2.98	1	12339	11701	9970
5754	Gestur	RE 401	1.89	1	0	0	0
5757	Hafdís	EA 8	5.19	1	14982	14190	11460
5758	Stjarnan	AK 64	3.46	1	8112	7683	6516
5762	Selá	EA 30	3.10	1	0	0	0
5772	Þytur	EA 77	3.23	1	17537	16640	14115
5773	Jóhanna	NK 32	2.78	1	17231	16321	13804
5786	Siggi	EA 180	1.00	1	0	0	0
5789	Sigrún	ÞH 39	4.54	1	38730	36745	30061
5790	Tóti	EA 200	2.86	1	0	0	0
5796	Elín	KE 27	6.33	1	56617	53640	41466
5800	Magnús Ólafsson	SK 35	3.62	1	2316	2193	1860
5803	Erla Björg	RE 126	4.66	1	25448	24279	18415
5808	Freydís	NS 42	3.61	1	34551	32733	27609
5809	Sölvahamar	SH 189	3.58	1	17787	16973	14784
5813	Góa	NK 78	3.66	1	70563	67301	58410
5818	Hákon	NK 99	1.96	1	9892	9368	8040
5822	Bárður Snæfellsás	SH 254	2.60	2	35753	33859	28720
5823	Sædís II	SH 138	4.04	1	13880	13203	10898
5831	Gummi	EA 123	1.81	1	0	0	0
5833	Von	ÍS 206	2.21	1	16008	15162	12869
5835	Ribba	NS 81	3.02	1	24490	23194	19656
5836	Júlíus	EA 689	5.31	1	24352	23075	18700
5840	Bubba	EA 111	1.90	1	1095	1037	890
5842	Ása	HF 154	2.17	1	20574	20474	16575
5844	Ása Björg	ÞH 376	2.62	1	29545	28523	25208
5850	Von	SI 28	2.00	1	0	0	0
5852	Haförn	ÞH 26	4.20	2	68266	65488	53338
5853	Hinni	HF 145	5.32	1	36818	34914	27354
5854	Máni	EA 35	2.14	1	11398	10836	9319
5855	Árvík	SH 141	4.00	1	80	76	63
5863	Síldin	SH 650	3.30	1	0	0	0
5864	Sigrún	SH 212	6.72	1	0	0	0
5865	Ívar	EA 179	2.80	1	23327	22092	18726
5867	Gulltoppur	EA 129	2.80	1	15313	14515	12344
5872	Ver	AK 97	5.99	1	48024	45732	32151
5874	Arnarberg	RE 101	2.17	1	5828	5565	4856
5875	Geysir	SU 452	2.35	1	26039	24700	20411
5879	Hlýri	VE 305	3.48	1	16290	15545	13226
5889	Flóki	RE 43	2.17	1	16466	15817	11105
5895	Ásdís	ÍS 130	3.86	1	33591	31814	26993
5897	Eyrarröst	HF 59	3.90	1	33974	32415	27830
5900	Ernir	ÍS 88	3.37	1	24349	23274	19270
5902	Spói	NK 64	2.80	1	18180	17217	14603
5903	Helgi	SI 123	2.17	1	14740	14029	12038
5906	Gullskór	GK 160	2.20	1	0	0	0
5911	Guðjón	SH 57	2.17	1	11317	10718	9094
5916	Unnar	NS 67	2.17	1	49260	46842	37215
5922	Denni	SH 52	2.17	1	10389	9839	8345
5925	Klukkutindur	SH 102	4.55	2	30701	29074	23698
5927	Þorbergur	ÍS 117	6.50	1	470	445	346
5930	Dögg	SU 129	2.17	1	41175	39122	31486
5934	Alda	NS 120	3.34	1	18772	17781	15088
5937	Hæna	VE 13	2.00	1	945	908	809
5940	Þórunn	SU 182	2.55	1	8442	16298	13344
5946	Þytur	ST 14	2.17	1	0	0	0
5948	Elly	AK 66	2.17	1	944	897	771

Sjávarútvegsráðuneytið		Úthlutun aflaheimilda til smábáta, aflamarksbátar					
Skipa-númer	Nafn	Umdæmis-númer	Br.l.	Fl	Tilrauna-úthlutun nóv.1990	Endurskoðuð úthlutun feb.1991	Aflamark jan.-ág. 1991
5958	Farsæll	BA 55	7.16	1	0	0	0
5962	Súlutindur	NS 46	2.15	1	6254	5922	5024
5963	Blíðfari	ÍS 145	5.58	1	19852	14642	11550
5973	Sæfari	HF 129	2.55	1	11254	10658	9040
5975	Hólmi	ÞH 323	2.17	1	24397	23168	18819
5980	Magga	SU 107	2.17	1	46068	43628	37006
5983	Hægfari	RE 281	2.19	1	45866	43521	35838
5985	Straumur	KE 104	2.17	1	44691	42328	35916
5986	Unnur	GK 208	2.17	1	13999	13257	11245
5987	Uggi	SU 265	2.17	1	5913	5638	4429
5988	Blíðfari III	MB 3	2.17	1	25886	24514	20794
5990	Drúði	SH 272	2.17	1	14231	13524	11370
5992	Marlís	SI 24	2.17	1	1478	1401	1193
5994	Kópur	SH 188	3.28	1	34083	32341	27625
5995	Tara	HF 222	3.28	1	5963	5649	4790
5997	Skarfur	HU 66	2.00	1	444	421	358
5998	Skáley	SH 300	2.17	1	12767	12091	10256
6002	Drífa	SK 11	5.15	1	3584	3394	2744
6003	Þristur	SU 69	2.17	1	6529	6183	5245
6005	Kaganes	SU 36	2.55	1	25414	24081	20256
6008	Særós	SH 187	2.17	1	10412	9863	8371
6010	Eva	SH 163	2.17	1	15324	14512	12309
6011	Goði	ST 13	3.38	1	0	0	0
6012	Ingólfur Péturss	KE 53	2.85	1	0	970	851
6014	Snorri	NK 59	3.28	1	65076	61675	51774
6018	Hallsteinn	EA 46	4.60	1	797	757	621
6019	Brandur	ÞH 21	2.17	1	14522	13786	11725
6022	Lóa	NK 112	3.70	1	18880	17881	15154
6026	Þröstur	GK 88	2.19	1	0	0	0
6027	Garðar	SH 154	3.28	1	18827	17841	15065
6030	Gustur	EA 99	6.99	1	23458	22241	17220
6031	Lúlla	HF 37	2.17	1	22119	20947	17768
6034	Uggi	SU 86	1.30	1	0	0	0
6044	Kristján	SU 106	3.28	1	34363	32569	27286
6048	Svala	EA 143	2.19	1	3857	3673	2903
6049	Billa	BA 75	7.13	1	18220	17255	13406
6050	Ársæll	AK 98	2.17	1	9783	9316	7319
6052	Nói	ÍS 30	2.17	1	9375	8880	7539
6054	Nanna	BA 107	2.19	1	13304	12600	10688
6057	Brimdís	SH 246	2.17	1	19282	18260	15489
6058	Hafbjörg	NS 98	3.28	1	21674	20549	17396
6061	Byr	VE 150	3.28	2	18216	17470	14913
6064	Inga Snæ	SH 173	2.17	1	0	0	0
6065	Draupnir	BA 40	10.41	1	22938	21780	16246
6066	Gréta	HF 41	5.34	1	43530	42747	30288
6070	Bára	KE 63	3.28	1	18890	17950	15409
6071		0	0.00		63862	0	0
6076	Jón Kr	SI 3	2.19	1	13873	13152	11199
6077	Valþór	ÍS 77	3.28	1	41362	39554	28834
6078	María	SH 278	2.17	1	14252	13536	11125
6079	Þröstur	RE 64	4.23	1	5738	5468	3885
6081	Herdís	ÓF 15	3.66	1	27508	26068	22164
6083	Már	SU 222	3.28	1	19288	18288	15225
6084	Harpa	AK 55	2.17	1	11169	10663	7910
6087	Hafdís	SK 147	4.23	1	25436	24089	19635
6093	Von	GK 113	2.49	1	1385	1314	1124
6095	Þorbergur	EA 189	2.19	1	801	759	640
6096	Askur	HU 75	2.19	1	4620	4375	3711
6101	Arnar	BA 24	2.17	1	25745	24389	20713
6106	Lundi	SU 163	2.62	1	17943	17022	14526
6107	Rún	AK 127	5.15	1	51489	48841	37976
6108	Kalli	SU 230	2.17	1	15243	14484	11638
6110	Eyrún	AK 153	2.17	1	10303	9851	7169
6117	Sigrún Ásta	RE 17	3.28	1	0	0	0
6119	Áslaug Júlíusdóttir	SH 225	2.62	1	19033	18085	15510
6120	Tíbrá	KE 30	2.57	1	0	135	119
6121	Helga María	NS 103	3.28	1	16554	15738	13278
6122	Ásdís	GK 117	3.28	1	26057	25643	21579
6124	Sóley	ÍS 401	4.06	1	17466	16557	13535
6126	Nökkvi	KE 99	2.17	1	13775	13129	11306
6130	Bára	SU 184	2.17	1	50040	47440	39566
6133	Neisti	NS 99	2.19	1	5703	5401	4581
6135	Kristín	HF 165	4.60	1	52163	49460	39341
6137	Dropi	RE 524	2.17	1	0	0	0
6138	Pétur	KE 38	2.17	1	13560	12886	11039
6140	Silla	HF 21	3.74	1	15026	14285	12194

Sjávarútvegsráðuneytið		Úthlutun aflaheimilda til smábáta, aflamarksbátar					
Skipa-númer	Nafn	Umdæmis-númer	Br.l.	Fl	Tilrauna-úthlutun nóv.1990	Endurskoðuð úthlutun feb.1991	Aflamark jan.-ág. 1991
6148	Anna	SH 114	5.15	2	68982	65383	52286
6150	Elín	RE 320	3.28	1	19086	18124	14793
6151	Ögn	RE 265	2.90	1	13341	12634	10716
6153	Uggi	ÞH 253	2.17	1	12212	11567	9818
6154	Maggý	ÍS 318	5.04	1	48493	46054	34860
6155	Smári	RE 155	4.27	1	1475	1415	833
6156	Uggi	ÍS 310	2.22	1	2905	2751	2334
6158	Kristín	AK 144	2.67	1	3758	3569	3056
6163	Breiðfirðingur	BA 16	5.67	1	21155	20040	16228
6172	Ragney	HF 176	4.06	1	17487	16705	11823
6175	Bravo	VE 160	7.16	1	3678	3561	3054
6184	Glímir	GK 174	3.86	1	22670	21591	18679
6185	Elsa	KE 117	4.60	1	47720	45230	36488
6186	Frosti	EA 86	3.40	1	15126	14331	12074
6188	Katla	EA 360	4.24	1	0	0	0
6190	Frosti	HF 320	6.78	2	117556	111811	83210
6195	Kvikk	ÞH 112	4.24	1	18504	17600	14516
6196	Freyðir	ÞH 88	2.17	1	0	0	0
6201	Röst	AK 710	4.93	1	15955	15110	12316
6204	Straumur	SH 45	2.17	1	0	170	144
6205	Auður	RE 127	4.09	1	20523	19443	15733
6206	Bjarney	DA 9	2.19	1	2180	2069	1765
6209	Jón Kristinn	SI 52	3.28	1	39725	37702	32226
6211	Arnar	SU 161	5.15	1	68767	5703	4710
6215	Hafrún	AK 61	2.17	1	8709	8318	6134
6217	Högni	BA 106	2.17	1	9131	8647	7335
6219	Björn	RE 182	3.16	1	5288	5008	4248
6222	Bliki	SU 84	5.15	2	84120	79672	64294
6224	Elding	NS 122	1.94	1	6822	6520	5796
6226	Edda	VS 4	4.23	1	21516	20757	17550
6227	Lúlli	NK 29	3.38	1	38773	36719	31146
6231	Hanna Mjöll	SU 133	3.86	1	11104	10518	8885
6233	Leó	SH 153	3.28	1	9428	8930	7556
6235	Muggur	HU 22	1.83	1	0	0	0
6238	Gösli	RE 277	3.06	1	12439	11832	10091
6241	Benni	RE 205	3.86	1	24463	23438	20694
6244	Von	HF 48	3.86	1	21003	19894	16885
6245	Þórólfur	ÍS 578	3.86	1	26421	25021	21224
6246	Orion	SK 38	2.17	1	42	40	34
6247	Tryggvi	EA 78	3.86	1	18361	17484	15019
6248	Gæfan	ÍS 403	4.23	1	13121	12435	10156
6250	Gunnar	RE 108	4.23	1	15775	14952	11975
6252	Rex	KE 91	2.67	1	14769	13987	11864
6253	Guðrún Björg	EA 341	2.13	1	0	25	21
6254	Rúna	EA 41	1.51	1	39	37	31
6265	Gola	SH 89	2.73	1	0	0	0
6273	Sigurvin	ÍS 452	3.28	1	20915	19819	16845
6277	Sandnes	ST 22	2.64	1	1636	1549	1314
6283	Óttar	KÓ 41	4.60	1	35525	34022	22304
6284	Freyr	EA 171	2.90	1	14130	16586	14006
6285	Sigurbjörn	EA 114	2.67	1	0	120	101
6291	Freyr	SH 236	2.67	1	15038	14241	12080
6294	Hafrún	EA 84	6.00	5	0	42427	31494
6295	Bliki	SU 108	3.86	1	56249	53297	44848
6297	Kópur	SU 83	2.80	1	33382	31614	26815
6301	Stella	NS 11	5.34	1	11572	10964	8884
6304	Már	SH 160	2.33	1	16921	16033	13624
6305	Ársæll	GK 135	3.28	1	11278	11032	10403
6308	María	BA 220	2.66	1	7906	7488	6351
6314	Andi	AK 257	3.20	1	13325	12664	10438
6315	Gola	SH 218	2.19	1	6730	6393	5483
6320	Alda	ÍS 191	4.22	1	15495	14677	11969
6321	Tjaldur	EA 24	3.52	1	38116	36329	31510
6325	Goði	EA 225	3.28	1	0	1394	1183
6331	Sörvi	RE 12	3.86	1	11135	10546	8933
6334	Áslaug	SH 313	5.50	1	8726	8303	6808
6336	Bláskel	RE 145	3.90	1	0	0	0
6337	Vigdís	RE 149	2.67	1	0	0	0
6341	Ólafur Vagn	HU 227	4.23	1	17874	16927	13796
6346	Björk	SU 162	3.20	1	11430	13825	12041
6348	Árni	RE 158	4.23	1	20507	19765	13826
6349	Guðbjörg Kristín	ÍS 158	3.28	1	29386	23808	20315
6354	Skúmur	SU 137	2.62	1	30779	29150	24708
6355	Afi Bergur	HF 50	7.26	1	2044	1965	1634
6356	Hugborg	HF 14	7.26	1	55241	53865	40005
6359	Sæborg	RE 34	2.69	1	0	11557	9803

Sjávarútvegsráðuneytið		Úthlutun aflaheimilda til smábáta, aflamarksbátar					
Skipa-númer	Nafn	Umdæmis-númer	Br.l.	Fl	Tilrauna-úthlutun nóv.1990	Endurskoðuð úthlutun feb.1991	Aflamark jan.-ág. 1991
6367	Óskar	SU 27	2.19	1	6560	6213	5270
6368	Rán	ÍS 38	3.28	1	33507	27663	23676
6370	Björn	RE 42	3.86	1	26731	25318	21439
6379	Elín	SF 21	2.67	1	663	629	531
6380	Meta	SU 236	3.86	1	31147	29530	24674
6381	Þura	AK 79	4.23	1	39652	39409	25099
6384	Glaður	HF 188	3.86	1	15225	14524	12633
6389	Stormur	AK 75	5.15	1	50317	47901	33924
6390	Svanur	SU 72	3.20	1	244	231	196
6391	Markús	AK 42	4.60	1	51694	49175	36355
6393	Sæfari	ÞH 149	3.23	1	10009	9483	8055
6396	He-Man	RE 129	3.17	1	0	0	0
6397	Ingvar	SU 98	2.19	1	0	14007	11881
6399	Haukur	HF 68	8.11	1	68223	66511	47616
6403	Glaður	NS 115	7.26	1	66394	62898	48673
6408	Abba	SH 82	4.23	1	12490	11828	9641
6413	Jón Dan	NS 16	5.79	1	24360	23177	16934
6417	Sæfaxi	NK 23	3.28	1	17019	16118	13664
6420	Jón Þór	NK 44	4.66	1	106794	101454	80284
6421	Sindri	ÞH 72	2.90	2	11659	11041	9365
6425	Mardís	ÞH 151	6.10	2	66528	63140	49115
6428	Mávur	RE 228	2.30	1	0	0	0
6430	Kögur	GK 466	2.67	1	14050	13308	11296
6437	Unnar	NK 126	4.66	1	49197	46685	36598
6438	Hafbjörg	HF 3	8.25	1	71068	70092	48283
6442	Sigurörn	ÍS 36	3.86	1	19690	18655	15845
6444	Siggi Villi	NK 17	4.23	2	29930	49816	40255
6445	Stella	KÓ 5	2.30	1	0	0	0
6447	Ólafur	HF 449	8.27	3	48104	50663	37915
6452	Rut	KE 96	2.67	1	7954	7541	6399
6454	Hjörvar	HF 56	6.07	1	51266	48887	35838
6461	Gauti	SH 252	3.20	1	3267	3094	2625
6462	Nonni	ÍS 12	2.57	1	0	0	0
6463	Auðbjörg	HF 47	3.72	1	16853	16093	12525
6466	Straumur	RE 190	4.23	1	34903	33218	24298
6467	Sæfari	GK 151	1.99	1	0	0	0
6472	Þórey Björg	NK 33	3.65	2	64950	61586	51210
6473	Hrönn	SK 70	5.30	1	67	63	51
6474	Bjargfugl	RE 55	6.34	1	28786	27461	19495
6479	Rán	KÓ 0	1.54	1	0	0	0
6487	Bæjarfell	RE 65	6.03	1	78847	75127	54186
6488	Andri	NS 106	4.76	1	42832	40661	31500
6489	Roði	ÍS 0	4.24	1	0	1774	1446
6491	Nói	ÍS 115	3.14	1	0	0	0
6495	Snarfari	AK 23	3.86	1	19960	18903	16035
6496	Óli Haukur	KE 36	3.64	1	4190	3968	3366
6501	Rán	ÞH 141	3.20	1	28521	27041	22565
6502	Svanborg	ÓF 13	4.49	1	349	18644	15175
6504	Fjóla	EA 254	4.45	1	16166	15390	12731
6506	Sæsmali	RE 139	6.84	3	0	13173	10350
6509	Hari	HF 69	8.95	1	50448	48233	32804
6513	Hafdís	SI 13	4.88	1	0	1222	1000
6517	Ólsen	NK 77	4.58	1	60247	57129	45446
6518	Bergþór	AK 58	4.23	1	49641	47133	36359
6524	Birta	RE 124	5.68	1	37819	35989	25765
6527	Orka	SH 4	5.30	1	24912	23776	19578
6529	Roði	ST 26	5.30	1	12810	12135	9828
6530	Gullfiskur	GK 321	5.68	1	13027	12500	9319
6533	Sjöfn	AK 80	6.18	2	104927	99368	77204
6534	Gunnbjörg	ST 41	2.98	1	30748	29193	23848
6535	Eyfell	ÞH 372	3.25	1	9353	8861	7528
6536	Halldór Runólfsson	NS 301	5.30	1	76237	72246	57561
6537	Stjarna	RE 359	6.50	1	20298	19352	13840
6539	Hrönn II	SI 144	5.68	1	43345	41063	33263
6540	Hafborg	KE 54	6.35	2	84719	80231	62335
6551	Sjöfn	ÍS 219	1.72	1	11973	7087	6083
6553	Líney	SU 10	6.63	3	29515	30870	23475
6559	Ingi	RE 148	6.84	1	11278	10788	8774
6560	Sóla	BA 61	3.20	1	19879	18826	15969
6564	Neptúnus	HF 10	6.07	1	8958	8534	6818
6565	Rán	BA 117	4.88	1	9762	9245	7535
6567	Tjaldur	NS 93	2.19	1	0	0	0
6571	Rúna	RE 571	4.88	1	0	0	0
6575	Óskar	NS 63	5 30	1	39264	37245	29456
6577	Særós	SU 500	3.14	1	3050	2888	2451
6583	Herdís	RE 74	5.31	1	3675	3482	2803

Sjávarútvegsráðuneytið		Úthlutun aflaheimilda til smábáta, aflamarksbátar					
Skipa-númer	Nafn	Umdæmis-númer	Br.l.	Fl	Tilrauna-úthlutun nóv.1990	Endurskoðuð úthlutun feb.1991	Aflamark jan.-ág. 1991
6584	Rúna	HF 160	8.83	3	32702	33122	24074
6587	Brana	RE 28	2.62	1	0	0	0
6588	Hanna Vigdís	MB 7	4.24	3	9404	11710	9560
6591	Inga	NK 11	3.86	1	13568	12850	10900
6592	Ásgeir	ÞH 198	5.30	1	30886	29374	21515
6595	Kristrún	ÍS 216	5.30	1	44601	42285	34331
6598	Davíð	AK 207	5.68	1	2550	2437	1535
6600	María	EA 511	4.90	1	20323	19250	15698
6602	Marianna	NK 114	7.39	1	85629	81295	61559
6603	Gunnar Níelsson	EA 555	5.68	1	44959	42888	28913
6604	Skáley	SU 155	5.30	1	74184	70304	55920
6605	Hítará	KÓ 48	5.30	1	53080	50302	40783
6608	Ösp	RE 875	5.30	1	13028	12353	9999
6609	Oddur	SK 100	5.30	1	27580	26129	20954
6610	Eyfjörð	ÞH 203	6.07	1	41907	39727	30500
6611	Sporður	SF 12	8.75	1	30538	28980	21760
6612	Sigga Danska	HF 124	6.81	1	104124	93256	69018
6615	Eydís	NK 20	4.88	1	25948	20677	16854
6616	Glaður	SK 170	6.23	1	36370	34548	26798
6618	Brynja	BA 200	4.45	1	7570	7169	5844
6619	Jenný	KE 32	6.84	1	30731	29517	24454
6620	Ás	SU 112	3.20	1	19079	18072	15340
6621	Gunna Árna	SH 231	5.30	1	43044	40767	32990
6623	Heimir	SF 23	4.94	1	34678	33007	27044
6625	Sæbyr	RE 466	3.20	1	7273	6926	5991
6626	Sverrir	RE 141	5.30	1	34631	32945	26619
6627	Sæmi	AK 13	3.28	1	3720	3539	2795
6631	Álftanes	SK 25	3.92	1	33814	32053	27275
6633	Dagný	RE 282	3.86	1	41837	42156	33793
6637	Eyrún	SH 180	4.57	1	0	0	0
6639	Vaktarey	DA 8	5.30	1	27040	25617	20581
6640	Glaumur	SH 185	5.68	1	23473	22233	17998
6641	Helgi	ÍS 233	5.30	1	17882	16965	13803
6642	Kristján	KE 21	6.84	3	26865	46386	35741
6645	Sveinn	EA 204	5.15	2	59171	56094	45156
6646	Sunna	SH 333	4.88	1	792	750	611
6648	Hallur	EA 260	5.30	2	33038	31349	25520
6650	Díana	NS 165	5.30	2	63880	60521	48466
6651	Össur	ÞH 242	4.24	1	37530	36317	31328
6652	Hólmi	NS 56	3.25	1	24460	23185	19403
6654	Faxanes	GK 727	8.75	3	4400	38471	28260
6655	Karl Þór	SH 110	5.92	1	1847	1750	1416
6657	Dedda	SU 130	3.86	1	26833	25412	21555
6659	Jenni	RE 789	2.67	1	8891	8433	7193
6662	Litli Tindur	SU 508	6.03	2	81546	77260	59709
6664	Lotta	ÞH 303	3.28	1	9271	8808	7178
6665	Helgi	SK 202	5.30	1	29730	28517	23538
6668	Ármann II	SH 323	3.26	1	26725	25345	21608
6669	Tóti	ÍS 707	2.67	1	16677	15844	13591
6670	Már	HF 70	8.80	3	24892	28375	24211
6671	Agnarögn	VE 130	2.74	1	1033	978	830
6673	Haförn	SI 77	4.45	1	0	0	0
6677	Ingeborg	SI 60	4.66	1	7637	7273	6021
6681	Ingunn	VE 52	3.14	2	21660	20840	18658
6684	Inda	RE 290	5.30	1	32016	30708	25804
6686	Ingvar	NK 38	6.03	1	28432	26926	20911
6692	Hanna	RE 125	5.68	5	0	25633	19761
6696	Valdi	RE 120	5.40	1	26155	25009	20849
6698	Garpur	SH 266	5.30	2	69563	65877	53299
6700	Gustur	SH 251	5.15	1	12537	11873	9606
6702	Auður	KE 98	5.77	1	18993	18242	13885
6704	Magnús	SU 77	4.45	1	24387	23095	18825
6705	Nonni	SU 16	3.77	2	5978	79291	66913
6706	Svanur Þór	EA 318	3.92	2	53030	50230	42490
6708	Kópur	KE 8	5.15	1	45523	44058	38071
6709	Gróa	KE 251	6.38	1	96799	69495	51550
6710	Sunnufell	EA 58	6.17	1	57463	54655	43273
6711	Ísborg	EA 153	5.40	1	36283	34434	28048
6712	Nanna	EA 212	5.68	1	40133	38185	27979
6716	Anna	HU 90	5.30	1	45110	42869	35053
6717	Fannar	SK 107	5.77	1	6631	6280	5081
6718	Sandra	ÍS 333	5.36	1	38985	36939	29938
6719	Guðný	SF 9	4.88	1	45672	43517	36074
6720	Sandvíkingur	KE 42	6.03	1	48045	47200	42918
6722	Valþór	NS 33	5.30	1	12748	12075	9778
6725	Anna	KE 60	6.03	1	40067	39430	35755

Sjávarútvegsráðuneytið				Úthlutun aflaheimilda til smábáta, aflamarksbátar		
Skipa-númer	Nafn	Umdæmis-númer	Br.l.	Fl	Tilrauna-úthlutun nóv.1990	Endurskoðuð úthlutun feb.1991	Aflamark jan.-ág. 1991
6726	Skíði	EA 666	5.77	2	40074	49671	39855
6728	Skarpur	RE 80	5.90	1	11375	10804	8815
6732	Stígandi	ÍS 181	3.77	1	35567	29865	25436
6734	Hafmey	SF 100	4.88	1	29082	27627	22663
6735	Elsa	NS 108	7.86	1	20533	19459	15168
6740	Draumur	RE 302	5.90	1	33607	31992	25810
6744	Óli	SU 117	3.86	1	34630	32833	27671
6747	Jóhanna	SF 2	5.30	1	30329	28836	23481
6750	Beta	ÍS 128	5.05	1	16896	17307	14048
6751	Glaður	SH 267	5.68	1	28945	27418	22108
6757	Mímir	SF 11	5.90	1	75572	71978	59275
6759	Albert Finnur	ÍS 149	7.86	2	49354	46740	36315
6760	Guðrún Björg	GK 450	7.02	1	0	1357	1054
6765	Helga Traustadóttir	MB 29	5.90	1	27450	26021	21118
6768	Sóley	ÞH 349	5.68	1	61907	58630	47445
6769	Öðlingur	SU 19	5.90	1	49351	46767	37409
6771	Einir	SU 2	5.30	1	47140	44701	35049
6773	Fáni	SH 42	3.00	1	0	240	204
6775	Eiður	ÞH 300	5.68	1	39015	37244	30484
6779	Hrollur	GK 38	7.86	3	3917	10956	8558
6780	Kórall	RE 935	4.15	1	0	0	0
6781	Jóhannes Gunnar	GK 74	7.86	3	9630	36956	29364
6782	Svanur	SU 28	6.03	1	9406	18199	14140
6783	Máni	SH 234	5.90	1	54131	52979	42830
6784	Sigrún	HF 178	3.77	1	12278	11635	9889
6788	Gissur Hvíti	SF 55	5.30	1	85416	81305	65808
6789	Ólöf Ríka	DA 3	6.25	1	0	0	0
6790	Hafey	AK 123	6.63	1	77870	71655	54874
6791	Gægir	SH 265	3.10	1	15292	14486	12299
6796	Glampi	GK 9	8.77	1	33595	32428	25960
6801	Margrét	SU 196	3.77	1	14313	32333	27664
6803	Blíðfari	RE 22	4.63	1	28780	27329	21116
6808	Dagur	HF 101	4.74	1	33355	31674	26004
6809	Víðir	SH 182	5.68	1	25459	24163	19683
6810	Sæfari	KE 57	6.03	1	21321	20272	16024
6812	Smári	KE 34	5.00	1	20838	19813	16223
6814	Stefán Jónasson	EA 0	2.73	1	0	1943	1648
6817	Þrándur	KE 67	5.90	3	36440	37484	30840
6818	Reynir Þór	NK 69	6.24	1	58691	55661	42726
6819	Ígull	GK 5	5.90	1	22259	21220	17394
6821	Örk	SU 135	6.03	1	44338	43224	33429
6823	Sjöfn	RE 29	5.77	1	26399	25428	17495
6824	Máni	AK 73	6.03	1	45512	43282	32013
6825	Anna María	KÓ 31	5.90	1	0	0	0
6827	Már	SK 90	6.03	1	6772	6443	4779
6828	Elva Björk	SI 34	6.03	1	51462	48778	38045
6829	Anna	ÞH 131	6.03	1	31833	30197	23474
6830	Dagný	ÞH 284	5.68	1	17770	16860	13715
6837	Edda	NS 113	5.90	1	50784	48193	37124
6839	Ögmundur	KÓ 8	4.65	1	6135	5810	4736
6840	Gola	SH 51	1.67	1	0	0	0
6841	Æðey	SF 7	5.90	1	53745	51316	42585
6842	Svala Lind	KÓ 13	5.90	1	39458	29935	24696
6843	Dögg	RE 183	6.03	1	276	262	198
6844	Bylgja	SK 54	5.77	1	43871	41570	33690
6845	Már	HF 313	4.52	3	416	10968	8753
6846	Stapi	GK 6	3.22	1	3147	2982	2534
6847	Uggi	SF 47	5.90	1	57502	54903	45565
6848	Steinunn	SU 47	5.77	1	46904	44519	34084
6849	Örn II	ÞH 80	5.77	1	28366	27301	23086
6851	Þytur	NS 55	5.90	1	37967	36016	29295
6855	Sif	NS 15	6.03	1	57863	54947	43238
6857	Sæfari	SF 109	5.90	1	43482	41473	34309
6862	Sunna	ÍS 215	5.90	1	24289	23019	18666
6864	Milla	HF 99	6.35	1	36937	35286	25453
6867	Ásberg	RE 110	5.68	1	63409	60089	47870
6876	Sveinn Hvíti	KE 25	5.77	1	27230	27540	25169
6877	Vöttur	SU 41	5.90	1	5384	5099	4125
6879	Mari	RE 79	5.90	1	36030	34338	24053
6884	Sævar	GK 44	7.86	1	27421	26293	21616
6891	Ver	GK 0	8.02	3	13828	35709	26191
6895	Rúna	ÓF 23	5.77	1	19018	18132	14979
6897	Valdi Sól	ÍS 17	7.86	1	4930	4668	3626
6898	Kristján Ibsen	ÍS 999	5.90	1	31884	30199	24445
6899	Stjarnan	SU 89	6.03	1	80998	76781	59196
6900	Logi	ÍS 32	5.90	1	56889	54078	40223

Skipa-númer	Nafn	Umdæmis-númer	Br.l.	Fl	Sjávarútvegsráðuneytið Úthlutun aflaheimilda til smábáta, aflamarksbátar Tilrauna-úthlutun nóv.1990	Endurskoðuð úthlutun feb.1991	Aflamark jan.-ág. 1991
6902	Hildur Ara	RE 880	9.19	1	46129	43791	33185
6905	Víkingur	SU 43	5.77	1	48181	45695	35729
6906	Vilberg	SF 13	5.90	1	32645	31277	26224
6908	Hringur	ÞH 265	4.24	1	152	144	113
6909	Drífa	SF 115	9.29	1	104782	99948	75854
6911	Tindaröst	GK 760	5.68	1	10166	11047	9709
6914	Malli	SK 19	5.90	5	0	25633	19761
6917	Anna	RE 217	5.90	1	42916	40650	32906
6918	Frami	ÍS 228	5.90	1	41797	39584	32010
6921	Andey	SU 90	5.90	1	53197	50467	39116
6923	Elva Dröfn	EA 103	3.20	2	46214	43782	36909
6925	Hólmar	ÁR 64	5.05	1	38045	36229	29326
6927	Brynhildur	KE 69	2.00	1	25640	27003	18248
6928	Alda	SH 306	6.03	1	24037	22827	17845
6929	Arnar	RE 212	6.25	1	13442	12824	10274
6934	Garri	BA 90	5.90	1	48294	45741	37020
6935	Kló	RE 147	5.90	1	47412	45067	36865
6945	Elín	HF 158	9.29	1	100551	95682	69468
6946	Vinur	RE 305	5.90	1	20607	15462	12531
6947	Drífa	NK 30	5.90	2	97617	92631	73156
6948	Guðmundur Þari	ÍS 888	7.86	3	13170	18277	14174
6952	Steini Randvers	SH 147	9.29	1	106303	100930	74646
6954	Lukkusæll	RE 167	6.03	3	14421	21203	16709
6957	Straumur	SK 85	5.77	1	3268	21370	17348
6959	Seila	SU 81	3.86	1	21236	20112	17056
6961	Gáski	AK 20	9.29	1	87019	82773	60798
6962	Gnoð	HF 138	8.30	3	4149	17120	12699
6964	Helgi	ÞH 123	8.30	1	55085	52212	38430
6965	Valdís	SH 257	9.29	1	69822	66407	48618
6967	Elís Bjarnason	SH 48	9.29	1	154642	146671	108978
6969	Rita	NS 13	5.90	1	58227	55231	43105
6970	Guðrún Hermanns	HF 175	9.29	3	41329	41588	31351
6973	Hulda	SI 58	7.86	3	22473	28595	22425
6975	Funi	HF 171	5.77	3	39101	42075	34439
6976	Leifi	AK 2	5.77	1	45387	43298	28925
6979	Fákur	ÍS 5	5.90	1	25110	23814	19355
6982	Vala	HF 5	6.09	1	9244	8763	6720
6983	Eskey	SF 54	5.90	3	19555	21947	18313
6985	Gljái	SH 123	9.29	1	117189	111133	82633
6987	Mímir	SK 30	5.77	3	24381	26316	21495
6988	Guðjón	GK 78	9.29	1	91903	93019	70719
6991	Kvika	ÞH 345	9.29	1	82886	78677	59448
6994	Steinunn	RE 945	10.40	1	0	0	0
6996	Auðhumla	SK 200	9.29	1	101823	87919	65333
6998	Tryllir	RE 600	9.29	3	23011	39526	30683
6999	Dögg	HF 162	5.90	5	26954	25633	19761
7000	Hera	BA 151	8.29	3	3133	9676	6914
7001	Stapavík	NS 78	6.03	2	73385	69532	53704
7002	Sigrún	SU 166	6.03	1	26248	24862	19280
7003		0	0.00		41063	0	0
7004	Blær	SU 188	4.45	3	17559	17429	13864
7005	Uggi	HF 181	3.91	5	11057	10512	8610
7006	Benni	SF 66	5.90	3	51005	48690	40058
7007	Þórey	GK 123	9.29	1	72768	69370	52931
7008	Ægir Adolfsson	ÞH 99	8.30	3	3856	42943	31195
7009	Rót	SK 7	9.29	1	85441	81042	61323
7011	Hektor	SF 19	5.77	1	26658	25424	20386
7012	Dímon	RE 0	4.84	1	0	4311	3484
7014	Kalli	SF 144	5.90	1	13841	13232	11023
7015	Hafborg	NS 48	9.29	3	71197	68928	51263
7019	Herborg	SF 69	5.90	1	35057	33535	27981
7022	Kristín Finnbogadótt	BA 95	9.29	3	169422	165571	122885
7023	Silla	SU 152	6.16	3	54331	55841	42731
7030	Gígja	HF 7	8.29	1	25939	24579	18330
7031	Lárus Kristinn	SF 4	5.77	1	30157	28706	22439
7032	Kristín	KE 102	9.29	3	171636	166991	124124
7033	Anna Anika	RE 133	5.43	1	13072	12392	10039
7034	Sæunn	SF 155	5.43	3	80546	76964	61595
7036	Árný	ÞH 64	6.03	3	17701	16838	13041
7037	Sæbjörn	AK 77	6.18	3	47469	48522	34929
7038	Sverrir	BA 26	9.29	3	80617	94437	71014
7040	Eiríkur	SK 201	9.29	3	86518	82460	62153
7041	Janus	ÍS 300	5.90	1	25900	24731	20515
7042	Úlfar	SU 185	6.03	3	53013	68140	51119
7044	Fróði	HF 45	9.22	3	77424	78735	58034
7045	Ró	KÓ 45	8.41	3	20900	48008	34256

Sjávarútvegsráðuneytið		Úthlutun aflaheimilda til smábáta, aflamarksbátar					
Skipa-númer	Nafn	Umdæmis-númer	Br.l.	Fl	Tilrauna-úthlutun nóv.1990	Endurskoðuð úthlutun feb.1991	Aflamark jan.-ág. 1991
7047	Örn	SF 74	5.90	1	50311	48252	40594
7048	Stakkur	KÓ 2	8.30	3	1114	34745	25303
7049	Þórey	RE 477	9.29	5	82235	78164	56298
7056	Sara	ÞH 177	6.03	1	29657	28308	22756
7057	Birna	SU 147	5.90	3	73498	69728	55541
7058	Skotta II	HF 172	9.29	3	96247	91233	68623
7062	Ingþór Helgi	BA 103	5.90	3	69169	67701	54809
7065	Anna	SH 310	5.77	3	34872	35668	28921
7066	Jaspis	KE 227	9.29	3	129508	130894	95639
7067	Hvítingur	KE 230	9.29	3	26845	32230	24299
7068	Litli Vin	SH 6	2.19	1	355	336	285
7071	Hegri	KE 107	8.29	3	20501	28731	21974
7077	Nonni	EA 188	9.86	2	82415	106591	81240
7082	Kóni	SH 41	4.45	1	14321	13571	10908
7091	Úlfar Kristjonsson	SH 34	5.90	3	131	1949	1595
7092	Nonni	GK 129	5.90	3	17437	16632	13610
7093	Sigurborg	SU 91	5.77	3	45295	49913	38331
7095	Snæberg	RE 195	5.90	3	20910	19915	16384
7096	Jón Páll	BA 133	9.29	3	47037	53895	40654
7098	Dæja	SH 59	8.30	3	81089	81634	58480
7100	Óla Gísla	SF 45	8.29	3	29529	54383	37623
7102	Njörður	RE 250	6.03	1	796	755	578
7104	Már	SU 145	6.23	3	19981	18963	14811
7106	Óli	SK 115	3.77	1	3449	10353	8781
7107	Bára	NK 25	5.90	2	86273	81703	66104
7111	Ingibjörg	SH 174	9.29	3	81811	82968	61880
7113	Emilía	AK 57	6.23	5	44586	42427	31494
7117	Fengur	ÞH 207	9.29	3	75433	71679	54083
7120	Óskar	AK 130	6.32	3	2349	3137	2455
7126	Valdimar	SH 68	8.30	3	61600	64406	47415
7127	Nýi Víkingur	SK 95	9.29	3	8801	8523	6471
7128	Þytur	EA 96	9.29	3	27280	28892	21491
7130	Elsa Lund	SH 118	9.00	1	45678	43309	32238
7133	Andri	NS 28	5.90	3	46066	49183	39098
7134	Öngull	SF 15	5.90	3	6538	11017	9021
7136	Frigg	BA 4	5.90	3	34417	37500	29783
7137	Von	SF 1	9.29	3	67449	65360	49344
7140	Grímur Kafari	HF 155	9.23	3	18529	75005	55960
7142	Kiðey	SF 60	9.29	3	63162	66799	50013
7143	Kristinn	ÞH 163	9.29	5	82235	78164	56298
7145	Gaui Gísla	GK 103	9.29	3	90840	88570	67391
7147	Hafrún	ST 44	5.95	3	7523	7130	5776
7154	Eyrún	SU 12	6.03	3	12179	12405	9540
7155	Kristín	NK 36	5.99	3	36008	39469	30630
7160	Aðalbjörg Þorsteinsd	BA 93	5.90	3	47644	56570	45661
7163	Ármann	SH 223	9.91	3	80963	117706	87370
7164	Hvítá	MB 2	5.90	5	0	25633	19761
7166	Þröstur	SH 250	5.96	5	0	25633	19761
7168	Þerna	MB 31	4.45	1	0	0	0
7172	Logi	ÍS 79	5.90	5	0	25633	19761
7173	Bjarni Sigurðsson	SH 90	5.96	3	7787	7390	5990
7176	Aðalbjörg Þorkelsdót	VE 282	9.96	3	44107	47072	35371
7177	Tvistur	NK 2	5.43	5	26954	25633	19761
7184	Ármann	RE 114	6.03	5	0	42427	31494
7186	Seley	SU 76	5.98	3	38750	41647	32956
7187	Bósi	HF 86	4.18	5	20956	19917	15448
7188	Sæúlfur	GK 137	3.86	5	11057	10512	8610
7191	Gullbrandur	NS 31	6.23	2	60025	56854	44094
7192	óí	KE 92	1.77	1	0	0	0
7193	Kjartan	RE 121	4.04	5	20956	19917	15448
7194	Fagravík	GK 161	6.03	5	44586	42427	31494
7202	Marvin	ÁR 24	6.03	5	44586	42427	31494
7205	Elín II	KE 24	9.29	6	0	78164	58110
7207	Klaki	ÍS 990	3.59	5	11057	10512	8610
7212	Jarl	HF 91	5.90	5	26954	25633	19761
7213	Gulley	GK 159	5.26	5	26954	25633	19761
7215	Norma	VE 91	9.29	5	82235	78164	56298
7225	Darri	HF 250	9.59	5	82235	78164	56298
7233	Skuggi	RE 433	3.20	5	11057	10512	8610
7243	Pegron	SH 140	9.29	5	82235	78164	56298
7245	Kópur	ÍS 604	2.52	5	11057	10512	8610
7249	Svanur	VE 90	4.50	5	20956	19917	15448
7250	Glyðri	KÓ 100	2.67	1	0	0	0
7252	Drífa	HF 177	5.34	5	26954	25633	19761
7257	Fíi	HF 317	9.67	5	82235	78164	56298
7259	Þytur	VE 46	5.23	5	26954	25633	19761

Sjávarútvegsráðuneytið — Úthlutun aflaheimilda til smábáta, aflamarksbátar

Skipa-númer	Nafn	Umdæmis-númer	Br.l.	Fl	Tilrauna-úthlutun nóv.1990	Endurskoðuð úthlutun feb.1991	Aflamark jan.-ág. 1991
7263	Sibba	BA 97	4.18	5	20956	19917	15448
7280	Inga	HF 164	5.70	5	26954	25633	19761
7284	Gammur	ÍS 600	7.86	5	44586	42427	31494
7286	Marvin	ÓF 28	5.35	5	26954	25633	19761
9008	Baldur	EA 29	1.43	1	0	0	0
9011	Grótta	RE 361	1.69	1	0	0	0
9012	Ásgeir	NS 58	1.63	1	0	0	0
9013	Kollsvík	KE 207	2.31	1	0	0	0
10004	Þorgrímur	SK 26	0.00	1	0	0	0
10014	Inga	NS 27	0.00	1	0	0	0
10017	Framnes	HU 36	0.00	1	0	0	0
10022	Trausti	SU 57	0.00	1	0	0	0
10023	Róbert	SK 14	0.00	1	0	0	0
10035	Björk	SU 187	0.00	1	0	0	0
10040	Nói	ÓF 19	0.00	1	0	0	0
10043	Glæsir	HF 76	0.00	1	0	0	0
10052		KE 0	0.00	1	0	0	0
10054	Skírnir	GK 330	0.00	1	0	0	0
10055	Óskar II	HF 102	0.00	1	0	0	0
10060		RE 0	0.00	1	0	0	0
10068		NK 0	0.00	1	0	0	0
10072	Æskan	ST 0	0.00	1	0	0	0
10083	Skíði	EA 696	0.00	1	0	0	0
10085	Ingvar	RE 0	0.00	1	0	0	0
10086	Smári	ÍS 144	0.00	1	0	0	0
10087		ST 0	0.00	1	0	0	0
10090		RE 0	0.00	1	0	0	0
10097		GK 0	0.00	1	0	0	0
10122	Valberg	MB 19	0.00	1	0	0	0
10125	Siggi	EA 180	0.00	1	0	0	0
10129	Hnífill	EA 60	0.00	1	0	0	0
10132	Svala	AK 116	0.00	1	0	0	0
10138		KO 0	0.00	1	0	0	0
10140	Reyðar	SU 0	0.00	1	0	0	0
10150		RE 0	0.00	1	0	0	0
10159	Hafdís	GK 200	0.00	1	0	6012	5045
10170		SH 0	0.00	1	0	0	0
10176	Gletta	EA 0	0.00	1	0	0	0
10182	Erlendur á látrum	BA 13	0.00	1	0	0	0
0187	Von	ÓF 33	0.00	1	0	0	0
0189	Ósk	SK 52	0.00	1	0	0	0
0193	Litli Latur	EA 90	0.00	1	0	0	0
0194	Skeiðin	EA 0	0.00	1	10874	10459	8828
0195	Blátindur	NS 0	0.00	1	13374	12669	10043
Allir samtals		1181	6341.34		44997646	45328467	34803869

Fylgiskjal IV.

Í fylgiskjali IV koma fram upplýsingar um báta undir 6 brúttólestum sem eiga kost á leyfi til línu- og handfæraveiða með dagatakmörkunum. Sömu upplýsingar koma að öðru leyti fram og í fylgiskjali III.

Fylgiskjal IV

Sjávarútvegsráðuneytið		Úthlutun aflaheimilda til smábáta, línu- og handfærabátar					
Skipa númer	Nafn	Umdæmis númer	Br.l.	Fl	Tilrauna- úthlutun nóv.1990	Endurskoðuð úthlutun feb.1991	Aflamark jún-ág. 1991
754	Sigurvon	ÍS 605	3.46	1	1105	1046	888
755	Ási	ÞH 19	5.50	1	18236	17284	14020
1111	Ása	SU 157	4.95	1	1800	1705	1391
1168	Fífa	ÍS 57	3.43	1	0	0	0
1392	Jón Pétur	SK 20	5.21	1	26473	25160	20159
1599	Þröstur	SK 14	4.44	1	5401	5134	4230
1614	Máni	BA 27	4.59	1	14317	13558	11051
1616	Bogi	GK 165	5.15	1	26083	24735	19370
1653	Örkin	ST 19	3.59	1	0	0	0
1681	Hornstrendingur	HF 117	5.50	1	0	0	0
1695	Ríkey	RE 70	4.50	1	9336	8887	7161
1698	Elli Þór	HF 128	5.24	1	12603	12007	9246
1699	Laufey Jörgensdóttir	VE 23	4.59	1	26898	25912	22103
1737	Percy	ÍS 777	4.59	1	48046	45580	35855
1777	Bryndís	SH 271	4.59	1	7061	6689	5425
1796	Hárekur	NS 49	4.68	1	12777	12189	10143
1797	Haförn	NS 96	5.42	1	109777	104029	83093
1799	Vigdís	EA 11	4.68	1	27817	26346	21418
1810	Poseidon	HF 323	3.73	1	1549	1474	1274
1813	Vesturlax	BA 79	4.59	1	534	506	413
1816	Guðrún Elsa	HU 26	3.75	1	14624	14143	12869
1821	Sporður	KE 160	4.59	1	26595	25186	20529
1861	Fönix	ÍS 21	4.68	1	3784	3584	2921
1904	Sólbjört	KE 4	4.58	1	27468	26211	21823
1924	Muggur	BA 96	5.19	1	1678	29075	23280
1936	Lísa	EA 43	4.32	1	0	0	0
1952	Freyfaxi	RE 175	4.48	3	11901	12585	10320
1956	Jenný	KÓ 4	4.59	3	17105	18662	14288
1958	Sigurvík	SH 117	5.91	3	16046	16796	13488
1971	Borgþór	EA 69	5.91	3	25565	25613	20625
1998	Berti G	ÍS 161	5.78	3	48519	55993	44424
2006	Skarfaklettur	RE 130	5.72	3	18476	20603	16699
2010	Leifur	RE 220	5.19	3	4851	5154	4203
2027	Örvar	HF 192	3.82	5	11057	10512	8610
2032	Njörður	KE 110	4.74	5	20956	19917	15448
2036	Ósk	ÞH 256	5.82	5	26954	25633	19761
2051	Hrímnir	ÁR 11	5.19	5	0	25633	19761
2056	Hafbjörg	NS 1	5.47	5	26954	25633	19761
2062	Skotta	HF 88	5.92	5	26954	25633	19761
2064	Keila II	GK 264	5.14	5	0	25633	19761
2069	Ólafur	HF 251	5.47	5	26954	25633	19761
2081	Benni	KE 18	5.19	5	26954	25633	19761
2082	Halldóra Þorkelsdótt	KE 196	5.19	5	26954	25633	19761
2088	Leon	HF 66	4.68	5	20956	19917	15448
2089	Byr	NS 51	5.16	5	26954	25633	19761
2090	Hólmar	SU 99	4.74	5	20956	19917	15448
2092	Reki	RE 666	4.74	5	20956	19917	15448
2094	Jóna Björg	GK 304	4.74	5	20956	19917	15448
2095	Óskar	GK 64	4.74	5	20956	19917	15448
2098	Björn	MB 28	5.78	5	26954	25633	19761
2104	Jón Björn	HF 77	5.90	5	0	25633	19761
2112	Steinunn	RE 257	4.74	5	20956	19917	15448
2121	Sunna Björg	HF 87	5.72	5	26954	25633	19761
5001	Guðveig	AK 1	4.34	1	1273	1218	774
5002	Dóri	ST 42	2.72	1	3524	3391	2896
5004	Ásbjörg	AK 44	2.56	1	1374	1305	1119
5006	Ella	SH 28	1.73	1	0	0	0
5011	Sæfugl	ST 31	1.65	1	0	0	0
5013	Alda	SU 126	3.46	1	3814	3612	3064
5019	Kópur	RE 230	4.71	1	3213	3057	2501
5022	Þröstur	SH 19	3.94	1	10	9	8
5025	Ljónið	SH 79	3.26	1	0	0	0
5027	Rúna	SH 33	3.22	1	0	0	0
5029	Bára	SH 146	3.15	1	2809	2662	2264
5035	Suðri	SH 64	1.69	1	5938	5624	4826
5036	Gustur	BA 1	3.55	1	3945	3736	3169
5041	Heppinn	GK 323	4.13	1	0	0	0
5048	Sigursæll	HF 27	2.18	1	513	487	418
5051	Sigurður Helgi	ÍS 201	2.54	1	11829	11270	9258
5053	Hrappur	VE 73	5.21	1	4304	4189	3679
5056	Valur	SH 169	2.03	1	0	0	0

Sjávarútvegsráðuneytið		Úthlutun aflaheimilda til smábáta, línu- og handfærabátar					
Skipa númer	Nafn	Umdæmis númer	Br.l.	Fl	Tilrauna-úthlutun nóv.1990	Endurskoðuð úthlutun feb.1991	Aflamark jún-ág. 1991
5062	Líney	AK 135	5.12	1	5021	5047	4830
5069	Mávur	SH 213	2.14	1	0	0	0
5073	Þerna	SH 227	1.50	1	1720	1630	1401
5076	Vöggur	ÍS 190	2.36	1	1944	1844	1571
5078	Alda	SH 272	2.00	1	1545	1463	1241
5081	Heiða	BA 91	2.50	1	4907	4648	3945
5082	Bylgjan	BA 130	2.90	1	7511	7187	5469
5084	Svanur	BA 19	4.80	1	3403	3222	2626
5085	Maggi	BA 20	2.02	1	0	0	0
5088	Fönix	HF 143	4.71	1	335	319	248
5091	Fönix	BA 33	2.14	1	588	556	471
5098	Sæfari	SH 43	2.30	1	7956	7534	6390
5102	Hringur	GK 201	3.55	1	8854	8424	7264
5105	Ljúfur	BA 303	2.01	1	0	0	0
5110	Blær	ST 16	2.08	1	0	0	0
5111	Guðrún	ST 220	2.08	1	0	0	0
5114	Valgerður	ÍS 92	2.30	1	0	0	0
5117	Óskar II	HF 102	2.05	1	0	0	0
5120	Farsæll	ST 74	2.12	1	1544	1462	1240
5121	Sæbjörg	ST 82	2.33	1	0	0	0
5123	Mori	ST 113	2.04	1	0	0	0
5124	Hrönn	ÞH 335	2.19	1	0	0	0
5125	Hersteinn	RE 132	4.60	1	7268	6995	5961
5132	Ósk	KE 31	3.00	1	8458	8046	6934
5137	Veiga	HF 121	4.48	1	4727	4520	3785
5138	Sesselja	BA 108	2.10	1	200	189	160
5139	Þerna	MB 17	2.13	1	3235	3064	2599
5144	Ívar	RE 56	2.32	1	0	0	0
5146	Guðrún Hrönn	RE 59	1.70	1	0	0	0
5149	Hulda	GK 221	2.80	1	3713	3597	3296
5153	Sædís	RE 84	3.77	1	0	0	0
5154	Þorbjörn Ben	GK 59	4.08	1	7049	6863	6031
5159	Sæfeti	HU 20	3.26	1	1567	1484	1259
5163	Sær	KÓ 35	2.30	1	593	562	476
5164	Grímur	RE 242	1.75	1	0	0	0
5167	Máney	GK 3	3.04	1	894	857	756
5172	Eva	ÍS 111	4.69	1	0	0	0
5177	Sigurbjörn	ÞH 18	3.22	1	13697	13223	11971
5182	Reynir	KE 29	4.70	1	15633	15017	12634
5194	Agla	RE 214	5.08	1	1156	1095	885
5200	Búri	HF 52	2.79	1	2736	2593	2203
5214	Ingvi Pétur	NK 4	3.30	1	1573	1492	1231
5216	Jón Erlingur	HF 26	2.54	1	1126	1073	913
5225	Pétur	ÍS 170	2.12	1	2360	2235	1896
5242	Bára	ÍS 141	5.79	1	8266	7828	6334
5243		0	0.00		15453	0	0
5248	Már	SH 71	4.75	1	13651	12928	10538
5250	Hermóður	ÍS 482	2.92	1	0	0	0
5257	Eva	ÍS 269	2.56	1	6700	6380	5518
5263	Snarfari	SK 77	2.00	1	4174	3956	3364
5266	Alki	SK 59	1.90	1	0	0	0
5268	Blíðfari	RE 213	2.94	1	247	235	191
5279	Dýrfinna	ÍS 609	4.44	1	3569	3382	2761
5281	Snarfari	SI 11	4.21	1	13278	12584	10279
5293	Ellen	HF 254	2.10	1	1705	1618	1381
5297	Gjafar	SK 5	2.27	1	1132	1072	909
5299	Guðný Geststdóttir	BA 67	5.52	1	514	487	394
5300	Sævar í Gröf	VE 31	3.66	1	4468	4243	3635
5301	Geisli	NK 81	3.21	1	4544	4304	3653
5302	Smári	EA 135	3.98	1	6209	5940	5211
5304	Bæringur	SI 81	2.50	1	1125	1065	904
5310	Íris	SI 26	3.83	1	180	170	144
5315	Röst	ÓF 9	5.08	1	16998	16153	13213
5316	Siggi Árna	ÓF 10	2.92	1	13625	12946	11113
5321	Vala	EA 36	2.39	1	0	0	0
5325	Nonni	HF 35	5.99	1	12821	12142	9824
5328	Ósk	RE 128	3.03	1	4219	3995	3389
5332	Hafdís	ÓF 45	3.39	1	11959	11329	9618
5334	Margrét	ÓF 49	3.50	1	8316	7888	6726
5337	Sigríður	ÓF 54	3.22	1	0	0	0
5340	Guðbjörn	HF 255	3.44	1	657	622	528
5342	Haukur	EA 17	3.39	1	512	485	411
5343	Blíðfari	EA 121	2.57	1	103	98	84
5346	Nonni	EA 32	4.28	1	23273	22142	18264
5348	Vestri	EA 38	3.01	1	0	0	0
5350	Hafdís	EA 44	3.00	1	344	328	285

Sjávarútvegsráðuneytið		Úthlutun aflaheimilda til smábáta, línu- og handfærabátar					
Skipa númer	Nafn	Umdæmis númer	Br.l.	Fl	Tilrauna-úthlutun nóv.1990	Endurskoðuð úthlutun feb.1991	Aflamark jún-ág. 1991
5351	Bára	EA 45	2.68	1	0	0	0
5357	Þráinn	ÞH 2	5.15	1	8893	8558	7148
5359	Hrönn	EA 66	3.56	1	7257	6974	6221
5365	Hugrún	EA 92	2.17	1	0	0	0
5368	Skíði	EA 696	2.30	1	0	0	0
5370	Þórey	ÓF 50	2.50	1	1545	1480	1306
5371	Jóhann	EA 173	1.80	1	0	0	0
5372	Drífa	RE 88	4.57	1	8117	7689	6271
5373	Sigurborg	VS 8	2.97	1	2155	2109	1994
5378	Höfrungur	EA 139	2.97	1	4225	4001	3394
5379	Þröstur	EA 126	3.60	1	0	0	0
5381	Auðbjörg	ÍS 76	2.65	1	1613	1531	1310
5385	Fjarki	EA 137	3.00	1	77	73	63
5398	Klakkur	NS 4	1.40	1	928	878	754
5401	Unnur	ÞH 158	3.19	1	3448	3270	2773
5403	Viðir	ÞH 167	1.73	1	2060	1960	1715
5404	Tíi	EA 207	2.00	1	279	265	225
5415	Sæbjörg	EA 255	1.61	1	0	0	0
5417	Fannar	AK 226	3.75	1	108	102	86
5421	Stefán Tryggvi	EA 475	2.76	1	14	13	11
5423	Lórens	EA 611	4.03	1	9740	9232	7545
5425	Birkir	EA 672	3.39	1	0	0	0
5426	Sigurður	EA 675	1.55	1	1479	1492	1588
5433	Sólartindur	KE 18	5.00	1	0	0	0
5435	Baldvin	ÞH 15	3.41	1	6710	6356	5380
5443	Aðalsteinn Hannesson	AK 35	2.40	1	0	0	0
5445	Sigtryggur	HF 520	2.37	1	1745	1653	1404
5448	Snari	ÞH 36	5.05	1	12182	11590	9299
5452	Ársæll	ÞH 46	2.50	1	3810	3656	2563
5453	Hanna	SU 48	2.05	1	727	689	586
5464	Unnur	ÞH 74	3.15	1	7160	6887	6130
5465	Báran	EA 418	2.12	1	80	76	65
5466	Hreifi	ÞH 77	1.50	1	1979	1907	1765
5467	Silla Halldórs	ÞH 79	5.55	1	10580	10064	8141
5468	Hrönn	ÞH 82	2.00	1	1635	1554	1323
5471	Félaginn	BA 116	3.65	1	3658	3468	2953
5474	Henry	ÞH 89	2.00	1	2015	1929	1691
5478	Helgi	ÞH 94	2.08	1	128	123	93
5483	Hugrún	ÞH 240	5.82	1	33373	31717	25228
5489	Kalli	ÞH 115	1.98	1	15286	14649	13156
5490	Birtir	RE 300	4.69	1	1188	1127	921
5491		0	0.00		14596	0	0
5492	Garðar	NS 94	3.10	1	2297	2175	1845
5496	Fanney	ÞH 132	2.00	1	1330	1277	1121
5501	Elín Þóra	EA 54	2.39	1	4870	4642	4030
5503	Nói	GK 215	2.15	1	470	449	391
5504	Bylgja	ÞH 157	2.15	1	339	321	273
5508	Seifur	EA 180	3.68	1	0	0	0
5511	Gísli Gunnarsson	SH 5	5.47	1	633	600	485
5513	Díana	SU 131	1.90	1	1104	1045	898
5515	Stella	ÞH 202	5.40	1	10925	10348	8373
5516	Bára	SI 100	4.13	1	6354	6034	4958
5518	Lárus Ingi	KE 206	2.95	1	2584	2469	2161
5519	Gylfi	ÞH 232	2.25	1	441	421	341
5524	Krummi	EA 37	3.00	1	89	86	60
5525	Bjarki	ÞH 271	3.81	1	16748	16007	11728
5527	Gammur	ÞH 282	2.72	1	245	233	200
5531	Sæunn	ÍS 103	2.80	1	10500	9945	8439
5534	Gauti	NK 8	2.42	1	2732	2590	2178
5535	Draupnir	NK 10	2.38	1	0	0	0
5539	Alda	AK 28	3.05	1	12664	12125	8859
5541	Keilir	KE 48	3.24	1	1427	1367	1206
5547	Axel	KE 71	2.19	1	1802	1745	1554
5568	Trausti	NK 105	3.70	1	18234	17268	14648
5574	Þrennan	HF 62	3.32	1	561	533	443
5586	Sunnutindur	NS 39	2.76	1	6211	5882	4989
5587	Felix	ÞH 120	1.82	1	0	0	0
5592	Bára	NS 45	2.85	1	4742	4491	3809
5597	Sjöfn	NS 52	3.24	1	12930	12251	10410
5600	Fiskavík	ST 32	2.90	1	0	0	0
5601	Óli Sveins	SH 65	3.44	1	12496	11854	10114
5603	Örn	SK 60	4.22	1	6369	6044	4953
5608	Fuglanes	NS 72	2.83	1	942	7896	6508
5609	Trausti	NS 73	2.99	1	31399	29825	25560
5610	Málmey	ÞH 206	2.84	1	6361	6082	5159
5621	Unnur	NS 390	2.55	1	9730	9226	7859

Sjávarútvegsráðuneytið		Úthlutun aflaheimilda til smábáta, línu- og handfærabátar					
Skipa númer	Nafn	Umdæmis númer	Br.l.	Fl	Tilrauna-úthlutun nóv.1990	Endurskoðuð úthlutun feb.1991	Aflamark jún-ág. 1991
5630	Krummi	SU 280	2.99	1	0	0	0
5632	Vöggur	SU 40	2.20	1	0	0	0
5634	Hrefna Gamla	SU 22	3.83	1	2243	2124	1798
5636	Hamar	SU 53	5.94	1	0	0	0
5637	Gammur	SU 55	3.06	1	0	0	0
5641	Glaður	SU 60	4.53	1	0	0	0
5644	Sæúlfur	ÞH 188	2.78	1	3612	3447	2948
5645	Tjaldur	ÞH 196	3.12	1	5481	5219	4288
5647	Smári	SU 74	2.81	1	963	912	774
5653	Svana	NK 85	2.92	1	9309	8815	7478
5660	Svanur	SU 513	2.30	1	565	535	454
5666	Hrafnhildur	EA 56	2.40	1	2074	1976	1708
5668	Tjaldur	BA 68	5.38	1	3876	3674	2981
5674	Oddný Hjartardóttir	HF 22	5.77	1	10502	9946	8048
5680	Hildur	ST 33	1.68	1	0	0	0
5687	Þristur	ÍS 3	2.76	1	1616	1531	1299
5689	Auðbjörg	VE 213	2.03	1	1852	1799	1663
5702	Orri	VE 9	3.05	1	957	906	769
5706	Árni Páls	VE 88	4.29	1	11136	10738	9046
5709	Þóra	VE 314	2.31	1	5347	5106	3945
5714	Gylfi	BA 180	5.07	1	29313	27761	22460
5715	Rósa	RE 116	3.10	1	1890	1839	1705
5720	Gæfan	SI 30	3.04	1	655	626	549
5723	Gnýr	AK 93	2.46	1	587	559	483
5725	Ögn	KE 41	1.73	1	2766	2631	2298
5731	Lundi	BA 58	2.57	1	0	0	0
5733	Máni	EA 404	3.15	1	9786	9561	8993
5735	Steini	NS 61	2.25	1	1483	1404	1193
5739	Enok	VE 8	2.67	1	651	637	601
5741	Þrasi	VE 20	4.00	1	3477	3327	2793
5746	Sporður	EA 243	2.11	1	14	14	13
5747	Suðri	SU 141	1.43	1	746	707	606
5750	Úði	RE 284	3.13	1	267	256	168
5752	Bára	EA 68	2.00	1	0	41	35
5761	Baldur	EA 29	1.43	1	1921	1896	1885
5764	Kristinn	ÓF 59	2.37	1	0	0	0
5767	Sigurjón Jónasson	EA 53	3.40	1	96	91	78
5783	Vinur	GK 96	4.70	1	0	0	0
5784	Siggi Jón	KE 44	3.55	1	3741	3561	3071
5802	Glaður	VE 270	3.00	1	2048	1947	1594
5810	Glaður	ÓF 8	2.00	1	242	229	194
5815	Lundey	HF 20	2.66	1	81	77	64
5817	Bjarmi	EA 354	2.46	1	0	0	0
5819	Regina	EA 340	2.89	1	0	0	0
5824	Örn	NS 101	4.70	1	1737	1645	1341
5826	Sigríður	RE 223	3.44	1	0	0	0
5837	Þóra	NS 82	3.39	1	1363	1291	1095
5843	Ingólfur	VE 53	2.17	1	820	794	723
5846	Björk	SU 52	3.19	1	2642	2502	2123
5847	Þerneyjar Dúni	RE 24	1.75	1	54	52	45
5848	Björk	GK 85	2.17	1	250	240	211
5858	Sigrún	ST 124	2.42	1	0	0	0
5860	Æsa	RE 11	2.17	1	1377	1317	946
5861	Tjaldur	SU 571	2.49	1	0	0	0
5862	Særós	KÓ 57	3.07	1	3120	3027	2780
5866	Dvergur	EA 253	2.40	1	0	0	0
5868	Díana	EA 104	3.51	1	20426	19547	17189
5871	Hákon Tómasson	GK 226	2.93	1	0	0	0
5877	Guðjón Bjarnason	RE 324	2.17	1	0	0	0
5881	Svalan	SH 92	2.06	1	0	0	0
5882	Skarfur	HF 30	2.17	1	130	123	104
5883	Leifur	EA 510	2.92	1	760	732	660
5885	Teista	ÁR 82	2.17	1	5493	5262	4644
5886	Gyllir Yngri	BA 280	2.17	1	5318	5036	4271
5888	Einar	ÍS 457	2.17	1	3551	3381	2620
5890	Gári	AK 5	2.55	1	53	50	43
5892	Kópur	NS 140	2.17	1	5524	5232	4438
5893	Edda	EA 65	2.17	1	6342	6054	5216
5894	Dúi	SH 113	2.17	1	0	0	0
5898	Sæfari	RE 391	2.17	1	4817	4624	4110
5899	Ugga	KE 154	2.17	1	0	0	0
5904	Orri	ÞH 16	2.17	1	9130	8677	7364
5907	Fengur	SU 33	2.17	1	3261	3088	2619
5909	Nói	EA 157	2.17	1	146	139	110
5910	Alfa	SU 122	2.55	1	4056	3841	3258
5912	Hlýri	HF 34	2.17	1	474	452	388

Sjávarútvegsráðuneytið		Úthlutun aflaheimilda til smábáta, línu- og handfærabátar					
Skipa númer	Nafn	Umdæmis númer	Br.l.	Fl	Tilrauna-úthlutun nóv.1990	Endurskoðuð úthlutun feb.1991	Aflamark jún-ág. 1991
5913	Drangavík	ST 160	2.17	1	147	139	118
5915	Stella	NS 328	2.17	1	21980	20823	17678
5917	Máni	SU 132	2.17	1	3275	3102	2631
5918	Hlein	RE 117	5.79	1	17507	16580	13409
5919	Rúna	GK 40	2.17	1	6203	5993	5423
5920	Laxinn	EA 487	2.17	1	3437	3257	2768
5921	Grímur	ÞH 332	2.17	1	4149	3956	3434
5923	Von	SH 192	2.17	1	11592	11013	9446
5924	Edda	AK 4	2.55	1	1986	1889	1494
5928	Flöttur	NS 85	1.89	1	1628	1544	1331
5929	Valgerður	ÍS 344	2.17	1	4889	4663	3513
5932	Svanur	GK 620	2.17	1	0	0	0
5933	Teista	SH 54	2.17	1	1635	1548	1313
5941	Særún	EA 15	2.17	1	11032	10462	8915
5943	Undína	HF 55	2.19	1	1432	1376	900
5947	Sirrý	VE 98	3.05	1	0	0	0
5949	Hafdís	KE 58	3.01	1	3770	3630	3255
5951	Þorbjörg	SK 9	2.17	1	1455	1378	1169
5952	Cito	ÍS 61	2.17	1	119	113	96
5953	Rán	HU 19	2.17	1	0	0	0
5954	Hafsóley	ÞH 49	3.13	1	20344	19448	14981
5957	Lára	SH 73	3.50	1	0	0	0
5959	Palli	ÞH 57	2.17	1	2104	1996	1685
5960	Sædís	NS 80	2.17	1	647	613	520
5961	Felix	RE 89	2.17	1	839	805	545
5964	Hafliði	ÞH 333	2.17	1	1348	1311	1179
5965	Lubba	VE 27	4.56	1	1431	1362	1008
5967	Þengill	ÞH 325	2.17	1	5407	5151	4445
5969	Þerney	KE 115	2.17	1	0	0	0
5971	Göltur	SH 142	2.55	1	8362	7919	6718
5972	Eygló	SU 46	2.55	1	67	63	54
5974	Helga Jóna	HF 74	2.55	1	0	0	0
5976	Ásdís	SH 130	2.17	1	9446	8945	7589
5977	Vigdís	SH 13	2.57	1	1079	1022	868
5978	Ingunn	MB 16	2.17	1	1058	1013	885
5979	Góa	HF 156	2.17	1	6782	6472	5556
5981	Anna	SU 39	2.17	1	4363	4132	3505
5982	Sælaug	GK 63	2.19	1	5736	5545	5041
5989	Gautur	EA 175	2.17	1	2038	1974	1806
5996	Krían	SK 73	2.55	1	1643	1556	1320
5999	Steinar	KÓ 70	2.17	1	10710	10158	8664
6001	Eysteinn	RE 240	2.49	1	398	381	280
6006	Ósk	GK 106	3.28	1	1165	1124	1004
6007	Skálanes	AK 60	4.40	1	819	776	635
6009	Óskar	ÞH 208	2.17	1	1067	1022	889
6015	Freyr	RE 138	4.19	1	12170	11525	9394
6016	Dagur	SH 303	3.02	1	1699	1609	1365
6017	Ásta	ÍS 577	2.24	1	3150	2983	2530
6020	Von	SH 178	2.49	1	0	0	0
6021	Bjarni	BA 83	3.28	1	12321	11670	9900
6024	Hanna	SI 23	2.17	1	3516	3349	2898
6025	Garðar	HF 23	1.65	1	0	0	0
6028	Atli	SK 61	2.17	1	147	139	118
6029	Sjöfn	ÍS 50	2.17	1	10100	9580	8173
6032	Hildur	NK 76	2.17	1	5024	4760	4044
6033	Inga	EA 57	2.17	1	4361	4141	3540
6035	Hafsteinn	SK 119	4.65	1	8707	8246	6721
6036	Svalur	SH 274	2.64	1	7203	6821	5786
6037	Svanurinn	SI 17	2.19	1	0	0	0
6038	Vala	KÓ 10	2.49	1	68	64	54
6039	Gári	SH 16	2.60	1	732	693	588
6040	Ír	EA 530	2.70	1	4348	4133	3553
6041	Snæfell	SH 29	2.19	1	942	892	756
6042	Mundi	EA 76	2.19	1	50	47	40
6043	Kópur	SU 199	2.63	1	3167	3028	2198
6045	Hafsól	GK 52	3.28	1	340	328	296
6046	Melavík	DA 7	2.17	1	0	0	0
6047	Byr	ÞH 31	2.17	1	2274	2157	1833
6053	Smári	RE 177	1.43	1	0	0	0
6055	Sigrún	VE 72	3.28	1	9614	9258	8314
6056	Dröfn	ÞH 316	2.19	1	2263	2143	1820
6059	Geisli	EA 39	2.19	1	0	0	0
6060	Klemma	GK 36	2.17	1	1034	997	898
6062	Nanna	VE 294	2.17	1	676	640	543
6063	Kristján	ÓF 51	2.17	1	2663	2522	2131
6068	Stefán	ÍS 580	2.19	1	0	0	0

Sjávarútvegsráðuneytið — Úthlutun aflaheimilda til smábáta, línu- og handfærabátar

Skipa númer	Nafn	Umdæmis númer	Br.l.	Fl	Tilrauna-úthlutun nóv.1990	Endurskoðuð úthlutun feb.1991	Aflamark jún-ág. 1991
6069	Bliki	BA 82	2.17	1	0	0	0
6072	Geisli	SH 155	2.17	1	9177	8758	7630
6073	Særún	ST 27	2.30	1	293	277	235
6074	Jón Trausti	HF 125	2.17	1	385	368	319
6075	Árni	SU 58	3.28	1	6154	14721	12395
6080	Sædís	SI 19	3.50	1	16431	15560	13199
6082	Höfrungur	RE 52	2.19	1	1038	998	690
6085	Ögn	RE 82	3.28	1	1059	1012	746
6086	Grótta	ÞH 245	2.90	1	8117	7688	6520
6089	Andri	EA 359	3.28	1	0	0	0
6090	Hafdís	EA 119	2.19	1	619	587	498
6092	Árni	NK 5	2.17	1	370	351	298
6094	Reyr	AK 47	2.17	1	2440	2316	1978
6098	Byr	AK 99	2.50	1	613	587	416
6099	Brandur	RE 99	3.28	1	4324	4140	2911
6100	Uggi	VE 272	3.28	1	2850	2722	2023
6102	Máni	SK 182	2.17	1	1814	1724	1480
6103	Muggur	EA 40	3.40	1	0	0	0
6105	Von	ÍS 73	2.57	1	1367	1297	1105
6109	Einar	ÍS 209	3.27	1	327	310	263
6111	Björn Sævar	SU 136	3.28	1	12120	11479	9718
6113	Norma	KE 87	3.28	1	10223	9778	8581
6114	Húni	EA 140	2.17	1	780	740	634
6115	Sæbjörg	SU 170	2.72	1	16217	15358	13021
6116	Bliki	BA 115	3.23	1	9140	8657	7349
6123	Skreppur	KÓ 55	2.19	1	1421	1346	1141
6125	Perlan	ÓF 75	4.95	1	7061	6752	5653
6129	Margrét	KÓ 66	2.19	1	1765	1673	1393
6131	Pipp	VE 19	3.28	1	0	0	0
6132	Höfrungur	ST 8	3.28	1	4826	4570	3876
6134	Akurey	RE 97	2.17	1	788	755	528
6141	Svana	ST 93	2.41	1	14206	13578	11503
6142	Ásdís	AK 46	2.19	1	1154	1096	938
6143	Drúði	HU 8	3.28	1	1949	1845	1565
6144	Markús	BA 196	2.56	1	0	0	0
6145	Ýr	ÍS 160	2.17	1	915	868	740
6147	Kristbjörn	SH 61	2.17	1	23699	22444	19038
6149	Svalur	EA 124	2.17	1	4536	4392	4011
6152	Þristur	ÍS 203	2.17	1	15872	15123	13094
6157	Ýr	AK 17	2.20	1	0	0	0
6159	Smásteinn	GK 198	2.17	1	275	265	240
6160	Svalan	AK 173	2.17	1	10939	10473	9225
6161	Lómur	ÞH 14	2.00	1	1135	1084	948
6164	Kári	AK 21	2.19	1	0	0	0
6165	Dögg	EA 235	3.00	1	9003	8528	7205
6166	Sleipnir	ÁR 19	4.24	1	7691	7347	6134
6167	Tjaldur	KE 65	2.17	1	6216	5953	5249
6168	Björn	SU 515	2.50	1	4525	4285	3635
6169	Þröstur	NS 130	2.80	1	10959	10379	8806
6170	Prins	KÓ 50	3.28	1	259	247	215
6171	Ragnar	AK 26	2.17	1	2473	2371	1624
6173	Hreyfi	EA 83	3.28	1	486	461	379
6174	Trausti	EA 244	3.16	1	1184	1154	1074
6176	Kópur	SU 460	2.99	1	1292	1224	1039
6178	Baldvin	EA 424	2.49	1	1148	1089	926
6179	Óli	EA 236	2.70	1	393	372	315
6180	Sædís	ÞH 305	4.24	1	3148	2983	2430
6181	Eva	NK 63	4.24	1	10120	9584	7811
6182	Guðmundur Gísli	ST 23	3.28	1	0	0	0
6183	Dalaröst	SH 555	3.75	1	2283	2183	1913
6187	Stella	ÁR 445	4.24	1	11363	10785	8849
6191	Þerna	SH 239	2.17	1	15234	14470	12341
6192	Von	AK 74	2.17	1	7649	7244	6145
6194	Sæný	NK 66	2.90	1	10394	9844	8351
6197	Valur	SH 171	4.23	1	1457	1380	1125
6199	Skálavík	SU 138	3.28	1	2318	2195	1861
6202	Einsi Sveins	KE 6	3.28	1	8423	7979	6756
6203	Ólína	ÁR 194	5.68	1	10072	9567	7811
6207	Magga	HF 118	5.03	1	0	0	0
6208	Sif	ÞH 169	2.27	1	1593	1510	1268
6212	Gammmur	SK 55	4.24	1	359	341	249
6213	Uggi	EA 102	2.40	1	2074	1964	1666
6214	Gáski	ÍS 621	2.62	1	1376	1304	1106
6216	Gyða	EA 110	2.62	1	2105	2015	1775
6218	Max	ÞH 121	4.24	1	6036	5799	4898
6220	María	MB 5	2.67	1	0	0	0

Sjávarútvegsráðuneytið				Úthlutun aflaheimilda til smábáta, línu- og handfærabátar		
Skipa número	Nafn	Umdæmis número	Br.l.	Fl	Tilrauna-úthlutun nóv.1990	Endurskoðuð úthlutun feb.1991	Aflamark jún-ág. 1991
6221	Svanur	ÍS 27	3.86	1	0	0	0
6223	Kastró	NK 47	4.24	1	1706	1617	1321
6225	Neisti	VS 2	2.67	1	636	604	520
6228	Auður	ÓF 24	3.28	1	11641	11025	9351
6230	Bára	SK 45	4.60	1	425	403	329
6232	Steini	GK 29	2.67	1	609	577	490
6234	Sæfari	SU 146	2.17	1	2844	2693	2284
6236	Bliki	VE 163	4.23	1	6081	5793	4753
6237	Lukka	SI 57	4.24	1	22276	21098	17201
6239	Sigríður	NS 118	2.76	1	2844	2693	2286
6240	Straumur	RE 2	4.24	1	1341	1270	1035
6242	Inga	RE 39	2.67	1	616	585	483
6243	Sæbjörn	ST 68	3.28	1	16720	16121	14536
6249	Jónas Gunnlaugsson	NS 14	3.28	1	13654	12954	11055
6251	Ölver	ST 15	2.62	1	1789	1700	1369
6256	Gyða	EA 405	4.24	1	1217	1153	940
6258	Skjöldur	DA 4	4.90	1	15288	14493	11848
6259	Glitský	SU 125	4.14	1	9722	9207	7505
6260	Gestur Sigurðsson	ÁR 68	3.86	1	7456	7090	6101
6261	Snarpur	HF 209	4.24	1	58	55	45
6263	Mjöll	BA 99	2.62	1	2771	2624	2226
6264	Geysir	ÍS 151	3.29	1	0	0	0
6266	Svava	ÞH 343	5.50	1	10161	9636	7781
6270	Byr	GK 127	2.17	1	0	0	0
6271	Anna	RE 221	3.28	1	0	806	690
6272	Hansi	EA 61	2.17	1	1459	1382	1173
6274	Hringur	ÍS 305	3.30	1	3028	2868	2433
6275	Hera	RE 222	4.24	1	3633	3441	2805
6276	Patton	ÍS 119	4.90	1	0	0	0
6279	Petra	NK 13	2.73	1	8845	8377	7105
6280	Teista	NS 57	3.28	1	22669	21470	18181
6281	Góa	EA 107	1.65	1	0	0	0
6282	Einfari	VE 308	3.28	1	5368	5118	4433
6286	Siggi	EA 195	3.28	1	576	546	464
6287	Ósk	BA 170	3.28	1	7647	7244	6150
6288	Ör	ÞH 313	3.28	1	4444	4235	3241
6289	Blær	EA 118	2.19	1	128	121	103
6290	Óli Hall	ÍS 414	4.96	1	4896	4637	3780
6296	Flóki	ÍS 109	4.96	1	4520	4281	3490
6298	Mar	GK 118	2.67	1	0	0	0
6299	Bogga	VE 155	4.24	1	22857	21689	17776
6302	Finni	ST 24	5.79	1	1005	952	770
6306	Kúði	RE 234	3.86	1	26492	25099	21156
6307	Sigríður	ST 50	3.28	1	0	0	0
6309	Brá	SH 58	4.93	1	5410	5123	4176
6310	Snorri	HU 2	3.86	1	503	477	405
6311	Hulda	EA 628	3.28	1	4111	3894	3291
6312	Jón Sör	ÞH 42	5.34	1	2774	2631	2099
6313	Gosi	AK 114	2.19	1	1971	1870	1569
6322	Helga María	SH 291	3.28	1	11792	11198	9478
6324	Jói	ÞH 108	2.67	1	0	0	0
6326	Ýr	ÁR 262	5.34	1	23676	22727	17721
6328	Fanney	SK 68	2.97	1	1912	1811	1536
6329	Darri	EA 149	3.86	1	3074	2939	2573
6330	Þorleifur	SH 120	4.24	1	1722	1630	1329
6332	Hannes Lóðs	VE 200	2.17	1	138	135	128
6338	Straumur	SH 249	4.24	1	8159	7755	6389
6339	Kristín Björg	RE 156	4.24	1	6069	5752	4690
6340	Rún	KÓ 7	4.45	1	391	370	301
6342	Sæljón	SU 148	3.28	1	21998	20832	17670
6345	Dúlla	KÓ 77	5.34	1	14818	14054	11425
6347	Garpur	SF 27	5.34	1	5369	5097	4154
6350	Blíðfari	AK 32	3.28	1	4934	4709	3523
6351	Vífill	RE 174	3.86	1	997	945	786
6352	Stjarna	AK 65	5.41	1	10988	10419	8446
6353	Skýjaborgin	ÞH 118	5.34	1	7595	7416	6573
6357	Hafsteinn	HF 246	3.79	1	5546	5255	4464
6360	Gösli	VE 26	5.34	1	13500	12799	10393
6361	Tinna	KÓ 17	4.24	1	0	0	0
6362	Öggur	ÞH 366	3.29	1	4165	3965	3421
6364	Bagga	HF 93	3.28	1	0	0	0
6366	Stefanía	RE 471	4.23	1	11929	11310	9249
6369	Skáley	MB 11	2.97	1	4087	3881	3325
6371	Hrönn	GK 122	5.34	1	7647	7286	5915
6373	Steini	RE 330	2.67	1	51	48	41
6374	Heppinn	BA 47	2.82	1	23523	22277	18896

Sjávarútvegsráðuneytið — Úthlutun aflaheimilda til smábáta, línu- og handfærabátar

Skipa númer	Nafn	Umdæmis númer	Br.l.	Fl	Tilrauna-úthlutun nóv.1990	Endurskoðuð úthlutun feb.1991	Aflamark jún-ág. 1991
6375	Henrý	SK 12	4.24	1	6384	6057	4965
6376	Sirrý	BA 15	3.86	1	26285	24893	21115
6377	Rúna	GK 82	5.34	1	7017	6671	5463
6378	Lukka	RE 86	5.34	1	19919	18967	15509
6382	Andrea	HF 144	3.86	1	3002	2844	2414
6383	Grétar	GK 90	2.80	1	1447	1382	1208
6386	Andri	SH 255	4.60	1	7193	6811	5551
6387	Karen	NS 75	2.17	1	5265	4987	4218
6395	Pollý	KÓ 44	4.24	1	446	425	351
6401	Gola	RE 143	3.20	1	0	0	0
6404	Lilla Hegga	NK 70	3.86	1	8653	8195	6951
6405	Axel	ÞH 308	5.34	1	0	0	0
6407	Hafrún	SU 173	2.30	1	540	511	433
6411	Nafni	NS 151	2.39	1	4229	4005	3398
6412	Margrét	SH 80	5.34	1	4079	3863	3125
6414	Marín	EA 146	2.62	1	0	0	0
6415	Kúði	GK 79	3.00	1	0	0	0
6416	Blíðfari	SK 78	3.86	1	1016	962	816
6419	Teista	ÞH 133	2.30	1	683	647	549
6422	Dvergur	NS 62	2.19	1	3605	3416	2890
6423	Ísleifur Magnússon	HF 166	3.20	1	4230	4022	3451
6424	Ögri	SH 69	4.51	1	310	293	239
6427	Gestur Magnússon	ÍS 147	4.00	1	28904	23477	19023
6429	Sigurveig	EA 227	2.90	1	3322	3267	3118
6431	Eyrún	ÞH 268	5.30	1	5299	5023	4058
6433	Þorfinnur	EA 120	2.17	1	73	69	59
6435	Kristín	ÞH 183	2.62	1	10781	10325	9098
6440	Vísir	SH 77	3.20	1	36	34	30
6443	Sær	RE 153	5.34	1	0	0	0
6446	Þytur	RE 104	3.20	1	147	139	118
6449	Dagný	NS 144	2.67	1	890	852	751
6450	Jón Bjarni	BA 50	5.12	1	3298	3123	2526
6451	Farsæll	AK 30	4.23	1	3108	2977	1843
6455	Kvikk	BA 132	2.67	1	828	784	665
6456	Rúna	SH 2	5.16	1	21189	20149	14725
6457	Heppinn	SH 47	2.52	1	0	0	0
6458	Héðinn	SI 20	4.24	1	14272	13525	11045
6468	Ör	ÞH 312	2.19	1	4158	3992	3548
6470	Ölduljón	VE 310	3.14	1	2305	2202	1791
6475	Júlíanna	HF 103	3.58	1	1629	1566	1018
6476	Sæmundur	ÍS 100	2.67	1	1976	1871	1588
6478	Lundi	KE 78	3.86	1	1070	1018	876
6481	Ás	SH 151	1.73	1	0	0	0
6483	Jóhannes	HU 127	4.45	1	29907	28364	23201
6484	Sómi	VE 228	4.88	1	929	887	740
6485	Trausti	ÁR 72	3.89	1	3572	3385	2833
6486	Darri	NS 370	3.20	1	4819	4564	3871
6492	Pétur	AK 92	2.58	1	3178	3013	2566
6493	Sleipnir	KE 112	2.97	1	26308	25299	22618
6494	Stjarnan	RE 189	2.30	1	2218	2101	1783
6499	Ljúfur	EA 48	3.92	1	1565	1484	1260
6500	Guðbjörg Kristín	SK 101	2.15	1	1396	1322	1121
6505	Mökkur	KÓ 25	4.24	1	0	0	0
6507	Linda	SH 331	3.40	1	6174	5847	4960
6508	Þjótandi	SU 18	2.30	1	0	0	0
6510	Gæfa	RE 510	3.20	1	0	0	0
6511	Máni	RE 185	2.67	1	73	69	59
6514	Eddi	SH 70	4.88	1	72	68	55
6516	Jónas Marel	VE 186	3.37	1	1175	1130	1009
6519	Kotey	RE 107	5.34	1	18431	17517	13473
6521	Pjakkur	KÓ 18	2.18	1	0	0	0
6523	Ísis	NS 9	4.88	1	1663	1578	1294
6525	Hersir	SH 100	3.20	1	0	0	0
6526	Núpur	ÍS 56	2.67	1	0	0	0
6528	Lóa	RE 328	4.88	1	0	0	0
6532	Haukur	EA 27	3.44	1	8261	7871	6820
6538	Kvistur	SK 58	5.12	1	0	0	0
6541	Lára	SH 91	2.13	1	1700	1610	1366
6542	Embla	ÞH 66	2.30	1	137	137	136
6543	Félaginn	EA 391	2.68	1	6597	6252	5316
6545	Lárus	SH 9	5.04	1	175	166	134
6546	Sigurborg	HF 116	3.20	1	1891	1791	1518
6547	Hafbjörg	EA 42	2.67	1	0	0	0
6548	Guðbjörg Stella	RE 338	5.12	1	502	477	376
6549	Ísak	VE 3	5.34	1	7654	7390	6343
6550	Guðmundur Einarsson	ÍS 155	2.67	1	14500	13812	11954

Sjávarútvegsráðuneytið		Úthlutun aflaheimilda til smábáta, línu- og handfærabátar					
Skipa número	Nafn	Umdæmis número	Br.l.	Fl	Tilrauna-úthlutun nóv.1990	Endurskoðuð úthlutun feb.1991	Aflamark jún-ág. 1991
6552	Bylgja	AK 131	5.34	1	10914	10437	8699
6554	Rostungur	ÍS 555	3.14	1	18128	17180	14609
6555	Bóas	RE 555	5.34	1	90	85	69
6557	Spíra	BA 141	2.67	1	1109	1050	891
6558	Erna	NK 58	3.14	1	2398	2272	1928
6561	Hafrún	SI 111	3.14	1	0	0	0
6562	Fróni	KE 35	3.86	1	9530	9049	7748
6566	Stjarnan	RE 266	4.88	1	366	348	268
6569	Lára	KE 161	2.67	1	215	204	173
6570	Akravík	ÍS 132	2.30	1	0	0	0
6572	Viggó	KÓ 30	4.43	1	4601	4388	3648
6576	Guðrún	ÓF 53	2.70	1	105	99	84
6578	Kópur	ST 35	4.45	1	6635	6319	5235
6579	Silvía	HF 152	3.28	1	7156	6852	4819
6580	Frár	ÞH 47	4.88	1	0	0	0
6582	Kórall	HF 109	2.67	1	2319	2237	2021
6585	Brimill	KÓ 11	4.45	1	0	0	0
6586	Dagsbrún	GK 132	5.15	1	0	0	0
6589	Gulltoppur	ÍS 178	5.34	1	21323	20201	16363
6593	Óskar III	ST 40	3.77	1	0	0	0
6594	Öðlingur	MB 40	5.30	1	32460	30948	25573
6596	Bergur Gamli	EA 761	3.50	1	520	498	438
6597	Mar	ÞH 281	5.30	1	10268	9734	7899
6599	Hamravík	ST 79	2.96	1	3703	3519	3023
6601	Eggert Garðar	RE 303	3.20	1	1535	1463	1265
6606	Siljan	RE 306	3.14	1	76	72	61
6607	Gladdi	ÞH 119	4.88	1	3477	3329	2719
6613	Inga Jóns	AK 108	4.04	1	0	0	0
6614	Bróí	RE 224	5.15	1	222	211	173
6617	Örnólfur	AK 63	5.30	1	12198	11575	9194
6624	Rúna	VE 128	2.67	1	5645	5353	4561
6628	Hulda	ÞH 98	4.45	1	0	0	0
6629	Ásborg RE 15	RE 15	5.30	1	25022	23705	19200
6632	Sæmundur	HF 212	2.67	1	12791	12198	10600
6635	Björg Ólafs	HU 40	2.19	1	0	0	0
6643	Hrói	SH 116	5.30	1	12405	11759	9539
6644	Sómi	SU 644	3.28	1	3430	3248	2755
6653	Heiðdís	ÞH 65	2.19	1	1171	1112	954
6656	Þórður Rakari	VE 96	2.57	1	867	849	801
6658	Dísa	ÍS 616	2.67	1	0	0	0
6660	Nökkvi	ÍS 204	2.67	1	5299	5029	4300
6661	Haförn	HF 132	3.31	1	118	112	95
6666	Dofri	RE 44	2.19	1	0	0	0
6667	Þóra María	ÍS 377	2.98	1	2493	2361	2003
6674	Heiðdís	SU 259	4.45	1	13786	13055	10641
6675	Darri	ÍS 422	5.30	1	5667	5367	4343
6676	Sonja	SU 164	4.45	1	4919	4659	3794
6678	Þytur	MB 10	4.88	1	13054	12363	10078
6680	Tjaldur	RE 96	5.68	1	20909	19920	16279
6682	Adda	NK 90	4.40	1	6869	6505	5303
6683	Tíbrá	ÍS 530	3.92	1	4839	4595	3934
6687	Lax	RE 57	2.67	1	37	35	30
6688	Elsa	NK 60	4.88	1	464	442	364
6689	Guðný	RE 68	3.62	1	119	119	119
6693	Andey	BA 9	1.93	1	3503	3317	2846
6694	Nökkvi	BA 12	2.47	1	10946	10366	8793
6695	Aða	GK 81	0.00	1	1364	1294	1038
6697	Gullbjörn	NS 76	3.20	1	537	509	431
6699	Hlín	ÍS 194	4.11	1	6142	5820	4753
6703	Orri	SU 260	5.30	1	17193	16282	13174
6707	Eva	VE 17	5.34	1	18842	18042	15106
6713	Jökull II	SI 128	5.77	1	46067	43767	35723
6715	Díva	ST 18	5.68	1	7930	7510	6076
6721	Sigurbjörg Helgadótt	ÍS 411	3.77	1	31056	29455	25116
6723	Kalli í Höfða	ÞH 234	5.30	1	7607	7235	5863
6724	Vilbjörg	ÓF 29	2.19	1	4516	4289	3673
6727	Andvari	NK 109	5.30	1	20184	19161	15620
6729	Jenný	RE 360	5.30	1	20844	19880	13835
6733	Bára	VE 58	4.88	1	1568	1485	1211
6737	Már	SH 56	5.90	1	8709	8247	6673
6738	Sandra	SK 46	2.19	1	3627	3462	3019
6739	Dýri	BA 98	5.30	1	3644	3453	2796
6741	Alma	KÓ 52	4.40	1	729	690	563
6742	Seggur	EA 142	3.77	1	11272	10803	9548
6743	Íris	HF 15	5.05	1	9121	8660	6806
6745	Elín	MB 18	3.86	1	6297	5963	5058

Sjávarútvegsráðuneytið — Úthlutun aflaheimilda til smábáta, línu- og handfærabátar

Skipa númer	Nafn	Umdæmis númer	Br.l.	Fl	Tilrauna-úthlutun nóv.1990	Endurskoðuð úthlutun feb.1991	Aflamark jún-ág. 1991
6746	Þytur	SK 8	5.90	1	4281	4062	3306
6749	Goðaborg	NK 1	3.77	1	13343	12642	10741
6752	Hnefill	SF 102	5.30	1	16767	15896	12849
6754	Látravík	RE 154	5.90	1	10597	10036	8120
6756	María	HF 115	3.77	1	17118	16354	14085
6761	Skálavík	RE 604	5.68	1	12243	11652	9310
6762	Tóti	RE 419	5.90	1	13679	12987	10591
6764	Leyfey	RE 85	5.30	1	19606	18710	15503
6766	Geisli	SK 66	5.30	1	9777	9269	7523
6770	Guðmundur Jonsson	SH 326	5.90	1	6644	6292	5091
6772	Gunnhildur	EA 95	2.01	1	10026	9495	8054
6774	Rauðmaginn	ST 17	4.99	1	0	0	0
6776	Láki	SH 55	5.90	1	40989	38849	30821
6785	Pólstjarnan	ÍS 85	5.90	1	13836	13154	10774
6786	Sigga	KÓ 27	4.19	1	157	150	124
6787	Líf	EA 423	2.67	1	1499	1419	1204
6792	Krata-Páll	VE 65	5.90	1	40244	38459	31980
6793	Dóa	SU 398	2.31	1	3979	3770	3174
6794	Æsa	GK 115	5.90	1	3694	3501	2840
6795	Kristbjörg	RE 95	5.90	1	10842	10273	8324
6797	Nökkvi	HF 153	5.05	1	0	0	0
6798	Kristín	SU 190	3.77	1	12653	12045	9386
6799	Ver	RE 137	3.61	1	0	0	0
6800	Elín II	RE 81	5.27	1	3577	3408	2560
6802	Kiwi	ÁR 156	5.68	1	8003	7635	6244
6804	Hafdís	RE 115	3.77	1	1982	1879	1603
6806	Svalan	SK 37	5.90	1	23873	22801	18903
6807	Hafrót	KE 81	2.67	1	645	620	396
6811	Sörli	ÍS 601	5.68	1	9175	8713	7111
6815	Kópur	ÞH 248	2.12	1	3593	3422	2953
6816	Valdimar	SH 68	5.90	1	11088	10501	8496
6822	Inga Rósa	KÓ 26	5.90	1	18114	17311	14336
6826	Helga Katla	SF 50	2.67	1	2580	2451	2021
6833	Dísa	GK 124	2.50	1	0	0	0
6835	Nói	EA 49	5.90	1	23534	22292	18018
6836	Gnoð	HF 138	5.90	1	16036	15186	12286
6838	Ásdís	EA 250	5.90	1	26727	25365	20660
6852	Ósk	ÁR 46	5.77	1	8453	8112	4603
6854	Katrín	ÁR 18	5.90	1	32376	30999	23131
6856	Anna	ÞH 187	5.77	1	12138	11743	9800
6858	Guðni	ÍS 52	5.27	1	40722	38565	31201
6859	Elín	SH 170	5.90	1	4220	3997	3234
6860	Fjarki	HF 28	5.90	1	4670	4484	3786
6868	Fáfnir	HF 157	5.90	1	21986	20941	16798
6871	Garðar	ÞH 122	3.77	1	2207	2112	1856
6873	Arndís	HF 147	5.77	1	20392	19413	15906
6874	Geisli	AK 103	5.90	1	31516	29852	24165
6875	Gugga	ÞH 328	2.67	1	0	0	0
6878	Fönix	SH 198	5.90	1	28464	26956	21809
6880	Lea	RE 171	5.68	1	5729	5436	4401
6881	Sæunn	RE 164	2.67	1	49	47	39
6886	Kristín	HF 12	4.24	1	0	0	0
6887	Þytur	NK 83	4.43	1	0	0	0
6888	Elding	ÍS 800	3.14	1	331	314	266
6890	Skuld	EA 60	3.25	1	6502	6158	5224
6893	Stígandi	VE 77	5.90	1	15699	15028	12569
6894	Inga	VE 140	5.34	1	3441	3289	2311
6896	Glaður	VE 270	2.67	1	5471	5191	4434
6904	Sævar Reynir	RE 173	4.40	1	3906	3707	3030
6915	Haförn	HF 53	2.78	1	0	0	0
6919	Hólmur	ÍS 10	5.90	1	15480	14661	11865
6922	Didda	GK 86	2.67	1	3016	2879	2511
6924	Vilborg	SK 24	5.77	1	23918	22659	18355
6926	Fönix	BA 70	1.92	1	0	0	0
6931	Smári	ÓF 20	6.03	1	17611	16744	13235
6932	Hófi	RE 670	5.90	1	12602	12023	9954
6933	Rán	SH 53	5.90	1	17724	16785	13580
6936	Sandvík	ST 20	5.90	1	5854	5556	4526
6937	Stefán í Gerði	VE 205	5.90	1	24988	19397	15721
6938	Kálfatindur	KÓ 99	3.48	1	4968	4706	3983
6939	Drangavík	HF 111	5.90	1	20625	19569	15888
6941	Dúan	SI 130	5.05	1	21551	20473	16726
6943	Jökull Jónsson	RE 270	5.90	1	2136	2027	1554
6944	Sæjón	BA 100	5.90	1	0	0	0
6955	Ver	HF 76	5.68	5	26954	25633	19761
6958	Iða	DA 2	3.20	1	0	0	0

Sjávarútvegsráðuneytið				Úthlutun aflaheimilda til smábáta, línu- og handfærabátar		
Skipa númer	Nafn	Umdæmis númer	Br.l.	Fl	Tilrauna-úthlutun nóv.1990	Endurskoðuð úthlutun feb.1991	Aflamark jún-ág. 1991
6960	Aron	SI 133	5.68	1	0	0	0
6963	Ýmir	EA 63	3.77	1	0	0	0
6968	Lára	HF 345	5.90	1	7600	7211	5818
6974	Fálki	NK 7	5.77	3	24443	25998	20563
6977	Óli Ingibers	KE 28	2.67	1	1809	1725	1483
6978	Unnur	RE 501	3.77	1	125	119	105
6980	Fúlvíkingur	SH 32	5.90	1	9384	8890	7200
6984	Borgar	GK 76	5.90	1	10320	9823	8074
6986	Hafdís	NS 65	3.77	1	12310	11668	9774
6989	Júlíus	KE 61	1.72	1	760	721	626
6990	Latur	ÞH 359	5.90	5	0	25633	19761
6992	Múli	RE 75	5.90	1	1519	1442	1144
6997	Lilja	EA 264	5.90	1	21513	20400	16574
7020	Jón í Hamri	HF 169	3.77	1	1908	1812	1541
7021	Halla	SH 292	5.68	1	13330	12660	10334
7024	Svali	HF 89	2.67	5	11057	10512	8610
7025	Sigdór	EA 93	3.25	1	243	230	195
7028	Ebba	GK 62	6.03	3	12662	12083	9484
7029	Valborg	SU 156	5.54	3	32330	30659	24013
7035	Sigurjón Friðriksson	EA 50	5.90	1	0	0	0
7039	Kristín	RE 159	5.90	3	6050	5752	4690
7046	Ólöf	HF 126	5.90	1	26574	25283	20723
7050	Magnús Árnason	SH 38	5.90	1	0	0	0
7051	Elli	KE 22	5.90	1	0	0	0
7052	Egó	RE 142	5.05	1	0	0	0
7053	Jóa	SH 175	5.77	1	0	0	0
7054	Fagurey	AK 38	4.45	1	8244	7854	6109
7055	Snót	SH 62	5.90	1	14996	14325	11899
7059	Margrét	NK 80	4.45	1	3569	3381	2759
7060	Unnur	ÞH 146	5.90	1	7949	7530	6098
7061	Máni	SH 322	3.77	1	2763	2617	2220
7064	Jökull	BA 8	5.77	1	15849	15009	12144
7069	Seljabliki	RE 169	5.05	1	312	296	231
7070	Unnur	ÁR 7	5.90	3	52271	49902	41358
7072	Þorfari	BA 114	5.77	1	20321	19247	15579
7073	Sif	SU 250	5.90	1	16389	15540	12189
7074	Gæfa	ÁR 49	5.90	1	19568	18682	15498
7075	Byr	GK 407	5.68	1	4103	3927	3284
7078	Helga Sig	GK 152	4.45	1	1778	1699	1421
7079	Magnús	NK 72	5.68	1	16090	15322	12240
7081	Dúdda	NK 48	3.14	1	184	178	161
7083	Kuggur	HF 173	2.48	1	58	55	46
7084	Svalur	BA 120	5.77	1	10559	10002	8100
7086	Lomur	HF 44	5.90	1	0	0	0
7087	Boði	SH 184	3.77	1	1967	1863	1580
7088	Áskell	RE 188	2.62	1	6429	6088	5164
7097	Kristín	BA 88	5.90	1	88	84	68
7099	Geysir	RE 10	6.03	1	0	0	0
7103	Ísbjörninn	GK 87	5.90	5	26954	25633	19761
7105	Leiknir	RE 201	3.77	1	3514	3369	2895
7112	Ritan	SH 268	6.03	1	16663	15790	12203
7114	Haffrúin	ÍS 31	2.67	1	0	0	0
7115	Lúkas	ÍS 71	5.34	5	26954	25633	19761
7116	Blikanes	RE 151	3.77	5	11057	10512	8610
7121	Gísli Gíslason	BA 300	5.77	1	20950	19851	16089
7124	Óskar	RE 301	5.77	1	2013	1932	1615
7125	Lúðan	GK 91	6.03	3	4765	4531	3543
7129	Garpur	RE 280	5.90	3	7075	6739	5503
7131	Seley	AK 377	4.45	5	20956	19917	15448
7132	Kjarni	SF 58	5.77	3	14042	14674	12056
7138	Gunnar	GK 107	4.45	1	5337	5104	4278
7144	Felix	SH 122	5.99	3	14369	15094	12238
7149	Hófi	BA 278	4.04	1	4888	4630	3776
7150	Marvin	NS 150	5.99	3	25701	27811	22036
7151	Hafliði	NK 24	5.99	3	18728	20097	15930
7152	Flóki	RE 105	5.90	3	597	572	356
7156	Gulltindur	HF 78	5.90	3	11806	11824	9620
7157	Tjaldur	HF 294	3.77	1	534	513	444
7158	Þyrí	HF 42	5.90	1	2353	2254	1876
7159	Guðrún Helga	EA 85	5.77	3	19981	21188	17223
7161	Bliki	SH 84	5.99	3	26985	27783	22389
7162	Þristur	BA 5	5.90	1	0	0	0
7165	Pétur Konn	SH 36	5.98	3	30615	34481	27033
7167	Bjór	NK 84	4.24	3	2826	3489	2833
7171	Björninn	EA 402	3.45	1	81	77	65
7174	Lási	BA 126	5.70	3	6459	6127	4963

Sjávarútvegsráðuneytið		Úthlutun aflaheimilda til smábáta, línu- og handfærabátar					
Skipa númer	Nafn	Umdæmis númer	Br.l.	Fl	Tilrauna-úthlutun nóv.1990	Endurskoðuð úthlutun feb.1991	Aflamark jún-ág. 1991
7175	Davíð	RE 375	5.90	3	2004	3330	2696
7178	Forni	HF 179	5.90	1	0	0	0
7180	Sómi	HF 660	4.30	1	0	0	0
7182	Sólríkur	ÞH 286	2.91	5	0	10512	8610
7183	Brimill	HF 666	4.30	1	0	0	0
7185	Seifur	BA 202	5.90	1	813	770	623
7190	Sómi	HF 100	5.90	5	26954	25633	19761
7196	Nonni	KE 151	5.68	5	26954	25633	19761
7197	Magnús Ólafsson	RE 350	3.86	5	11057	10512	8610
7198	Sæborg	NS 40	5.99	5	26954	25633	19761
7199	María	KE 210	5.82	5	26954	25633	19761
7201	Sómi	HF 199	3.87	5	11057	10512	8610
7203	Sveinn Óli	SU 225	5.68	5	26954	25633	19761
7204	Ninni	RE 204	5.68	5	26954	25633	19761
7206	Brynja	GK 316	2.18	1	0	0	0
7208	Drítvík	RE 8	3.77	5	11057	10512	8610
7209	Amma Día	RE 199	3.77	5	11057	10512	8610
7210	Askur	GK 181	5.68	5	26954	25633	19761
7211	Hafdís II	NS 64	5.82	5	26954	25633	19761
7214	Stormur	HF 31	5.90	5	26954	25633	19761
7217	Elín	HF 226	5.90	5	26954	25633	19761
7218	Ása	HU 32	4.45	5	20956	19917	15448
7219	Dúfa	HF 65	5.77	5	26954	25633	19761
7220	Gamli Valdi	RE 480	5.88	5	26954	25633	19761
7221	Margrét	HF 67	3.77	5	11057	10512	8610
7222	Gummi í Nesi	ÍS 95	5.96	5	26954	25633	19761
7223	Gísli í Tröð	SH 242	5.90	5	26954	25633	19761
7224	Otur	BA 177	5.90	5	26954	25633	19761
7226	Kjör	RE 450	5.77	5	26954	25633	19761
7228	Starri	HF 95	5.77	5	26954	25633	19761
7230	Kría	HF 96	5.77	5	26954	25633	19761
7231	Ögn	KÓ 60	1.93	1	0	0	0
7232	Hermann S. Jónsson	RE 380	5.70	5	26954	25633	19761
7234	Glaður	BA 226	5.90	5	26954	25633	19761
7235	Sómi	HF 806	3.90	5	11057	10512	8610
7242	Stormur	HF 54	5.69	5	26954	25633	19761
7246	Skotta	NS 95	5.96	5	26954	25633	19761
7247	Donna	KE 215	4.45	5	20956	19917	15448
7248	Bogafell	HF 72	5.96	5	26954	25633	19761
7251	Fríða Ben	KÓ 22	3.13	5	11057	10512	8610
7253	Ólöf Eva	KÓ 58	5.90	5	26954	25633	19761
7255	Brynjar	KE 127	5.90	5	26954	25633	19761
7256	Krabbi	DA 18	3.90	5	11057	10512	8610
7258	Árni	EA 72	3.04	5	11057	10512	8610
7260	Ríkey	MB 20	4.45	5	20956	19917	15448
7261	Jóhanna	BA 22	3.87	5	11057	10512	8610
7262	Alís	HF 131	2.67	5	11057	10512	8610
7265	Anna Björg	VE 280	5.90	5	26954	25633	19761
7266	Bogga	RE 123	5.90	5	26954	25633	19761
7267	Mar	NS 83	5.68	5	26954	25633	19761
7268	Tóti	RE 355	5.68	5	26954	25633	19761
7269	Sædís	NS 54	5.68	5	26954	25633	19761
7270	Dvergur	BA 131	2.07	1	0	0	0
7272	Guðlaug	KE 2	5.90	5	26954	25633	19761
7273	Pétur Jóhannsson	SH 177	5.96	5	26954	25633	19761
7274	Hrói	ST 58	2.48	1	0	0	0
7275	Gerpir	SF 35	5.90	5	26954	25633	19761
7276	Jói á Nesi II	SH 166	5.96	5	26954	25633	19761
7277	Palli P.	IS 33	5.96	5	26954	25633	19761
7278	Heiða Ósk	NS 148	5.90	5	26954	25633	19761
7279	Jóhanna Helga	ÞH 128	5.96	5	26954	25633	19761
7281	Freyr	GK 28	5.90	5	26954	25633	19761
7282	Dóra	GK 301	2.52	5	11057	10512	8610
7283	Hugi	ÍS 26	4.04	5	20956	19917	15448
7285	Jói á Nesi III	SH 165	5.96	5	26954	25633	19761
7287	Karlotta	HF 119	3.14	5	11057	10512	8610
7288	Sædís	ST 128	1.75	1	0	0	0
7289	Bára	ST 80	3.76	1	0	7923	6735
7291	Ölver	ÍS 523	2.64	1	0	0	0
7292	Valsteinn	NS 91	2.30	1	0	0	0
7293	Úði	HF 60	2.22	1	0	0	0
7294	Sæunn	EA 9	2.43	1	0	0	0
7295	Fákur	ÍS 162	2.76	1	0	0	0
7296	Hafrún	SH 125	2.48	1	0	0	0
7297	Bára	HU 76	2.50	1	0	0	0
9001	Lára	RE 87	2.67	1	0	0	0

Sjávarútvegsráðuneytið		Úthlutun aflaheimilda til smábáta, línu- og handfærabátar					
Skipa númer	Nafn	Umdæmis númer	Br.l.	Fl	Tilrauna-úthlutun nóv.1990	Endurskoðuð úthlutun feb.1991	Aflamark jún-ág. 1991
9002	Plútó	KÓ 56	2.10	1	0	0	0
9003	Mangi	SU 189	1.20	1	0	0	0
9004	Öndin	MB 9	0.81	1	0	0	0
9005	Glaður	GK 104	2.12	1	0	0	0
9006	Otur	HF 140	1.64	1	0	0	0
9007	Trillan	SH 312	1.92	1	0	0	0
9009	Bangsi	HU 41	1.63	1	0	0	0
9010	Sæfari	ST 127	1.93	1	0	0	0
9014	Rakel	SH 700	2.38	1	0	0	0
9015	Hermann	EA 6	1.72	1	0	0	0
9016	Siggi	EA 980	1.06	1	0	0	0
9017	Smári	ÍS 144	1.92	1	0	14763	13100
10003	Pollý	GK 92	0.00	1	0	0	0
10015	Kolla	GK 303	0.00	1	0	0	0
10016	Hjörleifur	NK 84	0.00	1	0	0	0
10018	Þór	EA 679	0.00	1	0	0	0
10020	Rúna	SU 21	0.00	1	0	0	0
10027	Brestur	RE 0	0.00	1	0	0	0
10028	Þröstur	HF 0	0.00	1	0	0	0
10034	Vöggur	ÁR 155	0.00	1	0	0	0
10036	Margrét	HF 0	0.00	1	0	0	0
10037	Góa	GK 108	0.00	1	0	0	0
10045	Ólafur Önundarson	KO 68	0.00	1	0	0	0
10047	Alda	VE 69	0.00	1	0	0	0
10049	Haförn	ST 63	0.00	1	0	0	0
10050	Sæunn	NK 106	0.00	1	0	0	0
10053	Prúður	HU 17	0.00	1	0	0	0
10057	Lundi	AK 117	0.00	1	0	0	0
10059	Eros	NK 103	0.00	1	0	0	0
10061	Siggi Magg	ÍS 210	0.00	1	0	0	0
10074	Tígri	KO 0	0.00	1	0	0	0
10080	Bylgja	ST 46	0.00	1	0	0	0
10092	Ísborg	ÍS 260	0.00	1	0	0	0
10094	Ögn	GK 158	0.00	1	0	0	0
10099	Leikur	NK 86	0.00	1	0	0	0
10101	Anika	RE 0	0.00	1	0	0	0
10106	Hanna	ST 49	0.00	1	0	0	0
10112	Hafrún	RE 700	0.00	1	0	0	0
10115	Þorvaldur	ÍS 456	0.00	1	0	0	0
10118	Marína	RE 62	0.00	1	0	0	0
10120	Sál	ÓF 56	0.00	1	0	0	0
10124	Kúði	RE 0	0.00	1	0	0	0
10128	Alda	KE 171	0.00	1	0	0	0
10133	Ribba	SU 178	0.00	1	0	0	0
10139	Villi	EA 136	0.00	1	0	0	0
10154	Bergdís	ST 0	0.00	1	0	0	0
10156	Unnur	EA 597	0.00	1	0	0	0
10160	Hafdís	ÞH 204	0.00	1	0	0	0
10164	ÞORKELL GUÐMUNDSSON	GK 0	0.00	1	0	0	0
10166	Fróni	EA 588	0.00	1	0	0	0
10177	Þæuríður Ósk	MB 9	0.00	1	0	0	0
10180	Kná	EA 229	0.00	1	0	0	0
10184	Forni	EA 624	0.00	1	0	0	0
10190	Landi	SU 178	0.00	1	0	0	0
Allir samtals		961	3382.43		6682332	6541520	5302274

Fylgiskjal V.

Upplýsingar í fylgiskjali V eru unnar af Tæknideild Fiskifélags Íslands. Fram koma upplýsingar um eigendaskipti þilfarsskipa á árinu 1990. Upplýsingar um opna báta liggja ekki fyrir í aðgengilegu formi. Í fyrsta dálki koma fram upplýsingar um viðkomandi fiskiskip. Í öðrum og þriðja dálki koma annars vegar fram upplýsingar um rekstraraðila í janúar 1990 og hins vegar í desember 1990. Athygli er vakin á því að ekki er í öllum tilvikum um lögformlegan eigenda að ræða þar sem Siglingamálastofnun gat ekki unnið upplýsingar sem sýndu breytingar á eignarhaldi innan ársins. Þá er rétt að benda á að í nokkrum tilvikum er um að ræða eigendaskipti innan sama útgerðarstaðar og einnig flutning báta milli staða þrátt fyrir að þeir séu í eigu sama fyrirtækis.

Fylgiskjal V

Fiskifélag Íslands - Tæknideild - Tilflutningur dekkaðra fiskiskipa -

		Janúar 1990	Desember 1990
11	Freyr ÓF 36 185 brl.	Bakkafiskur h.f. Eyrarbakki	Sigvaldi Þorleifsson h.f. Ólafsfjörður
12	Geysir BA 140 186 brl.	Meleyri h.f. Hvammstangi	Fiskvinnslan á Bíldudal Bíldudalur
44	Kristbjörg VE 70 149 brl.	Vinnslustöðin h.f. Vestmannaeyjar	Knörr h.f. Vestmannaeyjar
51	Styrmir VE 82 190 brl.	Vinnslustöðin h.f. Vestmannaeyjar	Knörr h.f. Vestmannaeyjar
72	Heiðrún EA 28 183 brl.	Gylfi Baldvinsson Árskógsströnd	Háanes h.f. Patreksfjörður
89	Happasæll KE 94 168 brl.	Happasæll s.f. Keflavík	Guðmundur R. Hallgrímsson Keflavík
93	Náttfari HF 185 208 brl.	Þórður Þórðarson Eyrarbakki	Útg.fél. Barðinn h.f. Kópavogur
108	Haukafell SF 40 103 brl.	Haukafell h.f. Hornafjörður	Hólanes h.f. Skagaströnd
127	Ólafur Þorsteinsson SK 77 149 brl.	Jóhann Guðbrandsson Sandgerði	Fiskiðja Sauðárkróks h.f. Sauðárkrókur
180	Þorbjörn II GK 541 101 brl.	Hraðfr.h. Þórkötlustaða Grindavík	Hópsnes h.f. Grindavík
212	Ögmundur RE 94 187 brl.	Guðmundur Axelsson o.fl. Keflavík	Ingimundur h.f. Reykjavík
219	Ljósfari GK 184 132 brl.	Rafn h.f. Sandgerði	Útg.fél. Barðinn Kópavogur
221	Vonin ÍS 82 162 brl.	Vonir h.f. Keflavík	Arnarvör h.f. Ísafjörður
233	Barðinn GK 187 243 brl.	Rafn h.f. Sandgerði	Útg.fél. Barðinn Kópavogur
243	Guðrún VE 122 195 brl.	Ásar h.f. Hafnarfjörður	Sæhamar h.f. Vestmannaeyjar
263	Hafsteinn SI 151 131 brl.	Haraldur h.f. Dalvík	Siglfirðingur h.f. Siglufjörður
271	Steinvör ÍS 275 4 brl.	Egill Gunnsteinsson Reykjavík	Gunnvör h.f. Ísafjörður
297	Sjöfn II NS 123 63 brl.	Sjöfn s.f. Grenivík	Fiskiðjan Bjarg Bakkafjörður
304	Auðbjörg NS 200 11 brl.	Ágúst Sigurjónsson Seyðisfjörður	Páll Ágústsson o.fl. Seyðisfjörður

Fiskifélag Íslands - Tæknideild - Tilflutningur dekkaðra fiskiskipa -

		Janúar 1990	Desember 1990
311	Baldur GK 97 40 brl.	Útg.fél. Akureyringa Akureyri	Njáll h.f. Garður
360	Matti KE 123 10 brl.	Haukur S. Bjarnason Keflavík	Steinarr h.f. Keflavík
363	Ósk KE 5 81 brl.	Agnar Smári Einarsson Njarðvík	Einar Magnússon Keflavík
368	Magnús BA 127 69 brl.	Magnús s.f. Ólafsvík	Reykey h.f. Patreksfjörður
372	Kristín VE 40 12 brl.	Sigurður G. Jónsson Þórshöfn	Eiður Marinósson Vestmannaeyjar
433	Draupnir VE 550 73 brl.	Einar Pálsson o.fl. Vestmannaeyjar	Bergur - Huginn Vestmannaeyjar
449	Draumur ÍS 140 8 brl.	Rögnvaldur Guðmundsson Bolungarvík	Aðalsteinn Ó. Ásgeirsson Ísafjörður
450	Jökull SH 15 74 brl.	Tindfell h.f. Ólafsvík	Hrói h.f. Ólafsvík
472	Rán BA 57 57 brl.	Frosti h.f. Grenivík	Nafir h.f. Grenivík
477	Ragna RE 54 6 brl.	Guðmundur Valdimarsson Reykjavík	Fiskiðja Sauðárkróks h.f. Sauðárkrókur
506	Gylfi NK 40 5 brl.	Óli Jósepsson Neskaupstaður	Oddur Þór Sveinsson Neskaupstaður
532	Guðborg NS 36 10 brl.	Guðni Þ. Sigurðsson Vopnafjörður	Ísnes h.f. Keflavík
537	Sæborg KE 75 21 brl.	Bjarg h.f. Bakkafjörður	Hjördís h.f. Keflavík
542	Hólmsteinn ÁR 27 54 brl.	Kristján Guðmundsson h.f. Hellisandur	Skotta h.f. Hafnarfjörður
554	Sæbjörg ST 7 76 brl.	Pétur Karlsson Ólafsvík	Höfðavík h.f. Hólmavík
586	Aron ÞH 105 76 brl.	Guðmundur A. Hólmgeirsson Húsavík	Knarrareyri h.f. Húsavík
626	Jökull VE 15 35 brl.	Hafsteinn Sigurðsson Vestmannaeyjar	Sævar Sigurðsson Akranes
671	Máni BA 166 72 brl.	Þórsberg h.f. Tálknafjörður	Vísir s.f. Grindavík
708	Öxarnúpur ÞH 162 35 brl.	Gísli Guðmundsson Reykjavík	Jökull h.f. Raufarhöfn

Fiskifélag Íslands - Tæknideild - Tilflutningur dekkaðra fiskiskipa -

		Janúar 1990	Desember 1990
731	Grunnvíkingur ÍS 163 53 brl.	Grunnvíkingur h.f. Kópavogur	Miðfell h.f. Hnífsdalur
734	Kristján HU 123 34 brl.	Kristján L. Runólfsson Kópavogur	Skagstrendingur h.f. Skagaströnd
741	Reynir AK 18 64 brl.	Magnús Benediktsson Flateyri	Birgir Jónsson Akranes
755	Ási ÞH 19 6 brl.	Áslaugur Jóhannesson Hrísey	Sigurður Kristjánsson Húsavík
759	Sjöfn VE 37 50 brl.	Haukur Jóhannsson Vestmannaeyjar	Hrafn O. Oddsson o.fl. Vestmannaeyjar
764	Ingólfur SK 190 8 brl.	Jóhann Halldórsson Bíldudalur	Fiskiðja Sauðárkróks h.f. Sauðárkrókur
780	Ver ÍS 120 11 brl.	Bergmann S. Þormóðsson Ísafjörður	Kristjana Ólafsdóttir Ísafjörður
784	Litlanes ÍS 608 57 brl.	Tangi h.f. Þorlákshöfn	Fáfnir h.f. Þingeyri
787	Guðvarður ÓF 44 78 brl.	Jón Sæmundsson Ólafsfjörður	Árni h.f. Ólafsfjörður
795	Drífa ÁR 300 87 brl.	Hvoll h.f. Eyrarbakki	Drífa h.f. Vestmannaeyjar
826	Jóhannes Jónsson KE 79 56 brl.	Jóhannes Jóhannesson Keflavík	Jens Óskarsson Grindavík
865	Eyvindur KE 37 42 brl.	Brynjólfur h.f. Keflavík	Jón Ísfeld Karlsson Keflavík
892	Svanur EA 14 60 brl.	Rif h.f. Hrísey	Jóhann Sigurbjörnsson Hrísey
899	Bjarmi SH 207 9 brl.	Tryggvi Högnason Borgarnes	Bára s.f. Hellisandur
923	Hlífar Pétur NK 15 63 brl.	Egill Olgeirsson Húsavík	Saltfang h.f. Neskaupstaður
925	Stakkanes ÍS 72 69 brl.	Aðalvör h.f. Þorlákshöfn	Arnarvör h.f. Ísafjörður
929	Svanur KE 90 38 brl.	Ingólfur R. Halldórsson Keflavík	Karl Sigurður Njálsson Garður
943	Berglind SU 3 10 brl.	Gunnar Vilmundarson Neskaupstaður	Þór h.f. Eskifjörður
951	Sleipnir VE 83 77 brl.	Vinnslustöðin h.f. Vestmannaeyjar	Knörr h.f. Vestmannaeyjar

Fiskifélag Íslands - Tæknideild - Tilflutningur dekkaðra fiskiskipa -

	Janúar 1990	Desember 1990
965 Halldóra HF 61 236 brl.	Hleiðra h.f. Hafnarfjörður	Sædís h.f. Ólafsfjörður
973 Björg Jónsdóttir ÞH 321 273 brl.	Brík h.f. Húsavík	Langanes h.f. Húsavík
987 Tjaldur ÍS 222 5 brl.	Stefán Egilsson Patreksfjörður	Guðmundur A. Ingimarsson Suðureyri
991 Nonni ÍS 64 5 brl.	Helgi Jóhann Kristjánsson Njarðvík	Gréta Jónsdóttir Ísafjörður
993 Haftindur HF 123 62 brl.	Aðalsteinn Sæmundsson Hafnarfjörður	Knörr h.f. Vestmannaeyjar
1036 Stakkavík ÁR 107 247 brl.	Bakkafiskur h.f. Eyrarbakki	Útg.fél. Stakkavík h.f. Þorlákshöfn
1044 Röst SK 17 305 brl.	Hilmir s.f. Fáskrúðsfjörður	Dögun h.f. Sauðárkrókur
1048 Faxi RE 241 331 brl.	E. Þorgilsson & Co. h.f. Hafnarfjörður	Faxamjöl h.f. Reykjavík
1070 Húnaröst RE 550 366 brl.	Húnaröst h.f. Þorlákshöfn	Húnaröst h.f. Reykjavík
1076 Guðrún Þorkelsdóttir SU 211 365 brl.	Hólmaborg h.f. Eskifjörður	Hraðfr.h. Eskifjarðar h.f. Eskifjörður
1077 Þorri HF 183 203 brl.	Pólarsíld h.f. Fáskrúðsfjörður	Útg.fél. Barðinn h.f. Kópavogur
1091 Hafbjörg VE 115 15 brl.	Ós h.f. Vestmannaeyjar	Freymundur s.f. Vestmannaeyjar
1093 Byr ÓF 58 11 brl.	Jón Viðar Ólafsson Ólafsfjörður	Byr h.f. Ólafsfjörður
1100 Siglunes SH 22 101 brl.	Óskar Karlsson Húsavík	Kristján Guðmundsson Hellisandur
1106 Arnfinnur SH 3 117 brl.	Hólmur h.f. Stykkishólmur	Svanur h.f. Stykkishólmur
1111 Ása SU 157 5 brl.	Jón Haukur Bjarnason Reyðarfjörður	Steingrímur Jóhannesson Stöðvarfjörður
1115 Nausti NK 97 38 brl.	Frosti h.f. Súðavík	Nausti h.f. Neskaupstaður
1120 Breiðavík BA 163 6 brl.	Snæbjörn Gíslason Patreksfjörður	Oddi h.f. Patreksfjörður
1141 Ósk ÁR 202 11 brl.	Gunnar Guðlaugsson Hellisandur	Hannes Arnar Svavarsson Þorlákshöfn

Fiskifélag Íslands - Tæknideild - Tilflutningur dekkaðra fiskiskipa -

		Janúar 1990	Desember 1990
1144	Aron HF 555 11 brl.	Bjarni Björnsson Ólafsfjörður	Bjarni Björnsson Hafnarfjörður
1148	Bára ÍS 66 25 brl.	Eyjólfur Ólafsson Ísafjörður	Ólafur G. Eyjólfsson Ísafjörður
1156	Lómur BA 257 149 brl.	Lómur h.f. Ólafsvík	Þórsberg h.f. Tálknafjörður
1168	Fífa ÍS 57 3 brl.	Bjarni Kristinsson Flateyri	Elvar Stefánsson Bolungarvík
1169	Tvistur VE 222 6 brl.	Kjartan Már Ívarsson Vestmannaeyjar	Jóhann Halldórsson Vestmannaeyjar
1170	Andey BA 125 123 brl.	Straumnes h.f. Patreksfjörður	Háanes h.f. Patreksfjörður
1186	Örn ÍS 18 20 brl.	Skagstrendingur h.f. Skagaströnd	Torfi Björnsson Ísafjörður
1197	Hrefna GK 58 10 brl.	Páll Jósteinsson Sandgerði	Kaldbakur h.f. Grenivík
1198	Trausti KE 73 11 brl.	Jón Guðmundsson Keflavík	Guðni R. Pálsson Keflavík
1227	Leó VE 400 12 brl.	Finnur Pétursson Ólafsvík	Ós h.f. Vestmannaeyjar
1228	Sigurgeir Sigurðsson ÍS 533 20 brl.	Ólafur Svanur Gestsson Bolungarvík	Sigurjón Hallgrímss. o.fl. Ísafjörður
1233	Reynir AK 133 10 brl.	Birgir Jónsson Akranes	Þorsteinn A. Pétursson Grenivík
1234	Pétur Jacob II SH 337 6 brl.	Finnur Gærdbo Ólafsvík	Ívar Baldvinsson Ólafsvík
1238	Fjalar Vagn SH 330 8 brl.	Ragnar Guðjónsson Hellisandur	Kristhán Guðmundsson h.f. Hellisandur
1239	Fram II HF 51 8 brl.	Sigurjón Antonsson Ólafsfjörður	Jón Guðni Hafdal Reykjavík
1263	Árný SF 6 20 brl.	Þórólfur h.f. Hornafjörður	Kaupf. A-Skaftfellinga Hornafjörður
1271	Fram KE 105 11 brl.	Guðjón Óskarsson Sandgerði	Kaldbakur h.f. Grenivík
1276	Sólbakur EA 307 560 brl.	Hraðfr.hús Keflavíkur h.f. Keflavík	Útg.fél. Akureyringa h.f. Akureyri
1284	Benzi VE 234 8 brl.	Arthur Bogason Vestmannaeyjar	Óskar Þórarinsson Vestmannaeyjar

Fiskifélag Íslands - Tæknideild - Tilflutningur dekkaðra fiskiskipa -

		Janúar 1990	Desember 1990
1316	Bjarnveig RE 98 11 brl.	Fiskréttir h.f. Reykjavík	Meleyri h.f. Hvammstangi
1327	Framnes ÍS 708 407 brl.	Fáfnir h.f. Þingeyri	Arnarnúpur h.f. Þingeyri
1334	Haförn BA 327 27 brl.	Níels Ársælsson Tálknafjörður	Jóhann Sigurbjörnsson Hrísey
1350	Hafborg KE 85 11 brl.	Vík h.f. Keflavík	Ísnes h.f. Keflavík
1376	Víðir EA 910 741 brl.	Hvaleyri h.f. Hafnarfjörður	Samherji h.f. Akureyri
1386	Dröfn SI 67 30 brl.	Drafnar h.f. Siglufjörður	Andvaraútgerðin s.f. Ísafjörður
1391	Guðný EA 127 5 brl.	Finnur Þórðarson Neskaupstaður	Ársæll Alfreðsson Hrísey
1392	Jón Pétur SK 20 5 brl.	Pétur Erlingsson Sauðárkrókur	Jón Sigurjónsson Sauðárkrókur
1416	Ásborg EA 259 347 brl.	Skarðsvík h.f. Hellisandur	Borg h.f. Hrísey
1452	Guðrún Jónsdóttir ÓF 27 29 brl.	Haukur Jónsson Siglufjörður	Guðrún s.f. Ólafsfjörður
1453	Kambavík SU 24 26 brl.	Bjarg h.f. Bakkafjörður	Selnes h.f. Breiðdalsvík
1459	Breki VE 61 599 brl.	Samtog h.f. Vestmannaeyjar	Knörr h.f. Vestmannaeyjar
1460	Hrímnir ÁR 56 7 brl.	Ástvaldur Pétursson Eyrarbakki	Helgi Ingvarsson Eyrarbakki
1470	Haförn ÍS 177 30 brl.	Ómar Karlsson Hvammstangi	Ómar V. Karlsson o.fl. Hvammstangi
1490	Bylgja NK 79 11 brl.	Gísli Garðarsson Neskaupstaður	Matthías Óskarsson Vestmannaeyjar
1493	Pá GK 231 6 brl.	Jóhannes Jóhannesson Keflavík	Guðmundur Eggertsson Grindavík
1519	Bylgjan I GK 141 8 brl.	Jósep Valgeirsson Keflavík	Oddeyri h.f. Akureyri
1523	Katrín GK 98 9 brl.	Ólafur Sigurpálsson Grindavík	Árni Jónsson Garður
1537	Byr ÍS 184 9 brl.	Björn Valur Gíslason Ólafsfjörður	Finnbogi Jakobsson Bolungarvík

Fiskifélag Íslands - Tæknideild - Tilflutningur dekkaðra fiskiskipa -

		Janúar 1990	Desember 1990
1538	Eldhamar II GK 14 17 brl.	G. Kristjónsson s.f. Ólafsvík	Eldhamar h.f. Grindavík
1547	Þorsteinn SH 145 24 brl.	Daníel B. Pétursson o.fl. Hvammstangi	Kristján Jónsson Hellisandur
1560	Búi SU 174 5 brl.	Kristján Vilmundarson Neskaupstaður	Steingrímur Johannsson Stöðvarfjörður
1561	Lottó BA 532 5 brl.	Guðbjartur Ingi Bjarnason Bíldudalur	Vík s.f. Skagaströnd
1584	Litlanes ÞH 52 6 brl.	Akkur h.f. Fáskrúðsfjörður	Óli Þorsteinsson Þórshöfn
1587	Hafborg KE 12 26 brl.	Húnavík h.f. Blönduós	Hjördis h.f. Keflavík
1591	Núpur BA 69 182 brl.	Kaldbakur h.f. Grenivík	Oddi h.f. Patreksfjörður
1595	Frigg VE 41 155 brl.	Gunnar Ólafsson og Co. hf Vestmannaeyjar	Knörr h.f. Vestmannaeyjar
1601	Hrönn ÍS 279 4 brl.	Jakob P. Sigurbjörnsson Keflavík	Finnbogi Jakobsson Bolungarvík
1606	Toppur ÁR 666 5 brl.	Skúli Sveinsson Borgarfjörður eystri	Skúli Æ. Steinsson Eyrarbakki
1608	Baldur EA 108 295 brl.	Kaupfélag Eyfirðinga Akureyri	Snorri Snorrason Dalvík
1615	Snæfari HF 186 295 brl.	Ísl. umboðssalan h.f. Reykjavík	Júlíus Stefánsson Kópavogur
1616	Bogi GK 165 5 brl.	Geir Haukur Sölvason Vestmannaeyjar	Sverrir Viglundsson Njarðvík
1618	Sædís EA 26 9 brl.	Skúli Þ. Kristinsson Borgarfjörður eystri	Fiskv. Jóhannesar og Helga Dalvík
1625	Stefán Þór RE 77 271 brl.	Útg.fél. Barðinn h.f. Kópavogur	Pétur Stefánsson Kópavogur
1626	Hersir HF 227 295 brl.	Hersir h.f. Hafnarfjörður	Muggur h.f. Keflavík
1632	Guðjón SH 500 10 brl.	Sævar Sigurvaldason Akranes	Sævar Sigurvaldason Hellnar
1636	Farsæll GK 162 35 brl.	Brynjólfur h.f. o.fl. Njarðvík	Hóp h.f. o.fl. Grindavík
1640	Patrekur BA 64 172 brl.	Patrekur h.f. Patreksfjörður	Oddi h.f. Patreksfjörður

Fiskifélag Íslands - Tæknideild - Tilflutningur dekkaðra fiskiskipa -

		Janúar 1990	Desember 1990
1642	Stapatindur	Bjarni Einarsson	Nesver s.f.
	SH 17 15 brl.	Hellisandur	Hellisandur
1644	Óli	Óli h.f.	Ísnes h.f.
	KE 16 15 brl.	Keflavík	Keflavík
1654	Siggi Munda	Ingólfur B. Aðalbjörnsson	Georg Eiður Arnarson
	VE 102 5 brl.	Ólafsvík	Vestmannaeyjar
1655	Tími	Benedikt Jakobsson	Miðfell hf
	ÍS 51 6 brl.	Bolungarvík	Hnífsdalur
1656	Skúli fógeti	Halldór Geirsson	Þröstur Jónsson
	ÍS 429 4 brl.	Ísafjörður	Þingeyri
1657	Elín	Þorvaldur Þorvaldsson	Gísli Ólafsson
	GK 311 3 brl.	Garður	Sandgerði
1665	Eyfell	Þorsteinn Þórhallsson	Gunnvör h.f.
	ÍS 274 5 brl.	Grenivík	Ísafjörður
1666	Stapavík	Jón K. Traustason	Jón K. Traustason
	AK 132 15 brl.	Hellisandur	Akranes
1679	Kofri	Einar Guðfinnsson h.f.	Frosti h.f.
	ÍS 41 299 brl.	Bolungarvík	Súðavík
1686	Gullþór	Þorsteinn h.f.	Snorri Snorrason
	EA 701 57 brl.	Ísafjörður	Dalvík
1687	Styrmir	Geir Gíslason	Styrmir s.f.
	GK 313 6 brl.	Hafnarfjörður	Njarðvík
1690	Rósa	Viðar Stefánsson	Baldvin Nielsson
	BA 30 10 brl.	Tálknafjörður	Keflavík
1695	Ríkey	Jakob Þorsteinsson	Garðar Berg Guðjónsson
	RE 70 5 brl.	Reykjavík	Reykjavík
1697	Hafbjörg	Sævin h.f.	Þorvaldur Garðarsson
	ÁR 16 15 brl.	Þorlákshöfn	Þorlákshöfn
1735	Árvík	Sigurþór Valdimarsson	Halldór G. Guðmundsson
	RE 260 6 brl.	Neskaupstaður	Reykjavík
1739	Geir	Theodór Nordquist	Tindfell h.f.
	SH 217 138 brl.	Ísafjörður	Ólafsvík
1743	Sigurfari	Bjarni Sighvatsson	Knörr h.f.
	VE 138 118 brl.	Vestmannaeyjar	Vestmannaeyjar
1753	Látravík	Hraðfr.h. Patreksfj. h.f.	Oddi h.f.
	BA 66 231 brl.	Patreksfjörður	Patreksfjörður
1758	Öðlingur	Útg.fél. V.- Húnvetninga	Öðlingur h.f.
	VE 202 105 brl.	Hvammstangi	Vestmannaeyjar

Fiskifélag Íslands - Tæknideild - Tilflutningur dekkaðra fiskiskipa -

		Janúar 1990	Desember 1990
1770	Herkúles	Óli Ólafsson	Gunnar Ásgeirsson
	SF 125 8 brl.	Neskaupstaður	Hornafjörður
1774	Síldin	Guðjón Gíslason	Valdís Guðnadóttir
	AK 88 10 brl.	Akranes	Akranes
1780	Guðrún Bára	Jón Gíslason	Sjávarfiskur s.f.
	HF 11 11 brl.	Hafnarfjörður	Hafnarfjörður
1784	Villi Magg	Bylgjan h.f.	Byggðastofnun
	ÍS 87 145 brl.	Suðureyri	Reykjavík
1794	Íris	Ágúst Þ. Ormsson	Ásgeir Elíasson
	ÍS 290 5 brl.	Patreksfjörður	Bolungarvík
1805	Sigurpáll	Sigurður Ingi Lúðvíksson	Sælingur h.f.
	KE 120 11 brl.	Kópavogur	Keflavík
1806	Sleipnir	Brimir h.f.	Skagstrendingur h.f.
	RE 31 9 brl.	Reykjavík	Skagaströnd
1813	Vesturlax	Vesturlax h.f.	Þorvaldur Einarsson
	BA 79 5 brl.	Patreksfjörður	Neskaupstaður
1814	Sunna	Reynir Gunnarsson	Jóhann Gíslason
	SU 226 8 brl.	Reyðarfjörður	Keflavík
1821	Sporður	Óli Jóhannesson o.fl.	Ingólfur R. Halldórsson
	KE 160 5 brl.	Ísafjörður	Keflavík
1823	Dagný	Jóhann Ársælsson	Ásgeir Samúelsson
	AK 140 5 brl.	Akranes	Akranes
1829	Dofri	Bjarnfinnur Jónsson	Bjarnfinnur Jónsson
	ÍS 243 10 brl.	Eyrarbakki	Selfoss
1834	Neisti	Hafsteinn Esjar Stefánsson	Daníel Pétursson o.fl.
	HU 5 10 brl.	Hornafjörður	Hvammstangi
1836	Guðbjörg	Eyþór Jónsson	Benedikt Jónsson
	KE 3 5 brl.	Sandgerði	Keflavík
1842	Vismin II	Frægur h.f.	Frægur h.f.
	ÁR 54 7 brl.	Sandgerði	Þorlákshöfn
1844	Vigdís Helga	Gestur Gunnbjörnsson o.fl.	Hóp h.f.
	BA 401 9 brl.	Tálknafjörður	Grindavík
1855	Sæfari	Óskar Kristinsson	Hafnarnes h.f.
	ÁR 117 70 brl.	Vestmannaeyjar	Þorlákshöfn
1872	Skúmur	Fiskanes h.f.	Hafboði h.f.
	GK 22 242 brl.	Grindavík	Hafnarfjörður
1889	Gísli Kristján	Hjörtur Guðnason	Heimir B. Gíslason
	ÁR 35 9 brl.	Akranes	Þorlákshöfn

Fiskifélag Íslands - Tæknideild - Tilflutningur dekkaðra fiskiskipa -

			Janúar 1990	Desember 1990
1890	Haförn		Ólafur Ingibjörnsson	Hafsúlan s.f.
	HU 4	10 brl.	Skagaströnd	Hvammstangi
1892	Eldhamar		Arnór L. Sigurðsson	Eldhamar h.f.
	GK 13	53 brl.	Ísafjörður	Grindavík
1907	Gunnvör		Guðmundur Hjaltason	Gunnvör h.f.
	ÍS 50	9 brl.	Hornafjörður	Ísafjörður
1911	Brimill		Guðmundur Gestsson	Óli Þór Valgeirsson
	GK 17	10 brl.	Njarðvík	Njarðvík
1914	Fylkir		Halldór G. Guðmundsson	Gísli Garðarsson
	NK 102	10 brl.	Drangsnes	Neskaupstaður
1922	Magnús		Sæból h.f.	Sigfús Jóhannesson
	EA 25	10 brl.	Seyðisfjörður	Grímsey
1930	Ívar		Súlur s.f.	Máni h.f.
	SH 287	10 brl.	Ólafsvík	Neskaupstaður
1939	Ásberg		Bár h.f.	Guðmundur Örn Einarsson
	KE 111	10 brl.	Hellnar	Reykjavík
1940	Búðafell		Friðrik Friðriksson o.fl.	Hraðfr.h. Fáskrúðsfj. h.f.
	SU 90	68 brl.	Hvammstangi	Fáskrúðsfjörður
1946	Ingibjörg II		Miðvík h.f.	Hraðfrh. Tálknafjarðar
	BA 402	9 brl.	Tálknafjörður	Tálknafjörður
1953	Rán		Ágúst Ólafsson	Útgerðarfél. Góa
	VE 30	9 brl.	Vestmannaeyjar	Vestmannaeyjar
1958	Sigurvík		Bjarni Marius Jónsson	Sigurðu. ..dimarsson
	SH 117	6 brl.	Hornafjörður	Ólafsvik
1962	Maggi		Svanur Jónsson	Skagstrendingur h.f.
	HU 31	9 brl.	Keflavík	Skagaströnd
1964	Fanney		Pétur F. Karlsson	Soffanías Cesilsson o.fl.
	SH 24	106 brl.	Ólafsvík	Grundarfjörður
1971	Borgþór		Sigurður Stefánsson	Óttar Þ. Jóhannsson
	EA 69	6 brl.	Fáskrúðsfjörður	Grímsey
1972	Hrafn Sveinbjarnarson		Útgerðarfélag K.E.A.	Þorbjörn h.f.
	GK 255	390 brl.	Hrísey	Grindavík
1988	Ösp		Smári s.f.	Guðjón Ólafsson
	GK 210	6 brl.	Hornafjörður	Sandgerði
2004	Egill		Guðlaugur Einarsson	Sveinn Magnússon
	ÁR 85	10 brl.	Fáskrúðsfjörður	Eyrarbakki
2006	Skarfaklettur		Theodór Johannesen	Gunnar Þór Grétarsson
	GK 3	6 brl.	Reykjavík	Keflavík

Fiskifélag Íslands - Tæknideild - Tilflutningur dekkaðra fiskiskipa -

			Janúar 1990	Desember 1990
2012	Grunnvíkingur		Björn Björnsson o.fl.	Grunnvíkingur h.f.
	RE 163	10 brl.	Reykjavík	Kópavogur
2018	Dagbjört		Óli Þorsteinsson	Akkur h.f.
	SU 50	10 brl.	Þórshöfn	Fáskrúðsfjörður
2029	Ingunn		Sigfús Tómasson	Svalan h.f.
	SF 3	9 brl.	Hafnarfjörður	Hornafjörður
2041	Óli		Óskar Jóhann Guðmundsson	Ragnar Olsen
	SH 305	8 brl.	Reykjavík	Hellisandur

Sþ. 897. Skýrsla [460. mál]

fjármálaráðherra um ríkisfjármál árið 1990.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

Formáli

Skýrsla um ríkisfjármál 1990 dregur fram meginþætti ríkisfjármála á árinu 1990 samkvæmt niðurstöðutölum ríkisbókhalds. Tölurnar eru á greiðslugrunni og eru þannig sambærilegar við fjárlagatölur ársins.

Í fyrsta kafla skýrslunnar eru dregnar saman helstu niðurstöður ríkisfjármála 1990. Í öðrum kafla er gerð grein fyrir efnahagsforsendum fjárlaga og áhrifum efnahagsþróunar á ríkisfjármál. Í næstu þremur köflunum er ítarleg umfjöllun um tekjur ríkissjóðs, útgjöld og lánahreyfingar í samanburði við fjárlög 1990, eins og þau voru með samþykkt fjáraukalaga í maí 1990, og útkomu ársins 1989.

Jafnframt því að fjalla um afkomu ríkissjóðs er í viðauka gerð grein fyrir framkvæmd lánsfjáráætlunar í ljósi bráðabirgðatalna um lántökur opinberra aðila og lánastofnana. Loks fylgir sérstakur töfluviðauki þar sem er að finna samræmdar tölulegar upplýsingar um ríkisfjármál fyrir tíu ára tímabil.

1. Afkoma ríkissjóðs 1990. — Helstu niðurstöður.

Í fjárlögum 1990, sem samþykkt voru á Alþingi í desember 1989, var gert ráð fyrir að halli á rekstri ríkissjóðs yrði um 3,7 milljarðar króna. Tekjur ríkissjóðs voru áætlaðar 91,5 milljarðar króna en gjöldin takmörkuðust við 95,2 milljarða. Kjarasamningar sem gerðir voru á almennum vinnumarkaði í febrúar 1990 breyttu launa- og verðlagsforsendum fjárlaga um 2% til lækkunar. Breyttar forsendur kölluðu óhjákvæmilega á endurskoðun á tekju- og útgjaldaliðum fjárlaga. Sú endurskoðun var staðfest með samþykkt fjáraukalaga í maímánuði. Við það lækkuðu áætlaðar tekjur ríkissjóðs um 2,6 milljarða króna og gjöldin um 1,8 milljarða. Áætlaður halli á rekstri ríkissjóðs hækkaði þar með um 0,8 milljarða króna eða í 4,5 milljarða. Sérstakar aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að greiða fyrir kjarasamningum urðu til þess að gjöldin lækkuðu minna en tekjur.

Samhliða frumvarpi til fjárlaga 1991 var lagt fram öðru sinni frumvarp til fjáraukalaga. Þau lög voru samþykkt í byrjun desember og hækkuðu útgjaldaheimildir um 4,2 milljarða króna eða í 97,7 milljarða króna. Á þeim tíma voru tekjur ríkissjóðs áætlaðar um 92,6 milljarðar króna, þannig að rekstrarhalli ríkissjóðs stefndi í 5,1 milljarð króna.

Helstu niðurstöður ríkisfjármála á árinu 1990 eru þessar:

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1990 námu 92,5 milljörðum króna. Útgjöld námu 96,9 milljörðum króna eða 0,8 milljörðum króna undir endanlegum útgjaldaheimildum. Rekstrarhallinn var því 4,4 milljarðar króna sem svarar til 1,3% af landsframleiðslu. Á tveimur árum hefur verulega dregið úr hallarekstri ríkissjóðs. Árið 1989 nam hallinn 2,0% af landsframleiðslu en 2,8% árið 1988.

Tekjur ríkissjóðs hækkuðu um 1-1½% frá fyrra ári metnar á föstu verðlagi, sem svarar til 1,3 milljarða króna. Almennt verðlag hækkaði um 14-15% og tekjur ríkissjóðs hækkuðu því um 15,6% að nafnvirði eða 12,5 milljarða króna. Beinir skattar hækkuðu á kostnað óbeinna meðal annars vegna ákvörðunar við fjárlagagerð.

Útgjöld ríkissjóðs lækkuðu að raungildi um 1½% að raungildi frá árinu 1989 eða um 1,5 milljarða króna. Að nafnvirði hækkuðu útgjöld um 12,6% eða 10,8 milljarða króna.

Launa- og rekstrarútgjöld stofnana í A-hluta ríkissjóðs námu 37,6 milljörðum króna samanborið við 31,8 milljarða króna árið 1989. Hækkun milli ára er 17,7% eða um 3% að raungildi. Aukningin er að stórum hluta vegna flutnings verkefna frá sveitarfélögum til ríkis í kjölfar breyttra verkaskipta. Þar vega þyngst rekstur heilsugæslu og rekstur framhaldsskóla að undanskildum kennslulaunum. Aukið vinnumagn þeirra stofnana ríkisins sem fá laun greidd um starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, um 5% milli ára, má einnig að verulegu leyti rekja til þessara breyttu verkaskipta.

Samhliða minnkandi halla hefur dregið úr lánsfjárþörf ríkissjóðs. Hrein lánsfjárþörf, þ.e. sú fjárhæð sem ríkissjóður þarf að afla til þess að mæta halla á rekstrarreikningi og útstreymi af lánareikningum, nam um 7,2 milljörðum króna árið 1990 eða 2% af landsframleiðslu. Árið 1989 var þetta hlutfall 2,6% og 3,3% árið 1988.

Lánsfjárþörf ríkissjóðs vegna ársins 1990 var að fullu mætt með innlendu lánsfé. Árið 1988 var innlendur hluti lánsfjár rúm 18% og árið 1989 tókst að hækka hlutdeild innlends lánsfjár í um 77%. Erlend lántaka ríkissjóðs að fjárhæð 2,7 milljarðar króna umfram afborganir, var hins vegar notuð til að gera upp skammtímaskuld ríkissjóðs í Seðlabanka frá árinu 1989 og greiða afborganir af langtímalánum hjá Seðlabanka. Auk þess tók ríkissjóður erlend lán og endurlánaði, eins og lánsfjárlög heimiluðu, í stað þess að veita ríkisábyrgðir fyrir erlendum lánum.

Staða ríkissjóðs gagnvart Seðlabanka batnaði um 5,6 milljarða króna árið 1990. Í árslok var staða ríkissjóðs á aðalviðskiptareikningi í Seðlabanka jákvæð um 0,3 milljarða króna í fyrsta sinn um langan tíma.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir helstu kennitölur úr ríkisbúskapnum árin 1989-1990.

Greiðslugrunnur	Útkoma 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Fjáraukalög fyrri 1990 m.kr.	Fjáraukalög síðari 1990 m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.
Tekjur	80.001	91.545	88.945	92.575	92.453
Gjöld	86.056	95.232	93.478	97.695	96.899
Rekstrarafkoma	**-6.055**	**-3.687**	**-4.533**	**-5.120**	**-4.446**
Lánveitingar, nettó	-1.541	410	410	-1.250	-2.724
Hrein lánsfjárþörf	**-7.596**	**-3.277**	**-4.123**	**-6.370**	**-7.170**
Innlend lántaka - afborganir	5.837	5.295	4.145	6.090	7.175
Erlend lántaka - afborganir	5.181	1.000	3.000	1.530	2.740
Lántaka í Seðlabankanum - afborganir	-5.548	-3.000	-3.000	-1.240	-2.031
Greiðsluafkoma	**-2.126**	**18**	**22**	**10**	**714**

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir afkomu ríkissjóðs á árinu 1990 í samanburði við fjárlög 1990 og afkomu ársins 1989. Með fjárlögum 1990 er, í því sem hér fer á eftir, átt við fjárlög eins og þau voru samþykkt í maí 1990 í kjölfar kjarasamninganna frá í febrúar þar sem þau fólu í sér stefnuna í ríkisfjármálum eftir að launaforsendur lágu fyrir. Endanleg fjárlög eftir samþykkt fjáraukalaga í desember hafa þó einnig gildi, þar sem þau fela í sér endanlegar útgjalda- og lántökuheimildir ársins.

2. Áhrif efnahagsþróunar á ríkisfjármál.

Forsendur fjárlaga 1990. Þegar fjárlög fyrir árið 1990 voru afgreidd frá Alþingi í desember 1989, voru efnahagsaðstæður frekar óvissar. Margt benti þó til þess, að samdráttarskeiðinu sem hófst um mitt ár 1988, væri að ljúka. Rekstrarskilyrði útflutningsatvinnuveganna höfðu batnað í kjölfar hagstæðari viðskiptakjara og lækkandi raungengis.

Ekki var búist við miklum umskiptum á árinu 1990 heldur hægfara bata. Þannig var áfram gert ráð fyrir minnkandi afla og samdrætti í framleiðslu sjávarafurða þriðja árið í röð. Atvinnuleysi var talið geta aukist fremur en minnkað á árinu. Mesta óvissan var þó um verðlags- og launaþróun á árinu, þar sem kjarasamningar flestra launþega voru lausir um áramótin 1989/1990.

Þessar aðstæður settu óhjákvæmilega mark sitt á fjárlagagerðina. Eins og ávallt voru fjárlög afgreidd út frá ákveðnum forsendum um þróun verðlags og launa á árinu þar sem spáð var í niðurstöðu kjarasamninganna. Gengið var út frá áætlun um rúmlega 16% meðalhækkun verðlags milli ára og 11% hækkun launa. Í þessu fólst um það bil 5% kaupmáttarrýrnun milli áranna 1989 og 1990. Því var reiknað með að þjóðarútgjöldin minnkuðu um 1½% að raungildi og að landsframleiðslan drægist saman um rúmlega 1% milli áranna.


Af þessum ástæðum var gert ráð fyrir að samdráttur í þjóðarútgjöldum skilaði sér í minni tekjum ríkissjóðs af veltusköttum árið 1990. Fjárlög fyrir árið 1990, eins og þau voru samþykkt í desember 1989, voru þannig afgreidd með 3,7 milljarða króna rekstrarhalla, eða sem nam 1,1% af vergri landsframleiðslu. Með þessu var stefnt að því að minnka hallann um sem næst helming frá árinu 1989, en þá nam hann 2,1% af landsframleiðslu.

Áhrif þjóðarsáttar á fjárlagaforsendur. Í febrúarmánuði 1990 náðust víðtækir samningar um kaup og kjör launafólks. Meginmarkmið samninganna var að draga úr verðbólgu og treysta þannig rekstrarskilyrði atvinnulífsins og tryggja kaupmátt. Í því skyni að greiða fyrir gerð kjarasamninganna ákváðu stjórnvöld að beita sér fyrir sérstökum aðgerðum í ríkisfjármálum sem fólu í sér hvort tveggja í senn, lækkun skatta og aukin ríkisútgjöld.

Með þessum aðgerðum var talið að hækkun verðlags og launa yrði 2% minni en áður hafði verið spáð og fjárlög gerðu ráð fyrir. Í þessu fólst að þróun kaupmáttar, og þar með útgjalda, yrði svipuð og áætlað var í fjárlögum. Breyttar forsendur kölluðu óhjákvæmilega á endurskoðun á tekju- og útgjaldaliðum fjárlaganna og voru þeir lækkaðir um sem næst 2%. Þessi áform voru staðfest á Alþingi í maí með samþykkt fjáraukalaga fyrir árið 1990. Eftir samþykkt þeirra var rekstrarhalli fjárlaga orðinn 4,5 milljarðar króna, en það svaraði til 1,3% af landsframleiðslu.


Efnahagsþróunin 1990. Bráðabirgðatölur benda til þess að þróun efnahagsmála hafi orðið nokkuð önnur en spár fyrr á árinu gerðu ráð fyrir. Þar skiptir mestu máli veruleg aukning innflutnings, einkum á síðari hluta ársins. Það kom fram í meiri aukningu þjóðarútgjalda en áður var búist við, enda er nú talið að þau hafi aukist í stað þess að dragast saman samkvæmt fyrri spám. Neikvæða hliðin á þessari þróun er, að viðskiptahallinn varð meiri eða rétt innan við 3% af landsframleiðslu samkvæmt síðustu áætlunum. Á hinn bóginn urðu tekjur ríkissjóðs af veltusköttum meiri en spáð hafði verið fyrr á árinu.

Þróun þjóðarútgjalda og heildartekna ríkissjóðs 1980-1990.



Þróun verðlags og launa. Þróun verðlags hefur að mestu verið í takt við áætlanir, sem gerðar voru í kjölfar kjarasamninganna. Þannig hækkaði framfærsluvísitalan um 14,8% að meðaltali milli áranna 1989 og 1990, en það er minnsta meðalhækkun vísitölunnar síðan 1972. Þessi meðalhækkun segir þó ekki alla söguna, þar sem verulegur hluti hennar tilheyrir í reynd árinu 1989. Þannig var vísitalan í árslok 1989 orðin 10% hærri en ársmeðaltalið 1989. Framfærsluvísitalan hækkaði hins vegar aðeins um 6,7% á árinu 1990, mælt frá upphafi til loka ársins, samanborið við 26,2% árið 1989.

Verðbólga á Íslandi og í OECD-ríkjunum 1980-1990.



Ýmislegt bendir til þess að laun hafi hækkað meira en áætlað var. Samkvæmt álagningartölum úr staðgreiðslu tekjuskatts hækkuðu heildartekjur um tæplega 13% milli áranna 1989 og 1990. Á þessum grundvelli má ætla að atvinnutekjur á mann hafi hækkað um að minnsta kosti 11% að meðaltali á árinu 1990. Hækkunin innan ársins er minni, eða 8-9%. Í þessu felst að kaupmáttur atvinnutekna hafi verið um 3% minni að meðaltali árið 1990 en árið 1989. Þessi rýrnun kom hins vegar öll fram á árinu 1989, því að kaupmátturinn virðist fremur hafa aukist frá upphafi til loka ársins 1990. Þetta er ein skýringin á auknum tekjum ríkissjóðs af tekjuskatti á síðasta ári eins og nánar er fjallað um í kaflanum hér á eftir.

3. Tekjur ríkissjóðs.

Á árinu 1990 námu innheimtar tekjur ríkissjóðs 92,5 milljörðum króna. Þetta eru tæplega 12,5 milljörðum króna meiri tekjur en árið 1989 og nemur hækkunin um 15,6% milli ára. Á sama tíma hækkaði almennt verðlag um 14-15%. Tekjur ríkissjóðs hækkuðu því um 1-1½% frá fyrra ári metnar á föstu verðlagi, sem svarar til um 1,3 milljarða króna. Hlutfall heildartekna af landsframleiðslu hækkaði um 0,4% svo og hefðbundin mæling á skattbyrði. Sú mæling er þó ekki fyllilega sambærileg við þær tölur sem birtar eru í nýlegri skattaskýrslu OECD, en samkvæmt því uppgjöri er hlutfall skatttekna af landsframleiðslu svipað bæði árin. Meginmunurinn liggur í því að samkvæmt flokkun OECD eru barnabætur bókfærðar sem útgjöld, en hér á landi hafa þær verið færðar á tekjuhlið til lækkunar á tekjuskatti. Þá eru sóknar- og kirkjugarðsgjöld færð sem skatttekjur ríkissjóðs en ekki sveitarfélaga og sama gildir um þann hluta söluskattsins, sem áður rann í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Þessar tölur um skattbyrði er rétt að skoða með fyrirvara, þar sem nú er unnið að heildarendurskoðun á flokkun tekna í samræmi við alþjóðlega staðla.


Greiðslugrunnur	Útkoma 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.
Tekjur ríkissjóðs	**80.001**	**88.945**	**92.453**
Tekjuskattar og eignarskattar	13.251	16.026	17.690
Óbeinir skattar	61.239	67.041	68.448
Aðrar tekjur	5.511	5.878	6.315
Verg landsframleiðsla	**295.849**	**335.400**	**336.865**
Skatttekjur ríkissjóðs sem hlutfall af VLF	**25,2**	**24,8**	**25,6**
Heildartekjur ríkissjóðs sem hlutfall af VLF	**27,0**	**26,5**	**27,4**
Til samanburðar:			
Skattbyrði samkvæmt flokkun OECD	**27,2**	**26,4**	**27,2**

Árið 1990 jukust tekjur ríkissjóðs af beinum sköttum, en tekjur af óbeinum sköttum drógust saman. Þessir þættir haldast raunar í hendur og tengjast þeirri ákvörðun stjórnvalda að leggja á 24,5% virðisaukaskatt í stað 25% söluskatts, sem að óbreyttu hefði skert tekjur ríkissjóðs um tæpa 2 milljarða króna, en hækka skatthlutfall tekjuskatts á móti.

Þannig jókst innheimtur tekjuskattur einstaklinga um rúmlega fjórðung að raungildi og má rekja um tvo þriðju af þeirri aukningu til ofangreindrar ákvörðunar. Það sem umfram er skýrist af meiri tekjubreytingum en gert var ráð fyrir. Hins vegar dróst innheimta af óbeinum sköttum saman um 2%, sem aðallega má rekja til minni tekna af virðisaukaskatti en af gamla söluskattinum. Á móti samdrætti í veltusköttum vega auknar tekjur af launasköttum. Aðrar tekjur héldust hins vegar nær óbreyttar að raungildi frá árinu 1989. Tilfærslan frá veltusköttum yfir í tekjuskatta kemur fram á meðfylgjandi línuriti.

Tekjur ríkissjóðs 1989 og 1990.

Hlutfallsleg skipting.



Sé útkoman 1990 borin saman við fjárlög eins og þau voru með samþykkt fjáraukalaga í maí 1990, kemur í ljós að tekjurnar jukust um 3½ milljarð króna frá fjárlagaáætlun, eða um tæp 4%. Þannig urðu tekjur af tekjuskatti, bæði einstaklinga og fyrirtækja, mun meiri en reiknað var með og svipuðu máli gegnir um innheimtu innflutningsgjalda og launaskatta. Á móti komu minni tekjur af virðisaukaskatti. Þá urðu vaxtatekjur meiri en gert hafði verið ráð fyrir við gerð fjárlagaáætlunar. Nánari sundurliðun kemur fram í meðfylgjandi töflu.

Greiðslugrunnur	Útkoma 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.	Frávik frá fjárlögum 1990 m.kr.	Breyting 1989-1990 %
Tekjuskattar og eignarskattar	**13.251**	**16.026**	**17.690**	**1.664**	**33,5**
Einstaklingar	9.552	12.551	13.677	1.126	43,2
Fyrirtæki	3.699	3.475	4.013	538	8,5
Óbeinir skattar	**61.239**	**67.041**	**68.448**	**1.407**	**11,8**
Innflutningsgjöld	7.395	7.163	8.354	1.191	13,0
Virðisaukaskattur/söluskattur	34.179	37.750	37.086	-664	8,5
Hagnaður ÁTVR	5.370	6.020	5.920	-100	10,2
Launa- og tryggingaiðgjöld	5.820	6.800	7.327	527	25,9
Bifreiðagjöld	4.732	5.385	5.471	86	15,6
Aðrir skattar	3.743	3.923	4.290	367	14,6
Aðrar tekjur	**5.511**	**5.878**	**6.315**	**437**	**14,6**
Vaxtagreiðslur	4.261	3.670	4.096	426	-3,9
Arðgreiðslur o.fl.	1.250	2.208	2.219	11	77,5
Heildartekjur ríkissjóðs	**80.001**	**88.945**	**92.453**	**3.508**	**15,6**
Verg landsframleiðsla	**295.849**	**335.400**	**336.865**	**-**	**13,9**

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu frávikum frá niðurstöðutölum fyrra árs og áætlun fjárlaga.

Tekjuskattar og eignarskattar einstaklinga. Á árinu 1990 voru innheimtar tekjur ríkissjóðs af tekjusköttum og eignarsköttum einstaklinga um 13,7 milljarðar króna eða tæplega 15% af heildartekjum ríkissjóðs. Þar vegur tekjuskatturinn þyngst, eða um 13% af heild.

Greiðslugrunnur	Útkoma 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.	Frávik frá fjárlögum 1990 m.kr.	Breyting 1989-1990 %
Tekjuskattur	8.341	10.961	12.060	1.099	44,6
Framkvæmdasjóður aldraða	-	230	315	85	-
Eignarskattar	985	1.160	1.062	-98	7,8
Erfðafjárskattur	226	200	240	40	6,2
Samtals	**9.552**	**12.551**	**13.677**	**1.126**	**43,2**
Sem hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs	**11,9**	**14,1**	**14,8**	**0,7**	**2,9**

Á verðmælikvarða landsframleiðslu jókst innheimta tekjuskattsins um tæp 27% að raungildi frá árinu 1989, eða um 2½ milljarð króna. Sú þróun á sér tvær meginskýringar. Um tvo þriðju hluta hækkunarinnar má skýra með hækkun á skatthlutfalli tekjuskatts um rúmlega 1%, eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu. Sú hækkun tengist þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar, sem áður var nefnd, að leggja á 24,5% virðisaukaskatt í stað 25% söluskatts, sem að óbreyttu hefði skert tekjur ríkissjóðs um tæpa 2 milljarða króna. Ákveðið var að hækka tekjuskatt einstaklinga um 2%, en sú breyting ein og sér hefði skilað ríkissjóði tæpum 3 milljörðum króna, ef ekki hefði komið til sérstök hækkun á persónuafslætti og barnabótum.

Til þess að koma í veg fyrir aukna skattbyrði hjá lágtekjufólki var miðað við að um það bil helmingi tekjuaukans yrði varið til þess að hækka persónuafslátt og barnabætur. Þannig var talið að nettóáhrif þessarar tekjuskattshækkunar yrðu kringum 1½ milljarður króna. Afganginn má síðan rekja til betri innheimtu og meiri tekjubreytinga milli áranna 1989 og 1990 en reiknað hafði verið með. Það skýrir einnig aukningu tekjuskattsins frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Í meðfylgjandi töflu kemur fram nánari sundurliðun á tekjuskatti einstaklinga 1990 samanborið við fyrra ár.

Rekstrargrunnur	Útkoma 1990 m.kr.	Skatt-hlutfall 1990 %	Skatt-hlutfall 1989 %
Staðgreiðsla, brúttó	**72.680**	**39,8**	**37,7**
Frá dregst persónuafsláttur	-40.810	-22,3	-21,9
Staðgreiðsla, nettó	**31.870**	**17,5**	**15,8**
Útsvar sveitarfélaga	-12.770	-7,0	-6,9
Sóknar- og kirkjugarðsgjöld	- 990	-0,5	-0,6
Barnabætur	-4.380	-2,4	-2,3
Vaxtabætur, húsnæðisbætur	-2.280	-1,3	-0,9
Hlutur ríkisins í staðgreiðslu	**11.450**	**6,3**	**5,1**

Innheimta eignarskatta dróst lítillega saman á síðasta ári, metin á föstu verðlagi. Sú þróun skýrist fyrst og fremst af breytingum, sem gerðar voru á eignarskattslögunum um áramótin 1989/1990. Þá var skatthlutfall efra þrepsins í almenna eignaskattinum lækkað úr 2,7% í 1,95%, en auk þess er sú álagning nú tekjutengd. Þá varð innheimtan eilítið lakari en gert hafði verið ráð fyrir í áætlun fjárlaga.

Tekjuskattar og eignarskattar fyrirtækja. Samtals voru innheimtir um 4 milljarðar króna af tekju- og eignarsköttum fyrirtækja á árinu 1990. Í því felst nokkur raunminnkun milli ára, einkum í tekjuskattinum, sem rekja má til lakari afkomu fyrirtækja á árinu 1989 en 1988. Afkoman varð betri en reiknað hafði verið með í forsendum fjárlaga sem skilaði ríkissjóði 600 m.kr. í viðbótartekjur, eins og fram kemur í eftirfarandi töflu. Áætlun um innheimtu eignarskatta gekk aftur á móti eftir.


Greiðslugrunnur	Útkoma 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.	Frávik frá fjárlögum 1990 m.kr.	Breyting 1989-1990 %
Tekjuskattur	2.523	2.100	2.681	581	6,3
Eignarskattar	1.176	1.375	1.332	-43	12,4
Samtals	**3.699**	**3.475**	**4.013**	**538**	**8,5**
Sem hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs	**4,6**	**3,9**	**4,3**	**0,4**	**-0,3**

Innflutningsgjöld. Hlutur innflutningsgjalda í heildartekjum ríkissjóðs var um 8,4 milljarðar króna í fyrra, eða 9%. Hækkun milli ára nemur 13%, en hún er afar misjöfn eftir tekjustofnum. Þannig jukust tekjur af bifreiðagjaldi um 37%, enda jókst bifreiðainnflutningur um tæp 25% milli áranna 1989 og 1990, sem samsvarar 1.700 bifreiðum. Auk þess voru fluttir inn dýrari bílar. Þessi aukning endurspeglast í meiri tolltekjum, en þær jukust um tæp 22% milli ára. Þá jukust tekjur af jöfnunargjaldi talsvert umfram almenna verðlagsþróun sem vafalaust má rekja til mikillar hækkunar á gengi Evrópumynta, en jöfnunargjaldið leggst fyrst og fremst á innflutning frá löndum EB og EFTA. Minni vörugjaldstekjur eiga rætur að rekja til breytinga sem gerðar voru á álagningu þess seinni hluta árs 1989, í því skyni að greiða fyrir gerð kjarasamninga. Áhrif þessa komu ekki að fullu fram fyrr en á árinu 1990. Niðurfelling sérstaks kjarnfóðurgjalds í ársbyrjun 1990 skýrir að stærstum hluta þá raunminnkun sem fram kemur í innheimtu annarra innflutningsgjalda.

Greiðslugrunnur	Útkoma 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.	Frávik frá fjárlögum 1990 m.kr.	Breyting 1989-1990 %
Tollar	2.615	2.975	3.324	349	21,7
Innflutningsgjald af bifreiðum	967	1.020	1.328	308	37,0
Jöfnunargjald	833	495	1.079	584	29,5
Vörugjald	2.311	1.980	2.191	211	-5,2
Önnur innflutningsgjöld	669	693	432	-261	-35,4
Samtals	**7.395**	**7.163**	**8.354**	**1.191**	**13,0**
Sem hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs	**9,2**	**8,1**	**9,0**	**0,9**	**-0,2**

Samanburður við fjárlög ársins sýnir að innheimta innflutningsgjalda varð tæplega 1.200 m.kr. meiri á síðasta ári en reiknað var með. Þar vegur þyngst meiri bifreiðainnflutningur. Í áætlun fjárlaga hafði verið gert ráð fyrir að um 6.800 bílar yrðu fluttir inn 1990, eða heldur færri en 1989, í ljósi rýrnandi kaupmáttar. Niðurstaðan varð hins vegar sú, að innfluttir bílar urðu um 8.800 talsins árið 1990, eða 2.000 bílum umfram forsendur fjárlaga. Þessi aukning skiptist jafnt milli einkabíla og atvinnubíla. Innflutningur þeirra síðarnefndu meira en tvöfaldaðist milli ára, sem vafalaust á rætur að rekja til upptöku virðisaukaskatts á síðasta ári. Lauslega metið, skilaði þessi aukni bifreiðainnflutningur ríkissjóði um 700 m.kr. tekjuauka á síðasta ári umfram forsendur fjárlaga. Af öðrum frávikum má nefna, að í fjárlagaáætlun fyrir árið 1990 var gert ráð fyrir lækkun jöfnunargjalds, en frá henni var fallið. Sú ákvörðun fól í sér tæplega 600 m.kr. viðbótartekjur fyrir ríkissjóð.

Bifreiðainnflutningur 1980-1990.



Virðisaukaskattur. Um síðustu áramót var tekinn upp 24,5% virðisaukaskattur hér á landi í stað 25% söluskatts. Um var að ræða margþætta kerfisbreytingu sem gerir það að verkum, að erfitt er að bera saman með raunhæfum hætti innheimtu virðisaukaskatts við innheimtu söluskattsins. Niðurstöðutölur ársins 1990 sýna, að virðisaukaskattur og eftirstöðvar söluskattsins (desembersalan) skiluðu um það bil 5% minni tekjum á föstu verðlagi en söluskatturinn árið 1989. Þetta er heldur meiri samdráttur en reiknað var með í áætlun fjárlaga. Munar þar tæpum 700 m.kr. Þar kemur tvennt til sem virkar bæði til hækkunar og lækkunar. Nettótekjur af virðisaukaskatti urðu nokkuð meiri en búist var við en söluskattstekjur vegna veltu í desember 1989, sem innheimtar voru í febrúar 1990, urðu minni en spáð var.

Greiðslugrunnur	Útkoma 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.	Frávik frá fjárlögum 1990 m.kr.	Breyting 1989-1990 %
Virðisaukaskattur/söluskattur	34.179	37.750	37.086	-664	8,5
**Sem hlutfall af tekjum ríkissjóðs ..... **	**42,7**	**42,4**	**40,1**	**-2,3**	**-2,6**

Áætlanir um álagningu og innheimtu virðisaukaskattsins hafa gengið nokkuð vel eftir. Þannig varð frávik frá tekjuáætlun fjárlaga um 1½%, sem verður að teljast innan skekkjumarka.

Það á ekki síst við, þegar haft er í huga hversu margþætt þessi breyting var, sem óhjákvæmilega skapaði talsverða óvissu í allri áætlanagerð fyrir árið 1990.

Hagnaður ÁTVR. Á árinu 1990 skilaði ÁTVR ríkissjóði tæplega 6 milljörðum króna af rekstrarhagnaði sínum, eða rúmlega 10% meira en árið á undan. Talsverður samdráttur varð í sölu áfengis og tóbaks á síðasta ári, eða kringum 3%. Þetta er svipaður samdráttur og reiknað var með í fjárlögum, en á móti var gert ráð fyrir að þessar vörur hækkuðu í takt við almennt verðlag á árinu. Sú varð ekki raunin og skil á rekstrarhagnaði ÁTVR urðu 100 m.kr. minni 1990 en áætlað var.

Greiðslugrunnur	Útkoma 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.	Frávik frá fjárlögum 1990 m.kr.	Breyting 1989-1990 %
Hagnaður af sölu áfengi og tóbaks	5.370	6.020	5.920	-100	10,2
Sem hlutfall af tekjum ríkissjóðs	**6,7**	**6,8**	**6,4**	**-0,4**	**-0,3**

Launatengd gjöld. Heildarinnheimta launatengdra gjalda jókst um tæp 26% milli 1989 og 1990, sem svarar til 10-11% að raungildi. Samanborið við áætlun fjárlaga hækkar innheimta launatengdra gjalda um rúmlega 500 m.kr. Þessi þróun á sér nokkrar skýringar. Ein er skilvirkari innheimta á launaskatti vegna þeirrar breytingar sem gerð var á innheimtu hans, en hann er nú innheimtur mánaðarlega en ekki á tveggja mánaða fresti. Auk þess var um að ræða þrettán mánaða skil á launaskattinum á síðasta ári vegna kerfisbreytingarinnar. Þá urðu tekjubreytingar meiri en reiknað hafði verið með í forsendum fjárlaga. Innheimta á öðrum launatengdum gjöldum batnaði einnig talsvert á síðasta ári, sem m.a. má rekja til upptöku virðisaukaskatts. Þannig fá fyrirtæki ekki endurgreiðslu á skattinum nema þau séu skuldlaus við ríkissjóð. Að lokum hækkaði skatthlutfall slysatryggingagjalds úr 0,23% í 0,37% 1990, sem varð til þess að innheimtar tekjur af þeim stofni hækkuðu um tæp 70% milli ára.

Greiðslugrunnur	Útkoma 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.	Frávik frá fjárlögum 1990 m.kr.	Breyting 1989-1990 %
Launaskattur	3.238	3.730	4.067	337	25,6
Lífeyristryggingagjald	2.014	2.400	2.471	71	22,7
Slysatryggingagjald	316	357	530	173	67,7
Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs	252	313	259	-54	2,8
Samtals	**5.820**	**6.800**	**7.327**	**527**	**25,9**
Sem hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs	**7,3**	**7,6**	**7,9**	**0,3**	**0,6**

Bifreiðagjöld. Markaðar tekjur til vegagerðar (bensíngjald og þungaskattur) námu 4,5 milljörðum króna á síðasta ári og nam hækkunin milli ára 10,4%. Tekjur af bensíngjaldi hækkuðu heldur minna, eða um tæp 8%. Það er minni hækkun en forsendur fjárlaga gerðu

ráð fyrir. Einn liður í ráðstöfunum stjórnvalda til að halda aftur af verðlagi 1990 var sá að fresta 6% hækkun á bensíngjaldi frá 1. júlí til 1. október, en sú ráðstöfun skerti tekjur ríkissjóðs um 60-70 m.kr. Á móti vegur heldur meiri sala en búist var við. Tekjur af bensíngjaldi 1990 urðu því svipaðar og reiknað var með í fjárlögum.

Innheimtar tekjur af þungaskatti hækkuðu um tæp 18% frá fyrra ári, sem er talsvert umfram hækkun á gjaldskrá. Það má fyrst og fremst rekja til þess, að í byrjun árs 1990 var gripið til sérstaks átaks í innheimtu á þungaskatti, sem skilaði ríkissjóði umtalsverðum viðbótartekjum. Þetta er meginástæða þess, að tekjur af þungaskatti urðu 130 m.kr. umfram forsendur fjárlaga.

Greiðslugrunnur	Útkoma 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.	Frávik frá fjárlögum 1990 m.kr.	Breyting 1989-1990 %
Bensíngjald	2.945	3.185	3.171	-14	7,7
Þungaskattur, kílómetragjald	854	915	1.019	104	19,3
Þungaskattur, árgjald	278	285	311	26	11,9
Markaðar tekjur til vegagerðar	**4.077**	**4.385**	**4.501**	**116**	**10,4**
Bifreiðagjald	655	1.000	970	-30	48,1
Samtals	**4.732**	**5.385**	**5.471**	**86**	**15,6**
Sem hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs	**5,9**	**6,1**	**5,9**	**-0,2**	**-**

Á árinu 1990 var sú breyting gerð á álagningu bifreiðagjalds að það er nú lagt á í tveimur þrepum, þ.e. fer stighækkandi eftir þyngd og afli bifreiða. Þetta var liður í sérstakri tekjuöflun fyrir árið 1990 og skýrir þessa miklu hækkun sem varð á innheimtu bifreiðagjaldsins. Innheimta þess varð hins vegar heldur lakari en reiknað var með í fjárlögum.

Aðrir skattar. Innheimta annarra skatta, sem er tæplega 5% af heildartekjum ríkissjóðs, hækkaði í heild í takt við almennt verðlag milli ára. Einstakir skattstofnar hækkuðu þó mismikið. Þannig drógust skatttekjur af erlendum gjaldeyri o.fl. saman um meira en þriðjung vegna niðurfellingar lántökugjalds af erlendum lánum á miðju ári 1989. Á móti kom hækkun á aukatekjum ríkissjóðs og tekjur af stimpilgjöldum hækkuðu verulega.

Greiðslugrunnur	Útkoma 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.	Frávik frá fjárlögum 1990 m.kr.	Breyting 1989-1990 %
Skattar af erlendum gjaldeyri	831	540	563	23	-32,3
Þinglýsingar, stimpilgjald	1.756	1.983	2.238	255	27,4
Aðrir skattar	1.156	1.400	1.489	89	28,8
Samtals	**3.743**	**3.923**	**4.290**	**367**	**14,6**
Sem hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs	**4,7**	**4,4**	**4,6**	**0,2**	**-0,1**

Aðrar tekjur. Innheimtar vaxtatekjur, sem námu rúmlega 4 milljörðum króna, drógust saman um rúmlega 15% frá árinu 1989. Það má alfarið rekja til lægra vaxtastigs á síðasta ári, en á móti vó bætt innheimta skattskulda, sem skilaði ríkissjóði umtalsverðum viðbótartekjum. Af því skýrist rúmlega 400 m.kr. frávik frá forsendum fjárlaga.

Greiðslugrunnur	Útkoma 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.	Frávik frá fjárlögum 1990 m.kr.	Breyting 1989-1990 %
Vaxtatekjur	4.261	3.670	4.096	426	-3,9
Arðgreiðslur og aðrar tekjur	1.250	2.208	2.219	11	77,5
Samtals	**5.511**	**5.878**	**6.315**	**437**	**14,6**
Sem hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs	**6,9**	**6,6**	**6,8**	**0,2**	**-0,1**

Arðgreiðslur og aðrar tekjur hækkuðu um tæpar 1.000 m.kr. frá árinu 1989. Munar þar mest um 350 m.kr. hækkun á hluta í hagnaði Seðlabanka Íslands og 250 m.kr. viðbótararði frá Pósti og síma. Þá skiluðu þær breytingar, sem gerðar voru á eignarhaldi Íslenskra aðalverktaka á síðasta sumri, ríkissjóði 400 m.kr. en á árinu 1989 nam arðgreiðsla fyrirtækisins 100 m.kr.

4. Gjöld ríkissjóðs.

Útgjöld A-hluta ríkissjóðs á árinu 1990 námu alls 96,9 milljörðum króna, samanborið við 86,1 milljarð króna árið 1989. Aukning milli ára nemur 12,6%. Að teknu tilliti til launa- og verðbreytinga sem áætlaðar eru 14-15% að meðaltali milli ára, svarar það til 1½% lækkunar útgjalda frá árinu 1989, eða um 1,5 milljarð króna.

Nokkrar breytingar urðu á gjaldahlið frá því sem áætlað var í fjárlögum. Á árinu var tvívegis lagt fram frumvarp til fjáraukalaga. Í fyrra skiptið í kjölfar kjarasamninganna í febrúar en þeir höfðu áhrif á útgjöld með tvennum hætti. Annars vegar lækkuðu útgjöld um rúma tvo milljarða króna vegna breyttra launa- og verðlagsforsendna. Hins vegar var ákveðið að hækka útgjöld um nálægt 1.200 m.kr. til að greiða fyrir kjarasamningum. Þar vó þyngst 800 m.kr. hækkun á framlagi til niðurgreiðslna sem átti að mæta hækkun á smásöluverði hefðbundinna búvara fram til 1. desember 1990. Jafnframt var fallið frá fyrirhugaðri þrengingu bótaréttar ríkissjóðs vegna gjaldþrota sem hækkuðu áætluð útgjöld um 100 m.kr. og framlag til lífeyristrygginga var hækkað um 110 m.kr. Í meðförum fjárveitinganefndar hækkuðu framlög til Ríkisspítala um 147 m.kr. Til að hamla gegn óæskilegum áhrifum aukins ríkissjóðshalla á efnahagslífið var ákveðið að lækka útgjöld, einkum til fjárfestingar, um 915 m.kr. Þessar ákvarðanir voru staðfestar með samþykkt fjáraukalaga frá Alþingi í maí s.l. þar sem niðurstaðan á gjaldahlið var 93,5 m.kr.

Seinni fjáraukalögin, sem lögð voru fram í upphafi haustþings, voru samþykkt í byrjun desember. Lögin hækkuðu útgjaldaheimildir fjárlaga um 4,2 milljarða króna eða samtals í 97,7 milljarða króna. Helstu hækkanatilefni skýrast af nokkrum stórum liðum. Tryggingabætur hækkuðu um 1.260 m.kr., endurmat á áhrifum verkaskiptalaga ríkis og sveitarfélaga leiddi til 280 m.kr. aukningar útgjalda, Endurbótasjóður menningarstofnana fékk 300 m.kr. framlag í stað lánveitingar, ýmsar ályktanir Alþingis leiddu til 320 m.kr. viðbótarútgjalda og framlag til að ljúka uppgjöri endurgreiðslu söluskatts nam 200 m.kr.

Greiðslugrunnur	Útkoma 1989 m.kr.	Fjár-aukalög fyrri m.kr.	Fjár-aukalög síðari m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.	Mis-munur m.kr.	Breyting 1989-1990 %
Rekstrargjöld	31.750	35.920	37.232	37.307	-75	17,5
Rekstrartilfærslur	34.396	37.810	39.913	39.630	283	15,2
Vextir	8.548	9.125	8.800	8.274	526	-3,2
Viðhald	1.817	2.157	2.339	2.362	-23	30,0
Fjárfesting	9.545	8.467	9.413	9.326	87	-2,3
Samtals	**86.056**	**93.479**	**97.697**	**96.899**	**798**	**12,6**

Niðurstöðutölur greiðsluuppgjörs ríkisbókhalds í lok árs 1990 sýna hins vegar að útgjöld ársins urðu 96,9 milljarðar króna eða tæplega 0,8 milljörðum króna lægri en heimildir fjárlaga. Helstu frávik skýrast af lægri vaxtagjöldum og lægri greiðslum á rekstrartilfærslum eins og nánar verður vikið að hér á eftir. Rekstrargjöld stofnana ríkisins urðu því sem næst í samræmi við heimildir og hið sama gildir um viðhald og fjárfestingu.

Í umfjöllun hér á eftir er gerð nánari grein fyrir niðurstöðum á gjaldahlið í samanburði við heimildir endurskoðaðra fjárlaga frá í maí 1990 og útkomu ársins 1989.

Rekstrargjöld. Launa- og rekstrarútgjöld stofnana í A-hluta ríkissjóðs námu 37,3 milljörðum króna samanborið við 31,8 milljarða króna árið 1989. Hækkun milli ára er 17,5% eða um 3% að raungildi. Þar vegur þyngst hækkun á útgjöldum til heilbrigðis- og tryggingamála sem skýrir um 2,3% raunaukningu rekstrargjalda. Nálægt helmingur hennar er afleiðing yfirtöku ríkisins á rekstri heilsugæslu af sveitarfélögum í kjölfar breyttra verkaskipta. Annað má rekja til aukins rekstrarkostnaðar sjúkrahúsa. Útgjöld til menntamála hækkuðu í samræmi við almennt verðlag milli ára.

Eftirfarandi yfirlit sýnir sundurliðun rekstrarútgjalda ársins 1990 niður á ráðuneyti í samanburði við fjárlög frá í maí og útkomu ársins 1989.


Greiðslugrunnur	Útkoma 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.	Frávik frá fjárlögum 1990 m.kr.	Breyting 1989-1990 %
Æðsta stjórn ríkisins	716	806	835	-29	16,6
Forsætisráðuneyti	107	107	130	-23	21,5
Menntamálaráðuneyti	9.041	9.853	10.280	-427	13,7
Utanríkisráðuneyti	716	828	883	-55	23,3
Landbúnaðarráðuneyti	647	692	742	-50	14,7
Sjávarútvegsráðuneyti	582	677	689	-12	18,4
Dómsmálaráðuneyti	3.588	4.002	4.186	-184	16,7
Félagsmálaráðuneyti	988	1.110	1.125	-15	13,9
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	12.094	14.289	14.557	-268	20,4
Fjármálaráðuneyti	1.699	1.753	2.054	-301	20,9
Samgönguráðuneyti	892	1.013	1.035	-22	16,0
Iðnaðarráðuneyti	434	483	488	-5	12,4
Viðskiptaráðuneyti	106	118	121	-3	14,2
Hagstofa Íslands	90	107	97	10	7,8
Umhverfisráðuneyti	-	21	29	-8	-
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	50	61	56	5	12,0
Samtals	**31.750**	**35.920**	**37.307**	**-1.407**	**17,5**

Með síðari fjáraukalögum í desember 1990 voru útgjaldaheimildir hækkaðar um 1,3 milljarða króna og urðu samtals 37,2 milljarðar. Af einstökum liðum sem hækkuðu vógu þyngst 320 m.kr. aukin útgjöld við skólakerfið, og tengist að mestu rekstri framhaldsskóla, en kostnaðaráhrif vegna breyttra verkaskipta, kjarasamninga og nýrra laga um framhaldsskóla voru vanmetin í fjárlögum. Einnig má nefna þátttöku í viðræðum EFTA við EB um sameiginlegt efnahagssvæði að fjárhæð 70 m.kr., aukinn kostnað við dómstóla og löggæslu sem nam 112 m.kr. og ýmis sameiginleg útgjöld vegna skatta- og innheimtumála að fjárhæð 220 m.kr.

Samkvæmt niðurstöðu greiðsluuppgjörs ríkisbókhalds urðu rekstrarútgjöld 75 m.kr. umfram heimildir í fjárlögum. Útgjöld menntamálaráðuneytisins urðu 80 m.kr. umfram áætlanir sem einkum skýrist af hærri kostnaði við rekstur framhaldsskóla og rannsóknastofnana. Frávik í útgjöldum annarra ráðuneyta voru hverfandi.

Á meðfylgjandi mynd er sýnd hlutfallsleg skipting rekstrarútgjalda eftir málaflokkum. Þar kemur meðal annars fram, að nálægt tveir þriðju hlutar þeirra fara til reksturs skóla og sjúkrahúsa.

Rekstrarkostnaður ríkissjóðs 1990.
Hlutfallsleg skipting.



Áætlað er að bein launagjöld hafi numið 28,8 milljörðum króna en önnur rekstrargjöld að frádregnum sértekjum 8,5 milljörðum króna. Í eftirfarandi töflu hefur vinnumagn í dagvinnu og yfirvinnu sem greitt er af starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins verið umreiknað í fjölda stöðugilda og er gerður samanburður við árið 1989.

	Ársverk 1989	Ársverk 1990	Breyting milli ára Ársverk	%
Dagvinna	13.916	14.628	712	5,1
Yfirvinna	2.713	2.839	126	4,6
Samtals	**16.629**	**17.467**	**838**	**5,0**

Eins og taflan sýnir hefur vinnumagn aukist um 5% milli ára. Aukning í dagvinnu er 5,1% en í yfirvinnu heldur minni eða 4,6%. Fjárlög gerðu hins vegar ráð fyrir 4,1% aukningu.

Af fjölgun ársverka í dagvinnu má rekja allt að 500 ársverk til breyttra verkaskipta ríkis og sveitarfélaga. Þar vega þyngst nálægt 300 störf í heilsugæslu, en einnig fluttust til ríkisins störf á fræðsluskrifstofum og störf við rekstur framhaldsskóla önnur en kennsla. Þá fjölgaði ríkisstarfsmönnum með yfirtöku ríkisins á starfsemi sjúkrasamlaga. Fjölgun ársverka að öðru leyti má meðal annars rekja til stofnanna fatlaðra og sjúkrahúsa.

Breyting vinnumagns eftir ráðuneytum 1989-1990.

	Hlutfallsleg skipting 1990 %	Dagvinna %	Yfirvinna %	Samtals %
Æðsta stjórn ríkisins	1,5	1,4	4,3	1,7
Forsætisráðuneyti	0,4	-2,5	1,8	-1,6
Menntamálaráðuneyti	37,7	6,8	1,8	6,1
Utanríkisráðuneyti	1,1	-2,4	-2,2	-2,4
Landbúnaðarráðuneyti	2,7	0,4	3,7	1,4
Sjávarútvegsráðuneyti	2,4	-3,0	7,5	-0,8
Dómsmálaráðuneyti	12,0	1,8	3,1	2,1
Félagsmálaráðuneyti	5,5	9,3	18,0	10,7
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	23,0	6,8	9,7	7,2
Fjármálaráðuneyti	4,2	3,5	5,4	3,8
Samgönguráðuneyti	6,9	1,2	0,9	1,1
Iðnaðarráðuneyti	1,9	2,0	6,6	3,0
Viðskiptaráðuneyti	0,3	-3,7	-11,3	-4,9
Hagstofa Íslands	0,3	2,1	47,1	6,8
Umhverfisráðuneyti	-	-	-	-
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	0,1	3,4	2,0	3,1
Samtals	**100,0**	**5,1**	**4,7**	**5,0**

Tryggingagreiðslur, niðurgreiðslur og framlög. Útgjöld vegna þessa námu 39,6 milljörðum króna samanborið við 34,4 milljarða króna árið 1989 og 38,0 milljarða króna í fjárlögum 1990 frá í maí. Hækkun milli ára er 15,2%. Á sambærilegu verðlagi er aukning útgjalda milli ára nálægt ½ milljarði króna. Stærstu útgjaldaþættirnir eru eftirfarandi:

Greiðslugrunnur	Útkoma 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Breyting 1989-1990 %
Lífeyristryggingar	10.760	12.459	12.640	-181	17,5
Sjúkratryggingar	7.626	8.931	9.756	-825	27,9
Atvinnuleysistryggingar	207	1.031	1.031	-	-
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.798	2.171	2.174	-3	20,7
Endurgreiðslur til atvinnuveganna	2.066	-	300	-300	-
Niðurgreiðslur búvöru	4.903	5.831	5.740	91	17,1
Útflutningsbætur	1.617	1.344	1.421	-77	-12,1
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	-	1.207	1.207	-	-
Uppbætur á lífeyri	1.104	536	672	-136	-39,1
Annað	4.315	4.300	4.689	-389	8,7
Samtals	**34.396**	**37.810**	**39.630**	**-1.820**	**15,2**

Hækkun á greiðslum lífeyristrygginga má annars vegar rekja til fjölgunar bótaþega og hins vegar til hækkunar á frítekjumarki tekjutryggingaþega um mitt ár í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga í febrúar.

Aukið framlag ríkissjóðs til sjúkratrygginga skýrist að mestu af niðurfellingu á 15% hluta sveitarfélaga í þessum kostnaði og var liður í breyttum verkaskiptum. Annar liður í breyttum

verkaskiptum var niðurfelling á fjórðungshluta sveitarfélaga á framlagi til Atvinnuleysistryggingasjóðs og skýrir hún auknar greiðslur ríkisins til sjóðsins ásamt aukningu á bótagreiðslum. Til að mæta greiðsluskuldbindingum sínum seldi Atvinnuleysistryggingasjóður verðbréf að fjárhæð 220 m.kr. eins og forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Við upptöku virðisaukaskatts var enn fremur ákveðið að fella niður hlutdeild sveitarfélaga í veltusköttum en veita þess í stað framlög sem svarar til 1,4% af skatttekjum ríkisins í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Sú fjárhæð sem nú er færð til gjalda nemur 1,2 milljörðum króna.

Á móti þessum útgjaldahækkunum vegur, að endurgreiðslur til atvinnuvega lækka um 2,1 milljarð króna en þær fólust einkum í endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti í iðnaði, landbúnaði og sjávarútvegi svo og stuðningsgreiðslum til loðdýrabænda. Þá lækka greiðslur uppbóta á lífeyri opinberra starfsmanna um 0,6 milljarða króna en ákveðið var að skerða framlag ríkisins til sjóðsins um þá fjárhæð í fjárlögum ársins 1990.

Rekstrartilfærslur og framlög voru með samþykkt fjáraukalaga í desember hækkuð um 2,1 milljarð króna eða í samtals 39,9 milljarða króna. Veigamest var 1.260 m.kr. aukning útgjalda til lífeyris- og sjúkratrygginga. Einnig má nefna að framlög til að ljúka uppgjöri á endurgreiðslu söluskatts frá fyrra ári námu 225 m.kr., aðstoð við flóttafólk á Persaflóasvæðinu 140 m.kr., auknar uppbætur á lífeyri opinberra starfsmanna 130 m.kr. og útflutning á landbúnaðarafurðum 71 m.kr.

Raungreiðslur urðu tæplega 300 m.kr. undir heimildum á fjárlögum eins og áður var getið. Í því sambandi má nefna að ekki tókst að ljúka á árinu uppgjöri á starfsmenntunar- og þróunarsjóði BMHR en greiðslur til hans eru áætlaðar 90 m.kr., greiðslur lífeyris- og sjúkratrygginga urðu 78 m.kr. undir áætlun og 70 m.kr. af áðurnefndu framlagi til aðstoðar flóttafólki voru ekki notaðar á árinu.

Vaxtagjöld. Útgjöld vegna vaxtagreiðslna námu 8,3 milljörðum króna á árinu 1990 samanborið við 8,5 milljarða króna 1989. Í fjárlögum voru vaxtagjöld ríkisins áætluð 9,1 milljarður króna. Á sambærilegu verðlagi nemur lækkun vaxtagjalda 1,3 milljarði króna. Minni innlausn spariskírteina og lægri vextir innan lands eru helstu ástæður raunlækkunar á vaxtagreiðslum.

Greiðslugrunnur	Útkoma 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Breyting 1989-1990 %
Löng erlend lán	4.566	4.960	4.777	183	4,6
Vextir af spariskírteinum	908	575	514	61	-43,4
Önnur löng innlend lán	831	1.000	684	316	11,7
Vextir af skammtímalánum	2.243	2.590	2.299	291	2,5
Samtals	**8.548**	**9.125**	**8.274**	**851**	**-3,2**

Viðhald. Gjöld vegna viðhalds námu 2,4 milljörðum króna á árinu samanborið við 1,8 milljarð króna árið 1989. Raunaukning frá fyrra ári er áætluð 200 m.kr. Skýrist hún eingöngu af auknum viðhaldskostnaði hjá Vegagerð ríkisins.

Í fjárlögum voru útgjöld vegna viðhalds áætluð 2,2 milljarðar króna. Sú fjárhæð hækkaði í seinni fjáraukalögum um 183 m.kr. Af þeirri fjárhæð voru 135 m.kr. vegna aukins kostnaðar við snjómokstur. Að öðru leyti má rekja hækkun til greiðslna á geymdum fjárveitingum frá fyrra ári.

Fjárfesting. Útgjöld vegna fjárfestinga námu alls 9,3 milljörðum króna á árinu samanborið við 9,5 milljarða króna árið 1989. Samdráttur á framlagi ríkisins til fjárfestinga er að raungildi um 2 milljarðar króna milli ára. Þar af má rekja um 830 m.kr. til lægra framlags til Húsnæðisstofnunar ríkisins en að öðru leyti skýrist lækkunin af lægri framlögum til almennra byggingaframkvæmda.

Útgjaldaheimildir til fjárfestinga hækkuðu um 950 m.kr. við samþykkt fjáraukalaga í desember og námu alls 9,4 milljörðum króna. Helstu liðir til hækkunar voru 300 m.kr. framlag til Endurbótasjóðs menningarstofnana í stað lánveitingar og aukin framlög til vega- og hafnagerðar að fjárhæð 215 m.kr. Þá námu geymdar fjárveitingar frá fyrra ári 270 m.kr.

5. Lánahreyfingar ríkissjóðs.

Í þessum kafla er gerð grein fyrir lánahreyfingum ríkissjóðs á árinu 1990. Útkoma ársins er borin saman við fjárlög 1990 og útkomu ársins 1989. Fjárlög eru í þessu tilviki eins og þau litu út eftir samþykkt fjáraukalaga í maí sl. eins og áður er komið fram.

Kaflinn er tvískiptur. Fyrst er fjallað um lánsfjárþörf ríkissjóðs og síðan um lánsfjáröflun ríkissjóðs. Þá er í sérstökum viðauka yfirlit yfir lántökur opinberra fjárfestingarlánasjóða á árinu 1990.

Lánsfjárþörf ríkissjóðs 1990.

Í fjárlögum 1990 var ráðgert að mæta áætluðum greiðsluhalla ríkissjóðs, að fjárhæð um 4,5 milljarðar króna, með innstreymi á hreyfingum veittra lána ríkissjóðs að fjárhæð um 0,4 milljörðum króna og með nýrri lántöku ríkissjóðs að fjárhæð um 4,1 milljarði króna. Reyndin varð hins vegar sú að útstreymi varð á hreyfingum veittra lána og viðskiptareikninga sem nam 2,7 milljörðum króna og hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs á árinu 1990 nam alls 7,2 milljörðum króna eða sem svarar til um 2,1% af vergri landsframleiðslu. Árið 1989 var þetta hlutfall 2,6% og 3,3% árið 1988. Lánsfjárþörf ríkissjóðs hefur því þrátt fyrir nokkuð frávik frá upphaflegum fjárlögum 1990 farið lækkandi á undanförnum árum.

Eftirfarandi yfirlit sýnir niðurstöðutölur ríkisfjármála á árinu 1990 samanborið við fjárlög 1990 og útkomu ársins 1989:

Greiðslugrunnur	Útkoma 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.
Rekstrarafkoma	**-6.055**	**-4.533**	**-4.446**
Veitt lán, nettó	-722	1.130	-522
Eignfærð framlög	70	-160	-123
Viðskiptareikningar	-889	-560	-2.079
Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs	**-7.596**	**-4.123**	**-7.170**
Afborganir af teknum lánum	-11.897	-7.700	-6.189
Verg lánsfjárþörf ríkissjóðs	**-19.493**	**-11.823**	**-13.359**
Tekin ný lán	17.367	11.845	14.073
Greiðsluafkoma	**-2.126**	**22**	**714**

Veitt lán, nettó. Þessi liður sýnir hreyfingar á veittum lánum ríkissjóðs til lengri tíma en eins árs. Á árinu 1990 varð útstreymi á þessum lið, þ.e. veitt ný lán umfram innheimtar afborganir af eldri lánum, að fjárhæð 0,5 milljarðar króna í stað 1,1 milljarðs króna innstreymis eins og ætlað var í fjárlögum. Eftirfarandi yfirlit sýnir nánari sundurliðun á hreyfingum veittra lána:

Greiðslugrunnur	Útkoma 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.
Innheimtar afborganir af eldri lánum	**2.209**	**3.480**	**3.127**
Bundnar innlendu verðlagi	1.258	1.780	1.713
Bundnar erlendum gjaldmiðlum	911	1.700	1.414
Veitt ný lán	**2.931**	**2.350**	**3.649**
Skv. 1 gr. lánsfjárlaga	**2.120**	**2.350**	**2.860**
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.165	1.880	2.330
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	350	30	30
Hafnabótasjóður	-	50	20
Alþjóðaflugþjónustan, ICAO	-	-	180
Atvinnutryggingasjóður útflutningsgreina	605	-	300
Aðrir	-	390	-
Skv. 16 gr. lánsfjárlaga	**221**	**-**	**352**
Hitaveita Eyra	16	-	11
Bæjarsjóður Siglufjarðar	-	-	50
Bæjarsjóður Vestmannaeyja	27	-	56
Bæjarsjóður Neskaupstaðar	-	-	15
Hríseyjarhreppur	-	-	80
Skallagrímur hf., Akranesi	-	-	80
Herjólfur hf., Vestmannaeyjum	-	-	30
Flóabáturinn Baldur hf., Stykkishólmi	110	-	30
Aðrir	68	-	-
Skv. 6. gr. fjárlaga o.fl.	**480**	**-**	**308**
Vegna fasteignaviðskipta o.fl.	480	-	308
Skv. heimildum í sérlögum	**110**	**-**	**129**
Húsnæðisstofnun v/greiðsluerfiðleikalána	-	-	129
Aðrir	110	-	-
Veitt lán, nettó	**- 722**	**1.130**	**- 522**

Innheimtar afborganir. Innheimtar afborganir voru áætlaðar 3.480 m.kr. í fjárlögum en urðu ívið lægri eða 3.127 m.kr. Mismunurinn skýrist að stærstum hluta af lækkun á gengi Bandaríkjadals og minni verðlagshækkunum innan lands en gengið var út frá í upphaflegum fjárlögum.

Veitt lán. Í fjárlögum voru lánveitingar áætlaðar 2.350 m.kr. Með lögum nr. 125/1990, um breyting á lánsfjárlögum 1990, var ríkissjóði heimilað að auka lánveitingar um 210 m.kr. Í reynd urðu lánveitingar ríkissjóðs 3.649 m.kr. Nokkrar skýringar eru á því sem munar. Fyrst er að nefna 300 m.kr. lánveitingu til Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina samkvæmt heimild frá fyrra ári. Í annan stað nýtti fjármálaráðherra sér heimild í 16. gr. lánsfjárlaga 1990 um milligöngu á lántökum heimiluðum í lánsfjárlögum að fjárhæð 352 m.kr. Hér er um að ræða ýmsar heimildir sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra til lántöku með ríkisábyrgð. Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða tiltölulega lágar fjárhæðir, er hagkvæmara að ríkissjóður hafi milligöngu um útvegun fjárins, auk þess sem hann hefur betra lánstraust á erlendum mörkuðum en innlendir aðilar og nær því betri kjörum. Í þriðja lagi námu lánveitingar vegna fasteignaviðskipta o.fl. samkvæmt heimildum í 6. gr. fjárlaga alls 308 m.kr. Loks hafði ríkissjóður milligöngu um 129 m.kr. lántöku Byggingarsjóðs ríkisins hjá innlánsstofnunum, sem ráðstafað var til húseigenda í greiðsluerfiðleikum.

Eignfærð framlög. Hér er átt við stofnframlög ríkisins til alþjóðafjármálastofnana og til kaupa á hlutabréfum í innlendum fyrirtækjum. Í fjárlögum voru eignfærð framlög áætluð 160 m.kr. en urðu í reynd 123 m.kr. Eftirfarandi yfirlit sundurliðar eignfærð framlög ríkissjóðs á árinu 1990:

Greiðslugrunnur	Útkoma 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Útkoma 1991 m.kr.
Hlutafélög	**-197**	**-**	**19**
Steinullarverksmiðjan hf.	-	-	9
Bifreiðaskoðun Íslands hf.	-	-	10
Annað, sala á hlutabréfum	-197	-	-
Alþjóðafjármálastofnanir	**127**	**160**	**104**
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn	-	16	16
Alþjóðabankinn	82	84	61
Norræni fjárfestingarbankinn	22	11	10
Norræni þróunarsjóðurinn	-	15	14
Annað	23	34	3
Eignfærð framlög alls	**-70**	**160**	**123**

Viðskiptareikningar, nettó. Útgreiðslur umfram inngreiðslur af viðskiptareikningi voru áætlaðar 560 m.kr. í fjárlögum. Í reynd urðu útgreiðslur 2.079 m.kr. Mismunurinn skýrist að stærstum hluta af veittum gjaldfresti á virðisaukaskatti vegna greiðslu á tolli af innflutningi. Þessi gjaldfrestur, sem nemur 1.082 m.kr., kemur í fyrsta skipti til bókunar nú en lög um virðisaukaskatt tóku gildi í ársbyrjun 1990.

Í lok árs 1989 var lokið uppgjöri ríkissjóðs vegna sölu á Útvegsbanka Íslands hf. samtals að fjárhæð 1.140 m.kr. Ekki tókst að ganga frá lánsskjölum á því ári og var fjárhæð þessi færð til skuldar á skammtímahreyfingum. Samkomulag varð um það við Íslandsbanka hf. í byrjun árs 1990 að bankinn tæki við spariskírteinum að fjárhæð 928 m.kr. og ríkisvíxlum að fjárhæð 212 m.kr. til greiðslu á skuldinni. Þar sem hér er um skuldbreytingu að ræða sem hefur ekki áhrif á greiðsluafkomu ríkissjóðs, eru þessi viðskipti jöfnuð í yfirlitstöflum skýrslunnar.

Greiddar afborganir. Afborganir ríkissjóðs voru áætlaðar 7.700 m.kr. í fjárlögum 1990 að meðtalinni afborgun til Seðlabanka Íslands vegna uppgjörs á skammtímaskuld frá árinu 1989. Í reynd urðu afborganir af lánum ríkissjóðs 6.189 m.kr. Ástæður fyrir fráviki frá áætlun eru nokkrar. Á árinu 1990 var ákveðið að skuldbreyta nokkrum lánum ríkissjóðs. Annars vegar voru greiddar upp skuldir hjá Seðlabanka Íslands að fjárhæð 2.928 m.kr. og hins vegar var skuldbreytt hjá öðrum aðilum samtals 494 m.kr. Á móti voru tekin lán hjá innlánsstofnunum samtals að fjárhæð 3.797 m.kr. Þannig fylgdi þessari skuldbreytingu aukin lántaka ríkissjóðs að fjárhæð 375 m.kr. Þessar aðgerðir voru liður í aðgerðum í peningamálum, sem m.a. fólu í sér lækkun bindiskyldu úr 10% í 7% og höfðu á heildina litið óveruleg áhrif á peningamyndun. Þessi skuldbreyting varð til þess að afborganir langtímalána lækkuðu um 863 m.kr. frá áætlun fjárlaga. Innlausn spariskírteina varð 1.451 m.kr. eða 550 m.kr. undir því sem áætlað hafði verið. Loks urðu afborganir af erlendum lánum um 150 m.kr. undir áætlun sem skýrist af lækkun á gengi Bandaríkjadals. Nánari sundurliðun og samanburð er að finna í eftirfarandi yfirliti:

Greiðslugrunnur	Útkoma 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.
Seðlabanki Íslands	866	1.000	3.065
- þ.a. skuldbreyting	-	-	-2.928
Seðlabanki, uppgjör skammtímaskuldar	5.000	2.000	1.903
Innlausn spariskírteina	2.406	2.000	1.451
Önnur innlend lán	1.144	1.330	1.966
- þ.a. skuldbreyting	-	-	-494
Erlend lán	1.482	1.370	1.226
Afborganir alls	**10.989**	**7.700**	**6.189**

Lánsfjáröflun ríkissjóðs.

Á árinu 1990 var aukin áhersla lögð á að afla ríkissjóði lánsfjár innan lands, þó þannig að eftirspurn hans eftir lánsfé samrýndist þeim markmiðum í peningamálum sem áttu að stuðla að auknum stöðugleika í efnahagslífinu. Árangur þeirrar viðleitni varð verulegur og yfirdráttur í Seðlabanka innan ársins var með minnsta móti. Ástæða þessa var óvenju góð lausafjárstaða bankanna vegna minni eftirspurnar atvinnufyrirtækja eftir lánsfé og aukinn peningalegur sparnaður. Eftirspurn atvinnufyrirtækja eftir lánsfé á síðustu mánuðum ársins varð til þess að sala ríkisvíxla dróst þá saman. Því var ákveðið að sækja á erlendan lánamarkað til að greiða viðskiptaskuld ríkissjóðs við Seðlabankann frá árinu 1989, afborganir af erlendum lánum í Seðlabankanum, auk þess sem heimildir lánsfjárlaga til að taka lán og endurlána voru nýttar í stað þess að veita ríkisábyrgðir, eins og áður hefur komið fram. Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs var í upphafi árs áætluð 11,8 milljarðar króna en reyndist í árslok vera 14,1 milljarður króna. Eftirfarandi yfirlit sýnir sundurliðun á lánsfjáröflun ríkissjóðs:

Greiðslugrunnur	Útkoma 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.
Sala spariskírteina ríkissjóðs	5.059	7.475	7.484
Sala ríkisbréfa	-	-	77
Sala ríkisvíxla	5.167	-	1.963
Seðlabanki Íslands	318	-	9
Önnur innlend lán	160	-	3.996
- þ.a. skuldbreyting	-	-	-3.422
Erlend lán	6.663	4.370	3.966
Tekin lán, alls	**17.049**	**11.845**	**14.073**

Hér á eftir verður nánari grein gerð fyrir lánsfjáröflun ríkissjóðs á árinu 1990.

Spariskírteini ríkissjóðs. Uppistaðan í innlendri lánsfjáröflun ríkissjóðs var sem fyrr sala spariskírteina ríkissjóðs. Á árinu voru seld ný spariskírteini fyrir samtals 8,4 milljarð króna, þ.a. 0,9 milljarðar króna til Íslandsbanka hf. vegna uppgjörs á biðreikningi Útvegsbanka Íslands hf.

Tveir flokkar spariskírteina voru gefnir út á árinu sem báðir báru 6% fasta raunvexti. Sérstök kjör voru hins vegar boðin til að örva sölu. Áskrifendum að spariskírteinum, sem voru um síðustu áramót um níu þúsund talsins, voru boðin skírteini með 6,2% raunvöxtum. Á þann hátt öfluðust um 0,6 milljarðar króna á árinu meðal almennra sparifjáreigenda. Þá var stærri kaupendum, eins og bönkum og sjóðum, boðin sérstök kjör með raunávöxtun á bilinu 6,8%-7,05% Með þessum sérkjörum öfluðust yfir 5,2 milljarðar króna, sem endurspeglar mikilvægi banka og sjóða í lánsfjáröflun ríkissjóðs.

Ríkisbréf. Síðla árs hóf ríkissjóður útgáfu nýrrar tegundar ríkisverðbréfa er hlutu nafnið Ríkisbréf. Þessi bréf bjóða sparifjáreigendum upp á ávöxtun sparifjár til lengri tíma en ríkisvíxlar en til skemmri tíma en spariskírteini. Bréfin eru óverðtryggð en vextir þeirra taka mið af meðaltali skuldabréfavaxta á peningamarkaði. Upphæð bréfana og gjalddagi eru sniðin að þörfum lánveitenda, innan ákveðinna marka. Sala bréfana var óveruleg á árinu, eða tæplega 0,1 milljarður króna, þar sem reglur um skattfrelsi bréfanna lágu ekki fyrir fyrr en í árslok.

Ríkisvíxlar. Góð sala ríkisvíxla á árinu 1990 varð til þess að létta verulega á fjármagnsfyrirgreiðslu Seðlabanka Íslands við A-hluta ríkissjóðs. Ástæða söluaukningar var óvenjugóð lausafjárstaða innlánsstofnana, en þær eru helstu kaupendur ríkisvíxla. Í upphafi árs var stofn útistandandi ríkisvíxla 5,9 milljarðar króna en um mitt ár hafði hann tvöfaldast. Á síðustu mánuðum ársins dróst stofninn verulega saman og í árslok nam hann um 8 milljörðum króna og hafði aukist um tæpa 2 milljarða á árinu. Sú aukning skýrist af 2,3 milljarða króna bata á lausafjárstöðu innlánsstofnana.

Erlend lán. Góð sala ríkisvíxla lengst af ársins gaf fyrirheit um að ríkissjóður þyrfti lítið sem ekkert að nota 4,4 milljarða króna heimild í lánsfjárlögum 1990 til erlendrar lántöku. Undir lok ársins, þegar dró úr stofni ríkisvíxla, var ákveðið að draga á skammtímaveltilán ríkissjóðs erlendis. Þeir tæpir 4 milljarðar króna, sem teknir voru að láni erlendis, svara að mestu til afborgunar af erlendum lánum ríkissjóðs, greiðslu á skammtímaskuld í Seðlabanka vegna ársins 1989 og inneignar ríkissjóðs á hlaupareikningum í Seðlabanka og hafa því sem slíkir lítil sem engin áhrif á peningamyndun.

Á árinu fékk ríkissjóður hæstu lánstraustseinkunn á skammtímabréfum sínum frá bandarísku matsfyrirtækinu Moody's. Þetta hefur gert lántökur ríkissjóðs á alþjóðamörkuðum aðgengilegri og hagkvæmari.

Engin lána- eða vaxtaskipti voru framkvæmd á árinu.

Staðan gagnvart Seðlabanka Íslands. Seðlabanki Íslands er viðskiptabanki ríkissjóðs. Fjármálaráðherra er fyrir hönd ríkissjóðs, heimilt að taka skammtímalán í Seðlabankanum til að fjármagna sveiflur í tekjum og gjöldum ríkissjóðs innan ársins. Skuld ríkissjóðs sem reynast kann að vera á viðskiptareikningum í lok árs ber að gera upp innan þriggja mánaða frá lokum viðkomandi fjárhagsárs.

Greiðsluhreyfing ríkissjóðs gagnvart Seðlabanka Íslands var jákvæð um 5,6 milljarða króna á árinu 1990. Þar af varð 2,5 milljarða króna bati á skammtímareikningum A-hlutans og var staðan á þeim reikningum jákvæð í árslok um 0,3 milljarða króna í fyrsta sinn um langan tíma. Að auki voru greidd upp skuldabréf ríkissjóðs í Seðlabanka að fjárhæð um 3,1 milljarð króna, eins og nánar var greint frá í umfjöllun um afborganir ríkissjóðs hér að framan. Með heimild í lögum nr. 39/1990 um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, yfirtók ríkissjóður skuldir Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins í Seðlabanka með útgáfu skuldabréfs dags. 1. nóvember 1990, að upphæð 18,5 milljónum SDR sem jafngildir 1.458 m.kr. Þessari

skuldayfirtöku fylgdu engar greiðsluhreyfingar og er henni því haldið utan við greiðsluyfirlit ríkissjóðs. Hins vegar kemur þessi tilfærsla fram í rekstraruppgjöri ríkissjóðs.

Fjármagnsfyrirgreiðsla Seðlabanka við A-hluta ríkissjóðs á árinu 1990 nam um 4,5 milljörðum króna að jafnaði á mánuði. Á árinu 1989 var fyrirgreiðsla Seðlabankans hins vegar 4,7 milljarðar króna að meðaltali á mánuði. Yfirlitið sýnir hreyfingar á viðskiptareikningum ríkissjóðs við bankakerfið.

Greiðslugrunnur	Útkoma 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.
Greiðsluafkoma	**-2.126**	**22**	**714**
Afborganir af lánum í Seðlabanka	866	1.000	3.065
Uppgjör skammtímaskulda í Seðlabanka	5.000	2.000	1.903
Lántaka í Seðlabanka	-318	-	-9
Greiðsluhreyfing gagnvart bankakerfinu	**3.422**	**3.022**	**5.673**
Hreyfing bankareikninga utan Seðlabanka	-225	-	-66
Greiðsluhreyfing við Seðlabanka	**3.197**	**3.022**	**5.607**

Viðauki.

Lánsfjármál opinberra aðila og sjóða 1990.

Í þessum kafla er gerð sérstök grein fyrir lánsfjármálum opinberra aðila og sjóða á árinu 1990. Fyrst er gerð grein fyrir innlendri og erlendri lánsfjárþörf þeirra. Því næst er fjallað um hvernig öflun lánsfjár var háttað og greint frá helstu frávikum frá upphaflegri lánsfjáráætlun. Loks er sýnt yfirlit yfir greiðslustreymi stærstu fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna. Í töfluviðauka er birt yfirlit um greiðslustreymi húsbyggingasjóðanna undanfarin 10 ár.

Heimildir til lántöku opinberra aðila og sjóða eru að meginefni tvíþættar. Annars vegar eru heimildir samkvæmt lánsfjárlögum. Lögin ná yfir heimildir til erlendrar lántöku sem ríkissjóður ábyrgist og eru ætlaðar opinberum aðilum og opinberum lánastofnunum. Að auki er í lánsfjárlögum heimild fyrir ríkissjóð til innlendrar lántöku. Hins vegar eru í lánsfjáráætlun og einnig í fjárlögum, að því er varðar B-hluta fyrirtæki og sjóði, tilgreindar hámarksheimildir til innlendrar lántöku opinberra lánastofnana.

Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1990 voru heildarlántökur ríkissjóðs, fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs, sveitarfélaga og opinberra lánastofnana áætlaðar 37,3 milljarðar króna. Af þeirri fjárhæð var ráðgert að taka 12,6 milljarða króna að láni erlendis og 24,7 milljarða króna á innlendum lánamarkaði. Hrein innlend fjármögnun, þ.e. ný lán að frádregnum afborgunum eldri lána, var áætluð 15,2 milljarðar króna eða 4,5% af landsframleiðslu. Hreint innstreymi erlends fjár á vegum þessara aðila var áætlað 5 milljarðar króna eða 1,5% af landsframleiðslu.

Í eftirfarandi töflu eru sýndar bráðabirgðatölur um lántökur og afborganir opinberra aðila og sjóða á árinu 1990 í samanburði við lánsfjáráætlun. Rétt er að taka fram að innlendum lánum sveitarfélaga er sleppt og að því leyti er yfirlitið ekki tæmandi.

	Lánsfjáráætlun 1990			Útkoma 1990		
Milljarðar króna	Innlent	Erlent	Alls	Innlent	Erlent	Alls
Lántökur	**24,7**	**12,6**	**37,3**	**29,0**	**13,2**	**42,2**
Opinberir aðilar	7,5	8,5	16,0	10,1	8,2	18,3
Ríkissjóður A-hluti	7,5	4,4	11,0	10,1	4,0	14,1
Ríkisfyrirtæki	-	3,7	3,7	-	4,0	4,0
Sveitarfélög	-	0,4	0,4	-	0,2	0,2
Opinberar lánastofnanir	17,2	4,1	21,3	18,9	5,0	23,9
Byggingarsjóðir	11,3	-	11,3	11,4	-	11,4
Húsbréf	5,0	-	5,0	5,0	-	5,0
Aðrir	0,9	4,1	5,0	2,5	5,0	7,5
Afborganir	**9,5**	**7,6**	**17,1**	**10,0**	**5,2**	**15,2**
Ríkissjóður	4,4	3,3	7,7	5,0	1,2	6,2
Ríkisfyrirtæki	-	1,4	1,4	-	1,4	1,4
Sveitarfélög	-	0,5	0,5	-	0,5	0,5
Byggingarsjóðir	2,0	-	2,0	2,2	-	2,2
Aðrar opinberar lánastofnanir	3,1	2,4	5,5	2,8	2,1	4,9
Hrein lánsfjárþörf	**15,2**	**5,0**	**20,2**	**19,0**	**8,0**	**27,0**
Hlutfall af landsframleiðslu	4,5%	1,5%	6,0%	5,6%	2,4%	8,0%

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum námu heildarlántökur 42,2 milljörðum króna á árinu 1990 samanborið við 40 milljarða króna á árinu 1989. Þar af eru innlendar lántökur 29

milljarðar krónur eða rúmlega 4 milljarðar króna umfram upphaflega áætlun. Erlendar lántökur eru í samræmi við áætlun. Hrein lánsfjáröflun, þ.e. nýjar lántökur að frádregnum afborgunum eldri lána, þessara aðila nam 27 milljörðum króna eða sem svarar til 8% af landsframleiðslu. Á árinu 1989 var þetta hlutfall 7,1% og hefur því hækkað nokkuð milli ára. Hrein lánsfjáröflun á innlendum markaði nemur 19 milljörðum króna. Það svarar til helmings af áætlaðri aukningu innlends sparnaðar, en hún er um 38 milljarðar króna á árinu 1990.

Eftirfarandi yfirlit gefur heildarmynd af lántökum þeirra er lánsfjáráætlun 1990 náði til.

Milljónir króna	Sala ríkis-verð-bréfa	Verð-bréfa-kaup banka-kerfis	Verð-bréfa-kaup lífeyris-sjóða	Önnur innlend lántaka	Innlend lántaka alls	Erlend lán	Heildar lántökur
Opinberir aðilar	**9.524**	**574**	**-**	**9**	**10.107**	**8.238**	**18.345**
Ríkissjóður, A-hluti	9.524	574	-	9	10.107	3.966	14.073
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	-	-	-	-	-	4.110	4.110
Sveitarfélög	-	-	-	-	-	162	162
Húsbyggingasjóðir	**-**	**-**	**12.530**	**3.908**	**16.438**	**-**	**16.438**
Byggingarsjóður ríkisins	-	-	7.297	1.168	8.465	-	8.465
Byggingarsjóður verkamanna	-	-	2.973	-	2.973	-	2.973
Húsbréf*	-	-	2.260	2.740	5.000	-	5.000
Lánastofnanir	**-**	**101**	**200**	**2.178**	**2.479**	**4.949**	**7.428**
Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina	-	-	-	2.058	2.058	-	2.058
Byggðastofnun	-	-	-	-	-	1.253	1.253
Fiskveiðasjóður	-	101	-	-	101	3.585	3.686
Framkvæmdasjóður	-	-	-	-	-	-1.144	-1.144
Iðnlánasjóður	-	-	-	120	120	927	1.047
Iðnþróunarsjóður	-	-	-	-	-	278	278
Stofnlánadeild landbúnaðarins	-	-	200	-	200	-	200
Útflutningslánasjóður	-	-	-	-	-	50	50
Heildarlántökur	**9.524**	**675**	**12.730**	**6.095**	**29.024**	**13.187**	**42.211**

* Áætlun

Opinberar lánastofnanir. Framar í þessari skýrslu er ítarleg umfjöllun um lánsfjármál ríkissjóðs. Lántökur sveitarfélaga og fyrirtækja með eignaraðild ríkisins voru í samræmi við lánsfjáráætlun. Því verður hér einungis fjallað um lánsfjármál opinberra lánastofnana.

Heildarlántökur opinberra lánastofnana á árinu 1990 námu 23,9 milljörðum króna eða jafngildi 7,1% af landsframleiðslu. Að frádregnum afborgunum af eldri lánum námu lántökumar tæpum 16,8 milljörðum króna eða sem svarar til 5% af landsframleiðslu, samanborið við 4,4% árið 1989. Hrein lánsfjáröflun þessara aðila á innlendum markaði nam 13,9 milljörðum króna og tengist að öllu leyti húsnæðiskerfinu.

Stærstu lántakendurnir á innlendum markaði voru sem fyrr húsbyggingasjóðirnir. Með lögum nr. 54/1986, um Húsnæðisstofnun ríkisins, er lífeyrissjóðum gert skylt að kaupa skuldabréf af Húsnæðisstofnun fyrir 55% að lágmarki af svokölluðu ráðstöfunarfé sínu. Með lögum nr. 76/1989 var lögum um Húsnæðisstofnun breytt í þá veru að inn komu ákvæði um húsbréfaviðskipti. Tekið var upp kerfi skuldabréfaskipta í stað beinna lána til íbúðakaupa og nýbygginga, sem ætlað er í fyllingu tímans að taka yfir hið almenna húsnæðislánakerfi. Jafnframt var lífeyrissjóðum heimilað að fullnægja samningsbundnum skuldabréfakaupum af Húsnæðisstofnun að hluta með húsbréfum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Ekki liggja fyrir endanlegar tölur um ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á árinu 1990, en talið er að það hafi verið um 22,6 milljarðar króna. Kaup sjóðanna á skuldabréfum Húsnæðisstofnunar námu 10,2 milljörðum króna á árinu, eða sem nemur 45% af áætluðu ráðstöfunarfé þeirra. Kaupskylduna uppfylltu lífeyrissjóðir með kaupum á húsbréfum fyrir um 2,3 milljarða króna að talið er.

Þrátt fyrir lánsfé frá lífeyrissjóðum lenti Byggingarsjóður ríkisins í verulegum greiðsluerfiðleikum á árinu. Ástæður þeirra erfiðleika má m.a. rekja til ársins 1989, þegar lánsloforð voru aukin í kjölfar frétta og umræðu um góða sjóðsstöðu um mitt það ár. Vandi sjóðsins var leystur með bráðabirgðalánum frá Seðlabanka Íslands sem námu 1,2 milljörðum króna í árslok 1990. Að auki hafði ríkissjóður milligöngu um 129 m.kr. lán hjá innlánsstofnunum sem fór til að leysa greiðsluerfiðleika húseigenda.

Talsverð frávik urðu í lánsfjármálum fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna sem eiga sér í megindráttum þrjár skýringar. Í fyrsta lagi urðu lántökur iðnlánasjóðanna lægri en áætlað var vegna minni lánsfjáreftirspurnar auk þess sem innheimtar afborganir og vextir reyndust talsvert umfram áætlun. Í annan stað urðu lántökur og lánveitingar Byggðastofnunar og Atvinnutryggingarsjóðs töluvert hærri en ráðgert var sem skýrist aðallega af sérstökum stuðningsaðgerðum við einstök byggðarlög. Loks tók Fiskveiðasjóður erlent lán að fjárhæð 2,2 milljarðar króna til uppgreiðslu á óhagstæðari lánum sem Framkvæmdasjóður Íslands hafði haft milligöngu um. Framkvæmdasjóði reyndist ekki unnt að greiða upp eigin lán hjá erlendum lánardrottnum á árinu og skýrir það háa sjóðsstöðu hans í árslok.

Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðslustreymi stærstu fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna. Greiðsluyfirlit húsbyggingasjóðanna er að finna í töfluviðauka.

	Fram-kvæmda-sjóður m.kr.	Iðn-lána-sjóður m.kr.	Fisk-veiða-sjóður m.kr.	Iðn-þróunar-sjóður m.kr.	Atvinnu-tryggingar-sjóður m.kr.	Byggða-stofnun m.kr.	Samtals m.kr.
Innstreymi	**8.497**	**3.203**	**8.650**	**1.763**	**2.919**	**3.883**	**28.915**
Sjóðslækkun	-	-	-	-	120	-	120
Innheimtar afborganir	5.310	1.600	2.462	832	146	1.190	11.540
Innheimtir vextir	3.140	440	2.502	644	246	1.078	8.050
Framlög	-	101	-	-	343	241	685
Aðrar tekjur	47	15	-	9	6	21	98
Tekin lán	-	1047	3.686	278	2.058	1.353	8.422
Útstreymi	**8.497**	**3.203**	**8.650**	**1.763**	**2.919**	**3.883**	**28.915**
Sjóðsaukning	1.386	99	284	453	-	345	2.567
Rekstrarkostnaður	68	88	143	62	20	157	538
Fjárfesting	315	82	77	12	-	-	486
Greiddar afborganir	2.288	523	5.416	50	-	668	8.945
Greiddir vextir	2.989	665	2.149	210	345	675	7.033
Annað	5	166	36	50	-	140	397
Veitt lán	1.446	1.580	545	926	2.554	1.898	8.949

Þegar á heildina er litið má sjá að lánveitingar sjóðanna eru að stærstum hluta fjármagnaðar með nýjum lántökum en að litlu leyti með vaxtamun. Þá er það athyglisvert að vaxtamunur þessara sjóða náði ekki að standa undir rekstrarkostnaði og fjárfestingum, en þær námu rúmum milljarði króna.

Tafla 1 Greiðsluyfirlit A-hluta ríkissjóðs 1981-1990 *

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	Bráðab. 1990
Tekjur	6 238	10 053	16 354	22 093	28 861	38 113	48 957	64 382	80 001	92 453
Gjöld	6 141	9 771	17 216	21 433	31 142	40 111	51 688	71 583	86 056	96 899
Rekstrarafkoma	97	282	- 862	660	-2 281	-1 998	-2 731	-7 201	-6 055	-4 446
Veitt lán, nettó	..	..	..	..	..	322	- 99	- 779	- 722	- 522
Hlutafé og stofnfjárframlög	..	..	..	..	..	- 89	- 873	- 116	70	- 123
Viðskiptareikningar, nettó	..	..	..	..	..	- 964	-1 818	- 211	- 889	-2 079
Hrein lánsfjárþörf	..	..	..	..	..	-2 729	-5 521	-8 307	-7 596	-7 170
Innlend lántaka	..	..	..	..	..	1 886	2 728	1 526	5 837	7 175
Ný lán	..	..	..	..	..	3 617	4 485	4 882	10 386	10 098
Afborganir	..	..	..	..	..	-1 731	-1 757	-3 356	-4 549	-2 923
Erlend lántaka	..	..	..	..	..	3 756	1 119	3 198	5 181	2 740
Ný lán	..	..	..	..	..	5 004	2 155	4 230	6 663	3 966
Afborganir	..	..	..	..	..	-1 248	-1 036	-1 032	-1 482	-1 226
Seðlabanki Íslands, nettó	..	..	..	..	..	-2 188	954	- 646	-5 548	-2 031
Greiðsluafkoma	..	..	..	..	..	**725**	**- 720**	**-4 229**	**-2 126**	**714**
Hlutfall af VLF, %										
Tekjur	25,6	26,4	24,8	25,2	24,2	24,0	23,5	25,3	27,0	27,4
Gjöld	25,2	25,6	26,1	24,5	26,1	25,3	24,8	28,1	29,1	28,8
Rekstrarafkoma	0,4	0,7	-1,3	0,8	-1,9	-1,3	-1,3	-2,8	-2,0	-1,3
Hrein lánsfjárþörf	..	..	..	..	..	-1,7	-2,7	-3,3	-2,6	-2,1
Greiðsluafkoma	..	..	..	..	..	0,5	-0,3	-1,7	-0,7	0,2

* Á árinu 1986 var framsetningu ríkisreiknings breytt þannig að vextir af endurlánum ríkissjóðs eru frá og með því ári taldir með vaxtagreiðslum.
Í töflunni hefur niðurstöðutölum áranna 1981-1985 verið breytt til samræmis og koma þær því ekki heim og saman við tölur ríkisreiknings að þessu leyti.

Tafla 2 Innheimtar tekjur ríkissjóðs 1981-1990 *

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	Bráðab. 1990
Beinir skattar	**899**	**1 485**	**2 386**	**2 875**	**3 280**	**5 508**	**6 103**	**9 437**	**13 251**	**17 690**
Einstaklingar	783	1 188	1 780	2 087	2 404	3 904	4 420	6 772	9 552	13 677
Fyrirtæki	116	297	606	788	876	1 604	1 683	2 665	3 699	4 013
Óbeinir skattar	**5 002**	**7 904**	**12 244**	**17 057**	**22 794**	**29 468**	**39 920**	**51 255**	**61 239**	**68 448**
Innflutningsgjöld	1 454	2 270	3 261	4 277	5 090	5 786	7 810	5 261	7 395	8 354
Virðisaukaskattur/söluskattur	2 108	3 387	5 600	7 689	10 725	14 444	19 972	29 522	34 179	37 086
Hagnaður ÁTVR	407	579	724	1 202	1 923	2 431	3 204	4 280	5 370	5 920
Launa- og tryggingagjöld	450	704	1 030	1 509	2 019	2 653	3 543	4 908	5 820	7 327
Bifreiðagjöld **	255	416	717	1 042	1 348	2 144	2 739	3 770	4 732	5 471
Aðrir skattar	328	548	912	1 338	1 689	2 010	2 652	3 514	3 743	4 290
Aðrar tekjur	**337**	**664**	**1 724**	**2 161**	**2 787**	**3 137**	**2 934**	**3 690**	**5 511**	**6 315**
Vaxtagreiðslur	305	592	1 572	1 893	2 530	2 549	2 438	3 012	4 261	4 096
Arðgreiðslur o.fl.	32	72	152	268	257	588	496	678	1 250	2 219
Heildartekjur ríkissjóðs	**6 238**	**10 053**	**16 354**	**22 093**	**28 861**	**38 113**	**48 957**	**64 382**	**80 001**	**92 453**
Hlutfall af VLF, %										
Beinir skattar	3,7	3,9	3,6	3,3	2,8	3,5	2,9	3,7	4,5	5,3
Óbeinir skattar	20,6	20,7	18,6	19,5	19,1	18,6	19,2	20,1	20,7	20,3
Aðrar tekjur	1,4	1,7	2,6	2,5	2,3	2,0	1,4	1,4	1,9	1,9
Heildartekjur ríkissjóðs	25,6	26,4	24,8	25,2	24,2	24,0	23,5	25,3	27,0	27,4

* Á árinu 1986 var framsetningu ríkisreiknings breytt þannig að vextir af veittum endurlánum ríkissjóðs eru frá og með því ári taldir með vaxtatekjum.
Í töflunni hefur niðurstöðutölum áranna 1981-1985 verið breytt til samræmis og koma þær því ekki heim og saman við tölur ríkisreiknings að þessu leyti.

** Bensíngjald er hér talið með bifreiðasköttum en ekki innflutningsgjöldum.

Tafla 3 Útgjöld ríkissjóðs 1981-1990 eftir málaflokkum *

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	Greiðslugrunnur 1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	Bráðab. 1990
Almenn mál	**587**	**977**	**1 698**	**1 912**	**2 808**	**3 791**	**5 291**	**7 258**	**8 211**	**9 900**
Almenn þjónusta og löggæsla	531	877	1 495	1 681	2 524	3 410	4 816	6 699	7 509	8 942
Utanríkisþjónusta	56	100	203	231	284	381	475	559	702	958
Félagsmál	**3 424**	**5 319**	**9 483**	**11 568**	**17 392**	**23 091**	**31 576**	**41 941**	**49 708**	**59 297**
Mennta-, menningar- og kirkjumál	937	1 532	2 653	3 142	5 003	6 432	8 572	11 816	13 784	15 388
Heilbrigðismál	509	821	1 783	2 063	2 989	4 283	8 256	11 129	12 933	15 311
Velferðarmál	1 978	2 966	5 047	6 363	9 400	12 376	14 748	18 996	22 991	28 598
Atvinnumál	**1 593**	**2 559**	**4 163**	**5 257**	**6 890**	**8 532**	**9 459**	**14 056**	**17 944**	**18 156**
Niðurgreiðslur	378	804	1 035	813	1 013	1 343	1 567	3 673	4 663	5 344
Landbúnaður	280	376	625	943	1 325	1 649	1 980	2 848	3 839	3 564
Sjávarútvegur	97	136	257	387	939	1 197	1 240	1 715	2 295	1 025
Iðnaðar- og orkumál	257	316	736	1 062	1 155	1 359	1 058	1 158	1 417	1 162
Samgöngur	581	927	1 510	2 052	2 458	2 984	3 614	4 662	5 730	7 061
Ýmis mál, þ.m.t. vextir	**537**	**916**	**1 872**	**2 696**	**4 052**	**4 697**	**5 362**	**8 328**	**10 193**	**9 546**
Gjöld samtals	**6 141**	**9 771**	**17 216**	**21 433**	**31 142**	**40 111**	**51 688**	**71 583**	**86 056**	**96 899**
Hlutfall af heildarútgjöldum, %										
Almenn mál	9,6	10,0	9,9	8,9	9,0	9,5	10,2	10,1	9,5	10,2
Félagsmál	55,8	54,4	55,1	54,0	55,8	57,6	61,1	58,6	57,8	61,2
Atvinnumál	25,9	26,2	24,2	24,5	22,1	21,3	18,3	19,6	20,9	18,7
Ýmis mál	8,7	9,4	10,9	12,6	13,0	11,7	10,4	11,6	11,8	9,9

* Á árinu 1986 var framsetning ríkisreiknings breytt þannig að vextir af teknum endurlánum ríkissjóðs eru frá og með því ári taldir með vaxtagjöldum. Í töflunni hefur niðurstöðutölum áranna 1981-1985 verið breytt til samræmis og koma þær því ekki heim og saman við ríkisreikning að þessu leyti.

Tafla 4 **Útgjöld ríkissjóðs 1981-1990 eftir ráðuneytum**

	Rekstrargrunnur								Greiðslugrunnur	
Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1981	1982	1983*	1984	1985	1986*	1987	1988	**1989**	**1990**
Æðsta stjórn ríkisins	57	94	154	192	285	347	526	670	**825**	**1 052**
Forsætisráðuneyti	50	73	99	117	135	183	197	426	**897**	**731**
Menntamálaráðuneyti	945	1 539	2 659	3 181	4 982	6 577	8 579	11 848	**13 556**	**15 144**
Utanríkisráðuneyti	70	123	243	299	353	496	693	834	**1 009**	**1 322**
Landbúnaðarráðuneyti	279	394	667	917	1 472	1 763	2 034	3 036	**3 889**	**3 621**
Sjávarútvegsráðuneyti	95	140	223	350	923	1 053	1 225	1 548	**2 123**	**923**
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	346	573	973	1 080	1 675	2 069	2 849	3 625	**3 987**	**4 536**
Félagsmálaráðuneyti	178	247	623	718	1 817	2 381	2 251	3 157	**3 009**	**3 760**
Heilbr.- og tryggingam.ráðuneyti	2 386	3 503	6 310	7 805	11 289	15 131	21 004	27 517	**32 313**	**39 765**
Fjármálaráðuneyti	241	424	640	797	1 197	1 581	2 593	3 208	**3 920**	**3 737**
Samgönguráðuneyti	622	958	1 628	2 165	2 546	3 022	3 673	4 765	**5 770**	**7 118**
Iðnaðarráðuneyti	276	342	792	1 129	1 235	1 295	1 905	1 372	**1 453**	**1 205**
Viðskiptaráðuneyti	426	849	1 160	883	1 063	1 413	1 740	4 253	**4 596**	**5 478**
Hagstofa Íslands	4	7	11	15	24	40	57	81	**95**	**110**
Umhverfisráðuneyti	-	-	-	-	-	-	-	-	-	**34**
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	385	660	1 752	2 293	3 194	3 957	4 258	7 075	**8 614**	**8 362**
Samtals	6 360	9 926	17 934	21 941	32 190	41 308	53 584	73 415	**86 056**	**96 899**

* Ríkissjóður yfirtók skuldir frá orkufyrirtækjum árið 1983 að fjárhæð 735 m. kr. og árið 1986 að fjárhæð 5.081 m. kr. Þær tölur eru undanskildar í ofangreindu uppgjöri.

Tafla 5 **Útgjöld ríkissjóðs 1981-1990 eftir ráðuneytum**

	Rekstrargrunnur								Greiðslugrunnur	
Hlutfallsleg skipting, %	1981	1982	1983*	1984	1985	1986*	1987	1988	**1989**	**1990**
Æðsta stjórn ríkisins	0,9	0,9	0,9	0,9	0,9	0,8	1,0	0,9	**1,0**	**1,1**
Forsætisráðuneyti	0,8	0,7	0,6	0,5	0,4	0,4	0,4	0,6	**1,0**	**0,8**
Menntamálaráðuneyti	14,9	15,5	14,8	14,5	15,5	15,9	16,0	16,1	**15,8**	**15,6**
Utanríkisráðuneyti	1,1	1,2	1,4	1,4	1,1	1,2	1,3	1,1	**1,2**	**1,4**
Landbúnaðarráðuneyti	4,4	4,0	3,7	4,2	4,6	4,3	3,8	4,1	**4,5**	**3,7**
Sjávarútvegsráðuneyti	1,5	1,4	1,2	1,6	2,9	2,5	2,3	2,1	**2,5**	**1,0**
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	5,4	5,8	5,4	4,9	5,2	5,0	5,3	4,9	**4,6**	**4,7**
Félagsmálaráðuneyti	2,8	2,5	3,5	3,3	5,6	5,8	4,2	4,3	**3,5**	**3,9**
Heilbr.- og tryggingam.ráðuneyti	37,5	35,3	35,2	35,6	35,1	36,6	39,2	37,5	**37,5**	**41,0**
Fjármálaráðuneyti	3,8	4,3	3,6	3,6	3,7	3,8	4,8	4,4	**4,6**	**3,9**
Samgönguráðuneyti	9,8	9,7	9,1	9,9	7,9	7,3	6,9	6,5	**6,7**	**7,3**
Iðnaðarráðuneyti	4,3	3,4	4,4	5,1	3,8	3,1	3,6	1,9	**1,7**	**1,2**
Viðskiptaráðuneyti	6,7	8,6	6,5	4,0	3,3	3,4	3,2	5,8	**5,3**	**5,7**
Hagstofa Íslands	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	**0,1**	**0,1**
Umhverfisráðuneyti	.	.	.	.	.	.	.	.	.	**0,0**
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	6,1	6,6	9,8	10,5	9,9	9,6	7,9	9,6	**10,0**	**8,6**
Samtals	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	**100,0**	**100,0**

* Ríkissjóður yfirtók skuldir frá orkufyrirtækjum árið 1983 að fjárhæð 735 m. kr. og árið 1986 að fjárhæð 5.081 m. kr. Þær tölur eru undanskildar í ofangreindu uppgjöri.

Tafla 6 **Verðlags- og launaþróun 1981-1990**

	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	Bráðab. 1990
I. Vísitölur 1980 = 100										
Framfærsluvísitala	151	228	420	543	718	871	1 034	1 297	1 569	1 801
Byggingarvísitala	152	237	405	495	654	814	957	1 127	1 387	1 634
Lánskjaravísitala	152	227	408	546	713	888	1 043	1 287	1 524	1 742
Meðalgengi	134	210	386	448	573	659	684	781	982	1 103
Verðvísitala samneyslu	148	229	380	462	623	790	1 004	1 243	1 442	1 600
Verðvísitala einkaneyslu	151	230	421	558	740	889	1 038	1 299	1 573	1 806
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	151	232	416	533	702	871	1 051	1 301	1 557	1 775
Atvinnutekjur á mann	156	240	376	481	685	911	1 303	1 607	1 816	2 007
Ráðstöfunartekjur á mann	159	248	395	505	743	977	1 424	1 737	1 954	2 150
Kaupmáttur atvinnutekna	103	104	89	86	93	102	126	124	116	111
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	105	108	94	91	100	110	137	134	124	119
II. Breyting milli ára, %										
Framfærsluvísitala	50,9	51,0	84,3	29,2	32,4	21,3	18,8	25,4	21,1	14,8
Byggingarvísitala	51,8	56,2	70,8	22,2	32,1	24,5	17,6	17,8	23,1	17,8
Lánskjaravísitala	51,8	49,8	79,4	33,8	30,6	24,6	17,4	23,4	18,4	14,3
Meðalgengi	33,8	57,1	83,4	16,3	27,8	15,0	3,7	14,2	25,8	12,3
Verðvísitala samneyslu	47,8	54,9	66,1	21,4	34,9	26,9	27,1	23,9	16,0	11,0
Verðvísitala einkaneyslu	51,3	52,1	83,0	32,5	32,6	20,2	16,7	25,1	21,1	14,8
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	50,8	53,7	79,6	28,1	31,7	24,0	20,7	23,8	19,7	14,0
Atvinnutekjur á mann	56,2	53,8	56,5	27,8	42,5	33,0	43,0	23,3	13,0	10,5
Ráðstöfunartekjur á mann	59,3	55,4	59,5	28,0	47,0	31,5	45,7	22,0	12,5	10,0
Kaupmáttur atvinnutekna	3,2	1,1	-14,5	-3,5	7,5	10,6	22,5	-1,4	-6,7	-3,7
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	5,3	2,2	-12,8	-3,4	10,9	9,4	24,9	-2,5	-7,1	-4,2

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun.

Tafla 7 **Þjóðhagsyfirlit 1981-1990**

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	Bráðab. 1990
1. Einkaneysla	14 327	22 939	39 418	53 886	74 705	96 933	131 712	158 200	176 254	202 340
2. Samneysla	4 039	6 644	11 559	14 056	20 136	27 291	36 791	47 468	56 368	63 193
3. Fjárfesting	5 929	9 251	14 127	18 356	24 460	29 684	41 042	48 032	55 510	66 000
4. Neysla og fjárfesting alls	24 295	38 834	65 104	86 298	119 301	153 908	209 545	253 700	288 132	331 533
5. Birgðabreytingar	253	913	-1 070	786	- 978	-2 094	- 416	1 850	- 885	1 121
6. Þjóðarútgjöld alls	24 548	39 747	64 034	87 084	118 323	151 814	209 129	255 550	287 247	332 654
7. Útflutningur vöru og þjónustu	8 724	12 714	27 078	34 295	49 819	63 125	73 466	84 131	108 968	125 625
8. Innflutningur vöru og þjónustu	8 936	14 329	25 275	33 871	49 051	56 342	74 496	85 042	100 366	121 414
9. Verg landsframleiðsla	**24 336**	**38 132**	**65 837**	**87 508**	**119 091**	**158 597**	**208 099**	**254 639**	**295 849**	**336 865**
10. Vaxtajöfnuður o.fl.	- 811	-1 495	-3 066	-4 554	-5 584	-6 229	-6 203	-8 333	-13 217	-14 292
11. Viðskiptajöfnuður (7-8+10)	-1 023	-3 110	-1 263	-4 130	-4 816	554	-7 233	-9 244	-4 615	-10 081
12. Verg þjóðarframleiðsla (9+10)	**23 525**	**36 637**	**62 771**	**82 954**	**113 507**	**152 368**	**201 896**	**246 306**	**282 632**	**322 573**
13. Magnbreyting VLF, %	4,1	2,0	-3,9	3,8	3,4	7,4	8,7	-0,8	-2,9	0,0
14. Viðskiptajöfnuður, % af VLF	-4,2	-8,2	-1,9	-4,7	-4,0	0,3	-3,5	-3,6	-1,6	-3,0

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 8 **Utanríkisviðskipti 1981-1990**

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	Bráðab. 1990
Vöruútflutningur	**6 536**	**8 479**	**18 623**	**23 557**	**33 750**	**44 968**	**53 053**	**61 667**	**80 072**	**92 625**
Sjávarafurðir	5 116	6 361	12 667	15 833	25 232	34 627	40 322	43 826	56 812	69 897
Ál	634	852	3 274	3 426	3 340	4 125	5 080	6 626	10 290	9 587
Kísiljárn	123	243	614	1 016	1 220	1 334	1 473	2 418	3 027	2 431
Annar vöruútflutningur	663	1 023	2 068	3 282	3 958	4 882	6 178	8 797	9 943	10 710
Vöruinnflutningur	**6 732**	**10 364**	**18 156**	**23 889**	**33 760**	**40 988**	**55 020**	**61 996**	**72 603**	**88 715**
Skip og flugvélar	334	399	587	654	959	1 862	3 268	5 405	5 841	9 550
Olía	1 089	1 591	3 012	3 683	5 282	3 693	3 724	3 658	5 990	8 367
Annar vöruinnflutningur	5 309	8 374	14 557	19 552	27 519	35 433	48 028	52 933	60 772	70 798
Vöruskiptajöfnuður	**- 196**	**-1 885**	**467**	**- 332**	**- 10**	**3 980**	**-1 967**	**- 329**	**7 469**	**3 910**
Útflutt þjónusta án vaxta	2 188	4 235	8 455	10 738	16 069	18 157	20 413	22 464	29 149	33 000
Innflutt þjónusta án vaxta	2 204	3 965	7 119	9 982	15 291	15 354	19 476	23 046	28 282	32 700
Þjónustujöfnuður án vaxta	**- 16**	**270**	**1 336**	**756**	**778**	**2 803**	**937**	**- 582**	**867**	**300**
Vaxtajöfnuður o.fl.	**- 811**	**-1 495**	**-3 066**	**-4 554**	**-5 584**	**-6 229**	**-6 203**	**-8 333**	**-12 951**	**-14 290**
Viðskiptajöfnuður	**-1 023**	**-3 110**	**-1 263**	**-4 130**	**-4 816**	**554**	**-7 233**	**-9 244**	**-4 615**	**-10 080**
Hlutfall af VLF, %										
Vöruskiptajöfnuður	-0,8	-4,9	0,7	-0,4	-	2,5	-0,9	-0,1	2,5	1,2
Þjónustujöfnuður án vaxta	-0,1	0,7	2,0	0,9	0,7	1,8	0,4	-0,2	0,3	0,1
Vaxtajöfnuður o.fl.	-3,3	-3,9	-4,7	-5,2	-4,7	-3,9	-3,0	-3,3	-4,4	-4,2
Viðskiptajöfnuður	-4,2	-8,2	-1,9	-4,7	-4,0	0,3	-3,5	-3,6	-1,6	-3,0

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Tafla 9 **Fjárfesting 1981-1990**

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	Bráðab. 1990
I. Atvinnuvegir	**2 396**	**3 775**	**5 888**	**7 961**	**12 230**	**16 090**	**22 148**	**23 959**	**24 696**	**29 850**
1. Landbúnaður *	212	409	621	978	1 609	2 226	2 367	2 560	2 448	1 980
2. Fiskveiðar	376	518	781	839	910	2 648	4 192	5 835	3 360	1 800
3. Vinnsla sjávarafurða	222	360	521	785	1 137	1 358	1 440	1 509	1 265	2 000
4. Annar iðnaður	568	798	1 264	2 020	3 023	3 457	4 261	4 671	5 865	6 340
5. Flutningatæki	470	593	832	790	1 734	1 403	1 774	1 387	3 846	9 200
6. Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	308	613	1 084	1 269	1 933	2 626	4 770	4 190	4 700	4 530
7. Ýmsar vélar og tæki	240	484	785	1 280	1 884	2 372	3 344	3 807	3 212	4 000
II. Íbúðarhús	**1 317**	**2 251**	**3 495**	**4 714**	**5 380**	**5 770**	**7 752**	**10 106**	**12 740**	**15 000**
III. Byggingar og mannvirki hins opinbera	**2 216**	**3 225**	**4 744**	**5 681**	**6 850**	**7 824**	**11 142**	**13 967**	**18 074**	**21 150**
1. Rafvirkjanir og rafveitur **	797	1 159	1 510	1 550	991	899	1 177	1 882	3 103	4 800
2. Hita- og vatnsveitur	370	330	375	570	871	840	930	1 650	2 340	1 700
3. Samgöngumannvirki	649	1 061	1 764	2 229	3 062	3 625	5 634	5 409	6 288	7 250
4. Byggingar hins opinbera	400	675	1 095	1 332	1 926	2 460	3 401	5 026	6 343	7 400
IV. Fjárfesting alls	**5 929**	**9 251**	**14 127**	**18 356**	**24 460**	**29 684**	**41 042**	**48 032**	**55 510**	**66 000**
Hlutfallsleg skipting fjárfestingar, %										
I. Atvinnuvegir	40,4	40,8	41,7	43,4	50,0	54,2	54,0	49,9	44,5	45,2
II. Íbúðarhús	22,2	24,3	24,7	25,7	22,0	19,4	18,9	21,0	23,0	22,7
III. Byggingar og mannvirki hins opinbera	37,4	34,9	33,6	30,9	28,0	26,4	27,1	29,1	32,6	32,0
IV. Fjárfesting alls	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Fjárfesting alls sem % af VLF	**24,4**	**24,3**	**21,5**	**21,0**	**20,5**	**18,7**	**19,7**	**18,9**	**18,8**	**19,6**

* Fiskeldisstöðvar meðtaldar.

** Frá og með árinu 1985 eru vextir á byggingartíma ekki taldir með fjárfestingu Landsvirkjunar.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 10 **Byggingar og mannvirki hins opinbera 1981-1990**

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	Bráðab. 1990
Rafvirkjanir og rafveitur	797	1 159	1 510	1 550	991	899	1 177	1 882	3 103	4 800
Hitaveitur	325	260	275	457	663	630	690	1 330	1 970	1 000
Vatnsveitur	45	70	100	113	208	210	240	320	370	700
Vegir og brýr	228	329	504	653	874	955	1 027	1 537	1 728	2 150
Götur og holræsi	230	393	640	670	973	950	1 456	1 947	2 221	2 600
Hafnir og vitar	87	127	177	214	232	206	508	785	913	945
Flugvellir	18	31	81	220	431	712	1 528	388	521	355
Póstur, sími, hljóðvarp og sjónvarp	86	181	362	472	552	802	1 115	752	905	1 200
Skólar og íþróttamannvirki	168	272	487	611	797	907	1 532	2 038	2 723	2 800
Sjúkrahús	162	271	370	401	558	798	754	1 234	1 336	1 400
Félagsheimili og kirkjur	27	46	90	88	182	292	149	189	217	300
Aðrar byggingar hins opinbera	43	86	148	232	389	463	966	1 565	2 067	2 900
Samtals	**2 216**	**3 225**	**4 744**	**5 681**	**6 850**	**7 824**	**11 142**	**13 967**	**18 074**	**21 150**
Hlutfallsleg skipting, %										
Rafvirkjanir og rafveitur	36,0	35,9	31,8	27,3	14,5	11,5	10,6	13,5	17,2	22,7
Hitaveitur	14,7	8,1	5,8	8,0	9,7	8,1	6,2	9,5	10,9	4,7
Vatnsveitur	2,0	2,2	2,1	2,0	3,0	2,7	2,2	2,3	2,0	3,3
Vegir og brýr	10,3	10,2	10,6	11,5	12,8	12,2	9,2	11,0	9,6	10,2
Götur og holræsi	10,4	12,2	13,5	11,8	14,2	12,1	13,1	13,9	12,3	12,3
Hafnir og vitar	3,9	3,9	3,7	3,8	3,4	2,6	4,6	5,6	5,1	4,5
Flugvellir	0,8	1,0	1,7	3,9	6,3	9,1	13,7	2,8	2,9	1,7
Póstur, sími, hljóðvarp og sjónvarp	3,9	5,6	7,6	8,3	8,1	10,3	10,0	5,4	5,0	5,7
Skólar og íþróttamannvirki	7,6	8,4	10,3	10,8	11,6	11,6	13,7	14,6	15,1	13,2
Sjúkrahús	7,3	8,4	7,8	7,1	8,1	10,2	6,8	8,8	7,4	6,6
Félagsheimili og kirkjur	1,2	1,4	1,9	1,5	2,7	3,7	1,3	1,4	1,2	1,4
Aðrar byggingar hins opinbera	1,9	2,7	3,1	4,1	5,7	5,9	8,7	11,2	11,4	13,7
Samtals	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 11 Veitt og tekin lán ríkissjóðs 1982-1990

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	Bráðab. 1990
Tekin lán	**10 190**	**18 941**	**26 913**	**37 570**	**44 287**	**52 026**	**68 273**	**97 113**	**107 000**
Seðlabanki Íslands	278	915	1 897	3 683	1 693	3 059	3 448	3 221	1 500
Spariskírteini	1 912	3 310	3 244	5 165	8 541	11 775	16 659	21 717	28 400
Lífeyrissjóðir	198	454	669	1 004	2 018	2 349	2 507	-	-
Ríkisvíxlar	-	-	-	-	-	931	725	5 892	9 600
Aðrir innlendir aðilar	1 070	1 780	1 606	2 088	2 731	3 957	4 729	7 771	10 100
Erlend lán	6 732	12 482	19 497	25 630	29 304	29 955	40 205	58 512	57 400
Lánveitingar	**9 909**	**15 149**	**21 414**	**29 839**	**29 713**	**35 632**	**47 569**	**53 489**	**57 400**
Veitt lán	8 703	13 048	18 182	24 737	22 985	24 182	29 967	34 433	35 900
þ.a. lán tengd innlendu verðlagi	2 168	3 114	4 168	10 517	11 596	13 476	15 795	16 331	18 400
þ.a. gengisbundin lán	6 535	9 934	14 014	14 220	11 389	10 706	14 172	18 102	17 500
Viðskiptareikningar, nettó	1 206	2 101	3 232	5 102	6 728	11 450	17 602	19 056	21 500
Tekin lán umfram lánveitingar	**281**	**3 792**	**5 499**	**7 731**	**14 574**	**16 394**	**20 704**	**43 624**	**49 600**
Lánveitingar sem % af teknum lánum	97,2	80,0	79,6	79,4	67,1	68,5	69,7	55,1	53,6
Hlutfall af VLF, % *									
Tekin lán	20,9	25,1	26,2	28,2	27,3	24,1	25,0	30,0	31,8
þ.a. erlendar skuldir	13,7	17,1	18,5	19,5	18,3	14,5	14,7	17,9	17,2
Veitt lán	17,8	17,4	17,7	18,0	14,0	11,0	11,0	16,6	17,0
þ.a. gengisbundin lán	13,3	13,6	13,3	10,3	6,9	5,2	5,2	5,5	5,2
Viðskiptareikningar, nettó	2,5	2,5	3,4	3,7	4,0	5,0	6,4	5,8	6,2
Tekin lán umfram lánveitingar	0,6	5,2	5,1	6,5	9,3	8,0	7,6	1,4	14,8

* Reiknað til meðalverðlags hvers árs með lánskjaravísitölu og meðalgengisvísitölu.

Tafla 12 **Löng erlend lán 1981-1990 flokkuð eftir lánnotendum**

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	Bráðab. 1990
Lántökur	**1 698**	**3 633**	**5 577**	**7 509**	**9 932**	**12 042**	**12 819**	**16 632**	**26 103**	**26 260**
Opinberir aðilar	853	2 267	3 705	4 111	5 727	5 816	3 213	4 949	9 771	8 377
Lánastofnanir	176	585	908	1 982	1 945	2 106	3 187	3 670	4 968	4 722
Einkaaðilar	669	781	964	1 416	2 260	4 120	6 419	8 013	11 364	13 161
Afborganir	**633**	**1 230**	**2 674**	**4 278**	**4 456**	**5 937**	**5 777**	**6 599**	**9 104**	**11 426**
Opinberir aðilar	261	494	1 084	1 546	1 791	2 680	2 534	1 978	2 973	3 293
Lánastofnanir	69	166	351	491	658	603	455	459	630	1 029
Einkaaðilar	303	570	1 239	2 241	2 007	2 654	2 788	4 162	5 501	7 104
Nettó hreyfing	**1 065**	**2 403**	**2 903**	**3 231**	**5 476**	**6 105**	**7 042**	**10 033**	**16 999**	**14 834**
Opinberir aðilar	592	1 773	2 621	2 565	3 936	3 136	679	2 971	6 798	5 084
Lánastofnanir	107	419	557	1 491	1 287	1 503	2 732	3 211	4 338	3 693
Einkaaðilar	366	211	- 275	- 825	253	1 466	3 631	3 851	5 863	6 057
Vaxtagreiðslur	**827**	**1 541**	**2 974**	**4 177**	**5 259**	**6 152**	**6 158**	**7 594**	**12 295**	**14 353**
Opinberir aðilar	528	975	2 013	2 894	3 656	4 382	4 258	4 918	7 218	7 642
Lánastofnanir	68	132	298	449	692	806	880	1 247	2 372	2 868
Einkaaðilar	231	434	663	834	911	964	1 020	1 429	2 705	3 843
Staða í árslok	**7 521**	**14 904**	**32 127**	**42 559**	**60 857**	**75 082**	**83 806**	**105 471**	**151 098**	**178 146**
Opinberir aðilar	4 863	9 847	21 973	29 475	42 293	50 755	52 294	62 813	86 324	98 470
Lánastofnanir	611	1 439	3 400	5 693	8 735	11 778	14 943	20 264	30 247	35 876
Einkaaðilar	2 047	3 618	6 754	7 391	9 829	12 549	16 569	22 394	34 527	43 800
Gengisforsendur; SDR = Krónur	8,51	13,71	26,60	32,38	42,18	48,18	49,92	57,78	73,12	79,01
Meðalvextir (%)	**12,3**	**11,8**	**9,9**	**10,4**	**9,3**	**8,7**	**7,8**	**7,8**	**8,9**	**8,6**
Opinberir aðilar	12,2	11,6	10,1	10,6	9,3	9,1	8,2	8,1	8,9	8,1
Lánastofnanir	11,1	10,8	9,6	9,6	8,9	7,6	6,8	7,0	8,8	8,7
Einkaaðilar	13,0	12,5	9,6	10,4	9,5	8,4	7,4	7,3	9,0	9,8

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 13 **Staða þjóðarbúsins út á við og greiðslubyrði erlendra lána 1981-1990**

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	Bráðab. 1990
Löng erlend lán	-7 521	-14 904	-32 127	-42 559	-60 857	-75 082	-83 806	-105 470	-151 098	-178 146
Stutt vörukaupalán o.fl.	-1 270	-2 380	-4 264	-6 995	-13 472	-12 574	-17 012	-20 854	-20 156	-18 518
Greiddur útflutningur	680	1 090	2 921	4 389	4 133	5 028	6 244	8 873	10 518	11 181
Gjaldeyrisstaða	1 451	1 101	2 280	1 763	7 297	11 266	10 420	11 102	18 350	23 873
Nettó staða við útlönd	-6 660	-15 093	-31 190	-43 402	-62 899	-71 362	-84 154	-106 349	-142 386	-161 610
Hlutfall af VLF, %										
Löng erlend lán	30,9	39,1	48,8	48,6	51,1	47,3	40,3	41,4	51,1	52,9
Nettó staða	27,4	39,6	47,4	49,6	52,8	45,0	40,4	41,8	48,1	48,0
Greiðslubyrði erlendra lána:										
Afborganir af löngum erlendum lánum	633	1 230	2 674	4 278	4 456	5 937	5 777	6 599	9 104	11 425
Vaxtagreiðslur af löngum lánum	827	1 541	2 974	4 177	5 259	6 152	6 158	7 594	12 295	14 353
Samtals	1 460	2 771	5 648	8 455	9 715	12 089	11 935	14 193	21 399	25 778
Nettó vaxtagreiðslur	802	1 475	3 050	4 555	5 605	6 226	6 213	8 173	12 951	14 400
Hlutfall af útflutningstekjum, %										
Afborganir af löngum erlendum lánum	7,1	9,4	9,7	12,3	8,8	9,3	7,7	7,7	8,2	9,0
Vaxtagreiðslur af löngum lánum	9,3	11,8	10,8	12,0	10,4	9,6	8,3	8,9	11,1	11,3
Samtals	16,4	21,2	20,6	24,3	19,2	18,9	16,0	16,6	19,3	20,2
Nettó vaxtagreiðslur	9,0	11,3	11,1	13,1	11,1	9,7	8,3	9,6	11,7	11,3
Afborganir og nettó vaxtagreiðslur alls	16,1	20,7	20,8	25,4	19,9	19,0	16,1	17,3	19,9	20,3
Verg landframleiðsla (m.kr.)	24 336	38 132	65 837	87 508	119 091	158 597	208 099	254 639	295 849	336 865
Útflutningstekjur (m.kr.)	8 887	13 063	27 456	34 792	50 490	63 938	74 544	85 266	110 838	127 425

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 14 **Byggingarsjóður ríkisins 1981-1990**

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	Bráðab. 1990
Innstreymi	**383**	**529**	**957**	**1 941**	**3 182**	**4 491**	**6 735**	**9 697**	**11 618**	**13 519**
Ríkissjóður	49	70	147	245	966	1 300	1 000	1 125	550	49
Lífeyrissjóðir	125	129	268	356	691	1 730	3 705	5 684	7 317	7 279
Skyldusparnaður, nettó	10	29	- 8	- 82	- 17	22	85	15	- 164	- 161
Önnur lán	76	52	150	827	703	150	157	-	-	1 329
Afborganir, vextir og verðbætur	116	203	377	459	799	1 238	1 681	2 495	3 334	4 420
Byggingarsj. verkamanna, endurgreiðslur	-	-	-	-	-	-	-	175	-	81
Tekjur tæknideildar	3	5	14	11	23	36	38	57	56	47
Annað	4	5	3	17	17	15	10	146	29	31
Sjóðsminnkun	-	36	6	108	-	-	59	-	496	444
Útstreymi	**383**	**529**	**957**	**1 941**	**3 182**	**4 491**	**6 735**	**9 697**	**11 618**	**13 519**
Rekstrarkostnaður o.fl.	9	17	30	48	96	118	178	245	278	350
Afborganir, vextir og verðbætur	54	114	234	339	676	944	1 490	2 416	3 272	4 111
Lán til Byggingarsjóðs verkamanna	-	-	-	-	73	153	334	123	203	97
Annað	11	5	1	2	59	-	-	141	354	105
Sjóðsaukning	22	-	-	-	248	432	-	914	-	-
Veitt lán, samtals	287	393	692	1 552	2 030	2 844	4 733	5 858	7 511	8 856
Til nýbygginga og eldri íbúða	192	264	558	1 297	1 550	1 943	4 109	4 920	6 000	7 192
Greiðsluerfiðleikalán	-	-	-	-	235	540	155	310	284	207
Lán vegna kaupleiguíbúða	-	-	-	-	-	-	-	55	525	892
Framkv.lán til nýbygg. og dvalarheimila	77	89	88	107	89	223	354	421	510	333

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

Tafla 15 **Byggingarsjóður verkamanna 1981-1990**

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	Bráðab. 1990
Innstreymi	**118**	**240**	**438**	**510**	**989**	**1 343**	**1 576**	**2 607**	**4 000**	**5 321**
Ríkissjóður	74	105	158	200	282	300	300	600	600	490
Framlag sveitarfélaga	13	21	38	38	44	68	71	102	150	136
Kaupendur eldri íbúða	1	11	23	23	22	38	47	35	48	49
Lífeyrissjóðir	13	67	118	140	333	580	490	1 440	2 375	2 973
Afborganir, vextir og verðbætur	11	34	49	48	98	118	141	244	530	872
Verðbætur á framkv.lán við uppgjör	-	-	-	-	136	85	46	61	89	415
Byggingarsjóður ríkisins	-	-	-	-	73	153	334	123	203	97
Annað	-	-	-	61	1	1	-	2	5	32
Sjóðsminnkun	6	2	52	-	-	-	147	-	-	257
Útstreymi	**118**	**240**	**438**	**510**	**989**	**1 343**	**1 576**	**2 607**	**4 000**	**5 321**
Rekstrarkostnaður o.fl.	3	6	10	9	16	30	36	60	82	100
Afborganir, vextir og verðbætur	-	3	19	40	88	182	316	498	794	1 099
Byggingarsj. ríkisins, endurgreiðslur	-				-	-	-	175	-	81
Annað	4	-	-	-	-	2	6	-	-	-
Sjóðsaukning	-	-	-	52	113	35	-	5	208	-
Veitt lán, samtals	111	231	409	409	772	1 094	1 218	1 869	2 916	4 041
Verkamannabústaðir og leiguíbúðir	87	182	333	284	538	722	837	1 468	2 246	2 612
Kaupleiguíbúðir	-	-	-	-	-	-	-	6	121	483
Endursöluíbúðir	24	49	76	125	234	372	381	395	549	946

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

Nd. 898. Frumvarp til laga [28. mál]

um mannanöfn.

(Eftir eina umr. í Ed., 12. mars.)

Samhljóða þskj. 837 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Hverju barni skal gefa eiginnafn, þó ekki fleiri en þrjú.

Þeir sem fara með forsjá barns hafa bæði rétt og skyldu til að gefa því eiginnafn, eftir því sem greinir í lögum þessum.

2. gr. hljóðar svo:

Eiginnafn skal vera íslenskt eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Það má ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi. Eiginnafn má ekki heldur vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama.

Hvorki má gefa stúlku karlmannsnafn né dreng kvenmannsnafn.

Óheimilt er að gefa barni ættarnafn sem eiginnafn nema hefð sé fyrir því nafni.

10. gr. hljóðar svo:

Erlendur ríkisborgari, sem stofnar til hjúskapar við Íslending er ekki hefur ættarnafn, má kenna sig til föður eða móður maka síns á sama hátt og hann. Ekki tekur þetta til niðja slíkra hjóna.

Hafi íslensk hjón tekið sameiginlega upp kenninafn annars hvors við búsetu erlendis er þeim skylt, er breytti kenninafni sínu, að leggja það niður við flutning til landsins, sbr. 1. mgr. 9. gr. Sama gildir um börn slíkra hjóna.

Einstaklingur, sem við gildistöku þessara laga er kenndur til föður eða móður maka síns á þjóðskrá, má gera það áfram.

Ed. 899. Breytingartillaga [237. mál]

við frv. til l. um sjóðshappdrætti til stuðnings kaupum á björgunarþyrlu.

Frá Skúla Alexanderssyni.

Við bætist ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

Einstaklingar og lögaðilar skulu greiða af almennum eignarskattsstofni, sem greiðist af 1,2% eignarskattur, sbr. 83. og 84. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum, 0,07% í sjóð til kaupa á björgunarþyrlu. Kemur eignarskatturinn til framkvæmda við álagningu gjalda fyrir árin 1991–1994.

Nd. 900. Nefndarálit [340. mál]

um frv. til l. um leikskóla.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það Berg Felixson, framkvæmdastjóra Dagvistar barna í Reykjavík, Selmu Dóru Þorsteinsdóttur, formann Fóstrufélags Íslands, Jónínu Bjartmarz, Odd Sigurðsson og Stefaníu Björnsdóttur frá Samtökum foreldra barna í leikskóla. Þá barst nefndinni kostnaðarumsögn um frumvarpið frá fjármálaráðuneytinu.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. mars 1991.

Ragnar Arnalds, form., frsm. Guðmundur G. Þórarinsson. Ólafur Þ. Þórðarson.

Árni Gunnarsson.

Nd. 901. Breytingartillaga [340. mál]

við frv. til l. um leikskóla.

Frá meiri hl. menntamálanefndar (RA, ÁrnG, GGÞ, ÓÞÞ).

Síðasti málsliður 1. gr. orðist svo: Leikskóli er samkvæmt lögum þessum fyrir börn frá þeim tíma að fæðingarorlofi lýkur til 6 ára aldurs.

Nd. 902. Lög [97. mál]

um gjaldþrotaskipti o.fl.

(Afgreidd frá Nd. 12. mars.)

Samhljóða þskj. 626 (sbr. 100).

Nd. 903. Lög [98. mál]

um meðferð opinberra mála.

(Afgreidd frá Nd. 12. mars.)

Samhljóða þskj. 700.

Nd. 904. Lög [104. mál]

um skipti á dánarbúum o.fl.

(Afgreidd frá Nd. 12. mars.)

Samhljóða þskj. 108.

Ed. 905. Frumvarp til laga [335. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 12. mars.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Anoruo, Chigozie Onyemuche, verkamaður í Reykjavík, f. 12. apríl 1974 í Nígeríu.
2. Ben Ali, Ayari Brahim, matsveinn í Reykjavík, f. 13. janúar 1964 í Túnis.
3. Ben Ezra, Nili, verkakona á Patreksfirði, f. 6. nóvember 1964 í Ísrael. Fær réttinn 30. ágúst 1991.
4. Berger, Jiri, sálfræðingur á Akureyri, f. 1. júlí 1950 í Tékkóslóvakíu.
5. Canada, Ermelinda Almeda, húsmóðir í Reykjavík, f. 5. ágúst 1959 á Filippseyjum.
6. Chase, Beverly Ellen, aðstoðarveitingastjóri í Reykjavík, f. 6. október 1967 í Bandaríkjunum. Fær réttinn 30. september 1991.
7. Curtis, George Frank, verslunarstjóri í Reykjavík, f. 29. nóvember 1949 í Skotlandi.
8. Curtis, Þór Arnar, nemi í Reykjavík, f. 9. ágúst 1973 í Reykjavík.
9. Daglas, Sami Fathi Ahmad, rafsuðumaður í Bessastaðahreppi, f. 1. júní 1966 í Jórdaníu. Fær réttinn 19. ágúst 1991.
10. Drummond, Jonathan Paul, golfkennari í Reykjavík, f. 4. apríl 1963 í Englandi.
11. Enriquez, Charita Capuyan, starfsstúlka í Reykjavík, f. 29. maí 1961 á Filippseyjum. Fær réttinn 30. september 1991.
12. Espiritu, Vincenta Cabilao, húsmóðir í Reykjavík, f. 23. júlí 1966 á Filippseyjum.
13. Farrell, Cynthia Ann, kennari í Vestmannaeyjum, f. 23. október 1955 í Bandaríkjunum.
14. Fossádal, Ragna, húsmóðir í Grindavík, f. 26. júlí 1939 í Færeyjum.
15. Golebiowska, Ewa Anna, póstmaður í Reykjavík, f. 22. desember 1958 í Póllandi. Fær réttinn 21. júlí 1991.
16. Lebunafacil, Adela A., verkakona í Keflavík, f. 1. júlí 1955 á Filippseyjum.
17. Líney Dan Gunnarsdóttir, barn í Reykjavík, f. 12. nóvember 1987 á Indlandi.
18. Maerel, Jean-Jacques Léon, verkamaður í Reykjavík, f. 28. apríl 1952 í Frakklandi.
19. Makosz, Elzbieta Zofia, kennari í Bolungarvík, f. 14. júní 1962 í Póllandi.
20. Namwijit, Sophaporn, verkakona á Ísafirði, f. 15. september 1950 á Thailandi.
21. Oliverio, Serecia Pitogo, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. 21. febrúar 1961 á Filippseyjum. Fær réttinn 5. júní 1991.
22. Olsen, Marianne, húsmóðir í Reykjavík, f. 27. október 1958 í Danmörku.

23. Ólöf Halla Hjartardóttir, verslunarmaður í Hveragerði, f. 20. október 1953 í Reykjavík.
24. Paraiso, Sixta Alfante, húsmóðir í Kópavogi, f. 6. ágúst 1946 á Filippseyjum. Fær réttinn 30. júlí 1991.
25. Rader, Margrét Ann, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 25. október 1950 í Bandaríkjunum.
26. Roberts, Kristrún Ingibjörg, bréfberi í Mosfellsbæ, f. 22. júní 1950 í Reykjavík.
27. Robinson, Deborah Lynne, húsmóðir á Flateyri, f. 11. janúar 1962 í Suður-Afríku.
28. Rossen, Magnús Ólafur, bifvélavirki í Reykjavík, f. 15. júlí 1967 í Stykkishólmi.
29. Ruf, Dora, húsfreyja í Kjósarhreppi, f. 22. mars 1955 í Sviss.
30. Röver, Nóra María, nemandi í Reykjavík, f. 16. júní 1970 í Vestur-Þýskalandi.
31. Semichat, Larib, verkamaður í Reykjavík, f. 15. júlí 1961 í Túnis.
32. Shen, Zhi Ying, verkakona í Reykjavík, f. 19. júlí 1930 í Kína.
33. Siengboon, Sompit, starfsstúlka í Reykjavík, f. 4. október 1956 í Thailandi.
34. Sobczynski, Dariusz Andrzej, nemi í Reykjavík, f. 4. júlí 1959 í Póllandi. Fær réttinn 21. júlí 1991.
35. Tinganelli, Leone, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 22. janúar 1964 á Ítalíu.
36. Toohey, John Patrick, kerfisfræðingur í Reykjavík, f. 17. janúar 1963 á Írlandi.
37. Torcato, Antonio Carlos Dos Reis, verkamaður í Bolungarvík, f. 7. janúar 1954 í Portúgal.
38. Undall-Behrend, Daníel Jakob, vélvirki í Arnarneshreppi, f. 19. apríl 1949 í Arnarneshreppi.
39. Urbschat, Marlene, hagfræðingur á Blönduósi, f. 14. febrúar 1956 í Vestur-Þýskalandi. Fær réttinn 7. maí 1991.
40. Wheeley, Jón Wayne, nemi í Reykjavík, f. 30. júní 1970 í Bandaríkjunum.
41. Wilson, Kristín Anna Tryggvadóttir, nemi í Reykjavík, f. 11. apríl 1975 í Ástralíu.
42. Ycot, Maria Miraflor, starfsstúlka í Reykjavík, f. 6. maí 1969 á Filippseyjum. Fær réttinn 23. júlí 1991.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenninafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 906. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Þroskaþjálfaskóla Íslands, nr. 40/1985.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í neðri deild.

Karl Steinar Guðnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. mars 1991.

Valgerður Sverrisdóttir, form., frsm.	Salome Þorkelsdóttir, fundaskr.	Guðrún J. Halldórsdóttir.
Stefán Guðmundsson.	Margrét Frímannsdóttir.	Guðmundur H. Garðarsson.

Nd. 907. Nefndarálit [379. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59/1987, um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir og Ragnhildur Helgadóttir voru fjarstaddar afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. mars 1991.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm.	Anna Ólafsdóttir Björnsson, fundaskr.	Geir H. Haarde.
Guðmundur G. Þórarinsson.		Geir Gunnarsson.

Sþ. 908. Þingsályktun [216. mál]

um stofnræktun kartöfluútsæðis.

(Afgreidd frá Sþ. 12. mars.)

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að koma þegar af stað stofnræktun kartöfluútsæðis sem fullnægt geti þörfum allra kartöflframleiðenda. Verkið verði unnið á grundvelli áætlunar sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur gert.

Sþ. 909. Þingsályktun [135. mál]

um fræðslu í fjármálaumsýslu í skólum.

(Afgreidd frá Sþ. 12. mars.)

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta útbúa námsgögn um almenna fjármálaumsýslu fyrir efsta bekk grunnskólans, sem og framhaldsskólann, og gera fræðslu um hana að skyldunámsefni á þessum námsstigum. Ráðuneytið ákveði í hvaða námsgreinum fræðslunni verði best fyrir komið.

Markmið fjármálafræðslunnar verði:

1. að taka til meðferðar sem flest er við kemur almennri fjármálaumsýslu, þar með talin gerð greiðslu- og kostnaðaráætlana, og setja efnið þannig fram að það verði öllum aðgengilegt og skýrt,
2. að gera ungt fólk betur meðvitað um fjármál og um leið fjárskuldbindingar með því m.a.:
   a. að kynna nemendum meðferð greiðslukorta og notkun tékkhefta,
   b. að kynna nemendum almennar reglur um lántökur, svo sem víxla- og skuldabréfaviðskipti, vaxtamál og hvaða ábyrgð felst í því að gerast ábyrgðarmaður á skuldaviðurkenningum,
   c. að tengja þessi námsgögn réttindum og skyldum manna er þeir verða fjárráða.

Ed. 910. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til stjórnsýslulaga.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Jón Sveinsson, aðstoðarmann forsætisráðherra, Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóra, Eirík Tómasson hæstaréttarlögmann, Björn Þ. Guðmundsson prófessor, Lúðvík Geirsson, formann Blaðamannafélags Íslands, og Ólaf Ásgeirsson þjóðskjalavörð. Umsagnir bárust frá Blaðamannafélagi Íslands, Birni Þ. Guðmundssyni prófessor, umboðsmanni Alþingis, Sýslumannafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, stjórnsýslunefnd, Páli Hreinssyni lögfræðingi, forsætisráðuneytinu og Þjóðskjalasafni Íslands. Auk þess sendi forsætisráðuneytið þær umsagnir sem nefndinni, er samdi frumvarpið, bárust.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði almenn löggjöf um stjórnsýslu og vinnureglur stjórnvalda. Settar eru meginreglur sem stjórnvöldum ber að virða við meðferð mála. Í lögum er að finna á víð og dreif ákvæði um málsmeðferð stjórnvalda við ákvarðanir, en almennar reglur hafa mestmegnis verið dregnar af dómaframkvæmd. Setning stjórnsýslulaga er gífurleg réttarbót fyrir almenning og felst í þeim öryggi fyrir því að stjórnsýslan starfi í anda jafnræðis og að hlutlæg sjónarmið ráði afgreiðslu mála.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að gerðar verði nokkrar breytingar á frumvarpinu. Lagt er til að gildissvið, sbr. 1. gr., verði skýrar afmarkað. Einnig er lagt til að heiti I. kafla breytist.

Í umsögnum um frumvarpið kom m.a. fram gagnrýni á hugtakanotkun í því. Leggur nefndin til lagfæringar þar að lútandi, m.a. með því að orðið „stjórnsýsluhafi“ verði ekki notað. Eru lagðar til breytingar á 2. gr. og mörgum öðrum greinum frumvarpsins vegna þessa.

Breyting á 3. gr. felur í sér að reglur um sérstakt hæfi, ef aðili hefur haft afskipti af máli á fyrra stigi, gilda ekki um hæfi sveitarstjórnarmanns til að fjalla um mál þótt hann hafi haft afskipti af því í stjórn eða ráði á vegum sveitarstjórnarinnar.

Lagt er til að reglur 6. gr. frumvarpsins um úrskurð um vanhæfi stjórnvalds breytist þannig að stjórnvaldið taki sjálft ákvörðun um hvort það eigi að víkja sæti. Ákvörðun þess getur yfirmaður breytt og hún getur einnig komið til endurskoðunar við stjórnsýslukæru. Fjölskipað stjórnvald tekur einnig ákvörðun um hvort maður, sem sæti á í því, telst vanhæfur og víkur hann þá sæti á meðan nema lög skipi á annan veg. Ef fjölskipað stjórnvald verður ekki ályktunarhæft vegna hugsanlegs vanhæfis allra sem þar eiga sæti taka þeir allir þátt í ákvörðun um hvort stjórnvaldið sé vanhæft.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. mars 1991.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Salome Þorkelsdóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 911. Breytingartillögur [203. mál]

við frv. til stjórnsýslulaga.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar (GuðmÁ, VS, SkA, JE, SalÞ, EKJ).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi taka til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og stofnana þeirra.
   Í reglugerð, sem forsætisráðherra setur, er heimilt að ákveða að lögin nái jafnframt til fyrirtækja og stofnana sem fengið er opinbert vald án þess að þau teljist til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Ráðherra getur í þessu sambandi sett ítarlegri reglur um varðveislu upplýsinga og um þagnarskyldu.
   Lögin gilda um meðferð stjórnsýslumála þar sem taka á ákvörðun um rétt eða skyldu manna. Þau gilda þó ekki við samningu stjórnsýslufyrirmæla.
   Ákvæði II. kafla um sérstakt hæfi gilda einnig við meðferð mála varðandi samningagerð eða aðra svipaða einkaréttarlega löggerninga.
   Ákvæði VIII. kafla um þagnarskyldu gilda um alla starfsemi sem fram fer í opinberri stjórnsýslu.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:
   Stjórnsýsla: Stjórnunar- og eftirlitsstörf við rekstur ríkis og sveitarfélaga.

Stjórnvald: Embætti, stofnun, ráð eða nefnd á vegum ríkis eða sveitarfélaga sem hefur að lögum heimild til þess að kveða á um rétt eða skyldur manna og annast stjórnsýslu á hverjum tíma.

Aðili máls: Aðili er hefur lögmætra hagsmuna að gæta varðandi stjórnsýsluákvörðun.

Íþyngjandi stjórnsýsluákvörðun: Ákvörðun stjórnvalds sem skerðir rétt manna eða leggur auknar skyldur á herðar þeim.

Andmælaréttur: Réttur aðila til þess að kynna sér gögn máls og málsástæður og til að tjá sig um málið áður en ákvörðun er tekin.

Stjórnsýsluákvörðun: Ákvörðun stjórnvalds um rétt eða skyldu manna.

Stjórnsýslumál: Úrlausnarefni sem er til umfjöllunar og ákvörðunar í stjórnsýslunni.

Stjórnsýslukæra: Kæra aðila máls sem hefur kærurétt til æðra stjórnvalds.

3. Við 3. gr.
   a. Í stað orðsins „stjórnsýsluhafi“ í upphafi 1. mgr. komi: Sá sem starfar við stjórnsýslu.
   b. 4. tölul. 1. mgr. orðist svo: Hann hefur á kærustigi tekið þátt í meðferð þess á lægra settu stjórnsýslustigi eða sem stjórnvald við meðferð umsjónar- eða eftirlitsvalds ef hann hefur áður haft afskipti af málinu hjá því stjórnvaldi sem eftirlitið lýtur að. Þetta á þó ekki við um umfjöllun fulltrúa í sveitarstjórn sem áður hafa fjallað um mál í stjórn, nefnd eða ráði á vegum sveitarstjórnar.
4. Við 4. gr.
   a. Í stað orðanna „Stjórnsýsluhafi má þrátt fyrir ákvæði 3. gr.“ í upphafi 1. mgr. komi: Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. má einstaklingur.
   b. Í stað orðsins „aðila“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: menn.
   c. Í stað orðanna „fjölskipaður stjórnsýsluhafi“ og „fjölskipaða stjórnsýsluhafa“ í 3. mgr. komi: fjölskipað stjórnvald og fjölskipaða stjórnvalds.
5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

   Stjórnvald tekur sjálft ákvörðun um hvort það víkur sæti. Í þeim tilvikum þar sem aðili máls krefst þess og hægt er að verða við því án verulegra tafa, eða þar sem stjórnvaldi þykir ástæða til, skal leggja málið fyrir yfirmann stjórnvaldsins til ákvörðunar.

   Þegar um fjölskipað stjórnvald er að ræða ákveður það hvort manni beri að víkja sæti og skal það gert án þátttöku hans. Þetta gildir þó ekki þar sem lög kunna að skipa þessu á annan veg.

   Þegar vafi leikur á því hvort fleirum en einum manni beri að víkja sæti má enginn þeirra taka þátt í ákvörðun máls um hæfi sitt né annarra manna. Þetta gildir þó ekki ef það leiðir til þess að stjórnvaldið er ekki lengur ályktunarfært. Skulu þá allir handhafar stjórnvaldsins taka þátt í meðferð og ákvörðun málsins.

   Sá sem á sæti í fjölskipuðu stjórnvaldi og veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans, sbr. 1. mgr. 3. gr., skal án tafar vekja athygli stjórnvaldsins á því nema augljóst sé að ástæðan hafi enga þýðingu.

   Þegar maður víkur sæti í fjölskipuðu stjórnvaldi skal kalla til varamann til þess að taka þátt í meðferð og ákvörðun málsins nema ekki sé unnt að að fresta umfjöllun um málið án verulegs tjóns fyrir almanna- eða einkahagsmuni.

   Víki ráðherra sæti af ástæðum er greinir í 3. gr. skipar forseti Íslands annan ráð-

herra til þess að taka ákvörðun í því máli sem til úrlausnar er.

Ákvörðun um að víkja ekki sæti við umfjöllun máls verður ekki kærð til æðra stjórnvalds nema í tengslum við kæru um efnisúrlausn málsins.

6. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Stjórnvald skal veita þeim sem til þess leita nauðsynlega hjálp og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið þess.

Berist stjórnvaldi skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið þess ber því að framsenda fyrirspurnina til hins rétta stjórnvalds eftir því sem tök eru á.

7. Við 8. gr. Í stað orðsins „Stjórnsýsluhafi“ í upphafi síðari málsliðar komi: Stjórnvald.
8. Orðin „eða stjórnsýsluhafa“ í fyrri málslið 1. mgr. 9. gr., 1. mgr. 11. gr., 3. tölul. 12. gr., fyrri málslið 4. mgr. 14. gr., 1. mgr. og fyrri málslið 3. mgr. 17. gr., fyrri málslið fyrri málsgreinar 20. gr., fyrri málslið 1. mgr. 21. gr., 1. mgr. 23. gr., fyrri málslið fyrri og síðari málsgreinar 27. gr. falli brott.
9. Orðin „eða stjórnsýsluhafi“ í 1. tölul. 1. mgr. 10. gr., 1. og 2. mgr. 14. gr., 1. málsl. 15. gr. og 1. málsl. 1. mgr. 16. gr. falli brott.
10. Við 13. gr.
    a. Í stað 1. málsl. 1. mgr. komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: Stjórnvaldi er heimilt að takmarka aðgang aðila máls að gögnum ef hagsmunir hans af því að notfæra sér vitneskju úr gögnum þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- og einkahagsmunum, þar á meðal hag aðila sjálfs. Undir þetta falla:
    b. 6. og 7. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. falli brott.
11. Við 22. gr. Í stað orðsins „stjórnvaldsákvörðun“ í niðurlagi 3. mgr. komi: ákvörðunina.
12. Við 29. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

13. Fyrirsögn I. kafla orðist svo: **Gildissvið og orðskýringar.**

Ed. 912. Nefndarálit [204. mál]

um frv. til l. um upplýsingaskyldu stjórnvalda.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarpið er flutt í tengslum við frumvarp til stjórnsýslulaga, 203. mál þingsins, og var rætt samhliða því í nefndinni. Nefndin fékk á sinn fund Jón Sveinsson, aðstoðarmann forsætisráðherra, Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóra, Eirík Tómasson hæstaréttarlögmann, Björn Þ. Guðmundsson prófessor, Lúðvík Geirsson, formann Blaðamannafélags Íslands, og Ólaf Ásgeirsson þjóðskjalavörð. Umsagnir bárust frá Blaðamannafélagi Íslands, Birni Þ. Guðmundssyni prófessor, umboðsmanni Alþingis, Sýslumannafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, stjórnsýslunefnd, Páli Hreinssyni lögfræðingi, forsætisráðuneytinu og Þjóðskjalasafni Íslands. Auk þess sendi forsætisráðuneytið þær umsagnir sem nefndinni, er samdi frumvarpið, bárust.

Nefndin telur brýnt hagsmunamál fyrir almenning að fá lög um aðgang að upplýsingum sem stjórnvöld hafa. Slíkar reglur auka án efa réttaröryggi í landinu og stuðla að vönduðum vinnubrögðum stjórnvalda.

Þær breytingar, sem nefndin leggur til að gerðar verði á frumvarpinu, eru til samræmis við þær breytingar sem meiri hl. nefndarinnar lagði til að gerðar yrðu á frumvarpi til stjórnsýslulaga og varða hugtakanotkun. Einnig er lagt til að gildistöku sé seinkað um hálft ár.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. mars 1991.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Valgerður Sverrisdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.	Salome Þorkelsdóttir.

Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Ed. 913. Breytingartillögur [204. mál]

við frv. til l. um upplýsingaskyldu stjórnvalda.

Frá allsherjarnefnd.

1. Orðin „eða stjórnsýsluhafa“ í 1. mgr. 2. gr., 1. málsl. 1. mgr., 3. tölul. 1. mgr. og 3. mgr. 6. gr. og 1. og 2. mgr. 7. gr. falli brott.
2. Orðin „eða stjórnsýsluhafi“ í 1. og 2. mgr. 8. gr., 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 10. gr. falli brott.
3. 12. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

Sþ. 914. Tillaga til þingsályktunar [461. mál]

um jafna stöðu einstaklings og ríkis.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að undirbúa breytingar á lögum og reglugerðum svo að einstaklingurinn hafi hvarvetna jafna stöðu og ríkið í samskiptum þessara aðila. Verkinu sé lokið fyrir þingsetningu haustið 1991 og nauðsynleg frumvörp til breytinga á lögum verði lögð fram á haustþingi.

Greinargerð.

Hjá fullvalda þjóð nær hugtakið ríki yfir sameiginlega þjónustu sem þegnarnir kjósa að halda úti fyrir alla íbúana og kosta með vissu hlutfalli af vinnu sinni. Á bak við þessa hugsun liggur andi öryggis og farsældar en þó fyrst og fremst réttlætis. Allir séu jafnir fyrir ríkinu og ríkið sé jafnt þegnunum. Stundum finnst þó mönnum þeir ekki standa

jafnfætis ríkinu og bera skarðan hlut frá borði eftir að skipta við ríkið. Skipta við sjálfa sig. Hér skal einkum þrennt tekið til:

Hér skulu nefndir mismunandi vextir af skuldum eftir því hvor aðilinn skuldar hinum. Dæmi: Margir þegnar skulda oft opinber gjöld í einhvern tíma og þá eru reiknaðir dráttarvextir af skuldinni eins og lög gera ráð fyrir. En dæmið getur líka snúist við. Stundum greiða menn of mikið til innheimtumanna ríkissjóðs og m.a. út af rangri álagningu hjá skattstofum landsins. Þá eru reiknaðir vextir á inneign einstaklinga samkvæmt vöxtum á almennri sparisjóðsbók en ekki dráttarvöxtum. Á þessum tveimur tegundum vaxta er mikill munur ríkinu í hag og mál að linni.

Annað dæmi: Einstaklingum og félögum þeirra eða fyrirtækjum ber að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum á gjalddaga. Dragist það um nokkra daga leggur ríkið á viðurlög sem eru margfalt hærri en löglegir dráttarvextir. Við ítrekuð brot eru fyrirtæki manna innsigluð og þeim þannig meinað um frekari starfsemi þangað til skuldin er að fullu greidd.

En ríkið kaupir líka margvíslega vöru og þjónustu hjá einstaklingum og atvinnurekstri þeirra. Þessi viðskipti bera oftast fullan virðisaukaskatt og fellur hann á þann mánuð sem viðskiptin fara fram, burt séð frá því hvenær ríkið innir greiðslu af hendi. Stundum dregst greiðslan á langinn og ekki þýðir alltaf að krefja ríkið um dráttarvexti þrátt fyrir það. Þá segjast talsmenn þess einfaldlega ætla að beina viðskiptum sínum í aðrar áttir. Við það situr og einstaklingurinn fær enga vexti. En ekki er öll sagan sögð.

Stundum berast greiðslur ekki frá ríkinu fyrr en eftir að einstaklingurinn hefur greitt virðisaukaskatt af viðskiptunum í ríkissjóð. Þá tjóar ekki fyrir einstaklinginn að óska eftir greiðslufresti á skattinum þangað til greiðslan berst eða bjóða skuldajöfnun við ríkið. Standa verður skil á skattinum á réttum gjalddaga og engar refjar. Annars falla á hann viðurlögin þungu og um síðir verður innsigli hengt á atvinnureksturinn.

Til eru ýmis fleiri dæmi um hvernig hallar á einstaklinginn í samskiptum hans við ríkisvaldið en þessi verða látin nægja að svo komnu máli. En mál er að þessum ójöfnuði linni og jöfnuður ríki með ríkissjóði og skattþegnum landsins. Annað kann ekki góðri gæfu að stýra.

Ed. 915. Frumvarp til laga [462. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. gr.

Síðasta málsgrein 51. gr. laganna hljóði svo:

Ef elli- eða örorkulífeyrisþegi dvelst lengur en í mánuð samfellt á stofnun eða vistheimili sem er á föstum fjárlögum eða þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann fellur lífeyrir hans niður ef vistin hefur verið lengri en fjórir mánuðir undanfarna 24 mánuði. Tryggingaráði er þó heimilt að víkja frá þessum tímamörkum ef sérstaklega stendur á. Sé dvölin ekki greidd að fullu er heimilt að greiða lífeyri allt að því sem á vantar. Hafi hlutaðeigandi innan við 3.000 kr. í tekjur á mánuði er heimilt að greiða honum 10.000 kr. á mánuði í vasapeninga. Tekjur umfram 3.000 kr. skerða vasapeninga um 33%

þeirra tekna sem umfram eru. Ef tekjur hlutaðeigandi eru af vinnu á stofnuninni og telja má vinnuna þátt í endurhæfingu eða föndur er heimilt að ákveða að tekjurnar hafi ekki skerðingaráhrif á vasapeningana. Nú dvelst lífeyrisþegi utan stofnunar nokkra daga í senn en útskrifast samt ekki og er þá heimilt að greiða honum dagpeninga sem eigi séu lægri en tvöfaldir sjúkradagpeningar hverju sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Unnið hefur verið að endurskoðun laga um almannatryggingar á vegum stjórnskipaðrar nefndar sem hóf störf í upphafi árs 1988. Nefndin skilaði áliti sínu í október 1990 í formi frumvarps til laga um almannatryggingar ásamt ítarlegum athugasemdum og greinargerð. Tillögur nefndarinnar hafa verið til umfjöllunar í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, hjá ríkisstjórn og þingflokkum hennar.

Á síðari hluta starfstíma nefndarinnar vísaði ráðuneytið flestum þeim málum til hennar sem fram komu varðandi breytingar á lögunum. Áformað var að leggja nýtt frumvarp til laga um almannatryggingar fyrir Alþingi haustið 1990 þannig að ný lög gætu gengið í gildi 1. janúar 1991.

Nú er ljóst að frumvarpið verður ekki að lögum á þessu þingi. Það er hins vegar mat Tryggingastofnunar ríkisins og ráðuneytisins að nauðsyn sé á að breyta framkvæmd þeirra mála er 51. gr. fjallar um með sérstöku tilliti til vaxandi fjölda sjúklinga sem dveljast utan sjúkrahúsa nokkra daga í senn án þess að útskrifast. Þess vegna hefur heilbrigðis- og tryggingnefnd fallist á þá beiðni ráðherra að flytja þetta frumvarp.

Um 1. gr.

Vasapeninga fá þeir einstaklingar sem dveljast á stofnunum og hafa engar tekjur. Samkvæmt ákvörðun tryggingaráðs eru þó greiddir skertir vasapeningar til þeirra sem hafa mánaðarlegar tekjur lægri en vasapeningum nemur þannig að einstaklingar á stofnunum hafa aldrei minna fé til ráðstöfunar en sem nemur fjárhæð vasapeninga. Vasapeningar eru tvenns konar. Elli- og örorkulífeyrisþegar á dvalarstofnunum fá 7.089 kr. á mánuði. Vasapeningar á hjúkrunarstofnun eru nú 5.957 kr. á mánuði.

Hér er lagt til að vasapeningar lúti sömu lögmálum og aðrar tekjutengdar bætur þannig að vasapeningar skerðist ekki ef tekjur eru undir ákveðnu marki. Tekjur umfram markið, sem hér er sett við 3.000 kr., munu hins vegar skerða vasapeningana um 33% þeirra tekna sem umfram eru. Þó er gert ráð fyrir heimild til þess að tekjur skerði ekki vasapeninga ef þeirra er aflað með vinnu innan stofnunar sem telst til endurhæfingar. Vasapeningar eru einnig hækkaðir í 10.000 kr. á mánuði.

Þá er einnig gert ráð fyrir því að sjúklingar, sem eru í vistun virka daga en eru sendir heim um helgar án þess að útskrifast, fái auk vasapeninganna sjúkradagpeninga í hlutfalli við dagafjölda heima í hverjum mánuði. Er hér um sanngirnismál að tefla.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 916. Nefndarálit [396. mál]

um till. til þál. um fullgildingu á alþjóðasamþykkt nr. 139 um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna sem valda krabbameini.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt.

Alþingi, 12. mars 1991.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir, fundaskr.	Kristinn Pétursson.
Sólveig Pétursdóttir.	Alexander Stefánsson.	Ásgeir Hannes Eiríksson.
	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	

Nd. 917. Breytingartillögur [28. mál]

við frv. til l. um mannanöfn.

Frá Geir H. Haarde.

1. Við 2. gr. Við bætast tvær nýjar málsgreinar er verði 4. og 5. mgr. og hljóði svo:
   Heimilt er að gefa barni millinafn þó svo að ekki eigi við að nota það sem eiginnafn að dómi mannanafnanefndar.
   Eigin- og millinöfn hvers barns skulu ekki vera fleiri en þrjú.
2. Við 10. gr. 2. mgr. falli brott.

Nd. 918. Breytingartillaga [28. mál]

við frv. til l. um mannanöfn.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Hver maður, sem hefur ekki ættarnafn, sbr. 2. mgr., skal kenna sig til föður eða móður, eða til hvors tveggja, þannig að á eftir eiginnafni eða eiginnöfnum komi nafn föður, móður eða móður og föður í eignarfalli, að viðbættu orðinu son ef karlmaður er, en dóttir ef kvenmaður er.

Íslenskir ríkisborgarar, sem samkvæmt þjóðskrá bera ættarnöfn við gildistöku þessara laga, mega bera þau áfram. Sama gildir um niðja þeirra hvort heldur er í karllegg eða kvenlegg.

Óheimilt er að taka upp nýtt ættarnafn hér á landi.

Sþ. 919. Þingsályktun [103. mál]

um úrbætur á aðstæðum ungmenna sem flosna upp úr skóla.

(Afgreidd frá Sþ. 12. mars.)

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að koma á fót samstarfshópi á vegum ráðuneyta og sveitarfélaga til að gera tillögur um samræmdar aðgerðir sem miði að því að aðstoða ungmenni sem flosnað hafa upp úr skóla. Samstarfshópurinn fjalli einnig um sameiginlegar forvarnir gegn þessum vanda.

Samstarfshópurinn verði skipaður fulltrúum tilnefndum af dómsmála-, félagsmála-menntamála- og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, stærstu sveitarfélögunum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Samstarfshópurinn skili niðurstöðum fyrir árslok 1991.

Sþ. 920. Þingsályktun [242. mál]

um björgunarþyrlu.

(Afgreidd frá Sþ. 12. mars.)

Samhljóða þskj. 356.

Nd. 921. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til l. um búminjasafn.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem felur í sér að komið verði á fót búminjasafni er hafi aðsetur á Hvanneyri.

Nefndin telur að með frumvarpi þessu sé hreyft athyglisverðu máli og að nauðsynlegt sé að hlúð verði að þeim vísi að landbúnaðartækjasafni sem komið hefur verið á fót við Bændaskólann á Hvanneyri. Slíkt safn er mikilvægt fyrir Bændaskólann vegna kennslu og starfa nemenda og eins hefur það almennt gildi að varðveita búminjar frá liðinni tíð. Nefndin telur hins vegar að skoða þurfi nánar hvernig sérstök löggjöf um búminjasafn falli að heildarskipulagi safnamála. Í trausti þess að stjórnvöld taki mál þetta til gaumgæfilegrar athugunar leggur nefndin til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Ragnhildur Helgadóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. mars 1991.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Sólveig Pétursdóttir, fundaskr.	Guðmundur G. Þórarinsson.
Árni Gunnarsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Ólafur Þ. Þórðarson.

Sþ. 922. Nefndarálit [376. mál]

um till. til þál. um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1990.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Nefndin birtir sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins sem samþykktar voru á fundi ráðsins í Þórshöfn í Færeyjum 4. september 1990.

Alþingi, 12. mars 1991.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm.	Hjörleifur Guttormsson, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson.
Ragnhildur Helgadóttir.	Guðmundur G. Þórarinsson.	Kristín Einarsdóttir.
	Karl Steinar Guðnason.	

Fylgiskjal.

VESTNORRÆNA ÞINGMANNARÁÐIÐ

Ályktanir ráðsins í Þórshöfn 4. september 1990.

I.

Landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands kanni hvort grundvöllur er fyrir sameiginlegum samningaviðræðum um útflutning á fiskafurðum til landa Evrópubandalagsins.

II.

Landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands vinni að því að komið verði á árlegum, skipulegum kennara- og nemendaskiptum á milli grunn- og framhaldsskóla í öllum aðildarlöndunum.

III.

Ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands hafi frumkvæði að samningu námsefnis um samfélagsaðstæður, menningu og lífsskilyrði í Færeyjum og á Grænlandi og Íslandi; námsefnið verði samið til notkunar í skólum landanna í því skyni að auka upplýsingar og gagnkvæma kynningu þeirra þjóða sem byggja þessi lönd.

IV.

Vestnorrænu löndin meti möguleika á samningum sín á milli um gjaldalausar landanir svo að fiskiskip geti óheft selt afla sinn í löndunum þremur.

V.

Vestnorrænu löndin hefji þegar viðræður um hvernig unnt sé með sameiginlegum aðgerðum að takmarka selastofninn svo að aftur náist vistfræðilegt jafnvægi í sjónum.

VI.

Ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Grænlands og Færeyja hugleiði möguleika á samræmingu á reglum um æskulýðsferðir á Vestur-Norðurlöndum, hugsanlega með „Nordrejsekortet“ að fyrirmynd, og kanni einnig möguleika á að samræma þessar reglur reglunum um „Nordrejsekortet“; vísað er til ályktana nr. 2/86 og 3/87.

VII.

Ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Grænlands og Færeyja hefji viðræður um að fjarskiptahljóðvarp og sjónvarpsnet landanna verði bætt svo að allir búi við sömu aðstæður í fjarskiptum.

Sþ. 923. Breytingartillaga [376. mál]

við till. til þál. um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1990.

Frá utanríkismálanefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að vinna að framkvæmd ályktana Vestnorræna þingmannaráðsins sem samþykktar voru á fundi ráðsins í Þórshöfn í Færeyjum 4. september 1990.

Nd. 924. Nefndarálit [445. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 13. mars 1991.

Páll Pétursson, form., frsm.	Friðrik Sophusson.	Jón Sæmundur Sigurjónsson.
Matthías Bjarnason.	Ragnar Arnalds.	Guðný Guðbjörnsdóttir.
	Ólafur Þ. Þórðarson.	

Nd. 925. Nefndarálit [428. mál]

um frv. til l. um starfskjör presta þjóðkirkjunnar.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og það var afgreitt frá efri deild.

Alþingi, 13. mars 1991.

Páll Pétursson, form., frsm.	Friðrik Sophusson.	Ragnar Arnalds.
Jón Sæmundur Sigurjónsson.	Matthías Bjarnason.	Guðný Guðbjörnsdóttir.
	Ólafur Þ. Þórðarson.	

Ed. 926. Nefndarálit [312. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta er flutt af formönnum þingflokkanna og felur í sér þá meginbreytingu að deildaskipting Alþingis verði afnumin, ásamt ýmsum smærri atriðum sem tengj-

ast störfum Alþingis. Nefndin hefur farið yfir efni frumvarpsins og leggur til að það verði samþykkt eins og því var breytt í meðförum neðri deildar.

Alþingi, 13. mars 1991.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Salome Þorkelsdóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.
	Danfríður Skarphéðinsdóttir.	

Ed. 927. Breytingartillaga [421. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 9 2. mars 1989, um efnahagsaðgerðir.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (GuðmÁ, SkA, JE, GJH, EG).

Fimmti málsliður efnismálsgreinar 2. gr. orðist svo: Byggðastofnun er þó óheimilt án samþykkis Ríkisábyrgðasjóðs að skuldbreyta lánum atvinnutryggingardeildar, breyta vöxtum þeirra, breyta þeim í víkjandi lán, hlutafé eða fella þau niður.

Ed. 928. Nefndarálit [406. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, 70/1990, 124/1990 og 130/1990.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það Grétar J. Guðmundsson, aðstoðarmann félagsmálaráðherra, Sigurð E. Guðmundsson, Yngva Örn Kristinsson, Hilmar Þórisson, Gunnar Helgason og Þráin Valdimarsson frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Ásmund Stefánsson, Magnús L. Sveinsson, Ásmund Hilmarsson og Gylfa Guðmundsson frá Alþýðusambandi Íslands, Þórð Skúlason og Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Ragnhildi Guðmundsdóttur og Rannveigu Sigurðardóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Þórarin V. Þórarinsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Húsnæðisstofnun ríkisins.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. mars 1991.

Margrét Frímannsdóttir, form., frsm.
Karl Steinar Guðnason.
Jóhann Einvarðsson, með fyrirvara.
Jón Helgason, með fyrirvara.

Ed. 929. Breytingartillögur [406. mál]

við frv. til l. breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, 70/1990, 124/1990 og 130/1990.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar (MF, JE, KSG, JHelg).

1. Við 3. gr. Á eftir orðinu „tækninýjunga“ í 3. tölul. fyrri efnismálsgreinar komi: og annarra umbóta.
2. Við 4. gr., c-lið (14. gr.). Á eftir orðinu „tækninýjungar“ í fyrri málslið komi: eða aðrar umbætur.

Ed. 930. Nefndarálit [406. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, 70/1990, 124/1990 og 130/1990.

Frá 1. minni hl. félagsmálanefndar.

Fyrsti minni hl. telur að frumvarp þetta hafi komið of seint fram á þinginu til þess að unnt sé að afgreiða það á fullnægjandi hátt. Þessu til staðfestingar vísast m.a. til álita ýmissa kunnáttumanna um framkvæmd húsnæðismála sem mættu hjá félagsmálanefnd deildarinnar við meðferð málsins.

Með vísan til þessa telur 1. minni hl. eðlilegt að afgreiðslu málsins verði frestað og að húsnæðismálin verði í heild tekin til gagngerðrar endurskoðunar.

Fyrsti minni hl. mun sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. mars 1991.

Guðmundur H. Garðarsson, fundaskr.
Salome Þorkelsdóttir, frsm.

Ed. 931. Nefndarálit [406. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, 70/1989, 70/1990, 124/1990 og 130/1990.

Frá 2. minni hl. félagsmálanefndar.

Annar minni hl. er sammála þeirri breytingu, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að hætt verði að taka við umsóknum um húsnæðislán samkvæmt lögum nr. 54/1986.

Annar minni hl. gagnrýnir þá fljótaskrift sem er á meðferð málsins í miklum önnum á síðustu dögum þingsins.

Hitt er þó öllu alvarlegra að ekki liggur fyrir áætlun um hvernig fjármagna á lán til þeirra sem þegar hafa fengið vottorð um lánshæfni eða lánsloforð og ætlunin er að afgreiða lán til samkvæmt lánakerfinu frá 1986.

Í starfi nefndarinnar kom m.a. fram að lífeyrissjóðir halda nú að sér höndum um skuldabréfakaup frá Húsnæðisstofnun. Því býr það fólk sem nú bíður eftir láni við mikla óvissu um sinn hag og vanda þess er vísað til næstu ríkisstjórnar.

Þar eð kvennalistakonur geta ekki samþykkt að þessi ákvörðun sé tekin án þess að um leið liggi fyrir áætlun um fjármögnun kerfisins mun 2. minni hl. ekki taka þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. mars 1991.

Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Ed. 932. Breytingartillögur [421. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 9 2. mars 1989, um efnahagsaðgerðir.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   2. mgr. 9. gr. orðist svo:
   Stofna skal 1. apríl 1991 hlutafjárdeild við Byggðastofnun og tekur deildin á stofndegi við öllum eignum og skuldbindingum Hlutafjársjóðs Byggðastofnunar. Deildin skal hafa sjálfstæðan fjárhag. Deildinni má fela að annast eftirlit með hlutafélögum sem Byggðastofnun á aðild að.
2. 2. gr. orðist svo:
   11. gr. laganna orðist svo:
   Stofna skal 1. janúar 1991 atvinnutryggingardeild við Byggðastofnun. Deildin skal hafa sjálfstæðan fjárhag og tekur á stofndegi við eignum og skuldbindingum Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina. Hlutverk deildarinnar er að innheimta skuldabréf í eigu deildarinnar en henni er óheimilt að veita ný lán. Deildinni er heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana til að vernda eignir sínar, þar með talið að skuldbreyta, breyta skilmálum lána atvinnutryggingardeildar, breyta þeim í víkjandi lán eða fella þau niður, enda liggi fyrir samþykki forsætisráðherra og fjármálaráðherra.

Að jafnaði skulu slíkar breytingar á skilmálum vera liður í aðgerðum sem miða að fjárhagslegri endurskipulagningu, meiri háttar skipulagsbreytingum, samruna fyrirtækja og öðru því sem til hagræðingar horfir.

Ed. 933. Frumvarp til stjórnsýslulaga. [203. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. mars.)

I. KAFLI
Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.

Lög þessi taka til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og stofnana þeirra.

Í reglugerð, sem forsætisráðherra setur, er heimilt að ákveða að lögin nái jafnframt til fyrirtækja og stofnana sem fengið er opinbert vald án þess að þau teljist til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Ráðherra getur í þessu sambandi sett ítarlegri reglur um varðveislu upplýsinga og um þagnarskyldu.

Lögin gilda um meðferð stjórnsýslumála þar sem taka á ákvörðun um rétt eða skyldu manna. Þau gilda þó ekki við samningu stjórnsýslufyrirmæla.

Ákvæði II. kafla um sérstakt hæfi gilda einnig við meðferð mála varðandi samningagerð eða aðra svipaða einkaréttarlega löggerninga.

Ákvæði VIII. kafla um þagnarskyldu gilda um alla starfsemi sem fram fer í opinberri stjórnsýslu.

2. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

Stjórnsýsla: Stjórnunar- og eftirlitsstörf við rekstur ríkis og sveitarfélaga.

Stjórnvald: Embætti, stofnun, ráð eða nefnd á vegum ríkis eða sveitarfélaga sem hefur að lögum heimild til þess að kveða á um rétt eða skyldur manna og annast stjórnsýslu á hverjum tíma.

Aðili máls: Aðili er hefur lögmætra hagsmuna að gæta varðandi stjórnsýsluákvörðun.

Íþyngjandi stjórnsýsluákvörðun: Ákvörðun stjórnvalds sem skerðir rétt manna eða leggur auknar skyldur á herðar þeim.

Andmælaréttur: Réttur aðila til þess að kynna sér gögn máls og málsástæður og til að tjá sig um málið áður en ákvörðun er tekin.

Stjórnsýsluákvörðun: Ákvörðun stjórnvalds um rétt eða skyldu manna.

Stjórnsýslumál: Úrlausnarefni sem er til umfjöllunar og ákvörðunar í stjórnsýslunni.

Stjórnsýslukæra: Kæra aðila máls sem hefur kærurétt til æðra stjórnvalds.

II. KAFLI
Sérstakt hæfi.

3. gr.

Sá sem starfar við stjórnsýslu má ekki taka þátt í meðferð tiltekins máls ef:

1. Hann er aðili máls, fyrirsvarsmaður eða umboðsmaður aðila.

2. Hann er skyldur eða mægður aðila að feðgatali eða niðja eða að öðrum lið til hliðar, maki hans, sambýlismaður eða sambýliskona, unnusti eða unnusta, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
3. Hann er skyldur eða mægður fyrirsvarsmanni eða umboðsmanni aðila að feðgatali eða niðja eða að fyrsta lið til hliðar, maki hans, sambýlismaður eða sambýliskona, unnusti eða unnusta, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
4. Hann hefur á kærustigi tekið þátt í meðferð þess á lægra settu stjórnsýslustigi eða sem stjórnvald við meðferð umsjónar- eða eftirlitsvalds ef hann hefur áður haft afskipti af málinu hjá því stjórnvaldi sem eftirlitið lýtur að. Þetta á þó ekki við um umfjöllun fulltrúa í sveitarstjórn sem áður hafa fjallað um mál í stjórn, nefnd eða ráði á vegum sveitarstjórnar.
5. Málið varðar hann sjálfan verulega, venslamenn hans skv. 2. tölul., næstu yfirmenn persónulega, stofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í forsvari fyrir.
6. Fyrir hendi eru að öðru leyti þær ástæður sem til þess eru fallnar að draga úr trú á óhlutdrægni hans.

Sá sem vanhæfur er í máli má ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. má einstaklingur taka þátt í meðferð máls ef bundið er verulegum vandkvæðum eða talið varhugavert að fela öðrum aðila meðferð málsins í stað þess er í hlut á. Eigi er heldur um vanhæfi að ræða ef eðli eða vægi þeirra hagsmuna, sem málið snýst um, er smávægilegt eða þáttur hlutaðeigandi í meðferð málsins er það lítilfjörlegur að ekki er talin hætta á að hlutdræg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun málsins.

Ákvæði 3. gr. gilda um menn sem sæti eiga í fjölskipuðu stjórnvaldi, jafnvel þótt ókleift reynist að boða varamann. Þó gilda ákvæðin ekki ef það leiðir til þess að stjórnvaldið er ekki lengur ályktunarhæft eða af skipan stjórnvaldsins leiðir að það teljist nauðsynlegt að afstaða hans komi fram við meðferð málsins og eigi er unnt að fresta umfjöllun um málið án verulegs tjóns fyrir almanna- eða einkahagsmuni.

Þegar fjölskipað stjórnvald velur menn í tiltekin störf mega fulltrúar hins fjölskipaða stjórnvalds þrátt fyrir ákvæði 3. gr. taka þátt í meðferð málsins, enda þótt þeir séu sjálfir í kjöri.

Um vanhæfi sveitarstjórnarmanna, þar með talið fulltrúa nefnda og ráða til meðferðar máls, fer eftir 45. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8 18. apríl 1986.

5. gr.

Ráðherra getur sett reglur þar sem nánar er mælt fyrir um gildissvið ákvæða 3. og 4. gr. á tilteknum sviðum stjórnsýslu hins opinbera.

6. gr.

Stjórnvald tekur sjálft ákvörðun um hvort það víkur sæti. Í þeim tilvikum, þar sem aðili máls krefst þess og hægt er að verða við því án verulegra tafa, eða þar sem stjórnvaldi þykir ástæða til, skal leggja málið fyrir yfirmann stjórnvaldsins til ákvörðunar.

Þegar um fjölskipað stjórnvald er að ræða ákveður það hvort manni beri að víkja sæti og skal það gert án þátttöku hans. Þetta gildir þó ekki þar sem lög kunna að skipa þessu á annan veg.

Þegar vafi leikur á því hvort fleirum en einum manni beri að víkja sæti má enginn þeirra taka þátt í ákvörðun máls um hæfi sitt né annarra manna. Þetta gildir þó ekki ef það leiðir til þess að stjórnvaldið er ekki lengur ályktunarfært. Skulu þá allir handhafar stjórnvaldsins taka þátt í meðferð og ákvörðun málsins.

Sá sem á sæti í fjölskipuðu stjórnvaldi og veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans, sbr. 1. mgr. 3. gr., skal án tafar vekja athygli stjórnvaldsins á því nema augljóst sé að ástæðan hafi enga þýðingu.

Þegar maður víkur sæti í fjölskipuðu stjórnvaldi skal kalla til varamann til þess að taka þátt í meðferð og ákvörðun málsins nema ekki sé unnt að að fresta umfjöllun um málið án verulegs tjóns fyrir almanna- eða einkahagsmuni.

Víki ráðherra sæti af ástæðum er greinir í 3. gr. skipar forseti Íslands annan ráðherra til þess að taka ákvörðun í því máli sem til úrlausnar er.

Ákvörðun um að víkja ekki sæti við umfjöllun máls verður ekki kærð til æðra stjórnvalds nema í tengslum við kæru um efnisúrlausn málsins.

III. KAFLI
Leiðbeiningar stjórnsýsluhafa, fyrirsvarsmenn o.fl.

7. gr.

Stjórnvald skal veita þeim sem til þess leita nauðsynlega hjálp og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið þess.

Berist stjórnvaldi skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið þess ber því að framsenda fyrirspurnina til hins rétta stjórnvalds eftir því sem tök eru á.

8. gr.

Aðili máls getur á hvaða stigi málsmeðferðar sem er fengið annan til þess að vera í fyrirsvari fyrir sig eða til aðstoðar. Stjórnvald getur þó krafist þess að aðili máls taki sjálfur þátt í meðferð þess þegar það hefur þýðingu við úrlausn málsins.

IV. KAFLI
Réttur aðila máls til að kynna sér gögn.

9. gr.

Aðila máls, sem er til meðferðar og ákvörðunar stjórnvalds, er heimilt að kynna sér skjöl og önnur gögn sem mál hans varða. Þetta raskar þó ekki rétti manna samkvæmt ákvæðum laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Ákvæði um þagnarskyldu opinberra starfsmanna og opinberra sýslunarmanna takmarka ekki skyldu til að veita aðgang að gögnum samkvæmt þessum kafla.

Ákvæði þessa kafla gilda hvorki um mál þar sem grunur hefur fallið á aðila um lögbrot án þess að til ákæru hafi komið, né heldur meðan aðili er sóttur til refsingar. Þó getur sakborningur, eftir að meðferð í sakamáli er lokið, krafist þess að fá að kynna sér gögn málsins hjá stjórnvöldum. Skal orðið við slíkri beiðni, að því leyti sem hún er studd sanngjörnum rökum um hagsmuni aðila og ef tillit er tekið til fyrirbyggjandi aðgerða stjórnvalda, uppljóstrunar sakamála eða saksóknar eða sérstök sjónarmið til verndar sakborningum, vitnum eða öðrum aðilum mæla ekki gegn því.

10. gr.

Réttur aðila máls til aðgangs að gögnum nær til:

1. Allra gagna sem snerta málið, þar með talinna endurrita bréfa sem stjórnvald hefur sent þegar ætla má að þau hafi borist viðtakanda.
2. Skráningar í skjalaskrár og lista um gögn málsins.
3. Vinnuskjala og bréfa milli aðila innan sama stjórnvalds ef þau geyma endanlega ákvörðun um afgreiðslu máls eða þau geyma upplýsingar sem ekki er unnt að afla annars staðar frá.

Sá sem sækir um eða sótt hefur um ráðningu eða stöðuhækkun í opinberri þjónustu getur þó aðeins krafist að fá að kynna sér þau gögn um ráðninguna eða stöðuhækkunina er varða hann sjálfan.

11. gr.

Þegar aðila máls er veittur aðgangur að gögnum máls, sem til meðferðar er hjá stjórnvaldi, skal fresta afgreiðslu málsins þar til málsaðila hefur gefist tími til að kynna sér gögnin.

Ákvæði 1. mgr. gilda þó ekki ef frestun hefur í för með sér að lögmæltur frestur til að afgreiða mál rennur út eða hagsmunir aðilans um að máli sé frestað þykja eiga að víkja vegna ríkra almanna- eða einkahagsmuna.

12. gr.

Réttur til aðgangs að gögnum tekur ekki til:
1. Fundargerða ríkisráðs og ríkisstjórnar, minnisgreina af ráðherrafundum eða skjala sem tekin hafa verið saman af stjórnvöldum fyrir slíka fundi.
2. Vinnuskjala sem rituð hafa verið hjá stjórnvaldi til eigin afnota í sambandi við meðferð málsins og bréfaskipta um málið milli ýmissa deilda eða stofnana innan sama stjórnvalds, sbr. þó 3. tölul. 1. mgr. 10. gr.
3. Bréfaskipta stjórnvalda við sérfróða menn til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort mál skuli höfða.
4. Bréfaskipta milli sveitarstjórnar og nefnda hennar eða annarra undirstofnana, svo og bréfaskipta þeirra í milli.

13. gr.

Stjórnvaldi er heimilt að takmarka aðgang aðila máls að gögnum ef hagsmunir hans af því að notfæra sér vitneskju úr gögnum þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- og einkahagsmunum, þar á meðal hag aðila sjálfs. Undir þetta falla:
1. Öryggi ríkisins og varnarmál.
2. Hagsmunir ríkisins á sviði utanríkis- og utanríkisviðskiptamála, þar á meðal gögn um samskipti ríkisins við erlend ríki og alþjóðastofnanir.
3. Fyrirbyggjandi aðgerðir lögreglu- og dómsyfirvalda gegn lögbrotum, svo og upplýstran lögbrota og saksókn brotamanna, refsifullnusta og skyld mál, enn fremur verndun sakborninga, vitna og annarra sem tengjast málum er varða refsiverð brot.
4. Framkvæmd opinbers eftirlits, stjórnunarstarfa og áætlunargerðar eða fyrirhugaðar aðgerðir á sviði gengisskráningar eða fyrirhugaðar breytingar á sviði skattamála eða annarrar tekjuöflunar hins opinbera.
5. Fjárhagshagsmunir hins opinbera, þar með taldir viðskiptahagsmunir við kaup eða sölu vöru og þjónustu.

Ef sjónarmið þau, sem greinir í 1. mgr., eiga aðeins við um hluta skjals skal veita aðila máls aðgang að öðru efni skjalsins.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um takmörkun á aðgangi að gögnum samkvæmt þessari grein.

14. gr.

Stjórnvald, sem mál hefur til meðferðar, tekur ákvörðun um það hvort og í hve ríkum mæli taka beri til greina beiðni um aðgang að gögnum máls.

Ákveða skal jafnskjótt og unnt er hvort taka beri beiðni til greina. Sé ekki orðið við beiðni eða henni hafnað innan tveggja vikna frá móttöku skal stjórnvald tilkynna aðila um ástæður fyrir því, svo og hvenær vænta megi að ákvörðun liggi fyrir.

Nú skiptir það aðila máli að fá afrit eða ljósrit af gögnum máls til að gæta hagsmuna sinna og skal þá orðið við beiðni þar að lútandi. Þetta gildir þó ekki ef eðli skjalanna, fjöldi eða stærð þeirra mæla sterklega gegn því.

Kæra má synjun á aðgangi að gögnum til sama stjórnvalds og fá mundi efnisúrskurð lægra stjórnvalds í málinu til meðferðar ef kostur er á kæru til æðra stjórnvalds. Ákvæði 11. gr. gilda hér eftir því sem við á.

15. gr.

Nú er heimild til að kæra ákvörðun bundin við tiltekinn frest og beiðni um aðgang að gögnum máls er borin fram eftir að ákvörðun hefur verið tilkynnt aðilanum en áður en kærufrestur rennur út og getur þá stjórnvald ákveðið að rjúfa kærufrest. Hefst kærufrestur að nýju frá þeim tíma þegar aðila er heimilaður aðgangur að gögnunum eða er synjað um hann, en hann skal vera tvær vikur hið skemmsta. Tilkynning um hvenær kærufrestur rennur út að nýju skal jafnframt send öðrum aðilum, sem rétt eiga til þess að kæra, hafi þeir fengið skriflega tilkynningu um sjálfa ákvörðunina.

V. KAFLI
Andmælaréttur aðila máls.

16. gr.

Ef ætla má að aðila máls sé ókunnugt um að stjórnvald hafi undir höndum tilteknar upplýsingar um málsatvik er óheimilt að taka ákvörðun í málinu fyrr en aðila máls hefur verið gefinn kostur á að kynna sér upplýsingarnar og tjá sig um þær. Þetta gildir því aðeins að upplýsingarnar séu málsaðilanum í óhag og hafi verulega þýðingu varðandi afgreiðslu málsins. Heimilt er að setja aðila ákveðinn frest til að láta nefnda umsögn í té.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef:

1. Frestun hefur í för með sér að farið sé fram úr lögmæltum fresti til afgreiðslu málsins.
2. Hagsmunir aðila af því að fá málinu frestað þykja eiga að víkja fyrir ríkum almanna- eða einkahagsmunum.
3. Sérstök lögmælt ákvæði tryggja aðila rétt til að kynna sér á hverju hin fyrirhugaða ákvörðun er byggð og til að tjá sig um málið áður en ákvörðun er tekin.
4. Aðili hefur ekki rétt til aðgangs að gögnum máls samkvæmt ákvæðum IV. kafla laganna.

Ráðherra getur með reglugerð fellt niður andmælarétt í ákveðnum málaflokkum.

17. gr.

Í málum, þar sem stjórnvaldi er unnt að beiðni aðila máls að breyta ákvörðun, getur það látið hjá líða að veita andmælarétt ef eðli málsins eða tillit til aðila sjálfs mælir gegn því.

Nú hefur verið látið hjá líða að veita aðila máls andmælarétt skv. 1. mgr. og skal þá láta fylgja ákvörðuninni þær upplýsingar sem ella hefði átt að kynna honum samkvæmt ákvæðum 16. gr. Aðila máls skal jafnframt kynntur réttur hans til að fá málið tekið upp að nýju. Ákveða má aðila frest til að setja fram beiðni um endurupptöku.

Í tilvikum, þar sem frestur er tiltekinn til að skjóta ákvörðun til annars stjórnvalds og beiðni um endurupptöku er borin fram innan þess frests, rofnar kærufresturinn. Kærufrestur hefst að nýju frá þeim tíma er ný ákvörðun er tilkynnt aðila máls en skal þó vera tvær vikur hið skemmsta.

18. gr.

Aðili máls getur á hvaða stigi málsmeðferðar sem er krafist þess að afgreiðslu málsins sé frestað uns hann hefur gert grein fyrir afstöðu sinni. Heimilt er að setja aðila ákveðinn frest til að láta umsögn í té.

Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki ef:

1. Frestun hefur í för með sér að farið sé fram úr lögmæltum fresti til afgreiðslu málsins.
2. Hagsmunir aðila af því að fá málinu frestað þykja eiga að víkja fyrir ríkum almanna- eða einkahagsmunum.
3. Sérstök lögmælt ákvæði tryggja aðila rétt til þess að láta í té umsögn um málið áður en það er afgreitt.

VI. KAFLI
Rökstuðningur o.fl.

19. gr.

Þegar ákvörðun er tilkynnt skriflega skal fylgja henni rökstuðningur nema hún sé að öllu leyti ívilnandi fyrir hlutaðeigandi aðila máls.

20. gr.

Sá sem fengið hefur ákvörðun stjórnvalds tilkynnta munnlega getur krafist þess að fá skriflegan rökstuðning fyrir henni nema ákvörðunin sé ívilnandi að öllu leyti fyrir hlutaðeigandi aðila máls. Beiðni hér að lútandi skal bera fram innan viku frá því að málsaðili tók á móti tilkynningunni.

Beiðni um skriflegan rökstuðning skv. 1. mgr. skal svara jafnskjótt og auðið er. Hafi beiðni ekki verið svarað innan tveggja vikna frá því að hún barst skal tilkynna aðila máls ástæðurnar fyrir töfinni og hvenær svars megi vænta við beiðninni.

21. gr.

Í rökstuðningi fyrir ákvörðun stjórnvalds skal vísa til þeirra réttarreglna sem hún er byggð á. Að því marki, sem ákvörðun samkvæmt þessum reglum byggist á mati, skal í rökstuðningnum greina þau meginsjónarmið sem ráðandi voru við matið.

Enn fremur skal í rökstuðningi, ef ástæða þykir til, rekja í stuttu máli þær upplýsingar um raunveruleg málsatvik sem þyngst hafa verið á metunum við ákvörðun.

Takmarka má rökstuðninginn að því leyti sem hagsmunir aðilans til þess að notfæra sér hann til hagsmunagæslu þykja eiga að víkja fyrir ríkum almanna- eða einkahagsmunum, sbr. ákvæði 12. og 13. gr.

Hafi fjölskipað stjórnvald eigi samþykkt rökstuðning með ákvörðun sinni skal formaður þess semja rökstuðning með ákvörðuninni og taka þar mið af þeim sjónarmiðum sem lágu henni til grundvallar.

VII. KAFLI
Leiðbeiningar um kæru o.fl.

22. gr.

Stjórnsýsluákvörðunum, sem kæra má, skulu, þegar þær eru tilkynntar skriflega, fylgja leiðbeiningar um kæruheimild, hvert beina skuli kæru, svo og upplýsingar um kærufresti. Þetta gildir þó ekki hafi ákvörðunin að öllu leyti verið ívilnandi fyrir hlutaðeigandi aðila máls.

Ráðherra getur í reglugerð ákveðið að einfalda megi kæruleiðbeiningar í ákveðnum málaflokkum eða sleppa þeim enda séu í þeim tilvikum kæruheimildir á almannavitorði eða þær kynntar með sérstökum hætti.

Ef settur er í lögum sérstakur tímafrestur á málshöfðun vegna stjórnsýsluákvörðunar skulu fylgja upplýsingar þar að lútandi með tilkynningu um ákvörðunina.

23. gr.

Í úrskurði æðra stjórnvalds um kæru á ákvörðun lægra setts stjórnvalds skal greina:

1. Efni það sem til úrlausnar er, þar á meðal hina kærðu ákvörðun.
2. Niðurstöðu ásamt rökstuðningi þar sem m.a. skal gerð grein fyrir þeim lagaatriðum er niðurstaða byggist á.
3. Önnur atriði sem máli skipta.

Aðalniðurstöðu skal draga saman í lok úrskurðar í sérstök úrskurðarorð.

VIII. KAFLI
Þagnarskylda o.fl.

24. gr.

Starfsmenn í opinberri þjónustu og kjörnir eða skipaðir fulltrúar í fjölskipuðu stjórnvaldi skulu gæta þagmælsku um upplýsingar sem flokkaðar eru sem trúnaðarmál og fara eiga leynt eðli máls samkvæmt vegna ríkra almanna- eða einkahagsmuna, sbr. ákvæði 13. gr.

Stjórnvald getur ákveðið að einstaklingar, sem ekki starfa í þjónustu hins opinbera, skuli gæta þagmælsku að því er varðar upplýsingar sem leynt eiga að fara og stjórnvaldið hefur miðlað til hlutaðeigandi aðila án þess að vera skuldbundið til þess.

25. gr.

Starfsmaður í opinberri þjónustu má ekki í skjóli þess afla sér trúnaðarupplýsinga sem ekki hafa þýðingu fyrir verkefni sem honum eru falin í starfi.

IX. KAFLI
Gildistaka o.fl.

26. gr.

Ákvæði annarra laga og stjórnvaldsfyrirmæla, sem hafa að geyma strangari hæfisskilyrði en II. kafli laganna mælir fyrir um, halda gildi sínu.

27. gr.

Ákvæði í IV. kafla laga þessara ná til skjala sem stjórnvöld hafa samið eða komist hafa í vörslu stjórnvalda 1. janúar 1982 eða síðar. Ákvæðum 9. gr. verður ekki beitt varðandi gögn í sakamálum sem lokið er fyrir gildistöku laganna.

Upplýsingar um málsatvik, sem er að finna í skjölum er stjórnvald hefur samið eða komist hafa í vörslur þess 1. janúar 1982 eða síðar, eru samt sem áður háðar ákvæðum IV. kafla hafi skjölin verið lögð með skjölum máls sem er eða hefur verið til meðferðar hjá stjórnvaldi eftir framangreint tímamark og upplýsingarnar hafa eða hafa haft verulega þýðingu við ákvörðun í málinu.

28. gr.

Forsætisráðherra setur í reglugerð nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

Ed. 934. Frumvarp til laga [204. mál]

um upplýsingaskyldu stjórnvalda.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. mars.)

1. gr.

Lög þessi taka til stjórnsýslu ríkis, sveitarfélaga og stofnana þeirra. Í reglugerð, sem forsætisráðherra setur, er heimilt að ákveða að lögin skuli taka til nánar tilgreindra félaga, stofnana og fyrirtækja sem kostuð eru af eða eru í eigu opinberra aðila eða er að lögum fengið vald til þess að taka ákvarðanir fyrir hönd ríkis og sveitarfélaga.

Lögin taka ekki til starfsemi Alþingis og stofnana þess eða til dómstóla.

2. gr.

Stjórnvöldum er skylt að veita almenningi aðgang að gögnum með þeim takmörkunum sem um getur í lögum þessum eða öðrum lögum.

Almenn ákvæði um þagnarskyldu starfsmanna í opinberri þjónustu takmarka ekki skyldu til að láta í té upplýsingar samkvæmt lögum þessum.

Beiðni um aðgang að gögnum hjá stjórnvöldum skal vera skrifleg og skal í henni tilgreina skýrt þau gögn sem hlutaðeigandi óskar eftir að kynna sér.

3. gr.

Óheimilt er að veita almenningi aðgang að gögnum sem varða einkahagi manna nema

sá samþykki sem í hlut á. Sama á við um gögn sem gerð eru til undirbúnings funda ríkisstjórnar og ríkisráðs eða hafa að geyma frásagnir af þeim fundum.

4. gr.

Heimilt er að takmarka aðgang almennings að gögnum þegar mikilvægir almannahagsmunir krefjast, enda hafi gögnin að geyma upplýsingar um:

1. Öryggi ríkisins og varnarmál.
2. Samskipti við erlend ríki og fjölþjóðastofnanir.
3. Ráðstafanir stjórnvalda til eftirlits með framkvæmd löggjafar og opinberum rekstri og ráðstöfunum er ekki lokið.
4. Mál sem til rannsóknar er þar sem ætla má að lögbrot hafi verið framið.
5. Fyrirhugaðar hagræðingarráðstafanir eða breytingar á rekstri þeirra stofnana sem falla undir ákvæði 1. gr.
6. Fyrirhugaðar ráðstafanir í fjármálum ríkis og sveitarfélaga, þar á meðal í gjaldeyrismálum, peningamálum, skattamálum, tollamálum og til annarrar tekjuöflunar, svo og í kjaramálum starfsmanna þeirra stofnana sem ákvæði 1. gr. ná til. Einnig gögn er geyma upplýsingar um undirbúning löggjafar þegar frumvarp er enn ekki komið fram.
7. Mikilvæga viðskiptahagsmuni einstaklinga og fyrirtækja, svo og viðskiptamál fyrirtækja ríkis og sveitarfélaga til verndar rekstrar- og samkeppnisaðstöðu þeirra.
8. Hvers konar prófraunir sem fyrirhugaðar eru á vegum ríkis og sveitarfélaga.

5. gr.

Ef ákvæði 3.–4. gr. taka einungis til hluta skjals er mönnum heimilt að óska eftir útdrætti af öðrum hlutum skjalsins.

Ráðherra skal með reglugerð setja ákvæði um meðferð þeirra gagna, sem aðgangur er bannaður eða takmarkaður að, og um það hve lengi skuli banna aðgang að gögnum. Skal í því efni hafa samráð við menntamálaráðherra og Þjóðskjalasafn Íslands.

Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. gr. er óheimilt að takmarka aðgang að öðrum gögnum en þeim, er varða einkahagi manna, í lengri tíma en 20 ár. Þó er heimilt að takmarka aðgang að gögnum, er varða öryggi ríkisins og varnarmál, í allt að 40 ár.

6. gr.

Réttur almennings til að kynna sér gögn hjá stjórnvaldi nær til:

1. Allra gagna, sem snerta mál sem komið hefur til afgreiðslu stjórnvalds, þar með talinna endurrita bréfa sem stjórnvaldið hefur sent, enda megi ætla að bréfin hafi borist viðtakanda.
2. Skráninga í skjalaskrár og lista um málsgögn.
3. Vinnuskjala og bréfa milli aðila innan sama stjórnvalds ef þau ein geyma endanlega ákvörðun stjórnvalds um afgreiðslu máls eða þau geyma upplýsingar sem ekki er unnt að afla annars staðar frá.

Upplýsingar um þá sem sótt hafa um ráðningu eða stöðuhækkun í opinberri þjónustu skulu bundnar við nöfn umsækjenda.

Nú eru veittar munnlegar upplýsingar, sem mikilvægar má telja fyrir úrslit máls, og ber þá stjórnvaldi að skrá efni þeirra og leggja það sem skráð hefur verið með öðrum gögnum málsins.

7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. er þó heimilt að undanþiggja aðgangi vinnugögn starfsmanna, sem rituð hafa verið hjá stjórnvaldi til eigin afnota í sambandi við meðferð máls, og bréfaskipti um málið milli ýmissa deilda eða stofnana innan sama stjórnvalds, sbr. þó 3. tölul. 1. mgr. 6. gr.

Einnig má undanþiggja aðgangi bréfaskipti stjórnvalda við sérfróða menn til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort mál skuli höfða. Einnig bréfaskipti milli sveitarstjórnar og starfsmanna á hennar vegum.

8. gr.

Nú er sett fram beiðni um aðgang að gögnum um mál sem stjórnvald hefur tekið ákvörðun um eða hefur til ákvörðunar og skal þá það stjórnvald ákveða hvort orðið skuli við beiðni.

Ákvarðanir um hvort veita eigi aðgang að gögnum má kæra sérstaklega til æðra setts stjórnvalds ef það er fyrir hendi. Komi fram slík kæra skal hið æðra stjórnvald taka afstöðu til ákvörðunar og málsmeðferðar að öðru leyti.

Heimilt er ráðherra að setja með reglugerð ákvæði sem víkja frá 1. og 2. mgr.

9. gr.

Það stjórnvald, sem fær beiðni um aðgang að gögnum, skal eins fljótt og unnt er taka ákvörðun um hvort taka eigi beiðni til greina og hvort veita skuli beiðanda aðgang að gögnunum, annaðhvort með athugun gagna á staðnum eða með afhendingu endurrita eða ljósrita af þeim. Sé ekki orðið við beiðni eða henni hafnað innan viku frá móttöku skal tilkynna aðila um ástæðu fyrir því og hvenær vænta megi að niðurstöður í málinu liggi fyrir.

Ráðherra eða sveitarstjórn getur ákveðið gjald fyrir afrit og ljósrit gagna samkvæmt lögum þessum.

10. gr.

Lög þessi gilda ekki um gögn sem stjórnvöld hafa samið eða veitt móttöku fyrir gildistöku laganna. Aðgang má þó veita að upplýsingum um raunveruleg málsatvik, sem er að finna í slíkum gögnum, hafi gögnin verið lögð með máli sem er eða verið hefur til meðferðar eftir að lögin tóku gildi og upplýsingarnar hafa eða höfðu að geyma verulega þýðingu við ákvörðun í málinu.

Ákvæði annarra laga um aðgang að gögnum hjá stjórnsýslunni skulu halda gildi sínu þó sá réttur sé þrengri en samkvæmt lögum þessum.

11. gr.

Forsætisráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

Ed. 935. Lög [152. mál]

um breyting á l. um Þroskaþjálfaskóla Íslands, nr. 40/1985.

(Afgreidd frá Ed. 13. mars.)

Samhljóða þskj. 681.

Nd. 936. Nefndarálit [340. mál]

um frv. til l. um leikskóla.

Frá 1. minni hl. menntamálanefndar.

Síðastliðin tvö ár, eða allt frá því að Svavar Gestsson menntamálaráðherra skipaði nefnd til að endurskoða gildandi lög um uppbyggingu og rekstur dagvistarheimila, hefur aðgerða núverandi ríkisstjórnar í þessum málaflokki verið beðið. Sú nefnd, forskólanefndin, skilaði af sér tillögum að nýju frumvarpi til laga um leikskóla ásamt sérstöku frumvarpi til laga um ríkisframlag til sveitarfélaga vegna leikskóla.

Eftir meðferð þessara frumvarpstillagna í ríkisstjórninni fæddist lítil mús nokkrum vikum fyrir þingslit: Það frumvarp til laga um leikskóla sem nú liggur fyrir Alþingi. Þó að þetta frumvarp geri ráð fyrir að leikskólinn verði sérstakt skólastig fyrir börn frá því að fæðingarorlofi lýkur til 6 ára aldurs og heyri áfram undir menntamálaráðuneytið er réttur allra barna til leikskólavistar ekki tryggður. Þá hefur frumvarpið um ríkisframlag til sveitarfélaga vegna leikskóla ekki verið lagt fram, en það er birt sem fylgiskjal með leikskólafrumvarpinu.

Nú liggur beint við að spyrja: Hvernig stendur á því að frumvarp ríkisstjórnarinnar er ekki bitastæðara en það er og hvers vegna kemur það svona seint fram? Augljóst er að ekki hefur náðst eining um að leggja fram fjármögnunarfrumvarpið þó að jafnaugljóst sé að ef fullnægja á eftirspurn eftir dagvistun á næstu 5–10 árum verður slíkt ríkisframlag að koma til. Samkvæmt lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá 1989 á kostnaður við uppbyggingu og rekstur leikskóla alfarið að vera á ábyrgð sveitarfélaga, en miðað við áætlaðar kostnaðartölur, sem fram koma í áðurnefndu fylgiskjali, frumvarpinu um ríkisframlag, misjafnan fjárhag sveitarfélaga og mismikinn pólitískan vilja, verður ekki séð hvernig öllum börnum verður tryggður aðgangur að leikskóla nema með aðstoð ríkisvaldsins.

En það er fleira varðandi leikskólann sem ekki hefur verið eining um í ríkisstjórninni. Eins og alþjóð veit hafa tveir ráðherrar deilt hart um það hvaða ráðuneyti skuli fara með málefni leikskólans og um leið hvort líta beri á leikskólann sem uppeldisstofnun fyrir öll börn eins og grunnskólann eða hvort skilgreina eigi þjónustu leikskólans sem félagslega þjónustu sveitarfélaga við þá foreldra og börn sem hennar óska. Þó að þessi deila ráðherranna virðist ómerkileg frá sjónarmiði þeirra sem vilja fyrst og fremst fleiri og sveigjanlegri dagvistarstofnanir telur 1. minni hl. að lausn hennar geti skipt afar miklu máli bæði uppeldislega og ekki síður pólitískt.

Frá uppeldislegu sjónarmiði telur 1. minni hl. ákaflega mikilvægt að leikskólinn sé

viðurkenndur sem sérstakt skólastig sem heyri áfram undir menntamálaráðuneytið. Þá eru í fyrirliggjandi frumvarpi merk ákvæði um leikskólarannsóknir og þróunarstarf sem er mjög mikilvægt nýmæli. Einnig er mikilvægt að viðurkennt er að leikskólinn eigi að vera frá þeim tíma að fæðingarorlofi lýkur til 6 ára aldurs, þannig að festa og samfella verði í þeirri uppeldisaðstoð sem foreldrum býðst fyrir börn sín. Þetta yrði auðvitað aðeins valkostur fyrir þá foreldra sem kjósa leikskólavist fyrir börn sín. Pólitískt er það einnig mikilvægt að menntamálaráðuneytið hafi hér yfirstjórn, ekki síst til að réttur allra barna verði jafnmikill, óháð búsetu.

Fyrsti minni hl. styður þetta frumvarp sem mikilvægt skref í rétta átt þó að harmað sé jafnframt að ekki er gengið lengra. Kvennalistinn mun beita sér fyrir því á næsta þingi að öll börn eigi kost á leikskólavist frá því að fæðingarorlofi lýkur til 6 ára aldurs og að ríkisframlag komi til sveitarfélaga til að tryggja sem hraðasta uppbyggingu leikskóla. Vel mætti einnig hugsa sér leikskólann rekinn með sama hætti og grunnskólann að því leyti að ríkið greiði laun fóstra eins og kennara. Slíkt fyrirkomulag samræmdist best því sjónarmiði að leikskólinn sé sérstakt skólastig fyrir öll börn.

Alþingi, 13. mars 1991.

Guðný Guðbjörnsdóttir.

Nd. 937. Lög [28. mál]

um mannanöfn.

(Afgreidd frá Nd. 13. mars.)

Samhljóða þskj. 898 (sbr. 837).

Sþ. **938. Skýrsla** [463. mál]

iðnaðarráðherra um starfsemi ríkisfyrirtækja, stofnana, hlutafélaga með ríkisaðild og sjóða er tilheyra starfssviði iðnaðarráðuneytisins árin 1988, 1989 og horfur 1990.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

Formáli

Skýrsla þessi er lögð fram á Alþingi, 113. löggjafarþingi, og eru í henni tilgreindar upplýsingar um starfsemi fyrirtækja og stofnana sem heyra undir iðnaðarráðuneytið, niðurstöður ársreikninga og afkomu áranna 1988 og 1989, svo og horfur á árinu 1990. Jafnframt fylgja ýmsar fleiri upplýsingar sem aðilar telja máli skipta í þessu sambandi.

Skýrslan er hin áttunda í röðinni sömu gerðar. Síðasta skýrsla fjallaði um árið 1987.

Skýrsla þessi er byggð á upplýsingum frá stjórnendum fyrirtækjanna og stofnananna og í henni birtist þeirra eigið mat á stöðu og rekstrarhorfum. Upplýsingarnar bárust ráðuneytinu á árinu 1990.

Skýrslan er ekki einungis lögð fram til þess að varðveita sögulegan fróðleik, heldur er hún einnig gerð til þess að auðvelda framtíðarákvarðanir um rekstur þeirra stofnana og fyrirtækja sem fjallað er um.

Iðnaðarráðuneytið, mars 1991

Jón Sigurðsson
iðnaðarráðherra.

I. A. RÍKISFYRIRTÆKI

RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS

Rafmagnsveitur ríkisins starfa á grundvelli IX. kafla orkulaga nr. 58/1967 og eru eign ríkisins og starfræktar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki.

Skipta má rekstri Rafmagnsveitnanna í þrennt: Orkuöflun, orkuflutning og orkudreifingu. Þetta eru ólíkir starfsþættir en eru að sjálfsögðu samtengdir.

Með orkuöflun er átt við orkukaup og rekstur eigin vatnsaflsstöðva og dísilstöðva, en orkukaup eru aðallega frá Landsvirkjun og einnig lítils háttar frá Skeiðsfossvirkjun og Andakílsárvirkjun.

Með orkuflutningi er átt við flutning eftir stofnlínukerfi frá virkjunarstað til aðveitustöðva þaðan sem dreifing fer fram til notenda eða orkan er seld áfram til rafveitna sveitarfélaga.

Með orkudreifingu er átt við flutning frá aðveitustöð um innanbæjarkerfi til einstakra notenda, eða flutning um sveitalínur til sveitabæja og annarra notenda í dreifbýli.

Rafmagnsveiturnar sjá um rekstur byggðalína að verulegu leyti samkvæmt sérstökum samningi við Landsvirkjun sem er eigandi byggðalína.

Starfsemi – Orkuveitusvæði.

Rafmagnsveitur ríkisins dreifa raforku um allt land (að undanskildum Vestfjörðum og Reykjanesi) á þeim svæðum þar sem rafveitur sveitarfélaga starfa ekki. Enn fremur selja Rafmagnsveiturnar flestum rafveitum sveitarfélaga raforku í heildsölu. Á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins eru 57% af íbúum í þéttbýli en um 43% af íbúum í sveitum. Tæplega 20% landsmanna eru á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins.

Aðalskrifstofa Rafmagnsveitnanna er í Reykjavík, en auk þess eru svæðisskrifstofur í Stykkishólmi, á Blönduósi, Akureyri, Egilsstöðum og Hvolsvelli.

Raforkuöflun.

Rafmagnsveitur ríkisins kaupa raforku í heildsölu, aðallega frá Landsvirkjun og framleiða einnig orku í eigin orkuverum. Orkuöflunin 1989 var sem hér segir:

Keypt orka:			
Frá Landsvirkjun			
forgangsorka	659.385	MWh	
ótryggð orka	72.327	"	
Frá Andakílsárvirkjun	4.203	"	
Frá Skeiðsfossvirkjun	5.790	"	
Frá Sleitustaðavirkjun	827	"	
Alls	742.532	MWh	= 742,5 GWh

Framleidd orka:		
Í vatnsaflsstöðvum	112.372 MWh	
Í varmaorkustöðvum	1.097 "	
Í kyndistöðvum	208 "	
Alls	113.676 MWh	= 113,7 GWh
Orkuöflun alls		= 856,2 GWh

Orkuöflun Rafmagnsveitna ríkisins árið 1989 var rúmar 856 GWh og jókst um 2,7% frá fyrra ári þegar hún var rúmar 835 GWh.

Orkukaup voru tæpar 743 GWh og jukust um 0,2% frá 1988 er þau námu rúmum 741 GWh.

Framleiðsla í eigin orkuverum jókst úr rúmum 94 GWh 1988 í tæpar 114 GWh 1989 eða um 2%. Hlutur eigin framleiðslu í orkuöflun var um 13% á móti 11% árið 1988.

Raforkusala.

Rafmagnsveitur ríkisins selja eins og áður segir raforku til rafveitna sveitarfélaga í heildsölu og beint til notenda á orkuveitusvæði sínu. Heildarraforkusala á árinu 1989 var 791 GWh. Í heildsölu voru seldar 191 GWh. Smásala nam 570 GWh eða um 72% af allri orkusölunni og skiptist þannig eftir notkun árið 1989:

	GWh	%
Almenn notkun	70,6	12,4
Markmæling v/landbúnaðar	161,7	28,4
Vélanotkun	118,1	20,7
Húshitun	201,1	35,3
Annað	18,6	3,3
Samtals	570,1	100,1

Auk þess seldu Rafmagnsveiturnar heitt vatn, er samsvarar 30 GWh, til hitaveitna á Höfn í Hornafirði og Seyðisfirði.

Reiknað er með að 70% af raforkusölu í landbúnaði, þ.e. markmælingu, sé til hitunar. Heildar raforkusala til húshitunar er 314,3 GWh eða um 55% af raforkusölu í smásölu.

Fjárfestingar.

Á árinu 1989 námu fjárfestingar 363,5 Mkr. samanborið við 368,7 Mkr. árið 1988.

Fjárfestingar ársins 1989 skiptast þannig:

	Mkr.
Aflstöðvar	16,1
Aðalorkuveitur	91,8
Dreifiveitur	206,4
Fasteignir, bifreiðar og áhöld	49,3
Samtals	363,5

Framkvæmdir eru fjármagnaðar með fé úr rekstri, svo og með beinni verksölu. Orkusjóður veitir framlag til framkvæmda við dreifiveitur í sveitum.

Fjárhagsafkoma 1989.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi (í þús. kr.) í árslok 1989:

	1989 (þús. kr.)	1988 (þús. kr.)	1987 (þús. kr.)
Orkusala	2.374.253	2.077.849	1.593.135
Aðrar tekjur	236.480	208.775	170.509
Tekjur samtals	2.610.733	2.286.624	1.763.644
Rekstrargjöld	2.125.636	1.917.848	1.544.373
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjárm.gj.	485.087	368.776	219.271
Afskriftir	604.374	498.976	431.790
Fjármagnsgjöld	155.555	132.571	109.605
Tap	274.832	262.771	322.124
Eignir	9.947.864	7.958.836	6.802.040
Skuldir	376.294	1.779.838	1.330.236
Eigið fé	9.571.570	6.178.998	5.471.804

Á árinu 1989 urðu þáttaskil í fjármálum Rafmagnsveitna ríkisins. Hinn 13. júlí 1989 var undirritaður samningur milli iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkisstjórnarinnar annars vegar og Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða hins vegar um yfirtöku ríkissjóðs á langtímalánum, sem hvíldu á fyrirtækjunum, og lækkun raforkuverðs til notenda á landsbyggðinni. Samningur þessi felur í sér að ríkissjóður yfirtekur lán frá Rafmagnsveitum ríkisins að fjárhæð 1.524,5 Mkr., auk þess sem Rafmagnsveiturnar endurheimta skuldabréf vegna sölu raforkumannvirkja á Suðurnesjum.

Með samningi þessum náðist fram lokaáfanginn í því að bæta Rafmagnsveitunum þann tekjumissi er þær urðu fyrir þegar verðjöfnunargjald á raforku var fellt niður árið 1986.

Við þetta urðu þau merku tímamót að Rafmagnsveitur ríkisins eru nú fjárhagslega sjálfstæðar og framvegis verða allar almennar framkvæmdir á vegum fyrirtækisins fjármagnaðar úr rekstri og þar með komið í veg fyrir lántökur vegna nauðsynlegra fjárfestinga, en þær hafa verið verulegar á undanförnum árum. Jafnframt gátu Rafmagnsveiturnar lækkað almenna heimilis- og iðnaðartaxta um 5% frá 1. ágúst 1989 sem felur í sér aukna verðjöfnun á raforku í landinu. Forsenda samningsins er enn fremur að sjálfsögðu sú að ákvarðanir um gjaldskrá Rafmagnsveitnanna verði með eðlilegum hætti.

Í ljósi þessa breytta fjárhagsumhverfis munu Rafmagnsveiturnar áfram stefna að því að tryggja viðskiptamönnum sínum sem best öryggi í afhendingu orku á sem hagkvæmustu verði.

Verulegur árangur náðist í lækkun rekstrarkostnaðar á árinu 1989 með markvissu aðhaldi í rekstri fyrirtækisins, en meðal annars hefur starfsmönnum fækkað um tæp 16% á síðastliðnum 4 árum og að því hefur verið stefnt að ráða ekki í störf sem losnað hafa.

Horfur eru á, að rekstur Rafmagnsveitnanna verði í jafnvægi á árinu 1990 þrátt fyrir að engar gjaldskrárhækkanir verði á árinu.

Starfsfólk.

Fjöldi starfsmanna Rafmagnsveitnanna á undanförnum árum hefur verið sem hér segir:

1985	1986	1987	1988	1989
322	311	310	276	273

Rafmagnsveitustjóri er Kristján Jónsson. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs er Eiríkur Briem og framkvæmdastjóri tæknisviðs er Steinar Friðgeirsson.

Svæðisrafveitustjóri á Austurlandi var Erling Garðar Jónasson en hann tók við stöðu deildarstjóra innkaupa- og birgðadeildar á árinu 1990. Sigurður Eymundsson tók við starfi svæðisrafveitustjóra á Austurlandi en hafði áður verið svæðisrafveitustjóri á Norðurlandi vestra. Við starfi svæðisrafveitustjóra á Norðurlandi vestra tók Haukur Ásgeirsson. Ásgeir Þór Ólafsson er svæðisrafveitustjóri á Vesturlandi, Ingólfur Árnason á Norðurlandi eystra og Örlygur Jónasson á Suðurlandi.

GUTENBERG Ríkisprentsmiðja

Rekstur fyrirtækisins árið 1989 var um nokkra hluti einstakur. Á því ári voru í fyrsta sinn sett lög um fyrirtækið og var það gert í maímánuði 1989. Megininntak laga þessara er að prentsmiðjan verði gerð að hlutafélagi og taki það til starfa með hinu nýja sniði í janúar 1990. En einmitt um þau áramót hafði fyrirtækið starfað sem ríkisprentsmiðja í full 60 ár eða frá 1. janúar 1930, jafnframt eru 85 ár frá því, að prentsmiðjan Gutenberg hóf rekstur en það var 1. janúar 1905.

Starfsemi fyrirtækisins var með hefðbundnu sniði og gekk hún vonum framar þrátt fyrir mikið krepputal í þjóðfélaginu. Reynt var að sýna aðhald í hvívetna bæði í fjárfestingum og öðrum rekstrarkostnaði.

Í nýjum lögum um fyrirtækið er fjölgað í stjórn þess og eru nú fimm menn í stjórn í stað þriggja áður, einnig er fyrirtækinu settur nýr endurskoðandi, sem er Ólafur Kristinsson, en hann kemur frá Endurskoðunarskrifstofu N. Manscher hf. En kjörnir endurskoðendur koma frá Ríkisendurskoðun.

Það sem af er árinu 1990 hefur tíminn m.a. verið notaður til þess að laga reksturinn að hinu nýja rekstrarformi, þ.e. hlutafélagsforminu, en það tók gildi um síðustu áramót eins og fram kemur hér að ofan. Afköst í bókbandi hafa verið bætt verulega en þar var ekki mikil vélvæðing fyrir.

Rekstur.

Staða á rekstrar- og efnahagsreikningi var sem hér segir í árslok 1989.

	1989 þús. kr.	1988 þús. kr.
Rekstrartekjur	175.737	151.358
Rekstrargjöld	(161.141)	(143.363)
Nettó fjárm. tekjur (gjöld)	(13.028)	(14.004)
Hagnaður (tap)	1.568	(6.009)
Eignir	199.467	144.067
Skuldir	(69.100)	(57.916)
Eigið fé	(130.367)	(86.151)

Stjórn.

Í stjórn ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg sátu eftirtaldir:
Eggert G. Þorsteinsson, formaður
Lúðvíg Hjálmtýsson, varaformaður
Hjörtur Hjartarson, ritari.

Í stjórn Prentsmiðjunnar Gutenberg hf. sitja eftirtaldir menn:
Eggert G. Þorsteinsson, formaður
Hjörtur Hjartarson, ritari
Karl M. Kristjánsson
Bjarni Ingólfsson
Árni Þ. Árnason.

Til vara:
Halldór J. Kristjánsson.

Forstjóri er Guðmundur Kristjánsson.

SEMENTSVERKSMIÐJA RÍKISINS

Sementsverksmiðja ríkisins tók til starfa 1958. Starfræksla verksmiðjunnar byggist á lögum nr. 35/1948. Verksmiðjan er að öllu leyti í eigu ríkisins. Hún lýtur fimm manna þingkjörinni stjórn, sem kosin er til fjögurra ára. Iðnaðarráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna.

Rekstur 1989.

Gjallframleiðsla verksmiðjunnar varð 103.000 tonn samanborið við 117.500 tonn árið 1988. Ástæða þessa samdráttar var aðallega samdráttur í sementssölu. Rekstrardagar ofnsins voru færri en venjulega eða 307 og dagsframleiðslan 335 tonn að meðaltali.

Framleiðsla sements varð 116.000 tonn en salan 117.566 tonn.

Á árinu voru gerðar umfangsmiklar breytingar á framleiðslukerfi verksmiðjunnar. Var þar aðallega um að ræða tölvustýrða sjálfvirkni og fullkomnari rannsóknatækni.

Framleiðsla og sala sements 1989 og 1988 var í tonnum sem hér segir:

	1989		1988	
	framl.	sala	framl.	sala
Portlandsement	103.700	104.523	123.700	122.097
Hraðsement	8.100	9.549	8.900	8.230
Blöndusement	4.200	3.494	1.500	1.492
Alls tonn	116.000	117.566	134.100	131.819

Skipting milli sölu á lausu og sekkjuðu sementi var í tonnum sem hér segir:

	laust	sekkjað
Portlandsement	82.198	22.325
Hraðsement	8.536	1.013
Blöndusement	3.161	333
Samtals	93.895	23.671
Skipting	79,9%	20,1%

Árið 1988 var hlutur lausa sementsins 80,7% en þess sekkjaða 19,3%.

Verð á framleiðslu verksmiðjunnar hækkaði tvisvar á árinu, 11. apríl um 5,9% og 1. september um 9,8%. Flutningsjöfnunarsjóðsgjald hækkaði einu sinni, 11. apríl um 14,3%. Í ársbyrjun 1989 var lagt 9% vörugjald á sementsverð verksmiðjunnar. Til neytenda hækkaði sementsverð á árinu um 25,1% en 16,3% til verksmiðjunnar.

Afkoma verksmiðjunnar versnaði nokkuð frá góðum rekstrarárum 1986-1988. Var tap af rekstri 76.15 Mkr., þar af 56.1 Mkr. af reglulegri starfsemi. Afskriftir voru 99.5 Mkr.

Fastráðnir starfsmenn í árslok 1989 voru 138 (133 stöðugildi) en voru 140 (136 stöðugildi) árið 1988.

Helstu niðurstöður skv. rekstrar- og efnahagsreikningi 1989 (1988 og 1987):

	1989 þús. kr.	1988 þús. kr.	1987 þús. kr.
Rekstrartekjur	715.550	689.550	588.400
Rekstrargjöld	(696.600)	(598.200)	(524.550)
Fjármagnstekjur (gjöld)	(95.100)	(59.500)	(30.750)
Hagnaður (tap)	(76.150)	31.850	33.100
Eignir	1.112.600	941.650	783.900
Skuldir	442.900	324.350	291.500
Eigið fé	669.700	617.300	492.400

Rekstrarhorfur 1990.

Útlit er fyrir að sementssalan 1990 verði svipuð eða heldur lægri en 1989. Þar sem salan hefur verið treg 1989 og það sem af er árinu 1990 hefur afkastageta framleiðslunnar ekki verið fullnýtt.

Sex mánaða uppgjör fyrirtækisins bendir til þess að rekstrarniðurstaða ársins 1990 verði nálægt núllpunktinum.

Stjórn.

Á fundi sameinaðs Alþingis 7. febrúar 1989 voru eftirtaldir kosnir í stjórn verksmiðjunnar fyrir tímabilið 6. febr. 1989 til 5. febr. 1993: Eiður Guðnason alþingismaður, formaður, Friðjón Þórðarson alþingismaður, Inga Harðardóttir kennari, Ingi Björn Albertsson alþingismaður og Steinunn Sigurðardóttir hjúkrunarforstjóri.

I. B. ORKUFYRIRTÆKI MEÐ RÍKISAÐILD

LANDSVIRKJUN

Landsvirkjun var stofnuð 1. júlí 1965 sem sameignarfyrirtæki ríkisins og Reykjavíkurborgar samkvæmt lögum nr. 59 frá 11. maí 1965 og skiptist eignaraðildin til helminga. Við sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar hinn 1. júlí 1983 varð Akureyrarbær eigandi Landsvirkjunar ásamt ríkinu og Reykjavíkurborg. Síðan hefur eignarhlutur ríkisins í Landsvirkjun verið áfram 50%, Reykjavíkur 44,525% og Akureyrar 5,475%. Núgildandi lög um Landsvirkjun eru nr. 42 frá 23. mars 1983. Iðnaðarráðherra staðfesti núgildandi reglugerð fyrir Landsvirkjun nr. 760/1983 16. nóvember 1983 og tók hún gildi 30. nóvember 1983.

Yfirlit 1988.

Rekstur Landsvirkjunar gekk vel á árinu 1988 og varð veruleg aukning á raforkusölu fyrirtækisins frá fyrra ári. Salan til almenningsrafveitna jókst um 9,4% og til stóriðju um 5,6%. Alls jókst hún um 7,2% og varð samtals 3.947 GWst. Rafmagnsframleiðsla á landinu í heild nam 4.417 GWst og framleiddi Landsvirkjun þar af 4.134 GWst eða 93,6%.

Meðalverð rafmagns frá Landsvirkjun lækkaði frá fyrra ári að raungildi um 1,2% til almenningsrafveitna og um 10,9% til Áburðarverksmiðju ríkisins, en hækkaði um 24,6% til Íslenska álfélagsins hf. og um 8,9% til Íslenska járnblendifélagsins hf. og er þá miðað við vísitölu byggingarkostnaðar.

Framkvæmdum við Blönduvirkjun miðaði vel á árinu. Lokið var að mestu við uppbyggingu stöðvarhúss og bergþéttun undir stíflum. Á árinu var langt komið að byggja hið nýja stjórnstöðvarhús Landsvirkjunar við Bústaðaveg 7 í Reykjavík. Hið nýja aðveitustöðvarhús fyrirtækisins við Hamranes sunnan Hafnarfjarðar varð um það bil fokhelt í lok ársins.

Iðnaðarráðuneytið og Landsvirkjun stóðu á árinu að stofnun markaðsskrifstofu sem verður til húsa í aðalskrifstofu Landsvirkjunar. Hlutverk hennar er að afla markaðar fyrir raforku til stóriðju og útflutnings. Verður hún rekin sjálfstætt í jafnri eigu stofnaðila. Er stjórn skrifstofunnar skipuð sex mönnum, þremur frá hvorum aðila og veitir sérstakur framkvæmdastjóri skrifstofunni forstöðu. Af hálfu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar voru hugmyndir um sölu á rafmagni um sæstreng frá Íslandi til Bretlands kynntar á árinu í viðræðum við bresk stjórnvöld og orkufyrirtæki. Í árslok var í samvinnu við Landsvirkjun langt komið hagkvæmnisathugunum á vegum ríkisstjórnarinnar og fjögurra erlendra álframleiðenda á möguleikum á því að byggja nýtt álver í Straumsvík. Þau álfyrirtæki sem áttu hlut að máli voru Swiss Aluminium Ltd., Gränges Aluminium AB, Hoogovens Aluminium BV og Austria Metall AG.

Afkoma 1988.

Rekstrartekjur Landsvirkjunar námu alls 4.480 m.kr. og rekstrargjöld 4.294 m.kr. Afskriftir og vextir námu 3.131 m.kr. eða 73% af heildarrekstrargjöldum. Rekstrarafgangur á árinu 1988 nam 186 m.kr. og er þetta fimmta árið í röð sem rekstrarafkoma fyrirtækisins er jákvæð. Með hliðsjón af hagstæðari afkomu var eigendum greiddur arður að fjárhæð um 52 m.kr. sem nam 4% af framreiknuðum eiginfjárframlögum þeirra. Afborganir umfram lántökur námu 265 m.kr. Eigið fé í árslok var 16.814 m.kr. og jókst um 3.255 m.kr. frá fyrra ári. Eigið fé í hlutfalli við heildareign, sem nam 46 milljörðum króna, var 36,4%.

Yfirlit 1989.

Á árinu 1989 nam rafmagnsframleiðsla á landinu í heild 4.475 GWst. Þar af framleiddi Landsvirkjun 4.163 GWst eða 93%.

Af þeim 4.163 GWst, sem Landsvirkjun framleiddi, nam rafmagnssalan 3.975 GWst, en tap og eigin notkun 188 GWst eða 4,5%, sem er sama hlutfall og 1988. Skiptist rafmagnssalan þannig að salan til almenningsrafveitna nam 1.767 GWst (44,5%) og til stóriðju 2.208 GWst (55,5%).

Sala Landsvirkjunar á forgangsorku til almenningsrafveitna minnkaði um 1,0% frá fyrra ári, en sala ótryggðs rafmagns jókst hins vegar um 18,4%. Alls jókst rafmagnssala Landsvirkjunar til almenningsrafveitnanna um 0,3%, sala til stóriðju um 1,0% og til almenningsrafveitna og stóriðju samtals um 0,7% frá árinu á undan. Er þetta mun minni aukning en milli áranna 1987 og 1988, er hún nam 7,2%.

Meðalverð rafmagns frá Landsvirkjun til almenningsrafveitna lækkaði milli áranna 1988 og 1989 um 9% að raungildi og hefur þá raunverðið lækkað um 38% frá því sem það var 1984. Á árinu 1989 hækkaði meðalverðið til stóriðju hins vegar að raungildi frá 1988 um 10,0% til ÍSAL, um 2,4% til Íslenska járnblendifélagsins hf. og um 14,2% til Áburðarverksmiðju ríkisins.

Almennar rannsóknir á vegum Landsvirkjunar voru einkum fólgnar í vatna- og jöklamælingum, jarðfræði- og vatnarannsóknum, jarðskjálfta- og eldgosarannsóknum, veðurmælingum, kortagerð og rannsóknum á sviði umhverfismála. Voru rannsóknir þessar með svipuðu sniði og álíka umfangsmiklar og árið áður. Hins vegar varð mikil aukning í virkjana- og línurannsóknum í þágu undirbúnings að auknum orkufrekum iðnaði hér á landi.

Framkvæmdum við Blönduvirkjun miðaði að mestu samkvæmt áætlun. Var einkum unnið við stífluhleðslu, byggingarmannvirki við stíflur, seinni hluta þrýstivatnspípu og byggingu stjórnhúss. Að undangengnum útboðum var samið við Hagvirki hf. um byggingu Blöndustíflu og Kolkustíflu vegna miðlunarlóns og innri hluta veituskurða og við Fossvirki sf. um byggingu ytri hluta veituskurða, Gilsárstíflu, sem myndar inntakslón, inntaksmannvirki og pípuskurð. Bygging stjórnhúss Blönduvirkjunar var boðin út og samið við Stíganda hf. um verkið.

Á árinu var lokið við að byggja hina nýju stjórnstöð Landsvirkjunar við Bústaðaveg 7 í Reykjavík og jafnframt lauk þá vinnu við að koma nýjum kerfiráði þar fyrir. Var stöðin tekin í notkun í desember og hefur nú öll tölvuvædd fjarstýring og fjargæsla raforkukerfis Landsvirkjunar verið flutt þangað frá spennistöð Landsvirkjunar við Geitháls.

Sérstöku stjórnborði var jafnframt komið fyrir í svæðisskrifstofu Landsvirkjunar á Akureyri til þess að hún geti fylgst með og sinnt rekstri raforkukerfisins eftir þörfum.

Lokið var við byggingu hinnar nýju aðveitustöðvar Landsvirkjunar við Hamranes sunnan Hafnarfjarðar og í árslok höfðu Rafveita Hafnarfjarðar og Hitaveita Suðurnesja þegar tengst hinni nýju aðveitustöð, en Rafmagnsveita Reykjavíkur og stálbræðsla Íslenska stálfélagsins hf. tengjast henni 1990.

Hin nýja stjórnstöð mun auka rekstraröryggi alls raforkukerfis Landsvirkjunar og nýja aðveitustöðin við Hamranes mun stuðla að bættu afhendingaröryggi raforku á svæðinu við sunnanverðan Faxaflóa. Jafnframt léttir hún á spennistöð Landsvirkjunar við Geitháls, sem annar ekki lengur hinni árlegu aukningu í álagi orkueftirspurnar Faxaflóasvæðisins.

Landsvirkjun hélt áfram samstarfi við iðnaðarráðuneytið í viðræðum þess og fyrirtækjanna Swiss Aluminium Ltd., Gränges Aluminium AB, Austria Metall AG og Hoogovens Aluminium BV, hins svonefnda Atlantal-hóps, um aukna álframleiðslu á Íslandi, annað hvort með stækkun álbræðslunnar í Straumsvík um 120.000 tonn eða byggingu nýrrar 185.000 tonna álbræðslu. Austria Metall AG og Swiss Aluminium Limited drógu sig út úr viðræðum þessum á árinu. Í stað þessara fyrirtækja bættist bandaríska álfyrirtækið Alumax Inc. í Atlantal-hópinn í upphafi ársins 1990.

Afkoma 1989.

Rekstrartekjur Landsvirkjunar námu alls 5.359 milljónum króna. Þar af námu tekjur af orkusölu til almenningsrafveitna 3.406 milljónum króna (63,6%) og til stóriðju 1.920 milljónum króna (35,8%) og aðrar tekjur 33 milljónum króna (0,6%).

Rekstrargjöld Landsvirkjunar námu alls 4.645 milljónum króna. Vextir og afskriftir voru eins og áður stærstu gjaldaliðirnir og námu alls 3.251 milljón króna eða 70,0% af gjöldunum í heild.

Rekstrarafgangur á árinu 1989 nam 714 milljónum króna. Er þetta sjötta árið í röð sem rekstrarafkoma Landsvirkjunar er jákvæð og jafnframt hagstæðasta rekstrarár fyrirtækisins til þessa og var arðgjöf af eigin fé 3,6%.

Á árinu 1989 greiddi Landsvirkjun 1.389 milljónir króna í afborganir af langtímalánum. Námu nýjar lántökur vegna framkvæmda 1.177 milljónum króna og lækkuðu skuldir fyrirtækisins því um 212 milljónir króna á árinu.

Með hliðsjón af hinni hagstæðu afkomu á árinu var eigendum greiddur arður að fjárhæð alls um 66 milljónir króna, sem nemur 4% af framreiknuðum eiginfjárframlögum þeirra.

Í árslok 1989 nam heildareign Landsvirkjunar 61 milljarði króna að jafnvirði um 992 milljónum bandaríkjadollara. Þar af nam eigið fé um 23 milljörðum króna að jafnvirði um 375 milljónum bandaríkjadollara eða 37,9% af heildareign, en heildarskuld Landsvirkjunar nam um 38 milljörðum króna að jafnvirði um 616 milljónum bandaríkjadollara.

Horfur 1990.

Horfur eru á hagstæðri rekstrarafkomu Landsvirkjunar á árinu 1990 sem einkum má rekja til hagstæðrar gengisþróunar og lækkandi verðbólgu. Greiðsluafkoma fyrirtækisins virðist þó ætla að verða nokkuð lakari en gert var ráð fyrir í upphafi árs.

Á árinu 1990 hefur verið haldið áfram framkvæmdum við Blönduvirkjun og er stefnt að því að taka fyrstu vél í notkun í október 1991, en 2. og 3. vél verði tilbúnar til reksturs fyrri hluta árs 1992. Þá er unnið að aðgerðum við raforkukerfi Landsvirkjunar til að auka rekstraröryggi þess. Unnið hefur verið að undirbúningi vegna virkjanaframkvæmda fyrir nýtt álver og við það miðað að Landsvirkjun geti afhent raforku til álversins á árinu 1994. Hér er um að ræða undirbúning Fljótsdalsvirkjunar og stækkun Búrfellsvirkjunar, auk rannsókna á línustæðum nýrra háspennulína.

Yfirstjórn.

Samkvæmt lögum um Landsvirkjun er stjórn fyrirtækisins skipuð til fjögurra ára í senn. Frá 1. júlí 1987 sitja í stjórn eftirtaldir menn:

Formaður	Dr. Jóhannes Nordal
Kosnir af Alþingi:	Árni Grétar Finnsson
	Hafsteinn Kristinsson
	Dr. Ólafur Ragnar Grímsson *)
	Páll Pétursson
Kosnir af borgarstjórn Reykjavíkur:	Birgir Ísleifur Gunnarsson
	Davíð Oddsson
	Sigurjón Pétursson

*) Að eigin ósk situr dr. Ólafur Ragnar Grímsson ekki fundi í stjórn Landsvirkjunar meðan hann gegnir embætti ráðherra. Finnbogi Jónsson skipar sæti hans í stjórninni á meðan.

Kosinn af bæjarstjórn Akureyrar:	Gunnar Ragnars
Framkvæmdastjórn:	
Forstjóri	Halldór Jónatansson
Aðstoðarforstjóri	Jóhann Már Maríusson
Forstöðumenn deilda:	
Aðalskrifstofa	Örn Marinósson
Byggingardeild	Páll Ólafsson
Rekstrardeild	Guðmundur Helgason
Svæðisskrifstofa Norður- og Austurlands	Knútur Otterstedt
Tækniþróunardeild	Elías B. Elíasson
Verkfræðideild	Agnar Olsen

Meðfylgjandi eru töflur er sýna rafmagnsframleiðslu og rafmagnssölu fyrir árin 1988 og 1989, gjaldskrárverð til almenningsrafveitna og yfirlit um starfsmannahald fyrirtækisins á þessum árum.

Rafmagnsframleiðsla.

	1989 GWst	MW	1988 GWst	MW
Rafmagnsframleiðsla	4.162,8	641,0	4.134,1	634,0
Vatnsorka	3.970,1	608,0	3.949,8	601,0
Jarðvarmaorka	192,6	33,0	184,3	33,0
Eldsneytisorka	0,1	0,0	0,0	0,0

Rafmagnssala.

	1989				1988			
	Forg. GWst	Afg. eða ótr. orka GWst	Alls GWst	MW	Forg. GWst	Afg. eða ótr. orka GWst	Alls GWst	MW
Til almenningsrafveitna	1.625,7	141,1	1.766,8	–	1.642,1	119,2	1.761,3	–
Rafmagnsveitu Reykjavíkur	620,2	–	620,2	111,9	607,5	–	607,5	109,6
Rafmagnsveitna ríkisins	651,5	80,3	731,8	116,5	675,9	58,3	734,2	120,7
Rafveitu Hafnarfjarðar	58,1	–	58,1	10,1	55,1	–	55,1	9,8
Orkubús Vestfjarða	75,9	51,0	126,9	15,2	79,4	51,7	131,1	16,6
Rafveitu Akureyrar	94,4	9,8	104,2	17,5	99,0	9,2	108,2	17,7
Hitaveitu Suðurnesja	125,6	–	125,6	20,2	125,2	–	125,2	21,1
Til stóriðju	1.704,5	503,3	2.207,8	–	1.699,5	486,3	2.185,8	–
Áburðarverksmiðju ríkisins	141,3	–	141,3	21,6	136,3	–	136,3	22,4
ÍSAL	1.307,0	124,9	1.431,9	173,0	1.307,0	113,8	1.420,8	176,0
Íslenska járnblendifélagsins	256,2	378,4	634,6	84,0	256,2	372,5	628,7	82,0
Heildarrafmagnssala	3.330,2	644,4	3.974,6	–	3.341,6	605,5	3.947,1	–
Tap og eigin notkun			188,2				187,0	

Gjaldskrá Landsvirkjunar til almenningsrafveitna 1988.

	01.01.-01.05	01.05-01.07	01.07.-
Forgangsrafmagn:			
Aflgjald, krónur á árskW	4.267,74	4.425,65	4.779,70
+ Orkugjald, aurar á kWst:			
Fyrir fyrstu notkun allt að 2.500 klst. nýtingartíma á ári	136,0	141,0	152,3
Fyrir notkun milli 2.500 og 4.000 klst. nýtingartíma á ári	79,1	82,0	88,6
Fyrir notkun umfram 4.000 klst. nýtingartíma á ári	37,0	38,8	41,9
Ótryggt rafmagn:			
Orkugjald (eingöngu), aurar á kWst	28,0	29,0	31,3

Gjaldskrá Landsvirkjunar til almenningsrafveitna 1989.

	01.01.-01.03	01.03-01.10	01.10.-
Forgangsrafmagn:			
Aflgjald, krónur á árskW	4.779,70	5.162,08	5.678,29
+ Orkugjald, aurar á kWst:			
Fyrir fyrstu notkun allt að 2.500 klst. nýtingartíma á ári	152,3	164,5	181,0
Fyrir notkun milli 2.500 og 4.000 klst. nýtingartíma á ári	88,6	95,7	105,3
Fyrir notkun umfram 4.000 klst. nýtingartíma á ári	41,9	45,3	49,8
Ótryggt rafmagn:			
Orkugjald (eingöngu), aurar á kWst	31,3	33,8	37,2

Fjöldi starfsmanna í föstum störfum.

	1989	1988
Yfirstjórn og tæknideildir	72	71
Kerfisstjórn, spennistöðvar og háspennulínur	46	44
Aflstöðvar	91	94
	209	209

Lausráðnir starfsmenn.

Ársverk	80	65
	289	274

ORKUBÚ VESTFJARÐA

Orkubú Vestfjarða starfar á grundvelli laga nr. 66/1976 um Orkubú Vestfjarða og er sameignarfyrirtæki ríkisins og sveitarfélaga á Vestfjörðum. Hluti ríkissjóðs er 40%, en hluti sveitarfélaganna er 60% í fyrirtækinu. Skiptist hluti sveitarfélaganna innbyrðis milli þeirra í hlutfalli við íbúatölu og eru öll sveitarfélögin á Vestfjörðum eigendur að Orkubúi Vestfjarða.

Markmið Orkubúsins er að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum þar sem hagkvæmt þykir. Skal Orkubú Vestfjarða eiga og reka vatnsorkuver og díselraforkustöðvar til raforkuflutnings og orkudreifingar. Fyrirtækið skal eiga og reka jarðvarmavirki og nauðsynlegt flutningskerfi og dreifikerfi fyrir heitt vatn. Skal fyrirtækið einnig eiga og reka kyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi.

Fyrirtækið skal annast virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir eftir því sem ákveðið er hverju sinni.

Stofnfundur Orkubús Vestfjarða var haldinn á Ísafirði hinn 26. ágúst 1977. Sérstakur stofnsamningur var gerður um yfirtöku eigna og skulda, en Orkubúið yfirtók eignir

Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum, svo og eignir Rafveitu Ísafjarðar, Rafveitu Patreks-hrepps, Rafveitu Snæfjalla og Rafveitu Reykjafjarðar- og Ögurhrepps.

Orkubúið hefur reist kyndistöðvar á Ísafirði, Bolungarvík, Patreksfirði og Flateyri og selur þar varmaorku til húshitunar.

2. janúar 1983 hóf Orkubú Vestfjarða viðskipti við Landsvirkjun um Vesturlínu.

Rekstur 1988.

Á árinu 1988 varð Orkubú Vestfjarða fyrir ýmsum ytri áföllum. Veðurguðirnir léku flutningskerfi fyrirtækisins oft á tíðum illa og má m.a. geta þess að um áramótin 1987–1988 brotnaði og slitnaði nánast öll línan milli Blævardals og Nauteyrar í Ísafjarðardjúpi vegna ísingar og illviðris en línan hafði þó verið endurbyggð og styrkt sumarið áður. Í nóvember geisuðu illviðri og ollu staurabrotum og línuslitum á nánast öllu veitusvæði Orkubúsins.

Vonast hafði verið til að ríkisvaldið bætti Orkubúinu tekjutap vegna niðurfellingar verðjöfnunargjalds af raforku en af því varð ekki á árinu 1988.

Af jákvæðum atriðum úr rekstri fyrirtækisins á síðastliðnu ári má nefna að orkuframleiðsla í vatnsaflsstöðvum fyrirtækisins var mikil og greiðslustaðan batnaði verulega þegar leið á árið.

Til fjárfestinga var varið 72,5 Mkr. Af helstu framkvæmdum má nefna endurbyggingu aðveitustöðvar í Breiðadal, byggingu vélarhúss og kaup á 2,2 MW díselvél til Ísafjarðar, endurbyggingu hluta af Tröllatungulínu og styrkingu sæstrengja og lína í Ísafjarðardjúpi. Framkvæmdir voru kostaðar af eigin fé og engin ný lán tekin. Úr Orkusjóði komu 6,8 Mkr. sem varið var til framkvæmdanna í Ísafjarðardjúpi.

Heildarorkuöflun fyrirtækisins jókst um 5,3% frá fyrra ári og nam alls 205,7 GWst. Eigin orkuvinnsla var 72,6 GWst eða 35,3% og orkukaup af Landsvirkjun og Rafmagnsveitum ríkisins voru 133,1 GWst eða 64,7% af heildar orkuöfluninni. Orkusala jókst um 3,8% frá fyrra ári og nam alls 167,5 GWst. Til húshitunar voru seldar 119,2 GWst, sem er 71,2% af heildar orkusölu Orkubúsins.

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hækkaði tvisvar á árinu, 1. maí hækkuðu allir taxtar um 2,7%. 1. júlí hækkuðu síðan allir taxtar um 8%. Þessar hækkanir má rekja til almennra verðlagshækkana og hækkana á gjaldskrá Landsvirkjunar.

Rekstrartekjur Orkubús Vestfjarða 1988 voru alls 496,5 Mkr. og rekstrargjöld 511,9 Mkr. Rekstrarafkoma 1988 var því neikvæð um 15,4 Mkr. Eigið fé fyrirtækisins nam í árslok 2.028,1 Mkr. og var 75,1% af heildarfjármagni.

Rekstur 1989.

Á árinu 1989 var gerður samningur við ríkisvaldið um að ríkissjóður yfirtæki eftirstöðvar skuldabréfs sem gefið var út í tengslum við afnám verðjöfnunargjalds af raforku. Þessi samningur markar tímamót í sögu Orkubús Vestfjarða og að honum gerðum hvíla engin langtímalán á fyrirtækinu.

Í samningnum er að finna ákvæði um að 70% af „greiðsluafgangi“ Orkubúsins ár hvert skuli renna í ríkissjóð, en tekið er undir með kjörnum endurskoðendum fyrirtækisins þar sem þeir segja í skýrslu sinni:

> „Við teljum að sá bati sem verður við þessa yfirtöku eigi að koma neytendum Orkubúsins að fullu til góða í lækkuðu orkuverði. Þannig sé að fullu náð þeim tilgangi sem að var stefnt, fyrst með verðjöfnunargjaldinu og síðan með afnámi þess ásamt yfirtöku skulda.“

Á árinu 1989 var 109,6 Mkr. varið til fjárfestinga. Af helstu framkvæmdum má nefna endurnýjun efri hluta þrýstivatnspípu Þverárvirkjunar, þar sem lögð var trefjaplastpípa í stað gamallar trépípu, kaup á díselvélum til Hólmavíkur og Bolungarvíkur og byggingu húss yfir starfsemina á Patreksfirði. Framkvæmdirnar voru að fullu kostaðar af eigin fé.

Heildarorkuöflun fyrirtækisins minnkaði um 1,7% frá fyrra ári og nam alls 202,3 GWst. Eigin orkuvinnsla var 73,5 GWst eða 36,3% og orkukaup af Landsvirkjun og Rafmagnsveitum ríkisins voru 128,8 GWst eða 63,7% af heildarorkuöfluninni. Orkusala jókst um 2,7% frá fyrra ári og nam alls 172,0 GWst. Til húshitunar voru seldar 122,6 GWst sem er 71,2% af heildar orkusölu Orkubúsins.

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða breyttist tvisvar á árinu, 1. mars hækkuðu allir taxtar um 8%, 1. ágúst voru hins vegar almennur taxti og afltaxti lækkaðir um 5% í tengslum við yfirtöku ríkissjóðs á langtímaláni Orkubús Vestfjarða, en aðrir taxtar voru óbreyttir. Þrátt fyrir almennar verðhækkanir og 10% hækkun Landsvirkjunar á gjaldskrá þann 1. október hélt Orkubú Vestfjarða gjaldskrá sinni óbreyttri til áramóta. Raunverð orku var um sl. áramót með því lægsta sem það hefur verið allt frá stofnun orkubúsins.

Heildartekjur Orkubús Vestfjarða 1989 voru alls 596,4 Mkr. og heildargjöld 647,8 Mkr. Rekstrarafkoma 1989 var því neikvæð um 51,4 Mkr. Þrátt fyrir þetta tap batnaði veltufjárstaðan verulega á árinu og nam hækkun hreins veltufjár 42,3 Mkr. Eigið fé fyrirtækisins nam í árslok 3.245,7 Mkr. og var 97,8% af heildarfjármagni.

Niðurstaða rekstrar- og efnahagsreiknings.

	1989 Mkr.	1988 Mkr.	1987 Mkr.
Rekstrartekjur	548	497	388
Rekstrargjöld	606	508	414
Fjármagnsgjöld	9	44	54
Óreglulegar tekjur	15	40	0
Hagnaður (Tap)	(52)	(15)	(80)
Eignir	3.319	2.702	2.369
Skuldir	73	674	609
Eigið fé	3.246	2.028	1.760

Rekstraráætlun 1990.

	Mkr.
Rekstrartekjur	615
Rekstrargjöld*)	703
Fjármagnsgjöld	11
Hagnaður (Tap)	(99)

*) Þar af afskriftir 175 Mkr.

Framkvæmdir á árinu 1990 eru áætlaðar rúmar 90 Mkr.

Stjórn Orkubúsins.

Stjórn fyrirtækisins til aðalfundar 1989 var þannig skipuð:

Eiríkur Finnur Greipsson, tæknifræðingur, formaður, Magnús Björnsson, skrifstofustjóri, Sigríður Hrönn Elíasdóttir oddviti, Kristján Jónasson, framkvæmdastjóri, skipaður af fjármálaráðherra, Ólafur Helgi Kjartansson, skattstjóri, skipaður af iðnaðarráðherra.

Stjórn Orkubúsins eftir aðalfund 1989 er þannig skipuð:

Eiríkur Finnur Greipsson, tæknifræðingur, formaður, Magnús Björnsson, skrifstofustjóri, Ólafur Helgi Kjartansson, skattstjóri, Kristján Jónasson, framkvæmdastjóri, skipaður af iðnaðarráðherra, Kristinn H. Gunnarsson, skrifstofustjóri, skipaður af fjármálaráðherra.

Orkubússtjóri er Kristján Haraldsson.

HITAVEITA SUÐURNESJA

Hitaveita Suðurnesja var stofnuð með lögum nr. 100 frá 31. desember 1974. Á þeim hafa síðan verið gerðar breytingar og viðbætur með lögum nr. 26 frá 9. maí 1980, nr. 91 frá 20. maí 1984 og nr. 101 frá 31. desember 1985.

Rekstur Hitaveitu Suðurnesja 1989.

Dreifikerfi Hitaveitu Suðurnesja nær nú til allra sveitarfélaga á Suðurnesjum auk Keflavíkurflugvallar. Einfalt dreifikerfi er í öllum sveitarfélögunum, en á svæði Keflavíkurflugvallar er tvöfalt lokað dreifikerfi, þ.e. vatnið kemur aftur til endurnýtingar.

Heildarvatnsmagn, er selt var í lok ársins, nam 29.569 lítrum á mínútu og keypti Keflavíkurflugvöllur u.þ.b. 53%. Búist er við 1–1,5% söluaukningu næstu árin, aðallega vegna fólksfjölgunar á svæðinu. Þá voru seld um mæla 423.378 tonn auk 327.203 tonna til laxeldis.

Helstu fjárfestingar.

Dreifikerfi rafmagns	16,7 M.kr.
Götulýsing	4,0 M.kr.
Aðveitustöðvar rafmagns	19,6 M.kr.
Stofnlínur rafmagns	63.9 M.kr.
Ormat raforkuver	218.9 M.kr.
Rofastöð Svartsengi	33,5 M.kr.
Dreifikerfi hitaveitu	31,1 M.kr.
Stofnæð Flugstöð L.E.	85,6 M.kr.
	473,3 M.kr.
Baðhús við Bláa lónið	1,8 M.kr.
Brekkustígur 32–6	0,3 M.kr.
Verkfæri, áhöld, innréttingar	5,4 M.kr.
Bifreiðar, vinnuvélar	7,9 M.kr.
	15,4 M.kr.
Samtals	488,7 M.kr.

Á árinu varð hagnaður á rekstri fyrirtækisins og rann hann til jöfnunar á tapi fyrri ára, en eigið fé, að frádregnum stofnframlögum, er neikvætt um 163,6 m.kr. í árslok. Afskriftir á árinu námu 369,2 m.kr. og hafa þá verið afskrifaðar 3,073 m.kr. eða um 41,6% bókfærðs heildarverðs í árslok.

Stjórn.

Aðalfundur var haldinn 31. mars 1989 og varð ein breyting á stjórn fyrirtækisins. Bjargey Einarsdóttir kom inn sem fulltrúi fjármálaráðuneytisins í stað Karls Steinars Guðnasonar sem aftur kom inn sem fulltrúi iðnaðarráðuneytis í stað Ólafs G. Einarssonar. Stjórnin var þá þannig skipuð:

Ómar Jónsson, fulltrúi Vatnsleysustrandarhrepps, formaður, Þórarinn St. Sigurðsson, fulltrúi Hafnahrepps, varaformaður, og Ólafur Thordersen, fulltrúi Njarðvíkurbæjar, ritari. Meðstjórnendur voru Bjargey Einarsdóttir, fulltrúi fjármálaráðuneytis, Finnbogi Björnsson fulltrúi Gerðahrepps, Hannes Einarsson fulltrúi Keflavíkurbæjar, Jón Gunnar Stefánsson fulltrúi Grindavíkurbæjar, Karl Steinar Guðnason fulltrúi iðnaðarráðuneytisins og Stefán Jón Bjarnason fulltrúi Miðneshrepps.

Eftirtaldir menn veita nú fyrirtækinu forstöðu:
Forstjóri: Ingólfur Aðalsteinsson
Framkvæmdastjóri fjármálasviðs: Júlíus Jónsson
Framkvæmdastjóri tæknisviðs: Albert Albertsson.

Staða samkvæmt rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1989:

	1989 (þús.kr.)	1988 (þús.kr.)	1987 (þús.kr.)	1986 (þús.kr.)
Rekstrartekjur	1,199,068	958,192	759,801	665,041
Rekstrargjöld	(882,992)	(718,192)	(572,354)	(463,517)
Fjármagnsgj. (nettó)	(116,215)	15,332	63,000	(66,402)
Hagnaður (Tap)	199,860	255,457	250,447	135,122

	1989 (þús.kr.)	1988 (þús.kr.)	1987 (þús.kr.)	1986 (þús.kr.)
Eignir	4,828,097	3,701,603	3,140,525	2,786,075
Skuldir	(2,535,065)	(2,156,804)	(1,715,091)	(1,938,480)
Gengisjöfnunarreikn.	0	(36.855)	(385.180)	(205,697)
Eigið fé	2,283,032	1,507,944	1,040,254	641,898

Starfsmenn fyrirtækisins í árslok 1989 voru 68 sem var óbreytt frá fyrra ári.

Rekstrarhorfur fyrir árið 1990.

Gert er ráð fyrir nokkrum rekstrarhagnaði á árinu en vegna mikilla afborgana af lánum (um 400 m.kr.) og mikilla fjárfestinga í raforkukerfunum aðallega (um 315 m.kr.) er greiðslustaðan nokkuð erfið.

Áætlaðar fjárfestingar 1990 skiptast þannig:

ORMAT – orkuver: upphaf 2. áfanga	55,0 M.kr.
Lína Hamranes – Fitjar (lýkur sept. 1991)	75,0 M.kr.
Aðveitustöð Fitjum (lýkur sept. 1991)	45,0 M.kr.
Rafmagnsdreifikerfi	24,0 M.kr.
Gatnalýsing	10,0 M.kr.
Orkuver – ýmsar framkvæmdir	15,0 M.kr.
Aðveitukerfi rafmagns	13,0 M.kr.
Veitukerfi hitaveitu	10,0 M.kr.
Stofnlínur rafmagns	16,0 M.kr.
Dreifikerfi hitaveitu	22,0 M.kr.
Bygging Bakkastíg 16 o.fl.	30,0 M.kr.
	315,0 M.kr.

Verkfæri, áhöld, innréttingar	13,0 M.kr.
Bifreiðar, vinnuvélar	4,0 M.kr.
Samtals	332,0 M.kr.

Eins og sjá má af sundurliðuninni hér að ofan verður einnig mikið um framkvæmdir 1991, en þá þarf m.a. að ljúka línubyggingu og aðveitustöð auk þess sem stjórnendur fyrirtækisins binda vonir við það að þá verði 2. áfangi ORMAT virkjunar kominn til framkvæmda.

II. STOFNANIR

IÐNTÆKNISTOFNUN ÍSLANDS

HLUTVERK OG MARKMIÐ IÐNTÆKNISTOFNUNAR ÍSLANDS

Iðntæknistofnun Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 41 frá 6. maí 1978, en með þeim lögum voru Iðnþróunarstofnun Íslands og Rannsóknastofnun iðnaðarins sameinaðar í Iðntæknistofnun Íslands. Iðntæknistofnun Íslands er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn iðnaðarráðuneytisins.

Hlutverk stofnunarinnar er að vinna að tækniþróun og aukinni framleiðni í íslenskum iðnaði með því að veita iðnaðinum í heild, einstökum greinum hans og iðnfyrirtækjum sérhæfða þjónustu á sviði tækni- og stjórnunarmála og stuðla að hagkvæmri nýtingu íslenskra auðlinda til iðnaðar.

Stofnuninni er heimilt að veita þjónustu öðrum aðilum sem hafa þörf fyrir þá sérþekkingu er stofnunin hefur yfir að ráða.

Hlutverki sínu skal Iðntæknistofnun gegna með því að:
- Vinna að ráðgjöf og fræðslu.
- Afla upplýsinga og dreifa þeim út í atvinnulífið.
- Leggja stund á hagnýtar rannsóknir.
- Fást við allskyns tilraunir og prófanir.
- Hafa með höndum tæknilegt eftirlit og stöðlun.
- Annast samskipti við hliðstæðar erlendar stofnanir.

Markmið Iðntæknistofnunar eru að:
- Efla nýsköpun í atvinnulífinu með hagnýtum rannsóknum og vöruþróun.
- Auka hæfni starfsfólks og stjórnenda með fræðslu.
- Bæta samkeppnishæfni fyrirtækja með aukinni framleiðni, bættum gæðum og stöðlun.
- Auka innlent og alþjóðlegt samstarf fyrirtækja með þátttöku í alþjóðlegum rannsókna- og þróunarverkefnum.
- Hafa ætíð á að skipa hæfasta starfsfólki sem völ er á til að tryggja gæði þeirrar þjónustu sem veitt er.

Stjórn.

Iðnaðarráðherra skipar stjórn stofnunarinnar, 1 fulltrúa án tilnefningar en 4 samkvæmt tilnefningum Félags ísl. iðnrekenda, Landssambands iðnaðarmanna, Landssambands iðnverkafólks og Alþýðusambands Íslands. Stjórn stofnunarinnar skipa:

Dr. Pétur Reimarsson, framkvæmdastjóri, formaður, Davíð Lúðvíksson verkfræðingur, Elías Gunnarsson verkfræðingur, Halldór Grönvold skrifstofustjóri og Örn Friðriksson vélvirki. Forstjóri er Páll Kr. Pálsson hagverkfræðingur.

Starfsemi Iðntæknistofnunar Íslands.

Stofnunin skiptist í 8 deildir og sérhverri er stjórnað af deildarstjóra sem hefur sér til faglegs ráðuneytis ráðgjafanefnd skipaða fulltrúum fyrirtækja á viðkomandi sviði.

Enn sem áður er lögð mikil áhersla á uppbyggingu þekkingar og tækjakosts til að stunda ýmiss konar rannsóknir og prófanir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Þá hefur fræðslustarf verið stór þáttur í starfsemi stofnunarinnar. Hlutur ráðgjafar hefur farið minnkandi en hagnýtar rannsóknir og vöruþróun þess í stað aukist.

RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN

Í rannsókna- og þróunarstarfi Iðntæknistofnunar er lögð áhersla á hagnýtar rannsóknir sem framkvæmdar eru í nánum tengslum við fyrirtækin. Iðntæknistofnun Íslands hefur einnig víðtæk sambönd við erlendar tæknistofnanir og tekur þátt í mörgum norrænum og nokkrum alþjóðlegum rannsóknaverkefnum. Mjög umfangsmikil rannsókna- og þróunarverkefni eru unnin hjá stofnuninni bæði á sviði vöruþróunar og á hátæknisviðum svo sem efnistækni, líftækni og matvælatækni.

Efnatækni.

Viðfangsefni efnatæknideildar hafa einkum skipst í almennar efnagreiningar, mengunarmælingar og ferilstjórnun í efnaiðnaði. Stundaðar eru reglulegar efnagreiningar á vatni, drykkjarvörum og ýmsum matvælum. Einnig eru gerðar flúormælingar, greining á byggingarefnum, málmum o.fl. Á síðustu árum hefur orðið aukning á þessu sviði vegna bættrar markaðssetningar. Á árinu 1989 var ákveðið að megináherslusvið deildarinnar verði á sviði umhverfistækni og ferilsfræði. Unnið er að undirbúningi þessa sviðs.

Efnistækni.

Efnistæknideild Iðntæknistofnunar er stærsti rannsóknavettvangur efnistækni á Íslandi ef byggingarannsóknir eru frátaldar. Stunduð er hagnýt rannsókna- og þróunarstarfsemi í nánu samstarfi við iðnfyrirtæki. Umfangsmestu verkefni deildarinnar á árunum 1988 og 1989 voru:

- Þróun aðferða til framleiðslu á dufti sem notað er til framleiðslu á hátæknikeramík. Jafnframt var unnið að hreinsun á dufti svo það henti betur í svokallaða súrefnisnema.
- Unnið var að forverkefni varðandi framleiðslu á seólídum úr kísilgúr.
- Verkefnið sem kennt er við heilagan Hubert er nú á lokastigi. Rannsóknir hafa beinst að styrk og gæðum seigjárnsteypu. Meðal þess sem steypt hefur verið eru hlutir sem notaðir eru í vinnslubúnað Íslenska járnblendifélagsins.
- Unnið var að þróunarverkefni þar sem trefjar eru notaðar til að styrkja ál.

Líftækni.

Líftæknideild Iðntæknistofnunar flutti starfsemi sína um mitt árið 1989 í Efna- og líftæknihús sem reist var við hlið byggingar Iðntæknistofnunar. Húsið er í eigu Rannsóknaráðs ríkisins og Háskólans og er samstarfsvettvangur fyrirtækja, rannsóknastofnana og Háskólans. Iðntæknistofnun sér um rekstur hússins.

Nú eru liðin fjögur ár frá því að uppbygging á líftækni hófst á Iðntæknistofnun Íslands. Mest áhersla hefur verið lögð á rannsóknir á hitakærum örverum og ýmis verkefni tengd þeim. Líftæknideild Iðntæknistofnunar er meðal fremstu aðila í heiminum sem stunda rannsóknir á þessu sviði. Aðstaðan er orðin viðunandi og árangur rannsókna hefur verið góður. Meðal þess sem má telja til áþreifanlegs árangurs er eftirfarandi:

- Árið 1989 var líftæknifyrirtækið Genís h.f. stofnað, fyrst og fremst til að sjá um vöruþróun og markaðssetningu á niðurstöðum úr rannsóknum á hitakærum örverum.
- Sama ár hóf Iðntæknistofnun framleiðslu á svepprótarsmiti, „Spretti", fyrir trjárækt.
- Einnig var sótt um einkaleyfi í Svíþjóð fyrir hitaþolið ensímkerfi til mælinga á nítrati.
- Þróuð hefur verið aðferð til framleiðslu lyfjaefnis fyrir innlent fyrirtæki.
- Á árinu 1989 hófst samstarf við Háskóla Íslands um erfðatækni, þ.e. tilraunir með flutning á erfðaefni hitakærra örvera yfir í aðrar örverur („framleiðslustofna"). Verkefnið hefur gengið mjög vel.
- Á líftæknideildinni hefur verið endurbætt og aukið við safn hitaþolinna örverustofna.

Matvælatækni.

Matvælatæknideild hefur í auknum mæli tekið þátt í rannsókna- og vöruþróunarverkefnum, en ráðgjafa- og þjónustuverkefnum hefur samt ekki fækkað.

Hafin var framleiðsla á sjávarnasli í júní 1989 í húsakynnum Iðntæknistofnunar. Naslið er árangur þriggja ára þróunarstarfs sem stundað var á matvælatæknideild í samvinnu við Fiskmar h.f.

Fjölmörg önnur rannsókna- og þróunarverkefni eru stunduð á deildinni. M.a. er unnið að rannsóknum á svokallaðri tandurpökkun matvæla og verkefni sem varðar umbreytingu fitu í matvælum með ensímum. Bæði þessi verkefni eru hluti af norrænum verkefnum.

REKSTRAR- OG FRAMLEIÐSLUTÆKNI

Rekstrartæknideild Iðntæknistofnunar stundaði aðallega rekstrarráðgjöf og þjónustu fram til ársins 1989. Árið 1988 hófst viðamikið verkefni þar sem fyrirtæki voru aðstoðuð við stefnumótun. Einnig var veitt ráðgjöf á sviði vörustjórnunar með því markmiði að bæta efnismeðferð og flutningatækni hjá fyrirtækjum. Þá voru haldin námskeið fyrir konur um stofnun og rekstur fyrirtækja. Aðsókn var mjög góð.

Áherslubreyting varð á starfi deildarinnar og meiri áhersla lögð á ráðgjöf um sjálfvirknibúnað í vöruþróun og framleiðniaukandi aðgerðir. Undirbúningur var hafinn að uppsetningu búnaðar til hönnunar og framleiðslu með aðstoð tölvu, svokölluðum HAT/FAT búnaði. Hann verður staðsettur og rekinn á Iðntæknistofnun en tengdur Háskólanum og Tækniskólanum. Búnaðurinn er í eigu ofannefndra skóla og Iðntæknistofnunar. Rannsóknaráð ríkisins lagði fram styrk til kaupanna. Búnaðurinn verður notaður til kynningar og kennslu fyrir tækninemendur og fulltrúa fyrirtækja.

RÁÐGJÖF OG ÞJÓNUSTA

Fagdeildir Iðntæknistofnunar stunduðu faglega ráðgjöf og þjónustu við nokkrar greinar iðnaðar, þ.e. málm-, plast-, trefja-, tré- og matvælaiðnað. Þjónusta þessi hefur verið fólgin í gæðaeftirliti og prófunum af ýmsum toga. Einnig hefur fyrirtækjum verið veitt ráðgjöf um efnisval, tækjabúnað, hönnun, samsetningu o.s.frv.

Þjónustumiðstöð fataiðnaðarins var flutt í húsnæði Iðntæknistofnunar. Miðstöðin hefur yfir að ráða tölvustýrðum búnaði til „graderinga" og leysiskurðar á fatasniðum. Ýmis annar búnaður er til staðar á stofnuninni til prófana og eftirlits á ofannefndum fagsviðum.

FRÆÐSLA

Mikil þátttaka hefur verið í fræðslustarfi stofnunarinnar og má þar nefna starfsnám í matvælaiðnaði, verkstjóranámskeið, vinnuvélanámskeið og námskeið fyrir konur um stofnun og rekstur fyrirtækja.

Með skipulagsbreytingunum sem urðu 1. ágúst 1988 var starfsemi Fræðslumiðstöðvar iðnaðarins, Verkstjórnarfræðslunnar og Vinnuvélanámskeiða samræmd og gerð að einni deild, Fræðsludeild.

Meðal nýrra námskeiða á vegum Fræðsludeildar má nefna námskeið um byggingastaðla, ÍST 30, og námskeið sem ætlað er þeim sem hyggja á rekstur heimagistingar.

Meðal annarra námskeiða má nefna stofnun og rekstur fyrirtækja, lagerstjórnun, viðhald og viðgerð húseigna, námskeið fyrir verkstjóra og notkun rafeindasmásjár. Flest námskeiðanna eru ætluð afmörkuðum starfshópum.

Á árinu 1989 jókst námsgagnagerð og ráðgjöf um uppbyggingu á fræðslu hjá samtökum, félögum og öðrum hópum. Námskeiðum, sem alfarið eru undirbúin og rekin af stofnuninni, hefur hins vegar fækkað.

STÖÐLUN

Aukinn skilningur hefur orðið hjá iðnfyrirtækjum og því opinbera á mikilvægi stöðlunarstarfs. Stöðlunarstarfið jókst verulega og fjölgaði starfsmönnum úr þremur í sex á tímabilinu. Ísland gerðist aðili að vestur-evrópsku staðlasamtökunum CEN og CENELEC og hafa mikil samskipti verið stunduð við þessa aðila. Þau svið sem mest hefur verið unnið að eru byggingastaðlar, upplýsingatæknistaðlar og gæðakerfisstaðlar. Á deildinni hefur verið komið upp tölvuvæddu gagnasafni um staðla og er stofnunin áskrifandi að upplýsingadiskum um staðla sem unnir eru sameiginlega af Bretum, Frökkum og Þjóðverjum.

Iðnaðarráðherra skipaði nefnd í ágúst 1989 sem ætlað var að undirbúa lög um stöðlunarstarfsemi hér á landi. Nefndin tók mið af því að setja á fót sjálfstæða stöðlunarstofnun sem tæki við störfum stöðlunardeildar Iðntæknistofnunar. Áætlað er að lögin taki gildi um næstu áramót.

Á árinu 1989 tóku gildi 85 staðlar sem eru fleiri en nokkru sinni fyrr. Aukin áhersla er nú lögð á gæðakerfisstaðla, bæði hér á landi og erlendis. Unnið er að verkefnislýsingu fyrir gæðaátak í iðnaði. Markmið þess er að koma á gæðakerfum í fyrirtækjum og votta þau.

Meðal einstakra staðla sem unnið var að á árinu 1989 má nefna burðarþolsstaðla og íslenska stafi í tölvur. Einnig var unnið að fyrstu íslensku staðlaskránni og gefin út viðamikil tækniskýrsla sem fjallar um samræmingu hugbúnaðar í fiskvinnslu.

VÖRUÞRÓUNARÁTAK

Einhverju umfangsmesta vöruþróunarátaki sem framkvæmt hefur verið á Íslandi lauk í byrjun árs 1990 og hafði það þá staðið í liðlega tvö ár. Þátttakendur voru 24 iðnfyrirtæki af öllum stærðum og gerðum. Heildarframlag til vöruþróunarátaksins var um 120 millj. kr. sem var lagt fram af þátttökufyrirtækjunum, Iðntæknistofnun, Iðnlánasjóði o.fl. Markmið átaksins var að þróa vörur sem væru samkeppnisfærar innan lands og hæfar til útflutnings. Samdóma álit þátttakenda og aðstandenda var að vel hefði tekist til og dýrmæt reynsla hefði orðið til í fyrirtækjunum til áframhaldandi vöruþróunar.

ÚTGÁFA

Auk útgáfu á fréttablaði Iðntæknistofnunar, Púlsinum, og kynningarbæklingum gaf stofnunin út tvær bækur. Þær heita „Í mörg horn að líta – handbók atvinnulífsins“ og „Ný tækni – undirbúningur og framkvæmd“.

NÝSKÖPUN

Eitt af markmiðum Iðntæknistofnunar er að efla nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Með breytingu á lögum um Iðntæknistofnun frá árinu 1986 er stofnuninni gert kleift að hagnýta niðurstöður rannsókna- og þróunarverkefna auk þess sem henni er heimilt að eignast hlut í hlutafélögum. Með þessu móti getur stofnunin tekið þátt í því stigi þróunarferilsins að koma vöru af tilraunastigi yfir á framleiðslustig sem oft er erfiður þröskuldur.

Á árinu 1989 studdi Iðntæknistofnun nokkur slík nýsköpunarverkefni, bæði með hlutafjárframlagi og rekstraraðild. Slíkri þátttöku í rekstri fyrirtækja er einungis ætlað að standa í takmarkaðan tíma.

Hafin er framleiðsla á svokölluðu sjávarnasli í húsakynnum Iðntæknistofnunar. Naslið, sem að mestum hluta samanstendur af fiski, var þróað í samvinnu matvælatæknideildar, Fiskmars h.f. og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Iðntæknistofnun er hluthafi í Fiskmari h.f.

Iðntæknistofnun er einnig einn af stofnendum líftæknifyrirtækisins Genís h.f. Helsta verkefni þess er hagnýting rannsókna líftæknideildar Iðntæknistofnunar. Fyrirtækið kannar möguleika á að markaðssetja mælisett fyrir nítrat og framleiða litarefni sem m.a. eru notuð til merkingar einstofna mótefna.

Iðntæknistofnun hóf framleiðslu á svepprótarsmiti („Sprettur“) sem var árangur nokkurra ára rannsóknastarfs. Svepprótarsmitinu er ætlað að auka vöxt og viðgang ungra trjáplantna. Um var að ræða tilraun til markaðssetningar sem gekk vel, en samið hefur verið við utanaðkomandi aðila um frekari framleiðslu.

Önnur hlutafélög sem Iðntæknistofnun er aðili að eru Tæknigarður og Þjónustumiðstöð fataiðnaðarins sem Iðntæknistofnun rekur.

NIÐURSTÖÐUR REKSTRAR 1988 OG 1989 (í þús. kr.)

Rekstrarreikningur	Árið 1988		%	Árið 1989		%
Tekjur						
Sértekjur		101.269	55		130.712	59
Ríkisframlag til reksturs		72.260	41		81.331	37
Ríkisframlag til eignakaupa		7.900	4		8.800	4
Gjöld						
Laun og launatengd gjöld	100.359		54	110.949		51
Rekstrargjöld	78.713		42	93.087		42
Eignakaup	7.541		4	15.061		7
	186.613	184.429		219.097	220.843	
Hagnaður/(Tap)	(2.184)			1.746		
Samtals	184.429	184.429		220.843	220.843	

FRAMTÍÐIN

Iðntæknistofnun Íslands hefur á undanförnum árum lagt vaxandi áherslu á hagnýt rannsóknaverkefni og vöruþróun í nánu samstarfi við fyrirtækin í landinu. Þá hefur þjónusta á sviði gæðaeftirlits, prófana og fræðslu aukist verulega. Einnig hefur átt sér stað mikið uppbyggingarstarf á sviði stöðlunar. Dregið hefur hins vegar úr ráðgjöf í stjórnun og er sú starfsemi nú nær alfarið í höndum sjálfstæðra ráðgjafafyrirtækja á markaðnum. Iðntæknistofnun hefur þannig í auknum mæli haslað sér völl á hinu tæknilega sviði fyrirtækjarekstrarins, enda mikil þörf fyrir slíkt þar sem mjög fáir aðilar hafa bolmagn til að sinna hagnýtri rannsóknastarfsemi, vöruþróun, prófunum, gæðaeftirliti og stöðlun.

Á undanförnum árum hafa sértekjur Iðntæknistofnunar aukist verulega. Er nú svo komið að um 60% af heildartekjum fást með öflun sértekna. Ýmislegt bendir til að á yfirstandandi ári dragi úr möguleikum stofnunarinnar til öflunar sértekna vegna samdráttar sem er að koma í ljós í kjölfar erfiðrar rekstrarniðurstöðu fjölda fyrirtækja á síðasta ári.

Starfsmenn og stjórn Iðntæknistofnunar gera sér grein fyrir að á næstu árum er þörf á veigamiklu nýsköpunarstarfi í íslensku atvinnulífi. Stofnunin hefur á undanförnum árum leitast við að vera leiðandi í ýmsum verkefnum er tengjast nýsköpun atvinnulífsins.

Á undanförnum árum hefur átt sér stað mjög markviss hæfnis- og tækjauppbygging á Iðntæknistofnun. Á árunum 1988 og 1989 var lögð megináhersla á kaup á stórum, mikilvægum tækjum fyrir tækniþróun hér á landi. Á árinu 1988 var keypt rafeindasmásjá í samstarfi við fleiri aðila og á árinu 1989 var keyptur búnaður til tölvustuddrar hönnunar og tölvustuddrar framleiðslu, en slíkur búnaður var ekki til staðar hér á landi. Þessi búnaður er einnig keyptur í samstarfi við ýmsa aðila. Bæði rafeindasmásjáin og tölvustýrðu vélarnar eru staðsettar á Iðntæknistofnun. Á árinu 1990 er lögð áhersla á kaup ýmissa smærri tækja á sviði matvælatækni, efnistækni, efnatækni og líftækni.

Lögð verður áhersla á eftirfarandi þætti í einstökum rekstrareiningum á næstunni:

- Í fræðslustarfi stofnunarinnar liggur fyrir að gera verði viðamikið átak í gerð námsgagna og námskeiðahaldi fyrir tæknilega millistjórnendur, þ.e. verkstjóra, framleiðslustjóra, gæðastjóra og aðra er gegna sambærilegum störfum. Einnig er stefnt að því að koma hluta kennsluefnis yfir á myndbönd og skuggamyndir til að gera kennsluna áhrifameiri og auðveldari í framkvæmd þegar farið er með námskeið út á land.

- Á sviði stöðlunar verður eins og undanfarin ár lögð megináhersla á þátttöku Íslands í alþjóðlegu stöðlunarsamstarfi. Stærsti hluti þess stöðlunarsamstarfs er vinna þarf vegna sameiginlegs innri markaðar í Evrópu í árslok 1992, er unninn af vestur-evrópsku staðlasamböndunum CEN og CENELEC. Aðilar að þessum samböndum eru öll staðlaráð aðildarlanda Evrópubandalagsins og EFTA.
- Rekstrartæknideild hefur verið breytt í framleiðslutæknideild. Ástæða þess er sú að ákveðið var að draga úr hefðbundinni rekstrarráðgjöf en leggja megináherslu á ráðgjöf og þjónustu í sjálfvirkni, efnismeðferð og flutningatækni, stjórnun vöruþróunarverkefna og aðstoð við hugvitsmenn. Deildin mun einnig fást við rannsóknir á sviði véltækni, t.d. á sjálfvirknibúnaði fyrir fiskverkun.
- Á sviði efnistækni er megináhersla lögð á umfangsmikil, hagnýt rannsókna- og vöruþróunarverkefni í samvinnu við fyrirtæki og aðrar stofnanir innan lands og erlendis. Um er að ræða svið þar sem efnistæknin á greiðasta leið inn í íslenskt atvinnulíf og má þar t.d. nefna sjávarútveg, fiskiðnað, efnisfræði tengda jarðhitatækni og álvinnslu. Rannsóknirnar varða aðallega málma, efnissamsetningu og hátæknikeramik.

  Þá er stefnt að því að komast inn í tvö umfangsmikil rannsóknaverkefni innan Evrópubandalagsins á árinu 1991. Stofnunin tekur nú þegar þátt í tveimur svokölluðum BRITE/EURAM verkefnum á sviði efnis- og framleiðslutækni.
- Efnatæknideild hefur verið breytt í umhverfis- og efnatæknideild. Stefnt er að því að deildin leggi í framtíðinni vaxandi áherslu á verkefni er tengjast umhverfismálum. Ætlunin er að ráða tvo sérfræðinga til uppbyggingar á þessu sviði. Megináherslan verður lögð á hinn tæknilega hluta umhverfismála. Mikil þörf er á að einhver aðili taki að sér ráðgjöf við fyrirtæki um endurbætur á sviði umhverfistækni því ljóst er að á næstu árum munu verða gerðar mjög vaxandi kröfur til fyrirtækja um ýmsa þætti er varða umhverfismál, s.s. notkun efna til framleiðslunnar, mengunarvarnir og ýmislegt fleira.
- Óhætt er að fullyrða að á líftæknisviðinu er Iðntæknistofnun sá aðili sem náð hefur hvað lengst hér á landi við hagnýt rannsókna- og vöruþróunarverkefni. Nokkrum verkefnum hefur þegar verið skilað út í atvinnulífið og sala er hafin til útlanda á örverustofnum sem ræktaðir hafa verið upp og „framleiddir" á líftæknideild. Unnið er í nánu samstarfi við allmörg íslensk og erlend fyrirtæki, einkum á Norðurlöndum. Þá gætir vaxandi áhuga meðal fyrirtækja í öðrum heimshlutum, m.a. Japan og Bandaríkjunum, á auknu samstarfi við líftæknisvið Iðntæknistofnunar.

ORKUSTOFNUN

Hlutverk Orkustofnunar.

Hlutverk Orkustofnunar er samkvæmt Orkulögum nr. 58/1967 annars vegar að vera ráðherra til ráðuneytis um orkumál og hins vegar að rannsaka orkulindir landsins. Þetta tvíþætta hlutverk samtvinnast með þeim hætti að rannsóknirnar eru undirstaða ráðgjafastarfsins. Rannsóknir á orkulindunum, vatnsorku og jarðvarma, eru jafnframt undirstaða undir nýtingu þeirra. Á grundvelli rannsókna er valið úr þeim virkjunarkostum, sem til greina koma, og þeir kostir kannaðir ítarlega sem vænlegastir þykja.

Orkustofnun verður mjög að líta til langs tíma í rannsóknum sínum svo að nægur tími gefist til að kanna allar vænlegar leiðir og valið á þeim sem til framkvæmda koma geti farið fram á traustum grundvelli. Fram til þess tíma að kostur er valinn til virkjunar ber Orkustofnun sjálf kostnaðinn við rannsóknirnar með fjárveitingum sem hún fær á fjárlögum, en eftir það ber sá kostnaðinn sem fyrir virkjun stendur, enda þótt Orkustofnun hafi oft frekari rannsóknir með höndum að hluta eða jafnvel öllu leyti; þá sem reikningsverk fyrir virkjunaraðila. Þeir eru einkum Landsvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins á vatnsorkusviðinu, en hitaveitur, stórar og smáar, á jarðhitasviðinu.

Þeir rannsóknarþættir sem Orkustofnun annast alfarið sjálf og eru undanfari vals á virkjunarkostum nefnast forathuganir og forhönnunarrannsóknir, en einnig oft eigin verk stofnunarinnar vegna þess að hún kostar þær sjálf af fjárveitingum sínum. Rannsóknirnar, sem í kjölfarið fylgja, nefnast verkhönnunarrannsóknir og fara þær fram til undirbúnings svonefndri verkhönnun orkumannvirkis, þ.e. lokaákvörðun um gerð einstakra hluta þess og til undirbúnings verkútboða. Þessi rannsóknarverk eru einnig nefnd söluverk vegna þess að Orkustofnun selur þau virkjunaraðilum.

Þessir síðasttöldu þættir, verkhönnunar- og útboðsrannsóknir, eru oft yfir 80% af heildarkostnaðinum við undirbúningsrannsóknir undir virkjun vatnsorku og jarðvarma. Forathugun og forhönnun, sem Orkustofnun kostar sjálf, kostar þá um og innan við 20%. Á hinn bóginn taka forathugun og forhönnun oft 80% eða meira af undirbúningstímanum og ríður því á að byrja á þeim nægilega snemma.

Þrátt fyrir aðgreiningu þessa eru undirbúningsrannsóknir undir virkjun vatnsorku og jarðvarma samfelld heild, þar sem fyrri rannsóknarþættirnir eru undirstaða hinna sem á eftir koma. Forathuganir og forhönnunarrannsóknir eru undirstaða verkhönnunarrannsókna. Miklu máli skiptir að þetta haldist í hendur; að undirstaðan sé fyrir hendi þegar byggja þarf á henni. Vegna þess hversu kostnaðurinn við fyrri þættina er lítill hluti heildarkostnaðarins við rannsóknina er lítið unnið við að seinka þeim, en vegna þess hve tíminn sem þeir taka er langur getur töf á þeim leitt af sér töf á því að virkjun komist í gagnið; töf sem getur verið mjög dýr. Forathuganir og forhönnunarrannsóknir á því að hefja snemma.

STARFSEMI ORKUSTOFNUNAR 1988

Vatnsorka.

Verðlagsforsendur þær sem notaðar eru í virkjanalíkani Orkustofnunar voru endurskoðaðar og verður það framvegis gert annaðhvert ár. Undirbúningur undir tölvutækan gagnabanka um virkjanir og virkjunarstaði tafðist nokkuð meðan unnið var að því að velja gagnagrunn fyrir stofnunina í heild. Því er nú lokið og verður nú tekið til við gagnabankann af fullum krafti.

Rannsóknir á virkjunarstöðum hafa yfirleitt verið í biðstöðu vegna óvissu um markaðshorfur fyrir raforku til iðnaðar. Einstökum verkþáttum þessara rannsókna var þó þokað áfram á árinu eftir föngum.

Unnið var að því að festa í sessi og koma í framkvæmd þeirri skipan vatnamælinga og annarra vatnafræðirannsókna stofnunarinnar sem ákveðið hefur verið að koma á. Á árinu var gengið frá samkomulagi við Landsvirkjun um þátttöku hennar í mælingunum samkvæmt þessari skipan; hliðstætt samkomulag við Rafmagnsveitur ríkisins er væntanlegt á næstunni og unnið er að samkomulagi við aðra, svo sem Vegagerð ríkisins og sveitarfélög. Hin nýja skipan

felst m.a. í því að starfsemin er flokkuð eftir tilgangi og þeim aðilum ætlað að bera kostnað af mælingunum sem nýta þær sérstaklega, en almennar mælingar í þágu orkumálanna, sem ekki eru gerðar fyrir ákveðna aðila, eru kostaðar af fjárveitingum til Orkustofnunar.

Fram var haldið samvinnuverkefni Orkustofnunar og Landsvirkjunar við jarðfræðikortlagningu á Þjórsár – Tungnaársvæðinu. Tvö kortblöð voru prentuð á árinu og einu að mestu lokið undir prentun.

Jarðhiti.

Unnið var áfram að því á árinu, í samvinnu við Samband íslenskra hitaveitna og einstakar hitaveitur, að skipuleggja og efla vinnslueftirlit hitaveitnanna, þ.e. kerfisbundna söfnun upplýsinga um dælingu úr borholum, breytingar á vatnsborði í holum og á hitastigi og efnainnihaldi heita vatnsins. Starfsmenn stofnunarinnar og SÍH heimsóttu ýmsar hitaveitur á árinu í þessu sambandi og veittu ráð og leiðbeiningar.

Smávegis var unnið að rannsóknum á Nesjavöllum (fyrir Hitaveitu Reykjavíkur), aðallega mælingum á hita og þrýstingi í borholum þar til þess að fylgjast með svæðinu og áhrifum gufublásturs á það, til undirbúnings vinnslueftirliti hitaveitunnar síðar þegar vinnsla hefst. Við Kröflu var gerð úttekt fyrir Landsvirkjun á forða jarðhitasvæðisins við Hvíthóla, staðsett og hönnuð borhola til að afla virkjuninni meiri lágþrýstigufu og haft eftirlit með borun hennar. Reglubundnu eftirliti með umbrotum við Kröflu var haldið áfram og um það höfð samvinna við Almannavarnir ríkisins og Landsvirkjun, Háskóla Íslands og Norrænu eldfjallastöðina.

Að lághitarannsóknum var unnið fyrir eftirtaldar hitaveitur: Hitaveitu Reykjavíkur, Akureyrar, Selfoss, Sauðárkróks, Siglufjarðar og Suðureyrar. Einnig var sinnt verkefnum fyrir fiskeldisstöðvar víðs vegar um land.

Haldið var áfram á árinu þróun aðferða í forðafræði jarðhita, einkum prófunum og endurbótum á hermiforritum. Unnið var að gerð tölvulíkans fyrir gufuveitu frá borholum til notenda og reiknilíkans sem lýsir streymi blöndu af vatni og gufu um blendu.

Unnið var að gerð ýmiss konar hugbúnaðar fyrir starfsemi deildarinnar og þjálfun starfsliðs í notkun hans.

Unnið var einnig að þróun aðferða til að greina kvikasilfur í jarðgufu og rannsökuð var upptaka súrefnis gegnum plastlagnir hjá hitaveitum, en hún getur valdið tæringu í málmleiðslum og ofnum.

Jarðhitaskólinn var rekinn með svipuðu sniði og áður. Nemendur voru sex frá jafnmörgum löndum.

Orkustofnun annaðist á árinu úrvinnslu endurkastsmælinga á Rockall Hatton svæðinu, sem Íslendingar, Færeyingar og Danir standa sameiginlega að. Þessi úrvinnsla var frumraun Íslendinga á þessu sviði og gekk vonum framar. Einnig tók stofnunin að sér úrvinnslu hljóðhraðamælinga á Jan Mayen-hryggnum fyrir Oliedirektoratet í Noregi.

Fram var haldið rannsóknum á Jan Mayen-hryggnum í samvinnu við Norðmenn, í samræmi við samkomulag landanna. Er nú unnið að lokaskýrslu um allar þessar rannsóknir.

Orkubúskapur.

Gagnasöfnun og úrvinnsla voru með svipuðum hætti og undanfarin ár. Deildin lagði fram upplýsingar um orkumál á ársfundum Sambands íslenskra rafveitna og Sambands íslenskra hitaveitna og sendar voru út fréttatilkynningar um orkuverð og orkuvinnslu. Upplýsingar um orkumál á Íslandi voru sendar fjölþjóðlegum samtökum eins og áður og svarað fyrirspurnum sem bárust um þau erlendis frá. Fyrir iðnaðarráðuneytið voru unnar ýmsar upplýsingar frá Íslandi til notkunar í norrænu orkumálasamstarfi á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, þar á meðal varðandi skattlagningu á orku o.fl.

Unnið var eins og áður fyrir Orkuspárnefnd, sem gaf út eldsneytisspá á árinu. Orkubúskapardeild vann að því, ásamt Jarðvarmahóp nefndarinnar og í samvinnu við hitaveitur og iðnaðarráðuneytið, að bæta gagnasöfnun um notkun jarðvarma á Íslandi.

Gerðar voru, í samvinnu við Landsvirkjun, athuganir á hagkvæmustu virkjunarleiðum til að mæta raforkuþörf í framtíðinni eftir að Blönduvirkjun er fullnýtt, með og án álvers þess sem rætt er um að reisa í Straumsvík.

Fram fóru, í samvinnu við iðnaðarráðuneytið og fleiri, athuganir á þróun orkuverðs hér á landi á þessum áratug og orkuverði til einstakra frystihúsa, svo og mælingar á raforkunotkun einstakra tækja og tækjahópa í frystihúsum. Þeim mælingum er ætlað að verða grundvöllur undir ráðstafanir til að spara raforku í frystihúsum og draga úr raforkukostnaði þeirra. Þá fór fram, í samvinnu við aðra, athugun á að nýta sorp til orkuvinnslu.

Eldsneytisspá.

Orkuspárnefnd vann á árinu að því að gera spá um notkun Íslendinga á eldsneyti fram til ársins 2015. Spáin tekur til allra tegunda eldsneytis sem notaðar eru hér á landi, en olíuvörur (bensín, gasolía, svartolía) nema um 90 % af öllu eldsneyti sem notað er af Íslendingum. Spáin tekur bæði til þess eldsneytis sem notað er á landinu og af íslenskum fiskiskipum, í flutningum með ströndum fram og í flugi og skipaferðum íslenskra flugfélaga og skipafélaga milli Íslands og annarra landa. Sérstakur eldsneytishópur Orkuspárnefndar, með fulltrúum olíufélaganna m.a., vann að þessari spá, en mikið af vinnunni við hana kom í hlut Orkubúskapardeildar og Verkfræðistofunnar Afls, sem starfaði að spánni á vegum deildarinnar.

Fiskeldi.

Orkustofnun vann áfram á árinu 1988 að rannsóknum á náttúrulegum skilyrðum til fiskeldis hér á landi að því er tekur til jarðhita, hreins ferskvatns og hreins sjávar til eldisins. Vatnsorkudeild og Jarðhitadeild unnu saman að þessu verkefni eins og áður. Auk verkefna á árinu var gengið frá skýrslu um verkefni ársins 1987, en sú skýrslugerð tafðist nokkuð vegna þess hve margir starfsmenn hættu á stofnuninni í árslok 1987.

Alþingi veitti á árinu 1988 12,7 Mkr. til þessa sérstaka verkefnis og var sú fjárveiting bundin skilyrðum um þátttöku heimamanna og/eða annarra áhugaaðila er næmi 25% af framlagi Alþingis (20% af heild). Af framlagi Alþingis runnu 2,2 Mkr. til verkefna í Öxarfirði, auk 4,5 Mkr. sérfjárveitingar frá Alþingi til þeirra.

Helstu niðurstöður af rannsóknum ársins 1987 eru þær að í Ísafjarðardjúpi og á Ströndum er bent á a.m.k. sjö staði með ákjósanlegum skilyrðum til seiðaeldis, auk nokkurra þar sem nýta mætti heitt vatn til að auðvelda matfiskeldi í sjó. Í uppsveitum Suðurlands eru skilyrði talin ákjósanleg á mörgum stöðum en ekki er talið líklegt að í Vestur-Skaftafellssýslu fáist heitt vatn til að ylja vatn til fiskeldis. Á árinu 1988 var unnið að þessum rannsóknum í Borgarfirði, á Snæfellsnesi undir Jökli, í nágrenni Húsavíkur og í Öxarfirði. Enn fremur í Vestur-Skaftafellsýslu (á Meðallandssandi), á sunnanverðum Reykjanesskaga og á Garðsskaga. Á þessum síðasttöldu stöðum voru einkum kannaðir möguleikar á að ná í jarðsjó til matfiskeldis þar sem hraun ganga í sjó fram.

Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi um orkumál.

Orkubúskapardeild sendi eins og áður skrifstofum OECD og Sameinuðu þjóðanna upplýsingar um íslensk orkumál.

Orkumálastjóri sótti ársfund NORDEL, samtaka norrænna framámanna í raforkumálum, í Ósló í maí 1988. 25 ára afmæli þessara samtaka var haldið hátíðlegt í tengslum við ársfundinn.

Í samráði við iðnaðarráðuneytið sendi Orkubúskapardeild upplýsingar um íslensk orkumál til skrifstofu norræns orkumálasamstarfs á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar (Nordisk Ministerråd, N.M.), og dreifði upplýsingum þaðan til aðila hér innan lands.

Orkustofnun, ásamt Jarðeðlisfræðistofnun Hawaii, skipulagði og gekkst fyrir alþjóðlegri ráðstefnu í Reykjavík í ágústmánuði um útfellingar í jarðhitakerfum, sem eru víða vandamál þar sem jarðhiti er nýttur. Ráðstefnan tókst mjög vel og skilaði Orkustofnun meira að segja örlitlum fjárhagslegum hagnaði. Jarðhitadeild annaðist þetta af hálfu stofnunarinnar.

Deildin tók einnig áfram nokkurn þátt á árinu í undirbúningi undir stofnun alþjóðlegra samtaka um jarðhitamál. Sótti forstjóri hennar undirbúningsfund í Mexíkó undir stofnun þeirra, þar sem boðið var, með samþykki iðnaðarráðuneytisins, að samtök þessi, International Geothermal Association, IGA, hefðu aðsetur á Íslandi. Það boð var þó ekki þegið og mun IGA hafa höfuðstöðvar sínar í Pisa á Ítalíu fyrst um sinn. Ekki hefur ennþá verið formlega gengið frá stofnun þeirra.

Forstjóri Jarðhitadeildar sótti ársfund forstöðumanna jarðfræðistofnana í Vestur-Evrópu í Kaupmannahöfn í september.

Forstjóri Vatnsorkudeildar sótti samstarfsfund forstöðumanna norrænna vatnafræðistofnana í Finnlandi og þing Alþjóðanefndarinnar um stórar stíflur (CIGB/ICOLD) í San Francisco.

Frá Sameinuðu þjóðunum barst Orkustofnun beiðni um að leggja fram erindi um raforkuvinnslu úr jarðvarma á ráðstefnu í Suzdal í Sovétríkjunum sem samtökin gengust fyrir. Var orðið við þeirri beiðni.

Verkefni erlendis.

Á árinu var fram haldið verkefni sem Orkustofnun erlendis hf. vann að, í samvinnu við Virki hf., fyrir yfirvöld í borginni Denizli í vesturhluta Tyrklands. Félagið vann einnig á árinu verkefni fyrir Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNDP) í Djibouti. Það var einvörðungu unnið af starfsmönnum Orkustofnunar, fyrir Orkustofnun erlendis hf. Á árinu var einnig samið um jarðhitaverkefni í Ungverjalandi af Virki-Orkint hf. sem Orkustofnun erlendis hf. er 35% hluthafi í. Vinna við það hófst lítillega á árinu. Fram var haldið tveimur verkefnum í Grikklandi sem Orkustofnun hafði tekið að sér, einnig í samvinnu við Virki hf., áður en Orkustofnun erlendis hf. var stofnuð.

Fjármál.

Fjárveitingar til Orkustofnunar á fjárlögum 1988 námu 191,4 Mkr. 1987 námu þær 179,0 Mkr. Sértekjur og sérframlög námu 92,5 Mkr. 1988, en 83,0 Mkr. 1987. Reiknað á föstu verðlagi voru fjárveitingar 1988 15,3% lægri en 1987 og sértekjur og sérframlög 12,0% lægri.

Árið 1987 var halli á rekstri Orkustofnunar, og hafði hún í lok ársins neikvæðan höfuðstól að fjárhæð 4,2 Mkr. Í ágúst 1988 þótti aftur stefna í hallarekstur. Voru þá gerðar sérstakar ráðstafanir til aðhalds. Útkoma ársins var sú að stofnunin hafði rekstrarafgang er nam 11,0 Mkr. og höfuðstóll í árslok 1988 var jákvæður um 6,8 Mkr.

Starfsmannahald.

Gunnlaugur Jónsson, forstjóri Stjórnsýsludeildar, hætti störfum hjá Orkustofnun á árinu. Ekki hefur enn verið ráðinn maður í hans stað.

Gunnar Björnsson starfsmannastjóri lét einnig af störfum hjá stofnuninni. Í hans stað var Viðar Ólsen lögfræðingur ráðinn starfsmannastjóri.

Um áramótin 1987/1988 lét Sigurjón Rist, sem verið hafði forstöðumaður Vatnamælinga Orkustofnunar í 40 ár, af störfum fyrir aldurs sakir. Við starfi hans tók Árni Snorrason vatnafræðingur. Orkustofnun færir Sigurjóni þakkir fyrir frábært starf, en hann hefur verið brautryðjandi í vatnamælingum og vatnarannsóknum á Íslandi.

Veruleg fækkun starfsfólks varð á Orkustofnun í árslok 1987, í kjölfar samdráttaraðgerða seint á því ári. Í árslok 1988 voru starfsmenn samtals 102, þar af 89 fastráðnir, 11 verkefnaráðnir til lengri tíma en eins árs og tveir til skemmri tíma. Notuð stöðugildi í ráðningarsamningum til lengri tíma en eins árs voru samtals 94,85 í árslok. Heildarfjöldi unninna ársverka var 101, 19 færri en árið á undan, eða 15,8% færri. Fólk með ráðningu til skemmri tíma en eins árs og lausráðið fólk vann þau 6,15 ársverk sem umfram eru 94,85.

Stjórnsýsla.

Skipunartími stjórnar Orkustofnunar rann út í apríl. Ráðherra ákvað að fresta skipun nýrrar stjórnar til haustsins.

Hinn nýi iðnaðarráðherra, Jón Sigurðsson, skipaði hinn 8. desember nýja stjórn Orkustofnunar. Í henni eiga sæti :

Sigþór Jóhannsson verkfræðingur, formaður,
Hákon Björnsson framkvæmdastjóri,
Þóroddur Th. Sigurðsson vatnsveitustjóri.
Orkumálastjóri er Jakob Björnsson.

Orkustofnun skiptist í eftirtaldar fjórar deildir:
Stjórnsýsludeild. Í árslok 1988 var óráðið í starf forstjóra.
Vatnsorkudeild, forstjóri Haukur Tómasson.
Jarðhitadeild, forstjóri dr. Guðmundur Pálmason.
Orkubúskapardeild, deildarstjóri Jón Ingimarsson.

STARFSEMI ORKUSTOFNUNAR 1989

Almennt.

Starfsemi Orkustofnunar á árinu 1989 var í höfuðatriðum með hefðbundnum hætti. Samdráttur varð í starfseminni frá fyrra ári. Fjárveitingar drógust saman að raunvirði um 14,2% frá fyrra ári og tekjur af seldum rannsóknarverkum um 10,4 %. Unnum ársverkum fækkaði um 5, úr 101 í 96.

Vatnsorka.

Vatnamælingar Orkustofnunar eru nú komnar nokkurn veginn í það horf sem stefnt hefur verið að í nokkur ár. Gengið hefur verið frá samningum um samstarf við helstu orkufyrirtækin í landinu um þátt þeirra í vatnamælingastarfseminni, þar á meðal um kostnaðarhlutdeild. Verið er að kanna samstarf við ýmsa utan orkugeirans um vatnamælingar.

Rennslismælingar vatna voru með meira móti á árinu og allmargir vatnshæðarmælar voru settir upp og eldri lagfærðir og endurnýjaðir. Afkomumælingum á Hofsjökli var haldið áfram til að kanna samhengi jökulbúskaparins þar við rennsli nálægra fallvatna. Byrjað var að skoða nokkrar langar rennslisraðir hér á landi og samhengi þeirra við veðurfarssveiflur með það fyrir augum að nota þá vitneskju til að meta áhrifin á vatnsrennsli í íslenskum ám af loftslagsbreytingum af mannavöldum. Fram var haldið jarðfræðikortlagningu á Þjórsár-Tungnaársvæðinu sem nú hefur staðið í nokkur ár og vænst er að ljúki 1991.

Rannsóknir einstakra virkjunarstaða voru áfram í hægagangi vegna óvissu um markaðshorfur fyrir raforku. Nú, þegar líkur eru á stóraukinni raforkuþörf, er brýnt að hraða þessum rannsóknum þar eð flestir eða allir þeir virkjunarstaðir sem þegar hafa verið vel rannsakaðir munu verða nýttir á næstu árum ef hér verður reist nýtt álver.

Jarðhiti.

Fram var haldið rannsóknum er miða að því að auka þekkingu okkar á eðli jarðhitaforðans og hegðun jarðhitasvæða í langvarandi vinnslu. Mikilvæg forsenda þeirra rannsókna er nákvæm vitneskja um vinnsluhætti hitaveitna, magn vatnsins sem dælt er úr jörðu, breytingar á þrýstingi og vatnsborðshæð og efnasamsetningu vatnsins. Þessara gagna afla starfandi hitaveitur fyrst og fremst í eigin þágu. Orkustofnun hefur að undanförnu, í samvinnu við Háskóla Íslands og Samband íslenskra hitaveitna, unnið að fræðsluátaki fyrir hitaveitumenn um mikilvægi þessa svonefnda vinnslueftirlits og um leiðir til að nýta jarðhitaforðann betur. Það átak er þegar farið að skila árangri hjá ýmsum hitaveitum sem átt hafa í erfiðleikum með vatnsbúskap sinn.

Þessu tengd er könnun sem unnið var að á árinu, í samvinnu við iðnaðarráðuneytið og Samband íslenskra hitaveitna, á orkunýtingu hjá fimmtán hitaveitum hér á landi, þar á meðal öllum hinum stærstu. Þetta er úrtaksrannsókn sem miðar að því að afla betri vitneskju um raunverulega orkunotkun til húshitunar hjá íslenskum hitaveitum og skapa betri grundvöll undir samanburð á kostnaði orku til hitunar húsa. Slíkur samanburður, misjafnlega vel undirbyggður, er eins og allir vita mjög áberandi hér á landi.

Á árinu keypti Orkustofnun, með tilstyrk Vísindasjóðs, ný tæki til viðnámsmælinga með annarri aðferð en þeirri sem mest hefur verið notuð til þessa og gerir þessar mælingar auðveldari og ódýrari. Sérstakur hugbúnaður til úrvinnslu mælinga með þessari nýju aðferð var þróaður á Jarðhitadeild. Jafnframt var unnið að því að auka dýptarskyn viðnámsmælinga, bæði með þessari nýju aðferð og öðrum.

Fram var haldið vinnu við að koma á fót tölvuvæddu gagnavörslukerfi fyrir jarðhitagögn.

Jarðhitaskólinn starfaði með svipuðu sniði og áður. Átta nemendur frá sjö löndum sóttu hann. Íslenska ríkið kostaði skólann að 80% en 20% kostnaðarins voru greidd af Háskóla Sameinuðu þjóðanna í Tókíó. Telja má að Jarðhitaskólinn sé meðal bestu finnanlegu dæma um árangursríka þróunaraðstoð. Vilji íslenska ríkið efla þróunaraðstoð sína, eins og oft er um rætt, gerist það varla á árangursríkari hátt en með því að efla enn Jarðhitaskólann svo að hann geti tekið við fleirum.

Á árinu störfuðu jarðhitasérfræðingar frá Orkustofnun fyrir Virki-Orkint hf. að jarðhitaverkefnum í Djibouti og Grikklandi.

Orkubúskapur.

Söfnun og úrvinnsla gagna um íslensk orkumál var með svipuðum hætti á árinu og áður. Í tilefni af 14. þingi Alþjóðlega orkumálaráðsins í Montreal í september var gefið út yfirlit yfir íslensk orkumál 1988 undir nafninu „National Energy Data Profile-Iceland" sem dreift var meðal landsnefnda þeirra sem aðild eiga að ráðinu.

Fyrir Orkuspárnefnd var unnið að nýjum spám um raforkunotkun og um orkunotkun til húshitunar sem vænst er að komi út á árinu 1990.

Fram fóru samanburðarathuganir á leiðum til að mæta raforkuþörf þjóðarinnar næstu áratugi bæði með nýju álveri með mismunandi afkastagetu og án þess. Þær fóru fram í náinni samvinnu við Landsvirkjun.

Á árinu réð Orkubúskapardeild Hagfræðistofnun Háskóla Íslands til að vinna að athugun á samnýtingu og samhæfingu orkugjafa til hitunar og raforkuvinnslu.

Orkustofnun fékk Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna til að mæla raforku til einstakra tækja og tækjahópa frystihúsa með fremur lélega nýtingu á afltoppi. Þetta var gert í framhaldi af athugun 1988 í frystihúsi með meðalgóða nýtingu toppsins sem þessir þrír aðilar stóðu sameiginlega að og styrkt var af Norrænu ráðherranefndinni. Sú athugun leiddi í ljós að það frystihús gat sparað um 20% af raforkukostnaði sínum með svo til einni saman betri stýringu á notkuninni. Í framhaldi af þessu verkefni stendur til að gefa út bækling um hagkvæma raforkunotkun í frystihúsum. Í ljósi umræðna um mikinn raforkukostnað frystiiðnaðarins og niðurgreiðslur á honum af almannafé skiptir það vitanlega sköpum að koma í veg fyrir óþörf raforkuútgjöld þessa atvinnuvegar og að ekki sé verið að greiða niður orku sem engin þörf er fyrir.

Fiskeldi.

Enn var fram haldið rannsóknum á náttúrulegum skilyrðum til fiskeldis víðs vegar um land fyrir sérstaka fjárveitingu frá Alþingi í því skyni. Þetta var fjórða árið sem Orkustofnun vinnur að þessu verkefni, en hér er um að ræða könnun á nýjum nýtingarmöguleikum jarðhitans. Standa vonir til að því ljúki á árinu 1990. Þessum rannsóknum er ætlað að renna traustari stoðum en hingað til undir fiskeldi sem atvinnugrein varðandi þær auðlindir sem hún byggir á. Er vonast til að með þeim megi framvegis sneiða hjá ýmsum örðugleikum og mistökum sem hrjáðu þessa nýju atvinnugrein í upphafi og eiga sinn þátt í núverandi örðugleikum hennar. Vonandi eru þar bjartari tímar framundan.

Á árinu 1989 voru skilyrði til seiðaeldis könnuð í Hvalfirði, Borgarfirði, í Hnappadal, Sælingsdal í Dölum, Hrísey, í Aðaldal í S-Þing. og í innanverðum Jökuldal, Hrafnkelsdal og í Brúardölum. Kannaðir voru möguleikar á að ná í jarðsjó úr borholum til frameldis á suðurströndinni frá Meðallandi vestur að Markarfljóti, í Flóa og á suðurströnd Reykjaneskagans.

Verkefni erlendis.

Á árinu var undirritaður samningur milli fyrirtækisins Virkis-Orkint hf., sem Orkustofnun erlendis hf. á 35% hlut í, og Electricité de Djibouti um rannsókn á skeljunar- og tæringarhættu samfara nýtingu jarðhitasvæðisins Assal í Djibouti til raforkuvinnslu. Orkustofnun annaðist alla sérfræðiþjónustu við þetta verk samkvæmt samningi við Orkustofnun erlendis hf. Tveir starfsmenn Jarðhitadeildar dvöldust í nokkrar vikur í Djibouti við þessar rannsóknir. Verk þetta er fjármagnað að hluta til af Alþjóðabankanum.

Virkir-Orkint h.f og Orkustofnun unnu á árinu saman að framhaldi verks á Milos-eyju í Grikklandi. Tvær ferðir voru farnar til Aþenu á árinu til ráðgjafar varðandi rekstur jarðgufuraforkuvers á eyjunni og vandamál er tengjast niðurdælingu affallsvatns frá stöðinni.

Á vegum Virkis-Orkint hf. og ungversks fyrirtækis að nafni Geo-Thermal var á árinu unnið að forhönnun á umbótum á hitaveitu í borginni Hódmezövásárhely í suðurhluta

Ungverjalands. Áframhald verður á slíkum verkum í Ungverjalandi. Farið var síðari hluta ársins til Úkraínu og Slóvakíu til að afla verkefna. Reyndist áhugi mjög mikill, en samningaumleitanir eru á frumstigi.

Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi um orkumál.

Orkubúskapardeild sendi, eins og áður, skrifstofum OECD og Sameinuðu þjóðanna, svo og NORDEL, upplýsingar um íslensk orkumál. Enn fremur sendi deildin, í samráði við iðnaðarráðuneytið, slíkar upplýsingar til skrifstofu orkumálasamstarfs á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar (Nordisk Ministerråd, N.M.), og dreifði upplýsingum þaðan hér innan lands.

Orkumálastjóri sótti, ásamt forstjóra Orkubúskapardeildar, námsstefnu í Kaupmannahöfn í febrúar á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um skattlagningu á orku, þar sem þeir lögðu fram erindi um orkuskatta á Íslandi. Hann sótti einnig námsstefnu á vegum sömu aðila í Nuuk á Grænlandi í júní um orkulindir á Vestur-Norðurlöndum, þar sem hann flutti erindi um umhverfisáhrif vatnsorku á Íslandi, ársfund NORDEL, samtaka norrænna framámanna í raforkumálum, í Finnlandi í ágúst, námsstefnu í Stokkhólmi í nóvember á vegum NORDEL um umhverfisáhrif raforkuiðnaðarins, og, ásamt forstjóra Orkubúskapardeildar og öðrum starfsmanni hennar, sem er ritari Landsnefndar Íslands í Alþjóðlegu orkumálaráðstefnunni, 14. þing þessara samtaka í Montreal í Kanada í september, þar sem lagt var fram erindi sem forstjóri Orkubúskapardeildar hafði samið ásamt fleirum um áhrif breyttra lífshátta á orkunotkun. Loks sótti orkumálastjóri tvo fundi í Orkurannsóknanefnd Norrænu ráðherranefndarinnar, annan í tengslum við námsstefnuna í Stokkhólmi í nóvember.

NORDEL gekkst í maí fyrir námsstefnu um raforkukerfi og samrekstur þeirra yfir landamærin fyrir framámenn í raforkumálum fimm Mið-Ameríkuríkja, Costa Rica, El Salvador, Guatemala, Honduras, Nicaragua og Panama. Hún var kostuð að mestu af norsku og sænsku þróunarsamvinnustofnununum, en skipulögð í heild af skrifstofu NORDEL í Ósló. Námsstefnan hófst á Íslandi. Stóðu íslenskir NORDEL-félagar, og stofnanir þær sem þeir veita forstöðu, að henni hér. Lögð var áhersla á að kynna þátttakendum vinnslu raforku úr jarðhita, en í Mið-Ameríku er víða mikið um jarðhita. Ísland er eina landið meðal Norðurlanda þar sem raforka er unnin með þeim hætti.

Forstjóri Jarðhitadeildar sótti árlegan fund forstjóra jarðfræðistofnana í Vestur-Evrópu á Ítalíu í september, og sóttur var fundur hjá Alþjóðlegu jarðhitasamtökunum (International Geothermal Association, IGA) á Ítalíu í maí. Starfsmenn Jarðhitadeildar fluttu erindi á árinu á fjórum ráðstefnum erlendis um jarðhitamál: Tveimur forðafræðiráðstefnum í Bandaríkjunum, í Stanford í janúar (tvö erindi) og í Berkeley í júní (eitt erindi); ráðstefnu um efnaskipti bergs og vatns í Malvern, Englandi, í ágúst (fjögur erindi) og almennri jarðhitaráðstefnu í Washington í júlí (eitt erindi). Starfsmaður Jarðhitadeildar var meðhöfundur að erindi á ráðstefnu um hitaveitur sem haldin var í Gautaborg í október í tilefni af 40 ára afmæli sænska hitaveitusambandsins, og starfsmaður deildarinnar flutti erindi á stjórnarfundi norræna hitaveitusambandsins í Reykjavík í ágúst. Tveir starfsmenn Jarðhitadeildar fóru til Sovétríkjanna í maí vegna samvinnu Orkustofnunar og Vísindaakademíu Sovétríkjanna um rannsóknir á jarðskorpu Íslands, en þær hafa gildi til skilnings á eðli jarðhitans.

Forstjóri Vatnsorkudeildar sótti samstarfsfund forstöðumanna norrænna vatnafræðistofnana í Kaupmannahöfn og annan sem haldinn var hér á landi og forstöðumaður Vatnamælinga sótti fund í vinnunefnd í þessu samstarfi norrænu vatnafræðistofnananna í Slagelse í Danmörku. Vatnafræðingur á Vatnsorkudeild sótti tvo norræna samstarfsfundi í vatnafræði innan ramma alþjóðlegs samstarfs í vatnafræði á vegum Menningar- og fræðslustofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO.

Alþjóðanefndin um stórar stíflur (CIGB/ICOLD) hélt ársfund og tækniráðstefnu í Kaupmannahöfn í júlí. Stóðu íslensku og dönsku landsnefndirnar í þessum samtökum

sameiginlega að þessu fundarhaldi, og komu margir af þátttakendunum í skoðunarferð til Íslands að því loknu. Forstjóri Vatnsorkudeildar og einn starfsmaður annar sóttu fundinn og ráðstefnuna í Kaupmannahöfn, og einn starfsmaður sótti sérstakan undirbúningsfund undir hana. Af þessu tilefni gáfu Landsnefnd Íslands í ICOLD, Landsvirkjun og Orkustofnun sameiginlega út rit á ensku um íslenskar orkulindir og stíflur á Íslandi, „Energy Resources and Dams in Iceland", en allar meiri háttar stíflur á Íslandi tengjast vatnsaflsvirkjunum.

Starfsmaður á Vatnsorkudeild sótti norræna ráðstefnu um jarðtækni í Svíþjóð og sameiginlegan stjórnarfund norrænu jarðtæknifélaganna sem haldinn var í tengslum við hana.

Fjármál.


Útgjöld Orkustofnunar á árinu 1989 námu alls tæpum 297 milljónum króna, en tæpum 273 milljónum árið 1988. Að raunvirði lækkuðu útgjöldin um 13% milli þessara ára. Fjárveitingar 1989 námu 200,9 milljónum króna en rúmri 191 milljón 1988, og lækkuðu þær að raunvirði um 14,2 % frá fyrra ári. Sértekjur fyrir selda þjónustu námu 101,8 milljónum króna 1989, en 92,5 milljónum 1988. Þær lækkuðu að raunvirði um 10,4% milli ára.

Það er umhugsunarefni ef fjárveitingar til rannsókna á orkulindunum halda áfram að dragast saman að raunvirði jafnhliða því sem framundan er stórátak í nýtingu þeirra.

Eins og undanfarin ár var snemma á árinu gerð ítarleg áætlun um það að hvaða verkefnum skyldi unnið á árinu og hvað hvert um sig myndi kosta. Sú áætlun var síðan endurskoðuð þegar leið á árið. Jafnframt var eins og áður beitt ströngu aðhaldi í útgjöldum stofnunarinnar og þess gætt að þau færu ekki fram úr áætlun. Sú viðleitni bar árangur. Höfuðstóll í árslok var jákvæður um 4,6 % af tekjum, en var jákvæður um 2,4 % af tekjum árið 1988. Þess ber þó að geta að hluti þessa höfuðstóls er þegar skuldbundið fé sem stafar af því að vegna aðhaldsins voru sum tækjakaup dregin svo langt fram eftir árinu að þau voru enn ekki greidd þegar bókhaldi ársins var lokað.

Mynd 1 sýnir höfuðstól Orkustofnunar í hlutfalli við tekjur hvers árs árin 1980 til 1989. Þessi mynd sýnir að stofnuninni hefur tekist vel að halda útgjöldum sínum innan ramma tiltæks fjár.

Mynd 1



Þróun heildarútgjalda, fjárveitinga og launa árin 1980-1989. Eigin tekjur Orkustofnunar brúa bilið milli útgjalda og fjárveitinga.

Hér á eftir er sýnt yfirlit yfir rekstur Orkustofnunar árin 1989 og 1988. Yfirlit fyrir 1987 er sýnt til samanburðar.

Rekstraryfirlit 1988 og 1989.

Rekstrartekjur (verðlag hvers árs).	1989 þús.kr.	1988 þús.kr.	1987 þús.kr.
Fjárveiting til Orkustofnunar	200.870	191.442	178.916
Sértekjur:			
Framlög til Háskóla S.Þ.	16.169	12.924	16.730
Sérverkefni f. Orkusjóð og iðn.rn.	5.500	–	4.000
Seld þjónusta önnur	67.259	71.516	53.295
Ýmsar tekjur	12.837	8.075	10.200
Samtals	302.635	283.957	263.141
Hlutfall sértekna sem % af heild	34	33	32
Rekstrarútgjöld (verðlag hvers árs)			
Rekstur Stjórnsýsludeildar	62.739	50.485	48.079
Rekstur Vatnsorkudeildar	92.257	85.316	87.650
Rekstur Jarðhitadeildar	128.180	131.919	125.511
Gjaldfærður stofnkostnaður	13.393	5.197	16.494
Viðhald	–	–	–
Samtals	296.569	272.917	277.374
Launakostnaður í rekstri	181.413	176.988	169.179
Hagnaður/(Tap)	6.066	11.040	(14.593)
Hagnaður/(Tap) %	2,0	3,89	(5,26)

Starfsmannahald.

Í lok ársins 1989 voru starfsmenn stofnunarinnar samtals 97, þar af fastráðnir 85, en verkefnaráðnir til lengri tíma en eins árs. Ráðnir til skemmri tíma en eins árs voru þá 2 starfsmenn. Í framangreindum tölum eru ekki taldir 4 fastráðnir starfsmenn sem eru í leyfi frá störfum.

Nýtt stöðugildi við stofnunina samkvæmt ótímabundnum ráðningarsamningum og tímabundnum samningum til lengri tíma en eins árs voru samtals 90,85 í árslok 1989. Heildarfjöldi ársverka var 96, en þar af vann sumarfólk um 2 ársverk. Fækkun ársverka frá fyrra ári er 5, eða 4,95%.

Jón Haukur Guðlaugsson, skrifstofustjóri stofnunarinnar, var á árinu ráðinn forstjóri Stjórnsýsludeildar í stað Gunnlaugs Jónssonar hagfræðings, sem lét af störfum hjá stofnuninni árið 1988. Jafnframt var starf skrifstofustjóra lagt niður en verkefnum hans dreift á starfslið Stjórnsýsludeildar. Jón Haukur hefur starfað við Orkustofnun samfellt frá árinu 1975.

Tveir starfsmenn létust á árinu; þeir Eberg Elefsen vatnamælingamaður og Stefán Sigurmundsson rekstrarstjóri. Báðir höfðu starfað í áratugi hjá stofnuninni.

Einn starfsmaður, Þorsteinn Thorsteinsson verkfræðingur, lét af störfum fyrir aldurs sakir. Hann átti að baki áratuga starf hjá Orkustofnun.

Stjórnsýsla.

Í þriggja manna stjórn Orkustofnunar, sem skipuð er af iðnaðarráðherra, sitja þessir menn:

Sigþór Jóhannesson verkfræðingur, formaður
Hákon Björnsson framkvæmdastjóri
Þóroddur Th. Sigurðsson vatnsveitustjóri.

Orkumálastjóri er Jakob Björnsson.

Orkustofnun skiptist í eftirtaldar fjórar deildir:

Stjórnsýsludeild, forstjóri Jón Haukur Guðlaugsson
Vatnsorkudeild, forstjóri Haukur Tómasson
Jarðhitadeild, forstjóri dr. Guðmundur Pálmason
Orkubúskapardeild, deildarstjóri Jón Ingimarsson.

HORFUR 1990

Fjárveitingar til Orkustofnunar á árinu 1990 nema alls 203,754 Mkr. á áætluðu meðalverðlagi ársins (janúarverðlag + 5%), sem er um 7% lægra að raungildi en 1989.

Sértekjur stofnunarinnar eru áætlaðar 106,629 Mkr. á sama verðlagi að meðtöldu framlagi til Jarðhitaskólans. Það er 11,4% lægra að raungildi en árið áður.

Þessi samdráttur í fjárveitingum er stjórnendum Orkustofnunar áhyggjuefni nú þegar horfur eru á að meiri skriður komist fljótlega á nýtingu orkulindanna en verið hefur um langt skeið og leiða mun til þess að allir undirbúnir virkjunarstaðir verða nýttir. Þá er aðkallandi að undirbúa nýja. Það tekur tíma. Glataður tími verður þar ekki unninn upp með meiri fjárveitingum á síðustu stundu heldur verður forsjálni að ráða. Þess vegna er samdráttur í fjárveitingum til rannsókna á orkulindunum áhyggjuefni.

Eins og mynd 1 sýnir hefur Orkustofnun tekist að halda starfseminni innan ramma tiltæks fjár ár hvert árin 1980–1989. Í lok júlí 1990 stefndi í að jafnvægi yrði á árinu milli gjalda og tiltæks fjár, en fylgst verður náið með rekstrinum síðari hluta ársins eins og undanfarið til þess að því marki verði í reynd náð eins og áður.

RAFMAGNSEFTIRLIT RÍKISINS

Rafmagnseftirlit ríkisins (RER) starfar eftir lögum nr. 60/1979 og nánari ákvæðum í reglugerð um raforkuvirki nr. 264, 31. desember 1971, með áorðnum breytingum.

Lögin kveða á um að eftirlit af hálfu ríkisins með vörnum gegn hættu og tjóni af raforkuvirkjum skuli vera í höndum Rafmagnseftirlits ríkisins. Það skal rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi og heyrir undir ráðherra þann sem fer með orkumál.

Tilgangur og tilhögun starfseminnar.

Rafmagnseftirlit ríkisins hefur yfireftirlit með öllum raforkuvirkjum sem reglugerð um raforkuvirki lýtur að. Eftirlit RER nær því til raforkuvera, einkarafstöðva, vararafstöðva, spennistöðva, aðveitustöðva, flutnings- og dreifivirkja raforku, iðnaðarveitna, neysluveitna og raffanga.

Með eftirliti sínu ber RER að fylgjast með hönnun og gerð raforkuvirkjana, starfrækslu þeirra, viðhaldi og gæslu og annast rannsóknir, skýrslugerðir og upplýsingasöfnun um truflanir, tjón og slys af völdum rafmagns. Því ber einnig að fylgjast með að hvers konar

rafföng, innflutt eða smíðuð innan lands, fullnægi lágmarkskröfum um öruggan umbúnað skv. þeim reglum, sem RER ákveður.

Í reglugerð um raforkuvirki eru ákvæði um eftirlit almenningsrafveitna og annarra rafveitna, t.d. iðnaðarveitna. Framkvæmd þess eftirlits er háð yfirumsjón RER.

Rafmagnseftirlitinu er falið að löggilda menn til rafvirkjunarstarfa, meta menntun þeirra, reynslu og hæfni. Sama gildir um eftirlitsmenn með raforkuvirkjum.

Þá er RER falið samstarf við náttúruverndaraðila eða hlutaðeigandi yfirvöld við mat á mengunarhættu, náttúruspjöllum eða lýtum á umhverfi af völdum raforkuvirkja eða framkvæmda við þau.

Einnig eru ákvæði í lögum um Rafmagnseftirlitið að það annist fræðslu og komi upplýsingum til almennings um hættur af rafmagni og leiðir til að verjast þeim.

Reglugerð um raforkuvirki, alþjóðlegir staðlar og samnorrænar reglur eru sá bakgrunnur, sem stuðst skal við og fylgja ber við hönnun, setningu, smíði, umgang, gæslu, viðhald, prófun og eftirlit allra raforkuvirkja.

Með erlendu samstarfi er leitast við að einfalda störf við endurskoðun og samningu reglna og allt eftirlit, ekki síst raffangaprófun.

YFIRLIT YFIR STARFSEMINA 1988

Reglugerðarmál.

Meginverkefni reglugerðardeildar Rafmagnseftirlitsins er að annast samningu nýrra reglugerðarákvæða, endurskoðun eldri ákvæða og samningu og útgáfu orðsendinga með skýringum og fyrirmælum um ýmis efni.

Auk þessa er sinnt ýmsum verkefnum sem tengjast ofannefndu.

Gefnar voru út 10 orðsendingar á árinu. Einnig var unnið áfram að ýmsum málum reglugerðar sem hafa verið í vinnslu.

Á árinu 1988 voru ráðnir tveir starfsmenn í reglugerðardeild til að vinna að reglugerðarmálum og annast erlend samskipti, sem aukast árlega.

Eftirlit með neysluveitum.

Starfsemi lágspennudeildar hefur ekki breyst mikið frá fyrri árum. Mikill tími fer í eftirrekstur á áður útsendum skoðunarskýrslum og framkvæmdir í því sambandi.

Þá má nefna að tryggingarfélög hafa lýst yfir ullum stuðningi við þau sjónarmið RER að framvegis verði eigendum gert að greiða tryggingargjöld samkvæmt hærri áhættuflokki ef skoðunarskýrslur RER sýna fram á, að ástand raflagna eða búnaður geti skapað hættu fyrir hið tryggða húsnæði. Ekki er RER kunnugt um að tryggingarfélög hafi sett um þetta atriði nánari reglur.

Eftirlit með háspennuvirkjum og lágspennudreifikerfum.

Árið 1988 voru alls veitt 114 leyfi til setningar háspennuvirkja sem sótt var um í samræmi við gildandi reglugerð um raforkuvirki. Þar af voru 82 leyfi veitt Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Ekki var mikið um stór, ný verkefni til úttektar, en nokkrar umtalsverðar breytingar og endurbætur voru gerðar, meðal annars á aðveitustöðvum.

Stærstu verkefni til útektar á árinu voru:

Breiðidalur: Aðveitustöð endurnýjuð að mestu.

Vestmannaeyjalína: 132 kV lína lögð frá Hvolsvelli að Krosssandi.

Aðalgata, Keflavík: Ný aðveitustöð.

Vestmannaeyjar, Hvolsvöllur: Nýjar kyndistöðvar með háspenntum skautkötlum settar upp á báðum stöðum.

Einkarafstöðvar.

Í árslok 1988 voru í notkun 545 einkarafstöðvar og samanlagt afl þeirra 29.344 kW. 213 þessara stöðva sjá 277 sveitabýlum fyrir rafmagni, þannig að sums staðar eru fleiri en eitt býli um sömu rafstöð. Hjá atvinnufyrirtækjum í kaupstöðum eru 155 stöðvar, enda þótt 132 þeirra séu varaaflgjafar. Uppsett afl þessara stöðva er 15.709 kW. Reynt er að hafa reglubundið eftirlit með þessum stöðvum.

Brunar og tjón.

Hjá Rafmagnseftirliti ríkisins voru alls skráðar 71 skýrsla um bruna og önnur tjón á árinu. Af þeim voru 39 brunar og önnur tjón sem talið var fullvíst eða sennilegt að rekja mætti til rafmagns eða rafbúnaðar. Þar af voru 3 tjón frá háspennuvirkjum, en 36 brunar frá lágspennuvirkjum. Af þessum 36 brunum frá lágspennuvirkjum voru 9 taldir frá raflögnum, 17 frá biluðum raftækjum og 10 brunar frá rangri eða óvarlegri notkun raftækja.

Bruna- og tjónarannsóknir sínar vinnur RER í góðu samstarfið við Rannsóknarlögreglu ríkisins og önnur lögregluyfirvöld, en einnig rafveitur og aðrar eftirlitsstofnanir ríkisins eftir þörfum.

Slys.

Hjá Rafmagnseftirliti ríkisins voru á árinu skráðar 6 skýrslur um slys á mönnum af völdum rafmagns, eða frá raftækjum.

Fimm þessara slysa urðu á vinnustöðum. Í þeim brenndust 4 rafiðnaðarmenn og 1 starfsmaður í annarri starfsgrein, allir út frá rafneista. Enginn þeirra varð fyrir rafstraumi um líkamann. Ekkert slys frá rafmagni eða rafbúnaði á heimili var tilkynnt RER. Ekki var heldur tilkynnt til RER um tjón á húsdýrum út frá rafmagni eða rafbúnaði.

Samkvæmt Reglugerð um raforkuvirki er skylt að tilkynna hvert það slys eða tjón, er kann að verða af völdum raforkuvirkja eða raflagna og tækja, sem notuð eru í sambandi við þau. Rafmagnseftirlitið hefur þó grun um að mikill misbrestur sé á því að svo sé, einkum varðandi slys. Þessu þarf að ráða bót á.

Löggildingar til rafvirkjunarstarfa.

Á árinu voru gefnar út 26 lágspennulöggildingar, 11 háspennulöggildingar og 1 löggilding við sérstæð raforkuvirki.

Fræðslustörf.

Eins og undanfarin ár voru ýmis ákvæði reglugerðar um raforkuvirki skýrð og einstakir þættir eftirlitsmála kynntir á fundum og námskeiðum hjá rafveitum, rafverktökum og fleiri aðilum. Orðsending nr. 1/84. Rekstur, eftirlit og viðhald raforkuvirkja var kynnt á námskeiðum hjá 4 raforkufyrirtækjum.

Fræðslufundir með rafvirkjum og rafverktökum voru fjórir á árinu: Á Egilsstöðum, Húsavík, Akureyri og á Sauðárkróki. Ýmislegt fræðsluefni fyrir almenning birtist í fjölmiðlum.

Raffangaprófun.

Árið 1988 voru afgreiddar 2527 umsóknir, sem er rúmlega 9% aukning frá árinu 1987. Þennan árangur má að mestu þakka breyttri vinnutilhögun, svo og því, að meira er um að rafföngum fylgi erlend prófunarvottorð. Það flýtir mjög fyrir afgreiðslu tækjanna.

Á árinu bárust 2188 umsóknir um viðurkenningu raffanga. Þetta er nokkur fækkun frá árinu á undan, en þá bárust 2691 umsókn. Í árslok voru 442 umsóknir óafgreiddar (rúmlega 20% af innsendum umsóknum), sem er mun betri árangur en 1987.

Hlutfall samþykktra umsókna og þeirra sem synjað var hélst svipað og það hefur verið undanfarin 10 ár. Samþykktar umsóknir hafa verið á bilinu 80–90%.

Markaðseftirlit.

Markaðseftirlitið var hert til muna frá og með árinu 1987. Starfsmaður sem áður gegndi starfi hjá raffangaprófun var fenginn til að sinna markaðseftirlitsmálum eingöngu.

Meginákersla er lögð á eftirlit með varningi í verslunum þar sem athugað er hvort þar finnist prófunarskyld raffög sem ekki hafa verið færð til prófunar. Töluverð brögð eru að því að svo sé.

Fjölþjóðasamstarf.

Ríkisstjórn Íslands ákvað á árinu að Íslendingar gerðust aðilar að CENELEC, samtökum Vestur-Evrópuþjóða um stöðlun á sviði rafmagns. Samtökin vinna í kappi við tímann að ætlunarverki sínu þar sem mikilvægum áfanga á að vera náð í ársbyrjun 1993 í markaðsmálum Vestur-Evrópuríkja.

Þrátt fyrir inngöngu Íslands í CENELEC tók Rafmagnseftirlitið ekki þátt í fundum samtakanna á árinu, en ákveðið var að framvegis héldi RER uppi sambandi við nefndina MC, Marks Committee, innan CENELEC, og undirnefndir hennar CCA og HAR, og sækti fundi þeirra, enda er þar fjallað um hluta af starfsvettvangi RER. Til viðbótar ofantöldum nefndum innan CENELEC starfar RER í nefndum á vegum Norðurlandasamtakanna NSS og EMKO og alþjóðasamtakanna IECEE. Mikill akkur er af þessari þátttöku, en vinnuálag á starfsmenn hefur aukist mjög af henni.

Starfsfólk.

Við árslok 1988 voru starfsmenn Rafmagnseftirlits ríkisins 25. Þar af gegndi einn starfsmaður sameiginlegum verkefnum fyrir ríkisstofnanir að Síðumúla 13. Á árinu hætti einn starfsmaður störfum hjá RER, en tveir menn hófu störf. Ráðnir voru 4 sumarstarfsmenn í stað eins áður.

Eins og undanfarin ár annaðist Orkustofnun fjármálabókhald fyrir RER. Ráðgjöf og önnur verktakaþjónusta var keypt vegna einstakra verkefna.

Rekstur.

Til rekstrar RER var aflað tekna samkvæmt 1. lið 9. gr. laga nr. 60/1979, þ.e. að raforkuframleiðendur og rafveitur greiddu 1,0% af heildartekjum af raforkusölu og leigu mælitækja, að frádregnu andvirði aðkeyptrar raforku og söluskatti. Undanskilin er raforkusala til álverksmiðjunnar í Straumsvík og til járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Að auki voru tekjur af sérstökum verkefnum.

Rekstrarreikningur RER árið 1988 var sem hér segir:

	(þús. kr.)
Rekstrartekjur	57,031
Gjöld	62,506
Hagnaður (Tap)	(5,475)

Stjórn.

Í stjórn RER sátu:

Helgi G. Þórðarson verkfræðingur, formaður, og meðstjórnendur Helgi Ólafsson hagfræðingur og Baldur Pétursson viðskiptafræðingur. Rafmagnseftirlitsstjóri er Bergur Jónsson verkfræðingur.

YFIRLIT YFIR STARFSEMINA 1989

Reglugerðarmál.

Meginverkefni reglugerðardeildar Rafmagnseftirlitsins er að annast samningu nýrra reglugerðarákvæða, endurskoðun eldri ákvæða og samningu og útgáfu orðsendinga með skýringum og fyrirmælum um ýmis efni. Til viðmiðunar eru alþjóðlegar reglur og staðlar.

Gefnar voru út 4 orðsendingar á árinu. Ýmis mál taka langan tíma vegna þess að sérfræðinga skortir til að fjalla um þau eða fé vantar til að ráða þá í verkefni.

Eftirlit með neysluveitum.

Starfsemi lágspennudeildar, sem er ein stærsta deild Rafmagnseftirlitsins, fylgir nokkuð hefðbundnu fyrirkomulagi, enda verkefnin svipuð frá ári til árs. Starfsmenn deildarinnar aðstoða við slysa- og tjónarannsóknir, sem stundum taka nokkuð langan tíma eftir eðli málsins.

Eftirlit með háspennuvirkjum og lágspennudreifikerfum.

Árið 1989 voru veitt 101 leyfi til setningar háspennuvirkja sem sótt var um í samræmi við gildandi reglugerð um raforkuvirki. Þar af voru 84 leyfi veitt Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Stærstu nýverkefni, sem Rafmagnseftirlitið fylgdist með, voru:

Aðveitustöð Landsvirkjunar við Hamranes, Hafnarfirði.

Aðveitustöð Rafveitu Hafnarfjarðar, við Öldugötu, Hafnarfirði.

Aðveitustöð Rafmagnsveitu Reykjavíkur við Meistaravelli, Reykjavík.

Blönduvirkjun.

Nesjavallavirkjun Hitaveitu Reykjavíkur.

132 kV stofnlína Hitaveitu Suðurnesja, milli Svartsengis og Njarðvíkur.

Eins og undanfarin ár voru kynntar rekstrarreglur og reglur um háspennuvirki hjá rafveitum með fundum og námskeiðum í vinnutíma starfsmanna.

Einkarafstöðvar.

Í árslok 1989 voru í notkun 539 einkarafstöðvar og samanlagt afl þeirra 31.142 kW. 210 þessara stöðva sjá 269 sveitabýlum fyrir rafmagni þannig að sums staðar eru fleiri en eitt býli um sömu rafstöð. Hjá atvinnufyrirtækjum í kaupstöðum eru 151 stöð, enda þótt 129 þeirra séu varaaflgjafar. Uppsett afl þessara stöðva er 15.759 kW.

Brunar og tjón.

Hjá Rafmagnseftirliti ríkisins voru alls skráðar 69 skýrslur um bruna og önnur tjón á árinu. Af þeim var 41 tjón sem talið var fullvíst eða sennilegt að væri af völdum rafmagns eða rafbúnaðar. Þar af voru 7 tjón af völdum háspennuvirkja, og 34 brunar af völdum lágspennuvirkja. Af þessum 34 brunum voru 11 taldir frá raflögnum, 16 frá biluðum raftækjum og 7 brunar frá rangri eða óvarlegri notkun raftækja.

Slys.

Hjá Rafmagnseftirliti ríkisins voru á árinu skráðar 4 skýrslur um slys á mönnum þar sem rafmagn eða raftæki voru hugsanlegir slysavaldar.

Öll þessi slys urðu á vinnustöðum. Eitt dauðaslys varð á árinu, við vinnu á 380/220 V loftlínu. Ekki var unnt að sanna að rafmagn olli slysinu, en heldur ekki að önnur orsök hafi verið til þess. Í tveimur tilvikum fengu starfsmenn rafveitna straumhögg, en í einu brenndist starfsmaður rafveitu á hendi. Ekkert slys frá rafmagni eða rafbúnaði á heimili var tilkynnt til RER. Ekki var heldur tilkynnt um tjón vegna slysa á húsdýrum út frá rafmagni eða rafbúnaði.

Löggildingar til rafvirkjunarstarfa.

Á árinu var gefin út 31 lágspennulöggilding og 9 háspennulöggildingar.

Fræðslustörf og kynning.

Ákveðið var að beina fræðslu þetta ár sérstaklega að einum málaflokki, endurnýjun gamalla raflagna í íbúðarhúsnæði. Gert var stutt fræðslumyndband með það meginmarkmið að vekja athygli húseigenda á að hafa sjálfir frumkvæði að eftirliti með rafkerfi íbúða sinna, til dæmis við eigendaskipti, vegna breyttrar starfsemi í húsnæðinu, eða þegar almennt viðhald þess færi fram. Myndin hlaut nafnið „AF LITLUM NEISTA". Rafmagnsveita Reykjavíkur, Landssamband íslenskra rafverktaka og nokkrir verktakar aðstoðuðu við gerð þess.

Eins og undanfarin ár voru ýmis ákvæði reglugerðar um raforkuvirki skýrð og einstakir þættir eftirlitsmála kynntir á fundum og námskeiðum hjá rafveitum, rafverktökum og fleiri aðilum.

Markaðseftirlit.

Markaðseftirlit RER hefur verið að mótast í ljósi öflugrar norrænnar samvinnu á því sviði. Ljóst er að í verslunum finnast öðru hverju raffönga sem ekki standast prófunarkröfur. Alvarlegast er þó þegar raffönga, sem hafnað hefur verið hjá Raffangaprófun, finnast í verslunum, en slíkt gerist af og til, einkum úti á landi. Markaðseftirlitið hefur þó notið góðrar aðstoðar eftirlitsmanna rafveitna úti á landsbyggðinni.

Samstarf við Norðurlönd er mjög gott og upplýsingar berast hratt á milli landa. Allt bendir til þess að slík samvinna eflist í náinni framtíð.

Raffangaprófun.

Umsóknum um gildingu raffanga fækkaði um tæp 12% frá árinu 1988. Er þetta annað árið í röð sem innsendum umsóknum fækkar og fyrsta árið sem afgreiddum umsóknum fækkar frá 1986.

Óafgreiddum umsóknum fækkaði einnig og voru í árslok aðeins 190 umsóknir óafgreiddar í stað 442 næstu áramót á undan.

Fjölþjóðasamstarf.

Norðurlandasamtökin NSS héldu tvo fundi á árinu að venju. Á fyrri fundinum var samþykkt að setja á fót norrænan starfshóp til að samræma kröfur Norðurlandaþjóða um menntun og reynslu manna vegna löggildingar þeirra til rafvirkjunarstarfa, í einhverju Norðurlandanna. Hópurinn tók til starfa á árinu.

Til viðbótar ofantöldum fundum tók RER þátt í fundum á vegum Norðurlandasamtakanna EMKO, samtökum Vestur-Evrópuþjóða CENELEC og alþjóðasamtakanna IECEE.

Starfsfólk.

Við lok árs 1989 voru starfsmenn Rafmagnseftirlits ríkisins 26, eða einum fleiri en árið áður. Á árinu hóf einn maður störf hjá RER og að auki störfuðu þar tveir sumarmenn. Eins og áður gegndi einn starfsmaður sameiginlegum verkefnum fyrir ríkisstofnanir að Síðumúla 13.

Orkustofnun annaðist fjármálabókhald fyrir RER. Ráðgjöf og önnur verktakaþjónusta var keypt vegna einstakra verkefna.

Rekstur.

Til rekstrar RER var aflað tekna samkvæmt 1. lið 9. gr. laga nr. 60/1979, þ.e. að raforkuframleiðendur og rafveitur greiddu 1,0% af heildartekjum af raforkusölu og leigu mælitækja að frádregnu andvirði aðkeyptrar raforku og söluskatti. Undanskilin er raforkusala

til álverksmiðjunnar í Straumsvík og til járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Að auki voru tekjur af sérstökum verkefnum.

Rekstrarreikningur RER árið 1989 var sem hér segir:

	(þús. kr.)
Rekstrartekjur	63,697
Gjöld	71,495
Hagnaður (Tap)	(7,798)

Stjórn.

Í stjórn RER sátu:

Helgi G. Þórðarson verkfræðingur, formaður, og meðstjórnendur Helgi Ólafsson hagfræðingur og Baldur Pétursson viðskiptafræðingur. Rafmagnseftirlitsstjóri er Bergur Jónsson verkfræðingur.

STARFSEMI RER 1990

Það sem af er árinu hefur starfsemi RER verið með sama sniði og áður. Verkefnin, sem unnin eru í hinum ýmsu deildum stofnunarinnar, eru hefðbundin verkefni sem ekki breytast mikið frá ári til árs.

Reglugerðardeild hefur gefið út 3 orðsendingar til þessa.

Unnið er að nýju fræðslumyndbandi á vegum fræðsludeildar RER. Það mun fjalla um rafbúnað í fiskvinnsluhúsum, viðhald hans og umgengni.

Í raffangaprófun hefur mikil vinna verið lögð í að undirbúa gjaldtöku fyrir raffangaprófanir. Einnig má nefna að nú er unnið að því að yfirfara IEC-staðla með tilliti til hugsanlegra íslenskra frávika við þá.

Starfsemi lágspennu- og háspennudeilda hefur að mestu leyti verið óbreytt frá fyrra ári. Sama á við um markaðseftirlit.

Hvað varðar erlend samskipti á árinu voru fundir sóttir í flestum þeim nefndum sem RER hefur á undanförnum árum starfað í. Tveir norrænir fundir voru haldnir í Reykjavík í ágúst. Annar var fundur yfirmanna markaðseftirlitsdeilda raffangaprófunarstöðvanna á Norðurlöndum. Hinn fundurinn var í nefnd á vegum NSS sem fjallaði um kröfur til Norðurlandabúa sem hljóta löggildingu til rafvirkjunarstarfa í einhverju Norðurlandanna.

Gert er ráð fyrir að halli verði á rekstri RER á þessu ári. Verður hann líklega um 2 milljónir og má að öllu leyti rekja hann til minnkandi rauntekna RER af rafveitueftirlitsgjöldum vegna samkomulags um óbreytt verð á raforku.

RANNSÓKNASTOFNUN BYGGINGARIÐNAÐARINS

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins (Rb) starfar samkvæmt lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna frá 1965. Stofnunin er sjálfstæð og heyrir undir iðnaðarráðuneytið. Aðsetur stofnunarinnar er að Keldnaholti og forstjóri, skipaður af iðnaðarráðherra, er Hákon Ólafsson verkfræðingur.

Stjórn.

Í aðalstjórn sitja nú: Helgi Hafliðason arkitekt, formaður, Gunnar S. Björnsson byggingameistari og Halldór Jónsson verkfræðingur. Í varastjórn sitja: Gunnar Gissurarson

tæknifræðingur, varaformaður, Kristinn Kristinsson húsasmíðameistari og Jón Rögnvaldsson verkfræðingur.

Stjórn heldur að jafnaði fundi mánaðarlega. Varaformaður situr alla fundi, en aðrir í varastjórn sitja 2–3 fundi árlega.

Rekstur.

Rekstrarliðir	1988		1989	
	Gjöld	Tekjur	Gjöld	Tekjur
Byggingariðnaðarsjóðsgjöld og framlag ríkissjóðs		48.922.000		46.012.000
Sértekjur		45.285.000		57.761.000
Laun og launatengd gjöld	61.520.000		66.596.000	
Rekstrargjöld	22.375.000		29.619.000	
Gjaldfærður stofnkostnaður	5.565.000		6.579.000	
	89.460.000	94.207.000	102.794.000	103.773.000
Fært á efnahagsreikning	4.747.000		979.000	
	94.207.000	94.207.000	103.773.000	103.773.000

Rekstrarhorfur fyrir 1990 eru þær að gert er ráð fyrir heildarveltu rúmlega 110 milljónir og að stofnunin verði rekin á „sléttu“. Til þess að það takist er reynt að hámarka tekjur og halda rekstrarkostnaði í lágmarki.

Almenn starfsemi 1988 og 1989.

Við stofnunina eru 36 fastar stöðuheimildir og heimild til verkefnabundinna ráðninga. Undanfarin ár hafa starfað u.þ.b. 44 starfsmenn við stofnunina.

Starfsemin fer fram á eftirtöldum sviðum: Húsabyggingatækni, vegagerð, steinsteypa, byggingarkostnaður, fræðsla/útgáfa, hagnýt jarðfræði/jarðtækni.

Á öllum sviðum er unnið að rannsóknum, þjónustu og ráðgjöf.

Þjónusta, sem oftast er fólgin í úttektum og efnisprófunum, er greidd að fullu af verkbeiðendum. Leitast er við að fá rannsóknaverkefni greidd að hluta af hagsmunaaðilum eða sjóðum sem styrkja rannsóknir. Ráðgjöf, sem fólgin er í útgáfu rita og tækniblaða, greina, fyrirlestra og símsvörunar, er kostuð af stofnuninni að öðru leyti en því að rit og tækniblöð eru seld.

Skipting í ofantalda flokka miðað við vinnustundafjölda er þessi:

Rannsóknir	29%
Þjónusta	46%
Ráðgjöf	25%

Fjöldi þjónusturannsókna, stórra og smárra hefur undanfarin ár verið 1300–1500.

Árið 1988 var tekinn í notkun nýr 800m^2 rannsóknastofuskáli. Húsið, sem sjálft var tilrauna- og þróunarverkefni byggt úr rakaþéttri vikursteypu (X-steypu), breytti verulega aðstöðu til húsbyggingatæknilegra rannsókna. Þegar þetta yfirlit er skrifað er verið að ljúka byggingu hljóðvers við Rb, sem gerir mælingar á hljóðtæknilegum eiginleikum byggingarefna og byggingareininga mögulegar. Þessar byggingar, sem og aðrar byggingar á Keldnaholti, voru kostaðar af Byggingarsjóði Ra.

Varðandi nánari greinargerð á almennri starfsemi við stofnunina vísast í nýútkomna skýrslu en skýrsla þessi hefur m.a. verið send öllum alþingismönnum.

Norrænt samstarf – Alþjóðlegt samstarf.

Stofnunin hefur góð tengsl við systurstofnanir á Norðurlöndum og tekur þátt í samstarfi við þær á verkefnagrundvelli. Stofnunin á fulltrúa í stjórn Nordtest og NBS og mun taka við forystu í NBS-samstarfi í okt. 1990 og gegna því næstu 3 ár.

Stofnunin tók þátt í stofnun samtaka evrópskra prófunaraðila, Eurolab, s.l. vor. Hún er meðlimur ýmissa alþjóðasamtaka svo sem CBI og RILEM og á fulltrúa í nokkrum vinnuhópum í síðarnefndu samtökunum. Starfsmaður Rb sér um samvinnu við staðlasamtökin CEN og INSTA f.h. Byggingastaðlaráðs.

III. HLUTAFÉLÖG MEÐ RÍKISAÐILD

ÍSLENSKA JÁRNBLENDIFÉLAGIÐ hf.

Félagið er hlutafélag og starfar skv. lögum nr. 18 11. maí 1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, sbr. lög nr. 45 11. maí 1982, lög nr. 95 28. maí 1984 og lög nr. 28 9. maí 1989. Íslenska ríkið hefur frá öndverðu átt 55% hlutafjárins, en aðrir eigendur eru Elkem a/s í Ósló með 30% eignarhlut og Sumitomo Corporation í Tokyo með 15%. Félagið var stofnsett hinn 28. apríl 1975 „til framleiðslu á kísiljárni og hafi með höndum þá framleiðslu og tengdan atvinnurekstur", eins og segir í upphaflegu lögunum. Með lagabreytingunni frá 1989 voru lagaheimildir um viðfangsefni félagsins rýmkaðar þannig, að það getur nú fengist við aðrar tegundir atvinnurekstrar.

Framleiðslan er blendi af kísil (silisium, silicon) og járni, þar sem hlutfall kísils getur verið mismunandi. Framleiðslan frá Grundartanga hefur um 75% kísilinnihald. Þetta efni er íblöndunarefni á lokastigi stálframleiðslu, en einnig er það notað við járnsteypu og að litlu leyti til efnaiðnaðar.

Félagið starfar undir forystu sjö manna stjórnar sem kosin er á aðalfundi til eins árs í senn. Iðnaðarráðherra tilnefnir fjóra stjórnarmenn og úr þeirra hópi stjórnarformann, en Elkem tilnefnir tvo og Sumitomo Corp. einn.

Reksturinn 1988.

Árið 1988 var félaginu afar hagstætt. Tæknilega gekk reksturinn vel. Sett var nýtt met í framleiðslu, ígildi 70.051 tonns af 75% kísiljárni. Flutt voru út 68.617 tonn við verði, sem fór jafnt og þétt hækkandi allt árið. Afkoman varð að sama skapi góð. Hagnaður varð 487 milljónir króna samanborið við 115 milljóna króna halla árið 1987. Hagnaður var rúm 19% af bruttósölu, en þá höfðu verið færðar til gjalda 227 millj. króna af afskriftum og 131 millj. króna nettó af fjármagnsgjöldum sem samtals svarar til rúmlega 14% af bruttóveltu.

Starfsmannafjöldi í árslok var 181.

Reksturinn 1989.

Árið 1989 var félaginu hagstætt, en mun lakara en árið 1988. Tæknilegur rekstur gekk vel og enn var framleiðslumet slegið, þegar framleidd voru ígildi 72.007 tonna af 75% kísiljárni, tæpum tvö þúsund tonnum meira en fyrra ár.

Hins vegar dró mikið úr sölu á árinu og verð á framleiðsluvörunni féll mjög ört frá apríl og fram undir áramót.

Hagnaður varð 323 millj. króna sem var rúmlega 12% af bruttóveltu, en þá höfðu verið afskrifaðar 226 millj. króna og gjaldfærður nettó fjármagnskostnaður 128 millj. króna, sem samtals svarar til rúmlega 13% af bruttósölu.

Starfsmannafjöldi í árslok var 191.

Helstu tölur úr ársreikningum eru þessar (í Mkr.):

	1989	1988	1987	1986
Rekstrartekjur	2.507,4	2.385,2	1.334,8	1.210,0
Rekstrargjöld	(2.055,8)	(1.767,5)	(1.502,6)	(1.365,2)
Nettó fjármagnstekjur (gjöld)	(128,4)	(130,6)	52,7	(56,9)
Hagnaður (Tap)	323,2	487,1	(115,1)	(212,0)
Eignir	4.930,5	4.039,0	2.977,7	3.028,6
Skuldir	1.695,9	1.703,0	1.640,3	1.730,9
Eigið fé	3.234,6	2.336,0	1.337,4	1.297,7

Árin 1988 og 1989 varð mikil verðsveifla í kísiljárniðnaði, frá hægfara bata í byrjun árs 1988 upp í óhæfilegt hámark í febrúar/mars 1989, en verðfall úr því fram í nóvember/desember, sem nam á bilinu 40–50%. Þetta gerðist vegna of mikils framboðs, einkum frá Kína, en einnig frá gömlum ofnum annars staðar, sem settir voru í gang víðs vegar í von um stundarhagnað af hinu háa verði. Eftirspurn eftir kísiljárni var mikil og vaxandi allan þennan tíma þar eð stál- og steypujárnsgerð í heiminum varð á árinu 1989 meiri en hún hefur áður orðið.

Mikilvægasti vitnisburður þessarar sveiflu fyrir járnblendifélagið var að um þær mundir, sem verðlag var lægst, var félagið ekki með taprekstur, – a.m.k. ekki sem neinu nemur fyrir svo fjárhagslega sterkt fyrirtæki.

Hægfara bati í verðþróun er nú hafinn og spádómar eru uppi um að 1991 og einkum 1992 gætu orðið góð ár fyrir kísiljárnframleiðendur ef engin óvænt tíðindi berast inn á markaðinn frá Kína.

Stjórn.

Stjórnarmenn, tilnefndir af iðnaðarráðherra á aðalfundi í mars 1990, eru: Barði Friðriksson hrl., formaður, Páll Bergþórsson veðurstofustjóri, varaformaður, Guðmundur Guðmundsson framkvæmdastjóri og Helgi G. Þórðarson verkfræðingur. Fulltrúar Elkem a/s eru frá sama tíma Johan H. Krefting og Isak Lauvås, en fulltrúi Sumitomo Corporation er Akira Hirosaki. Framkvæmdastjóri félagsins er Jón Sigurðsson.

JARÐBORANIR hf.

Inngangur.

Jarðboranir hf. er hlutafélag sem stofnað var í ársbyrjun 1986 og er til helminga í eigu ríkisins og Reykjavíkurborgar. Félagið starfar á grundvelli laga nr. 107/1985 um Jarðboranir hf. Tilgangur hlutafélagsins er að eiga og reka jarðbora, svo og skyld starfsemi samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins.

Rekstur ársins 1989.

Árið 1989 varð hagnaður af rekstri Jarðborana hf. að upphæð kr. 1,3 milljónir króna. Rekstrartekjur Jarðborana hf. á árinu námu 119,9 milljónum króna. Rekstrargjöld án fjármagnsgjalda 1989 námu 117,6 milljónum króna. Hagnaður af reglulegri starfsemi félagsins nam 3,2 milljónum, en eftir að gjaldaliðirnir óregluleg gjöld, er nam 1,1 milljón, og eignarskattur að upphæð 870 þús. höfðu verið dregnir frá, nam hagnaður af rekstri félagsins 1,3 milljónum króna. Ástæður þess að hagnaður varð ekki meiri má að miklu leyti rekja til afskrifaðra viðskiptakrafna er námu 12,2 milljónum. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna námu samtals 23,1 milljón króna.

Laun og starfsmannakostnaður er stærsti kostnaðarliður félagsins í rekstrarreikningi og nam 52,6 milljónum eða um 39,9% af útgjöldum. Rekstrarliðurinn kostnaður vegna borverkefna er hár nú sem á liðnu ári og nam um 21,6 milljón á árinu sem er um 16,3% af útgjöldum. Í efnahagsreikningi kemur fram að heildareignir félagsins í árslok 1989 voru bókfærðar á 558,9 milljónir króna og skiptast þannig að veltufjármunir námu 207 milljónum en fastafjármunir 351,9 milljónum. Skuldir félagsins námu samtals 82,4 milljónum og skiptast þannig að skammtímaskuldir námu 25,8 milljónum en langtímaskuldir 56,6 milljónum.

Í árslok 1989 nam endurmetið eigið fé félagsins 476,5 milljónum króna og var aukning frá 1988 alls 103 milljónir króna. Eiginfjárhlutfall var 85,25%. Veltufjárhlutfall 1989 er 8,0. Hlutafé félagsins er 236 milljónir króna.

Jarðboranir hf. eiga nú fimmtán jarðbora, mismunandi að stærð. Hinn fjölbreytti tækjakostur félagsins gerir því kleift að takast á við hin margvíslegu verkefni sem upp koma í starfsemi þess.

Á árinu 1989 voru boraðir alls um 13.600 metrar og er það nokkur aukning frá árinu á undan. Munar þar mest um aukningu í kjarnaborunum. Miklar líkur eru á að kjarnaboranir muni aukast enn á næstu árum og er það mjög ánægjuleg breyting frá því sem verið hefur undanfarin ár. Háhitaboranir voru engar á árinu 1989 en ein háhitahola var boruð á árinu 1990. Vegna mengunar neysluvatns hjá mörgum vatnsveitum voru veruleg verkefni í borunum eftir köldu vatni á árinu 1989.

Starfsmenn félagsins voru að meðaltali 32 á árinu 1989. Gerðar voru nokkrar breytingar á stjórnskipulagi Jarðborana hf. Markmið þessara breytinga er að gera skipulag félagsins og ábyrgðarsvið skýrara með það að leiðarljósi að veita betri og hagkvæmari þjónustu og tryggja góða afkomu af rekstri félagsins.

Staða samkvæmt rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok:

	1989 (þús.kr.)	1988 (þús.kr.)
Rekstrartekjur	119.984	116.408
Rekstrargjöld	(117.625)	(124.216)
Fjármunatekjur (fjármagnsgj.) nettó	898	12.232
Óreglul. tekjur (gjöld)	(1.119)	(11.526)
Eignarskattur	(870)	(860)
Hagnaður (Tap)	1.268	(7.962)
Eignir	558.946	448.290
Skuldir	(82.424)	(74.987)
Eigið fé	476.522	373.303

Húsnæðismál félagsins.

Miklar breytingar urðu á árinu 1989 í húsnæðismálum félagsins. Auk eigin verkstæðishúss að Funahöfða 14 hefur félagið leigt húsnæði og stóra lóð að Vesturvör í Kópavogi. Þetta

leiguhúsnæði var úr sér gengið og hentaði mjög illa fyrir starfsemina. Þessi tvískipting olli óhagræði en brýn þörf var á að samnýta betur starfsmenn, tæki og áhöld félagsins. Því var ráðist í það að koma allri verklegri starfsemi Jarðborana hf. á einn stað til frambúðar.

Hinn 6. janúar 1989 var gengið frá samningum um makaskipti á húseign að Eirhöfða 15 og húsi Jarðborana hf. að Funahöfða 14. Flutt var í húsið að Eirhöfða 15 í febrúar og er þar nú þjónustumiðstöð Jarðborana hf. Félagið átti fyrir stóra byggingarlóð að Eirhöfða 2–10 en lítil lóð skilur á milli hennar og Eirhöfða 15. Ákveðið var að skila helmingi byggingarlóðarinnar að Eirhöfða 2–10 til Reykjavíkurborgar og hefja framkvæmdir við jarðvegsskipti á þeim 6500 m^2 sem haldið var eftir. Lóðarframkvæmdir hófust síðan í byrjun júní og var að fullu lokið í ágúst. Fyrirséð var við makaskiptin á Funahöfða 14 og Eirhöfða að þjónustumiðstöðin að Eirhöfða 15 mundi ekki fullnægja þörf félagsins fyrir geymslurými. Var því leitað leiða til að byggja ódýrt en varanlegt geymsluhúsnæði á lóðinni að Eirhöfða 2–4. Ákveðið var að ráðast í byggingu 500 m^2 skemmu og lauk smíði hennar í september og hefur verið flutt í hana. Með þeim framkvæmdum sem hér hefur verið lýst er lokið þeim stóra áfanga að koma starfsemi félagsins í hagkvæmt og nútímalegt horf.

Rekstrarhorfur fyrir árið 1990.

Ef litið er til síðustu fjögurra ára hefur félagið verið rekið með tapi í eitt ár en með hagnaði í þrjú ár. Horfur eru á 10–12% raunvirðishækkun rekstrartekna milli áranna 1989 og 1990. Ástæður þessa eru einkum þær að í fyrsta lagi náðist samningur um borun háhitaholu í Kröflu þar sem notaður var einn stærsti bor félagsins er verið hefur verkefnalaus undanfarin fimm ár. Boranir á háhitasvæðum á næstu árum er sá þáttur starfseminnar sem mestar vonir eru bundnar við. Er hér um að ræða umfangsmikil verkefni fyrir stærstu bora félagsins og væri það mikilvægur áfangi ef boranir á háhitasvæðum hæfust aftur af alvöru eftir nokkuð langt hlé. Í öðru lagi varð veruleg aukning á rannsóknarborunum á árinu. Eins og horfur eru um mánaðamótin ágúst/september 1990 er gert ráð fyrir að nokkur hagnaður verði af rekstri félagsins í ár.

Reynslan hefur sýnt að mikilvægt er að til sé í landinu eitt öflugt og sérhæft fyrirtæki á sviði jarðborana til þess að viðhalda þeirri þekkingu og miklu verkkunnáttu sem Jarðboranir hf. byggja á.

Stjórn.

Aðalfundur félagsins fyrir starfsárið 1989 var haldinn 3. maí 1990. Stjórnarmenn, tilnefndir af iðnaðarráðherra, eru: Jónas Matthíasson formaður, Jakob Björnsson og Páll Flygenring. Reykjavíkurborg tilnefndi tvo stjórnarmenn, þá Þórð Þ. Þorbjarnarson og Gunnar Kristinsson. Framkvæmdastjóri félagsins er Bent S. Einarsson.

KÍSILIÐJAN hf. við Mývatn

Eignaraðild og stjórn.

Kísiliðjan hf. starfar samkvæmt lögum nr. 80/1966 ásamt með síðari breytingum.

Hluthafar í árslok 1989 voru:

Ríkissjóður Íslands	51,00%
Manville Corporation	48,56%
Sveitarfélög á Norðurlandi	0,44%

Á árinu 1982 var sameignarsamningurinn við Manville Corporation framlengdur frá 13. ágúst 1986 til 13. ágúst 1996. Á árinu 1982 átti sér stað fjárhagsleg endurskipulagning hjá félaginu þar sem hlutafé Ríkissjóðs jókst. Þann 23. júní 1989 keypti Manville Corporation 8,73% hlutafjár af Ríkissjóði og er skipting hlutafjár þar með orðin sú sama og þegar félagið var stofnað.

Alþingi kýs fulltrúa ríkisins í stjórn Kísiliðjunnar, þ.e. 3 af 5 stjórnarmönnum, en Manville Corporation tilnefnir 2 stjórnarmenn.

Á fundi sameinaðs Alþingis voru kjörnir 3 fulltrúar ríkisins og jafnmargir varamenn í stjórn Kísiliðjunnar til fjögurra ára, frá 20. apríl 1987 til jafnlengdar 1991. Stjórnarmenn ríkisins eru nú Björn Jósef Arnviðarson hdl., Jón Illugason framkvæmdastjóri og Pétur Torfason verkfræðingur. Stjórnarformaður er Björn Jósef Arnviðarson. Engar breytingar urðu á stjórn Kísiliðjunnar tímabilið 1988–1989.

Vegna sölu kísilgúrs hefur hinn erlendi samstarfsaðili stofnað Manville h.f. á Húsavík. Iðnaðarráðherra skipar einn fulltrúa í stjórn þess félags. Hann er nú Guðmundur Hákonarson framkvæmdastjóri.

Framleiðsla og sala 1988–1989.

Samtals voru framleidd 25.142 tonn af fullunnum kísilgúr á árinu 1988. Framleiðslan var 7,7% meiri en á árinu 1987.

Samtals var útflutningur kísilgúrs 26.515 tonn á árinu 1988. Aukning útflutnings frá fyrra ári var 15,1%. Innan lands voru seld 40 tonn.

Samtals voru framleidd 24.900 tonn af fullunnum kísilgúr á árinu 1989, sem var um 1% samdráttur frá fyrra ári.

Samtals var útflutningur kísilgúrs 24.216 tonn á árinu 1989, sem var um 8% minna en árið 1988. Innan lands voru seld 49 tonn.

Árin 1985–1989 var framleiðsla kísilgúrs að meðaltali 25.134 tonn. Á sama tímabili var útflutningur kísilgúrs 24.216 tonn að meðaltali. Mesta framleiðsla verksmiðjunnar á einu ári var 1985, en þá voru framleidd 29.388 tonn. Það ár er einnig metár hvað varðar útflutning kísilgúrs, en þá voru flutt út 27.696 tonn.

Afkoma 1988–1989.

Á árinu 1988 voru rekstrartekjur að frádregnum útflutningskostnaði 316,1 Mkr. Hækkun rekstrartekna frá fyrra ári var 24,7%, en tekjur á hvert tonn kísilgúrs hækkuðu um 8,4%. Rekstrargjöld án fjármagnsgjalda voru 303,4 Mkr. Hækkun rekstrargjalda frá fyrra ári var 28,7%, en hækkun á hvert tonn 11,7%. Hagnaður félagsins árið 1988 var 8,9 Mkr., sem er 2,8% af rekstrartekjum.

Á árinu 1989 voru rekstrartekjur að frádregnum útflutningskostnaði 345,0 Mkr. Hækkun rekstrartekna frá fyrra ári var 9,2%, en tekjur á hvert tonn kísilgúrs hækkuðu um 19,1%. Rekstrargjöld án fjármagnsgjalda voru 343,4 Mkr. Hækkun rekstrargjalda frá fyrra ári var 13,2%, en hækkun á hvert selt tonn var 22,7%. Hagnaður félagsins var 14,1 Mkr., sem er 4,1% af rekstrartekjum.

Helstu fjárfestingar 1988–1989 voru leðjuhitari í Votvinnsludeild, tölvubúnaður, endurnýjun gufuþurrkara og endurnýjun á rykhreinsibúnaði (pokasíu).

Rekstrarfjárstaða Kísiliðjunnar var mjög góð í árslok 1989. Veltufjárhlutfall var 7,68 og hlutfall eiginfjár af heildarfjármagni var 93,8%.

	1986	1987	1988	1989
Rekstrartekjur	251.519	253.429	316.082	345.008
Rekstrargjöld	219.320	235.799	303.380	343.409
Fjármagnsgjöld	11.752	5.392	3.833	(12.486)
Hagnaður	20.447	12.238	8.869	14.085
Eignir	366.041	441.505	533.850	669.606
Skuldir	22.749	24.245	29.897	37.893
Eigið fé	343.292	417.260	503.953	631.713

Allar ofangreindar tölur eru í þúsundum króna.

Framkvæmdastjórn og starfslið.

Engar breytingar urðu á framkvæmdastjórn Kísiliðjunnar tímabilið 1988–1989. Fjöldi fastráðinna starfsmanna var 59 yfir vetrarmánuðina og 67 á þeim tíma, sem dæling hráefnis úr Mývatni fór fram. Meðalfjöldi starfsmanna tímabilið 1988–1989 var 64.

Launagreiðslur til starfsmanna og stjórnar voru 75,7 Mkr. 1988 og 78,8 Mkr. 1989.

Önnur mál.

Á tímabilinu 1988–1989 var unnið að gróðursetningu ýmissa trjátegunda umhverfis verksmiðju Kísiliðjunnar. Þessi vinna hefur verið framkvæmd undir stjórn Halldórs Jóhannssonar landslagsarkitekts á Akureyri. Halldór hannaði einnig umferðarsvæði framan við verksmiðjuna sem lokið var að mestu við sumarið 1990. Vinnu við fegrun umhverfis verksmiðjuna og gróðursetningu verður fram haldið á næstu árum.

Vorið 1988 gerði Landgræðsla ríkisins tilraunir með að húða fræ með kísilgúr. Þessar tilraunir gáfu mjög góða raun. Kísiliðjan færði Landgræðslunni að gjöf 3,5 tonn af kísilgúr til húðunar á fræjum á árinu 1988, 10 tonn árið 1989 og 10 tonn hafa verið gefin nú á árinu 1990. Það er ánægjulegt til þess að vita að íslenskur kísilgúr mun um langa framtíð vera ómissandi hjálparefni til uppgræðslu á örfoka landsvæðum Íslands. Að beiðni Landgræðslu ríkisins tók Kísiliðjan með peningagjöf þátt í uppsetningu girðingar í Reykjahlíðarlandi, sem er nauðsynleg forsenda þess að gera átak í gróðurverndarmálum á svæðinu.

Á árinu 1988 hófust framkvæmdir við endurbætur og stækkun Norðurgarðs Húsavíkurhafnar, en þaðan er öllum kísilgúr skipað út. Aðstaða til útskipunar kísilgúrs hefur um mörg ár verið afar bágborin. Framkvæmdahraði ákvarðast að mestu leyti af framlögum ríksins til verksins. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum við Norðurgarðinn verði lokið árið 1993.

Það er orðið mjög brýnt að lagfæringar verði gerðar á veginum frá verksmiðjunni til vöruskemmu á Húsavík. Hér er í fyrsta lagi átt við Kísilveginn, sem byggður var fyrir 23 árum, beinlínis til þess að gera kísilgúrflutningana mögulega. Endurbætur á Kísilvegi hafa engar verið frá upphafi. Fljótlega eftir að byggingu vegarins lauk varð ljóst að snjór safnaðist á sömu staðina og á þetta var rækilega minnt síðastliðinn vetur þegar ófært var svo dögum og vikum skipti. Kostnaðaráætlun vegna nauðsynlegustu breytinga á Kísilvegi var gerð af Vegagerð ríkisins árið 1983. Einnig er brýnt að hugað verði að því að setja bundið slitlag á veginn, sem fyrir utan kísilgúrflutninga er aðalsamgönguæð Mývetninga og sá vegur sem ber ferðamannastraum úr Mývatnssveit til Húsavíkur. Í öðru lagi er átt við nauðsyn þess að leggja bundið slitlag á vegarkaflann frá Reykjahlíð til Bjarnarflags og frá Reykjahlíð norðvestur yfir Eldhraunið, en hvor vegarkafli um sig er um 3 km. Fyrri kaflinn er sá kafli sem ber flesta Mývetninga til vinnu í Kísiliðju eða Kröflu, fyrir utan mikinn ferðamannastraum á skoðunarstaði á sumrin. Á seinni kaflanum hafa orðið tíð umferðaróhöpp vegna aurbleytu. Starfsmenn Kísiliðjunnar hafa á undanförnum árum unnið ötullega að því að bæta pökkun kísilgúrs. En

þótt kísilgúrinn fari frá verksmiðjunni í fullkomnu ástandi, er varan oft óþekkjanleg við komuna í vöruhús á Húsavík vegna ástands vega.

Þann 23. júní 1989 var undirritaður samningur milli ríkisstjórnar Íslands, Manville Corporation, Kísiliðjunnar h.f. og Manville h.f. Meginatriði samningsins voru í fyrsta lagi kaup Manville Corporation á 8,73% hlutafjár í Kísiliðjunni h.f. af Ríkissjóði Íslands. Kaupverð hlutafjárins var 877.000 bandaríkjadalir. Hlutafjárkaup hins erlenda eignaraðila staðfesta áhuga Manville Corporation á því að Kísiliðjan verði áfram hluti af framleiðsluneti þeirra. Í öðru lagi var samið um breytingu á markmiðum Kísiliðjunnar h.f., eins og þau birtast í lögum nr. 80 frá 1966. Frumvarp til laga um breytinguna var síðan lagt fram á Alþingi af iðnaðarráðherra og samþykkt í árslok 1989. Fram til þessa hefur Kísiliðjunni einungis verið ætlað að framleiða og selja kísilgúr. Með breytingunni er Kísiliðjunni „enn fremur ætlað, á eigin vegum, með þátttöku í öðrum félögum eða með stofnun dótturfyrirtækja, að tryggja vöxt fyrirtækisins með arðvænlegum fjárfestingum í skyldum greinum og öðrum greinum atvinnurekstrar", eins og segir í lagabreytingunni.

Framtíðarhorfur.

Nú líður að því að Sérfræðinganefnd um Mývatnsrannsóknir skili skýrslu sinni um niðurstöður rannsókna á áhrifum kísilgúrnáms á lífríki Mývatns. Nefndin var sett á laggirnar með námuleyfi Kísiliðjunnar, sem útgefið var af iðnaðarráðherra árið 1985. Í námuleyfinu er Kísiliðjunni gert að dæla hráefni innan ákveðinna marka í Ytriflóa Mývatns til og með árinu 1991. Eftir 1991 eru Kísiliðjunni engar skorður settar við dælingu hráefnis úr Mývatni og gildistími námuleyfisins er út árið 2001. Árið 1991 er gert ráð fyrir því að Sérfræðinganefndin skili skýrslu sinni til stjórnvalda. Samkvæmt námuleyfinu er iðnaðarráðherra heimilt að endurskoða skilmála leyfisins og skal raunar gera það, ef ljóst þykir með hliðsjón af rannsóknum og að mati Náttúruverndarráðs að verulegar breytingar til hins verra verði á dýralífi og gróðri í og við Mývatn, sem rekja megi til námurekstrarins og hafi í för með sér varanleg áhrif til hins verra á dýralíf og gróður. Sérfræðinganefndin hélt opinn fund í Mývatnssveit þann 3. desember 1989. Í máli formanns nefndarinnar, dr. Vilhjálms Lúðvíkssonar, kom fram að ekkert væri enn hægt að fullyrða um heildaráhrif kísilgúrvinnslu í Mývatni.

Kísiliðjan mun á árinu 1990 byrja á og halda áfram með ýmis þróunarverkefni. Á árinu 1989 var gerður samningur við Iðntæknistofnun um tilraunir með nýja framleiðsluvöru. Lokaskýrsla um verkefnið er nú til umfjöllunar í stjórn Kísiliðjunnar. Kísiliðjan, Orkustofnun og Iðntæknistofnun gerðu í upphafi árs 1990 með sér samstarfssamning um jarðefnaleit á Íslandi. Styrkur fékkst frá Rannsóknarráði ríkisins til þessa verkefnis, en Kísiliðjan mun standa undir meiri hluta kostnaðar við verkefnið á árinu 1990.

Fyrstu átta mánuði ársins 1990 var sölumagn Kísiliðjunnar liðlega 16% meira en á sama tíma árið 1989. Gert er ráð fyrir því að heildarsala ársins verði 26.500 tonn eða liðlega 9% meiri en á næstliðnu ári. Ekki er gert ráð fyrir því að þessi söluaukning sé varanleg. Samkeppni heldur áfram að vera mikil á kísilgúrmörkuðum og nú er ætlað að umframframleiðslugeta kísilgúriðnaðarins í heiminum sé að meðaltali um 20%. Á næstu árum eru nokkrar vonir bundnar við stækkun markaðarins í kjölfar þeirra breytinga sem nú eiga sér stað í Austur-Evrópu.

Afkoma félagsins hefur verið ágæt það sem af er árinu 1990.

Umtalsverðar fjárfestingar fara fram á árinu 1990. Þar er helst að nefna endurnýjun á rykhreinsibúnaði og frágang á verksmiðjulóð.

Ef ekki hefði komið til virkjanleg jarðgufa í Bjarnarflagi þá hefði aldrei verið reist kísilgúrverksmiðja við Mývatn. Kísiliðjan er eina kísilgúrverksmiðjan í heiminum sem vinnur

kísilgúr úr vatni og þarf því að nota mikla orku til þess að þurrka hráefnið. Á árinu 1986 gerði stjórn Kísiliðjunnar sér fulla grein fyrir þessari staðreynd og gerði þá kauptilboð í Jarðvarmaveitur ríkisins sem ríkið vildi selja. Tilboði Kísiliðjunnar var hafnað og Landsvirkjun keypti jarðgufuveituna í Bjarnarflagi. Samkvæmt samningi Kísiliðjunnar og Landsvirkjunar frá 31. desember 1986 hækkar jarðgufuverð til verksmiðjunnar um 42% frá 1. janúar 1991! Þessi hækkun mun hafa veruleg áhrif á rekstrarafkomu og samkeppnishæfni Kísiliðjunnar. Greiðslur til Landsvirkjunar fyrir jarðgufu á árinu 1989 voru 17,7 Mkr. Miðað við fyrirhugaða hækkun hefði jarðgufureikningurinn verið 7,4 Mkr. hærri árið 1989.

VIRKIR – ORKINT hf.

Inngangur

Virkir-Orkint er hlutafélag. Virkir var stofnað 1969, en nafni hlutafélagsins var breytt þegar Orkustofnun erlendis gerðist hluthafi 1988 með 35% hlutafjár.

Tilgangur félagsins er að markaðsfæra vísinda- og verkfræðiþekkingu Íslendinga erlendis, einkum á sviði jarðhita og vatnsorku.

Með eignaraðild Orkint að Virki var nánast öll ráðgjafarþekking Íslendinga á sviði orkumála sameinuð í einu fyrirtæki sem aðgang hefur að allt að 500 manna starfsliði aðildarfyrirtækjanna.

Reksturinn 1988 og 1989.

Árið 1988 var rekstrarlega mjög erfitt hjá Virki-Orkint og stafaði það annars vegar af vanskilum Kenya Power Company við fyrirtækið og hins vegar af því að verkefni voru of fá og smá miðað við starfsmannafjölda, en átak í verkefnaöflun, einkum í Kenya, með fulltingi stjórnvalda, bar ekki tilætlaðan árangur.

Starfsmönnum var því fækkað úr þremur í einn, hluti húseignar seldur og rekstrarkostnaði haldið í lágmarki. Jafnframt var gert aukið átak í verkefnaöflun, einkum í Austur-Evrópu. Þetta bar þann árangur að algjör umskipti urðu á rekstri félagsins 1989 svo sem sjá má af eftirfarandi kennitölum ársreikninga 1988 og 1989.

	1988 þús.kr.	1989 þús.kr.
Rekstrartekjur	12.053	27.809
Rekstrargjöld	18.923	21.720
Hagnaður (Tap)	(6.830)	6.089
Eignir	14.573	18.976
Skuldir	17.620	16.106
Eigið fé	(3.047)	2.870

Helstu verkefni sem unnið var að á vegum Virkis-Orkint 1988 og 1989 voru:

Kenya:
- tenging á borholu nr. 4 í Olkaria
- hagkvæmniathugun v/næstu virkjunar í Olkaria í samvinnu við Ewbank Preece (UK)
- frumathugun á nýtingu jarðhita fyrir heilsuhótel við Bogoriavatn í samstarfi við Path Ltd. í Kenya

Ungverjaland: – hagkvæmniathugun vegna hitaveitu í Hódmezövásárhely
– hagkvæmniathuganir vegna hitaveitna í 7 ungverskum bæjum
Djibouti: – rannsókn á útfellingarvandamálum í borholum
Grikkland: – ráðgjöf v/útfellingarvandamála á eyjunum Nysiros og Milos.

Framtíðarverkefni.

Á sl. hausti stofnaði Virkir-Orkint ásamt Þróunarfélagi Íslands samstarfsfyrirtækið GEOTHERM LTD. í Búdapest með Geothermal Co. Þetta fyrirtæki mun annast hönnun og umsjón með hitaveituframkvæmdum í sex bæjum í Ungverjalandi. Verkefni þessi hefjast haustið 1990. Norræni fjárfestingabankinn fjármagnar framkvæmdirnar alfarið.

Unnið verður jafnframt á vegum Virkis-Orkint að athugunum á hagkvæmni jarðhitanýtingar í tveimur bæjarfélögum í Tékkóslóvakíu og öðrum tveimur í Póllandi.

Viðræður standa yfir við aðila á Kamsjatka og á Kúrileyjum um jarðhitaráðgjöf svo og við fyrirtæki í Dominica í Karabískahafinu um byggingu jarðgufuvirkjunar þar.

Stjórn.

Stjórn Virkis-Orkint skipa:
Svavar Jónatansson, formaður
Guðmundur Pálmason (OS), varaformaður
Pálmi R. Pálmason, ritari
Baldur Líndal
Daði Ágústsson
Hákon Björnsson (OS)
Karl Ómar Jónsson
Stefán Arnórsson
Sverrir Þórhallsson (OS).

STEINULLARVERKSMIÐJAN hf.

Steinullarverksmiðjan hf. starfar samkvæmt lögum nr. 61 frá 4. júlí 1990.

Eftir hlutafjáraukningu, sem heimiluð var á aðalfundi 1989, er skipting hlutafjár eftirfarandi:

Ríkissjóður	63.896.800,00
OY Partek A/B	58.752.400,00
Bæjarsjóður Sauðárkróks	50.868.400,00
BYKO	13.131.850,00
Húsasmiðjan hf.	13.131.850,00
Kaupfélag Skagfirðinga	10.444.800,00
Einstaklingar	2.188.600,00
	212.414.500,00

Stjórn.

Halldór J. Kristjánsson, formaður	(Ríkið)
Bragi Skúlason	(Ríkið)
Árni Guðmundsson	(Sauðárkrókur)
Stefán Guðmundsson	(Sauðárkrókur)

Esa Tikka	(Partek)
Kaj Westeren	(Partek)
Jón Snorrason	(Húsasmiðjan)

Framkvæmdastjórn og starfslið.

Árin 1988 og 1989 störfuðu að meðaltali 36 starfsmenn hjá fyrirtækinu í 34½ stöðugildi.

1. ágúst 1988 urðu framkvæmdastjóraskipti þegar Einar Einarsson tók við starfinu af Þórði H. Hilmarssyni.

Framleiðsla og sala.

Sala Steinullarverksmiðjunnar var um 4324 tonn 1988 og 5212 tonn 1989. Skipting sölunnar var eftirfarandi:

	1987	1988	1989
Innan lands	3030 t	3174 t	3420 t
Útflutningur	626 t	1150 t	1792 t

Öll árin hefur verið framleitt á tvískiptum vöktum með óbreyttum fjölda starfsmanna.

Ljóst er að afköst verksmiðjunnar verða ekki aukin frekar nema með breyttu vaktafyrirkomulagi og þar með fjölgun starfsmanna.

Afkoma.

Helstu tölur úr ársreikningi félagsins eru:

	1987 þús.kr.	1988 þús.kr.	1989 þús.kr.
Rekstrartekjur	151,5	209,3	297,5
Rekstrargjöld	(128,8)	(158,7)	(214,0)
Afskriftir	(48,2)	(58,9)	(70,5)
Fjármagnsgjöld	15,3	(70,0)	(101,0)
Hagnaður (Tap)	(10,0)	(77,5)	(88,0)
Eignir	648,4	673,0	832,0
Skuldir	460,0	533,7	659,0
Eigið fé	188,4	139,1	173,0

Framtíðarhorfur.

Afkoma félagsins fyrstu 9 mánuði ársins 1990 er viðunandi og í fyrsta sinn er um hagnað af starfseminni að ræða.

Ástæður þessa bata eru:

- Stöðugleiki í efnahagsmálum.
- Áhrif fjárhagslegrar endurskipulagningar 1989, sem fólust í hlutafjáraukningu og skuldbreytingu á verulegum hluta lána verksmiðjunnar.
- Aukin eignaraðild finnska fyrirtækisins OY Partek A/B sem hefur leitt til mikilvægs tækni- og vöruþróunarstarfs.
- Aukinn útflutningur og bætt nýting verksmiðjunnar á Sauðárkróki, en nú er framleitt á þrískiptum vöktum frá sunnudegi til föstudags.

Í ljósi þessa og styrkrar stöðu verksmiðjunnar á innanlandsmarkaði er ástæða til nokkurrar bjartsýni um bætta afkomu verksmiðjunnar á næstu árum.

IV. SJÓÐIR

IÐNLÁNASJÓÐUR

Hlutverk Iðnlánasjóðs.

Iðnlánasjóður er sjálfstæður sjóður sem vinnur að því að efla framleiðslu, framleiðni og markaðssetningu í iðnaði og skyldri starfsemi.

Hlutverk sitt rækir Iðnlánasjóður með því að veita lán til fjárfestinga, lán og styrki til vöruþróunar og til markaðsaðgerða erlendis, með veitingu ábyrgða og aðild að og stuðningi við fyrirtæki og stofnanir sem stuðla að samkeppnishæfni iðnaðar og annarrar atvinnustarfsemi.

Iðnlánasjóður greinist í þrjár deildir: Fjárfestingarlánadeild, Vöruþróunar- og markaðsdeild og Tryggingadeild útflutningslána.

FJÁRFESTINGARLÁNADEILD

Helstu verkefni.

Að veita stofnlán til eftirfarandi fjárfestinga:

1. Véla- og tækjakaupa.
2. Byggingar og kaupa verksmiðju- og iðnaðarhúsa.
3. Endurskipulagningar iðnfyrirtækja.
4. Hagræðingar í iðnrekstri.
5. Framkvæmda, er auka hollustu og öryggi og bæta starfsumhverfi á vinnustöðum.

Þeir aðilar, sem gjald greiða til Iðnlánasjóðs af rekstri sínum samkvæmt 5. gr. laga sjóðsins, skulu að öðru jöfnu hafa forgang að lánum úr sjóðnum.

Yfirlit ársins.

Árið 1989 bárust sjóðnum 307 umsóknir um lán til fjárfestinga og skuldbreytinga. Árið áður var um svipaðan fjölda að ræða. Lánsbeiðnir í fjárhæðum minnkuðu hins vegar og voru 1.489,3 millj. kr. í stað 2.101,4 millj. kr. árið áður.

Heildarráðstöfunarfé til fjárfestingarlána var 1.356,0 millj. kr. Á árinu voru samþykkt lán að fjárhæð 1.125 millj. kr., sem var um 50% af heildarfjárfestingu umsækjenda.

Um hver áramót eru jafnan óafgreiddar samþykktar umsóknir sem stafar af því m.a. að lántakendur eru ekki komnir með fjárfestingu sína á það stig að hún sé útborgunarhæf. Þannig voru umsóknir að fjárhæð samtals um 600 millj. kr. óafgreiddar um áramótin, en 495 millj. kr. árið áður.

Afgreidd voru 283 lán og skuldbreytingar á árinu að fjárhæð 1.189 millj. kr., sem er svipuð heildarfjárhæð og árið áður. Þar af voru skuldbreytingar 224 millj. kr., en voru 106 millj. kr. árið áður.

Nokkur breyting varð á árinu á vöxtum Fjárfestingardeildar Iðnlánasjóðs. Meginhluti þeirra lána sem sjóðurinn hefur tekið erlendis er á breytilegum vöxtum og sama á við um útlán sjóðsins í erlendri mynt sem aðallega eru bundin við SDR. Útlánsvextir SDR lána Iðnlánasjóðs breyttust á árinu frá því að vera 8,65% í 10,70%, en það stafaði af breytingum á vöxtum erlendra innlána sjóðsins. Lán þau sem Iðnlánasjóður hefur tekið innan lands eru aðallega bundin lánskjaravísitölu og föstum vöxtum. Vegna hækkandi raunvaxta á innlendum markaði hafa lántökur Iðnlánasjóðs verið með óhagstæðari vöxtum síðastliðin tvö ár en árin þar á undan.

Þetta hefur haft í för með sér að útlánsvextir sjóðsins hafa hækkað á árinu frá því að vera 7,65% í ársbyrjun á lánum til vélakaupa í 8,75% og á sama tíma á lánum til bygginga úr 8,65% í 9,25%. Útlán Iðnlánasjóðs í innlendri mynt bera breytilega vexti og eru bundin lánskjaravísitölu. Vaxtamunur á lánum sem Iðnlánasjóður tók árið 1989 og lánum sem veitt voru úr Fjárfestingarlánadeild á sama tíma var 1,87%.

Lántökur Iðnlánasjóðs.

Árið 1989 er þriðja árið sem Iðnlánasjóður hefur allan veg og vanda af öflun lánsfjár til starfsemi sinnar innan lands sem utan. Lántökur sjóðsins á árinu námu samtals 1.036 millj. kr. Þar af námu innlend lán bundin lánskjaravísitölu 434 millj. kr. og erlend lán 602 millj. kr.

Lántaka Iðnlánasjóðs á innlendum markaði var aðallega með milligöngu Verðbréfamarkaðar Iðnaðarbankans, en erlendu lántökurnar önnuðust starfsmenn sjóðsins.

Lán voru tekin hjá Norræna fjárfestingarbankanum, The Sumitomo Bank Ltd. í London og Scandinavian Bank Group plc. í London. Í mars var gengið frá samningi við Norræna fjárfestingarbankann um 200 millj. kr. lán í íslenskum krónum til fimmtán ára. Lánið er bundið lánskjaravísitölu og með 0,75% lægri vöxtum en meðalútlánsvextir banka með verðtryggðum kjörum.

Í júlí var tekið lán hjá The Sumitomo Bank Ltd. í London að fjárhæð 700 millj. japönsk jen. Lánið er til sjö ára með breytilegum vöxtum og 0,15% álagi á LIBOR vexti.

Síðasta erlenda lántakan á árinu var hjá Scandinavian Bank Group plc. Lánið er til sjö ára og í pundum að jafnvirði 5 millj. USD með breytilegum vöxtum og 0,1875% álagi á LIBOR vexti.

Ávöxtun skuldabréfa Iðnlánasjóðs á innlendum markaði hefur fylgt þróun kjara á spariskírteinum ríkissjóðs. Þannig fór ávöxtun bréfanna lækkandi frá því að vera hæst 8,5% niður í 6%.

VÖRUÞRÓUNAR- OG MARKAÐSDEILD

Helstu verkefni.

1. Að veita lán og styrki til vöruþróunar og markaðsaðgerða erlendis.
2. Að veitta stuttar ábyrgðir á lánum sem veitt eru bönkum og sparisjóðum.
3. Hlutabréfakaup í nýjum fyrirtækjum eða vegna endurskipulagningar starfandi fyrirtækja.

Við mat umsókna er megináhersla lögð á nýjungar í íslenskum iðnaði.

Yfirlit ársins.

Afborganir af útistandandi lánum og hlutdeild í iðnlánasjóðsgjaldi mynda heildarráðstöfunarfé ársins, sem nam 119,2 millj. kr., en var fyrir árið 1988 118,7 millj. kr. Rétt er að taka fram að á árinu 1988 var framlag ríkisins 25 millj. kr., en í ár tók fyrir framlag þess lögum samkvæmt. Á árinu 1989 bárust 128 umsóknir samanborið við 162 árið á undan. Eftirspurn var um kr. 200 millj., en 248 milljónir árið 1988. Á árinu 1989 voru samþykktar fyrirgreiðslur samtals að upphæð 120,1 millj. kr. samanborið við 205,9 millj. kr. árið á undan. Ráðstöfun fjármagns á árinu 1989 var sem hér segir: Vöruþróun 50,0 millj. kr., markaðsaðgerðir 47,5 millj. kr. og hlutabréfakaup 22,5 millj. kr.

Vextir af lánum Vöruþróunar- og markaðsdeildar voru allt að 5% á árinu og lánin háð lánskjaravísitölu.

Ráðstöfun fjármagns 1989 í þús. kr.

	Lán	Styrkir	Alls
Vöruþróun	46.456	3.578	50.034
Markaðsaðgerðir	9.449	38.148	47.597
Alls	55.905	41.726	97.631
Hlutabréfakaup			22.500
Samtals			120.131

ÁHÆTTUFÉ Í ÖÐRUM FÉLÖGUM

Hlutafjáreign sundurliðast þannig:

	Fjárfestingar-lánadeild	Vöruþróunar- og markaðsd.
Þróunarfélag Íslands hf.	30.000.000	
Fjárfestingarfélag Íslands hf.	2.681.894	
Draupnissjóðurinn hf.		23.988
Nord-Invent		7.076.088
Tækniþróun hf.		1.000.000
Iceland Crown		5.264.366
Þjónustumiðstöð fataiðnaðarins hf.		2.230.000
Hlutabréfamarkaðurinn hf.		700.000
Glit hf.		70.000
Meka hf.		2.400.000
Artek hf.		2.500.000
Marel hf.		10.000.000
Samtals		63.946.336

TRYGGINGADEILD ÚTFLUTNINGSLÁNA

Helstu verkefni.

1. Að taka að sér að tryggja lán, sem bankar eða aðrar lánastofnanir veita innlendum framleiðendum vöru eða þjónustu til fjármögnunar á útflutningslánum, sem veitt eru eða útveguð erlendum kaupendum.
2. Að tryggja kröfur íslenskra útflytjenda á hendur erlendum kaupendum enda hafi þær orðið til vegna útflutnings á íslenskum vörum eða þjónustu.

Árið 1989 stóðu svonefndar heildarábyrgðir útflytjendum enn til boða, svo og verkefnisábyrgðir. Heildarábyrgðir tryggja útflytjanda vöru eða þjónustu gegn skakkaföllum sem upp kunna að koma vegna vanefnda viðskiptamanns. Heildarábyrgðin er sniðin að þörfum útflytjandans með því að marka viðskiptunum ramma, sem síðan er fylltur því mynstri sem viðskiptin eru samansett úr. Verkefnisábyrgð er fyrst og fremst ætluð þeim aðilum sem stunda verksölu erlendis og þurfa að geta sett upp tryggingu fyrir réttum efndum og verklokum. Heildarábyrgð gildir eitt ár í senn og tekur til útflutnings fullunninnar eða hálfunninnar vöru og/eða þjónustu með allt að 180 daga greiðslufresti. Verkefnisábyrgð er og settur ákveðinn gildistími, mismunandi eftir eðli verksamnings, og getur staðið um margra mánaða eða jafnvel ára skeið.

Kostnaður af útflutningsábyrgðum er fólginn í þóknun til deildarinnar, frá 0,4% af verðmæti útflutnings á ábyrgðartímanum. Þóknun er breytileg eftir eðli og áhættu sem ábyrgðinni fylgir.

Yfirlit ársins.

Á árinu sóttu fimm útflytjendur um ábyrgðir hjá deildinni og var orðið við þeim öllum.

Í árslok námu heildarskuldbindingar deildarinnar vegna útflutningsábyrgða 147 millj. kr. Verðmæti heildarútflutnings þeirra útflytjenda, sem tryggt hafa útflutning sinn hjá deildinni, var áætlað u.þ.b. 395 millj. kr., fyrst og fremst iðnaðarvara, en 52 millj. kr. vegna verkefnaútflutnings.

Tekjur deildarinnar af ábyrgðarþóknunum námu 1,3 millj. kr. á árinu, en bótagreiðslur 5,9 millj. kr. Rekstrarkostnaður nam 1,1 millj. kr. og var deildin rekin með tapi sem nam 5,0 millj. kr. Höfuðstóll var í árslok neikvæður sem nam 3,7 millj. kr.

Rekstrarreikningur ársins 1989 og 1988:

	1989	1988
Fjármunatekjur		
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur af útlánum	2.695.159.722	1.624.352.210
Aðrar vaxtatekjur	65.963.218	49.199.681
Lántökur og matsgjald	13.771.416	15.277.369
	2.774.894.356	1.688.829.260
Fjármagnsgjöld		
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur af lánsfé	2.176.731.815	1.209.297.649
Önnur vaxtagjöld	70.376	482.443
Lántökugjald	1.668.094	3.463.544
	2.178.470.285	1.213.243.636
Fjármunatekjur-fjármagnsgjöld án verðbr.færslu	596.424.071	475.585.624
Reiknuð gjaldfærsla vegna verðbreytinga	(394.033.858)	(279.329.466)
Framlag í afskriftareikning útlána	(120.868.173)	(92.884.908)
Hreinar fjármunatekjur eftir framlag í afskriftareikning	81.522.040	103.371.250
Aðrar tekjur		
Iðnlánasjóðsgjald	105.418.377	79.214.287
Framlag ríkissjóðs	0	25.000.000
Framleiðslugjald af áli	10.142.173	2.514.900
Iðgjöld Tryggingadeildar útflutningslána	1.316.635	5.124.833
Aðrar rekstrartekjur	22.879.051	6.488.374
	139.756.236	118.342.394
Önnur gjöld		
Rekstrarkostnaður	73.510.089	72.363.718
Gjöld til ríkissjóðs vegna erlendra lána	9.641.211	2.197.785
Styrkir	45.710.926	38.809.869
Framlag til hagrannsókna	2.427.600	1.942.000
Tjón Tryggingadeildar útflutningslána	5.854.930	1.358.499
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	3.026.272	1.423.806
	140.171.028	118.985.677
Hagnaður ársins	81.107.248	103.617.967

Við uppgjör sjóðsins er beitt hliðstæðum reikningsskilaaðferðum bæði árin. Áfallnir vextir og verðbætur í árslok af útlánum og teknum lánum eru færðar í ársreikninginn.

Gengistryggð lán eru færð upp á gengi 31. desember 1989. Reiknuð gjaldfærsla vegna verðbreytinga er einnig færð í rekstrarreikningi þar sem peningalegar eignir sjóðsins voru umfram skuldir. Við útreikning á verðbreytingafærslu er tekið tillit til breytinga á þessum liðum innan ársins.

Á afskriftareikning útlána var lögð 121 millj. kr. sem er 3,1% af heildarútlánum.

Efnahagur áranna 1989 og 1988:

	1989 (þús. kr.)	1988 (þús. kr.)
Eignir	10.334.306	7.271.027
Skuldir	(7.943.443)	(5.383.055)
Eigið fé	2.390.863	1.887.971

STARFSAÐSTAÐA OG STJÓRN

Stjórn Iðnlánasjóðs ákvað að hefja sjálfstæðan rekstur á sjóðnum þegar ljóst var að Iðnaðarbankinn, Alþýðubankinn, Verslunarbankinn og Útvegsbankinn myndu sameinast.

Allt frá því að Iðnaðarbankinn hóf rekstur árið 1953 hefur hann annast daglegan rekstur sjóðsins.

Starfsmenn Iðnaðarbankans, sem eingöngu störfuðu að málum Iðnlánasjóðs, voru 10 talsins og voru þeir allir ráðnir til sjóðsins. Miðað við þá þjónustu sem bankinn veitti sjóðnum voru 16 stöðugildi í Iðnlánasjóði. Nú eru þar 17 stöðugildi.

Stjórn Iðnlánasjóðs réði Braga Hannesson, bankastjóra Iðnaðarbankans, forstjóra Iðnlánasjóðs, hinn 21. júlí 1989, og hóf hann störf um áramótin.

Hinn 10. júní 1987 skipaði iðnaðarráðherra eftirfarandi menn í stjórn Iðnlánasjóðs til næstu fjögurra ára: Jón Magnússon hrl., formaður án tilnefningar, Þórleifur Jónsson, framkvæmdastjóri, skv. tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna og Ólafur Davíðsson framkvæmdastjóri, skv. tilnefningu Félags íslenskra iðnrekenda.

IÐNÞRÓUNARSJÓÐUR

Markmið.

Iðnþróunarsjóður var stofnaður með lögum nr. 9 frá 13. febrúar 1970, á grundvelli sérstaks samnings milli ríkisstjórna Norðurlandanna. Stofnfé sjóðsins nam jafnvirði 14 millj. USD.

Upphaflegur tilgangur sjóðsins var að stuðla að tækni- og iðnþróun Íslands við aðild landsins að EFTA og auðvelda aðlögun iðnaðarins að breyttum markaðsaðstæðum, stuðla að þróun útflutningsiðnaðar og leggja áherslu á aukið samstarf á sviði iðnaðar og viðskipta milli Íslands og annarra Norðurlanda.

Með lögum sem tóku gildi á árinu 1986 var verksvið sjóðsins víkkað. Samkvæmt þeirri breytingu skal tilgangur Iðnþróunarsjóðs vera að stuðla að uppbyggingu alhliða og samkeppnishæfs atvinnulífs á Íslandi með megináherslu á tækni- og iðnþróun. Þá er gert ráð fyrir sveigjanlegri lánskjörum og heimilað að taka lán í öðrum gjaldmiðli en bandaríkjadollar og endurlána þau í sama gjaldmiðli.

Lán sem eru veitt af eigin fé sjóðsins má veita í öðrum gjaldmiðlum og er einkum miðað við USD, DEM, GBP og ECU en í sérstökum tilvikum, eins og t.d. þegar viðskipti lántaka

tengjast öðrum gjaldmiðlum, má miða við aðrar myntir. Loks gera lögin ráð fyrir heimild til kaupa og sölu hlutabréfa með vissum takmörkunum sem bundnar eru í reglugerð en þessi breyting á lögum sjóðsins tók gildi í maí 1986.

Stjórn og framkvæmdastjórn.

Samkvæmt lögum Iðnþróunarsjóðs hefur sjóðurinn sérstaka stjórn og framkvæmdastjórn. Stjórnin er skipuð 5 aðalmönnum og 5 varamönnum, einum frá hverju Norðurlandanna.

Iðnaðarráðherra skipar fulltrúa Íslands í stjórn sjóðsins til þriggja ára svo og einn varamann. Skipaðir til þriggja ára frá árinu 1988 eru Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, og Ragnar Önundarson, framkvæmdastjóri við Íslandsbanka hf.

Í framkvæmdastjórn Iðnþróunarsjóðs eiga sæti fjórir fulltrúar íslenskra viðskiptabanka, einn fulltrúi Iðnlánasjóðs og framkvæmdastjóri sjóðsins. Formaður framkvæmdastjórnar er Valur Valsson, bankastjóri Íslandsbanka hf.

Lánskjör.

Samkvæmt lögum sjóðsins eru lán að fullu gengistryggð en á árinu 1987 varð sú nýbreytni að jafnframt var byrjað að lána verðtryggð lán miðað við lánskjaravísitölu. Vextir á gengistryggðum lánum eru breytilegir og ákvarðast þeir með tilliti til þróunar vaxta á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum og þeim lánum sem sjóðurinn hefur tekið til þess að fjármagna útlán. Vísitölutryggð lán hafa verið með föstum vöxtum allan lánstímann en með tilkomu kjörvaxtafyrirkomulags í ársbyrjun 1990 voru teknir upp breytilegir vextir á vísitölutryggðum lánum. Í árslok 1989 voru í gildi eftirfarandi vaxtaprósentur miðað við ársgrundvöll:

Lán gengistryggð gagnvart USD	10,75%
Lán gengistryggð gagnvart DEM	9,00%
Lán gengistryggð gagnvart GBP	16,50%
Lán gengistryggð gagnvart DKK	13,00%
Lán gengistryggð gagnvart ECU	12,50%
Verðtryggð lán	9,50%

Til samanburðar voru 11,00% ársvextir á USD tryggðum lánum í upphafi ársins, 7,25% vextir af DEM lánum og 14,00% á GBP lánum.

Starfsemi á árinu 1988.

Ársfundur Iðnþróunarsjóðs var haldinn 18. maí 1989 og var lögð fram á fundinum skýrsla um starfsemina 1988. Samtals nam upphæð umsóttra lána um 1.880 m.kr. en samþykkt lán námu tæpum 900 m.kr. Aukning varð á lánsumsóknum frá fyrirtækjum innan atvinnugreina sem áður féllu ekki innan verksviðs sjóðsins. Heildarútlán Iðnþróunarsjóðs námu um 3.183,8 m.kr. í árslok 1988 og þá lágu fyrir samþykktar óafgreiddar lánveitingar að fjárhæð 291,3 m.kr.

Í samstarfi við Iðntæknistofnun Íslands var haldið áfram vinnu við verkefnið „Ný tækni í iðnaði" sem unnið er undir stjórn Iðntæknistofnunar.

Að tilmælum iðnaðarráðherra gengust Iðnþróunarsjóður og Iðnlánasjóður fyrir úttekt á stöðu og möguleikum minni fyrirtækja í ullariðnaði til útflutningsátaks. Þrjú fyrirtæki á sviði rekstrariðnaðar unnu skýrsluna og var hún afhent ráðherra í júlí.

Að frumkvæði Iðnþróunarsjóðs og Seðlabanka Íslands var fyrirtækið Enskilda Securitites Ltd. í London fengið til að gera úttekt á íslenskum hlutabréfamarkaði. Þessi skýrsla var

gefin út í maí 1988 og þar er núverandi ástandi á hlutabréfamarkaðnum lýst og settar fram hugmyndir og tillögur um aðgerðir sem örvað gætu viðskipti með hlutabréf hér á landi.

Starfsemi á árinu 1989.

Árið 1989 var 20. starfsár Iðnþróunarsjóðs. Haldinn var ársfundur 5. apríl 1990 þar sem lögð var fram skýrsla um starfsemi sjóðsins á árinu 1989. Til afgreiðslu á árinu voru umsóknir að fjárhæð um 1.700 m.kr. en samþykkt lán námu um 960 m.kr., sem er um 100 m.kr. hærri upphæð en árið 1988. Af samþykktum lánum fóru 714 m.kr. til hinna ýmsu greina iðnaðarins en 246 m.kr. til atvinnugreina sem áður féllu utan verksviðs sjóðsins. Heildarútlán sjóðsins í árslok 1989 námu 4.785 m.kr. og þá lágu fyrir samþykktar óafgreiddar lánveitingar að fjárhæð 221,3 m.kr.

Auk hefðbundinna lánveitinga þá var Tæknigarði hf. veittur styrkur að fjárhæð 2,5 m.kr. til að efla samskipti við hliðstæð fyrirtæki á Norðurlöndum. Í samstarfi við Iðntæknistofnun Íslands var haldið áfram vinnu við verkefnið „Ný tækni í iðnaði" og nam styrkur til þess 1,3 m.kr. Verkefninu lauk á árinu með útgáfu handbókarinnar „Ný tækni – undirbúningur og framkvæmd".

Draupnissjóðurinn hf.

Draupnissjóðurinn hf. er dótturfélag Iðnþróunarsjóðs og var stofnaður seint á árinu 1987 en hóf formlega starfsemi á miðju ári 1988. Hlutverk félagsins er m.a. að stuðla að þróun hlutabréfamarkaðar á Íslandi með því að fjárfesta í hlutabréfum meðalstórra og stórra starfandi fyrirtækja, sem ekki leggja hömlur á viðskipti með hlutabréf sín og stefna að opinberri skráningu þeirra.

Frá því að félagið hóf starfsemi á miðju ári 1988 höfðu verið keypt hlutabréf í 7 félögum fyrir alls um 160 m.kr. á verðlagi í árslok 1989.

Endurgreiðsla stofnfjár.

Í stofnsamningi Iðnþróunarsjóðs segir að frá 10. ári eftir stofnun skuli eftir nánari ákvörðun stjórnar Iðnþróunarsjóðs endurgreiða vaxtalaust í áföngum á næstu 15 árum stofnframlög Svíþjóðar, Noregs, Danmerkur og Finnlands að fjárhæð 13,5 milljónir USD. Endurgreiðsla stofnframlaga á árinu 1989 nam USD 970.000 og námu eftirstöðvar framlaga Norðurlandanna þá USD 9.330.000 sem lokið verður við að greiða árið 1995.

Lántökur.

Á árinu 1988 var sett í gang 150 m.kr. skuldabréfaútboð á innlendum markaði og auk þess voru undirritaðir tveir lánssamningar við Norræna fjárfestingarbankann, NIB, að jafnvirði 450 m.kr. í bandaríkjadollurum en þar af voru 350 m.kr. til ráðstöfunar á árinu 1988.

Á árinu 1989 var lánsfjár aflað annars vegar með því að ljúka við innlent skuldabréfaútboð sem hafið var á árinu 1988 og hins vegar fóru fram erlendar lántökur. Sá hluti lánsins frá NIB frá árinu 1988, sem var óráðstafað, var tekinn til ráðstöfunar og í apríl 1989 var síðan tekið skammtímalán hjá Sumitomo Bank Ltd. að fjárhæð 9 milljónir DEM eða jafnvirði 253 m.kr. sem greitt var upp í október sama ár.

Í október 1989 var jafnframt undirritaður nýr lánssamningur við NIB í tveimur hlutum. Annars vegar var um að ræða lán að fjárhæð 10 milljónir DEM eða jafnvirði 332 m.kr. og var lánið til 15 ára með breytilegum LIBOR vöxtum og fór að mestu til greiðslu á skammtímaláni við Sumitomo Bank Ltd. Hins vegar var um að ræða lán í íslenskum krónum að fjárhæð 200 m.kr., verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu. Vextir ákvarðast til 6 mánaða í senn og taka þá mið af vöxtum á almennum verðtryggðum útlánum viðskiptabankanna. Lántökur sjóðsins á árinu 1989 á erlendum og innlendum markaði námu því samtals 642 m.kr. nettó.

Starfsaðstaða.

Samkvæmt lögum þá veitir Seðlabanki Íslands Iðnþróunarsjóði starfsaðstöðu í húsnæði bankans við Kalkofnsveg. Einnig kaupir Iðnþróunarsjóður ýmsa þjónustu af Seðlabankanum svo sem við innheimtu lána, lögfræðiaðstoð, endurskoðun o.fl. Fastir starfsmenn sjóðsins eru nú 6 auk framkvæmdastjóra.

Rekstur og efnahagur.

Eftirfarandi yfirlit sýnir helstu niðurstöður endurskoðaðra rekstrar- og efnahagsreikninga árin 1987, 1988 og 1989 (í þús.kr.):

	1987	1988	1989
Fjármunatekjur	454.685	859.554	1.662.522
Fjármagnsgjöld	(258.031)	(670.979)	(1.335.381)
Rekstrarkostnaður	(23.218)	(32.499)	(45.005)
Greiddir styrkir	(6.616)	(9.504)	(4.067)
Lagt á afskr.reikn.útl.	(4.477)	(31.360)	(155.414)
Eftirgefin áhættulán		(3.907)	(846)
Kostn. v/yfirt. eigna			(4.513)
Kostn. v/lífeyr.skuldbr.			(1.200)
Hagnaður	162.343	111.305	116.096
Eignir	2.647.122	3.582.599	5.577.165
Skuldir	(1.185.130)	(1.724.223)	(3.212.957)
Eigið fé	1.461.992	1.858.376	2.364.208
Stofnframlag	410.423	499.824	602.088
Óráðstafað eigið fé	1.051.569	1.358.522	1.762.120

Upplýsingar um starfsemi á árinu 1990.

Á árinu 1989 var unnið að breyttu vaxtafyrirkomulagi á útlánum sjóðsins og var ákveðið að taka upp kjörvaxtakerfi á öll ný útlán sjóðsins frá og með 1. janúar 1990. Markmið sjóðsins með þessu nýja kerfi er að geta boðið lægri vexti en áður á útlán til fjárhagslega traustra viðskiptamanna og geta þannig þjónað betur breiðari hópi viðskiptavina en unnt var með eldra vaxtakerfi sjóðsins.

Kjörvextir á útlánum Iðnþróunarsjóðs 1. ágúst 1990 eru eftirfarandi:

Lán gengistryggð gagnvart USD	9,25%
Lán gengistryggð gagnvart DEM	8,50%
Lán gengistryggð gagnvart GBP	15,75%
Lán gengistryggð gagnvart DKK	10,75%
Lán gengistryggð gagnvart ECU	11,00%
Verðtryggð lán	8,50%

Lán eru flokkuð niður í fjóra vaxtaflokka sem eru, auk kjörvaxtaflokks, A, B og C flokkur og er 0,5% vaxtamunur á milli flokka. Samhliða kjörvaxtakerfinu var ákveðið að taka upp það nýmæli við stærri lánveitingar að gera sérstaka lánssamninga milli lántaka og sjóðsins þar sem kveðið er nánar á um helstu atriði, sem tengjast lánveitingunni.

ORKUSJÓÐUR

Hlutverk.

Orkusjóður starfar samkvæmt lögum nr. 58/1967, Orkulögum, með síðari breytingum. Hann er eign ríkissjóðs.

Samkvæmt lögum veitir sjóðurinn lán til framkvæmda Rafmagnsveitna ríkisins og annarra rafmagnsveitna til að koma upp nýjum raforkumannvirkjum; til bænda til að reisa vatnsaflsstöðvar og mótorrafstöðvar til heimilisnota og til opinberra aðila, félaga og einstaklinga til jarðvarmaleitar. Sjóðurinn veitir Rafmagnsveitum ríkisins, eða öðrum rafveitum, styrki til að koma upp rafmagnsveitum í strjálbýli, enda sýni kostnaðaráætlanir að veiturnar geti ekki borið sig án sérstakra, óafturkræfra framlaga. Lán og styrkir eru veittir af lánum, sem sjóðurinn tekur, eða framlögum til hans á fjárlögum.

Rekstur 1988 og 1989.

Á árinu 1988 fékk sjóðurinn innborguð framlög úr ríkissjóði að fjárhæð 184,6 Mkr. Hann tók engin lán á árinu, en lánveitingar hans námu 11,5 Mkr.

Á árinu 1989 námu framlög úr ríkissjóði 181,8 Mkr. Hann tók heldur engin lán á því ári. Lánveitingar námu 12,4 Mkr.

Niðurstöður á rekstrar- og efnahagsreikningi sjóðsins árin 1988 og 1989, talið á verðlagi hvors árs, voru sem hér segir (árið 1987 er sýnt til samanburðar á verðlagi þess árs):

	1989 Mkr.	1988 Mkr.	1987 Mkr.
Tekjur	316,9	267,7	237,4
Gjöld	282,4	337,3	113,1
Eignir	553,5	537,6	554,0
Skuldir	948,2	896,2	793,7
Eigið fé	-394,7	-358,6	-239,7

Við samanburð tekna og gjalda er rétt að hafa í huga að styrkveitingar eru taldar með gjöldum á rekstrarreikningi og með tekjum eru talin framlög úr ríkissjóði, þ.á m. framlög til endurgreiðslu lána. Sé hvort tveggja dregið út úr rekstrarreikningi, styrkveitingar og framlög ríkissjóðs, verður halli 82,0 Mkr. 1989, 172,7 Mkr. 1988 og 14,3 Mkr. árið 1987.

Ráðstöfunarfé Orkusjóðs til einstakra verkefna var á árunum 1989, 1988 og 1987 sem hér segir (á verðlagi hvers árs):

	1989 Mkr.	1988 Mkr.	1987 Mkr.
1. Framlag til styrkingar dreifikerfis í sveitum	45,00	40,00	50,00
2. Jarðhitaleitarlán	12,35	11,50	10,00
3. Hitaveitulán	0,00	0,00	0,00
4. Styrkveitingar til rafvæðingar sveita	21,00	40,00	10,00
5. Lánveitingar til einkarafstöðva í sveitum	0,00	0,00	3,00
6. Greiddir vextir, vísitöluálag og afborganir	220,12	188,12	1.048,26
7. Rekstrarkostnaður Orkusjóðs	1,30	1,09	1,09
8. Styrkur til Hólsfjallabæja til raforkuframleiðslu	2,17	1,96	1,70
Samtals	301,94	282,67	1.124,05

Ástæða þeirrar miklu lækkunar sem fram kemur í 6. lið og í heildartölu frá 1987 til 1988 er yfirtaka ríkissjóðs á lánum sem áður hvíldu á Orkusjóði vegna framkvæmda Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

Fé það, sem Orkusjóður hafði til ráðstöfunar á árunum 1989, 1988 og 1987, var fengið sem hér segir:

	1989 Mkr.	1988 Mkr.	1987 Mkr.
1. Framlög úr ríkissjóði o.fl.	242,62	224,35	299,39
2. Innheimtir vextir, vísitöluálag og afborganir	59,32	58,32	824,66
Samtals	301,94	282,67	1.124,05

Lækkunin í lið 2 og heildartölu frá 1987 til 1988 stafar af áðurnefndri yfirtöku ríkissjóðs á lánum.

Stjórn.

Orkuráð hefur á hendi stjórn Orkusjóðs undir yfirstjórn ráðherra þess, sem fer með orkumál. Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu 5 menn í Orkuráð til fjögurra ára í senn.

Ráðherra skipar formann úr hópi kjörinna ráðsmanna. Orkumálastjóri er framkvæmdastjóri Orkuráðs samkvæmt Orkulögum.

Orkuráð skipa frá 1. júlí 1987 til jafnlengdar 1991:

Þorvaldur Garðar Kristjánsson alþingismaður, formaður;
Ingólfur Árnason rafveitustjóri;
Sverrir Sveinsson veitustjóri;
Þórður Skúlason sveitarstjóri og
Þóroddur Th. Sigurðsson vatnsveitustjóri.

Rútur Halldórsson, fulltrúi á Orkustofnun, er ritari Orkuráðs.

Auk ráðsmanna og ritara situr ráðuneytisstjórinn í iðnaðarráðuneytinu og framkvæmdastjóri Orkuráðs fundi þess.

Horfur 1990.

Horfur eru á að rekstur Orkusjóðs á árinu 1990 verði með svipuðu sniði og 1989. Framlög úr ríkissjóði nema alls 257,18 Mkr.

Tiltækt fé til helstu verkefna sjóðsins 1990 er sem hér segir (árið 1989 er sýnt til samanburðar):

	1990 Mkr.	1989 Mkr.
1. Framlag til styrkingar dreifikerfa í sveitum	31,00*)	45,00
2. Jarðhitaleitarlán	12,40	12,35
3. Lán til virkjunar jarðhita	0,00	0,00
4. Viðbætur við eldri veitur í strjálbýli, þ.e. tenging eldri býla og heimtaugar til nýrra notenda	21,00	21,00
5. Lán til einkarafstöðva	0,00	0,00
6. Aðstoð við notendur utan samveitusvæða	2,52	2,17
7. Greiddir vextir, vísitöluálag og afborganir	250,79	220,12
8. Rekstur Orkusjóðs	1,56	1,30
Samtals	339,27	301,94

*) Framlag til þessa verkefnis var lækkað um 20 Mkr. eftir að fjárlög voru samþykkt.

Fé Orkusjóðs á árinu 1990 er þannig fengið (1989 er sýnt til samanburðar):

	1990 Mkr.	1989 Mkr.
1. Framlög ríkissjóðs	257,17	242,62
2. Innheimtir vextir, vísitöluálag og afborganir	82,09	59,32
Samtals	339,27	301,94

Fyrirsjáanlegt er að hvergi nærri verður hægt að fullnægja óskum um styrkingu dreifikerfa í sveitum með því fé sem til ráðstöfunar er og öllu tiltæku fé til jarðhitaleitar hafði verið úthlutað áður en tveir mánuðir voru liðnir af árinu. Horfur eru einnig á að ekki verði hægt að sinna öllum umsóknum um styrki til tengingar eldri býla við samveitur og til nýrra heimtauga í sveitum.

ÞRÓUNARSJÓÐUR LAGMETISIÐNAÐARINS

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins var stofnaður samkvæmt lögum frá 26. maí 1972 og starfar nú eftir endurnýjuðum lögum nr. 58 frá 1981 og reglugerð nr. 175 frá 1984. Hlutverk hans er að efla lagmetisiðnaðinn, m.a. með því að stuðla að tæknilegri uppbyggingu, þróun vinnsluaðferða og markaðsöflun erlendis með lánum og styrkjum.

Þróunarsjóðurinn hefur sérstaka stjórn undir yfirstjórn iðnaðarráðherra sem skipar formann án tilnefningar og fjóra samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila; Sölusamtaka lagmetis, Iðntæknistofnunar Íslands, Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins og sjávarútvegsráðherra með hliðsjón af ábendingu SÍF.

Helstu niðurstöður úr rekstri Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins á árinu 1989 eru sem hér segir:

Tekjur sjóðsins voru 1% af útfluttu lagmeti og var það 45% útflutningstekna árið 1989, 3% útflutningsgjald af söltuðum matarhrognum eða 41% teknanna og 3% af útfluttum, frystum þroskhrognum eða 15% útflutningsteknanna.

Heildartekjur sjóðsins 1989 námu 60,8 millj. kr. og að frádregnum gjöldum ásamt styrkjum varð rekstrarafgangur 37,1 millj. kr.

Eigið fé Þróunarsjóðsins var í árslok 1989 126,3 millj. kr.

Yfirlit yfir tekjur og gjöld sjóðsins:

	1989 þús.kr.	1988 þús.kr.
Tekjur	60.155	42.550
Rekstrargjöld	23.058	31.115
Hagnaður	37.097	11.435
Eignir	126.392	87.639
Skuldir	83	111
Eigið fé	126.309	87.528

Á árinu 1989 var stjórn sjóðsins þannig skipuð:
Halldór J. Kristjánsson formaður
Magnús Tryggvason
Páll Kr. Pálsson
Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson
Þórarinn Þ. Jónsson.

Skv. lögum nr. 44/1990 var ákveðið að leggja Þróunarsjóð lagmetis niður og ráðstafa eignum hans til lagmetisframleiðenda. Var þetta gert miðað við árslok 1990 til þess að greiða úr miklum fjárhagserfiðleikum lagmetisfyrirtækja.

V. ÝMIS STARFSEMI

MARKAÐSSKRIFSTOFA iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar

STARFSEMIN 1989

Stjórn og starfsmenn.

Hinn 10. maí 1989 var eitt ár liðið frá stofnun Markaðsskrifstofunnar. Þá skipuðu eigendur nýja stjórn til eins árs í samræmi við stofnskjal. Stjórnin er nú þannig skipuð:

Frá iðnaðarráðuneytinu:
Dr. Geir A. Gunnlaugsson framkvæmdastjóri, formaður,
Geir H. Haarde alþingismaður,
Baldur Óskarsson framkvæmdastjóri.

Frá Landsvirkjun:
Árni Grétar Finnsson hrl.,
Dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri,
Páll Pétursson alþingismaður.

Auk þess voru Halldór J. Kristjánsson yfirlögfræðingur og Jóhann Már Maríusson aðstoðarforstjóri skipaðir til þess að sitja stjórnarfundi og starfa með framkvæmdastjóra skv. 2. grein stofnskjals.

Stjórnin hélt sex stjórnarfundi á starfsárinu.

Starfsmenn Markaðsskrifstofunnar voru þrír á árinu:
Garðar Ingvarsson framkvæmdastjóri,
Andrés Svanbjörnsson yfirverkfræðingur og
Stefanía Víglundsdóttir ritari.

Skrifstofan, sem starfar sjálfstætt, hefur aðstöðu í húsakynnum Landsvirkjunar, eins og áður samkvæmt stofnsamningi.

Starfsemi.

Meginhlutverk Markaðsskrifstofunnar er að afla markaðar fyrir raforku til stóriðju og að láta í té nauðsynlega aðstoð við samningagerð ríkisins og Landsvirkjunar um sölu á orku til stóriðjufyrirtækja. MIL hefur þannig veitt Ráðgjafarnefnd um áliðju aðstoð vegna undirbúnings ATLANTAL-álversins. Framkvæmdastjóri var sem áður ritari nefndarinnar. MIL veitti iðnaðarráðuneytinu aðstoð vegna undirbúnings og kynningar á þriðja álverinu. MIL fylgdist enn fremur með öðrum áhugaverðum, orkufrekum iðngreinum og vann að kynningarmálum, m.a. með þátttöku í bókaútgáfu og undirbúningi að ráðstefnu um notkun jarðhita til iðnaðar.

Atlantsál.

Meginverkefni MIL á árinu var þjónusta við Ráðgjafarnefnd um áliðju (RÁL) í viðræðum við svokallaðan ATLANTAL-hóp um hugsanlega byggingu álvers í Straumsvík. Ráðgjafarnefndin var skipuð af iðnaðarráðherra síðla árs 1988. Í henni sitja dr. Jóhannes Nordal, formaður, Baldur Óskarsson, Eggert Steinsen, dr. Geir A. Gunnlaugsson, Guðmundur G. Þórarinsson og Ólafur Davíðsson. Í ATLANTAL-hópnum voru fjögur þekkt álfyrirtæki í Evrópu, en þau voru Alusuisse í Sviss, Austria Metall í Austurríki, Hoogovens Aluminium BV í Hollandi og Gränges AB í Svíþjóð. Þessi fyrirtæki unnu að gerð hagkvæmniáætlunar um byggingu 185 þús. tonna álvers við Straumsvík og síðar 120 þús. tonna stækkun ÍSAL.

MIL tók þátt í störfum varðandi lögfræðileg atriði, skattamál, orkumál, tæknimál og umhverfismál og sóttu starfsmenn fjölda funda, bæði hérlendis og erlendis.

Haustið 1989 dró Austria Metall sig út úr samstarfinu meðan á athugun á stækkun ÍSAL um 120 þús. tonn stóð. Þar var gert ráð fyrir því að Alusuisse ræki ATLANTAL-álverið jafnframt því að reka ÍSAL. Þótti sá kostur ekki vænlegur og Alusuisse hætti þátttöku í ATLANTAL-hópnum í desember 1989. Hoogovens og Gränges lýstu aftur á móti yfir áhuga á að halda áfram undirbúningi að byggingu 200 þús. tonna sjálfstæðs álvers. Samstarfi fyrirtækjanna þriggja var slitið í árslok 1989 og um svipað leyti voru að hefjast viðræður fyrirtækjanna tveggja og íslenskra stjórnvalda við aðra áhugaaðila um þátttöku í ATLANTAL-álverinu, m.a. bandaríska álfyrirtækið Alumax Inc.

Þriðja álverið.

Á starfsárinu var hafinn undirbúningur að því að byggja nýtt álver sem kæmi í kjölfarið á ATLANTAL og reist yrði utan Reykjavíkursvæðisins. Gerð var skýrsla um „Mögulega staðsetningu nýs álvers“ og hafin var vinna við samanburð á kostnaði við byggingu nýs álvers á ýmsum stöðum á landinu. Iðnaðarráðuneytið fól NILU að gera loftdreifingarspá fyrir hugsanleg álver í Eyjafirði og á Reyðarfirði. MIL tók þátt í þessu verkefni, einkum varðandi forsendur og verklýsingu og tók að sér yfirumsjón þess í árslok. Enn fremur var samið við NILU um að gera loftdreifingarspá fyrir ATLANTAL-álverið í Straumsvík.

Rætt var við fulltrúa erlendra álfyrirtækja, m.a. Hydro Aluminium, Elkem og Alumax. Enn fremur var haft bréfasamband við VAW, Reynolds og fleiri aðila um þátttöku í nýju álveri á Íslandi. Jafnframt var rætt við fulltrúa nokkurra sveitarfélaga um staðsetningarmálin.

Í september hélt iðnaðarráðherra, Jón Sigurðsson, fundi á Egilsstöðum og Akureyri um iðnaðar- og virkjanaáform. MIL veitti aðstoð við öflun kynningarefnis og upplýsinga fyrir þessi erindi og stjórnarformaður og framkvæmdastjóri MIL tóku þátt í fundunum að ósk iðnaðarráðherra.

Annar orkufrekur iðnaður.

Samkvæmt stofnskjali MIL er eitt af hlutverkum skrifstofunnar að safna upplýsingum um allt er varðar markaðsmöguleika orku, fyrir utan almennan markað Landsvirkjunar og að fylgjast með þróun iðngreina sem til greina koma sem stórnotendur innlendrar orku í framtíðinni.

Í byrjun janúar skilaði MIL áfangaskýrslu með yfirliti yfir rannsóknir á orkufrekum iðnaði á undanförnum árum og stöðu helstu verkefna, sem komið hafa til álita. Fylgst var með stöðu kísilmálmvinnslu, m.a. með reglulegu sambandi við RTZ. Þróun kísilmálmmarkaða á undanförnum missirum gefur ekki tilefni til þess að endurvekja áætlanir um þennan iðnað á Íslandi í bili a.m.k. Jafnframt var fylgst með þróun magnesíumiðnaðar, og unnið var úr gömlum og nýjum upplýsingum varðandi möguleika á títaníumiðnaði á Íslandi og greinargerð skrifuð um það mál.

Fylgt var eftir hugmynd forstjóra AEG í Þýskalandi, sem benti á að í framtíðinni yrði væntanlega stórmarkaður fyrir sólrafhlöður, unnar úr hágæðakísilmálmi. Skoðuð var verksmiðja AEG í Wedel í Þýskalandi, en viðræður við stjórnendur gáfu ekki tilefni til þess að ætla, að þessi iðnaður myndi byggjast upp á Íslandi á næstu árum.

Kynningarstarf.

MIL hefur tekið þátt í undirbúningi að alþjóðlegri ráðstefnu um nýtingu jarðhita til iðnaðar, sem Félag íslenskra iðnrekenda stendur að ásamt öðrum. Fyrirhugað er að þessi ráðstefna verði haldin að frumkvæði Íslendinga hér á landi sumarið 1992, og að MIL verði með eitt af framsöguerindunum.

Á vegum Orkustofnunar, Landsvirkjunar og Íslensku landsnefndarinnar í alþjóðaráðstefnu um stórar stíflur var gefin út vönduð bók um íslenskar orkulindir. Framkvæmdastjóri og yfirverkfræðingur MIL rituðu kafla í bókina, sem fjallar um orkufrekan iðnað og kynntu markaðsstörf í þeim efnum. Bókin er á ensku og hefur reynst vel við störf skrifstofunnar að markaðsmálum.

Ársreikningar.

Í samræmi við 5. grein stofnskjals MIL fylgir hjálagt endurskoðað rekstraryfirlit skrifstofunnar fyrir árið 1989. Þar kemur fram að heildar rekstrarkostnaður var 20,8 milljónir króna á árinu. Samkvæmt fjárhagsáætlun 1989 voru heildarútgjöld áætluð kr. 22,9 milljónir.

Landsvirkjun samþykkti í desember 1988 fjárveitingu til MIL að upphæð 17,1 milljón krónur, þar af 6,3 milljónir vegna annars útlagðs kostnaðar. Samkvæmt fjárlögum var fjárveiting iðnaðarráðuneytisins til MIL aðeins kr. 2,7 milljónir sem engan veginn dugði fyrir áætluðum útgjöldum. Farið var fram á aukafjárveitingu frá iðnaðarráðuneytinu, einkum með tilliti til kostnaðar vegna ATLANTAL-málsins og fékkst viðbótarframlag frá ráðuneytinu að upphæð 3 milljónir króna.

Í samræmi við 6. grein stofnskjals er skipting þannig að hluti Landsvirkjunar er 15,3 millj. kr. en hluti iðnaðarráðuneytisins er 5,4 millj. kr.

STARFSEMIN Á I. OG II. ÁRSFJÓRÐUNGI 1990

Í eftirfarandi greinargerð er yfirlit um starfsemi og verkefni Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar fyrstu sex mánuði ársins 1990, janúar til júní.

Á tímabilinu veitti starfsfólk Markaðsskrifstofunnar Ráðgjafarnefnd um áliðju þjónustu vegna ATLANTAL-verkefnisins. Mikil vinna var lögð í staðarvalsrannsóknir fyrir ATLANTSÁL auk þess sem skrifstofunni var falin yfirumsjón umhverfisrannsókna. Starfsmenn MIL tóku þátt í fjölda undirbúningsfunda varðandi ATLANTSÁLS-samningana bæði heima og erlendis.

Fylgst var með þróun annarra orkufrekra iðngreina, svo sem kísilmálmiðnaðar, kísiljárniðnaðar, títaniðnaðar, zinkiðnaðar, lítíumiðnaðar og annarra málmiðngreina.

ATLANTSÁLS-samningar.

Starfsmenn veittu sem fyrr aðstoð við störf Ráðgjafarnefndar um áliðju varðandi ATLANTSÁLS-álverið, en mikill skriður komst á það mál eftir að bandaríska fyrirtækið Alumax Inc. gerðist aðili að því.

Hinn 13. mars undirrituðu iðnaðarráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands annars vegar og forstjórar ATLANTSÁLS-aðilanna þriggja, Alumax, Gränges og Hoogovens Aluminium, hins vegar yfirlýsingu um ásetning að ljúka samningum um nýtt álver fyrir lok september 1990. Var unnið sleitulaust í undirnefndum að gerð aðalsamnings og einstakra sérsamninga um raforkusölu, skattlagningu og umhverfis- og staðarmál. MIL tók frumkvæði í umhverfis- og staðarvalsrannsóknum. Lokið var við gerð loftdreifingarrannsókna á sjö stöðum, sett voru upp nákvæm veðurmælitæki á Dysnesi og Keilisnesi og gerður var samanburður á stofn- og rekstrarkostnaði álvers staðsettu á tíu stöðum, í Hvalfirði, á Reykjanesi, í Þorlákshöfn, Reyðarfirði og Eyjafirði.

Framkvæmdastjóri og/eða yfirverkfræðingur MIL tóku þátt í kynningarfundum um staðsetningar- og umhverfismál ATLANTSÁLS-álversins sem haldnir voru í Keflavík, Reyðarfirði og á Akureyri.

Aðrar stóriðjugreinar.

Fylgst var með stöðu og þróun nokkurra annarra iðngreina, sem verið hafa til athugunar hjá Markaðsskrifstofunni, svo sem kísiljárnvinnslu, kísilmálmvinnslu, magnesíumvinnslu, títanvinnslu, zinkvinnslu og nokkurra fleiri iðngreina. Formaður og framkvæmdastjóri MIL fóru m.a. til fundar við Robin Adams hjá RSI í Fíladelfíu í maí sl. til þess að kanna stöðu þessara iðngreina sérstaklega.

Ed. 939. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til l. um listamannalaun.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það Örlyg Geirsson, skrifstofustjóra í menntamálaráðuneytinu, og Ólaf Darra Andrason, deildarsérfræðing í sama ráðuneyti. Þá bárust nefndinni kostnaðaráætlanir um frumvarpið frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun og menntamálaráðuneytinu.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingin varðar gildistökuákvæði frumvarpsins og felur í sér að í stað þess að lögin öðlist gildi strax við samþykkt frumvarpsins þá skuli þau öðlast gildi 1. september 1991, nema fjárhagsákvæði þeirra sem taki gildi 1. janúar 1992.

Alþingi, 13. mars 1991.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Guðrún J. Halldórsdóttir, fundaskr.	Jón Helgason.
Halldór Blöndal.	Skúli Alexandersson.	Salome Þorkelsdóttir.
	Valgerður Sverrisdóttir.	

Ed. 940. Breytingartillaga [139. mál]

við frv. til l. um listamannalaun.

Frá menntamálanefnd.

14. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1991, nema fjárhagsákvæði þeirra sem taka gildi 1. janúar 1992. Lögin skal endurskoða að fimm árum liðnum frá gildistöku þeirra.

Sþ. 941. Þingsályktun [392. mál]

um gerð staðfræðikorta, gróðurkorta og um landfræðilegt upplýsingakerfi.

(Afgreidd frá Sþ. 13. mars.)

Samhljóða þskj. 705.

Sþ. 942. Þingsályktun [200. mál]

um kortlagningu gróðurlendis Íslands.

(Afgreidd frá Sþ. 13. mars.)

Samhljóða þskj. 253.

Sþ. 943. Þingsályktun [396. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt nr. 139 um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna sem valda krabbameini.

(Afgreidd frá Sþ. 13. mars.)

Samhljóða þskj. 714.

Ed. 944. Frumvarp til laga [464. mál]

um verndun villtra landspendýra.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

I. KAFLI
Orðskýringar.

1. gr.

Friðun merkir í lögum þessum bann við veiðum eða öðrum aðgerðum sem geta haft áhrif til fækkunar tiltekinnar tegundar.

Vernd merkir í lögum þessum að veiðum eða öðrum aðgerðum, sem geta haft áhrif á viðkomu eða vanhöld tiltekinnar tegundar, sé hagað á þann hátt að henni stafi ekki hætta af.

Villt spendýr merkir í lögum þessum öll spendýr sem ekki teljast til gæludýra eða bústofns.

Landspendýr merkir í lögum þessum öll spendýr önnur en selir, rostungar og hvalir.

Stýring á stofnum villtra dýra merkir í lögum þessum hverjar þær aðgerðir af opinberri hálfu er miða að því að hafa áhrif á útbreiðslu eða stærð tiltekins stofns villtra dýra.

Tjón af völdum villtra dýra merkir í lögum þessum fjárhagslegt tjón sem einstaklingar, fyrirtæki eða aðrir verða fyrir, heilsufarslegt tjón fólks eða búfénaðar og tjón á náttúru landsins.

Lífsvæði merkir í lögum þessum landsvæði sem dýr nota sér til framfærslu og viðkomu eða sem farleið.

Grenjatími merkir í lögum þessum tímabilið 1. maí til 31. júlí.

II. KAFLI
Markmið og gildissvið.

2. gr.

Markmið laga þessara er að tryggja viðgang og náttúrulega fjölbreytni dýrastofna, skipulag á veiðum nytjadýra og aðgerðum til þess að koma í veg fyrir tjón sem villt landspendýr kunna að valda.

Lögin ná til efnahagslögsögu Íslands.

III. KAFLI
Umsjón.

3. gr.

Umhverfisráðuneytið hefur umsjón með öllum málum er varða villt landspendýr.

Ráðuneytinu til ráðgjafar við umsjón þessara mála er landspendýranefnd. Umhverfisráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn og skal hún skipuð fimm mönnum, einum tilnefndum af Náttúruverndarráði, einum af Búnaðarfélagi Íslands, einum af Skotveiðifélagi Íslands, einum af Sambandi dýraverndunarfélaga Íslands og einum sem skipaður er án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

4. gr.

Umhverfisráðherra skipar veiðistjóra sem er líffræðingur með sérmenntun sem nýtist honum í starfi.

Veiðistjóraembættið hefur á hendi stýringu á stofnum villtra landspendýra, stjórnar aðgerðum til að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum og stundar hagnýtar rannsóknir á viðkomandi tegundum í samvinnu við aðrar stofnanir og einstaklinga þar sem sérfræðiþekkingu er að finna, eftir því sem þörf krefur.

IV. KAFLI
Friðun, vernd og veiðar.

5. gr.

Öll landspendýr njóta verndar og eru friðuð nema annað sé tekið fram í lögum þessum eða reglugerðum byggðum á þeim.

Ávallt skal gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og lífsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun.

Við skipulag byggðar og aðra landnýtingu skal tekið tillit til villtra dýra og lífsvæða þeirra.

6. gr.

Ákvörðun um að aflétta friðun skal fyrst og fremst byggjast á því að viðkoma stofns sé nægileg til þess að vega upp á móti afföllum vegna veiða og að með veiðum sé verið að nytja verðmæti í kjöti, skinnum eða öðru. Einnig er heimilt að taka tillit til þess hvort viðkomandi dýr valdi tjóni.

Umhverfisráðuneytið setur reglugerðir um vernd landspendýra að fengnum tillögum landspendýranefndar. Reglugerðir skulu m.a. kveða á um hvaða tegundir skal heimilt að

veiða, hvar má veiða þær, í hve miklum mæli, gerð vopna, aðrar veiðiaðferðir, lengd veiðitímabilsins og annað sem máli skiptir.

Umhverfisráðuneytið getur, að fenginni umsögn landspendýranefndar, heimilað veiðar á landspendýrum sem njóta friðunar eða verndar í rannsóknarskyni, fyrir söfn og dýragarða eða til ræktunar og undaneldis.

7. gr.

Að veiðum skal ætíð standa á sem mannúðlegastan hátt. Við veiðar er óheimilt að nota:

1. Eitur eða svefnlyf.
2. Sprengiefni, bensín eða önnur efni til þess að svæla með gasi eða reyk.
3. Steina, barefli, eggvopn, stunguvopn eða því um líkt.
4. Net.
5. Öngla eða önnur tól sem komið er fyrir í æti.
6. Snörur.
7. Fótboga eða gildrur, nema til nagdýraveiða og minkaveiða. Gerðir fótboga og gildra skulu hafa hlotið samþykki landspendýranefndar.
8. Rafbúnað sem getur drepið eða rotað.
9. Segulbandstæki.
10. Tilbúna ljósgjafa.
11. Búnað til að lýsa upp skotmörk.
12. Spegla eða annan búnað sem blindar.
13. Búnað til þess að miða í myrkri með rafeindatækjum er stækka eða breyta ímyndinni.
14. Hálfsjálfvirk eða sjálfvirk skotvopn með skothylkjahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki.
15. Lifandi dýr sem bandingja.
16. Hunda til þess að hlaupa uppi bráð, nema við minkaveiðar.
17. Vélknúin farartæki.

Umhverfisráðuneytið getur, að fenginni umsögn landspendýranefndar, heimilað notkun ofangreindra veiðiaðferða í vísindaskyni eða ef almannaheill krefst þess.

8. gr.

Veiðar skulu óheimilar á svæðum sem eru friðlýst vegna dýralífs. Umhverfisráðuneytið getur aflétt þeirri friðun að fullu eða á tiltekinni tegund ef landspendýranefnd mælir með því.

Veiðimanni er skylt að hirða bráð sína. Særi veiðimaður dýr ber honum að elta það strax uppi og aflífa ef þess er nokkur kostur. Ákvæði þetta gildir einnig þótt sært dýr fari inn á landareign sem veiðimaður hefur ekki leyfi til að veiða á og skal þá landeigandi látinn vita svo fljótt sem unnt er.

V. KAFLI
Veiðikort og hæfnispróf veiðimanna.

9. gr.

Umhverfisráðuneyti getur ákveðið með reglugerð að þeir sem stunda veiðar á villtum landspendýrum skuli afla sér veiðikorts gegn veiðigjaldi. Á veiðikorti skal getið nafns

handhafa, svæðis sem kortið gildir á, gildistímabils og tegunda sem viðkomandi hefur leyfi til að veiða. Enn fremur skal geta skotvopna og annarra veiðitækja sem korthafa er heimilað að nota við veiðarnar. Korthafi skal ætíð bera kortið á sér á veiðum, svo og á leið til og frá veiðum. Hann skal framvísa því ef lögregluyfirvöld eða landeigandi óska. Korthafi skal árlega skila skýrslu um veiðar sínar á gildistíma korts áður en nýtt kort er útgefið. Veiðigjald skal renna í sjóð er notaður verði til rannsókna og stýringar á stofnum dýra sem heimilt er að veiða. Umhverfisráðuneyti ákveður veiðigjald og setur reglur um ráðstöfun sjóðsins.

Umhverfisráðuneyti er heimilt að ákveða með reglugerð að þeir sem stunda veiðar á villtum dýrum skuli hafa lokið sérstöku prófi um villt dýr og umhverfi þeirra, um gerð og meðferð skotvopna og annarra veiðitækja og hæfni til veiða.

VI. KAFLI
Sérákvæði um ýmsar dýrategundir.

10. gr.
Refaveiðar.

Utan grenjatíma eru refaveiðar öllum heimilar sem til þess hafa leyfi samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim.

Umhverfisráðherra setur reglur um refaveiðar og skal þar tiltekið hvar refur er friðaður, hvar heimilað er að veiða ref og hvernig staðið skuli að veiðum. Í reglugerð skulu vera ákvæði um heimildir til sveitarstjórna til að ráða grenjaskyttur og um hlutdeild ríkissjóðs í kostnaði við refaveiðar á þeirra vegum.

Á grenjatíma geta sauðfjárbændur og æðarræktendur, eða aðilar á þeirra vegum, skotið hlauparefi sem sauðfé eða æðarvarpi stafar bein hætta af. Skal viðkomandi tilkynna hlutaðeigandi sveitarstjórn um slíka veiði svo fljótt sem auðið er.

Stjórnir sveitarfélaga skulu halda skrá yfir öll þekkt greni í sínu umdæmi ásamt lýsingu á þeim og skulu afrit af skránum varðveitt hjá veiðistjóraembættinu.

Óheimilt er eyðileggja greni. Ekki má láta hunda hlaupa á greni á grenjatímanum. Varast skal einnig að hafa þar óþarfa umgang.

Oddvitar eða bæjarstjórar skulu árlega gefa skýrslur til veiðistjóraembættisins um refaveiðar hver á sínu svæði.

11. gr.
Minkaveiðar.

Minkaveiðar eru öllum heimilar sem til þess hafa leyfi samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim.

Þar sem minkaveiðar eru heimilar og taldar nauðsynlegar að mati veiðistjóraembættisins skal sveitarstjórn sjá til þess að ráðnir séu menn til verksins. Í þeim tilvikum endurgreiðir ríkissjóður sveitarfélögum $^3/_4$ hluta kostnaðar eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.

Oddvitar eða bæjarstjórar skulu árlega gefa skýrslur til veiðistjóraembættisins um minkaveiðar hver á sínu svæði.

12. gr.
Hreindýr.

Hreindýr eru sameign íslensku þjóðarinnar.

Umhverfisráðráðuneytinu er heimilt að setja reglugerð um stofnun hreindýraráðs til að hafa umsjón með hreindýraveiðum. Í reglugerð verði kveðið á um tilhögun, framkvæmd, gjaldtöku og arðskiptingu vegna veiða. Umhverfisráðuneytið ákveður árlega fjölda, kyn og aldur þeirra dýra sem fella má úr hverri hjörð á hverjum tíma að fengnum tillögum veiðistjóraembættisins og hreindýraráðs. Hreindýraráð skal skipað fulltrúum ríkis og sveitarfélaga þar sem hreindýr ganga.

Veiðar á hreindýrum eru heimilar öllum er til þess hafa leyfi samkvæmt lögum þessum og reglum settum eftir þeim.

13. gr.

Nagdýr.

Heilbrigðisnefndir sjá um fækkun nagdýra eftir því sem nánar er kveðið á um í heilbrigðisreglugerð og hlotið hefur samþykki umhverfisráðuneytis.

Oddvitar eða bæjarstjórar skulu árlega gefa skýrslur til veiðistjóraembættisins um nagdýraveiðar hver á sínu svæði.

14. gr.

Ísbirnir.

Óheimilt er að veiða ísbirni á hafís.

Fella má ísbjörn sem gengið hefur á land og fólki eða búfénaði er talin stafa veruleg hætta af. Gangi ísbjörn á land þar sem fólki eða búfénaði er ekki talin stafa bráð hætta af er umhverfisráðuneyti heimilt að fela veiðistjóraembættinu að fanga björninn og flytja hann á stað þar sem ekki stafar af honum hætta. Ísbjörn, sem felldur er skv. 2. mgr., skal færður til Náttúrufræðistofnunar Íslands og er henni heimilt, að loknum athugunum, að ráðstafa honum til safna eða skóla í byggðarlaginu þar sem hann var felldur.

VII. KAFLI
Refsiákvæði og réttarfar.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi og sviptingu skot- og veiðileyfis.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, sæta refsingu sem fullframið brot eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Gera má upptækt til ríkissjóðs: Ólöglegt veiðifang, veiðitæki og annan búnað sem notaður hefur verið við framkvæmd brots, svo og hagnað af ólöglegri veiði og sölu framangreindra verðmæta. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu þótt annar sé eigandi veiðitækis eða annars sem upptaka er heimil á, en sá sem sekur hefur reynst um brot á lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra. Að öðru leyti skal fara um eignaupptöku samkvæmt ákvæðum 69. gr. laga nr. 19/1940.

16. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin að hætti opinberra mála.

VIII. KAFLI
Almenn ákvæði, gildistaka og brottfallin lög.

Reglugerðir og aðrar stjórnvaldsaðgerðir um spendýrastofna, sem settar hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær brjóta ekki í bága við þau uns nýjar reglur hafa verið settar.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1991. Frá sama tíma eru numin úr gildi:

1. Lög um eyðingu refa og minka, nr. 52/1957, með áorðnum breytingum.
2. Lög um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, nr. 28/1940, með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 72/1954.
3. Lög um eyðing á rottum, nr. 27/1945, með áorðnum breytingum.
4. Ákvæði í tilskipun um veiði á Íslandi 20. júní 1849 sem fjallar um veiðar á landspendýrum.
5. Ákvæði í öðrum lögum sem brjóta í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi dags. 13. september 1990 skipaði umhverfisráðaherra þriggja manna nefnd til þess að undirbúa frumvarp til laga um stýringu á stofnstærð villtra dýra. Í nefndinni áttu sæti Páll Hersteinsson formaður, Sigurður H. Richter dýrafræðingur og Ævar Petersen dýrafræðingur. Ritari nefndarinnar var Arnþór Þ. Sigfússon dýrafræðingur.

Í skipunarbréfi nefndarinnar segir m.a. eftirfarandi:

„Umhverfisráðherra fyrirhugar að samræma löggjöf á þessu sviði og leggja fram frumvarp/frumvörp til laga um stjórn á stofnstærð villtra dýra á 113. löggjafarþingi sem kemur saman 10. október nk. Eðlilegt virðist að í slíkri löggjöf verði fjallað um öll villt dýr saman og að ýmis sérlög, svo sem fyrir refi og minka og svartbak, svo dæmi séu tekin, verði felld úr gildi. Einnig þarf að huga að hvernig lög um fuglaveiðar og fuglafriðun falla inn í slíka löggjöf. Um er því að ræða að setja rammalög um verndun og eftirlit með villtum dýrum og veiðar þeirra. Hins vegar er gert ráð fyrir að með reglugerðum verði settar nánari reglur um einstakar dýrategundir."

Með tilliti til þess að tími var naumur og frumvarp til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun hafði áður verið samið af nefnd skipaðri af menntamálaráðuneyti ákvað nefndin að mest aðkallandi væri að semja frumvarp til laga um friðun og veiðar á landspendýrum. Taldi nefndin að síðar væri hægt að aðlaga lög um fuglaveiðar og fuglafriðun lögum um landspendýr ef tími ynnist til og ráðuneytið teldi það æskilegt. Með samþykki umhverfisráðherra var sú leið valin.

Nefndin skrifaði eftir upplýsingum um sambærilega löggjöf í Danmörku (Skov- og Naturstyrelsen, Miljöministeriet), Noregi (Direktoratet for Naturforvaltning) og Svíþjóð (Statens Naturvårdsverk). Svar barst frá Danmörku og Noregi en ekki Svíþjóð. Þótt gagnlegt væri fyrir nefndina að hafa lög þessara þjóða til hliðsjónar reynist ekki hægt að byggja mikið á þeim því að þau eru ekki rammalög, heldur mjög svo ítarleg um alla framkvæmd.

Nefndin hélt alls 11 fundi og náði samkomulagi um flestar greinar. Þó tókst nefndinni ekki að komast að samkomulagi um efni 4. gr. frumvarpsdraganna og sendir frá sér tvær tillögur um seinni hluta hennar.

Starfsmenn umhverfisráðuneytisins hafa í samráði við umhverfisráðherra og formann nefndarinnar farið ítarlega yfir tillögur nefndarinnar og gert á þeim nokkrar breytingar. Við þessa endurskoðun var mið tekið af þeirri stefnu sem umhverfisráðuneytið vill fylgja

í umhverfismálum. Davíð Þór Björgvinsson las yfir lagatexta og kom með ábendingar og leiðréttingar sem tekið hefur verið tillit til.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Þar eð frumvarpsdrögin gera ráð fyrir töluverðum breytingum á skipan þessara mála frá því sem verið hefur þykir rétt að skýra einstakar greinar þess. Hvað frumvarpsdrögin í heild varðar er fyrst og fremst áberandi breyting á almennri afstöðu til villtra landspendýra. Fyrri lög hafa fyrst og fremst byggt á fullkomnu virðingarleysi gagnvart tilverurétti þeirra á Íslandi og miðað að útrýmingu þeirra að hreindýrum undanskildum. Hér er sú grundvallarafstaða tekin að öll villt landspendýr skuli njóta verndar og að veiðar séu í raun aðeins heimilar ef viðkomandi stofn er talinn þola veiðiálag. Um leið er málum þannig skipað að hægt er að grípa til aðgerða til þess að koma í veg fyrir tjón eða ef almannaheill krefst þess.

Um 1. gr.

Hér eru gefnar skýringar á nokkrum orðum sem notuð eru í frumvarpsdrögunum og hafa mörg hver óskýra merkingu í huga fólks. Ekki á það síst við um orðið **vernd** sem margir rugla saman við friðun.

Um 2. gr.

Ólíkt þeim lögum sem áður hafa gilt á þessu sviði er markmið laganna hvorki að útrýma tegundum né alfriða, heldur að skapa grundvöll þess að maðurinn geti lifað í landinu í sátt við villt dýralíf þess.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er staðfesting þess að umhverfisráðuneyti hafi umsjón allra mála er varða villt spendýr. Fyrir stofnun umhverfisráðuneytis var málaflokkum þessu viðvíkjandi komið fyrir í þremur ráðuneytum, þ.e. landbúnaðarráðuneyti (refir og minkar), menntamálaráðuneyti (hreindýr) og heilbrigðisráðuneyti (rottur og mýs).

Nefndin taldi nauðsynlegt að ákvæði væri í frumvarpsdrögunum um ráðgjafarnefnd fyrir umhverfisráðherra sem ynni samhliða veiðistjóraembættinu að ýmsum málum er tengjast stýringu villtra spendýrastofna. Þar sem ákvarðanir og stefnumið (önnur en þau sem eru skýrgreind í 2. gr. frumvarpsdraganna) eru oft hagsmunalegs fremur en faglegs eðlis þykir nefndinni rétt að hagsmunaaðilar geti komið skoðunum sínum á framfæri í slíkri ráðgjafarnefnd. Af þeim sökum er gert ráð fyrir að auk fagmanna fái hagsmunaaðilar fulltrúa í ráðgjafarnefndinni, svokallaðri landspendýranefnd.

Um 4. gr.

Í 4. gr. er kveðið á um skipan veiðistjóra og hlutverk veiðistjóraembættis. Veiðistjóraembætti er fagleg stofnun og því er gert ráð fyrir að veiðistjóri hafi sérmenntun á sínu sviði. Í núgildandi lögum eða reglugerðum er engum opinberum aðila ætlað að stunda rannsóknir á tjóni eða ástæðum tjóns af völdum villtra landspendýra, hvernig koma megi í veg fyrir tjón af þeirra völdum, hvernig stofnstærð þróast eða hver muni vera æskileg stærð eða útbreiðsla landspendýra á Íslandi. Nefndin telur mikilvægt að skýrt sé kveðið á um þetta atriði í lögunum. Hún klofnaði hins vegar í afstöðu sinni til þess hver skuli hafa þetta hlutverk með höndum.

Meiri hlutinn taldi að veiðistjóraembættið ætti að gegna þessu hlutverki enda leitaði það sérfræðiþekkingar til annarra stofnana þegar þess væri þörf og stundaði rannsóknir í samráði eða samvinnu við þá aðila. Meiri hlutinn taldi að með því móti mynduðust nánust tengsl milli þeirra sem stunda leiðbeiningar um veiðar og varnir gegn tjóni og þeirra sem stunda rannsóknir á því sama.

Minni hlutinn taldi hins vegar að Náttúrufræðistofnun ætti að hafa hagnýtar dýrafræðirannsóknir með höndum en stundaði þær í samráði við veiðistjóra og í samvinnu við stofnanir sem hefðu sérfræðiþekkingu á tilteknum sviðum. Með því móti nýttist fjármagn, rannsóknaraðstaða og þekking best.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um grundvallarafstöðu til landspendýra, vernd þeirra, skilyrði fyrir því að friðun skuli aflétt, óheimilum veiðiaðferðum o.fl.

Um 5. gr.

Hér er sett sú grundvallarregla að öll landspendýr njóti verndar. Það táknar að stjórnvöld verða í hverju tilviki að huga að ástæðum þess að veiðar skuli stundaðar á viðkomandi stofni. Það táknar líka að fylgjast verður með stofnstærðum landspendýra og áhrifum veiða á þær. Önnur grundvallarregla er sú að menn skuli sýna villtum dýrum og lífsvæðum þeirra nærgætni og forðast óþarfa truflanir. Í 3. mgr. er loks kveðið á um að menn skuli taka tillit til villtra landspendýra þegar byggð eða önnur landnýting er skipulögð.

Um 6. gr.

Tvennt skal liggja til grundvallar því að heimil sé veiði á villtum landspendýrum. Í fyrsta lagi skal gæta þess að viðkoma stofns vegi upp á móti veiðum að því marki að ekki sé hætta á útrýmingu. Í öðru lagi skal vera gild ástæða til veiðanna, annað hvort að verið sé að nytja afurðir dýranna eða að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum. Auk þess getur umhverfisráðuneytið heimilað takmarkaðar veiðar í rannsóknarskyni fyrir söfn og dýragarða eða til ræktunar og undaneldis, sbr. 3. mgr. 5. gr. frumvarpsdraganna.

Þegar ákveðið er að heimila veiðar á tiltekinni tegund skal það nánar útfært í reglugerð.

Um 7. gr.

Hér eru taldar upp þær veiðiaðferðir sem óheimilar eru og byggist upptalningin að mestu á ákvæðum samnings Evrópuráðsins um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bernarsáttmálans). Umhverfisráðherra hefur beitt sér fyrir því að Ísland staðfesti Bernarsáttmálann og hefur ríkisstjórnin samþykkt að heimila utanríkisráðherra að undirrita samninginn með fyrirvara um samþykki Alþingis. Gerðir verða fyrirvarar um ákvæði Bernarsamingsins sem varða sérstakar aðstæður á Íslandi og hagsmuni þjóðarinnar.

Um 8. gr.

Sú grundvallarregla er sett fram í þessari grein að veiðar á villtum landspendýrum séu óheimilar á svæðum sem hafa verið friðlýst vegna dýralífs. Þó má rifta þeirri friðun að fullu eða gagnvart tiltekinni tegund ef ráðgjafarnefnd ráðherra, landspendýranefnd, mælir með því.

Sú regla skal gilda að veiðimenn hirði bráð sína hvort sem dýr hefur verið veitt vegna afurðanna eða til þess að koma í veg fyrir tjón. Það mannúðarsjónarmið skal einnig gilda að veiðimaður geri allt sem í hans valdi stendur til þess að aflífa sært dýr, jafnvel þótt hann þurfi að fara inn á landareign þar sem hann hefur ekki heimild til þess að veiða.

Um 9. gr.

Íslendingar eru langt á eftir nágrannaþjóðum hvað varðar eftirlit með stofnum veiðidýra. Erlendis er eftirlit m.a. fólgið í því að þeir sem vilja stunda veiðar skulu árlega afla sér veiðikorts sem er sönnun þess að þeir hafi skilað skýrslu um veiðar síðasta árs og greitt gjald í veiðisjóð. Veiðisjóður er notaður til þess að standa straum af kostnaði við rannsóknir á veiðidýrum og til stýringar stofnum villtra dýra. Nefndin telur mjög brýnt að þessu kerfi verði komið á hið allra fyrsta og því er ákvæði í þessari grein um heimild til handa umhverfisráðuneyti að koma því á.

Íslendingar hafa einnig dregist aftur úr í kröfum til hæfni veiðimanna. Hérlendis hefur löngum verið litið svo á að menn séu fæddir veiðimenn og þurfi eingöngu lágmarkskennslu í meðhöndlun skotvopna. Nefndin telur hins vegar að hæfni veiðimanna sé fólgin í fleiri atriðum en því að kunna að skjóta af byssu.

Árið 1990 myndaðist vísir að námskeiði á vegum dómsmálaráðuneytis þar sem tilsögn er veitt í vistfræði og náttúruvernd og kennsla í meðferð skotvopna hefur verið aukin. Nefndin telur að hér hafi verið stigið stórt skref í framfaraátt og að námskeið af þessu tagi beri að efla enn frekar. Því er gert ráð fyrir heimild til handa umhverfisráðuneyti að gera kröfu um að allir þeir, sem heimild fái til að stunda veiðar, hafi lokið prófi um villt dýr og umhverfi þeirra, sem og í hæfni til að veiða.

Um VI. kafla.

Vegna ólíkra lífsháttа íslenskra landspendýrategunda og mismunandi hagsmuna mannsins gagnvart þeim taldi nefndin nauðsynlegt að hafa sérákvæði í lögunum um einstakar tegundir.

Um 10. gr.

Ekki er gert ráð fyrir neinni breytingu á heimild manna til þess að stunda refaveiðar á tímabilinu 1. gr.apríl, en samkvæmt frumvarpinu skal umhverfisráðherra setja ítarlega reglugerð um refaveiðar.

Á grenjatímanum (1. maí–31. júlí) er gert ráð fyrir að refaveiðar séu eingöngu heimilar þeim mönnum sem sérstaklega eru ráðnir af sveitarfélögum til þeirra. Þetta á bæði við um grenjavinnslu og aðrar refaveiðar. Þó telur nefndin nauðsynlegt að sauðfjárbændur og æðarræktendur geti veitt hlauparefi sem þeir telja að stofni sauðfé eða æðarvarpi í hættu. Ekki er gert ráð fyrir að breytingar verði á greiðslum ríkissjóðs vegna kostnaðar við refaveiðar þar sem veiðistjóraembættið telur þær nauðsynlegar.

Samkvæmt fyrri lögum er heimilt að eyðileggja torunnin greni en ekki samkvæmt frumvarpsdrögunum, enda er það gömul og ný reynsla grenjaskyttna að betra sé torunnið greni en óþekkt greni.

Önnur ákvæði eru í samræmi við fyrri lög.

Um 11. gr.

Ákvæði um minkaveiðar eru að mestu í samræmi við fyrri lög en þó sveigjanlegri. Þannig er ekki lengur skylt að leita minka um allt land. Með því móti verður væntanlega hægt að beina mestu fjármagni þangað sem tjón af völdum minka er mest.

Ákvæðum um ýmis framkvæmdaratriði er sleppt frá fyrri lögum og gert ráð fyrir að þau verði í reglugerð.

Um 12. gr.

Hreindýr hafa nokkra sérstöðu í lífríki Íslands þar eð í upphafi voru þau flest gjöf til Íslendinga en nokkur voru keypt til landsins af ríkisstjórninni. Þau eru því eign Íslendinga, þjóðareign, og því er kveðið á um þau í 1. mgr.

Hreindýrum hefur fjölgað og fækkað á víxl þau rúm 200 ár sem þau hafa lifað hér á landi. Ákvæði er þess efnis að veiða megi hreindýr telji veiðistjóraembættið og landspendýranefnd að stofninn þoli veiði og æskilegt sé að stunda veiðar á honum. Árlega skal ákveðið hve mörg dýr skuli veiða og hvernig veiðin skuli skiptast eftir aldri og kynferði dýranna. Tilgangurinn er sá að viðhalda lífvænlegum stofni hreindýra hér á landi sem ekki nái að stækka að því marki að verði til tjóns fyrir hreindýrastofninn. Þá er í greininni ákvæði um að gjald skuli greiða fyrir veiðileyfi á hreindýr og er það nýmæli.

Samkvæmt frumvarpsdrögunum er heimilt að stofna hreindýraráð sem sjái um framkvæmd veiða úr einstökum hjörðum hreindýra. Með tilliti til þess að hreindýr hafa á stundum valdið tjóni á Austurlandi en hreindýraveiðar einnig verið hlunnindi sumra Austfirðinga er gert ráð fyrir heimild til handa umhverfisráðherra að setja reglugerð um sameiginlega umsjón ríkis og sveitarfélaga þar sem hreindýr ganga með hreindýraveiðum.

Um 13. gr.

Veiðar á rottum og músum hafa til þessa verið hlutverk meindýraeyða sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að svo verði áfram en þó talið eðlilegt að upplýsingum um framkvæmd og árangur veiðanna verði skilað á einn stað, þ.e. til veiðistjóraembættisins.

Um 14. gr.

Eftirlit með veiðum á ísbjörnum í þeim löndum sem þeir eiga heimkynni sín er mjög strangt og gerðu Norðmenn, Danir (f.h. Grænlendinga), Kanadamenn, Bandaríkjamenn og Sovétmenn með sér samkomulag um vernd þeirra árið 1973. Ísbirnir slæðast oft með ís til stranda Íslands, hugsanlega mun oftar en þeir ganga á land. Nefndin telur rétt að styrkja viðleitni fyrrgreindra þjóða með því að banna veiðar á ísbjörnum á hafís með tilliti til þess að í flestum tilvikum má gera ráð fyrir að þeir hverfi á braut án þess að valda hættu hér á landi. Gangi ísbirnir á land gegnir hins vegar öðru máli. Þá telur nefndin eðlilegt að þeir séu felldir.

Með tilliti til þess að þær aðstæður geta myndast að umhverfisráðuneyti telji heppilegra að fanga ísbjörn, sem gengið hefur á land, og flytja þangað sem mönnum og bú-

fénaði stafar ekki hætta af honum, taldi nefndin eðlilegt að hafa í frumvarpinu ákvæði um heimild slíkra aðgerða.

Ólíkt því sem gilt hefur til þessa er felldur ísbjörn eign þjóðarinnar og skal samkvæmt því færður Náttúrufræðistofnun til rannsóknar. Stofnunin getur hins vegar ráðstafað honum að rannsókn lokinni til safns eða skóla í því byggðarlagi þar sem hann veiddist.

Um 15. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 16. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 17. gr.

Nefndin telur æskilegt að lögin taki gildi 1. október. Þannig verður hjá því komist að ný lög taki gildi á grenja- eða hreindýraveiðitíma. Um leið gefur sú tímasetning hámarksfrest til þess að semja og setja reglugerðir í samræmi við lögin.

Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Ed. 945. Frumvarp til laga [465. mál]

um dýravernd.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

I. KAFLI
Gildissvið laganna.

1. gr.

Lög þessi taka til allra dýra, en þó einkum til þeirra sem eru í vörslu eða umsjón manna.

Um meðferð og aðbúnað einstakra búfjártegunda skal að auki fara að fyrirmælum laga og reglugerða þar að lútandi.

II. KAFLI
Meðferð dýra, vistarverur, umhirða og mörkun.

2. gr.

Skylt er að fara vel með dýr og forða þeim frá vanlíðan.

3. gr.

Eigendum eða umráðamönnum dýra ber að sjá þeim fyrir fullnægjandi vistarverum, nægilegu fóðri, vatni og umhirðu með tilliti til tegundar þeirra, aldurs, aðlögunarhæfni og tamningar. Vistarverur dýra skulu vera hreinar og hæfilega rúmgóðar.

Tryggt skal að dýr hafi hæfilegt frelsi til hreyfinga með hliðsjón af tegund þeirra og samkvæmt viðurkenndri reynslu og þekkingu. Frelsi þeirra til hreyfinga má ekki skerða á þann hátt að það valdi þeim þjáningu eða meiðslum.

Þar sem dýr eru tjóðruð eða haldið inni að staðaldri eða reglulega skal þeim séð fyrir nægilegu rými sem hæfir eðlilegum þörfum þeirra.

Haga skal lýsingu, upphitun, loftræstingu, rakastigi og öðrum atriðum í vistarverum dýra í samræmi við þarfir þeirra dýra sem þar eru. Forðast ber óþarfa hávaða.

Haga skal fóðrun dýra þannig að ekki sé hætta á að þau þjáist eða bíði heilsutjón af.

4. gr.

Eigendur eða umráðamenn dýra skulu fylgjast með heilsu þeirra og ástandi svo að komast megi hjá ónauðsynlegri vanlíðan þeirra. Sérstakt eftirlit skal haft með dýrum sem haldin eru á stórvirkum tæknibúum.

Dýralæknir eða dýraverndarráðunautur skoðar og samþykkir vistarverur sem ætlaðar eru dýrum.

5. gr.

Að vetri til þegar búfé er haldið til beitar eða látið liggja við opið er skylt að hafa góðar vistarverur og nægilegt fóður og vatn á staðnum og sinna því daglega.

6. gr.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um vistarverur dýra. Þar skal enn fremur setja fyrirmæli um lokun dýra í búrum, þröngum stíum og tjóðrun þeirra til langframa.

7. gr.

Óheimilt er að meiða dýr eða hrekkja. Þeim skal sýna vægð og nærgætni í brúkun og forðast að ofbjóða kröftum þeirra. Óheimilt er að nota útbúnað eða tæki til að aga eða reka dýr sem getur sært þau eða skaðað á annan hátt.

8. gr.

Mörkun dýra skal gerð á þeim sem yngstum og á þann hátt að valdi sem minnstum sársauka.

9. gr.

Verði maður var við dýr, sem er sjúkt, lemstrað eða bjargarvana að öðru leyti, er honum skylt að veita því umönnun eftir föngum og gera eiganda eða umráðamanni, löggæslumanni eða dýralækni viðvart án tafar. Nú næst ekki til þessara aðila og sjúkdómur dýrs eða lemstur eru tvímælalaust banvæn og er þá viðkomandi heimilt, eða jafnvel skylt, að deyða dýrið ef það er mjög kvalið. Þeim sem deyðir dýr með þessum hætti er skylt að skýra löggæslumanni frá því svo fljótt sem kostur er.

10. gr.

Ökumenn skulu sýna dýrum á vegum fyllstu tillitssemi hvort sem þau eru í fylgd manna eða ekki. Verði dýr fyrir ökutæki ber stjórnanda þess að stöðva það strax og líkna dýrinu eftir því sem tök eru á. Skal hann tilkynna um atvikið til eiganda, umráðamanns, lögreglunnar, dýralæknis eða til næsta bæjar þegar í stað.

11. gr.

Ef dýr villast frá heimilum sínum, úr girðingum eða heimahögum skulu eigendur eða umráðamenn þeirra þegar gera ráðstafanir til að handsama þau. Lögreglan getur tekið slík dýr í vörslur sínar. Þegar sauðfé á í hlut skal auk fyrirmæla í lögum um búfjárhald fara að reglum laga um afréttamál og fjallskil.

12. gr.

Við flutning á dýrum skal þess gætt að útbúnaður farartækis sé góður og við hæfi hverju sinni.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um flutning á dýrum.

III. KAFLI
Sérstakt dýrahald í atvinnuskyni, annað en í landbúnaði.

13. gr.

Sérstakt leyfi þarf til hvers konar ræktunar, verslunar, þjálfunar, tamningar, geymslu og leigu dýra umfram það sem telst til venjulegs gæludýrahalds og ekki fellur undir búfjárhald. Einnig þarf sérstakt leyfi til að setja á stofn hvers konar dýragarða, dýrasýningar eða dýrahappdrætti. Sérstakt leyfi þarf einnig til veiða villtra dýra fyrir dýragarða eða önnur söfn lifandi dýra hérlendis eða fyrir erlenda aðila.

Óheimilt er að temja dýr til sýnis almenningi eða taka af þeim kvikmyndir ef það veldur þeim sársauka eða ótta.

Leyfi skv. 1. mgr. veitir viðkomandi lögreglustjóri að fengnu áliti dýraverndarráðs.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um leyfisveitingar skv. 1. mgr. og getur bundið leyfi þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja til að tryggja hæfilega meðferð dýranna, svo sem um aðbúnað þeirra, umhirðu, vistarverur og eftirlit með starfseminni. Undanþegnar eru sýningar samkvæmt búfjárræktarlögum.

IV. KAFLI
Aðgerðir á dýrum og aflífun.

14. gr.

Dýralæknum er einum heimilt að framkvæma læknisaðgerðir á dýrum. Undanþegnar eru þó lyfjagjafir í samráði við dýralækni.

Þegar aðgerð á dýrum er sársaukafull skal ávallt nota deyfilyf eða svæfingu.

Dýralæknum einum er heimilt að gelda dýr með þeim undantekningum sem settar verða í reglugerð.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um læknisaðgerðir á dýrum. Skal þar m.a. kveðið á um lyfjagjöf, geldingar sem framkvæmdar eru af öðrum en dýralæknum og aðgerðir sem óheimilt er að framkvæma á dýrum án læknisfræðilegra ástæðna. Þar skal einnig setja fyrirmæli um erfðatæknilegar aðgerðir á dýrum, notkun hormóna eða annarra efna, sem ætlað er að hafa áhrif á eiginleika dýra í öðrum tilgangi en að fyrirbyggja eða lækna sjúkdóma og ræktun dýra er getur leitt til þjáninga fyrir þau eða haft áhrif á eðlilega hegðun.

15. gr.

Sláturdýr skulu aflífuð með skjótum og sársaukalausum hætti og án þess að önnur dýr verði þess vör. Dýr skulu ávallt svipt meðvitund áður en blóðtæming fer fram. Að öðru

leyti ber að fara að fyrirmælum laga um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum eftir því sem við á.

V. KAFLI
Dýraveiðar.

16. gr.

Skylt er veiðimönnum að gera það sem í þeirra valdi stendur til að aflífa dýr sem þeir hafa veitt áverka.

Um veiðar einstakra dýrategunda skal fara að fyrirmælum laga um landspendýr og annarra sérlaga.

VI. KAFLI
Tilraunir á dýrum.

17. gr.

Óheimilt er að nota dýr við tilraunir, rannsóknir, framleiðslu eða prófun lyfja og sjúkdómsgreiningu. Ef nauðsynlegt er talið að nota þurfi lifandi dýr við slíkt og ekki eru þekktar aðrar leiðir til að ná sama árangri getur umhverfisráðherra veitt sérstaka undanþágu frá þessu ákvæði. Gæta skal þess við tilraunir á dýrum að þær baki þeim ekki meiri þjáningar en óhjákvæmilegt er.

Undanþegnar banni þessu eru viðurkenndar rannsóknastofnanir. Við slíkar tilraunir skal þó ætíð gæta fyllstu dýraverndarsjónarmiða.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um meðferð tilraunadýra, annarra en búfjár. Skal þar kveðið á um eftirlit dýralækna með tilraunum með dýr.

VII. KAFLI
Skipan dýraverndarmála.

18. gr.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn allra mála er varða dýravernd.

Ráðherra til aðstoðar er dýraverndarráð sem umhverfisráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Í ráðinu eiga sæti fimm menn. Einn er tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, einn af Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, einn af Dýralæknafélagi Íslands og einn af sambandi dýraverndarfélaga. Umhverfisráðherra skipar einn mann í ráðið án tilnefningar og er hann jafnframt formaður. Í öllum tilfellum skal skipa annan mann til vara samkvæmt tilnefningu framangreindra félaga og sambanda. Ráðið kýs sér varaformann.

Tillagna eða umsagna dýraverndarráðs skal leita við setningu reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla um dýravernd. Ráðinu ber að gera tillögur til ráðherra um allt það sem horfir til framdráttar dýravernd í landinu. Dýraverndarráð skal láta dýraverndarnefndum, löggæslumönnum, ákæruvaldi og dómstólum í té umsagnir um málefni er varða dýravernd.

Kostnaður vegna starfsemi dýraverndarráðs greiðist úr ríkissjóði.

19. gr.

Í hverju dýralæknishéraði skal skipa sérstaka dýraverndarnefnd. Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um skipan nefnda þessara og val manna í þær. Hann setur nefndunum starfsreglur. Ráðherra getur ákveðið að fela heilbrigðisnefndum verkefni dýraverndarnefnda í fámennum umdæmum ef heppilegt þykir.

Dýraverndarnefndir skulu vera almenningi til ráðuneytis í dýraverndarmálum og vera löggæslumönnum til aðstoðar við eftirlit með lögunum.

VIII. KAFLI
Eftirlit með framkvæmd laganna og viðurlög.

20. gr.

Nú leikur grunur á að meðferð á dýrum brjóti gegn lögum og ber þá þeim sem þess verða varir að tilkynna það til lögreglu í viðkomandi umdæmi, héraðsdýralæknis, dýraverndarnefndar eða dýraverndarráðs.

Við eftirlit með lögum þessum hefur dýraverndarnefnd að fenginni heimild viðkomandi lögreglustjóra rétt til að fara á hvern þann stað innan umdæmis síns þar sem dýr eru höfð og kanna aðstæður þeirra og aðbúnað.

Dýraverndarnefnd getur tekið dýr úr vörslu eigenda eða umsjónarmanns sé um að ræða alvarlegt brot á dýraverndarlögum eða reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Ber að tilkynna slíkar aðgerðir til lögreglustjóra þegar í stað. Lögreglustjóri getur í framhaldi af því, að tillögu dýraverndarnefndar og að fenginni umsögn dýralæknis, ákveðið að leggja hald á dýrin þar til úrbætur hafa verið gerðar eða dómur fallið. Viðkomandi sveitarstjórn er skylt að útvega geymslustað, fóður og umhirðu fyrir dýrin á kostnað eiganda eða umsjónarmanns. Sé þess ekki kostur skal lögreglustjóri láta bjóða þau upp og selja til lífs eða slátrunar.

Ef um minni háttar brot er að ræða getur dýraverndarnefnd lagt fyrir eiganda eða umsjónarmann dýranna að bæta úr innan tiltekins tíma. Láti eigandi ekki skipast við tilmælin má beita þeim úrræðum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. Lögreglustjóri getur í slíkum tilvikum lagt á dagsektir eða fyrirskipað úrbætur á kostnað viðkomandi. Endurkröfur vegna þessara útgjalda eru lögtakskræfar.

21. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, varða sektum eða varðhaldi. Ef brot er stórfellt eða ítrekað getur það varðað fangelsi allt að tveimur árum.

Brot dýralæknis á ákvæðum laganna varðar að auki sviptingu leyfis til dýralækninga ef brot er ítrekað.

Hlutdeild í brotum og tilraun til brota á lögum þessum er refsiverð.

22. gr.

Nú hefur maður gerst sekur um stórfellt eða ítrekað brot á lögum þessum eða reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim og er þá unnt að svipta hann heimild til að hafa dýr í umsjá sinni, versla með þau eða sýsla með þau með öðrum hætti. Heimildasvipting getur lotið að dýrum almennt eða einstökum tegundum og staðið tiltekið tímabil eða ævilangt. Heimildasviptingu má beita gagnvart ósakhæfum manni. Ákæruvaldið getur haft uppi kröfu um heimildasviptingu í refsimáli eða sérstöku máli á hendur sakborningi. Aðili, sem sviptur er heimild samkvæmt þessari málsgrein og skeytir ekki ákvæði dóms um heimildasviptingu, skal sæta sektum.

23. gr.

Foreldrum eða öðrum forráðamönnum barna er skylt að stuðla að því að börn, sem

þau hafa forráð fyrir, hlýðnist fyrirmælum þessara laga. Nú fremur barn yngra en 15 ára brot á lögum þessum og brotið er framið með vitund foreldra eða forráðamanna og skal þeim þá refsað fyrir brotið ef sannað er að þeir hafi vanrækt að koma í veg fyrir það.

24. gr.

Um rannsókn og meðferð mála út af brotum á lögum þessum fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

IX. KAFLI
Brottfallin lög og gildistaka

25. gr.

Umhverfisráðherra setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum. Reglugerðir og aðrar stjórnvaldsreglur um dýravernd, sem settar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær brjóta ekki í bága við þau uns nýjar reglur hafa verið settar.

Lög þessi öðlast gildi þremur mánuðum eftir að þau hafa verið birt. Frá sama tíma eru numin úr gildi eftirtalin lög og reglugerðir:

Lög nr. 21/1957, um dýravernd.

Lög nr. 38/1968, um breytingu á lögum nr. 21/1957, um dýravernd.

Lög nr. 123/1935, um gelding húsdýra.

Reglugerð nr. 77/1973 um notkun dýra í vísindalegum tilgangi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Aðdragandi frumvarps þessa er orðinn all langur. Með bréfi dags. 26. febrúar 1974 fól menntamálaráðherra þáverandi dýraverndarnefnd að endurskoða lög um dýravernd, nr. 21/1957, með síðari breytingum. Hinn 18. september 1981 skiluðu meiri og minni hluti nefndarinnar hvor sínu frumvarpi ásamt greinargerðum. Hvorugt þessara frumvarpa var lagt fram. Hinn 28. mars 1983 fól menntamálaráðherra þá nýlega skipaðri dýraverndarnefnd að fjalla að nýju um fyrrgreind frumvörp og semja nýtt. Aftur skilaði nefndin frumvarpi í maí 1986. Þetta frumvarp var sent til umsagnar ýmissa aðila og voru í framhaldi af því gerðar á því ýmsar lagfæringar.

Með lögum nr. 47/1990 voru dýraverndarmálefni lögð til umhverfisráðuneytisins. Hinn 10. desember 1990 barst umhverfisráðuneytinu svo síðasta útgáfa dýraverndarnefndar af frumvarpinu og er það nokkuð breytt frá því sem er gert ráð fyrir í frumvarpinu frá 1986. Síðan þá hafa tillögur dýraverndarnefndar verið til meðferðar í umhverfisráðuneytinu. Sú gerð frumvarpsins sem hér liggur fyrir tekur í öllum aðalatriðum mið af tillögum dýraverndarnefndar frá 10. desember 1991, greinargerð dýraverndarnefndar með frumvarpinu frá 14. maí 1986 og athugasemdum einstakra aðila sem fengið hafa málið til umsagnar.

Núgildandi lög um dýravernd eru lög nr. 21/1957, sbr. lög nr. 38/1968, um breytingu á þeim lögum. Helstu breytingarnar sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir varða stjórn dýraverndarmála og virkara eftirlit með framkvæmd laganna. Þær eru þessar:

1. Sett verði á stofn sérstakt dýraverndarráð sem tekur til landsins alls. Ráðið kemur í stað dýraverndarnefndar samkvæmt núgildandi lögum. Hlutverk þess er sambærilegt hlutverki nefndarinnar.

2. Settar verði á stofn dýraverndarnefndir í héruðum landsins til að auka og tryggja

eftirlit með framkvæmd laganna. Svæðaskipting tekur mið af skiptingu landsins í dýralæknishéruð. Dýraverndarnefndum er fengið vald til að grípa til vissra aðgerða vegna illrar meðferðar á dýrum.

Auk þessara meginbreytinga eru gerðar ýmsar breytingar á einstökum ákvæðum og þau gerð um margt ítarlegri en samsvarandi ákvæði núgildandi laga. Að öðru leyti er vísað til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið er nýmæli. Þar er gildissvið laganna afmarkað. Lögin taka til allra dýra. Eðlilegt er þó að leggja áherslu á þau dýr sem eru í vörslu manna eða umsjá.

Um 2. gr.

Greinin samsvarar 1. gr. núgildandi laga.

Um 3. gr.

Greinin svarar til 2. gr. núgildandi laga en er nokkuð ítarlegri.

Um 4. gr.

Ákvæði í 1. mgr. er nýmæli og er einkum ætlað að taka til verksmiðjubúskapar þar sem störf eru í ríkum mæli vélvædd, svo sem í búskap með hænsnfugla, svín, kálfa, loðdýr og fiska. Eftir því sem vélvæðing er meiri er beint eftirlit með líðan einstakra dýra minni. Því er þörf á að setja bein fyrirmæli í lög til að tryggja slíkt eftirlit.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að dýralæknir eða dýraverndarráðunautur skoði og samþykki vistarverur sem ætlaðar eru dýrum.

Um 5. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 6. gr.

Í 3. mgr. er umhverfisráðherra veitt heimild til að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um aðbúnað dýra og umhirðu. Heppilegt væri að slíkar reglur yrðu settar í nánu samstarfi við landbúnaðarráðuneytið og þar kveðið skýrt á um verkaskiptingu ráðuneytanna í þessu efni.

Um 7. gr.

Greinin samsvarar 3. gr. núgildandi laga um dýravernd. Lagt er fyrir umhverfisráðherra að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um bönn samkvæmt þessari grein.

Um 8. gr.

Greinin samsvarar 5. gr. núgildandi laga. Fellt er burt sérákvæði um eyrnamörkun á fé, enda gildir almenna ákvæðið eftir sem áður um mörkun sauðfjár.

Um 9. gr.

Greinin samsvarar 6. og 16. gr. núgildandi laga.

Um 10. gr.

Greinin er nýmæli í lögum um dýravernd og kemur til af því hversu algengt það er að skepnur verði fyrir ökutækjum. Hliðstætt ákvæði er í 1. mgr. 10. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987.

Um 11. gr.

Eðlilegt þykir að leggja þá skyldu á herðar eigendum og umsjónarmönnum að þeir geri þegar ráðstafanir til að hafa upp á dýrum sem villast frá heimkynnum sínum. Það er áréttað að sérreglur um skil á sauðfé samkvæmt lögum um afréttamál og fjallskil ganga framar þessu ákvæði.

Um 12. gr.

Greinin samsvarar 7. gr. núgildandi laga. Gert er ráð fyrir að umhverfisráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um flutning á dýrum.

Um 13. gr.

Greinin samsvarar að verulegu leyti 4. gr. núgildandi laga, en er nokkuð ítarlegri.

Um 14. gr.

Greinin svarar til 10. og 11. gr. núgildandi laga. Tekið er fram að ekki þurfi dýralækni til að framkvæma inndælingar með viðurkenndum lyfjum. Ákvæði um aðgerðir án læknisfræðilegra ástæðna eru ítarlegri og felld er niður undanþága til að stýfa rófu af hvolpum, enda mun slíkum aðgerðum að mestu hætt. Nýmæli er að dýralæknum einum skuli heimilt að gelda dýr. Jafnframt er dýralæknum gert skylt að nota deyfilyf eða svefnlyf við allar sársaukafullar aðgerðir.

Um 15. gr.

Greinin samsvarar að mestu 9. gr. núgildandi laga, en er nokkuð ítarlegri.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Greinin svarar til 12. og 13. gr. núgildandi laga, sbr. lög nr. 38/1968. Helsta breytingin frá núgildandi lögum er að bann við tilraunum með dýr er ekki bundið við að samfara tilraununum séu sérstakar aðgerðir á dýrunum, svo sem blóðtaka eða inndæling eða aðrar aðgerðir sem til þess eru fallnar að vekja ótta eða þjáningu. Með þessu er hert á banni við notkun lifandi dýra við tilraunir.

Um 18. gr.

Greinin svarar til 17. gr. núgildandi laga. Lagt er til að í stað dýraverndarnefndar komi dýraverndarráð, til aðgreiningar frá dýraverndarnefndum sem áformað er að skipa skv. 19. gr. Hlutverk dýraverndarráðs er sambærilegt hlutverki dýraverndarnefndar samkvæmt núgildandi lögum. Fellt er niður ákvæði um að störf dýraverndarnefndar skuli vera ólaunuð. Þetta er eðlilegt þar sem í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir auknu starfi þess frá

því sem verið hefur. Að öðru leyti er vísað til almennra athugasemda varðandi þessa grein.

Um 19. gr.

Stofnun dýraverndarnefnda er nýmæli. Eðlilegt sýnist að miða við að ein dýraverndarnefnd starfi í hverju dýralæknishéraði, eins og þau eru afmörkuð í lögum nr. 77/1981. Þetta er liður í því að bæta og auka eftirlit með framkvæmd laganna.

Um 20. gr.

Greinin svarar til 14. gr. núgildandi laga. Í 1. mgr. er lögð sú skylda á alla sem verða varir við illa meðferð á dýrum að tilkynna það til viðkomandi aðila. Í 2.,3. og 4. mgr. er mælt fyrir um heimildir dýraverndarnefnda og lögreglustjóra til að grípa til aðgerða vegna brota á lögunum.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Greinin samsvarar 19. gr. núgildandi laga.

Um 23. gr.

Greinin samsvarar 20. gr. núgildandi laga.

Um 24. gr.

Greinin samsvarar 22. gr. núgildandi laga.

Um 25. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 946. Svar [336. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Önnu Ólafsdóttur Björnsson um meðferð Rannsóknarlögreglu ríkisins á málum er varða kynferðisafbrot gagnvart börnum.

Svar við fyrirspurn þessari er byggt á greinargerð frá rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, en auk þess að svara einstökum spurningum gerir hann ítarlega grein fyrir greiningu og skráningu hjá lögreglu eftir brotaflokkum, svo og þeim möguleikum sem felast í skráningu upplýsinga í tölvu. Jafnframt vísar hann til kandídatsritgerðar Áslaugar Þórarinsdóttur lögfræðings frá árinu 1989 um kynferðisbrot gegn börnum og unglingum sem bárust RLR frá 1. júlí 1977 til 1. janúar 1989, einkum varðandi fyrstu spurninguna um tímann fyrir 1989.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margar kærur bárust til Rannsóknarlögreglu ríkisins (RLR) um kynferðisafbrot gagnvart börnum yngri en 16 ára árin 1980–1990? Svar óskast sundurliðað eftir árum.*
2. *Hvers eðlis voru þau brot sem kærð voru árin 1989 og 1990? Í svari óskast tilgreindir helstu brotaflokkar og einnig hvort hinn grunaði var barninu ókunnur eða var í fjöldskyldu barnsins eða vinahópi fjölskyldu þess.*

3. *Hve margar kærur um slík brot, sem bárust RLR árin 1989 og 1990, voru sendar til ríkissaksóknara og hve margar voru ekki sendar þangað:*
   a. í heild,
   b. í þeim tilvikum þegar grunur féll á ákveðinn mann?
4. *Hvaða ástæður voru tilgreindar í þeim tilvikum sem RLR ákvað að senda kærur ekki áfram til ríkissaksóknara sömu ár?*
5. *Hve lengi voru mál, er varða kynferðisafbrot gagnvart börnum yngri en 16 ára, að jafnaði í meðferð hjá RLR árin 1989 og 1990?*

Áður en vikið verður að spurningunum þykir rétt að víkja stuttlega að fyrirspurnum og tillögu til þingsályktunar sem áður hafa komið fram á Alþingi á undanförnum árum varðandi skyld efni. Eru þau eftirtalin: a) 85. mál 110. löggjafarþings, þskj. 89, b) 87. mál 111. löggjafarþings, þskj. 89, og c) 261. mál 112. löggjafarþings, þskj. 476.

Umræður á Alþingi vegna þessara mála bera það með sér að verulegum erfiðleikum hefur verið bundið að afla áreiðanlegra upplýsinga frá réttarvörslukerfinu varðandi tíðni og umfang brota af því tagi sem hér um ræðir. Á þetta reyndar við um flest önnur brot á almennum hegningarlögum, svo og sérrefsilögum, en þó helst að frátöldum brotum á umferðarlögum.

Mjög flókið er að halda utan um tölfræðilegar upplýsingar af ýmsu tagi varðandi brotastarfsemi, jafnvel þótt fyrir hendi sé samræmd skráning á landsvísu, en slíku hefur ekki verið til að dreifa hér. Fyrirmæli dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 14. ágúst 1981, þar sem lagt var fyrir sýslumenn og bæjarfógeta að taka upp samræmda innfærslu brota í kæruskrá, voru aðeins fyrsta skrefið í þá átt að gera samanburð á milli lögsagnarumdæma mögulegan að því er varðaði tíðni einstakra brota. Annað og meira varð ekki lesið úr þeim upplýsingum. Enginn vegur var til þess að framkvæma rannsókn á tíðni brota samkvæmt aldursdreifingu eða kynferði brotamanna nema með því að skoða hvert einstakt mál og skrá upplýsingar handvirkt. Af augljósum ástæðum girti þessi staðreynd í raun fyrir það að unnt væri að svara ýmiss konar fyrirspurnum sem beint var til stjórnvalda um þessi efni.

Hinn 1. febrúar 1989 samþykkti dómsmálaráðuneytið að upp yrði tekin ný skráning á brotaflokkum í samræmi við tillögur rannsóknarlögreglustjóra og var þess jafnframt óskað að kerfið yrði útfært þannig að hægt verði að nota það á landinu öllu og að samdar yrðu leiðbeiningar um notkun á því.

Tölvukerfi það sem RLR hefur þróað í þessu skyni nær til mála frá 1. janúar 1988 og er enn í stöðugri þróun. Um frekari lýsingu á því vísast til svars RLR við fyrirspurn frá Inga Birni Albertssyni á þskj. 770, árið 1990, um störf Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Til glöggvunar skulu þó þeir brotaflokkar taldir upp hér sem varða sifskapar- og skírlífisbrot samkvæmt upplýsingum í tölvukerfi RLR:

21. kafli, sifskaparbrot.

1301	Tvíkvæni	(188. gr.)
1302	Sifjaspell	(190. gr.)
1303	Svipting forræðis	(193. gr.)
1399	Önnur sifskaparbrot	

22. kafli, skírlífisbrot.

1401	Nauðgun	(194. og 196. gr.)
1402	Kynferðisleg misneyting	(195., 197.–198. gr.)
1403	Mök við yngri en 14 ára	(200. gr., 1. mgr.)
1404	Mök við 14–16 ára	(200. gr., 2. mgr.)
1411	Blygðunarsemisbrot	(209. gr.)
1412	Klám	(210. gr.)
1499	Önnur skírlífisbrot	

Um 1. spurningu.

Svo sem áður var vikið að voru upplýsingar af því tagi, sem hér er leitað eftir, ekki tiltækar í tölvuskráðu formi fyrir 1. janúar 1988, en núverandi tölvuskráning RLR miðast við þann dag. Hins vegar vill svo til að til er kandídatsritgerð Áslaugar Þórarinsdóttur lögfræðings frá árinu 1989 sem fjallar um kynferðisbrot gegn börnum og unglingum sem bárust RLR á tímabilinu 1. júlí 1977 til 1. janúar 1989 og vísast til hennar vegna þessa liðar að því er varðar fyrirspurn fram til ársins 1989.

Varðandi árin 1989 og 1990 vísast í töflu 1.

Tafla 1

Heildarfjöldi kæra á ári til RLR	Heildarfjöldi kæra vegna kynferðisbrota gegn börnum og unglingum	Hlutfall
1989 : 5205	17	0,32%
1990 : 4913	18	0,36%

Um 2. spurningu.

Sjá töflur 2 og 3.

Tafla 2 Tengsl kærða og brotaþola Mál 1989

Brotaflokkur	Lagaákvæði	Tengsl kærða og brotaþola	
1401	194/20.gr.	Óskyld	1 mál
	194.gr.	Óskyld	1 "
1403	200.1.mgr.	Faðir	1 "
	200.1.mgr.	Óskyld	1 "
1411	209. gr.	Kennari	1 "
	209. gr.	Kennari	1 "
	209. gr.	Óskyld	8 "
1499	203. gr.	Óskyld	2 "
	203. gr.	Stjúpi	1 "
			17 mál

Tafla 3 Tengsl kærða og brotaþola Mál 1990		
Brotaflokkur	Lagaákvæði	Tengsl kærða og brotaþola
1302/1401 1401	190,194,200 194.gr. 194/20. gr	Faðir 1 mál Kunningi 1 " Óskyld 1 "
1411	209. gr. 209. gr. 209. gr. 209. gr. 209. gr.	v/barnagæslu 1 " Faðir 1 " Kunningi 1 " Systkin 2 " Óskyld 6 "
1411/1499	203, 209.gr. 202, 209.gr. 201,202,209	Óskyld 1 " Óskyld 1 " Fósturf. 1 "
1499	203. gr.	Óskyld 1 " --------- 18 mál

Um 3. spurningu.

Af þeim 17 málum árið 1989, sem bárust RLR, voru 13 send ríkissaksóknara.

Fjórar kærur, sem allar vörðuðu brot gegn brotaflokki 1411 (blygðunarsemi), voru ekki sendar ríkissaksóknara. Ástæður voru þær að í þremur tilfella var brotamaður óþekktur, en í einu tilfelli var ástæðan sönnunarstaða máls, þ.e. ekki varð unnt að sanna mál með frekari rannsókn.

Af þeim 18 málum árið 1990, sem bárust RLR, voru 13 send ríkissaksóknara.

Fjórar kærur, sem allar vörðuðu brot gegn brotaflokki 1411 (blygðunarsemi), voru ekki sendar ríkissaksóknara. Ástæður voru þær að í tveimur tilfella var brotamaður óþekktur, en í tveimur tilfellum neitaði grunaði sök og var sönnunarstaða máls mjög veik.

Eitt mál var endursent til Ólafsfjarðar með umbeðinni skýrslu.

Um 4. spurningu.

Vegna orðalags þessarar spurningar, sem telst hafa verið svarað með svari við 3. spurningu og tengsla hennar við orðalag í greinargerð með fyrirspurninni skal tekið fram að RLR er reiðubúin að upplýsa fyrirspyrjanda um einstök dæmi er hann kann að hafa vitneskju um komi fram ósk um það frá dómsmálaráðherra.

Um 5. spurningu.

Vegna þess hve mál þau, sem hér er spurt um, eru fá hefur útreikningur varðandi meðallengd þess tíma sem þau eru í rannsókn hjá RLR mjög takmarkað gildi. Sem dæmi má nefna að árið 1989 var stysti tíminn einn dagur en sá lengsti 365 dagar. Samtalan fyrir 17 mál var 1.025 dagar þannig að meðaltalið var 60 dagar. Sé málinu með 365 daga tímanum sleppt og 16 málum deilt í 1.025 kemur út meðaltími 41 dagur.

Sama gildir um árið 1990. Samkvæmt sömu reiknireglu reyndist meðaltalið vera 59 dagar. Ef málinu með lengstan rannsóknartíma var sleppt lækkaði meðaltalið í 50 daga.

Til frekari fróðleiks varðandi þessi mál fylgja hér með töflur nr. 4 og 5, þar sem lýst er aldursdreifingu brotaþola (brþ.) og kemur þar fram hvers konar brotum börn og unglingar verða fyrir.

Tafla 4	Mál 1989		17 mál
Aldur brþ.	**Brotaflokkur**	**Lagaákvæði**	**Afgreiðsla RLR**
	1499		RKS
03	1403	200.gr. 1.mgr.	RKS
04	1403	200.gr. 1.mgr.	RKS
05	1411	209.gr.	G
07	1499	203.gr.	RKS
08	1411	209.gr.	G
09	1411	209.gr.	RKS
"	1411	209.gr.	LU
"	1411	209.gr.	RKS
10	1411	209.gr.	RKS
"	1411	209.gr.	RKS
"	1411	209.gr	RKS
11	1411	209.gr.	RKS
14	1401	194.gr.	RKS
"	1411	209.gr.	G
15	1401	194.gr. 20.gr.	RKS
"	1499	203.gr.	RKS

Tafla 5	Mál 1990		18 mál
Aldur brþ.	Brotaflokkur	Lagaákvæði	Afgreiðsla RLR
03	1411	209.gr.	G
04	1302/1401	190,194,200.1	RKS
06	1411/1499	209, 203.gr	RKS
07	1411	209.gr.	G
"	1411	209.gr.	LU
"	1499	203.gr.	RKS
09	1411	209.gr.	LU
12	1411	209.gr.	RKS
13	1411	209.gr.	RKS
"	1411	209.gr.	RKS
"	1411	209.gr.	RKS
14	1401	194.gr.	RKS
"	1411	209.gr.	RKS
"	1411	209.gr.	RKS
"	1411/1499	209, 202.gr.	RKS
15	1401	194.gr.20.gr.	RKS
"	1411	209.gr.	ÓLF
"	1499/1411	201,202,209.gr.	RKS

Skýringar: RKS = Ríkissaksóknari
LU = Lagt upp
G = Geymist
ÓLF = Ólafsfjörður

Sþ. 947. Svar [337. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Önnu Ólafsdóttur Björnsson um meðferð ríkissaksóknara á málum er varða kynferðisafbrot gagnvart börnum.

1. *Hve mörg mál, er varða kynferðisafbrot gagnvart börnum yngri en 16 ára, bárust ríkissaksóknara á árunum 1980–1990? Svar óskast sundurliðað eftir árum.*

1980: 21 mál. Ákærur gefnar út í níu málum. Af þeim lauk átta með dómi, en í einu tilviki lést hinn ákærði áður en dómur gekk. Heimilaðar voru dómsáttir í ellefu málum en eitt mál var fellt niður.
1981: 14 mál. Ákært var í átta málum og gekk dómur í sjö þeirra, en í einu tilviki lést hinn ákærði áður en dómur féll. Dómsátt var heimiluð í þremur málum og þrjú mál voru felld niður.
1982: 11 mál. Ákært var í fimm þeirra og lauk öllum með dómi. Í fjórum málum voru dómsáttir heimilaðar, en tvö mál voru afgreidd með ákærufrestun.
1983: 11 mál. Ákært var í átta málum og lauk öllum með dómi. Dómsáttir voru heimilaðar í tveimur málum, en eitt mál var fellt niður.
1984: 15 mál. Ákært var í níu málum og lauk öllum með dómi. Dómsáttir voru heimilaðar í fjórum málum, en tvö mál voru felld niður.
1985: 15 mál. Ákært var í fjórum málum og lauk öllum með dómi. Dómsáttir voru heimilaðar í fjórum málum, en sjö mál voru felld niður.
1986: 15 mál. Ákært var í sex málum og lauk öllum með dómi. Dómsáttir voru heimilaðar í fjórum málum, en fimm mál voru felld niður.
1987: 4 mál. Dómsátt var heimiluð í þremur málum, en eitt mál var fellt niður.
1988: 2 mál. Báðum málum var lokið með dómsátt.
1989: 4 mál. Öll afgreidd með dómsátt.
1990: 11 mál. Lokið er afgreiðslu fimm mála. Í þremur þeirra var ákært, en tvö mál voru felld niður. Óafgreidd eru sex mál frá síðustu þremur mánuðum ársins.

2. *Hve mörgum þessara mála lauk með dómi og hve mörg þeirra voru felld niður?*

Sjá svör við 1. spurningu.

3. *Hvaða ástæður voru tilgreindar ef ríkissaksóknari felldi slík mál niður? Svar óskast sundurliðað eftir helstu ástæðum fyrir niðurfellingu og kæruefnum og nái til áranna 1989 og 1990.*

Helstu ástæður voru þær að rannsóknargögn þóttu eigi nægileg eða líkleg til sakfellis, sbr. 1. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, en þar segir að eftir að ríkissaksóknari hefur fengið í hendur rannsóknargögn athugi hann hvort mál skuli höfðuð eða eigi. Ef hann telur það sem fram er komið ekki nægjanlegt eða líklegt til sakfellis lætur hann við svo búið standa.

4. *Hverjar voru dómsniðurstöður í þeim málum er lauk með dómi, sbr. 2. lið? Svar óskast sundurliðað eftir helstu kæruefnum og niðurstöðum dóma og taki til áranna 1989 og 1990.*

Eigi hefur gefist tími til þess að afla gagna til upplýsinga um dómsniðurstöður í þeim málum sem lauk með dómi.

5. *Hve lengi voru mál, er varða kynferðisafbrot gagnvart börnum yngri en 16 ára, að jafnaði til umfjöllunar hjá ríkissaksóknara árin 1989 og 1990?*

Afgreiðsla mála:

1989

Númer máls	**Málið kom**	**Mál afgreitt**	**Tími**
110	13.09.89	07.09.89	$7^1/_2$ mán.
774	20.03.89	13.06.89	$2^1/_2$ mán.
981	17.04.89	18.07.89	2 mán.
2605	22.09.89	12.10.89	3 vikur

Fjögur mál á árinu, meðaltal u.þ.b. þrír mánuðir á mál.

1990

Númer máls	**Málið kom**	**Mál afgreitt**	**Tími**
606	15.03.90	02.04.90	3 vikur
1949	31.10.90		
3632	21.09.90		
3982	17.10.90		
4228	01.11.90		
4230	01.11.90		
4235	12.11.90		
4604	04.12.90	21.12.90	2 vikur
4858	31.12.90		
4860	31.12.90	21.01.91	3 vikur
4862	31.12.90		

Nd. 948. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um breyt. á læknalögum, nr. 53/1988, með breytingu nr. 50/1990.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fund nefndarinnar kom Gunnsteinn Gunnarsson læknir. Umsagnir bárust frá læknaráði Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, læknaráði Landakotsspítala, Geðlæknafélagi Íslands, læknaráði Borgarspítalans, læknadeild Háskóla Íslands, Læknafélagi Íslands, læknaráði Landspítalans, Tryggingastofnun ríkisins og landlækni.

Ítarlegar umræður urðu í nefndinni um 1.–3. gr. frumvarpsins en ekki var útrætt um efni þeirra og því leggur nefndin til að þær verði ekki afgreiddar á þessu stigi.

Nefndin leggur til að breytingar verði gerðar á 4. gr. frumvarpsins. Auk orðalagsbreytinga er gerð tillaga um að læknum sé skylt að afhenda, sé þess óskað, landlækni eða öðrum opinberum aðilum afrit sjúkraskrár, eins og sjúklingum, en ekki frumrit hennar. Lagt er til að þeir opinberu aðilar, sem með lögum er falið faglegt eftirlit með heilbrigðisstéttum, geti einnig fengið afrit sjúkraskrár. Gerð er tillaga um orðalagsbreytingu á 4. mgr. 16. gr. laganna til að merking verði skýrari, þ.e. ef læknir telur ekki þjóna hagsmunum sjúklings að afhenda honum eða umboðsmanni hans afrit sjúkraskrár skuli hún afhent landlækni til afgreiðslu.

Nefndin leggur ríka áherslu á að í reglugerð, sem heilbrigðisráðherra setur um afhendingu og varðveislu sjúkraskráa, verði tryggilega gengið frá því með hvaða hætti afrit sjúkraskráa skuli afhent. Að mati nefndarinnar ber að afhenda þau persónulega eða með ábyrgðarsendingu þannig að um þessi viðkvæmu skjöl verði ætíð fjallað í fyllsta trúnaði og þess gætt að þau lendi ekki í röngum höndum.

Guðmundur G. Þórarinsson og Ragnhildur Helgadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. mars 1991.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm.
Anna Ólafsdóttir Björnsson, fundaskr.
Geir Gunnarsson.
Geir H. Haarde, með fyrirvara.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Nd. 949. Breytingartillögur [153. mál]

við frv. til l. um breyt. á læknalögum, nr. 53/1988, með breytingu nr. 50/1990.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. 1.–3. gr. falli brott.

2. 4. gr. orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 50/1990:
   a. 2. mgr. orðist svo:
      Lækni er skylt að afhenda sjúklingi eða umboðsmanni hans afrit sjúkraskrár, allrar eða að hluta, sé hún færð eftir 30. júní 1988. Lækni er þó skylt að afhenda landlækni og öðrum opinberum aðilum, sem með lögum er falið að hafa faglegt eftirlit með heilbrigðisstéttum eða sinna kvörtunum og kærum sjúklinga vegna læknismeðferðar, afrit sjúkraskrár sem trúnaðarmál án tillits til þess hvenær hún var færð.
   b. Í stað orðanna „framangreindum aðilum“ í 4. mgr. komi: honum eða umboðsmanni hans.
3. Síðari málsliður 5. gr. falli brott.

Sþ. 950. Nefndarálit [271. mál]

um till. til þál. um íslenska heilbrigðisáætlun.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um tillöguna og fékk til viðræðna um hana Pál Sigurðsson, ráðuneytisstjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Tillaga um sama efni hefur tvívegis áður verið lögð fram á Alþingi. Eftir verulega umfjöllun um tillöguna á síðasta þingi, m.a. með hliðsjón af fjölmörgum umsögnum sem nefndinni bárust, taldi nefndin ekki grundvöll fyrir því að afgreiða málið og lagði því til að tillögunni yrði vísað til ríkisstjórnarinnar og hún endurskoðuð með hliðsjón af ábendingum nefndarinnar og fyrirliggjandi umsögnum. Þó að tillagan væri lögð fram endurskoðuð á þessu þingi taldi nefndin enn töluverða vankanta á henni og hefur því niðurstaða meiri hl. nefndarinnar orðið sú að leggja til verulegar breytingar á tillögunni. Breytingarnar felast m.a. í því að formi tillögunnar hefur verið breytt og auk þess gerðar breytingar á texta, bæði efnislegar og málfarslegar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 13. mars 1991.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm. Rannveig Guðmundsdóttir, fundaskr. Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Alexander Stefánsson. Ásgeir Hannes Eiríksson.

Sþ. 951. Breytingartillaga [271. mál]

við till. til þál. um íslenska heilbrigðisáætlun.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar (HG, RG, AS, ÁHE, AÓB).

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að stefna í heilbrigðismálum á Íslandi fram til ársins 2000 skuli taka mið af heilbrigðisáætlun þeirri sem hér er sett fram í 32 liðum og hefur það að markmiði að bæta heilsufar þjóðarinnar.

Almenn stefna í heilbrigðismálum.

1.

Tilgangur heilbrigðisþjónustunnar er að skapa jafnrétti í heilbrigðisþjónustu, að bæta árum við lífið, heilbrigði við lífið og lífi við árin. Til þess að svo megi verða þarf að taka fullt tillit til heilbrigðissjónarmiða í þjóðfélaginu.

Ákvarðanir stjórnvalda verða ekki síður byggðar á vitneskju um heilsufarslegar afleiðingar ákvarðana en um efnahagsleg og menningarleg áhrif. Gefa þarf sérstakan gaum að þörfum þeirra sem verst eru settir og þjóðfélagshópa sem ekki njóta fyllsta jafnréttis til að öðlast heilbrigði eða njóta heilbrigðisþjónustu. Í þessu sambandi er rétt að nefna sérstaklega aldraða, þá sem þjást af langvinnum sjúkdómum sem valda verulegri fötlun og þá sem fatlaðir eru frá fæðingu.

2.

Stefnt skal að því að saman fari í heilbrigðisþjónustu ábyrgð á fjármögnun og rekstri.

Heimilt verði að gera samninga við félög og samtök um að annast afmarkaða rekstrarþætti í heilbrigðisþjónustu eftir því sem hagkvæmt er talið.

Heilsugæslustöðvar og sjúkrastofnanir.

3.

Heilsugæslustöðvar skulu vera hornsteinar heilsugæslunnar hver á sínu starfssvæði í samvinnu við göngudeildir sjúkrahúsa og sérhæfðar stofnanir.

Þjónusta heilsugæslustöðva skal ná til allra landsmanna árið 1995 þannig að framkvæmd heilsugæslu verði sambærileg um land allt.

Leitast skal við að auka samstarf heilsugæslunnar við aðra aðila, svo sem fræðsluyfirvöld, félagsmálastofnanir og íþróttahreyfinguna í því skyni að auka heilsuvernd og heilsurækt.

4.

Setja skal reglur um flokkun sjúkrastofnana, verkaskiptingu og starfssvið og gera þar skýran greinarmun á sérhæfðu sjúkrahúsi, almennu sjúkrahúsi og hjúkrunarheimili.

Setja skal reglur um þjónustusvæði og hlutverk einstakra sjúkrahúsa og um mönnun þeirra.

5.

Í samræmi við ályktun Alþingis frá 7. febrúar 1991 verði á næstu fjórum árum komið á fót skrifstofum heilbrigðismála í öllum kjördæmum landsins og sinni þær m.a. verkefnum fyrir héraðslækna, heilbrigðismálaráð og Tryggingastofnun, svo og fjárhagslegri

og faglegri áætlanagerð og eftirliti með heilbrigðisþjónustu á svæðinu.

Heilbrigðir lífshættir.

6.

Samræma skal forvarna- og heilbrigðisfræðslu á vegum heilbrigðisráðuneytis, landlæknis og skrifstofa heilbrigðismála í kjördæmunum þannig að hagfelld skipan komist á ráðgjöf um heilbrigða lífshætti, gerð fræðsluefnis og endurmenntun starfsliðs í heilsugæslu á þessu sviði. Þetta varðar m.a. áfengisvarnir, manneldismál, tannvernd, tóbaksvarnir, samstarfsverkefni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um forvarnir og aðra forvarnastarfsemi eftir því sem við verður komið.

Til að stuðla að heilbrigðum lífsháttum skal lögð á það áhersla að starfslið heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa fái grundvallarmenntun í heilbrigðisfræðslu og heilsufræði til þess að geta miðlað þeim sem þangað leita.

Leita skal samvinnu við skóla og félög um að þau taki þátt í átaki fyrir heilbrigðari lífsháttum.

7.

Manneldis- og neyslustefna verði í samræmi við þingsályktun frá 19. maí 1989 og þær upplýsingar sem neyslukannanir leiða í ljós.

Enda þótt næringarástand þjóðarinnar sé talið gott þarf að tryggja að allir fái nægan mat og að í honum séu rétt hlutföll frá næringarfræðilegu sjónarmiði.

Leggja skal áherslu á framleiðslu og framboð hollrar fæðu. Auðvelda þarf fæðuval með áberandi og vel skiljanlegum upplýsingum um vörur.

8.

Draga skal úr og helst útrýma neyslu tóbaks með því að fá fólk til að byrja ekki að reykja og þá sem reykja til að hætta. Til þess að ná þessu takmarki verður að auka bæði upplýsingar og áróður og athuga sérstaklega tengsl milli reykinga og annarra lífshátta.

Koma þarf í veg fyrir að fólk, sem ekki reykir, þurfi að líða tóbaksreyk.

Verð á tóbaksvörum ætti að hækka umfram almennar verðhækkanir.

Útiloka ber áhrif innflytjenda á útsöluverð tóbaksvara.

9.

Draga þarf úr almennri neyslu áfengis og útrýma ofneyslu. Leggja skal sérstaka áherslu á upplýsingastarfsemi og hefja áróður gegn slæmum drykkjusiðum. Upplýsa þarf um heilsufarslegar afleiðingar áfengisnotkunar og auka ráðgjöf, m.a. til að greina áfengisvanda á byrjunarstigi.

Stofna þarf til samvinnu milli heilbrigðisyfirvalda og félagasamtaka með það að markmiði að draga úr áfengisneyslu.

Verð áfengra drykkja ætti að hækka stig af stigi næstu fimm ár umfram almennar verðhækkanir, sterkt áfengi meira en létt vín og bjór hlutfallslega minnst.

10.

Skipulagðar verði varnir gegn notkun ólöglegra vímugjafa og neyslu lyfja sem vímugjafa. Upplýsa þarf um heilsufarslegar afleiðingar notkunar þessara efna. Lögð verði áhersla á samstarf við skóla, æskulýðs- og íþróttafélög og önnur þau félagasamtök sem

leggja vilja lið baráttunni gegn ólöglegum vímuefnum. Samráð verði haft milli hlutaðeigandi stjórnvalda til að draga úr framboði á ólöglegum vímugjöfum.

11.

Efla þarf aðstöðu almennings til íþróttaiðkana innan dyra og byggja í því skyni almenningsíþróttahús eða samnýta betur en nú er tiltæk íþróttamannvirki. Auðvelda þarf fólki að hreyfa sig utan dyra og leggja sérstakar gangbrautir og hjólreiðabrautir í þéttbýli.

Skipulagsmálum skal haga þannig að fólk, einkum hið eldra og þeir sem eru fatlaðir, geti notið umhverfisins með hreyfingu og þjálfun utan dyra.

Heilbrigðiseftirlit og umhverfisvernd.

12.

Með heilbrigðis- og umhverfiseftirliti skal stuðlað að líkamlegri og andlegri velferð manna með því að fylgjast með áhættuþáttum í umhverfinu og draga úr áhrifum þeirra.

Áherslu skal leggja á fræðslu og samvinnu um þessi mál fremur en valdboð.

Tryggja þarf fullnægjandi sérfræðiþekkingu starfsmanna við störf að heilbrigðis- og umhverfiseftirliti. Miða ætti við að á hverju heilbrigðiseftirlitssvæði verði að jafnaði einn heilbrigðisfulltrúi á hverja 7.000 íbúa.

13.

Leggja ber áherslu á eftirlit og grunnrannsóknir varðandi heilnæmi neysluvatns, matvæla og annarra neysluvara.

Bæta skal smitsjúkdómavarnir með ónæmisaðgerðum, m.a. með því að hefja notkun á nýjum og nothæfum bóluefnum jafnóðum og þeirra er völ.

Efla þarf rannsóknir og eftirlit til að upplýsa orsakir matarsýkinga og matareitrana.

Hefja skal rannsóknir og eftirlit með efnisþáttum, aukefnum, eiturefnum og aðskotaefnum í neysluvörum.

14.

Leggja skal áherslu á að fólk verði ekki fyrir skaðlegri geislun. Notkun röntgentækja skal stillt í hóf og efla ber fræðslu um ójónandi geislun, t.d. við sólböð og notkun sólarlampa. Auka skal eftirlit með geislavirkni í matvælum og umhverfi og gæta þess að geislavirkar neysluvörur komist ekki á markað.

Áhersla skal lögð á að draga úr hávaða frá umferð og atvinnurekstri og áhrifum hans og taka tillit til þess við skipulag byggðar.

15.

Fylgst skal með sem flestum mengunarþáttum um allt land og komið í veg fyrir umhverfismengun eins og frekast er kostur. Enn fremur skal reynt að mæla og meta þá mengun sem berst til landsins með vindum og hafstraumum.

Dregið skal úr mengun vegna útblásturs frá ökutækjum og í iðnaði og mengun vatna og sjávar af völdum fiskeldis.

Bæta skal frágang skolpútrása og að því stefnt að allt skolp frá þéttbýli verði grófhreinsað ef það er leitt til sjávar. Við skipulag byggðar sé ávallt gert ráð fyrir fullnægjandi lausn frárennslismála.

Aðferðir við losun úrgangs verði bættar og stefnt að því að endurvinna úrgang.

Setja skal loftgæðastaðla og athuga reglur um loftræstingu í almennum byggingum og á vinnustöðum.

Til að tryggja heilnæmi innilofts verði settar reglur um efni í húsgögn og til innréttinga á íbúðarhúsnæði og vinnuhúsnæði.

16.

Stefnt skal að fullnægjandi aðbúnaði á vinnustöðum til að fækka alvarlegum vinnuslysum um a.m.k. fjórðung fram til ársins 2000.

Gera skal áætlun um vinnuvernd með forgangsröðun verkefna.

Gæta þarf bæði að geðrænum og líkamlegum heilbrigðisvandamálum sem tengd eru vinnu. Auka þarf tengsl heilsugæslustöðva við vinnustaði á starfssvæði þeirra.

Brýnt er að framfylgt sé reglum um hávaðavarnir á vinnustað og heyrnareftirlit starfsmanna.

Minnka þarf verulega áhrif skaðlegra efna á vinnustöðum.

17.

Stefnt skal að því að fækka slysum, m.a. með aukinni fræðslu, stofna skal slysavarnaráð sem hafi yfirumsjón með slysavörnum í landinu.

Þróun heilbrigðiskerfisins.

18.

Í þróun heilbrigðisþjónustunnar skal sérstök áhersla lögð á heilsugæslu.

Markvisst skal dregið úr þeim mismun sem enn er á möguleikum fólks til heilbrigðisþjónustu eftir búsetu.

Fjöldi starfsliðs í heilbrigðisþjónustu skal taka mið af verkefnum sem kunna að aukast vegna aukinnar áherslu á forvarnir og fjölgunar í eldri aldurshópum.

19.

Stefnt skal að því að gera heilbrigðisþjónustuna persónulegri og þjálli en hún er nú. Einnig skal reynt að hafa meðferð samfellda þannig að sjúklingar geti ávallt leitað sama læknis þegar um langvarandi meðferð er að ræða.

20.

Áætlun skal gerð um nauðsynlega mönnun á hverri heilsugæslustöð. Áætlunin skal byggjast á skipulegri upplýsingaöflun um starfssvæði hverrar stöðvar (svæðisgreiningu). Aldrei skulu (þó) vera færri en einn heilsugæslulæknir og einn hjúkrunarfræðingur á hverja 1.000 íbúa eða brot úr þeirri tölu á heilsugæslustöðvum í dreifbýli. Í þéttbýli skulu vera a.m.k. einn læknir og einn hjúkrunarfræðingur á hverja 1.500 íbúa. Annað sérmenntað starfslið ákvarðist af aðstæðum á hverjum stað.

21.

Fyrir árið 1995 skal vera völ á sérfræðiþjónustu á öllum H2 heilsugæslustöðvum. Skal þetta gert með skipulögðum ferðum sérfræðinga í samráði við viðkomandi heilsugæslustöðvar og með ráðningu sérfræðinga eftir þörfum.

22.

Stefnt skal að því að endurhæfingarstarfsemi verði í hverju heilsugæsluumdæmi, annaðhvort við heilsugæslustöð eða sjúkrahús. Endurhæfingarstarfsemi þarf að fela í sér fræðslu og fyrirbyggjandi þjálfun fyrir einstaklinga, sérstaka hópa og almenning auk endurhæfingar vegna afleiðinga sjúkdóma og slysa.

23.

Sérstakt átak skal gera til þess að bæta tannheilsu þjóðarinnnar. Kannaðar skulu leiðir til þess að auka (verulega) varnir gegn tannskemmdum, m.a. með tannvernd og réttu mataræði.

Kanna þarf hvernig megi tryggja betur en nú er að tannheilsugæsla sé hluti af almennri heilsugæslu og starfsemi heilsugæslustöðva. Skólatannlækningar skulu skipulagðar í öllum grunnskólum landsins.

24.

Gæðum sérfræðiþjónustu sjúkrahúsa skal haldið og þau aukin eftir því sem kostur er.

Tengsl milli sérfræðiþjónustu sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva skulu aukin og bein tengsl tekin upp milli heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa að þessu leyti.

Tengslum verði komið á milli sérfræðinga sem starfa á sjúkrahúsum og heilsugæsluumdæma þannig að ákveðið sjúkrahús hafi umsjón með sérfræðiþjónustu á ákveðnu heilsugæslusvæði.

Göngudeildaþjónusta sjúkrahúsa skal skipulögð og efld.

Sérstök áhersla skal lögð á að geðlæknisþjónusta verði veitt á heilsugæslustöðvum og menntun heilsugæslulækna og hjúkrunarfræðinga miðist við að þeir geti sinnt geðsjúklingum. Gera skal ráð fyrir að geðspítalar í Reykjavík og á Akureyri taki að sér þjónustuhlutverk fyrir ákveðin heilsugæslusvæði.

Áhersla verði lögð á að sjúklingar með langvarandi geðsjúkdóma fái inni á langlegudeildum eða sambýlum með öðrum sjúklingum. Aldraðir geðsjúklingar, sem þurfa á dvöl að halda á stofnunum, verði vistaðir, svo sem unnt er, á almennum hjúkrunardeildum.

25.

Haldið skal áfram uppbyggingu öldrunarþjónustu, skal að því stuðlað að aldraðir sjúklingar verði vistaðir á hjúkrunarheimilum í sinni heimabyggð.

Vinna skal áfram að auknum tengslum öldrunarþjónustunnar og heilbrigðisþjónustunnar annars vegar og félagslegu þjónustunnar hins vegar eins og lög um málefni aldraðra gera ráð fyrir.

Leggja skal áherslu á endurhæfingu aldraðra og stuðla að því að þeir geti dvalið sem lengst í heimahúsum með aðstoð heimilishjálpar, dagvistar og heimahjúkrunar.

26.

Málefni lyfjasölu og lyfjaneyslu skal taka til sérstakrar athugunar, m.a. möguleika heilsugæslustöðva til þess að annast lyfjasölu og ráða lyfjafræðinga til að sinna þeim verkefnum á sama hátt og annað heilbrigðisstarfslið er ráðið.

Upplýsingar til fólks um lyf og lyfjaneyslu skulu auknar og ráðstafanir gerðar til þess að draga úr ónauðsynlegri og óhóflegri lyfjaneyslu hvort sem hún er á kostnað sjúkratrygginga eða ekki.

Stefnt skal að virku samstarfi heilsugæslustöðva og sjúkrastofnana annars vegar og apóteka hins vegar í sambandi við hagkvæmt lyfjaval og að læknar fái jafnan upplýsingar um lyfjaávísanir sínar og kostnað af þeim.

Framlög til heilbrigðismála og mannafli.

27.

Stefnt skal að því að útgjöld til heilbrigðismála haldist a.m.k. í sama hlutfalli af þjóðarframleiðslu og nú er til að unnt sé að mæta auknum þörfum vegna öldrunar íbúanna og fjölgunar langvarandi sjúkdóma, svo og ráðstafana til fyrirbyggjandi aðgerða og meðferðar.

Gera skal áætlun um byggingu heilbrigðisstofnana með það að markmiði að ljúka uppbyggingu heilsugæslustöðva fyrir árið 1995 og að fyrir árið 2000 verði að fullu sinnt annarri þjónustu á stofnunum eins og áætlunin gerir ráð fyrir.

28.

Gera skal áætlun fyrir árið 1993 um heildarmannaflaþörf í heilbrigðisþjónustu og auk þess um fjölda í löggiltum heilbrigðisstéttum fram til ársins 2000.

Rannsóknir og kennsla.

29.

Í grunnskólum skal kenna undirstöðuatriði í líkams- og heilsufræði, svo og í næringarfræði og matargerð. Þar skal einnig veita fræðslu um kynlíf, um ábyrgð á eigin heilbrigði, um líkamsþjálfun og um vímuefni og fyrstu hjálp við slysfarir.

Í framhaldsskólum skal efla fræðslu um mataræði og matseld, um kynlíf, samlíf og foreldrahlutverkið, um vímuefni, um hvíld, streitu, geðvernd og fyrstu hjálp við slysfarir.

Námsskrár grunn- og framhaldsskóla og skóla heilbrigðisstétta skal endurskoða með tilliti til þeirrar áherslu sem leggja skal á heilsugæslu og heilbrigðisfræðslu.

Námsskrár skóla heilbrigðisstétta skulu samdar af aðilum sem tilnefndir eru bæði af menntamála- og heilbrigðisyfirvöldum. Kanna skal möguleika á sameiginlegri grunnmenntun þessara stétta þannig að fólk geti skipt um starf án mikillar viðbótarmenntunar.

Með aðstoð fjölmiðla, einkum sjónvarps, skal koma á framfæri fræðslu um heilbrigða lífshætti, um hollt mataræði, um heilsurækt, geðvernd, lyf og slysahættur.

30.

Sem fyrst verði komið á fót upplýsinga- og eftirlitskerfi til að annast reglubundið mat á starfsemi heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa og störfum heilbrigðisstétta.

Heilbrigðisrannsóknir skulu efldar og í því skyni gerð sérstök rannsóknaáætlun fyrir árið 1993 til að styðja framkvæmd þessarar heilbrigðisáætlunar. Sérstaklega skal gefa gaum að rannsóknum á sambandi lífshátta og umhverfis á heilsufar, svo og rannsóknum á heilbrigðiskerfinu sjálfu. Vinna skal að því að gera allar upplýsingar aðgengilegar almenningi.

31.

Efla þarf vísindarannsóknir til þess að auka þekkingu og skilning á sjúkdómum sem hafa í för með sér alvarleg langvarandi sjúkdómseinkenni. Slíkar rannsóknir verði fyrst og fremst gerðar til þess að reyna að koma í veg fyrir sjúkdóma eða til að greina þá á frumstigi. Einkum þarf að einbeita sér að rannsóknum á sjúkdómum sem eru hlutfallslega algengir á Íslandi.

Nýta þarf aðstöðu á rannsóknastofum vel til þess að mennta og þjálfa stúdenta, einkum þó þá sem lokið hafa námi í læknisfræði, líffræði og öðrum starfsgreinum heilbrigðisþjónustunnar.

Alþjóðasamstarf.

32.

Gera skal áætlun um í hve miklum mæli og hvernig Ísland getur tekið þátt í alþjóðasamstarfi um heilbrigðismál.

Sþ. 952. Nefndarálit [271. mál]

um till. til þál. um íslenska heilbrigðisáætlun.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Það er álit sjálfstæðismanna í nefndinni að þessi tillaga til þingsályktunar um íslenska heilbrigðisáætlun feli að mörgu leyti í sér góð markmið. Þannig eru þeir samþykkir þeirri almennu stefnu í heilbrigðismálum sem fram kemur í 1. tölul., að skapa þurfi jafnrétti í heilbrigðisþjónustu og að taka þurfi fullt tillit til heilbrigðissjónarmiða í þjóðfélaginu. Minni hl. vill einnig að stuðlað sé að heilbrigðum lífsháttum með auknu forvarnastarfi og að skipulagðar verði varnir gegn notkun ólöglegra vímugjafa. Jafnframt þarf að stuðla að heilbrigðiseftirliti og umhverfisvernd. Þá er einnig mikilvægt að efla vísindarannsóknir til þess að auka þekkingu og skilning á sjúkdómum.

Þrátt fyrir ýmis góð markmið í þessari tillögu kemur fram nokkuð varhugaverð stefna í ýmsum þáttum hennar, t.d. sú mikla áhersla sem lögð er á rekstur heilsugæslustöðva. Hætt er við að þessar stofnanir verði of stórar og ópersónulegar og að þau hlutverk, sem þeim verði falin, muni reynast þung í vöfum. Í ýmsum liðum virðist þessi tillaga stefna að meiri ósveigjanleika í heilbrigðisþjónustunni almennt og er þannig hætta á að hlutur sjúklinga verði fyrir borð borinn. Reynslan hefur sýnt að aukin miðstýring í heilbrigðisþjónustu hefur fremur dregið úr gæðum hennar gagnvart þeim sem hún á að þjóna.

Sjálfstæðismenn leggja áherslu á það að fólk geti valið sér þá heilbrigðisþjónustu sem því hentar best, hvort sem um er að ræða almenna lækna, sérfræðinga eða sjúkrahús. Þessi áætlun virðist ekki þjóna því markmiði. Enn fremur þykir hæpið að Alþingi álykti nú rétt fyrir þinglok hver skuli vera stefna í heilbrigðismálum á Íslandi til ársins 2000 og bindi þannig hendur stjórnvalda næstu árin. Hins vegar telur minni hl. mikilvægt að

áfram sé unnið að áætlun um íslenska heilbrigðisþjónustu og leggur því til að tillögu þessari verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** til endurskoðunar svo að um hana megi nást full samstaða.

Alþingi, 13. mars 1991.

Sólveig Pétursdóttir, frsm. Kristinn Pétursson.

Sþ. 953. Nefndarálit [371. mál]

um till. til þál. um afnám margsköttunar á iðgjaldi sjóðfélaga til lífeyrissjóða.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt með breytingu sem nefndin flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 13. mars 1991.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm. Rannveig Guðmundsdóttir, fundaskr. Sólveig Pétursdóttir.

Alexander Stefánsson. Ásgeir Hannes Eiríksson. Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Kristinn Pétursson.

Sþ. 954. Breytingartillögur [371. mál]

við till. til þál. um afnám margsköttunar á iðgjaldi sjóðfélaga til lífeyrissjóða.

Frá félagsmálanefnd.

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að gera könnun á skattalegri meðferð lífeyrissparnaðar og undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar til að slíkur sparnaður njóti ekki lakari kjara en annar sparnaður í landinu.
2. Fyrirsögn till. orðist svo: Till. til þál. um skattalega meðferð á lífeyrissparnaði.

Nd. 955. Nefndarálit [114. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 6/1977.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á fjórum fundum. Mál þetta er endurflutt og lágu fyrir umsagnir þriggja aðila frá síðasta þingi: Félagi hrossabænda, Skipulagi ríkisins og Vegagerð ríkisins. Til viðbótar barst nefndinni umsögn frá Landssambandi hestamannafélaga.

Þrír umsagnaraðilar, Skipulag ríkisins, Landssamband hestamannafélaga og Félag hrossabænda, mæla með því að frumvarpið verði lögfest. Skipulagsstjóri ríkisins telur frumvarpið ótvírætt spor í rétta átt en telur æskilegt að gera frumvarpið ítarlegar úr garði. Vegagerð ríkisins leggur hins vegar til að ákvæði núgildandi laga haldist óbreytt, þ.e. að Vegagerðin skuli aðstoða samtök hestamanna við gerð reiðvega. Nefndin tekur undir það sjónarmið að af skipulags- og öryggisástæðum sé rétt að fela Vegagerð ríkisins að sjá um gerð reiðvega meðfram þjóðvegum, svo og um reiðvegi milli sveita eða landshluta. Í því sambandi bendir nefndin á að einnig í menningarsögulegu tilliti er æskilegt að halda við eða varðveita fornar reiðleiðir. Þá bendir nefndin á að Alþingi er nú situr hefur samþykkt ályktun um að samgönguráðherra sé falið að gera sérstaka reiðvegaáætlun í samvinnu við tiltekna aðila.

Nefndin telur rétt að athugað verði hver eigi að vera hlutur Vegagerðar ríkisins við gerð reiðvega og hvernig haga skuli samstarfi Vegagerðarinnar, Skipulags ríkisins og sveitarfélaga í þessum málum. Með vísan til þessa leggur nefndin til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 13. mars 1991.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Guðni Ágústsson, fundaskr.	Ólafur Þ. Þórðarson.
Friðjón Þórðarson.	Árni Gunnarsson.	Matthías Á. Mathiesen.
	Kristín Einarsdóttir.	

Nd. 956. Frumvarp til laga [466. mál]

um breytingu á lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

1. gr.

1. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Sjóðfélagar skv. 1. tölul. 2. gr. greiða 4% af öllum launatekjum sínum frá ríkissjóði í iðgjald til sjóðsins.

2. gr.

3. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Launagreiðendur greiði í iðgjöld til sjóðsins 6% af öllum launagreiðslum sem sjóðfélagi tekur hjá þeim og skal greiða þau til sjóðsins samtímis iðgjöldum sjóðfélaga.

3. gr.

Á eftir 12. gr. a kemur ný grein, 12 b, svohljóðandi:

Þeim ríkisstarfsmönnum, sem ekki hafa fengið að greiða iðgjald til Lífeyrissjóðsins af aukatekjum sínum frá ríkissjóði, er heimilt að kaupa full réttindi til eftirlauna á eftirfarandi hátt:

a. Greiða að fullu lífeyrissjóðstillag sem þeir hefðu átt að greiða af aukatekjum með einni greiðslu.
b. Greiða lífeyrissjóðstillag með afborgunum á 5–10 árum eftir samkomulagi.
c. Tillag lífeyrisþega verði dregið frá auknum eftirlaunum hans á 5–10 árum.

Ríkissjóður skal semja við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins um greiðslu þess hluta tillagsins sem ríkissjóði ber að greiða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lífeyrir er einhver dýrmætasti réttur vinnandi fólks og því verður að tryggja öllum launþegum sanngjörn eftirlaun að loknum starfsdegi. Nú er mikið misræmi í greiðslum eftirlauna til opinberra starfsmanna. Eftirlaun eru ekki greidd af aukavinnutekjum og ríkisstarfsmenn fá ekki að greiða iðgjald af aukavinnu í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þeir eru þó að sjálfsögðu skyldugir til að greiða skatta og önnur gjöld af þessum aukavinnutekjum í ríkissjóð þrátt fyrir það.

Það getur munað lífeyrisþega umtalsverðum fjárhæðum í dag hvort hann hefur fengið greidd laun samkvæmt háum launaflokki eða fengið sömu heildarlaun greidd að hluta í föstum launum og að hluta í aukavinnugreiðslum. Þess eru mörg dæmi hjá ríkinu að aukavinna starfsmanna sé frá $^1/_4$ til $^1/_3$ af heildartekjum þeirra. Það er hátt hlutfall af ævitekjum starfsmanna og allt saman utan við lífeyrisrétt þeirra.

Samkvæmt lögum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna ber starfsmönnum skylda til að vinna ákveðna eftirvinnu ef yfirmaður þeirra gefur fyrirmæli um að hennar sé þörf. Hjá mörgum ríkisstofnunum verður ekki hjá því komist að láta vinna hluta verkefna í aukavinnu. Nægir í því sambandi að benda á löggæslu og slökkvilið. Aðrar ríkisstofnanir þurfa að láta vinna árstíðabundna aukavinnu og má þar nefna skattstofur.

Hér er um misrétti að ræða og því er lagt til hér að breyta lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins þannig að framvegis verði allar greiðslur vegna aukavinnu taldar með til höfuðstóls fyrir lífeyrisgreiðslur. Eins að þeir ríkisstarfsmenn sem hlotið hafa aukavinnutekjur án lífeyrisréttinda geti keypt þau réttindi á sanngjarnan hátt í lífeyrissjóði sínum.

Ed. 957. Nefndarálit [338. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í meðferð neðri deildar.

Alþingi, 13. mars 1991.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Valgerður Sverrisdóttir.	Salome Þorkelsdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.
	Danfríður Skarphéðinsdóttir.	

Sþ. 958. Nefndarálit [397. mál]

um till. til þál. um fullgildingu á alþjóðasamþykkt nr. 155 um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt.

Nefndin telur að rétt sé að fullgilding samþykktarinnar verði takmörkuð við gildissvið laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þetta þýðir að fullgildingin mun ekki taka til siglinga, fiskveiða og loftferða.

Alþingi, 13. mars 1991.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir, fundaskr.	Sólveig Pétursdóttir.
Alexander Stefánsson.	Ásgeir Hannes Eiríksson.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.
	Kristinn Pétursson.	

Sþ. 959. Nefndarálit [398. mál]

um till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1991–1994.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur lokið umfjöllun sinni um vegáætlun fyrir árin 1991–1994. Sú umfjöllun hefur verið með hefðbundnum hætti. Starfsmenn Vegagerðar ríkisins, svo og starfsmenn fjármálaráðuneytisins, hafa gefið nefndinni upplýsingar, svo sem um forsendur teknaáætlunarinnar, um þróun tekjustofna, verðlag o.fl. Þá hafa þingmannahópar-

kjördæmanna haft áætlunina til meðferðar með hefðbundnum hætti og lagt tillögur sínar um breytingar fyrir fjárveitinganefnd.

Um tekjuforsendurnar er þetta helst að segja:

Varðandi árið 1991 eru verðlagsforsendur þær hinar sömu og notaðar voru við afgreiðslu fjárlaga og tölur um tekjur af mörkuðum tekjustofnum þær hinar sömu og eru í fjárlögum ársins. Spáð er aukningu umferðar um 2,5% sem skili sér að fullu í aukinni sölu bensíns sem umferðaraukningunni nemur en að hálfu leyti í þungaskatti. Þá er gert ráð fyrir því að með lagabreytingu verði heimilað að innheimta þungaskatt mánaðarlega og mun það gefa til viðbótar á árinu tekjur tveggja innheimtumánaða eða 170 m.kr. Einnig er gert ráð fyrir að tekjustofnar Vegasjóðs verði fullnýttir, svo sem lög heimila, og sú fullnýting komi fram á tveimur árum, 1991 og 1992. Þetta merkir hvað árið 1991 varðar að bensíngjald hækki um því sem næst 5% í júní og álíka í september.

Þá er í forsendunum fyrir tekjuáætlun ársins 1992 miðað við að verðlag hækki um 8% frá meðalverðlagi 1991 til meðalverðlags 1992 og hafa tölur bæði tekna- og gjaldamegin á vegáætlun 1992 verið umreiknaðar samkvæmt þeim verðlagsforsendum en í tillögunni, eins og hún var lögð fram upphaflega, voru allar tölur á verðlagi 1991. Verðlagsforsenda þessi hefur svo verið notuð á tekjur og útgjöld áranna 1992 og 1993 eins og vanalegt er, en seinni tvö ár áætlunartímabilsins hafa jafnan verið á verðlagi annars árs tímabilsins. Í forsendum fyrir tekjuspá ársins 1992 er auk þess reiknað með u.þ.b. 2,5% aukningu á bensínsölu og er sama aukning áætluð árlega allt áætlunartímabilið. Þá er einnig gert ráð fyrir því að á því ári sé stigið seinna skrefið í þá átt að fullnýta tekjustofna Vegasjóðs (bensíngjald og þungaskatt) og til þess að svo geti verið þarf annaðhvort að hækka allt bensíngjald um 8% umfram verðlagsforsendur, og er þá miðað við óbreytt verðhlutfall milli venjulegs bensíns og blýlauss bensíns, eða, ef hækka á bensíngjald minna í heild, að láta verðmismun á venjulegu bensíni og blýlausu bensíni koma fram í ólíkri tollmeðhöndlun.

Athygli er vakin á því að forsenda þess að áform um tekjur og útgjöld vegáætlunar standist er að tekjustofnar Vegasjóðs séu fullnýttir eins og að framan greinir en svo er ekki nú. Með afgreiðslu Alþingis á vegáætlun 1991–1994, verði hún eins og nefndin gerir tillögur um, er þar með tekin sú ákvörðun að fullnýta tekjustofnana með hækkun þeirra umfram verðlagsforsendur á næstu tveimur árum eins og ráð er fyrir gert og hér hefur verið skýrt.

Fjárveitinganefnd leggur aðeins til óverulegar breytingar á útgjaldahlið áætlunarinnar frá upphaflegri tillögu. Nefndinni bárust tillögur þingmannahópa kjördæmanna um skiptingu fjár til einstakra framkvæmda og um framkvæmdaröð. Nefndin gerði þær tillögur að sínum í öllum tilvikum þar sem fjallað var um almenn verkefni. Í einu tilviki kom ósk frá þingmönnum um breytingu á sérstöku verkefni sem fjárveitinganefnd gat ekki fallist á og verður nánari grein gerð fyrir því máli í framsögu. Þá eru lagðar til nokkrar tilfærslur framlaga innan stórverkefnaflokksins milli jarðganga og stórbrúa sem breytir þó ekki heildartölum. Þá gerir nefndin loks tillögur um nokkrar breytingar á flokkun vega og eru þær tillögur gerðar í samvinnu við Vegagerð ríkisins og þingmannahópana.

Fjárveitinganefnd flytur breytingartillögur sínar á sérstöku þingskjali og leggur til að vegáætlun 1991–1994 verði samþykkt með þeim breytingum.

Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni rita undir nefndarálit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 13. mars 1991.

Sighvatur Björgvinsson, form., frsm.	Margrét Frímannsdóttir, fundaskr.	Alexander Stefánsson.
Pálmi Jónsson, með fyrirvara.	Málmfríður Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Ásgeir Hannes Eiríksson.
Egill Jónsson, með fyrirvara.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Friðjón Þórðarson, með fyrirvara.

Sþ. 960. Breytingartillögur [398. mál]

við till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1991–1994.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við I. Liðurinn orðist svo:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1991	1992	1993	1994
1.1. Markaðar tekjur:				
1. Bensíngjald	3 570	4 470	4 580	4 677
2. Þungaskattur, árgjald	345	416	421	427
3. Þungaskattur, km-gjald	1 275	1 431	1 555	1 679
1.2. Framlag úr ríkissjóði	350			
Samtals	5 540	6 318	6 556	6 783

2. Við II. Liðurinn orðist svo:

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1991	1992	1993	1994
2.1. Stjórn og undirbúningur:				
1. Skrifstofukostnaður	133	150	155	158
2. Tæknilegur undirbúningur	102	115	119	122
3. Umferðartalning og vegaeftirlit	33	38	39	41
4. Eftirlaunagreiðslur	8	8	8	8
	276	311	321	329
2.2. Viðhald þjóðvega:				
1. Almenn þjónusta				
1. Sameiginlegt	237	262	273	283
2. Malarvegir	260	287	295	302
3. Vegir með bundnu slitlagi	134	156	163	171
4. Brýr	26	29	29	31
	657	734	760	787
2. Vetrarþjónusta	573	634	651	669
3. Viðhald				
1. Endurnýjun bundins slitlags	285	335	371	390
2. Endurnýjun malarslitlaga	133	156	184	249
3. Styrkingar og endurbætur	140	205	245	326
4. Viðhald brúa og varnargarða	65	81	97	97
5. Vegmerkingar og öryggisaðgerðir	65	81	97	97
6. Vatnaskemmdir	60	76	86	86
	748	934	1 080	1 245
2.3. Til nýrra þjóðvega:				
1. Stofnbrautir				
1. Alm. verk. og bundin slitlög	768	1 049	824	862
2. Sérstök verkefni	419	454	417	372
3. Höfuðborgarsvæðið	301	417	634	631
4. Stórverkefni	770	586	576	571
	2 258	2 506	2 451	2 436
2. Þjóðbrautir	276	355	435	432
3. Bundin slitlög á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum	27	0	0	0
4. Girðingar og uppgræðsla	26	34	38	43
	2 587	2 895	2 924	2 911
2.4. Til brúagerða:				
1. Brýr 10 m og lengri	142	184	175	172
2. Smábrýr	21	16	15	16
	163	200	190	188
2.5. Til fjallvega o.fl.:				
1. Aðalfjallvegir	20	26	28	30
2. Aðrir fjallvegir	12	14	16	16
3. Þjóðgarðavegir o.fl.	10	18	20	24
4. Vegir á Þingvöllum	5	3	2	0
5. Reiðvegir	6	8	9	10
	53	69	75	80
2.6. Til sýsluvega:	187	209	213	220
2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum:	270	300	309	319
2.8. Til tilrauna:	26	32	33	35
Samtals	5 540	6 318	6 556	6 783

3. Aftan við II. SKIPTING ÚTGJALDA bætist:

SUNDURLIÐUN
2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA
1. Stofnbrautir.

1.1. Almenn verkefni og bundin slitlög.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
1	Suðurlandsvegur				
02	Um Djúpá			11	
11	Um Mýrdalssand	31	10	3	24
14	Vík-Hvammsá			23	22
18	Um Markarfljót	18			
1	Suðurlandsvegur				
05	Göngubrú á Ölfusá		43		
30	Skeiða- og Hrunamannavegur				
04	Þjórsárdalsvegur-Flúðir	30			
06	Um Flúðir			11	
07	Um Brúarhlöð				22
31	Skálholtsvegur				
01	Skeiðavegur-Hvítá		47		
34	Eyrarbakkavegur				
02	Lýsing við Selfoss		2		
05	Um Ölfusárós	9	2	3	2
36	Þingvallavegur				
01	Biskupstungnabr.-Grafningsvegur		17	22	21
37	Laugarvatnsvegur				
03	Laugarvatn-Reykjavegur			32	43
1	Suðurlandsvegur				
01	Klifurrein í Lækjarbotnum			12	
1	Vesturlandsvegur				
12	Vegamót við Víkurveg	4			
15	Grjótvörn			11	
19	Vegrið í Hvalfirði	3			
19	Botnsá				21
36	Þingvallavegur				
02	Lýsing í Mosfellsdal		7		
41	Reykjanesbraut				
03	Landbætur	8			
03	Undirgöng			5	
04–09	Endurbætur			66	38
05	Lýsing (1 km)		5		
06–07	Lýsing vegamóta	6			
12	Flugvallarvegur-Víknavegur		55		
46	Víknavegur				
01	Um Fitjar		32		
05	Lýsing (1 km)		5		

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
47	Flugvallarvegur Keflavík				
01	Lýsing (0,5 km)		3		
411	Arnarnesvegur				
04	Bæjarbraut-Reykjanesbraut	53			
415	Álftanesvegur				
04	Lýsing	6			
06	Landakot-Sviðholt (slitlag)	4			
06	Lýsing				12
416	Bessastaðavegur				
01	Lýsing að Bessastöðum	6			
422	Njarðvíkurvegur				
03	Njarðvíkurbraut-vestribyggð		5		
1	Vesturlandsvegur				
01	Botnsá			15	
01	Hvalstöð-Olíustöð	9			
12	Arnarbæli-Hvammshorn	45	16		
50	Borgarfjarðarbraut				
04	Deildartunga-Hvítá		11		
05	Hvítá-Kaðalstaðir		30	40	
54	Ólafsvíkurvegur				
02	Borg-Langá	19			
02–03	Brókarlækur-Hestlækur			22	
03	Fíflholtamelar-Hítará	8	43		
05–06	Núpá-Stóraþúfa	19	29		
07–08	Stórafura-Staðará		22		
57	Snæfellsnesvegur				
08–09	Helgafellssveitarvegur-Mjósund			12	26
60	Vestfjarðavegur				
09	Kjartanssteinn-Bessatunga				21
10	Klofningsvegur-Brunná	21			
10	Gilsfjörður				17
60	Vestfjarðavegur				
01	Gilsfjörður			6	11
03	Króksfjarðarnes-Kambur	23	9		
23	Grænanes-Næfranes	12			
27	Vestfjarðagöng	14	130	123	125
61	Djúpvegur				
16	Seljalandsós-Svarfhóll	12			
25	Óshlíð	12	11	12	11
62	Barðastrandarvegur				
05	Hlaðseyri-Raknadalur	6			
63	Bíldudalsvegur				
03	Hálfdán-Bíldudalur	31	31	26	29
68	Hólmavíkurvegur				
01	Fjarðarhorn-Laugarholt		29		
03–04	Borðeyri-Hróðmundará	5			

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
1	Norðurlandsvegur				
01	Sýslumörk-Staðarskáli		7		
06	Um Víðihlíð (lýsing)	1			
09	Við Blönduós	1			
14	Um Bólstaðarhlíðarbrekku			5	22
19	Miklibær-Kjálkavegur	20			
21	Valagilsá-Heiðarsporður			5	
21	Heiðarsporður-Reiðgil			6	
21	Reiðgil-Grjótá	8	13		
75	Sauðárkróksbraut				
06	Um Vesturós			12	34
76	Siglufjarðarvegur				
03–04	Kýrholt-Hlíðarendi	5	57		
04	Hlíðarendi-Gröf			45	15
09–10	Lambanesá-Sauðanes		21		
10	Strákagöng		6		
1	Norðurlandsvegur				
02	Öxnadalsá-Þverá	35	71		
03	Þverá-Hörgárdalsvegur	39	34		
04	Krossastaðir-Ólafsfjarðarvegur				18
17	Fosshóll-Aðaldalsvegur		5		16
20	Um Kráká			9	
22	Múlavegur-Kísiliðja		8		
82	Ólafsfjarðarvegur				
06	Um Ólafsfjarðarmúla	6			
85	Norðausturvegur				
06	Húsavík-Hallbjarnarstaðir	4		17	37
10	Vogar-Krossdalur			27	27
27	Brekknaheiði		27	42	7
87	Kísilvegur				
00	Kirkja-Mývatnsvegur	16	10		
829	Eyjafjarðarbraut eystri				
01	Um Þverá	15	5		
845	Aðaldalsvegur				
01	Norðurlandsvegur-Staðarbraut			6	39
02	Staðarbraut-Syðra Fjall			17	
1	Austurlandsvegur				
10	Jökulsá-Dimmidalur	18	9		
11	Skóghlíð-Fellabær		16	32	33
17	Um Haugahóla	12			
21	Um Breiðdalsá			21	28
21–23	Ós-Fagrihvammur	32	63		
25–26	Fossá-Framnes	9			
38	Mánagarður-Myllulækur	13	28		
43	Reynivellir-Jökulsá	9	18	8	
44	Jökulsá-austan Fjallsár	22			

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
44–45	Um Fjallsá			32	
45	Hrútá-Kvíá		15		
46	Kvíá-Fagurhólsmýri				29
85	Norðausturvegur				
01	Um Geysirófu			11	
03	Skeggjastaðir-Hafnarvegur	13	16		
04	Á Sandvíkurheiði	5	8		
04–05	Hafnarvegur-Hvammsgerði			11	22
93	Seyðisfjarðarvegur				
02	Borgarfjarðarvegur-Langahlíð				16
02	Langahlíð-Miðhúsaá	20			
02–03	Miðhúsaá-Efri Stafur			23	
96	Suðurfjarðavegur				
01	Norðfjarðarvegur-Handarhald	32			
03	Götuhjalli-Vattarnes	19	18		17
07	Um Selá				14
	Óráðstafað			40	43
	Samtals	768	1 049	824	862

1.2. Sérstök verkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
1	Suðurlandsvegur				
08	Um Kúðafljót				34
11	Um Mýrdalssand		39	26	4
18	Um Markarfljót	56	29	6	
1	Vesturlandsvegur				
13	Hellistungur		3		64
54	Ólafsvíkurvegur				
02–03	Brókarlækur-Hítará	61	79	43	
57	Snæfellsnesvegur				
13	Búlandshöfði	2		64	44
1	Vesturlandsvegur				
03	Hólmavíkurvegur-sýslumörk	35			
60	Vestfjarðavegur				
22	Dýrafjörður	36	16		
61	Djúpvegur				
01	Tenging Inndjúps	55	76	65	54
1	Norðurlandsvegur				
01	Sýslumörk-Staðarskáli	9	47		
14	Um Bólstaðarhlíðarbrekku				43
21	Heiðarsporður-Reiðgil			42	
21	Reiðgil-Grjótá	49			

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
1	Norðurlandsvegur				
01	Grjótá-Öxnadalsá	10	27	49	
02	Öxnadalsá-Þverá	40	39		
04	Krossastaðir-Ólafsfjarðarvegur			16	
17	Fosshóll-Aðaldalsvegur				50
92	Norðfjarðarvegur				
09	Ofan Eskifjarðar-Göng	17	17		
10	Göng-Skuggahlíð		28	32	10
917	Hlíðarvegur				
04–06	Vopnafjörður-Hérað	46	51	49	48
	Jarðgangarannsóknir	3	3	3	3
	Óráðstafað			22	18
	Samtals	419	454	417	372

1.3. Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
1	Suðurlandsvegur				
02	Rauðavatn-Vesturlandsvegur			109	100
12	Við Höfðabakka			3	
12	Höfðabakki-Suðurlandsvegur				140
12	Vegamót við Víkurveg		4		
13	Umferðarljós		3		
36	Þingvallavegur				
02	Lýsing í Mosfellsdal	5			
40	Hafnarfjarðarvegur				
03	Um Arnarneshæð	140			
04	Undirgöng í Garðabæ			33	
06	Undirgöng við Kaplakrika		19		
06	Engidalur-Flatahraun		76		
411	Arnarnesvegur				
04	Bæjarbraut-Reykjanesbraut		40		
07	Breiðholtsbraut-Elliðavatnsvegur		51	96	
07	Lýsing		7		
	Sæbraut	65	22		
	Kringlumýrarbraut	15			27
	Eiðsgrandi	15			
	Ánanaust	7			9
	Geirsgata		76		
	Bústaðavegur		27		
	Hlíðarfótur			24	
	Hringbraut			17	

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
	Miklabraut			130	
	Vesturlandsvegur				123
	Greiðsla skulda Reykjavík	18	46	126	147
	Vífilsstaðavegur	36	46		
	Fífuhvammsvegur			65	54
	Óráðstafað			31	31
	Samtals	301	417	634	631

1.4. Stórverkefni.

Stórbrýr.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
1	Suðurlandsvegur				
08	Um Kúðafljót				56
18	Um Markarfljót	42	132	22	
60	Vestfjarðavegur				
10–01	Gilsfjörður			22	38
22	Dýrafjörður	78	19		
75	Sauðárkróksbraut				
06	Um Vesturós			26	52
1	Austurlandsvegur				
21	Breiðdalsá		2	78	
	Óráðstafað			6	6
	Samtals	120	153	154	152

Jarðgöng.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
	Vestfjarðagöng	376	392	389	387
76	Siglufjarðarvegur				
10	Strákagöng	72	9		
82	Ólafsfjarðarvegur				
06	Um Ólafsfjarðarmúla	192	21		
	Austurlandsgöng	10	11	11	11
	Óráðstafað			22	21
	Samtals	650	433	422	419
	Stórverkefni samtals	770	586	576	571

2. Þjóðbrautir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
25	Þykkvabæjarvegur				
02	Hrafntóftir-Ásvegur				24
26	Landvegur				
01	Suðurlandsv.-Hagabraut nyrðri		2	22	
202	Prestbakkavegur				
01	Breiðabólsstaður-Prestbakki		1		
203	Geirlandsvegur				
01	Suðurlandsvegur-Stjórn			2	
204	Meðallandsvegur				
01	Suðurlandsvegur-Fossar				11
210	Ljótarstaðavegur				
01	Búlandsvegur-Snæbýli				2
211	Álftaversvegur				
01	Suðurlandsvegur-Herjólfsstaðir	5			
215	Reynishverfisvegur				
01	Suðurlandsvegur-Norðurfoss			4	
239	Eldfellsvegur			9	4
248	Markarvegur				
01	Suðurlandsvegur-Stóramörk				2
250	Dímonarvegur				
01	Suðurlandsvegur-Fljótshlíðarvegur				7
253	Gunnarshólmavegur				
01	Landeyjavegur-Landeyjavegur		5	4	2
255	Akureyjarvegur				
01	Suðurlandsvegur-Landeyjavegur		5	4	2
261	Fljótshlíðarvegur				
02	Kirkjulækur-Hlíðarendi	10		11	
262	Vallarvegur				
01	Um Efrahvol				2
264	Rangárvallavegur				
01	Suðurlandsvegur-Keldur				2
03	Þingskálavegur-Suðurlandsvegur	10	11		
268	Þingskálavegur				
02–03	Selsund-Næfurholt	5			
273	Bugavegur				
01	Suðurlandsvegur-Vetleifsholt			4	
275	Ásvegur				
02	Um Háfshverfi			6	
286	Hagabraut				
02	Um Saurbæ				7
30	Skeiða- og Hrunamannavegur				
07	Um Brúarhlöð	4			
32	Þjórsárdalsvegur				
01	Skeiðavegur-Árnes			4	

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
33	Gaulverjabæjarvegur				
01	Suðurlandsvegur-Holtsvegur	9	7	7	11
35	Biskupstungnabraut				
05	Skálholtsvegur-Reykjavegur	13	14		19
09	Kjalvegur við Gullfoss		8		
37	Laugarvatnsvegur				
03	Um Laugardalshóla		13		
304	Oddgeirshólavegur				
01	Suðurlandsvegur-Oddgeirshólar		4	4	
305	Villingaholtsvegur				
01	Suðurlandsvegur-Hróarsholt			17	
03	Krókur-Lækjarbakki		9		9
310	Votmúlavegur				
01	Eyrarbakkavegur-Gaulverjabæjarv.		1		
321	Skeiðháholtsvegur				
01	Um Blesastaði og Kílhraun			7	
324	Vorsabæjarvegur				
01	Um Vorsabæ	1			
326	Hælsvegur				
01	Ýmsir staðir				2
329	Mástunguvegur				
01	Ýmsir staðir		2	2	
345	Kaldbaksvegur				
01	Um Hruna		3		
350	Grafningsvegur neðri				
01	Alviðra-Stóri-Háls		4		
360	Grafningsvegur efri				
02	Grafningsv. neðri-Nesjavellir	11			
374	Hvammavegur				
01	Ýmsir staðir	2			
48	Kjósarskarðsvegur				
01	Um Laxá				5
431	Hafravatnsvegur				
01	Sólheimatjörn-Hafravatn				25
417	Bláfjallavegur				
01	Suðurlandsvegur-Bláfjöll		29	31	
425	Nesvegur				
02	Íslandslax-Grindavíkurvegur	23			
50	Borgarfjarðarbraut				
04	Deildartunga-Hvítá	17			
53	Hvítárvallavegur				
01–02	Vesturlandsvegur-Hvanneyri	24	14	4	61
59	Laxárdalsvegur				
02	Laxárdalsheiði	4			
504	Leirársveitarvegur				
01	Að Heiðarskóla		11		

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
508	Skorradalsvegur				
02	Hjá Vatnsenda		8		
515	Flókadalsvegur				
01	Snjóastaðir			8	
518	Hálsasveitarvegur				
04	Snjóastaðir				7
567	Kolviðarnesvegur				
01	Að Laugagerðisskóla	5	11		
574	Útnesvegur				
01	Um Klifhraun	2		43	
582	Hálsabæjavegur				
01	Snjóastaðir				4
586	Haukadalsvegur				
01	Vatn-Vatnshorn			16	
589	Sælingsdalsvegur		2		
590	Klofningsvegur				
07	Fagridalur-Hjallar		22		
607	Reykhólasveitarvegur				
01	Vestfjarðavegur-Reykhólar				12
612	Örlygshafnarvegur				
01	Barðastrandarvegur-Skápadalur	1		16	
614	Kollsvíkurvegur				
01	Örlygshafnarvegur-Tunga			7	
619	Ketildalavegur				
03	Bíldudalur-Hvesta		19		
624	Ingjaldssandsvegur				
01	Vestfjarðavegur-Núpur			5	
633	Vatnsfjarðarvegur				
01–03	Djúpvegur-Vatnsfjarðarnes	26		16	
634	Reykjanesvegur				
01	Vatnsfjarðarvegur-Reykjanes	3			
643	Strandavegur				
05–06	Kaldbaksvík-Kolbeinsvík		20		
645	Drangsnesvegur				
01	Strandavegur-Drangsnes				21
03	Drangsnes-Kaldrananes				11
711	Vatnsnesvegur				
01	Hvammstangi-Skarð	11		11	
722	Vatnsdalsvegur				10
723	Grímstunguvegur				10
726	Auðkúluvegur		11		
731	Svínvetningabraut				
01	Blönduós-Hnjúkahlíð	6			
733	Blöndudalsvegur		10		
734	Svartárdalsvegur			9	

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
745	Skagavegur				
01	Skagastrandarvegur-Örlygsstaðir	3			
04–05	Hafnaá-Keta			9	
751	Efribyggðarvegur		4		
752	Skagafjarðarvegur				
02	Héraðsdalsv.-Svartárdalsv.	7	4		30
03	Svartárdalsv.-Austurdalsv.	3			
758	Austurdalsvegur		3		
764	Hegranesvegur vestri	2			
765	Hegranesvegur eystri	2	11		
767	Hólavegur			21	
83	Grenivíkurvegur				
03	Gljúfurá-Grenivík	24	9		
805	Svarfaðardalsvegur				
01	Holt-Tjörn		17		
01	Þverá-Tunguvegur				10
807	Skíðadalsvegur				
01	Sakka-Hofsá		12		8
811	Hjalteyrarvegur				
02	Bakkavegur-Hjalteyri	5			
812	Bakkavegur				
01	Ólafsfjarðarv.-Hjalteyrarv.		4		
814	Staðarbakkavegur				
01	Hörgárdalsvegur-Flaga		4		
829	Eyjafjarðarbraut eystri				
02	Litli Hamar-Rútsstaðir				23
830	Svalbarðseyrarvegur				
02	Norðurlandsvegur-Svalbarðseyri	5			
833	Illugastaðavegur				
01	Norðurlandsvegur-Skógar			24	9
836	Vaglaskógarvegur				
01	Hróarsstaðir-Mörk			4	
848	Mývatnsvegur				
01	Norðurlandsvegur-Vagnbrekka			21	11
01	Neslandavík-Kísilvegur		4	13	
864	Hólsfjallavegur				
01–04	Norðurlandsv.-Norðausturv.	5			
85	Norðausturvegur				
10	Hlíðarvegur-Deildarlækur			21	15
94	Borgarfjarðarvegur				
01	Mýnes-Eiðar	13			
07	Um Vatnsskarð			11	11
08	Skriður-Framnes		22		
919	Sunnudalsvegur				
01	Hlíðarvegur-Refstaður				11
923	Jökuldalsvegur	1			

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
931	Upphéraðsvegur				
03	Hrafnsgerði-Parthús	4			
04	Brekkugerði-Hengifossá			11	11
08	Hafursá-Freyshólar	6	15		
951	Vestdalseyrarvegur				
02	Seyðisfjörður-Vestdalseyri			5	
953	Mjóafjarðarvegur	4			
	Óráðstafað			22	21
	Samtals	276	355	435	432

2.4. Til brúagerða.
Til brúa 10 m og lengri.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
	Andakílsá (50)	23			
	Litla-Laxá (30)	26			
	Búrfellslækur (36)	9			
	Grjótá á Kjalvegi (F37)	9			
	Staðarhólsá (s. Dal.)	7			
	Hjaltadalsá (76)	20			
	Jökulsá eystri (F72)	7			
	Þverá (829)	18			
	Eyjafjarðará (823)	13	14		
	Eyrará (96)	10			
	Leirá og Jökulkvísl (Álftav.)		4		
	Reyðarvatnslækur (264)		9		
	Kolbeinsdalsá (76)		23		
	Gljúfurá (83)		13		
	Fnjóská (836)		14	14	
	Fjallsá (1)		67	27	
	Fjarðará (þþ)		40		
	Djúpá (1)			35	
	Kráká (1)			12	
	Laxá (848)			51	
	Eyvindará (93)			27	55
	Botnsá (1)				22
	Laxá (448)				19
	Mjósund (57)				24
	Ormarsstaðaá (931)				25
	Fjórðungskvísl (F28)				18
	Óráðstafað			9	9
	Samtals	142	184	175	172

4. Við III. FLOKKUN VEGA
   A. Eftirtaldir vegir verða þjóðbrautir:
      238 Fellavegur: Af Dalavegi í Vestmannaeyjum, sunnan Smáragötu, milli Fella að Flugstöð.
      239 Eldfellsvegur: Af Fellavegi við Helgafellsbraut um Eldfellshraun og Páskahraun á Fellaveg sunnan Helgafells.
      863 Krýsuvegur: Af Norðurlandsvegi austan Námaskarðs um Hlíðardal að Krýsuvíkurbjargi.
   B. Reykjaneskjördæmi.
      a. Við 415. Liðurinn orðist svo:
      Álftanesvegur: Af Reykjanesbraut í Moldahrauni, um Engidal, út á Álftanes, um Landakot og Sviðsholt og aftur á Álftanesveg gegnt vegamótum Bessastaðavegar.
      b. Við 416. Liðurinn orðist svo:
      Bessastaðavegur: Af Álftanesvegi nálægt Bessastöðum að Bessastöðum.
   C. 3.2.1. Stofnbrautir.
      a. Við 85. Liðurinn orðist svo:
      85 Norðausturvegur.

Sþ. 961. Nefndarálit [408. mál]

um till. til þál. um langtímaáætlun í vegagerð.

Frá fjárveitinganefnd.

Tillaga þessi var lögð fram á Alþingi 26. febrúar og fyrir henni mælt 28. febrúar. Nefndinni hefur því ekki gefist tími til þess að fjalla um áætlunina til neinnar hlítar. Nefndarmenn eru sammála um að tillagan þarfnist nánari athugunar og ekki sé tímabært að hún hljóti afgreiðslu nú í þinglok.

Takmarkaðar umræður hafa einnig farið fram um tillöguna í þingmannahópum kjördæmanna. Þar hefur nokkuð verið fjallað um einstakar framkvæmdir og framkvæmdaröð án þess þó að fyrir liggi endanleg niðurstaða. Fjárveitinganefnd telur rétt að í þingskjali komi fram hver staða framkvæmdaáforma er eftir þessa frumyfirferð kjördæmahópanna og skilar því hér eins konar bráðabirgðaáliti þar sem í fylgiskjali eru birtar þær hugmyndir um framkvæmdir og framkvæmdaröð sem starfsmenn Vegagerðar ríkisins hafa unnið eftir viðræður við þingmannahópana. Nefndin ítrekar að hún flytur þessar hugmyndir ekki sem formlega breytingartillögu heldur sýnir þær í fylgiskjali í þeim tilgangi að gefa yfirlit yfir stöðu málsins nú skömmu fyrir þinglok.

Alþingi, 14. mars 1991.

Sighvatur Björgvinsson, form., frsm.	Margrét Frímannsdóttir, fundaskr.	Alexander Stefánsson.
Pálmi Jónsson.	Málmfríður Sigurðardóttir.	Ásgeir Hannes Eiríksson.
Egill Jónsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Friðjón Þórðarson.

Fylgiskjal.

Tillaga starfsmanna Vegagerðar ríkisins um framkvæmdir samkvæmt langtímaáætlun í vegamálum eftir fyrstu yfirferð þingmannahópa kjördæmanna.

SUNDURLIÐUN
2.3. NÝBYGGINGAR VEGA
1. Stofnbrautir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1. tíma-bil m.kr.	2. tíma-bil m.kr.	3.tíma-bil m.kr.
1	Suðurlandsvegur			
02	Um Djúpá	43		
04	Um Síðu			77
06	Kirkjubæjarkl.-Eldhraun		107	
07	Um Eldhraun		8	
08	Um Kúðafljót (hluti kjördæmis)	31	77	
08–09	Meðallandsv.-Álftaversv.		23	
09	Um Skálm			49
11	Um Mýrdalssand	129		
14	Vík-Hvammsá	41	35	
15	Um Klifanda			23
18	Um Markarfljót (hluti kjörd.)	107		
20	Landeyjavegur-Hvolsvöllur			65
22	Við Hvolsvöll		20	
23	Um Hellu		20	
240	Stórhöfðavegur			
02	Hraunvegur-Stórhöfði		15	40
1	Suðurlandsvegur			
02	Við Selfoss		27	
05	Göngubrú á Ölfusá	40		
06	Vegamót við Hveragerði		15	
08	Hveradalir-sýslumörk			150
30	Skeiða- og Hrunamannavegur			
04	Þjórsárdalsv.-Flúðir	30		
06	Flúðir-Hvítárdalur	10	70	
07	Hvítárdalur-Einholtsvegur	20		125
31	Skálholtsvegur			
01	Skeiðavegur-Hvítá	43		
03	Laugarás-Biskupstungnabraut		68	
34	Eyrarbakkavegur			
02–05	Selfoss-Ölfusárós	18		
35	Biskupstungnabraut			
04	Laugarvatnsv.-Skálholtsvegur		10	
08	Laugarvatnsv.-Hrunamannav.		20	
36	Þingvallavegur			
01	Biskupstungnabr.-Grafningsv. efri	65	33	
02	Grafningsv. efri-Miðfell			72
03	Miðfell-Gjábakkavegur			47

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1. tíma-bil m.kr.	2. tíma-bil m.kr.	3.tíma-bil m.kr.
37	Laugarvatnsvegur			
03	Laugarvatn-Reykjavegur	70		
04	Reykjavegur-Biskupstungnabr.		72	
39	Þrengslavegur			
01	Suðurlandsv.-Þorlákshafnarv.		12	
1	Suðurlandsvegur			
01	Lækjarbotnar	11		
1	Vesturlandsvegur			
12	Vegamót við Víkurveg	4		
15	Grjótvörn	10		
17	Um Laxá		100	
19	Vegrið í Hvalfirði	3		
19	Botnsá	40		
36	Þingvallavegur			
02	Kaldakvísl-Vesturlandsvegur	6		100
41	Reykjanesbraut			
03	Landbætur og undirgöng	13		
05–09	Hafnarfjörður-Hafnavegur	107	192	250
12	Flugvallarv.-Víknavegur	51		
46	Víknavegur			
01–05	Fitjar-Garðskagavegur	35		
47	Flugvallarvegur Keflavík			
01	Lýsing	3		
411	Arnarnesvegur			
04	Bæjarbraut-Reykjanesbraut	53		
415	Álftanesvegur			
04–06	Engidalur-Sviðholt	21		
416	Bessastaðavegur			
01	Lýsing	6		
422	Njarðvíkurvegur			
03	Njarðvíkurbraut-vestribyggð	4		
431	Hafravatnsvegur			
02	Úlfarsfellsv.-Reykjalundarv.		50	
1	Vesturlandsvegur			
01	Botnsá-Olíustöð	23		
10–11	Haugar-Bifröst			90
12	Arnarbæli-Hvammshorn	60		
13	Hellistungur	62	20	
50	Borgarfjarðarbraut			
03–04	Uxahryggjav.-Kleppjárnsreykj.		75	150
04–05	Deildartunga-Kaðalstaðir	75		
54	Ólafsvíkurvegur			
02–03	Borg-Hítará	261		
05–08	Núpá-Staðará	66		
07	Reiðhamar-Stóra Fura		40	
09–10	Staðarsveit-Fróðárheiði			100
55	Heydalsvegur			80

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1. tíma-bil m.kr.	2. tíma-bil m.kr.	3.tíma-bil m.kr.
56	Kerlingarskarðsvegur			100
57	Snæfellsnesvegur			
01–06	Um Skógarströnd			80
08–09	Helgafellssveitarv.-Mjósund	57		
09	Mjósund-Berserkseyri		25	14
09	Kolgrafarfjörður (hluti kjördæmis)			40
12–13	Grundarfjörður-Ólafsvíkurv. ásamt Búlandshöfða	102	370	
60	Vestfjarðavegur			
01–02	Brattabrekka			80
02	Um Suðurá		10	
08–09	Svínadalur		58	
09–10	Kjartanssteinn-Brunná	40		
10	Gilsfjörður (hluti kjördæmis)	16	118	
1	Vesturlandsvegur			
02–03	Sýslumörk-Brú	35		
60	Vestfjarðavegur			
01	Gilsfjörður-Króksfjarðarnes	16	149	
02–03	Króksfjarðarnes-Klettur	31		
04	Hofstaðir-þingstaður		27	
15	Barðastrandarv.-Bíldudalsv.			103
22–23	Dýrafjörður (hluti kjördæmis)	63		
24	Gemlufallsheiði		18	
27	Vestfjarðagöng (hluti kjörd.)	364	276	
61	Djúpvegur			
01	Hólmavík-Strandavegur	235		
05	Kirkjuból-Laugaból			49
08–10	Um Mjóafjörð			289
10	Ögur-Hjallar		56	
11	Hjallar-Laugarvík			10
16	Seljalandsós-Svarfhóll	12		
25	Óshlíð	43	25	32
62	Barðastrandarvegur			
01–03	Flókalundur-Siglunesvegur		107	
04	Kleifaheiði			115
05	Hlaðseyri-Raknadalur	6		
63	Bíldudalsvegur			
03	Hálfdan	111	97	
68	Hólmavíkurvegur			
01–04	Fjarðarhorn-Kjörseyri	32	42	
05	Prestbakki-Guðlaugsvík		50	
07–08	Bræðrabrekka-St. Fjarðarhorn			131
08–10	St. Fjarðarhorn-Naustavík			140
1	Norðurlandsvegur			
01	Sýslumörk-Staðarskáli	59		
06	Um Víðihlíð (lýsing)	1		
14	Um Bólstaðarhlíðarbrekku	65	47	

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1. tíma-bil m.kr.	2. tíma-bil m.kr.	3.tíma-bil m.kr.
19	Miklibær-Kjálkavegur	20		
20–21	Kjálkavegur-Valagilsá			65
21	Valagilsá-Heiðarsporður	5		50
21	Heiðarsporður-Reiðgil	44		
21	Reiðgil-Grjótá	69		
74	Skagastrandarvegur			
01	Snjóastaðir		18	
75	Sauðárkróksbraut			
06	Um Vesturós (hluti kjördæmis)	43		
76	Siglufjarðarvegur			
01–02	Hjaltastaðir-Gljúfurá		93	
03–04	Kýrholt-Hlíðarendi	99		
04	Hlíðarendi-Gröf	56		
06–07	Bæjarvegur-Stafá		104	
09–10	Lambanesá-Sauðanes	19	87	53
10	Strákagöng (hluti kjördæmis)	6		
11	Gangamunni-Siglufjörður		37	
82	Ólafsfjarðarvegur			
01–02	Sýslumörk-Siglufjarðarv.			109
744	Þverárfjallsvegur			
	Skagastrandarv.-Sauðárkr		35	155
1	Norðurlandsvegur			
01	Grjótá-Öxnadalsá	80		
02	Öxnadalsá-Þverá	177		
03	Þverá-Hörgárdalsvegur	70		
04	Krossastaðir-Ólafsfjarðarv.	32	26	
17	Fljótsheiði	66	84	
19	Mývatnsheiði		94	
20	Mývatnsvegur-Skútustaðir	19	56	
21	Garður-Vogar		50	
22	Kísilvegur-Kísiliðja	7		
23	Kísiliðja-Dettifossvegur			40
82	Ólafsfjarðarvegur			
05	Dalvík-Rípill		65	
06	Rípill-Ólafsfj. (hluti kjörd.)	6		
06	Rípill-Ólafsfjörður		15	
08	Ólafsfjörður-Hóll			48
85	Norðausturvegur			
02	Um Skjálfandafl. (hluti kjörd.)			55
06	Húsavík-Hallbjst.	54	31	
07	Hallbjarnarst.-Máná			80
08	Máná-sýslumörk			70
09	Sýslumörk-Lón		45	65
10	Lón-Vestursandsvegur	50	35	
11	Vestursansdv.-Hólsfjallav.		63	
12	Hólsfjallav.-Öxarfjheiðarv.		27	

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1. tíma-bil m.kr.	2. tíma-bil m.kr.	3.tíma-bil m.kr.
13	Öxarfjheiðarv.-Arnarstaðir		13	47
14	Arnarstaðir-Kópasker			55
16	Kópasker-Leirhöfn			77
17	Leirhöfn-Sigurðarstaðir			14
19	Skinnalón-Raufarhöfn			24
21	Raufarhöfn-Sveinungsvík		35	20
23	Krossavík-Öxarfjheiðarv.		25	
24	Öxarfjheiðarv.-Syðra Áland			90
25	Syðra Áland-Hafralónsá			45
27	Langanesvegur-sýslumörk	70	15	
87	Kísilvegur			
00–02	Kirkja-Geitafellsá	25		
823	Miðbraut			
01	Um Laugaland	26	10	
829	Eyjafjarðarbraut eystri			
01	Þverá-Miðbraut	38	22	
845	Aðaldalsvegur			
01	Norðurlandsv.-Staðarbraut	41		
02	Staðarbraut-Syðra Fjall	16		
1	Austurlandsvegur			
01–10	Sýslumörk-Heiðarendi		198	60
10	Jökulsá á Dal (hluti kjörd.)			50
11	Heiðarendi-Fellabær	101	139	
15	Um Haugahóla	12		
20	Ásunnarstaðir-Heydalir			30
21	Um Breiðdalsá (hluti kjörd.)	46		
22	Ós-Fossá	99	66	69
27	Valtýskambur-Sandbrekka			46
32–36	Hvalnes-Friðsæld		57	41
34	Jökulsá í Lóni (hluti kjörd.)			55
38	Mánagarður-Myllulækur	39		
41–42	Uppsalir-Reynivellir		41	100
43–46	Reynivellir-Fagurhólsmýri	213		44
85	Norðausturvegur			
01–03	Sýslumörk-Hafnarvegur	38	50	18
04–05	Hafnarvegur-Hvammsgerði	42	41	22
92	Norðfjarðarvegur			
07	Framnes-Hólmaháls		69	
09–10	Ofan Eskifj.-Skuggahlíð	98	51	
93	Seyðisfjarðarvegur			
02–03	Borgarfjv.-Efri Stafur	132		
96	Suðurfjarðavegur			
01–04	Norðfjv.-Vattarnesskriður	94	108	50
07	Um Selá	13		
11	Kambaskriður		79	
917	Hlíðarvegur			
01	Austurlandsv.-Hallgeirsst.			18

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1. tíma-bil m.kr.	2. tíma-bil m.kr.	3.tíma-bil m.kr.
04–06	Vopnafjörður-Hérað	182	6	
07	Krossavík-Flugvöllur		24	16
	Austfjarðagöng (hluti kjörd.)	12	82	418
	Bundin slitlög á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum	27		
	Óráðstafað	114	520	530
	Samtals	5249	5200	5330
	Þar af til brúa á stofnbrautum	-353	-501	-509
	Fjármagn til stofnbrauta	4896	4699	4821

2. Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1. tíma-bil m.kr.	2. tíma-bil m.kr.	3. tíma-bil m.kr.
1	Suðurlandsvegur			
02	Rauðavatn-Vesturlandsv.	193		
1	Vesturlandsvegur			
12	Suðurlandsvegur-Víkurvegur	137	150	
12	Gatnamót v. Höfðabakka (25%)		70	
13–14	Í Mosfellsbæ	3		150
36	Þingvallavegur			
02	Lýsing í Mosfellsdal	5		
40	Hafnarfjarðarvegur			
02	Gatnamót í Fossvogi (33%)			130
02	Fossv.-Borgarholtsbr. (akrein)			150
02	Akrein inn í Kópavog		30	30
03–06	Arnarneshæð-Flatahraun	258		
41	Reykjanesbraut			
02	Breiðhbr.-Vífilsstv. Tvöföldun		240	
02	Gatnamót v. Breiðhbr. (33%)		40	
02	Gatnamót við Fífuhvammsveg		200	
03	Vífilsstaðav.-Hafnarfjv.		135	65
411	Arnarnesvegur			
04	Bæjarbraut-Reykjanesbraut	37		
07	Breiðholtsbraut-Elliðavatnsv.	142		
415	Álftanesvegur			
02	Engidalur-Straumsvík			363
	Sæbraut	85	64	
	Kringlumýrarbraut	40		
	Eiðsgrandi	15		
	Ánanaust	15		
	Geirsgata	70		
	Bústaðavegur	25		
	Hlíðarfótur	22	75	425
	Hringbraut	16		
	Miklabraut	120		

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1. tíma-bil m.kr.	2. tíma-bil m.kr.	3.tíma-bil m.kr.
	Miklabraut, gatnamót			370
	Vesturlandsvegur	114	314	
	Gatnamót Höfðabakka		138	
	Höfðabakki		50	
	Stekkjarbakki		76	
	Reykjanesbr. gatnamót		80	95
	Greiðsla skulda Reykjavík	314		
	Vífilsstaðavegur	79	50	41
	Fífuhvammsvegur	110	100	
	Gatnamót í Kópavogi			50
	Ýmsar framkv. í Hafnarfirði		50	50
	Óráðstafað	58	540	546
	Samtals	1858	2402	2465

3. Stórverkefni.

Stórbrýr.

		1. tíma-bil m.kr.	2. tíma-bil m.kr.	3. tíma-bil m.kr.
	Kúðafljót (1)	52	128	
	Markarfljót (1)	184		
	Gilsfjörður (60)	55	393	
	Dýrafjörður (60)	96		
	Vesturós (75)	72		
	Breiðdalsá (1)	74		
	Skjálfandafljót (85)			90
	Jökulsá á Dal (1)			84
	Jökulsá í Lóni (1)			91
	Kolgrafarfjörður (57)			66
	Til undirbúnings		8	8
	Óráðstafað	12	50	50
	Samtals	545	579	389

Jarðgöng.

		1. tíma-bil m.kr.	2. tíma-bil m.kr.	3. tíma-bil m.kr.
	Ólafsfjarðarmúli	212		
	Vestfjarðagöng	1456	1104	
	Austfjarðagöng	40	328	1674
	Strákagöng	80		
	Óráðstafað	42	168	172
	Samtals	1830	1600	1846

Sþ. 962. Svar [284. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um skattframtöl.

Embætti ríkisskattstjóra hefur látið vinna upplýsingar úr skattframtölum og öðrum álagningargögnum einstaklinga og lögaðila fyrir framtalsárin 1990, 1989, 1988 og 1987. Það sem hér verður sett fram eru niðurstöður þeirrar úrvinnslu.

1. Hve stór hópur skattgreiðenda fær áætlaðan skatt sökum þess að ekki er skilað skattframtali eða framtal er ófullnægjandi?

Svar:

Einstaklingar sem fengu áætlun:

Ár	Fjöldi	Hlutfall af heildarfj.
1990	9.426	4,89%
1989	9.698	5,18%
1988	8.635	4,76%
1987	6.955	3,88%

Þar af launamenn:

Ár	Fjöldi	Hlutfall af fjölda launam. í álagn.
1990	7.120	4,26%
1989	6.855	4,21%
1988	6.580	4,15%
1987	5.430	3,48%

Þar af einstaklingar með atvinnurekstur:

Ár	Fjöldi	Hlutfall af fjölda atvrek. í álagn.
1990	2.306	8,99%
1989	2.843	11,55%
1988	2.055	8,95%
1987	1.525	6,58%

Lögaðilar sem fengu áætlun:

Ár	Fjöldi	Hlutfall af fjölda lögaðila í álagn.
1990	2.860	30,71%
1989	2.437	24,75%
1988	2.518	29,27%
1987	2.026	26,84%

Athugasemd.

Í svari þessu er einungis tekið mið af stöðu gjalda eins og hún var í álagningarskrá skv. 98. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Umtalsverður fjöldi þeirra aðila sendir skattframtal í kærufresti, sbr. 99. gr. tilvitnaðra laga. Vegna álagningar gjaldárið 1990 hefur t.d. eftirtalinn fjöldi gjaldenda fengið breytingu á gjöldum eftir álagningu, einkum vegna framtalsskila í kærufresti:

Einstaklingar 4.339 eða 46,03% af áætluðum fjölda.

Einstaklingar með atvinnurekstur 1.360 eða 58,97% af áætluðum fjölda.

Launamenn 2.979 eða 41,83% af áætluðum fjölda.

Lögaðilar 699 eða 24,44% af áætluðum fjölda.

2. *Að hvaða marki er gengið fast eftir því að skilað sé skattframtali?*

Svar:

Framtalsskylda hvílir á öllum einstaklingum og lögaðilum og er fortakslaus skv. 91. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum. Í janúar og febrúar ár hvert auglýsir ríkisskattstjóri rækilega skilafrest framtala, sbr. 93. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, í öllum dagblöðum og útvarps- og sjónvarpsstöðvum. Þá eru þess dæmi að einstakir skattstjórar hafi jafnframt ritað hvatningarbréf í blöð sem gefin eru út í viðkomandi umdæmi og umboðsmenn þeirra hafa rekið á eftir framtalsskilum í sveitarfélögum þar sem þeir eru starfandi.

Að öðru leyti er ekki gengið sérstaklega eftir því hjá hverjum og einum gjaldanda að framtali sé skilað áður en gjaldstofnar eru áætlaðir sökum vöntunar á skattframtali. Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt er ekki gert ráð fyrir slíkum eftirrekstri.

3. *Að hve miklu leyti er um sömu skattgreiðendur að ræða ár eftir ár sem ekki skila framtali?*

Svar:

a. Á fjórum árum hafa skattstjórar áætlað 8.729 framtöl fyrir 5.711 einstaklinga með atvinnurekstur. Þar af hafa:
   203 verið áætlaðir í 4 ár (sami aðili fjórum sinnum á fjórum árum) 3,55%,
   577 verið áætlaðir í 3 ár (sami aðili þrisvar sinnum á fjórum árum) 10,10%,
   1.255 verið áætlaðir í 2 ár (sami aðili tvisvar sinnum á fjórum árum) 21,97%,
   3.676 verið áætlaðir í 1 ár (sami aðili einu sinni á fjórum árum) 64,36%.
b. Á fjórum árum hafa skattstjórar áætlað 25.985 framtöl fyrir 17.835 launamenn. Þar af hafa:
   629 verið áætlaðir í 4 ár (sami aðili fjórum sinnum á fjórum árum) 3,52%,
   1.434 verið áætlaðir í 3 ár (sami aðili þrisvar sinnum á fjórum árum) 8,04%,
   3.395 verið áætlaðir í 2 ár (sami aðili tvisvar sinnum á fjórum árum) 19,03%
   12.377 verið áætlaðir í 1 ár (sami aðili einu sinni á fjórum árum) 69,39%.
c. Á fjórum árum hafa skattstjórar áætlað 9.841 framtal fyrir 5.441 lögaðila. Þar af hafa:
   454 verið áætlaðir í 4 ár (sami aðili fjórum sinum fjórum árum) 8,34%,
   764 verið áætlaðir í 3 ár (sami aðili þrisvar sinnum á fjórum árum) 14,04%,
   1.506 verið áætlaðir í 2 ár (sami aðili tvisvar sinnum á fjórum árum) 27,67%,
   2.717 verið áætlaðir í 1 ár (sami aðili einu sinni á fjórum árum) 49,93%.

4. *Hvernig er hópurinn samsettur sem áætlað er á:*
   a. launþegar,
   b. atvinnurekendur, skipt á helstu atvinnugreinar.

Svar:

A-lið spurningarinnar hefur verið svarað hér að framan, en á eftir fer fjöldi áætlaðra „atvinnurekenda“, skipt á fyrsta staf atvinnugreinanúmers, samkvæmt atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.

Einstaklingar með atvinnurekstur:		1990	1989	1988	1987	Öll árin
0	Landbúnaður	350	537	462	338	1.687
1	Útgerð, fiskveiðar o. fl.	120	181	125	97	523
2–3	Iðnaður	203	241	196	159	799
4	Byggingar og framkvæmdir	350	378	341	224	1.293
5	Veitustofnanir ofl.	2	2	1	0	5
6	Verslun	322	476	375	314	1.487
7	Flutningar, samgöngur	244	259	178	122	803
8	Þjónusta	438	516	334	213	1.501
9	Ótilgreint	277	253	43	58	631
	Samtals	2.306	2.843	2.055	1.525	8.729

Lögaðilar:		1990	1989	1988	1987	Öll árin
0	Landbúnaður	21	12	22	17	72
1	Útgerð, fiskveiðar o. fl.	110	80	119	106	415
2–3	Iðnaður	333	219	393	313	1.258
4	Byggingar og framkvæmdir	197	123	186	156	662
5	Veitustofnanir ofl.	4	0	2	1	7
6	Verslun	584	353	628	490	2.055
7	Flutningar, samgöngur	56	41	61	48	206
8	Þjónustugreinar	360	206	261	236	1.063
9	Ótilgreint	1.195	1.403	846	659	4.103
	Samtals	2.860	2.437	2.518	2.026	9.841

Athugasemd.

Þess ber að geta að í fjöldatölum ótilgreindra lögaðila eru meðtaldir þeir sem eru komnir í gjaldþrot og einnig fyrirtæki sem í raun eru hætt rekstri en ekki hefur verið slitið formlega og felld af fyrirtækjaskrá Hagstofunnar.

5. Með hvaða hætti áætla skattstjórar skattstofn þegar skattframtali er ekki skilað?

Svar:

Um áætlanir skattstjóra fer samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 95. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Varðandi launþega utan atvinnurekstrar gildir að höfð er hliðsjón af þeim upplýsingum sem skattstjóri hefur tiltækar, svo sem launaupplýsingar í staðgreiðsluskrá og á launamiðum, upplýsingar um framtalsskil fyrri ára og skil á hlutafjármiðum. Sama

gildir um atvinnrekendur en að auki er stuðst við upplýsingar um rekstrarafkomu fyrri ára, upplýsingar úr virðisaukaskattsskrá, launagreiðslur samkvæmt staðgreiðsluskrá, upplýsingar um afurðasölu o.fl. Sérstök aðgæsla er höfð gagnvart öldruðum gjaldendum og þeim sem vistaðir eru á stofnunum eða dvalarheimilum.

Ríkisskattstjóri leitaði umsagnar allra skattstjóra á fyrirspurn þessari og kom fram hjá þeim að afar ósennilegt er að gjaldendur hafi fjárhagslegan ávinning af því að skila ekki skattframtölum. Miklu líklegra er að skattstjóri hækki áætlanir sínar ef mörg ár líða milli skila á skattframtali.

Ed. 963. Frumvarp til laga [467. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

1. gr.

Við 69. gr. laganna bætist nýr stafliður er orðast svo ásamt fyrirsögn:

D
Húsaleigubætur.

Maður, sem skattskyldur er skv. 1. gr. og greiðir húsaleigu fyrir íbúðarhúsnæði til eigin nota, á rétt á sérstökum bótum, húsaleigubótum.

Stofn til útreiknings á húsaleigubótum er 80% af greiddri húsaleigu. Frá þannig fundnum stofni, þó ekki hærri fjárhæð en 290.000 kr. hjá einstaklingi, 380.000 kr. hjá einstæðu foreldri, en 480.000 kr. hjá hjónum eða sambýlisfólki, skal draga fjárhæð er svarar til 20% af tekjuskattsstofni eins og hann er skilgreindur í 62. gr. Sé um hjón eða sambýlisfólk, sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr., að ræða skal framangreint hlutfall reiknast af samanlögðum tekjuskattsstofni þeirra beggja. Þannig ákvarðaðar húsaleigubætur einstaklings skerðast hlutfallslega fari eignir hans skv. 73. gr., að frádregnum skuldum skv. 76. gr., fram úr 2.800.000 kr. uns þær falla niður við tvöfalt hærri mörk. Húsaleigubætur hjóna eða sambýlisfólks skerðast með sama hætti fari samanlagðar eignir þeirra skv. 73. gr., að frádregnum skuldum skv. 76. gr., fram úr 4.650.000 kr. uns þær falla niður við tvöfalt hærri mörk. Jákvæður mismunur telst vera húsaleigubætur. Húsaleigubætur geta þó aldrei orðið hærri en 36.000 kr. fyrir hvern mann, 66.000 kr. fyrir einstætt foreldi og fyrir hjón eða sambýlisfólk.

Húsaleigubætur skulu greiddar út með tveimur jöfnum greiðslum. Fyrri greiðslan, sem er bráðabirgðagreiðsla, skal fara fram eigi síðar en 1. maí ár hvert en síðari greiðslan, sem er endanleg greiðsla, eigi síðar en 1. september ár hvert og miðast við greidda húsaleigu á því tekjuári sem næst fór á undan greiðsluári bóta og eignir í lok þess sama árs. Húsaleigubætur, sem eru lægri en 500 kr. á mann, falla niður.

Húsaleigubótum hjóna skal skipt til helminga á milli þeirra. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. enda þótt það óski ekki eftir að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Húsaleigubætur greiðast rétthafa að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa

verið dregnar greiðslur opinberra gjalda í þessari forgangsröð:

1. Tekjuskatts sem á er lagður skv. 67. gr., að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.
2. Annarra þinggjalda sem á eru lögð vegna tekjuársins.
3. Ógoldinna þinggjalda frá fyrri árum.
4. Annarra skatta eða gjalda en hér eru tilgreind eftir nánari ákvörðun fjármálaráðherra.

Komi í ljós að maður hafi fengið greiddar húsaleigubætur án þess að eiga rétt á þeim skal honum gert að endurgreiða þær að viðbættu álagi. Álag á of hátt ákvarðaðar bætur skal nema 25%. Fella skal niður álagið samkvæmt þessari málsgrein ef maður færir rök fyrir því að honum verði eigi kennt um þá annmarka er leiddu til ákvörðunar skattstjóra.

Ákvæði 99. gr. og 100. gr. gilda um kærurétt vegna húsaleigubóta eftir því sem við á.

Húsaleigubætur eru ákvarðaðar samkvæmt umsókn til skattstjóra og skal umsókn skilað með framtali ásamt upplýsingum um greidda húsaleigu.

Nánari reglur um húsaleigubætur, þar á meðal um útborgun þeirra og skuldajöfnun á móti opinberum gjöldum, skulu settar í reglugerð.

2. gr.

1. mgr. 121. gr. orðist svo:

Fjárhæðir, sem um ræðir í 68. gr., A-lið 69. gr., 2. mgr. B-liðar 69. gr., hámarksfjárhæð vaxtabóta skv. 6. málsl. 2. mgr. C-liðar 69. gr. og hámarksfjárhæð húsaleigubóta skv. 7. málsl. 2. mgr. D-liðar 69. gr., skulu 1. júlí á staðgreiðsluári taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. des. næstan á undan staðgreiðsluári og lánskjaravísitölu sem er í gildi 1. júní á staðgreiðsluári.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1992 vegna tekna á árinu 1991 og eigna í lok þess árs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í þessu frumvarpi var lagt til að teknar verði upp húsaleigubætur til þeirra manna sem hafa á leigu íbúðarhúsnæði til eigin nota.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1991 var kynnt sú hugmynd að taka upp sérstakar húsaleigubætur líkt og tíðkast víða á Norðurlöndum. Í þessu frumvarpi er sú hugmynd útfærð nánar. Lagt er til að húsaleigubæturnar verði teknar inn í skattkerfið með svipuðum hætti og vaxtabætur. Þannig yrðu húsaleigubæturnar *tekju-* og *eignatengdar*, mismunandi eftir *fjölskyldugerð* og *húsaleiguútgjöldum*, auk þess að vera bundnar ákveðnu *hámarki*. Í töflu 1 eru sýnd nokkur dæmi um greiðslu húsaleigubóta.

Í stórum dráttum eru meginþættir húsaleigubótakerfisins eftirfarandi og eru allar fjárhæðir á verðlagi ársins 1990, en breytast í samræmi við skattvísitölu:

1. Sá leigukostnaður, sem sérhverjum leigjanda er ætlað að bera að lágmarki, lágmarkshúsaleiga, er *20% af greiddri húsaleigu* eða *20% af skattskyldum tekjum* hvort heldur hærra reynist.

2. Hámarkshúsaleiga er sem hér segir miðað við árið 1990:

a. Einstaklingar:	30.000 krónur á mánuði
b. Einstætt foreldri:	40.000 krónur á mánuði
c. Hjón/sambýlisfólk:	50.000 krónur á mánuði

3. Hámarksbætur eru eftirfarandi á verðlagi 1990:

a. Einstaklingar:	3.000 krónur á mánuði
b. Einstætt foreldri:	5.500 krónur á mánuði
c. Hjón/sambýlisfólk:	5.500 krónur á mánuði

Samkvæmt frumvarpinu kæmu húsaleigubæturnar til útborgunar á næsta ári vegna greiddrar húsaleigu á árinu 1991, í tveimur jöfnum greiðslum, þ.e. 1. maí og 1. september. Talið er að heildarkostnaður þessarar útfærslu geti numið um *400–500* m.kr. á árinu 1992.

Með því að taka húsaleigubætur inn í skattkerfið og greiða þær út með sama hætti og vaxtabætur er tryggt að kostnaður við framkvæmd kerfsins verður í lágmarki og að upplýsingar um greidda húsaleigu berist skattyfirvöldum. Gert er ráð fyrir því að þeir sem greiða húsaleigu sendi inn umsókn um húsaleigubætur með skattframtali ásamt upplýsingum um greidda húsaleigu. Með þessu móti ætti að vera tryggt að þeir sem sækja um húsaleigubætur gefi upp greidda húsaleigu þannig að þær tekjur komi til skatts. Í frumvarpinu er kveðið á um það að þak sé sett á greidda húsaleigu þannig að ekki sé verið að greiða bætur til þeirra sem kjósa að vera í mjög dýru leiguhúsnæði nema upp að ákveðnu marki. Jafnframt er ákveðið að húsaleigubætur skuli skerðast með tilliti til tekna og eigna þess aðila sem sækir um húsaleigubætur. Þá er sett þak á það hve háar húsaleigubætur geta orðið. Þessi mörk eru ákveðin mismunandi eftir því hvort um er að ræða einstaklinga, einstæða foreldra eða hjón. Samkvæmt gildistökuákvæði frumvarpsins kæmu húsaleigubætur fyrst til útborgunar á næsta ári.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að teknar verði upp húsaleigubætur sem greiðist leigutökum sem leigja íbúðarhúsnæði til eigin nota. Húsaleigubætur yrðu með svipuðu sniði og vaxtabætur. Um nánari skýringu á þessari grein vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að hámarksfjárhæð húsaleigubóta hækki með sama hætti og aðrar bótagreiðslur sem ákveðnar eru í lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Um 3. gr.

Samkvæmt þessari grein, sem fjallar um gildistöku frumvarpsins, koma húsaleigubætur fyrst til útborgunar á árinu 1992 vegna greiddrar húsaleigu á árinu 1991.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ **TAFLA I**

Nokkur dæmi um greiðslu húsaleigubóta á verðlagi 1990.

	Dæmi 1	*Dæmi 2*	*Dæmi 3*
I. Einstaklingar			
Mánaðarlaun	70.000	100.000	100.000
Árleg húsaleiga, þús. kr.	300	300	360
Húsaleigubætur á ári, þús. kr.	36	0	36
Bætur sem % af greiddri húsaleigu	12%	0	10%
II. Einstætt foreldri			
Mánaðarlaun	70.000	100.000	100.000
Árleg húsaleiga, þús. kr.	300	300	360
Húsaleigubætur á ári, þús. kr.	66	0	48
Bætur sem % af greiddri húsaleigu	22%	0	13½%
III. Hjón			
Mánaðarlaun	100.000	150.000	200.000
Árleg húsaleiga, þús. kr.	360	480	480
Húsaleigubætur á ári, þús. kr.	48	24	0
Bætur sem % af greiddri húsaleigu	13½%	5%	0

Sþ. 964. Svar [364. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Karls Steinars Guðnasonar um opinbera aðstoð til skreiðarframleiðenda vegna Nígeríuviðskipta.

Leitað var upplýsinga um þetta mál hjá Ríkisendurskoðun, sjávarútvegsráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu, Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

1. Hafa skreiðarframleiðendur fengið beinar greiðslur úr ríkissjóði? Ef svo er, hvað eru upphæðir háar og hvenær voru þær greiddar?

Skreiðarframleiðendur hafa ekki fengið beinar greiðslur úr ríkissjóði.

2. Hafa lán skreiðarframleiðenda verið felld niður? Ef svo er, hvað er um háar upphæðir að ræða og hvenær voru þau lán felld niður?

Útvegsbanki Íslands hefur einungis afskrifað afurðalán út á skreið vegna gjaldþrota þeirra fyrirtækja sem í hlut áttu. Sama gildir um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Seðlabanki Íslands færði á sérstakan afskriftareikning á árinu 1989 38.734.000 kr. (núvirt miðað við gengi SDR) sem þá voru eftirstöðvar afurðalána vegna skreiðarviðskipta. Um aðra banka og lánastofnanir er ókunnugt.

3. Hafa vextir skreiðarframleiðenda verið felldir niður? Hvaða upphæðir er um að ræða og á hvaða tímabili?

Seðlabanki Íslands hafði endurkeypt 460 millj. kr. af lánum út á skreið er endurkaupum var hætt í apríl 1985. Þar á meðal voru endurkeyptar skreiðarskuldir vegna Nígeríuviðskipta frá árunum 1981–1983. Voru þær þá færðar á biðreikning í íslenskum krónum en höfðu verið í erlendri mynt.

Skuldirnar voru fyrst færðar á almennum sparisjóðsvöxtum en voru vaxtalausar frá ársbyrjun 1985. Þessi eftirgjöf nemur nú 917.018.000 kr. á núvirði miðað við gengisþróun SDR.

Upphæðirnar skiptast svo í vexti, gengismun og höfuðstól (upphæðir eru í krónum):

Eftirgefnir vextir	324.025.000
Eftirgefinn gengismunur	554.260.000
Höfuðstóll færður á afskriftareikning	38.734.000
	917.018.000

Upphæðir skiptust svo á tímabil:

Ár.		Núvirt upph. m.v. gengi SDR.
1981	Hlutdeild skreiðar í endurgr. á gengisuppf. og vöxtum	147.092.000
1984 (nóv.)	Hlutd. skreiðar í endurgr. gengismun vegna gengisbr.	235.605.000
1984	Eftirgjöf á gengismun fram til gengisbr. í nóvember	171.566.000
1985	Eftirgefnir vextir	166.930.000
1986	Eftirgefnir vextir	103.942.000
1987	Eftirgefnir vextir	42.319.000
1988	Eftirgefnir vextir	10.834.000
1989	Lokaeftirstöðvar	38.734.000
	Samtals	917.018.000

Þó að eftirgjöfin hafi verið til einstakra viðskiptabanka sem Seðlabankinn hafði endurkeypt afurðalán af þá varð að samkomulagi að viðskiptabankarnir ráðstöfuðu hinum eftirgefnu fjárhæðum til þeirra viðskiptamanna sem afurðalánin skulduðu.

4. Hver hefur „opinber aðstoð" verið við þá framleiðendur sem ekki skulduðu afurðalán vegna skreiðarframleiðslu árin 1983–1984 eða hafa fyrir löngu greitt þau lán sjálfir?

Um sértækar aðgerðir af hálfu hins opinbera til aðstoðar þeim framleiðendum sem ekki skulduðu afurðalán vegna skreiðarframleiðslu árin 1983–1984 hefur ekki verið að ræða. Hins vegar greiddi Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins út jafnt til skuldugra sem skuldlausra skreiðarframleiðanda 654.061.754 kr. á árunum 1983–1990 og var reglum sjóðsins breytt í því skyni. Upphæðirnar skiptast svo á einstök ár (núvirt miðað við gengi SDR, upphæðir eru í krónum):

1983	304.186.320
1984	310.087.098
1985	28.288.336
1990	11.500.000
	654.061.754

5. Hvenær var hætt að taka sérstakan „gengismun" af skreið samkvæmt lögum um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, nr. 71 30. maí 1984?

1. janúar 1986.

Sþ. 965. Skýrsla [468. mál]

félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

1. INNGANGUR

Í 22. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna, er kveðið á um þá skyldu félagsmálaráðherra að leggja fyrir Alþingi á tveggja ára fresti skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála. Fyrsta skýrslan var lögð fyrir Alþingi árið 1986. Önnur skýrslan kom út í desember 1988 og var tekin til umræðu á Alþingi í febrúar 1989. Í þessum tveimur skýrslum var sérstök grein gerð fyrir nokkrum málefnum með tilliti til stöðu kynjanna. Þessi málefni voru löggjöf, menntun, atvinnumál, stjórnmál og félagsleg atriði. Reynt var að draga fram atriði sem sýndu stöðu og þróun jafnréttis kynjanna þannig að stjórnvöld gætu gripið til aðgerða og með þeim hætti náð markmiðum sem sett eru í lögum og þeirri framkvæmdaáætlun sem ríkisstjórn ber að setja sér samkvæmt ákvæðum í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna.

Skýrsla um stöðu og þróun jafnréttismála, sem hér með er lögð fyrir Alþingi í þriðja skipti, er byggð upp með svipuðum hætti og fyrri skýrslur um þetta efni. Einkum er lögð áhersla á hlut kvenna í launagreiðslum, gengi þeirra í skólakerfinu og þátttöku í stjórnmálum. Eins og við samantekt á fyrri skýrslum hefur efnis verið aflað hjá ýmsum aðilum. Helstir eru: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Jafnréttisráð, kjararannsóknarnefnd og Þjóðhagsstofnun. Einnig hefur verið stuðst við efni úr ýmsum könnunum sem framkvæmdar hafa verið á sl. tveimur til þremur árum. Benda má á eftirfarandi: Könnun jafnréttisnefndar Bandalags háskólamanna, könnun Starfsmannafélagsins Sóknar um gildi starfsmenntunar, könnun jafnréttisnefndar Reykjavíkurborgar á störfum og aðbúnaði kvenna hjá Reykjavíkurborg og könnun Hagstofu Íslands og Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands á lífskjörum og lífsháttum á Íslandi sem kynnt var í júní 1990. Þess skal getið að í kaflanum um stjórnmál er stuðst við upplýsingar sem koma fram í B.A.-ritgerð eftir Önnu Margréti Jóhannesdóttur um stöðu kvenna í stjórnmálum á Íslandi 1960 til 1990. Ritgerðin kom út árið 1990.

Í skýrslunni kemur fram að misjafnlega hefur miðað að koma á jöfnuði á milli kynjanna á hinum ýmsu sviðum þjóðlífsins. Til dæmis er hlutdeild kvenna í heildarlaunagreiðslum í landinu enn verulega minni en karla. Á þessu kunna að vera ýmsar eðlilegar skýringar, t.d. meiri menntun og reynsla karla, lengri vinnutími o.s.frv. En munurinn er meiri en svo að þessir þættir veiti fullnægjandi svör. Undanfarin missiri hafa stjórnvöld með ýmsu móti reynt að bæta stöðu kvenna í þjónustu hins opinberra. Að frumkvæði félagsmálaráðuneytisins og Jafnréttisráðs hafa um 50 stofnanir sett sér sérstakar jafnréttisáætlanir til fjögurra ára þar sem sett eru ákveðin markmið um fjölgun kvenna í trúnaðarstörfum og bætt launakjör þeirra í samanburði við laun karla. Stjórnvöld vonast til að aðgerðir af þessu tagi leiði til meiri

jafnaðar a.m.k. meðal starfsmanna í þjónustu hins opinbera sem síðar hafi áhrif á almenna vinnumarkaðinn.

Menntun er það svið þar sem verulegur árangur hefur náðst að því er varðar jafnræði með körlum og konum. Hlutfall þeirra kvenna og karla sem afla sér framhaldsmenntunar er svo til jafnt og raunar er hlutur kvenna, t.d. að því er varðar stúdentspróf og háskólanám, örlítið betri en karla. Við nánari athugun á skiptingu kynjanna eftir námsgreinum kemur í ljós þróun sem veldur áhyggjum. Konur eru í miklum minni hluta í ýmsum iðngreinum og námsgreinum sem teljast til svonefndra raunvísinda. Þær eru hins vegar mun fjölmennari í námsgreinum sem leiða til ýmiss konar umönnunarstarfa í þjóðfélaginu. Þessi staðreynd leiðir til áframhaldandi kynskiptingar vinnumarkaðarins, þ.e. að störf skiptist í kvennastarfsgreinar og karlastarfsgreinar. Þetta er óheppileg þróun að mati stjórnvalda sem reynt hefur verið að bregðast við, m.a. með þátttöku í norrænu samstarfsverkefni, Brjótum múrana, sem lauk á árinu 1990 og gerð er grein fyrir í skýrslunni.

Fjallað er um fjölmörg önnur atriði í skýrslunni sem ekki er ástæða til að fjölyrða um í inngangi. Á það skal minnt með sama hætti og í fyrri skýrslum að hér er ekki um að ræða tæmandi úttekt. Markmið skýrslunnar er að gera grein fyrir aðgerðum stjórnvalda á sviði jafnréttismála, gefa yfirlit yfir þróunina á þessu sviði og vekja athygli á því sem betur má fara.

2. LÖGGJÖF

2.1. Endurskoðun jafnréttislaga.

Í skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála, sem lögð var fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi árið 1988, var gerð grein fyrir helstu atriðum þess sem gerst hafði á sviði löggjafar um stöðu kvenna og karla tímabilið 1986–1988. Þar var m.a. sagt frá fyrirhugaðri endurskoðun á lögum nr. 65 frá 1985, um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla. Á þeim þremur árum, sem lögin höfðu verið í gildi, höfðu komið í ljós ýmsir annmarkar. Ráðherra skipaði sérstaka nefnd sem skyldi endurskoða lögin og lagði áherslu á að hún gerði tillögur til breytinga um hvernig beita mætti ákvæðum 3. gr. um tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna og koma með tillögur um hvernig mætti draga úr launamun kynjanna. Í nefndina voru upphaflega skipaðar; Jóna Ósk Guðjónsdóttir, formaður Sambands alþýðuflokkskvenna, Unnur Stefánsdóttir, formaður Landssambands framsóknarkvenna, Þórunn Gestsdóttir, formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna, og Lára V. Júlíusdóttir, þáverandi aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, sem jafnframt var skipuð formaður nefndarinnar. Elsa S. Þorkelsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs, var ritari nefndarinnar. Þær breytingar urðu á skipan nefndarinnar haustið 1988 að í hópinn bættust þau Hjörleifur Guttormsson, þingmaður Alþýðubandalagsins, Kristín Einarsdóttir, þingmaður Kvennalistans, og Guðmundur Ágústsson, þingmaður Borgaraflokksins. Nefndin skilaði tillögu að nýju frumvarpi í maí 1989.

Ein veigamesta breytingin, sem nefndin lagði til, var að stofnuð yrði *kærunefnd* jafnréttismála og er henni ætlað að taka við ábendingum um brot á ákvæðum laganna. Samkvæmt frumvarpi nefndarinnar á félagsmálaráðherra að skipa nefndina til þriggja ára. Verði frumvarpið að lögum verða kærumál aðgreind frá öðrum veigamiklum málefnum Jafnréttisráðs, svo sem stefnumótun, rannsóknum og fræðslu. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir breytingum á skipan Jafnréttisráðs. M.a. er lagt til að skipun í ráðið verði bundin við alþingiskosningar og að fulltrúar þingflokka eigi þar fulltrúa ásamt fulltrúum frá kvennahreyfingunum og aðilum vinnumarkaðarins. Þá er í frumvarpinu fjallað um *jafnréttisnefndir sveitarfélaga* og verkefni þeirra og starfssvið skilgreind ítarlegar en nú er. Annað nýmæli er skipan jafnréttisráðgjafa og er þeim ætlað að vinna í samstarfi við Jafnréttisráð að leiðréttingum á stöðu kvenna á vinnumarkaðnum.

Tillögur nefndarinnar hvað varðar *öfuga sönnunarbyrði* er einna mikilvægasta breytingin frá núgildandi lögum. Samkvæmt 10. gr. frumvarps nefndarinnar var gert ráð fyrir að öfug sönnunarbyrði verði látin gilda í dómsmálum sem höfðuð verða á grundvelli laganna. Ákvæði hennar fela í sér að atvinnurekendur verða að sýna fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákörðunar við t.d. stöðuveitingar og nýráðningar. Þess má geta að í sænskum og finnskum jafnréttislögum – eru álíka ákvæði, og framkvæmdanefnd Efnahagsbandalags Evrópu hefur beint þeim tilmælum til aðildarríkja sinna að þau taki slík ákvæði upp í sín jafnréttislög. Loks má geta þess að í frumvarpinu er gert ráð fyrir svokallaðri *tilnefningarleið* í nefndir, stjórnir og ráð hins opinbera, þ.e. að tilnefna skuli tvo, karl og konu og þess síðan gætt, er gengið er frá skipun, að skipting kynjanna verði sem jöfnust.

Félagsmálaráðherra lagði frumvarpið fram á haustþingi Alþingis 1989. Það náði ekki fram að ganga en var sent til umsagnar fjölmargra aðila. Nefndin var kölluð saman aftur haustið 1989 og gerði hún nokkrar breytingar með hliðsjón af framkomnum athugasemdum og umræðu á Alþingi. Félagsmálaráðherra endurflutti frumvarpið á vorþingi Alþingis 1990 en það náði ekki heldur fram að ganga og var vísað til félagsmálanefndar neðri deildar. Sú nefnd var sammála um nokkrar breytingar og nú liggur frumvarpið fyrir, svo breytt, og bíður þess að verða tekið til meðferðar þingsins. Nokkur ákvæði sem voru helstu nýjungar í upphaflegu frumvarpi nefndar félagsmálaráðherra voru felld niður eða breytt. Þar má m.a. nefna ákvæðið um tilnefningar í opinberar nefndir og ráð. Þá leggur félagsmálanefnd til að ákvæði um öfuga sönnunarbyrði skuli einungis eiga við í málum sem fjallað er um í kærunefnd en ekki í dómsmálum um jafnstöðumál. Þá lagði nefndin til að felld verði niður ákvæði um setu fulltrúa þingflokka í ráðinu.

Þó svo að ekki hafi náðst full samstaða um nokkur veigamikil atriði í upphaflega frumvarpinu er óhætt að fullyrða að frumvarpið, eins og það liggur fyrir núna, er ótvírætt spor í rétta átt.

3. MENNTUN

Frá árinu 1911 hafa verið í gildi lög sem veita konum sama rétt og körlum til kennslu og að ljúka prófum við allar menntastofnanir landsins. Lagalegt jafnrétti kynjanna til menntunar hefur því ríkt í nokkrar kynslóðir. Það hafa verið gerðar nokkrar rannsóknir á menntun bæði karla og kvenna og oftar en ekki hefur verið lögð áhersla á að sýna fram á aukna sókn kvenna í menntastofnanir landsins, m.a. vegna hinnar miklu áherslu á gildi menntunar í allri umræðu um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla. Í bók „85 nefndarinnar", *Konur! Hvað nú?*, gerir Fríða Björk Pálsdóttir félagsfræðingur grein fyrir stærstu dráttum þessarar þróunar auk þess sem hún gerir sérstaklega grein fyrir því sem gerðist á árunum 1975 til 1985, þ.e. á kvennaáratug Sameinuðu þjóðanna. Niðurstaða hennar er að það hafi verið lítill munur á námsvali kvenna við upphaf og lok þess áratugar og að almennt séð hafi konur valið nám sem gefi minni tekjumöguleika en karlar.

3.1. Námsval kvenna og karla.

Á vegum Jafnréttisráðs hafa verið gerðar nokkrar athuganir á stöðu mála hvað varðar menntun kvenna og karla, t.d. liggja fyrir upplýsingar um námsval nemenda skólaárið 1985–1986. Þar kom fram greinilegur kynbundinn munur á öllum skólastigum eftir grunnskóla. Þar kom einnig fram að konur voru meiri hluti þeirra nemenda sem skráðir voru í nám það skólaár eða 534 konur á móti 466 körlum af hverjum þúsund nemendum.

Þá liggja fyrir upplýsingar um iðn- og tækninám skólaárið 1985–1986. Þar kom t.d. fram að konur voru í meiri hluta í tækninámi á framhaldsskólastigi en voru jafnframt í miklum minni hluta þegar komið var á háskólastig eða sambærilegt nám erlendis. Í skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála frá 1988 er gerð grein fyrir þessum

könnunum. Þar sem nemendaskrár Hagstofu Íslands með sambærilegum nýjum upplýsingum liggja ekki fyrir var brugðið á það ráð að leita upplýsinga hjá einstaka iðn- og tækniskólum. Leitað var til Iðnskólans í Reykjavík, Tækniskóla Íslands og Verkmenntaskólans á Akureyri og beðið um tölur sem sýndu fjölda brautskráðra nemenda eftir brautum og kyni.

Iðnskólinn í Reykjavík.

Samkvæmt upplýsingum frá Iðnskólanum í Reykjavík brautskráði skólinn 592 nemendur skólaárin 1988–1989, þar af voru 165 konur eða 27,9%. Hlutur brautskráðra kvenna og karla skipt eftir skólaárunum 1987/1988 og 1988/1989, var sem hér segir:

Tafla 3.1.1. Brautskráning nemenda eftir kyni skólaárin 1987/1988 og 1988/1989.


	1987/1988	1988/1989
Karlar	199 – 74%	228 – 70%
Konur	67 – 26%	98 – 30%
Samtals	266 – 100%	326 – 100%

Samkvæmt þessum upplýsingum fer lítið fyrir marktækum breytingum á námsvali kynjanna miðað við fyrri niðurstöður. Skólinn býður nemendum 34 námsbrautir og konur og karlar velja enn mjög svo hefðbundið nám. Fyrra skólaárið brautskráðust konur af níu brautum en karlar af tuttugu og níu. Þá eru fimm brautir sem engir karlar hafa brautskráðst frá þetta ár, þar á meðal hárgreiðsla og kjólasaumur. Aðeins tveir karlar luku námi í tækniteiknun en tuttugu og fimm konur. Seinna árið brautskráðust fjórir karlar af hárgreiðslubraut á móti þrjátu og fjórum konum og í tækniteiknun luku þrjátíu og ein kona prófi en aðeins þrír karlar. Þegar litið er á „hefðbundnu“ karlagreinarnar eins og rafeindavirkjun kemur í ljós að engin kona hefur lokið þaðan prófi en aftur á móti sjötíu og fjórir karlar. Það sama á við greinar eins og rafvirkjun, málaraiðn og húsasmíði.

Tækniskóli Íslands.

Myndin hér á eftir sýnir hlutfall brautskráðra nemenda úr Tækniskóla Íslands skólaárin 1987–1989. Fjöldi brautskráðra nemenda var samtals 459, þar af voru konur 64 eða 14% en karlar 395 eða 86%.

Mynd 3.1.1. Útskrifaðir nemendur úr Tækniskóla Íslands skólaárin 1987–1989.



Eins og sjá má er mikill munur á fjölda brautskráðra kvenna og karla í Tækniskóla Íslands þessi þrjú ár. Það hafa orðið litlar sem engar breytingar á hlut kvenna í Tækniskóla Íslands frá því á áratugnum 1975–1984. Á því tímabili voru þær frá 18% brautskráðra nemenda niður í 9%. (Heimild: *Konur! Hvað nú?*, bls. 69).

Mismunandi námsval kvenna og karla í Tækniskóla Íslands kemur mjög skýrt fram í töflu 3.1.2. Þar eru sýndar námsdeildir og bæði fjöldi og hlutfall brautskráðra nemenda.

Tafla 3.1.2. Brautskráðir nemendur úr deildum, bæði fjöldi og hlutfall, skólaárin 1987–1989.

	Karlar	Konur	Karlar %	Konur %
Raungreinadeild	125	0	100	0
Byggingatæknifræði	41	1	98	2
Byggingaiðnfræði	22	0	100	0
Rafmagnstæknifræði 1. hl.	35	0	100	0
Rafmagnsiðnfræði	28	0	100	0
Véltæknifræði 1. hl.	29	0	100	0
Véliðnfræði	5	0	100	0
Meinatæknar	0	34	0	100
Röntgentæknar	0	13	0	100
Útvegstæknar	31	2	95	5
Iðnrekstrarfræðingar	79	14	85	15
Samtals	395	64	86%	14%

Eins og sjá má eru konur svo til eingöngu í annaðhvort meinatækni eða röntgentækni og þar eru engir karlar. Konur eru ekki í véltæknifræði eða rafmagnsiðnfræði.

Verkmenntaskólinn á Akureyri.

Frá Verkmenntaskóla Akureyrar brautskráðust samtals 214 nemendur, 19 konur eða 8,9%, 195 karlar eða 91,1%. Námsval nemenda skólans er álíka hefðbundið og í þeim tveimur framhaldsskólum sem gert hefur verið grein fyrir hér að framan. Það kemur m.a. fram að engin kona brautskráðist sem tæknistúdent og af þeim 19 konum sem brautskráðust luku átta námi í tækniteiknun og sex í hárgreiðslu.

3.2. Brautskráðir nemendur frá Háskóla Íslands.

Konur hafa verið hvattar til menntunar og þær hafa hlýtt kallinu – þær hafa allt frá 1985 verið í meiri hluta í framhaldsskólum landsins og einnig sem nýnemar við Háskóla Íslands. Haustið 1990 voru þær 57% nýnema Háskólans. Á síðasta áratug hefur skráðum nemendum við Háskóla Íslands fjölgað mikið og haustið 1990 var fjöldi nýnema 4.823. Í athugun Jafnréttisráðs á nýráðningum og stöðuhækkunum hjá nokkrum opinberum stofnunum og ráðuneytum, sem gerð var 1988, var greinilegt að aukin sókn kvenna til menntunar hefur skilað sér í auknum hlut þeirra í ýmsum stjórnunar- og ábyrgðarstöðum innan þessara stofnana.

Jafnréttisráð hefur tekið saman upplýsingar um fjölda *brautskráðra* nemenda Háskóla Íslands á árunum 1987–1989. Eins og áður sagði hafa konur um nokkuð skeið verið í meiri hluta nýnema – en það er einnig þekkt úr rannsóknum að konur ljúka síður námi en karlar. Ástæðurnar geta verið margþættar en vafalaust hafa stofnun heimilis og barneignir þar áhrif.

Í könnun *jafnréttisnefndar Bandalags Háskólamanna*, sem gerð var á árinu 1988, kom m.a. fram að þriðjungur háskólamenntaðra kvenna hafði hætt námi vegna fjölskylduaðstæðna en það er helmingi hærra hlutfall en meðal háskólamenntaðra karla.

Þau gögn, sem stuðst var við í samantekt Jafnréttisráðs, eru frá Háskóla Íslands og sýna fjölda brautskráðra nemenda við hverja útskrift (þær eru vanalega þrjár á ári). Í þessum skrám er gerð grein fyrir hverri námsbraut eða deild.

Tafla 3.2.1. Fjöldi og hlutfall brautskráðra nemenda eftir kyni skólaárin 1987 - 1989.


	Karlar	Konur	Samtals
1987	261 – 48%	285 - 52%	546 - 100%
1988	280 - 51%	272 - 49%	552 - 100%
1989	275 - 48%	300 - 52%	575 - 100%
Samtals	816 - 49%	857 - 51%	1673 -100%

Á þessari einföldu töflu má sjá að það er lítill sem enginn munur á konum og körlum hvað varðar brautskráningu. Í ljósi þess að flestar fyrri athuganir hafa bent til að konur ljúki síður námi en karlar eru þetta ánægjulegar niðurstöður.

Fjöldi eða hlutfall kvenna af nýnemum eða fjöldi og hlutfall brautskráðra segir ekki alla söguna frá jafnréttissjónarmiði. Meginniðurstöður Fríðu Bjarkar Pálsdóttur voru tvær, annars vegar að konur lykju síður námi en karlar og hins vegar að námsval væri kynbundið og hefði áhrif á tekjumöguleika kvenna og karla.

Á mynd 3.2.1. má sjá hlutfall brautskráðra kvenna og karla úr hverri deild þessi þrjú útskriftarár, þ.e. 1987–1989. Hér er einungis um að ræða heildartölur úr hverri deild án þess að taka til námsbrautaskiptingar einstakra deilda. Deildir Háskólans eru níu talsins og innan nokkurra þeirra má finna margar námsbrautir. Sem dæmi má nefna raunvísindadeild, en innan hennar má velja á milli a.m.k níu mismunandi brauta.

Mynd 3.2.1. Hlutfall brautskráðra kvenna og karla eftir deildum skólaárin 1987–1989.



Það sem vekur athygli er að í öllu deildum er umtalsverður munur á hlutfalli brautskráðra kven- og karlkandídata.

Undantekning er lögfræðin en þar var hlutur brautskráðra kvenna og karla hvað jafnastur þessi þrjú ár. Árið 1981 voru karlar 71% útskrifaðra lögfræðinga (Heimild: *Konur! Hvað nú?*, bls. 71), og árið 1989 voru konur 54% þeirra. Í öðrum deildum hefur þróunin ekki verið eins ör, t.d. voru karlar 73% brautskráðra nemenda frá verkfræði- og raunvísindadeild árið 1981 – árið 1989 voru þeir enn 71% brautskráðra verkfræðinga.

Í einstaka deildum er hlutur brautskráðra kvenna kominn yfir 30%. Þar má nefna raunvísindadeild, tannlæknadeild og guðfræðideild. Þessar greinar eða störf tengd þeim hafa til skamms tíma verið skilgreind sem hefðbundin karlastörf. Því hefur verið haldið fram að þegar það kynið sem hefur verið í minni hluta í viðkomandi starfsgrein nái 30% hlutfalli, megi búast við breytingum á hefðbundnum viðhorfum til starfsins. Ef þessi fullyrðing er rétt ætti innan skamms að sjást ýmsar breytingar.


Þá vekur óneitanlega athygli hátt hlutfall kvenna í læknadeild eða 72% brautskráðra nemenda. Þetta hlutfall segir því miður ekki alla söguna vegna þess að læknadeild skiptist niður í nokkrar námsbrautir og þar kemur fram greinileg kynskipting. Þessa sömu kynskiptingu má finna í næstum öllum brautaskiptum deildum Háskólans. Benda má á sem dæmi að félagsvísindadeild brautskráði aðeins einn karlkyns bókasafnsfræðing þessi þrjú ár.

Skipting eftir námsbrautum.

Áhugavert er að athuga skiptinguna innan einstakra deilda, t.d. *læknadeildar*, en hátt hlutfall kvenna þar er oft nefnt sem dæmi um „breytingar“ á námsvali kynjanna. *Raunvísindadeildin* er einnig áhugaverð, m.a. vegna þess að við lok skólaársins 1985/1986 voru stúlkur 52% nýstúdenta úr náttúrufræðibrautum framhaldsskólanna. (Heimild: Hagtíðindi, apríl 1989.) Að sjálfsögðu þarf að taka fram að stúdentar með lokapróf úr náttúrufræðibrautum fara ekki eingöngu í raunvísindadeildir háskóla. Þeir fara í jafnmiklum mæli í annað nám.

Eins og sjá má á mynd 3.2.2. brautskráðust fyrst og fremst karlar með embættispróf í læknisfræði. Þó hefur hlutur kvenna aukist stórlega á síðasta áratug. Árið 1975 voru konur aðeins 5% brautskráðra lækna en 1985 voru þær orðnar 30%. Þær hafa haldið því hlutfalli og vel það þau þrjú ár sem athuguð eru í þessari samantekt. Hjúkrunarfræðin er ný grein og er hún svo til hrein kvennagrein. Það að breyta heiti starfsgreinarinnar og gera það „kynhlutlaust“ (hjúkrunarfræðingur/ hjúkrunarkona) virðist ekki hafa hafa breytt viðhorfum karla eða samfélagsins alls til þessa starfs. Það sama á við um sjúkraþjálfara, þróunin virðist vera í þá átt að þar sé að verða til „kvennastétt“. Lyfjafræðingarnir eru líka á góðri leið með að verða einlitur kvennahópur.


Mynd 3.2.2. Hlutfall brautskráðra nemenda læknadeildar skólaárin 1987–1989 eftir brautum og kyni.



Læknadeild

Konur voru 35% brautskráðra nemenda úr raunvísindadeild. Eins og sést á mynd 3.2.3. eru námsbrautirnar þar níu og þó nokkur munur er á fjölda brautskráðra úr hverri deild. Myndin sýnir hlutfall brautskráðra kvenna og karla úr hverri námsbraut þessi þrjú ár.

Mynd 3.2.3. Hlutfall brautskráðra nemenda raunvísindadeildar eftir brautum og kyni skólaárin 1987 - 1989.



Eins og sést vel eru brautirnar greinilega kynskiptar. Sumar eru allt að því hreinar „karlabrautir", t.d. stærðfræði, jarðfræði og eðlisfræði en konur eru í áberandi meiri hluta í matvælafræði. Í greinum eins og landafræði og líffræði er nokkuð gott jafnræði á milli kynjanna. *Tölvunarfræðin* er langfjölmennasta brautin innan veggja raunvísindadeildar. Á þessum árum brautskráðust þaðan 121 nemandi með BS-próf í tölvunarfræðum. Konur voru þar rétt 25%.

Í öðrum deildum Háskólans, eins og félagsvísindadeild þar sem meiri hluti nemenda er konur, má sjá svipaða dreifingu kvenna og karla á hinar ýmsu brautir deildarinnar. Í félagsvísindadeild er það helst sálfræðin sem höfðar jafnt til beggja kynja. Aðrar brautir, eins og félagsfræði, uppeldisfræði, bókasafnsfræði og mannfræði, laða að sér mun fleiri konur en karla. Ef litið er á heimspekideild þá er þar áberandi stór meiri hluti kvenna sem lýkur þaðan almennu BA-prófi eða 146 konur á móti 60 körlum. Heimspekideildin brautskráir nemendur með kandídatspróf. Helmingi fleiri karlar en konur, eða 18 karlar og 9 konur, luku slíku prófi frá deildinni á þessum þremur árum. Verkfræðideildin er enn mikið karlavígi, aðeins 16% brautskráðra nemenda voru konur.

Kennarar.

Að lokum er hér gerð stuttlega grein fyrir hlut kvenna við kennslu við Háskóla Íslands. Miðað við aukinn hlut kvenna, sem lokið hefur háskólaprófi undanfarinn áratug eða meira, ætti að sjást þess merki í hópi kennara við skólann.

Samkvæmt upplýsingum frá Háskóla Íslands voru kennarar við skólann haustið 1989 samtals 750. (Heimild: Listar frá deildum.) Af þessum 750 einstaklingum voru 133 konur eða rétt 18%. Konur voru 4% prófessora (5 af 117), 11% dósenta (14 af 115), 22% lektora (25 af 88) og 23% adjúnkta og stundakennara (89 af 297). Konur voru þriðjungur kennara í hjúkrunarfræði og sjúkraþjálfun en aðeins 4% þeirra sem kenndu tilvonandi lögfræðingum. Á þessum tíma var engin kona kennari við viðskipta- og hagfræðideild Háskólans.

Þetta einfalda yfirlit sýnir að það er lítið samræmi – enn sem komið er – á milli fjölda kvenkyns nemenda og kvenkyns kennara. Því hefur verið haldið fram að konur sæki síður en karlar í framhaldsnám eftir að fyrsta hluta háskólanáms er lokið. Í könnun *jafnréttisnefndar Bandalags háskólamanna* kemur fram að um 70% háskólamenntaðra kvenna hafa lægstu prófgráðu eða eins árs viðbótarnám þar ofan á meðan rúm 57% karla hafi MS/MSc-gráðu eða meira. Nú þegar sífellt fleiri Íslendingar leggja stund á nám á háskólastigi, bæði hér heima og erlendis, getur Háskólinn valið úr stærri hóp umsækjenda og þá um leið gert meiri kröfur um menntun og vísindastörf. Ef það er rétt að konur láti fyrsta áfanga nægja hljóta þær að standa verr að vígi í umsóknum um kennslustöður við Háskólann.

Niðurstöður þessarar samantektar gefa ekki tilefni til að fullyrða mikið. Það hafa orðið vissar breytingar á undanförnum árum í einstaka deildum Háskólans, t.d. lögfræði og viðskiptafræði (þær deildir skiptast ekki upp í einstakar námsbrautir). Í dag ríkir þar nokkuð jafnræði milli kynjanna þótt þess sjái ekki stað þegar litið er á kennarahópinn, en hafa ber í huga að skemmri tími er liðinn frá því konur fóru að sækja nám í þessum deildum til jafns við karla. Í deildum sem bjóða upp á margar sérhæfðar brautir eins og félagsvísindadeild (þar sem konur eru í meiri hluta) og raunvísindadeild (þar sem karlar eru í meiri hluta) er námsval stúdenta mjög kynbundið. Það sama á við um læknadeildina. Í þeim gögnum sem þessar upplýsingar eru unnar upp úr er ekki gerður greinarmunur á BA-prófgráðum úr heimspekideild og því ekki hægt að segja annað um skiptingu kvenna og karla þar en að konur eru þar í miklum meiri hluta.

Fríða Björk Pálsdóttir sagði í grein sinni „Menntun kvenna" í ritinu Konur! Hvað nú?, að konur velji frekar nám vegna áhuga á náminu sjálfu en karlarnir hins vegar oftar vegna

teknanna. Könnun jafnréttisnefndar BHM segir okkur að fullvinnandi háskólamenntaðar konur hafi tæp 75% af heildarlaunum fullvinnandi háskólamenntaðra karla. Í þessu sambandi verður að hafa í huga styttra nám kvennanna og aldursdreifingu háskólaborgara. En átta af hverjum tíu háskólamenntaðra kvenna eru 45 ára eða yngri á móti sex af tíu háskólamenntuðum körlum. Þessi tvö atriði hafa að sjálfsögðu áhrif á laun einstaklinga.

Óhætt er samt að fullyrða að launamunur á milli fullvinnandi kvenna og karla með háskólamenntun er minni en hjá öðrum hópum í samfélaginu. Að því leyti má segja að aukin menntun kvenna færi okkur nær markmiðinu um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

3.3. Starfsmenntun í atvinnulífinu.

Það er ljóst að þörfin fyrir starfsmenntun í atvinnulífinu hefur stóraukist. Á undanförnum árum hefur framboð á endurmenntun, eftirmenntun og öðrum námskeiðum stóraukist. Félagsmálaráðuneytið stóð fyrir ráðstefnu um starfsmenntun í atvinnulífinu haustið 1987. Í ávarpi sínu kom félagsmálaráðherra inn á mikilvægi starfsmenntunar fyrir konur og sagði meðal annars: „*Margt bendir til þess að það sé ekki síst starfsöryggi kvenna sem er í hættu vegna tækniþróunar, ekki síst í hefðbundnum kvennastarfsgreinum. Störf kvenna og menntunarval hefur verið einhæfara en gerist meðal karla. Þess vegna er staða kvenna oft viðkvæmari fyrir tæknivæðingu og þess vegna þarf að gera sérstakt átak til að tryggja starfsmenntun þeirra og þar með atvinnuöryggi.*“ (Heimild: Starfsmenntun í atvinnulífinu. Félagsmálaráðuneytið, mars 1988.)

3.3.1. Gildi starfsmenntunar fyrir ófaglært starfsfólk í atvinnulífinu.

Starfsmannafélagið Sókn réðst í framkvæmd könnunar á gildi starfsmenntunar fyrir sína félagsmenn. Frá árinu 1976 hafa fleiri þúsundir Sóknarfélaga tekið þátt í starfsfræðslunámskeiðum sem félagið hefur staðið fyrir. Megintilgangur könnunarinnar var að kanna hvort þessi námskeið hafi skilað félagsmönnum einhverjum árangri. Þó svo að meginhluti rannsóknarinnar fjalli um starfsmenntun er að finna í henni ýmsar upplýsingar um atvinnuþátttöku og stöðu ófaglærðra kvenna á vinnumarkaðnum. Þar má m.a. nefna að rétt um helmingur Sóknarkvenna er í fullu starfi og af þeim er meiri hlutinn eða 60% einu fyrirvinnur heimila sinna.

Helstu niðurstöður er varða starfsmenntun.

Meginástæður þess að konur úr Starfsmannafélaginu Sókn hafa sótt starfsnámskeið eru í fyrsta lagi möguleikar á launahækkun og í öðru lagi almennur áhugi fyrir námi.

Það eru aðrir félagar á vinnustað sem hvetja þær til námsins. Langflestar þeirra hafa áhuga á meira námi og telja að námskeiðin virki hvetjandi til frekari náms. Þær leggja áherslu á námskeið sem veita aukin starfsréttindi. Þá er athyglisvert að 90% þeirra sem sótt hafa 1–3 námskeið ætla sér að halda áfram að starfa á félagssvæðinu en af þeim sem ekki hafa sótt nein námskeið er sambærileg tala 70%. Því virðist sem námskeiðin hafi þau áhrif að konurnar haldi frekar áfram starfi. Auk þess virðist sem námskeiðin auki sjálfstraust kvennanna.

Það sem konunum í könnuninni fannst helsti ókostur við námskeiðin var að þau voru haldin á óheppilegum tímum. Langflest þeirra voru haldin að hluta eftir vinnutíma. Af þeim hópi kvenna sem aldrei hafa farið á námskeið segja rúmlega 70% að þær mundu sækja námskeið ef þau væru haldin á vinnustað. Þessar konur eru flestar í hlutastarfi og eiga sjálfsagt erfitt með að komast meira burt frá heimilinu.

Yfirmenn félagsmanna tóku þátt í könnuninni og yfir 80% þeirra töldu námskeið auka hæfni starfsmanna auk þess sem þau bættu samskipti á vinnustað.

4. ATVINNU- OG KJARAMÁL

Atvinnuþátttaka.

Atvinnuþátttaka kvenna eykst sífellt. Samkvæmt tölum frá Þjóðhagsstofnun var hún orðin 81,8% árið 1986. Þessi tala er miðuð við allar konur 15 ára og eldri. Ef miðað er við 16–74 ára gamlar konur er hlutfallið enn hærra eða 90,1%. Sambærileg tala hvað varðar karla er 92,2%. Atvinnuþátttaka kvenna hefur aukist úr rétt um 33% árið 1960 í tæplega 82% árið 1986. Þessar upplýsingar má finna í skýrslu Þjóðhagsstofnunar *Tekjur kvenna og karla,* en hún kom út árið 1989. Tölur Þjóðhagsstofnunar eru frá 1986. Samanburður á almennri atvinnuþátttöku íslenskra kvenna og kvenna í öðrum löndum sýnir að íslenskar konur eru hlutfallslega fleiri á vinnumarkaði en kynsystur þeirra í nágrannalöndunum. Í skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála frá 1988 er gerð grein fyrir þróun þessara mála frá 1960. Hér er fyrst og fremst horft á breytingar á þessum áratug, þ.e. frá 1980 til 1986. Tafla 4.1. sýnir atvinnuþátttöku kvenna eftir aldri árin 1980 og 1986.


Tafla 4.1. Atvinnuþátttaka kvenna eftir aldri 1980 og 1986.

	1980			1986		
	Allar	Giftar	Ógiftar	Allar	Giftar	Ógiftar
yngri en 19 ára	97,2	95,5	97,2	97,2	93,9	97,3
20 - 24 ára	93,4	89,0	96,4	94,0	91,0	95,7
25 - 29 ára	86,5	84,0	92,6	89,9	88,8	92,0
30 - 34 ára	84,6	83,2	91,3	91,5	91,2	92,8
35 - 39 ára	84,9	84,2	88,4	92,5	92,6	91,8
40 - 44 ára	87,4	86,7	90,7	92,8	93,6	89,5
45 - 49 ára	86,2	85,4	89,7	92,2	92,6	90,6
50 - 54 ára	83,7	82,2	88,9	88,7	89,1	87,5
55 - 59 ára	79,0	77,0	84,4	85,2	84,6	86,8
60 - 64 ára	71,1	66,4	79,3	75,7	74,0	79,0
65 - 69 ára	54,3	47,0	62,3	57,3	53,7	61,5
70 - 74 ára	29,6	24,5	33,4	24,4	23,6	24,9
75 ára og eldri	13,7	13,4	13,8	11,3	12,4	10,9
Samtals	77,9	77,7	78,2	81,8	84,0	78

(Heimild: Þjóðhagsstofnun, Tekjur kvenna og karla, útg. jan. 1989.)

Eins og sjá má á þessari töflu eru konur virkir þátttakendur í atvinnulífinu – að minnsta kosti fram til 65 ára aldurs. Hjúskaparstaða þeirra virðist ekki hafa mikil áhrif þar á. Það er athyglisvert að lítið virðist draga úr atvinnuþátttöku ungra giftra kvenna, þ.e. kvenna á barneignaraldri. Mynd 4.1. sýnir atvinnuþátttöku giftra kvenna eftir fjölda barna. Þar má sjá mismunandi starfshlutfall, þ.e. önnur súlan sýnir konur í nær fullu starfi en hin almenna atvinnuþátttöku allra giftra kvenna.

Mynd 4.1. Atvinnuþátttaka giftra kvenna 1986 eftir fjölda barna.




(Heimild: Þjóðhagsstofnun, Tekjur kvenna og karla, bls. 32. útg. jan. 1989.)

Þessi mynd sýnir að eftir því sem börnin verða fleiri dregur úr vinnuframlagi mæðra utan heimilis en undirstrikar jafnframt að nær allar íslenskar konur starfa eitthvað utan heimilis óháð fjölda barna. Rúm 40% giftra kvenna með eitt barn á framfæri voru í fullu starfi árið 1986 en einungis um 25% þeirra sem áttu fjögur börn. Eftir því sem börnin eru fleiri eykst vinnuhlutfall giftra karla. Þá sýna gögn Þjóðhagsstofnunar að atvinnuþátttaka kvenna fer að einhverju leyti eftir tekjum maka. (Heimild: Tekjur kvenna og karla, bls. 11.)

Vinnutími.

Meiri hluti íslenskra kvenna er í hlutastarfi en konum í fullu starfi hefur fjölgað ár frá ári. Á árinu 1986 skiluðu 43% kvennanna 40–52 vinnuvikum en Þjóðhagsstofnun skilgreinir slíkt vinnuframlag sem fullt starf. Þar má m.a. finna upplýsingar um starfshlutfall giftra kvenna árin 1981 og 1986.

Mynd 4.2. Starfshlutfall giftra kvenna 1981 og 1986.




Eins og sjá má á mynd 4.2. hafa giftar konur stóraukið starfshlutfall sitt á þessu stutta tímabili. Þótt tölur um þetta efni séu ekki byggðar á nægilega traustum upplýsingum sýna þær ákveðna þróun. Athugun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, *Vinnutími og viðhorf* frá júní 1988, bendir til að mun fleiri konur en karlar hafi aukið vinnutíma sinn á milli áranna 1986 til 1987 (bls. 5). Samkvæmt sömu heimild kom í ljós að vinnutími fullvinnandi kvenna var nærri 49 stundir á viku en hjá fullvinnandi körlum var vinnuvikan um 57 stundir. Þó virðist það fara eftir atvinnugreinum hversu langur eða skammur vinnutíminn er. Hlutastörf voru algengust hjá verkafólki og hjá fólki í skrifstofu- og þjónustustörfum.

Það er oft erfitt að bera saman þróun atvinnuþátttöku kvenna frá ári til árs þar sem upplýsingar og tölur eru ekki alltaf sambærilegar. Ein viðamesta könnun sem gerð hefur verið hér á landi er könnun *Hagstofu Íslands og Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands* á lífskjörum og lífsháttum á Íslandi og verður gert grein fyrir henni í kafla 6 hér á eftir.

Starfsgreinar/starfsstéttir.

Aukin atvinnuþátttaka kvenna hefur átt sér stað á afmörkuðum sviðum hins opinbera, aðallega í mennta- og heilbrigðiskerfinu en einnig í almennri þjónustu, þ.e. afgreiðslu- og skrifstofustörfum. Tiltölulega fáar konur stunda eigin atvinnurekstur eða eru í áhrifastöðum innan fyrirtækja. Þær eru í miklum minni hluta í stjórnunarstörfum og störfum sem krefjast starfsmenntunar. Mynd 4.3. sýnir skiptingu kvenna og karla eftir starfsstéttum árið 1986.

Mynd 4.3. Skipting kvenna og karla eftir starfsstéttum 1986.



(Heimild: Tekjur kvenna og karla. Útg. Þjóðhagsstofnun 1989.)

Þessar upplýsingar, svo og enn fleiri sem koma fram í skýrslu Þjóðhagsstofnunar, benda til að ákveðin störf geta flokkast sem kvenna- eða karlastörf. Það er vert að hafa það í huga þegar fjallað er um laun kvenna og karla. Í könnun Félagsvísindastofnunar, *Kjör Íslendinga í árslok 1988*, eru upplýsingar um skiptingu svarenda í starfsstéttir. Tafla 4.1. sýnir heildartekjur einstaklinga, fjölskyldutekjur og vinnutíma fólks skipt eftir starfsstéttum. Þar er engin kona í hópi sérfræðinga eða atvinnurekenda, þær eru heldur ekki í hópi iðnaðarmanna, bænda eða sjómanna. Þær eru flokkaðar í tvær atvinnugreinar, þ.e. verkakonur og skrifstofu- og þjónustufólk.

Hefðir, reynsla og að hluta til fordómar hafa óhjákvæmilega áhrif á starfsval kynjanna. Þessi staðreynd hefur áhrif á stöðu kvenna á vinnumarkaðnum, t.d. hvað varðar tekjumöguleika og ekki síður möguleika þeirra til ábyrgðar- og stjórnunarstarfa. Athugun Jafnréttisráðs á hlut kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum í ráðuneytum og nokkrum opinberum stofnunum (gerð var nánari grein fyrir þeirri athugun í skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála frá 1988) staðfestir að menntun kvenna skiptir miklu máli hvað varðar möguleika þeirra til slíkra starfa.

Launamunur.


Launamunur á milli kvenna og karla hefur mjög verið til umfjöllunar. Í fyrrnefndri skýrslu Þjóðhagsstofnunar frá 1989, Tekjur kvenna og karla, kemur fram að árið 1986 voru tekjur fullvinnandi kvenna 60,7% af tekjum fullvinnandi karla.

Árið 1988 skipaði félagsmálaráðherra nefnd sem var falið að kanna launamun kynjanna í störfum hjá hinu opinbera. Henni var einnig falið að setja fram tillögur til úrbóta. Niðurstaða nefndarinnar var að launamun mætti fyrst og fremst skýra með mismikilli yfirvinnu og öðrum launatengdum fríðindum. Sem dæmi má nefna að af almennum félagsmönnum BSRB fengu

karlar 68,2% ofan á dagvinnukaup vegna yfirvinnu en konur aðeins 34%. Tillögur nefndarinnar til úrbóta sneru einkum að því hvernig tryggja mætti jafnstöðu við ráðningar og stöðuveitingar, m.a. með breyttri starfsauglýsingastefnu. Í kynningu á gerð jafnréttisáætlana fyrir ríkisstofnanir var lögð mikil áhersla á þessa leið sem eina af mörgum mögulegum sem gætu haft áhrif á jafna stöðu og möguleika kvenna og karla í atvinnulífinu. Það verður fjallað um jafnréttisáætlanir síðar í þessari skýrslu.

Þær upplýsingar sem verða raktar hér byggja fyrst og fremst á skýrslu Þjóðhagsstofnunar, Tekjur kvenna og karla frá 1989. Þá verður litið til upplýsinga sem fengust við úrvinnslu á gögnum lífskjararannsóknarinnar þó svo að þar sé ekki lögð áhersla á samanburð á launatekjum kvenna og karla. Auk þess er leitað fanga í nokkrum skýrslum Félagsvísindastofnunar. Mynd 4.4. sýnir hlutfall meðaltekna fullvinnandi kvenna af meðaltekjum fullvinnandi karla og skýrir sig sjálf.

Mynd 4.4. Hlutfall meðaltekna fullvinnandi kvenna af meðaltekjum fullvinnandi karla.



Heimild: Þjóðhagsstofnun: Tekjur karla og kvenna, útg. 1989.

Hér á eftir eru kynntar nokkrar af niðurstöðum Þjóðhagsstofnunar hvað varðar launamun karla og kvenna:

Konur voru u.þ.b. helmingur launþega árið 1986 og þeirra hlutur af heildaratvinnutekjum þjóðarinnar var aðeins 33%. Þennan mun má að einhverju leyti skýra með mismiklu vinnuframlagi kynjanna en ekki að öllu leyti.

Tekjur fullvinnandi kvenna voru 60,4% af tekjum fullvinnandi karla.

Hefðbundin kvennastörf eru verr launuð en hefðbundin karlastörf. Lægstu meðaltekjurnar finnast í starfsstéttum eins og þjónustu, fiskvinnslu og verslun.

Langlægstu meðaltekjur má finna hjá starfsfólki sem vinnur við ræstingar og í

mötuneytum sjúkrahúsa og barna- og elliheimila. Um 90% þeirra sem vinna þessi störf eru konur.

Kynbundið launamisrétti er til innan sömu starfsstéttarinnar. Fullvinnandi konur í verslunarstétt vinna um 95% af vinnutíma karla í sömu stétt en fá aðeins um 63% af tekjum þeirra.

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands hefur unnið þó nokkuð margar kannanir undanfarin ár. Kannanir sem varpa ljósi á stöðu launafólks á vinnumarkaðnum og fleira. Þar má nefna kannanir eins og *Vinnutíma og viðhorf: athugun á lengd vinnuvikunnar og viðhorfum Íslendinga til vinnutíma; Könnun á atvinnu, atvinnuhorfum og tekjum 1987–1989 og Kjör Íslendinga í árslok 1988.* Í öllum þessum könnunum eru margvíslegar upplýsingar um mismunandi stöðu kvenna og karla.

Í könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, Kjör Íslendinga í árslok 1988, kemur fram mikill munur á heildartekjum kvenna og karla. Þar má m.a. sjá að fullvinnandi karlar höfðu að jafnaði 112.000 kr. í heildartekjur í nóvember 1988. Heildartekjur fullvinnandi kvenna voru á sama tíma 71.000 kr. á mánuði. Þennan mun má að einhverju leyti skýra með lengri vinnutíma karla. Fullvinnandi karlar unnu að jafnaði 55,3 tíma á viku en konur 45,8 tíma. Þarna munar u.þ.b. 10 tímum sem gefa körlum að jafnaði 41.000 kr. umfram konur hvern mánuð (sjá töflu 3, bls. 15 í skýrslu Félagsvísindastofnunar). Taflan hér á eftir er tekin beint upp úr skýrslu Félagsvísindastofnunar (tafla 9, bls. 22). Þar má sjá dreifingu heildartekna og vinnutíma hjá fullvinnandi konum og körlum í nóvember 1988.

Tafla 4.2. Dreifing heildartekna og vinnutíma hjá fullvinnandi konum og körlum.

	Karlar		Konur	
Tekjubil, þús. kr.	% á hverju tekjubili	Meðalvinnutími á hverju tekjubili	% á hverju tekjubili	Meðalvinnutími á hverju tekjubili
að 30	1	(45)	3	(47)
30–60	6	56	34	43
60–90	21	53	40	43
90–120	27	56	15	52
120–150	18	61	5	48
150–180	12	60	3	(59)
180–210	5	60	0	—
210 +	5	67	0	—
Alls	101%	55 klst.	100%	46 klst.
Fjöldi		407		205

Þessi tafla gefur ákveðnar vísbendingar. M.a. þær að 74% fullvinnandi kvenna vinna að jafnaði 43 stundir á viku og taka laun á bilinu 30–90 þúsund krónur á mánuði. Aðeins 27% karla eru á þessu sama tekjubili, en þeir þurfa lengri vinnutíma til að ná þessum sömu tekjum.

Í lífskjarakönnuninni kemur fram að dagvinnulaun kvenna eru um 68% af dagvinnulaunum karla. Þegar munurinn er hins vegar skoðaður út frá heildartekjum á vinnustund eru konur með 75% af því sem karlar hafa (bls. 135). Þar staðfestist einnig hlutur yfirvinnutekna og annarra aukatekna sem liður í mismiklum launum kvenna og karla.

4.1. Norræna launaverkefnið.

Ráðherranefnd Norðurlandaráðs hefur ákveðið að herferð gegn kynbundnu launamisrétti verði eitt umfangsmesta sameiginlega verkefni sem Norðurlöndin vinni að samkvæmt norrænu jafnréttisáætluninni en hún nær fram til ársins 1993. Það er áformað að verja til þess rúmlega 40 milljónum íslenskra króna. Ísland tekur þátt í þessu mikla verkefni. Nú þegar hefur verið ráðinn verkefnisstjóri, Hildur Jónsdóttir blaðamaður. Það var skipuð íslensk verkefnisstjórn og í henni eiga sæti fulltrúar ASÍ, BSRB, Jafnréttisráðs, félagsmálaráðuneytisins, VSÍ, Vinnumálasambandsins og fulltrúi Íslands í Norrænu embættismannanefndinni um jafnréttismál. Óformleg tengsl verða á milli Jafnréttisráðs og verkefnisstjórnar þar sem formaður Jafnréttisráðs er jafnframt formaður hennar. Auk þess hefur verkefnisstjórinn aðsetur á skrifstofu Jafnréttisráðs. Eitt meginverkefni norræna samstarfsverkefnisins er að stuðla að því að auka virkni og möguleika jafnréttislaga til að hafa áhrif á t.d. samningsgerð með það fyrir augum að raunverulegt launajafnrétti komist á, auk þess sem upplýsinga- og áróðursstarf verður stór hluti verkefnisins.

Ekki liggja fyrir fullmótaðar tillögur um hvernig skuli staðið að verkefninu í smáatriðum, hvorki á norrænum vettvangi eða hér heima, en þó má ganga út frá því að meginhersla verði lögð á aðgerðir. Menn eru sammála um að búið sé að safna nógu af tölulegum upplýsingum um laun og launakjör kvenna og karla — nú þurfi að gera eitthvað.

4.2. Ýmsar kannanir á stöðu kvenna og karla.

Á síðustu tveimur árum hafa verið gerðar nokkrar kannanir sem varpa ljósi á stöðu kvenna sérstaklega. Hér verður stuttlega gerð grein fyrir tveimur þeirra, einkum þeim atriðum sem snerta atvinnuþátttöku kvenna. Þessar kannanir eru jafnréttiskönnun Bandalags háskólamanna og könnun jafnréttisnefndar Reykjavíkurborgar um störf og aðbúnað kvenna hjá Reykjavíkurborg.

Jafnréttiskönnun Bandalags háskólamanna.

Gagnasöfnun vegna könnunarinnar fór fram 1988 og Þorgerður Einarsdóttir félagsfræðingur var ráðin til verksins. Markmiðið með könnuninni var „að kanna sem flesta þætti sem varða jafnrétti kynjanna, bæði raunverulegar aðstæður og viðhorf, en beina athyglinni sérstaklega að samræmingu fjölskyldulífs og atvinnuþátttöku“ (bls. 6). Í könnuninni kom fram að háskólamenntaðar konur eru ógiftar í mun ríkara mæli en jafngamlir skólabræður þeirra. Þá kom einnig fram að 23% kvennanna segjast hafa takmarkað barneignir vegna atvinnu eða framamöguleika í starfi en aðeins 10% karlanna. 61% kvenna hefur verið í hlutastarfi af fjölskylduástæðum en aðeins 13% karla. Um 70% háskólamenntaðra kvenna hafa lægstu prófgráðu eða eins árs viðbótarnám þar ofan á, meðan rúm 57% karla hafa MA/MS-gráðu eða meira. Í könnuninni kom fram að tæp 33% kvennanna hafa hætt við framhalds- eða endurmenntunarnám af fjölskylduástæðum en aðeins 15% karla.

Í könnuninni kom fram að almennt telur barnafólk vinnutíma sinn of langan. Sveigjanlegur vinnutími virðist geta komið til móts við þarfir þeirra og á það einkum við um konur.

Helstu niðurstöður er varða atvinnuþátttöku:

Tölur um vinnutíma benda til að háskólamenntaðar konur séu oftar í fullu starfi en aðrar kynsystur þeirra á vinnumarkaðnum. Þrátt fyrir að ákveðinn hluti þeirra sé í hlutastarfi er meðalvinnuvika allra þeirra sem tóku þátt í könnuninni 42 klst.

Hvað varðar launakjör kemur fram að heildarlaun fullvinnandi kvenna eru tæp 75% af heildarlaunum karla. Þá verður að hafa í huga að háskólamenntaðar konur eru yfirleitt yngri en háskólamenntaðir karlar (að meðaltali). Það skýrir að einhverju leyti launamuninn auk lengri vinnuviku karlanna (57 klst.). Hærri heildarlaun má einnig skýra með hærri bónusgreiðslum og öðrum aukagreiðslum til karla, enda kom í ljós að konurnar voru mun óánægðari með sín kjör en karlarnir.

Margt annað áhugavert kom fram í könnun Bandalags háskólamanna en niðurstöður hennar benda til að menntun vegi þungt í auknu jafnrétti. Niðurstöðurnar benda til að launamunur kynjanna sé minni en gengur og gerist og í heild eru háskólamenntaðar konur ánægðar með inntak starfs síns og möguleika á að nýta eigin þekkingu og hæfni í starfi.

Störf og aðbúnaður kvenna hjá Reykjavíkurborg.

Snemma á árinu 1988 samþykkti jafnréttisnefnd Reykjavíkurborgar að gera könnun þar sem staða og kjör kvenna hjá Reykjavíkurborg yrði skoðuð. Nefndin réði tvær konur til að framkvæma könnunina, þær Hansínu B. Einarsdóttur cand.mag. og Herdísi Baldvinsdóttur vinnusálfræðing. Ein af helstu ástæðum fyrir þessu framtaki var að ör mannaskipti eiga sér stað hjá Reykjavíkurborg og þá sérstaklega í hinum hefðbundnu kvennastörfum.

Helstu niðurstöður er varða atvinnuþátttöku:

Tæplega helmingur kvennanna í úrtakinu er í fullu starfi og af þeim eru 45% einar um tekjuöflun síns heimilis. Þá kom fram að menntun skiptir miklu máli hvað varðar starfshlutfall. T.d. voru háskólamenntaðar konur og fóstrur mun oftar í fullu starfi en konur úr Verkakvennafélaginu Framsókn.

Það kom fram mikil óánægja með launakjör og verulegur fjöldi vinnur einhverja yfirvinnu (76%) og örfáar höfðu einhver hlunnindi. Meiri hlutinn var ánægður með aðbúnað á vinnustað og almennt má segja að konur telji samskipti á vinnustöðum Reykjavíkurborgar góð.

Hjá mörgum konum kom fram að uppeldi barna og ábyrgð á heimili situr í fyrirrúmi og þær treysta sér varla til ábyrgðarmeiri starfa á meðan þeirri ábyrgð er jafnmisskipt og raun ber vitni. Þrátt fyrir það höfðu 40% þeirra áhuga á ábyrgðarmeira starfi en aðeins 20% töldu sig eiga möguleika á stöðuhækkun. Þá töldu þær að sveigjanlegur vinnutími og samfelldur skóladagur mundi hafa afgerandi áhrif á möguleika þeirra og það er lítill munur á milli starfshópa hvað varðar þessar niðurstöður. Aukin fræðsla og möguleikar á símenntun var einnig að þeirra mati mikilvægur þáttur í mögulegum aðgerðum til að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaðnum.

5. KONUR OG STJÓRNMÁLAÞÁTTTAKA

Aukin þátttaka kvenna í stjórnmálum hefur frá upphafi jafnréttisbaráttunnar þótt mikilvægur þáttur í þróun jafnréttismála hér á landi sem og annars staðar. Á liðnu ári fögnuðu íslenskar konur því að 75 ár voru liðin frá því að þær fengu kosningarrétt til jafns á við karla. Kvenréttindafélag Íslands í samvinnu við konur úr öllum stjórnmálasamtökum á Alþingi stóð fyrir útisamkomu á Austurvelli þann 19. júní og hátíðardagskrá í Gamla bíói.

5.1. Konur á Alþingi.

Árið 1990 voru einnig 75 ár frá því að konur fengu sama rétt til kjörgengis og karlar. Konur hafa nýtt kosningarréttinn í sama mæli og karlar en kjörgengisrétturinn hefur ekki verið nýttur jafnvel. Fram til ársins 1971 sátu að jafnaði ein eða tvær konur á þingi. Á árunum 1971 til 1979 voru þær þrjár, síðan urðu þær níu og eftir síðustu Alþingiskosningar voru þær 13 eða 21% þingmanna.

Skrifstofa Alþingis hefur tekið saman lista yfir allar konur sem sem kjörnar hafa verið á Alþingi eða hafa tekið þar sæti sem varamenn og er hann miðaður við19. júní 1990. Samtals hafa 81 kona setið á Alþingi, 26 sem aðalmenn og 55 sem varamenn, flestar um skamman tíma. Það eru ekki til sambærilegar upplýsingar um fjölda karla á þingi. Haustið 1988 var Guðrún Helgadóttir alþingismaður fyrst kvenna kosin forseti sameinaðs þings. Þá má geta þess að Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttarlögmaður var um síðustu áramót kosin forseti Hæstaréttar. Af þremur handhöfum forsetavalds eru því nú tvær konur.

Árið 1990 skrifaði *Anna Margrét Jóhannesdóttir* B.A.-ritgerð í stjórnmálafræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Ritgerðin fjallar um stöðu kvenna í stjórnmálum á Íslandi 1960–1990. Anna Margrét leggur áherslu á að gera grein fyrir breytingum á hlut kvenna á framboðslistum til Alþingis- og sveitarstjórnakosninga þetta tímabil. Þar kemur m.a. fram að það er ekki fyrr en um og eftir 1970 að það fer að bera á breytingum á hlut kvenna á framboðslistum til Alþingis en þá fóru að sjást þar fleiri en ein og fleiri en tvær konur. Frá 1971 er þróunin í þá átt að hlutur kvenna á listum eykst stöðugt.

Tafla. 5.1.1. Þátttaka kvenna á framboðslistum til Alþingiskosninga 1974, 1979, 1983 og 1987.

Ár	Fjöldi	Þar af konur	%
1974	490	87	17.8
1979	404	101	25.0
1983	536	188	35.1
1987	958	437	45.6

(Heimild: Konur og stjórnmál, bls. 32. Útg. Jafnréttisráð og Lögbirtingarblaðið 43. tölubl. 1986)

Ef reynt er að meta áhrif sérframboða kvenna og þeirra frambjóðendur teknir út úr dæminu, þá hefði hlutur kvenna á framboðslistum árið 1983 ekki verið nema 29%, þ.e. sama sem engin aukning frá kosningunum 1979. Árið 1987 var hlutur kvenna á listum annarra flokka en Kvennalistans 37%.

Þessar tölur benda til þess að konur eru tilbúnar til þátttöku í stjórnmálum. En það að vera á lista og taka afstöðu í stjórnmálum er ekki það sama og að eiga möguleika á þingsæti. Ef litið er á fjölda og hlutfall kvenna í þeim sætum á listum sem hafa einhverja möguleika á þingsæti eða varamannsþingsæti þá er staðan ekki eins góð og ætla mætti. Í

töflu 5.1.2. er aðeins litið til þeirra flokka eða samtaka sem eiga fulltrúa á þingi. Þar er annars vegar talinn þingmannafjöldi og hins vegar fjöldi varaþingmanna en þeir eru jafnmargir þingmönnunum og að lokum svokölluð uppfyllingarsæti.

Tafla 5.1.2. Fjöldi og hlutfall kvenna í aðalsætum, varasætum og uppfyllingarsætum eftir þingflokkum eftir alþingiskosningar 1987.

	Aðalsæti			Varasæti			Uppfylling		
	samt.	þar af konur	%	samt.	þar af konur	%	samt.	þar af konur	%
Alþýðubandalag	8	2	25	8	3	37	108	52	48
Alþýðuflokkur	10	1	10	10	3	30	104	42	40
Framsóknarfl.	13	1	8	13	4	31	98	42	43
Sjálfstæðisfl.	18	2	11	18	5	28	87	21	24
Borgarafl.	7	1	14	7	2	29	87	21	24
Stefán Valgeirsson	1	0	0	1	0	0	12	2	17
Kvennalisti	6	6	100	6	6	100	6	6	100
Samtals	63	13	**21**	63	23	**36**	609	302	**50**

(Heimild: Samantekt Jafnréttisráðs, „Þar sem því verður við komið", útg. 1989.)

Það sem kemur mest á óvart er hvað hlutur kvenna sem varaþingmanna er lítill eða aðeins 36%. Því er stundum haldið fram að konur vermi varamannabekkinn, jafnvel að flokkar setji þær í baráttusætin. En samkvæmt þessu yfirliti er það ekki til jafns á við karla. *T.d. eru það miklu frekar karlar en konur sem eru fyrstu varaþingmenn.* Þegar tölur frá 1979 eru athugaðar (Konur og stjórnmál, bls. 33) þá má sjá framför frá því í kosningunum 1974, bæði hvað varðar aðalsæti og varasæti. Þá voru konur í 12% varasæta og aðeins í 29,4% uppfyllingarsæta. Í dag eru konur u.þ.b. helmingur þeirra sem sitja í uppfyllingasætunum. Markmiðið er að þær verði helmingur Þingmanna á Alþingi Íslendinga.

Ytri þættir samfélagsins, atvinnuþátttaka, stjórnmálaþátttaka og fleira hefur samkvæmt gömlum hefðum tilheyrt „heimi karla" – en í dag búum við í allt öðrum heimi. Nægir að nefna aukna atvinnuþátttöku kvenna að ekki sé minnst á stóraukna sókn þeirra til menntunar. En það er staðreynd að aðstaða kvenna og karla til virkrar stjórnmálaþátttöku er ekki jöfn. Aðstaða kvenna er lakari á mörgum veigamiklum sviðum:

Þær hafa minni reynslu.

Þær búa við tvöfalt vinnuálag utan stjórnmálastarfanna.

Það er jafnaðarmerki á milli hefðbundins hlutverks stjórnmálamannsins og karlhlutverksins.

Þetta eru staðreyndir sem verður að taka tillit til – en þetta eru þó ekki óyfirstíganlegar hindranir.

Árið 1988 gaf ráðherranefnd Norðurlanda út bókina *Vi har ventet længe nok.* Bókin var þýdd á íslensku og kom út ári seinna og fékk nafnið *Nú er kominn tími til – leiðarvísir fyrir konur í stjórnmálum.* Þýðandi var Hildur Jónsdóttir blaðamaður. Í formála að ritinu segir: *„Þessari bók um stjórnmálaþátttöku kvenna er ætlað að vera hjálpartæki fyrir stjórnmálakonur og konur í kvennahreyfingum. Í bókinni er bent á þær hindranir sem enn*

verða á vegi kvenna í stjórnmálalífinu og sagt er frá tilraunum og aðgerðum til að ryðja þeim í burtu."

Seinni huta árs 1989 gaf Jafnréttisráð út heftið – Nú er lag! Fleiri konur í sveitarstjórnir og fleiri konur á þing. Markmiðið með útgáfunni var að vekja athygli á þeirri staðreynd að hlutur kvenna í hópi kjörinna fulltrúa stjórnmálasamtaka er fyrir borð borinn og benda bæði forustu flokkanna og konum innan vébanda þeirra á leiðir sem gætu leitt til meiri jöfnuðar. Jafnréttisráð vildi minna forustu stjórnmálasamtaka og konur innan þeirra á þessa staðreynd í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna vorið 1990.

5.2. Konur í sveitarstjórnum.

Kosið var til sveitarstjórna vorið 1990. Til skamms tíma var hlutur kvenna sem kjörinna fulltrúa sveitarstjórna ekki mikið fyrirferðarmeiri en á Alþingi Íslendinga. Árið 1974 var hlutur kvenna sem kjörninna fulltrúa 3,6% og voru þær flestar í stærri bæjarfélögunum. Það er ekki fyrr en 1978 að verulegra breytinga fer að gæta og eftir kosningarnar 1982 voru konur 12% kjörinna sveitarstjórnafulltrúa. Þróunin hélt áfram og eftir kosningarnar 1986 var hlutur kvenna orðinn 19,2%.

Úrslit sveitarstjórnarkosninganna 1990.

Fljótlega að loknum sveitarstjórnarkosningum vorið 1990 kynnti Jafnréttisráð stöðu kjörinna kvenna í sveitarstjórnum í kaupstöðum landsins. Því hafði verið haldið fram að hlutur kvenna hefði versnað frá síðustu kosningum en tölur Jafnréttisráðs og Önnu Margrétar Jóhannesdóttur benda til annars. Tafla 5.2.1. sýnir breytingarnar frá kosningunum 1986.

Tafla 5.2.1. Hlutur kvenna sem kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnum 1986 og 1990.

	1986	1990
Kaupstaðir	28,9%	32,4%
Kauptún	23,7%	26,0%
Hreppar	15,3%	21,0%

(Heimild: Staða kvenna í stjórnmálum á Íslandi, höf. Anna Margrét Jóhannesdóttir, bls. 28–29.)

Þessar tölur sýna að konur eru í sókn – þær hafa aukið sinn hlut og þá mest þar sem hann var lakastur fyrir, þ.e. í hreppum landsins.

Eftir sveitarstjórnarkosningarnar 1986 voru konur 28,9% kjörinna sveitarstjórnarfulltrúa í kaupstöðum landsins og í Reykjavík. *Í kosningum vorið 1990 sóttu konur á og eru nú 81 af 250 kjörnum sveitarstjórnarmönnum í kaupstöðum landsins eða 32,4%.* Kaupstöðum, og þar af leiðandi kjörnum fulltrúum þeirra, hefur fjölgað frá síðustu kosningum. Vakin skal athygli á þeirri jákvæðu þróun að nú eru konur meðal fulltrúa í sveitarstjórnum allra kaupstaða landsins. Meiri hluti bæjarfulltrúa í tveimur bæjarfélögum, þ.e. á Seltjarnarnesi og í Garðabæ, eru konur.

Ef litið er á höfuðborgarsvæðið, þ.e. Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavog, Garðabæ, Hafnarfjörð og Mosfellsbæ, geta konur vel við unað – *þær eru 45% kjörinna fulltrúa á þessum stöðum.* – Í borgarstjórn Reykjavíkur eru nú sjö konur og átta karlar. Konur á þessum stöðum hafa haldið myndarlega upp á 75 ára afmæli kosningarréttar og ekki síður kjörgengisréttar íslenskra kvenna.

Hlutur kvenna á framboðslistum til sveitarstjórna.

Það var fyrst í kosningunum 1982 að konum fjölgar á listum. Konur voru þá 34% frambjóðenda, kjörnir fulltrúar voru 19,3% og varamenn 40%. (Heimild: Staða kvenna í stjórnmálum á Íslandi 1960–1990). Konur hafa verið fleiri á listum í kaupstöðum en í kauptúnum og hreppum. Í kosningunum 1986 fjölgaði konum í bæjarstjórnum úr 19% árið 1982 í 28,8% eftir kosningarnar 1986. Í kosningunum 1990 var hlutfall kvenna á famboðslistum til bæjarstjórna í kaupstöðum og í Reykjavík mjög svipað og árið 1986. Þar voru samtals 2.006 einstaklingar í framboði. Af þeim voru 824 konur eða 41,1%. Af þessum hópi kvenna náðu 81 kjöri eða 9,8%. Af körlum sem voru á framboðslistum náðu kjöri 14,3%.

Flokkarnir og hlutur kvenna í kosningunum 1990.


Frambjóðendur á listum flokkanna – þar sem um hrein flokkslistaframboð var að ræða skiptust eftir kyni sem hér segir: (hér er enn miðað við kaupstaði og Reykjavíkurborg).

Tafla 5.2.2. Fjöldi frambjóðenda eftir flokki og kyni.

Flokkur	Samtals	Þ.a. konur	%
Alþýðufl.	290	107	36,9
Alþýðubandalag	295	133	45,1
Framsóknarfl.	388	146	37,6
Sjálfstæðisfl.	500	169	33,8

Ekki er gerð tilraun til að flokka önnur framboð eða lista á sama hátt, þar sem þau eru mismunandi. Allt bendir til að hlutur kvenna í óháðum framboðum og á listum, bæði nýrra og gamalla samfylkinga ásamt Kvennalista, sé um og yfir 50%. Eins og sjá má á bæði töflunni og á myndinni hér á eftir er hlutur kvenna kominn vel yfir 30% hjá öllum flokkunum. Miðað við tölur sem ná til allra framboða í kosningunum 1986 (þ.e. alls landsins) má segja að staðan sé óbreytt, t.d. var hlutur sjálfstæðiskvenna á D-listum 32% fyrir fjórum árum en er nú 33,8%. Hlutur framsóknarkvenna var 36% árið 1986 en er eftir síðustu kosningar 37,6% – hjá báðum þessum flokkum er því örlítil aukning á fjölda kvenna. Hlutur kvenna í Alþýðuflokknum og í Alþýðubandalaginu stendur í stað.

Mynd 5.2.1. Hlutfall kvenna og karla á listum flokka í sveitarstjórnarkosningum 1990.



En hvert er hlutfall kjörinna sveitarstjórnarfulltrúa eftir flokkum eða hjá hefðbundnum flokksframboðum? Eins og áður hefur komið fram eru kjörnir fulltrúar í þessum 30 sveitarfélögum samtals 250, þar af eru 81 kona og 169 karlar. Ef þessum kjörnu fulltrúum er skipt eftir kyni niður á flokkaframboðin annars vegar og á öll önnur framboð sem komu að fulltrúa hins vegar er niðurstaðan þessi:

Tafla 5.2.3. Kjörnir fulltrúar eftir kyni og stjórnmálasamtökum.

Framboð	Konur	Karlar	Samtals
Alþýðuflokkur	10 - 28.6	25 - 71.4	35 - 100
Alþýðubandal.	8 - 36.3	14 - 63.7	22 - 100
Framsóknarfl.	10 - 23.3	33 - 76.7	43 - 100
Sjálfstæðisfl.	32 - 33.3	64 - 66.7	96 - 100
Önnur framb.	21 - 38.9	33 - 61.1	54 - 100

Miðað við tölur frá landinu öllu frá síðustu sveitarstjórnarkosningum hefur þokast í rétta átt. Sjálfstæðiskonur geta verið nokkuð ánægðar með árangurinn – þær hafa aukið sinn hlut mest eða úr 25% fulltrúa í 33,3%. Einnig hefur hlutur kvenna í „öðrum framboðum" eða listum aukist úr 22% í 37.7%

5.4. Könnun á reynslu kvenna í sveitarstjórnum 1986/1990.

Seinni hluta árs stóð Jafnréttisráð fyrir könnun á viðhorfum og reynslu þeirra kvenna sem voru virkar í sveitarstjórnum kjörtímabilið 1986–1990. Stefanía Traustadóttir, félagsfræðingur Jafnréttisráðs, vann könnunina. Eins og sagt var hér að framan þá hefur aukin þátttaka kvenna í stjórnmálum alla tíð þótt mikilvægur liður á jafnréttisbaráttu kvenna og karla. Konur hafa verið hvattar til aukinnar þátttöku, m.a. á þeirri forsendu að þátttaka kvenna í stjórnun bæjarfélaga og landsins alls skipti máli, ekki bara fyrir konur, heldur fyrir alla. Hér verður gerð stuttlega grein fyrir könnuninni.

Þær konur sem voru beðnar um að taka þátt í könnun Jafnréttisráðs eiga það sameiginlegt að vera annaðhvort kjörnir aðalmenn eða varamenn í sveitarstjórn. Þá var aðeins leitað til fulltrúa þeirra kaupstaða, kauptúnahreppa og hreppa þar sem kosið var hlutbundinni kosningu í kosningunum 1986. Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar frá október 1986 var það í 80 sveitafélögum af 222, þ.e. 23 kaupstöðum, 33 kauptúnahreppum, aðrir hreppar voru 24. Í nokkrum þessarra sveitarstjórna var engin kona kjörin fulltrúi. Samkvæmt sömu heimild var engin kona kjörin fulltrúi í 81 sveitarfélagi á landinu öllu og þær voru í meiri hluta í þremur sveitarstjórnum.

Samkvæmt upplýsingum úr Sveitarstjórnarmannatali 1986–1990 voru 285 konur annaðhvort aðalmenn eða varamenn í þeim sveitarstjórnum sem könnunin náði til. Þeim var öllum sent bréf og það voru að lokum 123 konur sem tóku þátt í könnuninni eða 43% af heildinni. Þannig tókst að ná til tæplega helmings þeirra kvenna sem voru virkar í stjórnun síns sveitarfélags síðasta kjörtímabil og ættu svörin að gefa góða mynd af þeim sjálfum og þeirra mati á því starfi sem þær sinna – svo til eingöngu í frístundum sínum.

Í stuttu máli gefa svörin eftirfarandi upplýsingar um konuna í sveitarstjórn.

Hún er 41 árs gömul – helmingur starfssystra hennar eru 30–40 ára gamlar. Hún er gift og hún á 2–3 börn. Þær eru barnmargar miðað við hið almenna meðaltal í landinu og eiga að meðaltali 2,7 börn.

Hún er vel menntuð miðað við aðrar kynsystur sínar. Það er óhætt að fullyrða að þessar konur hafa meiri menntun en meðaltal kvenna í landinu. Um 20% sveitarstjórnarkvenna hafa lokið háskólaprófi og 16% kennaraprófi. Það hafa verið gerðar nokkrar kannanir á skólagöngu þeirra. Í jafnréttiskönnun Reykjavíkurborgar sem gerð var 1980–1981 kom í ljós að einungis 11% kvenna lokið hákólaprófi á móti 22% karla.

Sveitarstjórnarkonan vinnur að meðaltali lengri launaðan vinnudag en aðrar konur hér á landi. Konurnar í könnuninni voru spurðar að því hvort þær væru í launuðu starfi jafnframt setu í sveitarstjórn og þá hvaða. Jafnframt voru þær beðnar að gefa upplýsingar um vinnutíma. Um 90,2% þeirra sem svöruðu voru jafnframt í launaðri vinnu og starfshlutfall þeirra var mjög hátt. Aðeins 17% segjast vinna fjóra tíma eða minna á dag en 73% segjast vinna fimm tíma eða meira, þar af segjast 17% vinna níu tíma eða meira.

Hún eyðir sjö klukkutímum á viku í fundi og undirbúning vegna funda. Með tilliti til þeirra upplýsinga sem þessi könnun gefur um vinnutíma má velta því fyrir sér hvernig þær komist yfir öll sín verkefni.

Að halda áfram?

Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands var tæplega helmingur kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnarkosningunum 1986 nýr, þ.e. að hefja sitt fyrsta kjörtímabil. Langstærsti hluti kvennanna sem tók þátt í könnun Jafnréttisráðs var nýr eða 75% þeirra aðalmanna sem svöruðu og 89% varamanna. Því er áhugavert að skoða svörin við spurningunni hvort þær hafi hug á að halda áfram að starfa í sveitarstjórn. Þegar könnunin fór fram voru aðeins nokkrir mánuðir í kosningar og sjálfsagt einhverjar farnar að hugsa sinn gang.

Aðeins 17% aðalmanna og 26% varamanna voru ákveðnir í að halda áfram.

61% aðalmanna og 43% varamanna voru ákveðnir í að hætta að loknu þessu kjörtímabili.

Það sem vakti hvað mesta athygli var að 59% aðalmanna, sem voru að ljúka sínu fyrsta kjörtímabili, ætla ekki að gefa kost á sér aftur. Það sama á við varamenn á fyrsta kjörtímabili.

Meginskýringuna á ákvörðun sinni segja konurnar vera *tímaleysi*. Þær hafa ekki þann tíma sem þær þurfa til að geta sinnt þessu eins og þær helst vildu. Óánægja með ýmislegt sem þeim finnst að í starfsháttum sveitarstjórna kom mjög skýrt fram. Þeim finnst þetta þungt og leiðinlegt kerfi – þras og ómálefnaleg umræða o.s.frv. Þeim finnst tíma sínum illa varið. Önnur skýring liggur í þeim *málaflokkum* sem þær starfa helst við, þ.e. mjúku málunum svokölluðu. Oftast eru þetta erfið mál, þar er verið að fjalla um vandamál einstaklinga sem oftast mega sín lítils í samfélaginu, börn og gamalmenni, fólk án atvinnu og fólk sem lifir í fátækt. Þetta eru erfið störf, sérstaklega á minni stöðum. Þá finnst mörgum þeirra þessir málaflokkar vega lítið í forgangsröð, þ.e. þeirra pólitísku samtaka sem þær eru fulltrúar fyrir. Í bæklingi Jafnréttisráðs, *Nú er lag*, er hvatt til meiri virkni kvenna innan stjórnmálaflokkanna. Þar er lögð áhersla á að það þurfi að skipuleggja slíkt, t.d. í sérstökum kvennahópum.

Samstarf við aðrar konur.

Því er oft haldið fram að það skipti máli fyrir konur sem taka þátt í pólitískum störfum, hvort heldur það er sem kjörnir fulltrúar eða tilnefndar í opinber ráð og nefndir, að þær séu þar fleiri en ein. Niðurstöður erlendra rannsókna benda eindregið til að svo sé (sbr. norsku rannsóknina Norske Kommunestyrer – Plass for kvinner?). Það sama má segja um konur sem hafa verið virkar í pólitísku starfi, sbr. viðtalsbókina *Blomster og Spark* og handbókina *Nú er kominn tími til.* Álit íslenskra sveitarstjórnarkvenna er ekki eins afdráttarlaust hvað þetta sjónarmið varðar og hefði mátt ætla, m.a. með tilvísun til ofannefndra heimilda. Þó sögðu 53 eða 49,5% þeirra að það skipti þær máli að það væru aðrar konur með þeim í

nefndum. Rökstuðningurinn hljóðaði eitthvað á þessa leið: *„Konur hafa stuðning hvor af annari, reynsla þeirra og upplag er annað en karla."* Rétt þriðjungur þeirra sem tóku þátt í könnuninni leggja áherslu á sérstöðu kvenna, lífssýn þeirra og reynslu auk þess sem þær telja að konur skapi betri vinnuanda og að með samvinnu þeirra náist oft samstaða í mikilvægum málum, þvert á pólitíska flokka.

Sú staðreynd að 79% þessarra kvenna ætla ekki að gefa kost á sér aftur eða eru í vafa hefur vakið mikla athygli. En það má alls ekki horfa fram hjá þeim aðstæðum sem þær eru að vinna sveitarstjórnarstörfin við. Langflestar þeirra eru í fullri vinnu og eiga stór heimili. Að þeirra mati er sá stuðningur sem þær fá frá sínum stjórnmálasamtökum mjög takmarkaður og þeim finnst þær vera einar á báti.

6. STJÓRNVÖLD OG JAFNRÉTTISMÁL

Allt frá setningu laga um jafnrétti kvenna og karla frá 1976 hafa stjórnvöld haft ákveðna fordæmis- og framkvæmdaskyldu hvað varðar aðgerðir til að jafna stöðu kvenna og karla. Þessi ábyrgð er ítrekuð enn frekar í núgildandi lögum frá árinu 1985. Í þessum hluta skýrslunnar er í stuttu máli gerð grein fyrir nokkrum aðgerðum stjórnvalda á sviði jafnstöðumála.

6.1. Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar.

Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tók við í lok september árið 1988. Í stefnuyfirlýsingu þeirrar ríkisstjórnar er sérstakur kafli um jafnréttis- og fjölskyldumál. Þar er ítrekaður vilji stjórnvalda til að beita sér sérstaklega í launamálum kynjanna með það að markmiði að vinna gegn launamun sem rekja má til kynferðis launþega. Þá eru þar ákvæði um að gert verði átak í dagvistunarmálum og að auknu fjármagni verði varið í því skyni.

6.2. Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar.

Fyrstu lögin um jafnrétti kvenna og karla voru sett á árinu 1976. Núgildandi lög eru frá 1985 og eru þau mun ítarlegri en eldri lögin, m.a. er þar að finna ákvæði um að ríkisstjórninni beri að leggja fram á Alþingi áætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að koma á jafnrétti kvenna og karla, sbr. 22. gr. laganna. Við gerð þeirrar áætlunar skal höfð hliðsjón af áætlun Jafnréttisráðs, sbr. 2. tölul. 15. gr. sömu laga. Í þeirri áætlun, sem lögð var fram í febrúar 1991, er lögð áhersla á skyldur ráðherra og ráðuneyta til að vinna að því að jafna stöðu kvenna og karla, hver á sínu sérsviði. Með þessu er ekki verið að draga úr mikilvægi þess að unnið sé að bættri stöðu kvenna á hinum almenna vinnumarkaði. Í áætluninni er einmitt lögð áhersla á að verkefni ráðuneytanna tengist hinum almenna vinnumarkaði.

Meginmarkmið framkvæmdaáætlunarinnar er að setja fram tillögur að verkefnum fyrir ráðuneyti og/eða undirstofnanir þeirra til að vinna að, í þeim tilgangi að bæta stöðu kvenna.

Áhersla er m.a. lögð á eftirfarandi þætti:

Aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna á öllum skólastigum.

Launamál kvenna og karla.

Aðgerðir til að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaði.

Aðgerðir til að bæta sérstaklega stöðu kvenna í dreifbýli.

Ýmis félagsleg réttindi.

Í byrjun ársins 1989 tóku gildi jafnréttisáætlanir hjá ráðuneytum og þeim ríkisstofnunum sem eru með 20 starfsmenn eða fleiri í vinnu. Þær áætlanir taka fyrst og fremst á starfsmannastefnu viðkomandi ráðuneytis/ríkisstofnunar. Í framkvæmdaáætluninni er litið svo á að þær áætlanir séu hluti af framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar.

Í framkvæmdaáætluninni er lögð áhersla á hin ýmsu verkefni sem geta leitt til meiri jöfnuðar kynjanna í samfélaginu. Nokkur þessara verkefna tengjast óhjákvæmilega hinum

almenna vinnumarkaði eða koma inn á verkefni sveitarstjórna. Öll eiga þau það þó sammerkt að vera innan ramma þess sem ríkisvaldið getur komið í framkvæmd.

Þá er lagt til að Fjárlaga- og hagsýslustofnun verði fengin til að reikna út kostnað vegna aðgerða á sviði jafnréttismála á hvert ráðuneyti. Leggja verður áherslu á að hér er um að ræða kostnað sem dreifist á fjögur ár.

6.3. Vestnorrænt jafnréttismálaþing.

Á fundi vestnorræna þingmannaráðsins, sem haldinn var hér á landi sumarið 1989, var samþykkt að skora á landsstjórnir Grænlands og Færeyja ásamt ríkisstjórn Íslands að gera árið 1992 að sérstöku vestnorrænu ári. Á fundinum var samþykkt að halda ráðstefnu þessara landa hér á Íslandi um jafnréttismál kvenna og karla og verður hún haldin sumarið 1992.

6.4. Félagsmálaráðuneytið og jafnréttismál.

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, er eitt af meginverkefnum Jafnréttisráðs að vera stefnumótandi aðili í jafnréttismálum hér á landi. Lögum samkvæmt ber ráðinu að hafa forustu um umbætur sem leiða til jafnréttis kynjanna á öllum sviðum þjóðlífsins. Þetta ákvæði á sér hliðstæðu í jafnréttislögum frá árinu 1976. Hins vegar varð sú breyting með jafnréttislögunum 1985 að ábyrgð ríkisstjórnar, einkum félagsmálaráðherra, var aukin. Dæmi um þetta er ákvæði í 22. gr. laganna þar sem kveðið er á um það að félagsmálaráðherra skuli leggja fyrir ríkisstjórn fjögurra ára framkvæmdaáætlun um aðgerðir á sviði jafnréttismála og skuli við gerð hennar höfð hliðsjón af hliðstæðri áætlun Jafnréttisráðs. Þessa áætlun skal leggja fyrir Alþingi. Síðastliðin fjögur ár hefur félagsmálaráðuneytið unnið eftir framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar frá árinu 1986 og stefnuyfirlýsingum ríkisstjórna Þorsteins Pálssonar og Steingríms Hermannssonar. Helstu viðfangsefnin undanfarin tvö ár hafa verið samning jafnréttisáætlana, úttekt á atvinnumálum kvenna í dreifbýlinu, konur og byggðaþróun á Norðurlöndum og réttarstaða heimavinnandi.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir þessum viðfangsefnum.

Jafnréttisáætlanir.

Að frumkvæði Jafnréttisráðs og félagsmálaráðherra samþykkti ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar vorið 1988 tillögu þess efnis að ráðuneyti og stofnanir ríkisins semji *jafnréttisáætlanir* til fjögurra ára, þ.e. fyrir tímabilið 1. janúar 1989 til 31. desember 1992.

Í þessum áætlunum skyldi koma fram hver núverandi staða jafnréttismála innan ráðuneyta og stofnana væri. Jafnframt skyldi gerð grein fyrir þeim markmiðum sem viðkomandi stofnun setti sér hvað varðar aukið jafnrétti kvenna og karla innan viðkomandi stofnunar. Samkvæmt tillögunni var miðað við að þessar áætlanir yrðu tilbúnar fyrir 1. nóvember 1989 og að staðan og árangurinn yrði metinn að tveimur árum liðnum.

Þessar tillögur voru kynntar forstöðumönnum ríkisstofnana og ráðuneyta á fundi félagsmálaráðherra og Jafnréttisráðs. Einnig var haldinn fundur með fulltrúum sveitarstjórna en ætlunin var að hvetja sveitarstjórnir til að gera svipaðar áætlanir. Vorið 1990 gáfu félagsmálaráðuneytið og Jafnréttisráð út heftið *Hvernig næst jafnrétti í atvinnulífinu.* Því var sérstaklega beint til atvinnurekenda og launafólks á hinum almenna vinnumarkaði. Í heftinu er kynnt hugmyndin að jafnréttisáætlunum, hvers vegna þörf er á slíkum áætlunum og hvernig mætti vinna að þeim. Þar segir m.a.: *„Jafnréttisáætlanir eru formlega samþykktar áætlanir um aðgerðir sem hafa jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla að leiðarljósi. Slíkar áætlanir taka fyrst og fremst á stöðu kvenna og karla í atvinnulífinu. Í slíkum áætlunum felst jafnframt viðurkenning á að það sé nauðsynlegt að grípa til sérstakra tímabundinna aðgerða til að raunverulegt jafnrétti og jafnstaða kvenna og karla náist.“*

Ráðuneytinu bárust um 50 áætlanir. Þær eru, eins og vænta mátti, misjafnar. Sumar þeirra eru vandlega unnar á þann hátt að það hefur verið gerð greinagóð úttekt á stöðu jafnréttismála í hlutaðeigandi stofnun og skýr markmið sett með hliðsjón af henni. Aðrar eru lítið undirbúnar og bæði markmið og aðgerðir óljós. Mat á árangri þessara áætlana fer fram á fyrstu mánuðum þessa árs. Nú þegar hefur Jafnréttisráð minnt hlutaðeigandi á að þessi endurskoðun eigi að fara fram og hafa svör verið að berast skrifstofu ráðsins.

Atvinnutækifæri kvenna á landsbyggðinni.

Í framhaldi af þremur þingsályktunartillögum, sem komu fram á Alþingi veturinn 1988 og snertu atvinnutækifæri kvenna á landsbyggðinni, var félagsmálaráðherra falið að gera úttekt á stöðu mála og var það gert í samvinnu við landbúnaðar- og iðnaðarráðuneytið. En þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tók til starfa 1988 var sett ákvæði í málefnasamning stjórnarinnar um sérstakt átak í atvinnumálum kvenna í dreifbýli.

Til þessa verks var ráðinn sérstakur starfsmaður, Marta Ó. Jensdóttir, sem vann við það í 3–4 mánuði. Það var framkvæmd könnun sem náði til allra kvenna í frumvinnslugreinunum, m.a. bænda. Markmiðið var að fá heildarsýn yfir það hvernig atvinnumálum þessara kvenna væri háttað. Niðurstöður og tillögur til úrbóta liggja fyrir í skýrslunni *Atvinnumál kvenna í dreifbýli* og kom hún út í nóvember 1989.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir tillögum til úrbóta og eru þær gerðar með eftirfarandi markmið í huga:

Að aðstoða konur sem hafa verið atvinnulausar um tíma með námskeiðahaldi og verkþjálfun.

Að koma á laggirnar kvennahópum og aðstoða hópa sem þegar eru starfandi.

Að aðstoða konur við að hefja rekstur lítilla framleiðslu- og þjónustufyrirtækja sem falla að öðrum atvinnugreinum byggðarlagsins.

Í lokaorðum skýrslunnar er ítrekuð þörfin fyrir aðgerðir í þessum málum. Konur um allt land búa við mikla einhæfni í starfsvali og atvinnuleysi er víða mikið. Áhugi hjá konum um stofnun lítilla fyrirtækja er mikill og það er full ástæða til að virkja þann vilja til nýsköpunar og betra mannlífs á landsbyggðinni.

Konur og byggðaþróun á Norðurlöndum.

Í október á síðasta ári var haldin norræn ráðstefna hér á Íslandi um konur og byggðaþróun. Þessi ráðstefna er liður í samvinnuáætlun jafnréttisráðherra Norðurlanda. Ráðstefnan var haldin af Jafnréttisráði í samvinnu við félagsmálaráðuneytið og Byggðastofnun. Á henni var byggðaþróun skoðuð út frá sjónarhóli kvenna. Það var lögð áhersla á að meta áhrif þeirra aðgerða sem gripið hefur verið til á undanförnum árum til að bæta stöðu kvenna á landsbyggðinni. Það verður gefin út skýrsla um ráðstefnuna með erindum sem flutt voru og stutt ágrip af umræðunni sem fór þar fram.

Réttarstaða heimavinnandi fólks.

Félagsmálaráðherra skipaði starfshóp sem skyldi gera úttekt á stöðu heimavinnandi fólks. Hann skilaði áliti í nóvember 1989. Formaður hópsins var Rannveig Guðmundsdóttir, alþingismaður og fyrrverandi aðstoðarmaður félagsmálaráðherra. Aðrir nefndarmenn voru Helga Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri og Sigurður Snævarr hagfræðingur, hann var jafnframt starfsmaður hópsins. Verkefni starfshópsins var að kanna hvernig félagslegum réttindum og mati á heimilisstörfum væri háttað samanborið við önnur störf í þjóðfélaginu. Auk þess skyldi hann koma með tillögur um úrbætur.

Niðurstöður hópsins eru að aðstæður heimavinnandi fólks eru mjög mismunandi og kalla á mismunandi aðgerðir. Samkvæmt athugunum kom í ljós að um 6% af hjónum eða

sambýlisfólki (konum) eru heimavinnandi og er þar sérstaklega að finna fullorðið fólk (konur) sem hefur svo til eingöngu unnið heima um ævina. Því er í skýrslu hópsins lögð mikil áhersla á úrbætur er varða lífeyrismál, skattamál, tryggingamál og mat á heimilisstörfum til starfsreynslu. Niðurstöður starfshópsins eru m.a.:

Að almannatryggingarkerfið muni þjóna hagsmunum heimavinnandi betur en lífeyrissjóðir.

Þá er lagt til að ellilífeyrisréttindi, sem ávinnast á meðan á hjúskap stendur, teljist til hjúskapareignar.

Þá er lögð áhersla á að réttur heimavinnandi fólks til slysatrygginga og sjúkradagpeninga verði bættur.

Þá leggur starfshópurinn til að samtök á vinnumarkaði beiti sér fyrir því að lífaldur fái aukið vægi við starfsaldursmat.

6.4.1. Norræn samvinna í jafnréttismálum.

Á fundi Norðurlandaráðs í mars 1989 kynntu jafnréttisráðherrar Norðurlanda *framkvæmdaáætlun um samvinnu í jafnréttismálum* til næstu fimm ára eða 1989–1993. Höfuðviðfangsefni þeirrar áætlunar snúa annars vegar að hlut kvenna í efnahagsþróuninni og hins vegar að möguleikum kvenna og karla til að samræma fjölskyldulíf og atvinnulíf. Það var von ráðherranna að með því að afmarka verkefnin og aðgerðirnar muni sjálft starfið verða skilvirkara. Í framkvæmdaáætluninni má finna tillögur að 22 verkefnum og eru sum hver allviðamikil. Stærsta verkefnið fjallar um *launajöfnuð kvenna og karla* á Norðurlöndum. Launamisrétti kynjanna verður því helsta viðfangsefni norræna samstarfsins á næstu árum. Í kaflanum um atvinnu og kjaramál var sagt nánar frá þessu viðamikla verkefni og hvernig Íslendingar ætla að standa að því.

Framkvæmdaáætlun um norræna samvinnu í jafnréttismálum hefur verið þýdd á íslensku og er hægt að nálgast hana í félagsmálaráðuneytinu eða á skrifstofu Jafnréttisráðs.

Af þeim fjölmörgu verkefnum, sem ráðherranefndin ætlar að vinna að á næstu fimm árum, má nefna könnun á menntun og framamöguleikum kvenna í tölvuiðnaði og hefur Ragnheiður Harðardóttir, fræðslufulltrúi Jafnréttisráðs, tekið að sér að vinna að því verkefni. Þá má nefna könnun á rýrum hlut kvenna í stjórnum hlutafélaga og peningastofnana. Jafnréttisráð hefur tekið saman yfirlit á hlut kvenna í stjórnum og ráðum opinberra sjóða og banka og sýna þær tölur að hann er ekki nema rétt um 3%. Þá var samþykkt að halda ráðstefnu hér á Íslandi um konur í dreifbýli. Hún var haldin í október 1990.

Norræna samstarfsverkefnið „Brjótum múrana".

Í skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála frá 1988 er gerð grein fyrir norræna samstarfsverkefninu *Brjótum múrana.* Þetta verkefni, sem var eitt viðamesta norræna samstarfsverkefni á sviði jafnréttismála, hófst árið 1985 og lauk með stórri ráðstefnu hér á Íslandi undir lok ársins 1989. Tilgangur verkefnisins var að þróa og prófa leiðir til að brjóta niður kynskiptinguna á vinnumarkaðnum, bæði lárétt á milli atvinnugreina og lóðrétt milli áhrifa- og valdastiga. Íslenska hluta verkefnisins var valinn staður á Akureyri og verkefnisstjóri var ráðin Valgerður Bjarnadóttir. Á þeim tíma, sem að verkefninu var unnið, var gripið til ýmissa aðgerða eins og t.d. náms- og starfsfræðslu í skólum, könnunar á stöðu kvenna hjá stórum fyrirtækjum, námskeiða fyrir konur í stjórnun og rekstri fyrirtækja, auk þess sem starfsmaður verkefnisins veitti ráðgjöf og stuðning við félagasamtök, stofnanir og einstaklinga í málum sem varða konur og kynskipta vinnumarkaðinn.

Í nóvember 1989 var gefin út lokaskýrsla verkefnisins en þar er gerð grein fyrir bæði markmiðum og niðurstöðum þess. Þar má finna tillögur þeirra sem unnu við verkefnið til úrbóta, lýsingu á helstu verkefnum og yfirlit yfir allar skýrslur Brjótum múrana-verkefnisins.

Það yrði of mikið mál að gera grein fyrir öllum þeim verkefnum, smáum og stórum, sem unnin voru af starfsmönnum *Brjótum múrana* á Norðurlöndunum fimm. Þó má geta útgáfu bókarinnar *Køn sorterer* sem kom út haustið 1989. Í bókinni er að finna erindi sem haldin voru á ráðstefnu á Haneholmen í Finnlandi. Tilgangur ráðstefnunnar var að fá yfirlit yfir allar nýjustu rannsóknir á sviði verkaskiptingar kynjanna. Þar má finna erindi Stefaníu Traustadóttur, félagsfræðings Jafnréttisráðs, um kynskiptingu vinnumarkaðarins hér á Íslandi.

Tillögur Brjótum múrana-verkefnisins um aðgerðir, sem gætu brotið múra hins kynskipta vinnumarkaðar, eru í stuttu máli eftirfarandi:

Að það verði unnið markvisst að framkvæmd kannana sem gætu varpað ljósi á þau öfl sem liggja að baki kynskiptingarinnar.

Að gerð verði úttekt á þeim kjarasamningum þar sem samið hefur verið um ákvæði er varða jafnréttismarkmið og aðgerðir.

Að stærri fyrirtæki geri jafnréttisáætlanir og að þangað verði ráðnir jafnréttisráðgjafar og þá er ítrekuð nauðsyn þess að þeir fái marktæk völd.

Að vinnustaðasamningar um laun og starfskjör styrki samningsstöðu kvenna.

Að stéttafélög skoði eigin þátt í að viðhalda kynskiptingunni og komi með tillögur til úrbóta.

Að árangur kynjakvóta í sambandi við stöðuveitingar og annað verði athugaður sérstaklega.

Að norræna ráðherranefndin láti gera úttekt á hinum ýmsu séraðgerðum sem hafa haft bætta stöðu kvenna að markmiði.

Að öll Norðurlöndin eyrnamerki fjárhæðir sem varið verði til sérstakra afmarkaðra tilraunaverkefna sem hafa breytingar á kynskipta vinnumarkaðnum að markmiði.

Í lokaskýrslu verkefnisins má finna rökstuðning fyrir þessum aðgerðum auk annarra tillagna hvað varðar aðgerðir t.d. á svið náms- og starfsfræðslu.

Annað erlent samstarf á sviði jafnréttismála.

Félagsmálaráðuneytið tekur virkan þátt í starfi Evrópuráðsins á sviði jafnréttismála. Fulltrúi Íslands í jafnréttisnefnd Evrópuráðsins er Ragnhildur Benediktsdóttir, formaður Jafnréttisráðs. Á árinu 1989 var haldinn fundur jafnréttisráðherra aðildarríkja Evrópuráðsins og þar samþykkt mjög viðamikil tilmæli til aðildarríkjanna. Af hálfu Íslands sóttu þann fund félagsmálaráðherra og aðstoðarmaður ráðherra. Þá var á vegum Evrópuráðsins haldin ráðstefna um konur í stjórnmálum. Fulltrúar Íslands þar voru Ragnhildur Benediktsdóttir, formaður Jafnréttisráðs, og Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri félagsmálaráðuneytisins, og var Berglindi falið að stjórna pallborðsumræðum síðasta dag ráðstefnunnar.

Ísland er aðili að ýmsum alþjóðasamþykktum þar sem fjallað er um jafnrétti kvenna og karla. Þar má m.a. nefna alþjóðasamþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) um jöfn laun kvenna og karla og misrétti með tilliti til atvinnu og starfs. Ákvæði er snerta jafnréttismál eru einnig í félagsmálasáttmála Evrópuráðsins. Félagsmálaráðuneytið tekur saman skýrslu um framkvæmd sáttmálans hér á landi á tveggja ára fresti.

6.5. Landbúnaðaráðuneytið.

Konur í landbúnaði.

Árið 1988 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd sem átti að afla upplýsinga og meta stöðu kvenna í lanbúnaði auk þess að móta tillögur um hvernig mætti efla þátt kvenna í greininni. Nefndina skipuðu þær Halla Aðalsteinsdóttir, og var hún jafnframt formaður, Elín Líndal og Lísa Thomsen. Nefndin aflaði sér upplýsinga m.a. með að senda spurningalista til 2.000 kvenna sem starfa í landbúnaði. Við úrvinnslu á þeim gögnum kom m.a. í ljós að um 35%

bændakvenna stunda launaða vinnu utan búsins. Þá kom líka fram að langflestar kjósa sér slíka vinnu en leggja áherslu á óreglulegan vinnutíma. Það má geta þess að gögn frá þessari nefnd voru að hluta til notuð við skýrslugerð um atvinnumál kvenna í dreifbýli. Nefndin skilaði af sér skýrslu í nóvember 1989. Þar er m.a. annars lagt til:

Að unnið verði að námskeiðahaldi í áhugaverðum greinum með stofnun fyrirtækis í huga. Þá er undirstrikað að nauðsynlegt sé að slíku átaki í þágu atvinnumála kvenna í sveitum sé tryggt ákveðið fjármagn, bæði til að standa straum af námskeiðahaldi og til að greiða fyrir stofnun fyrirtækis.

Að Stéttarsamband bænda og búnaðarsamtökin taki virkan þátt í þessari atvinnuuppbyggingu og leggi sérstaka áherslu á að bæta hlut kvenna, t.d. með því að fjölga konum í nefndum og ráðum samtakanna.

Það er einróma álit nefndarinnar að atvinnuleysi meðal kvenna í landinu sé meira en opinberar tölur segja til um. Þær undirstrika nauðsyn þess að gripið verði til aðgerða sem hafi það að markmiði að efla atvinnutækifæri á landsbyggðinni og að konur verði hvattar og studdar til þátttöku í þeirri atvinnuuppbyggingu.

6.6. Menntamálaráðuneytið.

Jöfn staða kynja í skólum – stefna – markmið – leiðir.

Árið 1987 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Birgir Ísleifur Gunnarsson, starfshóp sem átti að fjalla um jafna stöðu kynja í skólum. Eftirtaldir aðilar voru samkvæmt tilnefningu skipaðir í starfshópinn: Sigríður Jónsdóttir frá menntamálaráðuneytinu, sem jafnframt var formaður, Elín G. Ólafsdóttir frá Kennarasambandi Íslands, Gerður Óskarsdóttir frá Háskóla Íslands, Ásmundur S. Pálsson frá Hinu íslenska kennarafélagi, Stefanía Traustadóttir frá Fósturskóla Íslands, Elsa S. Þorkelsdóttir frá Jafnréttisráði og Ragnhildur Bjarnadóttir frá Kennaraháskóla Íslands. Starfshópurinnn lauk störfum og skilaði skýrslu í maí 1990. Verkefni starfshópsins var samkvæmt erindisbréfi m.a að gera tillögur um fræðslu í skólum og gera tillögur um útgáfu kennsluefnis til foreldra og kennara.

Starfshópurinn stóð fyrir ýmsum verkefnum á meðan hann starfaði. Þar má m.a. nefna útgáfu rits til kennara, Upp úr hjólförunum, sem sent var til allra grunn- og framhaldsskóla landsins og til fjölda annarra uppeldis- og menntastofnana. Í samvinnu við Jafnréttisráð og Fræðsluvarpið var unnið myndband með sama nafni og fræðsluritið. Tilgangurinn með gerð myndbandsins var að vekja kennara, foreldra og aðra uppalendur til umhugsunar um hvernig við búum og hvernig við viljum búa börnin okkar undir þátttöku í fjölskyldulífi, atvinnulífi og samfélaginu almennt. Myndbandið var sýnt í ríkissjónvarpinu og sent til fræðsluskrifstofa og kynnt með fréttabréfi til skóla. Auk þess er það til útláns á bókasafni Jafnréttisráðs og hjá Námsgagnastofnun.

Þá var að frumkvæði hópsins ráðinn sérstakur kennari til að sinna fræðslu og kynningarstarfi um jafnréttismál í skólum. Reykjanesumdæmi var valið sem tilraunasvæði og tveir kennarar ráðnir til starfans, þær Bryndís Guðmundsdóttir og Ása Björk Snorradóttir. Þetta tilraunastarf hófst um mitt ár 1989 og átti að ljúka á sex mánuðum. Þá var ákveðið að halda áfram eftir áramótin og líka næsta skólaár á eftir og þá á vegum Fræðsluskrifstofu Reykjaness. Þá stóð starfshópurinn fyrir ráðstefnu um stöðu kynja í skólum, hann var umsagnaraðili hvað varðar nýútkomna aðalnámsskrá grunnskóla, einnig var formaður hópsins boðaður á fund nefndar félagsmálaráðherra sem vann að tillögum um ný jafnréttislög.

Síðast en ekki síst vann hópurinn tillögur að stefnu og markmiðum sem verði höfð að leiðarljósi í öllu skólastarfi. Starfshópurinn leggur megináherslu á að bæði piltar og stúlkur verði búin undir sömu hlutverk í lífinu, þ.e. að vera virk í fjölskyldulífi, atvinnulífi og við mótun samfélagsins alls sem sjálfstæðir einstaklingar. Í greinargerð með þeim tillögum er

rökstutt að það sé þörf á sérstöku átaki í menntakerfinu með tilliti til kynjajafnréttis. Þar er m.a. lögð áhersla á hvernig náms- og starfsval kynjanna endurspeglast í kynskiptum vinnumarkaði.

6.7. Hagstofan.

Eftirspurn eftir tölulegum upplýsingum varðandi stöðu kvenna og karla hefur aukist mikið á undanförnum árum. Hagstofa Íslands hefur reynt að mæta þessari eftirspurn, m.a. með þátttöku í samstarfi hagstofa á Norðurlöndum. Fyrsti áfangi í því samstarfi var útgáfa heftisins *Konur og karlar á Norðurlöndum* sem kom út á vegum ráðherranefndar Norðurlanda árið 1988. Sigríður Vilhjálmsdóttir félagsfræðingur vann gagnasöfnun fyrir Hagstofu Ísands. Heftið hefur að geyma hagtölur um stöðuna í jafnréttismálum og fæst hjá Hagstofunni. Það er ætlunin að efla þessa samvinnu enn frekar á næstu fimm árum.

Lífskjör og lífshættir á Íslandi.


Eitt viðamesta verkefni Hagstofunnar hefur þó verið lífskjarakönnunin svonefnda. Aðdragandi þeirrar könnunar var að 1987 skipaði þáverandi forsætisráðherra, Þorsteinn Pálsson, framkvæmdanefnd sem skyldi kanna sérstaklega laun kvenna og karla. Nefndin gerði tillögur um mun viðameiri könnun, þ.e. að í stað þess að skoða sérstaklega launamun kynjanna skyldi framkvæmd að norrænni fyrirmynd víðtæk könnun á lífskjörum og lífsháttum bæði kvenna og karla. Forsætisráðherra samþykkti þessa tillögu og gagnasöfnun hófst þegar sumarið 1988 og var byggt á viðtölum við 2.000 einstaklinga. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Hagstofan tóku að sér framkvæmd verksins. Skýrsla sú, sem liggur fyrir, er aðeins sú fyrsta sem byggir á gögnum lífskjarakönnunarinnar og þó að ekki sé lögð sérstök áhersla á samanburð á milli kynja má lesa úr henni ýmislegt í þá veru.

Hér verður gerð grein fyrir einstaka niðurstöðum könnunarinnar með áherslu á atvinnuþátttöku kvenna og karla.

Samkvæmt gögnum og skilgreiningum lífskjarakönnunarinnar stunda 78% einstaklinga á aldrinum 16–75 ára einhverja launaða vinnu á könnunartímabilinu. Atvinnuþátttaka karla er 83% en kvenna 71%. Eins og sjá má er mikill munur á tölum Þjóðhagsstofnunar frá 1986 og þessum (90,1%). Aftur á móti er hlutfall fullvinnandi kvenna hærra í úrtaki lífskjarakönnunarinnar en í tölum Þjóðhagsstofnunar. Samkvæmt lífskjarakönnuninni eru aðeins um 40% kvenna í hlutastörfum en Þjóðhagsstofnun telur hlutfall þeirra 53%. Þar sem þetta eru ekki sambærilegar tölur er erfitt að segja til um hvort konur hafi aukið við vinnutíma sinn svo mikið á þessu tímabili. Þó er ýmislegt sem bendir til þess að svo sé.

Aukin atvinnuþátttaka íslenskra kvenna hefur í fyrsta lagi beinst að takmörkuðum sviðum hins opinbera og þá aðallega í mennta- og heilbrigðiskerfinu. Í lífskjarakönnuninni kom fram að 44,3% kvenna starfa hjá hinu opinbera á móti 24,7% karla (tafla 6, bls. 47). Mynd 6.7.1. sýnir hlutfallslega skiptingu kvenna og karla á atvinnugreinar:

Mynd 6.7.1. Hlutfallsleg skipting karla og kvenna á atvinnugreinar.



(Heimild: Lífskjör og lífshættir á Íslandi, tafla 5., bls. 46.)

Þegar upplýsingar um skiptingu kvenna og karla á hinar ýmsu starfsgreinar eru kannaðar þá benda þær eindregið til að íslenski vinnumarkaðurinn sé tvískiptur. Annars vegar eru hefðbundin karlastörf og hins vegar hefðbundin kvennastörf. Þetta er í fullu samræmi við niðurstöður Þjóðhagsstofnunar. Konur virðast velja sér störf á mun þrengra sviði en karlar.

Ólaunuð störf – heimilisstörfin.

Það er ekki oft að störf unnin á eða fyrir heimilið eru talin með þegar fjallað er um atvinnu og/eða kjör karla og kvenna. Þó eyða flestir einstaklingar mikum tíma í ýmis verk sem tengjast þeim vettvangi.

Í lífskjarakönnuninni kennir margra grasa, þar á meðal er að finna upplýsingar um verkaskiptingu á heimilum og hversu mikill tími fer í þau störf. Niðurstöðurnar benda til að hér á Íslandi ríki enn hefðbundin verkaskipting kynjanna. Þó svo að karlar vinni mun lengri launaðan vinnudag en konur eða 59 stundir á móti 49 virðist sem „meðalkonan" eigi eftir ýmis verk þegar heim kemur og þau taka sinn tíma. Að jafnaði eru það 19 stundir á hverri viku. Þannig getum við sagt að vinnutími íslenskra kvenna sé um það bil 68 stundir hverja viku – vinnuframlag karla á heimilum mælt í tíma er að jafnaði aðeins sex stundir hverja viku. Það skal tekið fram að svarendur voru beðnir að telja ekki með þann tíma sem fór í umönnun og uppeldi barna.

Þegar tölurnar eru athugaðar má m.a. sjá:
Að rúmlega helmingur karlanna notar aðeins 0–5 stundir til venjulegra heimilisstarfa hverja viku.
Að rúmlega helmingur karla sinnir aldrei matargerð.
Að 73% karlanna koma aldrei nálægt þvotti eða umhirðu fatnaðar.
Að um 40% karla koma aldrei nálægt þrifum á húsnæði eða matarinnkaupum.
Að mikill meiri hluti kvennanna eða 79% skipta sér aldrei af viðhaldi bíla eða annarra tækja.
Að 62% kvenna koma ekki nálægt viðhaldi á húsnæði.

Þessi fáu dæmi benda til mjög svo hefbundinnar verkaskiptingar á heimilinu og er ekki að sjá að þar hafi nokkuð breyst miðað við eldri kannanir. Þar má m.a. nefna könnun Jafnréttisráðs á stöðu íslenskra kvenna og könnun jafnréttisnefndar Reykjavíkur frá 1980. En þar kom m.a. fram að í Reykjavík var vinnuframlag fullvinnandi kvenna á heimilum 22 stundir á viku en 34 ef hún var í hlutastarfi. Í þessum könnunum var ekki greint á milli tíma sem eytt var í umönnun barna og svo í önnur störf á heimilinu. Eiginmenn fullvinnandi kvenna eyddu sjö stundum í heimilisstörfin en einum tíma minna eða sex stundum væri hún í hlutastarfi.

6.8 Starfsemi Jafnréttisráðs.

Jafnréttisráð var sett á stofn með lögum nr. 78 frá 1976, um jafnrétti kvenna og karla. Nú gilda um Jafnréttisráð lög nr. 65 frá 1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í desember 1989 var skipað í Jafnréttisráð til tveggja ára. Í ráðinu sitja nú: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, tilnefnd af Hæstarétti. Varamaður: Sigurður H. Guðjónsson. Árni Gunnarsson, varaformaður, tilnefndur af félagsmálaráðherra. Varamaður: Magnús Jónsson. Þórunn Sveinbjörnsdóttir, tilnefnd af ASÍ. Varamaður: Lára V. Júlíusdóttir. Sigurveig Sigurðardóttir, tilnefnd af BSRB. Varamaður: Margrét Ríkharðsdóttir. Hrafnhildur Stefánsdóttir, tilnefnd af VSÍ. Varamaður: Guðrún Lárusdóttir. Guðrún Árnadóttir, tilnefnd af Kvenréttindafélagi Íslands. Varamaður: Ragnhildur Hjaltadóttir. Ingibjörg Magnúsdóttir, tilnefnd af Kvenfélagasambandi Íslands. Varamaður: Stefanía M. Pétursdóttir.

Á skrifstofu Jafnréttisráðs starfa framkvæmdastjóri, félagsfræðingur og fræðslufulltrúi í fullu starfi og ritari í hálfu starfi. Þá hefur verkefnisstjóri samnorræna launaverkefnisins aðsetur á skrifstofu Jafnréttisráðs.

Samstarf við félagsmálaráðuneytið.

Jafnréttisráð heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Tvisvar til þrisvar á ári eru haldnir samstarfsfundir Jafnréttisráðs og ráðuneytisins. Tilgangur slíkra funda er m.a. að samræma þá vinnu sem fram fer á vegum þessara tveggja aðila og móta stefnuna í málefnum er varða jafnrétti kynjanna. Á fundunum gefst fulltrúum Jafnréttisráðs og ráðuneytisins einnig tækifæri til að koma á framfæri sérstökum óskum sínum og tilmælum.

Kærur til Jafnréttisráðs.

Helsta verkefni Jafnréttisráðs er að taka við ábendingum vegna meintra brota á lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla, rannsaka mál af því tilefni og senda að rannsókn lokinni niðurstöður til þeirra er málið varðar. Jafnréttisráði er heimilt að höfða mál fyrir dómstólum telji ráðið að ákvæði laganna hafi verið brotin þó í fullu samráði við þann einstakling sem málið varðar. Á árinu 1989 voru kærur til ráðsins vegna meintra brota á lögum samtals 13 en á árinu 1990 urðu þær 16 talsins. Auk kærumála fjallaði Jafnréttisráð um fjölda annarra erinda. Þar má nefna umsagnir til Alþingis eða stjórnvalda auk fjölda annarra erinda, ábendinga eða tilmæla frá einstaklingum og félagasamtökum.

Fræðsla og útgáfustarf á vegum Jafnréttisráðs.

Eitt af hlutverkum Jafnréttisráðs er að sinna fræðslu og upplýsingastarfsemi til félagasamtaka og almennings. Fréttabréf Jafnréttisráðs, „Vogin" kemur út þrisvar til fjórum sinnum á ári. Því er dreift ókeypis til um 4.000 einstaklinga, félagasamtaka, fyrirtækja og stofnana.

Fræðsla til félagasamtaka og almennings er sífellt viðameiri þáttur í starfi Jafnréttisráðs. Algengt er að félagasamtök óski eftir almennri kynningu á Jafnréttisráði og starfsemi þess. Sem dæmi má nefna erindi flutt hjá Íslandsdeild Evrópuritara og fyrir félaga í Kiwanisklúbb Kópavogs. Einnig er óskað eftir kynningu á afmörkuðum efnum, s.s. stöðu kvenna á vinnumarkaði. Jafnréttisráð leggur jafnframt ríka áherslu á að verkefni sem unnið er að hjá ráðinu, sé fylgt eftir með markvissri fræðslu. Erindi um Jafnréttisráð og stöðu jafnréttismála eru haldin a.m.k. tvisvar á ári á félagsmálanámskeiðum hjá Menningar- og fræðslusambandi alþýðu í Ölfusborgum og á námskeiðum hjá Starfsmannafélaginu Sókn.

Á árinu 1989 komu út tvö hefti á vegum Jafnréttisráðs, *„Hvernig næst jafnrétti í atvinnulífinu"* sem var unnið í samvinnu við félagsmálaráðuneytið og heftið *Nú er lag*. Í lok ársins 1990 var svo gefið út rit á ensku *„Women and Equality in Iceland"*. Þar er gert grein fyrir helstu þáttum í stöðu og þróun jafnréttismála hér á landi.

Jafnréttisnefndir.

Sveitarstjórnum er ekki skylt að skipa jafnréttisnefndir. Jafnréttisráð leggur áherslu á að a.m.k. stærstu sveitarfélögin skipi jafnréttisnefndir og hefur að loknum sveitarstjórnarkosningum undanfarin ár farið þess á leit við sveitarstjórnir að svo sé gert. Aukin samvinna við jafnréttisnefndir er eitt af þeim verkefnum sem Jafnréttisráð hefur lagt mikla áherslu á á undanförnum árum. Nokkrar jafnréttisnefndir hófu á árinu 1989 undirbúning að gerð sérstakra framkvæmdaáætlana til fjögurra ára um aðgerðir til að bæta stöðu kvenna innan sveitarfélagsins. Akureyri var fyrsta sveitarfélagið sem lauk þeirri vinnu en önnur fylgdu á eftir. Starfsmenn ráðsins reyndu af fremsta megni að aðstoða jafnréttisnefndirnar, bæði með því að funda með nefndunum og með ráðgjöf í gegnum síma við þær nefndir sem fjær eru. Hjá ráðinu er í undirbúningi handbók fyrir jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

Jafnréttisráð fær á ári hverju fjölmargar fyrirspurnir erlendis frá um stöðu kynjanna á Íslandi. Einnig fær ráðið allnokkrar heimsóknir frá erlendum aðilum, sérstaklega blaðamönnum.

Kannanir.

Kannanir á stöðu kvenna hafa alla tíð verið stór þáttur í starfi Jafnréttisráðs. Af þeim sem unnið var að á tímabilinu 1988–1990 má nefna: könnun á nýráðningum og stöðuhækkunum í ráðuneytum; samantekt á hlut kvenna í stjórnum og ráðum banka, sparisjóða og ýmissa sjóða; athugun á hlut kvenna í sjónvarpsfréttum; könnun á hversu margar konur útskrifast frá Háskóla Íslands og könnun á reynslu og viðhorfum kvenna í sveitarstjórnum. Að loknum sveitarstjórnarkosningum vann Jafnréttisráð yfirlit um úrslit kosninganna með tilliti til hlutar kvenna. Frá þessum og öðrum könnunum Jafnréttisráðs er sagt frá í öðrum köflum þessarar skýrslu.

Jafnréttisáætlanir.

Vorið 1988 beindi Jafnréttisráð þeim tilmælum til félagsmálaráðherra að ráðuneytum og þeim ríkisstofnunum, sem hafa 20 starfsmenn eða fleiri, verði gert skylt að vinna sérstaka áætlun um aðgerðir til að koma á jafnrétti kvenna og karla innan ráðuneyta og ríkisstofnana. Tilmæli Jafnréttisráðs voru samþykkt af ríkisstjórninni. Félagsmálaráðuneytið og Jafnréttisráð stóðu síðan fyrir fundi með ráðuneytisstjórum og forstöðumönnum ríkisstofnana þar sem

þessar áætlanir voru kynntar, tilgangur þeirra og hvernig þær skyldu unnar. Skilafrestur áætlananna var til 1. nóvember 1988 en vinnan dróst nokkuð hjá mörgum ráðuneytum og ríkisstofnunum. Flestar bárust um áramót en þá tóku þær gildi. Á árinu 1989 gaf Jafnréttisráð og félagsmálaráðuneytið út hefti sem ber yfirskriftina Hvernig næst jafnrétti í atvinnulífinu? Hugmyndir – Aðgerðir – Áætlanir. Þar er að finna leiðbeiningar til atvinnurekenda um gerð jafnréttisáætlana, umfjöllun um stöðu kvenna á vinnumarkaði og umfjöllun um hvers vegna jafnréttisáætlana er þörf. Félagsmálaráðuneytið og Jafnréttisráð stóðu einnig saman að fundi með fulltrúum stærstu sveitarfélaganna þar sem hugmyndin að gerð jafnréttisáætlana var kynnt.

Myndbandið „Upp úr hjólförunum".

Á árinu 1989 vaknaði áhugi á að vinna myndband um mótun kynja fyrstu tuttugu ár ævinnar. Leitað var til framkvæmdastjóra fræðsluvarps um aðstoð og sýndi hún málinu strax mikinn áhuga. Þar sem kostnaður vegna verkefnisins var ekki á fjárlögum ráðsins óskaði Jafnréttisráð eftir því við menntamálaráðherra að menntamálaráðuneytið greiddi kostnaðinn til helminga við Jafnréttisráð. Það var samþykkt. Myndbandið fékk heitið „Upp úr hjólförunum" eins og bæklingur útgefinn af menntamálaráðuneytinu svipaðs efnis. Tilgangur myndbandsins er fyrst og fremst að vekja athygli foreldra, kennara, fóstra og annara uppalenda á því hvernig við búum börn okkar undir þátttöku í fjölskyldulífi, atvinnulífi og samfélaginu almennt. Fjallað er um fjóra meginþætti: heimili, skóla, atvinnulíf og félagslíf í máli og myndum.

„Karlar óskast í kór".

Á árinu 1988 hóf Jafnréttisráð að vinna með þemað „Jafnrétti kemur körlum við". Mikil umræða hafði átt sér stað hjá Jafnréttisráði um að jafnrétti kvenna og karla væri almennt talið mál kvenna en ekki beggja kynja. Jafnréttisbaráttunni hefði í reynd mistekist að koma körlum í skilning um að jöfn staða kvenna og karla væri hagsmunamál karla ekki síður en kvenna. Á flestum hinna Norðurlandanna eru starfandi sérstakir vinnuhópar sem hafa með þetta málefni að gera. Haldnir hafa verið norrænir fundir um karla og jafnrétti kynja og hefur starfsmaður Jafnréttisráðs m.a, sótt þessa fundi. Á árinu 1988 stóð Jafnréttisráð í samvinnu við Trésmiðafélag Reykjavíkur fyrir hádegisfundi um þetta efni. Áhugi var á því hjá Jafnréttisráði að halda þessari vinnu áfram. Haft var samband við Menningar- og fræðslusamband alþýðu og þar kom fram áhugi á að láta vinna stuttan leikþátt um karla í breyttu samfélagi til að sýna á vinnustöðum. Til verksins var fengin Hlín Agnarsdóttir og samdi hún leikþátt sem fékk heitið „Karlar óskast í kór". Hlín var jafnframt leikstjóri en leikarar voru þrír, þau Sigurður Skúlason, Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Bessi Bjarnason. Leikritið var frumsýnt í matsal starfsmanna hjá Íslenska álfélaginu í Straumsvík og fékk mjög góðar móttökur. Sýningar á árinu 1989 urðu alls tuttugu.

Nafnabanki.

Snemma á árinu 1989 hófst undirbúningur að allviðamiklu verkefni sem ber vinnuheitið „Nafnabanki". Hér er um að ræða upplýsingabanka um konur sem hafa sérþekkingu á hinum ýmsu sviðum og lýsa sig jafnframt reiðubúnar til að miðla öðrum af visku sinni hvort heldur sem er með erindaflutningi, í viðtölum við fjölmiðla eða með setu í opinberum nefndum svo eitthvað sé nefnt. Þeir sem kynnu að hafa not af upplýsingum úr Nafnabankanum eru einkum fjölmiðlar en einnig hefur orðið vart áhuga meðal tilnefningaraðila í hinar ýmsu nefndir, stjórnir og ráð sem opinberir aðilar skipa. Verkefnið mjög viðamikið og það hefur ekki fengist til þess sérstök stöðuheimild. Því hefur verkinu seinkað en stefna er að því ljúki á næsta ári.

Konur og byggðaþróun á Norðurlöndum.

Í október á síðasta ári var haldin norræn ráðstefna hér á Íslandi um konur og byggðaþróun. Þessi ráðstefna er liður í samvinnuáætlun jafnréttisráðherra Norðurlanda. Ráðstefnan var haldin af Jafnréttisráði í samvinnu við félagsmálaráðuneytið og Byggðastofnun og var Kristín Árnadóttir ráðin til að sjá um framkvæmd hennar. Þátttakendur voru um 70 talsins frá Norðurlöndunum. Á ráðstefnunni var byggðaþróun skoðuð út frá sjónarhóli kvenna. Það var lögð áhersla á að meta áhrif þeirra aðgerða sem gripið hefur verið til á undanförnum árum til að bæta stöðu kvenna á landsbyggðinni. Fyrirlesarar voru frá flestum Norðurlandanna og komu víða við. Þar á meðal var Unnur Kristjánsdóttir iðnráðgjafi en hún fjallaði m.a. um flótta íslenskra kvenna frá landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið. Gefin verður út skýrsla um ráðstefnuna með erindum sem flutt voru og stutt ágrip af umræðunni sem fór þar fram.

Erlend samskipti.

Íslands hefur tekið virkan þátt í starfi norrænu embættismannanefndarinnar sem fjallar um jafnréttismál. Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri félagsmálaráðuneytisins, var fulltrúi Íslands í nefndinni frá 1. mars 1989 en Elsa S. Þorkelsdóttir framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs tók svo við 1. mars 1990. Mikill hluti af starfi embætismannanefndarinnar fór í umfjöllun og gerð samnorrænu jafnréttisáætlunarinnar sem þegar hefur verið gerð grein fyrir.

Þá hafa fulltrúar frá Jafnréttisráði tekið þátt í ýmsum *norrænum ráðstefnum*. Þar má nefna ráðstefnu um skiptingu milli launaðrar og ólaunaðrar vinnu, ráðstefnu um stöðu karla í breyttu samfélagi en á þá ráðstefnu fór einnig fulltrúi frá Menningar- og fræðslusamtökum alþýðu. Þá fór skólastjóri Fósturskóla Íslands sem fulltrúi Jafnréttisráðs á norræna ráðstefnu um jafnrétti og dagvistarheimili fyrir börn. Framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs sótti ráðstefnuna *Konur og Evrópa* en norska jafnréttisráðið stóð fyrir henni í Ósló í nóvember 1990.

Formaður Jafnréttisráðs er fulltrúi Íslands í *jafnréttisnefnd Evrópuráðsins*. Fundir eru haldnir tvisvar á ári í Strassborg, Frakklandi. Meginhlutverk nefndarinnar er að vera ráðgefandi við aðrar nefndir og stofnanir innan Evrópuráðsins í málefnum er varða jafnrétti með konum og körlum og hafa frumkvæði að aðgerðum á þessu sviði.

Ed. 966. Nefndarálit [219. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið, sem gerir ráð fyrir sameiningu Fjárlaga- og hagsýslustofnunar og fjármálaráðuneytisins, verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. mars 1991.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Valgerður Sverrisdóttir.	Ey. Kon. Jónsson	Danfríður Skarphéðinsdóttir.
	Salome Þorkelsdóttir.	

Nd. 967. Nefndarálit [340. mál]

um frv. til l. um leikskóla.

Frá 2. minni hl. menntamálanefndar.

Frumvarp þetta var afgreitt óvænt úr nefndinni 12. mars sl. Formaður nefndarinnar hafði áður lýst yfir því að málið yrði ekki afgreitt þar sem ekki gæfist tími til að senda það til umsagnar er svo skammt væri til þingloka. Undirrituð óskaði þá eftir fresti á afgreiðslunni til þess að fá tækifæri til að kynna málið fyrir þingflokki og að frumvarpið yrði sent til umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga en hvoru tveggja var hafnað. Þessi vinnubrögð ganga þvert á hefðbundnar venjur um afgreiðslu mála á Alþingi og eru því ekki ásættanleg.

Málefni leikskóla er búið að vera ágreiningsefni í ríkisstjórninni á yfirstandandi þingi. Menntamálaráðherra og félagsmálaráðherra hafa deilt hart og bæði viljað að þessi málaflokkur heyrði undir sitt ráðuneyti. Þannig lagði félagsmálaráðherra fram frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem m.a. var kveðið á um leikskóla. Menntamálaráðherra lagði engu að síður fram frumvarp til laga einnig um leikskóla þannig að á tímabili voru tvö frumvörp til meðferðar í þinginu um sama efni.

Svo virðist sem félagsmálaráðherra hafi nú þurft að breyta sínu frumvarpi þannig að ákvæði um leikskólann voru tekin í burtu, enda ekkert óeðlilegt því að það er skoðun margra, m.a. sjálfstæðismanna, að þessi málaflokkur eigi betur heima í menntamálaráðuneytinu.

Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd að frumvarp menntamálaráðherra komst þar með svo seint til meðferðar að enginn tími gafst til efnislegrar umfjöllunar í nefndinni. Þar er því ekki við stjórnarandstöðuna að sakast þar sem ekki var einu sinni veitt tækifæri til að leita álits Sambands íslenskra sveitarfélaga sem eiga þó að bera hitann og þungann af þessu máli, sbr. nýleg lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þannig segir m.a. í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins: „Stofnun leikskóla og rekstur er á ábyrgð sveitar-

félaganna en fagleg yfirstjórn málaflokksins samkvæmt lögum þessum er á hendi menntamálaráðuneytis.“

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur mótmælt þessari málsmeðferð með svohljóðandi bréfi, sbr. fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Þá kemur fram í greinargerð frumvarpsins að nefndinni, er samdi upprunalegt frumvarp, var einnig falið að athuga æskilegt fyrirkomulag á stofn- og rekstrarkostnaði og samdi nefndin annað frumvarp um ríkisframlag til sveitarfélaga vegna leikskóla. Það frumvarp var stöðvað í ríkisstjórninni og fékkst ekki lagt fram, væntanlega vegna þeirra miklu útgjalda sem það hefði í för með sér fyrir ríkissjóð og vart yrðu fjármögnuð öðruvísi en með skattahækkunum. Hefur stjórnarliðum e.t.v. þótt nóg að gert í aukningu á skattbyrði almennings, enda kosningar fram undan. Þrátt fyrir þá staðreynd að ekkert sé hugsað fyrir fjármögnun samfara þessu frumvarpi þá leggur menntamálaráðherra áherslu á afgreiðslu þessa máls og gangi það eftir þá er ljóst að næstu ríkisstjórn verður nokkur vandi á höndum þar sem henni ber þá að tryggja framkvæmd þessara laga.

Margir hafa bent á nauðsyn þess að fjármögnun verði jafnhliða tryggð. Þannig segir t.d. í umsögn ASÍ frá 3. október 1990: „Miðstjórn Alþýðusambandsins álítur að markmiðum þeim, sem nefnd til endurskoðunar á byggingu og rekstri dagvistarheimila setti sér í sínu starfi, verði ekki náð nema bæði frumvörp nefndarinnar verði samþykkt sem lög. Jafnframt vill miðstjórnin leggja áherslu á að frumvörpunum verði ekki breytt á þann hátt að skertur verði réttur barna til vistunar og skyldur sveitarfélaga til uppbyggingar og rekstrar leikskóla.“ Í þessari umsögn er vakin athygli á þeirri staðreynd að við meðferð málsins í ríkisstjórn var sú breyting gerð sem nú kemur fram í 3. gr. frumvarpsins. Þar sem áður var kveðið á um skyldu sveitarfélaga til þess að reka leikskóla segir nú í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins:

„Sveitarfélögum er samkvæmt lögum þessum skylt að hafa forustu um að tryggja börnum þann lögvarða lágmarksrétt til þjónustu sem lög þessi gera ráð fyrir.“ Þessi setning er illskiljanleg og hætt er við ágreiningi þegar ganga á úr skugga um hvað þessi „réttur“ feli raunverulega í sér.

Undirrituð er þeirrar skoðunar að það samræmist ekki tilgangi löggjafar að hafa lög þannig úr garði gerð að þau feli einungis í sér einhverja viljayfirlýsingu, slíkt eigi öllu fremur heima í ályktunum þingsins. Lagafyrirmæli eiga að vera skýr og kveða á um rétt og skyldur.

Þetta frumvarp er mjög merkilegt fyrir margar sakir og felur í sér athyglisverð nýmæli sem væntanlega kæmu barnafjölskyldum þessa lands til góða. Augljóst er að mikil vinna hefur verið lögð í gerð þess og vafalaust hafa margir áhuga á framgangi frumvarpsins enda þörfin víða brýn. Þó verður ekki hjá því komist að benda á þá staðreynd að eins og staðið er að þessu máli tryggir það á engan hátt meginmarkmið frumvarpsins. Ríkisstjórnin getur ekki vikið sér undan ábyrgð á þennan hátt. Hún verður að taka afstöðu til þess hvort henni sé alvara í því að taka raunhæft á þessu máli. Til þess að fá úr því skorið er hér gerð tillaga um það að máli þessu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 14. mars 1991.

Sólveig Pétursdóttir.

Fylgiskjal.

Athugasemdir við frumvarp til laga um leikskóla.
Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga til menntamálanefndar neðri deildar.
(13. mars 1991.)

Samband íslenskra sveitarfélaga gerir athugasemd við það að nú skuli stefnt að því að afgreiða á Alþingi frumvarp til laga um leikskóla án þess að sambandinu hafi verið gefinn kostur á að fjalla efnislega um málið og gefa formlega umsögn.

Menntamálaráðherra og aðstoðarmaður ráðherra komu á fund stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 19. janúar 1990 og kynntu drög að frumvarpi til laga um leikskóla og drög að frumvarpi til laga um ríkisframlög til sveitarfélaga vegna leikskóla.

Fjölmargar athugasemdir við frumvörpin komu fram á fundinum og var gengið út frá því að stjórnin fengi þau til formlegrar umsagnar þegar málið yrði lagt fyrir Alþingi.

Augljóst er að svo veigamikill málaflokkur, sem nú er í höndum sveitarfélaga samkvæmt verkaskiptalögum ríkis og sveitarfélaga, verður að fá umfjöllun á sameiginlegum vettvangi sveitarstjórnarmanna.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur ýmsar athugasemdir fram að færa, einkum varðandi III. og IV. kafla frumvarpsins, þar sem fjallað er um hlutverk sveitarfélaga í stofnun og rekstri leikskóla og yfirstjórn, enda kom það skýrt fram á fyrrnefndum fundi með ráðherra.

Samband íslenskra sveitarfélaga væntir þess að mál þetta verði eigi afgreitt nú án samráðs við sambandið.

Virðingarfyllst,
Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri.

Nd. 968. Frumvarp til lyfjalaga. [469. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

I. KAFLI
Yfirstjórn.

1. gr.

1.1. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur umsjón með framkvæmd laga þessara. Lyfjastofnun ríkisins, lyfjamálaráð, landlæknir og yfirdýralæknir eru ráðherra til ráðuneytis og aðstoðar við framkvæmd laganna.

II. KAFLI
Stjórn og skipan.
Lyfjastofnun ríkisins.

2. gr.

2.1. Ríkið starfrækir stofnun sem nefnist Lyfjastofnun ríkisins.

2.2. Stofnunin er ráðherra til ráðuneytis og aðstoðar um lyfjamál og annast, fyrir hönd ráðherra, framkvæmd tiltekinna málaflokka samkvæmt ákvæðum þessara laga og reglugerðar sem ráðherra setur um starfssvið stofnunarinnar.

2.3. Ráðherra skipar fimm manna lyfjamálaráð. Í ráðinu eiga sæti fulltrúi frá Lyfjafræðingafélagi Íslands, fulltrúi frá Tryggingastofnun ríkisins, fulltrúi frá embætti landlæknis sem er læknir með sérþekkingu á lyfjamálum, auk tveggja fulltrúa sem heilbrigðisráðherra skipar án tilnefningar og annan jafnframt sem formann ráðsins. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

2.4. Lyfjamálaráð er ráðgefandi fyrir ráðherra um stjórnvaldsaðgerðir á sviði lyfjamála, svo sem varðandi lög og reglugerðir. Það er stjórn stofnunarinnar og ber ábyrgð á rekstri hennar. Skipunartími ráðsins er fjögur ár.

2.5. Ráðið skal standa fyrir reglulegum fundum með hagsmunaaðilum um lyfjamál.

3. gr.

3.1. Ráðherra skipar lyfjamálastjóra til sex ára í senn til að veita forstöðu Lyfjastofnun ríkisins að fenginni umsögn lyfjamálaráðs. Hann skal vera lyfjafræðingur að mennt og standast kröfur þær er lög áskilja til að geta öðlast lyfsöluleyfi. Forstöðumenn einstakra sviða stofnunarinnar skulu skipaðir af ráðherra til sex ára, að fengnum umsögnum lyfjamálaráðs og lyfjamálastjóra. Við skipun og ráðningu í störf hjá stofnuninni skulu ráðnir menn með menntun, reynslu og sérfræðikunnáttu á viðkomandi sviði.

3.2. Lyfjastofnun ríkisins hefur samráð og samvinnu við embætti landlæknis og yfirdýralækni eftir því sem við á.

3.3. Starfsmenn Lyfjastofnunar ríkisins mega engra hagsmuna hafa að gæta um sölu, innflutning eða framleiðslu lyfja.

3.4. Þeir sem framleiða lyf, dreifa þeim og selja eru skyldugir til að veita Lyfjastofnun ríkisins upplýsingar um starfsemi sína. Nánar skal kveðið á um upplýsingaskyldu aðila gagnvart stofnuninni í reglugerð sem ráðherra setur.

4. gr.

4.1. Lyfjastofnun ríkisins annast skráningu og afskráningu sérlyfja, flokkar lyf og heldur tilheyrandi lyfjaskrár. Hún annast fyrir hönd stjórnvalda alhliða upplýsingaöflun og upplýsingagjöf vegna lyfjamála og er landlækni til ráðuneytis við samningu tilkynninga eða upplýsinga um lyf, um skráningu aukaverkana lyfja hér á landi og upplýsingagjöf til lækna þar að lútandi.

4.2. Stofnunin staðfestir og fellir niður framleiðsluforskriftir fyrir stöðluð forskriftarlyf.

4.3. Stofnunin veitir leyfi til tilrauna með lyf (klíniskar prófanir).

4.4. Stofnunin setur reglur um og hefur eftirlit með auglýsingum um lyf.

4.5. Stofnunin annast faglegt eftirlit með innflutningi lyfja og hráefna til lyfjagerðar með rekstri lyfjabúða, lyfjaheildverslana og annarra fyrirtækja og stofnana er selja,

framleiða, flytja inn eða afhenda lyf.

4.6. Stofnunin fylgist með kaupverði, dreifingar- og sölukostnaði lyfja og ákvarðar verð á stöðluðum forskriftarlyfjum og forskriftarlyfjum lækna.

4.7. Stofnunin annast önnur atriði er lúta að framkvæmd laga þessara eða hliðstæðra laga, svo sem ráðherra mælir fyrir um í reglugerð, þar á meðal um alþjóðasamvinnu á sviði lyfjamála.

5. gr.

5.1. Lyfjastofnun ríkisins skal skipt í fjögur svið:
1. Hagsvið.
2. Skráningarsvið.
3. Fræðslu- og upplýsingasvið.
4. Eftirlitssvið.

5.2. Hagsvið sér um að vinna úr hagrænum upplýsingum sem lúta að notkun, verslun og dreifingu lyfja og fylgist með verðlags- og fjárhagsgrundvelli lyfjadreifingarinnar. Á vegum hagsviðs starfar lyfjakaupanefnd, sbr, 6. og 9. gr.

5.3. Skráningarsvið sér um skráningu, afskráningu og allar breytingar og undanþágur frá skráningu lyfja. Á vegum skráningarsviðs starfar lyfjanefnd.

5.4. Fræðslu- og upplýsingasvið sér um fræðslu og upplýsingar til almennings og heilbrigðisstétta, rekur upplýsingabanka um lyf fyrir almenning og heilbrigðisstofnanir og sér um útgáfu lyfjaskrár og annars upplýsingaefnis.

5.5. Eftirlitssvið hefur leiðbeinandi hlutverki að gegna og eftirlit með þeim aðilum er annast framleiðslu, innflutning, dreifingu og afhendingu lyfja, svo sem lyfjabúðum, heilbrigðisstofnunum, lyfjainnflytjendum og lyfjaframleiðendum. Það hefur einnig eftirlit með auglýsingum, kynningum, dreifingu og sölu lyfja. Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd eftirlitsins.

5.6. Leggja skal árlegt eftirlitsgjald á fyrirtæki þau og stofnanir sem stofnunin hefur eftirlit með og skal það standa undir kostnaði við eftirlitsþáttinn.

5.7. Til þess að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða í tengslum við þau, getur stofnunin beitt eftirfarandi aðgerðum:
1. Veitt áminningu.
2. Veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta.
3. Stöðvað viðkomandi starfsemi eða notkun að öllu leyti eða að hluta til með aðstoð lögreglu ef með þarf.

5.8. Stöðvun skal því aðeins beitt að um alvarlegri tilvik eða ítrekuð sé að ræða eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests. Sé um slík brot að ræða getur stofnunin afturkallað starfsleyfi viðkomandi rekstrar teljist rík ástæða til.

5.9. Heimilt er að vísa ágreiningi vegna ráðstafana skv. 8. tölul. til ráðherra.

6. gr.

6.1. Lyfjakaupanefnd skal skipuð fimm mönnum, fulltrúa frá Apótekarafélagi Íslands, fulltrúa frá Landsambandi sjúkrahúsa, fulltrúa frá Hagstofu Íslands, fulltrúa frá Tryggingastofnun ríkisins auk fulltrúa sem heilbrigðisráðherra skipar án tilnefningar og er hann formaður ráðsins.

6.2. Lyfjakaupanefnd skal vera Lyfjastofnun ríkisins til ráðuneytis um útboð og samninga um lyfjainnkaup, sbr. 9. gr.

7. gr.

7.1. Lyfjanefnd skal skipuð þremur mönnum með sérfræðikunnáttu á sem víðustu sviði læknis- og lyfjafræði. Ráðherra skipar formann. Aðra nefndarmenn, auk fimm varamanna, skipar ráðherra í samráði við formann. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

7.2. Þegar fjallað er um mál, er sérstaklega varða dýralækningar, taka sæti í nefndinni yfirdýralæknir og dýralæknir, skipaðir af ráðherra í samráði við formann nefndarinnar. Varamenn þeirra skulu skipaðir á sama hátt.

7.3. Nefndarmenn mega engra hagsmuna hafa að gæta um sölu, innflutning eða framleiðslu lyfja.

7.4. Lyfjanefnd skal vera faglegur umsagnaraðili, Lyfjastofnun ríkisins til ráðuneytis um nýskráningu og afskráningu sérlyfja, afgreiðslu umsókna um leyfi til að flytja inn og selja gegn lyfseðli, óskráð sérlyf, veitingu leyfa til tilrauna með lyf (klíniskar prófanir) og önnur atriði sem henni eru falin samkvæmt reglugerð.

7.5. Framleiðendur sérlyfja eru skyldugir til að veita Lyfjastofnun ríkisins jafnóðum allar nýjar upplýsingar er varða skráð lyf og lyf sem eru í skráningu.

7.6. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfssvið og starfshætti lyfjanefndar.

III. KAFLI
Innflutningur, framleiðsla, verðlagning og dreifing lyfja.

8. gr.

8.1. Markmið með lyfjadreifingu er að tryggja um land allt góða lyfjaþjónustu og nægilegt framboð lyfja á sem lægstu verði. Starfsmenn lyfjadreifingar skulu vinna með öðrum aðilum heilbrigðisþjónustunnar að þeim heilbrigðismarkmiðum sem stefnt er að hverju sinni.

9. gr.

9.1. Lyfjastofnun ríkisins skal hafa með höndum samningsgerð um innkaup þeirra lyfja, sem greidd eru af almannatryggingum að hluta eða öllu leyti, fyrir þær heilbrigðisstofnanir sem afhenda lyf til neytenda. Stofnunin semur við innflytjendur, framleiðendur, innlenda sem erlenda, eða umboðsmenn þeirra um verð og skilmála. Jafnan skal versla þar sem verð og skilmálar eru hagstæðastir að öryggiskröfum uppfylltum. Í sérstökum samningi á milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, Tryggingastofnunar ríkisins og Lyfjastofnunar ríkisins skal nánar kveðið á um samskipti og ábyrgð aðila.

9.2. Dóms- og kirkjumálaráðherra og Lyfjastofnun ríkisins gera með sér samning um lyfjaþjónustu vegna almannavarna. Ofangreindur samningur skal í fyrsta sinn gerður til 10 ára og framlengjast síðan um fimm ár í senn segi aðili samnings honum ekki upp með eins árs fyrirvara.

9.3. Nánari ákvæði um innflutning, dreifingu og sölu lyfja getur ráðherra sett með reglugerð.

10. gr.

10.1. Lyfjagerðum er heimilt að framleiða stöðluð forskriftarlyf og sérlyf, sbr. 1.–2. tölul. 17. gr. Einnig er þeim heimilt að framleiða forskriftarlyf lækna handa einstökum sjúklingum. Sé um meira magn að ræða en svari þörfum örfárra sjúklinga þarf að koma til heimild Lyfjastofnunar ríkisins.

10.2. Lyfjabúðir skulu framleiða forskriftarlyf lækna, sbr. 3. tölul. 17. gr., en ella útvega þau svo fljótt sem unnt er. Heimilt er að framleiða stöðluð forskriftarlyf, sbr. 1. tölul. 17. gr., í lyfjabúðum ef settum skilyrðum er fullnægt. Um starfsleyfi lyfjabúða fer eftir því sem greinir í lyfjadreifingarlögum.

10.3. Lyfjastofnun ríkisins gefur út starfsleyfi til lyfjafyrirtækja þeirra sem getur í 1. tölul. Óheimilt er að hefja rekstur slíkra fyrirtækja fyrr en leyfi hefur verið gefið út.

10.4. Til þess að fá starfsleyfi verður lyfjafyrirtæki, sbr. 1. tölul., að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Að vera undir faglegri stjórn lyfjafræðings.
2. Að vera þannig búið að húsnæði, tækjum og starfsliði að það geti samkvæmt mati Lyfjastofnunar ríkisins framleitt lyf sem fullnægi þeim kröfum er lög, reglugerðir og góðir framleiðsluhættir í lyfjagerð (GMP-reglur) áskilja.

10.5. Lyfjastofnun ríkisins getur afturkallað leyfi til lyfjagerðar og lyfjaframleiðslu ef settra skilyrða er ekki gætt eða framleiðandi hefur gerst sekur um vanrækslu eða alvarleg mistök í starfi.

10.6. Lyfjastofnun ríkisins annast eftirlit með fyrirtækjum þeim sem 10. gr. nær til og gerir tillögur til ráðherra um reglugerð þar sem nánar er kveðið á um húsnæði, búnað, rekstur og starfsmenn lyfjafyrirtækja.

11. gr.

11.1. Lyfjabúðir skulu annast afhendingu lyfja til almennings. Ráðherra getur heimilað deildaskiptum sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum, þar sem þörf er á að mati Lyfjastofnunar ríkisins, að annast afhendingu lyfja til almennings. Tryggingastofnun ríkisins semur við afhendingaraðila eða samtök þeirra um þóknun fyrir þjónustu þeirra. Ef samkomulag næst ekki um þóknunina skal vísa málinu til úrskurðar gerðardóms, sbr. 46. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

12. gr.

12.1. Um framkvæmd lyfjadreifingar að öðru leyti gilda lög nr. ... um lyfjadreifingu.

IV. KAFLI
Skilgreining lyfja. Lyfjahugtakið.

13. gr.

13.1. Lyf eru samkvæmt lögum þessum hvers konar efni og/eða efnasambönd, lífræn og ólífræn, sem ætluð eru til lækninga, fróunar eða varnar gegn sjúkdómum eða sjúkdómseinkennum í mönnum eða dýrum. Enn fremur efni eða efnasambönd, sem notuð eru til sjúkdómsgreiningar, þar með talin geislavirk efni, ef þau koma í eða á líkama manna eða dýra.

13.2. Efni, sem notuð eru til svæfingar eða staðdeyfingar, teljast lyf (svæfingarlyf, staðdeyfingarlyf).
13.3. Efni í viðurkenndum lyfjaformum, sem eru notuð til getnaðarvarna eða til þess að auka frjósemi manna eða dýra, teljast einnig lyf.
13.4. Ákvæði laga þessara taka einnig til umbúða og áhalda sem hafa lyf að geyma.

14. gr.

14.1. Ráðherra er heimilt að kveða svo á í reglugerð að ákvæði laga þessara taki til hjúkrunar- og sjúkragagna, svo og lyfjagagna.
14.2. Ráðherra skal, að fengnum tillögum landlæknis, kveðja til nefnd sérfróðra manna til þess að skilgreina nánar og gera tillögur um stöðlun þess varnings er greinir í 1. mgr.

15. gr.

15.1. Lyfjastofnun ríkisins gerir tillögur að reglugerð er nánar skal skilgreina lyfjahugtakið og undanþágur frá því. Í reglugerð þessari skal kveða á um hvaða vörur lyfjabúðir einar megi selja.
15.2. Í reglugerðinni skulu einnig vera ákvæði um skráningu, árgjöld og innflutning þessara vörutegunda.

V. KAFLI
Lyfjaskrár.

16. gr.

16.1. Ísland er aðili að evrópsku lyfjaskránni (European Pharmacopoeia; Ph.Eur.) ásamt viðaukum. Gildir hin enska útgáfa lyfjaskrárinnar hér á landi.
16.2. Um aðrar kröfur til lyfjaforma, gæða og hreinleika lyfjaefna og hjálparefna við lyfjagerð, svo og fyrir aðgerðir til greiningar og ákvörðunar á þessum efnum, fer samkvæmt reglum sem ráðherra setur og taka mið af norrænum og evrópskum lyfjastöðlum.
16.3. Ísland er aðili að samningi EFTA um grundvallarreglur góðra framleiðsluhátta í lyfjagerð (GMP-reglur).

VI. KAFLI
Flokkun lyfja. Staðfesting lyfjaforskrifta og skráning sérlyfja.

17. gr.

17.1. Fullgerð lyf (lyf tilbúin eða sem næst tilbúin til notkunar) er einungis heimilt að selja, afhenda eða flytja til landsins að þau megi fella undir einhvern eftirtalinna flokka:
1. Stöðluð forskriftarlyf samkvæmt staðfestri forskrift og nefnd gildandi samheiti. Lyfjastofnun ríkisins ákvarðar um staðfestingu forskrifta eða niðurfellingu staðfestingar og um ílát, umbúðir og pakkningar staðlaðra forskriftarlyfja.
2. Skráð sérlyf samkvæmt staðlaðri forskrift og nefnd sérheiti eða samheiti. Þau skal skrá í sérlyfjaskrá er Lyfjastofnun ríkisins gefur út og selja eða afhenda í órofnum ílátum (afhendingarílátum) framleiðanda. Í reglugerð skal kveða á um í hvaða tilfellum heimilt er að rjúfa afhendingarílát. Einnig skal í reglu-

gerð setja nánari ákvæði um skráningu og afskráningu sérlyfja, um skráningargjöld og árgjöld slíkra lyfja.

3. Forskriftarlyf lækna, framleidd samkvæmt sérstökum fyrirmælum á lyfseðli (ordinatio magistralis) með hliðsjón af gildandi lyfjaskrám eða lyfjastöðlum.

17.2. Ráðherra setur reglugerð um innflutning, afhendingu og sölu blóðvatns (serum), bóluefna (vaccinum), ónæmisefna, geislavirkra lyfja og lofttegunda til lækninga.

18. gr.

18.1. Lyfjastofnun ríkisins getur í samráði við landlækni leyft undanþágu frá ákvæðum 17. gr. í einstaka tilvikum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

18.2. Við allar slíkar undanþágur skal þess gætt að magn lyfjanna sé takmarkað við þarfir þeirra sem eiga að nota þau.

19. gr.

19.1. Heimilt er að binda skráningu sérlyfs við notkun eingöngu á sjúkrahúsum, sérstökum sjúkradeildum og/eða við ávísun sérfræðinga í einstökum greinum lækningisfræði.

19.2. Heimilt er að hafna umsókn um skráningu sérlyfs ef hið virka efni er svo líkt fáanlegu lyfi að það sem skilur getur ekki haft teljandi þýðingu.

19.3. Heimilt er að skrá sérlyf tímabundinni skráningu til reynslu.

20. gr.

20.1. Við mat á stöðluðum forskriftarlyfjum og sérlyfjum skal einkum taka tillit til rannsókna á lyfhrifum og eiturhrifum virkra efna í tilraunum á mönnum eða dýrum, gæða allra efna, virkra sem óvirkra (hjálparefna), sem notuð eru við lyfjagerðina, aðgengi virkra efna (bioavailability) í lyfjaformum, verðs, geymsluþols og notagildis lyfjanna við meðferð tiltekinna sjúkdómseinkenna, svo og aukaverkana eins og kveðið er á um í norrænum og evrópskum reglum sem ráðherra staðfestir.

20.2. Nú eru í tilgreindu lyfjaformi fleiri en eitt virkt efni. Þá skal ítarlega kanna réttmæti þess að nota efnin saman fremur en hvort (hvert) í sínu lagi.

21. gr.

21.1. Lyfjastofnun ríkisins gefur út skrá er greinir stöðluð lyf, sbr. 1.–2. tölul. 17. gr., eftir lækningaflokkum eða á annan hliðstæðan hátt. Skráin skal að öðru leyti vera þannig úr garði gerð að notagildi hennar fyrir lækna og lyfjafræðinga verði sem mest. Í skránni skal m.a. greina frá ábendingum, frábendingum, skammtastærðum, verði og helstu aukaverkunum skráðra lyfja.

VII. KAFLI
Ávísun lyfja. Lyfseðlar og afgreiðsla þeirra. Merking lyfja.

22. gr.

22.1. Lyfseðill er lyfjaávísun læknis, tannlæknis eða dýralæknis sem hefur lækningaleyfi hér á landi. Ráðherra getur heimilað að afgreiða megi lyf samkvæmt lyfseðlum frá læknum, tannlæknum eða dýralæknum sem hafa lækningaleyfi í öðru landi ef íslenskir læknar njóta þar sömu réttinda. Ráðherra er heimilt að setja reglur um lyfjaútlát lyfjafræðinga í neyðartilfellum.

22.2. Landlæknir hefur eftirlit með lyfjaávísunum lækna og lyfjaútláti lyfjafræðinga í neyðartilfellum.

23. gr.

23.1. Ráðherra setur reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja. Í reglugerð þessari skal m.a. kveða á um eftirfarandi atriði:
1. Hvort lyf megi einungis láta út gegn lyfseðli og hve oft gegn sama lyfseðli.
2. Hversu hátta skuli áritun á ílát (afhendingarílát) undir fullgerð lyf.
3. Ávísun lyfja í síma.
4. Ávísun ávana- og fíknilyfja.
5. Ávísun lyfja til notkunar í skipum og loftförum.
6. Rétt lækna og læknakandídata til að ávísa lyfjum.
7. Gildistíma lyfseðils.
8. Merkingu lyfja.

VIII. KAFLI
Auglýsing og kynning lyfja, lækningaáhalda, sjúkravarnings og lyfjagagna.

24. gr.

24.1. Bannaðar eru hvers konar auglýsingar um lyf með þeim undantekningum sem um getur í kafla þessum.

25. gr.

25.1. Auglýsa má og kynna fullgerð lyf, sbr. 17. gr., lyfjavöru, læknis- og lækningaáhöld og lyfjagögn á íslensku í tímaritum eða blöðum lækna, lyfjafræðinga, tannlækna, dýralækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraþjálfara, ljósmæðra og lyfjatækna og annarra sem vinna áþekk störf, svo og nemenda í þessum greinum.

25.2. Í lyfjaauglýsingum skal, auk nafns framleiðanda, heiti lyfs og virkra efna, tilgreina verð, helstu ábendingar (indicationes) og frábendingar (contraindicationes) er varða notkun hlutaðeigandi lyfja og pakkningastærðir. Enn fremur stærð skammta og helstu atriði önnur um notkun og aukaverkanir. Framangreindar upplýsingar skulu ætíð vera í samræmi við það sem greinir í lyfjaskrám, lyfjastöðlum, sérlyfjaskrá eða skrá um stöðluð lyf, sbr. 21.1.

26. gr.

26.1. Heimilt er og að kynna fyrir fyrrgreindum einstaklingum lyf og áðurtalinn varning, en þó á þann hátt að ekki sé líklegt að auglýsingin komi almenningi fyrir sjónir.

27. gr.

27.1. Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Lyfjastofnunar ríkisins, að leyfa auglýsingu eða kynningu á lausasölulyfjum í sérstökum tilvikum á öðrum stöðum eða á annan hátt, enda skal texti auglýsingar eða kynningar vera í samræmi við ákvæði reglugerðar um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja, svo og annarra fyrirmæla er að þessu lúta.

28. gr.

28.1. Óheimilt er að senda eða afhenda lyfjafræðingum, aðstoðarlyfjafræðingum, hjúkrunarfræðingum, sjúkraþjálfurum, ljósmæðrum og lyfjatæknum og öðrum, sem vinna áþekk störf við heilbrigðisþjónustu, lyfjasýnishorn.

28.2. Heimilt er að afhenda persónulega lækni, tannlækni eða dýralækni lyfjasýnishorn í minnstu pakkningu og án greiðslu, enda sé um að ræða nýskráð lyf til kynningar hér á markaði og ekki teljast ávana- eða fíknilyf.

28.3. Óheimilt er að senda lyfjasýnishorn á heimili.

29. gr.

29.1. Lyfjastofnun ríkisins gætir þess að lyfjaauglýsingar séu réttar. Hún getur bannað tilteknar auglýsingar sem gefa rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um lyf. Hún getur og krafist þess að auglýsandi sendi út leiðréttingar eða viðbótarskýringar.

30. gr.

30.1. Landlækni er heimilt að senda út tilkynningar um lyf, m.a. til þess að vara við aukaverkunum þeirra.

31. gr.

31.1. Landlæknir getur bannað auglýsingar um læknis- og lækningaáhöld eða lyfjagögn, sbr. 1. mgr. 25. gr., er gefa rangar eða villandi upplýsingar. Auk þess getur hann krafist að auglýsandi sendi út leiðréttingar eða viðbótarskýringar.

32. gr.

32.1. Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Lyfjastofnunar ríkisins og landlæknis, að kveða nánar á í reglugerð um gerð auglýsinga er um ræðir í þessum kafla, þar með talin heimild til notkunar annarra tungumála í auglýsingum, sbr. 25. gr. Reglugerðin skal einnig kveða nánar á um meðferð og afhendingu lyfjasýnishorna, sbr. 28. gr.

IX. KAFLI
Skráning aukaverkana lyfja.

33. gr.

33.1. Að fengnum tillögum Lyfjastofnunar ríkisins, Læknafélags Íslands, sérgreinafélaga lækna, Lyfjafræðingafélags Íslands eða annarra sem hlut eiga að máli er ráðherra heimilt að fela landlækni að undirbúa skráningu aukaverkana lyfja hér á landi. Skráning þessi skal, þegar til kemur, fara fram á vegum landlæknisembættisins sem jafnframt annast úrvinnslu og kynningu að þessu lútandi og samstarf við erlendar stofnanir sem sjá um skráningu aukaverkana lyfja.

X. KAFLI
Málsmeðferð og viðurlög.

34. gr.

34.1. Starfsmenn Lyfjastofnunar ríkisins eru bundnir þagnarskyldu að viðlagðri ábyrgð skv. 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um allt sem þeir kunna að fá vitneskju um í starfi sínu varðandi sérmat einstaklinga og fyrirtækja nema þeim

beri lögum samkvæmt skylda til að tjá sig.

34.2. Sama á við um ráðunauta sem starfa í þágu þessara aðila og alla sem taka að sér verkefni fyrir þá.

35. gr.

35.1. Um mál, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, fer að hætti opinberra mála nema öðruvísi sé mælt fyrir í lögum.

36. gr.

36.1. Brot á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

36.2. Nú er brot ítrekað eða stórfellt og skal þá refsa með varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

36.3. Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

36.4. Lyf og lyfjaefni, sem eru flutt inn ólöglega eða seld ólöglega innan lands, skal gera upptæk með dómi og enn fremur lyf sem framleidd eru ólöglega og ágóða af ólöglegri lyfjasölu. Andvirði hins upptæka rennur í ríkissjóð.

XI. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

37. gr.

37.1. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1991.

37.2. Með lögum þessum eru numin úr gildi lyfjalög, nr. 108/1984, með síðari breytingum.

37.3. Fjórði hluti eigna Lyfsölusjóðs skal renna til uppbyggingar Íslenska lyfjasafnsins á Seltjarnarnesi en $^{3}/_{4}$ hlutar eigna sjóðsins skulu renna í ríkissjóð. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra annast uppgjör Lyfsölusjóðs.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þegar í stað skal hefjast handa við að undirbúa gildistöku laga þessara. Í þeim tilgangi skipar ráðherra lyfjamálaráð, sbr. 2.3., sem hefur það hlutverk fram til 1. júlí 1991 að annast undirbúninginn.
2. Þær reglugerðir, sem settar hafa verið samkvæmt lyfjalögum, nr. 108/1984, með síðari breytingum, skulu halda gildi sínu þar til nýjar reglugerðir hafa öðlast gildi að svo miklu leyti sem þær stangast ekki á við lög þessi.
3. Reglugerð um starfsemi lyfjanefndar, sbr. 6. tölul. 7. gr. laganna, öðlast gildi um leið og lögin.
4. Þar til staðlar skv. 16.2. hafa verið settir gilda áfram danskir lyfjastaðlar (Danske lægemiddelstandarder; DLS).
5. Lög þessi skulu endurskoðuð innan þriggja ára frá gildistöku. Lög um lyfjadreifingu skulu endurskoðuð samhliða með það að markmiði að fella þau inn í lyfjalög. Ráðherra skal á þessum tíma kanna möguleika á stofnun hlutafélags eða samtaka er annist útboð og samninga um lyfjakaup, sbr. 9. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er lagt fram ásamt frumvarpi um lyfjadreifingu til kynningar og til að vekja umræðu enda þótt umfjöllun um þau í ríkisstjórn sé ekki lokið og þingflokkar hafi fyrirvara um einstaka þætti þeirra. Þetta er gert til þess að hægt verði að leita umsagnar um frumvörpin í sumar.

Inngangur.

Hinn 4. desember 1986 skipaði þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Ragnhildur Helgadóttir, nefnd til að gera úttekt á forsendum álagningar á lyfjum, svo og á tilhögun álagningar. Í nefndina voru skipuð Brynjólfur Sigurðsson prófessor, formaður, Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir, Helga Vilhjálmsdóttir lyfsali, Ingolf J. Petersen skrifstofustjóri og Jón Bjarni Þorsteinsson heilsugæslulæknir.

Hinn 11. september 1987 jók Guðmundur Bjarnason heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra verksvið nefndarinnar verulega og fól henni að gera úttekt á ýmsum þáttum lyfjamála ásamt því að skipa Guðmund Sigurðsson heilsugæslulækni og Höllu Eiríksdóttur hjúkrunarfræðing til viðbótar í nefndina. Nefndin skilaði skýrslu 8. október 1989 sem gefin var út í sama mánuði í riti heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins, 3. janúar 1989, „Lækkun lyfjakostnaðar — nefndarálit", sem var á sínum tíma send öllum þingmönnum. Í skýrslunni er fjallað um fjölmörg atriði sem við koma lyfjaverslun og lyfjaneyslu.

Hinn 20. nóvember 1989 skipaði Guðmundur Bjarnason heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra vinnuhóp sem vinna skyldi úr og fylgja eftir tillögum nefndarinnar um lækkun lyfjakostnaðar og gera tillögur að reglugerða-, laga- og fyrirkomulagsbreytingum og vera samvinnuaðili við ráðuneytið um framkvæmd þessara breytinga. Í vinnuhópinn voru skipaðir Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir, Guðmundur Sigurðsson heilsugæslulæknir, Haukur Ingibergsson deildarstjóri og Ingólf J. Petersen skrifstofustjóri.

Vinnuhópurinn lagði m.a. til eftirfarandi atriði til lækkunar lyfjakostnaðar, sem þegar hafa komist í framkvæmd.

1. Álagning í heildsölu var lækkuð.
2. Álagning í smásölu var lækkuð.
3. Þak var sett á álagningu á dýrustu lyfin.
4. Apótek gefa Tryggingastofnun ríkisins stighækkandi afslátt eftir veltu viðkomandi apóteks.
5. Gefin var út samheitaverðskrá lyfja.
6. Gefin var út listi með skrá yfir ódýrustu sambærileg lyf (bestukaupalisti).
7. Sjúklingagjald var hækkað úr 550 kr. í 750 kr. ef keypt er lyf sem ekki er á bestukaupalista.
8. Reynt var með auglýsingum að hvetja til notkunar ódýrari lyfja og minni lyfjanotkunar.

Í vinnuhópnum var einnig rætt um breytingar á skipulagi lyfjamála sem leiddi til þess að 15. október 1990 skipaði Guðmundur Bjarnason heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd til að gera tillögur um skipulag lyfjamála og kanna m.a. um stofnun hlutafélags er annist innkaup og dreifingu lyfja hér á landi.

Í nefndina voru skipaðir Guðjón Magnússon, skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, formaður, Almar Grímsson apótekari, Bjarni Bjarnason forstjóri, tilnefndur af lyfjavöruhópi Félags íslenskra stórkaupmanna, Bolli Héðinsson, formaður

tryggingaráðs, Haukur Ingibergsson, deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu, Jón Björnsson apótekari, tilnefndur af Apótekarafélagi Íslands, og Kristján Linnet lyfjafræðingur, tilnefndur af Stéttarfélagi lyfjafræðinga. Einar Magnússon lyfjafræðingur var ráðinn starfsmaður nefndarinnar og Ágúst Þór Jónsson verkfræðingur ráðgjafi.

Nefndin lauk störfum 16. desember 1990. Í skýrslu nefndarinnar, sem fylgir frumvarpi þessu sem fylgiskjal, kemur fram að ýmsar hugmyndir hafi verið ræddar, m.a. stofnun hlutafélags, eins eða tveggja, er skyldu sjá um allan innflutning, dreifingu og sölu lyfja hér á landi, en um slíkar hugmyndir náðist ekki full samstaða í nefndinni. Hins vegar urðu nefndarmenn sammála um eftirfarandi fimm punkta þó að ekki hafi unnist tími til að útfæra þá þannig að öllum nefndarmönnum líkaði, en þegar upp var staðið skrifuðu fimm af sjö nefndarmönnum undir sameiginlegt nefndarálit (þrír með fyrirvara).

1. Afgreiðsla lyfja, söfnun og úrvinnsla lyfjatengdra upplýsinga fari fram í samræmdu tölvu- og upplýsingakerfi.
2. Yfirstjórn lyfjamála verði efld og einfölduð með stofnun embættis lyfjamálastjóra sem verði hliðstætt embætti landlæknis.
3. Fræðsla heilbrigðis- og lyfjastétta og almennings um lyfjamál verði efld.
4. Eitt fyrirtæki, að hluta í eigu ríkisins, kaupi frá framleiðendum öll lyf sem ríkið greiðir að fullu eða hluta til og dreifi þeim til þeirra aðila sem afhenda lyf til neytenda.
5. Apótek og heilbrigðisstofnanir annist afhendingu lyfja til neytenda og semji við stjórnvöld um þóknun fyrir þjónustu sína.

Í niðurstöðu nefndarálitsins segir: „Þar sem óskað var eftir því í skipunarbréfi nefndarinnar að hún hraðaði störfum sínum eins og kostur væri vill nefndin leggja áherslu á að litið verði á samþykkt hennar sem meginstefnu um breytingar á skipulagi lyfjamála. Nefndin hefði kosið að hafa ráðrúm til að ræða nákvæmari útfærslur á tillögum sínum, en ljóst er að sérhvern lið þeirra má útfæra með ýmsu móti. Engu að síður telur nefndin að tillögur hennar séu það stefnumótandi að rétt sé að leggja þær fyrir ráðherra. Nefndinni er ljóst að til að útfæra nánar þær tillögur, sem hér hafa verið raktar, verði að setja sérstaka starfshópa til að vinna nánar ýmsa þætti þeirra, jafnframt því að gerðar verði tillögur um nauðsynlegar lagabreytingar."

Í framhaldi af ofangreindum nefndarstörfum fól ráðherra starfsmönnum ráðuneytisins að semja frumvarp þetta. Þar sem um veigamiklar breytingar á lyfjalögum, nr. 108/1984, með síðari breytingum, er að ræða var ákveðið að leggja fram frumvarp um heildarendurskoðun laganna, þ.e. ný lög.

Þar sem of langt mál yrði að tíunda hér allt það, sem fram hefur komið í þessum málum á undanförnum árum, skal vísað til áðurgreindra nefndarálita, þar af fylgir annað með frumvarpinu.

Helstu breytingar sem frumvarpið hefur í för með sér.

Helsta breytingin frá núgildandi lögum felst í skipulagsbreytingu á stjórnun lyfjamála með stofnun Lyfjastofnunar ríkisins. Gert er ráð fyrir að innan Lyfjastofnunar ríkisins verði fjögur svið, hagsvið, skráningarsvið, fræðslu- og upplýsingasvið og eftirlitssvið.

Nokkrar stofnanir koma að stjórn hinna ýmsu þátta lyfjamála. Má þar nefna lyfjamáladeild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, landlækni, lyfjanefnd, Lyfjaeftirlit ríkisins, lyfjaverðlagsnefnd, stjórn Lyfsölusjóðs og yfirdýralækni. Þegar svo margar stofnanir stjórnvalda eiga að stýra einum málaflokki er hætta á að heildarstefnumótun í

málaflokknum og framkvæmd stefnu sé áfátt.

Í „nefndaráliti um lækkun lyfjakostnaðar“ er lagt til að starfsemi lyfjamáladeildar ráðuneytisins, lyfjanefndar og Lyfjaeftirlitsins verði sameinaðar í eina „lyfjastofnun“. Með því móti telur nefndin að fáist betri yfirsýn sem auðveldi ákvörðunartöku og stuðli að markvissari stjórnun. Þá er lagt til í ofangreindu nefndaráliti að Lyfsölusjóður verði lagður niður.

Nefnd um skipulag lyfjamála o.fl. kemst að hliðstæðri niðurstöðu, sbr. fylgiskjal, og leggur til að yfirstjórn lyfjamála verði efld og einfölduð með stofnun embættis lyfjamálastjóra sem verði hliðstætt embætti landlæknis.

Til þess að gera framkvæmd lyfjamála markvissari er því gert ráð fyrir í frumvarpinu að sett verði á fót sérstök stofnun, Lyfjastofnun ríkisins, sem verði heilbrigðisráðherra til ráðuneytis og aðstoðar og annist fyrir hans hönd framkvæmd tiltekinna þátta lyfjamála, einkum þó þeirra sem snúa að innflutningi, dreifingu, sölu, framleiðslu, gæðaeftirliti lyfja og lyfjaefna, svo og upplýsingskyldu og þjónustu þeirra aðila er sýsla með lyf.

Stofnuninni er einnig ætlað að hafa yfirsýn yfir fjár- og lyfjastreymi á markaðinum og hafa sérstakt eftirlit með verði og verðmyndun lyfja. Gert er ráð fyrir að stofnunin hafi með höndum samningsgerð um innkaup þeirra lyfja sem greidd eru að hluta eða öllu leyti af almannatryggingum og sjúkrastofnunum og njóti til þess aðstoðar lyfjakaupanefndar. Lyfjakaupanefnd verður skipuð fulltúum þeirra aðila sem hafa hag af því að lyfjakostnaður sé sem lægstur.

Lyfjastofnun ríkisins er ætlað að semja um kaup á lyfjum frá innlendum og erlendum aðilum. Stofnunin semur um verð, afhendingu, birgðahald og dreifingu til þeirra aðila sem afhenda lyf til neytenda. Hagsviði stofnunarinnar yrði falin gagnasöfnun og úrvinnsla á upplýsingum um lyfjainnflutning til landsins og innlenda framleiðslu.

Gert er ráð fyrir því að Lyfsölusjóður og Lyfjaverðlagsnefnd verði lagðar niður. Verkefni sem Lyfjaeftirlit ríkisins hefur sinnt flytjist til Lyfjastofnunar ríkisins, sem og hluti af starfsemi lyfjanefndar, og nefndin einskorði starf sitt við nýskráningar lyfja. Gert er ráð fyrir að lyfjanefnd verði áfram sjálfstætt starfandi nefnd Lyfjastofnun ríkisins til ráðuneytis um lyfjaskráningar og ýmsa aðra þætti lyfjamála. Gert er ráð fyrir því að starfsemi lyfjamáladeildar ráðuneytisins færist yfir í stofnunina. Verkefni landlæknis verða hins vegar óbreytt en þau eru fyrst og fremst fólgin í eftirliti og afskiptum af ávísunum lækna á lyf.

Lyfjastofnun ríkisins fær það hlutverk að vinna í samráði við embætti landlæknis og lyfjanefnd að samræma á skráningu lyfja og annarra reglna um lyf hér á landi við væntanlegan Evrópumarkað 1992.

Gert er ráð fyrir að forstöðumaður Lyfjamálastofnunar, lyfjamálastjóri, sé lyfjafræðingur að mennt og uppfylli þau skilyrði sem lög áskilja um veitingu lyfsöluleyfis. Þá er gert ráð fyrir að forstöðumenn einstakra sviða hafi þá menntun og reynslu sem nýtist viðkomandi sviði.

Til þess að efla samstarf þeirra aðila sem að lyfjamálum starfa er gert ráð fyrir stofnað verði Lyfjamálaráð. Lyfjamálaráð ber annars vegar ábyrgð á rekstri Lyfjastofnunar ríkisins og annast stjórn hennar og er hins vegar ráðgefandi fyrir ráðherra um stjórnvaldsaðgerðir, svo sem lög og reglugerðir sem hafa veruleg áhrif á starfsemi eða fjárhag þeirra stjórnvalda sem að lyfjamálum koma. Ráðið mun einnig standa fyrir umræðu- og samstarfsfundum við hagsmunaaðila og aðra er að lyfjamálum koma. Samsetning lyfja-

málaráðs á að tryggja bæði faglega hagsmuni, svo og fjárhagslega hagsmuni ríkissjóðs.

Það að sérstök stofnun sjái um lyfjamál fyrir hönd ráðherra í stað þess að þau séu að hluta til innan ráðuneytisins og að hluta til verkefni stofnana og nefnda, sem nánast vinna sem stofnanir, er í takt við þá þróun sem orðið hefur á hinum Norðurlöndunum og víðar.

Önnur helsta breytingin, sem frumvarpið hefur í för með sér, er breyting á fyrirkomulagi verðlagningar lyfja.

Verðlagning lyfja á Íslandi fer nú fram á þann hátt að þegar sótt er um að lyf sé skráð á íslenska lyfjaskrá fer seljandi/einkaumboðsmaður framleiðanda jafnframt fram á að skráð sé ákveðið innkaupsverð til heildsala á lyfinu. Það er síðan lyfjaverðlagsnefnd sem ákveður álagningarþætti, svo sem álagningarstuðul á innkaupsverð til heildsala sem er mismunandi eftir því hvort lyfið er keypt fob eða cif, heildsöluálagningu, smásöluálagningu og afgreiðslugjöld smásala. Breyting á verði er gerð á þriggja mánaða fresti berist um það umsókn sex vikum fyrr hið skemmsta. Það er þannig seljandi/einkaumboðsmaður framleiðanda sem hefur frumkvæði að því að innkaupsverði á lyfi sé breytt eftir að lyf hefur verið skrásett.

Með því að breyta innkaupsmáta, hætta að skrá verð lyfja þannig að það sé hluti af skráningu þeirra en kaupa lyf þess í stað inn á alþjóðlegum markaði eftir því sem verð og skilmálar gerast hagstæðastir hverju sinni, að uppfylltum öryggiskröfum, telur nefnd um skipulag lyfjamála o.fl. að ná megi fram verulegri lækkun á innkaupsverði lyfja. Til þess að svo megi verða þarf að vera til staðar öflugur kaupandi sem er í stakk búinn að semja um verð og skilmála. Nefnd um skipulag lyfjamála o.fl. komst að þeirri niðurstöðu að þetta væri best gert með því að koma á fót hlutafélagi um innkaup lyfja. Í nefndinni náðist hins vegar ekki nauðsynleg samstaða um hvernig að stofun slíks hlutafélags skuli standa. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir því að Lyfjastofnun ríkisins taki að sér að semja um innkaupsverð, sbr. það sem áður segir. Lyfjainnflutningur yrði með sama hætti og áður. Í bráðabirgðaákvæði er jafnframt gert ráð fyrir endurskoðun á þessu atriði, að fenginni nokkuri reynslu, þannig að heimilað verði, náist um það samstaða, að stofna til hlutafélags eða annars rekstrarforms um innkaupaþáttinn eða aðra þætti lyfjadreifingar að því tilskildu að hagsmunir stærsta greiðandans, þ.e. ríkissjóðs, verði tryggðir. Tengist það endurskoðun laganna sem skal eiga sér stað fyrir árslok 1994, sbr. ákvæði til bráðabirgða.

Í drögunum er gert ráð fyrir því að stjórnvöld geri samninga til nokkurra ár við Lyfjastofnun ríkisins um þá þætti er lúta að öryggi og almannavörnum.

Með því að semja um og/eða kaupa lyf á alþjóðlegum markaði til Íslands er verið að nýta til lækkunar lyfjaverðs það svið lyfjamála þar sem lögmál framboðs og eftirspurna gilda einna helst. Að vísu eru fjölmörg lyf á alþjóðlegum markaði sem eru einstæð og varin með einkaleyfi um tiltekinn tíma. Engu að síður fer þeim lyfjum sífellt fjölgandi sem ekki eru vernduð af einkaleyfum og þar sem sama lyfið er framleitt undir mismunandi nöfnum af mismunandi framleiðendum og á mismunandi verði. Markaðshlutdeild eftirlíkingarlyfja fer sífellt stækkandi og verð þar með lækkandi. Einnig er búist við miklum breytingum á evrópskum lyfjamarkaði á næstu árum, sem gefi svigrúm til aukinnar verðsamkeppni í innkaupum.

Þriðja breytingin, sem frumvarpið hefur í för með sér, er breyting á greiðslufyrirkomulagi Tryggingastofnunar ríkisins fyrir þá þjónustu sem lyfjabúðir og aðrir dreifendur lyfja inna af hendi.

Afhending lyfja til neytenda er sá þáttur lyfjamála sem er fyrirferðarmestur hvað svertir fjölda starfsmanna, aðstöðu og búnað. Ríkissjóður greiðir þann kostnað sem af starfseminni hlýst að stærstum hluta. Lyf, sem notuð eru á heilbrigðisstofnunum, eru greidd að fullu af ríkissjóði og um 80 % af lyfseðlisskyldum lyfjum eru greidd af ríkissjóði á vegum sjúkratrygginga Tryggingastofnunar ríkisins. Erfitt er að koma við í þessum þætti lyfjamálanna samkeppni sem byggist á verði og verðskyni almennings þar sem ríkissjóður greiðir jafn afgerandi hluta kostnaðarins og raun ber vitni. Það er auk heldur ekki neytandinn sem ákveður hvort hann neytir lyfs og þá hvaða lyfs hann neytir heldur læknirinn. Hér gilda því ekki markaðslögmál frjálsar samkeppni nema að litlu leyti.

Lyfjadreifing er einn þáttur heilbrigðisþjónustunnar, enda er lyfjakostnaður landsmanna greiddur að stærstum hluta úr sameiginlegum sjóðum á sama hátt og annar hliðstæður kostnaður velferðarþjóðfélagsins.

Í áliti sínu leggur nefnd um skipulag lyfjamála o.fl., sbr. fylgiskjal, til að það endurgjald sem komi fyrir slíka þjónustu verði að hluta í formi þóknunar og að hluta í formi stiglækkandi álagningar. Með því móti verði unnt að draga úr því beina sambandi, sem í dag er milli fjölda lyfseðla, lyfjaverðs og afkomu apóteka. Þessi breyting mundi jafna afkomu apótekanna og bæta verulega afkomu minni og meðalstórra apóteka. Þóknunin verði að hluta til fast afgreiðslugjald og að hluta stiglækkandi álagning. Ákvörðun þóknunar og álagningu verði samningsatriði milli Tryggingastofnunar ríkisins og lyfjadreifenda með svipuðum hætti og ákvörðun þóknunar til annara heilbrigðisstétta sem fá greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir þjónustu sína.

Fjórða breytingin, sem frumvarpið hefur í för með sér, er fólgin í því að ráðherra getur nú heimilað deildaskiptum sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum, þar sem þörf er að mati Lyfjastofnunar ríkisins, að annast afhendingu lyfja til almennings. Er þessi breyting í samræmi við óskir nokkurra sjúkrahúsa að geta afhent sjúklingum lyf þegar þeir eru tímabundið heima eða við útskrift. Á sama hátt er vitað að á nokkrum stöðum er hentugast að heilsugæslustöðvar annist afhendingu lyfja í samvinnu við næsta apótek.

Auk þess eru lagðar til nokkrar minni háttar breytingar og lagfæringar á gildandi lögum byggðar á fenginni reynslu undangenginna ára. Þær verða skýrðar hver fyrir sig hér á eftir í athugasemdum, auk þess sem gerð er fyllri grein fyrir einstökum þáttum hér að framan eins og þeir koma fram í einstökum greinum frumvarpsins.

Í tengslum við þessar breytingar þarf enn fremur að breyta lögum um lyfjadreifingu nr. 76/1982, með síðari breytingum og verður frumvarp þar að lútandi lagt fram samhliða þessu frumvarpi.

Reksturskostnaður Lyfjastofnunar ríkisins.

Gert er ráð fyrir að í hinni nýju stofnun verði 14 stöðugildi. Nú eru um 7,7 stöðugildi sem sinna þessum málaflokki hjá hinu opinbera.

Gert er því ráð fyrir að launakostnaður muni aukast úr um 20 m.kr. í um 35 m.kr. Er þá ekki reiknað með þeirri hagræðingu sem verða mun hjá Tryggingastofnun ríkisins með tilkomu þeirra breytinga sem hér eru lagðar til, en þar munu að öllum líkindum sparast nokkur stöðugildi.

Áætlað er að annar rekstrarkostnaður muni aukast um 30%. Gert er ráð fyrir sömu sértekjum og áður eða um 29 m.kr. og sömu hlutdeild beint úr ríkissjóði og verið hefur eða um 12%. Það sem vantar upp í reksturskostnað, sem er að stærðargráðunni um 20 m.kr., kæmi í formi umsamdrar þóknunar frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir þá þjónustu lyfja-

stofnunarinnar að ná fram hagstæðari lyfjainnkaupum og hagstæðari lyfjanotkun.

Stofnkostnaður við þessa stofnun er áætlaður um 20 m.kr. Þar af fara um 15 m.kr. í tölvuvæðingu, aðallega fyrir hagsvið og upplýsingasvið, en í þessum tveimur sviðum felast helstu áherslubreytingarnar frá núverandi skipan. Hagsviðinu er ætlað með stöðugum samanburði og eftirliti með markaðinum að semja um og ná fram sem hagstæðustu innkaupsverði lyfja. Upplýsingasviðinu er hins vegar ætlað með faglegum hætti að hafa áhrif á lækna og lyfjamarkaðinn allan til skynsamlegri lyfjanotkunar og lægri kostnaðar fyrir ríkissjóð.

Sparnaður í lyfjakostnaði ríkisins.

Sparnaður samkvæmt frumvarpi þessu kæmi fyrst og fremst fram í lægra verði lyfja vegna breytts fyrirkomulags við verðlagningu þar sem þeim aðila, sem hefur hagsmuna að gæta að verð sé sem lægst, er jafnframt falið að annast samninga um verðið. Varðar þetta heildsöluverð lyfja. Með því að lækka lyfjaverð um 5–10%, eins og norskum og sænskum heilbrigðisyfirvöldum hefur tekist með svipuðu fyrirkomulagi og hér er lagt til, mætti lækka kostnað ríkisins vegna lyfjakaupa um tugi ef ekki hundruði milljóna króna. Heildarkostnaður við lyfjakaup, þ.e. þáttur almannatrygginga, sjúkrastofnana og almennings, var á síðasta ári um 4,5 milljarðar króna og lætur nærri að ríkið standi undir um 90% kostnaðarins. Danska apótekarafélagið telur að með svipuðu fyrirkomulagi og hér er gert ráð fyrir megi spara útgjöld ríkisins í Danmörku á þessu sviði um 15%. Þótt oft sé miðað við danskt fyrirkomulag hér á landi í þessum efnum er varlegra að miða við 5–10% sparnað, enda liggur Ísland ekki eins vel við lyfjamarkaðinum og Danmörk. Hvað sem því líður er hér um gríðarlega fjárhagslega hagsmuni fyrir ríkið að ræða. Hvað snertir smásölu er lagt til að í stað álagningar komi þóknun til þeirra sem dreifa lyfjum til almennings, með sama hætti og gildir um aðrar heilbrigðisstéttir, t.d. lækna. Þessi breyting mun leiða til sparnaðar þótt erfitt sé á þessari stundu að meta hann.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 1. gr. gildandi lyfjalaga, nr. 108/1984, að öðru leyti en því sem breytt skipulag lyfjamála samkvæmt frumvarpi þessu gerir ráð fyrir.

Um II. kafla.

Veigamestu breytingar á lögunum eru fólgnar í stjórn og skipun lyfjamála en ákvæði þar að lútandi er að finna í þessum kafla laganna og að hluta til í III. kafla. Í II. kafla er fjallað um Lyfjastofnun ríkisins, hlutverk stofnunarinnar og verkefni, skipun lyfjamálaráðs, lyfjamálastjóra og önnur atriði sem tengjast starfsemi stofnunarinnar. Stofnuninni er ætlað að taka við hlutverki lyfjamáladeildar heilbrigðisráðuneytisins, hlutverki lyfjaverðlagsnefndar og Lyfjaeftirlits ríkisins og að hluta til lyfjanefndar, en lyfjanefnd starfar áfram sem fagleg nefnd að ákveðnum verkefnum. Lyfjaverðlagsnefnd er lögð niður enda um annað fyrirkomulag á lyfjaverðlagningu að ræða en verið hefur. Lyfsölusjóður, sem starfað hefur samkvæmt lögunum, er jafnframt lagður niður og er gerð tillaga um ráðstöfun þess fjár, sem í sjóðnum er, í niðurlagsákvæðum frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í greininni er fjallað um Lyfjastofnun ríkisins sem er ætlað að vera ráðherra til ráðu-

neytis og aðstoðar um lyfjamál og annast fyrir hönd ráðherra framkvæmd tiltekinna málaflokka samkvæmt lögunum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Gert er ráð fyrir því að sérstakt ráð, lyfjamálaráð, sem skipað skal fulltrúum Tryggingastofnunar ríkisins, Lyfjafræðingafélags Íslands og landlæknis auk tveggja fulltrúa, sem heilbrigðisráðherra skipar án tilnefningar, þar af annan formann, fari með stjórn stofnunarinnar auk þess að vera ráðgefandi fyrir ráðherra um stjórnvaldsaðgerðir á sviði lyfjamála. Ábyrgð á rekstri Lyfjastofnunar ríkisins yrði í höndum ráðsins. Ráðinu er enn fremur falið að annast tengsl við hagsmunaaðila með því að halda reglulega fundi með þeim um lyfjamál.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir því að lyfjamálastjóri, skipaður til sex ára í senn, að fenginni umsögn Lyfjamálaráðs, veiti forstöðu Lyfjastofnun ríkisins. Sá skal vera lyfjafræðingur að mennt og standast þær kröfur er lög áskilja til þess að geta öðlast lyfsöluleyfi. Forstöðumenn hinna einstöku sviða stofnunarinnar, sem verða fjögur, sbr. 5. gr., skulu enn fremur skipaðir af ráðherra til sex ára í senn að fengnum umsögnum lyfjamálaráðs og lyfjamálastjóra. Við skipun í þessi störf, sem og önnur á vegum stofnunarinnar, skal gæta þess að ráða menn með menntun, reynslu og sérfræðikunnáttu á sviði lyfjamála eftir því hvert sviðið er.

Lyfjastofnun ríkisins er ætlað að annast samráðs- og samvinnuhlutverk á þessu sviði, svo sem við landlækni og yfirdýralækni eftir því sem við á, sérstaklega um þau mál er lúta að læknum, tannlæknum og dýralæknum.

Mjög mikilvægt er að starfsmenn stofnunarinnar hafi engra hagsmuna gæta um sölu, innflutning og framleiðslu lyfja þannig að þeir geta ekki verið aðilar að félögum á þessum vettvangi. Er þetta einkum mikilvægt þar sem framleiðendum, dreifendum og seljendum lyfja er lögð sú skylda á herðar að veita Lyfjastofnun ríkisins upplýsingar um starfsemi sína.

Um 4. gr.

Hér er fjallað um þau verkefni Lyfjastofnunar ríkisins sem nú er sinnt af lyfjamáladeild ráðuneytisins, Lyfjaeftirliti ríkisins og lyfjanefnd. Má hér nefna atriði eins og skráningu og afskráningu sérlyfja, flokkun lyfja og færslu lyfjaskrár, samvinnu við landlækni við samningu tilkynninga og upplýsinga um lyf og um skráningu hjáverkana lyfja og upplýsingagjöf til lækna þar að lútandi. Ákvörðun um framleiðsluforskriftir fyrir stöðluð forskriftarlyf eða staðfestingu þeirra og niðurfellingu staðfestingar yrði í höndum stofnunarinnar. Það yrði enn fremur hlutverk stofnunarinnar að veita leyfi til tilrauna með lyf og að setja reglur um auglýsingar á þessum vettvangi og að hafa eftirlit með þeim.

Enn fremur yrði það verkefni stofnunarinnar að annast faglegt eftirlit með innflutningi lyfja og lyfjaefna og hráefna til lyfjagerðar, með rekstri lyfjabúða, lyfjaheildverslana, lyfjagerða og annarra fyrirtækja og stofnana sem framleiða, flytja inn eða búa um lyf, en þetta verkefni er nú í höndum Lyfjaeftirlits ríkisins.

Stofnuninni er enn fremur ætlað að fylgjast með kaupverði, dreifingar- og sölukostnaði lyfja.

Um 5. gr.

Til þess að annast þau verkefni, sem getið er um í 4. gr., er stofnuninni skipt í fjög-

ur svið, sem hvert um sig starfar undir stjórn sérmenntaðs forstöðumanns. Þessi svið eru:

1. Hagsvið.
2. Skráningarsvið.
3. Fræðslu- og upplýsingasvið.
4. Eftirlitssvið.

Hlutverk hagsviðs er að vinna úr hagrænum upplýsingum sem lúta að notkun, verslun og dreifingu lyfja og fylgjast með verðlags- og fjárhagsgrundvelli lyfjadreifingar. Forstöðumaður sviðsins yrði því að hafa hagfræði- eða viðskiptamenntun og reynslu á þessu sviði. Á vegum hagsviðs starfar lyfjakaupanefnd, sbr. nánar 6. og 9. gr. og athugasemdir með þeim.

Hlutverk skráningarsviðs er að sjá um skráningu, afskráningu og allar breytingar og undanþágur á skráningu lyfja. Gert er ráð fyrir því að lyfjanefnd starfi á vegum skráningarsviðs, sbr. 7. gr. Forstöðumaður skráningarsviðs yrði að vera lyfjafræðingur að mennt.

Fræðslu- og upplýsingasviði er ætlað að annast fræðslu og upplýsingar til almennings og heilbrigðisstétta. Á vegum fræðslu- og upplýsingasviðs skal reka upplýsingabanka um lyf fyrir almenning og heilbrigðisstofnanir og það yrði hlutverk þess að annast útgáfu lyfjaskrár og upplýsingaefnis í samráði við önnur svið. Forstöðumaður þessa sviðs yrði að hafa sérþekkingu á fræðslu- og upplýsingamiðlun.

Eftirlitssviði er ætlað að taka yfir hlutverk Lyfjeftirlits ríkisns sem er að hafa eftirlit með þeim aðilum sem annast framleiðslu, innflutning, dreifingu og afhendingu lyfja, svo sem apótek, heilbrigðsstofnanir, lyfjainnflytjendur og lyfjaframleiðendur. Enn fremur að hafa eftirlit með auglýsingum, kynningum, dreifingu og sölu lyfja og sjá til þess að þessir þættir séu í samræmi við lög og reglur. Gert er ráð fyrir því að ráðherra setji sérstaka reglugerð um framkvæmd þessa eftirlits eins og verið hefur. Forstöðumaður eftirlitssviðs yrði að vera lyfjafræðingur að mennt. Til að standa undir kostnaði við eftirlitið skal ráðherra leggja árlega á eftirlitsgjald sem þeim sem eftirlit er haft með ber að greiða. Skal því varið til að standa undir kostnaði við eftirlitið, en sú stefna hefur víða verið tekin í hliðstæðu eftirliti, svo sem heilbrigðiseftirliti og vinnustaðaeftirliti. Nýmæli er að stofnuninni er ætlað lögbundið vald þurfi að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögunum. Er það sambærilegt við það vald, sem heilbrigðisnefndir og Hollustuvernd ríkisins hafa gagnvart heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirliti, sbr. lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og þykist hafa tekist vel þau tæplega níu ár sem það eftirlit hefur búið við slík ákvæði. Að sjálfsögðu kemur aðeins til valdbeitingar í undantekningartilvikum því best er að leggja höfðuáherslu á leiðbeiningarhlutverkið, enda beinlínis gert ráð fyrir því í frumvarpinu.

Um 6. gr.

Hér er fjallað um lyfjakaupanefnd sem er nýmæli. Lyfjastofnun ríkisins er ætlað að hafa með höndum samninga um verð á þeim lyfjum, sem almannatryggingar greiða að öllu leyti eða að hluta til, sbr. 9. gr. Það yrði hlutverk lyfjakaupanefndar að vera Lyfjastofnun ríkisins til ráðuneytis um útboð og samninga um þau lyfjakaup. Samsetning nefndarinnar á að tryggja að sjónarmið þeirra sem dreifa lyfjunum og annast greiðslu fyrir hönd hins opinbera komi fram við ákvörðun verðs þessara lyfja.

Um 7. gr.

Hér er fjallað um lyfjanefnd og breytt hlutverk hennar. Skipun og hlutverk lyfjanefndar er tíundað í 27., 28. og 29. gr. gildandi lyfjalaga, nr. 108/1984, með síðari breytingum. Þar sem töluverður hluti þessara verkefna færist yfir til Lyfjastofnunar ríkisins breytist hlutverk nefndarinnar, en henni er ætlað að starfa áfram að ákveðnum verkefnum sem sjálfstæður, faglegur, umsagnaraðili til ráðuneytis Lyfjastofnun ríkisins. Gert er ráð fyrir því að fækkað verði í nefndinni úr fimm í þrjá, og ekki eru talin upp hin einstöku svið læknis- og lyfjafræði hér eins og í gildandi lögum, enda óþarfi. Nefndin verður faglegur umsagnaraðili fyrir Lyfjastofnun ríkisins um nýskráningu og afskráningu sérlyfja, afgreiðslu umsókna um leyfi til að flytja inn og selja gegn lyfseðli ný, óskráð sérlyf, veitingu leyfa til tilrauna með óskráð lyf og önnur atriði er lúta að framkvæmd laganna og hliðstæðra laga eftir því sem ráðherra mælir um í reglugerð. Gert er ráð fyrir því að ráðherra setji nánari ákvæði um starfssvið og starfshætti nefndarinnar í reglugerð eins og verið hefur og er nauðsynlegt að sú reglugerð taki gildi frá og með gildistöku laganna, 1. júlí 1991, vegna þeirra breytinga sem kveðið er á um í lögunum, sbr. nánar 3. tölul. ákvæða til bráðabirgða.

Um 8. gr.

Hér er um að ræða nýja grein sem er í samræmi við 1. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Hér er um algjört nýmæli að ræða. Í 1. tölul. er fjallað um það hlutverk Lyfjastofnunar ríkisins að hafa með höndum samningsgerð um innkaup þeirra lyfja sem almannatryggingar greiða að hluta til eða öllu leyti og fyrir þær heilbrigðisstofnanir sem afhenda lyf til neytenda. Samkvæmt gildandi lögum annast Lyfjaverðlagsnefnd verðlagningu lyfja. Hér er um mikilvægt mál fyrir ríkið að ræða en áhrif þess á þennan þátt eru ófullnægjandi samkvæmt gildandi lögum. Rétt er að benda á að hlutdeild ríkissjóðs í lyfjakaupum á vegum almannatrygginga og heilbrigðisstofnana eru nálægt 90% af heildarkaupum í landinu. Er því í fyllsta máta eðlilegt að ríkisvaldið, þ.e. Lyfjastofnun ríkisins fyrir þess hönd, annist samningsgerð um þau kaup sem ríkisvaldinu er beinlínis skylt að standa undir kostnaði við. Þetta breytir í engu starfsemi lyfjainnflytjenda, lyfjaframleiðenda og dreifenda, apóteka og hlutaðeigandi heilbrigðisstofnana. Í framkvæmdinni yrði þetta þannig að Lyfjastofnun ríkisins semdi um verð við lyfjainnflytjendur og framleiðendur og dreifing til apóteka og heilbrigðisstofnana yrði með sama hætti og nú er en verðið umsamið og apótekum og heilbrigðisstofnunum greidd þóknun fyrir dreifingu til neytenda, þ.e. fyrir lyfjadreifingu utan sjúkrahúsa. Samkvæmt 11. gr. skal semja um þessa þóknun sérstaklega, sbr. athugasemdir með greininni. Að öðru leyti vísast til athugasemda með lagafrumvarpinu hér á undan.

Í 2. mgr. 9. gr. er einnig nýmæli þar sem kveðið er á um að dóms- og kirkjumálaráðherra og Lyfjastofnun ríkisins geri samning um lyfjaþjónustu vegna almannavarna og að fyrsti samningur verði gerður til tíu ára og framlengist síðan um fimm ár í senn sé samningnum ekki sagt upp með eins árs fyrirvara áður. Mjög brýnt er að tryggja lyfjaþjónustu við almannavarnir og er eðlilegt að það verði hlutverk hinnar nýju stofnunar að gera samninga við yfirstjórn Almannavarna ríkisins.

Um 10. gr.

Greinin er hliðstæð 14. gr. gildandi laga nema hvað leiðir af breyttu skipulagi þessara mála. Greinin er þó styttri og tekur mið af breyttum forsendum. Þannig eru felld niður ákvæðin um skyldu lyfjabúða til að framleiða forskriftarlyf lækna. Nægjanlegt er að þær geti útvegað þau með skjótum hætti. Enn fremur er felld niður sú kvöð á lyfjafyrirtækjum að tæknilegur stjórnandi, lyfjafræðingur, þurfi að vera í fullu starfi. Engin þörf er á þessum ákvæðum því að meta þarf þessi atriði í hverju tilviki, t.d. í samræmi við stærð og umfang rekstursins við útgáfu leyfa sem Lyfjastofnun ríkisins er ætlað að gefa út í stað ráðuneytisins.

Um 11. gr.

Um er að ræða nýja grein þar sem opnað er fyrir möguleika fyrir deildarskipt sjúkrahús og heilsugæslustöðvar að annast afhendingu lyfja til almennings á sama hátt og apótekum, sé þörf á slíku, að mati Lyfjastofnunar ríkisins. Reynst hefur nauðsynlegt að setja upp lyfjabúðir á stöðum þar sem ekki er starfandi apótekari þannig að lagt er til að síkt verði lögfest. Enn fremur er það nýmæli að Tryggingastofnun ríkisins semji við afhendingaraðila eða samtök þeirra um þóknun fyrir þjónustu. Með þessu yrði sama fyrirkomulag tekið upp og gildir gagnvart læknum og ýmsum öðrum heilbriðgisstéttum um greiðslur sjúkratrygginga fyrir þjónustu sem þeir veita á kostnað sjúkratrygginga, sbr. nánar 46. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum. Náist ekki samkomulag kemur til gerðadómur með sama hætti og kveðið er á um í áðurnefndri 46. gr. almannatryggingalaga.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. og 14. gr.

Greinarnar eru óbreyttar frá 2. og 3. gr. gildandi laga.

Um 15. gr.

Í stað þess að kveða á um að vítamín og/eða steinefni teljist ekki lyf, nema þau séu umfram tiltekin mörk eins og segir í 4. gr. gildandi laga er hér kveðið á um að Lyfjastofnun ríkisins geri tillögur að reglugerð um nánari skilgreiningu lyfjahugtaksins, enda óþarfi að fjalla sérstaklega um vítamín og steinefni því hér geta komið til önnur atriði sem liggja á mörkunum og gætu eins átt undir matvælahugtakið, sbr. lög nr. 24/1936, um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara. Sett eru ákvæði um skráningu, árgjöld og innflutning þessra vörutegunda, en þau skortir í gildandi lög.

Um 16. gr.

Greinin er að mestu óbreytt frá 6. gr. gildandi laga, nema gert er ráð fyrir því að ráðherra setji reglur um lyfjaform, gæði og hreinleika lyfjaefna og hjálparefna við lyfjagerð, svo og fyrir aðgerðir til greiningar og ákvörðunar á þessum efnum í samræmi við norræna og evrópska lyfjastaðla, enda er það gert nú þegar í samstarfi á þessu sviði. Ísland er aðili að samningi um grundvallarreglur góðra framleiðsluhátta í lyfjagerð (GMP-reglur) sem starfshópur EFTA við lyfjagerð hefur dregið upp samkvæmt umboði allra þátttökuríkja. Er lagt til að ákvæði hér að lútandi verði lögfest og enska útgáfa reglnanna gildi hér á landi. Lyfjaeftirlit ríkisins og landlæknir hafa á undanförnum árum lagt til að ákvæði sem þetta verði lögfest.

Um 17. gr.

1. tölul. er efnislega óbreyttur frá 7. gr. gildandi laga, en tekur mið af breyttu skipulagi mála. Í 2. tölul. er nýmæli þar sem lögfest er sú skylda að setja reglugerð um innflutning, afhendingu og sölu blóðvatns, bóluefna, ónæmisefna, geislavirkra lyfja og lofttegunda til lækninga, en þau skortir í gildandi lög.

Um 18. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 8. gr. gildandi laga en tekur mið af breyttu skipulagi mála og er sett fram með einfaldari hætti.

Um 19. gr.

1. og 2. tölul. eru óbreyttir frá 10. gr. gildandi laga, nema hvað þeir eru settir fram með öðrum og einfaldari hætti. Í 3. tölul. er hins vegar nýmæli en þar er lagt til að heimilt sé að skrá sérlyf tímabundinni skráningu til reynslu, en ákvæði um það hefur skort í lögin.

Um 20. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 11. gr. gildandi laga en tekur mið af breyttu skipulagi þannig að það er hlutverk Lyfjastofnunar ríkisins í stað ráðuneytisins að gefa út skrá um stöðluð lyf. Þar sem hlutverki lyfjanefndar er breytt og nefndin er ráðgefandi aðili fyrir Lyfjastofnun ríkisins er óþarfi að tíuna tillöguhlutverk hennar í lögunum.

Um 21. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 13. gr. gildandi laga nema hvað snertir stjórnun. Í stað orðsins „hjáverkunum“ kemur: aukaverkunum.

Um 22. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 15. gr. gildandi laga nema bætt er inn í 1. tölul. heimild fyrir ráðherra að setja reglur um lyfjaútlát lyfjafræðinga í neyðartilvikum, en sett hefur verið ákvæði um slíkt í reglugerð vegna brýnnar nauðsynjar og hefur reynst vel í framkvæmd. Mikilvægt er að lögfesta þessa heimild svo að ekkert fari á milli mála. Landlæknir skal hafa eftirlit með lyfjaútláti lyfjafræðinga samkvæmt framansögðu með sama hætti og læknum.

Um 23. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 16. gr. gildandi laga nema hvað lagt er til að landlæknir og eðlilega Lyfjaeftirlit ríkisins verði ekki tillöguaðilar að gerð reglugerðar um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja, enda óþarfi. Lagt er til að 17. gr. gildandi laga, þar sem fjallað er um merkingu lyfja með ítarlegum hætti, verði felld niður, enda óþarft að tíunda svo rækilega hvernig merkingar skuli vera. Í staðinn er lagt til, sbr. 8. tölul., að kveðið verði á um merkingu lyfja í sömu reglugerð og kveður á um gerð lyfseðla og afgreiðslu þeirra.

Um 24. gr.

Greinin er efnislega eins og 21. gr. gildandi laga.

Um 25. gr.

1. tölul. er óbreyttur frá 1. tölul. 1. mgr. 18. gr. gildandi laga. Í 2. tölul. er hins vegar bætt inn skyldum þess efnis að gefnar séu upp upplýsingar um verð, auk þess sem gerð

er krafa um í gildandi lögum. Ekki er nokkur vafi á því að mjög brýnt er að þær heilbrigðisstéttir, sem hafa lyfjaauglýsingar fyrir augunum í tímaritum og blöðum fyrir einstaka hópa heilbrigðisstétta, fái upplýsingar um verð lyfja ekki síður en t.d. upplýsingar um pakkningastærðir. Hér er um að ræða atriði, sem er í samræmi við hliðstæðar og nýsamþykktar reglur á þessu sviði, sem Evrópubandalagið hefur sett.

Um 26. gr.

Greinin er óbreytt frá 19. gr. gildandi laga.

Um 27. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 20. gr. gildandi laga.

Um 28. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 22. gr. gildandi laga, nema hvað snertir 2. tölul. en þar er lagt til að ekki sé heimilt að senda lyfjasýnishorn til lækna, tannlækna og dýralækna eins og gildandi lög heimila, heldur eingöngu afhenda þeim þau persónulega og þá eingöngu sé um nýskráð lyf að ræða í kynningarskyni, en ekki eins og nú er að senda eða afhenda með þeirri einu takmörkun að um minnstu pakkningar sé að ræða. Með þessu ætti að vera tryggt að lyf séu ekki send í pósti eins og tíðkast hefur, jafnvel þótt lög heimili ekki sendingar lyfjasýnishorna á einkaheimili.

Um 29. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 23. gr. gildandi laga, nema ekki eru tekin með ákvæði um viðbrögð eftirlitsaðilans, Lyfjastofnunar ríkisins, enda valdsvið hennar tilgreint í 8. tölul. 5. gr. Lagt er til að fellt verði niður úrskurðarvald landlæknis komi til ágreinings, enda er heimilt að vísa málum til ráðherra til úrskurðar, sbr. 10. tölul. 5. gr., sem hlýtur að eiga jafnt við hér sem og um önnur ágreiningsatriði varðandi ákvarðanir stofnunarinnar um valdbeitingu.

Um 30. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 24. gr. gildandi laga nema tilvísun í aðrar greinar laganna er sleppt, enda óþarfar.

Um 31. gr.

Greinin er óbreytt frá 25. gr. gildandi laga.

Um 32. gr.

Greinin er óbreytt frá 26. gr. gildandi laga, nema að lagt er til að opnað verði fyrir þann möguleika að lyfjaauglýsingar geti verið á öðrum tungumálum en íslensku eins og gert hefur verið t.d. varðandi merkingar matvæla.

Um 33. gr.

Greinin er óbreytt frá 1. mgr. 54. gr. gildandi laga nema Lyfjastofnun ríkisins, fræðslu- og upplýsingasvið, sbr. 4. tölul. 5. gr., kemur í stað lyfjanefndar sem tillöguaðili að undirbúningi skráningar aukaverkana lyfja. Einnig er felld niður 2. mgr. 54. gr. þar sem fjallað er um tengsl skráningar hjáverkana (aukaverkana) lyfja og eitrana af völdum eiturefna og hættulegra efna, enda þarf ekki að binda slíkt í lögum svo sjálfsagður hlutur sem það er.

Um 34.–36. gr.

Greinarnar eru óbreyttar frá 56., 57. og 58. gr. gildandi laga.

Um 37. gr.

Gerð er tillaga um gildistöku laganna frá og með 1. júlí 1991. Frá og með árinu 1992 hefst sameiginlegur Evrópumarkaður, m.a. á þessu sviði, en breytingar á lögunum taka eins og fram hefur komið m.a. tillit til þess.

Eins og fram hefur komið áður eru felld niður ákvæði gildandi lyfjalaga um lyfsölusjóð, sbr. X. kafla gildandi laga. Hlutverk sjóðsins hefur verið að efla lyfjaframleiðslu og lyfjadreifingu í landinu og hafa tekjur sjóðsins verið vextir af lánum, hagnaður af sölu áhalda og lyfjabirgða, svo og tekjur af rekstri lyfjabúðar sem sjóðurinn hefur sjálfur rekið. Ríkissjóður skal leggja lyfsölusjóði til árlegt framlag samkvæmt fjárlögum, sbr. 42 gr. gildandi laga, sem nemur sem næst 1% af áætluðu CIF verði innfluttra lyfja og lyfjaefna. Árlegt gjald, lyfsölusjóðsgjald, skal enn fremur lagt á allar lyfjabúðir samkvæmt gildandi lögum og skal það vera jafnhátt eftirlitsgjaldi lyfjabúða og innheimtast með því. Með breyttu fyrirkomulagi, eins og gert er ráð fyrir í þessum lögum, þar sem m.a. heilsugæslustöðvum og deildaskiptum sjúkrahúsum yrði gert kleift að annast afhendingu lyfja til neytenda, þar sem þess er þörf, er engin ástæða til að viðhalda þessum sjóði. Nauðsynlegt er hins vegar að kveða á um það hvert eignir sjóðsins skuli renna og er lagt til að þær renni að $^3/_4$ hlutum í ríkissjóð en að $^1/_4$ hluta til uppbyggingar á lyfjasafni Nesstofu á Seltjarnarnesi. Heilbrigðisráðherra skal annast uppgjör lyfsölusjóðs.

Um ákvæði til bráðabirgða.

1. Fyrirsjáanlegt er að töluverða vinnu þurfi að leggja í undirbúning að gildistöku laganna og er lagt til að lyfjamálaráð, sbr. 3. tölul. 2. gr. laganna, sem m.a. er falin stjórn Lyfjastofnunar ríkisins, taki til starfa þegar eftir birtingu laganna og hafi það hlutverk að vinna að þessum undirbúningi fram til 1. júlí nk. en frá og með þeim taka við stjórn stofnunarinnar.
2. Gert er ráð fyrir því eins og eðlilegt er að þær reglugerðir, sem settar hafa verið samkvæmt gildandi lögum, skuli halda gildi sínu þar til nýjar reglugerðir hafa öðlast gildi, að svo miklu leyti sem þær stangast ekki á við þessi lög. Það er ljóst að mikil vinna fer í endurskoðun reglugerða á þessu sviði og að mjög mikilvægt er að fækka þeim verulega og samræma eftir föngum í samræmi við tilgang laganna sem er að einfalda stjórnkerfi lyfjamála og færa saman skylda þætti.
3. Mjög brýnt er að reglugerð um nýja lyfjanefnd, sbr. 6. tölul. 6. gr. laganna, öðlist gildi um leið og lögin, 1. júlí 1991, þar sem hlutverk nefndarinnar breytist.
4. Þar til staðlar skv. 2. tölul. 16. gr., sem nú er unnið að í samvinnu EFTA og Evrópubandalagsins fyrir tilstuðlan viðskiptaráðuneytisins, hafa öðlast gildi er nauðsynlegt að starfað verði eftir viðukenndum stöðlum og er lagt til að dönsku staðlarnir gildi, en í reynd er þegar starfað samkvæmt þeim.
5. Lagt er til að lögin verði endurskoðuð samhliða lyfjadreifingarlögum innan þriggja ára frá gildistöku, enda æskilegt að þessi lög verði sett í einn lagabálk. Í tengslum við tillögur stjórnskipaðra nefnda um lyfjamál, sem getið er hér að framan og fylgja með frumvarpinu, er lögð áhersla á að við endurskoðunina verði sérstaklega hugað að stofnun hlutafélags eða sambands um lyfjainnkaup.

Fylgiskjal

Nefnd um skipulag lyfjamála skipuð af
heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 15.10.1990

Skýrsla til heilbrigðisráðherra

I. Inngangur

Hinn 4. desember 1986 skipaði þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Ragnhildur Helgadóttir nefnd til að gera úttekt á forsendum álagningar á lyfjum svo og á tilhögun álagningar. Í nefndina voru skipuð Brynjólfur Sigurðsson prófessor formaður, Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir, Helga Vilhjálmsdóttir lyfsali, Ingolf J. Petersen skrifstofustjóri, og Jón Bjarni Þorsteinsson heilsugæslulæknir.

Hinn 11. september 1987 útvíkkaði Guðmundur Bjarnason heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra verksvið nefndarinnar verulega og fól henni að gera úttekt á ýmsum þáttum lyfjamála og skipaði þau Guðmund Sigurðsson heilsugæslulækni og Höllu Eiríksdóttur hjúkrunarfræðing til viðbótar í nefndina. Nefndin skilaði skýrslu 8. október 1989 sem gefin var út í sama mánuði í riti heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins 3/1 1989 "Lækkun lyfjakostnaðar - nefndarálit." Í nefndarálitinu er fjallað um fjölmörg atriði er snerta lyfjaverslun og lyfjaneyslu.

Hinn 20. nóvember 1989 skipaði Guðmundur Bjarnason heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra vinnuhóp sem vinna skyldi úr og fylgja eftir tillögum nefndarinnar um lækkun lyfjakostnaðar og gera tillögur að reglugerða-, laga- og fyrirkomulagsbreytingum og vera samvinnuaðili við ráðuneytið um framkvæmd þessara breytinga. Í vinnuhópinn voru skipaðir Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir, Guðmundur Sigurðsson heilsugæslulæknir, Haukur Ingibergsson deildarstjóri og Ingólf J. Petersen skrifstofustjóri.

Meðal þess sem vinnuhópurinn lagði til og komist hefur í framkvæmd eru eftirtalin atriði:

1. Álagning í heildsölu var lækkuð.
2. Álagning í smásölu var lækkuð.
3. Þak var sett á álagningu á dýrustu lyfin.
4. Apótek gefa Tryggingastofnun ríkisins stighækkandi afslátt eftir veltu viðkomandi apóteks.
5. Gefin var út samheitaverðskrá lyfja.
6. Gefin var út listi með skrá yfir ódýrustu sambærileg lyf.
7. Sjúklingagjald var hækkað úr 550 kr. í 750 kr. ef keypt er lyf sem ekki er á bestukaupalista.
8. Reynt var með auglýsingum að hvetja til notkunar ódýrari lyfja og minni lyfjanotkunar.

Í vinnuhópnum var einnig rætt um breytingar á skipulagi lyfjamála sem leiddi til þess að hinn 15. október 1990 skipaði Guðmundur Bjarnason heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd til að gera tillögur um skipulag lyfjamála og kanna m.a. um stofnun hlutafélags er annist innkaup og dreifingu lyfja hér á landi.

Í nefndina voru skipaðir Guðjón Magnússon skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, formaður, Almar Grímsson apótekari, Bjarni Bjarnason forstjóri, tilnefndur af lyfjavöruhópi Félags íslenskra stórkaupmanna, Bolli Héðinsson formaður Tryggingaráðs, , Haukur Ingibergsson deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu, Jón Björnsson apótekari, tilnefndur af Apótekarafélagi Íslands og Kristján Linnet lyfjafræðingur, tilnefndur af Stéttarfélagi íslenskra lyfjafræðinga. Einar Magnússon lyfjafræðingur var ráðinn starfsmaður nefndarinnar og Ágúst Þór Jónsson verkfræðingur ráðgjafi.

II. Umræður og starf í nefndinni

Nefndin hélt sinn fyrsta fund 30. október og hélt alls 14 formlega fundi og einn óformlegan.
Kynntar hafa verið fyrir nefndinni nokkrar hugmyndir um innkaup og dreifingu lyfja. Markmið þessara tillagna er að lækka innkaupsverð lyfja og kostnað við dreifingu þeirra og sölu en þó þannig að fyllsta faglega öryggis sé gætt.
Nefndinni er ljóst að ýmsir þættir í tillögum hennar leiði til stofnkostnaðar og hugsanlega aukins rekstrarkostnaðar, en það er skoðun hennar að heildarniðurstaðan muni leiða til lækkunar lyfjakostnaðar.

1. Í fyrsta lagi var rædd sú hugmynd að fela hlutafélagi innkaup, dreifingu og sölu allra lyfja í landinu á eigin afgreiðslustöðum. Hugmyndin gerir ráð fyrir að eitt hlutafélag taki að sér að sjá um alla lyfjadreifingu í landinu allt frá öflun lyfsins frá framleiðanda þar til það er afhent sjúklingi. Rætt var hvort hægt væri að beita lögmálum frjálsrar verslunar á lyfjadreifinguna. Niðurstaðan var sú að svo væri ekki, einkum þar sem ríkissjóður greiðir mestallan kostnaðinn, neytandinn hefði auk þess svo sem engin áhrif á valið heldur væri það læknirinn sem veldi án þess að það kæmi á nokkurn hátt beint við pyngju hans, apótekið sæi svo um smásöludreifinguna. Hér gilda því ekki markaðslögmál frjálsar samkeppni vegna þess að kaupandinn þ.e. ríkið (að stærstum hluta) hefur engin áhrif á það hvort valið er dýrt eða ódýrt lyf.

Spurningin er: hvernig er hægt að kaupa inn lyf sem ódýrast og dreifa þeim sem ódýrast án þess að slaka á öryggiskröfum?

2. Í öðru lagi var rætt að fela hlutafélagi innkaup og dreifingu en bjóða út eða semja við ýmsa aðila um afgreiðslu lyfja til einstaklinga.

3. Í þriðja lagi var rætt að stofnuð yrðu tvö hlutafélög, annað um innkaup en hitt um dreifingu sem einnig gæti tekið að sér smásöluna eða boðið hana út. Fyrirmyndin að þessari hugmynd er að hluta til fengin frá Svíþjóð.

Drepið hefur verið á aðrar hugmyndir í nefndinni, svo sem að lyfjaverslun yrði ríkisrekin eða hún gefin frjáls á svipaðan hátt og í Bandaríkjunum.

Þau sjónarmið hafa komið fram í nefndinni og vitað að þau hafa verið sett fram annars staðar, að líta bæri á lyfjasöluna fyrst og fremst sem kaupmennsku og því væri ekki óeðlilegt að láta kaupmannastéttina um þessa verslun með ströngum skilyrðum, og ef til vill beita útboðum til að ná niður kostnaði. Mikilvæg rök eru fyrir því að líta beri á lyfjadreifingu sem hluta af heilbrigðisþjónustu, m.a. í ljósi þess að góð samvinna þurfi að takast milli þeirra sem ávísa lyfjum og þeirra sem annast dreifinguna.

Sú fullyrðing hefur verið sett fram í umræðum í nefndinni að verð lyfja á Íslandi er með því hæsta sem þekkist í Evrópu. Er þá sama hvort um er að ræða innkaupsverð lyfja til landsins eða verð til neytenda lyfs. Einna helst að verð á lyfjum í Danmörku sé sambærilegt við það sem er á Íslandi og í alþjóðlegum samanburði kemur í ljós að verðið í Danmörku er eitt hið hæsta í Evrópu (1).

Laga- og reglugerðaákvæði um eftirlit með öllum þáttum lyfjamála eru ítarleg og m.a. er innkaupsverð lyfja til landsins háð samþykki heilbrigðisyfirvalda. Hins vegar hefur skort á stefnumótun um viðmiðun innkaupsverðs lyfja. Þar gæti verið að leita skýringa á framangreindri niðurstöðu um tiltölulega hátt innkaupsverð lyfja til landsins. Einnig hefur skort á að lyfjaverð hérlendis hafi reglulega verið borið saman við lyfjaverð í öðrum löndum.

Það hefur verið lengi velþekkt að lyfjaverð er jafnan hærra í löndum sem framleiða lyf til útflutnings. Ástæðan er m.a. sú að innflutningslönd miða gjarnan innkaupsverð við verðið í framleiðslulandinu.
Í Danmörku hafa þess vegna þau rök verið færð fyrir háu lyfjaverði að það komi lyfjaiðnaðinum illa ef verðlag verður lækkað. Því er t.d. haldið fram að 10% lækkun á lyfjaverði í Danmörku muni leiða til 200 - 400 mkr minni lyfjaveltu á ári í útflutningi. Þrátt fyrir þetta hefur í Danmörku nú verið lagt til að gripið verði til aðgerða til að ná niður innkaupsverði lyfja (1.c).

Annars vegar er lagt til að frelsi verði aukið í innflutningi en um leið aukið opinbert eftirlit með innkaupsverði og tekið upp svipað fyrirkomulag við mat á innkaupsverði og notast er við í Svíþjóð, þ.e.a.s. að miða innkaupsverð við verð í nokkrum viðmiðunarlöndum.

III. Samþykkt nefndarinnar

Að loknum umræðum um ýmsa þætti lyfjamála á nokkrum fundum var á 6. fundi nefndarinnar þann 24. nóvember eftirfarandi tillaga borin upp og samþykkt samhljóða:

Nefndin felur starfsmönnum sínum að útfæra eftirfarandi hugmyndir nánar m.a. með tilliti til fyrirkomulags, hagkvæmni og laga- og reglugerðabreytinga og leggja niðurstöður sínar fyrir nefndina eins fljótt og tök eru á.

1. Afgreiðsla lyfja, söfnun og úrvinnsla lyfjatengdra upplýsinga fari fram í samræmdu tölvu- og upplýsingakerfi.

2. Yfirstjórn lyfjamála verði efld og einfölduð með stofnun embættis lyfjamálastjóra sem verði hliðstætt embætti landlæknis.

3. Fræðsla heilbrigðis- og lyfjastétta og almennings um lyfjamál verði efld.

4. Eitt fyrirtæki, að hluta í eigu ríkisins, kaupi frá framleiðendum öll lyf sem ríkið greiðir að fullu eða hluta til og dreifi þeim til þeirra aðila sem afhenda lyf til neytenda.

5. Apótek og heilbrigðisstofnanir annist afhendingu lyfja til neytenda og semji við stjórnvöld um þóknun fyrir þjónustu sína.

Lyfjakostnaður landsmanna er greiddur að stærstum hluta úr sameiginlegum sjóðum á sama hátt og annar velferðarkostnaður. Stjórnvöldum ber skylda til að nýta þetta fjármagn sem best og sjá til þess að innkaupsverð og dreifingarkostnaður lyfja sé sem lægst samhliða því að fyllsta öryggis sé gætt í lyfjaumsýslu.

Í ljósi þessa samþykkir nefndin að leggja í starfi sínu höfuðáherslu á ofangreindar breytingar á skipan lyfjamála.

IV. Um einstaka þætti

1. Upplýsingar

Afgreiðsla lyfja, söfnun og úrvinnsla lyfjatengdra upplýsinga fari fram í samræmdu tölvu- og upplýsingakerfi.

Upplýsingar um ýmsa þætti lyfjamála er að finna hjá þeim aðilum sem sýsla hér á landi með lyf og lyfjamál. Þessum upplýsingum er ekki safnað saman í heildstætt kerfi heldur má segja að sérhver eining lyfjamálanna safni upplýsingum um eigin starfsemi í eigin kerfi. Þetta hefur leitt til þess að yfirsýn yfir mismunandi þætti lyfjamála svo sem innflutning, framleiðslu, heildsölu, smásölu, lyfjanotkun, breytingar á neyslu, verðmæti og fjármál er lítil. Afleiðingar þessa upplýsingaskorts birtast á ýmsan hátt.

Ráða má bót á þessu ástandi með markvissu átaki og nánu samstarfi allra þeirra aðila sem að lyfjamálum koma, þannig að öll afgreiðsla lyfja fari fram í samræmdu upplýsinga- og tölvukerfi þar sem tilteknir og þar til bærir aðilar geti gengið að þeim upplýsingum sem þeim er með tölvulögum og leyfi tölvunefndar heimilt að fá. Meðal þeirra sem mundu leggja inn í slíkan upplýsingabanka eru innflytjendur, lyfsalar, heilbrigðisstofnanir og stjórnvöld. Víðtæka upplýsingagjöf um lyfjamarkaðinn má nota á markvissan hátt til þess að auka hagræði og draga úr kostnaði á ýmsum sviðum lyfjamála. Gert er ráð fyrir að stefnumótun um þarfagreiningu, hönnun, uppsetningu og notkun slíks upplýsingakerfis sé hjá lyfjamálastjóra í samráði við viðkomandi aðila.

2. Yfirstjórn lyfjamála

Yfirstjórn lyfjamála verði efld og einfölduð með stofnun embættis lyfjamálastjóra sem verði hliðstætt embætti landlæknis.

Nokkrar stofnanir koma að stjórn mismunandi þátta lyfjamála. Má þar nefna lyfjamáladeild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, landlækni, Lyfjanefnd, Lyfjaeftirlit ríkisins, Lyfjaverðlagsnefnd, og Lyfsölusjóð. Þegar svo margar stofnanir stjórnvalda eiga að stýra einum málaflokki er alltaf hætta á togstreytu, sambandsleysi og að heildarstefnumótun í málaflokkinum og framkvæmd hans sé áfátt.

Nefnd um lækkun lyfjakostnaðar undir stjórn Brynjólfs Sigurðssonar prófessors (rit heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins 3/1989), lagði til "að allar framangreindar stofnanir og nefndir verði sameinaðar í eina "lyfjastofnun"".

Nefndin leggur til að stofnað verði embætti lyfjamálstjóra sem verði heilbrigðisráðherra til ráðuneytis og aðstoðar, og annist fyrir hans hönd framkvæmd tiltekinna þátta lyfjamálanna einkum þó þeirra sem snúa að innflutningi, dreifingu, sölu, framleiðslu, gæðaeftirliti lyfja og lyfjaefna svo og upplýsingaskyldu og þjónustu þeirra aðila er sýsla með lyf. Gert er ráð fyrir að lyfjamálastjóri sé lyfjafræðingur, sem stenst kröfur þær, er lög áskilja til að geta öðlast lyfsöluleyfi. Lyfjamálastjóra er einnig ætlað að hafa yfirsýn yfir fjár- og lyfjastreymi á markaðinum og hafa sérstakt eftirlit með verði og verðmyndun lyfja.

Gert er ráð fyrir að innan embættis lyfjamálastjóra starfi fimm deildir, tölvudeild, hagdeild, skráningardeild, fræðslu- og upplýsingadeild og eftirlitsdeild.

Skráningardeild annast skráningu, afskráningu og allar breytingar og undanþágur á skráningum lyfja. Þegar um nýskráningar eða undanþágur fyrir lyfjum sem ekki hefur verið veitt undanþága fyrir áður, er að ræða; styðst lyfjamálastjóri við tillögur Lyfjanefndar.

Eftirlitsdeild sjái um eftirlit með þeim aðilum er sýsla með lyf og lyfjaefni svo sem apótekum, lyfjainnflytjendum og lyfjaframleiðendum. Tekur deildin við þeirri starfsemi sem Lyfjaeftirlit ríkisins hefur annast utan þeirri er lýtur að verðlagseftirliti lyfja.

Tölvudeild sjái um að halda gagnabanka með margvíslegum upplýsingum um lyf s.s. hagrænar stærðir og faglegar upplýsingar.

Hagdeild sjái um að vinna úr hagrænum upplýsingum sem lúta að notkun, verslun og dreifingu lyfja og fylgist með verðlags- og fjárhagsgrundvelli lyfjadreifingarinnar.

Fræðsludeild sjái um fræðslu og upplýsingar til almennings og heilbrigðisstétta. Deildin reki upplýsingabanka um lyf fyrir almenning og heilbrigðisstofnanir og sjái um útgáfu lyfjaskrár og upplýsingaefnis. Deildin sjái um fræðslu og eftirmenntun fyrir lækna, lyfjafræðinga, lyfjatækna og aðrar heilbrigðisstéttir í samráði við fagfélög þeirra.

Til þess að efla samstarf þeirra aðila sem að lyfjamálum starfa leggur nefndin til að stofnað verði Lyfjamálaráð. Lyfjamálaráð verði annars vegar ráðgefandi fyrir ráðherra um stjórnvaldsaðgerðir, s.s. lög og reglugerðir sem hafa veruleg áhrif á starfsemi eða fjárhag þeirra stjórnvalda, sem eiga fulltrúa í ráðinu og hins vegar verði ráðið umræðuvettvangur um ýmis mál við hagsmunaaðila.

Ráðið verði tvískipt. Ráðið sé jafnan skipað lyfjamálastjóra, landlækni, fulltrúa Tryggingastofnunar ríkisins auk fulltrúa ráðherra sem sé

formaður. Þegar fjallað er um mál sem sérstaklega snerta hagsmunaaðila séu fulltrúar Apótekarafélags Íslands, Stéttarfélags íslenskra lyfjafræðinga, Lyfjatæknifélags Íslands, Lyfjavöruhóps Félags íslenskra stórkaupmanna, Læknafélags Íslands, Samtaka heilbrigðisstétta og innkaupafyrirtækis kallaðir til.

3. Fræðsla

Fræðsla heilbrigðis- og lyfjastétta og almennings um lyfjamál verði efld.

Þekking heilbrigðisstétta um lyf í víðum skilningi verði efld með markvissu fræðslustarfi. Ekki síst þarf að bæta aðstöðu lyfjafræðinga og annara starfsmanna lyfjadreifingarinnar í þessum efnum. Sömuleiðis þarf að uppfræða almenning um lyf í miklu ríkari mæli en til þessa hefur verið gert.

Búast má við því að starfsemi þessi muni leiða af sér bætta og árangursríkari lyfjanotkun, drag úr óþarfri notkun dýrra lyfja og vonandi auka meðferðarheldni. Gert er ráð fyrir að embætti lyfjamálastjóra hafi frumkvæði í slíku starfi og skipuleggi enda verði til þess sérstök deild innan embættisins.

Áhersla verði lögð á fræðslu til handa þeim sem vegna starfs síns hafa áhrif á lyfjanotkun og nýtingu lyfja. Þar er einkum um að ræða lækna og lyfjafræðinga. Vitað er að starf lyfjanefnda getur orðið mjög til góðs í þessum efnum og ber því að stuðla að því að slíkar nefndir verði stofnaðar þar sem því verði við komið. Augljóslega skiptir verulegu máli að viðhalda, efla og bæta þekkingu þeirra sem það starf inna að hendi. Þá er ekki síður mikilvægt að tryggja að enginn þeirra hafi fjárhagslegan ávinning af því að notkunin færist yfir á dýrari lyfin. Stjórnvöld gætu sett markmið í þessum efnum.

Fræðslustarfið tæki bæði til skipulegrar þjálfunar og endurmenntunar auk samvinnu við skóla þá sem sinna kennslu á heilbrigðissviðinu. Frum- og endurmenntun lyfjafræðinga er ekki einungis nauðsynlegur þáttur af öryggisástæðum heldur ekki síður til að þeir geti verið virkir þátttakendur í samstarfi við lækna til að halda niðri lyfjakostnaði. Þá þurfa þeir og að geta sinnt hlutverki sínu innan heilbrigðisþjónustunnar sem fagmenntaðir starfsmenn að veita almenningi upplýsingar og ráðgjöf. Þá er og mjög mikilvægt að efla menntun lyfjatækna til að þeirra þáttur í samstarfinu geti orðið að sem mestu gagni.

4. Lækkun innkaupsverðs

Eitt fyrirtæki, að hluta í eigu ríkisins, kaupi frá framleiðendum öll lyf sem ríkið greiðir að fullu eða hluta til og dreifi þeim til þeirra aðila sem afhenda lyf til neytenda.

Verð lyfja á Íslandi er með því hæsta í Evrópu. Er þá sama hvort um er að ræða innkaupsverð lyfja til landsins eða verð til neytenda. Einna helst er verð á lyfjum í Danmörku sambærilegt við verð á Íslandi og í alþjóðlegum samanburði kemur í ljós að verðið í Danmörku er eitt hið hæsta í Evrópu.

Ákvörðun innkaupsverðs sérlyfs til Íslands fer nú fram á þann hátt að þegar einkainnflytjandi lyfs sækir um að það sé skráð á íslenska lyfjaskrá fer hann jafnframt fram á að skráð sé ákveðið innkaupsverð á lyfinu. Breytingu á innkaupsverði má gera á þriggja mánaða fresti berist um það umsókn sex vikum fyrr hið skemmsta.

Með því að hætta að skrá innkaupsverð lyfja en kaupa lyf þess í stað inn á alþjóðlegum markaði eftir því sem verð og skilmálar gerast hagstæðastir hverju sinni að uppfylltum öryggiskröfum, má væntanlega ná fram lækkun á innkaupsverði lyfja. Til þess þarf að koma á fót öflugu innkaupafélagi, t.d. hlutafélagi. Hlutafé mætti t.d. bjóða lyfsölum, sjúkrahúsum, ríkissjóði, lífeyrissjóðum, lyfjainnflytjendum, félagasamtökum og öðrum þeim aðilum er tengjast heilbrigðismálum.

Tilgangurinn með stofnun slíks félags yrði, að kaupa lyf frá innlendum og erlendum aðilum. Félagið semur við þann sem keypt er af um verð, afhendingu, birgðahald og dreifingu til þeirra aðila sem afhenda lyf til neytenda. Dreifingaraðilum væri þó heimilt að kaupa lyf beint frá framleiðanda ef verð á einingu væri lægra en það sem áðurnefnt hlutafélag gæti boðið enda færu kaupin fram í gegnum hlutafélagið, ef um er að ræða lyf, sem ríkissjóður greiðir að hluta eða öllu leyti.

Stjórnvöld gætu gert samninga til nokkurra ára við slíkt hlutafélag um starf þess og skyldur á sviði lyfjamála þ.á m. að skráð lyf séu fáanleg og að gætt sé öryggis og almannavarna ásamt því sem starfseminni mundi verða markaður fjárhags- og afkomurammi sem tæki mið af því markmiði sem verið er að stefna að með stofnun félagsins.

Komi eitt félag fram sem innkaupaaðili lyfja, er verið að nýta til lækkunar lyfjaverðs það svið lyfjamála þar sem lögmál framboðs og eftirspurnar gilda einna helst. Mörg lyf á alþjóðlegum markaði eru einstæð og varin með einkaleyfi um tiltekinn tíma. Þeim lyfjum fer þó sífellt fjölgandi sem ekki eru vernduð af einkaleyfi. Markaðshlutdeild slíkra eftirlíkingarlyfja fer þannig sífellt stækkandi. Búist er því við miklum breytingum á

evrópskum lyfjamarkaði á næstu árum sem gefa svigrúm til aukinnar verðsamkeppni í innkaupum.

5. Afhending til neytenda

Apótek og heilbrigðisstofnanir annist afhendingu lyfja til neytenda og semji við stjórnvöld um þóknun fyrir þjónustu sína.

Lyfjadreifing er einn þáttur heilbrigðisþjónustunnar, enda er lyfjakostnaður landsmanna greiddur að stærstum hluta úr ríkissjóði. Þar sem um er að ræða heilbrigðisþjónustu verði endurgjald í formi þóknunar t.d. að hluta til fast afgreiðslugjald og að hluta stiglækkandi álagning. Þóknunin verði samningsatriði milli Tryggingastofnunar ríkisins og lyfsala með svipuðum hætti og þóknun til annara heilbrigðisstétta, sem fá greiðslur frá T.R. fyrir þjónustu sína. Með því móti er unnt að tryggja rekstrarafkomu minnstu apótekanna. Þóknunin gæti orðið mismunandi, t.a.m. hærri í strjálbýlinu þar sem rekstur er erfiðari en á þéttbýlustu stöðum, enda markmiðið að lyfjaþjónustan nái til allra landsmanna. Þóknun sem endurgjald gæti breikkað verksvið lyfjadreifingarinnar innan heilbrigðisþjónustunnar.

Rekstrargrundvöll minni apóteka þarf að treysta með stækkun umdæma samfara því að öll lyfjadreifing fari í gegnum apótekin og lyfjasölur lækna verði lagðar niður og dýralyfjasalan fari fram innan veggja apóteka.

Afhending lyfja til neytenda er sá þáttur lyfjamála sem er umfangsmestur hvað snertir fjölda starfsmanna, aðstöðu og búnað. Ríkissjóður greiðir þann kostnaði sem af starfseminni hlýst að stærstum hluta. Lyf sem notuð eru á heilbrigðisstofnunum eru greidd að fullu af ríkissjóði og um 80 % af lyfseðilsskyldum lyfjum eru greidd af ríkissjóði í gegn um Tryggingastofnun ríkisins. Í þessum þætti lyfjamála er erfitt að koma við samkeppni sem byggist á verði og verðskyni almennings þar sem ríkissjóður greiðir jafn afgerandi hluta kostnaðarins og raun ber vitni. Það er auk heldur ekki neytandinn sem ákveður hvort hann neytir lyfs og þá hvaða lyfs hann neytir heldur læknirinn. Hér gilda því ekki markaðslögmál frjálsar samkeppni nema að litlu leyti.

V. Niðurstaða

Þar sem óskað var eftir því í skipunarbréfi nefndarinnar að hún hraðaði störfum sínum eins og kostur væri vill nefndin leggja áherslu á að litið verði á samþykkt hennar sem meginstefnu um breytingar á skipulagi lyfjamála. Nefndin hefði kosið að hafa ráðrúm til að ræða nákvæmari

útfærslur á tillögum sínum en ljóst er að sérhvern lið þeirra má útfæra með ýmsu móti. Engu að síður telur nefndin að tillögur hennar séu það stefnumótandi, að rétt sé að leggja þær fyrir ráðherra. Nefndinni er ljóst að til að útfæra nánar þær tillögur sem hér hafa verið raktar verði að setja sérstaka starfshópa til að vinna nánar ýmsa þætti þeirra, jafnframt því að gerðar verði tillögur um nauðsynlegar lagabreytingar.
Athygli skal vakin á að fundargerðir nefndarinnar eru hluti skýrslunar. Þar er gerð grein fyrir starfi nefndarinnar að öðru leyti, þar með talið öllum tillögum sem fram hafa verið lagðar.

Reykjavík, 16. desember 1990,

Guðjón Magnússon

Almar Grímsson
með fyrirvara

Bjarni Bjarnason

Bolli Héðinsson

Haukur Ingibergsson

Jón Björnsson

Kristján Linnet

Reykjavík, 30.10.1990

1. F U N D A R G E R Ð

Fyrsti fundur nefndar, sem heilbrigðisráðherra hefur skipað til að kanna tillögur um stofnun hlutafélags er annist innflutning og dreifingu á lyfjum hér á landi, var haldinn þriðjudaginn 30. október, í fundarsal heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, kl. 16:15.

Fundinn sátu Almar Grímsson apótekari, Bjarni Barnason forstjóri, Bolli Héðinsson formaður Tryggingaráðs, Guðjón Magnússon skrifstofustjóri, Haukur Ingibergsson deildarstjóri, Jón Björnsson apótekari og Einar Magnússon lyfjafræðingur, starfsmaður nefndarinnar. Kristján Linnet lyfjafræðingur var erlendis.

Guðjón Magnússon, formaður nefndarinnar, kynnti nefndarmenn og starfsmenn nefndarinnar, en auk Einars mun Ágúst Þór Jónsson rekstrarverkfræðingur starfa með nefndinni.
Almennar umræður urðu um tilgang nefndarinnar og vinnufyrirkomulag.
Ákveðið var að fastur fundartími yrði á þriðjudögum kl. 16:00 í fundarsal heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Næsta fund var þó ákveðið að halda fimmtudaginn 1. nóvember n.k., að Borgartúni 6, kl. 9:00.
Þá var samþykkt að í fundargerðum yrði einungis fjallað um þær ákvarðanir sem teknar yrðu og hverjir sitja fundi.

Einar Magnússon

Reykjavík, 1.11.1990

2. FUNDARGERÐ

Annar fundur nefndar, sem heilbrigðisráðherra hefur skipað til að kanna tillögur um stofnun hlutafélags er annist innflutning og dreifingu á lyfjum hér á landi, var haldinn fimmtudaginn 1. nóvember, að Borgartúni 6, kl. 9:00.

Fundinn sátu: Almar Grímsson, Ágúst Þór Jónsson, Bjarni Bjarnason, Bolli Héðinsson, Einar Magnússon, Guðjón Magnússon, Haukur Ingibergsson, Jón Björnsson og Kristján Linnet.

Rakinn var aðdragandi að nefndarskipuninni. Hinn 4. desember 1986 skipaði þáverandi heilbrigðis- og tryggingaráðherra, Ragnhildur Helgadóttir nefnd til að gera úttekt á forsendum álagningar á lyfjum svo og á tilhögun álagningar. Í nefndina voru skipuð Brynjólfur Sigurðsson prófessor, Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir Helga Vilhjálmsdóttir lyfsali, Ingolf J. Petersen skrifstofustjóri, og Jón Bjarni Þorsteinsson heilsugæslulæknir. Hinn 11 september 1987 útvíkkaði Guðmundur Bjarnason heilbrigðisráðherra verksvið nefndarinnar verulega og fól henni að gera úttekt á ýmsum þáttum lyfjamála samt því að skipa Guðmund Sigurðsson heilsugæslulækni og Höllu Eiríksdóttur hjúkrunarfræðing í nefndina. Nefndin skilaði skýrslu 8. október 1989 sem gefin var út í sama mánuði í riti heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins 3/1 1989 "Lækkun lyfjakostnaðar - nefndarálit." Í nefndarálitinu er fjallað um fjölmörg atriði sem viðkoma lyfjaverslun og lyfjaneyslu.
Hinn 20. nóvember 1989 skipaði Guðmundur Bjarnason heilbrigðisráðherra vinnuhóp sem vinna skyldi úr og fylgja eftir tillögum nefndarinnar um lækkun lyfjakostnaðar og gera tillögur að reglugerða-, laga- og fyrirkomulagsbreytingum og vera samvinnuaðili við ráðuneytið um framkvæmd þessara breytinga. Í vinnuhópinn voru skipaðir Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir, Guðmundur Sigurðsson heilsugæslulæknir, Haukur Ingibergsson deildarstjóri og Ingólf J. Petersen skrifstofustjóri.
Í vinnuhópnum var m.a. hugað að skipulagsbreytingum og fékk hann til liðs við sig Ágúst Þór Jónsson rekstrarverkfræðing, sem reynslu hefur af slíkum málum.

Ágúst kynnti á fundinum þær hugmyndir sem einkum hefðu verið skoðaðar. Markmið þeirra er að lækka innkaupsverð lyfja og kostnað við dreifingu þeirra og sölu en þó þannig að fyllsta faglega öryggis sé gætt.

Í fyrsta lagi er um að ræða þá hugmynd að fela hlutafélagi innkaup, dreifingu og sölu allra lyfja í landinu á eigin afgreiðslustöðum.
Í öðru lagi er um að ræða þá hugmynd að fela hlutafélagi innkaup og dreifingu en bjóða út eða semja við ýmsa aðila um afgreiðslu lyfja til einstaklinga.
Í þriðja lagi kynnti Ágúst þá hugmynd að stofnuð yrðu tvö hlutafélög, annað um innkaup en hitt um dreifingu sem einnig gæti tekið að sér smásöluna eða boðið hana út.
Drepið var á aðrar hugmyndir á fundinum, svo sem að lyfjaverslun yrði ríkisrekin eða hún gefin frjáls á svipaðan hátt og í Bandaríkjunum.

Ákveðið var að nefndarmenn meti þessar hugmyndir fyrir næsta fund og geri þá grein fyrir því hvaða hugmyndir þeir vilji einkum ræða nánar.

Einar I. Magnússon

Reykjavík, 6.11.1990

3. FUNDARGERÐ

Þriðji fundur nefndar, sem heilbrigðisráðherra hefur skipað til að kanna tillögur um stofnun hlutafélags er annist innflutning og dreifingu á lyfjum hér á landi, var haldinn fimmtudaginn 6. nóvember, í fundarsal heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins kl.16:00.

Fundinn sátu Almar Grímsson, Ágúst Þór Jónsson, Bjarni Bjarnason, Bolli Héðinsson, Einar Magnússon, Guðjón Magnússon, Haukur Ingibergsson, og Jón Björnsson og Kristján Linnet.

Eins og fram kom í síðustu fundargerð var á síðasta fundi ákveðið að nefndarmenn gerðu grein fyrir því hvaða hugmyndir þeir vilji einkum ræða nánar, af þeim sem fram hafa komið.

Ekki fékkst nein niðurstaða á fundinum en menn voru þó sammála um að upplýsingar um lyfjamarkaðinn væru hvorki aðgengilegar né traustar. Bæði apótekarar og heildsalar lýstu sig tilbúna til að taka þátt í upplýsingakerfi, sem miðaði að hagstæðum innkaupum og betri lyfjanotkun í landinu, með þeim fyrirvara að ekki væri um persónulegar upplýsingar að ræða.

Ákveðið var að nefndarmenn, sem tilnefndir eru af hagsmunasamtökum, settu niður á blað afstöðu sína til framkominna hugmynda. Er hægt að benda á aðrar leiðir eða er hægt að bæta núverandi kerfi? Þá var fulltrúi lyfjafræðinga í nefndinni beðinn að gera í stuttu máli skriflega grein fyrir hlutverki lyfjafræðinga í heilbigðisþjónustunni.

Skriflegum ábendingum skal koma til starfsmanns fyrir 9. nóvember. Næsti fundur var ákveðinn í fundarsal heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins þriðjudaginn 13. nóvember, kl.16:00.

Einar Magnússon

Reykjavík, 13.11.1990

4. FUNDARGERÐ

Fjórði fundur nefndar, sem heilbrigðisráðherra hefur skipað til að kanna tillögur um stofnun hlutafélags er annist innflutning og dreifingu á lyfjum hér á landi, var haldinn þriðjudaginn 13. nóvember, í fundarsal heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins kl.16:00.

Fundinn sátu Almar Grímsson, Ágúst Þór Jónsson Bjarni Bjarnason, Bolli Héðinsson,Einar Magnússon, Guðjón Magnússon, Haukur Ingibergsson, Jón Björnsson og Kristján Linnet.

Nefndarmenn, sem tilnefndir eru af hagsmunasamtökum hafa lýst skoðunum sínum skriflega á þessum hugmyndum. Fram kom m.a. að nefndarmenn eru sammála um:

a) betra upplýsingakerfi sé æskilegt og menn eru tilbúnir að stuðla að því að kom því upp.
b) öryggi við val á lyfjum í innflutningi og dreifingu eiga að hafa forgang.
c) að huga eigi að betra eftirliti með verði lyfja - eins konar símat í stað mats við skráningu og þegar innflytjandi eða framleiðandi æskir breytinga.

Apótekarar telja m.a.:

a) Þetta núverandi fyrirkomulag er besta kerfið
b) stækka markaðssvæði fyrir minnstu apótekin og að öll lyfja dreifing fari fram í apótekum.

Lyfjafræðingar:

a) leggja áherslu á að "breikka" starfssvið lyfjafræðinga- sjá lyfjafræðinga meira í fræðslu og forvörnum- leggja áherslu á teymisvinnu t.d. við val á lyfjum til nota á sjúkrahúsum og annars staðar.
b) lyfjafræðingar vinni að því að nýta sem best þá fjármuni sem lagðir eru í lyf, þannig að hámarksþjónusta fáist fyrir lágmarkskostnað.
c) leggja áherslu á eftirmenntun.

Innflytjendur

a) alfarið á móti einokunarfyrirtæki
b) aðrar upplýsingar um lyfjakostnað í samanburði við hin Norðurlöndin.
c) telja að núgildandi kerfi á innflutningi og dreifingu sé gott.

Næsti fundur var ákveðinn í fundarsal heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins þriðjudaginn 20. nóvember, kl.16:00.

Einar Magnússon

Reykjavík, 20.11.1990

5. F U N D A R G E R Ð

Fimmti fundur nefndar, sem heilbrigðisráðherra hefur skipað til að kanna tillögur um stofnun hlutafélags er annist innflutning og dreifingu á lyfjum hér á landi, var haldinn þriðjudaginn 20. nóvember, í fundarsal heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins kl.16:00.

Fundinn sátu Almar Grímsson, Einar Magnússon, Guðjón Magnússon, Haukur Ingibergsson, Jón Björnsson og Kristján Linnet.

Umræðuefni á fundinum voru eftirfarandi.

1. Nauðsyn á að afgreiðsla lyfja, söfnun og úrvinnsla lyfjatengdra upplýsinga fari fram í samræmdu tölvu- og upplýsingakerfi.

2. Yfirstjórn lyfjamála. Menn eru sammála um að þurfi að efla hana samræma og einfalda.

3. Hagræðing í lyfjainnkaupum með því að eitt fyrirtæki semji um verð, kaupi inn og dreifi lyfjum til apóteka og annara heilbrigðisstofnanna.

4. Um þóknun til apóteka og annara sem selja lyf í stað prósentuálagningar.

Á fundinum afhenti Jón Björnsson blað um greiningu lyfjamarkaðarins og lyfjakostnað. Vegna utanlandsferðar formanns nefndarinnar var áætlað að halda óformlegan fund n.k. þriðjudag kl. 16:00

Reykjavík, 24.11.1990

6. F U N D A R G E R Ð

Fimmti fundur nefndar, sem heilbrigðisráðherra hefur skipað til að kanna tillögur um stofnun hlutafélags er annist innflutning og dreifingu á lyfjum hér á landi, var haldinn laugardaginn 24. nóvember, að Borgartúni 6, Kl: 10:00.

Fundinn sátu Almar Grímsson, Bolli Héðinsson, Einar Magnússon, Guðjón Magnússon, Haukur Ingibergsson, Jón Björnsson og Kristján Linnet.

Eftirfarandi tillaga var borin upp og samþykkt samhljóða á fundinum:

Nefndin felur starfsmönnum sínum að útfæra eftirfarandi hugmyndir nánar m.a. með tilliti til fyrirkomulags, hagkvæmni og laga- og reglugerðabreytinga og leggja niðurstöður sínar fyrir nefndina eins fljótt og tök eru á.

1. Afgreiðsla lyfja, söfnun og úrvinnsla lyfjatengdra upplýsinga fari fram í samræmdu tölvu- og upplýsingakerfi.

2. Yfirstjórn lyfjamála verði efld og einfölduð með stofnun embættis lyfjamálastjóra sem verði hliðstætt embætti landlæknis.

3. Fræðsla heilbrigðis- og lyfjastétta og almennings um lyfjamál verði efld.

4. Eitt fyrirtæki, að hluta í eigu ríkisins, kaupi frá framleiðendum öll lyf sem ríkið greiðir að fullu eða hluta til og dreifi þeim til þeirra aðila sem afhenda lyf til neytenda.

5. Apótek og heilbrigðisstofnanir annist afhendingu lyfja til neytenda og semji við stjórnvöld um þóknun fyrir þjónustu sína.

Lyfjakostnaður landsmanna er greiddur að stærstum hluta úr sameiginlegum sjóðum á sama hátt og annar velferðarkostnaður. Stjórnvöldum ber skylda til að nýta þetta fjármagn sem best og sjá til þess að innkaupsverð og dreifingarkostnaður lyfja sé sem lægst(ur) samhliða því að fyllsta öryggis sé gætt í lyfjaumsýslu.

Í ljósi þessa samþykkir nefndin að leggja í starfi sínu höfuðáherslu á ofangreindar breytingar á skipan lyfjamála.

Vegna utanlandsferðar formanns nefndarinnar var áætlað að halda óformlegan fund n.k. þriðjudag kl. 16:00. Á þann fund verða boðaðir fulltrúar frá Lyfjaeftirliti ríkisins og Lyfjaverðlagsnefnd.

Einar Magnússon

Reykjavík, 27.11.1990

FUNDARGERÐ

Óformlegur fundur nefndar, sem heilbrigðisráðherra hefur skipað til að kanna tillögur um stofnun hlutafélags er annist innflutning og dreifingu á lyfjum hér á landi, var haldinn þriðjudaginn 27. nóvember, í fundarsal heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins kl.16:00.

Fundinn sátu Almar Grímsson, Bolli Héðinsson, Einar Magnússon, Haukur Ingibergsson, Jón Björnsson og Kristján Linnet. Gestir voru Freyja Frisbæk og Guðrún Eyjólsdóttir

Freyja gerði grein fyrir þeim hættum sem geta stafað af samhliða innflutningi lyfja (paralell import). Guðrún gerði grein fyrir lyfjaverði hér á landi og lagði fram frumathugun á verðsamanburði milli Íslands og Svíþjóðar.

Á fundinum lagði Bolli fram tillögu að útfærslu á 5 lið þeirrar tillögu sem samþykkt var s.l. laugardag.

Ákveðið var að hafa næsta fund fimmtudaginn 29,11. Kl: 16:30 í fundarsal Heilbrigðis-og tryggingamálaráðuneytisins.

Reykjavík, 29.11.1990

7. FUNDARGERÐ

Sjöundi fundur nefndar, sem heilbrigðisráðherra hefur skipað til að kanna tillögur um stofnun hlutafélags er annist innflutning og dreifingu á lyfjum hér á landi, var haldinn fimmtudaginn 29. nóvember, í fundarsal heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins kl.16:30.

Fundinn sátu Almar Grímsson, Bjarni Bjarnason, Bolli Héðinsson, Einar Magnússon,Guðjón Magnússon, Haukur Ingibergsson, Jón Björnsson og Kristján Linnet.

Á óformlegum fundi, sem haldinn var þriðjudaginn 27.11. lagði Bolli fram tillögu um svohljóðandi nánari útfærslu á punkt 5 í tillögunum frá 24.11.:

"Hver sá sem uppfyllir almenn skilyrði til að stofna til atvinnurekstrar (óflekkað mannorð, tryggingar o.sv.fr.) getur fengið úthlutað lyfsöluleyfi.
Heimilt verði að úthluta lyfsöluleyfi til stofnunar eða fyrirtækja, þó þannig að einn nafngreindur einstaklingur skuli bera ábyrgð á viðkomandi lyfsölu.
Heilbrigðisráðherra er heimilt að takmarka fjölda lyfsöluleyfa í sveitarfélögum með færri en 5 þúsund íbúa.
Lyfjamálastjóri starfræki virkt lyfjabúðaeftirlit.
Heilbrigðisráðherra er heimilt að skilyrða lyfsöluleyfin því að þau hlíti reglum er hann kann að setja um opnunartíma og þátttöku í samstarfi um kvöld og helgidagaopnun. Einnig um lágmarksbirgðir skráðra lyfja í einstökum lyfjabúðum.

Í reglugerð skal kveða skýrt á um búnað og störf lyfjabúða, þ.á.m.:
Menntun starfsfólks og kröfur um fjölda lyfjafræðinga og lyfjatækna.
Lyfjabúðir skulu reknar sem sérstakar verslanir með sjálfstæðu reikningshaldi og fjárhag. Heimilt verði að veita leyfi til að reka lyfjabúð inni í annari verslun eða á stofnun, en skal hún þá rækilega aðgreind frá annari starfsemi með eigin afgreiðslu (og peningamóttöku) og greinilega merkt "Apótek" eða "Lyfjabúð".
Öll sala eða afhending lyfja, lyfseðilsskyldra sem og annara, skal fara fram yfir búðarborð. Engin sjálfsafgreiðsla verði leyfð."

Ákveðið var að fresta umræðum um þessa tillögu, þar til síðar.

Á fundinum voru lagðar fram tillögur að uppbyggingu upplýsingakerfis fyrir embætti lyfjamálastjóra (sbr. punkt 1 í tillögum frá 24.11.). Þessar tillögur verða ræddar nánar á næsta fundi (laugardaginn 1.desember n.k.).

Bjarni Bjarnason bar fram tillögu um að Verðlagsstjóri yrði beðinn álits á punkt 4 í tillögunum frá 24.11.

Jón Björnsson lagði fram tvær svohljóðandi tillögur:

1. "Til að tryggja minnstu apótekunum viðunandi afkomu verður sú fjárhæð, sem til fellur vegna afsláttar, sem stærstu apótekunum er gert að veita Tryggingastofnun, notuð til að tryggja minnstu apótekunum lágmarkstekjur af lyfjasölu.

Greinargerð.

Stærstu apótekunum er gert að veita Tryggingastofnun ríkisins afslátt af viðskiptum við stofnunina umfram kr. 30 milljónir á ári. Á sama hátt ætti að tryggja að þau apótek sem ekki ná 30 m.kr. viðskiptum verði tryggðar tekjur sem slík velta gefur af sér. Með bættri afkomu minnstu apótekanna, sem fram kæmi við stækkun lyfsöluumdæma og með því að öll lyfjasala fari í gegnum apótek, myndi þeim apótekum fækka, sem ekki næðu þessari ársveltu."

2. "Á fundi nefndarinnar þriðjudaginn 27.nóvember s.l. lagði Guðrún Eyjólfsdóttir, starfsmaður lyfjaverðlagsnefndar fram verðsamanburð á innkaupsverðum lyfja á Íslandi og í Svíþjóð. Kom fram í máli hennar að innkaupsverð lyfja hér væri ca. 12,5% hærra að meðaltali en í Svíþjóð og samkvæmt lauslegri athugun hennar væri innkaupsverð lyfja hér ca. 10% lægra en í Danmörku. Fer ég hér með fram á að hún verði fengin til að framkvæma ítarlegri athugun á mun á innkaupsverðum hér og í Danmörku."

Þá var nefndin sammála um að bóka að flýta bæri þeim athugunum á raunstærðum lyfjamarkaðarins og þeim verðsamanburðum sem verið væri að vinna að.

Næsta fund var ákveðið að halda, laugardaginn 1. desember kl. 10:00 í Borgartúni 6, og ræða þá aðallega um punkt 1 og punkt 2 í tillögunum frá 24.11.

Reykjavík, 01.12.1990

8. FUNDARGERÐ

Áttundi fundur nefndar, sem heilbrigðisráðherra hefur skipað til að kanna tillögur um stofnun hlutafélags er annist innflutning og dreifingu á lyfjum hér á landi, var haldinn laugardaginn 1. desember, í Borgartúni 6.

Fundinn sátu Ágúst Þór Jónsson, Bjarni Bjarnason, Bolli Héðinsson, Einar Magnússon,Guðjón Magnússon, Haukur Ingibergsson, Jón Björnsson og Kristján Linnet.

Á fundinum gerði Ágúst grein fyrir hugmyndum að samræmdu upplýsingakerfi, sem lagðar voru fram á 7. fundi nefndarinnar. Kerfinu er ætlað tvíþætt hlutverk, annars vegar að halda utan um hagrænar upplýsingar, hins vegar faglegar. Ágúst kvað hér vera á ferðinni samvinnuverkefni allra þeirra aðila sem að lyfjadreifingunni stæðu og væri mikilvægast að byrja á því að gera vandaða kröfugreiningu. Til að byrja þá kröfugreiningu bað Ágúst nefndarmenn að meta fyrir næsta fund, útfrá sínu sjónarmiði hvaða galla þeir sæju, hvað svona kerfi þyrfti og hvað ekki.

Umræður urðu á fundinum um upplýsingastreymi frá nefndinni og var af því tilefni samþykkt að bóka að engar tillögur sem lagðar væru fram í nefndinni yrðu lagðar fram annars staðar eða kynntar nema það væri tilkynnt áður innan nefndarinnar, og einnig að óheimilt væri að afhenda ljósrit af gögnum.

Þá var tekinn fyrir annar liðurinn í samþykkt nefndarinnar frá 24.11. og kynnti Guðjón skipurit yfir embætti lyfjamálastjóra, tengsl þess við ráðherra og undirdeildir. Einnig kynnti hann skipurit fyrir lyfjamálaráð, sem væri hugsað ráðherra og lyfjamálastjóra til ráðuneytis.

Ákveðið var að halda næsta fund föstudaginn 7. desember kl: 8.30 í Borgartúni 6.

Reykjavík, 07.12.1990

9. FUNDARGERÐ

Níundi fundur nefndar, sem heilbrigðisráðherra hefur skipað til að kanna tillögur um stofnun hlutafélags er annist innflutning og dreifingu á lyfjum hér á landi, var haldinn föstudaginn, 7. desember kl.: 8:30, í Borgartúni 6.

Fundinn sátu: Almar Grímsson, Ágúst Þór Jónsson, Bjarni Bjarnason, Bolli Héðinsson, Einar Magnússon, Guðjón Magnússon, Haukur Ingibergsson, Jón Björnsson og Kristján Linnet.

Lagt var fram og tekið til umræðu skipurit yfir lyfjamálaráð og embætti lyfjamálastjóra. Fram komu athugasemdir um að hagsmunaaðilar ættu að hafa aðgang að lyfjamálaráði og að lögð yrði áhersla á faglegt sjálfstæði eftirlitsdeildarinnar gagnvart öðrum deildum embættis lyfjamálastjóra.

Þá gerði Ágúst grein fyrir tveimur mismunandi útfærslum fyrir innkaupa- og dreifingarfyrirtæki skv. punkt 4 í samþykktinni frá 24.11.

Umræðum verður fram haldið á næsta fundi nefndarinnar laugardaginn 8. desember kl. 8:30 í Borgartúni 6.

Reykjavík, 08.12.1990

10. F U N D A R G E R Ð

Tíundi fundur nefndar, sem heilbrigðisráðherra hefur skipað til að kanna tillögur um stofnun hlutafélags er annist innflutning og dreifingu á lyfjum hér á landi, var haldinn laugardaginn 8. desember kl. 8:30, í Borgartúni 6.

Fundinn sátu Almar Grímsson, Ágúst Þór Jónsson, Bjarni Bjarnason, Bolli Héðinsson, Einar Magnússon,Guðjón Magnússon, Haukur Ingibergsson, Jón Björnsson og Kristján Linnet.

Umræða var aðallega um punkt 2, 4 og 5 í samþykktinni frá 24.11. en einnig nokkur um verðsamanburð við önnur Norðurlönd, svo sem oft áður á fundum nefndarinnar.

Lagt var fram nýtt skipurit um lyfjamálaráð, þar sem tekið er tillit til þeirra athugasemda, sem fram komu á 9. fundi nefndarinnar, um að hagsmunaaðilar ættu að hafa aðgang að ráðinu. Fram komu athugasemdir um að Læknafélag Íslands og Samtök heilbrigðisstétta þyrftu einnig ásamt öðrum hagsmunaaðilum að hafa aðgang að ráðinu.

Við umræðu um punkt 4 lagði Guðjón fram svohljóðandi tillögu:

"Stofnað verði hlutafélag um innflutning lyfja. Hlutafé verði boðið eftirtöldum aðilum: lyfsölum (Apótekarafélagi Íslands), sjúkrahúsum, ríkissjóði og fjórðungur verði seldur lífeyrissjóðum, lyfjainnflytjendum, félagasamtökum og öðrum þeim aðilum er tengjast heilbrigðismálum.
Tilgangurinn með stofnun félagsins er að kaupa lyf frá framleiðendum, innlendum og erlendum. Félagið semur um verð, afhendingu, birgðahald og dreifingu til þeirra aðila sem afhenda lyf til neytenda. Hlutafélaginu verði falin gagnasöfnun og úrvinnsla á öllum lyfjainnflutningi til Íslands. Dreifingaraðilum er heimilt að kaupa lyf beint frá framleiðanda sé verð á einingu lægra en það sem áðurnefnt hlutafélag getur boðið enda fari kaupin fram í gegnum hlutafélagið, ef um er að ræða lyf, sem ríkissjóður greiðir að hluta eða öllu leiti. Stjórnvöld skrá lyf og ákveði (eftir sem áður) hvaða lyf verði á markaði."

Samþykkt var að senda senda þessa tillögu ásamt punkt 4 í samþykktinni frá 24.11. til Verðlagsstjóra og biðja hann álits, (sbr. bókun Bjarna Bjarnasonar á 7. fundi nefndarinnar).

Við umræðu um punkt 5 lagði Guðjón fram svohljóðandi tillögu:

"Álagning á lyf í smásölu verði breytt þannig að í stað hlutfallslegrar álagningar komi þóknun.
Þóknunin verði að hluta til fast afgreiðslugjald og að hluta stiglækkandi álagning. Ákvörðun þóknunar verði samningsatriði milli Tryggingastofnunar ríkisins og Apótekarafélags Íslands með svipuðum hætti og ákvörðun þóknunar til annara heilbrigðisstétta, sem fá greiðslur frá T.R. fyrir þjónustu sína."

Næsti fundur var ákveðinn í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 11. desember kl. 16:00.

Reykjavík, 11.12.1990

11. F U N D A R G E R Ð

Ellefti fundur nefndar, sem heilbrigðisráðherra hefur skipað til að kanna tillögur um stofnun hlutafélags er annist innflutning og dreifingu á lyfjum hér á landi, var haldinn þriðjudaginn, 11. desember kl. 16:00 í fundarsal Heilbigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Fundinn sátu Almar Grímsson, Bjarni Bjarnason, Bolli Héðinsson, Einar Magnússon,Guðjón Magnússon, Haukur Ingibergsson, Jón Björnsson og Kristján Linnet.

Umræða var aðallega um punkt 4 og 5 í samþykktinni frá 24.11.

Lagt var fram nýtt skipurit um lyfjamálaráð, þar sem tekið er tillit til þeirra athugasemda, sem fram komu á 10. fundi nefndarinnar, um að Læknafélag Íslands og Samtök heilbrigðisstétta þyrftu einnig ásamt öðrum hagsmunaaðilum að hafa aðgang að ráðinu.

Teknar voru til umræðu tillögur Guðjóns frá 10. fundi nefndarinnar.

Lögð var til breytingartillaga um orðalag fyrri tillögunnar, sem hljóðar þá þannig:

"Stofnað verði hlutafélag um innflutning lyfja. Hlutafé verði boðið eftirtöldum aðilum: lyfsölum, sjúkrahúsum, ríkissjóði og fjórðungur verði seldur lífeyrissjóðum, lyfjainnflytjendum, félagasamtökum og öðrum þeim aðilum er tengjast heilbrigðismálum.
Tilgangurinn með stofnun félagsins er að kaupa lyf frá innlendum og erlendum aðilum. Félagið semur um verð, afhendingu, birgðahald og dreifingu til þeirra aðila sem afhenda lyf til neytenda. Hlutafélaginu verði falin gagnasöfnun og úrvinnsla á öllum lyfjainnflutningi til Íslands. Dreifingaraðilum er heimilt að kaupa lyf beint frá framleiðanda sé verð á einingu lægra en það sem áðurnefnt hlutafélag getur boðið enda fari kaupin fram í gegnum hlutafélagið, ef um er að ræða lyf, sem ríkissjóður greiðir að hluta eða öllu leiti. Stjórnvöld skrá lyf og ákveði (eftir sem áður) hvaða lyf verði á markaði."

Næsti fundur var ákveðinn í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 13. desember kl. 09:00 og verða þá tillögur Guðjóns teknar til afgreiðslu.

Reykjavík, 13.12.1990

12. F U N D A R G E R Ð

Tólfti fundur nefndar, sem heilbrigðisráðherra hefur skipað til að kanna tillögur um stofnun hlutafélags er annist innflutning og dreifingu á lyfjum hér á landi, var haldinn fimmtudaginn, 13. desember kl. 09:00 í fundarsal heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Fundinn sátu Almar Grímsson, Bjarni Bjarnason, Bolli Héðinsson, Einar Magnússon,Guðjón Magnússon, Haukur Ingibergsson, Jón Björnsson og Kristján Linnet.

Umræður urðu um stofnun hlutafélags og þóknun til apóteka sbr. tillögur Guðjóns frá 10. og 11. fundi.

Tvær tillögur voru lagðar fram á fundinum. Sú fyrri frá Bjarna Bjarnasyni og er hún svohljóðandi:

"Fulltrúi lyfjavöruhóps FÍS gerir kröfu til þess, að hvert það kerfi, sem koma á í staðinn fyrir lyfjaheildverslunina eins og hún er nú, leiði sannanlega til lægra innkaupsverðs og dreifingarkostnaðar á lyfjum og hagkvæmari dreifingar frá öllum hliðum séð. Útreikningar og rökstuðningur fylgji slíkum tillögum. Ennfremur, að öryggi í gæðum og birgðahaldi verði tryggt sbr. meðal annars 37. gr. lyfjadreifingarlaga. Meðan engin slík áætlun hefur komið fram, verði heildverslun og innflutningur lyfja með sama hætti og nú er.
Sama kraf er gerð til tillagna 1-3 að því er varðar kostnað og mannahald, þ.e. að sýnt sé fram á að ekki megi ná sama árangri með eðlilegri hagræðingu í núverandi kerfi."

Hin tillagan var frá Jóni Björnssyni og er svohljóðandi:

"Tillaga mín er að nefndin gangi frá viljayfirlýsingu um þá hluti, sem hún hefur orðið sammála um en láti annað kyrrt liggja í ljósi þeirra breytinga sem hafa fram komið til lækkunar lyfjakostnaðar á árinu, einkum frá 1. okt. s.l. þegar stiglækkandi álagning tók gildi. Ljóst má vera að svo skammur tími er liðin að hann veitir ekki rétta mynd af þeim áhrifum sem þessar breytingar hafa á lyfjamarkaðinn. Að mínu áliti er nefndin sammála um eftirfarandi atriði:

1. Að komið verði upp samræmdri upplýsingaöflun um lyfjamarkaðinn. Það verði gert með samkomulagi við T.R., A.Í. og lyfjavöruhóp FÍS um að aðilar skili reglulega umsömdum upplýsingum til frekari úrvinnslu hjá deildarstjóra lyfjamáladeildar.

2. Embætti deildarstjóra lyfjamáladeildar (lyfjamálastjóri) verði elft, þannig að hann verði betur í stakk búinn til þess að sinna auknum verkefnum.

3. Að efla eftirmenntun og fræðslu til almennings um lyfjamál.

4. Efla beri eftirlit með innkaupsverðum (GIP-verðum) erlendra lyfja, þannig að skipulega sé fylgst með að innkaupsverð til Íslands séu sambærileg við verð til landa sem eðlilegt er að við miðum okkur við en reikna má með að meira samræmi komist á þau verð fram til áramótana 1992/93.
   Auk þess má benda á lagaheimildir Lyfjaverslunar ríkisins til innflutnings og þar með möguleika til að leita tilboða og gera hagstæð innkaup án mikils tilkostnaðar.

5. Rekstrargrundvöll minni apóteka þarf að treysta með stækkun umdæma samfara því að öll lyfjadreifing fari í gegnum apótekin og lyfjasölur lækna verði lagðar niður og dýralyfjasalan fari fram innan veggja apóteka".

Áætlað er að nefndin skili greinargerð á næsta fundi, sem verður laugardaginn 15. desember kl. 8:30 í Borgartúni 6.

Reykjavík, 15.12.1990

13. F U N D A R G E R Ð

Þrettándi fundur nefndar, sem heilbrigðisráðherra hefur skipað til að kanna tillögur um stofnun hlutafélags er annist innflutning og dreifingu á lyfjum hér á landi, var haldinn laugardaginn, 15. desember kl. 08:30 í Borgartúni 6.

Fundinn sátu Almar Grímsson, Bjarni Bjarnason, Bolli Héðinsson, Einar Magnússon,Guðjón Magnússon, Haukur Ingibergsson, Jón Björnsson og Kristján Linnet.

Farið var yfir drög að skýrslu nefndarinnar til heilbrigðisráðherra og gerð á þeim nokkrar lagfæringar.

Næsti og síðasti fundur verður haldinn 16. desember kl. 13:00 í Borgartúni 6 og verður þá skýrsla nefndarinnar til afgreiðslu.

Reykjavík, 16.12.1990

14. FUNDARGERÐ

Fjórtándi og síðasti fundur nefndar, sem heilbrigðisráðherra hefur skipað til að kanna tillögur um stofnun hlutafélags er annist innflutning og dreifingu á lyfjum hér á landi, var haldinn sunnudaginn, 16. desember kl. 13:0 í Borgartúni 6.

Fundinn sátu Almar Grímsson, Bjarni Bjarnason, Bolli Héðinsson, Einar Magnússon,Guðjón Magnússon, Haukur Ingibergsson, Jón Björnsson og Kristján Linnet.

Farið var yfir drög að skýrslu nefndarinnar til heilbrigðisráðherra og gerð á þeim nokkrar orðalagsbreytingar.

Þegar til samþykktar og undirritunar kom voru gerðar eftirfarandi bókanir:

Jón Björnsson:
Ég undirritaður, Jón Björnsson, formaður Apótekarafélags Íslands, get ekki samþykkt skýrslu þá er hér liggur frammi, þar sem hún gefur ekki rétta mynd af störfum nefndarinnar og þeim umræðum sem þar fóru fram.
Nefndin hefur einnig ekki lokið umfjöllun um þau málefni, sem henni voru falin samkvæmt skipunarbréfi hennar.
Ég treysti mér ekki til að bera ábirgð á því að færa sjálfstætt vald faglegrar nefndar (lyfjaverðlagsnefndar) í lyfjadreifingunni undir pólitískt vald.
Það blasir við, ef slíkar breytingar ná fram að ganga, að heilbrigðisráðherra getur tekið afdrifaríkar skyndiákvarðanir og knúið þær í gegn, án tillits til faglegra sjónarmiða.
Jafnframt styð ég eindregið tillögu Bjarna Bjarnasonar, sem sett var fram á 12. fundi nefndarinnar og vísa jafnframt í tillögur mínar sem lagðar voru fram á sama fundi.
Ég áskil mér hér með rétt til að skila séráliti innan skamms tíma.

Guðjón Magnússon
Ég lýsi furðu minni og harma að Jón Björnsson formaður Apótekarafélags Íslands kjósi að skýra frá því í fyrsta sinn á síðasta fundi nefndarinnar 16.12. að hann treystir sér ekki til að standa að því nefndaráliti sem hann hefur sjálfur tekið þátt í að semja og byggt er á tillögu frá undirrituðum er samþykkt var samhljóða á fundi 24.11. s.l., auk þess sem Jón ítrekar í tillögu sinni á fundi nefndarinnar 13.12. s.l. stuðning sinn við öll meginatriði í skýrslu nefndarinnar.

Almar Grímsson:

Ég undirritaður Almar Grímsson tel að nefndinni hafi ekki gefist ráðrúm, til að fjalla um kosti og galla núverandi fyrirkomulags um lyfjamál. Ég er ekki sannfærður um að stjórntækjum heilbrigðisyfirvalda í lyfjamálum sé í nokkru ábótavant. Ég fellst hins vegar á að mjög skorti á samhæfingu í opinberri stjórnun þessa málaflokks.

Ekki hafa komið fram haldbær rök um að leysa lyfjaverðlagsnefnd af hólmi, enda hafa opinberir aðilar (þ.m.t. Tryggingastofnun ríkisins) meirihluta í nefndinni og öllum ágreiningsatriðum vísað til úrskurðar ráðherra.

Ég tek undir öll meginatriði fyrirliggjandi skýrslu sem lúta að samræmdu tölvu- og upplýsingakerfi, yfirstjórn lyfjamála (þó með framangreindum fyrirvara um lyfjaverðlagsnefnd) og eflingu á fræðslu í lyfjamálum.

Ég tel það grundvallaratriði að rekstrargrundvöllur minni apóteka á landsbyggðinni sé tryggður bæði með því að stækka umdæmin og tryggja að öll lyfjadreifing þ.m.t. dýralyfjasala fari fram á vegum apóteka.

Þá tek ég undir þau sjónarmið að aukin áhersla verði lögð á fasta þóknun og álagningarhlutfall vegi minna í lyfjaverði.

Af framansögðu set ég fyrirvara með undirritun skýrslu nefndarinnar dags. 16. 12. 1990.

Haukur Ingibergsson:

Tek undir bókun Guðjóns Mgnússonar formanns nefndarinnar.

Kristján Linnet:

Ég tel að skýrslan gefi raunhæfa mynd af starfi nefndarinnar og umræðum innan hennar en tel þó að hún bindi ekki hendur Stéttarfélags íslenskra lyfjafræðinga.

Bolli Héðinsson:

Ég vísa til tillögu minnar sem lögð var fram á 7. fundi nefndarinnar þann 29.11.1990 er skýrir best afstöðu mína til þeirra mála sem fjallað hefur verið um í nefndinni.

Sérálit fulltrúa lyfjavöruhóps F.Í.S. í nefnd um skipulag lyfjamála.

1. Nefndin hefur ekki lagt mat á hagkvæmni þess sem skipunarbréf heilbrigðisráðherra tiltekur frá 15/10/1990, þ.e. að leggja mat á hagkvæmni við stofnun félags eða félaga um innflutning og dreifingu lyfja.

2. Undirritaður sat ekki þann fund þar sem samþykktar voru tillögur þær um breytingu núverandi fyrirkomulags lyfjamála,

sem skýrslan fjallar um, og samþykkti þar með ekki þessar tillögur.

3. Samþykkt var á nefndarfundi að leita álits verðlagsstjóra á tillögu 4 um innflutning og heildsöludreifingu. Álit hans liggur ekki fyrir.

4. Lýst er andstöðu við þá hugmynd sem fram kemur í tillögu 4 um stofnun félags sem annist kaup og dreifingu á öllum lyfjum sem ríkið greiðir að hluta eða öllu leyti, meðan ekki liggja fyrir útreikningar og rökstuðningur sem sýna fram á lækkun lyfjakostnaðar, sbr. tillögu mína, sem lögð var fram 13/12/1990.

Undir ofangreint sérálit skrifar Bjarni Bjarnason.

Fimm af sjö nefndarmönnum skrifuðu undir skýrslu nefndarinnar til heilbrigðisráðherra og lauk þar með störfum nefndarinnar.

HEILBRIGÐIS - OG
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ -
REYKJAVÍK

Skrifstofustjóri
Guðjón Magnússon
Stórási 11
210 GARÐABÆ

TILV. RÁÐUNEYTIS DAGS.

7 0 1 GM/ihþ 15.10.1990

Þér eruð hér með skipaður formaður nefndar er kanni tillögur um stofnun hlutfélags er annist innflutning og dreifingu á lyfjum hér á landi.

Hlutverk nefndarinnar er nánar sem hér segir:

1. að leggja mat á hagkvæmni þess að allur innflutningur sé falinn hlutafélagi,

2. að leggja mat á hagkvæmni þess að öll lyfjadreifing sé falin hlutafélagi,

3. að á grundvelli þeirra niðurstaðna, sem nefndin kemst að varðandi töluliðina 1 og 2, að gera tillögur um:

   a) stofnun hlutafélags
   b) eignaraðild og rekstur
   c) laga- og reglugerðarbreytingar
   d) kostnað og fjármögnun

Aðrir í nefndinni eru:

Jón Björnsson apótekari, Haukur Ingibergsson deildarstjóri, Kristján Linnet lyfjafræðingur, Bjarni Bjarnason forstjóri, Almar Grímsson apótekari og Bolli Héðinsson formaður Tryggingaráðs.

Starfsmaður nefndarinnar er Einar Magnússon lyfjafræðingur.

Fer ég þess á leit að nefndin hraði störfum sínum eins og frekast er unnt.

Ingibjörg R. Magnúsdóttir

Póstáritun: LAUGAVEGUR 116 150 REYKJAVÍK
Sími: (91) 609700 (91) 609000
Telefax: (91) 19165
Telex: 2225 2050 Extern Is
Nafnnr.: 3867-9406
Kennitala 600169-6109

14/12/90/GSE/LER.

Samanburður á verði sérlyfja á Íslandi og í Svíþjóð.

Hér á eftir er gerður samanburður á innkaupsverði til landsins og grossist inköpspris (GIP) í Svíþjóð, samanburður á verði til apóteka hér, heildsöluverði (HSV) og verði til sænskra apóteka, apoteks inköpspris (AIP) og á smásöluverði hér á landi og í Svíþjóð.

Eðlilegast er vegna uppbyggingar á verði lyfja hér og í nágrannalöndunum að gera verðsamanburð á grundvelli GIP-verða, en GIP-verð er samsvarandi innkaupsverði fob (IKV) til Íslands. Vegna tilhneigingar til að nota AIP-samanburð og vegna talna sem nefndar hafa verið í því sambandi hefur Lyfjaeftirlitið gert samanburð bæði á grundvelli innkaupsverðs til apóteka, þ.e. AIP vs. heildsöluverð (HSV), og á grundvelli innkaupsverðs til landsins og GIP-verðs í Svíþjóð.

Grunnur:
Hér á landi eru skráð (pr. 1.10.1990) 3007 norræn vörunúmer, þ.e. 3007 lyf og pakkningar. Af þessum 3007 eru 1140 einnig skráð í Svíþjóð. Norræn vörunúmer á Íslandi hafa ekki alltaf samsvörun í Svíþjóð, en þegar eftirtalin atriði varðandi lyf eru eins í báðum löndunum eru lyfin lögð að jöfnu: Framleiðandi, virkt innihaldsefni, lyfjaform, styrkur og pakkningarstærð. Norræn vörunúmer geta verið mismunandi milli landanna m.a. þegar heiti lyfs er örlítið frábrugðið, lyfið er í skráð í glasi hér, en þynnupakkningu í Svíþjóð, o.s.frv.

Sænsk smásöluverð - apoteks utsalgspris - AUP er bakreiknað í AIP-verð og áfram í GIP-verð samkvæmt þeim reglum sem gilda um verðlagningu sérlyfja í Svíþjóð, sbr. Specialitetsprislistan. Þessi reiknuðu verð eru síðan lögð til grundvallar við smanburðinn.

Heildsöluverðmæti þessara 1140 vörunúmera er 246.856 þús.kr., eða um 43% af heildarlyfjasölunni miðað við sölu á 2. ársfjórðungi 1990, skv. IDM.
Verðsamanburðurinn gefur niðurstöður sem byggja á vægi einstakra lyfja í heildarlyfjasölunni í landinu, þ.e. raunverulegan verðmun á skilgreindum lyfja"pakka".

1: Verðsamanburður á verði lyfja til apóteka, þ.e. heildsöluverð á íslandi vs. AIP-verð í Svíþjóð.

Niðurstaða: Heildsöluverð til íslenskra apóteka er 33% hærra en heildsöluverð til apóteka í Svíþjóð.

Hjálagt er listi (listi A) yfir niðurstöður samanburðarins. Þar sést að verðmunur á einstökum lyfjum dreifist frá því að vera 370% hærra HSV í að vera 47% lægra HSV hér samanborið við AIP-verð í Svíþjóð. Þannig er verð 136 lyfja/pakkninga lægra en í Svíþjóð, verð 525 á bilinu 0-30% hærra, 240 á bilinu 30-60% hærra og afgangurinn (239 lyf/pakkningar) meira en 60% hærra.

Skýringar við einstaka dálka lista A:
Fyrstu 4 dálkarnir skýra sig sjálfir.

5. dálkur:	MAGN:	T.d. fjöldi taflna í pakkningu.
6. dálkur:	FJ PKN:	Fjöldi pakkninga af lyfinu seldar á 2. ársfj. 1990.
7. dálkur:	HSV:	Heildsöluverð á íslandi 1.10.1990.
8. dálkur:	HSVSEK:	Heildsöluverð á íslandi umreiknað í sænskar krónur (gengiskráning 224/1990).
9. dálkur:	AUPR:	Smásöluverð í Svíþjóð pr. 1.11.1990.
10. dálkur:	AIPR:	Reiknað AIP í Svíþjóð (apoteks inköpspris).
11. dálkur:	MUNUR %:	Munur í % á verði til íslenskra vs. sænskra apóteka, $((HSVSEK_{IS}/AIPR_{SÞ})-1)*100$.

2: Verðsamanburður á verði lyfja til heildsala/grossista, þ.e. innkaupsverð fob til Íslands vs. GIP-verð í Svíþjóð.

Niðurstaða: Innkaupsverð fob til landsins er 11% hærra en reiknað GIP-verð í Svíþjóð.

Hjálagt er listi (listi B) yfir niðurstöður samanburðarins. Þar sést að verðmunur á einstökum lyfjum dreifist frá því að vera 296% hærra innkaupsverð í að vera 55% lægra IKV hér samanborið við Svíþjóð. Þannig er verð 374 lyfja/pakkninga lægra en í Svíþjóð, verð 304 á bilinu 0-10% hærra, 320 á bilinu 10-50% hærra og afgangurinn (142 lyf/pakkningar) meira en 50% hærra.

Skýringar við einstaka dálka lista B:

Dálkur 1-6 sjá skýringar vegna lista A hér að framan.

7. dálkur:	VERD-SEK:	Skráð erlent innkaupsverð umreiknað í sænskar krónur.
8. dálkur:	AUPR:	Smásöluverð í Svíþjóð pr. 1.11.1990.
9. dálkur:	AIPR:	Reiknað AIP í Svíþjóð.
10. dálkur:	GIP:	Reiknað grossist inköpspris í Svíþjóð.
11. dálkur:	MUNUR %:	Munur í % á innkaupsverði til Íslands vs. grossist inköpspris í Svíþjóð, $((IKVSEK_{IS}/GIPR_{SÞ})-1)*100$.

3: Samanburður á verði "pakkans" út úr íslenskum vs. sænskum apótekum.

Smásöluverðmæti pakkans í íslenskum krónum miðað við útsöluverð 1. október s.l. er 474.471 þús.kr. m. vsk.
Án virðisaukaskatts er andvirði hans 381.101 þús. króna.
Pakkinn reiknaður á sænskum AUP-verðum myndi kosta 256.038 þús.króna.
Niðurstaða: Smásöluverð á Íslandi er 49% hærra en í Svíþjóð.

Seltjarnarnesi 14.12.1990/

Nd. 969. Frumvarp til laga [470. mál]

um lyfjadreifingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

I. KAFLI
Yfirstjórn.

1. gr.

1.1. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fer með yfirstjórn lyfjadreifingar samkvæmt lögum þessum. Lyfjastofnun ríkisins annast framkvæmd lyfjamála fyrir hönd ráðherra.

II. KAFLI
Um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi.

2. gr.

2.1. Lyfjabúðir og lyfjaútibú skulu vera í héruðum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur með hliðsjón af skiptingu landsins í læknishéruð í lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990.

3. gr.

3.1. Lyfsöluleyfi má veita einstaklingum og stofnunum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Ráðherra veitir einstaklingum lyfsöluleyfi og staðfestir ráðningu forstöðumanna lyfjabúða sem reknar eru af stofnunum.

3.2. Handhafa lyfsöluleyfis er skylt að hlíta ákvæðum laga og stjórnvaldsreglna um réttarstöðu hans og starfshætti svo sem þau eru á hverjum tíma.

3.3. Skylt er ráðherra að leggja þá kvöð á handhafa lyfsöluleyfis að hann reki lyfjaútibú og/eða lyfjaforða í héraði sínu. Enn fremur að hann annist faglegt eftirlit með lyfjabirgðum heilsugæslustöðva og annarra heilbrigðistofnana.

3.4. Umsóknir um lyfsöluleyfi skulu sendar ráðherra. Þær skulu lagðar fyrir nefnd sem skipuð er af ráðherra til fjögurra ár í senn þannig: Einn samkvæmt tilnefningu Lyfjafræðingafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Háskóla Íslands, auk lyfjamálastjóra, sem er formaður nefndarinnar. Varamenn félaganna eru skipaðir á sama hátt, en varamaður lyfjamálastjóra er skipaður af ráðherra án tilnefningar. Sæki nefndarmaður um lyfsöluleyfi tekur varamaður sæti hans í nefndinni.

3.5. Nefndin lætur ráðherra í té umsögn um faglega hæfni umsækjenda. Ráðherra skal aðeins veita þeim leyfi, sem nefndin telur hæfa.

3.6. Háskóli Íslands skal hafa frumkvæði að tímabundinni vistun stúdenta í Lyfjaverslun ríkisins, sjúkrahúsapótekum og öðrum lyfjabúðum og lyfjagerðum eftir því sem þörf krefur.

3.7. Ráðherra getur heimilað deildaskiptum sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum að annast afhendingu lyfja til almennings, sbr. 11. gr. lyfjalaga.

4. gr.

4.1. Skilyrði til að öðlast lyfsöluleyfi eða vera ráðinn forstöðumaður lyfjabúðar er að umsækjandi hafi starfsleyfi í samræmi við I. kafla laga um lyfjafræðinga, nr. 35/1978.

4.2. Samvinnufélög þau, er öðlast hafa leyfi til að reka lyfjabúð fyrir gildistöku laga þessara, halda leyfi sínu áfram. Háskóli Íslands hefur áfram eitt lyfsöluleyfi með sérstöku tilliti til kennslu og rannsókna í lyfjafræði lyfsala. Lyfsöluleyfi, sem Háskóli Íslands hefur þannig hlotið, verður ekki framselt. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um starfsemi háskólaapóteks að fengnum tillögum háskólaráðs. Fer um réttarstöðu forstöðumanna þeirra apóteka sem að ofan greinir á sama hátt og segir í 1. mgr. 3. gr.

4.3. Umsóknir um stöður forstöðumanna apóteka skulu lagðar fyrir nefnd þá sem um getur í 4. mgr. 3. gr. og staðfestir ráðherra ráðningu þeirra.

5. gr.

5.1. Starfandi læknir (tannlæknir, dýralæknir) má ekki vera eigandi eða starfsmaður lyfjabúðar, sbr. III. kafla.

5.2. Lyfsali og aðrir starfsmenn lyfjabúða mega ekki eiga aðild að rekstri læknastofa eða annarra heilbrigðisstofnana þar sem ávísun lyfja fer fram eða að öðru leyti hafa áhrif á lyfjaávísanir lækna til eigin fjárhagslegs ávinnings.

6. gr.

6.1. Lyfsöluleyfi einstaklings fellur niður ef leyfishafi:

1. tekur ekki við rekstri innan þess frests sem tiltekinn er í 10. gr.,
2. deyr eða fullnægir ekki lengur skilyrðum 4. gr.,
3. hættir að veita forstöðu lyfjabúð án þess að hafa gert ráðstafanir um rekstur hennar skv. 13. gr. eða getur ekki tekið við stjórn hennar á ný,
4. fær lyfsöluleyfi fyrir annarri lyfjabúð,
5. er sviptur leyfinu samkvæmt ákvæðum þessara eða annarra laga.

6.2. Lyfsöluleyfi fellur niður í lok þess árs sem leyfishafi verður sjötugur. Ef leyfishafi óskar getur ráðherra hvenær sem er fellt úr gildi lyfsöluleyfi hans.

III. KAFLI
Um rekstur lyfjabúða.

7. gr.

7.1. Lyfjabúð skal velja heiti sem Lyfjastofnun ríkisins samþykkir og auðkenna á áberandi hátt. Handhöfum lyfsöluleyfa er heimilt að nefna lyfjaverslanir sínar og þær einar lyfjabúðir eða apótek.

8. gr.

8.1. Lyfjabúðum er skylt að versla með lyf sem selja má hér á landi, enn fremur helstu gerðir lyfjagagna, hjúkrunar- og sjúkragagna.

8.2. Lyfjabúðir og aðrir þeir, sem afgreiða lyf, skulu hafa hæfilegar vörubirgðir miðað við ávísanir þeirra lækna, tannlækna og dýralækna sem starfa á viðkomandi svæði.

8.3. Lyfjastofnun ríkisins er heimilt að veita lyfjabúðum leyfi til verslunar með annan varning enda sé um skylda vöru að ræða.

9. gr.

9.1. Nú tekur lyfsali við rekstri annarrar lyfjabúðar eða fær lausn frá starfi og er hon-

um þá rétt og skylt að reka lyfjabúðina þar til hinn nýi leyfishafi tekur við, sbr. 10. gr., eða lyfjabúðin er lögð niður.

9.2. Nú deyr lyfsali og fer þá með réttindi og skyldur dánarbús til rekstrar lyfjabúðar sem hér segir:
   1. Ef erfingjar taka á sig ábyrgð á skuldum er búinu rétt og skylt að annast rekstur lyfjabúðarinnar í sex mánuði eftir lát lyfsala undir stjórn forstöðumanns, enda staðfestir ráðherra ráðningu hans. Hafi lyfsöluleyfinu ekki verið ráðstafað að þeim tíma loknum tekur Lyfjastofnun ríkisins við rekstrinum og annast hann þar til leyfið hefur verið veitt eða ráðstafað að nýju.
   2. Ef erfingjar taka ekki að sér ábyrgð á skuldum dánarbúsins eða sé það tekið til gjaldþrotaskipta annast Lyfjastofnun ríkisins rekstur lyfjabúðarinnar þar til leyfi til rekstrar hennar hefur verið veitt.

9.3. Þegar lyfsöluleyfi fellur niður vegna annarra orsaka ákveður Lyfjastofnun ríkisins hvernig haga skuli rekstri lyfjabúðarinnar.

10. gr.

10.1. Geta skal í auglýsingu um lyfsöluleyfi sem laust er til umsóknar hvenær verðandi lyfsali skuli hefja reksturinn. Sé um að ræða starfandi lyfsala fer um yfirtöku rekstursins samkvæmt samkomulagi við Lyfjastofnun ríkisins.

11. gr.

11.1. Ef lyfsali lætur af rekstri lyfjabúðar eða bú hans óskar þess og/eða aðrar ástæður mæla með því skal lyfsala þeim, er við tekur, skylt að kaupa vörubirgðir lyfjabúðarinnar, að svo miklu leyti sem þær eru nothæfar.

11.2. Ráðherra getur, ef fráfarandi lyfsali eða bú hans óskar þess, skyldað lyfsala þann, er við lyfjabúð tekur, til þess að kaupa húseign þá er lyfjabúðin er í, enda sé hún eingöngu ætluð til rekstrar lyfjabúðarinnar og íbúðar lyfsalans og viðunandi hæf til hvors tveggja. Þessarar kvaðar skal sérstaklega getið í auglýsingu um lyfsöluleyfi. Ef lyfjabúð flytur í heilsugæslustöð við lyfsalaskipti er Lyfjastofnun ríkisins heimilt að kaupa húseign þá er lyfjabúðin er í og búnað hennar þegar svo stendur á.

11.3. Vilji fráfarandi lyfsali eða bú hans ekki selja húsnæði lyfjabúðarinnar skal honum skylt að leigja það þeim er við tekur í allt að tvö ár. Ágreiningi um leigufjárhæð og leiguskilmála skal lokið með þeim hætti er segir í 5. mgr.

11.4. Ef fráfarandi lyfsali hefur haft húsnæði lyfjabúðarinnar á leigu gengur lyfsalinn, sem við tekur, inn í leigusamninginn allt að einu ári. Ef ekki næst samkomulag milli lyfsala þess sem við tekur eða Lyfjastofnunar ríkisins og hins fráfarandi eða bús hans um þau atriði sem um ræðir í þessari grein skal ágreiningurinn úrskurðaður af gerðardómi og er úrskurður hans fullnaðarúrskurður.

11.5. Ráðherra skipar þrjá menn í gerðardóm til fjögurra ára í senn og þrjá til vara. Skulu formaður og varaformaður fullnægja dómaraskilyrðum. Auk þess tilnefna málsaðilar sinn manninn hvor til setu í gerðardómi í hverju einstöku máli.

11.6. Gerðardómur ákveður hvernig kostnaði af hverju máli skuli skipt milli málsaðila.

11.7. Nýi leyfishafinn getur krafist þess að fá keyptan búnað og áhöld lyfjabúðarinnar sem teljast nauðsynleg til rekstrarins. Nýi leyfishafinn hefur forkaupsrétt að húsnæði lyfjabúðarinnar.

12. gr.

12.1. Lyfsali samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 4. gr. skal sjálfur annast forstöðu lyfjabúðar sinnar og bera ábyrgð á rekstri hennar, svo og undirstofnunum, sbr. VI. kafla.

12.2. Aðrir handhafar lyfsöluleyfis bera ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar og undirstofnana hennar samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 4. gr. Þeir skulu fela lyfjabúð sína í umsjá forstöðumanns sem einnig ber ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar og undirstofnana hennar.

12.3. Aðstoðarfólk lyfsala starfar að fullu á hans ábyrgð.

12.4. Samráð skal ávallt hafa við Lyfjastofnun ríkisins um setningu staðgengils lyfsala nema um yfirlyfjafræðing lyfjabúðarinnar sé að ræða.

IV. KAFLI
Starfsmenn lyfjabúða.

13. gr.

13.1. Lyfjastofnun ríkisins gefur út leiðbeiningar um hver skuli vera fjöldi starfsmanna í lyfjabúð, sundurliðað í menntunarstig.

14. gr.

14.1. Lyfjabúðum er skylt samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum Lyfjastofnunar ríkisins og viðkomandi skóla, að vista lyfjafræði- og lyfjatækninema til verklegs náms.

15. gr.

15.1. Starfsmenn lyfjabúða eru bundnir þagnarskyldu um alla vitneskju eða grun sem þeir í starfi sínu öðlast um sjúkdóma eða önnur einkamál, sbr. 12. gr. laga um lyfjafræðinga, nr. 35/1978.

15.2. Um vitnaskyldu framangreindra aðila fer eftir því sem segir í réttarfarslögum.

V. KAFLI
Um afgreiðslu lyfja.

16. gr.

16.1. Ráðherra setur, að fengnum tillögum Lyfjastofnunar ríkisins, reglugerð um búnað, fyrirkomulag og rekstur lyfjabúða og annarra lyfjaverslana, þar á meðal um þær bækur sem lyfsölum er skylt að halda.

17. gr.

17.1. Ráðherra mælir fyrir í reglugerð um tilhögun lyfjaafgreiðslu og meðferð og geymslu lyfja.

18. gr.

18.1. Með afgreiðslurétti á lyfjum og eiturefnum er átt við rétt til að bera ábyrgð á afgreiðslu lyfseðils og framkvæma lokaeftirlit með að rétt sé afgreitt samkvæmt lyfjaávísun eða eiturbeiðni. Slíkan rétt hafa lyfjafræðingar einir.

18.2. Ráðherra er heimilt að veita lyfjatækni takmarkaðan og staðbundinn afgreiðsluréttt úr lyfjaforða, enda sé einungis um staðlaðar pakkningar að ræða samkvæmt lista sem staðfestur er af Lyfjastofnun ríkisins eftir tillögu héraðslæknis og lyf-

sala. Ef lyfjatæknir er ekki fáanlegur til starfa í lyfjaforða er heimilt að veita staðbundinn afgreiðslurétt öðrum ábyrgum umboðsmanni sem lyfsali ræður til þess og skal Lyfjastofnun ríkisins tilkynnt um nafn og stöðu hans.

VI. KAFLI
Undirstofnanir lyfjabúða.

19. gr.

19.1. Innan umdæmis lyfjabúðar getur starfað lyfjaútibú, sbr. 2. gr., og stofna má lyfjaforða frá lyfjabúð samkvæmt meðmælum eða ósk hlutaðeigandi heilbrigðismálaráðs, lyfsala eða viðkomandi sveitarstjórnar, enda gerist þess þörf að dómi Lyfjastofnunar ríkisins.

20. gr.

20.1. Lyfjaútibú er útibú frá lyfjabúð og er starfrækt til þess að halda upp viðunandi lyfjaþjónustu þar sem ekki telst grundvöllur til að stofna lyfjabúð.
20.2. Lyfjaútibú skal bera heiti sem auðkennir það nafni viðkomandi lyfjabúðar.
20.3. Í lyfjaútibúi má ekki framleiða lyf.

21. gr.

21.1. Lyfseðlisskyld lyf skulu afgreidd úr lyfjaútibúi af lyfjafræðingi sem starfar á vegum viðkomandi lyfjabúðar. Aðra afgreiðslu og umsjón útibúsins í fjarveru lyfjafræðings annast lyfjatæknir eða annar ábyrgur starfsmaður sem lyfsali ræður til þess enda fáist ekki lyfjatæknir til starfa og skal Lyfjastofnun ríkisins tilkynnt um nafn og stöðu hans.

22. gr.

22.1. Þar sem langt eða erfitt er að komast til næstu lyfjabúðar eða lyfjaútibús má vera lyfjaforði frá lyfjabúð. Í lyfjaforða mega vera auk lausasölulyfja, sáraumbúða, hjúkrunar- og sjúkragagna einstök lyfseðilsskyld lyf sem nauðsynlegt er að geta gripið skjótt til.
22.2. Lyfjaforði skal vera í gæslu lyfjatæknis eða annars ábyrgs umboðsmanns sem lyfsali ræður til þess og skal Lyfjastofnun ríkisins tilkynnt um nafn og stöðu hans. Lyfjastofnun ríkisins getur mælt svo fyrir að lyfsala sé skylt að hafa lyfjaforða á ákveðnum stað eða í ákveðnu hverfi, sbr. 3. gr.

23. gr.

23.1. Ráðherra getur ákveðið, að fenginni umsögn lyfjamálaráðs, að lyfjaútibú skuli verða lyfjabúð og skal lyfsala viðkomandi lyfjabúðar tilkynnt sú ákvörðun með hæfilegum fyrirvara. Skal hann þá fá lyfsöluleyfi fyrir hinni nýju lyfjabúð ef hann óskar þess, enda segi hann um leið lausu leyfi sínu fyrir hinni eldri.

24. gr.

24.1. Á stöðum, þar sem ekki er lyfjabúð, lyfjaútibú eða lyfjaforði en læknir eða dýralæknir hefur aðsetur, getur ráðherra heimilað viðkomandi lækni eða dýralækni að annast afhendingu lyfja, sáraumbúða og annarra hjúkrunargagna gegn þóknun sem samið er um við Tryggingastofnun ríkisins og/eða nærliggjandi lyfjabúð. Slík heim-

ild er einungis veitt á ábyrgð lyfsala eða lyfjafræðings sem hefur eftirlit með slíkri lyfjasölu.

25. gr.

25.1. Nánari fyrirmæli um búnað, rekstur og fyrirkomulag lyfjaútibúa og lyfjaforða skulu sett í reglugerð.

VII. KAFLI
Innflutningur og heildsala lyfja.

26. gr.

26.1. Leyfi til innflutnings lyfja og til dreifingar í heildsölu hafa þau fyrirtæki ein sem til þess hafa hlotið leyfi Lyfjastofnunar ríkisins.

27. gr.

27.1. Til að fá starfsleyfi verður lyfjaheildsala, sbr. 1. mgr., að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:
1. Að henni veiti faglega forstöðu lyfjafræðingur sem hefur starfsleyfi hér á landi, sbr. I. kafla laga um lyfjafræðinga, nr. 35/1978.
2. Að vera þannig búin húsnæði, tækjum og starfsliði, að dómi Lyfjastofnunar ríkisins, að hún fullnægi kröfum um geymslu og meðferð lyfja.

27.2. Lyfjaheildsölum er óheimilt að rjúfa lyfjapakkningar. Óheimilt er að breyta áletrun á pakkningum lyfja, nema á ábyrgð framleiðanda og að fenginni umsögn Lyfjastofnunar ríkisins. Lyfjastofnun ríkisins fylgist með að slík breyting sé gerð á tryggilegan hátt.

27.3. Lyfjaheildsölum er óheimilt að selja lyf öðrum en þeim sem leyfi hafa til smásölu lyfja, svo og til notkunar á heilbrigðisstofnunum og þeim tilraunastofum sem leyfi hafa til tilrauna með lyf.

28. gr.

28.1. Framleiðanda skráðs sérlyfs eða umboðsmanni hans er skylt að hafa ávallt þær birgðir lyfsins á boðstólum sem hæfilegar teljast að mati Lyfjastofnunar ríkisins.

29. gr.

29.1. Ráðherra setur reglugerð þar sem nánar er kveðið á um húsnæði, búnað, rekstur og starfsemi fyrirtækja sem flytja inn og dreifa lyfjum í heildsölu að fengnum tillögum Lyfjastofnunar ríkisins.

VIII. KAFLI
Um Lyfjaverslun ríkisins.

30. gr.

30.1. Íslenska ríkið rekur lyfjaheildsölu og lyfjagerð sem sjálfstætt fyrirtæki undir nafninu Lyfjaverslun ríkisins. Ríkinu er heimilt að stofna hlutafélag um allan rekstur fyrirtækisins eða hluta hans.

30.2. Lyfjaverslun ríkisins er skylt að útvega hvers konar lyf, lyfjagögn, bóluefni, ónæmisefni og sjúkragögn fyrir sjúkrahús, dvalarheimili aldraða og aðrar heilbrigðisstofnanir.

30.3. Einungis Lyfjaverslun ríkisins er heimilt að flytja inn bóluefni og ónæmisefni.
30.4. Lyfjaverslun ríkisins annast framleiðslu lyfja og birgðahald Almannavarna.

31. gr.

31.1. Fjármálaráðherra skipar þriggja manna stjórn fyrir Lyfjaverslun ríkisins. Skal einn stjórnarmanna tilnefndur af Landsambandi sjúkrahúsa, annar tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, hinn þriðji er formaður skipaður án tilnefningar.

32. gr.

32.1. Fjármálaráðherra skipar forstjóra Lyfjaverslunar ríkisins. Skal hann vera lyfjafræðingur eða viðskiptafræðingur. Umsóknir um starf forstjóra skulu lagðar fyrir nefnd þá sem um getur í 3. gr. og stjórn Lyfjaverslunar ríkisins sem láta ráðherra í té umsögn um hæfni umsækjenda.

IX. KAFLI
Um lyfjaþjónustu á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum.

33. gr.

33.1. Á hverju sjúkrahúsi skal starfa lyfjafræðingur sem hefur umsjón með og ber ábyrgð á öflun lyfja og eftirliti með notkun þeirra innan sjúkrahússins.
33.2. Á öðrum heilbrigðisstofnunum ber lyfjafræðingur ábyrgð á öflun, geymslu og notkun lyfja innan stofnunarinnar.

34. gr.

34.1. Á deildaskiptum sjúkrahúsum starfa sérstök sjúkrahúsapótek sem hafa umsjón með og bera ábyrgð á öflun og varðveislu lyfja og eftirliti með notkun þeirra á einstökum deildum.
34.2. Forstöðumaður slíks sjúkrahúsapóteks er lyfjafræðingur og skal ráðinn af viðkomandi sjúkrahússtjórn, en umsóknir um slíkar stöður lagðar fyrir stöðunefnd, sbr. 4. mgr. 3. gr., og skal ráðning hans staðfest af ráðherra.

35. gr.

35.1. Ráðherra getur veitt heimild til þess að sjúkrahúsapótek annist dreifingu lyfja til sjúklinga sem ekki liggja á sjúkrahúsum. Í þeim tilfellum skal miða við minnstu lyfjapakkningar.
35.2. Ráðherra getur og veitt heimild til þess að stærri sérhæfð sjúkrahús fái sams konar heimild og kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar enda þótt þau séu ekki deildaskipt.
35.3. Um afgreiðslu lyfja frá sjúkrahúsi til sjúklinga utan sjúkrahúss samkvæmt heimild þessarar greinar fer eftir þeim almennu reglum sem gilda um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.

36. gr.

36.1. Á hverju sjúkrahúsi skal starfa þriggja til fimm manna lyfjanefnd sem er ráðgefandi um lyfjaval sjúkrahússins. Í slíkri lyfjanefnd skal vera a.m.k. einn starfandi lækna sjúkrahússins og einn lyfjafræðingur í þjónustu sjúkrahússins.

36.2. Að jafnaði skal þess gætt, þegar völ er á fleiri en einu jafngildu lyfi, að velja til notkunar á sjúkrahúsi þau lyf sem ódýrari eru.

37. gr.

37.1. Stjórn sjúkrahúss ber að sjá svo um að húsnæði og búnaður sjúkrahúsapóteks eða lyfjageymslu sjúkrahússins sé við hæfi og skal hlíta úrskurði Lyfjastofnunar ríkisins þar að lútandi samkvæmt ákvæðum um búnað og rekstur þeirrar starfsemi sem sett verða í reglugerð.

38. gr.

38.1. Sett skulu í reglugerð fyrirmæli um geymslu og meðferð lyfja í sjúkrahúsum, heilbrigðisstofnunum og enn fremur í lækningastofum og öðrum stofnunum þar sem lyf eru notuð til lækninga.

X. KAFLI
Eftirlit, málarekstur og refsing.

39. gr.

39.1. Eftirlit samkvæmt lögum þessum eða öðrum fyrirmælum er í höndum Lyfjastofnunar ríkisins.

40. gr.

40.1. Fyrir brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal refsa með sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Nú er brot ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið varðhald eða fangelsi allt að tveimur árum.

XI. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

41. gr.

41.1. Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara getur ráðherra sett með reglugerð.
41.2. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1991.
41.3. Með lögum þessum eru úr gildi lög um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þær reglugerðir, sem settar hafa verið samkvæmt lögum um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, með síðari breytingum, skulu halda gildi sínu þar til nýjar reglugerðir hafa öðlast gildi að svo miklu leyti sem þær stangast ekki á við lög þessi.
2. Lög þessi skulu endurskoðuð innan þriggja ára frá gildistöku m.a. með það að markmiði að fella þau inn í lyfjalög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í framhaldi af og í samræmi við frumvarp til lyfjalaga sem lagt var fyrir Alþingi nýlega. Hér er um að ræða endurskoðun á lögum nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, ásamt síðari breytingum, en nauðsynlegt er að breyta lögunum til samræmis við það frumvarp vegna breyttrar stefnu í málaflokknum. Auk þess eru gerðar lag-

færingar á lögunum, lögin stytt og tekin út óþarfa ákvæði sem hvorki hafa með efni laganna að gera né þá stefnubreytingu sem boðuð er í lyfjalagafrumvarpi. Í „nefndaráliti um lækkun lyfjakostnaðar“, sbr. rit heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins nr. 3/1989, er vikið að því að lög um lyfjadreifingu séu óþarflega stíf, t.d. hvað varðar mannafla í lyfjabúðum og að kröfur séu í mörgum tilfellum of miklar. Þá er mikið um endurtekningar og óþarfa undanþágur í lögunum, jafnvel um atriði sem best færi á að kveða á um í reglugerðum. Með þessu frumvarpi er því reynt að einfalda lögin um leið og einstaka greinar eru samræmdar þeirri megin stefnu um skipulagsbreytingar sem mörkuð er í frumvarpi til lyfjalaga og áður er nefnt. Tekin eru út ákvæðin um dýralyf, sbr. X. kafla gildandi laga, enda gert ráð fyrir sömu meðferð þeirra lyfja og annarra og aðild dýralækna eins og gildir um lækna gagnvart öðrum lyfjum.

Nýmæli í þessu frumvarpi eru þau sömu og getið er um í athugasemdum með frumvarpi til nýrra lyfjalaga og vísast til þess sem þar segir. Varðandi önnur nýmæli, sem lagafrumvarp þetta hefur að geyma, vísast til athugasemda við einstakar greinar hér á eftir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er samhljóða 1. gr. laga nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, að öðru leyti en því að Lyfjastofnun ríkisins annast framkvæmd lyfjamála fyrir hönd heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í stað sérstaks deildarstjóra (lyfjamálastjóra) sem starfar í ráðuneytinu.

Um 2. gr.

Greinin er samhljóða 2. gr. gildandi lyfjadreifingarlaga nema vísað er til nýrra laga um heilbrigðisþjónustu.

Um 3. gr.

Lögð er til sú breyting á 3. gr. gildandi laga að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra veiti lyfsöluleyfi í stað forseta Íslands. Er þetta í samræmi við þá stefnu, sem mörkuð hefur verið í öðrum lögum um veitingu embætta og ýmissa starfa, að veitingavaldið sé í höndum hlutaðeigandi ráðherra í stað forseta, enda forsetaveiting hreint formsatriði.

Til viðbótar lyfsöluleyfisshöfum, sbr. 3. gr. gildandi laga, er samkvæmt þessari grein opnað fyrir þá heimild að veita deildaskiptum sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum lyfsöluleyfi í samræmi við þá stefnu sem mörkuð er í frumvarpi til nýrra lyfjalaga.

Það er nýmæli að í stað fulltrúa Apótekarafélagsins í „matsnefnd um lyfsöluleyfi“ kemur fulltrúi tilnefndur af Háskóla Íslands, en eðlilegt er að faglegt mat fari fram á vegum Háskólans (lyfjafræði lyfsala) fremur en á vegum Apótekarafélagsins sem er beinn hagsmunaaðili. Fulltrúi Lyfjafræðingafélags Íslands, sem verður áfram í nefndinni og er fulltrúi allra lyfjafræðinga, jafnt apótekara sem annarra, gætir þeirra þátta.

Um 4. gr.

Greinin kemur í stað 4. gr. gildandi laga og er að mestu óbreytt. Greinin er að vísu verulega stytt því teknar eru út þrjár síðustu málsgreinarnar þar sem fjallað er um undirritun sérstaks eiðstafs og að umsóknir skuli sendar fyrir matsnefnd, en þetta eru óþarfa ákvæði þar sem matsnefndin er nefnd í öðrum greinum. Ákvæðið um lyfsöluleyfi fyrir

Háskóla Íslands er tekið úr 3. gr. gildandi laga og sett í 4. gr. frumvarpsins, enda á það fremur heima þar.

Um 5. gr.

1. tölul. er óbreyttur frá 5. gr. gildandi laga. Það er nýmæli að í 2. tölul. kemur fram að lyfsalar og aðrir starfsmenn lyfjabúða megi ekki eiga aðild að rekstri læknastofa eða annarra heilbrigðisstofnana þar sem ávísun lyfja fer fram eða að öðru leyti hafa áhrif á lyfjaávísanir lækna til eigin fjárhagslegs ávinnings. Það eru sömu rök fyrir því að kveða á um þessi atriði þegar í hlut eiga lyfsalar og starfsmenn lyfjabúða og læknar, tannlæknar og dýralæknar í 1. tölul., enda verður að tryggja að slíkir hagsmunir séu í lágmarki og þarfnast slíkt ekki skýringa. Væri því eðlilegt við veitingu lyfsöluleyfa hér eftir að þetta yrði vendilega tekið fram í leyfinu. Er ákvæði þetta í reynd hliðstætt ákvæðum um opinbera starfsmenn í lögum nr. 38/1954.

Um 6. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 6. gr. gildandi laga.

Um 7.–9. gr.

Greinarnar taka mið af breyttu fyrirkomulagi lyfjamála, sbr. frumvarp til nýrra lyfjalaga.

Um 10. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir þeirri breytingu frá 10. gr. gildandi laga að fram skuli koma í auglýsingu hvenær verðandi lyfsali hefji reksturinn, en ekki að hann skuli hefja hann innan árs frá leyfisveitingu. Sé um að ræða lyfsala, sem tekur við rekstri nýrrar lyfjabúðar, er hægt að hliðra til mæli rök með því, enda er gert ráð fyrir því í lögunum.

Um 11. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 11. gr. gildandi laga nema hvað snertir breytt fyrirkomulag lyfjamála.

Um 12. gr.

Greinin er mikið einfölduð frá 12. gr. gildandi laga. Tekin eru út ákvæði eins og að lyfsala beri að sjá lyfjabúð sinni fyrir nægu og hæfu starfsliði og að skipuleggja störf í lyfjabúð á sem tryggilegastan hátt, en hér er um svo sjálfsagða hluti að ræða að ekki þarf að kveða á um þá sérstaklega, auk þess sem á lyfsölum hvíla ákveðnar skyldur, bæði samkvæmt lyfsöluleyfi og eins sem lyfjafræðingum. Það er viðurkenndur réttur heilbrigðisstétta að nota aðstoðarfólk og gildir það jafnt um lyfjafræðinga sem aðra. Felld eru út ákvæði sem takmarka ábyrgð lyfsala á mistökum og vangá starfsfólks lyfjabúðar hans því vissulega hlýtur hann að vera ábyrgur fyrir því sem þar fer fram að svo miklu leyti sem hann ber ábyrgð á starfsfólkinu samkvæmt reglum um húsbóndaábyrgð. Lyfjafræðingar bera að sjálfsögðu ábyrgð á eigin störfum þótt störf þeirra kunni að baka lyfsala skaðabótaábyrgð. Að öðru leyti er greinin samhljóða 12. gr. gildandi laga.

Í stað þess að telja upp skilyrði fyrir staðgengla lyfsala og undanþágur er sett inn í 12. gr., sbr. 4. tölul., ákvæði um að samráð skuli höfð við Lyfjastofnun ríkisins um setningu staðgengils og að það sé óþarfi sé um yfirlyfjafræðing lyfjabúðar að ræða. Er því

litið á hann sem staðgengil lyfsala en að í öðrum tilvikum beri Lyfjastofnun ríkisins að samþykkja staðgengil sem vitanlega ber að uppfylla þau skilyrði að vera lyfjafræðingur eða aðstoðarlyfjafræðingur samkvæmt eldra kerfi. Þessi ákvæði er nú að finna í 13. gr. gildandi laga þar sem ítarlega er fjallað um staðgengla lyfsala og fjarveru lyfsala frá störfum. Engin ástæða er til þess að fjalla um þann þátt með svo ítarlegum hætti.

Um 13. gr.

Í stað þess að kveða náið á um starfsfólk lyfjabúða eins og gert er í 14. gr. gildandi laga er í 13. gr. frumvarpsins lögð sú skylda á Lyfjastofnun ríkisins að gefa út leiðbeiningar um hver skuli vera fjöldi starfsmanna í lyfjabúð, sundurliðaður í menntunarstéttir, enda hlýtur þetta að vera með mismunandi hætti eftir stærð og umfangi lyfjabúða.

Um 14. gr.

Felld er út 15. gr. gildandi laga þar sem fjallað er um nám, próf og starfsstéttindi lyfjatækna, enda er tekið á þeim málum samkvæmt lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta. Í staðinn er gert ráð fyrir því í 14. gr. frumvarpsins að lyfjabúðir skuli samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum Lyfjastofnunar ríkisins og viðkomandi skóla, þ.e. Háskóla Íslands og Lyfjatæknaskóla Íslands, vista lyfjafræði- og lyfjatæknanema til verklegs náms.

Rétt er að benda á að 16. gr. gildandi laga er felld niður en þar er kveðið á um að starfsmenn leggi fram heilbrigðisvottorð frá lækni og að starfsfólk lyfjabúða gangist árlega undir almenna læknisrannsókn. Í þeim tilvikum, þar sem lyfjabúðir annast lyfjaframleiðslu, krefjast alþjóðareglur, sem Ísland er aðili að, þess að læknisskoðun fari fram og er það nægjanlegt.

Um 15. gr.

Greinin er samhljóma 15. gr. gildandi laga.

Rétt er að vekja athygli á því að 18. gr. gildandi laga er felld niður, enda er fjallað um þá þætti í lögum um lyfjafræðinga, nr. 35/1978, svo og í tengslum við hlutverk Lyfjastofnunar ríkisins samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi til nýrra lyfjalaga.

Um 16. gr.

Greinin er samhljóma 19. gr. gildandi laga en tekur mið af breyttu fyrirkomulagi lyfjamála.

Um 17. gr.

Greinin kemur í stað 20. gr. gildandi laga og fjallar um tilhögun lyfjaafgreiðslu og meðferð og geymslu lyfja. Felld eru niður ákvæði um afgreiðslutíma lyfjabúða og sjálfsagðar skyldur lyfjabúða að afgreiða eins fljótt og auðið er lyf, lyfjagögn, hjúkrunar- og sjúkragögn, hvort sem er á venjulegum afgreiðslutíma eða vöktum. Hér er um svo sjálfsagðan hlut að ræða að hann þarfnast ekki lögfestingar.

Rétt er að vekja athygli á því að felld eru niður ákvæði 21. til og með 23. gr. gildandi laga, þar sem fjallað er um skyldur lyfjabúða til þess að hlíta fyrirmælum í lyfjaskrám og að haga bókhaldi í samræmi við gildandi lög og hafa hæfilegar vörubirgðir miðað við ávísanir þeirra lækna, tannlækna og dýralækna sem starfa á viðkomandi svæði. Óþarfi er að geta þess í lyfjadeifingarlögum að lyfsölum beri að halda önnur lög sem

fjalla um verslun og viðskipti, svo og ákvæði lyfsöluleyfa.

Um 18. gr.

Greinin er samhljóða 24. gr. gildandi laga nema hvað opnað er fyrir möguleika að veita öðrum en lyfjatækni, hjúkrunarfræðingi eða ljósmóður staðbundinn rétt til þess að afgreiða úr lyfjaforða, enda sé um ábyrgan umboðsmann að ræða sem lyfsali ræður til slíks verks. Upp kunna að koma þau tilvik að nauðsynlegt sé að fela aðila, sem ekki er lyfjatæknir, hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir, slík störf þar sem þeir finnast ekki á viðkomandi svæði og má sem dæmi nefna kennara. Á þetta hefur reynt og hefur þá þurft að víkja frá lagaákvæðum til þess að halda uppi nauðsynlegri þjónustu.

Vakin er athygli á því að felldar eru niður 25. og 26. gr. gildandi laga þar sem annars vegar er fjallað um meðferð lyfja og eiturefna og eftirlit lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga og hins vegar skyldur lyfsala til þess að afgreiða lyf gegn staðgreiðslu o.s.frv.. Hér er um að ræða atriði sem varla þarf að lögfesta, enda er gert ráð fyrir slíku eftirlitshlutverki lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga og felst reyndar í störfum þeirra auk þess sem sú sjálfsagða skylda hlýtur að hvíla á lyfsala að afgreiða lyf sem læknir ávísar. Segja má að 26. gr. gildandi laga fjalli frekar um greiðslur heldur en skipulag lyfjadreifingar.

Um 19. gr.

Greinin er samhljóma 27. gr. gildandi laga.

Um 20. gr.

Greinin er samhljóma 28. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að tekin er út heimild lyfjaútibúa til að framleiða lyf.

29. gr. gildandi laga felld niður, en þar er fjallað um framleiðslu í lyfjaútibúum og afgreiðslutíma þeirra og vísast um það til þess sem að framan greinir.

Um 21. gr.

Greinin er óbreytt frá 30. gr. gildandi laga nema hvað hún tekur mið af breyttu fyrirkomulagi um ábyrgan umboðsmann, sbr. 18. gr.

Um 22. og 23. gr.

Greinarnar eru samhljóma 31. og 32. gr. gildandi laga, en taka mið af breyttu fyrirkomulagi lyfjamála.

Um 24. gr.

24. gr. kemur í stað 33. gr. gildandi laga. Hér eru lagðar til þær breytingar að þar sem ekki er lyfjabúð, lyfjaútibú eða lyfjaforði, en læknir eða dýralæknir, geti ráðherra heimilað lækni eða dýralækni að afhenda lyf, sáraumbúðir og önnur hjúkrunargögn gegn þóknun sem samið er um við Tryggingastofnun ríkisins og/eða nærliggjandi lyfjabúð. Lagt er til að slík heimild sé einungis veitt á ábyrgð lyfsala eða lyfjafræðings sem hefur eftirlit með slíkri lyfjasölu. Með þessu er verið að koma til móts við þau sjónarmið, sem fram koma í „nefndaráliti um lækkun lyfjakostnaðar“, og fleiri aðila, að læknar eða dýralæknar hafi ekki fjárhagslegra hagsmuna að gæta varðandi afhendingu lyfja, sbr. nánar 1. tölul. 5. gr. Sala lækna og dýralækna á lyfjum heyrir því til undantekninga og ætti

einungis rétt á sér þar sem ekki eru lyfjabúðir, lyfjaútibú eða lyfjaforði og þá eingöngu að lyfjafræðingur sé ábyrgur fyrir sölunni og hafi eftirlit með henni.

Um 25. gr.

Greinin er samhljóma 34. gr. gildandi laga.

Um 26. og 27. gr.

Greinarnar eru samhljóma 35. og 36. gr. gildandi laga en taka mið af breyttu fyrirkomulagi lyfjamála.

Um 28. gr.

Greinin er samhljóma 37. gr. gildandi laga en er nokkuð stytt. Tekur hún mið af breyttu fyrirkomulagi lyfjamála.

38., 39. og 40. gr. gildandi laga eru felldar niður, enda fjalla þær um atriði sem annaðhvort eru svo sjálfsögð að þau þarfnast ekki lagasetningar eða eru óþarfar eða óframkvæmanlegar. Hér má nefna skyldur umboðsmanna erlendra sérlyfjaframleiðenda um að greiða fyrir kaupum Lyfjaverslunar ríkisins á lyfjum frá umbjóðendum þeirra; að starfandi læknar, dýralæknar, tannlæknar, lyfjsalar og lyfjafræðingar í apótekum og sjúkrahúsaapótekum megi ekki vera umboðsmenn erlendra sérlyfjaframleiðenda og að ráðherra geti afturkallað starfsleyfi lyfjainnflytjenda og lyfjaheildsala ef um alvarlega endurtekna vanrækslu við meðferð og/eða dreifingu lyfja er að ræða. Sé um opinbera starfsmenn að ræða falla þeir að sjálfsögðu undir ákvæði laga nr. 38/1954 og sama gildir um handhafa lyfsöluleyfis sbr. 2. tölul. 5. gr.

Um 29. gr.

Greinin er efnislega samhljóma 41. gr. gildandi laga.

Um 30. gr.

Hér er fjallað um starfsemi Lyfjaverslunar ríkisins og er lagt til það nýmæli að ríkinu sé heimilt að stofna hlutafélag um allan rekstur fyrirtækisins eða hluta hans í samræmi við það sem fram kemur í ákvæðum til bráðabirgða í frumvarpi til nýrra lyfjalaga.

Um 31. og 32. gr.

Greinarnar eru samhljóða 44. og 45. gr. gildandi laga, sbr. lög nr. 116/1984, um breytingu á lögum nr. 76/1982, um lyfjadreifingu.

46. gr. gildandi laga um búnað og fyrirkomulag Lyfjaverslunar ríkisins er felld niður enda óþörf því sömu reglur hljóta að gilda um hana og aðra lyfjaframleiðslu.

Um 33. og 34. gr.

Greinarnar eru samhljóma 47. og 48. gr. gildandi laga.

Um 35. gr.

Lögð er til sú breyting á 49. gr. gildandi laga, í tengslum við frumvarp til nýrra lyfjalaga, að sjúkrahúsapótek annist dreifingu lyfja til útskrifaðra sjúklinga (göngudeildarsjúklinga), án takmarkana, þ.e. að ekki þarf að vera um að ræða skráningu sem bundin

er við notkun á sjúkrahúsum og/eða ávísun sérfræðings í einstökum greinum læknisfræði. Með þessu er verið að opna fyrir möguleika á því að sjúklingar sem útskrifast geti fengið hæfilegan lyfjaskammt með sér heim. Þetta er því til ótvíræðs hagræðis fyrir þá.

Rétt er að geta þess að 50. gr. gildandi laga er tekin út, en þar er kveðið á um að óheimilt sé að afhenda lyf frá sjúkrahúsi til sjúklinga sem ekki eru liggjandi á sjúkrahúsinu með öðrum hætti en um getur í 49. gr. Slíkt fyrirkomulag leiðir af sjálfu sér.

Um 36. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 51. gr. gildandi laga, nema lagt er til að tekið verði út það ákvæði í 2. mgr. 51. gr. sem kveður á um að velja skuli innlenda framleiðslu fremur en erlenda, enda stangast það á við samninga EFTA-ríkjanna sem Ísland er aðili að.

Felld eru út ákvæði 52., 53. og 54. gr. gildandi laga þar sem fjallað er um sérstaka samstarfsnefnd Lyfjaverslunar ríkisins og sjúkrahúsapóteka, um dreifingu lyfja til sjúkrahúsa, þannig að Lyfjaverslun ríkisins afgreiði beint til einstakra deilda, og að heilsugæslustöð megi afla sér lyfja frá lyfjabúð eða lyfjaútibúi í hlutaðeigandi lyfsöluumdæmi. Þessar greinar eru óþarfar með hliðsjón af breytingum á skipulagi lyfjamála sem fram koma í frumvarpi til nýrra lyfjalaga.

Um 37. gr.

Greinin er óbreytt frá 55. gr. gildandi laga nema hvað snertir yfirstjórn lyfjamála, sbr. frumvarp til nýrra lyfjalaga.

Um 38. gr.

Greinin er efnislega eins og 56. gr. gildandi laga.

Um 39. gr.

Í greininni er fjallað um eftirlitsskyldu Lyfjastofnunar ríkisins með framkvæmd lyfjadreifingarlaga og er það í samræmi við frumvarp til nýrra lyfjalaga.

Um 40. gr.

Greinin er samhljóða 60. gr. gildandi laga.

Um 41. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir gildistöku laganna 1. júlí 1991 í samræmi við gildistökuákvæði frumvarps til nýrra lyfjalaga.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til að lögin verði endurskoðun innan þriggja ára frá gildistöku og er það í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í frumvarpi til nýrra lyfjalaga og vísast til athugasemda með því frumvarpi. Enn fremur er reiknað með því að endurskoðunin hafi það m.a. að markmiði að fella saman þessa tvo lagabálka, sem væri þarft verk.

Nd. 970. Frumvarp til laga [471. mál]

um umhverfisvernd.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

I. KAFLI
Markmið og skilgreiningar.

1. gr.

Markmið laga þessara er að stuðla að sem bestri sambúð þjóðar við landið og standa vörð um þau lífsgæði sem felast í óspilltri náttúru, þar með talið hreint loft og vatn. Enn fremur að umsvif mannsins og nýting á íslenskri náttúru og náttúruauðlindum valdi sem minnstri röskun og tryggi eftir föngum sjálfbæra þróun.

2. gr.

Umhverfismál eru þau mál sem snerta ytra umhverfi mannsins hvort sem það er mótað af náttúruöflum eða mannvist.

Umhverfisvernd er hvers konar viðleitni eða aðgerðir til að koma í veg fyrir eða draga sem mest úr óæskilegum áhrifum manna og dýra á náttúrulegt umhverfi. Það telst og umhverfisvernd að breyta óæskilegu umhverfi mannsins í æskilegt horf, koma í veg fyrir, draga úr eða tefja breytingu slíks umhverfis í óæskilega átt af völdum náttúruafla.

II. KAFLI
Gildissvið og viðfangsefni.

3. gr.

Gildissvið laga þessara er landið og landhelgin. Þau taka einnig til efnahagslögsögunnar og landgrunnsins eins og lögsögusvæði þessi eru ákveðin í lögum nr. 41/1979.

Lög þessi taka til starfsemi og framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér röskun, sem leitt getur til varanlegra lýta á landi, leitt af sér mengun eða önnur skaðleg áhrif á loft, láð eða lög að því leyti sem slíkt er ekki háð sérlögum. Lögin taka og til meðferðar á efnum sem haft geta skaðleg áhrif, hvort sem þau eru föst, fljótandi eða loftkennd, svo og til hávaða og annars þess sem valdið getur skaða eða röskun á umhverfinu.

4. gr.

Eftirtalin málefni teljast til umhverfisverndar samkvæmt lögum þessum:

A. Friðun landsvæða, vistkerfa og einstakra tegunda plantna og dýra, þar með talin sjávardýr samkvæmt gildandi lögum. Stjórn á stofnstærðum villtra dýra. Gróðureftirlit og gróðurvernd, þar á meðal hvers konar varnir gegn gróðureyðingu, án þess að vænta megi að á móti komi efnahagslegar nytjar. Enn fremur jarðvegsvernd og dýravernd.
B. Hvers kyns mengunarvarnir í lofti, á láði og legi. Varnir gegn mengun sjávar og ferskvatns, mengun í jarðvegi og berggrunni, mengun vatns og andrúmslofts, sjón-, hávaða- og titringsmengun, varma-, lyktar- og ljósmengun, svo og mengun af völdum eiturefna og geislavirkra efna.
C. Ráðstöfun úrgangs, að því er tekur til meðferðar hans, þannig að ekki valdi mengun eða sem minnstri mengun, hvort sem er með urðun, eyðingu, ráðstöfun til endurvinnslu eða á annan hátt. Fráveitur.

D. Umhverfisrannsóknir. Rannsóknir á ástandi lífríkis lands, sjávar og ferskvatns, ástandi lofthjúps jarðar, veðurfari, ágangi sjávar eða straumvatns, rannsóknir á berggrunni, jarðvegi og lausum jarðefnum, jarðhitasvæðum og fallvötnum.
E. Almannaréttur, að því er tekur til umgengni almennings og útivistar.
F. Landnýtingarmál, skipulags- og byggingarmál. Verndun mannvirkja og fornleifa.
G. Afleiðingakönnun og áhrifamat á sviði umhverfismála.
H. Umhverfisfræðsla, bæði í skólum gagnvart almenningi og tilteknum þjóðfélagshópum. Upplýsingaþjónusta um umhverfismál.
I. Alþjóðasamvinna á sviði umhverfismála.

III. KAFLI
Stjórnkerfi.

5. gr.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn umhverfismála að því leyti sem hún er ekki í lögum sérstaklega falin öðrum ráðuneytum.

Sérstök Umhverfisstofnun fer með stjórnunar-, samræmingar- og eftirlitsstörf undir yfirstjórn umhverfisráðuneytis og með þeim hætti sem ákveðin er í lögum þessum.

6. gr.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga annast í samvinnu við umhverfisráðherra og Umhverfisstofnun að framfylgt sé ákvæðum laga þessara og mengunarvarnareglugerðar.

7. gr.

Svæðisnefndir heilbrigðisnefnda skulu gera tillögur um mengunarvarnaeftirlit innan svæðisins í samvinnu við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir og sveitarstjórnir. Tillögurnar eru háðar staðfestingu umhverfisráðherra.

Svæðisnefndir skulu fyrir 1. júní ár hvert senda Umhverfisstofnun skýrslu varðandi starfsemi nefndarinnar um mengunarvarnir næsta almanaksár á undan og um áformaða starfsemi á því sviði.

IV. KAFLI
Umhverfisstofnun.

8. gr.

Umhverfisstofnun, sem um ræðir í 2. mgr. 5. gr., fer með verkefni þau sem um ræðir í A-, B-, C- og D-liðum 4. gr.

Hlutverk stofnunarinnar á sviði umhverfisrannsókna er sem hér segir:

1. að stuðla að eða sjá um að ákveðnum rannsóknum á sviði umhverfisverndar sé sinnt hjá innlendum rannsóknastofnunum og í samstarfi við vísindastofnanir og aðra aðila innlenda og erlenda sem stunda slíkar rannsóknir,
2. að semja skrá yfir umhverfisrannsóknir sem fram hafa farið og skipta máli við meðferð umhverfismála og auka árlega við hana upplýsingum um þær rannsóknir sem bæst hafa við,
3. að vinna að samræmingu umhverfisrannsókna sem fram fara eða fyrirhugaðar eru þannig að komist verði hjá óþarfa tvíverknaði.

9. gr.

Umhverfisráðherra skipar framkvæmdastjóra Umhverfisstofnunar til sex ára í senn. Framkvæmdastjóri sér um daglega stjórn stofnunarinnar, skrifstofuhald, fjármál, starfsmannamál og önnur sameiginleg mál.

Umhverfisstofnun skal skipta í starfsdeildir eftir viðfangsefni. Forstöðumaður deildar fer með faglega stjórn hennar.

Deildir skiptast í meginatriðum eftir viðfangsefnum þannig:

1. Almenn náttúruvernd, friðlýsingar, útivistarmál.
2. Stjórn á stofnstærðum villtra dýra, dýravernd.
3. Gróðurvernd og gróðureftirlit.
4. Mengunarvarnir.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um viðfangsefni deildanna, svo og hlutverk framkvæmdastjóra.

10. gr.

Umhverfisráðherra skipar til fjögurra ára í senn þriggja manna ráðgjafarnefnd um málefni stofnunarinnar og jafnmarga til vara.

Ráðgjafarnefndin kemur saman a.m.k. ársfjórðungslega.

Framkvæmdastjóri og forstöðumenn deilda skulu sitja fundi með ráðgjafarnefndinni. Á fundum gera forstöðumenn grein fyrir störfum sinna deilda, greina frá þeim málefnum sem þær hafa fjallað um, umsögnum sem þær hafa látið í té og öðru því sem snertir störf deildarinnar frá því að síðasti fundur var haldinn. Forstöðumenn gera grein fyrir helstu viðfangsefnum sem fram undan eru, nýmælum sem stefnt er að o.s.frv.

Framkvæmdastjóri gerir á sama hátt og forstöðumenn grein fyrir þeim verkefnum sem hann hefur sinnt, fjármálum, starfsmannamálum og öðru slíku. Enn fremur kynnir hann nefndinni tillögur sínar vegna fjárlagagerðar.

Nú telur ráðgjafarnefndin eða einstakir nefndarmenn að eitthvað sé athugavert í sambandi við meðferð þeirra mála sem stofnunin fer með og skal slíkt þá tilkynnt umhverfisráðuneyti ef ekki koma fram skýringar sem nefndin eða einstakir nefndarmenn telja fullnægjandi.

V. KAFLI
Meðferð úrgangs og fráveitur.

11. gr.

Sveitarstjórn fer með málefni sem lúta að meðferð úrgangs sem til fellur í sveitarfélaginu nema þau málefni sem sérstaklega eru undanskilin reglugerð, t.d. hvernig haga skuli meðferð sóttnæmra úrgangsefna, sprengiefna og geislavirkra úrgangsefna, svo og ýmissa spilliefna. Sama á við um úrgang frá matvælaframleiðslu, t.d. fiskvinnslustöðvum og sláturhúsum.

Sveitarstjórn ber að tryggja að íbúum þess og atvinnufyrirtækjum sé unnt að losna við úrgang og farga honum. Í því skyni skal í hverju sveitarfélagi komið upp móttöku- og safnstöð fyrir úrgang, þar með úrgang sem ekki fellur að hinu almenna sorphirðukerfi, t.d. úrgang sem fellur til úr görðum. Sveitarfélögum er og skylt að sjá til þess að sérstakar móttöku- og förgunarstöðvar verði reknar á vegum samtaka sveitarfélaga, af byggðasamlögum eða öðrum aðilum og verði þar hægt að eyða úrgangi með urðun eða brennslu, sem berst þangað frá tilteknu svæði, eða farga honum með öðrum hætti.

Í reglugerð er einnig heimilt að setja ákvæði um flokkun úrgangsefna sem talin eru nýtanleg þannig að þau blandist ekki öðrum úrgangi. Heimilt er sveitarfélagi að semja við endurvinnslufyrirtæki um söfnun og móttöku nýtanlegra úrgangsefna fram hjá hinu almenna sorphirðukerfi.

Sveitarstjórn setur gjaldskrá fyrir þá þjónustu sem veitt er samkvæmt þessari grein og er gjaldskrá háð staðfestingu umhverfisráðuneytis.

12. gr.

Það er hlutverk sveitarfélaga að sjá um að fráveitur séu lagðar frá byggð, atvinnurekstri og hvers konar annarri starfsemi sem valdið getur mengun í sjó, ám og vötnum eða í jarðvegi.

Þannig skal gengið frá að ekki stafi af fráveituvatni hætta fyrir heilsu manna og búpening. Þess skal gætt að röskun á lífríki og umhverfi verði sem minnst.

Umhverfisráðherra setur reglugerð um fráveitur. Þar skal m.a. mælt fyrir um hlutverk heilbrigðisnefnda hvað snertir staðsetningu, frágang og eftirlit, skyldur eiganda að fráveitu og bótaábyrgð hans, gerð á fráveitum, mengunarmörk á fráveituvatni og annað sem máli þykir skipta.

VI. KAFLI
Fræðslu- og upplýsingastarfsemi.

13. gr.

Kennsla í málefnum, sem lúta að umhverfisvernd, skal fara fram í skólum landsins.

Menntamálaráðuneytið svo og ráðuneyti, sem fara með stjórn sérskóla, kveða á um tilhögun þessarar kennslu í samráði við umhverfisráðuneytið.

14. gr.

Umhverfisráðuneytið fer með yfirstjórn umhverfisfræðslu fyrir almenning. Heimilt er því að semja við stofnanir, samtök, félög og einstaklinga um að þessir aðilar taki að sér tiltekna umhverfisfræðslu eftir því sem nánar segir í samningi.

15. gr.

Umhverfisráðuneytið annast upplýsingastarfsemi fyrir almenning á sviði umhverfismála.

VII. KAFLI
Þvingunarúrræði og viðurlög.

16. gr.

Umhverfisráðherra getur fyrirvaralaust afturkallað starfsleyfi viðkomandi rekstrar ef ekki er farið að fyrirmælum Umhverfisstofnunar eða heilbrigðisnefndar og úrbótum ekki sinnt innan tiltekins frests.

Umhverfisráðuneytið getur fyrirvaralaust látið stöðva framkvæmdir eða rekstur með atbeina lögreglu ef með þarf hefji aðili framkvæmdir eða rekstur eða haldi slíku áfram án þess að tilskildar rannsóknir eða leyfi séu fyrir hendi.

17. gr.

Umhverfisráðherra getur lagt á dagsektir og látið vinna verk á kostnað aðila ef ekki

er sinnt fyrirmælum ráðuneytisins. Dagsektir renna í ríkissjóð.

Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests fyrirmælum heilbrigðisnefndar getur hún ákveðið viðkomandi dagsektir þar til úr er bætt. Slíkar dagsektir renna í sveitarsjóð.

Ef aðili vanrækir að vinna verk samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum samkvæmt þeim er heilbrigðisnefnd heimilt að láta vinna verkið á kostnað aðila. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en innheimta síðan hjá hlutaðeigandi.

Hámark dagsekta skv. 1. og 2. mgr. skal ákveðið í mengunarvarnareglugerð.

Dagsektir og kostnað skv. 1., 2. og 3. mgr. má innheimta með lögtaki.

18. gr.

Telji Umhverfisstofnun nauðsyn ráðstöfunar samkvæmt lögum þessum og viðkomandi heilbrigðisnefnd lætur ekki málið til sín taka eða gengur ekki nægilega ríkt eftir framkvæmdum þrátt fyrir ábendingar stofnunarinnar skal hún gera tillögur til ráðherra um framkvæmd ráðstöfunar.

Telji stofnunin svo alvarlega hættu stafa af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið er henni heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkun þegar í stað með aðstoð lögreglu ef þurfa þykir, en tilkynna skal hún það tafarlaust umhverfisráðherra.

19. gr.

Verði ágreiningur milli svæðisnefndar eða heilbrigðisnefndar og sveitarstjórnar eða Umhverfisstofnunar um framkvæmd laga þessara eða reglna settra samkvæmt þeim er aðila, sem í hlut á, heimilt að vísa málinu til fullnaðarúrskurðar umhverfisráðherra.

20. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim eða mengunarvarnareglugerð, skal farið að hætti opinberra mála.

21. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim eða fyrirmælum gefnum samkvæmt þeim skal refsa með sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári.

Ákveða má stofnun, félagi eða fyrirtæki sekt fyrir brot gegn lögum þessum án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn.

Heimilt er umhverfisráðherra að svipta aðila leyfi eða löggildingu til ákveðins starfs vegna brota á lögum þessum eða öðrum er varða umhverfismál.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

22. gr.

Kostnaður af starfsemi Umhverfisstofnunar greiðist úr ríkissjóði.

Um greiðslur fyrir þjónustu, sem einstakar stofnanir á sviði umhverfismála veita, fer eftir sérlögum er gilda fyrir þá stofnun sem í hlut á.

Ef umhverfisrannsóknir fara fram vegna tiltekinna aðgerða eða framkvæmda ákveðins aðila ber þeim sama aðila að greiða allan kostnað sem af slíku leiðir fyrir Umhverfisstofnun.

23. gr.

Umhverfisráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Umhverfisráðherra skal, svo fljótt sem verða má, leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga til endurskoðunar á þeim sérlögum er tengjast framkvæmd þessara laga og falla að stefnu þeirri sem þar er mörkuð.
2. Umhverfisráðherra skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga láta semja fimm ára framkvæmdaáætlun um það hvernig koma megi meðferð úrgangs og fráveitum sveitarfélaga, sbr. 11. og 12. gr., í það horf að viðunandi sé.
3. Umhverfisráðherra skal láta semja frumvarp til laga um Umhverfisbótasjóð sem hafi það meginhlutverk að veita sveitarfélögum hagstæð lán til greiðslu stofnkostnaðar við framkvæmd áætlunar skv. 2. tölul.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram til kynningar á þessu þingi. Er ætlunin að óska eftir umsögnum og athugasemdum við frumvarpið á komandi sumri og leggja það fram á ný, endurskoðað næsta haust.

Í bráðabirgðaákvæðum laga nr. 47 16. maí 1990, um breytingu á lögum nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd, lögum nr. 20 30. apríl 1986, um Siglingamálastofnun ríkisins, og ýmsum öðrum lögum er varða yfirstjórn umhverfismála segir svo í 1. tölul.:

„Umhverfisráðherra skal á næsta haustþingi leggja fram frumvarp til laga um umhverfisvernd og umhverfisverndarstofnun. Í því skal m.a. ákveðið skipulag mengunar- og geislavarna á landi, í lofti og í sjó."

Þá segir í 3. tölul.:

„Fyrir 1. nóvember 1990 skal forsætisráðherra leggja fyrir Alþingi frumvarp eða frumvörp til laga sem feli í sér niðurstöðu endurskoðunar á þeim lögum sem upp eru talin hér á eftir. Þar verði jafnframt ákveðin nánar einstök verkefni og stofnanir umhverfisráðuneytis sem eftirtalin lög fjalla um:

3.1. Lög um Landgræðslu ríkisins, nr. 17/1965, og Skógrækt ríkisins, nr. 3/1955, með síðari breytingum.

3.2. Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, lög um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, og lög um Geislavarnir ríkisins, nr. 117/1985.

3.3. Lög um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20/1986, lög um varnir gegn megnun sjávar, nr. 32/1986, og lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, nr. 14/1979.

3.4. Lög um bann við losun hættulegra efna í sjó, nr. 20/1972."

Umhverfisráðherra skipaði sex manna nefnd til að semja frumvarp um það efni sem fjallað er um í 1. tölul. að framan. Í nefndina voru skipaðir Páll Líndal ráðuneytisstjóri, formaður, Eyþór Einarsson grasafræðingur, Guðrún Ólafsdóttir lektor, Magnús Jónsson veðurfræðingur, Sigurður M. Magnússon, forstöðumaður Geislavarna ríkisins, og Unnur Stefánsdóttir verkefnisstjóri. Nefndin hefur haldið 27 fundi um málið. Er frumvarp það,

sem hér er lagt fram, að nokkru leyti byggt á starfi nefndarinnar. Nefndin hefur þó ekki lokið störfum.

Forsætisráðherra setti sl. sumar á laggirnar þrjá starfshópa til þess að vinna að endurskoðun laga þeirra sem upp eru talin í 3. tölul. í framangreindu ákvæði til bráðabirgða. Vinna hópanna takamarkaðist við endurskoðun og samræmingu og miðaði að því að auka áhrif umhverfisráðuneytis í stjórnum og ráðum þeirra stofnana sem tengjast starfsemi ráðuneytisins samkvæmt lögum frá sl. vori. Um heildarendurskoðun viðkomandi laga var hins vegar ekki að ræða enda slíkt verkefni umfangsmikið og tímafrekt. Starfi hópanna þriggja stýrði Jón Sveinsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, en auk hans sat Páll Líndal, ráðuneytisstjóri umhverfisráðuneytis, í öllum hópunum. Í fyrsta hópnum, sem fjallaði um samræmingu laga samkvæmt tölul. 3.1. að framan, sátu jafnframt Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri, Jón Loftsson skógræktarstjóri og Álfhildur Ólafsdóttir, aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra. Í öðrum hópnum, sem fjallaði um endurskoðun og samræmingu laga samkvæmt tölul. 3.2. að framan, sátu einnig þeir Hermann Sveinbjörnsson, formaður Hollustuverndar ríkisins, Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, og Sigurður M. Magnússon, forstöðumaður Geislavarna ríkisins. Í þriðja hópnum, sem fjallaði um samræmingu og endurskoðun laga samkvæmt tölul. 3.3. og 3.4. að framan, sátu og þau Ragnhildur Hjaltadóttir, skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu, og Magnús Jóhannesson siglingamálstjóri.

Komst fyrsti hópurinn ekki að sameiginlegri niðurstöðu. Fram komu fjórar megintillögur. Í fyrsta lagi að sett verði sameiginleg stjórn fyrir Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins með víðtækt vald er varðar málefni skógræktar og landgræðslu. Í öðru lagi að komið verði á tveimur sjálfstæðum stjórnum, annars vegar fyrir Landgræðslu ríkisins og hins vegar fyrir Skógrækt ríkisins, tveimur sjálfstæðum þriggja manna stjórnum, þar sem umhverfisráðherra hafi einn fulltrúa, en þessar stofnanir hafa ekki sjálfstæðar stjórnir nú. Í þriðja lagi að starfssvið „Nasl-hópsins“ svokallaða, sem er samstarfsvettvangur Náttúruverndarráðs, Skógræktarinnar og Landgræðslunnar, verði útvíkkað frá því sem nú er. Í fjórða lagi að stofnað verði sjálfstætt gróðurverndarráð, sem verði samstarfsvettvangur Landgræðslu ríkisins, Skógræktar ríkisins, Náttúruverndarráðs, umhverfisráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis og jafnvel Háskóla Íslands. Ráðið verði ráðgefandi fyrir hlutaðeigandi stofnanir á sviði gróðurverndarmála og marki stefnu þeirra á þessu sviði. Það fjalli jafnframt um framkvæmdaáætlun og forgangsröðun verkefna á þessu sviði, fylgist með verkaskiptingu og framkvæmdum stofnana og geri hlutaðeigandi ráðuneytum grein fyrir framgangi þeirra. Meiri hluti starfshópsins féllst á að leggja síðasttöldu leiðina til. Skiptar skoðanir voru hins vegar um hvort gróðurverndarráð ætti að heyra undir umhverfisráðherra með því að geta þess í lögum um náttúruvernd, nr. 47/1971, eða undir landbúnaðarráðherra með því að geta þess í landgræðslulögum nr. 17/1965. Innan ríkisstjórnar voru jafnframt skiptar skoðanir um hvaða leið bæri að fara í þessu efni.

Annar hópurinn lagði til nokkrar breytingar á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, og lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, sem miðuðu að því að auka áhrif umhverfisráðuneytis á stjórn og starfsemi Hollustuverndar ríkisins. Um grundvallarbreytingar var hins vegar ekki að ræða. Starfshópnum þótti hins vegar ekki ástæða til að gera breytingar á lögum um geislavarnir, nr. 117/1985, þar sem unnt er að koma á auknu samstarfi á milli umhverfisráðuneytis og Geislavarna ríkisins með reglugerðarbreytingu.

Þriðji hópurinn var sammála um að leggja til nokkrar breytingar á lögum um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20/1986, sem miða að auknum áhrifum umhverfisráðuneytis í stjórn stofnunarinnar. Ekki þótti hins vegar ástæða til að gera breytingar á lögum um varnir gegn mengun sjávar, enda voru gerðar á þeim allmiklar breytingar sl. vor með lögum nr. 47/1990. Á sama hátt þótti ekki ástæða til að breyta lögum um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, nr. 14 1979, enda heyra þau lög nú alfarið undir umhverfisráðherra með lögum nr. 47/1990. Starfshópurinn lagði hins vegar til að úr gildi falli lög nr. 20/1972, um bann við losun hættulegra efna í sjó, enda er öll meginákvæði þeirra laga nú að finna í lögum um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32 5. maí 1986.

Breytingar þær, sem fram komu í áliti starfshópanna þriggja, ganga allar í þá átt að auka áhrif umhverfisráðuneytis og Náttúruverndarráðs. Er það ýmist gert með því að bæta fulltrúa Náttúruverndarráðs eða umhverfisráðuneytisins í samstarfs- eða framkvæmdastjórnir. Einnig með því að leitað verði samráðs við umhverfisráðuneyti og Náttúruverndarráð í málaflokkum sem tengjast umhverfismálum og eru einnig á sviði annarra ráðuneyta. Tillögur starfshópanna þriggja fólu hins vegar ekki í sér grundvallarbreytingar eins og fyrr er rakið. Frumvarp byggt á tillögum starfshópanna þriggja hefur verið til umfjöllunar í ríkisstjórn. Þar náðist hins vegar ekki samstaða um málið. Í fyrsta lagi voru mismunandi sjónarmið uppi um hvernig eigi að taka á gróðurverndarmálum í framtíðinni. Í öðru lagi voru hugmyndir uppi um að kljúfa mengunarvarnadeild Hollustuverndar ríkisins frá þeirri stofnun strax. Í þriðja lagi þótti rétt að bíða með endurskoðun á þeim lögum, sem hér um ræðir, með tilliti til endurskoðunar milliþinganefndar á frumvarpi til laga um Stjórnarráð Íslands sem lagt var fram á síðasta þingi og tekur til sameiningar ráðuneyta og tilflutnings verkefna. Voru vonir bundnar við að milliþinganefndin legði fram heildstæðar tillögur varðandi fækkun ráðuneyta og framtíðarverkefni þeirra og stofnanir. Niðurstaða milliþinganefndarinnar barst hins vegar seint og reyndist ekki sameiginleg.

Með tilliti til þess sem að framan er rakið varð að samkomulagi eftir ríkisstjórnarfund 12. febrúar sl. að forsætisráðherra og umhverfisráðherra létu semja frumvarp til laga um umhverfisvernd og umhverfisstofnun sem lagt yrði fram til kynningar á yfirstandandi Alþingi. Var þeim Jóni Sveinssyni, aðstoðarmanni forsætisráðherra, og Páli Líndal, ráðuneytisstjóra í umhverfisráðuneytinu, falið að leysa það verk. Í starfi sínu hafa þeir aðallega byggt á gögnum umhverfismálanefndarinnar sem fyrr er getið og gögnum starfshópanna þriggja sem áður er vitnað til.

Í frumvarpinu er reynt að marka ákveðna stefnu. Ef á þá stefnu verður fallist þarf að sjálfsögðu að koma til endurskoðun á ýmsum sérlögum sem tengjast efni frumvarpsins. Eðlilegt er hins vegar að slík endurskoðun fari ekki fram fyrr en framtíðarstefna í þessu efni hefur verið mörkuð.

Frumvarpinu er skipt í átta kafla.

Í fyrsta kafla frumvarpsins er fjallað um markmið og skilgreiningar hugtakanna umhverfismál og umhverfisvernd.

Í öðrum kafla frumvarpsins er fjallað um hvar lögin gildi og nánar tilgreint hvaða málefni teljist til umhverfisverndar.

Í þriðja kafla frumvarpsins er lýst stjórnkerfi því sem frumvarpið byggir á. Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn málaflokksins en sérstök Umhverfisstofnun fer með stjórnunarsamræmingu og eftirlit á sviði umhverfismála. Þá er lagt til að starfandi heilbrigðis-

nefndir sveitarfélaga annist í samvinnu við umhverfisráðherra og Umhverfisstofnun að framfylgja ákvæðum laganna. Á sama hátt er gert ráð fyrir því að svæðisnefndir heilbrigðisnefnda fjalli um mengunarvarnaeftirlit innan viðkomandi svæðis í samvinnu við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir og sveitarstjórnir. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga og svæðisnefndir heilbrigðisnefnda eru þegar starfandi og því æskilegt og heppilegt að virkja áfram starfskrafta þessara nefnda í þágu umhverfismála. Kostnaðarsamt og óhentugt þykir að stofna til sjálfstæðra umhverfisnefnda um land allt til viðbótar heilbrigðisnefndum.

Í fjórða kafla frumvarpsins er fjallað um starfsemi Umhverfisstofnunar. Má segja að þegar sé kominn vísir að slíkri stofnun þar sem hún tekur við verkefnum sem aðrar stofnanir og embætti sinna nú á sviði umhverfismála. Hún tekur með öðrum orðum til Náttúruverndarráðs, mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins, mengunarvarna Siglingamálastofnunar ríkisins og embættis veiðistjóra. Umhverfisstofnun er skipt í fjórar deildir sem fjalla um:

1. almenna náttúruvernd, friðlýsingar og útivistarmál,
2. stjórn á stofnstærðum villtra dýra og dýravernd,
3. gróðurvernd og gróðureftirlit,
4. mengunarvarnir.

Lagt er til að umhverfisráðherra skipi þriggja manna ráðgjafarnefnd um málefni stofnunarinnar og jafnmarga til vara.

Fimmti kafli frumvarpsins fjallar um málefni sveitarstjórna er varða meðferð úrgangs og fráveituhlutverk sveitarfélaga.

Í sjötta kafla frumvarpsins er vikið að fræðslu- og upplýsingastarfsemi á sviði umhverfismála og áhersla lögð á að kennsla í málefnum, sem lúta að umhverfisvernd, skuli fara fram í skólum landsins.

Í sjöunda kafla frumvarpsins er vikið að þvingunarúrræðum og viðurlögum. Samkvæmt honum getur umhverfisráðherra afturkallað starfsleyfi og jafnframt látið vinna verk á kostnað aðila og beitt dagsektum ef ekki er orðið við tilmælum eða fyrirmælum. Jafnframt getur heilbrigðisnefnd beitt dagsektum og látið vinna verk á kostnað aðila. Í sérstökum tilvikum getur Umhverfisstofnun jafnframt stöðvað starfrækslu fyrirtækis til bráðabirgða.

Í áttunda kafla frumvarpsins, sem jafnframt er lokakafli þess, er tekið fram að kostnaður af starfsemi Umhverfisstofnunar greiðist úr ríkissjóði og jafnframt að umhverfisráðherra setji nánari ákvæði um framkvæmd laganna í reglugerð.

Í ákvæðum til bráðabirgða er gert ráð fyrir því að umhverfisráðherra láti, svo fljótt sem verða má, leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um endurskoðun á þeim sérlögum sem hann telur að tengist framkvæmd laganna og falli að stefnu þeirri sem í þeim er mörkuð. Einnig láti umhverfisráðherra í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga semja fimm ára framkvæmdaáætlun um það hvernig koma megi meðferð úrgangs og fráveitum sveitarfélaga í viðunandi horf. Loks er gert ráð fyrir að umhverfisráðherra láti semja frumvarp til laga um Umhverfisbótasjóð sem hafi það meginhlutverk að veita sveitarfélögum hagstæð lán til greiðslu stofnkostnaðar við framkvæmdir úrgangs- og fráveituáætlana.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Menn hafa gert sér æ betur ljóst að hinum margrómaða hagvexti væru takmörk sett,

auðlindirnar væru engan veginn óþrjótandi og mannkyninu fjölgaði meira en nokkru sinni fyrr. Ýmsir þóttust sjá fyrir að nú liði að heimsendi og byggðu það m.a. á útreikningum sem var að finna í ritinu *Endimörk hagvaxtar* sem út kom fyrir rúmlega 20 árum. Þeir útreikningar voru að vísu ærið uggvænlegir og bentu til þess að svo gæti farið **ef ekki yrði skapað jafnvægi** milli neyslu og getu auðlindanna.

Í framhaldi af þessu kom að því að Sameinuðu þjóðirnar færu að taka mál þessi föstum tökum. Árið 1983 var skipuð á þeirra vegum sérstök heimsnefnd um umhverfis- og þróunarmál. Þessi heimsnefnd, sem var undir forsæti Gro Harlem Brundtland, þáverandi umhverfisráðherra Noregs, skilaði mikilli skýrslu um málið árið 1987. Er skýrslan oftast kennd við formanninn og nefnd Brundtland-skýrslan.

Þetta er mikil skýrsla og merkileg. Við undirbúning hennar var haft samstarf við um 1.000 aðila. Ekki verður séð að þar hafi neinn íslenskur aðili komið við sögu og ekki verður heldur séð að þessi skýrsla hafi vakið teljandi athygli á Íslandi fyrr en á sl. ári. Hún hefur ekki verið þýdd á íslensku, en á eins árs afmæli umhverfisráðuneytisins 23. febrúar 1991 kom út á vegum þess útdráttur úr skýrslunni og nefnist ritið „Sjálfbær þróun". Það heiti hefur að geyma megininntak skýrslunnar þar sem bent er á markmiðið sem mannkyninu beri að stefna að. Sjálfbær þróun merkir að þróunin eigi að vera með þeim hætti að sýna verði þá gát við nýtingu auðlinda jarðar að þeim verði ekki ofboðið heldur skilað í hendur komandi kynslóða ekki í lakara ástandi, heldur helst í betra ástandi en núlifandi kynslóð tók við þeim.

Sjálfbær þróun er þýðing á orðunum „sustainable development" í ensku og „bærekraftig udvikling" á dönsku og þykir þýðingin ná nokkuð vel þeirri hugmynd sem að baki býr: að þróunin standi undir sér. Orðið sjálfbær kemur fyrir í bók sr. Matthíasar Jochumssonar, *Sögukaflar af sjálfum mér* (bls. 251), en hefur ekki sést annars staðar svo að vitað sé.

Það er yfirlýst stefna Sameinuðu þjóðanna að allar þjóðir heims eigi nú að stefna að sjálfbærri þróun, raunar hver einstaklingur, og er ætlast til að þjóðirnar skili á heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Brasilíu árið 1992 skýrslum um það hvernig miðað hafi og hver árangur hafi náðst í þessum málum. Á sl. ári var hafinn undirbúningur að gerð slíkrar skýrslu fyrir Ísland.

Í 1. gr. kemur fram meginmarkmiðið sjálfbær þróun.

Um 2. gr.

Í upphafi greinarinnar er skilgreint hvað felst í hugtakinu umhverfismál. Engin lögformleg skilgreining er til á því hugtaki og vafalaust má deila endalaust um það hvernig slík skilgreining eigi að hljóða.

Þetta hugtak á sér ekki langa sögu í íslensku máli fremur en önnur hugtök á þessu sviði. Samkvæmt því sem fyrir liggur hjá Orðabók Háskólans hefur orðið umhverfisvernd fyrst sést á prenti hér árið 1971.

Hugtakið umhverfismál er afsprengi þeirrar þróunar sem hófst í hinum svonefndu neysluþjóðfélögum á árunum eftir heimsstyrjöldina síðari. Miklar tækniframfarir og tillitslaus nýting á auðlindum jarðar urðu m.a. til þess að skapa meiri og almennari velmegun í þessum þjóðfélögum en áður hafði þekkst.

Í 2. mgr. er skilgreint hugtakið umhverfisvernd. Rétt þykir að þar komi fram að það teljist umhverfisvernd að breyta óæskilegu umhverfi í æskilegt horf, koma í veg fyrir, draga úr eða tefja breytingu slíks umhverfis í óæskilega átt af völdum náttúruafla. Ekki

munu hinir áköfustu umhverfissinnar allir geta aðhyllst þessi sjónarmið. Það verður þó að teljast eðlilegur liður í umhverfisvernd að gera ráðstafanir til að stöðva landbrot af völdum sjávar eða straumvatna, stöðva skógarelda, gera ráðstafanir til að vinna gegn uppblæstri o.s.frv.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um gildissvið laganna.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að sérlög gildi um ýmis efni sem fjalla um umhverfisvernd. Það yrði mjög mikið verk og flókið; er raunar ástæðulaust að fella slík sérlög í einn lagabálk. Hins vegar þarf að breyta ýmsum sérlögum til samræmis við þetta frumvarp ef að lögum verður, sbr. skrá sem fylgir sem fylgiskjal I. Má vera að til þurfi að koma fleiri lög.

Um 4. gr.

Gerður er greinarmunur á hugtökunum umhverfismál og umhverfisvernd, sbr. 1. og 2. mgr. 2. gr.

Í þessari grein eru talin upp þau málefni sem þetta frumvarp tekur til.

Upptalningin er í meginatriðum samhljóða núgildandi lögum nr. 47/1990 um verksvið umhverfisráðuneytis, sbr. bráðabirgðaákvæði þeirra, svo og reglugerð forseta Íslands nr. 77/1990 um sama efni.

Hlutverk á sviði gróðureftirlits og gróðurverndar er í samræmi við þá skiptingu verkefna milli landbúnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis sem var í greinargerð með stjórnarfrumvarpi því sem lagt var fyrir Alþingi haustið 1989 og fól í sér stofnun sérstaks umhverfisráðuneytis, en þar var greint milli umhverfisþáttarins og þess þáttar sem lýtur að eiginlegum atvinnuvegi.

Í G-lið er fjallað um afleiðingakönnun og áhrifamat á sviði umhverfismála. Hér er um að ræða það sem á ensku er nefnt „environmental impact assessment“ eða á Norðurlandamálum „miljökonsekvensbedömning“. Hér er um að ræða starfshætti sem nú ryðja sér til rúms víða um heim bæði á vegum alþjóðastofnana og í löggjöf einstakra þjóða, t.d. er nú unnið að þessu máli á vegum ráðherranefndar Norðurlanda. Það sem átt er við er að lögboðið verði að þegar framkvæmdir eða tilteknar aðgerðir eru undirbúnar sé jafnframt hugað að tæknilegum og fjárhagslegum þáttum og sérstaklega kannað hver séu sennileg umhverfisáhrif þess sem að er stefnt. Niðurstöður slíkrar könnunar séu metnar jafnhliða hinum tveim þáttunum þegar ákvörðun er tekin um það hvort ráðist skuli í framkvæmd eða aðgerð eða þá hætt við. Nú þegar hefur umhverfisráðuneytið óskað þess að skipulagsstjórn ríkisins og Náttúruverndarráð hafi í störfum sínum þessi sjónarmið í huga og komi þeim að þegar við á.

Um 5. gr.

1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

2. mgr. fjallar um sjálfstæða Umhverfisstofnun sem síðan nánar er fjallað um í IV. kafla frumvarpsins.

Stofnunin fer með stjórnunar-, samræmingar- og eftirlitsstörf undir yfirstjórn umhverfisráðuneytis.

Um 6. gr.

Samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81 3. ágúst 1988, starfa 46 heilbrigðisnefndir sveitarfélaga um land allt. Hlutverk þeirra er m.a. að sjá um að framfylgt sé ákvæðum mengunarvarnareglugerðar og vinna að bættum mengunarvörnum í héraði. Í þessari grein er fyrra hlutverk heilbrigðisnefnda því ítrekað og tekið fram að nefndirnar annist það í samvinnu við umhverfisráðherra og Umhverfisstofnun sem fara með yfirstjórn mengunarvarna. Heppilegra þykir að virkja nefndirnar áfram á sama hátt og gert hefur verið en stofna ekki til nýs stjórnkerfis með uppsetningu mengunarvarnanefnda eða umhverfisnefnda vítt og breitt um landið.

Um 7. gr.

Í áðurnefndum lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, er jafnframt fjallað um svæðisnefndir heilbrigðisnefnda. Í þessari grein er fyrra hlutverk þeirra ítrekað hvað snertir mengunarvarnaeftirlit innan svæðisins, en það skal framvegis unnið í samvinnu við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir og sveitarstjórnir, en tillögur þó háðar staðfestingu umhverfisráðherra. Svæðisnefndir skulu ár hvert senda Umhverfisstofnun skýrslur varðandi starfsemi nefndarinnar sem lúta að mengunarvörnum næsta almanaksár á undan og um áformaða starfsemi á því sviði.

Um 8. gr.

Í lögum nr. 47/1990 eða umræðum á Alþingi er ekki að finna leiðbeiningar um hlutverk Umhverfisstofnunar. Í þessari grein er gert ráð fyrir að hún taki við verkefnum sem aðrar stofnanir og embætti sinna nú á sviði umhverfismála. Hún tekur því til Náttúruverndarráðs, mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins, mengunarvarna Siglingamálastofnunar ríkisins og embættis veiðistjóra.

Í 1. mgr. eru tekin upp verkefni þau sem eðlilegt þykir að Umhverfisstofnun sinni og þá m.a. kveðið á um það sem telja má eðlilega verkaskiptingu gagnvart umhverfisráðuneyti.

Í 2. mgr. er gerð nánari grein fyrir hlutverki stofnunarinnar að því er tekur til rannsókna sem um ræðir í D-lið 4. gr.

Um 9. gr.

Í þessari grein er að finna meginreglur um stjórn stofnunarinnar. Stofnuninni stjórnar framkvæmdastjóri sem umhverfisráðherra skipar til sex ára í senn. Hann sér um daglega stjórn hennar, skrifstofuhald, fjármál, starfsmannamál og önnur sameiginleg mál.

Samkvæmt 2. mgr. skal skipta Umhverfisstofnun í fjórar starfsdeildir eftir viðfangsefnum, en forstöðumenn fara með faglega stjórn hverrar deildar fyrir sig.

Loks segir í 3. mgr. að nánar skuli kveðið á um viðfangsefni deildanna og hlutverk framkvæmdastjóra í reglugerð.

Um 10. gr.

Ekki þykir ástæða til að lögfesta ákvæði um tiltekna stjórn Umhverfisstofnunar. Á þessu stigi þykir nægja að sérstök ráðgjafarnefnd á vegum umhverfisráðherra fylgist með störfum hennar með þeim hætti sem greinin fjallar um. Umhverfisráðherra skipar til fjögurra ára í senn ráðgjafarnefndina sem skal vera þriggja manna og jafnmargir til vara.

Um 11. gr.

Greinin fjallar um málefni sveitarfélaga sem lúta að meðferð úrgangs og förgun.

Lagaákvæði um meðferð úrgangs hér á landi eru heldur ófullkomin. Hér er um að ræða málefni sem miklu minna hefur verið sinnt en nauðsynlegt er. Athygli manna nú síðustu árin hefur beinst mjög að þeim vanda sem við er stríða. Í skýrslu nefndar, sem umhverfisráðherra skipaði á sl. ári, er greinilega lýst því vandræðaástandi sem ríkir víða um lönd í þessum efnum. Í skýrslunni eru jafnframt gerðar tillögur um úrbætur. Ljóst er að um mjög kostnaðarsamar framkvæmdir er að ræða sem reynast mun mörgum sveitarfélögum erfitt að standa undir. Því er í 3. tölul. bráðabirgðaákvæðis gert ráð fyrir að til komi veruleg fjárhagsaðstoð til að koma málum sveitarfélaga í viðunandi horf á þessu sviði.

Um 12. gr.

Greinin fjallar um hlutverk sveitarfélaga í því að sjá um að fráveitur séu lagðar frá byggð, atvinnurekstri og hvers konar annarri starfsemi sem valdið getur mengun í sjó, ám og vötnum eða í jarðvegi. Lagaákvæði um fráveitur hér á landi eru á sama hátt og ákvæði um meðferð úrgangs heldur ófullkomin. Í niðurlagi 12. gr. er gert ráð fyrir að umhverfisráðherra setji nánari ákvæði í reglugerð um fráveitur.

Um 13.–15. gr.

Umhverfisfræðsla er mjög þýðingarmikill þáttur umhverfisverndar. Í grunnskólalögum eru umhverfisfræði talin einn þáttur námsefnis. Virðist eðlilegt að tilhögun kennslu í málefnum, sem lúta að umhverfisvernd, verði ákveðin í samræmi við umhverfisráðuneyti.

Hins vegar er eðlilegast að umhverfisfræðsla fyrir almenning sé undir stjórn umhverfisráðuneytis eins og nánar er lýst í 14. gr.

Þá er nauðsynlegt að efla upplýsingastarfsemi fyrir almenning á sviði umhverfismála og er eðlilegt að umhverfisráðuneytið fari með yfirstjórn hennar. Hér er um að ræða málefni sem mjög er á dagskrá víða um heim. Á vegum umhverfisnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu hefur verið samin tillaga að réttindaskrá sem felur í sér ákvæði um rétt einstaklinga til að fá upplýsingar um umhverfismál. Stefnt hefur verið að því að tillagan verði lögð fyrir heimsráðstefnuna í Brasilíu árið 1992 til samþykktar, en ekki er enn ljóst hvort úr því verður.

Um 16. gr.

Í 16. gr. er fjallað um heimild umhverfisráðherra til að afturkalla fyrirvaralaust starfsleyfi rekstrar ef ekki er farið að fyrirmælum Umhverfisstofnunar eða heilbrigðisnefndar. Sama á við um framkvæmdir eða rekstur ef tilskildar rannsóknir eða leyfi eru ekki fyrir hendi.

Um 17. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um heimild umhverfisráðherra til að leggja á dagsektir og láta vinna verk á kostnað aðila ef ekki er sinnt fyrirmælum ráðuneytisins. Slíkar dagsektir renna í ríkissjóð.

Í 2. mgr. er á sama hátt heilbrigðisnefndum heimilt að leggja á dagsektir þar til úr er bætt, en slíkar dagsektir renna í sveitarsjóð.

Samkvæmt 3. mgr. er heilbrigðisnefnd heimilt að láta vinna verk á kostnað aðila, ef hann vanrækir að vinna verk samkvæmt lögunum eða reglugerðum samkvæmt þeim. Slíkur kostnaður greiðist til bráðabirgða úr sveitarsjóði.

Samkvæmt 4. mgr. er tekið fram að hámark dagsekta skuli ákveðið í reglugerð. Dagsektir hljóta ætíð að fylgja verðlagi og því óeðlilegt að binda slíkt hámark í lög. Miðað við núverandi verðlag gætu dagsektir numið allt að 100.000 kr. á dag.

Í 5. mgr. er tekið fram að dagsektir og kostnað megi innheimta með lögtaki.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. er tekið fram að Umhverfisstofnun skuli gera tillögur til ráðherra um framkvæmd ráðstöfunar ef viðkomandi heilbrigðisnefnd lætur ekki mál til sín taka eða gengur ekki nægilega ríkt eftir framkvæmdum þrátt fyrir ábendingar stofnunarinnar.

Í 2. mgr. er Umhverfisstofnun heimilað til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkun þegar í stað með aðstoð lögreglu ef þurfa þykir ef hún telur svo alvarlega hættu stafa af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli ekki bið. Slík ráðstöfun hlýtur hins vegar að vera algjör undantekningaráðstöfun, enda skal stofnunin tilkynna hana tafarlaust umhverfisráðherra.

Um 19. gr.

Greinin fjallar um hugsanlegan ágreining sem upp kann að koma milli svæðisnefndar eða heilbrigðisnefndar og sveitarstjórnar eða Umhverfisstofnunar. Fullnaðarúrskurð í slíkum ágreiningsefnum á umhverfisráðherra.

Um 20. gr.

Mál, sem rís út af brotum gegn lögunum, reglugerðum settum samkvæmt þeim eða mengunarvarnareglugerð, skal fara að hætti opinberra mála.

Um 21. gr.

Refsingar samkvæmt lögunum eru sektir, varðhald eða fangelsi allt að einu ári.

Í 2. mgr. er nokkurt nýmæli sem nú er farið að taka upp erlendis, nefnt á íslensku varúðarregla, á ensku „precautionary principle". Þykir rétt að benda á þessa leið þar sem venjulegri sönnunarbyrði er snúið við umhverfinu til stuðnings. Þetta sjónarmið kom m.a. fram í stjórnarfrumvarpi um umhverfismál frá 1977. Þar segir: „Í 2. mgr. eru ákvæði um hlutræna refsiábyrgð, sem eru undantekning frá meginreglunni um sök (ásetning eða gáleysi) sem refsiskilyrði, sbr. 18. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Til þess að slíkri refsiábyrgð verði komið fram þarf ótvíræða heimild í lögum, svo sem hér er að finna. Rétt þykir að setja slíkt undanþáguákvæði hér vegna þeirra stórfelldu hagsmuna, sem í húfi geta verið, og vegna hættunnar á því, að ekki takist að upplýsa hvaða aðilar fyrirtækis — fyrirsvarsmenn eða aðrir starfsmenn — séu brotlegir, þannig að refsingu verði ekki fram komið gegn þeim af þeirri ástæðu. Þá skal og á það minnt í þessu sambandi, að fyrirtæki eða stofnun verður ekki sektuð, nema á hlutrænum grundvelli."

Í 3. mgr. er umhverfisráðherra heimilað að svipta aðila leyfi eða löggildingu til ákveðins starfs vegna brota á lögunum eða öðrum er varða umhverfismál.

Um 22. gr.

Samkvæmt 1. mgr. greiðist kostnaður af starfsemi Umhverfisstofnunar úr ríkissjóði.

Í 2. mgr. segir hins vegar að ef umhverfisrannsóknir fari fram vegna tiltekinna aðgerða eða framkvæmda ákveðins aðila beri hinum sama aðila að greiða allan kostnað sem af slíku leiðir fyrir Umhverfisstofnun.

Um 23. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 24. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Skrá um gildandi lög sem ástæða er til að athuga vegna endurskoðunar skv. 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða.

1. Lög nr. 28/1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim.
2. Lög nr. 3/1955, um skógrækt.
3. Lög nr. 21/1957, um dýravernd.
4. Lög nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka.
5. Lög nr. 17/1965, um landgræðslu.
6. Lög nr. 48/1965, um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands.
7. Lög nr. 50/1965, um eyðingu svartbaks.
8. Lög nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun.
9. Lög nr. 47/1971, um náttúruvernd.
10. Lög nr. 20/1972, um bann við losun hættulegra efna í sjó.
11. Lög nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.
12. Lög nr. 117/1985, um geislavarnir.
13. Lög nr. 20/1986, um Siglingamálastofnun ríkisins.
14. Lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar.
15. Lög nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.
16. Lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
17. Lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.

Nd. 971. Framhaldsnefndarálit [320. mál]

um frv. til l. um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Eftir afgreiðslu frumvarpsins við 2. umr. hefur nefndin komið saman á ný til að ræða

breytingu á frumvarpinu. Nefndin flytur breytingartillögu sem birt er á sérstöku þingskjali. Breytingin er við 8. gr. frumvarpsins og er henni ætlað að tryggja að ákvæði greinarinnar séu í samræmi við lög um hlutafélög.

Alþingi, 15. mars 1991.

Páll Pétursson, form., frsm.	Ragnar Arnalds.	Jón Sæmundur Sigurjónsson.
Friðrik Sophusson.	Matthías Bjarnason.	Guðný Guðbjörnsdóttir.
	Ólafur Þ. Þórðarson.	

Nd. 972. Breytingartillaga [320. mál]

við frv. til l. um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Í stað orðanna „eiga lögheimili“ í fyrri málslið 8. gr. komi: vera búsettir.

Nd. 973. Framhaldsnefndarálit [321. mál]

um frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Eftir afgreiðslu frumvarpsins við 2. umr. hefur nefndin komið saman á ný til að ræða breytingar á frumvarpinu. Nefndin flytur nokkrar breytingartillögur sem birtar eru á sérstöku þingskjali. Ekki er um efnisbreytingar að ræða heldur smávægilegar breytingar á framsetningu og orðalagi.

Alþingi, 15. mars 1991.

Páll Pétursson, form., frsm.	Ragnar Arnalds.	Jón Sæmundur Sigurjónsson.
Friðrik Sophusson.	Matthías Bjarnason.	Guðný Guðbjörnsdóttir.
	Ólafur Þ. Þórðarson.	

Nd. 974. Breytingartillögur [321. mál]

við frv. til um breyt. á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Lög um málflytjendur, nr. 61 4. júlí 1942.
   Við 4. tölul. 9. gr. og 4. tölul. 14. gr. laganna bætist: eða hefur samfellt átt lögheimili hér á landi í að minnsta kosti eitt ár.
2. Við 8. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað 1. málsl. 2. efnismgr. komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði 1.–4. tölul. 1. mgr. er ráðherra heimilt að veita leyfi ef ástæða þykir til. Eigi þarf þó leyfi:
   b. Í stað orðsins „Að“ í upphafi 1. og 2. tölul. 2. mgr. komi: Ef.
3. Við 9. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. 4. málsl. efnismálsgreinar b-liðar falli brott.
   b. Við bætist nýr stafliður svohljóðandi:
      5. mgr. 10. gr. laganna orðist svo:
      Heimilt er ráðherra að veita undanþágu frá ríkisfangsskilyrði 1. tölul. 4. gr.
4. Við 21. gr. Fyrsti efnismálsliður a-liðar orðist svo: Til að geta öðlast leyfi til reksturs ferðaskrifstofu þarf umsækjandi að uppfylla eftirtalin skilyrði:

Ed. 975. Frumvarp til laga [139. mál]

um listamannalaun.

(Eftir 2. umr í Ed., 15. mars.)

Samhljóða þskj. 773 með þessari breytingu:

14. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. september 1991 nema fjárhagsákvæði þeirra sem taka gildi 1. janúar 1992. Lögin skal endurskoða að fimm árum liðnum frá gildistöku þeirra.

Sþ. 976. Svar [403. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Valgerðar Sverrisdóttur um skemmtanaskatt.

1. Stendur til að breyta lögum og reglum um skemmtanaskatt í samræmi við aðrar breytingar og einföldun skattkerfisins?

Það er óhjákvæmilegt að taka núverandi tilhögun skemmtanaskatts til athugunar í tengslum við hinar umfangsmiklu skattabreytingar sem nú hafa átt sér stað. Mun þess óskað að fjármálaráðuneytið eigi um það samvinnu við menntamálaráðuneytið að undirbúa slíka athugun.

2. Hverjir og hve mikið greiddu einstakir aðilar í skemmtanaskatt á árinu 1990?

Samkvæmt upplýsingum embættis tollstjórans í Reykjavík voru heildargreiðslur vegna skemmtanaskatts á sl. ári 76.400.913 kr. en heildarálagning skemmtanaskatts á árinu 1990 í Reykjavík nam 74.939.388 kr.

Þessar greiðslur sundurliðast þannig eftir helstu greiðendum (í kr.):

Kvikmyndahús	61.366.386
Veitingahús	11.377.550
Sirkus	1.231.762
Aðrir, félög og einstaklingar	963.690
Greiðslur vegna fyrri ára	1.461.525
Samtals	76.400.913

Greiðslur skemmtanaskatts utan Reykjavíkur voru sem hér segir samkvæmt upplýsingum ríkisbókhalds (í kr.):

Akranes	151.157
Mýra- og Borgarfjarðarsýsla	
Snæfellssýsla, Ólafsvík	3.000
Dalasýsla	
Barðastrandarsýsla	
Bolungarvík	25.960
Ísafjarðarsýsla, Ísafjörður	363.440
Strandasýsla	
Húnavatnssýsla	95.080
Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókur	
Siglufjörður	95.350
Ólafsfjörður	
Eyjafjarðarsýsla, Akureyri, Dalvík	2.245.566
Þingeyjarsýslur, Húsavík	26.940
N-Múlasýsla, Seyðisfjörður	
Neskaupstaður	
S-Múlasýsla, Eskifjörður	
A-Skaftafellssýsla	
V-Skaftafellssýsla	
Rangárvallasýsla	
Vestmannaeyjar	544.970
Árnessýsla, Selfoss	486.490
Gullbringusýsla, Keflavík, Grindavík, Njarðvík	973.139

Keflavíkurflugvöllur	
Kjós, Hafnarfjörður, Seltjarnarnes, Garðabær	341.740
Kópavogur	
Samtals	5.352.832

Heildargreiðslur skemmtanaskatts á árinu 1990 á landinu voru því 81.753.832 kr.
Endurgreitt, sbr. 3. lið, var 14.723.296 kr.
Hrein greiðsla skemmtanaskatts var því 67.030.449 kr.
Tekið skal fram að litið er svo á að ekki sé ætlast til að tilgreind séu nöfn einstaklinga í þessum lið fyrirspurnarinnar. Þá krefst það umfangsmikillar úrvinnslu gagna að tilgreina sundurliðun á greiðendum skemmtanaskatts utan Reykjavíkur sem ekki eru tök á að fari fram miðað við þann tíma sem gefist hefur til að svara fyrirspurninni.

3. Hvaða reglur gilda um undanþágu frá greiðslu skemmtanaskatts eða endurgreiðslu á honum? Hverjir og hve mikið fengu einstakir aðilar endurgreitt af skattinum á árinu 1990?

Varðandi það hvaða reglur gildi um undanþágu frá greiðslu skemmtanaskatts vísast til 3. gr. laga um skemmtanaskatt, nr. 58/1970. Varðandi endurgreiðslu skemmtanaskatts vísast til ákvæða 6. gr. laga um skemmtanaskatt, nr. 58/1970. Tvö kvikmyndahús í Reykjavík njóta þessa ákvæðis, þ.e. Laugarásbíó og Háskólabíó. Endurgreiðslur til þessara aðila á árinu 1990 námu 14.723.296 kr. samtals.

4. Hvernig er hagað eftirliti með innheimtu skemmtanaskatts?

Um tilhögun eftirlits með innheimtu skemmtanaskatts vísast til reglugerðar nr. 127/1937, 1. og 2. gr. reglugerðar um viðauka við þá reglugerð, nr. 73/1973, og reglugerðar um breyting á framangreindri reglugerð, nr. 91/1983.
Eftirlitsmenn með vínveitingahúsum fylgjast með að settum reglum sé fylgt, en kvikmyndahús skila mánaðarlegum skýrslum til lögreglustjóra eða tollstjórans í Reykjavík.

Ed. 977. Frumvarp til laga [320. mál]

um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

(Eftir 3. umr. í Nd., 15. mars.)

Samhljóða þskj. 565 með þessari breytingu.

8. gr. hljóðar svo:
Í íslenskum atvinnufyrirtækjum skulu framkvæmdastjórar og meiri hluti stjórnarmanna vera búsettir hér á landi óháð eignarhlut, atkvæðisrétti eða öðrum yfirráðum erlendra aðila. Viðskiptaráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

Ed. 978. Frumvarp til laga [321. mál]

um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl.

(Eftir 3. umr. í Nd., 15. mars.)

Samhljóða þskj. 566 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Lög um málflytjendur, nr. 61 4. júlí 1942.

Við 4. tölul. 9. gr. og 4. tölul. 14. gr. laganna bætist: eða hefur samfellt átt lögheimili hér á landi í að minnsta kosti eitt ár.

8. gr. hljóðar svo:

Lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19 6. apríl 1966.

1. gr. laganna orðist svo:

Enginn má öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteignum á landi hér, þar á meðal veiðirétt, vatnsréttindi eða önnur fasteignaréttindi, hvort sem er fyrir frjálsa afhendingu eða nauðungarráðstöfun, hjúskap, erfðir eða afsal, nema þeim skilyrðum sé fullnægt sem nú skal greina:

1. Ef einstakur maður er þá skal hann vera íslenskur ríkisborgari eða með lögheimili á Íslandi samfellt í a.m.k. fimm ár.
2. Ef fleiri menn eru með í félagi og ber hver fulla ábyrgð á skuldum félagsins þá skulu þeir allir vera íslenskir ríkisborgarar eða með lögheimili á Íslandi samfellt í a.m.k. fimm ár.
3. Ef félag er og bera sumir fulla en sumir takmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins þá skulu þeir er fulla ábyrgð bera allir vera íslenskir ríkisborgarar eða með lögheimili á Íslandi samfellt í a.m.k. kosti fimm ár.
4. Ef félag er, þar sem enginn félaga ber fulla ábyrgð á skuldum félagsins, eða stofnun þá skal félagið eða stofnunin eiga hér heimilisfang og varnarþing og stjórnendur allir vera íslenskir ríkisborgarar eða með lögheimili á Íslandi samfellt í a.m.k. fimm ár. Í hlutafélögum skulu $^{4}/_{5}$ hlutar hlutafjár vera eign íslenskra ríkisborgara og íslenskir ríkisborgarar fara með meiri hluta atkvæða á hluthafafundum.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–4. tölul. 1. mgr. er ráðherra heimilt að veita leyfi ef ástæða þykir til. Eigi þarf þó leyfi:

1. Ef um er að ræða leigu á fasteign eða réttindi yfir henni og leigutími eða annar réttindatími er þrjú ár eða skemmri eða uppsögn áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara.
2. Ef um er að ræða aðila sem ekki fullnægir skilyrðum 1.–4. tölul. 1. mgr. en hefur rétt til þess að stunda atvinnurekstur hér á landi og vill öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign til eigin nota og/eða til notkunar í atvinnustarfsemi sinni, enda fylgi henni einungis venjuleg lóðarréttindi, en ekki önnur réttindi, svo sem veiðiréttur eða vatnsréttindi.

Leggja skal fyrir dómsmálaráðuneytið samninga, afsöl eða önnur heimildarskjöl vegna eignar- og afnotaréttinda erlendra aðila hér á landi og öðlast gerningurinn ekki gildi fyrr en ráðuneytið hefur staðfest hann með áritun sinni.

9. gr. hljóðar svo:

Lög um verslunaratvinnu, nr. 41 2. maí 1968.

a. Við 1. tölul. 4. gr. laganna bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það samfellt í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

b. 5. gr. laganna orðist svo:

Félag eða annar lögaðili á rétt á verslunarleyfi eða endurnýjun verslunarleyfis, enda uppfylli framkvæmdastjórar og stjórnarmenn lögaðila og, sé um að ræða félag þar sem allir eða sumir félagsmanna bera fulla ábyrgð á skuldbindingum félagsins, þeir félagsmanna, sem fulla ábyrgð bera á skuldbindingum félagsins, skilyrði 2. og 4. tölul. 4. gr. Þá skal einn stjórnarmanna og framkvæmdastjóri jafnframt fullnægja skilyrðum 3. tölul. 4. gr. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í skal enn fremur fullnægt skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

c. 5. mgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er ráðherra að veita undanþágu frá ríkisfangsskilyrði 1. tölul. 4. gr.

21. gr. hljóðar svo:

Lög um skipulag ferðamála, nr. 79 2. júlí 1985, sbr. lög nr. 59/1988.

a. 1. mgr. 15. gr. laganna orðist svo:

Til að geta öðlast leyfi til reksturs ferðaskrifstofu þarf umsækjandi að uppfylla eftirtalin skilyrði:

a. Eigi lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. eitt ár.

b. Sé fjárráða og hafi forræði á búi sínu.

b. 3. mgr. 15. gr. laganna orðist svo:

Leyfi má veita félagi eða öðrum lögaðila sem á heimili hér á landi, enda sé framkvæmdastjóri slíks lögaðila fjárráða og hafi forræði á búi sínu. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila, sem erlendur aðili á hlut í, er leyfisveiting þó háð því að fullnægt sé skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Ed. 979. Lög [338. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 15. mars.)

Samhljóða þskj. 775.

Sþ. 980. Tillaga til þingsályktunar [472. mál]

um að endurmeta skatta og gjöld af fasteignum.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að leggja fram á haustþingi 1991 frumvarp til laga um breytingar á lögum um mat og skatta af fasteignum. Tilgangur frumvarpsins verði að eigendur greiði fasteignagjöld í hlutfalli af arðsemi eigna sinna frekar en staðsetningu þeirra.

Greinargerð.

Nýlega kom út skýrsla um könnun Stefáns Ingólfssonar fyrir borgarskipulag Reykjavíkur. Þar kemur fram að verð eigna í miðborg Reykjavíkur hefur hrapað um 35–50% síðan verslunarhúsið Kringlan opnaði árið 1986.

Þessi niðurstaða hefur reyndar löngum blasað við vegfarendum um miðborgina. Auð verslunar- og skrifstofupláss og hvítt kalk í gluggum sölubúða. Áður blómlegt viðskiptalíf er á förum í önnur borgarhverfi og mannlífið dvínar um leið. Fjöldi húseigenda er um það bil að missa eignir sínar og rambar á barmi gjaldþrota.

Ríkið er langstærsti húseigandinn í miðborg Reykjavíkur og því er Alþingi málið skylt. Þess vegna er hér lagt til að leitað verði leiða til að tryggja húseigendum að skattar og gjöld af eignum þeirra verði aldrei hærra hlutfall en arðsemi eignanna.

Nd. 981. Lög [219. mál]

um breyting á lögum nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 15. mars.)

Samhljóða þskj. 281.

Ed. 982. Nefndarálit [405. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, nr. 63/1985.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Grétar J. Guðmundsson, aðstoðarmann félagsmálaráðherra, Sigurð E. Guðmundsson, framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar, Yngva Örn Sigurðsson, formann húsnæðismálastjórnar, Hilmar Þórisson, skrifstofustjóra Húsnæðisstofnunar, Ásmund Stefánsson, Ásmund Hilmarsson,

Magnús Sveinsson og Björn Þórhallsson frá Alþýðusambandi Íslands, Þórð Skúlason og Vilhjálm Vilhjálmsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Þórarin V. Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands, Ragnhildi Guðmundsdóttur og Rannveigu Sigurðardóttur frá BSRB og Gunnar Helgason og Þráin Valdimarsson úr húsnæðismálastjórn.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að raunvaxtahækkun hafi ekki í för með sér greiðslujöfnun, en greiðslujöfnun felst í því að mismunur á hækkun launavísitölu og lánskjaravísitölu og hækkun á raunvöxtum er færður á sérstakan jöfnunarreikning sem telst til höfuðstóls lánsins. Eftir að sett voru ákvæði um vaxtabætur með lögum nr. 79/1989, sbr. lög nr. 117/1989, er ljóst að lántakandi nýtur ekki vaxtabóta vegna skuldar á jöfnunarreikningi sem komin er til vegna raunvaxtahækkunar þar sem vaxtabætur miðast við fjárhæð vaxtagjalda, en til þeirra teljast einungis gjaldfallnar verðbætur og gengistöp á afborganir og vexti, sbr. ákvæði skattalaga. Að óbreyttum lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána þýðir raunvaxtahækkun það í framkvæmd að lánstími lengist ef skuld er á jöfnunarreikningi við lok lánstíma og lántakandi nýtur ekki vaxtabóta eins og fyrr er greint. Með því að fella misgengi vegna raunvaxtahækkunar úr lögunum er verið að tryggja að þeir sem eiga rétt á vaxtabótum fái raunvaxtahækkun bætta.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. mars 1991.

Margrét Frímannsdóttir, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson.	Jón Helgason.
	Karl Steinar Guðnason.	

Nd. 983. Nefndarálit [375. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um ábyrgðadeild fiskeldislána, nr. 17 3. apríl 1990.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta sem ætlað er að bæta úr þeim vandamálum sem fiskeldisfyrirtæki eiga við að stríða. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. mars 1991.

Páll Pétursson, form.	Ólafur Þ. Þórðarson, frsm.	Matthías Bjarnason.
Jón Sæmundur Sigurjónsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Friðrik Sophusson.

Ed. 984. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til l. um vernd barna og ungmenna.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það höfunda þess, Sigríði Ingvarsdóttur, formann barnaverndarráðs, Ingibjörgu Rafnar héraðsdómslögmann og Gunnar Sandholt, yfirmann fjölskyldudeildar Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar. Hilmar Björgvinsson, deildarstjóri hjá Tryggingastofnun ríkisins, kom einnig á fund nefndarinnar. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá eftirtöldum aðilum: Barnaheill, barnaverndarráði, biskupi Íslands, bæjarstjórn Selfoss, Dómarafélagi Íslands, félagsmálaráði Akureyrar, félagsmálaráði Egilsstaðabæjar, félagsmálaráði Neskaupstaðar, félagsmálaráði Selfoss, félagsmálaráðuneytinu, Félagsmálastofnun Kópavogskaupstaðar, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Fóstrufélagi Íslands, fræðslustjóra Suðurlandsumdæmis, héraðsnefnd Árnesinga, héraðsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu, héraðsnefnd Vestur-Skaftafellssýslu, Kennarasambandi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, menntamálaráðuneytinu, Sálfræðingafélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa og Sýslumannafélagi Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Nefndin taldi nauðsynlegt að gera ýmsa breytingar, m.a. með hliðsjón af ábendingum sem henni bárust í umsögnum um frumvarpið, en í flestum tilvikum er þó ekki um verulegar efnisbreytingar að ræða.

Halldór Blöndal var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. mars 1991.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Guðrún J. Halldórsdóttir, fundaskr.	Valgerður Sverrisdóttir.
Skúli Alexandersson.	Jón Helgason.	Salome Þorkelsdóttir.

Ed. 985. Breytingartillögur [29. mál]

við frv. til l. um vernd barna og ungmenna.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 3. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. Fyrri málsgrein verði tvær málsgreinar þannig að 1. málsl. verði 1. mgr. og 2.–7. málsl. verði 2. mgr.
   b. Síðasti málsliður síðari málsgreinar orðist svo: Það skal annast fræðslustarfsemi fyrir þá sem starfa að barnaverndarmálum, m.a. með útgáfustarfsemi og námskeiðum.

2. Við 4. gr. Í stað orðanna „og hátterni“ í 1. efnismálsl. 2. mgr. komi: hátterni og uppeldisskilyrðum.
3. Við 6. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. komi: Þá skal sveitarstjórn heimilt að að semja um svæðisbundið samstarf með öðrum hætti en að framan greinir með leyfi félagsmálaráðherra.
   b. Í stað orðanna „að fengnu leyfi félagsmálaráðherra“ í lok 1. mgr. komi: og í þeim tilvikum skal gæta þeirra sjónarmiða sem nefnd eru í 3. mgr. um kjör barnaverndarnefnda.
   c. Orðin „t.d. barnalækni, sálfræðing eða félagsráðgjafa“ í niðurlagi 3. mgr. falli brott.
4. Við 7. gr. Fyrri málsliður fyrri málsgreinar orðist svo: Kjörtímabil barnaverndarnefnda er hið sama og sveitarstjórna.
5. Við 10. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. Á eftir orðinu „héraðsnefndar“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: sveitarstjórnar.
   b. Orðin „svo og leita til sérfræðinga í einstökum málum“ í lok 2. mgr. falli brott.
6. Við 12. gr. Annar málsliður fyrri málsgreinar falli brott.
7. Við 17. gr. Við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Barnaverndarnefnd er skylt að tilkynna foreldri barns ef mál, er varðar barnið, er til meðferðar hjá lögreglu eða dómstólum, sbr. 1. og 2. mgr., enda mæli hagsmunir barnsins ekki gegn því. Óski foreldri eftir því að vera viðstatt yfirheyrslu yfir barni sínu yngra en 16 ára skal það að jafnaði heimilt. Dómari úrskurðar um þetta atriði ef ágreiningur verður og sætir úrskurður hans ekki kæru.
8. Við 19. gr. Í stað orðsins „dagvistastofnana“ í 1. mgr. og í stað sama orðs í 3. mgr. komi (í viðeigandi beygingarföllum): dagvistarheimila.
9. Við 20. gr. Í stað orðsins „laga“ í 1. málsl. komi: barnalaga.
10. Við 21. gr. Orðið „ástæðulausrar“ í lok b-liðar 1. mgr. falli brott.
11. Við 23. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. Á eftir orðinu „börn“ í 1. málsl. komi: og ungmenni.
   b. Í stað orðanna „hefur rökstuddan grun um“ í 1. málsl. komi: telur.
   c. Orðin „en tólf mánuði þaðan í frá“ í lok 2. málsl. falli brott.
12. Við 25. gr. Í stað orðsins „sínum“ í 3. mgr. komi: þess.
13. Við 26. gr. Orðin „eða aðfinnslur“ í seinni málsgrein falli brott.
14. Við 28. gr. Í stað orðsins „reyndar“ í fyrri málslið síðari málsgreinar komi: fullreyndar.
15. Við 30. gr. Í stað orðanna „ef þörf krefur“ í niðurlagi 3. mgr. komi: svo lengi sem þörf krefur.
16. Við 33. gr. Í stað orðsins „þjálfa“ í upphafi seinni málsgreinar komi: aðstoða.
17. Við 35. gr. Í stað orðanna „þrefaldan barnalífeyri sé það innan sjö ára aldurs og tvöfaldan sé það eldra“ í 1. mgr. komi: umsaminn lífeyri.
18. Við 36. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðsins „barni“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: barninu.
   b. Í stað orðanna „er skylt“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: ber.
19. Við 43. gr. Í stað orðanna „í níu mánuði eða lengur“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: til frambúðar.
20. Við 46. gr. Í stað orðanna „einkaheimili eða barnaheimili“ í 4. mgr. komi: einka-

heimili, barnaheimili eða annan þann stað þar sem börn dveljast.

21. Við 47. gr. Í stað orðanna „hafi gert sér fulla grein“ komi: hafi verið gerð full grein.
22. Við 50. gr. Í stað orðanna „innan tveggja vikna“ í lok 1. málsl. komi: án tafar og eigi síðar en innan viku.
23. Við 54. gr. 4. mgr. orðist svo:
    Barnaverndarnefndir, ein eða fleiri saman, skulu hafa tiltæk úrræði með rekstri vistheimila eða á annan hátt til að veita börnum viðtöku vegna aðstæðna á heimili þeirra, svo sem vegna forfalla foreldra, vanrækslu eða illrar meðferðar á barni eða til könnunar á aðstæðum þeirra, sbr. 21. gr.
24. Við 60. gr. bætist: Sveitarstjórnir geta þó breytt þessum aldursmörkum og tímasetningum með sérstakri samþykkt.

Nd. 986. Nefndarálit [50. mál]

um frv. til l. um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingartillögur nefndarinnar eru gerðar að ábendingu bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Alþingi, 15. mars 1991.

Páll Pétursson, form., frsm.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Ragnar Arnalds.
Friðrik Sophusson.	Matthías Bjarnason.	Guðný Guðbjörnsdóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Nd. 987. Breytingartillögur [50. mál]

við frv. til l. um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Stjórn lífeyrissjóðs skal sjá um að saminn sé ársreikningur fyrir hvert almanaksár í samræmi við reglur sem bankaeftirlit Seðlabanka Íslands setur. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýrslu, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á einstökum liðum og framsetningu.
2. 3. mgr. 1. gr. falli brott.

3. 4. mgr. 1. gr., er verði 3. mgr., orðist svo:
   Ársreikningur skal undirritaður af öllum stjórnarmönnum lífeyrissjóðs og forstöðumanni hans. Hafi einhver þeirra mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skal hann undirrita með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu hvers eðlis fyrirvarinn er.
4. Við 3. gr. bætist ný málsgrein er verði 1. mgr. og orðist svo:
   Endurskoðun ársreikninga skal vera lokið eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs.
5. Við 3. gr. 1. málsl. 1. mgr., er verði 2. mgr., orðist svo: Skoðunarmenn skulu framkvæma endurskoðun í samræmi við góðar endurskoðunarvenjur og reglur bankaeftirlits Seðlabanka Íslands þar að lútandi.
6. Við 3. gr. 6. mgr., er verði 7. mgr., orðist svo:
   Senda skal bankaeftirliti Seðlabanka Íslands endurskoðaðan ársreikning lífeyrissjóðs þegar eftir undirritun hans og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs. Meginniðurstöður ársreiknings skal birta opinberlega og í samræmdu formi sem bankaeftirlitið ákveður. Slíkar meginniðurstöður skulu liggja frammi í starfsstöð viðkomandi lífeyrissjóðs og vera aðgengilegar fyrir sjóðfélaga.
7. Á eftir 3. gr. komi þrjár nýjar greinar er orðist svo:
   a. (4. gr.)
      Ef endurskoðun leiðir í ljós verulega ágalla í rekstri lífeyrissjóðs varðandi innra eftirlit, iðgjaldainnheimtu, greiðslutryggingar útlána, meðferð fjármuna eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins eða skaðað hann að öðru leyti skulu skoðunarmenn gera stjórn sjóðsins og bankaeftirliti Seðlabanka Íslands viðvart.
      Ef bankaeftirlitinu berst tilkynning að hætti 1. mgr. eða það telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla að rekstri lífeyrissjóðs og fjárhagsstöðu sé ábótavant í verulegum atriðum skal það krefja stjórnendur og skoðunarmenn þegar í stað um nauðsynleg gögn sem þeim ber að afhenda innan tveggja vikna frá því þeim barst krafan.
      Komi fram í gögnum að hætti 1. eða 2. mgr. að rekstur lífeyrissjóðs eða fjárhagsstaða sé ekki í samræmi við ákvæði laga þessara, reglur settar samkvæmt þeim, staðfestar reglugerðir lífeyrissjóða eða sé að öðru leyti óeðlileg eða ótraust getur bankaeftirlitið veitt viðkomandi sjóði hæfilegan frest til úrbóta nema brot séu alvarleg. Verði ekki orðið við kröfum bankaeftirlitsins innan tilskilins frests skal það vísa málinu til fjármálaráðherra til ákvörðunar.
   b. (5. gr.)
      Stjórnendum lífeyrissjóðs og skoðunarmönnum er skylt að veita bankaeftirliti Seðlabanka Íslands allar þær upplýsingar og gögn um málefni lífeyrissjóðs og framkvæmd endurskoðunar sem það kann að óska eftir og þeir geta látið í té.
      Heimilt er bankastjórn Seðlabanka Íslands, að fengnum tillögum bankaeftirlitsins, að ákvarða viðurlög í formi dagsekta ef lífeyrissjóðir verða ekki við skyldu til afhendingar ársreikninga skv. 7. mgr. 3. gr., annarra gagna skv. 2. mgr. 4. gr. eða sé kröfum eða athugasemdum bankaeftirlitsins um úrbætur skv. 3. mgr. 4. gr. ekki sinnt.

Kröfur, athugasemdir og fyrirhugaðar aðgerðir bankaeftirlitsins samkvæmt lögum þessum skulu þegar í stað tilkynntar fjármálaráðherra, stjórn lífeyrissjóðs og skoðunarmönnum.

c. (6. gr.)

Brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða fésektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með brot á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

8. Við 4. gr. er verður 7. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu gilda við gerð ársreiknings lífeyrissjóða í fyrsta sinn fyrir reikningsárið 1991.

Nd. 988. Breytingartillaga [370. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum.

Frá Málmfríði Sigurðardóttur, Önnu Ólafsdóttur Björnsson, Kristínu Einarsdóttur og Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Á fiskveiðitímabilinu 1. janúar til 31. ágúst 1991 er sjávarútvegsráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að allt að 6.000 þorskígildislestum af aflaheimildum samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 40 15. maí 1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, skuli ráðstafað án endurgjalds til þeirra sveitarfélaga sem verða fyrir beinum tekjumissi vegna aflabrests á loðnu.

Ráðherra skal skipta þessum heimildum í ákveðnu hlutfalli milli sveitarfélaga sem miðist við meðaltal landaðrar loðnu í viðkomandi sveitarfélagi sl. þrjú ár.

Skylt er að landa þeim afla, sem úthlutað er samkvæmt þessari heimild, til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi, sbr. ákvæði í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 40/1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

Sveitarstjórnir, sem fá úthlutað aflaheimildum samkvæmt þessari grein, skulu við ráðstöfun þeirra til skipa setja skilyrði sem miði að því að tryggja starfsfólki loðnuverksmiðja atvinnu við vinnslu aflans.

Ed. 989. Nefndarálit [230. mál]

um frv. til l. um samvinnufélög.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Orðin „sem fellur úr gildi 1. janúar 1996“ í niðurlagi síðari málsliðar 106. gr. falli brott.

Guðrún J. Halldórsdóttir var fjarverandi er málið var afgreitt.

Alþingi, 15. mars 1991.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Halldór Blöndal.	Ey. Kon. Jónsson.	Eiður Guðnason.

Sþ. 990. Svar [386. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristins Péturssonar um yfirdrátt ríkissjóðs í Seðlabanka.

1. Yfirdráttur í Seðlabankanum.

Eftir hvaða reglum hyggst ríkisstjórnin nýta sér yfirdrátt í Seðlabankanum á árinu 1991 til þess að ná markmiðum þjóðarsáttar um varanlega hjöðnun verðbólgu?

Að venju verður gerð mánaðarleg greiðsluáætlun fyrir ríkissjóð á grundvelli fjárlaga. Á grundvelli greiðsluáætlunar verður samið við Seðlabanka Íslands um mánaðarlegan yfirdrátt í bankanum í samræmi við samning aðila frá 16. maí 1988. Samkvæmt samningnum eru vextir á yfirdrætti 1% lægri en ársávöxtun almennra útlána banka og sparisjóða. Fari yfirdráttur upp fyrir hin umsömdu mörk hækka vextir og verða 1% hærri en ársávöxtun almennra útlána banka og sparisjóða. Samkvæmt áður tilvitnuðu samkomulagi ríkissjóðs og Seðlabankans mun Seðlabankinn veita viðbótarfyrirgreiðslu umfram umsamda greiðsluáætlun allt að 1,5% af niðurstöðutölu fjárlaga. Í samkomulaginu er gert ráð fyrir að veruleg frávik frá greiðsluáætlun séu skoðuð sameiginlega af aðilum með það að markmiði að gripið verði til aðgerða til að draga úr yfirdrættinum.

Samkvæmt fjárlögum mun hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs nema 1,6% af landsframleiðslu í ár í samanburði við 2,1% á síðasta ári. Gert er ráð fyrir að þessi lánsfjárþörf verði á árinu að fullu fjármögnuð innan lands og utan Seðlabankans, en að yfirdráttur í Seðlabanka verði nýttur til að fjármagna fjárþörf innan hvers mánaðar og innan ársins. Greiðsluáætlun verður byggð á þessum forsendum. Þessi áform samrýmast markmiðum um varanlega hjöðnun verðbólgu þar sem minnkandi lánsfjárþörf er að fullu mætt innan lands og utan Seðlabanka.

2. Reglur í öðrum ríkjum.

Hvaða reglur gilda um yfirdrátt ríkissjóðs í seðlabanka viðkomandi þjóðar á Norðurlöndum, í Þýskalandi, Bretlandi og Bandaríkjunum? Er slíkur yfirdráttur háður einhverjum takmörkunum?

Verið er að afla upplýsinga um þetta efni. Sú upplýsingaöflun er tímafrek, og þykir því rétt að svara fyrri spurningunni í tæka tíð fyrir þinglok.

Til bráðabirgða er þó rétt að gefa þær upplýsingar sem tiltækar eru um beina lánafyrirgreiðslu seðlabanka til ríkissjóða:

Í **Noregi** hefur Noregsbanki heimild til að veita ríkissjóði árstíðabundna fyrirgreiðslu og önnur skammtímalán upp að ákveðnu marki sem þingið ákveður. Í sérstökum tilfellum má hann einnig veita ríkissjóði langtímalán innan ákveðinna marka sem þingið ákveður.

Í **Bretlandi** hefur Englandsbanki heimild til að veita ríkissjóði skammtímafyrirgeiðslu innan ársins.

Í **Bandaríkjunum** hafa aðildarbankar seðlabankakerfisins (Federal Reserve Banks) heimild til að kaupa nýútgáfur skuldabréfa sambandsríkisstjórnar, sem eru til skemmri tíma en sex mánaða, og nýútgáfur skuldabréfa ríkja og sveitarfélaga til skemmri tíma en sex mánaða sem eru gefin út á grundvelli væntanlegra tekna.

Í **Þýskalandi** er hámarksfyrirgreiðsla til ríkissjóðs ákveðin árlega af löggjafanum.

Í **Svíþjóð** hefur seðlabankinn heimild til að veita yfirdráttarlán til skemmri tíma en tólf mánaða upp að ákveðinni upphæð. Sænski seðlabankinn hefur einnig heimild til að kaupa og selja sænsk ríkisskuldabréf.

Sþ. 991. Svar [387. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristins Péturssonar um fjárgreiðslur umfram heimildir fjárlaga.

1. Tekjur og útgjöld ársins 1991.

Hvaða ráðstafanir hefur fjármálaráðherra gert til þess að tekjur samkvæmt fjárlögum ársins 1991 dugi fyrir öllum útgjöldum ársins 1991?

Í ársbyrjun er gerð greiðsluáætlun fyrir innheimtu tekna og er sú áætlun notuð til viðmiðunar á árinu þannig að hægt sé í tæka tíð að grípa til ráðstafana ef þurfa þykir. Til slíks hefur ekki komið það sem af er árs 1991, en rétt er að taka fram að tekjuhlið fjárlaga 1991, og þar með greiðsluáætlun um innheimtu teknanna, byggist á þeirri forsendu að Alþingi samþykki tilteknar lagabreytingartillögur sem það hefur enn til umfjöllunar.

Þess skal getið að Alþingi samþykkti fjárlög ársins 1991 með rekstrarhalla sem nam 4.069.372.000 kr. Ekki er því gert ráð fyrir að tekjur ársins 1991 dugi fyrir útgjöldum ársins 1991.

2. Fjárlagaheimildir ársins 1991.

Hvaða bein fyrirmæli hefur fjármálaráðherra gefið ríkisstofnunum almennt til þess að þær fari ekki fram úr fjárlagaheimildum ársins 1991?

Fylgst er með framkvæmd fjárlaga í hverri ríkisstofnun með aðstoð greiðsluáætlunar fyrir hverja stofnun og er það samstarfsverkefni fjármálaráðuneytisins, stofnunarinnar og viðkomandi fagráðuneytis. Ráðuneytið hefur á undanförnum árum lagt síaukna áherslu á að dreifa fjármálalegri ábyrgð með því að efla fjármálaskrifstofur fagráðuneytanna. Þetta hefur aukið verulega aðhald við rekstur stofnana ríkisins. Fjármálaráðuneyt-

ið á regluleg samskipti við fagráðuneytin um framvinduna á árinu til að hægt sé að grípa í taumana ef á þarf að halda.

Fjármálaráðherra hefur hingað til á árinu 1991 ekki talið þörf á að gefa ríkisstofnunum almennt sérstök fyrirmæli um þessi mál. Forstöðumönnum ríkisstofnana er almennt ljóst að ekki er hægt að fara fram úr fjárlagaheimildum. „Aukafjárveitingar" hafa verið aflagðar. Um knýjandi fjárveitingar sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlögum er sótt til þingsins í fjáraukalagafrumvarpi. Reglan er sú að fé er ekki greitt úr ríkissjóði nema Alþingi hafi samþykkt fjárveitinguna í fjárlögum eða fjáraukalögum.

3. Greiðsluáætlanir ársins 1991.

Hvaða bein fyrirmæli hefur fjármálaráðherra gefið ríkisstofnunum um 12 mánaða rekstraráætlanir varðandi fjárveitingu ársins 1991 og hvernig þeim rekstraráætlunum skuli framfylgt?

Greiðsluáætlanir eru samdar í upphafi árs í samráði fjármálaráðuneytis, forstöðumanna stofnunar og fagráðuneytis. Á undanförnum árum hefur markvisst verið stefnt að því að bæta gerð greiðsluáætlana þannig að þær falli sem best að þörfum þeirra stofnana sem um er fjallað. Forstöðumönnum ríkisstofnana er gert ljóst að greiðsluáætlunin er sá rammi sem þær verða að starfa eftir.

Fjármálaráðherra hefur hingað til á árinu 1991 ekki talið þörf á að gefa ríkisstofnunum almennt sérstök fyrirmæli um þessi mál.

4. Fjáraukalagafrumvarp á haustþingi 1991.

Hvaða ráðstafanir hefur fjármálaráðherra gert til þess að væntanlegt fjáraukalagafrumvarp í upphafi haustþings 1991 muni duga fyrir öllum útgjöldum ríkissjóðs og ríkisstofnana til 31. desember 1991?

Þótt ljóst sé að þörf muni vera á fjáraukalagafrumvarpi á haustþingi, m.a. vegna ráðstafana sem líklegt er að Alþingi samþykki í lánsfjárlögum, hefur vinna við gerð þess frumvarps ekki hafist, m.a. vegna þess að lánsfjárlög ársins hafa ekki verið samþykkt.

Fjármálaráðherra telur að ekki þurfi að hafa sérstakar áhyggjur af því að væntanlegum fjáraukalögum verði ekki fylgt af stofnunum framkvæmdarvaldsins, m.a. vegna þeirra stjórnkerfisumbóta sem orðið hafa á síðustu missirum, afnáms aukafjárveitinga, skipulegrar gerðar fjáraukalagafrumvarpa, reglulegs aðhalds við framkvæmd fjárlaga með greiðsluáætlunum.

Þá hefur stefna ríkisstjórnarinnar — þar á meðal stjórn ríkisfjármála — skapað á Íslandi jafnvægi í efnahagsmálum og stöðugleika í peningamálum, en slíkt umhverfi auðveldar stjórnendum stofnana og fyrirtækja mjög alla fjármálastjórn og áætlanagerð, og dregur því í sjálfu sér úr óreiðu og skipulagsleysi, bæði í opinberum rekstri og í atvinnulífinu almennt.

5. Skipan í öðrum ríkjum.

Hvaða reglur gilda um meðferð fjárveitinga umfram fjárlög á Norðurlöndum, í Þýskalandi, Bretlandi og Bandaríkjunum? Eru greiðslur í þessum löndum inntar af hendi án heimilda á fjárlögum eða fjáraukalögum?

Verið er að afla upplýsinga um þetta efni. Sú upplýsingaöflun er tímafrek og þykir því rétt að svara fyrri spurningum í tæka tíð fyrir þinglok.

Nd. 992. Nefndarálit [335. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Eftir að málið var afgreitt frá efri deild bárust nokkrar umsóknir sem uppfylla þær reglur sem settar hafa verið um veitingu ríkisborgararéttar. Leggur nefndin til að þeir einstaklingar öðlist ríkisborgararétt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 15. mars 1991.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Ólafur G. Einarsson, fundaskr.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Ingi Björn Albertsson.	Guðni Ágústsson.	Friðjón Þórðarson.
	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.	

Nd. 993. Breytingartillaga [335. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. bætist í stafrófsröð:

1. Blyden, Deborah, framreiðslumaður í Reykjavík, f. 18. október 1962 á Kúbu.
2. Júdith Guðjónsson, sjúkraliði í Hveragerði, f. 28. nóvember 1922 í Færeyjum.
3. Ognibene, Joseph James, tónlistarmaður í Garðabæ, f. 17. ágúst 1957 í Bandaríkjunum.
4. Rodriguez, Berglind Lovísa, nemi í Reykjavík, f. 13. júní 1975 í Svíþjóð. Fær réttinn 5. september 1991.
5. Rodriguez, Þór Juan Ramón, nemi í Reykjavík, f. 22. janúar 1979 í Svíþjóð. Fær réttinn 5. september 1991.
6. Young, Karen Alice, bókari í Reykjavík, f. 1. júlí 1952 í Kanada.

Nd. 994. Nefndarálit [303. mál]

um frv. til l. um bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimilda.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur meiri hl. nefndarinnar til að það verði samþykkt.

Alþingi, 15. mars 1991.

Páll Pétursson, form.	Ólafur Þ. Þórðarson, frsm.	Matthías Bjarnason.
Guðný Guðbjörnsdóttir.	Jón Sæmundur Sigurjónsson.	Friðrik Sophusson, með fyrirvara.

Nd. 995. Breytingartillögur [370. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum.

Frá Sighvati Björgvinssyni, Matthíasi Bjarnasyni, Geir Gunnarssyni og Hreggviði Jónssyni.

1. 1. gr. orðist svo:
   Við ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 40 frá 15. maí 1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, bætist ný málsgrein sem orðist svo:
   Á fiskveiðitímabilinu 1. janúar til 31. ágúst 1991 er sjávarútvegsráðherra heimilt að auka leyfðan heildarafla af úthafsrækju umfram það sem ákveðið hefur verið með reglugerð nr. 465 frá 27. nóvember 1990, um fiskveiðar í atvinnuskyni, og úthluta þeim viðbótarafla til Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins. Stjórn sjóðsins skal ráðstafa þessum aflaheimildum með sölu, sbr. ákvæði 5. og 9. gr. laganna, til þeirra skipa sem leyfi hafa til úthafsrækjuveiða.
2. 2. gr. orðist svo:
   Á eftir ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 40/1990 komi nýtt ákvæði, er verði ákvæði II, og orðist svo:
   Söluandvirði veiðiheimilda á árinu 1991, sbr. ákvæði til bráðabirgða I og 5. og 9. gr. laganna, skal ráðstafa á því ári til þess að mæta tímabundnum tekju- og atvinnumissi vegna aflabrests á loðnuveiðum samkvæmt reglum sem ráðherra setur.
3. Á eftir 2. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Á eftir ákvæði til bráðabirgða VII í lögum nr. 38 frá 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, komi nýtt ákvæði, VIII, er orðist svo:
   Á árinu 1991 skal sjávarútvegsráðherra eigi beita ákvæði 9. gr. laganna um skerðingu á bolfiskaflaveiði fiskiskipa í því skyni að flytja aflamark á botnfiski frá skipum sem hafa aflahlutdeild í botnfiski yfir til skipa með aflahlutdeild í loðnu.

Ed. 996. Breytingartillaga [421. mál]

við brtt. á þskj. 932 [Efnahagsaðgerðir].

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Í stað orðsins „Deildinni“ í upphafi 4. efnismálsl. 2. gr. komi: Stjórn Byggðastofnunar.

Sþ. 997. Skýrsla [473. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1990.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

I. INNHEIMTA TEKNA

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá ríkisbókhaldi voru innheimtar tekjur vegasjóðs á árinu 1990 sem hér segir:

	Samkvæmt vegáætlun m.kr.	Rauntekjur (bráðab.tölur) m.kr.
1.1. Markaðar tekjur: 1990:		
1. Bensíngjald	3 186	3 172
2. Þungaskattur, km-gjald	925	880
3. Þungaskattur, árgjald	285	305
	4 396	4 357
1.2. Eftirstöðvar markaðra tekna frá fyrri árum, innheimtar 1990	100	100
1.3. Sérstök fjáröflun vegna flýtingar jarðganga á Vestfjörðum	47	
Samtals vegáætlun	4 543	4 457
Breytingar skv. fjáraukalögum:	147	
Samtals fjárveiting	4 690	

Greiðslur til Vegagerðarinnar voru samkvæmt vegáætlun með þó ýmsum breytingum, sem gerðar voru með fjáraukalögum. Nettó breyting samkvæmt fjáraukalögum varð aukning upp á 147 m.kr. Þar af voru 135 m.kr. til vetrarþjónustu, en veturinn var mjög snjóþungur, og 12 m.kr. vegna sjóflóðatjóns við Stokkseyri.

1.1. MARKAÐAR TEKJUR

1.1.0. Bifreiðaeign.

Samkvæmt tölum frá Bifreiðaskoðun Íslands voru nýskráðar fólksbifreiðar og hópferðabifreiðar 6.922 á árinu 1990 en voru 6.601 árið áður. Nýskráðar vöru- og sendibifreiðar voru 1.918 á árinu 1990 á móti 696 árið áður.

Innflutningur fólksbifreiða er því enn í lægð eftir mjög mikinn innflutning á árunum 1986–1988. Þessi litli innflutningur nær ekki að viðhalda bílaflota landsmanna og er því um að ræða minnkun á fólksbifreiðaeign landsmanna annað árið í röð.

Tilkoma virðisaukaskatts um áramótin 1989/1990 hefur hins vegar valdið töluverðri aukningu í nýskráningu vöru- og sendibifreiða.

	Bifreiða-eign 31.12.88	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.89	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.90
Fólksbifreiðar	126.566	-0,79	125.601	-3,62	121.059
Vöru-/sendibifreiðar	11.923	2,13	12.177	-7,76	13.122
Alls	138.489	-0,51	137.778	-2,60	134.181

1.1.1. Bensíngjald.

Bensínsalan 1990 varð 169,4 m.ltr og er það um 1,8% aukning í sölu frá árinu áður, þrátt fyrir þá staðreynd að á sama tíma er um samdrátt að ræða upp á 3,6% í fólksbifreiðaeign landsmanna.

Bensíngjald var 19,39 kr/ltr mestallt tekjuárið en var hækkað í 20,55 kr/ltr í byrjun október. Bensíngjaldið hefði þá mátt hækka í allt að 23,00 kr/ltr samkvæmt heimild í lögum, þannig að ónotuð heimild er tæp 12%.

Sú 8,5% lækkun sem ákveðin var 1989 af bensíngjaldi af blýlausu bensíni er enn í gildi. Markaðshlutdeild blýlauss bensíns hefur aukist úr 50% í tæp 57% á árinu og virðist sú þróun ætla að halda áfram. Afsláttur þessi lækkaði markaðar tekjur Vegagerðarinnar um 180 m.kr. á árinu 1990. Verð á blýlausu 93 oct. bensíni hækkaði á árinu úr 49,20 kr/ltr í 56,80 kr/ltr þrátt fyrir að tollar af bensíni hafi verið lækkaðir tímabundið vegna þeirrar olíukreppu sem ríkt hefur undanfarið.

Ár	Bensínsala m.l	Meðaleyðsla l á bifr.	Verð á l 31. 12. 98 okt	93 okt	Skattar alls kr/l	Bensíngjald 93 okt	98 okt
1971	77,5	1 756	0,16		0,108	0,079	
1972	84,9	1 745	0,16		0,108	0,079	
1973	95,1	1 757	0,26		0,161	0,099	
1974	104,4	1 736	0,49		0,307	0,160	
1975	103,6	1 623	0,60		0,350	0,160	
1976	104,5	1 616	0,80		0,449	0,186	
1977	114,4	1 685	0,93		0,533	0,233	
1978	121,5	1 662	1,81		1,055	0,484	
1979	119,3	1 512	3,70		1,994	0,709	
1980	118,8	1 412	5,95		3,275	1,237	
1981	121,1	1 359	8,45		4,640	1,700	
1982	126,9	1 353	13,80		7,800	3,060	
1983	124,0	1 281	22,30		12,870	5,080	
1984	126,0	1 267	25,80		14,500	5,720	
1985	129,6	1 275	35,00		21,290	9,540	
1986	136,8	1 250	27,50	25,00	16,890	9,540	
1987	155,7	1 324*	35,40	33,70	22,570	12,600	
1988	164,8	1 321	38,30	36,60	23,530	12,600	
1989	166,4	1 335	54,10	49,90	32,960	17,740	19,390
1990	169,4	1 387	62,90	56,80	35,230	18,800	20,550

* Samanburður á meðaleyðslu bensínbifreiðar milli áranna 1986 og 1987 er ekki raunhæfur. Við álagningu hins nýja bifreiðaskatts 1987 átti sér stað mikil hreinsun í bifreiðaskrá Bifreiðaeftirlits ríkisins og ætti því talan fyrir meðaleyðslu 1987 að vera mun réttari en fyrri tölur.

1.1.2. Þungaskattur.

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri ríkisbókhalds námu heildartekjur af þungaskatti 1.185 m.kr., sem skiptast þannig að tekjur af km-gjaldi voru 880 m.kr. en af árgjaldi 305 m.kr. Fjöldi dísilbifreiða á landinu var um sl. áramót 14.073.

1.2. EFTIRSTÖÐVAR MARKAÐRA TEKNA FRÁ FYRRI ÁRUM, INNHEIMTAR 1990

Við gerð vegáætlunar fyrir 1990 var ákveðið að gert yrði átak í innheimtu á þungaskatti sem var í vanskilum, en samkvæmt uppgjöri ríkisbókhalds fyrir 1989 voru hátt á þriðja hundrað milljóna af tekjum vegasjóðs óinnheimtar, einkum tekjur af þungaskatti km-gjaldi. Gert var ráð fyrir að innheimtuátak þetta myndi skila 100 m.kr. Ekki er alveg ljóst hversu miklu þetta átak skilaði í raun, en 100 m.kr. eru hér færðar af tekjum af km-gjaldi yfir á þennan lið. Þannig að heildarinnheimta þungaskatts 1990 samkvæmt bráðabirgðatölum var 1.285 m.kr. og þ.a. vegna km-gjalds 980 m.kr.

1.3. SÉRSTÖK FJÁRÖFLUN VEGNA FLÝTINGAR JARÐGANGA Á VESTFJÖRÐUM

Samkvæmt vegáætlun var 47 m.kr. varið til flýtingar jarðgangagerðar á Vestfjörðum og átti að afla þessa fjár sérstaklega.

II. SKIPTING ÚTGJALDA

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1990, sem samþykkt voru á Alþingi 22. desember 1989, var heildarframlag til vegamála 4.575,0 m.kr.

Samkvæmt fjáraukalögum, sem samþykkt voru á Alþingi 5. maí 1990, lækkaði þessi tala um samtals 160,0 m.kr. Skiptist sú lækkun þannig, að samkvæmt 3. grein laganna lækkaði fjárveiting til yfirstjórnar um 4,0 m.kr. og nýframkvæmda um 75,0 m.kr. og samkvæmt 4. grein laganna lækkuðu útgjöld almennt um 81,0 m.kr. vegna breyttra launa- og verðlagsforsendna í kjölfar kjarasamninga í febrúarmánuði 1990. Eftir þessa lækkun var fjárlagatalan 4.415,0 m.kr.

Í vegáætlun 1990, sem samþykkt var á Alþingi um svipað leyti, var hins vegar gengið út frá tölunni 4.543,0 m.kr. og þá gert ráð fyrir sérstakri fjáröflun að upphæð 47,0 m.kr. vegna flýtingar jarðganga á Vestfjörðum og að lækkun útgjalda um 81,0 m.kr. kæmi ekki til framkvæmda.

Samkvæmt fjáraukalögum, sem samþykkt voru á Alþingi 4. desember 1990, hækkaði fjárlagatalan aftur um 275,0 m.kr. Skiptist sú hækkun þannig, að til nýframkvæmda í samræmi við vegáætlun komu 81,0 m.kr., til jarðganga á Vestfjörðum 47,0 m.kr., til vetrarþjónustu 135,0 m.kr. og 12,0 m.kr. til viðgerðar á kafla af Gaulverjabæjarvegi austan Stokkseyrar, sem eyðilagðist af sjógangi í óveðri, sem gekk yfir Suðurland í janúarmánuði 1990.

Til vegamála runnu því alls 4.690,0 m.kr. á árinu 1990.

Í eftirfarandi töflu er sýnt hvernig ofangreint fjármagn skiptist í einstaka liði í vegáætlun.

II. SKIPTING ÚTGJALDA

Upph. í þús kr.

	Vegáætlun 1990
2.1. Stjórn og undirbúningur	**246 000**
1. Skrifstofukostnaður	119 000
2. Tæknilegur undirbúningur	90 000
3. Umferðartalning og vegaeftirlit	29 000
4. Eftirlaunagreiðslur	8 000
2.2. Viðhald þjóðvega	**1 852 000**
1. Sumarviðhald	
1. Viðhald malarvega	316 000
2. Viðhald vega með bundnu slitlagi	331 000
3. Viðhald brúa	62 000
4. Viðhald varnargarða	12 000
5. Heflun vega	162 000
6. Rykbinding	54 000
7. Vinnsla efnis	184 000
8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð	74 000
9. Vegmerkingar	22 000
10. Umferðaröryggisaðgerðir	23 000
2. Vetrarviðhald	612 000
2.3. Til nýrra þjóðvega	**2 012 000**
1. Stofnbrautir	
1. Almenn verkefni og bundið slitlag	685 000
2. Sérstök verkefni	385 000
3. Stórverkefni	623 000
2. Þjóðbrautir	268 000
3. Bundin slitlög á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum	29 000
4. Girðingar og uppgræðsla	22 000
2.4. Til brúagerða	**145 000**
1. Brýr 10 m og lengri	138 000
2. Smábrýr	7 000
2.5. Til fjallvega o.fl.	**40 000**
1. Aðalfjallvegir	14 000
2. Aðrir fjallvegir	9 000
3. Þjóðgarðavegir o.fl.	7 000
4. Vegir á Þingvöllum	6 000
5. Reiðvegir	4 000
2.6. Til sýsluvega	**150 000**
2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum	**225 000**
2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa	**0**
2.9. Til tilrauna	**20 000**
Samtals	4 690 000

2.0. VERÐLAGSFORSENDUR OG AFKOMA

Við gerð vegáætlunar fyrir 1990 var meðalvísitala vegagerðar árið 1990 áætluð 4300 stig. Hafði þá verið tekið tillit til, auk áætlaðra almennra verðhækkana, hækkunar vegna tilkomu virðisaukaskatts sem reiknað hafði verið út að næmi um 7%. Meðalvísitalan árið 1990 varð í reynd 4.254 stig þannig að frávikið í heild varð hagstætt þó aðeins um 1%. Meðalvísitalan 1989 var hins vegar 3.374 stig þannig að hækkun milli ára var 26%.

Eins og áður er greint frá lagðist virðisaukaskattur nokkuð þungt á mannvirkjagerð, s.s. vegagerð þar sem margir kostnaðarliðir við mannvirkjagerð voru áður ekki söluskattsskyldir. Reyndar var ákveðið að endurgreiða virðisaukaskatt af nokkrum kostnaðarliðum hjá sveitarfélögum og ríkisstofnunum, m.a. af sérfræðiþjónustu, ræstingu og snjómokstri. Vegagerðin fékk því endurgreiddan virðisaukaskatt á árinu 1990 af þessum liðum alls um 108 m.kr., þ.a. 93 m.kr. vegna snjómoksturs. Þessar endurgreiðslur hafa verið dregnar frá viðkomandi kostnaðarliðum í þeim töflum og súluritum sem á eftir koma.

Vetrarþjónustan var mjög erfið og dýr á árinu 1990 og var það annað árið í röð sem svo reyndist. Vegagerðin fékk 135 m.kr. á fjáraukalögum til að mæta þessum aukna kostnaði við vetrarþjónustuna.

Nokkrar af stærri framkvæmdum ársins gengu ekki eins hratt fyrir sig hjá viðkomandi verktökum eins og gert hafði verið ráð fyrir og þurfti því að taka minna af vinnulánum á árinu en útlit var fyrir í ársbyrjun og var fjárhagsstaða Vegagerðarinnar um áramótin 1990/1991 almennt nokkuð góð.

2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

2.1.0. Starfsmannahald.

Um sl. áramót voru fastir starfsmenn hjá Vegagerð ríkisins 342 í 336 stöðugildum en voru 345 í 338 stöðugildum um áramótin 1989–1990. Af þessum 342 er 151 starfsmaður á kjörum opinberra starfsmanna í 148 stöðugildum.

Meðalstarfsmannafjöldi á árinu 1990 var 407 en var 406 árið 1989. Heildarvinnuframlag á árinu 1990 reiknað í dagvinnustundum nam 581 mannári og hafði hækkað úr 573 frá árinu 1989. Launagreiðslur voru 696 milljónir kr. á árinu 1990 og launatengd gjöld um 77 m.kr.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda starfsmanna um sl. áramót, sundurgreint eftir umdæmum og starfsstéttum.

Fastir starfsmenn 31. desember 1990.

	Reykja-vík	Suður-land	Reykja-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur-land	Samtals des. 1990
Yfirstjórn, skrifstofa	24	3	2	4	3	2	4	4	46
Tæknilegur undirbúningur	39	6	3	5	5	3	7	4	72
Vegaeftirlit	5								5
Starfsm. áhaldah.skv. lfl. BSRB	13						1	1	15
Iðnlærðir verkstjórar	3	1	1	1	1	2	1	1	11
Verkstjórar	3	9	4	8	8	6	13	10	61
Iðnaðarmenn	7	2	4	5	2	3	4	3	30
Vélamenn	5	6	5	15	10	6	10	8	65
Verkamenn	1	5	2	3	5	5	4	0	25
Ráðskonur, matreiðslumenn	4	1		1	1	1	2	2	12
Fastir starfsmenn í desember 1990	104	33	21	42	35	28	46	33	342
Fastir starfsmenn í desember 1989	106	30	24	43	34	27	47	34	345
Fastir starfsmenn í desember 1988	116	31	17	40	32	29	45	35	345
Fastir starfsmenn í desember 1987	117	31	19	44	32	30	45	40	358
Fastir starfsmenn í desember 1986	123	32	18	46	32	29	48	43	371
Fastir starfsmenn í desember 1985	124	33	17	48	32	32	55	44	385
Fastir starfsmenn í desember 1984	136	36	19	54	35	36	59	48	423
Fastir starfsmenn í desember 1983	146	37	21	59	39	37	65	51	455
Fastir starfsmenn í desember 1982	150	42	21	61	38	35	68	46	461
Fastir starfsmenn í desember 1981	155	38	22	60	35	35	66	48	459

2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Fjárveiting í vegáætlun var 119 m.kr.

Til þessa liðar telst eftirfarandi starfsemi: Yfirstjórn Vegagerðarinnar og stjórnsýslusvið, sem nær yfir lögfræði- og starfsmannadeild, fjárreiðudeild og hagdeild.

2.1.2. Tæknilegur undirbúningur.

Fjárveiting í vegáætlun var 90 m.kr.

Tæknisvið nær yfir áætlanadeild, framkvæmdadeild, rekstrardeild og þjónustudeild. Tæknideildir Vegagerðarinnar vinna að hönnun verkefna, stjórnun framkvæmda og eftirliti með þeim. Auk þess vinna þær ýmiss konar rannsóknar- og tilraunastörf. Ef hægt er að tengja vinnuna við ákveðna framkvæmd sem hefur fjárveitingu í vegáætlun er kostnaðurinn færður á verkið en ef vinnan hins vegar tengist ekki ákveðnum verkum eða verkum sem ekki hafa enn fjárveitingu á vegáætlun er hún greidd af þessum lið.

2.1.3. Umferðartalning og eftirlit.

Fjárveiting var 29 m.kr.

A. Talning umferðar.

Umferðartalning fór fram eftir skipulagi sem byrjað var að vinna eftir 1985. Auk þess var gerð víðtæk könnun á sumarumferð á Austurlandi. Heildarumferð á þjóðvegum jókst um rúmlega 1% frá árinu 1989.

Umferðaraukningin var nokkuð mismunandi eftir landshlutum, mest á Norðurlandi vestra, rúmlega 7%. Umferð á Austurlandi minnkaði um rúmlega 5% en á Norðurlandi eystra varð minnkunin tæp 3%.

Kort það, sem hér fer á eftir, sýnir dreifingu ársumferðar á vegakerfinu.

Á fylgiskjölum 2.1.3.1-6. eru talningarstaðir sýndir ásamt umferðartölum á hverjum stað.

B. Athugun á umferðarslysum.


Safnað var upplýsingum um umferðarslys á þjóðvegum (að þjóðvegum í þéttbýli undanskildum), sem um var gerð lögregluskýrsla á árinu 1989. Niðurstöður hafa birst í sérstakri skýrslu. Söfnun upplýsinga um umferðarslys á þjóðvegum árið 1990 stendur yfir.

2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi verkstjóra og verkamanna, sem starfað hafa áratugum saman hjá Vegagerðinni og ekki hafa aðgang að neinum lífeyrissjóði, voru áætlaðar 8,0 m.kr., en urðu ekki nema tæplega 7,0 m.kr. Einn fyrrverandi verkstjóri og ein verkstjóraekkja létust á árinu, en enginn bættist við. Alls nutu því 5 fyrrverandi verkstjórar, 17 ekkjur og 6 fyrrverandi verkamenn eftirlauna í árslok eða samtals 28 á móti 30 í árslok árið 1989.

2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

	Fjárveiting m.kr.
Sumarviðhald	1 240
Vetrarviðhald	612
Samtals	1 852


Ársumferð 1990
< 200 bílar á dag
200 - 500 "
500 - 1000 "
>1000 "

2.2.1. Sumarviðhald.


Sumarviðhaldi vega er skipt á eftirfarandi liði:

Sumarviðhald	Fjárveiting m.kr.
1. Viðhald malarvega	316
2. Viðhald vega með bundnu slitlagi	331
3. Viðhald brúa	62
4. Viðhald varnargarða	12
5. Heflun vega	162
6. Rykbinding	54
7. Vinnsla efnis	184
8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð	74
9. Vegmerkingar	22
10. Umferðaröryggisaðgerðir	23
Samtals	1 240

Í meðfylgjandi töflu er viðhaldskostnaður vega árin 1980–1990 tilgreindur og jafnframt færður til verðlags 1990, lengd akfærra þjóðvega, viðhaldskostnaður á hvern km. bílafjöldi í ársbyrjun viðkomandi árs og áætlaður fjöldi ekinna km á öllum þjóðvegum í millj. km. Í síðasta dálki töflunnar er síðan viðhaldskostnaður á hverja 100 ekna km. Þær tölur eru einnig sýndar á meðfylgjandi súluriti.

Ár	Viðhaldskostn. m.kr.	Vísitala viðhaldskostn.	Viðhaldsk. verðlags 1990 m.kr.	Lengd akfærra þjóðvega km	Viðhaldsk. pr. km verðl. 1990 þús.kr.	Bílafjöldi í ársbyrjun	Eknir km á öllum þjóðvegum m.km	Viðhaldsk. pr. 100 ekna km verðl. 1990
1980	63,63	228,0	1221	8409	145,2	90 015	472	258,7
1981	95,70	351,0	1193	8411	141,8	95 606	485	245,9
1982	180,63	570,0	1386	8306	166,9	100 936	500	277,3
1983	288,20	1064,0	1185	8277	143,2	100 459	485	244,3
1984	399,90	1198,0	1460	8268	176,6	108 254	524	278,7
1985	548,40	1595,0	1504	8222	183,0	113 202	586	256,7
1986	597,90	1825,0	1433	8231	174,1	117 117	606	236,5
1987	767,50	2285,0	1470	8265	177,8	129 818	726	202,4
1988	807,10	2890,0	1222	8269	147,8	137 409	774	157,9
1989	963,00	3538,0	1191	8256	144,2	138 489	795	149,8
1990	1222,47	4375,0	1222	8254	148,1	137 778	807	151,4


Sumarviðhald á hverja ekna 100 km.
(Á verðlagi 1990.)



Eins og undanfarin ár var lögð mikil áhersla á, að sem minnst af viðhaldsfé færi í vorviðgerðir, en sem mest til viðhalds og endurbóta á vegum.

Lögð var áhersla á að reyna að koma í veg fyrir vorskemmdir með því að hafa eftirlit með öxulþunga bifreiða og takmarka hann, þar sem nauðsyn krafði, en engu að síður urðu nokkrar vorskemmdir á vegum víðs vegar um land.

Kort það, sem hér fer á eftir, sýnir þær öxulþungatakmarkanir, sem settar voru síðastliðið vor.


TAKMARKANIR ÖXULÞUNGA VEGNA AURBLEYTU
Á HELSTU ÞJÓÐVEGUM LANDSINS VORIÐ
1990
16d 5t
12d 7t
16d 5t
12d oj
13d 7t
10d oj
4d 5t
6d 7t
4d 5t
21d 7t
13d oj
13d 7t
24d 5t
12d 7t
26d 7t
9d 5t
4d 7t
7d vl
31d 7t
12d 7t
13d 5t
5d 7t
3d 5t
10d 7t
6d oj
5d 5t
6d 7t
25d 7t
22d 7t
12d 7t
12d 7t
12d 5t
14d 7t
14d 7t
24d 5t
14d 7t
26d 5t
4d 7t
14d 5t
17d 7t
22d 7t
20d 5t
27d 7t
33d 7t
7d oj
15d 5t
13d 5t
14d 5t
17d 7t
16d 7t
24d 7t
22d 5t
14d 7t
26d 7t
24d 5t
13d 7t
15d 7t
18d oj
13d 7t
12d 7t
19d 7t
13d 7t
25d 7t
22d 7t
20d 7t
26d 7t
19d 7t
18d 5t
13d 7t
6d oj
11d 5t
14d 7t
5d vl
5d oj
4d oj
14d 7t
12d oj
13d 7t
22d 5t
16d 7t
18d 7t
14d oj
19d 7t
36d 7t
23d 7t
44d 7t
35d 7t
17d 7t
28d 7t
32d 7t
6d vl
19d oj
10d 7t
Vegurinn lokaður öllu öllum
opinn jeppum (vl öllu oj)
5 tonna öxulþungi (5t)
7 - - (7t)
Kafiastipting
13d 7t

Í meðfylgjandi töflu er sýndur km-fjöldi pjóðvega í hverjum umferðarflokki (júní–sept.). Gerður er greinarmunur á malarslitlagi og bundnu slitlagi. Einnig er sýnt hve eknir eru margir km í hverju kjördæmi, hvernig þeir skiptast eftir slitlögum og hve stór hluti þeir eru af heildarakstrinum.

		Sumardagsumferð, bílar á dag árið 1990													Ársumferð			
		Minni en 50	50-100	100-200	200-300	300-500	500-750	750-1000	1000-1500	1500-2000	2000-3000	3000-5000	5000-10000	Yfir 10000			%	Skipting
	Gerð slit-	Kílómetrar vega í hverjum umferðarflokki															Í	Í
Kjördæmi	lags.	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	Alls km	Eknir m.km.	Kjörd. %	Landi %
Suðurland	Malar	260	280	283	112	81	36	11	5	0	0	0	0	0	1 068	37,4	23,1	4,6
	Bundið	10	8	20	49	148	52	52	73	34	23	27	8	0	504	124,7	76,9	15,4
	Samt.	270	288	303	161	229	88	63	78	34	23	27	8	0	1 572	162,1	100,0	20,0
Meðalt. bílar/dag		24	74	142	252	392	577	878	1 174	1 866	2 573	4 563	6 139	0	440	283		
Reykjanes	Malar	0	36	54	23	19	9	6	11	2	0	0	0	0	160	13,4	4,4	1,7
	Bundið	0	5	8	0	16	9	14	19	18	52	22	47	24	234	289,3	95,6	35,8
	Samt.	0	41	62	23	35	18	20	30	20	52	22	47	24	394	302,7	100,0	37,5
Meðalt. bílar/dag		0	74	155	229	353	597	912	1 166	1 841	2 453	3 602	6 386	15 358	2 559	2 104		
Vesturl.	Malar	283	246	296	105	79	14	5	0	0	0	0	0	0	1 028	29,8	32,7	3,7
	Bundið	0	5	22	66	95	17	19	24	17	58	1	0	0	324	61,4	67,3	7,6
	Samt.	283	251	318	171	174	31	24	24	17	58	1	0	0	1 352	91,2	100,0	11,3
Meðalt. bílar/dag		26	75	140	250	390	642	852	1 449	1 815	2 395	3 522	0	0	361	185		
Vestfirðir	Malar	432	137	437	23	8	4	0	0	0	0	0	0	0	1 041	18,8	49,6	2,4
	Bundið	8	38	111	48	26	2	27	0	7	2	0	0	0	269	19,1	50,4	2,4
	Samt.	440	175	548	71	34	6	27	0	7	2	0	0	0	1 310	37,9	100,0	4,8
Meðalt. bílar/dag		29	80	144	227	332	507	879	0	1 819	2 619	0	0	0	136	79		
Norðurl.ve.	Malar	297	234	114	58	53	13	0	6	0	0	0	0	0	775	20,5	30,2	2,5
	Bundið	0	0	2	20	68	33	42	123	0	0	0	0	0	288	47,3	69,8	5,9
	Samt.	297	234	116	78	121	46	42	129	0	0	0	0	0	1 063	67,8	100,0	8,4
Meðalt. bílar/dag		30	72	139	242	376	639	899	1 105	0	0	0	0	0	297	175		
Norðurl.ey.	Malar	205	267	149	140	113	30	9	3	0	0	0	0	0	916	33,5	40,0	4,1
	Bundið	1	7	24	21	47	53	38	43	26	6	5	0	0	273	50,2	60,0	6,2
	Samt.	206	274	173	161	162	83	47	46	26	6	5	0	0	1 189	83,7	100,0	10,3
Meðalt. bílar/dag		35	79	153	242	393	588	868	1 184	1 615	2 487	3 053	0	0	317	193		
Austurland	Malar	264	236	235	209	65	1	0	0	0	0	0	0	0	1 010	29,7	47,7	3,7
	Bundið	4	0	25	171	90	61	14	5	0	3	0	0	0	373	32,5	52,3	4,0
	Samt.	268	236	260	380	155	62	14	5	0	3	0	0	0	1 383	62,2	100,0	7,7
Meðalt. bílar/dag		27	73	139	233	389	550	806	1 187	0	2 384	0	0	0	193	123		
Samtals	Malar	1 741	1 436	1 568	670	418	107	31	25	2	0	0	0	0	5 998	183,1	22,7	22,7
	Bundið	23	63	212	375	492	227	206	287	102	144	55	55	24	2 265	624,5	77,3	77,3
	Alls	1 764	1 499	1 780	1 045	910	334	237	312	104	144	55	55	24	8 263	807,6	100,0	100,0
Meðalt. bílar/dag		28	75	143	240	386	586	875	1 168	1 786	2 452	4 024	6 347	15 358	395	268		

2.2.1.1. Viðhald malarvega.

Eftirfarandi tafla sýnir lengd vega þar sem malarslitlag var endurnýjað 1990 ásamt fjölda rúmmetra sem ekið var í vegina.

Mölburður 1990.

	Óunnið efni				Unnið efni				Mölburður			
Umdæmi	km	m^3	m^3/m	Meðal-þykkt cm	km	m^3	m^3/m	Meðal-þykkt cm	Samt. km	m^3	m^3/m	Meðal-þykkt cm
Suðurland	28	30 000	1,07	17	65	33 000	0,51	9	93	63 000	0,68	11
Reykjanes					35	9 000	0,26	5	35	9 000	0,26	5
Vesturland . . .	36	57 572	1,60	26	60	18 618	0,31	5	96	76 190	0,79	13
Vestfirðir					7	2 570	0,38	6	7	2 570	0,38	6
Norðurland ve. .	23	15 500	0,67	16	21	13 600	0,65	13	44	29 100	0,66	15
Norðurland ey. .					46	16 283	0,36	6	46	16 283	0,36	6
Austurland . . .	34	68 142	2,03	31	50	14 721	0,29	5	84	82 863	0,99	15
Samtals	121	171 214	1,41	23	284	107 792	0,38	7	405	279 006	0,69	12

2.2.1.2. Viðhald vega með bundnu slitlagi.

Lagðir voru 191 km af slitlagi í viðhaldi sem skiptist þannig:

Malbikun . . . . . 30,0 km
Afrétting + klæðing . . . . . 30,0 km
Klæðing . . . . . 173,5 km

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir bundið slitlag í árslok 1990 skipt eftir kjördæmum. (Lengdir í km).

	Lengdir í km		
Kjördæmi	Stofnbrautir	Þjóðbrautir	Samtals
Suðurland	398,0	105,5	503,5
Reykjanes	188,6	46,5	235,1
Vesturland	282,2	39,7	321,9
Vestfirðir	250,2	18,0	268,2
Norðurland vestra	264,1	22,9	287,0
Norðurland eystra	219,9	52,3	272,2
Austurland	331,5	40,4	371,9
Samtals	1934,5	325,3	2259,8

2.2.1.3. Viðhald brúa.

Fjárveiting var 62,0 m.kr.

Stærstu verkefnin voru eftirtalin:

Umfangsmiklar viðgerðir og endurbætur á brúm á Staðará, Bjarnarfjarðará, Kaldbaksósi og Reykjafjarðará á Strandavegi (643) og viðgerðir og endurbætur á brúm á Karlsá, Jökulsá og Gjádalsá á Austurlandsvegi (1) í Lóni. Þá var unnið að fjölda verkefna við lagfæringar og endurbætur á handriðum og leiðurum brúa sem miða að auknu öryggi vegfarenda alls fyrir um 11 m.kr.

2.2.1.4. Viðhald varnargarða.

Fjárveiting var 12,0 m.kr.

Unnið var að fjölda smærri verkefna en stærsta verkefnið var viðhald grjótvarnar við brúna á Fjallsá í Öræfum á Austurlandsvegi (1).

2.2.1.5. Heflun vega.

Vegagerðin á nú 48 hefla. 38 þeirra eru í fullri notkun við heflun vega, snjóruðning o.fl. Þrír eru varaheflar og sjö eru eingöngu notaðir til snjómoksturs þegar á þarf að halda.

Aukin bundin slitlög á umferðarmestu vegunum hefur dregið mjög úr heflunarþörf eins og meðfylgjandi tafla ber með sér.

	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990
Heflunartímar þús. klst.	31,1	28,0	25,3	24,9	20,1	21,0	17,0	18,7	17,3
Notkun hefla í snjómokstri þús. klst.	16,6	21,2	18,4	6,5	11,5	5,4	10,3	17,9	16,9
Heildarnotkun þús. klst.	72,9	70,9	64,6	50,1	48,4	41,0	40,7	49,4	48,0

Heflunartími er nokkuð misjafn milli ára, sem skýra má af sveiflum í snjómokstri eins og neðri línan sýnir. Taflan ber þó greinilega með sér að heflunarþörf fer minnkandi.

2.2.1.6. Rykbinding.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir lengd malarvega sem rykbundnir voru 1990 með klórkalsíum, salti eða sjó. Í töflunni eru einnig upplýsingar um lengd malarvega, annars vegar með meira en 200 bíla og hins vegar meira en 300 bíla á dag, miðað við sumarumferð.

	Rykbundnir km					Umferð	
Umdæmi	Klór-kalsíum	Úrgangs-salt	Nýtt salt	Sjór	Samtals	SDU> 200	SDU> 300
Suðurland	–	120	–	–	120	245	133
Reykjanes	–	–	32	–	32	70	47
Vesturland	5	91	92	243	431	203	98
Vestfirðir	70	15	–	550	635	35	12
Norðurl. ve.	9	27	49	10	95	130	72
Norðurl. ey.	5	25	334	–	364	295	155
Austurland	8	90	229	185	512	275	66
Samtals	97	368	736	988	2 189	1 253	583

2.2.1.7. Vinnsla efnis.

1990 var aðeins starfrækt ein mulningsvélasamstæða á vegum Vegagerðarinnar og sá hún um efnisvinnslu á Norðurlandi eystra. Annars staðar var efnisvinnslan boðin út.

Vinnsla efnis í slitlag malarvega 1990 var sem hér segir:

	16 mm	19 mm	Mölun m³ 25 mm	>25 mm	Samt. m³
Suðurland	–	–	47 000	–	47 000
Reykjanes	–	4 500	–	–	4 500
Vesturland	–	9 596	–	–	9 596
Vestfirðir	–	–	13 406	–	13 406
Norðurl.ve.	–	16 300	–	–	16 300
Norðurl.ey.	–	–	38 400	–	38 400
Austurland	1 100	3 000	–	–	4 100
Samtals	1 100	33 396	98 806	–	133 302

2.2.1.8. Vatnaskemmdir.

Á árinu 1990 nam tjón vegna vatnaskemmda 29,4 m.kr. Á árunum 1982–1990 varð kostnaður 32,5 m.kr. að meðaltali á ári á verðlagi 1990. Tilfinnanlegust urðu tjónin í Árnessýslu snemma í janúar, í miklum sjávarflóðum, einkum við Stokkseyri.

Í lok mjög snjóþungs vetrar víðast á landinu gerði fyrst í maí, skyndilega mikla hláku. Af þessu urðu mjög miklir vatnavextir, sem ollu tjóni víða á landinu, einkum á svæðinu frá Reykjanesi vestur og norður í Eyjafjörð.

Vatnaskemmdir 1982–1990.

Ár.	Kostnaður hvers árs:	Vísit.	Kostn. á verðl. 1990 Vísitala 4254
1982	5,1	556	39,0
1983	13,8	1031	56,9
1984	9,4	1162	34,4
1985	8,3	1544	22,9
1986	12,5	1770	30,0
1987	9,5	2223	18,2
1988	24,9	2780	38,1
1989	18,4	3374	23,2
1990	29,4	4254	29,4
			Meðaltal: 32,5

2.2.1.9. Vegmerkingar.

Fjárveiting var 25,0 m.kr. Að auki voru til ráðstöfunar 5,1 m.kr. frá fyrra ári.

Til viðhalds á merkjum var varið 4,3 m.kr. Lokið var við endurnýjun leiðamerkja á höfuðborgarsvæðinu og var varið til þess 15,7 m.kr. á þessu ári.

2.2.2. Vetrarþjónusta.

Frá áramótum til vors var veturinn óvenjusnjóþungur um mestallt land. Á Austurlandi voru snjóþyngsli þó í meðallagi. Kostnaður við vetrarþjónustu varð sá mesti frá upphafi, sé miðað við heildarkostnað en virðisaukaskattur af snjómokstri var nú endurgreiddur.

Heildarkostnaður varð 688 m.kr. Endurgreiddur var virðisaukaskattur 93 m.kr. Raunkostnaður að frádregnum virðisaukaskatti varð því 595 m.kr. Fjárveiting var 477 m.kr. Að auki var vegna mikilla snjóþyngsla veitt með aukafjárlögum 135 m.kr. til vetrarþjónustunnar. Alls voru því til ráðstöfunar 612 m.kr. Rekstursafgangur var því 17 m.kr.

Hér fara á eftir töflur sem sýna:

1. Yfirlit yfir kostnað við vetrarþjónustu á öllu landinu 1981–1990.
2. Kostnað við vetrarþjónustu á nokkrum fjallvegum.
3. Hve ýmsir fjallvegir voru lengi lokaðir vegna snjóa á árinu 1990. Einnig er sýnt hve marga daga var unnið við snjómokstur á þeim.

Yfirlit yfir kostnað við vetrarþjónustu 1981–1990.

Allar upphæðir á verðlagi 1990.
Vísitala 4483

Ár:	Vísitölur	Jan.–júní m.kr.	Okt.–des. m.kr.	Allt árið m.kr.
1981	347	348,7	206,6	555,3
1982	569	238,0	202,8	440,8
1983	1083	375,1	191,7	566,8
1984	1219	440,6	136,8	577,4
1985	1603	142,6	128,1	270,7
1986	1885	208,3	173,6	381,9
1987	2358	147,6	122,4	270,0
1988	2997	258,8	112,5	371,3
1989	3710	494,9	141,5	636,4
1990	4483	449,4	145,4	594,8
Meðaltalskostn. sl. 10 ár				466,5

Kostnaður við vetrarþjónustu á nokkrum vegarköflum.

Kaflar:	Lengd kafla km	Kostnaður v/snjóm. m.kr.	Kostnaður á km þús.kr.
Hellisheiði: Reykjavík – Hveragerði og Þrengslavegur	52	24,5	471
Holtavörðuheiði	38	8,2	216
Fróðárheiði	13	4,3	331
Miklidalur og Hálfdán	29	8,1	279
Breiðadalsheiði	16	6,9	431
Botnsheiði	17	9,3	547
Steingrímsfjarðarheiði	47	5,6	119
Siglufjarðarvegur: Ketilás – Siglufjörður	31	11,5	371
Öxnadalsheiði	27	9,2	341
Ólafsfjarðarmúli	18	10,6	589
Fjarðarheiði	25	6,7	268
Oddsskarð	22	6,8	309

Meðalkostn: þús. kr. km: 356

Tafla sem sýnir, hve ýmsir fjallvegir voru lengi lokaðir vegna snjóa árið 1990.

	Jan	Febr	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ág	Sept	Okt	Nóv	Des	Alls	Hlutfall af 365 dögum %	Snjó-moksturs-dagar
Fróðárheiði	4	6	11	10									31	8,5	49
Svínadalur	3	4	2	2									11	3,0	42
Kletthváls	31	28	31	30	9							12	141	38,6	9
Hálfdán	5	5	5	12							1	4	32	8,8	56
Dynjandisheiði	31	28	31	30	12						1	10	143	39,2	8
Hrafnseyrarheiði	24	28	31	30	7						4	15	139	38,1	17
Breiðadalsheiði	14	18	21	17							2	9	81	22,2	75
Botnsheiði	14	16	20	17							2	9	78	21,4	71
Steingrímsfjarðarh.	10	14	21	20								4	69	18,9	34
Holtavörðuheiði	2	1	1	2									6	1,6	63
Vatnsskarð nyrðra	1	1											2	0,5	52
Siglufv.-Fljót	4	5	11	1								1	22	6,0	67
Lágheiði	27	28	31	30	27	4			3	10	2	12	174	47,7	8
Öxnadalsheiði	2	7	6	2									17	4,7	64
Ólafsfjarðarmúli	9	8	10	4								1	32	8,8	74
Hólssandur	31	28	31	30	31	11			12	31	26	27	258	70,7	1
Axarfjarðarheiði	31	28	31	30	31	11			7	27	21	22	239	65,5	3
Sandvíkurheiði	1	5	6	3									15	4,1	53
Vopnafjarðarheiði	1	28	30	30	1					4			94	25,8	7
Möðrudalsöræfi	8	28	31	30	1								98	26,8	14
Vatnsskarð eystra	5	16	16	9						2			48	13,2	31
Fjarðarheiði	3	8	12	2								1	26	7,1	70
Oddsskarð	4	8	5	1								2	20	5,5	75
Breiðdalsheiði	19	28	31	30	4						1	11	124	34,0	9

2.2.3. Yfirlit um viðhald þjóðvega og skiptingu þess.

Í meðfylgjandi töflum er gefið yfirlit um viðhaldskostnað þjóðvega.

Viðhaldskostnaður þjóðvega 1974–1990.

Ár	Fjárv. í vegáætl. m.kr.	Heildar-kostnaður m.kr.	Vetrar-viðhald m.kr.	Vetrarviðhald sem hluti af heildarkostnaður %
1974	7,16	8,44	1,64	19,4
1975	10,49	11,62	3,22	27,7
1976	13,81	14,62	3,16	21,6
1977	18,78	19,80	5,00	25,3
1978	32,20	35,00	8,45	24,1
1979	52,52	53,84	14,37	26,7
1980	83,02	81,01	16,87	20,8
1981	140,06	138,76	42,98	31,0
1982	222,90	236,58	55,95	23,6
1983	414,00	425,13	136,90	32,2
1984	532,30	561,67	157,00	28,0
1985	691,00	645,30	96,80	15,1
1986	821,10	777,00	179,10	23,1
1987	875,00	909,26	141,73	15,6
1988	1 063,00	1 055,30	248,20	23,5
1989	1 485,00	1 489,70	526,70	35,4
1990	1 852,00	1 800,82	594,35	33,0

Viðhaldskostnaður þjóðvega miðað við 100 ekna km árið 1990.

Kjördæmi	Viðhaldskostnaður fyrir árið 1990	Lengd akfærra vega	Viðhaldskostnaður á hvern km	Eknir km 1990	Viðhaldskostnaður á ekna 100 km	Kostnaður við sumarviðhald alls	Kostnaður við sumarviðhald á km	Kostnaður við sumarviðhald á ekna 100 km
	m.kr.	km	þ.kr.	m.km	kr.	m.kr.	þ.kr.	kr.
Suðurland	209,9	1 570	133,7	162	130	165,4	105,3	102
Reykjanes	331,9	394	842,3	303	110	251,9	639,4	83
Vesturland	258,1	1 349	191,4	91	283	185,0	137,1	203
Vestfirðir	319,2	1 309	243,9	38	843	180,0	137,5	476
Norðurland ve.	169,3	1 062	159,4	68	250	111,3	104,8	164
Norðurland ey.	257,1	1 187	216,6	84	308	140,8	118,6	168
Austurland	255,4	1 383	184,6	62	412	188,1	136,0	303
Samtals	1 800,8	8 254	218,2	807	223	1 222,5	148,1	152

2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

2.3.0. Lán og fjárveitingar til vegaframkvæmda.

2.3.0.1. Föst lán til vegaframkvæmda.

Ríkissjóður þurfti ekki af afla neinna lána til vegagerðar á árinu 1990 þar sem vegáætlun var við það miðuð að markaðar tekjur gætu staðið undir öllum áætluðum útgjöldum.

Á árinu 1987 tók Áhaldahús Vegagerðar ríkisins lán hjá Framkvæmdasjóði Íslands að upphæð 18,0 m. kr. til að endurgreiða lán, sem Bæjarsjóður Akureyrar tók árið 1981 vegna brúargerðar á Eyjafjarðará hjá Hrafnagili, en brú þessi kom að miklum notum við lagningu hitaveitunnar á sínum tíma. Lán þetta er bundið lánskjaravísitölu og skal endurgreiðast á árunum 1990–1992 af framlögum á vegáætlun til framkvæmda í Norðurlandskjördæmi eystra, en vextir greiðast árlega. Á árinu 1990 námu vaxtagreiðslur af þessu láni 2,4 m.kr., og afborgun með verðbótaþætti nam 9,9 m.kr. Eftirstöðvar lánsins í árslok uppfærðar samkvæmt vísitölu námu 19,9 m.kr.

2.3.0.2. Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda.

Að venju voru tekin nokkur bráðabirgðalán, sem heimamenn í tilteknum héruðum óskuðu eftir að leggja fram eða afla með öðrum hætti til að hraða eða ljúka ákveðnum framkvæmdum og til að stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum. Sökum góðrar fjárhagsstöðu í lok ársins þurfti þó að taka mun minni bráðabirgðalán en horfur voru á í upphafi framkvæmdatímabils. Voru þau lán, sem tekin voru, að mestu í formi vinnulána frá verktökum og vinnuvélaeigendum eða samtals 141,80 m.kr., en 51,69 m.kr. voru endurlán eða ný lán frá bæjar- og sveitarfélögum. Engin bankalán þurfti að taka að þessu sinni.

Bráðabirgðalán til stofnbrautaframkvæmda urðu samtals 152,90 m.kr. og fóru 100,87 m.kr. til vega í Reykjaneskjördæmi. Þar af fóru 63,70 m.kr. til Hafnarfjarðarvegar á Arnarneshálsi, 12,44 m.kr. til Víknavegar í Njarðvíkum og 3,0 m.kr. til Álftanesvegar, en 21,73 m.kr. voru að mestu endurlán frá bæjarfélögum til Vesturlands- og Hafnarfjarðarvegar. Til vega í Vesturlandskjördæmi fóru 27,72 m.kr., sem skiptust þannig að til Ólafsvíkurvegar fóru 12,62 m.kr., Vestfjarðavegar 12,10 m.kr. og til Vesturlandsvegar 3,00 m.kr. Til vega í Vestfjarðakjördæmi fóru 15,17 m.kr. Þar af til Vestfjarðavegar í Dýrafirði 8,57 m.kr., en afgangurinn fór til Djúpvegar. Til Norðurlandsvegar í Norðurlandskjördæmi vestra fóru 6,84 m.kr. og til Þorlákshafnarvegar í Suðurlandskjördæmi 2,30 m.kr.

Lán til þjóðbrauta urðu samtals 36,98 m.kr. Þar af var endurlán til Þykkvabæjarvegar 21,83 m.kr., og Grafningsvegar efri 8,12 m.kr. Til Útnesvegar og Laxárdalsvegar í Vesturlandskjördæmi fóru 5,81 m.kr. og til Vatnsnesvegar í Norðurlandskjördæmi vestra 1,22 m.kr.

Til þjóðgarðsvegar á Þingvöllum fóru 2,43 m.kr. og til sýsluvega aðallega í Reykjaneskjördæmi 1,18 m.kr.

Bráðabirgðalán í árslok voru því samtals 193,49 m.kr. á móti 270,59 m.kr. í árslok 1989 og skiptust þannig eftir viðfangsefnum:

	Árslok 1990 m.kr.	Árslok 1989 m.kr.
Til stofnbrauta	152,90	211,70
Til þjóðbrauta	36,98	43,29
Til viðhalds vega	0,00	12,10
Til þjóðgarðavega	2,43	0,00
Til sýsluvega o.fl.	1,18	3,50
Samtals	193,49	270,59

2.3.0.3. Önnur lán til vegaframkvæmda.

Engin önnur lán voru tekin til vegaframkvæmda árið 1990, en ríkissjóður yfirtók á sínum tíma greiðslur vaxta og afborgana af öllum lánum sem tekin höfðu verið til vegaframkvæmda og þarf Vegagerðin ekki að bera neinn kostnað af þeim lengur.

2.3.0.4. Fjárveitingar samkvæmt vegáætlun.

Fjárveitingar til nýrra þjóðvega samkvæmt vegáætlun voru 2.012,0 m.kr. Skiptist sú tala þannig að til stofnbrauta fóru 1.693,0 m.kr., til þjóðbrauta 268,0 m.kr., til bundinna slitlaga á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum 29,0 m.kr. og til girðinga og uppgræðslu 22,0 m.kr.

2.3.0.7. Yfirlit um framkvæmdir skv. vegáætlun.

Heildarfjárfesting á árinu 1990 í nýjum stofnbrautum, þjóðbrautum og brúm, varð 2089 m.kr. samkvæmt bráðabirgðayfirliti.

Bundið slitlag var lagt á 125 km, þar af 93 km á stofnbrautir og 32 km á þjóðbrautir. Af þessum 125 km eru 29 km með einbreiðu slitlagi, þ.e. minna en 4 m á breidd.

Byggðar voru samtals 11 brýr 10 metra langar eða lengri og voru þær samtals 452 m á lengd. Sex þessara brúa voru byggðar á stofnbrautum, samtals 274 m, en tvær samtals 116 m á þjóðbrautum.

Auk þess voru byggðar 4 smábrýr (4–10 m), samtals 21 m á lengd. Tvær voru á stofnbrautum, samtals 11 m, og tvær á þjóðbrautum, samtals 10 m.

2.3.1. Til stofnbrauta.

2.3.1.1. Almenn verkefni og bundin slitlög.

Fjárveitingar til almennra verkefna og bundinna slitlaga á stofnbrautum voru samtals 685.000 þús. kr. og var þeim skipt eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti:

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1990 þús. kr.
	Suðurlandskjördæmi	
1	Suðurlandsvegur	
18	Um Markarfljót	7.000
30	Skeiða- og Hrunamannavegur	
04	Þjórsárdalsvegur–Hrunavegur	18.000
35	Biskupstungnabraut	
04	Laugarvatnsvegur–Skálholtsvegur	11.000
38	Þorlákshafnarvegur	
01	Suðurlandsvegur–Þrengslavegur	22.000
	Reykjaneskjördæmi	
1	Vesturlandsvegur	
17	Eyrarfjallsv.–Kjósarskarðsv.	2.000
19	Rannsóknir í Hvalfirði	2.000
40	Hafnarfjarðarvegur	
03	Kópavogur–Arnarnes	38.000
04	Umferðarljós	5.000
41	Reykjanesbraut	
03	Landbætur	3.000

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1990 þús. kr.
	Vesturlandskjördæmi	
1	Vesturlandsvegur	
01	Rannsóknir í Hvalfirði	1.000
01	Um Hvalstöð og Olíustöð	24.000
09	Eskiholtslækur–Gljúfurá	12.000
54	Ólafsvíkurvegur	
05	Núpá–Skógarnesvegur	2.000
08	Staðará–Urriðaá	40.000
60	Vestfjarðavegur	
09	Víðir–Bessatunga	20.000
10	Rannsóknir í Gilsfirði	2.000
	Vestfjarðakjördæmi	
60	Vestfjarðavegur	
01	Gilsfjörður	3.000
03	Króksfjarðarnes–Kambur	14.000
24	Gemlufallsheiði	5.000
61	Djúpvegur	
05	Snæfjallastrandarv.–Flugvöllur	44.000
18	Hafnartangar–Hamar	29.000
25	Óshlíð	11.000
62	Barðastrandarvegur	
05	Hlaðseyri–Raknadalur	19.000
65	Súgandafjarðarvegur	
02	Botn–Laugar	3.000
	Norðurlandskjördæmi vestra	
1	Norðurlandsvegur	
08	Árfarið í Vatnsdal	4.000
19	Víðivellir–Uppsalir	16.000
19	Uppsalir–Kjálkavegur	8.000
74	Skagastrandarvegur	
01–02	Norðurlandsv.–Skagaströnd	10.000
76	Siglufjarðarvegur	
08–09	Um Brúnastaðaá–Fljótaá	1.000
10	Strákagöng	16.000
	Norðurlandskjördæmi eystra	
1	Norðurlandsvegur	
03–04	Hörgárdalsvegur	47.000
20	Skútustaðir–Garður	6.000
82	Ólafsfjarðarvegur	
06	Um Ólafsfjarðarmúla	73.000
85	Norðausturvegur	
21	Raufarhöfn–flugvöllur	9.000
26	Hafralónsá–Langanesvegur	8.000

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1990 þús. kr.
	Austurlandskjördæmi	
1	Austurlandsvegur	
15	Úlfsstaðir–Stórasandfell	12.000
25–27	Fossá–Valtýskambur	59.000
38	Mánagarður–Myllulækur	17.000
47–48	Hof–Virkisá	13.000
85	Norðausturvegur	
04	Á Sandvíkurheiði	15.000
93	Seyðisfjarðarvegur	
02	Langahlíð–Norðurbrún	10.000
96	Suðurfjarðarvegur	
01	Norðfjarðarvegur–Handarhald	7.000
04	Skriður–Höfðahús	4.000
07	Tunguá–Víkurgerði	12.000
10	Stöðvará–Tóftá	1.000
		685.000

2.3.1.2. Sérstök verkefni.

Fjárveitingar til sérstakra verkefna á stofnbrautum voru samtals 385.000 þús. kr. og var þeim skipt eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1990 þús. kr.
1	Suðurlandsvegur	
11–12	Um Mýrdalssand	11.000
12	Um Múlakvísl	29.000
18	Um Markarfljót	4.000
34	Eyrarbakkavegur	
05	Um Ölfusárós	6.000
40	Hafnarfjarðarvegur	
03	Kópavogur–Arnarnes	36.000
1	Vesturlandsvegur	
13	Sveinatungumúli	25.000
54	Ólafsvíkurvegur	
02–03	Um Mýrar	44.000
1	Vesturlandsvegur	
02–03	Holtavörðuheiði	16.000
60	Vestfjarðavegur	
22	Um Dýrafjörð	30.000
61	Djúpvegur	
05	Tenging Inn-Djúps	3.000
1	Norðurlandsvegur	
18–21	Miðhús–sýslumörk	44.000
1	Norðurlandsvegur	
03	Öxnadalur	32.000
917	Hlíðarvegur	
01–07	Vopnafjörður–Hérað	25.000
92	Norðfjarðarvegur	
09–10	Um Oddsskarð	76.000
	Jarðgangarannsóknir	4.000
	Samtals	385.000

2.3.1.3. Stórverkefni.

Fjárveitingar til stórverkefna á stofnbrautum og þéttbýlisvegum voru samtals 623.000 þús. kr. Þar af var 330.000 þús. kr. varið til jarðganga, 209.000 þús. kr. til vega á höfuðborgarsvæðinu og 84.000 þús. kr. til stórbrúa. Var fjárveitingunum skipt eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1990 þús. kr.
	Jarðgöng	
60	Vestfjarðavegur	
27	Vestfjarðagöng	58.000
82	Ólafsfjarðarvegur	
06	Ólafsfjarðarmúli	272.000
	Höfuðborgarsvæðið	
40	Hafnarfjarðarvegur	
03	Kópavogur–Arnarnes	105.000
	Sætún vestan Kringlumýrarbrautar	73.000
	Nýbýlavegur	31.000
	Stórbrýr	
	Dýrafjörður	67.000
	Markarfljót	16.000
	Til undirbúnings næstu verkefna	1.000
	Samtals	623.000

2.3.2. Þjóðbrautir.

Fjárveitingar til nýbygginga þjóðbrauta voru samtals 256.000 þús. kr. á vegáætlun. Á fjáraukalögum, sem samþykkt voru á Alþingi 4. desember, var veitt 12.000 þús. kr. til viðgerðar á skemmdum á Gaulverjabæjarvegi austan Stokkseyrar af völdum sjóflóða í janúar 1990. Fjárveitingar urðu því alls 268.000 þús. kr. og var þeim skipt eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1990 þús. kr.
	Suðurlandskjördæmi	
26	Landvegur	
01	Um Marteinstungu	14.000
211	Álftaversvegur	1.000
240	Stórhöfðavegur	4.000
252	Landeyjavegur	
06	Ártúnsvegur–Suðurlandsvegur	1.000
261	Fljótshlíðarvegur	
03–04	Hlíðarendakot–Háimúli	9.000
268	Þingskálavegur	
02	Þingskálar–Haukadalur	2.000
37	Laugarvatnsvegur	
03	Um Laugardalshóla	8.000
316	Kaldaðarnesvegur	
01	Um Litlu–Sandvík	4.000
333	Gaulverjabæjarvegur (sjótjón)	
02	Hamarsvegur–Stokkseyri	12.000

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1990 þús. kr.
358	Einholtsvegur	
01	Um Tungufljót	9.000
360	Grafningsvegur efri	
02	Grafningsvegur neðri–Nesjavellir	8.000
	Reykjaneskjördæmi	
415	Bessastaðavegur	
02	Álftanesvegur–Bessastaðir	5.000
425	Nesvegur	
02	Reykjanesviti–Grindavíkurvegur	18.000
461	Meðalfellsvegur	2.000
	Vesturlandskjördæmi	
50	Borgarfjarðarbraut	
02	Um Andakílsá	7.000
05	Síðumúlaveggir–Varmaland	21.000
59	Laxárdalsvegur	
02	Höskuldsstaðir–Þrándarkot	7.000
527	Varmalandsvegur	
01	Borgarfjarðarbraut–Samkomuhús	4.000
574	Útnesvegur	
04	Snjóastaðir í Djúpudölum	7.000
	Vestfjarðakjördæmi	
606	Karlseyjarvegur	
01	Reykhólasveitarvegur–Karlsey	15.000
607	Reykhólasveitarvegur	
10	Grímsnes–Hafnanes	11.000
	Norðurlandskjördæmi vestra	
711	Vatnsnesvegur	
05	Hjá Ósum	2.000
731	Svínvetningabraut	
01	Norðurlandsvegur–Reykjabraut	9.000
745	Skagavegur	
03	Um Laxá	2.000
752	Skagafjarðarvegur	
01–02	Varmilækur–Mælifellsá	11.000
764	Hegranesvegur vestari	3.000
765	Hegranesvegur eystri	3.000
	Norðurlandskjördæmi eystra	
805	Svarfaðardalsvegur	
02	Hreiðarsstaðakot–Hóll	3.000
812	Bakkavegur	
01	Um Pálmholtslæk	3.000
816	Dagverðareyrarvegur	
01	Norðurlandsvegur–Ólafsfjarðarvegur	7.000
830	Svalbarðseyrarvegur	
01	Norðurlandsvegur–Svalbarðseyri	14.000
848	Mývatnsvegur	
01	Vagnbrekka–Stekkjarnes	2.000
850	Flugvallarvegur Mývatnssveit	
01	Kísilvegur–flugvöllur	2.000
864	Hólsfjallavegur	
01–04	Norðurlandsvegur–Norðausturvegur	4.000

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1990 þús. kr.
	Austurlandskjördæmi	
94	Borgarfjarðarvegur	
01	Mýnes–Eiðar	34.000
		268.000

2.3.3. Til bundinna slitlaga á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum.

Fjárveiting til bundinna slitlaga á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum var í vegáætlun 29.000 þús. kr. Auk þess var óráðstafað fé frá fyrra ári 1.000 þús. kr. Var fé þessu skipt eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti.

Kaupstaður Kauptún	1990 fjárv. þús.kr.
Ísafjörður	5.500
Blönduós	7.000
Siglufjörður	500
Seyðisfjörður	5.000
Eskifjörður	3.000
Fáskrúðsfjörður, (Búðahreppur)	6.500
Djúpivogur, (Búlandshreppur)	1.000
Óráðstafað í árslok	1.500
	30.000
Óráðstafað frá 1989	−1.000
Samtals	29.000

2.3.4. Girðingar og uppgræðsla.

Fjárveiting var 22 m.kr. og var 11 m.kr. varið til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum um girðingar og 11 m.kr. til uppgræðslu.

Auk þess var varið til uppgræðslu 14,4 m.kr. vegna nýbygginga sem unnar hafa verið síðustu ár. Til uppgræðslu var alls varið 27 m.kr. með eftirstöðvum frá 1989.

Í töflunum hér að neðan er gefið yfirlit yfir framkvæmdir við girðingar og uppgræðslu.

	Óafgr. 1. jan. 90		Afgr. 1990		Nýjar kröfur		Óafgr. 1. jan. 91	
	Girð km	Ristar stk.	Girð km	Ristar stk.	Girð km	Ristar stk.	Girð km	Ristar stk.
Suðurland	73,9	4	–	–	4,4	2	78,3	6
Reykjanes	7,0	–	–	–	26,0	1	33,0	1
Vesturland	141,5	7	9,3	–	8,0	1	140,2	8
Vestfirðir	17,7	4	–	–	–	–	17,7	4
Norðurland vestra	107,6	5	2,8	–	–	2	104,8	7
Norðurland eystra	198,0	13	–	–	–	–	198,0	13
Austurland	67,3	3	–	–	5,2	–	72,5	3
Samtals	613,5	36	12,1	–	43,7	6	644,5	42

	Framkv. 1990			Ósáð
Umdæmi	Sáning ha	Áburðardr. ha	Samt. ha	1. jan. 1991 ha
Suðurland	17	80	97	76
Reykjanes	34	70	104	35
Vesturland	109	109	218	267
Vestfirðir	8	120	128	435
Norðurland vestra	9	83	92	333
Norðurland eystra	164	10	174	644
Austurland	93	30	123	835
Samtals	434	502	936	2 625

2.4. TIL BRÚAGERÐA

2.4.1. Til brúa 10 m og lengri.

Fjárveiting til brúa 10 m og lengri var 138.000 þús. kr. og var henni skipt eins og segir í eftirfarandi yfirliti, en síðar í skýrslunni er gerð grein fyrir byggingu einstakra brúa.

Heiti	Fjárv. 1990 í þús.kr.
Ölfusá (1), göngubrú	31.000
Tungufljót (358) í Biskupstungum	15.000
Álftá (54) á Mýrum	7.000
Geiradalsá (60), Austur-Barðastrandarsýsla	4.000
Fljótaá (76) í Fljótum	32.000
Brúnastaðaá (76) í Fljótum	14.000
Eyjafjarðará (823) hjá Hrafnagili	14.000
Falljökulskvísl (1) í Öræfum	5.000
Kelduárkvísl (931) á Upphéraðsvegi	8.000
Fjarðará á Seyðisfirði (þéttbýlisvegur)	6.000
Morsá í Skaftafellsþjóðgarði	2.000
Samtals	138.000

2.4.2. Til smábrúa.

Fjárveiting til smábrúa var 7.000 þús. kr. og var henni skipt eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti.

Heiti	Áætl.kostn. í þús.kr.	Fjárv. 1990 í þús.kr.
Langholtsós (340) á Auðsholtsvegi	1.000	1.000
Eyrargil (633) á Vatnsfjarðarvegi	1.500	1.500
Urriðaá (645) á Drangsnesvegi	700	700
Laxá í Nesjum (745) á Skagavegi	1.000	1.000
Til smábrúa á sýsluvegum	11.200	2.800
Samtals	15.400	7.000

2.5. TIL FJALLVEGA O.FL.

2.5.1. Til aðalfjallvega.

Fjárveiting á þessum lið var 14.000 þús. kr. og var henni skipt eins og sýnt er á eftirfarandi yfirliti, en síðar í skýrslunni verður gerð grein fyrir einstökum fjárveitingum.

	Fjárv. í þús. kr.
F 22 Fjallabaksleið nyrðri	1 000
F 28 Sprengisandsleið	1 400
F 35 Kaldadalsleið	800
F 37 Kjalvegur	5 700
F 78 Skagafjarðarleið	600
F 82 Eyjafjarðarleið	900
F 92 Gæsavatnaleið	2 800
Óskipt	800
Samtals	14 000

2.5.2. Til annarra fjallvega.

Fjárveiting til annarra fjallvega var 9.000 þús. kr. og var henni skipt eins og hér segir:

Heiti vegar	Kjördæmi	Upph. í þús kr.	
1. Vegur að Laka	Suðurland	100	
2. Afréttarvegur Hörgslandshrepps	–	30	
3. Afréttarvegur Kirkjubæjarhrepps	–	35	
4. Afréttarvegur Álftavershrepps	–	30	
5. Fjallabaksleið syðri	–	200	
6. Emstruleið	–	380	
7. Afréttarvegur Mýrdalshrepps	–	35	
8. Vegur á Reynisfjall	–	60	
9. Vegur um Fimmvörðuháls	–	100	
10. Afréttarvegur Vestur-Eyjafjallahrepps	–	30	
11. Afréttarvegur Gnúpverja	–	30	
12. Afréttarvegur Hrunamanna	–	60	
13. Afréttarvegur Flóa og Skeiða	–	30	
14. Vegur á Haukadalsheiði	–	30	
15. Hlöðuvallavegur	–	30	
			1 180
16. Vegur að Skálafelli	Reykjanes	60	
17. Vegur að Hamragili	–	60	
18. Vegur að Reykjanesvita	–	100	
19. Vegur um Fossárdal	–	60	
20. Vegur upp með Trönudalsá	–	60	
			340
21. Vegur inn Arnarvatnsheiði	Vesturland	150	
22. Vegur um Þverárdal	–	35	
23. Vegur að Langavatni	–	50	
24. Vegur að Hítarvatni	–	115	
25. Vegur um Grettisbæli	–	50	
26. Vegur á Snæfellsjökul	–	140	
27. Vegur við Móðulæk á Snæfellsjökul	–	100	
28. Vegur að Saurum	–	200	
29. Viðhald fjallvega í Dalasýslu	–	60	
30. Vegur um Haukadalsskarð	–	8	

Heiti vegar	Kjördæmi	Upph. í þús kr.	
31. Vegur á Ljárskógafjall	–	87	
32. Vegur um Selárdal	–	5	
33. Vegur um Geldingadal	–	25	
34. Vegur á Hundadalsheiði	–	25	
35. Vegur um Villingadal og fram Búðardal	–	40	
			1 090
36. Vegur um Kollafjarðarheiði	Vestfirðir	400	
37. Vegur að Látrabjargi	–	400	
38. Vegur um Dalsheiði	–	10	
39. Skíðavegur við Ísafjörð	–	200	
			1 010
40. Vegur um Víðidalstunguheiði	Norðl. vestra	225	
41. Ýmsir fjallvegir í Vestur-Húnavatnssýslu	–	100	
42. Vegur um Haukagilsheiði	–	225	
43. Ýmsir fjallvegir í Austur-Húnavatnssýslu	–	50	
44. Vegur í Lambahraun	–	150	
45. Vegur um Siglufjarðarskarð	–	50	
46. Ýmsir fjallvegir	–	270	
			1 070
47. Vegur að afrétti Svarfaðardals	Norðl. eystra	50	
48. Vegur um Leirdalsheiði	–	150	
49. Vegur um Flateyjardalsheiði	–	400	
50. Ýmsir fjallvegir í Eyjafirði	–	30	
51. Vegur norður Látraströnd	–	20	
52. Vegur um Barkárdal	–	20	
53. Vegur frá Engidal að Stöng	–	300	
54. Vegur í Öskju og Herðubreiðarlindir	–	200	
55. Ýmsir fjallvegir í Suður-Þingeyjarsýslu	–	50	
56. Vegur að Dettifossi	–	180	
57. Ýmsir fjallvegir í Norður-Þingeyjarsýslu	–	30	
58. Vegur að Búrfellsheiði	–	60	
59. Vegur við Hafralónsá	–	50	
60. Vegur að Skoruvík	–	100	
			1 640
61. Brúarvegur á Jökuldal	Austurland	400	
62. Kverkfjallaleið	–	87	
63. Snæfellsleið	–	500	
64. Vegur í Loðmundarfjörð	–	100	
65. Þórdalsheiðarvegur	–	80	
66. Kollumúlavegur	–	50	
67. Afréttarvegur í Fellum	–	21	
68. Vegur um Stafsheiði	–	4	
69. Afréttarvegur í Berufirði	–	15	
70. Vegur upp úr Fossárdal	–	100	
71. Afréttarvegur í Geithellnadal	–	293	
72. Þjóðgarðsvegur í Skaftafelli	–	150	
			1 800
73. Ferðafélag Íslands, sæluhús		200	
74. Ferðafélag Akureyrar, sæluhús		100	
75. Ferðafélag Skagfirðinga, sæluhús		100	
76. Ferðafélag Húsavíkur, sæluhús		25	
77. Ferðafélag Fljótsdalshéraðs, sæluhús		75	
Óskipt		370	
			870
	Samtals		9 000

2.5.3. og 4. Þjóðgarðsvegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum.

Fjárveiting til þjóðgarðsvega o.fl. var 7.000 þús. kr. og fjárveiting til vega á Þingvöllum var 6.000 þús. kr. Í samvinnu við Náttúruverndarráð var fjárveitingu til þjóðgarðsvega o.fl. skipt eins og hér segir.

	Fjárv. 1990 í þús. kr.
1. Vegur að Dyrhólaey	200
2. Vegir að Fjallabaki	900
3. Vegir í Þjórsárdal	100
4. Vegur að Vígdísarvöllum	300
5. Vegur að Glanna í Norðurárdal	200
6. Vegur að Dritvík og Hólahólum	100
7. Vegur á Látrabjarg	300
8. Brú og vegur norður Hornstrandir	100
9. Vegir í Mývatnssveit	300
10. Vegur í Jökulsárgljúfur	1.500
11. Vegur í Öskju og Herðubreiðarlindir	800
12. Vegur í Kverkfjöll	300
13. Vegur í Ásbyrgi	200
14. Brú á Morsá í Skaftafellsþjóðgarði	1.200
15. Óskipt	500
Samtals	7.000

2.5.5. Til reiðvega.

Fjárveiting var 4.000 þús. kr. Landssamband hestamanna skipti þessari fjárhæð milli hestamannafélaga á eftirfarandi hátt:

	Fjárv. 1990 Í þús. kr.
1. Hestamannafélagið Grani, Húsavík	100
2. Hestamannafélagið Þjálfi, Suður-Þingeyjarsýslu	100
3. Hestamannafélögin Funi, Hringur og Léttir, Eyjafirði	1 600
4. Hestamannafélög á höfuðborgarsvæðinu	213
5. Hestamannafélagið Óðinn, Austur-Húnavatnssýslu	100
6. Hestamannafélagið Svaði, Hofsósi	200
7. Hestamannafélagið Stígandi, Skagafirði	500
8. Hestamannafélagið Léttfeti, Sauðárkróki	900
9. Hestamannafélagið Neisti, Blönduósi	200
10. Hestamannafélagið Þytur, Vestur-Húnavatnssýslu	200
11. Hestamannafélagið Glæsir, Siglufirði	100
12. Hestamannafélagið Snæfaxi, Þistilfirði	100
13. Hestamannafélagið Hending, Ísafirði	200
14. Hestamannafélagið Gnýfari, Ólafsfirði	80
15. Hestamannafélagið Snarfari, Skagaströnd	80
16. Jón L. Tryggvason v. Fellsendaflóa	127
	4 800
Af viðhaldsfé	–800
	4.000

2.6. TIL SÝSLUVEGA

Fjárveiting til sýsluvega á vegáætlun 1990 var 150,0 m.kr. og auk þess geymt fé frá 1989 að upphæð 12,3 m.kr. Voru því samtals til ráðstöfunar 162,3 m.kr. Samkvæmt vegalögum var 148,0 m.kr. af fé þessu skipt milli sýslna í samræmi við reglugerð nr. 62/1964 eins og sýnt er í töflu hér á eftir. Afganginum 14,3 m.kr. var að mestu varið til greiðslu á þeim hluta framlags ríkissjóðs á móti aukaframlögum hreppa, sem frestað var að greiða á árinu 1989 eins og gerð var grein fyrir í skýrslunni það ár.

Í skýrslunni fyrir árið 1989 voru framlög hreppa til sýsluveganna samkv. 21. og 26. gr. vegalaga áætluð 55,74 m.kr., en urðu nokkru hærri eða 56,53 m.kr. Þar af voru aukaframlög samkv. 21. gr. 2. mgr. 10,93 m.kr.

Samkvæmt breytingu, sem gerð var á vegalögum í samræmi við sveitarstjórnarlög nr. 8/1986, og tók gildi frá og með 1. janúar 1990, lögðu hrepparnir ekkert fé til sýsluvega á árinu 1990, heldur var eingöngu um ríkisframlag að ræða. Með samanburði á töflunum yfir framlög til sýsluvega árin 1989 og 1990 hér á eftir má gera sér glögga grein fyrir þeirri breytingu, sem varð á fjármagni til sýsluvega af þessum sökum. Miðað við sama verðlag bæði árin voru tekjur sýsluveganna árið 1989 samtals 232 m.kr. á móti 162 m.kr. árið 1990. Nemur tekjuskerðingin 70 m.kr. eða um 30 af hundraði.

Framlög til sýsluvega árið 1989.

(Upphæðir í þús.kr.)

	Framlög hreppsfélaga skv. vegalögum		Vegaskattur af fasteignum skv.	Ríkisframlag skv. vegalögum		
	Aðalframlag skv. 21. gr. 1. mgr.	Aukaframlag skv. 21. gr. 2. mgr.	23. gr. vegalaga	Aðalframlag skv. 28. gr. 1. mgr.	Aukaframlag skv. 28. gr. 3. mgr.	Samtals
Gullbringusýsla	1.591	0	0	788	0	2.379
Kjósarsýsla	1.892	248	0	5.473	579	8.192
Borgarfjarðarsýsla	1.769	417	0	3.145	920	6.251
Mýrasýsla	1.081	360	0	3.818	852	6.111
Snæf.- og Hnappadalssýsla	1.301	256	0	4.990	650	7.197
Dalasýsla	1.284	428	0	3.197	1.015	5.924
A-Barðastrandarsýsla	462	0	0	1.272	0	1.734
V-Barðastrandarsýsla	916	0	0	2.122	0	3.038
V-Ísafjarðarsýsla	1.073	178	0	2.192	222	3.665
N-Ísafjarðarsýsla	320	0	0	1.350	0	1.670
Strandasýsla	953	0	0	2.120	0	3.073
V-Húnavatnssýsla	1.262	348	0	3.849	835	6.294
A-Húnavatnssýsla	1.279	0	0	3.794	396	5.469
Skagafjarðarsýsla	2.503	806	0	6.324	1.902	11.535
Eyjafjarðarsýsla	4.015	1.338	0	5.451	2.928	13.732
S-Þingeyjarsýsla	3.059	1 020	0	7.002	2.607	13.688
N-Þingeyjarsýsla	1.182	307	0	4.436	677	6.602
N-Múlasýsla	2.906	969	0	8.443	2.302	14.620
S-Múlasýsla	2.950	578	0	5.663	1.134	10.325
A-Skaftafellssýsla	1.394	116	0	2.517	319	4.346
V-Skaftafellssýsla	1.639	546	0	4.725	1.293	8.203
Rangárvallasýsla	4.270	1.280	0	8.493	2.991	17.034
Árnessýsla	6.497	1.738	0	10.836	4.046	23.117
Samtals	45.598	10.933	0	102.000	25.668	184.199

Framlög til sýsluvega árið 1990.
(Upphæðir í þús. kr.)

	Framlög hreppsnefnda skv. vegalögum:		Vegaskattur af fasteignum skv. 23. gr. vegalaga	Ríkisframlag skv. vegalögum:		Samtals
	Aðalframlag skv. 21. gr. 1. mgr.	Aukaframlag skv. 21. gr. 2. mgr.		Aðalframlag skv. 28. gr. 1. mgr.	Aukaframlag skv. 28. gr. 3. mgr.	
Gullbringusýsla	0	0	0	1.143	0	1.143
Kjósarsýsla	0	0	0	7.941	310	8.251
Borgarfjarðarsýsla	0	0	0	4.546	521	5.085
Mýrasýsla	0	0	0	5.540	450	5.990
Snæf.- og Hnappadalssýsla	0	0	0	7.240	320	7.560
Dalasýsla	0	0	0	4.640	535	5.175
A-Barðastrandarsýsla	0	0	0	1.846	0	1.846
V-Barðastrandarsýsla	0	0	0	3.078	0	3.078
V-Ísafjarðarsýsla	0	0	0	3.180	222	3.402
N-Ísafjarðarsýsla	0	0	0	1.959	0	1.959
Strandasýsla	0	0	0	3.077	0	3.077
V-Húnavatnssýsla	0	0	0	5.585	435	6.020
A-Húnavatnssýsla	0	0	0	5.505	0	5.505
Skagafjarðarsýsla	0	0	0	9.175	1.008	10.183
Eyjafjarðarsýsla	0	0	0	7.909	1.673	9.582
S-Þingeyjarsýsla	0	0	0	10.160	1.275	11.435
N-Þingeyjarsýsla	0	0	0	6.436	383	6.819
N-Múlasýsla	0	0	0	12.251	1.211	13.462
S-Múlasýsla	0	0	0	8.217	765	8.982
A-Skaftafellssýsla	0	0	0	3.653	290	3.943
V-Skaftafellssýsla	0	0	0	6.855	683	7.538
Rangárvallasýsla	0	0	0	12.324	1.600	13.924
Árnessýsla	0	0	0	15.722	2.173	17.895
Samtals	0	0	0	148.000	13.854	161.854

Sýsluvegir 1. janúar 1991.

	Skv. a–c lið 19. gr.				Skv. d–e lið 19.gr.	Sýsluvegir alls	
	Óakf. km	Rutt km	Lagt km	Alls km	km	km	
V-Skaftafellssýsla			132,8	132,8		132,8	
Rangárvallasýsla		238,8		238,8		238,8	
Árnessýsla		275,6		275,6	6,7	282,3	
							653,9
Gullbringusýsla			10,8	10,8		10,8	
Kjósarsýsla			70,1	70,1		70,1	
							80,9
Borgarfjarðarsýsla		5,6	68,8		8,7	83,1	
Mýrarsýsla		1,5	100,6	102,1	34,9	137,0	
Dalasýsla	2,8	9,2	62,3	74,3	13,0	87,3	
Snæf.- og Hnappadalssýsla	1,7	12,7	110,9	125,3	27,4	152,7	
							460,1
A-Barðastrandarsýsla		5,4	24,7	30,1	63,8	93,9	
V-Barðastrandarsýsla		3,6	50,2	53,8	51,9	105,7	
V-Ísafjarðarsýsla		16,6	24,5	41,1	69,8	110,9	
N-Ísafjarðarsýsla		3;6	32,6	36,2	51,1	87,3	
Strandasýsla		5,9	45,1	51,0	88,4	139,4	
							537,2
V-Húnavatnssýsla	0,6	6,5	94,6	101,5	62,3	163,8	
A-Húnavatnssýsla		5,3	92,2	97,5	11,6	109,1	
Skagafjarðarsýsla	0,3	4,4	161,9	166,6	16,5	183,1	
							456,0
Eyjafjarðarsýsla	0,1	2,0	141,4	143,5	13,1	156,6	
S-Þingeyjarsýsla		12,7	164,8	177,5	1,8	179,3	
N-Þingeyjarsýsla	0,8	4,3	128,1	133,2		133,2	
							469,1
N-Múlasýsla		19,4	198,8	218,2	35,3	253,5	
S-Múlasýsla		11,1	119,2	130,3	42,5	172,8	
A-Skaftafellssýsla	0,8	0,8	60,7	62,3	27,0	89,3	
							515,6

2.7. TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM

Mannfjöldi í kaupstöðum og þéttbýlisstöðum með 200 íbúa og fleiri var skv. endanlegum tölum um mannfjölda á Íslandi þann 1. desember 1989 útgefnum af Hagstofu Íslands þann 5. júní 1990:

Kaupstaðir		210.212
Þéttbýlisstaðir með 200 íbúa o. fl.		19.322
	Samtals	229.534
Framlag skv. vegáætlun 1990		Kr. 225.000.000
25% sjóður skv. 34. gr. vegalaga		Kr. 56.250.000
	Til skipta 1990 eftir íbúatölu	Kr. 168.750.000

Skiptitala á hvern íbúa: $\frac{168.750.000}{229.534}$ = Kr. 735,19

Þéttbýlisstaðir með 200 íbúa og fleiri 1. des. 1989.

Kaupstaðir	Íbúar	Framlag 1990
1. Reykjavík	96.708	71.098.290
2. Kópavogur	15.900	11.689.445
3. Seltjarnarnes	4.088	3.005.437
4. Garðabær	6.885	5.061.750
5. Hafnarfjörður	14.541	10.690.328
6. Grindavík	2.161	1.588.735
7. Keflavík	7.423	5.457.280
8. Njarðvík	2.392	1.758.563
9. Mosfellsbær	4.188	3.078.956
10. Akranes	5.362	3.942.063
11. Borgarnes	1.704	1.252.756
12. Ólafsvík	1.188	873.400
13. Stykkishólmur	1.225	900.602
14. Bolungarvík	1.215	893.250
15. Ísafjörður	3.478	2.556.974
16. Blönduós	1.079	793.265
17. Sauðárkrókur	2.508	1.843.844
18. Siglufjörður	1.806	1.327.744
19. Ólafsfjörður	1.193	877.076
20. Dalvík	1.458	1 071.900
21. Akureyri	14.091	10.359.495
22. Húsavík	2.487	1.828.406
23. Egilsstaðir	1.385	1.018.232
24. Seyðisfjörður	997	732.980
25. Neskaupstaður	1.754	1.289.515
26. Eskifjörður	1.095	805.028
27. Höfn í Hornafirði	1.647	1.210.850
28. Vestmannaeyjar	4.814	3.539.182
29. Selfoss	3.847	2 828.257
30. Hveragerði	1.593	1.171.150
Samtals	210.212	154.544.753

Kauptún	Íbúar	Framlag 1990
1. Sandgerði, (Miðneshr.)	1.257	924.128
2. Gerðar	1.066	783.707
3. Vogar, (Vatnsleysustr.hr.)	554	407.293
4. Álftanes, (Bessastaðahr.)	950	698.426
5. Hellissandur og Rif, (Neshr.)	589	433.024
6. Grundarfjörður, (Eyrarsveit)	743	546.243
7. Búðardalur, (Laxárdalshr.)	308	226.437
8. Patreksfjörður	921	677.105
9. Tálknafjörður	335	246.287
10. Bíldudalur	364	267.607
11. Þingeyri	418	307.307
12. Flateyri	395	290.398
13. Suðureyri	392	288.193
14. Súðavík	231	169.828
15. Hólmavík	433	318.335
16. Hvammstangi	680	499.926
17. Skagaströnd, (Höfðahr.)	694	510.218
18. Hofsós	235	172.769
19. Hrísey	275	202.176
20. Grenivík, (Grýtubakkahr.)	307	225.702
21. Reykjahlíð, (Skútustaðahr.)	263	193.354
22. Raufarhöfn	395	290.398
23. Þórshöfn	383	281.576
24. Vopnafjörður	698	513.159
25. Fellabær, (Fellahreppur)	273	200.706
26. Reyðarfjörður	719	528.598
27. Fáskrúðsfjörður, (Búðahreppur)	749	550.654
28. Stöðvarfjörður, (Stöðvarhr.)	345	253.639
29. Breiðdalsvík, (Breiðdalshr.)	256	188.207
30. Djúpivogur, (Búlandshreppur)	444	326.422
31. Vík í Mýrdal, (Mýrdalshreppur)	343	252.169
32. Hvolsvöllur, (Hvolhreppur)	588	432.289
33. Hella, (Rangárvallahr.)	548	402.881
34. Stokkseyri	461	338.920
35. Eyrarbakki	520	382.296
36. Þorlákshöfn, (Ölfushreppur)	1.190	874.870
	19.322	14.205.247
Samtals	229.534	168.750.000

Úthlutun úr 25% sjóði þéttbýlisfjár árið 1990, samkvæmt bréfi fjárveitinganefndar Alþingis, dags. 8. maí 1990.

Eftirstöðvar frá 1989		Kr. 64.079
Framlag árið 1990		– 56.250.000
		Kr. 56.314.079
Úthlutun árið 1990:		
	Kr.	
Kópavogur	7.000.000	
Garðabær	1.500.000	
Hafnarfjörður	3.000.000	
Akranes	1.500.000	
Borgarnes	4.000.000	
Ólafsvík	1.000.000	
Egilsstaðir	3.500.000	
Neskaupstaður	1.000.000	
Vestmannaeyjar	4.000.000	
Arnarstapi, Breiðuvíkurhreppur, Snæf.	500.000	
Hólar í Hjaltadal, Hólahreppur	2.500.000	
Hrísey, Hríseyjarhreppur	2.000.000	
Grímsey, Grímseyjarhreppur	1.000.000	
Þórshöfn	1.600.000	
Bakkafjörður, Skeggjastaðahreppur	800.000	
Borgarfjörður eystri, Borgarfj. hreppur	3.500.000	
Eiðar, Eiðahreppur, S-Múl.	2.500.000	
Fellabær, Fellahreppur, N-Múl.	1.800.000	
Hallormsstaður, Vallahreppur, S-Múl.	3.000.000	
Mjóifjörður, Mjóafjarðarhreppur, S-Múl.	1.000.000	
Stöðvarfjörður, Stöðvarhreppur, S-Múl.	1.000.000	
Breiðdalsvík, Breiðdalshreppur, S-Múl.	1.300.000	
Vík í Mýrdal, Mýrdalshreppur, V.Sk.	600.000	
Stokkseyri	2.500.000	
Eyrarbakki	500.000	
Laugarvatn, Laugardalshreppur, Árn.	400.000	
Kostnaður Vegagerðar ríkisins	1.400.000	
		Kr. 54.400.000
Eftirstöðvar í 25% sjóði til 1991		Kr. 1.914.079

Lengd þjóðvega í þéttbýli 1. janúar 1991.

Kjördæmi	Bundið slitlag km	Án slitlags km	Samtals km	Óakfært km
Suðurland	14,5	0,2	14,7	0,1
Reykjanes	31,1	0,2	31,3	1,8
Reykjavík	35,4	1,8	37,2	6,1
Vesturland	14,4	0,1	14,5	
Vestfirðir	14,8		14,8	
Norðurland vestra	14,9		14,9	
Norðurland eystra	14,7	1,3	16,0	
Austfirðir	25,9	1,2	27,1	
Samtals	165,7	4,8	170,5	8,0

2.8. TIL VÉLAKAUPA OG ÁHALDAHÚSA

2.8.1. Vélakaup.

Helstu vélar sem keyptar voru:

Vélar og tæki:
1 Hjólaskófla
5 Vegheflar
1 Festivagn
1 Malardreifari
1 Rekhamar
3 Snjófeykjar
10 Snjóplógar og tennur
2 Saltdreifarar

Bifreiðar:
2 Vörubílar
1 Dráttarbíll
1 Fólksbifreið
2 Jeppar
4 Sendi- og fólksflutningabifreiðar
12 Pallbifreiðar 4x4 og 4x2

2.8.2. Til byggingar áhaldahúsa.

Engin fjárveiting var til nýbyggingar og viðhalds húsnæðis, en sérstakri húsaleigu var varið til þessa. Helstu verkefnin voru:

1. Suðurland.
   Frágangur á lóð á Selfossi.
2. Reykjavík.
   Endurbætur og breytingar á húsnæði í Borgartúni og Sætúni. Endurbætur á húsnæði og lóð í Grafarvogi.
3. Vesturland.
   Frágangur á lóðum í Borgarnesi, Ólafsvík og Búðardal. Byggð ný sand- og saltskemma í Borgarnesi.
4. Vestfirðir.
   Viðhald og breytingar á skrifstofu á Ísafirði. Frágangur á lóðum á Patreksfirði og á Hólmavík.
5. Norðurland vestra
   Viðhald húss á Hvammstanga. Frágangur lóðar á Sauðárkróki.
6. Norðurland eystra
   Frágangur lóða á Akureyri og Húsavík.
7. Austurland
   Frágangur á lóð í Vopnafirði og Reyðarfirði.

2.9 TIL TILRAUNA Í VEGAGERÐ

Fjárveiting var 15,0 m.kr.
Unnið var að eftirtöldum verkefnum á árinu:

Hálkuvarnarkerfi
Burðarþolshönnun
Eiginleikar íslensks bergs
Umferðarrannsóknir
Burðargeta niðurrekstrarstaura
Sig vega á mýri
Glitaugu
Jarðskjálftamælingar
Tilraunir með steypt slitlög
Burðarþol vega með þunnu slitlagi
Nagladekk – hálkuvarnir
Styrking á gömlum brúm
Snjóflóðavarnir
Orkuupptaka í blýfylltum legum
Sýnileiki kantlína
Endurbætur á ristarhliðum
Rannsóknir á bindiefnum
Styrking vega með dúk
Stikur með gormundirstöðu
Endurskin umferðarmerkja

Flest verkefni þau, sem nú eru í gangi, eru langtímaverkefni þar sem unnið er að mælingu og söfnun upplýsinga um ýmis atriði. Umfangsmest verkefna þessara eru athuganir á burðarþoli vega og burðarþolshönnun. Verkefni þessi, sem eru nátengd hvort öðru, beinast einkum að notkunarhæfni mismunandi malarefna til vegagerðar. Af nýjum verkefnum má sérstaklega benda á athuganir á ýmsum öryggisþáttum, s.s. endurskini umferðarmerkja, sýnileika kantlína, athuganir á vegstikum og þess háttar.

3.1 SÉRSTÖK VERKEFNI

3.1.1. Styrking vega og bundið slitlag.

Við gerð langtímaáætlunar í vegagerð 1983 var miðað við að vegir yrðu endurbyggðir í ríkum mæli og lagðir bundnu slitlagi. Fjármagn til þessa verks hefur í reynd orðið verulega minna en vera átti. Til að komast áfram með bundið slitlag hefur verið gripið til þess ráðs í nokkrum mæli að styrkja og lagfæra vegi í stað þess að endurbyggja þá undir slitlagsgerð.

Jafnframt hefur verið lögð áhersla á styrkingu aðalvegakerfisins fyrir viðhaldsfé. Í nokkrum tilvikum hefur verið lagt bundið slitlag í framhaldi af slíkum styrkingum. Hefur það þá að hluta verið greitt af viðhaldsfé.

Árangur af þessu er sá að verulega hefur dregið úr sérstökum takmörkunum öxulþunga á aðalvegum á undanförnum árum. Þá hefur einnig tekist að halda áætlun í bundnu slitlagi. Alls er bundið slitlag komið á 2.261 km eða 27% af þjóðvegum, og fer nú um 77% af öllum akstri á þjóðvegunum fram á bundnu slitlagi.

Vegir, sem meðhöndlaðir eru á þennan hátt, jafnast ekki á við vegi sem byggðir eru samkvæmt staðli, að því er varðar feril, öryggi og fleira. Það er þó mat Vegagerðarinnar að bundið slitlag sé svo mikilvægt að rétt sé að leggja áherslu á það. Á árinu 1990 var lagt mun minna af bundnu slitlagi en á nokkrum undanförnum árum eða 125 km. Fyrir því eru fleiri ástæður. Þeim köflum á vegakerfinu, sem styrkja má með ódýrum hætti til undirbúnings bundnu slitlagi, fer fækkandi. Stöðugt stærri hluti viðhaldsfjárins fer nú til viðhalds bundinna slitlaga, en það verkefni verður að hafa forgang. Þá taka hin stóru verkefni, jarðgöng, höfuðborgarsvæðið og stórbrýr til sín umtalsvert fjármagn. Brýnt er, að heildarfjármagn verði aukið að því marki að styrking vegakerfisins og lagning bundins slitlags geti haldið áfram í svipuðum mæli og verið hefur.


4.1. YFIRLIT YFIR FJÁRMAGN TIL VEGAMÁLA

Heildarútgjöld til vegamála, á föstu verðlagi, voru um 2,3% minni á árinu 1990 en þau voru árið 1989. Fjárveitingar 1990 voru svo til jafnháar og árið 1989, en taka vinnulána varð minni.


Tilkoma virðisaukaskatts kom nokkuð þungt niður á vegagerð eins og annarri mannvirkjagerð, en nokkrir kostnaðarliðir s.s. mannavinna og vinna vörubifreiða höfðu áður verið undanþegnir söluskatti. Reiknað var út að kostnaðarauki við vegagerð vegna tilkomu virðisaukaskatts yrði um 7% þegar tekið hafði verið tillit til allra liða.

Kostnaður við sumarviðhald var mjög svipaður og hann hefur verið undanfarin tvö ár. Fjárþörfin er hins vegar töluvert meiri ef fullnægja ætti viðhaldsþörfinni. Kostnaður við vetrarþjónustu var mjög mikill annað árið í röð og hefði sjálfsagt slegið öll fyrri kostnaðarmet ef ekki hefði komið til sú ákvörðun að sveitarfélögum og ríkisstofnunum skyldi endurgreiddur virðisaukaskattur af ákveðnum kostnaðarliðum s.s. snjómokstri, sérfræðiþjónustu og ræstingu. Endurgreiðsla til Vegagerðarinnar vegna snjómoksturs á árinu 1990 nam um 93 m.kr. Af þessu leiðir að samanburður milli 1990 og fyrri ára í súluritunum hér að aftan er ekki alveg réttur.


4.1.1. Útgjöld til vegamála sem hlutfall af þjóðarframleiðslu 1964–1990.
Nýr endurskoðaður grunnur.




4.1.2. Heildarútgjöld til vegamála 1964–1990.
Upphæðir í m.kr. á verðlagi 1990.




4.1.3. Heildarkostnaður við sumarviðhald og vetrarþjónustu 1964–1990.
Upphæðir í m.kr. á verðlagi 1990.




4.1.4. Kostnaður við sumarviðhald 1964–1990.
Upphæðir í m.kr. á verðlagi 1990.



4.1.5. Kostnaður við vetrarþjónustu 1964–1990.
Upphæðir í m.kr. á verðlagi 1990.



4.1.6. Nýbyggingar vega, brúa og fjallvega 1964–1990.
Upphæðir í m.kr. á verðlagi 1990.



Fskj.1.-1.

MARKAÐIR TEKJUSTOFNAR VEGAGERÐAR RÍKISINS

1. Bensíngjald.

Bensíngjald var kr. 19,39 á lítra mestallt tekjuárið eða frá 1. desember 1990 til 6. október, en þá var það hækkað í kr. 20,55 á lítra. Frá 29. janúar 1991 hefur bensíngjaldið verið kr. 21,20 á lítra. Bensíngjald af blýlausu bensíni er enn 8,5% lægra en almennt bensíngjald. Sala á blýlausu bensíni hefur aftur á móti aukist og er markaðshlutdeild þess nú um 57%.

2. Þungaskattur.

2.1. Árgjald.

Frá 1. janúar 1991 skal greiða af dísilbifreiðum minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd skv. eftirfarandi: Fyrir bifreiðar að 1000 kg að eigin þyngd skal greiða kr. 72.832 á ári, fyrir bifreiðar 1000–1999 kg kr. 93.095 og síðan u.þ.b. kr. 5.326 fyrir hver 200 kg umfram 1999 kg. Eigendur þessara bíla geta valið um, hvort þeir greiða fast árgjald eða skv. eknum km, sbr. lið 2.2. Fyrir leigubifreiðar og sendibifreiðar, sem taka gjald skv. löggiltum mæli, greiðist 30% hærra gjald.

2.2. Kílómetragjald.

Dísilbifreiðar yfir 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd greiða þungaskatt í formi gjalds fyrir hvern ekinn km. Á sama hátt greiðist þungaskattur af tengi- og festivögnum yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd. Frá 1. janúar 1991 er gjaldið eins og hér segir.

Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.
4,0– 4,9	4,99	15,0–15,9	10,62
5,0– 5,9	5,32	16,0–16,9	11,47
6,0– 6,9	5,74	17,0–17,9	12,30
7,0– 7,9	6,02	18,0–18,9	13,05
8,0– 8,9	6,29	19,0–19,9	14,04
9,0– 9,9	6,57	20,0–20,9	14,78
10,0–10,9	6,98	21,0–21,9	15,63
11,0–11,9	7,24	22,0–22,9	16,62
12,0–12,9	8,14	23,0–23,9	17,41
13,0–13,9	8,92	24,0–24,9	18,20
14,0–14,9	9,86	25,0 og þyngri	19,09


Af akstri fólksflutningabifreiða er taka 17 farþega eða fleiri í sæti, sem á sér stað vegna áætlanaferða í þéttbýli, þ.e. akstur almenningsvagna eða sérleyfisferða, skal greiða 70% lægri skatt en að ofan greinir.

Af akstri vöruflutningabifreiða, þ.m.t. festi- og tengivagnar, umfram 25.000 km á ári skal veittur 10% afsláttur af þungaskatti skv. 2. gr. Af akstri þessara ökutækja umfram 35.000 km á ári skal veittur 20% afsláttur og 50% afsláttur af akstri þeirra umfram 45.000 km á ári.


Af akstri annarra bifreiða skal afsláttur þessi vera 10% af akstri umfram 25.000 km á ári og 20% af akstri umfram 45.000 km á ári.

Afsláttur kemur til framkvæmda við fyrsta uppgjör eftir að akstur hefur náð framangreindum mörkum, talið frá og með 10. október ár hvert.


Fskj. 2.1.3.–1.


SUÐURLANDSKJÖRDÆMI
UMFERÐARTALNING 1990
Reykjavík, í mars 1991
VEGAGERÐIN
Skýringar:
MÝRDALS-
JÖKULL
LANGJÖKULL
VESTMANNAEYJAR
SELFOSS


Fskj. 2.1.3.–2.


REYKJANESKJÖRDÆMI
UMFERÐARTALNING 1990
Reykjavík, í mars 1991
VEGAGERÐIN
Skýringar:
AKRANES
SELTJARNARNES
REYKJAVÍK
KÓPAVOGUR
GARÐABÆR
HAFNARFJÖRÐUR
KEFLAVÍK
NJARÐVÍK
GRINDAVÍK
Garður
Sandgerði
Hvalfjörður
Hvalfjarðargöng
Hvítá
Ölfusá
Þingvallavatn
Hvalfjarðarvegur
Reykjanesbraut
Suðurlandsvegur
Vesturlandsvegur
Nesjavallavegur
Krýsuvíkurvegur
Grindavíkurvegur
Keflavíkurvegur
Reykjanesvegur
Hafnarfjarðarvegur
Álftanesvegur
Bessastaðavegur
Arnarnesvegur
Breiðholtsbraut
Höfðabakki
Vesturlandsvegur
Suðurlandsvegur
Nesjavallavegur
Krýsuvíkurvegur
Grindavíkurvegur
Keflavíkurvegur
Reykjanesvegur
Hafnarfjarðarvegur
Álftanesvegur
Bessastaðavegur
Arnarnesvegur
Breiðholtsbraut
Höfðabakki


Fskj. 2.1.3.–3.


VESTURLANDSKJÖRDÆMI
UMFERÐARTALNING 1990
VEGAGERÐIN
Reykjavík, í mars 1991
Skýringar:
BREIÐAFJÖRÐUR
FAXAFLÓI
Hvammstangi
Laugarbakki
Hrútafjörður
Staðarskáli
Víðidalur
Blönduós
Stykkishólmsbær
Búðardalur
Hvammsfjörður
Grundarfjörður
Grundarhóll
Hellissandur
Rif
ÓLAFSVÍK
Snæfellsjökull
Hafnarfjall
Borgarfjörður
Borgarnes
AKRANES
LANGJÖKULL


Fskj. 2.1.3.–4.


VESTFJARÐAKJÖRDÆMI
UMFERÐARTALNING 1990
Reykjavík, í mars 1991
VEGAGERÐIN
HÚNAFLÓI
BREIÐAFJÖRÐUR
DRANGAJÖKULL
BOLUNGARVÍK
ÍSAFJÖRÐUR
Skýringar:


Fskj. 2.1.3.–5.


NORÐURLANDSKJÖRDÆMI VESTRA
UMFERÐARTALNING 1990
VEGAGERÐIN
Skýringar:
HÚNAFLÓI
SIGLUFJÖRÐUR
ÓLAFSFJÖRÐUR
DALVÍK
AKUREYRI
HÚSAVÍK
SAUÐÁRKRÓKUR
Skagafjörður
Hofsós
Hólar
Hvammstangi
Blönduós
Hrútafjörður
Staðarskáli
Hrútafjarðará
Miðfjörður
Víðidalstunga
Vatnsnes
Hvammstangi
Laugarbakki
Hrútafjarðará
Blönduós
Staðarskáli
Hofsós
Hólar
Skagafjörður
Siglufjörður
Ólafsfjörður
Dalvík
Akureyri
Húsavík
Stöðvarfjörður
Djúpivogur
Breiðdalsvík
Fáskrúðsfjörður
Reyðarfjörður
Eskifjörður
Neskaupstaður
Seyðisfjörður
Egilsstaðir
Vopnafjörður
Þórshöfn
Raufarhöfn
Kópasker
Húsavík
Akureyri
Dalvík
Ólafsfjörður
Siglufjörður
Skagafjörður
Hofsós
Hólar
Sauðárkrókur
Blönduós
Hrútafjörður
Staðarskáli
Hvammstangi
Miðfjörður
Víðidalstunga
Vatnsnes
Laugarbakki
Hrútafjarðará
Hrútafjarðará
Blönduós
Staðarskáli
Hofsós
Hólar
Skagafjörður
Siglufjörður
Ólafsfjörður
Dalvík
Akureyri
Húsavík
Stöðvarfjörður
Djúpivogur
Breiðdalsvík
Fáskrúðsfjörður
Reyðarfjörður
Eskifjörður
Neskaupstaður
Seyðisfjörður
Egilsstaðir
Vopnafjörður
Þórshöfn
Raufarhöfn
Kópasker
Húsavík
Akureyri
Dalvík
Ólafsfjörður
Siglufjörður
Skagafjörður
Hofsós
Hólar
Sauðárkrókur
Blönduós
Hrútafjörður
Staðarskáli
Hvammstangi
Miðfjörður
Víðidalstunga
Vatnsnes
Laugarbakki
Hrútafjarðará


Fskj. 2.1.3.–6.


NORÐURLANDSKJÖRDÆMI EYSTRA
Skýringar:
VEGAGERÐIN
UMFERÐARTALNING 1990
Reykjavík, í mars 1991
ÓLAFSFJÖRÐUR
DALVIK
HUSAVIK
AKUREYRI
Raufarhöfn
Þórshöfn
Bakkafjörður
HOFSJÖKULL

Fskj. 2.1.3.–7.


AUSTURLANDSKJÖRDÆMI
Skýringar:
UMFERÐARTALNING 1990
VEGAGERÐIN
Reykjavík, í mars 1991
Kópasker
Þórshöfn
Bakkafjörður
Vopnafjörður
Borgarfjörður
EGILSSTAÐAKAUP
SEYÐISFJÖRÐUR
NESKAUP STAÐUR
ESKIFJÖRÐUR
Reyðarfjörður
Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður
Breiðdalsvík
Djúpivogur
Brúarjökull

Fskj. 2.1.3.–8.


AUSTURLANDSKJÖRDÆMI
UMFERÐARTALNING 1990
VEGAGERÐIN
Reykjavík, í mars 1991
Skýringar:
VATNAJÖKULL
Hofn
Hornafjörður
Breiðamerkurjökull
Öræfajökull
Skeiðarárjökull
Vesturdalsjökull
Lambatungnajökull
Hoffellsjökull
Fjallsjökull
Skálafellsjökull
Svínafellsjökull
Kvíárjökull
Hrútárjökull
Hrútárjökull
Eyjabakkajökull
Brúarjökull
Snæfell
Hvannadalshnúkur
Bulandstindur
Hálsaheiði
Hólmsá
Lón
Þvottá
Hrollaugsmýr
Tvísker

Fskj.2.3.0.–1.

Þjóðvegir 1. janúar 1991.

Kjördæmi	Stofn-brautir km	Þjóð-brautir km	Þjóðvegir í þéttbýli km	Þjóð-vegir km
Suðurland	492,7	1080,3	14,8	1587,8
Reykjanes	198,9	200,9	76,4*)	476,2
Vesturland	525,4	841,1	14,5	1381,0
Vestfirðir	802,1	515,9	14,8	1332,8
Norðurland vestra	362,6	714,2	14,9	1091,7
Norðurland eystra	579,0	607,9	16,0	1202,9
Austurland	845,2	537,5	27,1	1409,8
Samtals	3805,9	4497,8	178,5	8482,2

* Lengd þjóðvega í þéttbýli í Reykjavík meðtalin.

Stofnbrautir 1. janúar 1991.

Kjördæmi	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurland		492,7	492,7
Reykjanes	5,9	193,0	198,9
Vesturland		525,4	525,4
Vestfirðir		802,1	802,1
Norðurland vestra		362,6	362,6
Norðurland eystra		579,0	579,0
Austurland		845,2	845,2
Samtals	5,9	3800,0	3805,9

Þjóðbrautir 1. janúar 1991.

Kjördæmi	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurland	2,7	1077,6	1080,3
Reykjanes		200,9	200,9
Vesturland	17,4	823,7	841,1
Vestfirðir	9,0	506,9	515,9
Norðurland vestra	14,9	699,3	714,2
Norðurland eystra		607,9	607,9
Austurland		537,5	537,5
Samtals	44,0	4453,8	4497,8

Fskj. 2.3.0.–2.

Þjóðvegir og sýsluvegir 1. janúar 1991.

Kjördæmi	Stofn-brautir km	Þjóð-brautir km	Sýslu-vegir km	Alls km	Þjóðvegir í þéttbýli km
Suðurland	493	1 078	626	2 197	15
Reykjanes	193	201	81	474	69
Vesturland	525	824	460	1 810	14
Vestfirðir	802	507	537	1 846	15
Norðurland vestra	363	699	456	1 515	15
Norðurland eystra	579	608	469	1 639	16
Austurland	845	537	516	1 899	27
Samtals	3 800	4 454	3 124	11 380	171

ATH.: Aðeins eru taldir akfærir vegir. Af götum í kaupstöðum og kauptúnum eru aðeins taldar með þær sem eru þjóðvegir í þéttbýli.

Fskj. 2.2.1.1.-1

Stofnbrautir — almenn verkefni og bundin slitlög.
Greinargerð um framkvæmdir.

1 Suðurlandsvegur

18 Um Markarfljót

Fjárveiting var 27 m.kr., þ.e. 7 m.kr. af almennum verkefnum, 4 m.kr. af sérstökum verkefnum og 16 m.kr. af stórbrúm. Þar af voru 19 m.kr. lánaðar til byggingar brúar á Múlakvísl en afganginum varið til framleiðslu niðurrekstrarstaura og annars undirbúnings fyrir brúarbygginguna.

30 Skeiða- og Hrunamannavegur

04 Þjórsárdalsvegur - Hrunavegur

Fjárveiting var 18 m.kr. og innstæða frá fyrra ári um 5,0 m.kr. Byggður var nýr vegur frá slitlagsenda við Hólakot að slitlagsenda við Hellisholt. Verktaki við verkið var Árvélar hf. Vegurinn var gerður tilbúinn fyrir bundið slitlag sem verður lagt sumarið 1991.

35 Biskupstungnabraut

04 Laugarvatnsvegur - Skálholtsvegur

Fjárveiting var um 11,0 m.kr. og skuld frá fyrra ári um 5,0 m.kr. Lagt var bundið slitlag frá Mosfellslæk að Brúará samtals um 2,4 km langur kafli. Vegagerðin sá um framkvæmdina.

38 Þorlákshafnarvegur

01 Suðurlandsvegur - Þrengslavegur

Fjárveiting var 22 m.kr. og skuld var á veginum að upphæð 6,2 m.kr. Endurbyggður var 4,0 km langur kafli og lagður bundnu slitlagi. Undirbyggingu annaðist Ræktunarsamband Flóa og Skeiða en slitlagið lagði Klæðning hf.

1 Vesturlandsvegur

17 Eyrarfjallsvegur - Kjósarskarðsvegur

Fjárveiting, 2 m.kr., fór til greiðslu á landbótum.

19 Rannsóknir í Hvalfirði

Fjárveiting var 2 m.kr. Unnið var að jarðfræðirannsóknum í firðinum og umferðarkönnunum.

40 Hafnarfjarðarvegur

03 Kópavogur - Arnarnes

Fjárveiting var 38 m.kr. Sjá nánar fskj. 2.3.1.3. „Stórverkefni - Höfuðborgarsvæðið".

04 Umferðarljós

Fjárveiting, 5 m.kr., fór til greiðslu á skuld vegna umferðarljósa sem sett voru upp árið 1989.

41 Reykjanesbraut

03 Landbætur

Fjárveiting var 3 m.kr. Ekki var gengið frá skuldinni og er því um inneign að ræða.

06 Vatnsleysustrandarvegur - Grindavíkurvegur

Fjárveiting var engin. Samkvæmt ákvörðun þingmanna Reykjaness var tekið lán að upphæð 6,0 m.kr. til að lýsa upp gatnamót Vogavegar og Grindavíkurvegar. Hitaveita Suðurnesja vann verkið.

46 Víknavegur

01 Um Fitjar

Fjárveiting var engin. Samkvæmt ákvörðun þingmanna kjördæmisins var tekið lán að upphæð 13,0 m.kr. til að endurgera gatnamót Reykjanesbrautar við Víknaveg og Seylubraut.

1 Vesturlandsvegur

01 Rannsóknir í Hvalfirði

Fjárveiting var 1,0 m.kr. Unnið var að jarðfræðirannsóknum í firðinum og umferðarkönnunum.

01 Um Hvalstöð og Olíustöð

Fjárveiting var 24,0 m.kr. Verkið var boðið út í janúar og var lægstbjóðandi Borgarverk hf. Alls var byggður upp og lagður bundnu slitlagi 2,7 km kafli. Verkinu er lokið.

09 Eskiholtslækur - Gljúfurá

Fjárveiting var 12,0 m.kr. Greiddar skuldir frá 1989. Verkinu var lokið að mestu leyti 1989, en unnið var við frágang, gerð reiðvegar og girðingar sem ekki tilheyrðu útboði.

12 Búðardalsá - Hvammsleiti

Fjárveiting var engin, en heimiluð var 10,0 m.kr. lántaka til að hefja framkvæmdir. Verkið var boðið út í október og hófust framkvæmdir skömmu síðar. Verktaki er Rsb. Flóa og Skeiða. Verklok eru áætluð 20. ágúst 1991.

54 Ólafsvíkurvegur

05 Núpá - Stóra-Þúfa.

Fjárveiting var 2,0 m.kr. til greiðslu skuldar, enn fremur heimiluð 18,0 m.kr. lántaka til greiðslu 1991. Vegurinn var undirbyggður 1989. Lögn efra burðarlags og klæðingar var boðin út í maí 1990, alls 5,9 km. Verktaki var Borgarverk hf.

08 Staðará - Urriðaá

Fjárveiting var 40,0 m.kr. til greiðslu skulda og vaxta. Gengið var frá vegsvæði sem frestað var 1988 er vegurinn var lagður klæðingu. Verkið var unnið af Vegagerðinni.

60 Vestfjarðavegur

09 Víðir - Bessatunga

Fjárveiting var 20,0 m.kr. til greiðslu skulda, vaxta og lokafrágangs, en vegurinn var byggður upp 1988-1989.

10 Klofningsvegur - Brunná

Fjárveiting var engin en heimiluð var 18,0 m.kr. lántaka til greiðslu 1991. Verkið var boðið út haustið 1989. Vegurinn var byggður upp á 3,5 km kafla og klæðing lögð á 2,7 km. Undirbyggingu annaðist Tak hf., Búðardal, en klæðingu lagði Borgarverk hf.

60 Vestfjarðavegur

01 Gilsfjörður

Fjárveiting var 3 m.kr. Unnið var að rannsóknum og skýrslugerð um veg og brú yfir Gilsfjörð. Skýrslan mun væntanlega koma út snemma árs 1991.

03 Króksfjarðarnes - Kambur

Fjárveiting var 14 m.kr. Lagt var slitlag á kafla sem byggður var á síðasta ári frá Kambi að Geitará, einnig var lagfærður og lagður slitlagi kaflinn frá Kletti að Kambi, samtals eru þetta 5,3 km. Verkið var unnið af vinnuflokkum Vegagerðarinnar.

24 Gemlufallsheiði

Fjárveiting var 5 m.kr. Fjárhæðin var lánuð til Dýrafjarðarbrúar.

61 Djúpvegur

05 Snæfjallastrandarvegur - flugvöllur

Fjárveiting var 44 m.kr af almennum verkefnum og 3 m.kr af sérverkefnum, sjá fskj. 2.3.1.3. Greitt var vinnulán að upphæð 6 m.kr. og 10 m.kr. skilað til Óshlíðar og 8 m.kr. til Geiradalsár. Lánaðar voru 15 m.kr. til Dýrafjarðar. Lokið var við vegarkaflann um Langadalsá sem er 2,3 km langur og hann lagður bundnu slitlagi. Eftir er að leggja annað lag klæðingarslitlagsins. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar lagði slitlagið.

18 Hafnartangar - Hamar

Fjárveiting var 29 m.kr. Lagður var 1,5 km kafli og hann fullfrágenginn með klæðingarslitlagi. Verktakafyrirtækið Jón og Magnús sf., Ísafirði vann mestan hluta verksins en vinnuflokkur Vegagerðarinnar lagði slitlagið. Eftir þessar vegabætur er komið samfellt slitlag úr botni Álftafjarðar til Bolungarvíkur.

25 Óshlíð

Fjárveiting var 11 m.kr., til var inneign upp á 10 m.kr. og 6 m.kr. fengust frá Ofanflóðasjóði til uppsetningar á netum, og tekið var lán að upphæð 15 m.kr. Sett var upp lýsing á alla hlíðina frá Sorpeyðingarstöð að Ósvita, samtals 5,7 km. Sett var upp grjótvarnarnet 200 m að lengd. Einnig var unnið lítils háttar við breikkun rása.

62 Barðastrandarvegur

05 Hlaðseyri - Raknadalur

Fjárveiting var 19 m.kr. Lagður var 2,3 km kafli en frágangur og slitlagslögn er eftir. Verktakafyrirtækið Stakkafell á Patreksfirði vann verkið.

65 Súgandafjarðarvegur

02 Botn - Suðureyri

Fjárveiting var 3 m.kr. Lagt var síðara lag klæðingarslitlagsins af vinnuflokki Vegagerðarinnar. Vegagerð frá Botni út á Suðureyri er þá lokið.

1 Norðurlandsvegur

08 Árfarið í Vatnsdal

Fjárveiting var 4 m.kr. Fjarlægt var einbreitt steypt ræsi og sett tvíbreitt stálræsi í staðinn. Verkstjóri Ragnar Árnason.

19 Víðivellir - Uppsalir

19 Uppsalir - Kjálkavegur

Fjárveitingar voru 16 m.kr., 8 m.kr. og 44 m.kr. til sérstakra verkefna auk vinnuláns að upphæð 8 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 14 m.kr. Byggður var nýr vegur frá Uppsölum inn fyrir Kjálkaveg á eyrum Héraðsvatna 4,4 km, verktaki var Jörvi hf. og Borgarverk hf. Lögð var klæðing frá Víðivöllum og inn fyrir Kjálkaveg 10,4 km, verktaki var Borgarverk hf.

74 Skagastrandarvegur

01 - 02 Norðurlandsvegur - Skagaströnd

Fjárveiting var 10 m.kr. Greitt var vinnulán frá Skagstrendingi hf.

76 Siglufjarðarvegur

08 - 09 Um Brúnastaðaá - Fljótaá

Fjárveiting var 1 m.kr. Tengdar voru nýjar brýr á Brúnastaðaá og Fljótaá. Frágangi er ólokið við Brúnastaðaá. Kostnaður varð 5 m.kr.

10 Strákagöng

Fjárveiting var 16 m.kr. Greidd var skuld 2 m.kr. Lokið var undirbúningi að viðgerðum ganganna og keypt efni í klæðingu innan í þau. Framkvæmdum að öðru leyti frestað til næsta árs.

1 Norðurlandsvegur

03 - 04 Öxnadalur, Hörgárdalur

Fjárveiting var 47,0 m.kr. og 32,0 m.kr. til sérstakra verkefna. Byrjað var að leggja 8,8 km langan kafla frá Bægisá að Þverá og því verki lokið að hálfu leyti. Verkið var unnið af Jarðverki hf. Einnig var lagt seinna lag klæðingar á 1,6 km langan kafla frá Krossastöðum að Skógræktargirðingu og fyrra lag klæðingar á 7,8 km langan kafla frá Skógræktargirðingu að Bægisá.

09 Leiruvegur

Fjárveiting var engin, en eftirstöðvar frá fyrra ári 2,4 m.kr. Gerðar voru umferðareyjar á gatnamótum Norðurlandsvegar og Eyjafjarðarbrautar vestri og lagt malbik yfir 0,7 km langan kafla um gatnamótin.

19 Á Mývatnsheiði

Fjárveiting var engin en samkvæmt ósk þingmanna var fjármagn flutt frá öðrum nýbyggingum og 0,8 km langur kafli um Ferðamannaás hækkaður og endurbyggður.

20 Skútustaðir - Garður

Fjárveiting var 6,0 m.kr. Lagt seinna lag klæðingar á 2,7 km langan kafla frá Skjólbrekku að Garði.

82 Ólafsfjarðarvegur

06 Um Ólafsfjarðarmúla

Fjárveiting var 73,0 m.kr. (sjá fskj. 2.3.1.3.-1)

85 Norðausturvegur

08 Um Mánársel

Fjárveiting var engin en samkvæmt ósk þingmanna var fjármagn flutt frá öðrum nýbyggingum og 1,6 km langur kafli um Mánársel styrktur og endurbættur.

21 Raufarhöfn - flugvöllur

Fjárveiting var 9,0 m.kr. Lagt seinna lag klæðingar á 0,6 km langan kafla norðan við Raufarhöfn og 4,7 km langan kafla frá Raufarhöfn að flugvelli.

26 Hafralónsá - Langanesvegur

Fjárveiting var 8,0 m.kr. Lagt seinna lag klæðingar á 2,4 km langan kafla frá Fiská að Brúarlandi.

823 Miðbraut

01 Eyjafjarðarbraut vestri - Eyjafjarðarbraut eystri

Fjárveiting var engin, en fyrir viðhaldsfé var lagt seinna lag klæðingar á 1,5 km langan kafla frá Eyjafjarðarbraut vestri að dælustöð.

845 Aðaldalsvegur

02 Staðarbraut - Norðausturvegur

Fjárveiting var engin, en fyrir viðhaldsfé var lagt seinna lag klæðingar á 4,2 km langan kafla frá Ytra-Fjalli að Norðausturvegi.

1 Austurlandsvegur

08 Um Teigará.

Fjárveiting var engin. Innstæða var 5,0 m.kr. Verki frestað. Fjárveiting lánuð í kaflann Jökulsá-Dimmidalur.

10 Jökulsá-Dimmidalur.

Fjárveiting var engin. Byrjað á byggingu 2,1 km kafla. Verktaki er Austfirskir verktakar hf.

15 Úlfsstaðir- Stórasandfell.

Fjárveiting var 12,0 m.kr. Greidd skuld frá fyrra ári.

17 Haugar-Vatnsdalsá.

Fjárveiting var engin. Byggður 2,2 km kafli. Malarslitlag og frágangur eftir.

25 - 27 Fossá-Valtýskambur.

Fjárveiting var 59,0 m.kr. Lokið undirbyggingu frá fyrra ári. Verktaki Héraðsverk hf. Egilsstöðum. Lögð klæðing utan Fossár-Framnes 12,2 km og Merki-Valtýskambur 3,1 km eða samtals 15,3 km.

38 Mánagarður-Myllulækur.

Fjárveiting var 17,0 m.kr. og innstæða frá fyrra ári 6,0 m.kr. Verki frestað og fjárveiting lánuð í kaflann um Stemmu og klæðingu á kaflann Jökulsá-Breiðá.

43 Um Stemmu.

Fjárveiting engin. Byggður 0,7 km kafli. Slitlag og frágangur eftir.

44 Jökulsá-Breiðá.

Fjárveiting engin. Lögð klæðing á 8,5 km.

47 - 48 Hof-Virkisá.

Fjárveiting 13,0 m.kr. Greidd skuld frá fyrra ári og lögð klæðing á 0,3 km um Fjalljökulskvísl.

85 Norðausturvegur

04 Á Sandvíkurheiði

Fjárveiting 15,0 m.kr. Byggður 2,5 km kafli frá Miðheiðarhrygg suður fyrir Langahraun. Malarslitlag og frágangur eftir. Verktaki Guðmundur Björgólfsson, Breiðdalsvík.

93 Seyðisfjarðarvegur

02 Langahlíð-Norðurbrún

Fjárveiting 10,0 m.kr. Greidd skuld frá fyrra ári 4,3 m.kr. Unnið við frágang og afréttingu á 3,3 km frá Lönguhlíð að Norðurbrún og endurbyggðir 0,8 km frá Norðurbrún að Miðhúsaá.

96 Suðurfjarðarvegur

01 Vegamót-Handarhald

Fjárveiting 7,0 m.kr. Byrjað á endurbyggingu 4,0 km frá Norðfjarðarvegi út fyrir Hrúteyri. Verktaki Austfirskir verktakar hf. Breikkuð renna á Fossá.

04 Skriður-Höfðahús

Fjárveiting 4,0 m.kr. Greidd skuld frá fyrra ári.

07 Tunguá-Víkurgerði.

Fjárveiting var 12,0 m.kr. Greidd skuld frá fyrra ári.

10 Stöðvará-Tóftá.

Fjárveiting 1,0 m.kr. Greidd skuld frá fyrra ári.

Fskj. 2.2.1.2.-1

Stofnbrautir — sérstök verkefni.
Greinargerð um framkvæmdir.

1 Suðurlandsvegur

11-12 Um Mýrdalssand

12 Um Múlakvísl

18 Um Markarfljót

Fjárveiting var 29 m.kr. af sérstökum verkefnum. Greitt var bráðabirgðalán frá fyrra ári að upphæð 14,8 m.kr. Frestað var framkvæmdum við göngubrú á Ölfusá og framkvæmdum við Markarfljót til að fjármagna þessa framkvæmd. Nýr vegur var lagður að brúnni um 1,5 km að lengd. Lagt var bundið slitlag á kaflann frá Kerlingardalsá og tengt við slitlagið á Mýrdalssandi. Samfellt slitlag er þá frá Vík að Skálm í Álftaveri. Lengd slitlagskaflans var 3,8 km. Verktaki við undirbygginguna var Suðurverk hf. Hvolsvelli, en slitlagsverktaki var Klæðning hf. Vegagerðin sá um brúarsmíðina.

34 Eyrarbakkavegur

05 Um Ölfusárós

Fjárveiting var 6,0 m.kr. Fjárveitingin var nýtt til byggingar vegarins við brúna og lagfæringar á gryfjum beggja vegna árinnar.

40 Hafnarfjarðarvegur

03 Kópavogur - Arnarnes

Fjárveiting var 36 m.kr. Sjá nánar fskj. 2.3.1.3. „Stórverkefni - Höfuðborgarsvæðið".

1 Vesturlandsvegur

13 Sveinatungumúli

Fjárveiting var 25,0 m.kr. sem fór til greiðslu skuldar frá fyrra ári.

16 Miklagil - Brú

Fjárveiting var 16,0 m.kr. til að ljúka undirbyggingu og lögn klæðingar. Undirbygging var boðin út haustið 1989. Lokið var við undirbyggingu og lögn klæðingar í ágúst, alls 5,1 km. Undirbyggingu annaðist Höttur hf., en klæðingu lagði Klæðning hf. Fjárveitingin er merkt Vestfjörðum á kafla 02-03 Holtavörðuheiði.

54 Ólafsvíkurvegur

02 Borg - Langá

Fjárveiting var 44,0 m.kr. Greidd var 20,7 m.kr. skuld frá fyrra ári. Lokið var við undirbyggingu á 3,8 km vegarkafla sem boðinn var út haustið 1989. Verktaki var Klæðning hf.

03 Hestlækur - Fíflholt

Fjárveiting var engin, en heimild var um flutning á fjárveitingu frá þjóðbrautum að upphæð 7,0 m.kr., sjá fskj. 2.3.2.1. Verkið var boðið út í nóvember og hófust framkvæmdir í desember með tengingu brúar á Álftá. Verklok undirbyggingar eru áætluð 1. okt. 1991, en klæðingar í ágúst 1992. Verktaki er Borgarverk hf.

60 Vestfjarðavegur

22 Um Dýrafjörð

Fjárveiting var 30 m.kr. af sérverkefnum og 67 m.kr. af stórverkefnum, sjá fskj. 2.2.1.3. Tekið var vinnulán að upphæð 9 m.kr. og 15 m.kr. frá kaflanum um Langadalsá og 5 m.kr. frá Gemlufallsheiði. Lokið var við byggingu brúarinnar sjálfrar á Lambadalsodda, sem er 120 m löng, og einnig brúar á Ketilseyrará sem er 6 m löng. Hafin var gerð fyllingar yfir fjörðinn og lagðir vegarkaflarnir frá Ketilseyri að sjávarfyllingunni vestan fjarðar og frá brúnni á Lambadalsodda að Næfranesi norðan fjarðar. Verktakar við jarðvinnuna eru Klæðning hf. og Suðurverk hf. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar byggði brýrnar.

61 Djúpvegur

05 Tenging Inn-Djúps

Fjárveiting var 3 m.kr. og 44 m.kr. af almennum verkefnum, sjá fskj. 2.3.1.2.

1 Norðurlandsvegur

18 - 21 Miðhús - sýslumörk

Fjárveiting var 44 m.kr., sjá fskj. 2.3.1.1.

1 Norðurlandsvegur

03 Öxnadalur

Fjárveiting var 32,0 m.kr. og 47,0 m.kr. til almennra verkefna og bundinna slitlaga, sjá fskj. 2.3.1.1.

917 Hlíðarvegur

01 - 07 Vopnafjörður-Hérað.

Fjárveiting var 25 m.kr. Greidd skuld 7,0 m.kr. frá fyrra ári. Unnið að hönnun og undirbúningi vegar yfir Hellisheiði. Unnið að styrkingu á köflunum, Fögruhlíðará-Landsendi 2,0 km, ofan Dalsár-Eyvindastaðir 1,5 km, og Grjótá-Krossavík 2,5 km. Malarslitlag vantar. Unnið að lagfæringu á köflunum Landsendi-Hellisá 4,5 km og um Hrútagil 0,3 km.

92 Norðfjarðarvegur

09 - 10 Um Oddsskarð

Fjárveiting var 76,0 m.kr. Lokið undirbyggingu á kafla frá fyrra ári ofan Eskifjarðar-Beljandi 2,5 km. Verktaki var Gunnar og Kjartan sf. Egilsstöðum. Lokið undirbyggingu frá Beljanda að Háhlíðarhorni 2,8 km. Frágangur og hluti burðarlags eftir. Verktaki Héraðsverk hf. Egilsstöðum. Lögð klæðing ofan Eskifjarðar 1,3 km.

Jarðgangarannsóknir

Fjárveiting var 4,0 m.kr. Greidd skuld frá fyrra ári 2,0 m.kr. Úrvinnsla gagna varðandi jarðfræði, snjóþunga, umferð o.fl.

Fskj. 2.2.1.3.-1

Stórverkefni.
Greinargerð um framkvæmdir.

40 Hafnarfjarðarvegur

03 Kópavogur - Arnarnes

Fjárveiting var alls 105 m.kr. Af 1.1. Almenn verkefni og bundið slitlag 38 m.kr og af 1.2. Sérstök verkefni 36 m.kr. Vinnulán samkvæmt 2.3.0.2. var 63,7 m.kr. Lokið var við brú á Kópavogslæk, umferðarbrú á Arnarneshæð, undirgang við Fífuhvammsveg, 1,7 km af eystri akbraut úr Kópavogi og suður fyrir Arnarneshæð, vestari akbraut á Arnarneshæð og tengingu Hafnarfjarðarvegar við Arnarnesveg. Eftir er að leggja efra malbikslag á eystri akbraut úr Kópavogi suður fyrir brú á Kópavogslæk, leggja malbik á gangbrautir ásamt lokafrágangi vegarkaflans. Verktaki var Hagvirki hf.

82 Ólafsfjarðarvegur

06 Um Ólafsfjarðarmúla

Fjárveiting var 272 m.kr., 73 m.kr. frá stofnbrautum almennum verkefnum (sjá fskj. 2.3.1.1.). Lokið var við gerð 3140 m langra jarðganga í gegnum Ólafsfjarðarmúla. Byggðir 255 m langir forskálar, 90 m Dalvíkurmegin og 165 m Ólafsfjarðarmegin. Sett burðarlag og lagt fyrra lag klæðingar á 1,6 km langan kafla frá gangamunna að Ólafsfirði og 1,1 km langan kafla frá gangamunna að Klifi. Lagt fyrra lag malbiks á 3,4 km langan kafla í göngunum. Verkið var unnið af Krafttaki sf. Einnig var byggður 1,0 km langur kafli í svokölluðu Klifi.

60 Vestfjarðavegur

22 Dýrafjörður

Fjárveiting var 67 m.kr. og 30 m.kr. af sérstökum verkefnum, sjá fylgiskjal 2.3.1.2.

27 Jarðgöng

Fjárveiting var 58 m.kr. Unnið var að lokarannsóknum, hönnun og ýmsum undirbúningi jarðgangagerðar undir Breiðadals- og Botnsheiðar. Fyrir utan sérfræði- og hönnunarvinnu var kostnaðarsamast að leggja slóða í Tungudal og færa þar vatnsból Ísafjarðarkaupstaðar. Þetta var unnið af vinnuflokkum Vegagerðarinnar. Einnig voru boraðar nokkrar rannsóknarholur af Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða. Stefnt er að útboði verksins snemma árs 1991.

Fskj. 2.3.2.1.

Þjóðbrautir.
Greinargerð um framkvæmdir.

26 Landvegur

01 Um Marteinstungu

Fjárveiting var 14 m.kr. og innstæða var 2,5 m.kr. Byggður var 2,2 km langur kafli um Marteinstungu. Vinnuvélar Jóa Bjarna, Hellu. Verkinu lauk í október 1990.

202 Prestbakkavegur

01 Suðurlandsvegur - Prestbakki

Fjárveiting var engin en Hörgslandshreppur lagði fram lán að upphæð 1,0 m.kr. Lagt var 3,5 m breitt bundið slitlag á veginn samtals um 1,0 km. Klæðning hf. sá um lagningu slitlagsins en Vegagerð ríkisins um undirbúninginn.

204 Meðallandsvegur

02 -03 Fossar - Syðrifljótar

Fjárveiting var engin en unnið fyrir fé úr sýsluvegasjóði. Lagt var 3,3 m breitt slitlag á veginn samtals um 1,5 km. Klæðning hf. sá um slitlagsvinnuna en Vegagerðin um styrkingu.

211 Álftaversvegur

01 Suðurlandsvegur - Herjólfsstaðir

Vegurinn frá Suðurlandsvegi að Herjólfsstöðum var undirbyggður á 2,7 km löngum kafla. Framrás hf. í Vík og Vörubifreiðastjórafélag V- Skaftafellssýslu sáu um framkvæmdina. Tekið var lán að upphæð 5,0 m.kr. sem greiðist af vegafjárveitingu 1991.

240 Stórhöfðavegur

02 Strandvegur - Stórhöfðaviti

Fjárveiting var 4,0 m.kr. kr. Greidd var skuld við Vestmannaeyjabæ.

252 Landeyjavegur

06 Ártúnsvegur - Suðurlandsvegur

Styrktur var 4,0 km langur kafli. Fjárveiting var 1,0 m.kr. Vegagerðin sá um framkvæmdina.

261 Fljótshlíðarvegur

03 Hlíðarendi - Dímonarvegur

Fjárveiting var 9,0 m.kr. Greidd skuld frá fyrra ári.

264 Rangárvallavegur

02 Gunnarsholt - Þingskálavegur

Innstæða frá fyrra ári var 3,0 m.kr. Undirbyggður var 1,9 km langur kafli og lagður bundnu slitlagi. Vegagerðin sá um framkvæmdina.

268 Þingskálavegur

02 - 03 Selsund - Hólar

Byggður var upp 5,8 km langur kafli. Fjárveiting var 2,0 m.kr. og var tekið lán að upphæð 5,0 m.kr. sem greiðist 1991. Verktaki var Vinnuvélar Jóa Bjarna. Verkinu lauk um áramótin.

37 Laugarvatnsvegur

03 Um Laugardalshóla

Fjárveiting var 8,0 m.kr. sem fóru til greiðslu á jafnhárri skuld frá fyrra ári. Tekið var nýtt bráðabirgðalán að upphæð 3,0 m.kr. Vegurinn var lagaður og gerður tilbúinn undir bundið slitlag. Vegagerðin sá um framkvæmdina.

316 Kaldaðarnesvegur

01 Um Litlu-Sandvík

Fjárveiting var 4,0 m.kr. Byggður var nýr vegur um Litlu-Sandvík samtals um 1,0 km. Vegagerðin sá um framkvæmdina.

333 Gaulverjabæjarvegur

02 Hamarsvegur - Stokkseyri

Endurbyggður var vegurinn frá Grund að Baugsstaðaósi. Vegurinn varð fyrir miklum skemmdum í óveðrinu sem gekk yfir landið þann 9. janúar 1990. Vegagerðin sá um framkvæmdina. Sérstök fjárveiting fékkst í verkið að upphæð 12,0 m.kr.

358 Einholtsvegur

01 Um Tungufljót

Fjárveiting var 9,0 m.kr. og inneign frá fyrra ári var að upphæð 5,72 m.kr. Byggður var 2,1 km. langur vegur til að tengja nýju brúna yfir Tungufljót. Verkinu er ekki lokið en reiknað er með að ljúka því í maí. Vegagerðin sá um framkvæmdina.

360 Grafningsvegur

01 Biskupstungnabraut - Grafningsvegur efri

Styrktur var 6,5 km langur kafli. Framkvæmdin var fjármögnuð með framlagi frá Grafningshreppi.

360 Grafningsvegur

02 Grafningsvegur neðri - Nesjavellir

Fjárveiting var 8,0 m.kr. Upphæðinni var varið til greiðslu skuldar við Hitaveitu Reykjavíkur vegna framkvæmda árið 1985.

415 Bessastaðavegur

02 Álftanesvegur - Bessastaðir

Fjárveiting, 5 m.kr., var notuð í lýsingu á Bessastaðavegi frá Sjávarbraut að Álftanesvegi.

425 Nesvegur

02 Reykjanesviti - Grindavíkurvegur

Fjárveiting, 18 m.kr., var lánuð til Hafnarfjarðarvegar.

461 Meðalfellsvegur

Fjarveiting var 2 m.kr. Lögð var tvöföld klæðing á 1,9 km kafla frá Vesturlandsvegi að Meðalfellsvatni. Verktaki var Klæðning hf.

50 Borgarfjarðarbraut

02 Um Andakílsá

Fjárveiting var 7,0 m.kr. Verkinu var frestað til næsta árs, og fjárveiting flutt í 554-02, sjá fskj. 2.3.1.1.

05 Lundar - Varmaland.

Fjárveiting var 21,0 m.kr. Greidd var skuld 7,4 m.kr. Kaflinn var undirbyggður 1988. Verkinu var lokið og lögð klæðing á veginn, alls 6,2 km. Verktaki var Borgarverk hf.

59 Laxárdalsvegur

01 Vestfjarðavegur - Gröf

Fjárveiting var 7,0 m.k.r, greidd skuld frá 1988.

02 Sólheimar - sýslumörk.

Fjárveiting var engin, en heimild fékkst til lántöku á 3,8 m.kr. til að ljúka frágangi vegsvæðis og leggja veginn malarslitlagi alls 6,0 km. Vegur var undirbyggður 1984 af Hagvirki hf. Hefur ekkert verið unnið við þennan vegarkafla frá þeim tíma vegna málaferla við verktaka. Framkvæmdir í ár voru unnar af Vegagerðinni.

527 Varmalandsvegur

01 Borgarfjarðarbraut - Varmaland

Fjárveiting var 4,0 m.kr. til lagningar bundins slitlags á veginn, en hann var undirbyggður árið 1988. Lögð var klæðing á 2,6 km kafla. Verktaki var Borgarverk hf.

574 Útnesvegur

04 Um Djúpudali.

Fjárveiting var 7,0 m.kr. Inneign var frá 1989 3,0 m.kr. til snjóastaða. Einnig var heimild til 2,0 m.kr. lántöku hjá verktaka. Verkið var boðið út síðla árs 1989 en framkvæmdir hófust snemma árs 1990. Byggður var 2,0 km kafli og lagður malarslitlagi. Einnig var styrktur og lagður malarslitlagi 4,3 km kafli um Beruvík í tengslum við þetta verk. Verktaki var Borgarverk hf.

606 Karlseyjarvegur

01 Reykhólasveitarvegur - Karlsey

Fjárveiting var 15 m.kr. Allur vegarkaflinn frá vegamótum Reykhólasveitarvegar að slitlagsenda í Karlsey var endurbættur og lagður bundnu slitlagi. Verkið var unnið af vinnuflokkum Vegagerðarinnar.

607 Reykhólasveitarvegur

01 Grímsnes - Hrafnanes

Fjárveiting var 11 m.kr. Endurbyggðir voru og lagðir bundnu slitlagi þrír vegarkaflar, einn kaflinn er um Seljanes, annar frá Börmum langleiðina að Miðhúsum og sá þriðji, sem er langstystur, er við vegamót Reykhólasveitarvegar. Samtals eru þetta 4,1 km. Vinnuflokkar Vegagerðarinnar unnu verkið.

711 Vatnsnesvegur

04 Um Tjarnará

Fjárveiting var engin, en tekið var vinnulán að upphæð 1,2 m.kr. Lagfærður var 0,6 km kafli um Tjarnargil. Verktaki var Pétur Daníelsson og Valgeir Ágústsson.

05 Hjá Ósum

Fjárveiting var 2 m.kr. Byggður var nýr vegur framhjá bænum Ósum, 0,6 km að lengd. Verktaki var Pétur Daníelsson og Valgeir Ágústsson. Frágangi er ólokið.

731 Svínvetningabraut

01 Norðurlandsvegur - Reykjabraut.

Fjárveiting var 9 m.kr. auk innstæðu frá fyrra ári 0,5 m.kr. Byggður var nýr vegur frá Heilsuhælinu suður á Hnjúkahlíðarflóa, 1,7 km að lengd. Slitlag vantar. Verktaki var Sigurður Hjálmarsson og Sigurgeir Jónasson.

745 Skagavegur

03 Um Laxá

Fjárveiting var 2 m.kr. auk 1 m.kr. af smábrúafé. Lagðir voru tveir stórir hólkar í ána og byggður nýr vegur um 0,6 km að lengd. Verktaki var Þorvaldur Evensen.

752 Skagafjarðarvegur

01 - 02 Varmilækur - Mælifellsá

Fjárveiting var 11 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 1,5 m.kr. Lokið var við nýjan vegarkafla frá síðasta ári frá Varmalæk að Mælifellsá. Lögð var tvöföld klæðing á kaflann suður að Héraðsdalsvegamótum og á tenginguna niður að Svartárbrú, alls um 1,7 km. Verktaki var Borgarverk hf.

764 Hegranesvegur vestri

01 Sauðárkróksbraut - Hegranesvegur eystri

Fjárveiting var 3 m.kr. Byggður var nýr vegur frá enda uppbyggðs vegar norðan Hróarsdals, niður að Hróarsdal um 1,6 km. Verktaki var Króksverk hf.

765 Hegranesvegur eystri

01 Sauðárkróksbraut - Eyhildarholt

Fjárveiting var 3 m.kr. Byrjað var á nýjum vegi norðan Beingarðs, en lítið varð úr framkvæmdum vegna bleytu og var verkinu frestað. Verktaki er Króksverk hf.

83 Grenivíkurvegur

02 Ystavík - Fnjóskadalsvegur eystri

Fjárveiting var engin en fyrir viðhaldsfé var lagt seinna lag klæðingar á 0,7 km langan kafla um Fagrabæ.

805 Svarfaðardalsvegur

01 Ólafsfjarðarvegur - Tunguvegur

Fjárveiting var engin en fyrir viðhaldsfé var lagt seinna lag klæðingar á 0,2 km langan kafla um Holtsá.

02 Hreiðarsstaðakot - Hóll

Fjárveiting var 3,0 m.kr. Lokið var frágangi og lagt malarslitlag á 3,2 km langa nýbyggingu frá Hreiðarsstaðakoti að Hóli.

812 Bakkavegur

01 Um Pálmholtslæk

Fjárveiting var 3,0 m.kr. Byggður var 0,3 km langur kafli og sett nýtt ræsi á Pálmholtslæk.

815 Hörgárdalsvegur

01 Norðurlandsvegur - Melar

Fjárveiting var engin en fyrir nýbyggingarfé var lagt seinna lag klæðingar á 0,8 km langan kafla frá Norðurlandsvegi að Melum.

816 Dagverðareyrarvegur

01 Norðurlandsvegur - Ólafsfjarðarvegur

Fjárveiting var 7,0 m.kr. Styrktur og endurbyggður 2,7 km langur kafli frá Norðurlandsvegi að Glæsibæ, 0,8 km langur kafli norðan Hellulands og 1,3 km langur kafli frá Hlöðum að Ólafsfjarðarvegi. Einnig var lagt malarslitlag á allan veginn, alls 10,3 km.

830 Svalbarðseyrarvegur

01 Norðurlandsvegur - Svalbarðseyri

Fjárveiting var 14,0 m.kr. Lagður var 1,0 km langur kafli frá Norðurlandsvegi að Svalbarðseyri. Verktaki var Stefán Þengilsson.

848 Mývatnsvegur

01 Vagnbrekka - Stekkjarnes

Fjárveiting var 2,0 m.kr. Lagt var seinna lag klæðingar á 1,3 km langan kafla austan Vagnbrekku.

850 Flugvallarvegur í Mývatnssveit

01 Kísilvegur - flugvöllur

Fjárveiting var 2,0 m.kr. Lagt var seinna lag klæðingar á 0,9 km langan kafla frá Kísilvegi að flugvelli.

864 Hólsfjallavegur

01 - 04 Norðurlandsvegur - Norðausturvegur

Fjárveiting var 4,0 m.kr. Ekið var 1900 rúmmetrum af leir úr Námaskarði í hauga á þremur stöðum við Hólsfjallaveg. Áætlað er að aka leirnum í veginn á næsta ári.

87 Kísilvegur

05 Víðiholt - Norðausturvegur

Fjárveiting var engin en fyrir viðhaldsfé var lagt seinna lag klæðingar á 5,0 km langan kafla frá Skógum að Norðausturvegi.

94 Borgarfjarðarvegur

01 Mýnes - Eiðar.

Fjárveiting var 34,0 m.kr. Lokið endurbyggingu frá síðasta ári frá Mýnesi út fyrir Eiða 7,6 km. Verktaki var Héraðsverk hf. Egilsstöðum. Lögð klæðing á 6,9 km. Eftir að klæða 0,7 km um Kirkjuhöfða.

953 Mjóafjarðarvegur

02 Mjóafjarðarheiði.

Fjárveiting engin. Uppbyggðir 0,7 km neðan Leiðargils.

Fskj. 2.4.-1.

Brýr 10 m og lengri.
Greinargerð um framkvæmdir.

Ölfusá , göngubrú (1)

Fjárveiting var 31 m.kr. Framkvæmdum var frestað en fjárveitingin var notuð til byggingar brúar á Múlakvísl.

Tungufljót (358)

Fjárveiting var 15 m.kr. á árinu. Lokið var gerð 90 m stálbitabrúar í nýrri veglínu skammt frá bænum Króki.

Álftá (54)

Fjárveiting var 7 m.kr. Byggður var 6,7 m breiður stokkur 30 m langur undir hárri fyllingu. Stokkurinn er í nýrri veglínu nokkru ofar en gamla brúin. Hún var byggð 1933, var alltof mjó og aðkoma að henni var afleit.

Geiradalsá (60)

Fjárveiting var 4 m.kr. á árinu en geymt fé frá fyrra ári var 8 m.kr. Byggður var 6,7 m breiður stokkur 37 m langur sem verður undir hárri fyllingu. Stokkurinn er í nýrri veglínu nokkru neðar en gamla brúin. Vegagerð er ekki lokið.

Fljótaá (76)

Fjárveiting var 32 m.kr. Byggð var 22 m stálbitabrú með tveimur akreinum á steyptu gólfi. Brúin er á sama stað og gamla brúin sem var byggð 1935 og orðin of mjó og alltof burðarlítil.

Brúnastaðaá (76)

Fjárveiting var 14 m.kr. Byggð var 12 m stálbitabrú með tveimur akreinum á steyptu gólfi. Hún stendur rétt ofan við gömlu brúna og er miklu hærri.

Eyjafjarðará (823)

Fjárveiting var 14 m.kr. og fór hún öll til greiðslu á afborgunum og vöxtum af skuldum vegna byggingar brúarinnar.

Falljökulkvísl (1)

Fjárveiting var 5 m.kr. og fór til greiðslu á skuldum vegna byggingar brúarinnar á árinu 1989.

Kelduárkvísl, yfirbygging (931)

Fjárveiting var 8 m.kr. Gerð var ný yfirbygging með stálbitum og steyptu gólfi. Hún er 26 m löng og er í einu hafi á milli landstöpla gömlu brúarinnar. En árið 1989 seig millistöpull gömlu brúarinnar og eyðilagðist ásamt yfirbyggingunni.

Fjarðará í Seyðisfirði (ÞÞ)

Fjárveiting var 6 m.kr. Byggð var um 18 m löng bráðabirgðabrú á timburundirstöðum með timburgólfi og stálbitum. Hlutverk brúarinnar er að flytja umferð á meðan fyrirhuguð endurbygging aðalbrúarinnar stendur yfir en vera göngubrú þangað til.

Morsá í Skaftafellsþjóðgarði

Fjárveiting var 2 m.kr. og geymt fé frá fyrra ári 2 m. kr. Vegna erfiðleika við flutninga var byggingu frestað og er stefnt að framkvæmdum snemma á árinu 1991.

Sultartunguá (Fjallv.)

Fjárveiting var engin af brúafé en verkið var að mestu unnið fyrir fjallvegafé. Byggð var 14 m löng stálbitabrú með timburgólfi.

Fskj. 2.5.1.-1.

Aðalfjallvegir.
Greinargerð um framkvæmdir.

F35 Kaldadalsleið

Fjárveiting var 890 þús. kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni, sem er um 40 km. á milli Uxahryggjavegar og vegamóta við Hvítárbrú neðan Kalmanstungu. Snjór var á nokkrum stöðum. Endurbætur voru gerðar í halla ofan Lambár. Kostnaður 1.081 þús. kr.

F28 Sprengisandsleið

Fjárveiting var 800 þús.kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F82 Eyjafjarðarleið

Fjárveiting var 900 þús. kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F92 Gæsavatnaleið

Fjárveiting var 1700 þús. kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F22 Fjallabaksleið nyrðri

Fjárveiting var 1,0 m.kr. Lagfærður var kafli milli Sigöldu og Dyngja auk almenns viðhalds.

F28 Sprengisandsleið

Fjárveiting var 0,6 m.kr. sem notuð var til almenns viðhalds á veginum.

F37 Kjalvegur

Fjárveiting var 2,5 m.kr. Gerðar voru verulegar endurbætur á um 15 km löngum kafla milli Gullfoss og Brunnalækja auk venjulegs viðhalds á veginum.

Nd. 998. Frumvarp til laga [421. mál]

um breyting á lögum nr. 9 2. mars 1989, um efnahagsaðgerðir.

(Eftir 3. umr. í Ed., 15. mars.)

1. gr.

2. mgr. 9. gr. orðist svo:

Stofna skal hinn 1. apríl 1991 hlutafjárdeild við Byggðastofnun og tekur deildin á stofndegi við öllum eignum og skuldbindingum Hlutafjársjóðs Byggðastofnunar. Deildin skal hafa sjálfstæðan fjárhag. Deildinni má fela að annast eftirlit með hlutafélögum sem Byggðastofnun á aðild að.

2. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Stofna skal hinn 1. janúar 1991 atvinnutryggingardeild við Byggðastofnun. Deildin skal hafa sjálfstæðan fjárhag og tekur á stofndegi við eignum og skuldbindingum Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina. Hlutverk deildarinnar er að innheimta skuldabréf í eigu deildarinnar en henni er óheimilt að veita ný lán. Stjórn Byggðastofnunar er heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana til að vernda eignir sínar, þar með talið að skuldbreyta, breyta skilmálum lána atvinnutryggingardeildar, breyta þeim í víkjandi lán eða fella þau niður, enda liggi fyrir samþykki forsætisráðherra og fjármálaráðherra. Að jafnaði skulu slíkar breytingar á skilmálum vera liður í aðgerðum sem miða að fjárhagslegri endurskipulagningu, meiri háttar skipulagsbreytingum, samruna fyrirtækja og öðru því sem til hagræðingar horfir.

3. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Forsætisráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Umboð stjórnar Hlutafjársjóðs Byggðastofnunar skv. 9. gr. laga nr. 9 2. mars 1989, um efnahagsaðgerðir, fellur niður 1. apríl 1991.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 999. Frumvarp til laga [406. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, 70/1990, 124/1990 og 130/1990.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. mars.)

Samhljóða þskj. 728 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

11. gr. laganna orðist svo:

Úr Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að veita lán skv. 1.–3. tölul. enda hafi verið gert ráð fyrir þessum lánaflokkum í fjárhagsáætlun sjóðsins fyrir það ár sem veiting láns fer fram:

1. Lán til bygginga heimila fyrir aldraða og dagvistarstofnana fyrir börn og aldraða.
2. Sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir.
3. Lán eða styrk til tækninýjunga og annarra umbóta í byggingariðnaði.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að ákveða nýja lánaflokka að fengnu samþykki félagsmálaráðherra.

4. gr. hljóðar svo:

Á eftir 11. gr. laganna komi nýr undirkafli með fjórum nýjum greinum, 12.–15. gr. Fyrirsögn kaflans verði: **Um lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins.** Hinn nýi undirkafli orðist svo:

a. (12. gr.)

Lán skv. 1. tölul. 11. gr. er heimilt að veita þeim sem byggja hjúkrunarheimili eða dagvistarstofnanir handa börnum eða öldruðum.

Sá sem hyggst hefjast handa um byggingu dvalarheimilis skal fyrst láta fara fram athugun á þörf fyrir slíkt heimili í samvinnu við sveitarstjórn.

Skilyrði lánveitingar er að umsókn um lán til byggingar dagvistarstofnunar eða dvalarheimilis fylgi umsögn heilbrigðisráðuneytis.

b. (13. gr.)

Lán skv. 2. tölul. 11. gr. er aðeins heimilt að veita ellilífeyrisþegum og öryrkjum sem búa við skerta starfsorku eða eru hreyfihamlaðir. Lánin eru veitt til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði vegna aukins kostnaðar af völdum sérþarfa umsækjanda og geta komið til viðbótar fasteignaveðlánum sem húsbréfadeild gefur út vegna byggingar eða kaupa á íbúð.

Lán þessi má enn fremur veita til endurbóta á húsnæði.

Lán samkvæmt þessari grein má einnig veita þeim sem hafa orðið fyrir meiri háttar röskun á högum og hafa vegna fráfalls maka eða af öðrum ástæðum lækkað svo í tekjum að þeir geta ekki haldið íbúðum sínum. Umsóknum um lán samkvæmt þessari málsgrein skal fylgja umsögn Félagsmálastofnunar eða viðkomandi sveitarstjórnar.

c. (14. gr.)

Lán skv. 3. tölul. 11. gr. er heimilt að veita til þess að gera tilraunir með tækninýj-

ungar eða aðrar umbætur sem leitt geta til lækkunar byggingarkostnaðar enda fylgi staðfesting á því að umsóknin sé ekki lánshæf hjá sérsjóðum iðnaðarins. Heimilt er að hafa fyrirgreiðsluna í formi styrks.

d. (15. gr.)

Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar hverju sinni ákveða hámarkshlutfall af byggingarkostnaði fyrir lán skv. 1. tölul. 11. gr.

Fjárhæð láns skv. 2. tölul. 11. gr. má nema allt að 80% af viðbótarkostnaði eða endurbótakostnaði enda séu framkvæmdir nauðsynlegar að mati húsnæðismálastjórnar.

Fjárhæð láns eða styrks skv. 3. tölul. 11. gr. svo og lánstíma skal ákveða hverju sinni af húsnæðismálastjórn með hliðsjón af kostnaði við að koma nýjungum í notkun, svo og mikilvægi þeirra fyrir byggingariðnaðinn.

Lánstími skv. 1.–2. tölul. 11. gr. skal vera allt að 25 árum.

Að öðru leyti gilda ákvæði 30. gr. laganna um lán skv. 1.–3. tölul. 11. gr.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um lánaflokka skv. 1.–3. tölul. 11. gr.

Ed. 1000. Frumvarp til laga [230. mál]

um samvinnufélög.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. mars.)

Samhljóða þskj. 331 með þessum breytingum:

44. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er að ákveða hömlur á viðskiptum með hluti í B-deild stofnsjóðs eða með samvinnuhlutabréf.

Um framsal og veðsetningu samvinnuhlutabréfa gilda venjulegar reglur um viðskiptabréf nema annað sé tekið skýrt fram í bréfinu.

Samvinnufélag má aldrei eiga lengur en þrjá mánuði meira en 10% af hlutum eigin B-deildar stofnsjóðs. Eignist félagið meira af slíkum hlutum, svo sem með kaupum eða fyrir annað framsal, skal það hafa selt hlutina þannig að lögmæltu marki sé náð innan þriggja mánaða.

Nú eignast dótturfélag samvinnufélags hluti í móðurfélaginu, eða tekur þá að veði, og eiga þá ákvæði 3. mgr. við.

Samvinnufélagi er óheimilt að taka eigin samvinnuhlutabréf að veði til tryggingar lánum til eigenda slíkra bréfa.

Engin félagsréttindi fylgja eign félagsins í B-deild stofnsjóðs.

106. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög, að undanskilinni 29. gr. þeirra laga.

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

Samvinnufélög og samvinnusambönd, sem starfandi eru við gildistöku laga þessara, skulu hafa breytt samþykktum sínum í samræmi við ákvæði laganna í síðasta lagi 1. jan-

úar 1993 og skulu þau um leið fullnægja tilkynningarskyldu til samvinnufélagaskrár.

Viðskiptaráðherra skal eftir setningu laga þessara skipa nefnd sem hafi það hlutverk að gera tillögur um framtíðarskipan innlánsdeilda samvinnufélaga. Skal nefndin skila áliti í síðasta lagi 1. júlí 1992. Jafnframt skal nefndin gera tillögur um þær lagabreytingar sem nauðsynlegar kunna að verða til þess að fella reglur um rekstur innlánsdeilda að almennum reglum sem gilda um aðrar innlánsstofnanir og jafnframt taka tillit til sérstöðu starfandi innlánsdeilda og þýðingar þeirra fyrir hlutaðeigandi samvinnufélög.

Nd. 1001. Breytingartillögur [319. mál]

við frv. til l. um viðauka við almenn hegningarlög, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr.
   a. 1. tölul. 1. mgr. orðist svo: Að dómþoli hafi óskað eftir því skriflega við Fangelsismálastofnun ríkisins eigi síðar en þremur mánuðum frá þeim tíma er dómþoli átti að hefja afplánun refsivistar.
   b. 3. tölul. 1. mgr. orðist svo: Að dómþoli eigi ekki mál til meðferðar hjá lögreglu, ákæruvaldi eða dómstólum þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað.
2. Við 9. gr. Í stað orðanna „Heimilt er að setja í reglugerð“ komi: Í reglugerð skal setja.

Nd. 1002. Nefndarálit [55. mál]

um frv. til l. um opinbera réttaraðstoð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið Sigurð Jónsson, aðstoðarmann dómsmálaráðherra, og Skúla Guðmundsson, skrifstofustjóra Hagstofu Íslands, á sinn fund.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í meðförum efri deildar.

Ólafur G. Einarsson, Friðjón Þórðarson og Ingi Björn Albertsson voru fjarverandi er málið var afgreitt.

Alþingi, 15. mars 1991.

Jón Kristjánsson, form., frsm. Rannveig Guðmundsdóttir. Guðni Ágústsson.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Nd. 1003. Nefndarálit [319. mál]

um frv. til l. um viðauka við almenn hegningarlög, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið Harald Johannessen fangelsismálastjóra og Þorstein A. Jónsson, deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu, á sinn fund. Umsagnir bárust frá Vernd, Fangelsismálastofnun ríkisins, Landssambandi lögreglumanna, Fangavarðafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands og Sýslumannafélagi Íslands.

Fram komu ábendingar um bætt orðalag og uppsetningu og lúta breytingartillögur nefndarinnar að því.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Ólafur G. Einarsson, Friðjón Þórðarson og Ingi Björn Albertsson voru fjarverandi er málið var afgreitt.

Alþingi, 15. mars 1991.

Jón Kristjánsson, form., frsm. Rannveig Guðmundsdóttir. Guðni Ágústsson.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Nd. 1004. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1991.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar um nokkurt skeið og fékk til fundar við sig Yngva Örn Kristinsson og Bjarna Braga Jónsson frá Seðlabanka Íslands, Halldór Jónatansson, Jóhann Má Maríusson og Örn Marinósson frá Landsvirkjun, Magnús Péturssson, Halldór Árnason og Jón Ragnar Blöndal frá fjármálaráðuneytinu, Sveinbjörn Óskarsson frá fjármálaráðuneytinu vegna Herjólfs hf., Leif Kr. Jóhannesson frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, Benedikt Jónsson frá Lífeyrissjóði bænda, Hermann Guðjónsson og Eyþór Elíasson frá Vita- og hafnamálastofnun, Kristínu Halldórsdóttur og Magnús Oddsson frá Ferðamálaráði, Jóhönnu Leópoldsdóttur og Snorra Tómasson frá Ferðamálasjóði, Þorstein Jónsson frá Kvikmyndasjóði, Braga Hannesson frá Iðnlánasjóði, Þorvarð Alfonsson frá Iðnþróunarsjóði, Guðmund Malmquist frá Byggðastofnun, Markús Örn Antonsson og Hörð Vilhjálmsson frá Ríkisútvarpinu, Jóhönnu Ottesen frá Útflutningslánasjóði, Hrafn Pálsson frá Framkvæmdasjóði aldraða, Gísla Konráðsson frá Stéttarsambandi bænda, Gísla Karlsson frá Framleiðnisjóði, Þórð Friðjónsson frá Þjóðhagsstofnun, Hauk Hafsteinsson frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, Sturlu Tómasson og Grétu Aðalsteinsdóttur frá Framkvæmdasjóði fatlaðra, Snæbjörn Jónasson frá Vegagerð ríkisins, Hauk Hauksson frá Flugmálastjórn, Árna Þór Sigurðsson og Þórð G. Valdimarsson frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, Þórleif Jóns-

son frá Landssambandi iðnaðarmanna, biskup Íslands, herra Ólaf Skúlason, Kristján Jónasson, Engilbert Ingvarsson og Birgi Ómar Haraldsson frá Djúpbátnum hf., Einar Sigurðsson og Guðmund Hermannsson frá hreppsnefnd Ölfushrepps, Sigurð E. Guðmundsson og Hilmar Þórisson frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Halldór Kristjánsson frá samgönguráðuneytinu, Jón Ólafsson frá Félagi fiskmjölsframleiðenda og Þorstein Gíslason frá Síldarverksmiðjum ríkisins.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingartillögum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Nefndarmenn úr meiri hl. flytja einnig breytingartillögur á þingskjali 1006 og 1008.

Í fylgiskjali með áliti þessu er birt yfirlit yfir aukin útgjöld og ábyrgðir ríkissjóðs samkvæmt breytingartillögum á þingskjali 1005 og 1006.

Alþingi, 15. mars 1991.

Páll Pétursson, form., frsm. | Ólafur Þ. Þórðarson. | Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Ragnar Arnalds.

Fylgiskjal.

Frumvarp til lánsfjárlaga 1991.

Aukin útgjöld og ábyrgðir ríkissjóðs samkvæmt breytingartillögum á þskj. 1005 og 1006 (í millj. kr.).

Aukin rekstrarútgjöld A-hluta, skv. 1. gr.	1.189
Framkvæmdasjóður aldraðra	130
Framkvæmdasjóður fatlaðra	35
Bjargráðasjóður	65
Kvikmyndasjóður	14
Meðferðarstöðin að Fitjum	20
Tjónabætur til ríkisfyrirtækja vegna óveðurs	350
Til framkvæmda vegna loðnubrests o.fl.	100
Ríkisspítalar — endurnýjun tölvubúnaðar	50
Fraktflutningar	25
Vaxtagreiðslur ríkissjóðs vegna yfirtöku á lánum Byggðastofnunar	300
Staðfesting samnings vegna þyrlukaupa	100
Aukin endurlán ríkissjóðs, skv. 1. gr.	735
Fiskveiðasjóður Íslands — úrelding loðnuverksmiðja	200
Síldarverksmiðjur ríkisins	300
Byggðastofnun — vandi rækjuverksmiðja	200
Lánasjóður sveitarfélaga — umhverfisbætandi framkvæmdir	35

Auknar ríkisábyrgðir, skv. I. kafla (3.–18. gr.)	1.445
Landsvirkjun, lægri gjaldskrárhækkanir	400
Landsvirkjun, undirbúningur stóriðju	800
Djúpbáturinn	45
Skuldbreytingar loðnuverksmiðja	200
Fjárskuldbindingar — yfirtaka lána	2.900
Búvörusamningur	1.700
Byggðastofnun — yfirtaka lána	1.200

Til viðbótar koma liðir sem ekki er hægt, að svo komnu máli, að tilgreina ákveðnar fjárhæðir fyrir. Hér er um að ræða:

1. Auknar ríkisábyrgðir:
   a. Vatnsleysustrandarhreppur.
   b. Rarik. Kaup á orkuveitum.
2. Annað:
   a. Hitaveita Hjaltadals — yfirtaka lána.
   b. Niðurfelling gjalda af flugskýli.
   c. Gjafir til björgunarsveita o.fl.

Nd. 1005. Breytingartillögur [161. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1991.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, JSS, ÓÞÞ, RA).

1. Við 1. gr.
   a. Í stað „14.140.000 þús. kr.“ í 1. gr. komi: 14.700.000 þús. kr.
   b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

      Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að semja um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands og taka til þess nauðsynleg lán vegna greiðslna sem kunna að falla á árið 1991, allt að 100.000 þús. kr.

      Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 735.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána eftirtöldum aðilum á árinu 1991:
      1. Fiskveiðasjóði Íslands, allt að 200.000 þús. kr. til handa sérstakri deild við sjóðinn sem hafi það hlutverk að stuðla að úreldingu loðnuverksmiðja.
      2. Síldarverksmiðjum ríkisins, allt að 300.000 þús. kr.
      3. Byggðastofnun, allt að 200.000 þús. kr. til að leysa vanda rækjuverksmiðja.
      4. Lánasjóði sveitarfélaga, allt að 35.000 þús. kr. til umhverfisbótadeildar sjóðsins.
2. Við 3. gr. Í stað „3.000.000 þús. kr.“ komi: 3.400.000 þús. kr.
3. Á eftir 6. gr. komi ný grein er verði 7. gr og orðist svo:

   Djúpbátnum hf. á Ísafirði er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 45.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til kaupa á norsku ferjunni ms. Tufjord. Jafnframt er samgönguráðherra heimilt að leyfa fyrirtækinu inn-

flutning á ferjunni, þó eldri sé en 12 ára, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 51/1987, um eftirlit með skipum.

4. Í stað „3.–10.“ í 14. gr. (er verður 15. gr.) komi: 3.–14.
5. Á eftir 14. gr. (er verður 15. gr.) komi ný grein, er verði 16. gr., sem orðist svo:
   Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð allt að fjórðungi skuldabreytinga loðnuverksmiðja hjá bönkum og sjóðum. Ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt þessari grein skal að hámarki nema 200.000 þús. kr.
6. Við 18. gr. Greinin falli brott.
7. Við 23. gr. Greinin falli brott.
8. Við 30. gr. Greinin falli brott.
9. Við 31. gr. Greinin falli brott.
10. Á eftir 35. gr., er verður 33. gr., komi ný grein er orðist svo:
    Þrátt fyrir ákvæði í 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, er fjármálaráðherra heimilt að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, svo og til mannúðar- og líknarstarfsemi. Jafnframt er heimilt að endurgreiða virðisaukaskatt af rannsóknartækjum sem vísindastofnunum eru gefin eða eru keypt fyrir styrki.
11. Á eftir 37. gr., er verður 35. gr., komi sjö nýjar greinar er orðist svo:
    a. (36. gr.)
       Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að stofna til skuldbindinga með útgáfu skuldabréfa á árinu 1991 að upphæð allt að 1.700.000 þús. kr. vegna samnings landbúnaðarráðherra við bændur um fækkun fjár og aðlögun sauðfjárframleiðslu að innanlandsmarkaði, sbr. lög nr. 46/1985. Heimild þessi gildir þar til gerðar hafa verið nauðsynlegar lagabreytingar vegna framkvæmdar samningsins að öðru leyti.
    b. (37. gr.)
       Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að yfirtaka skuldir Byggðastofnunar hjá Framkvæmdasjóði Íslands að fjárhæð allt að 1.200.000 þús. kr.
    c. (38. gr.)
       Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast nauðsynleg lán vegna kaupa Rafmagnsveitna ríkisins á eignum Hitaveitu Siglufjarðar og Rafveitu Siglufjarðar.
    d. (39. gr.)
       Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis að semja við Hitaveitu Hjaltadals og Hitaveitu Siglufjarðar um ráðstafanir til að bæta fjárhag veitnanna í framtíðinni.
    e. (40. gr.)
       Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast lán fyrir Dýpkunarfélagið hf. sem tekið var hjá Framkvæmdasjóði Íslands á árinu 1989, þá að fjárhæð 9.500 þús. kr.
    f. (41. gr.)
       Fjármálaráðherra er heimilt að fella niður opinber gjöld sem tengjast fyrirhuguðum framkvæmdum Flugleiða við byggingu nýs viðhaldsflugskýlis á Keflavíkurflugvelli.
    g. (42. gr.)
       Fjármálaráðherra er heimilt að ganga til samninga við Sláturfélag Suðurlands

um kaup á húseigninni Laugarnesvegi 91 í Reykjavík til afnota fyrir Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Listdansskóla Þjóðleikhússins og fleiri skóla og menningarstofnanir.

Heimildin er háð því að samkomulag takist um að Sláturfélag Suðurlands fallist á að taka við húseignum í eigu ríkissjóðs fyrir hluta af kaupverðinu.

Nd. 1006. Breytingartillögur [161. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1991.

Frá Páli Péturssyni, Ólafi Þ. Þórðarsyni og Jóni Sæmundi Sigurjónssyni.

1. Við 3. gr. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðist svo:
   Landsvirkjun er enn fremur heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 800.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til undirbúnings Fljótsdalsvirkjunar, stækkunar Búrfellsvirkjunar, fimmta áfanga Kvíslaveitu og stofnlína eins og nauðsynlegt er til þess að unnt verði að sjá nýju álveri fyrir nægjanlegri raforku frá áramótum 1994–1995. Ákvörðun um þennan undirbúning og að nýta heimildir samkvæmt þessari málsgrein skal tekin í ljósi framvindu samninga um álver á Keilisnesi.
2. Á eftir 14. gr. (er verður 15. gr.) komi ný grein, er verði 16. gr., sem orðist svo:
   Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt með samþykki ríkisstjórnarinnar að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar og endurlána Vatnsleysustrandarhreppi til að fjármagna kaup á jörðinni Flekkuvík, ásamt mannvirkjum, og lönd úr jörðunum Stóru- og Minni-Vatnsleysu, ásamt mannvirkjum og til að fjármagna kostnað og sérfræðiráðgjöf vegna lóðaöflunar fyrir álver á Keilisnesi. Endurgreiðsla Vatnsleysustrandarhrepps á veittum lánum samkvæmt þessari grein skal háð því að af byggingu og rekstri álvers verði en að öðrum kosti skulu hinar keyptu eignir falla til ríkissjóðs.
   Náist ekki samningar við eigendur landa eða mannvirkja getur fjármálaráðherra heimilað Vatnsleysustrandarhreppi að taka eignarnámi vatnsréttindi, land, aðstöðu og önnur réttindi sem nauðsynleg eru vegna byggingar álvers á Keilisnesi og hafnar vegna þess. Eignarnám samkvæmt þessu ákvæði skal framkvæmt samkvæmt lögum nr. 11/1973.

Nd. 1007. Frumvarp til laga [340. mál]

um leikskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. mars.)

Samhljóða þskj. 599 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:

Lög þessi taka til starfsemi leikskóla. Leikskólinn annast að ósk foreldra uppeldi barna fram að skólaskyldualdri undir handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldismálum. Leikskóli er samkvæmt lögum þessum fyrir börn frá þeim tíma að fæðingarorlofi lýkur til 6 ára aldurs.

Nd. 1008. Breytingartillaga [161. mál]

við brtt. á þskj. 1006 [Lánsfjárlög 1991].

Frá Ragnari Arnalds.

Við 1. tölul. bætist: enda liggi fyrir fyrirvaralaus raforkusamningur.

Nd. 1009. Frumvarp til laga [326. mál]

um félagsþjónustu sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. mars.)

I. KAFLI
Markmið laganna.

1. gr.

Markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar. Skal það gert með því

a. að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti,
b. að tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði barna og ungmenna,
c. að veita aðstoð til þess að íbúar geti búið sem lengst í heimahúsum, stundað atvinnu og lifað sem eðlilegustu lífi,
d. að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál.

Við framkvæmd félagsþjónustunnar skal þess gætt að hvetja einstaklinginn til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum, virða sjálfsákvörðunarrétt hans og styrkja hann til sjálfshjálpar.

2. gr.

Með félagsþjónustu er í lögum þessum átt við þjónustu, aðstoð og ráðgjöf í tengslum við eftirtalda málaflokka:

1. Félagslega ráðgjöf.
2. Fjárhagsaðstoð.
3. Félagslega heimaþjónustu.
4. Málefni barna og ungmenna.
5. Þjónustu við unglinga.
6. Þjónustu við aldraða.
7. Þjónustu við fatlaða.

8. Húsnæðismál.
9. Aðstoð við áfengissjúka og vímugjafavarnir.
10. Atvinnuleysisskráningu og vinnumiðlun.

II. KAFLI
Stjórn og skipulag.

Yfirstjórn.

3. gr.

Félagsþjónusta sveitarfélaga heyrir undir félagsmálaráðuneyti sem hefur eftirlit með því að sveitarfélögin veiti lögboðna þjónustu.

Sveitarstjórnir og félagsmálanefndir.

4. gr.

Sveitarfélag ber ábyrgð á félagsþjónustu innan sinna marka og skal með skipulagðri félagsþjónustu tryggja framgang markmiða skv. 1. gr. þessara laga.

5. gr.

Sveitarstjórn skal kjósa félagsmálanefnd eða félagsmálaráð, hér eftir í lögum þessum nefnd félagsmálanefnd, sem fer með stjórn og framkvæmd félagsþjónustu í sveitarfélaginu í umboði sveitarstjórnar.

Félagsmálanefnd skal skipuð þremur fulltrúum hið fæsta. Að öðru leyti ákveður sveitarstjórn fjölda nefndarmanna og setur um starfsemi nefndarinnar reglur sem sendar skulu félagsmálaráðuneyti.

Undirnefndir félagsmálanefnda.

6. gr.

Sveitarstjórn getur í sérstökum tilvikum skipað undirnefndir félagsmálanefndar að tilskildu samþykki hennar. Hver undirnefnd skal skipuð a.m.k. þremur fulltrúum og skal a.m.k. einn þeirra eiga sæti í félagsmálanefnd. Sveitarstjórn skal setja reglur um verksvið og starfshætti slíkra undirnefnda að fengnum tillögum félagsmálanefndar.

Undirnefnd fer með sérstök verkefni sem afmarkast við málaflokk eða ákveðinn hluta sveitarfélags. Heimilt er að fela undirnefnd ákvörðunarvald og ábyrgð sem félagsmálanefnd fer með samkvæmt lögum þessum og öðrum lagaákvæðum. Þó skal undirbúningur fjárhagsáætlunar og tillögugerð í sambandi við hana ætíð vera á ábyrgð félagsmálanefndar, svo og eftirlit með framkvæmd fjárhagsáætlunar.

Samvinna sveitarfélaga.

7. gr.

Sveitarstjórnir geta falið héraðsnefndum verkefni skv. 2. gr.

Sveitarstjórnir geta ákveðið að vinna saman að einstökum verkefnum á sviði félagsþjónustu á vettvangi byggðasamlaga eftir því sem henta þykir á hverjum stað. Enn fremur geta einstök sveitarfélög gert með sér sérstakt samkomulag um sameiginlega félagsþjónustu eða einstaka þætti hennar.

Hafi sveitarfélög falið héraðsnefnd öll verkefni félagsmálanefndar, sbr. 1. mgr., eða ákveðið að vinna saman að öllum verkefnum nefndarinnar samkvæmt sérstöku samkomulagi, sbr. 2. mgr., er viðkomandi sveitarfélögum heimilt að skipa sameiginlega félags-

málanefnd. Tekur sú nefnd þá við hlutverki félagsmálanefnda einstakra sveitarfélaga.

Félagsmálastofnanir og starfsmenn félagsmálanefnda.

8. gr.

Heimilt er að fela sérstakri félagsmálastofnun að sjá um framkvæmd félagsþjónustu undir stjórn félagsmálanefndar.

9. gr.

Í þeim sveitarfélögum, þar sem ekki er sérstök félagsmálastofnun, er heimilt að fela starfsmönnum að sjá um framkvæmd félagsþjónustu undir stjórn félagsmálanefndar.

10. gr.

Félagsmálanefnd er heimilt að fela starfsmönnum afgreiðslu ákveðinna mála og skulu um það settar reglur sem sveitarstjórn staðfestir. Ákvörðunum starfsmanna skal þó ætíð unnt að skjóta til félagsmálanefndar.

III. KAFLI
Hlutverk félagsmálanefnda.

11. gr.

Hlutverk félagsmálanefnda er

1. að fara með stjórn og framkvæmd félagsþjónustu í sveitarfélaginu í samræmi við reglur sem sveitarstjórn setur,
2. að leitast við að tryggja að félagsleg þjónusta verði sem mest í samræmi við þarfir íbúa,
3. að gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnumörkun á sviði félagsþjónustu í sveitarfélaginu,
4. að gera tillögur að fjárhagsáætlun til sveitarstjórnar um útgjaldaliði félagsmála,
5. að vinna með öðrum opinberum aðilum svo og félögum, félagasamtökum og einstaklingum að því að bæta félagslegar aðstæður og umhverfi í sveitarfélaginu,
6. að veita upplýsingar um félagsþjónustu í sveitarfélaginu,
7. að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð með ráðgjöf, fjárhagslegri fyrirgreiðslu og annarri þjónustu,
8. að hafa yfirumsjón með starfsemi og rekstri stofnana á sviði félagsþjónustu í umboði sveitarstjórnar,
9. að beita sér fyrir forvörnum sem eru til þess fallnar að tryggja stöðu einstaklinga og fjölskyldna,
10. að stuðla að þjálfun og menntun starfsliðs, m.a. með námskeiðum.

IV. KAFLI
Almenn ákvæði um rétt til félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga.

12. gr.

Sveitarfélag skal sjá um að veita íbúum þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum þessum og jafnframt tryggja að þeir geti séð fyrir sér og sínum.

Aðstoð og þjónusta skal jöfnum höndum vera til þess fallin að bæta úr vanda og koma í veg fyrir að einstaklingar og fjölskyldur komist í þá aðstöðu að geta ekki ráðið fram úr málum sínum sjálf.

13. gr.

Með íbúa sveitarfélags er í lögum þessum átt við hvern þann sem lögheimili á í viðkomandi sveitarfélagi.

Verði eigi upplýst um lögheimili manns er leitar aðstoðar skal honum veitt aðstoð þar sem hann dvelur.

Flytjist maður milli sveitarfélaga skal hann eiga rétt til þjónustu í því sveitarfélagi er hann flyst til þegar hann hefur tekið sér þar lögheimili. Enginn öðlast þó rétt til þjónustu eða aðstoðar í öðru sveitarfélagi með dvöl sem ekki er ígildi fastrar búsetu, sbr. lög um lögheimili.

14. gr.

Þurfi fólk á aðstoð að halda utan heimilissveitar sinnar sökum slysa, veikinda eða af öðrum brýnum orsökum er dvalarsveit skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við heimilissveit sem endurgreiðir kostnað að fullu.

15. gr.

Aðstoð til erlendra ríkisborgara skal veitt í því sveitarfélagi þar sem þeir eiga lögheimili. Verði ekki upplýst um lögheimili skal aðstoð veitt í dvalarsveit.

Ríkissjóður skal endurgreiða sveitarfélagi veitta aðstoð til erlendra ríkisborgara ef þeir eiga ekki lögheimili hér á landi eða hafa dvalið hér skemur en tvö ár.

Veitt aðstoð til íslenskra ríkisborgara hjá umboðsmönnum ríkisins erlendis og kostnaður við heimflutning greiðist úr ríkissjóði.

Félagsmálaráðuneyti er heimilt að setja reglur um aðstoð til erlendra ríkisborgara.

V. KAFLI
Félagsleg ráðgjöf.

16. gr.

Félagsmálanefndir skulu leitast við að bjóða upp á félagslega ráðgjöf. Markmið hennar er að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar.

17. gr.

Félagsleg ráðgjöf tekur m.a. til ráðgjafar á sviði fjármála, húsnæðismála, uppeldismála, skilnaðarmála, þar með talinna forsjár- og umgengnismála, ættleiðingarmála o.fl. Henni skal ætíð beitt í eðlilegu samhengi við aðra aðstoð samkvæmt lögum þessum og í samvinnu við aðra þá aðila sem bjóða upp á slíka þjónustu, svo sem skóla og heilsugæslustöðvar eftir því sem við á.

18. gr.

Félagsmálanefndir skulu leitast við að hafa á að skipa menntuðu starfsfólki í félagsráðgjöf eða á hliðstæðu sviði til þess að annast félagslega ráðgjöf.

VI. KAFLI
Fjárhagsaðstoð.

19. gr.

Skylt er hverjum manni að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára.

20. gr.

Um skyldur sveitarfélags til að veita fjárhagsaðstoð gilda almenn ákvæði um félagsþjónustu skv. IV. kafla.

21. gr.

Fjárhagsaðstoð á vegum sveitarfélags skal vera svo mikil sem nauðsyn krefur.

Sveitarstjórn setur reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar að fengnum tillögum félagsmálanefndar.

22. gr.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélags getur hvort heldur sem er verið lán eða styrkur. Fjárhagsaðstoð skal veitt sem lán ef umsækjandi óskar þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt er að gera kröfur um endurgreiðslu með tilliti til eigna og framtíðartekna.

Aðstoð er aldrei endurkræf nema það sé ákveðið þegar hún er veitt.

23. gr.

Fjárhagsaðstoð, veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær, er ætíð endurkræf.

24. gr.

Skylt er að veita félagsmálanefndum hverjar þær upplýsingar úr skattskýrslum þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar eða hafa fengið hana. Sama gildir um upplýsingar úr skattskýrslum lögskylds framfæranda.

Atvinnurekendum er skylt að láta félagsmálanefndum í té upplýsingar um laun þess sem fjárhagsaðstoðar leitar og framfærenda hans.

25. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um samskipti sveitarfélaga sín á milli og um uppgjör milli ríkisins og sveitarfélaga vegna veittrar fjárhagsaðstoðar skv. IV. kafla laga þessara.

VII. KAFLI
Félagsleg heimaþjónusta.

26. gr.

Sveitarfélag skal sjá um félagslega heimaþjónustu til handa þeim sem búa í heimahúsum og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar eða fötlunar.

27. gr.

Með félagslegri heimaþjónustu skal stefnt að því að efla viðkomandi til sjálfsbjargar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsum við sem eðlilegastar aðstæður.

28. gr.

Með félagslegri heimaþjónustu er átt við hvers konar aðstoð við heimilishald, persónulega umhirðu, félagslegan stuðning, gæslu og umönnun barna og unglinga.

29. gr.

Áður en aðstoð er veitt skal sá aðili, sem fer með heimaþjónustu, meta þörf í hverju einstöku tilviki. Læknisvottorð skal liggja fyrir þegar um heilsufarsástæður er að ræða.

30. gr.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um framkvæmd félagslegrar heimaþjónustu.

VIII. KAFLI
Málefni barna og ungmenna.

31. gr.

Félagsmálanefnd er skylt, í samvinnu við foreldra, forráðamenn og aðra þá aðila sem hafa með höndum uppeldi, fræðslu og heilsugæslu barna og ungmenna, að gæta velferðar og hagsmuna þeirra í hvívetna.

Félagsmálanefnd skal sjá til þess að börn fái notið hollra og þroskavænlegra uppvaxtarskilyrða, t.d. leikskóla og tómstundaiðju. Einnig skal félagsmálanefnd gæta þess að aðbúnaði barna sé ekki áfátt og ekki séu þær aðstæður í umhverfi barna sem þeim stafar hætta af.

32. gr.

Sveitarstjórn getur falið félagsmálanefnd verkefni barnaverndarnefndar og fer þá um framkvæmd og meðferð þeirra mála eftir lögum um vernd barna og ungmenna.

33. gr.

Sveitarfélög annast uppbyggingu og rekstur leikskóla og tekur sveitarstjórn ákvörðun um stjórn þeirra.

Leikskólar eru reknir samkvæmt sérstökum lögum.

34. gr.

Sveitarstjórnir skulu eftir föngum tryggja framboð á leikskólarými. Til þess að sú þjónusta verði í sem bestu samræmi við þarfir barna í sveitarfélaginu skal það láta fara fram mat á þörfinni eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

Félagsmálaráðuneytið skal liðsinna sveitarfélögum í því skyni að sameinast um rekstur leikskóla á vettvangi héraðsnefnda eða með stofnun byggðasamlaga.

35. gr.

Félagsmálanefnd, eða önnur nefnd samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar, skal veita leyfi til daggæslu barna í heimahúsum og annast rekstur gæsluvalla fyrir börn. Félagsmálaráðherra setur reglugerð um starfsemi og rekstur gæsluvalla og daggæslu í heimahúsum.

IX. KAFLI
Þjónusta við unglinga.

36. gr.

Að tilhlutan sveitarfélaga skal vera skipulagt forvarnastarf í unglingamálum sem miðar að því að beina athafnaþörf æskufólks á heillavænlegar brautir.

37. gr.

Félagsmálanefnd skal sjá um þá þætti unglingaþjónustunnar sem varða málefni einstaklinga, t.d. ráðgjöf, útideildarstarfsemi (leitarstarf) og rekstur unglingaathvarfa eftir því sem þörf er á.

Heimilt er að fela félagsmálanefndum umsjón með æskulýðs- og íþróttamálum í umboði sveitarstjórna, þar á meðal rekstur félagsmiðstöðva, tómstundastarf í skólum og rekstur mannvirkja og aðstöðu fyrir íþróttastarfsemi.

38. gr.

Um önnur atriði, er lúta að þjónustu við unglinga, fer eftir lögum um æskulýðsmál, íþróttalög, lög um grunnskóla og lög um vernd barna og ungmenna.

X. KAFLI
Þjónusta við aldraða.

39. gr.

Sveitarstjórn skal stuðla að því að aldraðir geti búið við eðlilegt heimilislíf í umgengni við aðra svo lengi sem verða má. Jafnframt verði tryggð nauðsynleg stofnanaþjónusta þegar hennar er þörf.

40. gr.

Félagsmálanefnd skal leitast við að tryggja framboð á hentugu húsnæði fyrir aldraða og jafnframt skipuleggja félagslega heimaþjónustu.

41. gr.

Sveitarstjórn skal sjá um að félagsþjónusta aldraðra sé fyrir hendi í sveitarfélaginu eftir þörfum. Hér er m.a. átt við heimaþjónustu, félagsráðgjöf og heimsendingu matar. Jafnframt skal tryggja öldruðum aðgang að félags- og tómstundastarfi við þeirra hæfi. Í því sambandi skal lögð sérstök áhersla á fræðslu og námskeiðahald um réttindi aldraðra og aðlögun að breyttum aðstæðum sem fylgja því að hætta þátttöku á vinnumarkaði.

42. gr.

Aldraðir eiga rétt á almennri þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum þessum en að öðru leyti fer um málefni þeirra eftir sérlögum um málefni aldraðra.

XI. KAFLI
Þjónusta við fatlaða.

43. gr.

Félagsmálanefnd skal vinna að því að fötluðum, hvort heldur er af líkamlegum eða andlegum ástæðum, séu tryggð sambærileg lífskjör og jafnrétti á við aðra þjóðfélagsþegna. Jafnframt skulu fötluðum sköpuð skilyrði til að lifa sem eðlilegustu lífi miðað við getu hvers og eins.

44. gr.

Félagsmálanefnd skal skipuleggja félagslega heimaþjónustu fyrir fatlaða og leitast við að tryggja þeim hentugt íbúðarhúsnæði.

45. gr.

Fatlaðir eiga rétt á almennri þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum þessum og skal þeim veitt þjónusta á almennum stofnunum eftir því sem unnt er og við á.

Að öðru leyti fer um málefni þeirra eftir sérlögum um málefni fatlaðra.

Samstarf skal vera sem víðtækast milli svæðisstjórna fatlaðra og einstakra sveitarfélaga um þjónustu við fatlaða.

XII. KAFLI
Húsnæðismál.

46. gr.

Sveitarstjórnir skulu, eftir því sem kostur er og þörf er á, tryggja framboð af leiguhúsnæði, félagslegu kaupleiguhúsnæði og/eða félagslegum eignaríbúðum handa þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna.

47. gr.

Félagsmálanefndir skulu sjá til þess að veita þeim fjölskyldum og einstaklingum, sem ekki eru færir um það sjálfir, úrlausn í húsnæðismálum til að leysa úr bráðum vanda á meðan unnið er að varanlegri lausn.

48. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að fela félagsmálanefnd umsjón með leiguíbúðum í eigu sveitarfélagsins og útleigu þeirra.

Þegar aðrar félagslegar íbúðir en leiguíbúðir eiga í hlut getur félagsmálanefnd gert tillögur til húsnæðisnefndar um úthlutun á íbúðum.

49. gr.

Sveitarstjórnum er heimilt að fela félagsmálanefndum verkefni húsaleigunefndar, sbr. lög um húsaleigusamninga.

XIII. KAFLI
Aðstoð við áfengissjúka og vímugjafavarnir.

50. gr.

Heimilt er sveitarstjórnum að fela félagsmálanefndum lögbundin verkefni áfengisvarnanefndar, sbr. áfengislög, nr. 82/1969, að hluta til eða að öllu leyti.

51. gr.

Félagsmálanefndir skulu stuðla að forvörnum í áfengis- og vímugjafamálum í samstarfi við viðeigandi aðila, svo sem lögreglu, heilbrigðisþjónustu og skóla.

52. gr.

Félagsmálanefndir skulu hlutast til um að áfengissjúkir og þeir sem misnota áfengi eða aðra vímugjafa fái viðeigandi meðferð og aðstoð. Þá skal veita aðstandendum og fjölskyldum áfengissjúkra ráðgjöf og aðstoð eftir því sem við á.

53. gr.

Félagsmálanefndir skulu stuðla að því að áfengissjúkir og misnotendur vímugjafa, sem fengið hafa meðferð og læknishjálp, fái nauðsynlegan stuðning og aðstoð til að lifa eðlilegu lífi að meðferð lokinni.

XIV. KAFLI
Atvinnuleysisskráning og vinnumiðlun.

54. gr.

Sveitarstjórnum er skylt að annast atvinnuleysisskráningu og vinnumiðlun, sbr. lög um vinnumiðlun, nr. 18/1985.

Stjórn vinnumiðlunar og félagsmálanefnd skulu hafa náið samstarf um atvinnuleysisskráningu og vinnumiðlun.

55. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að fela félagsmálanefnd skráningu atvinnulausra og framkvæmd vinnumiðlunar að hluta til, einkum þjónustu við atvinnuleitendur, þar á meðal unglinga og aldraða.

56. gr.

Að fengnu samþykki sveitarstjórnar er svæðisstjórn um málefni fatlaðra heimilt að fela félagsmálanefndum starfrækslu atvinnuleitar fyrir fatlaða þar sem það á við, sbr. lög um málefni fatlaðra, nr. 41/1983.

XV. KAFLI
Starfshættir félagsmálanefnda.

57. gr.

Um félagsmálanefndir og starfslið sveitarfélaga gilda ákvæði VI. og VII. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, og ákvæði IV. og V. kafla sömu laga eftir því sem við á.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara og reglna sem sveitarstjórnir setja um félagsmálanefndir, starfssvið þeirra og meðferð mála.

XVI. KAFLI
Almennar reglur um meðferð einstakra mála.

58. gr.

Berist félagsmálanefnd umsókn um aðstoð samkvæmt lögum þessum skal nefndin kanna aðstæður umsækjanda eins fljótt og unnt er.

Fái félagsmálanefnd með öðrum hætti upplýsingar um nauðsyn á aðstoð eða aðgerðum skal mál kannað með sama hætti.

59. gr.

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við skjólstæðing og leitað eftir samþykki hans þar sem því verður við komið.

60. gr.

Við meðferð mála og ákvörðunartöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við skjólstæðing eftir því sem unnt er, að öðrum kosti við talsmann ef hann er fyrir hendi.

Sé talið nauðsynlegt vegna almannahagsmuna eða velferðar viðkomandi einstaklings að hafa uppi þvingunaraðgerðir skal með þau mál farið eftir ákvæðum laga um lögræði, laga um vernd barna og ungmenna og annarra þeirra laga er slíkar heimildir veita.

Kynna skal niðurstöðu mála eins fljótt og unnt er. Ef niðurstaða er umsækjanda óhagstæð skal hún skýrð og rökstudd og tilkynnt honum tryggilega. Í slíku tilfelli getur umsækjandi eða talsmaður hans krafist skriflegs rökstuðnings. Sé um skerðingu á réttindum skjólstæðings að ræða skal niðurstaða ávallt rökstudd skriflega og tilkynnt með sérstökum tryggilegum hætti.

61. gr.

Skjólstæðingur á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

62. gr.

Fulltrúar í félagsmálanefndum og starfsmenn skulu varðveita málsgögn, er varða persónulega hagi einstaklinga, með tryggilegum hætti þannig að óviðkomandi fái þar ekki aðgang. Hafi þeir kynnst einkamálum skjólstæðinga í starfi er þeim óheimilt að ræða þau mál við óviðkomandi aðila nema að fengnu samþykki skjólstæðings eða forráðamanna hans.

63. gr.

Kynna skal aðila sérstaklega rétt hans til málskots.

64. gr.

Opinberir aðilar, sem fást við verkefni eða reka stofnanir á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga eða fara með verkefni sem tengjast henni, skulu hafa sem nánasta samvinnu bæði hvað varðar skipulag þjónustu og málefni einstakra skjólstæðinga.

Þegar málefni skjólstæðings er til meðferðar hjá fleiri en einni stofnun skal um það höfð samvinna milli þeirra og veittar gagnkvæmar upplýsingar eftir því sem nauðsynlegt er, þó þannig að gætt sé trúnaðar gagnvart skjólstæðingi.

XVII. KAFLI
Málskot.

65. gr.

Málsaðili getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til úrskurðarnefndar félagsþjónustu, sbr. 66. gr. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því viðkomanda barst vitneskja um ákvörðun.

Málskot til nefndarinnar frestar ekki framkvæmd hinnar kærðu ákvörðunar nema nefndin ákveði annað.

66. gr.

Úrskurðarnefnd félagsþjónustu fjallar um eftirtalin atriði:

1. Málsmeðferð, sbr. XVI. kafla.
2. Rétt til aðstoðar, sbr. IV. kafla.

3. Hvort samþykkt þjónusta og upphæð fjárhagsaðstoðar er í samræmi við reglur viðkomandi sveitarstjórnar.

67. gr.

Þrír menn eiga sæti í úrskurðarnefnd félagsþjónustu, tilnefndir til fjögurra ára í senn. Hæstiréttur skipar oddamann nefndarinnar og varamann hans og skulu þeir hafa lokið embættisprófi í lögfræði. Félagsmálaráðherra skipar einn mann í nefndina og einn til vara. Sama gildir um Samband íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin skal taka mál til meðferðar án tafar og kveða upp úrskurð sinn innan þriggja mánaða frá því nefndinni barst mál til úrskurðar. Ef ástæða þykir til getur nefndin mælt fyrir um munnlegan eða skriflegan málflutning.

Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir á sviði stjórnsýslunnar.

Kostnaður af störfum úrskurðarnefndar félagsþjónustu greiðist úr ríkissjóði.

Gildistaka.

68. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku laga þessara eru úr gildi fallin framfærslulög, nr. 80/1947, með síðari breytingum, og lög um heimilishjálp í viðlögum, nr. 10/1952, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

Nd. 1010. Lög [139. mál]

um listamannalaun.

(Afgreidd frá Nd. 15. mars.)

Samhljóða þskj. 975 (sbr. 773).

Nd. 1011. Lög [420. mál]

um breytingar á lögum nr. 64 1. júlí 1985, um Byggðastofnun.

(Afgreidd frá Nd. 15. mars.)

Samhljóða þskj. 757.

Nd. 1012. Lög [445. mál]

um breyting á lögum nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 15. mars.)

Samhljóða þskj. 831.

Nd. 1013. Lög [428. mál]

um starfskjör presta þjóðkirkjunnar.

(Afgreidd frá Nd. 15. mars.)

Samhljóða þskj. 822.

Nd. 1014. Breytingartillögur [319. mál]

við frv. til l. um viðauka við almenn hegningarlög, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum.

Frá Inga Birni Albertssyni.

1. Í stað orðanna „ólaunuð samfélagsþjónusta“ í fyrri málslið fyrri málsgreinar 1. gr. komi: að jafnaði ólaunuð samfélagsþjónusta.
2. Á eftir 3. gr. komi ný grein er orðist svo:

   Hafi dómþoli verið dæmdur til að greiða brotaþola skaðabætur vegna hins refsiverða verknaðar, sem hann getur ekki greitt sakir eignaleysis eða sérstakar ástæður mæla með, er nefnd skv. 5. gr. heimilt að ákveða að laun skuli greidd fyrir samfélagsþjónustuna. Skulu launagreiðslur renna óskiptar til brotaþola þar til bætur eru að fullu greiddar, en eftir það falla þær niður.

   Launataxti fyrir launaða samfélagsþjónustu skv. 1. mgr. skal ákveðinn í reglugerð, sbr. 10. gr.

Nd. 1015. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1991.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Afgreiðsla þessa frumvarps hefur dregist úr hömlu, fyrst og fremst vegna innbyrðis deilna stjórnarflokkanna um ýmis atriði þess. Nánast daglega hafa birst nýjar hugmynd-

ir um lántöku frá einhverjum stjórnarflokkanna og er nú útlit fyrir að meiri hl. ætli við lokaafgreiðslu málsins að samþykkja 1.200 millj. kr. aukin útgjöld ríkissjóðs sem fjármagna á með innlendum lántökum og að auki heimildir til 735 millj. kr. erlendrar lántöku. Þá leggur meiri hl. einnig til auknar lántökuheimildir erlendis vegna virkjanaframkvæmda auk ýmissa annarra skuldbindinga sem stofna skal til og skila sér í auknum halla á A-hluta fjárlaga. Þessar stórauknu lántökur, sem boðaðar eru með þessum tillögum meiri hl., eru bein ávísun á hækkun vaxta og munu hafa mikil áhrif á fjármagnsmarkaðinn í heild. Vaxtahækkun ógnar ekki síst hag heimilanna sem eru orðin annar stærsti lántakandinn á innanlandsmarkaði og eru gjaldþrot einstaklinga og heimila orðin uggvænlega tíð.

Fyrsti minni hl. er algjörlega ósamþykkur þeim áherslum sem fram koma í breytingartillögum meiri hl., sérstaklega að því er varðar auknar lántökuheimildir til Landsvirkjunar og vegna kaupa á jarðnæði fyrir nýtt álver. Ekkert endanlegt liggur fyrir um samninga við erlenda aðila um byggingu og rekstur álvers og allt eins líklegt að af þeim verði alls ekki. 1. minni hl. mundi að sjálfsögðu fagna því ef áform um byggingu álvers næðu ekki fram, enda hafa kvennalistakonur beitt sér eindregið gegn nýju 200 þús. tonna álveri sem hefði í för með sér mikla umhverfismengun, auk þess sem fjárfesting að baki hverju starfi yrði óhóflega mikil og fjárhagslegur ávinningur lítill, jafnvel þótt umhverfisþættir væru ekki reiknaðir inn í dæmið. Hins vegar fagnar 1. minni hl. því að meiri hl. skuli nú fást til þess að veita heimild til að semja um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands en það er einmitt sú leið sem Kvennalistinn hefur viljað fara í þessu máli.

Fyrsti minni hl. styður einnig afnám skerðingargreina vegna Bjargráðasjóðs, Kvikmyndasjóðs, Framkvæmdasjóðs aldraðra og Framkvæmdasjóðs fatlaðra, en lýsir furðu sinni yfir því að meiri hl. skuli ekki ætla að taka á fjárhagsvanda Ríkisútvarpsins vegna óhjákvæmilegra framkvæmda á vegum þess. Fyrsti minni hl. leggur því til að 25. gr. frumvarpsins verði felld niður svo að Ríkisútvarpið fái þær tekjur af aðflutningsgjöldum af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum sem því ber lögum samkvæmt.

Fyrsti minni hl. mun samkvæmt framansögðu taka afstöðu til einstakra greina frumvarpsins en sitja hjá við atkvæðagreiðslu um málið í heild.

Alþingi, 15. mars 1991.

Guðný Guðbjörnsdóttir.

Nd. 1016. Breytingartillaga [161. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1991.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur, Kristínu Einarsdóttur og Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Við 25. gr. Greinin falli brott.

Sþ. 1017. Nefndarálit [441. mál]

um till. til þál. um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og er einhuga um að mæla með samþykkt hennar.

Alþingi, 15. mars 1991.

Sighvatur Björgvinsson, form., frsm.	Margrét Frímannsdóttir, fundaskr.	Alexander Stefánsson.
Pálmi Jónsson.	Málmfríður Sigurðardóttir.	Ásgeir Hannes Eiríksson.
Egill Jónsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Friðjón Þórðarson.

Nd. 1018. Frumvarp til laga [69. mál]

um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. mars.)

Samhljóða þskj. 699 með þessari breytingu:

19. gr. hljóðar svo:

Félagsmálaráðherra skipar kærunefnd jafnréttismála til þriggja ára í senn og skulu nefndarmenn vera lögfræðingar. Félagsmálaráðherra skipar einn án tilnefningar og Hæstiréttur tilnefnir tvo, þar af annan sem formann nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Þegar um er að ræða mál, sem ætla má að geti haft stefnumarkandi áhrif á vinnumarkaðinn í heild, skal kærunefnd leita umsagnar frá heildarsamtökum launþega og viðsemjendum þeirra.

Verkefni kærunefndar eru að taka við ábendingum um brot á ákvæðum þessara laga og rannsaka mál af því tilefni og senda að rannsókn lokinni niðurstöður til þeirra aðila sem málið snertir. Atvinnurekendum, opinberum stofnunum, félagasamtökum og öðrum þeim, er upplýst geta málið, er skylt að veita kærunefnd hvers konar upplýsingar hér að lútandi. Kærunefnd skal enn fremur í sérstökum tilvikum hafa frumkvæði um ábendingar varðandi framkvæmd ákvæða 2.–13. gr., sbr. þó 1. tölul. 16. gr. um hlutverk Jafnréttisráðs.

Skrifstofa kærunefndar jafnréttismála er jafnframt skrifstofa Jafnréttisráðs.

Ed. 1019. Frumvarp til laga [335. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. mars.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Anoruo, Chigozie Onyemuche, verkamaður í Reykjavík, f. 12. apríl 1974 í Nígeríu.
2. Ben Ali, Ayari Brahim, matsveinn í Reykjavík, f. 13. janúar 1964 í Túnis.
3. Ben Ezra, Nili, verkakona á Patreksfirði, f. 6. nóvember 1964 í Ísrael. Fær réttinn 30. ágúst 1991.
4. Berger, Jiri, sálfræðingur á Akureyri, f. 1. júlí 1950 í Tékkóslóvakíu.
5. Blyden, Deborah, framreiðslumaður í Reykjavík, f. 18. október 1962 á Kúbu.
6. Canada, Ermelinda Almeda, húsmóðir í Reykjavík, f. 5. ágúst 1959 á Filippseyjum.
7. Chase, Beverly Ellen, aðstoðarveitingastjóri í Reykjavík, f. 6. október 1967 í Bandaríkjunum. Fær réttinn 30. september 1991.
8. Curtis, George Frank, verslunarstjóri í Reykjavík, f. 29. nóvember 1949 í Skotlandi.
9. Curtis, Þór Arnar, nemi í Reykjavík, f. 9. ágúst 1973 í Reykjavík.
10. Daglas, Sami Fathi Ahmad, rafsuðumaður í Bessastaðahreppi, f. 1. júní 1966 í Jórdaníu. Fær réttinn 19. ágúst 1991.
11. Drummond, Jonathan Paul, golfkennari í Reykjavík, f. 4. apríl 1963 í Englandi.
12. Enriquez, Charita Capuyan, starfsstúlka í Reykjavík, f. 29. maí 1961 á Filippseyjum. Fær réttinn 30. september 1991.
13. Espiritu, Vincenta Cabilao, húsmóðir í Reykjavík, f. 23. júlí 1966 á Filippseyjum.
14. Farrell, Cynthia Ann, kennari í Vestmannaeyjum, f. 23. október 1955 í Bandaríkjunum.
15. Fossádal, Ragna, húsmóðir í Grindavík, f. 26. júlí 1939 í Færeyjum.
16. Golebiowska, Ewa Anna, póstmaður í Reykjavík, f. 22. desember 1958 í Póllandi. Fær réttinn 21. júlí 1991.
17. Júdith Guðjónsson, sjúkraliði í Hveragerði, f. 28. nóvember 1922 í Færeyjum.
18. Lebunafacil, Adela A., verkakona í Keflavík, f. 1. júlí 1955 á Filippseyjum.
19. Líney Dan Gunnarsdóttir, barn í Reykjavík, f. 12. nóvember 1987 á Indlandi.
20. Maerel, Jean-Jacques Léon, verkamaður í Reykjavík, f. 28. apríl 1952 í Frakklandi.
21. Makosz, Elzbieta Zofia, kennari í Bolungarvík, f. 14. júní 1962 í Póllandi.
22. Namwijit, Sophaporn, verkakona á Ísafirði, f. 15. september 1950 á Thailandi.
23. Ognibene, Joseph James, tónlistarmaður í Garðabæ, f. 17. ágúst 1957 í Bandaríkjunum.
24. Oliverio, Serecia Pitogo, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. 21. febrúar 1961 á Filippseyjum. Fær réttinn 5. júní 1991.
25. Olsen, Marianne, húsmóðir í Reykjavík, f. 27. október 1958 í Danmörku.
26. Ólöf Halla Hjartardóttir, verslunarmaður í Hveragerði, f. 20. október 1953 í Reykjavík.
27. Paraiso, Sixta Alfante, húsmóðir í Kópavogi, f. 6. ágúst 1946 á Filippseyjum. Fær réttinn 30. júlí 1991.
28. Rader, Margrét Ann, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 25. október 1950 í Bandaríkjunum.

29. Roberts, Kristrún Ingibjörg, bréfberi í Mosfellsbæ, f. 22. júní 1950 í Reykjavík.
30. Robinson, Deborah Lynne, húsmóðir á Flateyri, f. 11. janúar 1962 í Suður-Afríku.
31. Rodriguez, Berglind Lovísa, nemi í Reykjavík, f. 13. júní 1975 í Svíþjóð. Fær réttinn 5. september 1991.
32. Rodriguez, Þór Juan Ramón, nemi í Reykjavík, f. 22. janúar 1979 í Svíþjóð. Fær réttinn 5. september 1991.
33. Rossen, Magnús Ólafur, bifvélavirki í Reykjavík, f. 15. júlí 1967 í Stykkishólmi.
34. Ruf, Dora, húsfreyja í Kjósarhreppi, f. 22. mars 1955 í Sviss.
35. Röver, Nóra María, nemandi í Reykjavík, f. 16. júní 1970 í Vestur-Þýskalandi.
36. Semichat, Larib, verkamaður í Reykjavík, f. 15. júlí 1961 í Túnis.
37. Shen, Zhi Ying, verkakona í Reykjavík, f. 19. júlí 1930 í Kína.
38. Siengboon, Sompit, starfsstúlka í Reykjavík, f. 4. október 1956 í Thailandi.
39. Sobczynski, Dariusz Andrzej, nemi í Reykjavík, f. 4. júlí 1959 í Póllandi. Fær réttinn 21. júlí 1991.
40. Tinganelli, Leone, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 22. janúar 1964 á Ítalíu.
41. Toohey, John Patrick, kerfisfræðingur í Reykjavík, f. 17. janúar 1963 á Írlandi.
42. Torcato, Antonio Carlos Dos Reis, verkamaður í Bolungarvík, f. 7. janúar 1954 í Portúgal.
43. Undall-Behrend, Daníel Jakob, vélvirki í Arnarneshreppi, f. 19. apríl 1949 í Arnarneshreppi.
44. Urbschat, Marlene, hagfræðingur á Blönduósi, f. 14. febrúar 1956 í Vestur-Þýskalandi. Fær réttinn 7. maí 1991.
45. Wheeley, Jón Wayne, nemi í Reykjavík, f. 30. júní 1970 í Bandaríkjunum.
46. Wilson, Kristín Anna Tryggvadóttir, nemi í Reykjavík, f. 11. apríl 1975 í Ástralíu.
47. Ycot, Maria Miraflor, starfsstúlka í Reykjavík, f. 6. maí 1969 á Filippseyjum. Fær réttinn 23. júlí 1991.
48. Young, Karen Alice, bókari í Reykjavík, f. 1. júlí 1952 í Kanada.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenninafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 1020. Breytingartillaga [326. mál]

við frv. til l. um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Frá Geir H. Haarde.

34. gr. falli brott.

Ed. 1021. Nefndarálit [320. mál]

um frv. til l. um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í neðri deild.

Alþingi, 15. mars 1991.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm. Jóhann Einvarðsson, fundaskr. Eiður Guðnason.

Skúli Alexandersson.

Ed. 1022. Nefndarálit [321. mál]

um frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í neðri deild.

Alþingi, 15. mars 1991.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm. Jóhann Einvarðsson, fundaskr. Eiður Guðnason.

Skúli Alexandersson.

Ed. 1023. Breytingartillögur [320. mál]

við frv. til l. um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (GJH).

1. Við 4. gr. 2. tölul. orðist svo: Íslenskir ríkisborgarar, sem eiga lögheimili hérlendis, og lögaðilar, sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hérlendis, mega einir eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi. Með vinnslu sjávarafurða er hér átt við alla meðferð sjávarafla.

2. Eftirtaldar breytingar verði á 7. tölul. 4. gr.:
   a. 1. málsl. orðist svo: Heildarfjárfesting erlends aðila eða samanlögð fjárfesting fjárhagslega tengdra erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi má ekki fara fram úr 250 millj. kr. á einu almanaksári.
   b. 4. málsl. orðist svo: Heildarfjárfesting erlendra aðila í hverri atvinnugrein fyrir sig má ekki fara yfir 25% og heildarfjárfesting erlendra aðila í einstökum fyrirtækjum ekki yfir 49%.
3. Í stað orðanna „og getur viðskiptaráðherra þá stöðvað viðkomandi fjárfestingu“ í síðari málsgrein 10. gr. komi: og skal viðskiptaráðherra þá stöðva viðkomandi fjárfestingu.

Nd. 1024. Nefndarálit [370. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Til fundar við nefndina komu Jakob Jakobsson og Sveinn Sveinbjörnsson frá Hafrannsóknastofnun, Kristján Ragnarsson frá LÍÚ, Óskar Vigfússon og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Guðjón A. Kristjánsson, Helgi Laxdal og Benedikt Valsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Þórður Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Húnbogi Þorsteinsson frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, Jón Ólafsson og Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson frá Félagi íslenskra fiskimjölsframleiðenda, Halldór Guðbjarnason, bankastjóri Landsbanka Íslands, Lárus Jónsson frá Félagi rækju- og hörpudisksframleiðenda og Þorsteinn Gíslason og Jón Reynir Magnússon frá Síldarverksmiðjum ríkisins. Umsagnir og gögn bárust frá Siglufjarðarkaupstað, Fiskifélagi Íslands, sjávarútvegsráðuneytinu, Byggðastofnun og Þjóðhagsstofnun, auk þess sem þau gögn sem sjávarútvegsnefnd efri deildar hafði til hliðsjónar lágu fyrir nefndinni.

Meiri hl. nefndarinnar, þeir Matthías Bjarnason, Geir Gunnarsson, Hreggviður Jónsson og Kristinn Pétursson, er samþykkur því að málið sé afgreitt frá nefndinni en stendur ekki að áliti þessu. Meiri hl. nefndarinnar mun ekki heldur skila nefndaráliti. Þrír hinir fyrsttöldu, ásamt fleirum, flytja breytingartillögu við málið í heild á þskj. 995.

Minni hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í efri deild.

Alþingi, 15. mars 1991.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm. Guðni Ágústsson. Alexander Stefánsson.

Ed. 1025. Nefndarálit [320. mál]

um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Annar minni hl. styður frumvarpið og telur það vera skref í rétta átt. Vísast til álits 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar á þskj. 888.

Alþingi, 15. mars 1991.

Ey. Kon. Jónsson, frsm. Halldór Blöndal.

Nd. 1026. Breytingartillaga [161. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1991.

Frá Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni.

Á eftir 15. gr. komi ný grein er orðist svo:

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 1.000 millj. kr. til að endurlána Ólafi J. Laufdal í því skyni að hann fái aftur afhent bú sitt, þar með talið Hótel Ísland, og geti lokið smíði þess. Ríkissjóður skal fá allsherjarveð í eignum Ólafs.

Ed. 1027. Nefndarálit [340. mál]

um frv. til l. um leikskóla.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað frumvarpið og mælir meiri hl. nefndarinnar með því að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu sem gerð var á því í meðförum neðri deildar.

Alþingi, 15. mars 1991.

Eiður Guðnason, form., frsm. Valgerður Sverrisdóttir. Skúli Alexandersson.

Jón Helgason.

Nd. 1028. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. mars 1991.

Páll Pétursson, form., frsm.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Ragnar Arnalds.
Guðný Guðbjörnsdóttir.	Friðrik Sophusson.	Matthías Bjarnason.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Ed. 1029. Lög [320. mál]

um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

(Afgreidd frá Ed. 15. mars.)

Samhljóða þskj. 977 (sbr. 565).

Ed. 1030. Lög [321. mál]

um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl.

(Afgreidd frá Ed. 15. mars.)

Samhljóða þskj. 978 (sbr. 566).

Nd. 1031. Lög [230. mál]

um samvinnufélög.

(Afgreidd frá Nd. 15. mars.)

Samhljóða þskj. 1000 (sbr. 331).

Nd. 1032. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1991.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Afgreiðsla fjárhags- og viðskiptanefndar á þessu frumvarpi hefur dregist von úr viti vegna ágreinings í ríkisstjórn og innbyrðis deilna stjórnarliðsins. Tillögur ríkisstjórnarinnar til breytinga á frumvarpinu hafa verið að breytast daglega og nú síðast oft á dag. Eftir miklar sviptingar varð niðurstaðan sú að ekkert samkomulag ríkir milli stjórnarflokkanna um heimildir til að standa að undirbúningsframkvæmdum vegna álvers á Keilisnesi. Ríkisstjórnarflokkarnir eru því klofnir í afstöðu sinni til þess máls.

Á fundi nefndarinnar kom fjöldi aðila eins og getið er um í nefndaráliti meiri hl. Flestir höfðu ekki erindi sem erfiði. Ljóst er að veruleg fjárvöntun opinberra aðila mun leiða til aukafjárveitinga síðar á árinu. Má þar nefna Lánasjóð íslenskra námsmanna, en fulltrúar ríkisstjórnarinnar í stjórn sjóðsins telja að um það bil 300 millj. kr. vanti í sjóðinn til að standa undir útlánaáætlun hans. Það vakti einnig athygli að í breytingartillagnadrögum frá ríkisstjórninni var gert ráð fyrir að heimilt væri að ráðstafa 420 millj. kr. af sérstökum eignarskatti í stað 335 milljóna. Frá þeim hugmyndum var fallið á síðari stigum. Sömuleiðis var ætlunin að heimila lántöku til að flýta framkvæmdum við ýmsar skólabyggingar á landsbyggðinni en jafnharðan fallið frá því.

Þá er full ástæða til að benda á að fjáraukalög fyrir árið 1990 hafa enn ekki verið lögð fram né heldur fjáraukalög fyrir fyrstu mánuði yfirstandandi árs. Fyrir vikið er mjög erfitt að átta sig á því hver raunveruleg ríkisumsvif verða á árinu. Þó er víst að lánsfjárþörf ríkisins eykst verulega milli ára og allt bendir til meiri hallareksturs ríkisins en ríkisstjórnin vill vera láta.

Þótt vissulega sé margt sem ástæða hefði verið til að lagfæra í frumvarpinu hefur 2. minni hl. nefndarinnar ákveðið að flytja engar breytingartillögur en áskilur sér að sjálfsögðu rétt til að fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Það vekur sérstaka athygli að engir fjármunir af sértekjum ganga til framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins, en honum er m.a. ætlað að standa undir byggingu nýs langbylgjumasturs í stað þess sem féll í ofviðri fyrr á þessu ári. Einnig er ástæða til að benda á að tekjustofnar kirkjugarða eru skertir um 20% sem er hærra hlutfall en á sl. ári þegar ríkissjóður greip í fyrsta skipti til þess ráðs að taka fjármuni kirkjugarðanna traustataki. Þykir ýmsum sem ríkisstjórnin ráðist þar ekki á garðinn þar sem hann er hæstur.

Hér á eftir verður reynt að meta áhrif lánsfjárlaganna á mismunandi þætti efnahagslífsins. Jafnframt verður sýnt fram á hvernig fjármálaráðherra hefur reynt að blekkja þjóðina með hástemmdum lýsingum á eigin verkum í fréttatilkynningu um ríkisfjármál á sl. ári.

Seðlabankinn hefur varað við því að áform um miklar innlendar lántökur muni leiða til erlendra lántaka ef markmið um innlenda fjármögnun næst ekki. Vísað er til reynslu síðustu ára, en áform um lántökur leiða af sér framkvæmdir og rekstur sem fjármagna þarf á einhvern hátt ef innlent fjármagn fæst ekki.

Í bréfi bankans til fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar, dagsett 21. febrúar 1991, kemur fram að 62% af nýjum peningalegum sparnaði verði tekin að láni af hinu opinbera, samanborið við 40% á síðasta ári.

Miðað við þau áform, sem nú liggja fyrir, er sýnt að bæta þarf um það bil 3 milljörðum við þau lántökuáform sem lágu fyrir þegar Seðlabankinn vann greinargerð sína.

Stefnir því í að um 70% af nýjum peningalegum sparnaði lánakerfisins verði tekinn að láni af opinberum aðilum ef fjármagna á allt innan lands. Augljóst má vera að slíkt stenst ekki þrátt fyrir að núverandi raunvaxtastig haldist eða jafnvel hækki.

Sé hins vegar reiknað með að ríkissjóður og opinberir aðilar nái 40% af sparnaðinum eins og á síðasta ári munu rúmir 10 milljarðar leita á erlendan markað eða á yfirdráttarreikning Seðlabankans. Reyndar má búast við að lántakan verði jafnvel hærri vegna rýrnandi lausafjárstöðu bankanna og aukinnar eftirspurnar einkaaðila eftir lánsfé nú í ársbyrjun, auk þess sem halli á ríkissjóði verður fyrirsjáanlega meiri en fjárlög gera ráð fyrir. Þessu til viðbótar koma áform um 2 milljarða auknar erlendar lántökur í breytingartillögum meiri hl. við afgreiðslu á lánsfjárlögum.

Sé því bætt við að viðskiptahalli er 1.200 m.kr. hærri en forsendur lánsfjáráætlunar byggjast á og að áætlunin byggir á 2 milljarða lántökum má búast við að erlend lántaka verði um 15 milljarðar nettó, samanborið við 9,4 milljarða á síðsta ári.

Seðlabankinn varar í skýrslu sinni við auknum erlendum lántökum vegna þyngingar á greiðslubyrði og skuldastöðu þjóðarbúsins út á við (bls. 7). Greiðslubyrði erlendra lána hefur aukist úr 16% árið 1987 í 21,7% árið 1991 samkvæmt lánsfjáráætlun. Staða erlendra langtímalána hækkaði á sama tíma úr 40,4% af landsframleiðslu í 52,9%. Ef reiknað er með að erlendar lántökur nettó verði 15 milljarðar í stað 2 milljarða lækkar þetta hlutfall í 51,9% af landsframleiðslu í stað þess að lækka í rúm 48%. Lækkun erlendra lána stafar fyrst og fremst af hækkandi raungengi. Aukið innstreymi erlends fjármagns setur markmið um gengi og verðlag í hættu.

Að óbreyttu stefnir því í áframhaldandi aukningu á *greiðslubyrði* erlendra lána. Áform um opinberar lántökur á innlendum lánamarkaði eru óraunhæf og stefna fjármálum þjóðarinnar í voða, nema á móti þeim komi aukin framleiðsla.

---

1. Efnahagsmál og hagstjórn.

Dregið hefur í sundur með Íslendingum og öðrum þjóðum í verðmætasköpun og lífskjörum um árabil. Stöku tímabil hafa komið aflahrotur og uppsveiflur í afurðaverði en síðan hafa tekið við skellir og versnandi lífskjör. Þegar horft er yfir síðastliðinn áratug blasir sú staðreynd við að hagvöxtur hefur verið þriðjungi minni en í OECD-löndunum. Um þessar mundir eru Íslendingar að ganga í gegnum lengsta stöðnunar- og samdráttarskeið í fjóra áratugi.

Samdrátturinn, sem hófst árið 1988, átti upptök sín í minnkandi afla og lækkandi verði á helstu mörkuðum okkar. Strax á árinu 1988 þurfti að grípa til aðhaldsaðgerða til að aðlaga þjóðarútgjöld að minnkandi þjóðartekjum. Taprekstur í sjávarútvegi var þegar orðinn verulegur í upphafi þess árs og samkeppnisstaða iðnaðarins var með öllu óviðunandi.

Ekki náðist samstaða um nauðsynlegar aðgerðir og við tók ný stjórn haustið 1988. Sú ríkisstjórn felldi gengið um 3% og tók upp 5% útflutningsuppbætur á frystar sjávarafurðir. Sjávarútvegur var auk þess styrktur sérstaklega með hækkun á endurgreiðslu söluskatts í upphafi árs 1989 og niðurgreiðslu á raforkuverði. Millifærslu- og sjóðakerfi haftatímabils eftirstríðsáranna var tekið upp með fjárframlögum úr ríkissjóði og erlendum lántökum. Með þessum aðgerðum var raungengi haldið of háu of lengi í von um betri tíð.

Gengisfölsunin sogaði fé frá útflutningsfyrirtækjum á landsbyggðinni og þau urðu að

leita á náðir skömmtunarsjóðanna. Af þessu leiddi gífurlega skuldasöfnun erlendis og óviðunandi stöðu þeirra atvinnuvega og fyrirtækja sem ekki nutu sértækra ráðstafana stjórnvalda. Hrina gjaldþrota fylgdi í kjölfarið og hún stendur enn yfir.

Ríkisstjórnin varð að beygja sig fyrir köldum efnahagslegum staðreyndum og felldi gengi krónunnar þannig að erlendar myntir hækkuðu samtals um 30% á árinu 1989. Aðstæður fyrir lækkun raungengis höfðu skapast þegar haustið 1988 og er óhætt að fullyrða að ef fyrr hefði verið gripið til nauðsynlegrar gengisaðlögunar eins og Sjálfstæðisflokkurinn lagði til hefði staða atvinnulífs, heimila og ríkissjóðs orðið mun betri en nú er. Gengisaðlögun og kaupmáttarhrap ársins 1989 varð mun meira en verið hefði ef fyrr hefði verið gripið í taumana. Skattahækkanir á fyrirtæki og launafólk gerðu aðlögunina enn sársaukafyllri.

Aðlögun að efnahagslegum veruleika átti sér hins vegar aðeins stað í einkageiranum því að þensla ríkti allan tímann hjá hinu opinbera. Í stað þess að draga úr umfangi þess, til að bregðast við minnkandi skattstofnum, var skattheimta hert til muna. Innflutningsgjöld, bensíngjöld og þungaskattar hækkuðu. Tekju- og eignarskattar einstaklinga voru hækkaðir og tekju- og eignarskattar fyrirtækja hækkuðu verulega. Enn var haldið áfram á þessari braut á árinu 1990 með hækkun tekjuskatta einstaklinga og álagningu einhvers hæsta virðisaukaskatts sem um getur. Minni verðbólga hækkaði raungildi eftirágreiddra skatta fyrirtækja, þ.e. tekjuskatta, eignarskatta, fasteigna- og aðstöðugjalda, auk þess sem sveitarstjórnum var heimilað að hækka álagningarhlutföll sín gífurlega.

Aðgerðir stjórnvalda hafa verið á einn veg. Gripið hefur verið til sértækra aðgerða til aðstoðar einstökum atvinnugreinum og fyrirtækjum, öðrum en þeim sem höfðu reksturinn í lagi. Fyrirtækjum, sem einhvern hagnað sýndu, var hegnt með gríðarlegum skattahækkunum. Þessar ráðstafanir juku á samdráttinn og drógu þrótt úr atvinnulífinu.

Ein alvarlegasta afleiðing þessarar stefnu hefur birst í minnkandi fjárfestingu atvinnulífsins. Fjárfestingar atvinnuveganna hafa dregist mikið saman og sé endurnýjun á flugflota Flugleiða undanskilin minnkaði hlutur fjármunamyndunar atvinnulífsins í landframleiðslu úr 9,4% 1988 í 7,9% árið 1990.

Svo litlar fjárfestingar í atvinnulífinu vekja ekki vonir um hagvöxt og fjölgun atvinnutækifæra á komandi árum, enda hefur störfum fækkað á almennum vinnumarkaði og vísbendingar um eftirspurn atvinnurekenda eftir starfsfólki benda ekki til annars en að sú þróun haldi áfram. Alger stöðnun ríkir. Þótt sá stöðugleiki, sem myndaðist með kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins á síðastliðnu ári, hafi gefið fyrirtækjum ráðrúm til að einbeita sér að bættri nýtingu fjármuna, búnaðar og vinnuafls verður ekki um aukna hagræðingu né varanlegan vöxt að ræða ef fjármunamyndun í atvinnulífinu koðnar niður. Þar leika vextirnir lykilhlutverk.

Minni fjárfesting atvinnulífsins hefði undir eðlilegum kringumstæðum leitt til mikillar lækkunar raunvaxta uns nýtt jafnvægi hefði náðst. Vonir um lægra raunvaxtastig hafa samt orðið að engu vegna mikillar lántöku ríkissjóðs og opinberra aðila á innlendum lánamarkaði.

Árið 1990 hefði að öllu jöfnu átt að færa íslensku þjóðinni meiri bata en raun varð á. Verður að telja einsdæmi að ríkisstjórn grípi til verulegra skattahækkana í efnahagssamdrætti og það ár eftir ár. Afleiðingar hinnar misheppnuðu hagstjórnar sjást í gjaldþrotum og gífurlegum samdrætti í fjárfestingu fyrirtækja. Ríkisvaldið kæfði vaxtabrodda atvinnulífsins með háum vöxtum og skattahækkunum og mun það óhjákvæmilega bitna á kjörum þjóðarinnar á næstu árum.

Þrátt fyrir lækkandi raungengi á árinu 1989 og þá súrefnisgjöf sem sum útflutningsfyrirtæki fengu með skömmtunarsjóðunum miðaði efnahagslífinu aftur á bak og við blasti vaxandi fyrirtækjadauði og atvinnuleysi í upphafi síðastliðins árs. Þjóðhagsstofnun gerði ráð fyrir að atvinnuleysi yxi úr 1,7% árið 1989 í 2,5% árið 1990. Ekki var að finna hjá stjórnvöldum leiðsögn eða stefnu sem stuðlað gæti að heilbrigðu efnahagsumhverfi. Í fjárlögum og þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar voru allar stærðir fljótandi sem fyrr. Forsendur hennar um laun, verðlag og gengi hefðu þýtt áframhaldandi hnignun og versnandi lífskjör.

Við þessar aðstæður gripu aðilar vinnumarkaðarins í taumana og gerðu umfangsmestu kjarasamninga sem um getur í sögu þessa lands. Markmiðið var að með hóflegum launahækkunum, ásamt ýmsum hliðarráðstöfunum, yrði höggvið í verðbólguna og þannig komið í veg fyrir aukið atvinnuleysi. Stjórnvöld þurftu að endursemja fjárlög og þjóðhagsáætlun í kjölfarið og lækka þar verðlags- og launaforsendur. En betur má ef duga skal. Ekkert frumkvæði hefur enn komið frá stjórnvöldum til að snúa af braut stöðnunar. Þvert á móti eru skattar enn hækkaðir og ríkisútgjöldin eru látin reka á reiðanum. Er nú svo komið að helsta ógn íslensks efnahagslífs er stjórnarstefnan og fjárhagsleg staða ríkissjóðs.

Í nýlegu yfirliti um efnahagsmál telur Þjóðhagsstofnun mikilvægt að rjúfa þá kyrrstöðu sem ríkt hefur í þjóðarbúskapnum undanfarin missiri og koma efnahagslífinu á braut hagvaxtar á ný. (Frétt 14. febr. 1991.) Bendir stofnunin á að lántökuáform opinberra aðila á innlendum markaði dragi úr líkunum á lækkun raunvaxta og kunni jafnvel að leiða til hækkunar þeirra.

Helsta vandamál í efnahagslífinu í dag er lítill hagvöxtur. Hagstjórn verður að miða að því að fjárfesting atvinnulífsins fari aftur af stað og leggi grunn að bættum lífskjörum í framtíðinni. Til þess að svo megi verða þarf ríkisvaldið að gefa eitthvað eftir af því sem það tekur af landsframleiðslunni og skapa þannig atvinnulífinu svigrúm til aukinna athafna.

2. Lánsfjármál og vextir.

Peningalegur sparnaður tvöfaldaðist á síðasta ári. Samkvæmt áætlun Seðlabanka Íslands frá 30. janúar 1991 jókst hann úr 18 milljörðum króna árið 1989 í 36 milljarða 1990. Þessi mikla aukning sparnaðar ásamt almennt stöðugu efnahagsumhverfi, lítilli lánsfjáreftirspurn fyrirtækja og ört hjaðnandi verðbólgu myndaði kjöraðstæður fyrir lækkun raunvaxta. En sú varð ekki raunin. Raunvextir bæði verðtryggðra og óverðtryggðra lána hækkuðu frá fyrra ári. Meðalávöxtun spariskírteina ríkissjóðs hækkaði eftir því sem leið á árið og var 6,78% að meðaltali á árinu. Í greinargerð Seðlabanka frá 30. janúar 1991 er skýringuna að finna, en þar segir: „*Engu að síður er ljóst að hinar miklu lánsfjárþarfir ríkissjóðs og opinberra lánakerfa á þess vegum hafa átt meginþátt í því að halda uppi tiltölulega háum raunvöxtum á síðasta ári, þrátt fyrir mikinn peningalegan sparnað og litla lánsfjáreftirspurn atvinnufyrirtækja.*“

Í svari bankans við fyrirspurn Friðriks Sophussonar um áhrif umsvifa ríkissjóðs á lánsfjármarkað segir: „Talið er að ríkissjóður hafi tekið 40% af nýjum sparnaði í lánakerfinu að láni á síðasta ári. Leiða má rök að því að vaxtamyndunin hér á landi undanfarin tvö ár hafi í aðalatriðum mótast af mikilli lánsfjárþörf og lántökum ríkissjóðs.“ Einnig segir: „*Í grófum dráttum má segja að vextir hafi mótast af þeim raunvöxtum sem ríkissjóður hefur þurft að bjóða til að ná áformum sínum í sölu spariskírteina og þeir*

vextir myndað grunn þeirra vaxta sem bankarnir hafa haft á verðtryggðum lánum sínum.“

Í sama svari áætlar bankinn, á grundvelli nýjustu þjóðhagsspár um 1% hagvöxt, að nýr peningalegur sparnaður verði 37 milljarðar á þessu ári og lántökuáform ríkissjóðs og opinberra aðila nemi ekki minna en 62% af peningalegum sparnaði á þessu ári samanborið við 40% á síðasta ári.

Í greinargerðinni frá 30. janúar fjallar Seðlabankinn um leiðir til lækkunar vaxta. Varar hann við lækkun innlánsbindingar eða kaupum Seðlabanka á skuldabréfum ríkissjóðs. Slíkar aðgerðir muni leiða til þenslu og stefna í hættu þeim árangri sem náðst hefur í lækkun verðbólgu. Telur bankinn að fjármagna verði sem mest af hallarekstri ríkissjóðs og opinberri fjáröflun á innlendum markaði. Allt útlit sé fyrir að viðskiptahallinn við útlönd fari vaxandi og skuldastaða þjóðarbúsins við útlönd hafi versnað. Nauðsynlegt sé því að stilla erlendum lántökum í hóf.

Öll rök leiða því til þess að hemja verði hallarekstur ríkissjóðs og aðra opinbera lánsfjáreftirspurn þar sem hið opinbera á drýgstan þátt í að halda uppi háum raunvöxtum á tímum samdráttar í efnahagsstarfseminni.

Seðlabankinn bendir á að lausafjárstaða bankanna hafi farið versnandi á síðustu mánuðum ásins 1990 og að sala ríkisvíxla hafi beðið hnekki. Áform ríkissjóðs um að taka engin erlend lán á árinu runnu því út í sandinn.

Orðrétt segir á bls. 20 í skýrslu bankans: „Með þessum breytingum til lækkunar 1990 og hækkunar 1991 er aukning innlends lánsfjár til opinberrar ráðstöfunar áætluð 8,7 milljarðar eða 33%. Óhætt er að staðhæfa að sú aukning sé ófær með öllu og að auki mjög óæskileg með tilliti til væntanlegrar aukningar orkuframkvæmda til að mæta stóriðju, en sú aukning er ekki enn í áætluninni.“ Frá því að Seðlabankinn gerði skýrslu sína hafa áform um innlendar lántökur aukist um tæpa 3 milljarða, að meðtöldum skuldabréfum vegna búvörusamninga. *Sé þessum áformum bætt við innlendar lántökur ríkissjóðs og opinberra aðila verða lántökur þeirra 70% af nýjum peningalegum sparnaði á þessu ári.*

Bendir bankinn á að fastlega megi gera ráð fyrir því „að ríkissjóðshallinn verði 2–3 milljörðum hærri en reiknað er með í fjárlögum, eða 6–7 milljarðar, og mun það koma fram í aukinni erlendri lántöku. Enn fremur er við lýði sú grundvallarveila í yfirtöku A-hluta að verulegt tap á rekstri lánasjóða, byggingar- og námslána á sér stað utan hans“.

Ofangreint er þungur dómur yfir fjármálastjórn ríkisins og staðfesting á því að vanda í ríkisfjármálum hefur verið velt á komandi ár.

Varar bankinn við að teflt sé á tæpasta vað er innlendar lántökur varðar og bendir á hvað gerist ef markmiðin nást ekki. *„Ofáætlun um innlenda fjármögnunargetu leiðir yfirleitt til aukinnar erlendrar fjármögnunar þar sem ekki verður snúið til baka með áformin og erlend lántaka er afgangsstærð.“*

Ekki verður annað séð en að lántökuáform í lánsfjáráætlun, áframhaldandi ríkissjóðshalli og þverrandi lausafé innlánsstofnana muni leiða til hárra raunvaxta og meiri erlendrar lántöku en nú er gefið í skyn. Skuldabyrði þjóðarinnar mun enn aukast og árangri í verðlagsmálum er stefnt í voða. Þetta mun allt gerast við lítinn eða engan hagvöxt og stöðnun í atvinnulífinu. Ríkisstjórnin hefur því ekki notað tímann til að treysta þann árangur í sessi sem henni var færður af aðilum vinnumarkaðarins. Þvert á móti stefnir í hið mesta óefni þrátt fyrir afar hagstæð skilyrði.

Hver eru viðbrögð fjármálaráðherra, sem svo mjög gumar af ábyrgri fjármálastjórn sinni, við þessar aðstæður? Hann gefur fyrirheit um auknar framkvæmdir á vegum rík-

isins, lántökuáformin eru aukin og frumvarp lagt fram um að lækka og fella niður í áföngum skattaafslátt vegna kaupa á hlutabréfum til að skapa meira svigrúm fyrir ríkissjóð á markaðinum. Eina vaxtarbroddinum í aðlögun atvinnulífsins að nútímalegri háttum á að fórna á altari eyðslunnar.

Í minnisblaði Þjóðhagsstofnunar um áhrif þess að auka opinberar framkvæmdir um 2 milljarða, eins og vilji fjármálaráðherra stendur til, kemur fram að það muni auka lánsfjárþörf hins opinbera um 1.500 m.kr. á þessu ári. Einnig muni viðskiptahalli aukast um svipaða fjárhæð og landsframleiðsla um 0,5%. Þjóðhagsstofnun mælir ekki með slíkum aðgerðum og bendir á áhrifin á vaxtastig innan lands og að líklega verði að sækja fé til framkvæmdanna með erlendu lánsfé. Stofnunin spyr hvort ekki sé vænlegra til árangurs að minnka lánsfjársókn ríkisins á innlendum markaði og stuðla þannig að vaxtalækkun og aukinni fjárfestingu atvinnulífsins.

Svo virðist sem lánsfjáráætlun gangi ekki upp. Of mikið fé á að sækja á innlendan markað. Það mun þrýsta vöxtum upp og það sem ekki næst verður brúað með erlendum lánum. Slíkar ráðstafanir eru afarkostir, enda hefur Seðlabankinn varað við auknum erlendum skuldum vegna aukinnar greiðslubyrði. Frá því að áætlunin var lögð fram hefur verið gerð ný þjóðhagsspá sem felur í sér minni veltu og sparnað en áður. Svigrúmið á lánamarkaði hefur því minnkað á sama tíma og sífellt koma fram aukin lántökuáform. Viðskiptahalli er 1.200 m.kr. meiri en gert er ráð fyrir í lánsfjáráætlun, þannig að gjaldeyrisstaða Seðlabankans mun rýrna um 2.000 m.kr. ef ekki koma til meiri erlendar lántökur. Er þá ekki tekið tillit til þess að viðskiptahallinn mun að líkindum enn aukast vegna meiri ríkishalla og erlendra lántaka samkvæmt breytingum meiri hl. á lánsfjárlagafrumvarpinu.

Fleiri brotalamir eru í lánsfjáráætlun. Húsnæðiskerfið mun þurfa 4–5 milljörðum meira fé en gert er ráð fyrir eins og fram kemur frá Ríkisendurskoðun (dags. 11. mars 1991). Staða ríkisvíxla dróst saman um 1,9 milljarða í janúar. Verulegt fé virðist því enn vanta til að lánsfjárþörf ríkissjóðs á þessu ári verði brúuð.

Byggingarsjóðir ríkisins eru látnir taka lán á móti taprekstri þannig að eigið fé þessara sjóða gengur til þurrðar ef haldið verður áfram á sömu braut.

3. Þróun tekna og gjalda ríkissjóðs.

Heimilin hafa dregið saman útgjöld sín og fyrirtæki hafa hagrætt í rekstri og dregið úr fjárfestingu. Gjaldþrot einstaklinga og fyrirtækja hafa tæplega þrefaldast frá árinu 1987. Frá og með 1988 hafa tekjur ríkissjóðs vaxið um 16 milljarða ef miðað er við hlutfall af landsframleiðslu. Ríkissjóður náði þó ekki öllum skattahækkunum inn vegna minnkandi umsvifa á einkamarkaði. Tekjur ríkissjóðs jukust, sem hlutfall af landsframleiðslu, úr 25,3% árið 1988 í tæplega 28% á þessu ári þegar leiðrétt hefur verið fyrir ICAO-tekjum. Þrátt fyrir þessa miklu tekjuaukningu hefur ekki tekist að hemja ríkissjóðshallann.

Heildarútgjöld ríkissjóðs hafa vaxið um 16% frá og með 1988, en reynt hefur verið að draga úr heildarumsvifum með því að minnka framlög til sjóða í B-hluta. Slíkar tilfærslur í bókhaldi ríkisins, til þess eins að sýna betri afkomu, eru hættulegar og leiða til óeðlilegrar skuldasöfnunar og frestunar útgjalda til komandi ára.

Í skýrslu fjármálaráðhera um ríkisfjármálin árið 1990 kemur fram að ársverkum í dagvinnu fjölgaði um 838 á árinu. Þar af er talið að um 500 ársverk séu vegna breyttra verkaskipta ríkis og sveitarfélaga. Samkvæmt yfirliti frá Ríkisendurskoðun er áætluð fjölgun stöðugilda 1.829 frá 1988 til 1991.

Á meðfylgjandi yfirlitum eru sýnd rekstrarútgjöld ríkisins á föstu verðlagi. Útgjöldin eru greind í rekstur, sem hefur farið sívaxandi, rekstrartilfærslur, fjárfestingu og fjármagnstilfærslur. Yfirlitið sýnir að ekki hefur tekist að hemja sjálfvirkni í vexti ríkisútgjalda eins og haldið hefur verið fram, heldur hafa þau þvert á móti vaxið stöðugt. Rekstrarumsvifin, sem eru launagreiðslur og kaup ríkisins á rekstrarvöru, halda áfram að aukast ár frá ári. Svipaða sögu er að segja um rekstrartilfærslur. Fjármagnstilfærslur og fjárfesting hafa hins vegar dregist saman. Er svo komið að vart verður lengra gengið í samdrætti fjárfestingar.

GJÖLD RÍKISSJÓÐS
Greiðslugrunnur.

	1987	**1988**	**1989**	**1990**
Rekstrargjöld	22.146	28.364	31.750	37.307
Rekstrartilfærslur	18.303	26.471	34.396	39.630
Vextir	4.289	6.864	8.548	8.274
Viðhald	1.200	1.475	1.817	2.362
Fjárfesting	2.723	4.282	5.195	5.226
Fjármagnstilfærslur	3.027	4.127	4.350	4.100
Heildarútgjöld	51.688	71.583	86.056	96.899

GJÖLD RÍKISSJÓÐS
Greiðslugrunnur.
(Verðlag 1990.)

	1987	**1988**	**1989**	**1990**
Rekstrargjöld	35.292	36.510	35.229	37.307
Rekstrartilfærslur	29.168	34.074	38.165	39.630
Vextir	7.022	9.528	9.669	8.274
Viðhald	2.049	2.139	2.141	2.362
Fjárfesting	4.649	6.208	6.120	5.226
Fjármagnstilfærslur	5.168	5.984	5.125	4.100
Heildarútgjöld	83.349	94.442	96.448	96.899

Fjármagnstilfærslurnar hafa dregist nokkuð saman og er það æskileg þróun. Hins vegar er ekki vænlegt að lækka fjármagnstilfærslur nema á bak við það standi breytingar sem leiða til raunverulegrar lækkunar á útgjöldum. Þegar skyggnst er á bak við lækkun fjármagnstilfærslna kemur því miður í ljós að fyrir lækkuninni er engin innstæða, en slíkt leiðir einvörðungu til aukinna lántaka utan A-hluta fjárlaga og rýrnandi eiginfjárstöðu sjóða. Eftirfarandi yfirlit varpar nokkru ljósi á þessa staðreynd.

Framlög í nokkra sjóði.
(Verðlag 1991.)

Ár	Byggingarsj. ríkisins	Byggingarsj. verkamanna	LÍN	Uppbætur á lífeyri	Samtals
1986	2.755	636	2.273	1.218	6.882
1987	1.805	542	1.673	1.555	5.575
1988	1.646	878	2.351	1.405	6.279
1989	679	741	2.221	1.364	5.005
1990, áætlun	54	535	2.323	717	3.628
1991, fjárlög	0	900	1.730	788	3.418
Mismunur 1986–1991:	**– 2.755**	**264**	**– 543**	**– 430**	**– 3.464**

Eins og fram kemur í töflunni hafa framlög til helstu sjóða verið dregin saman sem nemur 3,5 milljörðum miðað við framlög ársins 1986. *Það sem er alvarlegt við þetta er að ekkert hefur verið gert til að draga úr útgjöldum eða framtíðarskuldbindingum þessara sjóða vegna lækkandi framlaga.* Miðað við óbreytta starfsemi þessara sjóða vantar verulegar fjárhæðir upp á ríkisframlögin. Framlög til byggingarsjóðanna þyrftu að vera um þremur milljörðum hærri og verulegar fjárhæðir vantar vegna lífeyris opinberra starfsmanna. Einnig hefur komið fram að rúman milljarð vanti í Byggðastofnun til að viðhalda viðunandi eiginfjárstöðu. Vanda sjóðsins á að leysa með yfirtöku lána og vandanum þannig velt á komandi ár.

Niðurstaðan er því sú að ekkert hafi áunnist í lækkun ríkisútgjalda. Þvert á móti hafa þau stöðugt vaxið og hluta vandans verið varpað á næstu ár. Ekkert hefur verið gert til að bæta ríkisreksturinn, engar kerfisbreytingar hafa orðið, engin hagræðing.

Ef litið er á hreinar lántökur ríkissjóðs frá árinu 1987 hafa þær aukist um rúma 24 milljarða á föstu verðlagi og sé fyrirsjáanlegum halla á þessu ári bætt við er um 30 milljarða að ræða. Hrein skuldasöfnun ríkisins endurspeglar þann halla sem ríkið varpar á framtíðina. Er nú svo komið að vaxtagjöld ríkissjóðs eru orðin 9% af heildargjöldum sem gerir stjórn ríkisfjármála sífellt erfiðari og svigrúm til útgjaldalækkunar þrengra.

4. Umsvif hins opinbera.

Nokkur umræða hefur að undanförnu orðið um umsvif hins opinbera. Vitnað hefur verið í tölur OECD um skatta sem hlutfall af landsframleiðslu. Gefið hefur verið í skyn að þessum tölum eigi að taka gagnrýnislaust og án fyrirvara. Nýlega kom út athyglisverð skýrsla frá Þjóðhagsstofnun um búskap hins opinbera.

Í skýrslunni kemur fram að líklega þyrfti að hækka opinber útgjöld úr tæplega 39,5% af landsframleiðslu árið 1989 í ríflega 43% til að taka tillit til ólíkra uppgjörsaðferða. Er þá ekki tekið tillit til hagstæðrar aldurssamsetningar hér á landi. Svipaðar leiðréttingar á tekjum leiða til þess að heildartekjur hækka úr 36,4% í 42% sem hlutfall landsframleiðslu. Heildarumsvif hins opinbera verða þannig svipuð og að meðaltali í OECD.

Það sem vekur ugg í samanburði við OECD er að samneyslan hér er svipuð og þar, en vöxtur samneyslunnar er mun meiri hér á landi. Samneyslan mælir hin raunverulegu

umsvif hins opinbera á markaðinum, þ.e. launagreiðslur og kaup á vörum og þjónustu. *Frá 1980 til 1989 hefur samneysla ríkis og sveitarfélaga vaxið um 53,5% að raungildi hér á landi, en vöxturinn var 24,7% í OECD að meðaltali á sama tíma.*

5. Ríkisfjármálin árið 1990.

Nú hefur fjármálaráðherra lagt fram skýrslu um ríkisfjármál árið 1990.

Í fréttatilkynningu vegna skýrslunnar eru tíunduð eftirfarandi atriði sem birt voru sem millifyrirsagnir:

HALLINN MINNKAR ANNAÐ ÁRIÐ Í RÖÐ
HALLINN MINNI EN Á FJÁRLÖGUM
ÚTGJÖLD INNAN RAMMA HEIMILDA
ÚTGJALDAÞENSLAN STÖÐVUÐ
100% INNLEND FJÁRMÖGNUN

Þegar litið er nánar á þessar staðhæfingar kemur í ljós að þær eru allar rangar. Beitt er orðhengilshætti, hagstæðum verðvísitölum og bókhaldsbrellum til að sýna útkomuna aðra en hún er.

HALLINN MINNKAR ANNAÐ ÁRIÐ Í RÖÐ

Halli á rekstri ríkissjóðs er ekki sá mælikvarði á stöðu ríkissjóðs sem áður var vegna breyttra bókhaldsaðferða og minnkandi framlaga ríkissjóðs til sjóða á hans vegum og þar af leiðandi aukinnar skuldsetningar þeirra og rýrnandi eiginfjárstöðu. Í svari Þjóðhagsstofnunar, dags. 12. mars 1991, segir: *„Rétt er að benda hér á að halli ríkissjóðs, eins og hann er skilgreindur í fjárlögum, hefur alvarlegar takmarkanir sem mælikvarði á stöðu ríkisfjármála. Má í því sambandi meðal annars nefna að ýmsar fjárskuldbindingar ríkissjóðs, svo sem vegna húsnæðislána og námslána, eru nú í ríkari mæli en áður fjármagnaðar með lánsfé. Þá eru upphætur á lífeyri minni en áður. Með þessu móti gefur halli ríkissjóðs (gjöld umfram tekjur á fjárlögum) hagstæðari mynd en efni standa til. Af þessum sökum er brýnt að skoða einnig aðra mælikvarða á stöðu ríkisfjármála. Í því efni gefur lánsfjárþörf opinberra aðila mikilvægar upplýsingar."*

Samkvæmt svari Ríkisendurskoðunar, dags. 11. mars 1991, við fyrirspurn um hreyfingu á viðskiptareikningum kemur í ljós að útstreymi var 998 millj. kr. en ekki 2.079 millj. kr. eins og haldið er fram í skýrslu fjármálaráðherra. Þetta hefur eftirfarandi breytingar í för með sér:

	Skýrsla fjármála-ráðherra	**Endur-skoðun**
Rekstrarafkoma	–4.446	– 5.527
Veitt lán, nettó	– 522	– 522
Eignfærð framlög	– 123	– 123
Viðskiptareikningar	– 2.079	– 998
Hrein lánsfjárþörf	– 7.170	– 7.170

Raunverulegur rekstrarhalli hefur ekki minnkað milli ára og er í raun ástæða til að

krefjast þess að Ríkisendurskoðun geri þegar athugun á því hvort fleiri brotalamir eru í uppgjöri á afkomu ríkissjóðs. Málið snýst um það hvort eðlilegt sé að færa greiðslufrest á virðisaukaskatti í tolli á viðskiptareikning þegar fjallað er um ríkisútgjöldin á greiðslugrunni. Ef slíkt er gert á að færa útgjöldin á sama hátt.

Athygli vekur að ríkissjóður færir 1.200 m.kr. á Byggingarsjóð ríkisins af viðskiptareikningi sínum í janúar 1991. Er hér um að ræða útgjöld Byggingarsjóðsins sem féllu til á árinu 1990 og eiga að færast á viðskiptareikninga þess árs. Þessi tilfærsla sýnir betri stöðu gagnvart Seðlabankanum, eða á öðrum lánareikningum, um áramót, en efni stóðu til. *Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs hefði aukist sem 1.200 milljónum nemur og orðið 8.370 m.kr., eða 2,5% af landsframleiðslu. Það er helmingi meiri lánsfjárþörf en áætluð var í fjárlögum ársins.*

Mikil lækkun á stöðu ríkisvíxla í janúar 1991, eða um 1,9 milljarð, setur strik í reikninginn er varðar lánsfjáráætlun 1991. Útstreymi á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabanka var 5,6 milljarðar í janúar 1991 sem taka verður tillit til við mat á greiðsluhalla ársins.

HALLINN MINNI EN Á FJÁRLÖGUM

Þegar hefur komið fram að svo er ekki og sennilega eru ekki öll kurl enn komin til grafar. Fjárlög gerðu ráð fyrir 4,5 milljarða halla, í raun er hann 5,5–6 milljarðar.

ÚTGJÖLD INNAN RAMMA FJÁRLAGA

Fjárlög og fjáraukalög vegna kjarasamninga gerðu ráð fyrir 93,4 milljarða útgjöldum. Raunin varð 96,9 milljarðar, eða 3,4 milljörðum hærri. Ekki verður um kennt að verðlagsforsendur hafi brugðist því að þær stóðust nákvæmlega þannig að hér er um hrein umframútgjöld að ræða. Fjáraukalög voru lögð fram í lok síðasta árs og það er við þau sem sá samanburður er gerður og fullyrðingar fjármálaráðherra byggjast á. Hér er því um hreina sýndarmennsku að ræða.

Auðvelt er að leggja fram fjáraukalög í árslok þegar nokkurn veginn er ljóst hvert stefnir, en slíkt bætir ekki fjármálastjórn og breytir engu þegar fénu hefur þegar verið eytt. Þá hefur fjármálaráðherra reynst ófáanlegur til að leggja fram fjáraukalög fyrir þinglok vegna síðasta árs til að sýna raunverulega útkomu. Þrátt fyrir mikla tekjuaukningu náðust ekki áform um að minnka ríkishallann.

ÚTGJALDAÞENSLAN STÖÐVUÐ

Fram hefur komið að útgjöldin hafa vaxið stöðugt. Samkvæmt skýrslu fjármálaráðherra um ríkisfjármál 1990 var reksturinn eftirfarandi:

	Útkoma 1989	**Útkoma 1990**
Rekstrargjöld	31.750	37.307
Rekstrartilfærslur	34.396	39.630
Vextir	8.548	8.274
Viðhald	1.817	2.362
Fjármagnstilfærslur og fjárfesting	9.545	9.326
Samtals	**86.056**	**96.899**

Eftirfarandi tafla er á verðlagi ársins 1990. Notuð er samneysluvísitala á rekstrargjöldin og rekstrartilfærslurnar, gengisvísitala og lánskjaravísitala á vextina og byggingarvísitala á viðhald og fjárfestingu:

	Útkoma 1989	**Útkoma 1990**	**Raun-aukning**
Rekstrargjöld	35.229	37.307	5,9%
Rekstrartilfærslur	38.165	39.630	3,8%
Vextir	9.669	8.274	– 14,4%
Viðhald	2.141	2.362	10,3%
Fjármagnstilfærslur	5.125	4.100	– 20,0%
Fjárfesting	6.120	5.226	– 14,6%
Samtals	**95.448**	**96.899**	**0,5%**

Eins og fram kemur er raunaukning reksturs og viðhalds, hinnar eiginlegu samneyslu, rúm 6%. Rekstrartilfærslur aukast um 3,8% en fjárfesting og fjármagnstilfærslur lækka. Vaxtagjöld lækkuðu vegna minni verðbólgu og stöðugs gengis sem nemur um 1,5 milljörðum á verðlagi 1990.

Útgjaldaþenslan heldur áfram á fullu skriði og ekki er hægt að skýra nema hluta af henni með yfirtöku á verkefnum frá sveitarfélögum.

100% INNLEND FJÁRMÖGNUN

Í skýrslu fjármálaráðherra kemur fram að tekið var tæplega 4 milljarða erlent lán (3.966 m.kr.) á árinu 1990. Það stendur svart á hvítu í skýrslunni þannig að 100% innlend fjármögnun brást. Í áætlaðri útkomu, sem fjármálaráðherra kynnti í ágúst 1990, koma fram áform um að fjármagna ríkissjóð 100% innan lands eins og sést í eftirfarandi yfirliti:

	Ágúst 1990	**Útkoma**
Rekstrarafkoma	– 3.954	– 5.567
Lánsfjárþörf	4.904	7.170
Innlend lán, nettó	10.937	7.175
Erlend lán, nettó	– 470	2.740
Seðlabanki, nettó	– 5.562	– 2.031

Yfirlýsingar um að algerlega hafi tekist að fjármagna lánsfjárþörfina innan lands eru því rangar. Ríkissjóður tók allt það fé sem laust var á markaðinum þrýsti upp vöxtum en það dugði samt ekki til og því þurfti að sækja afganginn til útlanda.

Hér að framan hefur 2. minni hl. lýst deilum stjórnarmeirihlutans um afgreiðslu lánsfjárlaga. Þá er bent á verulega aukningu lánsþarfar ríkisins og efnahagsleg áhrif af henni. Loks er gerð grein fyrir fjármálastjórn ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og sýnt

fram á að viðskilnaður ríkisstjórnarinnar er ekki eins og fjármálaráðherra lætur í veðri vaka á blaðamannafundum.

Alþingi, 15. mars 1991.

Friðrik Sophusson, frsm. Matthías Bjarnason.

Ed. 1033. Frumvarp til laga [474. mál]

um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

I. KAFLI
Skipulag og stjórn.

1. gr.

Almannatryggingar teljast samkvæmt lögum þessum:

1. Lífeyristryggingar.
2. Sjúkratryggingar.

2. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast lífeyris- og sjúkratryggingar eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur yfirumsjón með allri starfsemi hennar.

Starfsemi stofnunarinnar skal skipt í eftirtalin svið:

1. Lífeyristryggingasvið er annast lífeyristryggingar, svo sem kveðið er á um í lögum þessum.
2. Sjúkratryggingasvið er annast sjúkratryggingar, svo sem kveðið er á um í lögum þessum.
3. Læknisfræðisvið sem annast læknisfræðilega þætti þeirra mála er heyra undir lífeyristrygginga- og sjúkratryggingasvið og önnur svið eftir því sem við á.
4. Fjárhags- og umsýslusvið sem annast fjárreiður stofnunarinnar og umsýslu- og umboðsstörf, sbr. 3. gr.

Hvert svið stofnunarinnar er sjálfstæð eining og hafa lífeyristryggingasvið og sjúkratryggingasvið hvort um sig sjálfstæðan fjárhag.

Að öðru leyti er tryggingaráði heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að skipa starfsemi stofnunarinnar í svið eftir því sem henta þykir.

Á vegum Tryggingastofnunar ríkisins skal starfa Tryggingaskóli. Hlutverk hans er að mennta og þjálfa starfsmenn stofnunarinnar og svæðisskrifstofa.

3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins getur tekið að sér að annast reikningshald, daglega af-

greiðslu, svo og önnur verkefni fyrir einstaka sjóði og skal fjárhags- og umsýslusvið sinna því.

4. gr.

Tryggingastofnun ríkisins á heimili og varnarþing í Reykjavík. Utan Reykjavíkur skal Tryggingastofnun hafa svæðisskrifstofur og fer staðarval, fyrirkomulag og rekstur þeirra eftir ákvörðun tryggingaráðs.

5. gr.

Ráðherra skipar forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, aðstoðarforstjóra og forstöðumenn sviða til sex ára í senn að fengnum tillögum tryggingaráðs og setur þeim erindisbréf.

Forstöðumenn sviða annast venjulega afgreiðslu mála, hver fyrir sitt svið. Hvers konar nýbreytni og afbrigði frá venju skal bera undir forstjóra.

Forstjóri annast daglega stjórn stofnunarinnar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum og hefur umsjón með rekstri hennar.

Aðstoðarforstjóri skal vera forstjóra til aðstoðar og staðgengill í fjarveru hans.

Forstjóri annast ráðningu annarra starfsmanna stofnunarinnar í samráði við forstöðumenn viðkomandi sviða.

Um ákvörðun launa fer eftir kjarasamningi opinberra starfsmanna.

6. gr.

Sameinað Alþingi kýs á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm menn í tryggingaráð og aðra fimm til vara.

Ráðherra skipar formann og varaformann tryggingaráðs úr hópi hinna kjörnu aðalmanna.

7. gr.

Tryggingaráð fer með yfirstjórn Tryggingastofnunar ríkisins. Ráðið skal hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi stofnunarinnar og gæta þess að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma.

Mál skulu borin undir tryggingaráð ef tryggingaráðsmenn óska þess eða ef forstjóra svo og forstöðumönnum sviða finnst ástæða til.

8. gr.

Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta úrskurðar tryggingaráð í málinu.

Komi ágreiningur fyrir tryggingaráð til úrskurðar og úrlausn hans er að einhverju leyti eða öllu háð læknisfræðilegu, lögfræðilegu eða félagsfræðilegu mati er tryggingaráði hverju sinni heimilt að kveðja sér til ráðuneytis einn til þrjá menn sem hafa sérþekkingu á hlutaðeigandi sviði.

9. gr.

Reikningar Tryggingastofnunar ríkisins fylgja lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga.

Tryggingastofnunin skal reglulega birta glöggar upplýsingar um alla starfsemi sína.

Tryggingastofnun ríkisins skal kynna almenningi rétt sinn til bóta með upplýsingastarfsemi.

II. KAFLI
Lífeyristryggingar.
A. ALMENN ÁKVÆÐI
10. gr.

Lífeyristryggingar taka til ellilífeyris, einbúauppbótar, örorkulífeyris, endurhæfingarlífeyris, heimildarbóta, örorkustyrks, endurhæfingarlífeyris, vasapeninga, umönnunarbóta, barnalífeyris og ekkju- og ekkilsbóta.

B. BÆTUR
11. gr.
Ellilífeyrir.

Rétt til ellilífeyris eiga þeir sem eru 67 ára eða eldri, eiga lögheimili hér á landi og hafa átt lögheimili hér í a.m.k. þrjú ár frá 16 til 67 ára aldurs.

Óskertur ellilífeyrir einstaklings skal vera 11.181 kr. á mánuði.

Ellilífeyrir greiðist þeim einstaklingum sem:

a. hafa átt lögheimili hér á landi í a.m.k. 40 ár frá 16 til 67 ára aldurs; sé um skemmri tíma að ræða greiðist ellilífeyrir í hlutfalli við lögheimilistímann; miða skal lífeyri hjóna við lögheimilistíma þess sem lengri réttindatíma á,
b. hafa innan við 750.000 kr. í tekjur á ári. Einstaklingur, sem hefur tekjur aðrar en lífeyri almannatrygginga og lífeyri lífeyrissjóða umfram 750.000 kr. á ári, verður fyrir skerðingu lífeyris sem nemur 30% þeirra tekna sem umfram eru.

Ef aðrar tekjur ellilífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga fara ekki fram úr 177.600 kr. á ári skal greidd tekjutrygging 20.572 kr. á mánuði. Hafi bótaþegi hins vegar tekjur umfram kr. 177.600 á ári skal skerða tekjutrygginguna um 40% þeirra tekna sem umfram eru.

Frítekjumark hjóna, sem bæði njóta ellilífeyris, skal vera 75% af frítekjumarki tveggja einstaklinga hvað varðar lífeyri og tekjutryggingu.

Njóti annað hjóna ellilífeyris skal helmingur samanlagðra tekna þeirra teljast tekjur lífeyrisþegans.

Um hjón og einhleypinga gilda að öðru leyti sömu ákvæði.

Hver, sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur, skal eiga rétt á töku ellilífeyris frá og með 60 ára aldri, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum þessarar greinar. Starfsár sjómanna skal í þessu sambandi miðast við að sjómaður hafi verið lögskráður á íslenskt skip eða skip gert út af íslenskum aðilum eigi færri en 180 daga að meðaltali á ári í 25 ár. Nánari ákvæði um framkvæmd skulu sett með reglugerð.

Nú hefur sjómaður stundað sjómennsku í 25 ár eða lengur að hluta eða öllu leyti á opnum báti eða þilfarsbáti undir 12 brl. eða af öðrum ástæðum ekki borið skylda til lögskráningar og er þá heimilt að úrskurða honum ellilífeyri frá og með 60 ára aldri, enda sé sannað að sú sjómennska hafi verið aðalstarf viðkomandi meðan á henni stóð.

12. gr.
Einbúauppbót.

Rétt til einbúauppbótar eiga þeir einstaklingar, 67 ára og eldri, sem njóta ellilífeyr-

is, sbr. 11. gr., búa einir og hafa innan við 15.000 kr. á mánuði í tekjur aðrar en lífeyri almannatrygginga.

Uppbót getur numið allt að 6.000 kr. á mánuði.

Uppbót greiðist þannig:

Tekjur	**Uppbót**
0 kr.	Óskert uppbót.
1–15.000 kr.	Uppbót skerðist um 40% tekna.

13. gr.

Örorkulífeyrir.

Rétt til örorkulífeyris eiga þeir einstaklingar á aldrinum 16–67 ára sem vegna örorku sinnar geta ekki unnið sér inn $^1/_4$ þess sem menn með fulla starfsorku vinna sér inn við störf sem hæfa líkamskröftum þeirra, verkkunnáttu og unnt er að ætlast til af þeim með hliðsjón af undanfarandi starfa, eiga lögheimili hérlendis og hafa átt lögheimili hér a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram eða hafa haft óskerta starfsorku er þeir tóku hér lögheimili.

Óskertur örorkulífeyrir skal vera 12.750 kr. á mánuði.

Örorkulífeyrir greiðist þeim sem:

a. eiga lögheimili hérlendis frá 16 ára aldri að viðbættum lögheimilistíma fram til 67 ára aldurs er nái 40 árum; sé tíminn skemmri greiðist hlutfallslegur örorkulífeyrir,
b. hafa innan við 750.000 kr. í tekjur á ári, aðrar en lífeyri almannatrygginga og lífeyri lífeyrissjóða. Tekjur umfram 750.000 kr. á ári skerða lífeyri er nemur 30% þeirra tekna sem umfram eru.

Ef aðrar tekjur örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga fara ekki fram úr 177.600 kr. á ári skal greidd tekjutrygging 23.500 kr. á mánuði. Hafi bótaþegi hins vegar tekjur umfram 177.600 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 40% þeirra tekna sem umfram eru.

Frítekjumark hjóna, sem bæði njóta örorkulífeyris, skal vera 75% af frítekjumarki tveggja einstaklinga hvað varðar lífeyri og tekjutryggingu.

Njóti annað hjóna örorkulífeyris skal helmingur samanlagðra tekna þeirra teljast tekjur lífeyrisþegans.

Um hjón og einhleypinga gilda að öðru leyti sömu ákvæði.

Læknisfræðisvið annast örorkumat.

14. gr.

Heimildarbætur.

Heimilt er að greiða elli- og örorkulífeyrisþegum uppbót á tekjutryggingu ef lífskjör viðkomandi eru lakari í samanburði við aðra lífeyrisþega þannig að sýnt sé að bótaþegi komist ekki af án uppbótarinnar.

Ráðherra skal með reglugerð, að fengnum tillögum tryggingaráðs, setja nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

15. gr.

Örorkustyrkur.

Rétt til örorkustyrks eiga þeir einstaklingar á aldrinum 16–67 ára sem vegna örorku sinnar geta ekki unnið sér inn helming þess sem menn með fulla starfsorku vinna sér inn við störf sem hæfa líkamskröftum þeirra, verkkunnáttu og unnt er að ætlast til af þeim með hliðsjón af undanfarandi starfa, eiga lögheimili hérlendis og hafa átt lögheimili hér a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram eða hafa haft óskerta starfsorku er þeir tóku hér lögheimili.

Óskertur örorkustyrkur skal vera 9.000 kr. á mánuði.

Örorkustyrkur greiðist þeim sem:

a. eiga lögheimili hérlendis frá 16 ára aldri að viðbættum lögheimilistíma fram til 67 ára aldurs er nái 40 árum; sé tíminn skemmri greiðist hlutfallslegur örorkustyrkur,
b. hafa tekjur innan við 750.000 kr. á ári, aðrar en lífeyri almannatrygginga. Sá sem hefur tekjur umfram 750.000 kr. á ári verður fyrir skerðingu styrks sem nemur 30% þeirra tekna sem umfram eru.

Frítekjumark hjóna, sem bæði njóta örorkustyrks, skal vera 75% af frítekjumarki tveggja einstaklinga.

Njóti annað hjóna örorkustyrks en ekki hitt þá skal helmingur samanlagðra tekna þeirra teljast tekjur styrkþegans.

Heimilt er að greiða uppbót á örorkustyrk ef styrkþegi verður sannanlega fyrir verulegum aukakostnaði sökum örorku sinnar. Ráðherra skal með reglugerð, að fengnum tillögum tryggingaráðs, setja nánari ákvæði um framkvæmd uppbótar.

Uppbót getur numið allt að 50% örorkustyrks.

16. gr.

Endurhæfingarlífeyrir.

Heimilt er Tryggingastofnun ríkisins, þegar sjúkradagpeningar hafa verið greiddir a.m.k. þrjá mánuði og sjúklingur er enn óvinnufær og án launatekna og ekki verður séð hver örorka verður til frambúðar eftir sjúkdóm eða slys, að greiða endurhæfingarlífeyri í allt að 12 mánuði. Skilyrði er að sjúklingur gangist undir greiningu eða meðferð. Um framkvæmd þessa ákvæðis skal nánar ákveðið með reglugerð. Endurhæfingarlífeyrir skal nema sömu fjárhæð og örorkulífeyrir. Um tekjutryggingu og aðrar tengdar bætur fer eftir sömu reglum og um örorkulífeyri. Sjúkrahúsvist í greiningar- og endurhæfingarskyni skerðir ekki bótagreiðslur.

17. gr.

Vasapeningar.

Ef elli- eða örorkulífeyrisþegi dvelst lengur en einn mánuð samfellt á stofnun eða vistheimili þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann fellur lífeyrir hans niður ef vistin hefur verið lengri en fjórir mánuðir undanfarna 24 mánuði. Tryggingaráði er þó heimilt að víkja frá þessum tímamörkum ef sérstaklega stendur á. Sé dvölin ekki greidd að fullu er heimilt að greiða lífeyri allt að því sem á vantar. Hafi hlutaðeigandi innan við 3.000 kr. í tekjur á mánuði er heimilt að greiða honum 10.000 kr. á mánuði í vasapeninga. Tekjur umfram 3.000 kr. skerða vasapeninga um 33% þeirra tekna sem umfram eru. Ef tekjur hlutaðeigandi eru vegna vinnu á stofnuninni og telja má vinnuna þátt í endurhæfingu eða föndur er heimilt að ákveða að tekjurnar hafi ekki skerðingaráhrif á vasapeningana.

Nú dvelst lífeyrisþegi utan stofnunar nokkra daga í senn, en útskrifast samt ekki og er þá heimilt að greiða honum dagpeninga sem eigi séu lægri en tvöfaldir sjúkradagpeningar hverju sinni.

18. gr.

Umönnunarbætur vegna fatlaðra og sjúkra barna.

Greiða má framfærendum fatlaðra og sjúkra barna innan 16 ára aldurs, sem dveljast í heimahúsi, allt að 43.450 kr. á mánuði ef andleg eða líkamleg hömlun barnsins hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða sérstaka umönnun eða gæslu. Dagleg þjónusta við barn utan heimilis skerðir bætur samkvæmt þessari grein, sbr. reglugerð er ráðherra setur, að fengnum tillögum tryggingaráðs, um framkvæmd þessarar greinar.

19. gr.

Umönnunarbætur vegna elli- og örorkulífeyrisþega.

Maki eða sá sem heldur heimili með og annast elli- eða örorkulífeyrisþega og getur af þeim sökum ekki stundað nema takmarkaða vinnu utan heimilis á rétt á umönnunarbótum er nemi allt að 43.450 kr. á mánuði. Bæturnar skerðast sem nemur tekjum af vinnu utan heimilis og öðrum greiðslum samkvæmt lögum þessum.

20. gr.

Barnalífeyrir.

Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 18 ára sem eiga lögheimili hérlendis ef annað hvort foreldrið er látið eða er örorkulífeyrisþegi hafi annað hvort foreldri þess eða barnið sjálft átt hér lögheimili a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram. Séu báðir foreldrar látnir eða örorkulífeyrisþegar skal greiddur tvöfaldur barnalífeyrir.

Sömu réttarstöðu hafa stjúpbörn og fósturbörn þegar eins stendur á. Þó skal ekki greiddur barnalífeyrir vegna fráfalls eða örorku stjúp- eða fósturforeldris ef barnið á framfærsluskylt foreldri á lífi.

Barnalífeyrir með hverju barni skal vera 8.500 kr. á mánuði.

Greiða skal barnalífeyri með barni ellilífeyrisþega.

Barnalífeyrir skal greiddur með barni þess sem sætir gæslu- eða refsivist einn mánuð eða lengur, enda hafi hann áður, í hjúskap eða sambúð, framfært barn sitt.

Liggi fyrir skilríki um að barn verði ekki feðrað greiðir Tryggingastofnun barnalífeyri með því.

Barnalífeyrir greiðist foreldrum enda séu börnin á framfæri þeirra eða þeim öðrum er annast framfærslu barnanna.

Heimilt er að greiða einfaldan barnalífeyri til ungmennis á aldrinum 18 til 20 ára vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ef annað foreldri þess eða báðir eru látnir eða annað foreldrið eða báðir eru ellilífeyris- eða örorkulífeyrisþegar. Verði úrskurði skv. 1. mgr. 17. gr. barnalaga, nr. 9/1981, ekki við komið vegna efnaleysis foreldris eða takist ekki að hafa upp á því er heimilt samkvæmt þessari málsgrein að úrskurða ungmenni í námi eða starfsþjálfun barnalífeyri. Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd þessarar málsgreinar.

21. gr.

Ekkju- og ekkilsbætur.

Hver sá, sem lögheimili á hér á landi og hefur átt lögheimili samfellt í þrjú ár og verður ekkja eða ekkill innan 67 ára aldurs, á rétt á bótum í 18 mánuði eftir lát maka. Einstaklingur, 67 ára eða eldri, sem verður ekkja eða ekkill, á rétt á bótum í þrjá mánuði eftir lát maka. Við útgáfu leyfis til skilnaðar að borði og sæng eða við slit á óvígðri sambúð fellur réttur samkvæmt þessu ákvæði niður.

Réttur til ekkju- og ekkilsbóta fellur niður við stofnun hjúskapar eða sambúðar.

Fjárhæð bóta skal nema 15.000 kr. á mánuði.

Hafi umsækjandi barn yngra en 18 ára á framfæri sínu á hann rétt á bótum í 18 mánuði til viðbótar.

22. gr.

Meðlag.

Foreldri, sem fær úrskurð yfirvalds um meðlag með börnum sínum eða um sérstök framlög skv. 19. gr. barnalaga, nr. 9/1981, getur snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins og fengið greiðslur samkvæmt úrskurði innan þeirra marka er 20. gr. setur um fjárhæð og aldur barna.

Framlag til menntunar og starfsþjálfunar skv. 17. gr. barnalaga er þó heimilt að greiða samkvæmt úrskurði til 20 ára aldurs.

Þegar eftir að barnsfaðernismál er höfðað, þ.e. eftir að dómari hefur veitt viðtöku ósk frá réttum aðila um að málið sæti rannsókn og dómsmeðferð, getur móðir fengið meðlag greitt með barninu innan þeirra marka er 20. gr. setur.

Tryggingastofnun er heimilt að greiða meðlag aftur í tímann allt að 12 mánuði, talið frá byrjun þess mánaðar sem yfirvaldsúrskurður eða vottorð um höfðun barnsfaðernismáls berst stofnuninni enda eigi þá 6. mgr. 20. gr. ekki við.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við getur átt, um greiðslu meðlags sem feður eða fráskildar konur fá úrskurðað með börnum sínum.

23. gr.

Framfærslulífeyrir.

Hjá Tryggingastofnun ríkisins getur barnsmóðir fengið samkvæmt yfirvaldsúrskurði greiddan:

a. framfærslulífeyri í allt að þrjá mánuði skv. 1. mgr. 25. gr. barnalaga, nr. 9/1981,
b. hjúkrunar- og framfærslustyrk í allt að níu mánuði skv. 2. mgr. 25. gr. barnalaga,
c. kostnað vegna meðgöngu og fæðingar skv. 1. mgr. 26. gr. barnalaga.

24. gr.

Tryggingastofnun skal senda Innheimtustofnun sveitarfélaga tilkynningu um fyrstu greiðslu innan eins mánaðar skv. 22. og 23. gr. Tilkynningunni skal fylgja afrit af yfirvaldsúrskurði eða staðfestum samningi.

Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiðir Tryggingastofnuninni greiðslur skv. 22. og 23. gr. mánaðarlega eftir því sem innheimtist. Um skil vegna óinnheimtra skulda fer eftir ákvæðum laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins meðlög vegna foreldra sem framfærslurétt eiga erlendis, svo og meðlög greidd skv. 3. mgr. 22. gr., þar til meðlagsúrskurður liggur fyrir.

25. gr.

Við ákvörðun bóta skv. 11. og 13. gr. og annars staðar þar sem við á hér að framan skulu umsóknir rökstuddar, t.d. með staðfestum endurritum af skattframtölum og skýrum upplýsingum um hagi bótaþega.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að afla upplýsinga hjá skattyfirvöldum varðandi ákvörðun þeirra bóta sem tekjutengdar eru.

Úrskurðaðar tekjutengdar bætur skal endurskoða árlega með tilliti til breytinga á tekjum bótaþega. Hinir nýju úrskurðir skulu gilda frá 1. júlí ár hvert. Hafi um verulega lækkun eða missi tekna verið að ræða má láta úrskurði gilda frá 1. janúar það sama ár.

Með tekjum er átt við tekjur, sbr. II. kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, að teknu tilliti til frádráttar skv. 30. gr. sömu laga, sbr. 31. gr. laganna ef við á.

Bætur almannatrygginga teljast ekki til tekna við útreikning tekjutengdra bóta nema svo sé mælt fyrir um í lögunum.

Tekjufjárhæðir í lögunum miðast við tekjur árið 1989. Með reglugerð skal þeim fjárhæðum breytt 1. júlí árlega til samræmis við almennar breytingar á bótum og öðrum tekjum milli ára.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að ákveða að frítekjumark lífeyrisþega sé annað gagnvart greiðslum úr lífeyrissjóðum.

C. TEKJUR

26. gr.

Útgjöld lífeyristrygginga skulu ríkissjóður og atvinnurekendur bera.

Framlag atvinnurekenda skal vera 2,12% af öllum tegundum launa eða þóknana fyrir starf liðins árs. Sama er hvort greitt er í peningum eða á annan hátt. Sé greitt á annan hátt en í peningum, t.d. í hlunnindum, skal meta þau til stofns eftir sömu reglum og gilda um launaskatt samkvæmt lögum nr. 14/1965, með síðari breytingum.

III. KAFLI

Sjúkratryggingar.

A. ALMENN ÁKVÆÐI

27. gr.

Allir landsmenn eru sjúkratryggðir eigi þeir lögheimili hér á landi. Börn yngri en 16 ára eru tryggð með foreldrum sínum. Sama gildir um stjúpbörn og fósturbörn.

Sá sem eignast lögheimili í landinu verður sjúkratryggður sex vikum eftir að lögheimilisbreyting er tilkynnt nema annað leiði af milliríkjasamningum. Heimilt er að greiða nauðsynlega þjónustu í skyndilegum sjúkdómstilfellum þótt biðtíminn sé ekki liðinn.

Tryggingastofnun ríkisins eða hlutaðeigandi svæðisskrifstofa gefur út réttindaskírteini til þeirra sem sannanlega eru sjúkratryggðir. Ákveða má að réttindaskírteini geti jafnframt verið greiðslukort fyrir lyf, læknishjálp og aðra sjúkrahjálp utan sjúkrahúsa.

B. BÆTUR

28. gr.

Hverjum þeim, sem sjúkratryggður er skv. 27. gr., skal tryggð ókeypis vist að ráði læknis í sjúkrahúsum enda séu ekki önnur ákvæði í sérlögum. Þetta gildir um sjúkrahús sem rekin eru með ríkisframlagi og gildir þá einu hvort um er að ræða bein fjárframlög samkvæmt fjárlögum eða daggjöld. Sjúkrahúsvist skal tryggð eins lengi og nauðsyn krefur ásamt læknishjálp, lyfjum og annarri þjónustu sem sjúkrahúsið veitir.

Daggjöld sjúkrahúsa, sem ekki eru á föstum fjárlögum, hjúkrunarheimila og annarra stofnana, sem almannatryggingar taka til, skulu ákveðin með reglugerð, svo og skilyrði greiðslu daggjalda.

29. gr.

Ef sjúklingi er brýn nauðsyn á læknismeðferð erlendis, innan sjúkrahúss eða utan, þar sem ekki er unnt að veita honum meðferðina hérlendis greiða sjúkratryggingar kostnað við hana.

Ráðherra skipar, að fengnum tillögum tryggingaráðs, nefnd til að úrskurða hvort téð skilyrði eru fyrir hendi, svo og hvar hinir tryggðu skuli njóta meðferðar. Nefndina skipa fjórir sérfróðir læknar auk forstöðumanns læknisfræðisviðs sem jafnframt er formaður.

Njóti sjúklingur meðferðar á dýrari stað erlendis en samþykkt hefur verið greiðir hann sjálfur umframkostnað sem af því leiðir.

Ferðastyrki skal greiða þeim sjúklingum er þurfa að leita sér læknishjálpar erlendis. Enn fremur skal greiða þeim uppihaldsdagpeninga vegna nauðsynlegrar dvalar utan sjúkrahúss.

Heimilt er að greiða fylgdarmönnum ferðastyrki, svo og uppihaldsdagpeninga.

Nánari ákvæði um ferðastyrki og uppihaldsdagpeninga skulu sett með reglugerð, að fengnum tillögum tryggingaráðs.

30. gr.

Auk þeirra réttinda, sem um ræðir í 28. og 29. gr., skulu sjúkratryggingar greiða fyrir þá hjálp sem hér er talin:

a. **Almenna læknishjálp** utan sjúkrahúsa hjá lækni sem er aðili að samningi við Tryggingastofnun ríkisins. Með reglugerð má ákveða að sjúklingur greiði lækni gjald fyrir hvert viðtal á stofu og hverja vitjun til sjúklings.
b. **Rannsóknir og aðgerðir hjá sérfræðingum og stofnunum** sem Tryggingastofnun ríkisins hefur samning við. Fyrir hverja komu til sérfræðings og/eða stofnunar greiði sjúklingur gjald sem ákveðið skal með reglugerð. Í reglugerðinni má ákveða að sjúklingur greiði hærra gjald ef hann leitar til sérfræðings án skriflegrar beiðni heimilis- eða heilsugæslulæknis.
c. **Æfingameðferð eða þjálfun** vegna afleiðinga sjúkdóma eða slysa samkvæmt beiðni læknis hjá sjúkraþjálfurum sem Tryggingastofnun hefur samning við. Tryggingaráð setur reglur, sem ráðherra staðfestir, um fjölda skipta sem greidd eru. Fyrir hverja meðferð eða þjálfun greiðir sjúklingur gjald sem ákveðið skal með reglugerð. Sjúkratryggingar greiða þó að fullu meðferð eða þjálfun vegna alvarlegra, langvinnra sjúkdóma eða slysa, sbr. lista sem Tryggingastofnun semur og birta skal.
d. Við **fæðingu** í heimahúsum, kostnað vegna aðstoðar ljósmóður samkvæmt samningi Tryggingastofnunar við ljósmæður.

e. Við **hjúkrun í heimahúsum** vegna alvarlegra og langvinnra sjúkdóma eða slysa, kostnað vegna aðstoðar hjúkrunarfræðings samkvæmt samningi Tryggingastofnunar við hjúkrunarfræðinga.
f. **Lyf** sem tryggðum er brýn nauðsyn að nota að staðaldri. Af öðrum nauðsynlegum lyfjum greiðir tryggður ávallt gjald sem ákveðið skal með reglugerð. Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en hlutur sjúklings greiðir hann það. Ráðherra getur og með reglugerð ákveðið hámark eininga lyfjaávísana.
g. Þátttöku í kostnaði við **öflun og viðhald hjálpartækja** sem nauðsynleg eru vegna fötlunar eftir reglum sem tryggingaráð setur.
h. **Styrki vegna bifreiðakaupa** til hreyfihamlaðra einstaklinga. Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd þessa stafliðar.
i. **Óhjákvæmilegan flutningskostnað** samkvæmt gjaldskrá eða samningum Tryggingastofnunar ríkisins og þeirra sem sjúkraflutninga annast um sjúkraflutning sjúks manns í sjúkrahús og úr því, enda sé flutningsþörf og heilsu hins sjúka svo varið að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningaleiðum. Þó greiðir sjúklingur ávallt gjald sem ákveðið skal með reglugerð þar sem m.a. má ákveða hámarksgreiðslur á almanaksári. Sé fylgd nauðsynleg greiðist fargjald fylgdarmanns báðar leiðir jafnvel þó að um áætlunarferð sé að ræða. Flutningskostnaður milli sjúkrahúsa greiðist að fullu af því sjúkrahúsi sem sendir sjúkling.
j. **Ferðakostnað** sjúklings og fylgdarmanns hans þegar sjúklingur þarfnast meðferðar eða óhjákvæmilegs eftirlits, með eða án innlagnar, hjá nánar tilgreindum heilbrigðisstéttum. Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessa stafliðar.
k. **Uppihaldsstyrk** til sjúklings og/eða fylgdarmanns ef dvelja þarf 14 daga samfellt eða lengur á 12 mánaða tímabili vegna læknismeðferðar utan heimabyggðar. Uppihaldsstyrkur greiðist frá og með 15. degi. Skilyrði er að ekki sé hægt að veita sjúklingi nauðsynlega meðferð í heimabyggð. Styrkurinn til sjúklings miðast við dvöl hans utan sjúkrahúss. Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessa stafliðar.

Tryggingastofnun getur ákveðið varðandi stafliði a–e að sjúklingur greiði reikninga að fullu og endurgreiða tryggingarnar honum þá hans hluta.

31. gr.

Tannlækningar.

Fyrir tannlæknaþjónustu greiða sjúkratryggingar í samræmi við samninga sem Tryggingastofnun ríkisins hefur gert eða samkvæmt gjaldskrá sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur séu samningar ekki fyrir hendi sem hér segir, enda sé reikningi framvísað á því reikningsformi sem Tryggingastofnun ríkisins ákveður:

1. Fyrir börn og unglinga 0–15 ára greiðist 85% kostnaðar við tannlækningar, aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerð og tannréttingar. Heimilt er að greiða allt að 50% kostnaðar við gullfyllingar, krónu- og brúargerð og við tannréttingar samkvæmt reglum sem ráðherra setur að höfðu samráði við tryggingaráð. Í reglunum skal m.a. kveðið á um flokkun þessara tannlækninga og þátttöku sjúkratrygginga í þeim eftir eðli aðgerða. Þjónustan samkvæmt þessum tölulið skal veitt hjá skólatannlæknum og á heilsugæslustöðvum nema annað sé talið hagkvæmt og um annað samið. Því aðeins kemur til greiðslna samkvæmt þessari grein þegar í hlut eiga gullfyllingar, krónu- og brúargerð og tannréttingar að fyrir liggi sérstök umsókn þar sem m.a. komi fram flokkur tannréttinga þar sem það á við og samþykki sjúkratrygginga.

2. Fyrir 16 ára unglinga greiðist 50% kostnaðar. Greiðslur fyrir gullfyllingar, krónur, brýr og tannréttingar skulu vera í samræmi við reglur 1. tölul.
3. Fyrir unglinga, þótt eldri séu en 16 ára, er heimilt að greiða allt að 50% kostnaðar við tannréttingar í samræmi við reglur sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs, sbr. 1. tölul., enda hafi meðferð hafist áður en þeir urðu 16 ára. Heimilt er að greiða 50% kostnaðar við aðgerðir 17 og 18 ára unglinga eftir sömu reglum hafi þörfin komið upp fyrr og eftirlitsaðila samkvæmt síðustu málsgrein þá verið gerð grein fyrir því eigi síðar en unglingurinn verður 17 ára að rétt sé að fresta aðgerðinni.
4. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar, 75% kostnaðar, en fyrir aðra elli- og örorkulífeyrisþega 50% kostnaðar, þó ekki fyrir gullfyllingar, krónur eða brýr. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega í allt að 100%.

Heimilt er að veita styrk til aðgerða hjá tannlækni umfram það sem að framan er talið vegna meðfæddra galla, svo sem klofins góms eða meiri háttar tannvöntunar.

Á læknisfræðisviði Tryggingastofnunar ríkisins skal starfa tannlæknir sem hefur eftirlit með framkvæmd þeirra ákvæða í lögum þessum er lúta að tannlækningum.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

32. gr.

Dagpeningar.

Sjúkratryggingar greiða dagpeninga eftir umsókn ef tryggður, sem orðinn er 16 ára og nýtur ekki elli- eða örorkulífeyris, verður algerlega óvinnufær vegna sjúkdóms eða slyss, enda leggi hann niður vinnu og launatekjur falli niður sé um þær að ræða.

Dagpeningar eru ekki greiddir lengur en 52 vikur samtals á hverjum 24 mánuðum. Þó er heimilt að ákveða að dagpeningar skuli greiddir lengur ef ekki er lokið lækningatilraunum og ljóst er að sjúklingurinn verður innan skamms vinnufær.

Dagpeningar greiðast frá og með 15. degi, enda hafi umsækjandi verið óvinnufær í minnst 21 dag. Upphaf biðtímans miðast við þann dag er læknir staðreynir óvinnufærni. Staðfesting vinnuveitenda á launatekjum skal og vera fyrir hendi sé um launþega að ræða. Í öðrum tilvikum skulu sambærileg gögn liggja fyrir.

Fullir dagpeningar skulu nema 740 kr. fyrir einstakling og 200 kr. fyrir hvert barn á framfæri innan 18 ára, þar með talin börn utan heimilis sem umsækjandi sannanlega greiðir með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi.

Dagpeningar samkvæmt þessari málsgrein greiðast því aðeins að felld sé niður launuð vinna. Launuð vinna merkir hér öll vinna að tekjuöflun, jafnt atvinnurekenda sem launþega. Dagpeningagreiðslur skulu vera sem hér segir:

Starfshlutfall	**Dagpeningar**
75%–100%	Fullir dagpeningar
51%–74%	$^3/_4$ dagpeningar
0%–50%	Hálfir dagpeningar

Dagpeningar geta þó aldrei numið meira en $^3/_4$ misstra launatekna.

Falli störf á eigin heimili niður vegna slyss eða veikinda skulu greiddir $^3/_4$ af fullum dagpeningum, enda njóti umsækjandi ekki dagpeninga vegna niðurfelldrar launavinnu.

Nú tekur sjúklingur, sem unnið hefur heils dags launavinnu, upp allt að hálfs dags launað starf og er þá heimilt að greiða honum hálfa dagpeninga meðan svo stendur, þó ekki lengur en í þrjá mánuði.

Við ákvörðun dagpeninga skal að jafnaði miðað við störf umsækjanda síðustu tvo mánuðina áður en hann varð óvinnufær. Námsfólk á ekki rétt á dagpeningum vegna forfalla frá námi, svo fremi þau valdi ekki töfum á því að námsáfangi náist.

Dagpeningar eru ekki greiddir þeim sem er í verkfalli nema hann hafi átt rétt til dagpeninga áður en verkfall hófst.

33. gr.

Veikindi eða slys erlendis.

Ef tryggður maður veikist eða verður fyrir slysi erlendis á hann rétt á endurgreiðslu sjúkrakostnaðar, þó eigi hærri upphæð en kostnaðurinn hefði numið hérlendis. Þetta nær þó ekki til þeirra er samkvæmt milliríkjasamningum öðlast rétt til sjúkrahjálpar í öðru landi vegna dvalar þar að því er varðar þá sjúkrahjálp sem samningarnir taka til.

Nú verður tryggður maður fyrir verulegum kostnaði vegna veikinda eða slyss erlendis og fær hann ekki endurgreiddan nema að litlu leyti frá sjúkratryggingum. Er tryggingaráði þá heimilt að ákveða að sjúkratryggingasvið taki meiri þátt í slíkum kostnaði.

34. gr.

Samningar Tryggingastofnunar ríkisins.

Tryggingaráð skipar nefnd er annast samningagerð Tryggingastofnunar ríkisins við heilbrigðisstéttir um heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa.

Í nefndinni eiga sæti einn fulltrúi tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, einn fulltrúi tilnefndur af fjármálaráðherra, tveir fulltrúar Tryggingastofnunar ríkisins svo og einn án tilnefningar sem jafnframt er formaður. Með nefndinni skulu starfa forstöðumaður sjúkratryggingasviðs svo og forstöðumaður læknisfræðisviðs.

Leita skal staðfestingar tryggingaráðs og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á samningum nefndarinnar.

Náist ekki samningar skal gerðardómur ákveða samningskjörin. Tilnefna samningsaðilar einn gerðarmann hvor, en Hæstiréttur Íslands skipar oddamann. Verði dómurinn ekki fullskipaður tilnefnir Hæstiréttur Íslands þá sem vantar.

Meðan gerðardómur starfar skal áður gildandi samningi og/eða gjaldskrá fylgt.

C. TEKJUR

35. gr.

Ríkissjóður skal bera útgjöld sjúkratrygginga.

IV. KAFLI

Sameiginleg ákvæði.

A. BÆTUR

36. gr.

Bætur samkvæmt lögum þessum teljast bætur greiddar í peningum og hjálp til sjúkra og slasaðra sem veitt er á annan hátt.

Enginn getur samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum þessum eða lögum um atvinnuleysistryggingar.

Saman mega þó fara:
a. Ellilífeyrir, barnalífeyrir, ekkju- og ekkilsbætur.
b. Örorkulífeyrir, barnalífeyrir, ekkju- og ekkilsbætur.
c. Endurhæfingarlífeyrir, barnalífeyrir, ekkju- og ekkilsbætur.
d. Örorkustyrkur, barnalífeyrir, ekkju- og ekkilsbætur.
e. Sjúkradagpeningar, barnalífeyrir, ekkju- og ekkilsbætur.
f. Aðrar bætur ef svo er mælt fyrir í lögunum.

Ef maður á rétt á fleiri tegundum bóta en einni sem ekki geta farið saman má hann taka hærri eða hæstu bæturnar. Nú nýtur umsækjandi um dagpeninga annarra lægri bóta sem veittar eru til langs tíma og skulu þá dagpeningar nema mismuninum.

37. gr.

Karl og kona, sem búa saman og eru bæði ógift, eiga samkvæmt lögum þessum sama rétt til bóta og hjón ef þau hafa átt saman barn eða konan er þunguð af völdum mannsins eða sambúðin hefur varað samfleytt í tvö ár.

Sambúðarfólk öðlast aldrei ríkari bótarétt en þau hefðu átt ef væru þau hjón.

38. gr.

Tryggingastofnun ríkisins getur greitt öðrum en bótaþega eða framfærslumanni bætur ef ástæða er til að ætla að bæturnar séu notaðar á þann hátt að eigi samrýmist tilgangi laganna.

39. gr.

Heimilt er að fella bætur niður ef tryggður vanrækir að fara að læknisráðum eða neitar að hlíta fyrirmælum um þátttöku í þjálfun eða starfsnámi sem bætt gæti afkomu hans eða búið hann undir nýtt starf.

40. gr.

Umsóknir um bætur skulu ritaðar á eyðublöð er Tryggingastofnun ríkisins lætur gera. Skulu eyðublöð þessi fást á skrifstofum stofnunarinnar, svæðisskrifstofum og annars staðar, eftir því sem henta þykir.

Umsækjendum er skylt að svara öllum spurningum og gefa allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru, til þess að hægt sé að úrskurða bætur eða endurskoða bótarétt.

Að jafnaði verður ekki krafist umsókna um sjúkrabætur að undanteknum sjúkradagpeningum.

Starfsfólk Tryggingastofnunar og svæðisskrifstofa skal kynna sér til hlítar aðstæður umsækjenda og bótaþega og gera þeim grein fyrir ýtrasta rétti þeirra samkvæmt lögum þessum, reglugerðum og starfsreglum tryggginganna.

41. gr.

Allar umsóknir skulu úrskurðaðar svo fljótt sem kostur er á og skulu bætur reiknaðar frá þeim degi sem umsækjandinn hefur uppfyllt skilyrði til bótanna. Bætur samkvæmt II. kafla reiknast þó frá fyrsta næsta mánaðar eftir að bótaréttur er fyrir hendi og falla niður í lok þess mánaðar er bótarétti lýkur.

Bætur aðrar en sjúkradagpeningar skulu aldrei úrskurðaðar lengra aftur í tímann en tvö ár. Sjúkradagpeningar skulu eigi úrskurðaðir lengra aftur í tímann en sex mánuði.

Grundvöll bótaréttar má endurskoða hvenær sem er og samræma bætur þeim breytingum sem orðið hafa.

42. gr.

Bætur skal greiða mánaðarlega fyrir fram. Þó má greiða sjúkrabætur og dagpeninga fyrir styttri tíma. Enn fremur má greiða bætur eftir á fyrir lengri tíma en einn mánuð.

Úrskurðaðar bætur falla niður ef þær eru ekki sóttar innan 12 mánaða, en úrskurða má bætur á ný ef rökstudd umsókn berst.

43. gr.

Nú hafa bótaþega verið greiddar hærri bætur en vera ber samkvæmt lögum þessum og á þá Tryggingastofnun ríkisins endurkröfurétt á hendur honum eftir almennum reglum. Má og draga upphæðina frá bótum sem bótaþegi síðar kynni að öðlast rétt til.

Ef greiðsla skv. 1. mgr. stafar af sviksamlegu atferli bótaþega getur Tryggingastofnun látið hann endurgreiða allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð sem ofgreidd var. Hefur þetta engin áhrif á þá refsingu sem bótaþegi að öðru leyti kann að hafa bakað sér.

44. gr.

Ef bótaþegi er dæmdur til refsivistar eða á annan hátt úrskurðaður til dvalar á einhverri stofnun skulu falla niður allar bætur til hans meðan hann dvelst þar, sbr. þó 17. gr.

Tryggingastofnun getur þó ákveðið að greiða bæturnar, eða hluta af þeim, maka hans og börnum eða einhverjum þriðja aðila sem sér um að bæturnar komi þeim að sem mestu gagni.

45. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkvæmt lögum þessum og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak né halda bótafé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

46. gr.

Nú telur Tryggingastofnun ríkisins vafa leika á um lögheimili bótaþega eða umsækjanda um bætur, sbr. lög nr. 21 5. maí 1990, og skal hún þá leita úrskurðar dómara, enda getur hún farið fram á rannsókn og úrskurð með sama hætti og þjóðskrá og sveitarfélag skv. 11. gr. nefndra laga.

47. gr.

Tryggingaráði er heimilt að greiða bætur til bótaþega, búsettra erlendis, ef sérstaklega stendur á.

B. ÖNNUR ÁKVÆÐI

48. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að semja við erlend ríki og ráðherra að semja við erlendar tryggingastofnanir um gagnkvæman rétt til þeirra hlunninda sem almannatryggingar veita. Í slíkum samningum má m.a. kveða svo á að lögheimilistími í öðru samningsríki skuli talinn jafngilda lögheimilistíma á Íslandi hvort sem um er að ræða íslenska þegna eða þegna annarra samningsríkja. Enn fremur er heimilt að kveða þar á um rétt til bótagreiðslna

samkvæmt almannatryggingalögum við búsetu í öðru samningsríki, sbr. 11. gr. og 47. gr.

49. gr.

Ráðherra skal með reglugerð, ársfjórðungslega, breyta bótafjárhæðum samkvæmt lögum þessum í samræmi við launavísitölu sem Hagstofa Íslands reiknar út mánaðarlega, sbr. lög nr. 89 31. maí 1989.

50. gr.

Ráðherra er heimilt að fela Tryggingastofnun ríkisins að semja við tiltekin atvinnufyrirtæki um að þau taki í vinnu einn eða fleiri öryrkja sem hafa vinnugetu, en nýtast ekki á vinnumarkaðinum og hafa ekki verulegar aðrar tekjur til lífsviðurværis en bætur líf-eyristrygginga. Meðan vinnusamningurinn stendur greiðir vinnuveitandinn öryrkjanum fastakaup, en Tryggingastofnunin endurgreiðir:

75% af þeim launum sem öryrkinn fær greidd fyrsta starfsárið,
50% af þeim launum sem hann fær greidd annað starfsárið og
25% af þeim launum sem hann fær greidd þriðja starfsárið.

Samningstími er samkomulagsatriði samningsaðila.

Í reglugerð skal kveða nánar á um öryrkjavinnu þessa.

51. gr.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara.

52. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1991. Skulu ákvæði laganna enn fremur gilda um líf-eyrisbætur og dagpeninga þótt réttur til greiðslna eigi rót sína að rekja til slyss eða sjúkdóms fyrir gildistöku laganna.

Bætur, sem úrskurðaðar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, skulu ekki skerðast þrátt fyrir gildistökuna.

Jafnframt eru úr gildi numin eftirtalin lagaákvæði:

1. Lög nr. 67 20. apríl 1971.
2. Lög nr. 96 27. desember 1971.
3. Lög nr. 112 31. desember 1972.
4. Lög nr. 62 21. maí 1974.
5. Lög nr. 11 28. apríl 1975 (IV. kafli).
6. Lög nr. 13 23. maí 1975 (5., 6., 7. og 8. gr.).
7. Lög nr. 39 27. maí 1975.
8. Lög nr. 95 31. desember 1975.
9. Lög nr. 36 14. maí 1976.
10. Lög nr. 117 31. desember 1976.
11. Lög nr. 9 12. apríl 1977.
12. Lög nr. 68 29. desember 1977.
13. Lög nr. 69 29. desember 1977.
14. Lög nr. 70 31. desember 1977.
15. Lög nr. 3 17. febrúar 1978 (II. kafli).
16. Lög nr. 59 20. maí 1978.

17. Lög nr. 103 30. nóvember 1978 (II. kafli).
18. Lög nr. 115 30. desember 1978.
19. Lög nr. 116 30. desember 1978.
20. Lög nr. 121 30. desember 1978 (II. kafli).
21. Lög nr. 50 30. maí 1979.
22. Lög nr. 16 14. apríl 1980.
23. Lög nr. 36 19. maí 1980.
24. Lög nr. 58 3. júní 1980.
25. Lög nr. 85 23. desember 1980.
26. Lög nr. 97 29. desember 1980.
27. Lög nr. 103 29. desember 1980.
28. Lög nr. 30 26. maí 1981.
29. Lög nr. 36 26. maí 1981.
30. Lög nr. 11 3. mars 1982.
31. Lög nr. 14 6. apríl 1982.
32. Lög nr. 21 29. mars 1982.
33. Lög nr. 54 11. maí 1982.
34. Lög nr. 59 14. maí 1982.
35. Lög nr. 93 31. desember 1982.
36. Lög nr. 19 23. mars 1983.
37. Lög nr. 80 28. desember 1983.
38. Lög nr. 23 24. apríl 1984.
39. Lög nr. 25 30. mars 1984.
40. Lög nr. 43 30. maí 1984.
41. Lög nr. 98 1. júní 1984.
42. Lög nr. 127 31. desember 1984.
43. Lög nr. 73 2. júlí 1985.
44. Lög nr. 83 2. júlí 1985.
45. Lög nr. 105 31. desember 1985.
46. Lög nr. 106 31. desember 1985.
47. Lög nr. 44 23. apríl 1986.
48. Lög nr. 61 23. apríl 1986.
49. Lög nr. 85 31. desember 1986.
50. Lög nr. 86 31. desember 1986.
51. Lög nr. 23 24. mars 1987.
52. Lög nr. 54 31. mars 1987.
53. Lög nr. 59 31. mars 1987.
54. Lög nr. 98 30. desember 1987.
55. Lög nr. 39 19. maí 1989.
56. Lög nr. 74 31. maí 1989.
57. Lög nr. 75 31. maí 1989.
58. Lög nr. 87 31. maí 1989 (IV. kafli).
59. Lög nr. 122 29. desember 1989.
60. Lög nr. 7 28. febrúar 1990 (V. kafli).
61. Lög nr. 115 31. desember 1990.

Reglugerðir og önnur fyrirmæli, sem sett hafa verið samkvæmt ofangreindum lögum og eldri lögum, halda gildi sínu eftir því sem við á uns þau hafa verið numin úr gildi með stjórnvaldsreglum settum samkvæmt lögum þessum.

Ákvæði til bráðabirgða.

(Miðað við gildistöku 1. janúar 1991.)

1. Frá og með 1. janúar 1991 eru lagðar niður stöður forstjóra, skrifstofustjóra, tryggingafræðings, tryggingayfirlæknis, aðalgjaldkera, deildarstjóra og tryggingalækna, sbr. 3. gr. laga 67/1971.
   Eftir gildistöku laganna eiga þeir starfsmenn, sem ráðnir hafa verið fyrir hana, eftir því sem aðstæður leyfa, forgangsrétt til að gegna áfram hliðstæðum störfum hjá Tryggingastofnun og einskis missa í launakjörum sínum. Láti starfsmaður af störfum skal farið eftir ákvæðum 14. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, eftir því sem við á.
2. Við gildistöku laga þessara skulu varasjóður slysatrygginga og annað fé slysatrygginga renna til lífeyristrygginga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram til kynningar og til að vekja umræðu enda þótt umfjöllun um það í ríkisstjórn sé ekki lokið og þingflokkar hafi fyrirvara um einstaka þætti þess. Þetta er gert til þess að hægt verði að leita umsagnar um það í sumar.

Með bréfi, dags. 17. desember 1987, skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd til að endurskoða lög um almannatryggingar. Í nefndina voru skipaðir:

Árni Gunnarsson alþingismaður, Guðmundur H. Garðarsson alþingismaður, Helga Jónsdóttir, þáverandi formaður tryggingaráðs, Helgi Seljan, fyrrv. alþingismaður, Kristján Guðjónsson, deildarstjóri hjá Tryggingastofnun ríkisins, Sigurður Hermundarson, deildarstjóri í Ríkisendurskoðun og Finnur Ingólfsson, aðstoðarmaður heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sem jafnframt var skipaður formaður. Ritari nefndarinnar var skipaður Gunnar Jónsson, lögfræðingur.

Í júnímánuði 1988 lét Gunnar Jónsson af störfum sem ritari nefndarinnar, en við tók Svanhvít Jakobsdóttir, deildarviðskiptafræðingur í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Í apríl 1989 var Steinunn M. Lárusdóttir lögfræðingur ráðin starfsmaður nefndarinnar. Í október 1989 tók Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir alþingismaður sæti í nefndinni. Í desember 1989 lét Helga Jónsdóttir af störfum sem formaður tryggingaráðs og hætti samtímis í nefndinni. Við sæti hennar tók Bolli Héðinsson, efnahagsráðgjafi forsætisráðherra, en hann hafði þá verið skipaður formaður tryggingaráðs. Í samræmi við samkomulag heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands í tengslum við gerð kjarasamninga í febrúar 1990 tóku sæti í nefndinni Benedikt Davíðsson, formaður Sambands byggingamanna, tilnefndur af ASÍ og Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur, tilnefnd af VSÍ. Seinni hluta vetrar 1990 hóf Sigurður Snævarr, hagfræðingur hjá Þjóðhagsstofnun, störf hjá nefndinni og hefur hann annast samanburðarútreikninga og kostnaðarmat.

Í upphafi kallaði nefndin á sinn fund hina ýmsu yfirmenn Tryggingastofnunar ríkisins. Einnig voru boðaðir forystumenn helstu samtaka á vinnumarkaðnum svo og fulltrúar þeirra félaga og samtaka sem álitið var að almannatryggingalög og Tryggingastofnun skipti mestu. Auk þeirra hugmynda og ábendinga sem fram komu á þessum fundum

hefur nefndin fengið u.þ.b. 30 skriflegar tillögur og erindi frá hinum ýmsu hagsmunahópum og þeim öðrum sem er málið skylt.

Síðsumars 1989 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd er fjalla skyldi um tannlækningar og skipulag þeirra. Í nefndinni áttu sæti Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir, Ingimar Sigurðsson skrifstofustjóri og Magnús R. Gíslason yfirtannlæknir, starfsmenn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Þessi nefnd samdi að hluta til 31. gr. sem fjallar um þátttöku almannatrygginga í tannlæknakostnaði.

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 5. janúar 1988. Á þeim fundi var talið grundvallaratriði að athuga samspil lífeyris almannatrygginga og lífeyrissjóða og hvort hverfa mætti að mestu frá hinu tvöfalda kerfi, þ.e. að flestir lífeyrisþegar þiggi bæði lífeyri frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum. Ekki var talið tímabært að hverfa frá hinu tvöfalda kerfi. Lagaendurskoðunin þyrfti hins vegar að verða til þess að einfalda kerfið og tryggja samræmi. Aftur á móti taldi nefndin tímabært að lífeyris- og sjúkratryggingar tækju að nokkru leyti við verkefni slysatrygginga og slysatryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins yrði lögð niður sem sjálfstæð deild, þar sem starfsemi slysatrygginganna væri að verulegu leyti fólgin í því að greiða bætur, sem ella féllu undir önnur ákvæði laganna.

Vegna fjölda breytinga, sem gerðar hafa verið á gildandi lögum um almannatryggingar nr. 67 20. apríl 1971, er löggjöf þessi orðin óaðgengileg og ómarkviss. Því er hér lagt fram frumvarp til nýrra almannatryggingalaga á grundvelli heildarendurskoðunar gildandi laga.

Helstu breytingar, sem lagt er til með frumvarpinu að gerðar verði á gildandi lögum, eru eftirfarandi:

I. Skipulag og stjórn.

Almannatryggingar eru tvígreindar, þ.e. lífeyristryggingar og sjúkratryggingar. Samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 eru þær þrígreindar, lífeyristryggingar, sjúkratryggingar og slysatryggingar.

Starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins er skipt upp í fjögur meginsvið: lífeyristryggingasvið, sjúkratryggingasvið, læknisfræðisvið og fjárhags- og umsýslusvið. Stofnunin hefur starfað í mjög mörgum deildum sem leitt hefur til þess að verkaskipting milli deilda hefur verið óljós og völd og ábyrgð einstakra deildarstjóra verið ógreinileg. Með breytingunni er nú reynt að gera stjórnskipulag stofnunarinnar skilvirkara, boðleiðir skýrari og afgreiðslu markvissari. Frumvarpið felur í sér umtalsverðar skipulagsbreytingar innan Tryggingastofnunar ríkisins. Fyrst og fremst á sér stað fækkun deilda og tilkoma fárra stórra sviða. Þá er æviráðning afnumin.

II. Lífeyristryggingar.

1. Tekjutenging aðalbótaflokka lífeyristrygginga, þ.e. elli- og örorkulífeyris, og tekjuhugtakið skilgreint með vísan til II. kafla laga, sbr. 30. og 31. gr. um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981. Vegna tekjutengingarinnar er nauðsynlegt að almannatryggingakerfið fái aðgang að skattakerfinu og því er samræming milli kerfanna nauðsynleg.

   Sú ákvörðun var tekin að tekjutengja elli- og örorkulífeyri, þ.e. að fella niður þessar bætur til þeirra tekjuhæstu í greindum hópum og verja því fé sem þannig sparaðist í aðra þætti, svo sem auknar greiðslur til þeirra sem annast sjúka/aldraða í

heimahúsum og ýmis aukin réttindi varðandi sjúkratryggingar.
Þessi breyting felur m.a. í sér að frítekjumark vegna elli- og örorkulífeyris er 750.000 kr. á ári eða 62.500 kr. á mánuði fyrir ógiftan einstakling og 46.875 kr. á mánuði fyrir giftan einstakling. Ákvæði um frítekjumörk hafa nú verið sett inn í frumvarpið en voru áður í reglugerð. Frítekjumark hjóna hefur verið hækkað úr 70% í 75% af frítekjumarki tveggja einstaklinga (140 verður 150). Skerðingarhlutfall á lífeyri er 30% af umframtekjum. Ellilífeyrir er 11.181 kr. á mánuði (01.07.1990). Þetta þýðir því að þeir aðilar, 67 ára og eldri, sem hafa yfir 99.770 kr. á mánuði í tekjur njóta ekki ellilífeyris. Varðandi öryrkja er þetta mark 105.000 kr., þar sem örorkulífeyrir er 12.750 kr. á mánuði. Tölur þessar miðast við einhleyping.
Hvað snertir tekjutryggingu, sem er 246.864 kr. á ári, þá hefst skerðingin við tekjur umfram 147.600 kr. á ári og skerðingarprósentan er 40% í stað 45% áður. Þetta þýðir að séu tekjur yfir 66.230 kr. á mánuði fellur tekjutrygging niður.
Hjá örorkulífeyrisþegum er frítekjumarkið það sama svo og skerðingarhlutfallið, en upphæð tekjutryggingar önnur eða 23.500 kr. á mánuði. Það þýðir að tekjutrygging fellur niður þegar náð er 73.550 kr. á mánuði.

2. Mæðralaun eru felld út úr lögunum og lagt er til að þau verði færð yfir í skattkerfið í formi hækkaðs barnabótaauka til einstæðra foreldra. Skattaleiðin þykir eðlilegri og einfaldari.
3. Ákvæði um fæðingarstyrk og fæðingardagpeninga er ekki að finna í frumvarpinu. Ráðherra skipaði nefnd undir forystu Daggar Pálsdóttur, deildarstjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, til að endurskoða ákvæði almannatryggingalaga, nr. 67/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 59/1987 um fæðingarstyrk og fæðingardagpeninga. Sú nefnd hefur nú skilað sérstöku frumvarpi um greiðslur í fæðingarorlofi.

III. Sjúkratryggingar.

Í frumvarpinu eru ekki gerðar róttækar tillögur um breytingar á sjúkratryggingum. Helstu breytingar eru:

1. Sjúkradagpeningar eru hækkaðir verulega frá því sem verið hefur. Réttur til dagpeninga er nú miðaður við 16 ára aldur í stað 17 ára áður. Er þar fyrst og fremst um samræmingaratriði að ræða við aldursákvæði í slysatryggingum sem áður voru. Greiddir eru $^3/_4$ af fullum dagpeningum til þeirra sem hætta störfum á eigin heimili í stað helmings áður. Endurkröfuréttur vinnuveitenda er felldur burtu.

2. Greiðsla uppihaldsstyrks er nýmæli. Uppihaldsstyrkurinn er ætlaður þeim sem þurfa vegna veikinda að dvelja langdvölum fjarri heimabyggð utan sjúkrahúsa og þurfa oftast að standa í verulegum fjárútlátum vegna þessa. Uppihaldsstyrk þessum er ætlað að koma til móts við þessi útgjöld.

3. Nýtt ákvæði er tekið inn sem felur í sér alveg ný viðhorf gagnvart kaupum tryggingaranna á þjónustu frá heilbrigðisstéttum. Heilbrigðisráðherra, í samráði við tryggingaráð, er fengið það vald að ákveða á grundvelli fjárlaga hversu mikla heilbrigðisþjónustu skuli kaupa hverju sinni og hversu margir skulu veita þá þjónustu.

4. Verulegar breytingar eru gerðar á endurgreiðsluhlutfalli fyrir tannlæknaþjónustu barna og unglinga. Börnum og unglingum fram að 16 ára aldri var áður skipt í tvo hópa vegna mismunandi endurgreiðslna, þ.e. á bilinu 50% til 100%. Samkvæmt frumvarpinu er nú um einn flokk að ræða, þ.e. börn og unglingar fram að 16 ára aldri fá 85% endurgreiðslu tannlæknakostnaðar.

IV. Slysatryggingar.

Slysatryggingar eru lagðar niður sem sjálfstæð grein almannatrygginga. Hluti slysatrygginganna er sameinaður og samræmdur sjúkra- og lífeyristryggingum. Fulltrúar nefndarinnar hafa átt fundi með vátryggingafélögunum Sjóvá —Almennar og Vátryggingafélagi Íslands þar sem þeim hefur verið kynnt sú breyting sem fyrirhuguð er á almannatryggingum. Niðurstaða þeirra viðræðna er sú að félögin sjá því ekkert til fyrirstöðu að þessi tilflutningur geti orðið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Fyrsti kafli laganna nær yfir 1.–9. gr. Hann fjallar um skipulag og stjórn almannatrygginga og skipulag og stjórn Tryggingastofnunar ríkisins.

Um 1. gr.

Samkvæmt frumvarpinu skiptast almannatryggingar nú í tvö meginsvið, þar sem lagt er til að slysatryggingar verði að hluta sameinaðar og samræmdar lífeyris- og sjúkratryggingum. Starfsemi, hliðstæð þeirri sem innt er af hendi hjá slysatryggingadeild, fer þegar fram hjá síðasttöldu deildunum tveimur.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um skipulag Tryggingastofnunar ríkisins. Starfseminni er samkvæmt frumvarpinu skipt upp í tiltölulega fá svið en það er gert til þess að ná fram markvissari stjórnun.

Ákvæðið um tryggingaskóla er löngu tímabært í ljósi þess að almannatryggingar eru vandmeðfarnar og Tryggingastofnun ríkisins og svæðisskrifstofur þurfa á vel upplýstu starfsfólki að halda.

Um 3. gr.

Ákvæðið er hliðstætt 75. gr. laga nr. 67/1971. Auk reikningshalds og daglegrar afgreiðslu er „öðrum verkefnum“ bætt við. Ljóst er að þeir, sem þessum verkefnum sinna, eru starfsmenn Tryggingastofnunar ríkisins.

Um 4. gr.

Greinin svarar til 3. mgr. 2. gr. og 8. gr. laga nr. 67/1971.

Um 5. gr.

Breytingin hér er fólgin í tímabundinni ráðningu yfirmanna stofnunarinnar í stað skipunar ráðherra, þ.e. æviráðningar. Enn fremur er hér kveðið á um nýja stöðu, þ.e. stöðu

aðstoðarforstjóra. Breyting á ráðningaformi er gerð til samræmis við þá þróun í þjóðfélaginu að afnema æviráðningu, þar sem tímabundin ráðning er talin eðlilegri. Hér er kveðið á um setningu erindisbréfa en slíkt er nauðsynlegt stjórnunarlega séð.

Um 6. gr.

Greinin er efnislega óbreytt 5. gr. laga nr. 67/1971.

Um 7. gr.

Greinin svarar til 6. gr. laga nr. 67/1971. Í þeirri grein er talið upp á hverju leita skal samþykkis tryggingaráðs. Með því að sleppa þessari upptalningu er ekki ætlunin að þrengja verksvið ráðsins, heldur er það gert þar sem hún þykir óþörf eðli málsins vegna.

Um 8. gr.

Óbreytt ákvæði 7. gr. laga nr. 67/1971 (2. gr. laga nr. 75 31. maí 1989).

Um 9. gr.

Í 1. mgr. segir að reikningar Tryggingastofnunar skuli fylgja lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, og er það breyting frá 1. mgr. 9. gr. laga nr. 67/1971 til áréttingar og samræmis. 2. og 3. mgr. eru óbreyttar frá 3. og 4. mgr. 9. gr. laga nr. 67/1971.

Um II. kafla.

Annar kafli tekur til greina 10–26. Í kaflanum er að finna ákvæði varðandi lífeyristryggingar og greiðslur, sem Tryggingastofnun hefur milligöngu um, svo sem meðlag. Kaflinn skiptist síðan í þrjá meginkafla, A ALMENN ÁKVÆÐI, 10. gr., B BÆTUR, 11.–25. gr. og C TEKJUR, 26. gr.

Helstu nýmælin í þessum kafla og þau sem mestu máli skipta er tekjutenging aðalbótaflokkanna svo sem áður er vikið að.

Um 10. gr.

Greinin skýrir sig sjálf. Vert er þó að benda á að ekkjulífeyrir, sbr. 18. gr. laga nr. 67/1971, er felldur niður. Í stað makabóta koma umönnunarbætur. Einbúauppbót svarar til heimilisuppbótar, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971. Endurhæfingarlífeyrir er nýr bótaflokkur. Vasapeningar, sem áður voru í sameiginlegum ákvæðum, þ.e. 51. gr. laga nr. 67/1971, eru nú hafðir með hér til hagræðingar.

Um 11. gr.

Greinin svarar til 11. gr. laga nr. 67/1971. Nýbreytnin hér er tekjutenging ellilífeyris. Því samfara er ákveðnari skilgreining á tekjuhugtakinu, sbr. 4. mgr. 25. gr. frumvarpsins. Ákvæðið um hækkun lífeyris vegna frestunar á töku hans er fellt út þar sem í ljós hefur komið að ellilífeyrisþegar hafa í reynd tapað á henni. Skerðing vegna hagræðis af sambýli var 10% en er nú fallin út.

Um 12. gr.

Greinin er hliðstæð 2. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971. Hér er verið að greiða bætur til tekjulausra eða tekjulítilla ellilífeyrisþega, sem búa einir, þ.e. njóta ekki hagræðis af sambýli.

Um 13. gr.

Greinin svarar til 1., 4. og 5. mgr. 12. gr. laga nr. 67/1971. Örorkulífeyrir er nú tekjutengdur á sama hátt og ellilífeyrir. Ef gengið er út frá öryrkjaskilgreiningunni, þ.e. að geta ekki unnið sér inn $^1/_4$ þess sem menn með fulla starfsorku, kann að vera einkennilegt að hugsa sér að öryrki geti haft svo miklar tekjur að til skerðingar þurfi að koma. Þó eru þess dæmi.

Um 14. gr.

Hliðstæð ákvæði 3. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971. Ákvæðinu er ætlað að vera heimildarákvæði, sbr. reglugerð sem ráðherra setur. Hugsunin er að hér sé ekki um almennt ákvæði að ræða heldur ákvæði sem beitt skuli þegar bótaþegi kemst **alls ekki** af án uppbótar, sbr. tilvik í reglugerð, þrátt fyrir lífeyri, tekjutryggingu og einbúauppbót þegar hún á við.

Um 15. gr.

Greinin svarar til 1. og 3. málsl. 3. mgr. 12. gr. laga nr. 67/1971. Örorkustyrkurinn er tekjutengdur og greinin hliðstæð 14. gr. að öllu öðru en örorkustigi. Nýmæli hér er uppbót á styrk sem getur orðið allt að 50% af styrknum og skerðist því hlutfallslega með honum.

Þá er heimildarákvæði í lokamálsgrein til greiðslu á sérstökum örorkustyrk til þeirra, er njóta hvorki örorkulífeyris né örorkustyrks vegna tekna, en verða sannanlega fyrir verulegum aukakostnaði vegna örorku sinnar. Uppbót tengist ekki þessum sérstaka styrk.

Um 16. gr.

Ákvæðið er efnislega hliðstætt 2. mgr. 12. gr. laga nr. 67/1971 (lög nr. 39 19. maí 1989). Athuga ber niðurlag greinarinnar, en þar er tekið fram að sjúkrahúsvist í greindum tilvikum skerði ekki bótagreiðslur, þ.e. hér er rýmri réttur en elli- og örorkulífeyrisþegar hafa, sbr. 17. gr.

Um 17. gr.

Fyrri hluti greinarinnar er samsvarandi seinustu málsgrein 51. gr. laga nr. 67/1971. Breytingin hér felst í tekjutengingu vasapeninga. Þeim sem dveljast á stofnunum eða vistheimilum er nú leyfilegt að vinna sér inn smáfjárhæð án þess að til skerðingar komi, en vinna, oft gegn greiðslu, er í dag liður í almennri endurhæfingu. Gert er ráð fyrir umtalsverðri hækkun vasapeninga og að fjárhæð þeirra sé sú sama hvort sem í hlut eiga ellieða örorkulífeyrisþegar. Vasapeningar til öryrkja hafa fram að þessu verið um 1000 kr. hærri á mánuði en vasapeningar ellilífeyrisþega.

Þá er einnig gert ráð fyrir því að sjúklingar, sem eru í vistun virka daga en eru sendir heim um helgar án þess að útskrifast, fái auk vasapeninganna sjúkradagpeninga í hlutfalli við dagafjölda heima í hverjum mánuði. Er hér um sanngirnismál að tefla.

Um 18. gr.

Umönnunarbætur vegna fatlaðra og sjúkra barna koma í stað barnaörorku. Hér er um verulega hækkun bótafjárhæðar að ræða. Við ákvörðun fjárhæðar var höfð hliðsjón af fjárhæðum bóta skv. 10. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, en umönnunarbætur koma einnig í stað þeirra. Greiðslur skv. 10. gr. tilheyrðu áður félagsmálaráðuneytinu, en Tryggingastofnun ríkisins annaðist milligöngu þeirra. Barnaörorka og greiðslur 10. gr. hafa skarast til þessa, en greiðslur vegna barnaörorku verið langtum mun lægri. Eðlilegra er talið að hafa eitt kerfi í gangi þannig að sömu reglur gildi um fjárhagslega aðstoð hvort heldur barn, sem dvelst í heimahúsi og þarfnast nánar tilgreindrar umönnunar, er fatlað eða veikt. Félagsmálaráðherra hefur farið þess á leit að bætur skv. 10. gr. verði felldar inn í almannatryggingalöggjöfina og að Tryggingastofnun ríkisins annist þar með afgreiðslu þeirra. Er það nú gert.

Um 19. gr.

Ákvæði greinarinnar felur í sér rýmkun frá eldri lögum. Skv. 13. gr. laga nr. 67/1971 átti aðeins maki rétt á bótum fyrir umönnun elli- og örorkulífeyrisþega en nú á ekki einungis maki rétt heldur getur einnig heimilisfastur einstaklingur átt rétt á bótum fyrir umönnun elli- eða örorkulífeyrisþega, þ.e. makabætur verða að umönnunarbótum. Hér er gert ráð fyrir töluverðri aukningu á bótaþegum, en leið þessi er talin þjóðhagslega hagkvæm. Þetta er og í samræmi við þá stefnu að elli- og örorkulífeyrisþegar njóti aðhlynningar í heimahúsum svo lengi sem þeir óska og færi gefst. Hafa ber í huga að réttur til bóta samkvæmt þessari grein stofnast því aðeins að viðkomandi verði fyrir tekjumissi sem afleiðing af takmarkaðri vinnu utan heimilis vegna umönnunar elli- eða örorkulífeyrisþega í heimahúsi.

Um 20. gr.

Greinin er hliðstæð 14. gr. laga nr. 67/1971.

Í 4. og 5. mgr. segir nú *skal* í stað *tryggingaráð getur ákveðið*. Seinasta málsgrein einfaldar afgreiðslu mála frá því sem nú er.

Um 21. gr.

Nokkur nýmæli eru hér. M.a. er skilyrði um 3 ára lögheimili til þess að öðlast rétt samkvæmt þessari grein. Réttur samkvæmt greininni fellur niður við stofnun hjúskapar eða sambúðar. Bætur samkvæmt greininni greiðast nú í 18 mánuði eftir lát maka í stað 6 áður og hafi bótaþegi barn yngra en 18 ára á framfæri greiðast bætur — óbreytt fjárhæð í 18 mánuði til viðbótar. Áður var þessi viðbót 12 mánuðir og lægri fjárhæð en fyrstu 6 mánuðina. Um 12 mánaða lengingu bótagreiðslna er hér að ræða. Rýmkun þessi er gerð vegna niðurfellingar ekkjulífeyris í 18. gr. og 8 ára bóta (slysatrygging) í 1. mgr. 35. gr. laga nr. 67/1971. Með hliðsjón af breyttum þjóðfélagsháttum þykja þær greinar ekki lengur eiga við. Ekki skiptir lengur máli varðandi bótarétt hvort andlát verður vegna sjúkdóms eða slyss.

Um 22. og 23. gr.

Greinar þessar eru 73. gr. laga nr. 67/1971 efnislega óbreytt en sú grein er gerð að tveimur greinum til skilningsauka.

Um 24. gr.

Óbreytt 74. gr. laga nr. 67/1971.

Um 25. gr.

Hliðstæð ákvæðum í 1., 5. og 6. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971.

Tekjutenging bótaflokka hefur í för með sér að tekjuhugtakið þarf að vera vel skilgreint. Þá þarf að vera greiður aðgangur að upplýsingum um tekjur þeirra bótaþega, sem væntanlega eiga rétt á tekjutengdum bótum. Eina leiðin fyrir Tryggingastofnun til þess að ná þessum upplýsingum er í gegnum skattakerfið. — Mismunandi sjónarmið eru uppi um það hvort skilgreina eigi tekjur varðandi almannatryggingar á sama hátt og í skattarétti. Á meðan skattaleiðin er eina leiðin til upplýsingaöflunar þá verður með tilliti til daglegrar framkvæmdar að hafa samræmi í skilgreiningu á tekjuhugtakinu. Þar sem skilgreining er vandasöm en jafnframt til í lögum um tekju- og eignarskatt var talið eðlilegast að vísa hér beint í þau. Með þeirri lausn eru skattskyldar tekjur lagðar til grundvallar við ákvörðun tekjutengdra bóta og að megininntaki eru allar tekjur skattskyldar, sbr. II. kafla laga nr. 75/1981 að teknu tilliti til frádráttar skv. 30. gr. sömu laga, sbr. 31. gr. laganna ef við á.

Um 26. gr.

Greinin er efnislega óbreytt 20. gr. laga nr. 67/1971. Framlag atvinnurekenda er þó hækkað úr 2% í 2,12%, þar sem hluti af slysatryggingum færist yfir í lífeyris- og sjúkratryggingar. Árið 1989 voru bótagreiðslur slysatrygginga áætlaðar kr. 323.779.000. Eftir breytingar myndu 110.795.000 tilheyra sjúkratryggingum, en kr. 55.852.000 lífeyristryggingum, samtals kr. 166.647.000. Niðurfelldur bótaréttur næmi kr. 157.132.000 og vega þar þyngst kaup og aflahlutur, svo og örorkubætur — ein greiðsla.

Þá er gert ráð fyrir að framlag samkvæmt þessari grein fjármagni einnig greiðslur í fæðingarorlofi, sbr. ákvæði í sérstöku frumvarpi til fæðingarorlofslaga.

Um III. kafla.

Undir III. kafla falla 27.–35. gr. Í kaflanum er að finna ákvæði almannatrygginga um sjúkratryggingar. Líkt og II. kafli skiptist sá þriðji í A. ALMENN ÁKVÆÐI, 27. gr., B. BÆTUR, 28.–34. gr., og C. TEKJUR, 35. gr.

Um 27. gr.

Sjálfræðisaldri, þ.e. 16 árum, er fylgt hér varðandi sjálfstæðan rétt til sjúkratrygginga. Áður voru mörkin 17 ár.

Ákvæðið í 2. mgr. um 6 vikna biðtíma er nýtt í lögum. Er þessi biðtími settur til að koma í veg fyrir að einstaklingar, íslenskir ríkisborgarar, sem lögheimili eiga erlendis og hafa e.t.v. átt í áraraðir, geti komið til landsins og notið „ókeypis læknishjálpar“ strax við komuna með því einu að skrá lögheimili sitt hér og síðan horfið af landi brott að lokinni meðferð. Nokkur brögð hafa verið að slíku. Biðtíminn er þó með þeim undantekningum að komi upp skyndileg sjúkdómstilfelli eða slys, þá greiða tryggingarnar fyrir nauðsynlega þjónustu.

Í 3. mgr. er ákvæði um réttindaskírteini sem jafnframt eru hugsuð sem greiðslukort sjúklings gagnvart almannatryggingum fyrir lyf, læknishjálp og aðra sjúkrahjálp utan sjúkrahúsa. Það er álitið að slík kort geti stuðlað að auknu öryggi og tryggi eftirlit.

Um 28. gr.

Hér er efnisbreyting frá hliðstæðu ákvæði í 41. gr. laga nr. 67/1971. Áður fyrr var sjúkrahúsvist afdráttarlaust öllum að kostnaðarlausu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ákvæði í sérlögum geti leitt til breytingar þar á.

Að öðru leyti er fyrri málsgrein hliðstæð tilvitnaðri grein, en sniðin að þróuninni í fjármögnun sjúkrahúsa, þ.e. frá daggjaldakerfi yfir í kerfi framlaga samkvæmt fjárlögum.

Með 2. mgr. er daggjaldanefnd, sbr. 3. mgr. 46. gr. laga nr. 67/1971, lögð niður auk þess sem ekki er lengur sjálfgefið að stofnun komist á daggjöld, þó svo að rekstrarleyfi hafi verið gefið út.

Um 29. gr.

Greinin lýtur að svokölluðum siglinganefndarmálum og er hliðstæð 42. gr., svo og e-lið 39. gr. laga nr. 67/1971. Í 42. gr. er talað um vistun í erlendu sjúkrahúsi. Hefur verið litið svo á að þar sé átt við innlögn. Með breyttum starfsháttum lækna hefur orðið aukning í göngudeildarþjónustu og þjónustu utan sjúkrahúsa. Hefur verið reynt að láta gildandi ákvæði, þrátt fyrir framangreint orðalag, ná yfir þá landsmenn sem orðið hafa að sækja utanspítalaþjónustu til útlanda. Málið er leyst samkvæmt frumvarpinu með því að segja: læknishjálp erlendis innan sjúkrahúss eða utan.

Í 2. mgr. er kveðið á um nefnd sem sker úr um hvort skilyrði skv. 1. mgr. eru fyrir hendi. Ekki er talið ráðlegt að binda skipun í nefndina við yfirlækna á tilgreindum sjúkrahúsum svo sem gert er í lögum nr. 67/1971. Hins vegar eru menn á einu máli um að úrskurðir nefndarinnar séu endanlegir vegna þeirrar sérfræðiþekkingar sem nefndarmenn búa yfir.

Hér eru uppihaldsdagpeningar vegna nauðsynlegrar dvalar utan sjúkrahúss teknir inn. Leiðir það af eðli máls þegar göngudeildarþjónusta eykst og meiri háttar aðgerðum með miklu eftirliti fjölgar.

Um 30. gr.

Þessi grein er afar þýðingarmikil og spannar mikinn hluta þeirrar þjónustu sem sjúkratryggingar standa straum af. Greinin er hliðstæð 39. og 43. gr. laga nr. 67/1971.

Stafliður a. Efnisinntak er í aðalatriðum sama og í a-lið 43 gr. laga nr. 67/1971.

Stafliður b. Ákvæðið er hliðstætt b-lið í 43. gr. laga nr. 67/1971. Í ákvæðinu segir að með reglugerð megi ákveða að sjúklingur greiði lægra gjald hjá sérfræðingi ef hann er með skriflega beiðni frá heimilis- eða heilsugæslulækni.

Stafliður c. Hér kemur inn lagaheimild til greiðsluþátttöku almannatrygginga í sjúkraþjálfun, sem nauðsynleg er vegna ýmissa sjúkdóma. Í lögum nr. 67/1971 er heimild í 32. gr. 1. tölul. til greiðslu fyrir sjúkraþjálfun vegna slysa. Í b-lið 39. gr. er heimild til greiðslu sjúkraþjálfunar vegna alvarlegra, langvinnra sjúkdóma eða slysa, þ.e. til 100% endurgreiðslu. 60% endurgreiðsla, sem til skamms tíma hefur verið innt af hendi, hefur til þessa ekki átt sér lagastoð. Úr því er nú bætt.

Stafliður d. Stafliðurinn er sambærilegur við f-lið 43. gr. laga nr. 67/1971. Felld er niður greiðsla dagpeninga í 10 daga.

Stafliður e. Efnislega hliðstæður k-lið 43. gr. laga nr. 67/1971 (2. gr. laga nr. 44/1986).

Stafliður f. Ákvæðið er sama og c-liður 1. mgr. 43. gr. laga nr. 67/1971 og niðurlag 2. mgr. sömu greinar (1. gr. laga nr. 95/1975).
Stafliður g. Að hluta sambærilegt ákvæði við a-lið 39. gr. laga nr. 67/1971. Gert er ráð fyrir að fleiri tegundir gleraugna komi inn sem hjálpartæki. Enn fremur að til komi þátttaka almannatrygginga í kostnaði við gleraugnakaup þegar mörg börn innan sömu fjölskyldu þurfa á gleraugum að halda. Ýmsir sjóngallar eru ættgengir. Ekki er fátítt að flestir eða allir innan sömu fjölskyldu noti gleraugu, a.m.k. á einhverju skeiði ævinnar. Það er oft umtalsverður fjárhagslegur baggi á fjölskyldu að standa straum af kostnaði vegna gleraugnanotkunar sé þannig ástatt að flestir eða allir innan hennar þurfi á gleraugum að halda. Þessum fjárútlátum er nú ætlunin að mæta.
Stafliður h. Samkvæmt lögum nr. 67/1971 voru bifreiðastyrkir ýmist greiddir hjá lífeyrisdeild, sbr. 4. mgr. 19. gr., eða sjúkratryggingadeild, sbr. a-lið 39. gr., eftir því hvort umsækjendur voru elli- og örorkulífeyrisþegar eða aðrir. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að afgreiðsla bifreiðastyrkja verði sameinuð, flytjist úr lífeyrisdeild og verði eingöngu á vegum sjúkratryggingadeildar.
Stafliður i. Hér er um staflið hliðstæðan i-lið 43. gr. laga nr. 67/1971 að ræða. Reglur í þessum staflið um óhjákvæmilegan flutningskostnað hafa verið rýmkaðar og einfaldaðar, að því er framkvæmd varðar. Í lögum 67/1971 segir *flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka svo varið*. Orðin *svo bráð* hafa verið felld út og er hugsunin sú að ákvæðið nái til allra þeirra sem ekki verða fluttir eftir venjulegum farþegaflutningaleiðum. Eru þá hafðir í huga þeir sjúklingar, sem eru heima en fara t.d. í geisla- eða lyfjameðferð og þurfa á sjúkrabifreið að halda til að komast á milli. Reglan um að sjúklingur greiði ávallt fyrir fyrstu 10 km er úr gildi. Enn fremur greiðist nú fargjald báðar leiðir fyrir fylgdarmann — hafi fylgd verið nauðsynleg — jafnvel þó um áætlunarferð sé að ræða.
Stafliður j. Sambærilegur við j-lið 43. gr. laga nr. 67/1971.
Reglur í stafliðnum um ferðakostnað eru þó rýmkaðar og aðstandendur teknir inn. Einnig segir nú *hjá nánar tilgreindum heilbrigðisstéttum* í stað *hjá lækni eða í sjúkrahúsi*.
Stafliður k. Greiðsla uppihaldsstyrks er nýmæli. Þeir sem vegna veikinda þurfa að dvelja langdvölum fjarri heimabyggð verða oftast að leggja út verulegt fé. Er ákvæðinu ætlað að koma til móts við þessi útgjöld.

Um 31. gr.

Greinin er efnislega hliðstæð 44. gr. laga nr. 67/1971 (lög 122 29. desember 1989).

Greinin felur í sér breytingar frá eldri grein varðandi þá hópa sem endurgreiðslu njóta. Þá er endurgreiðsluhlutfall annað varðandi börn og unglinga. Þar sem börnum og unglingum 0–15 ára var áður skipt í tvo hópa vegna mismunandi endurgreiðslna (50–100%) er nú aðeins um einn flokk að ræða, þ.e. börn og unglingar 0–15 ára fá 85% endurgreiðslu tannlæknakostnaðar, þó með þeim undantekningum sem í greininni segir.

Í 4. tölul. er nú reglugerðarheimild fyrir ráðherra. Samkvæmt lögum nr. 67/1971 var það tryggingaráð sem setti reglurnar áður. Að öðru leyti er gert ráð fyrir óbreyttri framkvæmd á ákvæðum þessa tölulíðar.

Önnur málsgrein er efnislega hliðstæð c-lið 39. gr. laga nr. 67/1971 (6. gr. laga 59/1978). Eðlilegra þykir að hafa öll ákvæði er lúta að tannlækningum í sömu grein.

Næstseinasta málsgrein er breytt frá eldri grein. Í stað „tryggingaráð ræður tannlækni . . .“ stendur nú „Á læknisfræðisviði Tryggingastofnunar ríkisins skal starfa tannlæknir, . . .“ Þetta orðalag þykir eðlilegra með tilliti til skipulags stofnunarinnar.

Um 32. gr.

Greinin er hliðstæð 45. gr. laga nr. 67/1971. Samkvæmt frumvarpinu greiða sjúkratryggingar nú sömu dagpeninga hvort sem óvinnufærni er rakin til sjúkdóms eða slyss. Rétt til bóta samkvæmt þessari grein öðlast menn nú við 16 ára aldur í stað 17 ára áður. Er hér um samræmingaratriði að ræða, sbr. aldursákvæði í slysatryggingakafla laga nr. 67/1971.

Í 3. mgr. er kveðið á um staðfestingu vinnuveitanda. Hér er verið að lögfesta áralanga framkvæmd.

5. mgr. fjallar um dagpeningagreiðslur vegna niðurfelldrar launaðrar vinnu. Skv. 5. mgr. 45. gr. laga nr. 67/1971 var annað hvort um fulla dagpeninga eða hálfa að ræða. Þetta þýddi bókstaflega að starf t.d. 75% eða 80% leiddi til hálfra dagpeninga. Slíkt þótti rangt og hefur verið leiðrétt með því að setja $^3/_4$ dagpeninga inn.

Hafa ber í huga að þó svo að greiddir hafi verið hálfir dagpeningar þá hefur barnabótin ekki verið skert.

Sjöunda málsgrein lýtur að störfum við eigið heimili. Greiða skal $^3/_4$ af fullum dagpeningum til þeirra sem fella niður störf á eigin heimili. Í lögum 67/1971 greiðist helmingur af fullum dagpeningum að viðbættum $^1/_2$ hluta greiðslu fyrir heimilishjálp, samkvæmt nánari reglum. Ákvæðið um greiðslur vegna heimilishjálpar hefur komið tiltölulega fáum til góða, þannig að í langflestum tilvikum er um hlutfallslega hækkun á dagpeningagreiðslum að ræða. Þar sem breytingin leiðir ekki til hækkunar verður um beina lækkun að ræða, þ.e. þegar viðkomandi hefur náð fullum dagpeningum með framlagningu reikninga fyrir heimilishjálp, en þau tilvik hafa verið tiltölulega fá í gegnum tíðina.

Endurkröfuréttur vinnuveitanda, sbr. 5. mgr. 33. gr. og næstsíðustu málsgrein 45. gr. laga nr. 67/1971, er hér felldur burt.

Vinnuveitendur nýttu sér þennan rétt sem hér segir árið 1989.

Sjúkradagpeningagreiðslur á landinu öllu námu á árinu 1989 208.959.067 kr. Þar af námu greiðslur til atvinnurekenda vegna endurkröfuréttar, sbr. 10. mgr. 45. gr. laga 67/1971 43,6 millj. kr. (u.þ.b. 20%). Sú fjárhæð skiptist þannig:

Ríki	7,6 millj. kr.
Sveitarfélög	9,7 millj. kr.
Aðrir	26,3 millj. kr.

Slysadagpeningagreiðslur árið 1989 voru að fjárhæð 70.800.249 kr. þar af voru endurgreiðslur til atvinnurekenda 16.719.478 kr. Til viðbótar þeirri fjárhæð var endurgreitt til atvinnurekenda sem hér segir í kr.:

Kaup og aflahlutur sjómanna (2 mán.)	95.736.640
Vegna sjómanna á farskipum (1 vika)	870.735

Þessar greiðslur eru hafðar sér þar sem ekki er um hreina dagpeninga að ræða.

Um 33. gr.

Greinin er hliðstæð 47. gr. laga nr. 67/1971. Greinin er þó þrenging á sambærilegri

grein laga nr. 67/1971. Í 47. gr. (20. gr. laga nr. 87/1989) þeirra laga segir: „Nú er sjúkratryggðum nauðsyn að leita sér lækninga sé hann staddur erlendis . . .“ Aftur á móti segir hér: „Ef tryggður maður veikist eða verður fyrir slysi erlendis . . .“ Skilyrði er að veikindi komi upp eða slys verði erlendis. Sá sem fer veikur eða slasaður utan á ekki rétt til endurgreiðslu samkvæmt grein þessari. Er þessi þrenging sett m.a. til að koma í veg fyrir að sjúklingar, sem fengið hafa synjun sbr. 29. gr., haldi utan og fái endurgreiðslu sjúkrakostnaðar eftir öðrum leiðum laganna.

Um 34. gr.

Hér er í fyrsta skipti sett í lög ákvæði um samningsgerð Tryggingastofnunar ríkisins og hverjir skuli annast hana. Rétt þykir að leita samþykkis bæði tryggingaráðs og heilbrigðisráðherra á samningum nefndarinnar. Samþykki tryggingaráðs þykir eðlilegt þar sem ráðið skipar nefndina og fer með yfirstjórn stofnunarinnar. Samþykki ráðherra þykir eðlilegt með tilliti til heildarstjórnunar heilbrigðismála. Þá þótti rétt að setja ákvæði er lúta að því þegar ekki nást samningar eða samningar eru ekki í gildi.

Um 35. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um IV. kafla.

Undir IV. kafla falla 36.–52. gr. Í kaflanum er að finna ákvæði sem eru sameiginleg fyrir aðra kafla laganna. Kaflinn skiptist í A BÆTUR, 36.–47. gr., og B ÖNNUR ÁKVÆÐI, 48.–52. gr.

Um 36. gr.

Greinin er að mestu samsvarandi 51. gr. laga nr. 67/1971. Breytingar eru þó eðli máls samkvæmt að finna í því hvaða bætur megi fara saman. Nýtt er að saman megi fara ellilífeyrir og ekkju- og ekkilsbætur. Þessi breyting hefur þótt mikið réttlætismál þar sem frá fall maka veldur oftast fjárhagslegri röskun, alveg óháð aldri.

Um 37. gr.

Ákvæðið er að mestu sama efnis og 52. gr. laga nr. 67/1971.

Um 38. gr.

Ákvæðið er sama efnis og fyrri málsliður 53. gr. laga nr. 67/1971. Seinni málslið þeirrar greinar er sleppt þar sem hann þykir ekki lengur eiga við.

Um 39. gr.

Grein þessi er að mestu sama efnis og 54. gr. laga nr. 67/1971, en í þeirri grein segir: „Bætur . . . greiðast ekki . . .“ þar sem nú segir: „Heimilt er að fella bætur niður . . .“ Það orðalag er nær raunveruleikanum, en þessu ákvæði hefur svo til aldrei verið beitt, en þó þykir rétt að láta það standa.

Um 40. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 55. gr. laga nr. 67/1971.

Um 41. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 56. gr. laga nr. 67/1971. Varðandi úrskurð á sjúkradagpeningum þá er sex mánaða fyrningafrestur nú í stað tveggja mánaða almennrar reglu áður.

Um 42. gr.

Greinin er efnislega hliðstæð 57. gr. laga nr. 67/1971. Fram til þessa hefur átt að greiða bætur almannatrygginga eftir á. Í reynd eru þær greiddar 10. dag bótamánaðarins. Það hefur oft valdið bótaþegum vandræðum að bótagreiðslur berast ekki fyrr en 10. hvers mánaðar og jafnvel kallað á skammtímalántökur. Með ákvæðinu um að bætur skuli greiðast mánaðarlega fyrir fram er komið til móts við bótaþega. Þá þótti óþarfi að halda inni málslið 57. gr. laga nr. 67/1971 sem lýtur að erfiðum samgöngum.

Um 43. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 58. gr. laga nr. 67/1971.

Um 44. gr.

Greinin er svo til samhljóða 60. gr. laga nr. 67/1971. Hér þó notað orðið refsivist í stað fangelsisvistar áður.

Um 45. gr.

Ákvæðið er að mestu samhljóða 61. gr. laga nr. 67/1971. Niðurlagi þeirrar greinar er sleppt þar sem um iðgjöld er ekki lengur að ræða.

Um 46. gr.

Ákvæðið er samhljóða 62. gr. laga nr. 67/1971. Í framkvæmd hefur lítið reynt á þetta ákvæði. Þó þykir rétt að láta það standa áfram.

Um 47. gr.

Greinin er hliðstæð 63. gr. laga nr. 67/1971.

Um 48. gr.

Greinin er efnislega óbreytt 78. gr. laga nr. 67/1971.

Um 49. gr.

Grein þessi er hliðstæð 79. gr. laga nr. 67/1971, þ.e. lýtur að því hvenær breyta skuli upphæðum bóta almannatrygginga. Réttara þykir nú að bæturnar taki breytingum samkvæmt launavísitölu útreiknaðri af Hagstofu Íslands en að hafa fyrri viðmiðun.

Um 50. gr.

Ákvæðið er að mestu samhljóða 2. tölul. laga nr. 59 20. maí 1978 (ákvæði til bráðabirgða). Afar fáir samningar hafa verið gerðir á grundvelli þessa ákvæðis. Talið er að það hafi m.a. stafað af því að samkvæmt lögunum skyldu bætur til öryrkjans falla niður á starfstímanum og að starfssamningur var til þriggja ára. Þótti það of langur tími. Þessir vankantar hafa nú verið sniðnir af. Bætur greiðast meðan á starfstíma stendur og samningstími er samkomulagsatriði samningsaðila. Er von til þess að með þessum lagfæring-

um ákvæðisins megi koma fleiri öryrkjum út á vinnumarkaðinn.

Um 51. gr.

Greinin skýrir sig sjálf og er óbreytt 81. gr. laga nr. 67/1971 (lög nr. 75/1989).

Um 52. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Nd. 1034. Frumvarp til laga [224. mál]

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. mars.)

1. gr.

Við 1. mgr. 68. gr. laganna bætist nýr málsliður svohljóðandi: Heimilt er húsnæðismálastjórn að veita sérstök lán til allt að þriggja ára til þeirra sem eiga í verulegum erfiðleikum með útborgun ef um er að ræða sérstaklega erfiðar fjölskyldu- eða fjárhagsástæður.

2. gr.

Á eftir IX. kafla laganna komi nýr X. kafli, **Húsnæðissamvinnufélög og búseturéttur,** svohljóðandi:

a. (124. gr.)

Markmið húsnæðissamvinnufélaga er að byggja, eiga og hafa yfirumsjón með rekstri íbúðarhúsnæðis sem félagsmönnum þeirra er látið í té sem félagslegar eða almennar kaupleiguíbúðir með búseturétti er tryggir þeim ótímabundin afnot af íbúðunum gegn kaupum á eignarhlut í þeim, sbr. 92. gr.

Auk höfuðmarkmiða skv. 1. mgr. skulu húsnæðissamvinnufélög:

a. taka til ávöxtunar sparifé félagsmanna er þeir hyggjast síðar nota til kaupa á búseturétti,
b. eiga aðild að fyrirtækjum með takmarkaðri ábyrgð eins og samvinnusamböndum samkvæmt lögum um samvinnufélög og hlutafélögum enda starfi þau fyrirtæki að verkefnum sem teljast mikilvæg fyrir húsnæðissamvinnufélög,
c. útvega lán til byggingarframkvæmda og rekstrar sem félögin annast.

Félag, sem ákvæði þessa kafla taka til, skal hafa orðið *húsnæðissamvinnufélag* sem skammstafa má *hsf.* í nafni sínu. Jafnframt er öðrum óheimilt að bera slík heiti.

b. (125. gr.)

Um félagsstofnun, skráningu, félagsstjórn, endurskoðun og félagsslit húsnæðissamvinnufélags skal fara, eftir því sem við getur átt, eftir ákvæðum laga um samvinnufélög eins og þau eru á hverjum tíma.

Áður en skráning húsnæðissamvinnufélags fer fram skulu samþykktir þess staðfestar af félagsmálaráðuneytinu. Ráðuneytið skal gera fyrirmynd að samþykktum er miði m.a.

að því að tryggja réttindi og skyldur einstakra félagsmanna og búsetufélaga. Í samþykktum þessum skulu einnig vera ákvæði sem stuðla að því að fjármál félagsins, tilhögun framkvæmda og rekstur verði sem skýrust.

c. (126. gr.)

Félagsmenn öðlast rétt til að fá keyptan búseturétt í þeirri röð sem þeir ganga í húsnæðissamvinnufélagið enda fullnægi þeir skilyrðum 80.–82. gr. laganna um rétt einstaklinga til félagslegra íbúða og greiði ákveðna fjárhæð í stofnsjóð félagsins.

Þegar félagsmaður notar rétt sinn til kaupa á búseturétti ber honum að inna búseturéttargjald af hendi, sbr. 127. gr. Geri hann það ekki innan tilskilins tíma gengur rétturinn til næsta félagsmanns, sbr. 1. mgr.

Búseturétt geta þeir einir keypt sem eru orðnir fjárráða.

d. (127. gr.)

Búseturétt kaupa menn með búseturéttargjaldi sem er tiltekið hlutfall af verðmæti þess húsnæðis sem búseti vill tryggja sér rétt til. Þetta hlutfall ákvarðast annars vegar af byggingarkostnaði og hins vegar af lánsfé til langs tíma.

Stjórn húsnæðissamvinnufélags ákveður fjárhæð búseturéttargjalds, sbr. 1. mgr., og hvenær það skuli innt af hendi.

Nú gengur búseturéttur kaupum til annars félagsmanns og skal þá ákveða endursöluverðið eftir upphaflegu verði að viðbættri hækkun samkvæmt lánskjaravísitölu. Þá skal bæta við kostnaði seljanda vegna endurbóta á húsnæðinu en draga frá kostnað við að bæta úr göllum á íbúðinni, allt samkvæmt samkomulagi eða mati.

e. (128. gr.)

Búseturéttur veitir félagsmanni ótímabundinn umráðarétt yfir íbúð enda standi hann skil á gjöldum til félagsins af íbúðinni. Brjóti félagsmaður gegn lögum, reglugerðum eða samþykktum um húsnæðissamvinnufélög eða búsetufélög má svipta hann umráðarétti yfir íbúðinni. Gefa skal félagsmanni eina skriflega viðvörun áður en til slíks kemur.

Enginn einstaklingur getur átt nema einn búseturétt og enginn getur átt búseturétt nema hann búi jafnframt í því íbúðarhúsnæði sem búseturéttinum fylgir, sbr. þó ákvæði 129. gr. um rétt til afnota og 135. gr. um framleigu samkvæmt sérstökum reglum. Eigandi búseturéttar er að jafnaði einn nema um hjón sé að ræða eða einstaklinga sem hafa haft sameiginlegt heimilishald í a.m.k. tvö ár.

Nú óskar ríki, sveitarfélag eða almannasamtök eftir að fá að ráðstafa búseturétti yfir einni eða fleiri íbúðum húsnæðissamvinnufélags og skal þá erindi um slíka ráðstöfun koma frá félagsmálaráðuneytinu og þess gætt að með þeim hætti verði ekki ráðstafað meira en 20% íbúða félagsins.

f. (129. gr.)

Réttur búseturétthafa til íbúðar er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Húsnæðissamvinnufélagið getur þó heimilað að réttur til afnota af íbúð færist yfir til maka við andlát félagsmanns, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi. Sá sem þannig eignast búseturétt eignast um leið aðild að húsnæðissamvinnufélaginu í stað fyrri búseta, enda notfæri hann sér réttinn og búi í íbúð hjá félaginu og fullnægi skilyrðum þessara laga til þess.

g. (130. gr.)

Búseturéttargjald stendur sem trygging fyrir skilvísri greiðslu búsetugjalds, sbr. 132. gr. Búseta er óheimilt að veðsetja búseturétt sinn.

Komi til meiri háttar vanskila félagsmanns missir hann rétt sinn til húsnæðisins enda hafi skil ekki borist þrátt fyrir ítrekaða viðvörun. Stjórn húsnæðissamvinnufélagsins tekur ákvörðun um að vísa félagsmanni úr húsnæðinu að fenginni tillögu frá búsetufélagi.

Nánari reglur um búseturétt skulu settar með reglugerð.

h. (131. gr.)

Þegar hafnar eru framkvæmdir við byggingu nýrra íbúða skal stjórn húsnæðissamvinnufélags sjá til þess að búseturétthafar geti fylgst með framkvæmdum á byggingarstigi og verið með í ráðum.

Þegar lokið er framkvæmdum við byggingu íbúða á ákveðnu svæði skulu þeir, sem þar hafa keypt sér búseturétt, mynda með sér sérstaka deild innan húsnæðissamvinnufélagsins sem nefnist *búsetufélag*. Einnig er heimilt að stofna búsetufélag fyrr eða fljótlega eftir úthlutun óski búseturétthafar í tilteknu húsi eða á tilteknu svæði eftir því. Stjórn húsnæðissamvinnufélags skal fjalla um og taka afstöðu til slíkra óska.

Óski búseturétthafar í tilteknum byggingaráfanga, þar sem íbúðir eru tíu eða færri, ekki eftir því að mynda sérstakt búsetufélag skulu þeir eigi að síður skoðast sem deild í húsnæðissamvinnufélaginu. Á meðan svo er fer stjórn húsnæðissamvinnufélagsins með þau verkefni sem annars væru í höndum búsetufélagsins, en deildin skal hafa sjálfstæðan fjárhag. Óski meiri hluti búseturétthafa í deild eftir stofnun sérstaks búsetufélags skal stjórn húsnæðissamvinnufélagsins verða við því.

Búsetufélag hefur aðskilinn fjárhag og setur sér við stofnun samþykktir um réttindi, fjármál og ábyrgð, bæði gagnvart félagsmönnum þess og gagnvart húsnæðissamvinnufélaginu. Þessar samþykktir þarf húsnæðissamvinnufélagið og félagsmálaráðuneytið að staðfesta. Félagsmálaráðuneytið setur reglur um form fyrir samþykktir búsetufélaga.

i. (132. gr.)

Búsetufélag ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi mannvirkja og innheimtir öll gjöld hjá félagsmönnum sínum vegna rekstrarkostnaðar, viðhalds og fjármagnskostnaðar. Þessir gjaldaliðir eru sameinaðir í eitt gjald, búsetugjald.

Fjárhæð búsetugjalds hverju sinni ákveður stjórn búsetufélagsins á grundvelli áætlunar um þá gjaldaliði sem nefndir eru í 1. mgr. Ákvörðun um fjárhæð búsetugjalds getur hver félagsmaður skotið til úrskurðar stjórnar húsnæðissamvinnufélags.

Búsetufélag ábyrgist full skil til húsnæðissamvinnufélags á fjármagnskostnaði af íbúðum þar sem húsnæðissamvinnufélagið er eigandi þeirra.

j. (133. gr.)

Stjórn húsnæðissamvinnufélags getur, án samþykkis búsetufélags, veðsett íbúðir fyrir lánum úr Byggingarsjóði verkamanna sem tekin eru til byggingar á þeim.

Óheimilt er að veðsetja íbúðirnar fyrr en áhvílandi lán úr Byggingarsjóði verkamanna eru orðin lægri en 75% af uppfærðu verði þeirra, sbr. 87. gr.

Stjórn búsetufélags þarf að samþykkja veðsetningar vegna lána, sem tekin kunna að verða síðar, til endurbóta og viðhalds á fasteignum. Með reglugerð má takmarka þær veðsetningarheimildir.

k. (134. gr.)

Hver sá, sem hefur fengið keyptan búseturétt, skal gera búsetusamning við húsnæðissamvinnufélagið sem hann er félagsmaður í. Samningurinn er óuppsegjanlegur af hálfu húsnæðissamvinnufélagsins nema búseti geri sig sekan um grófar vanefndir á skyldum sínum, svo sem vegna áberandi vanhirðu eða endurtekinna vanskila. Uppsagnarfrestur af hálfu búseta er hins vegar sex mánuðir. Áður en sá tími er liðinn þarf að liggja fyrir nýr búsetusamningur við þann félagsmann sem næstur er í röðinni um endurúthlutun. Sé enginn slíkur félagsmaður hefur seljandi búseturéttar heimild til að benda á nýjan félagsmann sem fullnægir skilyrðum laganna. Takist hvorugt innan sex mánaða er húsnæðissamvinnufélaginu heimilt að endurgreiða seljanda andvirði búseturéttar á næstu sex mánuðum frá lokum uppsagnarfrests.

Búsetusamningur skal vera í samræmi við lög þessi og reglugerðir sem settar eru með heimild í þeim. Hann skal einnig samrýmast samþykktum búsetufélags sem félagsmaðurinn er í og húsnæðissamvinnufélagsins. Félagsmálaráðuneytið skal láta gera sérstök eyðublöð fyrir búsetusamninga.

Í búsetusamningi skal kveðið á um uppsögn og riftun, afhendingu íbúðar, viðhald og viðhaldssjóð, greiðslu rekstrarkostnaðar og fjármagnskostnaðar, umgengnisreglur og réttindi, tryggingu fyrir greiðslum, framleigu, ráðstöfun búseturéttar við andlát, hjúskaparslit o.fl. Í búsetusamningi skulu einnig vera ákvæði um úttekt og mat á íbúðinni.

l. (135. gr.)

Ekki er heimilt að framleigja íbúð með búseturétti nema með samþykki stjórnar húsnæðissamvinnufélags. Óski búseti eftir því að íbúðin verði framleigð öðrum skal stjórn húsnæðissamvinnufélags gefa svar innan 30 daga. Framleiga er ekki heimil nema búseti hafi brýna þörf fyrir það, svo sem vegna tímabundins starfs eða náms annars staðar. Leigutími skal þá vera í mesta lagi eitt ár í einu. Leigusamningur, sem eigi er áritaður af húsnæðissamvinnufélagi, er ógildur. Nú verður leigutaki fyrir tjóni sökum ógilds leigusamnings og er þá leigusali bótaskyldur.

Húsnæðissamvinnufélag getur rift leigusamningi sem er ógildur samkvæmt ákvæðum 1. mgr. og krafist útburðar leigutaka.

m. (136. gr.)

Félagsmenn í búsetufélagi skulu leggja reglulega fé í viðhaldssjóð sem aðalfundur ákveður gjöld til hverju sinni. Framlag í viðhaldssjóð er hluti búsetugjalds skv. 132. gr.

Með viðhaldssjóði skal standa straum af viðhaldi fasteignar utanhúss, sem félagið annast, og viðhaldi íbúða sem búseti hverrar íbúðar annast og ber ábyrgð á. Félagsmaður fær fé úr viðhaldssjóðnum til viðhalds íbúðar sinnar samkvæmt nánari reglum þar um sem aðalfundur félagsins setur.

n. (137. gr.)

Húsnæðissamvinnufélagi skal aflað fjár sem hér segir:

a. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins sem ákveðið skal á aðalfundi samkvæmt samþykktum þess. Sjóði þessum skal varið til að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar, þar með talinn kostnaður af auknum rekstri meðan á undirbúningi byggingarframkvæmda og uppgjöri þeirra stendur, telst ekki rekstrarkostnaður í þessu sambandi.

b. Með lánum skv. 66. gr. þessara laga, sbr. 68. gr. varðandi lánskjör. Íbúðum, sem húsnæðissamvinnufélögum er veitt lán til samkvæmt þessum staflið, skal skila fullgerðum til félagsmanna.
c. Með varasjóðstillagi af byggingarkostnaði hverrar íbúðar er svarar til greiðslu í Tryggingasjóð, sbr. 97. gr. Í varasjóð skal einnig greiða árlegt fjárframlag af óskiptum tekjum félagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar.
d. Með inntökugjöldum félagsmanna sem leggjast í stofnsjóð félagsins, sbr. 126. gr. Stjórn félagsins getur ákveðið að framlög félagsmanna, eða hluti framlaga þeirra, til kaupa á búseturétti renni í stofnsjóð sem séreign hvers félagsmanns. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna skulu geymdar á reikningi hjá viðurkenndri innlánsstofnun. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanns endurgreiðast að viðbættum vöxtum og verðbótum þegar búseturéttargjald er greitt. Stofnsjóðsinnstæður, sem ekki hafa verið endurgreiddar, falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot og við úrsögn úr félaginu eða brottflutning af félagssvæðinu enda hafi félagsmaður fullnægt öllum skuldbindingum við félagið.

o. (138. gr.)

Þegar húsnæðissamvinnufélag sækir um lán úr Byggingarsjóði verkamanna skal koma fram fjöldi, gerð og stærð fyrirhugaðra íbúða, framkvæmdartími, áætlaður byggingarkostnaður og annað það sem nauðsynlegt er til þess að Húsnæðisstofnun ríkisins geti tekið afstöðu til lánveitinga til framkvæmdanna. Einnig skal fylgja greinargerð um útvegun nauðsynlegs viðbótarfjár samkvæmt reglum um tryggingar sem húsnæðismálastjórn setur, sbr. 2. mgr. 74. gr.

p. (139. gr.)

Að lokinni athugun tekur húsnæðismálastjórn ákvörðun um hvort framkvæmdin falli undir 52. gr. þessara laga og skal sérstaklega hugað að hagkvæmni íbúða og leiðum til að tryggja sem lægst íbúðarverð, sbr. 75. gr.

Heimilt er Húsnæðisstofnun ríkisins að gera framkvæmdarlánssamning við húsnæðissamvinnufélög, sbr. 74. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal hafa eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum húsnæðissamvinnufélaga og hafa aðgang að bókhald þeirra. Skylt er húsnæðissamvinnufélögum að senda Húsnæðisstofnuninni ársreikninga sína.

q. (140. gr.)

Húsnæðissamvinnufélögum er heimilt að sækja um lán úr Byggingarsjóði verkamanna til kaupa á húsnæði sem síðan er ráðstafað með búseturétti skv. 92. gr. þessara laga. Húsnæðið þarf að fullnægja þeim almennu kröfum sem gerðar eru um íbúðarhúsnæði og kaupverð má eigi vera hærra en nemur byggingarkostnaði nýrrar íbúðar að frádregnum afskriftum.

Lánshlutfall má nema allt að 90% af byggingarkostnaði eða kaupverði, þó aldrei hærra en 90% af þeim kostnaðargrundvelli fyrir lánveitingu sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt, sbr. 68. gr.

Óheimilt er húsnæðissamvinnufélögum að selja íbúðir með búseturétti sem byggðar eru samkvæmt lögum þessum meðan á þeim hvíla lán úr Byggingarsjóði verkamanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 1035. Breytingartillaga [326. mál]

við frv. til l. um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Frá Guðmundi H. Garðarssyni.

34. gr. falli brott.

Sþ. 1036. Frumvarp til fjáraukalaga [475. mál]

fyrir árið 1990, sbr. lög nr. 72/1990 og lög nr. 105/1990.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

1. gr.

Samkvæmt niðurstöðum greiðsluppgjörs ríkissjóðs 1990 verða eftirtaldar breytingar á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1990 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1990, sbr. lög nr. 72/1990 og lög nr. 105/1990:

Rekstrarreikningur

	Þús. kr.	Þús. kr.
Tekjur		-121 769
Gjöld		-797 166
Gjöld umfram tekjur		**-675 397**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		12 000
Veitt lán	99 000	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum	-87 000	
Hluta- og stofnfjárframlög		-57 000
Viðskiptareikningar		1 519 000
Útstreymi umfram innstreymi	1 519 000	
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**798 603**
Afborganir af teknum lánum		-151 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**647 603**
Lántökur		1 353 000
Innlend verðbréfaútgáfa	287 000	
Erlend verðbréfaútgáfa	1 066 000	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		705 397

2. gr.

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1990, sbr. 2. gr. laga nr. 72/1990 og 2. gr. laga nr. 105/1990, sbr. sundurliðun í 3. gr.:

	Þús. kr.	Þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	13 148	
01 Forsætisráðuneyti	-5 550	
02 Menntamálaráðuneyti	53 692	
03 Utanríkisráðuneyti	-70 565	
04 Landbúnaðarráðuneyti	-9 489	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	5 277	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	3 639	
07 Félagsmálaráðuneyti	-47 756	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	-131 793	
09 Fjármálaráðuneyti	-4 710	
10 Samgönguráðuneyti	24 980	
11 Iðnaðarráðuneyti	-96 967	
12 Viðskiptaráðuneyti	3 960	
13 Hagstofa Íslands	-2 925	
14 Umhverfisráðuneyti	4 588	
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	-536 695	
Samtals öll ráðuneyti		-797 166

3. gr.

Sundurliðun gjalda samkvæmt 2. gr. á stofnanir er þessi:

	Þús. kr.	Þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins		
101 Embætti forseta Íslands	3 358	
201 Alþingi	4 871	
301 Ríkisstjórn	147	
401 Hæstiréttur	4 192	
510 Bessastaðir	1 724	
520 Opinberar heimsóknir	3 972	
Óhafnar fjárveitingar	-5 116	
Samtals ráðuneyti		13 148
01 Forsætisráðuneyti		
Óhafnar fjárveitingar	-5 550	
Samtals ráðuneyti		-5 550

		Þús. kr.	Þús. kr.
02	**Menntamálaráðuneyti**		
201	Háskóli Íslands	2 010	
202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	20 552	
203	Raunvísindastofnun Háskólans	5 817	
208	Örnefnastofnun	83	
221	Kennaraháskóli Íslands	7 486	
222	Æfingaskóli Kennaraháskóla Íslands	3 481	
223	Rannsóknastofnun uppeldismála	204	
231	Náttúrufræðistofnun Íslands	938	
232	Rannsóknaráð ríkisins	494	
276	Byggingasjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	20	
301	Menntaskólinn í Reykjavík	2 237	
302	Menntaskólinn á Akureyri	1 205	
303	Menntaskólinn á Laugarvatni	560	
304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	12 154	
306	Menntaskólinn á Ísafirði	15	
307	Menntaskólinn á Egilsstöðum	685	
309	Kvennaskólinn í Reykjavík	92	
350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	45 580	
351	Fjölbrautaskólinn í Ármúla	3 874	
352	Flensborgarskóli, fjölbraut	2 354	
353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	1 200	
354	Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi	4 145	
356	Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki	1 850	
357	Fjölbrautaskóli Suðurlands	17	
360	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	7 600	
362	Framhaldsskólinn á Húsavík	2 529	
422	Námsgagnastofnun	668	
431	Iðnfræðsluráð	104	
506	Vélskóli Íslands	65	
507	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	1 524	
515	Iðnnám, almennt	57	
516	Iðnskólinn í Hafnarfirði	665	
523	Fósturskóli Íslands	2 020	
561	Myndlista- og handíðaskóli Íslands	99	
571	Sjómannaskólahúsið	4 199	
602	Héraðsskólinn Núpi	30	
603	Héraðsskólinn Reykjanesi	7	
604	Héraðsskólinn Reykjum	753	
605	Alþýðuskólinn Eiðum	28	
621	Skálholtsskóli	201	
700	Grunnskólar, Reykjavík	1 154	
701	Grunnskólar, Reykjanesi	306	
703	Grunnskólar, Vesturlandi	109	
705	Grunnskólar, Norðurlandi vestra	2 923	
706	Grunnskólar, Norðurlandi eystra	860	
708	Grunnskólar, Suðurlandi	105	

	Þús. kr.	Þús. kr.
711 Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis	136	
713 Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis	489	
715 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	744	
716 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra	141	
752 Öskjuhlíðarskóli	765	
753 Þjálfunarskóli ríkisins, Bjarkarási	419	
754 Þjálfunarskóli ríkisins, Safamýri	996	
761 Sameiginleg þjónusta fyrir þroskahefta	4 124	
766 Sérdeild fyrir einhverf börn	1 425	
804 Kvikmyndaeftirlit ríkisins	397	
806 Barnaverndarráð	736	
870 Meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur	14 092	
872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	3 221	
883 Lektorar í íslensku við erlenda háskóla	33	
901 Landsbókasafn Íslands	314	
902 Þjóðminjasafn Íslands	10 274	
904 Safnahúsið við Hverfisgötu	1 429	
906 Listasafn Einars Jónssonar	983	
908 Kvikmyndasafn Íslands	928	
931 Náttúruverndarráð	6 656	
973 Þjóðleikhús	8 239	
974 Sinfóníuhljómsveit Íslands	1 640	
975 Vísindasjóður	277	
976 Menningarsjóður, framlag	465	
978 Endurbótasjóður menningarstofnana	420	
982 Listir, framlög	1 319	
999 Ýmislegt	101	
Óhafnar fjárveitingar	-150 130	
Samtals ráðuneyti		53 692
03 Utanríkisráðuneyti		
101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	2 471	
301 Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	8 650	
302 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	1 677	
303 Sendiráð Íslands í London	1 127	
305 Sendiráð Íslands í Osló	207	
310 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	2 558	
311 Fastanefnd Íslands hjá Norðuratlantshafs-bandalaginu	1 375	
312 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	1 545	
313 Sendiráð, óskipt	1 122	
401 Alþjóðastofnanir	1 711	
Óhafnar fjárveitingar	-93 008	
Samtals ráðuneyti		-70 565

		Þús. kr.	Þús. kr.
04	**Landbúnaðarráðuneyti**		
101	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	453	
171	Jarðeignir ríkisins, framlög	267	
205	Veiðistjóri	982	
206	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	186	
231	Skógrækt ríkisins	6 532	
232	Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins	981	
235	Landgræðsla ríkisins	1 073	
242	Mat á landbúnaðarafurðum	17	
243	Sauðfjárveikivarnir	550	
246	Veiðimálastofnun	7 272	
247	Yfirdýralæknir	2 490	
272	Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey	879	
290	Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	6 772	
299	Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi	815	
501	Bændaskólinn á Hvanneyri	2 449	
	Óhafnar fjárveitingar	-41 207	
	Samtals ráðuneyti		-9 489
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**		
101	Sjávarútvegráðuneyti, aðalskrifstofa	1 955	
202	Hafrannsóknastofnun	2 653	
216	Ríkismat sjávarafurða	2 992	
299	Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi	116	
901	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	201	
	Óhafnar fjárveitingar	-2 640	
	Samtals ráðuneyti		5 277
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**		
102	Stjórnartíðindi	171	
203	Borgardómarinn í Reykjavík	2 410	
204	Borgarfógetinn í Reykjavík	9 718	
205	Sakadómur Reykjavíkur	696	
212	Bæjarfógeti Akranesi	931	
214	Sýslumaður Stykkishólmi	239	
215	Sýslumaður Búðardal	10	
216	Sýslumaður Patreksfirði	23	
217	Bæjarfógeti Bolungarvík	76	
218	Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði	139	
219	Sýslumaður Hólmavík	39	
221	Sýslumaður Blönduósi	1 916	
222	Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki	103	
223	Bæjarfógeti Siglufirði	421	
225	Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri	26	
226	Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík	1 022	
230	Sýslumaður Höfn í Hornafirði	66	

	Þús. kr.	Þús. kr.
232 Sýslumaður Hvolsvelli	38	
233 Bæjarfógeti Vestmannaeyjum	1 648	
234 Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi	1 012	
235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík	1 990	
236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði	3 879	
237 Bæjarfógeti Kópavogi	1 729	
238 Dómsstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum	111	
239 Fangelsismálastofnun	186	
242 Vinnuhælið Litla-Hrauni	42	
243 Vinnuhælið Kvíabryggju	31	
251 Landhelgisgæsla Íslands	8 050	
253 Almannavarnir ríkisins	204	
262 Löggildingarstofan	7 101	
282 Ýmis löggæslukostnaður	51	
302 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	640	
304 Ýmis kirkjuleg málefni	1 295	
Óhafnar fjárveitingar	-42 374	
Samtals ráðuneyti		3 639
07 Félagsmálaráðuneyti		
301 Skipulagsstjóri ríkisins	8 184	
701 Málefni fatlaðra, Reykjavík	1 817	
702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi	936	
706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	2 867	
707 Málefni fatlaðra, Austurlandi	680	
708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi	1 148	
720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	570	
722 Sólheimar, Grímsnesi	610	
750 Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins	1 115	
954 Vinnueftirlit ríkisins	143	
Óhafnar fjárveitingar	-65 826	
Samtals ráðuneyti		-47 756
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti		
273 Atvinnuleysistryggingasjóður	40	
301 Landlæknir	772	
324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	429	
371 Ríkisspítalar	54	
372 Borgarspítalinn	1 511	
394 Lyfjaverðlagsnefnd	279	
396 Lyfjanefnd	6 294	
397 Eiturefnanefnd	692	
398 Daggjaldanefnd	90	
502 Þroskaþjálfaskóli Íslands	1 050	
505 Lyfjatæknaskóli Íslands	1 797	

	Þús. kr.	Þús. kr.
510 Heilsugæslustöðvar í Reykjavík	1 176	
533 Heilsugæslustöð Þingeyri	98	
621 Bindindisstarfsemi	148	
Óhafnar fjárveitingar	-146 223	
Samtals ráðuneyti		-131 793
09 Fjármálaráðuneyti		
102 Launaskrifstofa ríkisins	224	
103 Ríkisbókhald	247	
206 Skattstofa Norðurlands eystra	40	
209 Skattstofa Vestmannaeyja	18	
250 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður	11 003	
251 Gjaldheimtan í Reykjavík	20 141	
259 Gjaldheimta Suðurnesja	6 990	
381 Uppbætur á lífeyri	6 180	
901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	5 507	
981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	123 846	
989 Launa- og verðlagsmál	7 691	
996 Kjaradómur og kjaranefnd	776	
Óhafnar fjárveitingar	-187 028	
Samtals ráðuneyti		-4 710
10 Samgönguráðuneyti		
101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	1 775	
321 Strandferðir, framlög	413	
322 Flóabátar og vöruflutningar	816	
331 Vita- og hafnamálaskrifstofan	7 011	
333 Hafnamál	9 729	
341 Siglingamálastofnun ríkisins	118	
471 Flugmálastjórn	412	
485 Ýmis framlög	3 126	
487 Arnarflug hf., aðstoð	3 639	
652 Veðurstofa Íslands	866	
656 Landmælingar Íslands	507	
Óhafnar fjárveitingar	-3 432	
Samtals ráðuneyti		24 980
11 Iðnaðarráðuneyti		
203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	296	
209 Sjóefnavinnslan hf.	2 065	
289 Jöfnunargjald	1 495	
298 Kostnaður vegna samninga um nýtt álver	4 263	
301 Orkustofnun	4 076	
Óhafnar fjárveitingar	-109 162	
Samtals ráðuneyti		-96 967

		Þús. kr.	Þús. kr.
12	**Viðskiptaráðuneyti**		
201	Niðurgreiðslur á vöruverði	10 722	
903	Skráning hlutafélaga	7 308	
	Óhafnar fjárveitingar	-14 070	
	Samtals ráðuneyti		3 960
13	**Hagstofa Íslands**		
102	Þjóðskráin	335	
	Óhafnar fjárveitingar	-3 260	
	Samtals ráðuneyti		-2 925
14	**Umhverfisráðuneyti**		
101	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	4 588	
	Samtals ráðuneyti		4 588
15	**Fjárlaga- og hagsýslustofnun**		
	Óhafnar fjárveitingar	-536 695	
	Samtals ráðuneyti		-536 695

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Með frumvarpi þessu eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöðutölur um greiðslur úr ríkissjóði á árinu 1990 umfram þær heimildir sem veittar hafa verið af Alþingi í fjárlögum 1990, lögum nr. 72/1990 og nr. 105/1990, fjáraukalögum fyrir árið 1990.

Frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1990, sem lagt var fyrir Alþingi 1. nóv. sl., fylgdi ítarleg greinargerð um framvindu ríkisfjármála á árinu 1990, og þær heimildir sem óskað var samþykktar á umfram heimildir fjárlaga og fjáraukalaga sem samþykkt voru á Alþingi 5. maí 1990. Þá liggur fyrir Alþingi ítarleg skýrsla um ríkisfjármál 1990 þar sem afkoma ríkissjóðs er skýrð í samanburði við áform fjárlaga og útkomu ársins 1989.

Alþingi hefur þannig breytt greiðsluheimildum fjárlaga tvívegis á árinu 1990, sbr. eftirfarandi yfirlit:

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1990 m.kr.	Fjár-aukalög 72/1990 m.kr.	Fjár-aukalög 105/1990 m.kr.	Heimildir alls 1990 m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.	Mismunur m.kr.
Tekjur	91 545	-2 600	3 630	92 575	92 453	-122
Gjöld	95 232	-1 753	4 217	97 696	96 899	-797
Tekjur umfram gjöld	**-3 687**	**-847**	**-587**	**-5 121**	**-4 446**	**-675**
Lánahreyfingar, útstreymi	7 290	-	300	7 590	8 913	1 323
Lánsfjárþörf, brúttó	**10 977**	**847**	**887**	**12 711**	**13 359**	**648**
Lántökur alls	10 995	850	875	12 720	14 073	1 353
Greiðslujöfnuður	18	3	-12	9	714	705

Heildarheimildir til útgjalda nema þannig 797 m.kr. umfram endanlegar útgreiðslur. Heimilda til lántöku, umfram það sem áætlað var í seinni fjáraukalögum, var aflað með lögum nr. 125/1990, um breyting á lánsfjárlögum fyrir árið 1990. Samkvæmt því eru nægar lántökuheimildir til þess að mæta lánsfjárþörf ársins.

Í athugasemdum hér á eftir er fyrst gerð grein fyrir nokkrum lykilatriðum í efnahagsmálum ársins 1990 og afkomu ríkissjóðs og frávikum frá áætlun. Síðan er gerð grein fyrir fjárheimildum einstakra ráðuneyta og stofnana.

Efnahagsaðstæður voru frekar óvissar þegar fjárlög fyrir árið 1990 voru afgreidd frá Alþingi í desember 1989. Ekki var búist við miklum umskiptum á árinu 1990 heldur hægfara bata. Þannig var áfram gert ráð fyrir minnkandi afla og samdrætti í framleiðslu sjávarafurða þriðja árið í röð. Atvinnuleysi var talið geta aukist fremur en minnkað á árinu. Mesta óvissan var þó um verðlags- og launaþróun á árinu þar sem kjarasamningar flestra launþega voru lausir um áramótin 1989/1990. Gengið var út frá áætlun um rúm-

lega 16% meðalhækkun verðlags milli ára og 11% hækkun launa. Í þessu fólst um það bil 5% kaupmáttarrýrnun milli áranna 1989 og 1990. Því var reiknað með að þjóðarútgjöldin minnkuðu um 1½% að raungildi og að landsframleiðslan drægist saman um rúmlega 1% milli áranna.

Bráðabirgðatölur benda til þess að þróun efnahagsmála hafi orðið nokkuð önnur en spár fyrr á árinu gerðu ráð fyrir. Þar skiptir mestu máli veruleg aukning innflutnings, einkum á síðari hluta ársins. Það kom fram í meiri aukningu þjóðarútgjalda en áður var búist við, enda er nú talið að þau hafi aukist í stað þess að dragast saman samkvæmt fyrri spám. Neikvæða hliðin á þessari þróun er að viðskiptahallinn varð meiri eða rétt innan við 3% af landsframleiðslu samkvæmt síðustu áætlunum. Á hinn bóginn urðu tekjur ríkissjóðs af veltusköttum meiri en spáð hafði verið fyrr á árinu og er það skýrt hér að neðan.

Í fjárlögum 1990, sem samþykkt voru á Alþingi í desember 1989, var gert ráð fyrir að halli á rekstri ríkissjóðs yrði um 3,7 milljarðar króna. Kjarasamningar, sem gerðir voru á almennum vinnumarkaði í febrúar 1990, breyttu launa- og verðlagsforsendum fjárlaga um 2% til lækkunar. Breyttar forsendur kölluðu óhjákvæmilega á endurskoðun á tekju- og útgjaldaliðum fjárlaga. Sú endurskoðun var staðfest með samþykkt fjáraukalaga í maímánuði. Við það lækkuðu áætlaðar tekjur ríkissjóðs um 2,6 milljarða króna og gjöldin um 1,8 milljarða. Áætlaður halli á rekstri ríkissjóðs hækkaði þar með um 0,8 milljarða króna eða í 4,5 milljarða. Sérstakar aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að greiða fyrir kjarasamningum urðu til þess að gjöldin lækkuðu minna en tekjur.

Samhliða frumvarpi til fjárlaga 1991 var lagt fram öðru sinni frumvarp til fjáraukalaga. Þau lög voru samþykkt í byrjun desember sl. og hækkuðu útgjaldaheimildir um 4,2 milljarða króna eða í 97,7 milljarða króna. Á þeim tíma voru tekjur ríkissjóðs áætlaðar um 92,6 milljarðar króna þannig að rekstrarhalli ríkissjóðs stefndi í 5,1 milljarð króna.

Nú liggur fyrir endanlegt greiðsluuppgjör vegna A-hluta ríkissjóðs fyrir árið 1990. Eins og sést á eftirfarandi yfirliti, námu innheimtar tekjur ríkissjóðs 92,5 milljörðum króna og útgjöld námu 96,9 milljörðum króna eða 0,8 milljörðum króna undir útgjaldaheimildum fjárlaga. Afkoma ríkissjóðs varð þannig nokkru betri en gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjáraukalaga í desember sl. eða sem nemur 0,7 milljörðum króna og nam rekstrarhallinn rúmlega 4,4 milljörðum króna sem svarar til 1,3% af landsframleiðslu.

Í umfjöllun, sem hér fer á eftir, er með fjárlögum 1990 átt við fjárlög eins og þau voru samþykkt í maí 1990 í kjölfar kjarasamninganna frá í febrúar þar sem þau fólu í sér stefnuna í ríkisfjármálum eftir að launaforsendur lágu fyrir.

Tekjur.

Ef fyrst er litið á þróun tekjuöflunar ríkissjóðs kemur í ljós eins og sést á meðfylgjandi yfirliti að innheimtar tekjur ríkissjóðs 1990 urðu um 3,5 milljörðum króna hærri en fjárlög frá í maí sl. gerðu ráð fyrir. Frávik frá áætlun laga nr. 105/1990, fjáraukalaga fyrir árið 1990 sem lögð var fram í nóvember 1990, eru hins vegar lítil eða 122 m.kr.

Yfirlit yfir innheimtar tekjur ríkissjóðs 1990.

Greiðslugrunnur	Fjárlög maí 1990 m.kr.	Áætlun nóv.1990 m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.	Mismunur m.kr.
Beinir skattar	**16 026**	**17 445**	**17 690**	**245**
Óbeinir skattar	**67 041**	**68 822**	**68 448**	**-374**
Gjöld af innflutningi	7 163	7 747	8 354	607
Söluskattur	37 750	38 350	37 086	-1 264
Aðrir óbeinir skattar	22 128	22 725	23 008	283
Aðrar tekjur	**5 878**	**6 308**	**6 315**	**7**
Samtals	**88 945**	**92 575**	**92 453**	**-122**

Að teknu tilliti til verðlagsbreytinga jukust innheimtar tekjur ríkissjóðs um tæp 4% frá fjárlögum. Þannig urðu tekjur af tekjuskatti, bæði einstaklinga og fyrirtækja, mun meiri en reiknað var með og svipuðu máli gegnir um innheimtu innflutningsgjalda og launaskatta. Á móti komu minni tekjur af virðisaukaskatti. Þá urðu vaxtatekjur meiri en gert hafði verið ráð fyrir við gerð fjárlagaáætlunar. Nánari umfjöllun um innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1990 er að finna í skýrslu um ríkisfjármál 1990 sem nú liggur fyrir á Alþingi.

Gjöld.

Nokkrar breytingar urðu á gjaldahlið frá því sem áætlað var í fjárlögum sem afgreidd voru í desember 1989. Fjáraukalög, sem samþykkt voru á Alþingi 5. maí sl. í kjölfar kjarasamninganna í febrúar, höfðu áhrif á útgjöld með tvennum hætti. Annars vegar lækkuðu útgjöld um rúma tvo milljarða króna vegna breyttra launa- og verðlagsforsendna. Hins vegar var ákveðið að hækka útgjöld um nálægt 1.200 m.kr. til að greiða fyrir kjarasamningum. Þar vó þyngst 800 m.kr. hækkun á framlagi til niðurgreiðslna sem átti að mæta hækkun á smásöluverði hefðbundinna búvara fram til 1. des. 1990. Jafnframt var fallið frá fyrirhugaðri þrengingu bótaréttar vegna gjaldþrota sem hækkuðu áætluð útgjöld um 100 m.kr. og framlag til lífeyristrygginga var hækkað um 110 m.kr. Í meðförum fjárveitinganefndar Alþingis hækkuðu framlög til Ríkisspítala um 147 m.kr. Til að hamla gegn óæskilegum áhrifum aukins ríkissjóðshalla á efnahagslífið var samtímis ákveðið að lækka útgjöld, einkum til fjárfestingar, um 915 m.kr.

Seinni fjáraukalögin, sem lögð voru fram snemma á haustþingi, voru samþykkt í byrjun desember. Lögin hækkuðu útgjaldaheimildir fjárlaga um 4,2 milljarða króna eða samtals í 97,7 milljarða króna. Helstu tilefni til hækkunar skýrast af nokkrum stórum liðum. Tryggingabætur hækkuðu um 1.260 m.kr., endurmat á áhrifum verkaskiptalaga ríkis og sveitarfélaga leiddi til 280 m.kr. aukningar útgjalda, Endurbótasjóður menningarstofnana fékk 300 m.kr. framlag í stað lánveitingar sem áður var áformuð, ýmsar álykt-

anir Alþingis leiddu til 320 m.kr. viðbótarútgjalda og framlag til að ljúka uppgjöri endurgreiðslu söluskatts nam 200 m.kr. Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld ríkissjóðs 1990 samanborið við fjárlög og lög nr. 105/1990.

Yfirlit yfir gjöld ríkissjóðs 1990.

Greiðslugrunnur	Fjárlög maí 1990 m.kr.	Heimildir alls 1990 m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.	Mismunur m.kr.
Launa- og rekstrargjöld, nettó	**35 920**	**37 232**	**37 307**	**75**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	**37 810**	**39 912**	**39 630**	**-282**
Lífeyristryggingar	12 459	12 559	12 640	81
Sjúkratryggingar	8 931	10 031	9 756	-275
Atvinnuleysistryggingar	1 031	1 031	1 031	-
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2 171	2 171	2 174	3
Endurgreiðslur til atvinnuvega	25	250	300	50
Niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum	5 831	5 831	5 740	-91
Útflutningsuppbætur	1 344	1 415	1 421	6
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1 207	1 207	1 207	-
Uppbætur á lífeyri	536	666	672	6
Annað	4 275	4 751	4 689	-62
Vaxtagjöld	**9 125**	**8 800**	**8 274**	**-526**
Viðhald	**2 157**	**2 339**	**2 362**	**23**
Fjárfesting	**8 467**	**9 413**	**9 326**	**-87**
Samtals	**93 479**	**97 696**	**96 899**	**-797**

Eins og sést á yfirlitinu urðu endanlegar greiðslur ríkissjóðs 797 m.kr. lægri en heimildir segja. Helstu frávik skýrast af lægri vaxtagjöldum og lægri greiðslum á rekstrartilfærslum. Rekstrargjöld stofnana ríkisins í heild urðu því sem næst í samræmi við heimildir og hið sama gildir um viðhald og fjárfestingu.

Í 3. gr. frumvarpsins kemur fram að umframgreiðslur vegna einstakra stofnana námu alls 609 m.kr. en á móti vega óhafnar fjárveitingar vegna annarra fjárlagaliða, samtals 1.406 m.kr. Af þessari fjárhæð hefur fjármálaráðherra fallist á geymslu á rúmlega 295 m.kr., einkum vegna óhafinna fjárveitinga til viðhalds- og stofnkostnaðarverkefna. Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld umfram heimildir, óhafnar fjárveitingar og geymdar fjárveitingar, skipt eftir ráðuneytum.

Yfirlit yfir umframgjöld, óhafnar fjárveitingar og geymdar fjárveitingar 1990.

	Gjöld umfram fjárlög og fjáraukalög 1990 Þús. kr.	Óhafnar fjárveitingar Þús. kr.	Geymdar fjárveitingar Þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	18 264	5 116	-
01 Forsætisráðuneyti	-	5 550	10 108
02 Menntamálaráðuneyti	203 822	150 130	72 451
03 Utanríkisráðuneyti	22 443	93 008	91 536
04 Landbúnaðarráðuneyti	31 718	41 207	-
05 Sjávarútvegsráðuneyti	7 917	2 640	-
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	46 013	42 374	54 117
07 Félagsmálaráðuneyti	18 070	65 826	14 328
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	14 430	146 223	23 540
09 Fjármálaráðuneyti	182 318	187 028	22 651
10 Samgönguráðuneyti	28 412	3 432	-
11 Iðnaðarráðuneyti	12 195	109 162	5 100
12 Viðskiptaráðuneyti	18 030	14 070	-
13 Hagstofa Íslands	335	3 260	-
14 Umhverfisráðuneyti	4 588	-	-
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	-	536 695	1 645
Samtals	**608 555**	**1 405 721**	**295 476**

Með tilliti til þess að greiðsluheimildum stofnana hefur verið breytt tvívegis á árinu 1990 hefur umframfjárþörf einstakra stofnana nú verið skoðuð sérstaklega. Þar sem viðhlítandi skýringar liggja ekki fyrir er lagt til að stofnanir beri umframgreiðslur ársins 1990 að hluta af fjárveitingu ársins 1991. Með þessum hætti er miðað við að 21,3 m.kr. færist milli áranna 1990 og 1991. Því þarf fyrir afgreiðslu þessa frumvarps að endurskoða greiðsluheimildir til einstakra stofnana sem þessu nemur. Frádrátturinn tekur til eftirtalinna stofnana:

	Þús. kr.
Menntamálaráðuneyti	**6 300**
02-201 Háskóli Íslands	2 000
02-203 Raunvísindastofnun Háskólans	2 000
02-232 Rannsóknaráð ríkisins	300
02-931 Náttúruverndarráð	2 000
Landbúnaðarráðuneyti	**4 000**
04-231 Skógrækt ríkisins	2 000
04-235 Landgræðsla ríkisins	
04-501 Bændaskólinn á Hvanneyri	1 000
Sjávarútvegsráðuneyti	**1 000**
05-202 Hafrannsóknastofnun	1 000
Dómsmálaráðuneyti	**1 500**
06-236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði	1 500
Félagsmálaráðuneyti	**2 500**
07-706 Máleftii fatlaðra, Norðurlandi eystra	1 500
07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	1 000
Fjármálaráðuneyti	**2 000**
09-901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	2 000
Iðnaðarráðuneyti	**4 000**
11-301 Orkustofnun	4 000
Samtals fært yfir á árið 1991	**21 300**

02 Menntamálaráðuneyti.

Greiðslur ráðuneytisins urðu 53.692 þús. kr. umfram heimildir fjárlaga. Sótt er um 203.822 þús. kr. viðbótarheimildir en óhafnar fjárveitingar eru 150.130 þús. kr.

Greiðslur til háskóla- og vísindastofnana urðu 38.410 þús. kr. umfram heimildir eða 1,7% af heildarfjárveitingum. Þær stofnanir, sem einkum fara fram úr heimildum, eru eftirtaldar: Útgjöld Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum urðu alls 20.552 þús. kr. um-

fram heimildir. Stafar þetta að nokkru af því að tekjur skila sér ekki í samræmi við áætlanir. Kemur þar til samdráttur í sölu bóluefnis og að illa hefur tekist að innheimta þjónustugjöld vegna fiskeldisverkefna. Ákveðið hefur verið að taka rekstur stofnunarinnar til sérstakrar skoðunar á þessu ári. Þá fer Raunvísindastofnun 5.817 þús. kr. umfram heimildir fjárlaga. Árlegar fjárveitingar sýna ekki rétta mynd af umfangi stofnunarinnar þar sem sértekjur stofnunarinnar koma ekki fram nema að hluta í fjárlagaáætlun. Í fjárlögum 1990 voru sértekjur áætlaðar 30.500 þús. kr. en þær reyndust 73.000 þús.kr. Miðað er við að stofnunin beri 2.000 þús. kr. af umframgreiðslum 1990 af fjárveitingu ársins 1991. Greiðslur til Kennaraháskóla Íslands umfram heimildir námu 7.486 þús. kr. eða um 3,4%. Á árinu 1989 námu greiðslur umfram heimildir aftur á móti um 13% og því hefur orðið breyting til batnaðar í rekstri skólans. Greiðslur umfram heimildir 1990 skýrast annars vegar af því að lækkun á fjárveitingu til tækjakaupa náði ekki fram og hins vegar að launakostnaðar varð meiri en gert var ráð fyrir. Við gerð fjárlaga 1991 var tekið tillit til þessa.

Fjárheimildir til starfsemi framhalds- og héraðsskóla námu alls um 3.705 m.kr. en greiðslur á árinu urðu alls 3.718 m.kr., þ.e. 13 m.kr. umfram fjárheimildir. Frávik frá áætlun reyndust mismikil eftir skólum en fjórir skólar skera sig úr vegna meiri kennslukostnaðar en heimilað var í fjárlögum. Rekstur þessara skóla er nú til sérstakrar skoðunar á vegum menntamálaráðuneytisins.

Fjárlagaheimildir vegna grunnskóla og skóla fyrir fatlaða námu alls 4.601 m.kr. Kostnaður varð hins vegar 4.575 m.kr. eða 26 m.kr. lægri en heimildir fjárlaga.

Þá er þess að geta að kostnaður við stofnun meðferðarheimilis fyrir unga fíkniefnaneytendur nam 14.092 þús. kr. umfram fjárlagaáætlun. Útgjöldin eru eingöngu vegna endurbóta á húsnæði sem keypt var fyrir starfsemina að Móum á Kjalarnesi samkvæmt heimild í 6. gr. fjárlaga.

Útgjöld Þjóðminjasafnsins urðu alls 10.274 þús. kr. umfram heimildir fjárlaga. Til þessara útgjalda er stofnað vegna hærri launagreiðslna en fjárlög kváðu á um og vegna nauðsynlegra viðhaldsverkefna á safnhúsinu. Á árinu 1991 verður markvisst unnið að því að semja starfsemi safnsins að fjárheimildum. Kostnaður við starf Náttúruverndarráðs fór 6.656 þús. kr. umfram heimildir eða 15,6%. Starfsemi stofnunarinnar var meginhluta ársins á vegum umhverfisráðuneytisins og er nú unnið að endurskoðun á starfseminni og fjárhagsstöðu stofnunarinnar. Lagt er til að 2.000 þús. kr. af umframkostnaði ársins 1990 verði dreginn frá fjárveitingu ársins 1991. Loks nam kostnaður við rekstur Þjóðleikhússins 8.239 þús. kr. umfram heimildir. Er þetta vegna launakostnaðar sem ekki varð mætt með auknum sértekjum. Þrátt fyrir þennan umframkostnað hefur rekstur Þjóðleikhúss ekki verið nær heimildum fjárlaga um langt árabil.

03 Utanríkisráðuneyti.

Greiðslur ráðuneytisins á árinu urðu 70.565 þús. kr. lægri en heimildir fjárlaga. Sótt er um 22.443 þús. kr. viðbótarheimildir en óhafnar fjárveitingar eru 93.008 þús. kr. Rekstrarkostnaður aðalskrifstofu ráðuneytisins varð 2.473 þús. kr. umfram heimildir eða 0,7%. Til reksturs sendiráða er sótt um 18.261 þús. kr. en á móti vega óhafnar fjárveitingar að fjárhæð 13.758 þús. kr. Skýringu á umframgreiðslum má rekja til annarra gengisbreytinga en fjárlög gerðu ráð fyrir og mikilla umsvifa í starfi sendiráðanna í Vestur-Evrópu. Framlög til alþjóðastofnana urðu 1.711 þús. kr. umfram fjárlög sem einnig

skýrist af gengisbreytingum. Þá standa ónýttar greiðsluheimildir í árslok vegna framlags til aðstoðar við flóttafólk sem hart varð úti vegna Persaflóastríðsins. Reiknað er með að sú fjárhæð flytjist yfir áramót og komi til greiðslu í ár.

04 Landbúnaðarráðuneyti.

Greiðslur ráðuneytisins á árinu urðu 9.489 þús. kr. lægri en heimildir fjárlaga. Sótt er um 31.718 þús. kr. viðbótarheimildir en óhafnar fjárveitingar eru 41.207 þús. kr. Greiðslur til embættis veiðistjóra urðu 982 þús. kr. umfram heimildir sem skýrist af lögbundnum greiðslum til eyðingar minka og refa. Þá fór Skógrækt ríkisins 6.532 þús. kr. umfram heimildir. Sótt er um viðbótarheimildir að fjárhæð 4.532 þús. kr. en gert ráð fyrir að 2.000 þús. kr. verði dregnar af fjárveitingu ársins 1991. Ástæður umframgreiðslna má í aðalatriðum rekja til vanmats á kostnaði við flutning embættisins að Hallormsstað. Greiðslur Landgræðslu ríkisins urðu 1.073 þús. kr. umfram heimildir og er gert ráð fyrir að sú fjárhæð verði dregin af fjárveitingu ársins 1991. Rekstur Veiðimálastofnunar fór verulega umfram heimildir. Landbúnaðarráðuneyti og fjármálaráðuneyti standa nú sameiginlega að úttekt á rekstri og fjármálum stofnunarinnar. Til yfirdýralæknisembættisins er sótt um 2.490 þús. kr. viðbótarheimild. Ástæður þessa eru raktar til vanmats á launakostnaði vegna vaktagreiðslna, forfalla og námsleyfa. Rekstur bændaskólans á Hvanneyri varð 2.449 þús. kr. umfram fjárlög. Lagt er til að 1.000 þús. kr. verði dregnar af heimildum fjárlaga 1991 og því sótt um greiðsluheimild 1990 í samræmi við það.

05 Sjávarútvegsráðuneyti.

Greiðslur ráðuneytisins urðu 5.277 þús. kr. eða 0,5% umfram heildarfjárheimild ársins. Sótt er um viðbótarheimildir að fjárhæð 7.917 þús. kr. en óhafnar fjárveitingar eru 2.640 þús. kr. Aðalskrifstofa ráðuneytisins fór umfram heimildir sem nemur 1.955 þús. kr. sem skýrist af kostnaði vegna sérstaks vinnuhóps um sjávarútvegsmál sem settur var upp í sambandi við samningagerð milli EB og EFTA. Kostnaður vegna þessa féll að mestu á seinni hluta ársins og lá því ekki fyrir við gerð fjáraukalaga sl. haust. Hafrannsóknastofnun fór 2.653 þús. kr. fram úr heimildum eða 0,5% en miðað er við að stofnunin beri 1.000 þús. kr. af þeim halla af fjárveitingu ársins. Ríkismat sjávarafurða fór um 4,6% fram úr heimildum eða 2.992 þús. kr. sem skýrist af lægri sértekjum í kjölfar þess að ekki tókust síldarsölusamningar við Sovétmenn. Í fjárlögum fyrir árið 1991 er tekið tillit til þessarar lækkunar á sértekjum stofnunarinnar.

06 Dómsmálaráðuneyti.

Greiðslur ráðuneytisins á árinu urðu 3.639 þús. kr. umfram heimildir fjárlaga. Sótt er um 46.013 þús. kr. viðbótarheimildir en óhafnar fjárveitingar eru 42.374 þús. kr. Rekstur borgardómaraembættisins varð 2.410 þús. kr. umfram heimildir. Á árinu urðu óvenjumikil forföll starfsmanna vegna veikinda og af öðrum ástæðum. Til borgarfógetaembættisins er sótt um 9.718 þús. kr. viðbótarheimild. Skýringar er annars vegar að leita í sívaxandi fjölda mála sem koma til umfjöllunar hjá embættinu og hins vegar aukins húsnæðiskostnaður. Til reksturs embætta sýslumanna og bæjarfógeta er farið fram á 13.271 þús. kr. viðbótarfjárheimild. Nokkur embætti hafa tekið að sér innheimtu gjalda til sveit-

arfélaga. Þessu fylgir aukinn kostnaður sem ekki er að fullu áætlað fyrir í fjárlögum. Á móti koma tekjur sem teljast ekki sértekjur embættanna en renna í ríkissjóð. Í aðalatriðum hefur tekist að halda yfirvinnu embættanna innan marka fjárlaga. Þá veldur meiri vinna við innheimtu opinberra gjalda og aukinn málafjöldi meiri kostnaði en ráð var gert fyrir.

Útgjöld Landhelgisgæslunnar urðu 8.050 þús. kr. umfram heimildir. Skýringar eru fyrst og fremst raktar til óvæntra útgjalda vegna bilana í loftförum og skipum. Til Löggildingarstofunnar er sótt um 7.101 þús. kr. viðbótarheimild. Fram undan eru verulegar breytingar á rekstri stofnunarinnar vegna svokallaðs Tampere-samkomulags EFTA-ríkja. Á árinu var unnið að undirbúningi að breytingum á starfseminni í samræmi við ofannefnt samkomulag. Greiðslur af fjárlagaliðnum, Ýmis kirkjuleg málefni, varð 1.295 þús. kr. umfram heimildir sem skýrist af kostnaði vegna kjörs til kirkjuþings og kosningar vígslubiskups í Skálholtsumdæmi.

07 Félagsmálaráðuneyti.

Greiðslur ráðuneytisins á árinu urðu 47.756 þús. kr. lægri en heimildir fjárlaga. Sótt er um 18.070 þús. kr. viðbótarheimildir en óhafnar fjárveitingar eru 65.226 þús. kr. Til embættis skipulagsstjóra ríkisins er sótt um 8.184 þús. kr. en embættið nýtur markaðra tekna samkvæmt lögum. Gert er ráð fyrir að umframgreiðslur ársins komi til lækkunar á inneign markaðra tekna. Greiðslur vegna málefna fatlaðra urðu alls 9.454 þús. kr. umfram heimildir. Ástæður þessa eru að verulegu leyti raktar til óviðráðanlegra atvika eins og veikinda starfsmanna o.fl. Slíkar launagreiðslur námu alls um 11.500 þús. kr. á árinu. Gert er ráð fyrir að 1.500 þús. kr. af umframgreiðslum svæðisstjórnarinnar á Norðurlandi eystra og 1.000 þús. kr. af umframgreiðslum Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar verði dregnar af heimildum ársins 1991.

08 Heilbrigðisráðuneyti.

Greiðslur ráðuneytisins urðu 131.793 þús. kr. lægri en heimildir segja til um. Sótt er um 14.430 þús. kr. viðbótarheimildir, en óhafnar fjárveitingar eru 146.223 þús. kr. Rekstur landlæknisembættisins varð 772 þús. kr. umfram heimildir. Frávik má einkum rekja til umfangsmeiri útgáfu á heilbrigðisskýrslum og ófyrirséðra tímabundinna launagreiðslna. Umframgreiðslur lyfjanefndar skýrast af ofmati á sértekjum og hefur verið tekið tillit til þess í fjárlögum ársins 1991. Halli á rekstri eiturefnanefndar nam 692 þús. kr. sem einkum skýrist af þátttöku í erlendu samstarfi. Þá er sótt um 1.050 þús. kr. viðbótarheimild til Þroskaþjálfaskóla Íslands sem fyrst og fremst skýrist af auknum húsnæðiskostnaði. Til Lyfjatæknaskólans er sótt um 1.797 þús. kr. viðbótarheimild vegna aukinna rekstrargjalda.

09 Fjármálaráðuneyti.

Greiðslur ráðuneytisins á árinu urðu 4.710 þús. kr. lægri en heimildir fjárlaga. Sótt er um viðbótarheimildir að fjárhæð 182.318 þús. kr. en óhafnar fjárveitingar urðu 187.028 þús. kr. Útgjöld vegna starfsemi gjaldheimta og annars innheimtukostnaðar fór verulega fram úr fjárlögum. Þannig námu umframgreiðslur vegna ýmiss konar innheimtukostn-

aðar 11.003 þús. kr., sem skýrist af því að ekki var áætlað að fullu fyrir innheimtukostnaði sem greiddur er til Bifreiðaskoðunar Íslands og Pósts og síma. Greiðslur til Gjaldheimtunnar í Reykjavík urðu 20.141 þús. kr. umfram heimildir. Gjaldheimtan er rekin með Reykjavíkurborg og hefur kostnaður hennar í kjölfar upptöku staðgreiðslunnar verið vanmetinn í fjárlögum. Til Gjaldheimtu Suðurnesja voru greiddar 6.990 þús. kr. umfram heimildir af sömu ástæðum og að ofan er getið.

Greiðslur vegna uppbótar á lífeyri urðu 0,9% umfram heimildir eða 6.180 þús. kr. Greiðslur af fjárlagaliðnum Ýmsar fasteignir ríkissjóðs námu 123.846 þús. kr. umfram heimildir. Þessi munur skýrist af annarri framsetningu á eignakaupum í ríkisreikningi en í fjárlögum. Í fjárlögum er áætlað fyrir þeim hluta kostnaðar við fasteignakaup sem kemur til greiðslu á árinu en í uppgjöri Ríkisbókhalds eru fasteignakaup að fullu færð til gjalda, en á móti koma lántökur á efnahag.

10 Samgönguráðuneyti.

Greiðslur hjá ráðuneytinu fóru samtals 24.980 þús. kr. umfram heimildir. Sótt er um 28.412 þús. kr. viðbótarheimildir en óhafnar fjárveitingar eru 3.432 þús. kr. Greiðslur til aðalskrifstofu ráðuneytisins fóru 1.775 þús. kr. umfram heimildir og er skýringa að leita til mikillar vinnu að ferðamálum á árinu sem ekki var séð fyrir. Sérstaklega reyndist kostnaður vegna ferðamálanefndar og útgáfustarfs meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Þá voru felldar niður skuldir tveggja hafna við ríkissjóð samkvæmt heimild í 6. gr., samtals 15.000 þús. kr. Niðurfelling þessi var gjaldfærð á liðinn Vita- og hafnamálaskrifstofan. Vitaskipið Árvakur var selt á árinu en rekstrarkostnaður, sem féll til þar til skipið var selt, var gjaldfærður hjá Vita- og hafnamálaskrifstofunni. Greiddar voru 3.639 þús. kr. umfram heimildir fjárlaga vegna vaxta af skuldum Arnarflugs samkvæmt lögum frá 1986 um málefni félagsins. Liðurinn Ýmis framlög fóru 3.126 þús. kr. umfram fjárheimildir sem skýrist m.a. af því að vegna tíðra flugslysa fóru útgjöld rannsóknanefndar flugslysa fram úr áætlun.

11 Iðnaðarráðuneyti.

Greiðslur á árinu urðu 96.967 þús. kr. lægri en heimildir fjárlaga. Sótt er um 12.195 þús. kr. viðbótarheimild en óhafnar fjárveitingar námu 109.102 þús. kr. Greiddar voru skuldbindingar að fjárhæð 2.065 þús. kr. vegna lokauppgjörs á sölu hlutabréfa Sjóefnavinnslunnar til Hitaveitu Suðurnesja. Þá urðu greiðslur vegna endurskoðunar ársreikninga Ísals, mengunareftirlits, vatnstöku o.fl. 4.263 þús. kr. umfram heimildir. Fjárhæð þessi hefur undanfarin ár verið tekin af óskiptu framleiðslugjaldi af áli. Loks er lagt til að greiðslur til Orkustofnunar umfram heimildir, 4.000 þús. kr., verði dregnar frá fjárveitingu ársins 1991.

12 Viðskiptaráðuneyti.

Greiðslur viðskiptaráðuneytisins urðu alls 3.960 þús. kr. umfram heimildir. Sótt er um 18.030 þús. kr. viðbótarheimildir en óhafnar fjárveitingar námu 14.070 þús. kr. Niðurgreiðslur á vöruverði urðu 10.722 þús. kr. umfram heimildir fjárlaga eða 0,2%. Útgjöld vegna hlutafélagaskrár urðu 7.300 þús. kr. umfram heimildir og skýrist eingöngu af því

að sértekjur stofnunarinnar, sem samkvæmt fjárlögum eru færðar henni til tekna, eru í Ríkisbókhaldi færðar upp sem tekjur ríkissjóðs.

14 Umhverfisráðuneyti.

Greiðslur aðalskrifstofu umhverfisráðuneytisins urðu 4.588 þús. kr. umfram heimildir. Ráðuneytið hóf starfsemi sína á árinu og hefur kostnaður við stofnun þess og rekstur reynst meiri en áætlað var, einkum kaup á búnaði og aðkeypt sérfræðiráðgjöf.

Lánahreyfingar ríkissjóðs.

Í fjárlögum 1990 var ráðgert að mæta áætluðum greiðsluhalla ríkissjóðs, að fjárhæð um 4,5 milljarðar króna, með innstreymi á hreyfingum veittra lána ríkissjóðs að fjárhæð um 0,4 milljarðar króna og með nýrri lántöku ríkissjóðs að fjárhæð um 4,1 milljarður króna. Reyndin varð hins vegar sú að útstreymi varð á hreyfingum veittra lána og viðskiptareikninga sem nam 2,7 milljörðum króna og hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs á árinu 1990 nam alls 7,2 milljörðum króna eða sem svarar til um 2,1% af vergri landsframleiðslu. Árið 1989 var þetta hlutfall 2,6% og 3,3% árið 1988. Lánsfjárþörf ríkissjóðs hefur því þrátt fyrir nokkurt frávik frá upphaflegum fjárlögum 1990 farið lækkandi á undanförnum árum.

Eftirfarandi yfirlit sýnir niðurstöðutölur ríkisfjármála á árinu 1990 samanborið við fjárlög 1990 og útkomu ársins 1989:

Greiðslugrunnur	Útkoma 1989 m.kr.	Fjárlög [1] 1990 m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.
Rekstrarafkoma	**-6.055**	**-4.533**	**-4.446**
Veitt lán, nettó	-722	1.130	-522
Eignfærð framlög	70	-160	-123
Viðskiptareikningar	-889	-560	-2.079
Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs	**-7.596**	**-4.123**	**-7.170**
Afborganir af teknum lánum	-11.897	-7.700	-6.189
Verg lánsfjárþörf ríkissjóðs	**-19.493**	**-11.823**	**-13.359**
Tekin ný lán	17.367	11.845	14.073
Greiðsluafkoma	**-2.126**	**22**	**714**

[1] Þ.e. fjárlög 1990 að viðbættum breytingum skv. fjáraukalögum nr. 72/1990.

Í skýrslu um ríkisfjármál árið 1990 er gerð ítarleg grein fyrir hreyfingum á lánareikningum A-hluta ríkissjóðs og vísast til þeirrar umfjöllunar. Hér verður þó gerð grein fyrir þremur lykilatriðum, þ.e. stöðu viðskiptareikninga, lánsfjáröflun 1990 og stöðu ríkissjóðs gagnvart Seðlabanka Íslands.

Viðskiptareikningar, nettó. Útgreiðslur umfram inngreiðslur af viðskiptareikningi voru áætlaðar 560 m.kr. í fjárlögum. Í reynd urðu útgreiðslur 2.079 m.kr. Mismunurinn skýrist að stærstum hluta af veittum gjaldfresti á virðisaukaskatti vegna greiðslu á tolli af innflutningi. Þessi gjaldfrestur, sem nemur 1.082 m.kr., kemur í fyrsta skipti til bókunar nú en lög um virðisaukaskatt tóku gildi í ársbyrjun 1990.

Í lok árs 1989 var lokið uppgjöri ríkissjóðs vegna sölu á Útvegsbanka Íslands hf. samtals að fjárhæð 1.140 m.kr. Ekki tókst að ganga frá lánsskjölum á því ári og var fjárhæð þessi færð til skuldar á skammtímahreyfingum. Samkomulag varð um það við Íslandsbanka hf. í byrjun árs 1990 að bankinn tæki við spariskírteinum að fjárhæð 928 m.kr. og ríkisvíxlum að fjárhæð 212 m.kr. til greiðslu á skuldinni. Eins og aðrar skuldbreytingar eru þessi viðskipti ekki sýnd í niðurstöðutölum greiðsluuppgjörs.

Lánsfjáröflun ríkissjóðs. Á árinu 1990 var aukin áhersla lögð á að afla ríkissjóði lánsfjár innan lands. Árangurinn varð sá að yfirdráttur í Seðlabanka innan ársins var með minnsta móti. Ástæða þessa var óvenju góð lausafjárstaða bankanna vegna minni eftirspurnar atvinnufyrirtækja eftir lánsfé og aukinn peningalegur sparnaður. Eftirspurn atvinnufyrirtækja eftir lánsfé á síðustu mánuðum ársins varð til þess að sala ríkisvíxla dróst þá saman. Því var ákveðið að sækja á erlendan lánamarkað til að greiða viðskiptaskuld ríkissjóðs við Seðlabankann frá árinu 1989, afborganir af erlendum lánum í Seðlabankanum, auk þess sem heimildir lánsfjárlaga til að taka lán og endurlána voru nýttar í stað þess að veita ríkisábyrgðir. Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs var í upphafi árs áætluð 11,8 milljarðar króna en reyndist í árslok vera 14,1 milljarður króna. Eftirfarandi yfirlit sýnir sundurliðun á lánsfjáröflun ríkissjóðs 1990 borið saman við útkomu ársins 1989:

Greiðslugrunnur	Útkoma 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.
Sala spariskírteina ríkissjóðs	5.059	7.475	7.484
Sala ríkisbréfa	-	-	77
Sala ríkisvíxla	5.167	-	1.963
Seðlabanki Íslands	318	-	9
Önnur innlend lán	160	-	3.996
- þ.a. skuldbreyting	-	-	-3.422
Erlend lán	6.663	4.370	3.966
Tekin lán, alls	**17.049**	**11.845**	**14.073**

Staðan gagnvart Seðlabanka Íslands. Seðlabanki Íslands er viðskiptabanki ríkissjóðs. Fjármálaráðherra er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að taka skammtímalán í Seðlabankanum til að fjármagna sveiflur í tekjum og gjöldum ríkissjóðs innan ársins. Skuld ríkissjóðs, sem reynast kann að vera á viðskiptareikningum í lok árs, ber að gera upp innan þriggja mánaða frá lokum viðkomandi fjárhagsárs.

Greiðslugrunnur	Útkoma 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.
Greiðsluafkoma	**-2.126**	**22**	**714**
Afborganir af lánum í Seðlabanka	866	1.000	3.065
Uppgjör skammtímaskulda í Seðlabanka	5.000	2.000	1.903
Lántaka í Seðlabanka	-318	-	-9
Greiðsluhreyfing gagnvart bankakerfinu	**3.422**	**3.022**	**5.673**
Hreyfing bankareikninga utan Seðlabanka	-225	-	-66
Greiðsluhreyfing við Seðlabanka	**3.197**	**3.022**	**5.607**

Greiðsluhreyfing ríkissjóðs gagnvart Seðlabanka Íslands var jákvæð um 5,6 milljarða króna á árinu 1990. Þar af varð 2,5 milljarða króna bati á skammtímareikningum A-hlutans og var staðan á þeim reikningum jákvæð í árslok um 0,3 milljarða króna í fyrsta sinn um langan tíma. Að auki voru greidd upp skuldabréf ríkissjóðs í Seðlabanka að fjárhæð um 3,1 milljarður króna. Með heimild í lögum nr. 39/1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, yfirtók ríkissjóður skuldir Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins í Seðlabanka með útgáfu skuldabréfs dags. 1. nóv. 1990, að upphæð 18,5 milljónir SDR sem jafngildir 1.458 m.kr. Þessari skuldayfirtöku fylgdu engar greiðsluhreyfingar og er henni því haldið utan við greiðsluyfirlit ríkissjóðs. Hins vegar kemur þessi tilfærsla fram í rekstraruppgjöri ríkissjóðs.

B-hluti.

Samkvæmt bráðabirgðatölum um fjárstreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs 1990 kemur í ljós að tilfærslur til B-hluta fyrirtækja og sjóða urðu um 87 m.kr. lægri en fjárlög, að viðbættum lögum nr. 72/1990 og lögum nr. 105/1990, gerðu ráð fyrir. Þá urðu skil B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð um 38 m.kr. undir áætlunum. Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðslustreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum, lögum nr. 72/1990, lögum nr. 105/1990 og greiðsluuppgjöri 1990.

Yfirlit yfir greiðslustreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs 1990.

Greiðslugrunnur	(1) Fjárlög 1990 m.kr.	(2) Lög nr. 72 og 105/1990 m.kr.	(3) Útkoma 1990 m.kr.	Mismunur m.kr.
Tilfærslur úr A-hluta til B-hluta fyrirtækja og sjóða	5 929	- 64	5 778	87
Skil B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð	7 176	-241	6 898	-38

Sex fyrirtækjum í B-hluta ríkissjóðs var ætlað að skila hagnaði af starfsemi sinni í ríkissjóð. Frávik á greiðsluskilum þeirra til A-hluta frá áætlun koma fram í eftirfarandi yfirliti:

Yfirlit yfir greiðslur B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð 1990.

Greiðslugrunnur	(1) Fjárlög 1990 þús. kr.	(2) Lög nr. 72 105/1990 þús. kr.	(3) Útkoma 1990 þús. kr.	Mismunur þús. kr.
23 101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	394 000	-10 000	370 000	-14 000
23 111 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	53 600	-	47 000	-6 600
23 121 Sala varnarliðseigna	35 000	-1 000	17 000	-17 000
29 101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	6 150 000	-230 000	5 920 000	-
29 102 Lyfjaverslun ríkisins	43 700	-	43 700	-
30 101 Póst- og símamálastofnunin	500 000	-	500 000	-
Samtals	**7 176 300**	**-241 000**	**6 897 700**	**-37 600**

Frávik milli fjárlaga, laga nr. 72/1990, laga nr. 105/1990 og endanlegs uppgjörs hvað varðar tilfærslur frá A-hluta ríkissjóðs til einstakra stofnana í B-hluta urðu sem hér segir:

Yfirlit yfir tilfærslur til B-hluta fyrirtækja og sjóða 1990.

Greiðslugrunnur	(1) Fjárlög 1990 þús. kr.	(2) Lög nr. 72 og 105/1990 þús. kr.	(3) Útkoma 1990 þús. kr.	(1+2-3) Mismunur þús. kr.
Forsætisráðuneyti				
21 172 Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina	350 000	-7 000	343 000	-
Samtals ráðuneyti	**350 000**	**-7 000**	**343 000**	**-**
Menntamálaráðuneyti				
22 233 Rannsóknasjóður	95 000	-11 700	83 200	100
22 276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	44 800	-876	42 994	-70
22 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	2 215 000	-44 300	2 173 921	-3 221
22 973 Þjóðleikhúsið	200 000	-4 000	204 239	-8 239
22 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands	82 300	-1 646	82 294	-1 640
22 975 Vísindasjóður	12 000	-240	12 000	-240
22 976 Menningarsjóður	8 500	5 330	14 295	-465
22 978 Endurbótasjóður menningarstofnana	42 000	278 160	320 160	-
Samtals ráðuneyti	**2 698 600**	**221 728**	**2 933 103**	**-12 775**
Landbúnaðarráðuneyti				
24 171 Jarðeignir ríkisins	18 700	14 626	32 182	1 144
24 172 Jarðasjóður	15 000	-300	14 587	113
24 221 Áburðarverksmiðja ríkisins	-	30 000	30 000	-
24 246 Laxeldisstöðin Kollafirði	8 320	7 834	19 271	-3 117
24 272 Einangrunarstöð holdanauta, Hrísey	3 960	3 421	7 469	-88
Samtals ráðuneyti	**45 980**	**55 581**	**103 509**	**-1 948**
Dómsmálaráðuneyti				
26 371 Kirkjubyggingasjóður	5 550	-111	5 430	9
26 373 Kristnisjóður	15 780	-316	15 463	1
Samtals ráðuneyti	**21 330**	**-427**	**20 893**	**10**
Félagsmálaráðuneyti				
27 271 Byggingarsjóður ríkisins	145 000	-101 000	44 000	-
27 272 Byggingarsjóður verkamanna	500 000	-10 000	490 000	-
27 972 Bjargráðasjóður	-	11 000	11 000	-
Samtals ráðuneyti	**645 000**	**-100 000**	**545 000**	**-**
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti				
28 273 *Atvinnuleysistryggingasjóður*	1 252 000	-221 040	1 031 000	-40
28 378 Læknishéraðasjóður	2 500	-50	2 053	397
28 610 Gæsluvistarsjóður	8 000	-160	7 005	835
Samtals ráðuneyti	**1 262 500**	**-221 250**	**1 040 058**	**1 192**
Fjármálaráðuneyti				
29 971 Ríkisábyrgðasjóður	250 000	-5 000	225 575	19 425
Samtals ráðuneyti	**250 000**	**-5 000**	**225 575**	**19 425**
Samgönguráðuneyti				
30 101 Póst- og símamálastofnunin	183 000	-3 660	179 340	-
30 321 Skipaútgerð ríkisins	178 000	1 538	179 538	-
30 332 Hafnabótasjóður	47 500	21 050	68 550	-
Samtals ráðuneyti	**408 500**	**18 928**	**427 428**	**-**
Iðnaðarráðuneyti				
31 371 Orkusjóður	246 660	-26 093	139 014	81 553
Samtals ráðuneyti	**246 660**	**-26 093**	**139 014**	**81 553**
Tilfærslur til B-hluta alls	**5 928 570**	**- 63 533**	**5 777 580**	**87 457**

Eins og sést á yfirlitinu urðu frávik frá fjárheimildum stærst hjá Orkusjóði, en greiðslur til sjóðsins voru um 82 m.kr. innan fjárheimilda. Þá voru greiðslur til Ríkisábyrgðasjóðs um 19 m.kr. undir heimildum. Önnur frávik eru minni.

Ed. 1037. Nefndarálit [326. mál]

um frv. til l. um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur meiri hl. hennar til að frumvarpið verði samþykkt eins og neðri deild afgreiddi málið.

Alþingi, 18. mars 1991.

Margrét Frímannsdóttir, form., frsm. Jóhann Einvarðsson. Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Karl Steinar Guðnason. Jón Helgason.

Nd. 1038. Lög [69. mál]

um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

(Afgreidd frá Ed. 18. mars.)

Samhljóða þskj. 1018 (sbr. 699).

Ed. 1039. Lög [335. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Ed. 18. mars.)

Samhljóða þskj. 1019.

Ed. 1040. Lög [340. mál]

um leikskóla.

(Afgreidd frá Ed. 18. mars.)

Samhljóða þskj. 1007 (sbr. 599).

Nd. 1041. Nefndarálit [36. mál]

um frv. til l. um skaðsemisábyrgð.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Arnljót Björnsson lagaprófessor og Jón Finnbjörnsson héraðsdómara.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 18. mars 1991.

Páll Pétursson, form., frsm.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Friðrik Sophusson.
Jón Sæmundur Sigurjónsson.	Ragnar Arnalds.	Guðný Guðbjörnsdóttir.
	Matthías Á. Mathiesen.	

Sþ. 1042. Tillaga til þingsályktunar [476. mál]

um kynningu á Guðríði Þorbjarnardóttur.

Flm.: Skúli Alexandersson, Ragnar Arnalds, Stefán Guðmundsson, Salome Þorkelsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra og samgönguráðherra að þeir beiti sér

fyrir öflugri kynningu á fyrstu evrópsku móðurinni í Norður-Ameríku, íslensku konunni Guðríði Þorbjarnardóttur.

1. Menntamálaráðherra beiti sér fyrir því að Guðríður verði kynnt með sérstöku átaki hér á landi og framvegis með sögukennslu í skólum til jafns við önnur mikilmenni Íslandssögunnar.
2. Samgönguráðuneyti beiti sér fyrir að útbúin verði upplýsingarit fyrir ferðamenn um Vínlandsdvöl Guðríðar, ferðalög hennar (sigldi átta sinnum yfir norðlæg heimshöf og fór suður til Rómar) og tengsl hennar við Ísland ásamt með góðum upplýsingum um þá staði á Íslandi, Laugarbrekku undir Jökli og Glaumbæ í Skagafirði, sem tengjast sögu hennar.

Greinargerð.

Norðmenn, frændur okkar, hafa löngum haldið við þeim leiða sið að eigna sér Íslendinginn Leif Eiríksson og segja hann hafa verið Norðmann. Stundum eigna þeir sér líka Snorra Sturluson á sama hátt. Íslendingar munu sjálfsagt um ókomin ár sitja uppi með þessa stríðni Norðmanna og þá skoðun nokkurra þeirra að það sé rétt og satt að Leifur Eiríksson, sá er fyrstur Norðurálfumanna fann Ameríku, hafi verið landi þeirra.

Um þetta málefni fór fram umræða á Alþingi á yfirstandandi þingi. Tilefnið var fyrirspurn Þorvalds Garðars Kristjánssonar til forsætisráðherra um áform um að minnast landafunda Leifs Eiríkssonar í Vesturheimi. Þessi umræða staðfesti enn vandræðastöðu okkar gagnvart Norðmönnum. En umræðan leiddi einnig fram að hér á landi er lítið sem ekkert gert til að minna á þennan Íslending. Fáir vita um staði honum tengda hér á landi og ferðaskrifstofur láta sér varla til hugar koma að nefna Leif Eiríksson í upplýsingaritum sínum. Nafnið á flugstöðinni í Keflavík er því eins og ókennilegur hlutur sem enginn veit hvað táknar eða hvaða saga stendur að. Eru kannski aðgengilegar upplýsingar um það í Flugstöð Leifs Eiríkssonar?

Áðurnefnd fyrirspurn og sú umræða, sem tengdist henni, varð til þess að flutningsmenn fóru að hugleiða að flytja þessa þingsályktunartillögu sem er um tengt málefni.

Sjálfsagt eru uppi breytilegar skoðanir á því hvað leggja skal mikið upp úr almennri kynningu á sögu og arfleifð okkar. Almennur söguáhugi er mismunandi frá ári til árs. Þar hafa ýmsir þættir áhrif á. Sumir segja að sagan gleymi engu — staðreyndir breytist ekki — þótt stundum sé því haldið fram sem ekki á við rök að styðjast. Sú staðreynd að Leifur Eiríksson var Íslendingur breytist ekki þó að Norðmenn haldi öðru fram. Það sem skiptir máli er að Íslendingar sjálfir gleymi honum ekki og þeirri sögu og sögustöðum sem honum eru tengd.

Að mati flutningsmanna hefur saga landafundanna í Vesturheimi og búsetutilrauna Íslendinga þar verið vanrækt í kynningu og umfjöllun. Með flutningi þessarar tillögu er lagt til að mikilsverðum þætti þessara viðburða og einni af glæsilegustu persónum Íslandssögunnar verði gerð verðug skil. Lífsferli Guðríðar Þorbjarnardóttur verður varla betur lýst en með þætti Hallgríms Jónassonar kennara sem hann nefnir „Geislar yfir kynkvíslum“. Þessi þáttur fylgir hér með sem fylgiskjal.

Enginn hefur reynt að gera Guðríði Þorbjarnardóttur upp annað þjóðerni en það íslenska. Á því er heldur enginn vafi að hún er fyrsta móðirin af evrópskum kynstofni í Vesturheimi og Snorri sonur hennar fyrsta hvíta barnið sem þar fæðist. Líklegast er að allir núlifandi Íslendingar eigi ætt sína að rekja til þessara mæðgina. Þar með eru nokkrir tugir þúsunda af núverandi íbúum Norður-Ameríku, þeir sem eiga ættir að rekja til Ís-

lands, afkomendur sonar Guðríðar sem fæddist þar fyrir um eitt þúsund árum. Það er kominn tími til að sögu þessarar konu verði betur haldið til haga í sögukennslu í skólum og í almennri umræðu. Er ekki lífsferill Guðríðar Þorbjarnardóttur enn glæsilegri en Leifs heppna Eiríkssonar, en hann telst þó einn af stórmennum sögunnar?

Nú fjölgar ár frá ári þeim erlendu mönnum sem gista Ísland. Kynning á Íslandi beinist að mestu að náttúru þess og þá fyrst og fremst að sérstæðustu náttúruperlunum, Gullfossi, Geysi, Mývatni og fleirum. Ferðaskrifstofur beina ferðamönnum á mjög takmörkuð skoðunarsvæði og á þeim svæðum er nú víða hætt við örtröð. Lítið er gert að því að kynna ferðamönnum íslensk fornrit. Þó er kannski nefnt að slíkar bækur séu til, en hvað á þeim bókum stendur er látið liggja í þagnargildi, t.d. um landnám Íslendinga á Grænlandi og landafundi þeirra í Norður-Ameríku.

Með því að þeim sem heimsækja Ísland sé kynnt saga og menningararfleifð þjóðarinnar á nokkuð markvissari hátt en gert hefur verið er nokkuð víst að áhugi á því að koma til landsins beinist ekki fyrst og fremst að sumarmánuðunum. Með slíkri kynningu mundu Íslendingar sjálfir einnig átta sig á því að ferðalag um Ísland þarf ekki að vera kapphlaup um að komast undan rigningu eða stormi yfir í sólríkari hluta landsins í þetta eða hitt skiptið, heldur það að fara í rólegheitum um landshluta sem eru tengdir merkilegri sögu sem er þess virði að rifja upp með því að skoða það svið sem sagan gerðist á.

Ferðaþjónusta er atvinnugrein þar sem starfsfólki fjölgar. Starfsreynsla er því í mörgum tilfellum takmörkuð. Miklu skiptir að menntun nýliðanna sé góð. Sem flestir starfsmenn í þessari atvinnugrein þurfa að hafa þekkingu á sögu og menningu a.m.k. síns nánasta umhverfis og þeir sem með stærri málefni fara á þessum vettvangi ættu að vera sögufróðir, t.d. væri æskilegt að forstjórar ferðaskrifstofa hefðu háskólamenntun í íslenskri sögu.

Þetta málefni tengist því tveimur ráðuneytum, fyrst og fremst menntamálaráðuneyti varðandi fræðslu almennt í skólum, og þó sérstaklega á þeim fræðslustigum þar sem væntanlegt starfsfólk við ferðaþjónustu nýtur uppfræðslu, og samgönguráðuneyti vegna þess að undir það ráðuneyti fellur sú fjölþætta atvinnustarfsemi sem einu nafni kallast ferðaþjónusta. Einnig mætti hér að sjálfsögðu nefna til utanríkisráðuneytið til þess að sjá um kynningu á sögu Guðríðar Þorbjarnardóttur erlendis, t.d. í Norður-Ameríku á sviphaðan máta og utanríkisráðuneytið hefur gert til kynningar á Leifi heppna Eiríkssyni.

Flutningsmenn telja þó ekki rétt að nefna utanríkisráðuneytið í tillögugreininni. Rétt sé að sjá hverju fram vindur hér heima áður en það ráðuneyti er hvatt til sérstakra aðgerða. Sú hugmynd hefur komið fram að það sem mætti gera án mikils kostnaðar og undirbúnings til þess að vekja athygli á Guðríði Þorbjarnardóttur væri það að tileinka henni ákveðinn kynningardag á hverju ári og einnig það að setja upp á Laugarbrekku og í Glaumbæ upplýsingaskilti þar sem fram kæmu upplýsingar um tengsl hennar við þessa staði og nefndir yrðu helstu þættir í sögu Guðríðar.

Tilgangur flutningsmanna með flutningi þessarar þingsályktunartillögu var ekki sá að benda á leiðir til að ná fram málefni því sem felst í tillögugreininni, heldur eingöngu sá að vekja athygli á íslenskri konu. Saga hennar á að vera meðal frásagna af stórmennum sögunnar. „Við hlið þvílíkra manna stendur Guðríður Þorbjarnardóttir, framúrskarandi að glæsileik, vitsmunum og skörungsskap . . .“

Fylgiskjal.

Hallgrímur Jónasson:

Geislar yfir kynkvíslum.

Sjaldan fer ég svo um vestanvert hérað Skagafjarðar — og ráði sjálfur farartæki — að ekki sé staðar numið á hæðarbungunni milli Páfastaða og Holtsmúla. Af þjóðvegum sýslunnar þykir mér þaðan einna fegurst útsýn um meginsvið héraðsins. Eftir að Stíflan í Austur-Fljótum var lögð undir vatn, eru ekki margir þröngir og afmarkaðir staðir skagfirskrar byggðar, séðir frá alfaraleiðum, sem bera yfir sér ótvíræða fegurðartöfra á borð við sum einstök svæði annarra byggðarlaga á landinu. Aftur á móti þykir mér, sem fleirum, héraðið í heild fegurra en flest eða öll önnur, er ég þekki á landi okkar.

Frá áður nefndum stað liggur breidd þess opin fyrir til suðausturs. Eylendið og austurfjöllin eru í nánum stærðarhlutföllum; þau bera hvorugt annað ofurliði, brúnalínur fjallanna að sínu leyti álíka jafnar og undirlendið er mishæðalaust. Þau eru að vísu mörgum skörðum skorin, líkt og sléttlendið vatnsrásum; klettabelti hið efra, grænar hlíðar að neðan. Hegranesið í norðaustri með ása sína og brúnir, þeim mun lægra yfir sléttlendinu sem það er nær útsýnisstað og raskar ekki hlutföllum í neinu.

Til suðurs, yfir dalbotninum, tekur við hásléttan, hallalítil allt til Hofsjökuls, sem nær því í góðviðrishillingum að sjást vel úr utanverðum firðinum.

Miklu nær, í hásuðri, rís Mælifellshnjúkur ofar vesturfjallgarðinum, og úti í norðrinu ber uppi eyjarnar og Þórðarhöfða.

Og nú hlýðir vel að þoka sér nær upphafsefni þessa þáttar, en hafa inngangsorðin ekki fleiri.

Fyrir áratugum var ég sem oftar leiðsögumaður á ferð um Norðurland m.a. og staðnæmdist þá með förunauta mína í nánd einu söguríkasta höfuðbóli sýslunnar. Þegar við að kveldi höfðum slegið tjöldum og búist til gistingar — en ég lokinn við nánari lýsingar á ýmsum náttúrusérkennum héraðsins, er ekki blöstu augum af leiðum þeim er við myndum fara — veik einn förunauta minna að mér orðum, sem að efni til voru á þessa leið:

Þú hefur nú farið með okkur um meginhluta Skagafjarðar og sýnt okkur svipmót héraðsins og merkustu staði. Viltu nú ekki segja okkur eitthvað frá þeirri persónu, konu eða karli, sem hér hefir fæðst og lifað eða hingað flust og sögur eru af og þér finnst einna mest til koma?

Ég varð ekki við þeim tilmælum þá; taldi mig þess ekki búinn. Spurningin hefir þó ekki gleymst að fullu, en stöku sinnum gerst dálítið áleitin. Hér ætla ég að gera tilraun til að svara henni, þótt seint sé, og mér ekki lengur kunnugt, hvort minn gamli förunautur og fyrirspyrjandi muni enn ofar moldu eða ekki.

Þá hverf ég burt úr Skagafirði um sinn, langar leiðir, bæði um tíma og vegalengdir. Áður en þeirri vegferð lýkur, kemur frásaga mín hingað aftur með þá persónu í fylgd, sem mér hefur hugþekkust orðið úr bókmenntum okkar, fornum og nýjum, allra þeirra, sem mér eru að nokkru kunnar og í Skagafirði hafa dvalist og lokið ævi sinni.

Það er að hallandi sumri laust fyrir árið eitt þúsund. Út frá Hraunhafnarósi á Snæfellsnesi, vestarlega, hefir skip lagt og tekið stefnu vestur í haf. Ferðinni er heitið til

Grænlands, sem þá er nýlega fundið og byggt, sunnanvert. Innanborðs er rúmlega þrjátíu manna hópur. Hann ætlar að setjast að í landnámi Eiríks rauða. Stýrimaður og skipseigandi heitir Þorbjörn Vífilsson bóndi frá Laugarbrekku á Hellisvöllum undir Snæfellsjökli. Vífill faðir hans var talinn vel ættaður; hafði út komið með Auði djúpúðgu. Þorbjörn sonur hans fékk að konu Hallveigu Einarsdóttur á Laugarbrekku. Þangað fluttist hann og tók við búsforráðum. Hann var mikils virtur, vinmargur og drengur góður.

Dóttur áttu þau, er Guðríður hét. Var hún, er hér er sögu komið, gjafvaxta og allra kvenna fríðust. Auk þess „hinn mesti skörungur í öllu athæfi sínu." Skammt var milli bæjanna, Laugarbrekku og Arnarstapa. Þar bjuggu Ormur og Halldís kona hans. Hjá þeim dvaldist Guðríður löngum að fóstri, og var vinátta mikil milli heimilanna.

Innileg vináttutengsl voru og milli Þorbjarnar og Eiríks rauða, enda þótt Laugarbrekkubóndi og fjölskylda hans væri fyrir stuttu snúin til kristinnar trúar fyrir tilkomu og boðskap sendimanns Ólafs Tryggvasonar Noregskonungs. En sökum þess, að Þorbjörn taldi sig skorta lausafé og tæpast fá haldið virðingu sinni þess vegna, ákvað hann að selja lönd sín, kaupa skip, er uppi stóð í Hraunhafnarósi, og flytjast til Grænlands. Var þá liðið á annan áratug frá því floti 25 skipa lagði undir forystu Eiríks til Grænlands og landnáms þar, þótt þangað kæmust einungis 14 skip heilu og höldnu, en hin ýmist týndust í hafi eða sneru aftur til Íslands.

Eitt haust, er Guðríður dvaldist hjá fósturforeldrum sínum að Arnarstapa, kom þangað ungur, íslenskur farmaður, Einar Þorgeirsson. Faðir hans bjó þar innar á nesinu, undir Þorgeirsfelli, og var auðugur að fé. Einar var vænn yfirlitum, vel mannaður og skartmaður mikill. Hann var jafnan í siglingum landa millum og farnaðist vel. Þá er Einar, þetta sinn, sá Guðríði ganga andartak fyrir húsdyr, hreifst hann svo af fegurð hennar og gjörvuleik, að hann hét á húsbónda að leita þar bónorðs fyrir sína hönd, sem hún væri. Ormur kvað þvílíka fyrirætlun eigi liggja lausa fyrir, enda varð ekki af þeim ráðahag.

Kemur nú aftur þar að, er Þorbjörn siglir skipi sínu vestur í Grænlandshaf. Ásamt Laugarbrekkufólkinu voru þar innanborðs hjónin að Arnarstapa, er réðust til Grænlandsfarar með vinum sínum, auk annarra, sem ekki vildu við Þorbjörn skilja.

Ekki hafði skip þeirra verið lengi í hafi, er byr tók af og lentu þau í miklum hafvillum og hrakningum. Leið að hausti og ýfðust veður. Velktist skipið í stórsjóum og illviðri. Kom loks upp sótt mikil í liði Þorbjarnar, og lést nær helmingur áhafnarinnar. Meðal þeirra, sem dóu á hafinu, var Ormur og Halldís, fósturforeldrar Guðríðar. Eftir margra vikna hrakninga og þjáningar, tókst þeim, er af lifðu, að ná landi við Herjólfsnes, kennt við Herjólf Bárðarson, sem byggði þar, syðst á Grænlandi. Þá var komið fram um veturnætur.

Þeir sem lentu í miklum hafvillum eða volki á þeirrar tíðar skipum, hafa löngum reynt meiri raunir, líkamlegar sem andlegar, en gera má sér í hugarlund og því um síður lýsa. Þá er byr tók af, gerðist fleytan ferðlaus, en í stórviðrum réðist ekki við neitt. Þokan þvöl og köld og dimm villti um allar áttir. Hinir ísbornu hafstraumar ægðu þunnri og veikbyggðri súðarskelinni. Síðan kom fæðuskorturinn, vannæring og hungursjúkdómar, skyrbjúgurinn sem fáir vissu af hverju stafaði, „sóttirnar," sem nefndar eru alloft. Svo hlóðst á hin andlega ofþjökun, kvíðinn, óvissan um hver endirinn yrði.

Hrakningsfólkið fékk hinar bestu viðtökur á Herjólfsnesi og var boðin þar veturseta. Ekki er vitað, hvort börn voru með í þessum leiðangri, en líklegt má það telja. Eflaust hafa fleiri konur en Halldís verið í hópi hinna látnu, en þær mæðgur, Guðríður og Hallveig, komust lífs á land ásamt Þorbirni Vífilssyni. Veturinn, sem í hönd fór, dvaldist

ferðafólkið á Herjólfsnesi hjá Þorkeli bónda og konu hans, er þar bjuggu.

Um þessar mundir var hallæri mikið á Grænlandi, veðrátta hörð, en veiðifang lítið. Þar í byggð átti heima kona, er Þorbjörg hét. Hún var talin forvitri og spákona. Níu átti hún systur og höfðu allar verið framsýnar. Af þeim var Þorbjörg ein eftirlifandi. Viðurnefni átti hún og var kölluð lítilvölva.

Þorbjörg fór bæja milli og sagði fyrir forlög manna og svo um veðurfar.Var mörgum forvitni á um þvílík efni. Og þar eð Þorkell var þar fyrir öðrum bændum, þótti sem honum stæði næst að leita um það vitneskju, hvenær létta myndi óárani því, er yfir stóð. Bauð hann spákonunni heim til sín og var henni þar vel fagnað. Hásæti var henni búið og skyldi þar í vera hænsnafiður. Þorbjörg var svo búin, að „hún hafði yfir sér tuglamöttul bláan og var settur steinum allt í skaut ofan. Hún hafði á hálsi sér glertölur, lambskinnskofra svartan á höfði og við innan kattskinn hvít. Og hún hafði staf í hendi og var á knappur. Hann var búinn með messingu og settur steinum ofan um knappinn. Hún hafði um sig hnjóskulinda, og var þar skjóðupungur mikill, og varðveitti hún þar í töfur (töfragripi) sín, þau er hún þurfti til fróðleiks að hafa. Hún hafði á fótum kálfskinnsskúa loðna og í þvengi langa og á tinknappar miklir á endunum. Hún hafði á höndum sér kattskinnsglófa og voru hvítir innan og loðnir."

Völvunni var borinn grautur úr kiðjamjólk „og matbúin hjörtu úr öllum kvikindum, þeim er þar voru til. Hún hafði messingspón og hníf tannskeftan, tvíhólkaðan af eiri, og var brotinn af oddurinn." (Svo einstök lýsing er á búnaði völvunnar og matargerð henni til handa, að hún er tekin hér orðrétt enda þótt ekki komi beint við söguþræði, en bendir ekki til að atburðurinn sé tilbúningur, sem slegið hefir verið fram.)

Að áliðnum degi, er völvan skyldi upp láta spár sínar og framsýni, bað hún þess að fá sér til aðstoðar konur þær, sem kynnu töfrasöng þann er Varðlokur nefndist og til þurfti við seiðinn. En er eftir var leitað, fannst engin, er kunni, hvorki texta né lag. Þá var betur leitað um bæinn, því margt var aðkomufólk samankomið úr byggðinni, en engin fannst þaðan af heldur, er kynni. Þorbjörn Vífilsson og fjölskylda hans var kristið fólk og vildi ekki eiga hlut að þessu athæfi, en þá, er enn var um leitað, mælti Guðríður: „Hvorki er ég fjölkunnug né vísindakona, en þó kenndi Halldís fóstra mín mér á Íslandi það kvæði, er hún kallaði Varðlokur." En í seið völvunnar vildi unga stúlkan engan þátt eiga. Þorbjörg lítilvölva kvað Guðríði ekki verða að verri konu, þótt hún yrði öðrum að liði. En þar sem bóndi var þessa mjög fýsandi, en þau Þorbjörn nauðleitarfólk hans, þótti ekki annað hlýða en verða við þessum tilmælum. Slógu þá konur hring um hásæti völvunnar, en Guðríður söng kvæðið „svo fagurt og vel, að enginn þóttist heyrt hafa með fegri rödd kvæði kveðið, sá er þar var hjá." Þorbjörg spákona þakkaði sönginn og kvæðið og „kvað margar þær náttúrur nú til hafa sótt og þykja fagurt að heyra, er kvæðið var svo vel flutt, — er áður vildu við oss skiljast og enga hlýðni oss veita." Því næst lýsti hún því yfir, að hallæri þetta myndi ekki lengi standa, og sóttarfar það batna, sem á hefði legið um sinn. „En þér, Guðríður, skal ég launa í hönd liðsinni það, er oss hefir af þér staðið, því að þín forlög eru mér nú allglöggsæ. Þú munt gjaforð fá hér á Grænlandi, það er sæmilegast er, þó að þér verði það ekki til langæðar, því að vegir þínir liggja út til Íslands, og mun þar koma frá þér mikil ætt og góð, og yfir þínum kynkvíslum skína bjartari geislar en ég hafi megin til að geta slíkt vandlega séð. Enda far þú nú vel, dóttir."

Ekki minnist ég þess, að nokkur önnur kona í okkar bókmenntum, fyrr né síðar, hafi hlotið þvílíka forspá eða umsögn, er bæði vörðuðu sjálfa hana og afkomendur hennar í marga ættliði.

Ekki leið á löngu þar til spá völvunnar rættist um batnandi veðráttu. Svo fór og með veiðifang og heilsufar manna. Hrakningsfólkið frá Íslandi rétti og við áður en langir tímar liðu.

Upp úr því bjó Þorbjörn skip sitt á nýjan leik og sigldi með eftirlifandi lið sitt upp með vesturströnd Grænlands og inn í Eiríksfjörð til Brattahlíðar. Fagnaði Eiríkur honum vel og bauð öllum hjá sér að dveljast, þar sem eftir lifði vetrar.

Þá er voraði og hlýnaði betur, gaf Eiríkur Þorbirni vini sínum land að Stokkanesi, hinum megin fjarðar. Reisti Þorbjörn þar bæ sinn, bjó þar meðan lifði og þótti hinn besti drengur.

Nú halda heimildir áfram að segja frá atburðum, sem hér verður að litlu eða engu getið, heimssögulegum viðburðum að vísu, en svo alkunnum okkur, að ekki er ástæða um að fjalla að neinu ráði, nema þar sem mál snerta sögupersónu okkar.

Ekki ber Eiríkssögu alls staðar saman við Grænlendingasögu eins og hverjum er augljóst, sem báðar les. Hefir hin síðarnefnda þótt, við auknar rannsóknir, öllu traustari heimild, þó að ef til vill megi um deila. Verða hér báðar notaðar, eftir því sem ljósar verður rakinn ferill Guðríðar Þorbjarnardóttur. Einstaka atriði í frásögnum, sem snerta Guðríði, eru tæplega svo skýr að skilja megi til fullnustu. En það breytir engu um, að æviferill þessarar konu er svo einstakur að furðu gegnir. Slóð hennar fellur saman við heimssögulega atburði og stendur því vitanlega í skugga þeirra, er nánast grafin undir þeim. Þungi frásagnanna um landafundina er vitanlega öðru ríkari. Það skýtur upp einstaka setningum um Guðríði á stöku stað. Hún er sögð „væn kona," þ.e. fögur álitum, „sköruleg ... vitur og kunni vel að vera með ókunnum mönnum" og með söngrödd, sem ekki átti sinn líka. — Að kunna að vera með ókunnum mönnum þýðir m.a. að búa yfir skaplyndi, sem laðar aðra að sér er á vegi verða.

Af sonum Eiríks rauða er Þorsteinn talinn gjörvilegastur maður, sem þá fannst á Grænlandi. Hann hóf nú bónorð til Guðríðar, sem dvalist hafði í Brattahlíð, og var hún honum gefin. Þorvaldur nefndist þriðji sonur Eiríks.

Bjarni Herjólfsson hafði borist vestur í höf og sennilega séð fyrstur strendur landa, sem Leifur Eiríksson kannaði og nefndi Vínland. Bar hann fregnir þær til Grænlands og vaktist þá upp mikið umtal og áhugi um siglingar þangað. Í Grænlendingasögu er frá því sagt, að Þorvaldur, bróðir Leifs, hafi ráðist til Vínlandsferðar í landkönnun. Verður hér ekki frá þeirri för annað sagt en það, að á þeim ókunnu ströndum var hann lostinn öru til bana af frumbyggjum landsins. Grófu menn hans foringja sinn þar á höfða einum og héldu að svo búnu til Grænlands á ný og sögðu ill tíðindi.

Þegar hér var komið sögu, hafði Þorsteinn, bróðir Þorvalds, fengið Guðríðar Þorbjarnardóttur og sest að í Lýsufirði, sunnarlega í Vestribyggð. Er þess getið, að hann hafi fýst að sækja lík bróður síns og fá það jarðað í vígðri mold að kristinna manna hætti, þar eð fólk á Grænlandi var þá gengið undir þann trúarsið. Geta má og þess til, að löngun til nánari landkönnunar hafi þar miklu ráðið, en ekki það eitt að sækja dauðan mann um svo miklar fjarlægðir. Fór einvala lið með Þorsteini og svo kona hans.

Í þessum leiðangri velkti þau úti mestallt sumarið, vissu aldrei hvar þau fóru, en náðu loks til heimastöðva, þegar vika var liðin af vetri. Var þetta önnur úthafs- og hrakningasigling hinnar ungu konu, efalítið með hinum mestu þrekraunum, enda dóu margir hinna vösku manna úr „sótt," sem á þeim vann, er á land komu, þar á meðal Þorsteinn maður Guðríðar. Fluttist hún þá aftur að Brattahlíð til Leifs mágs síns, er þá var tekinn við valdi og forsjá föður síns, eftir því er sumar heimildir gefa í skyn.

Mér þykir sem lesa megi út úr grænlensku sögunum, að Guðríður Þorbjarnardóttir hafi ekki sóst fast eftir því að eyða ævi sinni á Grænlandi, a.m.k. eftir að foreldrar hennar voru báðir dánir. Hún er talin hafa hvatt mann sinn, Þorstein Eiríksson, til að sigla vestur á Vínlandsstrandir. Ævintýraþráin hefir eilítið ólgað henni í æðum og reynslan úr fyrstu siglingunni ekki dregið úr henni kjark. Ekki er ósennilegt, að oft hafi henni orðið hugsað heim til æskustöðvanna á Laugarbrekku og Arnarstapa, þar sem náttúran var bæði fögur og stórbrotin til allra átta. Ef til vill hefur henni verið kunnugt ljóðið, sem eitthvert skáld hefir lagt í munn þjóðsagnapersónunnar Helgu Bárðardóttur Snæfellsáss, og hún átti að hafa kveðið í útlegð sinni á Grænlandi:

„Sæl væri eg,
ef sjá mætti
Búrfell og Bala,
báða Lóndranga,
Aðalþegnshóla
og Öndvertnes,
Heiðarkollu
og Hreggnasa,
Dritvík og möl
fyr dyrum fóstra."

Örnefni þessi eru á Snæfellsnesi í nánd Laugarbrekku mörg.

En nú er skammt nýrra atburða að bíða.

Að hallandi sumri, litlu eftir árið 1000, sigla tveir knerrir inn Eiríksfjörð. Öðrum þeirra stýrir einhver stórættaðasti Íslendingur, sem þá var í förum milli landa hins norðlæga, kunna heims. Hann hét Þorfinnur karlsefni frá Þórðarhöfða í Skagafirði. Þessi kunni og auðugi farmaður átti konunga í ættum sínum á bæði borð og ekki ýkja langt undan. En hans miklu bestu kostir voru þó gjörvuleiki og drengskapur, auk mikils dugnaðar og manndóms. Nú sigldi hann beint frá Noregi, hlöðnu skipi vörum, sem á Grænlandi skorti tilfinnanlegast um þær mundir. Hinu skipinu stýrðu Bjarni Grímólfsson úr Breiðafirði og Þórhallur Gamlason.

Báðar skipshafnirnar höfðu vetursetu í Brattahlíð. Þar sá Þorfinnur karlsefni Guðríði fyrsta sinn fullvaxna konu. Þau virðast hafa verið eins og sköpuð hvort fyrir annað, bæði forkunnar gjörvuleg, með skaplyndi, er laðaði að þeim aðra menn. Á því bar og fljótt, að þau felldu hugi saman. Hóf Þorfinnur upp bónorð til Guðríðar, og var brúðkaup þeirra drukkið þann vetur í Brattahlíð.

Sem geta má nærri var um þetta leyti margt rætt varðandi Vínlandsfund Leifs og þau kostalönd, er þar lágu. Hinum víðsigldu farmönnum hefir munað í að kynnast þeim furðuheimum, sem Leifur hafði nokkuð kannað, en nú var hann orðinn bundinn stjórn og forsjá Grænlands, að ætla má.

Svo má sögurnar skilja sem Guðríður hafi hvatt en ekki latt eiginmann sinn í könnunarferð til þessara ævintýralanda. Þráin hefir ólgað henni í blóði sem fyrr. Festist brátt sú ákvörðun ungu hjónanna að sigla þangað næsta sumar og jafnvel setjast þar að, ef hagfellt þætti og landkostir álitlegir. Grænland gat ekki freistað þeirra til aðseturs, það var henni fullljóst.

Svo leggja þrjú skip samflota út frá Eiríksfirði áleiðis til Vínlands. Er Þorfinnur karls-

efni talinn forystumaður leiðangursins. Farmannskunnátta hans kemur fljótt í ljós. Skipin stefna fyrst norður með vesturströnd Grænlands; taka síðan vesturleiðina, þar sem skammt er til landa, og svo suður með hinum nýfundnu ströndum í fullri landsýn. Þessum leiðangri verður ekki lýst hér nema að því einu, sem snertir forystuskipið og sögupersónu okkar. Annað yrði allt of langt mál. Svo ber Eiríkssögu og Grænlendingasögu ekki fyllilega saman, eins og áður er getið. Leiðangursmenn finna búðir Leifs. Sundrung kemur upp með áhöfnum skipanna. Þórhallur veiðimaður yfirgefur félaga sína við tíunda mann og siglir einu skipinu aftur norður á bóginn, en hrekst til Írlands. Hinir halda lengra suður og finna enn frjórri lönd en við Leifsbúðir. Þar hitta þeir fyrir frumbyggja landsins. Leituðu hinir norrænu menn þá til fyrri stöðva á ný.

Eftir hinn fyrsta vetur þar fæddi Guðríður sveinbarn, sem Snorri var heitinn, líklega eftir afa Þorfinns. Snorri er fyrsti hvítur maður, sem fæðist í Vesturheimi svo vitað sé.

Vöruskipti, friðsamleg, fóru í byrjun fram millum hinna norrænu manna og þeirra, sem fyrir voru í landinu og aðkomufólkið nefndi skrælingja, en fljótt versnaði sambúðin og urðu af skærur og mannfall. Sat Guðríður yfir vöggu síns unga sonar meðan hinir ólíku kynflokkar áttust við.

Þá er brostnar voru vonir landnemanna um friðsamlega búsetu vegna aragrúa frumbyggja, tók Karlsefni þá ákvörðun að halda brott af Vínlandi og sigla til Grænlands á ný. Reyndist þar með lokið tilraunum norræna manna að festa sér byggð á ströndum lands þessa, a.m.k. um sinn. Komst Þorfinnur með lið sitt, nær allt, heilu og höldnu til Grænlands.

Skip Bjarna Grímólfssonar fórst í maðksjó ekki fjarri Írlandsströndum. Hluti áhafnar bargst í skipsbátnum, en stýrimaður dó hetjudauða sem sagan greinir.

Hitt var sem fyrr, að farsæld fylgdi för þeirra Guðríðar og Þorfinns manns hennar. Fjórum sinnum hafði þessi hugrakka og stórvel gefna kona siglt um úthöf hins norðlæga heims. Tæpast hefir hana þá rennt í það grun, að aðrar jafn margar ætti hún eftir að sigla og raunar lengri, sumar hverjar.

Næsta vetur dvöldust þau enn í Brattahlíð. Báðir foreldrar hennar voru dánir, Eiríkur rauði vinur hennar sömuleiðis. Ekkert batt hana við þetta stóra, hrjóstruga land, og farmanninum, eiginmanni hennar, var annað hugstæðara en eyða hér árum. Hingað hafði hann sótt sér eiginkonu, sem af fór mesti mannkosta orðrómur. Sonur þeirra myndi helst til ungur að leggjast í langar, áhættusamar siglingar um sollin úthöf. Honum hentaði betur kyrrlát dvöl og heimili. Frá Grænlandi var áætluð sigling til Noregs. Og var svo ekki mál til komið að vitja ættmenna og óðals heima í Skagafirði? Þorfinnur þekkti, eins og Leifur, beina siglingaleið til Noregs. Hún var miklu lengri en sjóleiðin til hinna nýfundnu stranda, og verslunarhagsmunir gátu verið augljósir í því að halda þangað fyrst, áður en stafni væri snúið heim til Íslands og ættaróðala.

Guðríði þurfti ekki að brýna til þeirrar farar. Hún var tilbúin að halda í sína fimmtu úthafssiglingu, efalaust í einskis manns fylgd öruggari, en þar sem maður hennar var til forystu. Og svo var nú fjárhlut hans farið, að sá var almannarómur, „að eigi mundi auðugra skip gengið hafa af Grænlandi en það, er hann stýrði."

Vel gekk þeim förin til Noregs þetta sumar. Dvöldust þau þar næsta vetur. Seldi Þorfinnur varning sinn „og hafði þar gott yfirlæti og þau bæði hjón af inum göfgustum mönnum í Noregi, en um vorið eftir bjó hann skip sitt til Íslands."

Í Noregi hafa þau fengið af því sannar spurnir, hver afdrif urðu Bjarna Grímólfssonar og Þórhalls veiðimanns og manna þeirra.

Enn ræðst Guðríður í úthafssiglingu í sjötta skipti. Þetta sinn er stefnan til ættlands hennar. Að vísu ekki undir Jökul á Snæfellsnesi, þar sem æskuheimkynni hennar stóðu, heldur norður í Dumbshaf, þar sem sólin gengur ekki undir um langdegið. Á þeirri ferð í góðu leiði og á farsælli siglingu, hefir ef til vill sett að Guðríði Þorbjarnardóttur nokkurn áhyggjuþela, sem fyrr hafði aldrei gert vart við sig í brjósti hennar; því olli framtíðarheimili hennar. Þótt hún væri sjálf af góðum ættum, lá leið hennar nú til samvistar við fólk, sem átti hvað tignastar og virðingarmestar ættir og forfeður á öllu Íslandi. Hvernig yrði litið á kvonfang Þorfinns hins auðuga, fræga farmanns, sem átti konungablóð í báðum ættum sínum, jafnvel sjálfan Ragnar loðbrók. Það var ekki vandalaust að giftast slíkum ættarlauk. Á móti þvílíkri ættgöfgi gat hún eingöngu lagt fram það, sem í henni sjálfri bjó. Hingað til hafði það dugað við hvern, sem hún átti að skipta. Hin bjarta og grómlausa skaphöfn Guðríðar hefir ef vill engum slíkum áhyggjum sinnt. Hingað til hafði þess ekki þurft.

Vera má, að einhverjar svipaðar áhyggjur hafi vaknað í hugskoti Þorfinns. Liðinn var meir en hálfur áratugur frá því hann lagði í siglingar. Farmannsfrægð hans hafði vafalaust spurst heim í Skagafjörð og fyllt foreldra hans, Þórð hesthöfða og Þórunni konu hans, auknu mikillæti vegna orðstírs sonarins fyrir auðlegð og manngildi, sem allir dáðu. Hann þekkti foreldra sína og nánustu ættmenni og hefir ekki viljað leggja konu sína í þá hugraun, sem ættarhroki þeirra kynni að geta valdið. Grænlendingasaga segir, að eftir fyrsta vetur þeirra hjóna í Skagafirði, hafi Karlsefni keypt Glaumbæjarland, reist þar bú og stýrði meðan lifði og þótti hinn göfugasti maður.

Í Eiríkssögu eru þau látin setjast að á Reynisnesi, sem mun hafa verið í eigu ættarinnar; faðir Þorfinns þá verið andaður, en ættardrambið vel lifandi í brjósti Þórunnar ekkju hans. Þótti henni sem sonur sinn „hefði lítt til kosta tekið," sem þýðir, að kona hans væri honum ekki samboðin. Vildi Þórunn ekki vera samvistum við þau og fluttist burt af staðnum fyrir stórmennsku sakir. En að fyrsta vetri loknum, sem hin aðkomna húsfreyja hafði dvalist í Reynisnesi, var orðrómurinn af mannkostum hennar, skörungshætti og vitsmunum svo útbreiddur og óvefengjanlegur, að Þórunn kaus að flytjast til hennar og lifa þar sem eftir var. Fór vel á með þeim. Þessar frásagnir gætu vel verið báðar réttar. Eftir burtför Þórunnar frá Reynisnesi, gat sonur hennar hafa fest kaup á Glaumbæjarlandi, svo eiginkona hans og móðir þyrftu ekki að leggja á sig þá raun að vera samvistum, en orðrómurinn af tengdadótturinni sannfært gömlu konuna um, að mannkostir gætu fyllilega vegið eins þungt og ættartign.

Þorfinnur karlsefni varð ekki gamall maður, þó er ekki fullkunnugt, hvenær hann dó. Ekki er heldur vitað til, að á þessum tímum hafi aðrir leiðangrar verið gerðir út frá Grænlandi í því skyni að nema land á Vínlandi. Þó hafa siglingar sennilega eitthvað verið tíðkaðar þangað vestur og norrænir menn haft þar aðsetur á tímabili. Sagnir eru um ferð Grænlandsbiskups, Eiríks Gnúpssonar, árið 1121. Mætti trúlegt þykja, að þá ferð hefði biskup farið til fundar við landa sína, er þar dvöldu.

Eftir dauða Þorfinns bjó Guðríður með syni sínum, Snorra, þeim er hún sat yfir í vöggu vestur á ströndum Vínlands. En er hann gerðist fulltíða og kvongaður og þurfti ekki lengur forsjá móður sinnar, afhenti hún honum búið og forráð þess.

Nú tók hún að hugsa um sjálfa sig og þann tíma, sem hún ætti eftir ólifað. Sennilega er hún komin eitthvað yfir miðjan aldur, hefir reynt margt á fjölbreytilegri ævi, gædd miklu líkamlegu þreki, en þó enn meiri andlegum hæfileikum, kristin í hugsun og atferli og með hamingjuríkari og glæsilegri forspá, en nokkur íslensk kona hefir hlotið fyrr eða

síðar. Skorti nokkuð á að hún gæti verið ánægð með sig og æviferil sinn? Já, hún var ekki ánægð með sjálfa sig — ekki að fullu. Eina ferð átti hún enn ófarna, sem ekki mátti undan dragast. Þá för skuldaði Guðríður guði sínum. Hún hugði á Suðurgöngu og syndalausn. Sú för átti að verða lokaþátturinn í öllum hennar ferðalögum.

Suður til Rómar var löng leið norðan af Íslandi. Frá Danmörku eða Noregi tók slík ferð á þriðja mánuð hvora leið. Heitið Suðurganga bendir til ferðaháttanna. Sumir ormögnuðust á þvílíkum langleiðum.

Með föður sínum og móður hafði Guðríður lagt í sína fyrstu langferð yfir Grænlandshaf, er nær hafði kostað hana lífið. Mikinn hluta annars sumars lenti hún í hinum mestu hafvillum með fyrri manni sínum, og létust margir, þótt á land kæmust.

Þessa síðustu áætluðu ferð varð Guðríður að fara ein síns liðs bæði um úthafið og þvera heimsálfu og þá komin yfir miðjan aldur. Það hefir þurft meira en lítið þrek til að framkvæma þvílíka ákvörðun, andlegt og líkamlegt.

Heimildirnar eru ekki fjölorðar um þetta fyrirtæki. Grænlendingasaga segir þetta eitt: „Og er Snorri var kvongaður, þá fór Guðríður utan og gekk suður og kom út aftur til bús Snorra, sonar síns, og hafði hann þá látið gera kirkju í Glaumbæ. Síðan varð Guðríður nunna og einsetukona og var þar meðan hún lifði."

Í þetta sinn er hún í þjónustu við guð sinn og sáluhjálp sína. — Þetta gerist sennilega seint á þriðja tug 11. aldar. — Hún lýkur ferðinni og hefir þá tvívegis gengið yfir þvera Norðurálfu, en siglt átta sinnum norðlæg heimshöf. Víðförlasta kona veraldar hefir hún verið talin á sinni tíð og sennilega mörgum öldum saman. Saga hennar fellur — eins og á hefir verið drepið — saman við heimssögulega atburði, er jafnan hafa risið ofar umhverfi og samtíð. En jafnvel í orðknöppum frásögnum af stórmennum sögunnar, er finna ókunn lönd og fjarlægar heimsálfur, verður nafn hennar ekki falið í skugga þeirra og afreksverka, sem þeir inna af höndum. Við hlið þvílíkra manna stendur Guðríður Þorbjarnardóttir, framúrskarandi að glæsileik, vitsmunum og skörungsskap og með skaplyndi, sem laðar að hugi þeirra, er henni kynnast; búin mannkostum, sem ættardramb og opinskátt sjálfsálit og metnaður hlýtur að beygja sig fyrir. Þannig verður mál sagnanna skilið í hversdagslegum orðum nútímans.

Um afkomendur Guðríðar og Þorfinns karlsefnis segir Grænlendingasaga þetta: „Snorri átti son þann, er Þorgeir hét. Hann var faðir Yngveldar, móður Brands biskups. Dóttir Snorra Karlsefnissonar hét Hallfríður. Hún var kona Runólfs, föður Þorláks biskups. Björn hét sonur Karlsefnis og Guðríðar. Hann var faðir Þórunnar, móður Bjarnar biskups."

Líklega hefði mátt fleiri nefna og alla merka.

Þetta var mikill ættbogi og góður. Frá Guðríði og yfir hennar kynkvíslir skinu bjartari geislar en hin skyggnustu augu og hugur fengju að fullu skilgreint og metið.

Sé minn gamli förunautur enn ofar moldu, sá er innti mig eftir því, hver væri mér eftirminnilegust og hugþekkust sagnapersóna, tengd héraði því, er við þá áttum leið um, eins og á er drepið í upphafi greinar þessarar, þá er svar mitt að finna á þessum blöðum.

Ed. 1043. Framhaldsnefndarálit [326. mál]

um frv. til l. um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Eftir afgreiðslu frumvarpsins við 2. umr. hefur nefndin komið saman á ný til að kanna hvort ákvæði 34. gr. þess stangist á við sams konar ákvæði í nýsamþykktum lögum um leikskóla. Á fund nefndarinnar kom Bragi Guðbrandsson, félagsmálastjóri Kópavogs, einn þeirra er unnu við samningu frumvarpsins.

Í 34. gr. frumvarpsins er kveðið á um að sveitarstjórnir skuli láta fara fram mat á þörf á leikskólarými *eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti*. Í lögum um leikskóla segir hins vegar í 3. gr. að sveitarfélag *geri árlega könnun* á því hversu margir foreldrar óski eftir leikskólavistun. Það er skoðun nefndarinnar að áðurgreind tímaákvæði stangist ekki á og vísar í því sambandi til þess að frumvarpið um félagsþjónustu sveitarfélaga er rammalöggjöf og ekkert mælir gegn því að í sérlögum, sem varða tiltekna þætti rammalöggjafar, séu þrengri ákvæði.

Alþingi, 18. mars 1991.

Margrét Frímannsdóttir, form., frsm.	Guðmundur H. Garðarsson, fundaskr., með fyrirvara.	Jóhann Einvarðsson.
Karl Steinar Guðnason.	Salome Þorkelsdóttir, með fyrirvara.	Jón Helgason.
	Danfríður Skarphéðinsdóttir.	

Ed. 1044. Breytingartillögur [174. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá menntamálaráðherra.

1. Við 16. gr. Í stað orðanna „Að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins er fræðslustjóra“ í upphafi 4. mgr. komi: Fræðslustjóra er.
2. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
   Skólahverfi er sú eining sem stendur að einum grunnskóla eða fleiri. Sveitarfélög geta sameinast um rekstur grunnskóla og mynda þá eitt skólahverfi. Sveitarfélag, sem rekur tvo eða fleiri grunnskóla, telst eitt skólahverfi. Sveitarfélag getur átt aðild að fleiri en einu skólahverfi ef börn og unglingar á skólaskyldualdri úr því sveitarfélagi eiga skólasókn til tveggja eða fleiri skólahverfa.
3. Á eftir 19. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Við hvern grunnskóla skal starfa skólaráð sem er stjórn skólans til ráðuneytis um innri mál hans, svo sem kennsluskipan, starfsáætlanir, skólatíma, slysavarnir og félagslíf í skólanum og fleira sem varðar daglega starfsemi skólans.
   Skólaráð skal skipað þremur mönnum. Einn tilnefndur af kennurum og öðrum starfsmönnum skólans, einn tilnefndur af foreldrum (foreldrafélagi ef það er til) og

einn tilnefndur af nemendum (nemendaráði ef það er til). Fulltrúar í skólaráði skulu valdir við upphaf skólaárs til eins árs í senn. Skólaráð skal koma saman til fundar eigi sjaldnar en þrisvar á ári. Skólastjóri eða staðgengill hans situr fundi skólaráðs. Skylt er fulltrúa skólanefndar, fræðslustjóra, fulltrúa hans eða fulltrúa fræðsluráðs að mæta á fundi skólaráðs ef ráðið óskar þess.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um störf og starfshætti skólaráðs og setur skólaráði erindisbréf.

Heimilt er skóla að sækja um með rökstuddri greinargerð undanþágu frá ákvæði greinar þessarar til menntamálaráðuneytisins. Gildar ástæður þurfa að liggja fyrir undanþágu, svo sem ef skóli er mjög fámennur.

4. Við 72. gr. Síðasta málsgrein falli brott.
5. Við 85. gr. Í stað orðanna „Lög þessi öðlast þegar gildi“ komi: Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1991.

Nd. 1045. Nefndarálit [462. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem er flutt af heilbrigðis- og trygginganefnd efri deildar og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Guðmundur G. Þórarinsson var fjarverandi er málið var afgreitt.

Alþingi, 18. mars 1991.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm.	Anna Ólafsdóttir Björnsson, fundaskr.	Geir Gunnarsson.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.	Geir H. Haarde.	Ragnhildur Helgadóttir.

Sþ. 1046. Þingsályktun [376. mál]

um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1990.

(Afgreidd frá Sþ. 18. mars.)

Alþingi ályktar að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að vinna að framkvæmd ályktana Vestnorræna þingmannaráðsins sem samþykktar voru á fundi ráðsins í Þórshöfn í Færeyjum 4. september 1990.

Sþ. 1047. Þingsályktun [371. mál]

um skattalega meðferð á lífeyrissparnaði.

(Afgreidd frá Sþ. 18. mars.)

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að gera könnun á skattalegri meðferð lífeyrissparnaðar og undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar til að slíkur sparnaður njóti ekki lakari kjara en annar sparnaður í landinu.

Sþ. 1048. Þingsályktun [397. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt nr. 155 um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi.

(Afgreidd frá Sþ. 18. mars.)

Samhljóða þskj. 715.

Sþ. 1049. Þingsályktun [441. mál]

um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð.

(Afgreidd frá Sþ. 18. mars.)

Samhljóða þskj. 819.

Sþ. 1050. Þingsályktun [398. mál]

um vegáætlun fyrir árin 1991–1994.

(Afgreidd frá Sþ. 18. mars.)

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1991	1992	1993	1994
1.1. Markaðar tekjur:				
1. Bensíngjald	3 570	4 470	4 580	4 677
2. Þungaskattur, árgjald	345	416	421	427
3. Þungaskattur, km-gjald	1 275	1 431	1 555	1 679
1.2. Framlag úr ríkissjóði	350			
Samtals	5 540	6 318	6 556	6 783

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1991	1992	1993	1994
2.1. Stjórn og undirbúningur:				
1. Skrifstofukostnaður	133	150	155	158
2. Tæknilegur undirbúningur	102	115	119	122
3. Umferðartalning og vegaeftirlit	33	38	39	41
4. Eftirlaunagreiðslur	8	8	8	8
	276	311	321	329
2.2. Viðhald þjóðvega:				
1. Almenn þjónusta				
1. Sameiginlegt	237	262	273	283
2. Malarvegir	260	287	295	302
3. Vegir með bundnu slitlagi	134	156	163	171
4. Brýr	26	29	29	31
	657	734	760	787
2. Vetrarþjónusta	573	634	651	669
3. Viðhald				
1. Endurnýjun bundins slitlags	285	335	371	390
2. Endurnýjun malarslitlaga	133	156	184	249
3. Styrkingar og endurbætur	140	205	245	326
4. Viðhald brúa og varnargarða	65	81	97	97
5. Vegmerkingar og öryggisaðgerðir	65	81	97	97
6. Vatnaskemmdir	60	76	86	86
	748	934	1 080	1 245
2.3. Til nýrra þjóðvega:				
1. Stofnbrautir				
1. Alm. verk. og bundin slitlög	768	1 049	824	862
2. Sérstök verkefni	419	454	417	372
3. Höfuðborgarsvæðið	301	417	634	631
4. Stórverkefni	770	586	576	571
	2 258	2 506	2 451	2 436
2. Þjóðbrautir	276	355	435	432
3. Bundin slitlög á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum	27	0	0	0
4. Girðingar og uppgræðsla	26	34	38	43
	2 587	2 895	2 924	2 911
2.4. Til brúagerða:				
1. Brýr 10 m og lengri	142	184	175	172
2. Smábrýr	21	16	15	16
	163	200	190	188
2.5. Til fjallvega o.fl.:				
1. Aðalfjallvegir	20	26	28	30
2. Aðrir fjallvegir	12	14	16	16
3. Þjóðgarðavegir o.fl.	10	18	20	24
4. Vegir á Þingvöllum	5	3	2	0
5. Reiðvegir	6	8	9	10
	53	69	75	80
2.6. Til sýsluvega:	187	209	213	220
2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum:	270	300	309	319
2.8. Til tilrauna:	26	32	33	35
Samtals	5 540	6 318	6 556	6 783

SUNDURLIÐUN
2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA
1. Stofnbrautir.
1.1. Almenn verkefni og bundin slitlög.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
1	Suðurlandsvegur				
02	Um Djúpá			11	
11	Um Mýrdalssand	31	10	3	24
14	Vík-Hvammsá			23	22
18	Um Markarfljót	18			
1	Suðurlandsvegur				
05	Göngubrú á Ölfusá		43		
30	Skeiða- og Hrunamannavegur				
04	Þjórsárdalsvegur-Flúðir	30			
06	Um Flúðir			11	
07	Um Brúarhlöð				22
31	Skálholtsvegur				
01	Skeiðavegur-Hvítá		47		
34	Eyrarbakkavegur				
02	Lýsing við Selfoss		2		
05	Um Ölfusárós	9	2	3	2
36	Þingvallavegur				
01	Biskupstungnabr.-Grafningsvegur		17	22	21
37	Laugarvatnsvegur				
03	Laugarvatn-Reykjavegur			32	43
1	Suðurlandsvegur				
01	Klifurrein í Lækjarbotnum			12	
1	Vesturlandsvegur				
12	Vegamót við Víkurveg	4			
15	Grjótvörn			11	
19	Vegrið í Hvalfirði	3			
19	Botnsá				21
36	Þingvallavegur				
02	Lýsing í Mosfellsdal		7		
41	Reykjanesbraut				
03	Landbætur	8			
03	Undirgöng			5	
04–09	Endurbætur			66	38
05	Lýsing (1 km)		5		
06–07	Lýsing vegamóta	6			
12	Flugvallarvegur-Víknavegur		55		
46	Víknavegur				
01	Um Fitjar		32		
05	Lýsing (1 km)		5		
47	Flugvallarvegur Keflavík				
01	Lýsing (0,5 km)		3		

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
411	Arnarnesvegur				
04	Bæjarbraut-Reykjanesbraut	53			
415	Álftanesvegur				
04	Lýsing	6			
06	Landakot-Sviðholt (slitlag)	4			
06	Lýsing				12
416	Bessastaðavegur				
01	Lýsing að Bessastöðum	6			
422	Njarðvíkurvegur				
03	Njarðvíkurbraut-vestribyggð		5		
1	Vesturlandsvegur				
01	Botnsá			15	
01	Hvalstöð-Olíustöð	9			
12	Arnarbæli-Hvammshorn	45	16		
50	Borgarfjarðarbraut				
04	Deildartunga-Hvítá		11		
05	Hvítá-Kaðalstaðir		30	40	
54	Ólafsvíkurvegur				
02	Borg-Langá	19			
02–03	Brókarlækur-Hestlækur			22	
03	Fíflholtamelar-Hítará	8	43		
05–06	Núpá-Stóraþúfa	19	29		
07–08	Stórafura-Staðará		22		
57	Snæfellsnesvegur				
08–09	Helgafellssveitarvegur-Mjósund			12	26
60	Vestfjarðavegur				
09	Kjartanssteinn-Bessatunga				21
10	Klofningsvegur-Brunná	21			
10	Gilsfjörður				17
60	Vestfjarðavegur				
01	Gilsfjörður			6	11
03	Króksfjarðarnes-Kambur	23	9		
23	Grænanes-Næfranes	12			
27	Vestfjarðagöng	14	130	123	125
61	Djúpvegur				
16	Seljalandsós-Svarfhóll	12			
25	Óshlíð	12	11	12	11
62	Barðastrandarvegur				
05	Hlaðseyri-Raknadalur	6			
63	Bíldudalsvegur				
03	Hálfdán-Bíldudalur	31	31	26	29
68	Hólmavíkurvegur				
01	Fjarðarhorn-Laugarholt		29		
03–04	Borðeyri-Hróðmundará	5			

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
1	Norðurlandsvegur				
01	Sýslumörk-Staðarskáli		7		
06	Um Víðihlíð (lýsing)	1			
09	Við Blönduós	1			
14	Um Bólstaðarhlíðarbrekku			5	22
19	Miklibær-Kjálkavegur	20			
21	Valagilsá-Heiðarsporður			5	
21	Heiðarsporður-Reiðgil			6	
21	Reiðgil-Grjótá	8	13		
75	Sauðárkróksbraut				
06	Um Vesturós			12	34
76	Siglufjarðarvegur				
03–04	Kýrholt-Hlíðarendi	5	57		
04	Hlíðarendi-Gröf			45	15
09–10	Lambanesá-Sauðanes		21		
10	Strákagöng		6		
1	Norðurlandsvegur				
02	Öxnadalsá-Þverá	35	71		
03	Þverá-Hörgárdalsvegur	39	34		
04	Krossastaðir-Ólafsfjarðarvegur				18
17	Fosshóll-Aðaldalsvegur		5		16
20	Um Kráká			9	
22	Múlavegur-Kísiliðja		8		
82	Ólafsfjarðarvegur				
06	Um Ólafsfjarðarmúla	6			
85	Norðausturvegur				
06	Húsavík-Hallbjarnarstaðir	4		17	37
10	Vogar-Krossdalur			27	27
27	Brekknaheiði		27	42	7
87	Kísilvegur				
00	Kirkja-Mývatnsvegur	16	10		
829	Eyjafjarðarbraut eystri				
01	Um Þverá	15	5		
845	Aðaldalsvegur				
01	Norðurlandsvegur-Staðarbraut			6	39
02	Staðarbraut-Syðra Fjall			17	
1	Austurlandsvegur				
10	Jökulsá-Dimmidalur	18	9		
11	Skóghlíð-Fellabær		16	32	33
17	Um Haugahóla	12			
21	Um Breiðdalsá			21	28
21–23	Ós-Fagrihvammur	32	63		
25–26	Fossá-Framnes	9			
38	Mánagarður-Myllulækur	13	28		
43	Reynivellir-Jökulsá	9	18	8	
44	Jökulsá-austan Fjallsár	22			

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
	44–45 Um Fjallsá			32	
	45 Hrútá-Kvíá		15		
	46 Kvíá-Fagurhólsmýri				29
85	Norðausturvegur				
	01 Um Geysirófu			11	
	03 Skeggjastaðir-Hafnarvegur	13	16		
	04 Á Sandvíkurheiði	5	8		
	04–05 Hafnarvegur-Hvammsgerði			11	22
93	Seyðisfjarðarvegur				
	02 Borgarfjarðarvegur-Langahlíð				16
	02 Langahlíð-Miðhúsaá	20			
	02–03 Miðhúsaá-Efri Stafur			23	
96	Suðurfjarðavegur				
	01 Norðfjarðarvegur-Handarhald	32			
	03 Götuhjalli-Vattarnes	19	18		17
	07 Um Selá				14
	Óráðstafað			40	43
	Samtals	768	1 049	824	862

1.2. Sérstök verkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
1	Suðurlandsvegur				
	08 Um Kúðafljót				34
	11 Um Mýrdalssand		39	26	4
	18 Um Markarfljót	56	29	6	
1	Vesturlandsvegur				
	13 Hellistungur		3		64
54	Ólafsvíkurvegur				
	02–03 Brókarlækur-Hítará	61	79	43	
57	Snæfellsnesvegur				
	13 Búlandshöfði	2		64	44
1	Vesturlandsvegur				
	03 Hólmavíkurvegur-sýslumörk	35			
60	Vestfjarðavegur				
	22 Dýrafjörður	36	16		
61	Djúpvegur				
	01 Tenging Inndjúps	55	76	65	54
1	Norðurlandsvegur				
	01 Sýslumörk-Staðarskáli	9	47		
	14 Um Bólstaðarhlíðarbrekku				43
	21 Heiðarsporður-Reiðgil			42	
	21 Reiðgil-Grjótá	49			

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
1	Norðurlandsvegur				
01	Grjótá-Öxnadalsá	10	27	49	
02	Öxnadalsá-Þverá	40	39		
04	Krossastaðir-Ólafsfjarðarvegur			16	
17	Fosshóll-Aðaldalsvegur				50
92	Norðfjarðarvegur				
09	Ofan Eskifjarðar-Göng	17	17		
10	Göng-Skuggahlíð		28	32	10
917	Hlíðarvegur				
04–06	Vopnafjörður-Hérað	46	51	49	48
	Jarðgangarannsóknir	3	3	3	3
	Óráðstafað			22	18
	Samtals	419	454	417	372

1.3. Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
1	Suðurlandsvegur				
02	Rauðavatn-Vesturlandsvegur			109	100
12	Við Höfðabakka			3	
12	Höfðabakki-Suðurlandsvegur				140
12	Vegamót við Víkurveg		4		
13	Umferðarljós		3		
36	Þingvallavegur				
02	Lýsing í Mosfellsdal	5			
40	Hafnarfjarðarvegur				
03	Um Arnarneshæð	140			
04	Undirgöng í Garðabæ			33	
06	Undirgöng við Kaplakrika		19		
06	Engidalur-Flatahraun		76		
411	Arnarnesvegur				
04	Bæjarbraut-Reykjanesbraut		40		
07	Breiðholtsbraut-Elliðavatnsvegur		51	96	
07	Lýsing		7		
	Sæbraut	65	22		
	Kringlumýrarbraut	15			27
	Eiðsgrandi	15			
	Ánanaust	7			9
	Geirsgata		76		
	Bústaðavegur		27		
	Hlíðarfótur			24	
	Hringbraut			17	
	Miklabraut			130	

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
	Vesturlandsvegur				123
	Greiðsla skulda Reykjavík	18	46	126	147
	Vífilsstaðavegur	36	46		
	Fífuhvammsvegur			65	54
	Óráðstafað			31	31
	Samtals	301	417	634	631

1.4. Stórverkefni.

Stórbrýr.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
1	Suðurlandsvegur				
08	Um Kúðafljót				56
18	Um Markarfljót	42	132	22	
60	Vestfjarðavegur				
10–01	Gilsfjörður			22	38
22	Dýrafjörður	78	19		
75	Sauðárkróksbraut				
06	Um Vesturós			26	52
1	Austurlandsvegur				
21	Breiðdalsá		2	78	
	Óráðstafað			6	6
	Samtals	120	153	154	152

Jarðgöng.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
	Vestfjarðagöng	376	392	389	387
76	Siglufjarðarvegur				
10	Strákagöng	72	9		
82	Ólafsfjarðarvegur				
06	Um Ólafsfjarðarmúla	192	21		
	Austurlandsgöng	10	11	11	11
	Óráðstafað			22	21
	Samtals	650	433	422	419
	Stórverkefni samtals	770	586	576	571

2. Þjóðbrautir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
25	Þykkvabæjarvegur				
02	Hrafntóftir-Ásvegur				24
26	Landvegur				
01	Suðurlandsv.-Hagabraut nyrðri		2	22	
202	Prestbakkavegur				
01	Breiðabólsstaður-Prestbakki		1		
203	Geirlandsvegur				
01	Suðurlandsvegur-Stjórn			2	
204	Meðallandsvegur				
01	Suðurlandsvegur-Fossar				11
210	Ljótarstaðavegur				
01	Búlandsvegur-Snæbýli				2
211	Álftaversvegur				
01	Suðurlandsvegur-Herjólfsstaðir	5			
215	Reynishverfisvegur				
01	Suðurlandsvegur-Norðurfoss			4	
239	Eldfellsvegur			9	4
248	Markarvegur				
01	Suðurlandsvegur-Stóramörk				2
250	Dímonarvegur				
01	Suðurlandsvegur-Fljótshlíðarvegur				7
253	Gunnarshólmavegur				
01	Landeyjavegur-Landeyjavegur		5	4	2
255	Akureyjarvegur				
01	Suðurlandsvegur-Landeyjavegur		5	4	2
261	Fljótshlíðarvegur				
02	Kirkjulækur-Hlíðarendi	10		11	
262	Vallarvegur				
01	Um Efrahvol				2
264	Rangárvallavegur				
01	Suðurlandsvegur-Keldur				2
03	Þingskálavegur-Suðurlandsvegur	10	11		
268	Þingskálavegur				
02–03	Selsund-Næfurholt	5			
273	Bugavegur				
01	Suðurlandsvegur-Vetleifsholt			4	
275	Ásvegur				
02	Um Háfshverfi			6	
286	Hagabraut				
02	Um Saurbæ				7
30	Skeiða- og Hrunamannavegur				
07	Um Brúarhlöð	4			
32	Þjórsárdalsvegur				
01	Skeiðavegur-Árnes			4	
33	Gaulverjabæjarvegur				
01	Suðurlandsvegur-Holtsvegur	9	7	7	11

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
35	Biskupstungnabraut				
05	Skálholtsvegur-Reykjavegur	13	14		19
09	Kjalvegur við Gullfoss		8		
37	Laugarvatnsvegur				
03	Um Laugardalshóla		13		
304	Oddgeirshólavegur				
01	Suðurlandsvegur-Oddgeirshólar		4	4	
305	Villingaholtsvegur				
01	Suðurlandsvegur-Hróarsholt			17	
03	Krókur-Lækjarbakki		9		9
310	Votmúlavegur				
01	Eyrarbakkavegur-Gaulverjabæjarv.		1		
321	Skeiðháholtsvegur				
01	Um Blesastaði og Kílhraun			7	
324	Vorsabæjarvegur				
01	Um Vorsabæ	1			
326	Hælsvegur				
01	Ýmsir staðir				2
329	Mástunguvegur				
01	Ýmsir staðir		2	2	
345	Kaldbaksvegur				
01	Um Hruna		3		
350	Grafningsvegur neðri				
01	Alviðra-Stóri-Háls		4		
360	Grafningsvegur efri				
02	Grafningsv. neðri-Nesjavellir	11			
374	Hvammavegur				
01	Ýmsir staðir	2			
48	Kjósarskarðsvegur				
01	Um Laxá				5
431	Hafravatnsvegur				
01	Sólheimatjörn-Hafravatn				25
417	Bláfjallavegur				
01	Suðurlandsvegur-Bláfjöll		29	31	
425	Nesvegur				
02	Íslandslax-Grindavíkurvegur	23			
50	Borgarfjarðarbraut				
04	Deildartunga-Hvítá	17			
53	Hvítárvallavegur				
01–02	Vesturlandsvegur-Hvanneyri	24	14	4	61
59	Laxárdalsvegur				
02	Laxárdalsheiði	4			
504	Leirársveitarvegur				
01	Að Heiðarskóla		11		
508	Skorradalsvegur				
02	Hjá Vatnsenda		8		

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
515	Flókadalsvegur				
01	Snjóastaðir			8	
518	Hálsasveitarvegur				
04	Snjóastaðir				7
567	Kolviðarnesvegur				
01	Að Laugagerðisskóla	5	11		
574	Útnesvegur				
01	Um Klifhraun	2		43	
582	Hálsabæjavegur				
01	Snjóastaðir				4
586	Haukadalsvegur				
01	Vatn-Vatnshorn			16	
589	Sælingsdalsvegur		2		
590	Klofningsvegur				
07	Fagridalur-Hjallar		22		
607	Reykhólasveitarvegur				
01	Vestfjarðavegur-Reykhólar				12
612	Örlygshafnarvegur				
01	Barðastrandarvegur-Skápadalur	1		16	
614	Kollsvíkurvegur				
01	Örlygshafnarvegur-Tunga			7	
619	Ketildalavegur				
03	Bíldudalur-Hvesta		19		
624	Ingjaldssandsvegur				
01	Vestfjarðavegur-Núpur			5	
633	Vatnsfjarðarvegur				
01–03	Djúpvegur-Vatnsfjarðarnes	26		16	
634	Reykjanesvegur				
01	Vatnsfjarðarvegur-Reykjanes	3			
643	Strandavegur				
05–06	Kaldbaksvík-Kolbeinsvík		20		
645	Drangsnesvegur				
01	Strandavegur-Drangsnes				21
03	Drangsnes-Kaldrananes				11
711	Vatnsnesvegur				
01	Hvammstangi-Skarð	11		11	
722	Vatnsdalsvegur				10
723	Grímstunguvegur				10
726	Auðkúluvegur		11		
731	Svínvetningabraut				
01	Blönduós-Hnjúkahlíð	6			
733	Blöndudalsvegur		10		
734	Svartárdalsvegur			9	
745	Skagavegur				
01	Skagastrandarvegur-Örlygsstaðir	3			
04–05	Hafnaá-Keta			9	

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
751	Efribyggðarvegur		4		
752	Skagafjarðarvegur				
02	Héraðsdalsv.-Svartárdalsv.	7	4		30
03	Svartárdalsv.-Austurdalsv.	3			
758	Austurdalsvegur		3		
764	Hegranesvegur vestri	2			
765	Hegranesvegur eystri	2	11		
767	Hólavegur			21	
83	Grenivíkurvegur				
03	Gljúfurá-Grenivík	24	9		
805	Svarfaðardalsvegur				
01	Holt-Tjörn		17		
01	Þverá-Tunguvegur				10
807	Skíðadalsvegur				
01	Sakka-Hofsá		12		8
811	Hjalteyrarvegur				
02	Bakkavegur-Hjalteyri	5			
812	Bakkavegur				
01	Ólafsfjarðarv.-Hjalteyrarv.		4		
814	Staðarbakkavegur				
01	Hörgárdalsvegur-Flaga		4		
829	Eyjafjarðarbraut eystri				
02	Litli Hamar-Rútsstaðir				23
830	Svalbarðseyrarvegur				
02	Norðurlandsvegur-Svalbarðseyri	5			
833	Illugastaðavegur				
01	Norðurlandsvegur-Skógar			24	9
836	Vaglaskógarvegur				
01	Hróarsstaðir-Mörk			4	
848	Mývatnsvegur				
01	Norðurlandsvegur-Vagnbrekka			21	11
01	Neslandavík-Kísilvegur		4	13	
864	Hólsfjallavegur				
01–04	Norðurlandsv.-Norðausturv.	5			
85	Norðausturvegur				
10	Hlíðarvegur-Deildarlækur			21	15
94	Borgarfjarðarvegur				
01	Mýnes-Eiðar	13			
07	Um Vatnsskarð			11	11
08	Skriður-Framnes		22		
919	Sunnudalsvegur				
01	Hlíðarvegur-Refstaður				11
923	Jökuldalsvegur	1			
931	Upphéraðsvegur				
03	Hrafnsgerði-Parthús	4			
04	Brekkugerði-Hengifossá			11	11
08	Hafursá-Freyshólar	6	15		

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
951	Vestdalseyrarvegur				
02	Seyðisfjörður-Vestdalseyri			5	
953	Mjóafjarðarvegur	4			
	Óráðstafað			22	21
	Samtals	276	355	435	432

2.4. Til brúagerða.
Til brúa 10 m og lengri

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
	Andakílsá (50)	23			
	Litla-Laxá (30)	26			
	Búrfellslækur (36)	9			
	Grjótá á Kjalvegi (F37)	9			
	Staðarhólsá (s. Dal.)	7			
	Hjaltadalsá (76)	20			
	Jökulsá eystri (F72)	7			
	Þverá (829)	18			
	Eyjafjarðará (823)	13	14		
	Eyrará (96)	10			
	Leirá og Jökulkvísl (Álftav.)		4		
	Reyðarvatnslækur (264)		9		
	Kolbeinsdalsá (76)		23		
	Gljúfurá (83)		13		
	Fnjóská (836)		14	14	
	Fjallsá (1)		67	27	
	Fjarðará (þþ)		40		
	Djúpá (1)			35	
	Kráká (1)			12	
	Laxá (848)			51	
	Eyvindará (93)			27	55
	Botnsá (1)				22
	Laxá (448)				19
	Mjósund (57)				24
	Ormarsstaðaá (931)				25
	Fjórðungskvísl (F28)				18
	Óráðstafað			9	9
	Samtals	142	184	175	172

III. FLOKKUN VEGA

3.1. ÞJÓÐVEGIR EFTIR KJÖRDÆMUM

Suðurlandskjördæmi.

1 Suðurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Skeiðarársandi, um Fljótshverfi og Síðu, yfir Eldhraun og Skaftártungu, um Mýrdalssand, Mýrdal, Sólheimasand, Eyjafjöll, Rangárvelli, Holt, Þjórsá, Flóa, Ölfus, Hellisheiði að sýslumörkum við Sandskeið.

22 Dalavegur: Frá Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum um Heiðarveg að flugstöð.

25 Þykkvabæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Ytri-Rangá á Ásveg hjá Miðkoti í Þykkvabæ.

26 Landvegur: Af Suðurlandsvegi í Holtum upp Holt og Land um Galtalæk austan við Þjórsá hjá Búrfelli nálægt Tungnaá hjá Haldi að Sigölduvirkjun.

202 Prestbakkavegur: Af Suðurlandsvegi austan Breiðbalakvíslar, um Prestbakkavöll, að heimreið að Prestbakka.

203 Geirlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan Skaftárbrúar, um brú á Stjórn að heimreið að Geirlandi.

204 Meðallandsvegur: Af Suðurlandsvegi við Skaftárbrú, niður Landbrot austanvert, um Eldvatnsbrú hjá Syðri-Fljótum, um Langholt og Leiðvöll í Meðallandi, á Suðurlandsveg austan Eldvatns.

205 Klausturvegur: Af Suðurlandsvegi við Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri.

208 Búlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Tungufljótsbrú í Skaftártungu að Skaftárdal.

210 Ljótarstaðavegur: Af Búlandsvegi nálægt Gröf, um Gröf og Borgarfell, um brú á Tungufljóti undan Snæbýli að vegamótum að Snæbýli.

211 Álftaversvegur: Af Suðurlandsvegi við Skálmarbrú á Mýrdalssandi, um Herjólfsstaði á Hryggjaveg hjá Þykkvabæjarklaustri.

212 Hryggjavegur: Af Álftaversvegi nálægt Holti um Jóvíkurhryggi á Álftaversveg hjá Þykkvabæjarklaustri.

214 Kerlingardalsvegur: Af Suðurlandsvegi að Kerlingardal.

215 Reynishverfisvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Fossholtum að Presthúsum.

216 Reynisvegur: Af Reynishverfisvegi norðan Lækjarbakka, um Þórisholt á Reynishverfisveg hjá Reynisdal.

218 Dyrhólavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Litla Hvammi í Mýrdal að heimreið að Dyrhólum.

219 Péturseyjarvegur: Af Suðurlandsvegi austan Péturseyjar, um Pétursey og Eyjarhóla, á Suðurlandsveg vestan Péturseyjar.

238 Fellavegur: Af Dalavegi í Vestmannaeyjum, sunnan Smáragötu, milli Fella að Flugstöð.

239 Eldfellsvegur: Af Fellavegi við Helgafellsbraut um Eldfellshraun og Páskahraun á Fellaveg sunnan Helgafells.

240 Stórhöfðavegur: Af Dalavegi (Skildinganesvegi) ofan Básaskersbryggju, meðfram vesturmörkum byggðar að Stórhöfðavita.

242 Raufarfellsvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Kaldaklifsár, um Raufarfellsbæi, á Suðurlandsveg austan Svaðbælisár.

243 Leirnavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Svaðbælisár, um Rauðsbakka og Leirnahverfi, á Suðurlandsveg austan við Steina.

245 Hverfisvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Holtsár, um Holtahverfi, á Suðurlandsveg austan Írár.

246 Skálavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Holtsár, um Skálabæi, á Suðurlandsveg austan við Hvamm.

247 Sandhólmavegur: Af Suðurlandsvegi við Hvamm, um Efraholt, á Suðurlandsveg hjá Fitjamýri.
248 Markarvegur: Af Suðurlandsvegi austan Markarfljóts að Stóru-Mörk.
249 Þórsmerkurvegur: Af Suðurlandsvegi austan Markarfljóts, um Merkurengjar í Húsadal í Þórsmörk.
250 Dímonarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Markarfljóts, norður Markarfljótsaura hjá Stóra-Dímon á Fljótshlíðarveg við Merkjaá.
251 Hólmabæjavegur: Af Suðurlandsvegi á Markarfljótsaurum um Dalsel og Borgareyrar á Landeyjaveg nálægt Sandtjörn.
252 Landeyjavegur: Af Suðurlandsvegi austan Affalls, um Miðey, Bergþórshvol, Púfu og Fróðholt á Suðurlandsveg austan Þverár.
253 Gunnarshólmavegur: Af Landeyjavegi hjá Votmúlastöðum um Sel á Landeyjaveg hjá Gunnarshólma.
254 Hólmavegur: Af Landeyjavegi sunnan Álftarhóls að Hólmum.
255 Akureyjarvegur: Af Suðurlandsvegi við Hemlu, um Strönd á Landeyjaveg nálægt Akurey.
261 Fljótshlíðarvegur: Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð um Múlakot að Háamúla.
262 Vallarvegur: Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli um Efrahvol að Markarskarði.
264 Rangárvallavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Eystri-Rangár upp Rangárvelli, um Keldur og Gunnarsholt niður Rangárvelli á Suðurlandsveg vestan Varmadals.
266 Oddavegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Strönd að Odda.
267 Selalækjarvegur: Af Suðurlandsvegi við Varmadal að Selalæk.
268 Þingskálavegur: Af Rangárvallavegi vestan Gunnarsholts, um Þingskála og Hóla, um brú á Rangá ofan við Galtalæk á Landveg norðan Galtalækjarskógar.
271 Árbæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Ytri-Rangár, um Árbæ, Snjallsteinshöfða og Lækjarbotna á Landveg hjá Púfu.
273 Bugavegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Lyngás að Vetleifsholti.
275 Ásvegur: Af Suðurlandsvegi að Landvegamót um Áshverfi, Sandhólaferju, Háfshverfi og Þykkvabæ að Húnakoti.
282 Ásmundarstaðavegur: Af Suðurlandsvegi við Áshól að Ásmundarstöðum.
284 Heiðarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Einbúa um Heiði, Kamb og Gíslholt, á Hagabraut.
286 Hagabraut: Af Landvegi ofan Lýtingsstaða um Rafholt, Haga og Stúfholt á Landveg neðan við Köldukinn.
288 Kálfholtsvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Einbúa um Hamra og Kálfholt á Suðurlandsveg á Lónsheiði.
30 Skeiða- og Hrunamannavegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa, um Skeið, hjá Reykjum, um brú á Stóru-Laxá, hjá Hrepphólum, um Flúðir, Skipholt og yfir Hvítá hjá Brúarhlöðum á Biskupstungnabraut hjá Kjóastöðum.
31 Skálholtsvegur: Af Skeiða- og Hrunamannavegi hjá Reykjum um Laugarás og Skálholt á Biskupstungnabraut hjá Spóastöðum.
32 Þjórsárdalsvegur: Af Hrunamannavegi á Sandlækjarholti, um Þjórsárholt sunnan Miðfells, upp Þjórsárdal, um Skeljafell norðan Bjarnalóns, yfir Þjórsá hjá Sandafelli og á Landveg litlu austar.
33 Gaulverjabæjarvegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Gaulverjabæ og Stokkseyri á Eyrarbakkaveg ofan Eyrarbakka.
34 Eyrarbakkavegur: Af Suðurlandsvegi austan Ölfusárbrúar á Selfossi um Eyrarbakka og Ölfusárós, á Þorlákshafnarveg.
35 Biskupstungnabraut: Af Suðurlandsvegi vestan Selfoss, um brú á Sogi, Svínavatn, brú á Brúará, Vatnsleysu, Múla og Geysi að Gullfossi.

36 Þingvallavegur: Af Biskupstungnabraut austan við Sog, um Ljósafoss, austan Þingvallavatns, um Gjábakka og Þingvöll, að sýslumörkum á Mosfellsheiði.
37 Laugarvatnsvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Svínavatni, um Laugarvatn á Biskupstungnabraut hjá Múla.
38 Þorlákshafnarvegur: Af Suðurlandsvegi nálægt Hveragerði til Þorlákshafnar.
39 Þrengslavegur: Af Suðurlandsvegi í Svínahrauni, um Þrengsli á Þorlákshafnarveg í Ölfusi.
302 Urriðafossvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Þjórsár, um Urriðafoss yfir Villingaholtsveg, um Gafl á Hamarsveg hjá Skógsnesi.
303 Ölvisholtsvegur: Af Suðurlandsvegi við Kjartansstaði um Miklaholtshelli að vegamótum við Ölvisholt.
304 Oddgeirshólavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Hraungerði um Oddgeirshóla og Langholt á Suðurlandsveg nálægt Túni.
305 Villingaholtsvegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Villingaholt, suður með Þjórsá um Fljótshóla, á Gaulverjabæjarveg norðan Loftsstaða.
308 Hamarsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi hjá Gaulverjabæ, um Hamar og Skógsnes, á Villingaholtsveg hjá Sýrlæk.
309 Kolsholtsvegur: Af Villingaholtsvegi hjá Vatnsenda að vegamótum að Kolsholtshelli.
310 Votmúlavegur: Af Eyrarbakkavegi hjá Geirakoti um Votmúla á Gaulverjabæjarveg við Smjördali.
311 Önundarholtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi norðan Meðalholts, um Súluholt, á Villingaholtsveg norðan Önundarholts.
312 Vorsabæjarvegur í Flóa: Af Gaulverjabæjarvegi móts við Seljatungu um Vorsabæ á Hamarsveg við Syðri-Velli.
314 Holtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi nálægt Klængsseli um Holt á Gaulverjabæjarveg á Stokkseyri.
316 Kaldaðarnesvegur: Af Eyrarbakkavegi nálægt Sandvík að vegamótum að Hreiðurborg.
321 Skeiðháholtsvegur: Af Skeiðavegi við Kílhraun, um Skeiðháholt á Skeiðaveg móti Löngumýri.
322 Ólafsvallavegur: Af Skeiðavegi að Ólafsvöllum.
324 Vorsabæjarvegur: Af Skeiðavegi hjá Brautarholti að vegamótum að Fjalli.
325 Gnúpverjavegur: Af Þjórsárdalsvegi vestan Kálfár um Hamarsheiði á Þjórsárdalsveg vestan Þverár.
326 Hælsvegur: Af Gnúpverjavegi vestan Kálfár, hjá Hæl að heimreið að Lækjarbakka.
328 Stóra-Núpsvegur: Af Þjórsárdalsvegi hjá Minna-Núpi á Gnúpverjaveg við Ásaskóla.
329 Mástunguvegur: Af Gnúpverjavegi ofan við Ása um Stóru-Mástungu að Laxárdal.
340 Auðsholtsvegur: Af Hrunamannavegi austan Stóru-Laxár, um Syðra-Langholt að Auðsholti.
341 Langholtsvegur: Af Hrunamannavegi hjá Flúðum á Auðsholtsveg hjá Langholti.
343 Álfsstétt: Af Eyrarbakkavegi við hina gömlu Álfsstétt um Eyrarbakka á Eyrarbakkaveg á móts við Einarshöfn.
344 Hrunavegur: Af Hrunamannavegi við Flúðir um Hruna á Hrunamannaveg vestan Kirkjuskarðs.
345 Kaldbaksvegur: Af Hrunavegi hjá Hruna að heimreið að Þverspyrnu.
349 Tungufellsvegur: Af Hrunamannavegi við Dalsá að Tungufelli.
350 Grafningsvegur neðri: Af Biskupstungnabraut við Alviðru á Grafningsveg efri við Úlfljótsvatn.
351 Búrfellsvegur: Af Þingvallavegi hjá Ásgarði um Búrfell og Klausturhóla á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.

353 Kiðjabergsvegur: Af Biskupstungnabraut austan Seyðishóla að heimreið að Gelti.
354 Sólheimavegur: Af Biskupstungnabraut við Minni-Borg um Sólheima, á Biskupstungnabraut austan Svínavatns.
355 Reykjavegur: Af Biskupstungnabraut hjá Torfastöðum á Laugarvatnsveg hjá Brúará.
356 Tjarnarvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Vatnsleysu á Reykjaveg hjá Tjörn.
358 Einholtsvegur: Af Biskupstungnabraut við Tungufljótsbrú, um Einholt á Hrunamannaveg sunnan Gýgjarhóls.
359 Bræðratunguvegur: Af Einholtsvegi norðan Tungufljóts að Ásakoti.
360 Grafningsvegur efri: Af Þingvallavegi við Írafoss, um Grafning á Þingvallaveg norðan Heiðarbæjar.
364 Eyjavegur: Af Laugarvatnsvegi norðan við Djúpin að heimreið að Útey.
365 Gjábakkavegur: Af Laugarvatnsvegi hjá Laugarvatni á Þingvallaveg við Gjábakka.
366 Böðmóðsstaðavegur: Af Laugarvatnsvegi undan Efstadalsfjalli að Böðmóðsstöðum.
374 Hvammsvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Kögunarhóls um Nýbýlahverfi og Gljúfur á Suðurlandsveg vestan Kotstrandar.
375 Arnarbælisvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Sandhóli að Auðsholti.
42 Krýsuvíkurvegur: Frá sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni, um Selvogsheiði á Þorlákshafnarveg við Þrengslaveg.
48 Kjósarskarðsvegur: Frá sýslumörkum vestan Stíflisdalsvatns, um Fellsenda á Þingvallaveg á Mosfellsheiði.
52 Uxahryggjavegur: Frá sýslumörkum á Sæluhúsahæðum, um Brunna og Tröllháls á Þingvallaveg á Þingvöllum.

Reykjaneskjördæmi.

1 Suðurlandsvegur: Frá sýslumörkum við Sandskeið um Lækjarbotna til Reykjavíkur.
1 Vesturlandsvegur: Frá Reykjavík um Mosfellssveit og Kjalarnes, inn Hvalfjörð, að sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni.
36 Þingvallavegur: Frá sýslumörkum á Mosfellsheiði á Vesturlandsveg nálægt Köldukvísl.
40 Hafnarfjarðarvegur: Frá Reykjavík um Kópavog og Garða á Reykjanesbraut við Kaplakrika.
41 Reykjanesbraut: Frá Reykjavík, austan Kópavogs og Hafnarfjarðar, um Vatnsleysustrandarheiði ofan Keflavíkur um Miðnesheiði til Sandgerðis.
42 Krýsuvíkurvegur: Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð, um Krýsuvík að sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni.
43 Grindavíkurvegur: Af Reykjanesbraut á Vogastapa til Grindavíkur.
44 Hafnavegur: Af Reykjanesbraut í Njarðvík að Höfnum.
45 Garðskagavegur: Af Víknavegi norðan Keflavíkur um Gerðar og Sandgerði að heimreið að Nýlendu á Stafnesi.
46 Víknavegur: Af Reykjanesbraut í Njarðvík um Njarðvík og Keflavík á Reykjanesbraut á vestanverðri Miðneshseiði.
47 Flugvallarvegur Keflavík: Af Reykjanesbraut ofan Keflavíkur að flugstöð á Keflavíkurflugvelli.
48 Kjósarskarðsvegur: Af Vesturlandsvegi norðan Laxár, um Reynivelli og Kjósarskarð að sýslumörkum vestan Stíflisdalsvatns.
410 Elliðavatnsvegur: Af Arnarnesvegi við Dimmu um Vatnsenda á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.
411 Arnarnesvegur: Af Suðurlandsvegi við Rauðavatn, um norðurhlíðar Vatnsendahvarfs og Rjúpnahæðar yfir Reykjanesbraut við Hnoðraholt á Hafnarfjarðarveg á Arnarneshæð.

412 Vífilsstaðavegur: Af Hafnarfjarðarvegi sunnan Silfurtúns, um Garða og Vífilsstaði á Elliðavatnsveg við Vífilsstaðavatn.
415 Álftanesvegur: Af Reykjanesbraut í Moldahrauni, um Engidal, út á Álftanes, um Landakot og Sviðholt og aftur á Álftanesveg gegnt vegamótum Bessastaðavegar.
416 Bessastaðavegur: Af Álftanesvegi nálægt Bessastöðum að Bessastöðum.
417 Bláfjallavegur: Af Suðurlandsvegi neðan Sandskeiðs, norðan Stóra-Kóngsfells og á Krýsuvíkurveg nálægt Óbrynnishólum.
420 Vatnsleysustrandarvegur: Af Reykjanesbraut við Kúagerði, um Vatnsleysuströnd að Vogum.
421 Vogavegur: Af Reykjanesbraut móti Vogum að Vogakauptúni.
422 Njarðvíkurvegur: Af Reykjanesbraut vestan Vogastapa um Innri-Njarðvík á Reykjanesbraut við Trésmiðjuna Ramma.
425 Nesvegur: Af Hafnavegi í Höfnum um Reykjanes á Grindavíkurveg ofan Grindavíkur.
427 Ísólfsskálavegur: Af Grindavíkurvegi í Grindavík um Ísólfsskála á Krýsuvíkurveg sunnan Krýsuvíkur.
430 Úlfarsárvegur: Af Vesturlandsvegi norðan brúar á Úlfarsá sunnan Úlfarsfells á Hafravatnsveg.
431 Hafravatnsvegur: Af Suðurlandsvegi norðan Hólmsár, um Miðdal, á Vesturlandsveg við Þverholt.
433 Reykjalundarvegur: Af Hafravatnsvegi að Reykjalundi.
458 Brautarholtsvegur: Af Vesturlandsvegi norðan Klébergs að Brautarholti.
460 Eyrarfjallsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Kiðafelli, sunnan Eyrarfjalls á Vesturlandsveg hjá Felli.
461 Meðalfellsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Skorá, norðan Meðalfellsvatns á Kjósarskarðsveg sunnan brúar á Laxá hjá Vindáshlíð.

Vesturlandskjördæmi.

1 Vesturlandsvegur: Frá sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni, út fyrir Hafnarfjall, yfir Borgarfjörð hjá Borgarnesi, um Eskiholt, Norðurárdal, að sýslumörkum á Holtavörðuheiði.
50 Borgarfjarðarbraut: Af Vesturlandsvegi við Ferstiklu, um Draghála, Hestháls og Bæjarsveit, yfir brú á Hvítá hjá Kljáfossi, um Stafholtstungur á Vesturlandsveg hjá Haugum.
51 Akranesvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Lambhaga að Akranesi.
52 Uxahryggjavegur: Af Hvítárvallavegi við Hvítárvelli, um Hest, Götuás, Lundarreykjadal og Uxahryggi að sýslumörkum hjá Sæluhúsahæðum.
53 Hvítárvallavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Seleyri um Andakíl, yfir brú á Hvítá hjá Hvítárvöllum á Vesturlandsveg norðan Eskiholts.
54 Ólafsvíkurvegur: Af Vesturlandsvegi við Borgarnes, um Mýrar, Vegamót og Fróðárheiði til Ólafsvíkur.
55 Heydalsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Kolbeinsstöðum, um Hnappadal og Heydal, á Snæfellsnesveg vestan Bíldhóls.
56 Kerlingarskarðsvegur: Af Ólafsvíkurvegi við Vegamót yfir Kerlingarskarð á Snæfellsnesveg á Kóngsbakkahæðum.
57 Snæfellsnesvegur: Af Vestfjarðavegi við Stóraskóg, um Hörðudal, Skógarströnd, Helgafellssveit og Grundarfjörð á Ólafsvíkurveg við Fróðá.
58 Stykkishólmsvegur: Af Snæfellsnesvegi innan Gríshólsár að Stykkishólmi.
59 Laxárdalsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Saurum, um Laxárdal, að sýslumörkum á Laxárdalsheiði.
502 Svínadalsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Miðfelli, norður yfir Laxá hjá Hóli, um Eyri á Borgarfjarðarbraut gegnt Geitabergi.
503 Akrafjallsvegur: Af Grundartangavegi hjá Klafastöðum um Innra-Hólm að Akranesi.

504 Leirársveitarvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Leirárbrú, um Leirá á Svínadalsveg vestan við Hól.
505 Melasveitarvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Skorholti, um Melasveit á Vesturlandsveg hjá Belgsholti.
506 Grundartangavegur: Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl að Grundartangahöfn.
507 Mófellsstaðavegur: Af Hvítárvallavegi sunnan Andakílsár, um Mófellsstaði á Borgarfjarðarbraut sunnan Skorradalsvatns.
508 Skorradalsvegur: Af Hvítárvallavegi norðan brúar á Andakílsá, um Fossabæi, með Skorradalsvatni að norðan að Fitjum.
510 Vatnshamravegur: Af Skorradalsvegi hjá Vatnshömrum um Heggsstaði á Uxahryggjavegi hjá Hatti.
511 Hvanneyrarvegur: Af Hvítárvallavegi að Hvanneyrarskóla.
512 Lundarreykjadalsvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Fossatúni, um Lundarreykjadal norðanverðan og brú á Grímsá hjá Oddsstöðum á Uxahryggjaveg hjá Brautartungu.
513 Bæjarsveitarvegur: Af Borgarfjarðarbraut vestan við Varmalæk að Hvítárbakka.
514 Laugarholtsvegur: Af Bæjarsveitarvegi að Laugarholti.
515 Flókadalsvegur: Af Borgarfjarðarbraut norðan Varmalækjar um Múlastaði, Skóga, Brennistaði á Borgarfjarðarbraut hjá Litla-Kroppi.
516 Stóra-Kroppsvegur: Af Borgarfjarðarbraut um flugvöll á Kálfanesmelum, um Stóra-Kropp á Borgarfjarðarbraut á Hamramelum.
517 Reykdælavegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Kleppjárnsreykjum, um Reykholtsdal sunnanverðan, yfir brú á Reykjadalsá hjá Steindórsstöðum á Reykholtsdalsveg við Úlfsstaði.
518 Hálsasveitarvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Gróf, um Reykholt og Úlfsstaðaháls, Stóra-Ás, Húsafell og Kalmanstungu á Hvítársíðuveg hjá Bjarnastöðum.
519 Reykholtsdalsvegur: Af Hálsasveitarvegi hjá Úlfsstöðum, inn Reykholtsdal og fram hjá Giljum á Hálsasveitarveg hjá Stóra- Ási.
522 Þverárhlíðarvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Síðumúla um Norðtungu og Hjarðarholt á Borgarfjarðarbraut vestan Þverár.
523 Hvítársíðuvegur: Af Þverárhlíðarvegi hjá Síðumúla, um Hvítársíðu og brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási.
524 Þverárvegur: Af Þverárhlíðarvegi sunnan Litlu-Þverár að Kvíum.
525 Grjóthálsvegur: Af Þverárhlíðarvegi norðan brúar á Litlu-Þverá um Grjót á Norðurárdalsveg hjá Hafþórsstöðum.
526 Stafholtsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, um Stafholt að Svarfhóli.
527 Varmalandsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, um Varmaland og Einifell á Norðurárdalsveg hjá Glitstöðum.
528 Norðurárdalsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Brekku, um brýr á Norðurá hjá Glitstöðum, um sunnanverðan Norðurárdal á Vesturlandsveg hjá Króki.
530 Ferjubakkavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Brennistöðum, um Ferjubakka, á Hvítárvallaveg vestan Ferjukotssíkis.
531 Borgarnesbraut: Af Vesturlandsvegi að Borgarnesi.
532 Þursstaðavegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Borgar að Rauðanesi.
533 Álftaneshreppsvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Langár, suður fyrir Hólsvatn um Krossnes og Þverholt á Ólafsvíkurveg hjá Arnarstapa.
534 Álftanesvegur: Af Álftaneshreppsvegi hjá Kolviðarholti að heimreið að Miðhúsum.
535 Grímsstaðavegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Urriðaárbrú um Árbæ að vegamótum að Grenjum.
536 Laxholtsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Galtarholti um Laxholt og Stangarholt á Ólafsvíkurveg austan Langár.
537 Sauravegur: Af Ólafsvíkurvegi á Raftási á Hraunhreppsveg hjá Jaðri.

539 Staðarhraunsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Raftási að Staðarhrauni.
540 Hraunhreppsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Fíflholtum um Stóra-Kálfalæk, Akra og Þverholt á Álftaneshreppsveg hjá Hrafnkelsstöðum.
566 Hítarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi sunnan Kaldár að vegamótum við Krossholt.
567 Kolviðarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Gerðubergslækjar að Laugagerðisskóla.
568 Skógarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan við Rauðkollsstaði að Hausthúsum.
571 Ölkelduvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Ölkeldu að Hóli.
572 Lýsuhólsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Hraunsmúla, um Lýsudal og Lýsuhól á Ólafsvíkurveg vestan Vatnsholtsár.
574 Útnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi sunnan Fróðárheiðar, um Breiðuvík, Hellissand og Rif að Ólafsvík.
575 Flugvallarvegur Rifi: Af Útnesvegi nálægt Rifi að flugvelli.
576 Framsveitarvegur: Af Snæfellsnesvegi hjá Vindási, um Setberg, út fyrir Eyrarfjall á Snæfellsnesveg hjá Eiði.
577 Helgafellssveitarvegur: Af Snæfellsnesvegi vestan Gríshólsár um Kóngsbakka á Snæfellsnesveg í Berserkjahrauni.
579 Flugvallarvegur Stykkishólmi: Af Stykkishólmsvegi við Nesvog að flugvelli.
580 Hörðudalsvegur vestri: Af Snæfellsnesvegi við Blönduhlíð að Seljalandi.
581 Hörðudalsvegur eystri: Af Snæfellsnesvegi hjá Hörðuból um Tungu að Seljalandi.
582 Hálsbæjavegur: Af Vestfjarðavegi sunnan brúar á Reykjadalsá, um Hundadal og Bæ á Snæfellsnesveg vestan Miðár.
585 Hlíðarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Fellsenda um Kolsstaði og Kringlu á Vestfjarðaveg norðan Tunguár.
586 Haukadalsvegur: Af Vestfjarðavegi sunnan Haukadalsárbrúar um Haukadal að Smyrlahóli.
587 Hjarðarholtsvegur: Af Vestfjarðavegi vestan Búðardals, um Hjarðarholt að Lambastöðum.
588 Gillastaðavegur: Af Laxárdalsvegi hjá Dönustöðum, um brú á Laxá, um Gillastaði að Lambastöðum.
589 Sælingsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Leysingjastaða að Laugaskóla.
590 Klofningsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Ásgarðs um Fellsströnd, Klofning og Skarðsströnd á Vestfjarðaveg í Saurbæ.
593 Efribyggðarvegur: Af Klofningsvegi við Hellu, um Túngarð og Stóru-Tungu á Klofningsveg vestan Kjarlaksstaðaár.
594 Staðarhólsvegur: Af Klofningsvegi hjá Kirkjuhvoli, um Staðarhól, um brú á Staðarhólsá að vegamótum við Bjarnastaði.
60 Vestfjarðavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Dalsmynni um Bröttubrekku, Búðardal og Svínadal að sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni.
69 Steinadalsvegur: Af Vesturlandsvegi í Gilsfirði að sýslumörkum.

Vestfjarðakjördæmi.

1 Vesturlandsvegur: Frá sýslumörkum á Holtavörðuheiði að sýslumörkum við Hrútafjarðará.
59 Laxárdalsvegur: Frá sýslumörkum á Laxárdalsheiði á Hólmavíkurveg norðan Borðeyrar.
60 Vestfjarðavegur: Frá sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni, um Þorskafjörð, Skálanes, Kletthváls, Vattarfjörð, Litlanes, Hjarðarnes og fyrir Vatnsfjarðarbotn, um Helluskarð, Dynjandisheiði, Arnarfjörð, Hrafnseyrarheiði, Dýrafjörð, Gemlufallsheiði, Önundarfjörð, Breiðadalsheiði og á Djúpveg í Skutulsfirði.
61 Djúpvegur: Af Hólmavíkurvegi við Hólmavík um Staðardal, Steingrímsfjarðarheiði og

Lágadal, fyrir Ísafjörð, um Eyrarfjall og Ögur, fyrir Skötufjörð, Hestfjörð og Álftafjörð, um Súðavík, Ísafjörð og Óshlíð til Bolungarvíkur.

62 Barðastrandarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Flókalundi í Vatnsfirði, um Barðaströnd yfir Kleifaheiði að Patreksfirði.

63 Bíldudalsvegur: Af Barðastrandarvegi við Patreksfjörð, um Mikladal, fyrir Tálknafjarðarbotn, um Hálfdán til Bíldudals, um Suðurfirði til Trostansfjarðar, þaðan á Vestfjarðaveg rétt norðan við Helluskarð.

64 Flateyrarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Breiðadal til Flateyrar.

65 Súgandafjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Botnsheiði um Suðureyri fyrir Spilli að heimreið að Bæ.

68 Hólmavíkurvegur: Af Vesturlandsvegi vestan Hrútafjarðarár, út með Hrútafirði yfir Stikuháls, fyrir Bitrufjörð um Ennisháls, Kollafjörð, inn með Steingrímsfirði til Hólmavíkur.

69 Steinadalsvegur: Frá sýslumörkum á Steinadalsheiði á Hólmavíkurveg í Kollafirði.

605 Tröllatunguvegur: Af Vestfjarðavegi sunnan Bakkaár, nálægt Bakka, hjá Valshamri, um Tröllatunguheiði á Hólmavíkurveg hjá Húsavík.

606 Karlseyjarvegur: Af Reykhólasveitarvegi hjá Reykhólum að höfn í Karlsey.

607 Reykhólasveitarvegur: Af Vestfjarðavegi í Berufjarðarbotni út Barmahlíð um Reykhóla að Hamarlandi.

608 Þorskafjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi í Þorskafjarðarbotni yfir Þorskafjarðarheiði á Djúpveg á Steingrímsfjarðarheiði.

609 Fjarðarhlíðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Eiði við Vattarfjörð að Firði.

611 Siglunesvegur: Af Barðastrandarvegi norðan Haukabergsárbrúar um Holt að Skriðnafelli.

612 Örlygshafnarvegur: Af Barðastrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð um Hvalsker, Sauðlauksdalsvaðal, Örlygshöfn og Hafnarfjall að Hvallátrum.

614 Rauðasandsvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Hvalskeri að Saurbæ.

615 Kollsvíkurvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Geitagili um Gjögur, Hænuvík, Hænuvíkurháls og Kóngshæð á Örlygshafnarveg á Aurholti.

616 Flugvallarvegur Patreksfirði: Af Örlygshafnarvegi innan Sauðlauksdals að flugvelli.

617 Tálknafjarðarvegur: Af Bíldudalsvegi norðan Tálknafjarðar um Sveinseyri að Stóra-Laugardal.

619 Ketildalavegur: Af Bíldudalsvegi um Bíldudal, út með Arnarfirði um Bakka að Selárdal.

620 Flugvallarvegur Bíldudal: Af Bíldudalsvegi að flugvelli.

622 Svalvogavegur: Af Vestfjarðavegi við Þingeyri um Haukadal, Keldudal og Svalvoga að Lokinhömrum.

623 Flugvallarvegur Dýrafirði: Af Svalvogavegi utan Þingeyrar að flugvelli.

624 Ingjaldssandsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Gemlufalli um Núp, Alviðruvör og Sandsheiði að Sæbóli á Ingjaldssandi.

625 Valþjófsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi nálægt Holti í Önundarfirði, um Hjarðardal að Kirkjubóli í Valþjófsdal.

626 Flugvallarvegur Önundarfirði: Af Valþjófsdalsvegi hjá Holti að flugvelli.

627 Önundarfjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Mosvallahálsi að Vífilsmýrum.

631 Flugvallarvegur Ísafirði: Af Djúpvegi utan Kirkjubæjar í Skutulsfirði að flugvelli.

632 Laugardalsvegur: Af Djúpvegi hjá Hagakoti í Laugardal að Hrafnabjörgum.

633 Vatnsfjarðarvegur: Af Djúpvegi hjá Eyri við Ísafjörð um Vatnsfjörð, Skálavík og Hörgshlíð á Djúpveg í Mjóafjarðarbotni.

634 Reykjanesvegur: Af Vatnsfjarðarvegi utan Svansvíkur að Reykjanesskóla.

635 Snæfjallastrandarvegur: Af Djúpvegi um brú á Langadalsá utan við Neðri-Bakka, út með Langadalsströnd um Ármúla, fyrir Kaldalón út Snæfjallaströnd að Lyngholti.

638 Laugalandsvegur: Af Snæfjallastrandarvegi utan Melgraseyrar að heimreið að Laugarási.
641 Krossárdalsvegur: Af Hólmavíkurvegi sunnan Krossárbrúar að Gröf.
643 Strandavegur: Af Djúpvegi í botni Steingrímsfjarðar, um Bjarnarfjarðarháls, Bala, Veiðileysufjörð, Djúpuvík, fyrir Reykjarfjörð um Gjögur, Árnes, að bryggju í Norðurfirði.
645 Drangsnesvegur: Af Strandavegi hjá Hálsgötugili, sunnan við Bjarnarfjarðarháls, út Selströnd um Drangsnes og Kaldrananes á Strandaveg í Bjarnarfirði sunnan brúar á Bjarnarfjarðará.
646 Flugvallavegur Gjögri: Af Strandavegi í Reykjarfirði að flugvelli.
647 Munaðarnesvegur: Af Strandavegi í Norðurfirði að Munaðarnesi.

Norðurlandskjördæmi vestra.

1 Norðurlandsvegur: Frá sýslumörkum við Hrútafjarðará, um Hrútafjörð, yfir Hrútafjarðarháls, um Miðfjörð, Víðidal, Blönduós, Langadal, Stóra-Vatnsskarð, Vallhólm, Blönduhlíð, Norðurárdal að sýslumörkum á Öxnadalsheiði.
72 Hvammstangavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Stóra-Ósi að Hvammstanga.
74 Skagastrandarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Blönduósi að Skagaströnd.
75 Sauðárkróksbraut: Af Norðurlandsvegi við Varmahlíð, um Langholt, Sauðárkrók, Hegranes, á Siglufjarðarveg norðan Gljúfurár hjá Vatnsleysu.
76 Siglufjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi austan Héraðsvatnabrúar hjá Syðstu-Grund, um Blönduhlíð, Víðvíkursveit, Óslandshlíð, hjá Hofsósi, um Sléttuhlíð, Fljót og Almenninga að Siglufirði.
77 Hofsósbraut: Af Siglufjarðarvegi norðan Grafarár um Hofsós á Siglufjarðarveg sunnan Hofsár.
702 Heggsstaðanesvegur: Af Norðurlandsvegi í Hrútafirði, nálægt Laugarstapa, um Mýrar, Bessastaði og Barð á Norðurlandsveg utan við Melstað.
703 Hálsbæjavegur: Af Norðurlandsvegi á Hrútafjarðarhálsi um Sveðjustaði á Miðfjarðarveg sunnan Melstaðar.
704 Miðfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi austast á Hrútafjarðarhálsi, fram Miðfjörð vestan Miðfjarðarár, um brú á Núpsá hjá Haugi, út Miðfjörð að austan á Norðurlandsveg hjá Laugarbakka.
705 Vesturárdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi norðan við brú á Vesturá, sunnan Brekkulækjar fram Vesturárdal, að vegamótum gegnt Skeggjastöðum.
706 Núpsdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi hjá Haugi að Torfastöðum.
711 Vatnsnesvegur: Frá Hvammstanga út Vatnsnes, um Hindisvík yfir Þórsá, suður Vesturhóp á Norðurlandsveg hjá Vatnshorni.
712 Þorgrímsstaðadalsvegur: Af Vatnsnesvegi hjá Tjörn að Ásbjarnarstöðum.
714 Fitjavegur: Af Norðurlandsvegi á móts við Stórhól, suður Fitjárdal um Ásland yfir Miðfjarðarháls á Miðfjarðarveg sunnan við brú á Urriðaá.
715 Víðidalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi hjá Deildarhóli, um Víðidalstungu, yfir brú á Víðidalsá hjá Hvarfi að Kolugili.
716 Síðuvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan Víðidalsárbrúar á Steinsvaði, um Síðu á Vatnsnesveg hjá Grund.
717 Borgarvegur: Af Síðuvegi hjá Síðu, yfir Faxalæk um Stóru-Borg, á Vatnsnesveg hjá Þorfinnsstöðum.
718 Víðidalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi vestan Lækjamóta, austan Víðidalsár á Víðidalsveg vestri hjá Hvarfi.
721 Þingeyravegur: Af Norðurlandsvegi vestan við Sveinsstaði að vegamótum við Leysingjastaði.

722 Vatnsdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal, vestan ár um brú á Vatnsdalsá hjá Undirfelli og út austan ár á Norðurlandsveg nálægt Aralæk.
723 Grímstunguvegur: Af Vatnsdalsvegi hjá Undirfelli fram Vatnsdal, um Grímstungu og Marðarnúp á Vatnsdalsveg hjá Bakka.
724 Reykjabraut: Af Norðurlandsvegi fyrir norðan Giljá, um Reyki, norðan Svínavatns á Svínvetningabraut hjá Tindum.
725 Miðásavegur: Af Norðurlandsvegi nálægt Torfalæk að Hæl.
726 Auðkúluvegur: Af Reykjabraut við Reyki, vestan Svínavatns um Auðkúlu á Svínvetningabraut sunnan Svínavatns.
727 Svínadalsvegur: Af Auðkúluvegi hjá Grund að Ljótshólum.
728 Flugvallarvegur Blönduósi: Af Norðurlandsvegi vestan Blönduóss að flugvelli.
731 Svínvetningabraut: Af Norðurlandsvegi á Blönduósi, austan Laxárvatns og Svínavatns, um brú á Blöndu hjá Löngumýri á Norðurlandsveg norðan Svartárbrúar.
732 Kjalvegur: Af Svínvetningabraut hjá Syðri-Löngumýri að vegamótum Eiðsstaðavegar.
733 Blöndudalsvegur: Af Svínvetningabraut austan Blöndubrúar hjá Löngumýri að Austurhlíð.
734 Svartárdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Bólstaðarhlíð, um Bergsstaði og Hvamm að Stafni.
741 Neðribyggðarvegur: Af Skagastrandarvegi hjá Enni, um Sölvabakka á Skagastrandarveg sunnan Neðri-Lækjardals.
742 Mýrarvegur: Af Skagastrandarvegi hjá Lækjardal um Mýrar og brú á Laxá og Norðurá á Þverárfjallsveg.
744 Þverárfjallsvegur: Af Skagastrandarvegi utan við brú á Laxá, um Norðurárdal og Þverárfjall á Skagaveg hjá Skíðastöðum.
745 Skagavegur: Af Skagastrandarvegi hjá Skagaströnd, um Kálfshamarsvík, Hafnir, Ketu, Laxárdal, Laxárdalsheiði og Gönguskörð á Sauðárkróksbraut á Sauðárkróki.
748 Reykjastrandarvegur: Af Skagavegi hjá Skarði að Hólakoti.
749 Flugvallarvegur Sauðárkróki: Af Sauðárkróksbraut á Borgarsandi að flugvelli.
751 Efribyggðarvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Álftagerði, um Efribyggð á Skagafjarðarveg norðan Mælifells.
752 Skagafjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan Varmahlíðar, um Mælifell, Tungusveit og Vesturdal að Giljum.
753 Vallhólmsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Völlum, um Stokkhólma að Vindheimum.
754 Héraðsdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi vestan Svartárbrúar hjá Reykjum, um Stapa að Héraðsdal.
755 Svartárdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Breiðagerði að Ánastöðum.
758 Austurdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi í Vesturdal, austan við Jökulsá vestri um Bústaði að vegamótum hjá Skuggabjörgum.
759 Kjálkavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Skeljungshöfða, um Kjálka að Keldulandi.
761 Fjallsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Arnarstapa að Fjalli.
762 Sæmundarhlíðarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði, um Sæmundarhlíð að Fjalli.
764 Hegranesvegur vestri: Af Sauðárkróksbraut á vestanverðu Hegranesi um Helluland á Hegranesveg eystri við Ketu.
765 Hegranesvegur eystri: Af Sauðárkróksbraut hjá Garði að Eyhildarholti.
766 Brimnesvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Narfastöðum, um Brimnes á Siglufjarðarveg hjá Miklaholi.
767 Hólavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Miklaholi, um Viðvík og brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti, um Hóla og brú á Hjaltadalsá í Klukkuhvammi á Hjaltadalsveg.

768 Hjaltadalsvegur: Af Hólavegi sunnan brúar á Hjaltadalsá við Laufskálaholt að Hrafnhóli.
769 Ásavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gálga á Hólaveg við brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti.
781 Deildardalsvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gröf, yfir Grafará hjá Kambi á Siglufjarðarveg norðan Ártúns.
783 Höfðastrandarvegur: Af Siglufjarðarvegi sunnan Hofsár, yfir Hofsá hjá Enni, um Engihlíð á Siglufjarðarveg hjá Litlubrekku.
784 Bæjarvegur: Af Siglufjarðarvegi norðan Hofsár, um Bæ, á Siglufjarðarveg hjá Mýrarkoti.
786 Sléttuhlíðarvegur: Af Siglufjarðarvegi yfir Langalæk, um Skálá austan Sléttuhlíðarvatns á Siglufjarðarveg norðan Keldnakots.
787 Flókadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða, um Austarahól og Barð, á Siglufjarðarveg hjá Sólgörðum.
789 Sléttuvegur: Af Siglufjarðarvegi vestan Fljótaárbrúar um Sléttu og Skeiðfossvirkjun, á Ólafsfjarðarveg nálægt Hvammi.
792 Flugvallarvegur Siglufirði: Frá Siglufirði yfir Fjarðará að flugvelli.
82 Ólafsfjarðarvegur: Frá sýslumörkum á Lágheiði, um Stíflu, á Siglufjarðarveg á Ketilási.

Norðurlandskjördæmi eystra.

1 Norðurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Öxnadalsheiði, um Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar, um Svalbarðsströnd, Víkurskarð. Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Reykjadal, Mývatnsheiði, Mývatnssveit norðan Mývatns, Mývatnsöræfi, Jökulsárbrú, Grímsstaði á Fjöllum, að sýslumörkum á Biskupshálsi.
82 Ólafsfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi á Moldhaugnahálsi, um Arnarneshrepp og Árskógsströnd, um Dalvík, gegnum Ólafsfjarðarmúla, um Ólafsfjörð að sýslumörkum á Lágheiði.
83 Grenivíkurvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Miðvík, um Dalsmynni, Höfðahverfi og Grenivík að Akurbakka.
85 Norðausturvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði, um Köldukinn, Aðaldalshraun, Húsavík, Tjörnes, Kelduhverfi og Jökulsárbrú í Öxarfirði, um Kópasker, Melrakkasléttu og Raufarhöfn, um Þistilfjörð að sýslumörkum á Brekknaheiði.
87 Mývatnsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum í Mývatnssveit, um Hólssand, Hvammsheiði og Reykjahverfi, á Norðausturveg hjá Laxamýri.
802 Garðsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi í Ólafsfjarðarkaupstað um brú á Ólafsfjarðarós, vestan Ólafsfjarðarvatns á Ólafsfjarðarveg hjá Kvíabekk.
803 Kleifavegur: Af Garðsvegi vestan Ólafsfjarðaróss meðfram flugvelli að Sólheimum.
804 Flugvallarvegur Ólafsfirði: Af Kleifavegi við Ós að flugvelli.
805 Svarfaðardalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Árgerði, um Urðir að Atlastöðum.
806 Tunguvegur: Af Svarfaðardalsvegi hjá Hreiðarsstöðum á Skíðadalsveg hjá Hvarfi.
807 Skíðadalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hrísum, um brú á Skíðadalsá hjá Hvarfi, um Skíðadal að vestan og austur yfir Skíðadalsá á brú sunnan við Hnjúk að vegamótum Klængshóls- og Hlíðarvegar.
808 Árskógssandsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Litla-Árskógi að Árskógssandshöfn.
809 Hauganesvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Stærra-Árskógi að Hauganesi.
811 Hjalteyrarvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Skriðulandi að Hjalteyri.
812 Bakkavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Ós, á Hjalteyrarveg hjá Ytri-Bakka.
813 Möðruvallavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Möðruvelli á Hörgárdalsveg hjá Björgum.

814 Staðarbakkavegur: Af Hörgárdalsvegi um brú á Hörgá hjá Skugga að Flögu.
815 Hörgárdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Bægisá, um brú á Helguhyl og norður Hörgárdal að vestan á Ólafsfjarðarveg norðan Hörgárbrúar.
816 Dagverðareyrarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sólborgarhóli, um Dagverðareyri og Gásir á Ólafsfjarðarveg sunnan Hörgárbrúar.
817 Blómsturvallavegur: Frá brú á Lónslæk hjá Ásláksstöðum, norður hjá Syðsta-Samtúni, yfir Norðurlandsveg að Brávöllum.
820 Flugvallarvegur Akureyri: Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar að flugvelli.
821 Eyjafjarðarbraut vestri: Af Norðurlandsvegi á Akureyri, um Grund og Saurbæ, að Hólsgerði.
822 Kristnesvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri norðan Kristness, um Kristnes á Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Kristness.
823 Miðbraut: Frá Eyjafjarðarbraut vestri við Hrafnagil að Eyjafjarðarbraut eystri við Laugaland.
824 Finnastaðavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri skammt norðan Hólshúsa, um brýr á Finnastaðaá og Skjóldalsá á Dalsveg hjá Litla-Garði.
825 Dalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Samkomugerði að Ytra-Dalsgerði.
826 Hólavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Sandhólum, um brú á Eyjafjarðará, um Hóla á Eyjafjarðarbraut vestri á móts við Vatnsenda.
827 Sölvadalsvegur: Af Hólavegi hjá Gnúpufelli að Draflastöðum.
828 Veigastaðavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Hallandi, um Veigastaði á Eyjafjarðarbraut eystri hjá Eyrarlandi.
829 Eyjafjarðarbraut eystri: Af Norðurlandsvegi á Leirum, um Laugaland og brú á Eyjafjarðará hjá Möðruvöllum, á Eyjafjarðarbraut vestri norðan Saurbæjar.
830 Svalbarðseyrarvegur: Af Norðurlandsvegi að Svalbarðseyri.
831 Höfðavegur: Af Grenivíkurvegi við Gljúfurá að Hóli.
832 Vaðlaheiðarvegur: Af Veigastaðavegi við Veigastaði, yfir Vaðlaheiði, Fnjóská, á Norðurlandsveg hjá Hálsi.
833 Illugastaðavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Nesi, yfir Vaðlaheiðarveg suður að Illugastöðum.
834 Fnjóskadalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi hjá Víðivöllum að Grímsgerði.
835 Fnjóskadalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi austan brúar á Fnjóská, um Fnjóskadal austanverðan, á Grenivíkurveg á Dalsmynni.
836 Vaglaskógarvegur: Af Vaðlaheiðarvegi austan við brú á Fnjóská, um Vaglaskóg að Lundi II.
841 Fremstafellsvegur: Af Norðurlandsvegi vestan Kvíslarbrúar, um brú á Djúpá, hjá Fremstafelli, á Norðausturveg hjá Landamóti.
842 Bárðardalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts að Mýri.
843 Lundarbrekkuvegur: Af Bárðardalsvegi eystri hjá Sandkvísl, að Víðikeri.
844 Bárðardalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi hjá Fosshóli, um brú hjá Stóruvöllum á Bárðardalsveg vestri.
845 Aðaldalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Einarsstöðum á Norðausturveg hjá Tjörn.
846 Austurhlíðarvegur: Af Norðurlandsvegi gengt Laugum, hjá Laugaskóla út Austurhlíð, yfir Reykjadalsá hjá Ökrum, á Aðaldalsveg móts við Hamra.
847 Stafnsvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan og neðan við Narfastaði að Stafni.
848 Mývatnssveitarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Arnarvatni um Skútustaði á Norðurlandsveg hjá Reykjahlíð.
849 Baldursheimsvegur: Af Mývatnssveitarvegi skammt austan Arnarvatns að Baldursheimi.

850 Flugvallarvegur Mývatnssveit: Af Norðurlandsvegi við Reynihlíð að flugvelli.
851 Út-Kinnarvegur: Af Norðausturvegi hjá Ófeigsstöðum að Björgum.
852 Sandsvegur: Af Norðausturvegi norðan Knútsstaða að Sandi.
853 Hvammavegur: Af Aðaldalsvegi norðan Ytra-Fjalls, yfir Laxá hjá Hólmavaði, á Mývatnsveg austan Laxárvirkjunar.
854 Staðarbraut: Af Aðaldalsvegi sunnan Syðra-Fjalls, um Laxárvirkjun á Hvammaveg.
855 Fagranesvegur: Af Staðarbraut hjá Hellulandi að Fagranesi.
856 Laxárdalsvegur: Af Staðarbraut vestan Laxár, um brú á Laxá hjá Sogi að Kasthvammi.
858 Flugvallarvegur Aðaldal: Af Norðausturvegi í Aðaldalshrauni að flugvelli.
862 Uppsveitarvegur: Af Norðausturvegi norðan við Meiðavelli að Tóvegg.
863 Kröfluvegur: Af Norðurlandsvegi austan Námaskarðs um Hlíðardal að Kröfluvirkjun.
864 Hólsfjallavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum á Fjöllum, um Hólssand á Norðausturveg austan Jökulsárbrúar í Öxarfirði.
865 Gilsbakkavegur: Af Norðausturvegi hjá Lundi að Gilsbakka.
866 Austursandsvegur: Af Norðausturvegi skammt vestan Klifshaga, um Sandárbrú að Skógum.
867 Öxarfjarðarheiðarvegur: Af Norðausturvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga, á Norðausturveg austan Stóra-Viðarvatns.
868 Laxárdalsvegur: Af Norðausturvegi vestan Garðár í Þistilfirði, að Holti.
869 Langanesvegur: Af Norðausturvegi við Þórshöfn um Þórshöfn og Sauðanes að flugvelli.
870 Kópaskersvegur: Af Norðausturvegi um Kópasker að flugvelli.
873 Flugvallarvegur Raufarhöfn: Af Norðausturvegi norðan Ormarslóns að flugvelli.

Austurlandskjördæmi.

1 Austurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Biskupshálsi, um Möðrudal, Jökuldalsheiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu yfir Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, Berufjörð, Geithellnahrepp, Hvalnesskriður, Lón, Almannaskarð, yfir Hornafjarðarfljótsbrú, hjá Gildraskeri, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Öræfi og Skeiðarársand að sýslumörkum Vestur-Skaftafellssýslu.
85 Norðausturvegur: Frá sýslumörkum á Brekknaheiði, um Bakkafjörð, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hofsárdal og Langadal á Austurlandsveg hjá Möðrudal.
91 Hafnarvegur í Bakkafirði: Af Norðausturvegi hjá Bakkaá að Hafnarkauptúni.
92 Norðfjarðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal, Búðareyri við Reyðarfjörð, Hólmaháls, Eskifjörð, Oddsskarð og til Neskaupstaðar.
93 Seyðisfjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
94 Borgarfjarðarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi við Eyvindará, um Eiðaþinghá, Hjaltastaðarþinghá, yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum, Vatnsskarð og Njarðvík að Bakkagerði.
96 Suðurfjarðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Reyðarfirði um suðurströnd Reyðarfjarðar fyrir Vattarnes, um Fáskrúðsfjörð, Gvendarnes, Stöðvarfjörð, Kambanes og á Austurlandsveg nálægt Heydölum.
97 Breiðdalsvíkurvegur: Af Suðurfjarðavegi hjá Þverhamri til Breiðdalsvíkur.
98 Djúpavogsvegur: Af Austurlandsvegi til Djúpavogskauptúns.
99 Hafnarvegur: Af Austurlandsvegi að Höfn.
913 Strandhafnarvegur: Af Norðausturvegi við Borgarlæk að Ljósalandi.
914 Torfastaðavegur: Af Vesturárdalsvegi innan Skógalóns um brú á Vestará að Torfastöðum.
915 Vesturárdalsvegur: Af Norðausturvegi við Vopnafjarðarkauptún að Búastöðum.
916 Flugvallarvegur Vopnafirði: Af Hlíðarvegi norðan Hofsár að flugvelli.

917 Hlíðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Fossvöllum, um Jökulsárhlíð, yfir Hellisheiði á Norðausturveg hjá Vatnsdalsgerði.
919 Sunnudalsvegur: Af Hlíðarvegi austan við Hofsá, um brú á Sunnudalsá norðan Sunnudals og á Norðausturveg nálægt Teigi.
923 Jökuldalsvegur: Af Austurlandsvegi við Gilsá um Hákonarstaði að Vaðbrekku.
924 Jökuldalsvegur eystri: Af Austurlandsvegi hjá Hjarðarhaga yfir Jökulsá og út Jökuldal austan Jökulsár á Austurlandsveg í Dimmadal.
925 Hróarstunguvegur: Af Austurlandsvegi við Jökulsárbrú, um Litla-Bakka og Kirkjubæ, yfir Rangá á Austurlandsveg hjá Urriðavatni.
926 Húseyjarvegur: Af Hróarstunguvegi hjá Litla-Bakka að Geirastöðum.
927 Brekkubæjavegur: Af Hróarstunguvegi hjá Þórisvatni um Brekku á Hróarstunguveg hjá Litla-Steinsvaði.
929 Fellavegur: Af Austurlandsvegi hjá Urriðavatni að Staffelli.
931 Upphéraðsvegur: Af Austurlandsvegi norðan Lagarfljótsbrúar um Fell, Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal, um Skóga og á Austurlandsveg hjá Úlfsstöðum á Völlum.
933 Norðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi nálægt Valþjófsstað að Þuríðarstöðum.
934 Múlavegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan Jökulsár um brú á Kelduá um Langhús að Glúmsstöðum.
935 Suðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan brúar á Kelduárkvísl að Víðivöllum fremri.
937 Skriðdalsvegur: Af Upphéraðsvegi vestan Grímsár inn Skriðdal um brýr á Geitdalsá og Múlaá á Austurlandsveg sunnan Jóku.
938 Múlavegur syðri: Af Skriðdalsvegi við Múlabrú að Birkihlíð.
939 Axarvegur: Af Austurlandsvegi í Víðigróf í Skriðdal um Öxi og á Austurlandsveg í Berufjarðarbotni.
941 Flugvallarvegur Egilsstöðum: Af Austurlandsvegi austan Lagarfljótsbrúar að flugvelli.
943 Hjaltastaðarvegur: Af Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði um Hjaltastað að Dölum.
944 Lagarfossvegur: Af Borgarfjarðarvegi nálægt Ásgrímsstöðum um Ekru, yfir Lagarfljót hjá Fossi á Hróarstunguveg.
946 Hólalandsvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um Hólaland að Vegamótum við Hvannstóð.
947 Desjarmýrarvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um brú á Fjarðará að heimreið að Sólbakka norðan við Hrafnárbrú.
951 Vestdalseyrarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi í Seyðisfjarðarkaupstað um Vestdalseyri að Sunnuholti.
953 Mjóafjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi nálægt Köldukvíslarbrú um Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar að Brekku.
954 Helgustaðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Eskifjarðarkaupstað að Stóru-Breiðuvík.
955 Flugvallarvegur Norðfirði: Af Norðfjarðarvegi hjá Þrastarlundi að flugvelli.
956 Dalavegur: Af Suðurfjarðavegi norðan Dalsár að Hólagerði.
961 Flugvallarvegur Breiðdal: Frá Breiðdalsvík að flugvelli vestan kauptúns.
962 Norðurdalsvegur í Breiðdal: Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að vegamótum við brú á Norðurdalsá.
964 Breiðdalsvegur: Af Austurlandsvegi innan Ásunnarstaða, yfir Breiðdalsá hjá Flögu, um Randversstaði á Austurlandsveg sunnan Breiðdalsárbrúar.
966 Flugvallarvegur Djúpavogi: Frá Djúpavogi að flugvelli sunnan kauptúns.
982 Flugvallarvegur Hornafirði: Af Austurlandsvegi hjá Laxá að flugvelli.
986 Rauðabergsvegur: Af Austurlandsvegi austan Djúpár að vegamótum að Holtaseli.
988 Flugvallarvegur Öræfum: Af Austurlandsvegi hjá Fagurhólsmýri að flugvelli.

3.2. FLOKKUN ÞJÓÐVEGA SAMKVÆMT 3.1. Í UNDIRFLOKKA

3.2.1. Stofnbrautir.

1 Suðurlandsvegur.
22 Dalavegur.
205 Klausturvegur
240 Stórhöfðavegur.
30 Skeiða- og Hrunamannavegur.
31 Skálholtsvegur.
33 Gaulverjabæjarvegur:
Stokkseyri – Eyrarbakkavegur.
34 Eyrarbakkavegur
35 Biskupstungnabraut:
Suðurlandsvegur – Skálholtsvegur og
Laugarvatnsvegur – Hrunamannavegur.
36 Þingvallavegur.
37 Laugarvatnsvegur.
38 Þorlákshafnarvegur.
39 Þrengslavegur.
343 Álfsstétt.
1 Vesturlandsvegur.
40 Hafnarfjarðarvegur.
41 Reykjanesbraut.
42 Krýsuvíkurvegur:
Reykjanesbraut – Vatnsskarð.
43 Grindavíkurvegur.
44 Hafnavegur:
Reykjanesbraut – Keflavíkurflugvöllur.
45 Garðskagavegur:
Reykjanesbraut – Sandgerði.
46 Víknavegur.
47 Flugvallarvegur Keflavík
410 Elliðavatnsvegur.
411 Arnarnesvegur.
412 Vífilsstaðavegur.
415 Bessastaðavegur:
Hafnarfjarðarvegur – Álftanesvegur.
416 Álftanesvegur.
421 Vogavegur.
422 Njarðvíkurvegur.
427 Ísólfsskálavegur:
Grindarvíkurvegur – Þórkötlustaðir.
431 Hafravatnsvegur:
Úlfarsárvegur – Vesturlandsvegur.
433 Reykjalundarvegur.
50 Borgarfjarðarbraut:
Uxahryggjavegur – Vesturlandsvegur.
51 Akranesvegur.
52 Uxahryggjavegur:
Hvítárvallavegur – Borgarfjarðarbraut.
53 Hvítárvallavegur:
Vesturlandsvegur – Uxahryggjavegur.
54 Ólafsvíkurvegur.
55 Heydalsvegur.
56 Kerlingarskarðsvegur.
58 Stykkishólmsvegur.
57 Snæfellsnesvegur.
574 Útnesvegur:
Hellissandur – Ólafsvík.
60 Vestfjarðavegur.
61 Djúpvegur.
62 Barðastrandarvegur.
63 Bíldudalsvegur.
64 Flateyrarvegur.
65 Súgandafjarðarvegur:
Vestfjarðavegur – Suðureyri.
68 Hólmavíkurvegur.
617 Tálknafjarðarvegur:
Bíldudalsvegur – Tálknafjörður.
1 Norðurlandsvegur.
72 Hvammstangavegur.
74 Skagastrandarvegur.
75 Sauðárkróksbraut.
76 Siglufjarðarvegur.
77 Hofsósbraut.
744 Þverárfjallsvegur.
745 Skagavegur:
Þverárfjallsvegur – Sauðárkróksbraut.
82 Ólafsfjarðarvegur.
85 Norðausturvegur.
87 Kísilvegur.
808 Árskógssandsvegur.
820 Flugvallarvegur Akureyri.
821 Eyjafjarðarbraut vestri:
Norðurlandsvegur – Miðbraut.
823 Miðbraut.
829 Eyjafjarðarbraut eystri:
Norðurlandsvegur – Miðbraut.
845 Aðaldalsvegur.
1 Austurlandsvegur.
92 Norðfjarðarvegur.
93 Seyðisfjarðarvegur.
96 Suðurfjarðavegur.
97 Breiðdalsvíkurvegur.
98 Djúpavogsvegur.
99 Hafnarvegur.
917 Hlíðarvegur.

3.2.2. Þjóðbrautir.
Aðrir þjóðvegir eru þjóðbrautir.

3.3. AÐALFJALLVEGIR

F22 Fjallabaksleið nyrðri:
Af Landvegi (26) við Sigöldu, yfir Jökulgilskvísl hjá Landmannalaugum, Eldgjá og Skaftártungu á Búlandsveg (208) hjá Búlandi (84 km).

F28 Sprengisandsleið:
Af Landvegi (26) við Sigölduvirkjun vestan Þórisvatns, um Þveröldu, Tómasarhaga, hjá Fjórðungsvatni, um Kiðagilsdrög á Bárðardalsveg vestri (842) hjá Mýri í Bárðardal (197 km).

F35 Kaldadalsvegur:
Af Uxahryggjavegi (52) í Brunnum, um Kaldadal á Hálsasveitarveg (518) hjá Húsafelli (40 km).

F37 Kjalvegur:
Af Biskupstungnabraut (35) hjá Gullfossi, um Bláfellsháls og Hveravelli á Kjalveg (732) hjá Eiðsstöðum í Blöndudal (165 km).

F72 Skagafjarðarleið:
Af Skagafjarðarvegi (752) hjá Giljum í Vesturdal, yfir brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug, um Laugafell á Sprengisandsveg (F28) við Fjórðungsvatn (81 km).

F78 Vegur af Eyjafjarðarleið (F82) 4 km austan Laugafellsskála á Sprengisandsleið (F28) í Kiðagilsdrögum (18 km).

F82 Eyjafjarðarleið:
Af Eyjafjarðarbraut vestri (821) við Hólsgerði, um Eyjafjarðardal á Skagafjarðarleið (F72) vestan Laugafellsskála (42 km).

F98 Gæsavatnaleið:
Af Sprengisandsleið (F28) í Tómasarhaga um Urðarháls, yfir Jökulsá hjá Upptyppingum, yfir brú á Kreppu, um Grjót og á Austurlandsveg (1) austan Möðrudals (178 km).

Nd. 1051. Breytingartillögur [469. mál]

við frv. til lyfjalaga.

Frá Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni.

1. Við 13. gr. Við bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   13.5. Náttúruleg vítamín og önnur fæðubótaefni sem aðallega eru ætluð sem uppbót á daglegt fæði teljast ekki lyf.
2. Við 15. gr. Greinin falli brott.

Nd. 1052. Breytingartillögur [470. mál]

við frv. til l. um lyfjadreifingu.

Frá Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   2.1. Allir, sem hafa íslenskt verslunarleyfi, mega selja lyf.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   3.1. Í hverri verslun, sem selur lyf, skal starfa maður sem hefur starfsleyfi skv. I. kafla laga um lyfjafræðinga, nr. 35/1978.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   4.1. Verslanir, sem selja lyf, skulu ráða tímabundið stúdenta í lyfjafræði við Háskóla Íslands samkvæmt nánara samkomulagi við eiganda eða forstöðumann.
   4.2. Ráðherra getur heimilað sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum að afhenda lyf, sbr. 11. gr. lyfjalaga.

Nd. 1053. Nefndarálit [459. mál]

um frv. til l. um breyt. á þjóðminjalögum, nr. 88/1989.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um málið Ólaf Ásgeirsson, formann þjóðminjaráðs.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingar nefndarinnar eru þrenns konar. Í fyrsta lagi er lagfærð framsetning 1. gr. frumvarpsins. Í öðru lagi eru lagfærðar prentvillur í 2. og 5. gr. þess. Í þriðja lagi er bætt við gildistökuákvæði og gert ráð fyrir að lögin taki gildi 1. september 1991.

Guðmundur G. Þórarinsson og Sólveig Pétursdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. mars 1991.

Ragnar Arnalds, form., frsm. | Ólafur Þ. Þórðarson. | Árni Gunnarsson.

Ragnhildur Helgadóttir, með fyrirvara. | Guðný Guðbjörnsdóttir.

Nd. 1054. Breytingartillögur [459. mál]

við frv. til l. um breyt. á þjóðminjalögum, nr. 88/1989.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verði á 3. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „deildarstjóri fornleifadeildar“ í síðasta málslið 2. mgr. komi: fornminjavörður.
   b. Í stað orðanna „deildarstjóra fornleifadeildar“ í síðasta málslið 5. mgr. komi: fornminjavarðar.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „3. málsl.“ í upphafi a-liðar komi: 4. málsl.
   b. Í stað orðanna „4. málsl.“ í b-lið komi: 5. málsl.
   c. Í stað orðsins „fornleifafræðingar“ í b-lið komi: fornleifaverðir.
3. Við 5. gr. Í stað orðsins „fornleifafræðings“ komi: fornleifavarðar.
4. Á eftir 6. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. september 1991.

Sþ. 1055. Breytingartillaga [271. mál]

við brtt. á þskj. 951 [Íslensk heilbrigðisáætlun].

Frá félagsmálanefnd.

Í stað orðanna „að gera samninga við félög og samtök“ í 2. tölul. komi: að gera samninga við einstaklinga, félög og samtök.

Sþ. 1056. Breytingartillögur [271. mál]

við brtt. á þskj. 951 [Íslensk heilbrigðisáætlun].

Frá Ragnhildi Helgadóttur.

1. Við 24. tölul.
   a. Í stað orðsins „geðspítalar“ í 5. mgr. komi: geðdeildir.
   b. Við fyrri málslið 6. mgr. bætist: og njóti þar geðlæknisþjónustu.
2. Við 30. tölul. Síðari málsgrein orðist svo:
   Heilbrigðisrannsóknir skulu efldar. Gerð skal sérstök áætlun fyrir árið 1993 til að styðja framkvæmd þessarar heilbrigðisáætlunar. Sérstaklega skal gefa gaum að rannsóknum á sambandi lífshátta og umhverfis á heilsufar. Vinna skal að því að gera allar upplýsingar aðgengilegar almenningi.
3. Við bætist nýr töluliður svohljóðandi:
   Áætlun þessa skal endurskoða að þremur árum liðnum.

Sþ. 1057. Þingsályktun [271. mál]

um íslenska heilbrigðisáætlun.

(Afgreidd frá Sþ. 19. mars.)

Alþingi ályktar að stefna í heilbrigðismálum á Íslandi fram til ársins 2000 skuli taka mið af heilbrigðisáætlun þeirri sem hér er sett fram í 32 liðum og hefur það að markmiði að bæta heilsufar þjóðarinnar.

Almenn stefna í heilbrigðismálum.

1.

Tilgangur heilbrigðisþjónustunnar er að skapa jafnrétti í heilbrigðisþjónustu, að bæta árum við lífið, heilbrigði við lífið og lífi við árin. Til þess að svo megi verða þarf að taka fullt tillit til heilbrigðissjónarmiða í þjóðfélaginu.

Ákvarðanir stjórnvalda verða ekki síður byggðar á vitneskju um heilsufarslegar afleiðingar ákvarðana en um efnahagsleg og menningarleg áhrif. Gefa þarf sérstakan gaum að þörfum þeirra sem verst eru settir og þjóðfélagshópa sem ekki njóta fyllsta jafnréttis til að öðlast heilbrigði eða njóta heilbrigðisþjónustu. Í þessu sambandi er rétt að nefna sérstaklega aldraða, þá sem þjást af langvinnum sjúkdómum sem valda verulegri fötlun og þá sem fatlaðir eru frá fæðingu.

2.

Stefnt skal að því að saman fari í heilbrigðisþjónustu ábyrgð á fjármögnun og rekstri.

Heimilt verði að gera samninga við einstaklinga, félög og samtök um að annast afmarkaða rekstrarþætti í heilbrigðisþjónustu eftir því sem hagkvæmt er talið.

Heilsugæslustöðvar og sjúkrastofnanir.

3.

Heilsugæslustöðvar skulu vera hornsteinar heilsugæslunnar hver á sínu starfssvæði í samvinnu við göngudeildir sjúkrahúsa og sérhæfðar stofnanir.

Þjónusta heilsugæslustöðva skal ná til allra landsmanna árið 1995 þannig að framkvæmd heilsugæslu verði sambærileg um land allt.

Leitast skal við að auka samstarf heilsugæslunnar við aðra aðila, svo sem fræðsluyfirvöld, félagsmálastofnanir og íþróttahreyfinguna í því skyni að auka heilsuvernd og heilsurækt.

4.

Setja skal reglur um flokkun sjúkrastofnana, verkaskiptingu og starfssvið og gera þar skýran greinarmun á sérhæfðu sjúkrahúsi, almennu sjúkrahúsi og hjúkrunarheimili.

Setja skal reglur um þjónustusvæði og hlutverk einstakra sjúkrahúsa og um mönnun þeirra.

5.

Í samræmi við ályktun Alþingis frá 7. febrúar 1991 verði á næstu fjórum árum komið á fót skrifstofum heilbrigðismála í öllum kjördæmum landsins og sinni þær m.a. verkefnum fyrir héraðslækna, heilbrigðismálaráð og Tryggingastofnun, svo og fjárhagslegri og faglegri áætlanagerð og eftirliti með heilbrigðisþjónustu á svæðinu.

Heilbrigðir lífshættir.

6.

Samræma skal forvarna- og heilbrigðisfræðslu á vegum heilbrigðisráðuneytis, landlæknis og skrifstofa heilbrigðismála í kjördæmunum þannig að hagfelld skipan komist á ráðgjöf um heilbrigða lífshætti, gerð fræðsluefnis og endurmenntun starfsliðs í heilsugæslu á þessu sviði. Þetta varðar m.a. áfengisvarnir, manneldismál, tannvernd, tóbaksvarnir, samstarfsverkefni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um forvarnir og aðra forvarnastarfsemi eftir því sem við verður komið.

Til að stuðla að heilbrigðum lífsháttum skal lögð á það áhersla að starfslið heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa fái grundvallarmenntun í heilbrigðisfræðslu og heilsufræði til þess að geta miðlað þeim sem þangað leita.

Leita skal samvinnu við skóla og félög um að þau taki þátt í átaki fyrir heilbrigðari lífsháttum.

7.

Manneldis- og neyslustefna verði í samræmi við þingsályktun frá 19. maí 1989 og þær upplýsingar sem neyslukannanir leiða í ljós.

Enda þótt næringarástand þjóðarinnar sé talið gott þarf að tryggja að allir fái nægan mat og að í honum séu rétt hlutföll frá næringarfræðilegu sjónarmiði.

Leggja skal áherslu á framleiðslu og framboð hollrar fæðu. Auðvelda þarf fæðuval með áberandi og vel skiljanlegum upplýsingum um vörur.

8.

Draga skal úr og helst útrýma neyslu tóbaks með því að fá fólk til að byrja ekki að

reykja og þá sem reykja til að hætta. Til þess að ná þessu takmarki verður að auka bæði upplýsingar og áróður og athuga sérstaklega tengsl milli reykinga og annarra lífshátta.

Koma þarf í veg fyrir að fólk, sem ekki reykir, þurfi að líða tóbaksreyk.

Verð á tóbaksvörum ætti að hækka umfram almennar verðhækkanir.

Útiloka ber áhrif innflytjenda á útsöluverð tóbaksvara.

9.

Draga þarf úr almennri neyslu áfengis og útrýma ofneyslu. Leggja skal sérstaka áherslu á upplýsingastarfsemi og hefja áróður gegn slæmum drykkjusiðum. Upplýsa þarf um heilsufarslegar afleiðingar áfengisnotkunar og auka ráðgjöf, m.a. til að greina áfengisvanda á byrjunarstigi.

Stofna þarf til samvinnu milli heilbrigðisyfirvalda og félagasamtaka með það að markmiði að draga úr áfengisneyslu.

Verð áfengra drykkja ætti að hækka stig af stigi næstu fimm ár umfram almennar verðhækkanir, sterkt áfengi meira en létt vín og bjór hlutfallslega minnst.

10.

Skipulagðar verði varnir gegn notkun ólöglegra vímugjafa og neyslu lyfja sem vímugjafa. Upplýsa þarf um heilsufarslegar afleiðingar notkunar þessara efna. Lögð verði áhersla á samstarf við skóla, æskulýðs- og íþróttafélög og önnur þau félagasamtök sem leggja vilja lið baráttunni gegn ólöglegum vímuefnum. Samráð verði haft milli hlutaðeigandi stjórnvalda til að draga úr framboði á ólöglegum vímugjöfum.

11.

Efla þarf aðstöðu almennings til íþróttaiðkana innan dyra og byggja í því skyni almenningsíþróttahús eða samnýta betur en nú er tiltæk íþróttamannvirki. Auðvelda þarf fólki að hreyfa sig utan dyra og leggja sérstakar gangbrautir og hjólreiðabrautir í þéttbýli.

Skipulagsmálum skal haga þannig að fólk, einkum hið eldra og þeir sem eru fatlaðir, geti notið umhverfisins með hreyfingu og þjálfun utan dyra.

Heilbrigðiseftirlit og umhverfisvernd.

12.

Með heilbrigðis- og umhverfiseftirliti skal stuðlað að líkamlegri og andlegri velferð manna með því að fylgjast með áhættuþáttum í umhverfinu og draga úr áhrifum þeirra.

Áherslu skal leggja á fræðslu og samvinnu um þessi mál fremur en valdboð.

Tryggja þarf fullnægjandi sérfræðiþekkingu starfsmanna við störf að heilbrigðis- og umhverfiseftirliti. Miða ætti við að á hverju heilbrigðiseftirlitssvæði verði að jafnaði einn heilbrigðisfulltrúi á hverja 7.000 íbúa.

13.

Leggja ber áherslu á eftirlit og grunnrannsóknir varðandi heilnæmi neysluvatns, matvæla og annarra neysluvara.

Bæta skal smitsjúkdómavarnir með ónæmisaðgerðum, m.a. með því að hefja notkun á nýjum og nothæfum bóluefnum jafnóðum og þeirra er völ.

Efla þarf rannsóknir og eftirlit til að upplýsa orsakir matarsýkinga og matareitrana.

Hefja skal rannsóknir og eftirlit með efnisþáttum, aukefnum, eiturefnum og aðskotaefnum í neysluvörum.

14.

Leggja skal áherslu á að fólk verði ekki fyrir skaðlegri geislun. Notkun röntgentækja skal stillt í hóf og efla ber fræðslu um ójónandi geislun, t.d. við sólböð og notkun sólarlampa. Auka skal eftirlit með geislavirkni í matvælum og umhverfi og gæta þess að geislavirkar neysluvörur komist ekki á markað.

Áhersla skal lögð á að draga úr hávaða frá umferð og atvinnurekstri og áhrifum hans og taka tillit til þess við skipulag byggðar.

15.

Fylgst skal með sem flestum mengunarþáttum um allt land og komið í veg fyrir umhverfismengun eins og frekast er kostur. Enn fremur skal reynt að mæla og meta þá mengun sem berst til landsins með vindum og hafstraumum.

Dregið skal úr mengun vegna útblásturs frá ökutækjum og í iðnaði og mengun vatna og sjávar af völdum fiskeldis.

Bæta skal frágang skolpútrása og að því stefnt að allt skolp frá þéttbýli verði grófhreinsað ef það er leitt til sjávar. Við skipulag byggðar sé ávallt gert ráð fyrir fullnægjandi lausn frárennslismála.

Aðferðir við losun úrgangs verði bættar og stefnt að því að endurvinna úrgang.

Setja skal loftgæðastaðla og athuga reglur um loftræstingu í almennum byggingum og á vinnustöðum.

Til að tryggja heilnæmi innilofts verði settar reglur um efni í húsgögn og til innréttinga á íbúðarhúsnæði og vinnuhúsnæði.

16.

Stefnt skal að fullnægjandi aðbúnaði á vinnustöðum til að fækka alvarlegum vinnuslysum um a.m.k. fjórðung fram til ársins 2000.

Gera skal áætlun um vinnuvernd með forgangsröðun verkefna.

Gæta þarf bæði að geðrænum og líkamlegum heilbrigðisvandamálum sem tengd eru vinnu. Auka þarf tengsl heilsugæslustöðva við vinnustaði á starfssvæði þeirra.

Brýnt er að framfylgt sé reglum um hávaðavarnir á vinnustað og heyrnareftirlit starfsmanna.

Minnka þarf verulega áhrif skaðlegra efna á vinnustöðum.

17.

Stefnt skal að því að fækka slysum, m.a. með aukinni fræðslu, stofna skal slysavarnaráð sem hafi yfirumsjón með slysavörnum í landinu.

Þróun heilbrigðiskerfisins.

18.

Í þróun heilbrigðisþjónustunnar skal sérstök áhersla lögð á heilsugæslu.

Markvisst skal dregið úr þeim mismun sem enn er á möguleikum fólks til heilbrigðisþjónustu eftir búsetu.

Fjöldi starfsliðs í heilbrigðisþjónustu skal taka mið af verkefnum sem kunna að aukast vegna aukinnar áherslu á forvarnir og fjölgunar í eldri aldurshópum.

19.

Stefnt skal að því að gera heilbrigðisþjónustuna persónulegri og þjálli en hún er nú. Einnig skal reynt að hafa meðferð samfellda þannig að sjúklingar geti ávallt leitað sama læknis þegar um langvarandi meðferð er að ræða.

20.

Áætlun skal gerð um nauðsynlega mönnun á hverri heilsugæslustöð. Áætlunin skal byggjast á skipulegri upplýsingaöflun um starfssvæði hverrar stöðvar (svæðisgreiningu). Aldrei skulu (þó) vera færri en einn heilsugæslulæknir og einn hjúkrunarfræðingur á hverja 1.000 íbúa eða brot úr þeirri tölu á heilsugæslustöðvum í dreifbýli. Í þéttbýli skulu vera a.m.k. einn læknir og einn hjúkrunarfræðingur á hverja 1.500 íbúa. Annað sérmenntað starfslið ákvarðist af aðstæðum á hverjum stað.

21.

Fyrir árið 1995 skal vera völ á sérfræðiþjónustu á öllum H2 heilsugæslustöðvum. Skal þetta gert með skipulögðum ferðum sérfræðinga í samráði við viðkomandi heilsugæslustöðvar og með ráðningu sérfræðinga eftir þörfum.

22.

Stefnt skal að því að endurhæfingarstarfsemi verði í hverju heilsugæsluumdæmi, annaðhvort við heilsugæslustöð eða sjúkrahús. Endurhæfingarstarfsemi þarf að fela í sér fræðslu og fyrirbyggjandi þjálfun fyrir einstaklinga, sérstaka hópa og almenning auk endurhæfingar vegna afleiðinga sjúkdóma og slysa.

23.

Sérstakt átak skal gera til þess að bæta tannheilsu þjóðarinnnar. Kannaðar skulu leiðir til þess að auka (verulega) varnir gegn tannskemmdum, m.a. með tannvernd og réttu mataræði.

Kanna þarf hvernig megi tryggja betur en nú er að tannheilsugæsla sé hluti af almennri heilsugæslu og starfsemi heilsugæslustöðva. Skólatannlækningar skulu skipulagðar í öllum grunnskólum landsins.

24.

Gæðum sérfræðiþjónustu sjúkrahúsa skal haldið og þau aukin eftir því sem kostur er.

Tengsl milli sérfræðiþjónustu sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva skulu aukin og bein tengsl tekin upp milli heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa að þessu leyti.

Tengslum verði komið á milli sérfræðinga sem starfa á sjúkrahúsum og heilsugæsluumdæma þannig að ákveðið sjúkrahús hafi umsjón með sérfræðiþjónustu á ákveðnu heilsugæslusvæði.

Göngudeildaþjónusta sjúkrahúsa skal skipulögð og efld.

Sérstök áhersla skal lögð á að geðlæknisþjónusta verði veitt á heilsugæslustöðvum og menntun heilsugæslulækna og hjúkrunarfræðinga miðist við að þeir geti sinnt geðsjúklingum. Gera skal ráð fyrir að geðdeildir í Reykjavík og á Akureyri taki að sér þjónustu-

hlutverk fyrir ákveðin heilsugæslusvæði.

Áhersla verði lögð á að sjúklingar með langvarandi geðsjúkdóma fái inni á langlegudeildum eða sambýlum með öðrum sjúklingum og njóti þar geðlæknisþjónustu. Aldraðir geðsjúklingar, sem þurfa á dvöl að halda á stofnunum, verði vistaðir, svo sem unnt er, á almennum hjúkrunardeildum.

25.

Haldið skal áfram uppbyggingu öldrunarþjónustu, skal að því stuðlað að aldraðir sjúklingar verði vistaðir á hjúkrunarheimilum í sinni heimabyggð.

Vinna skal áfram að auknum tengslum öldrunarþjónustunnar og heilbrigðisþjónustunnar annars vegar og félagslegu þjónustunnar hins vegar eins og lög um málefni aldraðra gera ráð fyrir.

Leggja skal áherslu á endurhæfingu aldraðra og stuðla að því að þeir geti dvalið sem lengst í heimahúsum með aðstoð heimilishjálpar, dagvistar og heimahjúkrunar.

26.

Málefni lyfjasölu og lyfjaneyslu skal taka til sérstakrar athugunar, m.a. möguleika heilsugæslustöðva til þess að annast lyfjasölu og ráða lyfjafræðinga til að sinna þeim verkefnum á sama hátt og annað heilbrigðisstarfslið er ráðið.

Upplýsingar til fólks um lyf og lyfjaneyslu skulu auknar og ráðstafanir gerðar til þess að draga úr ónauðsynlegri og óhóflegri lyfjaneyslu hvort sem hún er á kostnað sjúkratrygginga eða ekki.

Stefnt skal að virku samstarfi heilsugæslustöðva og sjúkrastofnana annars vegar og apóteka hins vegar í sambandi við hagkvæmt lyfjaval og að læknar fái jafnan upplýsingar um lyfjaávísanir sínar og kostnað af þeim.

Framlög til heilbrigðismála og mannafli.

27.

Stefnt skal að því að útgjöld til heilbrigðismála haldist a.m.k. í sama hlutfalli af þjóðarframleiðslu og nú er til að unnt sé að mæta auknum þörfum vegna öldrunar íbúanna fjölgunar langvarandi sjúkdóma, svo og ráðstafana til fyrirbyggjandi aðgerða og meðferðar.

Gera skal áætlun um byggingu heilbrigðisstofnana með það að markmiði að ljúka uppbyggingu heilsugæslustöðva fyrir árið 1995 og að fyrir árið 2000 verði að fullu sinnt annarri þjónustu á stofnunum eins og áætlunin gerir ráð fyrir.

28.

Gera skal áætlun fyrir árið 1993 um heildarmannaflaþörf í heilbrigðisþjónustu og auk þess um fjölda í löggiltum heilbrigðisstéttum fram til ársins 2000.

Rannsóknir og kennsla.

29.

Í grunnskólum skal kenna undirstöðuatriði í líkams- og heilsufræði, svo og í næringarfræði og matargerð. Þar skal einnig veita fræðslu um kynlíf, um ábyrgð á eigin heilbrigði, um líkamsþjálfun og um vímuefni og fyrstu hjálp við slysfarir.

Í framhaldsskólum skal efla fræðslu um mataræði og matseld, um kynlíf, samlíf og

foreldrahlutverkið, um vímuefni, um hvíld, streitu, geðvernd og fyrstu hjálp við slysfarir.

Námsskrár grunn- og framhaldsskóla og skóla heilbrigðisstétta skal endurskoða með tilliti til þeirrar áherslu sem leggja skal á heilsugæslu og heilbrigðisfræðslu.

Námsskrár skóla heilbrigðisstétta skulu samdar af aðilum sem tilnefndir eru bæði af menntamála- og heilbrigðisyfirvöldum. Kanna skal möguleika á sameiginlegri grunnmenntun þessara stétta þannig að fólk geti skipt um starf án mikillar viðbótarmenntunar.

Með aðstoð fjölmiðla, einkum sjónvarps, skal koma á framfæri fræðslu um heilbrigða lífshætti, um hollt mataræði, um heilsurækt, geðvernd, lyf og slysahættur.

30.

Sem fyrst verði komið á fót upplýsinga- og eftirlitskerfi til að annast reglubundið mat á starfsemi heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa og störfum heilbrigðisstétta.

Heilbrigðisrannsóknir skulu efldar. Gerð skal sérstök áætlun fyrir árið 1993 til að styðja framkvæmd þessarar heilbrigðisáætlunar. Sérstaklega skal gefa gaum að rannsóknum á sambandi lífshátta og umhverfis á heilsufar. Vinna skal að því að gera allar upplýsingar aðgengilegar almenningi.

31.

Efla þarf vísindarannsóknir til þess að auka þekkingu og skilning á sjúkdómum sem hafa í för með sér alvarleg langvarandi sjúkdómseinkenni. Slíkar rannsóknir verði fyrst og fremst gerðar til þess að reyna að koma í veg fyrir sjúkdóma eða til að greina þá á frumstigi. Einkum þarf að einbeita sér að rannsóknum á sjúkdómum sem eru hlutfallslega algengir á Íslandi.

Nýta þarf aðstöðu á rannsóknastofum vel til þess að mennta og þjálfa stúdenta, einkum þó þá sem lokið hafa námi í læknisfræði, líffræði og öðrum starfsgreinum heilbrigðisþjónustunnar.

Alþjóðasamstarf.

32.

Gera skal áætlun um í hve miklum mæli og hvernig Ísland getur tekið þátt í alþjóðasamstarfi um heilbrigðismál.

Endurskoðun.

33.

Áætlun þessa skal endurskoða að þremur árum liðnum.

Ed. 1058. Nefndarálit [450. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Þórarin V. Þórarinsson og

Hannes G. Sigurðsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Hauk Halldórsson frá Stéttarsambandi bænda, Gísla Karlsson frá Framleiðnisjóði, Snorra Olsen og Þórhall Arason frá fjármálaráðuneytinu og Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóra.

Nefndin fjallaði ítarlega um skattalega meðferð á greiðslum ríkissjóðs til bænda vegna sölu þeirra á fullvirðisrétti. Nefndin náði samkomulagi um breytingartillögu, sem meiri hl. flytur, varðandi þetta atriði og er lagt til að ákvæðið bætist aftan við frumvarpið sem bráðabirgðaákvæði. Allir bændur, sem selja ríkissjóði fullvirðisrétt, einnig þeir sem eiga óvirkan rétt vegna riðuveiki eða leigu á réttinum, njóta þess skattahagræðis sem fram kemur í ákvæðinu. Einnig er birt sem fylgiskjal við þetta nefndarálit bréf ríkisskattstjóra frá 6. maí 1987 um ráðstöfun söluhagnaðar þegar um sölu búmarks eða fullvirðisréttar mjólkur er að ræða með tilliti til ákvæða 4. mgr. 14. gr. laga nr. 75/1981.

Meiri hl. nefndarinnar telur rétt að sú breyting verði gerð á 2. gr. frumvarpsins að frestur til að kaupa ný hlutabréf í stað seldra verði lengdur úr 15 dögum í 30.

Að lokum leggur meiri hl. nefndarinnar til að ný grein bætist við frumvarpið sem breyti 106. gr. tekjuskatts- og eignarskattslaganna. Greinin heimilar skattstjóra að bæta 25% álagi á þá skattstofna sem áætlaðir eru á framtalsskyldan einstakling sem ekki skilar framtali á réttum tíma. Þannig eru til að mynda hjón, sem eru samsköttuð og annað er ríkisstarfsmaður, krafin um álag af öllum tekjum ef þau skila ekki skattframtali, þrátt fyrir að annað hjónanna hafi staðið skil á öllum sínum sköttum. Breyting miðar að því að heimila skattstjóra að taka tillit til að hve miklu leyti innheimta gjalda hefur farið fram í gegnum staðgreiðslu ef framtalsskyldur aðili skilar ekki framtali á réttum tíma.

Talsverð umræða spannst í nefndinni um hvort það álag, sem skattstjóra er heimilt að leggja á áætlaða skattstofna, ætti að vera 25% eða lægra. Í tillögu meiri hl. nefndarinnar er lagt til að álagið verði 25% en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 18. mars 1991.

Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson, frsm.	Guðrún J. Halldórsdóttir, með fyrirvara.
	Eiður Guðnason, með fyrirvara.	

Fylgiskjal.

Ríkisskattstjóri:

Bréf til allra skattstjóra.

(6. maí 1987.)

Í framhaldi af bréfi embættisins frá 2. apríl sl. þykir ástæða til að fjalla nánar um ráðstöfun söluhagnaðar þegar um sölu búmarks eða fullvirðisréttar mjólkur er að ræða með tilliti til ákvæða 4. mgr. 14. gr. laga nr. 75/1981.

Eins og fram kemur í bréfi ríkisskattstjóra til fjármálaráðuneytisins, dags. 5. nóvem-

ber 1986, telst söluverð búmarks og fullvirðisréttar mjólkur að fullu til skattskyldra tekna sem söluhagnaður.

Samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 14. gr. er skattþegni heimilt að nota þennan söluhagnað til lækkunar stofnverðs sams konar eigna eða íbúðarhúsnæðis samkvæmt nánari reglum.

Ríkisskattstjóri lítur svo á að, eins og fram kemur í fyrrnefndu bréfi til fjármálaráðuneytisins, beita megi lögjöfnun hvað varðar ráðstöfun söluhagnaðar vegna sölu búmarks og fullvirðisréttar mjólkur þannig að þessum bændum sé heimilt að lækka stofnverð nýrra eigna vegna upptöku nýrra búgreina á viðkomandi bújörð þó þannig að hin nýja búgrein sé rekin á bújörðinni og tengist afnotum fasteignar á henni.

Með nýrri búgrein er átt við nánast hvaða atvinnugrein sem er sem útheimtir afnot fasteignar á bújörðum en ekki þær atvinnugreinar sem er stjórnað frá bújörðinni, svo sem rekstur vélknúinna tækja eins og bifreiða eða vinnuvéla.

Sem dæmi um atvinnugreinar sem falla undir skilgreiningu um að tengjast fasteign á bújörðinni má nefna loðdýrarækt, fiskeldi, iðnrekstur, verslun og fiskverkun ásamt útgerð. Sé rekin útgerð, ásamt fiskverkun, verður það ekki talið andstætt túlkun þessari að útgerðin noti hafnarskilyrði sem fyrir hendi eru í nágrenni bújarðar ef afli hennar er fluttur til og unninn á bújörðinni. Hins vegar telst það ekki ný atvinnugrein á bújörð ef rekin er útgerð þaðan með aðstöðu í höfnum í nágrenninu og aflinn seldur til vinnslu hjá öðrum aðilum. Hliðstætt gildir um aðrar atvinnugreinar sem stjórnað er frá bújörð en staðsett utan hennar svo sem áður greinir.

Virðingarfyllst,
f.h. ríkisskattstjóra,

Ævar Ísberg.

Ed. 1059. Breytingartillögur [450. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (JE, SkA, EG, GJH).

1. Við 2. gr. Í stað „15 daga“ í 4. málsl. 3. efnismgr. komi: 30 daga.
2. Á eftir 5. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Í stað 1. málsl. 1. mgr. 106. gr. laganna komi þrír nýir málsliðir er orðist svo: Telji framtalsskyldur aðili ekki fram til skatts innan tilskilins frests má skattstjóri bæta allt að 25% álagi við þá skattstofna sem hann áætlar. Þó skal skattstjóri taka tillit til að hve miklu leyti innheimta gjalda hefur farið fram í staðgreiðslu. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um þetta atriði.
3. 6. gr. orðist svo:
   Við lögin bætast tvö ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:
   a. Við álagningu gjalda á árinu 1991 vegna tekna á árinu 1990 má fyrning samkvæmt ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 44. gr. nema allt að 50% af þeirri fjárhæð sem færð er til tekna samkvæmt ákvæðum 53. gr.

b. Við sölu til ríkissjóðs á fullvirðisrétti í sauðfjárframleiðslu á tímabilinu 1. maí 1991 til 31. ágúst 1992 skal skattaðila, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 14. gr., heimilt að telja sem söluhagnað 20% söluverðs í stað söluhagnaðar skv. 2. mgr. sömu greinar.

Skattaðilar skv. 1. mgr., sem hafa leigt fullvirðisrétt sinn Framleiðnisjóði landbúnaðarins eða orðið að sæta niðurskurði á sauðfé samkvæmt opinberum fyrirmælum, skulu undanþegnir skilyrði 3. málsl. 4. mgr. 14. gr. um aðalstarf.

Ed. 1060. Nefndarálit [451. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta var rætt samhliða 450. máli þessa þings og vísast til nefndarálits með því um afstöðu meiri hl. nefndarinnar sem leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 18. mars 1991.

Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson, frsm.	Guðrún J. Halldórsdóttir, með fyrirvara.
	Eiður Guðnason, með fyrirvara.	

Ed. 1061. Breytingartillaga [451. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (JE, SkA, EG, GJH).

Við 2. gr. Í stað „15 daga“ í 4. málsl. 2. efnismgr. komi: 30 daga.

Ed. 1062. Nefndarálit [450. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fyrsti minni hl. nefndarinnar styður allar breytingartillögur meiri hl. við frumvarpið, sbr. nefndarálit meiri hl. Fyrsti minni hl. flytur breytingartillögu við frumvarpið á sérstöku þingskjali og er hún þess efnis að frádráttur frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar í atvinnurekstri verði óbreyttur frá því sem nú er, þ.e. 115.000 kr. hjá einstaklingi og 230.000 kr. hjá hjónum, en eignarhaldstíminn verði lengdur úr tveimur árum í þrjú ár. Ekki er enn komin reynsla á ákvæði laganna. Fyrsti minni hl. telur að meginmistök í upphaflegu lagasetningunni hafi ekki verið þau að frádráttur sé of mikill, heldur að ekki hafi verið gert ráð fyrir sérstökum eignarhaldstíma. Fyrsti minni hl. telur einnig að jafnmikil nauðsyn sé nú eins og þegar lögin voru samþykkt á síðasta þingi að heimild sé fyrir hendi til þess að leyfa frádrátt vegna skattskyldra tekna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri. Telur 1. minni hl. að sú reynsla, sem fengist hefur, lofi góðu og heimildir hafa orðið til þess að auka hlutafjármarkaðinn og stuðla að hlutafjárkaupum til að auka eiginfjármyndun í fyrirtækjum. Þá telur 1. minni hl. að tilurð reglunnar hafi leitt til þess að fyrirtæki, sem hafa verið lokuð einkafyrirtæki, sjá sér hag í því að opnast og skrá sig á hlutafjármarkaði. Þá liggur það fyrir að með því að krefjast þriggja ára eignarhalds á hlutabréfum er komið í veg fyrir að menn fjárfesti í þeim einungis til að njóta þess skattahagræðis sem lögin veita.

Fyrsti minni hl. ítrekar stuðning sinn við frumvarpið og breytingartillögur meiri hl. og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem hann gerir tillögu um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 18. mars 1991.

Guðmundur Ágústsson,
form.

Ed. 1063. Breytingartillaga [450. mál]

við frv. til l. um breyting á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (GuðmÁ).

Við 2. gr.

a. Í stað „86.000 kr.“ og „172.000 kr.“ í 1. efnismgr. komi: 115.000 kr. og 230.000 kr.
b. Í stað orðanna „í a.m.k. tvö ár“ í niðurlagi 1. málsl. 3. efnismgr. komi: í a.m.k. þrjú ár.

Ed. 1064. Nefndarálit [451. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Mál þetta var rætt í nefndinni samhliða 450. máli. Fyrsti minni hl. nefndarinnar vísar til nefndarálits um það mál varðandi afstöðu 1. minni hl. og breytingartillögur.

Alþingi, 18. mars 1991.

Guðmundur Ágústsson,
form.

Ed. 1065. Breytingartillaga [451. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (GuðmÁ).

1. 1. gr. falli brott.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „í a.m.k. tvö ár“ í niðurlagi 1. málsl. 2. efnismgr. komi: í a.m.k. þrjú ár.

Ed. 1066. Nefndarálit [450. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Annar minni hl. nefndarinnar styður tillögu í frumvarpinu um lækkun tekjuskatts úr 50% í 45% og þá tillögu meiri hl. nefndarinnar að lengja þann frest, sem menn hafa til að kaupa ný hlutabréf í stað eldri sem hafa verið seld, úr 15 dögum í 30.

Annar minni hl. telur hins vegar óskynsamlegt og órökrétt að draga úr heimildum til framlaga í fjárfestingarsjóð úr 15% í 10% eins og gert er ráð fyrir í 3. gr. frumvarpsins. Þessi heimild er til þess fallin að draga úr áhrifum þeirra miklu sveiflna, sem einkenna íslenskt efnahagslíf, á afkomu og umsvif atvinnufyrirtækja. Er raunar fremur ástæða til þess að auka við heimildir skattalaga til sveiflujöfnunar í atvinnulífinu en að draga úr þeim.

Annar minni hl. nefndarinnar telur hins vegar brýnt að þær takmörkuðu lagfæringar á ákvæðum skattalaga, sem frumvarpið miðar að, nái fram að ganga, enda mun hér um að ræða efndir á samkomulagi við samtök atvinnurekenda þar að lútandi.

Annar minni hl. nefndarinnar leggur þó til að gerðar verði tvær breytingar á frum-

varpinu. Í fyrsta lagi er eðlilegt að þær fjárhæðir, sem heimilt er að draga frá skattskyldum tekjum, standi óhaggaðar miðað við núgildandi lagaákvæði, en upphæðir þessar fylgja verðlagsþróun. Flytur 2. minni hl. breytingartillögu um þetta efni. Í öðru lagi er gerð tillaga um að í stað þess að maður þurfi að eiga hlutabréf í a.m.k. tvö ár til að öðlast frádrátt þurfi hann að eiga þau yfir a.m.k. tvenn áramót. Telur 2. minni hl. það nægilega langan tíma til þess að ná þeim markmiðum sem stefnt er að í frumvarpinu.

Annar minni hl. styður breytingartillögu meiri hl. um skattalega meðferð á greiðslum ríkissjóðs til bænda vegna sölu þeirra á fullvirðisrétti, en um hana náðist samkomulag í nefndinni.

Annar minni hl. nefndarinnar styður einnig þau sjónarmið sem koma fram í breytingartillögu meiri hl. við 106. gr. laganna, en getur alls ekki fallist á að skattstjóra sé heimilt að bæta allt að 25% álagi ofan á áætlaðan skattstofn þess sem skilar ekki framtali á réttum tíma. Slíkt álag má alls ekki nema meira en 15% og gerir 2. minni hl. breytingartillögu við breytingartillögu meiri hl. í þá veru.

Að þessu athuguðu mælir 2. minni hl. með framgangi frumvarpsins, með þeim breytingum sem hann gerir tillögur um á sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 18. mars 1991.

Ey. Kon. Jónsson, frsm. Halldór Blöndal.

Ed. 1067. Breytingartillaga [450. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, HBl).

Við 2. gr.

a. Í stað „86.000 kr.“ og „172.000 kr.“ í 1. efnismgr. komi: 115.000 kr. og 230.000 kr.
b. Í stað orðanna „í a.m.k. tvö ár“ í niðurlagi 1. málsl. 3. efnismgr. komi: a.m.k. yfir tvenn áramót.

Ed. 1068. Breytingartillaga [450. mál]

við brtt. á þskj. 1059 [Tekjuskattur og eignarskattur].

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, HBl).

Í stað orðanna „má skattstjóri bæta allt að 25% álagi“ í 2. tölul. komi: má skattstjóri bæta allt að 15% álagi.

Ed. 1069. Nefndarálit [451. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Mál þetta var rætt í nefndinni samhliða 450. máli. Annar minni hl. nefndarinnar vísar til nefndarálits um það mál varðandi afstöðu 2. minni hl. og breytingartillögur.

Alþingi, 18. mars 1991.

Ey. Kon. Jónsson, frsm. Halldór Blöndal.

Ed. 1070. Breytingartillaga [451. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, HBl).

1. 1. gr. falli brott.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „í a.m.k. tvö ár“ í niðurlagi 1. málsl. 2. efnismgr. komi: a.m.k. yfir tvenn áramót.

Nd. 1071. Breytingartillaga [224. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, með síðari breytingum.

Frá félagsmálaráðherra.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Við 1. mgr. 68. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Heimilt er húsnæðismálastjórn að veita sérstök lán til allt að þriggja ára til þeirra sem eiga í verulegum erfiðleikum með útborgun við kaup á íbúð ef um er að ræða sérstaklega erfiðar fjölskylduaðstæður, enda sýni umsækjandi fram á greiðslugetu skv. c-lið 1. mgr. 80. gr.

Ed. 1072. Framhaldsnefndarálit [312. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin kom saman milli 2. og 3. umr. og fékk á sinn fund Ólaf W. Stefánsson, skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneytinu, til að ræða frekar um frumvarpið í tengslum við þá breytingu á réttarfari sem verður á miðju ári 1992 er til framkvæmda koma lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Við þá breytingu verða allir dómendur umboðsstarfalausir og þess vegna verður sú aðgreining dómara eftir því hvort þeir fara með umboðsstörf (þ.e. bæjarfógetar og sýslumenn) eða ekki (þ.e. hæstaréttardómarar) úr sögunni. Héraðs- og hæstaréttardómarar verða allir umboðsstarfalausir 1. júlí 1992.

Í 34. gr. stjórnarskrárinnar eru ákvæði um að umboðsstarfalausir dómarar hafi ekki kjörgengi. Við áðurgreinda breytingu á réttarfari er eðlilegt að binda þetta ákvæði við hæstaréttardómara eina, eins og ákvæðið hefur jafnan verið túlkað fram að þessu, þannig að ekki komi til þess að héraðsdómarar missi kjörgengi.

Rétt þykir að gera einnig breytingu á 61. gr. stjórnarskrárinnar. Sú regla gildir um hæstaréttardómara að þeir halda nú fullum embættislaunum frá starfslokum, ef þau eru eftir 65 ára aldur dómarans, til æviloka. Byggist hún á túlkun síðasta málsliðar 61. gr. stjórnarskrárinnar. Að óbreyttu liggur því fyrir að slík regla gildi einnig um hina nýju héraðsdómara sem taka til starfa 1. júlí 1992 því að þeir verða umboðsstarfalausir. Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, er tekinn af allur vafi um stöðu umboðsstarfalausra dómara sem veitt er lausn frá embætti er þeir hafa náð fullra 65 ára aldri. Óbreytt regla gildir um hæstaréttardómara, þeir skulu eigi missa neins af í launum sínum þótt þeim sé veitt lausn fullra 65 ára. Um héraðsdómara fer hins vegar eftir ákvæðum almennra laga, sbr. 35. gr. laga um meðferð einkamála í héraði og eftir 1. júlí 1992 8. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, en samkvæmt þeim skal héraðsdómari, sem veitt er lausn fullra 65 ára, njóta sömu eftirlauna og hann hefði fengið ef hann hefði gegnt starfinu til sjötugs.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þessari breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 19. mars 1991.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Salome Þorkelsdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.	Valgerður Sverrisdóttir.
	Danfríður Skarphéðinsdóttir.	

Ed. 1073. Breytingartillögur [312. mál]

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Á eftir 7. gr. komi ný grein svohljóðandi:
   Síðari málsgrein 34. gr. orðist svo:
   Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir.
2. Á eftir 24. gr., er verði 25. gr., komi ný grein svohljóðandi:
   3. málsl. 61. gr. orðist svo: Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en hæstaréttardómarar skulu eigi missa neins í af launum sínum.

Ed. 1074. Frumvarp til laga [224. mál]

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, með síðari breytingum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 19. mars.)

Samhljóða þskj. 1034 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:

Við 1. mgr. 68. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Heimilt er húsnæðismálastjórn að veita sérstök lán til allt að þriggja ára til þeirra sem eiga í verulegum erfiðleikum með útborgun við kaup á íbúð ef um er að ræða sérstaklega erfiðar fjölskyldu- eða fjárhagsaðstæður, enda sýni umsækjandi fram á greiðslugetu skv. c-lið 1. mgr. 80. gr.

Nd. 1075. Frumvarp til laga [459. mál]

um breyting á þjóðminjalögum, nr. 88/1989.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. mars.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „deildarstjóri fornleifadeildar“ í síðasta málslið 2. mgr. komi: fornminjavörður.
b. Í stað orðsins „deildarstjóra fornleifadeildar“ í síðasta málslið 5. mgr. komi: fornminjavarðar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 5. gr. laganna:

a. 4. málsl. 3. mgr. orðist svo: Auk þess fornleifasvið sem skipta má í deildir eins og þurfa þykir og lýtur stjórn fornleifanefndar, sbr. 3. gr.
b. Í stað orðanna „Deildarstjóri fornleifadeildar og fornleifaverðir“ í upphafi 5. málsl. 3. mgr. komi: Fornminjavörður og fornleifaverðir.

3. gr.

Í stað orðanna „Fornleifadeild lætur, eftir föngum,“ í upphafi 1. mgr. 17. gr. laganna komi: Fornminjavörður lætur.

4. gr.

Í stað orðsins „Fornleifadeild“ í upphafi síðari málsliðar 19. gr. laganna komi: Fornminjavörður.

5. gr.

4. málsl. 22. gr. laganna orðist svo: Rannsóknir útlendinga skulu vera undir yfirumsjón fornminjavarðar og fornleifavarðar viðkomandi svæðis.

6. gr.

Í stað orðanna „Fornleifadeild eða“ í upphafi 23. gr. laganna komi: Fornminjavörður og.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1991.

Nd. 1076. Frumvarp til laga [50. mál]

um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. mars.)

1. gr.

Stjórn lífeyrissjóðs skal sjá um að saminn sé ársreikningur fyrir hvert almanaksár í samræmi við reglur sem bankaeftirlit Seðlabanka Íslands setur. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýrslu, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á einstökum liðum og framsetningu.

Í ársskýrslu stjórnar skal koma fram yfirlit um starfsemi sjóðsins á árinu, svo og upplýsingar um atriði er mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu sjóðsins og afkomu hans á reikningsárinu er ekki koma fram annars staðar í ársreikningnum.

Ársreikningur skal undirritaður af öllum stjórnarmönnum lífeyrissjóðs og forstöðumanni hans. Hafi einhver þeirra mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skal hann undirrita með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu hvers eðlis fyrirvarinn er.

2. gr.

Endurskoðun hjá lífeyrissjóði skal framkvæmd af tveimur skoðunarmönnum sem valdir eru samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sjóðsins og einum skoðunarmanni sem er löggiltur endurskoðandi.

3. gr.

Endurskoðun ársreikninga skal vera lokið eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs.

Skoðunarmenn skulu framkvæma endurskoðun í samræmi við góðar endurskoðunarvenjur og reglur bankaeftirlits Seðlabanka Íslands þar að lútandi. Með endurskoðun sinni skulu þeir komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika þeirra upplýsinga sem ársreikningurinn veitir. Þeir skulu ganga úr skugga um að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við góða reikningsskilavenju og fylgt hafi verið ákvæðum laga, reglna og samþykkta varðandi meðferð fjármuna, ráðstöfun fjár, ávöxtun og upplýsingaskyldu lífeyrissjóða.

Skylt er að veita skoðunarmönnum aðstöðu til að gera þær athuganir sem þeir telja nauðsynlegar. Þeir skulu fá aðgang að öllum eignum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum lífeyrissjóðsins og skulu stjórn sjóðsins og starfsmenn veita þeim allar þær upplýsingar sem þeir æskja og unnt er að láta í té.

Skoðunarmenn skulu árita ársreikninginn og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Þeir skulu gefa upplýsingar um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykkta. Þeir skulu láta í ljósi álit á ársreikningnum og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar að öðru leyti.

Telji skoðunarmenn að í ársreikningi séu ekki þær upplýsingar sem þar eiga að koma fram skulu þeir geta þess í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar, ef þess er kostur. Að öðru leyti geta skoðunarmenn greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem þeir telja eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

Ábendingar og athugasemdir, sem skoðunarmenn vilja koma á framfæri við stjórn eða framkvæmdastjóra, skal bera fram skriflega og skal veita þessum aðilum hæfilegan frest til svara. Ef skoðunarmönnum þykir ástæða til skulu þeir gera tillögur til stjórnar lífeyrissjóðs um endurbætur varðandi meðferð fjármuna, um breytingar á innra eftirliti og öðru því sem þeir telja að geti verið til bóta í rekstri lífeyrissjóðsins.

Senda skal bankaeftirliti Seðlabanka Íslands endurskoðaðan ársreikning lífeyrissjóðs þegar eftir undirritun hans og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs. Meginniðurstöður ársreiknings skal birta opinberlega og í samræmdu formi sem bankaeftirlitið ákveður. Slíkar meginniðurstöður skulu liggja frammi í starfsstöð viðkomandi lífeyrissjóðs og vera aðgengilegar fyrir sjóðfélaga.

Skoðunarmenn hafa rétt til að sitja stjórnarfund þar sem fjallað er um ársreikning.

4. gr.

Ef endurskoðun leiðir í ljós verulega ágalla í rekstri lífeyrissjóðs varðandi innra eftirlit, iðgjaldainnheimtu, greiðslutryggingar útlána, meðferð fjármuna eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins eða skaðað hann að öðru leyti skulu skoðunarmenn gera stjórn sjóðsins og bankaeftirliti Seðlabanka Íslands viðvart.

Er bankaeftirlitinu berst tilkynning að hætti 1. mgr. eða það telur af öðru tilefni ástæðu

til að ætla að rekstri lífeyrissjóðs og fjárhagsstöðu sé ábótavant í verulegum atriðum skal það krefja stjórnendur og skoðunarmenn þegar í stað um nauðsynleg gögn sem þeim ber að afhenda innan tveggja vikna frá því þeim barst krafan.

Komi fram í gögnum að hætti 1. eða 2. mgr. að rekstur lífeyrissjóðs eða fjárhagsstaða sé ekki í samræmi við ákvæði laga þessara, reglur settar samkvæmt þeim, staðfestar reglugerðir lífeyrissjóða eða sé að öðru leyti óeðlileg eða ótraust getur bankaeftirlitið veitt viðkomandi sjóði hæfilegan frest til úrbóta nema brot séu alvarleg. Verði ekki orðið við kröfum bankaeftirlitsins innan tilskilins frests skal það vísa málinu til fjármálaráðherra til ákvörðunar.

5. gr.

Stjórnendum lífeyrissjóðs og skoðunarmönnum er skylt að veita bankaeftirliti Seðlabanka Íslands allar þær upplýsingar og gögn um málefni lífeyrissjóðs og framkvæmd endurskoðunar sem það kann að óska eftir og þeir geta látið í té.

Heimilt er bankastjórn Seðlabanka Íslands, að fengnum tillögum bankaeftirlitsins, að ákvarða viðurlög í formi dagsekta ef lífeyrissjóðir verða ekki við skyldu til afhendingar ársreikninga skv. 7. mgr. 3. gr., annarra gagna skv. 2. mgr. 4. gr. eða sé kröfum eða athugasemdum bankaeftirlitsins um úrbætur skv. 3. mgr. 4. gr. ekki sinnt.

Kröfur, athugasemdir og fyrirhugaðar aðgerðir bankaeftirlitsins samkvæmt lögum þessum skulu þegar í stað tilkynntar fjármálaráðherra, stjórn lífeyrissjóðs og skoðunarmönnum.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða fésektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með brot á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu gilda við gerð ársreiknings lífeyrissjóða í fyrsta sinn fyrir reikningsárið 1991.

Nd. 1077. Breytingartillaga [178. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni og Alexander Stefánssyni.

Við 1. gr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

13. Sala á flotgöllum í tollskrárnúmeri 6211–4301.

Nd. 1078. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [312. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

(Eftir 3. umr. í Ed., 19. mars.)

1. gr.

Í 1. og 2. málsl. 8. gr. falli brott orðið „sameinaðs".

2. gr.

Í 3. mgr. 11. gr. falli brott orðin „í sameinuðu þingi".

3. gr.

22. gr. orðist svo:

Forseti lýðveldisins stefnir saman Alþingi eigi síðar en tíu vikum eftir almennar alþingiskosningar. Forsetinn setur reglulegt Alþingi ár hvert.

4. gr.

Við 23. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Hafi Alþingi verið frestað getur forseti lýðveldisins eigi að síður kvatt Alþingi saman til funda ef nauðsyn ber til. Forseta er það og skylt ef ósk berst um það frá meiri hluta alþingismanna.

5. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 24. gr.:

a. Í stað orðanna „áður en 2 mánuðir séu liðnir, frá því er það var rofið" komi: áður en 45 dagar eru liðnir frá því er gert var kunnugt um þingrofið.
b. Í stað orðanna „8 mánuðum" komi: tíu vikum.
c. Við bætist nýr málsliður: Alþingismenn skulu halda umboði sínu til kjördags.

6. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 28. gr.:

a. Í stað orðanna „milli þinga" í 1. málsl. 1. mgr. komi: er Alþingi er ekki að störfum.
b. Í stað orðanna „fyrir næsta Alþingi á eftir" í 3. málsl. 1. mgr. komi: fyrir Alþingi þegar er það er saman komið á ný.
c. 2. mgr. greinarinnar orðist svo:

   Samþykki Alþingi ekki bráðabirgðalög, eða ljúki ekki afgreiðslu þeirra innan sex vikna frá því að þingið kom saman, falla þau úr gildi.

7. gr.

32. gr. orðist svo:

Alþingi starfar í einni málstofu.

8. gr.

Síðari málsgrein 34. gr. orðist svo:

Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir.

9. gr.

35. gr. orðist svo:

Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert hinn fyrsta dag októbermánaðar eða næsta virkan dag ef helgidagur er og stendur til jafnlengdar næsta árs hafi kjörtímabil alþingismanna ekki áður runnið út eða þing verið rofið.

Samkomudegi reglulegs Alþingis má breyta með lögum.

10. gr.

38. gr. orðist svo:

Rétt til að flytja frumvörp til laga og tillögur til ályktana hafa alþingismenn og ráðherrar.

11. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 39. gr.:

a. Í stað orðanna „Hvor þingdeild“ í upphafi greinarinnar komi: Alþingi.
b. Í stað orðsins „innandeildarþingmönnum“ í fyrri málslið komi: alþingismanna.
c. Í stað orðsins „Þingdeildin“ í upphafi síðari málsliðar komi: Alþingi.

12. gr.

2. mgr. 42. gr. falli brott.

13. gr.

Í upphafi fyrri málsgreinar 43. gr. falli brott orðið „Sameinað“.

14. gr.

44. gr. orðist svo:

Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi.

15. gr.

45. gr. orðist svo:

Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils. Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum.

16. gr.

Orðin „eið eða“ í 47. gr. falli brott.

17. gr.

2. mgr. 48. gr. falli brott.

18. gr.

49. gr. orðist svo:

Meðan Alþingi er að störfum má ekki setja neinn alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða mál á móti honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi.

19. gr.

52. gr. orðist svo:

Alþingi kýs sér forseta og stýrir hann störfum þess.

20. gr.

53. gr. orðist svo:

Eigi getur Alþingi gert samþykkt um mál nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu.

21. gr.

54. gr. orðist svo:

Heimilt er alþingismönnum, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast um það skýrslu.

22. gr.

55. gr. orðist svo:

Eigi má Alþingi taka við neinu málefni nema einhver þingmanna eða ráðherra flytji það.

23. gr.

56. gr. orðist svo:

Þyki Alþingi ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert mál getur það vísað því til ráðherra.

24. gr.

Í upphafi 57. gr. falli brott orðin „beggja þingdeilda og sameinaðs“.

25. gr.

58. gr. orðist svo:

Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum.

26. gr.

3. málsl. 61. gr. orðist svo: Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en hæstaréttardómarar skulu eigi missa neins í af launum sínum.

27. gr.

a. Í 2. málsl. 1. mgr. 79. gr. falli brott orðin „beggja þingdeilda“.
b. Í stað orðanna „báðar deildir“ í 3. málsl. 1. mgr. 79. gr. komi: Alþingi.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 1079. Frumvarp til laga [450. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. mars.)

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna orðist svo: Stuðullinn skal miðast við breytingu á byggingarvísitölu frá upphafi til loka 12 mánaða tímabils, sbr. lög nr. 42/1987, um vísitölu byggingarkostnaðar, og skal miða breytingu við þann mun sem verður á byggingarvísitölu sem gildir fyrir janúarmánuð á tekjuári og byggingarvísitölu sem gildir fyrir janúarmánuð á álagningarári.

2. gr.

4. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Fé það sem varið er til aukningar á fjárfestingu í innlendum atvinnurekstri á árinu samkvæmt lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en 86.000 kr. hjá einstaklingi og 172.000 kr. hjá hjónum.

Fjárhæð umfram frádráttarmörk, sem lögð er í hlutafjáraukningu í hlutafélagi eða lögð til hlutafjárkaupa við stofnun hlutafélags, er heimilt að flytja milli ára og nýta á næstu fimm árum. Ónýtt frádráttarheimild tekur breytingu í samræmi við breytingar á verðbreytingarstuðli skv. 26. gr.

Frádráttur vegna hlutabréfakaupa miðast við kaup á hlutabréfum í innlendum hlutafélögum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., og er háður því skilyrði að maður eigi viðkomandi hlutabréf í a.m.k. tvö ár. Selji hann bréfin innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Skal hann framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. frá því ári, þegar hann var dreginn frá tekjum, til söluárs. Ekki skal þó beita ákvæðum 2. og 3. málsl. um tekjufærslu frádráttar ef maður kaupir önnur hlutabréf í innlendu félagi staðfestu af ríkisskattstjóra í stað hinna seldu innan 30 daga frá söludegi þeirra og kaupverð keyptra hlutabréfa nemur a.m.k. sömu fjárhæð og hinna seldu. Sé kaupverðið lægra skulu ákvæði 2. og 3. málsl. eiga við um mismuninn.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd frádráttar samkvæmt þessum tölulið, þar með talið um millifærslu fjárhæðar umfram frádráttarmörk milli ára og meðferð hans þegar breyting verður á hjúskaparstöðu o.fl.

3. gr.

Í stað hundraðshlutans „15%“ í 2. málsl. 1. mgr. 54. gr. laganna komi: 10%.

4. gr.

Í stað hundraðshlutans „50%“ í 72. gr. laganna komi: 45%.

5. gr.

Við 92. gr. laganna bætist ný málsgrein er verði 2. mgr. hennar og breytist röð annarra málsgreina sem af þessu leiðir:

Allir aðilar, þar með taldir bankar, sparisjóðir og aðrar peningastofnanir, verðbréfamarkaðir og aðrir sem annast kaup og sölu, umboðsviðskipti og aðra umsýslu með hlutabréf, skulu ótilkvaddir afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu um slík við-

skipti og aðila að þeim, ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

6. gr.

Við lögin bætast tvö ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

a. Við álagningu gjalda á árinu 1991 vegna tekna á árinu 1990 má fyrning samkvæmt ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 44. gr. nema allt að 50% af þeirri fjárhæð sem færð er til tekna samkvæmt ákvæðum 53. gr.
b. Við sölu til ríkissjóðs á fullvirðisrétti í sauðfjárframleiðslu á tímabilinu 1. maí 1991 til 31. ágúst 1992 skal skattaðila, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 14. gr., heimilt að telja sem söluhagnað 20% söluverðs í stað söluhagnaðar skv. 2. mgr. sömu greinar.

Skattaðilar skv. 1. mgr., sem hafa leigt fullvirðisrétt sinn Framleiðnisjóði landbúnaðarins eða orðið að sæta niðurskurði á sauðfé samkvæmt opinberum fyrirmælum, skulu undanþegnir skilyrði 3. málsl. 4. mgr. 14. gr. um aðalstarf.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1991 vegna tekna á árinu 1990 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði 2. gr. um fjárhæð frádráttar komi til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1992 vegna tekna á árinu 1991.

Ákvæði 1. gr. um breytta aðferð til útreiknings á verðbreytingarstuðli skulu koma til framkvæmda frá og með útreikningi þess verðbreytingarstuðuls sem reiknaður skal fyrir árið 1991. Um þá stuðla sem fyrir þann tíma giltu eiga við eldri útreikningsaðferðir.

Ed. 1080. Breytingartillaga [450. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Á eftir 5. gr. komi ný grein er orðist svo:

Eftirtaldar breytingar verða á 106. gr. laganna:

a. Í stað 1. málsl. 1. mgr. komi þrír nýir málsliðir er orðist svo: Telji framtalsskyldur aðili ekki fram til skatts innan tilskilins frests má skattstjóri bæta allt að 15% álagi við þá skattstofna sem hann áætlar. Þó skal skattstjóri taka tillit til að hve miklu leyti innheimta gjalda hefur farið fram í staðgreiðslu. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um þetta atriði.
b. Í stað „1%“ og „15%“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: 0,5% og 10%.

Ed. 1081. Frumvarp til laga [451. mál]

um breyting á lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. mars.)

1. gr.

Í stað fjárhæðanna „115.000 kr." og „230.000 kr." í 2. gr. laganna komi: 86.000 kr. og 172.000 kr.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Einstaklingar, sem kaupa hlutabréf í innlendum hlutafélögum er fullnægja skilyrðum 11. gr., geta dregið kaupverð þeirra hlutabréfa frá skattskyldum tekjum sínum innan þeirra marka sem um getur í 2. gr. og að svo miklu leyti sem um er að ræða aukningu á fjárfestingu í atvinnurekstri samkvæmt lögum þessum.

Frádráttur skv. 1. mgr. vegna hlutabréfakaupa miðast við kaup á hlutabréfum í innlendum hlutafélögum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981 og er háður því skilyrði að maður eigi viðkomandi hlutabréf í a.m.k. 2 ár. Selji hann bréfin innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Skal hann framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 75/1981 frá því ári þegar hann var dreginn frá tekjum til söluárs. Ekki skal þó beita ákvæðum um tekjufærslu frádráttar ef maður kaupir önnur hlutabréf í innlendu hlutafélagi staðfestu af ríkisskattstjóra í stað hinna seldu innan 30 daga frá söludegi þeirra og kaupverð keyptra hlutabréfa nemur a.m.k. sömu fjárhæð og hinna seldu. Sé kaupverðið lægra skulu ákvæði 2. og 3. málsl. eiga við um mismuninn.

Fjárhæð umfram frádráttarmörk, sem lögð er í hlutafjáraukningu í hlutafélagi eða lögð til hlutafjárkaupa við stofnun hlutafélags, er heimilt að flytja milli ára og nýta á næstu fimm árum. Ónýtt frádráttarheimild tekur hækkun samkvæmt verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr. laga nr. 75/1981.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1992.

Ed. 1082. Nefndarálit [246. mál]

um frv. til l. um ferðaþjónustu.

Frá meiri hl. samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það Magnús Oddsson ferðamálastjóra, Árna Þór Sigurðsson, deildarstjóra í samgönguráðuneytinu, Kristínu Halldórsdóttur, stjórnarformann Ferðamálaráðs, Ernu Hauksdóttur frá Sambandi veitinga- og gistihúsa, Hildi Jónsdóttur frá Félagi ferðaskrifstofa og Ágúst Hafberg frá Félagi sérleyfishafa.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvrpið verði samþykkt með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingar nefndarinnar eru eftirfarandi:

1. Við 3. gr. Breytingin gerir ráð fyrir að við setningu reglugerðar um ferðaþing skuli ráðherra ekki einungis fá tillögur um efni hennar frá Ferðamálaráði, heldur einnig frá stærstu hagsmunasamtökum og fyrirtækjum í ferðaþjónustu og enn fremur að haft skuli samráð við þessa aðila. Með því eru áhrif atvinnugreinarinnar sjálfrar á skipan ferðaþings aukin frá frumvarpinu eins og það liggur nú fyrir.
2. Við 17. gr. Með breytingunni er tekinn af allur vafi um að lánsfjárlagaheimildar er þörf fyrir lánum sem Ferðamálasjóður tekur til starfsemi sinnar.
3. Við 19. gr. Orðalagsbreytingin býður upp á meiri sveigjanleika um lánstíma.
4. Við 20. gr. Aflétt er kvöð til að starfrækja áhættulánadeild við Ferðamálasjóð en í þess stað gert ráð fyrir heimild sem þá verður einungis nýtt svo fremi fjármagn fáist til þess.
5. Við 24. gr. A- og b-liðir breytingartillögunnar eru til samræmis við nýsamþykkt lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. C-liður er til að samræma orðalag við 37. gr. frumvarpsins.
6. Við 27. gr. Um er að ræða minni háttar lagfæringu sem skýrir sig sjálf, sbr. einnig breytingu sem neðri deild gerði við 3. tölul. fyrri málsgreinar 22. gr.
7. Við 33. gr. Breytingin er til samræmis við nýsamþykkt lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Alþingi, 19. mars 1991.

Karvel Pálmason, form.	Skúli Alexandersson, fundaskr., frsm.	Jón Helgason.
	Stefán Guðmundsson.	

Ed. 1083. Breytingartillögur [246. mál]

við frv. til l. um ferðaþjónustu.

Frá meiri hl. samgöngunefndar (KP, SkA, StG, JHelg).

1. Við 3. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Nánar skal kveðið á um ferðaþing í reglugerð sem samgönguráðherra setur að fengnum tillögum og að höfðu samráði við Ferðamálaráð og stærstu hagsmunasamtök og fyrirtæki í ferðaþjónustu. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um rétt aðila til að tilnefna fulltrúa á þingið, réttindi þeirra og skyldur á þinginu og um helstu verkefni þess.
2. Við 17. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast slík lán fyrir hönd ríkissjóðs, enda hafi lántökuheimildar verið aflað í lánsfjárlögum.
3. Við 19. gr. Í stað orðanna „skulu veitt“ í fyrri málsgrein komi: má veita.
4. Við 20. gr. Í stað orðsins „skal“ komi: er heimilt að.

5. Við 24. gr.
   a. 2. mgr. orðist svo:
      Til að öðlast leyfi til reksturs ferðamiðlunar þarf umsækjandi að uppfylla eftirtalin skilyrði:
      a. Eiga lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. eitt ár.
      b. Vera fjárráða og hafa forræði á búi sínu.
   b. 4. mgr. orðist svo:
      Leyfi má veita félagi eða öðrum lögaðilum sem eiga heimili hér á landi, enda sé framkvæmdastjóri slíks lögaðila fjárráða og hafi forræði á búi sínu. Ef um erlendan aðila er að ræða eða íslenskan lögaðila, sem erlendur aðili á hlut í, er leyfisveitingin þó háð því að fullnægt sé skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Gilda um slíka ferðamiðlun sömu ákvæði og fyrr greinir.
   c. 5. mgr. orðist svo:
      Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um ferðamiðlun, m.a. um þjónustu, neytendavernd og kunnáttu leyfishafa.
6. Við 27. gr. Eftir orðinu „ferðaskrifstofu“ bætist: ferðaskipuleggjanda.
7. Við 33. gr. Greinin orðist svo:
   Til þess að öðlast leyfi skv. 32. gr. þarf umsækjandi að:
   a. Eiga lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. eitt ár.
   b. Vera fjárráða og hafa forræði á búi sínu.
   Leyfi samkvæmt þessum kafla má veita félagi eða öðrum lögaðila sem á heimili hér á landi enda sé framkvæmdastjóri slíks lögaðila fjárráða og hafi forræði á búi sínu. Ef um erlendan aðila er að ræða eða íslenskan lögaðila, sem erlendur aðili á hlut í, er leyfisveitingin þó háð því að fullnægt sé skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Nd. 1084. Frumvarp til laga [450. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 3. umr. í Ed., 19. mars.)

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna orðist svo: Stuðullinn skal miðast við breytingu á byggingarvísitölu frá upphafi til loka 12 mánaða tímabils, sbr. lög nr. 42/1987, um vísitölu byggingarkostnaðar, og skal miða breytingu við þann mun sem verður á byggingarvísitölu sem gildir fyrir janúarmánuð á tekjuári og byggingarvísitölu sem gildir fyrir janúarmánuð á álagningarári.

2. gr.

4. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Fé það, sem varið er til aukningar á fjárfestingu í innlendum atvinnurekstri á árinu samkvæmt lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en 86.000 kr. hjá einstaklingi og 172.000 kr. hjá hjónum.

Fjárhæð umfram frádráttarmörk, sem lögð er í hlutafjáraukningu í hlutafélagi eða lögð

til hlutafjárkaupa við stofnun hlutafélags, er heimilt að flytja milli ára og nýta á næstu fimm árum. Ónýtt frádráttarheimild tekur breytingu í samræmi við breytingar á verðbreytingarstuðli skv. 26. gr.

Frádráttur vegna hlutabréfakaupa miðast við kaup á hlutabréfum í innlendum hlutafélögum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., og er háður því skilyrði að maður eigi viðkomandi hlutabréf í a.m.k. tvö ár. Selji hann bréfin innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Skal hann framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. frá því ári þegar hann var dreginn frá tekjum, til söluárs. Ekki skal þó beita ákvæðum 2. og 3. málsl. um tekjufærslu frádráttar ef maður kaupir önnur hlutabréf í innlendu félagi staðfestu af ríkisskattstjóra í stað hinna seldu innan 30 daga frá söludegi þeirra og kaupverð keyptra hlutabréfa nemur a.m.k. sömu fjárhæð og hinna seldu. Sé kaupverðið lægra skulu ákvæði 2. og 3. málsl. eiga við um mismuninn.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd frádráttar samkvæmt þessum tölulið, þar með talið um millifærslu fjárhæðar umfram frádráttarmörk milli ára og meðferð hans þegar breyting verður á hjúskaparstöðu o.fl.

3. gr.

Í stað hundraðshlutans „15%“ í 2. málsl. 1. mgr. 54. gr. laganna komi: 10%.

4. gr.

Í stað hundraðshlutans „50%“ í 72. gr. laganna komi: 45%.

5. gr.

Við 92. gr. laganna bætist ný málsgrein er verði 2. mgr. hennar og breytist röð annarra málsgreina sem af þessu leiðir:

Allir aðilar, þar með taldir bankar, sparisjóðir og aðrar peningastofnanir, verðbréfamarkaðir og aðrir sem annast kaup og sölu, umboðsviðskipti og aðra umsýslu með hlutabréf, skulu ótilkvaddir afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu um slík viðskipti og aðila að þeim, ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

6. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 106. gr. laganna:

a. Í stað 1. málsl. 1. mgr. komi þrír nýir málsliðir er orðist svo: Telji framtalsskyldur aðili ekki fram til skatts innan tilskilins frests má skattstjóri bæta allt að 15% álagi við þá skattstofna sem hann áætlar. Þó skal skattstjóri taka tillit til að hve miklu leyti innheimta gjalda hefur farið fram í staðgreiðslu. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um þetta atriði.
b. Í stað „1%“ og „15%“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: 0,5% og 10%.

7. gr.

Við lögin bætast tvö ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

a. Við álagningu gjalda á árinu 1991 vegna tekna á árinu 1990 má fyrning samkvæmt ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 44. gr. nema allt að 50% af þeirri fjárhæð sem færð er til tekna samkvæmt ákvæðum 53. gr.
b. Við sölu til ríkissjóðs á fullvirðisrétti í sauðfjárframleiðslu á tímabilinu 1. maí 1991 til 31. ágúst 1992 skal skattaðila, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 14. gr., heimilt að telja

sem söluhagnað 20% söluverðs í stað söluhagnaðar skv. 2. mgr. sömu greinar.

Skattaðilar skv. 1. mgr., sem hafa leigt fullvirðisrétt sinn Framleiðnisjóði landbúnaðarins eða orðið að sæta niðurskurði á sauðfé samkvæmt opinberum fyrirmælum, skulu undanþegnir skilyrði 3. málsl. 4. mgr. 14. gr. um aðalstarf.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1991 vegna tekna á árinu 1990 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði 2. gr. um fjárhæð frádráttar komi til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1992 vegna tekna á árinu 1991.

Ákvæði 1. gr. um breytta aðferð til útreiknings á verðbreytingarstuðli skulu koma til framkvæmda frá og með útreikningi þess verðbreytingarstuðuls sem reiknaður skal fyrir árið 1991. Um þá stuðla, sem fyrir þann tíma giltu, eiga við eldri útreikningsaðferðir.

Nd. 1085. Breytingartillaga [406. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, 70/1990, 124/1990 og 130/1990.

Frá Alexander Stefánssyni.

Ákvæði til bráðabirgða I orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1.–3. gr. og 5.–13. gr. laga þessara skulu ákvæði eldri laga um Byggingarsjóð ríkisins halda gildi sínu fram til 1. mars 1994.

Ed. 1086. Nefndarálit [224. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það Grétar

Guðmundsson, aðstoðarmann félagsmálaráðherra. Mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerðar voru í meðförum neðri deildar.

Alþingi, 19. mars 1991.

Margrét Frímannsdóttir, form., frsm.	Guðmundur H. Garðarsson, fundaskr.	Jóhann Einvarðsson.
Danfríður Skarphéðinsdóttir.	Jón Helgason.	Salome Þorkelsdóttir.

Karl Steinar Guðnason.

Nd. 1087. Breytingartillaga [406. mál]

við frv. til l. breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, 70/1990, 124/1990 og 130/1990.

Frá Geir H. Haarde.

4. efnismgr. 14. gr. falli brott.

Ed. 1088. Nefndarálit [174. mál]

um frv. til l. um grunnskóla.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur meiri hl. nefndarinnar til að frumvarpið verði samþykkt eins og neðri deild afgreiddi það. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni, Salome Þorkelsdóttir og Halldór Blöndal, lögðust ekki gegn því að frumvarpið yrði afgreitt úr nefndinni en munu gera grein fyrir afstöðu sinni við 2. umr. málsins.

Alþingi, 19. mars 1991.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Guðrún J. Halldórsdóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Valgerður Sverrisdóttir.
Skúli Alexandersson.		Jón Helgason.

Nd. 1089. Nefndarálit [405. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, nr. 63/1985.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Sigurð E. Guðmundsson, Þráin Valdimarsson og Yngva Örn Kristinsson frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Grétar Guðmundsson, aðstoðarmann félagsmálaráðherra, og Ásmund Hilmarsson og Gylfa Guðmundsson frá Alþýðusambandi Íslands.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það var afgreitt frá efri deild.

Alþingi, 19. mars 1991.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Jón Kristjánsson.
	Alexander Stefánsson.	

Nd. 1090. Nefndarálit [406. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, 70/1990, 124/1990 og 130/1990.

Frá 1. minni hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Sigurð E. Guðmundsson, Þráin Valdimarsson og Yngva Örn Kristinsson frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Grétar Guðmundsson, aðstoðarmann félagsmálaráðherra, og Ásmund Hilmarsson og Gylfa Guðmundsson frá Alþýðusambandi Íslands.

Fyrsti minni hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það var afgreitt frá efri deild. Jón Kristjánsson áskilur sér rétt til að flytja eða styðja breytingartillögur er fram kunna að koma.

Alþingi, 19. mars 1991.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Jón Kristjánsson, með fyrirvara.

Ed. **1091. Lög** [326. mál]

um félagsþjónustu sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Ed. 19. mars.)

Samhljóða þskj. 1009.

Ed. **1092. Lög** [224. mál]

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 19. mars.)

Samhljóða þskj. 1074 (sbr. 1034).

Nd. **1093. Lög** [462. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 19. mars.)

Samhljóða þskj. 915.

Nd. **1094. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga** [312. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

(Afgreitt frá Nd. 19. mars.)

Samhljóða þskj. 1078.

Nd. 1095. Nefndarálit [406. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, 70/1990, 124/1990 og 130/1990.

Frá 2. minni hl. félagsmálanefndar.

Annar minni hl. flytur breytingartillögu við frumvarpið en mun að öðru leyti ekki hafa afskipti af afgreiðslu þess. Eðlilegt er að ráðandi meiri hl. á Alþingi beri einn ábyrgð á framgangi þessa máls.

Breytingartillaga 2. minni hl. lýtur að því að fella brott úr frumvarpinu heimild til að hækka vexti á lánum Byggingarsjóðs ríkisins þegar eigendaskipti verða að íbúð. Á nefndarfundi í félagsmálanefnd kom fram að framkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunar telur mikla meinbugi á framkvæmd slíkrar heimildar. Annar minni hl. telur eðlilegast að allir lántakendur sitji við sama borð komi til vaxtabreytinga. Má í því sambandi minna á þá hugmynd ráðherranefndar ríkisstjórnarinnar að vextir breytist eftir að ákveðinn fjöldi ára, t.d. 10 ár, er liðinn frá því lán var veitt.

Alþingi, 19. mars 1991.

Geir H. Haarde, frsm. Eggert Haukdal.

Ed. 1096. Breytingartillögur [174. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 3. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Stefnt skal að því að hver grunnskóli sé einsetinn.
2. Við 9. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Ráðið skal skipað 12 fulltrúum: Tveimur fulltrúum kennarasamtaka, einum fulltrúa skólastjórnenda, tveimur fulltrúum foreldrafélaga eða samtaka þeirra og skal annar þeirra vera fulltrúi foreldrafélaga í dreifbýli, einum fulltrúa Kennaraháskóla Íslands, einum fulltrúa Háskóla Íslands, einum fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga, einum fulltrúa Námsgagnastofnunar auk þriggja fulltrúa menntamálaráðuneytisins og skal einn þeirra vera fræðslustjóri og einn skólastjóri á framhaldsskólastigi.
3. Við 13. gr. Í stað orðsins „skólaráð“ í 5. mgr. komi: samstarfsráð.
4. Við 16. gr. Í stað orðanna „Að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins er fræðslustjóra“ í upphafi 4. mgr. komi: Fræðslustjóra er.
5. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
   Skólahverfi er sú eining sem stendur að einum grunnskóla eða fleiri. Sveitarfélög geta sameinast um rekstur grunnskóla og mynda þá eitt skólahverfi. Sveitarfé-

lag, sem rekur tvo eða fleiri grunnskóla, telst eitt skólahverfi. Sveitarfélag getur átt aðild að fleiri en einu skólahverfi ef börn og unglingar á skólaskyldualdri úr því sveitarfélagi eiga skólasókn til tveggja eða fleiri skólahverfa.

6. Á eftir 19. gr. komi ný grein er orðist svo:

Við hvern grunnskóla skal starfa skólaráð sem er stjórn skólans til ráðuneytis um innri mál hans, svo sem kennsluskipan, starfsáætlanir, skólatíma, slysavarnir og félagslíf í skólanum og fleira sem varðar daglega starfsemi skólans.

Skólaráð skal skipað þremur mönnum. Einn tilnefndur af kennurum og öðrum starfsmönnum skólans, einn tilnefndur af foreldrum (foreldrafélagi ef það er til) og einn tilnefndur af nemendum (nemendaráði ef það er til). Fulltrúar í skólaráði skulu valdir við upphaf skólaárs til eins árs í senn. Skólaráð skal koma saman til fundar eigi sjaldnar en þrisvar á ári. Skólastjóri eða staðgengill hans situr fundi skólaráðs. Skylt er fulltrúa skólanefndar, fræðslustjóra, fulltrúa hans eða fulltrúa fræðsluráðs að mæta á fundi skólaráðs ef ráðið óskar þess.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um störf og starfshætti skólaráðs og setur skólaráði erindisbréf.

Heimilt er skóla að sækja um með rökstuddri greinargerð undanþágu frá ákvæði greinar þessarar til menntamálaráðuneytisins. Gildar ástæður þurfa að liggja fyrir undanþágu, svo sem ef skóli er mjög fámennur.

7. Við 45. gr.

a. G–j-liðir 1. mgr. orðist svo:

g. í 7. bekk 1440 mínútur,
h. í 8. bekk 1440 mínútur,
i. í 9. bekk 1480 mínútur,
j. í 10. bekk 1480 mínútur,

b. Við bætist ný málsgrein er orðist svo:

Komið skal á fót skólaathvörfum við hvern grunnskóla, þar sem þörf er á, þar sem nemendur geta dvalist utan kennslustunda. Til að standa straum af viðbótarkostnaði er heimilt að taka gjald fyrir dvöl nemenda í skólaathvörfum og skal upphæð gjaldsins ákveðin af skólastjóra í samráði við fræðslustjóra.

8. Við 50. gr. Orðin „hvaða námsgögn eru látin í té og“ í 2. mgr. falli brott.
9. Við 72. gr. Síðasta málsgrein falli brott.
10. Við 74. gr. Síðari málsgrein orðist svo:

Við ákvörðun fjölda kennslustunda, sem ríkissjóður greiðir í hverjum skóla, skal miða við að í 2.–3. bekk séu nemendur í einstökum bekkjardeildum ekki fleiri en 22 og í 4.–10. bekk ekki fleiri en 28. Í 1. bekk séu nemendur í einstökum bekkjardeildum ekki fleiri en 18.

11. Við 85. gr. Í stað orðanna „Lög þessi öðlast þegar gildi“ komi: Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1991.
12. Við ákvæði til bráðabirgða. 2. málsl. 4. mgr. orðist svo: Jafnframt verði á því árabili jafnt og þétt aukið við kennslutíma grunnskólanemenda þannig að við lok tímabilsins verði vikulegur stundafjöldi í samræmi við það sem segir í 45. gr., skóladagur samfelldur og nemendur eigi kost á skólamáltíðum.

Nd. 1097. Nefndarálit [406. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, 70/1990, 124/1990 og 130/1990.

Frá 3. minni hl. félagsmálanefndar.

Þriðji minni hl. er samþykkur þeirri breytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að hætt verði að taka við umsóknum um húsnæðislán samkvæmt lögum nr. 54/1986. Að því er hins vegar ekki staðið á fullnægjandi hátt með þessari afgreiðslu málsins.

Í frumvarpinu og í meðförum nefndarinnar hafa ekki fengist fullnægjandi svör við því hvernig ætlunin er að fjármagna þau lán sem afgreidd verða samkvæmt lánakerfinu frá 1986 og afgreidd verða samkvæmt þessu kerfi miðað við ákvæði laganna.

Nefndinni gafst nær enginn tími til að fjalla um málið, en þó liggur fyrir að mörgum óvissuþáttum verður vísað til næstu ríkisstjórnar.

Að slíkri afgreiðslu getur 3. minni hl. ekki staðið og mun sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. mars 1991.

Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Nd. 1098. Nefndarálit [421. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 9 2. mars 1989, um efnahagsaðgerðir.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur meiri hl. hennar til að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 998. Minni hl. nefndarinnar skilar ekki áliti en vísar til breytingartillagna minni hl. í efri deild á þskj. 932.

Alþingi, 19. mars 1991.

Páll Pétursson, form., frsm. Ólafur Þ. Þórðarson. Ragnar Arnalds.

Jón Sæmundur Sigurjónsson. Guðný Guðbjörnsdóttir.

Nd. 1099. Nefndarálit [450. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 1084. Friðrik Sophusson hefur fyrirvara um 2. gr. frumvarpsins.

Matthías Bjarnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. mars 1991.

Páll Pétursson, form., frsm.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Friðrik Sophusson.
Jón Sæmundur Sigurjónsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Ragnar Arnalds.

Nd. 1100. Nefndarálit [451. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur meiri hl. hennar til að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 1081.

Alþingi, 19. mars 1991.

Páll Pétursson, form., frsm.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Ragnar Arnalds.
Jón Sæmundur Sigurjónsson.		Guðný Guðbjörnsdóttir.

Nd. 1101. Lög [370. mál]

um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum.

(Afgreidd frá Nd. 19. mars.)

Samhljóða þskj. 777.

Nd. 1102. Framhaldsnefndarálit [375. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um ábyrgðadeild fiskeldislána, nr. 17 3. apríl 1990.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Eftir afgreiðslu frumvarpsins við 2. umr. hefur nefndin komið saman á ný til að fjalla um frumvarpið. Á fund nefndarinnar komu Jóhann Antonsson og Sigurgeir Jónsson sem sitja í stjórnarnefnd ábyrgðadeildar fiskeldislána.

Nefndin telur að æskilegt hefði verið að frumvarpið fengi þinglega meðferð. Hins vegar er ljóst að vegna þess hversu stutt er til þingloka má gera ráð fyrir að frumvarpið dagi uppi. Nefndin vill því með þessu áliti gera grein fyrir framkomnum hugmyndum um lausn þess máls sem frumvarpið fjallar um. Vill nefndin í þessu sambandi vísa til samþykktar stjórnarnefndar ábyrgðadeildar fiskeldislána frá 18. mars og yfirlýsingar bankastjórnar Landsbanka Íslands í dag. Hvort tveggja er birt sem fylgiskjal með áliti þessu. Nefndin væntir þess að á grundvelli yfirlýsingar Landsbanka Íslands megi finna viðunandi lausn í málefnum fiskeldisfyrirtækja. Það er von nefndarinnar að í kjölfar yfirlýsingar Landsbankans fylgi aðgerðir er tryggi rekstur lífvænlegra fiskeldisfyrirtækja enda mikilvægt að einhver fiskeldisfyrirtæki lifi af þessa erfiðu tíma til þess að halda við verkkunnáttu í fiskeldi.

Matthías Bjarnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. mars 1991.

Páll Pétursson, form., frsm.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Friðrik Sophusson.
Jón Sæmundur Sigurjónsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Ragnar Arnalds.

Fylgiskjal I.

Samþykkt stjórnarnefndar ábyrgðadeildar fiskeldislána.

(18. mars 1991.)

Stjórnarnefnd ábyrgðadeildar fiskeldislána mun á grundvelli laga nr. 17/1990, um ábyrgðadeild fiskeldislána, beita sér fyrir eftirfarandi aðgerðum til að fyrirtækjum í fiskeldi, sem rekstrargrundvöll hafa, verði auðveldaður aðgangur að nægjanlegu rekstrarfé í formi afurðalána:

1. Stjórnarnefndin hafi forustu um myndun samstarfshóps um mat á stöðu hvers fyrirtækis. Auk ábyrgðadeildar skipi í þann starfshóp viðskiptabanki og fjárfestingalánasjóður viðkomandi fyrirtækja. Beiðni um athugun á einstaka fyrirtækjum geti komið frá hverri þeirri stofnun sem samstarfshóp skipar. Samstarfshópurinn skili sameiginlegri tillögu um fjárhagslega endurskipulagningu á viðkomandi fyrirtæki og þátttöku hverrar lánastofnunar í þeirri endurskipulagningu.

2. Viðmiðun afurðalána verði breytt á eftirfarandi hátt:
   a. Ný verðskrá verði tekin upp sem taki mið af kostnaði við að ala fiskinn í 1 kg þyngd og yfir 1 kg þyngd taki hún mið af markaðsverði afurða.
   b. Útlán viðskiptabanka, sem tryggð eru með 1. veðrétti, miðist fyrst og fremst við verðmæti fisks yfir 1 kg en ábyrgð deildarinnar taki mið af verðmæti alls bústofnsins.
   c. Sveigjanleiki verði aukinn með því að afurðalán á 2. veðrétti geti hækkað þótt afurðalán á 1. veðrétti hækki ekki samhliða.
3. Stjórnarnefndin mun leggja til að iðgjald vegna ábyrgða verði lækkað verulega. Ljóst er að verulegur halli verður á þessari ábyrgðastarfsemi vegna þeirra ábyrgða sem deildin yfirtók frá Tryggingasjóði fiskeldislána og þurft hefur að greiða. Hins vegar er tæpast hægt að hafa iðgjöld það há að náist upp í þann kostnað sem kominn er. Iðgjöld verði miðuð við að þau standi undir kostnaði öðrum en ábyrgðum sem fallnar eru og sýnilega falla á deildina á næstunni.

Fylgiskjal II.

Munnleg yfirlýsing bankastjórnar Landsbanka Íslands.
(19. mars 1991.)

Landsbankanum hefur ekki gefist kostur á ítarlegri athugun á samþykkt stjórnarnefndar ábyrgðadeildar fiskeldislána, en virðist lítill slægur í tillögunum. Bankinn er þó af sinni hálfu reiðubúinn til frekari viðræðna um málið ef leiða kynni til bitastæðra lausna.

Ed. 1103. Frumvarp til laga [174. mál]

um grunnskóla.

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. mars.)

I. KAFLI
Markmið og skólaskylda.

1. gr.

Ríki og sveitarfélögum er skylt að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6 til 16 ára eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Skóli þessi nefnist grunnskóli. Öllum börnum og unglingum á framangreindum aldri er skylt að sækja skóla, en frá því má þó veita undanþágu, sbr. 5., 7. og 8. gr.

Þegar tilgreindur er aldur nemanda í lögum þessum miðast hann við það almanaksár er nemandinn nær nefndum aldri.

2. gr.

Hlutverk grunnskólans, í samvinnu við heimilin, er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir skólans skulu því mótast af um-

burðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á kjörum fólks og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og á skyldum einstaklingsins við samfélagið.

Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.

Grunnskólinn skal veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal því leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

3. gr.

Grunnskóli er tíu ára skóli.

Stefnt skal að því að hver grunnskóli sé einsetinn.

Hverjum grunnskóla má skipa í einingar með ákvörðun hlutaðeigandi sveitarstjórna að fenginni umsögn fræðslustjóra og samþykki menntamálaráðuneytisins.

4. gr.

Í strjálbýli skal stefnt að heimanakstri nemenda en ekki heimavist.

Stefnt skal að því að börn yngri en tíu ára dvelji ekki í heimavist nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi að mati fræðslustjóra.

Í grunnskóla skulu nemendur eiga kost á málsverði á skólatíma.

Sveitarstjórn er heimilt að koma á fót skólaseljum frá aðalskóla, að fenginni umsögn fræðslustjóra og með samþykki menntamálaráðuneytisins.

5. gr.

Skólanefnd getur borið fram við fræðslustjóra rökstudda beiðni um tímabundna undanþágu frá því að uppfylla að fullu ákvæði 1. gr. þessara laga um skólaskyldu eða lágmarksákvæði 45. gr. um starfstíma skóla. Að fenginni tillögu fræðslustjóra úrskurðar menntamálaráðuneytið hvort eða að hve miklu leyti slík undanþága skuli veitt.

6. gr.

Forráðamaður skólaskylds barns ber ábyrgð á að það innritist í skóla, þegar það kemst á skólaskyldualdur, og sæki skólann. Verði verulegur misbrestur á skólasókn skólaskylds barns án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli skal skólastjóri reyna að leysa málið. Takist það ekki skal málinu vísað til fræðslustjóra. Vilji forráðamaður barnsins ekki hlíta ákvörðun fræðslustjóra getur hvor aðili um sig vísað málinu til barnaverndarnefndar.

7. gr.

Undanþegin því að sækja grunnskóla skv. 1. gr. eru:

a. börn sem sækja viðurkennda einkaskóla, sbr. 73. gr.,
b. börn er búa í skólahverfum sem fengið hafa undanþágu skv. 5. gr. að því leyti sem undanþágan kveður á um.

8. gr.

Sæki forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn

er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu, í samráði við umsjónarkennara, telji hann til þess gildar ástæður. Fræðslustjóra skal tilkynnt um slíkar undanþágur.

II. KAFLI
Stjórn grunnskóla.

9. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra málefna er lög þessi taka til.

Grunnskólaráð er samstarfsvettvangur menntamálaráðuneytisins og annarra aðila er starfa að málefnum grunnskólans. Verkefni þess eru m.a. að hafa yfirlit yfir lög og reglur sem varða grunnskóla, gefa ábendingar um lagfæringar á þeim og samræmi á milli þeirra. Grunnskólaráð fylgist með framkvæmd grunnskólalaga og aðalnámsskrár, gerir tillögur um úrbætur og stuðlar að samvinnu og samræmi í starfi þeirra sem vinna að málefnum grunnskólans.

Ráðið skal skipað 12 fulltrúum: Tveimur fulltrúum kennarasamtaka, einum fulltrúa skólastjórnenda, tveimur fulltrúum foreldrafélaga eða samtaka þeirra og skal annar þeirra vera fulltrúi foreldrafélaga í dreifbýli, einum fulltrúa Kennaraháskóla Íslands, einum fulltrúa Háskóla Íslands, einum fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga, einum fulltrúa Námsgagnastofnunar auk þriggja fulltrúa menntamálaráðuneytisins og skal einn þeirra vera fræðslustjóri og einn skólastjóri á framhaldsskólastigi.

Grunnskólaráð skal skipað til tveggja ára í senn.

Menntamálaráðuneytið setur grunnskólaráði erindisbréf, kveður nánar á um skipun þess, starfstilhögun og starfssvið.

10. gr.

Skipuð skal samstarfsnefnd menntamálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd laga þessara.

Verkefni nefndarinnar skulu m.a. vera að gera áætlun um einsetinn skóla, lengdan og samfelldan skóladag og skólamáltíðir, sbr. bráðabirgðaákvæði laga þessara, skólasöfn, heimavistir og félagsstörf nemenda og aðstöðu vegna sérkennslu. Nefndin fær til umsagnar reglugerðir sem varða samskipti ríkis og sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum áður en þær eru gefnar út. Enn fremur fær hún til umsagnar ágreiningsatriði sem kunna að koma upp varðandi þessi samskipti áður en þau koma til úrskurðar.

Nefndin skal skipuð tveimur fulltrúum frá menntamálaráðuneytinu og tveimur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

11. gr.

Landið skiptist í fræðsluumdæmi sem hér segir:

1. Reykjavíkurumdæmi sem nær yfir Reykjavík.
2. Reykjanesumdæmi sem nær yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Hafnarfjörð, Keflavík, Grindavík, Njarðvík, Garðabæ, Seltjarnarnes, Kópavog og Mosfellsbæ.
3. Vesturlandsumdæmi sem nær yfir Borgarfjarðarsýslu, Akranes og Borgarnes, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Ólafsvík, Stykkishólm og Dalasýslu.
4. Vestfjarðaumdæmi sem nær yfir Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjörð, Bolungarvík, Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu.

5. Norðurlandsumdæmi vestra sem nær yfir Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Blönduós, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrók og Siglufjörð.
6. Norðurlandsumdæmi eystra sem nær yfir Eyjafjarðarsýslu, Akureyri, Ólafsfjörð, Dalvík, Suður-Þingeyjarsýslu, Húsavík og Norður-Þingeyjarsýslu.
7. Austurlandsumdæmi sem nær yfir Norður-Múlasýslu, Seyðisfjörð, Suður-Múlasýslu, Neskaupstað, Eskifjörð, Egilsstaði, Austur-Skaftafellssýslu og Höfn.
8. Suðurlandsumdæmi sem nær yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Vestmannaeyjar, Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Selfoss og Hveragerði.

Í hverju fræðsluumdæmi skal vera fræðsluskrifstofa.

12. gr.

Í hverju fræðsluumdæmi skal vera fræðsluráð.

Fræðsluráð er samstarfsvettvangur sveitarfélaga í viðkomandi umdæmi.

Hlutverk fræðsluráðs er m.a. að vinna í samráði við fræðsluskrifstofu að eflingu skólastarfs í fræðsluumdæminu, stuðla að samvinnu og hagræðingu milli skóla, fjalla um sameiginleg verkefni og styðja starf skólanefnda. Fræðsluráð fer að öðru leyti með þau mál sem hlutaðeigandi sveitarstjórnir fela því eða ákveðin kunna að verða í reglugerðum settum samkvæmt lögum þessum.

13. gr.

Fræðsluráð skal skipað fimm eða sjö mönnum sem kjörnir eru af sveitarstjórnum eða samtökum sveitarfélaga í hlutaðeigandi fræðsluumdæmi. Jafnmargir skulu kjörnir til vara. Um kosningu og starfshætti fer eftir meginreglum sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

Fræðslustjóri, fulltrúi skólastjóra, kennara og foreldra í umdæminu skulu hafa málfrelsi og tillögurétt á fræðsluráðsfundum og eru boðaðir á þá á sama hátt og fræðsluráðsfulltrúar.

Fræðsluráð getur falið fræðslustjóra að annast framkvæmdastjórn fyrir ráðið.

Kostnaður vegna fulltrúa sveitarfélaga greiðist af viðkomandi sveitarfélögum eða samtökum þeirra. Kostnaður vegna fundarsetu fulltrúa kennara, skólastjóra og foreldra greiðist úr ríkissjóði.

Heimilt er að stofna í hverju fræðsluumdæmi sérstakt samstarfsráð sem er samstarfsvettvangur sveitarstjórna, skólamanna og foreldra um umbætur og þróun í skólum umdæmisins.

14. gr.

Menntamálaráðuneytið ræður í stöðu fræðslustjóra að undangenginni auglýsingu. Við ráðningu fræðslustjóra er skylt að taka tillit til kennslufræðilegrar menntunar umsækjenda, stjórnunarreynslu innan skólakerfisins og þekkingar á skólamálum.

15. gr.

Fræðslustjóri er fulltrúi menntamálaráðuneytisins um skólamál í umdæmi sínu og skal búsettur sem næst fræðsluskrifstofu þess. Hann er forstöðumaður fræðsluskrifstofu og framkvæmdastjóri fræðsluráðs sé svo um samið.

Í umboði menntamálaráðuneytisins og í samvinnu við skólanefndir og fræðsluráð hefur fræðslustjóri umsjón og eftirlit með framkvæmd laga um grunnskóla í umdæmi sínu. Hann sér til þess að nemendur njóti kennslu og þjónustu samkvæmt lögum og öðrum fyr-

irmælum menntamálaráðuneytisins, hefur forgöngu um umbætur í skólamálum og eftirlit og umsjón með aðbúnaði, skipulagi og árangri skólastarfs.

Menntamálaráðuneytið samræmir störf fræðslustjóra og setur um þau reglugerð.

16. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður fræðsluskrifstofu stað í samráði við sveitarfélög í viðkomandi fræðsluumdæmi.

Starfsmenn fræðsluskrifstofu eru ríkisstarfsmenn. Um ráðningu og starfskjör þeirra fer eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Verkefni fræðsluskrifstofu eru einkum þessi: áætlanagerð og eftirlit með námi og kennslu, sálfræðiþjónusta, kennsluráðgjöf, skólaþróun og nýbreytnistarf, endurmenntun og símenntun kennara í samráði við skóla sem veita kennaramenntun.

Fræðslustjóra er heimilt að semja svo við samtök sveitarfélaga, einstök skólahverfi og sveitarfélög að fræðsluskrifstofa taki að sér tiltekin verkefni fyrir þessa aðila, enda komi greiðsla fyrir. Á hliðstæðan hátt er fræðslustjóra heimilt að semja svo við samtök sveitarfélaga að skrifstofa þeirra eða einstakar starfsdeildir innan þeirra annist störf fyrir fræðsluskrifstofu, enda komi samþykki menntamálaráðuneytis til.

17. gr.

Skólahverfi er sú eining sem stendur að einum grunnskóla eða fleiri. Sveitarfélög geta sameinast um rekstur grunnskóla og mynda þá eitt skólahverfi. Sveitarfélag, sem rekur tvo eða fleiri grunnskóla, telst eitt skólahverfi. Sveitarfélag getur átt aðild að fleiri en einu skólahverfi ef börn og unglingar á skólaskyldualdri úr því sveitarfélagi eiga skólasókn til tveggja eða fleiri skólahverfa.

18. gr.

Í hverju skólahverfi skal vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög þessi og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir kunna að fela henni.

Skólanefnd skal sjá um að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Hún fylgist með og stuðlar að því að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og annar aðbúnaður, þar með talin útivistar- og leiksvæði nemenda. Í samráði við skólastjóra lítur nefndin eftir að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða á þessu sviði og gerir tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur. Enn fremur getur skólanefnd lagt tillögur um umbætur í skólastarfi fyrir skólastjóra í skólahverfinu.

Skólanefnd er samráðsaðili um ráðningar starfsmanna hlutaðeigandi skóla, sbr. 31.–35. gr.

19. gr.

Skólanefnd skal kosin til fjögurra ára í senn af hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnum í upphafi hvers kjörtímabils. Um kosningu í skólanefnd og starfshætti fer samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

Varamenn í skólanefndum skulu jafnmargir aðalmönnum og kosnir á sama hátt.

Í sveitarfélagi þar sem skólahverfi eru tvö eða fleiri skulu fulltrúar í skólanefnd vera kosnir úr hópi íbúa í viðkomandi skólahverfi.

Þar sem fleiri en eitt sveitarfélag standa saman að rekstri grunnskóla eða hluta hans

skulu aðilar setja í stofnsamning ákvæði um aðild hvers og eins að skólanefnd.

Fulltrúar kennara, skólastjóra og foreldra eiga rétt til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétti.

Grunnskólakennarar í skólahverfinu kjósa úr sínum hópi fulltrúa til að starfa með skólanefnd. Þar sem stöðugildi við grunnskóla í skólahverfi eru 15 eða færri skal kjörinn einn kennarafulltrúi en tveir þar sem stöðugildi eru 16 eða fleiri. Varamenn kennarafulltrúa skulu vera jafnmargir aðalmönnum.

Skólastjórar, eða aðstoðarskólastjórar í forföllum þeirra, eiga rétt til setu á skólanefndarfundum.

Foreldrafélag eða samtök foreldra í skólahverfinu kjósa úr sínum hópi einn fulltrúa til starfa með skólanefnd.

20. gr.

Við hvern grunnskóla skal starfa skólaráð sem er stjórn skólans til ráðuneytis um innri mál hans, svo sem kennsluskipan, starfsáætlanir, skólatíma, slysavarnir og félagslíf í skólanum og fleira sem varðar daglega starfsemi skólans.

Skólaráð skal skipað þremur mönnum. Einn tilnefndur af kennurum og öðrum starfsmönnum skólans, einn tilnefndur af foreldrum (foreldrafélagi ef það er til) og einn tilnefndur af nemendum (nemendaráði ef það er til). Fulltrúar í skólaráði skulu valdir við upphaf skólaárs til eins árs í senn. Skólaráð skal koma saman til fundar eigi sjaldnar en þrisvar á ári. Skólastjóri eða staðgengill hans situr fundi skólaráðs. Skylt er fulltrúa skólanefndar, fræðslustjóra, fulltrúa hans eða fulltrúa fræðsluráðs að mæta á fundi skólaráðs ef ráðið óskar þess.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um störf og starfshætti skólaráðs og setur skólaráði erindisbréf.

Heimilt er skóla að sækja um með rökstuddri greinargerð undanþágu frá ákvæði greinar þessarar til menntamálaráðuneytisins. Gildar ástæður þurfa að liggja fyrir undanþágu, svo sem ef skóli er mjög fámennur.

21. gr.

Skólastjóri er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar og ber ábyrgð á starfi hans undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins. Hann hefur í starfi sínu samráð við kennara, skólanefnd og fræðslustjóra.

Skólastjóri boðar til kennarafundar svo oft sem þurfa þykir, en þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Auk þess skal boða til slíks fundar ef þriðjungur kennara æskir þess.

Öllum föstum kennurum skólans er skylt að sækja kennarafund þá mánuði er skóli starfar ef fundurinn fer fram innan dagvinnumarka.

Í skólum, sem eiga rétt á 8 stöðugildum eða fleiri auk skólastjóra, skal almennur kennarafundur í upphafi hvers skólaárs kjósa þriggja manna kennararáð sem í umboði kennarafundar er skólastjóra til ráðuneytis um stjórn skólans. Í öðrum skólum fer almennur kennarafundur með hlutverk kennararáðs.

Ágreiningi milli skólastjóra og kennararáðs eða kennarafundar um meðferð tiltekins máls skal vísa til fræðslustjóra. Ef samkomulag tekst ekki, úrskurðar menntamálaráðuneytið um málið. Ákvörðun skólastjóra gildir uns úrskurður liggur fyrir, nema samkomulag hafi orðið um annað.

Nánar skal kveðið á um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð.

22. gr.

Starfsmönnum skóla er skylt að efla sem mest samstarf skóla og heimila, m.a. með því að kennarar miðli fræðslu um skólamál til foreldra og veiti upplýsingar um starfið í skólanum.

Foreldrar barna í grunnskóla, skólastjóri eða almennur kennarafundur geta óskað eftir því að stofnuð séu samtök foreldra eða foreldra og kennara við skólann í þeim tilgangi að styðja skólastarfið og efla tengsl heimila og skóla. Skólastjóri skal þá boða til stofnfundar slíkra samtaka.

Fulltrúi foreldra á rétt til setu á kennarafundum, fundum skólanefnda og fræðsluráða með málfrelsi og tillögurétti nema þegar fjallað er um mál einstakra nemenda.

Samtökin setja sér starfsreglur.

23. gr.

Nemendum grunnskóla er heimilt að stofna nemendaráð sem vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Skólastjóri felur einum af kennurum skólans að aðstoða nemendaráð.

Fulltrúi nemenda eða nemendaráðs á rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs, svo og á kennarafundum, með málfrelsi og tillögurétti, þegar rætt er um skipulag skólastarfsins.

Nemendaráð hvers skóla skal setja sér starfsreglur.

III. KAFLI
Skólahúsnæði.

24. gr.

Gerð skólamannvirkja er undirbúin heima í héraði af sveitarstjórn í samráði við skólanefnd.

Stofnkostnaður grunnskóla greiðist af sveitarfélögum. Í hverju skólahverfi skal vera skólahúsnæði sem fullnægir þörfum grunnskóla við þær aðstæður sem þar eru. Við gerð eða breytingar skólamannvirkja skal m.a. tekið tillit til hvort nemendur ganga til skóla, er ekið þangað daglega, búa þar í heimavist eða fyrirkomulag er blandað.

25 gr.

Eigi tvö sveitarfélög eða fleiri félag með sér um byggingu og rekstur grunnskóla skal miða skiptingu kostnaðar við eftirtalin meginatriði nema um annað semjist:

a. íbúafjölda,
b. útsvarsskyldar tekjur í sveitarfélaginu næstliðið ár,
c. fasteignamat skattskyldra fasteigna,
d. kennslustundafjölda í þeim bekkjum sem aðild sveitarfélags miðast við.

Eigi einungis hluti sveitarfélags aðild að skólahverfi skal miða liði a–c við þann hluta.

26. gr.

Í skólahúsi skal, auk kennsluaðstöðu fyrir allar kennslugreinar, gera ráð fyrir skólasafni; aðstöðu fyrir nemendur til náms, annarra starfa og hvíldar utan kennslustunda; aðgengi og aðstöðu fatlaðra; aðstöðu til að neyta málsverðar; snyrtiherbergjum; skrifstofu-

og vinnuherbergjum skólastjórnenda og kennara; aðstöðu til heilsugæslu í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu, íþróttaiðkana og almennrar félagsstarfsemi í þágu nemenda; húsnæði til sérkennslu og sálfræðiþjónustu og annars þess er lög þessi gera ráð fyrir. Ef henta þykir má ætla aðstöðu til íþrótta eða annarrar kennslu í öðru húsnæði í nágrenni skólans.

Við gerð heimavista skal kappkostað að þær minni sem mest á venjuleg heimili og þannig sé gengið frá að nemendur geti jafnan náð til umsjónarmanns heimavista.

27. gr.

Sveitarstjórnir ákveða í samráði við hlutaðeigandi skólanefnd hvaða sérfræðingar skuli annast hönnun skólabygginga, þ.e. undirbúningsvinnu og áætlanagerð, þar með gerð uppdrátta.

Tillöguuppdrættir að gerð skólamannvirkja skulu kynntir opinberlega í viðkomandi skólahverfi. Fulltrúar skólastjóra og kennara skulu vera með í ráðum við hönnun skólamannvirkja og fulltrúar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins hvað varðar aðstöðu til heilsugæslu.

Áður en framkvæmdir hefjast skal leitað eftir samþykki menntamálaráðuneytisins fyrir viðkomandi skólamannvirki.

Skólanefnd gerir tillögu um nafn skóla. Menntamálaráðuneytið staðfestir nafngift að fenginni umsögn örnefnanefndar.

28. gr.

Um listskreytingu skólamannvirkja fer eftir lögum nr. 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins.

29. gr.

Sveitarfélög annast viðhald skólahúsa og búnaðar á fullnægjandi hátt, þar á meðal endurnýjun kennslutækja, sbr. 84. gr., og greiðist viðhaldskostnaður af sveitarfélögum.

30. gr.

Dagleg umsjón og umráð skólamannvirkja, þar á meðal skólastjóra- og kennarabústaða sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga eða í eigu sveitarfélaga einna, skulu vera í höndum skólanefndar í umboði sveitarstjórnar og skólastjóra í umboði menntamálaráðuneytisins.

Sveitarstjórn er heimilt að ráðstafa skólahúsnæði eða hluta þess til æskulýðsstarfsemi, íþróttastarfsemi og almennrar félagsstarfsemi í þágu íbúa byggðarlagsins. Slíkt er þó aðeins heimilt að það raski í engu skólahaldi, félagslífi nemenda né annarri lögbundinni notkun húsnæðisins.

Að fenginni umsögn hlutaðeigandi skólanefndar getur sveitarstjórn ákveðið að skólahúsnæði sé utan venjulegs skólatíma notað til gistingar og veitingareksturs. Tekjur af eignum skóla renna til sveitarsjóða.

IV. KAFLI
Starfslið grunnskóla.

31. gr.

Við hvern skóla sem starfar samkvæmt lögum þessum skal vera skólastjóri.

Menntamálaráðuneytið ræður skólastjóra, að fengnum rökstuddum tillögum og umsögnum skólanefndar, kennararáðs og fræðslustjóra sem í hlut eiga.

32. gr.

Í grunnskóla sem á rétt á tíu kennurum eða fleiri í fullu starfi, auk skólastjóra, ræður menntamálaráðuneytið aðstoðarskólastjóra, að fengnum rökstuddum tillögum og umsögnum skólastjóra, skólanefndar og kennararáðs.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að ráða aðstoðarskólastjóra, að fenginni tillögu skólanefndar, skólastjóra og fræðslustjóra, enda þótt forsendur þær sem greindar eru í 1. mgr. séu ekki fyrir hendi. Einnig er menntamálaráðuneytinu heimilt að ráða fleiri en einn aðstoðarskólastjóra við einn og sama skóla vegna sérstakra aðstæðna, komi um það tillaga frá skólanefnd, skólastjóra og fræðslustjóra.

Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra. Í skólum þar sem starfa færri en tíu kennarar ákveður skólastjóri í upphafi skólaárs í samráði við kennarafund og skólanefnd hver af föstum kennurum skólans skuli annast skólastjórn í forföllum hans.

33. gr.

Í grunnskóla skal kennsla falin föstum kennurum eftir því sem við verður komið og stundakennurum að öðru leyti, sbr. þó 13. gr. laga nr. 48/1986. Heimilt er að ráða kennara í einni eða fleiri kennslugreinum fyrir tvö eða fleiri skólahverfi samtímis til þess að fullnægja kennsluþörf ef ekki er fullt verkefni fyrir kennarann í einu skólahverfi.

34. gr.

Skólastjóri ræður kennara og aðra starfsmenn skóla sem teljast ríkisstarfsmenn í samráði við skólanefnd og innan heimilda fjárlaga. Sé ekki völ á kennara með full kennsluréttindi getur skólastjóri sent undanþágunefnd grunnskóla beiðni um að lausráða umsækjanda til bráðabirgða í samræmi við ákvæði laga nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Fræðslustjóri staðfestir ráðningar þessara starfsmanna.

Skólastjóri ræður stunda- og forfallakennara við grunnskóla, sbr. þó lög nr. 48/1986.

Sveitarstjórn eða skólanefnd í umboði hennar ræður þá starfsmenn skóla er teljast starfsmenn sveitarfélaga í samráði við skólastjóra. Starfsmenn þessir lúta stjórn skólastjóra um dagleg störf í skólanum á starfstíma skóla.

35. gr.

Við einstaka grunnskóla eða fræðsluskrifstofur skulu starfa námsráðgjafar er annast náms- og starfsráðgjöf og persónulega ráðgjöf er snertir nám nemenda.

Námsráðgjafar annast náms- og starfsfræðslu í samvinnu við kennara.

Námsráðgjafar skulu ráðnir með sama hætti og kennarar. Starfssvið og menntun námsráðgjafa og umfang þjónustunnar skal nánar skilgreint í reglugerð.

36. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og kennara við grunnskóla að fengnum tillögum umsagnaraðila.

37. gr.

Stefnt skal að því að ráðningar í stöður kennara og skólastjórnenda fari fram eigi síðar en 1. maí ár hvert.

Fræðslustjóri auglýsir stöður skólastjórnenda, kennara og annarra starfsmanna grunnskóla sem teljast ríkisstarfsmenn.

Þurfi að ráða skólastjórnendur eða kennara fyrirvaralítið má ráða í starfið án undangenginnar auglýsingar, en auglýsa skal slíkar stöður svo fljótt sem unnt er, sbr. þó 13. gr. laga nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

38. gr.

Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar, kennarar og aðrir starfsmenn ríkisins, sem ráðnir eru til starfa við grunnskóla, skulu gegna þeim samkvæmt lögum, reglugerðum og erindisbréfi er menntamálaráðuneytið setur.

Um vinnutíma og kjör starfsmanna grunnskóla fer eftir ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og kjarasamningum stéttarfélaga eftir því sem við á.

Um embættisgengi skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og kennara við grunnskóla gilda ákvæði laga nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

39. gr.

Fyrir hverja bekkjardeild eða námshóp í grunnskóla skal skólastjóri velja umsjónarkennara í samráði við kennararáð eða kennarafund. Umsjónarkennarinn fylgist sérstaklega með námi nemenda sinna og þroska, leiðbeinir þeim og leitast við að efla samstarf skóla og heimila, sbr. 22. gr.

Skólastjóra er heimilt að fela föstum kennurum árgangastjórn og fagstjórn, leiðsögn nýliða og leiðsögn kennaranema.

Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um hlutverk og starfssvið umsjónarkennara, árganga- og fagstjóra og leiðsögukennara.

40. gr.

Skólastjóri við heimavistarskóla er jafnframt heimavistarstjóri. Í heimavistum skal daglegt eftirlit og umsjón með nemendum jafnframt vera í höndum kennara, fóstra eða annarra starfsmanna sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

Kostnaður við gæslu á heimavist greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um störf og starfslið í heimavistum og aðbúnað nemenda þar.

41. gr.

Þegar kennari nær 55 ára aldri minnkar kennsluskylda hans um $^1/_6$, og er hann nær 60 ára aldri minnkar kennsluskylda hans enn um $^1/_6$ af fullri kennsluskyldu. Til þess að öðlast þennan rétt þarf tíu ára kennsluferil.

42. gr.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara námsleyfi á föstum launum í allt að eitt ár til að efla þekkingu sína og starfshæfni. Leyfistímann skal nota til:

a. reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun eða
b. a.m.k. tveggja mánaða námsferðar sem skipulögð er og/eða boðið til af aðila eða stofnun sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

Af því fé, sem veitt er á fjárlögum til að kosta námsleyfi kennara, má veita ferðastyrki og styrki til viðbótar námsleyfi. Menntamálaráðuneytinu er heimilt að auglýsa eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám gegn námsleyfi og/eða styrk.

Enginn kennari getur á starfsævi sinni fengið hærri fjárhæð í námsleyfi og styrki en nemur tveggja ára embættislaunum.

Að námsleyfi loknu er kennara skylt að senda ráðuneytinu skýrslu um nám sitt á leyfistímabilinu og er ráðuneytinu heimilt að birta hana.

Námsleyfi má binda því skilyrði að sá er það hlýtur starfi að skólamálum á Íslandi í minnst þrjú ár að námi loknu.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um skólastjórnendur.

Setja skal reglugerð sem kveður nánar á um framkvæmd námsleyfis.

43. gr.

Til endurmenntunar skólastjórnenda og kennara á grunnskólastigi skal auk námsleyfa, sbr. 42. gr., verja fjárhæð sem til þess er ætluð á fjárlögum hverju sinni.

44. gr.

Hafi starfsmaður grunnskóla gerst brotlegur við lög þessi eða reglugerðir samkvæmt þeim má vísa málinu til fræðslustjóra ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Telji fræðslustjóri að aðgerðir í málinu þoli enga bið getur hann gert tafarlausar ráðstafanir til úrbóta um stundarsakir, en gefur þegar í stað skýrslu til menntamálaráðuneytisins sem tekur ákvörðun í málinu.

Um meðferð slíkra mála fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eftir því sem við á.

V. KAFLI
Starfstími grunnskóla.

45. gr.

Reglulegur starfstími grunnskóla skal vera níu mánuðir á hverju skólaári og hefjast 1. september en ljúka 31. maí.

Með hliðsjón af atvinnuháttum og aðstæðum í einstökum skólahverfum getur fræðslustjóri veitt tímabundna undanþágu frá framangreindum ákvæðum. Æski skólanefnd að hluta námsskyldu barna sé fullnægt með sumarskóla getur menntamálaráðuneytið heimilað það, að fenginni umsögn fræðslustjóra.

Nánar skal kveðið á um starfstíma grunnskóla og grunnskólanemenda í reglugerð og með skóladagatali sem ráðuneytið gefur út árlega.

46. gr.

Vikulegur kennslutími á hvern nemenda í grunnskóla skal að lágmarki vera þessi:
a. í 1. bekk 1000 mínútur,
b. í 2. bekk 1000 mínútur,
c. í 3. bekk 1000 mínútur,
d. í 4. bekk 1080 mínútur,

e. í 5. bekk 1280 mínútur,
f. í 6. bekk 1360 mínútur,
g. í 7. bekk 1440 mínútur,
h. í 8. bekk 1440 mínútur,
i. í 9. bekk 1480 mínútur,
j. í 10. bekk 1480 mínútur.

Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt að í heild fari hann (þ.e. kennslutími, stundahlé og sjálfsnám utan kennslustunda) ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska.

Daglegur kennslutími nemenda skal vera samfelldur með eðlilegum stundahléum og matartímum.

Stundahlé í grunnskóla skulu að jafnaði vera 15 mínútur á móti hverjum 100 mínútum sem kenndar eru.

Skólastjóri ákveður lengd kennslustunda í samráði við kennararáð/kennarafund. Meðallengd kennslustunda í grunnskóla telst vera 40 mínútur.

Komið skal á fót skólaathvörfum við hvern grunnskóla, þar sem þörf er á, þar sem nemendur geta dvalist utan kennslustunda. Til að standa straum af viðbótarkostnaði er heimilt að taka gjald fyrir dvöl nemenda í skólaathvörfum og skal upphæð gjaldsins ákveðin af skólastjóra í samráði við fræðslustjóra.

47. gr.

Í grunnskóla skal jólaleyfi vera frá og með 21. desember til og með 3. janúar og páskaleyfi frá pálmasunnudegi til og með þriðjudegi eftir páska. Að öðru leyti skulu leyfisdagar ákveðnir í reglugerð.

VI. KAFLI
Námsskrá og kennsluskipan.

48. gr.

Menntamálaráðuneytið setur grunnskólum aðalnámsskrá. Í henni er m.a. kveðið nánar á um uppeldishlutverk grunnskólans og meginstefnu í kennslu og kennsluskipan í samræmi við hlutverk grunnskólans, sbr. 2. gr.

Í öllu starfi skólans skal leggja áherslu á:

— að efla sjálfsvitund og félagsvitund nemenda,
— að stuðla að líkamlegri og andlegri velferð, heilbrigðum lífsháttum og ábyrgri umgengni við líf og umhverfi,
— þjálfun í íslensku í öllum námsgreinum og leikræna og listræna tjáningu,
— hæfni nemenda til að skilja orsakasamhengi og draga rökréttar ályktanir,
— skilning og frjótt, skapandi starf og jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms,
— að námið nýtist nemendum í daglegu lífi, frekara námi og starfi,
— að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi,
— margvíslegar leiðir við öflun þekkingar með notkun tæknimiðla, upplýsingatækni, safna- og heimildavinnu,

— náms- og starfsfræðslu, kynningu á atvinnulífi og námsleiðum til undirbúnings náms- og starfsvals.

Við setningu aðalnámsskrár, skipulagningu náms og kennslu og við gerð og val námsgagna skal þess sérstaklega gætt að allir nemendur fái sem jöfnust tækifæri til náms, sbr. 2. gr.

Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, búsetu, stéttar, trúarbragða eða fötlunar.

Í öllu skólastarfi skal tekið mið af mismunandi persónugerð, þroska, getu og áhugasviðum nemenda.

49. gr.

Í aðalnámsskrá skal setja meginmarkmið og ákvæði um megininntak og skipulag náms og kennslu á þessum sviðum:

a. Notkun íslensku í ræðu og riti, lestur, íslenskar bókmenntir og umræða um mál og málnotkun.
b. Stærðfræði, hlutverk hennar í að lýsa fyrirbærum og leysa viðfangsefni, gildi röksemda, hlutfirringar og táknmáls.
c. Listgreinar, fagurskyn, listhneigð og hagleikur; mynd- og handmennt, tónmennt, leiklist og dans.
d. Heimilishald, heimilisrækt, neysla og hollusta.
e. Líkams- og heilsurækt, íþróttir, sund.
f. Eðli lifandi og lífvana náttúru, tækni og gagnkvæm áhrif manns og umhverfis.
g. Mannlegt samfélag, samfélagshættir, umheimur og umhverfi nær og fjær í fortíð og nútíð, einkum með hliðsjón af Íslandi.
h. Kristin trú og siður, önnur trúarbrögð og almenn lífsgildi.
i. Erlend tungumál, að skilja og tjá sig á einu Norðurlandamáli og ensku og kynnast menningu viðkomandi þjóða.

Í aðalnámsskrá skal nánar kveðið á um uppbyggingu, áherslur og skipan náms í grunnskóla, svo og hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina. Þess skal gætt að námið verði sem heildstæðast.

Menntamálaráðuneytið hefur aðalnámsskrá grunnskóla stöðugt til athugunar og endurskoðunar og gerir tillögur um breytingar þegar þörf er talin á. Menntamálaráðuneytið gefur aðalnámsskrá grunnskóla út eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

50. gr.

Í 8.–10. bekk mega námsgreinar vera að hluta frjálst val nemenda. Verja má allt að helmingi námstímans á hverju skólaári í valgreinar. Heimilt er að meta tímabundna þátttöku nemenda í atvinnulífinu á skólatíma sem nám, enda sé það skipulagt í samráði við skólann.

Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um valgreinar.

51. gr.

Kennsla er veitt ókeypis í öllum opinberum grunnskólum.

Ríkið sér nemendum í skyldunámi fyrir ókeypis námsgögnum. Námsgagnastjórn ákveður hvort þau eru afhent nemendum til eignar eða afnota.

Námsbækur og önnur námsgögn, sem skólar nota, skulu vera í samræmi við gildandi

lög og aðalnámsskrá. Vafamálum um hvort námsgögn uppfylla skilyrði laga og aðalnámsskrár má skjóta til sérstakrar nefndar sem skipuð skal einum fulltrúa frá Kennaraháskóla Íslands, einum fulltrúa frá Háskóla Íslands og einum fulltrúa frá Landssamtökum foreldrafélaga. Nefndin gefur út fullnaðarúrskurð í málum sem til hennar er skotið.

Ekki er heimilt að krefja nemendur í skyldunámi um greiðslu fyrir kennslu, námsgögn og annað efni sem þeim er gert skylt að nota samkvæmt lögum þessum og ríki og sveitarfélög eiga að leggja til.

Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

52. gr.

Í öllum grunnskólum skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi á vegum skólans. Tómstunda- og félagsstarf getur bæði verið liður í daglegu starfi og utan venjulegs skólatíma.

Í félagsstarfi skal m.a. að því stefnt að nemendur verði færir um að taka að sér félagsleg störf í þjóðfélaginu.

Kostnaður við félagsstörf greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélagi.

VII. KAFLI
Réttindi og skyldur nemenda.

53. gr.

Börnum og unglingum er skylt að sækja grunnskóla fái þau ekki hliðstæða kennslu annars staðar, sbr. 7. og 73. gr. þessara laga.

Skólaskylda barns hefst við upphaf skólaárs á því almanaksári sem barnið verður sex ára. Foreldrar eða forráðamenn barns geta sótt um eða samþykkt að það hefji skólagöngu fyrr eða síðar en segir í lögum þessum um skólaskyldu sex ára barna. Skólastjóri getur veitt slíka heimild, að fengnum meðmælum hlutaðeigandi fræðsluskrifstofu.

Ljúki nemandi öllu námi grunnskóla með tilskyldum árangri á skemmri tíma en tíu árum telst hann hafa lokið skyldunámi.

Að höfðu samráði við foreldra eða forráðamenn, auk skólastjóra, getur fræðslustjóri heimilað nemanda að hverfa frá grunnskólanámi að loknum 9. bekk í allt að eitt ár vegna þátttöku í atvinnulífi og lýkur nemandi þá grunnskólanámi þeim mun síðar. Heimilt skal að meta þessa þátttöku nemandans í atvinnulífi til jafns við nám í tilteknum valgreinum 10. bekkjar.

54. gr.

Börn og unglingar, sem að dómi kennara og annarra sérfræðinga skóla og fræðsluskrifstofu þurfa sérkennslu vegna erfiðleika í námi, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, eiga rétt á kennslu við sitt hæfi, sbr. 2. gr.

Kennslan getur verið einstaklingsbundin eða farið fram í hópi innan eða utan almennra bekkjardeilda, í sérstökum deildum eða í sérskóla.

Meginstefnan skal vera sú að kennslan fari fram í heimaskóla.

Telji foreldrar barns eða forráðamenn, kennarar eða aðrir sérfræðingar skóla og fræðsluskrifstofu að barnið fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í heimaskóla geta forráðamenn sótt um skólavist fyrir það í sérskóla. Heimilt er að fela sérskóla að annast kennslu fatlaðra barna undir skólaskyldualdri, enda verði kennsla við hæfi þeirra ekki tryggð með öðrum hætti.

Sérmenntaðir kennarar skulu annast kennsluna þar sem því verður við komið.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um sérkennslu í grunnskólum.

Menntamálaráðuneytið skal gera heildaráætlun um skipulag og framkvæmd sérkennslu í landinu.

55. gr.

Í grunnskóla er heimilt að stofna nemendaverndarráð til að samræma störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda varðandi sérkennslu, námsráðgjöf, sálfræðiþjónustu og heilsugæslu.

Setja skal reglur um nemendaverndarráð.

56. gr.

Á starfstíma skólans má nemandi ekki stunda vinnu utan hans valdi hún því að nemandinn geti ekki rækt nám sitt sem skyldi eða notið nauðsynlegrar hvíldar að dómi skólastjóra og kennara. Í slíkum tilvikum skal skólastjóri gera nemandanum, forráðamanni hans og hlutaðeigandi vinnuveitanda viðvart. Verði ekki bót á ráðin skal vísa málinu til fræðslustjóra. Vilji forráðamaður barnsins ekki hlíta ákvörðun fræðslustjóra getur hvor aðili um sig vísað málinu til barnaverndarnefndar.

57. gr.

Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks skóla í öllu því er skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisvenjum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.

Ef nemanda reynist verulega áfátt í hegðun ber kennara hans að leita orsaka þess og reyna að ráða á því bót, m.a. með viðtölum við nemandann sjálfan og forráðamenn hans. Verði samt ekki breyting á til batnaðar skal kennari leita aðstoðar skólastjóra og sérfróðra ráðgjafa skólans.

Meðan mál skv. 2. mgr. eru óútkljáð getur skólastjóri vísað nemanda úr skóla um stundarsakir, enda tilkynni hann forráðamönnum nemanda og fræðslustjóra tafarlaust þá ákvörðun. Takist ekki að leysa málið innan skólans tekur fræðslustjóri það til meðferðar í samráði við skólanefnd.

Óheimilt er að víkja nemanda úr skóla nema honum hafi verið tryggt annað úrræði.

Í reglugerð skal mæla nánar fyrir um framkvæmd þessarar greinar.

VIII. KAFLI
Kennsluráðgjöf og sálfræðiþjónusta.

58. gr.

Fræðsluskrifstofa skal veita kennsluráðgjöf til leiðbeiningar kennurum í almennri kennslu og sérkennslu. Hún hefur faglega umsjón og eftirlit með nýbreytni- og þróunarstarfi og sérkennslu í grunnskólum umdæmisins.

59. gr.

Á fræðsluskrifstofu skal halda uppi sálfræðiþjónustu. Eftir ósk foreldra, kennara og heilsugæslu skóla skal hún annast athuganir á nemendum sem annaðhvort eiga í sálrænum, tilfinningalegum, félagslegum eða öðrum skyldum erfiðleikum og nýtast ekki hæfileikar sínir í námi og starfi. Sálfræðiþjónusta leiðbeinir foreldrum og starfsmönnum skóla

um uppeldi þessara nemenda og tekur þá sem með þurfa til greiningar eða vísar þeim á viðeigandi meðferð. Hún skal annast rannsóknir og athuganir á þessu sviði, vinna að forvörnum og stuðla að því að sálfræðileg þekking nýtist í skólastarfi.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að fela fræðsluskrifstofu að annast sálfræðiþjónustu á öðrum skólastigum, enda sé veitt til þess fé í fjárlögum.

60. gr.

Á fræðsluskrifstofu eða í tengslum við hana er heimilt að reka kennslugagnamiðstöð og veita sérfræðilega ráðgjöf og þjónustu við stofnun og rekstur skólasafna.

61. gr.

Fræðslustjóri gerir heildaráætlun fyrir sérfræðiþjónustu í fræðsluumdæminu. Þjónustan skal ná til allra grunnskóla og skal skipulögð miðað við aðstæður á hverjum stað. Heimilt er að fella alla þessa þjónustu í eina heild. Einnig er heimilt að reka hluta hennar utan fræðsluskrifstofu.

Ákveða skal í reglugerð lágmarkssérfræðiþjónustu á fræðsluskrifstofum og fjölda starfsmanna og menntun þeirra.

62. gr.

Forstöðumaður kennsluráðgjafar skal vera kennari með framhaldsmenntun í uppeldisfræðum. Forstöðumaður sálfræðiþjónustu skal vera sálfræðingur. Aðrir starfsmenn sérfræðiþjónustu fræðsluskrifstofa geta verið: kennarar, sérkennarar, uppeldisfræðingar, sálfræðingar, félagsráðgjafar eða aðrir sérfræðingar.

Við ráðningu þess starfsfólks sem þessi grein tekur til skal taka tillit til reynslu og framhaldsmenntunar.

Kostnaður við kennsluráðgjöf og sálfræðiþjónustu greiðist úr ríkissjóði.

IX. KAFLI
Námsmat.

63. gr.

Megintilgangur námsmats er örvun nemenda og námshjálp.

Með námsmati í grunnskóla skal einnig reynt að afla sem öruggastrar og víðtækastrar vitneskju um það hver árangur hefur orðið af skólastarfinu. Hverjum kennara og skóla ber að fylgjast vandlega með því hvernig nemendum gengur að ná þeim námsmarkmiðum sem aðalnámsskrá og skólinn setja þeim, sbr. 48. og 49. gr. Námsmat fer ekki eingöngu fram í lok námstímans, heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfsins, órjúfanlegt frá námi og kennslu.

64. gr.

Námsmat í grunnskóla skal að jafnaði framkvæmt af kennurum skólans, sbr. þó 65. gr., og skulu nemendur stöðugt fá glöggar upplýsingar um námsárangur. Kennarar skulu gefa vitnisburð a.m.k. í lok hvers námsáfanga.

Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði nemenda öðrum en þeim sjálfum og forráðamönnum þeirra, nema nauðsyn beri til vegna flutnings nemenda milli skóla. Þó skal heimilt að veita fræðsluyfirvöldum þessar upplýsingar og öðrum vegna fræðilegra rannsókna, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu.

65. gr.

Menntamálaráðuneytið leggur grunnskólum til samræmd próf eða könnunarpróf. Skal einkum við það miðað að þessi próf veiti glögga vitneskju um árangur skólastarfsins.

Kveða skal nánar á um fyrirkomulag prófanna og leiðbeiningar með þeim í reglugerð.

66. gr.

Er grunnskólanámi lýkur skal nemandi fá skírteini er votti að hann hafi lokið skyldunámi samkvæmt lögum. Í skírteinið skal skrá vitnisburð í þeim námsgreinum er nemandi lagði stund á í 10. bekk.

67. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar prófdómara við samræmt námsmat, svo og trúnaðarmenn til aðstoðar við framkvæmd samræmdra prófa.

Nánari ákvæði um tilhögun námsmats setur ráðuneytið í reglugerð. Þar skal og setja ákvæði um hvernig fylgst verði með námi þeirra nemenda á skólaskyldualdri sem eigi sækja almennan grunnskóla.

X. KAFLI
Skólaþróun, tilraunaskólar.

68. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur með höndum gerð áætlana um umbætur í skólastarfi, hefur yfirumsjón með þróunar- og tilraunastarfi í skólum, sér um endurskoðun aðalnámsskrár og hefur með höndum mat á skólum, skólastarfi og námsgögnum. Það veitir upplýsingar og leiðbeiningar um skólamál.

Til þessara starfa skulu, auk fastráðinna starfsmanna, ráðnir sérfræðingar til allt að fjögurra ára í senn. Við ráðningu þeirra skal tekið tillit til kennslufræðilegrar menntunar og kennslureynslu.

69. gr.

Árlega skal veita fé á fjárlögum í Þróunarsjóð grunnskóla. Menntamálaráðuneytið hefur umsjón með sjóðnum og setur reglur um styrkveitingar.

70. gr.

Menntamálaráðuneytið getur veitt einstökum fræðsluumdæmum, skólahverfum og opinberum kennslustofnunum heimild til að reka tilraunaskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga og reglugerða, svo sem um nám, starfstíma skóla, kennslutilhögun, stundafjölda o.s.frv., enda brjóti slíkar undanþágur ekki í bága við 2. gr. þessara laga eða þrengi hlutverk grunnskóla frá því sem þar er gert ráð fyrir.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að styrkja tilraunaskóla og sérstakar nýjungar eftir því sem fjárlög heimila hverju sinni.

XI. KAFLI
Skólasöfn.

71. gr.

Í hverjum grunnskóla skal vera skólasafn. Heimilt er þó að sameina almenningsbókasafn og skólasafn ef það rýrir ekki gildi safnsins fyrir skólann, forstöðumenn beggja telja slíkt æskilegt og menntamálaráðuneytið samþykkir.

Að skólasöfnum skal þannig búið að því er varðar húsnæði, bókakost, önnur námsgögn og starfslið að þau geti gegnt því hlutverki að vera eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu.

Nánari ákvæði um skólasöfn, starfshætti, starfslið og menntun þess setur menntamálaráðuneytið í reglugerð.

XII. KAFLI
Heilsugæsla.

72. gr.

Um heilsugæslu í grunnskólum fer eftir gildandi lögum um heilbrigðisþjónustu. Yfirlæknir heilsugæslustöðvar skólahverfis skal hafa samráð við skólanefnd og skólastjóra um skipulagningu og fyrirkomulag heilsugæslu.

Skólastjóra ber að fylgjast með því að nemendur njóti heilsugæslu í skólanum í samræmi við þá tilhögun sem ákveðin hefur verið skv. 1. mgr.

XIII. KAFLI
Einkaskólar.

73. gr.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að löggilda grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 3. gr., sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð eða skipulagsskrá sem ráðuneytið staðfestir, enda hlíti slíkir skólar sama eftirliti og reglum og aðrir grunnskólar. Börn, sem þessa einkaskóla sækja, hafa undanþágu skv. 7. gr., en forstöðumaður skal fyrir upphaf hvers skólaárs senda hlutaðeigandi skólanefnd og fræðslustjóra skrá um nemendur og tilkynna sömu aðilum allar breytingar á nemendaskrá jafnóðum og þær verða.

Einkaskólar eiga ekki kröfu til styrks af almannafé.

XIV. KAFLI
Fjármál.

74. gr.

Ríkissjóður greiðir launakostnað vegna almennrar kennslu í grunnskólum skv. 46., 48., 49. og 50. gr. með þeirri skólaskipan sem ákveðin er í hverju skólahverfi skv. 17. gr.

Fjölda kennslustunda sem ríkissjóður greiðir skal miða við heildarfjölda nemenda er stunda nám samtímis í grunnskólum hvers skólahverfis skv. 75. og 76. gr.

Að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins er heimilt að víkja frá þeim meginreglum, sem um getur í 1. og 2. mgr., þar sem fleiri en einn grunnskóli eða útibú eru í sama skólahverfi. Skal þá tekið mið af eðlilegri skólasókn eftir búsetu nemenda og staðsetningu skóla innan skólahverfis.

75. gr.

Að jafnaði skal við það miðað að nemendur í hverri bekkjardeild í grunnskóla séu ekki fleiri en 24 eftir að frá hafa verið taldir sérbekkir fyrir nemendur sem ekki stunda nám í almennum bekkjum grunnskóla.

Við ákvörðun fjölda kennslustunda, sem ríkissjóður greiðir í hverjum skóla, skal miða við að í 2.–3. bekk séu nemendur í einstökum bekkjardeildum ekki fleiri en 22 og í 4.–10. bekk ekki fleiri en 28. Í 1. bekk séu nemendur í einstökum bekkjardeildum ekki fleiri en 18.

76. gr.

Í fámennum skólum, þar sem aldursflokkar í 1.–8. bekk eru saman í deild, skal við það miðað að nemendur í bekkjardeild séu ekki fleiri en hér segir:

a. 8 nemendur ef aldursflokkar eru fleiri en fjórir,
b. 12 nemendur ef aldursflokkar eru fjórir,
c. 17 nemendur ef aldursflokkar eru þrír,
d. 22 nemendur ef aldursflokkar eru tveir.

Þegar sérstaklega stendur á getur fræðslustjóri ákveðið fjölgun um allt að fjóra nemendur í bekkjardeild gegn aukinni kennslu með fjölgun tíma.

Í 9. og 10. bekk skal miða við að deildir séu eigi færri en aldursflokkar þeir sem sækja þessa bekki skólans. Til þess að 9. og 10. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi mega nemendur í þessum deildum þó ekki vera færri en 12 að meðaltali, nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins.

77. gr.

Heimilt er að blanda saman bekkjardeildum og aldurshópum ef skólinn telur sig þannig ná betur markmiðum aðalnámsskrár og sérstökum markmiðum skólans, enda sé kennslustundafjöldi innan samþykktra marka.

Menntamálaráðuneytið setur reglur um greiðslur vegna skiptingar bekkjardeilda, m.a. í verklegri kennslu og valgreinum í 8.–10. bekk, og um undanþágur sem veittar eru skv. 3. mgr. 76. gr.

78. gr.

Auk almennrar kennslu greiðir ríkissjóður kennslukostnað vegna viðurkenndrar forfallakennslu, sjúkrakennslu og sérkennslu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Samþykki viðkomandi skólanefnd og sveitarstjórn að kennslustundir og aðrar starfsstundir við skóla séu fleiri en samrýmist ákvæðum þessarar greinar, 74. og 79. gr. greiðist kostnaður vegna umframstundanna úr sveitarsjóði, nema menntamálaráðuneytið hafi heimilað annað.

79. gr.

Auk kostnaðar við kennslu skv. 74. og 78. gr. greiðir ríkissjóður launakostnað við stjórnun grunnskóla, námsráðgjöf og störf í skólasafni samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð, svo og þann launakostnað er stafar af lækkun kennsluskyldu kennara samkvæmt lagafyrirmælum eða ákvörðun menntamálaráðuneytis.

Ríkissjóður greiðir enn fremur laun stjórnskipaðra prófdómara og kostnað er leiðir af kjarasamningum ríkisins við kennara.

80. gr.

Sveitarfélög greiða allan annan rekstrarkostnað grunnskóla en laun vegna kennslu og stjórnunar eða kostnað vegna annarra þeirra rekstrarþátta sem greindir eru í lögum þessum sem verkefni ríkissjóðs.

Sveitarfélög greiða m.a. efni til verklegrar kennslu, svo og pappír og ritföng sem notuð eru í sameiginlegri starfsemi skólans og eru í hans vörslu.

81. gr.

Skólastjóri skal árlega gera áætlun fyrir skóla sinn um fyrirkomulag kennslu, kennslustundafjölda og annan kostnað sem ríkissjóður og sveitarsjóður bera. Áætlunina skal miða við komandi skólaár. Áætlun þessa skal leggja fyrir skólanefnd og skal hún að því er fjármál sveitarfélaga varðar hljóta samþykki sveitarstjórnar áður en hún er send fræðslustjóra fyrir 15. apríl ár hvert eða annan þann dag sem menntamálaráðuneytið ákveður. Áætlun þessa skal endurskoða við upphaf skólaárs ef þörf krefur.

Áætlun fyrir fræðsluumdæmið í heild sendir fræðslustjóri til menntamálaráðuneytisins á þeim tíma sem ráðuneytið ákveður.

82. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd þessara laga.

Hlutaðeigandi sveitarfélög annast fjármál og reikningshald, en geta falið skólanefnd, skólastjóra eða sérstökum reikningshaldara að hafa á hendi reikningshald í umboði sínu.

Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga. Þar sem fleiri sveitarfélög en eitt standa að rekstri grunnskóla skulu hlutaðeigandi sveitarstjórnir sameiginlega tilnefna til fjögurra ára í senn tvo fulltrúa til að endurskoða reikninga skólans og tvo til vara. Menntamálaráðuneytið og aðilar í umboði þess skulu eiga aðgang að öllu slíku reikningshaldi og upplýsingum um skólakostnað.

83. gr.

Ríkissjóður greiðir allan kostnað af rekstri fræðsluskrifstofu, þar með talinn allan kostnað við kennsluráðgjöf og sálfræðiþjónustu í þeim skólum sem lög þessi taka til. Fjárveitingar til þessara starfa skulu greiddar mánaðarlega til fræðsluskrifstofu.

Í reglugerð skal setja ákvæði um hvernig reikna skuli framlög til fræðsluskrifstofu.

84. gr.

Sveitarfélög greiða stofnkostnað grunnskóla, sbr. 24. gr. Jafnframt falla úr gildi að því er tekur til grunnskóla ákvæði laga nr. 49/1967, um skólakostnað. Þó skulu haldast ákvæði þeirra laga um verðtryggingu stofnkostnaðarframlaga ríkissjóðs að því er tekur til framkvæmda sem fullgerðar voru eða hafnar í árslok 1989.

Menntamálaráðuneytið setur reglur um lágmarksstærð grunnskólahúsnæðis og búnað þess.

XV. KAFLI
Gildistaka og reglugerð.

85. gr.

Menntamálaráðuneytið setur nánari ákvæði í reglugerðir og reglur um framkvæmd laga þessara.

86. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1991 og jafnframt falla úr gildi lög um grunnskóla, nr. 63/1974, með áorðnum breytingum, lög nr. 13/1962, um heyrnleysingjaskóla, og önnur lagaákvæði sem fara í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 46. gr. um lágmarks vikulegan kennslutíma á hvern nemenda komi til framkvæmda á næstu þremur árum frá gildistöku laga þessara.

Ákvæði 75. gr. um hámarksfjölda nemenda í 4.–10. bekk komi til framkvæmda á næstu þremur árum þannig að miðað verði við hámarkið 29 nemendur skólaárið 1991–92 og hámarkið 28 nemendur skólaárið 1992–93. Ákvæði 75. gr. um fjölda nemenda í 1.–3. bekk komi til framkvæmda á næstu þremur árum þannig að skólaárið 1991–92 verði miðað við hámark 22 nemendur í 1. og 2. bekk og skólaárið 1992–93 verði miðað við hámark 22 nemendur í 1.–3. bekk.

Ákvæði 35. gr. um námsráðgjafa við einstaka grunnskóla eða fræðsluskrifstofu komi til framkvæmda á næstu fimm árum frá gildistöku laganna samkvæmt ákvörðun í fjárlögum hverju sinni.

Stefnt skal að því að ákvæði 3. gr. um einsetinn skóla komi að fullu til framkvæmda á næstu tíu árum frá gildistöku laganna samkvæmt áætlun sem unnin yrði í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga. Jafnframt verði á því árabili jafnt og þétt aukið við kennslutíma grunnskólanemenda þannig að við lok tímabilsins verði vikulegur stundafjöldi í samræmi við það sem segir í 46. gr., skóladagur samfelldur og nemendur eigi kost á skólamáltíðum.

Ákvæði 4. gr. um málsverði á skólatíma komi til framkvæmda á næstu þremur árum frá gildistöku laga þessara.

Til viðbótar því sem kveðið er á um í 78. og 79. gr. skulu þeir grunnskólar, sem ríkið rekur fyrir fötluð börn (sérskólar), vera reknir á vegum þess þar til grunnskólar geta veitt fötluðum nemendum sambærilega eða betri þjónustu.

Að fimm árum liðnum frá gildistöku laga þessara skal menntamálaráðherra gera Alþingi grein fyrir framkvæmd og undirbúningi þeirra bráðabirgðaákvæða sem hér eru talin.

Nd. 1104. Breytingartillaga [178. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd (PP, ÓÞÞ, FrS, JSS, RA, GGuðbj).

Við 1. gr. bætist nýr töluliður svohljóðandi:

Sala hljómplatna, hljóðsnælda og geisladiska með íslensku efni. Með íslensku efni er hér átt við lög eða texta eftir íslenska höfunda. Hér undir fellur leikritaflutningur, sögulestur, ljóðaupplestur og tónlistarflutningur.

Ed. 1105. Breytingartillaga [174. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá menntamálaráðherra.

Við ákvæði til bráðabirgða. Niðurlag 2. mgr. orðist svo: og skólaárið 1992–93 verði miðað við hámark 22 nemendur í 2.–3. bekk en 18 nemendur í 1. bekk.

Nd. 1106. Frumvarp til laga [174. mál]

um grunnskóla.

(Eftir 3. umr. í Ed., 19. mars.)

Samhljóða þskj. 1103 með þessari breytingu:

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

Ákvæði 46. gr. um lágmarks vikulegan kennslutíma á hvern nemenda komi til framkvæmda á næstu þremur árum frá gildistöku laga þessara.

Ákvæði 75. gr. um hámarksfjölda nemenda í 4.–10. bekk komi til framkvæmda á næstu þremur árum þannig að miðað verði við hámarkið 29 nemendur skólaárið 1991–92 og hámarkið 28 nemendur skólaárið 1992–93. Ákvæði 75. gr. um fjölda nemenda í 1.–3. bekk komi til framkvæmda á næstu þremur árum þannig að skólaárið 1991–92 verði miðað við hámark 22 nemendur í 1. og 2. bekk og skólaárið 1992–93 verði miðað við hámark 22 nemendur í 2.–3. bekk en 18 nemendur í 1. bekk.

Ákvæði 35. gr. um námsráðgjafa við einstaka grunnskóla eða fræðsluskrifstofu komi til framkvæmda á næstu fimm árum frá gildistöku laganna samkvæmt ákvörðun í fjárlögum hverju sinni.

Stefnt skal að því að ákvæði 3. gr. um einsetinn skóla komi að fullu til framkvæmda á næstu tíu árum frá gildistöku laganna samkvæmt áætlun sem unnin yrði í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga. Jafnframt verði á því árabili jafnt og þétt aukið við kennslutíma grunnskólanemenda þannig að við lok tímabilsins verði vikulegur stundafjöldi í samræmi við það sem segir í 46. gr., skóladagur samfelldur og nemendur eigi kost á skólamáltíðum.

Ákvæði 4. gr. um málsverði á skólatíma komi til framkvæmda á næstu þremur árum frá gildistöku laga þessara.

Til viðbótar því sem kveðið er á um í 78. og 79. gr. skulu þeir grunnskólar, sem ríkið rekur fyrir fötluð börn (sérskólar), vera reknir á vegum þess þar til grunnskólar geta veitt fötluðum nemendum sambærilega eða betri þjónustu.

Að fimm árum liðnum frá gildistöku laga þessara skal menntamálaráðherra gera Alþingi grein fyrir framkvæmd og undirbúningi þeirra bráðabirgðaákvæða sem hér eru talin.

Ed. 1107. Lög [50. mál]

um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða.

(Afgreidd frá Ed. 19. mars.)

Samhljóða þskj. 1076.

Ed. 1108. Lög [459. mál]

um breyting á þjóðminjalögum, nr. 88/1989.

(Afgreidd frá Ed. 19. mars.)

Samhljóða þskj. 1075.

Nd. 1109. Breytingartillaga [174. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá Geir H. Haarde.

Við 26. gr. 4. mgr. orðist svo:
Skólanefnd ákveður nafn skóla að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið.

Nd. 1110. Frumvarp til lánsfjárlaga [161. mál]

fyrir árið 1991.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. mars.)

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán innan lands að fjárhæð allt að 14.700.000 þús. kr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að semja um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands og taka til þess nauðsynleg lán vegna greiðslna sem kunna að falla á árið 1991, allt að 100.000 þús. kr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 735.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurláni eftirtöldum aðilum á árinu 1991:

1. Fiskveiðasjóði Íslands, allt að 200.000 þús. kr. til handa sérstakri deild við sjóðinn sem hafi það hlutverk að stuðla að úreldingu loðnuverksmiðja.

2. Síldarverksmiðjum ríkisins, allt að 300.000 þús. kr.
3. Byggðastofnun, allt að 200.000 þús. kr. til að leysa vanda rækjuverksmiðja.
4. Lánasjóði sveitarfélaga, allt að 35.000 þús. kr. til umhverfisbótadeildar sjóðsins.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1991 og þessara laga.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 3.400.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri eða innlendri mynt til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum fyrirtækisins. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.

Landsvirkjun er enn fremur heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að taka að láni á árinu 1991 að fjárhæð allt að 800.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til undirbúnings Fljótsdalsvirkjunar, stækkunar Búrfellsvirkjunar, fimmta áfanga Kvíslaveitu og stofnlína eins og nauðsynlegt er til þess að unnt verði að sjá nýju álveri fyrir nægjanlegri raforku frá áramótum 1994–1995. Ákvörðun um þennan undirbúning og að nýta heimildir samkvæmt þessari málsgrein skal tekin í ljósi framvindu samninga um álver á Keilisnesi.

4. gr.

Heimilt er að taka lán vegna skuldbreytinga sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra sem hér segir:

1. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 50.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 10.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Eyra, lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 17.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Bæjarveitur Vestmannaeyja, lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 28.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
5. Aðrar skuldbreytingar, lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 50.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

5. gr.

Hríseyjarhreppi er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 23.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að búa ferjuna Sæfara farþegarými.

6. gr.

Herjólfi hf., Vestmannaeyjum, er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 500.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til smíði á nýrri ferju.

7. gr.

Djúpbátnum hf. á Ísafirði er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 45.000

þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til kaupa á norsku ferjunni ms. Tufjord. Jafnframt er samgönguráðherra heimilt að leyfa fyrirtækinu innflutning á ferjunni, þó eldri sé en 12 ára, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 51/1987, um eftirlit með skipum.

8. gr.

Flóabátnum Baldri hf., Stykkishólmi, er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 15.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til lúkningar á smíði nýrrar ferju.

9. gr.

Skallagrími hf., Akranesi, er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 11.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt vegna skuldbreytinga.

10. gr.

Hitaveitu Suðurnesja er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 200.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á orkuframkvæmdum fyrirtækisins.

11. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 900.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

12. gr.

Iðnþróunarsjóði er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 400.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Milliganga Iðnþróunarsjóðs um erlend lán fyrir aðila út á auglýsingu viðskiptaráðuneytis, nú nr. 314/1990, eða aðrar heimildir veittar einstökum fyrirtækjum, skal rúmast innan þessarar heimildar.

13. gr.

Iðnlánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 950.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Milliganga Iðnlánasjóðs um erlend lán fyrir aðila út á auglýsingu viðskiptaráðuneytis, nú nr. 314/1990, eða aðrar heimildir veittar einstökum fyrirtækjum, skal rúmast innan þessarar heimildar.

14. gr.

Útflutningslánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 50.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

15. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar og endurlána þeim aðilum sem nefndir eru í 3.–14. gr. með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

Þeir aðilar, sem nefndir eru í 3.–14. gr., svo og allir aðrir sem njóta ábyrgðar ríkissjóðs á erlendum skuldbindingum sínum og taka erlend lán út á heimildir laga þessara eða annarra laga, skulu gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990.

16. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð allt að fjórðungi skuldbreytinga loðnuverksmiðja hjá bönkum og sjóðum. Ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt þessari grein skal að hámarki nema 200.000 þús. kr.

17. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt með samþykki ríkisstjórnarinnar að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar og endurlána Vatnsleysustrandarhreppi til að fjármagna kaup á jörðinni Flekkuvík, ásamt mannvirkjum, og lönd úr jörðunum Stóru- og Minni-Vatnsleysu, ásamt mannvirkjum og til að fjármagna kostnað og sérfræðiráðgjöf vegna lóðaöflunar fyrir álver á Keilisnesi. Endurgreiðsla Vatnsleysustrandarhrepps á veittum lánum samkvæmt þessari grein skal háð því að af byggingu og rekstri álvers verði en að öðrum kosti skulu hinar keyptu eignir falla til ríkissjóðs.

Náist ekki samningar við eigendur landa eða mannvirkja getur fjármálaráðherra heimilað Vatnsleysustrandarhreppi að taka eignarnámi vatnsréttindi, land, aðstöðu og önnur réttindi sem nauðsynleg eru vegna byggingar álvers á Keilisnesi og hafnar vegna þess. Eignarnám samkvæmt þessu ákvæði skal framkvæmt samkvæmt lögum nr. 11/1973.

18. gr.

Lánasjóðum sem njóta ríkisábyrgðar á skuldbindingum sínum, öðrum en þeim sem tilgreindir eru í 8. og 9. gr., er óheimilt að hafa milligöngu um töku erlendra lána fyrir innlenda aðila á grundvelli auglýsingar viðskiptaráðuneytisins, nú nr. 314/1990, um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar, eða annarra heimilda veittum einstaka fyrirtækjum, nema að fengnu samþykki fjármálaráðuneytis. Ákvæði 2. mgr. 11. gr. gilda jafnframt um tilvik samkvæmt þessari grein.

II. KAFLI

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eigi nema hærri fjárhæð en 53.680 þús. kr. á árinu 1991 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bænda.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 25. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og 21. gr. laga nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, skal endurgreiðsla ríkissjóðs til sjóðanna vegna hækkunar á áður úrskurðuðum lífeyri eigi nema hærri fjárhæð en 700.000 þús. kr. á árinu 1991 og skiptast á milli sjóðanna í hlutfalli við óskertar endurgreiðslukröfur.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, hafnalaga, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 50.000 þús. kr. á árinu 1991.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1991.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tölul. 5. gr. og 3. tölul. 9. gr. laga nr. 76/1987, sbr. og 31. gr. sömu laga, um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs falla niður á árinu 1991.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum eigi nema hærri fjárhæð en 68.000 þús. kr. á árinu 1991.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 32/1979, um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, falla þær greiðslur niður á árinu 1991.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1991 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka, með síðari breytingum, skal framlag ríkissjóðs vegna bóta fyrir eyðingu refa og minka eigi vera hærra en 19.640 þús. kr. á árinu 1991.

28. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, og 7. gr. laga nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögunum leiðir.

29. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 3. gr. laga nr. 34/1982, um Listskreytingasjóð ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi vera hærra en 12.000 þús. kr.

30. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 35. gr. laga nr. 19/1964, skipulagslaga, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 42/1974, skal mótframlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1991.

31. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. laga nr. 88/1989, þjóðminjalaga, skal framlag ríkissjóðs í Húsafriðunarsjóð eigi nema hærri fjárhæð en 10.500 þús. kr. á árinu 1991.

32. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 26. gr. laga nr. 21/1963, um kirkjugarða, með síðari breytingum, skal hlutdeild kirkjugarða í óskiptum tekjuskatti lækka um 20% á árinu 1991.

33. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 42. gr. laga nr. 49/1978, lyfjalaga, með síðari breytingum, skal framlag ríkissjóðs til lyfsölusjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 880 þús. kr. á árinu 1991.

34. gr.

Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, skal á árinu 1991 heimilt að ráðstafa 335.000 þús. kr. af sérstökum eignarskatti samkvæmt lögunum til framkvæmda við eftirtalin mannvirki: Þjóðleikhús, Þjóðminjasafn Íslands og Bessastaði.

35. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, er fjármálaráðherra heimilt að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, svo og til mannúðar- og líknarstarfsemi. Jafnframt er heimilt að endurgreiða virðisaukaskatt af rannsóknartækjum sem vísindastofnunum eru gefin eða eru keypt fyrir styrki.

III. KAFLI

36. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að samþykkja skulda- eða vaxtaskipti lána, sem tryggð eru með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs, enda séu að mati fjármálaráðherra nægar tryggingar fyrir ábyrgð ríkissjóðs þegar til slíkra samninga er stofnað.

37. gr.

Aðilum, sem njóta ríkisábyrgðar á erlendum skuldbindingum sínum, er heimilt:

a. Að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.
b. Að stofna til skulda- eða vaxtaskipta þar sem mótaðili í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir eða vaxtaskilmála í lánum sem aðili, sem nýtur ríkisábyrgðar, tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Slíkur aðili tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- eða vaxtaskiptum.
c. Séu lántökuheimildir laga þessara að hluta til nýttar til töku skammtímalána eða veltilána er aðila, sem nýtur ríkisábyrgðar, heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.
d. Að nýta möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja sig gegn verulegum vaxtabreytingum.

Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á erlendum skuldbindingum sínum, nýta sér heimildir þessarar greinar skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990.

38. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að stofna til skuldbindinga með útgáfu skuldabréfa á árinu 1991 að upphæð allt að 1.700.000 þús. kr. vegna samnings landbúnaðarráðherra við bændur um fækkun fjár og aðlögun sauðfjárframleiðslu að innanlandsmarkaði, sbr. lög nr. 46/1985. Heimild þessi gildir þar til gerðar hafa verið nauðsynlegar lagabreytingar vegna framkvæmdar samningsins að öðru leyti.

39. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að yfirtaka skuldir Byggðastofnunar hjá Framkvæmdasjóði Íslands að fjárhæð allt að 1.200.000 þús. kr.

40. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast nauðsynleg lán vegna kaupa Rafmagnsveitna ríkisins á eignum Hitaveitu Siglufjarðar og Rafveitu Siglufjarðar.

41. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis að semja við Hitaveitu Hjaltadals og Hitaveitu Siglufjarðar um ráðstafanir til að bæta fjárhag veitnanna í framtíðinni.

42. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast lán fyrir Dýpkunarfélagið hf. sem tekið var hjá Framkvæmdasjóði Íslands á árinu 1989, þá að fjárhæð 9.500 þús. kr.

43. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að fella niður opinber gjöld sem tengjast fyrirhuguðum framkvæmdum Flugleiða við byggingu nýs viðhaldsflugskýlis á Keflavíkurflugvelli.

44. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að ganga til samninga við Sláturfélag Suðurlands um kaup á húseigninni Laugarnesvegi 91 í Reykjavík til afnota fyrir Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Listdansskóla Þjóðleikhússins og fleiri skóla og menningarstofnanir.

Heimildin er háð því að samkomulag takist um að Sláturfélag Suðurlands fallist á að taka við húseignum í eigu ríkissjóðs fyrir hluta af kaupverðinu.

45. gr.

Lántökuheimildir skv. I. kafla gilda á árinu 1991. Heimildir samkvæmt lögum þessum verða þó nýttar til 1. júlí 1992 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

46. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 1111. Breytingartillögur [303. mál]

við frv. til l. um bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimilda.

Frá Geir H. Haarde, Sighvati Björgvinssyni, Pálma Jónssyni, Alexander Stefánssyni, Málmfríði Sigurðardóttur, Ólafi Þ. Þórðarsyni og Friðjóni Þórðarsyni.

1. Á undan 1. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:
   a. (1. gr.)
   Greiðslu úr ríkissjóði má ekki inna af hendi nema heimildar til hennar sé aflað fyrir fram í fjárlögum eða fjáraukalögum fyrir hvert reikningsár, sbr. þó 8. gr.
   Á sama hátt eru hvers konar samningar, um fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð, stofnanir ríkisins og fyrirtæki, sem fela í sér aukið rekstrarumfang frá því sem ákveðið er í fjárlögum fyrir hvert reikningsár, óheimilir nema að fenginni heimild í fjáraukalögum enda sé ekki á annan veg mælt fyrir í lögum þessum eða öðrum lögum.
   b. (2. gr.)
   Séu gerðir kjarasamningar, sem kveða á um frekari launaútgjöld ríkisins en fjárlög gera ráð fyrir, eru þeir með fyrirvara um samþykki Alþingis á nauðsynlegum greiðsluheimildum fyrir viðbótarútgjöldum. Frumvarp til fjáraukalaga, þar sem slíkra heimilda er aflað, skal leggja fyrir Alþingi svo fljótt sem verða má eftir að kjarasamningar hafa verið gerðir. Þangað til slíkt frumvarp er endanlega afgreitt skal þó haga launagreiðslum í samræmi við hina nýju kjarasamninga.
   Óheimilt er að auka vinnu ríkisstarfsmanna umfram það sem ákveðið er í fjárlögum eða ráða fleiri menn til starfa en þar er gert ráð fyrir nema að fenginni heimild í fjáraukalögum.
2. Við 1. gr. er verði 3. gr. Greinin orðist svo:
   Kaup, sala, skipti eða langtímaleiga ríkissjóðs, ríkisstofnana, ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign á eftirtöldum eignum er óheimil nema samkvæmt heimild í almennum lögum eða fjárlögum hverju sinni, sbr. þó 2. mgr.:
   1. fasteignum,
   2. eignarhlutum í félögum,
   3. skipum og flugvélum,
   4. listaverkum, listmunum og söfnum sem hafa að geyma menningarverðmæti,
   5. öðrum eignum sem verulegt verðgildi hafa og ekki falla undir 1.–4. tölul. þessarar greinar.

   Eignakaup skulu ætíð takmarkast við þá fjárhæð sem ákveðið er í fjárlögum að verja til þeirra.
   Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ríkisstofnunum í A-hluta ríkisreiknings heimilt án sérstakrar lagaheimildar að selja lausafé sem þær hafa notað við starfsemi sína, svo sem ökutæki, vélar, áhöld og annan búnað, enda sé söluandvirðinu skilað í ríkissjóð. Fjármálaráðherra getur þó heimilað ríkisstofnun að ráðstafa söluandvirði eigna skv. 5. tölul. 1. mgr. til endurnýjunar á búnaði enda sé ekki um verulega fjármuni að ræða. Á sama hátt er fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta ríkisreiknings heimilt án sérstakrar lagaheimildar að selja eða leigja varanlega rekstrarfjármuni sína, aðra en þá sem um getur í 1.–4. tölul. 1. mgr., og ráðstafa söluandvirðinu eða leigunni í þágu

starfseminnar. Þá getur ríkissjóður ásamt ríkisfyrirtækjum og sjóðum í B-hluta ríkisreiknings án sérstakrar lagaheimildar selt eignir er þessum aðilum sem veðhöfum hafa verið lagðar út á nauðungaruppboðum eða þeir eignast á grundvelli skilmála að baki ábyrgðarskuldbindingum sem fallið hafa á þá.

Ákveði ríkisstjórn eða ríkisstofnun að þiggja gjöf sem gefin er með kvöðum eða skilyrðum sem óhjákvæmilega hafa í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð ber henni að taka við gjöfinni með fyrirvara um samþykki Alþingis enda hafi hvorki verið gert ráð fyrir útgjöldum þessum í fjárlögum né fjáraukalögum. Á sama hátt er ríkisstjórn og ríkisstofnunum óheimilt að gefa eða afhenda án endurgjalds eignir sem um getur í 1.–5. tölul. 1. mgr. nema fyrir fram sé aflað heimilda í fjárlögum og fjáraukalögum.

3. Á undan 2. gr. komi tíu nýjar greinar er orðist svo:

a. (4. gr.)

Sértekjum, sem ríkisstofnanir í A-hluta ríkisreiknings afla umfram áætlanir fjárlaga, skal skila í ríkissjóð, sbr. þó 2. mgr. Á sama hátt skulu ríkisfyrirtæki og sjóðir í B-hluta ríkisreiknings skila rekstrarhagnaði sínum í ríkissjóð enda mæli lög ekki fyrir um annað.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur fjármálaráðherra heimilað að ríkisstofnanir í A-hluta fjárlaga ráðstafi öllum eða hluta af umframtekjum þeim, sem um ræðir í 1. mgr., til eigin þarfa, þó aldrei til fjárfestingar, framkvæmda eða ráðstafana sem leiða þegar í stað eða síðar til aukinna rekstrarútgjalda ríkissjóðs. Á sama hátt getur fjármálaráðherra sett reglur um að fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta ríkisreiknings sé heimilt að nota allan rekstrarhagnað sinn eða tiltekinn hluta hans til að auka hreina eign sína. Ráðherra skal hafa samráð við fjárveitinganefnd um efni þessara reglna.

b. (5. gr.)

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 1. gr. getur fjármálaráðherra heimilað ríkisfyrirtækjum, sem standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vörum eða þjónustu, að stofna til frekari fjárskuldbindinga en fjárlög gera ráð fyrir enda sé það gert í þeim tilgangi einum að tryggja rekstrarhagsmuni fyrirtækisins.

c. (6. gr.)

Ákvæði laga og reglugerða, er hafa útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlögum hvers árs, svo og ákvarðanir eða fyrirmæli stjórnvalda sama eðlis, koma ekki til framkvæmda fyrr en Alþingi hefur samþykkt fjárveitingu til þessara útgjalda í fjáraukalögum eða fjárlögum settum eftir birtingu laga, reglugerða eða stjórnvaldsfyrirmæla sem hér um ræðir.

d. (7. gr.)

Óheimilt er að fresta eða flytja greiðsluheimildir á stofn- og fjárfestingarframlögum og hvers konar styrkjum, eins og þær eru ákveðnar í fjárlögum, á milli verkefna nema að fengnu samþykki fjárveitinganefndar. Sé talið nauðsynlegt að fella framlög af þessu tagi niður skal heimildar þar að lútandi aflað í fjáraukalögum.

e. (8. gr.)

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að greiða út fjárveitingar sem geymdar hafa verið á grundvelli heimildar í 7. gr. þessara laga, sbr. 67. gr. laga nr. 52/1966, um

ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, með síðari breytingum.

f. (9. gr.)

Fjármálaráðherra er á hverju fjárlagaári heimilt að stofna til tímabundins yfirdráttar í Seðlabanka Íslands vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins og semja, ef með þarf, um greiðslu yfirdráttarskuldar og um lánskjör. Hámarksfjárhæð yfirdráttarheimildar þessarar skal ákveðin í fjárlögum ár hvert.

g. (10. gr.)

Falli fyrirvaralaus greiðsluskylda á ríkissjóð sem rekja má til óviðráðanlegra atvika sem ókleift var að sjá fyrir eða gera ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga er fjármálaráðherra heimilt að fengnu samþykki fjárveitinganefndar að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Heimild þessi er enn fremur bundin því skilyrði að beiðni um greiðsluna berist frá ráðherra sem málefnið heyrir undir.

h. (11. gr.)

Með fjárlögum skal kveðið á um hvaða útgjaldaliðir taki verðlagsbreytingum og hvernig þeir skulu breytast.

Nú er óskiptu fé veitt á fjárlögum til einstakra ráðuneyta eða ríkisstjórnar og skal því varið til þess að mæta ófyrirséðum útgjöldum vegna verkefna og viðfangsefna sem ráðuneytum eða ríkisstjórn eru falin samkvæmt fjárlögum eða öðrum lögum.

Í fjáraukalögum skal gera grein fyrir greiðslum á liðum þeim sem um ræðir í þessari grein, sundurliðuðum á viðfangsefni og málaflokka eftir því sem við á.

i. (12. gr.)

Fyrir 1. apríl ár hvert skal fjármálaráðherra leggja fram frumvarp að endanlegum fjáraukalögum fyrir liðið ár. Með frumvarpinu skal leggja fram sérstaka skrá yfir geymdar fjárveitingar og um þá aðila sem af ófyrirséðum ástæðum hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt er að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingu næsta árs.

Fyrir sama tíma ár hvert skal Ríkisendurskoðun leggja fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmd fjárlaga liðins árs, sbr. 1. gr. laga nr. 12/1986, og skal í skýrslu þessari m.a. koma fram hvort greitt hefur verið úr ríkissjóði umfram lagaheimildir.

j. (13. gr.)

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

4. Við 2. gr. er verði 14. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi ákvæði 3. mgr. 1 gr., 3. gr. og 5. gr. laga nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja, 54. gr. laga nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, svo og þau ákvæði laga nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana, og annarra laga sem fara í bága við lög þessi.

5. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frv. til l. um greiðslur úr ríkissjóði o.fl.

Ed. 1112. Nefndarálit [36. mál]

um frv. til l. um skaðsemisábyrgð.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 19. mars 1991.

Guðmundur Ágústsson, form., með fyrirvara.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Eiður Guðnason, frsm.
Skúli Alexandersson.	Halldór Blöndal.	Ey. Kon. Jónsson.

Guðrún J. Halldórsdóttir.

Ed. 1113. Breytingartillaga [161. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1991.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

Á eftir 7. gr. komi ný grein er verði 8. gr. og orðist svo:

Ölfushreppi er heimilt að taka lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 35.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til endurbóta á hafnaraðstöðu í Þorlákshöfn enda verði af byggingu þilplötuverksmiðju þar.

Nd. 1114. Breytingartillaga [174. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Síðari málsliður síðustu málsgreinar 46. gr. falli brott.

Nd. 1115. Breytingartillaga [406. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, 70/1990, 124/1990 og 130/1990.

Frá Alexander Stefánssyni.

Ákvæði til bráðabirgða I orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1.–3. gr. og 5.–13. gr. laga þessara skulu ákvæði eldri laga um

Byggingarsjóð ríkisins halda gildi sínu fram til 1. mars 1992.

Nd. 1116. Breytingartillaga [174. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá Geir H. Haarde.

Við 18. gr. Síðasti málsliður 2. mgr. orðist svo: Enn fremur er það hlutverk skólanefndar að gera tillögur til skólastjóra um umbætur í skólastarfinu.

Nd. 1117. Breytingartillaga [174. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá menntamálanefnd.

Við 26. gr. 4. mgr. orðist svo:
Skólanefnd ákveður nafn skóla að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið.

Ed. 1118. Lánsfjárlög [161. mál]

fyrir árið 1991.

(Afgreidd frá Ed. 19. mars.)

Samhljóða þskj. 1110.

Ed. 1119. Frumvarp til laga [174. mál]

um grunnskóla.

(Eftir eina umr. í Nd., 20. mars.)

Samhljóða þskj. 1103 með þessum breytingum:

26. gr. hljóðar svo:
Sveitarstjórnir ákveða í samráði við hlutaðeigandi skólanefnd hvaða sérfræðingar skuli annast hönnun skólabygginga, þ.e. undirbúningsvinnu og áætlanagerð, þar með gerð uppdrátta.
Tillöguuppdrættir að gerð skólamannvirkja skulu kynntir opinberlega í viðkomandi

skólahverfi. Fulltrúar skólastjóra og kennara skulu vera með í ráðum við hönnun skólamannvirkja og fulltrúar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins hvað varðar aðstöðu til heilsugæslu.

Áður en framkvæmdir hefjast skal leitað eftir samþykki menntamálaráðuneytisins fyrir viðkomandi skólamannvirki.

Skólanefnd ákveður nafn skóla að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið.

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

Ákvæði 46. gr. um lágmarks vikulegan kennslutíma á hvern nemenda komi til framkvæmda á næstu þremur árum frá gildistöku laga þessara.

Ákvæði 75. gr. um hámarksfjölda nemenda í 4.–10. bekk komi til framkvæmda á næstu þremur árum þannig að miðað verði við hámarkið 29 nemendur skólaárið 1991–92 og hámarkið 28 nemendur skólaárið 1992–93. Ákvæði 75. gr. um fjölda nemenda í 1.–3. bekk komi til framkvæmda á næstu þremur árum þannig að skólaárið 1991–92 verði miðað við hámark 22 nemendur í 1. og 2. bekk og skólaárið 1992–93 verði miðað við hámark 22 nemendur í 2.–3. bekk en 18 nemendur í 1. bekk.

Ákvæði 35. gr. um námsráðgjafa við einstaka grunnskóla eða fræðsluskrifstofu komi til framkvæmda á næstu fimm árum frá gildistöku laganna samkvæmt ákvörðun í fjárlögum hverju sinni.

Stefnt skal að því að ákvæði 3. gr. um einsetinn skóla komi að fullu til framkvæmda á næstu tíu árum frá gildistöku laganna samkvæmt áætlun sem unnin yrði í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga. Jafnframt verði á því árabili jafnt og þétt aukið við kennslutíma grunnskólanemenda þannig að við lok tímabilsins verði vikulegur stundafjöldi í samræmi við það sem segir í 46. gr., skóladagur samfelldur og nemendur eigi kost á skólamáltíðum.

Ákvæði 4. gr. um málsverði á skólatíma komi til framkvæmda á næstu þremur árum frá gildistöku laga þessara.

Til viðbótar því sem kveðið er á um í 78. og 79. gr. skulu þeir grunnskólar, sem ríkið rekur fyrir fötluð börn (sérskólar), vera reknir á vegum þess þar til grunnskólar geta veitt fötluðum nemendum sambærilega eða betri þjónustu.

Að fimm árum liðnum frá gildistöku laga þessara skal menntamálaráðherra gera Alþingi grein fyrir framkvæmd og undirbúningi þeirra bráðabirgðaákvæða sem hér eru talin.

Nd. 1120. Lög [406. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, 70/1990, 124/1990 og 130/1990.

(Afgreidd frá Nd. 20. mars.)

Samhljóða þskj. 999 (sbr. 728).

Nd. **1121. Lög** [405. mál]

um breytingu á lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, nr. 63/1985.

(Afgreidd frá Nd. 20. mars.)

Samhljóða þskj. 727.

Nd. **1122. Lög** [450. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 20. mars.)

Samhljóða þskj. 1084.

Nd. **1123. Lög** [451. mál]

um breyting á lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 20. mars.)

Samhljóða þskj. 1081.

Nd. **1124. Lög** [421. mál]

um breyting á lögum nr. 9 2. mars 1989, um efnahagsaðgerðir.

(Afgreidd frá Nd. 20. mars.)

Samhljóða þskj. 998.

Ed. 1125. Nefndarálit [379. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59/1987, um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Ásmund Stefánsson frá Alþýðusambandi Íslands, Þórarin V. Þórarinsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Dögg Pálsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Þótt meiri hl. nefndarinnar geri sér grein fyrir því að hugsanlega sé um nokkurt misræmi milli réttinda sem konur öðlist er um mikilvægt skref að ræða til réttarbóta fyrir allar konur. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt án breytinga.

Alþingi, 20. mars 1991.

Salome Þorkelsdóttir, fundaskr., frsm.	Guðrún J. Halldórsdóttir.	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.

Guðmundur H. Garðarsson.

Ed. 1126. Nefndarálit [379. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59/1987, um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Minni hl. nefndarinnar telur að frumvarpið bæti ekki rétt allra útivinnandi kvenna, heldur einungis þeirra sem hafa sterkari samningsaðstöðu. Með vísan til þess og þess að á málum þessum er tekið í heildarendurskoðun almannatryggingalaganna, sem nú fer fram, leggur minni hl. til að frumvarpinu verði **vísað til ríkistjórnarinnar.**

Alþingi, 20. mars 1991.

Valgerður Sverrisdóttir, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason.	Stefán Guðmundsson.

Ed. 1127. Nefndarálit [229. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Ásmund Stefánsson frá Alþýðusambandi Íslands og Þórarin V. Þórarinsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands.

Meiri hl. nefndarinnar telur að frumvarp þetta þurfi frekari skoðunar við. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur nú þegar ákveðið að skipa nefnd sem gerir tillögur um heildarendurskoðun atvinnuleysistrygginga og í trausti þess að slík endurskoðun fari fram leggur meiri hl. nefndarinnar til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 20. mars 1991.

Valgerður Sverrisdóttir, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason.	Stefán Guðmundsson.
Guðrún J. Halldórsdóttir.	Guðmundur H. Garðarsson.	Margrét Frímannsdóttir.

Ed. 1128. Lög [174. mál]

um grunnskóla.

(Afgreidd frá Ed. 20. mars.)

Samhljóða þskj. 1119 (sbr. 1103).

Ed. 1129. Lög [36. mál]

um skaðsemisábyrgð.

(Afgreidd frá Ed. 20. mars.)

Samhljóða þskj. 36.

Ed. 1130. Nefndarálit [229. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990.

Frá minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Minni hl. nefndarinnar telur það réttlætismál að frumvarp þetta verði að lögum og vísar til þess að frumvarpið var samþykkt í neðri deild. Leggur minni hl. til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. mars 1991.

Salome Þorkelsdóttir,
fundaskr.